Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1992

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

	Bls.
A-hluti	3
B-hluti	205
Heimildir	232
Athugasemdir	237
Töfluviðauki	387
Fylgiskjal	413
Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni	417
Efnisyfirlit	447

PRENTSMIÐJAN GUTENBERG HF.

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**106 436 000**
Beinir skattar	20 674 000	
Óbeinir skattar	78 272 000	
Vaxtatekjur	3 815 000	
Aðrar tekjur	3 675 000	
Gjöld		**110 146 000**
Samneysla	44 748 100	
Rekstrargjöld	41 963 700	
Viðhald	2 784 400	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	43 641 800	
Vaxtagreiðslur	9 900 000	
Fjárfesting	11 856 100	
Stofnkostnaður	6 954 200	
Fjármagnstilfærslur	4 901 900	
Gjöld umfram tekjur		**3 710 000**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		395 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	4 545 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-4 150 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		280 000
Viðskiptareikningar		-400 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**3 985 000**
Afborganir af teknum lánum		9 000 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**12 985 000**
Lántökur		13 000 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**15 000**

2. gr.

Árið 1992 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1 076 600**
	Embætti forseta Íslands	54 000	
	Alþingi og stofnanir þess	834 800	
	Ríkisstjórn	57 600	
	Annað	130 200	
01	**Forsætisráðuneyti**		**365 600**
	Ráðuneyti	93 100	
	Annað	272 500	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**17 056 100**
	Ráðuneyti	238 600	
	Háskólar og rannsóknir	2 664 100	
	Framhaldsskólar	3 906 000	
	Héraðsskólar	102 800	
	Grunnskólar og sérskólar	5 416 400	
	Barnaverndarmál	111 100	
	Önnur fræðslumál	373 900	
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 220 000	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1 030 100	
	Ýmis framlög	993 100	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1 406 700**
	Ráðuneyti	388 700	
	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	140 200	
	Sendiráð og fastanefndir	436 700	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	441 100	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**5 683 700**
	Ráðuneyti	64 900	
	Búnaðarmál	4 970 400	
	Skógrækt og landgræðsla	445 200	
	Búnaðarskólar	203 200	
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**600 900**
	Ráðuneyti	85 000	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	401 900	
	Annað	114 000	
	Flutt		26 189 600

3. gr.

Árið 1992 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3 430 000**
4110	Eignarskattur einstaklinga	1 265 000	
41103	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	144 000	
4111	Eignarskattur félaga	975 000	
41113	Sérstakur eignarskattur félaga	221 000	
4116-7	Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	505 000	
4118	Erfðafjárskattur	320 000	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**16 830 000**
412	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	13 630 000	
4126	Tekjuskattur félaga	3 200 000	
413	**Aðrir beinir skattar**		**414 000**
4130	Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	414 000	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**3 750 000**
4200	Tollar	3 750 000	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**5 817 500**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 565 000	
42111	Innflutningsgjald af bensíni	4 000 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	14 500	
42153	Fóðurgjald, grunngjald	75 000	
42154	Kartöflugjald	105 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	28 000	
4217	Jöfnunartollur	30 000	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**400 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	360 000	
4221	Leyfisgjald af gjaldeyrissölu	40 000	
	Flutt		30 641 500

Gjöld:

Rekstrar-

		Þús. kr.	Þús.kr.
	Flutt		26 189 600
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**5 305 100**
	Ráðuneyti	190 400	
	Dómsmálastofnanir	453 000	
	Löggæslustofnanir og öryggismál	1 936 200	
	Sýslumenn	1 962 400	
	Fangelsismál	294 600	
	Kirkjumál	468 500	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**4 998 700**
	Ráðuneyti	74 000	
	Húsnæðismál	1 075 000	
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	178 700	
	Málefni fatlaðra	1 926 000	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 370 000	
	Annað	375 000	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**43 384 200**
	Ráðuneyti	120 500	
	Tryggingamál	25 715 100	
	Sjúkrahús	15 555 800	
	Heilsugæsla	1 397 700	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	251 500	
	Annað	343 600	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**15 700 800**
	Ráðuneyti	412 500	
	Skatta- og tollamál	1 327 700	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	2 280 000	
	Vextir	9 900 000	
	Annað	1 780 600	
10	**Samgönguráðuneyti**		**7 850 700**
	Ráðuneyti	61 700	
	Vegamál	5 830 000	
	Siglingamál	1 332 900	
	Flugmál	479 400	
	Annað	146 700	
	Flutt		103 429 100

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		30 641 500
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 531 000**
4235-6	Vörugjald	2 460 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	71 000	
425	**Virðisaukaskattur**		**42 970 000**
4250	Virðisaukaskattur	42 970 000	
426	**Skattar af orku**		**80 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	80 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6 805 500**
4271	Hluti af hagnaði ÁTVR	6 800 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	5 500	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**86 500**
42801	Skemmtanaskattur	75 000	
42802	Miðagjald	11 500	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**829 000**
4290	Aukatekjur	820 000	
42942	Samúðarskeyti Landsímans	9 000	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**8 900 000**
43001	Tryggingagjald	8 900 000	
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**6 102 500**
4310	Þinglýsingar	105 000	
4311	Stimpilgjald	2 400 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1 355 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	475 000	
43131	Bifreiðagjald	1 300 000	
43142	Vitagjald	44 500	
43143	Skipaskoðunargjald	69 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	280 000	
4317	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	74 000	
	Flutt		98 946 000

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		103 429 100
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1 076 000**
	Ráðuneyti	56 500	
	Iðnaðarmál	256 100	
	Orkumál	763 400	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**5 016 700**
	Ráðuneyti	68 500	
	Niðurgreiðslur	4 845 000	
	Annað	103 200	
13	**Hagstofa Íslands**		**147 800**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**476 400**
	Ráðuneyti	107 400	
	Náttúruvernd	60 800	
	Skipulagsmál	72 200	
	Rannsóknir o.fl.	236 000	
	Gjöld samtals		110 146 000

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		98 946 000
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**1 075 000**
4719	Sala eigna	1 075 000	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**3 815 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 815 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2 000 000	
482	**Arðgreiðslur**		**2 310 000**
48201	Afgjöld ríkisjarða	25 000	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	460 000	
48203	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	35 000	
48206	Póstur og sími	940 000	
4822	Arður af hlutabréfum	50 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	600 000	
4829	Aðrar arðgreiðslur	200 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**290 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	240 000	
4999	Óvissar tekjur	50 000	
	Tekjur samtals		106 436 000
	Gjöld umfram tekjur		3 710 000
	Samtals		110 146 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	358 400	
52–58	Önnur gjöld	268 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	32 800	
5	Gjöld samtals	660 000	
4	Sértekjur	5 600	
	Mismunur		**654 400**

00–301 Ríkisstjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 600
1 01	Ríkisstjórn	57 600	
	Gjöld samtals		57 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 100	
52–58	Önnur gjöld	10 500	
5	Gjöld samtals		**57 600**

00–401 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 000
1 01	Hæstiréttur	29 000	
	Gjöld samtals		29 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 300	
52–58	Önnur gjöld	700	
5	Gjöld samtals		**29 000**

00–510 Bessastaðir

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			82 000
6 01	Mannvirkjagerð	82 000	
	Gjöld samtals		82 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	82 000	
5	Gjöld samtals		**82 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–520 Opinberar heimsóknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 200
1 01	Opinberar heimsóknir	19 200	
	Gjöld samtals		19 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	19 200	
5	Gjöld samtals		**19 200**
00–610 Umboðsmaður Alþingis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 400
1 01	Umboðsmaður Alþingis	19 400	
	Gjöld samtals		19 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 000	
52–58	Önnur gjöld	8 400	
5	Gjöld samtals		**19 400**
00–620 Ríkisendurskoðun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			157 100
1 01	Ríkisendurskoðun	157 100	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		162 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	108 500	
52–58	Önnur gjöld	52 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 600	
5	Gjöld samtals	162 100	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**161 000**
	Samtals		1 076 600

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			84 400
1 01	Yfirstjórn	67 400	
1 20	Stjórnarráðshús	7 700	
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	2 800	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	900	
1 23	Hrafnseyri	1 600	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 800	
1 90	Ýmis verkefni	2 200	
Viðhaldsverkefni:			8 700
5 20	Stjórnarráðshús	2 300	
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	5 700	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	700	
	Gjöld samtals		93 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 800	
52–58	Önnur gjöld	58 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 400	
5	Gjöld samtals		**93 100**
01–102 Þjóðhagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 100
1 01	Þjóðhagsstofnun	92 100	
Stofnkostnaður:			1 400
6 01	Tæki og búnaður	1 400	
	Gjöld samtals		93 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 000	
52–58	Önnur gjöld	36 500	
5	Gjöld samtals	93 500	
4	Sértekjur	47 700	
	Mismunur		**45 800**

01–171 Byggðastofnun

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			200 000
6 01	Byggðastofnun	200 000	
	Gjöld samtals		200 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	200 000	
5	Gjöld samtals		**200 000**

01–901 Húsameistari ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 300
1 01	Húsameistari ríkisins	61 300	
Stofnkostnaður:			900
6 01	Tæki og búnaður	900	
	Gjöld samtals		62 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 100	
52–58	Önnur gjöld	12 100	
5	Gjöld samtals	62 200	
4	Sértekjur	69 400	
	Mismunur		**−7 200**

01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 000
1 01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	19 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			5 400
5 01	Þingvallabær o.fl.	3 300	
5 02	Þingvallakirkja	2 100	
Stofnkostnaður:			7 400
6 01	Aðalskipulag	5 000	
6 02	Svæðisskipulag	1 000	
6 11	Bifreiðakaup	1 400	
	Gjöld samtals		31 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 400	
52–58	Önnur gjöld	18 400	
5	Gjöld samtals	31 800	
4	Sértekjur	2 900	
	Mismunur		**28 900**

01–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
	Samtals		365 600

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			235 600
1 01	Yfirstjórn	235 600	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		238 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	123 100	
52–58	Önnur gjöld	115 500	
5	Gjöld samtals		**238 600**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 782 700
1 01	Yfirstjórn	103 700	
1 02	Sameiginleg útgjöld	268 200	
1 03	Rekstur fasteigna	179 700	
1 04	Háskólabókasafn	62 100	
1 05	Aðrar sérstofnanir og verkefni	61 800	
1 06	Kennslu- og vísindadeildir	1 107 200	
Viðhaldsverkefni:			60 000
5 50	Viðhald fasteigna	60 000	
Stofnkostnaður:			252 000
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	252 000	
	Gjöld samtals		2 094 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 320 200	
52–58	Önnur gjöld	774 500	
5	Gjöld samtals	2 094 700	
4	Sértekjur	570 400	
	Mismunur		**1 524 300**

02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 600
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	78 300	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	22 300	
Viðhaldsverkefni:			21 800
5 01	Viðhald húseigna	21 800	
	Gjöld samtals		122 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	69 200	
52–58	Önnur gjöld	53 200	
5	Gjöld samtals	122 400	
4	Sértekjur	41 900	
	Mismunur		**80 500**

02–203 Raunvísindastofnun Háskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			166 100
1 01	Yfirstjórn	14 800	
1 02	Rekstur fasteigna	11 800	
1 03	Rannsóknastofur	139 500	
	Gjöld samtals		166 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	113 300	
52–58	Önnur gjöld	52 800	
5	Gjöld samtals	166 100	
4	Sértekjur	47 800	
	Mismunur		**118 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–204 Stofnun Sigurðar Nordals			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 500
1 01	Stofnun Sigurðar Nordals	6 400	
1 11	Íslenskukennsla erlendis, óskipt	2 100	
	Gjöld samtals		8 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 300	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals		**8 500**
02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 600
1 01	Yfirstjórn	35 700	
1 20	Bókaútgáfa	5 900	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 02	Árnagarður, viðhald innan húss	1 000	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		43 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 200	
52–58	Önnur gjöld	13 400	
5	Gjöld samtals	43 600	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**41 100**
02–206 Orðabók Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 100
1 01	Orðabók Háskólans	37 100	
	Gjöld samtals		37 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 700	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals	37 100	
4	Sértekjur	21 000	
	Mismunur		**16 100**

02–207 Íslensk málstöð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 200
1 01	Íslensk málstöð	12 200	
	Gjöld samtals		12 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 000	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 400	
5	Gjöld samtals	12 200	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**10 900**

02–208 Örnefnastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 600
1 01	Örnefnastofnun	4 600	
	Gjöld samtals		4 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 500	
52–58	Önnur gjöld	1 100	
5	Gjöld samtals		**4 600**

02–210 Háskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			122 500
1 01	Háskólinn á Akureyri	122 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Tæki og búnaður	15 000	
6 02	Innréttingar	5 000	
	Gjöld samtals		142 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	90 900	
52–58	Önnur gjöld	46 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 700	
5	Gjöld samtals	142 500	
4	Sértekjur	3 500	
	Mismunur		**139 000**

02–221 Kennaraháskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			270 600
1 01	Yfirstjórn	29 200	
1 02	Rannsóknastarfsemi	16 900	
1 03	Rekstur fasteigna	39 000	
1 04	Bókasafn og gagnasmiðja	11 000	
1 05	Kennsla	137 800	
1 20	Endurmenntun	20 700	
1 30	Réttindanám	16 000	
Viðhaldsverkefni:			5 200
5 01	Fasteign	5 200	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Tæki og búnaður	7 000	
	Gjöld samtals		282 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	202 300	
52–58	Önnur gjöld	57 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 100	
5	Gjöld samtals	282 800	
4	Sértekjur	15 400	
	Mismunur		**267 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–222	**Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 200
1 01	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	79 200	
Viðhaldsverkefni:			1 600
5 01	Fasteign	1 600	
Stofnkostnaður:			2 800
6 01	Tæki og búnaður	800	
6 02	Lóðaframkvæmdir	2 000	
	Gjöld samtals		83 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	72 600	
52–58	Önnur gjöld	11 000	
5	Gjöld samtals	83 600	
4	Sértekjur	20 600	
	Mismunur		**63 000**
02–223	**Rannsóknastofnun uppeldismála**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 300
1 01	Rannsóknastofnun uppeldismála	8 300	
	Gjöld samtals		8 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 100	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals	8 300	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**7 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–232 Rannsóknaráð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 100
1 01	Yfirstjórn	14 700	
1 02	Erlend samskipti	2 100	
1 30	Rannsóknir og þróunarstarfsemi	4 300	
	Gjöld samtals		21 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 900	
52–58	Önnur gjöld	10 200	
5	Gjöld samtals		**21 100**
02–233 Rannsóknasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			110 000
6 01	Rannsóknasjóður	110 000	
	Gjöld samtals		110 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	110 000	
5	Gjöld samtals		**110 000**
02–234 Vísindaráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 600
1 01	Vísindaráð	11 600	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Bárugata 3	1 000	
	Gjöld samtals		12 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 200	
52–58	Önnur gjöld	6 400	
5	Gjöld samtals	12 600	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**11 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–235 Vísindasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Vísindasjóður	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**
02–276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			74 000
6 01	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	74 000	
	Gjöld samtals		74 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	74 000	
5	Gjöld samtals		**74 000**
02–299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 100
1 10	Rannsóknaleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum	9 000	
1 11	Lektorsstaða við Lundúnaháskóla	1 200	
1 20	Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	1 300	
1 21	Styrkir til Cornell- og Manitobaháskóla	900	
1 30	Samtök um upplýsinganet rannsóknaaðila	1 100	
1 31	Samstarfsnefnd um upplýsingamál	200	
1 40	Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	9 600	
1 41	Styrkur til grænlenskra námsmanna	900	
1 42	Styrkur til námsmanna frá Austur-Evrópu	1 900	
1 50	Félagsstofnun stúdenta	5 400	
1 90	Háskólastarfsemi, óskipt	1 600	
	Gjöld samtals		33 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 200	
52–58	Önnur gjöld	900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	22 000	
5	Gjöld samtals		**33 100**

02–301 Menntaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			131 800
1 01	Kennsla	104 400	
1 02	Annað en kennsla	27 400	
	Gjöld samtals		131 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	120 700	
52–58	Önnur gjöld	11 100	
5	Gjöld samtals		**131 800**

02–302 Menntaskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			106 900
1 01	Kennsla	71 700	
1 02	Annað en kennsla	35 200	
	Gjöld samtals		106 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	89 500	
52–58	Önnur gjöld	17 400	
5	Gjöld samtals		**106 900**

02–303 Menntaskólinn á Laugarvatni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 000
1 01	Kennsla	37 200	
1 02	Annað en kennsla	22 800	
	Gjöld samtals		60 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 200	
52–58	Önnur gjöld	9 800	
5	Gjöld samtals	60 000	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**58 500**

02–304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			184 300
1 01	Kennsla	140 200	
1 02	Annað en kennsla	44 100	
	Gjöld samtals		184 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	161 300	
52–58	Önnur gjöld	23 000	
5	Gjöld samtals	184 300	
4	Sértekjur	12 900	
	Mismunur		**171 400**

02–305 Menntaskólinn við Sund

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			133 400
1 01	Kennsla	102 200	
1 02	Annað en kennsla	31 200	
	Gjöld samtals		133 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	119 300	
52–58	Önnur gjöld	14 100	
5	Gjöld samtals	133 400	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**131 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–306	**Menntaskólinn á Ísafirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 100
1 01	Kennsla	35 700	
1 02	Annað en kennsla	25 400	
	Gjöld samtals		61 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 400	
52–58	Önnur gjöld	15 700	
5	Gjöld samtals	61 100	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**57 500**
02–307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 300
1 01	Kennsla	35 600	
1 02	Annað en kennsla	24 700	
	Gjöld samtals		60 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 000	
52–58	Önnur gjöld	14 300	
5	Gjöld samtals	60 300	
4	Sértekjur	2 400	
	Mismunur		**57 900**
02–308	**Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 000
1 01	Kennsla	61 500	
1 02	Annað en kennsla	23 500	
	Gjöld samtals		85 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	75 300	
52–58	Önnur gjöld	9 700	
5	Gjöld samtals	85 000	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**83 300**

02–309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 300
1 01	Kennsla	36 500	
1 02	Annað en kennsla	14 800	
	Gjöld samtals		51 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 700	
52–58	Önnur gjöld	9 600	
5	Gjöld samtals	51 300	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**50 900**

02–318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			125 000
5 90	Viðhald, óskipt	125 000	
Stofnkostnaður:			358 000
6 40	Tæki og búnaður	41 000	
6 50	Tölvubúnaður	12 000	
6 90	Byggingarframkvæmdir	305 000	
	Gjöld samtals		483 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	152 000	
52–58	Önnur gjöld	331 000	
5	Gjöld samtals		**483 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–319 Framhaldsskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			218 500
1 11	Sameiginleg þjónusta	6 100	
1 12	Orlof kennara	25 500	
1 13	Forfallakennsla	12 700	
1 14	Sérkennsla	27 800	
1 15	Prófkostnaður	22 900	
1 16	Nýjungar í skólastarfi	5 600	
1 17	Námsskrárgerð	15 700	
1 18	Námsefnisgerð	7 200	
1 19	Kennslueftirlit	3 500	
1 20	Framhaldsdeildir	22 800	
1 21	Tannsmíðanám	7 300	
1 22	Námskeið skipstjórnarmanna	5 100	
1 23	Stundaskrárgerð	16 000	
1 30	Endurmenntun	18 600	
1 40	Framhaldsskólar, óskipt	21 700	
	Gjöld samtals		218 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	191 000	
52–58	Önnur gjöld	8 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 600	
5	Gjöld samtals	218 500	
4	Sértekjur	128 000	
	Mismunur		**90 500**
02–350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			312 900
1 01	Kennsla	245 100	
1 02	Annað en kennsla	67 800	
	Gjöld samtals		312 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	272 900	
52–58	Önnur gjöld	40 000	
5	Gjöld samtals	312 900	
4	Sértekjur	27 700	
	Mismunur		**285 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–351 Fjölbrautaskólinn Ármúla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 300
1 01	Kennsla	91 500	
1 02	Annað en kennsla	28 800	
	Gjöld samtals		120 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	104 900	
52–58	Önnur gjöld	15 400	
5	Gjöld samtals		**120 300**
02–352 Flensborgarskóli, fjölbraut			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 400
1 01	Kennsla	69 600	
1 02	Annað en kennsla	24 800	
	Gjöld samtals		94 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	80 500	
52–58	Önnur gjöld	13 900	
5	Gjöld samtals	94 400	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**91 200**
02–353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			108 400
1 01	Kennsla	78 200	
1 02	Annað en kennsla	30 200	
	Gjöld samtals		108 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	89 900	
52–58	Önnur gjöld	18 500	
5	Gjöld samtals	108 400	
4	Sértekjur	3 500	
	Mismunur		**104 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			117 700
1 01	Kennsla	83 300	
1 02	Annað en kennsla	34 400	
	Gjöld samtals		117 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	95 500	
52–58	Önnur gjöld	22 200	
5	Gjöld samtals	117 700	
4	Sértekjur	6 200	
	Mismunur		**111 500**
02–355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 100
1 01	Kennsla	32 000	
1 02	Annað en kennsla	16 300	
1 03	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, kennsla	5 800	
1 04	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, annað en kennsla	2 000	
	Gjöld samtals		56 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 500	
52–58	Önnur gjöld	9 600	
5	Gjöld samtals	56 100	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**54 800**
02–356	**Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 000
1 01	Kennsla	51 100	
1 02	Annað en kennsla	29 900	
	Gjöld samtals		81 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	62 600	
52–58	Önnur gjöld	18 400	
5	Gjöld samtals	81 000	
4	Sértekjur	3 900	
	Mismunur		**77 100**

02–357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			131 300
1 01	Kennsla	91 200	
1 02	Annað en kennsla	25 100	
1 03	Fiskeldi, kennsla	6 900	
1 04	Fiskeldi, annað en kennsla	8 100	
	Gjöld samtals		131 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	111 500	
52–58	Önnur gjöld	19 800	
5	Gjöld samtals	131 300	
4	Sértekjur	6 500	
	Mismunur		**124 800**

02–358 Verkmenntaskóli Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 800
1 01	Kennsla	30 400	
1 02	Annað en kennsla	12 400	
	Gjöld samtals		42 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 300	
52–58	Önnur gjöld	7 500	
5	Gjöld samtals	42 800	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**42 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–359 Verkmenntaskólinn á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			203 800
1 01	Kennsla	141 700	
1 02	Annað en kennsla	47 000	
1 03	Sjávarútvegsbraut Dalvík, kennsla	8 400	
1 04	Sjávarútvegsbraut Dalvík, annað en kennsla	6 700	
	Gjöld samtals		203 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	168 900	
52–58	Önnur gjöld	34 900	
5	Gjöld samtals	203 800	
4	Sértekjur	5 900	
	Mismunur		**197 900**
02–360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 200
1 01	Kennsla	63 100	
1 02	Annað en kennsla	27 100	
	Gjöld samtals		90 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	72 500	
52–58	Önnur gjöld	17 700	
5	Gjöld samtals		**90 200**
02–361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 900
1 01	Kennsla	16 100	
1 02	Annað en kennsla	6 800	
	Gjöld samtals		22 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 700	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals	22 900	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**21 200**

02–362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 900
1 01	Kennsla	26 900	
1 02	Annað en kennsla	11 000	
	Gjöld samtals		37 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 800	
52–58	Önnur gjöld	6 100	
5	Gjöld samtals	37 900	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**37 300**

02–363 Framhaldsskólinn á Laugum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 400
1 01	Kennsla	19 800	
1 02	Annað en kennsla	11 600	
	Gjöld samtals		31 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 300	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals	31 400	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**30 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–422	**Námsgagnastofnun**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			287 100
1 01	Skrifstofa	19 000	
1 10	Skólavörubúð	24 100	
1 11	Afgreiðsludeild	14 700	
1 20	Framleiðsludeild	124 600	
1 30	Fræðslumyndasafn	26 300	
1 40	Kennslumiðstöð	9 600	
1 60	Námsefnisgerð	68 800	
	Gjöld samtals		287 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	62 800	
52–58	Önnur gjöld	224 300	
5	Gjöld samtals	287 100	
4	Sértekjur	32 500	
	Mismunur		**254 600**
02–430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 200
1 01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	8 200	
	Gjöld samtals		8 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 800	
52–58	Önnur gjöld	1 400	
5	Gjöld samtals	8 200	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**6 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–440 Fullorðinsfræðsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 100
1 10	Fjarkennsla	9 400	
1 20	Bréfaskólinn	3 200	
1 30	Heimilisiðnaðarskólinn	1 400	
1 40	Fullorðinsfræðsla, almenn	2 100	
	Gjöld samtals		16 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 700	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 600	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 100	
5	Gjöld samtals		**16 100**
02–501 Tækniskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			178 600
1 01	Tækniskóli Íslands	178 600	
Viðhaldsverkefni:			2 100
5 01	Viðhald fasteigna	2 100	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		183 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	132 800	
52–58	Önnur gjöld	50 900	
5	Gjöld samtals	183 700	
4	Sértekjur	7 600	
	Mismunur		**176 100**
02–506 Vélskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 500
1 01	Kennsla	36 800	
1 02	Annað en kennsla	11 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		50 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 400	
52–58	Önnur gjöld	9 100	
5	Gjöld samtals	50 500	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**49 900**

02–507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 100
1 01	Kennsla	24 400	
1 02	Annað en kennsla	5 700	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		32 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 100	
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals	32 100	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**31 200**

02–514 Iðnskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			384 300
1 01	Kennsla	299 500	
1 02	Annað en kennsla	84 800	
	Gjöld samtals		384 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	331 900	
52–58	Önnur gjöld	52 400	
5	Gjöld samtals	384 300	
4	Sértekjur	12 500	
	Mismunur		**371 800**

02–516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 800
1 01	Kennsla	43 700	
1 02	Annað en kennsla	15 100	
	Gjöld samtals		58 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 200	
52–58	Önnur gjöld	8 600	
5	Gjöld samtals	58 800	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**57 700**

02–517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 200
1 01	Kennsla	16 700	
1 02	Annað en kennsla	25 500	
	Gjöld samtals		42 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 300	
52–58	Önnur gjöld	21 900	
5	Gjöld samtals		**42 200**

02–518 Fiskvinnsluskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 200
1 01	Kennsla	11 300	
1 02	Annað en kennsla	19 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		35 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 800	
52–58	Önnur gjöld	21 400	
5	Gjöld samtals	35 200	
4	Sértekjur	10 700	
	Mismunur		**24 500**

02–523 Fósturskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 400
1 01	Kennsla	41 700	
1 02	Annað en kennsla	14 400	
1 03	Fjarkennsla og námskeiðahald	14 300	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		72 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 300	
52–58	Önnur gjöld	11 100	
5	Gjöld samtals	72 400	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**71 300**

02–524 Þroskaþjálfaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 700
1 01	Kennsla	15 100	
1 02	Annað en kennsla	8 600	
	Gjöld samtals		23 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 500	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals		**23 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–531	**Íþróttakennaraskóli Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 300
1 01	Kennsla	16 700	
1 02	Annað en kennsla	14 600	
Stofnkostnaður:			10 000
6 10	Sundlaug	10 000	
	Gjöld samtals		41 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 500	
52–58	Önnur gjöld	17 800	
5	Gjöld samtals	41 300	
4	Sértekjur	2 800	
	Mismunur		**38 500**
02–541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 400
1 01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	9 400	
	Gjöld samtals		9 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 400	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals	9 400	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**7 700**
02–551	**Hússtjórnarskólinn Hallormsstað**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 600
1 01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	8 600	
	Gjöld samtals		8 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 600	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals	8 600	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**7 500**

02–553 Hússtjórnarskólar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			600
1 01	Hússtjórnarskólar, almennt	600	
	Gjöld samtals		600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	600	
5	Gjöld samtals		**600**

02–561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			104 700
1 01	Kennsla	51 100	
1 02	Annað en kennsla	53 600	
Viðhaldsverkefni:			2 100
5 01	Fasteign	2 100	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		108 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 400	
52–58	Önnur gjöld	40 400	
5	Gjöld samtals	108 800	
4	Sértekjur	38 900	
	Mismunur		**69 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–562 Leiklistarskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 600
1 01	Kennsla	12 600	
1 02	Annað en kennsla	20 000	
	Gjöld samtals		32 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 600	
52–58	Önnur gjöld	11 000	
5	Gjöld samtals	32 600	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**32 100**
02–563 Tónlistarskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 300
1 10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	10 300	
	Gjöld samtals		10 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 300	
5	Gjöld samtals		**10 300**
02–571 Sjómannaskólahúsið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 600
1 01	Sjómannaskólahúsið	21 600	
Viðhaldsverkefni:			3 100
5 01	Fasteign	3 100	
Stofnkostnaður:			5 000
6 10	Lóðarframkvæmdir	5 000	
	Gjöld samtals		29 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 700	
52–58	Önnur gjöld	17 000	
5	Gjöld samtals	29 700	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**28 600**

02–580 Samvinnuskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 200
1 01	Kennsla	16 900	
1 02	Annað en kennsla	19 300	
	Gjöld samtals		36 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 800	
52–58	Önnur gjöld	16 400	
5	Gjöld samtals	36 200	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**34 700**

02–581 Verslunarskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			194 100
1 01	Kennsla	136 700	
1 02	Annað en kennsla	57 400	
	Gjöld samtals		194 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	155 400	
52–58	Önnur gjöld	38 700	
5	Gjöld samtals	194 100	
4	Sértekjur	2 300	
	Mismunur		**191 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–601	**Héraðsskólinn Reykholti**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 000
1 01	Kennsla	8 900	
1 02	Annað en kennsla	5 100	
	Gjöld samtals		14 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 000	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	14 000	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**13 300**
02–602	**Héraðsskólinn Núpi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 900
1 01	Kennsla	9 900	
1 02	Annað en kennsla	11 000	
	Gjöld samtals		20 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 100	
52–58	Önnur gjöld	7 800	
5	Gjöld samtals	20 900	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**20 000**
02–603	**Héraðsskólinn Reykjanesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 900
1 01	Héraðsskólinn Reykjanesi	3 900	
	Gjöld samtals		3 900
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 900	
5	Gjöld samtals		**3 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–604	**Héraðsskólinn Reykjum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 700
1 01	Skólabúðir	14 700	
	Gjöld samtals		14 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 300	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals	14 700	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**14 500**
02–605	**Alþýðuskólinn Eiðum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 800
1 01	Kennsla	18 900	
1 02	Annað en kennsla	13 900	
	Gjöld samtals		32 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 500	
52–58	Önnur gjöld	10 300	
5	Gjöld samtals	32 800	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**31 300**
02–606	**Héraðsskólinn Skógum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 500
1 01	Kennsla	10 800	
1 02	Annað en kennsla	9 700	
	Gjöld samtals		20 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 700	
52–58	Önnur gjöld	6 800	
5	Gjöld samtals	20 500	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**19 800**

02–700 Grunnskólar, Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 310 200
1 01	Grunnskólar, Reykjavík	1 310 200	
	Gjöld samtals		1 310 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 310 200	
5	Gjöld samtals		**1 310 200**

02–701 Grunnskólar, Reykjanesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 098 500
1 01	Grunnskólar, Reykjanesi	1 098 500	
	Gjöld samtals		1 098 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 098 500	
5	Gjöld samtals		**1 098 500**

02–703 Grunnskólar, Vesturlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			332 100
1 01	Grunnskólar, Vesturlandi	332 100	
	Gjöld samtals		332 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	332 100	
5	Gjöld samtals		**332 100**

	Þús. kr.	Þús. kr.
02–704 Grunnskólar, Vestfjörðum		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		226 400
1 01 Grunnskólar, Vestfjörðum	226 400	
Gjöld samtals		226 400
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	226 400	
5 Gjöld samtals		**226 400**
02–705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		241 600
1 01 Grunnskólar, Norðurlandi vestra	241 600	
Gjöld samtals		241 600
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	241 600	
5 Gjöld samtals		**241 600**
02–706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		501 800
1 01 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	501 800	
Gjöld samtals		501 800
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	501 800	
5 Gjöld samtals		**501 800**
02–707 Grunnskólar, Austurlandi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		295 100
1 01 Grunnskólar, Austurlandi	295 100	
Gjöld samtals		295 100
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	295 100	
5 Gjöld samtals		**295 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–708 Grunnskólar, Suðurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			420 100
1 01	Grunnskólar, Suðurlandi	420 100	
	Gjöld samtals		420 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	420 100	
5	Gjöld samtals		**420 100**
02–710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 600
1 01	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	45 600	
	Gjöld samtals		45 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 700	
52–58	Önnur gjöld	10 900	
5	Gjöld samtals		**45 600**
02–711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 600
1 01	Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	29 600	
	Gjöld samtals		29 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 900	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals		**29 600**
02–713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 500
1 01	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	17 500	
	Gjöld samtals		17 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 900	
52–58	Önnur gjöld	5 600	
5	Gjöld samtals		**17 500**

02–714 Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 300
1 01	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	14 300	
	Gjöld samtals		14 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 200	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals		**14 300**

02–715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 700
1 01	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	15 700	
	Gjöld samtals		15 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 500	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals		**15 700**

02–716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 800
1 01	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	25 800	
	Gjöld samtals		25 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 800	
52–58	Önnur gjöld	9 000	
5	Gjöld samtals		**25 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–717 Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 900
1 01	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	13 900	
	Gjöld samtals		13 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 300	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
5	Gjöld samtals		**13 900**
02–718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 800
1 01	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	18 800	
	Gjöld samtals		18 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 000	
52–58	Önnur gjöld	6 800	
5	Gjöld samtals		**18 800**
02–719 Fræðsluskrifstofur, almennt			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			7 300
5 01	Viðhald, óskipt	7 300	
	Gjöld samtals		7 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 100	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals		**7 300**
02–720 Grunnskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			218 700
1 12	Umferðarfræðsla í skólum	3 600	
1 20	Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	3 900	
1 30	Safnakennsla	3 000	
1 31	Sérstök fræðsluverkefni	6 900	
1 33	Þróunarsjóður leikskóla	3 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 34	Þróunarstarf í leikskólum	1 600	
1 41	Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	4 400	
1 42	Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	5 500	
1 43	Suðurhlíðaskóli, rekstrarstyrkur	4 700	
1 44	Tjarnarskóli, rekstrarstyrkur	4 300	
1 50	Orlof kennara	6 300	
1 51	Rannsóknasjóður grunnskólakennara	41 800	
1 60	Stjórnskipaðir prófdómarar	9 200	
1 70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	12 100	
1 80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	10 700	
1 82	Þróunarstörf í grunnskólum	9 900	
1 83	Starfsleikninám	10 000	
1 84	Námsstjórn og þróunarverkefni	10 700	
1 85	Námsráðgjöf í grunnskólum	6 600	
1 86	Endurmenntun sálfræðinga	2 800	
1 88	Réttindanám leiðbeinenda	4 900	
1 89	Leiðsögn nýliða	5 600	
1 90	Grunnskólar, óskipt	46 500	
	Stofnkostnaður:		8 000
6 90	Tölvuvæðing í grunnskólum	8 000	
	Gjöld samtals		226 700
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	162 700	
52–58	Önnur gjöld	25 300	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	18 900	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	19 800	
5	Gjöld samtals		**226 700**

02–750 Skólar fyrir fatlaða

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		195 000
1 20	Sérdeild fyrir einhverf börn	11 600	
1 21	Sérdeild fyrir sjónskert börn	6 500	
1 22	Sérdeildir Hlíðaskóla	11 800	
1 37	Hvammshlíðarskóli	26 900	
1 40	Dagvist fatlaðra forskólabarna	82 400	
1 50	Sameiginleg þjónusta	47 400	
1 60	Almennt	8 400	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			3 600
5 90	Fasteignir	3 600	
	Gjöld samtals		198 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 300	
52–58	Önnur gjöld	37 500	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	82 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 400	
5	Gjöld samtals	198 600	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**197 200**

02–752 Öskjuhlíðarskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 700
1 10	Öskjuhlíðarskóli	96 000	
1 20	Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	8 200	
1 30	Skóladagheimilið Lindarflöt 41	5 500	
	Gjöld samtals		109 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	96 400	
52–58	Önnur gjöld	13 300	
5	Gjöld samtals	109 700	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**109 100**

02–754 Safamýrarskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 500
1 01	Safamýrarskóli	60 500	
	Gjöld samtals		60 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 000	
52–58	Önnur gjöld	4 500	
5	Gjöld samtals		**60 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–755 Dalbrautarskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 100
1 01	Dalbrautarskóli	15 100	
	Gjöld samtals		15 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 400	
52–58	Önnur gjöld	1 700	
5	Gjöld samtals		**15 100**
02–756 Fullorðinsfræðsla fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 800
1 01	Skólinn við Kópavogsbraut	37 000	
1 02	Brautarskóli	20 000	
1 03	Skólinn að Sólheimum	3 500	
1 04	Skólinn að Tjaldanesi	3 300	
	Gjöld samtals		63 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 500	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
5	Gjöld samtals		**63 800**
02–798 Einholtsskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 400
1 01	Skóli Unglingaheimilis ríkisins	13 400	
	Gjöld samtals		13 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 700	
52–58	Önnur gjöld	3 700	
5	Gjöld samtals		**13 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–799 Heyrnleysingjaskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 500
1 01	Kennsla	31 900	
1 02	Annað en kennsla	21 600	
	Gjöld samtals		53 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 900	
52–58	Önnur gjöld	9 600	
5	Gjöld samtals	53 500	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**53 300**
02–802 Vernd barna og ungmenna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 700
1 30	Meðferðarheimili Torfastöðum	14 700	
	Gjöld samtals		14 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 700	
5	Gjöld samtals	14 700	
4	Sértekjur	6 900	
	Mismunur		**7 800**
02–804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 900
1 01	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	4 900	
	Gjöld samtals		4 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 800	
52–58	Önnur gjöld	1 100	
5	Gjöld samtals	4 900	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**1 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–806 Barnaverndarráð Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 01	Barnaverndarráð Íslands	11 000	
	Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 200	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals		**11 000**
02–870 Meðferðarheimilið Tindar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 200
1 01	Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur	45 300	
1 02	Eftirmeðferðardeild	4 900	
	Gjöld samtals		50 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 500	
52–58	Önnur gjöld	12 700	
5	Gjöld samtals		**50 200**
02–871 Unglingaheimili ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 300
1 01	Unglingaheimili ríkisins	77 300	
	Gjöld samtals		77 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 900	
52–58	Önnur gjöld	19 400	
5	Gjöld samtals	77 300	
4	Sértekjur	35 200	
	Mismunur		**42 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 220 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 220 000	
	Gjöld samtals		2 220 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 220 000	
5	Gjöld samtals		**2 220 000**
02–884	**Jöfnun á námskostnaði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 300
1 01	Jöfnun á námskostnaði	83 600	
1 10	Skólaakstur	12 700	
	Gjöld samtals		96 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	12 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	83 600	
5	Gjöld samtals		**96 300**
02–901	**Landsbókasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 800
1 01	Landsbókasafn Íslands	46 800	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Bókakaup o.fl.	7 000	
	Gjöld samtals		53 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 600	
52–58	Önnur gjöld	19 200	
5	Gjöld samtals	53 800	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**52 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–902	**Þjóðminjasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 000
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	56 000	
Viðhaldsverkefni:			8 300
5 90	Verndun gamalla húsa	8 300	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 90	Húseign við Suðurgötu, endurbætur	10 000	
	Gjöld samtals		76 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 800	
52–58	Önnur gjöld	34 500	
5	Gjöld samtals	76 300	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**75 700**
02–903	**Þjóðskjalasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 500
1 01	Þjóðskjalasafn Íslands	45 500	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Endurbætur	7 500	
6 02	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		55 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 200	
52–58	Önnur gjöld	26 300	
5	Gjöld samtals	55 500	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**54 200**
02–904	**Safnahúsið við Hverfisgötu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 01	Safnahúsið við Hverfisgötu	6 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Fasteign	2 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 800	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals		**8 000**

02–906 Listasafn Einars Jónssonar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 700
1 01	Listasafn Einars Jónssonar	4 700	
Viðhaldsverkefni:			2 100
5 01	Fasteign	2 100	
	Gjöld samtals		6 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 800	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	6 800	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**6 400**

02–907 Listasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 700
1 01	Listasafn Íslands	42 800	
1 02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	2 900	
Viðhaldsverkefni:			800
5 01	Fasteign	800	
Stofnkostnaður:			19 200
6 01	Listaverkakaup	12 000	
6 20	Fríkirkjuvegur 7	7 200	
	Gjöld samtals		65 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 900	
52–58	Önnur gjöld	35 800	
5	Gjöld samtals	65 700	
4	Sértekjur	8 300	
	Mismunur		**57 400**

02–908 Kvikmyndasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 900
1 01	Kvikmyndasafn Íslands	6 900	
	Gjöld samtals		6 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 600	
52–58	Önnur gjöld	2 300	
5	Gjöld samtals		**6 900**

02–909 Blindrabókasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 200
1 01	Blindrabókasafn Íslands	26 200	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 10	Lagfæring á húsnæði	1 000	
	Gjöld samtals		29 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 500	
52–58	Önnur gjöld	16 700	
5	Gjöld samtals		**29 200**

02–919 Söfn, ýmis framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 900
1 10	Listasafn ASÍ	2 000	
1 11	Nýlistasafn	2 000	
1 12	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	2 000	
1 19	Listasöfn, styrkir	2 500	
1 20	Byggða- og minjasöfn	10 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 21	Sjóminjasafn	6 000	
1 22	Nesstofa	5 000	
1 30	Sögusafn alþýðu	900	
1 31	Kvennasögusafn	1 000	
1 40	Amtsbókasafn	400	
1 49	Söfn, styrkir	2 100	
	Stofnkostnaður:		8 000
6 11	Nýlistasafn	2 200	
6 20	Safnastofnun Austurlands	5 800	
	Gjöld samtals		41 900
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	41 900	
5	Gjöld samtals		**41 900**

02–972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		44 300
1 01	Íslenski dansflokkurinn	33 200	
1 10	Listdansskólinn	11 100	
	Gjöld samtals		44 300
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	30 200	
52–58	Önnur gjöld	14 100	
5	Gjöld samtals	44 300	
4	Sértekjur	6 800	
	Mismunur		**37 500**

02–973 Þjóðleikhús

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		226 500
1 01	Þjóðleikhús	226 500	
	Gjöld samtals		226 500
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	226 500	
5	Gjöld samtals		**226 500**

	Þús. kr.	Þús. kr.
02–974 Sinfóníuhljómsveit Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		99 000
1 01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	99 000	
Gjöld samtals		99 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	99 000	
5 Gjöld samtals		**99 000**
02–976 Menningarsjóður		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		6 000
1 01 Menningarsjóður	6 000	
Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	6 000	
5 Gjöld samtals		**6 000**
02–977 Þjóðarbókhlaða		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		335 000
6 01 Þjóðarbókhlaða	335 000	
Gjöld samtals		335 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	335 000	
5 Gjöld samtals		**335 000**
02–979 Húsafriðunarsjóður		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		10 500
6 10 Húsafriðunarsjóður	10 500	
Gjöld samtals		10 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 500	
5	Gjöld samtals		**10 500**

02–980 Listskreytingasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Listskreytingasjóður	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 000	
5	Gjöld samtals		**12 000**

02–981 Kvikmyndasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			91 500
1 01	Kvikmyndasjóður	91 500	
	Gjöld samtals		91 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	91 500	
5	Gjöld samtals		**91 500**

02–982 Listir, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			269 400
1 10	Listasjóður	18 900	
1 11	Launasjóður rithöfunda	37 700	
1 13	Höfundagreiðslur samkvæmt 21. gr. höfundalaga	400	
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	10 800	
1 15	Þýðingarsjóður	6 800	
1 16	Bókmenntakynningarsjóður	1 800	
1 20	Leikfélag Reykjavíkur	15 000	
1 21	Leikfélag Akureyrar	19 300	
1 22	Starfsemi áhugaleikhópa	12 000	
1 23	Bandalag íslenskra leikfélaga	2 500	
1 24	Starfsemi atvinnuleikhópa	12 000	
1 25	Leiklistarráð	300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 28	Kynning á íslenskri list erlendis	9 000	
1 30	Íslenska óperan	26 800	
1 32	Tónskáldasjóður	5 900	
1 33	Íslensk tónverkamiðstöð	4 600	
1 34	Sinfóníuhljómsveit æskunnar	2 800	
1 35	Íslenska hljómsveitin	2 000	
1 37	Tónlistarstarfsemi, styrkir	6 400	
1 40	Launasjóður myndlistarmanna	23 500	
1 42	Myndlistarskólinn í Reykjavík	4 000	
1 43	Myndlistarskólinn á Akureyri	6 500	
1 44	Samband íslenskra myndlistarmanna	1 000	
1 48	Listamiðstöð í Straumi	1 000	
1 70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	14 400	
1 72	Höfundasjóður myndlistarmanna	500	
1 73	Bandalag íslenskra listamanna	500	
1 74	Listkynning, styrkir	800	
1 75	Lista- og menningarmál, ýmis	9 000	
1 76	Menningarsjóður félagsheimila	6 100	
1 77	Samnorræn menningarkynning	800	
1 79	M-hátíð	1 100	
1 80	Listahátíð	3 000	
1 82	Ferðaleikhúsið	700	
1 83	Leikbrúðuland	1 500	
	Gjöld samtals		269 400

Tegundasundurliðun:

59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	269 400	
5	Gjöld samtals		**269 400**

02–983 Ýmis fræðistörf

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:			15 500
1 10	Vísinda- og fræðistörf	1 700	
1 11	Styrkur til útgáfustarfa	3 000	
1 20	Iðnsaga Íslands	5 000	
1 21	Tónlistarsaga Íslands	2 400	
1 22	Frönsk-íslensk orðabók	3 000	
1 30	Hið íslenska fornleifafélag	400	
	Gjöld samtals		15 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 500	
5	Gjöld samtals		**15 500**

02–984 Norræn samvinna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 100
1 10	Norrænt samstarf	1 100	
1 11	Norræna félagið	700	
1 17	Menningarsamskipti við Færeyinga	700	
1 18	Menningarsjóður Íslands og Finnlands	300	
1 21	Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni	900	
1 22	Norræna félagið, norræn atvinnumiðlun	700	
1 24	Norræna félagið, norræn nemendaskipti	700	
	Gjöld samtals		5 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 100	
5	Gjöld samtals		**5 100**

02–985 Alþjóðleg samskipti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 900
1 10	Evrópubandalagið, vísindasamstarf	14 300	
1 11	Kvikmyndasjóður Evrópu	1 700	
1 12	Evreka	4 600	
1 20	Þátttaka í starfi UNESCO	800	
1 90	Ýmsir alþjóðlegir samningar	15 500	
	Gjöld samtals		36 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	36 900	
5	Gjöld samtals		**36 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–988	**Æskulýðsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 300
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	1 800	
1 11	Æskulýðssamband Íslands	1 200	
1 12	Ungmennafélag Íslands	10 500	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	5 500	
1 14	Bandalag íslenskra skáta, Úlfljótsvatn	2 000	
1 16	Íslenskir ungtemplarar	1 200	
1 17	Starfsemi KFUM og KFUK	2 200	
1 18	Iðnnemasamband Íslands	4 000	
1 19	Æskulýðsmál, almennt	1 900	
Stofnkostnaður:			3 500
6 20	KFUM og KFUK, byggingarstyrkur	1 000	
6 21	Séra Friðrikskapella, byggingarstyrkur	2 500	
	Gjöld samtals		33 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	33 800	
5	Gjöld samtals		**33 800**
02–989	**Ýmis íþróttamál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 800
1 10	Íþróttasamband Íslands	25 000	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	5 500	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 200	
1 13	Íþróttamál fatlaðra	4 000	
1 15	Íþróttastarfsemi, almenn	1 000	
1 16	Íþróttafélög, styrkir	12 500	
1 18	Íþróttamiðstöð Íslands	2 500	
1 20	Glíma, kynning í skólum	2 000	
1 21	Skáksamband Íslands	2 200	
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	5 400	
1 23	Skákmót, styrkir	700	
1 24	Skólaskákmót	400	
1 25	Skákskóli Íslands	2 500	
1 30	Bridgesamband Íslands	900	
1 40	Ýmis framlög til íþróttamála	4 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 000
6 13	Íþróttasamband fatlaðra, vegna endurhæfingar	2 000	
	Gjöld samtals		71 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	66 400	
5	Gjöld samtals		**71 800**

02–997 Uppgjör við sveitarfélög

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			400 000
6 01	Uppgjör við sveitarfélög	400 000	
	Gjöld samtals		400 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	400 000	
5	Gjöld samtals		**400 000**

02–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**

02–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 300
1 24	Norræn ráðstefna um fullorðinsfræðslu	1 500	
1 43	Skriðuklaustur	500	
1 50	Landssamband hjálparsveita skáta	3 000	
1 63	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	1 500	
1 64	Þjóðræknisfélag Íslendinga	1 500	
1 92	Ýmis framlög	10 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 93	Kvenfélagasamband Íslands	1 200	
1 97	Útvarpsréttarnefnd	1 500	
1 98	Félög, styrkir	600	
Stofnkostnaður:			3 000
6 20	Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu	3 000	
	Gjöld samtals		24 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	21 300	
5	Gjöld samtals		**24 300**
	Samtals		17 056 100

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			327 100
1 01	Yfirstjórn	168 700	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	24 700	
1 30	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	6 500	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	74 700	
1 51	Útflutningsráð Íslands	17 500	
1 52	Formennska Íslands í EFTA	15 000	
1 53	Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins	20 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		337 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	103 000	
52–58	Önnur gjöld	216 600	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	17 500	
5	Gjöld samtals		**337 100**
03–102 Varnarmálaskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 600
1 01	Varnarmálaskrifstofa	37 600	
	Gjöld samtals		37 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 800	
52–58	Önnur gjöld	14 800	
5	Gjöld samtals	37 600	
4	Sértekjur	3 400	
	Mismunur		**34 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 400
1 01	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	12 400	
	Gjöld samtals		12 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 400	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals		**12 400**
03–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Ráðstöfunarfé samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
03–201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			161 400
1 01	Yfirstjórn	19 300	
1 10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	44 300	
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	97 800	
Stofnkostnaður:			1 800
6 01	Tæki og búnaður	1 800	
	Gjöld samtals		163 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	124 200	
52–58	Önnur gjöld	39 000	
5	Gjöld samtals	163 200	
4	Sértekjur	23 000	
	Mismunur		**140 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–301 Sendiráð Íslands í Bonn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 500
1 01	Sendiráð Íslands í Bonn	24 500	
	Gjöld samtals		24 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 200	
52–58	Önnur gjöld	6 300	
5	Gjöld samtals		**24 500**
03–302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 700
1 01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	27 700	
	Gjöld samtals		27 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 000	
52–58	Önnur gjöld	10 700	
5	Gjöld samtals		**27 700**
03–303 Sendiráð Íslands í London			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 800
1 01	Sendiráð Íslands í London	33 800	
	Gjöld samtals		33 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 500	
52–58	Önnur gjöld	13 300	
5	Gjöld samtals		**33 800**
03–304 Sendiráð Íslands í Moskvu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 500
1 01	Sendiráð Íslands í Moskvu	32 500	
	Gjöld samtals		32 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 600	
52–58	Önnur gjöld	12 900	
5	Gjöld samtals		**32 500**

03–305 Sendiráð Íslands í Ósló

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 300
1 01	Sendiráð Íslands í Ósló	24 300	
	Gjöld samtals		24 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 500	
52–58	Önnur gjöld	7 800	
5	Gjöld samtals		**24 300**

03–306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 900
1 01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	42 900	
	Gjöld samtals		42 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 400	
52–58	Önnur gjöld	18 500	
5	Gjöld samtals		**42 900**

03–307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 700
1 01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	23 700	
	Gjöld samtals		23 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 100	
52–58	Önnur gjöld	8 600	
5	Gjöld samtals		**23 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–308	**Sendiráð Íslands í Washington**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		35 300
1 01	Sendiráð Íslands í Washington	35 300	
	Gjöld samtals		35 300
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	21 900	
52–58	Önnur gjöld	13 400	
5	Gjöld samtals		**35 300**
03–309	**Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		43 000
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	43 000	
	Gjöld samtals		43 000
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	21 000	
52–58	Önnur gjöld	22 000	
5	Gjöld samtals		**43 000**
03–310	**Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		39 600
1 01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	39 600	
	Gjöld samtals		39 600
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	23 700	
52–58	Önnur gjöld	15 900	
5	Gjöld samtals		**39 600**

	Þús. kr.	Þús. kr.
03–311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		38 900
1 01 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	38 900	
Gjöld samtals		38 900
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	23 700	
52–58 Önnur gjöld	15 200	
5 Gjöld samtals		**38 900**
03–312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		41 500
1 01 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	41 500	
Gjöld samtals		41 500
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	24 500	
52–58 Önnur gjöld	17 000	
5 Gjöld samtals		**41 500**
03–313 Sendiráð, almennt		
Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		19 000
5 90 Viðhald	19 000	
Stofnkostnaður:		10 000
6 90 Tæki og búnaður	10 000	
Gjöld samtals		29 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	29 000	
5 Gjöld samtals		**29 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			111 500
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	111 500	
	Gjöld samtals		111 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	111 500	
5	Gjöld samtals		**111 500**
03–391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 000
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	25 700	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	6 900	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	16 800	
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	8 200	
1 30	Ýmis framlög til þróunarmála	11 400	
	Gjöld samtals		69 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	69 000	
5	Gjöld samtals		**69 000**
03–399	**Ýmis utanríkismál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 000
1 40	Samskipti við Vestur-Íslendinga	1 600	
1 70	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	500	
1 90	Til ráðstöfunar vegna hagræðingar	28 900	
	Gjöld samtals		31 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	28 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 100	
5	Gjöld samtals		**31 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–401	**Alþjóðastofnanir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			229 600
1 10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	18 400	
1 11	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	6 500	
1 12	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	4 300	
1 13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	5 300	
1 15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	4 900	
1 16	Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT	2 000	
1 17	Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO	1 100	
1 18	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMCO	1 000	
1 23	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kípur, UNFICYP	800	
1 25	Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki, FAO	100	
1 28	Tollasamvinnuráðið, CCC	1 200	
1 29	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	500	
1 30	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	5 200	
1 31	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, ICNAF, NEAFC)	8 300	
1 32	Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga	100	
1 35	Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	1 100	
1 36	Bernarsambandið	600	
1 38	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	2 600	
1 39	Evrópuráðið	8 500	
1 40	Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	10 400	
1 41	Atlantshafsbandalagið, NATO	29 000	
1 42	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	47 600	
1 44	Alþjóðanáttúruverndarsambandið	400	
1 45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	800	
1 46	Alþjóðasamband um byggingarskipulag	100	
1 47	Óslóarsamningur um varnir gegn mengun	500	
1 48	Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	100	
1 49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	4 600	
1 50	Sameindalíffræðiþing Evrópu	400	
1 53	Parísarsamningur um varnir gegn mengun	500	
1 54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	200	
1 56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga	300	
1 57	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	2 300	
1 60	Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS	300	
1 61	Framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar	59 600	
	Gjöld samtals		229 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	229 600	
5	Gjöld samtals		**229 600**
	Samtals		1 406 700

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 500
1 01	Yfirstjórn	71 500	
	Gjöld samtals		71 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 000	
52–58	Önnur gjöld	34 500	
5	Gjöld samtals	71 500	
4	Sértekjur	6 600	
	Mismunur		**64 900**
04–171 Jarðeignir ríkisins, framlög			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			30 000
6 01	Jarðeignir ríkisins	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**
04–172 Jarðasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			100 000
6 01	Jarðasjóður	100 000	
	Gjöld samtals		100 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	100 000	
5	Gjöld samtals		**100 000**

04–201 Búnaðarfélag Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 500
1 01	Búnaðarfélag Íslands	78 500	
	Gjöld samtals		78 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	78 500	
5	Gjöld samtals		**78 500**

04–202 Hagþjónusta landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 100
1 01	Hagþjónusta landbúnaðarins	12 100	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		13 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 700	
52–58	Önnur gjöld	6 400	
5	Gjöld samtals	13 100	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**12 600**

04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			145 900
1 01	Aðalstöðvar	105 900	
1 90	Tilraunastöðvar	29 000	
1 95	Sérstök rannsóknarverkefni í landgræðslu	11 000	
Viðhaldsverkefni:			3 100
5 80	Viðhald fasteigna	3 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			17 800
6 01	Fasteignir	17 800	
	Gjöld samtals		166 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	103 000	
52–58	Önnur gjöld	63 800	
5	Gjöld samtals	166 800	
4	Sértekjur	19 200	
	Mismunur		**147 600**

04–231 Skógrækt ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			210 100
1 01	Yfirstjórn	117 800	
1 10	Rannsóknastöðin á Mógilsá	19 300	
1 70	Skógræktarstörf bænda	50 000	
1 82	Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt	6 000	
1 83	Tilraunir með ræktun iðnviðar	10 000	
1 84	Sérstakt rannsóknarverkefni	5 000	
1 90	Skógrækt einstaklinga, styrkir	2 000	
Viðhaldsverkefni:			6 200
5 01	Fasteignir	6 200	
Stofnkostnaður:			16 600
6 01	Tæki og búnaður	6 500	
6 32	Fasteignir, óskipt	10 100	
	Gjöld samtals		232 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	90 000	
52–58	Önnur gjöld	69 900	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	71 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 000	
5	Gjöld samtals	232 900	
4	Sértekjur	62 800	
	Mismunur		**170 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–235 Landgræðsla ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			206 600
1 10	Almenn landgræðsla	95 600	
1 50	Landgræðsluframkvæmdir Mývatnssveit	2 000	
1 80	Sérstök verkefni á uppblásturssvæðum	84 000	
1 90	Fyrirhleðslur	25 000	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 20	Viðhald, óskipt	4 200	
Stofnkostnaður:			16 900
6 01	Tæki og búnaður	4 900	
6 10	Gunnarsholt, viðbygging	12 000	
	Gjöld samtals		227 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 000	
52–58	Önnur gjöld	79 700	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	111 000	
5	Gjöld samtals	227 700	
4	Sértekjur	10 100	
	Mismunur		**217 600**
04–239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 500
1 10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	51 500	
1 20	Skógræktarfélag Íslands	3 000	
	Gjöld samtals		54 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	51 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**54 500**
04–243 Sauðfjárveikivarnir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			231 300
1 01	Sauðfjárveikivarnir	231 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			9 400
5 01	Varnargirðingar	9 400	
	Gjöld samtals		240 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 700	
52–58	Önnur gjöld	17 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	201 400	
5	Gjöld samtals		**240 700**

04–245 Laxeldisstöðin í Kollafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 000
1 10	Laxeldisstöðin í Kollafirði	34 000	
	Gjöld samtals		34 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	34 000	
5	Gjöld samtals		**34 000**

04–246 Veiðimálastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 300
1 01	Veiðimálastofnun	63 300	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		64 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 400	
52–58	Önnur gjöld	25 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	500	
5	Gjöld samtals	64 300	
4	Sértekjur	28 100	
	Mismunur		**36 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–247 Yfirdýralæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 400
1 01	Yfirstjórn	13 900	
1 20	Héraðsdýralæknar	48 100	
1 30	Dýralæknir fisksjúkdóma	4 300	
1 52	Eftirlit og eftirlitsferðir	1 100	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 90	Dýralæknisbústaðir, óskipt	4 200	
	Gjöld samtals		71 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 200	
52–58	Önnur gjöld	15 400	
5	Gjöld samtals	71 600	
4	Sértekjur	3 100	
	Mismunur		**68 500**
04–271 Landgræðslusjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Landgræðslusjóður	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
04–272 Einangrunarstöð í Hrísey			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 100
1 01	Einangrunarstöð í Hrísey	7 100	
	Gjöld samtals		7 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	7 100	
5	Gjöld samtals		**7 100**

Þús. kr. Þús. kr.

04–288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög

Viðfangsefni:

Almennur rekstur: 67 400

1 01 Kynbótastöðvar 26 100

1 10 Héraðsbúnaðarsambönd 41 300

Stofnkostnaður: 149 000

6 20 Jarðræktar- og búfjárræktarframlög 149 000

Gjöld samtals 216 400

Tegundasundurliðun:

59 Tilfærslur:

5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega 216 400

5 Gjöld samtals **216 400**

04–289 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Viðfangsefni:

Almennur rekstur: 524 000

1 10 Nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðir 490 000

1 30 Loðdýrafóður 34 000

Gjöld samtals 524 000

Tegundasundurliðun:

59 Tilfærslur:

5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega 524 000

5 Gjöld samtals **524 000**

04–290 Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Viðfangsefni:

Almennur rekstur: 3 122 000

1 01 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 1 060 000

1 30 Beinar greiðslur til bænda 1 770 000

1 40 Uppkaup á fullvirðisrétti 292 000

Gjöld samtals 3 122 000

Tegundasundurliðun:

59 Tilfærslur:

5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega 3 122 000

5 Gjöld samtals **3 122 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–291 Framleiðnisjóður landbúnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			340 000
1 10	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	340 000	
	Gjöld samtals		340 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	340 000	
5	Gjöld samtals		**340 000**
04–299 Búnaðarmál, ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 700
1 10	Mat á búvörum	8 900	
1 20	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	6 500	
1 22	Ýmis verkefni	300	
	Gjöld samtals		15 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 100	
52–58	Önnur gjöld	5 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	300	
5	Gjöld samtals	15 700	
4	Sértekjur	8 900	
	Mismunur		**6 800**
04–501 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			98 900
1 01	Bændaskólinn á Hvanneyri	98 900	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 01	Fasteignir	4 200	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Fasteignir og lóðir	10 000	
6 02	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		115 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 200	
52–58	Önnur gjöld	57 900	
5	Gjöld samtals	115 100	
4	Sértekjur	34 300	
	Mismunur		**80 800**

04–502 Bændaskólinn á Hólum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 600
1 01	Bændaskólinn á Hólum	70 600	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 01	Fasteignir	4 200	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Fasteignir og lóðir	5 000	
6 02	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		81 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 800	
52–58	Önnur gjöld	42 000	
5	Gjöld samtals	81 800	
4	Sértekjur	13 900	
	Mismunur		**67 900**

04–503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 700
1 01	Garðyrkjuskóli ríkisins	47 100	
1 10	Tilraunir og rannsóknastörf	3 600	
Viðhaldsverkefni:			5 200
5 01	Fasteignir	5 200	
Stofnkostnaður:			6 200
6 01	Fasteignir og lóðir	4 000	
6 02	Tæki og búnaður	2 200	
	Gjöld samtals		62 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 500	
52–58	Önnur gjöld	26 600	
5	Gjöld samtals	62 100	
4	Sértekjur	7 600	
	Mismunur		**54 500**

04–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**
	Samtals		5 683 700

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			84 000
1 01	Yfirstjórn	84 000	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		85 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 500	
52–58	Önnur gjöld	33 500	
5	Gjöld samtals		**85 000**
05–201 Fiskifélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 200
1 01	Yfirstjórn	47 200	
	Gjöld samtals		47 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	47 200	
5	Gjöld samtals		**47 200**
05–202 Hafrannsóknastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			566 700
1 01	Yfirstjórn	54 500	
1 10	Rannsóknasvið	100 900	
1 11	Raftæknideild	8 700	
1 12	Tölvudeild	19 300	
1 19	Tímabundin verkefni	20 200	
1 20	Útibú	17 700	
1 31	R/s Bjarni Sæmundsson	69 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 32	R/s Árni Friðriksson	60 300	
1 33	R/s Dröfn	34 400	
1 36	Veiðarfærakostnaður	22 300	
1 39	Annar skiparekstur	44 400	
1 40	Hvalarannsóknir	19 700	
1 41	Lúðueldi á Reykjanesi	14 700	
1 42	Aflaskýrslur	7 500	
1 43	Fjölstofnarannsóknir	65 400	
1 50	Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands	7 000	
	Viðhaldsverkefni:		31 200
5 31	Viðhald skipa	31 200	
	Stofnkostnaður:		39 000
6 31	Tæki og búnaður í skip	22 000	
6 90	Tæki og búnaður deilda og útibúa	17 000	
	Gjöld samtals		636 900
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	298 100	
52–58	Önnur gjöld	338 800	
5	Gjöld samtals	636 900	
4	Sértekjur	545 500	
	Mismunur		**91 400**

05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		177 700
1 01	Yfirstjórn	35 600	
1 10	Rannsóknasvið	108 800	
1 20	Útibú	24 300	
1 25	Samstarfsverkefni sjávarútvegs og iðnaðar	9 000	
	Stofnkostnaður:		17 800
6 01	Tölvuvæðing	4 600	
6 10	Tæki og búnaður	13 200	
	Gjöld samtals		195 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	108 700	
52–58	Önnur gjöld	77 800	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	9 000	
5	Gjöld samtals	195 500	
4	Sértekjur	104 600	
	Mismunur		**90 900**

05–216 Ríkismat sjávarafurða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			107 700
1 01	Ríkismat sjávarafurða	107 700	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		112 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 200	
52–58	Önnur gjöld	57 500	
5	Gjöld samtals	112 700	
4	Sértekjur	37 200	
	Mismunur		**75 500**

05–221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 400
1 01	Verðlagsráð sjávarútvegsins	5 400	
	Gjöld samtals		5 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 900	
52–58	Önnur gjöld	1 500	
5	Gjöld samtals		**5 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			25 000
6 01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**
05–290 Veiðieftirlit			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 700
1 01	Veiðieftirlit	78 700	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		80 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 100	
52–58	Önnur gjöld	26 600	
5	Gjöld samtals	80 700	
4	Sértekjur	80 700	
	Mismunur		
05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			106 700
1 20	Eldi sjávardýra	20 700	
1 21	Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur	11 900	
1 31	Stjórn fiskveiða	21 600	
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi	52 500	
	Gjöld samtals		106 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 400	
52–58	Önnur gjöld	33 500	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	70 800	
5	Gjöld samtals	106 700	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**105 600**

05–901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 600
1 01	Yfirstjórn	27 600	
1 30	Keldnaholt	36 000	
Viðhaldsverkefni:			10 400
5 30	Keldnaholt, viðhald	10 400	
	Gjöld samtals		74 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 200	
52–58	Önnur gjöld	47 800	
5	Gjöld samtals	74 000	
4	Sértekjur	2 100	
	Mismunur		**71 900**

05–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
	Samtals		600 900

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 600
1 01	Yfirstjórn	92 600	
	Gjöld samtals		92 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 600	
52–58	Önnur gjöld	31 000	
5	Gjöld samtals		**92 600**
06–102 Stjórnartíðindi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 600
1 01	Stjórnartíðindi	23 600	
	Gjöld samtals		23 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 000	
52–58	Önnur gjöld	20 600	
5	Gjöld samtals	23 600	
4	Sértekjur	17 200	
	Mismunur		**6 400**
06–103 Lagasafn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 700
1 10	Útgáfa lagasafns	2 700	
	Gjöld samtals		2 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 700	
5	Gjöld samtals	2 700	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		

06–111 Kosningar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 800
1 10	Kosningar	13 800	
	Gjöld samtals		13 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 700	
52–58	Önnur gjöld	8 100	
5	Gjöld samtals		**13 800**

06–190 Ýmis kostnaður ráðuneytis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 300
1 11	Námsleyfi lögfræðinga	2 700	
1 21	Próf málflytjenda	400	
1 22	Próf skjalaþýðenda	700	
1 23	Próf fasteignasala	1 400	
1 31	Matsnefnd eignarnámsbóta	2 300	
1 32	Tölvunefnd	4 800	
1 33	Mannanafnanefnd	400	
1 41	Útgáfa norræns dómasafns	500	
1 42	Norræn samvinna á sviði sakfræði	400	
1 51	Innheimta meðlaga	2 000	
1 61	Orator, almenn lögfræðiaðstoð	300	
1 71	Framkvæmd aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði	26 400	
Stofnkostnaður:			30 000
6 71	Tölvuvæðing o.fl. vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði	30 000	
	Gjöld samtals		72 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 000	
52–58	Önnur gjöld	52 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	500	
5	Gjöld samtals	72 300	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**69 600**

06–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**

06–201 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 900
1 01	Yfirstjórn	17 000	
1 02	Útgáfa Hæstaréttardóma	10 900	
	Gjöld samtals		27 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 100	
52–58	Önnur gjöld	13 800	
5	Gjöld samtals	27 900	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**24 700**

06–203 Borgardómarinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 900
1 01	Borgardómarinn í Reykjavík	35 900	
	Gjöld samtals		35 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 500	
52–58	Önnur gjöld	7 400	
5	Gjöld samtals	35 900	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**35 500**

06–204 Borgarfógetinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 700
1 01	Borgarfógetinn í Reykjavík	46 700	
	Gjöld samtals		46 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 300	
52–58	Önnur gjöld	13 400	
5	Gjöld samtals		**46 700**

06–205 Sakadómur Reykjavíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 900
1 01	Sakadómur Reykjavíkur	34 900	
	Gjöld samtals		34 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 000	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals		**34 900**

06–210 Héraðsdómarar samkvæmt lögum nr. 27/1990

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 300
1 91	Héraðsdómari á Suður- og Vesturlandi	2 900	
1 92	Héraðsdómari á Vestfjörðum	2 800	
1 93	Héraðsdómari á Norðurlandi	2 700	
1 94	Héraðsdómari á Austurlandi	2 900	
	Gjöld samtals		11 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 400	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals		**11 300**

06–211 Héraðsdómur Reykjavíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 600
1 02	Héraðsdómur Reykjavíkur	65 600	
	Gjöld samtals		65 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 100	
52–58	Önnur gjöld	14 500	
5	Gjöld samtals		**65 600**

06–212 Héraðsdómur Vesturlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 02	Héraðsdómur Vesturlands	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 700	
52–58	Önnur gjöld	2 300	
5	Gjöld samtals		**6 000**

06–213 Héraðsdómur Vestfjarða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 02	Héraðsdómur Vestfjarða	4 500	
	Gjöld samtals		4 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 800	
52–58	Önnur gjöld	1 700	
5	Gjöld samtals		**4 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–214	**Héraðsdómur Norðurlands vestra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 200
1 02	Héraðsdómur Norðurlands vestra	4 200	
	Gjöld samtals		4 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 300	
52–58	Önnur gjöld	1 900	
5	Gjöld samtals		**4 200**
06–215	**Héraðsdómur Norðurlands eystra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 300
1 02	Héraðsdómur Norðurlands eystra	10 300	
	Gjöld samtals		10 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 500	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals		**10 300**
06–216	**Héraðsdómur Austurlands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 700
1 02	Héraðsdómur Austurlands	4 700	
	Gjöld samtals		4 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 700	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**4 700**
06–217	**Héraðsdómur Suðurlands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 900
1 02	Héraðsdómur Suðurlands	10 900	
	Gjöld samtals		10 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 400	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals		**10 900**

06–218 Héraðsdómur Reykjaness

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 000
1 02	Héraðsdómur Reykjaness	22 000	
	Gjöld samtals		22 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 000	
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals		**22 000**

06–231 Málskostnaður í opinberum málum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 500
1 10	Málskostnaður í opinberum málum	76 500	
	Gjöld samtals		76 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	200	
52–58	Önnur gjöld	76 300	
5	Gjöld samtals	76 500	
4	Sértekjur	10 700	
	Mismunur		**65 800**

06–232 Opinber réttaraðstoð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 900
1 10	Opinber réttaraðstoð	5 900	
	Gjöld samtals		5 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 900	
5	Gjöld samtals	5 900	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**5 500**

06–238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 700
1 01	Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	4 700	
	Gjöld samtals		4 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 100	
52–58	Önnur gjöld	600	
5	Gjöld samtals		**4 700**

06–290 Dómsmál, ýmis kostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 700
1 11	Meðdómsmenn	11 700	
1 12	Setu- og varadómarar	4 200	
1 13	Siglingadómur	600	
1 14	Óviss útgjöld	3 200	
	Gjöld samtals		19 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 300	
52–58	Önnur gjöld	400	
5	Gjöld samtals		**19 700**

06–291 Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Viðhald húseigna	1 000	
Stofnkostnaður:			75 000
6 13	Húsnæði héraðsdóms Vestfjarða	2 000	
6 15	Húsnæði héraðsdóms Norðurlands eystra	16 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
6 16	Húsnæði héraðsdóms Austurlands	10 400	
6 17	Húsnæði héraðsdóms Suðurlands	4 000	
6 18	Húsnæði héraðsdóms Reykjaness	10 000	
6 90	Húsgögn og stofnbúnaður héraðsdómstóla	32 000	
	Gjöld samtals		76 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	76 000	
5	Gjöld samtals		**76 000**

06–301 Ríkissaksóknari

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 600
1 05	Ríkissaksóknari	43 600	
	Gjöld samtals		43 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 400	
52–58	Önnur gjöld	10 200	
5	Gjöld samtals		**43 600**

06–302 Rannsóknarlögregla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			158 900
1 02	Rannsóknarlögregla ríkisins	158 900	
Stofnkostnaður:			9 000
6 02	Tæki og búnaður	9 000	
	Gjöld samtals		167 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	125 800	
52–58	Önnur gjöld	42 100	
5	Gjöld samtals	167 900	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**165 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–305	**Lögregluskóli ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 400
1 01	Lögregluskóli ríkisins	26 400	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		27 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 600	
52–58	Önnur gjöld	10 800	
5	Gjöld samtals		**27 400**
06–311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			923 400
1 01	Yfirstjórn	56 700	
1 05	Boðunardeild	31 000	
1 20	Almenn löggæsla	713 700	
1 30	Útlendingaeftirlit	18 000	
1 40	Mötuneyti	31 200	
1 60	Aðallögreglustöð	30 300	
1 80	Rekstur ökutækja	42 500	
Stofnkostnaður:			23 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
6 80	Endurnýjun ökutækja	18 000	
	Gjöld samtals		946 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	733 200	
52–58	Önnur gjöld	213 200	
5	Gjöld samtals	946 400	
4	Sértekjur	54 100	
	Mismunur		**892 300**
06–321	**Almannavarnir ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 900
1 01	Almannavarnir ríkisins	23 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		26 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 000	
52–58	Önnur gjöld	14 900	
5	Gjöld samtals		**26 900**

06–331 Umferðarmál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 200
1 01	Umferðarráð	33 100	
1 10	Ökukennsla	34 100	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		69 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 400	
52–58	Önnur gjöld	36 800	
5	Gjöld samtals	69 200	
4	Sértekjur	47 900	
	Mismunur		**21 300**

06–341 Áfengis- og fíkniefnamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 200
1 10	Matsnefnd vínveitingahúsa	1 300	
1 20	Fíkniefnamál	3 900	
	Gjöld samtals		5 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 300	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	600	
5	Gjöld samtals		**5 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–390	**Ýmis löggæslukostnaður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 400
1 10	Ýmis löggæslukostnaður	14 400	
Stofnkostnaður:			41 000
6 10	Endurnýjun ökutækja	41 000	
	Gjöld samtals		55 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 000	
52–58	Önnur gjöld	47 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 800	
5	Gjöld samtals	55 400	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**50 400**
06–391	**Húsnæði löggæslustofnana**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			12 500
5 01	Viðhald húseigna	12 500	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Innrétting húsnæðis	5 000	
	Gjöld samtals		17 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	17 500	
5	Gjöld samtals		**17 500**
06–395	**Landhelgisgæsla Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			682 100
1 01	Yfirstjórn	64 800	
1 21	V/s Ægir	122 400	
1 22	V/s Óðinn	105 000	
1 23	V/s Týr	126 600	
1 30	Fluggæsla	227 000	
1 40	Sjómælingar og sjókortagerð	36 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			8 400
6 01	Tæki og búnaður	8 400	
	Gjöld samtals		690 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	333 300	
52–58	Önnur gjöld	357 200	
5	Gjöld samtals	690 500	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**686 300**

06–411 Sýslumaðurinn Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 500
1 01	Yfirstjórn	51 500	
	Gjöld samtals		51 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 100	
52–58	Önnur gjöld	15 400	
5	Gjöld samtals		**51 500**

06–412 Sýslumaðurinn Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 800
1 01	Yfirstjórn	28 000	
1 20	Löggæsla	34 800	
	Gjöld samtals		62 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 600	
52–58	Önnur gjöld	13 200	
5	Gjöld samtals	62 800	
4	Sértekjur	2 300	
	Mismunur		**60 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–413 Sýslumaðurinn Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 400
1 01	Yfirstjórn	24 000	
1 20	Löggæsla	26 900	
1 30	Hreppstjórar	1 500	
	Gjöld samtals		52 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 100	
52–58	Önnur gjöld	11 300	
5	Gjöld samtals	52 400	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**50 400**
06–414 Sýslumaðurinn Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 000
1 01	Yfirstjórn	27 300	
1 20	Löggæsla	38 500	
1 30	Hreppstjórar	1 200	
	Gjöld samtals		67 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 400	
52–58	Önnur gjöld	15 600	
5	Gjöld samtals	67 000	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**65 700**
06–415 Sýslumaðurinn Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 400
1 01	Yfirstjórn	10 400	
1 20	Löggæsla	4 300	
1 30	Hreppstjórar	700	
	Gjöld samtals		15 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 400	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	15 400	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**15 300**

06–416 Sýslumaðurinn Patreksfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 100
1 01	Yfirstjórn	18 500	
1 20	Löggæsla	16 700	
1 30	Hreppstjórar	900	
	Gjöld samtals		36 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 700	
52–58	Önnur gjöld	8 400	
5	Gjöld samtals	36 100	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**35 200**

06–417 Sýslumaðurinn Bolungarvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 900
1 01	Yfirstjórn	11 600	
1 20	Löggæsla	9 300	
	Gjöld samtals		20 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 500	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals	20 900	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**20 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–418	**Sýslumaðurinn Ísafirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			84 000
1 01	Yfirstjórn	37 900	
1 20	Löggæsla	43 600	
1 30	Hreppstjórar	1 100	
1 40	Tollgæsla	1 400	
	Gjöld samtals		84 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	59 900	
52–58	Önnur gjöld	24 100	
5	Gjöld samtals	84 000	
4	Sértekjur	3 400	
	Mismunur		**80 600**
06–419	**Sýslumaðurinn Hólmavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 600
1 01	Yfirstjórn	10 400	
1 20	Löggæsla	4 500	
1 30	Hreppstjórar	700	
	Gjöld samtals		15 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 600	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	15 600	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**15 500**
06–420	**Sýslumaðurinn Blönduósi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 400
1 01	Yfirstjórn	22 700	
1 20	Löggæsla	24 200	
1 30	Hreppstjórar	1 500	
	Gjöld samtals		48 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 400	
52–58	Önnur gjöld	14 000	
5	Gjöld samtals	48 400	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**46 700**

06–421 Sýslumaðurinn Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 800
1 01	Yfirstjórn	23 700	
1 20	Löggæsla	25 800	
1 30	Hreppstjórar	1 300	
1 40	Tollgæsla	1 000	
	Gjöld samtals		51 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 600	
52–58	Önnur gjöld	11 200	
5	Gjöld samtals	51 800	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**51 300**

06–422 Sýslumaðurinn Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 700
1 01	Yfirstjórn	14 800	
1 20	Löggæsla	17 900	
	Gjöld samtals		32 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 600	
52–58	Önnur gjöld	6 100	
5	Gjöld samtals	32 700	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**32 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–423	**Sýslumaðurinn Ólafsfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 800
1 01	Yfirstjórn	11 100	
1 20	Löggæsla	7 700	
	Gjöld samtals		18 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 100	
52–58	Önnur gjöld	4 700	
5	Gjöld samtals	18 800	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**18 600**
06–424	**Sýslumaðurinn Akureyri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			186 300
1 01	Yfirstjórn	75 700	
1 20	Löggæsla	92 700	
1 25	Fangelsi	10 800	
1 30	Hreppstjórar	1 200	
1 40	Tollgæsla	5 900	
	Gjöld samtals		186 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	145 500	
52–58	Önnur gjöld	40 800	
5	Gjöld samtals	186 300	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**185 200**
06–425	**Sýslumaðurinn Húsavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 200
1 01	Yfirstjórn	33 800	
1 20	Löggæsla	39 300	
1 30	Hreppstjórar	2 100	
	Gjöld samtals		75 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 300	
52–58	Önnur gjöld	20 900	
5	Gjöld samtals	75 200	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**74 100**

06–426 Sýslumaðurinn Seyðisfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 500
1 01	Yfirstjórn	23 200	
1 20	Löggæsla	19 500	
1 30	Hreppstjórar	1 000	
1 40	Tollgæsla	3 800	
	Gjöld samtals		47 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 200	
52–58	Önnur gjöld	12 300	
5	Gjöld samtals	47 500	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**46 600**

06–427 Sýslumaðurinn Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 600
1 01	Yfirstjórn	13 500	
1 20	Löggæsla	9 100	
	Gjöld samtals		22 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 400	
52–58	Önnur gjöld	6 200	
5	Gjöld samtals	22 600	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**22 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–428	**Sýslumaðurinn Eskifirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 900
1 01	Yfirstjórn	26 600	
1 20	Löggæsla	33 600	
1 30	Hreppstjórar	1 700	
	Gjöld samtals		61 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 600	
52–58	Önnur gjöld	16 300	
5	Gjöld samtals	61 900	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**60 600**
06–429	**Sýslumaðurinn Höfn í Hornafirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 400
1 01	Yfirstjórn	16 300	
1 20	Löggæsla	13 500	
1 30	Hreppstjórar	600	
	Gjöld samtals		30 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 300	
52–58	Önnur gjöld	8 100	
5	Gjöld samtals	30 400	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**29 500**
06–430	**Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 600
1 01	Yfirstjórn	12 800	
1 20	Löggæsla	6 500	
1 30	Hreppstjórar	300	
	Gjöld samtals		19 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 800	
52–58	Önnur gjöld	4 800	
5	Gjöld samtals	19 600	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**19 200**

06–431 Sýslumaðurinn Hvolsvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 500
1 01	Yfirstjórn	17 900	
1 20	Löggæsla	17 400	
1 30	Hreppstjórar	1 200	
	Gjöld samtals		36 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 900	
52–58	Önnur gjöld	9 600	
5	Gjöld samtals	36 500	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**35 700**

06–432 Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 300
1 01	Yfirstjórn	33 300	
1 20	Löggæsla	34 800	
1 40	Tollgæsla	6 200	
	Gjöld samtals		74 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 300	
52–58	Önnur gjöld	16 000	
5	Gjöld samtals	74 300	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**70 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–433 Sýslumaðurinn Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			115 800
1 01	Yfirstjórn	44 000	
1 20	Löggæsla	70 000	
1 30	Hreppstjórar	1 800	
	Gjöld samtals		115 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	88 200	
52–58	Önnur gjöld	27 600	
5	Gjöld samtals	115 800	
4	Sértekjur	6 200	
	Mismunur		**109 600**
06–434 Sýslumaðurinn Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			184 900
1 01	Yfirstjórn	60 700	
1 20	Löggæsla	116 000	
1 30	Hreppstjórar	500	
1 40	Tollgæsla	7 700	
	Gjöld samtals		184 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	147 700	
52–58	Önnur gjöld	37 200	
5	Gjöld samtals	184 900	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**180 900**
06–436 Sýslumaðurinn Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			221 500
1 01	Yfirstjórn	101 700	
1 20	Löggæsla	107 700	
1 30	Hreppstjórar	300	
1 40	Tollgæsla	11 800	
	Gjöld samtals		221 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	174 200	
52–58	Önnur gjöld	47 300	
5	Gjöld samtals	221 500	
4	Sértekjur	2 100	
	Mismunur		**219 400**

06–437 Sýslumaðurinn Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			138 600
1 01	Yfirstjórn	70 300	
1 20	Löggæsla	68 300	
	Gjöld samtals		138 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	110 200	
52–58	Önnur gjöld	28 400	
5	Gjöld samtals	138 600	
4	Sértekjur	2 100	
	Mismunur		**136 500**

06–490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 100
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	16 100	
1 20	Kostnaður vegna löggæslunáms	43 700	
1 21	Óviss útgjöld	5 300	
	Gjöld samtals		65 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 500	
52–58	Önnur gjöld	37 600	
5	Gjöld samtals		**65 100**

06–491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			17 700
5 01	Viðhald húseigna	17 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			146 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 11	Húsnæði sýslumannsins í Reykjavík	28 000	
6 12	Lögreglustöð Akranesi	24 400	
6 21	Húsnæði sýslumannsins á Sauðárkróki	6 000	
6 24	Húsnæði sýslumannsins á Akureyri	17 700	
6 26	Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði	4 200	
6 28	Lögreglustöð Egilsstöðum	19 200	
6 29	Húsnæði sýslumannsins á Höfn	3 600	
6 33	Lögreglustöð Selfossi	5 000	
6 34	Húsnæði sýslumannsins í Keflavík	7 900	
6 50	Breytingar á húsnæði, tölvulagnir o.fl.	20 000	
	Gjöld samtals		163 700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	163 700	
5	Gjöld samtals		**163 700**

06–501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 800
1 01	Fangelsismálastofnun ríkisins	26 800	
	Gjöld samtals		26 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 700	
52–58	Önnur gjöld	6 100	
5	Gjöld samtals		**26 800**

06–511 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			114 500
1 01	Yfirstjórn	4 200	
1 21	Hegningarhúsið í Reykjavík	47 300	
1 22	Fangelsið Síðumúla	33 000	
1 23	Fangelsið Kópavogsbraut	30 000	
	Gjöld samtals		114 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	75 300	
52–58	Önnur gjöld	39 200	
5	Gjöld samtals	114 500	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**113 500**

06–512 Fangelsið Litla-Hrauni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			135 700
1 01	Yfirstjórn	117 900	
1 21	Skiltaframleiðsla	3 600	
1 31	Hellugerð o.fl.	14 200	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		137 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	83 300	
52–58	Önnur gjöld	54 400	
5	Gjöld samtals	137 700	
4	Sértekjur	27 900	
	Mismunur		**109 800**

06–513 Fangelsið Kvíabryggju

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 700
1 01	Fangelsið Kvíabryggju	27 700	
	Gjöld samtals		27 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 500	
52–58	Önnur gjöld	11 200	
5	Gjöld samtals	27 700	
4	Sértekjur	5 500	
	Mismunur		**22 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–590 Fangamál, ýmis kostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 100
1 10	Fangahjálp	4 800	
1 11	Sjúkrakostnaður refsifanga	1 000	
1 12	Fangavarðaskóli	2 600	
1 13	Forföll fangavarða	2 700	
	Gjöld samtals		11 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 500	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 200	
5	Gjöld samtals		**11 100**
06–591 Fangelsisbyggingar			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			6 200
5 01	Viðhald bygginga	6 200	
Stofnkostnaður:			5 000
6 10	Stofnframkvæmdir	5 000	
	Gjöld samtals		11 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	11 200	
5	Gjöld samtals		**11 200**
06–701 Biskup Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 600
1 01	Yfirstjórn	36 200	
1 05	Starfsþjálfun guðfræðikandídata	2 900	
1 11	Kirkjuráð	900	
1 12	Kirkjuþing	3 800	
1 14	Prestastefna	600	
1 15	Ýmis verkefni	5 200	
Viðhaldsverkefni:			500
5 01	Viðhald biskupsbústaðar	500	
	Gjöld samtals		50 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 800	
52–58	Önnur gjöld	17 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals	50 100	
4	Sértekjur	7 400	
	Mismunur		**42 700**

06–711 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			309 200
1 10	Prestar og prófastar	309 200	
	Gjöld samtals		309 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	248 000	
52–58	Önnur gjöld	61 200	
5	Gjöld samtals	309 200	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**309 100**

06–712 Prestssetur

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			43 700
5 01	Viðhald prestssetra	43 700	
Stofnkostnaður:			9 000
6 10	Bygging prestssetra	5 000	
6 11	Kaup eigna á prestssetursjörðum	4 000	
	Gjöld samtals		52 700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	52 700	
5	Gjöld samtals		**52 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–721 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 300
1 01	Yfirstjórn	10 700	
1 10	Tónskóli þjóðkirkjunnar	6 600	
Stofnkostnaður:			500
6 10	Innrétting húsnæðis	500	
	Gjöld samtals		17 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 700	
52–58	Önnur gjöld	7 100	
5	Gjöld samtals	17 800	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**15 900**
06–731 Kristnisjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 100
1 10	Kristnisjóður	18 100	
	Gjöld samtals		18 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	18 100	
5	Gjöld samtals		**18 100**
06–732 Kirkjubyggingasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 10	Kirkjubyggingasjóður	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–790	**Kirkjumál, ýmis kostnaður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 500
1 11	Langamýri í Skagafirði	1 300	
1 12	Ráðgjöf í fjölskyldumálum	2 100	
1 13	Kirkjugarðaeftirlit	2 100	
1 90	Ýmislegt	3 000	
Viðhaldsverkefni:			500
5 11	Viðhald húseigna að Löngumýri	500	
Stofnkostnaður:			20 000
6 10	Skálholtsstaður	13 000	
6 11	Hallgrímskirkja	5 000	
6 12	Hóladómkirkja	1 000	
6 13	Snorrastofa	1 000	
	Gjöld samtals		29 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 000	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	22 000	
5	Gjöld samtals		**29 000**
	Samtals		5 305 100

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 100
1 01	Yfirstjórn	74 100	
	Gjöld samtals		74 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 600	
52–58	Önnur gjöld	32 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	200	
5	Gjöld samtals	74 100	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**74 000**
07–272 Byggingarsjóður verkamanna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			1 075 000
6 01	Byggingarsjóður verkamanna	1 075 000	
	Gjöld samtals		1 075 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 075 000	
5	Gjöld samtals		**1 075 000**
07–302 Ríkissáttasemjari			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 800
1 01	Ríkissáttasemjari	22 800	
	Gjöld samtals		22 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 300	
52–58	Önnur gjöld	7 500	
5	Gjöld samtals		**22 800**

07–700 Málefni fatlaðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			213 500
1 01	Stjórnarnefnd	2 500	
1 02	Samráðsnefnd	1 400	
1 03	Samráðsnefnd um ferlimál	1 900	
1 04	Kostnaður samkvæmt 10. gr. laga um málefni fatlaðra	132 000	
1 05	Kostnaður samkvæmt 19. gr. laga um málefni fatlaðra	7 000	
1 10	Vistanir	13 000	
1 50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	8 900	
1 60	Félagslegar íbúðir fyrir fatlaða	18 600	
1 80	Starfsþjálfun	8 500	
1 81	Tölvumiðstöð fatlaðra	2 100	
1 99	Ný starfsemi, óskipt	17 600	
	Gjöld samtals		213 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 300	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	162 600	
5	Gjöld samtals		**213 500**

07–701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			196 100
1 01	Svæðisstjórn	14 000	
1 20	Sambýli Drekavogi 16	8 900	
1 21	Sambýli Akurgerði 20	8 900	
1 22	Sambýli Stuðlaseli 2	11 900	
1 23	Sambýli Njörvasundi 2	14 800	
1 24	Sambýli Giljaseli 7	9 800	
1 25	Sambýli Bröndukvísl 17	11 100	
1 26	Sambýli Stigahlíð 71	12 800	
1 27	Sambýli Þverárseli 28	12 400	
1 28	Sambýli, óstaðsett	10 400	
1 29	Sambýli Vesturbrún 17	11 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands	5 600	
1 32	Verndaður vinnustaður	2 800	
1 33	Vinnustofa Blindrafélagsins	4 200	
1 64	Skammtímavistun Álfalandi 6	17 400	
1 73	Vistheimili við Holtaveg	20 900	
1 80	Atvinnuleit	2 400	
1 91	Sambýli Grundarlandi 17	11 200	
1 92	Sambýli, óstaðsett	5 600	
	Gjöld samtals		196 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	141 000	
52–58	Önnur gjöld	12 700	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	29 800	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 600	
5	Gjöld samtals		**196 100**

07–702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			147 100
1 01	Svæðisstjórn	9 800	
1 20	Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi	10 500	
1 21	Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði	9 700	
1 22	Sambýli Markarflöt 1, Garðabæ	7 300	
1 24	Sambýli Bakkaflöt, Garðabæ	500	
1 26	Sambýli Hrauntungu 54	10 300	
1 27	Sambýli Lyngmóum 10	11 400	
1 30	Verndaður vinnustaður, Örvi	19 900	
1 32	Verkstjórn	3 800	
1 40	Leikfangasafn Keflavík	1 200	
1 60	Skammtímavistun	14 600	
1 61	Dagvistun Keflavík	8 300	
1 62	Helgarvistun	3 600	
1 63	Skammtímavistun	3 200	
1 64	Hæfingarstöð Bæjarhrauni 2	15 400	
1 69	Skammtímavistun, Reykjadal	2 200	
1 72	Gistiheimili Kópavogi	3 300	
1 73	Vistheimili fyrir börn	12 100	
	Gjöld samtals		147 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	116 200	
52–58	Önnur gjöld	28 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 200	
5	Gjöld samtals	147 100	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**143 100**

07–703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 300
1 01	Svæðisstjórn	7 500	
1 20	Sambýli Akranesi	14 500	
1 21	Sambýli Borgarnesi	7 100	
1 30	Verndaður vinnustaður Akranesi	9 300	
1 40	Leikfangasafn Borgarnesi	1 600	
1 41	Leikfangasafn Ólafsvík	1 500	
1 60	Dagvistun Akranesi	6 800	
1 61	Skammtímavistun	3 500	
1 70	Sumarbúðir	3 500	
1 80	Atvinnuleit	1 000	
	Gjöld samtals		56 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 000	
52–58	Önnur gjöld	12 300	
5	Gjöld samtals	56 300	
4	Sértekjur	5 400	
	Mismunur		**50 900**

07–704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 500
1 01	Svæðisstjórn	5 600	
1 20	Sambýli Ísafirði	1 900	
1 40	Leikfangasafn Ísafirði	1 100	
1 50	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	33 900	
	Gjöld samtals		42 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 400	
52–58	Önnur gjöld	10 100	
5	Gjöld samtals		**42 500**

07–705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 200
1 01	Svæðisstjórn	8 100	
1 20	Sambýli Siglufirði	9 600	
1 21	Sambýli Sauðárkróki	6 700	
1 22	Sambýli að Gauksmýri	8 300	
1 40	Leikfangasafn Siglufirði	2 200	
1 41	Leikfangasafn Blönduósi	2 100	
1 42	Leikfangasafn Sauðárkróki	2 100	
1 61	Dagvist Siglufirði	2 200	
1 70	Sumardvöl Egilsá	1 800	
1 80	Atvinnuleit	900	
1 90	Verkstjórn	1 200	
	Gjöld samtals		45 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 200	
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals		**45 200**

07–706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			244 700
1 01	Svæðisstjórn	10 800	
1 20	Sambýli Byggðavegi 91	39 500	
1 21	Sambýli Borgarhlíð 3	28 500	
1 30	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	25 900	
1 31	Verndaður vinnustaður	18 000	
1 40	Leikfangasafn Akureyri	2 400	
1 60	Skammtímavistun	3 300	
1 70	Vistheimilið Sólborg	110 100	
1 71	Sumarbúðir í Botni	5 100	
1 80	Atvinnuleit	1 100	
	Gjöld samtals		244 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	186 300	
52–58	Önnur gjöld	57 300	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 100	
5	Gjöld samtals	244 700	
4	Sértekjur	25 100	
	Mismunur		**219 600**

07–707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 900
1 01	Svæðisstjórn	6 600	
1 20	Sambýli Egilsstöðum	8 200	
1 30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	7 000	
1 40	Leikfangasafn	2 200	
1 50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	34 100	
1 51	Endurhæfing	800	
1 60	Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði	2 200	
1 80	Atvinnuleit	1 800	
	Gjöld samtals		62 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 300	
52–58	Önnur gjöld	13 600	
5	Gjöld samtals	62 900	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**60 700**

07–708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 700
1 01	Svæðisstjórn	8 300	
1 20	Sambýli Árvegi 8, Selfossi	8 000	
1 21	Sambýli Vallholti 9	12 400	
1 22	Sambýli Vallholti 12-14	7 200	
1 24	Sambýli Bitru	6 200	
1 25	Sambýli Hlíðartungu	6 200	
1 26	Sambýli Vestmannaeyjum	6 900	
1 30	Verndaður vinnustaður Selfossi	7 000	
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	11 000	
1 40	Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 50	Vistheimili fyrir börn	6 700	
1 70	Lambhagi	12 500	
1 72	Skaftholt	6 200	
1 73	Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum	7 800	
1 80	Atvinnuleit	1 000	
1 81	Verkstjórn	600	
	Gjöld samtals		109 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	72 200	
52–58	Önnur gjöld	18 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	19 200	
5	Gjöld samtals	109 700	
4	Sértekjur	5 800	
	Mismunur		**103 900**

07–710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 200
1 70	Meðferðarheimili fyrir einhverf börn, Sæbraut 2	18 900	
1 71	Sambýli einhverfra, Trönuhólum 1	17 100	
1 72	Atvinnumál einhverfra	2 900	
1 73	Sambýli einhverfra	10 300	
	Gjöld samtals		49 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 000	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals		**49 200**

07–711 Styrktarfélag vangefinna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			201 200
1 20	Sambýli Háteigsvegi 6	6 100	
1 21	Sambýli Sigluvogi 5	7 900	
1 22	Sambýli Auðarstræti 15	7 600	
1 23	Sambýli Víðihlíð 11	8 100	
1 24	Sambýli Víðihlíð 7	6 100	
1 25	Sambýli Víðihlíð 5	6 600	
1 26	Sambýli Blesugróf 29	8 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 27	Styrktarfélag vangefinna, sambýli	3 400	
1 30	Vinnustofan Ás	24 400	
1 60	Dagvistun Lækjarási	25 900	
1 61	Dagvistun Bjarkarási	31 400	
1 62	Dagvistun Lyngási	40 800	
1 63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	13 700	
1 64	Skammtímavistun Blesugróf 31	10 900	
	Gjöld samtals		201 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	147 300	
52–58	Önnur gjöld	53 900	
5	Gjöld samtals	201 200	
4	Sértekjur	12 400	
	Mismunur		**188 800**

07–719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 600
1 70	Vistheimilið Tjaldanesi	36 600	
	Gjöld samtals		36 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 100	
52–58	Önnur gjöld	10 500	
5	Gjöld samtals		**36 600**

07–720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			108 500
1 70	Vistheimilið Skálatúni	108 500	
	Gjöld samtals		108 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	80 100	
52–58	Önnur gjöld	28 400	
5	Gjöld samtals	108 500	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**107 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–722 Sólheimar Grímsnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			83 000
1 70	Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	83 000	
	Gjöld samtals		83 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	83 000	
5	Gjöld samtals		**83 000**
07–750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 600
1 01	Yfirstjórn	66 600	
	Gjöld samtals		66 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 700	
52–58	Önnur gjöld	17 900	
5	Gjöld samtals	66 600	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**65 500**
07–795 Framkvæmdasjóður fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			320 000
6 01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	320 000	
	Gjöld samtals		320 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	320 000	
5	Gjöld samtals		**320 000**
07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 370 000
1 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 370 000	
	Gjöld samtals		1 370 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 370 000	
5	Gjöld samtals		**1 370 000**

07–951 Brunamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 700
1 01	Brunamálastofnun ríkisins	58 700	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		63 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 900	
52–58	Önnur gjöld	42 800	
5	Gjöld samtals	63 700	
4	Sértekjur	66 600	
	Mismunur		**–2 900**

07–953 Jafnréttisráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 100
1 01	Jafnréttisráð	18 700	
1 10	Vest-norrænt kvennaþing	3 400	
	Gjöld samtals		22 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 600	
52–58	Önnur gjöld	10 500	
5	Gjöld samtals	22 100	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**20 600**

07–954 Vinnueftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			143 200
1 01	Vinnueftirlit ríkisins	143 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			11 000
6 01	Fasteignakaup og tæki	11 000	
	Gjöld samtals		154 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	88 000	
52–58	Önnur gjöld	66 200	
5	Gjöld samtals	154 200	
4	Sértekjur	16 000	
	Mismunur		**138 200**

07–981 Vinnumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 000
1 10	Félagsdómur	2 300	
1 13	Sjómannasamtök, lögskráning	500	
1 51	Sjómannadagsráð	200	
1 60	Orlofsheimili launþegasamtakanna	5 000	
1 70	Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni	15 000	
1 90	Ýmislegt	33 000	
	Gjöld samtals		56 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 000	
52–58	Önnur gjöld	1 300	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	200	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	53 500	
5	Gjöld samtals		**56 000**

07–982 Ríkisábyrgð á launum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 000
1 01	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	80 000	
1 10	Ríkisábyrgð á orlofslaunum	20 000	
	Gjöld samtals		100 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100 000	
5	Gjöld samtals		**100 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–985 Félagsmálaskóli alþýðu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 700
1 10	Almennur rekstur	12 400	
1 20	ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4 400	
1 30	ASÍ, norræni verkalýðsskólinn í Genf	200	
1 40	Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	1 700	
	Gjöld samtals		18 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 700	
5	Gjöld samtals		**18 700**
07–998 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 800
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	4 800	
	Gjöld samtals		4 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 800	
5	Gjöld samtals		**4 800**
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			195 500
1 10	Meðlög samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga	10 900	
1 11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	59 800	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	9 000	
1 30	Sjómannastofur	1 100	
1 31	Félagasamtök, styrkir	18 400	
1 32	Starfsmenntun í atvinnulífinu	58 000	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	11 800	
1 41	Stígamót	5 000	
1 50	Framkvæmd laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga	4 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 51	Ár fjölskyldunnar	3 000	
1 80	Snjóflóða- og skriðufallavarnir	6 400	
1 90	Ýmis framlög	8 100	
	Gjöld samtals		195 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	6 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	189 100	
5	Gjöld samtals		**195 500**
	Samtals		4 998 700

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			114 600
1 01	Yfirstjórn	114 600	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		124 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 400	
52–58	Önnur gjöld	57 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	300	
5	Gjöld samtals	124 600	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**120 500**
08–271	**Tryggingastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 559 400
1 01	Yfirstjórn	526 400	
1 10	Lífeyristryggingar	14 677 000	
1 20	Sjúkratryggingar	8 809 000	
1 30	Slysatryggingar	547 000	
Viðhaldsverkefni:			2 300
5 01	Viðhald húseignar	2 300	
Stofnkostnaður:			18 000
6 01	Tæki og búnaður	18 000	
	Gjöld samtals		24 579 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	276 200	
52–58	Önnur gjöld	270 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	24 033 000	
5	Gjöld samtals	24 579 700	
4	Sértekjur	151 600	
	Mismunur		**24 428 100**

08–273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 130 000
1 01	Atvinnuleysistryggingasjóður	1 130 000	
	Gjöld samtals		1 130 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 130 000	
5	Gjöld samtals		**1 130 000**

08–274 Eftirlaunasjóður aldraðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			137 000
1 01	Eftirlaunasjóður aldraðra	137 000	
	Gjöld samtals		137 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	137 000	
5	Gjöld samtals		**137 000**

08–277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 01	Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–301	**Landlæknir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 600
1 01	Yfirstjórn	33 900	
1 10	Læknaráð	2 000	
1 20	Sjúkraflutningaráð	700	
	Gjöld samtals		36 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 200	
52–58	Önnur gjöld	13 400	
5	Gjöld samtals		**36 600**
08–311	**Héraðslæknir í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 100
1 01	Héraðslæknir í Reykjavík	16 100	
	Gjöld samtals		16 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 900	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals		**16 100**
08–315	**Héraðslæknir á Norðurlandi eystra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 900
1 01	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	6 900	
	Gjöld samtals		6 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 400	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals		**6 900**
08–323	**Tryggingaeftirlitið**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 900
1 01	Tryggingaeftirlitið	26 900	
	Gjöld samtals		26 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 100	
52–58	Önnur gjöld	7 800	
5	Gjöld samtals	26 900	
4	Sértekjur	30 600	
	Mismunur		**–3 700**

08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 000
1 01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	89 000	
	Gjöld samtals		89 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 200	
52–58	Önnur gjöld	17 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	40 900	
5	Gjöld samtals	89 000	
4	Sértekjur	17 200	
	Mismunur		**71 800**

08–325 Hollustuvernd ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 500
1 01	Hollustuvernd ríkisins	27 100	
1 02	Heilbrigðiseftirlit	14 700	
1 03	Rannsóknastofa	28 300	
1 04	Mengunarvarnaeftirlit	19 200	
1 05	Eiturefnaeftirlit	6 200	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		97 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 000	
52–58	Önnur gjöld	31 000	
5	Gjöld samtals	97 000	
4	Sértekjur	17 800	
	Mismunur		**79 200**

08–326 Sjónstöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 000
1 01	Sjónstöð Íslands	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 300	
52–58	Önnur gjöld	5 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 800	
5	Gjöld samtals		**25 000**

08–327 Geislavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 300
1 01	Geislavarnir ríkisins	20 300	
Stofnkostnaður:			5 600
6 01	Tæki og búnaður	5 600	
	Gjöld samtals		25 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 300	
52–58	Önnur gjöld	14 600	
5	Gjöld samtals	25 900	
4	Sértekjur	6 300	
	Mismunur		**19 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–340	**Málefni fatlaðra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 200
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	11 400	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	5 600	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	10 200	
1 40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	9 000	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2 000	
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	4 600	
1 70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	1 000	
1 90	Ýmis starfsemi	3 400	
	Gjöld samtals		47 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	47 200	
5	Gjöld samtals		**47 200**
08–350	**Sjúkrahúsið Akranesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			456 800
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	456 800	
	Gjöld samtals		456 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	322 300	
52–58	Önnur gjöld	134 500	
5	Gjöld samtals	456 800	
4	Sértekjur	42 500	
	Mismunur		**414 300**
08–352	**Sjúkrahúsið Patreksfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 100
1 01	Sjúkrahúsið Patreksfirði	79 100	
	Gjöld samtals		79 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 800	
52–58	Önnur gjöld	26 300	
5	Gjöld samtals	79 100	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**76 100**

08–353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			195 000
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	195 000	
	Gjöld samtals		195 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	132 800	
52–58	Önnur gjöld	62 200	
5	Gjöld samtals	195 000	
4	Sértekjur	21 000	
	Mismunur		**174 000**

08–355 Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			123 900
1 01	Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	123 900	
	Gjöld samtals		123 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	94 300	
52–58	Önnur gjöld	29 600	
5	Gjöld samtals	123 900	
4	Sértekjur	7 700	
	Mismunur		**116 200**

08–356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			285 200
1 01	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	285 200	
	Gjöld samtals		285 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	208 900	
52–58	Önnur gjöld	76 300	
5	Gjöld samtals	285 200	
4	Sértekjur	17 600	
	Mismunur		**267 600**

08–357 Sjúkrahúsið Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			134 300
1 01	Sjúkrahúsið Siglufirði	134 300	
	Gjöld samtals		134 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	90 900	
52–58	Önnur gjöld	43 400	
5	Gjöld samtals	134 300	
4	Sértekjur	7 200	
	Mismunur		**127 100**

08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 139 800
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1 139 800	
Viðhaldsverkefni:			15 600
5 01	Viðhald húsnæðis	15 600	
Stofnkostnaður:			40 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 50	Nýbygging	30 000	
	Gjöld samtals		1 195 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	768 400	
52–58	Önnur gjöld	427 000	
5	Gjöld samtals	1 195 400	
4	Sértekjur	119 700	
	Mismunur		**1 075 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–359 Sjúkrahúsið Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			255 700
1 01	Sjúkrahúsið Húsavík	255 700	
	Gjöld samtals		255 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	182 200	
52–58	Önnur gjöld	73 500	
5	Gjöld samtals	255 700	
4	Sértekjur	23 800	
	Mismunur		**231 900**
08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 200
1 01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	90 200	
	Gjöld samtals		90 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 000	
52–58	Önnur gjöld	33 200	
5	Gjöld samtals	90 200	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**86 600**
08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			173 600
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	173 600	
	Gjöld samtals		173 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	120 300	
52–58	Önnur gjöld	53 300	
5	Gjöld samtals	173 600	
4	Sértekjur	13 500	
	Mismunur		**160 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–363	**Sjúkrahúsið Egilsstöðum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 200
1 01	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	102 200	
	Gjöld samtals		102 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 900	
52–58	Önnur gjöld	31 300	
5	Gjöld samtals	102 200	
4	Sértekjur	4 700	
	Mismunur		**97 500**
08–365	**Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			245 300
1 01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	245 300	
	Gjöld samtals		245 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	171 900	
52–58	Önnur gjöld	73 400	
5	Gjöld samtals	245 300	
4	Sértekjur	29 600	
	Mismunur		**215 700**
08–366	**Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			189 700
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	189 700	
	Gjöld samtals		189 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	129 400	
52–58	Önnur gjöld	60 300	
5	Gjöld samtals	189 700	
4	Sértekjur	18 000	
	Mismunur		**171 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–367	**Sjúkrahúsið Keflavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			221 900
1 01	Sjúkrahúsið Keflavík	221 900	
	Gjöld samtals		221 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	140 900	
52–58	Önnur gjöld	81 000	
5	Gjöld samtals	221 900	
4	Sértekjur	44 300	
	Mismunur		**177 600**
08–368	**Sólvangur, Hafnarfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			220 500
1 01	Sólvangur, Hafnarfirði	220 500	
	Gjöld samtals		220 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	174 800	
52–58	Önnur gjöld	45 700	
5	Gjöld samtals	220 500	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**216 900**
08–370	**Sjúkrahús í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			310 000
1 01	Sjúkrahús í Reykjavík	106 000	
1 92	Kostnaður vegna endurskipulagningar	204 000	
	Gjöld samtals		310 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	106 000	
52–58	Önnur gjöld	204 000	
5	Gjöld samtals	310 000	
4	Sértekjur	122 000	
	Mismunur		**188 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 465 000
1 01	Ríkisspítalar	6 465 000	
Viðhaldsverkefni:			78 000
5 60	Stjórnarnefnd, viðhald	78 000	
Stofnkostnaður:			274 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	110 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	164 000	
	Gjöld samtals		6 817 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 165 000	
52–58	Önnur gjöld	2 652 000	
5	Gjöld samtals	6 817 000	
4	Sértekjur	598 000	
	Mismunur		**6 219 000**
08–374 Borgarspítali og St. Jósefsspítali, Landakoti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 853 800
1 01	Borgarspítali og St. Jósefsspítali, Landakoti	3 853 800	
Viðhaldsverkefni:			41 600
5 01	Viðhald	41 600	
Stofnkostnaður:			125 000
6 01	Tæki og búnaður	60 000	
6 50	Nýframkvæmdir	65 000	
	Gjöld samtals		4 020 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 532 800	
52–58	Önnur gjöld	1 487 600	
5	Gjöld samtals	4 020 400	
4	Sértekjur	672 700	
	Mismunur		**3 347 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–378	**Læknishéraðasjóður**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		2 500
1 01	Læknishéraðasjóður	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**
08–381	**Sjúkrahús og læknisbústaðir**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		79 200
1 20	Rekstur sjúkrahúsa, óskipt	79 200	
	Viðhaldsverkefni:		27 000
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	27 000	
	Stofnkostnaður:		330 500
6 60	Tækjakaup, óskipt	20 000	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	290 000	
6 91	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	9 000	
6 92	Heilsugæsla í Garðabæ samkvæmt samningi	1 500	
6 96	Heimili mænuskaddaðra við Grensásdeild	10 000	
	Gjöld samtals		436 700
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	54 300	
52–58	Önnur gjöld	71 900	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	291 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	19 000	
5	Gjöld samtals	436 700	
4	Sértekjur	77 900	
	Mismunur		**358 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–385 Framkvæmdasjóður aldraða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			137 000
1 01	Kostnaður samkvæmt 3.-5. tl. 12. gr. laga um málefni aldraða	137 000	
Stofnkostnaður:			277 000
6 01	Stofnkostnaður og endurbætur	277 000	
	Gjöld samtals		414 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	414 000	
5	Gjöld samtals		**414 000**
08–393 Lyfjamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 300
1 31	Lyfsölusjóður	900	
1 41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	3 800	
1 51	Evrópska lyfjaskráin	300	
1 61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	300	
1 71	Samheitaverðskrá lyfja	1 000	
	Gjöld samtals		6 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	800	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	6 300	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**5 400**
08–395 Lyfjaeftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 400
1 01	Lyfjaeftirlit ríkisins	11 400	
	Gjöld samtals		11 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 100	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals	11 400	
4	Sértekjur	12 800	
	Mismunur		**–1 400**

08–396 Lyfjanefnd

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 01	Lyfjanefnd	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 800	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	15 000	
4	Sértekjur	17 200	
	Mismunur		**–2 200**

08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			239 400
1 25	Neyslu- og manneldismál, manneldisráð	10 000	
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	122 100	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	9 000	
1 35	Hjartavernd, Monica-rannsóknir	3 600	
1 37	Hjartavernd	8 200	
1 40	Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	1 100	
1 42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	42 800	
1 53	Tóbaksvarnir	10 300	
1 60	Ljósmæðralaun	900	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	10 000	
1 90	Ýmis framlög	10 000	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 400	
	Gjöld samtals		239 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 400	
52–58	Önnur gjöld	43 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	188 800	
5	Gjöld samtals		**239 400**

08–400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			119 800
1 01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	119 800	
	Gjöld samtals		119 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	89 600	
52–58	Önnur gjöld	30 200	
5	Gjöld samtals	119 800	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**115 500**

08–401 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			107 800
1 01	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	107 800	
	Gjöld samtals		107 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	76 100	
52–58	Önnur gjöld	31 700	
5	Gjöld samtals	107 800	
4	Sértekjur	7 300	
	Mismunur		**100 500**

08–402 Sjúkrahús Hvammstanga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 100
1 01	Sjúkrahús Hvammstanga	92 100	
	Gjöld samtals		92 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 000	
52–58	Önnur gjöld	26 100	
5	Gjöld samtals	92 100	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**89 500**

08–403 Sjúkrahús Bolungarvíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 100
1 01	Sjúkrahús Bolungarvíkur	43 100	
	Gjöld samtals		43 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 500	
52–58	Önnur gjöld	11 600	
5	Gjöld samtals		**43 100**

08–404 Sjúkraskýlið Hólmavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 400
1 01	Sjúkraskýlið Hólmavík	25 400	
	Gjöld samtals		25 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 700	
52–58	Önnur gjöld	6 700	
5	Gjöld samtals	25 400	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**25 100**

08–405 Sjúkraskýlið Þingeyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 100
1 01	Sjúkraskýlið Þingeyri	11 100	
	Gjöld samtals		11 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 500	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals		**11 100**

08–406 Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals		**10 000**

08–407 Sundabúð II, Vopnafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 800
1 01	Sundabúð II, Vopnafirði	27 800	
	Gjöld samtals		27 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 100	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals	27 800	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**26 000**

08–408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 700
1 01	Sunnuhlíð, Kópavogi	120 700	
	Gjöld samtals		120 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	90 300	
52–58	Önnur gjöld	30 400	
5	Gjöld samtals	120 700	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**116 300**

08–409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			258 000
1 01	Hjúkrunarheimilið Skjól	258 000	
	Gjöld samtals		258 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	177 000	
52–58	Önnur gjöld	81 000	
5	Gjöld samtals	258 000	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**253 600**

08–410 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			190 900
1 01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	190 900	
	Gjöld samtals		190 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	137 400	
52–58	Önnur gjöld	53 500	
5	Gjöld samtals	190 900	
4	Sértekjur	23 700	
	Mismunur		**167 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–411 Garðvangur, Garði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 600
1 01	Garðvangur, Garði	94 600	
	Gjöld samtals		94 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 900	
52–58	Önnur gjöld	27 700	
5	Gjöld samtals		**94 600**
08–420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			218 800
1 01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	218 800	
	Gjöld samtals		218 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	131 000	
52–58	Önnur gjöld	87 800	
5	Gjöld samtals	218 800	
4	Sértekjur	7 600	
	Mismunur		**211 200**
08–421 Víðines			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 900
1 01	Víðines	76 900	
	Gjöld samtals		76 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 700	
52–58	Önnur gjöld	37 200	
5	Gjöld samtals	76 900	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**74 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–422 Hlaðgerðarkot			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 500
1 01	Hlaðgerðarkot	39 500	
	Gjöld samtals		39 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 200	
52–58	Önnur gjöld	18 300	
5	Gjöld samtals		**39 500**
08–430 Vistun geðsjúkra afbrotamanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 800
1 01	Vistun geðsjúkra afbrotamanna	41 800	
	Gjöld samtals		41 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 800	
52–58	Önnur gjöld	14 000	
5	Gjöld samtals		**41 800**
08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			146 300
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	146 300	
Viðhaldsverkefni:			31 200
5 01	Viðhald, óskipt	31 200	
Stofnkostnaður:			17 300
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
6 10	Heyrnarmælingaklefar	5 300	
6 90	Tölvuvæðing	6 000	
	Gjöld samtals		194 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 800	
52–58	Önnur gjöld	70 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	77 700	
5	Gjöld samtals		**194 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–510	**Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			297 300
1 01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	297 300	
	Gjöld samtals		297 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	223 400	
52–58	Önnur gjöld	73 900	
5	Gjöld samtals	297 300	
4	Sértekjur	33 200	
	Mismunur		**264 100**
08–511	**Heilsugæslustöðvar í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			214 700
1 10	Heilsugæslustöðin Árbæ	32 800	
1 20	Heilsugæslustöðin Mjódd	31 800	
1 30	Heilsugæslustöðin Fossvogi	23 400	
1 50	Heilsugæslustöðin Hlíðum	21 300	
1 60	Heilsugæslustöðin Miðbæ	35 300	
1 70	Heilsugæslustöðin Hraunbergi	34 800	
1 80	Heilsugæslustöðin Álftamýri	35 300	
Stofnkostnaður:			40 000
6 01	Tæki og búnaður	40 000	
	Gjöld samtals		254 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	163 800	
52–58	Önnur gjöld	90 900	
5	Gjöld samtals	254 700	
4	Sértekjur	60 300	
	Mismunur		**194 400**
08–521	**Heilsugæslustöðin Akranesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 200
1 01	Heilsugæslustöðin Akranesi	29 200	
	Gjöld samtals		29 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 000	
52–58	Önnur gjöld	8 200	
5	Gjöld samtals	29 200	
4	Sértekjur	8 800	
	Mismunur		**20 400**

08–522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 200
1 01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	30 200	
	Gjöld samtals		30 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 600	
52–58	Önnur gjöld	8 600	
5	Gjöld samtals	30 200	
4	Sértekjur	13 600	
	Mismunur		**16 600**

08–523 Heilsugæslustöðin Stykkishólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 300
1 01	Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	15 300	
	Gjöld samtals		15 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 200	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	15 300	
4	Sértekjur	5 300	
	Mismunur		**10 000**

08–524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 300
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	22 300	
	Gjöld samtals		22 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 500	
52–58	Önnur gjöld	7 800	
5	Gjöld samtals	22 300	
4	Sértekjur	10 800	
	Mismunur		**11 500**

08–525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 100
1 01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	11 100	
	Gjöld samtals		11 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 700	
52–58	Önnur gjöld	3 400	
5	Gjöld samtals	11 100	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**6 800**

08–526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 400
1 01	Heilsugæslustöðin Búðardal	18 400	
	Gjöld samtals		18 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 400	
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals	18 400	
4	Sértekjur	6 500	
	Mismunur		**11 900**

08–531 Heilsugæslustöðin Patreksfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 000
1 01	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	22 000	
	Gjöld samtals		22 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 400	
52–58	Önnur gjöld	8 600	
5	Gjöld samtals	22 000	
4	Sértekjur	10 100	
	Mismunur		**11 900**

08–532 Heilsugæslustöðin Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 400
1 01	Heilsugæslustöðin Ísafirði	42 400	
	Gjöld samtals		42 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 600	
52–58	Önnur gjöld	16 800	
5	Gjöld samtals	42 400	
4	Sértekjur	13 800	
	Mismunur		**28 600**

08–533 Heilsugæslustöðin Þingeyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 300
1 01	Heilsugæslustöðin Þingeyri	7 300	
	Gjöld samtals		7 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 900	
52–58	Önnur gjöld	2 400	
5	Gjöld samtals	7 300	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**4 700**

08–534 Heilsugæslustöðin Flateyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 400
1 01	Heilsugæslustöðin Flateyri	9 400	
	Gjöld samtals		9 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 400	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	9 400	
4	Sértekjur	3 900	
	Mismunur		**5 500**

08–535 Heilsugæslustöðin Bolungarvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 200
1 01	Heilsugæslustöðin Bolungarvík	10 200	
	Gjöld samtals		10 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 200	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	10 200	
4	Sértekjur	3 800	
	Mismunur		**6 400**

08–536 Heilsugæslustöðin Hólmavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 400
1 01	Heilsugæslustöðin Hólmavík	10 400	
	Gjöld samtals		10 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 900	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals	10 400	
4	Sértekjur	3 800	
	Mismunur		**6 600**

08–541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 100
1 01	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	13 100	
	Gjöld samtals		13 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	13 100	
4	Sértekjur	6 600	
	Mismunur		**6 500**

08–542 Heilsugæslustöðin Blönduósi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 700
1 01	Heilsugæslustöðin Blönduósi	21 700	
	Gjöld samtals		21 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 900	
52–58	Önnur gjöld	5 800	
5	Gjöld samtals	21 700	
4	Sértekjur	9 000	
	Mismunur		**12 700**

08–543 Heilsugæslustöðin Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 800
1 01	Heilsugæslustöðin Sauðárkróki	26 800	
	Gjöld samtals		26 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 500	
52–58	Önnur gjöld	9 300	
5	Gjöld samtals	26 800	
4	Sértekjur	9 400	
	Mismunur		**17 400**

08–544 Heilsugæslustöðin Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 400
1 01	Heilsugæslustöðin Siglufirði	12 400	
	Gjöld samtals		12 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 800	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	12 400	
4	Sértekjur	3 800	
	Mismunur		**8 600**

08–551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 700
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	11 700	
	Gjöld samtals		11 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 000	
52–58	Önnur gjöld	3 700	
5	Gjöld samtals	11 700	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**7 400**

08–552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 800
1 01	Heilsugæslustöðin Dalvík	16 800	
	Gjöld samtals		16 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 700	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals	16 800	
4	Sértekjur	6 800	
	Mismunur		**10 000**

08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			136 500
1 01	Heilsugæslustöðin Akureyri	136 500	
	Gjöld samtals		136 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	80 800	
52–58	Önnur gjöld	55 700	
5	Gjöld samtals	136 500	
4	Sértekjur	53 100	
	Mismunur		**83 400**

08–554 Heilsugæslustöðin Húsavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 400
1 01	Heilsugæslustöðin Húsavík	28 400	
	Gjöld samtals		28 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 500	
52–58	Önnur gjöld	7 900	
5	Gjöld samtals	28 400	
4	Sértekjur	8 600	
	Mismunur		**19 800**

08–555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 900
1 01	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	8 900	
	Gjöld samtals		8 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 000	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals	8 900	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**5 700**

08–556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 500
1 01	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	9 500	
	Gjöld samtals		9 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 100	
52–58	Önnur gjöld	2 400	
5	Gjöld samtals	9 500	
4	Sértekjur	3 100	
	Mismunur		**6 400**

08–557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 300
1 01	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	11 300	
	Gjöld samtals		11 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 300	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	11 300	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**7 700**

08–561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 700
1 01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	15 700	
	Gjöld samtals		15 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 600	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals	15 700	
4	Sértekjur	6 300	
	Mismunur		**9 400**

08–562 Heilsugæslustöðin Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 200
1 01	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	35 200	
	Gjöld samtals		35 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 600	
52–58	Önnur gjöld	14 600	
5	Gjöld samtals	35 200	
4	Sértekjur	17 900	
	Mismunur		**17 300**

08–563 Heilsugæslustöðin Seyðisfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 500
1 01	Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	9 500	
	Gjöld samtals		9 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	9 500	
4	Sértekjur	2 800	
	Mismunur		**6 700**

08–564 Heilsugæslustöðin Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 900
1 01	Heilsugæslustöðin Neskaupstað	12 900	
	Gjöld samtals		12 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 200	
52–58	Önnur gjöld	2 700	
5	Gjöld samtals	12 900	
4	Sértekjur	6 600	
	Mismunur		**6 300**

08–565 Heilsugæslustöðin Eskifirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 400
1 01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	20 400	
	Gjöld samtals		20 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 300	
52–58	Önnur gjöld	7 100	
5	Gjöld samtals	20 400	
4	Sértekjur	7 200	
	Mismunur		**13 200**

08–566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 000
1 01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 800	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals	12 000	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**7 800**

08–567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 400
1 01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	13 400	
	Gjöld samtals		13 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	3 900	
5	Gjöld samtals	13 400	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**9 200**

08–568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 900
1 01	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	21 900	
	Gjöld samtals		21 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 500	
52–58	Önnur gjöld	7 400	
5	Gjöld samtals	21 900	
4	Sértekjur	8 100	
	Mismunur		**13 800**

08–571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 600
1 01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	9 600	
	Gjöld samtals		9 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 700	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals	9 600	
4	Sértekjur	3 500	
	Mismunur		**6 100**

08–572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 900
1 01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	8 900	
	Gjöld samtals		8 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 100	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals	8 900	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**5 900**

08–573 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 000
1 01	Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	28 000	
	Gjöld samtals		28 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 800	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals	28 000	
4	Sértekjur	10 600	
	Mismunur		**17 400**

08–574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	10 000	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**6 800**

08–575 Heilsugæslustöðin Hellu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 800
1 01	Heilsugæslustöðin Hellu	10 800	
	Gjöld samtals		10 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	10 800	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**6 600**

08–576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 700
1 01	Heilsugæslustöðin Laugarási	16 700	
	Gjöld samtals		16 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 600	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	16 700	
4	Sértekjur	6 800	
	Mismunur		**9 900**

08–577 Heilsugæslustöðin Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 800
1 01	Heilsugæslustöðin Selfossi	32 800	
	Gjöld samtals		32 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 400	
52–58	Önnur gjöld	9 400	
5	Gjöld samtals	32 800	
4	Sértekjur	11 600	
	Mismunur		**21 200**

08–578 Heilsugæslustöðin Hveragerði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 900
1 01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	8 900	
	Gjöld samtals		8 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 900	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals	8 900	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**6 200**

08–579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 100
1 01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	10 100	
	Gjöld samtals		10 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 600	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	10 100	
4	Sértekjur	3 100	
	Mismunur		**7 000**

08–581 Heilsugæslustöðin Keflavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			97 000
1 01	Heilsugæslustöðin Keflavík	97 000	
	Gjöld samtals		97 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 300	
52–58	Önnur gjöld	41 700	
5	Gjöld samtals	97 000	
4	Sértekjur	27 300	
	Mismunur		**69 700**

08–582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			91 400
1 01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	91 400	
	Gjöld samtals		91 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 700	
52–58	Önnur gjöld	42 700	
5	Gjöld samtals	91 400	
4	Sértekjur	24 400	
	Mismunur		**67 000**

08–583 Heilsugæslustöðin Garðabæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 300
1 01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	28 300	
	Gjöld samtals		28 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 700	
52–58	Önnur gjöld	5 600	
5	Gjöld samtals	28 300	
4	Sértekjur	9 700	
	Mismunur		**18 600**

08–584 Heilsugæslustöðin Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 600
1 01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	62 600	
	Gjöld samtals		62 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 800	
52–58	Önnur gjöld	14 800	
5	Gjöld samtals	62 600	
4	Sértekjur	24 800	
	Mismunur		**37 800**

08–585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 100
1 01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	53 100	
	Gjöld samtals		53 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 900	
52–58	Önnur gjöld	12 200	
5	Gjöld samtals	53 100	
4	Sértekjur	16 100	
	Mismunur		**37 000**

08–586 Heilsugæslustöðin Reykjalundi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 900
1 01	Heilsugæslustöðin Reykjalundi	21 900	
	Gjöld samtals		21 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 700	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	21 900	
4	Sértekjur	7 400	
	Mismunur		**14 500**

08–601 Ljósmæðraskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 600
1 01	Ljósmæðraskóli Íslands	2 600	
	Gjöld samtals		2 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 300	
52–58	Önnur gjöld	300	
5	Gjöld samtals		**2 600**

08–603 Lyfjatæknaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Lyfjatæknaskóli Íslands	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 500	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals		**10 000**

08–621 Áfengisvarnir og bindindismál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 600
1 10	Áfengisvarnaráð	8 700	
1 90	Annað	25 900	
	Gjöld samtals		34 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 000	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	26 600	
5	Gjöld samtals		**34 600**

08–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
	Samtals		43 384 200

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			271 000
1 01	Yfirstjórn	271 000	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		277 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	181 000	
52–58	Önnur gjöld	96 000	
5	Gjöld samtals	277 000	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**275 400**
09–103 Ríkisbókhald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 400
1 01	Ríkisbókhald	89 400	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		92 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 300	
52–58	Önnur gjöld	25 100	
5	Gjöld samtals		**92 400**
09–104 Ríkisfjárhirsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 300
1 01	Ríkisfjárhirsla	26 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			500
6 01	Tæki og búnaður	500	
	Gjöld samtals		26 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 700	
52–58	Önnur gjöld	11 100	
5	Gjöld samtals		**26 800**

09–105 Ríkislögmaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 200
1 01	Ríkislögmaður	18 200	
	Gjöld samtals		18 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 500	
52–58	Önnur gjöld	6 700	
5	Gjöld samtals	18 200	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**17 900**

09–201 Ríkisskattstjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			321 400
1 01	Yfirstjórn	202 000	
1 10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	119 400	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		331 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	159 100	
52–58	Önnur gjöld	172 300	
5	Gjöld samtals		**331 400**

	Þús. kr.	Þús. kr.
09–202 Skattstofan í Reykjavík		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		149 100
1 01 Skattstofan í Reykjavík	149 100	
Stofnkostnaður:		5 000
6 01 Tæki og búnaður	5 000	
Gjöld samtals		154 100
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	120 900	
52–58 Önnur gjöld	33 200	
5 Gjöld samtals		**154 100**
09–203 Skattstofa Vesturlands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		25 200
1 01 Skattstofa Vesturlands	25 200	
Gjöld samtals		25 200
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	19 900	
52–58 Önnur gjöld	5 300	
5 Gjöld samtals	25 200	
4 Sértekjur	300	
Mismunur		**24 900**
09–204 Skattstofa Vestfjarða		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		19 000
1 01 Skattstofa Vestfjarða	19 000	
Gjöld samtals		19 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	14 600	
52–58 Önnur gjöld	4 400	
5 Gjöld samtals	19 000	
4 Sértekjur	100	
Mismunur		**18 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–205 Skattstofa Norðurlands vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 000
1 01	Skattstofa Norðurlands vestra	19 000	
	Gjöld samtals		19 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 200	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals	19 000	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**18 800**
09–206 Skattstofa Norðurlands eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 300
1 01	Skattstofa Norðurlands eystra	46 300	
	Gjöld samtals		46 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 600	
52–58	Önnur gjöld	6 700	
5	Gjöld samtals	46 300	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**45 900**
09–207 Skattstofa Austurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 500
1 01	Skattstofa Austurlands	23 500	
	Gjöld samtals		23 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 200	
52–58	Önnur gjöld	5 300	
5	Gjöld samtals	23 500	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**23 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–208 Skattstofa Suðurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 200
1 01	Skattstofa Suðurlands	29 200	
	Gjöld samtals		29 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 600	
52–58	Önnur gjöld	5 600	
5	Gjöld samtals	29 200	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**28 400**
09–209 Skattstofa Vestmannaeyja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 01	Skattstofa Vestmannaeyja	11 000	
	Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 100	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals	11 000	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**10 900**
09–211 Skattstofa Reykjaness			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 600
1 01	Skattstofa Reykjaness	72 600	
	Gjöld samtals		72 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 500	
52–58	Önnur gjöld	11 100	
5	Gjöld samtals	72 600	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**71 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–212 Skattamál, ýmis útgjöld			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 500
1 01	Ýmis sameiginleg útgjöld	3 500	
1 10	Atvinnurekstrarframtöl o.fl.	20 000	
Stofnkostnaður:			18 000
6 01	Tæki og búnaður	18 000	
	Gjöld samtals		41 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 800	
52–58	Önnur gjöld	29 700	
5	Gjöld samtals		**41 500**
09–214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 800
1 01	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	23 800	
	Gjöld samtals		23 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 000	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals		**23 800**
09–251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			177 300
1 01	Gjaldheimtan í Reykjavík	121 000	
1 02	Gjaldheimta Suðurnesja	13 400	
1 10	Ýmis innheimtukostnaður	32 500	
1 20	Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	5 000	
1 30	Þungaskattsálagning með ökumælum	5 400	
	Gjöld samtals		177 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 200	
52–58	Önnur gjöld	168 100	
5	Gjöld samtals		**177 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–261	**Ríkistollstjóri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			99 300
1 01	Ríkistollstjóri	99 300	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Tæki og búnaður	7 000	
	Gjöld samtals		106 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 200	
52–58	Önnur gjöld	51 100	
5	Gjöld samtals	106 300	
4	Sértekjur	12 300	
	Mismunur		**94 000**
09–262	**Tollstjórinn í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			272 000
1 01	Tollstjórinn í Reykjavík	160 900	
1 10	Tollgæsla	111 100	
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		275 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	195 700	
52–58	Önnur gjöld	79 800	
5	Gjöld samtals	275 500	
4	Sértekjur	12 300	
	Mismunur		**263 200**
09–381	**Uppbætur á lífeyri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 200 000
1 01	Uppbætur á lífeyri	1 200 000	
	Gjöld samtals		1 200 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 200 000	
5	Gjöld samtals		**1 200 000**

09–402 Fasteignamat ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			110 100
1 01	Fasteignamat ríkisins	110 100	
Stofnkostnaður:			28 600
6 01	Tæki og búnaður	28 600	
	Gjöld samtals		138 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 300	
52–58	Önnur gjöld	68 400	
5	Gjöld samtals	138 700	
4	Sértekjur	87 300	
	Mismunur		**51 400**

09–481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			475 000
6 01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	475 000	
	Gjöld samtals		475 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	475 000	
5	Gjöld samtals		**475 000**

09–801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 900 000
1 10	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	9 900 000	
	Gjöld samtals		9 900 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	9 900 000	
5	Gjöld samtals		**9 900 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
09–901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		40 100
1 01 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	40 100	
Stofnkostnaður:		1 000
6 01 Tæki og búnaður	1 000	
Gjöld samtals		41 100
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	24 900	
52–58 Önnur gjöld	16 200	
5 Gjöld samtals	41 100	
4 Sértekjur	43 200	
Mismunur		**–2 100**
09–971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		600 000
6 01 Ríkisábyrgðir	550 000	
6 10 Tjónabætur	50 000	
Gjöld samtals		600 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	50 000	
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	550 000	
5 Gjöld samtals		**600 000**
09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs		
Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		6 200
5 01 Arnarhvoll, viðhald	6 200	
Stofnkostnaður:		262 200
6 05 Stjórnarráðshúsnæði	25 000	
6 23 Hafnarstræti, Akureyri, innrétting skattstofu	36 400	
6 40 Tollhúsið við Tryggvagötu	20 000	
6 50 Sölvhólsgata 7	30 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
6 60	Sölvhóll	20 800	
6 70	Dómhús	120 000	
6 80	Listaskóli, hönnun	10 000	
	Gjöld samtals		268 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	268 400	
5	Gjöld samtals		**268 400**

09–989 Launa- og verðlagsmál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			530 000
1 01	Rekstur	430 000	
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar	100 000	
Stofnkostnaður:			50 000
6 01	Stofnkostnaður	50 000	
	Gjöld samtals		580 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	130 000	
52–58	Önnur gjöld	350 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100 000	
5	Gjöld samtals	580 000	
4	Sértekjur	100 000	
	Mismunur		**480 000**

09–995 Skýrsluvélakostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			445 000
1 01	Launagreiðslukerfi	73 000	
1 02	Tekjubókhaldskerfi	170 000	
1 03	Skattavinnslukerfi	140 000	
1 04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	47 000	
1 05	Innheimtuskilakerfi	15 000	
Stofnkostnaður:			60 000
6 03	Hugbúnaðargerð	60 000	
	Gjöld samtals		505 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	505 000	
5	Gjöld samtals		**505 000**

09–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**

09–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			452 400
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	74 000	
1 13	Kjarasamningar	23 500	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	10 000	
1 15	Kjararannsóknir	6 100	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	22 500	
1 18	Styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	55 000	
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	30 000	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	162 000	
1 45	Ýmsar nefndir	3 200	
1 60	Dómkröfur	16 100	
1 70	Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka	25 000	
1 90	Óviss útgjöld	25 000	
Stofnkostnaður:			24 500
6 20	Ríkisbifreiðar, framlag	6 500	
6 30	Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	18 000	
	Gjöld samtals		476 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 200	
52–58	Önnur gjöld	170 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	272 000	
5	Gjöld samtals		**476 900**
	Samtals		15 700 800

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 700
1 01	Yfirstjórn	60 500	
1 10	Flugeftirlitsnefnd	1 200	
	Gjöld samtals		61 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 000	
52–58	Önnur gjöld	29 700	
5	Gjöld samtals		**61 700**
10–211 Vegagerð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			303 600
1 01	Yfirstjórn	303 600	
Viðhaldsverkefni:			2 117 800
5 10	Viðhald vega	2 117 800	
Stofnkostnaður:			3 408 600
6 10	Nýframkvæmdir	2 847 400	
6 30	Fjallvegir	63 500	
6 40	Tilraunir	29 400	
6 51	Sýsluvegir	192 300	
6 52	Þéttbýlisvegir	276 000	
	Gjöld samtals		5 830 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	185 000	
52–58	Önnur gjöld	5 176 700	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	468 300	
5	Gjöld samtals		**5 830 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–322 Flóabátar og vöruflutningar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			173 200
1 20	Stofn- og rekstrarstyrkir	173 200	
	Gjöld samtals		173 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	173 200	
5	Gjöld samtals		**173 200**
10–331 Vita- og hafnamálaskrifstofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 100
1 01	Vita- og hafnamálaskrifstofan	80 100	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		83 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 800	
52–58	Önnur gjöld	27 300	
5	Gjöld samtals	83 100	
4	Sértekjur	42 200	
	Mismunur		**40 900**
10–332 Vitastofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			103 200
1 10	Rekstur vita	99 500	
1 20	Sjómerki	3 700	
Stofnkostnaður:			19 500
6 01	Tæki og búnaður	4 500	
6 30	Vitabyggingar	15 000	
	Gjöld samtals		122 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	69 100	
52–58	Önnur gjöld	53 600	
5	Gjöld samtals	122 700	
4	Sértekjur	17 400	
	Mismunur		**105 300**

10–333 Hafnamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 400
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	31 400	
Stofnkostnaður:			846 000
6 10	Tæki og búnaður	4 000	
6 20	Ferjubryggjur	10 000	
6 30	Hafnamannvirki	687 000	
6 32	Lendingarbætur	5 000	
6 40	Sjóvarnargarðar	50 000	
6 70	Hafnabótasjóður, framlag	90 000	
	Gjöld samtals		877 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	35 400	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	90 000	
	5912 Til sveitarfélaga	752 000	
5	Gjöld samtals		**877 400**

10–341 Siglingamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			137 800
1 01	Siglingamálastofnun ríkisins	123 800	
1 02	Mengunarmælingar í sjó	9 000	
1 03	Sérstök verkefni	5 000	
Stofnkostnaður:			25 100
6 01	Mengunarvarnabúnaður	10 800	
6 05	Tæki og búnaður	4 300	
6 10	Húsnæði	10 000	
	Gjöld samtals		162 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	78 300	
52–58	Önnur gjöld	84 600	
5	Gjöld samtals	162 900	
4	Sértekjur	32 900	
	Mismunur		**130 000**

10–342 Rannsóknanefnd sjóslysa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 100
1 01	Rannsóknanefnd sjóslysa	6 100	
	Gjöld samtals		6 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 400	
52–58	Önnur gjöld	2 700	
5	Gjöld samtals		**6 100**

10–471 Flugmálastjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			905 200
1 01	Yfirstjórn	69 900	
1 20	Loftferðaeftirlit	33 400	
1 30	Reykjavíkurflugvöllur	86 700	
1 40	Flugvalladeild	178 100	
1 50	Flugleiðsöguþjónusta	118 100	
1 60	Flugumferðarþjónusta	174 300	
1 70	Alþjóðaflugþjónusta	244 700	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 01	Viðhald húsnæðis o.fl.	1 500	
Stofnkostnaður:			367 000
6 70	Ný flugstjórnarmiðstöð á Reykjavíkurflugvelli	55 000	
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	312 000	
	Gjöld samtals		1 273 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	579 600	
52–58	Önnur gjöld	639 100	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	55 000	
5	Gjöld samtals	1 273 700	
4	Sértekjur	794 300	
	Mismunur		**479 400**

10–485 Ýmis framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 300
1 10	Flugbjörgunarsveitir	2 000	
1 20	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	17 000	
1 21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	3 000	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	1 300	
1 30	Rannsóknanefnd flugslysa	2 100	
1 33	Slysavarnaskóli sjómanna	29 500	
1 35	Skipulagsnefnd fólksflutninga	3 400	
1 41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1 000	
	Gjöld samtals		59 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52–58	Önnur gjöld	1 500	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	50 800	
5	Gjöld samtals		**59 300**

10–651 Ferðamálaráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 400
1 01	Ferðamálaráð	15 400	
Stofnkostnaður:			70 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 10	Ferðamál samkvæmt 8. gr. laga nr. 79/1985	68 000	
	Gjöld samtals		85 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 200	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	68 000	
5	Gjöld samtals		**85 400**

10–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
	Samtals		7 850 700

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 500
1 01	Yfirstjórn	46 500	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		48 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 700	
52–58	Önnur gjöld	19 800	
5	Gjöld samtals		**48 500**
11–102 Einkaleyfastofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 500
1 01	Einkaleyfastofan	23 500	
Stofnkostnaður:			700
6 01	Tæki og búnaður	700	
	Gjöld samtals		24 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 900	
52–58	Önnur gjöld	11 300	
5	Gjöld samtals	24 200	
4	Sértekjur	24 200	
	Mismunur		

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–199	**Ráðstöfunarfé**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
11–201	**Iðntæknistofnun Íslands**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		266 600
1 01	Iðntæknistofnun Íslands	255 600	
1 91	Samstarfsverkefni iðnaðar og sjávarútvegs	5 400	
1 93	Verkefni um nýsköpun í atvinnulífinu	5 600	
	Gjöld samtals		266 600
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	140 400	
52–58	Önnur gjöld	115 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	11 000	
5	Gjöld samtals	266 600	
4	Sértekjur	163 800	
	Mismunur		**102 800**
11–203	**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		122 600
1 01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	122 600	
	Stofnkostnaður:		7 200
6 01	Tæki og búnaður	7 200	
	Gjöld samtals		129 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	88 100	
52–58	Önnur gjöld	41 700	
5	Gjöld samtals	129 800	
4	Sértekjur	70 500	
	Mismunur		**59 300**

11–240 Iðnaðarrannsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 100
1 01	Iðnaðarrannsóknir	31 100	
	Gjöld samtals		31 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	31 100	
5	Gjöld samtals		**31 100**

11–299 Iðja og iðnaður, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 900
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	9 700	
1 15	Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	14 000	
1 21	Byggingarþjónustan	1 100	
1 26	Iðnþróunarverkefni	2 400	
1 30	Evreka	14 300	
1 40	Smáiðnaður í dreifbýli	10 700	
1 50	Iðnþróun og markaðsmál	10 700	
	Gjöld samtals		62 900
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	24 700	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	22 800	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 400	
5	Gjöld samtals		**62 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–301 Orkustofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			389 700
1 01	Orkustofnun	351 100	
1 92	Átak í vatnsorkurannsóknum	19 300	
1 95	Umhverfisáhrif jarðhita	8 100	
1 96	Virkjun jarðhita til raforkuvinnslu	11 200	
Stofnkostnaður:			7 700
6 01	Tæki og búnaður	7 700	
	Gjöld samtals		397 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	205 200	
52–58	Önnur gjöld	192 200	
5	Gjöld samtals	397 400	
4	Sértekjur	146 800	
	Mismunur		**250 600**
11–302 Rafmagnseftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 700
1 01	Rafmagnseftirlit ríkisins	86 700	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		89 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 900	
52–58	Önnur gjöld	32 800	
5	Gjöld samtals	89 700	
4	Sértekjur	13 700	
	Mismunur		**76 000**
11–371 Orkusjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 900
1 01	Rekstur Orkusjóðs	2 100	
1 23	Notendur utan samveitna	2 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			77 100
6 14	Lánagreiðslur, framlög	53 400	
6 15	Lán til jarðhitaleitar	5 000	
6 21	Styrking dreifikerfis í sveitum	18 700	
	Gjöld samtals		82 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	79 200	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 800	
5	Gjöld samtals		**82 000**

11–399 Ýmis orkumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			354 800
1 13	Setlagarannsóknir	4 000	
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	340 800	
1 17	Markaðs- og skipulagsmál	10 000	
	Gjöld samtals		354 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	354 800	
5	Gjöld samtals		**354 800**
	Samtals		1 076 000

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 200
1 01	Yfirstjórn	64 600	
1 03	Icepro-nefnd	2 600	
1 91	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir	2 000	
	Gjöld samtals		69 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 000	
52–58	Önnur gjöld	29 100	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 100	
5	Gjöld samtals	69 200	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**68 500**
12–201	**Niðurgreiðslur á vöruverði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 845 000
1 01	Niðurgreiðslur á vöruverði	4 575 000	
1 10	Lífeyrissjóður bænda	270 000	
	Gjöld samtals		4 845 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 575 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	270 000	
5	Gjöld samtals		**4 845 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–301 Löggildingarstofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 800
1 01	Löggildingarstofan	41 800	
Stofnkostnaður:			6 400
6 01	Tæki og búnaður	6 400	
	Gjöld samtals		48 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 400	
52–58	Önnur gjöld	25 800	
5	Gjöld samtals	48 200	
4	Sértekjur	27 700	
	Mismunur		**20 500**
12–902 Verðlagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			65 600
1 01	Verðlagsstofnun	65 600	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		67 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 300	
52–58	Önnur gjöld	19 300	
5	Gjöld samtals		**67 600**
12–903 Skráning hlutafélaga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 100
1 01	Skráning hlutafélaga	12 100	
	Gjöld samtals		12 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 000	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals		**12 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–998	**Ráðstöfunarfé**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		3 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
	Samtals		5 016 700

13 Hagstofa Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			118 900
1 01	Yfirstjórn	109 500	
1 02	Sérstakar kannanir	4 900	
1 03	Manntal 1991	4 500	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		124 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 800	
52–58	Önnur gjöld	57 600	
5	Gjöld samtals	124 400	
4	Sértekjur	7 500	
	Mismunur		**116 900**
13–102 Þjóðskráin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 400
1 01	Þjóðskráin	64 400	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		67 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 200	
52–58	Önnur gjöld	44 200	
5	Gjöld samtals	67 400	
4	Sértekjur	36 500	
	Mismunur		**30 900**
	Samtals		147 800

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 900
1 01	Yfirstjórn	48 900	
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		52 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 600	
52–58	Önnur gjöld	23 800	
5	Gjöld samtals		**52 400**
14–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 800
1 11	Undirbúningur að umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna	4 500	
1 12	Uppgræðsla og gróðurvernd	3 000	
1 14	Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	8 700	
1 20	Alþjóðlegar skuldbindingar vegna ósonmála	2 500	
1 21	Gerð leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir	2 100	
1 22	Stefnumörkun í umhverfismálum	2 400	
1 23	Ýmis umhverfisverkefni	3 400	
1 24	Rannsóknir á loftmengun	1 100	
1 25	Umhverfismerkingar	500	
1 26	Stefnumörkun í frárennslismálum	1 100	
1 27	Útgáfu- og fræðslumál	3 500	
Stofnkostnaður:			18 500
6 90	Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir	15 000	
6 91	Náttúruhús í Reykjavík	3 500	
	Gjöld samtals		51 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	33 300	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	15 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**51 300**

14–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 700
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 700	
	Gjöld samtals		3 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 700	
5	Gjöld samtals		**3 700**

14–201 Náttúruverndarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 200
1 01	Yfirstjórn	20 900	
1 10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	25 300	
1 20	Friðlýsingarsjóður	1 100	
1 40	Rannsóknastöð við Mývatn	4 900	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Viðhaldsfé	1 000	
Stofnkostnaður:			6 000
6 10	Ýmsar framkvæmdir	6 000	
	Gjöld samtals		59 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 200	
52–58	Önnur gjöld	32 000	
5	Gjöld samtals	59 200	
4	Sértekjur	18 500	
	Mismunur		**40 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–210 Veiðistjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 600
1 01	Veiðistjóri	23 600	
	Gjöld samtals		23 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 700	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	9 700	
5	Gjöld samtals	23 600	
4	Sértekjur	3 500	
	Mismunur		**20 100**
14–301 Skipulagsstjóri ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 500
1 01	Skipulagsstjóri ríkisins	80 500	
	Gjöld samtals		80 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 000	
52–58	Önnur gjöld	36 800	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	23 700	
5	Gjöld samtals	80 500	
4	Sértekjur	80 500	
	Mismunur		
14–310 Landmælingar Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			121 400
1 01	Landmælingar Íslands	101 700	
1 10	Stafræn kortagerð	19 700	
	Gjöld samtals		121 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 700	
52–58	Önnur gjöld	76 700	
5	Gjöld samtals	121 400	
4	Sértekjur	49 200	
	Mismunur		**72 200**

14–401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 000
1 01	Náttúrufræðistofnun Íslands	33 000	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tæki og búnaður	1 100	
	Gjöld samtals		34 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 700	
52–58	Önnur gjöld	12 400	
5	Gjöld samtals	34 100	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**33 000**

14–410 Veðurstofa Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			265 500
1 01	Almenn starfsemi	201 500	
1 70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	64 000	
Stofnkostnaður:			9 000
6 01	Tæki og búnaður	9 000	
	Gjöld samtals		274 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	180 300	
52–58	Önnur gjöld	94 200	
5	Gjöld samtals	274 500	
4	Sértekjur	71 500	
	Mismunur		**203 000**
	Samtals		476 400

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríksieign

5. gr.

Árið 1992 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

22 Menntamálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
22–201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	34 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	220 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 026 000	
5,8	Gjöld samtals	1 280 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 650 000	
48	Fjármunatekjur	16 000	
4,7	Tekjur samtals	1 666 000	
	Mismunur		386 000
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	74 000	
32	Annað, greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	312 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	386 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	32 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	7 100	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	99 500	
571	Fjármagnskostnaður	6 800	
51–57	Viðhald	11 400	
593	Afskriftir	500	
5,8	Gjöld samtals	157 300	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	152 000	
48	Fjármunatekjur	9 000	
4,7	Tekjur samtals	161 000	
	Mismunur		3 700
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, fært á höfuðstól	4 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	3 700	
22-211	**Háskólabíó**		
51	Laun	35 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	42 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	87 400	
571	Fjármagnskostnaður	38 600	
51–57	Viðhald	18 000	
593	Afskriftir	29 800	
5,8	Gjöld samtals	250 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	215 000	
48	Fjármunatekjur	10 000	
49	Aðrar tekjur	26 000	
4,7	Tekjur samtals	251 000	
	Mismunur		200
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	3 600	
26	Afborgun lána	26 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	29 800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	200	

		þús.kr.	þús.kr.
22-233	**Rannsóknasjóður**		
59	Yfirfærslur	110 000	
5,8	Gjöld samtals	110 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	110 000	
4,7	Tekjur samtals	110 000	
22-235	**Vísindasjóður**		
59	Yfirfærslur	125 000	
5,8	Gjöld samtals	125 000	
48	Fjármunatekjur	2 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	20 000	
49	Aðrar tekjur, Arðsjóður Seðlabanka Íslands	103 000	
4,7	Tekjur samtals	125 000	
22-276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna**		
571	Fjármagnskostnaður	3 500	
59	Yfirfærslur	25 000	
5,8	Gjöld samtals	28 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	74 000	
4,7	Tekjur samtals	74 000	
	Mismunur		45 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	37 500	
26	Afborgun lána	8 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	45 500	
22-679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	1 800	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	5 000	
593	Afskriftir	600	
5,8	Gjöld samtals	7 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 000	
4,7	Tekjur samtals	9 000	
	Mismunur		1 600

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 000	
32	Annað, fært á höfuðstól	1 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 600	
22–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	42 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	35 000	
571	Fjármagnskostnaður	825 000	
59	Yfirfærslur	77 000	
5,8	Gjöld samtals	979 000	
48	Fjármunatekjur	266 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 220 000	
4,7	Tekjur samtals	2 486 000	
	Mismunur		1 507 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Innheimtar afborganir	3 330 000	
18	Fjárfesting	15 000	
26	Afborgun lána	1 452 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	475 000	
26	Tekin lán	2 815 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 507 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	17 000	
593	Afskriftir	97 000	
5,8	Gjöld samtals	114 000	
49	Aðrar tekjur	212 000	
4,7	Tekjur samtals	212 000	
	Mismunur		98 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	113 000	
26	Afborgun lána	82 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	97 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	98 000	
22-971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	376 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	390 000	
571	Fjármagnskostnaður	16 000	
593	Afskriftir	14 000	
59	Yfirfærslur	80 000	
5,8	Gjöld samtals	876 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	800 000	
48	Fjármunatekjur	32 000	
4,7	Tekjur samtals	832 000	
	Mismunur		–44 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	14 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–44 000	
32	Annað, millifært frá sjónvarpi	30 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22–972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	474 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	730 000	
571	Fjármagnskostnaður	31 000	
593	Afskriftir	38 000	
59	Yfirfærslur	132 000	
5,8	Gjöld samtals	1 405 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 320 000	
48	Fjármunatekjur	65 000	
49	Aðrar tekjur	12 000	
4,7	Tekjur samtals	1 397 000	
	Mismunur		–8 000
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, millifært til hljóðvarps	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	38 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–8 000	
22–973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	239 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	100 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	30 000	
571	Fjármagnskostnaður	5 500	
51–57	Viðhald	4 500	
593	Afskriftir	12 000	
5,8	Gjöld samtals	391 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	146 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	226 500	
49	Aðrar tekjur	7 000	
4,7	Tekjur samtals	379 500	
	Mismunur		–12 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	12 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–12 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	132 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	57 000	
51–57	Viðhald	3 000	
5,8	Gjöld samtals	192 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	23 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	99 000	
49	Aðrar tekjur	71 500	
4,7	Tekjur samtals	194 000	
	Mismunur		2 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	2 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 000	
22-976	**Menningarsjóður**		
51	Laun	7 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 000	
571	Fjármagnskostnaður	4 000	
51–57	Viðhald	2 200	
593	Afskriftir	300	
59	Yfirfærslur	2 000	
5,8	Gjöld samtals	22 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	23 300	
48	Fjármunatekjur	200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	6 000	
4,7	Tekjur samtals	29 500	
	Mismunur		7 500
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	7 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 500	

23 Utanríkisráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
23-101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	157 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	136 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 081 000	
593	Afskriftir	18 000	
5,8	Gjöld samtals	1 392 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 840 000	
48	Fjármunatekjur	11 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 852 000	
	Mismunur		460 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	18 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	460 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	18 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	460 000	
23-111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	137 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	57 000	
51–57	Viðhald	4 500	
593	Afskriftir	2 300	
59	Yfirfærslur	24 400	
5,8	Gjöld samtals	225 200	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	247 900	
48	Fjármunatekjur	400	
49	Aðrar tekjur	13 600	
4,7	Tekjur samtals	261 900	
	Mismunur		36 700

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	4 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	35 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	36 700	
23–115	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	130 000	
571	Fjármagnskostnaður	230 000	
51–57	Viðhald	44 500	
593	Afskriftir	114 000	
5,8	Gjöld samtals	518 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	270 000	
49	Aðrar tekjur	111 500	
4,7	Tekjur samtals	381 500	
	Mismunur		–137 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	114 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–137 000	
32	Annað, fjárvöntun	23 000	
23–118	**Ratsjárstöðvar**		
51	Laun	241 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	410 000	
571	Fjármagnskostnaður	16 500	
593	Afskriftir	15 000	
5,8	Gjöld samtals	682 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	670 000	
48	Fjármunatekjur	2 200	
4,7	Tekjur samtals	672 200	
	Mismunur		–10 300
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	4 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–10 300	

23–121	**Sala varnarliðseigna**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	19 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	62 000	
51–57	Viðhald	1 600	
593	Afskriftir	3 400	
5,8	Gjöld samtals	99 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	113 000	
48	Fjármunatekjur	7 600	
49	Aðrar tekjur	3 000	
4,7	Tekjur samtals	123 600	
	Mismunur		24 600
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	28 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	24 600	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
24–171	**Jarðeignir ríkisins**		
4910	Framlag úr ríkissjóði	30 000	
4,7	Tekjur samtals	30 000	
	Mismunur		30 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	30 000	
24–172	**Jarðasjóður**		
4910	Framlag úr ríkissjóði	100 000	
4,7	Tekjur samtals	100 000	
	Mismunur		100 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	96 000	
26	Afborgun lána	4 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	100 000	
24–221	**Áburðarverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	286 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	312 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	339 000	
571	Fjármagnskostnaður	65 600	
51–57	Viðhald	53 000	
593	Afskriftir	222 600	
5,8	Gjöld samtals	1 278 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 230 000	
48	Fjármunatekjur	29 500	
4,7	Tekjur samtals	1 259 500	
	Mismunur		–19 300

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	60 000	
26	Afborgun lána	143 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	222 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–19 300	
24–245	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	11 700	
52–57	Önnur rekstrargjöld	7 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	3 100	
571	Fjármagnskostnaður	2 700	
51–57	Viðhald	3 500	
593	Afskriftir	6 300	
59	Yfirfærslur	16 100	
5,8	Gjöld samtals	51 300	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	18 600	
48	Fjármunatekjur	200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	34 000	
4,7	Tekjur samtals	52 800	
	Mismunur		1 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	3 600	
26	Afborgun lána	4 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 500	
24–272	**Einangrunarstöð í Hrísey**		
51	Laun	7 700	
52–57	Önnur rekstrargjöld	6 200	
51–57	Viðhald	1 100	
5,8	Gjöld samtals	15 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 900	
4910	Framlag úr ríkissjóði	7 100	
4,7	Tekjur samtals	15 000	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
25–272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	1 200	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 000	
51–57	Viðhald	8 600	
5,8	Gjöld samtals	14 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	24 800	
4910	Framlag úr ríkissjóði	25 000	
49	Aðrar tekjur	25 000	
4,7	Tekjur samtals	74 800	
	Mismunur		60 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	60 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	60 000	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
26–101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	4 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	28 500	
5,8	Gjöld samtals	33 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	33 000	
4,7	Tekjur samtals	33 000	
26–731	**Kristnisjóður**		
51	Laun	2 100	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 600	
59	Yfirfærslur	17 600	
5,8	Gjöld samtals	23 300	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 800	
48	Fjármunatekjur	1 400	
4910	Framlag úr ríkissjóði	18 100	
4,7	Tekjur samtals	23 300	
26–732	**Kirkjubyggingasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	400	
5,8	Gjöld samtals	400	
48	Fjármunatekjur	6 400	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 000	
4,7	Tekjur samtals	7 400	
	Mismunur		7 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Innheimtar afborganir	8 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 000	

26–733	**Kirkjugarðasjóður**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	200	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 000	
593	Afskriftir	200	
59	Yfirfærslur	28 000	
5,8	Gjöld samtals	31 400	
48	Fjármunatekjur	7 000	
49	Aðrar tekjur	25 500	
4,7	Tekjur samtals	32 500	
	Mismunur		1 100
Fjármunahreyfingar út:			
16	Innheimtar afborganir	2 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	700	
19	Afskriftir	200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 100	

27 Félagsmálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
27–271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	120 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	70 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 460 000	
5,8	Gjöld samtals	3 650 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	100 000	
48	Fjármunatekjur	3 310 000	
49	Aðrar tekjur	40 000	
4,7	Tekjur samtals	3 450 000	
	Mismunur		–200 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Innheimtar afborganir	820 000	
18	Fjárfesting	15 000	
26	Afborgun lána	4 140 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 610 000	
26	Tekin lán	2 565 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–200 000	

		þús.kr.	þús.kr.
27–272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	215 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 190 000	
5,8	Gjöld samtals	1 405 000	
48	Fjármunatekjur	330 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 075 000	
49	Aðrar tekjur	645 000	
4,7	Tekjur samtals	2 050 000	
	Mismunur		645 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Innheimtar afborganir	6 360 000	
26	Afborgun lána	825 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	900 000	
26	Tekin lán	5 640 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	645 000	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
28–273	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	71 000	
59	Yfirfærslur	1 474 000	
5,8	Gjöld samtals	1 545 000	
48	Fjármunatekjur	221 600	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 130 000	
49	Aðrar tekjur	1 400	
4,7	Tekjur samtals	1 353 000	
	Mismunur		–192 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	192 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–192 000	
28–311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	73 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	67 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	103 000	
593	Afskriftir	7 100	
5,8	Gjöld samtals	250 900	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	243 800	
4,7	Tekjur samtals	243 800	
	Mismunur		–7 100
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–7 100	
28–378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Yfirfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	

29 Fjármálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
29–101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	313 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	546 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 383 800	
571	Fjármagnskostnaður	1 600	
51–57	Viðhald	88 000	
593	Afskriftir	88 000	
5,8	Gjöld samtals	3 420 400	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	10 197 000	
48	Fjármunatekjur	11 000	
49	Aðrar tekjur	100	
4,7	Tekjur samtals	10 208 100	
	Mismunur		6 787 700
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	70 000	
26	Afborgun lána	5 700	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	6 800 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	88 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 787 700	
29–102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	105 600	
52–57	Önnur rekstrargjöld	50 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	736 500	
571	Fjármagnskostnaður	18 100	
51–57	Viðhald	41 800	
593	Afskriftir	9 600	
5,8	Gjöld samtals	962 200	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 052 100	
48	Fjármunatekjur	26 300	
4,7	Tekjur samtals	1 078 400	
	Mismunur		116 200

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	63 900	
26	Afborgun lána, greiðsla á skuldum við ríkissjóð	61 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	9 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	116 200	
29–103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	47 200	
52–57	Önnur rekstrargjöld	26 300	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 560 100	
571	Fjármagnskostnaður	2 200	
51–57	Viðhald	1 800	
593	Afskriftir	1 700	
5,8	Gjöld samtals	1 639 300	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 626 800	
48	Fjármunatekjur	5 200	
49	Aðrar tekjur	7 300	
4,7	Tekjur samtals	1 639 300	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 700	
29–931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	42 200	
52–57	Önnur rekstrargjöld	27 500	
51–57	Viðhald	26 600	
593	Afskriftir	6 500	
5,8	Gjöld samtals	102 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	102 800	
4,7	Tekjur samtals	102 800	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	6 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 500	

		þús.kr.	þús.kr.
29–971	**Lánasýsla ríkisins**		
51	Laun	39 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	37 700	
571	Fjármagnskostnaður	11 000	
5,8	Gjöld samtals	87 700	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 200	
48	Fjármunatekjur	82 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	550 000	
49	Aðrar tekjur	42 500	
4,7	Tekjur samtals	678 700	
	Mismunur		591 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Innheimtar afborganir	600 000	
32	Annað	150 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	159 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	591 000	
29–981	**Fasteignir ríkissjóðs**		
51	Laun	11 300	
52–57	Önnur rekstrargjöld	63 400	
51–57	Viðhald	129 800	
5,8	Gjöld samtals	204 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	204 500	
4,7	Tekjur samtals	204 500	

30 Samgönguráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
30–101	**Póst- og símamálastofnunin**		
51	Laun	3 400 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 154 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	215 000	
571	Fjármagnskostnaður	40 000	
51–57	Viðhald	195 000	
593	Afskriftir	1 450 000	
5,8	Gjöld samtals	7 454 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 823 000	
48	Fjármunatekjur	50 000	
49	Aðrar tekjur	130 000	
4,7	Tekjur samtals	8 003 000	
	Mismunur		549 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 300 000	
26	Afborgun lána	29 000	
32	Annað, framlag til Intelsat	25 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	940 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 450 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	549 000	
32	Annað, greiðsluafgangur frá fyrra ári	295 000	
30–211	**Vegagerð ríkisins, áhaldahús**		
51	Laun	677 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	897 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	426 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 000	
51–57	Viðhald	597 000	
593	Afskriftir	98 000	
5,8	Gjöld samtals	2 698 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 852 000	
4,7	Tekjur samtals	2 852 000	
	Mismunur		154 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	240 000	
26	Afborgun lána	12 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	98 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	154 000	
30–321	**Skipaútgerð ríkisins**		
51	Laun	240 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	251 100	
571	Fjármagnskostnaður	16 100	
51–57	Viðhald	40 000	
593	Afskriftir	117 000	
5,8	Gjöld samtals	664 700	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	360 000	
48	Fjármunatekjur	6 700	
4,7	Tekjur samtals	366 700	
	Mismunur		–298 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	20 000	
26	Afborgun lána	52 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	117 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–298 000	
32	Annað, fjárvöntun	253 000	
30–331	**Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	12 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	12 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	4 900	
51–57	Viðhald	6 100	
593	Afskriftir	2 400	
5,8	Gjöld samtals	38 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	39 100	
4,7	Tekjur samtals	39 100	
	Mismunur		300

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
	Fært á höfuðstól	2 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	300	
30–333	**Hafnabótasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 600	
571	Fjármagnskostnaður	30 000	
59	Yfirfærslur	70 000	
5,8	Gjöld samtals	101 600	
48	Fjármunatekjur	41 600	
4910	Framlag úr ríkissjóði	90 000	
4,7	Tekjur samtals	131 600	
	Mismunur		30 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Innheimtar afborganir	39 000	
26	Afborgun lána	65 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	74 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	30 000	
30–471	**Alþjóðaflugþjónustan**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	518 200	
571	Fjármagnskostnaður	37 500	
593	Afskriftir	17 500	
5,8	Gjöld samtals	573 200	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	518 200	
48	Fjármunatekjur	12 100	
4910	Framlag úr ríkissjóði	55 000	
4,7	Tekjur samtals	585 300	
	Mismunur		12 100

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	486 000	
26	Afborgun lána	23 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	17 500	
26	Tekin lán	480 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	12 100	

31 Iðnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
31–231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	278 700	
52–57	Önnur rekstrargjöld	235 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	118 100	
571	Fjármagnskostnaður	45 200	
51–57	Viðhald	59 700	
593	Afskriftir	86 900	
5,8	Gjöld samtals	824 100	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	810 200	
49	Aðrar tekjur	8 700	
4,7	Tekjur samtals	818 900	
	Mismunur		–5 200
Fjármunahreyfingar út:			
16	Innheimtar afborganir	2 200	
18	Fjárfesting	28 400	
26	Afborgun lána	53 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 200	
19	Afskriftir	86 900	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–5 200	

		þús.kr.	þús.kr.
31-321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	440 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	600 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 850 000	
571	Fjármagnskostnaður	50 000	
593	Afskriftir	850 000	
5,8	Gjöld samtals	3 790 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 176 000	
48	Fjármunatekjur	50 000	
49	Aðrar tekjur	20 000	
4,7	Tekjur samtals	3 246 000	
	Mismunur		–544 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	356 000	
26	Afborgun lána	40 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	90 000	
19	Afskriftir	850 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–544 000	
31-371	**Orkusjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 100	
571	Fjármagnskostnaður	13 200	
5,8	Gjöld samtals	15 300	
48	Fjármunatekjur	7 300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	79 200	
4,7	Tekjur samtals	86 500	
	Mismunur		71 200
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	95 000	
16	Veitt lán, jarðhitaleit	5 000	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	18 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	47 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	71 200	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1992 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1992 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1992 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1992 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda

3.1 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum og tryggingarbréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

3.2 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að verða gefin vegna fiskiskipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán til kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

Ráðstöfun eigna

4.1 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Hrísholt 8, Selfossi.

4.2 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.

4.3 Að selja húseignina Hafnargötu 11, Seyðisfirði.

4.4 Að selja íbúðir í eigu ríkissjóðs við Grænás á Keflavíkurflugvelli.

4.5 Að selja fasteignir í eigu Skógræktar ríkisins vegna flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað.

4.6 Að selja jörðina Straum í Hafnarfjarðarkaupstað í eigu Skógræktar ríkisins.

4.7 Að selja jörðina Hnjúkahlíð, Blönduósi.

4.8 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem nauðsynlegt verður vegna breytinga á starfsemi stofnunarinnar og skipulagi tilraunastarfseminnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.

4.9 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.
4.10 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Súðarvogi 2, Reykjavík.
4.11 Að selja svonefnt Hekluhús á Akureyri.
4.12 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Víkurbraut 42, Grindavík.
4.13 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Gránugötu 18, Siglufirði.
4.14 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík
4.15 Að selja núverandi prestsbústað á Skagaströnd og verja andvirði hans til þess að kaupa annan hentugri í staðinn.
4.16 Að selja prestsbústað í Þykkvabæ.
4.17 Að selja fyrrverandi prestssetur að Staðarfelli, Köldukinn.
4.18 Að selja núverandi sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði í Berlín.
4.19 Að selja núverandi sendiherrabústað í Stokkhólmi og kaupa annan í staðinn.
4.20 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Suðurgötu 7, Sauðárkróki.
4.21 Að selja flugskýli nr. 1 á Reykjavíkurflugvelli.
4.22 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Gutenberg hf.
4.23 Að selja fasteignina Valhöll við Hringbraut í Reykjavík og láta andvirðið renna til byggingar nýs barnaheimilis á vegum Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands.
4.24 Að selja eignarhluta ríkisins í skólahúsi á Hjalteyri í Arnarneshreppi.
4.25 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseignum sem ríkissjóður og sveitarfélög eiga sameiginlega, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
4.26 Að afhenda Laugardalshreppi til eignar húseignina Lindina, gamlan húsmæðraskóla á Laugarvatni.
4.27 Að selja vöruskemmu Skipaútgerðar ríkisins og tilheyrandi aðstöðu við Grófarbryggju í Reykjavík.
4.28 Að selja húseignina Njörvasund 2, Reykjavík.
4.29 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Suðurgötu 8, Hafnarfirði.
4.30 Að selja húsnæði Sölu varnarliðseigna að Grensásvegi og verja andvirðinu til kaupa á húsnæði fyrir aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sbr. ákvæði 5.3.
4.31 Að selja húseignina Gagnheiði 20, Selfossi.
4.32 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í verkstæðishúsi við Skeið á Ísafirði.
4.33 Að selja fasteign að Lindargötu 46-48 í Reykjavík og verja andvirði hennar til kaupa á annarri eign til reksturs vínbúðar.
4.34 Að selja 2. hæð húseignarinnar Austurstræti 10a, Reykjavík.
4.35 Að selja húseignina Árholt 5, Ísafirði.
4.36 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

5.1 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.2 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
5.3 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
5.4 Að kaupa húseignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.

5.5 Að semja um aðild að byggingu eða kaup á skrifstofuhúsnæði á Akranesi til nota fyrir ýmsar stofnanir ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.6 Að kaupa húsnæði fyrir héraðsdómstóla og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
5.7 Að kaupa húseignina Þjóðbraut 11 til nota fyrir lögreglu á Akranesi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.8 Að kaupa eignarhluta bæjarsjóðs Ísafjarðar í húseigninni Pólgötu 8, Ísafirði.
5.9 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
5.10 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Vopnafirði og umboðsskrifstofu sýslumanns þar og taka til þess nauðsynleg lán.
5.11 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Þórshöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.12 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.13 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu 19 og Eiríksgötu 27 til nota fyrir Ríkisspítala.
5.14 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir heilsugæslulækni á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.15 Að kaupa eða taka á leigu húsnæði ásamt nauðsynlegum innréttingum fyrir ósakhæfa, geðsjúka afbrotamenn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.16 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
5.17 Að kaupa hlut Kaupfélags Austur-Skaftfellinga í þjónustumiðstöðinni við þjóðgarðinn í Skaftafelli og taka til þess nauðsynleg lán.
5.18 Að kaupa húseignina Gagnheiði 25 á Selfossi til nota fyrir Skógrækt ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

6.1 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins, allt að 250 eintökum af hverju blaði.
6.2 Að greiða bætur til þeirra sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjöf hér á landi fyrir 1986. Bætur ákveðast af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
6.3 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sérbúnum bifreiðum fyrir fatlaða.
6.4 Af fella niður aðflutningsgjöld af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.
6.5 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneyti setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
6.6 Að fella niður allt að einni milljón króna afvanskilaskuldum Bakkafjarðarhafnar og Norðurfjarðarhafnar, að lokinni frekari athugun á fjármálum þessara hafna.
6.7 Að yfirtaka hluta af skuldum Hitaveitu Eyra enda verði það liður í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins.
6.8 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum til byggingar flugskýlis á vegum Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli.

6.9 Að leita samninga um kaup á steinbrjót til að mylja nýrnasteina og gallsteina til nota á Ríkisspítölum og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.

6.10 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1992, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana að fengnu samþykki ríkisstjórnar.

6.11 Að draga úr starfsemi ríkisstofnana og ráðuneyta enn frekar en gert er ráð fyrir í fjárlögum með því m.a. að draga úr yfirvinnu og takmarka nýráðningar og endurráðningar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

Inngangur

Framlagning frumvarpsins og umfjöllun á Alþingi. Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fjárlagafrumvarp fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi Sameinaðs þings. Fjárlagafrumvarpið er nú lagt fram í fyrsta skipti eftir sameiningu deilda Alþingis. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd þingsins, en um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar og lánsfjármála er fjallað í efnahags- og viðskiptanefnd. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt undir lok haustþings í síðari hluta desembermánaðar.

Efnisskipan fjárlagafrumvarps. Fjárlagafrumvarpinu er skipt í fjóra meginhluta. Í fyrsta hlutanum eru hinar eiginlegu lagagreinar frumvarpsins. Greinarnar eru sex.

Í 1. grein er birt heildaryfirlit yfir tekjur, gjöld og lánahreyfingar, í 2. grein er yfirlit yfir útgjöld eftir ráðuneytum og helstu málefnaflokkum, í 3. grein er sundurliðun tekna, í 4. grein er ítarleg sundurliðun gjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda, í 5. grein er birt yfirlit yfir fjárreiður B-hluta fyrirtækja og í 6. grein er yfirlit yfir heimildarákvæði fjármálaráðherra og ríkisstjórnar.

Í öðrum hluta frumvarpsins er að finna greinargerð þar sem lýst er helstu forsendum og farið yfir einstaka þætti frumvarpsins, breytingar frá fyrra ári o.fl. Þetta er fyrirferðarmesti hluti frumvarpsins enda er þar að finna skýringar á flestum þeim atriðum sem það varða.

- Í fyrsta kafla greinargerðarinnar er gerð grein fyrir stefnunni í efnahags- og ríkisfjármálum og helstu áhersluatriðum frumvarpsins í því sambandi.

- Í öðrum kafla er yfirlit yfir helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps. Þar er lýst meginbreytingum á tekju-, gjalda- og lánahlið, meðal annars í ljósi framvindunnar síðustu ár.

- Í þriðja kafla er gerð grein fyrir efnahagsforsendum fjárlagafrumvarps, bæði þróuninni að undanförnu og þjóðhagshorfum fyrir árið 1992.

- Í fjórða kafla er fjallað nánar um tekjuhlið frumvarpsins þar sem farið er yfir breytingar einstakra tekjustofna með samanburði við fyrri ár.

- Í fimmta kafla er ítarleg umfjöllun um gjaldahlið frumvarpsins eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.

- Í sjötta kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum B-hluta fyrirtækja og sjóða.

- Í sjöunda kafla er yfirlit yfir lánamál ríkissjóðs. Jafnframt er horft á þróunina á innlenda lánamarkaðnum og horfur fyrir árið 1992, meðal annars með hliðsjón af lánsfjárþörf opinberra aðila.

- Í áttunda kafla er gerð sérstök grein fyrir skuldbindingum ríkissjóðs og áhrifum þeirra á stöðu ríkisfjármála.

Í þriðja hluta frumvarpsins eru töflur um helstu þætti ríkisfjármálanna auk almennra yfirlitstaflna um helstu þjóðhagsstærðir og þróun þeirra síðustu ár. Í fjórða hlutanum eru fylgiskjöl, atriðisorðaskrá og efnisyfirlit.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga 1992

Efnahagsstefnan

Ríkisstjórnin hefur vindinn í fangið vegna versnandi ytri skilyrða og rangra ákvarðana í efnahagsmálum á liðnum árum. Björgunarsjóðir atvinnulífsins eru tómir, skuldbindingar falla á ríkissjóð í stórum stíl og fjölmörg fyrirtæki ramba á barmi gjaldþrots. Þá hafa mistök í hagstjórn kippt fótunum undan sparnaði og ýtt undir eyðslu umfram efni.

Á sama tíma og viðunandi hagvöxtur er í þeim ríkjum sem við berum okkur gjarnan saman við, ríkir stöðnun hér á landi. Nú horfir í rúmlega 3% samdrátt þjóðartekna á næsta ári vegna minnkandi afla og fallandi afurðaverðs á erlendum mörkuðum. Framkvæmdir við fyrirhugað álver og virkjanir ná engan veginn að vega upp samdráttinn á öðrum sviðum.

Ef snúa á vörn í sókn verður að breyta efnahagsstefnunni. Ríkisfjármálin eru í brennidepli. Með aðhaldssemi í ríkisfjármálum er stuðlað að stöðugleika í verðlagsmálum og festu í efnahagslífi. Að setja ábyrg fjárlög og gera hófsama kjarasamninga krefst skilnings almennings og atvinnulífs og kallar á styrka forystu í landsmálum.

Markmiðum efnahagsstefnunnar verður ekki náð nema allir leggist á eitt. Almenningur gerir sér nú þegar grein fyrir því hvað efnahagsástandið er í raun alvarlegt. Sívaxandi skuldsetning þjóðarinnar heldur uppi falskri mynd af velmegun og meðan afborgunum af lánum og vaxtagreiðslum er mætt með enn frekari lántökum verður ekkert til skiptanna. Mikilvægi sparnaðar og sá háski sem fylgir skuldaklafanum verður ekki of oft brýndur fyrir landsmönnum. Með sama hætti þurfa atvinnurekendur að leggja sitt af mörkum með því að auka verðmæti framleiðslunnar með bættri framleiðni.

Versnandi viðskiptakjör, aflasamdráttur og horfur á minni þjóðarframleiðslu árið 1992 undirstrika mikilvægi þessa. Með öllum tiltækum ráðum þarf að örva frumkvæði einstaklinga til uppbyggingar og aukinnar verðmætasköpunar. Minni hallarekstur ríkissjóðs, lánsfjárþörf og umsvif eru allt lykilatriði í þessu samhengi.

Í stuttu máli má segja að meginmarkmið efnahagsstefnunnar séu þessi:

- Takmörkuð ríkisumsvif.
- Lág verðbólga og stöðugt gengi.
- Frjáls viðskipti milli landa.
- Trygg atvinna og aukinn kaupmáttur þegar til lengri tíma er litið.

Takmörkuð ríkisumsvif. Á sama tíma og við drögumst aftur úr grannþjóðunum halda umsvif hins opinbera hér á landi áfram að vaxa. Við blasir að framleiðsla og tekjumyndun landsmanna standi ekki undir óbreyttu velferðarkerfi. Markmið velferðarkerfisins verður því að endurmeta og viðurkenna þær fjárhagsskorður sem við stöndum frammi fyrir. Landsmönnum verður ekki lengur tryggð ein sú besta velferðarþjónusta sem völ er á án tillits til kostnaðar, afkomu manna og efnahagsaðstæðna. Með sama hætti stenst ekki lengur að ríkissjóði sé sífellt gert að hlaupa undir bagga þegar illa gengur í

atvinnulífinu. Ekki verður dregið úr ríkisumsvifum nema til komi grundvallarbreyting á viðhorfi til velferðarþjónustunnar hvort heldur almenningur eða atvinnulíf á í hlut.

Hagvöxtur á mann á Íslandi og í OECD-ríkjunum 1980 - 1992



Lág verðbólga og stöðugt gengi. Um nauðsyn þess að gengi krónunnar sé stöðugt og verðbólga hér á landi svipuð og í helstu viðskiptalöndunum þarf naumast að fjölyrða. Mörg þau vandamál sem nú er við að glíma í efnahagsmálum má rekja til ákvarðana sem teknar voru á tímum óðaverðbólgu liðinna ára. Gengisfellingar hafa hvergi náð tilætluðum árangri, enda einungis frestað nauðsynlegri endurskipulagningu útflutningsatvinnugreina. Opnun hagkerfisins og frjáls gjaldeyrisviðskipti eru mikilvægur liður í því að koma í veg fyrir óraunhæfa gengisskráningu og varanlegur stöðugleiki í verðlagsmálum næst ekki nema með því að festa gengi íslensku krónunnar. Ein leið til þess væri tenging hennar við aðra mynt eða myntkerfi eins og til dæmis hið evrópska (ECU). Slík tenging setti bæði stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins vissulega þröngar skorður en stuðlaði jafnframt að meiri aga í hagstjórn. Áframhaldandi hallarekstur ríkissjóðs og óraunhæfar kauphækkanir samræmast engan veginn þessari stefnu. Axli stjórnmálamenn og aðilar vinnumarkaðarins ekki þá ábyrgð sem gengisfestu fylgir leiðir slíkt til gjaldþrota og atvinnuleysis af áður óþekktri stærð.

Frjáls viðskipti milli landa. Frjáls milliríkjaviðskipti eru ein forsenda þess að kyrrstaða efnahagsmála undanfarin fjögur ár verði rofin. Aukið frelsi í alþjóðaviðskiptum, sérhæfing og alþjóðleg verkaskipting knýr enn frekar á um breytt vinnubrögð. Lífskjör á Íslandi þurfa að vera sambærileg lífskjörum grannþjóðanna, ella er stjórnmálalegu og menningarlegu sjálfstæði stefnt í voða. Of mikil ríkisumsvif, óhófleg skattlagning og skuldasöfnun kemur í veg fyrir að frjáls milliríkjaviðskipti tryggi þann hagvöxt og þau

lífskjör sem við sækjumst eftir. Því þarf enn að auka frjálsræði í gjaldeyris- og fjármagnsviðskiptum.

Trygg atvinna og aukinn kaupmáttur. Eitt af því sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf er næg atvinna fyrir alla. Þörfin fyrir fólk til starfa hefur löngum verið meiri en framboðið. Á þessu ári má þó gera ráð fyrir að atvinnuleysi á Íslandi verði nálægt 1,5% af vinnuafli. Sem betur fer er atvinnuleysið lítið miðað við það sem aðrar þjóðir þurfa að þola. Í þessu efni getur þó brugðist til beggja vona ef efnahagsstjórnin mistekst og knúðar verða fram óraunhæfar launahækkanir. Kaupmáttur tekna hefur reynst ívið meiri undanfarna mánuði og atvinnuleysi minna en spáð hafði verið. Því ber að fagna og stjórnvöld munu taka fullan þátt í því að verja þann árangur. Ábyrgðin á samningum um kaup og kjör og áhrifum þeirra liggur engu að síður hjá aðilum vinnumarkaðarins. Þeir verða að taka mið af ástandi og horfum í atvinnulífinu ef ekki á illa að fara.

Atvinnuleysi í nokkrum OECD-ríkjum 1980 - 1992



Stefnan í ríkisfjármálum

Markviss stefna í ríkisfjármálum er veigamikill þáttur í því að markmið efnahagsstefnunnar náist. Meginatriði stefnunnar í ríkisfjármálum er þessi:

- Árið 1992 verði halli ríkissjóðs ekki umfram 1% af landsframleiðslu og á árinu 1993 verði fjárlög hallalaus.
- Dregið verði úr lánsfjárþörf, bæði ríkissjóðs og annarra opinberra aðila og þannig stuðlað að lækkun vaxta.
- Þessum markmiðum verði náð án hækkunar skatta.

Ríkisstjórnin hefur sett sér að fjárlagahallinn 1992 verði ekki umfram 4 milljarða króna og heildarlánsfjárþörf opinberra aðila innan við 24 milljarðar króna. Með tilliti til stöðu efnahagsmála hefði jafnvel þurft að ganga enn lengra og út frá stöðu ríkisfjármálanna ótvírætt. Stjórnarflokkarnir urðu samt sem áður sammála um að fara þyrfti bil beggja; verja velferðarkerfið og rýma til fyrir endurreisn atvinnulífsins.

Lækkun á halla ríkissjóðs verður ekki náð nema almenningur stilli kröfum til opinberrar þjónustu í hóf og ábyrgir kjarasamningar náist. Forsenda þess að úr útgjöldum ríkisins dragi er að ríkissjóður rifi seglin með sama hætti og ætlast er til af öðrum.

Stefna ríkisstjórnarinnar er að auka ekki skattheimtu. Til að ná endum saman verður því að draga úr útgjöldum. Ríkissjóður verður þó að standa við þær skuldbindingar sem stofnað hefur verið til í tíð fyrri stjórnar. Umfram allt þarf að stöðva þá óráðsíu að skuldbinda komandi kynslóðir fjárhagslega og slá þannig vandamálum líðandi stundar á frest. Áður en eiginlegt umbótastarf hefst þarf ríkið því að gera hreint fyrir sínum dyrum á ýmsum sviðum.

Þróun einstakra þjóðhagsstærða á mann 1980 - 1992



Samhliða fyrstu aðgerðum til að draga úr hallanum verður að halda áfram umbótum hvort sem er á sviði skatta eða útgjalda. Frá því ríkisstjórnin kom til valda hefur hún tekist á við þýðingarmikil mál sem stefna í þessa átt. Verkefnin framundan eru þó enn mikilvægari og taka til skattheimtunnar í landinu, útgjalda til sameiginlegra þarfa og lána- og ábyrgðarmála ríkisins.

Umbætur í skattamálum. Verkefnin framundan á sviði skattamála eru fjölmörg og taka bæði til almennra skattabreytinga og skattaframkvæmdarinnar. Það helsta í því efni er eftirfarandi:

- Skattlagningu eigna og eignatekna þarf að samræma. Núverandi tilhögun einkennist af fjölda undanþágna og flóknum álagningarreglum. Aukið frjálsræði í viðskiptum með fjármagn kallar á samræmingu í átt til þess sem gildir í öðrum löndum. Þessi breyting er ekki sérstaklega ætluð til að skila ríkissjóði auknum tekjum heldur tryggja sanngjarna og samræmda skattheimtu.

- Hlutfall tekjuskatts hefur hækkað verulega frá því að staðgreiðsla skattsins var tekin upp og skattaívilnanir hafa færst í vöxt. Þessi þróun er varasöm því hún leiðir til þess að jaðarskattur getur orðið mjög hár. Stefnan er að lækka skatthlutfallið með því að draga úr ríkisumsvifum og fella niður sérstakar skattaívilnanir.

- Tekjuskattshlutfall fyrirtækja er hærra hér á landi en víðast hvar annars staðar. Það þarf að lækka. Skattstofninn þarf að breikka þannig að breytingin hafi ekki í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð.

- Virðisaukaskattur er hærri hér á landi en í öðrum löndum. Hár skattur hefur ótvírætt neikvæð áhrif á framtak manna og dregur úr skattskilum. Hátt skatthlutfall hefur enn fremur leitt til óæskilegra undanþágna sem torveldar eftirlit með skattheimtu. Stefnt er að lækkun skatthlutfallsins, m.a. með fækkun undanþágna og hertu eftirliti.

- Tryggingagjald er mishátt eftir atvinnugreinum og þarf að samræma. Í tengslum við það verður aðstöðugjaldið tekið til athugunar.

- Samhliða áherslu á fríverslun og alþjóðlega tollasamvinnu verður dregið úr mikilvægi almennra tolla og vörugjöld einungis á lögð þegar neyslustýring er talin æskileg vegna umhverfis- og heilsuverndar eða beinna tengsla við samfélagslegan kostnað.

- Þegar skattlagning eigna- og fjármagnstekna hefur verið samræmd verður sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði felldur niður.

Ný útgjaldastefna. Markmiði sínu, að draga úr ríkisútgjöldum, mun ríkisstjórnin fylgja eftir með nýjum aðferðum: Ríkisfyrirtæki verða seld, lögð á þjónustugjöld, starfsmannastefna ríkisins endurskoðuð og aðild ríkisins að ýmsum verkefnum endurmetin.

Einkavæðing. Aðrar þjóðir hafa góða reynslu af því að einkavæðing leiði til hagkvæmni í rekstri. Stefnt er að því að beita svipuðum aðferðum hér. Einkavæðingin krefst skýrrar markmiðssetningar og gefur einstaklingunum kost á að sýna hvað í þeim býr.

Ríkisstjórn og einstakir ráðherrar munu vinna að sölu á fyrirtækjum, sem geta búið við aðhald markaðarins og breyta öðrum í hlutafélög. Þá verður sjálfstæði einstakra stofnana aukið og rekstur og þjónusta í ríkari mæli boðin út. Ábyrgð á rekstri er þannig skilin frá pólitískum afskiptum og stefnt að sambærilegum árangri í ríkisrekstri og þegar farið var að bjóða út verklegar framkvæmdir. Sölutekjur munu bæta afkomu ríkissjóðs, létta skuldastöðuna og draga úr vaxtagreiðslum hins opinbera.

Sérstök verkefnastjórn mun halda utan um einstök framkvæmdaatriði og vera umsagnaraðili um tillögur einstakra ráðherra. Innan fjármálaráðuneytisins verður starfrækt sérstök einkavæðingardeild sem veita mun verkefnastjórninni faglega aðstoð.

Þjónustugjöld í stað skatta. Ríkisstjórnin stóð frammi fyrir vali milli þriggja kosta til að bregðast við vaxandi rekstrarhalla ríkissjóðs. Í fyrsta lagi að hækka skatta. Annar möguleiki var að beita hefðbundnum niðurskurði og skerða þjónustu til dæmis með því að loka í stórum stíl sjúkrahúsdeildum og skólum. Þriðji möguleikinn var að fjármagna hluta starfseminnar með þjónustugjöldum.

Í fjárlagafrumvarpinu er lögð aukin áhersla á þjónustugjöld. Munurinn á sköttum og þjónustugjöldum er sá, að skattar eru lagðir á almenna skattstofna eins og tekjur, eignir, vörur og þjónustu. Þjónustugjöld eru hins vegar greiðslur þeirra sem nota tiltekna þjónustu ríkisins. Þau eru til þess fallin að efla kostnaðarvitund þeirra sem njóta þjónustunnar svo og hinna sem hana veita og stuðla þannig að sparnaði og betri meðferð á almannafé.

Breytt starfsmannastefna. Áformað er að endurskoða lög um starfsmanna- og kjaramál ríkisins svo og lög um réttindi og skyldur starfsmanna. Koma þarf á meiri sveigjanleika í ráðningu hjá ríkinu líkt og gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði. Ríkið sem atvinnurekandi á að hafa óskoraðan rétt til að stofna, breyta og leggja niður einstakar stöður, enda er það forsenda þess að hagrætt verði. Enn fremur er stefnt að því að frá ársbyrjun 1993 verði nýir starfsmenn ríkisins ráðnir með lífeyrisréttindi sem samsvara réttindum á almennum vinnumarkaði. Við endurskoðun á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna þarf að skilgreina betur til hvaða starfsmanna lögin eiga að taka og þau skilyrði sem félög þurfa að uppfylla til að öðlast rétt sem samningsaðilar.

Óleyst vandamál. Ríkisstjórnin tók ýmis óleyst vandamál í arf frá fráfarandi stjórn. Þetta hefur sett fjárlagagerðinni fyrir árið 1992 skorður. Fjármál margra sjóða og fyrirtækja, sem ríkissjóður á eða ber ábyrgð á, voru í mesta ólestri.

Framkvæmdasjóður Íslands, sem verið hefur þýðingarmikill lánasjóður fyrir atvinnulífið, er tómur í orðsins fyllstu merkingu. Atvinnutryggingadeild Byggðastofnunar mun strax á þessu ári þurfa að afskrifa milli 400 og 500 m.kr. og verulegar fjárhæðir munu falla á ríkissjóð á næstu árum. Staða Hlutafjársjóðs og Byggðastofnunar er tvísýn þrátt fyrir að af Byggðastofnun hafi verið létt háum fjárhæðum. Þetta segir sína sögu. Þá má nefna fjárhagsvanda Síldarverksmiðja ríkisins og Flugstöðvar í Keflavík. Þessi vandamál og önnur af sama toga eru óumflýjanleg og krefjast viðeigandi lausna.

Ný vinnubrögð við gerð fjárlaga

Undirbúningur við gerð frumvarpsins var með öðru sniði en áður. Markvisst var stefnt að því að einstakir ráðherrar bæru ríkari ábyrgð á fjármálum og rekstri þeirra stofnana og fyrirtækja sem ráðuneytum þeirra tilheyra. Áfram verður unnið á þessari braut.

Ríkisstjórnin ákvað að gerðar yrðu tillögur um tæplega 15 milljarða króna heildarlækkun útgjalda frá upphaflegum áformum. Hún samþykkti einnig að fela ráðherrum að sundurliða og rökstyðja tillögur um tiltekna lækkun útgjalda, hver á sínu sviði. Með þessum hætti var ábyrgð á fjárlagavinnunni dreift til að fram kæmu raunhæfari sparnaðartillögur en ella.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 9. júlí síðastliðinn var samþykkt, eins og áður segir, að ganga út frá eftirfarandi markmiðum við fjárlagagerð ársins 1992:

- Að lánsfjárþörf opinberra aðila verði minni en 24 milljarðar króna.
- Að lánsfjárþörf ríkissjóðs verði minni en 6 milljarðar króna.
- Að rekstrarhalli ríkissjóðs verði minni en 4 milljarðar króna.
- Að þessum markmiðum yrði náð án þess að hækka skatta.

Í septemberbyrjun samþykkti ríkisstjórnin síðan ákveðna útgjaldaramma fyrir einstök ráðuneyti. Með breyttum vinnubrögðum hefur umfjöllun um lækkun ríkisútgjalda óhjákvæmilega færst meira en áður út til ráðuneyta. Ráðuneytin hafa lagt sig fram um að ná sparnaði sem er framkvæmanlegur. Því hefur umræðan um ríkisfjármálin verið opnari og almennari en áður á undirbúningsstigi frumvarpsins. Þótt slík umræða geti gefið ranga mynd af heildarstöðunni fylgir henni sá kostur að lengri tími gefst til að tryggja það að ýmsum breytingum sé hrundið í framkvæmd.

Helstu áhersluatriði fjárlagafrumvarps 1992

- Halli ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 1992 verður 1% af landsframleiðslu. Til samanburðar stefnir hallinn á þessu ári í 2½% af landsframleiðslu.

- Heildarútgjöld árið 1992 verða samkvæmt frumvarpinu 110 milljarðar króna. Þetta er lægri fjárhæð í krónum talið en í ár. Það markar tímamót. Að teknu tilliti til verðlags felst í þessu verulegur samdráttur, eða 4½% að raungildi.

- Þrátt fyrir að efnahagssamdráttur á næsta ári skerði hefðbundna skattstofna ríkissjóðs er ekki gripið til þess ráðs að hækka skatthlutföll eða leggja á nýja skatta eins og gert hefur verið undanfarin ár.

- Skatttekjur ríkissjóðs árið 1992 verða svipaðar eða heldur lægri að raungildi en á þessu ári.

- Þrátt fyrir þann þrönga ramma sem fjárlögin setja er starfsemi styrkt á ýmsum sviðum. Framlög til samgöngumála vaxa, en það styrkir stöðu atvinnulífs og einstaklinga á landsbyggðinni. Framlög til málefna fatlaðra og umbóta í réttarfari hækka. Í starfsemi skóla og heilbrigðisstofnana verður hagrætt og þjónustutekjur auknar til þess að halda aftur af vexti útgjalda.

- Sú stefna er mörkuð að tengja framlög úr ríkissjóði þeim skuldbindingum sem til er stofnað. Framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og Byggingarsjóðs verkamanna hækka á næsta ári og miða að því að treysta eiginfjárstöðu þeirra.

- Lánsfjárþörf ríkissjóðs árið 1992 verður þriðjungur þess sem stefnir í á yfirstandandi ári. Jafnframt minnkar lánsfjárþörf annarra opinberra aðila. Við þetta dregur úr spennu á peningamarkaðnum og skilyrði skapast til lækkunar vaxta.

- Erlendar lántökur opinberra aðila vaxa á árinu 1991, en munu lækka verulega á árinu 1992 samkvæmt frumvarpinu. Forsenda þess að erlendar lántökur hækki ekki er að lánsfjárþörf til húsnæðismála og ríkisins verði í samræmi við áform.

Víðtækt samstarf um árangur. Þetta fjárlagafrumvarp er mikilvægt framlag til að ná tökum á efnahagsvanda þjóðarinnar. Ekki verður lengur látið reka á reiðanum og safna skuldum vegna hallareksturs ríkissjóðs eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Náist ekki sá árangur í ríkisfjármálum á næstu tveimur árum sem ríkisstjórnin stefnir að, verður lánstrausti þjóðarinnar stefnt í voða, vextir haldast áfram háir, atvinnubrestur verður og lífskjör versna. Á miklu veltur að víðtækt samstarf takist með stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins um að stýra hjá verstu afleiðingum minnkandi afla og framleiðslu svo brotist verði út úr þeim ógöngum sem þjóðin hefur ratað í. Árangur slíks samstarfs verður best tryggður með styrkri og samstilltri stjórn, en þó fyrst og fremst breyttu hugarfari, skilningi og vilja þjóðarinnar allrar.

2 Yfirlit og helstu niðurstöður

Heildaryfirlit. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir 3,7 milljarða króna halla á rekstrarreikningi ríkissjóðs, eða sem svarar til 1% af landsframleiðslu. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að afla til þess að mæta halla á rekstrarreikningi og útstreymi á lánareikningum, er áætluð tæplega 4 milljarðar króna á næsta ári, eða sem nemur 1,1% af landsframleiðslu. Svo lítil hefur lánsfjárþörf ríkissjóðs ekki verið í að minnsta kosti sjö ár.

Til samanburðar má nefna að rekstrarhalli á árinu 1991 stefnir í 8,9 milljarða króna, eða 2,4% af landsframleiðslu. Hrein lánsfjárþörf er hins vegar talin verða 12,1 milljarður króna, eða sem nemur 3,3% af landsframleiðslu. Samkvæmt þessu stefnir í svipaða lánsfjárþörf árið 1991 og var árið 1988, en þá var hún með mesta móti. Meðfylgjandi yfirlit sýnir helstu kennitölur úr ríkisbúskapnum árin 1989-1992.

Afkoma ríkissjóðs 1989 - 1992

Í milljónum króna	1989	1990	Áætlun 1991	Frumvarp 1992
Tekjur	80.001	92.453	101.904	106.436
Gjöld	86.056	96.899	110.834	110.146
Rekstrarafkoma	**-6.055**	**-4.446**	**-8.930**	**-3.710**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-2,0	-1,3	-2,4	-1,0
Lánveitingar, nettó	-1.541	-2.724	-3.170	-275
Hrein lánsfjárþörf	**-7.596**	**-7.170**	**-12.100**	**-3.985**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-2,5	-2,1	-3,3	-1,1
Lántökur, nettó	**5.470**	**7.884**	**12.100**	**4.000**
Innlend lántaka - afborganir	5.837	7.175	950	3.270
Erlend lántaka - afborganir	5.181	2.740	12.100	1.730
Lán í Seðlabanka - afborganir	-5.548	-2.031	-950	-1.000
Greiðsluafkoma	**-2.126**	**714**	**0**	**15**

Tekjur. Heildartekjur ríkissjóðs árið 1992 eru áætlaðar 106,4 milljarðar króna, samanborið við 101,9 milljarða króna í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1991. Skatttekjur árið 1992 eru áætlaðar 98,9 milljarðar króna samanborið við 95,6 milljarða króna á þessu ári.

Miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar um almenna verðþróun verða skatttekjur ríkissjóðs, metnar á föstu verðlagi, ívið lægri á árinu 1992 en á þessu ári. Heildarskattbyrði, þ.e. skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, hækkar lítillega milli ára, en það stafar eingöngu af fyrirsjáanlegum samdrætti landsframleiðslu. Skatt-

byrði næsta árs verður svipuð og stefnt var að í fjárlögum fyrir þetta ár og sama gildir um hlutfall heildartekna af landsframleiðslu.

Efnahagssamdrátturinn sem gengið hefur yfir þjóðarbúskapinn undanfarin ár hefur sett mark sitt á tekjuhlið ríkissjóðs. Heföbundnir skattstofnar hafa rýrnað og stjórnvöld hafa því gripið til þess ráðs að hækka skatthlutföll eða leggja á ný gjöld til að mæta vaxandi fjárþörf ríkissjóðs.

Frá árinu 1988 hafa skatttekjur ríkissjóðs aukist að raungildi um rúmlega 7%, eða sem nemur um 7 milljörðum króna á verðlagi ársins 1991. Þetta svarar til um 2½% meðalaukningar á ári. Í fjárlagafrumvarpi ársins 1992 er hins vegar gert ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs hækki ekki að raungildi frá því á þessu ári.

Útgjöld. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 1992 verði 110,1 milljarður króna. Þetta er lækkun í krónutölu frá þeirri útgjaldatölu sem stefnir í á þessu ári. Það jafngildir um 5 milljarða króna lækkun að raungildi, eða sem nemur 4½% milli ára.

Um það bil 40% heildarútgjalda ríkissjóðs fara til svokallaðrar samneyslu, en það er fyrst og fremst launa- og rekstrarkostnaður ríkisstofnana. Þessi útgjaldaþáttur lækkar um 1,8 milljarða króna að raungildi frá áætlun yfirstandandi árs. Lækkunin skýrist af auknum sértekjum, en í nokkrum tilvikum var sú leið valin að auka og koma á gjaldtöku fyrir ýmsa þjónustu sem ríkisstofnanir veita í stað þess að ganga enn lengra í niðurskurði útgjalda.

Svonefndar tilfærslur, en það eru fyrst og fremst bótagreiðslur almannatryggingakerfisins, niðurgreiðslur á vöruverði og framlög til atvinnuvega, sveitarfélaga og sjóða, lækka um rúma 3 milljarða króna að raungildi. Þar vegur þyngst lækkun á framlagi til sjúkratrygginga, en veigamiklar breytingar eru fyrirhugaðar á einstaka þáttum þeirra.

Framlag ríkissjóðs til fjárfestingar lækkar um 0,4 milljarða króna að raungildi. Á þessu ári hækkaði framlagið hins vegar um 1,8 milljarða króna að raungildi. Það er þó rétt að hafa í huga að fjárfesting ríkisfyrirtækja í B-hluta er hér undanskilin, en hún kemur fram í töfluviðauka með þessari greinargerð. Vaxtagreiðslur ríkissjóðs hækka um 0,2 milljarða króna að raungildi. Hækkunin stafar fyrst og fremst af miklum hallarekstri á ríkissjóði á undanförnum árum sem þarf að fjármagna á þessu ári og eykur vaxtagreiðslur ríkissjóðs á næsta ári.

Samkvæmt áætlun fyrir árið 1991 er talið að útgjöld fari að óbreyttu um 5,1 milljarð króna fram úr fjárlögum. Þar skipta mestu máli auknar rekstrartilfærslur til ýmissa aðila sem nemur tæpum 3 milljörðum króna. Í því sambandi má nefna auknar greiðslur til tryggingakerfisins og meiri uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur. Þá reyndist fjárþörf Lánasjóðs íslenskra námsmanna verulega meiri þrátt fyrir umtalsverða lækkun á námslánum nú í haust. Frávik í rekstrarútgjöldum nemur tæplega einum milljarði króna, eða 2,3% umfram fjárlög. Í þessari áætlun felst að útgjöld ríkissjóðs hækka um rúmlega 14% milli áranna 1990 og 1991, en það jafngildir 6½% hækkun að raungildi.

Lánahreyfingar. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs árið 1992 er áætluð 13,1 milljarður króna. Þar af fara 3,7 milljarðar króna til að fjármagna rekstrarhalla ríkissjóðs á næsta ári, 9 milljarðar króna til afborgana af eldri lánum og það sem eftir stendur fer til lánveitinga.

Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. heildarlánsfjárþörf að frádregnum afborgunum af teknum lánum, er því áætluð 4 milljarðar króna á næsta ári sem svarar til 1,1% af landsframleiðslu. Samkvæmt þessu verður lánsfjárþörf ríkissjóðs árið 1992 aðeins

þriðjungur af því sem hún stefnir í á þessu ári. Til þess að ná því marki þarf verulegt aðhald og strangt eftirlit með öllum þáttum ríkisbúskaparins.

Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs 1986-1992



3 Efnahagsforsendur fjárlaga 1992

Í þessum kafla er fjallað um þann efnahagsramma sem fjárlagagerð ársins 1992 mótast af, bæði efnahagsframvinduna á þessu ári og horfur fyrir næsta ár eins og þær eru metnar í þjóðhagsáætlun. Meginefni kaflans er almenn yfirferð yfir þróun helstu þjóðhagsstærða, en í lokin eru dregnar saman helstu forsendur fjárlaganna á talnaformi.

3.1 Framvinda og horfur í efnahagsmálum

Langvarandi samdráttarskeið. Í þeirri þjóðhagsspá sem lögð var til grundvallar fjárlögum ársins 1991 var gert ráð fyrir að samdráttarskeiði undanfarinna þriggja ára væri um það bil að ljúka og hagvöxtur tæki að glæðast á nýjan leik. Efnahagshorfurnar hafa hins vegar færst til verri vegar frá því að sú spá kom fram, meðal annars vegna samdráttar í fiskafla, og er nú spáð lækkandi þjóðartekjum á næsta ári. Versnandi efnahagshorfur setja óhjákvæmilega svip á fjármál ríkissjóðs á árinu 1992.



Efnahagsþróunin hér á landi síðasta áratug er á margan hátt einkennandi fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Eftir nokkurn afturkipp á fyrri hluta áratugarins fylgdi mikil uppsveifla sem náði hámarki árið 1987. Síðan hefur samdráttarskeið gengið yfir sem ekki sér fyrir endann á fyrr en eftir 1992 þegar álversframkvæmdir verða væntanlega komnar

á skrið. Til marks um þennan afturkipp má nefna að frá árinu 1987 hafa þjóðartekjur á mann lækkað að raungildi um 7% miðað við árið 1991 og samkvæmt þeirri spá sem liggur til grundvallar fjárlagafrumvarpi verða þjóðartekjur á næsta ári orðnar 10½% lægri en árið 1987.

Meginorsök lækkandi þjóðartekna er stöðugt þverrandi fiskafli allt frá árinu 1987. Fram til þessa árs nemur samdráttur í aflaverðmæti um 10% að raungildi frá árinu 1987. Á næsta ári er reiknað með að afli minnki um 11% til viðbótar og þar með væri aflaverðmæti orðið 20% minna en árið 1987. Samdráttur í þorskafla gæti jafnvel orðið enn meiri, eða sem nemur um þriðjungi frá árinu 1987.

Landsframleiðsla — Viðskiptakjör. Á næsta ári eru horfur á því að landsframleiðsla dragist saman um 1½% að raungildi samkvæmt þjóðhagsáætlun, fyrst og fremst vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í afla, en einnig vegna erfiðleika í öðrum útflutningsgreinum. Samdrátturinn yrði enn meiri ef ekki kæmu til áhrif af byggingu álvers sem reiknað er með að hefjist á árinu 1992.

Þessi samdráttur kemur í kjölfar stöðnunar á yfirstandandi ári þar sem landsframleiðsla er talin aukast um ½% að raungildi. Þjóðartekjur eru reyndar taldar aukast heldur meira, eða um 1½% vegna batnandi viðskiptakjara, einkum á fyrri hluta þessa árs. Á síðari hluta ársins er hins vegar gert ráð fyrir að viðskiptakjörin verði töluvert lakari.

Á næsta ári eru þjóðartekjur taldar dragast meira saman en landsframleiðsla, eða um rúmlega 3% vegna versnandi viðskiptakjara. Meginskýring á versnandi viðskiptakjörum felst í hækkun á innflutningsverði sem talin er verða nálægt 4%. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að afurðaverð erlendis lækki að ráði á næsta ári. Miðað við þær forsendur versna viðskiptakjörin á næsta ári um 3½% að jafnaði. Þannig gengur sá bati sem varð á fyrri hluta þessa árs að mestu til baka.

Verðlag. Þjóðarsáttarsamningarnir sem gerðir voru í ársbyrjun 1990 marka ótvíræð þáttaskil í verðlagsmálum hér á landi. Eftir nálægt tveggja áratuga óðaverðbólgu sem nam að meðaltali um 35% á ári og fór hæst í meira en 100% á síðari hluta ársins 1983 hefur nú tekist að koma verðbólgunni niður í eins stafs tölu. Þannig hækkaði framfærsluvísitalan aðeins um 7,3% frá upphafi árs 1990 til ársbyrjunar 1991, en næstu tólf mánuði á undan hafði vísitalan hækkað um tæplega 24%.

Það sem af er þessu ári hefur tólf mánaða hækkun vísitölunnar yfirleitt verið um 6-7% og horfur eru á að hækkunin verði innan við 7% að meðaltali milli ára. Hækkunin frá upphafi til loka ársins verður heldur meiri, eða um 7½%. Verðbólga hér á landi er þó enn nokkru meiri en í helstu viðskiptalöndum okkar þar sem hún er víða á bilinu 3-4%. Þessi munur gerir samkeppnisstöðu innlendra atvinnugreina gagnvart erlendum keppinautum erfiða og heldur þannig aftur af hagvexti.

Verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1992 endurspegla það markmið að koma verðbólgu hér á landi niður á svipað stig og er í nágrannalöndunum. Þannig er gengið út frá því að almennt verðlag hækki ekki um meira en 3% frá upphafi til loka næsta árs. Meðalhækkun milli ára verður heldur meiri, eða rétt rúmlega 5%, en í þeirri tölu gætir áhrifa af verðhækkunum á þessu ári.

Árshraði verðbólgunnar 1989 - 1992

Miðað við framfærsluvísitölu



Laun og kaupmáttur. Þjóðarsáttarsamningarnir hafa ráðið mestu um þróun launa og kaupmáttar undanfarin tvö ár. Samkvæmt forsendum samninganna var gert ráð fyrir að kaupmáttur dagvinnulauna yrði að jafnaði 1½% lakari á árinu 1990 en við upphaf samningstímans. Á árinu 1991 var hins vegar reiknað með að kaupmátturinn þokaðist heldur upp á við þannig að við lok samningstímans í ágúst 1991 yrði kaupmáttur dagvinnulauna svipaður og hann var í ársbyrjun 1990.

Þær upplýsingar sem fyrir liggja benda til þess að þessi markmið hafi náðst og gott betur. Þannig hefur kaupmáttur dagvinnulauna ríkisstarfsmanna frá upphafi samningstímans fram í ágúst 1991 farið 2% umfram forsendur samninganna. Dagvinnulaun ríkisstarfsmanna hafa hækkað um 15½% frá desember 1989 á sama tíma og verðlag hefur hækkað um 14%. Um það bil helmingur kaupmáttaraukningarinnar skýrist af samningsbundnum hækkunum, svo sem starfsaldurshækkunum, en það sem eftir stendur má rekja til þess sem í daglegu máli kallast launaskrið og felst í hækkunum umfram kjarasamninga. Ekki liggja fyrir óyggjandi tölur um launaþróun á almenna vinnumarkaðnum, en upplýsingar úr fréttabréfum kjararannsóknarnefndar ASÍ og VSÍ benda til þess að kaupmáttur launa ASÍ-félaga hafi aukist um svipað hlutfall.

Samkvæmt þessu er áætlað að laun hækki að meðaltali um 9% milli áranna 1990 og 1991. Kaupmáttur launa verður þannig að meðaltali 2% meiri á árinu 1991 en 1990. Til samanburðar má nefna að kaupmáttur þjóðartekna á mann er talinn aukast um rúmlega ½% á sama tíma.

Á næsta ári er hins vegar fyrirsjáanlegt að kaupmáttur minnkar vegna almenns samdráttar í efnahagslífinu og lækkandi þjóðartekna. Í forsendum fjárlagafrumvarps er gengið út frá því að kaupmáttur launa verði að meðaltali um 2% minni en á þessu ári. Kaupmáttur ráðstöfunartekna dregst heldur meira saman, eða nálægt 3% á milli ára, meðal

annars vegna þess að erfiðleikar í efnahagslífinu koma væntanlega fram í lakara atvinnuástandi og samdrætti í atvinnu.

Eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti hefur kaupmáttur þjóðartekna og launa í stórum dráttum fylgst að allan síðasta áratug. Sveiflurnar eru þó heldur meiri í launum, jafnt upp á við sem niður á við.

Þróun þjóðartekna og launa 1980 - 1992

Vísitölur 1980 = 100



Vinnumarkaður. Það samdráttarskeið sem gengið hefur yfir íslenskt efnahagslíf að undanförnu hefur komið fram í auknu atvinnuleysi, bæði vegna minnkandi umsvifa og erfiðleika í ýmsum atvinnugreinum. Þetta sést best af því að meðalfjöldi atvinnulausra var um og yfir 2.000 manns í hverjum mánuði á árunum 1989 og 1990 samanborið við 700-800 manns áður. Þetta jafngildir um 1,7% af vinnuafli í landinu.

Atvinnuleysi hefur hins vegar minnkað nokkuð það sem af er þessu ári samhliða vaxandi þjóðarútgjöldum. Fyrir árið í heild má gera ráð fyrir að atvinnuleysi verði rétt innan við 1½% af vinnuafli.

Á næsta ári er búist við að atvinnuleysi aukist á nýjan leik í kjölfar samdráttar í þjóðarbúskapnum. Þessi áhrif gætu komið víða fram, bæði í sjávarútvegi vegna minnkandi afla og eins í verslunar- og þjónustugreinum vegna minnkandi kaupmáttar og þar með minni umsvifa. Þá gæti aukinn sparnaður í opinberum rekstri leitt til aukins aðhalds í starfsmannamálum. Í þjóðhagsáætlun er spáð að atvinnuleysið geti farið í rúmlega 2% af vinnuafli á næsta ári.

Utanríkisviðskipti. Samdráttur í efnahagslífinu setur ákveðnar skorður við þróun annarra þátta í hagkerfinu. Haldi þjóðarútgjöld áfram að aukast á sama tíma og þjóðartekjur minnka kemur það óhjákvæmilega fram í vaxandi viðskiptahalla. Þetta er það sem

hefur verið að gerast undanfarin tvö ár. Frá árinu 1989 hafa þjóðarútgjöld aukist um rúmlega 4% að raungildi á sama tíma og þjóðartekjur hafa aukist um 1%.

Afleiðingin er sú að viðskiptahalli hefur næstum því þrefaldast á síðustu tveimur árum, úr 4,6 milljörðum króna árið 1989 í 13,7 milljarða króna sem spáð er á þessu ári. Til samanburðar má nefna að í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1991 var gert ráð fyrir tæplega 6 milljarða króna viðskiptahalla. Fyrir árið í heild er reiknað með um 1,3 milljarða króna hækkun útflutningstekna frá árinu 1990, en það jafngildir um 5% samdrætti að raungildi. Verðmæti vöruinnflutnings er hins vegar talið aukast um 5,5 milljarða króna, en í því felst rúmlega 3½% raunaukning milli ára. Hér hafa því orðið mikil umskipti á skömmum tíma.

Vöruinnflutningur. Skýringin á auknum viðskiptahalla á þessu ári er fyrst og fremst stóraukinn innflutningur, sérstaklega almennur vöruinnflutningur. Þessi þróun sést glöggt á meðfylgjandi línuriti sem sýnir tólf mánaða breytingar innflutnings það sem af er þessu ári miðað við sama tíma í fyrra. Þar kemur fram veruleg aukning frá fyrra ári á fyrstu mánuðum ársins. Síðan hefur nokkuð dregið úr innflutningi, en hann er þó enn um 20% meiri að raungildi fyrstu níu mánuði þessa árs en á sama tíma í fyrra (spá fyrir september). Heildarinnflutningur hefur aukist minna, eða um 9% að raungildi á sama tíma, en þar gætir áhrifa minni skipa- og flugvélakaupa á þessu ári.

Hlutfallsleg aukning innflutnings 1990 - 1991



Innflutningur á neysluvörum hefur aukist um 27% að raungildi fyrstu níu mánuði ársins. Sömu sögu er reyndar að segja af innflutningi á fjárfestingarvörum. Hins vegar hefur hrávöruinnflutningur aukist minna, eða um 7% að raungildi á þessu tímabili. Á móti

vegur tæplega helmings samdráttur í innflutningi á skipum og flugvélum og 5% samdráttur í olíuvörum.

Ýmsar skýringar eru á aukinni innflutningseftirspurn á þessu ári. Aukinn kaupmáttur heimilanna á hér einhvern hlut að máli, en auk þess virðist sem gengið hafi verið á sparnað til þess að fjármagna innflutninginn. Útlán bankakerfisins staðfesta þetta og er talið að heildarútlán til heimila muni aukast um fjórðung á þessu ári.

Útflutningur. Önnur skýring á auknum viðskiptahalla á þessu ári er lækkun útflutningstekna milli ára. Fyrstu sjö mánuði ársins var heildarverðmæti vöruútflutnings óbreytt í krónutölu frá fyrra ári, en það jafngildir tæplega 10% lækkun að raungildi.

Þrátt fyrir nokkurn aflasamdrátt á þessu ári hækkar útflutningsverðmæti sjávarafurða í krónum talið milli áranna 1990 og 1991. Þetta má rekja til 10% verðhækkunar sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Á móti vegur lækkun útflutningstekna af áli vegna verðhruns erlendis. Tekjur af sölu kísiljárns lækka einnig vegna samdráttar í framleiðslu.

Viðskiptajöfnuður. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið er talið að vöruskiptajöfnuður versni um liðlega 4 milljarða króna á árinu 1991 og verði aðeins jákvæður um 700 m.kr. Á síðustu tveimur árum hefur afgangur á vöruskiptum reyndar minnkað um tæplega 7 milljarða króna, en það skýrir að langmestu leyti stóraukinn viðskiptahalla á sama tíma.

Viðskiptajöfnuður 1981-1992



Ef ekki dregur úr innflutningi á síðustu mánuðum ársins gæti vöruskiptajöfnuður reyndar hæglega orðið neikvæður og viðskiptahallinn því meiri en spáð er. Almennur þjónustujöfnuður (án vaxta) hefur einnig versnað og er nú orðinn neikvæður. Loks má

nefna vaxtajöfnuðinn sem hefur jafnan verið óhagstæður vegna mikillar vaxtabyrði af erlendum skuldum. Þar hefur þróunin verið í gagnstæða átt vegna vaxtalækkunar á erlendum mörkuðum, enda þótt hann sé áfram mjög óhagstæður og skýri reyndar að öllu leyti viðskiptahallann á þessu ári.

Samanlagt eru almenn vöru- og þjónustuviðskipti nokkurn veginn í jafnvægi á þessu ári, en þau skiluðu rúmlega 5 milljörðum króna upp í óhagstæðan vaxtajöfnuð á síðasta ári og tæplega 9 milljörðum króna árið 1989.

Á næsta ári eru horfur á enn meiri viðskiptahalla en í ár. Það stafar alfarið af lækkun útflutningstekna vegna aflasamdráttarins. Enda þótt dragi úr innflutningi nær það ekki að vega upp lækkun útflutningstekna. Það stefnir því í um það bil 17 milljarða króna viðskiptahalla á næsta ári, eða sem nemur 4½% af landsframleiðslu. Til samanburðar má nefna að hallinn í ár svarar til um 3½% af landsframleiðslu og 1989 var hlutfallið 1½%.

Þjóðarútgjöld. Neysluútgjöld heimilanna hafa vaxið á þessu ári eftir stöðnun og samdrátt undanfarin ár. Í þeirri þjóðhagsspá sem fjárlagafrumvarpið er byggt á er gert ráð fyrir að einkaneysla muni aukast um 2½% á þessu ári. Reyndar eru frekar horfur á að aukningin sé vanmetin en ofmetin, ekki síst í ljósi nýjustu upplýsinga um innflutning. Þessi útgjaldaaukning hefur skilað sér í meiri tekjum í ríkissjóð á þessu ári, ekki síst auknum gjöldum af innflutningi.

Á næsta ári er hins vegar gert ráð fyrir 3% samdrætti í einkaneyslu í takt við minnkandi kaupmátt. Þessar horfur setja óneitanlega svip á tekjuhlið fjárlaga þar sem í þeim felst skerðing á tekjustofnum ríkissjóðs.

Samneysla ríkis og sveitarfélaga, en það eru að langmestu leyti rekstrarútgjöld þessara aðila, hefur að jafnaði aukist um 4-5% að raungildi á ári allan síðasta áratug. Samkvæmt spá fyrir þetta ár er reiknað með að vöxturinn verði í kringum 3½%. Í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár er hins vegar gert ráð fyrir nánast óbreyttum útgjöldum í krónutölu, en það jafngildir 3% lækkun að raungildi milli ára.

Fjárfesting atvinnuveganna hefur verið í nokkurri lægð undanfarin misseri ef frá eru talin mikil flugvélakaup. Sömu sögu er reyndar að segja af annarri fjárfestingu. Á þessu ári virðist heldur hafa lifnað yfir fjárfestingu í almennum iðnaði, en í öðrum atvinnugreinum ríkir samdráttur. Fjárfesting opinberra aðila minnkaði í fyrra, en á þessu ári er gert ráð fyrir tæplega 5% aukningu, nær eingöngu vegna aukinna samgöngufamkvæmda.

Fjárfestingarspáin fyrir næsta ár stendur og fellur með því hvort ráðist verður í byggingu álvers eða ekki. Reiknað er með að heildarfjárfesting geti aukist um ½% að raungildi verði farið af stað með framkvæmdir við álver. Þá er miðað við að til þeirra framkvæmda fari um 8 milljarðar króna, eða sem nemur 10% af heildarfjárfestingu landsmanna. Að öðrum kosti gæti fjárfesting orðið 8% minni en á þessu ári.

Peningamál. Haustið 1990 urðu nokkur umskipti á peningamarkaðnum. Eftir tímabil sem einkenndist af mikilli aukningu sparnaðar snerist þróunin við. Almenn útlán bankanna jukust á sama tíma og dró úr innlánum. Hér gætti vafalaust áhrifa væntinga um skattalækkanir og launahækkanir í aðdraganda kosninga auk lækkunar raunvaxta. Við þetta dró úr nýjum sparnaði og svigrúm til lántöku þrengdist. Þessi þróun kemur glöggt fram á meðfylgjandi línuriti.

Í kjölfar vaxtahækkunar nú í vor snerist þróunin aftur við. Það dró úr útlánum og innlán jukust á ný. Lausafjárstaða bankanna batnaði að sama skapi. Samkvæmt áætlun Seðlabanka er nýr sparnaður á þessu ári talinn stefna í 29 milljarða króna.

Innlán og útlán bankanna 1987 - 1991

Stöðutölur á verðlagi 1991



Horfur á peningamarkaðnum næsta ár eru óvissar. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að lánsfjárþörf ríkissjóðs minnki verulega, eða úr 12 milljörðum króna á þessu ári í 4 milljarða króna árið 1992. Á hinn bóginn er fjárþörf húsnæðiskerfisins áfram mjög mikil. Eins og nú horfir verður lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila nálægt 24 milljörðum króna. Þar af er áformað að afla rúmlega 15 milljarða króna á innlendum lánamarkaði.

Samkvæmt áætlun Seðlabanka er gert ráð fyrir að nýr sparnaður á næsta ári verði um 30 milljarðar króna. Miðað við það færi rétt um helmingur nýs sparnaðar til opinberra aðila. Þetta er 5 milljörðum króna minna en áformað er á þessu ári. Áfram mun þó vafalaust verða samkeppni um sparifé landsmanna sem aftur heldur vaxtastiginu uppi.

Nýjar erlendar lántökur þjóðarbúsins eru taldar verða um 33½ milljarður króna á þessu ári, samanborið við 26½ milljarð króna árið 1990. Aukninguna má rekja til mikillar lánsfjárþarfar ríkissjóðs sem ekki er hægt að mæta á innlendum lánamarkaði. Hrein aukning erlendra lána, þ.e. að teknu tilliti til afborgana af eldri lánum, er hins vegar mun minni, eða um 18 milljarðar króna. Sambærileg tala á síðasta ári var rétt um 15 milljarðar króna.

Árið 1992 er hins vegar gert ráð fyrir að nýjar erlendar lántökur verði lægri en á þessu ári, eða tæplega 28 milljarðar króna. Hreint innstreymi erlendra lána lækkar mun meira vegna hárra afborgana, og verður um 8,7 milljarðar króna.

Samkvæmt þessum áætlunum mun skuldastaða þjóðarbúsins versna nokkuð og hlutfall hreinna skulda af landsframleiðslu hækka úr 48½% á þessu ári í 52% á næsta ári. Ástæðan er fyrst og fremst sú að á sama tíma og landsframleiðsla dregst saman eykst viðskiptahallinn gagnvart útlöndum og þar með skuldsetning þjóðarinnar.

Í sjöunda kafla greinargerðarinnar er fjallað nánar um framvindu og horfur á lánsfjármarkaði í tengslum við lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila.

3.2 Tölulegar forsendur fjárlagafrumvarps 1992.

Í meðfylgjandi töflu eru sýndar helstu forsendur fjárlagafrumvarpsins. Almennar þjóðhagsforsendur eru þær sömu og í þjóðhagsáætlun. Auk þess eru hér raktar ýmsar aðrar upplýsingar sem stuðst er við í fjárlagagerðinni. Til samanburðar eru sýndar áætlanir og niðurstöður fyrir árin 1990 og 1991.

Þjóðhagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 1992

	Bráðabirgða-tölur 1990	Áætlun 1991	Spá 1992
I. Helstu þjóðhagsstærðir - magnbreytingar milli ára,%			
Einkaneysla	0,0	2,5	-3,0
Samneysla	1,7	3,5	0,5
Fjárfesting	4,5	1,7	0,5
Atvinnuvegir	11,7	1,4	-7,2
Íbúðabyggingar	0,0	-2,0	-3,0
Opinberir aðilar	-2,4	4,8	13,1
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	1,3	2,5	-1,5
Útflutningur vöru og þjónustu	-1,6	-3,3	-3,6
Innflutningur vöru og þjónustu	1,3	4,0	-3,3
Verg landsframleiðsla	0,0	0,5	-1,5
Þjóðartekjur	-0,4	1,5	-3,1
II. Launa- og verðlagsforsendur - meðalbreytingar milli ára, %			
Atvinnutekjur á mann	10,5	9	3
Ráðstöfunartekjur á mann	10,0	9	2½
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	-4,2	2	-3
Kaupmáttur þjóðartekna á mann	-1,2	¼	-4
Framfærsluvísitala	14,8	7	5½
Byggingarvísitala	17,8	8	4
Lánskjaravísitala	15,4	7½	4
Meðalgengi	11,4	0	0
Gengi USD	1,4	3	2½
Erlend verðbólga	4,5	4½	4
Verðvísitala samneyslu	11,2	7	3
Verðvísitala landsframleiðslu	13,5	8	3¼
Viðskiptakjör	1,2	4½	-3½
Viðskiptakjör án stóriðju	4,7	5½	-5½
Atvinnuleysi, sem hlutfall af mannafla	1,7	1½	2
Mannfjöldi, hlutfallsleg breyting milli ára	0,8	¼	¼
III. Ýmsar forsendur			
Innflutningur bíla, fjöldi	8.880	11.450	9.000
Fólksbílar	6.976	9.200	7.500
Atvinnubílar	1.904	2.250	1.500
Sala á bensíni, milljónir lítra	169	177	179
Meðalvextir erlendis, %	8,6	8	7½
Skattbyrði einstaklinga sem hlutfall af tekjum, %	13,5	13,5	13,8
Hlutur ríkissjóðs	6,5	6,5	6,8
Hlutur sveitarfélaga	7,0	7,0	7,0

4 Tekjur

4.1 Heildaryfirlit

Tekjuhlið ríkissjóðs hefur ekki farið varhluta af þeim efnahagssamdrætti sem gengið hefur yfir þjóðarbúskapinn undanfarin ár. Skattstofnar hafa rýrnað og stjórnvöld því gripið til þess ráðs að hækka skatthlutföll eða leggja á ný gjöld til að mæta vaxandi fjárþörf ríkissjóðs. Frá árinu 1988 hafa skatttekjur ríkissjóðs aukist að raungildi um rúmlega 7% sem jafngildir um 7 milljörðum króna á verðlagi ársins 1991. Þetta svarar til 2½% meðalaukningar á ári. Í fjárlagafrumvarpi ársins 1992 er hins vegar gert ráð fyrir að skatttekjurnar hækki ekki að raungildi frá þessu ári.

Breytingar milli ára. Heildartekjur ríkissjóðs árið 1992 eru áætlaðar 106,4 milljarðar króna samanborið við tæpa 102 milljarða króna í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1991. Skatttekjur eru áætlaðar 98,9 milljarðar króna á næsta ári samanborið við 95,6 milljarða króna í ár. Miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar um almenna verðþróun verða skatttekjur ríkissjóðs, metnar á föstu verðlagi, ívið lægri á árinu 1992 en á þessu ári. Heildarskattbyrði, þ.e. skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, hækkar þó lítillega milli ára, en það stafar eingöngu af fyrirsjáanlegum samdrætti landsframleiðslu. Skattbyrðin verður hins vegar svipuð og stefnt var að í fjárlögum fyrir þetta ár og sama gildir um hlutfall heildartekna af landsframleiðslu.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs 1990-1992

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.
Tekjur ríkissjóðs	**92.453**	**101.698**	**101.904**	**106.436**
Tekju- og eignarskattar	17.690	20.167	19.346	20.674
Óbeinir skattar	68.448	75.228	76.263	78.272
Aðrar tekjur	6.315	6.303	6.295	7.490
Verg landsframleiðsla	**341.314**	**363.600**	**370.700**	**378.900**
Skatttekjur sem hlutfall af VLF [1]	**25,2**	**26,2**	**25,8**	**26,1**
Heildartekjur sem hlutfall af VLF	**27,1**	**28,0**	**27,5**	**28,1**

[1] Þessar tölur eru ekki fyllilega sambærilegar við þær tölur sem birtar eru í skýrslum OECD um skattamál. Meginmunurinn liggur í því að samkvæmt flokkun OECD eru barnabætur bókfærðar sem útgjöld en hér á landi hafa þær verið færðar á tekjuhlið til lækkunar á tekjuskatti. Samræming á uppgjöri ríkisreiknings við alþjóðavenjur er eitt þeirra verkefna sem nú er unnið að á vegum ríkisreikningsnefndar. Um þetta er nánar fjallað í 8. kafla greinargerðarinnar.

Horfur 1991. Þegar á heildina er litið bendir allt til þess að heildartekjur ríkissjóðs verði svipaðar á þessu ári og gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða tæpir 102 milljarðar króna. Þar togast hins vegar tvennt á. Annars vegar skilar aukin innlend eftirspurn meiri tekjum af veltusköttum, einkum af innflutningi. Þessara áhrifa gætti mest framan af ári en heldur hefur dregið úr eftirspurninni að undanförnu. Á móti kemur að tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarsköttum verða talsvert lægri en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Sú lækkun kemur aðallega fram í tekjuskatti fyrirtækja sem rekja má til lagabreytinga frá í vor, en í þeim fólst 400-500 m.kr. tekjulækkun frá áformum í fjárlögum. Innheimta eignarskatta, bæði einstaklinga og fyrirtækja, verður einnig heldur minni en reiknað var með í fyrri áætlun.

Við stjórnarskiptin síðastliðið vor fór fram endurskoðun á tekjuhlið fjárlaga fyrir þetta ár. Niðurstaðan varð sú að innheimtar tekjur yrðu 800 m.kr. minni á árinu 1991 en reiknað var með í fjárlögum. Að baki þeirri endurskoðun lágu breytingar á áformum stjórnvalda sem taldar voru leiða til nokkurrar tekjulækkunar. Má þar meðal annars nefna fyrrgreinda breytingu á tekjuskatti fyrirtækja, fyrirsjáanlega hækkun á skattafslætti einstaklinga vegna kaupa á hlutabréfum, auk tilfærslu á arðgreiðslu frá Íslenskum aðalverktökum aftur til ársins 1990. Enn fremur hafði fyrri ríkisstjórn fallið frá sérstakri tekjuöflun sem ráðast átti í á fyrstu mánuðum ársins. Á móti kom tekjuauki af veltusköttum, en ekki voru taldar líkur á að hann dygði ekki til að vega upp þá lækkun sem af þessum breytingum hlytist. Nú er hins vegar útlit fyrir að tekjuáætlun fjárlaga standist. Það stafar fyrst og fremst af meiri veltu í þjóðarbúskapnum en gert var ráð fyrir í vor.

Tekjur ríkissjóðs 1992

Hlutfallsleg skipting



Frumvarp 1992. Sem endranær byggist tekjuáætlun fjárlagafrumvarps á forsendum þjóðhagsáætlunar um framvindu efnahagslífsins á þessu ári og horfunum framundan enda er tekjuhliðin afar næm fyrir breytingum í eftirspurn. Það skýrist af samsetningu hennar þar sem hlutur veltuskatta er yfirgnæfandi. Það veldur því að tekjuhlið ríkissjóðs raskast oft verulega í þeim hagsveiflum sem ganga yfir íslenskt efnahagslíf. Þannig er þessu varið nú. Í þjóðhagsáætlun er því spáð að þjóðarútgjöld dragist saman um 1½% á árinu 1992 eftir 3% vöxt á þessu ári. Þá er reiknað með 3% samdrætti einkaneyslu milli ára, en þróun hennar ræður mestu um tekjur ríkissjóðs af veltusköttum. Til samanburðar eru neysluútgjöld heimilanna talin vaxa um að minnsta kosti 2½% á þessu ári. Sú aukning kemur einkum fram í kaupum á varanlegum neysluvörum, til dæmis bílum og heimilistækjum, sem endurspeglast síðan í tekjum af innflutningsgjöldum.

Skipting ríkissjóðstekna 1990-1992

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Tekju- og eignarskattar	**17.690**	**20.167**	**19.346**	**20.674**	**6,9**
Einstaklingar	13.677	14.865	14.746	15.773	7,0
Fyrirtæki	4.013	5.302	4.600	4.901	6,5
Óbeinir skattar	**68.448**	**75.228**	**76.263**	**78.272**	**2,6**
Innflutnings- og vörugjöld	8.354	8.718	9.269	8.099	-12,6
Virðisaukaskattur	37.086	41.550	41.400	42.970	3,8
Hagnaður ÁTVR	5.920	6.700	6.500	6.800	4,6
Launa- og tryggingagjöld	7.327	8.380	8.700	8.900	2,3
Bifreiðagjöld	5.471	6.030	6.465	7.130	10,3
Aðrir skattar	4.290	3.850	3.929	4.373	11,3
Aðrar tekjur	**6.315**	**6.303**	**6.295**	**7.490**	**19,0**
Vaxtagreiðslur	4.096	3.700	3.700	3.815	3,1
Arðgreiðslur	1.904	2.328	1.995	2.310	15,8
Sala eigna o.fl.	315	275	600	1.365	127,5
Heildartekjur ríkissjóðs	**92.453**	**101.698**	**101.904**	**106.436**	**4,4**
Skatttekjur ríkissjóðs	**86.138**	**95.395**	**95.609**	**98.946**	**3,5**
Verðvísitala landsframleiðslu	**87**	**99**	**100**	**104**	**3,8**
Sem hlutfall af heildartekjum, %					
Tekju- og eignarskattar	19,1	19,8	19,0	19,4	0,4
Óbeinir skattar	74,0	74,0	74,8	73,6	-1,2
Aðrar tekjur	6,8	6,2	6,2	7,0	0,8

Um fimmtungur heildartekna ríkissjóðs fæst af tekju- og eignarsköttum einstaklinga og fyrirtækja. Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu er búist við að innheimtar tekjur af þessum stofnum aukist að raungildi árið 1992 mælt á verðmælikvarða landsframleiðslu. Hér kemur tvennt til. Annars vegar er um að ræða álagða skatta á tekjur og eignir síðasta árs, en í þeim felast að óbreyttu meiri verðbreytingar en spáð er fyrir árið 1992. Þetta á sérstaklega við um eignarskatta og tekjuskatt fyrirtækja. Hin skýringin er að staðgreiðsla á tekjuskatti einstaklinga að frádregnum endurgreiðslum hækkar nokkuð umfram verðlag. Það má rekja til fyrirhugaðra breytinga á tekjuskattskerfinu í þá átt að lækka eða tekju-

tengja afsláttarliði og bótagreiðslur í ríkari mæli en fram til þessa. Tilgangurinn er tvíþættur, að jafna skattbyrðina enn frekar í gegnum tekjuskattskerfið og ná fram nokkrum sparnaði.

Á hinn bóginn er gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í veltusköttum, enda dragast ráðstöfunartekjur heimilanna saman um allt að 3% á næsta ári samkvæmt forsendum þjóðhagsáætlunar. Þá verður jöfnunargjald fellt niður um næstu áramót sem rýrir tekjur ríkissjóðs um tæpan einn milljarð króna á næsta ári. Á móti kemur svipuð fjárhæð vegna viðbótarinnheimtu virðisaukaskatts og tryggingagjalds. Skýringin er sú að á árinu 1992 verður í fyrsta sinn innheimtur virðisaukaskattur fyrir fulla tólf mánuði og sama gildir raunar um tryggingagjaldið.

Þá munu aðrar tekjur aukast talsvert á árinu 1992 samkvæmt frumvarpinu. Sú aukning skýrist fyrst og fremst af fyrirhugaðri sölu eigna sem talin er skila ríkissjóði umtalsverðum fjárhæðum strax á næsta ári. Enn fremur verða arðgreiðslur talsvert meiri sem vegur upp á móti samdrætti í vaxtatekjum.

4.2 Yfirlit yfir helstu tekjustofna

Tekju- og eignarskattar einstaklinga. Innheimtar tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarsköttum einstaklinga eru áætlaðar 15,8 milljarðar króna á næsta ári. Þar af er tekjuskattur einstaklinga um 13,6 milljarðar, eða tæplega 13% af heildartekjum ríkissjóðs.

Tekju- og eignarskattar einstaklinga 1990-1992

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Tekjuskattur	12.060	12.850	12.800	13.630	6,5
Eignarskattar	1.062	1.385	1.270	1.409	10,9
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	315	370	376	414	10,1
Erfðafjárskattur	240	260	300	320	6,7
Samtals	**13.677**	**14.865**	**14.746**	**15.773**	**7,0**
Sem hlutfall af heildartekjum	**14,8**	**14,6**	**14,5**	**14,8**	**0,3**

Tekjuskattur. Almenna forsendan að baki áætluðum tekjuskatti einstaklinga er að skattbyrði haldist óbreytt milli ára. Í því felst að ýmsar grunnfjárhæðir tekjuskattskerfisins (persónuafsláttur, barnabætur, vaxtabætur o.fl.) hækka í takt við almennar tekjubreytingar, en í forsendum þjóðhagsáætlunar er gert ráð fyrir að atvinnutekjur hækki um 3-4% að meðaltali á næsta ári. Hins vegar eru í undirbúningi breytingar á tekjuskattslögunum sem miða að því að draga úr endurgreiðslum til hinna tekjuhærri og ná fram meiri tekjujöfnun. Rætt hefur verið um aukna tekju- og eignatengingu barnabóta, skerðingu á afsláttarliðum o.fl. Engar ákvarðanir liggja enn fyrir, en stefnt er að því að ljúka þessum athugunum fljótlega og er miðað við að þær rúmist innan ramma frumvarpsins

Í meðfylgjandi töflu er birt nánari sundurliðun á staðgreiðslu tekjuskatts 1991 til að auðvelda mönnum að glöggva sig á vægi einstakra afsláttarliða í tekjuskattskerfinu.

Staðgreiðsla tekjuskatts og endurgreiðslur árið 1991

Greiðslugrunnur	Áætlun 1991 m.kr.	Skatt-hlutfall %
Staðgreiðsla án frádráttar	**79.600**	**39,8**
Persónuafsláttur	-42.600	-21,3
Sjómannaafsláttur	-1.500	-0,8
Skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa [1]	-600	-0,3
Staðgreiðsla að frádregnum afsláttarliðum	**34.900**	**17,4**
Útsvar sveitarfélaga	-14.000	-7,0
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-1.100	-0,6
Barnabætur	-4.950	-2,5
Vaxtabætur, húsnæðisbætur	-2.650	-1,3
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu	**12.200**	**6,0**

[1] Rétt er að taka fram að þessi afsláttur tengist í reynd tekjum ársins 1990 en er hins vegar greiddur út á þessu ári í kjölfar endanlegrar álagningar á tekjur fyrra árs. Um er að ræða sérstakan frádrátt frá skattskyldum tekjum sem hér er metinn sem ígildi skattafsláttar.

Fyrstu átta mánuði ársins skilaði staðgreiðslan heldur meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þessa aukningu má rekja til meiri tekjubreytinga á fyrri hluta árs en miðað var við í áætlun fjárlaga. Á móti vegur að við endanlega álagningu opinberra gjalda í júlí síðastliðnum kom í ljós að ofgreiddur tekjuskattur af tekjum ársins 1990 var talsvert meiri en búist hafði verið við jafnhliða því sem ógreiddur tekjuskattur var minni. Skýringin er skattfrádráttur einstaklinga vegna fjárfestingar í atvinnurekstri nær fimmfaldaðist milli ára í kjölfar gífurlegrar sölu hlutabréfa um síðustu áramót. Þessi frádráttur kostar ríkissjóð nálægt 600 m.kr. í skattafslætti á þessu ári, en í áætlun fjárlaga var gert ráð fyrir að hann yrði um 150 m.kr. Þegar allt er lagt saman verður innheimta tekjuskatts einstaklinga á þessu ári þó líklega svipuð og miðað var við í fjárlögum, eða tæpir 13 milljarðar króna.

Eignarskattar. Ekki liggja fyrir haldbærar upplýsingar um hækkun fasteignamats milli áranna 1990 og 1991. Sú stærð ræður mestu um breytingar á eignarskatti einstaklinga, enda eru fasteignir uppistaða gjaldstofnsins. Hér er miðað við að fasteignaverð hafi þróast í takt við breytingar byggingarvísitölu og hækki um 7-8% frá fyrra ári. Enn fremur er gengið út frá heldur betri innheimtu á næsta ári en í ár. Á þessum forsendum er áætlað að innheimta eignarskatta verði rúmlega 1.400 m.kr. árið 1992. Þar af er hlutur sérstaka eignarskattsins 144 m.kr. Talið er að 1.270 m.kr. innheimtist af eignarsköttum á þessu ári sem svarar til tæplega 11% hækkunar milli ára í krónum talið.

Álagning eignarskatta á einstaklinga er tvíþætt. Annars vegar er almennur eignarskattur. Hann er lagður á í tveimur þrepum þar sem efra þrepið er tengt tekjum skattgreiðenda. Hins vegar er sérstakur eignarskattur markaður byggingu Þjóðarbókhlöðu og endurbótum annarra menningarbygginga, sbr. lög nr. 83/1989. Lagður verður 1,2% almennur eignarskattur á skuldlausa eign einstaklings umfram 3,4 m.kr. á árinu 1992. Eigi einstaklingur skuldlausa eign umfram 9,6 m.kr. leggst að auki 0,75% eignarskattur, eða samtals 1,95%, á umframeignina, ef skattskyldar tekjur hans eru hærri en 168 þús.kr. á mánuði á árinu 1991. Séu tekjurnar aftur á móti undir 84 þús. kr. á mánuði leggst

skatturinn eingöngu á samkvæmt lægra þrepi. Milli þessara tekjumarka hækkar skatturinn síðan hlutfallslega. Skatthlutfall sérstaka eignarskattsins er 0,25%, en hann leggst á skuldlausa eign umfram 5 m.kr. hjá einstaklingi.

Áætluð staðgreiðsla tekjuskatts 1991

Skipting grunnálagningar = 39,8%



Framkvæmdasjóður aldraðra. Í samræmi við ákvæði laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, hækkar gjald í framkvæmdasjóð aldraðra líklega um 7% milli ára, eða í takt við áætlaða tólf mánaða breytingu byggingarvísitölu. Í ár var þetta gjald 3.485 krónur á hvern gjaldanda og verður að óbreyttu 3.730 krónur á næsta ári. Samkvæmt frumvarpinu er innheimta af þessum gjaldstofni áætluð 414 m.kr. 1992 samanborið við 376 m.kr. í ár.

Erfðafjárskattur. Áætlun um innheimtu erfðafjárskatts er eins og alltaf afar óviss. Í ljósi innheimtunnar fyrstu átta mánuði ársins má þó búast við að tekjur af þessum skatti verði kringum 300 m.kr. í ár. Á grundvelli þeirra talna og að teknu tilliti til almennrar verðþróunar er því spáð að erfðafjárskattur skili 320 m.kr. tekjum á árinu 1992.

Tekju- og eignarskattar fyrirtækja. Samkvæmt frumvarpinu er innheimta á tekju- og eignarsköttum fyrirtækja talin verða 4,9 milljarðar króna á árinu 1992, eða sem svarar til 4,6% af ríkissjóðstekjum í heild. Tveir þriðju hlutar teknanna fást af tekjuskatti fyrirtækja, en búist er við að innheimta hans aukist um tæp 5% milli ára. Þá er miðað við að afkoma fyrirtækja sé heldur lakari á þessu ári en í fyrra. Sem endranær ber þó að taka þessari áætlun með nokkrum fyrirvara, enda fáar vísbendingar sem liggja fyrir um afkomuna í ár enn sem komið er.

Tekju- og eignarskattar fyrirtækja 1990-1992

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Tekjuskattur	2.681	3.665	3.050	3.200	4,9
Eignarskattar	1.332	1.637	1.550	1.701	9,7
Samtals	**4.013**	**5.302**	**4.600**	**4.901**	**6,5**
Sem hlutfall af heildartekjum	**4,3**	**5,2**	**4,5**	**4,6**	**0,1**

Tekjuskattur. Í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir að innheimta á tekjuskatti fyrirtækja yrði kringum 3,7 milljarðar króna. Forsendum þessarar áætlunar var hins vegar breytt á Alþingi síðastliðið vor með breytingum á lögum um tekjuskatt fyrirtækja þar sem tekjuskatthlutfallið var lækkað úr 50% í 45% jafnframt því sem framlag í fjárfestingarsjóð var lækkað úr 15% í 10%. Þessar breytingar kostuðu ríkissjóð 400-500 m.kr., lauslega áætlað. Þá virðist afkoma fyrirtækja hafa orðið heldur lakari á árinu 1990 en búist var við sem aftur kemur fram í minni skattgreiðslum árið 1991. Þetta tvennt veldur því að innheimta á tekjuskatti fyrirtækja verður talsvert lægri á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða rúmlega 3 milljarðar króna. Lækkun frá áætlun fjárlaga er um 600 m.kr.

Eignarskattar. Tekjur ríkissjóðs af eignarsköttum fyrirtækja eru áætlaðar um 1.700 m.kr. á árinu 1992 samanborið við 1.550 m.kr. á þessu ári. Þá er miðað við að gjaldstofninn hækki nokkurn veginn í samræmi við almennt verðlag, þ.e. kringum 7% milli áranna 1990 og 1991. Tæplega þriðjungur eignarskatta á fyrirtæki, eða 500 m.kr., eru tekjur af sérstökum skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Innflutningsgjöld. Gert er ráð fyrir að innflutningsgjöld að meðtöldum vörugjöldum skili ríflega 8 milljarða króna tekjum á árinu 1992, eða um 7,6% af heildartekjum ríkissjóðs. Þetta hlutfall hefur lækkað ár frá ári, en í byrjun síðasta áratugar skiluðu innflutningsgjöldin um það bil fimmtungi ríkissjóðstekna. Í þessari áætlun felst 15-16% samdráttur milli ára, en búist er við að þær verði kringum 9,3 milljarðar króna í ár.

Tekjur af innflutningsgjöldum 1990-1992

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Tollar	3.324	3.480	3.885	3.750	-3,5
Innflutningsgjald af bifreiðum	1.328	1.500	1.850	1.565	-15,4
Jöfnunargjald	1.079	800	860	-	.
Vörugjald	2.191	2.380	2.400	2.460	2,5
Önnur innflutningsgjöld	432	558	274	324	18,2
Samtals	**8.354**	**8.718**	**9.269**	**8.099**	**-12,6**
Sem hlutfall af heildartekjum	**9,0**	**8,6**	**9,1**	**7,6**	**-1,5**

Þetta á sér þrjár meginskýringar. Í fyrsta lagi er spáð tæplega 4% samdrætti í almennum vöruinnflutningi á næsta ári sem endurspeglast í lægri tolltekjum og ýmsum vörugjöldum af innflutningi. Í öðru lagi verður jöfnunargjald fellt niður um næstu áramót. Við það lækka tekjur ríkissjóðs um 900 m.kr. Í þriðja lagi er miðað við að innflutningur bifreiða dragist saman um fimmtung frá þessu ári, eða um rúmlega 2.000 bíla.

Tekjur af bifreiðum. Nú er allt útlit fyrir að fluttir verði inn hátt í tólf þúsund bílar á þessu ári samanborið við tæplega níu þúsund bíla á árinu 1990. Þetta er þriðjungs aukning milli ára. Í fjárlögum ársins var miðað við að fluttir yrðu inn níu þúsund bílar í ár, eða svipað og í fyrra. Þetta þýðir, lauslega áætlað, að aukin bifreiðakaup landsmanna hafa skilað ríkissjóði allt að 1 milljarði króna í tekjur umfram það sem reiknað var með í fjárlögum. Þetta sýnir vel áhrif aukinnar veltu á tekjur ríkissjóðs og er meðal annars skýring þess að tekjur verða meiri en útlit var fyrir í vor. Raunar eru óvæntar breytingar á tekjuhlið ríkissjóðs sem rekja má til innflutnings á bílum ekki óþekkt fyrirbrigði eins og meðfylgjandi súlurit um bifreiðainnflutning síðasta áratuginn ber með sér.

Á næsta ári er því spáð að bifreiðainnflutningur dragist saman um fimmtung og verði svipaður og árið 1990. Gert er ráð fyrir meiri samdrætti í innflutningi atvinnubíla en fólksbíla. Forsendur þeirrar spár eru óvenjumikill innflutningur á þessu ári, einkum atvinnubíla, og horfur um rýrnandi kaupmátt á næsta ári. Þetta er meginskýring þess að búist er við talsverðum samdrætti í almennum tolltekjum á árinu 1992 og minni tekjum af innflutningsgjaldi bifreiða. Til fróðleiks má benda á að innheimtar tekjur af bifreiðasköttum verða kringum 15% af heildarinnheimtu ríkissjóðstekna á árinu 1991. Árið 1990 var samsvarandi hlutfall um 13½% og verður líklega svipað á næsta ári.



Athygli vekur sá mikli fjöldi atvinnubifreiða sem komið hefur til landsins síðustu tvö árin, en hann hefur meira en tvöfaldast frá meðaltali síðasta áratugar. Þessi þróun tengist vafalaust að hluta upptöku virðisaukaskatts. Í eftirfarandi töflu eru birtar tölur um innflutning bifreiða á tímabilinu janúar-ágúst 1989-1991. Rétt er að taka fram að bílainnflutningur árið 1989 var fremur lítill á sögulegan mælikvarða, sbr. meðfylgjandi súlurit. Þar kemur einnig fram sláandi munur á innflutningi atvinnubifreiða tvö síðastliðin ár samanborið við árin á undan.

Bifreiðainnflutningur janúar-ágúst 1989-1991

	1989	1990	1991
Fólksbílar	4.882	4.454	7.076
Sendibílar	107	640	1.410
Vörubílar	367	598	276
Hópferðabílar	42	66	121
Samtals	**5.398**	**5.758**	**8.883**
Hlutfallsleg skipting, %			
Fólksbílar	90,4	77,4	79,7
Atvinnubílar	9,6	22,6	20,3

Heimild: Bílgreinasambandið.

Önnur innflutningsgjöld. Talið er að tekjur af öðrum innflutningsgjöldum (vörugjald, fóðurgjald, o.fl.) dragist saman að raungildi á næsta ári í kjölfar samdráttar í vöruinnflutningi. Þá fellur jöfnunargjaldið niður um áramótin eins og áður var komið fram. Rétt er þó að nefna innheimtu á sérstökum jöfnunartolli sem er lagður á til að jafna samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda gagnvart erlendum keppinautum. Í dag er þessi tollur eingöngu lagður á innfluttar kökur, en stefnt er að því að innheimta hann af fleiri vörutegundum, meðal annars sælgæti. Ekki er unnt meta tekjuaukann af þessum breytingum af einhverri nákvæmni, enda eftir að útfæra þær nánar. Hér er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum jöfnunartolli á kökur o.fl verði 30 m.kr. á árinu 1992 samanborið við 5 m.kr. á þessu ári.

Virðisaukaskattur. Einkaneysla heimilanna ræður mestu um tekjur af virðisaukaskatti, en hún skilar nálægt 80% af heildarinnheimtu hans. Í þjóðhagsáætlun er því spáð að neysluútgjöld dragist saman um 3% á næsta ári að raungildi, en almenn verðbreyting er áætluð rúmlega 5%. Samdráttur þjóðarútgjalda er talinn verða heldur minni eða kringum 1½%. Á árinu 1992 verður í fyrsta sinn innheimtur virðisaukaskattur í fulla tólf mánuði samanborið við innheimtu í 11½ mánuð á þessu ári sem skilar auknum tekjum á næsta ári. Þá hefur verið tekið tillit til þess að í ár var reiknað með nokkurri viðbótarinnheimtu af virðisaukaskatti vegna slælegra skila á skattinum undir lok síðasta árs. Á þessum forsendum og í ljósi innheimtunnar í ár er því spáð að tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti verði tæpir 43 milljarðar króna á árinu 1992.

Fyrstu átta mánuði ársins var innheimta virðisaukaskatts heldur minni en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum þrátt fyrir meiri eftirspurn innanlands. Þegar litið er á einstaka þætti innheimtunnar kemur í ljós að skattur af innflutningi hækkar verulega, en endanleg skil dragast saman. Hér er raunar ákveðið samhengi á milli. Þannig þarf meiri virðisaukaskattur af innflutningi ekki endilega að þýða auknar skatttekjur, sér í lagi ef um er að ræða innflutning á aðföngum eða fjárfestingarvörum til atvinnurekstrar. Sá skattur fæst að fullu frádreginn sem innskattur á móti útskatti og í mörgum tilvikum kann að vera um beinar endurgreiðslur að ræða. Þetta á til dæmis við um virðisaukaskatt af atvinnubifreiðum ef kaupendur eru í skattskyldum rekstri. Þannig kemur aukin innheimta af innflutningi oftar en ekki fram í minni tekjum af virðisaukaskatti við endanlegt uppgjör.

Tekjur af virðisaukaskatti 1990-1992

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Virðisaukaskattur	37.086	41.550	41.400	42.970	3,8
Sem hlutfall af heildartekjum	**40,1**	**40,9**	**40,6**	**40,4**	**-0,2**

Tölur um álagningu virðisaukaskatts á fyrri helmingi ársins sýna að útskattur á innlenda veltu hefur aukist um rúmlega 15%, en frádráttur vegna innskatts hefur hækkað um meira en 20%. Á sama tíma jukust tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti í tolli um 26½%. Þá hafa endurgreiðslur á virðisaukaskatti, meðal annars til sjávarútvegs og sveitarfélaga, verið talsvert meiri það sem af er ári en búist hafði verið við. Í ljósi þessarar þróunar er í endurskoðaðri áætlun fyrir árið í ár gert ráð fyrir að tekjur af virðisaukaskatti verði 150 m.kr. minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Álagning virðisaukaskatts 1990. Í eftirfarandi töflu eru birtar nokkrar heildarstærðir úr virðisaukaskattkerfinu samkvæmt uppgjöri ársins 1990. Hér er um að ræða álagningartölur fyrir tólf mánuði. Rétt er að vekja á því athygli að þessar fjárhæðir eru ekki fyllilega sambærilegar við innheimtu ársins þar sem hún nær aðeins yfir 10½ mánuð (janúar 1990 til 15. nóvember 1990) auk innheimtu söluskatts af desemberveltu 1990.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu nam heildarálagning virðisaukaskatts 116 milljörðum króna á árinu 1990. Tvo þriðju hluta þeirrar fjárhæðar má rekja til álagningar á aðföng, þ.e. viðskipta milli skattskyldra aðila. Í þessu felst að aðeins um þriðjungur af heildarálagningu virðisaukaskatts, eða 40 milljarðar króna, er álagning á eiginlegan virðisauka. Þetta er í reynd sú fjárhæð sem kemur til innheimtu hjá ríkissjóði. Þar af fara síðan 2,3 milljarðar króna í beinar endurgreiðslur. Þar vega þyngst endurgreiðslur virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði. Þá er sveitarfélögum og ýmsum opinberum fyrirtækjum endurgreiddur virðisaukaskattur af kaupum á sérfræðiþjónustu, ræstingu, snjómokstri o.fl. auk þess sem lagður er lægri skattur á ýmsar tegundir matvæla.

Álagning virðisaukaskatts og endurgreiðslur árið 1990

	Álagning 1990 m.kr.	Hlutfallsleg skipting %
Heildarálagning á skattskylda veltu (útskattur)	116.200	100,0
Frá dregst álagning á aðföng (innskattur)	-76.300	-65,7
Álagning virðisaukaskatts, nettó (útskattur - innskattur)	**39.900**	**34,3**
þar af álagt við innflutning	21.100	18,2
þar af álagning á innlenda verðmætasköpun	18.800	16,1
Endurgreiðslur	**-2.300**	**-2,0**
Lægri VSK af mjólk, kjöti, fiski o.fl.	-580	-0,5
Endurgreiðslur til sveitarfélaga o.fl.	-630	-0,5
Endurgreiðslur vegna vinnu við íbúðarhúsnæði	1.090	-1,0
Hlutur ríkissjóðs í álögðum virðisaukaskatti	**37.600**	**32,3**

Enn fremur er stillt upp töflu, sem sýnir hvernig nettóálagning virðisaukaskatts árið 1991 skiptist eftir atvinnugreinum.

Skipting álagningar 1990 eftir atvinnugreinum

Fjárhæðir í milljörðum króna	Álagning 1990	Hlutfallsleg skipting %
Landbúnaður	1,3	3,2
Sjávarútvegur	-4,2	-10,6
Iðnaður	3,9	9,7
Byggingarstarfsemi	3,2	7,9
Verslun [1]	30,6	76,7
Veitingarekstur og ýmis þjónusta við neytendur	2,0	5,0
Sérfræðiþjónusta (þjónusta við atvinnurekstur)	2,6	6,5
Aðrar greinar	0,5	1,6
Álagning virðisaukaskatts, nettó	**39,9**	**100,0**

[1] Álagning virðisaukaskatts á innflutning er hér talin með nettóálagningu verslunar, en í því er fólgið ákveðið ofmat og þar með á hlutdeild þeirrar greinar í heild.

Það þarf ekki að koma á óvart að hlutur verslunar og þjónustu vegur langþyngst í þessari skiptingu, enda áður komið fram að einkaneysla skilar nálægt 80% af heildarinnheimtu virðisaukaskatts. Álagning virðisaukaskatts á sjávarútveg er hins vegar neikvæð, þ.e. skattur á aðföng veiða og vinnslu (innskattur) er hærri en skattur af veltu (útskattur), en útflutningur, þar með taldar sjávarafurðir, er undanþeginn virðisaukaskatti. Eins og fram kemur í töflunni námu endurgreiðslur til veiða og vinnslu samtals 4,2 milljörðum

króna á árinu 1990. Rétt er að vekja á því athygli að endurgreiðsla virðisaukaskatts til fiskvinnslu af seldum afla, sem nam á árinu 1990 samtals um 5 milljörðum króna, kemur ekki inn í þessar tölur þar sem á móti kemur samsvarandi fjárhæð sem útskattur hjá útgerðinni.

Þessar kennitölur úr virðisaukaskattkerfinu sýna vel umfang þessarar skattlagningar sem stendur undir allt að helmingi allra skatttekna ríkissjóðs. Jafnframt gefa þær glöggt til kynna að lítil frávik, hvort heldur er í álagningu eða innheimtu skattsins, geta haft veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs. Því er brýnt að fylgst sé grannt með einstökum þáttum virðisaukaskattsins, jafnt álagningu útskatts sem frádrætti og endurgreiðslum vegna innskatts. Sama gildir um beinar endurgreiðslur til húsbyggjenda, sveitarfélaga o.fl.

Hagnaður ÁTVR. Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að ÁTVR skili ríkissjóði 6.800 m.kr. af rekstrarhagnaði sínum á næsta ári. Að baki liggja forsendur um að verð á áfengi og tóbaki hækki í samræmi við almenna verðlagsþróun á árinu 1992 auk þess sem gert er ráð fyrir 2-3% samdrætti í neyslu.

Skattskil ÁTVR 1990-1991

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Hagnaður af sölu áfengis og tóbaks . .	5.920	6.700	6.500	6.800	4,6
Sem hlutfall af heildartekjum	**6,4**	**6,6**	**6,4**	**6,4**	-

Skil ÁTVR verða líklega 6.500 m.kr. á þessu ári sem er 200 m.kr. lægri fjárhæð en reiknað var með í áætlun fjárlaga. Þetta skýrist af því að í lok síðasta árs ákvað þáverandi ríkisstjórn sérstaka hækkun á verði áfengis og tóbaks sem koma átti til framkvæmda á fyrstu mánuðum þessa árs. Sú hækkun átti að skila samtals 300 m.kr. í viðbótartekjum. Ekkert varð hins vegar úr þessum áformum sem að stærstum hluta skýrir frávikið frá fjárlögum eins og áður sagði.

Tryggingagjald. Um síðustu áramót var tekið upp eitt tryggingagjald í stað þeirra fimm (launaskatts, lífeyristryggingagjalds, slysatryggingagjalds, atvinnuleysistryggingagjalds og vinnueftirlitsgjalds) sem áður voru lögð á launagreiðslur, en skattstofninn var í flestum tilvikum svipaður. Þessi gjöld voru ýmist lögð á launagreiðslur líðandi eða liðins árs, en nýja gjaldið er hins vegar innheimt með sama hætti og staðgreiðsla tekjuskatts hjá einstaklingum.

Gjaldið er lagt á í tveimur þrepum, þ.e. 2,5% á greinar sem áður voru undanþegnar launaskatti (landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður) en 6% á aðrar greinar. Með þessum breytingum hefur náðst fram ákveðin samræming og veruleg einföldun í álagningu launatengdra gjalda sem hefur mikið hagræði í för með sér, bæði fyrir skattgreiðendur og skattyfirvöld. Meðal annars var gjaldið samræmt milli félagaforma. Enn ríkir hins vegar mismunun í álagningu gjaldsins eftir atvinnugreinum, en stefnt er að samræmingu á þeirri gjaldtöku í áföngum. Þessar breytingar eru í takt við þá þróun sem átt hefur sér stað í

öðrum löndum. Benda má á að tryggingagjöld eru veigamikill stofn í tekjuöflun ríkja innan OECD og þá alla jafna sem liður í fjármögnun tryggingakerfisins.

Tekjur af launagjöldum 1990-1992

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Launaskattur	4.067	-	-	-	-
Lífeyristryggingagjald	2.471	-	-	-	-
Slysatryggingagjald	530	-	-	-	-
Atvinnuleysistryggingagjald	259	-	-	-	-
Tryggingagjald	-	8.380	8.700	8.900	2,3
Samtals	**7.327**	**8.380**	**8.700**	**8.900**	**2,3**
Sem hlutfall af heildartekjum	**7,9**	**8,2**	**8,5**	**8,4**	**-0,1**

Áætlað er að innheimtar tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi að viðbættum eftirstöðvum eldri launagjalda verði 8,9 milljarðar króna á árinu 1992 samanborið við 8,7 milljarða á þessu ári. Hækkunin milli ára er aðeins rúmlega 2% þrátt fyrir spár um að laun hækki um 3-4% að meðaltali milli ára. Hér koma til tvær ástæður sem ganga sitt til hvorrar áttar. Önnur er sú að á þessu ári er tryggingagjaldið aðeins innheimt í ellefu mánuði auk innheimtu eftirstöðva og launaskatts af desemberlaunum 1990. Á næsta ári verður þetta nýja gjald hins vegar innheimt í fulla tólf mánuði sem talið er skila um 200 m.kr. í viðbótarinnheimtu. Hin skýringin sem gerir meira en aðvega upp þessi innheimtuáhrif er sú að innheimta á eftirstöðvum eldri gjalda hefur verið mjög góð það sem af er ári. Þetta er raunar meginástæða þess að tekjur af launagjöldum fara rúmlega 300 m.kr. fram úr áætlun fjárlaga í ár. Óvarlegt þykir að gera ráð fyrir jafnmiklum tekjuauka af innheimtu eftirstöðva á næsta ári.

Bifreiðagjöld. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjur af þessum gjaldstofni verði um 7 milljarðar króna á árinu 1992, en í ár er reiknað með að innheimta þeirra verði 6½ milljarður króna. Samkvæmt því hækka þessi gjöld um rúmlega 10% milli ára sem svarar til 5% aukningar að raungildi. Sú aukning kemur fyrst og fremst fram í tekjum af bensíngjaldi og þungaskatti.

Hlutur þessara gjalda í tekjuöflun ríkissjóðs hefur vaxið verulega á undanförnum árum, eða úr 3,8% árið 1980 í 6,3% 1990 og stefnir í 6,7% á næsta ári. Þetta jafngildir því að tekjur af þessum gjöldum hafi aukist um 3 milljarða króna á tíu ára tímabili reiknað á föstu verði. Þar af á bifreiðagjaldið 40%, eða 1,3 milljarða, en það var tekið upp árið 1987. Afgangurinn eru auknar tekjur af bensíngjaldi og þungaskatti. Hún skýrist fyrst og fremst af miklum vexti í bifreiðaeign landsmanna síðasta áratuginn. Í lok árs 1980 voru skráðir um 90 þúsund bílar hér á landi, en á síðasta ári voru þeir orðnir rúmlega 134 þúsund. Á tímabilinu 1980-1989 hefur bifreiðum hér á landi því fjölgað um 50%, eða um 5% að jafnaði á ári hverju. Einstök ár standa þó upp úr, til dæmis 1986 og 1987, eins og fram kemur í mynd um bifreiðainnflutning hér að framan.

Markaðar tekjur til vegagerðar. Innheimtar tekjur af bensíngjaldi og þungaskatti verða 5.830 m.kr. á árinu 1992, en þessir tekjustofnar eru markaðir vegagerð samkvæmt lögum. Meðalhækkun milli áranna 1991 og 1992 nemur tæpum 12% sem þýðir að þessi gjöld hækka að meðaltali 6% umfram almennt verðlag. Almenna forsendan að baki þessari spá er að bensíngjald og þungaskattur hækki um 2% um næstu áramót en haldist að öðru leyti óbreytt á árinu 1992. Til viðbótar kemur að í ár hafa þessi gjöld hækkað mjög mikið. Þannig hefur bensíngjald hækkað um rúmlega 13% það sem af er ári og þungaskattur um 25% hefur í för með sér 10% hækkun þessara tekna að raungildi í ár. Hækkanirnar koma síðan fram með fullum þunga á næsta ári og skýra í reynd stóran hluta þeirrar raunaukningar sem fram kemur á þessum lið frumvarpsins. Af öðrum forsendum má nefna fyrirhugaðar breytingar á innheimtukerfi þungaskatts sem talið er að bæti innheimtuna um 90 m.kr. á árinu 1992. Þetta skýrir þá umframhækkun sem fram kemur í tekjum af kílómetragjaldi, sbr. meðfylgjandi töflu. Þá er miðað við að sala á bensíni verði 179 milljónir lítra á næsta ári.

Tekjur af bifreiðagjöldum 1990-1992

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Bensíngjald	3.171	3.570	3.675	4.000	8,8
Þungaskattur, km-gjald	1.019	1.105	1.105	1.355	22,6
Þungaskattur, árgjald	311	345	435	475	9,2
Markaðar tekjur til vegagerðar	**4.501**	**5.020**	**5.215**	**5.830**	**11,8**
Bifreiðagjald	970	1.010	1.250	1.300	4,0
Samtals	**5.471**	**6.030**	**6.465**	**7.130**	**10,3**
Sem hlutfall af heildartekjum	**5,9**	**5,9**	**6,3**	**6,7**	**0,4**

Það sem af er þessu ári eru tekjur af bensíngjaldi og árgjaldi þungaskatts nokkru meiri en reiknað var með í fjárlögum. Það bendir því allt til þess að markaðar tekjur til vegagerðar verði tæplega 200 m.kr. meiri á árinu öllu en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun. Að baki liggur meiri bensínsala og fjölgun dísilbifreiða til einkanota, en af þeim bifreiðum er almennt greitt fast árgjald.

Bifreiðagjald. Tekjur af bifreiðagjaldi eru áætlaðar 1.300 m.kr. á næsta ári samanborið við 1.250 m.kr. í ár. Þá er miðað við að þetta gjald hækki um 2% í upphafi árs en haldist að öðru leyti óbreytt á næsta ári. Enn fremur gæti innheimta gjaldsins orðið um 250 m.kr. meiri á þessu ári en áætlað var í fjárlögum. Þar endurspeglast fyrst og fremst mikill bílainnflutningur á undanförnum mánuðum.

Aðrir skattar. Undir þennan lið falla ýmis afgreiðslugjöld auk stimpilgjalda og skatta af erlendum gjaldeyri. Á árinu 1992 er heildarinnheimta þessara tekjustofna áætluð um 4,3 milljarðar króna, en í þeirri áætlun felst 400 m.kr. tekjuaukning frá þessu ári í krónum talið. Þessa aukningu má að stærstum hluta rekja til breytinga á innheimtu

dómsmálagjalda. Fram til þessa hafa þau að mestu verið innheimt af fógetum og sýslumönnum sem sértekjur viðkomandi embætta, en frá og með næstu áramótum munu þessi gjöld renna beint í ríkissjóð.

Ýmsir skattar 1990-1992

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Skattar af erlendum gjaldeyri	563	464	409	400	-2,2
Þinglýsingar, stimpilgjöld	2.238	2.375	2.420	2.505	3,5
Aukatekjur, þ.m.t. dómsmálagjöld	429	430	495	820	65,7
Ríkisábyrgðagjald	251	280	280	280	-
Aðrir skattar [1]	809	301	325	368	13,2
Samtals	**4.290**	**3.850**	**3.929**	**4.373**	**11,3**
Sem hlutfall af heildartekjum	**4,6**	**3,8**	**3,9**	**4,1**	**0,2**

[1] Í reikningi 1990 voru tekjur frá Alþjóðaflugþjónustunni (ICAO), samtals 468 m.kr., bókfærðar í A-hluta en eru nú færðar sem sértekjur í B-hluta.

Aðrir skattar undir þessum lið lækka að raungildi milli ára vegna minnkandi umsvifa í þjóðarbúskapnum, ef frá er talin sérstök hækkun á skipaskoðunargjaldi. Á sama hátt skýrir aukin eftirspurn meiri tekjur á þessu ári en reiknað var með í fjárlögum.

Aðrar tekjur. Talið er að vaxtatekjur verði 3,8 milljarðar króna á næsta ári, eða svipaðar og í ár metnar á föstu verðlagi. Reiknað er með nokkurri aukningu vaxta af endurlánum ríkisins, en á móti verða tekjur af dráttarvöxtum væntanlega minni með lækkandi nafnvöxtum í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins.

Aðrar tekjur 1990-1992

Greiðslugrunnur	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.	Breyting 1991-1992 %
Vaxtatekjur	4.096	3.700	3.700	3.815	3,1
Arðgreiðslur	1.904	2.328	1.995	2.310	15,8
Sala eigna	70	-	325	1.075	230,8
Ýmsar tekjur	245	275	275	290	5,5
Samtals	**6.315**	**6.303**	**6.295**	**7.490**	**19,0**
Sem hlutfall af heildartekjum	**6,8**	**6,2**	**6,2**	**7,0**	**0,8**

Þá er gert ráð fyrir 2,3 milljörðum króna í arðgreiðslum, eða rúmlega 300 m.kr. hærri fjárhæð en á þessu ári. Þessi aukning skýrist nær alfarið af auknum arðgreiðslum frá Pósti og síma sem hækka um 390 m.kr. frá þessu ári. Á móti kemur að hluti ríkissjóðs af

hagnaði Seðlabanka verður líklega talsvert minni en í ár þar sem allt útlit er fyrir að afkoma bankans verði fremur slök á þessu ári. Þá er stefnt að sölu ríkiseigna á næstunni og er gert ráð fyrir að sú eignarsala skili ríkissjóði allt að einum milljarði króna í tekjum á komandi ári.

Þegar á heildina er litið skila þessir tekjuliðir líklega svipuðum tekjum á þessu ári og áætlað var í fjárlögum. Nokkur frávik eru þó á einstökum liðum. Fyrst má nefna hagnað af sölu eigna, samtals um 325 m.kr., sem ekki var reiknað með í áætlun fjárlaga. Hér er um að ræða eignir sem gengu upp í kaup á fasteignum við Laugarnes. Aftur á móti verða arðgreiðslur ríkissjóðs rúmlega 300 m.kr. minni en áætlað var í fjárlögum. Þann mismun má alfarið rekja til þess að í fyrri áætlun var gert ráð fyrir að Íslenskir aðalverktakar skiluðu 400 m.kr. greiðslu í ríkissjóð á árinu 1991 vegna breytinga á eignarhaldi fyrirtækisins á síðasta ári. Eftir afgreiðslu fjárlaga í desember síðastliðnum var hins vegar ákveðið að innheimta þessa fjárhæð fyrir áramót og draga þannig úr rekstrarhalla ríkissjóðs á árinu 1990.

5 Gjöld

Í þessum kafla er fjallað um áætluð útgjöld A-hluta ríkissjóðs. Fyrst verður fjallað um heildarútgjöld og hagræna skiptingu þeirra og því næst um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana.

5.1 Heildaryfirlit útgjalda

Heildarútgjöld ríkissjóðs 1992 eru áætluð 110,1 milljarður króna. Þetta er lægri fjárhæð í krónutölu en útgjöld samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir yfirstandandi ár. Að teknu tilliti til almennra forsendna um verðþróun jafngildir það tæplega 5 milljarða króna lækkun að raungildi, eða sem nemur 4½% samdrætti milli ára. Til að þessi samdráttur í umsvifum ríkisins verði að veruleika þarf lagabreytingar á fleiri sviðum ríkisstarfseminnar en oftast áður. Í reynd er fyrirhugaður samdráttur í umsvifum ríkisins þó 4 milljörðum króna meiri á árinu 1992 en fram kemur í útgjaldatölunum. Í frumvarpinu er mörkuð sú stefna að tengja framlög á fjárlögum við skuldbindingar ríkissjóðs sem til er stofnað. Þannig er framlögum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og Byggingarsjóðs verkamanna ekki aðeins ætlað að standa undir greiðslufjárþörf sjóðanna árið 1992 heldur einnig áætlaðri heildarniðurgreiðslu vaxta á nýjum útlánum þó svo eiginlegar greiðslur falli ekki til fyrr en síðar. Þá eru framlög til uppbóta á lífeyri ekki skert heldur greidd í samræmi við gildandi lög. Loks má nefna að hluti fjárfestingar, sem eðli máls samkvæmt á að fara um fjárlög, hefur verið fjármagnaður með lántöku. Nægir í því sambandi að nefna ýmsar hafnaframkvæmdir og húsakaup. Ef þessi breytta stefna er heimfærð á útgjöld yfirstandandi árs, þ.e. 1991, hefðu þau orðið um 2,2 milljörðum króna hærri en fram kemur á yfirlitinu. Loks ber að nefna að greiðslubyrðin á árinu 1992 verður 1,8 milljörðum króna hærri en ella hefði orðið vegna skörunar á greiðslum samkvæmt gamla og nýja búvörusamningnum. Samdrátturinn milli áranna 1991 og 1992 er því í reynd um 9 milljarðar króna alls.

Á eftirfarandi töfluyfirliti eru útgjöld sýnd bæði samkvæmt samþykktum fjárlögum ársins 1991 og endurmati á útgjaldahorfum á árinu. Yfirlitið er því upplýsandi bæði um breytingar á veigamestu útgjaldaliðum á árinu 1991 og um áformaðar fjárveitingar 1992. Í frumvarpi til fjáraukalaga sem lagt verður fram innan tíðar verður gerð ítarleg grein fyrir endurskoðaðri áætlun tekna og gjalda fyrir 1991 og frávikum frá fjárlögum.

Rekstrarkostnaður A-hluta ríkissjóðs, þ.e. laun og önnur rekstrargjöld auk sértekna, lækkar í krónutölu um 0,4 milljarða króna, eða um sem næst 1% frá áætlun fyrir 1991. Á sambærilegu verðlagi jafngildir samdrátturinn um 2 milljörðum króna. Samdrátturinn stafar að stærstum hluta af auknum sértekjum ýmissa stofnana ríkisins. Í stað þess að ganga enn lengra í niðurskurði útgjalda og þar með loka stofnunum eins og skólum, sjúkrahúsum og vistheimilum valdi ríkisstjórnin þá leið í nokkrum tilvikum að auka og í öðrum að taka upp gjaldtöku fyrir ýmsa þjónustu sem ríkisstofnanir veita.

Heildarlaunagjöld eru áætluð 33,7 milljarðar króna á næsta ári og hækka um 3,7% frá árinu 1991. Launagjöld hækka vegna flutnings nokkurra sjálfseignarstofnana á föst fjárlög, eða um 300 m.kr. Að teknu tilliti til launaþróunar á næsta ári og flutnings stofnana á föst fjárlög haldast launagjöld óbreytt að umfangi milli ára. Samkvæmt því má ætla að heildarfjöldi starfa hjá stofnunum í A-hluta ríkissjóðs verði að mestu óbreyttur.

	Reikningur 1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.	Breyting frá áætlun %
1. Rekstrarkostnaður	**37.307**	**41.416**	**42.377**	**41.964**	**-1,0**
Laun	29.070	32.018	32.444	33.652	3,7
Önnur gjöld	13.387	14.042	14.577	15.440	5,9
Sértekjur	5.150	4.644	4.644	7.128	53,5
2. Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur, framlög	**39.630**	**41.774**	**44.837**	**43.642**	**-2,7**
Lífeyristryggingar	12.640	13.895	14.195	14.672	3,4
Sjúkratryggingar	9.737	10.060	10.500	8.009	-23,7
Slysatryggingar	443	426	546	547	0,2
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.031	1.280	1.360	1.130	-16,9
Ríkisábyrgð á launum	220	261	548	100	-81,8
Uppbætur á lífeyri	672	788	908	1.200	32,2
Lífeyrissjóður bænda	280	392	392	432	10,2
Niðurgreiðsla á vöruverði	5.459	5.470	5.470	5.065	-7,5
Niðurgreiðsla á rafmagni	223	262	297	341	14,8
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	592	676	676	340	-49,7
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	1.421	1.427	2.327	3.122	34,2
Sauðfjárveikivarnir	320	339	339	241	-28,9
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.174	1.730	2.130	2.220	4,2
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	1.207	1.366	1.366	1.370	0,3
Skipaútgerð ríkisins	180	134	234	-	-
Annað	3.031	3.268	3.549	4.853	36,8
3. Vaxtagreiðslur	**8.274**	**9.400**	**9.400**	**9.900**	**5,3**
4. Viðhald	**2.362**	**2.534**	**2.444**	**2.784**	**13,9**
Vegagerð ríkisins	1.837	1.980	1.880	2.118	12,7
Annað	525	554	564	666	18,1
5. Fjárfesting, alls	**9.326**	**10.643**	**11.776**	**11.856**	**0,6**
Stofnkostnaður	4.885	6.066	6.548	6.954	6,1
Vegagerð ríkisins	2.218	2.700	2.620	2.940	12,2
Flugvellir	308	333	333	267	-19,8
Endurbætur menningarbygginga	396	335	585	365	-37,6
Sjúkrahús í Reykjavík	269	359	511	399	-21,9
Framkvæmdasjóður fatlaðra	220	225	260	320	23,1
Annað	1.474	2.094	2.239	2.663	18,6
Fjárfestingarframlög	4.441	4.577	5.228	4.902	-6,2
Vegagerð ríkisins	381	425	425	468	10,1
Hafnamál	634	677	807	842	4,3
Byggðastofnun	241	250	250	200	-20,0
Byggingarsjóðir	534	900	900	1.075	19,4
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	343	-	357	-	-
Sjúkrahús og læknisbústaðir	296	314	314	310	-1,3
Framkvæmdasjóður aldraða	193	370	370	277	-25,1
Annað	1.819	1.641	1.805	1.730	-4,2
Samtals	**96.899**	**105.767**	**110.834**	**110.146**	**-0,6**

Á síðustu árum hafa launaútgjöld ríkissjóðs farið ört vaxandi. Ýmsar ástæður eru þar að baki. Þar má nefna áhrif breytinga á lögum um skólastarf, eins og lengingu skyldunáms, fjölgun nemenda á framhalds- og háskólastigi og meiri fjölbreytni í námsframboði. Þá jukust launagjöld ríkissjóðs í kjölfar breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, einkum í heilsugæslu. Áhrifa þessa til hækkunar launaútgjalda gætir enn. Í frumvarpinu kemur fram að launakostnaður hjá stofnunum fatlaðra heldur enn áfram að vaxa með opnun nýrra heimila. Lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds sem taka gildi um mitt ár 1992 kalla einnig á nokkra fjölgun starfsmanna.

Önnur rekstrargjöld ráðuneyta og stofnana nema 15,4 milljörðum króna og hækka um 7,5%. Breytingarnar koma fram á ýmsum liðum og eru þær ekki raktar hér.

Sértekjur stofnana ríkisins hækka verulega eins og að framan er getið og eru áætlaðar 7,1 milljarður króna árið 1992 borið saman við 4,6 milljarða króna í ár. Í frumvarpinu gætir þess víða að stofnunum er ætlað að afla aukinna sértekna til að standa undir hlutaðeigandi starfsemi. Veigamest er hækkunin þó á þremur sviðum. Í fyrsta lagi er sjávarútveginum ætlað að taka þátt í að greiða kostnað fyrir veitta þjónustu Hafrannsóknastofnunar og standa undir kostnaði við veiðieftirlitið. Í öðru lagi er hlutur notenda í kostnaði við þjónustu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva aukinn. Loks er skólum á framhalds- og háskólastigi gefinn kostur á að hækka innritunar- og efnisgjöld nemenda í stað þess að draga úr kennslumagni og útgjöldum.

Á meðfylgjandi mynd er sýnd hlutfallsleg skipting rekstrarútgjalda eftir málefnaflokkum. Þar kemur meðal annars fram að nálægt tveir þriðju hlutar þeirra fara til reksturs skóla og sjúkrahúsa og hefur hlutur þeirra aukist frá fjárlögum yfirstandandi árs þrátt fyrir sparnaðaraðgerðir þar.

Rekstrarkostnaður ríkissjóðs 1992
Hlutfallsleg skipting



Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur og framlög, eða svonefndar rekstrartilfærslur, lækka um rúma 3 milljarða króna að raungildi. Þyngst vegur lækkun á framlagi til sjúkratrygginga, en veigamiklar breytingar eru fyrirhugaðar á einstökum þáttum þeirra. Einnig er gert ráð fyrir að greiðslur vegna ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot lækki verulega. Ætlunin er að breyta núverandi lögum og takmarka ábyrgð ríkissjóðs frá því sem nú er.

Nokkrir liðir hækka. Þar má nefna greiðslur á lífeyristryggingabótum og uppbætur á lífeyri, en ekki er lengur gert ráð fyrir skerðingu á framlagi til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna. Einnig hækkar framlag til niðurgreiðslu á rafhitun í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá síðastliðnu vori.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu, þ.m.t. niðurgreiðsla á búvörum, eru óbreyttar að krónutölu frá því sem áætlað er í ár. Hins vegar er talið að þær lækki um ríflega 3 milljarða króna árið 1993 þar sem útflutningsuppbætur og niðurgreiðsla á sauðfjárafurðum falla niður.

Um 40% heildarútgjalda fara til rekstrartilfærslna á næsta ári, eða 43,6 milljarðar króna. Stærstur hlutinn, vel yfir helmingur, fer til að kosta almannatryggingakerfið og nálægt fjórðungur fer til styrkja í landbúnaði og niðurgreiðslna á búvörum. Á meðfylgjandi mynd er sýnd nánari skipting rekstrartilfærslna á helstu þætti.

Skipting rekstrartilfærslna 1992



Vextir af lánum ríkissjóðs hækka um 500 m.kr. milli ára, eða um 5,4%. Hækkunin stafar fyrst og fremst af miklum hallarekstri á ríkissjóði á undanförnum árum sem fjármagna þarf og eykur það vaxtagreiðslur ríkissjóðs á næsta ári. Vaxtagreiðslur eru mjög sveiflukenndar og háðar gengi, vaxtastigi á innlendum og erlendum lánamörkuðum og innlausn spariskírteina. Þá ráðast vaxtagreiðslur einnig af því hvort ríkissjóður mætir

nauðsynlegri fjárþörf með skammtímalánum, svo sem ríkisvíxlum, eða verðbréfum til lengri tíma.

Viðhald hækkar um 14% frá áætlun yfirstandandi árs og verður 2,8 milljörðum króna varið til þess á næsta ári. Til viðhalds vega fer 2,1 milljarður króna en afgangurinn er ætlaður til viðgerða og endurbóta á eignum ríkisins. Víða hefur skort á að þeim þætti hafi verið nægjanlega sinnt á umliðnum árum.

Fjárfesting er sem næst óbreytt að krónutölu milli áranna 1991 og 1992 og lækkar því að raungildi um 4%. Hins vegar hækkaði framlag ríkissjóðs til fjárfestingar á þessu ári um fjórðung frá árinu á undan. Stofnkostnaður hækkar um 6% og breytast einstakir liðir misjafnlega á milli ára. Þannig hækkar framkvæmdafé Vegagerðarinnar um 12%, eða um 7½% að raunvirði. Þá aukast framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og til stofnana dómsmálaráðuneytis vegna laga um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdavalds, er taka gildi um mitt næsta ár. Framlög til flestra annarra framkvæmdaflokka lækkar. Fjármagnstilfærslur dragast að sama skapi saman. Gildir það um framlög til flestra aðila að undanskildu framlagi til Byggingarsjóðs verkamanna sem hækkar um 20% og framlagi til að standa undir töpuðum lánum með ríkisábyrgð en það næstum tvöfaldast. Skipting stofnkostnaðar og fjármagnstilfærslna er sýnd í töfluviðauka.

5.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta greinargerðarinnar eru skýrðar helstu breytingar á útgjöldum til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Í umfjölluninni er áhersla lögð á skýringar er taka til heildstæðra málaflokka, en minna lagt upp úr frásögn af breytingum á rekstrar- og framkvæmdaliðum einstakra stofnana. Með þessu er ætlað að auðvelda yfirsýn um framlög til veigamikilla útgjaldaflokka og er það í anda þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við undirbúning frumvarpsins, þ.e.a.s. að ráðuneytin tóku mikinn þátt í því að skipta framlögum á einstaka fjárlagaliði og leggja til efni í athugasemdir um þá.

Rétt er að taka fram að þegar vitnað er til fjárlaga 1991 í þessu frumvarpi er átt við fjárlög eins og þau voru afgreidd frá Alþingi í árslok 1990. Í umfjöllun hér á eftir er þar af leiðandi ekki tekið tillit til þeirra útgjaldabreytinga sem fram munu koma í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir 1991 sem lagt verður fyrir Alþingi nú í byrjun þings.

Loks er þess að geta að líkt og í fjárlögum 1991 eru tölur um laun, rekstrarútgjöld og sértekjur fyrir 1992 hjá einstökum stofnunum á verðlagi í janúar 1992. Framlög til annarra þátta eru á meðalverðlagi 1992. Í textanum hér á eftir er almennt fjallað um fjárhæðir í milljónum króna.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	47.300	42.650	54.000	27	14
Alþingi og stofnanir þess	731.400	774.840	834.800	8	14
Ríkisstjórn	61.100	63.440	57.600	-9	-6
Annað	212.300	145.240	130.200	-10	-39
Samtals	**1.052.100**	**1.026.170**	**1.076.600**	**5**	**2**
Rekstrarkostnaður	835.100	854.530	919.300	8	10
Neyslu- og rekstrartilfærslur.	24.100	27.240	34.400	26	43
Stofnkostnaður og viðhald	192.900	144.400	122.900	-15	-36
Samtals	**1.052.100**	**1.026.170**	**1.076.600**	**5**	**2**

Sú breyting hefur verið gerð á málefnaflokkaskipan æðstu stjórnar ríkisins að *Hæstiréttur* telst nú til málefnaflokksins *Annað*.

Heildarframlag til æðstu stjórnar ríkisins er áætlað 1.076,6 m.kr. sem er 5% hækkun frá gildandi fjárlögum. Hér er þó um raunlækkun að ræða, og skýrist hún af lægra framlagi til framkvæmda á Bessastöðum. Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka æðstu stjórnar ríkisins og þá fjárlagaliði sem tilefni er til að skýra.

Embætti forseta Íslands

Heildarútgjöld embættis forseta Íslands eru áætluð 54 m.kr. og hækka um 27% frá fjárlögum 1991. Tvö ný viðfangsefni bætast við þennan málefnaflokk, *5.20 Laufásvegur 72* og *5.21 Bessastaðir*, samtals 7 m.kr. sem áformað er að verja til viðhalds.

Alþingi og stofnanir þess

Eftirtaldir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Alþingi; 610 Umboðsmaður Alþingis og 620 Ríkisendurskoðun.

Heildarútgjöld eru áætluð 834,8 m.kr. samanborið við 774,8 m.kr. í gildandi fjárlögum sem er lítil hækkun umfram verðlagsbreytingar. Helstu efnislegu breytingar hjá einstökum stofnunum eru eftirfarandi:

201 Alþingi. Heildarframlag er áætlað 654,4 m.kr. og lækkar eilítið frá fjárlögum að raungildi. Rekstrargjöld eru áætluð 568,3 m.kr. og lækka um 7,8 m.kr. Nokkur viðfangsefni hækka en önnur lækka að sama skapi: Viðfangsefnið *1.01 Alþingiskostnaður* lækkar um 9,5 m.kr. þar sem kostnaður vegna biðlauna í kjölfar alþingiskosninga s.l. vor fellur niður. Á móti hækkar kostnaður við störf fastanefnda Alþingis um 3 m.kr. Viðfangsefnið *1.02 Aðalskrifstofa* hækkar um 10,5 m.kr. frá fjárlögum 1992. Hækkunin tengist m.a. kostnaði við ritun kristnisögu í tilefni af 1000 ára afmæli kristni á Íslandi, sem er í samræmi við ályktun Alþingis frá 1990 og kostnaði við undirbúning rits um Alþingi í tilefni 150 ára afmælis þess. Útgjöld til *1.03 Þingmálaskrifstofu* hækka um 2,3 m.kr. þar sem fjölgar um tvær stöður vegna aukinnar

þjónustu við fastanefndir. Í útgáfudeild aftur á móti fækkar um hálft starf í kjölfar tölvuvæðingar. Loks hækkar framlag til viðfangsefnis *1.07 Hús Jóns Sigurðssonar* um 1,4 m.kr. vegna rekstrarkostnaðar íbúðar fræðimanns í Kaupmannahöfn sem keypt var 1991. Af 18,2 m.kr. framlagi til stofnkostnaðar fara 15 m.kr. til að ljúka tölvuvæðingu Alþingis. Veigamesti hluti tölvuvæðingarinnar er upplýsingakerfi um þingmál er notendur innan Alþingis sem utan munu hafa aðgang að.

610 Umboðsmaður Alþingis. Heildarframlag er áætlað 19,4 m.kr. og hækkar um 17% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkun framlagsins skýrist af auknum launakostnaði vegna aukinna upplýsinga og ráðlegginga sem skrifstofan veitir. Málafjöldi hefur aftur á móti haldist allstöðugur síðustu starfsár.

620 Ríkisendurskoðun. Heildarframlag er áætlað 161 m.kr. miðað við 142 m.kr. í gildandi fjárlögum. Störfum fjölgar um eitt til að mæta sívaxandi verkefnum stofnunarinnar og kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu endurskoðenda, lögfræðinga o.fl. hækkar nokkuð. Rétt er að geta 1,5 m.kr. framlags í orlofssjóð samkvæmt samningi starfsmannafélaganna við forseta Alþingis og er það lokagreiðsla.

Ríkisstjórn

Til þessa málefnaflokks telst eingöngu *Ríkisstjórn.* Heildarútgjöld eru áætluð 57,6 m.kr. samanborið við 63,4 m.kr. í fjárlögum 1991. Ráðherrum fækkar um einn frá því sem áætlað var fyrir í fjárlögum 1991 og hið sama gildir um aðstoðarmenn þeirra.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 401 Hæstiréttur; 510 Bessastaðir og 520 Opinberar heimsóknir.

Hæstiréttur er nýr fjárlagaliður undir þessum málefnaflokki og er framlag áætlað 29 m.kr. Gert er ráð fyrir 82 m.kr. framlagi til framkvæmda á *Bessastöðum* í stað 100 m.kr. í gildandi fjárlögum og framlag til *Opinberra heimsókna* hækkar ekki umfram verðlagsforsendur miðað við gildandi fjárlög.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld forsætisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	94.200	77.920	93.100	19	-1
Annað	647.800	316.350	272.500	-14	-58
Samtals	**742.000**	**394.270**	**365.600**	**-7**	**-51**
Rekstrarkostnaður	140.700	108.760	131.900	21	-6
Neyslu-og rekstrartilfærslur	3.300	12.310	8.400	-32	155
Stofnkostnaður og viðhald	598.000	273.200	222.200	-19	-63
Samtals	**742.000**	**394.270**	**365.600**	**-7**	**-51**

Heildarútgjöld ráðuneytisins eru áætluð 365,6 m.kr. sem er 7% lækkun frá gildandi fjárlögum. Lækkunin skýrist einkum af lægra framlagi til Byggðastofnunar heldur en í ár. Framlag til *Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina*, 343 m.kr. féll niður á fjárlögum síðasta árs, sem skýrir mismun milli reiknings og gildandi fjárlaga.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks telst aðalskrifstofa ráðuneytisins. Heildarframlag er áætlað 93,1 m.kr. Útgjöld á viðfangsefni *1.01 Yfirstjórn* hækka frá gildandi fjárlögum úr 43,9 m.kr. í 62,8 m.kr. Verið er að færa fjárveitinguna til þess horfs sem reglubundinn rekstur hefur kostað undanfarin ár. Á móti fellur niður framlag til *Öryggismálanefndar* sem var 9,2 m.kr. í fjárlögum.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 102 Þjóðhagsstofnun; 171 Byggðastofnun; 901 Húsameistari ríkisins; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 998 Ráðstöfunarfé.

Heildarframlag er áætlað 272,5 m.kr og lækkar um 7% frá gildandi fjárlögum vegna lækkunar á framlagi til Byggðastofnunar. Helstu efnislegu breytingar á stofnunum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

102 Þjóðhagsstofnun. Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands skipta með sér kostnaði af starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Seðlabankinn greiðir húsnæðiskostnað stofnunarinnar og að auki 40% af öðrum kostnaði en ríkissjóður 60%. Framlag ríkissjóðs til Þjóðhagsstofnunar verður 42,8 m.kr. og hækkar um 9% frá gildandi fjárlögum. Hækkun umfram almennar verðlagsforsendur skýrist aðallega af auknum starfsmannakostnaði og kostnaði við útgáfu eigin rita.

171 Byggðastofnun. Samkvæmt lögum nr. 64/1985 ákvarðast ráðstöfunarfé Byggðastofnunar af eigin fé, framlögum í fjárlögum, fjármagnstekjum og lánsfé. Á árinu 1992 er miðað við að framlag ríkissjóðs verði 200 m.kr. Lækkar það um 50 m.kr. frá fjárlögum 1991. Fjárhagsstaða stofnunarinnar batnaði verulega er ríkissjóður létti af henni skuldum að fjárhæð 1.200 m.kr. samkvæmt heimild í lánsfjárlögum 1991. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar um stofnunina í athugasemd með B-hluta frumvarps.

901 Húsameistari ríkisins. Heildarkostnaður stofnunarinnar er áætlaður 62,2 m.kr. Þar af er launakostnaður 50,1 m.kr. og hækkar um 36% frá gildandi fjárlögum. Hækkunin er vegna verkefnaráðinna starfsmanna á álagstímum. Sértekjum er ætlað að standa undir kostnaði við rekstur embættisins og skilar að auki 7,3 m.kr í ríkissjóð. Viðræður hafa átt sér stað milli forsætisráðuneytis og fjármálaráðuneytis um bætta skipan opinberra framkvæmda, m.a. með endurmati á stöðu embættis húsameistara ríkisins og hlutverki framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Heildarframlag til Þjóðgarðsins er nær óbreytt frá fjárlögum 1991. Launagjöld hækka um 60% frá gildandi fjárlögum, sem skýrist af vanáætluðum launagjöldum, en á móti lækkar framlag til viðfangsefnisins *6.01 Aðalskipulag* úr 10 m.kr. í 5 m.kr. og 2 m.kr. framlag til lífríkisrannsókna í Þingvallavatni fellur niður.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld menntamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	218.500	221.470	238.600	8	9
Háskólar og rannsóknir	2.260.000	2.480.281	2.664.100	7	18
Framhaldsskólar	3.393.300	3.530.080	3.906.000	11	15
Héraðsskólar	164.800	163.690	102.800	-37	-38
Grunnskólar og sérskólar	4.634.700	5.037.820	5.416.400	8	17
Barnaverndarmál	89.500	98.980	111.100	12	24
Önnur fræðslumál	333.400	374.830	373.900	-0	12
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.173.900	1.730.000	2.220.000	28	2
Söfn, listastofnanir o.fl.	944.200	909.840	1.030.100	13	9
Ýmis framlög	849.900	989.795	993.100	0	17
Samtals	**15.062.200**	**15.536.786**	**17.056.100**	**10**	**13**
Rekstrarkostnaður	10.208.100	10.945.731	11.649.000	6	14
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.231.600	2.852.630	3.449.100	21	7
Stofnkostnaður og viðhald	1.622.500	1.738.425	1.958.000	13	21
Samtals	**15.062.200**	**15.536.786**	**17.056.100**	**10**	**13**

Breytingar hafa verið gerðar á málefnaflokkaskipan ráðuneytisins. Málefnaflokkurinn *Sérstofnanir fyrir börn og unglinga* fellur nú niður og færast stofnanir undir aðra málefnaflokka. Skólar fyrir fatlaða, Einholtsskóli og Heyrnleysingjaskólinn færast nú undir málefnaflokkinn *Grunnskólar og sérskólar* enda er kennsla í þessum skólum að mestu á grunnskólastigi. Aðrar stofnanir málefnaflokksins, þ.e. Vernd barna og ungmenna, Barnaverndarráð Íslands, Meðferðarheimilið Tindar og Unglingaheimili ríkisins teljast nú til málefnaflokksins *Barnaverndarmál*. Nokkuð er um annan tilflutning á fjárveitingum milli málefnaflokka og verður það skýrt nánar í umfjöllun um þá.

Rekstrarútgjöld menntamálaráðuneytis, að frátöldum neyslu- og rekstrartilfærslum, eru áætluð 11.649 m.kr. og aukast lítið eitt að raungildi frá fjárlögum 1991. Framlag til háskóla, framhaldsskóla og grunnskóla hækkar óverulega að raungildi en framlag til héraðsskóla lækkar verulega.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 596,5 m.kr. Hækkun umfram verðlag skýrist að mestu af hækkun framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Fjallað er um sjóðinn í athugasemdum við B-hluta fjárlaga. Aðrar hækkanir eru vegna nýrra laga um listamannalaun, kostnaðar við aukna Evrópusamvinnu o.fl. Kostnaðaraukanum er að hluta mætt með lækkun ýmissa styrkjaliða. Nánar er sagt frá þessu í umfjöllun um viðkomandi málefnaflokka.

Fjárveiting til stofnkostnaðar og viðhalds menntamálaráðuneytis nemur 1.958 m.kr. og hækkar um 13% milli ára en ástæða hækkunar er tvískipt. Annars vegar hækkar stofnkostnaðarframlag til Háskóla Íslands um 116,6 m.kr. vegna aukinna tekna Happdrættis Háskóla Íslands. Hins vegar hækkar framlag til framhaldsskóla um 97,9 m.kr. en meiri áhersla verður lögð á viðhald og stofnkostnaðarverkefni framhaldsskóla en gert er í fjárlögum 1991, auk þess sem nú er gert ráð fyrir viðhaldi og stofnkostnaði héraðsskóla undir málefnaflokknum *Framhaldsskólar*.

Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks telst eingöngu fjárlagaliðurinn 101 Aðalskrifstofa. Heildarframlag til aðalskrifstofu menntamálaráðuneytis er áætlað 238,6 m.kr., þar af eru 235,6 m.kr. ætlaðar til reksturs. Rekstrarframlag hækkar ekki að raungildi milli ára enda gert ráð fyrir svipaðri starfsemi og á þessu ári. Stöður á aðalskrifstofu verða 63,5 og er það fjölgun um hálft starf ritara sem áður var greitt af öðrum launagjöldum en föstum launum. Til tækja- og búnaðarkaupa eru ætlaðar 3 m.kr.

Háskólar og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201-208 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 221 Kennaraháskóli Íslands; 223 Rannsóknastofnun uppeldismála; 232 Rannsóknaráð ríkisins; 233 Rannsóknasjóður; 234 Vísindaráð; 235 Vísindasjóður; 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 501 Tækniskóli Íslands.

Heildarframlag er 2.664,1 m.kr. og er það um 7% hækkun frá fjárlögum 1991. Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting framlagsins á fjárlagaliði og helstu gjaldaliði:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	1.357.200	1.455.441	1.524.300	5	12
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	77.000	71.430	80.500	13	5
Raunvísindastofnun Háskólans	108.200	110.410	118.300	7	9
Stofnun Sigurðar Nordals	-	7.470	8.500	14	.
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	35.900	38.540	41.100	7	14
Orðabók Háskólans	14.400	15.040	16.100	7	12
Íslensk málstöð	7.700	10.210	10.900	7	42
Örnefnastofnun	3.900	4.280	4.600	7	18
Háskólinn á Akureyri	103.700	129.600	139.000	7	34
Kennaraháskóli Íslands	226.000	240.320	267.400	11	18
Rannsóknastofnun uppeldismála	6.100	7.230	7.800	8	28
Rannsóknaráð ríkisins	19.300	19.700	21.100	7	9
Rannsóknasjóður	83.200	110.000	110.000	-	32
Vísindaráð	7.800	10.640	11.300	6	45
Vísindasjóður	12.000	20.000	20.000	-	67
Byggingarsjóður í þágu atvinnuveganna	42.900	67.600	74.000	9	72
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	-	-	33.100	.	.
Tækniskóli Íslands	154.700	162.370	176.100	8	14
Samtals	**2.260.000**	**2.480.281**	**2.664.100**	**7**	**18**
Rekstur	1.857.700	2.006.601	2.033.800	1	9
Neyslu- og rekstrartilfærslur	11.100	14.280	52.200	.	.
Stofnkostnaður og viðhald	391 .200	459.400	578.100	26	48
Samtals	**2.260.000**	**2.480.281**	**2.664.100**	**7**	**18**

Rekstrarframlag er áætlað 2.033,8 m.kr. Rekstrargjöld hækka um 358,1 m.kr. en á móti kemur hækkun sértekna um 293 m.kr. Hækkun sértekna skýrist af verðlagsbreytingum og verulegri hækkun á áætluðum tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands. Að öðru leyti

er hér um að ræða innritunar- og efnisgjöld í háskólunum fjórum, þ.e. Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að gjöld þessi verði að hámarki 17.000 kr. á nemanda á ári, að frátöldum nemendasjóðsgjöldum. Miðað er við verðlag fjárlaga. Takist skólum að lækka útgjöld eða afla annarra tekna munu innritunar- og efnisgjöld lækka sem því nemur. Til þessa málefnaflokks telst nú nýr fjárlagaliður, *299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi*, en þar er aðallega um að ræða tilflutning frá öðrum málefnaflokkum.

Heildarframlag til fjárfestingar og viðhalds er 578,1 m.kr. Þar vegur þyngst framkvæmdafé Háskóla Íslands.

Helstu efnislegar breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 Háskóli Íslands. Rekstrarútgjöld Háskóla Íslands hækka um 178 m.kr. en á móti hækka sértekjur um 109 m.kr., m.a. vegna aukinna innritunar- og efnisgjalda. Framlag til Háskóla Íslands hækkar því um 69 m.kr. og verður 1.524,3 m.kr. Hækkun milli ára er um 5%. Hækkun rekstrargjalda er vegna nýrrar reglugerðar um greiðslur fyrir stundakennslu, nemendafjölgunar á skólaárinu 1990-1991, hugsanlegrar nemendafjölgunar á skólaárinu 1991-1992 og vegna hækkunar sem leiðir af kjarasamningum, svo sem samningum við æfingakennara. Gert er ráð fyrir að skólinn geti að hluta til mætt þessum útgjaldaauka með hækkun innritunar- og efnisgjalda og með samdrætti í kennslumagni, samvinnu deilda um námskeið og annarri hagræðingu.

Áætlað er að Háskóli Íslands verji 312 m.kr. af tekjum Happdrættis Háskóla Íslands til byggingarframkvæmda, viðhalds, tækja- og búnaðarkaupa. Þá er ætlast til að Háskólinn leggi fram fé til tækjakaupa *Tilraunastöðvarinnar á Keldum* og *Raunvísindastofnunar Háskólans*. Áætlaðar tekjur Happdrættis Háskóla Íslands hækka verulega milli ára en nánar er gerð grein fyrir happdrættinu í umfjöllun um B-hluta fjárlaga í 6. kafla.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Rekstrarframlag er áætlað 58,7 m.kr. og er það sambærilegt við fjárveitingu í fjárlögum 1991. Unnið er að úttekt á rekstri og stjórnun stofnunarinnar en viðvarandi hallarekstur hefur verið á henni á undanförnum árum. Úttekt þessi er gerð í samvinnu fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis. Hús að Keldum þarfnast verulegs viðhalds og er gert ráð fyrir að verja 21,8 m.kr. til þess.

203 Raunvísindastofnun Háskólans. Rekstrarframlag er 118,3 m.kr. og hækkar um 7%. Launakostnaður hækkar sem nemur hálfu stöðugildi. Gert var ráð fyrir því frá hausti 1991 og það verður að fullu starfi árið 1992.

204 Stofnun Sigurðar Nordals. Framlag til rekstrar er áætlað 8,5 m.kr. en það er hækkun um 36%. Ástæða hækkunar er nýtt viðfangsefni á þessum fjárlagalið, *1.11 Íslenskukennsla erlendis, óskipt*, sem áður var fært undir fjárlagaliðinn *883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla*. Störfum fjölgar um hálft vegna stöðu ritara. Þetta leiðir þó ekki til hækkunar á launagjöldum þar sem starfið var áður kostað af öðrum launagjöldum en föstum launum.

210 Háskólinn á Akureyri. Rekstrarframlag til Háskólans á Akureyri er 119 m.kr. og hækkar um 21% milli ára en í því felst nokkur raunhækkun frá fjárlögum 1991.

Rekstrarútgjöld hækka um 23,5 m.kr. en á móti hækka sértekjur um 3 m.kr. vegna hækkunar innritunar- og efnisgjalda. Skólinn er í vexti og kostnaðarauki skýrist af framgangi náms sem búið er að taka ákvörðun um. Nokkur hækkun launagjalda er vegna kjarasamninga og nemendafjölgunar en gert er ráð fyrir að skólinn mæti því að hluta, m.a. með aukinni samkennslu milli deilda. Framlag til kaupa á bókum, tækjum og búnaði er 15 m.kr. og til innréttinga og endurbóta á húsnæði skólans er varið 5 m.kr.

*221 **Kennaraháskóli Íslands.*** Áætlaður rekstrarkostnaður Kennaraháskólans 1992 er 255,2 m.kr. og er það um 12% hækkun frá fjárlögum 1991. Rekstrarútgjöld hækka um 37,2 m.kr., m.a. vegna kjarasamninga við æfingakennara en gert er ráð fyrir að skólinn mæti að hluta til þessari hækkun með samdrætti í kennslu. Þá hækka sértekjur um 10,8 m.kr. vegna innritunar- og efnisgjalda sem einnig á að draga úr þörfinni fyrir framlag úr ríkissjóði. Störfum við skólann fækkar um fimm sem skýrist af breyttri framsetningu á viðfangsefninu *1.02 Rannsóknastarfsemi.* Í fjárlögum 1991 er færður kostnaður sem nemur fimm stöðum vegna rannsóknaorlofa, ásamt styrkjum til rannsókna. Nú er gert ráð fyrir að færa heildarframlag til rannsókna sem rekstrartilfærslu. Framlag til viðhalds fasteigna er 5,2 m.kr. en framlag til búnaðar- og tölvukaupa er 7 m.kr. og er þetta áþekk fjárhæð og 1991.

*232 **Rannsóknaráð ríkisins.*** Fjárveiting til ráðsins hækkar um 7% og verður 21,1 m.kr. Er það óbreytt framlag að raungildi samanborið við fjárlög 1991. Að venju er sýnt yfirlit um framlög til rannsóknastofnana í heild undir þessum fjárlagalið. Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig útgjöld einstakra stofnana breytast milli ára:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	77.000	71.430	80.500	13	5
Raunvísindastofnun Háskólans	108.200	110.410	118.300	7	9
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	125.500	129.600	147.600	14	18
Veiðimálastofnun	57.300	33.720	36.200	7	-37
Laxeldisstöðin Kollafirði	-	25.400	34.000	34	.
Hafrannsóknastofnun	501.100	492.820	91.400	-81	-82
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	80.700	96.360	90.900	-6	13
Iðntæknistofnun Íslands	99.800	104.490	102.800	-2	3
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	51.400	55.420	59.300	7	15
Orkustofnun	218.100	233.840	250.600	7	15
Samtals	**1.319.100**	**1.353.490**	**1.011.600**	**-25**	**-23**

Fjárveitingar til rannsóknastofnana sem fjallað er um í langtímaáætlun Rannsóknaráðs, að viðbættum fjárveitingum til Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands og Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, lækka alls um 25% samanborið við fjárlög 1991 en 23% ef miðað er við reikning 1990. Skýrist það að mestu af lækkun framlags til Hafrannsóknastofnunar en það lækkar verulega vegna sérstakrar fjármögnunar á stórum hluta af starfsemi hennar. Um þetta og aðrar breytingar á einstökum stofnunum vísast í greinargerðir um þau ráðuneyti sem þær heyra undir.

233 Rannsóknasjóður. Framlag til sjóðsins verður 110 m.kr. og er það sama fjárhæð og 1991, en auk þessa framlags renna til sjóðsins samkvæmt lögum 10% af hreinum tekjum Framkvæmdasjóðs Íslands.

235 Vísindasjóður. Sjóðurinn hefur tekjur af arðsjóði Seðlabanka Íslands auk framlags í fjárlögum. Framlag úr ríkissjóði verður 20 m.kr. en nánar er gerð grein fyrir sjóðnum í athugasemdum við B-hluta frumvarpsins í 6. kafla.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna. Tekjur sjóðsins nema 20% af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands en þær eru áætlaðar 74 m.kr. samanborið við 67,6 m.kr. í fjárlögum 1991. Fé sjóðsins skal ráðstafa til uppbyggingar rannsóknastofnana atvinnuveganna. Af þessari fjárhæð skulu 25 m.kr. renna til *byggingar rannsóknastofnana sjávarútvegsins* en það er jafnhátt beinu framlagi úr ríkissjóði.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Þetta er nýr fjárlagaliður og er framlag 33,1 m.kr. sem skiptist með eftirfarandi hætti:

	Fjárlög 1991 þús. kr.	Frumvarp 1992 þús. kr.	Breyting %
Rannsóknaleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum	9.540	9.000	-6
Lektorsstaða við Lundúnaháskóla	1.040	1.200	15
Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	1.600	1.300	-19
Styrkir til Cornell- og Manitobaháskóla	520	900	73
Samtök um upplýsinganet rannsóknaaðila	1.500	1.100	-27
Samstarfsnefnd um upplýsingamál	400	200	-50
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	9.880	9.600	-3
Styrkur til grænlenskra námsmanna	850	900	6
Styrkur til námsmanna frá Austur-Evrópu	-	1.900	.
Félagsstofnun stúdenta	5.690	5.400	-5
Háskólastarfsemi, óskipt	-	1.600	.
Samtals	**31.020**	**33.100**	**7**

Eins og sjá má af töflunni hér að ofan eru tvö viðfangsefni ný en önnur viðfangsefni eru flutt af öðrum fjárlagaliðum. Af fjárlagaliðnum 881 Náms- og fræðimenn, framlög koma viðfangsefnin *Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld, Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum, Styrkur til grænlenskra námsmanna* og *Félagsstofnun stúdenta.* Af fjárlagaliðnum 883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla færist viðfangsefnið *Lektorsstaða við Lundúnaháskóla.* Af fjárlagaliðnum 983 Ýmis fræðistörf flytjast viðfangsefnin *Rannsóknaleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum, Samtök um upplýsinganet rannsóknaaðila* og *Samstarfsnefnd um upplýsingamál.* Að lokum er viðfangsefnið *Styrkir til Cornell- og Manitobaháskóla* flutt af fjárlagaliðnum 999 Ýmislegt. Eins og áður sagði eru tvö viðfangsefni ný. Ákveðið hefur verið að styrkja sérstaklega námsmenn frá Austur-Evrópu og miðast fjárveiting við þrjá styrki. Framlag til *Háskólastarfsemi, óskipt* verður 1,6 m.kr. og er ætlað til að meta námsframboð á háskólastigi.

501 Tækniskóli Íslands. Rekstrarframlag er áætlað 171 m.kr. en það er um 7% hækkun frá fjárlögum. Rekstrarútgjöld hækka um 18,7 m.kr., m.a. vegna kjarasamninga við stundakennara en gert er ráð fyrir að skólinn mæti að hluta til þeirri hækkun með samdrætti í kennslu. Á móti hækkun rekstrargjalda hækka sértekjur um 7,1 m.kr. vegna innritunar- og efnisgjalda eins og í öðrum skólum á háskólastigi. Til viðhalds húsnæðis eru áætlaðar 2,1 m.kr. en 3 m.kr. eru ætlaðar til tækja- og búnaðarkaupa.

Framhaldsskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 301-307 og 309 Menntaskólar; 318-319 Framhaldsskólar, safnliðir; 308, 350-363 Fjölbrautaskólar og 506-581 Ýmsir sérskólar.

Heildarframlag til framhaldsskóla nemur 3.906 m.kr. og skiptist á gjaldategundir sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Launagjöld	...	2.699.650	3.045.400	13	...
Önnur rekstrargjöld	...	563.600	636.900	13	...
Sértekjur	...	-150.470	-291.500	94	...
Viðhald	...	65.500	130.200	99	...
Stofnkostnaður	...	351.800	385.000	9	...
Samtals	**3.393.300**	**3.530.080**	**3.906.000**	**11**	**15**

Til rekstrar framhaldsskóla eru alls áætlaðar 3.390,8 m.kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 13% en á móti kemur hækkun sértekna um 94% vegna innritunar- og efnisgjalda. Í dagskóla er gert ráð fyrir að innritunargjöld verði að hámarki 4.000 kr. á önn eða 8.000 kr. á skólaári miðað við verðlag fjárlaga 1992. Öldungadeildarnemar greiða að hámarki 3.750 kr. á önn til viðbótar þeim gjöldum sem innheimt hafa verið til þessa. Gjöld þessi eru að frátöldum nemendasjóðsgjöldum. Takist skólum að lækka útgjöld eða afla annarra tekna munu innritunar- og efnisgjöld lækka sem því nemur. Innritunar- og efnisgjöld vegna öldungadeilda eru alls áætluð um 20 m.kr. og eru færð á fjárlagalið einstakra skóla. Gjöld vegna nemenda í dagskóla nema alls um 128 m.kr. og eru færð sem sérstakt viðfangsefni á fjárlagalið *319 Framhaldsskólar, almennt.* Er við það miðað að þeirri fjárhæð verði skipt á einstaka skóla fyrir afgreiðslu fjárlaga á Alþingi.

Gert er ráð fyrir að nemendum á framhaldsskólastigi fjölgi um 1.300 milli ára eða um rúm 7%. Þeir verða um 19.300, þar af nemendur í öldungadeildum um 3.000. Fjölgun þessi, breytt samsetning nemendahópsins og hækkun annarra rekstrargjalda en kennslukostnaðar sem af þessu leiðir skýrir raunhækkun útgjalda til rekstrar framhaldsskóla.

Samkvæmt tillögum skólanna til fjárlaga er fjárþörfin talin meiri en hér er gerð tillaga um. Það kemur m.a. til af aukinni þörf fyrir stoð- og sérkennslu að mati stjórnenda skólanna og þeirri staðreynd að kostnaður við skólahald hefur reynst meiri en ætlað hefur verið í fjárlögum. Tillögur um framlag til framhaldsskóla í frumvarpi til fjárlaga 1992 miðast við að skólar hagræði í rekstri, m.a. með samdrætti í kennslumagni, og auki ekki útgjöld umfram það sem beint má rekja til nemendafjölgunar og áhrifa kjarasamninga.

Menntamálaráðuneyti mun á næstu mánuðum fara ítarlega yfir rekstur framhaldsskólastigs, m.a. til þess að fella rekstur skólanna að áætlaðri fjárveitingu og skoða með hvaða hætti framlag til einstakra skóla verði best tengt við nemendafjölda. Verður þetta gert í samvinnu og samráði við nefnd sem ríkisstjórnin mun skipa til að vinna að reglum um aukið fjárhagslegt sjálfstæði skóla. Jafnframt mun nefndinni falið að samræma fyrirkomulag á eigin tekjuöflun skóla, svo sem með innritunar- og efnisgjöldum, sem lög heimila og lengi hafa tíðkast. Einnig verða kannaðir möguleikar á aukinni sérhæfingu skóla og möguleikar á að bjóða mislangt nám, sbr. umfjöllun hér á eftir um fjárveitingar til nýjunga í skólastarfi, námsskrárgerðar o.fl.

Til stofnkostnaðar og viðhalds framhaldsskóla eru ætlaðar 515,2 m.kr. samanborið við 417,3 m.kr. í fjárlögum 1991. Rétt er að geta þess að í tillögu um framlag til viðhalds og stofnkostnaðar eru meðtaldar fjárveitingar til héraðsskóla og húsmæðraskóla. Fjárhæðir eru sérgreindar á nokkrum sérskólum en að stærstum hluta er framlag fært á fjárlagalið *318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður*. Í fjárlögum 1991 er framlag til byggingarframkvæmda sundurliðað á einstaka skóla. Í frumvarpi til fjárlaga 1992 eru fjárhæðir til viðhalds, tækja og búnaðar, tölvubúnaðar og byggingarframkvæmda ósundurliðaðar. Ráðstöfun ráðuneytis á heildarframlagi til byggingarframkvæmda, svo og hluta kostnaðar til viðhalds og endurbóta, verður lagt fyrir Alþingi fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Aðrar breytingar á fjárveitingum til framhaldsskóla skýrast af breytingum á framlagi til *319 Framhaldsskólar, almennt*. Framlag er 90,5 m.kr. en að frátöldu viðfangsefninu *Rekstrarhagræðing í framhaldsskólum* hækkar þessi fjárlagaliður um 17%. Fjárveiting skiptist á viðfangsefni sem hér segir:

	Fjárlög 1991 þús. kr.	Frumvarp 1992 þús. kr.	Breyting %
Sameiginleg þjónusta	5.600	6.100	9
Orlof kennara	23.710	25.500	8
Forfallakennsla	11.860	12.700	7
Sérkennsla	12.910	27.800	115
Prófkostnaður	21.340	22.900	7
Nýjungar í skólastarfi	3.860	5.600	45
Námsskrárgerð	10.410	15.700	51
Námsefnisgerð	4.750	7.200	52
Kennslueftirlit	3.300	3.500	6
Framhaldsdeildir	21.150	22.800	8
Tannsmíðanám	6.740	7.300	8
Námskeið skipstjórnarmanna	4.750	5.100	7
Stundaskrárgerð	-	16.000	.
Endurmenntun	17.300	18.600	8
Framhaldsskólar, óskipt	38.910	21.700	-44
Rekstrarhagræðing í framhaldsskólum	-	-128.000	.
Samtals	**186.590**	**90.500**	**-52**

Framlag til *sérkennslu* hækkar um 14,9 m.kr. og er ætlað að mæta aukinni þörf fyrir stuðnings- og sérkennslu þar sem framhaldsskólinn er nú opinn öllum. Hækkun er færð á þennan lið en ekki á einstaka skóla. Með hækkun framlags til *nýjunga í skólastarfi* er stefnt að þróun nýrra og styttri námsbrauta til að gera skólum kleift að taka á móti mikilli

fjölgun nemenda. Af sama meiði er tillaga um hækkun til *námsefnisgerðar* en framlag er ætlað til þróunar á nýju námsefni fyrir styttra nám á framhaldsskólastigi. Þá er þess að geta að stefnt er að átaki í *námsskrárgerð* með endurskoðun og samræmingu á námsskrám framhaldsskóla til að ná fram aukinni hagræðingu. Framlag til *stundaskrárgerðar* er í fjárlögum 1991 fært á einstaka skóla. Hér er framlag fært sem sérstakt viðfangsefni og gert ráð fyrir sérstökum sparnaði í sambandi við þennan kostnaðarþátt. Fjárveitingu á viðfangsefni *Framhaldsskólar, óskipt* er ætlað að mæta óvissu um nemendafjölda í einstökum skólum, einkum haustið 1992. Í fjárlögum 1991 er nokkru hærri fjárhæð ætluð í þessu skyni auk þess sem kostnaður við heimavistargæslu í héraðsskólum o.fl. er færður á þennan fjárlagalið en er í fjárlögum 1991 áætlað fyrir á viðkomandi skóla. Að lokum skal nefna nýtt viðfangsefni *Rekstrarhagræðing í framhaldsskólum* en þar eru færðar 128 m.kr. sem getið er í upphafi umfjöllunar um framhaldsskóla en miðað er við að skólarnir geti lagt á innritunar- og efnisgjöld og/eða lækkað rekstrargjöld til þess að semja starfsemina að fjárveitingum.

Héraðsskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 601-607 Héraðsskólar; 610 Héraðsskólar almennt og 621 Skálholtsskóli.

Fjárveiting til héraðsskóla nemur alls 102,8 m.kr. og lækkar um 37% milli ára.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstur	139.800	132.690	102.800	-23	-26
Viðhald	400	5.000	-	.	.
Stofnkostnaður	24.600	26.000	-	.	.
Samtals	**164.800**	**163.690**	**102.800**	**-37**	**-38**

Töluverðar breytingar eru gerðar á þessum málefnaflokki. Framlag til Héraðsskólans Reykjanesi lækkar um 10,4 m.kr. og tekur mið af að skólinn hætti starfsemi haustið 1991. Framlag til Héraðsskólans Reykholti lækkar um tæplega helming að raungildi en gert er ráð fyrir að starfsemi hans sem héraðsskóla verði hætt vorið 1992. Héraðsskólinn Laugarvatni er nú sameinaður Menntaskólanum á Laugarvatni og því fellur framlag til hans niður.

Samkvæmt lögum nr. 31/1977 heyrir Skálholtsskóli undir menntamálaráðuneyti og skal hann starfa í anda norrænna lýðháskóla. Í Skálholtsskóla hefur hins vegar ekki verið lýðháskólastarfsemi í nokkur ár og er því gert ráð fyrir að fella framlag til hans niður. Samkvæmt framangreindum lögum skulu menntamálaráðherra og kirkjuráð sameiginlega taka ákvörðun um ráðstöfun húsnæðis skólans, fari svo að skólanum verði lokað. Starfandi er nefnd sem kannar málefni Skálholtsstaðar, þ.m.t. skólans, og eru í henni fulltrúar biskups, kirkjuráðs, Alþingis, menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir að nefndin kynni Alþingi fyrstu tillögur sínar fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Áætlað er fyrir viðhalds- og stofnkostnaði héraðsskóla á fjárlagalið *318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.*

Grunnskólar og sérskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 222 Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands; 700-708 Grunnskólar; 710-719 Fræðsluskrifstofur; 720 Grunnskólar, almennt; 750-755 Skólar fyrir fatlaða; 756 Fullorðinsfræðsla fatlaðra; 798 Einholtsskóli og 799 Heyrnleysingjaskólinn.

Fjórir síðast töldu liðirnir eru nýir í þessum málefnaflokki. Þessir skólar heyra í fjárlögum 1991 undir málefnaflokkinn *Sérstofnanir fyrir börn og unglinga* en hann fellur nú niður.

Heildarkostnaður grunnskóla og sérskóla er áætlaður 5.416,4 m.kr. og skiptist hann sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar	3.950.500	4.185.900	4.488.800	7	14
Fræðsluskrifstofur	168.800	163.430	188.500	15	12
Grunnskólar, almennt	90.600	209.530	226.700	8	150
Kennsla fyrir fatlaða og sérskólar	424.800	478.960	512.400	7	21
Samtals	**4.634.700**	**5.037.820**	**5.416.400**	**8**	**17**
Launagjöld	-	4.776.460	5.126.800	7	.
Önnur rekstrargjöld	-	244.160	266.300	9	.
Stofnkostnaður og viðhald	-	17.200	23.300	35	.
Samtals	**4.634.700**	**5.037.820**	**5.416.400**	**8**	**17**

Kennslukostnaður hækkar umfram verðlag milli ára og er helstu skýringa að leita í lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, sem tóku gildi 1. ágúst 1991 og nýrri viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytis. Veigamestu breytingarnar eru að vikulegum viðmiðunarstundum í 1.-3. bekk grunnskóla fjölgar úr 23 í 24 og í 4. bekk fjölgar þeim úr 26 í 27. Hámarksfjöldi nemenda í 2. bekk verður 22 í stað 30 og í 2.-10. bekk verður fjöldi nemenda mestur 28 í stað 30. Áætlaður kostnaðarauki vegna breyttra grunnskólalaga er 80-100 m.kr. Á móti þessari hækkun verður gripið til almennra sparnaðaraðgerða á grunnskólastigi sem nema um 50 m.kr.

Í tillögum um fjárframlög er gert ráð fyrir að þau ákvæði nýrra grunnskólalaga sem hefðu að öðru óbreyttu komið til framkvæmda haustið 1992 verði frestað. Þetta á m.a. við um ákvæði þar sem segir að miða eigi hámarksfjölda nemenda í 3. bekk við 22 nemendur og 1. bekk við 18 nemendur. Ekki er heldur gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum fjölgi frá því sem er á skólaárinu 1991-1992.

Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda nemenda á grunnskólaaldri og miðað var við í fjárlögum 1991.

222,700 - 708 Grunnskólar. Framlag til Grunnskóla Reykjavíkur lækkar nokkuð milli ára vegna flutnings á sérdeildum ríkisins yfir á fjárlagalið 750 Skólar fyrir fötluð börn. Hér er um að ræða *Sérdeild fyrir sjónskert börn* og *Sérdeildir, Hlíðaskóla* . Einnig færist rekstrarframlag *Tjarnarskóla* á safnlið grunnskóla, 720 Grunnskólar, almennt. Framlag til Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands hækkar nokkuð umfram það sem

breytt lög og ný viðmiðunarstundaskrá gefur tilefni til þar sem áætlað er fyrir meiri æfingakennslu en í fjárlögum 1991. Breytingar á útgjöldum fræðsluumdæmanna, aðrar en þær sem skýrast af nýjum lögum og viðmiðunarstundaskrá, eru breytingar á fjölda nemenda í einstökum skólahverfum, fleiri skólar og hækkun á forfallakostnaði til samræmis við rauntölur skólaárið 1990-91.

710 - 719 Fræðsluskrifstofur. Framlag er 188,5 m.kr. og hækkar umfram verðlag milli ára um 7-8%. Fjárveiting skiptist á gjaldaliði sem hér segir:

	Fjárlög 1991 þús. kr.	Frumvarp 1992 þús. kr.	Breyting %
Launagjöld	114.060	126.300	11
Önnur rekstrargjöld	45.870	54.900	20
Viðhald og stofnkostnaður	3.500	7.300	109
Samtals	**163.430**	**188.500**	**15**

Árið 1990 var kostnaður við fræðsluskrifstofur í fyrsta sinn greiddur alfarið úr ríkissjóði. Frá þeim tíma hefur verið unnið að jöfnun á aðstöðu og uppbyggingu á skrifstofunum. Starfsmönnum fjölgar árið 1992 lítillega til samræmis við markmið menntamálaráðuneytis um starfsmannahald á fræðsluskrifstofum. Nokkuð vantar þó enn á að þeim markmiðum verði náð. Stöðugildi eru samtals 74,77 og skiptast sem hér segir: Reykjavíkurumdæmi 21,5; Reykjanessumdæmi 13,57; Vesturlandsumdæmi 7,0; Vestfjarðaumdæmi 5,0; Norðurlandsumdæmi vestra 6,0; Norðurlandsumdæmi eystra 9,2; Austurlandsumdæmi 5,5 og Suðurlandsumdæmi 7,0. Launaliður hækkar aðallega vegna fjölgunar starfsmanna á Fræðsluskrifstofu Reykjanessumdæmis eða um einn og í Suðurlandsumdæmi um annan. Stöðugildum fjölgar samtals um 5,6 frá fjárlögum 1991. Þar af eru 3,6 stöðugildi einungis flutningur milli launategunda en í fjárlögum 1991 er áætlað fyrir þeim kostnaði á öðrum dagvinnulaunum. Rekstrargjöld hækka nokkru meira en launagjöld en þau hafa ekki hækkað til samræmis við fjölgun starfsmanna. Fjárveiting til viðhalds er áætluð 7,3 m.kr., þar af eru 5,1 m.kr. vegna endurbóta á nýju húsnæði Fræðsluskrifstofu Reykjanessumdæmis, 1,1 m.kr. vegna endurbóta á húsnæði Fræðsluskrifstofu Norðurlandsumdæmis vestra og 1,1 m.kr. vegna innréttinga á húsnæði Fræðsluskrifstofu Suðurlandsumdæmis.

720 Grunnskólar, almennt. Framlag til þessa fjárlagaliðar hækkar um 8% og skiptist á viðfangsefni eins og sýnt er í töflu á næstu síðu.

Eftirfarandi viðfangsefni bætast við á þessum fjárlagalið: *Þróunarstarf í leikskólum*, skv. lögum nr. 48/1991 um leikskóla, *Tjarnarskóli, rekstrarstyrkur*, sem var áður á fjárlagalið 700 Grunnskólar í Reykjavík, og *Námsráðgjöf í grunnskólum* skv. lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, en viðfangsefni þetta var áður hluti af viðfangsefninu *Sérstök fræðsluverkefni* á þessum fjárlagalið.

Aðrar skýringar á breytingum milli ára eru: *Sérstök fræðsluverkefni* lækka um þriðjung vegna tilfærslu á námsráðgjöf á sérstakan lið. Aðeins var gert ráð fyrir námsráðgjöf í grunnskólum frá 1. ágúst 1991, þannig að upphæð til *námsráðgjafar í grunnskólum* sem næst tvöfaldast að raungildi milli ára. *Rekstrarstyrkur til Suður-*

hlíðaskóla lækkar nokkuð þar sem skólinn fékk byggingarstyrk í fjárlögum 1991 sem nú fellur niður. *Sérkennsla í grunnskólum, óskipt* lækkar um 35% en með aukinni viðurkenningu á sérkennslu á fjárlagaliðum fræðsluumdæmanna er minni þörf á safnlið sem þessum. Þá lækkar framlag til *starfsleiknináms* um 30% þar sem gengið er út frá fækkun þátttakenda. *Réttindanám leiðbeinenda* lækkar um 1,6 m.kr. þar sem nýir nemendur á grundvelli laga nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara og skólastjóra eru ekki viðurkenndir. Framlag til *Grunnskóla, óskipt* hækkar um 36% og er ætlað að mæta ófyrirséðum kostnaði, m.a. vegna flutnings nemenda milli skólahverfa o.fl. Flutningur þessi hefur árlega leitt til viðbótarkostnaðar frá áætlunum vegna fjölgunar bekkjardeilda. Áformuð fækkun nemenda í bekkjardeildum haustið 1992 og fjölgun viðmiðunarstunda eykur enn á þá óvissu.

	Fjárlög 1991 þús. kr.	Frumvarp 1992 þús. kr.	Breyting %
Umferðarfræðsla í skólum	3.350	3.600	7
Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	3.580	3.900	9
Safnakennsla	2.740	3.000	9
Sérstök fræðsluverkefni	9.680	6.900	-29
Þróunarsjóður leikskóla	3.740	3.700	-1
Þróunarstarf í leikskólum	-	1.600	.
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	4.080	4.400	8
Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	5.170	5.500	6
Suðurhlíðaskóli, rekstrarstyrkur	5.360	4.700	-12
Tjarnarskóli, rekstrarstyrkur	-	4.300	.
Orlof kennara	5.870	6.300	7
Rannsóknasjóður grunnskólakennara	39.100	41.800	7
Stjórnskipaðir prófdómarar	8.640	9.200	6
Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	11.240	12.100	8
Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	16.350	10.700	-35
Þróunarstörf í grunnskólum	9.640	9.900	3
Starfsleikninám	14.340	10.000	-30
Námsstjórn og þróunarverkefni	10.010	10.700	7
Námsráðgjöf í grunnskólum	-	6.600	.
Endurmenntun sálfræðinga	2.650	2.800	6
Réttindanám leiðbeinenda	6.540	4.900	-25
Leiðsögn nýliða	5.240	5.600	7
Grunnskólar, óskipt	34.210	46.500	36
Tölvuvæðing í grunnskólum	8.000	8.000	-
Samtals	**209.530**	**226.700**	**8**

750 - 799 Kennsla fyrir fatlaða og sérskólar fyrir börn og unglinga. Hér er um nýja fjárlagaliði í þessum málefnaflokki að ræða. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 eru gerðar nokkrar innbyrðis breytingar á fjárlagaliðum skóla fyrir fatlaða og sérskóla fyrir börn. Í töflu á næstu síðu er sýnd skipting fjárveitingar til skólanna samanborið við fjárlög 1991.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á fjárlagaliðnum 750 Skólar fyrir fatlaða. Fjögur viðfangsefni færast yfir á sérstakt fjárlaganúmer, 756 Fullorðinsfræðsla fatlaðra, en þau eru *Skólinn við Kópavogsbraut*, *Brautarskóli*, *Skólinn að Sólheimum* og *Skólinn að Tjaldanesi*. Þetta er í samræmi við breytt skipulag þessara skóla.

Eftirfarandi viðfangsefni bætast við þennan fjárlagalið: *Sérdeild fyrir sjónskert börn* og *Sérdeildir Hlíðaskóla* sem áður voru á fjárlagalið 700 Grunnskólar Reykjavíkur. Hér er um að ræða sérdeildir á vegum ríkisins sem þjóna landinu öllu. Aðrar helstu breytingar eru að viðfangsefnið *1.60 Almennt* lækkar um 30% þar sem stefnt er að sparnaði og hagræðingu í skólum fyrir fatlaða á haustönn 1992. Liðurinn *Viðhald fasteigna* hækkar um 1 m.kr. þar sem allt viðhaldsfé í skólum fatlaðra og sérskólum fyrir börn og ungmenni er nú fært á einn stað.

Framlag til Safamýrarskóla hækkar um 12% en ástæða hækkunar er aukin kennsla til samræmis við gildandi lög um grunnskóla. Framlag til Dalbrautarskóla lækkar um 24% þar sem gert er ráð fyrir færri nemendum en miðað er við í fjárlögum 1991. Að öðru leyti eru ekki fyrirhugaðar breytingar á skólastarfinu og þjónusta við nemendur verður óbreytt. Rekstrarframlag til Einholtsskóla lækkar lítillega að raungildi en gert er ráð fyrir að starfsemi skólans verði með svipuðu sniði og verið hefur. Fjárveiting til Heyrnleysingjaskólans er áætluð 61,3 m.kr. og lækkar um 13% þar sem viðfangsefnið *Þjónusta við heyrnleysingja* færist á nýtt fjárlaganúmer 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Kennslukostnaður skólans mun dragast saman milli ára þar sem nemendum skólans hefur fækkað á liðnum árum.

	Fjárlög 1991 þús. kr.	Frumvarp 1992 þús. kr.	Breyting %
Skólar fyrir fatlaða			
Sérdeild fyrir einhverf börn	10.890	11.600	7
Sérdeild fyrir sjónskert börn	-	6.500	.
Sérdeildir Hlíðaskóla	-	11.800	.
Hvammshlíðarskóli	24.610	26.900	9
Dagvist fatlaðra forskólabarna	76.840	82.400	7
Sameiginleg þjónusta	42.810	46.000	7
Almennt	11.950	8.400	-30
Viðhald fasteigna	2.600	3.600	38
Öskjuhlíðarskóli			
Öskjuhlíðarskóli	90.770	95.400	5
Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	6.120	8.200	34
Skóladagheimilið Lindarflöt 41	5.110	5.500	8
Safamýrarskóli	54.010	60.500	12
Dalbrautarskóli	19.850	15.100	-24
Fullorðinsfræðsla fatlaðra			
Skólinn við Kópavogsbraut	35.720	37.000	4
Brautarskóli	16.990	20.000	18
Skólinn að Sólheimum	3.320	3.500	5
Skólinn að Tjaldanesi	3.050	3.300	8
Einholtsskóli	13.040	13.400	3
Heyrnleysingjaskólinn	61.280	53.300	-13
Samtals	**478.960**	**512.400**	**7**

Barnaverndarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 802 Vernd barna og ungmenna; 806 Barnaverndarráð Íslands; 870 Meðferðarheimilið Tindar og 871 Unglingaheimili ríkisins.

Heildarframlag til málefnaflokksins er áætlað 111,1 m.kr. en það er um 12% hækkun frá fjárlögum 1991. Fjárveiting skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vernd barna og ungmenna	6.200	7.200	7.800	8	26
Barnaverndarráð Íslands	10.400	10.260	11.000	7	6
Meðferðarheimilið Tindar	34.800	42.240	50.200	19	44
Unglingaheimili ríkisins	38.100	39.280	42.100	7	11
Samtals	**89.500**	**98.980**	**111.100**	**12**	**24**

Þetta er nýr málefnaflokkur með fjórum stofnunum sem áður töldust til málefnaflokksins *Sérstofnanir fyrir börn og unglinga*. Hækkun milli ára skýrist nær eingöngu af hækkun framlags til Meðferðarheimilisins Tinda en helstu breytingar hjá einstökum stofnunum eru eftirfarandi:

802 Vernd barna og ungmenna. Framlag er áætlað 7,8 m.kr. og er óbreytt að raungildi miðað við fjárlög 1991. Samningur um vistun ungmenna hjá Meðferðarheimilinu Torfastöðum var leiðréttur á síðasta ári vegna breytinga á launum kennara. Vegna þessa hækkar rekstrartilfærsla til heimilisins um 18%. Á móti þessari hækkun kemur hækkun á sértekjum en þar er um að ræða dagvistargjöld sem sveitarfélög greiða.

870 Meðferðarheimilið Tindar. Fjárlagaliður þessi heitir í fjárlögum Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur. Rekstrarframlag hækkar um 7,9 m.kr. milli ára og störfum fjölgar um þrjú. Hækkun framlags umfram verðlag og fjölgun starfa skýrist af nýju viðfangsefni, *1.02 Eftirmeðferðardeild*, en starfræksla þessarar deildar var samþykkt af síðustu ríkisstjórn. Deildin er til húsa í Síðumúla í Reykjavík og er starfsemi þegar hafin. Rekstur að Tindum er með svipuðu sniði og gert er ráð fyrir í fjárlögum 1991. Fjárveiting er 45,3 m.kr. og starfsmenn 15.

Önnur fræðslumál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 422 Námsgagnastofnun; 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 440 Fullorðinsfræðsla; 881 Náms- og fræðimenn, framlög; 883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla og 884 Jöfnun á námskostnaði.

Heildarframlag til þessa málefnaflokks er áætlað 373,9 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Námsgagnastofnun	209.900	237.290	254.600	7	21
Námsstjórn og þróunarverkefni	19.400	-	-	.	.
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	-	-	6.900	.	.
Iðnfræðsluráð	3.100	-	-	.	.
Fullorðinsfræðsla	3.700	15.020	16.100	7	.
Náms- og fræðimenn, framlög	22.000	30.070	-	.	.
Lektorar í íslensku við erlenda háskóla	2.500	2.650	-	.	.
Jöfnun á námskostnaði	72.800	89.800	96.300	7	32
Samtals	**333.400**	**374.830**	**373.900**	**-0**	**12**

Framlag til þessa málefnaflokks lækkar nokkuð að raungildi og skýrist það af tilflutningi til annarra málefnaflokka. Tveir fjárlagaliðir hafa verið felldir niður, *881 Náms- og fræðimenn, framlög* og *883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla* en *430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra* er nýr fjárlagaliður. Fjárlagaliðirnir *Námsstjórn og þróunarverkefni* og *Iðnfræðsluráð* voru felldir niður í fjárlögum 1991 en áhrifa þeirra gætir enn í reikningstölum fyrir árið 1990. Loks skal þess getið að fjárlagaliðurinn *885 Fullorðinsfræðsla* hefur nú fengið nýtt númer, *440 Fullorðinsfræðsla*. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu efnisbreytingum á fjárlagaliðum málefnaflokksins.

422 ***Námsgagnastofnun.*** Rekstrarframlag til Námsgagnastofnunar er áætlað 254,6 m.kr. og er óbreytt að raungildi frá fjárlögum 1991. Í eftirfarandi töflu er sýndur fjöldi nemenda og framlag á nemanda í skyldunámi undanfarin fjögur ár samanborið við frumvarp til fjárlaga 1992. Fjárhæðir eru á áætluðu verðlagi í ársbyrjun 1992. Eins og sjá má í töflunni hefur framlag á nemanda í skyldunámi farið hækkandi hin síðustu ár.

	Fjöldi skyldunáms-nemenda	Framlag á nemanda kr.
Fjárlög 1988	38.000	5.620
Fjárlög 1989	37.700	5.770
Fjárlög 1990	37.800	5.975
Fjárlög 1991	41.900	6.080
Frumvarp 1992	41.900	6.080

430 ***Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.*** Þetta er nýr fjárlagaliður en samþykkt hafa verið ný lög nr. 129/1990, um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Hlutverk miðstöðvarinnar er að annast rannsóknir á íslensku táknmáli, kennslu táknmáls, táknmálstúlkun og aðra þjónustu við heyrnarlausa. Rekstrarframlag er áætlað 6,9 m.kr. og hækkar um 30% milli ára. Fjárveiting er í fjárlögum 1991 færð á viðfangsefni *1.03 Þjónusta við heyrnleysingja* á fjárlagalið Heyrnleysingjaskólans.

*881 **Náms- og fræðimenn, framlög.*** Framlag til þessa fjárlagaliðar fellur nú niður en fjárveitingar til rekstrarviðfangsefna fjárlagaliðarins færast á aðra fjárlagaliði. Framlag til *6.20 Stúdentagarðar* fellur niður. Eftirfarandi viðfangsefni færast á nýjan fjárlagalið, 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi: *Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum, Styrkur til grænlenskra námsmanna, Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld* og *Félagsstofnun stúdenta.* Á fjárlagalið 999 Ýmislegt færist viðfangsefnið *Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna* og á fjárlagalið 983 Ýmis fræðistörf færist viðfangsefnið *Styrkur til útgáfustarfa.*

*883 **Lektorar í íslensku við erlenda háskóla.*** Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar fellur nú niður en viðfangsefni færast á aðra fjárlagaliði. Viðfangsefnið *Lektorsstaða við Lundúnaháskóla* færist á fjárlagalið 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og viðfangsefnið *Íslenskukennsla erlendis, óskipt* færist á fjárlagalið 204 Stofnun Sigurðar Nordals.

Lánasjóður íslenskra námsmanna

Framlag til sjóðsins er 2.220 m.kr. og hækkar úr 1.730 m.kr. í fjárlögum 1991. Heildarupphæð veittra lána á árinu 1992 skal takmarkast við að framlagið nægi til þess að standa undir áætlaðri vaxtaniðurgreiðslu lánanna út lánstímann. Fjallað er um Lánasjóð íslenskra námsmanna í athugasemdum við B-hluta fjárlaga í 6. kafla.

Söfn, listastofnanir o.fl.

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi liðir: 901 Landsbókasafn Íslands; 902 Þjóðminjasafn Íslands; 903 Þjóðskjalasafn Íslands; 904 Safnahúsið við Hverfisgötu; 906 Listasafn Einars Jónssonar; 907 Listasafn Íslands; 908 Kvikmyndasafn Íslands; 909 Blindrabókasafn Íslands; 919 Söfn, ýmis framlög; 972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn; 973 Þjóðleikhús; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 977 Þjóðarbókhlaða og 978 Endurbótasjóður menningarstofnana.

Heildarframlag til þessa málefnaflokks er áætlað 1.030,1 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landsbókasafn Íslands	43.800	49.440	52.400	6	20
Þjóðminjasafn Íslands	74.100	82.260	75.700	-8	2
Þjóðskjalasafn Íslands	43.500	47.930	54.200	13	25
Safnahúsið við Hverfisgötu	7.100	7.130	8.000	12	13
Listasafn Einars Jónssonar	5.500	5.110	6.400	25	16
Listasafn Íslands	54.800	53.870	57.400	7	5
Kvikmyndasafn Íslands	7.000	7.860	6.900	-12	-1
Blindrabókasafn Íslands	22.000	27.030	29.200	8	33
Söfn, ýmis framlög	-	-	41.900	.	.
Ísl. dansflokkurinn og Listdansskólinn	-	23.210	37.500	62	.
Þjóðleikhús	204.200	367.000	226.500	-38	11
Sinfóníuhljómsveit	86.200	94.000	99.000	5	15
Þjóðarbókhlaða	-	145.000	335.000	131	.
Endurbótasjóður menningarstofnana	396.000	-	-	.	.
Samtals	**944.200**	**909.840**	**1.030.100**	**13**	**9**

Rekstrargjöld eru áætluð 622,7 m.kr. og hækka nokkuð umfram verðlag. Hækkun skýrist að mestu af nýjum fjárlagalið, *919 Söfn, ýmis framlög.*

Heildarframlag til stofnkostnaðar og viðhalds er 407,4 m.kr. Þar af eru 335 m.kr. hluti af áætlaðri innheimtu sérstaks eignarskatts samkvæmt lögum nr. 83/1989 og skal ráðstafa til endurbóta á menningarbyggingum. Fjárhæð þessi er færð á fjárlagalið *977 Þjóðarbókhlaða.*

Helstu efnislegu breytingar á einstökum stofnunum eru eftirfarandi:

902 Þjóðminjasafn Íslands. Rekstrarfjárveiting til Þjóðminjasafns nemur 55,4 m.kr. og hækkar um 13% frá fjárlögum 1991. Hækkun umfram verðlag er annars vegar vegna tímabundinnar stöðu ritstjóra bókaflokksins „Íslensk þjóðmenning" sem er ranglega færð á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytis í fjárlögum 1991. Störf við safnið verða þá tuttugu. Hins vegar er hækkun vegna aukins húsaleigukostnaðar en safnið fékk á síðasta ári heimild til að taka á leigu geymslu- og viðgerðarhúsnæði. Til verndunar gamalla húsa eru ætlaðar 8,3 m.kr. og til tækja- og búnaðarkaupa 2 m.kr. Til endurbóta á húseigninni við Suðurgötu eru áætlaðar 10 m.kr., en á árinu 1991 eru veittar 10 m.kr. Nefnd hefur lagt fyrir menntamálaráðuneyti umfangsmiklar tillögur um endurbætur og nauðsynlegar lagfæringar á safnahúsinu við Suðurgötu.

903 Þjóðskjalasafn Íslands. Rekstrarframlag til Þjóðskjalasafns er áætlað 44,2 m.kr. og hækkar um 4,8 m.kr. Hækkun er m.a. vegna sérstakrar áætlunar um skjalavörslu stjórnarráðsins. Stofnkostnaðarframlag er 10 m.kr., 7,5 m.kr. til endurbóta á húsnæði safnsins við Laugaveg og 2,5 m.kr. til ýmissa tækja- og búnaðarkaupa.

908 Kvikmyndasafn Íslands. Framlag til safnsins nemur 6,9 m.kr. og lækkar um 12%. Milli Kvikmyndasafns og Kvikmyndasjóðs eru afar óskýr mörk hvað varðar rekstur. Laun tveggja starfsmanna hafa m.a. verið greidd af fjárveitingu sjóðsins. Aftur á móti hafa ýmis verkefni verið greidd af fjárveitingu safnsins sem eðlilegra hefði verið að sjóðurinn veitti styrk til, t.d. til endurnýjunar á filmum gamalla kvikmynda. Áætlað er fyrir rekstri Kvikmyndasafns og Kvikmyndasjóðs á þessum fjárlagalið og tekið mið af reikningsniðurstöðu ársins 1990 að nokkru.

909 Blindrabókasafn Íslands. Rekstrarframlag hækkar um 12% milli ára og verður 26,2 m.kr. Hækkun umfram verðlag skýrist af hækkun ræstingar- og húsaleigukostnaðar vegna aukins húsnæðis. Til lagfæringa á húsnæði er veitt 1 m.kr. og til tækja- og búnaðarkaupa eru ætlaðar 2 m.kr.

919 Söfn, ýmis framlög. Þetta er nýr fjárlagaliður og er framlag 41,9 m.kr. Eins og sjá má af töflu á næstu síðu er einungis eitt nýtt viðfangsefni, *1.11 Nýlistasafn*, en rekstrarframlag til safnsins hefur til þessa verið greitt af safnlið. Önnur viðfangsefni eru flutt af öðrum fjárlagaliðum. Af fjárlagaliðnum 982 Listir, framlög færast viðfangsefnin *Listasafn ASÍ, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Nýlistasafn, byggingarstyrkur* og *Listasöfn, styrkir.* Af fjárlagalið 991 Húsafriðun eru flutt viðfangsefnin *Byggða- og minjasöfn, Sjóminjasafn og Nesstofa.* Viðfangsefnið *Kvennasögusafn* er flutt af fjárlagalið 983 Ýmis fræðistörf og að lokum koma viðfangsefnin *Sögusafn alþýðu, Amtsbókasafn, Safnastofnun Austurlands og Söfn, styrkir* af fjárlagalið 999 Ýmislegt.

	Fjárlög 1991 þús. kr.	Frumvarp 1992 þús. kr.	Breyting %
Listasafn ASÍ	2.300	2.000	-13
Nýlistasafn, rekstrarstyrkur	-	2.000	.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5.200	2.000	-62
Listasöfn, styrkir	3.000	2.500	-17
Byggða- og minjasöfn	12.125	10.000	-18
Sjóminjasafn	7.000	6.000	-14
Nesstofa	4.000	5.000	25
Sögusafn alþýðu	860	900	5
Kvennasögusafn	1.500	1.000	-33
Amtsbókasafn	380	400	5
Söfn, styrkir	2.100	2.100	-
Nýlistasafn, byggingarstyrkur	2.750	2.200	-20
Safnastofnun Austurlands	5.200	5.800	12
Samtals	**46.415**	**41.900**	**-10**

972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn. Fjárveiting til Íslenska dansflokksins er 31,6 m.kr. og fjárveiting til Listdansskólans 5,9 m.kr. Alls er framlagið 37,5 m.kr. og hækkar um 62% milli ára. Ýmis kostnaður sem tengist dansflokknum og skólanum er í fjárlögum 1991 færður á fjárlagalið Þjóðleikhússins en er nú færður til síns heima. Breyting á starfsemi er ekki fyrirhuguð né heldur fjölgun á starfsmönnum frá því sem er í fjárlögum 1991.

973 Þjóðleikhús. Rekstrarfjárveiting til Þjóðleikhússins er 226,5 m.kr. og er óbreytt að raungildi frá fjárlögum 1991, að frátöldum tilflutningi til Íslenska dansflokksins og Listdansskólans sem áður var nefndur. Fjárveiting til Þjóðleikhússins í fjárlögum 1991 var miðuð við umfangsminni rekstur en ef húsið væri í fullri starfrækslu. Þrátt fyrir það stefnir í um 40-50 m.kr. halla á rekstri Þjóðleikhússins í ár. Á næstunni verður skipaður starfshópur til að endurskipuleggja reksturinn með tilliti til fjárveitinga í fjárlögum 1992 og leggja drög að framtíðarskipan hans.

977 Þjóðarbókhlaða. Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal fram til aldamóta lagður á sérstakur eignarskattur sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana og stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins. Gert er ráð fyrir að tekjur af þessum skatti verði um 310 m.kr. á þessu ári en á árinu 1992 eru tekjur áætlaðar um 365 m.kr. og er ráðstöfunarfé sjóðsins. Til framkvæmda við Bessastaði eru ætlaðar 30 m.kr. og er sú fjárhæð færð á fjárlagalið Bessastaða, *00-510-6.01 Bessastaðir, mannvirkjagerð.* Á fjárlagalið Þjóðarbókhlöðu færast 335 m.kr.

Ýmis framlög

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins; 976 Menningarsjóður; 979 Húsafriðunarsjóður; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndasjóður; 982 Listir, framlög; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 985 Alþjóðleg samskipti; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál; 991 Húsafriðun; 997 Uppgjör við sveitarfélög; 998 Ráðstöfunarfé og 999 Ýmislegt.

Heildarframlag til málefnaflokksins er áætlað 993,1 m.kr. og er það nær óbreytt fjárveiting frá fjárlögum 1991. Framlag skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Kvikmyndaeftirlit ríkisins	1.700	1.260	1.300	3	-24
Menningarsjóður	14.300	11.000	6.000	-45	-58
Húsafriðunarsjóður	-	-	10.500	.	.
Listskreytingasjóður	9.800	12.000	12.000	0	22
Kvikmyndasjóður	74.800	87.000	91.500	5	22
Listir, framlög	231.700	250.280	269.400	8	16
Ýmis fræðistörf	3.300	14.650	15.500	6	.
Norræn samvinna	7.300	4.890	5.100	4	-30
Alþjóðleg samskipti	-	18.100	36.900	104	.
Æskulýðsmál	23.900	32.200	33.800	5	41
Ýmis íþróttamál	69.000	77.920	71.800	-8	4
Húsafriðun	21.400	34.005	-	.	.
Uppgjör við sveitarfélög	301.700	385.000	400.000	4	33
Ráðstöfunarfé	-	15.000	15.000	0	.
Ýmislegt	91.000	46.490	24.300	-48	-73
Samtals	**849.900**	**989.795**	**993.100**	**0**	**17**

Einn fjárlagaliður, *991 Húsafriðun* fellur niður en viðfangsefni hans flytjast til annarra fjárlagaliða. Fjárlagaliðurinn *979 Húsafriðunarsjóður* er nýr. Fjárlagaliðurinn *Vísindaleg starfsemi, styrkir* breytir um nafn og fær heitið *983 Ýmis fræðistörf*. Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks er ívið lægri að raungildi en í fjárlögum 1991. Fjárlagaliðirnir *Listir, framlög* og *Alþjóðleg samskipti* hækka umfram verðlag en á móti lækka aðrir fjárlagaliðir. Nokkrir liðanna þarfnast ekki skýringa, enda ekki gert ráð fyrir breyttri starfsemi, en um eftirtalda liði er talið þarft að fjalla:

976 Menningarsjóður. Samkvæmt lögum nr. 50/1957 með áorðnum breytingum eru tekjur Menningarsjóðs gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum og árlegt framlag úr ríkissjóði. Áætlaðar markaðar tekjur nema 11,5 m.kr. en þrátt fyrir ákvæði laga verða skil tekna til sjóðsins aðeins 6 m.kr. Menntamálaráðuneyti hefur í hyggju að endurskoða lög um sjóðinn og endurmeta starfsemi hans þar sem yrði m.a. stefnt að því að leggja útgáfufyrirtækið niður á árinu 1992.

979 Húsafriðunarsjóður. Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða sem áður var sérstakt viðfangsefni á fjárlagalið *991 Húsafriðun*. Samkvæmt 46. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð nema 138 kr. á hvern íbúa landsins eða alls 35,3 m.kr. Framlag verður 10,5 m.kr. þrátt fyrir ákvæði laganna.

981 Kvikmyndasjóður. Samkvæmt lögum nr. 94/1983 eru tekjur sjóðsins söluskattur, nú virðisaukaskattur, af seldum miðum kvikmyndahúsa. Markaðar tekjur sjóðsins eru áætlaðar 113 m.kr. en þrátt fyrir ákvæði laga verður framlagið 91,5 m.kr.

982 Listir, framlög. Gerðar eru tillögur um töluverðar breytingar innan fjárlagaliðarins þar sem sum viðfangsefni eru hækkuð en önnur lækkuð. Yfirleitt er miðað við að

framlög hækki minna en almennar verðlagshækkanir nema fyrir sé sérstök tenging við laun eða verðlag. Heildarframlag er áætlað 269,4 m.kr. og hækkar um 8% milli ára og er það fyrst og fremst rakið til nýrra laga um listamannalaun. Lög nr. 35/1991, um listamannalaun, hafa í för með sér um 31,5 m.kr. hækkun á útgjöldum en af fjárhæðinni eru um 3,6 m.kr. vegna almennra launahækkana. Listamannalaun eru færð á eftirfarandi fjögur viðfangsefni: *1.10 Listasjóður*, *1.11 Launasjóður rithöfunda*, *1.32 Tónskáldasjóður* og *1.40 Launasjóður myndlistarmanna*. Á móti fellur niður eitt viðfangsefni, *1.12 Starfslaun listamanna*.

Fjögur viðfangsefni sem áður töldust til þessa fjárlagaliðar flytjast á nýjan fjárlagalið, 919 Söfn, ýmis framlög, en þau eru *Listasafn Sigurjóns Ólafssonar*, *Listasafn ASÍ*, *Nýlistasafn* og *Listasöfn, styrkir*.

Viðfangsefnið *1.26 Alþýðuleikhúsið* fellur nú niður en á móti hækkar viðfangsefnið *1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa* og er gert ráð fyrir fjárveitingu til Alþýðuleikhússins af þeim lið. Viðfangsefni *1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa* hefur fengið nýtt heiti, hét áður *1.24 Önnur leiklistarstarfsemi*. Sama er að segja um viðfangsefnið *1.22 Starfsemi áhugaleikhópa*, það hét áður *1.22 Leiklistarstarfsemi*.

Samkvæmt lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skulu 10% af skemmtanaskatti renna til *Menningarsjóðs félagsheimila* og er það áætlað 7,5 m.kr. Viðfangsefnið *1.78 Ýmsir styrkir* fellur niður þar sem fyrir er safnliður, *1.75 Lista- og menningarmál, ýmis*. Framlag til *Heiðurslauna listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis* er 14,4 m.kr. en að venju er gert ráð fyrir að Alþingi skipti fénu.

983 Ýmis fræðistörf. Fjárlagaliður þessi hefur fengið nýtt heiti en hann hét áður 983 Vísindaleg starfsemi, styrkir. Framlag er 15,5 m.kr. samanborið við 14,7 m.kr. í fjárlögum 1991. Fjögur viðfangsefni flytjast af öðrum fjárlagaliðum. Viðfangsefnið *1.11 Styrkur til útgáfustarfa* er flutt af fjárlagalið 881 Náms- og fræðimenn, framlög og viðfangsefnin *1.20 Iðnsaga Íslands* og *1.21 Tónlistarsaga Íslands* færast af fjárlagalið 999 Ýmislegt. Af fjárlagalið 991 Húsafriðun kemur viðfangsefnið *1.30 Hið íslenska fornleifafélag*. Þess er jafnframt að geta að tvö viðfangsefni eru flutt af þessum fjárlagalið yfir á aðra. *Rannsóknaleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum* er flutt á fjárlagalið 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og viðfangsefnið *Kvennasögusafn* er flutt á fjárlagalið 919 Söfn, ýmis framlög. Viðfangsefnið *1.22 Frönsk-íslensk orðabók* er nýtt og með 3 m.kr. framlag samkvæmt sérstökum samningi. Styrkur til þessa verkefnis var áður veittur af safnlið samkvæmt ákvörðun fjárveitinganefndar.

985 Alþjóðleg samskipti. Framlag er áætlað 36,9 m.kr. og hækkar um 18,8 m.kr. Framlag til *Evrópubandalagsins* (EB) hækkar um 12,3 m.kr. en íslensk stjórnvöld hafa tekið ákvarðanir um aukið samstarf við EB er leiðir til verulegs útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Framlag til *Ýmissa alþjóðlegra samninga* hækkar vegna COMETT II og ERASMUS en það eru verkefni á vegum EB. COMETT II er samstarfsáætlun háskóla og fyrirtækja um þjálfun nemenda í tæknigreinum en ERASMUS er samstarfsáætlun um nemenda- og kennaraskipti.

988 Æskulýðsmál. Heildarframlag er áætlað 33,8 m.kr. og hækkar um 1,6 m.kr. Rekstrarframlag er óbreytt að raungildi að frátalinni hækkun til *Iðnnemasambandsins*. Með breytingu á lögum um framhaldsskóla féll niður tekjustofn Iðnnemasambands Íslands sem var fast gjald af samningum iðnnema og því er lagt til að framlag þetta hækki

um 1,5 m.kr. Framlag að fjárhæð 2,5 m.kr. til *Sr. Friðrikskapellu* er síðari hluti af byggingarstyrk samkvæmt ákvörðun fjárveitinganefndar.

989 Ýmis íþróttamál. Fjárveiting nemur 71,8 m.kr. og lækkar um 6,1 m.kr. frá fjárlögum. Eitt viðfangsefni fellur niður, *6.21 Ýmis íþróttamál.* Gerðar eru tillögur um töluverðar breytingar innan fjárlagaliðarins þar sem sum viðfangsefni eru hækkuð en önnur lækkuð á móti. Yfirleitt er miðað við að framlög hækki minna en almennar verðlagshækkanir nema fyrir sé sérstök tenging við laun eða verðlag.

991 Húsafriðun. Fjárlagaliður þessi fellur niður og viðfangsefni hans færast til annarra fjárlagaliða eins og áður hefur verið greint frá. *Hið íslenska fornleifafélag* færist á fjárlagalið 983 Ýmis fræðistörf. Framlag til Húsafriðunarsjóðs færist nú á sér fjárlagalið, 979 Húsafriðunarsjóður. Þau viðfangsefni sem eftir eru, *Nesstofa, Byggða- og minjasöfn* og *Sjóminjasafn Íslands* færast á nýjan fjárlagalið, 919 Söfn, ýmis framlög.

997 Uppgjör við sveitarfélög. Framlag er 400 m.kr. og hækkar um 15 m.kr. milli ára. Í lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga segir um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga að fara skuli að eins og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árin 1990-1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili. Við afgreiðslu á fjárlögum 1990 voru mótaðar sérstakar vinnureglur um greiðslur á fjárskuldbindingum ríkissjóðs og hafa greiðslur verið inntar af hendi samkvæmt þeim á árunum 1990 og 1991. Áætluð fjárveiting fyrir árið 1992 er í samræmi við þessar reglur og lokauppgjör getur því farið fram á árinu 1993.

999 Ýmislegt. Liður þessi lækkar um 22,2 m.kr. milli ára og verður 24,3 m.kr. Lækkun skýrist aðallega af flutningi á viðfangsefnum yfir á aðra fjárlagaliði. Viðfangsefnin *Amtsbókasafn, vegna skilaskyldu, Söfn, styrkir, Sögusafn alþýðu* og *Safnastofnun Austurlands* eru flutt á fjárlagalið 919 Söfn, ýmis framlög. Á fjárlagalið 983 Ýmis fræðistörf eru flutt viðfangsefnin *Tónlistarsaga Íslands* og *Iðnsaga Íslands.* Fjárveiting *til Cornell- og Manitobaháskóla* er nú færð á fjárlagalið 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Þrjú viðfangsefni falla niður. Framlag til *Norrænnar umhverfisráðstefnu* fellur niður en því verkefni er nú lokið. Viðfangsefnið *Reykholtsstaður* fellur niður og loks er ekki gerð tillaga um framlag til *Náttúrufræðihúss* en það verkefni er nú á vegum umhverfisráðuneytis. *Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna* er nýtt viðfangsefni en fjárveiting var áður færð á fjárlagalið 881 Náms- og fræðimenn, framlög. Önnur ný viðfangsefni eru þrjú. Í fyrsta lagi er framlag til *Norrænnar ráðstefnu um fullorðinsfræðslu* 1,5 m.kr. en það er áætlaður kostnaður norrænnar ráðstefnu um fullorðinsfræðslu sem haldin verður hér á landi sumarið 1992. Í öðru lagi er framlag til viðfangsefnisins *Skriðuklaustur* 0,5 m.kr. og er það ætlað til rekstrar á fræðimannsíbúð. Að lokum er fjárveiting til *Þjóðræknisfélags Íslendinga* nú færð á sérstakt viðfangsefni en félaginu var áður veittur styrkur af safnlið. Framlag er 1,5 m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	364.600	366.050	388.700	6	7
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	205.200	205.970	140.200	-32	-32
Sendiráð og fastanefndir	360.600	392.850	436.700	11	21
Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	391.900	380.750	441.100	16	13
Samtals	**1.322.300**	**1.345.620**	**1.406.700**	**5**	**6**
Rekstur	883.200	923.470	932.000	1	6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	407.400	402.050	434.700	8	7
Stofnkostnaður og viðhald	31.700	20.100	40.000	99	26
Samtals	**1.322.300**	**1.345.620**	**1.406.700**	**5**	**6**

Heildarútgjöld ráðuneytisins verða 1.406,7 m.kr. og hækka um 5% frá fjárlögum. Hér á eftir verður fjallað um einstaka málefnaflokka og stofnanir þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til málefnaflokksins heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Varnarmálaskrifstofa; 103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs og 199 Ráðstöfunarfé.

Heildarframlag til málefnaflokksins verður 388,7 m.kr. og hækkar um 6% frá fjárlögum sem er lítils háttar lækkun að raunvirði. Talsverðar breytingar verða á fjárveitingum til einstakra stofnana svo sem skýrt verður hér að neðan.

101 Aðalskrifstofa. Tvær breytingar eru gerðar á framsetningu fjárveitingar á þessum lið. Fjárveiting vegna *kjörræðismanna* er sameinuð fjárveitingu til *yfirstjórnar* Þá er fjárveiting vegna *kvikmynda, myndbanda og landkynningar* sameinuð fjárveitingu á viðfangsefninu *upplýsinga- og kynningarstarfsemi.* Framlag til *aðalskrifstofu* verður 337,1 m.kr. og hækkar um 24,8 m.kr. eða 8%. Raunbreyting á framlagi er óveruleg, en talsverð tilfærsla verður milli gjaldategunda og viðfangsefna. Þannig hækkar launafjárveiting um 15,7 m.kr. eða 18%. Gert er ráð fyrir fjölgun starfa á *yfirstjórn* um þrjú, eitt starf sérfræðings á alþjóðaskrifstofu ráðuneytisins, eitt starf ritara til almennra skrifstofustarfa og að lokum starfsheimild vegna starfsmanns sem hefur um nokkurt skeið starfað hjá ráðuneytinu við ýmis skrifstofu- og þjónustustörf. Þá er framlengd heimild vegna tveggja starfa á *viðskiptaskrifstofu*, en í fjárlögum 1991 var gefin heimild til þessara starfa til hálfs árs. Auk þess er gert ráð fyrir nokkurri hækkun vegna yfirvinnu, en vinnuálag hefur aukist mikið á undangengnum árum, einkum vegna samninga um evrópskt efnahagssvæði og nú síðast vegna aukinna samskipta við nýfrjáls ríki í Austur-Evrópu og í Sovétríkjunum. Tekið er inn nýtt viðfangsefni, *formennska Íslands í EFTA*, en utanríkisráðherra fer með formennsku

í EFTA á fyrri hluta næsta árs. Fjárveiting vegna þessa verður 15 m.kr. Til kaupa á *tækjum og búnaði* eru veittar 10 m.kr. sem er hækkun um 7 m.kr. frá fjárlögum 1991. Framlagið er ætlað til að ljúka tölvuvæðingu *aðalskrifstofu* og *varnarmálaskrifstofu*. Á móti framangreindum hækkunum vegur að ferðakostnaður allra ráðuneyta vegna samninga um evrópskt efnahagssvæði, sem færður hefur verið á *viðskiptaskrifstofu*, lækkar um 9,5 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að framlag vegna *þýðinga laga- og reglugerða Evrópubandalagsins* lækki um 17,4 m.kr. og verði 20 m.kr. Vonast er til að ljúka megi verkefninu með þessu framlagi. Loks er nokkur hækkun framlags vegna kostnaðar við *alþjóðaráðstefnur* eða um 2,8 m.kr.

102 Varnarmálaskrifstofa. Framlag til *varnarmálaskrifstofu* verður 34,2 m.kr. og lækkar um 3 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir framlagi til viðfangsefnisins *varnarmálafulltrúi í Brussel*, en sú starfsemi verður lögð niður. Að öðru leyti verður rekstur óbreyttur.

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Til þessa málefnaflokks heyrir eingöngu samnefnd stofnun. Fjárveiting til embættisins verður 140,2 m.kr. og lækkar um 65,8 m.kr. eða 32%. Á næsta ári er ætlunin að gera skipulagsbreytingar hjá embættinu, einkum að því er varðar tollgæslu. Miðað er við að störfum við *tollgæslu á Keflavíkurflugvelli* fækki um 19 og verði 13 í stað 32ja áður. Þannig fækkar störfum um 20 í almennri tollgæslu en áhersla á eiturefnaeftirlit verður aukin og bætt þar við einu starfi. Þá verður starfsemi sérsveita *lögreglu á Keflavíkurflugvelli* lögð af og fækkar störfum um átta. Störf lögreglumanna verða því 36 í stað 42ja nú og felst í þessari breytingu að kostnaður vegna vopnaleitar verði borinn af þeim aðilum sem hafa með höndum farþegaflug um flugvöllinn. Óvíst er hvort þessi hagræðing sem að framan greinir náist öll fram á næsta ári. Til þess að mæta því sem upp á vantar er fjárveiting að fjárhæð 28,9 m.kr. á sérstöku viðfangsefni, *til ráðstöfunar vegna hagræðingar*, undir liðnum *399 Ýmis utanríkismál*. Reynist hins vegar fjárveiting til *Lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli* nægileg, verður fjármunum af framangreindu viðfangsefni varið til þróunaraðstoðar.

Sendiráð og fastanefndir

Til þessa málefnaflokks heyra öll sendiráð og fastanefndir Íslands erlendis. Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks verður 436,7 m.kr. og hækkar um 11%. Störfum við sendiráðin fjölgar um tvö og hálft og verða samtals sjötíu og hálft. Um er að ræða eitt starf fulltrúa hjá *fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf*, eitt starf ritara við *sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu* og hálft starf staðarráðins ritara við *sendiráð Íslands í Moskvu*. Helstu hækkanir rekstrarkostnaðar umfram verðlagsbreytingar er aukinn rekstrarkostnaður fastanefndarinnar í Genf vegna nýja starfsins, aukinn húsaleigukostnaður vegna skrifstofa sendiráðanna í Brussel og París og að lokum leiga fyrir bústað varamanns sendiherra í Washington, en bústaður þar í eigu íslenska ríkisins var seldur á síðasta ári. Framlag vegna viðhalds og stofnkostnaðar allra sendiráða og fastanefnda á fjárlagalið *313 Sendiráð, almennt* hækkar um 13 m.kr. Fjárveitingin er einkum ætluð til aðkallandi viðhalds á eignum íslenska ríkisins erlendis. Þá er, auk hefðbundinnar endurnýjunar á tækjum og búnaði, áformað að koma á tölvutengingu nokkurra sendiráða við aðalskrifstofu ráðuneytisins hér heima, en því fylgir nokkur kostnaður í búnaðarkaupum og fleiru því tengdu.

Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.

Til málefnaflokksins heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 390 Þróunarsamvinnustofnun; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi; 399 Ýmis utanríkismál og 401 Alþjóðastofnanir. Framlag til málefnaflokksins verður 441,1 m.kr. og hækkar um 8%. Helstu breytingar á framlögum eru eftirfarandi:

Framlag til *Þróunarsamvinnustofnunar Íslands* hækkar um 16,5 m.kr. eða 17%. Hækkun framlags er til að mæta síauknum skuldbindingum Íslendinga á alþjóðavettvangi hvað varðar þróunaraðstoð.

Framlög undir liðnum *Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi* hækka um 9,5 m.kr. eða 16%. Fjárveiting til *Háskóla Sameinuðu þjóðanna* hækkar um 1,5 m.kr. umfram verðlagsbreytingar en að öðru leyti er miðað við óbreytt raungildi framlaga undir þessum lið miðað við fjárlög 1991.

Framlög á liðnum *ýmis utanríkismál* hækka um 8 m.kr. Tekið er inn nýtt viðfangsefni, *til ráðstöfunar vegna hagræðingar*, og er ætlunin að þeirri fjárveitingu verði ráðstafað eftir atvikum til að mæta ófyrirséðum kostnaði vegna hagræðingar hjá *Lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli* eða til þróunaraðstoðar, sbr. umfjöllun hér að framan um það embætti. Aðrar breytingar eru þær að niður falla fjárveitingar vegna *kynningarátaks um Leif Eiríksson* og *móttöku flóttamanna*, en báðum þessum verkefnum lýkur á þessu ári. Þá er viðfangsefnið *Lögberg-Heimskringla* sameinað viðfangsefninu *Samskipti við Vestur-Íslendinga* en fjárveiting verður óbreytt að raungildi frá því sem veitt er til þeirra í fjárlögum 1991.

Framlög undir fjárlagaliðnum *401 Alþjóðastofnanir*, en framlög undir þessum lið eru skuldbundin vegna aðildar Íslands að ýmsum alþjóðasamtökum og stofnunum, verða samtals 229,6 m.kr. og hækka um 26,3 m.kr. eða 13%. Hækkun umfram verðlagsbreytingar skýrist einkum af að framlag til *Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA*, hækkar um nálega 24 m.kr. Aðrar helstu hækkanir á framlögum eru til *alþjóðahafrannsókna*, ríflega 3 m.kr., til *Alþjóðahvalveiðiráðsins*, tæplega 2,5 m.kr., til *Sameinuðu þjóðanna*, nálega 2 m.kr. og til *Evrópuráðsins* um 1,2 m.kr. Á móti lækkar framlag til *Norrænu ráðherranefndarinnar* um nálega 8 m.kr. þar sem hlutur Íslands í þeim kostnaði lækkar úr 1,1% í 1%.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	57.300	56.000	64.900	16	13
Búnaðarmál	2.952.800	3.658.100	4.970.400	36	68
Skógrækt og landgræðsla	356.200	350.200	445.200	27	25
Búnaðarskólar	176.000	183.200	203.200	11	15
Samtals	**3.542.300**	**4.247.500**	**5.683.700**	**34**	**60**
Rekstrarkostnaður	736.800	715.300	664.400	-7	-10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.348.700	3.042.800	4.622.700	52	97
Stofnkostnaður og viðhald	456.800	489.400	396.600	-19	-13
Samtals	**3.542.300**	**4.247.500**	**5.683.700**	**34**	**60**

Heildarútgjöld ráðuneytisins eru áætluð 5.683,7 m.kr. á árinu 1992 og hækka um 34% frá fjárlögum 1991. Hér á eftir verður fjallað um einstaka málefnaflokka og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Einn fjárlagaliður, 101 Aðalskrifstofa, heyrir undir þennan málefnaflokk. Framlag til aðalskrifstofu er áætlað 64,9 m.kr. á árinu 1992 samanborið við 56,0 m.kr. í fjárlögum 1991. Hækkun umfram almennar verðlagsbreytingar skýrist af þrennu. Í fyrsta lagi hækkar sérfræðikostnaður umtalsvert, en ráðuneytið hyggst standa fyrir sjálfstæðum athugunum á ýmsum málaflokkum og stofnunum er undir það heyra. Þá hækka útgjöld við framkvæmd nýs búvörusamnings. Loks hyggst ráðuneytið fylgjast náið með gerð alþjóðlegra viðskiptasamninga er snerta búvörur og hækka ýmis gjöld vegna þess.

Búnaðarmál

Til þessa málefnaflokks falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 171 Jarðeignir ríkisins, framlög; 172 Jarðasjóður; 201 Búnaðarfélag Íslands; 202 Hagþjónusta landbúnaðarins; 243 Sauðfjárveikivarnir; 245 Laxeldisstöðin í Kollafirði; 246 Veiðimálastofnun; 247 Yfirdýralæknir; 272 Einangrunarstöð í Hrísey; 288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög; 289 Sérstakar greiðslur í landbúnaði; 290 Greiðslur vegna búvöruframleiðslu; 291 Framleiðnisjóður landbúnaðarins og 299 Búnaðarmál, ýmis verkefni.

Heildarframlag til málefnaflokksins nemur 4.970,4 m.kr. og hækkar um 36% frá fjárlögum 1991. Helstu efnislegu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

171 Jarðasjóður. Til Jarðasjóðs eru veittar 100 m.kr. á árinu 1992 samanborið við 25 m.kr. í fjárlögum 1991. Þessi hækkun skýrist af sérstöku viðbótarframlagi í samræmi við nýgerðan búvörusamning, en því er ætlað að auðvelda bændum sem bregða búi að selja jarðir sínar. Gert er ráð fyrir að fjármagna framlagið að fullu með sölu ríkisjarða, en söluandvirði þeirra er fært á tekjuhlið frumvarpsins.

201 Búnaðarfélag Íslands. Framlag til Búnaðarfélags Íslands verður 78,5 m.kr. á árinu 1992 sem er nær óbreytt krónutala frá árinu 1991. Framlag til Búnaðarfélagsins er nú fært sem tilfærsla í samræmi við stjórnsýslulega stöðu þess. Stjórn Búnaðarfélagsins, sem kosin er af búnaðarþingi, ákveður hvort hagrætt verður í rekstri til að semja starfsemina að fjárveitingu eða hvort aflað verður tekna með innheimtu gjalda fyrir veitta þjónustu. Til greina kemur að breyta hlutdeild félagsins í Búnaðarmálasjóðsgjaldi. Af framlaginu er Búnaðarfélaginu ætlað að standa undir kostnaði vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna sinna.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Framlag til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er áætlað 147,6 m.kr. á árinu 1992 samanborið við 140,2 m.kr. í fjárlögum 1991. Þá er tekið tillit til þess að framlög til rannsókna í landgræðslu og landvernd teljast til útgjalda RALA en eru ekki höfð á sérstökum fjárlagalið eins og áður. Framlag til stofnkostnaðar er aukið, og er það ætlað til að ljúka framkvæmdum við bútæknihús á Hvanneyri, fjósbyggingu á Möðruvöllum og til nýbyggingar fjárhúss á Hvanneyri-Hesti. Gert er ráð fyrir að RALA endurheimti útlagðan kostnað í auknum mæli með

innheimtu þjónustugjalda fyrir fleiri þætti í starfsemi stofnunarinnar. Þá eru framlög til tilraunastöðva sameinuð undir einu viðfangsefni og er framlag áþekkt því sem var 1991.

243 Sauðfjárveikivarnir. Framlag til sauðfjárveikivarna verður 240,7 m.kr. samanborið við 338,7 m.kr. í fjárlögum 1991. Lækkun milli ára stafar af lægri afborgunum af lánum vegna niðurskurðarsamninga við bændur. Kostnaður mun enn lækka á næstu árum og er talið að hann verði á milli 80-90 m.kr. á ári. Er þá miðað við að farga þurfi um 3.500 kindum á ári hverju. Launa- og rekstraráætlun stofnunarinnar miðast við óbreytta starfsemi frá fjárlögum 1991 og hið saman gildir um framlag til viðhalds varnargirðinga.

245 Laxeldisstöðin í Kollafirði. Framlag til Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði hækkar um 8,6 m.kr. og verður 34 m.kr. á árinu 1992. Hækkun framlags skýrist af auknum rannsóknum á sviði laxakynbóta. Gert er ráð fyrir að starfsemi Laxeldisstöðvarinnar og Stofnfisks hf. verði sameinuð, en síðarnefnda fyrirtækið var stofnað á árinu 1991 með það fyrir augum að stunda rannsóknir á laxakynbótum. Þegar fyrirtækin hafa verið sameinuð verður framlaginu varið til að fjármagna kaup á rannsóknaþjónustu af hinu nýstofnaða fyrirtæki.

247 Yfirdýralæknir. Framlag til yfirdýralæknis verður 68,5 m.kr. samkvæmt frumvarpi samanborið við 56,7 m.kr. á árinu 1991. Hækkun umfram almennar verðlagsbreytingar skýrist af þrennu. Í fyrsta lagi hækka vaktagreiðslur til dýralækna í samræmi við kjarasamning. Í öðru lagi hækka greiðslur vegna aðkeyptra rannsókna á sýnum hjá Tilraunastöð Háskólans að Keldum, en þá þjónustu veitti stofnunin áður endurgjaldslaust. Loks er gert ráð fyrir nýrri stöðu dýralæknis í svínasjúkdómum.

288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög. Framlag til jarðræktar- og búfjárræktarmála breytist milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting %
Kynbótastöðvar	23.050	26.100	13
Héraðsbúnaðarsambönd	38.170	41.300	8
Almenn jarðræktarframlög, afborgun láns	125.000	55.000	-56
Almenn jarðræktarframlög, nýframkvæmdir	50.000	50.000	-
Almenn búfjárræktarframlög	44.000	44.000	-
Samtals	**280.220**	**216.400**	**-23**

Lækkun á framlagi frá fjárlögum 1991 stafar af lægri afborgun af lánum vegna jarðræktarframlaga fyrri ára. Þá er heiti viðfangsefnanna *Búfjárrækt* og *Ráðunautar* breytt í *Kynbótastöðvar* annars vegar og *Héraðsbúnaðarsambönd* hins vegar. Hér er um að ræða hlutdeild ríkissjóðs í launakostnaði þessara aðila. Jafnframt er hlutdeild ríkissjóðs í ferðakostnaði héraðsbúnaðarsambanda nú færð á síðarnefnda viðfangsefnið en ekki á almenn búfjárræktarframlög eins og áður.

289 ***Sérstakar greiðslur í landbúnaði.*** Hér er um að ræða niðurgreiðslur á nokkrum tegundum landbúnaðarafurða sem ekki falla undir niðurgreiðslulið viðskiptaráðuneytis. Þessar niðurgreiðslur eru greiddar beint til framleiðenda og eru jafnframt nýttar við framleiðslustjórn í viðkomandi búgreinum. Til niðurgreiðslu á nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðum er áætlað 490 m.kr., og er það nokkur raunlækkun frá fjárlögum 1991. Gert er ráð fyrir áframhaldandi stuðningi við loðdýrabændur með 34 m.kr. niðurgreiðslu á loðdýrafóðri sem er óbreytt að raungildi frá fjárlögum 1991.

290 ***Greiðslur vegna búvöruframleiðslu.*** Undir þessum fjárlagalið eru færðar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, beinar greiðslur til bænda og kostnaður við uppkaup á fullvirðisrétti. Framlag til þessara liða nemur samtals 3.122 m.kr. Gert er ráð fyrir að *Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir* skiptist sem hér segir:

	Frumvarp 1992 m.kr.
Útflutningur kindakjöts, almennar bætur	400
Útflutningur kindakjöts, sérstakar bætur vegna förgunarsamninga	60
Útflutningur osta	435
Útflutningur undanrennuafurða	85
Innanlandstilboð vegna mjólkur	30
Greiðslur til bænda fyrir ónýttan mjólkurrétt	50
Samtals	**1.060**

Útgjöld ríkissjóðs vegna *Beinna greiðslna til bænda* nema 50% af áætluðu grundvallarverði kindakjöts samkvæmt nýgerðum búvörusamningi. Hér er um að ræða fyrirframgreiðslu vegna afurða verðlagsársins 1992-1993. Áætlað er að heildargreiðslumark verðlagsársins nemi um 8.600 tonnum og er kostnaður ríkissjóðs talinn verða 1.770 m.kr. vegna þessa á árinu 1992. Gert er ráð fyrir að upphæðin greiðist frá mars og fram í desember.

Þá er kostnaður vegna *Uppkaupa á fullvirðisrétti* talinn verða 292 m.kr. á næsta ári, en kostnaður við uppkaupin dreifist á fimm ár skv. nýjum búvörusamningi. Um er að ræða kostnað vegna förgunar 55 þús. áa og uppkaup á 1.100 tn. af virkum rétti og um 600 tn. af bundnum rétti.

291 ***Framleiðnisjóður landbúnaðarins.*** Í nýgerðum búvörusamningi er framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins verulega lægra en verið hefur á undanförnum árum. Framlag ríkissjóðs á árinu 1992 tekur mið af þessu og verður 340 m.kr. samanborið við 676,4 m.kr. í fjárlögum 1991. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að skerða ákvæði laga nr. 46/1988, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

299 ***Búnaðarmál, ýmis verkefni.*** Verulegar breytingar eru gerðar á framsetningu þessa fjárlagaliðar. Annars vegar eru viðfangsefnin *Verðlagsnefnd landbúnaðarins* og *Mat á búvörum* færð á þennan lið, en þau höfðu bæði sérstök fjárlaganúmer áður. Framlag til þessara viðfangsefna er óbreytt milli ára að raungildi. Hins vegar er framlag til

skógræktarátaks á Fljótsdalshéraði og til Skógræktarfélags Íslands nú fært undir nýjan fjárlagalið *239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni.*

Skógrækt og landgræðsla

Undir þennan málefnaflokk heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 231 Skógrækt ríkisins; 235 Landgræðsla ríkisins; 239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni og 271 Landgræðslusjóður.

Allnokkrar breytingar eru gerðar á framsetningu fjárlagaliða þessa málefnaflokks. Í fyrsta lagi eru sérstök framlög til landgræðslu og landverndar nú færð beint á viðkomandi stofnanir en ekki á sérstakan fjárlagalið eins og áður. Í annan stað er framlag til Rannsóknastöðvarinnar að Mógilsá nú fært að nýju á fjárlagalið Skógræktar ríkisins. Loks bætist við nýr fjárlagaliður *239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni.* Undir hann færast framlög til Skógræktarfélags Íslands og til skógræktarátaks á Fljótsdalshéraði, eins og áður sagði.

Framlög til málefnaflokksins verða 445,2 m.kr. á árinu 1992 samanborið við 350,2 m.kr. á árinu 1991, er það um 27% hækkun að teknu tilliti til breyttrar framsetningar. Framlag til Skógræktar ríkisins hækkar um 43,5 m.kr. sem skýrist aðallega af nýju verkefni, *Skógræktarstörf bænda,* sem stofnað er til í kjölfar nýs búvörusamnings. Hér er um að ræða þátttöku bænda í skógræktarstarfi í stað hefðbundins búskapar. Ráðstöfun á fénu verður í náinni samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Þá lækka sértekjur Skógræktar ríkisins þar sem stofnunin mun draga úr garðplöntusölu á árinu.

Framlag til Landgræðslu ríkisins hækkar um 34,3 m.kr. sem skýrist aðallega af hækkun á framlagi til landgræðsluverkefna á uppblásturssvæðum. Gert er ráð fyrir náinni samvinnu við Skógrækt ríkisins um ráðstöfun þessa fjár. Loks er að nefna að framlag til fjárlagaliðsins *Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni* hækkar um 17,2 m.kr. milli ára. Um er að ræða aukinn kostnað við skógræktarátak á Fljótsdalshéraði þar sem æ fleiri bændur ákveða að taka þátt í þessu verkefni.

Búnaðarskólar

Til málefnaflokksins teljast búnaðarskólarnir þrír: Bændaskólinn á Hvanneyri; Bændaskólinn á Hólum og Garðyrkjuskóli ríkisins.

Heildarframlög til málefnaflokksins eru áætluð 203,2 m.kr. á árinu 1992 samanborið við 183,2 m.kr. í fjárlögum 1991 og hækka því um 20 m.kr. Er það nokkuð umfram almennar verðlagsbreytingar og skýrist af eftirfarandi: Framlag til *Bændaskólans á Hvanneyri* hækkar um 6,7 m.kr. vegna aukins stofnkostnaðar, en ljúka á jarðvegsskipta- og malbikunarframkvæmdum við skólann á næsta ári. Í ár eru 7 m.kr. veittar til þessa verkefnis. Framlag til *Bændaskólans á Hólum* hækkar um 6,3 m.kr. vegna námsleyfis skólastjóra og kostnaðar við staðgengil hans svo og vegna annarra gjalda. Framlag til *Garðyrkjuskóla ríkisins* hækkar um 7 m.kr. og stafar þessi hækkun af aukinni aðsókn að skólanum að undanförnu. Þess skal getið að búnaðarskólum landbúnaðarráðuneytis verður heimilað að innheimta innritunar- og efnisgjöld af nemendum til samræmis við það sem mun almennt gilda um skóla á framhaldsskólastigi.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	68.400	76.900	85.000	11	24
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	775.300	816.800	401.900	-51	-48
Annað	79.300	100.000	114.000	14	44
Samtals	**923.000**	**993.700**	**600.900**	**-40**	**-35**
Rekstrarkostnaður	688.800	748.800	340.000	-55	-51
Neyslu- og rekstrartilfærslur	100.600	123.500	130.000	5	29
Stofnkostnaður og viðhald	133.600	121.400	130.900	8	-2
Samtals	**923.000**	**993.700**	**600.900**	**-40**	**-35**

Útgjöld ráðuneytisins eru áætluð 600,9 m.kr. á árinu 1992 og lækka um tæp 40% frá fjárlögum 1991. Lækkun útgjalda milli ára skýrist af breyttri fjármögnun á rekstri stofnana ráðuneytisins, m.a. með auknum sértekjum. Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Aðalskrifstofa sjávarútvegsráðuneytisins er eini fjárlagaliður þessa málefnaflokks. Útgjöld er áætluð 85 m.kr. samanborið við 76,9 m.kr. í fjárlögum 1991. Hækkun útgjalda umfram almennar verðlagsbreytingar skýrist af tvennu. Ákvæði nýrra laga um stjórn fiskveiða gera brýnt að ráðnir verði tveir nýir starfsmenn til að sinna verkefnum tengdum smábátum og almennri fiskveiðistjórnun. Útgjöld vegna þess nema um 3 m.kr. Heildarfjöldi starfa á aðalskrifstofu verður þá 19. Þá hefur kostnaður af starfi fiskimálafulltrúa í Brussel reynst hærri en áætlað var fyrir í fjárlögum ársins 1991.

Rannsókna- og eftirlitsstofnanir

Undir þennan málefnaflokk falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 201 Fiskifélag Íslands; 202 Hafrannsóknastofnun; 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; 216 Ríkismat sjávarafurða; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins; 290 Veiðieftirlit og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Útgjöld til málefnaflokksins í heild lækka um 414,9 m.kr. frá fjárlögum 1991. Helstu efnislegu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

202 Hafrannsóknastofnun. Tvennt einkennir rekstur Hafrannsóknastofnunar á næsta ári frá því sem er í ár. Annars vegar er gert ráð fyrir auknum umsvifum vegna nýrra rannsóknaverkefna. Hins vegar er hagsmunaaðilum í sjávarútvegi ætluð aukin þátttaka í kostnaði við rekstur stofnunarinnar. Hækkað framlag til rannsókna er tengt fyrstu athugunum á fjölstofnatengslum í hafinu. Hér er um að ræða rannsókn á fæðutengslum fiskstofna, t.d. þorsks og loðnu, og þeim áhrifum sem breytingar á stærð stofnana, bæði af náttúrulegum orsökum og vegna veiða, hafa á vöxt þeirra, viðgang og afrakstursgetu. Áætlað er að verja um 65,4 m.kr. til þessa verkefnis á árinu 1992. Þá er veitt aukið framlag til úrvinnslu aflaskýrslna í samræmi við ákvæði nýrra laga um

stjórn fiskveiða. Gert er ráð fyrir að innheimta 525 m.kr. undir nýju viðfangsefni *Sérstakar tekjur*. Í þessu sambandi er m.a. horft til breytinga á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins þannig að aflaheimildir sjóðsins, sem nema allt að 12.000 þorskígildum, verði fénýttar og tekjunum varið til starfsemi Hafrannsóknastofnunar.

203 ***Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.*** Rekstur stofnunarinnar verður að mestu óbreyttur milli ára. Umsvif hafa verið um 10 m.kr. meiri en fram kemur í fjárlögum og hafa þau verið fjármögnuð með sértekjum. Þetta er nú leiðrétt og hækka viðkomandi fjárlagaliðir sem því nemur. Þá er gert ráð fyrir að stofnunin hækki gjaldskrá fyrir veitta þjónustu þannig að framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar lækki nokkuð að raungildi.

216 ***Ríkismat sjávarafurða.*** Nokkur aukning verður á starfsemi Ríkismats sjávarafurða sem stafar aðallega af ákvæðum nýrrar reglugerðar Evrópubandalagsins um heilbrigðiseftirlit í sjávarútvegi. Gert er ráð fyrir að hækka gjaldskrá stofnunarinnar til að standa undir auknum kostnaði á árinu 1992 og er framlag ríkissjóðs því nánast óbreytt milli ára að raungildi.

272 ***Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.*** Gert er ráð fyrir 25 m.kr. framlagi til endurbóta á Sjávarútvegshúsinu við Skúlagötu 4 gegn jafnháu framlagi frá Byggingarsjóði rannsókna í þágu atvinnuveganna. Nánari umfjöllun er að finna í greinargerð um B-hluta í frumvarpinu.

290 ***Veiðieftirlit.*** Starfsemi veiðieftirlits verður efld verulega á næsta ári í samræmi við ákvæði nýrra laga um stjórn fiskveiða. Veiðieftirlitsgjaldi er ætlað að standa undir öllum kostnaði við eftirlitið í stað helmings áður. Til þess þarf lagabreytingu. Framlag ríkissjóðs fellur því niður á árinu 1992.

901 ***Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.*** Framlag til stofnunarinnar verður 71,9 m.kr. á næsta ári samanborið við 58,3 m.kr. í ár. Hækkunin er verulega umfram verðlagsbreytingar og skýrist af tvennu. Nýtt líftæknihús á Keldnaholti hefur verið tekið í notkun og hækkar rekstrarframlag vegna þess um 1,5 m.kr. Þá er framlag til viðhalds á byggingum á Keldnaholti aukið verulega.

Annað

Eftirtaldir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 221 Verðlagsráð sjávarútvegsins; 299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi og 998 Ráðstöfunarfé. Framlag til málefnaflokksins verður 114 m.kr. samanborið við 100 m.kr. í fjárlögum 1991. Hækkun umfram almennar verðlagsbreytingar skýrist aðallega af kostnaði vegna nefndar sem vinna skal að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Þá er gert ráð fyrir að innheimta þátttökugjöld af ýmsum námskeiðum á vegum Starfsfræðslu sjávarútvegsins.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	126.300	144.140	190.400	32	51
Dómsmálastofnanir	362.600	355.950	453.000	27	25
Löggæslustofnanir og öryggismál	1.667.700	1.798.634	1.936.200	8	16
Sýslumenn	1.675.000	1.715.340	1.962.400	14	17
Fangelsismál	272.800	286.730	294.600	3	8
Kirkjumál	422.500	433.850	468.500	8	11
Samtals	**4.526.900**	**4.734.644**	**5.305.100**	**12**	**17**
Rekstur	4.205.800	4.439.544	4.853.000	9	15
Stofnkostnaður og viðhald	321.100	295.100	452.100	53	41
Samtals	**4.526.900**	**4.734.644**	**5.305.100**	**12**	**17**

Útgjöld ráðuneytisins aukast nálægt 250 m.kr. umfram verðlagsbreytingar milli ára eða um 5%. Meginhluti þessarar aukningar nær til *dómsmálastofnana*, *sýslumanna* og *ráðuneytis* en litlar breytingar verða á heildarframlögum til annarra málefnaflokka. Um helmingur aukningarinnar er stofnkostnaður sem leiðir af gildistöku laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Önnur stofnkostnaðarframlög aukast um 20 m.kr. í heild frá fjárlögum 1991. Rekstrarkostnaður ráðuneytisins eykst á föstu verðlagi um 103 m.kr. frá fjárlögum 1991, þar af um 66 m.kr. vegna fyrrnefndra laga. Alls er því útgjaldaaukning dóms- og kirkjumálaráðuneytis vegna laga nr. 92/1989 um 191 m.kr. á næsta ári. Enn fremur ber að nefna 120 m.kr. kostnað við dómhús í Reykjavík sem færður er undir fjármálaráðuneyti.

Lögin um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds hafa veigamikil áhrif til breytingar á fjármálum dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Þau taka gildi á miðju ári þannig að aukning á rekstrarkostnaði kemur ekki fram að fullu fyrr en á árinu 1993. Í umfjöllun um breytingar á rekstrarkostnaði er eðlilegt að aðgreina breytingar í Reykjavík og breytingarnar á landsbyggðinni.

Að öllu samanlögðu verður ekki teljandi kostnaðarauki við réttarkerfið í Reykjavík. Lítils háttar hækkun, 1 m.kr., skýrist af aukinni starfsemi þar sem öll lögtök fyrir opinberum gjöldum í Reykjavík munu verða framkvæmd af starfsmönnum sýslumannsins í Reykjavík.

Utan Reykjavíkur er rétt að bera saman kostnað af nýjum dómstólum við samdrátt hjá sýslumannsembættum. Við þann samanburð kemur í ljós að aukning reglubundins rekstrarkostnaðar er áætluð um 38 m.kr. Kostnaðaraukning frá fjárlögum 1991 er þó ekki þetta mikil þar sem þegar var búið að stofna til bráðabirgðaembætta fjögurra dómara með lögum nr. 27/1990. Þessi lög gilda fram að gildistöku laga nr. 92/1989 og frá miðju ári sparast rúmar 11 m.kr. af þeim sökum sé miðað við fjárlög. Hækkun reglubundins rekstrarkostnaðar frá fjárlögum 1991 til frumvarps 1992 verður því liðlega 27 m.kr.

Vegna áhrifa breyttrar dómsmálaskipunar á starfsemi margra stofnana undir ráðuneytinu þótti nauðsynlegt að endurskoða framsetningu þeirra og flokkun í fjárlögum. Í umfjöllun hér á eftir er allur talnasamanburður miðaður við hina nýju flokkun og skipting fjárlaga 1991 og ríkisreiknings 1990 hefur því verið löguð að henni.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirleiðis fjárlagaliðir á bilinu 100-199 en þeir eru: 101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 111 Kosningar; 190 Ýmis kostnaður ráðuneytis og 199 Ráðstöfunarfé.

Gerð er sú breyting á þessum málefnaflokki að undir hann eru færð ýmis verkefni og fjárveitingar sem áður voru á fjárlagaliðnum 281 Dómsmál, ýmis starfsemi. Eitt af þeim verkefnum er *útgáfa lagasafns* sem nú er fært á sérstakan fjárlagalið. Þá er liðurinn Ráðstöfunarfé nú flokkaður hér.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	79.100	80.450	92.600	15	17
Stjórnartíðindi	9.200	9.470	6.400	-32	-30
Lagasafn	8.200	-8.000	-	.	.
Kosningar	6.300	22.640	13.800	-39	119
Ýmis kostnaður ráðuneytis	23.500	31.580	69.600	120	196
Ráðstöfunarfé	-	8.000	8.000	.	.
Samtals	**126.300**	**144.140**	**190.400**	**32**	**51**
Rekstur	118.100	136.140	160.400	18	36
Stofnkostnaður	8.200	8.000	30.000	275	266
Samtals	**126.300**	**144.140**	**190.400**	**32**	**51**

Framlög á vegum yfirstjórnar ráðuneytisins vaxa um 36 m.kr. milli ára þegar tekið hefur verið tillit til verðlags. Þar af skýra aukin framlög til hugbúnaðargerðar tæpar 22 m.kr. Hækkun rekstrarframlaga, um 15 m.kr. nettó, skýrist einkum af tímabundnum útgjöldum vegna framkvæmdar laganna um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds en þau eru áætluð 26,4 m.kr í stað 10 m.kr. í fjárlögum 1991. Önnur ástæða er að ekki eru fyrirséðar tekjur umfram gjöld vegna *útgáfu lagasafns*. Þá er nokkuð aukið við framlag til *aðalskrifstofu*, aðallega vegna tímabundins álags í kjölfar breytinga á réttarkerfinu. Breytingar til lækkunar eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi er áætlaður kostnaður við forsetakosningar á næsta ári lægri en kostnaður við alþingiskosningar á yfirstandandi ári og munar rúmum 10 m.kr. Í öðru lagi fellur niður um 6,5 m.kr. kostnaður af störfum sérstaks setusaksóknara sem settur hefur verið vegna Hafskipsmálsins undanfarin ár. Í þriðja lagi er framlag til *Stjórnartíðinda* lækkað um 3,5 m.kr. vegna hagræðingar í útgáfumálum og aukinnar tekjuöflunar.

190 Ýmis kostnaður ráðuneytis. Undir þennan fjárlagalið eru færð mörg viðfangsefni sem áður voru undir liðnum *281 Dómsmál, ýmis starfsemi* auk fjögurra nýrra viðfangsefna. Af tveimur þeirra er veitt fé til framkvæmdar á lögum nr. 92/1989, þ.e. 26,4 m.kr. af viðfangsefni *1.71 Framkvæmd aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í*

héraði og 30 m.kr. til hugbúnaðargerðar fyrir sýslumannsembætti og dómstóla. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur lagt áherslu á að samfara umræddri skipulagsbreytingu verði stuðlað að sem mestri hagræðingu við rekstur dómstóla og sýslumannsembætta. Með aukinni tölvunotkun er gengið út frá því að unnt verði að fækka starfsmönnum.

Dómsmálastofnanir

Veruleg breyting verður á skipan þessa málefnaflokks með tilkomu héraðsdómstóla á miðju næsta ári. Til málefnaflokksins teljast eftirleiðis fjárlagaliðir á bilinu 200-299 en þeir eru: 201 Hæstiréttur; 203 Borgardómarinn í Reykjavík; 204 Borgarfógetinn í Reykjavík; 205 Sakadómur Reykjavíkur; 210 Héraðsdómarar samkvæmt lögum nr. 27/1990; 211 Héraðsdómur Reykjavíkur; 212 Héraðsdómur Vesturlands; 213 Héraðsdómur Vestfjarða; 214 Héraðsdómur Norðurlands vestra; 215 Héraðsdómur Norðurlands eystra; 216 Héraðsdómur Austurlands; 217 Héraðsdómur Suðurlands; 218 Héraðsdómur Reykjaness; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum; 290 Dómsmál, ýmis kostnaður og 291 Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	22.300	24.930	24.700	-1	11
Borgardómarinn í Reykjavík	60.900	63.200	35.500	-44	-42
Borgarfógetinn í Reykjavík	92.500	88.480	46.700	-47	-50
Sakadómur Reykjavíkur	62.300	59.140	34.900	-41	-44
Dómstóll í ávana- og fíkniefnamálum	8.400	8.460	4.700	-44	-44
Héraðsdómarar skv. lögum nr. 27/1990	18.000	21.060	11.300	-46	-37
Héraðsdómur Reykjavíkur	-	-	65.600	.	.
Héraðsdómar utan Reykjavíkur	-	-	62.600	.	.
Málskostnaður	71.400	56.040	65.800	17	-8
Opinber réttaraðstoð	4.100	5.130	5.500	7	34
Dómsmál, ýmis kostnaður	15.500	13.410	19.700	47	27
Rekstur samtals	**355.400**	**339.850**	**377.000**	**11**	**6**
Stofnkostnaður og viðhald samtals	**7.200**	**16.100**	**76.000**	**372**	**956**

Hinn 1. júlí 1992 taka gildi lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og jafnframt taka þá gildi nokkur lög er varða réttarfar í landinu. Breytingin lýtur að því að hin eiginlegu dómsmál, þ.e. ágreiningur í einkamálum og dómsstörf í refsimálum (opinberum málum), eru falin sérstökum dómstólum til úrlausnar. Önnur mál sem heyrt hafa undir embætti sýslumanna og bæjarfógeta og embætti borgarfógeta í Reykjavík verða áfram á verksviði sýslumanna.

Vegna framangreindra breytinga eykst rekstrarkostnaður um 40 m.kr. Þar eru 27 m.kr. varanleg aukning miðað við sömu verkefni og áður. Vegna aukinna verkefna, m.a. fjölgunar á lögtökum, eru útgjöld talin aukast um 8 m.kr. Þá er tímabundinn rekstrarkostnaður metinn á um 5 m.kr. vegna uppgjörs- og frágangsmála. Stofnkostnaður eykst einnig tímabundið vegna húsnæðisþarfar og stofnbúnaðar hinna nýju héraðsdómstóla og Sýslumannsins í Reykjavík og eru framlög til þessa 103 m.kr. alls.

Í Reykjavík lýtur breytingin að því að lögð eru niður embætti Borgardómara, Borgarfógeta, Sakadómur Reykjavíkur og Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum. Í stað þess koma Héraðsdómur Reykjavíkur og Sýslumaðurinn í Reykjavík. Nokkur verkefni flytjast til Lögreglustjórans í Reykjavík er áður heyrðu undir Sakadóm Reykjavíkur.

Utan Reykjavíkur eru stofnaðir sjö dómstólar sem hafa aðsetur á eftirtöldum stöðum: Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og Hafnarfirði. Sýslumannsembættin verða jafn mörg og áður. Vegna umræddra stofnana er aukinn rekstrarkostnaður óhjákvæmilegur, þótt rekstrarkostnaður sé lækkaður hjá sýslumannsembættunum vegna flutnings verkefna frá þeim. Um kostnaðarauka af þessari breytingu er getið framar. Eftirfarandi sýnir hvernig störf flytjast til um mitt ár:

	Stöðugildi miðað við heilt ár
Til 30. júní 1992	
Borgardómarinn í Reykjavík	26,5
Borgarfógetinn í Reykjavík	39,0
Sakadómur Reykjavíkur	27,5
Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum	4,0
Héraðsdómarar samkvæmt lögum nr. 27/1990 og aðrir starfsmenn	7,0
Sýslumenn og bæjarfógetar, störf sem flytjast	21,0
Samtals	**128,0**
Frá 1. júlí 1992	
Sýslumaðurinn í Reykjavík	45,0
Héraðsdómur Reykjavíkur	45,0
Héraðsdómur Vesturlands	3,0
Héraðsdómur Vestfjarða	2,0
Héraðsdómur Norðurlands vestra	1,5
Héraðsdómur Norðurlands eystra	5,0
Héraðsdómur Austurlands	2,0
Héraðsdómur Suðurlands	5,0
Héraðsdómur Reykjaness	12,5
Lögreglustjórinn í Reykjavík, fjölgun	7,0
Samtals	**128,0**

Sjá má á þessari töflu að fyrir utan þá fjölgun sem þegar er orðin vegna laga nr. 27/1990 er ekki um að ræða fjölgun starfsmanna í dómskerfinu. Hins vegar verður meiri rekstrarkostnaður samfara fjölgun stofnana. Eins og komið hefur fram áður er mannaflaþörf metin í lágmarki. Komi það hins vegar í ljós að launakostnaður sé vanmetinn er á fjárlagalið 06-290-1.14 gert ráð fyrir 3,2 m.kr. fjárveitingu sem m.a. er ætlað að mæta slíku. Þess skal getið að af fimm héraðsdómurum sem starfa skv. lögum nr. 27/1990 starfar einn á Keflavíkurflugvelli og fær greidd laun hjá embætti lögreglustjórans þar.

Löggæslustofnanir og öryggismál

Þessi málefnaflokkur er nýr og undir hann heyra stofnanir ákæruvalds, löggæslu og öryggismála. Þetta eru sömu stofnanir og fjárlagaliðir og áður voru færð undir málefnaflokkana *Löggæslustofnanir* og *Landhelgisgæsla o.fl.* að undanskildu Ráðstöfunarfé sem nú er fært undir *Ráðuneyti*. Auk þeirra stofnana bætist við flokkinn embætti *Ríkissaksóknara*. Málefnaflokkurinn nær yfir númerabilið 300-399 og heyra undir hann eftirtaldir fjárlagaliðir: 301 Ríkissaksóknari; 302 Rannsóknarlögregla ríkisins; 305 Lögregluskóli

ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 321 Almannavarnir ríkisins; 331 Umferðarmál; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslukostnaður; 391 Húsnæði löggæslustofnana og 395 Landhelgisgæsla Íslands.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	38.200	39.230	43.600	11	14
Rannsóknarlögregla ríkisins	133.000	147.250	157.300	7	18
Lögregluskóli ríkisins	23.100	23.060	26.400	14	14
Lögreglustjórinn í Reykjavík	769.500	798.560	872.300	9	13
Almannavarnir ríkisins	16.400	20.184	23.900	18	46
Umferðarmál	16.200	21.990	19.300	-12	19
Áfengis- og fíkniefnamál	2.800	5.290	5.200	-2	86
Ýmis löggæslukostnaður	19.400	9.540	14.400	51	-26
Landhelgisgæsla Íslands	543.700	639.530	678.800	6	25
Rekstur samtals	**1.562.300**	**1.704.634**	**1.841.200**	**8**	**18**
Stofnkostnaður og viðhald samtals	**105.400**	**94.000**	**95.000**	**1**	**-10**

Í heildina eru framlög til þessa málefnaflokks svipuð og í fjárlögum 1991, til rekstrar jafnt sem stofnkostnaðar og viðhalds. Innbyrðis á milli stofnana eru þó nokkrar breytingar. Fjárveiting til rekstrar lögreglustjóraembættisins í Reykjavík hækkar að raungildi, m.a. vegna aukinna verkefna í kjölfar laga nr. 92/1989. *Ýmis löggæslukostnaður* hækkar nokkuð með hliðsjón af kostnaði á síðasta ári. Á móti verður lækkun á raungildi fjárveitingar til Landhelgisgæslunnar vegna minnkandi eldsneytiskostnaðar og framlag til Umferðarráðs lækkar vegna aukinnar töku prófgjalda. Um þessar breytingar og aðrar má lesa nánar hér á eftir.

*301 **Ríkissaksóknari.*** Fjölgun mála á síðari árum vegna bókhalds- og fjármálamisferlis hefur valdið því að embættið hefur í auknum mæli keypt sérfræðiþjónustu við rannsókn þeirra og málssókn. Til að mæta þessu er gert ráð fyrir nýju starfi lögfræðings en á móti fækkað um hálfa stöðu skrifstofumanns. Starfsmenn embættisins verða því sextán talsins.

*302 **Rannsóknarlögregla ríkisins.*** Fjölgað er um tvö störf, fyrst og fremst til að mæta álagi við símavörslu. Þetta er liður í aukinni skilvirkni innan embættisins og betri nýtingu á mannafla. Framlag til kaupa á tækjum og búnaði, 8 m.kr., er m.a. til endurnýjunar á 3-4 af bifreiðum embættisins.

*305 **Lögregluskóli ríkisins.*** Að megin hluta er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi frá því sem verið hefur og að fjöldi nemenda fari ekki umfram 32. Veitt er 1 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Í fjárlögum 1991 er þessi fjárhæð hærri eða 5 m.kr. vegna innréttingar á húsnæði.

*311 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.*** Rekstrarfjárveiting til embættisins hækkar um nálægt 2% frá fjárlögum 1991 miðað við fast verðlag eða sem svarar 16 m.kr. Fáeinar breytingar verða á rekstrarforsendum sem skýra þessa niðurstöðu. Fyrir það fyrsta er fjárveiting vegna mötuneytis aukin um 6 m.kr. en það hefur til margra ára verið

rekið með meiri halla en ætlað hefur verið í fjárlögum. Í öðru lagi flytjast verkefni frá Sakadómi Reykjavíkur um mitt næsta ár af fyrrgreindum ástæðum og gera verður ráð fyrir auknu mannahaldi af þeim sökum. Lögreglustjóri fær heimild til að ljúka fleiri málum en nú er auk þess sem hann fær ákæruvald í málum er varða brot á umferðar- og áfengislögum. Því er gert ráð fyrir þremur nýjum störfum frá miðju næsta ári. Jafnframt mun lögreglustjóri annast birtingu kvaðninga í opinberum málum og er reiknað með fjórum nýjum störfum vegna þess frá miðju ári. Alls er áætlað að launakostnaður aukist um 5-6 m.kr. af þessum sökum. Þá er einu starfi bætt við hjá *útlendingaeftirliti* vegna vaxandi verkefna. Miðað við fjárlög 1991 eykst launa- og ferðakostnaður við það eftirlit um ríflega 3,5 m.kr. Gert er ráð fyrir að rekstur bifreiðaverkstæðis verði lagður niður í þeirri mynd sem verið hefur og dagleg þjónusta við lögreglubifreiðar verði leyst með ódýrari hætti. Við þetta sparast þrjú störf en á móti er bætt við þremur nýjum störfum í almennri löggæslu til að sinna brýnum verkefnum. Annar kostnaðarauki umfram tekjur við *almenna löggæslu* er áætlaður um 7,5 m.kr. Til *endurnýjunar ökutækja* eru veittar 15 m.kr. og í *tæki og búnað* fær embættið 5 m.kr. Í fjárlögum 1991 eru fjárveitingar til þessara viðfangsefna samtals 13 m.kr. Nokkur viðfangsefni eru felld niður úr fjárlögum og sameinuð undir *almennri löggæslu*. Þau eru *1.02 Sími og fjarskipti, 1.21 Eftirlit á vegum, 1.22 Fangaklefar* og *1.24 Eftirlit með vínveitingahúsum.*

321 Almannavarnir ríkisins. Fjölgað er um eitt starf hjá stofnuninni en á móti kemur að hluta lækkun launa til manna sem ráðnir hafa verið í sérstök verkefni.

331 Umferðarmál. Undir þessum fjárlagalið eru sameinuð fjárlagaviðfangsefnin *Umferðarráð* og *ökukennsla*. Gert er ráð fyrir að skipulagi ökunáms og ökuprófa verði breytt frá því sem nú er og Umferðarráði verði falin umsjón þessa málaflokks. Til að svo megi verða er óhjákvæmilegt að breyta lögum nr. 50/1987 og reglugerð um ökunám, próf ökumanna o.fl., nr. 787/1983. Til að bera uppi hluta af kostnaði Umferðarráðs er reiknað með auknum tekjum af prófgjöldum. Í því augnamiði verður gerð breyting á reglugerð um dómsmálagjöld o.fl.

341 Áfengis- og fíkniefnamál. Ekki verður breyting á framlögum til áfengis- og fíkniefnamála en undir þennan fjárlagalið færist viðfangsefnið *1.20 Fíkniefnamál* sem áður hét *aðgerðir gegn fíkniefnum* undir fjárlaganúmerinu *281-1.82*.

390 Ýmis löggæslukostnaður. Með hliðsjón af kostnaði síðustu tveggja ára er framlag hækkað um nálægt 45% að raungildi. Af þessum lið er greiddur ýmis kostnaður við löggæslu sem ekki er unnt að staðsetja eða áætla með vissu fyrirfram. Slíkur kostnaður er t.d. vegna heimsókna erlendra þjóðhöfðingja og brottvísunar manna úr landi. Einnig er færður á þennan lið ýmis annar kostnaður sem til fellur eftir því sem fjárveiting leyfir. Laun lögreglumanns sem starfar í höfuðstöðvum INTERPOL og gjöld vegna þátttöku í INTERPOL eru t.d. greidd af þessum lið. Greiddir hafa verið styrkir til einstakra lögreglufélaga og þátttaka ríkisins í kaupum á slysatryggingu lögreglumanna. Að síðustu má nefna að Hjálparsveit skáta hefur verið greitt framlag af þessum lið til reksturs sporhunda.

391 Húsnæði löggæslustofnana. Það er nýbreytni að fjárveitingar vegna húsnæðis löggæslustofnana eru settar undir sérstakan fjárlagalið. Hvað varðar viðhald, 12,5

m.kr, er aðallega um að ræða kostnað við lögreglustöðina í Reykjavík. Til innréttinga eru ætlaðar 5 m.kr. Á þann lið mun aðallega falla kostnaður við innréttingar húsnæðis fyrir Umferðarráð og ökukennslu en einnig að einhverju leyti kostnaður við breytingar á húsnæði lögreglustjórans í Reykjavík.

*395 **Landhelgisgæsla Íslands.*** Rekstrarfjárveiting til stofnunarinnar er miðuð við svo til óbreytt umfang starfseminnar. Hún lækkar þó aðeins að raungildi frá fjárlögum vegna lækkunar á eldsneytisverði. Í forsendum frumvarpsins er reiknað með að lítraverð á brennsluolíu skipa verði 21,8 kr. og verð á flugvélaeldsneyti verði 25 kr. lítrinn. Miðað er við að úthald skipa verði hið sama og á árinu 1990, þ.e. 33 mánuðir alls. Reiknað er með 750 flugstundum á Fokker-vél stofnunarinnar, TF-SÝN, en samtals 650 stundum á þyrlunum, TF-SIF og TF-GRÓ. Vegna lækkunar á eldsneytiskostnaði lækka rekstrarútgjöld skipa og flugfara í kringum 12 m.kr. en á móti hækka launagjöld um tæpar 11 m.kr. vegna launatengdra gjalda, launaskriðs o.fl. Allmikil hækkun eða nálægt 65 m.kr. varð í fjárlögum 1991 á viðhaldslið í rekstri flugfara og skipa. Nú er fyrirsjáanlegt að sá viðhaldskostnaður dregst aðeins saman um 4,5 m.kr. á næsta ári. Veittar eru 7,5 m.kr. til kaupa á ýmsum tækjum og búnaði. Þar af er um helmingur til kaupa á svokölluðu Inmarsat A gervitunglafjarskiptatæki. Einnig er ætlað fyrir endurnýjun á bifreið, kaupum á tölvubúnaði o.fl.

Sýslumenn

Sú breyting verður á málefnaflokki sýslumanna að við hann bætist Sýslumaðurinn í Reykjavík auk þess sem öll embættin færast á ný fjárlaganúmer á bilinu 400-499. Í frumvarpinu eru númerin 411-434 og 436-437 notuð fyrir embætti sýslumanna og 490-491 fyrir safnliði undir stjórn ráðuneytis. Vakin er athygli á því að hjá þeim embættum sem hafa tvö eða fleiri löggæsluviðfangsefni í fjárlögum eru þau sameinuð í eitt í frumvarpinu. Í heildina eru framlög til sýslumanna samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	...	652.880	812.700	24	...
Löggæsla	...	900.250	909.800	1	...
Tollgæsla	...	31.460	35.200	12	...
Hreppstjórar	...	18.780	19.600	4	...
Sameiginlegur kostnaður	...	16.370	21.400	31	...
Rekstur samtals	**1.573.700**	**1.619.740**	**1.798.700**	**11**	**14**
Stofnkostnaður og viðhald	**101.300**	**95.600**	**163.700**	**71**	**62**

Þegar tekið hefur verið tillit til nýs sýslumanns í Reykjavík og samdráttar útgjalda vegna tilfærslu á verkefnum og störfum til héraðsdómstóla eru áætluð framlög til rekstrar sýslumannsembætta 39 m.kr. hærri en í fjárlögum. Þar af má rekja 21-22 m.kr. til breytinga á kjörum sýslumanna og starfsmanna þeirra á þessu ári og um 7 m.kr. til tryggingagjaldsins nýja. Um 5 m.kr. hækkun verður á húsnæðiskostnaði en 5-6 m.kr. skýrast af ýmsum smærri liðum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum á fjölda stöðugilda:

Embætti	Löglærðir starfsmenn	Aðrir starfsmenn	Samtals
Fækkun vegna laga nr. 92/1989			
Sýslumaður Ísafirði	-	1,00	1,00
Sýslumaður Akureyri	2,00	1,00	3,00
Sýslumaður Húsavík	0,50	-	0,50
Sýslumaður Vestmannaeyjum	1,00	0,50	1,50
Sýslumaður Selfossi	1,00	0,50	1,50
Sýslumaður Keflavík	2,00	1,00	3,00
Sýslumaður Hafnarfirði	4,00	4,00	8,00
Sýslumaður Kópavogi	2,00	0,50	2,50
Samtals	**12,50**	**8,50**	**21,00**
Fjölgun			
Sýslumaður Borgarnesi, löggæsla		0,50	0,50
Sýslumaður Akureyri, yfirstjórn		0,20	0,20
Sýslumaður Seyðisfirði, löggæsla Vopnafirði		0,50	0,50
Sýslumaður Hafnarfirði, yfirstjórn		3,00	3,00
Samtals		**4,20**	**4,20**

Hér ber að athuga að fækkunin verður um mitt ár um leið og til starfa taka sérstakir héraðsdómstólar, þ.a. á næsta ári fækkar ársverkum hjá embættunum um 10,5. Fækkun í Hafnarfirði er að hálfu leyti vegna þess að umdæmið dregst saman en lögsaga yfir Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi færist undir Héraðsdóm Reykjavíkur og Sýslumanninn í Reykjavík. Þar fjölgar um þrjú störf frá ársbyrjun vegna yfirtöku embættisins á innheimtu opinberra gjalda í Hafnarfirði en Gjaldheimta Hafnarfjarðar var lögð niður á líðandi ári. Auk þeirra viðbótarstöðugilda til löggæslu sem fram koma í yfirlitinu er gert ráð fyrir launum til sumarafleysingar við löggæslu í Vík í Mýrdal.

Fjárveitingar til stofnkostnaðar og viðhalds hjá embættum sýslumanna eru nú allar færðar á einn fjárlagalið, *491 Húsnæði og búnaður sýslumanna*. Alls verða þau samkvæmt frumvarpinu 163,7 m.kr. Undanfarin ár hafa töluverðar endurbætur farið fram á húsakosti sýslumannsembætta. Af þessum sökum og einnig vegna húsnæðis fyrir hið nýja embætti sýslumanns í Reykjavík hækka stofnkostnaðarframlög til málefnaflokksins um 64 m.kr. frá fjárlögum 1991. Ætla má að á árinu 1993 dragi verulega úr þessum framlögum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið mun ráðstafa alls kr. 17,7 m.kr. af óskiptum lið til nauðsynlegs viðhalds á skrifstofuhúsnæði sýslumannsembættanna, lögreglustöðvum og embættisbústöðum. Til ráðstöfunar hjá ráðuneytinu er einnig óskipt framlag til kaupa á tækjum og búnaði. Það verður notað til endurnýjunar á húsgögnum en einkum þó til kaupa á tölvum í stað tölvuskjáa. Skjáir þessir sem tengdir eru upplýsingakerfum ríkisins hjá SKÝRR eru orðnir gamlir og víða ónothæfir. Um önnur framlög til stofnkostnaðar er eftirfarandi að segja:

Keyptur hefur verið hluti hússins að Skógarhlíð 6 í Reykjavík til nota fyrir borgarfógetaembættið og síðar sýslumannsembættið í Reykjavík. Neðsta hæð hússins og kjallari eru óinnréttuð og eru ætlaðar 28 m.kr. til innréttinga. Á þessu ári verður hafist handa um innréttingu lögreglustöðvar á Akranesi og er fjárveitingin, 24,4 m.kr., ætluð til þess að ljúka þeirri framkvæmd og kaupa nauðsynlegan búnað. Á þessu ári var að mestu lokið við smíði húss fyrir skrifstofu sýslumanns á Sauðárkróki og lögreglustöð. Til þess að

greiða skuld við Innkaupastofnun ríkisins, kaupa húsgögn í lögreglustöð og til að kaupa lyftu í húsið eru ætlaðar 6 m.kr. Þá var neðsta hæðin í húsinu Hafnarstræti 107 á Akureyri keypt sem skrifstofuhúsnæði fyrir sýslumannsembættið þar. Framlag til þess að innrétta umrætt húsnæði og gera nauðsynlegar endurbætur á lyftubúnaði ásamt kaupum á lausum búnaði verður 17,7 m.kr. Fjárveiting til embættis sýslumanns á Seyðisfirði er fyrst og fremst ætluð til þess að innrétta húsnæði fyrir lögreglustöð á Vopnafirði og umboðsskrifstofu. Þetta húsnæði er ekki fyrir hendi nú en verður annað hvort keypt eða leigt. Á Egilsstöðum er í byggingu hús til nota fyrir lögreglustöð, útibú sýslumanns og húsnæði fyrir héraðsdóm Austurlands. Lokið er fyrri áfanga og er húsið nú fokhelt. Fjárveitingin, 19,2 m.kr., er ætluð til þess að ljúka frágangi lögreglustöðvar og útibús fyrir sýslumann svo og til kaupa á nauðsynlegum búnaði. Á síðastliðnu ári var keypt húsnæði og innréttað fyrir embætti sýslumanns á Höfn. Til þess að greiða skuld við Innkaupastofnun ríkisins svo og til kaupa á húsgögnum og nauðsynlegum búnaði eru ætlaðar 3,6 m.kr. Á Selfossi er lokið að mestu við smíði lögreglustöðvar. Í húsið vantar lyftu auk þess sem eftir er að ganga frá lóð og bílastæði. Til þessara verka eru veittar 5 m.kr. Fjárveiting til embættis sýslumanns í Keflavík er ætluð til þess að ljúka lögreglustöð í Grindavík, til að setja upp lyftu og til kaupa á húsbúnaði í skrifstofuhúsnæði sýslumanns. Til breytinga á húsnæði og til tölvumála hjá sýslumönnum eru ætlaðar 20 m.kr. Öll embættin eru í beinu sambandi við upplýsingakerfi ríkisins hjá SKÝRR. Í stað núverandi tengibúnaðar er stefnt að því að koma upp nettengingu hjá hverju embætti. Rekstur tölvubúnaðar embættanna verður með þeim hætti ódýrari og fleiri möguleikar opnast.

Fangelsismál

Ekki er önnur breyting á þessum flokki en sú að fjárlagaliðir hans fá ný númer á bilinu 500-599 og eru þau eftirfarandi: 501 Fangelsismálastofnun ríkisins; 511 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu; 512 Fangelsið Litla-Hrauni; 513 Fangelsið Kvíabryggju; 590 Fangamál, ýmis kostnaður og 591 Fangelsisbyggingar.

Engar meiri háttar breytingar eru ráðgerðar eða fyrirsjáanlegar á rekstri fangelsa á næsta ári. Fjöldi fanga hefur aukist á undanförnum árum og er tiltækt rými í fangelsum nánast fullnýtt allt árið um kring. Dómsmálaráðherra skipaði í júlí s.l. sérstaka fangelsismálanefnd til að gera úttekt á stöðu þeirra mála og tillögur um úrbætur og stefnumótun. Þessi nefnd er nú að störfum og mun skila skýrslu til dómsmálaráðherra fyrir lok mars á næsta ári.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	21.100	23.740	26.800	13	27
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	95.400	101.100	113.500	12	19
Fangelsið Litla-Hrauni	107.800	103.260	107.800	4	-
Fangelsið Kvíabryggju	20.900	20.950	22.200	6	6
Fangamál, ýmis kostnaður	9.000	21.280	11.100	-48	23
Rekstur samtals	**254.200**	**270.330**	**281.400**	**4**	**11**
Stofnkostnaður og viðhald	**18.600**	**16.400**	**13.200**	**-20**	**-29**

Framlög til rekstrar fangelsa lækka lítillega að raungildi og á það sér tvær meginskýringar. Framlag til *vistunar fanga*, 10,4 m.kr., er fellt niður og reiknað er með hækkun á verði bílnúmera frá Litla-Hrauni sem skila á um 3 m.kr. Framlög til stofnframkvæmda og viðhalds á fangelsisbyggingum eru lækkuð um 3,2 m.kr. á næsta ári. Reikna má með að á árinu 1993 verði hafist handa með umbætur í húsnæðismálum og framlög til þeirra aukin.

Bætt er við starfi í yfirstjórn *fangelsa á höfuðborgarsvæðinu*. Hún sér um rekstur þriggja fangelsa þar sem starfa 30 manns auk þess sem forstöðumaður fangelsanna er skólastjóri fangavarðaskólans. Þá er tímabundið gert ráð fyrir launum hjá Fangelsismálastofnun ríkisins sem svara til hálfra árslauna. Fjöldi starfa við fangavörslu og yfirstjórn í fangelsisstofnunum verður að öðru leyti óbreyttur en eitt starf bætist við í fangelsinu við Kópavogsbraut. Fangelsið þar mun taka að sér þvotta fyrir fangelsin á höfuðborgarsvæðinu og að öllum líkindum fyrir Litla-Hraun einnig. Til þess að svo megi verða þarf að ráða starfsmann en á móti launum hans sparast rekstrargjöld.

Kirkjumál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirleiðis fjárlagaliðir á bilinu 700-799. Að öðru leyti eru fjárlagaliðir *kirkjumála* óbreyttir utan þess að stofnkostnaður og viðhald vegna *preststsetra* færast á sérstakan fjárlagalið og eru þar með aðgreind frá rekstrarframlagi til *prestakalla og prófastsdæma*.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Biskup Íslands	37.000	35.590	42.200	19	14
Prestaköll og prófastsdæmi	261.400	286.590	309.100	8	18
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	14.300	12.660	15.400	22	8
Kristnisjóður	15.500	17.220	18.100	5	17
Kirkjubyggingasjóður	5.400	6.550	1.000	-85	-81
Kirkjumál, ýmis kostnaður	8.500	10.240	8.500	-17	-
Rekstur samtals	**342.100**	**368.850**	**394.300**	**7**	**15**
Stofnkostnaður og viðhald samtals	**80.400**	**65.000**	**74.200**	**14**	**-8**

Í heild breytast framlög til kirkjumála lítið á milli ára. Heildarrekstrarframlag er óbreytt að raungildi en innbyrðis verða þær breytingar að framlög til stofnana og prestakalla aukast á kostnað Kirkjubyggingasjóðs og safnliðs kirkjumála. Framlög til viðhalds og stofnkostnaðar hækka um tæpar 7 m.kr. á föstu verðlagi. Skýrist það af aukinni fjárveitingu til viðhalds preststsetra. Gert er ráð fyrir óbreyttri skerðingu kirkjugarðsgjalds frá lánsfjárlögum 1991 en hún kemur ekki fram á gjaldahlið fjárlaga.

701 Biskup Íslands. Rekstrarframlag til Biskupsstofu hækkar um nálægt 4 m.kr. á verðlagi frumvarpsins en þegar tekið er tillit til færslu á kostnaði vegna *starfsþjálfunar guðfræðikandídata* er aukningin um 1 m.kr. Útgjöldin vaxa þó meira eða um tæpar 5 m.kr. Á móti koma auknar sértekjur er nema tæpum 4 m.kr. vegna aukinnar kostnaðarþátttöku sjóða kirkjunnar sem Biskupsstofa hefur haft umsjón með. Hækkun frá fjárlögum stafar af kostnaði við rekstur embætta vígslubiskupa samkvæmt lögum nr. 62/1990 auk þess sem ferðakostnaður Biskupsstofu hefur aukist nokkuð vegna

alþjóðasamvinnu ýmis konar. Reiknað er með að áfram verði framlag greitt til þýðinga á Gamla testamentinu úr hebresku samkvæmt ákvörðun er tengist 1000 ára afmæli kristnitöku árið 2000. Einnig verða greiddar 2 m.kr. vegna safnaðaruppbyggingar samkvæmt fyrri ákvörðun sem með sama hætti tengist hinum merku tímamótum. Þrjú viðfangsefna Biskupsstofu í fjárlögum 1991 eru felld niður og sameinuð *yfirstjórn*. Þau eru *biskupsbústaður, fræðslu- og þjónustudeild* og *alþjóðasamvinna*.

711 ***Prestaköll og prófastsdæmi.*** Þegar tekið er tillit til þess að fjárveiting til starfsþjálfunar guðfræðikandídata flyst undir Biskupsstofu hækka útgjöld vegna laga um prestaköll og prófastsdæmi um tæplega 5 m.kr. frá fjárlögum 1991. Launagjöld hækka vegna forfallaþjónustu er kemur í stað tveggja farprestsembætta sem breytt var í kjölfar laga nr. 62/1990. Umrædd forfallaþjónusta svarar til launa í tólf mánuði. Önnur hækkun er m.a. samkvæmt útreikningi eftir kjarasamningi og reglum um greiðslur embættiskostnaðar. Samkvæmt fyrrnefndum lögum eru nú greidd laun til tveggja vígslubiskupa en annar gegnir prestsstarfi, til 16 prófasta sem jafnframt eru sóknarprestar, til 101 sóknarprests og sjö presta er gegna sérþjónustu. Alls er því um að ræða 125 stöður auk tímabundins framhalds tveggja embætta sem leggja átti niður samkvæmt lögunum. Að auki er bætt við stöðu farprests er hafi aðsetur á Akureyri og komi í stað fræðslufulltrúa þar.

712 ***Preststssetur.*** Viðhald prestssetra er hækkað úr 32 m.kr. í fjárlögum 1991 í 43,7 m.kr. Í eigu ríkisins eru 84 bústaðir í mismunandi ásigkomulagi. Af þeim teljast 53 hús vera í góðu ástandi og þarfnast eðlilegs viðhalds. Önnur eru verr á sig komin og nokkur þarfnast verulegra endurbóta. Á síðari árum hefur ástand prestssetranna í heild batnað. Í nokkrum tilfellum hafa léleg hús verið seld en önnur keypt í staðinn. Til bygginga á prestssetrum eru ætlaðar 5 m.kr. Undir viðfangsefninu *kaup eigna á prestssetursjörðum* er fé vegna kaupskyldu ríkissjóðs þegar ábúandi ríkisjarðar hefur lagt í stofnkostnað þar.

721 ***Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar.*** Framlag til rekstrar hækkar um tæpar 2 m.kr. á verðlagi frumvarpsins. Útgjöld hækka þó enn meir eða um 3 m.kr. en á móti hækka sértekjur um ríflega 1 m.kr. Launagjöld hækka um 1,3 m.kr. sem stafar af því að Alþingi samþykkti í fjárlögum 1991 nýtt starf við embættið frá september 1991 sem kemur að fullu til gjalda á næsta ári. Á móti eru laun við stundakennslu lækkuð. Að öðru leyti stafa aukin útgjöld af öðrum rekstrarkostnaði en launum og er þá stuðst við raunkostnað síðasta árs. Gert er ráð fyrir 0,5 m.kr. á næsta ári til að ljúka innréttingu á húsnæði embættisins.

732 ***Kirkjubyggingasjóður.*** Hlutverk þessa sjóðs er að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Tekjur hans hafa m.a. verið fast ríkisframlag skv. ákvæðum laga nr. 21/1981, tengt byggingarvísitölu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi framlagsskylda ríkissjóðs verði úr gildi numin eða skert. Framlag verður samkvæmt því 1 m.kr. en óskert yrði það tæpar 7 m.kr.

790 ***Kirkjumál, ýmis kostnaður.*** Í frumvarpinu eru ætlaðar 13 m.kr. til Skálholtsstaðar. Nú er starfandi nefnd um málefni staðarins og verður ráðstöfun á þessu framlagi ákveðin að fengnum tillögum hennar. Í nefndinni sitja fulltrúar frá biskupi, kirkjuráði, Alþingi, menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

07 Félagsmálaráðuneyti

Málefnaflokkar félagsmálaráðuneytis breytast þannig á milli ára:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	66.600	68.180	74.000	9	11
Húsnæðismál	534.000	900.000	1.075.000	19	101
Stjórnsýslustofnanir o.fl.	20.200	126.880	178.700	41	785
Málefni fatlaðra	1.496.900	1.640.380	1.926.000	17	29
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.207.100	1.365.800	1.370.000	0	14
Annað	410.800	482.610	375.000	-22	-9
Samtals	**3.735.600**	**4.583.850**	**4.998.700**	**9**	**34**
Rekstrarkostnaður	1.120.800	1.368.250	1.534.300	12	37
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.825.100	2.079.300	2.053.400	-1	13
Stofnkostnaður og viðhald	789.700	1.136.300	1.411.000	24	79
Samtals	**3.735.600**	**4.583.850**	**4.998.700**	**9**	**34**

Rekstrarútgjöld og tilfærslur félagsmálaráðuneytisins hækka um 4% eða rúmlega 140 m.kr. Mest hækkun verður á fjárveitingum til rekstrar stofnana fatlaðra eða 191 m.kr. Ýmsir aðrir liðir hækka um 111 m.kr., m.a. vegna ákvæða nýrra laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Á móti lækkar framlag til ríkisábyrgðar á launum um 162 m.kr. Í köflunum um einstaka fjárlagaliði hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þessum breytingum.

Ráðuneyti

Í þessum málefnaflokki er aðalskrifstofa ráðuneytisins. Störfum þar fjölgar um eitt og verða þau 17. Ástæðan er ákvæði í lögum nr. 40 frá 27. mars 1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, þar sem lögð er eftirlitsskylda á félagsmálaráðuneytið. Hækkun er tæplega 1 m.kr. og nemur mismun á launum þessa starfs og nokkurri lækkun annarra launa frá fjárlögum 1991.

Húsnæðismál

Þessum málefnaflokki tilheyra 271 Byggingarsjóður ríkisins og 272 Byggingarsjóður verkamanna. Í frumvarpinu er það markmið sett að styrkja eiginfjárstöðu Byggingarsjóðs verkamanna og treysta uppbyggingu og framtíð félagslegra íbúða. Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna verður 1.075 m.kr. samanborið við 900 m.kr. í fjárlögum 1991, en ekkert framlag er til Byggingarsjóðs ríkisins þar sem talið er að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum sínum. Nánar er fjallað um málefni sjóðanna í greinargerð um þá í B- hluta.

Stjórnsýslustofnanir o.fl.

Til þessa málefnaflokks teljast 302 Ríkissáttasemjari; 951 Brunamálastofnun ríkisins; 953 Jafnréttisráð og 954 Vinnueftirlit ríkisins.

951 Brunamálastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi stofnunarinnar og er fjöldi starfa óbreyttur frá fjárlögum 1991 eða tíu. Fjárveiting til stofnkostnaður samkvæmt þessu frumvarpi verður 5 m.kr. og er um að ræða eignakaup til uppbyggingar á tölvukerfi (1 m.kr.), tækjastöð (2 m.kr.) og farskóla (2 m.kr.).

953 Jafnréttisráð. Gert er ráð fyrir nokkuð auknum umsvifum á vegum Jafnréttisráðs á árinu 1992 og hækkar framlag til ráðsins um 6,7 m.kr. frá fjárlögum 1991. Ber þar fyrst að nefna vest-norrænt kvennaþing og samnorrænt jafnlaunaverkefni. Í framhaldi af samþykkt Alþingis í mars 1990 var skipuð undirbúningsnefnd um vest-norrænt kvennaþing og hefur nefndin lagt til að haldið verði u.þ.b. 300 manna þing á Egilsstöðum dagana 11. til 14. júní 1992. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum tímabundnum störfum vegna þessa á næsta ári og verða störf hjá Jafnréttisráði þá 5,5.

954 Vinnueftirlit ríkisins. Áætlað er að útgjöld Vinnueftirlits ríkisins verði 154,2 m.kr. á árinu 1992. Þar af fara 11 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Störfum fjölgar um 6,5, þar af eru 4,5 setin af starfsmönnum sem öðlast hafa rétt á ráðningarsamningi með þriggja mánaða uppsagnarfresti vegna samfelldra starfa í tvö ár.

Ríkisstjórnin hefur fallist á þátttöku Íslands í Evrópsku vinnuverndarári 1992 og hefur Vinnueftirlitinu verið falið að annast framkvæmd málsins. Að því tilefni hafa önnur gjöld hjá eftirlitinu verið hækkuð um 3 m.kr.

Tekjustofnar Vinnueftirlitsins eru tveir: Annars vegar tekjur af seldri þjónustu sem eru áætlaðar 16 m.kr. og hins vegar hlutdeild í tryggingagjaldi að hámarki 0,08% af gjaldstofni. Með lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, var vinnueftirlitsgjald, sem atvinnurekendur greiddu til Vinnueftirlits ríkisins, sameinað öðrum launatengdum gjöldum. Hlutur Vinnueftirlits ríkisins í gjaldinu er að hámarki 0,08% en félagsmálaráðherra ákveður það hverju sinni með reglugerð. Upphaflega var við það miðað að tekjustofninn gæfi stofnuninni svipaða fjárhæð og eftirlitsgjaldið en í meðförum Alþingis tók frumvarpið breytingum þannig að tryggingagjaldsstofninn breikkaði allnokkuð. Með reglugerð ákvað félagsmálaráðherra að hlutdeild Vinnueftirlitsins í tryggingagjaldinu yrði í hámarki á yfirstandandi ári. Talið er að tekjur stofnunarinnar af innheimtu tryggingagjaldi nemi allt að 150 m.kr. á árinu 1992. Mismun tekna og gjalda, 11,8 m.kr., er Vinnueftirliti ríkisins ætlað að skila í ríkissjóð, m.a. til að mæta kostnaði vegna lífeyrisskuldbindinga.

Málefni fatlaðra

Þessi málefnaflokkur nær til allra stofnana fatlaðra undir fjárlagaliðunum 700-722; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Sama framsetning er á þessum málefnaflokki og er í fjárlögum 1991. Breytingar á framlagi til stofnana fatlaðra sjást í töflu á næstu síðu.

Fjárveitingar til rekstrar allra stofnana fatlaðra hækka um 190,6 m.kr. Þar af eru 85,2 m.kr. umfram verðlagsforsendur frumvarpsins. Helstu skýringar á þeirri tölu eru þessar: Ný viðfangsefni eru tíu og nema fjárveitingar til þeirra 50,9 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru launagjöld 45,7 m.kr. og fjöldi nýrra starfa 48. Af þessum nýju viðfangsefnum er eitt, *700-1.99 Óskipt* vegna starfsemi sem ekki hefur enn verið mótuð að fullu og er áformað að verði rekin hálft árið 1992. Hin viðfangsefnin níu skiptast þannig eftir svæðum að þrjú eru í Reykjavík og eitt undir hverri eftirtalinni svæðisstjórn; Reykjaness, Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra, Austurlands og Suðurlands. Aukinn kostnaður við rekstur

stofnana og heimila, sem áætlað var fyrir í fjárlögum 1991 og rekin hálft það ár er áætlaður 13,6 m.kr. Loks hækkar framlag til átta viðfangsefna samtals að fjárhæð 16,9 m.kr., m.a. vegna þrettán nýrra starfa. Samtals er gert ráð fyrir að störfum fjölgi um 61, þar af 41,5 frá miðju ári.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Laun	935.400	948.685	1.071.100	13	15
Önnur gjöld	229.600	233.935	224.400	-4	-2
Neyslu- og rekstrartilfærslur	196.200	232.760	310.500	33	58
Fjárfesting	235.700	225.000	320.000	42	36
Samtals	**1.596.900**	**1.640.380**	**1.926.000**	**17**	**21**

Samanburður á fjölda starfa á stofnunum fatlaðra á milli fjárlaga 1991 og frumvarps 1992 kemur fram á eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1991	Frumvarp 1992
700 Málefni fatlaðra, almennt	5,0	35,0
701 Reykjavík	73,6	86,6
702 Reykjanes	68,0	74,0
703 Vesturland	23,9	25,9
704 Vestfirðir	20,7	22,3
705 Norðurland vestra	22,0	23,5
706 Norðurland eystra	100,9	106,1
707 Austurland	30,5	32,0
708 Suðurland	41,0	48,0
710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra barna	26,6	28,6
711 Styrktarfélag vangefinna, Reykjavík	104,8	105,4
719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	21,7	21,7
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	58,0	58,0
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	29,8	29,8
Samtals	**626,5**	**696,9**

Fjárveitingu til Sólheima í Grímsnesi hefur verið breytt í tilfærslu og fækkar við það reiknuðum störfum á þessum listum um 32,5. Fjöldi starfa á stofnunum og heimilum sem fá greiðslur í formi tilfærslna eru um 70 í þessu frumvarpi en um 80 í fjárlögum 1991 og hefur þá fjölda starfa á Sólheimum verið bætt við beggja megin.

Fjárveiting til *Framkvæmdasjóðs fatlaðra* hækkar úr 225 m.kr. í fjárlögum 1991 í 320 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1992. Í fjárlagatölunni 1991 er gert ráð fyrir 35 m.kr. skerðingu á framlagi til sjóðsins. Fallið var frá þeirri skerðingu við afgreiðslu lánsfjárlaga 1991 í trausti þess að reglugerð um verkefni sjóðsins yrði breytt og honum heimilað að leggja fé til meiri háttar viðhalds á byggingum stofnana og heimila fatlaðra. Fyrirhugað er að lögfesta þetta ákvæði þannig að þriðjungi af ráðstöfunarfé sjóðsins verði varið til meiri háttar viðhalds á húsnæði fyrir fatlaða.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er bundið ákvæði í lögum nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, og reiknast 1,4% af beinum og óbeinum sköttum til ríkissjóðs. Það er áætlað 1.335 m.kr. fyrir árið 1992. Að auki eru í frumvarpinu 35 m.kr. vegna endurmats á áætluðum skatttekjum ríkissjóðs árið 1991 en talið er að tekjustofninn gefi alls um 1.339 m.kr. á því ári.

Annað

Í þessum málefnaflokki eru eftirtaldir fjárlagaliðir: 981 Vinnumál; 982 Ríkisábyrgð á launum; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 998 Ráðstöfunarfé og 999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

Helstu breytingar, sem gerðar eru á fjárveitingum til þessa málefnaflokks frá fjárlögum 1991, eru þessar:

982 Ríkisábyrgð á launum. Um er að ræða tvö viðfangsefni, annars vegar ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota og hins vegar ríkisábyrgð á orlofslaunum. Í fjárlögum fyrir árið 1991 er fjárveiting til þessa fjárlagaliðar 261,5 m.kr. en í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 eru áætlaðar 100 m.kr. til hans. Þetta er lækkun um 161,5 m.kr. þrátt fyrir að verulega fjárhæð muni vanta í fjáraukalög fyrir árið 1991 til þess að fjárveiting þess árs hrökkvi til. Til þess að ná fram þessari lækkun eru tvær leiðir taldar koma til greina:

Í fyrsta lagi að ábyrgð ríkissjóðs á launum verði takmörkuð frá því sem nú er og dregið úr fjárhagslegri áhættu ríkissjóðs vegna gjaldþrota. Jafnframt verði reynt að koma í veg fyrir að unnt sé að misnota lög um ríkisábyrgð á launum vegna endurtekinna gjaldþrota eins og virðist vera raunin. Athuganir félagsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis sýna að sparnaðarmarkinu má ná með þessum hætti, en það hefði óhjákvæmilega í för með sér að í ábyrgðinni fælist einungis lágmarkstrygging fyrir launþega.

Í öðru lagi að núgildandi lög um ábyrgð ríkissjóðs á launum verði afnumin. Í stað þeirra verði sett ný lög um ábyrgðarsjóð launa við gjaldþrot. Sjóðnum verði tryggt ráðstöfunarfé með sérstöku gjaldi sem leggist jafnt á öll vinnulaun (0,1 - 0,3%, sbr. núverandi tryggingagjald). Um sjóðinn verði stofnað félag, en í stjórn þess eigi sæti fulltrúar launþega og atvinnurekenda. Ekki yrði um beint framlag ríkissjóðs að ræða til félagsins, en ríkissjóður myndi greiða til sjóðsins eins og aðrir aðilar vinnumarkaðarins.

Álits aðila vinnumarkaðarins mun leitað á ofangreindum kostum og útfærslu þeirra áður en ríkisstjórnin ákveður hvor leiðin verði farin.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Félagsmál, ýmis starfsemi. Á meðfylgjandi yfirliti er sýnt framlag til einstakra viðfangsefna í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 með samanburði við fjárlög 1991:

	Fjárlög 1991 þús. kr.	Frumvarp 1992 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Meðlög skv. 21., 22. og 23. framfærslulaga	10.560	10.900	340	3
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	58.170	59.800	1.630	3
Slysavarnafélag Íslands	9.000	9.000	-0	-0
Sjómannastofur	1.050	1.100	50	5
Félagasamtök, styrkir	18.400	18.400	-0	-0
Starfsmenntun í atvinnulífinu	15.540	58.000	42.460	.
Kvennaathvarf í Reykjavík	10.210	11.800	1.590	16
Stígamót	4.620	5.000	380	8
Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.	-	4.000	4.000	.
Ár fjölskyldunnar	-	3.000	3.000	.
Snjóflóða- og skriðufallavarnir	6.380	6.400	20	0
Ýmis framlög	8.150	8.100	-50	-1
Samtals	**142.080**	**195.500**	**53.420**	**38**

Rétt er að víkja að eftirtöldum viðfangsefnum þar sem fjárveiting til eins þeirra er hækkuð verulega og tvö eru ný:

Starfsmenntun í atvinnulífinu. Umsóknum sem félagsmálaráðuneytinu hafa borist um styrki til starfsmenntunar fólks á vinnumarkaði hefur fjölgað mjög mikið. Fjárveiting til þessa viðfangsefnis er því hækkuð verulega eða í 58 m.kr. úr 15,6 m.kr. í fjárlögum 1991. Erfið rekstrarskilyrði íslenskra fyrirtækja á undanförnum árum hefur gert aukna kröfu til endurskipulagningar, hagræðingar og áherslu á framleiðni og að starfsfólk í atvinnulífinu lagi sig að breyttum vinnuaðferðum. Aukin samkeppni íslenskra fyrirtækja við erlend, samfara nánari tengslum t.d. við Evrópubandalagið, eykur þörfina fyrir starfsmenntun á næstu árum. Til þess að bregðast við þessu hefur um nokkurt skeið verið unnið að frumvarpi til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Um er að ræða nýtt viðfangsefni og er hér áætlað fyrir kostnaði vegna úrskurðarnefndar félagsmála svo og kostnaði við sérstaka kynningu á lögunum og framkvæmd þeirra. Í lögunum felast talsvert róttækar breytingar þannig að talið er nauðsynlegt að kynna þau rækilega í byrjun.

Ár fjölskyldunnar. Um er að ræða nýtt viðfangsefni. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt að árið 1994 skuli vera alþjóðlegt ár fjölskyldunnar. Ákveðið hefur verið að skipa landsnefnd með þátttöku ráðuneyta, stofnana og félagasamtaka til að annast undirbúning alþjóðaárs fjölskyldunnar. Mun hún velja úr sínum hópi framkvæmdastjórn. Gert er ráð fyrir að með landsnefndinni starfi verkefnaráðinn starfsmaður.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	93.700	98.080	120.500	23	29
Tryggingamál	24.289.700	26.151.730	25.715.100	-2	6
Sjúkrahús	13.657.300	14.660.852	15.555.800	6	14
Heilsugæsla	1.223.500	1.599.740	1.397.700	-13	14
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	204.400	243.520	251.500	3	23
Annað	296.700	365.350	343.600	-6	16
Samtals	**39.765.300**	**43.119.272**	**43.384.200**	**1**	**9**
Rekstrarkostnaður	14.556.800	15.546.692	16.327.900	5	12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	24.187.900	26.151.630	25.721.700	-2	6
Stofnkostnaður og viðhald	1.020.600	1.420.950	1.334.600	-6	31
Samtals	**39.765.300**	**43.119.272**	**43.384.200**	**1**	**9**

Nokkrar mikilvægar breytingar hafa verið gerðar á útgjöldum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í frumvarpi þessu. Heildarútgjöld er heyra undir ráðuneytið eru nær 43,4 milljarðar króna samkvæmt frumvarpinu og í krónum talið hækka þau um 0,3 milljarða króna frá fjárlögum 1991 sem svarar til liðlega 4% raunlækkunar. Útgjöld ráðuneytisins nema um 39,3% af heildarútgjöldum í A-hluta fjárlaga í frumvarpi þessu borið saman við 40,7% í fjárlögum 1991.

Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Aðalskrifstofa

Fjárveiting til *aðalskrifstofu* nemur 120,5 m.kr. Þar af fara 110,5 m.kr. til reksturs sem er 15% hækkun frá fjárlögum 1991, auk þess sem 10 m.kr. fara til endurnýjunar á tölvukerfi skrifstofunnar. Fyrr á þessu ári var fjölgað um eitt stöðugildi með samþykkt fyrrverandi ríkisstjórnar og er gert ráð fyrir auknum launaútgjöldum af þeim sökum. Þá færist hálft stöðugildi sérfræðings frá Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. Í ráði er að leggja niður daggjaldanefnd sjúkrahúsa og mun þá hluti af kostnaði nefndarinnar sem áður var á sérviðfangsefni í fjárlögum undir *399 1.23 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi* flytjast á ráðuneytið. Gert er ráð fyrir sömu vinnu innan ráðuneytisins við undirbúning ákvarðana daggjalda og áður. Þá hefur breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga leitt til aukinna verkefna innan ráðuneytisins, jafnframt því sem milliríkjasamskipti fara sívaxandi.

Tryggingamál

Undir þennan málefnaflokk heyra fjárlagaliðirnir 271 Tryggingastofnun ríkisins; 273 Atvinnuleysistryggingasjóður; 274 Eftirlaunasjóður aldraðra og 277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu helstu útgjaldaflokka tryggingamála:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	267.400	332.830	395.100	19	48
Lífeyristryggingar	12.640.000	13.895.000	14.677.000	6	16
Sjúkratryggingar	9.743.100	10.060.000	8.809.000	-12	-10
Slysatryggingar	443.000	426.000	547.000	28	23
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.031.000	1.280.000	1.130.000	-12	10
Eftirlaunasjóður aldraðra	109.200	137.900	137.000	-1	25
Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	56.000	20.000	20.000	-	-64
Samtals	**24.289.700**	**26.151.730**	**25.715.100**	**-2**	**6**

Fjárveitingar til *yfirstjórnar* og *Eftirlaunasjóðs aldraðra* eru settar fram á janúarverðlagi 1992 eins og aðrar rekstrarfjárveitingar í frumvarpinu en aðrar fjárveitingar málefnaflokksins eru skilgreindar sem tilfærslur og því á meðalverðlagi 1992.

Fjárveiting til *yfirstjórnar* hækkar samtals um tæp 19% frá fjárlögum 1991 og þar af hækkar fjárveiting til reksturs um 20%. Alls fjölgar stöðugildum um átta. Þrjú þeirra eru ætluð til sérstakrar fjármálaskrifstofu er m.a. mun annast áætlanagerð og talnaúrvinnslu fyrir stofnunina og aðra aðila innan stjórnkerfisins. Þá er eitt stöðugildi ætlað til að koma á fót vísi að alþjóðadeild til að hafa yfirumsjón með framkvæmd samninga Íslands við erlend ríki á sviði almannatrygginga. Til stofnkostnaðar eru ætlaðar 18 m.kr. sem eiga að kosta áframhaldandi uppbyggingu á nýju greiðslu- og upplýsingakerfi. Endurnýjun greiðslukerfis hófst á síðasta ári, en eldra kerfið er meira en 15 ára gamalt og löngu úrelt.

Til *lífeyristrygginga* eru ætlaðir 14,7 milljarðar kr. og hækkar framlagið um nær 6% frá fjárlögum 1991 og 17% frá reikningi 1990. Gert er ráð fyrir nokkuð meiri raunaukningu einstakra bótaflokka en verið hefur á undanförnum árum. Þannig er talið, að óbreyttum bótareglum og miðað við reynslu um fjölgun bótaþega, að útgjöld til elli- og örorkulífeyris hækki um 3% að raungildi (þ.e. að óbreyttu kaup- og verðlagi), til tekjutryggingar og bótaflokka tengdum henni um 5-6%, til barnalífeyris um 5% og fæðingarorlofs um 3%.

Almennar bótahækkanir á árinu 1991 hafa verið tvær, 2,8% 1. mars og 2,57% 1. júní. Enn fremur var tekjutryggingarauki greiddur 1. júlí, 1. ágúst og 1. september, en það voru allt eingreiðslur. Var það gert í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga í febrúar 1990, að bætur almannatrygginga skyldu fylgjast að við almennar taxtahækkanir ASÍ. Aðrar hækkanir eru ekki fyrirséðar það sem eftir er á árinu 1991. Það er ætlan þessarar ríkisstjórnar að endurskoða löggjöf um almannatryggingar og beina með því stuðningi til þeirra sem bágust hafa kjörin. Bótaflokkar verða sameinaðir og kerfið einfaldað þannig að réttur hvers og eins sé skýrar markaður. Tengslum almannatrygginga við lífeyristryggingar utan almannatryggingakerfisins verður komið á fastan grundvöll. Við það er gert ráð fyrir að lífeyristryggingar í heild lækki um 330 m.kr.

Til *sjúkratrygginga* er ætlað að verja rúmum 8,8 milljörðum króna. Hér er um 12% lækkun að ræða frá fjárlögum yfirstandandi árs sem kemur að hluta til af því að stærsti hlutinn af lækkun útgjalda heilbrigðisráðuneytisins lendir á þessum fjárlagalið en að hluta vegna þess að nokkrar sjúkrastofnanir eru fluttar af daggjöldum á föst fjárlög.
Skipting á helstu gjaldaliði er sýnd í eftirfarandi töflu:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistgjöld á sjúkrastofnunum	2.728.942	3.085.000	2.391.000	-23	-12
Heimaþjónusta við aldraða	30.974	-	-	.	.
Hjálpartæki	579.764	434.000	476.000	10	-18
Útgjöld skv. 39. gr. l. nr. 67/1971	274.436	384.000	292.000	-24	6
Lækniskostnaður	1.236.542	1.134.000	1.267.000	12	2
Tannlæknakostnaður	934.949	1.035.000	814.000	-21	-13
Sérreikningar sjúkrastofnana	832.224	1.088.000	969.000	-11	16
Ferða- og flutningskostnaður	134.855	146.000	161.000	10	19
Erlendur sjúkrakostnaður	186.901	174.000	271.000	56	45
Lyfjakostnaður	2.600.209	2.300.000	1.900.000	-17	-27
Sjúkradagpeningar	186.324	247.000	236.000	-4	27
Bifreiðakaupastyrkir	17.870	33.000	32.000	-3	79
Annað	56.853	-	-	.	.
Greitt af sveitarfél. til tannlækninga	-225.907	-	-	.	.
Aðrar tekjur, nettó	-52.215	-	-	.	.
Rekstrarafgangur	85.279	-	-	.	.
Samtals	**9.608.000**	**10.060.000**	**8.809.000**	**-12**	**-8**

Að óbreyttum reglum var áætlað að sjúkratryggingar myndu í heild kosta um 11.120 m.kr. Forsendum um framlag til sjúkratrygginga hefur verið breytt í nokkrum veigamiklum atriðum: (1) Vistgjöld sjúkrastofnana lækka um 830 m.kr., þar af um 629 m.kr. vegna færslu fimm stofnana á föst fjárlög er fram að þessu hafa verið kostaðar af daggjöldum. Auk þess er reiknað með 137 m.kr. lækkun vegna þátttöku Framkvæmdasjóðs aldraðra í viðhaldskostnaði sjúkrastofnana sem fram að þessu hefur verið greiddur af daggjöldum. (2) Kostnaður við hjálpartæki lækkar um 95 m.kr., m.a. vegna útboða á einnota vörum og greiðsluþátttöku notenda í kostnaði þeirra. (3) Útgjöld vegna 39. gr. laga nr. 67/1971, almannatryggingalaga, lækka um 30 m.kr., en undir þennan lið falla ýmsar bætur sjúkratrygginga, svo sem styrkir til tannviðgerða, sjúkraþjálfun, ferðakostnaður til útlanda o.fl. (4) Lækniskostnaður lækkar um 260 m.kr. með hækkun á gjaldi fyrir komur til lækna. (5) Sömuleiðis lækkar tannlæknakostnaður um 280 m.kr. vegna aukinnar þátttöku sjúklinga í kostnaði. (6) Leitast verður við að draga úr erlendum sjúkrakostnaði um 20 m.kr., en hann hefur hækkað mjög mikið á undanförnum árum. Keypt verður húðleisitæki sem ætlað er til að eyða valbrá og öðrum húðlýtum, en fram að þessu hefur orðið að senda sjúklinga erlendis til að gera slíkar aðgerðir. Mun talsverður erlendur sjúkrakostnaður sparast með því, þótt stofn- og rekstrarkostnaður innanlands komi á móti. (7) Að síðustu lækkar framlag til niðurgreiðslu lyfja um 800 m.kr. Stærsti hlutinn af þeim sparnaði er þegar kominn til framkvæmda með breytingu á reglugerð um þátttöku notenda í lyfjakostnaði er gildi tók 1. júlí 1991. Til viðbótar við þá ráðstöfun er í athugun að létta ýmsum hömlum af innflutningi og innlendri dreifingu lyfja er gæti orðið til að auka samkeppni í lyfjaverslun og lækka þar með lyfjaverð auk þess sem til greina kemur að breyta þátttöku notenda í heildarkostnaði lyfja. Lyfjakostnaður greiddur af sjúkratryggingum er áætlaður að muni nema 1,9 milljörðum kr. á árinu 1992. Forsenda fyrir þessari áætlun er að verðlag lyfja á næsta ári er talið munu verða svipað því sem það var í upphafi árs 1991.

Veruleg hækkun er á framlagi til *slysatrygginga*. Til þeirra eru ætlaðar 547 m.kr. sem er 24% hækkun frá fjárlögum 1991. Hækkunin kemur m.a. til af því að æ fleiri leita þess

réttar sem slysatryggingar veita. Mest er hækkunin á örorkubótum, ýmsum sjúkrakostnaði og slysatryggingum er bæta kaup og aflahlut sjómanna. Þá reyndist framlag til slysatryggginga áætlað of lágt í fjárlögum yfirstandandi árs.

Til *Atvinnuleysistryggingasjóðs* er varið 1.130 m.kr. sem er 150 m.kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum yfirstandandi árs. Áformað er að endurskoða bótareglur sjóðsins á næsta ári. Nánari skýringar er að finna í greinargerð með B-hluta.

Til *Eftirlaunasjóðs aldraðra* er ætlað að verja um 137 m.kr. Tillagan byggist á því að greiðsluskiptingu milli ríkissjóðs, lífeyrissjóða og Atvinnuleysistryggingasjóðs verði breytt frá núverandi fyrirkomulagi og mun verða flutt stjórnarfrumvarp þar að lútandi á komandi þingi.

Sjúkrahús

Undir þennan málefnaflokk heyra fjárlagaliðir 350-374, 381, 385 og 400-430. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á málefnaflokknum frá framsetningu fjárlaga yfirstandandi árs. Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 15,5 milljörðum og er það um 6% aukning frá fyrra ári og um ½% að raungildi. Til samanburðar er raunaukningin frá reikningi 1990 til fjárlaga 1991 um 1½%.

1. Sjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu. Áformað er að ná fram 310 m.kr. sparnaði í rekstri sjúkrahúsa í Reykjavík, m.a. með því að leggja niður bráðaþjónustu á St. Jósefsspítala, Landakoti og koma á samrekstri eða mjög náinni samvinnu Borgarspítala og Landakots. Viðræður standa yfir við forráðamenn spítalanna tveggja auk þess sem Samstarfsráð sjúkrahúsa í Reykjavík hefur verkaskiptingu milli stóru sjúkrahúsanna þriggja í Reykjavík til endurskoðunar. Með því að aðeins tveir spítalar á Reykjavíkursvæðinu stundi bráðaþjónustu, þ.e. Landspítali og Borgarspítali, verður álaginu vegna langlegusjúklinga á móti létt að nokkru af þessum tveim spítölum, enda hefur það lengi verið starfsemi þeirra fjötur um fót. Bráða- og aðgerðaþjónusta er dýr og útheimtir dýran og fullkominn tækjakost. Því verður slík þjónusta mun skilvirkari ef henni verður ekki lengur dreift á þrjá spítala. Rekstrar- og stofnkostnaðarfjárveitingar verða og skilvirkari, og sérstaklega verður hægt að flýta endurnýjun skurðstofa og framhaldi á innréttingum B-álmu Borgarspítala. Jafnframt verður nauðsynlegt að endurskoða mönnun spítalanna þannig að draga megi úr launakostnaði. Loks er þess að geta að í tengslum við þessar skipulagsbreytingar er gert ráð fyrir að Hafnarbúðum verði lokað og að rekstri Fæðingarheimilis við Eiríksgötu verði hætt en verkefni þess færist frá Borgarspítala til Landspítala. Hefur verið ráð gert fyrir því í fjárveitingatillögu til bæði Borgarspítala og Ríkisspítala.

Þar eð slík breyting sem hér er áformuð mun taka tíma, og tilfærslur á verkefnum milli Borgarspítala og Landakots hljóta því að verða óákveðnar fram á næsta ár, er fjárveiting til stofnananna tveggja sett á einn fjárlagalið *374 Borgarspítali og St. Jósefsspítali, Landakoti.* Mun heilbrigðisráðuneytið í samvinnu við þessi tvö sjúkrahús skipta fjárveitingunni eftir því hvernig verkaskiptingu verður hagað. Þessu til viðbótar er áformað að gera verulegar breytingar á rekstri St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og verður leitast við að ná um það samkomulagi við spítalann. Verður í því sambandi bæði hugað að hlutverki sjúkrahússins innan heilsugæsluumdæmis Hafnarfjarðar og í þjónustu sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu.

Í heild þýða þessi áform að stefnt er að því að aðalaðgerðaspítalar á höfuðborgarsvæðinu verði tveir í stað fjögurra áður. Möguleikar til að sinna langlegusjúklingum á sérhæfðum stofnunum munu þar með aukast, en þar hefur skórinn kreppt hvað mest að á undanförnum árum. Á móti þýðir þessi breytta verkefnaskipting að leggja verður út í

talsverðar breytingar á sjúkrahúsunum sem kosta munu fé. Því er fjárveiting til stofnkostnaðar aukin og er hún 125 m.kr. fyrir Landakot og Borgarspítala til samans borið saman við 75 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs.

Á liðnum *370 Sjúkrahús í Reykjavík* eru þrjú viðfangsefni. Á fyrsta viðfangsefninu, *1.01* með sama nafni, er framlag 107 m.kr. sem ætlað er að verja til að greiða fyrir verkefnatilflutningi þeim milli spítalanna þriggja sem lýst er hér á undan svo og öðrum ófyrirséðum kostnaðartilefnum. Á annað viðfangsefnið *370 1.91 Lækkun rekstrarkostnaðar* er 122 m.kr. færðar til lækkunar. Sú fjárhæð er komin til vegna þess að í ráði er að gera sjúkrahúsum í Reykjavík kleift að bjóða út lyf og aðrar sérhæfðar sjúkrahúsavörur. Sérstaklega er horft til þess að afnám ýmissa hafta í lyfjaviðskiptum geti skilað miklum sparnaði, þar sem sjúkrahús á öllu landinu nota alls lyf fyrir meira en einn milljarð króna á ári. Þá er stefnt að því að draga úr kostnaði við utanlandsferðir, m.a. með því að segja upp kjarasamningum er tiltaka ákveðin starfsbundin réttindi til utanlandsferða á kostnað ríkisins. Verður þessum lið dreift á einstök sjúkrahús eftir því sem breytingar í frjálsræðisátt í lyfjaviðskiptum og breyttir kjarasamningar ná fram að ganga. Á þriðja viðfangsefninu *1.92 Kostnaður vegna sameiningar Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti,* er 204 m.kr. framlag til að greiða fyrir rekstri sjúkrahúsanna tveggja í tengslum við verkefnatilflutning milli þeirra.

2. Sjúkrahús utan Reykjavíkur. Þá er gert ráð fyrir að útgjöld til reksturs sjúkrahúsanna á Patreksfirði, Blönduósi og Stykkishólmi verði lækkuð í kjölfar skipulagsbreytinga. Einnig verða hjúkrunarsjúklingar af dvalarheimilinu Hraunbúðum í Vestmannaeyjum fluttir yfir á sjúkrahús Vestmannaeyja, hjúkrunarþjónusta þar með sameinuð á einn stað og nýting sjúkrahússins bætt. Sérstök nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis vinnur nú að athugun á rekstri sjúkrahúsa utan Reykjavíkur m.t.t. breytinga sem orðið hafa og fyrirsjáanlegt er að verða munu á starfsemi húsanna. Nauðsynlegt er að auka nýtingu margra þessara sjúkrahúsa og breyta rekstri sumra þeirra þar sem meiri háttar aðgerðir eru ekki lengur gerðar þótt enn hafi ekki verið dregið úr mönnun og launakostnaði til samræmis. Skipulagsbreytingar af slíku tagi eru löngu tímabærar. Með þeim er hægt að nýta betur fjármuni þá sem til heilbrigðismála fara og koma í veg fyrir að draga þurfi úr þjónustu eins og ella gæti orðið.

Þá skal þess sérstaklega getið að 77,9 m.kr. er færðar til lækkunar á lið *381 1.20 Rekstur sjúkrahúsa, óskipt* og verður þeirri fjárhæð dreift á sjúkrahús utan Reykjavíkur. Er hér um að ræða sparnað vegna aukinnar innkaupasamkeppni og minni ferðakostnaðar svo sem getið er um í skýringu á viðfangsefni *370 1.91 Lækkun rekstrarkostnaðar* hér á undan.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fimm stofnanir verði fluttar af daggjöldum á föst fjárlög. Eru það hjúkrunarheimilið Skjól; Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun í Reykjavík; dvalarheimilið Garðvangur, Garði svo og vistheimilin að Víðinesi og Hlaðgerðarkoti. Allt eru þetta stofnanir sem sinna hjúkrunarsjúklingum eingöngu, og eru því fluttar á föst fjárlög þar sem þau verða með öðrum sjúkrahúsum er gegna sömu hlutverkum. Þessi tilflutningur er gerður með fullu samkomulagi við stjórnendur allra þessara stofnana. Heildarkostnaður við rekstur þeirra nemur 629 m.kr. í frumvarpi þessu. Sem áður segir lækka útgjöld til sjúkratrygginga því sem þessu nemur en útgjöld til sjúkrahúsa á föstum fjárlögum hækka á móti um sömu fjárhæð.

Að síðustu er gert ráð fyrir 41,8 m.kr. fjárveitingu til að hefja rekstur stofnunar fyrir vistun ósakhæfra, geðsjúkra fanga, en heilbrigðisráðuneytið undirbýr nú að setja slíka stofnun á fót. Tilgangurinn er að starfrækja meðferðarheimili fyrir ósakhæfa, geðsjúka

afbrotamenn sem að áliti lækna flokkast ekki undir hættulegustu vistmenn er krefjast mundu strängustu öryggisgæslu.

Í rekstri sjúkrahúsa er álagshlutfall á föst laun nær það sama fyrir öll sjúkrahús í heild og í fjárlögum 1991. Í aðalatriðum eru rekstrargjöld sjúkrahúsa ákveðin með hliðsjón af starfsemi fyrri ára, en tekið er tillit til sérstakra þátta sem valda breyttum aðstæðum á einstökum sjúkrahúsum. Alls fjölgar stöðugildum á sjúkrahúsum um 15,7, ef frá er talin fækkun stöðugilda á þeim sjúkrahúsum sem skipulagsbreytingar eru fyrirhugaðar á. Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarfjárveitingu hvers sjúkrahúss fyrir sig:

	Stöðu-gildi	Reikningur 1990 þús. kr.	Fjárlög 1991 þús. kr.	Frumvarp 1992 þús. kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahúsið Akranesi	161	368.421	377.030	414.300	10	12
Sjúkrahúsið Patreksfirði	31,5	72.299	72.010	76.100	6	5
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	67,5	153.092	158.960	174.000	9	14
Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	56,6	103.350	108.600	116.200	7	12
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	121,6	240.417	246.940	267.600	8	11
Sjúkrahúsið Siglufirði	53	113.477	118.620	127.100	7	12
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	403	946.627	954.970	1.020.100	7	8
Sjúkrahúsið Húsavík	98	208.214	214.140	231.900	8	11
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	32	70.184	75.430	86.600	15	23
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	60	143.730	147.740	160.100	8	11
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	39	91.495	92.270	97.500	6	7
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	93,5	207.568	205.540	215.700	5	4
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	68,8	155.102	162.650	171.700	6	11
Sjúkrahúsið Keflavík	72	168.616	169.430	177.600	5	5
Sólvangur, Hafnarfirði	123,7	194.950	202.510	216.900	7	11
Sjúkrahús í Reykjavík	-	-	154.300	188.000	22	.
Ríkisspítalar	2.257,9	4.022.365	5.504.973	5.867.000	7	46
Borgarspítali og St. Jósefsspítali, Landakoti	...	3.594.095	3.544.819	3.181.100	-10	-11
Rekstur sjúkrahúsa, óskipt	-	-	11.000	1.300	-88	.
Framkvæmdasjóður aldraðra, rekstur	-	-	-	137.000	.	.
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	57,5	222.634	223.440	115.500	-48	-48
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	46	92.532	95.590	100.500	5	9
Sjúkrahús Hvammstanga	40	79.823	83.240	89.500	8	12
Sjúkrahús Bolungarvíkur	20	40.835	39.560	43.100	9	6
Sjúkraskýlið Hólmavík	12	21.831	23.090	25.100	9	15
Sjúkraskýlið Þingeyri	7	10.386	10.330	11.100	7	7
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	5	9.635	9.080	10.000	10	4
Sundabúð II, Vopnafirði	13	24.567	25.120	26.000	4	6
Sunnuhlíð, Kópavogi	58	98.436	107.740	116.300	8	18
Hjúkrunarheimilið Skjól	120	-	-	253.600	.	.
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	91	-	-	167.200	.	.
Garðvangur, Garði	42	-	-	94.600	.	.
Sjúkrastöðvar SÁÁ	79	217.791	224.680	211.200	-6	.
Víðines	24,6	-	-	74.300	.	.
Hlaðgerðarkot	16	-	-	39.500	.	.
Vistun geðsjúkra afbrotamanna	...	-	12.000	41.800	.	.
Samtals		**11.672.472**	**13.375.802**	**14.347.100**	**7**	**23**

Framlög til viðhalds og stofnkostnaðar sjúkrahúsa er að finna á fjárlagaliðunum *381 Sjúkrahús og læknisbústaðir, 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, 371 Ríkisspítalar, 374 Borgarspítalinn og St.Jósefsspítalinn, Landakoti,* og *385 Framkvæmdasjóður aldraðra.* Eftirfarandi tafla sýnir framlög til viðhalds og stofnkostnaðar í þessum málefnaflokki.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.
Sjúkrahús og læknisbústaðir			
Viðhald	25.500	26.000	27.000
Stofnkostnaður	295.600	333.550	330.500
Framkvæmdasjóður aldraða			
Stofnkostnaður og endurbætur	192.900	370.000	277.000
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri			
Viðhald	7.600	9.000	15.600
Stofnkostnaður	49.600	51.000	40.000
Ríkisspítalar			
Viðhald	71.800	73.000	78.000
Stofnkostnaður	205.400	264.000	274.000
Borgarspítalinn			
Viðhald	43.300	44.000	-
Stofnkostnaður	43.900	55.000	-
St. Jósefsspítali, Landakoti			
Viðhald	6.400	6.500	-
Stofnkostnaður	19.600	20.000	-
Borgarspítali og St. Jósefsspítali, Landakoti			
Viðhald	-	-	41.600
Stofnkostnaður	-	-	125.000
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið			
Byggingarstyrkur	15.000	15.000	-
Viðhald, samtals	**154.600**	**152.000**	**162.200**
Stofnkostnaður, samtals	**787.400**	**1.073.550**	**1.046.500**

Á liðnum *381 Sjúkrahús og læknisbústaðir* eru samtals 27 m.kr. ætlaðar til viðhalds og alls 357,5 m.kr. til stofnkostnaðar. Þar af eru 20 m.kr. ætlaðar til tækjakaupa og 290 m.kr. til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða og er sú fjárhæð óskipt í frumvarpi þessu að venju og verður skipt að höfðu samráði við fjárlaganefnd. Veruleg aukning er á stofnkostnaðarfjárveitingum til *Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti*, þ.e. úr 75 m.kr. í fjárlögum 1991 í 125 m.kr. í frumvarpi þessu. Er það gert til að greiða fyrir breyttri verkaskiptingu milli þessara tveggja stofnana eins og lýst hefur verið hér að framan. Til *385 Framkvæmdasjóðs aldraðra* er ætlað að verja samtals 414 m.kr. Skiptist sú fjárhæð þannig að um þriðjunginum, 137 m.kr., er ætlað að verja samkvæmt 3.-5. tölul. 12. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, með áorðnum breytingum með lögum nr. 12/1991. Tveimur þriðju, 277 m.kr., verður varið skv. 1. og 2. tölul. sömu lagagreinar. Framvegis verða þær öldrunarstofnanir er nú starfa á daggjöldum að kosta meiri háttar viðhaldsframkvæmdir með framlagi frá Framkvæmdasjóði aldraðra og verða slíkar framkvæmdir ekki lengur kostaðar af rekstrardaggjöldum en minni háttar reglubundið viðhald verður áfram kostað með þeim. Er tekið tillit þess í áætlun um framlag til sjúkratrygginga.

Heilsugæslustöðvar

Í málefnaflokki þessum eru fjárlagaliðirnir 378 Læknishéraðasjóður og 500-586 Heilsugæslustöðvar. Miklar breytingar hafa orðið á útgjöldum til heilsugæslustöðva á undanförnum árum. Með lögum um breytta verkaskipan ríkis og sveitarfélaga er gildi tóku í ársbyrjun 1990 jókst kostnaður ríkissjóðs af þessum málaflokki mjög. Þessi aukning hélt áfram á árinu 1991, en heildarkostnaður við þennan málefnaflokk nam 1.223

m.kr. árið 1990 og á fjárlögum 1991 eru honum ætlaðar 1.600 m.kr. Gert er ráð fyrir að nú verði tekið upp þjónustugjald að nýju fyrir hverja heimsókn á heilsugæslustöð, sem skapar heilsugæslustöðvunum auknar sértekjur og mun því minnka kostnað ríkissjóðs af rekstri þessara stofnana. Alls er gert ráð fyrir að varið verði nær 1,4 milljörðum kr. til þessa málefnaflokks, og liggur mismunurinn í því að gert er ráð fyrir 375 m.kr. auknum sértekjum fyrir heilsugæslustöðvar í heild. Þar eð ákvörðun um auknar sértekjur heilsugæslustöðva var tekin nokkuð seint við undirbúning fjárlagafrumvarps vannst heilbrigðisráðuneyti ekki tími til að gera nákvæma áætlun um sértekjur hverrar einstakrar stöðvar. Því má telja að sértekjur kunni að nokkru að verða aðrar en hér eru áætlaðar. Mun heilbrigðisráðuneytið leitast við að leiðrétta þetta fyrir lok annarrar umræðu fjárlaga og hefur gert ráð fyrir að hluti fjárveitingarinnar á liðnum *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* verði notaður í því skyni. Þá er 6,5 m.kr. varið til að kosta fimm óráðstöfuð stöðugildi á lið *500 1.10 Heilsugæslustöðvar almennt*. Fjárveiting á þessum lið hefur enn fremur verið lækkuð um 13 m.kr. í samræmi við áform um að gæta aukins aðhalds í greiðslu ferðakostnaðar.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Til þessa málefnaflokks heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 301 Landlæknir; 323 Tryggingaeftirlitið; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 325 Hollustuvernd ríkisins; 326 Sjónstöð Íslands og 327 Geislavarnir ríkisins. Tveir nýir liðir hafa bæst við þennan málefnaflokk, 311 Héraðslæknir í Reykjavík og 315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra, en þeir voru áður taldir með málefnaflokknum Heilsugæslustöðvar.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	30.100	40.150	36.600	-9	22
Héraðslæknir í Reykjavík	-	14.110	16.100	14	.
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	-	5.780	6.900	19	.
Tryggingaeftirlit ríkisins	-1.800	-2.700	-3.700	37	106
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	65.300	71.420	71.800	1	10
Hollustuvernd ríkisins	74.800	79.270	79.200	-0	6
Sjónstöð Íslands	24.600	23.190	25.000	8	2
Geislavarnir ríkisins	11.400	12.300	19.600	59	72
Samtals	**204.400**	**243.520**	**251.500**	**3**	**23**

Fjárveiting til *301 Landlæknis* lækkar um 9% frá fjárlögum 1991 til frumvarps sem stafar eingöngu af því að á fjárlögum 1991 var embættinu falið að annast úthlutun á 8 m.kr. rekstrarstyrk, og er slík fjárveiting ekki inni á þessum lið nú. Að því frátöldu hækkar fjárveiting til embættisins um 14% milli ára sem skýrist af síauknu umfangi embættisins. Gerð er sú krafa að tekjur umfram gjöld á *323 Tryggingaeftirliti ríkisins* nemi 3,7 m.kr. en þá er tekið tillit til þess að stofnunin muni taka þátt í ýmsum óbeinum kostnaði er ríkissjóður verður fyrir, sérstaklega verðtryggingu lífeyris. Er það í samræmi við markaða stefnu við gerð fjárlaga undanfarin tvö ár þar sem ýmsum sértekjustofnunum hefur verið gert að gera betur en að sýna jöfnuð tekna og gjalda fyrir árið. Heildarfjárveiting til *326 Hollustuverndar ríkisins* er nær óbreytt frá fjárlögum yfirstandandi árs, en fjárveiting til tækja og búnaðar hefur verið lækkuð úr rúmum 11 m.kr. á fjárlögum

yfirstandandi árs í 1,5 m.kr. í frumvarpi þessu. Á móti hefur rekstrarfjárveiting hækkað nokkuð. Hækkun á fjárveitingu til *327 Geislavarna ríkisins* er 59% frá fjárlögum til frumvarps, aðallega vegna aukinna tækjakaupa, en til þeirra eru ætlaðar 5,6 m.kr. Fjárveiting til rekstrar hækkar um 28%, m.a. vegna framlags til norrænna kjarnorkurannsókna.

Annað

Þessi málefnaflokkur nær til ýmissar starfsemi sem heyrir undir ráðuneytið og telur hann eftirtalda fjárlagaliði: 340 Málefni fatlaðra; 393 Lyfjamál; 395 Lyfjaeftirlit ríkisins; 396 Lyfjanefnd; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi; 601 Ljósmæðraskóli Íslands; 603 Lyfjatæknaskóli Íslands og 621 Áfengisvarnir og bindindismál.

Nokkur breyting verður á þessum málaflokki frá gildandi fjárlögum. Liðurinn *394 Lyfjaverðlagsnefnd* fellur brott þar eð leggja á nefndina niður. Liðurinn *602 Þroskaþjálfaskóli Íslands* flyst til menntamálaráðuneytisins og fær þar fjárlaganúmerið *02 524* og *604 Sjúkraliðaskóli Íslands* hefur verið lagður niður sem sjálfstæð stofnun. Þá hafa framlög til bindindismála verið sameinuð á lið *621* undir nafninu *Áfengisvarnir og bindindismál.* Undir liðnum *399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi* hafa fjárveitingar til *eiturefnanefndar* verið felldar niður svo og nefndarlaun *daggjaldanefndar* þar eð þessar nefndir verða lagðar niður. Annar kostnaður daggjaldanefndar hefur verið fluttur á *aðalskrifstofu* svo sem áður er getið. Framlög til bindindismála hafa nú verið sameinuð á einum lið *621 Áfengisvarnir og bindindismál.*

Í eftirfarandi töflu er tekin saman heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	44.800	49.980	47.200	-6	5
Lyfjamál	2.500	2.360	1.800	-24	-28
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	178.500	238.950	239.400	0	34
Skólar heilbrigðisstétta	40.700	30.140	12.600	-58	-69
Áfengisvarnir og bindindismál	30.200	33.920	34.600	2	15
Ráðstöfunarfé ráðherra	-	8.000	8.000	.	.
Samtals	**296.700**	**363.350**	**343.600**	**-5**	**16**

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld fjármálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	366.300	390.090	412.500	6	13
Skatta- og tollamál	1.419.000	1.230.200	1.327.700	8	-6
Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	898.900	3.031.000	2.280.000	.	.
Vextir	8.274.400	9.400.000	9.900.000	5	20
Annað	1.187.300	1.399.390	1.780.600	27	50
Samtals	**12.145.900**	**15.450.680**	**15.700.800**	**2**	**29**
Rekstrarkostnaður	2.109.900	2.153.110	2.332.800	8	11
Verðbætur	-	1.893.000	480.000	-75	.
Vextir	8.274.400	9.400.000	9.900.000	5	20
Neyslu- og rekstrartilfærslur	940.200	1.001.070	1.478.000	48	57
Stofnkostnaður og viðhald	821.400	1.003.500	1.510.000	50	84
Samtals	**12.145.900**	**15.450.680**	**15.700.800**	**2**	**29**

Framlag Stofnlánadeildar landbúnaðarins til lífeyrissjóðs bænda hefur verið sameinað framlagi ríkissjóðs undir fjármálaráðuneytinu, enda um að ræða tvær hliðar á sama teningi. Tekið er tillit til þessa í framsetningu reiknings- og fjárlagatalna hjá fjármálaráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti.

Þegar frá er talinn liðurinn *Launa- og verðlagsmál* hækka útgjöld ráðuneytisins um liðlega 1.660 m.kr. Helstu breytingar frá upphæðum fjárlaga eru eftirfarandi: Áætlaðir vextir hækka um 500 m.kr. og uppbætur á lífeyri um ríflega 410 m.kr. Fjárveiting vegna ríkisábyrgða hækkar um 250 m.kr. Aukin framlög vegna framkvæmda og fasteignakaupa ríkissjóðs nema um 250 m.kr., þar af 120 m.kr. vegna dómhúss. Ætlað er að rekstur ýmissa upplýsingakerfa ríkisins kosti um 110 m.kr. meira á næsta ári en áætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs og rekstur stofnana ráðuneytisins kostar um 140 m.kr. meira á næsta ári en áætlað er á þessu ári.

Hér á eftir verður fjallað um einstaka málefnaflokka ráðuneytisins og nánar skýrt frá ástæðum þessara breytinga sem upp eru taldar hér að ofan.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 103 Ríkisbókhald; 104 Ríkisfjárhirsla og 105 Ríkislögmaður.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	233.200	259.680	275.400	6	18
Ríkisbókhald	93.800	85.410	92.400	8	-1
Ríkisfjárhirsla	25.500	27.540	26.800	-3	5
Ríkislögmaður	13.800	17.460	17.900	3	30
Samtals	**366.300**	**390.090**	**412.500**	**6**	**13**

Framlög til aðalskrifstofu og tengdra stofnana hækka frá fjárlögum 1991 í hátt við verðlag. Gert er ráð fyrir að rekstrarumsvif haldist óbreytt frá líðandi ári og ekki verði breyting á forsendum fjárlaga um störf og almennan rekstrarkostnað. Fjárveitingar til tækja- og búnaðarkaupa verða lægri en í fjárlögum 1991 eða 9,5 m.kr. í stað 10,9 m.kr.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 skattstofur; 212 Skattamál, ýmis útgjöld; 214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd; 251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður; 261 Ríkistollstjóri og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	181.500	245.510	321.400	31	77
Skattstofur	347.800	368.120	391.500	6	13
Skattamál, ýmis útgjöld	274.500	73.990	23.500	-68	-91
Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	21.600	22.870	23.800	4	10
Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	185.400	134.160	177.300	32	-4
Tollaembætti	328.900	340.950	346.700	2	5
Rekstur samtals	**1.339.700**	**1.185.600**	**1.284.200**	**8**	**-4**
Stofnkostnaður	**79.300**	**44.600**	**43.500**	**-2**	**-45**

Þegar tekið hefur verið tillit til breyttrar færslu á fáeinum kostnaðarliðum aukast áætluð útgjöld málefnaflokksins í heild um 53 m.kr. á föstu verðlagi eða um 4% frá fjárlögum 1991. Af ýmsu tilefni, sérstaklega á innheimtuhlið skattamála, hækkar kostnaður um 75 m.kr. en ýmsir liðir lækka á móti, alls um 22 m.kr.

Mesta útgjaldaaukningin verður vegna Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í rekstri hennar mun á næsta ári aukast úr 50% í 65% samkvæmt nýgerðum samningi. Er það til samræmis við hluta ríkissjóðs í innheimtu stofnunarinnar. Framlag ríkisins hækkar við þetta um tæplega 41 m.kr. frá fjárlögum. Sömu sögu er að segja af Gjaldheimtu Suðurnesja, þar sem ríkissjóður greiðir rekstrarkostnað í hlutfalli við innheimtu en það hefur reynst mun hærra en miðað er við í fjárlögum. Hækkar framlag ríkisins af þessum sökum um 6 m.kr. Kostnaður vegna skráningar og innheimtu á bifreiðagjöldum hefur hækkað um sem næst 10 m.kr. og er þar um að ræða þóknun til Bifreiðaskoðunar Íslands sem áður var dregin frá skilum á innheimtu.

Í fjárlögum 1991 eru 14 m.kr. ætlaðar í vinnu að bættri skattendurskoðun atvinnurekstrarframtala. Verður haldið áfram á þeirri braut, enda verulegt hagsmunamál bæði fyrir ríkissjóð og þegna landsins að bæta úr vanköntum á þessu sviði. Framlag til þessa verkefnis og annarra umbóta á skattasviðinu sem í undirbúningi eru verður 20 m.kr. á næsta ári. Liður í þessum undirbúningi eru m.a. umfangsmiklar skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið hjá Ríkisskattstjóra og á Skattstofunni í Reykjavík.

Sem liður í sérstökum sparnaði á næsta ári lækka framlög til skattstofa nokkuð frá fjárlögum. Sömuleiðis lækka fjárveitingar til Ríkistollstjóra og Tollstjórans í Reykjavík.

Framlög til stofnkostnaðar undir þessum málefnaflokki eru 43,5 m.kr. í frumvarpinu en 44,6 m.kr. í fjárlögum 1991. Þeim er varið til kaupa á ýmsum tækjum og búnaði til stofnananna og skiptast þannig:

Stofnun	þús. kr.
Ríkisskattstjóri	10.000
Skattstofan í Reykjavík	5.000
Skattamál, ýmis útgjöld	18.000
Ríkistollstjóri	7.000
Tollstjórinn í Reykjavík	3.500
Stofnkostnaður samtals	**43.500**

Stofnkostnaðarframlag á liðnum *Skattamál, ýmis útgjöld* er til áframhaldandi uppbyggingar á tölvubúnaði skattstofanna.

201 Ríkisskattstjóri. Hækkun á heildarframlagi til embættisins stafar að mestu af breyttri uppsetningu. Auglýsingakostnaður, um 40 m.kr., sem greiddur hefur verið af sérstökum lið, er nú færður á embættið jafnframt því að vera lækkaður umtalsvert. Enn fremur er nú áætlað fyrir auknum kostnaði við prentun og dreifingu gagna. Hann stafar af fjölgun eyðublaða og breyttum útsendingarháttum, m.a. eru álagningarseðlar nú sendir út í umslögum. Á móti hækkuninni kemur sparnaður vegna hagræðingar í innheimtu þar sem m.a. verður sameinuð, á einum gíróseðli, innheimta staðgreiðslu af launum, reiknaðs endurgjalds og tryggingagjalds, en hún er nú gerð með aðskildum seðlum. Gerðar hafa verið breytingar á skipulagi stofnunarinnar. Hin sérstaka staðgreiðsludeild var felld saman við tekjuskattsdeild en á laggirnar var sett deild sem sinna mun tekjuskattlagningu atvinnurekstrar og endurskoðun framtala hans. Fyrir auknum kostnaði sem ætla má að leiði af átaki á þessu sviði er að sinni áætlað undir liðnum *Skattamál, ýmis útgjöld.* Á þessu ári var lokið við sérstaka úttekt á upplýsingakerfum sem embættið hefur umsjón með en vistuð eru hjá SKÝRR. Í athugun er að kaupa til embættisins millistærð af tölvu til að draga úr kostnaði við rekstur kerfanna og gerð hugbúnaðar. Þetta verður undirbúið nánar í samhengi við tillögur starfshóps um úrbætur í tölvumálum ráðuneytisins.

251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður. Á viðfangsefnið *ýmis innheimtukostnaður* er færður ýmis kostnaður vegna gjaldheimtna og innheimtumanna sem ekki þykir rétt að heimfæra á einstakar stofnanir. Þessi kostnaður jókst mikið á síðasta ári þegar tekinn var upp virðisaukaskattur af innflutningi. Ástæðan er sérstök þóknun sem ríkissjóður greiðir Póst- og símamálastofnun fyrir innheimtu virðisaukaskatts í tolli. Þessi þóknun miðast við ákvæði reglugerðar frá 1938 um greiðslur fyrir innheimtu í tollpósti. Gert er ráð fyrir að þessu ákvæði reglugerðarinnar verði breytt og miðast fjárveiting við það. Fjárveiting til *ýmiss innheimtukostnaðar* lækkar þar sem kostnaður við rekstur *innheimtuskilakerfis* er nú færður á sérstakt viðfangsefni á fjárlagaliðnum *995 Skýrsluvélakostnaður.*

261 Ríkistollstjóri. Eins og um getur í samantekt um málefnaflokkinn lækkar framlag til embættisins. Lækkunin nemur um 10 m.kr. og er vegna ákvörðunar um að í stað ókeypis afhendingar á eyðublöðum fyrir tollskýrslur verði þau seld enda hvíli ekki sú skylda á tollyfirvöldum að útbúa og afhenda þessi gögn. Verðlagning verður með hliðsjón af kostnaði við prentun, dreifingu og aðra umsýslu tollyfirvalda.

Verðlagsmál og ríkisábyrgðir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 381 Uppbætur á lífeyri; 971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur og 989 Launa- og verðlagsmál.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Uppbætur á lífeyri	672.200	788.000	1.200.000	52	79
Ríkisábyrgðir og tjónabætur	226.700	350.000	600.000	71	165
Launa- og verðlagsmál	-	1.893.000	480.000	-75	.
Samtals	**898.900**	**3.031.000**	**2.280.000**	**-25**	**154**

Fjárlagaliðir þeir sem hér er skipað saman eiga það sameiginlegt að tengjast náið efnahagslífinu og þróun verðlags. Um einstaka fjárlagaliði þessa málefnaflokks er nánar fjallað hér á eftir.

381 Uppbætur á lífeyri. Á þennan lið er fært framlag ríkissjóðs vegna uppbóta á lífeyri ríkisstarfsmanna. Í lánsfjárlögum 1990 og 1991 voru sett ákvæði um skert framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna. Ekki er gert ráð fyrir áframhaldi þeirrar skerðingar á næsta ári og hækkar því ríkisframlagið verulega. Úr hækkun framlagsins hefur hins vegar dregið vegna minni verðbólgu og mikilla kaupa sjóðsins á síðustu árum á tiltölulega skammæum verðbréfum ríkissjóðs en vextir og verðbætur sem þau bréf bera ganga að hluta til að greiða uppbót ríkissjóðs. Áætlað er að ríkissjóður þurfi að greiða um 920 m.kr. til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á næsta ári. Það er þó háð nokkurri óvissu um tekjur sjóðsins af vöxtum og verðbótum ríkisskuldabréfa á næsta ári. Uppbætur og framlög til annarra deilda lífeyrissjóðsins og vegna annarra lífeyrisskuldbindinga sem á ríkissjóði hvíla eru áætlaðar um 280 m.kr.

971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur. Greiðslur sem ætla má að falli á ríkissjóð vegna tapaðra ábyrgða á næsta ári eru áætlaðar 550 m.kr. Hér er um að ræða 250 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1991. Vísað er til umfjöllunar um Lánasýslu ríkisins í 6. kafla um nánari athugasemdir. Framlag vegna fjármunatjóna er ríkissjóður verður fyrir og skyldutryggingar ná ekki til er 50 m.kr. í frumvarpinu.

989 Launa- og verðlagsmál. Frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1992 eins og rakið er í 3. kafla greinargerðarinnar. Rekstrarframlög til einstakra ríkisstofnana í A-hluta eru aftur á móti sett fram á verðlagi eins og áætlað er að það verði í janúar 1992. Á það við um launagjöld og önnur rekstrargjöld jafnt sem sértekjur stofnana. Á þennan fjárlagalið er færð sú upphæð sem talin er þurfa til að bæta stofnunum hækkun rekstrargjalda til meðalverðlags 1992 eða 330 m.kr. Tilfærslur, viðhald og stofnkostnaður eru á áætluðu meðalverðlagi frumvarpsins og taka ekki verðbótum. Til að mæta ófyrirséðum stofnkostnaðargreiðslum vegna verðbóta á verksamningum sem ríkissjóður er eða verður skuldbundinn af eru á þessum fjárlagalið 50 m.kr. Þá eru 100 m.kr. *til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar.*

Vextir

Gert er ráð fyrir að vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1992 nemi um 9.900 m.kr. Í fjárlögum 1991 var þessi fjárhæð áætluð 9.400 m.kr. og er útlit fyrir að vaxtagjöld ríkissjóðs verði í samræmi við það. Eins og oft áður ríkir óvissa um væntanleg lánskjör, bæði á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum. Innlendar skuldir ríkissjóðs til lengri tíma eru þó flestar bundnar föstum vöxtum en tæpur helmingur erlendra skulda ríkissjóðs eru með breytilegum vöxtum. Þeir vextir eru nokkuð sveiflukenndir en áætlað er að þeir verði 7% á árinu 1992. Lækkun breytilegra vaxta af erlendum lánum ríkissjóðs um t.d. 1% dregur úr vaxtagjöldum ríkissjóðs um 400 m.kr. Í yfirliti hér á eftir er sýnd sundurliðun á vaxtagjöldum 1990-1992:

	Reikningur 1990 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.
Innlend lán	684	1.020	1.170
Spariskírteini vegna innlausnar	514	960	330
Erlend lán	4.777	4.720	6.000
Skammtímalán	2.299	2.700	2.400
Samtals	**8.274**	**9.400**	**9.900**

Helstu breytingar í frumvarpi 1992 frá áætlun 1991 eru annars vegar lækkun vaxtagreiðslna af spariskírteinum ríkissjóðs, en innlausn þeirra er talin verða með minnsta móti á næsta ári, og hins vegar hækkun á vaxtagreiðslum af erlendum lánum. Í þeirri hækkun vegur þyngst vaxtabyrði af væntanlegri lántöku ríkissjóðs vegna halla ársins 1991. Loks má geta þess að áætlaður kostnaður vegna sölu á ríkisskuldabréfum er innifalinn í þeim 2,4 milljörðum króna sem ætlaðir eru til greiðslu vaxta vegna skammtíma lána. Kostnaðurinn er áætlaður um 2% af heildarsölu nýrra ríkisskuldabréfa 1992, eða um 160 m.kr.

Hafa ber í huga að um fimmtungur vaxtagreiðslna ríkissjóðs er vegna lána sem tekin hafa verið og endurlánuð öðrum aðilum. Innheimtir vextir af þessum lánum ríkissjóðs eru áætlaðir um 2 milljarðar króna og færast um tekjuhlið frumvarpsins. Með tilliti til þessa nema hreinar vaxtagreiðslur ríkissjóðs 7,9 milljarðar króna eða 7,2% af heildarútgjöldum.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fasteignamat ríkisins; 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 995 Skýrsluvélakostnaður; 998 Ráðstöfunarfé og 999 Ýmislegt. Undir þennan málefnaflokk er m.a. færður ýmis kostnaður sem telst til sameiginlegra útgjalda ríkisins. Svo sem sjá má af yfirliti á næstu síðu aukast framlög til hans um 380 m.kr. frá fjárlögum 1991. Skýrist það af fáum stórum liðum.

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignamat ríkisins	39.200	63.480	51.400	-19	31
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	-1.000	300.000	475.000	58	.
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar	2.300	-2.590	-2.100	-19	.
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	463.100	191.000	268.400	41	-42
Skýrsluvélakostnaður	-	395.900	505.000	28	.
Ráðstöfunarfé	-	6.000	6.000	-	.
Ýmislegt	683.700	445.600	476.900	7	-30
Samtals	**1.187.300**	**1.399.390**	**1.780.600**	**27**	**50**

Framlag til *útgjalda samkvæmt heimildarákvæðum* er hækkað um 175 m.kr. Kostnaður við rekstur upplýsingakerfa ríkisins sem vistuð eru hjá fjármálaráðuneyti er áætlaður um 110 m.kr. hærri en í fjárlögum þessa árs og er það í samræmi við endurmat við gerð frumvarps til fjáraukalaga 1991. Framlög til *ýmissa fasteigna ríkissjóðs* hækka um 77 m.kr. sem skýrist alfarið af kostnaði við breytingar á húsnæði Útvegsbankans við Lækjartorg til nota sem dómhús. Um nánari skýringar er vísað til umfjöllunar um einstaka fjárlagaliði hér á eftir.

402 Fasteignamat ríkisins. Kostnaður skattkerfisins vegna fasteignaskrár, 12 m.kr., er nú færður sem beint framlag til stofnunarinnar í stað þess að vera greiddur af liðnum *212 Skattamál, ýmis útgjöld.* Þrátt fyrir það lækkar rekstrarframlagið úr 44 m.kr. í fjárlögum 1991 í tæpar 23 m.kr. en stofnuninni er gert að afla aukinna sértekna með þjónustugjöldum. Á þessu ári var hafist handa um endurnýjun á vél- og hugbúnaði stofnunarinnar. Þetta er langtímaverkefni sem halda mun áfram á tveimur næstu árum. Á árinu 1992 verður 28,6 m.kr. varið til verkefnisins. Í athugun hefur verið breyting á skipan opinberra eignamata, fasteignamats og brunabótamats, og mun það halda áfram.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum ríkissjóðs sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og útgjöldum sem ríkissjóði kann að verða gert að inna af hendi samkvæmt ýmsum sérlögum, en ekki er hægt að sjá fyrir. Fjárveiting er áætluð 475 m.kr. Heimildagrein frumvarpsins (6. gr.) skiptist þannig: Í fyrsta lagi er ríkisstjórn og fjármálaráðherra veitt heimild til að gera breytingar á fjárhæðum tekju- og gjaldamegin, sem leiðir af nýjum lögum eða sérstökum ákvörðunum, stofna til yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka o.fl. Í öðru lagi eru heimildir um eftirgjöf gjalda, sem ekki er sérstaklega áætlað fyrir í frumvarpinu. Í þriðja lagi eru heimildir til eignasölu og er áætlað fyrir sölutekjum í tekjugrein frumvarpsins. Í fjórða lagi eru heimildir til eignakaupa. Loks eru ýmsar heimildir til yfirtöku skulda, til að greiða bætur úr ríkissjóði o.fl., og er fjárveiting áætluð vegna þessa. Helstu fasteignakaup sem heimildar er leitað til eru vegna Stjórnarráðsins, dómsmálastofnana og embættisbústaða hvers konar. Endurnýjuð er heimild til kaupa á húsnæði fyrir héraðsdómstóla, en um mitt ár 1992 taka gildi lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Ekki hefur enn verið tryggt húsnæði fyrir alla dómstólana. Heimildar er leitað, bæði

til sölu og kaupa, á húsnæði fyrir sendimenn Íslands erlendis. Þessi mál eru nú í athugun milli ráðuneyta og verða kynnt fjárlaganefnd fyrir afgreiðslu frumvarpsins. Rétt þykir að vekja athygli á heimild til að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum vegna byggingar flugskýlis á vegum Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli og er það í samræmi við ákvörðun síðustu ríkisstjórnar.

Algengt er að notkun heimilda 6. gr. feli ekki eingöngu í sér greiðslu úr ríkissjóði á fjárlagaárinu heldur einnig skuldbindingar vegna tekinna lána og samninga um uppgjör. Þó hér sé um afar óvissar fjárhæðir að ræða er talið að ákvæði 6. gr. frumvarpsins gætu leitt til 400 m.kr. skuldbindingar fyrir ríkissjóð. Í 8. kafla frumvarpsins um breytta framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga er bókhaldsleg meðferð skuldbindinga skýrð, þar á meðal vegna 6. gr.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu framlags á þessum fjárlagalið á viðfangsefni:

Viðfangsefni	þús. kr.
Arnarhvoll, viðhald	6.200
Stjórnarráðshúsnæði	25.000
Hafnarstræti, Akureyri, skattstofa	36.400
Tollhúsið við Tryggvagötu	20.000
Sölvhólsgata 7	30.000
Sölvhóll	20.800
Dómhús	120.000
Listaskóli, hönnun	10.000
Samtals	**268.400**

Til almenns viðhalds á Arnarhvoli eru ætlaðar 6,2 m.kr., m.a. til að lagfæra inngarð á milli Arnarhvols og Sölvhóls og minni verkþátta. Fjárveiting til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir Stjórnarráðið er áætluð 25 m.kr. Athugað er nú með húsnæði fyrir aðalskrifstofur utanríkisráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Í 6. gr. frumvarpsins er leitað heimildar til nauðsynlegrar lántöku. Fjárveiting vegna Hafnarstrætis 93-95 á Akureyri, 36,4 m.kr., er til að ljúka samningsbundnum verkum við innréttingu húsnæðis fyrir skattstofu, fasteignamat o.fl. ríkisstofnanir. Til breytinga á Tollhúsinu við Tryggvagötu eru ætlaðar 20 m.kr. Þar er um að ræða endurbætur á húsnæði Skattstofunnar í Reykjavík. Þá er á næsta ári áformað að hefja síðasta verkáfanga byggingar að Sölvhólsgötu 7 og verja til þess 30 m.kr. Eftir er að innrétta 3. hæð hússins og setja upp loftræstibúnað í allt húsið. Framkvæmdir skiptast á tvö til þrjú ár. Til framkvæmda við Sölvhól, húsnæði menntamálaráðuneytis, er framlag áætlað 20,8 m.kr. og til nauðsynlegra viðgerða á þaki og gluggum. Þá er að nefna framlag til innréttinga og breytinga á húsnæði fyrir Héraðsdómstól Reykjavíkur, 120 m.kr., og er það í samræmi við áætlun sem lá fyrir við kaup á Útvegsbankahúsinu við Lækjartorg. Á árinu 1991 keypti ríkissjóður húseign Sláturfélags Suðurlands við Laugarnesveg í Reykjavík til nota fyrir listaskóla. Fjárveiting til greiðslu fastra gjalda af húsinu, undirbúnings og hönnunar er áætluð 10 m.kr.

995 Skýrsluvélakostnaður. Þessi liður var nýr í fjárlögum 1991 og á hann færður tölvukostnaður sem áður var færður á ýmsum stöðum undir ráðuneytinu. Á liðnum eru útgjöld vegna reksturs, viðhalds og nýsmíði stærstu og dýrustu upplýsingakerfa ráðuneytisins en þau eru öll í umsjá Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar. Nú eru færð til þessa liðar þrjú kerfi er tengjast tekjubókhaldi ríkisins. Tvö þeirra, álestrarskrá ökumæla og álagningarkerfi bifreiðagjalda eru áætluð undir *tekjubókhaldskerfi* en hið þriðja, *innheimtuskilakerfi* er fært á sérstakt viðfangsefni. Á árinu 1990 kemur ekki fram kostnaður á þessum fjárlagalið en þá var hann bókfærður undir fjárlagaliðunum 103 Ríkisbókhald, 212 Skattamál, ýmis útgjöld, 251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður og 999 Ýmislegt. Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig áætlaður kostnaður við kerfin skiptist í fjárlögum 1991 og frumvarpi 1992:

	Fjárlög 1991 þús. kr.	Frumvarp 1992 þús. kr.	Breyting %
Launagreiðslukerfi	66.000	73.000	11
Tekjubókhaldskerfi	128.500	170.000	32
Skattavinnslukerfi	109.400	140.000	28
Bókhalds- og áætlanakerfi	34.000	47.000	38
Innheimtuskilakerfi	-	15.000	.
Hugbúnaðargerð	58.000	60.000	3
Samtals	**395.900**	**505.000**	**28**

Kostnaður við rekstur og viðhald tölvukerfanna hefur aukist umtalsvert á síðustu þremur árum, sérstaklega við *tekjubókhaldskerfi* og *skattavinnslukerfi*. Erfiðlega hefur gengið að stýra þessum kostnaði og eru helstu ástæður þessa umfangsmiklar breytingar á skattakerfinu á undanförnum árum en einnig aukin notkun kerfanna. Síðasta dæmið um hið fyrrnefnda er tryggingagjaldið nýja en eftirstöðvainnheimta þess hefur í för með sér bæði forritunar- og vinnslukostnað á næsta ári.

Fyrirsjáanlegt er að á yfirstandandi ári fari sá kostnaður sem færður er á þennan lið um 130 m.kr. fram úr áætlun fjárlaga og er sótt um þá upphæð í frumvarpi til fjáraukalaga 1991. Áætlun fyrir næsta ár byggist á þessum grunni og hefur þó verið dregið úr til að gæta aðhalds. Nýlega hefur tekið til starfa hópur sérfræðinga á vegum fjármálaráðuneytisins sem vinnur að því að greina vandann og gera tillögur til úrbóta. Mun hann einbeita sér að lækkun kostnaðar og bættri nýtingu fjármuna en tillögurnar eiga að liggja fyrir í nóvembermánuði.

999 Ýmislegt. Eins og getið er um í heildarumfjöllun um ráðuneytið hafa framlög til *Lífeyrissjóðs bænda*, samkvæmt II. kafla laga nr. 50/1984, verið sameinuð undir fjármálaráðuneyti. Um er að ræða lífeyrisgreiðslur til bænda sem fæddir eru fyrir 1914 og maka þeirra. Sá hluti sem áður hefur verið færður undir *Stofnlánadeild landbúnaðarins*, 37,5% greiðslunnar, er nú færður undir lið fjármálaráðuneytis. Tekið er mið af þessu í reiknings- og fjárlagatölum yfirlita. Útgjöld greinast á mörg viðfangsefni. Skipting fjárveitinga í frumvarpi og í fjárlögum 1991 er sem hér segir:

	Fjárlög 1991 þús. kr.	Frumvarp 1992 þús. kr.	Breyting %
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	45.770	74.000	62
Kjarasamningar	12.540	23.500	87
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	5.000	10.000	100
Kjararannsóknir	5.250	6.100	16
Bókhaldskerfi ríkisins	4.000	-	.
Ýmis sameiginlegur kostnaður	17.020	22.500	32
Styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	66.020	55.000	-17
Ýmsar endurgreiðslur	35.000	30.000	-14
Lífeyrissjóðir sjómanna	1.260	-	.
Lífeyrissjóður bænda	143.180	161.000	12
Ýmsar nefndir	4.830	3.200	-34
Sektanefnd	1.170	-	.
Dómkröfur	24.680	16.100	-35
Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka	27.380	25.000	-9
Óviss útgjöld	25.000	25.000	-
Ríkisbifreiðar, framlag	6.500	6.500	-
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	21.000	18.000	-14
Samtals	**445.600**	**475.900**	**7**

Heildarframlag á fjárlagaliðnum *Ýmislegt* hækkar frá fjárlögum í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Eins og sjá má á yfirlitinu eru hins vegar ýmsar innbyrðis breytingar á milli liða. *Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið* hefur aukist mikið undanfarin tvö ár. Við fjárlagagerð í fyrra var tekin sú ákvörðun að færa þann símakostnað sem ekki tengist símstöð Stjórnarráðsins beint til gjalda hjá sérhverju ráðuneyti. Með þessu er ætlunin að ráðuneytin taki sjálf ábyrgð á og beri kostnað af ákvörðunum sem leiða til aukinna útgjalda og hamla þannig gegn vexti þeirra. Til skoðunar er nú að halda áfram á sömu braut og heimfæra allan símakostnað eftir notkun, með nýrri tækni sem nú er völ á. Þrátt fyrir það sýnist óhjákvæmilegt að hækka fjárveitingu á þessum lið verulega til að mæta þeim kostnaði sem óbreytt umsvif og fyrirkomulag hafa í för með sér. Það sama á við um liðinn *kjarasamningar* en síðan nýju kjarasamningalögin tóku gildi árið 1987 hefur kostnaður við gerð kjarasamninga aukist vegna mikils fjölda samningsaðila. Fjárveitingin er nú áætluð með tilliti til reynslu og hækkar töluvert frá fjárlögum. Breytt ákvæði um slysatryggingar í kjarasamningum hafa í för með sér tvöföldun á slysabótum til tjónþola. Með hliðsjón af þessu og í ljósi reynslutalna er því nauðsynlegt að tvöfalda fjárveitingu til *tryggingabóta samkvæmt kjarasamningum*. Fjárveiting undir liðnum *bókhaldskerfi ríkisins* er nú flutt undir lið skýrsluvélakostnaðar á viðfangsefni *bókhalds- og áætlunarkerfa ríkisins*. Framlag af liðnum *ýmsar endurgreiðslur* er ætlað til endurgreiðslu aðflutningsgjalda til einstaklinga og samtaka. Þessi liður er nú lækkaður um 5 m.kr. frá fjárlögum 1991. Sömuleiðis eru lækkuð styrkjaframlög til blaðaútgáfu og útgáfumála á vegum þingflokka sem dreift er samkvæmt ákvörðun stjórnskipaðrar nefndar. Samanlagt lækka framlög til þessara viðfangsefna úr 93,4 m.kr. í fjárlögum 1991 í 80 m.kr. í frumvarpinu. Kostnaður af *dómkröfum* er talinn ofmetinn í fjárlögum líðandi árs og er gert ráð fyrir töluverðri lækkun framlags vegna þeirra á næsta ári. Dregið er úr framlagi til *tölvumála Stjórnarráðs o.fl.* á næsta ári í aðhaldsskyni en af þessum lið eru fjármagnaðar ýmsar sameiginlegar þarfir Stjórnarráðsins fyrir tölvubúnað.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	237.000	50.720	61.700	22	-74
Vegamál	4.690.000	5.370.000	5.830.000	9	24
Siglingamál	1.194.100	1.273.330	1.332.900	5	12
Flugmál	613.300	443.980	479.400	8	-22
Annað	95.800	174.430	146.700	-16	53
Samtals	**6.830.200**	**7.312.460**	**7.850.700**	**7**	**15**
Rekstrarkostnaður	756.400	676.720	763.200	13	1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	562.900	365.640	229.000	-37	-59
Stofnkostnaður og viðhald	5.510.900	6.270.100	6.858.500	9	24
Samtals	**6.830.200**	**7.312.460**	**7.850.700**	**7**	**15**

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks telst aðalskrifstofa ráðuneytisins. Rekstrargjöld hennar er áætluð 61,7 m.kr. samanborið við 49,7 m.kr. í fjárlögum 1991. Hækkun umfram verðlagsbreytingar skýrist af leiðréttingu gjalda til samræmis við umfang reglubundinnar starfsemi og til kaupa á þjónustu sem nemur 3 m.kr. Eins og í fjárlögum 1991 er rekstur flugeftirlitsnefndar aðskilinn frá öðrum rekstri yfirstjórnar. Henni er ætluð 1,2 m.kr. fjárveiting.

Vegamál

Framlag til Vegagerðar ríkisins á árinu 1992 er áætlað 5.830 m.kr. sem er sama fjárhæð og talið er að markaðir tekjustofnar skili til vegamála, þ.e. bensíngjald og þungaskattur. Forsendur teknanna eru skýrðar nánar í 4. kafla greinargerðarinnar. Til nýframkvæmda fara 2.847 m.kr., þar af 805 m.kr. til framkvæmda við jarðgöng á Vestfjörðum. Á árinu 1991 var gengið frá samkomulagi við Reykjavíkurborg um uppgjör vegna lagningar þjóðvega í þéttbýli. Ákveðið var að skuldin, sem er rúmur milljarður, skyldi greidd af framlagi vegaáætlunar til þjóðvega í þéttbýli. Á næstu þremur árum koma til greiðslu 370 m.kr. af skuld þessari.

Siglingamál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 322 Flóabátar og vöruflutningar; 331 Vita- og hafnamálaskrifstofan; 332 Vitastofnun Íslands; 333 Hafnamál; 341 Siglingamálastofnun ríkisins og 342 Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Fjárlagaliðurinn *321 Skipaútgerð ríkisins* tilheyrði áður þessum málefnaflokki en ekki er gert ráð fyrir framlagi til rekstrar útgerðarinnar á árinu 1992. Unnið er að úttekt á málefnum fyrirtækisins og munu niðurstöður liggja fyrir síðar í haust.

322 Flóabátar og vöruflutningar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sama framlagi og í fjárlögum 1991. Skipan þessara mála er í endurskoðun hjá ráðuneytinu í tengslum við

úttekt þá sem verið er að gera á rekstri Skipaútgerðar ríkisins. Sú nefnd Alþingis sem fer með samgöngumál mun gera tillögur um skiptingu fjárins.

332 ***Vitastofnun Íslands.*** Framlag til reksturs vita er svipað að raungildi og það var í fjárlögum 1992. Rekstrargjöld eru áætluð 99,5 m.kr. en á móti koma sértekjur 17,4 m.kr. sem er vegna vinnuframlags starfsmanna stofnunarinnar við nýbyggingu og vegna kostnaðarhlutdeildar Veðurstofunnar í launum þeirra vitavarða sem sjá um veðurathuganir. Framlag til viðfangsefnisins *6.01 Tæki og búnaður* hækkar um 3,3 m.kr. frá því sem er í fjárlögum 1991 og er það vegna endurnýjunar bifreiðar og kaupa á radarsvara. Meðal fjárfestinga á árinu 1992 er rafvæðing vita. Áætlað er að setja sólarorkustöðvar í nokkra vita í þeim tilgangi að auka rekstraröryggi og minnka rekstrarkostnað. Þar með er unnt að minnka búsetu í vitum og er að því stefnt jafnvel á næsta ári.

333 ***Hafnamál.*** Framkvæmdaframlög til almennrar hafnargerðar nema alls 846 m.kr. Fjárhæðir skiptast samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.	Breyting %
Tæki og búnaður	1,4	4,0	186
Ferjubryggjur	15,0	10,0	-33
Hafnarmannvirki	508,0	687,0	35
Lendingarbætur	4,0	5,0	25
Sjóvarnargarðar	100,0	50,0	-50
Hafnabótasjóður, framlag	50,0	90,0	80
Samtals	**678**	**846**	**25**

Framlag til kaupa á tækjum og búnaði er vegna endurnýjunar á öldumælisdufli. Til almennra hafnarmannvirkja er áformað að verja 687 m.kr. Upphæðin skiptist þannig að 300 m.kr. fara til greiðslu skulda vegna framkvæmda fyrri ára, 165 m.kr. til framkvæmda við ferjuhafnir í Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum, en að óbreyttum lögum verður kostnaðarhluti ríkisins 75%. Til nýframkvæmda verður síðan varið 222 m.kr. Samgönguráðherra hefur skipað nefnd sem ætlað er að taka til endurskoðunar þá kostnaðarskiptingu sem nú er í gildi milli ríkis og sveitarfélaga varðandi hafnarframkvæmdir með það að markmiði að draga úr kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs og hvetja til betri nýtingar á því fé sem varið er til hafnarframkvæmda. Jafnframt skal nefndin athuga og gera tillögur um með hvaða hætti unnt er að treysta rekstrargrundvöll hafna, auka framkvæmdafé og stuðla að sameiningu þeirra. Nefndinni er ætlað að skila áliti það tímanlega að unnt verði að koma fram breytingu á hafnalögum á haustþingi. Framlag til sjóvarnargarða er áætlað 50 m.kr. og er gert ráð fyrir að framlaginu verði varið til að halda áfram uppbyggingu sjóvarnagarða samkvæmt langtímaáætlun þar að lútandi. Stærsta verkefnið er að ljúka endurbyggingu sjóvarnargarða á Eyrarbakka og Stokkseyri. Framlagi til ferjubryggja, 10 m.kr., er ætlað til að fjármagna viðhald og endurnýjun á núverandi ferjubryggjum. Framlag til Hafnabótasjóðs verður 90 m.kr. en var 50 m.kr. í fjárlögum 1991.

341 Siglingamálastofnun ríkisins. Stofnunin skiptist nú stjórnskipulega milli tveggja ráðuneyta, samgönguráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Sá hluti sem fer með skipaskoðun, skráningu skipa, erlend samskipti og fleira fellur undir samgönguráðuneyti. Mengunarvarnarverkefni stofnunarinnar heyra aftur á móti undir umhverfisráðuneyti. Rekstrarframlag til stofnunarinnar er áætlað 90,9 m.kr., þar af eru 7,6 m.kr. til reksturs mengunarvarnadeildar. Meðal verkefna stofnunarinnar á næsta ári er rannsókn á vinnuaðstöðu um borð í frystitogurum sem er liður í undirbúningi á gerð nýrra reglna um bættan aðbúnað og öryggi um borð í þessum skipum.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks telst aðeins fjárlagaliður 471 Flugmálastjórn. Með lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, er mörkuð stefna um framkvæmdir í flugmálum. Samkvæmt lögunum eiga tekjur af flugvallagjaldi og gjaldi sem innheimt er af flugvélaeldsneyti að renna óskertar til framkvæmda í flugmálum. Tekjur þessar eru alls áætlaðar 367 m.kr. Áformað er að verja 55 m.kr. til nýrrar flugstjórnarmiðstöðvar á Reykjavíkurflugvelli og 312 m.kr. til annarra framkvæmda við flugvelli. Nánar er fjallað um flugstjórnarmiðstöðina í greinargerð með B-hluta frumvarpsins. Útgjöld vegna alþjóðaflugþjónustunnar, 244,7 m.kr., eru að mestu greiddar af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO). Nánari skýringar er að finna í greinargerð um Alþjóðaflugþjónustuna í B-hluta frumvarpsins. Starfsemin felst í flugleiðsöguþjónustu yfir norðurhluta Atlantshafs. Að flugmálaframkvæmdum og rekstri Alþjóðaflugþjónustunnar frátöldum nema gjöld Flugmálastjórnar 662 m.kr. og sértekjur 195,3 m.kr.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 485 Ýmis framlög; 651 Ferðamálaráð og 998 Ráðstöfunarfé.

Talin er ástæða til að fjalla um eftirfarandi fjárlagaliði:

485 Ýmis framlög. Ýmis framlög. Taflan hér að neðan gefur yfirlit um framlög til einstakra viðfangsefna en um nokkrar áherslubreytingar er að ræða milli ára.

	Fjárlög 1991	Frumvarp 1992	Breyting %
Flugbjörgunarsveitir	1.930	2.000	4
Tilraunaskylda íslenskra sjómanna	14.530	17.000	17
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	1.100	1.300	18
Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip	13.000	-	.
Ýmislegt	4.000	-	.
Rannsóknarnefnd flugslysa	1.650	2.100	27
Slysavarnarskóli sjómanna	23.830	29.500	24
Skipulagsnefnd fólksflutninga	2.010	3.400	69
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	910	1.000	10
Ýmis framlög til ferðamála	3.050	-	.
Lög og réttindaskrá sjómanna	-	3.000	.
Samtals	**66.010**	**59.300**	**-10**

Fjárveiting til viðfangsefnanna *sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip*, *ýmislegt* og *ýmis framlög til ferðamála* falla niður. Við afgreiðslu fjárlaga 1991 var ákveðið að Póstur og sími tæki að sér uppsetningu tilkynningarkerfisins og kostaði það sem vantaði upp á fjárveitingu ársins. Þetta viðfangsefni er því í höndum stofnunarinnar. Við bætist viðfangsefnið *1.21 Lög- og réttindaskráning sjómanna*. Ætlunin er að fylgjast með réttindum skipstjórnarmanna og vélstjóra.

651 Ferðamálaráð. Heildarframlag til ráðsins er áætlað 85,4 m.kr. og er það lækkun um tæp 20% frá því sem er í fjárlögum 1992. Lækkunin skýrist af niðurfellingu viðfangsefnisins *6 20 Hótel, framlög*. Í fjárlögum 1991 var varið til þess viðfangsefnis 25 m.kr. Á viðfangsefninu *ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985* koma fram skil ríkissjóðs af tekjum Fríhafnarinnar í Keflavík en þau eru áformuð 68 m.kr. og er það sama framlag í krónum talið og í fjárlögum þessa árs.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld iðnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	42.200	53.540	56.500	6	34
Iðnaðarmál	291.300	269.500	256.100	-5	-12
Jöfnunargjald	161.500	-	-	.	.
Orkumál	709.800	717.250	763.400	6	8
Samtals	**1.204.800**	**1.040.290**	**1.076.000**	**3**	**-11**
Rekstrarkostnaður	488.300	498.190	530.300	6	9
Neyslu og rekstrartilfærslur	557.900	386.100	448.000	16	-20
Stofnkostnaður og viðhald	158.600	156.000	97.700	-37	-38
Samtals	**1.204.800**	**1.040.290**	**1.076.000**	**3**	**-11**

Heildarframlag til iðnaðarráðuneytis er áætlað 1.076 m.kr. sem er aukning um 3% frá gildandi fjárlögum. Hér á eftir verður fjallað um málefnaflokka ráðuneytisins og um einstaka fjárlagaliði þar sem þurfa þykir.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan og 199 Ráðstöfunarfé.

Framlag til málefnaflokksins er áætlað 56,5 m.kr og hækkar um 6% frá fjárlögum 1991. Vörumerkja-og einkaleyfaskrifstofa ráðuneytisins fær nú sérstakt fjárlaganúmer en hún var gerð að sérstakri stofnun um mitt ár 1991. Í ráðuneytinu hefur verið unnið að undirbúningi og frágangi samninga um byggingu nýs álvers á Keilisnesi, en þeir eru á

lokastigi. Einnig hefur verið unnið að aðlögun löggjafar á sviði iðnaðar og orkumála að væntanlegu evrópsku efnahagssvæði og útgjöld aðalskrifstofu hækka nokkuð vegna þess. Að lokum er þess að geta að fjárlagaliðurinn *199 Ráðstöfunarfé* telst nú til þessa málefnaflokks en heyrir í fjárlögum 1991 undir málefnaflokkinn *Orkumál*. Framlag er áætlað 8 m.kr.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Lækkun á framlagi um 5% frá gildandi fjárlögum skýrist m.a. af breytingu og flutningi verkefna til annarra ráðuneyta. Helstu breytingar hjá einstökum stofnunum eru eftirfarandi:

201 Iðntæknistofnun Íslands. Rekstrarútgjöld hækka um 45,8 m.kr. en á móti hækka sértekjur um 38,3 m.kr. Er það til samræmis við reikningsniðurstöður ársins 1990. Störfum fjölgar um eitt á viðfangsefninu *1.01 Iðntæknistofnun Íslands* og launagjöld hækka vegna ákvæða í kjarasamningi verkfræðinga. Nýtt tímabundið viðfangsefni bætist við þennan fjárlagalið, *1.93 Nýsköpun í atvinnulífinu*, og er framlag 5,6 m.kr. Tilgangur með þessu verkefni, sem gengur undir nafninu Snjallt-verkefni, er að örva nýsköpun og frumkvæði einstaklinga. Í fjárlögum 1991 er framlag til tækja- og búnaðarkaupa 9,2 m.kr. Í vinnslu frumvarps til fjárlaga 1992 féll niður framlag til stofnkostnaðar. Þess er vænst að þetta verði tekið til skoðunar fyrir afgreiðslu Alþingis á frumvarpinu.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Rekstrarframlag til stofnunarinnar er áætlað 52,1 m.kr. en það jafngildir um 8% hækkun frá gildandi fjárlögum. Sértekjur eru áætlaðar 70,5 m.kr. sem er 58% af rekstrargjöldum og er það svipað hlutfall og undanfarin ár. Framlag til kaupa á tækjum og búnaði er 7,2 m.kr. og helst óbreytt frá gildandi fjárlögum.

240 Iðnaðarrannsóknir. Framlag til iðnaðarrannsókna er áætlað 31,1 m.kr. sem er um 7% hækkun frá gildandi fjárlögum. Fjárveitingunni er ætlað að standa straum af athugunum á stóriðjukostum, nýiðnaði og nýsköpun í atvinnulífinu. Verulegum hluta framlagsins verður varið til undirbúnings framkvæmda við álver á Keilisnesi og gerð áætlana um frekari nýtingu orkulinda landsins.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Heildarframlag til þessa liðar er áætlað 62,9 m.kr. samanborið við 80,5 m.kr. í gildandi fjárlögum. Ástæða lækkunar er að framlag til tveggja viðfangsefna fellur niður. Framlag til *iðnráðgjafa* fellur niður og færist sá kostnaður til Byggðastofnunar í samræmi við ákvæði laga nr. 39/1991. Einnig fellur niður framlag til *stuðnings við skipasmíðaiðnað*, en því lýkur á árinu 1991. Taflan hér á eftir sýnir framlög til einstakra viðfangsefna samanborið við gildandi fjárlög.

	Fjárlög 1991 þús. kr.	Frumvarp 1992 þús. kr.	Breyting %
Iðnþróun og tækninýjungar	8.800	9.700	10
Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	9.080	14.000	54
Byggingarþjónustan	1.000	1.100	10
Iðnþróunarverkefni	2.420	2.400	-1
Iðnráðgjafar	12.550	-	.
Evreka	14.490	14.300	-1
Smáiðnaður í dreifbýli	11.700	10.700	-9
Stuðningur við skipasmíðaiðnað	7.000	-	.
Iðnþróun og markaðsmál	13.410	10.700	-20
Samtals	**80.450**	**62.900**	**-22**

Orkumál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 301 Orkustofnun; 302 Rafmagnseftirlit ríkisins; 371 Orkusjóður og 399 Ýmis orkumál.

Heildarframlag til þessa málefnaflokks er áætlað 763,4 m.kr. samanborið við 714,8 m.kr, frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

301 Orkustofnun. Heildarframlag er áætlað 250,6 m.kr. samanborið við 233,8 m.kr. í gildandi fjárlögum. Tvö viðfangsefni falla niður, *1.90 Rannsóknir í Öxarfirði* og *1.91 Könnun á mangangrýti á Reykjaneshrygg*. Hins vegar eru tekin upp þrjú ný verkefni, *Átak í vatnsorkurannsóknum* 6,8 m.kr., *Umhverfisáhrif jarðhita* 2,2 m.kr. og *Virkjun jarðhita til raforkuvinnslu* 5,9 m.kr.

302 Rafmagnseftirlit ríkisins. Kostnaður við starfsemi rafmagnseftirlitsins er greiddur af mörkuðum tekjustofnum, rafmagnseftirlitsgjaldi. Rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 86,7 m.kr. og hækka um 15%. Hækkun umfram verðlag er vegna leiðréttingar á launakostnaði. Sértekjur hækka til samræmis, þar sem á næsta ári er gert ráð fyrir fullri innheimtu sérstaks raffangaprófunargjalds.

371 Orkusjóður. Heildarframlag er áætlað 82 m.kr., samanborið við 135,2 m.kr. í gildandi fjárlögum. Lækkunin skýrist af því að tvö viðfangsefni falla niður, *6.20 Sveitarafvæðing* og *6.24 Lán til einkarafstöðva*. Fjárveitingar til ýmissa annarra viðfangsefna breytast eins og meðfylgjandi tafla sýnir.

	Fjárlög 1991 þús. kr.	Frumvarp 1992 þús. kr.	Breyting %
Rekstur Orkusjóðs	1.700	2.100	24
Notendur utan samveitna	2.640	2.800	6
Lánagreiðslur, framlög	60.400	53.400	-12
Lán til jarðhitaleitar	17.200	5.000	-71
Sveitarafvæðing	10.000	-	.
Styrking dreifikerfis í sveitum	40.800	18.700	-54
Lán til einkarafstöðva	2.500	-	.
Samtals	**135.240**	**82.000**	**-39**

399 Ýmis orkumál. Heildarframlag til þessa fjárlagaliðar er áætlað 354,8 m.kr. miðað við 276,6 m.kr. í gildandi fjárlögum en það er 28% hækkun. Hækkunin skýrist af auknum niðurgreiðslum á rafhitun í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar frá síðastliðnu vori.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld viðskiptaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	54.400	60.170	68.500	14	26
Niðurgreiðslur	5.343.700	5.250.000	4.845.000	-8	-9
Annað	79.700	94.660	103.200	9	29
Samtals	**5.477.800**	**5.404.830**	**5.016.700**	**-7**	**-8**
Rekstur	120.900	130.530	154.200	18	28
Neyslu-og rekstrartilfærslur	5.350.100	5.259.100	4.854.100	-8	-9
Stofnkostnaður og viðhald	6.800	15.200	8.400	-45	24
Samtals	**5.477.800**	**5.404.830**	**5.016.700**	**-7**	**-8**

Áætlað er að heildarútgjöld ráðuneytis lækki um 388 m.kr. eða rúmlega 7% frá fjárlögum 1991. Lækkunin kemur fram á niðurgreiðslum á kindakjöti en samkvæmt búvörusamningi verður þeim hætt 1. september 1992. Í stað þeirra verða greiddir rekstrarstyrkir beint til bænda.

Ráðuneyti

Fjárlagaliðurinn 101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa fellur einn undir þennan málefnaflokk. Útgjöld eru áætluð 68,5 m.kr. sem er nokkur hækkun frá fjárlögum 1991. Hækkun umfram verðlagsbreytingar á sér nokkrar skýringar. Störfum fjölgar um eitt með

tilflutningi í stöðu skrifstofustjóra frá iðnaðarráðuneytinu. Gert er ráð fyrir óbreyttum kostnaði, 1,2 m.kr., vegna þátttöku sérfræðinga í starfi Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu. Kostnaður þessi er nú færður undir aðalskrifstofu en var áður á sér viðfangsefni. Þá er áætlaður 1,5 m.kr. kostnaður vegna fastanefndar sem vera á viðskiptaráðherra til ráðuneytis varðandi framkvæmd laga um heimildir erlendra aðila til þess að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Til styrktar dagvöruverslun í strjálbýli eru áætlaðar 2 m.kr. Loks hækkar framlag til ICEPRO-nefndar um 1,3 m.kr. í 2,4 m.kr. Framlag til Neytendasamtakanna lækkar um 3,5 m.kr. og verður 1,5 m.kr.

Niðurgreiðslur

Málefnaflokkurinn hefur aðeins einum fjárlagalið á að skipa, 201 Niðurgreiðslum á vöruverði. Framlag er 4.845 m.kr. og skiptist á tvö viðfangsefni, *1.01 Niðurgreiðslur á vöruverði* 4.545 m.kr. og *1.10 Lífeyrissjóður bænda* 270 m.kr. Niðurgreiðslur skiptast þannig:

	Niðurgreiðslur m.kr.
Kindakjöt	1.514
Kindakjöt, sölutilboð	100
Vaxta- og geymslugjöld	316
Mjólkurafurðir	2.325
Niðurgreiðslur til samkeppnisiðnaðar	100
Ull	220
Samtals	**4.575**

Gert er ráð fyrir óbreyttum niðurgreiðslum í krónutölu á einingu allt árið 1992. Eins og áður hefur komið fram verður niðurgreiðslum á sauðfjárafurðum hætt hinn 1. september en í stað þeirra koma beinar greiðslur til bænda. Til áframhaldandi kynningar- og markaðsstarfs á vegum samstarfshóps um sölu á lambakjöti eru áætlaðar 100 m.kr. á árinu 1992. Auk þess er Framleiðnisjóði landbúnaðarins ætlað að leggja samstarfshópnum til 50 m.kr.

Annað

Fjórir liðir falla undir þennan málaflokk: 301 Löggildingarstofan; 902 Verðlagsstofnun; 903 Skráning hlutafélaga og 998 Ráðstöfunarfé. Helstu breytingar verða þessar:

301 Löggildingarstofan. Áfram verður haldið að breyta starfsemi stofnunarinnar í samræmi við Tampere-samkomulag EFTA-ríkjanna. Gert er ráð fyrir að leggja þurfi stofnuninni til af þeim sökum 20,5 m.kr. þar sem ljóst er að ekki er raunhæft að gera ráð fyrir meiri hækkun rekstrartekna en gert er í frumvarpi.

902 Verðlagsstofnun. Áformað er að draga úr kostnaði við starfsemi stofnunarinnar. Fjöldi starfa hjá stofnuninni er nú 33,5 en reiknað er með að þeim fækki um fimm. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr beinu verðlagseftirliti á næsta ári og samkeppniseftirlit eflt. Framlag til stofnunarinnar er áætlað 67,6 m.kr.

903 Skráning hlutafélaga. Til skráningar hlutafélaga áætlast 12,1 m.kr. sem er lítils háttar raunminnkun frá fyrra ári, þar sem langt er komið að tölvuvæða hlutafélagaskrána. Sú nýbreytni var tekin upp að semja við fjarvinnslustofnun um skráningu gagna og mun kostnaður aukast um 0,5 m.kr. vegna beinlínutengingar við SKÝRR. Á móti kemur lækkun launakostnaðar. Þá hækkar kostnaður vegna húsaleigu um 0,7 m.kr. vegna flutnings stofnunarinnar í framtíðarhúsnæði. Skráningargjald hlutafélaga færist með tekjum A-hluta ríkissjóðs. Er það áætlað 50 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld Hagstofu Íslands breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	86.900	105.930	116.900	10	35
Þjóðskrá	23.200	29.090	30.900	6	33
Samtals	**110.100**	**135.020**	**147.800**	**9**	**34**
Rekstrarkostnaður	97.200	128.520	139.300	8	43
Stofnkostnaður	12.900	6.500	8.500	31	-34
Samtals	**110.100**	**135.020**	**147.800**	**9**	**34**

Rekstrarframlag til Hagstofu Íslands hækkar um tæplega 10,8 m.kr. að teknu tilliti til verðbreytinga en án þeirra um tæplega 1,9 m.kr. Störfum fjölgar um tvö frá fjárlögum 1991 og verða 49,3. Óhjákvæmilegt er að auka vinnumarkaðsrannsóknir hér á landi og því nauðsynlegt að ráða starfsmann til þess að stýra því verki. Á undanförnum tveimur árum hefur álag aukist við símsvörun á þjóðskrá og nauðsynlegt að bæta við einu starfi við þá þjónustu. Kostnaðaraukning vegna þessa er áætluð um 3 m.kr. Á árinu 1992 er áformað að halda hér á landi fund norrænna hagstofustjóra og norrænt tölfræðingamót. Kostnaður við þessi mót er áætlaður um 2 m.kr. og er bundinn við næsta ár. Þá er áætlað að kostnaður vegna kerfisbreytingar og forritunarvinnu við nýtt manntalskerfi ásamt tölfræðilegri úrvinnslu og skýrslugerð verði 2 m.kr. meiri en er í ár. Á móti hækka sértekjur um 5,1 m.kr., þar af 3 m.kr. hjá þjóðskrá og 2,1 m.kr. vegna tekjuaukningar af sölu rita, upplýsinga og af sérstökum verkefnum.

Fjárveiting til stofnkostnaðar er hækkuð um 2 m.kr. Er þar um að ræða kostnað vegna endurnýjunar á hugbúnaðarkerfi þjóðskrár.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld umhverfisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

	Reikningur 1990 þús.kr.	Fjárlög 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti o.fl.	53.000	74.090	107.400	45	103
Náttúruvernd	72.000	66.770	60.800	-9	-16
Skipulagsmál	86.700	72.900	72.200	-1	-17
Rannsóknir o.fl.	261 300	228.720	236.000	3	-10
Samtals	**473.000**	**442.480**	**476.400**	**8**	**1**
Rekstur	391.300	339.380	397.200	17	2
Neyslu- og rekstrartilfærslur	58.600	66.900	40.100	-40	-32
Stofnkostnaður og viðhald	23.100	36.200	39.100	8	69
Samtals	**473.000**	**442.480**	**476.400**	**8**	**1**

Heildargjöld ráðuneytisins verða 476,4 m.kr. og hækka um 8% frá fjárlögum. Hér að neðan verður fjallað um einstaka málefnaflokka, og um stofnanir þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Heildarframlag nemur 107,4 m.kr. og hækkar um 45% frá fjárlögum 1991. Hækkun framlags stafar einkum af fjölda nýrra verkefna sem ráðuneytið hefur ákveðið að ráðast í á næsta ári auk þess sem útgjöld *Aðalskrifstofu* aukast nokkuð.

101 Aðalskrifstofa. Framlag verður 52,4 m.kr. Launagjöld hækka um 8,2 m.kr. miðað við fjárlög 1991 og skýrist það einkum af því að ráðuneyti telur að yfirvinnu- og nefndargreiðslur hafi verið vanmetnar í fjárlögum 1991. Þá fjölgar störfum um eitt og verða þau tíu. Önnur rekstrargjöld hækka um 3,5 m.kr., einkum vegna erlendra samskipta, sem eru mikil og vaxandi. Framlag til eignakaupa verður 3,5 m.kr. í stað 2,4 m.kr. í fjárlögum 1991.

190 Ýmis verkefni. Til þessa fjárlagaliðar, sem skipt er á þrettán viðfangsefni, eru veittar samtals 51,3 m.kr. Um er að ræða margvísleg verkefni sem í flestum tilvikum eru ný, enda hækkar fjárveiting á þessum lið um 20,5 m.kr. eða 66% miðað við fjárlög 1991. Hér að neðan getur að líta yfirlit yfir þessi verkefni.

	Reikningur 1990 þús. kr.	Fjárlög 1991 þús. kr.	Frumvarp 1992 þús. kr.
Mótun atvinnustefnu	3.200	2.000	-
Undirbúningur að umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna	2.000	3.000	4.500
Uppgræðsla og gróðurvernd	-	3.000	3.000
Sérfræðirannsóknir við Mývatn	8.900	9.900	-
Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	6.700	7.920	8.700
Geysir í Haukadal	1.500	1.500	-
Norrænt umhverfisár	1.500	1.500	-
Gróðurkortagerð	-	2.000	-
Alþjóðlegar skuldbindingar vegna ósonmála	-	-	2.500
Gerð leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir	-	-	2.100
Náttúruhús í Reykjavík	-	-	3.500
Ýmis umhverfisverkefni	-	-	3.400
Rannsóknir á loftmengun	-	-	1.100
Umhverfismerkingar	-	-	500
Stefnumörkun í frárennslismálum	-	-	1.100
Útgáfu- og fræðslumál	-	-	3.500
Stefnumörkun í umhverfismálum	-	-	2.400
Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir	-	-	15.000
Samtals	**23.800**	**30.820**	**51.300**

Niður fellur fjárveiting til fimm verkefna sem eru í fjárlögum 1991, enda er þeim lokið. Veitt verður áfram fé til þriggja verkefna sem eru í fjárlögum 1991. Framlag til *undirbúnings að umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna* hækkar um 50%, en ráðstefnan verður haldin á árinu 1992 og verður því kostnaður í hámarki. Þá er einnig gert ráð fyrir að kostnaður vegna væntanlegrar skýrslu um stöðu umhverfismála hér á landi, sem lögð verður fram á ráðstefnunni, verði greiddur af þessari fjárveitingu. Framhald verður á verkefninu *norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi*, en framlag til þessa verkefnis er samningsbundið mótframlag við fjárveitingu frá norrænum samstarfsaðilum. Þá verður áfram fjárveiting til *uppgræðslu og gróðurverndar*.

Ný verkefni eru tíu talsins, samtals að fjárhæð 35,1 m.kr. Heiti viðfangsefnanna skýrir að nokkru um hvaða verkefni er að ræða. Fjárveiting vegna *alþjóðlegra skuldbindinga vegna ósonmála* er ætluð til að fylgja eftir þeim skuldbindingum sem Ísland hefur tekist á hendur með undirritun Montreal-samningsins um verndun ósonlagsins. Fjárveiting til *gerðar leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir* á að standa straum af kostnaði við að ljúka gerð samræmdra leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir svo að þær geti framfylgt mengunareftirliti með samræmdum hætti og gefið út starfsleyfi fyrir fyrirtæki. Fjárveiting á viðfangsefninu *Náttúruhús í Reykjavík* er til að ljúka vinnu við forhönnun hússins, en það verkefni er samvinnuverkefni umhverfisráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Fjárveiting til *rannsókna á loftmengun* er til fjármögnunar á samvinnuverkefnum við opinberar stofnanir um rannsóknir á þessu sviði. Fjárveiting til *umhverfismerkinga* er vegna norræns verkefnis um merkingu á vörum sem teljast mega umhverfisvænar. Ætlunin er að setja á stofn sérstakt umhverfismerkingaráð sem fái til umsagnar mál er varða merkingar á vörum.

Fjárveiting til *stefnumörkunar í umhverfismálum* er ætluð til vinnu við mótum heildarstefnu í umhverfismálum að lokinni umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Brasilíu á næsta ári. Fjárveiting til *stefnumörkunar í frárennslismálum* tengist mótun heildstæðrar stefnu í þeim málum, en ráðuneytið telur þau í nokkrum ólestri hér á landi. Fjárveiting til *ýmissa umhverfisverkefna* er meðal annars ætluð til enn frekari vinnu að undirbúningi fyrir uppbyggingu móttökustöðva fyrir sorp, til að farga ónýtum skipum og fjarlægja alls konar drasl á víðavangi hér á landi. Fjárveiting til *útgáfu- og fræðslumála* er ætluð til að standa straum af kostnaði við útgáfu á ýmsu fræðsluefni, handbókum og bæklingum á vegum ráðuneytisins. Fjárveiting vegna *mengunarvarnabúnaðar fyrir hafnir* er til að útvega slíkan búnað í samræmi við áætlun sem unnin hefur verið um uppbyggingu á þessu sviði næstu þrjú árin.

Náttúruvernd

Til þessa málefnaflokks heyra fjárlagaliðir 201 Náttúruverndarráð og 210 Veiðistjóri. Framlag verður 60,8 m.kr. og lækkar um 9% frá fjárlögum. Breyting á framlagi er misjöfn eftir stofnunum svo sem rakið verður hér að neðan.

201 Náttúruverndarráð. Sú breyting er gerð á framsetningu fjárveitinga til *Náttúruverndarráðs* að fjárveiting er nú færð á sex viðfangsefni í stað tíu í fjárlögum 1991. Fjárveiting á viðfangsefninu *Fræðslustarfsemi* er nú sameinuð fjárveitingu til *Yfirstjórnar*. Þá eru viðfangsefnin *Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit, Eftirlit við Mývatn og Laxá, Þjóðgarðurinn í Skaftafelli* og *Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum* sameinuð á eitt nýtt viðfangsefni, *Þjóðgarðar og friðlýst svæði*. Fjárveiting til *Náttúruverndarráðs* verður 40,7 m.kr. og hækkar um nálega 2 m.kr. eða 5%.

210 Veiðistjóri. Framlag til embættisins verður 20,1 m.kr. og lækkar um 8 m.kr. eða 28%. Talsverðar breytingar verða á umsvifum embættisins miðað við fjárlög 1991. Þannig hækka launa- og rekstrargjöld um 5 m.kr. og sértekjur um 3,1 m.kr. Stafar þetta af auknum rannsóknum á villtum dýrum hér á landi. Hins vegar lækka tilfærslur til sveitarfélaga vegna eyðingar refa og minka um 13 m.kr. og verða 9,7 m.kr., þrátt fyrir ákvæði laga um eyðingu refa og minka.

Skipulagsmál

Til þessa málefnaflokks heyra fjárlagaliðir 301 Skipulagsstjóri ríkisins og 310 Landmælingar Íslands. Framlag til þessa málefnaflokks verður 72,6 m.kr. sem er nær óbreytt frá fjárlögum 1991.

301 Skipulagsstjóri ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til stofnunarinnar fremur en í fjárlögum 1991 þrátt fyrir ákvæði skipulagslaga um framlagsskyldu ríkissjóðs. Ætlast er til að stofnunin lagi starfsemi sína að tekjum af skipulagsgjaldi. Svo virðist sem innheimt skipulagsgjöld, sem mega nema allt að 3‰ af brunabótamati nýbygginga, geti að fullu staðið undir kostnaði af starfsemi *Skipulagsstjóra ríkisins*.

310 Landmælingar Íslands. Framlag til stofnunarinnar verður nær óbreytt frá fjárlögum. Þó er ekki gert ráð fyrir framlagi til tækjakaupa á næsta ári, en í fjárlögum 1991 eru veittar 5 m.kr. til þeirra. Á liðnu vori samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um

gerð staðfræðikorta, gróðurkorta og um landfræðilegt upplýsingakerfi. Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að áður en ráðist verði í sjálft verkið verði unnið tilraunaverkefni til að ljúka nauðsynlegri forvinnu, koma á samvinnu aðila sem telja nauðsynlegt að ráðist verði í verkefnið og semja um kostnaðarskiptingu milli þeirra. Samkvæmt nýgerðri áætlun um framangreind atriði er kostnaður áætlaður um 212,4 m.kr. á árunum 1991, 1992 og 1993. Þá liggur fyrir að fjölmargar ríkisstofnanir, opinber fyrirtæki og sveitarfélög telja nauðsynlegt að ráðist verði í verkefnið, en ósamið er um kostnaðarskiptingu milli þeirra. Framlag á viðfangsefninu *Stafræn kortagerð* er ætlað til að mæta kostnaði við forvinnu við verkefnið á næsta ári og er það óbreytt að raungildi miðað við fjárlög 1991 eða 19,7 m.kr.

Rannsóknir o.fl.

Til þessa málefnaflokks heyra fjárlagaliðir 401 Náttúrufræðistofnun og 410 Veðurstofa Íslands. Framlag verður 236 m.kr. og hækkar um 3%.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Framlag til stofnunarinnar verður 33 m.kr. og hækkar um 3,3 m.kr. eða 11%. Hækkun umfram verðlagsbreytingar er vegna leiðréttingar á launakostnaði stofnunarinnar. Að öðru leyti er um lítið breyttan rekstur að ræða.

410 Veðurstofa Íslands. Framsetningu fjárveitingar til stofnunarinnar er breytt þannig að viðfangsefnum er fækkað úr sextán í þrjú. Rekstrarfjárveiting vegna reglubundinnar starfsemi *Veðurstofunnar* er nú færð í heild á eitt viðfangsefni, *Almenn starfsemi*. Þar er um að ræða allan rekstrarkostnað annan en þann sem tengist þjónustu við Alþjóðaflugmálastofnunina, en kostnaður vegna þeirrar þjónustu er færður á sérstakt viðfangsefni svo sem verið hefur. Þá er stofnkostnaður færður á sérstakt viðfangsefni eins og áður. Framlag til *Veðurstofu Íslands* verður 203 m.kr. og hækkar um 4 m.kr. eða um 2%. Framlag til tækjakaupa verður 9 m.kr. og lækkar um 12,2 m.kr. Að teknu tilliti til þessa hækkar framlag til reksturs *Veðurstofunnar* um 16,2 m.kr. eða 9%.

6 Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta

Í frumvarpinu eru fjárhæðir í B-hluta fjárlaga settar fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1992. Áætlanir um umsvif og afkomu fyrirtækja og sjóða byggja nú á traustari grunni en oft áður. Aukinn stöðugleiki undanfarinna missera í efnahagslífi gerir alla áætlanagerð nákvæmari og stjórnun markvissari. Eigi að síður þarf að endurmeta áætlanir nokkurra fyrirtækja fyrir afgreiðslu fjárlaga þegar fyrir liggja fyllri upplýsingar um afkomu þeirra á þessu ári. Þá er til skoðunar í ráðuneytum möguleikar á breyttu fyrirkomulagi á rekstri nokkurra fyrirtækja og stofnana. Stefnt er að því að ákvörðun um breytingar liggi fyrir áður en að afgreiðslu fjárlaga kemur.

Samkvæmt venju er fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta skipt upp í fjóra flokka, þ.e. fyrirtæki sem selja vöru og þjónustu, lánastofnanir, ýmsa sjóði og aðra aðila. Umsvif aðila í B-hluta miðað við þessa skiptingu eru áætluð í frumvarpinu sem hér segir:

	Ríkis-fyrirtæki	Lána-stofnanir	Sjóðir	Aðrir aðilar	B-hluti samtals
Gjöld	30.481	6.137	2.104	1.012	39.734
Tekjur af sölu vöru, þjónustu o.fl.	37.520	4.827	649	1.038	44.034
Framlög úr A-hluta ríkissjóðs	421	3.924	1.552	55	5.952
Mismunur	7.460	2.614	97	81	10.252
Veitt lán	7	11.110	49	-	11.166
Fjárfesting	2.657	30	246	98	3.031
Afborganir lána	390	6.511	167	5	7.073
Skil í ríkissjóð og til annarra	8.649	-	-	-	8.649
Annað, sjóðsbreytingar o.fl.	121	174	-	-	295
Innheimtar afborganir	93	4.191	268	-	4.552
Afskriftir	3.190	-	97	22	3.309
Tekin lán	480	11.020	-	-	11.500
Ráðstöfun eigin fjár	7.460	2.614	97	81	10.252
Fjárvöntun	276	-	-	-	276
Annað	325	-	-	-	325

Tekjuafgangur B-hluta samtals er áætlaður tæplega 10,3 milljarðar króna sem er um 2,1 milljarði króna hærri en í áætlun fjárlaga 1991. Skil í ríkissjóð eru áætluð ríflega 8,6 milljarðar króna og skiptast sem hér segir: *Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins* 6.800 m.kr., *Póst- og símamálastofnunin* 940 m.kr., *Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli* 460 m.kr., *Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli* 35 m.kr., *Sala varnarliðseigna* 28 m.kr. og *Happdrætti Háskóla Íslands* 386 m.kr., þar af renna 312 m.kr. til *Háskóla Íslands* og stofnana hans. Til fjárfestingar verður varið ríflega 3 milljörðum króna og ber þar hæst fjárfestingu *Póst- og símamálastofnunarinnar* 1.300 m.kr., *Alþjóðaflugþjónustunnar* 486 m.kr. og *Rafmagnsveitna ríkisins* 356 m.kr.

Lántökur B-hluta aðila eru áætlaðar 11,5 milljarðar króna. Ráðgert er að afla húsbyggingarsjóðunum um 8,2 milljarða króna með sölu á skuldabréfum til lífeyrissjóða. Að auki mun ríkissjóður hafa milligöngu um að taka að láni 3,3 milljarða króna sem

verður síðan endurlánað B-hluta aðilum eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins. Þeir sem njóta þessarar lánafyrirgreiðslu ríkissjóðs eru: *Lánasjóður íslenskra námsmanna* 2.815 m.kr. og *Alþjóðaflugþjónustan* 480 m.kr. Þá mun ríkissjóður einnig hafa milligöngu um 1.250 m.kr. lántöku vegna *Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar.*

Í töflunni hér að framan kemur fram fjárvöntun að upphæð 276 m.kr. Um er að ræða fjárvöntun hjá tveim fyrirtækjum, *Flugstöð Leifs Eiríkssonar* og *Skipaútgerð ríkisins.* Málefni þessara fyrirtækja eru til athugunar hjá viðkomandi ráðuneytum og stefnt er að nauðsynlegum ákvörðunum þar að lútandi fyrir afgreiðslu fjárlaga.

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Heildarútgjöld *Happdrættis Háskóla Íslands* eru áætluð 1.280 m.kr., en tekjur 1.666 m.kr. Tekjuafgangur til ráðstöfunar er áætlaður 386 m.kr. og hækkar um 144 m.kr. Svo virðist sem afkoma fyrirtækisins hafi verið umtalsvert betri undanfarin ár en áætlanir fjárlaga hafa sýnt. Samkvæmt rekstrarreikningi happdrættisins 1990 nam tekjuafgangur 302,6 m.kr. Verð á happdrættismiðum hefur verið óbreytt undanfarin tvö ár, en gert er ráð fyrir að það hækki í ársbyrjun 1992 úr 500 kr. í 600 kr. eða um 20%. Hagnaði af rekstri happdrættisins er ráðstafað lögum samkvæmt þannig að 80%, eða 312 m.kr., renna til *Háskóla Íslands* og stofnana hans en 20%, eða 74 m.kr., um ríkissjóð og þaðan til *Byggingarsjóðs rannsóknastofnana atvinnuveganna.*

235 Vísindasjóður. Sjóðurinn hefur tekjur af arðsjóði Seðlabanka Íslands auk framlags úr ríkissjóði og fjármunatekna. Framlag ríkissjóðs í *Vísindasjóð* verður 20 m.kr., sem er óbreytt frá fjárlögum 1991. Þá er áætlað að framlag arðsjóðs Seðlabanka verði 103 m.kr. og fjármagnstekjur 2 m.kr. Ráðstöfunarfé *Vísindasjóðs* er því áætlað 125 m.kr. á næsta ári.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna. Tekjur sjóðsins eru skil ríkissjóðs á einkaleyfisgjaldi af hagnaði *Happdrættis Háskóla Íslands*, en það er áætlað 74 m.kr. Fénu verður að vanda varið til uppbyggingar á aðstöðu fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna og er m.a. ætlast til að sjóðurinn leggi 25 m.kr. til endurbóta á *byggingu rannsóknastofnana sjávarútvegsins* að Skúlagötu 4 í Reykjavík, á móti jafnháu framlagi úr ríkissjóði.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Með þessu frumvarpi er mörkuð sú stefna að framlag ríkisins til *Lánasjóðs íslenskra námsmanna* muni standa undir vaxtamun tekinna og veittra lána út lánstímann. Miðað við núverandi reglur um lánstíma og vaxtalaus útlán þarf framlag ríkissjóðs að nema um 67% af veittum lánum sjóðsins ef eiginfjárstaða hans á ekki að versna. Framlagið á árinu 1992 er áætlað 2.220 m.kr. þannig að veitt lán geta orðið allt að 3.330 m.kr. Greiddar afborganir umfram innheimtar nema 977 m.kr. og vaxtagjöld umfram vaxtatekjur 559 m.kr. Rekstrarkostnaður er áætlaður 77 m.kr., fjárfesting 15 m.kr. og ferðastyrkir 77 m.kr. Heildarfjárþörf sjóðsins er því áætluð 5.035 m.kr. á næsta ári og verður henni mætt með 2.220 m.kr. króna framlagi úr ríkissjóði og 2.815 m.kr. lántöku. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun fjárstreymis hjá sjóðnum í hnotskurn:

	Reikningur 1990 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.	Breyting frá fjárlögum %	Breyting frá reikningi %
Innstreymi	5.030	5.750	5.776	0	15
Framlag ríkissjóðs	2.174	2.030	2.220	9	2
Tekin lán	2.330	3.000	2.815	-6	21
Afborganir, vextir o.fl.	526	620	741	20	41
Útstreymi	5.030	5.750	5.776	0	15
Rekstrarkostnaður	75	71	77	8	3
Afborganir, vextir o.fl.	1.188	1.750	2.277	30	92
Fjárfesting	17	18	15	-17	-12
Ferðastyrkir	90	80	77	-4	-14
Veitt lán	3.634	3.831	3.330	-13	-8
Breyting veltufjár	26	-	-	.	.

Á liðnu vori var lánareglum sjóðsins breytt til að stemma stigu við versnandi eiginfjárstöðu hans. Nú situr að störfum nefnd, skipuð af menntamálaráðherra, til að endurskoða lánareglur sjóðsins með það fyrir augum að framlag ríkisins á næsta ári nægi til að viðhalda eiginfjárstöðu hans. Nefndin mun skila niðurstöðum fyrir afgreiðslu fjárlaga.

970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður. Samkvæmt útvarpslögum skulu aðflutningsgjöld af innfluttum útvarps- og sjónvarpstækjum renna til sjóðsins auk 10% tekna hljóðvarps og sjónvarps af auglýsingum og afnotagjöldum. Eins og undanfarin ár er gert ráð fyrir að aðflutningsgjöldin renni í ríkissjóð þannig að tekjur *Framkvæmdasjóðs ríkisútvarpsins* verða 10% af afnotagjöldum og auglýsingum, samtals 212 m.kr. Af tekjum sjóðsins er gert ráð fyrir að 17 m.kr. fari til að greiða gjöld og rekstur af þeim hluta útvarpshússins sem ekki er í notkun. Þá eru afborganir af lánum áætlaðar 82 m.kr. Það sem eftir stendur, 113 m.kr., á að standa straum af allri fjárfestingu Ríkisútvarpsins, þ.m.t. endurnýjun tækjabúnaðar hljóðvarps og sjónvarps.

971 - 972 Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp. Hér verður fjallað um fjármál hljóðvarps og sjónvarps sameiginlega. Heildargjöld samtals án afskrifta eru áætluð 2.229 m.kr. og standast á við heildartekjur, ef afnotagjöld hækka um 4,5% í byrjun næsta árs. Við það er miðað að fjárfesting í tækjum og búnaði verði fjármögnuð af *Framkvæmdasjóði ríkisútvarpsins* eins og að framan var getið.

973 Þjóðleikhús. Áætlun um umsvif *Þjóðleikhússins* á næsta ári miðast við að starfsemi þess verði sami stakkur sniðinn og í fjárlögum 1991. Framlag úr ríkissjóði verður óbreytt að krónutölu, en hluti af kostnaði sem færður hefur verið til gjalda hjá *Þjóðleikhúsinu* er nú færður hjá *Íslenska dansflokknum og Listdansskólanum*, sbr. umfjöllun um þær stofnanir í 5. kafla frumvarpsins. Grípa þarf til sérstakra aðgerða ef halda á rekstri *Þjóðleikhússins* innan marka þess ríkisframlags sem er í frumvarpinu. Menntamálaráðuneytið hyggst skipa sérstakan starfshóp sem verður falið að gera tillögur um endurskipulagningu rekstursins með tilliti til þeirrar fjárveitingar sem stofnunin fær á næsta ári.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Miðað er við að umsvif og tónleikahald hljómsveitarinnar verði með svipuðu sniði og verið hefur, enda er ekki gert ráð fyrir að framlög til hennar breytist að raungildi frá því sem er í fjárlögum 1991. Áætlun um tekjur og gjöld hækkar um 5% eða sem nemur verðlagsbreytingum. Sama á við um framlag úr ríkissjóði, en það verður 99 m.kr. Samkvæmt lögum hefur hljómsveitin tekjur af aðgöngumiðasölu og 10% af innheimtum skemmtanaskatti. Þeim kostnaði sem umfram er skipta eignaraðilar með sér í eftirfarandi hlutföllum: Ríkissjóður 56%, Menningarsjóður útvarpsstöðva 25%, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarneskaupstaður 1%.

976 Menningarsjóður. Sjóðurinn hefur átt í verulegum rekstrarerfiðleikum undanfarin ár. Samkvæmt lögum nr. 50/1957 með áorðnum breytingum eru tekjur *Menningarsjóðs* gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum auk framlags úr ríkissjóði í samræmi við fjárlög hverju sinni. Markaðar tekjur eru áætlaðar 11,5 m.kr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það framlag verði skert og verði 6 m.kr. Menntamálaráðuneytið áformar að endurskoða lög um sjóðinn og endurmeta starfsemi hans. Er m.a. gert ráð fyrir að útgáfufyrirtækið verði lagt niður á árinu 1992.

23 Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli. Rekstrargjöld fyrirtækisins eru áætluð 1.392 m.kr., en rekstrartekjur 1.852 m.kr. og hækka hvor tveggja um 33%. Rekstrarafgangur nemur því 460 m.kr. sem jafnframt verða skil fyrirtækisins í ríkissjóð og hækka þau um 115 m.kr. frá fjárlögum 1991. Afkoma fríhafnarinnar er mjög háð gengi bandaríkjadals og umferð farþega um Keflavíkurflugvöll. Hækkun á gengi bandaríkjadals og aukin umferð um flugvöllinn skýra þann afkomubata sem gert er ráð fyrir í áætluninni. Áformuð fjárfesting fríhafnarinnar nemur 18 m.kr. og er einkum ætluð til endurnýjunar á afgreiðslukössum og bifreiðum, svo og til breytinga á komuverslun.

111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld eru áætluð 225,2 m.kr. sem er 15% hækkun frá fjárlögum 1991. Hækkunin skýrist einkum af kostnaði við snjóbræðslukerfi á flugvélahlaði við flugstöð sem tekið verður í notkun á næsta ári og þátttöku í rekstri skóla *Flugmálastjórnar á Reykjavíkurflugvelli.* Þá hækka launagjöld nokkuð vegna fjölgunar nýnema í flugumferðarstjórn. Tekjur, sem að stærstum hluta eru lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli, eru áætlaðar 261,9 m.kr. og hækka um 22% þrátt fyrir óbreytta gjaldskrá. Hækkun skýrist af breytingum á gengi bandaríkjadals og aukinni umferð, en lendingargjöld eru ákveðin í bandaríkjadölum. Eins og verið hefur renna 10% lendingargjalda til reksturs *Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.* Skil í ríkissjóð eru áætluð 35 m.kr. og hækka um 17 m.kr. frá áætlun fjárlaga 1991.

114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Samkvæmt sérstakri athugun sem nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar, svokölluð fortíðarvandanefnd, hefur gert á rekstrarvanda *Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar* kemur fram að áhvílandi skuldir á fyrirtækinu nema um 3,7 milljörðum króna. Af þeirri fjárhæð er vanskilaskuld við Ríkisábyrgðasjóð 300 m.kr. Miðað við núverandi tekjugrundvöll fyrirtækisins og að áhvílandi lánum og vanskilaskuldum verði breytt þannig að þær verði greiddar upp á 25 árum er talið að auka

þurfi árlegar tekjur fyrirtækisins um 150 m.kr. frá því sem nú er. Þá er ekki tekið tillit til endurnýjunar á húsnæði og búnaði.

Fortíðarvandanefndin benti á ýmsar leiðir til lausnar á fjárþörf fyrirtækisins en ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu til þeirra. Verður það gert áður en kemur til endanlegrar afgreiðslu fjárlaga á Alþingi.

Áætlun um rekstur *Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar* miðast við að ekki verði færð til gjalda vanskil fyrirtækisins við Ríkisábyrgðasjóð og að tekjur verði í samræmi við núverandi tekjustofna. Heildarrekstrargjöld með afskriftum eru áætluð 518,5 m.kr. og lækka um 3%. Lækkun stafar af því að vextir á stærstum hluta fastra lána fyrirtækisins, sem miðast við svokölluð LIBOR-kjör, hafa lækkað nokkuð. Rekstrartekjur eru áætlaðar 381,5 m.kr. Þær eru fyrst og fremst leigutekjur sem ákvarðast í bandaríkjadölum. Þá endurgreiða leigutakar 95% af sameiginlegum rekstrarkostnaði flugstöðvarinnar öðrum en fjármagnskostnaði. Loks renna 10% af lendingargjöldum á Keflavíkurflugvelli til flugstöðvarinnar. Leigutekjur, þ.m.t. innritunargjöld, eru áætlaðar 271 m.kr., endurgreiðsla leigutaka í sameiginlegum kostnaði 86,5 m.kr. og lendingargjöld 24 m.kr. Miðað við þetta vantar 23 m.kr. svo að endar nái saman í rekstri fyrirtækisins á næsta ári.

121 ***Sala varnarliðseigna.*** Undanfarin ár hafa skil *Sölu varnarliðseigna* í ríkissjóð ekki verið í samræmi við fjárlög. Fyrirkomulag á þessari starfsemi er í sérstakri athugun með það í huga hvernig henni verði komið fyrir með hagkvæmari hætti en nú er. Ákvörðun þess efnis verður tekin áður en kemur til endanlegrar afgreiðslu fjárlaga á Alþingi. Áætlun í frumvarpinu um rekstur fyrirtækisins er með hefðbundnu sniði. Tekjur þess eru áætlaðar 123,6 m.kr. en gjöld án afskrifta 95,6 m.kr. Greiðslur í ríkissjóð verða samkvæmt þessu 28 m.kr. á næsta ári.

24 Landbúnaðarráðuneyti

221 ***Áburðarverksmiðja ríkisins.*** Rekstrargjöld verksmiðjunnar á árinu 1992 eru áætlaðar 1.278 m.kr. sem er 19 m.kr. umfram áætlaðar rekstrartekjur. Gert er ráð fyrir 52 þús. tonna framleiðslu og sölu áburðar á árinu og er það sex þúsund tonnum minni framleiðsla en var í ár. Á undanförnum árum hefur verið unnið að hagræðingu í rekstri verksmiðjunnar sem leitt hefur til minni kostnaðar við framleiðslu. Afborganir lána reiknast rúmlega 143 m.kr., þar af verða um 70 m.kr. notaðar til að lækka skammtímaskuldir fyrirtækisins. Fjárfesting er áformuð 60 m.kr. sem ætlaðar eru til endurbóta á vatnsveitu, mengunarvarnarbúnaði og endurnýjunar á vélum og tækjum. Til að standa straum af rekstrarkostnaði verksmiðjunnar þarf verð á hverju tonni áburðar að hækka um 5% og verður því að jafnaði 23.650 kr. á næsta ári.

25 Sjávarútvegsráðuneyti

272 ***Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging.*** Áfram verður haldið endurbótum á húseigninni að Skúlagötu 4 í Reykjavík þar sem rannsóknastofnanir sjávarútvegsins og aðalskrifstofa sjávarútvegsráðuneytisins eru til húsa. Á næsta ári er ráðgert að verja 60 m.kr. til endurbóta á húsinu. Verður það fjármagnað með 25 m.kr. framlagi

úr ríkissjóði og jafnháu framlagi úr *Byggingarsjóði rannsókna í þágu atvinnuveganna* auk þess sem 10 m.kr. greiðast af tekjum af rekstri hússins. Þá er áformað að verja 8,6 m.kr. til að mála húsið að utan. Greiðist sá kostnaður einnig af almennum rekstrartekjum byggingarinnar.

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

731 ***Kristnisjóður.*** Meginhlutverk sjóðsins er stuðningur við þjóðkirkjuna til eflingar kristinni trú og siðgæði í landinu. Aðaltekjustofn sjóðsins er árlegt framlag ríkissjóðs í samræmi við lög nr. 35/1970. Þau kveða á um að til sjóðsins skuli veita framlag úr ríkissjóði sem svari til hámarkslauna presta í prestaköllum sem lögð voru niður með sömu lögum auk fjárhæðar tilsvarandi launum presta í prestaköllum þar sem prestlaust er. Framlagið verður samkvæmt þessum ákvæðum 18,1 m.kr. á næsta ári.

732 ***Kirkjubyggingasjóður.*** Samkvæmt lögum nr. 21/1981 er hlutverk sjóðsins að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga og varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Framlag ríkissjóðs var ákveðið 0,6 m.kr. 1981 og á að hækka samkvæmt byggingarvísitölu í júlí ár hvert sem þýðir að á verðlagi fjárlagafrumvarps yrði þessi fjárhæð tæpar 7 m.kr. Framlagið verður hins vegar 1 m.kr. og er ætlunin að endurskoða lagaákvæðin um framlagsskyldu ríkissjóðs.

733 ***Kirkjugarðasjóður.*** Hlutverk sjóðsins er einkum að veita kirkjugarðsstjórnum lán til að girða og hlúa að kirkjugörðum og til að setja upp minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur og bænahús að fornu. Til sjóðsins renna 8% kirkjugarðsgjalda, en þau eru annars vegar ákveðinn hluti af aðstöðugjaldi og hins vegar ákveðin fjárhæð lögð á hvern einstakling 16 ára og eldri. Eins og á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að 20% kirkjugarðsgjalda standi undir innheimtukostnaði ríkissjóðs og áætluðum afföllum álagðra gjalda. Tekjur sjóðsins eru samtals áætlaðar 32,5 m.kr. Þar af er hluti kirkjugarðsgjalda 25,5 m.kr.

27 Félagsmálaráðuneyti

271 ***Byggingarsjóður ríkisins.*** Á undanförnum árum hefur eftirspurn eftir lánsfé úr Byggingarsjóði ríkisins verið umtalsvert meiri en sjóðurinn hefur annað þrátt fyrir að útlán hans hafi aukist verulega. Þar skiptir miklu að lánskjör útlána hafa verið með þeim hætti að hvatt hefur verið til lántöku óháð húsnæðis- og lánsþörf. Útlánsvextir hafa verið töluvert lægri en vextir af teknum lánum sjóðsins sem hefur veikt eiginfjárstöðu hans vegna ónógs ríkisframlags. Framlag úr ríkissjóði er ekkert í fjárlögum 1991. Loks hefur stofnunin orðið að taka á sig verulegan og vaxandi rekstrarkostnað vegna aukinna verkefna. Athuganir sem gerðar voru á fjárhagsstöðu sjóðsins gáfu samdóma álit um, að brýn þörf væri á aðgerðum. Talið var að þó svo að útlánastarfsemi sjóðsins yrði hætt myndi ríkissjóður, að óbreyttum útlánsvöxtum, þurfa að leggja honum til fé árlega er næmi um 460 m.kr. næstu 15 árin.

Fljótlega eftir að núverandi ríkisstjórn tók við völdum voru boðaðar aðgerðir til lausnar á fjárhagsvanda Byggingarsjóðs ríkisins. Vextir á lánum sjóðsins sem veitt

voru frá og með 1. júlí 1984 voru hækkaðir í 4,9%. Jafnframt var tilkynnt að útlánareglur sjóðsins samkvæmt bráðabirgðaákvæðum í lögum nr. 47/1991, um Húsnæðisstofnun ríkisins, yrðu endurskoðaðar og útlánum hætt. Með þessum aðgerðum er talið að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum sínum. Það er þó háð því að vaxtamunur tekinna og veittra lána sjóðsins verði ekki hærri en 1,5% á næstu árum.

Félagsmálaráðuneytið mun beita sér fyrir verulegri lækkun á rekstrarkostnaði Húsnæðisstofnunar á næstu tveimur árum í samráði við forsvarsmenn hennar. Á næsta ári er stefnt að lækkun á rekstrarkostnaði Byggingarsjóðs ríkisins um allt að 70 m.kr. og að frádregnum rekstrartekjum er hann áætlaður 150 m.kr. Mismunur á greiðslubyrði af teknum og veittum lánum er áætlaður 1.750 m.kr. Þar af eru 900 m.kr. vegna uppgreiðslu á skammtímaláni úr ríkissjóði sem sjóðnum var veitt í byrjun árs 1991. Veitt lán Byggingarsjóðs ríkisins eru áætluð 820 m.kr. á árinu 1992. Af þeirri fjárhæð eru 660 m.kr. ætlaðar til að ljúka greiðslu á eftirstöðvum lánsloforða í lánakerfinu frá 1986 og í lánaflokka sem eftir verða hjá Byggingarsjóði ríkisins, svo sem lán til byggingar dvalarheimila, leiguíbúða fyrir aldraða og lán til einstaklinga með sérþarfir. Mismunurinn, 160 m.kr., eru ætlaðar Byggingarsjóði verkamanna vegna endursöluíbúða. Til að mæta þessum útgreiðslum á árinu 1992 er Byggingarsjóði ríkisins veitt heimild til að taka ný lán að fjárhæð 2.635 m.kr.

272 ***Byggingarsjóður verkamanna.*** Með þessu frumvarpi er það markmið sett að styrkja fjárhagsstöðu sjóðsins og treysta uppbyggingu og framboð félagslegra íbúða. Við það er miðað að útlánaáætlun sjóðsins fái staðist til lengri tíma litið á grundvelli stefnunnar um árlegt ríkisframlag, samtímis því sem eiginfjárstaða sjóðsins er byggð upp og varðveitt. Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna verður 1.075 m.kr. árið 1992 og við það miðað af hálfu ríkisstjórnarinnar að sú fjárhæð haldist að raungildi sem árlegt framlag til frambúðar.

Til að ná ofangreindu markmiði liggja eftirfarandi forsendur: Í fyrsta lagi er við það miðað að um 20% af nýjum skuldbindingum sjóðsins fari til almennra kaupleiguíbúða en vextir þeirra lána verða hinir sömu og af almennum lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Í öðru lagi verður að draga úr vaxtamismun inn- og útlána með vaxtabreytingum. Ekki liggur ljóst fyrir hversu mikil sú hækkun þarf að vera, en athugað verður sérstaklega að hve miklu leyti hún þarf að ná til eldri lána. Það er m.a. háð því hversu virkt ákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins verður, er heimilar hækkun vaxta að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings, verði tekjur eða eignir viðkomandi komnar yfir sett viðmiðunarmörk. Í ár reynir fyrst á þetta ákvæði og er verið að meta áhrif þess til hækkunar á vöxtum. Í þriðja lagi er að því stefnt að lækka meðallán á íbúð um 12-18%. Verður það gert m.a. með því að lánsfjárhæðir verði ákveðnar með tilliti til flokkunar íbúða eftir stærð og staðsetningu, auka kaup á notuðum íbúðum og sporna við eftir föngum að félagslegar íbúðir verði í rað- eða einbýlishúsum. Þá verður athuguð aukin kostnaðarþátttaka sveitarfélaga. Fjöldi nýrra útlána á næsta ári ræðst af því hvernig til tekst með að ná ofangreindum markmiðum. Þess er vænst að unnt verði að veita ný útlán á árinu 1992 til byggingar eða kaupa 500-600 íbúða jafnframt því að byggja upp eiginfjárstöðu sjóðsins og tryggja jafnvægi í fjárhagsstöðu hans til frambúðar.

Útlán Byggingarsjóðs verkamanna eru áætluð tæpir 6,4 milljarðar króna á árinu 1992. Af þeirri upphæð eru um 4,2 milljarðar króna vegna eldri samninga, 1,2

milljarðar króna vegna nýrra samninga og einn milljarður vegna endursöluíbúða, sem eru áætlaðar 300 talsins. Mismunur á greiðslubyrði af teknum og veittum lánum er áætlaður 785 m.kr. Rekstrarkostnaður sjóðsins er áætlaður 215 m.kr. og aðrar tekjur eru 645 m.kr. en það eru m.a. lán og framlög sveitarfélaga auk verðbóta og vaxta á framkvæmdalán við uppgjör. Til að mæta þessum útgreiðslum á árinu 1992 er Byggingarsjóði ríkisins veitt heimild til að taka ný lán að fjárhæð 5.640 m.kr. auk 1.075 m.kr. framlags úr ríkissjóði.

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

*273 **Atvinnuleysistryggingasjóður.*** Lögum samkvæmt er Atvinnuleysistryggingasjóður fjármagnaður með hluta af tryggingagjaldi, en á móti því kemur þrefalt framlag ríkissjóðs. Sá hluti tryggingagjalds er rennur til sjóðsins er talið nema 280 m.kr. á árinu 1992. Ber því ríkissjóði að leggja sjóðnum til þrefalda þá fjárhæð til viðbótar, samtals 1.120 m.kr.

Skráð atvinnuleysi hefur lækkað í 1,5% á þessu ári en samkvæmt þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár er það talið geta hækkað í um 2% á því ári. Ef sú verður reyndin munu atvinnuleysisbætur nema um 1.180 m.kr. Í ráði er að endurskoða þann bótarétt er sjóðurinn veitir svo og rekstrarkostnað sjóðsins. Er áætlað að við það lækki útgjöld hans um 150 m.kr. þannig að atvinnuleysisbætur eru áætlaðar 1.030 m.kr. Sú endurskoðun mun m.a. snúa að réttindum til bótagreiðslna með það að markmiði að allir launþegar, sem iðgjöld eru greidd fyrir til sjóðsins, njóti sambærilegra réttinda og komið verði í veg fyrir misnotkun. Þá mun rekstrarfyrirkomulag atvinnuleysistrygginga verða endurskoðað til einföldunar. Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs til Eftirlaunasjóðs aldraðra verður 400 m.kr., til Kjararannsóknanefndar 13 m.kr. og rekstrarkostnaður er áætlaður 65 m.kr. Samtals eru útgreiðslur sjóðsins áætlaðar 1.508 m.kr. Þeim verður mætt með 378 m.kr. í vöxtum og afborgunum. Það sem upp á vantar, 1.130 m.kr., mun ríkissjóður leggja til. Framlagið verður því í reynd 10 m.kr. umfram hið lögbundna framlag.

29 Fjármálaráðuneyti

*101 **Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.*** Tekjur af sölu áfengis og tóbaks eru áætlaðar tæpir 10,2 milljarðar króna og hækka um 3% frá áætlun fjárlaga 1991. Í þessari áætlun felst nokkur raunlækkun sem rekja má til samdráttar í neyslu áfengis og tóbaks. Áformað er að verð áfengis og tóbaks hækki í samræmi við hækkun framfærsluvísitölu á næsta ári. Fjárfesting er áætluð 70 m.kr. og verður m.a. varið til kaupa á innréttingum í verslanir í Austurstræti og á Egilsstöðum og miklar endurbætur þarf að gera á verslun á Seyðisfirði. Einnig er gert ráð fyrir að húsnæði verslunarinnar á Seltjarnarnesi verði keypt en það hefur verið leigt hingað til. Skil ÁTVR í ríkissjóð á árinu 1992 eru áætluð 6,8 milljarðar króna.

*102 **Lyfjaverslun ríkisins.*** Tekjur umfram gjöld eru áætlaðar 116 m.kr. Við slit á sameiginlegum fjárhag *Lyfjaverslunarinnar* og *Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins* á árinu 1986 var stofnunin í skuld við ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að skuldin standi í 128

m.kr. í byrjun árs 1992 og að fyrirtækið greiði tæplega 62 m.kr. upp í skuldina á næsta ári. Til fjárfestingar er áformað að verja tæpum 64 m.kr. Áfram verður haldið við endurnýjun tækja og búnaðar og einnig kemur til fjárfesting vegna flutnings hluta af starfsemi fyrirtækisins úr Borgartúni 6 í Borgartún 7 og einnig hefur fyrirtækinu verið sagt upp leigusamningi í Vatnagörðum.

971 ***Lánasýsla ríkisins.*** Verkefni stofnunarinnar skiptist í þrjú meginsvið. Þau eru umsjón með lántökum ríkissjóðs og ríkisstofnana, útgáfa og sala ríkisskuldabréfa á innlendum markaði sem *Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa* annast og umsjón með endurlánum lánsfjár og ríkisábyrgðum sem er í höndum *Ríkisábyrgðasjóðs*. Gert er ráð fyrir tæpum 47 m.kr. í tekjur af sölu ríkisverðbréfa hjá *Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa*, 82 m.kr. í fjármunatekjur hjá *Ríkisábyrgðasjóði* og 550 m.kr. framlagi úr ríkissjóði. Hluti þess er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem er áætlað 280 m.kr. en alls er 400 m.kr. af framlagi úr ríkissjóði ætlað að mæta töpuðum lánum sem eru í ábyrgð hjá *Ríkisábyrgðasjóði*. Afgangurinn, 150 m.kr., fer á sérstakan afskriftareikning lána og er ætlað til að mæta töpuðum lánum hjá opinberum sjóðum sem standa illa. Veitt lán stofnunarinnar eru vanskilagreiðslur annarra sem *Ríkisábyrgðasjóður* leysir til sín vegna upphaflegrar ríkisábyrgðar. Innheimtar afborganir er sá hluti þeirra sem innheimtist af vanskilum fyrri ára.

30 Samgönguráðuneyti

101 ***Póst- og símamálastofnunin.*** Afkoma fyrirtækisins hefur á undanförnum árum farið batnandi í kjölfar tækniframfara á sviði fjarskipta og þess hagræðis sem af þeim leiðir. Gjöld fyrirtækisins 1992 eru áætluð tæplega 7,5 milljarðar króna og hækka um 2% frá áætlun fjárlaga 1991. Heildartekjur eru áætlaðar um 8 milljarðar króna og hækka um 11%. Tekjuáætlunin byggist á þeirri forsendu að gjaldskrár fyrirtækisins hækki um 1-2% í febrúar á næsta ári til viðbótar þeim gjaldskrárbreytingum sem þegar hafa verið heimilaðar og taka gildi nú í október. Fjárfesting á næsta ári er áætluð 1,3 milljarðar króna, auk framlags að fjárhæð 25 m.kr. til INTELSAT. Þá er miðað við að aðflutningsgjöld og virðisaukaskattur af ýmiss konar símabúnaði verði felldur niður, svo sem verið hefur. Fyrirtækinu er ætlað að skila 940 m.kr. arði í ríkissjóð á næsta ári, en áætlaður greiðsluafgangur frá fyrra ári nemur 295 m.kr.

321 ***Skipaútgerð ríkisins.*** Rekstur *Skipaútgerðar ríkisins* hefur gengið erfiðlega á undanförnum árum og hefur ríkissjóður þráfaldlega orðið að leggja fyrirtækinu til verulegar fjárhæðir til að mæta halla á rekstri þess. Í apríl sl. voru vanskilaskuldir fyrirtækisins við ríkissjóð afskrifaðar miðað við stöðu þeirra í árslok 1989, samtals ríflega 120 m.kr. Þá voru einnig afskrifaðir gjaldfallnir samningsvextir og afborganir af skuldum fyrirtækisins við Ríkisábyrgðasjóð að fjárhæð tæplega 200 m.kr., auk áreiknaðra dráttarvaxta.

Á vegum samgönguráðherra er nú unnið að sérstakri athugun með tilliti til þess hvernig ná megi aukinni hagkvæmni í strandflutningum miðað við þær skuldbindingar sem áframhaldandi rekstur *Skipaútgerðar ríkisins* hefur fyrirsjáanlega í för með sér. Fyrir afgreiðslu fjárlaga er ætlunin að fyrir liggi ákvarðanir um reksturinn sem feli í sér að ekki þurfi að koma til framlag úr ríkissjóði á næsta ári. Þar sem niður-

stöður liggja ekki fyrir er í frumvarpinu sett fram áætlun fyrirtækisins um hefðbundinn rekstur á næsta ári. Að teknu tilliti til afborgana af áhvílandi föstum lánum og nauðsynlegri fjárfestingu er áætlað að fjárvöntun verði um 253 m.kr. Þetta er sú fjárhæð sem ríkissjóður yrði að óbreyttu að leggja í rekstur fyrirtækisins á næsta ári. Það er hins vegar ætlan ráðuneytisins að gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrir afgreiðslu fjárlaga sem fela í sér að til þess þurfi ekki að koma.

333 ***Hafnabótasjóður.*** Framlag til *Hafnabótasjóðs* verður 90 m.kr. á árinu 1992. Að viðbættu eigin ráðstöfunarfé sjóðsins gerir þetta sjóðnum kleift að veita styrki að fjárhæð 70 m.kr. og ný lán að fjárhæð 39 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir lántökum hjá sjóðnum á næsta ári.

471 ***Alþjóðaflugþjónustan.*** Heildargjöld *Alþjóðaflugþjónustunnar* eru áætluð 573,2 m.kr. en tekjur 585,3 m.kr. Áætlað er að Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, endurgreiði á árinu 1992 samtals 547,8 m.kr. af kostnaði ríkisstofnana og fyrirtækja fyrir fjárfestingu fyrri ára og veitta þjónustu við alþjóðaflug á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Af þessari fjárhæð eru endurgreiðslur vegna fjárfestingar Flugmálastjórnar 28,8 m.kr. og Veðurstofu Íslands 0,8 m.kr. og færast þær sem afskriftir og fjármunatekjur hjá *Alþjóðaflugþjónustunni.* Báðar þessar stofnanir eru í A-hluta ríkissjóðs og hefur því ríkissjóður fjármagnað þessar fjárfestingar. Endurgreiðslur ICAO vegna seldrar þjónustu Flugmálastjórnar, Veðurstofu Íslands og vegna seldrar þjónustu og fjárfestingar Póst- og símamálastofnunarinnar nema samtals 518,2 m.kr. Þessar endurgreiðslur, önnur rekstrargjöld *Alþjóðaflugþjónustunnar*, skiptast þannig að 225,4 m.kr. koma í hlut Póst- og símamálastofnunarinnar, 232 m.kr. í hlut Flugmálastjórnar og 60,8 m.kr. eru til Veðurstofu Íslands.

Hafnar eru framkvæmdir við byggingu nýrrar flugstjórnarmiðstöðvar á Reykjavíkurflugvelli. Heildarkostnaður á verðlagi frumvarpsins er áætlaður um einn milljarður króna sem skiptist þannig að kostnaður við húsbygginguna er áætlaður um 450 m.kr. en kostnaður vegna tækja, búnaðar og hugbúnaðargerðar er um 550 m.kr. Gert er ráð fyrir að Alþjóðaflugmálastofnunin endurgreiði tæplega 83% kostnaðarins á næstu 20 árum í formi vaxtagreiðslna, afskrifta og húsaleigu. Afgangurinn kemur í hlut ríkisins og er ætlunin að greiða hann af flugmálaáætlun á næstu þremur árum. Fjárfesting vegna flugstjórnarmiðstöðvarinnar eru áætluð 486 m.kr. á næsta ári og verður hún fjármögnuð með lántöku og 55 m.kr. framlagi af Flugmálaáætlun. Afborganir lána og fjármagnskostnaður, samtals 61,1 m.kr., er vegna kostnaðar við fjármögnun þeirra áfanga flugstjórnarmiðstöðvarinnar sem áætlað er að verði lokið fyrir árslok 1991. Um er að ræða framkvæmdir við húsbygginguna fyrir um 100 m.kr. á árinu 1991 og kaup á tækjum og hugbúnaði og gerð hugbúnaðar fyrir um 336 m.kr. á árunum 1990 og 1991. Verklok eru áætluð á árinu 1993 og er því reiknað með að fjárfesting það ár verði um 78 m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti

231 ***Sementsverksmiðja ríkisins.*** Rekstrargjöld verksmiðjunnar á árinu 1992 eru áætluð 824 m.kr. Í fjárlögum 1991 var gert ráð fyrir að sementssala yrði 118 þús. tonn. Sú áætlun hefur ekki gengið eftir, fyrst og fremst vegna minni framkvæmda en búist var

við. Horfur eru á að salan í ár verði 110 þús. tonn og er gert ráð fyrir sama magni á næsta ári. Til að endar nái saman í rekstrinum þarf meðalverð á hverju tonni sements að vera 7.365 kr. á næsta ári sem er um 4% hækkun. Til fjárfestingar eru áætlaðar 28,4 m.kr. og er það veruleg lækkun frá því sem er í fjárlögum 1991.

*321 **Rafmagnsveitur ríkisins.*** Áformaðar raforkuframkvæmdir á árinu 1992 nema 356 m.kr. samanborið við 375 m.kr. í ár. Eins og á undanförnum árum verða fjárfestingar fjármagnaðar með fé úr rekstri. Í áætlun fyrirtækisins er gert ráð fyrir 5% hækkun á gjaldskrá Landsvirkjunar 1. október 1991. Sú hækkun leiðir til 3% hækkunar á gjaldskrá RARIK ef ekki á að raska afkomu fyrirtækisins og í þessu frumvarpi er reiknað með þeirri hækkun á gjaldskrá fyrirtækisins.

7 Lánsfjármál

7.1 Innlendur lánamarkaður

Árið 1990 var á margan hátt óvenjulegt um þróun peningamála. Lengst af var lánsfjáreftirspurn fyrirtækja með minnsta móti, bæði vegna lítillar fjárfestingar og eins þess að fyrirtæki virtust nota betri afkomu til að greiða niður skuldir við lánastofnanir. Þetta gaf opinberum aðilum færi á miklum lántökum innan lands.

Á árinu 1991 hafa mikil umskipti orðið á innlendum lánamarkaði. Síðastliðið haust tóku almenn útlán bankakerfisins að vaxa á nýjan leik. Á sama tíma dró úr innlánum og lausafjárstaða bankanna fór því hríðversnandi. Þessi þróun hélt áfram á fyrri hluta ársins og endurspeglaðist í vaxandi halla á viðskiptum við útlönd. Aukin spenna á lánamarkaði leiddi loks til vaxtahækkunar síðastliðið vor. Líklegt er að áhrif þessarar vaxtahækkunar séu ekki að fullu komin fram enn. Grunnvextir verðtryggðra bankalána hafa hækkað um 1,7% frá fyrra ári og aðrir vextir hafa breyst samsvarandi, svo sem ávöxtun spariskírteina og húsbréfa.

Útlán lánastofnana eru talin hafa aukist um 65 milljarða króna á fyrri hluta árs 1991, eða um 12%, sem er verulega umfram hækkun verðlags. Tveir þriðju hlutar þessarar aukningar voru fjármagnaðir með innlendum sparnaði sem jókst um tæp 12%. Um 26 milljarðar króna, eða 40% af auknum útlánum, fóru til heimilanna. Gætir þar áhrifa mikillar eftirspurnar eftir húsnæðislánum en útlánaaukning er einnig mikil til heimila hjá bönkum. Það vekur athygli að háir raunvextir lánsfjár virðast lítil áhrif hafa á eftirspurn heimilanna eftir lánsfé enn sem komið er.

Útlán til fyrirtækja jukust um 25 milljarða króna á fyrri hluta ársins sem er nokkru meira en á sama tíma í fyrra. Kemur það heim og saman við aukinn innflutning á árinu. Það sem eftir stendur af auknum útlánum, 13 milljarðar króna, fóru til ríkissjóðs.

Innlendur lánamarkaður 1989-1991

Milljarðar króna á verðlagi í lok tímabils	Árslok 1989	Árslok 1990	Júnílok 1991	Breyting jan.-júní 1991
Útlán og verðbréf	469	531	596	12,2%
Ríki	69	76	89	17,6%
Sveitarfélög	16	18	18	2,6%
Atvinnuvegir	250	266	291	9,6%
Heimili	134	172	198	14,9%
Peningalegur sparnaður	300	360	402	11,9%
Frjáls	136	165	180	9,2%
Kerfisbundinn	164	195	222	14,2%
Erlent lánsfé, nettó	168	172	194	12,8%
Til samanburðar:				
Hækkun lánskjaravísitölu janúar-júlí 1990				5,1%

Innlendur sparnaður. Í árslok 1990 var stofn peningalegs sparnaðar á lánamarkaðnum um 360 milljarðar króna og hafði vaxið um 20% á árinu. Þar af var svokallaður kerfisbundinn sparnaður 195 milljarðar króna, en það eru fyrst og fremst eignir lífeyrissjóðanna. Frjáls sparnaður, sem er einkum bankainnlán, ríkisskuldabréf og markaðsverðbréf, nam 165 milljörðum króna.

Samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands er talið að innlendur sparnaður aukist um 29 milljarða króna á þessu ári. Innlendur sparnaður hefur vaxið hægar en áætlað var síðastliðið haust. Talið er nú að kerfisbundinn sparnaður í ár muni aukast um 17 milljarða króna, eða ívið minna en á síðasta ári. Frjáls sparnaður mun hins vegar dragast saman um 6 milljarða króna og verða tæpir 12 milljarðar króna samanborið við 18 milljarða króna á árinu 1990.

Sérstaklega hefur sparnaður í formi húsbréfa aukist en tölur benda til að af rúmlega 13 milljörðum króna í afgreiddum húsbréfum séu um 6,5 milljarðar í eigu heimilanna. Í eigu lánastofnana, einkum lífeyrissjóða, eru um 5 milljarðar króna, en afgangurinn er hjá innlánsstofnunum og verðbréfasjóðum.

Innlendur sparnaður 1980-1992



Áætlað er að heildarsparnaður aukist um 30 milljarða króna á árinu 1992 og verði svipað hlutfall af landsframleiðslu og á árinu 1991. Reiknað er með áframhaldandi samdrætti í frjálsum sparnaði og að hann verði um 11 milljarðar króna. Stafar þessi minnkun fyrst og fremst af samdrætti landsframleiðslu. Áætlað er að kerfisbundinn sparnaður verði um 19 milljarðar króna samanborið við röska 17 milljarða á þessu ári. Gætir þar fyrst og fremst áhrifa tekna af vaxandi eignum lífeyrissjóðanna.

Rétt er að undirstrika að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg. Því verður að skoða niðurstöðurnar með fyrirvara.

Áætlun um peningalegan sparnað 1990 og 1991

Milljarðar króna	Staða í árslok			Hrein aukning á meðalverðlagi		
	1990	Áætlun 1991	Spá 1992	1990	Áætlun 1991	Spá 1992
Peningalegur sparnaður	360	419	464	36	29	30
Frjáls	165	190	208	18	12	11
Kerfisbundinn	195	229	256	18	17	19
Peningalegur sparnaður sem hlutfall af landsframleiðslu				10,7%	7,9%	7,9%

Lánsfjárþörf opinberra aðila. Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila og opinberra lánasjóða, þ.e. heildarlántökur að frádregnum afborgunum af eldri lánum, er áætluð um 35,9 milljarðar króna á árinu 1991. Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs er talin verða um 12,1 milljarður króna og hrein lánsfjárþörf húsnæðislánakerfisins um 22,3 milljarðar króna. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1991 voru hreinar lántökur opinberra aðila áætlaðar um 24 milljarðar króna á þessu ári. Lánsfjárþörf þessara aðila eykst annars vegar vegna aukinnar fjárþarfar ríkissjóðs sem hækkar úr 5,9 milljörðum króna í 12,1 milljarð og hins vegar af verulega meiri afgreiðslu nýrra húsbréfa en áætlað hafði verið. Gert var ráð fyrir að útgáfa húsbréfa 1991 næmi um 10 milljörðum króna, en nú er útlit fyrir að hún verði um 13 milljarðar króna. Aukningin skýrist einkum af veitingu lána vegna greiðsluerfiðleika, en heimild til þess var veitt eftir að fjárlög voru lögð fram. Áætlað er að þessi lán muni nema um 2-3 milljörðum króna á þessu ári. Þá kom til afgreiðslu í ár 2 milljarðar króna af útgáfu bréfa frá fyrra ári.

Áformað hafði verið að ríkissjóður mætti lánsfjárþörf sinni alfarið með innlendum lántökum á þessu ári. Engar horfur eru á því að það gangi eftir. Bæði er að lánsfjárþörfin er mun meiri en áður var talið og eins hitt að sala ríkisverðbréfa á innlendum markaði hefur gengið treglega. Ólíklegt er að innlend fjáröflun geri meira en að mæta afborgunum af lánum ríkissjóðs innan lands.

Lánsfjárþörf hins opinbera hefur aukist verulega á undanförnum árum. Árið 1986 nam hrein lánsfjárþörf um 4% af landsframleiðslu, 1988 var hlutfallið komið í tæplega 7%, 1990 í tæplega 8% og árið 1991 stefnir í 9,7%. Lánsfjárþörf hins opinbera hefur því meira en tvöfaldast á síðustu fimm árum, eða úr tæplega 15 milljörðum króna árið 1986 (reiknað á verðlagi 1991) í 36 milljarða króna árið 1991.

Tvo þriðju hluta þessarar aukningar má rekja til húsnæðislánakerfisins, en fjárþörf þess hefur farið úr tæplega 5 milljörðum króna árið 1986 í rúmlega 22 milljarða króna samkvæmt áætlun fyrir 1991, reiknað á föstu verðlagi. Aukningin til húsnæðislánakerfisins er veruleg jafnvel þótt tekið sé tillit til þess að framlag úr ríkissjóði til byggingarsjóðanna hafi lækkað úr 3,6 milljörðum króna 1986 í tæplega 1 milljarð króna 1991 og minni lánveitinga banka og lífeyrissjóða.

Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila 1986-1992



Árið 1992 er áætlað að heildarlántökur opinberra aðila og opinberra lánasjóða verði um 47 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð eru afborganir til innlendra og erlendra lánardrottna 23,7 milljarðar króna. Aukið lánsfé þessara aðila verða því um 23,4 milljarðar króna. Á innlendum markaði er ætlað að afla um 15 milljarða króna sem er um helmingur af áætlaðri aukningu innlends sparnaðar. Erlendar lántökur aukast því um tæplega 9 milljarða króna sem er talsvert undir áætluðum viðskiptahalla samkvæmt þjóðhagsáætlun. Ef þetta gengur eftir mun verða verulegt útstreymi á gjaldeyri sem rýra mun lausafjárstöðu innlánsstofnana að öðru óbreyttu.

Stefnt er að því að draga verulega úr lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs og áætlað er að hrein lánsfjárþörf verði um 4 milljarðar króna samanborið við 12,1 milljarð króna á þessu ári eins og að ofan er getið. Samkvæmt þessu verður lánsfjárþörf ríkissjóðs árið 1992 aðeins þriðjungur af því sem hún stefnir í á þessu ári, eða sem svarar til 1,1% af landsframleiðslu.

Stærsti hluti lánsfjárþarfar hins opinbera á næsta ári er vegna húsnæðislánakerfisins. Áætlað er að heildarlánsfjárþörf þess verði 20,3 milljarðar króna, eða um 15,5 milljarðar króna umfram afborganir. Er þá miðað við að ný húsbréf verði afgreidd fyrir 12 milljarða króna að hámarki á árinu 1992. Það er fimmtungi lægri fjárhæð en stefnir að í ár. Ríkisstjórnin mun á næstunni ákveða breytingar á reglum um húsbréfalán þannig að tryggt verði að veitt ný lán haldist innan áðurnefndra marka.

Annar stór liður er lántökur Landsvirkjunar sem eru áætlaðar um 6,6 milljarðar króna. Þar af eru 2,6 milljarðar ætlaðir til afborgana eldri lána.

Lánsfjárþörf opinberra aðila og sjóða 1990 og 1991

Milljarðar króna	Áætlun 1991			Áætlun 1992		
	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	**33,7**	**21,4**	**55,1**	**27,8**	**19,3**	**47,1**
Opinberir aðilar	6,2	17,9	25,1	6,6	13,6	20,2
Ríkissjóður A-hluti	6,2	13,6	19,8	6,6	6,4	13,0
Ríkisfyrirtæki	-	3,6	3,6	-	6,6	6,6
Sveitarfélög	-	0,7	0,7	-	0,6	0,6
Opinberar lánastofnanir	27,5	3,5	31,0	21,2	5,7	26,9
Byggingarsjóðir	10,7	-	10,7	8,3	-	8,3
Húsbréf	15,0	-	15,0	12,0	-	12,0
Aðrir	1,8	3,5	5,3	0,9	5,7	6,6
Afborganir	**12,6**	**6,6**	**19,2**	**12,6**	**11,1**	**23,7**
Opinberir aðilar	6,2	4,0	10,2	4,3	8,1	12,4
Ríkissjóður A-hluti	6,2	1,5	7,7	4,3	4,7	9,0
Ríkisfyrirtæki	-	1,9	1,9	-	2,7	2,7
Sveitarfélög	-	0,6	0,6	-	0,7	0,7
Opinberar lánastofnanir	6,4	2,6	9,0	8,3	3,0	11,3
Byggingarsjóðir	3,3	-	3,3	3,6	-	3,6
Húsbréf	0,1	-	0,1	1,0	-	1,0
Aðrir	3,0	2,6	5,6	3,7	3,0	6,7
Hrein lánsfjárþörf	**21,1**	**14,8**	**35,9**	**15,2**	**8,2**	**23,4**
Hlutfall af landsframleiðslu	5,7%	4,0%	9,7%	4,0%	2,2%	6,2%

7.2 Erlend lán og greiðslujöfnuður

Nýjar erlendar lántökur þjóðarbúsins til lengri tíma en árs eru taldar verða um 33,5 milljarðar króna á þessu ári, samanborið við 26,3 milljarða króna árið 1990. Aukninguna má rekja til mikillar lánsfjárþarfar ríkissjóðs sem ekki verður mætt á innlendum lánamarkaði þrátt fyrir áform þar um. Lántökur opinberra aðila aukast þannig verulega milli ára, eða úr 13 milljörðum 1990 í rúmlega 21 milljarð króna á þessu ári. Lántökur atvinnufyrirtækja dragast hins vegar mikið saman, fyrst og fremst vegna minni skipa- og flugvélakaupa.

Að afborgunum frátöldum er áætlað að hrein aukning erlendra lána á árinu 1991 nemi 18,2 milljörðum króna og jafngildir það 4,9% af landsframleiðslu samanborið við 4,4% á síðasta ári. Innstreymi erlendra lána til opinberra aðila í ár er langt umfram það sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu lánsfjárlaga. Þar var áformað að ríkissjóður tæki engin erlend lán á árinu, en í reynd stefna þau í 13½ milljarð króna.

Árið 1992 er gert ráð fyrir að nýjar erlendar lántökur verði 28 milljarðar króna, eða 5,5 milljörðum minni en 1991. Hreint innstreymi erlendra lána minnkar enn meir eða um 9,4 milljarða króna sem jafngildir 2,5% af landsframleiðlsu. Skýringin á þessari lækkun felst í háum afborgunum á næsta ári.

Erlendar lántökur 1991 og 1992

Milljarðar króna á verðlagi hvors árs	Láns-fjárlög 1991	Horfur 1991	Lánsfjár-áætlun 1992
Opinberir aðilar	**5,5**	**19,8**	**11,8**
Opinberir lánasjóðir	**3,5**	**3,5**	**7,4**
Atvinnufyrirtæki	**11,0**	**10,2**	**8,8**
Skip og flugvélar	6,0	6,0	1,0
Annað	5,0	4,2	7,8
Löng erlend lán, alls	**20,0**	**33,5**	**28,0**
Afborganir erlendra lána	15,1	15,3	19,2
Hreint innstreymi erlendra lána	**4,9**	**18,2**	**8,8**

Greiðslujöfnuður. Samkvæmt þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn á árinu 1991 verði 13,7 milljarðar króna. Til viðbótar við innstreymi erlendra lána upp á 18,2 milljarða króna er reiknað með 1,3 milljarða króna innstreymi á öðrum fjármagnsliðum þannig að fjármagnsjöfnuður verður jákvæður um 19,5 milljarða króna. Þetta þýðir að gjaldeyrisstaða Seðlabanka, þ.e. gjaldeyriseign þjóðarinnar, batnar um 5,8 milljarða króna og yrði samkvæmt þessu 30,5 milljarðar króna í árslok.

Samhengið milli erlendrar lántöku, viðskiptahalla og gjaldeyrisstöðu er hins vegar mun óvissara á næsta ári. Samkvæmt þjóðhagsáætlun er spáð 16,9 milljarða króna viðskiptahalla á næsta ári. Í þeim lántökuáformum sem fjallað var um hér að framan var hins vegar ekki gert ráð fyrir nema 8,8 milljarða króna innstreymi þannig að enn vantar 8,1 milljarð króna til þess að fjármagna viðskiptahalla ársins. Í þessari áætlun er reiknað með að fjármagna þetta að hluta með innstreymi annars erlends fjármagns, eða sem nemur 3,1 milljarði króna, en afgangurinn, 5 milljarðar króna, komi fram í rýrnun gjaldeyrisstöðunnar enda mun hún styrkjast verulega 1991 vegna hárrar lántöku.

Skuldastaða gagnvart útlöndum. Til þess að fá raunhæfa mynd af erlendum skuldbindingum þjóðarbúsins er eðlilegt að skoða það sem kallað er hrein skuldastaða, þ.e. stöðu langra erlendra lána og skammtímaskulda að frádreginni gjaldeyriseign þjóðarinnar. Eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti hefur skuldastaðan lengst af síðasta áratug numið 45-50% af landsframleiðslu. Hæst fór hlutfallið árið 1985, í tæplega 53%. Í uppsveiflunni 1986-1987 fór hlutfallið lækkandi, en undanfarin þrjú ár hefur hlutfallið aftur hækkað og skuldastaðan legið í kringum 48%. Á næsta ári er gert ráð fyrir að skuldastaðan versni töluvert og hlutfallið fari upp í tæplega 52%. Ástæðan er fyrst og fremst sú að á sama tíma og viðskiptahallinn eykst dregst landsframleiðslan saman.

Skuldastaða og greiðslubyrði erlendra lána 1981-1992



Greiðslubyrði og vextir. Greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum lánum hefur upp á síðkastið verið á bilinu 7-8% af landsframleiðslu. Það jafngildir um það bil 20% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Á þessu ári er áætlað að greiðslubyrði verði rétt um 8% af landsframleiðslu. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að greiðslubyrðin þyngist heldur vegna mikilla afborgana af erlendum lánum eins og áður var komið fram og fari í rúmlega 8½% af landsframleiðslu. Vaxtabyrðin eykst þó lítið þrátt fyrir aukna skuldsetningu þar sem á móti vegur áframhaldandi lækkun vaxta á alþjóðamörkuðum. Þannig er talið að meðalvextir af erlendum lánum lækki úr 7,9% á þessu ári í 7,5% á því næsta.

7.3 Lánahreyfingar ríkissjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir lánahreyfingum A-hluta ríkissjóðs á árinu 1992 skv. 1. gr. frumvarpsins. Kaflinn skiptist í tvo hluta. Í þeim fyrri er fjallað um lánsfjárþörf ríkissjóðs og gerð ítarleg grein fyrir einstökum liðum hennar. Í seinni hluta kaflans er svo fjallað á sama hátt um lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð 13 milljarðar króna á árinu 1992. Greiddar afborganir af teknum lánum nema 9 milljörðum króna, þannig að hrein lánsfjárþörf, þ.e. nýjar lántökur umfram afborganir af eldri lánum, er talin 4 milljarðar króna, eða 1,1% af landsframleiðslu. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1991 er aftur á móti áætluð 19,8 milljarðar króna og hrein lánsfjárþörf 12,1 milljarðar króna. Samkvæmt þessu verður hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs 1992 aðeins þriðjungur af því sem hún stefnir í á þessu ári. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárþörf ríkissjóðs 1991 og 1992 og skiptingu hennar:

Lánsfjárþörf ríkissjóðs 1991-1992

	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.
Rekstrarhalli ríkissjóðs	8.930	3.710
Veitt lán, nettó	1.500	395
Eignfærð framlög	270	280
Viðskiptareikningar	1.400	-400
Hrein lánsfjárþörf	**12.100**	**3.985**
Afborganir af teknum lánum	7.700	9.000
Verg lánsfjárþörf	**19.800**	**12.985**

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir einstökum liðum í lánsfjárþörf ríkissjóðs.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs, þ.e. veitt ný lán að frádregnum innheimtum afborgunum af eldri lánum. Á árinu 1992 er ráðgert að veita ný lán að fjárhæð 4.545 m.kr. til fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkissjóðs. Á móti koma innheimtar afborganir af eldri lánum sem eru áætlaðar samtals 4.150 m.kr. Veitt lán A-hluta ríkissjóðs, nettó, nema því samtals 395 m.kr. á árinu 1992. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána:

Lánveitingar ríkissjóðs, nettó, 1991-1992

	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.
Veitt ný lán	**4.700**	**4.545**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.000	2.815
Alþjóðaflugþjónustan, ICAO	250	480
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	200	1.250
Hafnabótasjóður	280	-
Annað, sbr. 15. gr. lánsfjárlaga	970	-
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**3.200**	**4.150**
Bundnar innlendu verðlagi	1.800	2.300
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	1.400	1.850
Veitt lán, nettó	**1.500**	**395**

Um ráðstöfun lána til B-hluta fyrirtækja og sjóða vísast til þess er segir um viðkomandi aðila í 6. kafla greinargerðarinnar. Tekið skal fram að áætlaðar lántökur Byggðastofnunar og Húsnæðisstofnunar ríkisins, alls um 21,2 milljarðar króna á árinu 1992, eru ekki taldar með hér þar sem ríkissjóður hefur ekki beina milligöngu um þær lántökur.

Eignfærð framlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum, en báðir þessir liðir eru færðir í efnahagsreikning ríkissjóðs. Eignfærð framlög eru áætluð samtals 280 m.kr. og skiptast á eftirfarandi hátt:

Eignfærð framlög ríkissjóðs 1991-1992

	Áætlun 1991 þús.kr.	Frumvarp 1992 þús.kr.
Alþjóðaþróunarfélagið, IDA, Washington, D.C.	104.200	109.400
Evrópubankinn, EBRD, London	45.000	49.200
Alþjóðabankinn, IBRD, Washington, D.C.	20.300	30.600
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington, D.C.	15.600	24.600
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	7.000	14.800
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	5.200	5.700
Þróunarsjóður EFTA fyrir Júgóslavíu	4.500	4.900
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Reykjavík	2.000	2.500
Alþjóðlegur gengisvarasjóður fyrir Pólland	25.000	-
Hlutafjárkaup og önnur framlög	41.200	38.300
Samtals	**270.000**	**280.000**

Viðskiptareikningar. Þessir reikningar taka til ýmissa skuldaviðurkenninga til skamms tíma vegna virðisaukaskatts, staðgreiðslu af launum, tryggingargjalds o.fl. Áætlað er að útstreymi umfram innstreymi á almennum viðskiptareikningum nemi 500 m.kr á árinu 1992. Á móti vegur 900 m.kr. uppgreiðsla Byggingarsjóðs ríkisins á skammtímaláni er ríkissjóður veitti á árinu 1991. Í heild verður því innstreymi umfram útstreymi á viðskiptareikningum ríkissjóðs að fjárhæð 400 m.kr. árinu 1992.

Greiddar afborganir af teknum lánum. Greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 9 milljarðar króna á árinu 1992 í stað 7,7 milljarða króna á fjárlögum 1991. Afborganir af erlendum lánum aukast um 3,2 milljarða króna. Á árinu 1992 kemur til greiðslu þýskt lán að fjárhæð 75 milljón mörk. Þá er innlausn spariskírteina ríkissjóðs með allra minnsta móti á næsta ári. Enn fremur voru yfirtekin lán frá Byggðastofnun að fjárhæð 1.200 m.kr. í maí á þessu ári. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiddar afborganir ríkissjóðs á árunum 1991 og 1992:

Greiddar afborganir af teknum lánum 1991-1992

	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr
Innlausn spariskírteina	3.400	1.515
Önnur innlend lán	2.800	2.785
Erlend lán	1.500	4.700
Samtals	**7.700**	**9.000**

Lánsfjáröflun ríkissjóðs. Lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu 1992 nemur sömu fjárhæð og lánsfjárþörf eða tæplega 13 milljörðum króna. Þar af eru 9 milljarðar króna vegna afborgana af teknum lánum.

Í áætlun Seðlabanka Íslands er gert ráð fyrir að peningalegur sparnaður á árinu 1992 aukist um 30 milljarða króna. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs nemur því um 43% af innlendum sparnaði. Sé gert ráð fyrir að afborganir af erlendum lánum svo og lántökur

vegna Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og Alþjóðaflugþjónustunnar verði fjármagnaðar með nýjum erlendum lánum, en sú aðgerð hefur engin peningaleg áhrif, verður innlend lánsfjárþörf ríkissjóðs 6.555 m.kr., eða 22% af peningalegum sparnaði. Nánar verður skýrt frá áformum í þessum efnum í frumvarpi til lánsfjárlaga.

Á árinu 1992 eykst frelsi í fjármagnsflutningum milli Íslands og annarra landa. Þannig geta innlendir sparifjáreigendur fjárfest erlendis og gagnkvæmt. Talið er að þetta hafi óveruleg áhrif á innlenda lánamarkaðinn á árinu 1992. Ekki er að búast við útstreymi fjár frá Íslandi þar sem vextir á Íslandi eru síst lægri en annars staðar. Enn fremur hafa erlendir sparifjáreigendur sýnt íslenska markaðnum lítinn áhuga.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu lánsfjáröflunarleiðum ríkissjóðs.

Innlend lán. Ríkissjóður gefur út þrjár tegundir ríkisskuldabréfa á innlendum markaði. Hér er um að ræða spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf og ríkisvíxla

Spariskírteini ríkissjóðs. Sala spariskírteina er helsta lánsfjáröflunarleið ríkissjóðs á innlendum sparifjármarkaði. Þau eru nú gefin út til 5 og 10 ára. Sú breyting hefur verið gerð að selja bréfin með afföllum til að laga nafnvexti bréfanna að ávöxtunarkröfu markaðarins á hverjum tíma. Stærstu kaupendur spariskírteina hafa verið lífeyrissjóðir og ýmsar fjármálastofnanir.

Ríkisbréf. Síðla árs 1990 hóf ríkissjóður útgáfu nýrrar tegundar ríkisverðbréfa, svonefnd ríkisbréf. Þessi bréf bjóða sparifjáreigendum upp á ávöxtun sparifjár til lengri tíma en ríkisvíxlar en skemmri tíma en spariskírteini. Upphæð bréfanna og gjalddagar eru sniðnir að þörfum lánveitenda innan ákveðinna marka. Bréfin eru óverðtryggð, en vextir taka mið af meðaltali skuldabréfavaxta á peningamarkaði. Markaðurinn hefur tekið þessum bréfum treglega meðal annars vegna þess að þau eru ekki verðtryggð. Nú er í undirbúningi útgáfa gengistryggðra bréfa. Þess er vænst að sala ríkisbréfa glæðist við þetta.

Ríkisvíxlar. Ríkisvíxlar eru skammtímabréf ríkissjóðs. Megnið af þeim er í eigu banka og sparisjóða, en samkvæmt reglum Seðlabankans geta þeir uppfyllt lausafjárkvöð sína við bankann með ríkisvíxlaeign. Staða ríkisvíxla er mjög sveiflukennd þar sem sífellt þarf að endurfjármagna bréf sem koma á gjalddaga og getur staða þeirra því breyst verulega með skömmum fyrirvara. Þannig minnkar jafnan stofn ríkisvíxla þegar tekur að líða á árið og lausafjárstaða banka og sparisjóða versnar.

Erlend lán. Á erlendum fjármagnsmörkuðum eru fjölmargar leiðir við öflun lánsfjár. Mikil fjölbreytni er í boði á mörkuðum og fjöldi leiða að nálgast þá. Hér á eftir er lýst helstu leiðum ríkissjóðs til lánsfjáröflunar á þeim mörkuðum sem þykja aðgengilegir.

Skuldabréfaútboð. Mestur hluti erlendra skulda ríkissjóðs til lengri tíma er tekinn með skuldabréfaútboðum á erlendum fjármagnsmörkuðum. Leitað er til eins eða fleiri fjármálafyrirtækja til að annast útboðið, eftir að leitað hefur verið álits og tilboða hjá þeim fyrirtækjum sem líklegust eru til að tryggja aðgengilegt útboð. Skuldabréfaútboð þessi geta verið opinber eða einungis fyrir þröngan hóp sérfróðra fjárfesta. Dæmi er um að einungis einn fjárfestir standi að baki lánsfénu. Útgáfurnar geta farið fram í helstu viðskiptagjaldmiðlum með föstum eða breytilegum vöxtum og er lánstími yfirleitt á bilinu

frá fimm til tíu ár. Ríkissjóður þarf venjulega að greiða 0,15-0,30% álag ofan á millibankavexti í London, LIBOR. Lipur skuldaskiptamarkaður er einnig í boði og þannig er mögulegt að hagræða skuldum til lengri eða skemmri tíma á milli gjaldmiðla og breytilegra og fastra vaxta.

Skammtímavíxlar. Ríkissjóður hefur gert samning við þrjá erlenda banka um útgáfu á skammtímavíxlum (Euro Commercial Paper) að hámarki 250 milljónir dollara. Þeir bankar sem sjá um útgáfuna eru J.P. Morgan, Citicorp og Scandinavian Bank. Útgáfan fer þannig fram að víxlarnir eru seldir símleiðis í gegnum bankana, sem gegna hlutverki miðlara til kaupenda víðs vegar um heiminn. Markaður fyrir skammtímavíxla er greiður og kjör víxlanna eru ríkissjóði afar hagkvæm, eða 0,7-0,8% undir millibankavöxtum í London. Hver víxill er að meðaltali að fjárhæð 10 milljónir dollara og gefinn út til eins eða tveggja mánaða í senn. Þarf því að halda útgáfunni við og fylgjast með markaðnum því að hann getur orðið fyrir sveiflum í verði og framboði. Útgáfa víxlanna fer fram í dollurum.

Veltilán / Ádráttarlán. Ríkissjóður hefur tvo samninga í gangi sem tryggja aðgang að lánsfé á ákveðnu verði með mjög skömmum fyrirvara, annar að fjárhæð 75 milljónir dollara hjá Citicorp og hinn að fjárhæð 90 milljónir dollara með milligöngu J.P. Morgan og Scandinavian Bank. Gilda þessir samningar sem eins konar lánsloforð og stendur fjöldi banka að baki þeim. Ríkissjóður getur gengið að þeim með eins til þriggja daga fyrirvara og fengið lán frá einum degi upp í lok gildistíma veltilánssamningsins. Ríkissjóður greiðir lánsaðilunum 0,1% af heildarfjárhæðinni á ári fyrir að eiga þennan möguleika. Að auki er greitt aukagjald fyrir hvern ádrátt, sem er frá 0,125-0,225%. Veltilán nýtast sem baktrygging fyrir skammtímavíxlaútgáfuna og eru notuð til að brúa bil ef ekki tekst að endurnýja víxil. Á svipaðan hátt eru þau nýtt til að brúa fjárþörf milli þess að lánsfjárþörf kemur fram hjá ríkissjóði og fram að því að talið er hagstæður tími á erlendum mörkuðum að selja skuldir íslenska ríkisins. Að lokum er talið skynsamlegt af öryggisástæðum að eiga skjótan aðgang að lánsfé. Ádráttur fer fram í dollurum.

Seðlabanki Íslands. Þess skal loks getið að ríkissjóður hefur einnig aðgang að skammtímafjármagni gegnum yfirdráttarheimild á viðskiptareikningi sínum í Seðlabanka Íslands. Þessi fyrirgreiðsla Seðlabankans er ætluð til að mæta árstíðabundnum sveiflum í fjármálum ríkissjóðs. Skuld ríkissjóðs á viðskiptareikningum í lok árs ber að gera upp innan þriggja mánaða frá lokum viðkomandi fjárlagaárs og hefur það oftast verið gert með erlendum lántökum.

8 Breytt framsetning ríkisreiknings og fjárlaga

Með ríkisreikningi fyrir árið 1989 voru gerðar veigamiklar breytingar á reikningsskilum ríkissjóðs og framsetningu ríkisreiknings. Meginbreytingin felst í því að allar kröfur og skuldbindingar sem stofnað er til á ári hverju eru færðar til bókar án tillits til þess hvort þær hafa verið innheimtar eða komið til greiðslu á árinu. Tilgangurinn með þessari breytingu er að gefa fyllri mynd af ríkisfjármálunum. Fram til þessa hafa ýmsar kröfur og skuldbindingar sem varða ríkissjóð samkvæmt lögum eða ákvörðunum stjórnvalda, ekki komið fram í ríkisreikningi fyrr en þær hafa innheimtst eða komið til greiðslu. Veigamiklir þættir hafa þannig legið utan reikningsskila ríkissjóðs á ári hverju og því verið erfitt að fá heildarsýn yfir ríkisfjárhaginn. Aðstaða Alþingis og ríkisstjórnar til stefnumótunar og ákvarðana í ríkisfjármálum hefði því getað verið betri.

Þær breytingar sem hér um ræðir snerta aðallega lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs, skuldbindingar við sveitarfélög vegna sameiginlegra framkvæmda og rekstrar, vexti og ríkisábyrgðir. Ítarleg grein er gerð fyrir þessu í ríkisreikningi fyrir árið 1989. Breytingarnar voru gerðar að tillögu ríkisreikningsnefndar og staðfestar af þáverandi fjármálaráðherra en nefndin starfar samkvæmt lögum um ríkisbókhald og gerð ríkisreiknings og fjárlaga og er fjármálaráðherra til ráðuneytis um uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Nefndin er samkvæmt lögum skipuð sex mönnum frá helstu bókhalds-og hagskýrslustofnunum, þ.e. ríkisbókara, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis, ríkisendurskoðanda, hagstofustjóra og fulltrúum Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar. Nefndin hefur undanfarin misseri unnið að heildarskoðun á reikningsskilum og framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings, flokkun ríkisaðila, flokkun tekna ríkissjóðs og framkvæmd fjárlaga.

Ríkisreikningsnefnd hefur nýlega lagt fram tillögur um breytingu á framsetningu fjárlaga til samræmis við þær breytingar sem gerðar hafa verið á ríkisreikningi. Í fyrsta lagi er talið nauðsynlegt að sem mest samræmi sé milli ríkisreiknings og fjárlaga. Í öðru lagi er ekki talið fullnægjandi að áfallnar en ógreiddar skuldbindingar ríkissjóðs séu færðar í ríkisreikningi eftir lok fjárhagsársins. Nauðsynlegt er að þær skuldbindingar sem ákveðnar eru eða falla á ár hvert sem hluti eða afleiðing af ríkisstarfseminni séu sýndar í fjárlögum. Yfirsýn yfir raunveruleg ríkisumsvif og breytingar þeirra frá einu ári til annars næst ekki annars. Eftir sem áður verða fjárlög að sýna innheimtar tekjur og greiðslur úr ríkissjóði, bæði vegna þess að ákvarðanir Alþingis um greiðslur ráða mestu um umsvif ríkisaðila á fjárhagsárinu og hins að raunhæfri stjórn og eftirliti með útgjöldum verður ekki við komið nema fjárlög beri beinlínis með sér ákvarðanir um greiðsluheimildir.

Á þessum forsendum hefur ríkisreikningsnefnd lagt til að framsetningu fjárlaga verði breytt þannig að í stað þess að þau séu eingöngu á greiðslugrunni eins og verið hefur verði þau sýnd bæði á greiðslugrunni og rekstrargrunni. Í þessu felst að hvort tveggja verði lagt fram og afgreitt: greiðslur á árinu vegna viðkomandi fjárlagaliða og skuldbindingar sem þeim tengjast. Greiðslugrunnur er skilgreindur sem hreint sjóðsstreymi, en rekstrargrunnur nær yfir allar kröfur og skuldbindingar á fjárhagsárinu eins og fram kemur í ríkisreikningi. Í tillögum ríkisreikningsnefndar er reynt að halda til haga báðum uppgjörsaðferðum því að þær þjóna hvor um sig ákveðnum tilgangi, en breytingunni er

ætlað að tengja saman og skýra frávikið milli þeirra. Fullt samræmi verður því milli fjárlaga og ríkisreiknings. Í þessu felst enn fremur að fyrir Alþingi verður lagt til ákvörðunar að veita greiðsluheimildir og skuldbindingar sem fjárhagsárinu tengjast.

Til skýringar má taka yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins að fjárhæð um 1.500 m.kr. árið 1990. Það ár kemur skuldbindingin að fullu til gjalda í ríkisreikningi. Aftur á móti áttu engar greiðslur sér stað á því ári. Á næstu tveimur árum, þegar lánin koma til greiðslu, verður í fjárlögum árlega sótt um greiðsluheimild til þess málaflokks sem skuldbindingin var færð á. Með því móti er tryggt samræmi í færslu gjalda í greiðsluuppgjöri og rekstraruppgjöri.

Ákveðið hefur verið að fjárlög verði framvegis sett fram samkvæmt þessum tillögum. Í fjárlagafrumvarpi þessu er þannig í fyrsta sinn gerð grein fyrir þeim kröfum ríkissjóðs og skuldbindingum sem taldar eru myndast á árinu 1992. Í tillögum ríkisreikningsnefndar er gert ráð fyrir að skuldbindingar og greiðsluheimildir komi fram í öllum greinum frumvarpsins, þ.m.t. 4. gr. Er lagt til að sundurliðun í þeirri grein verði á rekstrargrunni, þ.e. sýni skuldbindingar á fjárhagsárinu, en jafnframt verði fyrir hvern fjárlagalið sýnd ákvörðun Alþingis um greiðslur á árinu. Þessa breytingu hefur hvorki gefist tími né ráðrúm til að útfæra í frumvarpinu. Því er gert ráð fyrir að fjárlög ársins 1992 verði afgreidd lögformlega með sama hætti og áður. Í þessum kafla kemur hins vegar fram yfirlit sem sýnir áætlaðan rekstrarreikning ársins og þær breytingar sem talið er að verði á áföllnum kröfum og skuldbindingum. Þá hefur jafnframt verið ákveðið að eftir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992 verði þau sett fram sérstaklega samkvæmt tillögum ríkisreikningsnefndar. Fjárlagafrumvarp ársins 1993 verður svo undirbúið og sett fram í fullu samræmi við þessar breytingar.

Gróft mat hefur verið lagt á þær kröfur og skuldbindingar sem stofnað kann að verða til á árinu 1992 en koma ekki til greiðslu á því ári. Inn í það mat koma allar skuldbindingar sem á ríkissjóð falla umfram greiðsluheimildir en frá dragast greiðslur verkefna sem þegar hafa verið færðar til gjalda í ríkisreikningi eins og t.d. uppgjör skólabygginga til sveitarfélaga samkvæmt verkaskiptalögum. Á teknahlið er í rekstrarreikningi færð álagning skatta á árinu 1992 að frádregnum afskriftum álagðra gjalda. Í eftirfarandi töflu eru sýnd frávik milli greiðslu- og rekstraruppgjörs.

	Greiðslu-uppgjör m.kr.	Mismunur m.kr.	Rekstrar-reikningur m.kr.
1. Eldri og nýjar skuldbindingar meðtaldar í greiðsluframsetningu			
02-997 Uppgjör við sveitarfélög skv. verkaskiptalögum	400	-400	0
04-288 Jarðræktarframlög	149	-55	94
04-290 Uppkaup á fullvirðisrétti	292	-292	0
09-381 Uppbætur á lífeyri	1.200	1.400	2.600
09-486 Heimildir skv. 6. gr. fjárlaga	457	400	857
09-801 Vaxtagjöld	9.900	1.060	10.960
10-211 Vegagerð, þéttbýlisvegir	276	-145	131
10-333 Hafnagerð, skuldagreiðslur	846	-380	466
2. Yfirteknar skuldbindingar fyrri ára sem áhrif hafa á greiðsluuppgjör			
01-171 Byggðastofnun, yfirtekin lán	190	-190	0
05-281 Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins	760	-760	0
11-xxx Skuldir orkuveitna	130	-130	0
09-100 Afborganir lána	-1.080	1.080	0

Þar sem framsetning fjárlagafrumvarpsins nú er með hefðbundnum hætti koma áhrif breytinganna að þessu sinni einnig fram á greiðsluhreyfingum samkvæmt tilfærslum milli gjalda og efnahags. Þar er um að ræða yfirteknar skuldbindingar frá 1989 vegna yfirtöku skulda orkuveitna, yfirtöku skulda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins frá 1990 og loks yfirtöku lána Byggðastofnunar frá 1991. Aðrar yfirteknar skuldbindingar eru þegar inni í gjaldahlið greiðsluhreyfinganna. Breytingar koma ýmist til hækkunar eða lækkunar á rekstrarreikningi eftir því hvort ríkissjóður er að greiða niður eldri skuldbindingar eða taka á sig nýjar. Meðfylgjandi tafla sýnir frávik frá frumvarpstölum fjárlaga (sbr. 1. gr.).

	Áhrif á greiðslu-uppgjör m.kr.	Áhrif á rekstrar-uppgjör m.kr.
Tekjur	0	1.330
Rekstrartilfærslur	760	1.108
Fjármagnstilfærslur	320	-980
Stofnkostnaður	0	400
Vextir	0	1.060
Samtals	**1.080**	**258**
Viðskiptareikningar, nettó	0	250
Skuldbindingar án greiðslna	0	-1.400
Afborganir langtímalána	-1.080	892
Samtals	**-1.080**	**-258**

Loks eru niðurstöður framangreindra breytinga settar fram í eftirfarandi yfirliti sem er með sama sniði og 1. gr. frumvarpsins.

Fjárreiður ríkissjóðs 1992 skv. greiðsluuppgjöri og rekstraruppgjöri

	Greiðslu-hreyfingar m.kr. (1)	Breyting áfallinna tekna og gjalda m.kr. (2)	Rekstrar-grunnur m.kr. (3)
1. Tekjur	**106.436**	**1.330**	**107.766**
Beinir skattar	20.674	870	21.544
Óbeinir skattar	78.272	310	78.582
Fjármunatekjur	3.815	150	3.965
Aðrar tekjur	3.675	0	3.675
2. Rekstrargjöld	**99.050**	**1.408**	**100.458**
Samneysla (án afskrifta)	44.748	0	44.748
Rekstrargjöld, nettó	41.964	0	41.964
Viðhald	2.784	0	2.784
Fjármagnskostnaður	9.900	1.060	10.960
Neyslu- og rekstrartilfærslur	44.402	348	44.750
3. Rekstrarjöfnuður	.	.	**7.308**

4. Til fjárfestingar	**12.176**	**-900**	**11.276**
Stofnkostnaður	6.954	400	7.354
Veittar fjármagnstilfærslur	5.222	-1.300	3.922
5. Jöfnuður tekna og gjalda	.	.	**-3.968**
6. Veitt lán, nettó	395	0	395
Veitt lán	4.545	0	4.545
Innheimtar afborganir af veittum lánum	-4.150	0	-4.150
7. Hluta og stofnfjárframlög, nettó	280	0	280
8. Viðskiptareikningar, nettó	-400	250	-150
9. Skuldbindingar án greiðslna	0	-1.400	-1.400
10. Hrein lánsfjárþörf	**5.065**	**-1.972**	**3.093**
11. Afborganir af teknum lánum	7.920	1.972	9.892
12. Heildar lánsfjárþörf	**12.985**	**0**	**12.985**
13. Lántökur	**13.000**	**0**	**13.000**
Innlendar lántökur	6.570	0	6.570
Erlendar lántökur	6.430	0	6.430
14. Greiðslujöfnuður, sjóðbreyting	**15**	**0**	**15**

Athugasemdir við 2. dálk í yfirliti:

Tekjur:
Aukning krafna ríkissjóðs vegna álagðra beinna skatta og óbeinna auk áfallinna óinnheimtra vaxtatekna af útistandandi veittum lánum, samtals 1.330 m.kr.

Fjármagnskostnaður:
Áfallin ógreidd vaxtagjöld í árslok, 1.060 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur:
Uppbætur á lífeyri vegna lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs sem ekki koma til greiðslu, 1.400 m.kr., Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins vegna afborgana af láni -760 m.kr., uppkaup á fullvirðisrétti vegna afborgana af láni -292 m.kr. Nettó áhrif af þessum liðum nemur því 348 m.kr.

Stofnkostnaður:
Skammtímaskuldir í tengslum við framkvæmd á 6. gr. fjárlaga 400 m.kr.

Veittar fjármagnstilfærslur:
Afborganir af lánum vegna uppgjörs við sveitarfélög -400 m.kr., vegna jarðræktarframlaga -55 m.kr., Vegagerð vegna þéttbýlisvega -145 m.kr., yfirtökulán Byggðastofnunar -190 m.kr., og orkugeirans -130 m.kr. Loks eru afborganir af skammtímaskuldum vegna hafnagerðar -380 m.kr. Samtals nema þessar færslur -1.300 m.kr.

Viðskiptareikningar, nettó:
Neikvæðar stærðir fela í sér auknar skammtímaskuldir og jákvæðar öfugt. Eftirtaldir liðir mynda breytingar á viðskiptareikningum:

Tekjur, alls	1.330	m.kr.
Ógreiddir áfallnir vextir	-1.060	m.kr.
Vegna 6. gr. fjárlaga	-400	m.kr.
Hafnagerð, skuldagreiðslur	380	m.kr.
Samtals	**250**	**m.kr.**

Skuldbindingar án greiðslu:
Mínusmerki sýnir auknar skuldir. Áfallnar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs vegna ársins 1992 sem ekki koma til greiðslu, -1.400 m.kr.

Afborganir:
Hér færast afborganir af lánum í rekstrargrunninn sem færast síðan til gjalda á viðkomandi málaflokk í greiðslugrunninum þegar þær koma til greiðslu. Þær skiptast þannig:

Uppgjör við sveitarfélög	400	m.kr.
Vegna jarðræktar	55	m.kr.
Vegna uppkaupa á fullvirðisrétti	292	m.kr.
Vegna þéttbýlisvega	145	m.kr.
Vegna yfirtökulána frá Byggðastofnun	190	m.kr.
Vegna yfirtökulána Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins	760	m.kr.
Vegna yfirtökulána orkuveitna	130	m.kr.
Samtals	**1.972**	**m.kr.**

Töfluviðauki

Bls.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

1. Ríkissjóður, A-hluti, greiðsluyfirlit gagnvart bankakerfinu 388
2. Markaðar ríkissjóðstekjur 1992 389
3. Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur 1991-1992 390
4. Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1991-1992 391
5. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta 1991-1992 392
6. Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta 1991-1992 ... 393
7. Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs 1983-1992 394
8. Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1983-1992 395
9. Útgjöld ríkissjóðs 1983-1992 eftir málaflokkum 396
10. Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1983-1992 397

II Fjárfesting

11. Fjárfesting 1990-1992 398
12. Fjárfesting, sparnaður og viðskiptajöfnuður 1990-1992 399
13. Opinberar framkvæmdir 1990-1992 400
14. Raforku- og rafveituframkvæmdir 1992 400
15. Hitaveitu- og vatnsveituframkvæmdir 1992 401
16. Samgönguframkvæmdir 1992 401
17. Opinberar byggingar 1992 402
18. Opinberar framkvæmdir 1983-1992 403

III Fjárfestingarlánasjóðir

19. Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða 1992 404
20. Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1992 405
21. Byggingarsjóður ríkisins 1990-1992 406
22. Byggingarsjóður verkamanna 1990-1992 407

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

23. Greiðslujöfnuður við útlönd 1990-1992 408
24. Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði 1983-1992 409
25. Löng erlend lán flokkuð eftir lánnotendum 1983-1992 410

V Efnahagsmál

26. Verðlags- og launaþróun 1983-1992 411
27. Þjóðhagsyfirlit 1983-1992 412

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 1 Ríkissjóður, A-hluti
Greiðsluyfirlit gagnvart bankakerfinu

Milljónir króna

1 Tekjur alls		**105 836**
Tekjur án vaxtatekna	102 021	
Beinir skattar	20 674	
Óbeinir skattar	78 272	
Aðrar tekjur	3 075	
Vaxtatekjur	3 815	
2 Gjöld alls		**96 820**
Gjöld án vaxtagreiðslna	88 390	
Samneysla	44 748	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	43 642	
Vaxtagreiðslur	8 430	
3 Jöfnuður (1-2)		**9 016**
Almenn rekstrarafkoma	13 631	
Vaxtagreiðslur umfram vaxtatekjur	-4 615	
4 Fjárfesting		**11 856**
Stofnkostnaður	6 954	
Fjármagnstilfærslur	4 902	
5 Tekjur umfram gjöld (3-4)		**-2 840**
Lánahreyfingar		
6 Veitt lán, nettó		**395**
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	4 545	
Innheimtar afborganir af veittum lánum	-4 150	
7 Eignfærð framlög		**280**
8 Viðskiptareikningar nettó		**- 400**
9 Hrein lánsfjárþörf (6+7+8-5)		**3 115**
10 Afborganir af teknum lánum öðrum en hjá Seðlabanka		**8 000**
11 Heildarlánsfjárþörf (9+10)		**11 115**
12 Lántökur		**13 000**
13 Greiðsluhreyfing við bankakerfið (12-11)		**1 885**
Hreyfing gagnvart Seðlabanka		
14 Jöfnuður: Útstreymi umfram innstreymi		**1 870**
Afborganir	1 000	
Vaxtagreiðslur:		
Af samningsbundnum lánum	70	
Af yfirdráttarskuld	1 400	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	- 600	
15 Greiðslujöfnuður, sjóðshreyfing (13-14)		**15**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 2 Markaðar ríkissjóðstekjur 1992

Allar tölur í milljónum króna	Tekjur	Greiðslur
Menntamálaráðuneyti:		
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.	74,0	
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna		74,0
Skemmtanaskattur	75,0	
Sinfóníuhljómsveit Íslands		7,5
Menningasjóður félagsheimila		7,5
Til áfengis- og fíkniefnavarna		60,0
Miðagjald í Menningarsjóð	11,5	
Menningarsjóður		6,0
Eignarskattsauki	365,0	
Þjóðarbókhlaða (lög nr. 49/1986)		335,0
Félagsmálaráðuneyti:		
Erfðafjárskattur	320,0	
Framkvæmdasjóður fatlaðra		320,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:		
Samúðarskeyti Landsímans	9,0	
Landspítalinn, minningarsjóður		9,0
Hluti gjalds af einkasöluvörum	5,5	
Gæsluvistarsjóður		-
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	414,0	
Framkvæmdasjóður aldraða		414,0
Fjármálaráðuneyti:		
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	280,0	
Ríkisábyrgðir og tjónabætur		280,0
Samgönguráðuneyti:		
Innflutningsgjald af bensíni	4 000,0	
Þungaskattur af dísilbifreiðum samkvæmt ökumælum	1 355,0	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	475,0	
Vegagerð ríkisins		5 830,0
Vitagjald	44,5	
Vitastofnun Íslands		44,5
Skipaskoðunargjald	69,0	
Siglingamálastofnun ríkisins		69,0
Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	184,0	
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985		68,0
Iðnaðarráðuneyti:		
Rafmagnseftirlitsgjald	80,0	
Rafmagnseftirlit ríkisins		76,0
Markaðir tekjustofnar, alls	7 761,5	
Gjaldfærsla markaðra tekjustofna, alls		7 600,5
Skerðing markaðra tekjustofna, alls		161,0

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 3 Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur 1991-1992

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 1991	Frumvarp 1992
Einstaklingar, samtök og heimili	**32 142**	**32 402**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 730	2 220
Jöfnun á námskostnaði	78	84
Þjóðleikhús	227	227
Sinfóníuhljómsveit Íslands	94	99
Kvikmyndasjóður	87	92
Listir, framlög	250	269
Ýmis íþróttamál	69	64
Alþjóðastofnanir	203	230
Þróunarmál	154	181
Sauðfjárveikivarnir	315	201
Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	131	132
Vinnumál	54	54
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	58	60
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	1 366	1 370
Ríkisábyrgð á launum	262	100
Sjúkratryggingar	10 060	8 809
Lífeyristryggingar	13 895	14 677
Slysatryggingar	426	547
Atvinnuleysistryggingasjóður	1 280	1 130
Krabbameinsfélag Íslands	117	124
Launa- og verðlagsmál	100	100
Uppbætur á lífeyri	788	1 200
Lífeyrissjóður bænda	398	432
Fyrirtæki og atvinnuvegir	**8 219**	**9 122**
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu og framlag í Framleiðnisjóð	2 103	3 462
Skipaútgerð ríkisins og strandflutningar	134	-
Flóabátar og vöruflutningar	173	173
Fiskifélag Íslands	45	47
Niðurgreiðslur á vöruverði	4 995	4 575
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	507	524
Niðurgreiðsla á rafhitun	262	341
Annað	**1 413**	**2 118**
Samtals	**41 774**	**43 642**

Tafla 4 Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1991-1992

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 1991	Frumvarp 1992
Stofnkostnaður	**6 066**	**6 954**
Vegagerð, nema sýslu- og þéttbýlisvegafé	2 700	2 940
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	300	475
Sjúkrahús í Reykjavík	359	399
Almennir framhaldsskólar	299	358
Þjóðarbókhlaða	145	335
Framkvæmdasjóður fatlaðra	225	320
Flugvellir, framkvæmdir	333	312
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	183	268
Háskóli Íslands	135	252
Embætti sýslumanna	80	146
Löggæslustofnanir og öryggismál	76	84
Bessastaðir	100	82
Tjónabætur	50	50
Launa- og verðlagsmál	50	50
Skatta- og tollamál	45	44
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	51	40
Hafrannsóknastofnun	43	39
Kirkjumál	30	33
Annað	862	727
Fjármagnstilfærslur	**4 577**	**4 902**
Byggingarsjóður verkamanna	900	1 075
Hafnamál	677	842
Ríkisábyrgðir	300	550
Sýslu- og þéttbýlisvegafé	425	468
Uppgjör við sveitarfélög	385	400
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	314	311
Framkvæmdasjóður aldraðra	370	277
Byggðastofnun	250	200
Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög	225	149
Rannsóknasjóður	110	100
Orkusjóður	131	77
Byggingarsjóður rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna	68	74
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	68	68
Annað	354	311
Til fjárfestingar samtals	**10 643**	**11 856**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 5 Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta 1991-1992

Milljónir króna á verðlagi hvers árs		Fjárlög 1991	Frumvarp 1992	Breyting (m.kr.)	Breyting (%)
51	Launagjöld	7 635	8 042	407	5,3
52-57	Önnur rekstrargjöld	8 180	8 563	383	4,7
52,58,8	Hráefni og vörur til endursölu	10 333	10 131	- 202	0,0
571	Fjármagnskostnaður	6 340	6 163	- 177	-2,8
51-57	Viðhald	1 200	1 342	142	11,8
593	Afskriftir	3 127	3 309	182	5,8
59	Yfirfærslur	2 162	2 184	22	1,0
5,8	Gjöld samtals	38 977	39 734	757	1,9
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	36 564	37 908	1 344	3,7
48	Fjármunatekjur	4 083	4 620	537	13,2
4910	Framlög ríkissjóðs	5 130	5 952	822	16,0
49	Aðrar tekjur	1 342	1 506	164	12,2
4,7	Tekjur samtals	47 119	49 986	2 867	6,1
	Mismunur	8 142	10 252	2 110	25,9
Fjármunahreyfingar út:					
16	Veitt lán	14 705	11 166	-3 539	-24,1
18	Fjárfestingar	2 761	3 031	270	9,8
26	Afborgun lána	5 238	7 073	1 835	35,0
	Annað	8 002	8 944	942	0,0
Fjármunahreyfingar inn:					
16	Innheimtar afborganir	3 324	4 552	1 228	36,9
19	Afskriftir	3 127	3 309	182	5,8
26	Tekin lán	15 611	11 500	-4 111	-26,3
39	Ráðstöfun eigin fjár	8 142	10 252	2 110	25,9
	Annað	500	601	101	20,2

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 6 Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta 1991-1992

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Framlög		Fjárfesting		Lántaka	
	1991	1992	1991	1992	1991	1992
22-211 Háskólabíó	-	-	6,2	3,6	-	-
22-233 Rannsóknasjóður	110,0	110,0	-	-	-	-
22-235 Vísindasjóður	20,0	20,0	-	-	-	-
22-276 Byggingarsj. rannsókna í þágu atv.v.	67,6	74,0	36,2	37,5	-	-
22-679 Sam. kostn. við skólana á Laugarvatni	-	-	1,2	1,0	-	-
22-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 730,0	2 220,0	-	15,0	3 000,0	2 815,0
22-970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður	-	-	97,8	113,0	-	-
22-973 Þjóðleikhúsið	227,0	226,5	-	-	-	-
22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	94,0	99,0	2,0	2,0	-	-
22-976 Menningarsjóður	11,0	6,0	-	-	-	-
23-101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	-	-	12,0	18,0	-	-
23-111 Flugmálastjórn, Keflavík	-	-	5,0	4,0	-	-
24-171 Jarðeignir ríkisins	30,0	30,0	30,0	30,0	-	-
24-172 Jarðasjóður	25,0	100,0	20,6	96,0	-	-
24-221 Áburðarverksmiðja ríkisins	-	-	70,0	60,0	-	-
24-245 Laxeldisstöðin Kollafirði	10,4	34,0	1,8	3,6	-	-
24-272 Einangrunarstöð í Hrísey	5,0	7,1	-	-	-	-
25-222 Síldarverksmiðjur ríkisins	-	-	40,0	-	-	-
25-272 Ranns.st. sjávarútvegsins, bygging	20,0	25,0	50,0	60,0	-	-
26-371 Kristnisjóður	17,2	18,1	-	-	-	-
26-372 Kirkjubyggingasjóður	6,6	1,0	-	-	-	-
27-271 Byggingarsjóður ríkisins	-	-	20,0	15,0	6 330,0	2 565,0
27-272 Byggingarsjóður verkamanna	900,0	1 075,0	-	-	4 380,0	5 640,0
28-273 Atvinnuleysistryggingasjóður	1 280,0	1 130,0	-	-	-	-
28-378 Læknishéraðasjóður	2,5	2,5	-	-	-	-
28-471 Gæsluvistarsjóður	10,0	-	10,0	-	-	-
29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	-	-	40,0	70,0	-	-
29-102 Lyfjaverslun ríkisins	-	-	32,0	63,9	-	-
29-103 Innkaupastofnun ríkissins	-	-	1,7	-	-	-
29-931 Arnarhvoll	-	-	6,0	6,5	-	-
29-971 Lánasýsla ríkisins	300,0	550,0	-	-	-	-
30-101 Póst- og símamálastofnunin	-	-	1 235,0	1 300,0	-	-
30-211 Vegagerð ríkisins, áhaldahús	-	-	130,0	240,0	-	-
30-321 Skipaútgerð ríkisins	134,4	-	-	20,0	-	-
30-332 Hafnabótasjóður	50,0	90,0	-	-	240,0	-
30-470 Alþjóðaflugþjónustan	-	55,0	500,0	486,0	500,0	480,0
31-231 Sementsverksmiðja ríkisins	-	-	40,0	28,4	-	-
31-321 Rafmagnsveitur ríkisins	-	-	375,0	356,0	-	-
31-371 Orkusjóður	130,1	79,2	-	-	-	-
Samtals	**5 180,8**	**5 952,4**	**2 762,5**	**3 029,5**	**14 450,0**	**11 500,0**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 7 Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs 1983-1992[1)]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Áætlun 1991	Frumvarp 1992
Tekjur	16 354	22 093	28 861	38 113	48 957	64 382	80 001	92 453	101 904	106 436
Gjöld	17 216	21 433	31 142	40 111	51 688	71 583	86 056	96 899	110 834	110 146
Rekstrarafkoma	- 862	660	-2 281	-1 998	-2 731	-7 201	-6 055	-4 446	-8 930	-3 710
Veitt lán, nettó	..	..	..	322	- 99	- 779	- 722	- 522	-1 500	- 395
Hlutafé og stofnfjárframlög	..	..	..	- 89	- 873	- 116	70	- 123	- 270	- 280
Viðskiptareikningar, nettó	..	..	..	- 964	-1 818	- 211	- 889	-2 079	-1 400	400
Hrein lánsfjárþörf	..	..	..	-2 729	-5 521	-8 307	-7 596	-7 170	-12 100	-3 985
Innlend lántaka	..	..	..	1 886	2 728	1 526	5 837	7 175	950	3 270
Ný lán	..	..	..	3 617	4 485	4 882	10 386	10 098	6 430	7 570
Afborganir	..	..	..	-1 731	-1 757	-3 356	-4 549	-2 923	-5 480	-4 300
Erlend lántaka	..	..	..	3 756	1 119	3 198	5 181	2 740	12 100	1 730
Ný lán	..	..	..	5 004	2 155	4 230	6 663	3 966	13 505	6 430
Afborganir	..	..	..	-1 248	-1 036	-1 032	-1 482	-1 226	-1 405	-4 700
Seðlabanki Íslands, nettó	..	..	..	-2 188	954	- 646	-5 548	-2 031	- 950	-1 000
Greiðsluafkoma	..	..	..	**725**	**- 720**	**-4 229**	**-2 126**	**714**	**0**	**15**
Hlutfall af VLF, %										
Tekjur	24,8	25,2	24,2	24,0	23,5	25,3	26,6	27,1	27,5	28,1
Gjöld	26,1	24,5	26,1	25,3	24,8	28,1	28,6	28,4	29,9	29,1
Rekstrarafkoma	-1,3	0,8	-1,9	-1,3	-1,3	-2,8	-2,0	-1,3	-2,4	-1,0
Hrein lánsfjárþörf	..	..	..	-1,7	-2,7	-3,3	-2,5	-2,1	-3,3	-1,1
Greiðsluafkoma	..	..	..	0,5	-0,3	-1,7	-0,7	0,2	0,0	0,0

1) Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1983-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

Tafla 8 Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1983-1992 [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Áætlun 1991	Frumvarp 1992
Beinir skattar	**2 386**	**2 875**	**3 280**	**5 508**	**6 103**	**9 437**	**13 251**	**17 690**	**19 346**	**20 674**
Einstaklingar	1 780	2 087	2 404	3 904	4 420	6 772	9 552	13 677	14 746	15 773
Fyrirtæki	606	788	876	1 604	1 683	2 665	3 699	4 013	4 600	4 901
Óbeinir skattar	**12 244**	**17 057**	**22 794**	**29 468**	**39 920**	**51 255**	**61 239**	**68 448**	**76 263**	**78 272**
Innflutningsgjöld	3 261	4 277	5 090	5 786	7 810	5 261	7 395	8 354	9 269	8 099
Virðisaukaskattur/söluskattur	5 600	7 689	10 725	14 444	19 972	29 522	34 179	37 086	41 400	42 970
Hagnaður ÁTVR	724	1 202	1 923	2 431	3 204	4 280	5 370	5 920	6 500	6 800
Launa- og tryggingagjöld	1 030	1 509	2 019	2 653	3 543	4 908	5 820	7 327	8 700	8 900
Bifreiðagjöld [2]	717	1 042	1 348	2 144	2 739	3 770	4 732	5 471	6 465	7 130
Aðrir skattar	912	1 338	1 689	2 010	2 652	3 514	3 743	4 290	3 929	4 373
Aðrar tekjur	**1 724**	**2 161**	**2 787**	**3 137**	**2 934**	**3 690**	**5 511**	**6 315**	**6 295**	**7 490**
Vaxtatekjur	1 572	1 893	2 530	2 549	2 438	3 012	4 261	4 096	3 700	3 815
Ýmsar tekjur, þ.m.t. arðgreiðslur	152	268	257	588	496	678	1 250	2 219	2 595	3 675
Heildartekjur ríkissjóðs	**16 354**	**22 093**	**28 861**	**38 113**	**48 957**	**64 382**	**80 001**	**92 453**	**101 904**	**106 436**
Hlutfall af VLF, %										
Beinir skattar	3,6	3,3	2,8	3,5	2,9	3,7	4,4	5,2	5,2	5,5
Óbeinir skattar	18,6	19,5	19,1	18,6	19,2	20,1	20,4	20,0	20,6	20,7
Skatttekjur	**22,2**	**22,8**	**21,9**	**22,1**	**22,1**	**23,8**	**24,8**	**25,2**	**25,8**	**26,2**
Aðrar tekjur	2,6	2,5	2,3	2,0	1,4	1,4	1,8	1,9	1,7	2,0
Heildartekjur ríkissjóðs	**24,8**	**25,2**	**24,2**	**24,0**	**23,5**	**25,3**	**26,6**	**27,1**	**27,5**	**28,1**

1) Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af veittum endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtatekjum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1983-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

2) Bensíngjald er hér talið með bifreiðasköttum en ekki innflutningsgjöldum.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 9 Útgjöld ríkissjóðs 1983-1992 eftir málaflokkum[1)]

	Greiðslugrunnur								Áætlun	Frumvarp
Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Almenn mál	**1 698**	**1 912**	**2 808**	**3 791**	**5 291**	**7 258**	**8 211**	**9 900**	**10 375**	**11 186**
Almenn þjónusta og löggæsla	1 495	1 681	2 524	3 410	4 816	6 699	7 509	8 942	9 277	10 167
Utanríkisþjónusta	203	231	284	381	475	559	702	958	1 098	1 019
Félagsmál	**9 483**	**11 568**	**17 392**	**23 091**	**31 576**	**41 941**	**49 708**	**59 297**	**66 623**	**64 268**
Mennta-, menningar- og kirkjumál	2 653	3 142	5 003	6 432	8 572	11 816	13 784	15 388	16 826	17 224
Heilbrigðismál	1 783	2 063	2 989	4 283	8 256	11 129	12 933	15 311	17 052	16 189
Velferðarmál	5 047	6 363	9 400	12 376	14 748	18 996	22 991	28 598	32 745	30 855
Atvinnumál	**4 163**	**5 257**	**6 890**	**8 532**	**9 459**	**14 056**	**17 944**	**18 156**	**20 621**	**20 749**
Niðurgreiðslur	1 035	813	1 013	1 343	1 567	3 673	4 663	5 344	5 250	4 845
Landbúnaður	625	943	1 325	1 649	1 980	2 848	3 839	3 564	5 167	5 619
Sjávarútvegur	257	387	939	1 197	1 240	1 715	2 295	1 025	1 213	1 044
Iðnaðar- og orkumál	736	1 062	1 155	1 359	1 058	1 158	1 417	1 162	1 214	1 028
Samgöngur	1 510	2 052	2 458	2 984	3 614	4 662	5 730	7 061	7 333	7 789
Umhverfismál	-	-	-	-	-	-	-	-	444	424
Ýmis mál, þ.m.t. vextir	**1 872**	**2 696**	**4 052**	**4 697**	**5 362**	**8 328**	**10 193**	**9 546**	**13 215**	**14 213**
Gjöld samtals	**17 216**	**21 433**	**31 142**	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**110 834**	**110 416**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %										
Almenn mál	9,9	8,9	9,0	9,5	10,2	10,1	9,5	10,2	9,4	10,1
Félagsmál	55,1	54,0	55,8	57,6	61,1	58,6	57,8	61,2	60,1	58,2
Atvinnumál	24,2	24,5	22,1	21,3	18,3	19,6	20,9	18,7	18,6	18,8
Ýmis mál	10,9	12,6	13,0	11,7	10,4	11,6	11,8	9,9	11,9	12,9

1) Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagjöldum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1983-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við ríkisreikning að þessu leyti.

Tafla 10 Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1983-1992

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Áætlun 1991	Frumvarp 1992
Tekin lán	**18 941**	**26 244**	**36 566**	**42 269**	**52 026**	**68 273**	**97 182**	**110 020**	**128 100**	**133 544**
Seðlabanki Íslands	915	1 897	3 683	1 693	3 059	3 448	3 221	1 600	1 000	
Spariskírteini	3 310	3 244	5 165	8 541	11 775	16 659	21 717	28 400	33 300	38 085
Ríkisvíxlar	-	-	-	-	931	725	5 892	8 150	8 150	8 750
Aðrir innlendir aðilar	2 234	1 606	2 088	2 731	6 306	7 236	7 840	10 620	11 100	10 429
Erlend lán [1]	12 482	19 497	25 630	29 304	29 955	40 205	58 512	61 250	74 550	76 280
Lánveitingar	**15 149**	**21 414**	**29 839**	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**52 975**	**59 000**	**59 800**
Veitt lán	13 048	18 182	24 737	22 985	24 182	29 967	34 433	35 975	39 000	39 800
þ.a. lán tengd innlendu verðlagi	3 114	4 168	10 517	11 596	13 476	15 795	16 331	18 425	20 500	20 900
þ.a. gengisbundin lán	9 934	14 014	14 220	11 389	10 706	14 172	18 102	17 550	18 500	18 900
Viðskiptareikningar, nettó	2 101	3 232	5 102	6 728	11 450	17 602	14 789	17 000	20 000	20 000
Tekin lán umfram lánveitingar	**3 792**	**4 830**	**6 727**	**12 556**	**16 394**	**20 704**	**47 960**	**57 045**	**69 100**	**73 744**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	80,0	81,6	81,6	70,3	68,5	69,7	50,6	48,2	46,1	44,8
Hlutfall af VLF, % [2]										
Tekin lán	25,1	26,2	28,2	27,3	24,1	25,0	30,0	31,9	34,2	35,0
þ.a. erlendar skuldir	17,1	18,5	19,5	18,3	14,5	14,7	17,9	17,9	20,1	20,1
Veitt lán	17,4	17,7	18,0	14,0	11,0	11,0	10,4	10,4	10,4	10,4
þ.a. gengisbundin lán	13,3	13,3	10,3	6,9	5,2	5,2	5,5	5,1	5,0	5,0
Viðskiptareikningar, nettó	2,5	3,4	3,7	4,0	5,0	6,4	4,6	4,9	5,3	5,3
Tekin lán umfram lánveitingar	0,6	5,1	6,5	9,3	8,0	7,6	15,0	16,6	18,6	19,3

1) Yfirtekin lán Byggðastofnunar að fjárhæð 1200 m.kr. innifalin frá og með 1991.

2) Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengisvísitölu.

II Fjárfesting

Tafla 11 Fjárfesting 1990-1992

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar [1] frá fyrra ári %		
	Bráðabtölur 1990	Spá 1991	Þjóðhagsáætlun 1992	Bráðabtölur 1990	Spá 1991	Þjóðhagsáætlun 1992
Fjárfesting alls	**66 200**	**72 100**	**76 000**	**5**	**2**	**1**
Þar af						
Landsvirkjun, járnblendiverksmiðja og álver	4 670	4 160	8 770	67	- 18	101
Innflutt skip og flugvélar	7 970	6 300	3 000	17	- 25	- 54
Útflutt skip og flugvélar	-1 040	- 100	- 100	-	-	-
Önnur fjárfesting	54 600	61 740	64 330	- 1	6	- 1
Atvinnuvegirnir	**29 820**	**32 000**	**31 100**	**12**	**1**	**- 7**
Landbúnaður [2]	1 780	1 750	1 900	- 41	- 8	3
Fiskveiðar	2 000	2 100	1 600	- 48	- 1	- 27
Vinnsla sjávarafurða	2 000	1 700	1 780	43	- 20	-
Álver Ísals	930	720	500	87	- 28	- 34
Álver Atlantsál	-	-	1 100	-	-	-
Járnblendiverksmiðja	110	40	150	- 59	- 66	258
Annar iðnaður	4 600	5 850	6 450	- 20	20	5
Flutningatæki	9 640	9 600	7 150	131	- 5	- 29
Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	4 700	4 920	4 910	- 7	- 3	- 5
Ýmsar vélar og tæki	4 060	5 320	5 560	30	25	-
Íbúðarhús	**15 000**	**15 900**	**16 200**	**-**	**- 2**	**- 3**
Fjárfestingar hins opinbera	**21 380**	**24 200**	**28 700**	**- 2**	**5**	**13**
Rafvirkjanir og rafveitur	5 030	5 400	8 050	43	- 1	42
Hita- og vatnsveitur	1 700	1 550	1 650	- 36	- 16	1
þar af hitaveitur	1 000	800	1 000	- 51	- 26	19
Samgöngumannvirki	7 250	9 150	10 700	- 7	17	11
Byggingar hins opinbera	7 400	8 100	8 300	- 8	1	- 2

1) Magnbreytingar 1989-1990 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en spá 1991 og 1992 á verðlagi fyrra árs.
2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 12 Fjárfesting, sparnaður og viðskiptajöfnuður 1990-1992

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Bráðab. 1990	Spá 1991	Þjóðhags-áætlun 1992
Verg landsframleiðsla (m.kr.)	**341 314**	**370 700**	**378 900**
Heildarfjárfesting (m.kr.)	**66 200**	**72 100**	**76 000**
Atvinnuvegir	29 820	32 000	31 100
Íbúðarhús	15 000	15 900	16 200
Opinberar framkvæmdir	21 380	24 200	28 700
Heildarfjárfesting sem hlutfall af VLF, %	**19,4**	**19,4**	**20,1**
Atvinnuvegir	8,7	8,6	8,2
Íbúðarhús	4,4	4,3	4,3
Opinberar framkvæmdir	6,3	6,5	7,6
Heildarfjárfesting, hlutfallsleg skipting, %	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Atvinnuvegir	45,0	44,4	40,9
Íbúðarhús	22,7	22,1	21,3
Opinberar framkvæmdir	32,3	33,6	37,8
Verg landsframleiðsla, magnbreyting milli ára, %	**0,0**	**0,5**	**-1,5**
Heildarfjárfesting, magnbreyting milli ára, %	**4,5**	**1,7**	**0,5**
Atvinnuvegir	11,7	1,4	-7,2
Íbúðarhús	0,0	-2,0	-3,0
Opinberar framkvæmdir	-2,4	4,8	13,1
Sem hlutfall af VLF, %			
Heildarsparnaður	16,5	16,2	15,6
- Heildarfjárfesting	-19,4	-19,4	-20,1
+Birgðabreytingar	0,2	-0,5	-
Mismunur = viðskiptajöfnuður	**-2,7**	**-3,7**	**-4,5**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 13 Opinberar framkvæmdir 1990-1992

Milljónir króna	Verðlag hvers árs			Verðlag ársins 1990		
	Bráðab. 1990	Áætlun 1991	Áætlun 1992	Bráðab. 1990	Áætlun 1991	Áætlun 1992
Rafvirkjanir og rafveitur	5 030	5 400	8 050	5 030	5 000	7 100
Þar af Landsvirkjun	3 630	3 400	6 570	3 630	3 148	5 794
Hitaveitur	1 000	800	1 000	1 000	741	882
Vatnsveitur	700	750	650	700	694	573
Vegir og brýr	2 290	2 600	2 940	2 290	2 407	2 593
Götur og holræsi	2 650	3 200	3 450	2 650	2 963	3 042
Hafnir og vitar [1]	930	1 370	1 730	930	1 269	1 526
Flugvellir [2]	350	530	1 080	350	491	952
Póstur og sími, útvarp	1 030	1 450	1 500	1 030	1 343	1 323
Skólar og íþróttamannvirki	2 800	3 000	3 300	2 800	2 778	2 910
Sjúkrahús	1 400	1 700	1 700	1 400	1 574	1 499
Félagsheimili og kirkjur	300	320	350	300	296	309
Aðrar byggingar hins opinbera	2 900	3 080	2 950	2 900	2 852	2 601
Samtals	**21 380**	**24 200**	**28 700**	**21 380**	**22 408**	**25 310**

1) Þar af höfn á Keilisnesi 450 m.kr. 1992.

2) Þar af Alþjóðaflugþjónustan 200 m. kr. 1991 og 650 m. kr. 1992 og ratsjárstöðvar 118 m.kr. 1992.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 14 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1992

Milljónir króna	Áætluð fjárfesting 1992	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum	Lántaka
Landsvirkjun	6 570 [1]	-	-	6 570
Almennar framkvæmdir RARIK	356	-	356	-
Dreifikerfi í sveitum	19	19	-	-
Orkubú Vestfjarða	100	-	100	-
Framkvæmdir sveitarfélaga	1 005	-	1 005	-
Samtals	**8 050**	**19**	**1 461**	**6 570**

1) Án vaxta á byggingartíma.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 15 Hitaveitu- og vatnsveituframkvæmdir 1992

Milljónir króna	Áætluð fjárfesting 1992	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Úr rekstri eða sjóðum	Fjármögnun: Lántaka
Hitaveitur	**1 000**	**5**	**995**	**-**
Hitaveita Reykjavíkur	800	-	800	-
Aðrar hitaveitur	195	-	195	-
Jarðhitaleit	5	5	-	-
Vatnsveitur	**650**	**-**	**650**	**650**
Vatnsveita Reykjavíkur	280	-	280	280
Aðrar vatnsveitur	370	-	370	370
Samtals	**1 650**	**5**	**1 645**	**650**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 16 Samgönguframkvæmdir 1992

Milljónir króna	Áætluð fjárfesting 1992	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Frá sveitarfélögum, fyrirtækjum og lánasjóðum	Fjármögnun: Lántaka
Vegir og brýr	2 940	2 940	-	-
Götur og holræsi	3 450	382	3 068	-
Hafnir og vitar	1 300	702	598	-
Flugvellir	312	312	-	-
Póstur og sími, útvarp [1]	1 500	-	1 500	-
Alþjóðaflugþjónustan	486	55	-	431
Höfn, Keilisnesi	450	-	-	450
Annað	262	68	194	-
Samtals	**10 700**	**4 459**	**5 360**	**881**

1) Póst- og símamálastofnunin 1.300 m.kr., hljóðvarp og sjónvarp 200 m.kr.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

II Fjárfesting

Tafla 17 Opinberar byggingar 1992

Milljónir króna	Áætluð fjárfesting 1992	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum	Lántaka
Skólar og íþróttamannvirki	3 300	850	2 450	-
Sjúkrahús	1 700	1 200	500	-
Félagsheimili og kirkjur	350	13	337	-
Aðrar opinberar byggingar	2 950	950	2 000	-
Samtals	**8 300**	**3 013**	**5 287**	**-**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 18 Opinberar framkvæmdir 1983-1992

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Áætlun 1991	Frumvarp 1992
Rafvirkjanir og rafveitur	1 510	1 550	991	899	1 177	1 882	3 103	5 030	5 400	8 050
Hitaveitur	275	457	663	630	690	1 330	1 970	1 000	800	1 000
Vatnsveitur	100	113	208	210	240	320	370	700	750	650
Vegir og brýr	504	653	874	955	1 027	1 537	1 728	2 290	2 600	2 940
Götur og holræsi	640	670	973	950	1 456	1 947	2 221	2 650	3 200	3 450
Hafnir og vitar	177	214	232	206	508	785	913	930	1 370	1 730
Flugvellir	81	220	431	712	1 528	388	521	350	530	1 080
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	362	472	552	802	1 115	752	905	1 030	1 450	1 500
Skólar og íþróttamannvirki	487	611	797	907	1 532	2 038	2 723	2 800	3 000	3 300
Sjúkrahús	370	401	558	798	754	1 234	1 336	1 400	1 700	1 700
Félagsheimili og kirkjur	90	88	182	292	149	189	217	300	320	350
Aðrar byggingar hins opinbera	148	232	389	463	966	1 565	2 067	2 900	3 080	2 950
Samtals	**4 744**	**5 681**	**6 850**	**7 824**	**11 142**	**13 967**	**18 074**	**21 380**	**24 200**	**28 700**
Hlutfallsleg skipting, %										
Rafvirkjanir og rafveitur	31,8	27,3	14,5	11,5	10,6	13,5	17,2	23,5	22,3	28,0
Hitaveitur	5,8	8,0	9,7	8,1	6,2	9,5	10,9	4,7	3,3	3,5
Vatnsveitur	2,1	2,0	3,0	2,7	2,2	2,3	2,0	3,3	3,1	2,3
Vegir og brýr	10,6	11,5	12,8	12,2	9,2	11,0	9,6	10,7	10,7	10,2
Götur og holræsi	13,5	11,8	14,2	12,1	13,1	13,9	12,3	12,4	13,2	12,0
Hafnir og vitar	3,7	3,8	3,4	2,6	4,6	5,6	5,1	4,3	5,7	6,0
Flugvellir	1,7	3,9	6,3	9,1	13,7	2,8	2,9	1,6	2,2	3,8
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	7,6	8,3	8,1	10,3	10,0	5,4	5,0	4,8	6,0	5,2
Skólar og íþróttamannvirki	10,3	10,8	11,6	11,6	13,7	14,6	15,1	13,1	12,4	11,5
Sjúkrahús	7,8	7,1	8,1	10,2	6,8	8,8	7,4	6,5	7,0	5,9
Félagsheimili og kirkjur	1,9	1,5	2,7	3,7	1,3	1,4	1,2	1,4	1,3	1,2
Aðrar byggingar hins opinbera	3,1	4,1	5,7	5,9	8,7	11,2	11,4	13,6	12,7	10,3
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

III Fjárfestingarlánasjóðir

Tafla 19 Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða 1992

Milljónir króna	Byggingasj. ríkissins	Byggingasj. verkamanna	Framkv.-sjóður	Byggða-stofnun	Atvinnu-tr.sjóður	Fiskveiða-sjóður	Iðnlána-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Stofnlánad. landb.	Útflutnings-lánasjóður	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi:	**8 625**	**8 590**	**5 480**	**2 580**	**1 950**	**7 650**	**3 780**	**1 960**	**2 115**	**300**	**-4 065**	**38 965**
Sjóðslækkun	-	-	-	-	-	-	-	-	205	-	-	**205**
Innheimtar afborganir	2 610	900	3 065	850	410	2 600	1 270	650	595	165	-2 665	**10 450**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	2 665	-	-	-	-	-	-	-	-2 665	-
hjá öðrum	2 610	900	400	850	410	2 600	1 270	650	595	165	-	**10 450**
Innheimtir vextir	3 310	330	2 390	650	290	2 300	740	600	345	30	-1 400	**9 585**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	1 400	-	-	-		-	-	-	-1 400	-
hjá öðrum	3 310	330	990	650	290	2 300	740	600	345	30	-	**9 585**
Tekin lán	2 565	5 640	-	850	1 250	2 750	1 600	600	700	100	-	**16 055**
innlend lán	2 565	5 640	-	100	1 250	-	100	50	700	-	-	**10 405**
erlend lán	-	-	-	750	-	2 750	1 500	550	-	100	-	**5 650**
Framlög og skatttekjur	-	1 390	-	200	-	-	145	-	265	-	-	**2 000**
frá ríkissjóði	-	1 075	-	200	-	-	-	-	-	-	-	**1 275**
frá sveitarfélögum	-	315	-	-	-	-	-	-	-	-	-	**315**
frá öðrum	-	-	-	-	-	-	145	-	265	-	-	**410**
Aðrar tekjur	140	330	25	30	-	-	25	110	5	5	-	**670**
Útstreymi:	**8 625**	**8 590**	**5 480**	**2 580**	**1 950**	**7 650**	**3 780**	**1 960**	**2 115**	**300**	**-4 065**	**38 965**
Sjóðsaukning	-	-	735	-	-	-	-	450	-	5	-	**1 190**
Rekstrarkostnaður	190	215	50	200	25	150	115	70	60	5	-	**1 080**
Fjárfesting	15	-	-	-	-	-	20	-	25	-	-	**60**
Greiddar afborganir	4 140	825	2 215	850	1 175	3 000	1 050	90	880	70	-2 665	**11 630**
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	430	-	800	675	-	760	-	-2 665	-
til annarra innl. aðila	4 140	825	385	170	1 175	1 700	125	-	120	-	-	**8 640**
til erlendra aðila	-	-	1 830	250	-	500	250	90	-	70	-	**2 990**
Greiddir vextir	3 460	1 190	2 480	550	750	2 250	575	260	450	15	-1 400	**10 580**
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	135	110	700	100	-	355	-	-1 400	-
til annarra innl. aðila	3 460	1 190	855	80	640	1 050	55	20	95	-	-	**7 445**
til erlendra aðila	-	-	1 625	335	-	500	420	240	-	15	-	**3 135**
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	-	-	70	-	-	-	-	**70**
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	-	-	-	-	90	-	5	-	**95**
Veitt lán og styrkir	820	6 360	-	800	-	2 250	1 950	1 000	700	200	-	**14 080**
Annað	-	-	-	180	-	-	-	-	-	-	-	**180**

Tafla 20 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1992

Allar tölur í milljónum króna	Eigin fjáröflun			Lántökur			
	Rekstur og fjárm.-hreyfingar nettó	Sjóðs- og innistæðu-breytingar	Framlög og skatt-tekjur	Innlend lán	Erlend lán	Samtals	Útlán og styrkir
Fjárfestingarlánasjóðir alls	-2 990	- 985	2 000	10 405	5 650	16 055	14 080
Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	-1 250	-	-	1 250	-	1 250	-
Byggingarsjóður ríkisins	-1 745	-	-	2 565	-	2 565	820
Byggingarsjóður verkamanna	- 670	-	1 390	5 640	-	5 640	6 360
Byggðastofnun	- 250	-	200	100	750	850	800
Framkvæmdasjóður	735	- 735	-	-	-	-	-
Fiskveiðasjóður	- 500	-	-	-	2 750	2 750	2 250
Iðnlánasjóður	205	-	145	100	1 500	1 600	1 950
Iðnþróunarsjóður	850	- 450	-	50	550	600	1 000
Stofnlánadeild landbúnaðarins	- 470	205	265	700	-	700	700
Útflutningslánasjóður	105	- 5	-	-	100	100	200

III Fjárfestingarlánasjóðir

Tafla 21 Byggingarsjóður ríkisins 1990-1992

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 1990	Áætlun 1991	Frumvarp 1992
Innstreymi	**13 527**	**11 477**	**8 625**
Ríkissjóður	44	-	-
Lífeyrissjóðir	7 279	5 760	2 565
Skyldusparnaður, nettó			-
Skammtímalán hjá ríkissjóði o.fl.	1 329	300	-
Afborganir, vextir og verðbætur	4 413	5 100	5 920
Byggingarsjóður verkamanna, endurgreiðslur	81	19	-
Tekjur tæknideildar	52	80	40
Annað	31	83	100
Sjóðsminnkun	459	335	-
Útstreymi	**13 527**	**11 477**	**8 625**
Rekstrarkostnaður	294	250	205
Afborganir, vextir og verðbætur	4 102	5 850	6 700
Uppgjör á skammtímaláni hjá ríkissjóði	-	600	900
Lán til Byggingarsjóðs verkamanna	97	107	170
Veitt lán	8 856	4 600	650
Annað	178	70	-

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins

III Fjárfestingarlánasjóðir

Tafla 22 Byggingarsjóður verkamanna 1990-1992

	Reikningur 1990	Áætlun 1991	Frumvarp 1992
Innstreymi	**4 961**	**6 894**	**8 590**
Ríkissjóður	490	900	1 075
Framlag sveitarfélaga	172	200	315
Kaupendur eldri íbúða	49	65	75
Byggingarsjóður ríkisins	116	107	170
Lífeyrissjóðir	2 973	4 490	5 470
Afborganir, vextir og verðbætur	620	720	1 230
Verðbætur á framkvæmdalán vegna uppgjörs	415	290	210
Sjóðsminnkun	116	97	-
Annað	10	25	45
Útstreymi	**4 961**	**6 894**	**8 590**
Rekstrarkostnaður o.fl.	109	150	215
Afborganir, vextir og verðbætur	986	1 560	2 015
Byggingarsjóður ríkisins, endurgreiðslur	81	19	-
Veitt lán	3 785	5 165	6 360

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 23 Greiðslujöfnuður við útlönd 1990-1992

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	Bráðab.-tölur 1990	Spá 1991	Þjóðhags-áætlun 1992
Vöruskiptajöfnuður	**4 800**	**700**	**-3 900**
Útfluttar vörur, alls	**92 452**	**93 800**	**88 900**
Sjávarafurðir	69 898	72 510	65 000
Ál og kísiljárn	12 017	10 690	12 990
Skip og flugvélar	1 039	100	100
Annað	9 498	10 500	10 810
Innfluttar vörur alls	**-87 652**	**-93 100**	**-92 800**
Sérstakur vöruinnflutningur	-14 045	-12 800	-12 200
Skip og flugvélar	-7 968	-6 300	-3 000
Annað	-6 077	-6 500	-9 200
Almennur innflutningur	-73 607	-80 300	-80 600
Olía	-8 343	-7 615	-7 560
Annað	-65 264	-72 685	-73 040
Þjónustujöfnuður	**-14 020**	**-14 400**	**-13 000**
Þjónustujöfnuður án vaxta	**357**	**- 300**	**500**
Útflutt þjónusta án vaxta	33 600	35 500	38 100
Innflutt þjónusta án vaxta	-33 243	-35 800	-37 600
Vaxtajöfnuður	**-14 377**	**-14 100**	**-13 500**
Viðskiptajöfnuður	**-9 220**	**-13 700**	**-16 900**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	-2,7	-3,7	-4,5
Framlög án endurgjalds	**6**	**0**	**0**
Fjármagnsjöfnuður	**11 982**	**19 500**	**11 900**
Langar lántökur, nettó	14 947	18 200	8 800
Innkomin löng lán, alls	26 317	33 500	28 000
Afborganir	11 370	15 300	19 200
Stuttar fjármagnshreyfingar	-2 965	1 300	3 100
Skekkjur og vantalið	**1 560**	0	0
Heildargreiðslujöfnuður = Breyting á gjaldeyrisstöðu	**4 328**	**5 800**	**-5 000**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 24 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði 1983-1992

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Áætlun 1991	Frumvarp 1992
Löng erlend lán	-32 127	-42 559	-60 857	-75 082	-83 806	-105 470	-151 098	-178 514	-201 100	-209 900
Erlend skammtímastaða nettó	-1 343	-2 606	-9 339	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-7 130	-8 900	-12 000
Gjaldeyrisstaða	2 280	1 763	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	30 500	25 500
Nettó staða við útlönd	**-31 190**	**-43 402**	**-62 899**	**-71 362**	**-84 154**	**-106 349**	**-142 386**	**-161 771**	**-179 500**	**-196 400**
Hlutfall af VLF, %										
Löng erlend lán	48,8	48,6	51,1	47,3	40,3	41,4	50,3	52,3	54,2	55,4
Nettó staða	47,4	49,6	52,8	45,0	40,4	41,8	47,4	47,4	48,4	51,8
Greiðslubyrði erlendra lána:										
Afborganir af löngum erlendum lánum	2 674	4 278	4 456	5 937	5 777	6 599	9 104	11 378	15 300	19 200
Vaxtagreiðslur af löngum lánum	2 974	4 177	5 259	6 152	6 158	7 594	12 295	14 376	14 600	15 300
Samtals	5 648	8 455	9 715	12 089	11 935	14 193	21 399	25 754	29 900	34 500
Nettó vaxtagreiðslur	3 050	4 555	5 605	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 100	13 500
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af löngum erlendum lánum	9,7	12,3	8,8	9,3	7,7	7,7	8,2	8,9	11,7	15,0
Vaxtagreiðslur af löngum lánum	10,8	12,0	10,4	9,6	8,3	8,9	11,1	11,2	11,2	11,9
Samtals	20,6	24,3	19,2	18,9	16,0	16,6	19,3	20,1	22,8	26,9
Nettó vaxtagreiðslur	11,1	13,1	11,1	9,7	8,3	9,6	11,7	11,2	10,8	10,5
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	20,8	25,4	19,9	19,0	16,1	17,3	19,9	20,1	22,5	25,5
Verg landsframleiðsla	65 837	87 508	119 091	158 597	208 099	254 639	300 595	341 314	370 700	378 900
Útflutningstekjur	27 456	34 792	50 490	63 938	74 544	85 266	110 838	127 865	130 900	128 400

Heimild: Seðlabanki Íslands.

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 25 Löng erlend lán flokkuð eftir lánnotendum 1983-1992

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Áætlun 1991	Frumvarp 1992
Lántökur	**5 577**	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 103**	**26 585**	**33 500**	**28 000**
Opinberir aðilar	3 705	4 111	5 727	5 816	3 213	4 949	9 771	8 419	19 800	13 600
Lánastofnanir	908	1 982	1 945	2 106	3 187	3 670	4 968	4 722	3 500	5 600
Einkaaðilar	964	1 416	2 260	4 120	6 419	8 013	11 364	13 444	10 200	8 800
Afborganir	**2 674**	**4 278**	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 378**	**15 300**	**19 200**
Opinberir aðilar	1 084	1 546	1 791	2 680	2 534	1 978	2 973	3 293	4 155	7 900
Lánastofnanir	351	491	658	603	455	459	630	1 029	2 110	3 700
Einkaaðilar	1 239	2 241	2 007	2 654	2 788	4 162	5 501	7 056	9 035	7 600
Nettó hreyfing	**2 903**	**3 231**	**5 476**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 999**	**15 207**	**18 200**	**8 800**
Opinberir aðilar	2 621	2 565	3 936	3 136	679	2 971	6 798	5 126	15 645	5 700
Lánastofnanir	557	1 491	1 287	1 503	2 732	3 211	4 338	3 693	1 390	1 900
Einkaaðilar	- 275	- 825	253	1 466	3 631	3 851	5 863	6 388	1 165	1 200
Vaxtagreiðslur	**2 974**	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 376**	**14 600**	**15 300**
Opinberir aðilar	2 013	2 894	3 656	4 382	4 258	4 918	7 218	7 642	7 750	8 650
Lánastofnanir	298	449	692	806	880	1 247	2 372	2 868	3 050	2 950
Einkaaðilar	663	834	911	964	1 020	1 429	2 705	3 866	3 800	3 700
Staða í árslok	**32 127**	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 471**	**151 098**	**178 514**	**201 100**	**209 900**
Opinberir aðilar	21 973	29 475	42 293	50 755	52 294	62 813	86 324	98 470	116 500	122 200
Lánastofnanir	3 400	5 693	8 735	11 778	14 943	20 264	30 247	35 876	38 000	39 800
Einkaaðilar	6 754	7 391	9 829	12 549	16 569	22 394	34 527	44 168	46 600	47 900
Gengisforsendur; SDR = Krónur	26,6	32,4	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	81,8	81,8
Meðalvextir	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**7,9**	**7,5**
Opinberir aðilar	10,1	10,6	9,3	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,6	7,3
Lánastofnanir	9,6	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	8,8	8,7	8,2	7,6
Einkaaðilar	9,6	10,4	9,5	8,4	7,4	7,3	9,0	9,8	8,4	7,9

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 26 Verðlags- og launaþróun 1983-1992

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Spá 1991	Þjóðhags-áætlun 1992
Vísitölur (1980 = 100)										
Framfærsluvísitala	420	543	718	871	1 034	1 297	1 571	1 804	1 926	2 036
Byggingarvísitala	403	505	668	832	979	1 153	1 420	1 673	1 807	1 879
Lánskjaravísitala	408	546	713	888	1 043	1 287	1 524	1 760	1 892	1 968
Meðalgengi	386	448	573	659	684	781	982	1 094	1 094	1 094
Verðvísitala samneyslu	380	462	623	790	1 004	1 243	1 442	1 603	1 717	1 768
Verðvísitala einkaneyslu	421	558	740	889	1 038	1 299	1 572	1 805	1 928	2 034
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	416	533	702	871	1 051	1 296	1 551	1 761	1 904	1 976
Atvinnutekjur á mann	376	481	685	911	1 303	1 607	1 816	2 007	2 188	2 253
Ráðstöfunartekjur á mann	395	505	743	977	1 424	1 737	1 954	2 150	2 344	2 402
Kaupmáttur atvinnutekna	89	86	93	102	126	124	116	111	113	110
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	94	93	104	112	138	134	123	118	120	116
Breyting milli ára, %										
Framfærsluvísitala	84,3	29,2	32,4	21,3	18,8	25,4	21,1	14,8	6,8	5,5
Byggingarvísitala	70,8	22,2	32,1	24,5	17,6	17,8	23,1	17,8	8,0	4,0
Lánskjaravísitala	79,4	33,8	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4	15,4	7,5	4,0
Meðalgengi	83,4	16,3	27,8	15,0	3,7	14,2	25,8	11,4	0,0	0,0
Verðvísitala samneyslu	66,1	21,4	34,9	26,9	27,1	23,9	16,0	11,2	7,2	3,0
Verðvísitala einkaneyslu	83,0	32,5	32,6	20,2	16,7	25,1	21,1	14,8	6,8	5,5
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	79,6	28,1	31,7	24,0	20,7	23,8	19,7	13,5	8,1	3,8
Atvinnutekjur á mann	56,5	27,8	42,5	33,0	43,0	23,3	13,0	10,5	9,0	3,0
Ráðstöfunartekjur á mann	59,3	27,8	47,1	31,5	45,8	22,0	11,5	10,0	9,0	2,5
Kaupmáttur atvinnutekna	-14,5	-3,5	7,5	10,6	22,5	-1,4	-6,7	-3,7	2,0	-2,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	-12,8	-3,4	10,9	9,4	24,9	-2,5	-7,9	-4,2	2,0	-3,0

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

V Efnahagsmál

Tafla 27 Þjóðhagsyfirlit 1983-1992

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Spá 1991	Þjóðhags-áætlun 1992
1. Einkaneysla	39 418	53 886	74 705	96 933	131 712	158 200	181 000	207 800	227 500	233 300
2. Samneysla	11 559	14 056	20 136	27 291	36 791	47 468	56 368	63 750	70 700	73 000
3. Fjárfesting	14 127	18 356	24 460	29 684	41 042	48 032	55 510	66 200	72 100	76 000
4. Neysla og fjárfesting alls	65 104	86 298	119 301	153 908	209 545	253 700	292 878	337 750	370 300	382 300
5. Birgðabreytingar	-1 070	786	- 978	-2 094	- 416	1 850	- 885	-1 827	-	-
6. Þjóðarútgjöld alls	**64 034**	**87 084**	**118 323**	**151 814**	**209 129**	**255 550**	**291 993**	**335 923**	**370 300**	**382 300**
7. Útflutningur vöru og þjónustu	27 078	34 295	49 819	63 125	73 466	84 131	108 968	125 604	129 300	127 000
8. Innflutningur vöru og þjónustu	25 275	33 871	49 051	56 342	74 496	85 042	100 366	120 213	128 900	130 400
9. Verg landsframleiðsla	**65 837**	**87 508**	**119 091**	**158 597**	**208 099**	**254 639**	**300 595**	**341 314**	**370 700**	**378 900**
10. Vaxtajöfnuður o.fl	-3 066	-4 554	-5 584	-6 229	-6 203	-8 333	-13 217	-14 610	-14 100	-13 500
11. Viðskiptajöfnuður (7-8+10)	-1 263	-4 130	-4 816	554	-7 233	-9 244	-4 615	-9 219	-13 700	-16 900
12. Verg þjóðarframleiðsla (9+10)	**62 771**	**82 954**	**113 507**	**152 368**	**201 896**	**246 306**	**287 378**	**326 704**	**356 600**	**365 400**
13. Magnbreyting VLF, %	-3,9	3,8	3,4	7,4	8,7	-0,8	-1,3	0,0	0,5	-1,5
14. Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-1,9	-4,7	-4,0	0,3	-3,5	-3,6	-1,5	-2,7	-3,7	-4,5

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Fylgiskjal

Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér fer á eftir yfirlit um þær lagabreytingar sem gengið er út frá í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Sótt verður um nauðsynlegar heimildir til breytinga á lögum til skerðingar á framlögum og til innlendrar og erlendrar lántöku ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Auk þess verður leitað heimilda til ábyrgðaveitinga og skuldbreytinga á lánum ríkissjóðs og fleiri aðila.

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar frumvarpsins

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Ákvörðun persónuafsláttar og fleiri atriði liða sem ekki eru tengd skattvísitölu ásamt endurskoðun afsláttar- og endurgreiðsluliða.

Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Framlenging núgildandi ákvæða laga nr. 127/1989, um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Lög um aukatekjur ríkissjóðs. Lögum nr. 79/1975 verður breytt, m.a. vegna gildistöku laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og vegna nýrra og breyttra þjónustugjalda.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar frumvarpsins

Ríkisútvarpið. Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu aðflutningsgjöld af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum til þeirra renna í ríkissjóð á árinu 1992.

Listskreytingasjóður ríkisins. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi vera hærra en 12.000 þús.kr. á árinu 1992.

Þjóðminjalög. Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10.500 þús. kr. á árinu 1992.

Kvikmyndasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 91.500 þús.kr. á árinu 1992.

Menningarsjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi nema hærri fjárhæð en 6.000 þús.kr. á árinu 1992.

Endurbætur menningarbygginga. Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1992 heimilt að ráðstafa fé af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við Bessastaði.

Grunnskólar. Ákvæði 75. gr. laga nr. 49/1991, um grunnskóla, sbr. 2. mgr. ákvæða til bráðabirgða, komi ekki til framkvæmda fyrir skólaárið 1992-93.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lög nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, verða endurskoðuð með það í huga að treysta eiginfjárstöðu Lánasjóðs íslenskra námsmanna til frambúðar.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1992.

Sala ríkisjarða. Lög nr. 64/1976, ábúðalög, og lög nr. 65/1976, jarðalög, verða endurskoðuð til að auðvelda sölu ríkisjarða.

Búvörulög. Þrátt fyrir ákvæði 37. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal framlag í Framleiðnisjóð landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 340.000 þús. kr.

Gjald af sláturleyfum. Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

Jarðræktarframlög. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 84/1989, um búfjárrækt og nr. 56/1987 um jarðrækt, skal framlag úr ríkissjóði vegna þeirra eigi vera hærra en 149.000 þús. kr. á árinu 1992. Jafnframt verði greiðsluskylda ríkissjóðs samkvæmt jarðræktarlögum endurskoðuð.

Stofnlánadeild landbúnaðarins og Lífeyrissjóður bænda. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildar eigi nema hærri fjárhæð en 54.000 þús. kr. á árinu 1992 og er þetta framlag vegna Lífeyrissjóðs bænda.

Fiskveiðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1992.

Stjórn fiskveiða. Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal veiðieftirlitsgjald standa að fullu undir kostnaði tengdum veiðieftirliti.

Hagræðingarsjóður. Lögum nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, verður breytt þannig að aflaheimildir sjóðsins verða fénýttar og tekjunum varið til starfsemi Hafrannsóknastofnunar.

Kirkjugarðsgjald. Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, sbr. lög nr. 89/1987, skal hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækka um 20% á árinu 1992.

Kosningalög. Lögum nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, verður breytt til að draga úr auglýsingakostnaði vegna Alþingiskosninga.

Umferðalög. Lögum nr. 50/1987, umferðalögum, verður breytt vegna umfangs og ráðstöfunar prófgjalda.

Kirkjubyggingasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1992. Í ráði er að fella framlagsskyldu ríkissjóðs úr lögunum.

Húsnæðisstofnun ríkisins. Felldur verði niður 2. tl. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 47/1991, um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Framkvæmdasjóður fatlaðra. Lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, verður breytt þannig að verja megi allt að þriðjungi af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhaldsverkefna.

Ríkisábyrgð á launum. Lög nr. 88/1990, um ríkisábyrgð á launum, verða endurskoðuð og ábyrgð ríkissjóðs takmörkuð frá því sem nú er, eða afnumin og í stað þeirra sett ný lög um ábyrgðasjóð launa við gjaldþrot.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs á árinu 1992 falla niður.

Almannatryggingar. Lagt verður fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 67/1971, um breytingar á bótum og kostnaðarþátttöku almannatrygginga. Einnig verður daggjaldanefnd lögð niður.

Slysatryggingar. Þrátt fyrir ákvæði 36. gr. laga nr. 67/1971, almannatryggingalaga, skal framlag ríkissjóðs til varasjóðs slysatrygginga falla niður á árinu 1992.

Eftirlaunasjóður aldraðra. Frumvarp að nýjum lögum um eftirlaun aldraðra verður lagt fram á þessu þingi. Eldri lög, nr. 2/1985, sbr. lög nr. 130/1989, falla úr gildi í lok þessa árs.

Gæsluvistarsjóður. Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, skal framlag ríkissjóðs til Gæsluvistarsjóðs falla niður.

Atvinnuleysistryggingasjóður. Lög nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar, verða endurskoðuð. Bótagreiðslur verða samræmdar og rekstrarfyrirkomulag einfaldað.

Eiturefnanefnd. Lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, verða endurskoðuð. M.a. verður eiturefnanefnd lögð niður og störf hennar falin eiturefnaeftirliti Hollustuverndar ríkisins.

Heilbrigðisþjónusta. Lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu verða endurskoðuð. Kvartananefnd verður lögð niður og útboð á heilbrigðisþjónustu heimiluð.

Lyfsölusjóður. Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 49/1978, lyfjalaga, skal framlag ríkissjóðs til lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 900 þús.kr. á árinu 1992.

Lyfjalög. Lög nr. 49/1978, lyfjalög, verða endurskoðuð, til þess að afnema ýmis höft í lyfjaviðskiptum, leggja niður Lyfjaverðlagsnefnd o.fl.

Hafnalög. Ákvæði laga nr. 45/1973, hafnalaga, sem segja til um greiðslu kostnaðar við hafnargerð, verða endurskoðuð með það að markmiði að draga úr kostnaðarhlutdeild ríkssjóðs og hvetja til betri nýtingar á því fé, sem varið er til hafnaframkvæmda.

Hafnabótasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, um Hafnabótasjóð, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 90.000 þús.kr. á árinu 1992.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri fjárhæð en 68.000 þús.kr. á árinu 1992.

Skipaútgerð ríkisins. Lög nr. 40/1967, um Skipaútgerð ríkisins, verða endurskoðuð.

Iðnlánasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 5. gr. og 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins falla niður á árinu 1992.

Eyðing refa og minka. Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 9.700 þús.kr. á árinu 1992.

Skipulagsgjald. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, sbr. lög nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1992.

Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð A- og B-hluti

A

Bls.

Aðallögreglustöð, Lögreglustjórinn í Reykjavík 101
Aðalstöðvar, RALA 78
Aðrar sérstofnanir og verkefni, Háskóli Íslands 17
Afgreiðsludeild, Námsgagnastofnun 35
Aflaskýrslur, Hafrannsóknastofnun 88
Almannavarnir ríkisins 101
Almenn löggæsla, Lögreglustjórinn í Reykjavík 101
Almenn starfsemi, Veðurstofa Íslands 204
Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður 28
Almennt, skólar fyrir fatlaða 51
Alþingi 11
Alþingiskostnaður 11
Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF 74
Alþjóðaflugþjónusta 188
Alþjóðaflugþjónustan (B-hluti) 228
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, ICNAF, NEAFC) 75
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO 75
Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC 75
Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið 75
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA 75
Alþjóðanáttúruverndarsambandið 75
Alþjóðaráðstefnur, utanríkisráðuneyti 68
Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL 75
Alþjóðasamband um byggingarskipulag 75
Alþjóðasamstarf þingmanna 11
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMCO 75
Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB 75
Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC 193
Alþjóðastofnanir 75
Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga 75
Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO 75
Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO 75
Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni 64
Alþjóðleg samskipti 64
Alþjóðlegar skuldbindingar vegna ósonmála 201
Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands, Hafrannsóknastofnun 88
Alþýðuskólinn Eiðum 45
Amtsbókasafn, ... 60

Bls.
Annar skiparekstur, Hafrannsóknastofnun 88
Arnarhvoll (B-hluti) 224
Arnarhvoll, viðhald 181
ASÍ, menningar- og fræðslusamband alþýðu 132
ASÍ, norræni verkalýðsskólinn í Genf 132
Atlantshafsbandalagið, NATO 75
Atvinnuleit, málefni fatlaðra, Austurlandi 126
Atvinnuleit, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 125
Atvinnuleit, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 125
Atvinnuleit, málefni fatlaðra, Reykjavík 123
Atvinnuleit, málefni fatlaðra, Suðurlandi 127
Atvinnuleit, málefni fatlaðra, Vesturlandi 124
Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna 135
Atvinnuleysistryggingasjóður 135
Atvinnuleysistryggingasjóður (B-hluti) 222
Atvinnumál einhverfra 127
Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni 131
Atvinnurekstrarframtöl o.fl. 178

Á

Áburðarverksmiðja ríkisins (B-hluti) 215
Áfengis- og fíkniefnamál 102
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (B-hluti) 223
Áfengisvarnaráð 171
Áfengisvarnir og bindindismál 171
Ár fjölskyldunnar 133
Átak í vatnsorkurannsóknum 194

B

Bandalag íslenskra leikfélaga 62
Bandalag íslenskra listamanna 63
Bandalag íslenskra skáta 65
Bandalag íslenskra skáta, Úlfljótsvatn 65
Barnaverndarráð Íslands 55
Bárugata 3, Vísindaráð 23
Beinar greiðslur til bænda 83
Bernarsambandið 75
Bessastaðir, mannvirkjagerð 12
Bessastaðir, viðhald 11
Biskup Íslands 117
Blindrabókasafn Íslands 59
Boðunardeild, Lögreglustjórinn í Reykjavík 101
Borgardómarinn í Reykjavík 94
Borgarfógetinn í Reykjavík 95

Bls.
Borgarspítali og St. Jósefsspítali, Landakoti 145
Bókasafn og gagnasmiðja, Kennaraháskóli Íslands 21
Bókaútgáfa, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 19
Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins 182
Bókmenntakynningarsjóður 62
Brautarskóli, fullorðinsfræðsla fatlaðra 53
Breytingar á húsnæði, tölvulagnir o.fl., húsnæði og búnaður sýslumanna 115
Bréfaskólinn 36
Bridgesamband Íslands 65
Brunamálastofnun ríkisins 130
Brunamálastofnun ríkisins 130
Búnaðarfélag Íslands 78
Búnaðarmál, ýmis verkefni 84
Byggða- og minjasöfn, ... 59
Byggðastofnun 15
Bygging prestssetra 118
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 90
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 146
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna 24
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna (B-hluti) 207
Byggingarsjóður ríkisins (B-hluti) 220
Byggingarsjóður verkamanna 121
Byggingarsjóður verkamanna 121
Byggingarsjóður verkamanna (B-hluti) 221
Byggingarþjónustan 193
Bændaskólinn á Hólum 85
Bændaskólinn á Hvanneyri 84

D

Dagvist fatlaðra forskólabarna, skólar fyrir fatlaða 51
Dagvist Siglufirði, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 125
Dagvistun Akranesi, málefni fatlaðra, Vesturlandi 124
Dagvistun Bjarkarási, Styrktarfélag vangefinna 128
Dagvistun Keflavík, málefni fatlaðra, Reykjanesi 123
Dagvistun Lyngási, Styrktarfélag vangefinna 128
Dagvistun Lækjarási, Styrktarfélag vangefinna 128
Dalbrautarskóli 53
Dómhús 182
Dómkröfur 183
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 92
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti (B-hluti) 218
Dómsmál, ýmis kostnaður 99
Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum 99
Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir 196
Dýralæknir fisksjúkdóma 82
Dýralæknisbústaðir, óskipt 82

E

Bls.

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD 75
Eftirlaunasjóður aldraðra 135
Eftirlit og eftirlitsferðir, yfirdýralæknir 82
Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki, FAO 75
Eftirmeðferðardeild, Meðferðarheimilið Tindar 55
Einangrunarstöð í Hrísey 82
Einangrunarstöð í Hrísey (B-hluti) 216
Einholtsskóli 53
Einkaleyfastofan 191
Eiturefnaeftirlit, Hollustuvernd ríkisins 137
Eldi sjávardýra 90
Embætti forseta Íslands 11
Endurhæfing, málefni fatlaðra, Austurlandi 126
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands 139
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri 139
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík 139
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 139
Endurmenntun sálfræðinga, grunnskólar 51
Endurmenntun, framhaldsskólar 29
Endurmenntun, Kennaraháskóli Íslands 21
Endurnýjun ökutækja 103
Erlend samskipti, Rannsóknaráð ríkisins 23
Evreka 64
Evreka, iðja og iðnaður 193
Evrópska lyfjaskráin 147
Evrópubandalagið, vísindasamstarf 64
Evrópuráðið 75

F

Fangahjálp 117
Fangamál, ýmis kostnaður 117
Fangavarðaskóli 117
Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu 115
Fangelsi, sýslumaðurinn Akureyri 109
Fangelsið Kópavogsbraut 115
Fangelsið Kvíabryggju 116
Fangelsið Litla-Hrauni 116
Fangelsið Síðumúla 115
Fangelsisbyggingar 117
Fangelsismálastofnun ríkisins 115
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf 73
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu 73
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York 72
Fasteignamat ríkisins 180

Bls.
Fasteignir ríkissjóðs (B-hluti) . . . 225
Fasteignir, Rannsóknastofnun landbúnaðarins . . . 79
Fasteignir, skólar fyrir fatlaða . . . 52
Fálkaorðan . . . 11
Ferðaleikhúsið . . . 63
Ferðamál samkvæmt 8. gr. laga nr. 79/1985 . . . 189
Ferðamálaráð . . . 189
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda . . . 189
Ferjubryggjur . . . 187
Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi . . . 74
Félagasamtök, styrkir . . . 132
Félagsdómur . . . 131
Félagslegar íbúðir fyrir fatlaða . . . 122
Félagsmál, ýmis starfsemi . . . 132
Félagsmálaráðuneyti . . . 121
Félagsmálaráðuneyti (B-hluti) . . . 220
Félagsmálaskóli alþýðu . . . 132
Félagsstofnun stúdenta . . . 24
Félög, styrkir . . . 67
Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt, . . . 79
Fiskeldi, Fjölbrautaskóli Suðurlands . . . 32
Fiskifélag Íslands . . . 87
Fiskvinnsluskólinn . . . 38
Fíkniefnamál . . . 102
Fjallvegir . . . 185
Fjarkennsla . . . 36
Fjarkennsla og námskeiðahald, Fósturskóli Íslands . . . 39
Fjármálaráðuneyti . . . 173
Fjármálaráðuneyti (B-hluti) . . . 223
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri . . . 141
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði . . . 140
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað . . . 142
Fjölbrautaskóli Suðurlands . . . 32
Fjölbrautaskóli Suðurnesja . . . 30
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi . . . 31
Fjölbrautaskólinn Ármúla . . . 30
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki . . . 31
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti . . . 29
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ . . . 33
Fjölskylduheimilið Reynilundi 4 . . . 52
Fjölstofnarannsóknir, Hafrannsóknastofnun . . . 88
Flensborgarskóli, fjölbraut . . . 30
Flóabátar og vöruflutningar . . . 186
Flugbjörgunarsveitir . . . 189
Flugeftirlitsnefnd . . . 185
Fluggæsla . . . 103
Flugleiðsöguþjónusta . . . 188
Flugmálastjórn . . . 188

Bls.
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) 212
Flugstöð Leifs Eiríkssonar (B-hluti) 213
Flugumferðarþjónusta 188
Flugvalladeild, Flugmálastjórn 188
Flugvallagjöld 188
Flugvellir, framkvæmdir 188
Forfallakennsla, framhaldsskólar 29
Forföll fangavarða 117
Formennska Íslands í EFTA 68
Forsætisráðuneyti 14
Fósturskóli Íslands 39
Framhaldsdeildir, framhaldsskólar 29
Framhaldsskólar, almennt 29
Framhaldsskólar, óskipt 29
Framhaldsskólinn á Húsavík 34
Framhaldsskólinn á Laugum 34
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 33
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 31
Framkvæmd aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði 93
Framkvæmd laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga 132
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins 181
Framkvæmdasjóður aldraðra 147
Framkvæmdasjóður fatlaðra 129
Framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar 75
Framleiðnisjóður landbúnaðarins 84
Framleiðsludeild, Námsgagnastofnun 35
Friðlýsingarsjóður 202
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) 212
Fríkirkjuvegur 7, Listasafn Íslands 58
Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA 75
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna 189
Fræðslumyndasafn, Námsgagnastofnun 35
Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis 50
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra 49
Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra 49
Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis 48
Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis 48
Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis 50
Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis 49
Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis 48
Fræðsluskrifstofur, almennt 50
Frönsk-íslensk orðabók 63
Fullorðinsfræðsla 36
Fullorðinsfræðsla fatlaðra 53
Fyrirhleðslur 80

G

Bls.
Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu 67
Garðvangur, Garði 153
Garðvangur, Garði 153
Garðyrkjuskóli ríkisins 85
Geislavarnir ríkisins 138
Gerð leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir 201
Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands 139
Gistiheimili Kópavogi, málefni fatlaðra, Reykjanesi 123
Gjaldheimtan í Reykjavík 178
Gjaldheimtur og innheimtukostnaður 178
Gjöf Jóns Sigurðssonar 14
Glíma, kynning í skólum 65
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu 83
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 129
Grunnskólar, Austurlandi 47
Grunnskólar, almennt 50
Grunnskólar, Norðurlandi eystra 47
Grunnskólar, Norðurlandi vestra 47
Grunnskólar, óskipt, grunnskólar 51
Grunnskólar, Reykjanesi 46
Grunnskólar, Reykjavík 46
Grunnskólar, Suðurlandi 48
Grunnskólar, Vestfjörðum 47
Grunnskólar, Vesturlandi 46
Gunnarsholt, viðbygging 80
Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi 90
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kípur, UNFICYP 75
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs 75
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL 75

H

Hafnabótasjóður (B-hluti) 228
Hafnabótasjóður, framlag 187
Hafnamannvirki 187
Hafnamál 187
Hafnarannsóknir og mælingar 187
Hafnarstræti, Akureyri, innrétting skattstofu 181
Hafrannsóknastofnun 87
Hagstofa Íslands 199
Hagþjónusta landbúnaðarins 78
Hallgrímskirkja 120
Happdrætti Háskóla Íslands (B-hluti) 205
Háskóla- og rannsóknastarfsemi 24

Bls.
Háskólabíó (B-hluti) . . . 206
Háskólabókasafn . . . 17
Háskólastarfsemi, óskipt . . . 24
Háskóli Íslands . . . 17
Háskóli Sameinuðu þjóðanna . . . 74
Háskólinn á Akureyri . . . 20
Hegningarhúsið í Reykjavík . . . 115
Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis . . . 63
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti . . . 134
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti (B-hluti) . . . 222
Heilbrigðiseftirlit, Hollustuvernd ríkisins . . . 137
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi . . . 148
Heilsugæsla í Garðabæ samkvæmt samningi . . . 146
Heilsugæslustöðin Akranesi . . . 155
Heilsugæslustöðin Akureyri . . . 161
Heilsugæslustöðin Álftamýri . . . 155
Heilsugæslustöðin Árbæ . . . 155
Heilsugæslustöðin Blönduósi . . . 160
Heilsugæslustöðin Bolungarvík . . . 159
Heilsugæslustöðin Borgarnesi . . . 156
Heilsugæslustöðin Búðardal . . . 157
Heilsugæslustöðin Dalvík . . . 161
Heilsugæslustöðin Djúpavogi . . . 165
Heilsugæslustöðin Egilsstöðum . . . 163
Heilsugæslustöðin Eskifirði . . . 164
Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði . . . 165
Heilsugæslustöðin Flateyri . . . 158
Heilsugæslustöðin Fossvogi . . . 155
Heilsugæslustöðin Garðabæ . . . 169
Heilsugæslustöðin Grundarfirði . . . 157
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði . . . 169
Heilsugæslustöðin Hellu . . . 167
Heilsugæslustöðin Hlíðum . . . 155
Heilsugæslustöðin Hólmavík . . . 159
Heilsugæslustöðin Hraunbergi . . . 155
Heilsugæslustöðin Húsavík . . . 162
Heilsugæslustöðin Hvammstanga . . . 159
Heilsugæslustöðin Hveragerði . . . 168
Heilsugæslustöðin Hvolsvelli . . . 167
Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði . . . 165
Heilsugæslustöðin Ísafirði . . . 158
Heilsugæslustöðin Keflavík . . . 169
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri . . . 166
Heilsugæslustöðin Kópaskeri . . . 162
Heilsugæslustöðin Kópavogi . . . 170
Heilsugæslustöðin Laugarási . . . 167
Heilsugæslustöðin Miðbæ . . . 155
Heilsugæslustöðin Mjódd . . . 155

Bls.
Heilsugæslustöðin Neskaupstað . . . 164
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði . . . 161
Heilsugæslustöðin Ólafsvík . . . 156
Heilsugæslustöðin Patreksfirði . . . 157
Heilsugæslustöðin Raufarhöfn . . . 162
Heilsugæslustöðin Reykjalundi . . . 170
Heilsugæslustöðin Sauðárkróki . . . 160
Heilsugæslustöðin Selfossi . . . 168
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi . . . 170
Heilsugæslustöðin Seyðisfirði . . . 164
Heilsugæslustöðin Siglufirði . . . 160
Heilsugæslustöðin Stykkishólmi . . . 156
Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum . . . 166
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal . . . 166
Heilsugæslustöðin Vopnafirði . . . 163
Heilsugæslustöðin Þingeyri . . . 158
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn . . . 168
Heilsugæslustöðin Þórshöfn . . . 163
Heilsugæslustöðvar í Reykjavík . . . 155
Heilsugæslustöðvar, almennt . . . 154
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík . . . 155
Heimili mænuskaddaðra við Grensásdeild . . . 146
Heimilisiðnaðarskólinn . . . 36
Helgarvistun, málefni fatlaðra, Reykjanesi . . . 123
Hellugerð o.fl., fangelsið Litla-Hrauni . . . 116
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands . . . 137
Heyrnarmælingaklefar . . . 154
Heyrnleysingjaskólinn . . . 54
Héraðsbúnaðarsambönd . . . 83
Héraðsdómarar samkvæmt lögum nr. 27/1990 . . . 95
Héraðsdómari á Austurlandi . . . 95
Héraðsdómari á Norðurlandi . . . 95
Héraðsdómari á Vestfjörðum . . . 95
Héraðsdómur Austurlands . . . 97
Héraðsdómur Norðurlands eystra . . . 97
Héraðsdómur Norðurlands vestra . . . 97
Héraðsdómur Reykjaness . . . 98
Héraðsdómur Reykjavíkur . . . 96
Héraðsdómur Suðurlands . . . 97
Héraðsdómur Vestfjarða . . . 96
Héraðsdómur Vesturlands . . . 96
Héraðsdýralæknar . . . 82
Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi . . . 140
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra . . . 136
Héraðslæknir í Reykjavík . . . 136
Héraðsskólinn Núpi . . . 44
Héraðsskólinn Reykholti . . . 44
Héraðsskólinn Reykjanesi . . . 44

Bls.
Héraðsskólinn Reykjum 45
Héraðsskólinn Skógum 45
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT 75
Hið íslenska fornleifafélag 63
Hið íslenska þjóðvinafélag 11
Hjartavernd 148
Hjartavernd, Monica-rannsóknir 148
Hjúkrunarheimilið Skjól 152
Hlaðgerðarkot 154
Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur, grunnskólar 51
Hollustuvernd ríkisins 137
Hóladómkirkja 120
Hótel- og veitingaskóli Íslands 38
Hrafnseyri 14
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Akureyri 109
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Blönduósi 107
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Borgarnesi 105
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Búðardal 105
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Eskifirði 111
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Hafnarfirði 113
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Hólmavík 107
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Húsavík 109
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Hvolsvelli 112
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Höfn í Hornafirði 111
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Ísafirði 107
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Keflavík 113
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Patreksfirði 106
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Sauðárkróki 108
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Selfossi 113
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Seyðisfirði 110
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Stykkishólmi 105
Hreppstjórar, sýslumaðurinn Vík í Mýrdal 111
Hugbúnaðargerð, skýrsluvélakostnaður 182
Hús Jóns Sigurðssonar 11
Húsafriðunarsjóður 61
Húsameistari ríkisins 15
Húseign við Suðurgötu, endurbætur 57
Húsgögn og stofnbúnaður héraðsdómstóla 100
Húsnæði héraðsdóms Austurlands 100
Húsnæði héraðsdóms Norðurlands eystra 99
Húsnæði héraðsdóms Reykjaness 100
Húsnæði héraðsdóms Suðurlands 100
Húsnæði héraðsdóms Vestfjarða 99
Húsnæði löggæslustofnana 103
Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana 99
Húsnæði og búnaður sýslumanna 114
Húsnæði sýslumannsins á Akureyri 115
Húsnæði sýslumannsins á Höfn 115

Bls.
Húsnæði sýslumannsins á Sauðárkróki 115
Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði 115
Húsnæði sýslumannsins í Keflavík 115
Húsnæði sýslumannsins í Reykjavík 115
Hússtjórnarskólar 41
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað 40
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík 40
Hvalarannsóknir, Hafrannsóknastofnun 88
Hvammshlíðarskóli, skólar fyrir fatlaða 51
Hæfingarstöð Bæjarhrauni 2, málefni fatlaðra, Reykjanesi 123
Hæstiréttur 12
Hæstiréttur 94
Höfundagreiðslur samkvæmt 21. gr. höfundalaga 62
Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi, grunnskólar 51
Höfundasjóður myndlistarmanna 63

I

Icepro-nefnd, viðskiptaráðuneyti 196
Iðja og iðnaður, framlög 193
Iðjulundur, verndaður vinnustaður, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 125
Iðnaðarrannsóknir 193
Iðnaðarráðuneyti 191
Iðnaðarráðuneyti (B-hluti) 230
Iðnnemasamband Íslands 65
Iðnsaga Íslands 63
Iðnskólinn í Hafnarfirði 38
Iðnskólinn í Reykjavík 37
Iðntæknistofnun Íslands 192
Iðnþróun og markaðsmál 193
Iðnþróun og markaðsmál, Iðja og iðnaður, framlög 193
Iðnþróun og tækninýjungar 193
Iðnþróunarverkefni 193
Innheimta meðlaga 93
Innheimtuskilakerfi 182
Innkaupastofnun ríkisins (B-hluti) 224

Í

Íslensk málstöð 20
Íslensk tónverkamiðstöð 63
Íslenska hljómsveitin 63
Íslenska óperan 63
Íslenski dansflokkurinn 60
Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn 60
Íslenskir ungtemplarar 65

Bls.
Íslenskukennsla erlendis, Stofnun Sigurðar Nordals 19
Íþróttafélög, styrkir 65
Íþróttakennaraskóli Íslands 40
Íþróttamál fatlaðra 65
Íþróttamiðstöð Íslands 65
Íþróttasamband fatlaðra, vegna endurhæfingar 66
Íþróttasamband Íslands 65
Íþróttastarfsemi, almenn 65

J

Jafnréttisráð 130
Jarðasjóður 77
Jarðasjóður (B-hluti) 215
Jarðeignir ríkisins 77
Jarðeignir ríkisins (B-hluti) 215
Jarðræktar- og búfjárræktarframlög 83
Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög 83
Jöfnun á námskostnaði 56
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 129

K

Kaup eigna á prestssetursjörðum 118
Keldnaholt 91
Kennaraháskóli Íslands 21
Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala, grunnskólar 50
Kennsla, Kvennaskólinn í Reykjavík 28
Kennslu- og vísindadeildir, Háskóli Íslands 17
Kennslueftirlit, framhaldsskólar 29
Kennslumiðstöð, Námsgagnastofnun 35
KFUM og KFUK, byggingarstyrkur 65
Kirkjubyggingasjóður 119
Kirkjubyggingasjóður (B-hluti) 218
Kirkjugarðaeftirlit 120
Kirkjugarðasjóður (B-hluti) 219
Kirkjumál, ýmis kostnaður 120
Kirkjuráð 117
Kirkjuþing 117
Kjararannsóknir 183
Kjarasamningar 183
Kosningar 93
Kostnaður samkvæmt 10. gr. laga um málefni fatlaðra 122
Kostnaður samkvæmt 19. gr. laga um málefni fatlaðra 122
Kostnaður samkvæmt 3.-5. tl. 12. gr. laga um málefni aldraðra 147
Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi 148

Bls.
Kostnaður vegna endurskipulagningar, sjúkrahús í Reykjavík 144
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975, heilbrigðismál, ýmis starfsemi 148
Kostnaður vegna löggæslunáms 114
Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir 178
Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit 148
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning 148
Kristnisjóður 119
Kristnisjóður (B-hluti) 218
Kvenfélagasamband Íslands 67
Kvennaathvarf í Reykjavík 132
Kvennaskólinn í Reykjavík 27
Kvennasögusafn, ... 60
Kvikmyndaeftirlit ríkisins 54
Kvikmyndasafn Íslands 59
Kvikmyndasjóður 62
Kvikmyndasjóður Evrópu 64
Kynning á íslenskri list erlendis 63
Kynsjúkdómar, alnæmi 148

L

Lagasafn 92
Lambhagi, málefni fatlaðra, Suðurlandi 127
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur, grunnskólar 51
Landbúnaðarráðuneyti 77
Landbúnaðarráðuneyti (B-hluti) 215
Landgræðsla ríkisins 80
Landgræðsluframkvæmdir Mývatnssveit 80
Landgræðslusjóður 82
Landhelgisgæsla Íslands 103
Landlæknir 136
Landmælingar Íslands 203
Landsbókasafn Íslands 56
Landssamband hjálparsveita skáta 66
Langamýri í Skagafirði 120
Laun vegna forfalla, orlofs o.fl., málefni fatlaðra 122
Launa- og verðlagsmál 182
Launagreiðslukerfi 182
Launasjóður myndlistarmanna 63
Launasjóður rithöfunda 62
Launasjóður stórmeistara í skák 65
Laxeldisstöðin í Kollafirði 81
Laxeldisstöðin Kollafirði (B-hluti) 216
Lán til jarðhitaleitar, Orkusjóður 195
Lánagreiðslur, framlög, Orkusjóður 195
Lánasjóður íslenskra námsmanna 56
Lánasjóður íslenskra námsmanna (B-hluti) 208

Bls.
Lánasýsla ríkisins (B-hluti) 225
Leiðsögn nýliða, grunnskólar 51
Leikbrúðuland 63
Leikfangasafn Akureyri, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 125
Leikfangasafn Blönduósi, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 125
Leikfangasafn Borgarnesi, málefni fatlaðra, Vesturlandi 124
Leikfangasafn Ísafirði, málefni fatlaðra, Vestfjörðum 124
Leikfangasafn Keflavík 123
Leikfangasafn Ólafsvík, málefni fatlaðra, Vesturlandi 124
Leikfangasafn Sauðárkróki, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 125
Leikfangasafn Siglufirði, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 125
Leikfangasafn Vestmannaeyjum, málefni fatlaðra, Suðurlandi 126
Leikfangasafn, málefni fatlaðra, Austurlandi 126
Leikfélag Akureyrar 62
Leikfélag Reykjavíkur 62
Leiklistarráð 62
Leiklistarskóli Íslands 42
Lektorsstaða við Lundúnaháskóla 24
Lendingarbætur 187
Lista- og menningarmál, ýmis 63
Listahátíð 63
Listamiðstöð í Straumi 63
Listasafn ASÍ, ... 59
Listasafn Ásgríms Jónssonar 58
Listasafn Einars Jónssonar 58
Listasafn Íslands 58
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, ... 59
Listasjóður 62
Listaskóli, hönnun 182
Listasöfn, styrkir, ... 59
Listaverkakaup, Listasafn Íslands 58
Listdansskólinn 60
Listir, framlög 62
Listkynning, styrkir 63
Listskreytingasjóður 62
Lífeyrissjóður bænda 183
Lífeyrissjóður bænda 196
Lífeyristryggingar 134
Ljósmæðralaun 148
Ljósmæðraskóli Íslands 171
Loðdýrafóður 83
Loftferðaeftirlit 188
Lúðueldi á Reykjanesi, Hafrannsóknastofnun 88
Lyfjabúð Háskóla Íslands (B-hluti) 206
Lyfjaeftirlit ríkisins 147
Lyfjamál 147
Lyfjanefnd 148
Lyfjatæknaskóli Íslands 171

Bls.
Lyfjaverslun ríkisins (B-hluti) 223
Lyfsölusjóður 147
Lækkun rekstrarkostnaðar, sjúkrahús í Reykjavík 144
Læknaráð, Landlæknir 136
Læknishéraðasjóður 146
Læknishéraðasjóður (B-hluti) 222
Lög- og réttindaskráning sjómanna 189
Lögbirtingablað (B-hluti) 218
Löggildingarstofan 197
Löggæsla, sýslumaðurinn Akranesi 104
Löggæsla, sýslumaðurinn Akureyri 109
Löggæsla, sýslumaðurinn Blönduósi 107
Löggæsla, sýslumaðurinn Bolungarvík 106
Löggæsla, sýslumaðurinn Borgarnesi 105
Löggæsla, sýslumaðurinn Búðardal 105
Löggæsla, sýslumaðurinn Eskifirði 111
Löggæsla, sýslumaðurinn Hafnarfirði 113
Löggæsla, sýslumaðurinn Hólmavík 107
Löggæsla, sýslumaðurinn Húsavík 109
Löggæsla, sýslumaðurinn Hvolsvelli 112
Löggæsla, sýslumaðurinn Höfn í Hornafirði 111
Löggæsla, sýslumaðurinn Ísafirði 107
Löggæsla, sýslumaðurinn Keflavík 113
Löggæsla, sýslumaðurinn Kópavogi 114
Löggæsla, sýslumaðurinn Neskaupstað 110
Löggæsla, sýslumaðurinn Ólafsfirði 109
Löggæsla, sýslumaðurinn Patreksfirði 106
Löggæsla, sýslumaðurinn Sauðárkróki 108
Löggæsla, sýslumaðurinn Selfossi 113
Löggæsla, sýslumaðurinn Seyðisfirði 110
Löggæsla, sýslumaðurinn Siglufirði 108
Löggæsla, sýslumaðurinn Stykkishólmi 105
Löggæsla, sýslumaðurinn Vestmannaeyjum 112
Löggæsla, sýslumaðurinn Vík í Mýrdal 111
Lögregluskóli ríkisins 101
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli 69
Lögreglustjórinn í Reykjavík 101
Lögreglustöð Akranesi 115
Lögreglustöð Egilsstöðum 115
Lögreglustöð Selfossi 115

M

M-hátíð 63
Mannanafnanefnd 93
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA 75
Manntal 1991, Hagstofa Íslands 199

Bls.
Markaðs- og skipulagsmál, ýmis orkumál . . . 195
Mat á búvörum . . . 84
Matsnefnd eignarnámsbóta . . . 93
Matsnefnd vínveitingahúsa . . . 102
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO . . . 74
Málefni fatlaðra . . . 122
Málefni fatlaðra, Austurlandi . . . 126
Málefni fatlaðra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti . . . 139
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra . . . 125
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra . . . 125
Málefni fatlaðra, Reykjanesi . . . 123
Málefni fatlaðra, Reykjavík . . . 122
Málefni fatlaðra, Suðurlandi . . . 126
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum . . . 124
Málefni fatlaðra, Vesturlandi . . . 124
Málskostnaður í opinberum málum . . . 98
Meðdómsmenn . . . 99
Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum, málefni fatlaðra, Suðurlandi . . . 127
Meðferðarheimili fyrir einhverf börn, Sæbraut 2 . . . 127
Meðferðarheimili og sambýli einhverfra . . . 127
Meðferðarheimili Torfastöðum . . . 54
Meðferðarheimilið Tindar . . . 55
Meðlög samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga . . . 132
Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981 . . . 132
Mengunarmælingar í sjó . . . 187
Mengunarvarnabúnaður . . . 187
Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir . . . 201
Mengunarvarnaeftirlit, Hollustuvernd ríkisins . . . 137
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO . . . 75
Menningarsamskipti við Færeyinga . . . 64
Menningarsjóður . . . 61
Menningarsjóður (B-hluti) . . . 211
Menningarsjóður félagsheimila . . . 63
Menningarsjóður Íslands og Finnlands . . . 64
Menntamálaráðuneyti . . . 17
Menntamálaráðuneyti (B-hluti) . . . 205
Menntaskólinn á Akureyri . . . 25
Menntaskólinn á Egilsstöðum . . . 27
Menntaskólinn á Ísafirði . . . 27
Menntaskólinn á Laugarvatni . . . 25
Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut . . . 27
Menntaskólinn í Reykjavík . . . 25
Menntaskólinn við Hamrahlíð . . . 26
Menntaskólinn við Sund . . . 26
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna . . . 66
Minningarsjóður Landspítalans . . . 148
Myndlista- og handíðaskóli Íslands . . . 41
Myndlistarskólinn á Akureyri . . . 63

Bls.
Myndlistarskólinn í Reykjavík 63
Mötuneyti, Lögreglustjórinn í Reykjavík 101

N

Nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðir 83
Námsefnisgerð, framhaldsskólar 29
Námsefnisgerð, Námsgagnastofnun 35
Námsgagnastofnun 35
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum 132
Námskeið skipstjórnarmanna, framhaldsskólar 29
Námsleyfi lögfræðinga 93
Námsráðgjöf í grunnskólum, grunnskólar 51
Námsskrárgerð, framhaldsskólar 29
Námsstjórn og þróunarverkefni, grunnskólar 51
Náttúrufræðistofnun Íslands 204
Náttúruhús í Reykjavík 201
Náttúruverndarráð 202
Nesstofa, ... 60
Neyslu- og manneldismál, manneldisráð 148
Niðurgreiðsla á rafhitun 195
Niðurgreiðslur á vöruverði 196
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO 75
Norðurlandaráð 11
Norræn ráðstefna um fullorðinsfræðslu 66
Norræn samvinna 64
Norræn samvinna á sviði sakfræði 93
Norræn samvinna í lyfsölumálum 147
Norræna félagið 64
Norræna félagið, norræn atvinnumiðlun 64
Norræna félagið, norræn nemendaskipti 64
Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi 201
Norræni heilsugæsluskólinn 148
Norrænt samstarf 64
Notendur utan samveitna 194
Ný flugstjórnarmiðstöð á Reykjavíkurflugvelli 188
Ný starfsemi, óskipt, málefni fatlaðra 122
Nýframkvæmdir, Vegagerð ríkisins 185
Nýjungar í skólastarfi, framhaldsskólar 29
Nýlistasafn, ... 59

O

Opinber réttaraðstoð 98
Opinberar heimsóknir 13
Orator, almenn lögfræðiaðstoð 93

Bls.
Orðabók Háskólans 19
Orkusjóður 194
Orkusjóður (B-hluti) 231
Orkustofnun 194
Orlof kennara, framhaldsskólar 29
Orlof kennara, grunnskólar 51
Orlofsheimili launþegasamtakanna 131

Ó

Ólympíunefnd fatlaðra 65
Ólympíunefnd Íslands 65
Óslóarsamningur um varnir gegn mengun 75
Óviss útgjöld, dómsmál, ýmis kostnaður 99
Óviss útgjöld, ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta 114

P

Parísarsamningur um varnir gegn mengun 75
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar 75
Póst- og símamálastofnunin (B-hluti) 226
Prestaköll og prófastsdæmi 118
Prestastefna 117
Próf fasteignasala 93
Próf málflytjenda 93
Próf skjalaþýðenda 93
Prófkostnaður, framhaldsskólar 29

R

R/s Árni Friðriksson, Hafrannsóknastofnun 88
R/s Bjarni Sæmundsson, Hafrannsóknastofnun 87
R/s Dröfn, Hafrannsóknastofnun 88
Rafmagnseftirlit ríkisins 194
Rafmagnsveitur ríkisins (B-hluti) 231
Raftæknideild, Hafrannsóknastofnun 87
Rannsóknadeild fisksjúkdóma 18
Rannsóknaleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum 24
Rannsóknanefnd flugslysa 189
Rannsóknanefnd sjóslysa 188
Rannsóknaráð ríkisins 23
Rannsóknarlögregla ríkisins 100
Rannsóknasjóður 23
Rannsóknasjóður (B-hluti) 207
Rannsóknasjóður grunnskólakennara, grunnskólar 51

Bls.
Rannsóknastarfsemi, Kennaraháskóli Íslands ... 21
Rannsóknastofa, Hollustuvernd ríkisins ... 137
Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging (B-hluti) ... 217
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ... 192
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ... 88
Rannsóknastofnun landbúnaðarins ... 78
Rannsóknastofnun uppeldismála ... 22
Rannsóknastofur, Raunvísindastofnun Háskólans ... 18
Rannsóknastöð við Mývatn ... 202
Rannsóknastöðin á Mógilsá, ... 79
Rannsóknasvið, Hafrannsóknastofnun ... 87
Rannsóknasvið, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ... 88
Rannsóknir á loftmengun ... 201
Rannsóknir og þróunarstarfsemi, Rannsóknaráð ríkisins ... 23
Ratsjárstöðvar, rekstur (B-hluti) ... 213
Raunvísindastofnun Háskólans ... 18
Ráðgjöf í fjölskyldumálum ... 120
Ráðherrabústaður Tjarnargötu ... 14
Ráðherrabústaður Þingvöllum ... 14
Ráðstöfunarfé, dóms- og kirkjumálaráðuneyti ... 94
Ráðstöfunarfé, félagsmálaráðuneyti ... 132
Ráðstöfunarfé, fjármálaráðuneyti ... 183
Ráðstöfunarfé, forsætisráðuneyti ... 16
Ráðstöfunarfé, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ... 172
Ráðstöfunarfé, iðnaðarráðuneyti ... 192
Ráðstöfunarfé, landbúnaðarráðuneyti ... 86
Ráðstöfunarfé, menntamálaráðuneyti ... 66
Ráðstöfunarfé, samgönguráðuneyti ... 190
Ráðstöfunarfé, sjávarútvegsráðuneyti ... 91
Ráðstöfunarfé, umhverfisráðuneyti ... 202
Ráðstöfunarfé, utanríkisráðuneyti ... 69
Ráðstöfunarfé, viðskiptaráðuneyti ... 197
Rekstrarhagræðing í framhaldsskólum ... 29
Rekstrarskrifstofa, Alþingi ... 11
Rekstur sjúkrahúsa, óskipt ... 146
Rekstur vita, Vitastofnun Íslands ... 186
Rekstur ökutækja, Lögreglustjórinn í Reykjavík ... 101
Reykjavíkurflugvöllur ... 188
Réttindanám leiðbeinenda, grunnskólar ... 51
Réttindanám, Kennaraháskóli Íslands ... 21
Rithöfundasjóður Íslands ... 62
Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota ... 131
Ríkisábyrgð á orlofslaunum ... 131
Ríkisábyrgðir ... 181
Ríkisábyrgðir og tjónabætur ... 181
Ríkisbifreiðar, framlag ... 183
Ríkisbókhald ... 173
Ríkisendurskoðun ... 13

Bls.
Ríkisfjárhirsla ... 173
Ríkislögmaður ... 174
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli ... 69
Ríkismat sjávarafurða ... 89
Ríkissaksóknari ... 100
Ríkissáttasemjari ... 121
Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd ... 178
Ríkisskattstjóri ... 174
Ríkisspítalar ... 145
Ríkisspítalar, þvottahús (B-hluti) ... 222
Ríkisstjórn ... 12
Ríkistollstjóri ... 179
Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður (B-hluti) ... 209
Ríkisútvarpið, hljóðvarp (B-hluti) ... 209
Ríkisútvarpið, sjónvarp (B-hluti) ... 210

S

Safamýrarskóli ... 52
Safnahúsið við Hverfisgötu ... 57
Safnakennsla, grunnskólar ... 50
Safnastofnun Austurlands ... 60
Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld ... 24
Sakadómur Reykjavíkur ... 95
Sala varnarliðseigna (B-hluti) ... 214
Samband íslenskra myndlistarmanna ... 63
Sambýli Akranesi, málefni fatlaðra, Vesturlandi ... 124
Sambýli Akurgerði 20, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 122
Sambýli Auðarstræti 15, Styrktarfélag vangefinna ... 127
Sambýli að Gauksmýri, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra ... 125
Sambýli Árvegi 8, Selfossi, málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 126
Sambýli Bakkaflöt, Garðabæ, málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 123
Sambýli Bitru, málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 126
Sambýli Blesugróf 29, Styrktarfélag vangefinna ... 127
Sambýli Borgarhlíð 3, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra ... 125
Sambýli Borgarnesi, málefni fatlaðra, Vesturlandi ... 124
Sambýli Bröndukvísl 17, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 122
Sambýli Byggðavegi 91, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra ... 125
Sambýli Drekavogi 16, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 122
Sambýli Egilsstöðum, málefni fatlaðra, Austurlandi ... 126
Sambýli einhverfra ... 127
Sambýli einhverfra, Trönuhólum 1 ... 127
Sambýli Giljaseli 7, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 122
Sambýli Grundarlandi 17, málefni fatlaðra, Reykjavík ... 123
Sambýli Háteigsvegi 6, Styrktarfélag vangefinna ... 127
Sambýli Hlíðartungu, málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 126
Sambýli Hrauntungu 54, málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 123

Bls.
Sambýli Ísafirði, málefni fatlaðra, Vestfjörðum . . . 124
Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði, málefni fatlaðra, Reykjanesi . . . 123
Sambýli Lyngmóum 10, málefni fatlaðra, Reykjanesi . . . 123
Sambýli Markarflöt 1, Garðabæ, málefni fatlaðra, Reykjanesi . . . 123
Sambýli Njörvasundi 2, málefni fatlaðra, Reykjavík . . . 122
Sambýli Sauðárkróki, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra . . . 125
Sambýli Siglufirði, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra . . . 125
Sambýli Sigluvogi 5, Styrktarfélag vangefinna . . . 127
Sambýli Stigahlíð 71, málefni fatlaðra, Reykjavík . . . 122
Sambýli Stuðlaseli 2, málefni fatlaðra, Reykjavík . . . 122
Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi, málefni fatlaðra, Reykjanesi . . . 123
Sambýli Vallholti 12-14, málefni fatlaðra, Suðurlandi . . . 126
Sambýli Vallholti 9, málefni fatlaðra, Suðurlandi . . . 126
Sambýli Vestmannaeyjum, málefni fatlaðra, Suðurlandi . . . 126
Sambýli Vesturbrún 17, málefni fatlaðra, Reykjavík . . . 122
Sambýli Víðihlíð 11, Styrktarfélag vangefinna . . . 127
Sambýli Víðihlíð 5, Styrktarfélag vangefinna . . . 127
Sambýli Víðihlíð 7, Styrktarfélag vangefinna . . . 127
Sambýli Þverárseli 28, málefni fatlaðra, Reykjavík . . . 122
Sambýli, óstaðsett, málefni fatlaðra, Reykjavík . . . 122
Sambýli, óstaðsett, málefni fatlaðra, Reykjavík . . . 123
Sameiginleg útgjöld Ríkisskattstjóra og skattstofa . . . 174
Sameiginleg útgjöld, Háskóli Íslands . . . 17
Sameiginleg þjónusta, framhaldsskólar . . . 29
Sameiginleg þjónusta, skólar fyrir fatlaða . . . 51
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni (B-hluti) . . . 207
Sameindalíffræðiþing Evrópu . . . 75
Sameinuðu þjóðirnar, UN . . . 75
Samgönguráðuneyti . . . 185
Samgönguráðuneyti (B-hluti) . . . 226
Samheitaverðskrá lyfja . . . 147
Samnorræn menningarkynning . . . 63
Samráðsnefnd um ferlimál, málefni fatlaðra . . . 122
Samráðsnefnd, málefni fatlaðra . . . 122
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra . . . 35
Samskipti við Vestur-Íslendinga . . . 74
Samstarfsnefnd um upplýsingamál . . . 24
Samstarfsverkefni iðnaðar og sjávarútvegs . . . 192
Samstarfsverkefni sjávarútvegs og iðnaðar, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins . . . 88
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið . . . 153
Samtök um upplýsinganet rannsóknaaðila . . . 24
Samvinnuskólinn . . . 43
Sauðfjárveikivarnir . . . 80
Sementsverksmiðja ríkisins (B-hluti) . . . 230
Sendiráð Íslands í Bonn . . . 70
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu . . . 72
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn . . . 70
Sendiráð Íslands í London . . . 70

Bls.
Sendiráð Íslands í Moskvu 70
Sendiráð Íslands í Ósló 71
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO 71
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 71
Sendiráð Íslands í Washington 72
Sendiráð, almennt 73
Setlagarannsóknir 195
Setu- og varadómarar 99
Séra Friðrikskapella, byggingarstyrkur 65
Sérdeild fyrir einhverf börn, skólar fyrir fatlaða 51
Sérdeild fyrir sjónskert börn, skólar fyrir fatlaða 51
Sérdeildir Hlíðaskóla, skólar fyrir fatlaða 51
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka 11
Sérkennsla í grunnskólum, óskipt, grunnskólar 51
Sérkennsla, framhaldsskólar 29
Sérstakar greiðslur í landbúnaði 83
Sérstakar kannanir, Hagstofa Íslands 199
Sérstakt rannsóknarverkefni, ... 79
Sérstök fræðsluverkefni, grunnskólar 50
Sérstök rannsóknarverkefni í landgræðslu, RALA 78
Sérstök verkefni á uppblásturssvæðum 80
Sérstök verkefni, Siglingamálastofnun ríkisins 187
Siglingadómur 99
Siglingamálastofnun ríkisins 187
Sinfóníuhljómsveit Íslands 61
Sinfóníuhljómsveit Íslands (B-hluti) 211
Sinfóníuhljómsveit æskunnar 63
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 183
Sjálfsbjörg Akureyri 139
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 152
Sjávarútvegsbraut Dalvík 33
Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi 90
Sjávarútvegsráðuneyti 87
Sjávarútvegsráðuneyti (B-hluti) 217
Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga 75
Sjómannadagsráð 131
Sjómannasamtök, lögskráning 131
Sjómannaskólahúsið 42
Sjómannastofur 132
Sjómerki 186
Sjóminjasafn, ... 60
Sjómælingar og sjókortagerð 103
Sjónstöð Íslands 138
Sjóvarnargarðar 187
Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur 90
Sjúkraflutningaráð, Landlæknir 136
Sjúkrahús Bolungarvíkur 150

Bls.
Sjúkrahús Hvammstanga 149
Sjúkrahús í Reykjavík 144
Sjúkrahús og læknisbústaðir 146
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi 143
Sjúkrahúsið Akranesi 139
Sjúkrahúsið Egilsstöðum 143
Sjúkrahúsið Húsavík 142
Sjúkrahúsið Keflavík 144
Sjúkrahúsið Patreksfirði 139
Sjúkrahúsið Sauðárkróki 140
Sjúkrahúsið Seyðisfirði 142
Sjúkrahúsið Siglufirði 141
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum 143
Sjúkrakostnaður refsifanga 117
Sjúkraskýlið Hólmavík 150
Sjúkraskýlið Þingeyri 150
Sjúkratryggingar 134
Skaftholt, málefni fatlaðra, Suðurlandi 127
Skammtímavistun Álfalandi 6, málefni fatlaðra, Reykjavík 123
Skammtímavistun Blesugróf 31, Styrktarfélag vangefinna 128
Skammtímavistun Víðihlíð 9, Styrktarfélag vangefinna 128
Skammtímavistun, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 125
Skammtímavistun, málefni fatlaðra, Reykjanesi 123
Skammtímavistun, málefni fatlaðra, Reykjanesi 123
Skammtímavistun, málefni fatlaðra, Vesturlandi 124
Skammtímavistun, Reykjadal, málefni fatlaðra, Reykjanesi 123
Skattamál, ýmis útgjöld 178
Skattavinnslukerfi 182
Skattstofa Austurlands 176
Skattstofa Norðurlands eystra 176
Skattstofa Norðurlands vestra 176
Skattstofa Reykjaness 177
Skattstofa Suðurlands 177
Skattstofa Vestfjarða 175
Skattstofa Vestmannaeyja 177
Skattstofa Vesturlands 175
Skattstofan í Reykjavík 175
Skákmót, styrkir 65
Skáksamband Íslands 65
Skákskóli Íslands 65
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ 128
Skálholtsstaður 120
Skiltaframleiðsla, fangelsið Litla-Hrauni 116
Skipaútgerð ríkisins (B-hluti) 227
Skipulagsnefnd fólksflutninga 189
Skipulagsstjóri ríkisins 203
Skógrækt einstaklinga, styrkir, ... 79
Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni 80

Bls.
Skógrækt ríkisins . . . 79
Skógræktarfélag Íslands . . . 80
Skógræktarstörf bænda, . . . 79
Skólaakstur, jöfnun á námskostnaði . . . 56
Skólabúðir, Héraðsskólinn Reykjum . . . 45
Skóladagheimilið Lindarflöt 41 . . . 52
Skólar fyrir fatlaða . . . 51
Skólaskákmót . . . 65
Skólavörubúð, Námsgagnastofnun . . . 35
Skóli Unglingaheimilis ríkisins, Einholtsskóli . . . 53
Skólinn að Sólheimum, fullorðinsfræðsla fatlaðra . . . 53
Skólinn að Tjaldanesi, fullorðinsfræðsla fatlaðra . . . 53
Skólinn við Kópavogsbraut, fullorðinsfræðsla fatlaðra . . . 53
Skráning hlutafélaga . . . 197
Skriðuklaustur . . . 66
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna . . . 91
Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs . . . 69
Skýrsluvélakostnaður . . . 182
Slysatryggingar . . . 134
Slysavarnafélag Íslands . . . 132
Slysavarnaskóli sjómanna . . . 189
Smáiðnaður í dreifbýli . . . 193
Snjóflóða- og skriðufallavarnir . . . 133
Snorrastofa . . . 120
Sólheimar Grímsnesi . . . 129
Sólvangur, Hafnarfirði . . . 144
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi . . . 149
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði . . . 149
Stafræn kortagerð . . . 203
Starfsemi atvinnuleikhópa . . . 62
Starfsemi áhugaleikhópa . . . 62
Starfsemi KFUM og KFUK . . . 65
Starfsleikninám, grunnskólar . . . 51
Starfsmenntun í atvinnulífinu . . . 132
Starfsþjálfun guðfræðikandídata . . . 117
Starfsþjálfun, málefni fatlaðra . . . 122
Stefnumörkun í frárennslismálum . . . 201
Stefnumörkun í umhverfismálum . . . 201
Stígamót . . . 132
Stjórn fiskveiða . . . 90
Stjórnarnefnd, málefni fatlaðra . . . 122
Stjórnarráðshús . . . 14
Stjórnarráðshúsnæði . . . 181
Stjórnartíðindi . . . 92
Stjórnskipaðir prófdómarar, grunnskólar . . . 51
Stofnkostnaður, launa- og verðlagsmál . . . 182
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi . . . 19
Stofnun Sigurðar Nordals . . . 19

Bls.
Stundaskrárgerð, framhaldsskólar 29
Styrking dreifikerfis í sveitum, Orkusjóður 195
Styrkir til Cornell- og Manitobaháskóla 24
Styrktarfélag vangefinna 127
Styrktarfélag vangefinna, sambýli 128
Styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar 183
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum 24
Styrkur til grænlenskra námsmanna 24
Styrkur til námsmanna frá Austur-Evrópu 24
Styrkur til útgáfustarfa 63
Stýrimannaskólinn í Reykjavík 37
Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum 31
Suðurhlíðaskóli, rekstrarstyrkur, grunnskólar 51
Sumarbúðir í Botni, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 125
Sumarbúðir, málefni fatlaðra, Vesturlandi 124
Sumardvalarheimili í Reykjadal 139
Sumardvöl Egilsá, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 125
Sundabúð II, Vopnafirði 151
Sunnuhlíð, Kópavogi 151
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Austurlandi 126
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 125
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 125
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Reykjanesi 123
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Reykjavík 122
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Suðurlandi 126
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Vestfjörðum 124
Svæðisstjórn, málefni fatlaðra, Vesturlandi 124
Sýslumaðurinn Akranesi 104
Sýslumaðurinn Akureyri 109
Sýslumaðurinn Blönduósi 107
Sýslumaðurinn Bolungarvík 106
Sýslumaðurinn Borgarnesi 105
Sýslumaðurinn Búðardal 105
Sýslumaðurinn Eskifirði 111
Sýslumaðurinn Hafnarfirði 113
Sýslumaðurinn Hólmavík 107
Sýslumaðurinn Húsavík 109
Sýslumaðurinn Hvolsvelli 112
Sýslumaðurinn Höfn í Hornafirði 111
Sýslumaðurinn Ísafirði 107
Sýslumaðurinn Keflavík 113
Sýslumaðurinn Kópavogi 114
Sýslumaðurinn Neskaupstað 110
Sýslumaðurinn Ólafsfirði 109
Sýslumaðurinn Patreksfirði 106
Sýslumaðurinn Reykjavík 104
Sýslumaðurinn Sauðárkróki 108
Sýslumaðurinn Selfossi 113

Bls.
Sýslumaðurinn Seyðisfirði 110
Sýslumaðurinn Siglufirði 108
Sýslumaðurinn Stykkishólmi 105
Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum 112
Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal 111
Sýsluvegir 185
Söfn, styrkir, ... 60
Söfn, ýmis framlög 59
Sögusafn alþýðu, ... 60
Sölvhóll 182
Sölvhólsgata 7 181
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar 119

T

Tannsmíðanám, framhaldsskólar 29
Tekjubókhaldskerfi 182
Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra
í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar 182
Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 198
Til ráðstöfunar vegna hagræðingar, utanríkisráðuneyti 74
Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka 183
Tilkynningarskylda íslenskra skipa 189
Tilraunastöð Háskólans að Keldum 18
Tilraunastöðvar, RALA 78
Tilraunir með ræktun iðnviðar, ... 79
Tilraunir og rannsóknastörf, Garðyrkjuskóli ríkisins 85
Tilraunir, Vegagerð ríkisins 185
Tímabundin verkefni, Hafrannsóknastofnun 87
Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ 128
Tjarnarskóli, rekstrarstyrkur, grunnskólar 51
Tjónabætur 181
Tollasamvinnuráðið, CCC 75
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 69
Tollgæsla, sýslumaðurinn Akureyri 109
Tollgæsla, sýslumaðurinn Hafnarfirði 113
Tollgæsla, sýslumaðurinn Ísafirði 107
Tollgæsla, sýslumaðurinn Keflavík 113
Tollgæsla, sýslumaðurinn Sauðárkróki 108
Tollgæsla, sýslumaðurinn Seyðisfirði 110
Tollgæsla, sýslumaðurinn Vestmannaeyjum 112
Tollgæsla, Tollstjórinn í Reykjavík 179
Tollhúsið við Tryggvagötu 181
Tollstjórinn í Reykjavík 179
Tóbaksvarnir 148
Tónlistarsaga Íslands 63
Tónlistarskólinn í Reykjavík 42
Tónlistarstarfsemi, styrkir 63

Bls.
Tónskáldasjóður 63
Tónskóli þjóðkirkjunnar 119
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 183
Tryggingaeftirlitið 136
Tryggingastofnun ríkisins 134
Tæki og búnaður, Fiskvinnsluskólinn 39
Tækniskóli Íslands 36
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands 123
Tölvudeild, Hafrannsóknastofnun 87
Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS 75
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl. 183
Tölvumiðstöð fatlaðra 122
Tölvunefnd 93
Tölvuvæðing o.fl. vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði 93

U

Umboðsmaður Alþingis 13
Umferðarfræðsla í skólum, grunnskólar 50
Umferðarmál 102
Umferðarráð 102
Umhverfisáhrif jarðhita 194
Umhverfismerkingar 201
Umhverfisráðuneyti 201
Undirbúningur að umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 201
Unglingaheimili ríkisins 55
Ungmennafélag Íslands 65
Uppbætur á lífeyri 179
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 83
Uppgjör við sveitarfélög 66
Uppgræðsla og gróðurvernd 201
Uppkaup á fullvirðisrétti 83
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi, utanríkisráðuneyti 68
Utanríkisráðuneyti 68
Utanríkisráðuneyti (B-hluti) 212

Ú

Útflutningsráð Íslands, utanríkisráðuneyti 68
Útgáfa Hæstaréttardóma 94
Útgáfa norræns dómasafns 93
Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár 147
Útgáfu- og fræðslumál 201
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 180
Útibú, Hafrannsóknastofnun 87
Útlendingaeftirlit, Lögreglustjórinn í Reykjavík 101
Útvarpsréttarnefnd 67

V

	Bls.
V/s Óðinn	103
V/s Týr	103
V/s Ægir	103
Varnargirðingar, sauðfjárveikivarnir	81
Varnarmálaskrifstofa	68
Veðurstofa Íslands	204
Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	204
Vegagerð ríkisins	185
Vegagerð ríkisins, áhaldahús (B-hluti)	226
Veiðarfærakostnaður, Hafrannsóknastofnun	88
Veiðieftirlit	90
Veiðimálastofnun	81
Veiðistjóri	203
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	84
Verðlagsráð sjávarútvegsins	89
Verðlagsstofnun	197
Verkefni um nýsköpun í atvinnulífinu	192
Verkmenntaskóli Austurlands	32
Verkmenntaskólinn á Akureyri	33
Verkstjórn, málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	125
Verkstjórn, málefni fatlaðra, Reykjanesi	123
Verkstjórn, málefni fatlaðra, Suðurlandi	127
Vernd barna og ungmenna	54
Verndaður vinnustaður Akranesi, málefni fatlaðra, Vesturlandi	124
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum, málefni fatlaðra, Austurlandi	126
Verndaður vinnustaður Selfossi, málefni fatlaðra, Suðurlandi	126
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum, málefni fatlaðra, Suðurlandi	126
Verndaður vinnustaður, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	125
Verndaður vinnustaður, málefni fatlaðra, Reykjavík	123
Verndaður vinnustaður, Örvi, málefni fatlaðra, Reykjanesi	123
Verndun gamalla húsa, Þjóðminjasafn Íslands	57
Verslunarskóli Íslands	43
Vest-norrænt kvennaþing	130
Vélskóli Íslands	36
Viðhald húseigna að Löngumýri	120
Viðhald vega	185
Viðskiptaráðuneyti	196
Viðskiptaskrifstofa, utanríkisráðuneyti	68
Vinnueftirlit ríkisins	130
Vinnumál	131
Vinnustofa Blindrafélagsins, málefni fatlaðra, Reykjavík	123
Vinnustofan Ás, Styrktarfélag vangefinna	128
Virkjun jarðhita til raforkuvinnslu	194
Vistanir, málefni fatlaðra	122
Vistheimili fyrir börn, málefni fatlaðra, Reykjanesi	123
Vistheimili fyrir börn, málefni fatlaðra, Suðurlandi	127

Þ

Bls.

Þátttaka í starfi UNESCO 64
Þéttbýlisvegir 185
Þingmálaskrifstofa, Alþingi 11
Þingvallabær o.fl. 16
Þingvallakirkja 16
Þjóðarbókhlaða 61
Þjóðgarðar og friðlýst svæði 202
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 15
Þjóðhagsstofnun 14
Þjóðleikhús 60
Þjóðleikhúsið (B-hluti) 210
Þjóðminjasafn Íslands 57
Þjóðræknisfélag Íslendinga 66
Þjóðskjalasafn Íslands 57
Þjóðskráin 199
Þjónustumiðstöð Bræðratungu, málefni fatlaðra, Vestfjörðum 124
Þjónustumiðstöð Vonarlandi, málefni fatlaðra, Austurlandi 126
Þroskaþjálfaskóli Íslands 39
Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði, málefni fatlaðra, Austurlandi 126
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 74
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 74
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 74
Þróunarsjóður leikskóla, grunnskólar 50
Þróunarstarf í leikskólum, grunnskólar 51
Þróunarstörf í grunnskólum, grunnskólar 51
Þungaskattsálagning með ökumælum 178
Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins 68
Þýðingarsjóður 62

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 11
Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands 22
Æskulýðsmál 65
Æskulýðsmál, almennt 65
Æskulýðsráð ríkisins 65
Æskulýðssamband Íslands 65

Ö

Ökukennsla 102
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri 151
Örnefnastofnun 20
Öskjuhlíðarskóli 52

Bls.
Vistheimili við Holtaveg, málefni fatlaðra, Reykjavík 123
Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi 129
Vistheimilið Skálatúni 128
Vistheimilið Sólborg, málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 125
Vistheimilið Tjaldanesi 128
Vistun geðsjúkra afbrotamanna 154
Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð (B-hluti) 227
Vita- og hafnamálaskrifstofan 186
Vitabyggingar 186
Vitastofnun Íslands 186
Víðines 153
Vísinda- og fræðistörf 63
Vísindaráð 23
Vísindasjóður 24
Vísindasjóður (B-hluti) 207

Y

Yfirdýralæknir 82
Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð 145

Ý

Ýmis framlög til íþróttamála 65
Ýmis framlög til þróunarmála 74
Ýmis framlög, félagsmálaráðuneyti 133
Ýmis framlög, heilbrigðismál, ýmis starfsemi 148
Ýmis fræðistörf 63
Ýmis innheimtukostnaður 178
Ýmis íþróttamál 65
Ýmis kostnaður dómsmálaráðuneytis 93
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir 180
Ýmis löggæslukostnaður 103
Ýmis orkumál 195
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta 114
Ýmis sameiginleg útgjöld, skattamál 178
Ýmis starfsemi, málefni fatlaðra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 139
Ýmis umhverfisverkefni 201
Ýmis utanríkismál 74
Ýmis verkefni, Biskup Íslands 117
Ýmis verkefni, búnaðarmál 84
Ýmis verkefni, forsætisráðuneyti 14
Ýmislegt, menntamálaráðuneyti 66
Ýmislegt, vinnumál 131
Ýmsar endurgreiðslur 183
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs 181
Ýmsir alþjóðlegir samningar 64

Efnisyfirlit

	Bls.
A-hluti: Greiðsluyfirlit ríkissjóðs (1. grein)	3
Rekstrarreikningur (2.-3. grein)	4
Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda (4. grein)	11
Æðsta stjórn ríkisins	11
Forsætisráðuneyti	14
Menntamálaráðuneyti	17
Utanríkisráðuneyti	68
Landbúnaðarráðuneyti	77
Sjávarútvegsráðuneyti	87
Dómsmálaráðuneyti	92
Félagsmálaráðuneyti	121
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	134
Fjármálaráðuneyti	173
Samgönguráðuneyti	185
Iðnaðarráðuneyti	191
Viðskiptaráðuneyti	196
Hagstofa Íslands	199
Umhverfisráðuneyti	201
B-hluti: Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign (5. grein)	205
Heimildir (6. grein)	232
Athugasemdir	237
Inngangur	237
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga 1992	239
2. Yfirlit og helstu niðurstöður	247
3. Efnahagsforsendur fjárlaga 1992	250
4. Tekjur	260
5. Gjöld	276
6. Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta	360
7. Lánsfjármál	371
8. Breytt framsetning ríkisreiknings og fjárlaga	382
Töfluviðauki	387
Fylgiskjal: Yfirlit yfir lagabreytingar	413
Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð, A- og B-hluti	417

2. Frumvarp til laga [2. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Finnur Ingólfsson, Guðmundur Bjarnason, Guðni Ágústsson, Halldór Ásgrímsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Jón Helgason, Jón Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Páll Pétursson, Steingrímur Hermannsson, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

104. gr. laganna orðast svo:

Öll sveitarfélög skulu vera aðilar að staðbundnum landshlutasamtökum sveitarfélaga. Starfssvæði þessara samtaka skal miða við núverandi kjördæmi.

Verkefni landshlutasamtaka sveitarfélaga er að vinna að hagsmunamálum íbúa í hverju kjördæmi. Þau skulu gera tillögur um skipulag og uppbyggingu opinberrar þjónustu og ráðstöfun fjárveitinga úr ríkissjóði í hverju kjördæmi um sig. Þau skulu annast önnur þau verkefni sem löggjafarvaldið kann að fela þeim.

Landshlutasamtök halda ársfund og kjósa byggðastjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Kjörgengir í byggðastjórn skulu vera héraðsnefndarfulltrúar og varamenn þeirra. Byggðastjórn skal kjósa fimm til sjö manna byggðaráð úr sínum hópi sem fer með framkvæmdastjórn landshlutasamtakanna.

Í hverju kjördæmi skal Byggðastofnun falið að hafa frumkvæði að því að koma á fót héraðsmiðstöðvum í samvinnu við heimamenn og aðra aðila er málið varðar og þar skal vera aðsetur byggðastjórnar og byggðaráðs auk fulltrúa ýmissa opinberra aðila, svo sem ráðuneyta og stofnana.

Félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga. Hver landshlutasamtök gera sérstaka samþykkt sem staðfest skal af ráðuneytinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að stofni til samhljóða frumvarpi sem unnið var af nefnd sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar skipaði í byrjun desember 1989 og gera átti tillögu um skipulag Byggðastofnunar og fyrstu aðgerðir í byggðamálum.

Nefndin var skipuð fulltrúum þáverandi stjórnarflokka og skilaði áliti 12. febrúar 1991. Formaður nefndarinnar var Stefán Guðmundsson alþingismaður en aðrir í nefndinni voru: Ragnar Arnalds alþingismaður, Sighvatur Björgvinsson alþingismaður, Trausti Þorláksson Sigtúni, Öxarfjarðarhreppi, og Zophonías Zophoníasson Blönduósi.

Frumvarp það var ekki lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi vegna tímaskorts, en birtist sem viðauki 1 við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun, sem fyrrverandi forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, lagði fram og varð að lögum nr. 39/1991.

Forsenda þess að þjóð haldi forræði á landi sínu er að hún byggi það og nýti allar auðlindir þess. Jafnvægi í byggð Íslands, þ.e. að þjóðin byggi landið allt og nýti sjálf

auðlindir þess, er því forsenda fullveldis þjóðarinnar og óskoraðs forræðis hennar á landi og landgæðum.

Nýjar hugmyndir, sem fram hafa komið í nágrannalöndunum á sviði byggðamála undanfarin ár, hafa einkum byggt á því að styrkja heimaaðila og efla sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Í stað almennra, miðstýrðra aðgerða hafa komið sértækar aðgerðir sem byggja á frumkvæði og ábyrgð heimaaðila. Þeim rökum er einkum beitt að hjá þeim sé sú staðarþekking sem tryggi besta nýtingu fjármuna, auk þess sem heimamenn viti best hvaða verkefni er vert að styðja og forgangsröð þeirra. Þetta á síðan að verða aflvaki aukins hagvaxtar og nýrra atvinnutækifæra.

Að því er varðar framtíðarstefnumótun í byggðamálum má í grófum dráttum segja að stjórnvöld standi frammi fyrir tveimur kostum:

Annars vegar að leggja áherslu á það sem kalla má hefðbundna byggðastefnu, en hún byggir á því að fyrir hendi sé hagvöxtur sem nota má til jöfnunaraðgerða.

Hinn kosturinn, sá sem hér er lagt til að unnið sé eftir og svo mjög hefur einkennt faglega umræðu um byggðamál á seinni árum, byggir hins vegar á þeirri meginforsendu *að aukin ábyrgð heimamanna á eigin málum og jafnvægi í byggð sé sá grundvöllur sem þurfi að vera fyrir hendi ef takast eigi að auka hagvöxt í landinu öllu.*

Til þess að ná þessu markmiði hafa augu manna einkum beinst að leiðum sem fela í sér að ákvarðanatakan er í auknum mæli færð heim í héruð þar sem heimaaðilar geta sjálfir samræmt aðgerðir í hinum ýmsu málaflokkum og þannig nýtt betur það fjármagn sem til ráðstöfunar er.

Núverandi fyrirkomulag stjórnkerfisins byggir á sterkri miðstýringu og veigalitlum sveitarfélögum. Með því að skipta stjórnkerfinu upp í sérhæfð svið er ætlunin að ná aukinni skilvirkni og hagkvæmari rekstri. Áætlanagerð, ákvarðanataka og framkvæmd fer að mestu fram innan viðkomandi sviðs og hjá fagráðuneytum og fagstofnunum. Heima í héraði er enginn formlegur samstarfsvettvangur fyrir hendi sem myndað getur mótvægi við ríkisvaldið og stofnanir þess sem staðsett er á tiltölulega afmörkuðu landsvæði og dregið úr miðstjórnarhlutverki þess. Möguleikar til raunverulegrar valddreifingar eru því litlir.

Æskilegt er að víkja frá núverandi fyrirkomulagi og flytja ábyrgðina í auknum mæli í hendur heimamanna. Grundvallaratriði í því er að efla kjördæmin stjórnsýslulega og efnahagslega þannig að þau verði fær um að takast á hendur aukin verkefni og meiri ábyrgð á eigin málum.

Í frumvarpinu er lagt til að héraðsnefndir skuli mynda byggðastjórnir í hverju kjördæmi sem leysi þau verkefni sem þeim verða falin með lögum. Öllum sveitarfélögum í kjördæminu er skylt að eiga aðild að byggðastjórn. Þannig mynda sveitarfélögin samstarfsvettvang um úrlausn ákveðinna verkefna sem þeim verða falin.

Gert er ráð fyrir að heimamönnum verði falið að ákveða með hvaða hætti kosið verður til byggðastjórna enda geta aðstæður verið mismunandi í einstökum landshlutum. Kjörgengir til setu í byggðastjórn yrðu héraðsnefndarfulltrúar og varamenn. Úr hópi byggðastjórnarmanna skal kosið fimm til sjö manna byggðaráð eftir ákvörðun byggðastjórnar.

Í kjördæmum landsbyggðarinnar verði komið á fót héraðsmiðstöðvum þar sem byggðastjórn hefði aðsetur auk fulltrúa ýmissa opinberra aðila, svo sem ráðuneyta og stofnana, sem annast myndu stjórnsýsluþjónustu í umdæminu. Lagt er til að Byggðastofnun verði falið að hafa frumkvæði að því að koma á fót héraðsmiðstöðvum í samvinnu við heimamenn og aðra aðila er málið varðar. Að teknu tilliti til íbúafjölda og legu staðanna er eðli-

legt að þessar héraðsmiðstöðvar verði á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, í Borgarnesi og Keflavík.

Mikilvægasta markmiðið með starfsemi héraðsmiðstöðva er að tekið verði eins fljótt og kostur er á þeim vandamálum sem upp koma á landsbyggðinni í kjölfar breyttra atvinnuhátta. Þessu markmiði verði m.a. náð með því að stórauka atvinnuþróunarstarf í héruðunum og samræma áætlanagerð þannig að innan hins opinbera verði aðilar að starfa saman og þeim verði gert að skila sameiginlegri áætlun fyrir landshlutann.

Hér er lagt til að farin verði ný leið, leið sem tekur mið af breyttum háttum í þjóðfélaginu og brúar þá gjá sem myndast hefur milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðar. Því er skynsamlegast að efla sveitarstjórnarstigið, auka völd og ábyrgð réttkjörinna sveitarstjórnarmanna í stað þess að koma á nýju stjórnstigi.

Hornsteinninn að þessu frumvarpi er að treysta sveitarstjórnarstigið og að sveitarfélögin verði efld, áhrif þeirra og ábyrgð aukin. Jafnframt þessu þarf að koma á auknu samstarfi og samruna sveitarfélaga innan viðkomandi kjördæmis þannig að þau verði betur í stakk búin til að takast á við ný og stærri verkefni en áður, verkefni sem verði flutt frá miðstýrðu og býsna fjarstýrðu kerfi til þeirra sem við eiga að búa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til þess að unnt sé að efla kjördæmin stjórnsýslulega og efnahagslega og auka þannig ábyrgð og vald heimamanna í eigin málum verður að mynda lögbundinn samstarfsvettvang allra sveitarfélaga í hverju kjördæmi um úrlausn þeirra verkefna sem þeim verða falin. Í 1. mgr. er lagt til að þessi samstarfsvettvangur miðist við núverandi kjördæmi landsins sem staðbundin landshlutasamtök og lögbundið að öll sveitarfélög skuli vera aðilar að þeim.

Verkefni landshlutasamtakanna skv. 2. mgr. skal vera að vinna að hagsmunamálum íbúa viðkomandi kjördæmis með því m.a. að gera tillögur um skipulag opinberra verkefna og þjónustu í héraði, framkvæmdaröð og ráðstöfun fjárveitinga úr ríkissjóði, jafnframt því að gera áætlanir á sviði byggða- og atvinnuþróunar innan þess ramma sem stjórnvöld setja.

Þau verkefni, sem eðlilegt má telja að byggðastjórn fjalli um, eru:

— Byggðaáætlanir fyrir landshlutann.
— Samgöngumál (hafnir, flugvellir, vegir).
— Heilsugæsla og sjúkrahús sveitarfélaga.
— Skipulags- og umhverfismál.
— Atvinnuþróun og nýsköpun atvinnulífsins, svo sem málefni atvinnuþróunarfélaga.
— Löggæsla.
— Húsnæðismál, sbr. nýja löggjöf um Húsnæðisstofnun ríkisins.
— Málefni framhaldsskóla.
— Rekstur fræðsluskrifstofa.
— Málefni fatlaðra.
— Öll önnur sameiginleg mál ríkis og sveitarfélaga.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að landshlutasamtökin haldi ársfund og kjósi sér stjórn, byggðastjórn, að loknum sveitarstjórnarkosningum, og héraðsnefndarmenn og varamenn þeirra séu einir kjörgengir í byggðastjórn. Á þennan hátt er ætlunin að tryggja að í byggðastjórn sitji einstaklingar sem valdir hafa verið til sveitarstjórnarstarfa af íbúunum sjálfum og beri þannig ábyrgð á störfum sínum gagnvart íbúum viðkomandi svæð-

is. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að heimamönnum verði falið að ákveða með hvaða hætti kosið verður til ársfundar og byggðastjórnar enda geta aðstæður verið mismunandi í einstökum kjördæmum.

Þá er gert ráð fyrir að byggðastjórn kjósi fimm til sjö manna byggðaráð úr sínum hópi sem skal vera framkvæmdaráð byggðastjórnar á svipaðan hátt og bæjarráð er framkvæmdaráð bæjarstjórna í dag. Byggðaráðinu er ætlað að vera skilvirk afgreiðslustofnun og framkvæmdaaðili á samþykktum byggðastjórnar sem auðvelt eigi með að koma saman og fylgja málum eftir til framkvæmda.

Samkvæmt 4. mgr. er gert ráð fyrir að byggðastjórn og byggðaráð hafi aðsetur á einum ákveðnum stað í hverju kjördæmi, í héraðsmiðstöðvum, þar sem einnig hefðu aðsetur fulltrúar ýmissa opinberra aðila, svo sem ráðuneyta og stofnana, sem annast stjórnsýsluþjónustu í umdæminu. Byggðastofnun verði falið að hafa frumkvæði að því að koma á fót héraðsmiðstöðvum í samvinnu við heimamenn og aðra aðila er málið varðar. Markmiðið með stofnun og starfsemi héraðsmiðstöðva er að tekið verði eins fljótt og kostur er á þeim vandamálum sem upp koma á landsbyggðinni í kjölfar breyttra atvinnuhátta. Með því að mynda miðstöð í hverju kjördæmi fyrir ýmsa opinbera þjónustu fyrir allt kjördæmið þar sem byggðastjórn hefði einnig aðsetur má spara fé með samnýtingu ýmissar aðstöðu og faglærðs starfsfólks sem að auki gerði starfsemi héraðsmiðstöðvanna skilvirkari og auðveldaði aðilum innan kjördæmisins að reka sín erindi.

Samkvæmt 5. mgr. er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið setji nánari ákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga með reglugerð og einnig að samþykktir, sem landshlutasamtökin skuli gera, skuli samþykktar af félagsmálaráðuneytinu.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

3. Beiðni um skýrslu [3. mál]

frá heilbrigðisráðherra um málefni og hagi aldraða.

Frá Svavari Gestssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Jóhanni Ársælssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni, Ragnari Arnalds og Steingrími J. Sigfússyni.

Með tilvísun til 46. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um málefni aldraða þar sem fram komi meðal annars:

1. Yfirlit yfir þau úrræði aldraða sem veitt eru í dag að því er varðar hjúkrunarrými eftir landshlutum, dagvistun aldraða, rými fyrir heilabilaða aldraða einstaklinga, endurhæfingu, öldrunarlækningar og þátt heilsugæslunnar í þjónustu við aldraða.
2. Yfirlit yfir þróun málefna aldraðra sl. 10 ár að því er varðar sömu þætti, þ.e. fjölda aldraðra sem þurfa á þjónustu að halda, hjúkrunarrými, aðra aðstöðu aldraðra, svo sem endurhæfingu, öldrunardeildir, heimaþjónustu, þátt sveitarfélaganna og hlut heilsugæslunnar í þjónustu við aldraða.
3. Yfirlit yfir þá stefnu sem ríkisstjórnin kann að hafa í uppbyggingu þjónustu við aldr-

aða, þar með taldir allir þeir þættir sem á undan eru nefndir, auk yfirlits yfir þau vandamál sem heilbrigðisráðuneytið telur að helst steðji að öldruðu fólki á komandi árum, bæði heilsufarsleg vandamál og félagsleg vandamál. Þá verði gerð grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar almennt og því er varðar einstök atriði eins og
— þörf á hjúkrunarrými fyrir aldraða eftir landsvæðum,
— þörf á öldrunarlækningum,
— þörf á dagvistum,
— þörf á hvíldarinnlögnum,
— þörf á rými fyrir heilabilaða aldraða,
— breytingar á þjónustu heilsugæslustöðva við gamalt fólk,
— þörf á íbúðum fyrir aldraða og stefnumótun í þeim efnum eftir landsvæðum,
— þörf á heimilisþjónustu og áform sveitarfélaganna í þeim efnum.

4. Yfirlit yfir kjör aldraðra með hliðsjón af greiðslum almannatrygginga og frá lífeyrissjóðum.
5. Yfirlit yfir framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra frá upphafi eftir landshlutum, bæði heildargreiðslur og árlegar greiðslur.
6. Yfirlit yfir önnur atriði og upplýsingar sem ríkisstjórnin telur að veiti sem gleggsta heildarmynd af málefnum aldraðra og þeim úrræðum sem grípa verður til í þeim málaflokki nú og á komandi árum.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi svo fljótt sem verða má. Jafnframt er þess óskað að skýrslubeiðnin verði prentuð með skýrslunni þannig að þar komi fram með skýrum hætti samhengi skýrslunnar og þessarar skýrslubeiðni.

4. Þjóðhagsáætlun [4. mál]

fyrir árið 1992.

(Lögð fram af forsætisráðherra 2. október 1991.)

I. INNGANGUR OG YFIRLIT UM HELSTU NIÐURSTÖÐUR.

Skjótt skipast veður í lofti. Fram eftir þessu ári var talið að botni hagsveiflunnar væri náð og betri tíð færi í hönd. Efnahagsstarfsemin, sem tók dýfu árin 1988 og 1989 þegar landsframleiðsla dróst saman bæði árin, rétti sig af þegar líða tók á árið 1990. Landsframleiðslan stóð þá í stað en er talin muni aukast lítilsháttar á þessu ári og vonir stóðu til að hagvöxtur yrði 1–2% á næsta ári. Þessar horfur breyttust til hins verra á miðju þessu ári þegar ljóst varð að nauðsynlegt væri að draga verulega úr fiskafla á nýju fiskveiðiári sem hófst 1. september síðastliðinn. Því virðist óhjákvæmilegt að efnahagslífið taki nýja dýfu á næsta ári. Spáð er að landsframleiðslan muni dragast saman um 1½% og þjóðartekjur um 3%.

Þessar óhagstæðu horfur fela í sér samfleytt 5 ára tímabil stöðnunar og samdráttar í íslenskum þjóðarbúskap. Efnahagsstarfsemin hefur ekki verið jafnlengi í lægð í hálfa öld. Þetta er vandi íslenskra efnahagsmála í hnotskurn. Vandinn stafar bæði af erfiðum ytri skilyrðum og veilum í hagstjórn.

Ríkisstjórnin sem tók við starfi 30. apríl síðastliðinn hefur sett sér það markmið að rjúfa þessa kyrrstöðu í íslenskum þjóðarbúskap. Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar beindust að því að draga inn þann slaka í hagstjórn sem hafði myndast undir lok síðasta árs og á fyrstu mánuðum þessa árs. Þessi slaki, sem meðal annars birtist í stórauknum innflutningi og þenslu, stafaði af veikleikum í stjórn ríkisfjármála og peningamála. Aðhaldsaðgerðir ríkisstjórnarinnar á þessum sviðum hafa þegar skilað árangri. Verðbólga fer nú lækkandi, hægt hefur á aukningu innflutnings og dregið hefur úr þensluhættu. Jafnframt hófst ríkisstjórnin handa við að vinda ofan af þeim vanda sem hefur hlaðist upp í atvinnulífi þjóðarinnar vegna fyrirgreiðslu stjórnvalda við óarðbær fyrirtæki og atvinnugreinar. Markmiðið er að auka arðsemi atvinnulífsins og skapa svigrúm fyrir betri lífskjör. Samhliða hefur ríkisstjórnin unnið að mótun efnahagsstefnunnar til lengri tíma. Stefnunni er lýst í kafla 2 hér á eftir. Jafnframt mun ríkisstjórnin gefa út hvítbók sem fjallar um stefnuna og inniheldur skrá yfir helstu verkefni sem hún hyggst hrinda í framkvæmd á kjörtímabilinu.

Samdráttur landsframleiðslu og þjóðartekna á næsta ári sníða efnahagslífinu þröngan stakk. Því er óhjákvæmilegt að draga úr eftirspurn og umsvifum í landinu til þess að koma í veg fyrir að viðskiptahalli aukist úr hófi. Forsendur þjóðhagsáætlunar gera ráð fyrir því að þjóðarútgjöld lækki um 1½% á árinu 1992 eða eins og landsframleiðslan. Þetta nægir þó ekki til að halda viðskiptahallanum óbreyttum vegna lakari viðskiptakjara. Að baki því að lækka þjóðarútgjöldin ekki meira liggja einkum tvær ástæður. Annars vegar er hætta á því að atvinnuástandi væri stefnt í tvísýnu. Hins vegar er reiknað með að í byrjun árs verði tekin ákvörðun um að reisa álver á Keilisnesi. Bygging álvers í samræmi við áform mun að öðru óbreyttu leiða til mikils hagvaxtar á árunum 1993 og 1994 en afturkipps 1995 þegar framkvæmdum lýkur. Æskilegt er að jafna sem mest út hagsveifluna sem bygging álvers veldur. Ljóst er hins vegar að í þessari áætlun er teflt á tæpasta vað í viðskiptum við útlönd á næsta ári og því er afar brýnt að þjóðarútgjöldin verði ekki meiri en hér er áætlað.

Þótt nú sé talið líklegt að áform Atlantsáls um byggingu álvers rætist er nauðsynlegt að minna á að engar endanlegar ákvarðanir hafa enn verið teknar í þeim efnum. Stefnt er hins vegar að því að ákvörðun um byggingu álvers liggi fyrir á fyrstu mánuðum næsta árs.

Verg landsframleiðsla á Íslandi og OECD
Vísitölur 1980=100



Þjóðhagsáætlunin byggir á þeirri forsendu að þetta gangi eftir og hefur það áhrif á þjóðarbúskapinn þegar á næsta ári, einkum virkjanaframkvæmdir í tengslum við álverið. Í þessu felst að sjálfsögðu að verði fallið frá áformum um Atlantsál, eða þeim frestað, breytast efnahagshorfurnar til hins verra. Landsframleiðsla árið 1992 yrði um 1% minni en þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir og áhrifin yrðu enn meiri næstu árin á eftir. Af þessu má ljóst vera að breytist áformin um Atlantsál er óhjákvæmilegt að endurskoða efnahagsáætlanir ríkisstjórnarinnar.

Blikur eru á lofti í alþjóðaefnahagsmálum um þessar mundir. Verulega hefur hægt á hagvexti í heiminum síðustu misseri. Alþjóðaefnahagsstofnanir gera þó ráð fyrir að verstu þrengingarnar séu að baki og að hagvöxtur muni smám saman aukast á næstu mánuðum í 3% miðað við heilt ár.

Í kaflanum hér á eftir er gerð grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Í þriðja kafla er lýst framvindu efnahagsmála á þessu ári og horfum árið 1992. Í fjórða kaflanum er fjallað um horfurnar næstu árin.

II. EFNAHAGSSTEFNAN

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks hefur sett sér það markmið að rjúfa langvarandi kyrrstöðu í íslenskum þjóðarbúskap. Til þess að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að fara nýjar leiðir við stjórn efnahagsmála. Ríkisstjórnin hyggst auka markaðsbúskap og búa einstaklingum og fyrirtækjum hvetjandi starfsumhverfi með sanngjörnum leikreglum og stöðugleika í efnahagslífi. Ríkisstjórnin mun laga leikreglur efnahags- og atvinnulífs eftir aðstæðum að þeim sem gilda í öðrum Evrópulöndum. Afskipti ríkisins af einstökum atvinnugreinum og fyrirtækjum verði sem minnst. Ríkisstjórnin mun fyrst og fremst beita almennum aðgerðum á sviði ríkisfjármála, peninga- og gengismála til þess að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu. Hér á eftir verður nánar lýst stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Evrópskt efnahagssvæði.

Samningaviðræðum um evrópskt efnahagssvæði lauk ekki fyrir sumarleyfi 1991 eins og að hafði verið stefnt. Vilji samningsaðila til þess að leiða þær til lykta svo fljótt sem auðið er hefur þó verið ítrekaður og verður allt kapp lagt á að leysa ágreiningsatriðin á næstu vikum. Í ljósi stórviðburða sumarsins eru ágreiningsmálin sem eftir standa léttvæg og nauðsyn þess að koma samskiptum EB og EFTA ríkja á fastari grunn augljósari en nokkru sinni fyrr.

Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því að samningar taki gildi fyrr en í ársbyrjun 1993, því ekki veitir af öllu árinu 1992 til þess að undirbúa gildistöku og tryggja rétta þinglega og stjórnkerfislega meðferð. Bein áhrif samninganna á árinu 1992 munu því fyrst og fremst koma fram í auknu starfsálagi innan stjórnarráðs og Alþingis. En jafnvel eftir að samningar eru gengnir í gildi munu áhrif þeirra tæpast verða snörp eða byltingarkennd. Samningarnir munu skapa ramma um frekari vöxt og viðgang og gefa íslenskum fyrirtækjum aukið svigrúm og fleiri tækifæri.

Niðurfelling tolla á íslenskum sjávarafurðum hefði þó í för með sér greinilega hagsbót strax á árinu 1993. Þrátt fyrir veruleg tollfríðindi sem íslenskar afurðir njóta við innflutning til EB vegna bókunar 6 í fríverslunarsamningi Íslands og EB frá 1972, námu tollgreiðslur af íslenskum sjávarafurðum til EB á þriðja milljarð íslenskra króna á síðasta ári. Þar vegur saltfiskurinn þyngst en tollgreiðslur af honum eru um helmingur af þeirri upphæð. Ekki er víst að allar tollgreiðslur rynnu óskertar til íslenskrar saltfiskvinnslu ef af samningum verður. Saltfiskframleiðendur hafa þó talið sig bera allan kostnað vegna tolla á EB markaði. Útflutningur á ferskum flökum hefur farið ört vaxandi á undanförnum árum. Tollar á ferskum flökum eru 18% og niðurfelling þeirra gerbreytti markaðsstöðu Íslendinga. Núgildandi tollakerfi EB gagnvart Íslandi miðast við útflutning Íslands til EB fyrir tuttugu árum og tekur ekki tillit til þess að EB ríkjunum hefur fjölgað, né til breytinga á neysluvenjum, flutningamöguleikum og veiðum. Fullt tollfrelsi gæfi svigrúm til aukinnar vöruþróunar og opnaði leiðir til útflutnings tilbúinna fiskrétta og annarra unninna sjávarafurða.

Ísland hefur nú þegar fellt niður alla tolla af iðnvarningi frá ríkjum EES og er því ekki um það að ræða að ríkissjóður þurfi að sjá af tekjum vegna samninganna. Þó getur verið að taka þurfi innheimtu fjáröflunartolla til endurskoðunar en þar yrði væntanlega frekar um uppstokkun skattstofna að ræða en tekjuskerðingu.

Með EES samningunum er verið að samræma umferðarreglur atvinnulífsins innan Vestur-Evrópu. Takmarkið er að aflétta öllum tilbúnum hindrunum á vöruviðskiptum, fjármagnsflutningum, þjónustuviðskiptum og atvinnu- og búseturéttindum. En forsenda þess að unnt sé að aflétta þeim er gagnkvæmt traust. Þátttökuríkin verða að vera þess fullviss að önnur ríki innan svæðisins uppfylli vissar grundvallarkröfur. Hér má nefna kröfur um öryggis- og heilbrigðiseftirlit við vöruframleiðslu, að vissar reglur um starfsemi lánastofnana og tryggingarfélaga séu virtar og að ríkisborgarar hvers ríkis njóti sannmælis alls staðar innan svæðisins.

Við setningu laga og reglna á Íslandi um starfshætti atvinnulífsins hefur ævinlega verið tekið mið af því sem nágrannaþjóðirnar hafa best gert. Það hefur og komið í ljós við samanburð á íslenskri löggjöf og reglugerðum Evrópubandalagsins að munurinn liggur oftast í því að reglugerðir EB ná lengra og eru nákvæmari en ástæða hefur þótt til á Íslandi. Þar sem munurinn hefur verið mestur hefur undirbúningur að frjálslegri löggjöf verið í undirbúningi á Íslandi án tillits til EES samninganna. Jafnvel þar sem íslensk lög hafa kveðið á um að leyfi stjórnvalda þurfi til, svo sem á sviði fjármagnsflutninga, hefur framkvæmdin verið sveigjanleg. EES samningar hefðu fyrst og fremst í för með sér þá breytingu að frelsi fyrirtækja og einstaklinga til gjaldeyrisviðskipta yrði samningsbundinn réttur en ekki lengur háður ýmsum takmörkunum eins og nú er.

Þó EES samningarnir hafi í almennri umræðu skyggt á aðra samninga sem Ísland undirbýr nú aðild að er rétt að minna á Úrúgvæ samningalotu GATT. Henni er ekki enn lokið, en viðræðurnar ná ekki eingöngu yfir tollalækkanir í vöruviðskiptum heldur einnig til löggjafar um hugverkarétt svo eitthvað sé nefnt. Markmiðið er hið sama og í EES viðræðunum, að auka frelsi í viðskiptum af öllu tagi. Það er hins vegar ljóst að mismunur milli aðildarríkja GATT viðræðnanna er of mikill til þess að þar verði hægt að ganga eins langt og innan EES.

Loks ber að geta þess að undirbúningur er langt kominn við gerð fríverslunarsamninga við Ungverjaland, Tékkóslóvakíu, Pólland, Tyrkland og Ísrael. Samningar við fleiri ríki munu væntanlega fylgja í kjölfarið. Samningar þessir byggja á fyrirmynd fríverslunarsamninga EFTA ríkjanna og EB sem gerðir voru 1972 og standa öll EFTA ríkin sameiginlega að gerð þeirra. Jafnframt halda áfram samningar EB við Austur-Evrópuríkin um nánari tengsl eða aukaaðild. Það er því líklegt að öll Austur- og Mið-Evrópa mun innan tíðar færast inn á sama viðskiptasvæði og hlíta sömu reglum og gilda í Vestur-Evrópu.

Afkoma ríkissjóðs.

Minni hallarekstur, minni lánsfjáreftirspurn og minni umsvif ríkisins eru lykilatriði fyrir viðreisn efnahagslífsins. Versnandi viðskiptakjör, aflasamdráttur og horfur á minni landsframleiðslu árið 1992 undirstrika mikilvægi þessara markmiða. Færa má rök fyrir því að þjóðin þoli ekki mikið lengur stöðnun og samdrátt, sem einkennt hefur þjóðarbúskapinn á undanförnum árum. Mjög brýnt er að snúa vörn í sókn og fá hjól atvinnulífsins til að snúast með fullum hraða á ný. Til að það megi takast, þrátt fyrir fyrirsjáanlegan samdrátt í landsframleiðslu vegna versnandi ytri aðstæðna, verður að haga málum þannig að stöðugleiki í verðlagsmálum haldist, án þess að atvinnuleysi aukist og gjaldþrotum fjölgi. Allir verða að leggjast á eitt ef þetta á að takast og ljóst að árangurs er ekki að vænta, nema ríkissjóður gangi á undan með góðu fordæmi. Nauðsynlegur stöðugleiki næst ekki nema eyðslu umfram efni sé hætt, hvort sem þjóðin, ríkið, fyrirtæki eða einstaklingar eiga í hlut. Aukinn sparnaður er undirstaða nýrrar framfarasóknar.

Um leið og dregið verður úr hallarekstri ríkissjóðs árið 1992 með því að stöðva þá aukningu ríkisumsvifa sem viðgengist hefur undanfarin ár verða næstu skref til uppbyggingar heimilunum og kerfisbreytingar í ríkisrekstrinum undirbúin. Uppstokkun og ný vinnubrögð eru nauðsynleg, ef tryggja á markvissa opinbera þjónustu án þess að ganga of nærri

atvinnulífinu með óhóflegum sköttum, lántökum, boðum og bönnum. Nýjar aðferðir í ríkisrekstri eru liður í að tryggja markvissa stjórn ríkisfjármála, en jafnframt hóflega og skilvirka skattheimtu. Markmiðið er hagkvæm, takmörkuð en góð ríkisþjónusta, ásamt aukinni valddreifingu og rekstrarlegri ábyrgð stjórnenda og starfsmanna.

Árið 1993 er stefnt að því að fjármál ríkissjóðs verði komin í jafnvægi án almennra skattahækkana. Til að ná fram þessu markmiði verði skapað svigrúm fyrir aukna verðmætasköpun í atvinnulífinu með sparnaði og hagræðingu í opinberum rekstri. Með minni lánsfjáreftirspurn ríkisins á einnig að gefast svigrúm fyrir lækkun vaxta og þar með fyrir fjárfestingu og uppbyggingu í atvinnulífinu.

Skattamál.

Markmið skattheimtu er fyrst og fremst að afla tekna til opinberra útgjalda. Tekjujöfnun og önnur félagsleg markmið á að tryggja innan hins félagslega velferðakerfis. Bæði innheimta og ráðstöfun skatta á að vera hagkvæm og raska sem minnst almennri efnahagsstarfsemi.

Til þess að forðast neikvæð áhrif á atvinnulífið þarf skattkerfið að vera einfalt, skilvirkt og hlutlaust í þeim skilningi að það mismuni ekki framleiðsluþáttum og atvinnugreinum. Skattheimtan verður umfram allt að vera hófleg þannig að hún dragi ekki um of úr framtakssemi og áræði einstaklinga til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar. Skattstofnar eiga að vera breiðir, skýrt afmarkaðir, með sem fæstum undanþágum til þess að skatthlutföll verði sem lægst. Vegna aukins frjálsræðis í viðskiptum milli ríkja þarf að huga að samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og gæta þess að skattkerfið íþyngi þeim ekki umfram það sem gengur og gerist meðal grannþjóðanna.

Á síðasta áratugi urðu gagngerar breytingar á skattkerfinu. Álagning innflutningsgjalda var endurskoðuð frá grunni og virðisaukaskattur tekinn upp. Skattlagning launatekna var einfölduð og komið á staðgreiðslu þeirra. Lagfæringar voru gerðar á tekjuskattlagningu fyrirtækja og skattar á launagjöld einfaldaðir um leið og stigið var skref til samræmingar þeirra. Vegna fjölgunar undanþága og hægagangs sl. tvö til þrjú ár er enn verk að vinna í þá veru að treysta og afmarka skattstofna, fækka undanþágum og lækka skatthlutföll.

Starfsmanna- og kjaramál.

Endurskoða þarf frá grunni lög um starfsmanna- og kjaramál ríkisins og skilgreina á ný réttindi og skyldur starfsmanna og ríkisins sem vinnuveitenda. Með ótvíræðum hætti þarf að gera greinarmun á lagalegri umgjörð samninga (leikreglunum) og atriðum sem semja ber um í kjarasamningum. Með því að draga eins og kostur er úr sérstöðu opinberra starfsmanna verði þeim tryggð sambærileg aðstaða til kjarasamninga og er á hinum almenna vinnumarkaði. Jafnframt verði ríkinu sem atvinnurekenda skapað eðlilegt svigrúm til nýsköpunar og aukinnar hagkvæmni í rekstri.

Einkavæðing opinberrar starfsemi.

Ríkisstjórnin hefur einsett sér að stöðva útgjaldaþenslu og hallarekstur ríkisins. Í því skyni verður athugað á hvaða sviðum má betur fara með opinbert ráðstöfunarfé. Einkavæðing og valddreifing munu gegna lykilhlutverki í þessu efni. Þar sem sölu ríkisfyrirtækja verður ekki við komið verður fyrirtækjum og stofnunum ríkisins búin almenn skilyrði og sjálfstæði þeirra og ábyrgð aukin. Í öðrum tilvikum verði rekstur og þjónusta einstakra stofnana boðin út og rekstrarleg ábyrgð og kostnaður hins opinbera þannig aðskilin. Þessi stefna mun leiða til hagkvæmari ríkisrekstrar og skapa forsendur fyrir lækkun ríkisútgjalda á næstu árum.

Ríkisstjórnin mun eftir því sem við verður komið selja eignarhlut sinn í þeim fyrirtækjum sem geta búið við aðhald markaðarins. Jafnframt verða útboð rekstrarverkefna aukin. Með því að færa opinberan rekstur í hendur einstaklinga og fyrirtækja þeirra er hægt að stuðla að

aukinni skilvirkni og hagkvæmni í ýmis konar þjónustu- og framleiðslustarfsemi, jafnframt því sem létt er af hinu opinbera ábyrgð og útgjöldum. Þannig nýtist takmarkað ráðstöfunarfé hins opinbera best. Að baki þessu liggur að markaðsöflin og séreignarétturinn séu að öðru jöfnu betri trygging fyrir skynsamlegri nýtingu framleiðsluþátta en ríkisrekstur. Með aukinni einkavæðingu er stefnt að því að auka samkeppni í atvinnulífinu og að auka tekjur ríkissjóðs á næstu árum með sölu arðbærra eigna.

Meðal verkefna á sviði einkavæðingar má nefna:

- Breytingu ríkisbanka í hlutafélög.
- Stofnun hlutafélaga um rekstur verksmiðja í ríkiseign.
- Sölu hlutabréfa ríkissjóðs í framangreindum fyrirtækjum eftir því sem hagkvæmt þykir og unnt er að tryggja dreifingu á eignarhaldi.
- Aukin útboð á þjónustu, sem kostuð er af hinu opinbera.

Stefnt skal að því að afla ríkissjóði fjár með framangreindum hætti er nemi ekki minna en 2% af útgjöldum hans á kjörtímabilinu.

Peninga- og gengismál.

Meginmarkmið stefnu ríkisstjórnarinnar í peninga- og gengismálum er að stuðla að áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum þannig að verðbólga verði á svipuðu stigi og í helstu viðskiptalöndunum. Til að ná því markmiði telur ríkisstjórnin nauðsynlegt að meðalgengi krónunnar sé haldið föstu. Stjórntækjum peningamála ásamt öðrum hagstjórnartækjum verður markvisst beitt til að laga heildareftirspurn í þjóðfélaginu að framleiðslugetu þess og stuðla að jafnvægi á fjármagnsmarkaði. Þannig verður tryggt að stefna ríkisstjórnarinnar í gengismálum sé trúverðug og fái staðist til lengdar.

Ríkisstjórnin telur mikilvægt að í engu verði hvikað frá því vaxtafrelsi sem hefur verið fest í sessi hér á landi á undanförnum árum og að vaxtastig ráðist af aðstæðum á fjármagnsmarkaði. Hún mun hins vegar beita sér fyrir því að spenna á fjármagnsmarkaði slakni með almennum aðgerðum til að draga úr heildareftirspurn, fyrst og fremst með því að minnka lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila eins og fram kom hér að framan. Jafnframt er nauðsynlegt að gera samkeppni á innlendum fjármagnsmarkaði virkari og fyrirbyggja samráð um vaxtaákvarðanir fjármálastofnana. Einungis með þessum hætti er unnt að stuðla að varanlegri lækkun raunvaxta í landinu.

Skipulagsumbætur á fjármagns- og gjaldeyrismarkaði.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar framfarir á innlendum fjármagnsmarkaði. Með vaxtafrelsi hefur tekist að endurvekja peningalegann sparnað eftir hrun á áttunda áratugnum. Ný starfsemi og fyrirtæki á fjármagnsmarkaði hafa aukið fjölbreytni í fjármálaþjónustu fyrir atvinnulífið og sparifjáreigendur og veitt innlánsstofnunum og ríkissjóði öfluga samkeppni um sparifé landsmanna. Þá hefur hlutabréfamarkaður náð að vaxa úr grasi og þar hefur myndast vísir að mikilvægri uppsprettu fjármagns fyrir atvinnulíf í landinu. Þróun undangenginna ára á fjármagnsmarkaðinum hefur með skýrum hætti dregið fram ótvíræða kosti frjálsrar samkeppni framyfir hina þungu og lamandi hönd miðstýringar og reglugerðarfargans. Innan þess ramma, sem löggjafinn hefur mótað til að skapa traust á markaðnum og vernda hagsmuni neytenda og sparifjáreigenda, hefur hugmyndaflug, áræði og atorka einstaklinga og fyrirtækja fengið að njóta sín og orðið aflvaki framfara.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á frekari þróun á fjármagnsmarkaðnum með það fyrir augum að tengja hann alþjóðlegum fjármagnsmarkaði enn traustari böndum og auka samkeppni og nýsköpun:

- *Aðlögun að alþjóðlegri þróun.* Afnám gjaldeyrishafta innan Evrópubandalagsins og hvers kyns takmarkana á því að fyrirtæki opni útibú eða veiti þjónustu sína í aðildarríkjum þess er einn af hornsteinunum í áformum bandalagsins um sameiginlegt markaðssvæði fyrir árslok 1992. Þetta er talið leiða til aukinnar samkeppni á fjármagnsmarkaði innan Evrópubandalagsins. Ríkisstjórnin leggur kapp á að laga lög, reglur og starfsskilyrði innlendra fjármálastofnana að þeirri þróun sem nú á sér stað í nágrannalöndunum. Einungis þannig er unnt að tryggja innlendum atvinnufyrirtækjum sambærilegan aðgang að fjármagnsmarkaði og fjármálaþjónustu og erlendir keppinautar þeirra njóta.

- *Innlánsstofnanir.* Með lögum frá Alþingi vorið 1991 var erlendum aðilum heimilað að eignast 25% af hlutafé í íslenskum hlutafélagsbanka. Auk þess var erlendum bönkum heimilað að opna útibú hér á landi frá og með næstu áramótum. Á haustþingi mun ríkisstjórnin leggja fram nauðsynleg frumvörp til að erlend útibú geti starfað hér með eðlilegum hætti. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að reglurnar skapi innlendum innlánsstofnunum og útibúum erlendra banka sambærilegar samkeppnisaðstæður. Eftir fækkun viðskiptabanka úr sjö í þrjá á skömmum tíma er samkeppni frá erlendum fjármálastofnunum farsælasta leiðin til að veita innlánsstofnunum aðhald. Þá stefnir ríkisstjórnin að því að rýmka í áföngum takmarkanirnar sem gilda um eignarhlut erlendra aðila í íslenskum bönkum.

  Við sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Útvegsbankanum hf. dró úr afskiptum ríkisins af bankarekstri. Ríkissjóður á hins vegar enn tvo viðskiptabanka af þremur. Á þessu þarf að verða breyting. Engin skynsamleg rök mæla lengur með þátttöku ríkisins í bankarekstri. Ríkisstjórnin stefnir því að því að breyta ríkisviðskiptabönkunum tveimur í hlutafélagsbanka og selja síðan hlut ríkisins þegar réttar aðstæður skapast til þess. Ríkisstjórnin telur að þessar breytingar krefjist ítarlegs undirbúnings og hún leggur áherslu á þá skoðun að við sölu á hlut ríkisins verði þess gætt að eigendur verði sem flestir.

- *Fyrirkomulag gengisskráningar.* Í samræmi við stefnuyfirlýsingu sína hefur ríkisstjórnin þegar hafið athugun á þeim möguleika að tengja krónuna við evrópska myntkerfið. Hvort sem sú leið verður farin að tengja gengi krónunnar við ECU eða miða gengi hennar við körfu gjaldmiðla eins og nú er gert, hyggst ríkisstjórnin auka markaðsáhrif á daglega gengisskráningu krónunnar.

- *Gjaldeyrisreglur.* Árið 1990 voru stigin mikilvæg skref í þá átt að afnema að fullu fjölmörg gjaldeyrishöft sem að ýmsu leyti mátti rekja til kreppuáranna og haftaáranna eftir síðari heimsstyrjöldina. Samkvæmt núgildandi gjaldeyrisreglum verða hömlur á langtímahreyfingum fjármagns frá landinu afnumdar í áföngum til ársloka 1992 þegar þær falla niður. Skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu eru hins vegar bundnar verulegum takmörkunum, þ.m.t. möguleikinn til að kaupa og ráðstafa að vild erlendum gjaldeyri. Ríkisstjórnin undirbýr nú frumvarp til laga um nýja skipan gjaldeyrismála í stað laga um það efni frá 1979. Hún stefnir jafnframt að frekari rýmkun á gjaldeyrisreglunum strax á árinu 1992 og að allar hömlur á gjaldeyrisyfirfærslum verði afnumdar að fullu á fyrri hluta kjörtímabilsins.

- *Verðtrygging sparifjár.* Ríkisstjórnin telur mikilvægt að samfara auknum tengslum íslensks fjármagnsmarkaðar við alþjóðlega fjármagnsmarkaði og auknum stöðugleika í íslensku efnahagslífi verði markvisst dregið úr vægi verðtryggingar á innlendum fjármagnsmarkaði. Í því skyni undirstrikar hún mikilvægi þess að ríkissjóður og opinberir lánasjóðir gefi í auknum mæli út óverðtryggðar skuldbindingar í stað verðtryggðra. Hún telur mikilvægt að ekki skapist óeðlilegt misræmi á milli verðtryggðra og óverðtryggðra eigna og skulda

innlánsstofnana. Slíkt getur stefnt afkomu þeirra í hættu og kallað á óæskilegar sveiflur í vöxtum þessara stofnana. Í þessu skyni hyggst hún samræma betur þær reglur sem gilda um verðtryggingu inn- og útlána. Ríkisstjórnin lýsir þeim ásetningi sínum að eigi síðar en í árslok 1992 verði lögum um verðtryggingu breytt, þannig að eftir þann tíma verði notkun verðtryggingar og fyrirkomulag hennar samningsatriði milli lánveitenda og lántakenda án nokkurrar opinberrar íhlutunar.

- *Seðlabanki Íslands.* Nú vinnur nefnd að endurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands með það fyrir augum að gera hann betur í stakk búinn til að gegna hlutverki sínu þegar tengslin milli innlends og alþjóðlegs fjármagnsmarkaðar eflast. Í þessu felst m.a. endurskoðun á þeim stjórntækjum sem hann hefur yfir að ráða, stöðu hans innan stjórnkerfisins og frelsi hans til að beita stjórntækjum sínum.

- *Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuvega.* Ríkisstjórnin hyggst setja fjárfestingarlánasjóðum atvinnuvega almennar starfsreglur. Jafnframt verði fjárfestingarlánasjóðunum breytt í hlutafélög. Þegar fram líða stundir og réttar aðstæður skapast hyggst ríkisstjórnin selja hlut ríkissjóðs í einstökum sjóðum og draga þannig enn frekar úr þátttöku ríkisins í rekstri fjármálastofnana og afskiptum af miðlun fjármagns. Jafnframt verði dregið úr ríkisábyrgð á innlendum og erlendum skuldum sjóðanna enda í engu samræmi við meginhlutverk ríkisins í þjóðfélaginu að það taki ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum lánastofnana atvinnuveganna.

- *Hlutabréfamarkaður.* Mikilvægt er að hlutabréfamarkaður nái að eflast enn frekar frá því sem nú er. Ríkisstjórnin er reiðubúin að leggja sitt af mörkum í samvinnu við fyrirtæki í landinu, fjármálastofnanir og stóra fjárfesta við endurskoðun á leikreglum á markaðnum í ljósi reynslu síðustu ára og ábendinga sem koma fram í skýrslu breska ráðgjafafyrirtækisins Enskilda Securities um íslenska hlutabréfamarkaðinn.

Atvinnustefna.

Afskipti ríkisvaldsins af atvinnumálum þjóðarinnar á undanförnum árum hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Tilraunir til að rjúfa einhæfni atvinnulífsins hafa í mörgum tilfellum mistekist hrapalega, þrátt fyrir að gríðarlegum fjármunum hafi verið veitt til uppbyggingar nýrra atvinnugreina. Með víðtækum afskiptum af lánveitingum og fyrirgreiðslu fjárfestingarlánasjóða hafa stjórnvöld ráðið miklu um hvar og í hverju hefur verið fjárfest. Hér á landi, líkt og annars staðar þar sem stjórnvöld hafa tekið sér slíkt vald í hendur, hafa afleiðingarnar verið slæmar. Hvatt hefur verið til óhóflegrar fjárfestingar í greinum sem náðarljós miðstjórnarvaldsins hefur skinið á hverju sinni. Þrengingar og gjaldþrot fyrirtækja í ullariðnaði, loðdýrarækt og fiskeldi bera vitni um hvernig til hefur tekist.

Byggðastefna hefur verið mikilvægt leiðarljós í þeirri miðstýrðu atvinnustefnu sem hér hefur verið fylgt. Brýnasta hagsmunamál landsbyggðarinnar er að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar búi við sanngjörn kjör, stöðugleika og heilbrigð rekstrarskilyrði. Ríkisstjórnin mun með almennum aðgerðum styðja viðleitni til uppbyggingar iðnaðar og þjónustu á vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar og greiða fyrir varanlegri aðlögun að breyttum atvinnuháttum og markaðsskilyrðum. Efling vaxtarsvæða með bættum samgöngum og aukinni samvinnu sveitarfélaga og fyrirtækja innan þeirra, er í senn hornsteinn árangursríkrar byggðastefnu og almennrar atvinnu- og efnahagsstefnu á næstu árum.

Ríkisstjórnin mun hverfa frá þeirri miðstýringu og forsjárhyggju sem einkennt hefur stefnu íslenskra stjórnvalda í atvinnumálum. Atvinnustefna stjórnarinnar felst fyrst og fremst í því að treysta í sessi þann stöðugleika sem náðst hefur í efnahagsmálum. Stefna ríkisstjórnar-

innar í efnahags- og atvinnumálum miðar að því að skapa forsendur fyrir varanlegri uppbyggingu í íslensku atvinnulífi. Þær forsendur eru að áræði og frumkvæði fyrirtækja og einstaklinga fái sem best notið sín.

Íslenskt atvinnulíf stendur ekki undir viðunandi lífskjörum, nema það fái þrifist í alþjóðlegri samkeppni, sem fer síharðnandi. Brýnt er að starfsskilyrði innnlendra útflutnings- og samkeppnisgreina verði lagfærð, þannig að þeim verði búin sambærileg skilyrði og erlendir keppinautar njóta. Í þessu skyni þarf að skapa svigrúm til lækkunar skatta, draga úr ásókn ríkissjóðs í lánsfé og efla samkeppni á lánamarkaði, auk þess sem auka þarf frjálsræði í milliríkjaviðskiptum.

Leikreglur á hinum almenna vinnumarkaði grundvallast á rúmlega hálfrar aldar gömlum lögum. Þessi lög þarf að færa til nútímans í samráði við þá aðila er málið er skyldast. Lög um samninga opinberra starfsmanna þarf einnig að endurskoða í ljósi þeirrar reynslu sem af þeim hefur fengist.

Í næstu köflum er nánar fjallað um stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í málefnum einstakra atvinnugreina, en á það lögð áhersla að markmiðum atvinnustefnunnar verður fyrst og fremst náð með almennum aðgerðum.

Sjávarútvegur.

Niðurstaða Hafrannsóknastofnunar um ástand þorskstofnsins og sú ákvörðun sem tekin var á grundvelli tillagna stofnunarinnar um heildarafla á þessu fiskveiðiári setja sjávarútveginum og þjóðarbúinu í heild þröngar skorður. Þá er ekki útlit fyrir að hægt verði að auka þorskaflann á næstu 4–5 árum þar sem rannsóknir Hafrannsóknastofnunar benda til að nýliðun þorskstofnsins hafi brugðist síðustu sex árin. Þessar niðurstöður stofnunarinnar ber að taka alvarlega og taka tillit til þeirra við fjölmargar ákvarðanir sem teknar verða í þjóðfélaginu á næstu árum.

Þar sem sjávarútvegurinn stendur undir þeim lífskjörum sem Íslendingar búa við er ekki með neinu móti hægt að réttlæta að verja opinberu fé til að draga úr áhrifum þess tekjusamdráttar sem fyrirsjáanlegur er í greininni. Slíkar ráðstafanir koma einungis í veg fyrir nauðsynlega hagræðingu. Eina lausnin er hagræðing því að afkastageta bæði veiða og vinnslu er alltof mikil. Innan sjávarútvegsins er mikill skilningur á því að nauðsynlegt sé að draga úr afkastagetunni. Slík hagræðing verður hins vegar ekki nema með fækkun fyrirtækja, annaðhvort við samruna eða þá að einhver fyrirtæki hætti alfarið starfsemi. Með því móti er hægt að auka arðsemi þeirrar miklu fjárfestingar sem er í sjávarútveginum og bæta þannig afkomuna. Jafnframt þarf að leita allra leiða til að skapa meiri verðmæti úr þeim afla sem berst að landi.

Fyrirtæki í sjávarútvegi hafa að undanförnu leitað í vaxandi mæli eftir fjármögnun með hlutafjárútboðum. Þessi þróun þarf að halda áfram en aukin þátttaka almennings í stjórn sjávarútvegsfyrirtækja með kaupum á hlutafé mun veita stjórnendum þeirra aukið aðhald og styrkja þannig stöðu fyrirtækjanna. Vel rekin sjávarútvegsfyrirtæki eru jafnframt kjölfestan fyrir jafnvægi í byggð landsins.

Samkvæmt gildandi lögum um stjórn fiskveiða eru almennar reglur sem heimila sameiningu aflaheimilda á færri skip. Útvegsmenn hljóta að bregðast við aflasamdrættinum með því að nýta þessar lagaheimildir og draga þannig úr útgerðarkostnaði. Þá verða lánastofnanir að haga útlánum sínum þannig að ekki komi til aukinnar afkastagetu í sjávarútveginum heldur verði fjármagni einungis beint til hagræðingar.

Styrkjastefna Evrópubandalagsins hefur stuðlað að ójafnvægi milli veiða og vinnslu hér á landi. Þessi stefna hefur meðal annars styrkt fiskvinnslu í Evrópu í samkeppninni við íslenska fiskvinnslu um hráefni. Því er það markmið ríkisstjórnarinnar að tryggja íslenskum sjávarafurðum tollfrjálsan aðgang að mörkuðum í Evrópubandalaginu en framtíðarmarkmiðið hlýtur að vera að tryggja fríverslun með sjávarafurðir. Í því felst að styrkir til sjávarútvegs verði afnumdir. Með því móti einu er hægt að tryggja jafna samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs við erlenda keppinauta.

Skipuð hefur verið nefnd sem hefur það hlutverk að marka heildstæða sjávarútvegsstefnu. Slík stefna þarf að taka til veiða, vinnslu og markaðssetningar sjávarafurða. Nefndinni er m.a. ætlað að setja sjávarútveginum framtíðarmarkmið og koma með tillögur um hvernig hægt verði að ná þeim markmiðum sem sett verða. Gert er ráð fyrir að nefndin skili endanlegum tillögum sínum fyrir áramótin 1992/1993.

Þegar er hafinn undirbúningur að endurskoðun löggjafar varðandi marga þætti sjávarútvegsins. Er þess að vænta að frumvörp um suma þessa þætti verði flutt strax á haustþingi. Sérstök nefnd hefur unnið að endurskoðun löggjafar um Síldarverksmiðjur ríkisins. Með frumvarpinu verður aflað heimilda til sölu á fyrirtækinu eða eignum þess og jafnframt verður skipulagi verksmiðjanna breytt með það fyrir augum að unnt verði að koma þessum eignum í verð með sem hagkvæmustum hætti. Er sala þessa stóra ríkisfyrirtækis liður í þeirri einkavæðingu sem ríkisstjórnin hefur á stefnuskrá sinni.

Á undanförnum misserum hefur átt sér stað ör þróun á verðlagningu á sjávarfangi. Verðlagning á ferskum fiski hefur verið að þróast frá miðstýrðu verðákvörðunarkerfi yfir í frjálsa verðmyndun með sölu á uppboðsmörkuðum eða frjálsum samningum kaupenda og seljenda. Hlutverk Verðlagsráðs sjávarútvegsins hefur jafnframt minnkað jafnt og þétt. Á þessu haustþingi verður flutt frumvarp er flýta mun þessari þróun. Er við það miðað að Verðlagsráði verði heimilað að koma á frjálsu fiskverði með meirihlutaákvörðun. Í framhaldi kæmi til álita að meginstefnan verði frjálst fiskverð með heimild fyrir Verðlagsráð að ákveða lágmarksverð, myndist um það meirihluti. Þetta er þó aðeins hugsað sem áfangi á leiðinni til afnáms núverandi verðlagningarkerfis í heild.

Þá mun innan skamms verða lagt fram frumvarp um breytingar á hlutverki Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Söfnun aflaheimilda til opinbers sjóðs og ráðstöfun þeirra eða andvirðis þeirra með þeim hætti sem núverandi lög gera ráð fyrir samrýmist ekki stefnumörkun ríkisstjórnarinnar varðandi hlutverk hins opinbera í atvinnulífinu. Eðlilegra þykir að beina þessum fjármunum til verkefna á sviði hafrannsókna. Eftir stendur þó þörfin á því að hvetja til samdráttar fiskiskipastólsins. Þá mun sjóðnum jafnframt verða gert kleift að greiða hærri úreldingarstyrki fyrir skip sem tekin eru úr flotanum án þess að ný bætist í staðinn.

Á þessu þingi mun jafnframt verða flutt frumvarp um nýskipan stjórnsýslu á sviði sjávarútvegs. Er gert ráð fyrir að sett verði á fót sérstök stofnun er taki við verkefnunum varðandi stjórn fiskveiða, veiðieftirlit, upplýsingaöflun og gæðamál er hingað til hafa heyrt undir sjávarútvegsráðuneytið, Hafrannsóknastofnun og Ríkismat sjávarafurða. Á næstunni verða teknar upp viðræður við Fiskifélag Íslands um framtíðarhlutverk þess. Með þessu ætti skilvirkni stjórnsýslu í sjávarútvegi að aukast. Jafnframt ættu tvö stjórnsýslustig að tryggja aukið réttaröryggi, en í tengslum við þessar skipulagsbreytingar verða lögin um upptöku ólögmæts sjávarafla endurskoðuð.

Landbúnaður.

Þann 11. mars á þessu ári var undirritaður nýr búvörusamningur á milli ríkisvaldsins og Stéttarsambands bænda. Samningur þessi nær til framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða á verðlagsárunum 1992/93–1997/98 og eru helstu markmið hans þessi:

- að stuðla að því að í landinu geti þróast hagkvæmur og öflugur landbúnaður.
- að lækka vöruverð til neytenda án þess að slaka á þeim gæðakröfum sem gerðar eru til þessara vara.
- að koma á og viðhalda jafnvægi í framleiðslu og sölu mjólkur- og sauðfjárafurða.
- að lækka opinber útgjöld til þessarar framleiðslu.
- að stuðla að því að búskapur verði í sem bestu samræmi við landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið.

Í aðalatriðum leiðir þessi búvörusamningur til þess að ríkisvaldið kaupir upp 30% af virkum og óvirkum fullvirðisrétti til framleiðslu sauðfjárafurða fram til 31. ágúst 1992. Þessi uppkaup eiga að tryggja 10% samdrátt í framleiðslu sauðfjárafurða. Uppkaupin eru í fyrstunni frjáls, en síðan verður um beina niðurfærslu fullvirðisréttar að ræða. Ríkissjóður mun taka upp beinar greiðslur til sauðfjárbænda, sem nema helmingi afurðaverðs til bænda, en niðurgreiðslur á heildsölustigi falla niður. Gert er ráð fyrir að mjólkurframleiðslan njóti sama hlutfallslega stuðnings og verið hefur á samingstímanum miðað við verðmæti og magn mjólkurafurða sem selt er á innanlandsmarkaði. Umsamið er að afurðaverð muni lækka á tímabilinu vegna hagræðingar og skipulag afurðastöðva verði endurskoðað. Jafnframt felur þessi búvörusamningur í sér að öllum útflutningsbótum ríkissjóðs á mjólkur- og sauðfjárafurðir verði hætt eftir 31. ágúst 1992. Þannig verður öll umframframleiðsla þessara afurða á ábyrgð viðkomandi framleiðenda og afurðastöðva. Að síðustu er rétt að nefna að samningurinn kveður á um ýmis framlög til sjóða, stofnana og landgræðslustarfsemi.

Allt er í óvissu um framtíð ullarframleiðslunnar en nú þykir fullvíst að verðmæti ullar fyrir bændur er háð því að band úr henni sé spunnið hér á landi.

Fiskeldi á í verulegum rekstrarerfiðleikum í dag og gjaldþrot eru tíð. Tekin var ákvörðun um það sl. sumar að ríkissjóður veiti lán í tvö ár samtals að upphæð 300 milljónir króna til þeirra fiskeldisstöðva sem helst eru taldar eiga framtíðarmöguleika. Veruleg áhersla er lögð á að reyna til þrautar hvort nokkrar stöðvar geti ekki lifað núverandi þrengingar af, þannig að hin mikla þekking sem myndast hefur í þessum atvinnuvegi tapist ekki. Ekki er ætlunin að veita aðra opinbera fjármagnsfyrirgreiðslu til þessa atvinnuvegar.

Loðdýraræktin á einnig í miklum erfiðleikum þrátt fyrir töluverða verðhækkun skinna á heimsmarkaði að undanförnu. Nefnd á vegum landbúnaðarráðuneytisins hefur til skoðunar afkomu greinarinnar og framtíðarmöguleika hennar.

Aðrar greinar landbúnaðarins eru í nokkrum vexti um þessar mundir svo sem ferðaþjónusta bænda og hrossarækt. Garðyrkjan er í sókn, en staða hennar er þó óviss í ljósi samninganna um EES.

Atvinnutækifæri bænda í skógrækt hafa aukist til muna og ætla má að þeim fjölgi enn meir á næstu árum. Trjáplöntuframleiðsla hefur sexfaldast á nokkurra ára bili og er nú yfir sex milljónir plantna á ári.

Iðnaðarmál.

Meginatriðin í stefnu ríkisstjórnarinnar í iðnaði eru:

- *Aðlögun að markaðssamruna í Evrópu, áhersla á staðla og gæði.* Fyrir árslok 1992 verða aðildarríki Evrópubandalagsins orðin að efnaðasta og jafnframt einu kröfuharðasta markaðssvæði í heiminum þar sem staðlar kveða á um eiginleika vöru og hvernig sýnt skuli fram á að hún standist þær kröfur sem til hennar eru gerðar. Vegna aðildar Íslands og annarra EFTA-ríkja ásamt aðildarríkjum Evrópubandalagsins að evrópsku staðlasamböndunum munu sömu staðlar gilda um alla Vestur-Evrópu. Með því móti er dregið úr viðskiptahindrunum. Ríkisstjórnin leggur áherslu á notkun alþjóðlegra staðla hér á landi og ráðuneytin munu í auknum mæli vísa í þá í stað þess að setja ítarlegar reglugerðir um tæknileg málefni.

  Til að vekja athygli forráðamanna og starfsmanna iðnfyrirtækja á þeim breytingum sem eru að verða á aðstæðum iðnaðarins vegna þróunarinnar í Evrópu og til að skapa vettvang fyrir umræðu um aðgerðir til að efla íslenska iðnaðarframleiðslu mun iðnaðarráðuneytið í samvinnu við hagsmunasamtök í iðnaði beita sér fyrir átaki í málefnum almenns iðnaðar á komandi vetri.

  Ríkisstjórnin telur að leggja beri aukna áherslu á hönnun, gæði, gæðakerfi og gæðaeftirlit í iðnaðarframleiðslu. Einungis með því móti getur innlendur iðnaður staðist samkeppni á sífellt kröfuharðari markaði.

- *Samstarf íslenskra og erlendra fyrirtækja um rannsóknir og þróun.* Ríkisstjórnin leggur áherslu á gagnsemi þess að innlend fyrirtæki taki þátt í samstarfsverkefnum með erlendum fyrirtækjum. Hér má nefna EUREKA-áætlunina og BRITE-EURAM-áætlunina. Þá tekur Ísland þátt í upplýsingakerfi Evrópubandalagsins, BC-net, þar sem reynt er að koma á samstarfi fyrirtækja frá mismunandi löndum. Þátttaka í áætlunum af þessu tagi getur bætt stöðu íslensks iðnaðar á marga lund og aflað honum verðmætrar þekkingar á tækniþróun og hugsanlegra viðskiptasambanda.

- *Starfsemi rannsókna- og þjónustustofnana ríkisins á sviði iðnaðar- og orkumála.* Ríkisstjórnin stefnir að því að gera Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Iðntæknistofnun, Orkustofnun og Rafmagnseftirlit ríkisins eða afmarkaða hluta af starfsemi þessara stofnana að fjárhagslega sjálfstæðum aðilum eftir því sem kostur er. Þetta á t.a.m. við um skyldubundnar prófanir og eftirlit sem þar fer fram eftir vel skilgreindum aðferðum, t.d. í stöðlum. Sama á við um aðra eftirlitsstarfsemi og ýmiss konar ráðgjafaþjónustu sem ekki er í beinum tengslum við grunn- eða hagnýtar rannsóknir á þessum stofnunum.

Orkufrekur iðnaður og orkumál.

Bygging álvers á Keilisnesi og nauðsynlegra orkuvera og hafnar, sem allar líkur benda til að hefjist á fyrri hluta árs 1992, er mikilvæg vegna þess að þar með er loksins rofin óeðlilega löng kyrrstaða í uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi. Jafnframt mun aukin álframleiðsla auka fjölbreytni í atvinnulífinu og skjóta styrkari stoðum undir útflutningsframleiðslu landsmanna. Auk þess leggur ríkisstjórnin áherslu á:

- *Frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar.* Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á víðtækari nýtingu orkulinda landsins í þágu orkufreks iðnaðar. Með því móti eru einnig sköpuð hagstæð skilyrði fyrir almennan iðnað, bæði vegna framkvæmda og efnahagsbata, sem fylgja uppbyggingu stóriðju, og þeirrar margvíslegu þjónustu iðnfyrirtækja sem stóriðjufyrirtæki þurfa á að halda eftir að starfsemi þeirra hefst. Þannig styður uppbygging stóriðju vöxt almenns iðnaðar.

- *Langtímaáætlun um nýtingu orkulinda.* Ríkisstjórnin mun á næstu misserum láta semja áætlun um nýtingu orkulindanna næstu áratugi. Í henni þarf m.a. að skilgreina hagkvæma virkjunarkosti og benda á leiðir til að lækka virkjunarkostnað á sama tíma og gætt er fyllstu náttúruverndar. Þá er mikilvægt að áfram verði unnið að því að kanna möguleika á því að flytja út raforku um sæstreng og hvernig nýta megi innlenda orkugjafa í samgöngum.

- *Rekstur og skipulag Rafmagnsveitna ríkisins.* Í nánustu framtíð verður kannað gaumgæfilega hvort heppilegt sé að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag sem fyrst um sinn yrði þó alfarið í eigu ríkisins og hugsanlega einhverra sveitarfélaga.

III. ÁSTAND OG HORFUR 1991 - 1992.

Skemmst er frá því að segja að þunglega horfir í íslenskum þjóðarbúskap á næsta ári. Niðurstaða þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1992 er sú að landsframleiðslan verði 1½% minni en á þessu ári og þjóðartekjur minnki meira vegna versnandi viðskiptakjara, eða um 3%. Samdrátturinn bætist við fjögur rýr ár í röð og landsframleiðslan 1992 verður 3½% minni er hún var 1987. Þessar óhagstæðu horfur má einkum rekja til þess að gert er ráð fyrir að útflutningur dragist saman vegna minni fiskafla og verð sjávarafurða, sem hefur verið í hámarki að undanförnu, lækki. Þótt reiknað sé með að þjóðarútgjöldin minnki í hátt við landsframleiðslu eykst viðskiptahallinn vegna lakari viðskiptakjara. Samkvæmt áætluninni verður hallinn 4½% af landsframleiðslu á árinu 1992. Þetta er áhyggjuefni og því er afar brýnt að þjóðarútgjöldunum verði haldið innan þeirra marka sem þjóðhagsáætlunin gerir ráð fyrir.

Alþjóðaefnahagsmál.

Að undanförnu hefur hægt verulega á hagvexti í heiminum. Samkvæmt spám alþjóðaefnahagsstofnana er búist við að hagvöxtur verði einungis um 1% á þessu ári. Þetta er minni hagvöxtur en verið hefur frá árinu 1982. Framleiðsla iðnríkjanna er talin aukast um rúmlega 1% en á móti vegur stöðnun í þróunarríkjunum og verulegur samdráttur í Austur-Evrópu. Vöxtur milliríkjaviðskipta hefur einnig minnkað. Talið er að milliríkjaviðskiptin aukist um tæplega 1% á þessu ári samanborið við rúmlega 4% aukningu í fyrra og 7% aukningu árið 1989.

Nú þykir margt benda til að erfiðasti hjallinn sé að baki og hagvöxtur í iðnríkjunum muni glæðast á ný á seinni hluta þessa árs. Batamerki hafa sést í mikilvægum iðnríkjum undanfarið. Þetta á ekki síst við um Bandaríkin, Kanada og Bretland, þar sem efnahagslægðin varð einna dýpst. Batinn, sem búist er við, stafar meðal annars af lækkun vaxta á árinu í flestum öðrum löndum en Þýskalandi. Sem dæmi eru svonefndir LIBOR vextir af dollaralánum nú um 5,7% samanborið við 7,4% í upphafi árs. Þótt talið sé að batinn verði fremur hægur, er því spáð að hagvöxtur í iðnríkjum aukist smám saman á næstu mánuðum í 3% miðað við heilt ár. Hagvöxtur í iðnríkjunum gæti því orðið um 3% milli áranna 1991 og 1992 og aukning milliríkjaviðskipta á bilinu 4 til 5%. Talið er að hagvöxtur í þróunarríkjunum glæðist einnig og hann verði svipaður á næsta ári og í iðnríkjunum. Hins vegar er reiknað með áframhaldandi samdrætti í Austur-Evrópu.

Sem fyrr er atvinnuleysi í iðnríkjunum mikið áhyggjuefni. Í spá OECD er gert ráð fyrir að atvinnuleysi í þeim verði 7,1% af mannafla á þessu ári borið saman við 6,2% í fyrra. Atvinnuleysingjum í iðnríkjum mun því fjölga milli áranna 1990 og 1991 og verða um 28 milljónir á þessu ári. Þótt reiknað sé með að hagvöxtur glæðist á næsta ári er ekki gert ráð fyrir að úr atvinnuleysi dragi. Að hluta stafar þetta af því að í upphafi vaxtarskeiðs verður jafnan veruleg framleiðsluaukning vegna þess að afkastageta efnahagsstarfseminnar hefur verið vannýtt. Þótt þetta skýri að nokkru slæmar atvinnuhorfur verða menn að játa að engin umskipti til hins betra eru í sjónmáli í þessum efnum.

Þótt þrengingar hafi þannig sett svip sinn á alþjóðaefnahagsmál undanfarin misseri hefur mikilsverður árangur náðst á ýmsum sviðum. Í því efni má meðal annars nefna að verðbólgu

hefur verið haldið í skefjum og reyndar er búist við að hún lækki nokkuð á þessu ári og verði um 4½% samanborið við tæplega 5% á árinu 1990. Því er jafnframt spáð að hún lækki enn frekar á næsta ári, eða úr 4½% í um 4%. Einnig hefur dregið verulega úr því misvægi sem ríkt hefur um alllangt skeið í viðskiptum helstu iðnríkja.

Útflutningsframleiðsla.

Heildarafli landsmanna á árinu 1991 verður samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar um 1.120 þúsund tonn, sem er rúmlega 25% minni afli en á árinu 1990. Munar þar mestu um loðnuaflann sem fer úr tæpum 700 þúsund tonnum í um 300 þúsund tonn. Á föstu verði er gert ráð fyrir að aflinn minnki um 3% ef loðnan er talin með, en aukist um 1% án hennar. Botnfiskaflinn í heild dregst saman um 3% á árinu. Þorskafli minnkar um 3%, ýsuafli um 9% og grálúðuafli um 4%. Karfaafli eykst aftur á móti um rúm 2% og afli annars botnfisks er talinn standa í stað eða aukast lítillega.

Síldarafli eykst um tæp 11% og gert er ráð fyrir að loðnuafli dragist saman um rúm 40%. Reiknað er með aukningu í rækjuafla frá árinu 1990 um 20% og að humar- og hörpudiskafli standi í stað.

Búist er við að útflutningsframleiðslan dragist heldur minna saman en aflinn, eða um 2,5% á föstu verðlagi. Á fyrstu sjö mánuðum ársins var útflutningsframleiðslan 1% minni en hún var á sama tíma fyrir ári. Mestur hefur samdrátturinn orðið í ísfiski eða um 19%, en frysting á botnfiski hefur aukist um 10%, sjófrysting botnfisks hefur aukist um 14% og söltun botnfisks hefur dregist saman um 1,5%.

Samkvæmt lögum um fiskveiðistjórn, sem sett voru árið 1990, ákvað sjávarútvegsráðherra, að fengnum tillögum frá Hafrannsóknastofnun, leyfðan hámarksafla botnfisktegunda á tímabilinu frá 1. janúar til 31. ágúst 1991. Lögin kveða á um að frá þeim tíma skuli fiskveiðiár teljast frá 1. september. Veiðiheimildum var úthlutað í lok júlímánaðar síðastliðnum fyrir fiskveiðiárið frá 1. september 1991 til 31. ágúst 1992, þannig að skip munu hafa nægan kvóta út árið 1991. Vegna þessa er erfiðara en ella að spá fyrir um heildarafla næstu tvö almannaksárin.

Mjög erfitt er að spá fyrir um aflann árið 1992 eins og áður sagði, vegna breytts fiskveiðiárs og að nánast ekkert er vitað um loðnustofninn. Að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að aflinn á föstu verðlagi verði um 11% minni á árinu 1992 en gert er ráð fyrir að hann verði á árinu 1991. Þar munar mestu um tæplega 19% minnkun á þorskafla og um 29% minnkun á grálúðuafla. Botnfiskafli í heild er talinn muni minnka um tæp 17%. Er þá gert ráð fyrir að aflinn muni ekki dragast mikið saman á næstu mánuðum en minnka þeim mun meira á fyrstu 8 mánuðum næsta árs.

Þótt síldarstofnar hafi farið vaxandi um langt skeið er ekki talið heppilegt að auka veiðarnar á næstu misserum, meðal annars vegna þess að það virðist hafa hægt á vexti stofnsins á síðustu árum. Gert er ráð fyrir aukningu síldveiða um 10% og að loðnuveiðin aukist úr 300 þúsund tonnum í 500 þúsund tonn.

Mikill samdráttur var í skelfiskafla á árunum 1987–89. Nú virðast þessir stofnar hins vegar vera í vexti og hefur veiðin farið vaxandi. Reiknað er með að skelfiskaflinn standi í stað 1992 fyrir utan rækju, en þar er gert ráð fyrir um 7% aflaminnkun.

Gert er ráð fyrir að þessi samdráttur í afla leiði til þess að útflutningsframleiðsla sjávarafurða minnki um 9% milli áranna 1991 og 1992.

Útflutningstekjur af áli og kísiljárni hafa farið mjög minnkandi á þessu ári, fyrst og fremst vegna lækkandi verðs á áli. Einnig hefur framleiðslan dregist saman, sérstaklega í kísiljárnverksmiðjunni sem einungis hefur verið keyrð með hálfum afköstum á síðustu mánuðum. Þótt horfur séu óvissar í þessum greinum vegna afar lágs verðs á áli og kísiljárni um þessar mundir, er hér reiknað með að hagur þessara greina muni vænkast með meiri eftirspurn og hækkandi afurðaverði á næsta ári. Þannig er gert ráð fyrir að kísiljárnverksmiðjan verði rekin á fullum afköstum að nýju sem felur í sér 30–40% framleiðsluaukningu milli áranna 1991 og 1992.

Jafnframt er búist við að álframleiðslan aukist um 1½%. Hlutur stóriðjuafurða í heildarútflutningstekjum verður þá á ný um 15% af heildarvöruútflutningi borið saman við 13% á þessu ári.

Í flestum öðrum greinum hefur útflutningur dregist saman á fyrri hluta þessa árs og auk þess hefur verðþróun verið óhagstæð. Þegar litið er til alls ársins er þó gert ráð fyrir að útflutningsverðmæti verði óbreytt frá fyrra ári, en að á næsta ári verði um nokkurn samdrátt að ræða, m.a. vegna erfiðleika í fiskeldi og í hefðbundnum útflutningsgreinum svo sem ullar- og skinnaiðnaði.

Að öllu samanlögðu er því útlit fyrir samdrátt vöruútflutnings bæði árin 1991 og 1992, um 5% fyrra árið og 6% það síðara.

Viðskiptakjör.

Þegar á heildina er litið hefur þróun viðskiptakjara verið fremur hagstæð á þessu ári. Verð á sjávarafurðum, sem er hátt um þessar mundir, hækkaði framan af árinu en hefur lækkað lítillega upp á síðkastið. Jafnframt lækkaði olíuverð mikið í upphafi árs þegar átökunum við Persaflóa lauk. Verð á áli og kísiljárni hefur hins vegar verið afar lágt. Eins og við mátti búast hefur verð á innflutningi almennra neysluvara hækkað í takt við verðbólgu í viðskiptalöndum það sem af er árinu. Viðskiptakjörin munu samkvæmt þessu batna um 4½% milli áranna 1990 og 1991 þegar tillit hefur verið tekið til þeirrar lækkunar sem reiknað er með að verði á sjávarafurðum á seinni hluta þessa árs.

Viðskiptakjör 1980 - 1992
Vísitölur 1980 = 100



Líklegt er talið að verð á sjávarafurðum verði að meðaltali ívið lægra í erlendri mynt á árinu 1992 en á þessu ári. Vonir standa til að úr rætist á ál- og kísiljárnmörkuðum á næsta ári. Gert er ráð fyrir verulegri hækkun á verði áls og kísiljárns. Verð á innflutningi er talið muni hækka um 4% og er þá gert ráð fyrir að olíuverð verði svipað og á þessu ári. Að öllu athuguðu fela þessar forsendur í sér að viðskiptakjörin í heild verði um 3½% lakari 1992 en þau voru á þessu ári. Viðskiptakjör án áls og kísiljárns rýrna meira eða um 5½%.

Hagur atvinnuveganna.

Þjóðhagsstofnun hefur nú unnið úr ársreikningum 794 fyrirtækja úr flestum atvinnugreinum fyrir árið 1990. Helstu niðurstöður eru þær að bókfærður hagnaður af reglulegri starfsemi fyrirtækjanna í heild sem hlutfall af tekjum hefur aukist um 4% frá árinu 1989, eða úr 1,2% árið 1989 í 5,2% árið 1990. Hér er um að ræða hagnað fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta og ekki er tekið tillit til óreglulegra tekna og gjalda. Eiginfjárhlutfall fyrirtækjanna var 19% í árslok 1989 en hefur hækkað í 22% í árslok 1990. Án banka- og tryggingastarfsemi er eiginfjárhlutfallið 36% í árslok 1990 borið saman við 33% í árslok 1989.

Afkoman hefur batnað í öllum greinum nema í byggingariðnaði og hjá innlánsstofnunum og tryggingafélögum.

Þegar afkoma ársins 1990 er skoðuð verður að hafa í huga að bókfærður vaxtakostnaður fyrirtækja á því ári verður afar lágur þrátt fyrir hækkun raunvaxta af innlendum lánum milli áranna. Vextir og verðbreytingarfærsla af lánum og birgðum lækkar úr 4% af tekjum á árinu 1989 í 0,2% árið 1990. Ástæða þessa er tvíþætt. Annars vegar lækkar gjaldfærð verðleiðrétting birgða vegna minni verðhækkana á árinu 1990 en 1989. Hins vegar hefur verðlag innan ársins hækkað meira en nemur gengisbreytingum að viðbættri erlendri verðbólgu, en þetta hefur áhrif til lækkunar á gjaldfærslu vaxta af erlendum lánum. Jafnframt eru reglur skattalaga, sem mörg fyrirtæki gera upp eftir, miðaðar við verðbreytingu milli ára, sem er mun hærri en innan ársins og verður útreikningur raunvaxta hjá þeim fyrirtækjum mjög lágur.

Af þessum ástæðum telur Þjóðhagsstofnun mikilvægt að endurmeta fjármagnskostnað beggja ára til þess að raunhæfari mynd fáist af afkomu ársins. Þetta er gert með því að áætla raunvexti bæði árin og er þá tekið tillit til þess að raunvextir hækkuðu milli ára. Auk þess er gjaldfærð sérstök verðleiðrétting birgða. Með þessum breytingum verður afkomubatinn 1½% borið saman við þau 4% sem ársreikningar sýna.

Hreinn hagnaður fyrirtækja af reglulegri starfsemi,
% af tekjum.

	1989	1990
Samkvæmt ársreikningum fyrirtækja	1,2	5,2
Eftir endurmat á vöxtum og verðbreytingarfærslu	2,0	3,5

Hér er vissulega um lauslegt endurmat að ræða en nauðsynlegt er að skoða niðurstöður ársreikninga einnig í þessu ljósi. Þá er og rétt að geta þess að vegna breytinga á eftirágreiddum slysa-, lífeyris- og atvinnuleysistryggingagjöldum yfir í eitt tryggingagjald, sem er samtímaskattur, fellur gjaldfærsla á árinu 1990 niður að stórum hluta hjá fyrirtækjunum. Áhrif af því gætu numið 0,5% af tekjum. Sé tekið tillit til þessara atriða er batinn á afkomu í reglulegri starfsemi þessara 794 fyrirtækja um 1% af tekjum samanborið við þau 4% sem ársreikningar sýna.

Þær sveiflur í vöxtum sem hér hefur verið fjallað um og koma fram í ársreikningum fyrirtækjanna ættu í raun að færast með óreglulegum tekjum og gjöldum. Í einstökum tilvikum hefur það verið gert í ársreikningum en við úrvinnslu á þeim hefur það verið fært yfir í reglulega starfsemi til að gæta samræmis.

Athygli skal vakin á því að við þessa afkomuútreikninga er ekki reiknað með ávöxtun á eigið fé, en sem dæmi má nefna að til að skila 8% ávöxtun eigin fjár fyrir skatta hefði hagnaður þessara fyrirtækja þurft að vera um 3% af tekjum. Þjóðhagsstofnun mun síðar á árinu gefa út skýrslu um ársreikninga fyrirtækja 1989 og 1990. Þar verða bæði fleiri fyrirtæki í úrtaki og nánari sundurliðun eftir atvinnugreinum. Einnig mun nú á næstunni koma út Atvinnuvegaskýrsla fyrir árið 1989. Bókfærðum hagnaði af reglulegri starfsemi og eiginfjárhlutfall í einstökum atvinnugreinum er nánar lýst á meðfylgjandi myndum.

Hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af heildarrekstrartekjum



Eiginfjárhlutfall fyrirtækja eftir atvinnugreinum 1989 og 1990



Rétt er að leggja áherslu á að hér er lýst afkomu þessara 794 fyrirtækja en ekki atvinnulífsins í heild. Fyrri athuganir af þessu tagi sýna að jafnaði nokkru betri afkomu þessara fyrirtækja en heildarinnar, t.d. munaði um 1% af tekjum í síðustu athugun. Í úrtakinu er stóriðja, þ.e. ál- og kísiljárnframleiðsla, ekki með en þar hefur afkoma snúist úr umtalsverðum hagnaði árið 1989 í tap á árinu 1990. Auk stóriðju eru m.a. landbúnaður, fiskeldi og ullariðnaður ekki með í úrtakinu. Nokkurt tap hefur verið í landbúnaði á undanförnum árum og svo var væntanleg einnig í fyrra. Fiskeldi hefur átt í miklum rekstrarerfiðleikum sem ekki er séð fyrir endann á. Sama er að segja um ullariðnað. Með tilliti til þessa og þess að eiginfjárhlutfall úrtaksfyrirtækjanna er nokkru betra en heildarinnar má fastlega reikna með að afkomubati heildarinnar sé nokkru minni en úrtakið gefur til kynna.

Lægra eiginfjárhlutfall og þar með meiri skuldsetning hjá fyrirtækjum utan úrtaks skiptir sérstaklega máli þegar innlendir vextir hækka milli ára eins og raun varð á 1989 og 1990.

Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja.

Uppgjöri Þjóðhagsstofnunar á ársreikningum sjávarútvegsfyrirtækja fyrir árið 1990 er ekki að fullu lokið, en flest bendir til þess að afkoma botnfiskveiða og -vinnslu hafi verið nokkuð góð. En þessar atvinnugreinar standa undir um 80% af útflutningsframleiðslu sjávarafurða. Það sem af er þessu ári bendir flest til þess að afkoma þessara greina, að teknu tilliti til greiðslna í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hafi einnig verið góð. Nokkur munur er þó á afkomu einstakra greina. Góða afkomu má einkum rekja til mikillar hækkunar á verði botnfiskafurða á erlendum mörkuðum. Mælt í SDR hækkaði verð á botnfiski um 12,2% milli áranna 1989 og 1990 og Þjóðhagsstofnun áætlar að verðið hækki um 10% milli áranna 1990 og 1991. Ef undan er skilið fiskverð, þá hafa kostnaðarhækkanir innanlands verið mun minni. Lágt olíuverð að undanförnu hefur einnig átt sinn þátt í að bæta afkomu fyrirtækja í útgerð.

Markaðsverðlag sjávarafurða í SDR
Vísitölur janúar 1988=100



Verð á botnfiski á fiskmörkuðum lækkaði í sumar. Á sumrin er fiskneysla í lágmarki. Ástæður þessarar verðlækkunar er sú að fiskkaupendur héldu að sér höndum í sumar og frestuðu innkaupum fyrir haustið í von um að verðið færi lækkandi. Nokkur birgðaaukning hefur því verið að undanförnu hjá framleiðendum í frystingu og söltun. Á móti lækkandi afurðaverði hefur komið lægri inngreiðsluhlutfall í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Inngreiðsla var hæst í apríl sl. 5%, en er 2% nú í september.

Svo virðist sem verðið sé hætt að lækka og verð á frystum botnfiski fari nú aftur hækkandi. Trúlegt er að fiskverð haldist hátt, í öllu falli fram á mitt næsta ár vegna lítils framboðs. Þess ber þó að gæta að botnfiskur er orðinn mjög dýr vara. Það eykur bæði líkurnar á að neytendur snúi sér í auknum mæli að öðrum matvörum og að framleiðendur finni leiðir til að nota ódýrara hráefni í þær afurðir sem nú eru unnar úr botnfiski.

Hráefnisverð hefur hækkað mjög mikið að undanförnu og nokkru meira en afurðaverð. Á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs var verð á botnfiski rúmlega 30% hærra en það var á sama tíma í fyrra, en afurðaverð landfrystingar hækkaði á sama tíma um 29% og afurðaverð söltunar hækkaði um 18%. Það er vegna þessarar miklu hækkunar á hráefnisverði að vinnslan, einkum söltunin, á undir högg að sækja. Afkoma veiðanna er tiltölulega betri. Þótt hráefnisverðið hafi veruleg áhrif á það hvernig afkoman skiptist á milli veiða og vinnslu hefur

það lítil áhrif á afkomu vinnslu og veiða í heild. Fyrir hver 10% sem hráefnisverð hækkar versnar afkoma vinnslunnar um 5%, afkoma veiðanna, að meðtöldum frystitogurum, batnar um 3,7% og afkoma veiða og vinnslu í heild versnar um 0,8%.

Á sama tíma og hráefnisverð hefur hækkað mjög mikið innanlands hefur verð á ísfiski á erlendum mörkuðum hækkað lítið. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1991 var meðalverð á ísfiski einungis 4% hærra en það var sömu mánuði ársins 1990. Samsvarandi tölur fyrir fyrstu sjö mánuði ársins eru 9% fyrir ísfisk, en 18% fyrir landfrystan botnfisk, 20% fyrir sjófrystan botnfisk og 15% fyrir saltfisk. Afleiðing þessarar þróunar hefur verið sú að stórlega hefur dregið úr útflutningi á botnfiski og innlend vinnsla, einkum frysting, hefur fengið meira hráefni en árið 1990 þrátt fyrir aflasamdráttinn. Þessi þróun hefur jákvæð áhrif á afkomu vinnslunnar, en neikvæð áhrif á afkomu botnfiskveiðanna.

Allt frá árinu 1987 hefur botnfiskafli minnkað hér við land og nú stefnir í mjög verulegan samdrátt á næsta ári. Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að botnfiskaflinn á árinu 1992 verði 17% minni en á yfirstandandi ári. Ef þessi samdráttur dreifist jafnt á fyrirtækin í landinu þá mun hann einn og sér valda því að afkoma þeirra versnar um 6%. Ef samdrættinum er mætt með hagræðingu og fyrirtæki með lökustu afkomuna hætta starfsemi og kvótar þeirra og framleiðsla færist yfir á hin fyrirtækin, vegur það á móti þessari rýrnun afkomunnar. Slík hagræðing leiddi óhjákvæmilega til fækkunar starfsfólks. Spá Hafrannsóknastofnunar um svipaðan þorskafla hér við land næstu 3–4 árin knýr á um að þessum aflasamdrætti verði mætt með hagræðingu og samruna fyrirtækja í sjávarútvegi.

Afkoma rækjuvinnslu hefur verið mjög léleg undanfarið þrátt fyrir vaxandi framleiðslu. Helsta ástæðan er að verð á mörkuðum í Evrópu hefur lækkað um 9,3% í SDR á milli áranna 1989 og 1990 og aftur um 16,7% á þessu ári frá því í fyrra. Búist hefur verið við því nú um nokkurt skeið að þessi markaður færi að rétta við, en mikið framboð hefur gert þessar vonir að engu. Verulegt tap er á starfseminni í öllum helstu framleiðslulöndum kaldsjávarrækju, Grænlandi, Noregi, Danmörku, Færeyjum og Íslandi.

Á sama tíma og verð á pillaðri rækju hefur lækkað, hefur verð á skelrækju farið hækkandi. Verðið hækkaði um 2% í SDR á árinu 1990 og um 17,5% milli áranna 1989 og 1990.

Afkoma loðnuveiða og mjöl- og lýsisvinnslu hefur verið mjög léleg undanfarið vegna lítillar loðnuveiði. Afkoma í hörpudiskvinnslu hefur verið nokkuð góð enda verð á mörkuðum í Evrópu verið hátt.

Raungengi krónunnar 1987-1991
Vísitölur 1980=100



Laun og hagnaður.

Hér að framan hefur hag atvinnurekstrarins verið lýst eins og ráða má í hann út frá bókhaldsuppgjöri fyrirtækjanna. Önnur hlið er einnig á þessu máli. Hún er sú að líta á þau verðmæti sem myndast í þjóðarbúskapnum eins og þau birtast í þjóðhagsreikningum og þjóðhagsspám og er þá öll atvinnustarfsemi meðtalin, bæði starfsemi fyrirtækja og hins opinbera. Unnt er að líta þannig á að lagt sé saman framleiðsluverðmæti alls atvinnurekstrar í landinu en síðan er dregin frá sú vara og þjónusta sem hver atvinnugrein eða fyrirtæki kaupir frá öðrum fyrirtækjum. Eftir standa þá þau verðmæti sem vinnuaflið og fjármagnið bera úr býtum eða svonefndar vergar þáttatekjur. Á sautján ára tímabili, 1973 til 1989, hefur þessi skipting verið með þeim hætti að í hlut vinnuaflsins hafa komið að meðaltali 66% en hlutur fjármagnsins eða hagnaðarhlutfallið hefur verið 34%. Á árunum 1987 og 1988 var hagnaðarhlutfallið með því lægsta sem það hefur verið á þessum tíma eða 30–31%. Það hækkaði síðan töluvert árin 1989 og 1990, fyrra árið í rúm 34% og það síðara í tæp 36%. Horfur eru á því að hagnaðarhlutfallið lækki nokkuð á ný á þessu ári frá því sem það var í fyrra og verði um 35%. Þetta hlutfall er sýnt fyrir liðinn áratug í mynd og til samanburðar eru einnig sýndar tölur fyrir OECD.

Vergur rekstrarafgangur sem hlutfall af vergum þáttatekjum, 1973 - 1991



Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að ekki verða dregnar óyggjandi ályktanir um breytingar í afkomu atvinnurekstrarins út frá breytingum á hagnaðarhlutfallinu í reikningum af þessu tagi. Ástæðan er sú að hér er um að ræða hagnað áður en gjaldfærðar eru afskriftir, laun eigenda í einstaklingsfyrirtækjum og raunvextir. Mestu munar hér um raunvextina vegna þess hve mjög þeir sveiflast frá ári til árs en þeir voru jafnvel neikvæðir framan af því tímabili sem hér er miðað við. Útreikningar af þessu tagi sýna því fremur skiptingu þeirra verðmæta sem til skipta eru milli launþega annars vegar og til ávöxtunar þess fjármagns sem bundið er í starfseminni hins vegar, þ.e. hinn svonefnda verga rekstrarafgang. Með ýmsum veigamiklum fyrirvörum mætti nálgast mat á afkomu atvinnurekstrarins undanfarin ár út frá þessu hagnaðarhugtaki með því að draga frá því reiknuð eigin laun sjálfstæðra atvinnurekenda, afskriftir og raunvaxtagjöld. Tilraunir til slíks mats sýna nokkru lakari hag atvinnurekstrarins í heild á árinu 1990 en væntа mætti á grundvelli þeirrar úrtaksathugunar úr ársreikningum 794 fyrirtækja sem áður var lýst. Af heildartölunum verður heldur ekki ráðið að hagur atvinnurekstrarins á árinu 1990 hafi vænkast í líkingu við það sem ársreikningarnir benda til.

Afar lauslegar áætlanir um hag atvinnurekstrarins í heild á árinu 1991 sýna nokkru lakari

afkomu en á liðnu ári. Þessi niðurstaða er einkum byggð á því að launakostnaður mun aukast nokkru meira en vergar þáttatekjur og því mun hlutur fjármagnsins, þ.e. vergur rekstrarafgangur, minnka. Auk þess má leiða líkum að því að samkeppnisstaða innlends iðnaðar bæði á innlendum og erlendum markaði hafi versnað nokkuð á árinu vegna hækkandi raungengis og á það sinn þátt í lakari afkomu.

Ef leitast er við að spá í þróunina á árinu 1992 og þá byggt á forsendum þjóðhagsspár er ekki annað sýnna en hagur atvinnurekstrarins muni versna og á heildina litið verði um nokkurn hallarekstur að ræða.

Tekjur, verðlag og kaupmáttur.

Samkvæmt skattframtölum 1991 og greiningu Þjóðhagsstofnunar á þeim voru meðalatvinnutekjur á árinu 1990 1.055 þúsundir króna á framteljanda, eða 88 þúsund krónur á mánuði að meðaltali. Hækkun launavísitölu Hagstofu frá meðaltali 1990 til ágúst 1991 er 11% og svarar sú hækkun til þess að meðalatvinnutekjur á framteljenda séu 98 þúsund krónur til jafnaðar á mánuði. Skattframtöl kvæntra karla sýna meðaltekjur af atvinnu upp á 1.830 þúsund krónur ári. Það svarar til rúmra 170 þúsunda nú í ágúst. Atvinnutekjur hjóna mældust 2.370 þúsund krónur sem svarar til 220 þúsunda á mánuði í dag. Að meðaltali hækkuðu atvinnutekjur á framteljenda um rúmlega 12%. Atvinnutekjur sjómanna hækkuðu mun meira en atvinnutekjur í heild. Meðaltekjur framteljenda með sjómannaafslátt voru 1.800 þúsund krónur og var hækkun á þessum tekjum 19½% á mann. Hækkun atvinnutekna annarra framteljenda var 11½%.

Meginmarkmið kjarasaminganna frá því í febrúar 1990 hafa náðst. En þau voru að draga úr verðbólgu, stöðva kaupmáttarhrapið og tryggja kaupmátt og treysta atvinnu. Forsendur um ytri skilyrði hafa í stórum dráttum staðist. Þróun viðskiptakjara hefur verið ívið hagstæðari en ráð var fyrir gert. Verðhækkanir hafa hins vegar verið heldur meiri en í forsendum samninganna. Launanefndir aðila vinnumarkaðarins úrskurðuðu þrennar launahækkanir á árinu. Þannig hækkuðu laun með sérstöku samkomulagi um 0,3% 1. mars, um 0,57% 1. júní vegna verðlagsákvæða kjarasamninga og loks var ákveðin 6.300 króna eingreiðsla á laun 1. júlí með skírskotun til viðskiptakjarabata.

Kaupmáttur launa
Vísitala janúar 1989=100



Kaupmáttur launa lækkaði verulega á árinu 1989 eða um nær 10% frá upphafi til loka ársins samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar. Í lok síðasta árs var kaupmátturinn rúmu prósentustigi lakari en í upphafi þess. Frá áramótum til júlíbyrjunar sýnir launavísitalan 7½% hækkun og á sama tíma mælir framfærsluvísitalan 5,2% verðhækkanir. Þetta gefur ríflega 2% aukningu kaupmáttar. Vinnutími landverkafólks innan ASÍ hefur heldur dregist saman. Frá fyrsta fjórðungi í fyrra til jafnlengdar á þessu ári hefur vinnutími styst um tæpa hálfa klukkustund. Samkvæmt yfirlitum um staðgreiðsluskyldar tekjur eru þær nær 12% hærri á fyrri helmingi þessa árs en á sama tíma í fyrra. Að öllu samanlögðu er kaupmáttur atvinnutekna á mann talinn verða 2% meiri á þessu ári en í fyrra.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna og bankamanna giltu til 31. ágúst sl. og samningar ASÍ til 15. september. Af þessum sökum er nú veruleg óvissa um launaþróun á næsta ári. Hér er ekki sett fram spá um niðurstöður þeirra kjarasamninga sem í hönd fara. Sú forsenda sem hér er lögð til grundvallar er að kaupmáttur atvinnutekna dragist saman um rúmlega 2%. Þetta er forsenda sem tekur mið af sögulegu samhengi, ytri skilyrðum sem þjóðarbúinu eru sett samkvæmt þessari spá og forsendu um fast gengi.

Kaupmáttur lífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar og heimilisbóta, var 3½% lakari að meðaltali á árinu 1990 en árið áður. Á fyrstu 8 mánuðum þessa árs var kaupmáttur lífeyrisgreiðslna tæpum 2% betri en hann var á sömu mánuðum í fyrra. Veruleg fjölgun hefur orðið á lífeyrisþegum og má nefna að bótamánuðir fyrstu 7 mánaða þessa árs voru 5½% fleiri en á sama tíma í fyrra. Útgjöld Tryggingastofnunar jukust um 14% á sama tímabili. Lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum hafa ennfremur stóraukist á undanförnum árum.

Þegar öllu er til haga haldið, er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 2% á þessu ári. Mat á ráðstöfunartekjum á árinu 1992 eru háðar sömu fyrirvörum og gildir um atvinnutekjur. Hér er gert ráð fyrir að byrði beinna skatta á heimilin verði óbreytt. Þá fæst að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði um 3% lakari á næsta ári en þessu.

Verðbólga hjaðnaði mjög í fyrra. Verðbólga, mæld sem árshraði 3 mánaða breytingar framfærsluvísitölu, var um 18% í ársbyrjun en um 5% í lok ársins. Framfærsluvísitalan var 7,2% hærri í árslok en í ársbyrjun. Verðbólga jókst nokkuð um mitt þetta ár. Þriggja mánaða breytingar framfærsluvísitölunnar mældu ársverðbólgu á bilinu 12–13% í júní og ágúst, samanborið við 4–5% næstu mánuði á undan. Þessi aukning er hins vegar vart vísbending um aukna undirliggjandi verðbólgu, því rekja má hluta verðbreytinganna til hækkunar iðgjalda

Verðbólga á Íslandi og í OECD löndum
3. mán. br. umreikuð til árshækkunar



bifreiðatrygginga og hækkunar á verði áfengis og tóbaks, bensíns og áhrifum vaxtahækkunar á húsnæðislið vísitölunnar. Framfærsluvísitalan hækkaði um 0,6% í september sem svarar til um 8½% árshækkunar á áðurnefndan mælikvarða og er útlit fyrir að fyrir árið í heild hækki framfærsluvísitalan um 7%.

Verðlagsspá fyrir næsta ár er háð óvissu um kjarasamninga. Gert er ráð fyrir að hækkun innflutningsverðlags verði í hátt við erlenda verðbólgu og að meðalgengi krónunnar verði óbreytt milli áranna 1991 og 1992. Að síðustu gerir spáin ráð fyrir að tekjuöflun ríkissjóðs verði í meginatriðum óbreytt. Á þessum forsendum sýnir verðlagsspá Þjóðhagsstofnunar 5½–6% hækkun framfærsluvísitölu milli meðaltala áranna 1991 og 1992. Til samanburðar má nefna að OECD spáir að hækkun neysluvöruverðs á næsta ári verði um 4% til jafnaðar í aðildarlöndum sínum. Þessi samanburður felur því í sér að raungengi muni hækka að öðru óbreyttu á næsta ári.

Vinnumarkaðurinn.

Það sem af er þessu ári hefur atvinnuástand víðast verið gott. Atvinnuleysi hefur verið 1,4% að meðaltali það sem af er árinu, til samanburðar var það 2% á sama tíma í fyrra. Í ágústmánuði mældist atvinnuleysið 1% af vinnuaflinu, til samanburðar var það 1½% í ágúst í fyrra. Töluverðar sveiflur eru að jafnaði í atvinnuleysi innan ársins og er það að jafnaði í lágmarki í ágúst og september ár hvert. Talið er að atvinnuleysið verði um 1½% að meðaltali á þessu ári. Þetta er ívið minna atvinnuleysi en í fyrra og hittiðfyrra. Þá mældist atvinnuleysi 1,7% bæði árin. Hins vegar hefur atvinnuleysi verið mun meira undanfarin ár en um langt árabil. Sem dæmi var atvinnuleysið að meðaltali 0,8% af vinnuafli á tímabilinu 1980 til 1989. Ástæðan er einkum tvíþætt. Annars vegar hefur vinnumarkaðurinn að jafnaði verið á þenslumörkum. Hins vegar hefur samdráttur og stöðnun verið í þjóðarbúskapnum frá 1988. Rétt er að benda á í þessu samhengi að atvinnuleysi er mun minna hér á landi en í flestum öðrum löndum.

Mánaðarlegur fjöldi atvinnulausra
1988 - 1991



Erfitt er að spá um þróun atvinnuleysisins á næsta ári. Líklegt má þó telja að atvinnuleysi aukist nokkuð vegna minni eftirspurnar og umsvifa í landinu. Þá eru horfur á að afkoma mikilvægra atvinnugreina verði lakari á næsta ári en þessu. Þetta á ekki síst við um sjávarútveginn. Á forsendum þjóðhagsáætlunar gæti atvinnuleysið farið í rúmlega 2%. Þessi spá er þó afar óviss. Hún byggir meðal annars á því að vinnuframboð lagi sig í ríkum mæli að

eftirspurninni eins og gerst hefur undanfarin ár. Vinnuframboðið dróst saman á samdráttarárunum 1988 og 1989 þrátt fyrir fjölgun landsmanna á vinnufærum aldri en hefur aukist hægum skrefum síðan. Atvinnuþátttaka hefur þannig smám saman minnkað. Það er hins vegar mikið álitamál hversu lengi þetta getur gengið. Jafnframt skiptir miklu máli hvernig sjávarútvegurinn bregst við tekjusamdrættinum sem blasir við. Ef hann leiðir til umtalsverðrar fækkunar fyrirtækja og samruna þeirra er augljóst að atvinnutækifærum fækkar í greininni. Þá er rétt að vekja athygli á því að ekki er fyrirhugað að fjölga starfsmönnum hins opinbera á næsta ári en á þeim bæ hefur starfsmönnum fjölgað mikið á undanförnum árum. Að öllu þessu athuguðu er augljóst að mikla fyrirvara þarf að hafa á spám um atvinnuleysi á næsta ári.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands um fjölda vinnuvikna árið 1989 fjölgaði ársverkum milli áranna 1980 og 1989 úr 106 þúsundum í 126 þúsund, eða um 2% á ári að meðaltali. Mest varð vinnuaflsnotkunin árið 1987, á svonefndu skattlausu ári, tæplega 132 þúsund ársverk. Næstu tvö ár á eftir minnkaði vinnuframboðið, um 3% 1988 og um 1,5% 1989. Mest dróst vinnuafl saman á árinu 1989 í verslun og veitingastarfsemi, um 8,3% og í fiskvinnslu og iðnaði um 5%. Einnig minnkaði vinnuaflsnotkun í landbúnaði og hjá hinu opinbera að frátöldum sjúkrahúsarekstri. Aukning var í öðrum greinum, mest í byggingarstarfsemi um 4,5%. Áætlanir gefa til kynna að vinnuaflið hafi aukist um rúmt 1% árið 1990 og að það muni aukast um 0,5% á þessu ári og því næsta.

Atvinnuleysi á Íslandi er mælt samkvæmt mun þrengri skilgreiningu á atvinnuleysi en notuð er víðast í öðrum löndum en þar er fremur stuðst við úrtakskannanir. Hagstofa Íslands gekkst fyrir vinnumarkaðskönnun í apríl síðastliðnum. Samkvæmt könnuninni sögðust 1,1% svarenda vera atvinnulaus þegar könnunin fór fram. Þessi tala er fengin með því að deila fjölda atvinnulausra upp í þann fjölda sem svaraði könnuninni. Skráð atvinnuleysi er hins vegar reiknað sem hlutfall af vinnuframboði. Þegar atvinnuleysi í könnuninni er leiðrétt í hátt við skráð atvinnuleysi mælist það 1,4% eða jafn mikið og skráð atvinnuleysi í mánuðinum. Hlutfall þeirra sem segjast vera í vinnu í könnuninni er 78,4% fyrir bæði kynin. Þegar atvinnuleysinu er bætt við reynist atvinnuþátttaka vera um 79,5% í könnuninni. Til samanburðar áætlar Þjóðhagsstofnun að atvinnuþátttaka verði að meðaltali 78,5% á þessu ári.

Ríkisfjármál.

Fyrstu átta mánuði ársins var tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs um 9,3 milljarðar króna. Á sama tíma jukust kröfur ríkissjóðs á aðra um 4,3 milljarða króna. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs mánuðina janúar til ágúst var því rúmlega 13,6 milljarðar króna. Stærstum hluta lánsfjárþarfarinnar hefur verið mætt með yfirdrætti við Seðlabanka eða rúmlega 9 milljörðum króna. Erlend lántaka nam 2 milljörðum króna og innlend lán námu 2,5 milljörðum króna. Hér hafa orðið veruleg umskipti frá því í fyrra þegar innlend lántaka var um 13,2 milljarðar króna, sem gaf færi á að bæta stöðuna við Seðlabanka um 1,2 milljarða króna, en lánsfjárhallinn á þeim tíma var 11,5 milljarðar króna. Þessi umskipti má að stærstum hluta rekja til minni peningalegs sparnaðar í ár og aukinnar lánsfjárþarfar annarra opinberra aðila sem keppa um lánsfjármagnið.

Síðustu árin hefur lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs verið allveruleg, eða 8–12 milljarðar króna á ári (verðlag 1991) eins og meðfylgjandi mynd sýnir, og hefur tekist misjafnlega vel að fjármagna þá þörf innanlands.

Lánsfjárþörf annarra opinberra aðila hefur hins vegar verið mun meiri en A-hluta ríkissjóðs og farið vaxandi. Í heild er lánsfjárþörf opinberra aðila á þessu ári nú áætluð um 35 milljarðar króna eða um 6 milljörðum umfram áætlaðan nýsparnað. Opinbera húsnæðiskerfið dregur þar til sín langstærsta hlutann eða rúmlega 23 milljarða króna eða tvo þriðju hluta þarfarinnar. Ljóst má vera að þessi mikla lánsfjáreftirspurn íþyngir verulega eðlilegri starfsemi efnahagslífsins. Reynir þar annars vegar á raunvaxtastigið og hins vegar á verðlagið

Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs 1988-1991,
erlendar lántökur og yfirdráttur í Seðlabanka
Verðlag 1991



vegna yfirdráttar við Seðlabanka og erlendra lántaka sem auka peningamagnið að öðru óbreyttu.

Lánsfjárþörf opinberra aðila 1986-1991.
Milljarðar króna.

	1986	1988	1990	Horfur 1991
Hrein lánsfjárþörf, alls	6,3	17,1	26,6	34,6
Ríkissjóður, A-hluti	2,7	8,3	7,2	10,4
Húsnæðiskerfið	2,1	6,1	14,5	23,3
Aðrir opinberir aðilar	1,5	2,7	4,9	0,9
Hrein lánsfjárþörf % af VLF	4,0	6,7	7,8	9,3
Aukning peningalegs sparnaðar, milljarðar króna	16,0	18,3	36,0	29,0

Af afkomu ríkissjóðs fyrstu sjö mánuði þessa árs og horfum um þróun gjalda og tekna það sem eftir er ársins má ætla að tekjuhallinn verði um 8 milljarðar króna á árinu 1991. Áætlað er að heildartekjur verði um 102 milljarðar króna og heildarútgjöld um 110 milljarðar króna. Þessi tekjuhalli svarar til um 2,1% af landsframleiðslu og um 7,6% af tekjum ríkissjóðs. Þetta er nokkru lakari afkoma en árið 1990, en þá var tekjuhallinn 1,2% af landsframleiðslu og 4,8% af ríkistekjum.

Á fjárlögum ársins 1991 var stefnt að 4,1 milljarða króna tekjuhalla, að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 101,7 milljarðar króna, eða 28% af landsframleiðslu, og heildarútgjöld 105,8 milljarðar króna. Þá var gert ráð fyrir að kröfu- og hlutafjáraukning ríkissjóðs ykist um 1,8 milljarð króna, þannig að hrein lánsfjárþörf yrði um 6 milljarðar króna og skyldi henni mætt að öllu leyti með innlendum lántökum. Auk þess var stefnt að því að greiða niður erlendar skuldir um tæplega 1,5 milljarð króna. En veigamiklar breytingar urðu á áformum fjárlaga

strax í upphafi árs, aðallega á útgjaldahlið. Við afgreiðslu lánsfjárlaga í mars sl. voru samþykkt ýmis útgjalda- og lántökuáform sem röskuðu verulega fyrri áætlunum. Þá komu einnig í ljós allnokkrir veikleikar í rekstraráætlunum ýmissa stofnana, s.s. framhaldsskóla, dómskerfis og innheimtustofnana. Í þessum liðum er að finna meginskýringuna á útgjaldaauka ríkissjóðs frá fjárlagaáætlun. Ný ríkisstjórn greip einnig til viðnámsaðgerða sem beindust þó aðallega að því að draga úr lánsfjárhalla opinberra aðila. Varðandi tekjuhlið fjárlaga þá hefur hún verið í mun betra samræmi við fjárlagaáform. Tekjur af innflutningi hafa þó verið mun meira en áætlað var, en á móti vega minni tekjur af tekjuskatti.

Með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1992 er stefnt að því að tekjuhalli ríkissjóðs verði tæplega 4 milljarðar króna eða sem svarar til um 1,1% af landsframleiðslu. Þetta er um það bil helmingi minni halli en horfur eru á að verði á þessu ári. Jafnframt er stefnt að því að opinber lánsfjárþörf (hrein) verði innan við 24 milljarðar króna sem er þriðjungi lægri fjárhæð en á þessu ári.

Peningamál.

Lánsfjármarkaður hefur einkennst af spennu vegna mikillar lánsfjárþarfar ríkissjóðs á undanförnum árum. Þróunin hefur verið með viðlíka hætti það sem af er þessa árs. Einkennandi fyrir þróunina í peningamálum á þessu ári hefur verið mikið útstreymi gjaldeyris, vegna versnandi greiðslujafnaðar, og hins vegar mikill yfirdráttur ríkissjóðs við Seðlabanka. Í heild ber lánsfjármarkaður mjög keim af ónógum og minnkandi sparnaði, en samkvæmt áætlunum Seðlabanka Íslands mun nýr peningalegur sparnaður minnka úr 36 milljörðum króna í fyrra í 29 milljarða í ár.

Yfirdráttur ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands nam 9,2 milljörðum króna í lok ágúst og nemur aukning hans frá áramótum þá 9,5 milljörðum. Á sama tíma í fyrra var yfirdrátturinn 3,8 milljarðar króna og hafði hann þá aukist frá áramótum um 2,3 milljarða króna. Þessi mikli yfirdráttur hefur haft gagnger áhrif á allt peningakerfið og leitt til aukins útstreymis peninga úr Seðlabanka, bæði til útlanda og í umferð hér innanlands. Lausafjárstaða innlánsstofnana var slök í upphafi árs en hefur batnað eftir því sem liðið hefur á árið og þar með hefur útlánageta þeirra aukist.

Á fyrstu sjö mánuðum ársins nam innlausn spariskírteina umfram sölu um ½ milljarði króna. Þessi þróun skýrist að stórum hluta af því að vöxtum á nýjum skírteinum var haldið mun lægri en ávöxtun á samkeppnisbréfum og eldri skírteinum á Verðbréfaþingi Íslands. Með hækkun vaxta úr 6–6,5% í 7,9–8,1% glæddist sala bréfa á ný. Um margt hefur markaðstaða spariskírteina batnað á lánamarkaði. Hér kemur til að gengi hlutabréfa og verðbréfasjóðsbréfa hafa lækkað, sem að líkum mun hægja á vexti í þessum hluta markaðarins.

Útgefin húsbréf námu tæpum 15 milljörðum króna í júlílok en 5,7 milljörðum í lok árs 1990. Ávöxtunarkrafa húsbréfa er næm fyrir markaðsaðstæðum. Í árslok í fyrra var ávöxtun 7,3% og fór hækkandi. Í maí nam hún 8,8%, en eftir nokkra lækkun yfir sumarmánuðina hækkaði hún í september í 9%.

Aukin spenna á lánsfjármarkaði hefur leitt til þrýstings á vexti. Vextir á verðtryggðum útlánum banka og sparisjóða voru að meðaltali um 8% árin 1989 og 1990. Með breytingum vaxta í júní og ágúst bjóða bankarnir nú verðtryggð lán með 10% raunvöxtum. Svo háir hafa þessir vextir ekki verið áður. Raunvextir óverðtryggðra lána hafa sem fyrr verið miklum sveiflum háðir, allt eftir verðbólgustigi hvers tíma. Algengustu vextir af óverðtryggðum skuldabréfum eru í september að meðaltali 21½%. Innlánstofnanir eru í mikilli samkeppni um verðtryggt lánsfé. Hins vegar er samkeppnisstaða þeirra mun betri á hinum óverðtryggða hluta markaðarins og þar hefur vaxtamunur farið heldur vaxandi.

Nokkurs ójafnvægis hefur gætt í þróun inn- og útlána innlánsstofnana. Almenn útlán eru nú 15% hærri en fyrir ári síðan. Við mat á þessum tölum verður þó að hafa í huga að enn gætir áhrifa af breytingum lausafjárskyldu bankanna í júní í fyrra, er verðbréfalán ríkissjóðs voru

Vextir skuldabréfalána 1988-1991
Algengustu vextir



færð til útlána bankanna. Að teknu tilliti til þessa stendur þó eftir veruleg aukning útlána eða um 6½% að raungildi. Sérstaka athygli vekur að hversu stór hluti útlánaaukningarinnar hefur farið til heimila og þá einkum til neyslulána. Heildarinnlán hafa hins vegar aukist um 12% á tólf mánuðum til júlíloka 1990.

Meðalgengi krónunnar hefur verið óbreytt frá því í árslok 1989 miðað við landavog. Hækkun dollarans frá því í febrúar hefur einkennt gengisþróun helstu mynta, nemur hækkun hans frá áramótum nálægt 9% gagnvart krónunni og um 13% gagnvart ECU. Með þessu var rofin nær þindarlaus gengislækkun dollarans sem hófst í febrúar 1985. Þýska markið hefur hins vegar lækkað á þessu ári og frá áramótum er lækkunin ríflega 3½% gagnvart íslenskri krónu.

Þegar litið er til næsta árs, er ljóst að dökkt útlit í þjóðarbúskapnum yfirleitt mun að öllu öðru óbreyttu draga úr sparnaði. Afleiðingar þessa eru þær að samkeppni um sparifé landsmanna verður áfram mikil.

Neysla.

Þjóðhagsstofnun vinnur að endurskoðun einkaneyslu áranna 1988–1989. Þótt því verki sé ekki að fullu lokið, er einsýnt að fyrri áætlanir fyrir árið 1989 gerðu ráð fyrir mun meiri samdrætti en raun varð á. Nú er talið að einkaneysla hafi dregist saman um 5½% milli áranna 1988 og 1989 í stað þeirra 8% sem áður hafði verið reiknað með. Þessi breyting hefur einnig áhrif á hagvöxt sömu ára. Í stað samdráttar landsframleiðslu um 2,9% árið 1989 er samdrátturinn nú áætlaður 1,3%. Samdráttur þjóðartekna á árinu 1989 er nú metin 2,4% í stað 3,2%. Þessi endurskoðun hefur vitaskuld áhrif á fjárhæð einkaneyslu 1990–1992.

Nú er gert ráð fyrir að einkaneysla muni aukast um 2½% á þessu ári. Þessi áætlun er byggð á sögulegu samhengi neyslu og útgjalda heimilanna, en einnig er höfð hliðsjón af áætlunum um þróun neysluvöruinnflutnings það sem af er árinu. Á fyrri hluta ársins hefur innflutningur á bílum aukist verulega. Fyrstu átta mánuði ársins voru skráðir rúmlega 6.800 nýir fólksbílar, sem er tæplega 60% aukning miðað við sama tíma í fyrra. Hins vegar dró úr bílainnflutningi í júlí og ágúst og reiknað er með að innflutningur bíla verði mun minni á seinni hluta ársins en þeim fyrri. Þennan aukna bílainnflutning má meðal annars skýra með uppsafnaðri endurnýjunarþörf á bílaflota landsmanna, sem í árslok 1990 var alls rúmlega 134 þúsund ökutæki. Jafnframt má skýra mikinn innflutning fólksbíla á fyrri hluta ársins með breytingum á reglum um skráningu ársgerða.

Þegar þessi spá og sú magnbreyting einkaneyslu á mann sem af henni leiðir er skoðuð í samanburði við áætlun um kaupmátt ráðstöfunartekna á mann, kemur í ljós að spárnar fela í sér að sparnaður heimilanna á þessu ári verði því sem næst óbreyttur frá fyrra ári. Hins vegar sýna áætlanir um neyslu og tekjur árið 1990 að neysluútgjöld á mann hafi þá aðeins lækkað um 1% meðan ráðstöfunartekjur á mann drógust saman um 4½%. Í þessu felst að sparnaður heimilanna hafi dregist saman. Þessu má finna stoð í skýrslum um lánakerfið. Þannig má nefna að skuldir heimilanna við innlánsstofnanir voru 11% meiri á föstu verðlagi fyrstu sjö mánuði þessa árs en á sama tíma ári áður. Aukningin liggur fyrst og fremst í almennum lánum, en lánveitingar innlánsstofnana vegna íbúðakaupa hafa dregist saman.

Spá Þjóðhagsstofnunar um einkaneyslu á árinu 1992 felur í sér að sparnaður heimilanna muni enn dragast saman. Spáð er samdrætti einkaneyslu um 3% í heild, sem svarar til 4% minnkunar reiknað á mann. Hins vegar felur áætlun um kaupmátt ráðstöfunartekna á mann í sér samdrátt um 3%.

Áætlun um samneyslu á þessu ári gerir ráð fyrir 3½% aukningu. Þetta er nokkru meiri aukning en á undanförnum árum, en rétt er að hafa í huga að meðalvöxtur samneyslu síðustu 10 ára er 4½%. Spáin sýnir að samneysla á vegum ríkisins eykst heldur meira á þessu ári en á vegum sveitarfélaga.

Áætlun um samneyslu á næsta ári er byggð á fjárlagafrumvarpi og spá um samneysluútgjöld sveitarfélaga. Í heild er talið að vöxtur samneyslu á næsta ári verði um ½%, en þá er gert ráð fyrir að samneysla á vegum ríkisins standi í stað og aukninguna megi alla rekja til sveitarfélaganna.

Skattar sem lagðir eru beint á tekjur eða eignir einstaklinga koma til lækkunar ráðstöfunartekna. Óbeinir skattar sem leggjast á vöruverð lækka ekki ráðstöfunartekjurnar, en verðlagsáhrif þeirra rýra hins vegar kaupmátt teknanna. Áhrif fyrirhugaðra gjalda fyrir opinbera þjónustu hafa svipuð áhrif á afkomu heimilanna og óbeinir skattar. Þau rýra ekki ráðstöfunartekjur heldur kaupmáttinn.

Fjármunamyndun.

Áætlanir um fjármunamyndun á árinu 1991 benda til magnaukningar um 1,7%. Fjárfesting atvinnuveganna er talin aukast um 1½%. Þessu veldur mikil aukning í fjárfestingu í almennum iðnaði. Flestar aðrar greinar dragast saman. Spáin gerir ráð fyrir að fjárfesting í íbúðarhúsnæði dragist saman um 2%. Vegna aukinna framkvæmda við samgöngumannvirki er reiknað með nær 5% aukningu fjárfestinga hins opinbera.

Í þjóðhagsspá fyrir 1992 er gert ráð fyrir að bygging álvers hefjist á árinu og að lagt verði í fjárfestingu í virkjunum og öðrum nauðsynlegum framkvæmdum tengdum álverinu. Í spánni er gert ráð fyrir að til þessara framkvæmda verði í heild varið um 8 milljörðum króna, sem er um 10% af áætluðum fjárfestingum á árinu. Fjárfesting í heild er talin aukast um ½% frá 1991 til 1992. Verði hins vegar ekki af framkvæmdum við álver verða fjárfestingar á næsta ári 8% minni en á þessu ári.

Þjóðarútgjöld.

Þjóðarútgjöld í heild eru talin aukast um 3% á þessu ári, samtímis sem áætlað er að þjóðartekjur vaxi um 1½%. Þegar spár um einstaka útgjaldaliði á næsta ári eru dregnar saman kemur í ljós að þjóðarútgjöld í heild eru talin dragast saman um 1½%, sem er í hátt við samdrátt landsframleiðslu, en mun minna en áætlun um samdrátt þjóðartekna næsta árs sýnir.

Hreinn sparnaður þjóðarbúsins er í grófum dráttum sá hluti hreinna þjóðartekna sem ekki gengur til neyslu. Þennan sparnað má einnig meta sem samtölu hreinnar fjármunamyndunar og viðskiptajafnaðar. Á þennan mælikvarða hefur hreinn sparnaður farið lækkandi sem hlutfall af þjóðartekjum. Sparnaður þjóðarbúsins lækkaði ört á fyrri hluta síðasta áratugar, en réttist við á árunum 1986–1988. Á undanförnum tveimur árum hefur sparnaðurinn hins vegar lækkað verulega og er nú á sama reiki og hann var lægstur um miðjan síðasta áratug.

Innflutningur.
Almennur vöruinnflutningur dróst mikið saman á árunum 1988–1990 vegna minnkandi kaupmáttar og þess efnahagssamdráttar sem einkennt hefur þjóðarbúskapinn frá 1987. Svo virðist sem nokkur breyting hafi orðið á yfirstandandi ári og að almennur vöruinnflutningur aukist umtalsvert í ár miðað við 1990. Fyrstu sjö mánuði ársins jókst almennur vöruinnflutningur án innflutnings vegna stóriðju, um rúm 15% að raungildi miðað við sama tímabil í fyrra. Mest er aukningin í innflutningi á fjárfestingarvörum, rúmlega 26%, innfluttar neysluvörur aukast um tæp 20%, en innflutningur á rekstrarvörum eykst mun minna eða um 5%. Þennan aukna innflutning á árinu 1991 má að nokkru rekja til aukins kaupmáttar auk þess sem raungengi hefur farið heldur hækkandi, þar sem verðbólga innanlands hefur verið meiri en í viðskiptalöndunum, á sama tíma og meðalgengi krónunnar hefur verið haldið óbreyttu. Aukin kaupmáttur og hærra raungengi duga þó vart til að skýra hina miklu aukningu sem orðið hefur á innflutningi á árinu heldur virðist sem einstaklingar og fyrirtæki hafi dregið úr sparnaði til að fjármagna aukinn innflutning. Mjög mikið hefur verið flutt inn af bílum, jafnt til einkanota sem til atvinnurekstrar, sömuleiðis er mikil aukning í innflutningi á varanlegum neysluvörum af ýmsu tagi svo sem heimilistækjum.

Fyrir árið í heild er reiknað með að almennur innflutningur aukist um 5–6% sem þýðir að aukningin á seinni hluta ársins verður mun minni en það sem af er árinu. Á næsta ári er því aftur á móti spáð að almennur innflutningur muni dragast saman um 3½%. Þessi samdráttur stafar fyrst og fremst af skertum kaupmætti.

Annar innflutningur, sem gjarnan er kallaður sérstakur innflutningur, samanstendur af innflutningi til ál- og kísiljárnverksmiðjanna auk innflutnings vegna virkjanaframkvæmda og skipa og flugvéla. Sérstaki innflutningurinn hefur á síðustu árum verið vaxandi hluti af vöruinnflutningnum fyrst og fremst vegna mikilla flugvélakaupa Flugleiða.

Á þessum forsendum mun vöruinnflutningurinn í heild því aukast um 3½–4% á þessu ári, en dragast saman á því næsta um 4½%.

Vöruskiptajöfnuður.
Síðasta áratug hefur vöruskiptajöfnuðurinn ýmist verið með halla eða afgangi og að meðaltali á þessu tímabili hafa vöruviðskipti við útlönd verið í jafnvægi. Frá árinu 1989 hefur vöruskiptajöfnuðurinn verið jákvæður. Afgangurinn nam um 2½% af landsframleiðslu 1989,

Hlutfallsleg breyting þjóðarútgjalda og þjóðarframleiðslu frá fyrra ári og viðskiptajöfnuður sem hlutfall af landsframleiðslu, 1980-1992





1½% í fyrra og í ár stefnir í að vöruskiptajöfnuðurinn verði nokkurn veginn í jafnvægi. Á næsta ári er hins vegar spáð að vöruskiptajöfnuðurinn verði með halla sem svarar til um 1% af landsframleiðslu sem er meiri halli á vöruviðskiptum en verið hefur síðan 1982. Þessi þróun er ótvíræð vísbending um að staða þjóðarbúsins út á við sé að veikjast.

Viðskiptajöfnuður.

Vöruskipta-, þjónustu- og vaxtajöfnuður mynda til samans viðskiptajöfnuð. Um vöruskiptajöfnuðinn hefur þegar verið fjallað og bent á að þrátt fyrir verulegan samdrátt í innflutningi sérstakra fjárfestingavara, lítur út fyrir aukinn halla bæði á þessu og næsta ári. Þjónustujöfnuður án vaxta hefur hins vegar verið í jafnvægi frá 1987 en árin þar á undan var afgangur í þjónustuviðskiptum. Vaxtajöfnuðurinn, hefur aftur á móti alltaf verið neikvæður vegna mikilla vaxtagreiðslna af erlendum lánum. Þessi stærð ræðst annars vegar af meðalvöxtum á erlendum lánum og hins vegar af upphæð erlendu lánanna, sem hafa hækkað nokkuð upp á síðkastið. Vextir hafa farið lækkandi á alþjóðlegum lánamörkuðum á undanförnum árum og því hefur vaxtajöfnuðurinn farið lækkandi sem hlutfall af landsframleiðslu frá 1989. Þessi bati á vaxtajöfnuði hefur þó ekki nægt til að vega á móti vaxandi ójafnvægi í vöruviðskiptum og því hefur viðskiptahallinn aukist frá 1989. Það ár var viðskiptajöfnuðurinn neikvæður um 1,5% af landsframleiðslu, en síðan hefur hallinn aukist ár frá ári og stefnir í 3,7% í ár og 4,5% á því næsta.

IV. EFNAHAGSHORFUR Á NÆSTU ÁRUM.

Tvennt er það helst sem einkennir horfur um hagvöxt á næstu árum. Annað er hægur vöxtur í hefðbundnum útflutningsgreinum og samhliða fetgangur í almennum hagvexti. Hitt er bygging og gangsetning nýs álvers á Keilisnesi ásamt tilheyrandi virkjanaframkvæmdum, sem nú er talin líkleg og er gert ráð fyrir að verði af í reikningunum sem lýst er hér á eftir.

Forsendur um ytri skilyrði 1993-1997.

	1993	1994	1995	1996	1997
Útflutningsframleiðsla					
Magnbreytingar milli ára, %					
Sjávarafurðir	5,0	2,0	2,0	1,0	1,0
Ál frá ÍSAL	1,5	1,5	1,5	1,5	0,5
Kísiljárn	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kísilgúr	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Annar útflutningur	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0
Ytri skilyrði					
Verðbreytingar í erlendri mynt, %					
Sjávarafurðir	4,0	4,5	4,5	4,5	4,5
Ál frá ÍSAL	-0,3	5,1	14,3	4,9	3,5
Kísiljárn	4,0	3,5	3,5	3,5	3,5
Kísilgúr	4,0	3,5	3,5	3,5	3,5
Annar útflutningur	4,0	3,5	3,5	3,5	3,5
Almennur innflutningur án olíu	4,0	3,5	3,5	3,5	3,5
Eldsneyti	4,0	3,5	3,5	3,5	3,5
Rekstrarvara stóriðju	-0,3	5,1	14,3	4,9	3,5
Hagvöxtur í OECD Evrópu	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0
Verðbólga erlendis	4,0	3,5	3,5	3,5	3,5
Raunvaxtabreyting	-0,2	-0,0	0,0	0,0	0,0
Aðrar ytri breytur					
Meðalgengi, breyting	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Samneysla, magnbreyting	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0
Fjárfestingar hins opinbera, magnbreyting	3,6	2,0	3,0	3,2	2,1

Forsendur reikninganna um almenn ytri skilyrði þjóðarbúsins eru settar fram í töflunni hér að ofan. Það er raunar öruggt að þessar forsendur standast ekki frá ári til árs því sveiflur í þessum stærðum eru miklar eins og allir vita. Sveiflunum er hins vegar ómögulegt að spá svo langt fram í tímann og styðjast verður við forsendur um meðaltöl yfir nokkur ár. Niðurstöðurnar verða auðvitað á sama veg, þ.e.a.s. sléttar og felldar, nema einhverjar ytri sveiflur komi til. Sú er raunin í þessum reikningum, forsendan um að álver Atlantsáls rísi sér til þess. Á *næstu tveimur myndum sést hve mikil áhrif þessar framkvæmdir munu hafa á þjóðarbúið.* Á þeirri fyrri sést áætlað umfang fjárfestinga í álveri og virkjunum sem hlutfall af landsframleiðslu, sem verður mest 9% árið 1994 og á þeirri síðari er sýnt hvernig áætlað er að útflutningur á mann, sem hefur farið hnignandi síðustu 4 ár og spáð er að dragist enn saman á næsta ári, vaxi einungis um 2% á ári 1993–1994, en síðan um 22% 1995, þegar álverið verður gangsett. Það ber að minna á að umtalsverður kostnaður vegna erlendra lána og innfluttra rekstrarvara kemur á móti þessum auknu útflutningstekjum.

Fjárfestingar í nýju álveri og virkjunum 1991-1997
Hlutfall af vergri landsframleiðslu



Heildarútflutningur á mann 1980-1997
Vísitala 1980=100



Það þarf vart að réttlæta forsendur um hægan vöxt útflutningstekna á næstu árum, ef ekki kemur til nýtt álver, svo oft hefur verið á það bent að sjávarútvegur og aðrar hefðbundnar útflutningsgreinar séu ekki líklegar til mikils vaxtar á næstu árum. Niðurstöður seiðarannsókna Hafrannsóknastofnunar í ágústmánuði síðastliðnum, sem benda til að þorskárgangurinn 1991 verði sá sjötti í röð lélegra árganga, styrkja þessa skoðun og fela jafnvel í sér að þær forsendur sem hér er byggt á séu í bjartsýnni kantinum. Það kunna að vera möguleikar á hröðum vexti í öðrum útflutningsgreinum, t.d. ferðaþjónustu, en þessar greinar eru enn svo smáar miðað við heildarútflutning, að jafnvel þótt frávik verði talsverð frá forsendum hvað þær varðar, er ekki líklegt að það ylli miklum breytingum á niðurstöðum innan þess tímaramma sem hér er markaður. Tekjur af erlendum ferðamönnum vaxa raunar mjög hratt í þessum reikningum, eða að jafnaði um 10% á hverju ári 1993–1997 og hlutdeild þeirra í heildarútflutningi vex úr um 6,5% árið 1991 í um 10% árið 1997.

Verg landsframleiðsla og þjóðarframleiðsla 1980-1997
Vísitölur 1980=100



Niðurstöður úr reikningum með haglíkani Þjóðhagsstofnunar að gefnum þessum forsendum eru þær helstar að hagvöxtur á mann er talinn verða 1,2% að jafnaði árin 1993–1997 (öll meðaltöl hér eftir eru tekin yfir árin 1993–1997, nema annað sé tekið fram). Vöxtur þjóðarframleiðslu er hins vegar talinn verða minni, eða 1% að meðaltali, því þá hefur verið tekið tillit til aukinna vaxtagjalda til útlanda vegna fjármögnunar álversframkvæmdanna sem eykur skuldsetningu þjóðarbúsins eins og sést á myndinni hér að neðan (skuldir Atlantsáls eru meðtaldar). Atvinnuleysi fer minnkandi frá því sem nú er og verður að jafnaði 1%. Minnkunin verður þó einungis tímabundin nema ný atvinnutækifæri komi til eftir það skeið sem hér er skoðað.

Hrein erlend skuldastaða og viðskiptajöfnuður 1980-1997
Hlutfall af vergri landsframleiðslu



Á myndinni hér að ofan sést að ef þessir reikningar ganga eftir þá ná erlendar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu sögulegu hámarki árið 1995, verða þá rúmlega 58%. Á undangengnum árum hefur þetta hlutfall komist hæst í um 53% árið 1985. Til samanburðar má geta þess að árin 1960–1965, fyrir upphaf virkjanaframkvæmda vegna álvers Alusuisse í Straumsvík, var hrein skuld við útlönd í kringum 20% af landsframleiðslu. Þjóðarbúið er því að þessu leyti til í mun verri stöðu nú til að taka áhættu en þá. Það verður raunar að taka það skýrt fram að í þessum reikningum er í raun innifalin forsenda um strangt aðhald í hagstjórn þannig að ekki komi til óhóflegrar þenslu með tilheyrandi verðbólgu, raungengishækkun og útstreymi gjaldeyris. Svo dæmi sé tekið þá lætur nærri að samanlagður fjárfestingarkostnaður í álveri og virkjunum, að frádregnum eiginfjárframlögum sé um 80 milljarðar króna á verðlagi 1991. Ef allir þessir peningar streyma út úr landinu aftur (hluti þeirra gerir það óumflýjanlega vegna innflutnings á fjárfestingarvörum vegna framkvæmdanna) myndi hlutfall erlendra skulda, sem spáð er að verði um 175 milljarðar í árslok 1991, fara í um 70% af landsframleiðslu í árslok 1995, sem hefði óhjákvæmilega áhrif á lánstraust okkar erlendis.

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1989-1992.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1989	Bráðab. 1990	Spá 1991	Þjóðhags-áætlun 1992	1989	Bráðab. 1990	Spá 1991	Þjóðhags-áætlun 1992
1. Einkaneysla	181.000	207.800	227.500	233.300	-5,5	0,0	2,5	-3,0
2. Samneysla	56.368	63.750	70.700	73.000	2,4	1,7	3,5	0,5
3. Fjárfesting	55.510	66.200	72.100	76.000	-8,5	4,5	1,7	0,5
4. Neysla og fjárfesting alls	292.878	337.750	370.300	382.300	-4,7	1,3	2,5	-1,5
5. Birgðabreytingar [2]	-885	-1.827	0	0	-1,0	-0,2	0,5	0,0
6. Þjóðarútgjöld, alls	291.993	335.923	370.300	382.300	-5,6	1,1	3,0	-1,5
7. Útflutningur vöru og þjónustu	108.968	125.604	129.300	127.000	1,3	-1,6	-3,3	-3,6
8. Innflutningur vöru og þjónustu	100.366	120.213	128.900	130.400	-9,9	1,3	4,0	-3,3
9. Verg landsframleiðsla (6.+7.-8.)	**300.595**	**341.314**	**370.700**	**378.900**	**-1,3**	**0,0**	**0,5**	**-1,5**
10. Vaxtajöfnuður o.fl.	-13.217	-14.610	-14.100	-13.500	.	.	.	.
11. Viðskiptajöfnuður (7.-8.+10.)	-4.615	-9.219	-13.700	-16.900	.	.	.	.
12. Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)	**287.378**	**326.704**	**356.600**	**365.400**	**-1,6**	**0,1**	**0,4**	**-1,9**
13. Viðskiptakjaraáhrif [3]	.	.	.	.	-0,9	-0,5	1,2	-1,3
14. Vergar þjóðartekjur	.	.	.	.	**-2,4**	**-0,4**	**1,5**	**-3,1**
15. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	.	.	.	.	-1,5	-2,7	-3,7	-4,5

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980.

2) Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1989-1992.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1989	Bráðab. 1990	Spá 1991	Þjóðhags-áætlun 1992	1989	Bráðab. 1990	Spá 1991	Þjóðhags-áætlun 1992
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	55.354	67.621	72.510	65.000	-2,5	-1,5	-2,5	-9,0
Ál	10.146	9.636	8.690	9.880	7,8	-1,8	2,5	1,5
Kísiljárn	3.303	2.331	2.000	3.110	3,8	-12,2	-18,5	36,0
Annað	8.866	9.999	10.500	10.810	13,5	-0,8	0,0	-2,0
Samtals	**77.670**	**89.586**	**93.700**	**88.800**	**-0,1**	**-2,0**	**-2,2**	**-6,0**
Útflutt skip og flugvélar	1.518	1.039	100	100	.	.	.	.
Birgðabreytingar	-885	-1.827	0	0	.	.	.	.
Vöruútflutningur alls	**80.072**	**92.452**	**93.800**	**88.900**	**2,0**	**-1,9**	**-5,1**	**-6,0**
Vöruinnflutningur alls	**72.603**	**87.652**	**93.130**	**92.800**	**-10,5**	**1,4**	**3,7**	**-4,6**
Almennur vöruinnflutningur	61.775	73.607	80.300	80.600	-11,5	-1,5	5,6	-3,5
þ.a. olía	5.990	8.343	7.615	7.560	15,0	0,4	1,4	-0,7
þ.a. annað	55.785	65.264	72.685	73.040	-13,6	-1,7	6,1	-3,8
Sérstakur vöruinnflutningur	10.828	14.045	12.800	12.200	-4,6	11,4	-6,9	-11,2
Vöruskiptajöfnuður	**7.469**	**4.800**	**700**	**-3.900**	.	.	.	.
Þjónustutekjur (án vaxta o.fl.)	28.896	33.152	35.500	38.100	-0,8	-0,7	1,8	2,7
Þjónustugjöld (án vaxta o.fl.)	27.763	32.561	35.800	37.600	-8,0	1,0	5,0	0,9
Þjónustujöfnuður (án vaxta o.fl.)	**1.133**	**591**	**-300**	**500**	.	.	.	.
Vaxtajöfnuður o.fl.	**-13.217**	**-14.610**	**-14.100**	**-13.500**	.	.	.	.
Viðskiptajöfnuður	**-4.615**	**-9.219**	**-13.700**	**-16.900**	.	.	.	.

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980.

Tafla 3. Fjárfesting 1989-1992.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1989	Bráðab. 1990	Spá 1991	Þjóðhags-áætlun 1992	1989	Bráðab. 1990	Spá 1991	Þjóðhags-áætlun 1992
Fjárfesting alls	**55.510**	**66.200**	**72.100**	**76.000**	**-8,5**	**4,5**	**1,7**	**0,5**
Þar af:								
Landsvirkjun, járnblendi-verksmiðja og álver	2.390	4.670	4.160	8.770	88,2	66,5	-17,5	101,0
Innfl. skip og flugvélar	5.841	7.970	6.300	3.000	-16,9	16,5	-24,7	-54,0
Útfl. skip og flugvélar	-1.518	-1.040	-100	-100	.	.	.	.
Önnur fjárfesting	48.797	54.600	61.740	64.330	-12,0	-1,3	5,5	-0,6
I Atvinnuvegirnir	**24.697**	**29.820**	**32.000**	**31.100**	**-20,1**	**11,7**	**1,4**	**-7,2**
1. Landbúnaður [2]	2.448	1.780	1.750	1.900	-24,7	-41,1	-8,1	3,0
2. Fiskveiðar	3.361	2.000	2.100	1.600	-55,0	-48,4	-0,7	-27,0
3. Vinnsla sjávarafurða	1.265	2.000	1.700	1.780	-33,1	43,0	-20,0	0,0
4. Álver ÍSALS	430	930	720	500	158,3	87,1	-28,3	-34,0
5. Álver ATLANTSÁLS	-	-	-	1.100	-	-	-	.
6. Járnblendiverksmiðja	230	110	40	150	325,0	-58,8	-66,4	258,0
7. Annar iðnaður	5.205	4.600	5.850	6.450	-8,8	-19,9	20,0	5,0
8. Flutningatæki	3.846	9.640	9.600	7.150	97,9	130,6	-5,2	-29,0
9. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	4.700	4.700	4.920	4.910	-8,9	-6,8	-3,0	-5,0
10. Ýmsar vélar og tæki	3.212	4.060	5.320	5.560	-35,9	30,2	25,0	0,0
II Íbúðarhús	**12.739**	**15.000**	**15.900**	**16.200**	**2,3**	**0,0**	**-2,0**	**-3,0**
III Fjárfesting hins opinbera	**18.074**	**21.380**	**24.200**	**28.700**	**5,4**	**-2,4**	**4,8**	**13,1**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	3.103	5.030	5.400	8.050	34,5	43,4	-0,6	42,0
2. Vatnsveitur, hitaveitur	2.340	1.700	1.550	1.650	15,8	-35,5	-15,6	1,0
3. Samgöngumannvirki	6.288	7.250	9.150	10.700	-5,1	-7,3	16,9	11,0
4. Byggingar hins opinbera	6.343	7.400	8.100	8.300	2,5	-7,9	1,4	-2,0

Skýringar:

1) Magnbreytingar 1989-1990 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en spá 1991 og 1992 á verðlagi fyrra árs.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Tafla 4. Landsframleiðsla og þjóðarframleiðsla 1980-1990.

m.kr. á verðlagi hvers árs ásamt magn- og verðvísitölum 1980=100

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
Verðlag hvers árs											
1. Einkaneysla	8.846	14.327	22.939	39.418	53.886	74.705	96.933	131.712	158.200	181.000	207.800
2. Samneysla	2.546	4.039	6.644	11.559	14.056	20.136	27.291	36.791	47.468	56.368	63.750
3. Fjármunamyndun	3.927	5.929	9.251	14.127	18.356	24.460	29.684	41.042	48.032	55.510	66.200
4. Birgðabreytingar	80	253	913	-1.070	786	-978	-2.094	-416	1.850	-885	-1.827
5. Þjóðarútgjöld alls	15.399	24.548	39.747	64.034	87.084	118.323	151.814	209.129	255.550	291.993	335.923
6. Útflutningur alls	5.746	8.724	12.714	27.078	34.295	49.819	63.125	73.466	84.130	108.968	125.604
6.1 Vörur, fob.	4.460	6.536	8.479	18.623	23.557	33.750	44.968	53.053	61.666	80.072	92.452
6.2 Þjónusta	1.286	2.188	4.235	8.455	10.738	16.069	18.157	20.413	22.464	28.896	33.152
7. Frádr.: Innflutningur alls	5.648	8.936	14.329	25.275	33.871	49.051	56.342	74.496	85.042	100.366	120.213
7.1 Vörur, fob	4.306	6.732	10.364	18.156	23.889	33.760	40.988	55.020	61.996	72.603	87.652
7.2 Þjónusta	1.342	2.204	3.965	7.119	9.982	15.291	15.354	19.476	23.046	27.763	32.561
8. Verg landsframleiðsla	**15.497**	**24.336**	**38.132**	**65.837**	**87.508**	**119.091**	**158.597**	**208.099**	**254.638**	**300.595**	**341.314**
9. Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	-411	-811	-1.495	-3.066	-4.554	-5.584	-6.229	-6.203	-8.333	-13.217	-14.610
10. Verg þjóðarframleiðsla	**15.086**	**23.525**	**36.637**	**62.771**	**82.954**	**113.507**	**152.368**	**201.896**	**246.305**	**287.378**	**326.704**
11. Viðskiptajöfnuður	-313	-1.023	-3.110	-1.263	-4.130	-4.816	554	-7.233	-9.245	-4.615	-9.219
11.1 Vöruskiptajöfn.fob/fob	154	-196	-1.885	467	-332	-10	3.980	-1.967	-330	7.469	4.800
11.2 Þjónustujöfnuður	-56	-16	270	1.336	756	778	2.803	937	-582	1.133	591
11.3 Þáttatekjur frá útl.net.	-411	-811	-1.495	-3.066	-4.554	-5.584	-6.229	-6.203	-8.333	-13.217	-14.610
Hlutfallsleg skipting (%)											
1. Einkaneysla	57,1	58,9	60,2	59,9	61,6	62,7	61,1	63,3	62,1	60,2	60,9
2. Samneysla	16,4	16,6	17,4	17,6	16,1	16,9	17,2	17,7	18,6	18,8	18,7
3. Fjármunamyndun	25,3	24,4	24,3	21,5	21,0	20,5	18,7	19,7	18,9	18,5	19,4
4. Birgðabreytingar	0,5	1,0	2,4	-1,6	0,9	-0,8	-1,3	-0,2	0,7	-0,3	-0,5
5. Þjóðarútgjöld alls	99,4	100,9	104,2	97,3	99,5	99,4	95,7	100,5	100,4	97,1	98,4
6. Útfl. vöru og þjónustu	37,1	35,8	33,3	41,1	39,2	41,8	39,8	35,3	33,0	36,3	36,8
7. Frádr.: Innfl.vöru og þjonustu	36,4	36,7	37,6	38,4	38,7	41,2	35,5	35,8	33,4	33,4	35,2
8. Verg landsframleiðsla	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
9. Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	-2,7	-3,3	-3,9	-4,7	-5,2	-4,7	-3,9	-3,0	-3,3	-4,4	-4,3
10. Verg þjóðarframleiðsla	**97,3**	**96,7**	**96,1**	**95,3**	**94,8**	**95,3**	**96,1**	**97,0**	**96,7**	**95,6**	**95,7**
11. Viðskiptajöfnuður	-2,0	-4,2	-8,2	-1,9	-4,7	-4,0	0,3	-3,5	-3,6	-1,5	-2,7
Magnvísitala											
1. Einkaneysla	100	107,1	112,7	105,9	109,2	114,2	123,3	143,5	137,7	130,2	130,2
2. Samneysla	100	107,3	114,0	119,3	119,5	126,9	135,7	144,0	150,0	153,6	156,2
3. Fjármunamyndun	100	101,0	100,5	88,1	96,2	98,1	97,0	115,4	113,9	104,2	108,8
4. Þjóðarútgjöld alls	100	106,1	111,5	101,7	107,8	111,0	116,7	135,2	133,8	126,3	127,7
5. Útflutningur alls	100	101,3	91,5	101,0	104,0	115,4	122,6	127,5	124,0	125,6	123,6
5.1 Vörur	100	98,8	81,9	91,3	94,8	104,4	115,1	118,8	117,6	120,0	117,7
5.2 Þjónusta	100	109,8	125,0	134,4	136,0	153,7	148,4	157,7	146,0	144,9	143,8
6. Frádr.: Innflutningur alls	100	106,7	106,0	100,0	109,3	120,0	120,3	147,8	143,1	128,9	130,6
6.1 Vörur	100	106,9	103,5	96,0	104,5	113,6	120,1	149,9	144,1	129,0	130,8
6.2 Þjónusta	100	106,0	114,1	113,0	124,7	140,2	120,9	140,8	140,1	128,9	130,1
7. Verg landsframleiðsla	**100**	**104,1**	**106,1**	**102,0**	**105,9**	**109,4**	**117,6**	**127,7**	**126,8**	**125,1**	**125,1**
8. Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	100	103,6	122,4	150,0	164,5	183,8	193,7	193,7	213,9	223,3	222,6
9. Verg þjóðarframleiðsla	**100**	**104,1**	**105,7**	**100,7**	**104,3**	**107,4**	**115,5**	**125,9**	**124,4**	**122,4**	**122,5**
10. Vergar þjóðartekjur	**100**	**104,5**	**105,8**	**102,3**	**106,0**	**109,0**	**119,1**	**131,8**	**130,2**	**127,1**	**126,5**
Magnvísitala á mann											
1. Einkaneysla	100	105,8	109,9	101,9	104,0	107,9	115,6	133,1	125,8	117,5	116,6
2. Samneysla	100	106,1	111,1	114,9	113,9	120,0	127,3	133,5	136,9	138,6	139,9
3. Fjármunamyndun	100	99,8	98,0	84,8	91,7	92,8	91,0	107,0	104,0	94,0	97,5
4. Þjóðarútgjöld alls	100	104,9	108,8	97,9	102,7	105,0	109,5	125,4	122,2	114,0	114,4
5. Útflutningur alls	100	100,1	89,3	97,2	99,1	109,1	115,0	118,3	113,2	113,3	110,7
6. Frádr.: Innflutningur alls	100	105,4	103,4	96,3	104,1	113,4	112,8	137,1	130,7	116,4	117,0
7. Verg landsframleiðsla	**100**	**102,9**	**103,5**	**98,2**	**100,8**	**103,4**	**110,3**	**118,5**	**115,7**	**112,9**	**112,0**
8. Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	100	102,4	119,4	144,4	156,8	173,7	181,7	179,7	195,3	201,5	199,4
9. Verg þjóðarframleiðsla	**100**	**102,9**	**103,1**	**96,9**	**99,3**	**101,5**	**108,3**	**116,8**	**113,6**	**110,5**	**109,7**
10. Vergar þjóðartekjur	**100**	**103,3**	**103,2**	**98,5**	**101,0**	**103,0**	**111,7**	**122,2**	**118,9**	**114,7**	**113,3**

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990
Verðvísitala											
1. Einkaneysla	100	151,3	230,0	421,0	557,8	739,7	889,0	1.037,8	1.298,5	1.572,1	1.804,9
2. Samneysla	100	147,8	228,9	380,5	461,9	623,0	789,9	1.003,8	1.243,3	1.441,6	1.603,2
3. Fjármunamyndun	100	149,5	234,5	408,2	485,9	634,7	779,5	905,8	1.074,3	1.357,2	1.548,9
4. Þjóðarútgjöld alls	100	150,3	231,4	409,0	524,5	691,9	845,0	1.004,8	1.240,4	1.501,4	1.708,3
5. Útflutningur alls	100	149,9	241,7	466,7	573,9	751,3	896,3	1.002,5	1.180,8	1.510,3	1.769,0
5.1 Vörur	100	148,3	232,1	457,2	557,3	725,0	875,7	1.001,0	1.175,3	1.496,1	1.760,9
5.2 Þjónusta	100	155,0	263,5	489,0	614,0	813,2	951,6	1.006,6	1.196,2	1.551,1	1.792,1
6. Frádr.: Innflutningur alls	100	148,3	239,3	447,4	548,6	724,0	829,5	892,7	1.052,0	1.378,3	1.629,6
6.1 Vörur	100	146,3	232,6	439,4	530,7	690,0	792,8	852,2	999,3	1.307,5	1.556,7
6.2 Þjónusta	100	155,0	259,0	469,3	596,7	812,5	946,6	1.031,0	1.226,1	1.605,5	1.864,4
7. Verg landsframleiðsla	**100**	**150,8**	**231,8**	**416,5**	**533,4**	**702,4**	**870,6**	**1.051,2**	**1.296,3**	**1.551,0**	**1.760,5**
%-br. frá fyrra ári, magn											
1. Einkaneysla		7,1	5,3	-6,1	3,2	4,5	8,0	16,4	-4,0	-5,5	0,0
2. Samneysla		7,3	6,2	4,7	0,2	6,2	6,9	6,1	4,2	2,4	1,7
3. Fjármunamyndun		1,0	-0,5	-12,3	9,2	2,0	-1,2	19,0	-1,3	-8,5	4,5
4. Þjóðarútgjöld alls		6,1	5,1	-8,8	6,0	3,0	5,1	15,8	-1,0	-5,6	1,1
5. Útfl. vöru og þjónustu		1,3	-9,6	10,3	3,0	11,0	6,2	4,0	-2,8	1,3	-1,6
6. Frádr.: Innfl.vöru og þjónustu		6,7	-0,6	-5,6	9,3	9,7	0,3	22,9	-3,1	-9,9	1,3
7. Verg landsframleiðsla		**4,1**	**2,0**	**-3,9**	**3,8**	**3,4**	**7,4**	**8,7**	**-0,8**	**-1,3**	**0,0**
8. Þáttatekjur frá útlöndum, nettó		3,6	18,2	22,5	9,7	11,7	5,4	0,0	10,4	4,4	-0,3
9. Verg þjóðarframleiðsla		**4,1**	**1,5**	**-4,7**	**3,5**	**3,0**	**7,5**	**9,1**	**-1,2**	**-1,6**	**0,1**
10. Vergar þjóðartekjur		**4,5**	**1,3**	**-3,4**	**3,6**	**2,8**	**9,3**	**10,6**	**-1,2**	**-2,4**	**-0,4**
Meðalmannfjöldi ársins, þús.	228,2	230,8	234,0	237,0	239,5	241,4	243,2	246,0	249,9	252,8	254,8
Magnvísitala	100	101,2	102,6	103,9	105,0	105,8	106,6	107,8	109,5	110,8	111,7
%-br. frá fyrra ári, magn á mann											
1. Einkaneysla		5,8	3,9	-7,3	2,1	3,7	7,2	15,1	-5,5	-6,6	-0,8
2. Samneysla		6,1	4,7	3,3	-0,9	5,4	6,1	4,9	2,5	1,3	0,9
3. Fjármunamyndun		-0,2	-1,9	-13,4	8,0	1,2	-1,9	17,7	-2,9	-9,6	3,7
4. Þjóðarútgjöld alls		4,9	3,7	-10,0	5,0	2,2	4,3	14,5	-2,6	-6,7	0,3
5. Útfl. vöru og þjónustu		0,1	-10,8	8,9	1,9	10,1	5,4	2,9	-4,3	0,1	-2,4
6. Frádr.: Innfl.vöru og þjónustu		5,4	-2,0	-6,9	8,2	8,9	-0,5	21,5	-4,7	-10,9	0,5
7. Verg landsframleiðsla		**2,9**	**0,6**	**-5,1**	**2,7**	**2,5**	**6,6**	**7,4**	**-2,3**	**-2,5**	**-0,8**
8. Verg þjóðarframleiðsla		**2,9**	**0,1**	**-5,9**	**2,5**	**2,2**	**6,7**	**7,8**	**-2,8**	**-2,7**	**-0,7**
9. Vergar þjóðartekjur		**3,3**	**-0,1**	**-4,6**	**2,6**	**2,0**	**8,5**	**9,4**	**-2,7**	**-3,5**	**-1,2**
%-br. frá fyrra ári, verð											
1. Einkaneysla		51,3	52,1	83,0	32,5	32,6	20,2	16,7	25,1	21,1	14,8
2. Samneysla		47,8	54,9	66,2	21,4	34,9	26,8	27,1	23,9	16,0	11,2
3. Fjármunamyndun		49,5	56,8	74,1	19,0	30,6	22,8	16,2	18,6	26,3	14,1
4. Þjóðarútgjöld alls		50,3	54,0	76,7	28,2	31,9	22,1	18,9	23,4	21,0	13,8
5. Útfl. vöru og þjónustu		49,9	61,2	93,1	23,0	30,9	19,3	11,9	17,8	27,9	17,1
6. Frádr.: Innfl.vöru og þjónustu		48,3	61,3	86,9	22,6	32,0	14,6	7,6	17,8	31,0	18,2
7. Verg landsframleiðsla		**50,8**	**53,7**	**79,6**	**28,1**	**31,7**	**24,0**	**20,8**	**23,3**	**19,6**	**13,5**

Tafla 5. Tekjur, verðlag, kaupmáttur og gengi 1980-1991.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Spá 1991
I Vísitölur 1980=100.												
Tekjur												
Ráðstöfunartekjur á mann ..	100	159	248	395	505	743	977	1.424	1.737	1.937	2.130	2.322
Verðlag												
Framfærsluvísitala	100	151	228	420	542	718	871	1.034	1.297	1.571	1.804	1.926
Byggingarvísitala	100	152	237	403	505	668	832	979	1.153	1.420	1.673	1.822
Lánskjaravísitala	100	152	227	408	546	713	888	1.043	1.287	1.524	1.760	1.892
Verðlag einkaneyslu	100	151	230	421	558	740	889	1.038	1.299	1.572	1.805	1.928
Kaupmáttur [1]												
Ráðstöfunartekjur á mann ..	100	105	109	94	93	104	112	138	134	123	118	120
Gengi												
Meðalverð erl. gjaldmiðla ..	100	134	210	386	448	573	659	684	781	982	1.094	1.094
Raungengi miðað við verð ..	100	104	96	90	95	93	95	104	109	101	97	100
Raungengi miðað við laun ..	100	107	102	86	85	87	88	112	117	103	92	98
II Breytingar frá fyrra ári, %.												
Tekjur												
Ráðstöfunartekjur á mann ..	57,2	59,0	56,0	59,3	27,8	47,1	31,5	45,8	22,0	11,5	10,0	9,0
Verðlag												
Framfærsluvísitala	58,5	50,9	51,0	84,3	29,2	32,4	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8
Byggingarvísitala	55,6	52,4	55,3	70,4	25,3	32,2	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	8,0
Lánskjaravísitala	57,7	51,8	49,8	79,4	33,8	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4	15,4	7,5
Verðlag einkaneyslu	56,2	51,3	52,1	83,0	32,5	32,6	20,2	16,7	25,1	21,1	14,8	6,8
Kaupmáttur [1]												
Ráðstöfunartekjur á mann ..	0,6	5,0	3,3	-13,5	-0,9	11,1	8,5	22,6	-2,8	-7,9	-4,2	2,0
Gengi												
Meðalverð erl. gjaldmiðla ..	38,6	33,8	57,1	83,4	16,3	27,8	15,0	3,7	14,2	25,8	11,4	0,0
Raungengi miðað við verð ..	0,0	4,3	-8,2	-5,8	4,9	-1,6	2,0	9,5	5,2	-8,1	-3,2	2,5
Raungengi miðað við laun ..	-0,7	6,6	-4,3	-16,2	-0,4	2,0	1,1	27,1	4,4	-11,9	-10,0	5,5
III Breytingar frá upphafi til loka árs, %.												
Verðlag												
Framfærsluvísitala [2]	59,8	41,1	63,6	70,8	23,1	34,2	12,8	26,1	18,3	23,7	7,3	8,0
Byggingarvísitala [3]	57,3	45,2	63,0	55,1	19,5	34,8	17,2	17,7	18,4	27,3	8,9	7,0
Lánskjaravísitala [2]	52,6	47,6	60,5	73,4	18,9	35,6	14,7	22,2	19,1	21,6	7,1	8,5

Skýringar:

1) Miðað við framfærsluvísitölu.

2) Frá janúar til janúar.

3) Breyting milli meðaltala desember til janúar.

Tafla 6. Afli og aflaverðmæti 1981-1991.

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Áætlun 1991
Þúsund tonn											
Þorskur	461	382	294	281	323	366	390	376	354	333	323
Annar botnfiskur	255	308	309	284	263	266	294	321	338	340	344
Síld	40	56	59	50	50	66	75	93	97	90	100
Loðna	642	13	133	867	993	898	810	911	670	694	300
Humar	3	3	3	2	2	3	3	2	2	2	2
Rækja	8	9	13	24	25	36	39	30	27	30	36
Hörpudiskur	10	12	15	16	17	16	13	10	11	12	12
Annað	22	5	13	12	7	5	13	15	14	8	4
Heildarafli	1.441	788	839	1.536	1.680	1.656	1.637	1.758	1.513	1.506	1.121
Breytingar heildaraflaverðmætis á föstu verði,% [1]											
Samtals	4,9	-11,2	-9,3	8,5	5,1	9,8	6,7	-1,0	-3,8	-2,9	-3,1
Samtals án loðnu	6,6	-5,4	-10,0	-1,6	4,6	11,5	7,7	-1,3	-1,8	-3,1	1,0

Skýringar:

1) Magnvísitölur eru fengnar með því að verðleggja aflamagnið á föstu verði. Verðlagningin er miðuð við innanlandsverð á afla upp úr sjó.

Tafla 7. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1945-1992.

	Verg landsframleiðsla		Vergar þjóðartekjur	
	Magn-vísitala 1980=100	Magn-breyting f.f.ári	Magn-vísitala 1980=100	Magn-breyting f.f.ári
1945	19,1		19,0	
1946	19,9	3,8%	20,4	7,5%
1947	22,2	11,6%	22,2	8,6%
1948	22,6	2,0%	22,2	0,1%
1949	22,3	-1,5%	21,3	-4,1%
1950	21,7	-2,8%	20,0	-6,1%
1951	21,4	-1,1%	19,3	-3,4%
1952	21,1	-1,5%	19,1	-1,3%
1953	24,1	14,1%	22,3	16,8%
1954	26,2	9,0%	24,5	10,2%
1955	28,8	9,7%	27,1	10,3%
1956	29,3	1,9%	27,3	0,7%
1957	29,3	0,0%	26,9	-1,4%
1958	31,9	8,8%	29,9	11,4%
1959	32,4	1,7%	30,5	2,0%
1960	33,7	3,8%	31,1	1,9%
1961	33,9	0,6%	32,4	4,1%
1962	36,7	8,2%	35,3	9,0%
1963	40,3	9,9%	38,8	10,0%
1964	44,3	9,9%	43,7	12,4%
1965	47,5	7,3%	48,3	10,7%
1966	51,6	8,7%	52,5	8,6%
1967	50,8	-1,6%	49,9	-4,9%
1968	48,1	-5,3%	46,9	-6,0%
1969	49,7	3,2%	48,6	3,5%
1970	53,4	7,6%	54,6	12,4%
1971	60,4	13,1%	63,1	15,6%
1972	63,9	5,8%	66,6	5,6%
1973	67,7	5,8%	73,8	10,7%
1974	71,9	6,3%	75,2	2,0%
1975	72,6	0,9%	71,5	-5,0%
1976	77,0	6,1%	78,0	9,2%
1977	83,8	8,9%	87,6	12,3%
1978	89,7	7,0%	93,9	7,1%
1979	94,6	5,5%	95,7	2,0%
1980	100,0	5,7%	100,0	4,4%
1981	104,1	4,1%	104,4	4,5%
1982	106,2	2,0%	105,8	1,3%
1983	102,1	-3,9%	102,2	-3,4%
1984	106,0	3,8%	105,9	3,6%
1985	109,6	3,4%	108,9	2,8%
1986	117,7	7,4%	119,0	9,3%
1987	127,9	8,7%	131,6	10,6%
1988	126,9	-0,8%	130,0	-1,2%
1989-áætlun	125,2	-1,3%	126,9	-2,4%
1990-áætlun	125,2	0,0%	126,4	-0,4%
1991-spá	125,6	0,3%	128,3	1,5%
1992-spá	123,6	-1,6%	124,3	-3,1%


Verg landsframleiðsla 1945-1992
% breytingar frá fyrra ári
15%
10%
5%
0%
-5%
-10%
1945
1950
1955
1960
1965
1970
1975
1980
1985
1990


Verg landsframleiðsla 1945-1992
Vísitala 1980=100
140
120
100
80
60
40
20
0
1945
1950
1955
1960
1965
1970
1975
1980
1985
1990

5. Fyrirspurn [5. mál]

til samgönguráðherra um ráðningu erlendra sjómanna á íslensk kaupskip.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Með hvaða hætti hyggst samgönguráðherra sporna við því að erlendir sjómenn séu ráðnir til starfa á skipum í þjónustu íslenskrar kaupskipaútgerðar?

6. Fyrirspurn [6. mál]

til utanríkisráðherra um herskipakomur í íslenskar hafnir og íslenska lögsögu.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Hvaða herskip frá þeim ríkjum á norðurhveli sem eiga kjarnavopn, þ.e. Bandaríkjunum, Sovétríkjunum, Frakklandi og Bretlandi, hafa komið til íslenskra hafna eða siglt um íslenska lögsögu á sl. 30 árum og hvenær?

Greinargerð.

Þann 12. júlí sl. fór fyrirspyrjandi skriflega fram á það við utanríkisráðherra að hann léti í té tæmandi lista yfir herskipakomur í íslenskar hafnir á undanförnum 30 árum. Í svari frá utanríkisráðuneytinu, dags. 22. sama mánaðar, var óskað eftir frekari rökstuðningi við þessa beiðni áður en farið væri út í „jafnviðamikið verkefni". Þann 26. júlí mótmælti fyrirspyrjandi svörum ráðuneytisins og ítrekaði enn beiðni sína, en til að auðvelda starfsmönnum utanríkisráðuneytisins vinnuna var fallist á að listinn tæki fyrst og fremst til þeirra ríkja á norðurhveli sem eiga kjarnavopn. Þrátt fyrir þetta hefur enn ekkert svar borist frá ráðuneytinu og því er þessi fyrirspurn nú lögð fram á Alþingi með formlegum hætti. Sú breyting hefur þó verið gerð á beiðninni að nú nær hún einnig til herskipa sem sigla um íslenska lögsögu enda lýsti Geir Hallgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, því yfir árið 1985 að bann við staðsetningu kjarnavopna á Íslandi næði bæði til íslenskra hafna og siglinga um íslenska lögsögu.

Skriflegt svar óskast.

7. Fyrirspurn [7. mál]

til utanríkisráðherra um notkun kjarnakljúfa á höfum úti.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir alþjóðlegri viðurkenningu á nauðsyn þess að draga nú þegar úr notkun kjarnakljúfa á höfum úti?

8. Fyrirspurn [8. mál]

til utanríkisráðherra um umferð kjarnorkuknúinna herskipa um íslenska lögsögu.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Hefur ríkisstjórnin einhver áform um að banna umferð kjarnorkuknúinna herskipa um íslenska lögsögu?

9. Frumvarp til fjáraukalaga [9. mál]

fyrir árið 1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1991 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1991:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**206 000**
Beinir skattar	–821 000	
Óbeinir skattar	1 035 000	
Aðrar tekjur	–8 000	
Gjöld		**5 067 000**
Samneysla	863 000	
Rekstrargjöld	954 000	
Viðhald	–91 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3 063 000	
Fjárfesting	1 141 000	
Stofnkostnaður	482 000	
Fjármagnstilfærslur	659 000	
Gjöld umfram tekjur		**4 861 000**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		460 000
Veitt lán	310 000	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	150 000	
Viðskiptareikningar		900 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**6 221 000**
Afborganir af teknum lánum		0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**6 221 000**
Lántökur		6 200 000
Innlend verðbréfaútgáfa	–7 400 000	
Erlend verðbréfaútgáfa	13 600 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**–21 000**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1991 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	19 100	
01 Forsætisráðuneyti	367 800	
02 Menntamálaráðuneyti	1 065 500	
03 Utanríkisráðuneyti	140 900	
04 Landbúnaðarráðuneyti	926 500	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	–1 500	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	67 000	
07 Félagsmálaráðuneyti	430 900	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 259 700	
09 Fjármálaráðuneyti	458 100	
10 Samgönguráðuneyti	64 300	
11 Iðnaðarráðuneyti	225 500	
12 Viðskiptaráðuneyti	–1 500	
13 Hagstofan	–1 500	
14 Umhverfisráðuneyti	46 200	
Samtals		5 067 000

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–101 Embætti forseta Íslands			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			2 500
6 02	Endurbætur fasteigna	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 400
1 01	Alþingiskostnaður	4 600	
1 03	Þingmálaskrifstofa	1 400	
1 04	Rekstrarskrifstofa	1 400	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	−6 000	
Viðhaldsverkefni:			9 200
5 20	Fasteignir	9 200	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		16 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 400	
52–58	Önnur gjöld	9 200	
5	Gjöld samtals		**16 600**
	Samtals		19 100

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 500
1 90	Ýmis verkefni	7 500	
Stofnkostnaður:			3 300
6 01	Bifreið	3 300	
	Gjöld samtals		10 800
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 800	
5	Gjöld samtals		**10 800**
01–172 Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			357 000
6 01	Atvinnutryggingardeild, framlag	357 000	
	Gjöld samtals		357 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	357 000	
5	Gjöld samtals		**357 000**
	Samtals		367 800

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 000
1 01	Yfirstjórn	17 000	
	Gjöld samtals		17 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals		**17 000**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 800
1 06	Kennslu- og vísindadeildir	35 800	
	Gjöld samtals		35 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 800	
5	Gjöld samtals		**35 800**
02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 000
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	35 000	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		39 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	39 000	
5	Gjöld samtals		**39 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–203 Raunvísindastofnun Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 100
1 03	Rannsóknastofur	1 100	
	Gjöld samtals		1 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 100	
5	Gjöld samtals		**1 100**
02–207 Íslensk málstöð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 800
1 01	Íslensk málstöð	1 800	
	Gjöld samtals		1 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 800	
5	Gjöld samtals		**1 800**
02–221 Kennaraháskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 500
1 01	Yfirstjórn	3 500	
1 05	Kennsla	14 000	
	Gjöld samtals		17 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 000	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals		**17 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–318	**Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			−28 000
6 09	Flensborgarskóli, fjölbraut	2 000	
6 11	Menntaskólinn á Laugarvatni	5 000	
6 14	Menntaskólinn á Egilsstöðum, mötuneyti o.fl.	5 000	
6 90	Stofnkostnaður, óskipt	−40 000	
	Gjöld samtals		−28 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−28 000	
5	Gjöld samtals		**−28 000**
02–319	**Framhaldsskólar, almennt**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			200 000
1 40	Framhaldsskólar, óskipt	200 000	
	Gjöld samtals		200 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	200 000	
5	Gjöld samtals		**200 000**
02–501	**Tækniskóli Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 01	Tækniskóli Íslands	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**
02–507	**Stýrimannaskólinn í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			22 000
6 01	Tæki og búnaður	22 000	
	Gjöld samtals		22 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	22 000	
5	Gjöld samtals		**22 000**

02–720 Grunnskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−20 000
1 90	Grunnskólar, óskipt	−20 000	
	Gjöld samtals		−20 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	−20 000	
5	Gjöld samtals		**−20 000**

02–870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 01	Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur	4 000	
Stofnkostnaður:			26 000
6 01	Fasteignir	26 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**

02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			400 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	400 000	
	Gjöld samtals		400 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	400 000	
5	Gjöld samtals		**400 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–903 Þjóðskjalasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 01	Þjóðskjalasafn Íslands	4 000	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals		**4 000**
02–972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 700
1 01	Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	7 700	
	Gjöld samtals		7 700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals		**7 700**
02–973 Þjóðleikhús			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 000
1 01	Þjóðleikhús	47 000	
Stofnkostnaður:			250 000
6 50	Endurbætur	250 000	
	Gjöld samtals		297 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	250 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	47 000	
5	Gjöld samtals		**297 000**
02–981 Kvikmyndasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 000
1 01	Kvikmyndasjóður	14 000	
	Gjöld samtals		14 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 000	
5	Gjöld samtals		**14 000**

02–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 600
1 98	Félög, styrkir	20 600	
	Gjöld samtals		20 600
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 600	
5	Gjöld samtals		**20 600**
	Samtals		1 065 500

03 Utanríkisráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		26 600
1 50 Viðskiptaskrifstofa	26 600	
Stofnkostnaður:		1 500
6 01 Tæki og búnaður	1 500	
Gjöld samtals		28 100
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	4 600	
52–58 Önnur gjöld	23 500	
5 Gjöld samtals		**28 100**
03–102 Varnarmálaskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 500
1 01 Varnarmálaskrifstofa	−1 000	
1 04 Hreinsun Sraumnesfjalls	2 500	
Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	1 500	
5 Gjöld samtals		**1 500**
03–103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		−500
1 01 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	−500	
Gjöld samtals		−500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	−500	
5 Gjöld samtals		**−500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–201	**Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 100
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	7 100	
	Gjöld samtals		7 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 100	
5	Gjöld samtals		**7 100**
03–391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 000
1 25	Aðstoð við kúrdíska flóttamenn	70 000	
1 26	Neyðaraðstoð við Kína	5 000	
	Gjöld samtals		75 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	75 000	
5	Gjöld samtals		**75 000**
03–399	**Ýmis utanríkismál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 000
1 20	Kynningarátak um Leif Eiríksson	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–401 Alþjóðastofnanir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 700
1 42	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	1 500	
1 51	Gæslulið Sameinuðu Þjóðanna, V-Sahara	3 200	
1 52	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	1 100	
1 58	Eftirlitssveitir Sameinuðu þjóðanna í Angólu, UNAVEM	900	
	Gjöld samtals		6 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 700	
5	Gjöld samtals		**6 700**
03–998 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−2 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	−2 000	
	Gjöld samtals		−2 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	−2 000	
5	Gjöld samtals		**−2 000**
	Samtals		140 900

04 Landbúnaðarráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		4 100
1 01 Yfirstjórn	4 100	
Gjöld samtals		4 100
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	1 100	
52–58 Önnur gjöld	3 000	
5 Gjöld samtals		**4 100**
04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 000
1 01 Aðalstöðvar	1 000	
Stofnkostnaður:		1 300
6 02 Skriðuklaustur, framkvæmdir	1 300	
Gjöld samtals		2 300
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	1 000	
52–58 Önnur gjöld	1 300	
5 Gjöld samtals		**2 300**
04–232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		3 000
1 20 Tilraunir með ræktun iðnviðar	3 000	
Gjöld samtals		3 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**

04–235 Landgræðsla ríkisins

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			2 200
6 02	Óveðurstjón, tjónabætur	2 200	
	Gjöld samtals		2 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 200	
5	Gjöld samtals		**2 200**

04–244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500
1 01	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	1 500	
	Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 500	
5	Gjöld samtals		**1 500**

04–245 Laxeldisstöðin í Kollafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 400
1 10	Laxeldisstöðin í Kollafirði	6 400	
	Gjöld samtals		6 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	6 400	
5	Gjöld samtals		**6 400**

	Þús. kr.	Þús. kr.
04–246 Veiðimálastofnunin		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		6 200
1 01 Veiðimálastofnunin	6 200	
Gjöld samtals		6 200
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	6 200	
5 Gjöld samtals		**6 200**
04–272 Einangrunarstöð í Hrísey		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 000
1 01 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	1 000	
Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 000	
5 Gjöld samtals		**1 000**
04–288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		7 500
6 20 Jarðræktar- og búfjárræktarframlög	7 500	
Gjöld samtals		7 500
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	7 500	
5 Gjöld samtals		**7 500**
04–289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		−20 000
1 10 Endurgreiðsla gjalda	−20 000	
Gjöld samtals		−20 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	−20 000	
5	Gjöld samtals		**−20 000**

04–290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			890 000
1 01	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	890 000	
	Gjöld samtals		890 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	890 000	
5	Gjöld samtals		**890 000**

04–299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 300
1 22	Ýmis verkefni	15 300	
1 26	Skógræktarátak	6 000	
	Gjöld samtals		21 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	21 300	
5	Gjöld samtals		**21 300**

04–501 Bændaskólinn á Hvanneyri

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			1 000
6 03	Stofnframlag til hitaveitu	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
	Samtals		926 500

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500
1 01	Yfirstjórn	1 500	
	Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 500	
5	Gjöld samtals		**1 500**
05–201 Fiskifélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−500
1 90	Fiskifélag Íslands	−500	
	Gjöld samtals		−500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	−500	
5	Gjöld samtals		**−500**
05–202 Hafrannsóknastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−1 000
1 01	Yfirstjórn	−1 000	
	Gjöld samtals		−1 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−1 000	
5	Gjöld samtals		**−1 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−800
1 01	Yfirstjórn	−800	
	Gjöld samtals		−800
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−800	
5	Gjöld samtals		**−800**
05–216 Ríkismat sjávarafurða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−700
1 01	Ríkismat sjávarafurða	−700	
	Gjöld samtals		−700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−700	
5	Gjöld samtals		**−700**
05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			
1 31	Stjórn fiskveiða	2 000	
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi	−2 000	
	Gjöld samtals		
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	−2 000	
5	Gjöld samtals		
	Samtals		−1 500

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Yfirstjórn	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
06–103 Kosningar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 01	Kosningar	11 000	
	Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	11 000	
5	Gjöld samtals		**11 000**
06–204 Borgarfógetinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 01	Borgarfógetinn í Reykjavík	4 000	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
5	Gjöld samtals		**4 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–211 Sýslumenn og bæjarfógetar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 000
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	38 000	
	Gjöld samtals		38 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 000	
52–58	Önnur gjöld	18 000	
5	Gjöld samtals		**38 000**
06–235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			1 000
6 21	Lögreglustöð Grindavík	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
06–251 Landhelgisgæsla Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−9 600
1 30	Fluggæsla	−9 600	
	Gjöld samtals		−9 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−9 600	
5	Gjöld samtals		**−9 600**
06–281 Dómsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 000
1 10	Málskostnaður	20 000	
1 12	Setu- og varadómarar	3 000	
	Gjöld samtals		23 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 000	
52–58	Önnur gjöld	20 000	
5	Gjöld samtals		**23 000**

06–282 Ýmis löggæslukostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 000
1 20	Ýmis löggæslukostnaður	7 000	
	Gjöld samtals		7 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
5	Gjöld samtals		**7 000**

06–283 Fangamál, ýmis kostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−10 400
1 20	Vistun fanga	−10 400	
	Gjöld samtals		−10 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	−3 200	
52–58	Önnur gjöld	−7 200	
5	Gjöld samtals		**−10 400**
	Samtals		67 000

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–700 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 04	Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
07–701 Málefni fatlaðra, Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 300
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins	4 300	
	Gjöld samtals		4 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 300	
5	Gjöld samtals		**4 300**
07–706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 70	Vistheimilið Sólborg	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
07–710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra barna		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 000
1 70 Meðferðarheimili fyrir einhverf börn, Sæbraut 2	1 000	
Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	1 000	
5 Gjöld samtals		**1 000**
07–795 Framkvæmdasjóður fatlaðra		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		35 000
6 01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	35 000	
Gjöld samtals		35 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	35 000	
5 Gjöld samtals		**35 000**
07–951 Brunamálastofnun ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		−5 000
1 01 Brunamálastofnun ríkisins	−5 000	
Gjöld samtals		−5 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	−5 000	
5 Gjöld samtals		**−5 000**
07–954 Vinnueftirlit ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		30 700
1 01 Vinnueftirlit ríkisins	30 700	
Gjöld samtals		30 700
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	30 700	
5 Gjöld samtals		**30 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–972 Bjargráðasjóður Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 000
1 01	Bjargráðasjóður	60 000	
	Gjöld samtals		60 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	60 000	
5	Gjöld samtals		**60 000**
07–982 Ríkisábyrgð á launum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			286 900
1 01	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	248 000	
1 10	Ríkisábyrgð á orlofslaunum	38 900	
	Gjöld samtals		286 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	286 900	
5	Gjöld samtals		**286 900**
	Samtals		430 900

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–271 Tryggingastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			905 000
1 01	Yfirstjórn	45 000	
1 10	Lífeyristryggingar	300 000	
1 20	Sjúkratryggingar	440 000	
1 30	Slysatryggingar	120 000	
	Gjöld samtals		905 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	45 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	860 000	
5	Gjöld samtals		**905 000**
08–273 Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 000
1 01	Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs	80 000	
	Gjöld samtals		80 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	80 000	
5	Gjöld samtals		**80 000**
08–301 Landlæknir			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		2 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**

08–327 Geislavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 100
1 01	Geislavarnir ríkisins	1 100	
	Gjöld samtals		1 100
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 100	
5	Gjöld samtals		**1 100**

08–355 Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 700
1 01	Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	6 700	
	Gjöld samtals		6 700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 700	
5	Gjöld samtals		**6 700**

08–371 Ríkisspítalar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			129 000
1 01	Ríkisspítalar	129 000	
Stofnkostnaður:			152 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	125 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	27 000	
	Gjöld samtals		281 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	110 000	
52–58	Önnur gjöld	171 000	
5	Gjöld samtals		**281 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			−21 000
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	−21 000	
	Gjöld samtals		−21 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	−21 000	
5	Gjöld samtals		**−21 000**
08–408 Sunnuhlíð Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Sunnuhlíð Kópavogi	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−15 000
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	−15 000	
	Gjöld samtals		−15 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	−15 000	
5	Gjöld samtals		**−15 000**

08–510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**

08–511 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			−15 000
6 01	Tæki og búnaður	−15 000	
	Gjöld samtals		−15 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−15 000	
5	Gjöld samtals		**−15 000**

08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 400
1 01	Heilsugæslustöðin Akureyri	1 400	
	Gjöld samtals		1 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 400	
5	Gjöld samtals		**1 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–621 Bindindisstarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 60	Meðferð hf.	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**
	Samtals		1 259 700

09 Fjármálaráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 000
1 01 Yfirstjórn	5 000	
Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	5 000	
5 Gjöld samtals		**5 000**
09–104 Ríkisfjárhirsla		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 500
1 01 Ríkisfjárhirsla	5 500	
Gjöld samtals		5 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	5 500	
5 Gjöld samtals		**5 500**
09–201 Ríkisskattstjóri		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		10 300
1 10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	10 300	
Gjöld samtals		10 300
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	10 300	
5 Gjöld samtals		**10 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–251 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 000
1 01	Gjaldheimtan í Reykjavík	8 000	
1 02	Gjaldheimta Suðurnesja	6 000	
1 10	Ýmis innheimtukostnaður	39 000	
	Gjöld samtals		53 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	53 000	
5	Gjöld samtals		**53 000**
09–261 Ríkistollstjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Ríkistollstjóri	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**
09–262 Tollstjórinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 900
1 01	Tollstjórinn í Reykjavík	5 900	
	Gjöld samtals		5 900
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 900	
5	Gjöld samtals		**5 900**
09–381 Uppbætur á lífeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 000
1 01	Uppbætur á lífeyri	120 000	
	Gjöld samtals		120 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	120 000	
5	Gjöld samtals		**120 000**

09–481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			105 000
6 01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	105 000	
	Gjöld samtals		105 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	105 000	
5	Gjöld samtals		**105 000**

09–901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 100
1 01	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	6 100	
	Gjöld samtals		6 100
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 100	
5	Gjöld samtals		**6 100**

09–971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			9 800
6 10	Tjónabætur	9 800	
	Gjöld samtals		9 800
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	9 800	
5	Gjöld samtals		**9 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			−16 000
6 02	Arnarhvoll, mötuneyti	−16 000	
	Gjöld samtals		−16 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−16 000	
5	Gjöld samtals		**−16 000**
09–989 Launa- og verðlagsmál			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			−19 000
6 01	Stofnkostnaður	−19 000	
	Gjöld samtals		−19 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−19 000	
5	Gjöld samtals		**−19 000**
09–995 Skýrsluvélakostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			130 000
1 01	Launagreiðslukerfi	8 000	
1 02	Tekjubókhaldskerfi	45 000	
1 03	Skattavinnslukerfi	46 000	
1 04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	31 000	
	Gjöld samtals		130 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	130 000	
5	Gjöld samtals		**130 000**
09–999 Ýmislegt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 000
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	30 000	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	10 000	
	Gjöld samtals		40 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	40 000	
5	Gjöld samtals		**40 000**
	Samtals		458 100

10 Samgönguráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		7 000
1 01 Yfirstjórn	7 000	
Gjöld samtals		7 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	7 000	
5 Gjöld samtals		**7 000**
10–211 Vegagerð ríkisins		
Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		−100 000
5 10 Viðhald vega	−100 000	
Stofnkostnaður:		−80 000
6 10 Nýframkvæmdir	170 000	
6 11 Jarðgöng á Vestfjörðum	−250 000	
Gjöld samtals		−180 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	−180 000	
5 Gjöld samtals		**−180 000**
10–321 Skipaútgerð ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		100 000
1 10 Rekstrarframlag	100 000	
Gjöld samtals		100 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	100 000	
5 Gjöld samtals		**100 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–333 Hafnamál			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			135 000
6 30	Hafnarmannvirki	−10 000	
6 40	Sjóvarnargarðar	130 000	
6 80	Lóðsbátur, Höfn í Hornafirði	15 000	
	Gjöld samtals		135 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	15 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	120 000	
5	Gjöld samtals		**135 000**
10–485 Ýmis framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 300
1 26	Ýmislegt	2 300	
	Gjöld samtals		2 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 300	
5	Gjöld samtals		**2 300**
	Samtals		64 300

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–201	**Iðntæknistofnun Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−300
1 01	Iðntæknistofnun Íslands	−300	
	Gjöld samtals		−300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 400	
52–58	Önnur gjöld	−2 700	
5	Gjöld samtals		**−300**
11–203	**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−1 300
1 01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	−1 300	
	Gjöld samtals		−1 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−1 300	
5	Gjöld samtals		**−1 300**
11–240	**Iðnaðarrannsóknir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 600
1 01	Iðnaðarrannsóknir	6 600	
	Gjöld samtals		6 600
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 600	
5	Gjöld samtals		**6 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–299 Iðja og iðnaður, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−6 000
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	−6 000	
	Gjöld samtals		−6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	−6 000	
5	Gjöld samtals		**−6 000**
11–301 Orkustofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−6 000
1 01	Orkustofnun	−6 000	
	Gjöld samtals		−6 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−6 000	
5	Gjöld samtals		**−6 000**
11–321 Rafmagnsveitur ríkisins			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			200 000
6 01	Óveður, tjónabætur	200 000	
	Gjöld samtals		200 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	200 000	
5	Gjöld samtals		**200 000**
11–371 Orkusjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			−5 000
6 21	Styrking dreifikerfis í sveitum	−5 000	
	Gjöld samtals		−5 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	−5 000	
5	Gjöld samtals		**−5 000**

11–399 Ýmis orkumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 500
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	35 000	
1 18	Ýmis framlög	2 500	
	Gjöld samtals		37 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	37 500	
5	Gjöld samtals		**37 500**
	Samtals		225 500

12 Viðskiptaráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		2 500
1 01 Yfirstjórn	2 500	
Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	2 500	
5 Gjöld samtals		**2 500**
12–301 Löggildingarstofan		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		−4 000
1 01 Löggildingarstofan	−4 000	
Gjöld samtals		−4 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	−4 000	
5 Gjöld samtals		**−4 000**
Samtals		−1 500

13 Hagstofa Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–102 Þjóðskráin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−1 500
1 01	Þjóðskráin	−1 500	
	Gjöld samtals		−1 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−1 500	
5	Gjöld samtals		**−1 500**
	Samtals		−1 500

14 Umhverfisráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 200
1 01 Yfirstjórn	5 200	
Gjöld samtals		5 200
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	2 000	
52–58 Önnur gjöld	3 200	
5 Gjöld samtals		**5 200**
14–201 Náttúruverndarráð		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		−600
1 40 Rannsóknastörf við Mývatn	−600	
Stofnkostnaður:		−400
6 01 Endurbætur fasteigna	−400	
Gjöld samtals		−1 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	−1 000	
5 Gjöld samtals		**−1 000**
14–301 Skipulagsstjóri ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		36 400
1 01 Skipulagsstjóri ríkisins	36 400	
Gjöld samtals		36 400
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	36 400	
5 Gjöld samtals		**36 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–310 Landmælingar Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−500
1 01	Landmælingar Íslands	−3 500	
1 10	Sérstök verkefni í kortagerð	3 000	
	Gjöld samtals		−500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−500	
5	Gjöld samtals		**−500**
14–401 Náttúrufræðistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
14–410 Veðurstofa Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−1 500
1 01	Yfirstjórn	−2 500	
1 65	Alþjóðasamvinna	1 000	
	Gjöld samtals		−1 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−1 500	
5	Gjöld samtals		**−1 500**
14–999 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 600
1 11	Undirbúningur að umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna	600	
1 12	Uppgræðsla og gróðurvernd	−500	
1 13	Sérfræðirannsóknir við Mývatn	6 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 15	Geysir í Haukadal	−500	
1 17	Gróðurkortagerð	−500	
1 19	Gerð heilbrigðisreglna	1 200	
	Gjöld samtals		6 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 800	
5	Gjöld samtals		**6 600**
	Samtals		46 200

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Eftir stjórnarskipti í vor lagði fjármálaráðherra fram skýrslu um stöðu ríkisfjármála og horfur um framvindu til loka árs. Í þeirri skýrslu voru dregnir saman helstu þættir ríkisfjármála og gerð grein fyrir breyttum aðstæðum í efnahagsmálum frá því fjárlög voru samþykkt. Misvægi í þjóðarbúskapnum fór vaxandi sem meðal annars birtist í aukinni innlendri eftirspurn, auknum útlánum og minnkandi sparnaði. Fráfarandi stjórn hafði tekið ákvarðanir um aukin útgjöld ríkissjóðs jafnframt því sem áform um tekjuöflun höfðu ekki komið til framkvæmda. Samkvæmt fjárlögum var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs tæplega 5,9 milljarðar króna, en halli á rekstrarreikningi 4,1 milljarður króna. Lánsfjárþörf ríkissjóðs átti að öllu leyti að mæta með innlendum lánum og jafnframt var fyrirhugað að verja tæplega 1,5 milljörðum króna til að greiða niður erlendar skuldir. Endurskoðuð áætlun í ríkisfjármálum frá því fyrir stjórnarskipti síðastliðið vor benti til þess að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs gæti orðið 13,1 milljarður króna sem er rúmlega tvöfalt meira en áætlað var í fjárlögum.

Frávik frá fjárlögum á lánsfjárþörf ríkissjóðs stafar að tveimur þriðju hlutum af auknum halla á rekstrarreikningi, en þriðjungur skýrist af auknum lánveitingum, einkum til Byggingarsjóðs ríkisins. Aukinn rekstrarhalli, um 5 milljarðar króna, skýrist annars vegar af því að innheimta tekna var talin verða um 0,8 milljörðum króna lægri en áætlað var. Þannig var talið að sérstök tekjuöflun sem ekki hafði komið til framkvæmda, minni arðgreiðslur, meiri skattafsláttur og breyting á lögum um tekjuskatt fyrirtækja rýrðu tekjur ríkissjóðs um 1600 m.kr. Á móti vó aukin velta og álagður tekjuskattur fyrirtækja um 800 m.kr. Hins vegar benti margt til þess að gjöldin hækkuðu um 4,2 milljarða króna frá fjárlögum. Útgjaldaheimildir voru hækkaðar um einn milljarð króna við afgreiðslu lánsfjárlaga síðastliðið vor og gefin höfðu verið fyrirheit um að leita heimilda í fjáraukalögum að fjárhæð 0,6 milljarðar króna. Endurmetin fjárþörf almannatryggingakerfisins og sjúkrahúsanna benti til þess að útgjöldin hækkuðu um 1,7 milljarða króna. Þar af 0,8 milljarðar króna til greiðslu aukins lyfjakostnaðar og sérfræðiþjónustu og 0,4 milljarðar króna vegna lífeyristrygginganna. Fjárþörf Lánasjóðs íslenskra námsmanna var talin að óbreyttu nema 0,7 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga og útgjöld til útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir var áætluð tæplega 0,3 milljörðum króna meiri en áður var talið.

Ný ríkisstjórn ákvað að grípa til sérstakra aðhaldsaðgerða í peninga- og ríkisfjármálum til að vega á móti auknum viðskiptahalla og jafnvægisleysi í opinberum fjármálum. Í fyrsta lagi voru vextir á spariskírteinum og ríkisvíxlum hækkaðir til að draga úr yfirdrætti ríkissjóðs í Seðlabanka og örva sparnað í þjóðfélaginu. Í öðru lagi var ákveðið að beita ströngu aðhaldi í ríkisbúskapnum, bæði með því að herða eftirlit með innheimtu tekna og útgjöldum ríkissjóðs. Í þriðja lagi ákvað ríkisstjórnin að lækka útgjöld og falla frá ýmsum lántökuáformum sem blöstu við þegar hún tók við völdum.

Með þessum aðgerðum var stefnt að því að lækka lánsfjárþörf ríkisins um 3,5-4 milljarða króna. Ákveðið var að ná fram 500 m.kr. sparnaði í heilbrigðiskerfinu með því að draga úr lyfjakostnaði og kostnaði við sérfræðiþjónustu. Framlag til vegamála var lækkað um 350 m.kr. og með breyttum útlánareglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna var viðbótarfjárþörf sjóðsins lækkuð um 300 m.kr. Þá voru lánveitingar ríkissjóðs til loðnu-

verksmiðja lækkaðar um 200 m.kr. og reiknað var með að Húsnæðisstofnun endurgreiddi skammtímalán hjá ríkissjóði. Loks var ákveðið að lækka útgjöld um 300-500 m.kr. með því að fresta framkvæmdum, falla frá ráðningu í nýjar stöður o.fl. Loks var með átaki í innheimtumálum áætlað að auka tekjur um 300-500 m.kr. Áform ríkisstjórnarinnar sem ákveðin voru síðastliðið vor hafa komið til framkvæmda í öllum meginatriðum.

Afkoma ríkissjóðs

Afkoma ríkissjóðs á þessu ári hefur nú verið endurmetin í tengslum við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1992 og með tilliti til þeirra upplýsinga sem fyrir liggja um framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu. Fjármálaráðuneytið hefur átt viðræður við öll ráðuneytin um stöðu mála og metið beiðnir til fjáraukalaga. Þær tillögur, sem settar eru fram í frumvarpinu, eru sameiginleg niðurstaða ráðuneyta þar sem aðeins er orðið við brýnustu þörfum.

Afkoma ríkissjóðs 1991

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Endurmat apríl m.kr.	Endurmat maí m.kr.	Endurmat sept. m.kr.
Tekjur	101.698	100.898	101.200	101.904
Gjöld	-105.767	-109.976	-108.200	-110.834
Rekstrarafkoma	**-4.069**	**-9.078**	**-7.000**	**-8.930**
Veitt lán, og innheimtar afborganir	-1.040	-1.775	-1.575	-1.500
Eignfærð framlög	-270	-270	-270	-270
Viðskiptareikningur	-500	-2.000	-500	-1.400
Hrein lánsfjárþörf	**-5.879**	**-13.123**	**-9.345**	**-12.100**
Innlend lántaka - afborganir	8.099	10.903	7.125	720
Erlend lántaka - afborganir	-1.405	-1.405	-1.405	12.195
Lán í Seðlabanka - afborganir	-815	-815	-815	-815

Í skýrslu fjármálaráðherra frá því í vor var á það bent að áætlun um afkomu ríkissjóðs væri óviss og í fjárlögum væri hvergi borð fyrir báru. Í ljós hefur komið að fjárhagsstaða ýmissa stofnana og sjóða er verri en talið var. Nú liggur t.d. fyrir að útgjöld vegna rekstrar og ýmissa framlaga voru vanmetin og fjárhagsvandi sjóða eins og Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar var hvergi talinn.

Rekstrarhalli ríkissjóðs er nú áætlaður 8,9 milljarðar króna samanborið við 4,1 milljarð króna í fjárlögum. Skýrist það að stærstum hluta af auknum útgjöldum sem ætlað er að hækki um 5,1 milljarð króna. Er það 2,4 milljörðum króna hærri fjárhæð en að var stefnt í maí í vor. Þar vegur þyngst aukin þörf fyrir útflutningsbætur á landbúnaðarafurðum, framlag til Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna tapaðra krafna, auknar greiðslur launa fyrir gjaldþrotafyrirtæki og halli á rekstri stofnana ríkisins, einkum skóla. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs er nú áætluð 12,1 milljarður króna en var í fjárlögum áætluð 5,9 milljarðar króna.

Lánveitingar nettó, þ.e. útstreymi fjár vegna lána sem ríkissjóður veitir, eignfærð framlög og viðskiptareikningar, eru taldar verða um 3,2 milljarðar króna og er það 1,4 milljörðum króna hærri fjárhæð en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Áætlað er að skuld Húsnæðisstofnunar við ríkissjóð verði í lok árs 0,9 milljarðar króna en í ársbyrjun veitti

ríkissjóður stofnuninni 1,5 milljarða króna skammtímalán. Í fyrri áætlunum var gert ráð fyrir að þessi skuld yrði greidd. Að öðru leyti skýrist hækkunin einkum af því að fleiri lánveitingar fóru um Endurlán ríkissjóðs en upphaflega var áætlað í stað veittrar ríkisábyrgðar.

Tekjur

Samkvæmt fjárlögum ársins 1991 var áætlað að innheimtar tekjur ríkissjóðs yrðu 101,7 milljarðar króna á þessu ári. Endurskoðuð áætlun bendir til þess að heildartekjur ríkissjóðs verði svipaðar og þar var gert ráð fyrir, eða tæpir 102 milljarðar króna. Þar er hins vegar að finna frávik í báðar áttir. Skil á tekju- og eignarsköttum verða minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum en á móti kemur að aukin innlend eftirspurn skilar meiri tekjum af veltusköttum. Síðarnefndu áhrifin koma fyrst og fremst fram í auknum tekjum af innflutningi, ekki síst af bifreiðum. Þessara áhrifa gætti mest framan af ári, en heldur hefur dregið úr eftirspurninni að undanförnu.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs 1991

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun 1991 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	%
Tekju- og eignarskattar	**20.167**	**19.346**	**-821**	**-4,1**
Einstaklingar	14.865	14.746	-119	-0,8
Fyrirtæki	5.302	4.600	-702	-13,2
Óbeinir skattar	**75.228**	**76.263**	**1.035**	**1,4**
Innflutnings- og vörugjöld	8.718	9.269	551	6,3
Virðisaukaskattur	41.550	41.400	-150	-0,4
Hagnaður ÁTVR	6.700	6.500	-200	-3,0
Launa- og tryggingagjöld	8.380	8.700	320	3,8
Bifreiðagjöld	6.030	6.465	435	7,2
Aðrir skattar	3.850	3.929	79	2,1
Aðrar tekjur	**6.303**	**6.295**	**-8**	**-0,1**
Vaxtagreiðslur	3.700	3.700	-	-
Arðgreiðslur	2.328	1.995	-333	-14,3
Sala eigna o.fl.	275	600	325	118,2
Heildartekjur ríkissjóðs	**101.698**	**101.904**	**206**	**0,2**

Tekju- og eignarskattar. Tekju- og eignarskattar einstaklinga og fyrirtækja skila minni tekjum á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Lækkunin kemur aðallega fram í tekjuskatti fyrirtækja sem rekja má til lagabreytinga frá í vor, þegar skatthlutfallið var lækkað úr 50% í 45% samhliða lækkun á framlagi í fjárfestingarsjóði úr 15% í 10%. Í þessum breytingum fólst 400-500 m.kr. tekjulækkun frá áformum í fjárlögum. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir svipaðri innheimtu tekjuskatts einstaklinga og í fyrri áætlun. Tekjur af staðgreiðsluskatti verða raunar heldur hærri en áætlað var vegna meiri tekjubreytinga á þessu ári. Á móti vegur veruleg hækkun á skattafslætti einstaklinga vegna kaupa á hlutabréfum, en hann nær fimmfaldaðist milli ára. Þá verður innheimta eignarskatta, bæði einstaklinga og fyrirtækja, heldur minni en reiknað var með. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verður innheimta á tekju- og eignarsköttum einstaklinga og fyrirtækja því rúmlega 800 m.kr. minni á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Óbeinir skattar. Á tímabilinu janúar-ágúst 1991 var almennur vöruinnflutningur um það bil fimmtungi meiri á þessu ári en í sömu mánuðum í fyrra, metinn á föstu verðlagi. Í þessum mánuðum voru til dæmis fluttir inn helmingi fleiri bílar en á síðasta ári, en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir svipuðum innflutningi bæði árin, eða kringum 9.000 bílum. Svipaðrar þróunar gætti einnig í innflutningi á öðrum neysluvörum (fatnaði, heimilistækjum o.fl.). Þetta skýrir að stærstum hluta þann tekjuauka sem fram kemur í innheimtu innflutningsgjalda. Aukinn bílainnflutningur endurspeglast síðan í viðbótartekjum af öðrum bifreiðagjöldum (bensíngjaldi, þungaskatti og bifreiðagjaldi). Þess má geta að í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að fluttir verði inn 11.500 bílar í ár, en í því felst rúmlega fjórðungs aukning frá forsendum fjárlaga.

Þrátt fyrir meiri eftirspurn innan lands er talið að innheimta á virðisaukaskatti verði heldur minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Að baki liggja tvær meginskýringar. Önnur er sú að virðisaukaskattur af aðföngum og fjárfestingu fyrirtækja (innskattur) hefur aukist meira en skattur af heildarveltu (útskattur), en það leiðir til þess að nettóskil virðisaukaskatts verða minni á þessu ári en búist hafði verið við. Þá verða endurgreiðslur til sjávarútvegs, sveitarfélaga o.fl. heldur meiri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun fjárlaga.

Af öðrum frávikum má nefna lægri tekjur af hagnaði ÁTVR vegna minni hækkana á verði áfengis og tóbaks en reiknað var með í fjárlögum. Þá verða tekjur af launagjöldum talsvert meiri en gert var ráð fyrir í fyrri áætlun. Tryggingagjaldið, sem tekið var upp um síðustu áramót, skilar svipuðum tekjum og áætlað var, en vegna sérstaks átaks var innheimta á eftirstöðvum eldri gjalda hins vegar mun betri en búist var við.

Þegar allt er lagt saman er innheimta óbeinna skatta talin verða rúmlega 1 milljarði króna meiri á þessu ári en reiknað hafði verið með.

Aðrar tekjur. Þegar á heildina er litið skila þessir tekjuliðir líklega svipuðu á þessu ári og áætlað var í fjárlögum. Þar þarf þó að nefna tvennt. Annað er 300 m.kr. hagnaður af sölu eigna sem ekki var reiknað með í áætlun fjárlaga. Hér er um að ræða eignir sem gengu upp í kaup á fasteignum við Laugarnesveg. Hitt er að arðgreiðslur ríkissjóðs verða rúmlega 300 m.kr. minni en áætlað var í fjárlögum. Þann mismun má alfarið rekja til þess að í fyrri áætlun var gert ráð fyrir að Íslenskir aðalverktakar hf. skiluðu 400 m.kr. greiðslu í ríkissjóð á árinu 1991 vegna breytinga á eignarhaldi fyrirtækisins á síðasta ári. Sú greiðsla var síðan færð aftur til ársins 1990 eftir afgreiðslu fjárlaga í desember síðastliðnum.

Útgjöld

Samkvæmt fjárlögum 1991 voru útgjöld A-hluta ríkissjóðs áætluð 105,8 milljarðar króna. Endurmat útgjalda í apríl benti til þess að útgjöld yrðu 4,2 milljörðum króna hærri. Þannig höfðu útgjaldaheimildir í lánsfjárlögum og fyrirheit ríkisstjórnar um viðbótarútgjöld í fjárlögum hækkað gjöld um 1,6 milljarða króna. Endurmetin fjárþörf almannatryggingakerfisins og rekstur sjúkrahúsa bentu til 1,7 milljarða króna hækkunar. Þá var fjárþörf Lánasjóðs íslenskra námsmanna talin verða að óbreyttu 0,7 milljarðar króna umfram fjárlög.

Ný ríkisstjórn ákvað að grípa til aðgerða sem lækkuðu útgjöld um 1,8 milljarða króna. Við endurmat á afkomu ríkissjóðs í vor var á það bent að áætlað væri með varkárni og ekki reiknað með neinum óvissum útgjöldum. Eins og áður sagði hefur komið

í ljós að fjárhagsstaða ýmissa stofnana og framlagsliða er verri en talið var og er nú áætlað að útgjöld ríkissjóðs verði alls 110,8 milljarðar króna en það er tæplega 5,1 milljarði króna meira en segir í fjárlögum og 2,7 milljörðum króna meira en gert var ráð fyrir í maí. Sú hækkun skýrist einkum af auknum útflutningsuppbótum af landbúnaðarvörum, lauangreiðslum vegna gjaldþrotafyrirtækja, framlagi til Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og hallarekstri stofnana, aðallega skóla. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun ríkisútgjalda 1991 eins og þau hafa verið metin á ýmsum tímum ársins.

Áætluð útgjöld ríkissjóðs 1991

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Endurmat apríl m.kr.	Endurmat maí m.kr.	Endurmat september m.kr.
Rekstrarkostnaður	**41.416**	**41.746**	**41.510**	**42.370**
Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur, framlög o.fl.	**41.774**	**44.293**	**43.576**	**44.837**
Lífeyristryggingar	13.895	14.295	14.295	14.195
Sjúkratryggingar	10.060	11.060	10.160	10.500
Slysatryggingar	426	526	526	546
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.280	1.280	1.280	1.360
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.730	2.430	2.130	2.130
Útflutningsbætur	1.427	1.677	1.677	2.327
Ríkisábyrgð á laun	261	261	261	548
Annað	12.695	12.764	12.747	13.231
Vextir	**9.400**	**9.500**	**9.500**	**9.400**
Viðhald	**2.534**	**2.534**	**2.434**	**2.443**
Stofnkostnaður	**10.643**	**11.903**	**11.180**	**11.784**
Atvinnutryggingasjóður útflutningsgreina	-	-	-	357
Endurbætur menningarbygginga	335	585	585	585
Hafnamál	677	807	807	807
Sjúkrahús	359	369	369	511
Annað	9.272	10.152	9.419	9.524
Samtals	**105.767**	**109.976**	**108.200**	**110.834**

Rekstrarkostnaður er nú áætlaður 42.370 m.kr. og er hann 954 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Kostnaður við rekstur skólastofnana er talinn hækka um tæplega 300 m.kr. þar af falla 200 m.kr. í hlut framhaldsskóla. Rekstrarútgjöld sjúkrastofnana hækka um 150 m.kr. Þar er einkum um að ræða aukin framlög til ríkisspítala til uppgjörs á halla í lok síðastliðins árs 129 m.kr. Rekstrarkostnaður vegna innheimtu og skattamála hækkar um 70 m.kr. og kostnaður vegna bókhalds og tölvukerfa um 130 m.kr. Loks má nefna af stærri liðum að útgjöld dómaraembætta og innheimtumanna hækka um 60 m.kr.

Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur og framlög eru nú áætluð 44.837 m.kr. en það er 3.063 m.kr. meira en í fjárlögum. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 400 m.kr. Á árinu var gripið til aðgerða sem lækkaði fjárþörf hans um 300 m.kr. og nú stendur yfir endurskoðun á lánareglum sjóðsins. Til greiðslu uppbóta á útfluttum landbúnaðarafurðum er áætlað að verja tæpum 900 m.kr. umfram fjárlög. Tæplega helmingur þeirrar fjárhæðar skýrist af ákvörðun um að flytja út umframbirgðir kindakjöts til Mexíkó. Að öðru leyti skýrast umframgreiðslur af meiri útflutningsþörf á mjólkurafurðum og greiðslu skuldbindinga frá fyrri árum. Til almannatryggingakerfisins er áætlað að þurfi að verja 940 m.kr. umfram fjárlög. Í fyrsta lagi hækka lífeyristryggingar um 300 m.kr. vegna þess að fallið var frá fyrirhugaðri tekjutengingu bóta svo og hækkunar bóta-

greiðslna umfram forsendur. Í öðru lagi hækka sjúkratryggingar um 440 m.kr., einkum vegna greiðslu lyfjakostnaðar og sérfræðiþjónustu. Í þriðja lagi þarf framlag til slysatrygginga að hækka um 120 m.kr. Á síðustu árum hafa æ fleiri sótt rétt sinn til bóta, einkum af völdum umferðarslysa, og er framlag vanmetið í fjárlögum. Loks þarf Atvinnuleysistryggingasjóður 80 m.kr. hækkun framlags vegna fjölgunar bótaþega. Til Skipaútgerðar ríkisins er gert ráð fyrir auknu framlagi vegna rekstrarhalla á árinu að fjárhæð 100 m.kr. Loks má nefna að greiðslur launa til gjaldþrotafyrirtækja verða verulega umfram áætlanir eða tæplega 290 m.kr. en á árinu hafa orðið nokkur stór gjaldþrot þar sem litlar eða engar eignir hafa gengið til að greiða forgangskröfur eins og þessar.

Viðhald og stofnkostnaður hækkar um 1.050 m.kr. þrátt fyrir að útgjöld til vegagerðar hafi verið lækkuð um 350 m.kr. og til ýmissa annarra framkvæmda um 90 m.kr. Aukningin skýrist þó af fáum stórum liðum. Eins og gerð var grein fyrir í vor varð kostnaður vegna endurbóta á Þjóðleikhúsinu 250 m.kr. hærri en áætlað var í fjárlögum. Til Atvinnutryggingargeildar Byggðastofnunar er nú áætlað að þurfi um 350 m.kr. framlag úr ríkissjóði vegna tapa sem á deildinni hafa lent á árinu. Þá var í lánsfjárlögum veitt 250 m.kr. heimild til greiðslu á tjónabótum í óveðrinu mikla síðastliðinn vetur. Þar af runnu 200 m.kr. til Rafmagnsveitna ríkisins. Við afgreiðslu vegáætlunar í vor var framlag til vegagerðar hækkað um 170 m.kr. og til tækjakaupa Ríkisspítala er sótt um 125 m.kr. heimild til ýmissa tækjakaupa. Vegna 6. gr. heimilda þarf að hækka greiðsluheimild um 105 m.kr. vegna fasteignakaupa. Loks hækkar framlag til byggingar sjóvarnargarða um 130 m.kr. vegna framkvæmda við Suðurfjörutanga í Hornafjarðarósi.

Lánahreyfingar

Í fjárlögum 1991 var heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs áætluð 13.600 m.kr. og var gert ráð fyrir að hún yrði að mestu fjármögnuð innan lands. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er lánsfjárþörf nú talin verða 19.800 m.kr. Aukning frá fjárlögum er því 6.200 m.kr. Skýrist hún að stærstum hluta af 4.800 m.kr. hærri rekstrarhalla ríkissjóðs og 900 m.kr. lánveitingu til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Ríkissjóður veitti Húsnæðisstofnun í byrjun árs 1.500 m.kr. skammtímalán, og verða eftirstöðvar að fullu endurgreiddar á næsta ári. Þá verða lánveitingar 460 m.kr. hærri en fjárlög sem skýrist af meiri lánveitingum samkvæmt 15 gr. lánsfjárlaga en hún heimilar fjármálaráðherra að endurlána úr ríkissjóði í stað þess að veita ríkisábyrgð.

Nú er fyrirséð að innlendur lánsfjármarkaður er þess ekki megnugur að fjármagna ríkissjóð að því marki sem vonir stóðu til. Sparnaður hefur orðið minni en spár höfðu gefið tilefni til og mikið framboð húsbréfa hefur þrengt stöðu ríkissjóðs á innlendum lánamarkaði. Spariskírteinin hafa því selst mun minna en gert var ráð fyrir. Nú er talið að einungis seljist spariskírteini fyrir um 5.000 m.kr. en innlausn eldri skírteina er talin vera 3.400 m.kr. án vaxta. Sala spariskírteina mun þannig einungis skila 1.600 m.kr. upp í hreina lánsfjárþörf ríkisins.

Sala ríkisvíxla umfram innlausn er engin talin í árslok. Í ársbyrjun 1991 voru útistandandi víxlar um 8 milljarðar króna. Sala ríkisvíxla allt fram til júlí stóð ekki undir innlausn eldri víxla. Síðustu mánuði hefur sala glæðst og er sala síðustu mánuði að jafnaði 4-5 milljarðar króna umfram innlausn. Útistandandi víxlar námu því um 12-13 milljörðum króna. Önnur lánsfjáröflun verður 1.200 m.kr. og skýrist af lántöku hjá Fram-

kvæmdasjóði Íslands í ársbyrjun. Til að brúa fjármögnun ríkissjóðs er því nauðsynlegt að leita heimildar til erlendrar lántöku að fjárhæð 13.600 m.kr.

Lánahreyfingar og lánsfjárþörf ríkissjóðs 1991

	Fjárlög 1991 m.kr.	Endurmat apríl m.kr.	Endurmat maí m.kr.	Endurmat september m.kr.
Rekstrarafkoma	**-4.069**	**-9.078**	**-7.000**	**-8.930**
Lánveitingar, nettó	**-1.040**	**-1.775**	**-1.575**	**-1.500**
Innheimtar afborganir	3.350	3.350	3.350	3.200
Lánveitingar	-4.390	-5.125	-4.925	-4.700
Hluta- og stofnfjárframlög	**-270**	**-270**	**-270**	**-270**
Viðskiptareikningar	**-500**	**-2.000**	**-500**	**-1.400**
Viðskiptareikningar, almennir	-500	-500	-500	-500
Húsnæðisstofnun	-	-1.500	-	-900
Afborganir	**-7.700**	**-7.900**	**-7.900**	**-7.700**
Spariskírteini	-3.400	-3.400	-3.400	-3.400
Seðlabanki	-815	-815	-815	-815
Önnur innlend	-2.080	-2.280	-2.280	-2.080
Erlend	-1.405	-1.405	-1.405	-1.405
Heildarlánsfjárþörf	**13.600**	**21.000**	**17.300**	**19.800**
Lántökur	**13.600**	**21.000**	**17.300**	**19.800**
Ríkisvíxlar	-	-	-	-
Spariskírteini	13.600	21.000	17.300	5.000
Önnur innlend	-	-	-	1.200
Erlend	-	-	-	13.600

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði, sbr. 3. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Til æðstu stjórnar ríkisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 19,1 m.kr.

101 Embætti forseta Íslands. Farið er fram á 2,5 m.kr. til uppgjörs á reikningum frá Húsameistara ríkisins. Um er að ræða upphaf hönnunar- og eftirlitsvinnu við Bessastaðastofu frá árunum 1987 og 1988.

201 Alþingi. Til Alþingis er samtals farið fram á 16,6 m.kr. Hér er um fimm liði að ræða. Í fyrsta lagi er sótt um viðbótarbiðlaunagreiðslur að fjárhæð 4,6 m.kr., en meiri skipti urðu á þingmönnum en áætlað hafði verið fyrir í fjárlögum. Í öðru lagi er sótt um 2,8 m.kr. til greiðslu launakostnaðar vegna sumarþings og skipulagsbreytinga á skrifstofu Alþingis. Í þriðja lagi er sótt um 9,2 m.kr. sem er kostnaður vegna innréttingar og annarra viðhaldsbreytinga við sameiningu Alþingis í eina málstofu. Í fjórða lagi er sótt um 6 m.kr. vegna uppsetningar á nýju atkvæðagreiðslukerfi Alþingis. Í fimmta lagi er sótt um 6 m.kr. lækkun á fjárveitingu vegna alþjóðasamstarfs þingmanna.

01 Forsætisráðuneyti

Til forsætisráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 367,8 m.kr.

101 Aðalskrifstofa. Farið er fram á samtals 10,8 m.kr. Annars vegar er um að ræða kostnað sem fallið hefur til vegna launa fyrir nefndir, svo sem undirbúningsnefnd heimssýningarinnar í Sevilla, atvinnumálanefnd, fortíðarvandanefnd o.fl. Hins vegar er um að ræða endurnýjun á bifreið fyrir forsætisráðherra.

172 Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að deildin taki lán hjá ríkissjóði að fjárhæð 550 m.kr. til að brúa fjárþörf ársins. Nú hefur hins vegar komið í ljós að þegar eru tapaðar um 400-500 m.kr. af útlánum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar geta tapast allt að 1.700 m.kr. Í fjáraukalögum er sótt um 350 m.kr. heimild til greiðslu framlags í stað lánveitingar til að mæta þeim töpum sem þegar hafa orðið. Enn fremur er sótt um 7 m.kr. til að ljúka greiðslu á lögbundnu framlagi til sjóðsins.

02 Menntamálaráðuneyti

Til menntamálaráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 1.065,5 m.kr.

101 Aðalskrifstofa. Farið er fram á 17 m.kr. Um er að ræða fjóra liði. Í fyrsta lagi reyndist ekki unnt að ljúka flutningi ráðuneytisins í húsnæðið við Sölvhólsgötu fyrr en á miðju þessu ári, þrátt fyrir áform um annað. Þetta leiddi til kostnaðar umfram áætlun, svo sem húsaleigugjöld, flutningskostnaður, stofnbúnaður o.fl. að fjárhæð 5,3

m.kr. Í öðru lagi fór útgáfu- og auglýsingakostnaður verulega fram úr áætlun fyrri hluta ársins, eða sem nemur 4,8 m.kr. Í þriðja lagi var kostnaður vegna nefndarstarfa og sérfræðiþjónustu einnig á sama tímabili 4,9 m.kr. umfram áætlun. Loks er farið fram á fjárveitingu vegna endurnýjunar á ráðherrabifreið.

201 ***Háskóli Íslands.*** Farið er fram á 35,8 m.kr. Annars vegar eru 30 m.kr. vegna nýrra reglna um röðun stundakennara í launaflokka. Hins vegar er farið fram á 5,8 m.kr. vegna samninga við kennarafélögin HÍK og KÍ sem hafa leitt til hækkana á launum til þeirra kennara sem taka að sér að leiðbeina kennaranemum.

202 ***Tilraunastöð Háskólans að Keldum.*** Farið er fram á 39 m.kr. Undanfarin ár hafa sértekjur stofnunarinnar ekki skilað sér í þeim mæli sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Kemur þar tvennt til. Útistandandi kröfur hafa ekki innheimst fyrir veitta þjónustu, m.a. frá fiskeldisfyrirtækjum. Einnig hafa gjaldskrár ekki fylgt verðlagsþróun. Af þessum sökum hefur myndast halli á rekstri sem nemur 15 m.kr. Stofnunin varð fyrir tjóni vegna óveðursins síðastliðinn vetur sem talið er að kosti 4 m.kr. Rekstrarhalli undanfarinna ára hefur verið færður til skuldar við ríkissjóð, en útilokað er að stofnunin geti greitt þann halla með óbreyttu rekstrarframlagi. Lagt er til að 20 m.kr. verði samþykktar í fjáraukalögum til greiðslu á þessari skuld. Menntamálaráðuneytið vinnur að sérstakri rekstrarúttekt á stofnuninni í samráði við Hagsýslu ríkisins.

203 ***Raunvísindastofnun Háskólans.*** Farið er fram á 1,1 m.kr., vegna ófyrirséðs rekstrarkostnaðar.

207 ***Íslensk málstöð.*** Stjórn Íslenskrar málnefndar fékk ekki greidda þóknun á árinu 1990. Greiðslur á þessu ári verða því tvöfaldar, eða 1,8 m.kr. Í fjárlögum þessa árs láðist að gera ráð fyrir þessum útgjöldum.

221 ***Kennaraháskóli Íslands.*** Farið er fram á 17,5 m.kr. og skiptist fjárhæðin í tvennt. Samkomulag var gert við kennara um hærri greiðslur til þeirra sem taka að sér að leiðbeina kennaranemum. Um er að ræða 14 m.kr. og er vísað til greinargerðarinnar um Háskóla Íslands um sama mál. Kostnaður vegna ákvörðunar um fjórða kennsluár kennaranema og nauðsynlegrar frestunar á þeirri nýjung er metinn á 2,5 m.kr. og vegna ákvörðunar um frestun á framkvæmd fellur til kostnaður sem talinn er nema 1 m.kr.

318 ***Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.*** Farið er fram á 28 m.kr. lækkun á fjárframlagi til þessa fjárlagaliðar. Ráðuneytið gerði tillögu um 40 m.kr. lækkun á stofnkostnaði, sem hefur komið til framkvæmda, en á móti kemur kostnaður við byggingu mötuneytis Menntaskólans á Egilsstöðum, 5 m.kr., óveðurstjón hjá Flensborgarskóla, 2 m.kr. og Menntaskólanum á Laugarvatni, 5 m.kr.

319 ***Framhaldsskólar, almennt.*** Farið er fram á 200 m.kr. Kostnaður ríkissjóðs á framhaldsskólastigi hefur aukist verulega á undanförnum árum. Nýleg lög um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, ný framhaldsskólalög og ný grunnskólalög og mikil fjölgun nemenda skýra í meginatriðum útgjaldaaukninguna. Í forsendum fjárlaga er get ráð fyrir að um 15.000 nemendur stundi nám í framhalds- og sérskólum, auk mikils fjölda í öldungadeildum. Í reynd eru nú skráðir um 16.500 nemendur. Þessi aukning nemenda hefur leitt til þess að beinn kennslukostnaður eykst um 150

m.kr., auk þess sem áætlað er að ýmis rekstrarkostnaður sem tengist þessari nemendafjölgun hækki um 50 m.kr. Fjárhæð þessi dreifist nokkuð mismunandi milli tæplega 50 framhalds- og sérskóla.

501 Tækniskóli Íslands. Farið er fram á 6 m.kr. Um er að ræða kostnaðarauka vegna breyttra reglna um röðun stundakennara á háskólastigi. Hér er um sams konar reglur að ræða og vísað er til í greinargerð um Háskóla Íslands.

507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík. Farið er fram á 22 m.kr. heimild til að kaupa fiskveiðihermi fyrir Stýrimannaskólann. Kaup þessi eru gerð með vísan til 6. gr. fjárlaga.

720 Grunnskólar, almennt. Farið er fram á 20 m.kr. lækkun á fjárveitingu til þessa fjárlagaliðar, sbr. ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda.

870 Meðferðarheimilið Tindar. Farið er fram á 30 m.kr. Framkvæmdir við húsnæði heimilisins á Kjalarnesi hafa kostað á þessu ári 20 m.kr., en verulegra breytinga var þörf svo að unnt væri að reka þá starfsemi sem til er ætlast. Nauðsynlegt reyndist að kaupa búnað fyrir 6 m.kr. og vegna ákvörðunar um opnun á eftirmeðferðardeild er farið fram á 4 m.kr.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Farið er fram á 400 m.kr. Fjárþörf lánasjóðsins umfram áætlun fjárlaga skýrist af halla frá fyrra ári, kostnaði vegna lántöku í lok síðasta árs, hækkun á gengi Bandaríkjadals og meiri fjölgun lánþega en ætlað var.

903 Þjóðskjalasafn Íslands. Farið er fram á 4 m.kr. Tilkostnaður safnsins hefur aukist vegna vinnu m.a. við samræmingu á skjalavistun Stjórnarráðsins og ýmissa opinberra stofnana. Unnið er að því að framvegis komi sértekjur á móti slíkum kostnaði.

972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn. Farið er fram á 7,7 m.kr. sem rekja má til halla á sýningu dansflokksins í Borgarleikhúsinu fyrr á árinu og ýmiss kostnaðar sem féll til vegna lokunar Þjóðleikhússins í sumar og ekki var gert ráð fyrir.

973 Þjóðleikhús. Farið er fram á 297 m.kr. Til þess að ljúka uppgjöri á framkvæmdum við 1. áfanga endurbyggingar leikhússins vantar 250 m.kr. Einnig er farið fram á 47 m.kr. vegna rekstrargjalda við starfsemi hússins umfram fjárlög. Í apríl síðastliðnum var veitt heimild til skammtímalántöku til þess að gera mætti upp við verktaka og aðra aðila. Fjárveitingin er alfarið ætluð til uppgjörs á þessum skuldum.

981 Kvikmyndasjóður. Farið er fram á 14 m.kr. Í lánsfjárlögum yfirstandandi árs var samþykkt 14 m.kr. aukaframlag til norræns kvikmyndaverkefnis.

999 Ýmis framlög. Farið er fram á 20,6 m.kr. Framlagið sundurliðast á eftirfarandi hátt: 6 m.kr. eru samkvæmt ríkisstjórnarsamþykkt til kaupa á Íslensku alfræðiorðabókinni til nota í skólum og 4,6 m.kr. eru vegna halla á listahátíð í Reykjavík 1990. Afgangurinn, 10 m.kr., er m.a. vegna ýmissa smærri styrkveitinga og má þar nefna Bridgesamband Íslands 2 m.kr., Norrænt dagsverk 0,7 m.kr., norræn ráðstefna um umhverfismál 1 m.kr. og 1-2 m.kr. til greiðslu umframkostnaðar vegna M-hátíða.

03 Utanríkisráðuneyti

Til utanríkisráðuneytisins er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 140,9 m.kr.

101 Aðalskrifstofa. Farið er fram á samtals 28,1 m.kr., þ.a. vegna samningaviðræðna EFTA og EB um evrópskt efnahagssvæði (EES) 22 m.kr. Áætlað var að viðræðum lyki á miðju árinu en þær standa enn yfir. Um er að ræða ferðakostnað hjá viðskiptaskrifstofu vegna þess að fundir hafa orðið fleiri en ráð var fyrir gert. Þar sem reynst hefur nauðsynlegt að framlengja stöðuheimildir vegna áðurnefnds dráttar á samningaviðræðum EFTA og EB, er farið fram á 4,6 m.kr. Þá er farið fram á 2 m.kr. til greiðslu kostnaðar við að stofna til stjórnmálasambands við Eistland, Lettland og Litháen.

102 Varnarmálaskrifstofa. Til varnarmálaskrifstofu er farið fram á 1,5 m.kr. Fjárhæðin er tvískipt. Annars vegar vegna frágangs og hreinsunar við fyrrum ratsjárstöð á Straumnesfjalli 2,5 m.kr. og hins vegar lækkun rekstrarkostnaðar um 1 m.kr samkvæmt tillögu ráðuneytisins.

103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs. Farið er fram á 0,5 m.kr. lækkun samkvæmt tillögu ráðuneytisins.

201 Lögreglustjórinn Keflavíkurflugvelli. Til Lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli er farið fram á 7,1 m.kr. Aðallega er um að ræða kostnað sem tengist Persaflóastríðinu, svo sem vegna aukinnar vopna- og sprengjuleitar og öryggisgæslu. Einnig kemur til aukið fíkniefnaeftirlit.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Farið er fram á samtals 75 m.kr. Ríkisstjórnarsamþykkt liggur til grundvallar 70 m.kr. neyðaraðstoð vegna kúrdískra flóttamanna og 5 m.kr. framlags vegna neyðaraðstoðar við Kína.

399 Ýmis utanríkismál. Farið er fram á 25 m.kr. vegna sameiginlegrar kynningar íslenskra og norskra aðila til að minnast 1000 ára afmælis Vínlandsfundar Leifs Eiríkssonar. Á fjárlögum eru 5 m.kr. veittar til þessa verkefnis en hlutdeild Íslands í kostnaðaráætlun er um 30 m.kr. Fyrrverandi ríkisstjórn samþykkti viðbótarfjárveitingu, allt að 25 m.kr.

401 Alþjóðastofnanir. Farið er fram á 6,7 m.kr. til alþjóðastofnana. EFTA-ráðið hefur samþykkt fjáraukalög, þar sem hlutur Íslands hækkar um 1,5 m.kr. Dvöl friðargæsluliðs Sameinuðu þjóðanna í Angóla hefur verið framlengd og er hlutdeild Íslands 0,9 m.kr. Verkefni friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna hafa aukist, m.a. í Vestur-Sahara og á landamærum Íraks og Kúvæt. Farið er fram á 4,3 m.kr. viðbótarheimild og er það hlutur Íslands í þeim kostnaði.

988 Ráðstöfunarfé. Samkvæmt tillögu ráðuneytis er farið fram á 2 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé ráðherra.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Til landbúnaðarráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 926,5 m.kr.

101 Aðalskrifstofa. Farið er fram á 3 m.kr. styrk til alþjóðlegrar bændaráðstefnu sem haldin var í sumar hér á landi og 1,1 m.kr. samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra vegna kostnaðar við gerð skýrslu um stöðu fiskeldis.

206 Rannsóknastöð landbúnaðarins. Farið er fram á 1 m.kr. til greiðslu biðlauna vegna lokunar á Reykhólastöð RALA og 1,3 m.kr. vegna vatnsveituframkvæmda sem nauðsynlegt var að ráðast í á Skriðuklaustri.

232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins. Farið er fram á 3 m.kr. til þess að greiða skaðabætur til bænda, þar eð dregið var úr verkefni um ræktun iðnviðar. Búið var að semja við bændur um framkvæmd þess verkefnis.

235 Landgræðsla ríkisins. Farið er fram á 2,2 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna óveðurstjóns. Stærsti kostnaðarliðurinn er vegna efnis og vinnu við landgræðslugirðingar. Einnig urðu skemmdir á vélum og tækjum. Ríkisstjórnin ákvað að veita 250 m.kr. framlag í tjónabætur vegna óveðursins í febrúar síðastliðnum en hér er um að ræða hluta af því máli.

244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða. Farið er fram á 1,5 m.kr. vegna vinnu við endurskoðun á verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða í tengslum við nýjan búvörusamning.

245 Laxeldisstöðin í Kollafirði. Farið er fram á 6,4 m.kr. til þess að rétta við fjárhagsstöðu stöðvarinnar. Stofnunin hefur ekki farið varhluta af lélegum endurheimtum í hafbeit síðastliðin ár. Tekjumissir sem af þessu leiðir hefur gert það að verkum að safnast hafa upp skuldir við fjárfestingarlánasjóði með tilheyrandi dráttarvöxtum. Á vegum landbúnaðarráðuneytis og Hagsýslu ríkisins var unnið að úttekt á rekstrarstöðu stofnunarinnar síðastliðið sumar.

246 Veiðimálastofnun. Ákveðið var að flytja stofnunina um set síðastliðinn vetur. Veiðimálastofnun er nú til húsa í nýju leiguhúsnæði. Þar er aðstaða til þess að geyma bifreiðar og báta stofnunarinnar ásamt því að aðstaða er þar til fiskirannsókna. Kostnaður vegna þessara flutninga og endurnýjun á húsbúnaði o.fl. er talinn 6,2 m.kr. Innifalið í þessari tölu er hækkun leigu um 2 m.kr. á ári vegna stærra húsnæðis.

272 Einangrunarstöð í Hrísey. Farið er fram á 1 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna hallareksturs. Rekstrarumfang stöðvarinnar hefur ekki verið í samræmi við fjárlög þrátt fyrir að undanfarin ár hafa verið gerðar leiðréttingar á fjárveitingum.

288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög. Farið er fram á 7,5 m.kr. Um er að ræða hækkun á afborgun skuldabréfa frá 1988.

*289 **Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði.*** Farið er fram á 20 m.kr. lækkun á framlagi til þessa fjárlagaliðar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda fyrr á árinu.

*290 **Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.*** Farið er fram á samtals 890 m.kr. Um 390 m.kr. eru til þess að standa straum af bótum vegna útflutnings á dilkakjöti til Mexíkó. Jafnframt er farið fram á 180 m.kr. aukalega til þess að gera upp lán frá 1988, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tók þá til greiðslu útflutningsuppbóta. Auk þessa þarf að greiða 127 m.kr. vegna útflutningsuppbóta og ónotaðs framleiðsluréttar á kindakjöti, 193 m.kr. vegna mjólkurafurða og 10 m.kr. vegna leigu á fullvirðisrétti. Jafnframt er lögð til 10 m.kr. lækkun á framlagi til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

*299 **Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi.*** Farið er fram á 15,3 m.kr. vegna sáttar við bændur um lögbundna takmörkun á netaveiðum í Hvítá og 6 m.kr. til styrktar landgræðslu í tengslum við sérstakt átak á síðastliðnu ári.

*501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.*** Farið er fram á 1 m.kr. til greiðslu á skuldbindingum vegna aðildar skólans að undirbúningsfélagi Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Til sjávarútvegsráðuneytis er farið fram á lækkun fjárheimilda um 1,5 m.kr.

*101 **Aðalskrifstofa.*** Farið er fram á 1,5 m.kr. viðbótarfjárheimild. Ný lög um stjórn fiskveiða sem tóku gildi um síðastliðin áramót leiða til margvíslegra viðbótarverkefna hjá aðalskrifstofu. Þar má nefna að um 2000 smábátar fengu úthlutað aflakvóta í fyrsta sinn og hefur vinna við úthlutun veiðileyfa þar af leiðandi verið mjög mikil.

*201 **Fiskifélag Íslands.*** Lögð er til 0,5 m.kr. lækkun á fjárveitingu til Fiskifélagsins samkvæmt tillögu ráðuneytis.

*202 **Hafrannsóknastofnun.*** Lögð er til 1 m.kr. lækkun á fjárveitingu til Hafrannsóknastofnunar samkvæmt tillögu ráðuneytis.

*203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.*** Lagt er til að fjárveiting til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins lækki um 0,8 m.kr. og er það samkvæmt tillögu ráðuneytis.

*216 **Ríkismat sjávarafurða.*** Lagt er til að lækka fjárveitingu til stofnunarinnar um 0,7 m.kr. samkvæmt tillögu ráðuneytis.

*299 **Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi.*** Farið er fram á 2 m.kr. vegna starfa nefndar um stjórn fiskveiða. Á móti kemur tillaga ráðuneytis um 2 m.kr. lækkun á viðfangsefninu: Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjárvarútvegi.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Til dóms- og kirkjumálaráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 67 m.kr.

*101 **Aðalskrifstofa.*** Til aðalskrifstofu er farið fram á 3 m.kr. Hér er um að ræða kostnað vegna samningar réttarfarsfrumvarps í tengslum við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds. Einnig er sótt um fjárheimild vegna kostnaðar við gæsluvakt á deildum ráðuneytisins.

*103 **Kosningar.*** Farið er fram á 11 m.kr., til að standa undir kostnaði við Alþingiskosningar fyrr á þessu ári. Í fjárlögum voru veittar 23,4 m.kr. vegna þessa, en reikningar hafa verið greiddir fyrir 33,9 m.kr. Gera má ráð fyrir að nær allur kostnaður sé greiddur.

*204 **Borgarfógeti.*** Farið er fram á 4 m.kr. þar sem málum í uppboðs- og skiptarétti hefur fjölgað verulega milli ára svo og þinglýsingum.

*211 **Sýslumenn og bæjarfógetar.*** Farið er fram á 38 m.kr. viðbótarfjárveitingu. Um 21 m.kr. eru vegna launa í kjölfar þess að innheimtuþóknun til sýslumanna og bæjarfógeta féll niður. Ófyrirséður kostnaður sem féll á ríkissjóð við yfirtöku á gjaldheimtum í Hafnarfirði og Kópavogi er metinn á um 15 m.kr. Þá var ekki áætlað í fjárlögum fyrir 2 m.kr. kostnaði við sjúkraflutninga sem lögreglan á Selfossi annast.

*235 **Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík.*** Farið er fram á 1 m.kr. fjárveitingu til þess að ljúka frágangi lögreglustöðvar í Grindavík.

*251 **Landhelgisgæsla Íslands.*** Farið er fram á 9,6 m.kr. lækkun framlags til stofnunarinnar samkvæmt tillögu ráðuneytis.

*281 **Dómsmál, ýmis starfsemi.*** Farið er fram á 20 m.kr. vegna aukins málskostnaðar og 3 m.kr. vegna launa til setu- og varadómara. Málskostnaðurinn er lögbundinn og háður ákvörðun dómara og rannsóknaraðila hverju sinni. Dómsmálum fjölgar sífellt og er kostnaður þar af leiðandi hærri en gert er ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

*282 **Ýmis löggæslukostnaður.*** Farið er fram á 7 m.kr. viðbótarfjárveitingu. Greiddar hafa verið 3,3 m.kr. í biðlaun vegna fyrrverandi starfsmanna Bifreiðaeftirlits ríkisins, sem ekki var áætlað fyrir í fjárlögum. Þá hefur kostnaður við útlendingaeftirlit og sérstaka námsferð rannsóknarlögreglumanns til Interpol farið fram úr áætlun fjárlaga.

*283 **Fangamál, ýmis kostnaður.*** Farið er fram á 10,4 m.kr. lækkun samkvæmt tillögu ráðuneytis.

07 Félagsmálaráðuneyti

Til félagsmálaráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 430,9 m.kr.

700 Málefni fatlaðra. Farið er fram á heimild til 15 m.kr. viðbótarútgjalda. Hér er um að ræða greiðslur til framfærenda krabbameinssjúkra barna sem fullnægðu skilyrðum eldri reglugerðar um greiðslur. Í nýrri reglugerð er ákvæði til bráðabirgða um áframhaldandi greiðslur til þessara aðila. Þessi útgjöld eiga að færast yfir til sjúkratrygginga þegar lokið er endurskoðun laga um almannatryggingar og var ekki gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár, hvorki hjá félagsmálaráðuneyti né Tryggingastofnun ríkisins. Endurskoðuninni er ekki lokið og kostnaður fellur því áfram á þennan fjárlagalið.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. Farið er fram á 4,3 m.kr. til tæknivinnustofu Öryrkjabandalagsins vegna rekstrarhalla áranna 1989 og 1990.

706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra. Frá júnílokum hefur reynst nauðsynlegt að hafa einn vistmann Sólborgar á Akureyri í öryggisgæslu og kallar það á 3 m.kr. viðbótarútgjöld.

710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra barna. Farið er fram á 1 m.kr. vegna kostnaðar við gæsluvaktir. Nauðsynlegt reyndist að stofna til þessara útgjalda þar sem meðferðarheimilið við Sæbraut gat ekki tekið við þeim fjölda barna sem þörf var á.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Skerðingarákvæði í frumvarpi til lánsfjárlaga 1991 var ekki samþykkt í meðförum Alþingis. Því er hér lagt til að 35 m.kr. renni til sjóðsins. Með framlaginu mun sjóðnum verða kleift að taka að sér meiri háttar viðhaldsverkefni á þeim eigum ríkisins sem falla undir málefni fatlaðra.

951 Brunamálastofnun ríkisins. Lögð er til 5 m.kr. lækkun á framlagi til stofnunarinnar samkvæmt tillögu ráðuneytis.

954 Vinnueftirlit ríkisins. Farið er fram á 30,7 m.kr. viðbótarheimild. Samkvæmt lögum fær Vinnueftirlitið í sinn hlut sem nemur 0,08% af gjaldstofni tryggingagjalds. Fjárheimild stofnunarinnar í fjárlögum er 98,4 m.kr. en áætluð hlutdeild Vinnueftirlitsins í tryggingagjaldinu er 129,1 m.kr. Mismunurinn er 30,7 m.kr.

972 Bjargráðasjóður Íslands. Farið er fram á 60 m.kr. Fjárhæðin er þrískipt. Í fyrsta lagi er framlag að fjárhæð 65 m.kr. til komið vegna þess að skerðingarákvæði í frumvarpi til lánsfjárlaga var fellt niður. Í öðru lagi er 15 m.kr. lækkun samkvæmt tillögu ráðuneytis og í þriðja lagi er 10 m.kr. hækkun á framlagi til greiðslu framfærslustyrks til þeirra loðdýrabænda sem sannarlega geta ekki framfleytt sér sjálfir.

982 Ríkisábyrgð á launum. Farið er fram á 286,9 m.kr. framlag. Óafgreiddar kröfur nema nú 150 m.kr. Þá nema vextir vegna dráttar á afgreiðslu krafna um 20 m.kr.

Skuld við ríkissjóð frá árinu 1988 er um 78 m.kr. Loks er óuppgert orlofsfé við yfirtöku félagsmálaráðuneytis á ábyrgð á greiðslu orlofslauna frá Póstgíróstofunni 38,9 m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 1.259,7 m.kr.

*271 **Tryggingastofnun ríkisins.*** Farið er fram á heimild til að hækka framlag stofnunarinnar um 905 m.kr. Fjárvöntun lífeyristrygginga er áætluð 300 m.kr. Við fjárlagagerð var gert ráð fyrir að greiðslur lífeyristrygginga yrðu tekjutengdar, en það hefur ekki náð fram að ganga. Vegna sjúkratrygginga vantar 440 m.kr., einkum vegna aukins lækniskostnaðar. Þá náðist ekki sá sparnaður sem gert var ráð fyrir með breyttum reglum um lyfjakostnað á fyrri hluta þessa árs. Þá er farið fram á 45 m.kr. til yfirstjórnar Tryggingastofnunar þar sem rekstrarumfang stofnunarinnar hefur ekki haldist innan ramma fjárlaga. Þá er fjárvöntun slysatrygginga áætluð 120 m.kr. Á síðustu árum hefur bótaþegum fjölgað mjög, einkum vegna umferðarslysa.

*273 **Atvinnuleysistryggingasjóður.*** Farið er fram á 80 m.kr. vegna aukinnar fjárþarfar sjóðsins.

*301 **Landlæknir.*** Farið er fram á 2 m.kr. vegna innréttingar og breytinga á nýju húsnæði en embættið varð að rýma hluta húsnæðis sem það hafði á leigu.

*327 **Geislavarnir ríkisins.*** Stofnuninni ber að standa skil á mótframlagi, 0,7 m.kr., til Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar vegna veittrar tækniaðstoðar. Þá er kostnaður við lokaframkvæmdir á rannsóknastofu áætlaður 0,4 m.kr.

*355 **Héraðshæli A-Húnvetninga, Blönduósi.*** Farið er fram á 6,7 m.kr. vegna fjárvöntunar samkvæmt uppgjöri á rekstrarhalla áranna 1988 og 1989. Dregist hefur að skila uppgjöri á rekstri hælisins þannig að ekki reyndist unnt að taka á þessum vanda eins og gert var hjá öðrum sjúkrastofnunum á síðastliðnu ári.

*371 **Ríkisspítalar.*** Farið er fram á 281 m.kr. hækkun framlags til ríkisspítala. Rekstrarhalli þeirra var 129 m.kr. á árinu 1990. Í vor var stofnuninni gefið vilyrði fyrir því að fjárveiting fengist í fjáraukalögum til uppgjörs á þessum halla. Þá er farið fram á 27 m.kr. í tjónabætur vegna óveðursins síðastliðinn vetur og er það hluti af 250 m.kr. heimild sem ætlað er að mæta tjónabótum til ríkisstofnana. Enn fremur er þess að gæta að í lánsfjárlögum var samþykkt 50 m.kr. framlag til endurnýjunar á tölvubúnaði og óskað er eftir staðfestingu á því framlagi í fjáraukalögum nú. Heimild í 6. gr. fjárlaga 1990 til kaupa á segulómtæki, sem Landspítalanum var fært að gjöf á 60 ára afmæli hans, hefur verið nýtt og er farið fram á 75 m.kr. vegna þessa. Heildarkaupverð tækisins er áætlað um 85 m.kr.

373 St. Jósefsspítali, Landakoti. Farið er fram á 8 m.kr. viðbótarframlag. Kjarasamningur við aðstoðarlækna sem gerður var í upphafi þessa árs hefur haft í för með sér útgjaldahækkun á Landakoti umfram fjárlög.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Farið er fram á 21 m.kr. lækkun á fjárveitingu til þessa fjárlagaliðar samkvæmt tillögu ráðuneytis.

408 Sunnuhlíð, Kópavogi. Farið er fram á 3 m.kr. vegna aukins kostnaðar við hjúkrun Alzheimer-sjúklinga.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Farið er fram á 15 m.kr. lækkun á framlögum samkvæmt tillögu frá ráðuneytinu.

510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík. Farið er fram á 2,5 m.kr. framlag en stofnunin greiðir reikninga vegna mæðraverndar og ungbarnaeftirlits fyrir íslenskra ríkisborgara sem búa erlendis. Í fjárlögum er hvergi áætlað fyrir þessum greiðslum. Áður hefur þetta verið greitt af almennu rekstrarfé aðalskrifstofu ráðuneytisins, en talið er eðlilegra að heilsuverndarstöðin taki þennan kostnað á sig.

511 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík. Farið er fram á 15 m.kr. lækkun á tækjakaupalið samkvæmt tillögu ráðuneytis.

553 Heilsugæslustöðin Akureyri. Beiðni um framlag vegna húsaleigu að fjárhæð 1,4 m.kr. fyrir heilsugæslustöðina á Akureyri. Forsendur fjárlaga miðuðust við að heilsugæslan flytti í eigið húsnæði á árinu en ekki hefur orðið af því.

621 Bindindisstarfsemi. Í lánsfjárlögum var samþykkt heimild fyrir 20 m.kr. framlagi til meðferðarstöðvarinnar á Fitjum. Óskað er staðfestingar á því framlagi.

09 Fjármálaráðuneyti

Til fjármálaráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 458,1 m.kr.

101 Aðalskrifstofa. Farið er fram á 5 m.kr. til aðalskrifstofunnar. Meginástæður eru aukinn prent- og auglýsingakostnaður fyrri hluta árs og kaup á bifreið til afnota fyrir ráðherra.

104 Ríkisfjárhirsla. Það eru einkum tveir rekstrarliðir sem hafa farið fram úr áætlun. Annars vegar skýrsluvélakostnaður vegna tékkaeftirlitskerfis, hins vegar kostnaður við útsendingu tékka. Af þessum sökum er farið fram á 5,5 m.kr.

201 Ríkisskattstjóri. Farið er fram á 10,3 m.kr. vegna kostnaðar við upptöku tryggingagjalds. Einnig hækkaði útsendingarkostnaður álagningarseðla verulega við það að þeir voru sendir út í umslagi.

*251 **Gjaldheimtur og innheimtukostnaður.*** Farið er fram á 53 m.kr. og skiptist fjárhæðin á þrjá liði. Í fyrsta lagi er farið fram á 14 m.kr. vegna gjaldheimtna Reykjavíkur og Suðurnesja sem reknar eru af sveitarfélögunum en ríkissjóður greiðir helming rekstrarkostnaðar. Í öðru lagi innheimtuþóknun Pósts og síma, sem er 15 m.kr. Stofnunin fær 4% af öllum aðflutningsgjöldum sem hún innheimtir. Loks ber að nefna að annar innheimtukostnaður gjaldheimtna er talinn verða 24 m.kr. umfram áætlun, en nú í sumar hefur verið gert átak í innheimtu útistandandi skattskulda sem leitt hefur til talsverðra útgjalda.

*261 **Ríkistollstjóri.*** Farið er fram á 2,5 m.kr. en embættið fékk leitarhund til eflingar fíkniefnaeftirliti. Ekki var gert ráð fyrir þessu í fjárlagagerð fyrir yfirstandandi ár.

*262 **Tollstjórinn í Reykjavík.*** Farið er fram á 5,9 m.kr. og skýrist það einkum af aðkeyptri lögfræðiþjónustu vegna hertra innheimtuaðgerða embættisins.

*381 **Uppbætur á lífeyri.*** Farið er fram á 120 m.kr. hækkun framlags en um er að ræða vanmat á greiðslu uppbótar á lífeyri til annarra en Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Einkum á þetta við um lífeyrisgreiðslur vegna fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands og hæstaréttardómara.

*481 **Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.*** Farið er fram á 105 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 55 m.kr. ætlaðar til kaupa og endurbóta á húsnæði vegna stofnunar deildar fyrir ósakhæfa afbrotamenn og 50 m.kr. vegna fasteignakaupa og annarra útgjalda á síðustu mánuðum ársins samkvæmt heimildarákvæðum. Áætlað er að eignakaup ríkissjóðs samkvæmt heimildum í 6. gr. fjárlaga nemi á þessu ári um 1.100 m.kr. Þar af koma til greiðslu á árinu 405 m.kr. Stærstu einstakir liðir voru kaup á húsi Sláturfélags Suðurlands við Laugarnesveg í Reykjavík (430 m.kr.) og kaup á húsi Íslandsbanka við Lækjartorg (200 m.kr.). Eignir að verðmæti 300 m.kr. gengu upp í kaupin og má því áætla nettóskuldbindingar ríkissjóðs vegna eignakaupa um 800 m.kr. Áætlað er að greiðslur á þessu ári nemi 405 m.kr. en fjárveiting í fjárlögum er 300 m.kr. Að auki er í frumvarpinu sótt um 75 m.kr. fjárveitingu vegna kaupa á segulómtæki fyrir Ríkisspítala og 22 m.kr. vegna kaupa á fiskveiðihermi fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík. Beiðni um fjárveitingu er færð á fjárlagaliði þessara stofnana en heimilda til kaupa á þessum tækjum var að finna í 6. gr. fjárlaga 1991.

*901 **Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.*** Farið er fram á 6,1 m.kr. Stofnuninni er ætlað að skila tekjuafgangi til ríkissjóðs en sértekjur hafa að töluverðu leyti brugðist vegna almenns samdráttar í framkvæmdum.

*971 **Ríkisábyrgðir og tjónabætur.*** Farið er fram á 9,8 m.kr. til þess að mæta kröfum vegna óveðurstjóns sem margar stofnanir urðu fyrir síðastliðinn vetur umfram það sem talið er undir einstökum fjárlagaliðum. Þetta er óráðstafaður hluti 250 m.kr. sérstaks framlags til uppgjörs á óveðursbótum sem ríkisstjórnin lagði til.

*981 **Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.*** Farið er fram á 16 m.kr. lækkun. Upphafleg áform um endurnýjun á mötuneyti Arnarhvols hafa verið endurskoðuð og hætt var við hluta af fyrirhuguðum breytingum.

989 Launa- og verðlagsmál. Farið er fram á 19 m.kr. lækkun á fjárheimild til stofnkostnaðar samkvæmt áætlun ráðuneytisins.

995 Skýrsluvélakostnaður. Farið er fram á 130 m.kr. viðbótarframlag. Kostnaður við endurbætur á tölvukerfum sem nauðsynlegar voru í tengslum við breytingar á skattalöggjöf undanfarin ár hefur reynst meiri en ætlað var í fjárlögum. Nýskipuð nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins vinnur nú að gerð tillögu hvernig megi draga úr vexti skýrsluvélakostnaðar ríkisins.

999 Ýmislegt. Farið er fram á 40 m.kr. og er meginástæðan að símakostnaður og póstburðargjöld fyrir Stjórnarráðið fara 30 m.kr. fram úr áætlun. Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum verða um 10 m.kr. umfram fjárlög. Á þennan lið eru færðar slysabætur sem ríkisstarfsmenn eiga rétt á samkvæmt kjarasamningum.

10 Samgönguráðuneyti

Til samgönguráðuneytis er farið fram á lækkun á framlögum að fjárhæð 64,3 m.kr.

101 Aðalskrifstofa. Farið er fram á 7 m.kr. hækkun. Kostnaður við prentun og útgáfustarfsemi fór verulega fram úr áætlun á fyrri hluta ársins eða um 5,2 m.kr. Þá varð nokkur kostnaður við opinbera heimsókn, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum.

211 Vegagerð ríkisins. Framlag til vegagerðar var hækkað um 170 m.kr. við afgreiðslu vegáætlunar síðastliðið vor. Ætlunin var að brúa þennan útgjaldaauka með aukinni innheimtu og endurskoðun á innheimtu þungaskatts. Ný ríkisstjórn ákvað hins vegar að lækka útgjöld um 350 m.kr. Lækkuninni skyldi náð með frestun framkvæmda við Vestfjarðagöng, minni snjómokstri vegna hagstæðs tíðarfars síðastliðinn vetur og lækkun framlaga til framkvæmda með vísan til þess að tilboð í nýframkvæmdir höfðu reynst óvenju hagstæð.

321 Skipaútgerð ríkisins. Farið er fram á 100 m.kr. viðbótarframlag til fyrirtækisins. Með framlagi í fjárlögum var gert ráð fyrir að rekstur Skipaútgerðarinnar yrði tekinn til endurskoðunar á árinu. Raunin hefur hins vegar orðið sú að haldið hefur verið óbreyttum rekstri miðað við undanfarin ár.

333 Hafnamál. Farið er fram á 135 m.kr. til hafnamála. Um er að ræða 130 m.kr. aukningu vegna framkvæmda við Suðurfjörutanga í Hornafjarðarósi. Í lánsfjárlögum var heimild til lántöku vegna þessara framkvæmda. Þá var framlag til almennra framkvæmda við hafnargerð lækkað um 10 m.kr. síðastliðið vor. Loks er farið fram á 15 m.kr. framlag til smíði lóðsbáts fyrir Hornafjarðarhöfn.

485 Ýmis framlög. Farið er fram á 2,3 m.kr. til þess að ljúka við hreinsun skipsflaka úr Ísafjarðardjúpi.

11 Iðnaðarráðuneyti

Til iðnaðarráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 225,5 m.kr.

201 Iðntæknistofnun Íslands. Farið er fram á 0,3 m.kr. lækkun á fjárveitingum til stofnunarinnar. Samkvæmt tillögum ráðuneytis er lækkun 2,7 m.kr. en á móti kemur beiðni um fjárveitingu, 2,4 m.kr., vegna ófyrirséðs rekstrarkostnaðar.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Farið er fram á 1,3 m.kr. lækkun á fjárveitingum til stofnunarinnar samkvæmt tillögu ráðuneytis.

240 Iðnaðarrannsóknir. Farið er fram á 6,6 m.kr. og er um að ræða kostnað frá síðasta ári vegna veðurmælinga á Dysnesi við Eyjafjörð og Keilisnesi á Reykjanesi. Tilgangur rannsóknanna var að meta dreifingu mengunarefna frá álveri.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Farið er fram á 6 m.kr. lækkun á framlögum samkvæmt tillögum ráðuneytis.

301 Orkustofnun. Farið er fram á 6 m.kr. lækkun á fjárveitingu til stofnunarinnar samkvæmt tillögum ráðuneytis.

321 Rafmagnsveitur ríkisins. Til Rafmagnsveitna ríkisins er sótt um 200 m.kr. til að greiða kostnað af óveðri í febrúar síðastliðnum.

371 Orkusjóður. Farið er fram á 5 m.kr. lækkun á framlögum til sjóðsins samkvæmt tillögum ráðuneytis.

399 Ýmis orkumál. Farið er fram á 37,5 m.kr. hækkun til þessa fjárlagaliðar. Nýjar reglur um niðurgreiðslur á rafmagni leiða til 35 m.kr. viðbótarútgjalda og til hitaveitna er sótt um 2,5 m.kr. styrkveitingu.

12 Viðskiptaráðuneyti

Til viðskiptaráðuneytis er farið fram á 1,5 m.kr. lækkun á fjárveitingum.

101 Aðalskrifstofa. Farið er fram á 2,5 m.kr. til verkefnis um samræmingu forms og uppsetningu firmaskráa. Verkefnið tekur til skráa sem eru í notkun hjá Hagstofu Íslands, Hlutafélagaskrá, bæjarfógetum o.fl.

301 Löggildingarstofan. Farið er fram á 4 m.kr. lækkun framlaga til stofnunarinnar samkvæmt tillögu ráðuneytis.

13 Hagstofa Íslands

Til Hagstofunnar er farið fram á 1,5 m.kr. lækkun á fjárveitingum.

102 Þjóðskráin. Farið er fram á 1,5 m.kr. lækkun á fjárveitingu samkvæmt tillögu ráðuneytis.

14 Umhverfisráðuneyti

Til umhverfisráðuneytis er farið fram á viðbótarheimild að fjárhæð 46,2 m.kr.

101 Aðalskrifstofa. Farið er fram á 5,2 m.kr. til aðalskrifstofu, þar af eru útgjöld vegna athugunar á rauðátumengun á Ströndum 3,7 m.kr.

201 Náttúruverndarráð. Farið er fram á 1 m.kr. lækkun á fjárveitingum til stofnunarinnar samkvæmt tillögum ráðuneytis.

301 Skipulagsstjóri ríkisins. Farið er fram á 36,4 m.kr. sem er uppgjör ógreiddra skipulagsgjalda áranna 1987 til 1989. Skipulagsgjaldið er markaður tekjustofn skipulagsstjóra samkvæmt lögum.

310 Landmælingar Íslands. Farið er fram á 0,5 m.kr. lækkun á fjárveitingum til stofnunarinnar. Samkvæmt tillögu ráðuneytis er niðurskurður 3,5 m.kr. en á móti kemur 3 m.kr. viðbótarfjárþörf vegna verkefnis um gerð stafrænna korta en á síðastliðnu þingi var samþykkt þingsályktun um þetta efni.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Farið er fram á 1 m.kr. vegna ófyrirséðs kostnaðar, svo sem endurnýjunar símkerfis og gerð skyggnis yfir anddyri hússins.

410 Veðurstofa Íslands. Farið er fram á 1,5 m.kr. lækkun á fjárveitingu til stofnunarinnar. Ráðuneytið gerði tillögu um 2,5 m.kr. lækkun á fjárveitingu. Á móti kemur 1 m.kr. framlag til jarðeðlisfræðideildar vegna samnorræns verkefnis um jarðskjálftarannsóknir.

999 Ýmis verkefni. Farið er fram á 6,6 m.kr. Á þessum fjárlagalið eru bæði óskir um viðbótarframlag og lækkun fjárveitinga. Farið er fram á 0,6 m.kr. til að ljúka skýrslu sem lögð verður fram á Umhverfisráðstefnu S.þ. Farið er fram á 0,5 m.kr. lækkun til verkefnis um uppgræðslu og gróðurvernd samkvæmt tillögu ráðuneytisins. Farið er fram á 1,2 m.kr. viðbótarheimild til þess að ljúka gerð leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir sveitarfélaga. Farið er fram á 6,3 m.kr. til þess að nefnd um Mývatnsrannsóknir geti lokið störfum á yfirstandandi ári. Þá er farið fram á 0,5 m.kr. lækkun fjárheimildar til verkefnis um Geysi í Haukadal og 0,5 m.kr. lækkun fjárveitinga til verkefnis um gróðurkortagerð.

10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breytingu á lögum nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Steingrímur Hermannsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Jón Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðni Ágústsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Finnur Ingólfsson.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fyrirtækjum, sem greiða Verðjöfnunarsjóði, er heimilt að inna þá greiðslu af hendi til síns viðskiptabanka eða innlánsstofnunar þar sem fjármagnið verði ávaxtað enda sé fullnægt almennum reglum sem sjóðstjórn setur, m.a. um ávöxtun fjárins, sbr. 11. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þann 5. maí 1990 samþykkti Alþingi lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins sem tóku gildi 1. júní 1990.

Hlutverk sjóðsins er, eins og segir í lögunum, að draga úr áhrifum verðsveiflna á sjávarafurðum á þjóðarbúskapinn.

Þrátt fyrir það sem segir í 7. gr. laganna, að innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins teljist eign hans, er ekkert sem mælir gegn því að það fjármagn, sem hin ýmsu fyrirtæki sjávarútvegsins greiða til sjóðsins, sé ávaxtað í viðskiptabönkum fyrirtækjanna, enda segir í 4. gr. laganna að greiðslur skuli renna inn á verðjöfnunarreikning á nafni viðkomandi framleiðanda.

Staða á reikningum Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins er nú um 2,6 milljarðar kr. Af því má sjá að hér er um verulegt fé að ræða sem tekið er úr rekstri fyrirtækjanna til hugsanlegrar verðjöfnunar.

Markmið þessa frumvarps er að gefa þeim sem gert er að greiða hluta af afrakstri atvinnustarfsemi sinnar til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins rétt til að ávaxta það fjármagn þar sem framleiðslan og verðmætasköpunin hefur orðið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í lögunum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins segir að greitt skuli í sjóðinn þegar markaðsverð afurða í hverri deild er að meðaltali 3–5% hærra en staðvirt meðalverð (grundvallarverð) síðustu fimm árin og skal innborgunin vera 50% af því sem umfram er.

Með flutningi þessa frumvarps er lagt til að það fjármagn, sem hin ýmsu sjávarútvegsfyrirtæki lögum samkvæmt greiða til Verðjöfnunarsjóðsins til hugsanlegrar sveifluJöfnunar, verði heimilt að ávaxta í viðskiptabönkum fyrirtækjanna og þá í þeim byggðarlögum þar sem framleiðslan er.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

11. Fyrirspurn [11. mál]

til menntamálaráðherra um fjölda leiðbeinenda í grunnskólum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvert er hlutfall kennara og leiðbeinenda við grunnskóla í einstökum fræðsluumdæmum?

Skriflegt svar óskast.

12. Fyrirspurn [12. mál]

til dómsmálaráðherra um stefnu stjórnvalda gagnvart flóttamönnum á Íslandi.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvaða skyldur hafa íslensk stjórnvöld gagnvart flóttamönnum ef litið er til samþykkta Sameinuðu þjóðanna varðandi málefni þeirra?
2. Hvaða reglur gilda um landvistarleyfi útlendinga á Íslandi og brottvísun úr landi?
3. Hver er stefna núverandi ríkisstjórnar í málefnum flóttamanna sem hingað leita?

13. Fyrirspurn [13. mál]

til dómsmálaráðherra um flóttamenn á Íslandi.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margt fólk, sem fellur undir skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á flóttamönnum, hefur beðið um hæli hér á landi undanfarin fimm ár?
2. Hversu margir flóttamenn hafa fengið hæli hér á landi sl. fimm ár?
3. Hafi útlendingum verið synjað um landvist sl. fimm ár, af hvaða ástæðum hefur það verið gert og frá hvaða löndum hafa þeir komið?
4. Hversu mörgum útlendingum hefur verið vísað frá Íslandi „á landamærum“, þ.e. í flughöfninni í Keflavík og höfnum landsins?
5. Hafa stjórnvöld vitneskju um flóttamenn sem dveljast hér á landi ólöglega?

14. Frumvarp til laga [14. mál]

um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti: Sementsverksmiðjan hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja Sementsverksmiðju ríkisins, þ.e. sjálfa verksmiðjuna ásamt öllu fylgifé hennar, til hins nýja hlutafélags,
b. að láta fara fram mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Í þessu skyni skal bæjarfógetinn á Akranesi skipa þriggja manna matsnefnd og skal a.m.k. einn nefndarmanna vera löggiltur endurskoðandi. Öll hlutabréf í hlutafélaginu eru eign ríkissjóðs.

2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera að framleiða og selja sement fyrir innlendan og erlendan markað.

Félagið annast rannsóknir, þróunarverkefni og efnavinnslu samkvæmt nánari ákvæðum er sett verða í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum.

3. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera á Akranesi, en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðið sambærilegt starf hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá Sementsverksmiðju ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

5. gr.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, svo og varamenn þeirra.

6. gr.

Við Sementsverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

7. gr.

Fulltrúar hlutafélagsins skulu árlega halda tvo samráðsfundi með fulltrúum Akraneskaupstaðar til að ræða sameiginleg hagsmunamál.

8. gr.

Ríkissjóður getur ekki boðið hlutabréf í Sementsverksmiðjunni til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis.

9. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu, né heldur ákvæði 1. mgr. 17. gr. sömu laga um tölu hluthafa. Að öðru

leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og greiðir það opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

Iðnaðarráðherra skal skipa undirbúningsnefnd til að annast nauðsynlega samningsgerð fyrir hönd væntanlegs hlutafélags og leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundi sem skal haldinn ekki síðar en 1. júlí 1992.

10. gr.

Iðnaðarráðherra fer með eignarhluta ríkisins í félaginu.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag skv. 1. gr. yfirtekur Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1993 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35/1948, um sementsverksmiðju.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur tvívegis áður verið lagt fram á Alþingi.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að breyta rekstrarformi Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag þó þannig að ríkið verði eigandi allra hlutabréfa og að sala þeirra geti aðeins komið til með samþykki Alþingis. Frumvarpið byggir að stofni til á frumvarpi sem unnið var í iðnaðarráðuneytinu árið 1987, en með nokkrum veigamiklum breytingum. Í fyrsta lagi er kveðið skýrt á um að sala hlutabréfa geti aðeins komið til ef Alþingi veitir til þess samþykki. Í öðru lagi er kveðið á um sérstaka samráðsfundi verksmiðjustjórnar og bæjarstjórnar Akraness bæjar. Í þriðja lagi er kveðið á um að sérstök samstarfsnefnd starfsmanna og stjórnenda starfi við verksmiðjuna. Loks er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir að sérstök undirbúningsnefnd vinni að undirbúningi stofnfundar sem fari fram um leið og hlutafélagið yfirtaki rekstur Sementsverksmiðju ríkisins.

Á 111. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Frumvarpið varð að lögum vorið 1989 og var hlutafélag stofnað í september sl. er tók við rekstri Gutenberg 1. janúar 1990. Röksemdir fyrir stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins eru þær sömu og giltu um Gutenberg.

Með lögum nr. 35/1948 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til þess að reisa hér á landi verksmiðju til vinnslu sements. Á grundvelli þessara laga var síðan reist Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi sem sérstakt ríkisfyrirtæki undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Verksmiðjan tók til starfa árið 1958 og hefur starfað óslitið síðan.

Sementsverksmiðjan lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn sem kosin er til fjögurra ára í senn. Iðnaðarráðherra skipar einn úr hópi stjórnarmanna formann.

Sementsverksmiðjan var að mestu leyti byggð fyrir lánsfé með ábyrgð ríkissjóðs. Beint framlag ríkisins var lítið. Verðlagning framleiðslunnar var við það miðuð að hún stæði undir beinum framleiðslukostnaði og afborgunum og vöxtum af stofnlánum.

Á árinu 1990 voru seld 110.500 tonn af sementi. Hlutur lausa sementsins í framleiðslu hefur aukist mjög og er nú svo komið að 80% af framleiðslunni er laust sement. Verksmiðjan rekur tvær stöðvar á landinu þar sem hægt er að geyma laust sement, þ.e. á Akureyri og í Reykjavík.

Um 1980 byrjaði Sementsverksmiðjan blöndun ryks frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga í allt sement, en rykið er síað úr útblæstri verksmiðjunnar. Ryk þetta er tvisvar sinnum virkara gegn alkalíþenslu en líparít og bætir auk þess fleiri eiginleika steinsteypunnar. Járnblendifélagið og Sementsverksmiðja ríkisins reka og eiga í samein-

ingu fyrirtækið Sérsteypuna sf. sem sinnt hefur ýmsum þróunarverkefnum er miða að því að auka notkunarsvið steinsteypu. Erlendis hefur orðið mikil þróun á því sviði á seinustu árum.

Afkoma Sementsverksmiðjunnar var í upphafi slæm. Stafaði það af þungri skuldabyrði og síðar af óraunsærri verðlagsstefnu stjórnvalda.

Í tengslum við aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) var innflutningur á sementi gefinn frjáls árið 1975. Mjög óverulegt magn af sementi hefur verið flutt inn. Verðlag íslenska sementsins er aðeins hærra en það er í nágrannalöndum. Hafa ber í huga að íslenska sementið nýtur nokkurrar fjarlægðarverndar.

Í núverandi lögum Sementsverksmiðju ríkisins er kveðið á um skattgreiðslur verksmiðjunnar, en þau ákvæði falla niður samkvæmt tillögum í þessu frumvarpi og greiðir verksmiðjan þá skatta eins og hvert annað hlutafélag. Verksmiðjan greiðir nú landsútsvar í stað aðstöðugjalds. Verksmiðjan greiðir fasteignaskatta, en er að öðru leyti undanþegin skattgreiðslum. Ef frumvarp þetta verður að lögum verður meginbreytingin á greiðslu skatta sú að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald, eignarskatt og væntanlega tekjuskatt auk fasteignagjalda. Hlutdeild Akraneskaupstaðar í landsútsvari Sementsverksmiðju ríkisins miðað við rekstrarárið 1990 var 2,5 millj. kr., en alls greiddi verksmiðjan 10 millj. kr. í landsútsvar. Ef verksmiðjan hefði greitt aðstöðugjald mundu tekjur Akraneskaupstaðar hafa orðið um 7 millj. kr.

Rekstur Sementsverksmiðjunnar hefur gengið sæmilega flest undanfarin ár og eiginfjárstaðan batnað verulega. Í árslok 1990 var eigið fé verksmiðjunnar um 772 millj. kr. miðað við 670 millj. kr. árið áður. Rekstrartekjur námu 771 millj. kr. árið 1990 og höfðu þá aukist um 7,8% frá árinu áður.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin láti fara fram nákvæmt mat á eignum Sementsverksmiðju ríkisins til að hafa til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Verður þar fyrst og fremst um eignamat að ræða, en jafnframt munu aðrir þættir koma inn í matið, svo sem þróunarkostnaður, viðskiptavild o.fl. Innheimtur á útistandandi skuldum hjá verksmiðjunni eru í mjög góðu lagi.

Við þá formbreytingu, sem verður á rekstri verksmiðjunnar ef frumvarp þetta verður að lögum, breytast eftirtaldir þættir:

1. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri verksmiðjunnar takmarkast við hlutafjáreign. Fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda eykst.
2. Skattgreiðslur breytast nokkuð, aðallega að verksmiðjan greiðir aðstöðugjald í stað landsútsvars. Einnig mundi verksmiðjan greiða eignarskatt og hugsanlega tekjuskatt.
3. Um 20 starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins eru í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, réttindi þeirra verða tryggð. Lífeyrismál annarra starfsmanna breytast ekkert.
4. Stjórn verksmiðjunnar er kosin á aðalfundi ár hvert.
5. Fyrirtækið hefur enga sérstöðu fram yfir önnur fyrirtæki í landinu, ýmsir kostir þess að reka fyrirtækið sem hlutafélag nýtast og verður þeim lýst hér sérstaklega. Þegar hlutafélag hefur verið stofnað um verksmiðjuna taka lög um hlutafélög sjálfkrafa gildi um fyrirtækið.

Sérstök lög, nr. 62/1973, eru í gildi um jöfnun flutningskostnaðar á sementi. Engin breyting verður á þessum þætti. Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til allra verslunarstaða á landinu sem jafnframt eru aðaltollhafnir. Viðskiptaráðherra hef-

ur heimild til að ákveða með reglugerð að jöfnun á flutningskostnaði skuli einnig ná til annarra tilgreindra verslunarstaða.

Telja verður eðlilegt að atvinnurekstur á vegum ríkisins sé í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags, en í frumvarpi þessu er gerð undanþága um tölu stofnenda, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög.

Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi víðast í heiminum og hér á landi hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur um starfsemi hlutafélaga. Í þeirri löggjöf eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Í hlutafélagalögunum er ákvæði sem verndar rétt minnihlutaeigenda og þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur er því hlutafélagaformið sérstaklega viðeigandi.

Kostir þess að reka Sementsverksmiðjuna í hlutafélagsformi eru að með því verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis veldur því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eign ríkisins í hlutafélagaformi. Hverju fyrirtæki er nauðsynlegt að fjárfesta, ráðast í nýjungar og efla starfsemi sína til að vernda stöðu sína á markaðnum. Vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutföllum í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé. Með því móti verður komist hjá því að ríkið taki í sífellu á sig skuldbindingar, t.d. í formi ríkisábyrgðar, er fyrirtæki í eigu þess þurfa að ráðast í framkvæmdir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag um Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Allar eignir Sementsverksmiðjunnar færast yfir til hins nýja hlutafélags. Öll hlutabréfin verða í eign ríkissjóðs við stofnun hlutafélagsins. Nauðsynlegt er að fram fari mat á eignum sem notað verði til viðmiðunar við ákvörðun hlutafjár hins nýja hlutafélags. Matið verði framkvæmt af óháðri nefnd sem bæjarfógetinn á Akranesi kveður til. Verðgildi hlutafjár þarf í raun ekki að merkja hvers virði viðkomandi fyrirtæki er. Þar koma inn í myndina atriði eins og samkeppnisstaða, arðsemi, eftirspurn eftir hlutabréfum o.fl.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum hlutverk hlutafélagsins. Jafnframt er lagt til að nánari ákvæði um hlutverk félagsins verði sett í samþykktum þess. Með þessu hefur eigandinn nokkra möguleika til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni. Fyrirtækinu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum eða sameignarfélögum. Stöðug þróun á sér stað varðandi notkun sements og hafa fyrirtæki oft með sér samvinnu um þessa þróunarvinnu. Sementsverksmiðjan hefur mikinn áhuga á hvers konar samstarfi við aðra aðila sem leitt gæti til enn frekari sölu á sementi.

Um 3. gr.

Sementsverksmiðjan er á Akranesi og því er eðlilegt að fram komi í lagatextanum að lögheimili fyrirtækisins skuli vera á Akranesi.

Um 4. gr.

Núverandi starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar er tryggður réttur til endurráðningar. Um 20 af starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar eru nú í Lífeyrissjóði starfsmanna

ríkisins og haldast réttindi þeirra óbreytt við þá formbreytingu á rekstri sem hér er stefnt að. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29/1963. Engir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins hafa gerst aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hin síðari ár. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að skipun eða kjör fulltrúa í stjórn fari fram með sama hætti og tíðkast hjá hlutafélögum.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir að starfsmenn verksmiðjunnar eigi möguleika á að hafa eðlileg áhrif á þá þætti í rekstri hennar sem þá varðar sérstaklega. Því er lagt til að við verksmiðjuna starfi sérstök samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá stjórn og þremur fulltrúum starfsmanna. Þetta ákvæði er samhljóða 12. gr. laga nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Um 7. gr.

Þar sem áhrifa af starfsemi Sementsverksmiðjunnar gætir mjög á Akranesi, sérstaklega í sambandi við atvinnu- og umhverfismál, er eðlilegt að setja um það skýr ákvæði að haldnir verði samráðsfundir milli forsvarsmanna hlutafélagsins og Akraneskaupstaðar.

Um 8. gr.

Sementsverksmiðjan er eitt af stærstu fyrirtækjum ríkisins og eini aðilinn sem framleiðir sement hér á landi. Eðlilegt er því að Alþingi fjalli um hugsanlega sölu hlutabréfa í fyrirtækinu áður en af henni verður.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa í félaginu. Hið nýja hlutafélag lýtur almennum reglum um skattlagningu. Með samþykkt þessa frumvarps er Sementsverksmiðja ríkisins ekki lengur starfandi og eiga því ákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga um greiðslu landsútsvars ekki lengur við. Að öllu öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga.

Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi undirbúningsnefnd sem annist nauðsynlega samningsgerð fyrir væntanlegt hlutafélag og leggi fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundi sem sé haldinn áður en breytingin á sér stað.

Um 10. gr.

Iðnaðarráðherra mun fara með eignarhluta ríkisins í félaginu enda hefur starfsemi Sementsverksmiðjunnar heyrt undir starfssvið iðnaðarráðuneytisins.

Um 11. gr.

Lögin öðlast þegar gildi, en Sementsverksmiðjan hf. yfirtekur rekstur og eignir Sementsverksmiðju ríkisins 1. janúar 1993. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 35/1948.

15. Fyrirspurn [15. mál]

til landbúnaðarráðherra um ríkisjarðir.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margar jarðir eru í eigu ríkisins?
2. Hversu margar ríkisjarðir eru:
   a. nýttar af embættismönnum ríkisins,
   b. nýttar af bændum,
   c. í eyði?

16. Fyrirspurn [16. mál]

til landbúnaðarráðherra um stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi ríkisjarðir.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hver eru áform ríkisstjórnarinnar varðandi:
a. frekari eða breytta nýtingu ríkisjarða,
b. sölu á ríkisjörðum?

17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum um fæðingarorlof, nr. 57 31. mars 1987.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

Fyrri málsgrein 7. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi eða flytja hana til í því nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Einnig er óheimilt að segja foreldri í fæðingarorlofi upp starfi eða flytja það til í því að orlofinu loknu nema gildar ástæður séu fyrir hendi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var lagt fram á 113. löggjafarþingi af þeim þingkonum Kvennalistans sem þá sátu í neðri deild. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu og er nú lagt fram á ný.

Lenging fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex var mikilvægt skref í þá átt að koma til móts við breyttar þjóðfélagsaðstæður hér á landi og tryggja velferð barna og foreldra þeirra á tímabilinu eftir fæðingu barns.

Nauðsynlegt er að skipan fæðingarorlofsmála sé þannig að tekið sé mið af móður- og

fjölskylduhlutverki kvenna sem og þátttöku þeirra í atvinnulífi. Samkvæmt lögum um fæðingarorlof er ekki heimilt að segja barnshafandi konu eða foreldrum í fæðingarorlofi upp starfi nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Í 6. gr. laganna er kveðið á um að skylt sé, þar sem því verður við komið, að færa barnshafandi konu til í starfi ef það er þess eðlis að heilsu hennar eða fósturs er af því hætta búin. Hins vegar er ekki skýrt kveðið á um það í lögunum að foreldrar geti gengið að sínum störfum að fæðingarorlofi loknu.

Frumvarp þetta er flutt til að tryggja með óyggjandi hætti að foreldrar hafi rétt til að hverfa að sínu starfi að loknu fæðingarorlofi, en á því hefur verið nokkur misbrestur. Komið hefur fyrir að konum hefur verið ætlað að taka að sér önnur störf en þær voru ráðnar til upphaflega. Þess eru dæmi að konur hafa hafnað slíkum tilflutningi og í kjölfar þess verið sagt upp eða að þær hafa kosið að segja upp fremur en að þurfa að sætta sig við að vera fluttar til í starfi.

Réttur til að segja upp starfsmanni er mjög rúmur hér á landi. Hins vegar hefur atvinnurekandi mjög takmarkaðar heimildir til þess að flytja starfsmann til nema nýja starfið megi teljast sambærilegt.

Verði þetta frumvarp að lögum verður skýrt að bannað er að færa foreldri til í starfi án samþykkis þess þegar fæðingarorlofi er lokið. Þetta ákvæði breytir þó ekki meginreglu íslensks vinnuréttar um uppsagnir starfsfólks.

18. Fyrirspurn [18. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmdir við að bæta móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps.

Frá Stefáni Guðmundssyni.

1. Hvað hefur áunnist í að bæta móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps eftir samþykkt Alþingis frá 11. maí 1988 þar sem afdráttarlaus vilji Alþingis kom fram um úrbætur?
2. Hver eru framkvæmdaáform um að koma upp þeim búnaði sem enn skortir til þess að allar útsendingar Ríkisútvarpsins frá stöðvum þess í Reykjavík náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið?

19. Fyrirspurn [19. mál]

til dómsmálaráðherra um kaup á björgunarþyrlu.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað líður undirbúningi á kaupum á björgunarþyrlu fyrir landhelgisgæsluna sem samþykkt voru með ályktun Alþingis 12. mars 1991?

20. Fyrirspurn [20. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurskoðun almannatryggingalaga.

Frá Finni Ingólfssyni.

Hyggst ráðherra leggja fram á Alþingi frumvarp það um almannatryggingar sem fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra lagði fram á síðasta þingi og ekki var afgreitt?

Ef ekki, hyggst þá ráðherra láta fara fram heildarendurskoðun á lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum, um almannatryggingar, og þá með hvað að markmiði?

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Á eftir 44. gr. laganna komi nýr kafli, VI. kafli, með tólf nýjum greinum. Fyrirsögn kaflans verði **Auglýsingar**. Töluröð annarra kafla og greina breytist samkvæmt því.

a. (45. gr.)

Ákvæði laga þessara og reglugerð á grundvelli þeirra taka til hvers kyns auglýsinga hér á landi og ná m.a., eftir því sem við á, til auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, kvikmyndahúsum, kapalkerfum, tölvum og á myndböndum, í blöðum, tímaritum, bókum og bréfum, á flugritum, miðum, umbúðum, spjöldum og skiltum og í útstillingum.

b. (46. gr.)

Auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi skulu vera á lýtalausri íslensku. Erlendur söngtexti má þó vera hluti auglýsingar.

Aðrar auglýsingar skulu og vera á lýtalausri íslensku. Þegar sérstaklega stendur á má auglýsingatexti þó vera á erlendu máli, t.d. þegar auglýsingum er aðallega beint til útlendinga. Nánar má kveða á um þetta í reglugerð.

c. (47. gr.)

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum enda séu upplýsingar þessar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum.

Auglýsingar mega ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.

d. (48. gr.)

Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að

ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla.

Auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi skulu fluttar í sérstökum auglýsingatímum.

e. (49. gr.)

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og sérstakrar varúðar skal gætt þegar auglýsingar höfða til barna.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.

f. (50. gr.)

Óheimilt er að setja auglýsingar á húsveggi eða önnur mannvirki án leyfis eigenda eða annarra réttra aðila.

g. (51. gr.)

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara varðandi auglýsingar í reglugerð er byggist m.a. á siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi.

h. (52. gr.)

Ábyrgðin á því að ákvæðin í lögum þessum og reglugerð á grundvelli þeirra séu haldin hvílir á auglýsanda, semjanda auglýsingar eða auglýsingastofu og útgefanda, eiganda fjölmiðils eða öðrum birtingaraðila.

i. (53. gr.)

Ráðherra skal skipa til fjögurra ára í senn fimm menn og jafnmarga varamenn í auglýsinganefnd. Formann nefndarinnar, er vera skal lögfræðingur, skipar ráðherra án tilnefningar, svo og einn mann með sérþekkingu á sviði fjölmiðlunar, en að öðru leyti skulu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra auglýsingastofa, Verslunarráðs Íslands og Neytendasamtakanna. Sami háttur skal hafður á um skipun varamanna. Auglýsinganefnd skal tryggja að ákvæðum laga þessara sé framfylgt og hefur nefndin eftir atvikum nauðsynlegt frumkvæði í því skyni.

Nánari ákvæði um hlutverk auglýsinganefndar, starfshætti hennar, kærurétt, upplýsingaskyldu aðila og úrræði til að knýja á um lausn mála skulu sett í reglugerð.

j. (54. gr.)

Brot á ákvæðum laga þessara má kæra til auglýsinganefndar en einnig getur nefndin tekið mál upp af sjálfsdáðum.

Verðlagsstofnun tekur við kærum til auglýsinganefndar og annast daglegan rekstur vegna starfs nefndarinnar.

k. (55. gr.)

Telji formaður auglýsinganefndar eða starfandi formaður hennar að auglýsing sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara getur hann bannað hana til bráðabirgða. Skal bannið gilda þar til auglýsinganefnd kann að hnekkja því en fellur þó niður eftir viku hafi nefndin ekki tekið afstöðu. Bannið skal vera skriflegt og rökstutt. Skal það tilkynnt auglýsanda, svo og auglýsingastofu og fjölmiðli, allt eftir því sem við á. Birting auglýsingar í andstöðu við bann varðar ábyrgð.

Á sama hátt getur auglýsinganefnd lagt bann við auglýsingu er hún telur andstæða lögum þessum. Banni nefndarinnar má fylgja ákvörðun um févíti sem komi til framkvæmda ef bannið er brotið. Hámark févítis skal vera ein milljón króna og má breyta því í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu. Févíti má innheimta með lögtaki. Verk, sem felur í sér brot á banni að viðlögðu févíti, varðar ekki refsingu eftir lögum þessum.

Ákvörðun um bann má fella niður ef ástæða þykir til, t.d. vegna nýrra upplýsinga sem þykja skipta máli.

Eftir atvikum má krefjast þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.

Nefndin getur lokið máli með sátt ef ástæða þykir til.

l. (56. gr.)

Auglýsinganefnd getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga af aðilum, tengdum auglýsingum sem eru til meðferðar hjá nefndinni, svo og kvatt menn á sinn fund til munnlegrar skýrslugjafar.

2. gr.

27. gr. laganna hljóði svo:

Óheimilt er í atvinnustarfsemi, sem lög þessi taka til, sbr. 2. gr. og VI. kafla, að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum.

Nú eru upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir óhæfilegar gagnvart öðrum keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um félög og samtök sem vinna að hagsmunum atvinnurekenda og neytenda.

3. gr.

Inn í 1. mgr. 52. gr. laganna skal skotið nýjum málslið er verði 2. málsl., svohljóðandi: Auk einstaklinga má dæma fyrirtæki og aðra lögaðila í fjársektir hafi brot verið framið á þeirra vegum.

Við 1. mgr. 52. gr. bætist nýr málsliður er verði 5. málsl., svohljóðandi: Fyrir brot á ákvæðum um auglýsingar skal því aðeins refsa að brot sé framið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

4. gr.

Í stað orðanna „ 4. mgr. 45. gr.“ í 5. mgr. 53. gr. laganna standi: 4. mgr. 57. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 18. mars 1987 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun um auglýsingalöggjöf:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að undirbúa heildarlöggjöf um auglýsingar.“

Þingsályktun þessi byggðist á tillögu Steingríms J. Sigfússonar til þingsályktunar um auglýsingalöggjöf á 109. löggjafarþingi 1986 (Sþ., 84. mál) en tillögunni var breytt í meðförum þingsins.

Í viðskiptaráðuneytinu var hafist handa við að safna m.a. lögum og reglum annars staðar á Norðurlöndum og Bretlandi, svo og reglum og drögum að reglum á vettvangi Evrópuráðsins og Efnahagsbandalags Evrópu. Að svo búnu skipaði Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra 15. mars 1988 nefnd til að undirbúa heildarlöggjöf um auglýsingar á grundvelli ályktunarinnar. Nefndina skipuðu Jón Ögmundur Þormóðsson lögfræðingur, viðskiptaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Jón Magnússon hdl., Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri, Sólveig Ólafsdóttir lögfræðingur, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra auglýsingastofa, og Þórhildur Gunnarsdóttir, verslunar- og markaðsstjóri.

Nefndin kynnti sér lög og reglur um auglýsingar hér á landi, svo og lög og reglur erlendis, m.a. annars staðar á Norðurlöndum og breska auglýsingasamþykkt. Af alþjóðlegum samþykktum má nefna í fyrsta lagi siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi, í öðru lagi, af vettvangi Evrópubandalagsins, a) tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 10. september 1984 um villandi auglýsingar og b) tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 3. október 1989 um sjónvarpsstarfsemi og í þriðja lagi, af vettvangi Evrópuráðsins, a) ályktun Evrópuráðsins frá 23. febrúar 1984 varðandi meginreglur um sjónvarpsauglýsingar, b) ályktun Evrópuráðsins frá 7. desember 1984 um notkun gervihnatta til sjónvarps- og hljóðvarpssendinga og c) Evrópusamning frá 5. maí 1989 um sjónvarpssendingar yfir landamæri. Helstu heimildir eru birtar í viðaukum hér á eftir. Auk þess kynnti nefndin sér ýmis önnur gögn, t.d. ritið „Marknadsrättslig kontroll av reklam — TV“ eftir Ulf Bernitz sem tekið hafði verið saman í tengslum við starf norrænu neytendamálanefndarinnar. Einnig ræddu nefndarmenn við ýmsa aðila, t.d. auglýsingastjóra Stöðvar 2, Bylgjunnar og Morgunblaðsins.

Staða auglýsingamála í Vestur-Evrópu er í stuttu máli sú að samræming laga er skammt á veg komin. Tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 1984 tekur einungis til villandi auglýsinga og svipar því til ákvæða verðlagslaganna hér á landi og reyndar ákvæða í skyldum lögum annarra Norðurlanda. Þau lög geyma nokkru ítarlegri ákvæði um úrræði á þessu sviði en finna má í íslensku lögunum. Þá tekur tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 1989 aðeins til sjónvarpsauglýsinga. Mikilvægasta samræming reglna á þessu sviði hefur til þessa falist í siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins sem aðallega hefur verið byggt á víðast hvar á Vesturlöndum, m.a. á Norðurlöndunum. Þær reglur taka til allra auglýsinga en geyma ekki sérreglur um sjónvarpsauglýsingar. Ályktun Evrópuráðsins um notkun gervihnatta til sjónvarps- og hljóðvarpssendinga og ályktun þess varðandi meginreglur um sjónvarpsauglýsingar eru stuttorðar og geyma einungis meginreglur sem almenn samstaða er um. Evrópusamningurinn um sjónvarpssendingar yfir landamæri, sem Evrópuráðið beitti sér fyrir að gerður yrði, er talinn hafa meira vægi en ályktanir ráðsins en þó ekki síður tilskipun ráðs Evrópubandalagsins um sjónvarpsstarfsemi sem keppir að ýmsu leyti um áhrif við hann og geymir mörg efnislega samhljóða ákvæði.

Ýmsar lágmarkskröfur eru settar í samningnum og tilskipuninni og er þar leitast við að taka tillit til hagsmuna mismunandi landa. Þannig er á báðum stöðum lagt bann við tóbaksauglýsingum en reistar skorður við áfengisauglýsingum. Breska auglýsingasamþykktin, sem er best þekkt af reglum einstakra landa í Vestur-Evrópu, byggist á laga-

heimild og telst opinber. Í bresku reglunum er vikið sérstaklega að sjónvarpsauglýsingum. Varðandi Norðurlöndin má bæta því við að dönsk auglýsing frá 1987 og finnsk tilskipun fjalla eingöngu um sjónvarpsauglýsingar og geyma ýmsar reglur þar að lútandi. Finnska tilskipunin er talin geyma eins konar siðareglur.

Af ofangreindu má sjá að í Vestur-Evrópu er aðallega um að ræða lagaákvæði um villandi auglýsingar, setningu lagaákvæða um sjónvarpsauglýsingar á grundvelli alþjóðasamstarfs innan vébanda Evrópubandalagsins og Evrópuráðsins og sjálfviljuga beitingu siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins sem kunna svo að hafa áhrif á lög og reglur einstakra landa að meira eða minna leyti.

Nefndin kannaði mismunandi leiðir varðandi undirbúning heildarlöggjafar um auglýsingar á Íslandi. Taldi hún ekki rétt að ganga svo langt að steypa dreifðum ákvæðum laga og reglna um auglýsingar saman í eina heildarlöggjöf, fyrst og fremst vegna þess hve ólík ákvæðin eru og um margt sérfræðileg, t.d. ákvæði lyfjalaga. Þótti réttara að viðkomandi aðilar bæru áfram ábyrgð á þeim sérsviðum sem þeim stæðu næst. Heppilegra þótti að setja í eitt frumvarp ákvæði er byggðu á hinni almennu grein verðlagslaganna um villandi auglýsingar en frumvarpið gengur þó lengra, tekur á ýmsum grundvallaratriðum öðrum, auk þess sem byggt er upp lipurt kerfi til að taka á úrlausnaratriðum. Þá var talið rétt að skapa grundvöll fyrir setningu mjög ítarlegra reglna um auglýsingar er byggðust m.a. á siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi. Þeim reglum má svo auðveldlega breyta eftir þörfum í tímans rás.

Hugað var að því í nefndinni hvort setja ætti sérstök lög um auglýsingar en horfið var að því að hafa frumvarpið í því formi að nýjum kafla væri skotið inn í verðlagslögin.

Ekki er útilokað að ákvæðum auglýsingakafla verðlagslaga og auglýsingareglugerðar á grundvelli laganna megi að einhverju leyti beita um auglýsingar á sérsviðum þar sem þau kunna að vera almennara eðlis og til fyllingar þeim lögum. Aðalatriðið er þó að ekki er ætlunin að láta ákvæði verðlagslaganna og reglugerðarinnar skarast við ákvæði sérlaga. Það gæti haft óheppileg áhrif, t.d. ef mismunandi aðilar kærðu ákveðna auglýsingu fyrir ólíkum úrlausnaraðilum, svo sem fyrir Jafnréttisráði á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla annars vegar og fyrir auglýsinganefnd samkvæmt verðlagslögunum hins vegar. Auglýsinganefndin mundi væntanlega vísa þeim málum frá sér sem hún teldi heyra undir Jafnréttisráð.

Nefndin, sem samdi frumvarpið, taldi æskilegt að hafa fá ákvæði í lögum en mæla hins vegar fyrir um setningu reglugerðar sem tæki á hinum fjölbreytilegustu hliðum auglýsingamála og auðvelt væri að laga að þörfum tímans hverju sinni.

Markmiðið með nýjum ákvæðum í lögum og reglugerð er að stuðla enn frekar en nú er gert að heilbrigðri samkeppni á auglýsingamarkaðinum og vernda betur hagsmuni neytenda, fyrst og fremst barna. Auglýsingaákvæði annarra íslenskra laga eða reglna á grundvelli þeirra, sem jafnframt þarf að virða, byggjast ekki endilega á sömu sjónarmiðum. Sem dæmi um sérlög má nefna lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, áfengislög, lög um tóbaksvarnir, læknalög, lyfjalög, útvarpslög, almenn hegningarlög, lög um þjóðfána Íslendinga og lög um þjóðsöng Íslendinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér á eftir verður fyrst fjallað um þær greinar er verða munu, ef Alþingi samþykkir, 45.–56. gr. verðlagslaganna.

a. (45. gr.)

Hér er greint frá því til hvaða tegunda auglýsinga lögunum og reglugerðinni á grundvelli þeirra er ætlað að ná en upptalningin er ekki tæmandi. Byggt er á ýmsum heimildum, m.a. læknalögum og bresku auglýsingasamþykktinni.

Ákvæðin ná til auglýsinga hér á landi og því ekki til auglýsinga í erlendum sjónvarps- eða hljóðvarpssendingum né auglýsinga í erlendum blöðum, tímaritum og öðrum prentgögnum sem berast til Íslands nema þeim sé beint sérstaklega að Íslandi og unnt sé að koma fram ábyrgð á hendur þeim sem stendur að baki útsendingunum, beint eða óbeint, t.d. íslenskum umboðsmanni fyrir erlenda vöru eða þjónustu. Í þessu sambandi má vísa til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi, sbr. 3. mgr. 6. gr. útvarpslaga, og laga um tóbaksvarnir, svo og að því er ábyrgð varðar til dóms er gengið hefur í Finnlandi en greint er frá honum í framangreindu riti eftir Ulf Bernitz.

Auglýsingar eru ekki skilgreindar í frumvarpinu. Taka má fram að í 2. gr. Evrópusamningsins um sjónvarpssendingar yfir landamæri (Evrópuráðssamningsins) eru auglýsingar skilgreindar sem svo að þar sé átt við almennar tilkynningar sem ætlað er að örva sölu, kaup eða leigu vöru eða þjónustu, vinna að framgangi málstaðar eða hugmyndar eða hafa önnur áhrif sem auglýsandi sækist eftir enda komi fyrir greiðsla eða annað endurgjald. Í inngangi siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingar er sagt að auglýsing sé notuð í víðustu merkingu sinni og nái yfir auglýsingar sem snerta varning, þjónustu og aðstöðu.

b. (46. gr.)

Ákvæði 1. mgr. 46. gr., um það að auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi skuli vera á lýtalausri íslensku en erlendur söngtexti megi þó vera hluti auglýsingar, eru efnislega samhljóða ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi. Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar er fjallað um það þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni er sýnir atburði sem gerast í sömu andrá. Skulu auglýsingar, sem eru hluti af slíku dagskrárefni, undanþegnar íslenskuskilyrði reglugerðarinnar. Eðli málsins samkvæmt hlýtur að verða að túlka 1. mgr. 46. gr. með sama fyrirvara, sbr. þó það sem segir í athugasemd við 45. gr. um auglýsingar sem beint er sérstaklega að Íslandi.

Í 2. mgr. 46. gr. er það einnig sett fram sem aðalregla að aðrar auglýsingar en auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi skuli vera á lýtalausri íslensku. Með undantekningarheimildinni, þess efnis að auglýsingatexti megi vera á erlendu máli þegar sérstaklega stendur á, t.d. þegar auglýsingum er aðallega beint til útlendinga, eru m.a. hafðar í huga auglýsingar í alþjóðlegum flugstöðvum, á alþjóðlegum vörusýningum og í minjagripaverslunum. Ætla má að auglýsingar í dagblöðum verði í algerum undantekningartilvikum á erlendu máli eingöngu. Oft gæti farið saman í ofangreindum auglýsingum íslenskur og erlendur texti, t.d. á veggauglýsingu í flugstöð.

c. (47. gr.)

Þessi grein er efnislega samhljóða 27. gr. verðlagslaganna varðandi villandi auglýsingar. Orðið keppinautur er þó nokkru víðtækara en atvinnurekandi. Auglýsingar skulu og vera í samræmi við ákvæði reglugerðar sem kunna að vera ítarlegri.

d. (48. gr.)

Ákvæði 1. mgr. 48. gr., þess efnis að auglýsingar skuli þannig úr garði gerðar að ekki

leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða og þær skuli skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla, eru efnislega samhljóða 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi en víðtækari að því leyti að þær ná ekki einungis til auglýsinga í hljóðvarpi og sjónvarpi, sbr. 11. gr. siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins. Í 4. gr. útvarpslaganna segir aðeins að auglýsingar skuli vera skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum.

Meðal þeirra tilvika, sem snert geta 1. mgr. 48. gr., má nefna að orðið fréttir eða því um líkt væri notað til að auðkenna auglýsingar, t.d. í fyrirsögn þeirra.

Í 2. mgr. 48. gr. er það áskilið að auglýsingar í sjónvarpi og hljóðvarpi skuli fluttar í sérstökum auglýsingatímum. Þetta ákvæði er í samræmi við 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi en þar er reyndar talað um sérstaka almenna auglýsingatíma, sbr. 3. mgr. 18. gr. útvarpslaga. Í 3. gr. reglugerðarinnar segir að auglýsingatímum skuli jafnan hagað þannig að ekki leiði til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi. Virðist því ekki útilokað að auglýsingar geti tengst dagskrá að einhverju leyti.

Tekið skal fram að í 11. gr. tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins um sjónvarpsstarfsemi er aðalreglan sú að auglýsingar skuli birtar milli dagskrárliða. Að vissum skilyrðum uppfylltum má skjóta auglýsingum inn í dagskrárliði á þann hátt að þær spilli ekki heildaráhrifum og gildi dagskrárliða enda sé tekið tillit til eðlilegra hléa í dagskrárliðum, lengdar og eðlis þeirra og réttinda rétthafa. Í 11. gr. er m.a. mælt fyrir um það að auglýsingar skuli aðeins vera í hléum í íþróttaþáttum, þröngar skorður eru settar við rofi á kvikmyndum, fréttaþáttum og barnatímum en rýmri skorður settar við rofi á t.d. léttum skemmtiþáttum. Með tilliti til aukins samstarfs Evrópuríkja er útlit fyrir að reglur og framkvæmd hér á landi verði með svipuðum hætti er fram líða stundir.

Um kostnaðaraðild er ekki fjallað í frumvarpi þessu. Þykir eðlilegast að henni sé gefinn gaumur í tengslum við útvarpslög þar eð hún tengist fyrst og fremst gerð þátta og annars dagskrárefnis í sjónvarpi eða hljóðvarpi. Í þessu sambandi vísast til skilgreiningar í d-lið 1. gr. tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins um sjónvarpsstarfsemi og 17. gr. sömu tilskipunar, svo og skilgreiningar í g-lið 2. gr. Evrópusamningsins um sjónvarpssendingar yfir landamæri og IV. kafla samningsins (17.–18. gr.)

e. (49. gr.)

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, sem snerta börn, eiga sér fyrirmynd í 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi en ná hér til auglýsinga almennt eftir því sem við getur átt. Útfæra mætti þessa grein í reglugerð, eftir því sem þurfa þætti, og taka t.d. mið af 13. gr. siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi, svo og leiðbeiningum ráðsins við siðareglurnar, þ.e. nokkrum greinum sem snerta börn, m.a. 4. gr., og jafnvel 3. tölul. 3. gr. siðareglnanna um að auglýsingar skuli ekki innihalda neitt sem getur hvatt til ofbeldisverka eða stutt slíkt athæfi.

Að því er varðar 2. mgr. 49. gr. skal hér nefnt sem dæmi að auglýsing sýni barn við stýri ökutækis eða að leik aftan við það. Svipað ákvæði er að finna í 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi og 12. gr. siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins auk 4. gr. leiðbeininga ráðsins við siðareglurnar, svo og í viðauka I við bresku samþykktina og í d-lið 16. gr. tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins um sjónvarpsstarfsemi.

f. (50. gr.)

Rétt þótti að hafa í frumvarpi þessu ákvæði um uppsetningu auglýsinga á mannvirkjum. Kann þetta ákvæði að leiða til þess að menn fái fremur leyfi eigenda eða annarra

réttra aðila til að setja auglýsingaspjöld upp innan á búðarglugga eða á annan þann hátt sem veldur eigi umhverfisspjöllum.

Æskilegt er að ábyrgðaraðila sé getið á auglýsingum þessum.

g. (51. gr.)

Hér er mælt fyrir um það að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi er að finna í viðauka II við frumvarp þetta en auk þess kann að vera unnt að leita fanga í öðrum erlendum heimildum. Hafa sumar þeirra m.a. verið nefndar í almennum inngangi athugasemdakaflans hér að framan og er þar að auki dreift sérstaklega með frumvarpinu.

h. (52. gr.)

Í grein þessari eru tekin af tvímæli um það á hverjum sú ábyrgð hvíli að ákvæði laga og reglugerðar á grundvelli þeirra séu haldin. Nánari útfærsla á ábyrgð mismunandi aðila yrði í reglugerð og þar grundvölluð á 14. gr. siðarreglna Alþjóðaverslunarráðsins.

i. (53. gr.)

Hér er mælt fyrir um það að viðskiptaráðherra skipi auglýsinganefnd sem gert er ráð fyrir að gegni lykilhlutverki í að framfylgja ákvæðum verðlagslaga og reglugerðar á grundvelli þeirra að því er varðar auglýsingar. Bent skal á að sérstök siðanefnd hefur starfað hér á landi að því að framfylgja siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins og er hún skipuð þremur fulltrúum Sambands íslenskra auglýsingastofa, einum fulltrúa frá Verslunarráði Íslands og einum fulltrúa frá Neytendasamtökunum. Auglýsinganefnd á grundvelli verðlagslaganna mun þó geta nýtt sér ýmis úrræði er hin nefndin getur ekki beitt, t.d. bannað auglýsingar, og kann það að skipta máli í ýmsum tilvikum.

Rétt þótti með hliðsjón af efni laganna og væntanlegrar reglugerðar að gera þá kröfu að formaður nefndarinnar væri lögfræðingur, svo og að aðrir nefndarmenn væru sérfróðir um öll svið auglýsinga auk fulltrúa frá Neytendasamtökunum og þá tilnefndir af viðeigandi aðilum þar sem unnt væri. Má færa rök að því að þetta skapi meira traust á nefndinni en ella væri af hálfu þeirra er hafa afskipti af auglýsingum í starfi sínu. Þetta þykir og hafa gefist vel erlendis.

j. (54. gr.)

Ákvæði 1. mgr. eru eigi tæmandi varðandi það hvert aðilar geti snúið sér vegna ætlaðra brota á ákvæðum verðlagslaga eða reglugerðar á grundvelli þeirra. Í athugasemd við i-lið (53. gr.) var getið nefndar þeirrar sem starfar á frjálsum grundvelli að því að framfylgja siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins hér á landi. Þá geta menn snúið sér til dómstóla eða kært beint til refsingar til réttra aðila.

Verðlagsstofnun, sem af opinberri hálfu hefur fengist við kærur varðandi ætluð brot á auglýsingaákvæðum verðlagslaganna, mun samkvæmt ákvæðum frumvarpsins gegna þjónustuhlutverki við auglýsinganefnd og þarfnast 2. mgr. eigi nánari skýringar.

k. (55. gr.)

Í þessari grein er getið úrræða þeirra er auglýsinganefnd getur beitt. Hér er fyrst og fremst um að ræða heimild til að banna auglýsingar en sams konar heimild hefur verðlagsráð nú. Má geta þess til skýringar að ráðið bannaði nýlega að nota í auglýsingu orðið leðurlúx vegna þess að um leðurlíki var að ræða. Þótti þetta villandi. Í verðlagslög-

unum er einnig févítisheimild nú þannig að hér er ekki um nýmæli að ræða. Rétt þótti hins vegar að formaður auglýsinganefndar, sem vera skal lögfræðingur, og jafnframt starfandi formaður hafi heimild til að banna auglýsingu til bráðabirgða til að auglýsingaákvæðin verði sem virkust. Sé vafi á ferðinni mundi formaður eða starfandi formaður kalla auglýsinganefndina saman í stað þess að grípa til bráðabirgðabanns. Brot á bráðabirgðabanni eða banni, sem févíti er eigi lagt við, getur haft áhrif á refsingu sem beita má.

Í 4. mgr. segir að þess megi eftir atvikum krefjast að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar. Þetta þarfnast ekki nánari skýringar.

Að því er varðar sátt má vísa til 43. gr. verðlagslaganna til hliðsjónar.

Tekið skal fram að ekkert mundi banna auglýsinganefnd eða formanni hennar að birta skriflegt og rökstutt bann opinberlega.

i. (56. gr.)

Ákvæðið um upplýsingaskyldu er svipað öðru ákvæði í verðlagslögunum. Er það nauðsynlegt til að mál verði byggð á sem traustustum grunni að mati auglýsinganefndar.

Um 2. gr.

Hér eru gerðar nauðsynlegar breytingar á 27. gr. verðlags laganna eftir að þau ákvæði greinarinnar, er varða auglýsingar, hafa verið numin brott.

Um 3. gr.

Rétt þykir að hafa í lögunum heimild til að dæma fyrirtæki og aðra lögaðila í fjársektir en slíkt ákvæði á sér fyrirmyndir í refsirétti.

Ekki þykir ástæða til þess að hafa í lögunum heimild til að dæma í refsingu vegna einfalds gáleysis heldur þarf til að koma ásetningur eða stórfellt gáleysi. Önnur úrræði þykja duga gegn einföldum gáleysisbrotum, t.d. bann ef þurfa þykir.

Um 4. gr.

Þessi grein þarfnast eigi skýringar.

Um 5. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

I. VIÐAUKI.

Ýmis lög og reglur er varða auglýsingar (miðað við aldursröð laganna).

Lög nr. 32/1933 um tilbúning og verslun með smjörlíki o.fl.

4. gr.

Þegar vörur þær sem um getur í 1. gr. laga þessara eru boðnar til sölu, sýndar eða auglýstar, fluttar inn í landið eða út úr því skulu þær nefndar, eftir því sem við á, smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, svo og skal geta nafns framleiðanda. Bannað er að orðin smjör, mjólk og rjómi eða nokkur orð eða myndir, sem minnt geti á landbúnaðarafurðir, séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan hátt en í vöruheitunum sjálfum svo sem þau eru skilgreind í 1. gr.

Úr 1. mgr. 10. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sér um að ákvæðum laga þessara sé fylgt ...

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á lögunum skal fara að hætti opinberra mála.

Lög nr. 34/1944 um þjóðfána Íslendinga.

4. mgr. 12. gr.

Óheimilt er að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vörum.

14. gr.

Brot gegn 4. og 5. gr. og 1. málsgr. 12. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og gegn forsetaúrskurðum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum.

Mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

Lög nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

43. gr.

Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með leiksýningum og öðrum opinberum sýningum, svo og hvers konar öðrum skemmtunum. Er þeim sem veita slíkum skemmtunum forstöðu skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni þeirra á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur skemmtun skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni, sbr. þó um kvikmyndasýningar 58. gr. 5. málsgr. Skulu þá forstöðumenn skemmtunar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana. Þegar börnum og ungmennum er bannaður aðgangur að þeim skemmtunum sem að ofan greinir, þar með taldar kvikmyndasýningar, sbr. 58. gr. þessara laga, skal miða aldur þeirra við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum sem honum eru settar samkv. ákvæðum greinar þessarar varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

59. gr.

Um rannsókn og meðferð brota, sem refsing er lögð við í lögum þessum, fer að hætti opinberra mála.

Lög nr. 82/1969, áfengislög.

4.–5. mgr. 16. gr.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

1. mgr. 33. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

49. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum að hætti opinberra mála.

Reglugerð nr. 62/1989 um bann við áfengisauglýsingum, sbr. rg. nr. 317/1991.

1. gr.

Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar.

Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

2. gr.

Með auglýsingu er í reglugerð þessari átt við hvers konar tilkynningar til almennings þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar á áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna o.þ.h.

Ákvæðið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda, sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur, heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja enda skal tekið fram með áberandi hætti að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi áfengislaga og ekki sé vísað til hinnar áfengu framleiðslu. Skal letur sem vísar til hins óáfenga drykkjar ekki vera minna áberandi en letur firmanafnsins og/eða firmamerkisins.

3. gr.

Undanþegið banni við áfengisauglýsingum er:

1. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum, sem flutt eru til landsins, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.
2. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilar.
3. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningatækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum, bréfsefni eða öðru sem beinlínis tengist starfsemi hans.

4. gr.

Með brot á ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála. Um refsingar fer skv. áfengislögum nr. 82/1969, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. mgr. 16. gr. áfengislaga, nr. 82, 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 16. gr. reglugerðar um sölu og veitingar áfengis, nr. 335, 18. maí 1983.

Lög nr. 47/1971 um náttúruvernd.

19. gr.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á eign þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar. Spjöld með leiðbeiningum fyrir vegfarendur, svo sem um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði, þjóðgarða og friðunarsvæði, falla ekki undir ákvæði þessi.

Náttúruverndarráð setur reglur um auglýsingar og leiðbeiningar samkvæmt þessari grein og úrskurðar vafaatriði.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi.

Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 2000 krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum, eða til þess að láta af atferli sem er ólögmætt.

Menntamálaráðuneytið skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Reglugerð nr. 205/1973 um náttúruvernd.

15. gr.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Heimilar eru þó látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á eign þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Spjöld með leiðbeiningum um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði, þjóðgarða og friðunarsvæði falla ekki undir ákvæði þessi.

16. gr.

Eign telst samkvæmt reglugerð þessari hús, hlað eða hliðstæð athafnasvæði, svo og girðingar umhverfis þau.

Þéttbýli telst í reglugerð þessari samfelld byggð sem reist hefur verið samkvæmt samþykktu eða staðfestu skipulagi.

17. gr.

Vilji eigendur þjónustustaða koma upp leiðbeiningum fyrir ferðafólk er þeim heimilt að setja upp stöðluð merki, sem ákveðin verði í umferðamerkjareglugerð, á þeim stöðum sem Vegagerð ríkisins, lögreglustjóri og Náttúruverndarráð samþykkja og reglur um slík merki leyfa.

18. gr.

Náttúruverndarráð gerir tillögur til dómsmálaráðuneytisins um það hvers konar þjónustu skuli leyfa að auglýsa á þennan hátt og hvaða reglur skuli gilda hverju sinni um hvert merki.

41. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum í ríkissjóð eða varðhaldi.

Ef aðili sinnir ekki, innan tiltekins frests, fyrirmælum sveitarstjórnar, náttúruverndarnefndar eða Náttúruverndar ráðs getur lögreglustjóri ákveðið honum dagsektir, allt að 2000 krónum, þar til úr er bætt, er renni í ríkissjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd, öðlast þegar gildi.

Lög nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Úr V. kafla. Óréttmætir viðskiptahættir og neytendavernd.

26. gr.

Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr., er óheimilt að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti, sem tíðkaðir eru í slíkri starfsemi, eða er óhæfilegt gagnvart neytendum.

27. gr.

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess, sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi, sem lög þessi taka til, sbr. 2. gr.

Nú eru upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir óhæfilegar gagnvart öðrum atvinnurekendum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um félög og samtök sem vinna að hagsmunum atvinnurekenda og neytenda.

29. gr.

Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda betri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

30. gr.

Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

31. gr.

Óheimilt er við framboð vara, þjónustu eða annars þess sem látið er í té og lög þessi taka til að bjóða neytendum kaupbæti eða eitthvað það sem jafna má til kaupbætis nema verðmæti það sem í kaupbætinum felst sé óverulegt. Auglýsingar um kaupbæti, sem óheimill er samkvæmt ákvæðum 1. málsl., eru bannaðar.

Greiðsla, sem að öllu leyti er sömu tegundar og aðalgreiðslan , telst ekki kaupbætir.

32. gr.

Óheimilt er að bjóða neytendum annað en peninga gegn afhendingu merkis eða annars skilríkis sem afhent er við sölu vöru eða þjónustu.

Nú veitir merki eða skilríki aðeins rétt til eftirlits, viðgerðar eða því um líks á hinu selda og eiga þá ákvæði 1. mgr. ekki við.

33. gr.

Óheimilt er í því skyni að örva sölu á vöru, þjónustu eða öðru því sem í té er látið og lög þessi taka til að úthluta vinningum með hlutkesti, í formi verðlaunasamkeppni eða á annan hliðstæðan hátt þar sem tilviljun ræður að öllu leyti eða að hluta hver niðurstaðan verður.

Útgefendum blaða og tímarita er þó heimilt að úthluta vinningum með hlutkesti í sambandi við lausn verðlaunasamkeppni.

36. gr.

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

37. gr.

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur sem merktar eru sjálfar eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarandi heitum alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum, svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið og lög þessi taka til er óheimilt að nota í heimildarleysi íslenska ríkisskjaldarmerkið og skjaldarmerki íslenskra sveitarfélaga, svo og erlend ríkisskjaldarmerki.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum, skjaldarmerki íslenska ríkisins eða öðrum hliðstæðum þjóðlegum auðkennum eða skírskotað til þeirra á annan hátt.

38. gr.

Verðlagsráð getur bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði 26. og 27. gr. Banni má fylgja ákvörðun um févíti sem kemur til framkvæmda ef bannið er brotið. Févíti má innheimta með lögtaki.

39. gr.

Verk, sem felur í sér brot á banni að viðlögðu févíti, varðar ekki refsingu eftir lögum þessum.

40. gr.

Bann samkvæmt 38. gr. skal tekið til meðferðar eftir umsókn verðlagsstofnunar. Ákveði verðlagsstofnun í ákveðnu tilfelli að sækja ekki um bann getur sá gert það sem hefur á boðstólum vörur, þjónustu eða annað sem í té er látið og lög þessi taka til og málið snertir eða samtök þeirra sem það hafa, samtök neytenda og launþega.

41. gr.

Ákvörðun um bann samkvæmt þessum kafla er því ekki til fyrirstöðu að sama mál sé tekið til meðferðar á ný þegar breyttar aðstæður eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til þess.

42. gr.

Við sérstakar aðstæður má leggja á bann til bráðabirgða sem gildir til þess tíma er endanleg ákvörðun liggur fyrir. Endanlega ákvörðun verður að taka innan sex vikna frá því að bann til bráðabirgða var lagt á.

43. gr.

Máli um bann við athöfn, er brýtur í bága við ákvæði 26.–27. gr., getur verðlagsstofnun lokið með sátt ef það er ekki mikilvægt.

Sáttin felst í því að fyrir þann sem talinn er hafa unnið verk sem fellur undir 26. eða 27. gr. eru til samþykktar strax eða innan ákveðins tíma lögð fyrirmæli um bann að viðlögðu févíti við að halda verknaðinum áfram eða framkvæma annan slíkan verknað.

Nú hefur sátt komist á og gildir hún þá sem bann samkvæmt ákvörðun verðlagsráðs samkvæmt 38. gr. Viðurkenning, sem gerð er, eftir að sá tími er liðinn sem til þess var settur í sáttaboðinu, hefur þá ekkert gildi.

44. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessa kafla.

52. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim, varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Heimilt er að beita sektum jafnframt refsivist eftir því sem við á samkvæmt 49. gr. almennra hegningarlaga.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga,

Svipta má sökunaut rétti til að stunda starfsemi, er opinbert leyfi eða löggildingu þarf til, um tiltekinn tíma allt að 5 árum eða ævilangt.

Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil.

1. mgr. 53. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

Lög nr. 7/1983 um þjóðsöng Íslendinga.

3. gr.

Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upprunalegu gerð. Ekki er heimilt að nota þjóðsönginn á nokkurn hátt í viðskipta- eða auglýsingaskyni.

4. gr.

Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðsöngsins og sker þá forsætisráðherra úr.

5. gr.

Með forsetaúrskurði skal setja nánari ákvæði um notkun þjóðsöngsins ef þörf þykir.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða varðhaldi. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Lög nr. 74/1984 um tóbaksvarnir.

7. gr.

7.1. Hvers konar auglýsingar á tóbaki og reykfærum eru bannaðar hér á landi. Þetta nær þó ekki til auglýsinga í ritum sem út eru gefin utanlands af erlendum aðilum á erlendum tungumálum enda sé megintilgangur þeirra ekki að auglýsa slíkar vörur.

7.2. Bannað er enn fremur að sýna neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks eða reykfæra í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

7.3. Með auglýsingum er í lögum þessum m.a. átt við hvers konar tilkynningar til almennings, eftirlíkingar af tóbaksvarningi, skilti og svipaðan búnað, útstillingar og notkun tóbaksvöruheita og auðkenna.

16. gr.

16.1. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

17. gr.

17.1. Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.

17.2. Nú er brotið gegn ákvæðum II.kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr.laga nr. 50/1981 (nú 109/1984, sbr. texta hér á eftir).

1. og 4. mgr. 19. gr.

19.1. Sá sem brýtur gegn ákvæðum 6. og 7. gr. skal sæta sektum en varðhaldi séu sektir miklar eða brot ítrekað.

19.4. Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

21. gr.

21.1. Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

Lög nr. 108/1984, lyfjalög.

VII. kafli. Auglýsing og kynning lyfja, lækningaáhalda, sjúkravarnings og lyfjagagna.

18. gr.

Auglýsa má og kynna fullgerð lyf, sbr. 7. gr., lyfjavöru, læknis- og lækningaáhöld og lyfjagögn á íslensku í tímaritum eða blöðum lækna, lyfjafræðinga, tannlækna, dýralækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, ljósmæðra og lyfjatækna og annarra sem vinna áþekk störf, svo og nemenda í þessum greinum.

Í lyfjaauglýsingum skal, auk þeirra atriða er getur í 1., 2., 3. og 5. tölulið 17. gr., greina helstu ábendingar (indicationes) og frábendingar (contraindicationes) er varða notkun hlutaðeigandi lyfja og pakkningastærðir. Ennfremur stærð skammta og helstu atriði önnur en notkun og hjáverkanir. Skulu framangreindar upplýsingar ætíð vera í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrá, lyfjastöðlum, sérlyfjaskrá eða skrá um stöðluð lyf, sbr. 13. gr.

19. gr.

Heimilt er að senda slíkar upplýsingar í pósti til fyrrgreindra einstaklinga. Heimilt er og að kynna þeim lyf og áðurtalinn varning munnlega eða á myndum, kvikmyndum eða í sjónvarpi, en þó á þann hátt að ekki sé líklegt að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

20. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum lyfjanefndar, að leyfa auglýsingu eða kynningu á lausasölulyfjum í lyfjabúðum, lyfjaútibúum, lyfjahlöðum og í sérstökum tilvikum á öðrum stöðum eða á annan hátt enda skal texti auglýsingar eða kynningar vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, svo og annarra fyrirmæla er að þessu lúta.

21. gr.

Bannaðar eru hvers konar aðrar auglýsingar um lyf og annan þann varning sem talinn er í 18. gr.

22. gr.

Óheimilt er að senda eða afhenda lyfjafræðingum, aðstoðarlyfjafræðingum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraþjálfurum, ljósmæðrum og lyfjatæknum og öðrum, sem vinna áþekk störf við heilbrigðisþjónustu, lyfjasýnishorn.

Heimilt er hins vegar að senda eða afhenda lækni, tannlækni eða dýralækni lyfjasýnishorn í minnstu pakkningu og án greiðslu enda sé um að ræða lyf sem hér eru á markaði, sbr. 7. gr., og ekki teljast ávana- eða fíknilyf.

Óheimilt er að senda lyfjasýnishorn á einkaheimili.

23. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins gætir þess að lyfjaauglýsingar séu réttar. Getur eftirlitið bannað tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Eftirlitið getur og krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar. Lyfjaeftirlitið leitar álits lyfjanefndar eða lyfjaverðlagsnefndar í þeim tilvikum er vafi leikur á réttmæti lyfjaauglýsingar. Véfengi auglýsandi úrskurði lyfjaeftirlitsins sker landlæknir úr.

24. gr.

Landlækni er heimilt að senda út tilkynningar um lyf, m.a. til þess að vara við hjáverkunum þeirra, sbr. 29. gr. 3. tl. og 54. gr.

25. gr.

Landlæknir getur bannað auglýsingar um læknis- og lækningaáhöld eða lyfjagögn, sbr. 1. málsgr. 18. gr., er gefa rangar eða villandi upplýsingar. Auk þess getur hann krafist að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.

26. gr.

Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins og landlæknis, að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga er um ræðir í þessum kafla. Reglugerðin skal einnig kveða nánar á um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna, sbr. 22. gr. Leita skal álits lyfjanefndar og lyfjaverðlagsnefndar um reglugerð þessa.

Úr 50. gr.

Hlutverk Lyfjaeftirlits ríkisins er sem hér segir:

...

6. Að hafa eftirlit með lyfjaauglýsingum og sjá til þess, að kynning og dreifing lyfja sé almennt í samræmi við gildandi lög og reglur, sbr. 18.–26. gr.

1.–3. mgr. 58. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú er brot ítrekað eða stórfellt og skal þá refsa með varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Lög nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
(sbr. tilvísun í 17. gr. laga nr. 74/1984 um tóbaksvarnir).

27.1. Til þess að knýja um framkvæmd ráðstöfunar skv. lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum skv. þessum ákvæðum getur heilbrigðisnefnd beitt eftirfarandi aðgerðum:
1. Veitt áminningu.
2. Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.
3. Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

27.2. Stöðvun skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekuð sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slíkt brot að ræða getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi rekstrar teljist rík ástæða til.

27.3. Þar sem innsiglun er beitt við stöðvun skulu heilbrigðisnefndir nota sérstök innsigli er auðkenni þær.

27.4. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar getur hún ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Hámark dagsekta skal ákveðið í heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.

27.5. Ef aðili vanrækir að vinna verk sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað í samræmi við þessi lög og reglur er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Kostnaður skal til bráðabirgða greiddur úr sveitarsjóði en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi.

27.6. Kostnað og dagsektir skv. 27. gr. 4. og 5. tl. má innheimta með lögtaki.

27.7. Sé vinna sú sem heilbrigðisnefnd lætur framkvæma skv. 27. gr. 5. tl. tilkomin vegna vanhirðu, óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

27.8. Heilbrigðisnefndum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þ. á m. sýna- og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir ná yfir og geta leitað aðstoðar lögreglu ef með þarf.

27.9. Heilbrigðisnefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra vara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt.

27.10. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita heilbrigðisnefndum allar nauðsynlegar upplýsingar sem krafist er vegna heilbrigðiseftirlitsins.

27.11. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að afhenda heilbrigðisnefndum nauðsynleg sýni vegna heilbrigðiseftirlitsins endurgjaldslaust.

Lög nr. 68/1985, útvarpslög.

Úr 3. gr.

Útvarpsréttarnefnd getur veitt sveitarfélögum og öðrum lögaðilum tímabundið leyfi til útvarps fyrir almenning á afmörkuðum svæðum.

Slík leyfi eru háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

...

4. Skylt er útvarpsstöðvum að lesa tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.
5. Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni, sem þær senda út, í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, hegningarlög eða önnur lög eftir því sem við á.

4. gr.

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis. Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðrum dagskrárliðum. Gjaldskrár fyrir auglýsingar skulu háðar samþykki útvarpsréttarnefndar.

3. mgr. 6. gr.

Dreifing þráðlaust eða um þráð á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervihnött, er óheimil nema með samningi við viðkomandi útvarpsstöð, er dagskrána sendi, og með samþykki Póst- og símamálastofnunar. Útvarpsstöð, sem einungis dreifir efni sem móttekið er um gervihnött, er háð skilyrðum 3. og 5. greinar laga þessara eftir því sem við á. Þó eru auglýsingar, sem fylgja dagskrá um gervihnött, heimilar brjóti þær ekki í bága við íslensk lög.

8. gr.

Heimilt er með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd 3.–7. greina.

Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.

1. mgr. 11. gr.

Tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem skal vera 10% og leggjast á allar auglýsingar í útvarpi.

3. mgr. 18. gr.
(í kaflanum um Ríkisútvarpið)

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

2. og 5. mgr. 22. gr.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða.

...

Útvarpsstjóri staðfestir auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár eftir tillögu framkvæmdastjóra fjármáladeildar.

Úr 35. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

...

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

36. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 35. gr.

Skylt er útvarpsstöð að veita hverjum þeim sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni fullnægjandi upplýsingar um hver hafi borið ábyrgð á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 35. gr.

Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður ef 6 mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

37. gr.

Óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 33. gr. varðar sektum. Beita má varðhaldsrefsingu ef sök er stórfelld. Upptæk má gera viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 33. gr.

Vanræksla á tilkynningum samkvæmt 25. gr. varðar sektum.

Um önnur brot á lögum þessum fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga.

38. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

Reglur frá 1.11. 1983 um flutning auglýsinga í útvarpi og sjónvarpi [með breytingu á 8.gr. 2. mars 1990].

1. gr.

Ríkisútvarpið tekur auglýsingar til flutnings með eftirtöldum skilyrðum:

1. Þess skal gætt að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar en segi það eitt sem er satt og rétt í öllum greinum.
2. Að þær brjóti ekki í bága við íslensk lög, svo sem almenn hegningarlög, útvarpslög,lög um lækningaleyfi o.fl., lyfsölulög, áfengislög eða lög um óréttmæta viðskiptahætti.
3. Að þær brjóti ekki í bága við smekk og velsæmi.
4. Að enginn vafi leiki á því í augum og eyrum hlustenda að um auglýsingu sé að ræða.

2. gr.

Auglýsingar skulu aðeins fluttar á tilteknum nánar ákveðnum tímum. Þær skulu ætíð aðgreindar frá öðru óskyldu dagskrárefni.

Á öðrum tímum er eingöngu heimilt að flytja tilkynningar frá Ríkisútvarpinu, svo og aðvaranir eða neyðartilkynningar.

Við ákvörðun um lengd og fjölda auglýsingatíma skal ætíð hafa í huga að meginhlutverk Ríkisútvarpsins er á sviði upplýsinga, menntunar og skemmtunar.

3. gr.

1. Ráðherra ákveður gjald fyrir auglýsingar að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Heimilt er að ákveða mismunandi gjald fyrir hina ýmsu auglýsingatíma.

Útvarpsstjóri setur reglur um greiðslu auglýsinga.

2. Auglýsandi eða umboðsaðili hans ber fulla ábyrgð á pöntunum og greiðslu auglýsinga fyrir umbjóðendur sína.

4. gr.

Auglýsandi ber fulla ábyrgð á efni auglýsingar.

Auglýsandi eða umboðsaðili hans skilar auglýsingu mynd- og/eða hljóðritaðri og tilbúinni til flutnings. Ríkisútvarpið setur nánari reglur um tæknileg atriði og hafnar auglýsingu sem það telur tæknilega ófullnægjandi.

Falli birting auglýsingar niður, eða komi fram galli í útsendingu sem rekja má til mistaka eða tæknilegra örðugleika hjá Ríkisútvarpinu, skal það bætt með: a) aukabirtingu án endurgjalds, b) niðurfellingu gjalds í þeim tilvikum sem endurbirtingu verður ekki við komið.

Auglýsandi ber allan kostnað af gerð auglýsingar og flutningi hennar, þar á meðal greiðslum vegna höfundarréttar eða flytjendaréttar tóna eða talaðs máls og birtingarréttar kyrr- eða kvikmynda.

5. gr.

Ríkisútvarpið áskilur sér rétt til þess að takmarka lengd auglýsinga. Hafna skal auglýsingu ef á henni eru eftirtaldir annmarkar:

1. Ef vafi leikur á hvort telja beri auglýsingu til dagskrárefnis eða auglýsingar.
2. Ef auglýsing (eða heiti auglýsanda) er mengað ádeilu eða hlutsamri umsögn um einstaka menn, stofnanir, félagsheildir, stefnur í almennum málum eða stjórnmálaflokka.
3. Ef í auglýsingu felst ósanngjarn samanburður við aðra vöru eða þjónustu.
4. Ef tal eða texti auglýsingar er ekki á réttu íslensku máli.
5. Ef auglýsing er eingöngu á erlendu máli.
6. Ef auglýsing er fallin til að vekja ótta.
7. Ef auglýsing hvetur til ofbeldis.
8. Ef auglýst er áfengi eða tóbak.
9. Ef auglýsing fjallar um peningalán annarra en innlánsstofnana.
10. Ef auglýsa á hjónabandsmiðlun, hvers konar spádóma eða dulrænar lækningar.
11. Ef ætla má að auglýsing hafi önnur áhrif á áhorfendur en verða þeim þegar ljós. Forðast skal óhóflega há eða snögg hljóð.

6. gr.

Auglýsingaskrifstofu ríkisútvarpsins er heimilt að gera breytingar á texta auglýsingar ef nauðsynlegar eru til þess að hún samrýmist þessum reglum enda skulu breytingarnar gerðar í samráði við auglýsanda. Ef ekki næst til auglýsanda skal auglýsingu skotið á frest eða hún felld niður fremur en að efni hennar sé verulega raskað eða gildi hennar rýrt án samþykkis hans.

7. gr.

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim. Ekki má í auglýsingum notfæra sér vanþroska eða trúgirni barna eða vekja hjá þeim þá trú að þeim sé eitt eða annað nauðsynlegt af annarlegum ástæðum, svo sem samanburði við önnur börn eða vegna útlits.

8. gr.

Auglýsingar fyrir hvers konar almennar kosningar skulu í einu og öllu fullnægja skilyrðum 2.gr., 5. tl., og 4. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi nr. 611/1989.

Auglýsingar frá stjórnmálaflokkum og öðrum þeim sem að framboði standa skulu falla innan þess tíma sem í almennri dagskrá er ætlaður til auglýsinga. Lengd þessara auglýsinga skal vera sambærileg við aðrar auglýsingar og óheimilt er að veita einum framboðsaðila afnot af heilum auglýsingatíma.

Magn auglýsinga frá einum samtökum í framboði má ekki verða til þess að hindra birtingu auglýsinga annarra framboðsaðila. Áskilur Ríkisútvarpið sér rétt til niðurröðunar þeirra og að panta þurfi þær með ákveðnum fyrirvara. Um ágreiningsatriði skal farið að ákvæðum 10.gr.

Á kjördag mega auglýsingar frá samtökum, sem að framboði standa, aðeins fjalla um skrifstofur, heiti skrifstofa, stað og símanúmer og leiðbeiningar til kjósenda um kosningu og kjörstaði.

9. gr.

Ríkisútvarpið ákveður röð auglýsinga í hverjum auglýsingatíma. Sé um samfellda röð kyrrmynda í sjónvarpi að ræða skal samanlagður birtingartími lagður til grundvallar um birtingarverð.

Auglýsingar skulu berast sjónvarpi og rás II eigi síðar en viku áður en þær eiga að birtast. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Auglýsendum er heimilt að leggja handrit að auglýsingum eða sýnishorn fyrir auglýsingadeildir Ríkisútvarpsins. Skal þá, svo fljótt sem unnt er, fella bráðabirgðaúrskurð um hvort auglýsingin verður flutt. Reynist endanleg gerð auglýsingar önnur en ætlað varð af handriti eða sýnishorni má breyta þeim úrskurði.

Heimilt er að afturkalla auglýsingu án aukakostnaðar ef um slíkt er tilkynnt a.m.k. viku fyrir pantaðan birtingardag. Ella er Ríkisútvarpinu heimilt að innheimta 10% af birtingargjaldi og fullt birtingargjald ef auglýsing er afturkölluð innan tveggja sólarhringa fyrir pantaðan birtingardag.

10. gr.

Ef vafi leikur á hvernig með auglýsingu skuli fara samkvæmt reglum þessum skal bera auglýsinguna undir útvarpsstjóra. Heimilt er útvarpsstjóra að skjóta vafaatriðum undir úrskurð útvarpsráðs. Leiki vafi á um óhlutdrægni sker útvarpsráð úr.

11. gr.

Ákvæði 4. gr. um ábyrgð auglýsanda skulu jafnan vera hluti af samningi þeirra og Ríkisútvarpsins um birtingu auglýsingar.

12. gr.

Ekkert ákvæði í reglum þessum verður skýrt svo að það feli í sér skyldu til birtingar á auglýsingu í Ríkisútvarpinu. Ef óskað er birtingar á meira auglýsingaefni en svo að unnt sé að birta það á þeim tíma, sem ætlaður er til auglýsinga, eða birting auglýsingar er talin óæskileg af öðrum orsökum en þeim sem taldar eru í þessum reglum úrskurðar útvarpsstjóri um ágreining en þeim úrskurði má skjóta til útvarpsráðs. Ríkisútvarpið greiðir ekki bætur vegna tjóns af því að auglýsing birtist ekki.

Reykjavík, 1. nóvember 1983.

Reglugerð nr. 611/1989 um auglýsingar í útvarpi.

1. gr.

Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni útvarps, hljóðvarps eða sjónvarps, þannig að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða og skulu þær fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum.

Óheimilt er að birta auglýsingar með þeim hætti að sýna firmamerki eða vörumerki sem innfellda mynd í útsendri sjónvarpsdagskrá.

2. gr.

Auglýsingar sem ætlaðar eru til flutnings í útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Auglýsingar skulu vera á lýtalausu íslensku máli. Heimilt er þó að erlendir söngtextar séu hluti auglýsingar.
2. Auglýsingar skulu ekki brjóta í bága við almennt velsæmi.
3. Auglýsingar mega ekki brjóta í bága við íslensk lög, svo sem almenn hegningarlög, útvarpslög, lög um lækningaleyfi, lyfsölulög, áfengislög, lög um tóbaksvarnir, lög um óréttmæta viðskiptahætti og lög um jafnrétti kynjanna.
4. Þess skal gætt að auglýsingar séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar en segi það eitt sem er satt og rétt.
5. Auglýsing skal ekki fela í sér ádeilu og hlutdræga umsögn um einstaka menn, stofnanir, félög, félagssamtök, stefnur í almennum málum eða stjórnmálaflokka.
6. Í auglýsingum má ekki felast ósanngjarn samanburður við aðra vöru eða þjónustu.
7. Auglýsingar skulu ekki sýna eða lýsa á neinn hátt hættulegu atferli eða atvikum þar sem öryggis er ekki gætt nema sérstök ástæða sé til í menntunarlegum eða félagslegum tilgangi, svo sem auglýsingar vegna slysavarna eða tóbaksvarna. Varúð skal sérstaklega viðhöfð í auglýsingum sem höfða til barna eða unglinga eða sýna slíka aldursflokka.
8. Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim. Ekki má í auglýsingum notfæra sér trúgirni og reynsluleysi barna eða vekja hjá þeim þá trú að þeim sé eitt eða annað nauðsynlegt, svo sem vegna samanburðar við önnur börn eða vegna útlits. Auglýsingar sem beint er til barna eða eru líklegar til að hafa áhrif á börn skulu ekki geyma staðhæfingar eða myndir sem gætu skaðað þau geðrænt eða siðferðilega.
9. Auglýsing má ekki vera til þess fallin að vekja ótta.
10. Auglýsing má ekki hvetja til ofbeldis.
11. Hafna ber auglýsingu ef gerð hennar hefur miðast við að hún hefði önnur áhrif á áhorfendur en verða mega þeim ljós.

Þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttöku stöð fréttum eða dagskrárefni er sýnir atburði sem gerast í sömu andrá skulu auglýsingar, sem eru hluti af slíku dagskrárefni, undanþegnar ákvæðum 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Auglýsingatímum skal jafnan hagað þannig að ekki leiði til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi.

4. gr.

Gæta skal þess að auglýsingar séu lausar við ótilhlýðilegan áróður eða árásir.

5. gr.

Auglýsandi ber fulla ábyrgð á efni auglýsingar. Hann skal bera allan kostnað af gerð auglýsingar og flutningi hennar, þar á meðal greiðslum vegna höfundarréttar eða flytjendaréttar tóna eða talaðs máls og birtingarréttar kyrr- og kvikmynda.

6. gr.

Heimilt er að ákveða mismunandi gjald fyrir hina ýmsu auglýsingatíma.

Á allar auglýsingar í útvarpi skal leggjast sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem skal vera 10% og rennur það til Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

7. gr.

Útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins setur nánari reglur um auglýsingar í Ríkisútvarpinu.

Aðrir aðilar, sem fengið hafa leyfi til útvarps, geta sett nánari reglur um auglýsingar í sínum útvarpsstöðvum.

Reglur, sem settar eru samkæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar, mega ekki ganga gegn ákvæðum þessarar reglugerðar.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu lögum samkvæmt.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og kemur í stað reglugerða nr. 512/1986, nr. 608/1987, nr. 496/1988 og nr. 550/1988. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. desember 1989.

Lög nr. 86/1985 um viðskiptabanka.

2. mgr. 4. gr.

Viðskiptabönkum er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið *banki* eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

Úr athugasemdum við 2. mgr. 4. gr.

Jafnframt er í 2. mgr. lagt til að viðskiptabönkum einum sé rétt og skylt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið banki. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að aðrir aðilar, einkum þeir er reka starfsemi sem er hliðstæð viðskiptabankastarfsemi, villi á sér heimildir. Ýmis fyrirtæki, sem bera heiti er felur í sér orðið banki, eru skráð í firmaskrá. Því þykir ekki fært að kveða svo á í frumvarpinu að þeir sem þegar nota orðið banki í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni skuli leggja það niður. Það er og ljóst að þau fyrirtæki, sem bera þessi firmaheiti, reka starfsemi sem lítil hætta er á að almenningur rugli saman við bankastarfsemi.

Lög nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu.

1. málsl. 8. gr.

Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða.

10. gr.

Nú hefur fasteignasali fengið eign til sölumeðferðar eða leitað er liðsinnis hans til að gera tilboð í eign. Skal hann þá semja rækilegt yfirlit yfir öll grundvallaratriði, sem máli skipta fyrir aðila, til þess að gera sér glögga hugmynd um verð eignarinnar. Yfirlit þetta skal geyma eftirfarandi upplýsingar og atriði svo sem kostur er:

1. Upplýsingar um söluverð eignar, ef það er ákveðið, og hverjir eru söluskilmálar, þar á meðal um þann hluta söluverðs sem staðgreiða á og hversu haga eigi öðrum greiðslum og hversu þær eigi að vera tryggðar.
2. Glöggar upplýsingar og gögn um stærð húss og lóðar, fyrirkomulag innan húss, byggingarlag og byggingarefni húss, aldur þess og endurbyggingar eða viðbyggingar, ef því er að skipta, ástand húss, þar á meðal um galla, sem kunnir eru á því, hversu upphitun sé háttað og hversu hús sé glerjað, staðsetningu og atriði sem máli skipta vegna byggingar- og skipulagslaga. Einnig skal greina ástand lóðar. Teikning af húsi skal vera fyrir hendi, ef kostur er, og að jafnaði ljósmyndir af því ef eigi er unnt að skoða það eða vitað er að skoðun muni ekki fara fram. Ef um sameign er að ræða skal greina glögglega eignarhlutdeild í húsi og lóð, svo og um óskipta sameign.
3. Upplýsingar um matsverð eignar skv. fasteignamati og brunabótamati, svo og önnur matsgögn ef til eru.
4. Nú er seld fasteign eða skip í smíðum og skal þá gera nákvæma grein fyrir því á hvaða stigi smíðin er þegar kaupandi á að taka við eigninni og hversu staða aðilanna verði tryggð.
5. Grein skal gerð fyrir veðskuldum og öðrum eignarhöftum sem kunna að hvíla á eigninni, stutt vottorði úr þinglýsingarbókum. Greina ber hvers eðlis eignarhöftin eru, þar á meðal kvaðir sem á eign kunna að hvíla. Greina skal glögglega um eftirstöðvar veðskulda sem hvíla eiga á eign og kaupandi tekur að sér að greiða, afborganir af þeim og vexti, hvort skuld sé verðtryggð, hvenær henni eigi að vera lokið og hverjar eftirstöðvar hennar eru að viðbættri verðtryggingu. Þá skal greina kostnað við samningsgerð, þinglýsingu og stimplun skjala og í hvors hlut komi.
6. Upplýsingar eftir föngum um tekjumöguleika af eigninni, einkum þegar um atvinnuhúsnæði (jörð) er að ræða eða skip er gera skal út, svo og um heildarútgjöld sem ætla má að stafi af eign.

Hliðstæðar upplýsingar skulu greindar um skip eftir því sem við á.

11. gr.

Yfirlit það, sem greinir í 10. gr., skal vera svo rækilegt og traust að það ásamt skoðun á eign, sem fram skal fara ef kostur er og vanda skal til, sé sem tryggastur grundvöllur undir mati á verðmæti eignarinnar og á arðsemi hennar.

Ráðuneytið getur mælt svo fyrir í reglugerð að upplýsingar um eignir séu greindar á stöðluðum eyðublöðum og kveðið nánar á í reglugerð um þær upplýsingar sem greina skal, þar á meðal sérstaklega varðandi skip.

2. og 3. málsl. 1. mgr. 12. gr.

Enn fremur skulu þeir sem annast fasteignaviðskipti skv. framansögðu geta nafns síns í auglýsingum um eignir þessar. Nafngreining skal vera persónuleg skv. þessari málsgrein.

2. mgr. 20. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, settum skv. þeim, varða sektum nema þyngri hegning liggi við skv. öðrum lögum.

Lög nr. 53/1988, læknalög.

17. gr.

Lækni er einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum í blöðum sem birta má í hæsta lagi þrisvar þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum.

22. gr.

Hvers konar skottulækningar eru bannaðar hér á landi.

Það eru skottulækningar er sá sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum þessum býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf sem lyfsalar mega einir selja.

23. gr.

Um lyfja- og lækningaáhaldaauglýsingar fer samkvæmt VII. kafla lyfjalaga nr. 108/1984. Auglýsingar um lækningarmátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og annars eru bannaðar.

Bannaðar eru auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað.

Auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum sem gefin eru út fyrir heilbrigðisstéttir.

24. gr.

Lækni, sem ekki hefur til þess leyfi, er óheimilt að kalla sig, auglýsa sig eða gefa á annan hátt í skyn að hann sé sérfræðingur og gildir hið sama um sérfræðing ef hann gefur í skyn að hann sé sérfræðingur í annarri grein en þeirri sem hann hefur sérfræðingsleyfi í ...

30. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða auk sviptingar lækningaleyfis, sbr. 27. og 28. gr., sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Sé um að ræða brot af ásetningi eða vítaverðu gáleysi skal refsa með fangelsi og/eða sektum. Fyrir minni háttar brot skal refsa með sektum en með varðhaldi og/eða sektum hafi viðkomandi sætt áminningu landlæknis áður.

Sé um ítrekuð brot að ræða skal dæma í fangelsi og/eða sektir.

31. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Lög nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

2.–3. mgr. 7. gr.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Ákvæði þessarar greinar gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

11. gr.

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

14. gr.

Félagsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara.

Úr 1. mgr. 16. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs eru að:

1. Vinna að því að ákvæðum 2.–13. gr. laga þessara sé framfylgt.

19. gr.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Félagsmálaráðherra skipar einn án tilnefningar og Hæstiréttur tilnefnir tvo, þar af annan sem formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þegar um er að ræða mál, sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild, skal kærunefnd leita umsagnar frá heildarsamtökum launþega og viðsemjendum þeirra.

Verkefni kærunefndar eru að taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka mál af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir. Atvinnurekendum, opinberum stofnunum, félagasamtökum og öðrum þeim er upplýst geta málið er skylt að veita kærunefnd hvers konar upplýsingar hér að lútandi. Kærunefnd skal enn fremur í sérstökum tilvikum hafa frumkvæði um ábendingar varðandi framkvæmd ákvæða 2.–13. gr., sbr. þó 1. tölul. 16. gr. um hlutverk Jafnréttisráðs.

Skrifstofa kærunefndar jafnréttismála er jafnframt skrifstofa Jafnréttisráðs.

20. gr.

Nú telur kærunefnd jafnréttismála að ákvæði 2.–13. gr. laga þessara séu brotin og skal hún þá beina rökstuddum tilmælum um úrbætur til hlutaðeigandi aðila.

VI. KAFLI
Viðurlög og réttarfar.

21. gr.

Fallist aðili ekki á tilmæli kærunefndar jafnréttismála skv. 20. gr. er nefndinni heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti kæranda í samráði við hann. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

22. gr.

Sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, fégjald fyrir hneisu, óþægindi og röskun á stöðu og högum.

VII. KAFLI
Önnur ákvæði.

23. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

II. VIÐAUKI.

Siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi.

(Úr bæklingi, útgefnum af Sambandi íslenskra auglýsingastofa 1985.)

Inngangur.

Í bæklingi þessum eru birtar siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins (International Chamber of Commerce) ...

Siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi voru fyrst birtar árið 1937 og hafa síðan verið rækilega endurskoðaðar með vissu millibili. Þær reglur, sem hér birtast, eru frá árinu 1973 ásamt viðbót um auglýsingar og börn frá 1984.

Siðareglurnar eru aðallega ætlaðar auglýsingaaðilum sem sjálfir vilja beita viðteknum reglum um starfsemi sína og eru þær lagðar til grundvallar í starfsemi yfir 200 stofnana í um það bil 30 löndum. Siðareglunum er einnig ætlað að vera til viðmiðunar fyrir dómstóla við lögskýringar í einstökum löndum.

Reglurnar fjalla um alla auglýsingastarfsemi hvort sem um er að ræða vörur, þjónustu eða aðstöðu. Hins vegar falla kynningarmál og markaðsrannsóknir undir aðrar reglur Alþjóðaverslunarráðsins. Reglurnar eiga að vera grundvallarmælikvarði fyrir alla aðila sem starfa á sviði auglýsinga, jafnt auglýsendur, auglýsingastofur og fjölmiðla. Þar sem reglurnar hvetja einkum til sjálfsaga skulu landssamtök með slíkt markmið nota þær í starfi sínu. Á víðara grundvelli skal reglunum beitt af markaðsmáladeild Alþjóðaverslunarráðsins eftir því sem þörf gerist.

Við túlkun reglnanna skal tekið mið af tilgangi þeirra eigi síður en bókstaf. Vegna þess að mismunandi auglýsingaaðferðir (í blöðum, sjónvarpi, útvarpi, utan dyra, í kvikmyndahúsum o.s.frv.) eru ólíkar í eðli sínu kann svo að fara að sama auglýsing hljóti samþykki hjá einum slíkum aðila en ekki hjá öðrum.

Auglýsingar skal meta eftir því hvaða áhrif þær eru líklegar til að hafa á neytendur, með það í huga að neytendur líta yfirleitt einungis lauslega á auglýsingar er ber fyrir augu þeirra.

Reglurnar ná til alls innihalds í auglýsingum og teljast þar með orð og tölur (í ræðu og riti), myndir, notkun á tónlist og öðrum hljóðáhrifum.

Í siðareglunum er orðið *auglýsing* notað í víðustu merkingu sinni og nær yfir auglýsingar sem snerta varning, þjónustu og aðstöðu, án tillits til þess hvar auglýsingin birtist. Meðtaldar eru auglýsingar utan á umbúðum, á áfestum miðum o.s.frv. Orðið *söluvara* (product) nær yfir þjónustu og aðstöðu. Orðið *neytandi* nær yfir alla einstaklinga, sem auglýsingunni er beint til, og einnig yfir þá sem verða varir við auglýsinguna yfirleitt hvort sem það eru dreifingaraðilar eða endanlegir notendur.

Grundvallarhugmyndir siðareglnanna eru að allar auglýsingar skulu vera löglegar, siðlegar, heiðarlegar og segja sannleikann. Auglýsing skal samin með tilliti til félagslegrar ábyrgðar og þess gætt að viðteknum hefðum um sanngirni í samkeppni sé fylgt.

Siðareglur um auglýsingar.

1. gr. Velsæmi.
Auglýsingar skulu ekki innihalda boðskap, í orðum eða myndum, sem brýtur gegn almennri velsæmiskennd.

2. gr. Heiðarleiki.

Auglýsingar skal semja þannig að traust neytandans, takmörkuð reynsla hans eða þekking sé ekki misnotuð.

3. gr.
1. Auglýsingar skulu ekki að ástæðulausu höfða til ótta fólks.
2. Auglýsingar skulu ekki höfða til hjátrúar.
3. Auglýsingar skulu ekki innihalda neitt sem getur hvatt til ofbeldisverka eða stutt slíkt athæfi.

4. gr. Sannleiksgildi.

1. Auglýsingar skulu ekki innihalda staðhæfingar eða myndir sem líklegar eru til að villa um fyrir neytandanum, beint eða óbeint, með því að gefa eitthvað í skyn, halda eftir nauðsynlegum upplýsingum eða með því að nota tvíræða framsetningu eða ýkjur. Þetta snertir einkum:

   a. Eðli söluvarnings, samsetningu hans, framleiðsluaðferð og framleiðslutíma, notagildi miðað við tilgang, notkunarsvið, magn, nafn upprunalegs framleiðanda og framleiðsluland.
   b. Verð vörunnar og heildarkostnað við afhendingu.
   c. Sérstaka söluskilmála, svo sem kaupleigusamninga og reikningsviðskipti (sjá Viðauka).
   d. Afhendingarskilmála, skipti á varningi, endursendingu og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu.
   e. Ábyrgðarskilmála (sjá Viðauka).
   f. Útgáfurétt og réttindi iðnaðaraðila, svo sem einkaleyfi, vörumerki, hönnunaraðferðir og módel og vörunöfn framleiðenda.
   g. Opinbera viðurkenningu eða gæðastimpil, einnig verðlaun af margvíslegu tagi.
2. Í auglýsingum skal ekki misnota niðurstöður rannsókna né heldur tilvitnanir í tæknileg eða vísindaleg rit. Tölfræðilegar upplýsingar skulu ekki notaðar þannig að þær gefi í skyn annað en það sem er sannleikanum samkvæmt. Ekki skal nota tækniorð á villandi hátt. Ekki skal nota óþarfa fræðiorð til að gefa í skyn að auglýstir eiginleikar séu vísindalega staðfestir ef svo er ekki.

5. gr. Samanburður.

Ef samanburður er notaður í auglýsingum skal þess gætt að samanburðurinn sjálfur sé ekki villandi og að hann brjóti ekki gegn grundvallarreglum um sanngirni í samkeppni. Samanburðaratriði skulu byggð á staðreyndum sem ganga má úr skugga um og slík atriði skulu valin sanngjarnlega.

6. gr. Vitnisburður.

Auglýsingar skulu ekki innihalda vitnisburð eða meðmæli nema slík umsögn sé raunverulega fyrir hendi og reynsla vitnisburðargjafa málinu skyld. Ekki skal nota í auglýsingum úreltan vitnisburð eða meðmæli né heldur slíkan stuðning ef hann er fallinn úr gildi af öðrum ástæðum.

7. gr. Last.

Í auglýsingum skal ekki hallmæla neinu fyrirtæki eða samkeppnisvöru hvorki beint né með því að gefa ókosti í skyn. Gildir þetta jafnt um fyrirlitningu, skop og önnur brögð í sama tilgangi.

8. gr. Verndun einkalífs.

Í auglýsingum skal ekki sýna eða minnast á einstaklinga, hvort sem þeir starfa á eigin eða opinberu sviði, nema áður fengin heimild sé fyrir hendi. Ekki skal í auglýsingum heldur sýna eða minnast á eignir fólks á neinn hátt, sem túlka mætti sem meðmæli eigandans, nema að fengnu samþykki hans.

9. gr. Misnotkun á velvild.

1. Í auglýsingum skal ekki nota nafn eða upphafsstafi neins fyrirtækis eða stofnunar nema ástæða sé til og heimild fyrir hendi.
2. Í auglýsingum skal ekki hagnýta óheiðarlega þá velvild, sem vöruheiti, tákn eða framleiðsla óviðkomandi aðila hefur áunnið sér, né heldur árangur sem fengist hefur í auglýsingaherferðum þeirra.

10. gr. Eftirlíking.

1. Við gerð auglýsingar skal ekki stæla uppsetningu („layout"), texta, mynd, tónlistar- eða hljóðnotkun annarrar auglýsingar né líkja eftir henni á annan hátt sem sennilegt er að villi um fyrir neytendum.
2. Þegar auglýsandi starfar í mörgum löndum og hefur áunnið vissri vöru nokkurt orð í einhverju landanna skulu aðrir auglýsendur í hinum löndunum ekki stæla óheiðarlega auglýsingar hins fyrstnefnda þar sem slíkt mundi koma í veg fyrir eðlilegt gagn hans af auglýsingaverki sínu annars staðar.

11. gr. Sérkenni auglýsinga.

Auglýsingar skulu hafa greinileg sérkenni í hvaða formi sem þær birtast og án tillits til hvar þær koma fram. Ef auglýsing birtist í fjölmiðli sem einnig dreifir fréttum eða stefnumarkandi greinum skal sjá til þess að hún sé auðþekkjanleg sem auglýsing.

12. gr. Virðing fyrir öryggi.

Auglýsingar skulu ekki sýna eða lýsa á neinn hátt hættulegu atferli eða atvikum þar sem öryggi er vanvirt nema sérstök ástæða sé til í menntunarlegum eða félagslegum tilgangi. Varúð skal sérstaklega viðhöfð í auglýsingum sem höfða til barna eða unglinga eða sýna slíka aldursflokka.

13. gr. Börn og unglingar.

1. Í auglýsingum skal ekki misnota hina eðlilegu trúgirni barna né reynsluskort yngri kynslóðarinnar og skal þess gætt að auglýsingar raski ekki samlyndi innan fjölskyldunnar.
2. Auglýsingar, sem beint er til barna eða unglinga eða eru líklegar til að hafa áhrif á þá aldursflokka, skulu ekki innihalda staðhæfingar eða myndir sem gætu skaðað hina yngri geðrænt, siðferðislega eða líkamlega.

14. gr. Ábyrgð á auglýsingum.

1. Ábyrgðin á því að ákvæðin í þessum reglum séu haldin hvílir á auglýsanda, semjanda auglýsingar eða auglýsingastofu og einnig á útgefanda, eiganda fjölmiðils eða öðrum slíkum samningsaðila við birtingu.
   a. Auglýsandi skal taka á sig heildarábyrgð vegna auglýsinga á sínum vegum.
   b. Semjandi auglýsingar eða auglýsingastofa skal vinna verkið af fyllstu kostgæfni og á þann hátt að auglýsandi sé fær um að inna skyldur sínar af hendi sem honum ber.
   c. Útgefandi, eigandi fjölmiðils eða hver annar aðili, sem birtir, miðlar eða dreifir auglýsingum, skal viðhafa réttmæta varúð er hann tekur við auglýsingum og kemur þeim á framfæri við almenning.
2. Öllum, sem starfa hjá fyrirtæki eða stofnun, sem fellur undir einhverja af áðurnefndum þremur skilgreiningum, og taka þátt í undirbúningi auglýsinga, gerð þeirra, birtingu eða miðlun til annarra, ber skylda til, í samræmi við stöðu sína, að sjá um að reglunum sé fylgt.

15. gr.

Ábyrgðin á að reglunum sé fylgt nær yfir allt innihald og form auglýsingar. Þar telst með vitnisburður og yfirlýsingar ásamt myndaefni jafnvel þótt slíkt sé aðfengið.

16. gr.

Villandi auglýsing skal ekki réttlætt með því að benda á að auglýsandi hafi síðar séð neytendum fyrir réttri vitneskju.

17. gr.

Vörulýsingar og staðhæfingar um eðli eða myndameðferð skulu ávallt vera sannleikanum samkvæmar. Auglýsendur skulu fúsir til að leggja fram sönnunargögn án tafar sé þess óskað af aðilum sem sjá um að reglunum sé framfylgt.

18. gr.

Enginn auglýsandi, semjandi auglýsingar eða auglýsingastofa, útgefandi, eigandi fjölmiðils eða annar birtingaraðili skal taka þátt í birtingu auglýsingar ef hún hefur verið dæmd óframbærileg af þeim aðila sem sér um að reglunum sé framfylgt.

Aukaákvæði um auglýsingar á sérsviðum

Atriðin, sem fjallað er um í þessum viðauka, krefjast sérstakrar varúðar af hálfu auglýsenda gagnvart hinum endanlega neytanda og skal bera eftirfarandi ákvæði saman við almennu ákvæðin í reglunum.

A. Verslunarhættir.

A. 1. Ábyrgð.

Í auglýsingum skal ekki minnast á ábyrgð sem bótalaust ógildir eða skerðir réttindi sem kaupandi annars hefur. **ÁBYRGÐ** og önnur orð sömu merkingar mega því aðeins koma fram í auglýsingu að greint sé fyllilega frá öllum skilmálum. Enn fremur skal auglýsingin skýra á fullnægjandi hátt hvernig kaupandi getur leitað réttar síns en slíkar upplýsingar skulu að öðrum kosti látnar honum í té skriflega við sölu eða með varningnum.

A. 2. Afborganir og annar greiðslufrestur.

Auglýsingar, sem geta um leigu er gangi upp í kaup, greiðslufrest eða hvers konar afborgunarskilmála fyrir neytendur, skulu settar fram þannig að enginn misskilningur geti orðið um staðgreiðsluverð, útborgun, vexti og heildarkostnað þess sem auglýst er né heldur um söluskilmála.

A. 3. Póstverslun.

Auglýsingar á vörum til afhendingar í pósti skulu gerðar þannig að neytendur hafi ekki ástæðu til að verða óánægðir þótt þeir geti yfirleitt ekki skoðað vöru fyrir móttöku. Í lýsingu á póstsöluvarningi skal einkum:

a. gefa ljósa og nákvæma vitneskju um það sem stendur til boða, verð, greiðsluskilmála, afhendingu (þar með teljast áætlaðar tímasetningar, burðargjald, áhætta við flutning og trygging). Einnig skal greina frá endursendingarskilmálum og full skýring skal gefin á öllu, sem boðið er „ókeypis“, og á öllum samningum um áframhaldandi viðskipti.
b. Tilgreina skal fullt nafn og varanlegt heimilisfang auglýsanda svo að neytendur geti haft samband við hann beint. Ekki skal taka til dreifingar auglýsingar sem gefa aðeins upp heimilisfang eða pósthólf.

A. 4. Ópantaðar sendingar.

Ekki skal fást við auglýsingar á varningi sem dreift er án þess að pantanir hafi borist. Aðferðin, sem vikið er að hér, byggist á að senda ópantaða vöru og krefjast þess að viðtakandi greiði eða endursendi varninginn. Annað afbrigði er að gefa slíkt í skyn.

A. 5. Umboðssala (franchise).

Ef auglýst er eftir umboðssöluaðilum skal gæta þess að gefa ekki upplýsingar sem eru villandi, beint eða óbeint, um stuðning og sennilegan hagnað eða tilkostnað og fyrirhöfn. Fullt nafn umboðsbjóðanda og varanlegt heimilisfang skal tilgreint í auglýsingunni.

A. 6. Góðgerðarstarfsemi.

Í auglýsingum, sem bjóða til sölu varning til styrktar góðu málefni, skal ekki gefa villandi upplýsingar um hver hlutur góðgerðarstarfseminnar er.

A. 7. Sölukynning.

Ef auglýsingar bjóða neytendum happdrætti eða samkeppni í því skyni að örva sölu, ef boðnar eru „gjafir" eða verðlaun eða ef auglýsing fjallar um kynningu er snýst um afsláttarmerki (trading stamps), sameinuð tilboð o.s.frv. skal í öllum tilvikum greina skýrt frá skilyrðum. Ekki skal villa um fyrir neytendum þannig að tilboðið verði óeðlilegra en efni standa til.

B. Sérstakar vörutegundir og þjónusta.

B. 1. Lög eða reglur um einstakar vörutegundir eða þjónustu.

Auglýsendur, semjendur auglýsinga og auglýsingastofur, svo og útgefendur og eigendur fjölmiðla, skulu gæta þess að farið sé að lögum er kveða á um auglýsingar á einstökum vörutegundum og þjónustu hvort sem um er að ræða sérstakar reglur um meðferð þeirra eða bann við auglýsingum.

B. 2. Lán og fjárfesting.

Auglýsingar skulu ekki hafa orðalag sem líklegt er til að villa um fyrir almenningi hvað snertir lánakjör, eðli boðinna verðbréfa, raunverulegan eða áætlaðan hagnað eða innlausnarskilmála.

B. 3. Atvinna og námskeið.

1. Ef starf er auglýst skal ekki gefa villandi eða ýktar upplýsingar um eðli starfsins, launamöguleika, vinnuskilyrði eða húsnæðishorfur á staðnum.
2. Auglýsingar, sem bjóða námskeið, skulu ekki gefa villandi loforð um atvinnu né heldur gylla atvinnumöguleika eða væntanlegar tekjuhorfur þeirra er slík námskeið sækja. Ekki skal bjóða „próf" eða hæfnisvottorð, sem ekki njóta viðurkenningar, eða rangfæra gildi viðurkenndra prófa.

B. 4. Vinna í heimahúsum.

1. Auglýsingar um vinnu í heimahúsum skulu gefa fullnægjandi lýsingu á starfinu og á væntanlegum tekjum af því.
2. Auglýsingin skal greina á fullnægjandi hátt frá fyrirkomulagi ef verkþega er ætlað að kaupa vélar, hráefni eða panta efni til samsetningar eða ef auglýsandi býðst til að kaupa framleiðsluna. Tilgreina skal fullt nafn auglýsanda og heimilisfang hans.

B. 5. Ferðalög.

Auglýsingar um ferðalög af ýmsu tagi skulu orðaðar þannig að ólíklegt sé að neytandinn verði fyrir vonbrigðum. Þess vegna skal í kynningarefni gera nákvæma og rétta grein fyrir eftirfarandi atriðum:

a. fyrirtækinu sem stendur að ferðinni,
b. hvernig ferðast verður (tilgreina skal hvort um er að ræða leigu- eða áætlunarferð og, ef kostur er, skal gefa upp nafn fyrirtækis í fólksflutningum, tegund flugvélar eða annars farartækis og gæðaflokk farrýmis),
c. áfangastað og ferðaáætlun,
d. lengd ferðar (nákvæmlega) og dvalartíma á hverjum stað,
e. aðbúnaði á gististað og fæði sem boðið er,
f. hvers kyns aukatilboðum sem í boði eru (skemmtanalífi, kynnisferðum o.s.frv.),
g. auglýstu heildarverði ferðalagsins (að minnsta kosti hámarks- og lágmarksverði) og kostnaðarliðum sem felast í því (flugvallarsköttum, ýmsum útgjöldum, fargjöldum á styttri leiðum, greiðslu fyrir burðarþjónustu, þjórfé o.s. frv.).
h. skilyrðum um afturköllun pantana.

B. 6. Hættulegur varningur.

Ef auglýsingar fjalla um vörur sem hætta getur stafað af vegna hugsanlegra eiturverkana, eldfimi o.s.frv. — án þess þó að neytendur geti auðveldlega gert sér slíkt ljóst — skal gera grein fyrir áhættunni.

B. 7. Fasteignir, sala og leiga.

1. Auglýsingar á þessu sviði, hvort sem um er að ræða sölu eða leigu á fasteignum, skulu ekki vera villandi eða yktar að því er snertir:
   a. lóðina sjálfa og allar byggingar á henni eða hús sem þar á að byggja,
   b. eðli húsnæðisins innanhúss og utan (þar með telst húsbúnaður og þægindi), útlit byggingar og íbúðar,svo og umhverfi,
   c. eignarrétt og formsatriði,
   d. réttindi eiganda og annarra hlutaðaeigandi aðila (rights and easements),
   e. kröfur skipulagsnefnda bæjar- eða sveitarfélaga og aðrar skyldar reglur,
   f. skatta, gjöld og skylda liði,
   g. verð, greiðsluskilmála og lánafyrirgreiðslu.
2. Sérstaka varúð skal viðhafa ef um er að ræða auglýsingar um fasteignir í öðru landi. Í þeim tilvikum skal gæta þess að nákvæm og rétt lýsing sé gefin á fasteigninni og skal sú lýsing ná yfir öll atriði sem máli skipta eins og að ofan greinir.

Auglýsingar og börn.

Alþjóðaverslunarráðið hefur samþykkt eftirfarandi leiðbeiningar við siðareglur sínar um auglýsingar:

1. gr. Auðkenning.

Vegna þess hve börn eru viðkvæm og til þess að auka áhrif 11. gr. siðareglnanna ætti að merkja auglýsingar og auglýsingaefni greinilega „Auglýsing“ eða á annan jafntryggan hátt ef hætta er á að villst verði á auglýsingum og öðru efni blaða og tímarita eða dagskrárefni hljóðvarps og sjónvarps.

2. gr. Ofbeldi.

Í samræmi við grein 13.2. skal haft í huga að auglýsingar mega ekki sýna ofbeldi þar sem það er andstætt lögum eða siðvenjum.

3. gr. Gildismat.

Auglýsingar ættu ekki að rýra gildismat viðkomandi þjóðfélags með því að gefa í skyn að umráð eða notkun vöru veiti barni líkamlega, félagslega eða sálfræðilega yfirburði yfir jafnaldra sína eða að það hafi öfug áhrif að vera án vörunnar. Auglýsingar ættu ekki að grafa undan valdi og áliti foreldra, ábyrgð þeirra, dómgreind og smekk, að teknu tilliti til ríkjandi gildismats á hverjum tíma.

4. gr. Öryggi.

Í samræmi við 12. gr. og grein 13.2. ættu auglýsingar ekki að innihalda yfirlýsingar með myndefni sem gæti orðið þess valdandi að börn komist í hættu, séu hvött til að hafa samneyti við ókunnuga eða sækja heim óvenjulega eða hættulega staði.

5. gr. Sannfæring.

Auglýsingar ættu ekki að innihalda áskorun til barna um að telja aðra á að kaupa hina auglýstu vöru handa þeim.

6. gr. Framsetning.

Í samræmi við 4. gr. siðareglnanna ætti að gæta þess sérstaklega að tryggja að auglýsingar villi ekki um fyrir börnum hvað varðar rétta stærð, verðmæti, eðli, endingu og notagildi auglýstra vara. Sé aukahluta þörf (t.d. rafhlaða) til að nota vöruna eða til að ná þeim árangri sem lýst er eða er sýndur (t.d. málning) ætti að gefa slíkt skýrt til kynna. Sé vara hluti af flokki, röð eða stærri heild (t.d. sería) ætti að taka slíkt skýrt fram, svo og hvar og hvernig megi afla sér þess sem á vantar. Auglýsingar ættu ekki að gera minna en efni standa til úr þeirri hæfni sem þörf er á til að nota vöruna. Þegar árangur af notkun vöru er sýndur eða honum lýst ætti auglýsingin að kynna einungis það sem eðlilega má ætlast til af barni á þeim aldri sem varan er ætluð.

7. gr. Verð.

Hugmynd um verð á ekki að gefa þannig að börn ofmeti raunverulegt verðmæti vörunnar, t.d. vegna notkunar orðanna „einungis“ eða „aðeins“. Auglýsingar ættu aldrei að gefa í skyn að allar fjölskyldur hafi ráð á að eignast tiltekna vöru.

Siðanefnd.

Til þess að framfylgja framanskráðum siðareglum um auglýsingar skal sett á stofn siðanefnd. Í nefndinni eiga sæti þrír fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra auglýsingastofa, einn fulltrúi tilnefndur af Verslunarráði Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Neytendasamtökunum. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum og setur sér starfsreglur.

Starfsreglur siðanefndar um auglýsingar.

1. gr.

Siðanefnd er skipuð 5 mönnum. Skulu 3 tilnefndir af Sambandi íslenskra auglýsingastofa (SÍA), einn tilnefndur af Verslunarráði Íslands (VÍ) og einn tilnefndur af Neytendasamtökunum (NS).
Ef einhver nefndarmanna á hagsmuna að gæta eða er í nánum tengslum við aðila kærumáls skal hann víkja sæti og varamaður skipaður í hans stað.

2. gr.

Siðanefnd skiptir sjálf með sér verkum, velur sér formann, varaformann og ritara. Nefndin skal halda gjörðabók þar sem skráðar eru fundargerðir og afgreiðsla mála.

3. gr.

Hver sem er (einstaklingar, fyrirtæki eða stofnanir) getur kært til siðanefndar brot á Siðareglum um auglýsingar eða brot á öðrum reglum um auglýsingar. Einnig getur siðanefnd tekið mál til athugunar að eigin frumkvæði.

4. gr.

Kæra skal vera skrifleg og rökstudd. Hafi auglýsingar birst á prenti skal eintak af henni eða ljósrit fylgja kæru. Hafi auglýsing birst í útvarpi eða sjónvarpi skal nákvæmlega tilgreint hvenær það var, um hvað auglýsingin fjallar og hvaða aðili auglýsti.
Kærur skal senda til skrifstofu Sambands íslenskra auglýsingastofa.

5. gr.

Siðanefnd getur afgreitt kærur með eftirfarandi hætti:

1. Ef siðanefnd telur auglýsingu ekki brjóta í bága við siðareglur vísar hún kærunni frá með bréfi til kæranda og greinargerð til aðildarsamtaka siðanefndar.
2. Ef siðanefnd telur vera um minni háttar brot að ræða fer nefndin fram á leiðréttingu auglýsingarinnar og sendir síðan greinargerð til aðildarsamtaka siðanefndar og svarbréf til kæranda.
3. Ef um meiri háttar brot er að ræða á siðareglum skal siðanefnd fyrst fara fram á stöðvun birtingar og leiðréttingu auglýsingar. Jafnframt óskar siðanefnd eftir greinargerð frá ábyrgðarmanni auglýsingar. Ef neitað er að stöðva birtingu eða leiðrétta auglýsingu skal aðilum boðið að leggja deiluefnið fyrir gerðardóm Verslunarráðs Íslands. Hafni aðilar gerðardómsmeðferð getur siðanefnd ráðlagt kæranda málsókn fyrir almennum dómstólum. Siðanefnd skal senda greinargerð um málsmeðferð sína og afgreiðslu til aðildarsamtaka siðanefndar og til kæranda.

6. gr.

Siðanefnd er heimilt að birta úrskurði sína opinberlega. Nöfn aðila skulu þó ekki birt nema um meiri háttar brot sé að ræða og aðeins samkvæmt ákvörðun siðanefndar hverju sinni.

UM VIÐAUKA O.FL.

Frumvarp þetta er efnislega óbreytt frá frumvarpi því er lagt var fyrir 113. löggjafarþing 1990. Því fylgja eftirfarandi viðaukar:

I. VIÐAUKI. Ýmis lög og reglur er varða auglýsingar
II. VIÐAUKI. Siðareglur Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi

22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breytingu á lögum um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:
Erlendur hlutafélagsbanki getur þó notað sama heiti og notað er í heimalandinu.

2. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Ráðherra getur veitt hlutafélagsbönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, leyfi til að starfrækja útibú hér á landi. Lög þessi gilda um starfsemi útibúa erlendra hlutafélagsbanka eftir því sem við getur átt. Að öðru leyti gilda um slík útibú lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991.

2. mgr. 8. gr., sem verður 3. mgr., orðast svo:

Ákvæði laga um hlutafélög, einkum XVII. kafli, gilda um útibú og umboðsskrifstofur sem sett eru á stofn skv. 1. og 2. mgr. en að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um starfsemi þeirra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, þar á meðal um skilyrði fyrir leyfisveitingu og afturköllun leyfisins ef starfrækslan brýtur í bága við settar reglur. Um gjald fyrir veitingu leyfis fer eftir ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975.

3. gr.

Við 21. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:
Tilkynna skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands fyrir fram um stofnun útibús.

4. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé viðskiptabanka, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum bankans og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka sem Seðlabanki Íslands setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal gilda um samstæðureikning, sbr. 37. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. 1. mgr., skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, hreinu eigin fé og blönduðu eigin fé. Hreint eigið fé skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár.

A. Hreint eigið fé telst vera:
   1. Innborgað hlutafé.
   2. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.
   3. Varasjóðir og annað eigið fé samkvæmt ársreikningi sem ekki fellur undir blandað eigið fé skv. B.
   4. Frá hreinu eigin fé skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika bankans til að mæta tapi.

B. Blandað eigið fé telst vera:
   1. Afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu að hámarki 1,25% af áhættugrunni. Með afskriftareikningi útlána vegna almennrar útlánaáhættu er ekki átt við þau framlög sem lögð hafa verið til hliðar vegna útlánatapa og sérstaklega hafa verið metin eða talin eru hugsanleg með hliðsjón af tapreynslu í útlánastofninum og endurspegla rýrnun á verðmæti útlánanna.
   2. Víkjandi lán sem viðskiptabanki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot bankans eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur bankanum en endurgreiðslu hlutafjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist niður með jöfnum afborgunum á tímabilinu.

   Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af hreinu eigin fé skv. A.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánum viðskiptabanka hjá félögum, sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 28. gr., öðrum en þeim sem teljast vera dótturfélög og reiknast með í samstæðureikningi viðskiptabanka og dótturfélaga, sbr. eftirfarandi:

1. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabankans nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum.
2. Eignarhlutur í félagi sem viðskiptabanki hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabankans nema allt að 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé viðskiptabankans eins og það er reiknað skv. 2. mgr. fyrir frádrátt skv. 3. mgr.

Heimilt er ráðherra að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 2. mgr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

5. gr.

Við 1. mgr. 37. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir svohljóðandi: Þegar um er að ræða viðskiptabanka sem á það stóran hlut í félagi að það síðarnefnda telst dótturfélag, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, skal semja samstæðureikning fyrir félagasamstæðuna. Ákvæðið um skyldu til að semja samstæðureikning gildir þó ekki þegar um er að ræða félag sem viðskiptabanki hefur eignast tímabundið hlut í annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess félags. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skyldu til að semja samstæðureikning.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigið fé viðskiptabanka skal í fyrsta sinn uppfylla ákvæði 4. gr. í árslok 1992.

Ákvæði 5. gr. um samstæðureikning fyrir félagasamstæðu tekur gildi frá og með reikningsárinu 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt annars vegar til aðlögunar viðskiptabankalögum að lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og hins vegar til að laga ákvæði viðskiptabankalaga að svonefndum BIS-reglum er fjalla um lágmark og útreikning eigin fjár innlánsstofnana. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 34/1991 er erlendum hlutafélagsbönkum, sem eru skráðir erlendis og eiga þar varnarþing, heimilt að starfrækja rekstur útibúa hér á landi að fengnu leyfi viðskiptaráðherra frá 1. janúar 1992 að telja.

Ljóst er að verði af samningum um Evrópskt efnahagssvæði mun verða þörf á að laga viðskiptabankalögin frekar að löggjöf Evrópubandalagsins, þar á meðal ákvæði er lúta að starfrækslu útibúa erlendra fjármálastofnana. Sennilega þyrfti að setja mismunandi ákvæði í lög og reglur eftir því hvort um yrði að ræða útibú frá landi innan Evrópska efnahagssvæðisins eða utan.

Reglur um lágmark eigin fjár viðskiptabanka hér á landi eru tiltölulega nýlega lögfestar. Þær komu fyrst með lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, sem tóku gildi 1. janúar 1986. Sambærileg ákvæði voru einnig lögfest fyrir sparisjóðina, sbr. lög nr. 87/1985, um sparisjóði, en eiginfjárákvæði voru í eldri lögum um sparisjóði, nr. 69/1941.

Ákvæði gildandi laga er einfalt í framsetningu og auðvelt er að reikna út eigið fé samkvæmt því. Hins vegar er þar ekki að öllu leyti tekið tillit til mismunandi áhættu hinna ýmsu efnahagsliða eins og gert er í þessu frumvarpi og reglum sem gert er ráð fyrir að settar verði af Seðlabanka Íslands og fylgja frumvarpinu í drögum. Samkvæmt heimild í gildandi lögum voru jafnframt settar reglur um gerð ársreiknings fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 77 frá 14. febr. 1986, með síðari breytingum, en samræmdar reikningsskilareglur fyrir þessar stofnanir eru afar mikilvægar vegna eiginfjárákvæðisins. Frá því að lögin tóku gildi hafa komið upp nokkur tilvik þar sem reynt hefur á ákvæði laganna vegna þess að innlánsstofnun hefur ekki lengur getað uppfyllt eiginfjárkröfurnar eða að hætta hefur verið á að stofnunin gæti það ekki í náinni framtíð ef ekki yrði gripið til aðgerða. Hefur verið tekið á þeim málum í samræmi við ákvæði laganna.

Á vegum nefndar opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum í nokkrum löndum, svonefndrar Basel-nefndar (Basle Committee on Banking Regulations and Supervisory Practices), hefur verið unnið að því að samræma reglur um lágmark og útreikning eigin fjár innlánsstofnana sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum. Löndin eru: Bandaríki Norður-Ameríku, Belgía, Bretland, Kanada, Frakkland, Holland, Ítalía, Japan, Svíþjóð, Sviss og Lúxemborg. Nefndin hittist reglulega í Alþjóðlega greiðslubankanum í Basel í Sviss (Bank for International Settlements, BIS). Tillögur nefndarinnar voru fyrst kynntar í desember 1987 og sendar til umsagnar til opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum um allan heim. Fullmótaðar tillögur voru síðan kynntar í júlí 1988 og höfðu þá hlotið samþykki stjórnvalda í þeim löndum sem eiga fulltrúa í Basel-nefndinni. Á alþjóðlegri ráðstefnu opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum, sem haldin var í október 1988, hlutu tillögurnar víðtækan stuðning og var samþykkt að stefnt skyldi að lögfestingu þeirra eða viðurkenningu með öðrum hætti fyrir allar innlánsstofnanirnar innan þeirra tímamarka sem í reglunum greinir eða fyrir árslok 1992. Hafa BIS-reglurnar nú verið lögfestar í mörgum löndum og í öllum löndum sem stunda alþjóðleg bankaviðskipti í einhverjum mæli. Þess ber að geta að sambærilegar reglur hafa verið samdar af Evrópubandalaginu nr. 89/647/EEC og 89/299/EEC og gilda innan þess, en reglurnar eru nánast eins, enda 7 af 11 löndum í Basel-nefndinni einnig meðlimir EB.

Um tveggja ára skeið hefur bankaeftirlit Seðlabanka Íslands unnið að kynningu á

BIS-reglunum fyrir stjórnendum innlánsstofnana. Voru drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka að þessu leyti kynnt fyrir fulltrúum viðskiptabanka og sparisjóða á fundi í desember 1990. Þá voru gerðar athuganir á eiginfjárhlutfalli margra innlánsstofnana miðað við árslok 1988 í samræmi við reglurnar. Reyndust þá 6 af 7 viðskiptabönkum vera yfir endanlegri lágmarkskröfu BIS-reglnanna, 8%. Á hitt er þó að líta að lágmarkshlutfall eigin fjár er 8% samkvæmt BIS-reglunum en samkvæmt gildandi lögum er það 5%. Útreikningsgrundvöllurinn er þó ekki sambærilegur.

Frumvarp þetta er samið af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Er það alfarið byggt á BIS-reglunum með þeim frávikum að sleppt er úr frumvarpinu þeim ákvæðum reglnanna sem ekki eiga við og að hinu leytinu er tekið tillit til atriða í reikningsskilum hér á landi og ekki er tekið sérstaklega á í reglunum. Enn fremur hefur verið höfð hliðsjón af reglum Evrópubandalagsins, einkum þar sem ákvæði þeirra eru fyllri en BIS-reglurnar.

Megininntak frumvarpsins er að breyta gildandi ákvæði viðskiptabankalaganna um lágmark eigin fjár til samræmis við alþjóðleg og viðurkennd sjónarmið. Eigið fé viðskiptabanka er skilgreint og þeir efnahagsliðir, sem mynda eigið fé, eru nákvæmlega tilgreindir. Gerður er greinarmunur á hreinu eigin fé og blönduðu eigin fé og skal hið fyrrnefnda nema a.m.k. helmingi af samtölu beggja hluta. Meðal eiginfjárliða blandaðs eigin fjár eru svonefnd víkjandi lán og er það nýmæli í löggjöf um viðskiptabanka hér á landi. Með útgáfu sérstakra skuldaviðurkenninga, sem uppfylla skilyrði víkjandi lána, getur viðskiptabanki aflað sér fjár í rekstrinum sem auk þess telst til eigin fjár að vissu marki. Fyrir ríkisviðskiptabanka, sem ekki eiga þess kost samkvæmt núverandi fyrirkomulagi að afla sér aukins eigin fjár með útgáfu hlutabréfa, kann sérstök fjáröflun í formi víkjandi lána að vera heppilegur valkostur til þess að auka eigið fé í stað þess að sækja það til ríkissjóðs. Vegna ótakmarkaðrar ríkisábyrgðar á innlendum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka samkvæmt gildandi lögum er ekki um það að ræða að kröfuhafar víkjandi lána séu verr settir en aðrir kröfuhafar ríkisviðskiptabanka. Að sama skapi er ábyrgð ríkissjóðs ekkert minni þótt hluti eigin fjár ríkisviðskiptabanka sé víkjandi lán. Gerðar eru strangar kröfur til víkjandi lána, bæði að formi og efni, og samkvæmt frumvarpinu má heildarfjárhæð víkjandi lána nema hæst 50% af hreinu eigin fé. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilt að aðrir efnahagsliðir en greindir eru sérstaklega í frumvarpinu skuli taldir með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Eigið fé skal gert upp á grundvelli samstæðureikningsskila samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga, nr. 32/1978, og er það skýrt tekið fram í 2. gr. frumvarpsins. Frá eigin fé skal hins vegar draga bókfært virði eignarhluta og kröfur í formi víkjandi lána á hendur félögum í skyldri starfsemi, sbr. 1. mgr. 28. gr. gildandi laga um viðskiptabanka, öðrum en þeim sem teljast dótturfyrirtæki. Þetta er í rökréttu samhengi við þá hugsun að ekki skuli nota sama fjármagnið sem eigið fé margoft hjá félögum í bankarekstri eða skyldri starfsemi.

Eigið fé skal reiknað sem tiltekið hlutfall, lágmark 8%, af áhættugrunni. Áhættugrunnur er heildareignir bankans að viðbættum liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða sem Seðlabanki Íslands setur. Talið er eðlilegt að hafa þann hátt á að fela Seðlabanka Íslands sem opinberum eftirlitsaðila með starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða að setja ofangreindar reglur fremur en að lögfesta þær í einstökum atriðum. Starfsemi þessara stofnana er sífellt að taka breytingum, nýir efnahagsliðir kunna að verða til

og er almennt óheppilegt og þungt í vöfum að breyta lögum í hvert sinn sem slíkar breytingar verða.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir aðlögunartíma til þess að uppfylla lágmarkskröfur laganna um eigið fé þannig að þær taki gildi í árslok 1992.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram samhljóða frumvarp til laga um breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87/1985.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 4. gr. er kveðið á um að viðskiptabönkum sé skylt að nota í firma sínu orðið banki eitt sér eða samtengt öðrum orðum. Eðlilegt þykir að erlendur hlutafélagsbanki geti notað heiti sitt óbreytt á útibú hérlendis þótt svo kunni að haga til að í nafni hans felist ekki orðið banki.

Um 2. gr.

Lagt er til að lögin um viðskiptabanka gildi um útibú erlendra hlutafélagsbanka eftir því sem við getur átt. Er þetta í samræmi við það meginsjónarmið að aðstaða hinna erlendu útibúa skuli í hvívetna vera hin sama og innlendra hlutafélagsbanka. Þá er lagt til að í lagaákvæðinu verði ráðherra veitt reglugerðarheimild til að kveða nánar á um starfsemi erlendra útibúa, skilyrði fyrir leyfisveitingu o.fl.

Um 3. gr.

Lagt er til að lögfest verði tilkynningarskylda til bankaeftirlitsins um stofnun útibúa viðskiptabanka. Á þetta við hvort sem banki hyggst stofna útibú innan lands eða erlendis.

Um 4. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. er tilgreint það lágmark sem eigið fé skal nema í hlutfalli af svonefndum áhættugrunni. Með áhættugrunni er átt við heildareignir bankans og liði utan efnahagsreiknings eftir að þeir hafa verið vegnir með áhættuvogum í samræmi við nánari reglur sem gert er ráð fyrir að Seðlabanki Íslands setji. Í 2. málsl. 1. mgr. er tekið fram að eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skuli gilda um samstæðureikning þegar um hann er að ræða og er vísað í 37. gr. viðskiptabankalaganna í því sambandi, sbr. enn fremur athugasemd við 2. gr. þessa frumvarps.

Í 2. mgr. er eigið fé skilgreint sem annars vegar hreint eigið fé og hins vegar blandað eigið fé.

Með hreinu eigin fé er í aðalatriðum átt við þá eiginfjárliði sem enginn vafi er á að geti mætt tapi án þess að starfsemi sé hætt. Vegna mikilvægis er gert að skilyrði að hreint eigið fé skuli nema að lágmarki 50% af heildar eigin fé. Með blönduðu eigin fé er átt við aðra liði sem ekki falla undir hreint eigið fé en talið er rétt að telja með sem hluta af eigin fé bankans. Með blönduðu eigin fé eru þannig taldir afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu og víkjandi lán. Með afskriftareikningi vegna almennrar útlánaáhættu er eingöngu átt við afskriftareikning útlána sem ekki endurspeglast í rýrnun á verðmæti útlánanna. Varðandi víkjandi lán er gefin ákveðin skilgreining á því hvað telst vera víkjandi lán og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að slík skuldbinding teljist með eigin fé. Enn fremur er gert ráð fyrir að heildarfjárhæð víkjandi lána megi hæst nema 50% af hreinu eigin fé en meginástæðan fyrir þeirri takmörkun er sú að þessi efna-

hagsliður er ekki til ráðstöfunar til að mæta tapi nema bankinn hætti starfsemi.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir að eignarhlutir og víkjandi lán viðskiptabanka hjá félögum í skyldri starfsemi eða í eðlilegum tengslum við viðskiptabankastarfsemi skuli dragast frá eigin fé bankans nema viðkomandi félög teljist með í samstæðureikningi viðskiptabankans og dótturfélaga, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Tilgangurinn með þessum ákvæðum er að hindra að sama fjármagnið sé margoft notað sem eigið fé hjá félögum í banka- og fjármálastarfsemi, sbr. fskj. I. Gerður er greinarmunur á hvort eignarhlutur í slíkum félögum nemur meira en 10% annars vegar eða allt að 10% hins vegar af hlutafé viðkomandi félags, en í síðarnefnda tilfellinu takmarkast frádrátturinn við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé viðskiptabankans.

Samkvæmt 4. mgr. er ráðherra veitt heimild til að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 2. mgr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Nauðsynlegt þykir að hafa slíkt svigrúm til að bæta við hugsanlegum nýjum eiginfjárliðum án þess að til lagabreytinga þurfi að koma.

Um 5. gr.

Í 2. gr. er að finna ákvæði um skyldu til að semja samstæðureikning fyrir móðurfélag og dótturfélög. Hliðstætt ákvæði er í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, en þar sem ríkisviðskiptabankarnir eru ekki reknir í hlutafélagsformi þótti nauðsynlegt að hafa sérstakt ákvæði um þetta atriði í lögum um viðskiptabanka. Undanþága um skyldu til að semja samstæðureikning er gerð þegar um er að ræða félag sem viðskiptabanki hefur eignast tímabundið hlut í annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess félags. Enn fremur er í 2. gr. ákvæði sem gefur ráðherra heimild til að veita undanþágu frá skyldu til að semja samstæðureikning en þau tilvik geta komið upp að óviðeigandi teldist að semja samstæðureikning, t.d. vegna smæðar dótturfélags.

Um 6. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að ákvæði laganna um eiginfjárhlutfall gildi í fyrsta sinn í árslok 1992.

Fylgiskjal I.

Dæmi um samstæðureikning móðurfélags og dótturfélags og útreikninga á eiginfjárhlutfalli.

	Móðurfélag	Dóttur-félag	Milli-færslur	Samstæða
EIGNIR:				
Ýmsar eignir	98.000	20.000		118.000
Eignarhlutur	2.000	0	– 2.000	0
	100.000	20.000	– 2.000	118.000
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:				
Skuldir	90.000	18.000		108.000
Eigið fé	10.000	2.000	– 2.000	10.000
	100.000	20.000	– 2.000	118.000
Eiginfjárhlutfall	10%	10%	8,5%	

Eiginfjárhlutfall móðurfélags ef ekki er gerður samstæðureikningur en eignarhluti í dótturfélagi er þá dreginn frá eigin fé:

EIGNIR:	
Ýmsar eignir	98.000
	98.000
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:	
Skuldir	90.000
Eigið fé	8.000
	98.000
Eiginfjárhlutfall	8,2%

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985.

Megininntak þessara lagabreytinga er að laga skilgreiningu á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka að þeirri skilgreiningu sem Alþjóðlegi greiðslubankinn (Bank for International Settlements, BIS) hefur mælt með að aðildarlönd taki upp, en Ísland er eitt af þeim. Samhliða þessu frumvarpi er slutt frumvarp til laga um breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87/1985, sem gerir ráð fyrir hliðstæðum breytingum fyrir sparisjóði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að eigið fé viðskiptabanka skuli að lágmarki vera 8% af tilteknum, skilgreindum grunni. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig eiginfjárhlutfall viðskiptabanka liti út samkvæmt núgildandi lögum og samkvæmt BIS-reglum:

	Eiginfjárhlutfall í árslok 1990	
	Skv. núgildandi lögum	Skv. BIS-reglum
Landsbanki Íslands	6,8%	8,2%
Búnaðarbanki Íslands	9,4%	[1]
Íslandsbanki hf.	8,7%	8,7%[2]

Heimild: Seðlabanki Íslands, bankaeftirlit.

1) Upplýsingar frá Búnaðarbanka Íslands bárust ekki, en bankaeftirlit Seðlabankans áætlar að það sé á bilinu 10,4–10,8%.

2) Verðbréfasjóðir VÍB hf. eru meðtaldir í efnahagsreikningi í þessum útreikningi. Að frádregnum Verðbréfasjóðum VÍB hf. yrði hlutfallið 9,8%.

Samkvæmt ofangreindu ná báðir ríkisviðskiptabankarnir því að uppfylla þær eiginfjárkröfur sem í frumvarpinu felast, en þá er miðað við árslok 1990. Þessar tölur bera með sér að eiginfjárstaða Búnaðarbanka Íslands sé rúm en Landsbankinn nái rétt að uppfylla þær kröfur sem frumvarpið gerir. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um afkomuhorfur Landsbankans á þessu ári. Fari svo að eiginfjárhlutfall bankans lækki gæti þurft að gera sérstakar ráðstafanir til að bæta hag bankans.

Við aðrar greinar frumvarpsins eru ekki gerðar athugasemdir.

23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé sparisjóðs, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum sparisjóðsins og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli sparisjóða sem Seðlabanki Íslands setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal gilda um samstæðureikning, sbr. 41. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. 1. mgr., skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, hreinu eigin fé og blönduðu eigin fé. Hreint eigið fé skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár.

A. Hreint eigið fé telst vera:
   1. Innborgað stofnfé.
   2. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.
   3. Varasjóðir og annað eigið fé samkvæmt ársreikningi sem ekki fellur undir blandað eigið fé skv. B.
   4. Frá hreinu eigin fé skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika sparisjóðsins til að mæta tapi.

B. Blandað eigið fé telst vera:
   1. Afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu að hámarki 1,25% af áhættugrunni. Með afskriftareikningi útlána vegna almennrar útlánaáhættu er ekki átt við þau framlög sem lögð hafa verið til hliðar vegna útlánatapa og sérstaklega hafa verið metin eða talin eru hugsanleg með hliðsjón af tapreynslu í útlánastofninum og endurspegla rýrnun á verðmæti útlánanna.
   2. Víkjandi lán sem sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot sparisjóðsins eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur sparisjóðnum en endurgreiðslu stofnfjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist niður með jöfnum afborgunum á tímabilinu.

   Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af hreinu eigin fé skv. A.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánum sparisjóðs hjá félögum, sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 32. gr., öðrum en þeim sem teljast vera dótturfélög og reiknast með í samstæðureikningi sparisjóðs og dótturfélaga, sbr. eftirfarandi:

1. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir sparisjóðins nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum.
2. Eignarhlutur í félagi sem sparisjóður hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir sparisjóðsins nema allt að 10% af hluta-

fé viðkomandi félaga. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé sparisjóðsins eins og það er reiknað skv. 2. mgr. fyrir frádrátt skv. 3. mgr.

Heimilt er ráðherra að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 2. mgr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda fyrir Lánastofnun sparisjóðanna, sbr. XII. kafla.

2. gr.

Við 1. mgr. 41. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir svohljóðandi: Þegar um er að ræða sparisjóð sem á það stóran hlut í félagi að það síðarnefnda telst dótturfélag, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, skal semja samstæðureikning fyrir félagasamstæðuna. Ákvæðið um skyldu til að semja samstæðureikning gildir þó ekki þegar um er að ræða félag sem sparisjóður hefur eignast tímabundið hlut í annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess félags. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skyldu til að semja samstæðureikning.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigið fé sparisjóðs skal í fyrsta sinn uppfylla ákvæði 1. gr. í árslok 1992.

Ákvæði 2. gr. um samstæðureikning fyrir félagasamstæðu tekur gildi frá og með reikningsárinu 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Reglur um lágmark eigin fjár sparisjóða hér á landi eru nú í lögum nr. 87/1985, um sparisjóði, sem tóku gildi 1. janúar 1986 en eiginfjárákvæði voru í eldri sparisjóðalögum, nr. 69/1941. Sambærileg ákvæði voru einnig lögfest fyrir viðskiptabankana, sbr. lög nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Ákvæði gildandi laga er einfalt í framsetningu og auðvelt er að reikna út eigið fé samkvæmt því. Hins vegar er þar ekki að öllu leyti tekið tillit til mismunandi áhættu hinna ýmsu efnahagsliða eins og gert er í þessu frumvarpi og reglum sem gert er ráð fyrir að settar verði af Seðlabanka Íslands og fylgja frumvarpinu í drögum. Samkvæmt heimild í gildandi lögum voru jafnframt settar reglur um gerð ársreiknings fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 77 frá 14. febr. 1986, með síðari breytingum, en samræmdar reikningsskilareglur fyrir þessar stofnanir eru afar mikilvægar vegna eiginfjárákvæðisins. Frá því að lögin tóku gildi hafa komið upp nokkur tilvik þar sem reynt hefur á ákvæði laganna vegna þess að innlánsstofnun hefur ekki lengur getað uppfyllt eiginfjárkröfurnar eða að hætta hefur verið á að stofnunin gæti það ekki í náinni framtíð ef ekki yrði gripið til aðgerða. Hefur verið tekið á þeim málum í samræmi við ákvæði laganna.

Á vegum nefndar opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum í nokkrum löndum, svonefndrar Basel-nefndar (Basle Committee on Banking Regulations and Supervisory Practices), hefur verið unnið að því að samræma reglur um lágmark og útreikning eigin fjár innlánsstofnana sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum. Löndin eru: Bandaríki N-Ameríku, Belgía, Bretland, Kanada, Frakkland, Holland, Ítalía, Japan, Svíþjóð, Sviss og Lúxemborg. Nefndin hittist reglulega í Alþjóðlega greiðslubankanum í Basel í Sviss

(Bank for International Settlements, BIS). Tillögur nefndarinnar voru fyrst kynntar í desember 1987 og sendar til umsagnar til opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum um allan heim. Fullmótaðar tillögur voru síðan kynntar í júlí 1988 og höfðu þá hlotið samþykki stjórnvalda í þeim löndum sem eiga fulltrúa í Basel-nefndinni. Á alþjóðlegri ráðstefnu opinberra eftirlitsaðila með innlánsstofnunum, sem haldin var í október 1988, hlutu tillögurnar víðtækan stuðning og var samþykkt að stefnt skyldi að lögfestingu þeirra eða viðurkenningu með öðrum hætti fyrir allar innlánsstofnanirnar innan þeirra tímamarka sem í reglunum greinir eða fyrir árslok 1992. Hafa BIS-reglurnar nú verið lögfestar í mörgum löndum og í öllum löndum sem stunda alþjóðleg bankaviðskipti í einhverjum mæli. Þess ber að geta að sambærilegar reglur hafa verið samdar af Evrópubandalaginu nr. 89/647 EEC og 89/299/EEC og gilda innan þess, en reglurnar eru nánast eins, enda 7 af 11 löndum í Basel-nefndinni einnig meðlimir EB.

Um tveggja ára skeið hefur bankaeftirlit Seðlabanka Íslands unnið að kynningu á BIS-reglunun fyrir stjórnendum innlánsstofnana. Voru drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka að þessu leyti kynnt fyrir fulltrúum viðskiptabanka og sparisjóða á fundi í desember 1990. Þá voru gerðar athuganir á eiginfjárhlutfalli margra innlánsstofnana miðað við árslok 1988 í samræmi við reglurnar. Reyndust allir sparisjóðirnir vera yfir lágmarkskröfum. Á hitt er þó að líta að lágmarkshlutfall eigin fjár er 8% samkvæmt BIS-reglunum en samkvæmt gildandi lögum er það 5%. Útreikningsgrundvöllurinn er þó ekki sambærilegur.

Frumvarp þetta er samið af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Er það alfarið byggt á BIS-reglunum með þeim frávikum að sleppt er úr frumvarpinu þeim ákvæðum reglnanna sem ekki eiga við og að hinu leytinu er tekið tillit til atriða í reikningsskilum hér á landi og ekki er tekið sérstaklega á í reglunum. Enn fremur hefur verið höfð hliðsjón af reglum Evrópubandalagsins, einkum þar sem ákvæði þeirra eru fyllri en BIS-reglurnar.

Megininntak frumvarpsins er að breyta gildandi ákvæði sparisjóðalaganna um lágmark eigin fjár til samræmis við alþjóðleg og viðurkennd sjónarmið. Eigið fé sparisjóðs er skilgreint og þeir efnahagsliðir, sem mynda eigið fé, eru nákvæmlega tilgreindir. Gerður er greinarmunur á hreinu eigin fé og blönduðu eigin fé og skal hið fyrrnefnda nema a. m.k. helmingi af samtölu beggja hluta. Meðal eiginfjárliða blandaðs eigin fjár eru svonefnd víkjandi lán og er það nýmæli í löggjöf um sparisjóði hér á landi. Með útgáfu sérstakra skuldaviðurkenninga, sem uppfylla skilyrði víkjandi lána, getur sparisjóður aflað sér fjár í rekstrinum sem auk þess telst til eigin fjár að vissu marki. Fyrir sparisjóði, sem erfitt eiga með samkvæmt núverandi fyrirkomulagi að afla sér aukins eigin fjár, kann sérstök fjáröflun í formi víkjandi lána að vera heppilegur valkostur til þess að auka eigið fé. Gerðar eru strangar kröfur til víkjandi lána bæði að formi og efni og samkvæmt frumvarpinu má heildarfjárhæð víkjandi lána nema hæst 50% af hreinu eigin fé. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins er ráðherra heimilt að aðrir efnahagsliðir en greindir eru sérstaklega í frumvarpinu skuli taldir með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Eigið fé skal gert upp á grundvelli samstæðureikningsskila samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga, nr. 32/1978, og er það skýrt tekið fram í 2. gr. frumvarpsins. Frá eigin fé skal hins vegar draga bókfært virði eignarhluta og kröfur í formi víkjandi lána á hendur félögum í skyldri starfsemi, sbr. 1. mgr. 32. gr. gildandi laga um sparisjóði, öðrum en þeim sem teljast dótturfyrirtæki. Þetta er í rökréttu samhengi við þá hugsun að ekki skuli nota sama fjármagnið sem eigið fé margoft hjá félögum í sparisjóðarekstri eða skyldri starfsemi.

Eigið fé skal reiknað sem tiltekið hlutfall, lágmark 8%, af áhættugrunni. Áhættugrunnur er heildareignir sparisjóðsins að viðbættum liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða sem Seðlabanki Íslands setur. Talið er eðlilegt að hafa þann hátt á að fela Seðlabanka Íslands sem opinberum eftirlitsaðila með starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða að setja ofangreindar reglur fremur en að lögfesta þær í einstökum atriðum. Starfsemi þessara stofnana er sífellt að taka breytingum, nýir efnahagsliðir kunna að verða til og er almennt óheppilegt og þungt í vöfum að breyta lögum í hvert sinn sem slíkar breytingar verða. Með frumvarpi þessu fylgja frumdrög bankaeftirlits Seðlabankans að ofangreindum reglum.

Lagt er til að sömu kröfur verði gerðar til Lánastofnunar sparisjóðanna um lágmark eigin fjár og gerðar eru til sparisjóðanna. Lánastofnun sparisjóðanna var sett á stofn samkvæmt heimild í XII. kafla gildandi sparisjóðalaga til þess að annast starfsemi í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna. Hefur starfsemin eflst mjög frá stofnun hennar. Lánastofnun hefur m.a. umtalsverð erlend viðskipti.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir aðlögunartíma til þess að uppfylla lágmarkskröfur laganna um eigið fé þannig að þær gildi í fyrsta sinn í árslok 1992.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram samhljóða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. er tilgreint það lágmark sem eigið fé skal nema í hlutfalli af svonefndum áhættugrunni. Með áhættugrunni er átt við heildareignir sparisjóðsins og liði utan efnahagsreiknings eftir að þeir hafa verið vegnir með áhættuvogum í samræmi við nánari reglur sem gert er ráð fyrir að Seðlabanki Íslands setji. Í 2. málsl. 1. mgr. er tekið fram að eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skuli gilda um samstæðureikning þegar um hann er að ræða og er vísað í 41. gr. sparisjóðalaganna í því sambandi, sbr. enn fremur athugasemd við 2. gr. þessa frumvarps.

Í 2. mgr. er eigið fé skilgreint sem annars vegar hreint eigið fé og hins vegar blandað eigið fé.

Með hreinu eigin fé er í aðalatriðum átt við þá eiginfjárliði sem enginn vafi er á að geti mætt tapi án þess að starfsemi sé hætt. Vegna mikilvægis er gert að skilyrði að hreint eigið fé skuli nema að lágmarki 50% af heildar eigin fé. Með blönduðu eigin fé er átt við aðra liði sem ekki falla undir hreint eigið fé en sem talið er rétt að telja með sem hluta af eigin fé sparisjóðsins. Með blönduðu eigin fé eru þannig taldir afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu og víkjandi lán. Með afskriftareikningi vegna almennrar útlánaáhættu er eingöngu átt við afskriftareikning útlána sem ekki endurspeglast í rýrnun á verðmæti útlánanna. Varðandi víkjandi lán er gefin ákveðin skilgreining á því hvað telst vera víkjandi lán og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að slík skuldbinding teljist með eigin fé. Enn fremur er gert ráð fyrir að heildarfjárhæð víkjandi lána megi hæst nema 50% af hreinu eigin fé en meginástæðan fyrir þeirri takmörkun er sú að þessi efnahagsliður er ekki til ráðstöfunar til að mæta tapi nema sparisjóðurinn hætti starfsemi.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir að eignarhlutir og víkjandi lán sparisjóðs hjá félögum í skyldri starfsemi eða í eðlilegum tengslum við sparisjóðastarfsemi skuli dragast frá eigin fé sparisjóðsins nema viðkomandi félög teljist með í samstæðureikningi sparisjóðsins og dótturfélaga, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Tilgangurinn með þessum ákvæð-

um er að hindra að sama fjármagnið sé margoft notað sem eigið fé hjá félögum í sparisjóða- og fjármálastarfsemi, sbr. fskj. I. Gerður er greinarmunur á hvort eignarhlutur í slíkum félögum nemur meira en 10% annars vegar eða allt að 10% hins vegar af hlutafé viðkomandi félags, en í síðarnefnda tilfellinu takmarkast frádrátturinn við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé sparisjóðins.

Samkvæmt 4. mgr. er ráðherra veitt heimild til að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 2. mgr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Nauðsynlegt þykir að hafa slíkt svigrúm til að bæta við hugsanlegum nýjum eiginfjárliðum án þess að til lagabreytinga þurfi að koma.

Lagt er til í 5. mgr. að gerðar verði sömu kröfur um eigið fé til Lánastofnunar sparisjóðanna og gerðar eru til sparisjóðanna. Lánastofnun starfar skv. XII. kafla laganna og er hlutafélag í eigu sparisjóðanna. Hlutverk hennar er að annast starfsemi í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna. Samkvæmt gildandi lögum eru ekki gerðar kröfur um lágmark eigin fjár fyrir Lánastofnun. Með hliðsjón af hlutverki hennar og vaxandi starfsemi, m.a. umtalsverðum erlendum viðskiptum í þágu sparisjóðanna, er talið nauðsynlegt að setja sambærileg eiginfjárákvæði og fyrir sparisjóðina.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er að finna ákvæði um skyldu til að semja samstæðureikning fyrir móðurfélag og dótturfélög. Hliðstætt ákvæði er í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, en þar sem sparisjóðirnir eru ekki reknir í hlutafélagsformi þótti nauðsynlegt að hafa sérstakt ákvæði um þetta atriði í lögum um sparisjóði. Undanþága um skyldu til að semja samstæðureikning er gerð þegar um er að ræða félag sem sparisjóður hefur eignast tímabundið hlut í annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess félags. Enn fremur er í 2. gr. ákvæði sem gefur ráðherra heimild til að veita undanþágu frá skyldu til að semja samstæðureikning en þau tilvik geta komið upp að óviðeigandi teldist að semja samstæðureikning, t.d. vegna smæðar dótturfélags.

Um 3. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að ákvæði laganna um eiginfjárhlutfall gildi í fyrsta sinn í árslok 1992.

Fylgiskjal I.

Dæmi um samstæðureikning móðurfélags og dótturfélags og útreikninga á eiginfjárhlutfalli.

	Móðurfélag	Dóttur-félag	Milli-færslur	Samstæða
EIGNIR:				
Ýmsar eignir	98.000	20.000		118.000
Eignarhlutur	2.000	0	– 2.000	0
	100.000	20.000	– 2.000	118.000
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:				
Skuldir	90.000	18.000		108.000
Eigið fé	10.000	2.000	– 2.000	10.000
	100.000	20.000	– 2.000	118.000
Eiginfjárhlutfall	10%	10%	8,5%	

Eiginfjárhlutfall móðurfélags ef ekki er gerður samstæðureikningur en eignarhluti í dótturfélagi er þá dreginn frá eigin fé:

EIGNIR:	
Ýmsar eignir	98.000
	98.000
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:	
Skuldir	90.000
Eigið fé	8.000
	98.000
Eiginfjárhlutfall	8,2%

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985.

Megininntak þessara lagabreytinga er að laga skilgreiningu á eiginfjárhlutfalli sparisjóða að þeirri skilgreiningu sem Alþjóðlegi greiðslubankinn (Bank for International Settlements, BIS) hefur mælt með að aðildarlönd taki upp, en Ísland er eitt af þeim. Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og gerir ráð fyrir hliðstæðum breytingum á eiginfjárkröfum til sparisjóða og gerðar verði til viðskiptabanka.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eigið fé sparisjóða skuli að lágmarki vera 8% af tilteknum, skilgreindum grunni. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig eiginfjárhlutfall stærstu sparisjóðanna liti út samkvæmt núgildandi lögum og samkvæmt BIS-reglum:

	Eiginfjárhlutfall í árslok 1990	
	Skv. núgildandi lögum	Skv. BIS-reglum
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	10,1%	11,4%
Sparisjóður Hafnarfjarðar	17,4%	19,2%
Sparisjóðurinn í Keflavík	7,2%	8,7%

Heimild: Seðlabanki Íslands, bankaeftirlit.

Af gögnum þeim um eiginfjárstöðu sparisjóða, sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur látið ráðuneytinu í té, verður ekki séð að téð frumvarp skapi sérstök útgjöld fyrir ríkissjóð. Flestir sparisjóðir ættu að uppfylla þá eiginfjárkröfu sem í frumvarpinu felst miðað við stöðu þeirra í árslok 1990, en krafan um eigið fé tekur ekki gildi fyrr en frá og með reikningsárinu 1992 eins og hjá viðskiptabönkunum.

24. Beiðni um skýrslu [24. mál]

frá iðnaðarráðherra um þróun íslensks iðnaðar, án stóriðju, framtíðarhorfur og stefnu ríkisstjórnarinnar.

Frá Svavari Gestssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Jóhanni Ársælssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Önnu Kristínu Sigurðardóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni, Ragnari Arnalds og Steingrími J. Sigfússyni.

Með tilvísun til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að iðnaðarráðherra gefi Alþingi skýrslu um þróun hins almenna iðnaðar í landinu, án stóriðju, og um stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum iðnaðarins.

Í skýrslunni komi fram meðal annars:

1. Yfirlit yfir mannafla sem starfar í einstökum greinum iðnaðarins frá 1980 og til þessa árs samkvæmt skýrslum og áætlunum sem fyrir liggja.
2. Yfirlit yfir framleiðslu iðnaðarins í heild og einstakra iðnaðargreina á föstu verðlagi á sama tímabili.
3. Yfirlit yfir markaðshlutdeild iðngreinanna á sama tíma.
4. Yfirlit yfir framleiðniþróun í iðnaði á sama tímabili.
5. Yfirlit yfir fjármagnskostnað iðnaðarins á sama tímabili.
6. Yfirlit yfir launakostnað iðnaðarins á sama tímabili.
7. Yfirlit yfir stöðu samkeppnisiðnaðarins sérstaklega og samanburð á þróun hans við útflutningsiðnaðinn.
8. Yfirlit yfir skiptingu iðnaðarfyrirtækja og þróun iðngreina eftir landsvæðum.
9. Yfirlit yfir stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum iðnaðarins í heild og í málefnum einstakra iðngreina.
10. Mat ríkisstjórnarinnar á kjörum iðnverkafólks og framtíðarhorfum.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu er hún liggur fyrir og að skýrslubeiðnin verði prentuð með skýrslunni þannig að samhengi skýrslu og skýrslubeiðni verði ljóst er málið kemur til umræðu á Alþingi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur orðið verulegur samdráttur í íslenskum iðnaði. Það sést glöggt af meðfylgjandi skjölum sem hér eru birt með skýrslu þessari til upplýsingar. Vissulega má segja að hluta þeirra spurninga, sem bornar eru fram í skýrslubeiðninni, sé svarað í yfirlitsskjölum þessum. Þó ber að taka fram að þau eru frá Félagi íslenskra iðnrekenda og vissulega verður að reikna með þeim möguleika að ríkisstjórnin hafi annað mat á forsendum iðnþróunar en Félag íslenskra iðnrekenda þó að það sé engan veginn víst.

Markaðshlutdeild íslensks iðnaðar hefur farið mjög ört minnkandi á síðustu áratugum í ýmsum greinum.

Með þessari greinargerð eru birt eftirfarandi fylgiskjöl:

1. Minnisblað frá Félagi íslenskra iðnrekenda sem nefnist *Afkoma iðnfyrirtækja árin 1989 og 1990.*
2. Töflur um iðnaðarframleiðslu miðað við framleiðslu 1980 = 100.
3. Töflur um þróun ársverka í iðnaði frá 1975 til og með 1989.
4. Töflur um markaðshlutdeild iðnaðar og breytingar á henni frá 1978 til og með 1991 eins og markaðshlutdeildin er að mati Félags íslenskra iðnrekenda.

Fylgiskjal I.

Afkoma iðnfyrirtækja árin 1989 og 1990.

Félag íslenskra iðnrekenda kannaði sl. vor afkomu áranna 1989 og 1990 meðal nokkurra félagsmanna sinna. Í úrtakinu voru 17 fyrirtæki úr ýmsum greinum iðnaðar.

Hagnaður af reglulegri starfsemi jókst milli áranna eða samanlagt úr 0,7% af rekstrartekjum í 3,3%. Ástæða þessa er fyrst og fremst gengishagnaður og/eða minna gengistap fyrirtækjanna á síðasta ári miðað við árið 1989. Meðalgengisvísitalan hækkaði um tæp 28% frá upphafi til loka ársins 1989 en var svo til óbreytt 1990. Þá var verðbólgan mun minni á síðasta ári miðað við 1989. Frá upphafi til loka árs hækkuðu lánskjara-, framfærslu- og neysluvöruvísitölur um 21–25% árið 1989 en aðeins um 7–8% árið 1990. Þetta kemur fram í vöxtum og verðbreytingafærslum sem lækkuðu úr 7,4% árið 1989 í 1,3% af rekstrartekjum árið 1990.

Hlutfall hagnaðar fyrir vexti og verðbreytingafærslur lækkaði um tæp 4% milli ára en hlutfall annarra rekstrargjalda hækkaði um rúm 4%. Hlutfall hráefnisnotkunar, launakostnaðar og afskrifta var hins vegar svipað á milli ára. Veltufjárhlutfall þessara fyrirtækja var svipað milli ára eða 1,02 árið 1989 og 1,06 árið 1990.

Þjóðhagsstofnun hefur unnið úr ársreikningum 193 iðnfyrirtækja fyrir árið 1989 og 1990 og er hér til fróðleiks birt tafla yfir niðurstöður beggja kannananna. Þá má geta þess að eiginfjárhlutfall þeirra 17 iðnfyrirtækja sem tóku þátt í könnun FÍI hækkaði úr 41% í 44% á milli ára. Eiginfjárhlutfall iðnfyrirtækjanna í könnun Þjóðhagsstofnunar hækkaði úr 36% árið 1989 í 38% árið 1990.

	Félag ísl. iðnrekenda		Þjóðhagsstofnun	
Hlutfall af rekstrartekjum	1990 %	1989 %	1990 %	1989 %
Hráefnisnotkun	48,6	48,9	39,8	36,5
Laun og tengd gjöld	19,2	19,3	25,8	26,2
Önnur rekstrargjöld	21,8	17,7	22,8	25,9
Afskriftir	5,8	5,9	5,7	5,3
Hagnaður fyrir vexti og verðbreytingafærslur	4,6	8,1	5,8	6,2
Vextir og verðbreytingafærslur	-1,3	-7,4	-2,1	8,1
Hagnaður af reglulegri starfsemi	**3,3**	**0,7**	**3,7**	**-1,9**

Iðnaðarframleiðslan - Magnvísitala 1980=100

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
31 Matvælaiðnaður annar en fiskiðnaður	82,5	86,8	95,5	99,5	102,4	100,0	101,8	110,2	110,6	126,1	130,8	136,3	142,5	141,4	135,2			
201 Slátrun og kjötiðnaður	96,7	101,6	103,3	108,2	106,6	100,0	106,6	109,8	103,3	111,5	124,6	132,8	139,3	121,3	111,9			
202 Mjólkuriðnaður	97,8	96,1	103,8	108,4	106,0	100,0	95,9	95,4	95,4	99,8	105,3	109,8	109,8	105,7	102,7			
205 Niðursuða, niðurlagning o.fl.	58,5	59,0	80,6	82,5	82,0	100,0	102,8	121,2	105,1	172,4	161,8	157,1	147,9	152,5	109,8			
206 Brauð og kökugerð	71,9	78,4	88,1	86,1	95,2	100,0	99,1	116,5	117,7	131,0	131,4	137,9	150,2	149,8	141,5			
207 Kexgerð	94,4	105,6	150,0	177,8	166,7	100,0	133,3	133,3	144,4	133,3	127,8	127,8	88,9	83,3	86,27			
208 Sælgætisgerð	92,7	108,9	114,7	128,8	136,1	100,0	115,7	126,2	132,5	134,0	147,1	148,7	156,0	155,0	141,8			
209 Annar matvælaiðnaður	95,8	97,9	95,3	96,4	101,0	100,0	104,7	112,0	130,2	147,9	162,0	172,9	188,5	193,8	213,2			
213 Öl- og gosdrykkjagerð	68,1	76,5	84,6	91,9	96,0	100,0	103,4	108,7	106,4	119,5	127,9	140,3	156,0	155,7	160,7			
32 Vefjariðn., skó- og fatagerð, sútun o.fl.	72,8	82,1	88,9	86,0	91,0	100,0	95,9	95,4	90,8	96,5	106,7	95,0	95,8	76,0	71,2			
231 Ullarþvottur, spuni og vefnaður	62,5	77,4	89,8	81,2	83,4	100,0	101,5	100,9	94,0	91,7	95,3	75,9	85,1	59,7	52,5			
232 Prjónavöruframleiðsla	62,2	66,7	93,3	69,3	88,4	100,0	80,1	78,7	90,6	106,7	103,7	99,6	104,5	74,2	69,2			
233 Veiðarfæraiðnaður	45,7	55,6	66,7	79,6	92,3	100,0	108,8	102,5	92,3	87,9	99,2	109,9	135,5	127,8	118,1			
241 Skógerð önnur en gúmmískógerð	64,3	67,9	75,0	64,3	71,4	100,0	82,1	132,1	135,7	142,9	157,1	139,3	125,0	78,6	97,7			
243 Fatagerð	90,8	96,8	99,3	96,5	90,6	100,0	93,5	90,8	87,8	93,3	112,6	92,4	68,6	55,0	44,0			
244 Framleiðsla á öðrum vefnaðarvörum	108,3	95,8	108,3	104,2	95,8	100,0	125,0	104,2	91,7	91,7	87,5	83,3	87,5	95,8	89,3			
291 Sútun og önnur verkun skinna	94,5	107,1	84,5	93,7	105,9	100,0	89,5	99,6	83,6	110,5	124,4	103,4	109,7	75,2	95,9			
293 Leðurvörugerð	116,7	133,3	137,5	129,2	129,2	100,0	79,2	87,5	104,2	100,0	112,5	133,3	116,7	133,3	129,2			
33 Trávöruiðnaður	64,6	69,5	80,7	104,8	95,6	100,0	98,4	103,0	87,9	95,2	96,2	92,5	112,1	108,0	100,9			
252-259 Ýmis trjávöruiðnaður	168,8	306,3	181,3	112,5	106,3	100,0	93,8	137,5	131,3	137,5	150,0	162,5	162,5	181,3	183,0			
261 Húsgagnagerð, innréttingasmíði o.fl.	63,5	67,1	79,7	104,7	95,5	100,0	98,4	102,7	87,5	94,7	95,7	91,8	111,5	107,2	100,1			
34 Pappírsiðnaður	81,7	90,6	109,4	105,4	98,9	100,0	101,8	104,8	115,5	113,7	122,0	139,3	141,4	141,9	140,1			
272 Pappa- og pappírsvörugerð	65,5	84,8	84,8	97,2	107,6	100,0	84,8	96,6	108,3	101,4	113,1	132,4	140,7	142,1	139,9			
281-284 Prentun blaðaútgáfa o.fl.	83,3	91,1	111,9	106,2	98,0	100,0	103,6	105,6	116,2	114,9	122,9	140,0	141,4	141,9	140,1			
35 Efnaiðnaður	82,2	90,4	93,9	94,0	100,8	100,0	97,3	99,9	108,8	130,0	134,7	135,3	144,2	142,5	140,8			
311 Kemískur undirstöðuiðnaður	92,8	100,0	104,0	99,4	104,3	100,0	96,6	96,8	122,1	143,3	138,4	127,2	129,2	132,7	126,6			
315 Málningar-, lakk- og límgerð	86,7	91,7	87,5	100,8	99,2	100,0	98,3	104,2	98,3	110,0	113,3	113,3	110,8	110,0	106,3			
319 Sápu- og þvottaefnagerð	90,9	96,2	97,0	102,3	104,5	100,0	101,5	109,8	115,9	110,6	108,3	118,2	117,4	111,4	113,7			
329 Asfalt- og tjörupappagerð	50,0	50,0	25,0	100,0	75,0	100,0	109,5	54,3	88,8	109,5	71,6	95,2	117,9	110,1	127,5			
398 Plastvöruiðnaður ót.a.	68,2	79,6	86,2	83,8	97,1	100,0	96,0	98,4	97,6	131,3	148,0	156,5	178,5	173,2	174,6			

Iðnaðarframleiðslan - Magnvísitala 1980=100

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
36 Steinefnaiðnaður	87,9	92,3	92,3	83,8	86,4	100,0	87,0	92,3	94,3	97,5	90,7	90,1	109,6	112,0	103,5			
332 Gleriðnaður, þ.m.t. speglagerð	86,4	88,9	98,8	93,8	100,0	100,0	93,8	100,0	93,8	91,4	95,1	103,7	114,8	116,0	112,0			
333 Leirsmíði, postulínsiðnaður	117,9	135,7	132,1	146,4	100,0	100,0	100,7	79,8	95,6	107,3	84,6	96,9	124,1	101,0	106,0			
334 Sementsgerð	123,1	110,4	106,4	103,5	98,8	100,0	88,4	97,1	91,9	87,3	89,0	87,3	96,5	97,1	86,9			
335 Grjót-, malar- og sandnám	75,0	84,8	84,8	72,8	79,3	100,0	83,7	65,2	110,9	142,4	93,5	73,9	85,9	102,2	103,6			
339 Steinsteypugerð og annar steinefnaiðnaður	76,0	85,1	85,1	73,2	80,0	100,0	85,1	95,3	91,9	93,0	90,2	91,5	117,4	119,3	107,9			
37 Ál- og kísiljárnsframleiðsla	70,5	77,9	84,6	87,9	92,5	100,0	103,1	108,4	113,3	122,4	114,9	120,9	127,0	129,4	138,3			
341 Kísiljárnframleiðsla	0,0	0,0	0,0	0,0	59,9	100,0	118,7	145,6	175,4	207,1	213,9	236,9	213,5	246,4	256,4			
342 Álframleiðsla	80,8	89,3	96,9	100,7	97,3	100,0	100,8	103,0	104,2	110,0	100,5	104,0	114,4	112,4	121,1			
38 Málmsmíði, vélaviðg., skipasmíðar og -viðg.	69,3	78,3	92,1	88,2	97,7	100,0	108,1	102,3	93,3	97,9	102,5	110,6	125,4	113,0	100,5			
350 Málmsmíði, vélaviðgerðir	66,0	70,0	85,2	78,8	99,9	100,0	105,4	97,0	91,7	102,7	105,4	111,3	130,4	116,0	107,9			
381 Skipasmíði, skipaviðgerðir	77,5	99,2	109,8	112,2	92,2	100,0	115,0	115,6	97,3	85,7	95,0	108,8	112,6	105,3	81,5			
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	48,7	56,7	76,3	73,6	99,3	100,0	114,6	101,8	124,5	128,2	134,0	127,8	149,1	151,4	157,5			
386 Flugvélaviðgerðir	38,1	47,3	73,0	69,4	106,0	100,0	115,7	88,6	112,8	113,2	113,9	95,7	110,0	113,9	98,3			
391 Smíði og viðgerðir mælitækja	47,2	52,8	47,2	41,5	62,3	100,0	113,2	124,5	132,1	135,8	143,4	167,9	205,7	232,1	356,2			
394 Skartvörugerð, góðmálmasmíði	130,0	123,3	153,3	150,0	136,7	100,0	106,8	116,5	93,8	107,3	123,2	147,1	172,8	167,7	154,5			
395 Smíði og viðgerðir hljóðfæra	50,0	50,0	50,0	75,0	75,0	100,0	100,0	75,0	75,0	75,0	75,0	75,0	100,0	100,0	100,0			
397 Burstagerð o.fl.	75,0	80,0	115,0	100,0	120,0	100,0	115,9	131,9	136,7	141,5	171,6	188,4	220,9	210,2	222,6			
399 Iðnaður ót.a.	51,0	64,7	66,7	74,5	72,5	100,0	116,2	132,3	197,7	215,0	232,4	232,0	269,1	247,5	257,6			
Iðnaður samtals	73,9	81,3	91,4	92,8	96,2	100,0	101,4	102,9	101,9	109,3	112,5	115,5	125,2	119,7	115,3	115,8	117,4	119,2
Hlutdeild iðnaðar í landsframleiðslu	12,1%	13,0%	13,1%	12,1%	12,5%	13,0%	12,1%	13,3%	13,0%	14,2%	12,9%	13,1%	13,7%	13,6%	13,5%	13,6%	13,7%	13,9%

Vinnuafl í iðnaði, fjöldi ársverka

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
31 Matvælaiðnaður annar en fiskiðnaður	2800	2869	2921	3146	3371	3390	3599	3688	3711	3920	4108	4301	4670	4330	4312			
201 Slátrun og kjötiðnaður	1001	1037	985	1076	1198	1189	1282	1243	1191	1176	1247	1437	1508	1285	1197			
202 Mjólkuriðnaður	369	375	457	459	540	564	563	570	569	573	588	645	636	629	661			
205 Niðursuða, niðurlagning o.fl.	186	181	218	257	242	267	298	308	291	406	402	382	391	369	376			
206 Brauð og kökugerð	434	469	446	495	522	558	616	656	702	766	812	796	968	891	883			
207 Kexgerð	64	43	48	53	53	32	35	37	40	36	36	39	25	30	26			
208 Sælgætisgerð	270	271	274	271	284	251	242	271	287	278	284	278	303	298	246			
209 Annar matvælaiðnaður	216	225	222	230	195	197	215	235	273	340	387	388	490	524	596			
213 Öl- og gosdrykkjagerð	260	268	271	305	337	332	348	368	358	345	352	336	349	304	327			
32 Vefjariðn., skó- og fatagerð, sútun o.fl.	2124	2137	2379	2405	2467	2551	2547	2443	2420	2632	2707	2632	2567	2046	1711			
231 Ullarþvottur, spuni og vefnaður	331	323	390	403	412	410	408	420	434	467	468	370	369	162	167			
232 Prjónavöruframleiðsla	300	333	375	330	358	379	365	331	333	408	398	351	308	361	269			
233 Veiðarfæraiðnaður	352	343	397	408	431	394	377	361	364	371	404	445	488	474	424			
241 Skógerð önnur en gúmmískógerð	46	45	43	39	34	32	39	40	42	48	45	54	47	33	38			
243 Fatagerð	861	856	938	970	985	1102	1117	1051	960	1021	1057	1059	978	686	504			
244 Framleiðsla á öðrum vefnaðarvörum	33	36	33	43	41	43	38	37	38	34	48	47	36	41	40			
291 Sútun og önnur verkun skinna	172	175	180	181	179	170	181	184	229	261	262	286	320	271	257			
293 Leðurvörugerð	29	26	23	31	27	21	22	19	20	22	25	20	21	18	12			
33 Trávöruiðnaður	1789	1776	1780	1897	1854	1824	1788	1685	1621	1586	1527	1437	1504	1277	1102			
252-259 Ýmis trjávöruiðnaður	48	57	43	38	45	35	35	42	42	48	49	57	56	55	54			
252 Trétunnu-, trékassa- og körfugerð	7	7	8	6	7	1	1	1		5	2	6	7	6	8			
259 Annar trjávöruiðnaður	41	50	35	32	38	34	34	41	42	43	47	51	49	49	46			
261 Húsgagnagerð, innréttingasmíði o.fl.	1741	1719	1737	1859	1809	1789	1753	1643	1579	1538	1478	1380	1448	1222	1048			
34 Pappírsiðnaður	1554	1525	1633	1770	1759	1761	1763	1857	1920	2014	2224	2343	2426	2421	2312			
272 Pappa- og pappírsvörugerð	165	159	174	180	232	212	190	163	174	205	225	243	237	237	226			
281-284 Prentun blaðaútgáfa o.fl.	1389	1366	1459	1590	1527	1549	1573	1694	1746	1809	1999	2100	2189	2184	2086			
281 Prentun	787	740	802	805	774	841	831	925	954	893	1041	1133	1122	1202	1182			
282 Prentmyndagerð	45	38	35	32	27	28	35	34	39	50	50	56	61	47	42			
283 Bókband	151	131	145	162	142	130	92	141	104	108	106	109	109	101	48			
284 Bóka- og blaðaútgáfa	406	457	477	591	584	550	615	594	649	758	802	802	897	834	814			

Vinnuafl í iðnaði, fjöldi ársverka

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
35 Efnaiðnaður	778	845	856	904	992	971	1013	1045	1070	1061	1168	1218	1280	1199	1146			
311 Kemískur undirstöðuiðnaður	266	283	296	291	294	293	298	309	323	328	322	310	280	265	246			
315 Málningar-, lakk- og límgerð	130	139	137	148	133	121	126	121	118	114	123	118	116	110	113			
319 Sápu- og þvottaefnagerð	130	141	130	118	151	145	159	165	172	171	184	193	204	196	207			
329 Asfalt- og tjörupappagerð	3	3	2	3	3	2	1	5	7	6	9	5	6	7	9			
398 Plastvöruiðnaður ót.a.	249	279	291	344	411	410	429	445	450	442	530	592	674	621	571			
36 Steinefnaiðnaður	757	802	779	807	836	807	825	899	908	999	981	953	983	960	918			
332 Gleriðnaður, þ.m.t. speglagerð	116	102	90	78	96	102	103	109	109	118	130	124	124	118	118			
333 Leirsmíði, postulínsiðnaður	64	62	55	47	38	47	37	36	38	43	41	43	44	40	40			
334 Sementsgerð	147	192	187	185	189	182	176	196	204	201	189	177	171	160	151			
335 Grjót-, malar- og sandnám	62	68	62	74	83	75	62	86	98	103	108	117	138	113	104			
339 Steinsteypugerð og annar steinefnaiðnaður	368	378	385	423	430	401	447	472	459	534	513	492	506	529	505			
37 Ál- og kísiljárnsframleiðsla	658	747	685	690	798	860	893	896	839	854	925	841	815	852	871			
341 Kísiljárnframleiðsla					99	131	163	165	173	193	206	207	188	203	207			
342 Álframleiðsla	658	747	685	690	699	729	730	731	666	661	719	634	627	649	664			
38 Málmsmíði, vélaviðg., skipasmíðar og -viðg.	3122	3170	3456	3472	3445	3547	3487	3571	3453	3439	3467	3570	3708	3456	3268			
350 Málmsmíði, vélaviðgerðir	2285	2346	2493	2476	2496	2563	2495	2528	2448	2537	2540	2619	2697	2574	2540			
381 Skipasmíði, skipaviðgerðir	837	824	963	996	949	984	992	1043	1005	902	927	951	1011	882	728			
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	306	296	296	282	355	333	337	402	443	473	504	436	477	489	529			
386 Flugvélaviðgerðir	120	113	92	76	137	135	138	182	179	175	171	170	185	199	186			
391 Smíði og viðgerðir mælitækja	46	47	52	41	60	62	62	69	66	71	73	72	84	94	133			
394 Skartvörugerð, góðmálmasmíði	64	60	66	78	68	49	50	54	49	45	47	49	55	53	57			
395 Smíði og viðgerðir hljóðfæra	7	6	5	7	6	7	8	6	6	5	5	6	7	7	8			
397 Burstagerð o.fl.	26	26	28	23	28	26	25	27	26	29	31	29	36	37	42			
399 Iðnaður ót.a.	43	44	53	57	56	54	54	64	117	148	177	110	110	99	103			
Ársverk í iðnaði samtals	13888	14167	14785	15373	15877	16044	16252	16486	16385	16978	17611	17731	18430	17030	16169	15500	15500	15600
Hlutdeild iðnaðar í vinnuaflseftirspurn	14,7%	14,5%	15,1%	15,3%	15,6%	15,3%	14,8%	14,6%	14,3%	14,6%	14,6%	14,2%	14,0%	13,3%	12,8%	12,2%	12,0%	11,9%

Markaðshlutdeild.

Ár 1000 kg	Kaffi Innfl.	Kaffi Framl.	Hlutdeild innl. í %	Sælgæti Innfl.	Sælgæti Framl.	Hlutdeild innl. í %	Málning Innfl.	Málning Framl.	Hlutdeild innl. í %
1978	110,1	1587,8	93,5	0,0	0,0	0,0	2054,9	3920,1	65,6
1979	147,2	1728,7	92,2	0,0	0,0	0,0	1940,6	3860,2	66,5
1980	256,3	1650,0	86,6	1391,2	1084,3	43,8	2141,5	4188,0	66,2
1981	417,5	1644,3	79,8	1175,7	1141,3	49,3	2323,6	4097,0	63,8
1982	426,1	1578,3	78,7	1351,5	1236,4	47,8	2685,6	4290,8	61,5
1983	482,7	1579,9	76,6	1300,0	1276,2	49,5	2975,7	4031,8	57,5
1984	403,7	1609,6	79,9	1669,1	1277,0	43,3	3584,3	4516,8	55,8
1985	519,9	1505,0	74,3	1825,2	1410,0	43,6	4184,0	4619,2	52,5
1986	529,0	1468,4	73,5	1764,0	1392,6	44,1	4118,0	4568,0	52,6
1987	654,8	1338,3	67,1	1764,7	1438,3	44,9	4878,9	4489,9	47,9
1988	728,4	1316,0	64,4	1314,4	1322,0	50,1	2700,1	4189,0	60,8
1989	850,5	1134,7	57,2	1533,8	1314,8	46,2	2963,3	3701,3	55,5
1990	899,0	981,7	52,2	1778,4	1400,3	44,1	3062,8	3763,0	55,1
199[illegible] I	340,7	237,7	41,1	341,0	327,8	49,0	764,8	618,4	44,7

Fylgiskjal IV.

	Kaffi	Málning	Sælgæti	Hreinlæti	Öl/gos
1978	94	66	0	72	0
1979	92	67	0	71	0
1980	87	66	44	67	0
1981	80	64	49	63	0
1982	79	62	48	60	0
1983	77	58	50	63	0
1984	80	56	43	61	0
1985	74	53	44	56	0
1986	74	53	44	55	0
1987	67	48	45	50	0
1988	64	61	50	49	92
1989	57	56	46	50	87
1990	52	55	44	53	85
199[illegible] I	41	45	49		83

Sápa Innfl.	Sápa Framl.	Hlutdeild innl. í %	Öl og gos Innfl.	Öl og gos Framl.	Hlutdeild innl. í %
708,5	1842,7	72,2	0,0	0,0	0,0
752,6	1796,2	70,5	0,0	0,0	0,0
886,8	1824,5	67,3	0,0	0,0	0,0
1059,9	1823,3	63,2	0,0	0,0	0,0
1220,7	1804,2	59,6	0,0	0,0	0,0
1033,6	1779,3	63,3	0,0	0,0	0,0
1162,9	1785,1	60,6	0,0	0,0	0,0
1830,4	2317,5	55,9	0,0	0,0	0,0
1963,9	2423,5	55,2	0,0	0,0	0,0
2487,6	2480,5	49,9	0,0	0,0	0,0
2222,2	2163,2	49,3	2992,9	36194,7	92,4
2331,7	2317,5	49,8	5352,2	37024,4	87,4
2175,9	2458,7	53,1	6611,3	36845,1	84,8
			1688,5	8517,3	83,5

25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Á eftir 3. tölul. 2. gr. laganna komi nýr liður sem orðist þannig:

Að safna þjóðhagslegum upplýsingum eftir kjördæmum í samvinnu við aðrar hlutaðeigandi stofnanir og birta þær opinberlega einu sinni á ári í aðgengilegu formi, m.a. um tekjur og útgjöld ríkissjóðs, hlutdeild kjördæma í landsframleiðslu og gjaldeyrisöflun og um innlán og útlán innlánsstofnana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur tvívegis verið flutt áður en varð ekki útrætt. Hér er það flutt í þeim búningi sem málið var lagt fram í á 112. löggjafarþingi með þeirri breytingu að í 1. gr. er bætt orðunum „í samvinnu við aðrar hlutaðeigandi stofnanir". Er það gert til að koma til móts við ábendingar sem komu fram í umsögnum til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar og þá m.a. hafður í huga Seðlabanki Íslands vegna gjaldeyrisöflunar og innlán og útlán innlánsstofnana, svo og Byggðastofnun eftir því sem við á. Umsagnir, er bárust nefndinni, eru birtar sem fskj. IV með frumvarpinu.

Á 109. löggjafarþingi báru flutningsmenn frumvarpsins fram fyrirspurnir til forsætisráðherra, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra um nokkrar þjóðhagsstærðir, flokkaðar eftir kjördæmum. Fyrirspurnirnar og svör við þeim eru fskj. I, II og III með þessu frumvarpi.

Eins og fram kemur í svörunum vantar mikið á að sundurliðaðar upplýsingar liggi á lausu um mörg þau atriði sem spurt var um. Hér er þó um að ræða undirstöðuatriði til að unnt sé að átta sig á mikilvægum þáttum byggðamála og framlagi einstakra kjördæma til þjóðarbúsins.

Til að ráða bót á þessu er Þjóðhagsstofnun í samvinnu við aðrar hlutaðeigandi stofnanir samkvæmt frumvarpinu falið að safna upplýsingum um þessi efni og birta þær árlega.

Í 1. gr. frumvarpsins er ekki um tæmandi upptalningu að ræða á þeim upplýsingum sem gert er ráð fyrir að safnað verði og birtar. Gert er ráð fyrir að starfsmenn Þjóðhagsstofnunar og annarra hlutaðeigandi stofnana hafi svigrúm til að auka við þá gagnasöfnun eftir eigin mati og óskum sem fram kunna að koma.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir að fyrirmæli frumvarpsins gildi frá og með árinu 1992.

Fylgiskjal I.

Fyrirspurn frá Hjörleifi Guttormssyni til forsætisráðherra á 109. löggjafarþingi um skiptingu aflaverðmætis, útflutningsverðmæti sjávarafurða, gjaldeyrisöflun og landsframleiðslu eftir kjördæmum.

1. Hver hefur verið skipting aflaverðmætis eftir kjördæmum á hverju ári á tímabilinu 1981–1986?
2. Hver er skipting útflutningsverðmætis sjávarafurða áætluð á grundvelli aflaverðmætis í einstökum kjördæmum og sundurliðað eftir framleiðslustöðum og helstu fisktegundum?
3. Hvert hefur verið framlag hvers kjördæmis í gjaldeyrisöflun landsmanna á sama tímabili? Beðið er um heildargjaldeyristekjur af útflutningi og hreinar gjaldeyristekjur eftir því sem upplýsingar leyfa.
4. Hvert má áætla að hafi verið framlag hvers kjördæmis til landsframleiðslunnar í heild og á vinnandi mann á sama tímabili (1981–1986)?

Verðmætistölur óskast færðar til verðlags ársins 1986 og að fram komi hlutfallsleg skipting þar sem við á.

Greinargerð.

Fram hefur komið, m.a. á þskj. 616 á 108. löggjafarþingi, að vissir erfiðleikar séu á að flokka útflutningsframleiðsluna eftir framleiðslustöðum þar sem útflutningshöfn getur verið önnur. Í 2. tölul. í fyrirspurninni er bent á leið til að áætla framleiðsluverðmæti sjávarafurða út frá sundurliðuðu aflaverðmæti.

Svar forsætisráðherra.

1. Ekki er mögulegt að fá umbeðnar upplýsingar eftir skiptingu kjördæma þar sem einu tiltæku heimildirnar eru frá Fiskifélagi Íslands sem skiptir landinu talsvert öðruvísi en kjördæmaskiptingin er, sbr. eftirfarandi yfirlit:

Suðurland: Vestmannaeyjar — Þorlákshöfn.
Reykjanes: Grindavík — Reykjavík.
Vesturland: Akranes — Búðardalur.
Vestfirðir: Barðaströnd — Veiðileysa.
Norðurland vestra: Strandir — Siglufjörður.
Norðurland eystra: Ólafsfjörður — Vopnafjörður.
Austurland: Bakkafjörður — Hornafjörður.

Að öðru leyti er spurningunni svarað í töflu 1.

Tafla 1.

Aflaverðmæti, landað til vinnslu innan lands.
(Upphæðir í millj. kr. á verðlagi hvers árs.)

	1981	1982	1983	1984	1985
Suðurland	297	418	731	1.025	1.258
Reykjanes	645	870	1.353	1.791	2.213
Vesturland	244	348	620	859	1.110
Vestfirðir	327	424	794	1.140	1.280
Norðurland vestra	176	163	376	664	1.006
Norðurland eystra	371	431	801	1.117	1.689
Austfirðir	404	418	843	1.314	1.906
Samtals	**2.464**	**3.072**	**5.518**	**7.910**	**10.462**

Aflaverðmæti, hlutfallsleg skipting.

	1981	1982	1983	1984	1985
Suðurland	12,1	13,6	13,2	13,0	12,0
Reykjanes	26,2	28,3	24,5	22,6	21,2
Vesturland	9,9	11,3	11,2	10,9	10,6
Vestfirðir	13,3	13,8	14,4	14,4	12,2
Norðurland vestra	7,1	5,3	6,8	8,4	9,6
Norðurland eystra	15,1	14,0	14,5	14,1	16,1
Austfirðir	16,4	13,6	15,3	16,6	18,2
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Fiskifélag Íslands, *Útvegur 1981–1985*.

2. Eftir sömu landshlutaskiptingu og áður er greint frá er möguleiki að greina frá útflutningsverðmæti sjávarafurða á verðlagi ársins 1986, skipt á grundvelli aflaverðmætis einstakra landshluta.

Sjá töflu 2.

Tafla 2.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða 1981–1985.[1]
(Upphæðir í millj. kr. á verðlagi ársins 1986.[2])

	1981	1982	1983	1984	1985
Suðurland	3.629	3.211	3.196	3.492	3.810
Reykjanes	7.856	6.681	5.932	6.071	6.731
Vesturland	2.969	2.668	2.712	2.928	3.366
Vestfirðir	3.988	3.258	3.487	3.869	3.874
Norðurland vestra	2.129	1.251	1.647	2.256	3.048
Norðurland eystra	4.528	3.305	3.511	3.787	5.112
Austfirðir	4.916	3.211	3.705	4.459	5.779
Samtals	**30.015**	**23.585**	**24.190**	**26.862**	**31.720**

[1] Skipting niður á landshluta er gerð á grundvelli aflaverðmætis innan lands, sbr. töflu 1.

[2] Fjárhæðir eru færðar til verðlags ársins 1986 miðað við verðvísitölu sjávarafurðaframleiðslunnar.

Að mati Þjóðhagsstofnunar er afar torvelt að flokka útflutningsframleiðsluna eftir framleiðslustöðum með þeim gögnum sem eru tiltæk. Því verði sundurliðun eftir landshlutum að nægja á grundvelli verðmætis þess afla sem landað er til vinnslu í hverjum landshluta.

3. Upplýsingar um þetta atriði eru hvergi fyrirliggjandi og miðað við tiltæk gögn er heldur ekki hægt að afla þeirra. Gildir þetta um hvort tveggja heildargjaldeyristekjur og hreinar gjaldeyristekjur.

Ástæða er hins vegar til að geta þess að þó að slíkar upplýsingar lægju fyrir væri sitthvað við þann mælikvarða að athuga, til að mynda vegna þess að hver sú atvinnustarfsemi á svæðinu, sem starfar í heilbrigðri samkeppni við innflutning og framleiðir fyrir innlendan markað, sparar gjaldeyri og er þar af leiðandi engu þýðingarminni en útflutningsgreinin.

4. Þjóðhagsreikningagerð hér á landi er ekki enn komin á það stig að unnt sé að svara spurningum af þessu tagi. Til þessa hefur Þjóðhagsstofnun lagt áherslu á skýrslugerðina fyrir landið í heild og reynt að bæta hana og treysta eftir föngum. Við skiptingu landsframleiðslunnar eftir kjördæmum koma hins vegar upp ýmis ný álitamál, en fullyrða má að skýrslugerð af því tagi gæfi mun betri mynd af þætti hvers landshluta í þjóðarbúskapnum en gjaldeyristekjur eins og vikið er að í svari við þriðju spurningu.

Fylgiskjal II.

Fyrirspurn frá Hjörleifi Guttormssyni til viðskiptaráðherra á 109. löggjafarþingi um innlán og útlán innlánsstofnana eftir kjördæmum.

1. Hver hefur verið staða og þróun innlána í innlánsstofnunum, flokkað eftir helstu tegundum sparnaðarforma og kjördæmum, árlega á tímabilinu 1976–1985?
2. Hver hefur verið staða og þróun útlána á sama tímabili hjá innlánsstofnunum, flokkað eftir kjördæmum og lántakendum (einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum)?
3. Hver hafa verið heildarútlán, flokkuð eftir kjördæmum, á sama tímabili frá innlánsstofnunum, lífeyrissjóðum og fjárfestingarlánasjóðum?

Beðið er um að allar upplýsingar verði jafnframt færðar til verðlags í desember 1986.

Svar viðskiptaráðherra.

Með svari þessu eru prentaðar töflur sem Seðlabanki Íslands hefur útbúið þar sem fram koma umbeðnar upplýsingar auk skýringa og fyrirvara sem gera verður við töflurnar.

Í fyrirspurninni er beðið um nánar tilgreinda flokkun inn- og útlána innlánsstofnana árlega á tímabilinu 1976–1985. Vegna umfangs þessa verkefnis og þeirrar vinnu sem í

það þurfti að leggja reyndist nauðsynlegt að takmarka þessar upplýsingar nokkuð, þó þannig að ætla má að niðurstöðurnar gefi í heild mynd af þróun þeirra atriða sem óskað er upplýsinga um. Þá skal þess einnig getið að upplýsingar um innlán Póstgíróstofunnar eru ekki taldar með í þessum tölum þar sem skipting þeirra talna á einstaka landshluta liggur ekki fyrir í Seðlabankanum. Heildarinnlán Póstgíróstofunnar voru 1985 í árslok 465 millj. kr.

1. *Tafla 1* sýnir skiptingu samanlagðra innlána banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga, skipt á einstök kjördæmi, í lok áranna 1976, 1978, 1980, 1982, 1984 og 1985. Upplýsingar þessar eru fengnar úr ársreikningum banka og sparisjóða og mánaðarskýrslum innlánsdeilda sem sendar eru bankaeftirliti Seðlabankans.

Tafla 2 sýnir þær tölur sem koma fram í töflu 1, uppfærðar með lánskjaravísitölu til verðlags í desember 1986.

Töflur 3–8 sýna skiptingu innlána sömu stofnana fyrir hvert ár sem tilgreint er í töflu 1, skipt í sparnaðarform og kjördæmi.

2. *Tafla 9* sýnir heildarútlán (endurlánað erlent lánsfé innifalið) banka og sparisjóða í árslok fyrir sömu ár og tilgreind eru í 1. lið svarsins hér að framan. Upplýsingarnar eru fengnar úr ársreikningum þessara stofnana til bankaeftirlits Seðlabankans.

Hafa verður í huga varðandi þessar tölur að stofnunum er frjálst að bókfæra lánin hvort heldur er í aðalbanka eða útibúum. Þannig er t.d. endurlánað erlent lánsfé til aðila utan Reykjavíkur í einhverjum tilvikum bókfært í aðalbanka viðkomandi bankastofnunar. Sama gildir um afurðalánin, einkum hvað varðar fyrstu árin í þeim talnaröðum sem hér eru birtar. Skipting útlánanna á þann hátt, sem hér er óskað eftir, mun því ekki í öllum tilvikum gefa rétta mynd af raunverulegum útlánum í hvern landshluta.

Tafla 10 sýnir sömu upplýsingar og fram koma í töflu 9, uppfærðar til verðlags í desember 1986 með lánskjaravísitölu.

„Útlán" innlánsdeilda samvinnufélaga eru ekki tilgreind í töflunum. Ráðstöfunarfé þessara stofnana liggur í rekstri viðkomandi samvinnufélaga og er ekki bókfært sérstaklega í reikningum þessara félaga enda hafa innlánsdeildirnar ekki sjálfstæðan fjárhag.

Hagfræðideild Seðlabankans tekur mánaðarlega saman upplýsingar um flokkun útlána innlánsstofnana eftir atvinnugreinum samkvæmt upplýsingum frá þessum stofnunum. Niðurstöður flokkunarinnar eru birtar í riti Seðlabankans, *Hagtölur mánaðarins*. Þess ber þó að geta að niðurstöðurnar eru að hluta til byggðar á áætlunum þar sem skýrslur um flokkun lána berast ekki frá öllum innlánsstofnunum. Að auki eru útlán innlánsdeilda samvinnufélaga fengin með því að draga bundið fé í Seðlabankanum frá heildarinnlánum og telja mismuninn lán til samvinnufyrirtækja. Þá eru og innifalin í þessum tölum „útlán" Póstgíróstofunnar og að síðustu hafa verið dregin út svokölluð „millibankalán" sem eru innbyrðis lánveitingar bankanna.

Samanlagðar niðurstöður lánaflokkunar koma því ekki nákvæmlega heim við heildarútlán banka og sparisjóða samkvæmt ársreikningum þeirra.

Lánaflokkun sú, sem hér hefur verið fjallað um, byggist á upplýsingum um samandregin útlán einstakra banka. Engin skipting liggur fyrir í Seðlabankanum um hvernig flokkun lána einstakra útibúa bankanna er háttað og er því ekki mögulegt að skipta þessum tölum frekar á einstök kjördæmi eins og beðið er um í fyrirspurninni.

Í *töflum 11–14* eru sýndar niðurstöður lánaflokkunar innlánsstofnana í árslok fyrir tilgreind ár samkvæmt samantekt hagfræðideildar Seðlabankans með þeim fyrirvara sem getið er hér að framan.

3. Hagfræðideild Seðlabankans tekur saman upplýsingar um heildarútlán lífeyrissjóða og fjárfestingarlánasjóða. Upplýsingar um flokkun þessara lána á einstök kjördæmi liggja ekki fyrir.

Í *töflum 15 og 16* eru dregnar saman upplýsingar um heildarútlán þessara sjóða í árslok tilgreindra ára.

TAFLA 1.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr. (verðlag hvers árs)

	INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK:					
KJÖRDÆMI:	1976	1978	1980	1982	1984	1985
1. Reykjavík	380.616	795.823	2.041.045	5.698.647	14.269.572	21.399.622
2. Reykjanes	60.984	136.601	396.070	1.185.466	3.236.534	4.749.088
3. Vesturland	35.880	83.643	212.763	525.655	1.195.340	1.681.038
4. Vestfirðir	30.833	69.425	178.118	422.041	985.574	1.378.268
5. Norðurland vestra	32.474	70.784	182.063	477.877	1.019.595	1.582.070
6. Norðurland eystra	70.721	147.144	394.741	977.194	2.102.221	3.107.937
7. Austurland	26.422	62.096	177.768	432.523	975.301	1.392.957
8. Suðurland	57.876	124.311	336.502	903.009	1.855.926	2.763.661
Samtals:	695.806	1.489.827	3.919.070	10.622.412	25.640.063	38.054.641

TAFLA 2.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr. (verðlag í des. 1986)

	INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK:					
KJÖRDÆMI:	1976	1978	1980	1982	1984	1985
1. Reykjavík	13.399.768	14.403.275	15.976.089	18.656.716	22.944.400	24.680.791
2. Reykjanes	2.146.970	2.472.285	3.100.202	3.881.079	5.204.103	5.477.258
3. Vesturland	1.263.172	1.513.820	1.665.383	1.720.934	1.922.017	1.938.788
4. Vestfirðir	1.085.490	1.256.494	1.394.202	1.381.713	1.584.728	1.589.595
5. Norðurland vestra	1.143.262	1.281.090	1.425.081	1.564.514	1.639.432	1.824.646
6. Norðurland eystra	2.489.767	2.633.099	3.089.800	3.199.221	3.380.214	3.584.471
7. Austurland	930.199	1.123.850	1.391.463	1.416.030	1.568.210	1.606.536
8. Suðurland	2.037.552	2.249.853	2.633.939	2.956.347	2.984.189	3.187.408
Samtals:	24.496.180	26.933.766	30.676.539	34.776.554	41.227.293	43.889.493

TAFLA 3.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr. (verðlag ársins).

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K 1 9 7 6 :

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Samtals
1. Reykjavík	88.429	292.187	380.616
2. Reykjanes	13.399	47.585	60.984
3. Vesturland	7.696	28.184	35.880
4. Vestfirðir	7.895	22.938	30.833
5. Norðurland vestra	6.662	25.812	32.474
6. Norðurland eystra	14.361	56.360	70.721
7. Austfirðir	7.266	19.156	26.422
8. Suðurland	14.511	43.365	57.876
Samtals:	160.219	535.587	695.806

TAFLA 4.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

I N N L Á N A L L S Í Á R S L O K 1 9 7 8 :

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyris-reikningar	Samtals
1. Reykjavík	178.452	607.913	9.458	795.823
2. Reykjanes	29.009	107.173	419	136.601
3. Vesturland	17.948	65.482	213	83.643
4. Vestfirðir	19.250	50.115	60	69.425
5. Norðurland vestra	12.163	58.596	25	70.784
6. Norðurland eystra	26.546	120.246	352	147.144
7. Austurland	15.422	46.628	46	62.096
8. Suðurland	29.062	95.038	211	124.311
Samtals:	327.852	1.151.191	10.784	1.489.827

TAFLA 5.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK 1980:

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyris-reikningar	Samtals
1. Reykjavík	423.711	1.553.793	63.541	2.041.045
2. Reykjanes	75.439	315.772	4.859	396.070
3. Vesturland	43.992	167.074	1.697	212.763
4. Vestfirðir	43.946	133.599	573	178.118
5. Norðurland vestra	26.505	155.462	96	182.063
6. Norðurland eystra	70.807	321.034	2.900	394.741
7. Austurland	40.565	136.426	777	177.768
8. Suðurland	74.533	260.124	1.845	336.502
Samtals:	799.498	3.043.284	76.688	3.919.070

TAFLA 6.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK 1982:

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyris-reikningar	Samtals
1. Reykjavík	823.825	4.529.507	345.315	5.698.647
2. Reykjanes	180.218	964.968	40.280	1.185.466
3. Vesturland	75.444	437.639	12.572	525.655
4. Vestfirðir	82.852	335.865	3.324	422.041
5. Norðurland vestra	54.980	421.734	1.163	477.877
6. Norðurland eystra	113.767	842.244	21.183	977.194
7. Austurland	75.224	351.456	5.843	432.523
8. Suðurland	158.865	732.136	12.008	903.009
Samtals:	1.565.175	8.615.549	441.688	10.622.412

TAFLA 7.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK 1984:

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyris-reikningar	Samtals
1. Reykjavík	2.424.415	10.489.859	1.355.298	14.269.572
2. Reykjanes	564.633	2.459.446	212.455	3.236.534
3. Vesturland	205.000	954.757	35.583	1.195.340
4. Vestfirðir	214.274	757.257	14.043	985.574
5. Norðurland vestra	122.322	886.297	10.976	1.019.595
6. Norðurland eystra	273.690	1.776.385	52.146	2.102.221
7. Austurland	194.976	762.080	18.245	975.301
8. Suðurland	354.140	1.454.708	47.078	1.855.926
Samtals:	4.353.450	19.540.789	1.745.824	25.640.063

TAFLA 8.

BANKAR, SPARISJÓÐIR OG INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA.

Í þús. kr.

INNLÁN ALLS Í ÁRSLOK 1985:

KJÖRDÆMI:	Veltiinnlán	Spariinnlán	Innlendir gjaldeyrisr.	Samtals
1. Reykjavík	3.161.023	16.306.336	1.932.263	21.399.622
2. Reykjanes	704.538	3.658.555	385.995	4.749.088
3. Vesturland	237.338	1.393.746	49.954	1.681.038
4. Vestfirðir	227.156	1.115.113	35.999	1.378.268
5. Norðurland vestra	166.107	1.378.998	36.965	1.582.070
6. Norðurland eystra	339.938	2.646.675	121.324	3.107.937
7. Austurland	216.486	1.142.830	33.641	1.392.957
8. Suðurland	479.724	2.225.710	58.227	2.763.661
Samtals:	5.532.310	29.867.963	2.654.368	38.054.641

TAFLA 9.

BANKAR OG SPARISJÓÐIR.

Í þús. kr. (verðlag hvers árs)

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAÐ ERLENT LÁNSFÉ Í ÁRSLOK:

KJÖRDÆMI:	1976	1978	1980	1982	1984	1985
1. Reykjavík	498.605	999.284	2.667.298	8.873.791	23.324.582	31.524.338
2. Reykjanes	54.503	117.421	298.064	1.029.015	3.017.129	4.211.598
3. Vesturland	28.796	67.553	156.212	600.679	1.722.039	2.211.841
4. Vestfirðir	30.378	56.371	201.710	610.843	1.823.917	1.996.100
5. Norðurland vestra	31.068	73.005	176.352	513.100	1.438.993	1.822.775
6. Norðurland eystra	73.388	152.032	395.699	1.101.201	2.754.067	3.553.845
7. Austurland	50.565	110.060	267.407	941.463	2.172.603	2.647.537
8. Suðurland	64.680	145.622	327.419	1.159.735	3.249.175	4.121.069
Samtals: *	831.983	1.721.348	4.490.161	14.829.827	39.502.505	52.089.103
* þar af endurl. erl. lánsfé	142.771	346.997	1.084.558	3.646.523	10.331.091	13.867.732

TAFLA 10.

BANKAR OG SPARISJÓÐIR.

Í þús. kr. (verðlag í des. 1986)

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAÐ ERLENT LÁNSFÉ Í ÁRSLOK.

KJÖRDÆMI	1976	1978	1980	1982	1984	1985
1. Reykjavík	17.553.628	18.085.632	20.878.038	29.051.774	37.504.177	36.357.913
2. Reykjanes	1.918.804	2.125.154	2.333.069	3.368.877	4.851.316	4.857.355
3. Vesturland	1.013.777	1.222.614	1.222.735	1.966.554	2.768.909	2.550.978
4. Vestfirðir	1.069.472	1.020.236	1.578.867	1.999.830	2.932.721	2.302.159
5. Norðurland vestra	1.093.764	1.321.288	1.380.379	1.679.831	2.313.793	2.102.258
6. Norðurland eystra	2.583.659	2.751.565	3.097.298	3.605.206	4.428.333	4.098.750
7. Austurland	1.780.165	1.991.930	2.093.105	3.082.242	3.493.383	3.053.479
8. Suðurland	2.277.090	2.615.553	2.562.843	3.796.839	5.224.429	4.752.945
Samtals: *	29.290.359	31.153.972	35.146.334	48.551.153	63.517.061	60.075.837
* þar af endurl. erl. lánsfé	5.026.321	6.280.156	8.489.281	11.938.298	16.611.619	15.994.048

TAFLA 11

Í millj. kr.

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAÐ ERL. LÁNSFÉ INNLÁNSSTOFNANA Á VERÐLAGI HVERS TÍMA.

	Ríkissjóður og stofnanir	Bæjar- og sveitarf.	Lánastofnanir aðrar en bankar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Samtals
1976	13	29	41	635	130	848
1977	11	33	54	916	178	1.192
1978	20	57	68	1.359	257	1.761
1979	31	104	84	2.112	436	2.767
1980	82	206	122	3.481	703	4.594
1981	197	484	199	5.646	1.341	7.867
1982	369	872	357	11.393	2.134	15.125
1983	660	1.507	671	21.335	3.829	28.002
1984	559	1.760	1.060	30.951	5.707	40.037
1985	646	2.014	1.477	39.261	8.220	51.618

TAFLA 12

Í millj. kr.

ÚTLÁN OG ENDURLÁNAÐ ERL. LÁNSFÉ INNLÁNSSTOFNANA Á FÖSTU VERÐLAGI MIÐAÐ VIÐ LÁNSKJARAVÍSITÖLU DES. 1986.

	Ríkissjóður og stofnanir	Bæjar- og sveitarf.	Lánastofnanir aðrar en bankar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Samtals
1976	458	1.021	1.444	22.356	4.577	29.856
1977	295	885	1.449	24.565	4.774	31.968
1978	362	1.032	1.231	24.596	4.651	31.872
1979	368	1.233	997	25.052	5.172	32.822
1980	642	1.613	955	27.247	5.503	35.960
1981	1.041	2.556	1.051	29.816	7.082	41.546
1982	1.208	2.855	1.169	37.300	6.986	49.518
1983	1.217	2.780	1.238	39.352	7.063	51.650
1984	899	2.830	1.705	49.767	9.176	64.377
1985	745	2.323	1.703	45.281	9.481	59.533

TAFLA 13

Í millj. kr.

ENDURLÁNAÐ ERLENT LÁNSFÉ INNLÁNSSTOFNANA Á VERÐLAGI HVERS TÍMA.

	Ríkissjóður og stofnanir	Bæjar- og sveitarf.	Lánastofnanir aðrar en bankar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Samtals
1976	1	15	3	121	0	140
1977	0	10	3	169	0	182
1978	0	20	2	320	0	342
1979	0	55	3	479	0	537
1980	0	146	1	933	0	1.080
1981	2	387	1	1.381	0	1.771
1982	0	609	4	3.029	5	3.647
1983	0	968	33	6.649	20	7.670
1984	3	1.360	47	8.873	30	10.313
1985	0	1.162	165	11.474	63	12.864

TAFLA 14

Í millj. kr.

ERLEND ENDURLÁN INNLÁNSSTOFNANA Á FÖSTU VERÐLAGI
MIÐAÐ VIÐ LÁNSKJARAVÍSITÖLU DES. 1986.

	Ríkissjóður og stofnanir	Bæjar- og sveitarf.	Lánastofnanir aðrar en bankar	Fyrirtæki	Einstaklingar	Samtals
1976	35	528	106	4.260	0	4.929
1977	0	268	81	4.532	0	4.881
1978	0	362	36	5.792	0	6.190
1979	0	652	36	5.682	0	6.370
1980	0	1.143	8	7.303	0	8.454
1981	11	2.044	5	7.293	0	9.353
1982	0	1.994	13	9.917	16	11.940
1983	0	1.786	61	12.264	37	14.148
1984	5	2.187	76	14.267	48	16.583
1985	0	1.340	190	13.233	73	14.836

TAFLA 15

ÚTLÁN Í ÁRSLOK

Í millj. kr.

	Fjárfest-ingalána-sjóðir	Lífeyris-sjóðir
1976	576	222
1977	775	335
1978	1.197	566
1979	1.711	938
1980	2.662	1.690
1981	5.107	3.170
1982	9.758	6.197
1983	17.747	11.947
1984	25.550	16.525[1)]
1985	37.493	25.035[2)]

1) Bráðabirgðatölur.

2) Áætlun.

TAFLA 16

ÚTLÁN Í ÁRSLOK Á FÖSTU VERÐLAGI.

Í millj. kr.

	Fjárfest-ingalána-sjóðir	Lífeyris-sjóðir
1976	20.278	7.816
1977	20.783	8.984
1978	21.664	10.244
1979	20.295	11.126
1980	20.837	13.228
1981	26.969	16.740
1982	31.947	20.288
1983	32.734	22.036
1984	41.082	26.571[1)]
1985	43.242	28.874[2)]

1) Bráðabirgðatölur.

2) Áætlun.

Fylgiskjal III.

Fyrirspurn frá Steingrími J. Sigfússyni til fjármálaráðherra á 109. löggjafarþingi um tekjur og útgjöld ríkissjóðs eftir kjördæmum.

1. Hvernig skiptust tekjur ríkissjóðs sl. fimm ár eftir kjördæmun, sundurliðaðar í:
   a. söluskatt,
   b. tekjuskatt,
   c. sjúkratryggingagjald,
   d. eignarskatt,
   e. aðrar opinberar tekjur nema tolla- og vörugjöld,
   f. tolla og vörugjöld?

   Hvert er hlutfall tekna í hverjum flokki í einstökum kjördæmun af heildartekjum ríkissjóðs af viðkomandi flokki og borið saman við íbúafjölda viðkomandi kjördæmis sem hlutfall af fjölda landsmanna.

2. Hvernig skiptust útgjöld ríkisins sl. fimm ár eftir kjördæmum, sundurliðuð í helstu útgjaldaflokka. Óskað er sérstaklega eftir sundurliðun á eftirfarandi hátt:
   a. Samneysla:
      i. laun,
      ii. annað,
   b. tekjutilfærslur,
   c. fjármagnstilfærslur,
   d. stofnkostnaður.

   Allt einnig tilgreint sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins til viðkomandi málaflokka og borið saman við íbúafjölda kjördæmanna sem hlutfall af fjölda landsmanna.
3. Eiga sér stað umtalsverðar fjármunatilfærslur milli kjördæma gegnum ríkisfyrirtæki eða sjóði í B-hluta fjárlaga, og ef svo er þá hverjar?

Allar tölur óskast færðar til verðlags í desember 1986.

Fylgiskjal IV.

Umsagnir sem bárust fjárhags- og viðskiptanefnd um frumvarpið á 110. löggjafarþingi.

Eftirtaldir aðilar sendu jákvæðar umsagnir: Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Fjórðungssamband Norðlendinga, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og framkvæmdaráð Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA).

Í umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga 1. febr. 1988 er mælt með að frumvarpið verði að lögum að því viðbættu að skýrslugerðin um innlán og útlán innlánsstofnana nái einnig til verðbréfa- og ávöxtunarstarfsemi, sem komið hefur eða getur komið í staðinn fyrir hin hefðbundnu inn- og útlánsviðskipti innlánsstofnana.

Umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar frá 20. jan. 1988 er svohljóðandi:
Hlutverk Fjárlaga- og hagsýslustofnunar í umsögnum um lagafrumvörp er að meta hvaða áhrif það hefði á gjöld og tekjur ríkissjóðs ef frumvarpið væri samþykkt. Að reyna að meta kostnaðarauka við þetta frumvarp er ýmsum vandkvæðum háð. Ekki verður ráðið af frumvarpinu hvort það feli í sér aukið starfsmannahald og þá hvort núverandi húsnæði er nógu stórt. Það er vafamál hvort það hafi tilgang að Fjárlaga- og hagsýslustofnun gefi um það ítarlega kostnaðarumsögn.

Umsögn Seðlabanka Íslands, hagfræðideildar, frá 22. mars 1988, fer hér á eftir:
Nefndin hefur óskað umsagnar Seðlabankans um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, en með frumvarpinu er stefnt að því að skylda stofnunina til þjóðhagslegrar skýrslugerðar eftir kjördæmum (þskj. 67, 64. mál).
Það skal í upphafi tekið fram, að Seðlabankanum hefur til þessa ekki veist tilefni til

að taka fastmótaða afstöðu til slíkrar skýrslugerðar eftir landshlutum. Þá sjaldan, að slík tilefni hefur borið að höndum á verksviði bankans, hefur úrvinnsla af því tagi virst umfangsmikil og krefjast verulegs undirbúnings og skipulagsátaks. Rétt þykir þó að benda á eftirfarandi atriði:

1. Vafasamt getur verið að gefa tæmandi upptalningu á þeim skýrslugreinum, sem vert sé að vinna úr eftir landshlutum, enda varla tilætlun flutningsmanna. Þar sem fyrir hendi er Byggðastofnun sem hefur hvers konar byggðalega greiningu að hlutverki sínu og gefur út ýmislegt efni þar að lútandi, má telja eðlilegt að árétta starfssvið þeirrar stofnunar í þessu sambandi. Getur Byggðastofnun ýmist unnið verkin sjálf eða hlutast til um að þau séu framkvæmd af þar til bærum aðilum, og þá gegn kostnaðarframlagi, ef verkefnin útheimta kostnað umfram fjárráð verkaðila.

2. Þjóðhagsstofnun hefur veitt umsögn um málið og látið oss í té afrit af henni. Seðlabankinn er samdóma því sem þar segir, að margt annað í hagskýrslu- og þjóðhagsreikningagerð hljóti að hafa meiri forgang en sérskýrslur kjördæma, og enn fremur að gera skuli tilraunavinnslu á slíkri skiptingu þjóðhagsreikninga, áður en árleg skýrslugerð sé lögbundin.

3. Hyggilegt hlýtur að vera að gera frumáætlun um vinnumagn og kostnað við skýrslugerð sem þessa, áður en hún yrði lögbundin. Útlit er fyrir að verkefnið verði verulega kostnaðarsamt verði í það lagt án fullnægjandi undirbúnings í grundvallaratriðum. Veitist hins vegar tími til að sveigja frumvinnslu skýrslna að þessu marki með viðeigandi flokkun efnis og samningu úrvinnslukerfa, m.a. í tölvuvinnslu, má vænta minni kostnaðar eða truflana við almenna skýrslugerð.

4. Innlán og útlán innlánsstofnana eru meðal þeirra skýrslugreina sem frumvarpið fjallar um, og eru dæmi um flokkun þeirra eftir kjördæmum látin fylgja með greinargerð. Þetta er dæmi skýrsluefnis sem ekki hefur verið undirbúið til þeirra nota sem um ræðir. Flokkun þessi getur að svo komnu máli aðeins miðast við staðsetningu bankaútibúa og sparisjóða, en ekki viðskiptaaðila þeirra á báðar hliðar. Til þess þyrfti að bæta staðareinkunn inn í frumflokkun lánanna og síðan bæta landshlutaflokkun í úrvinnslu. Margt annað er óunnið í þessari flokkun, einkum á hlið innlána. Landshlutagreining gæti átt samleið með þeirri skipulagsvinnu, en mundi bæta verulegu álagi á alla vinnsluna.

Benda má á að verðbréfaútgáfa færist mjög í vöxt og verðbréfaviðskipti koma að vissu marki í stað hefðbundinna útlána og innlána. Það hefur því takmarkaða þýðingu að leggja í mikla vinnu við flokkun inn- og útlána, ef sleppt er að flokka útgáfur verðbréfa og verðbréfaeign.

5. Frumvarpið gerir ráð fyrir að Þjóðhagsstofnun verði falin öll umrædd skýrsluverkefni, þar á meðal varðandi gjaldeyrisöflun og út- og innlán innlánsstofnana. Það er að sjálfsögðu ótækt að ætla stofnuninni að ganga þannig inn á verksvið annarra stofnana, svo sem í þessum tilvikum Seðlabankans, til skýrslugerðar sem aðeins er unnt að vinna í samhengi almennrar skýrsluvinnslu á sama sviði.

Af framangreindum ástæðum getur Seðlabankinn ekki mælt með lögbindingu þeirrar skýrslugerðar og með þeim hætti sem í frumvarpinu felst. Hér er hins vegar hreyft athyglisverðu máli sem vert er að mæla með að verði athugað nánar á faglegum grundvelli.

Umsögn Þjóðhagsstofnunar frá 20. janúar 1988 er svohljóðandi:

1. Inngangur.

Efni frumvarpsins kemur fram í 1. gr. en þar segir orðrétt:

„Á eftir 3. tölul. 2. gr. laganna komi nýr liður sem orðist þannig:

Að safna þjóðhagslegum upplýsingum eftir kjördæmum og birta þær opinberlega einu sinni á ári í aðgengilegu formi, m.a. um tekjur og útgjöld ríkissjóðs, hlutdeild kjördæma í landsframleiðslu og gjaldeyrisöflun og um innlán og útlán innlánsstofnana."

Hér á eftir verður einkum fjallað um einn þátt þessa máls, þ.e. hlutdeild kjördæma í landsframleiðslu en einnig að nokkru um gjaldeyrisöflun. Aðrir þættir eins og tekjur og gjöld ríkissjóðs og inn- og útlán innlánsstofnana eftir kjördæmum eru á verksviði annarra stofnana.

Ljóst er að skipting landsframleiðslunnar eftir kjördæmum hlýtur að byggjast á þeim tölum sem tiltækar eru fyrir landið í heild og verður því fyrst lýst stuttlega þeim uppgjörsaðferðum sem þar er beitt. Að því búnu verður fjallað um þá möguleika sem eru á því að skipta landsframleiðslunni eftir kjördæmum eða landshlutum. Að síðustu verður vikið að notagildi líklegra niðurstaðna.

2. Þjóðhagsreikningagerð.

Ekki er ætlunin hér að lýsa þjóðhagsreikningagerð í smáatriðum heldur er í því sambandi vísað á þjóðhagsreikningaskýrslu nr. 3 sem Þjóðhagsstofnun gaf út í júní 1985. Þó verður ekki hjá því komist að nefna þrjár helstu aðferðir við uppgjör þjóðhagsreikninga. Þær eru:

1. ráðstöfunaruppgjör,
2. framleiðsluuppgjör,
3. tekjuskiptingaruppgjör.

Í meginatriðum byggir ráðstöfunaruppgjörið á því að meta þau verðmæti sem ráðstafað er til endanlegra nota, þ.e. til einkaneyslu, samneyslu, fjárfestingar og útflutnings. Innflutningur dregst hins vegar frá og til þess að forðast tvítalningu er sleppt þeim aðföngum sem atvinnureksturinn kaupir af öðrum atvinnugreinum eða flytur inn.

Á hinn bóginn byggir framleiðsluuppgjörið á því að meta verðmætasköpunina eða virðisaukann þar sem hann verður til en ekki þar sem honum er ráðstafað. Virðisaukinn verður til í einstökum fyrirtækjum og atvinnugreinum og samanstendur af vinnulaunum, afskriftum af framleiðslufjármunum og hreinum hagnaði fyrirtækja áður en kemur til greiðslu vaxta.

Þriðja uppgjörsaðferðin er tekjuskiptingaruppgjörið en ekki hefur enn gefist tóm til þess að fullmóta og ljúka þjóðhagsreikningum hérlendis eftir þeirri aðferð. Aðferðin byggir á því að meta virðisaukann eftir að honum hefur verið útdeilt til þeirra sem átt hafa þátt í myndun hans.

Allar þessar aðferðir ættu að gefa sömu niðurstöðu því í reynd er alltaf verið að meta sömu stærðina, þ.e. árangur efnahagsstarfseminnar eða virðisaukann á ákveðnu tímabili, oftast einu ári. Munurinn felst einungis í því hvar verðmætin eru metin, þ.e. hvort þau eru metin þar sem þeim er ráðstafað eða þar sem þau verða til.

Undanfarin þrjátíu ár hefur íslensk þjóðhagsreikningagerð byggst á fyrsttöldu aðferðinni, þ.e. ráðstöfunaruppgjörinu. Það er ekki fyrr en á síðustu árum að framleiðsluað-

ferðinni hefur einnig verið beitt. Uppgjör frá framleiðsluhlið hefur nú verið gert fyrir tímabilið 1973–1985 og á grundvelli þess má m.a. fá vitneskju um hlutdeild einstakra atvinnugreina í landsframleiðslunni. Þessi vitneskja er þörf viðbót við hinar hefðbundnu upplýsingar um einkaneyslu, samneyslu o.fl. sem ráðstöfunaruppgjörið gefur. Hins vegar er það nokkurt áhyggjuefni hve miklu munar á niðurstöðum þessara tveggja uppgjörsaðferða en undanfarin ár hefur þessi munur verið 7–9% og sýnir framleiðsluuppgjörið jafnan lægri niðurstöður. Að mati Þjóðhagsstofnunar er það eitt af þýðingarmestu verkefnum á sviði þjóðhagsreikningagerðar að leitast við að samræma þessar niðurstöður eftir því sem kostur er. Nú er unnið að því.

3. Skipting landsframleiðslu eftir kjördæmum.

Í framhaldi af því sem hér hefur verið sagt er rétt að víkja að skiptingu landsframleiðslunnar eftir kjördæmum eða landshlutum.

Fyrst hlýtur sú spurning að vakna hversu viðamikil athugun af þessu tagi eigi að vera. Almennt má þó segja að því traustari sem niðurstöðurnar eru fyrir landið í heild því betur ætti að vera unnt að skipta framleiðslunni eftir landshlutum.

Hér verður gengið út frá því að byggt verði á tiltækum gögnum og uppgjörsaðferðum fyrir landið í heild en að ekki sé ætlunin að auka stórum við núverandi þjóðhagsreikningagerð þótt á því væri vissulega full þörf.

Næst er þá að huga að því hvort notast eigi við áðurnefnt ráðstöfunaruppgjör eða framleiðsluuppgjör. Ráðstöfunaruppgjörið á sér langa sögulega hefð hér á landi eins og áður greinir. Ástæður þess má einkum rekja til traustrar skýrslugerðar um inn- og útflutning til og frá landinu og mikilvægi þessara viðskipta við mat á ráðstöfun verðmæta. Öðru máli gegnir um hliðstæðuna við utanríkisviðskipti í landshlutauppgjöri, þ.e. viðskipti milli landshluta. Nánast engar upplýsingar eru til um þau sem að gagni gætu komið í þessu sambandi. Þegar af þessari ástæðu verður að telja ráðstöfunaruppgjörið, eins og það er í núverandi formi, ónothæft við landshlutauppgjör.

Þá er komið að framleiðsluuppgjörinu. Eins og áður segir byggir það uppgjör á því að meta virðisaukann þar sem hann verður til. Skráning viðskipta milli landshluta skiptir því ekki höfuðmáli heldur staðsetning framleiðslunnar. Virðisaukinn er metinn í einstökum fyrirtækjum eða öllu heldur úrtaki fyrirtækja. Þetta úrtak er síðan fært upp til heildar eftir allflóknum aðferðum sem Þjóðhagsstofnun hefur lýst í atvinnuvegaskýrslum sínum, en þær mynda stofninn að framleiðsluuppgjörinu. Í höfuðdráttum er byggt á virðisauka ákveðinna fyrirtækja sem lenda í úrtaki stofnunarinnar hverju sinni. Virðisauki fyrirtækja, sem ekki lenda í úrtakinu, er áætlaður. Áætlunin byggir á launagreiðslum allra fyrirtækja í landinu en þessar launagreiðslur liggja fyrir bæði eftir fyrirtækjum og atvinnugreinum. Með hliðsjón af hlutfallinu milli launa og virðisauka hjá úrtaksfyrirtækjum er virðisaukinn áætlaður í einstökum atvinnugreinum fyrir landið í heild. Ekki er þó gert ráð fyrir alveg föstum hlutföllum frá einu fyrirtæki til annars heldur er tekið tillit til stærðar og eignarforms innan hverrar atvinnugreinar.

Með líkum hætti og hér hefur verið lýst fyrir landið í heild ætti að vera unnt að áætla virðisaukann eftir atvinnugreinum og landshlutum. Þó er engan veginn gefið að hlutfall virðisauka og launa sé það sama hjá öllum fyrirtækjum af sömu stærð hvar sem er á landinu. Því má telja fullvíst að haldbærar niðurstöður fáist ekki nema það úrtak fyrirtækja, sem atvinnuvegaskýrslur Þjóðhagsstofnunar og framleiðsluuppgjörið byggist á, sé stækkað verulega. Þetta á þó ekki við um frystingu og söltun sjávarafurða en úrtak fyrirtækja í þeim greinum er nægilega stórt til þess að gefa trausta mynd af skiptingunni eft-

ir landshlutum. En jafnvel þótt úrtak fyrirtækja í annarri atvinnustarfsemi verði stækkað verulega er ekki öllum vandamálum eða álitaefnum þar með rutt úr vegi. Nefna má nokkur þau helstu:

Verslunar-, þjónustu- og flutningafyrirtæki eiga að jafnaði viðskipti við öll kjördæmi og við útlönd. Framleiðsla þeirra telst til aðseturs þeirra. Dæmi af þessu tagi eru heildverslun, tryggingar, flugrekstur, vöruflutningarekstur á sjó og landi og ferðaskrifstofur.

Ekki er víst að starfsemi fyrirtækis fari fram í sama landshluta eða kjördæmi og fyrirtækið er skráð í og eins getur starfsemin verið í mörgum kjördæmum. Dæmi af þessu tagi er fiskiskipaútgerð og verktakastarfsemi.

Vissulega er unnt að höggva á slíka hnúta með því að gefa sér ýmsar forsendur sem einfalda málið. Þannig mætti t.d. skipta ákveðnum þáttum í framleiðslunni hlutfallslega eftir íbúafjölda eða tekjum á íbúa. Með því væri hins vegar sagt óbeint að viðkomandi framleiðslu væri jafnhaganlega fyrir komið í hvaða kjördæmi sem væri en eftir stæði sú spurning hvað hafi þá valdið ríkjandi staðsetningu í öndverðu. Annar möguleiki væri að skipta einhverjum hluta starfseminnar ekki milli kjördæma eða með öðrum orðum búa til nýtt „svæði" sem tæki til óskiptrar starfsemi. Dæmi um þetta er að finna í Noregi en um fjórðungur landsframleiðslunnar þar í landi er óskiptur milli fylkja í landshlutauppgjöri Norðmanna. Uppgjör af þessu tagi hafa Norðmenn gert þriðja til fjórða hvert ár.

4. Um mikilvægi landshlutauppgjörs.

Þrátt fyrir framangreind vandamál og álitaefni væri ástæða til þess að gera lauslegar ágiskanir um landshlutauppgjör og þá að mestu á grundvelli fyrirliggjandi efnis. Ástæðan er sú að útreikningar af þessu tagi, hversu ófullkomnir sem þeir væru, gæfu mun réttari mynd af þeim virðisauka sem myndast í hverjum landshluta en sú umræða sem verið hefur mjög fyrirferðarmikil og gengur út á samanburð á útflutningstekjum á íbúa. Sú umræða er afar villandi því þar er ekki tekið tillit til þeirrar atvinnustarfsemi sem sinnir heimamarkaði og er iðulega í óvæginni samkeppni við innflutning. Sama er að segja um alla verslunar- og þjónustustarfsemi í landinu. Öll starfsemi af þessu tagi er engu þýðingarminni en útflutningsframleiðslan.

Því er oft haldið fram að mest öll efnahagsstarfsemin byggist á þeim útflutningstekjum sem landsbyggðin aflar. Í sjálfu sér er þetta rétt en hinu má þá ekki gleyma að því aðeins gengur útflutningsframleiðslan að aðrar atvinnugreinar sjái henni fyrir nauðsynjum. Hér er um órjúfanlega keðju að ræða. Bresti hún fer annað einnig úrskeiðis. Einhverjir munu vafalaust telja að hér sé vikið að sjálfsögðum hlutum. Samt vilja þessir sjálfsögðu hlutir gleymast þegar einblínt er á útflutningstekjur. Því eru þeir rifjaðir upp hér.

Landshlutauppgjör af því tagi, sem hér hefur verið fjallað um, gefur að því leyti mun réttari mynd en útflutningstekjur að öll atvinnustarfsemin er tekin með og að auki er dreginn frá kostnaður við öflun teknanna. Hins vegar er vert að hafa í huga við alla túlkun niðurstaðna að vægi eða mikilvægi einstakra greina ræðst af þeim launum sem greidd eru í greininni og þeim hagnaði sem hún skilar. Öll atvinnustarfsemi er því lögð að jöfnu. Verðmæti starfseminnar í þessum útreikningum ræðst af því verði sem kaupandinn greiðir fyrir hana hvort sem hún fer til útflutnings eða er seld á innlendum markaði. Einstaklingsbundin viðhorf um mikilvægi einhverrar starfsemi umfram aðra koma hér ekki við sögu.

5. Niðurstöður.

Hvað sem líður álitaefnum af því tagi sem rakin voru hér að framan gæti verið gagnlegt og fróðlegt að gera tilraun, þótt ekki væri nema í eitt skipti, til þess að skipta landsframleiðslunni eftir kjördæmum eða landshlutum. Í fyrstu mætti byggja á núverandi skýrslusöfnun Þjóðhagsstofnunar og fjölga ekki að neinu marki þeim fyrirtækjum sem lögð eru til grundvallar við atvinnuvegaskýrslugerðina og framleiðsluuppgjörið. Þjóðhagsstofnun áformar raunar að gera slíka tilraun innan núverandi starfsramma en telur tæpast ástæðu til sérstakrar lagasetningar. Að fengnum niðurstöðum þessarar tilraunar væri kominn grundvöllur til þess að meta hvaða gagn mætti hafa af slíkri skýrslugerð og með hvaða hætti væri skynsamlegt að standa að henni þannig að hún skilaði sem mestum árangri.

Í frumvarpinu er aftur á móti lagt til að þessi skýrslugerð verði bundin í lög með formlegum hætti og að auki unnin árlega. Að mati Þjóðhagsstofnunar þjónaði slíkt engum tilgangi nema því aðeins að tilhögun skýrslugerðarinnar yrði stokkuð upp, úrtak stækkað o.fl. Þetta yrði umfangsmikið verkefni og töluvert kostnaðarsamt. Eðlilegt er því að bera það saman við önnur brýn verkefni á sviði þjóðahagsreikningagerðar. Má þar nefna gerð vöruflæðisreikninga sem sýna uppruna og ráðstöfun vörustraumanna í þjóðfélaginu, tekjuskiptingaruppgjör sem nauðsynlegt er að verði reglulegur hluti af þjóðhagsreikningagerðinni, mat á ársfjórðungslegum breytingum helstu þjóðhagsstærða, bætta skýrslugerð um iðnaðarvöruframleiðsluna og margt fleira. Öll hníga þessi verkefni að því að bæta skýrslugerðina fyrir landið í heild. Hér mætti einnig nefna kaupmáttarsamanburð gjaldmiðla sem m.a. leiðir til traustari samanburðar á landsframleiðslu milli landa en skráð gengi gerir.

Þjóðhagsstofnun telur framangreind verkefni brýnni en ítarlega skýrslugerð um landsframleiðslu eftir kjördæmum, enda má telja að þá fyrst geti landshlutauppgjör orðið traust að uppgjörið fyrir landið í heild sé það fyrir.

Þjóðhagsstofnun mælir því með því að áður en endanleg ákvörðun verður tekin um hvort lögbinda beri árlega skýrslugerð um landsframleiðslu eftir kjördæmum verði Þjóðhagsstofnun fyrst falið að gera lauslegt mat eða tilraun til þess að skipta landsframleiðslunni á landshluta. Þegar niðurstöður þessarar tilraunar liggja fyrir yrði tekin ákvörðun um framtíðarskipan skýrslugerðar um þetta efni.

26. Frumvarp til laga [26. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Anna Kristín Sigurðardóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er, og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum samkvæmt ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr. nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1992 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á af-

mörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknaleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknaleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti, svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar. Jafnframt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. 29. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita skv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám samkvæmt þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp hefur áður verið flutt af þingmönnum Alþýðubandalagsins í neðri deild Alþingis en varð ekki útrætt. Það var fyrst lagt fram á 105. löggjafarþingi 1983 og þá sem stjórnarfrumvarp.

Á 113. löggjafarþingi fjallaði iðnaðarnefnd neðri deildar allítarlega um frumvarpið, en ekki vannst tími til að afgreiða það frá nefndinni. Iðnaðarnefnd barst m.a. erindi frá iðnaðarráðuneytinu 26. nóvember 1990 með tillögum um breytingar á frumvarpinu ásamt athugasemdum. Flutningsmenn hafa ekki tekið afstöðu til þessara tillagna ráðuneytisins, en telja eðlilegt að um þær verði fjallað í iðnaðarnefnd þingsins í tengslum við þetta frumvarp. Rétt er að geta þess að iðnaðarnefnd neðri deildar leitaði að fenginni heimild forseta þingsins til tveggja lögfræðinga, Magnúsar K. Hannessonar og Tryggva Gunnarssonar, með ósk um að þeir könnuðu ýmsa þætti er tengjast frumvarpinu. Meðal annars var talið æskilegt að kanna þróun löggjafar í nágrannalöndum á þessu sviði að undanförnu. Lögmennirnir höfðu ekki lokið athugunum sínum fyrir þinglok í marsmánuði 1991.

Hvati að undirbúningi þessa frumvarps fyrir meira en áratug var m.a. ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. september 1978 þess efnis að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign.

Eins og fram kemur síðar í greinargerðinni hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að setja heildarlög um jarðhita allt frá árinu 1937 að telja. Í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971–1974 beitti Magnús Kjartansson, þáverandi iðnaðarráðherra, sér fyrir flutningi frumvarps til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, varðandi rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum. Var frumvarp um þetta efni flutt sem stjórnarfrumvarp á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og síðan af Magnúsi Kjartanssyni o.fl. sem þingmannafrumvarp þrívegis 1974–76, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er víðtækara þar eð það tekur til alls jarðhita hvort sem um er að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landsvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ.e. almannaeign.

Þá er lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign samkvæmt lögunum og sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknaleyfi svo og leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 metra í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu og hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðinu, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Lagt er til að sveitarfélög, sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna, skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Þá er með frumvarpinu lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna, borunar og vinnslu jarðhita. Loks eru tekin upp í frumvarp þetta núverandi ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða, ásamt smávægilegum breytingum.

I.

Í núgildandi löggjöf eru helstu ákvæði um jarðhita í 9. og 10. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og III., V. og VII. kafla orkulaga, nr. 58/1967.

Í ákvæðum vatnalaga er á því byggt að hverir og laugar fylgi landareign þeirri sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðaréttinum.

Ákvæðin í orkulögum leystu af hólmi lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, en í 1. gr. þeirra laga sagði að landareign hverri fylgdi „réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina".

Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 9. gr. orkulaga frá 1967 en greinin hljóðar þannig: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim sem lög þessi tilgreina." Í greinargerð með frumvarpi til orkulaga var tekið fram að ekki væru ráðgerðar róttækar breytingar á þeim lög-

um er giltu um orkumál, heldur væru þau samræmd þannig að unnt væri að fella þau í einn lagabálk miðað við þá breytingu sem frumvarpið ráðgerði á stjórn orkumálanna.

Í þriðja kafla laganna, sem ber yfirskriftina „Um vinnslu jarðhita“, er að finna þau ákvæði sem áður voru í lögum nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Eina efnislega nýmælið er að í 14. gr. er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku. Þá er í lagatextanum talað einungis um jarðhita í stað hvera og lauga eða hveraorku. Í athugasemdum um 9. gr. frumvarpsins er tekið fram að greinin sé efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Auk ákvæðanna um rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í 9. gr. orkulaganna eru í III. kafla laganna ákvæði um jarðhitasvæði á landamerkjum, um rétt ábúanda til að hagnýta sér jarðhita á jörð, um bann við því að landeigandi undanskilji landareign sinni jarðhitaréttindi, um forkaupsrétt að jörðum er jarðhitaréttindi fylgja, um heimild til að taka jarðhita eignarnámi, um rétt ríkisins til að láta rannsaka jarðhita hvar sem er á landi hér, um skyldur landeiganda til að láta af hendi land og mannvirki þegar jarðhiti er tekinn eignarnámi og um skyldu til að leita umsagnar Orkustofnunar um hagnýtingu og ráðstöfun jarðhita í eigu ríkisins.

Í V. kafla laganna eru ákvæði um hitaveitur, þar á meðal um heimild ráðherra til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkarétt til þess að starfrækja hitaveitur.

Í VII. kafla orkulaga eru ákvæði um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim og í VIII. kafla laganna eru ákvæði um Jarðboranir ríkisins.

Með frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum vatnalaga. Lagt er til að ákvæðum orkulaga verði haldið efnislega að undanteknu því að kveðið verði á um að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita takmarkist við 100 m dýpi. Nokkrar lítils háttar orðalagsbreytingar eru gerðar þessu samfara auk þess sem kveðið er á um skyldur ríkisins til ákveðinna ráðstafana og eftirlits vegna hættu sem stafar af jarðhitasvæðum.

Meðal ákvæða í yngri lögum um jarðhita ná nefna 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, þar sem vatnsréttindi, þar með talinn jarðhiti, eru undanskilin leiguliðaafnotum. Þó á leiguliði rétt á vatni til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar.

Í 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er tekið fram að ríkið skuli við sölu á ríkisjörðum undanskilja námaréttindi og rétt til efnistöku, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf.

Eins og ljóst er af framangreindu er fyrsta tilraun til að setja heildarlög um jarðhita lögin nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í greinargerð með frumvarpi til laganna, er það var lagt fram á síðara þingi 1937, segir m.a.: „Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum að tryggja almenningi, eftir því sem hægt er, not þessara verðmæta og vernda þau fyrir því, að þeim verði spillt.“ (Alþingistíðindi 1937, síðara þing, A, bls. 124.) Í umræðum um frumvarpið (Alþingistíðindi 1940 B, d. 553–572) var á það lögð áhersla að hætta væri á að meira og meira af jarðhitanum lenti í höndum þeirra manna sem eru að reyna að ná eignarhaldi á verðmætum þessum í því skyni að græða á þeim. Sagt er að það sé þetta sem lagasetningin eigi að fyrirbyggja.

Efnisákvæði laganna frá 1940 voru tekin upp í orkulög frá 1967 án þess að nokkur veruleg endurskoðun færi fram.

II.

Eins og fram kemur í lýsingu á settum lögum um jarðhita hér að framan hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Þessum rétti hafa verið sett ýmis takmörk en enga reglu eða ábendingu er að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeiganda á jarðhita nær né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeiganda niður á við. Fræðimenn hafa talið að þau nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa til þess að landeigandinn geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. (Sjá t.d. Ólafur Lárusson: *Eignaréttur*, bls. 46.)

Í frumvarpi þessu er á því byggt að eignarrétti að landi geti löggjafinn sett almennar takmarkanir, þó þannig að ekki brjóti í bága við rétt landeiganda til að hafa þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. Í frumvarpinu er annars vegar fjallað um umráða- og hagnýtingarrétt á jarðhita á eða undir landi sem ekki er háð einkaeignarrétti og hins vegar jarðhita sem sækja verður í meira en 100 metra dýpi undir yfirborð lands í einkaeign. Er á því byggt að sú takmörkun, sem eignarrétti landeiganda er sett með því að kveða á um það í löggjöf að heimildir landeiganda til að nota og ráðstafa jarðhita nái aðeins til jarðhita á landi hans og jarðhita sem bora verður eftir á dýpi sem er 100 metrar eða minna, sé almenn takmörkun á eignarrétti og sé ekki þess háttar eignarskerðing að bótaskyldu varði skv. 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Áður hefur verið vísað til þess sem Ólafur Lárusson sagði í ritinu *Eignaréttur*. Árið 1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum og 9 köflum. Í 8. gr. frumvarpsins var svohljóðandi ákvæði: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr.“ Með frumvarpi þessu fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson sem bar nafnið: *Um eignar- og umráðarétt að jarðhita*. Ritgerð þessi er ítarlegasta lögfræðilega greinargerðin um þessi efni sem rituð hefur verið á íslensku. Í henni er fjallað um hversu háttað sé að íslenskum lögum eignar- og umráðarétti að jarðhita, hver stefna muni í þeim efnum hallkvæmust hagsmunum bæði einstaklinga og þjóðarheildar og skipun löggjafar á þessu sviði hjá öðrum þjóðum.

Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar voru þær að þrátt fyrir að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að núgildandi lögum þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Enn fremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar. Með löggjöf þeirri, sem gerð var tillaga um, væri ekki gengið of nærri hagsmunum landeigenda. Þeir héldu eftir nægilegri orku til sinna eðlilegu þarfa. Lokaorð ritgerðar Ólafs um ákvæði frumvarpsins um umráðarétt ríkisins neðan 100 metra dýpis eru þessi: „Og slík löggjafarákvæði mundu ekki brjóta í bág við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Er það augljóst þegar litið er til þeirrar löggjafar sem sett hefur verið í öðrum löndum um hliðstæð efni, enda þótt þar séu svipuð eða samhljóða ákvæði um friðhelgi eignarréttar, sbr. það sem sagt er hér að framan um Danmörk.“

Rétt er og að vitna til ummæla dr. Bjarna Benediktssonar í greinargerð með frumvarpi til laga sem hann flutti á Alþingi 1945, um viðauka við lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita (Alþingistíðindi 1945 A, bls. 434–435). Var lagt til að jarðboranir er ná dýpra en 10 metra mætti ekki framkvæma án leyfis ráðherra sem skyldi synja leyfis ef hætta kynni að vera á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar er hafin eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hag-

nýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.

Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur, enda segir m.a. í greinargerð með því: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Í frumvarpi þessu var því lagt til að unnt væri að svipta landeiganda rétti til hagnýtingar jarðhita neðan 10 metra dýpis ef hætta kynni að vera á því að það spillti byrjaðri eða væntanlegri hagnýtingu jarðhita á landi annars manns. Taldi dr. Bjarni Benediktsson þetta almenna takmörkun eignarréttar sem heimil væri án bóta. Virðast því fræðimennirnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson hafa verið sammála í aðalatriðum um þetta efni.

III.

Svo sem fyrr er getið fjallaði Ólafur Jóhannesson um skipan þessara mála hjá öðrum þjóðum og lýsti hann löggjöf í Nýja-Sjálandi, Ítalíu, Mexíkó, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Frakklandi og Sviss. Vísast til ritgerðar Ólafs sem fylgdi fyrrgreindu frumvarpi og einnig er að finna í Tímariti lögfræðinga 1956, bls. 134–157. Því til viðbótar er þó rétt að geta eftirfarandi atriða um erlenda löggjöf:

Á vegum OECD var árið 1962 gerð könnun á eignar- og umráðarétti yfir olíu í jörðu og var niðurstaðan sú að nánast hvarvetna, þar sem rannsóknir hefðu farið fram á því hvort olíu væri að finna neðan jarðar, væri hún háð eignarráðum eða umráðum ríkisins og virðast Bandaríki Norður-Ameríku vera eina ríkið þar sem olía á landi er háð einkaeignarrétti og landeigendur fá því greiðslur fyrir olíu úr landi sínu.

Í Noregi voru árið 1973 sett lög um rannsókn og vinnslu olíu neðan jarðar undir norsku landsvæði og með þeim kveðið á um skýlausan eignarrétt ríkisins á olíu innan yfirráðasvæðis þess. Ekki var talið að um væri að ræða þess háttar eignarskerðingu að leitt gæti til bóta samkvæmt eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar norsku.

Í Danmörku hefur verið úrskurðað að lög um rannsókn og vinnslu hráefna neðan jarðar nái til jarðhita og er hann því ríkiseign.

Í Bandaríkjunum hafa verið sett lög um jarðhita, annars vegar Geothermal Steam Act 1970 og hins vegar Geothermal Energy Research Development and Demonstration Act 1974. Í Bandaríkjunum hafa stjórnvöld um langan aldur undanskilið verðmæti í jörðu við sölu landareigna. Þetta hefur leitt til þess að langmestur hluti jarðhita þar í landi er í umráðum ríkisins.

Í Nýja-Sjálandi gilda lög frá 1953, með síðari breytingum, um jarðhita og nefnast þau The Geothermal Energy Act 1953. Í 14. gr. laganna segir: „No compensation in respect of geothermal energy. Notwithstanding anything in this Act or any other Act, compensation shall not be payable in respect of any geothermal energy on or below the surface of any land except so far as, at the commencement of this Act, the existence of the geothermal energy on or below the surface of the land is of actual benefit to the owners or occupiers of the land.“

Með þessum lögum er allur jarðhiti í Nýja-Sjálandi lýstur almannaeign án bóta til landeiganda, nema því aðeins að landeigandi hafi þegar byrjað að nota jarðhitann og hann hafi því beinan hag af honum. Augljóst er að í öðrum löndum, þar sem löggjafar nýtur, hefur verið gengið miklu lengra í þá átt að takmarka rétt landeigenda til jarðhita en gerðar eru tillögur um í frumvarpi þessu.

Löggjöf annars staðar virðist benda til þess að ekki sé talið að ákvæði í almennum lögum um eignarrétt eða umráðarétt ríkisins á náttúruauðæfum undir yfirborði einkaeignar-

landa brjóti í bága við stjórnarskrárbundna vernd einkaeignarréttarins. Þetta á jafnt við um ríki sem búa við mjög svipaða löggjöf og við, sem og önnur ríki sem búa við ólíka stjórnskipun.

IV.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort ákvæði frumvarps þessa, sem lýsa ónotaðan jarðhita neðan 100 metra dýpis undir einkaeignarlöndum í umráð ríkisins, brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þeirri spurningu verður ekki svarað nema fyrst sé kannað hvort öll náttúruauðæfi undir yfirborði jarðar tilheyri landareign. Hvorki í vatnalögum frá 1923, lögunum um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 né í orkulögunum frá 1967 er þess getið hversu djúpt í jörð niður réttur landeiganda nái að þessu leyti. Í lögunum frá 1940 er talað um að landareign fylgi réttur til hvera og lauga (jarðhita) sem á landareign eru (1. gr.) og að landeiganda sé heimilt að hagnýta sér hveri og laugar til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Í orkulögunum frá 1967 er hins vegar talað um jarðhita úr landareign og að landeiganda sé rétt að bora á landareign sinni eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota. Enda þótt ákvæði orkulaga séu þannig nokkuð ítarlegri mun ekki hafa verið ætlunin að breyta neinu um eignar- og notkunarrétt jarðhita með setningu III. kafla orkulaganna.

Hvorki vatnalög, orkulög né önnur lög eða réttarheimildir virðast hafa veitt landeiganda heimildir á öllum jarðhita sem finna má undir landareign hans. Ekki verður heldur séð að landeigendur hafi með öðrum hætti eignast slíkar heimildir á jarðhita sem finnst djúpt í jörðu niðri að varðað geti bótum samkvæmt stjórnarskrárákvæðum að lýsa jarðhita þennan í umráð ríkisins. Samkvæmt viðtekinni skilgreiningu á eignarrétti felst í honum einkaréttur eigandans til að ráða yfir eign innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af óbeinum réttindum annarra sem til hefur verið stofnað yfir eigninni. Jafnvel þótt því mætti halda fram að með ákvæðum vatnalaga frá 1923, laganna um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 og orkulaganna frá 1967 hafi landeigendum, af löggjafarvaldsins hálfu, verið falinn eignarréttur að öllum jarðhita undir einkaeignarlandi, þá er ekkert því til fyrirstöðu að breyta þessum reglum nú. Eignarrétturinn er að þessu leyti breytilegur. Heimildir hans geta ýmist verið rýmri eða þrengri, allt eftir því hve almenn takmörk honum eru sett í lögum hverju sinni.

Niðurstaðan er því sú að með ákvæðum frumvarps þessa sé einungis verið að setja eignarréttinum almenn takmörk. Ekki verði séð að stofnast hafi til eignarréttar með jarðhita djúpt í jörðu sem girði fyrir að almenni löggjafinn geti mælt fyrir um umráða- og hagnýtingarrétt til handa ríkinu á jarðhita sem ekki hefur verið virkjaður og er neðan 100 metra dýpis í landi sem er háð einkaeignarrétti.

Um rétt ríkisins til að setja reglur um meðferð jarðhita utan einkaeignarlanda og neðan við 100 metra dýpi undir einkaeignarlöndum má vísa til dóms Hæstaréttar 19. febrúar 1981, um eignarrétt að botni Mývatns utan netlaga, og dóms Hæstaréttar 28. desember 1981, um eignarrétt að Landmannaafrétti. Í báðum tilvikum var einkaeignarréttarkröfum landeigenda hafnað, en kveðið á um rétt handhafa ríkisvaldsins til að setja reglur um yfirráð, meðferð og nýtingu náttúruauðæfa þessara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að umráðaréttur og hagnýtingarréttur landeigenda takmarkist við jarðhita á landi og þann jarðhita sem sóttur verður á dýpi allt að 100 metrum. Talið er að með

ákvæði þessu sé tryggt að landeigandi á jarðhitasvæði verði ekki sviptur neinum þeim jarðhitanotum sem teljast til venjulegrar nýtingar á landi.

Um 2. gr.

Með gufu og heitu vatni berast úr jörðu uppleyst efni og gastegundir sem ekki verða skilin frá á auðveldan hátt. Lagt er til að með umráða- og hagnýtingarrétti jarðhita fylgi réttur til þessara uppleystu efna og gastegunda. Þetta er í samræmi við erlenda löggjöf á sviði jarðhita.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 11. gr. orkulaga, nr. 58/1967, þó þannig að orðalagi er breytt til samræmis við frumvarp þetta. Einnig er kveðið á um að matsmenn skuli skera úr um hvernig hagkvæmast sé að hagnýta jarðhitann ef ágreiningur verður. Ekki er talið rétt að lögfesta ítarlegri reglur um skiptingu og hagnýtingu jarðhita þar sem tilvikin, sem upp geta komið, eru mörg og verða sanngirnisrök oft að ráða skiptingunni. Ef ekki næst samkomulag um hagnýtingu jarðhita er heimilt að beita ákvæðum 13. gr.

Um 4. gr.

Greinin er sama efnis og 12. gr. orkulaga, nr. 58/1967. Tekið er fram að matsmenn þeir, sem vitnað er til, skuli vera hinir sömu og starfa samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64/1976.

Um 5. gr.

Grein þessi svarar til 13. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með lítils háttar breytingum. Vitnað er í hin nýju jarðalög, nr. 65/1976, auk þess sem ekki er kveðið á um að forkaupsréttur ríkisins takmarkist við fimm ára tímabil eftir að sveitarfélag neytir forkaupsréttar síns.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að allur jarðhiti undir yfirborði einkaeignarlanda og sóttur verður í meira en 100 metra dýpi skuli vera í umráðum ríkisins.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um í lögum að jarðhiti, sem finnst utan fullkominna eignarlanda, skuli vera háður umráðum ríkisins. Ekki er að finna slíkt ákvæði í gildandi löggjöf en það hefur út af fyrir sig ekki verið dregið í efa að jarðhiti á afréttum og almenningum sé almannaeign.

Um 7. gr.

Lagt er til að ætíð þurfi leyfi til að hagnýta jarðhita neðan við 100 metra undir einkaeignarlandi og utan einkaeignarlanda.

Um 8. gr.

Lagt er til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans eða munu hafa gert það fyrir 1. janúar 1988 skuli halda rétti til þess jarðhita án sérstaks leyfis og án greiðslu gjalds. Hér er að sjálfsögðu átt við hagnýtingu á jarðhita sem ella þyrfti leyfi til samkvæmt frumvarpinu. Þá er og lagt til að slíkir aðilar hafi forgangsrétt til frekari hagnýtingar sama jarðhitasvæðis til sama fyrirtækis. Þykir sanngjarnt að þeim fyrir-

tækjum, sem nota jarðhita, verði tryggð aukin not ef nægur jarðhiti er á því jarðhitasvæði sem hagnýtt hefur verið.

Um 9. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna og borana á jarðhitasvæðum. Gert er ráð fyrir að slík leyfi nái til jarðhitasvæðis sem afmarkað er í leyfi.

Um 10. gr.

Á sama hátt og með jarðhitarannsóknaleyfi er lagt til að ráðherra veiti leyfi til hagnýtingar á jarðhita eða vinnslu hans. Kveðið er á um skyldu þess er sækir um leyfi skv. 9. eða 10. gr. að láta í té hvers kyns upplýsingar sem ráðherra telur máli skipta við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis.

Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að sveitarfélög, sem eignast hafa land á jarðhitasvæðum við gildistöku laganna, skuli hafa betri rétt en aðrir til að hagnýta jarðhita sem á landi þeirra finnst. Þau verða samt sem áður háð ákvæðum laganna um leyfisveitingar en eru undanþegin greiðslu gjalds. Á því er byggt í ákvæði þessu að jarðhiti í umráðum sveitarfélags verði notaður til almenningsheilla og rétt sé að tryggja með löggjöf að réttur sveitarfélagsins til að nýta jarðhitann sé betri en réttur annarra sem kunna að sækja eftir hagnýtingu jarðhita í landi sem sveitarfélag hefur eignast fyrir gildistöku laganna.

Um 12. gr.

Hér er getið nokkurra þeirra atriða sem koma verða fram í leyfi skv. 9. og 10. gr. en að sjálfsögðu er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Gert er ráð fyrir að ítarlegri fyrirmæli um framkvæmd laganna verði sett með reglugerð.

Rétt þykir að kveða á um að leita skuli umsagnar Orkustofnunar og eftir atvikum Náttúruverndarráðs áður en leyfi skv. 9. eða 10. gr. er veitt.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 14.–16. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Um 14. gr.

Með þessu ákvæði er skýrt kveðið á um að ráðstöfun á jarðhita ríkisins heyri undir einn og sama aðila til að tryggja samræmdar ákvarðanir um slík mál.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. orkulaga, nr. 58/1967, nema að því leyti að skýrt er kveðið á um skipun matsmanna samkvæmt greininni.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. orkulaga.

Um 17. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 48. gr. orkulaga. Tekið er fram að umráðamanni sé nægilegt að merkja með aðvörunarmerkjum jarðhitasvæði sem eru fjarri byggð og hætta stafar af.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. orkulaga.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði er almenn heimild til reglugerðarsetningar fyrir lögin í heild.

Um 20. og 21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Erindi frá iðnaðarráðuneytinu til iðnaðarnefnda Alþingis 26. nóvember 1990 um frumvarp til laga um jarðhitaréttindi.

Ráðuneytið hefur fjallað um frumvarp til laga um jarðhitaréttindi sem flutt er af Hjörleifi Guttormssyni o.fl. og nú er til umfjöllunar í háttvirtri iðnaðarnefnd neðri deildar.

Niðurstaða ráðuneytisins er að afmörkun einkaeignarréttar á jarðhita við 100 metra dýptarlínu sé ekki heppileg viðmiðun í ljósi tækniþróunar og jarðhitanýtingar á síðustu áratugum. Æskilegri leið sé að gera greinarmun á háhita- og lághitasvæðum og láta rétt til nýtingar á lághitasvæðum fylgja eignarrétti á landareign, en hins vegar verði skýrt fram tekið í lögunum að réttur til nýtingar háhitasvæða sé sameign þjóðarinnar.

Þá telur ráðuneytið rétt að skýrt verði fram tekið í lögunum að réttur til nýtingar orku jarðhitasvæða og fallvatna á afréttum og almenningum sé sameign þjóðarinnar og má í því sambandi vitna til dóma Hæstaréttar frá 19. febrúar 1981 og 28. desember 1981. Í fyrri dómnum var synjað kröfu eigenda að hefðbundnum veiðiréttindum í almenningi um viðurkenningu frekari eignarréttar og hins vegar kröfu eigenda hefðbundinna beitarréttinda á afrétti um viðurkenningu frekari eignarréttar á afréttinum.

Lagt er til að tekið verði fram í lögunum að jarðgas og jarðolía, sem nýta má sem orkugjafa og sem finnast kann við boranir í berggrunn landsins, sé í öllum tilvikum eign ríkissjóðs.

Loks leggur ráðuneytið til nokkrar breytingar á kaflaskiptingu frumvarpsins og orðalagi einstakra greina. Fylgir frumvarpið hjálagt í þeirri mynd er ráðuneytið leggur til að það verði í, en hún felur í sér eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Kaflaskipting. Lagt er til að kaflaskipting frumvarpsins og kaflaheiti verði sem hér segir. I. kafli — Almenn ákvæði, II. kafli — Nýting lághita, III. kafli — Orkulindir í sameign þjóðarinnar, IV. kafli — Vernd jarðhitasvæða og eftirlit með þeim, V. kafli — Ýmis ákvæði.

2. 1. gr. Lagt er til að í frumvarpinu komi ný 1. gr. svohljóðandi:

„Jarðhitasvæði merkir í lögum þessum uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns í iðrum jarðar.

Háhitasvæði merkir í lögum þessum svæði, þar sem jarðhiti með að minnsta kosti 200 gráðu hita á Celcíus finnst á innan 1.000 metra dýpi.

Lághitasvæði merkir í lögum þessum svæði, þar sem jarðvarmi með minna en 200 gráðu hita á Celcíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi."

Lagt er til að greinatala frumvarpsins breytist í samræmi við þessa viðbót, þannig að 1. gr. verði 2. gr. o.s.frv.

Athugasemd. Hér er tekin upp sú skilgreining á jarðhitasvæði, háhitasvæði og lághitasvæði sem fram kom í frumvarpi Kjartans Jóhannssonar o.fl. um breytingu á orkulögum, en það var flutt á Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984 (88. mál). Þekkt háhitasvæði eru Reykjanes, Eldvörp, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Mýrdalsjökull, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Köldukvíslarbotnar, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámar, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og líkleg svæði eru Prestahnjúkur, Tindfjallajökull, Blautakvísl, Nauthagi, Hrúthálsar og Öxarfjörður. Auk þess er líklegt að fleiri háhitasvæði muni finnast innan gosbelta landsins.

3. 2. gr. (1. gr. frv.) Lagt er til að 2. gr. hljóði þannig:

„Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á lághitasvæðum innan marka jarðarinnar og hvera og náttúrlegs jarðhita á yfirborði ef landareign er á háhitasvæði.

Landeiganda er heimilt að bora eftir og hagnýta sér lághita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina."

Athugasemd. Hér er réttur landeigenda til nýtingar jarðhita bundinn við lághita í stað jarðhita ofan við 100 metra dýpi. Þá er landeiganda einnig heimilt að nýta sér náttúrlegan jarðhita á yfirborði, ef landareign er á háhitasvæði, en slík nýting er mjög takmörkuð í raun, einkum smávægileg not til hitunar íbúðarhúsnæðis, fjallaskála, baða og ræktunar í heitum jarðvegi. Gróðurhús eru nær eingöngu hituð með vatni frá lághitasvæðum samkvæmt skilgreiningunni í 1. gr. ef undan eru skilin gróðurhús í Hveragerði sem mörg eru hituð upp með orku frá hverum á yfirborði háhitasvæðis. Hitaveitan þar nýtir hins vegar afrennsli frá háhitasvæði í eigu ríkisins.

Í síðari málsgrein kemur orðið „lághita" í stað orðsins „jarðhita".

4. 3. gr. (2. gr. frv.) Lagt er til að við greinina bætist 2. mgr. svohljóðandi:

„Jarðgas og jarðolía, sem nýta má sem orkugjafa og sem finnast kann við boranir í berggrunn landsins, eru þó í öllum tilvikum eign ríkissjóðs."

Athugasemd. Lagt er til að öll tvímæli séu tekin af um það hver sé eignarréttur að jarðgasi og jarðolíu (kolvetnissambanda) sem finnast kunna við boranir í berggrunn landsins. Er lagt til að slík efni verði lýst sameign þjóðarinnar, þ.e. ríkissjóðs.

5. 4. gr. (3. gr. frv.) Lagt er til að orðið „lághita" komi í stað orðsins „jarðhita" og auk þess er lögð til smávægileg orðalagsbreyting í lok fyrri málsgreinar, þ.e. að niðurlag málsgreinarinnar hljóði „ ... hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar lághitans" í stað „ ... hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans".

6. 5. gr. (4. gr. frv.) og 6. gr. (5. gr. frv.). Lagt er til að orðið „lághiti" komi í stað orðsins „jarðhita".

Athugasemd. Breytingar skv. 4. og 5. tölul. leiðir af þeirri breytingu, sem lögð er til í 3. tölul.

7. 7. gr. (6. gr. frv.) Lagt er til að greinin hljóði þannig:

„Réttur til nýtingar orku jarðhitasvæða og fallvatna á afréttum og almenningum er sameign þjóðarinnar. Ríkissjóður á einkarétt á nýtingu þeirrar orku og sama gildir um nýtingu háhita í landi sem háð er einkaeignarrétti með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir."

Athugasemd. Hér er lagt til að skýrt verði kveðið á um það í lögunum, að réttur til nýtingar orku jarðhitasvæða og fallvatna á afréttum og almenningum sé sameign þjóðarinnar. Um þetta atriði skal vísað til framangreindra hæstaréttardóma um eignarrétt að

afréttum og almenningum, en ráðuneytið telur mikilvægt að taka af öll tvímæli um þetta efni með ótvíræðum ákvæðum í löggjöf. Þá er ríkissjóði áskilinn einkaréttur á nýtingu þeirrar orku og sama gildi um nýtingu háhita í landi sem háð er einkaeignarrétti með þeim takmörkunum sem greinir í frumvarpinu. Telur ráðuneytið að í síðastgreinda tilvikinu sé um að ræða almenna takmörkun á eignarrétti sem til liggi margvísleg rök og ekki brjóti í bága við stjórnarskrána. Í 8. gr. frv. (9. gr. skv. tillögu ráðuneytisins) er ákvæði sem tryggir hagsmuni þeirra aðila sem þegar hafa látið bora eftir orku í háhitasvæði og byrjað hagnýtingu hennar fyrir 1. janúar 1992.

8. Lagt er til að 7. gr. frv. falli brott.

Athugasemd. Greinin gerð að 2. mgr. næstu greinar að breyttu breytanda.

9. Lagt er til að 8. gr. hljóði svo:

„Um nýtingu orku fallvatna á afréttum og almenningum gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967, laga um raforkuver, nr. 60 4. júní 1981 og annarra laga eftir því sem við á.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhitaréttindi skv. 7. gr. án leyfis ráðherra, sbr. ákvæði 10. og 11. gr."

Athugasemd. 1. mgr. felur í sér að ákvæði vatnalaga, orkulaga og laga um raforkuver skuli að öðru leyti gilda um orkunýtingu fallvatna. Má sérstaklega benda á í þessu sambandi V. kafla vatnalaga um notkun vatnsorku, VI. kafla um vatnsmiðlun, XIV. kafla um vatnsvirki, II. kafla orkulaga um vinnslu raforku og ákvæði laga um raforkuver um heimildir til virkjunar. Í 2. mgr. er ákvæði 7. gr. frv. tekið upp með þeirri breytingu að hún á nú við jarðhita á afréttum og almenningum og háhita utan þeirra svæða.

10. 9. gr. (8. gr. frv.) Lagt er til að orðið „háhita" komi í stað orðsins „jarðhita" og að viðmiðunartími verði 1. janúar 1992.

Athugasemd. Tillögu þessa leiðir af framangreindum breytingartillögum ef samþykktar verða. Þá nær einkaréttur ríkisins til nýtingar jarðhita í byggð og utan landareigna ríkissjóðs einungis til háhitasvæða.

11. 10. gr. (9. gr. frv.) Lagt er til að orðið „íslenskum" falli út úr greininni og við bætist 2. mgr. svohljóðandi:

„Verði land, sem er í einkaeign, fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni skal það bætt að fullu eftir mati ef ekki næst samkomulag milli aðila um bæturnar. Sama gildir um skemmdir á landi í eigu ríkissjóðs."

Athugasemd. Um 1. mgr. Ráðuneytið telur eðlilegt að um hvers konar réttindi erlendra aðila til umsvifa á sviði orkumála hér á landi sé fjallað í einum lögum eins og gert hefur verið í öðrum frumvarpi sem samið hefur verið um réttindi erlendra aðila til fjárfestinga í íslensku atvinnulífi.

Um 2. mgr. Eðlilegt er að lögfesta bótaskyldu rannsóknaraðila í því tilviki sem hér á við.

12. 11. gr. (10. gr. frv.) Lagt er til að greinin orðist þannig:

„Ráðherra getur veitt aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afréttum og almenningum allt að 10 MW að varmaafli í hverju tilviki. Hann getur einnig veitt leyfi til samsvarandi nýtingar háhita í landareign sem háð er einkaeignarrétti. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Heimild Alþingis þarf til að leyfa nýtingu á jarðhita umfram 10 MW að varmaafli í hverju tilviki á afréttum og almenningum og á samsvarandi nýtingu háhita í landareign sem háð er einkaeignarrétti.

Umsóknum um jarðhitaleyfi skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda til nýtingar jarðhitans.

Í jarðhitaleyfi skal m.a. greina skilyrði um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldur hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggisráðstafanir og greiðslu afgjalds fyrir jarðhitaréttindi.

Um nýtingu jarðhita á afréttum og almenningum og um nýtingu háhita í öðrum landsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði orkulaga og annarra laga eftir því sem við á."

Athugasemd. Greinin hefur verið endurskrifuð með tilliti til þeirra breytinga sem lagðar hafa verið til hér að framan. Heimild ráðherra til útgáfu jarðhitaleyfis er bundin við 10 MW að varmaafli í hverju tilviki, en lagt er til að heimild Alþingis þurfi til útgáfu jarðhitaleyfis fyrir viðameiri framkvæmdum.

13. 12. gr. (11. gr. frv.) Lagt er til að tilvísanir í aðrar greinar breytist um eitt sæti í töluröð.

14. 13. gr. (12. gr. frv.). Lagt er til að tilvísanir í aðrar greinar breytist um eitt sæti í töluröð og að tilvísun til náttúruverndarlaga falli brott.

Athugasemd. Tilvísunin er óþörf þar eð nægilegt er að nefna Náttúruverndarráð.

15. 14. gr. (13. gr. frv.) Lagt er til að tilvísanir í 9. og 10. gr. verði í 10. og 11. gr. og að orðið „lághita" komi í stað „jarðhita" í 2. línu 1. mgr. Í 2. mgr. komi orðið „lághitaréttindi" í stað „jarðhita" í 1. línu málsgreinarinnar og orðið „lághita" komi í stað „jarðhita" í 2. línu.

16. 15. gr. Lagt er til að hér bætist við ný grein svohljóðandi:

„Áður en leyfi er veitt til virkjunar jarðhita á afrétti innan sveitarfélags skal leita umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar og hefur sveitarfélagið að öðru jöfnu forgangsrétt til nýtingar jarðhitans fyrir almenningsveitu í þágu íbúanna."

Athugasemd. Grein þessi samsvarar 11. gr. frumvarpsins (12. gr. í tillögum ráðuneytisins) að öðru leyti, þar er miðað við eignarland sveitarfélagsins. Hins vegar telur ráðuneytið einnig rétt að sveitarfélag fái að öðru jöfnu einnig forgangsrétt til nýtingar jarðhita á afréttum íbúa sinna fyrir almenningsveitu í þeirra þágu.

17. 16. gr. (14. gr. frv.) Lagt er til að tilvísanir í 10. og 11. gr. verði í 10. og 11. gr. og að orðið „lághita" komi í stað „jarðhita".

18. 17. gr. (15. gr. frv.) Lagt er til að framan við greinina bætist 1. mgr. en núverandi texti verði 2. mgr.

1. mgr. hljóði svo: „Orkustofnun annast eftirlit með jarðhitasvæðum."

Athugasemd: Nauðsynlegt þykir að eftirlit með jarðhitasvæðum landsins sé falið einum aðila eins og reyndar kemur óbeint fram í síðari greinum frumvarpsins.

19. 20. gr. (18. gr.) Lagt er til að settur verði eins mánaðar frestur eftir að borun er lokið til skila á afriti dagbókar í 2. mgr. og að við greinina bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

„Skylt er að tilkynna Orkustofnun fyrir fram um allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra og leita úrskurðar hennar um hvort borstaður er á háhitasvæði eða ekki."

Athugasemd. Lagt er til að slíkt ákvæði verði sett til þess að koma í veg fyrir að aðili hefji án heimildar boranir á jarðhitasvæði þar sem ríkissjóður á einkarétt til nýtingar orkunnar.

Starfsmenn iðnaðarráðuneytis eru að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að ræða framangreindar breytingartillögur við nefndina ef þess er óskað.

Jón Sigurðsson,
Björn Friðfinnsson.

Frumvarp til laga um eignarrétt á orkulindum.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Jarðhitasvæði merkir í lögum þessum uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns í iðrum jarðar.

Háhitasvæði merkir í lögum þessum svæði þar sem jarðhiti með að minnsta kosti 200 gráðu hita á Celcíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi.

Lághitasvæði merkir í lögum þessum svæði þar sem jarðvarmi með minna en 200 gráða hita á Celcíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi.

2. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á lághitasvæðum innan marka jarðarinnar og hvera og náttúrulegs jarðhita á yfirborði ef landareign er á háhitasvæði.

Landeiganda er heimilt að bora eftir og hagnýta sér lághita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

3. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og jarðgufu fylgja.

Jarðgas og jarðolía, sem nýta má sem orkugjafa og sem finnast kann við boranir í berggrunn landsins, eru þó í öllum tilvikum eign ríkissjóðs.

II. KAFLI
Nýting lághita.

4. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til þess að hagnýta lághita úr sama jarðhitasvæði þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta lághitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar lághitans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar lághita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

5. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar lághita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum

samkvæmt ábúðarlögum og þeir hafi talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar lághita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis og búsþarfa.

6. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni lághitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða, er lághitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

III. KAFLI
Orkulindir í sameign þjóðarinnar.

7. gr.

Réttur til nýtingar orku jarðhitasvæða og fallvatna á afréttum og almenningum er sameign þjóðarinnar. Ríkissjóður á einkarétt á nýtingu þeirrar orku og sama gildir um nýtingu háhita í landi sem háð er einkarétti með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir.

8. gr.

Um nýtingu orku fallvatna á afréttum og almenningum gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967, laga um raforkuver, nr. 60 4. júní 1981, og annarra laga eftir því sem við á.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhitaréttindi skv. 7. gr. án leyfis ráðherra, sbr. ákvæði 10. og 11. gr.

9. gr.

Sá sem borað hefur eftir háhita og byrjað hagnýtingu hans fyrir 1. janúar 1992 hefur rétt til notkunar þess háhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 13. gr. Hann skal með sama fyrirvara hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar háhitans á því háhitasvæði er hann nýtir.

10. gr.

Ráðherra getur veitt aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknarleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

Verði land, sem er í einkaeign, fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni skal það bætt að fullu eftir mati ef ekki næst samkomulag milli aðila um bæturnar. Sama gildir um skemmdir á landi í eigu ríkissjóðs.

11. gr.

Ráðherra getur veitt aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afréttum og almenningum allt að 10 MW varmaafli í hverju tilviki. Hann getur einnig veitt aðilum leyfi til samsvarandi nýtingar háhita í landareign sem háð er einkaeignarrétti. Slíkt leyfi nefnist jarðhitaleyfi.

Heimild Alþingis þarf til að leyfa nýtingu á jarðhita umfram 10 MW að varmaafli í hverju tilviki á afréttum og almenningum og samsvarandi nýtingu háhita í landareign sem háð er einkaeignarrétti.

Umsóknum um jarðhitaleyfi skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda til nýtingar jarðhitans.

Í jarðhitaleyfi skal m.a. greina skilyrði um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggisráðstafanir og greiðslu afgjalds fyrir jarðhitaréttindi.

Um nýtingu jarðhita á afréttum og almenningum og um nýtingu á háhita á öðrum landsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði orkulaga og annarra laga eftir því sem við á.

12. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknarleyfis og jarðhitaleyfis skv. 10. og 11. gr. og vera undanþegið greiðslu leyfisgjalds skv. 13. gr.

13. gr.

Í leyfi skv. 10. og 11. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og um greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti, svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 10. og 11. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og Náttúruverndarráðs.

14. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 10. og 11. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til lághita skv. 1. mgr. 2. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhita, þar með talin dreifing hans til notenda.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að lághitaréttindi séu tekin eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á lághitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á lághita í námunda við svæðið.

Um eignarnám samkvæmt þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973, og 140. gr. vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923.

15. gr.

Áður en leyfi er veitt til virkjunar jarðhita á afrétti innan sveitarfélags skal leita umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar og hefur sveitarfélagið að öðru jöfnu forgangsrétt til nýtingar jarðhitans til orkuvinnslu fyrir almenningsveitu í þágu íbúanna.

16. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á lághita á jörðum í opinberri eigu og öðru eignarlandi ríkisins þarf leyfi ráðherra skv. 10. og 11. gr., sbr. þó 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976.

IV. KAFLI
Vernd jarðhitasvæða og eftirlit með þeim.

17. gr.

Orkustofnun annast eftirlit með jarðhitasvæðum.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

18. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

19. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem fjarri eru byggð með aðvörunarmerkjum.

20. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal færa dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið. Orkustofnun getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur upp eða eykst í borholu.

Skylt er að tilkynna Orkustofnun fyrir fram um allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra og leita úrskurðar hennar um hvort borstaður er á háhitasvæði eða ekki.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

27. Fyrirspurn [27. mál]

til menntamálaráðherra um málefni héraðsskólanna.

Frá Önnu Kristínu Sigurðardóttur.

1. Hefur menntamálaráðuneytið mótað almenna stefnu varðandi framtíð og hlutverk héraðsskólanna, og ef svo er í hverju felst hún?
2. Hvaða starfsemi á að taka við af því skólastarfi sem verið hefur í Reykholti?
3. Hvaða stefnu hyggst menntamálaráðuneytið fylgja í málum skólanna á Laugarvatni?

28. Fyrirspurn [28. mál]

til iðnaðarráðherra um iðnráðgjöf á landsbyggðinni.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Ragnari Arnalds.

Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin tryggja fjármagn til áframhaldandi starfsemi iðnráðgjafa á kjördæmum landsins?

29. Frumvarp til laga [29. mál]

um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1991, sbr. 26/1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 1. gr. laganna:

Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein sem hljóði svo:

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 12.800.000 þús. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs var í fjárlögum 1991 áætluð tæpir 13,6 milljarðar króna og var áformað að mæta henni allri með lántöku á innlendum lánamarkaði. Við afgreiðslu lánsfjárlaga 1991 á Alþingi í mars sl. var heimildin til innlendrar lántöku hækkuð í 14,7 milljarða króna í samræmi við samþykktir þingsins um viðbótarútgjöld ríkissjóðs á árinu og aukin endurlán. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun stefnir heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á yfirstandandi ári í að verða um 19,8 milljarðar króna.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs er þannig til komin: Afborganir ríkissjóðs af eldri lánum eru áætlaðar um 7,7 milljarðar króna eins og ráð var fyrir gert í fjárlögum 1991. Veitt ný lán til stofnana og fyrirtækja ríkissjóðs eru talin nema rúmlega 4,7 milljörðum króna og er fjárhæðin sundurliðuð í hjálögðu fylgiskjali. Á móti koma innheimtar afborganir af eldri

lánum alls um 3,2 milljarðar króna. Til stofnfjárframlaga eru ætlaðir tæpir 0,3 milljarðar króna og útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum ríkissjóðs er talið nema 1,4 milljörðum króna á árinu 1991. Loks er rekstrarhalli ríkissjóðs 1991 álitinn verða rúmlega 8,9 milljarðar króna í stað 4,1 milljarðs króna í fjárlögum.

Ljóst er að lánsfjárþörf ríkissjóðs verður ekki mætt nema að hluta til á innlendum lánamarkaði þrátt fyrir áform þess efnis. Þegar níu mánuðir eru liðnir af árinu hefur tekist að afla 8,4 milljarða króna á innlendum lánamarkaði. Þar af nema ný spariskírteini um 3,2 milljörðum króna og ríkisvíxlar um 4 milljörðum króna umfram innlausn á eldri víxlum. Önnur lántaka á innlendum markaði nemur 1,2 milljörðum króna. Þess er vænst að unnt verði að selja spariskírteini fyrir um 1,8 milljarða króna til viðbótar, en í ljósi reynslu undangenginna ára er talið að ríkisvíxlarnir gangi til baka og ekki verði um viðbótarfjáröflun í þeim að ræða á þessu ári. Þannig er talið að unnt verði að afla nýs lánsfjár innan lands fyrir um 6,2 milljarða króna eða sem svarar til afborgana af innlendum lánum ríkissjóðs. Það sem upp á vantar, 13,6 milljarða króna, þarf að öllum líkindum að taka að láni í útlöndum. Af þeirri fjárhæð eru 824 milljónir króna sem ríkissjóður hefur endurlánað ríkisfyrirtækjum og sveitarfélögum er höfðu heimildir til erlendrar lántöku í lánsfjárlögum 1990 og 1991. Þar vegur þyngst lántaka vegna smíði ferju fyrir Herjólf hf. í Vestmannaeyjum. Samtals er því í þessu frumvarpi sótt um heimild fyrir ríkissjóð til erlendrar lántöku að fjárhæð 12,8 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð er heimild fyrir ríkissjóð til að veita Byggðastofnun lán að fjárhæð 150 m.kr. vegna fiskeldisfyrirtækja í samræmi við samþykkt núverandi ríkisstjórnar frá sl. sumri um stuðning við fiskeldi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti:

Yfirlit yfir áformuð veitt lán ríkissjóðs 1991.

Í milljónum króna	Í innlendri mynt	Í erlendri mynt	Samtals
Heimildir í fjárlögum 1991	**3.480**	**250**	**3.730**
Lánasjóður ísl. námsmanna	3.000		3.000
Alþjóðaflugþjónustan		250	250
Hafnabótasjóður	280		280
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	200		200
Heimildir í lánsfjárlögum 1990 og 1991		**824**	**824**
Herjólfur hf.		750	750
Flóabáturinn Baldur hf.		15	15
Skallagrímur hf.		11	11
Hitaveita Egilsstaða og Fella		20	20
Bæjarveitur Vestmannaeyja		28	28
Nýjar heimildir		**150**	**150**
Byggðastofnun v/fiskeldisfyrirtækja		150	150
Veitt lán alls	**3.480**	**1.224**	**4.704**

30. Frumvarp til lánsfjárlaga [30. mál]

fyrir árið 1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. KAFLI
Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 13.000 m.kr. á árinu 1992.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1992 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána allt að 4.545 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, allt að 2.815 m.kr.
2. Alþjóðaflugþjónustan, allt að 480 m.kr.
3. Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar, allt að 1.250 m.kr.

II. KAFLI
Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1992, með þeim takmörkunum sem koma fram hér að neðan, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 6.650 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 2.565 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 5.640 m.kr., sbr. 64. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 12.000 m.kr., sbr. 35. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 700 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 850 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóður, allt að 1.600 m.kr., sbr. 6. og 10. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Iðnþróunarsjóður, allt að 600 m.kr., sbr. 2. tölul. stofnsamnings um norrænan

iðnþróunarsjóð fyrir Ísland og lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með áorðnum breytingum.
9. Fiskveiðasjóður, allt að 2.750 m.kr., sbr. 3. og 5. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð, með áorðnum breytingum.
10. Útflutningslánasjóður, allt að 100 m.kr., sbr. 3. gr. laga nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð, með áorðnum breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur eftirtalinna aðila á árinu 1992:
1. Herjólfs hf., allt að 400 m.kr. til smíði á nýrri ferju.
2. Vatnsleysustrandarhrepps, allt að 500 m.kr til hafnarframkvæmda.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

6. gr.

Fjármálaráðherra ákveður hvort lántaka samkvæmt lögum þessum fari fram innan lands eða utan, í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðli.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð á lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í II. kafla og endurlána til þeirra með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

8. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast,
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum,
c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin voru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

9. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir II. kafla eða 8. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

10. gr.

Yfirtekin lán, ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila og milliganga um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytis, nú nr. 314/1990, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittra einstökum fyrirtækjum, teljast til lántöku og skulu rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

11. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

12. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til veitingar ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla, gilda á árinu 1992. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. apríl 1993 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til lánsfjárlaga er nú lagt fram í fyrsta skipti eftir sameiningu deilda Alþingis. Í þingskapalögum segir nú að frumvarpinu skuli vísa til fjárlaganefndar eftir 1. umræðu sem vísi því svo til efnahags- og viðskiptanefndar til frekari umfjöllunar.

Frumvarpið er nú lagt fram í samræmi við ákvæði 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga er hljóðar svo:

„Í frumvarpi til lánsfjárlaga skal leita heimilda til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimilda og annarra nauðsynlegra fjármálaráðstafana að því marki sem slík ákvæði eru ekki í frumvarpi til fjárlaga. Sé í öðrum lögum en fjárlögum og lánsfjárlögum kveðið á um lántöku og ábyrgðarheimildir skal nýting þeirra ætíð vera innan þeirra marka sem sett eru í fjárlögum og lánsfjárlögum ár hvert. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu skal ár hvert gerð grein fyrir heildarábyrgðarveitingum ríkissjóðs og skiptingu þeirra á helstu ábyrgðarflokka. Alþingi fjallar árlega um hámark veittra ábyrgða og setur mörk í lánsfjárlögum."

Frumvarpið nær nú til allra lána sem ríkissjóður hyggst taka eða ábyrgjast á árinu 1992. Þannig næst heildarsýn yfir ríkisábyrgðir á einum vettvangi.

Þá segir og í þessu frumvarpi að fjármálaráðherra ákveði hvort lántökur fari fram innan lands eða utan í stað þess að binda það í lögum. Tvær ástæður liggja að baki þessu nýmæli. Í fyrsta lagi hefur frjálsræði í fjármagnsflutningum milli landa aukist. Í öðru lagi er þetta talið veita innlendum sparifjármarkaði ákveðið aðhald þar sem opinberir aðilar geta nú tekið erlend lán ef misræmi milli innlendra og erlendra vaxtakjara er verulegt.

Í lánsfjárlögum undanfarinna ára hafa verið ákvæði er skerða lögboðin framlög ríkissjóðs til ýmissa mála. Nú hefur verið ákveðið að leggja fram sérstakt frumvarp sem meðal annars inniheldur þessi skerðingarákvæði, þar sem þau tengjast útgjaldahlið fjárlaga en ekki lánahlið.

Hér á eftir verður fjallað um innlendan lánamarkað og erlendar lántökur á árinu 1992 og hlutdeild hins opinbera á þeim vettvangi. Sérstaklega er gerð grein fyrir lánahreyfingum ríkissjóðs á næsta ári. Loks er fjallað um efnisinnihald hverrar greinar frumvarpsins.

Innlendur lánamarkaður

Árið 1990 var á margan hátt óvenjulegt um þróun peningamála. Lengst af var lánsfjáreftirspurn fyrirtækja með minnsta móti, bæði vegna lítillar fjárfestingar og eins þess að fyrirtæki virtust nota betri afkomu til að greiða niður skuldir við lánastofnanir. Þetta gaf opinberum aðilum færi á miklum lántökum innan lands.

Á árinu 1991 hafa mikil umskipti orðið á innlendum lánamarkaði. Síðastliðið haust tóku almenn útlán bankakerfisins að vaxa á nýjan leik. Á sama tíma dró úr innlánum og lausafjárstaða bankanna fór því hríðversnandi. Þessi þróun hélt áfram á fyrri hluta ársins og endurspeglaðist í vaxandi halla á viðskiptum við útlönd. Aukin spenna á lánamarkaði leiddi loks til vaxtahækkunar síðastliðið vor. Líklegt er að áhrif þessarar vaxtahækkunar

séu ekki að fullu komin fram enn. Grunnvextir verðtryggðra bankalána hafa hækkað um 1,7% frá fyrra ári og aðrir vextir hafa breyst samsvarandi, svo sem ávöxtun spariskírteina og húsbréfa.

Útlán lánastofnana eru talin hafa aukist um 65 milljarða króna á fyrri hluta árs 1991, eða um 12%, sem er verulega umfram hækkun verðlags. Tveir þriðju hlutar þessarar aukningar voru fjármagnaðir með innlendum sparnaði sem jókst um tæp 12%. Um 26 milljarðar króna, eða 40% af auknum útlánum, fóru til heimilanna. Gætir þar áhrifa mikillar eftirspurnar eftir húsnæðislánum en útlánaaukning er einnig mikil til heimila hjá bönkum. Það vekur athygli að háir raunvextir lánsfjár virðast lítil áhrif hafa á eftirspurn heimilanna eftir lánsfé enn sem komið er.

Útlán til fyrirtækja jukust um 25 milljarða króna á fyrri hluta ársins sem er nokkru meira en á sama tíma í fyrra. Kemur það heim og saman við aukinn innflutning á árinu. Það sem eftir stendur af auknum útlánum, 13 milljarðar króna, fóru til ríkissjóðs.

Innlendur lánamarkaður 1989-1991

Milljarðar króna á verðlagi í lok tímabils	Árslok 1989	Árslok 1990	Júnílok 1991	Breyting jan.-júní 1991
Útlán og verðbréf	469	531	596	12,2%
Ríki	69	76	89	17,6%
Sveitarfélög	16	18	18	2,6%
Atvinnuvegir	250	266	291	9,6%
Heimili	134	172	198	14,9%
Peningalegur sparnaður	300	360	402	11,9%
Frjáls	136	165	180	9,2%
Kerfisbundinn	164	195	222	14,2%
Erlent lánsfé, nettó	168	172	194	12,8%
Til samanburðar:				
Hækkun lánskjaravísitölu janúar-júlí 1991				5,1%

Innlendur sparnaður. Í árslok 1990 var stofn peningalegs sparnaðar á lánamarkaðnum um 360 milljarðar króna og hafði vaxið um 20% á árinu. Þar af var svokallaður kerfisbundinn sparnaður 195 milljarðar króna, en það eru fyrst og fremst eignir lífeyrissjóðanna. Frjáls sparnaður, sem er einkum bankainnlán, ríkisskuldabréf og markaðsverðbréf, nam 165 milljörðum króna.

Samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands er talið að innlendur sparnaður aukist um 29 milljarða króna á þessu ári. Innlendur sparnaður hefur vaxið hægar en áætlað var síðastliðið haust. Talið er nú að kerfisbundinn sparnaður í ár muni aukast um 17 milljarða króna, eða ívið minna en á síðasta ári. Frjáls sparnaður mun hins vegar dragast saman um 6 milljarða króna og verða tæpir 12 milljarðar króna samanborið við 18 milljarða króna á árinu 1990.

Sérstaklega hefur sparnaður í formi húsbréfa aukist en tölur benda til að af rúmlega 13 milljörðum króna í afgreiddum húsbréfum séu um 6,5 milljarðar í eigu heimilanna. Í eigu lánastofnana, einkum lífeyrissjóða, eru um 5 milljarðar króna, en afgangurinn er hjá innlánsstofnunum og verðbréfasjóðum.

Áætlað er að heildarsparnaður aukist um 30 milljarða króna á árinu 1992 og verði svipað hlutfall af landsframleiðslu og á árinu 1991. Reiknað er með áframhaldandi samdrætti í frjálsum sparnaði og að hann verði um 11 milljarðar króna. Stafar þessi minnkun fyrst og fremst af samdrætti landsframleiðslu. Áætlað er að kerfisbundinn sparnaður verði um 19 milljarðar króna samanborið við röska 17 milljarða á þessu ári. Gætir þar fyrst og fremst áhrifa tekna af vaxandi eignum lífeyrissjóðanna.

Rétt er að undirstrika að skekkjumörk við þessar áætlanir eru veruleg. Því verður að skoða niðurstöðurnar með fyrirvara.

Áætlun um peningalegan sparnað 1990 og 1991

	Staða í árslok			Hrein aukning á meðalverðlagi		
Milljarðar króna	1990	Áætlun 1991	Spá 1992	1990	Áætlun 1991	Spá 1992
Peningalegur sparnaður	360	419	464	36	29	30
Frjáls	165	190	208	18	12	11
Kerfisbundinn	195	229	256	18	17	19
Peningalegur sparnaður sem hlutfall af landsframleiðslu				10,7%	7,9%	7,9%

Lánsfjárþörf opinberra aðila. Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila og opinberra lánasjóða, þ.e. heildarlántökur að frádregnum afborgunum af eldri lánum, er áætluð um 35,9 milljarðar króna á árinu 1991. Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs er talin verða um 12,1 milljarður króna og hrein lánsfjárþörf húsnæðislánakerfisins um 22,3 milljarðar króna. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1991 voru hreinar lántökur opinberra aðila áætlaðar um 24 milljarðar króna á þessu ári. Lánsfjárþörf þessara aðila eykst annars vegar vegna aukinnar fjárþarfar ríkissjóðs sem hækkar úr 5,9 milljörðum króna í 12,1 milljarð og hins vegar af verulega meiri afgreiðslu nýrra húsbréfa en áætlað hafði verið. Gert var ráð fyrir að útgáfa húsbréfa 1991 næmi um 10 milljörðum króna, en nú er útlit fyrir að hún verði um 13 milljarðar króna. Aukningin skýrist einkum af veitingu lána vegna greiðsluerfiðleika, en heimild til þess var veitt eftir að fjárlög voru lögð fram. Áætlað er að þessi lán muni nema um 2-3 milljörðum króna á þessu ári. Þá kom til afgreiðslu í ár 2 milljarðar króna af útgáfu bréfa frá fyrra ári.

Áformað hafði verið að ríkissjóður mætti lánsfjárþörf sinni alfarið með innlendum lántökum á þessu ári. Engar horfur eru á því að það gangi eftir. Bæði er að lánsfjárþörfin er mun meiri en áður var talið og eins hitt að sala ríkisverðbréfa á innlendum markaði hefur gengið treglega. Ólíklegt er að innlend fjáröflun geri meira en að mæta afborgunum af lánum ríkissjóðs innan lands.

Lánsfjárþörf hins opinbera hefur aukist verulega á undanförnum árum. Árið 1986 nam hrein lánsfjárþörf um 4% af landsframleiðslu, 1988 var hlutfallið komið í tæplega 7%, 1990 í tæplega 8% og árið 1991 stefnir í 9,7%. Lánsfjárþörf hins opinbera hefur því meira en tvöfaldast á síðustu fimm árum, eða úr tæplega 15 milljörðum króna árið 1986 (reiknað á verðlagi 1991) í 36 milljarða króna árið 1991.

Tvo þriðju hluta þessarar aukningar má rekja til húsnæðislánakerfisins, en fjárþörf þess hefur farið úr tæplega 5 milljörðum króna árið 1986 í rúmlega 22 milljarða króna samkvæmt áætlun fyrir 1991, reiknað á föstu verðlagi. Aukningin til húsnæðislánakerfisins er veruleg jafnvel þótt tekið sé tillit til þess að framlag úr ríkissjóði til byggingarsjóðanna hafi lækkað úr 3,6 milljörðum króna 1986 í tæplega 1 milljarð króna 1991 og minni lánveitinga banka og lífeyrissjóða.

Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila 1986-1992



Árið 1992 er áætlað að heildarlántökur opinberra aðila og opinberra lánasjóða verði um 47 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð eru afborganir til innlendra og erlendra lánardrottna 23,1 milljarðar króna. Aukið lánsfé þessara aðila verða því um 24,0 milljarðar króna. Á innlendum markaði er ætlað að afla um 15 milljarða króna sem er um helmingur af áætlaðri aukningu innlends sparnaðar. Erlendar lántökur aukast því um tæplega 9 milljarða króna sem er talsvert undir áætluðum viðskiptahalla samkvæmt þjóðhagsáætlun. Ef þetta gengur eftir mun verða verulegt útstreymi á gjaldeyri sem rýra mun lausafjárstöðu innlánsstofnana að öðru óbreyttu.

Stefnt er að því að draga verulega úr lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs og áætlað er að hrein lánsfjárþörf verði um 4 milljarðar króna samanborið við 12,1 milljarð króna á þessu ári eins og að ofan er getið. Samkvæmt þessu verður lánsfjárþörf ríkissjóðs árið 1992 aðeins þriðjungur af því sem hún stefnir í á þessu ári, eða sem svarar til 1,1% af landsframleiðslu.

Stærsti hluti lánsfjárþarfar hins opinbera á næsta ári er vegna húsnæðislánakerfisins. Áætlað er að heildarlánsfjárþörf þess verði 20,3 milljarðar króna, eða um 15,5 milljarðar króna umfram afborganir. Er þá miðað við að ný húsbréf verði afgreidd fyrir 12 milljarða króna að hámarki á árinu 1992. Það er fimmtungi lægri fjárhæð en stefnir að í ár.

Ríkisstjórnin mun á næstunni ákveða breytingar á reglum um húsbréfalán þannig að tryggt verði að veitt ný lán haldist innan áðurnefndra marka.

Annar stór liður er lántökur Landsvirkjunar sem eru áætlaðar um 6,6 milljarðar króna. Þar af eru 2,1 milljarðar ætlaðir til afborgana eldri lána.

Lánsfjárþörf opinberra aðila og sjóða 1990 og 1991

	Áætlun 1991			Áætlun 1992		
Milljarðar króna	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	**33,7**	**21,4**	**55,1**	**27,8**	**19,3**	**47,1**
Opinberir aðilar	6,2	17,9	25,1	6,6	13,6	20,2
Ríkissjóður A-hluti	6,2	13,6	19,8	6,6	6,4	13,0
Ríkisfyrirtæki	-	3,6	3,6	-	6,6	6,6
Sveitarfélög	-	0,7	0,7	-	0,6	0,6
Opinberar lánastofnanir	27,5	3,5	31,0	21,2	5,7	26,9
Byggingarsjóðir	10,7	-	10,7	8,3	-	8,3
Húsbréf	15,0	-	15,0	12,0	-	12,0
Aðrir	1,8	3,5	5,3	0,9	5,7	6,6
Afborganir	**12,6**	**6,6**	**19,2**	**12,6**	**10,5**	**23,1**
Opinberir aðilar	6,2	4,0	10,2	4,3	7,5	11,8
Ríkissjóður A-hluti	6,2	1,5	7,7	4,3	4,7	9,0
Ríkisfyrirtæki	-	1,9	1,9	-	2,1	2,1
Sveitarfélög	-	0,6	0,6	-	0,7	0,7
Opinberar lánastofnanir	6,4	2,6	9,0	8,3	3,0	11,3
Byggingarsjóðir	3,3	-	3,3	3,6	-	3,6
Húsbréf	0,1	-	0,1	1,0	-	1,0
Aðrir	3,0	2,6	5,6	3,7	3,0	6,7
Hrein lánsfjárþörf	**21,1**	**14,8**	**35,9**	**15,2**	**8,8**	**24,0**
Hlutfall af landsframleiðslu	5,7%	4,0%	9,7%	4,0%	2,3%	6,3%

Erlend lán og greiðslujöfnuður

Nýjar erlendar lántökur þjóðarbúsins til lengri tíma en árs eru taldar verða um 33,5 milljarðar króna á þessu ári, samanborið við 26,3 milljarða króna árið 1990. Aukninguna má rekja til mikillar lánsfjárþarfar ríkissjóðs sem ekki verður mætt á innlendum lánamarkaði þrátt fyrir áform þar um. Lántökur opinberra aðila aukast þannig verulega milli ára, eða úr 13 milljörðum 1990 í rúmlega 21 milljarð króna á þessu ári. Lántökur atvinnufyrirtækja dragast hins vegar mikið saman, fyrst og fremst vegna minni skipa- og flugvélakaupa.

Að afborgunum frátöldum er áætlað að hrein aukning erlendra lána á árinu 1991 nemi 18,2 milljörðum króna og jafngildir það 4,9% af landsframleiðslu samanborið við 4,4% á síðasta ári. Innstreymi erlendra lána til opinberra aðila í ár er langt umfram það sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu lánsfjárlaga. Þar var áformað að ríkissjóður tæki engin erlend lán á árinu, en í reynd stefna þau í 13½ milljarð króna.

Árið 1992 er gert ráð fyrir að nýjar erlendar lántökur verði 28 milljarðar króna, eða 5,5 milljörðum minni en 1991. Hreint innstreymi erlendra lána minnkar enn meir eða um

9,4 milljarða króna sem jafngildir 2,5% af landsframleiðslu. Skýringin á þessari lækkun felst í háum afborgunum á næsta ári.

Erlendar lántökur 1991 og 1992

Milljarðar króna á verðlagi hvors árs	Láns-fjárlög 1991	Horfur 1991	Lánsfjár-áætlun 1992
Opinberir aðilar	**5,5**	**19,8**	**11,8**
Opinberir lánasjóðir	**3,5**	**3,5**	**7,4**
Atvinnufyrirtæki	11,0	10,2	8,8
Skip og flugvélar	6,0	6,0	1,0
Annað	5,0	4,2	7,8
Löng erlend lán, alls	**20,0**	**33,5**	**28,0**
Afborganir erlendra lána	15,1	15,3	19,2
Hreint innstreymi erlendra lána	**4,9**	**18,2**	**8,8**

Greiðslujöfnuður. Samkvæmt þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn á árinu 1991 verði 13,7 milljarðar króna. Til viðbótar við innstreymi erlendra lána upp á 18,2 milljarða króna er reiknað með 1,3 milljarða króna innstreymi á öðrum fjármagnsliðum þannig að fjármagnsjöfnuður verður jákvæður um 19,5 milljarða króna. Þetta þýðir að gjaldeyrisstaða Seðlabanka, þ.e. gjaldeyriseign þjóðarinnar, batnar um 5,8 milljarða króna og yrði samkvæmt þessu 30,5 milljarðar króna í árslok.

Samhengið milli erlendrar lántöku, viðskiptahalla og gjaldeyrisstöðu er hins vegar mun óvissara á næsta ári. Samkvæmt þjóðhagsáætlun er spáð 16,9 milljarða króna viðskiptahalla á næsta ári. Í þeim lántökuáformum sem fjallað var um hér að framan var hins vegar ekki gert ráð fyrir nema 8,8 milljarða króna innstreymi þannig að enn vantar 8,1 milljarð króna til þess að fjármagna viðskiptahalla ársins. Í þessari áætlun er reiknað með að fjármagna þetta að hluta með innstreymi annars erlends fjármagns, eða sem nemur 3,1 milljarði króna, en afgangurinn, 5 milljarðar króna, komi fram í rýrnun gjaldeyrisstöðunnar enda mun hún styrkjast verulega 1991 vegna hárrar lántöku.

Skuldastaða gagnvart útlöndum. Til þess að fá raunhæfa mynd af erlendum skuldbindingum þjóðarbúsins er eðlilegt að skoða það sem kallað er hrein skuldastaða, þ.e. stöðu langra erlendra lána og skammtímaskulda að frádreginni gjaldeyriseign þjóðarinnar. Eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti hefur skuldastaðan lengst af síðasta áratug numið 45-50% af landsframleiðslu. Hæst fór hlutfallið árið 1985, í tæplega 53%. Í uppsveiflunni 1986-1987 fór hlutfallið lækkandi, en undanfarin þrjú ár hefur hlutfallið aftur hækkað og skuldastaðan legið í kringum 48%. Á næsta ári er gert ráð fyrir að skuldastaðan versni töluvert og hlutfallið fari upp í tæplega 52%. Ástæðan er fyrst og fremst sú að á sama tíma og viðskiptahallinn eykst dregst landsframleiðslan saman.

Skuldastaða og greiðslubyrði erlendra lána 1981-1992



Greiðslubyrði og vextir. Greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum lánum hefur upp á síðkastið verið á bilinu 7-8% af landsframleiðslu. Það jafngildir um það bil 20% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Á þessu ári er áætlað að greiðslubyrði verði rétt um 8% af landsframleiðslu. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að greiðslubyrðin þyngist heldur vegna mikilla afborgana af erlendum lánum eins og áður var komið fram og fari í rúmlega 8½% af landsframleiðslu. Vaxtabyrðin eykst þó lítið þrátt fyrir aukna skuldsetningu þar sem á móti vegur áframhaldandi lækkun vaxta á alþjóðamörkuðum. Þannig er talið að meðalvextir af erlendum lánum lækki úr 7,9% á þessu ári í 7,5% á því næsta.

Lánahreyfingar ríkissjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir lánahreyfingum A-hluta ríkissjóðs á árinu 1992 skv. 1. gr. frumvarpsins. Kaflinn skiptist í tvo hluta. Í þeim fyrri er fjallað um lánsfjárþörf ríkissjóðs og gerð ítarleg grein fyrir einstökum liðum hennar. Í seinni hluta kaflans er svo fjallað á sama hátt um lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð 13 milljarðar króna á árinu 1992. Greiddar afborganir af teknum lánum nema 9 milljörðum króna, þannig að hrein lánsfjárþörf, þ.e. nýjar lántökur umfram afborganir af eldri lánum, er talin 4 milljarðar króna, eða 1,1% af landsframleiðslu. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1991 er aftur á móti áætluð 19,8 milljarðar króna og hrein lánsfjárþörf 12,1 milljarðar króna. Samkvæmt þessu verður hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs 1992 aðeins þriðjungur af því sem hún stefnir í á þessu ári. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárþörf ríkissjóðs 1991 og 1992 og skiptingu hennar:

Lánsfjárþörf ríkissjóðs 1991-1992

	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.
Rekstrarhalli ríkissjóðs	8.930	3.710
Veitt lán, nettó	1.500	395
Eignfærð framlög	270	280
Viðskiptareikningar	1.400	-400
Hrein lánsfjárþörf	**12.100**	**3.985**
Afborganir af teknum lánum	7.700	9.000
Verg lánsfjárþörf	**19.800**	**12.985**

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir einstökum liðum í lánsfjárþörf ríkissjóðs.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs, þ.e. veitt ný lán að frádregnum innheimtum afborgunum af eldri lánum. Á árinu 1992 er ráðgert að veita ný lán að fjárhæð 4.545 m.kr. til fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkissjóðs. Á móti koma innheimtar afborganir af eldri lánum sem eru áætlaðar samtals 4.150 m.kr. Veitt lán A-hluta ríkissjóðs, nettó, nema því samtals 395 m.kr. á árinu 1992. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána:

Lánveitingar ríkissjóðs, nettó, 1991-1992

	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr.
Veitt ný lán	**4.700**	**4.545**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.000	2.815
Alþjóðaflugþjónustan, ICAO	250	480
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	200	1.250
Hafnabótasjóður	280	-
Annað, sbr. 15. gr. lánsfjárlaga	970	-
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**3.200**	**4.150**
Bundnar innlendu verðlagi	1.800	2.300
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	1.400	1.850
Veitt lán, nettó	**1.500**	**395**

Eignfærð framlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum, en báðir þessir liðir eru færðir í efnahagsreikning ríkissjóðs. Eignfærð framlög eru áætluð samtals 280 m.kr. á árinu 1992 samanborið við 270 m.kr. árið 1991.

Viðskiptareikningar. Þessir reikningar taka til ýmissa skuldaviðurkenninga til skamms tíma vegna virðisaukaskatts, staðgreiðslu af launum, tryggingargjalds o.fl. Áætlað er að útstreymi umfram innstreymi á almennum viðskiptareikningum nemi 500 m.kr á

árinu 1992. Á móti vegur 900 m.kr. uppgreiðsla Byggingarsjóðs ríkisins á skammtímaláni er ríkissjóður veitti á árinu 1991. Í heild verður því innstreymi umfram útstreymi á viðskiptareikningum ríkissjóðs að fjárhæð 400 m.kr. árinu 1992.

Greiddar afborganir af teknum lánum. Greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 9 milljarðar króna á árinu 1992 í stað 7,7 milljarða króna á fjárlögum 1991. Afborganir af erlendum lánum aukast um 3,2 milljarða króna. Á árinu 1992 kemur til greiðslu þýskt lán að fjárhæð 75 milljón mörk. Þá er innlausn spariskírteina ríkissjóðs með allra minnsta móti á næsta ári. Enn fremur voru yfirtekin lán frá Byggðastofnun að fjárhæð 1.200 m.kr. í maí á þessu ári. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiddar afborganir ríkissjóðs á árunum 1991 og 1992:

Greiddar afborganir af teknum lánum 1991-1992

	Áætlun 1991 m.kr.	Frumvarp 1992 m.kr
Innlausn spariskírteina	3.400	1.515
Önnur innlend lán	2.800	2.785
Erlend lán	1.500	4.700
Samtals	**7.700**	**9.000**

Lánsfjáröflun ríkissjóðs. Lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu 1992 nemur sömu fjárhæð og lánsfjárþörf eða tæplega 13 milljörðum króna. Þar af eru 9 milljarðar króna vegna afborgana af teknum lánum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu lánsfjáröflunarleiðum ríkissjóðs.

Innlend lán. Ríkissjóður gefur út þrjár tegundir ríkisskuldabréfa á innlendum markaði. Hér er um að ræða spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf og ríkisvíxla

Spariskírteini ríkissjóðs. Sala spariskírteina er helsta lánsfjáröflunarleið ríkissjóðs á innlendum sparifjármarkaði. Þau eru nú gefin út til 5 og 10 ára. Sú breyting hefur verið gerð að selja bréfin með afföllum til að laga nafnvexti bréfanna að ávöxtunarkröfu markaðarins á hverjum tíma. Stærstu kaupendur spariskírteina hafa verið lífeyrissjóðir og ýmsar fjármálastofnanir.

Ríkisbréf. Síðla árs 1990 hóf ríkissjóður útgáfu nýrrar tegundar ríkisverðbréfa, svonefnd ríkisbréf. Þessi bréf bjóða sparifjáreigendum upp á ávöxtun sparifjár til lengri tíma en ríkisvíxlar en skemmri tíma en spariskírteini. Upphæð bréfanna og gjalddagar eru sniðnir að þörfum lánveitenda innan ákveðinna marka. Bréfin eru óverðtryggð, en vextir taka mið af meðaltali skuldabréfavaxta á peningamarkaði. Markaðurinn hefur tekið þessum bréfum treglega meðal annars vegna þess að þau eru ekki verðtryggð. Nú er í undirbúningi útgáfa gengistryggðra bréfa. Þess er vænst að sala ríkisbréfa glæðist við þetta.

Ríkisvíxlar. Ríkisvíxlar eru skammtímabréf ríkissjóðs. Megnið af þeim er í eigu banka og sparisjóða, en samkvæmt reglum Seðlabankans geta þeir uppfyllt lausafjárkvöð sína við bankann með ríkisvíxlaeign. Staða ríkisvíxla er mjög sveiflukennd þar sem sífellt þarf að endurfjármagna bréf sem koma á gjalddaga og getur staða þeirra því breyst verulega með skömmum fyrirvara. Þannig minnkar jafnan stofn ríkisvíxla þegar tekur að líða á árið og lausafjárstaða banka og sparisjóða versnar.

Erlend lán. Á erlendum fjármagnsmörkuðum eru fjölmargar leiðir við öflun lánsfjár. Mikil fjölbreytni er í boði á mörkuðum og fjöldi leiða að nálgast þá. Hér á eftir er lýst helstu leiðum ríkissjóðs til lánsfjáröflunar á þeim mörkuðum sem þykja aðgengilegir.

Skuldabréfaútboð. Mestur hluti erlendra skulda ríkissjóðs til lengri tíma er tekinn með skuldabréfaútboðum á erlendum fjármagnsmörkuðum. Leitað er til eins eða fleiri fjármálafyrirtækja til að annast útboðið, eftir að leitað hefur verið álits og tilboða hjá þeim fyrirtækjum sem líklegust eru til að tryggja aðgengilegt útboð. Skuldabréfaútboð þessi geta verið opinber eða einungis fyrir þröngan hóp sérfróðra fjárfesta. Dæmi er um að einungis einn fjárfestir standi að baki lánsfénu. Útgáfurnar geta farið fram í helstu viðskiptagjaldmiðlum með föstum eða breytilegum vöxtum og er lánstími yfirleitt á bilinu frá fimm til tíu ár. Ríkissjóður þarf venjulega að greiða 0,15-0,30% álag ofan á millibankavexti í London, LIBOR. Lipur skuldaskiptamarkaður er einnig í boði og þannig er mögulegt að hagræða skuldum til lengri eða skemmri tíma á milli gjaldmiðla og breytilegra og fastra vaxta.

Skammtímavíxlar. Ríkissjóður hefur gert samning við þrjá erlenda banka um útgáfu á skammtímavíxlum (Euro Commercial Paper) að hámarki 250 milljónir dollara. Þeir bankar sem sjá um útgáfuna eru J.P. Morgan, Citicorp og Scandinavian Bank. Útgáfan fer þannig fram að víxlarnir eru seldir símleiðis í gegnum bankana, sem gegna hlutverki miðlara til kaupenda víðs vegar um heiminn. Markaður fyrir skammtímavíxla er greiður og kjör víxlanna eru ríkissjóði afar hagkvæm, eða 0,7-0,8% undir millibankavöxtum í London. Hver víxill er að meðaltali að fjárhæð 10 milljónir dollara og gefinn út til eins eða tveggja mánaða í senn. Þarf því að halda útgáfunni við og fylgjast með markaðnum því að hann getur orðið fyrir sveiflum í verði og framboði. Útgáfa víxlanna fer fram í dollurum.

Veltilán / Ádráttarlán. Ríkissjóður hefur tvo samninga í gangi sem tryggja aðgang að lánsfé á ákveðnu verði með mjög skömmum fyrirvara, annar að fjárhæð 75 milljónir dollara hjá Citicorp og hinn að fjárhæð 90 milljónir dollara með milligöngu J.P. Morgan og Scandinavian Bank. Gilda þessir samningar sem eins konar lánsloforð og stendur fjöldi banka að baki þeim. Ríkissjóður getur gengið að þeim með eins til þriggja daga fyrirvara og fengið lán frá einum degi upp í lok gildistíma veltilánssamningsins. Ríkissjóður greiðir lánsaðilunum 0,1% af heildarfjárhæðinni á ári fyrir að eiga þennan möguleika. Að auki er greitt aukagjald fyrir hvern ádrátt, sem er frá 0,125-0,225%. Veltilán nýtast sem baktrygging fyrir skammtímavíxlaútgáfuna og eru notuð til að brúa bil ef ekki tekst að endurnýja víxil. Á svipaðan hátt eru þau nýtt til að brúa fjárþörf milli þess að lánsfjárþörf kemur fram hjá ríkissjóði og fram að því að talið er hagstæður tími á erlendum mörkuðum að selja skuldir íslenska ríkisins. Að lokum er talið skynsamlegt af öryggisástæðum að eiga skjótan aðgang að lánsfé. Ádráttur fer fram í dollurum.

Seðlabanki Íslands. Þess skal loks getið að ríkissjóður hefur einnig aðgang að skammtímafjármagni gegnum yfirdráttarheimild á viðskiptareikningi sínum í Seðlabanka Íslands. Þessi fyrirgreiðsla Seðlabankans er ætluð til að mæta árstíðabundnum sveiflum í fjármálum ríkissjóðs. Skuld ríkissjóðs á viðskiptareikningum í lok árs ber að gera upp innan þriggja mánaða frá lokum viðkomandi fjárlagaárs og hefur það oftast verið gert með erlendum lántökum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð 13 milljarðar króna á árinu 1992. Þar ef eru 9 milljarðar króna vegna afborgana af teknum lánum, 0,3 milljarðar króna vegna veittra lána, nettó, og 3,7 milljarðar króna vegna rekstrarhalla ríkissjóðs. Nánari upplýsingar er að finna í kaflanum *Lánahreyfingar ríkissjóðs* hér að framan.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjármálaráðherra heimilað að endurlána til þriggja aðila í B-hluta ríkissjóðs allt að 4.545 m.kr. af þeirri fjárhæð er kemur fram í 1. gr. frumvarpsins. Hér er um að ræða eftirtalda aðila:

1. **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Gert er ráð fyrir að endurlána Lánasjóði íslenskra námsmanna allt að 2.815 m.kr. á árinu 1992. Þetta er um 185 m.kr. lægri fjárhæð en áætlað er að endurlána sjóðnum á árinu 1991 og er í samræmi við þá greiðsluáætlun fyrir sjóðinn sem fram kemur í frumvarpi til fjárlaga. Að öðru leyti er vísað til greinargerðar um LÍN í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992.

2. **Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar.** Gert er ráð fyrir að endurlána Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar allt að 1.250 m.kr. á árinu 1992 til þess að mæta misvægi á greiðslustreymi greiddra og innheimtra afborgana.

3. **Alþjóðaflugþjónustan.** Áætlað er að endurlána Alþjóðaflugþjónustunni allt að 480 m.kr. á árinu 1992. Hér er um að ræða fé til byggingar nýrrar flugstjórnarmiðstöðvar á Reykjavíkurflugvelli en kostnaður við hana er áætlaður samtals 1.000 m.kr. Gert er ráð fyrir að Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, endurgreiði stærstan hluta kostnaðar á næstu 20 árum. Í fjárlögum og lánsfjárlögum fyrir árið 1991 er heimild fyrir fjármálaráðherra að endurlána Alþjóðaflugþjónustunni 500 m.kr. Af því verða einungis 250 m.kr. nýttar. Að öðru leyti er vísað til þess er segir um stofnunina í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992.

Um 4. gr.

Í þessari grein er sett hámark á nýtingu þeirra lántökuheimilda sem kveðið er á um í sérlögum viðkomandi aðila. Er þetta í samræmi við ákvæði 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga sem hljóðar svo: „... Sé í öðrum lögum en fjárlögum og lánsfjárlögum kveðið á um lántöku og ábyrgðarheimildir skal nýting þeirra ætíð vera innan þeirra marka sem sett eru í fjárlögum og lánsfjárlögum ár hvert. ...“ Um er að ræða eftirtalda aðila:

1. **Landsvirkjun.** Áætlað er að Landsvirkjun taki lán að fjárhæð allt að 6.650 m.kr. á árinu 1992. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir framkvæmdum og virkjanarannsóknum vegna byggingar 210 þús. tonna álvers sem áætlað er að hefji starfsemi á árinu 1995. Á næsta ári eru áform um framkvæmdir að fjárhæð 6.640 m.kr. á vegum fyrirtækisins.

2. **Byggingarsjóður ríkisins.** Gert er ráð fyrir að Byggingarsjóði ríkisins verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 2.565 m.kr. á árinu 1992. Þetta er meira en helmings lækkun frá áætlaðri lántöku á yfirstandandi ári. Ríkisstjórnin hefur tilkynnt að útlánareglur sjóðsins samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 47/1991, um Húsnæðisstofnun ríkisins, verði endurskoðaðar og útlánum hætt. Lántaka sjóðsins á árinu 1992 er annars vegar til að fjármagna mismun á greiðslustreymi tekinna og veittra lána, en tekin lán sjóðsins eru til mun skemmri tíma en útlán sjóðsins. Hins vegar er lántökunni ætlað að fjármagna nýjar lánveitingar sjóðsins samtals að fjárhæð 820 m.kr. Hér er um að ræða afgreiðslu á eftirstöðvum lánsloforða í lánakerfinu frá 1986 og til lánaflokka sem eftir verða hjá Byggingarsjóði ríkisins, svo sem lán til bygginga dvalarheimila, leiguíbúða fyrir aldraða og lán til einstaklinga með sérþarfir.

3. **Byggingarsjóður verkamanna.** Byggingarsjóði verkamanna er heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 5.640 m.kr. á árinu 1992. Lánveitingar sjóðsins eru áætlaðar 6.360 m.kr. á næsta ári, þar af eru 3.300 m.kr. vegna nýrra skuldbindinga á árinu 1992. Af heildarlántöku sjóðsins eru 170 m.kr. fengnar að láni hjá Byggingarsjóði ríkisins vegna endursöluíbúða. Áætlað er að lántökur Byggingarsjóðs verkamanna verði um 4.600 m.kr. á árinu 1991 þannig að um er að ræða nær fjórðungs hækkun milli ára.

4. **Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins.** Gert er ráð fyrir að heimila afgreiðslu húsbréfa fyrir allt að 12.000 m.kr. á árinu 1992. Félagsmálaráðherra hefur þegar ákveðið breytingar á reglugerð um húsbréfaviðskipti, sem eiga að tryggja að útgáfa húsbréfa haldist innan heimilda lánsfjárlaga.

5. **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Stofnlánadeild landbúnaðarins verður heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 700 m.kr. á árinu 1992. Þar af eru um 200 m.kr. ætlaðar frá Lífeyrissjóði bænda.

6. **Byggðastofnun.** Byggðastofnun er heimiluð allt að 850 m.kr. lántaka á árinu 1992. Á árinu 1991 er lántaka Byggðastofnunar áætluð 700 m.kr. þannig að lántökuheimild stofnunarinnar hækkar um rúman fimmtung milli ára. Þá yfirtók ríkissjóður í maí á þessu ári samtals 1.200 m.kr. af skuldum Byggðastofnunar sem léttir verulega á greiðslubyrði hennar.

7. **Iðnlánasjóður.** Lagt er til að Iðnlánasjóði verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 1.600 m.kr. á árinu 1992. Á árinu 1991 er áætlað að lántökur sjóðsins nemi samtals 1.300 m.kr., þar af 950 m.kr. í erlendum lánum. Þannig er um verulega aukningu að ræða í lántökum sjóðsins milli ára. Í kjölfar þess að stjórn sjóðsins ákvað að lána til fleiri atvinnuvega en iðnaðar hefur eftirspurn eftir lánsfé úr sjóðnum aukist mikið.

8. **Iðnþróunarsjóður.** Iðnþróunarsjóði er heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 600 m.kr. á árinu 1992. Á árinu 1991 er gert ráð fyrir að lántökur sjóðsins nemi rúmum 700 m.kr. Í þessu sambandi ber að nefna að hreint innstreymi afborgana og vaxta hækkar milli ára. Þá hefur stjórn sjóðsins ákveðið að draga stofnfé út úr útlánum og ávaxta það sérstaklega til að standa undir endurgreiðslum fram til ársins 1995.

9. **Fiskveiðasjóður.** Fiskveiðasjóði er heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 2.750 m.kr. á árinu 1992. Á árinu 1991 eru lántökur sjóðsins áætlaðar 1.200 m.kr. Skýring á 1.550 m.kr. hækkun milli ára er fólgin í breyttu skipulagi á fjármögnun skipa. Nú er sá háttur á hafður að bankar útvega útgerðaraðila lán eftir að samþykki Fiskveiðasjóðs liggur fyrir um nýsmíði eða kaup á skipum. Fiskveiðasjóður endurfjármagnar svo lánið til lengri tíma. Þess í stað er nú ráðgert að Fiskveiðasjóður láni útgerðaraðilum strax í upphafi. Þannig mun draga úr lánsfjáreftirspurn hjá bankakerfinu.

10. **Útflutningslánasjóður.** Útflutningslánasjóði er heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 100 m.kr. Á árinu 1991 er áætlað að lántökur sjóðsins nemi 50 m.kr. þannig að þær tvöfaldast milli ára. Skýring á þessari hækkun er að mestu vegna misræmis í greiðslustreymi inn- og útlána sjóðsins á árinu 1992.

Engin takmörk eru sett á ábyrgð ríkissjóðs á lántökum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, með áorðnum breytingum, önnur en þau sem þar koma fram.

Ferðamálasjóði og Landflutningasjóði eru ekki heimilaðar lántökur á árinu 1992.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjármálaráðherra veitt heimild til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur sjálfstæðra aðila sem ekki hafa sérstaka lántökuheimild í sérlögum, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Á árinu 1992 er gert ráð fyrir að veita tvær almennar ríkisábyrgðir:

1. **Herjólfur hf.** Gert er ráð fyrir að veita Herjólfi hf. ábyrgð fyrir 400 m.kr. láni vegna smíði nýrrar ferju. Í Noregi er verið að smíða ferju fyrir félagið til að annast flutninga milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Samningur um smíðina var undirritaður í apríl 1991. Afhending er áætluð í byrjun sumars 1992. Heildarkostnaður við ferjuna er áætlaður 1.400 m.kr. Herjólfi hf. var veitt ábyrgð fyrir samtals 1.000 m.kr. lántöku á lánsfjárlögum áranna 1990 og 1991 þannig að eftir standa um 400 m.kr. til að ljúka smíði ferjunnar og koma henni til Íslands.

2. **Vatnsleysustrandarhreppur.** Ráðgert er að veita Vatnsleysustrandarhreppi ábyrgð fyrir 500 m.kr. láni vegna hafnarframkvæmda í tengslum við fyrirhugað álver. Gert

er ráð fyrir að sveitarfélagið standi alfarið undir kostnaði við höfnina og endurheimti útlagðan kostnað með hafnargjöldum.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að fjármálaráðherra ákveði hvort lántökur samkvæmt frumvarpinu fari fram innan lands eða utan, í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Tvær ástæður liggja að baki þessu nýmæli. Í fyrsta lagi hefur frjálsræði í fjármagnsflutningum milli landa aukist. Þannig geta erlendir aðilar skipt gjaldeyri í krónur og keypt spariskírteini fyrir andvirðið. Þá geta íslenskir aðilar keypt skuldabréf ríkissjóðs sem gefin eru út á erlendum mörkuðum. Í öðru lagi er þetta talið veita innlendum sparifjármarkaði ákveðið aðhald þar sem opinberir aðilar geta nú tekið erlend lán ef misræmi milli innlendra og erlendra vaxtakjara er verulegt.

Í fylgiskjali 3 kemur fram hvernig áætlað er að skipta lántökum opinberra aðila milli innlendrar og erlendrar lántöku. Hér er einungis um áætlun að ræða. Lokaákvörðun verður tekin eftir aðstæðum á hverjum tíma.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessari grein er fjármálaráðherra heimilað að taka lán í nafni ríkissjóðs og endurlána andvirði þess til þeirra aðila er njóta ríkisábyrgðar á eigin lántökum samkvæmt II. kafla frumvarpsins. Með greininni er ætlað að tryggja að lánskjör þessara aðila séu í samræmi við það að lánin bera ríkisábyrgð.

Um. 8. gr.

Í þessari grein er fjármálaráðherra heimilað að samþykkja að þeir aðilar sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum endurfjármagni þau þegar hagstæðari kjör bjóðast, stofni til vaxta- eða skuldaskipta, nýti sér möguleika sem skammtímalánsform bjóða upp á og nýti sér möguleika sem markaðir bjóða til þess að tryggja sig gegn verulegum vaxtabreytingum. Í síðasta liðnum felst m.a. heimild til þess að semja um hámark eða lágmark á breytilegum vöxtum.

Um 9. gr.

Hér er áréttað ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, þar sem fram kemur að bera þurfi undir hana lánskjör á nýjum erlendum lánum, sbr. II. kafli þessa frumvarps, svo og lánabreytingar, sbr. 8. gr. þessa frumvarps. Með greininni er ætlað að tryggja að kjör á erlendum lánum þessara aðila séu ávallt í samræmi við það að þau beri ríkisábyrgð. Seðlabanki Íslands hefur annast þessa framkvæmd í umboði fjármálaráðherra og ekki er búist við að breyting verði á því að svo stöddu.

Um 10. gr.

Í þessari grein segir að til lántöku viðkomandi aðila teljist yfirtekin lán, ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila og milliganga um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila. Þetta er á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytis, nú nr. 314/1990, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittum einstaka fyrirtækjum. Þessar lántökur skulu rúmast innan heimildar sem tilgreind er í II. kafla frumvarpsins.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um að erlendar fjárhæðir miðist við kaupgengi gjaldmiðla samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga. Þessi viðmiðun hefur verið notuð sem óformleg vinnuregla en nú þykir rétt að eyða allri óvissu og binda þetta í lögum.

Um 12. gr.

Í lánsfjárlögum undanfarna ára hefur fjármálaráðherra verið heimilað að framlengja gildistíma lántökuheimilda sem þar koma fram til loka júnímánaðar á næsta ári þegar sérstaklega stendur á. Lagt er til að stytta þessa framlengingarheimild um þrjá mánuði eða til 1. apríl. Ef lántaka frestast um lengri tíma er talið rétt að sækja um nýja heimild.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal 1

Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1983-1992

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Áætlun 1991	Frumvarp 1992
Tekin lán	**18 941**	**26 913**	**37 570**	**44 287**	**52 026**	**68 273**	**97 182**	**110 020**	**128 100**	**133 544**
Seðlabanki Íslands	915	1 897	3 683	1 693	3 059	3 448	3 221	1 600	1 000	
Spariskírteini	3 310	3 244	5 165	8 541	11 775	16 659	21 717	28 400	33 300	38 085
Ríkisvíxlar	-	-	-	-	931	725	5 892	8 150	8 150	8 750
Aðrir innlendir aðilar	2 234	2 275	3 092	4 749	6 306	7 236	7 840	10 620	11 100	10 429
Erlend lán [1]	12 482	19 497	25 630	29 304	29 955	40 205	58 512	61 250	74 550	76 280
Lánveitingar	**15 149**	**21 414**	**29 839**	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**52 975**	**59 000**	**59 800**
Veitt lán	13 048	18 182	24 737	22 985	24 182	29 967	34 433	35 975	39 000	39 800
þ.a. lán tengd innlendu verðlagi	3 114	4 168	10 517	11 596	13 476	15 795	16 331	18 425	20 500	20 900
þ.a. gengisbundin lán	9 934	14 014	14 220	11 389	10 706	14 172	18 102	17 550	18 500	18 900
Viðskiptareikningar, nettó	2 101	3 232	5 102	6 728	11 450	17 602	14 789	17 000	20 000	20 000
Tekin lán umfram lánveitingar	**3 792**	**5 499**	**7 731**	**14 574**	**16 394**	**20 704**	**47 960**	**57 045**	**69 100**	**73 744**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	80,0	79,6	79,4	67,1	68,5	69,7	50,6	48,2	46,1	44,8
Hlutfall af VLF, % [2]										
Tekin lán	25,1	26,2	28,2	27,3	24,1	25,0	30,0	31,9	34,2	35,0
þ.a. erlendar skuldir	17,1	18,5	19,5	18,3	14,5	14,7	17,9	17,9	20,1	20,1
Veitt lán	17,4	17,7	18,0	14,0	11,0	11,0	10,4	10,4	10,4	10,4
þ.a. gengisbundin lán	13,6	13,3	10,3	6,9	5,2	5,2	5,5	5,1	5,0	5,0
Viðskiptareikningar, nettó	2,5	3,4	3,7	4,0	5,0	6,4	4,6	4,9	5,3	5,3
Tekin lán umfram lánveitingar	5,2	5,1	6,5	9,3	8,0	7,6	15,0	16,6	18,6	19,3

1) Yfirtekin lán Byggðastofnunar að fjárhæð 1200 m.kr. innifalin frá og með 1991.

2) Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengisvísitölu.

Fylgiskjal 2

Greiðsluyfirlit lífeyissjóða 1983-1992

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990	Áætlun 1991	Áætlun 1992
Uppruni fjár:										
1 Eigið framlag	1 257	1 730	2 673	3 964	5 851	9 272	12 912	14 477	17 400	22 100
11 Afborganir	389	734	1 114	1 896	2 738	4 105	6 924	7 653	17 600	22 300
12 Vextir	934	1 099	1 701	2 207	3 329	5 404	6 175	7 023		
13 Annað, nettó	- 66	- 103	- 142	- 139	- 216	- 237	- 187	- 199	- 200	- 200
2 Framlög, nettó	1 150	1 352	2 063	3 006	4 004	5 482	6 492	7 311	7 600	7 650
21 Iðgjöld	2 014	2 512	3 708	5 316	7 396	10 020	11 643	13 017	14 500	15 500
22 Lífeyrissjóður	- 862	-1 155	-1 638	-2 302	-3 394	-4 520	-5 131	-5 680	-6 900	-7 850
23 Endurgreidd iðgjöld	- 2	- 5	- 7	- 4	- 8	- 13	- 12	- 26	-	-
24 Flutt lífeyrisjóðsréttindi	-	-	-	- 4	10	- 5	- 8		-	-
3 Uppruni (1+2) = Ráðstöfun (4+5+6)	**2 407**	**3 082**	**4 736**	**6 970**	**9 855**	**14 754**	**19 404**	**21 788**	**25 000**	**29 750**
Ráðstöfun fjár:										
4 Útlán og verðbréfakaup	2 095	3 217	4 072	6 344	9 360	14 241	18 860	21 809	25 000	29 750
41 Byggingarsjóðir	384	490	1 024	2 310	4 195	7 340	9 680	10 300	9 250	8 205
42 Húsbréf	-	-	-	-	-	-	-	2 100	4 500	8 000
43 Önnur útlán	1 711	2 727	3 048	4 034	5 165	6 901	9 180	9 409	11 250	13 545
5 Sjóðsbreyting	312	- 135	664	515	376	383	183	- 87	-	-
6 Annað, netto	-	-	-	111	119	130	361	66	-	-

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal 3

Áætlun um innlendar og erlendar lántökur 1992

Í milljónum króna	Sala ríkis bréfa	Verðbréfa-kaup líf-eyrissjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
I Opinberir aðilar	**6 570**	**-**	**-**	**6 570**	**13 680**	**20 250**
Ríkissjóður, A-hluti	6 570	-	-	6 570	6 430	13 000
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	-	-	-	-	6 650	6 650
Sveitarfélög	-	-	-	-	600	600
II Opinberar lánastofnanir	**-**	**16 405**	**4 750**	**21 155**	**5 650**	**26 805**
Byggingarsjóður ríkisins	-	2 565	-	2 565	-	2 565
Byggingarsjóður verkamanna	-	5 640	-	5 640	-	5 640
Húsbréf	-	8 000	4 000	12 000	-	12 000
Byggðastofnun	-	-	100	100	750	850
Fiskveiðasjóður	-	-	-	-	2 750	2 750
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	200	500	700	-	700
Iðnlánasjóður	-	-	100	100	1 500	1 600
Iðnþróunarsjóður	-	-	50	50	550	600
Útflutningslánasjóður	-	-	-	-	100	100
III Atvinnufyrirtæki					**8 800**	**8 800**
Heildarlántökur samtals (I+II+III)	**6.570**	**16.405**	**4.750**	**27.725**	**28.130**	**55.855**

Fylgiskjal 4

Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða 1992

Milljónir króna	Byggingasj. ríkissins	Byggingasj. verkamanna	Framkv.-sjóður	Byggða-stofnun	Atvinnu-tr.sjóður	Fiskveiða-sjóður	Iðnlána-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Stofnlánad. landb.	Útflutnings-lánasjóður	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi:	**8 625**	**8 590**	**5 480**	**2 580**	**1 950**	**7 650**	**3 780**	**1 960**	**2 115**	**300**	**-4 065**	**38 965**
Sjóðslækkun	-	-	-	-	-	-	-	-	205	-	-	**205**
Innheimtar afborganir	2 610	900	3 065	850	410	2 600	1 270	650	595	165	-2 665	**10 450**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	2 665	-	-	-	-	-	-	-	-2 665	-
hjá öðrum	2 610	900	400	850	410	2 600	1 270	650	595	165	-	**10 450**
Innheimtir vextir	3 310	330	2 390	650	290	2 300	740	600	345	30	-1 400	**9 585**
hjá fjárf.lánasjóðum	-	-	1 400	-	-	-		-	-	-	-1 400	-
hjá öðrum	3 310	330	990	650	290	2 300	740	600	345	30	-	**9 585**
Tekin lán	2 565	5 640	-	850	1 250	2 750	1 600	600	700	100	-	**16 055**
innlend lán	2 565	5 640	-	100	1 250	-	100	50	700	-	-	**10 405**
erlend lán	-	-	-	750	-	2 750	1 500	550	-	100	-	**5 650**
Framlög og skatttekjur	-	1 390	-	200	-	-	145	-	265	-	-	**2 000**
frá ríkissjóði	-	1 075	-	200	-	-	-	-	-	-	-	**1 275**
frá sveitarfélögum	-	315	-	-	-	-	-	-	-	-	-	**315**
frá öðrum	-	-	-	-	-	-	145	-	265	-	-	**410**
Aðrar tekjur	140	330	25	30	-	-	25	110	5	5	-	**670**
Útstreymi:	**8 625**	**8 590**	**5 480**	**2 580**	**1 950**	**7 650**	**3 780**	**1 960**	**2 115**	**300**	**-4 065**	**38 965**
Sjóðsaukning	-	-	735	-	-	-	-	450	-	5	-	**1 190**
Rekstrarkostnaður	190	215	50	200	25	150	115	70	60	5	-	**1 080**
Fjárfesting	15	-	-	-	-	-	20	-	25	-	-	**60**
Greiddar afborganir	4 140	825	2 215	850	1 175	3 000	1 050	90	880	70	-2 665	**11 630**
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	430	-	800	675	-	760	-	-2 665	-
til annarra innl. aðila	4 140	825	385	170	1 175	1 700	125	-	120	-	-	**8 640**
til erlendra aðila	-	-	1 830	250	-	500	250	90	-	70	-	**2 990**
Greiddir vextir	3 460	1 190	2 480	550	750	2 250	575	260	450	15	-1 400	**10 580**
til Framkvæmdasjóðs	-	-	-	135	110	700	100	-	355	-	-1 400	-
til annarra innl. aðila	3 460	1 190	855	80	640	1 050	55	20	95	-	-	**7 445**
til erlendra aðila	-	-	1 625	335	-	500	420	240	-	15	-	**3 135**
Hlutafjárkaup	-	-	-	-	-	-	70	-	-	-	-	**70**
Endurgreidd stofnframlög	-	-	-	-	-	-	-	90	-	5	-	**95**
Veitt lán og styrkir	820	6 360	-	800	-	2 250	1 950	1 000	700	200	-	**14 080**
Annað	-	-	-	180	-	-	-	-	-	-	-	**180**

Fylgiskjal 5

Greiðslujöfnuður við útlönd 1990-1992

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	Bráðabirgða-tölur 1990	Spá 1991	Þjóðhags-áætlun 1992
Vöruskiptajöfnuður	**4 800**	**700**	**-3 900**
Útfluttar vörur, alls	**92 452**	**93 800**	**88 900**
Sjávarafurðir	69 898	72 510	65 000
Ál og kísiljárn	12 017	10 690	12 990
Skip og flugvélar	1 039	100	100
Annað	9 498	10 500	10 810
Innfluttar vörur alls	**-87 652**	**-93 100**	**-92 800**
Sérstakur vöruinnflutningur	-14 045	-12 800	-12 200
Skip og flugvélar	-7 968	-6 300	-3 000
Annað	-6 077	-6 500	-9 200
Almennur innflutningur	-73 607	-80 300	-80 600
Olía	-8 343	-7 615	-7 560
Annað	-65 264	-72 685	-73 040
Þjónustujöfnuður	**-14 020**	**-14 400**	**-13 000**
Þjónustujöfnuður án vaxta	**357**	**- 300**	**500**
Útflutt þjónusta án vaxta	33 600	35 500	38 100
Innflutt þjónusta án vaxta	-33 243	-35 800	-37 600
Vaxtajöfnuður	**-14 377**	**-14 100**	**-13 500**
Viðskiptajöfnuður	**-9 220**	**-13 700**	**-16 900**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	- 3	- 4	- 5
Framlög án endurgjalds	**6**	**-**	**-**
Fjármagnsjöfnuður	**11 982**	**19 500**	**11 900**
Langar lántökur, nettó	14 947	18 200	8 800
Innkomin löng lán, alls	26 317	33 500	28 000
Afborganir	11 370	15 300	19 200
Stuttar fjármagnshreyfingar	-2 965	1 300	3 100
Skekkjur og vantalið	**1 560**	-	-
Heildargreiðslujöfnuður = Breyting á gjaldeyrisstöðu	**4 328**	**5 800**	**-5 000**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal 6

Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði 1983-1992

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Áætlun 1991	Frumvarp 1992
Löng erlend lán	-32 127	-42 559	-60 857	-75 082	-83 806	-105 470	-151 098	-178 514	-201 100	-209 900
Erlend skammtímastaða nettó	-1 343	-2 606	-9 339	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-7 130	-8 900	-12 000
Gjaldeyrisstaða	2 280	1 763	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	30 500	25 500
Nettó staða við útlönd	**-31 190**	**-43 402**	**-62 899**	**-71 362**	**-84 154**	**-106 349**	**-142 386**	**-161 771**	**-179 500**	**-196 400**
Hlutfall af VLF, %										
Löng erlend lán	48,8	48,6	51,1	47,3	40,3	41,4	50,3	52,3	54,2	55,4
Nettó staða	47,4	49,6	52,8	45,0	40,4	41,8	47,4	47,4	48,4	51,8
Greiðslubyrði erlendra lána:										
Afborganir af löngum erlendum lánum	2 674	4 278	4 456	5 937	5 777	6 599	9 104	11 378	15 300	19 200
Vaxtagreiðslur af löngum lánum	2 974	4 177	5 259	6 152	6 158	7 594	12 295	14 376	14 600	15 300
Samtals	5 648	8 455	9 715	12 089	11 935	14 193	21 399	25 754	29 900	34 500
Nettó vaxtagreiðslur	3 050	4 555	5 605	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 100	13 500
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af löngum erlendum lánum	9,7	12,3	8,8	9,3	7,7	7,7	8,2	8,9	11,7	15,0
Vaxtagreiðslur af löngum lánum	10,8	12,0	10,4	9,6	8,3	8,9	11,1	11,2	11,2	11,9
Samtals	20,6	24,3	19,2	18,9	16,0	16,6	19,3	20,1	22,8	26,9
Nettó vaxtagreiðslur	11,1	13,1	11,1	9,7	8,3	9,6	11,7	11,2	10,8	10,5
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	20,8	25,4	19,9	19,0	16,1	17,3	19,9	20,1	22,5	25,5
Verg landsframleiðsla	65 837	87 508	119 091	158 597	208 099	254 639	300 595	341 314	370 700	378 900
Útflutningstekjur	27 456	34 792	50 490	63 938	74 544	85 266	110 838	127 865	130 900	128 400

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal 7

Löng erlend lán flokkuð eftir lánnotendum 1983-1992

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Áætlun 1991	Frumvarp 1992
Lántökur	**5 577**	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 103**	**26 585**	**33 500**	**28 000**
Opinberir aðilar	3 705	4 111	5 727	5 816	3 213	4 949	9 771	8 419	19 800	13 600
Lánastofnanir	908	1 982	1 945	2 106	3 187	3 670	4 968	4 722	3 500	5 600
Einkaaðilar	964	1 416	2 260	4 120	6 419	8 013	11 364	13 444	10 200	8 800
Afborganir	**2 674**	**4 278**	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 378**	**15 300**	**19 200**
Opinberir aðilar	1 084	1 546	1 791	2 680	2 534	1 978	2 973	3 293	4 155	7 900
Lánastofnanir	351	491	658	603	455	459	630	1 029	2 110	3 700
Einkaaðilar	1 239	2 241	2 007	2 654	2 788	4 162	5 501	7 056	9 035	7 600
Nettó hreyfing	**2 903**	**3 231**	**5 476**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 999**	**15 207**	**18 200**	**8 800**
Opinberir aðilar	2 621	2 565	3 936	3 136	679	2 971	6 798	5 126	15 645	5 700
Lánastofnanir	557	1 491	1 287	1 503	2 732	3 211	4 338	3 693	1 390	1 900
Einkaaðilar	- 275	- 825	253	1 466	3 631	3 851	5 863	6 388	1 165	1 200
Vaxtagreiðslur	**2 974**	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 376**	**14 600**	**15 300**
Opinberir aðilar	2 013	2 894	3 656	4 382	4 258	4 918	7 218	7 642	7 750	8 650
Lánastofnanir	298	449	692	806	880	1 247	2 372	2 868	3 050	2 950
Einkaaðilar	663	834	911	964	1 020	1 429	2 705	3 866	3 800	3 700
Staða í árslok	**32 127**	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 471**	**151 098**	**178 514**	**201 100**	**209 900**
Opinberir aðilar	21 973	29 475	42 293	50 755	52 294	62 813	86 324	98 470	116 500	122 200
Lánastofnanir	3 400	5 693	8 735	11 778	14 943	20 264	30 247	35 876	38 000	39 800
Einkaaðilar	6 754	7 391	9 829	12 549	16 569	22 394	34 527	44 168	46 600	47 900
Gengisforsendur; SDR = Krónur	26,6	32,4	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	81,8	81,8
Meðalvextir	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**7,9**	**7,5**
Opinberir aðilar	10,1	10,6	9,3	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,6	7,3
Lánastofnanir	9,6	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	8,8	8,7	8,2	7,6
Einkaaðilar	9,6	10,4	9,5	8,4	7,4	7,3	9,0	9,8	8,4	7,9

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal 8

Skráðar ríkisábyrgðir 1985-1990

Í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs	Lán tengd innlendu verðlagi	Gengisbundin lán	Ríkisábyrgðir samtals	Ríkisábyrgðir alls 1990[1)]
1985	5 254	12 873	18 127	23 700
1986	6 114	16 632	22 746	29 800
1987	6 721	17 703	24 424	32 000
1988	448	21 501	21 949	28 600
1989	1 200	31 182	32 382	32 500
1990	12 651	27 157	39 808	39 808

1) Fært til verðlags í árslok 1990 með meðalgengisvísitölu og lánskjaravísitölu.

Flokkun skráðra ríkisábyrgða eftir skuldurum 1990

	m.kr.
Framkvæmdasjóður	19 135
Húsnæðisstofnun ríkisins, húsbréf	5 509
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	6 718
Aðrir	8 446
Ríkisábyrgðir samtals	**39 808**

Hreinar greiðslur ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða 1990

	m.kr.
Innleystar kröfur	589
— endurgreiðslur skuldara	437
Hrein greiðsla samtals	**152**

Kröfur ríkissjóðs vegna áfallinna ríkisábyrgða

	m.kr.
Raforkulán	72
Togaralán	152
Samgöngur	291
Hitaveitulán	18
Landbúnaður	48
Aðrir	109
Samtals	**690**

31. Frumvarp til laga [31. mál]

um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. komi á eftir „innlánsdeildir samvinnufélaga“: útibú erlendra hlutafélagsbanka.

2. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið. Heimilt er að ákveða að gengi krónunnar miðist við einn erlendan gjaldmiðil, samsettan gjaldmiðil, eins og ECU eða SDR, eða meðaltal gjaldmiðla, ýmist með eða án fráviksmarka. Seðlabankanum er heimilt með kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri eða öðrum aðgerðum, sem hann telur nauðsynlegar, að hlutast til um að gengi krónunnar sé innan þeirra marka sem ákveðin kunna að verða.

Seðlabankinn skal einu sinni á dag skrá gengi sem hann er reiðubúinn til þess að eiga viðskipti á og skal sú skráning teljast hið opinbera gengi þess dags. Það skal notað í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin.

Þegar sérstaklega stendur á er Seðlabankanum heimilt að fella niður gengisskráningu skv. 2. mgr.

Seðlabankanum er heimilt að setja nánari reglur um gengisskráningu og viðskipti á gjaldeyrismarkaði.

3. gr.

Í 19. gr. komi á eftir „sparisjóðir“: útibú erlendra hlutafélagsbanka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tvennum tilgangi. Annars vegar til að unnt sé að breyta núgildandi fyrirkomulagi á gengisskráningu krónunnar þannig að gengi hennar ráðist í auknum mæli af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði. Hins vegar til að laga lög um Seðlabanka Íslands að lögum um fjárfestingu erlendra aðila, nr. 34 25. mars 1991. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. þeirra laga er erlendum hlutafélagsbönkum, sem skráðir eru erlendis og eiga þar varnarþing, heimilt að starfrækja rekstur útibúa hér á landi að fengnu leyfi viðskiptaráðherra frá 1. janúar 1992 að telja.

Einn af hornsteinum efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og meginatriði í stefnu hennar í gengismálum, sem kynnt var 3. október 1991, er stöðugt gengi. Tenging íslensku krónunnar við ECU er hins vegar ekki talin tímabær að sinni. Til að skapa nauðsynlegar forsendur fyrir því á fjármagns- og gjaldeyrismarkaði að unnt sé að tengja gengi krónunnar við ECU með trúverðugum hætti þurfa að koma til veigamiklar skipulagsbreytingar. Þar er um að ræða nauðsyn þess að rýmka reglur um skilaskyldu á erlendum gjaldeyri til að unnt sé að byrja að þróa gjaldeyrismarkað, styrkja stjórntæki Seðlabankans í peningamálum og afla lagaheimilda til að gengi krónunnar geti ráðist af framboði og eftirspurn á markaði. Jafnframt þessu er mikilvægt að aflétta enn frekar hömlum á gjaldeyrisviðskiptum þannig að þau verði óheft innan nokkurra missira.

Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi á gengisskráningu krónunnar reiknar Seðlabanki Íslands út og auglýsir bæði kaup- og sölugengi krónunnar á hverjum morgni og það stendur óbreytt til næsta morguns. Bankinn er skuldbundinn til að kaupa og selja erlendan gjaldeyri á hinu auglýsta gengi í þeim mæli sem óskað er. Markaðsöfl hafa hins vegar ekki bein áhrif á daglegt gengi krónunnar eins og annars staðar í iðnríkjunum.

Í nágrannaríkjum okkar ræðst daglegt gengi gjaldmiðla innan tilgreindra marka af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði en ekki einhliða ákvörðun seðlabanka eins og hér á landi. Þannig hefur það verið í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð um alllangt skeið. Gengisstöðugleiki í þessum ríkjum hefur því falist í því að seðlabankar ríkjanna hafa með kaupum og sölu á gjaldeyrismarkaði og öðrum aðgerðum í peningamálum, eins og vaxtabreytingum, leitast við að halda gengi gjaldmiðla sinna innan þeirra viðmiðunarmarka sem ákveðin hafa verið. Tenging norsku krónunnar, sænsku krónunnar og finnska marksins við ECU þýðir að viðmiðuninni er breytt úr safni gjaldmiðla, þar sem Bandaríkjadollar vó þyngst, í safn þeirra gjaldmiðla sem mynda ECU. Bandaríkjadollar hefur því ekki lengur bein áhrif á daglegt gengi þessara Norðurlandagjaldmiðla. Í ríkjunum þremur er gert ráð fyrir að gengi gjaldmiðlanna geti sveiflast nokkuð eftir aðstæðum þótt þeir séu tengdir ECU. Í Noregi eru sveiflumörkin 2,25% til hvorrar áttar frá gengi krónunnar gagnvart ECU eins og það var þegar tengingin við ECU var ákveðin. Í Svíþjóð eru sveiflumörkin 1,5% og 3% í Finnlandi. Efnahagsstefna stjórnvalda og aðgerðir seðlabankanna í peninga- og gjaldeyrismálum miðast því við að halda genginu innan þessara marka.

Í evrópska myntkerfinu ræðst gengi gjaldmiðla af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði en stjórnvöld og seðlabankar eru skuldbundin til að halda gengi þeirra innan ákveðinna marka. Meginreglan er að gengi gjaldmiðlanna megi sveiflast um 2,25% til hvorrar áttar gagnvart hverjum öðrum en einnig er miðað við 6% í báðar áttir fyrir breskt pund og spánskan peseta. Víðari fráviksmörkin giltu einnig fyrir ítalska líru til 1990.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í upphafi 6. gr. eru taldar upp þær stofnanir og þau félög sem teljast til innlánsstofnana samkvæmt lögunum. Til að taka af öll tvímæli um að lögin í heild sinni taki til útibúa erlendra hlutafélagsbanka þykir rétt að taka það skýrt fram á þessum stað. Er þetta í samræmi við það meginsjónarmið að aðstaða hinna erlendu úibúa skuli í hvívetna vera

hin sama og innlendra hlutafélagsbanka. Einnig þykir rétt að geta þess sérstaklega að ákvæði IV. kafla laga um Seðlabanka Íslands um bankaeftirlit eiga enn fremur við um útibú erlendra banka eftir því sem við getur átt.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að í stað þess að Seðlabankinn ákveði að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar verðgildi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum eins og nú gildir ákveði hann að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig gengið skuli ákveðið, þ.e. hvaða gengisfyrirkomulag skuli notað hér á landi. Hér er því um mun meiri sveigjanleika að ræða en nú er. Innan þessa ákvæðis getur bæði rúmast núgildandi gengisfyrirkomulag og það fyrirkomulag sem beitt er annars staðar á Norðurlöndum.

Ákvæði 2. mgr. er nauðsynlegt í þeim tilvikum þegar daglegt gengi krónunnar er ekki ákveðið einhliða af Seðlabankanum eins og nú er. Nauðsynlegt vegna ýmissa viðskiptasamninga og dómsmála að Seðlabankinn skrái einu sinni á dag gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Um yrði að ræða það gengi sem hann auglýsir að hann sé reiðubúinn að eiga viðskipti á.

Í 3. mgr. er öryggisákvæði sem heimilar Seðlabankanum að fella niður gengisskráningu sína þegar sérstaklega stendur á. Sambærilegt ákvæði er í núgildandi lögum.

Um 3. gr.

Lagt er til að útibú erlendra hlutafélagsbanka sitji við sama borð og íslenskir viðskiptabankar og sparisjóðir varðandi rétt til að versla með erlendan gjaldeyri.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

32. Frumvarp til laga [32. mál]

um breyting á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 63 31. maí 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris, sem innlendir aðilar, þar með taldir þeir aðilar sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri, eiga eða eignast fyrir seldar vörur, þjónustu eða á annan hátt, fer eftir reglum sem ráðuneytið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Einn af hornsteinum í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og meginatriðið í stefnu hennar í gengismálum, sem kynnt var 3. október 1991, er stöðugt gengi. Tenging íslensku krónunnar við ECU er hins vegar ekki talin tímabær að sinni. Til að skapa nauðsynlegar forsendur fyrir því á fjármagns- og gjaldeyrismarkaði að unnt sé að tengja gengi krónunnar við ECU með trúverðugum hætti þurfa að koma til veigamiklar skipulagsbreytingar. Þar er um að ræða nauðsyn þess að rýmka reglur um skilaskyldu á erlendum gjaldeyri til að unnt sé að byrja að þróa gjaldeyrismarkað, styrkja stjórntæki Seðlabankans í peningamálum og afla lagaheimilda til að gengi krónunnar geti ráðist af framboði og eftirspurn á markaði. Jafnframt þessu er mikilvægt að aflétta enn frekar hömlum á gjaldeyrisviðskiptum þannig að þau verði óheft innan nokkurra missira.

Frumvarp þetta er flutt til að strax sé unnt að byrja að þróa hér á landi gjaldeyrismarkað. Í því er lögð til breyting á ákvæðum um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris í lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála frá 1979. Í viðskiptaráðuneytinu og Seðlabankanum er nú unnið að heildarendurskoðun á lögunum frá 1979 í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa í gjaldeyrismálum á síðustu árum og stefnu ríkisstjórnarinnar um afnám flestra gjaldeyrishafta á næstu missirum.

Núgildandi lagaákvæði um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris er í meginatriðum þannig að erlendur gjaldeyrir er sölu- eða skilaskyldur. Í lagaákvæðinu eru heimilaðar nokkrar undanþágur: Í fyrsta lagi er innlendum aðilum heimilað að leggja erlendan gjaldeyri, sem þeir hafa eignast, inn á gjaldeyrisreikninga í innlendum bönkum eða sparisjóðum. Í öðru lagi er bönkum og sparisjóðum heimilað að varðveita erlendan gjaldeyri sem þeim er seldur. Þó skulu þeir selja Seðlabankanum þann erlenda gjaldeyri sem er umfram eðlilegar viðskiptaþarfir þeirra ef Seðlabankinn telur nauðsyn bera til. Í þriðja lagi getur svo gjaldeyriseftirlit Seðlabankans veitt undanþágu frá sölu- og skilaskyldunni, svo og leyft tilteknum aðilum að eiga reikninga í erlendum gjaldeyri utan lands og nota gjaldeyristekjur sínar til að inna sérstakar greiðslur af hendi samkvæmt nánari reglum sem ráðuneytið setur.

Á grundvelli þessa lagaákvæðis hefur útgerðum fiskiskipa, sem sigla með og selja fisk eða fiskafurðir á erlendum markaði, verið heimilað í reglugerð að draga frá skilaskyldunni kostnað við söluferðina og kaup á nauðsynjum erlendis, þar með töldum veiðarfærum. Jafnframt hefur verið heimilað í reglugerð að innlendir aðilar megi innan ákveðinna marka leggja erlendan gjaldeyri, sem þeir hafa eignast, inn á reikninga í erlendum bönkum rétt eins og þeir mega leggja hann inn á innlenda gjaldeyrisreikninga.

Til að unnt sé að þróa gjaldeyrismarkað er nauðsynlegt að aflétta sölu- og skilaskyldu á erlendum gjaldeyri enn frekar en þegar hefur verið gert. Það mun ugglaust taka nokkurn tíma að byggja upp gjaldeyrismarkað og engin ástæða til að sölu- og skilaskyldu verði aflétt að fullu í einni svipan. Eðlilegt er að fyrstu skrefin í þróun gjaldeyrismarkaðar felist í því að skapa millibankamarkað þar sem bankar og fjármálastofnanir versla með þann erlenda gjaldeyri sem þær hafa undir höndum. Næstu skref gætu falist í því að stærstu kaupendum og seljendum erlends gjaldeyris yrði veittur aðgangur að markaðnum og síðan öðrum aðilum. Í ljósi þessa má telja eðlilegt að lagaákvæði um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris séu þannig úr garði gerð að auðvelt sé að rýmka þau eftir því sem markaðurinn þróast.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að sölu- og skilaskylda erlends gjaldeyris verði ekki fastákveðin í lögum heldur verði viðskiptaráðherra heimilað að ákveða hvaða reglur skuli gilda á þessu sviði. Með þessu er í rauninni afnumin lögbundin sölu- og skilaskylda á erlendum gjaldeyri. Er þetta í samræmi við þá stefnu sem fylgt hefur verið hér á landi á síðustu missirum að afnema hömlur á gjaldeyrisviðskiptum. Sveigjanleiki af þessu tagi gerir það einnig að verkum að unnt er með auðveldum hætti að rýmka reglur um sölu- og skilaskyldu smátt og smátt eftir því sem gjaldeyrismarkaður byggist upp hér á landi.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

33. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um gæðamál og sölumeðferð á ferskum fiski.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að grípa þegar í stað til ráðstafana til að tryggja aðgang innlendrar fiskvinnslu að hráefni á Íslandsmiðum og bæta meðferð afla.

Settar verði í þessu skyni reglur um að allur fiskur, er ekki fer beint til vinnslu hérlendis, skuli boðinn til sölu innan lands á fiskmarkaði eða með öðrum viðurkenndum hætti. Einnig verði settar strangar reglur um meðferð og ferskleika afla sem ætlaður er til sölu á mörkuðum þar sem m.a. verði kveðið á um hve langur tími má líða frá því fiskur veiðist þar til sala fer fram.

Greinargerð.

Í tillögu þessari felst að vegna aðstæðna í sjávarútveginum og byggðarlögunum og hins mikla aflasamdráttar, sem fyrirsjáanlegur er, verði þegar í stað gripið til sérstakra aðgerða sem gildi meðan sú endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar fer fram sem lög gera ráð fyrir.

Tilgangur aðgerðanna er að tryggja fiskvinnslunni hér innan lands betri möguleika til að ná auknum hlut í vinnslu þess afla sem kemur af Íslandsmiðum og jafnframt að bæta meðferð aflans almennt.

Óþarft er að fjölyrða um þýðingu þess fyrir byggðarlögin við sjávarsíðuna að sem mest af þeim afla sem að landi kemur sé tekinn þar til vinnslu og skapi þannig atvinnu og umsvif. Enn frekar nú, þegar afli dregst saman og efnahags- og atvinnuhorfur eru jafnískyggilegar og raun ber vitni, er nauðsynlegt að allt sé gert sem hægt er til að stuðla að slíkri þróun.

Algengt er talið að fiskur sé seldur á erlendum mörkuðum fyrir lægra verð en fæst á sama tíma hér innan lands. Sjálfsagt hlýtur því að vera að gefa íslenskum kaupendum tækifæri til að gera tilboð í fiskinn áður en ráðist er í að selja hann óunninn erlendis. Ísaður fiskur, sem seldur er á erlendum mörkuðum, er að stærstum hluta orðinn mjög gamall, 7 til 18 daga, og þess vegna ekki fyrsta flokks vara. Talið er að ísaður fiskur sé ekki fyrsta flokks vara nema í 6 daga frá því að hann er veiddur. Benda má á að samræmdar reglur um sölu á ferskum fiski eru í gildi á mörkuðum í Evrópu. Fiskur, sem seldur er á EB-mörkuðum, er flokkaður í þrjá flokka, þ.e. E (excellent), A og B. Fjögurra daga gamall fiskur og yngri fer í E-flokk, 7 daga og yngri í A-flokk og fiskur eldri en 7 daga fer í B-flokk. Meiri hluti þess íslenska afla sem seldur er ferskur erlendis flokkast í B-flokk vegna þess hversu gamall hann er. Sjálfsagt hlýtur að teljast að gera nú sérstakt átak til betri meðferðar afla og ná þannig meiri arði af þeim fiski sem til ráðstöfunar er.

Fiskmarkaðir eru nú sem óðast að taka til starfa hér á landi. Ástæða er til að gera ráð fyrir að verulegur hluti afla af miðunum við landið verði seldur á þeim innan tiltölulega skamms tíma. Mjög mikilvægt er að eðlilegar kröfur verði gerðar til starfsemi þessara markaða. Nú þegar fiskur fer í auknum mæli til sölu með þessum hætti hér innan lands er eðlilegt að setja markið hátt og stefna að því að vinna íslenskum fiski háan sess sem góðri vöru.

Fylgiskjal I.

Fréttabréf Ríkismats sjávarafurða, 4. tbl. 1991.
Viðtal við Þórð Árelíusson veiðieftirlitsmann um fiskmarkaði og gæðamál:

Kaupendur meti fisk til verðs eftir ferskleika, stærð og gæðum.

Fiskmarkaðir á Íslandi gegna nú veigamiklu hlutverki í íslenskum sjávarútvegi. Þeir hafa veitt fiskvinnslufyrirtækjum möguleika á aukinni hagræðingu í vinnslu og mörg hús þurfa ekki lengur að taka við blönduðum afla. Því er spáð að fiskmarkaðir muni breiðast út um allt land og að í kjölfarið fari samkeppnin um hráefnið harðnandi. Þegar fiskmarkaði var komið á fót hér á landi 1987 bundu menn vonir við að meðferð og gæði aflans mundu batna. Þær vonir hafa ekki ræst sem skyldi. Þórður Árelíusson veiðieftirlitsmaður hefur ákveðnar skoðanir á fyrirkomulagi fiskmarkaða hérlendis. Hann bendir m.a. á nauðsyn þess að menn velti fyrir sér hvort það mundi skila sér í bættum afurðum að vigta aflann í ílát og flokka fyrir uppboð.

Sérstaða íslenskrar fiskvinnslu er fólgin í því að geta fengið nýrra hráefni til vinnslu af Íslandsmiðum en erlend fyrirtæki. Þess vegna þyrftum við að byggja upp fiskmarkaði sem gætu þjónað þessum tilgangi. En hvernig ætti slíkur markaður að vera?

Í fyrsta lagi, segir Þórður, þarf fiskmarkaður að uppfylla ákveðnar kröfur um húsnæði og hreinlætisaðstöðu. Eins þarf seljandi að afhenda vöru sína á markað á ákveðnum tíma þannig að starfsmenn markaðarins hafi nægilega langan tíma til að flokka fisk eftir stærð og vega hann í hæfilega stór ílát á kostnað seljenda. Þetta skilar sér í hærra verði þar sem kaupandinn greiðir m.a. fyrir það að fiskurinn sé kominn á ákveðið vinnslustig.

Fiskinn verður að vera hægt að skoða.

Opinbert eftirlit þyrfti til að ganga úr skugga um ferskleika og gæði fisksins og dæma þarf frá fisk sem óhæfur er til manneldis. Fiski þarf að koma þannig fyrir á markaðsgólfi að kaupendur geti skoðað hann og metið til verðs eftir stærð, útliti og ferskleika og borgað hærra verð fyrir besta fiskinn.

Hvaða þættir hafa áhrif á verðmyndun fisks á mörkuðum hér á landi?

Í lögum um uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla segir að ráðherra skuli við veitingu leyfa meta hvort skilyrði frjálsrar verðmyndunar séu fyrir hendi með hliðsjón af líklegu fiskframboði. Ekki er því að neita að svokallað hráefnisverð á fiski hefur stórhækkað frá því sem var og þá fremur vegna samkeppni við útfluttan ísfisk. Verðsveiflur innlendu markaðanna hafa verið í samræmi við verðsveiflur erlendis. Samkeppnisaðstaða innlendu markaðanna til þess að fá til sín fisk til sölu hefur batnað með aukinni skerðingu útflutts fisks og afnámi sóknarmarksins. En væntingar manna um að fiskmarkaðirnir bættu meðferð og gæði fisks til vinnslu hafa ekki ræst að því marki sem menn gerðu sér vonir um. Gæðamat íslenskra kaupenda er ekki eins mikið og gerist hjá erlendum kaupendum sem

eru meðvitaðri um tengsl gæða og arðsemi. Starfsmenn erlendra fiskmarkaða auðvelda kaupanda val sitt og verðlagningu eftir gæðum með því að vigta aflann í ílát og flokka eftir stærð og ferskleika.

Gera þarf auknar kröfur til húsnæðis fiskmarkaða.

Þórður segir að á íslensku mörkuðunum séu litlar kröfur gerðar til húsnæðis. Mætti t.d. nefna að til eru fiskmarkaðshús sem þjóna frekar þeim tilgangi að vera geymslur þar sem körum er staflað upp í hæðir. Framkvæmd vigtunar á þessum stöðum sé oft örðug því verið sé að afgreiða fisk út úr húsinu jafnframt því sem fiskur berist að. Hér sé þó vert að taka fram að mjög þokar í rétta átt í þessum málum.

Enn fremur er móttöku á fiski á mörkuðum þannig háttað að byrjað er að taka á móti fiski jafnskjótt og búið er að bjóða upp og hann geymdur í sólarhring og enn lengur um helgar.

Markaðirnir taka jöfnum höndum við slægðum og óslægðum fiski. Oft gerist það að óslægði fiskurinn liggur í blóðvatni og bíður uppboðs, og fer jafnvel óslægður eftir sölu norður í land. Þessu þarf að breyta, sagði Þórður.

Endurbætur á fiskmörkuðum erlendis.

Hvernig starfa markaðir erlendis?

Vegna aukinna heilbrigðiskrafna í löndum Evrópubandalagsins, sem taka eiga gildi í árslok 1992, eru áform um miklar endurbætur sem eiga að stuðla að bættri meðferð fisks frá löndun til sölu afurða. Framkvæmdastyrkur til að auðvelda fyrirtækjum aðlögun að þessum nýju heilbrigðisreglum er fyrirhugaður og munu vera áform um að veita honum t.d. til uppbyggingar á uppboðshúsum og fiskvinnsluhúsum. Í þessu sambandi má nefna að ástand fiskvinnsluhúsa hér á landi er yfirleitt gott og því er nauðsynlegt að tryggja að fiskmarkaðirnir verði engir eftirbátar húsanna.

Fiskvinnslufyrirtæki erlendis sem ekki uppfylla heilbrigðiskröfur verða að flytja starfsemi sína í nýjar byggingar. Í Belgíu er ætlunin að reisa nýjan fullkominn fiskmarkað ásamt fiskvinnslu. Í Grimsby er talað um að til þess að uppfylla heilbrigðiskröfur þurfi að mölva niður og byggja upp aftur fiskmarkaðinn og endurbyggja húsnæði fyrir flökun á fiski.

Í starfsreglum EB fyrir fiskmarkaði frá því í mars 1990 eru reglur um það hvernig fiskur skuli flokkaður eftir ferskleika og stærð. Einnig eru þar ákvæði um stærð fiskíláta og vigtun aflans.

Markaðurinn leggur til hæfilega stór viðurkennd ílát sem eiga að tryggja að vel fari um fiskinn og að kaupmaðurinn geti skoðað hann. Markaðurinn leggur einnig til menn til að stærðaflokka og vega fiskinn og er miðað við 50 kíló í íláti til sölu í Englandi og Þýskalandi. Opinberir eftirlitsmenn fara yfir stærðaflokkun. Algengast er að stærðaflokkarnir séu fjórir í helstu fisktegundum. Einnig dæma þeir fiskinn eftir ferskleika í E- (excellent), A- og B-flokka og fisk óhæfan til manneldis. Það má segja að reyndin sé að fiskur í E-flokki sé innan við fjögurra daga gamall, A innan við sjö daga og B yfir sjö daga gamall, en í þann flokk fer mest af íslenskum fiski erlendis. Verð íslensks fisks á erlendum mörkuðum mótast auk framboðs og eftirspurnar af þeirri meðferð sem hann hefur fengið, ferskleika og nýtingarhæfni. Nýting íslensku flakanna vegur hlutfallslega meira miðað við haus og bein en nýting flaka af öðrum miðum.

Skoðun Þórðar er sú að við þurfum að gæta þess að dragast ekki aftur úr öðrum þjóðum vegna þess að kröfur okkar til fiskmarkaða séu minni en þeirra. Athuga ætti hvort ís-

lenskum mörkuðum beri ekki að taka upp reglur erlendra fiskmarkaða að einhverju eða öllu leyti.

Að auka verðskyn kaupandans.

Fiskur, sem er keyptur eftir að hann hefur verið veginn í hæfilega stór ílát og flokkaður í stærðir, gerir kaupandanum kleift að vita nákvæmlega um þyngd, ferskleika og ástand fisksins til vinnslu. Nákvæm vigtun auðveldar kaupandanum líka að gera sér fyrir fram grein fyrir nýtingu þess fisks sem hann er að kaupa.

Niðurstaða Þórðar er í stórum dráttum sú að það auki verðskyn kaupandans að geta gengið að fiski flokkuðum og vigtuðum og auðveldi honum að meta fisk til nýtingar og verðmæta í vinnslu. Við slíkt fyrirkomulag væri hægt að koma upp vinnslu sem gæti betur sérhæft sig að kröfum neytenda um mismunandi gæði, t.d. lítil sérhæfð og vel rekin fiskvinnslufyrirtæki. Verðmyndun yrði og í samræmi við aukin gæði.

Öll meðferð, sem sums staðar er ábótavant um borð í veiðiskipum, mundi batna þegar sjómenn fyndu að laun þeirra væru í samræmi við ferskleika og meðferð fisksins. Sú hvatning er vænlegri til að skila betri gæðum en reglugerðir.

Góð meðferð mundi skila sér í betri nýtingu og hærra verði.

Samkeppnisaðstaða gagnvart erlendri fiskvinnslu mundi batna vegna nálægðar við miðin og skila meira af úrvalsfiski á land.

Grundvöllur yrði skapaður fyrir sérhæfingu fyrirtækja.

Sóknin í smáfisk mundi minnka vegna lægra verðs og draga mundi úr netaveiði vegna lélegra gæða þess fisks sem er bæði marinn og dauðblóðgaður. Veiðiferðir skipa mundu styttast og draga mundi úr aukinni vinnslu á sjó.

Fylgiskjal II.

Fréttabréf Ríkismats sjávarafurða, 2. tbl. 1991.
Henri Belveze hjá framkvæmdastjórn EB:

Tilskipun EB um heilbrigðiskröfur varðandi framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða.

Hér birtist lausleg þýðing Einars M. Jóhannssonar á erindi sem Henri Belveze, starfsmaður framkvæmdastjórnar EB, hélt á fundi FDA/NOAA (Food and Drug Administration/National Oceanic and Atmospheric Administration) í Brussel 17. júlí 1991 þar sem hann kynnti tilskipun EB um heilbrigðiskröfur varðandi framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða.

Heilbrigðisskoðun fiskafurða á hinum sameiginlega evrópska markaði.

Þann 16. júlí 1991 náði Ráð Evrópubandalagsins samkomulagi um tilskipun um heilbrigðiskröfur varðandi framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða.

Aðildarríki EB skulu hafa fellt ákvæði tilskipunar þessarar inn í löggjöf sína fyrir 1. janúar 1993, daginn sem lög um sameiginlegan markað Evrópu taka gildi.

Tilskipunin nær til allra afurða sjávar- og ferskvatnsfiska sem ætlaðar eru til manneldis. Hún kveður á um að þessar afurðir skuli fullnægja tilteknum skilyrðum, svo heimilt sé að markaðssetja þær, þar á meðal varðandi fiskiskip, uppskipunarhafnir, fiskmarkaði, heildsölur o.s.frv., verkunar- og vinnslustöðvar og flutninga.

Þrenns konar kröfur eru gerðar: kröfur varðandi byggingar, kröfur varðandi eftirlit og gæðakröfur.

1. Byggingarkröfur varðandi húsakost og tæki, eins og lýst er í viðauka við tilskipunina, snerta:

a. fiskiskip, vinnsluskip,

b. geymsluskála, fiskmarkaði, húsakost dreifingaraðila o.s.frv.,

c. verkunar-, frysti- og vinnslustöðvar.

Framleiðsluleyfi EB til starfrækslu fæst því aðeins að öllum ákvæðum tilskipunarinnar hafi verið fullnægt og er markaðssetning óheimil án þess.

Kröfurnar varða fyrirkomulag húsnæðis, frágang gólfa, veggja og lofta, frárennsli, magn (aðrennsli) drykkjarhæfs vatns, hreinlætisbúnað, tæki og aðstöðu til þrifa, aðstöðu til losunar fiskúrgangs, gæði hráefnis sem notað er, afkastagetu frystivéla í eða tengdum klefum o.fl. auk viðhalds, þrifa, gerileyðingar og persónulegs hreinlætis starfsfólks.

2. Ætlast er til að eftirlitið verði þrefalt til þess að tryggja fullnægjandi framkvæmd heilbrigðisreglna þeirra sem tilskipunin fjallar um:

— Innra eftirlit.
— Umsjón og eftirlit opinberrar eftirlitsstofnunar.
— Eftirlit stofnana EB með innfluttum fiskafurðum.

A. Innra eftirlit sem fyrirtæki eru skyldug til að taka upp og framkvæmdastjórnir beri ábyrgð á og á að tryggja að aðstaða til framleiðslu og afurðir, sem sendar eru á markað, fullnægi þeim heilbrigðisreglum sem settar eru. Þetta eftirlit skal byggt á eftirfarandi grundvallaratriðum:

— finna skal þá staði eða þá vinnsluþætti sem haft geta skaðleg/óæskileg áhrif á afurðirnar,
— taka skal upp aðgerðir til að tryggja að eftirlit með þessum stöðum eða þáttum sé virkt og að unnt sé að sannreyna að svo sé,
— sýnatökum til rannsókna á viðurkenndum rannsóknastofum,
— skráningum niðurstaðna ofantalinna atriða og rannsókna sem geyma skal til þess að hin opinbera eftirlitsstofnun geti sannreynt þær.

B. Umsjón og eftirlit hinnar opinberu eftirlitsstofnunar viðkomandi ríkis nær m.a. til eftirfarandi þátta:

— eftirlits með fiskiskipum,
— eftirlits með aðstöðu og framkvæmd við löndun, uppboð og dreifingu,
— eftirlits með fyrirtækjum til að tryggja að framleiðendur standi við skilmála fyrir leyfisveitingu, persónulegu hreinlæti starfsfólks og þrifum, að hreinlæti við vinnslu sé fullnægjandi og innra eftirlit fyrirtækisins sé framkvæmt á fullnægjandi hátt,
— skoðunar afurða á markaði til að tryggja að þær séu merktar í samræmi við gildandi reglur og hafi verið fluttar og séu geymdar í samræmi við gildandi heilbrigðisreglur.

C. Framkvæmdastjórn EB annast yfirumsjón og hefur heimild til að senda sérfræðinga sína til að sannreyna hvort hinar opinberu eftirlitsstofnanir beiti ákvæðum tilskipunarinnar á sambærilegan hátt og sérstaklega að fyrirtækin uppfylli ákvæði hennar.

3. Fiskafurðir, sem teljast eiga hæfar til manneldis, verða að standast kröfur varðandi ferskleika, sníkjudýr eða amínósambönd, svo sem trimethylamín og histamín.

Hvað varðar efna- og gerlamengun eru í tilskipuninni tilgreindar leiðir sem fara skal til að ákvarða hvaða greiningaraðferðir og sýnatökukerfi skuli nota í hverju tilfelli og hvaða hámarksfrávik séu ásættanleg. Framkvæmdastjórn EB skal leggja tillögur sínar þar að lútandi fyrir fastanefnd dýralækna (heilbrigðisnefndina). Fulltrúar aðildarríkjanna í nefndinni verða þannig beinir þátttakendur í afgreiðslu þeirra. Séu atkvæði greidd um tillögurnar ræður magn veginna atkvæða úrslitum. Þessar ákvarðanir falla inn í ramma hinnar almennu tilskipunar um opinbert heilbrigðiseftirlit sem samþykkt var 1989 til að samræma heilbrigðiseftirlit á hinum sameiginlega markaði.[1] Slíkt eftirlit verður að auka á framleiðslustigi til að tryggja frelsi til flutninga afurða á markað svo unnt verði að afnema skoðun þeirra á landamærum og draga úr eftirliti á áfangastað þeirra.

Eigin framleiðsla EB-landa.

Heilbrigðisvottorða verður ekki krafist með fiskafurðum sem fluttar eru milli aðildarríkja EB. Heilbrigðisstimpill, þar sem fram kemur númer vinnsluleyfis, skal prentaður á umbúðir eða farmbréf (meðfylgjandi viðskiptaskjöl).

Þetta mun tryggja frjálsan flutning afurðanna og jafnframt gera kleift að sjá hver framleiðandinn er ef slíkt reynist nauðsynlegt.

Innfluttar fiskafurðir.

Hluti tilskipunarinnar fjallar einnig um innflutning fiskafurða frá þriðju ríkjum (ríkjum utan bandalagsins). Höfuðreglan er sú að sambærilegar reglur skuli gilda varðandi fiskafurðir framleiddar innan bandalagsins sem utan þess. Framkvæmdastjórnin mun leggja tillögur varðandi skilmála fyrir innflutningi frá hverju einstöku ríki fyrir fastanefnd dýralækna.

Í þessum skilmálum verður þó krafist heilbrigðisvottorðs og heilbrigðisstimpils á afurðirnar, þar sem áhersla er lögð á að fram komi númer vinnsluleyfis framleiðanda og lista yfir þær vinnslustöðvar sem leyfi hafa til innflutnings til EB-ríkjanna.

Opinberri eftirlitsstofnun þriðja ríkis verður falið að annast leyfisveitingar og hún skal annast eftirlit með því að farið hafi verið eftir sambærilegum reglum við framleiðsluna og þeim sem birtar eru í þessari tilskipun og tryggja að opinberir eftirlitsmenn annist úttekt og eftirlit með fyrirtækjunum.

Þetta framsal ábyrgðar til hlutaðeigandi yfirvalda í þriðja ríki er háð því skilyrði að þau teljist sambærileg eftirlitsstofnunum aðildarríkja EB, m.a. hvað varðar:

— löggjöf þriðja ríkis,
— skipulag, völd og aðferðir sem eftirlitsstofnunin getur beitt,
— heilbrigðiskröfur þær sem framfylgt er í raun varðandi útfluttar fiskafurðir,
— tryggingar þær sem þriðja ríki getur veitt fyrir því að þær reglur, sem birtar eru í tilskipun þessari, verði virtar.

---

[1]Tilskipun nr. 89/662/EEC, OJ No. L395, 30. des. 1989, bls. 13 og breytingum og tilskipun nr. 90/675/EEC, OJ No. L373, 31. des. 1990, bls. 1.

Sérfræðingar framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkjanna munu meta hæfni og getu hinna opinberu eftirlitsstofnana þriðju ríkja á eftirlits- og skoðunarferðum sínum og skila um það skýrslu til fastanefndar dýralækna.

Þegar endanlega hefur verið gengið frá skilmálum vegna innflutnings verða fiskafurðir skoðaðar við komuna til bandalagsríkjanna í eftirlitsstöðvum, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, og settar á markað á sama hátt og afurðir aðildarríkjanna.

Er um of skamman tíma að ræða?

Ákvæði tilskipunarinnar öðlast gildi 1. janúar 1993. Hinar opinberu eftirlitsstofnanir aðildarríkjanna hafa því u.þ.b. 16 mánuði til að innleiða reglur þær sem farið skal eftir við eftirlitsstörf og hlutaðeigandi greinar fiskveiða og vinnslu fá sama tíma til að tryggja að farið verði eftir ákvæðum hennar. Evrópuráðið gerir ráð fyrir að þessi tími geti reynst allt of skammur til þess að unnt verði að ljúka meiri háttar breytingum á húsakosti og um borð í vinnsluskipum.

Því hefur það sett ákvæði inn í tilskipunina sem heimila hinum opinberu eftirlitsstofnunum að veita fyrirtækjum (og skipum), sem þess æskja, fyrir 1. júlí 1992, frekari frest til að uppfylla nánar tilgreind ákvæði varðandi lagfæringar. Viðbótarfrestur getur þó ekki orðið lengri en til 31. desember 1995 og getur aðeins náð til fyrirtækja sem voru þegar í rekstri fyrir 31. desember 1991.

Þessi tilskipun tengist öðrum tilskipunum EB, m.a. tilskipun nr. 89/397/EEC sem birt var í 3. tbl. Fréttabréfsins 1991.

Fylgiskjal III.

FISKVEIÐISTEFNA EVRÓPUBANDALAGSINS

Samantekt um viðmiðunarreglur fyrir fiskiðnaðinn.
(Gefin út af Veiðimálastofnun Bretlandseyja.)
Mars 1990.

Viðauki 1.

REGLUR EVRÓPUBANDALAGSINS UM FISKMAT

Inngangur

Sameiginlegt skipulag á markaðnum fyrir sjávarafurðir er óaðskiljanlegur þáttur í sameiginlegri fiskveiðistefnu Efnahagsbandalagsins. Það hefur meðal annars í för með sér að meta verður fisk, sem ætlaður er til manneldis, með samræmdum hætti í öllum bandalagsríkjum samkvæmt sameiginlegum markaðsstöðlum á fyrsta sölustað, hvort sem fiskurinn er veiddur af félögum innan samtaka fiskframleiðanda eða ekki. Fisktegundir, sem settir hafa verið markaðsstaðlar um, verður að meta samkvæmt stöðlum EB um stærð og ferskleika áður en fyrsta sala fer fram.

Þessi samantekt er aðeins ágrip af kröfum EB um fiskmat. Lesendum er bent á að aðeins reglugerðin sjálf hefur gildi og að aðilar innan fiskiðnaðarins, er hafa með höndum daglegt mat á fiski, skulu afla sér staðgóðrar þekkingar á henni.

Lagasetning

Viðeigandi reglugerðir EB eru eftirfarandi:

i. Reglugerð Evrópuráðsins nr. 3796/81, með áorðnum breytingum, er grundvallarreglugerðin um sameiginlegt skipulag fiskmarkaðarins. Grunnreglur um fiskmat og ábyrð bandalagsríkja á að framfylgja þeim eru settar fram í 2.-4. greinum þeirrar reglugerðar.

ii. Í reglugerðum Evrópuráðsins nr. 103/76 og 104/76, báðum með áorðnum breytingum, er markaðsstöðlum lýst í smáatriðum.

iii. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 3703/85 og breytingum við hana í reglugerð nr. 3506/89 er lýst leyfilegum frávikum hvað varðar stærð og ferskleika. Þar er heimilað að "stæða" sé talinn jöfn ef innan við tíu af hundraði hennar heyra til næsta stærðar- eða ferskleikaflokki (fyrir ofan eða neðan). Þegar notaðir eru staðlaðir kassar skal vigta a.m.k. einn kassa af hverjum hundrað. Frávik í nettóþyngd "stæðu" skal ekki vera umfram 5%.

Í Bretlandi eru ákvæði í reglugerðum (markaðsstöðlum) um sjávarútveg frá 1986 (í lögum nr. 1272), sbr. SI (metrakerfisstaðal) nr. 687 frá 1989, sem kveða á um að í Bretlandi öllu verði framfylgt reglum Evrópubandalagsins um fiskmat við fyrstu sölu. Þetta er gert með því að

fylgja reglum Evrópubandalagsins, sem kveða á um sameiginlega markaðsstaðla og viðeigandi reglur um markaðssölu tiltekinna fisktegunda, þ.á.m. skelfisktegunda, og settar eru fram í reglugerðum Evrópuráðsins nr. 103/76 og 104/76. Lögskipuðum embættismönnum hefur verið falið að framfylgja reglugerðum Evrópubandalagsins og sektir ákveðnar fyrir brot á þeim.

Ábyrgð á mati

Í reglugerðum ráðsins nr. 103/76 og 104/76 er iðngreininni sjálfri falin ábyrgð á matinu en þó geta verslunarsamtök tilnefnt fiskmatsmenn til að aðstoða við matið.

Yfirlit um skilyrði

Fisk, sem ætlaður er til manneldis, skal markaðssetja í "stæðum" við fyrstu sölu þar sem saman er safnað fiski af sömu tegund og í sama ferskleika-, stærðar- og útlitsflokki. Flokk og þyngd fisksins þarf einnig að tilgreina með áberandi hætti. Þyngd þarf þó ekki að tilgreina ef fiskurinn er seldur í stöðluðum kössum.

Sameiginlegir markaðsstaðlar um ferskleika og stærð eru settir fram í reglugerðum nr 103/76 og 104/76, en tegundirnar, sem reglugerðir þessar ná til, eru taldar upp í Viðauka 1.

Ferskleiki fisks er metinn með líffæraskoðun. Lágmarksviðmiðanir um ferskleika eru ákveðnar fyrir hvern flokk (E, A, B) og skal fiskur standast að minnsta kosti þessar lágmarkskröfur til að komast í tiltekinn flokk. Í viðauka 2 eru settar fram viðmiðunarreglur fyrir hvern ferskleikaflokk ásamt hagnýtum leiðarvísi sem Torry rannsóknastöðin (Torry Research Station) hefur tekið saman til að auðvelda daglegt ferskleikamat.

Einnig verður að meta fisk eftir stærð. Í viðauka 1 eru tilgreindir ýmsir stærðarflokkar fyrir hverja fisktegund. Stærðirnar eru tilgreindar í kg/fisk, en í Bretlandi er þessu breytt í samsvarandi lengdir (cm) til að auðvelda matið. Í Viðauka 3 er að finna stærðarflokka fyrir helstu fisktegundirnar sem markaður er fyrir á Bretlandseyjum.

Um mat þegar fiski er landað í miklu magni

Aðrar reglur gilda um fiskmat þegar fiski er landað í miklu magni. Meginmunurinn er að mat byggist þá á úrtökum sem skilgreind eru í 7. og 8. grein reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 3703/85, með áorðnum breytingum. Úrtök skulu fengin á grundvelli lágmarksþyngdar og eru úrtaksstærðir skilgreindar í 3. mgr. 7 greinar í reglugerð nr. 3703/85. Þegar um er að ræða sölu á magni umfram 100 lestir skal úrtak aldrei vega minna en 0,08% af heildarsölumagninu. Upplýsinga um gildi þessara ákvæða má afla hjá Sjávarútvegseftirlitinu (Sea Fisheries Inspectorate).

Undanþágur frá ákvæðum Evrópubandalagsins um fiskmat

Fiskmatsreglur gilda ekki um fisk í litlu magni sem sjómenn á smábátum selja beint til smásala eða neytenda. Ennfremur þurfa litlar stæður (minni en 100 kg) af botnfisks- og uppsjávarfisktegundum ekki að vera samræmdar að stærð eða ferskleika.

Hlutverk sjávarútvegsráðuneytis

Samkvæmt reglugerð Evrópuráðsins nr. 3796/81 bera aðildarríki bandalagsins ábyrgð á að framfylgja matslögunum. Það starf er unnið af embættismönnum Sjávarútvegseftirlitisins í Bretlandi með skoðun og með því að taka sýni úr völdum fiskstæðum sem boðnar eru upp á fyrsta sölustað.

Samtök fiskframleiðenda - bætur fyrir fisk sem tekinn er úr sölu

Samtökum framleiðenda, sem hyggjast sækja um bætur úr sjóðum sem fjármagnaðir eru af Evrópubandalaginu, er bent á að réttur þeirra til bóta getur skerst ef ekki er farið að matsreglum bandalagsins um allan fisk sem þær ná til. Nánari upplýsingar um reglur varðandi umsóknir um bætur fást hjá Samstarfsráðinu um landbúnaðarvöru (Intervention Board on Agricultural Produce) í Fountain House, 2 Queens Walk, Reading, RG1 7QW.

Frekari upplýsingar og leiðbeiningar

Afrit af viðeigandi reglugerðum Evrópubandalagsins eru birt í opinberu tímariti Evrópubandalagsins sem fæst hjá prentstofu ríkisins (Her Majesty's Stationery Office), á skrifstofum Evrópuráðsins eða í almenningsbókasöfnum. SI 1986 nr. 1272 (með breytingum í SI1989 nr. 687) má einnig fá hjá prentstofu ríkisins og umboðsmönnum hennar. Ráðleggingar um matskröfur bandalagsins og notkun þeirra fást hjá næsta héraðsfiskveiðieftirliti. Í viðauka 4 er að finna vistföng þessara stofnana og símanúmer.

VIÐAUKAR

Viðauki 1 - Listi yfir fisktegundir sem markaðsstaðlar ná til

Viðauki 2 - Staðlar Evrópubandalagsins um lágmarksferskleika og leiðarvísir

Viðauki 3 - Staðlar Evrópubandalagsins um stærðir og leiðarvísir.

Viðauki 4 - Vistföng héraðsskrifstofa fiskveiðieftirlits o.fl.

TEGUNDIR SEM STAÐLAR EVRÓPUBANDALAGSINS NÁ TIL

Skv. reglugerð 103/76 (með áorðnum breytingum)

Ísl. heiti	Latn. heiti	Enskt heiti
Ansjósa	*Engraulis spp*	Anchovy
Bramafiskur	*Brama ssp*	Ray's Bream
Brynstirtla	*Trachurus spp*	Horse mackerel
Flúra	*Lepidorhombus spp*	Megrim
Gaddháfur	*Squalus acanthias Scyliorhynus spp*	Dogfish
Hafáll	*Conger conger*	Conger eel
Karfi	*Sebastes ssp*	Redfish
Kolmunni	*Micromesistius poutassou* eða *gradus poutassou*	Blue whiting
Langa	*Molva spp*	Ling
Lýr	*Pollachius pollachius*	Pollack
Lýsa	*Merlangus merlangus*	Whiting
Lýsingur	*Merluccius merluccius*	Hake
Makríll	*Scomber scombrus*	Mackerel
Marlax	*Mugil ssp*	Mullet
Picarel (E)	*Maena smaris*	*Ísl. heiti ókunnugt*
Röndungur sjá marlax		
Sandkoli	*Limanda limanda*	Dab
Sardínur	*Sardina pilchardus*	Sardines
Síld	*Clupea harengus*	Haddock
Skarkoli	*Pleuronectes platessa*	Plaice
Skata	*Raja spp*	Skate
Skötubörð		
Skötuselur	*Lophius spp*	Monkfish
Spánarmakríll	*Scomber japonicus*	Spanish mackerel
Spærlingur	*Trisopterus luscus*	Pout
Stórglyrnir	*Boops boops*	Bogue
Túnfiskur (glápari)	*Thunnus/parathunnus obesus*	Bigeye tuna
Túnfiskur (úthafstúnfiskur, hvítur túnfiskur, albakori)	*Thunnus alalunga*	Albacore
Túnfiskur	*Thunnus thynnus*	Bluefin tuna
Ufsi	*Pollachius virens*	Saithe
Urrari	*Trigla* (ýmsar teg.)	Gurnard
Ýsa	*Melanogrammus aeglefinus*	Haddock
Þorskur	*Gadus morhua*	Cod
Þykkvalúra	*Microstomus kitt*	Lemon sole

Skv. Reglugerð 104/76 (með áorðnum breytingum)

Humar	*Nephrops norvegicus*	Norway lobster
Rækja	*Crangon crangon*	shrimp
Töskukrabbi	*Cancer pagurus*	Edible crab

FERSKLEIKAMAT
(DJÚPSJÁVAR- OG YFIRBORÐSFISKA)

	Ferskleiki (2)			
	Úrvalsflokkur	A	B	Ótækur
I. ROÐ/HÚÐ		ÚTLIT		
	Gljáandi regnboga-litir; engin upplitun	Bjartir litir en ekki gljáandi	Upplitun hafin; litir teknir að mattast	Mattir litir (1)
	Vatnskennt og gagn-sætt slím	Örlítið skyggt slím	Slím orðið mjólkur-litað	Ógagnsætt slím
AUGA	Kúpt (útstætt)	Kúpt en örlítið inn-fallið	Flatt	Íhvolft í miðju (1)
	Gangsæ hornhimna	Örlítið gráleit horn-himna	Gráleit hornhimna	Mjólkurlituð horn-himna
	Svartur og gljáandi augasteinn	Svartur en mattur augasteinn	Ógagnsær auga-steinn	Grár augasteinn
TÁLKN	Bjartir litir	Minni litur	Tekin að upplitast	Gulleit (1)
	Ekkert slím	Vottur af glæru slími	Ógagnsætt slím	Mjólkurlitað slím
II. KJÖT (Skorið frá kviði)	Blálcitt, slétt, hálf-gegnsætt, glansandi	Silki- og vaxkennt, matt	Örlítið ógegnsætt	Ógegnsætt (1)
	Upphaflegur litur óbreyttur	Litur lítið breyttur		
LITUR MEÐFRAM HRYGGSÚLU	Enginn litur	Örlítið bleikur	Bleikur	Rauður (1)
LÍFFÆRI	Nýru og leifar ann-arra líffæra blóðr-auð, svo og blóð í ósæð	Nýru og leifar ann-arra líffæra dimm-rauð; blóð tekið að upplitast	Nýru og leifar ann-arra líffæra fölrauð	Nýru (1), leifar annarra líffæra og blóð brúnleit
		ÁSTAND		
I. KJÖT	Stinnt og fjaðrandi	Ekki jafnfjaðrandi	Örlítið mjúkt (slappt), ekki jafn-fjaðrandi	Mjúkt (slappt) (1)
	Slétt yfirborð		Vaxkennt og matt yfirborð (silkikennt)	Hreistur losnar auð-veldlega af; yfirborð fremur hrukkað
II. HRYGGSÚLA	Brotnar fremur en losna frá	Festist	Festist lítillega	Festist alls ekki (1)
LÍFHIMNA	Alföst við kjöt	Föst	Örlítið föst	Alls ekki föst (1)
		LYKT		
TÁLKN, ROÐ, KVIÐHOL	Þang	Engin lykt af þangi eða önnur vond lykt	Örlítið súr	Súr (1)

(1) Eða á efra stigi rotnunar.
(2) Ef um er að ræða hausaðan skötusel skal meta hann á grundvelli viðeigandi dálka.

MAT Á FERSKLEIKA HUMARS (NEPHROPS NORVEGICUS)

Ferskleika-flokkur		Útlit	Lykt
E	Skel	Fölbleik, bleik eða appelsínugul-rauð	Einkennandi, mild skelfiskslykt
	Heild	Gljáandi svört augu og bleik tálkn	
	Halar	Sjáanlegt kjöt er hálfgegnsætt og bláleitt út í hvítt	
A	Skel	Fölbleik, bleik eða appelsínugul-rauð. Engir svartir blettir	Einkennandi skelfisks-lykt hverfandi
	Heild	Augu mött og grá/blá, tálkn gráleit	
	Halar	Sjáanlegt kjöt ekki lengur hálfgegnsætt en þó ekki upplitað	Ekkert ammoníak
B	Skel	Einkennandi litur er sá sami en örlítið er tekið að bera á upplitun. Nokkuð um svarta bletti og gráan lit, einkum á skel og milli liða á hala.	Örlítið súr lykt
	Heild	Tálkn dökkgrá eða grænleitur blær á efra borði skeljar	
	Halar	Kjöt ógegnsætt og matt í útliti	

Lifandi humar skal flokka í sérstakan ferskleikaflokk E[1]

MAT Á FERSKLEIKA KRABBA

Krabbar Lúta ekki sérstökum ferskleikastöðlum. Þó skal aðeins selja heilan krabba til manneldis og aldrei krabba í skelskiptum eða frjóvguð kvendýr.

MAT Á FERSKLEIKA RÆKJU

Ferskleikaflokkur	A	B
LÁGMARKSKRÖFUR	Skelin skal hafa rakt og gljáandi yfirborð; rækjurnar skulu ekki loða hver við aðra þegar þeim er hellt úr einu íláti í annað; kjötið skal laust við alla framandi lykt; rækjan skal laus við sand, slím og önnur aðskotafyrirbæri	Sama á við og í ferskleikaflokki A
ÚTLIT RÆKJU Í SKEL	Skær rauðbrúnn litur og út í grátt; undirhluti skeljar skal vera að mestu ljósleitur; mjög íhvolf	Örlítið upplýstur rauðbrúnn litur; undirhluti skeljar að mestu dökkur; íhvolf
ÁSTAND KJÖTS MEÐAN Á PILLUN STENDUR OG EFTIR HANA	Auðvelt skal vera að pilla rækjuna án þess að kjöt fari til spillis nema að því leyti sem óhjákvæmilegt er af tæknilegum ástæðum; kjötið skal vera stinnt en þó ekki seigt.	Rækjuna er ekki jafnauðvelt að pilla og lítið eitt af kjöti fer til spillis; kjötið er ekki jafnstinnt, örlítið seigt
FLYGSUR	Einstaka flygsa er leyfileg	Flygsur leyfilegar í litlu magni

LEIÐBEININGAR UM FERSKLEIKAFLOKKUN Í EVRÓPUBANDALAGINU, TEKNAR SAMAN AF TORREY RANNSÓKNASTÖÐINNI TIL AÐSTOÐAR VIÐ DAGLEGT FERSKLEIKAMAT

Til að komast í ferskleikaflokka E, A, eða B skal fiskur af eftirfarandi tegundum mæta kröfunum í viðeigandi dálki í töflunni hér að neðan:

Þorskur, ufsi, ýsa, lýsa, skarkoli, karfi, Lýsingur, makríll, Spánarmakríll, sardína, langa, gaddháfur, flúra, bramafiskur, skötuselur*, sandkoli, þykkvalúra, úthafstúnfiskur (albakori), túnfiskur, glápari (túnfiskur), lýr, kolmunni, spærlingur, stórglyrnir, picarel, hafáll, urrari, brynstirtla, marlax, skata.

	E	A	B
Roð	Bjart, gljáandi í regnbogalitum (ekki karfi) eða með ópalgljáa, engin upplitun	Vaxkennt, lítt fölnað, örlítil upplitun	Gljáalaus, nokkur upplitun
Ytra slím	Glært eða vatnshvítt	Mjólkurkennt	Gulgrátt; kekkir
Augu	Kúpt, svartur augasteinn, hálfgagnsæ hornhimna	Flöt, hálfmattur augasteinn, örlítill ópalgljái	Örlítið íhvolft, grár augasteinn, ógagnsæ hornhimna
Tálkn (að undanskildum ufsa)	Hárauð, slím hálfgagnsætt	Dökkrauð, slím minna gagnsætt	Grá og upplituð, slím ógagnsætt
Ufsi	Dökkrauð, slím hálfgagnsætt	Dökkrauð, slím minna gagnsætt	Brún, slím ógagnsætt og þykkt
Lífhimna	Gljáandi og geislandi, erfitt að skilja hana frá kjöti	Örlítið mött, erfitt að skilja frá kjöti	Hrjúf, skilur sig nokkuð auðveldlega frá kjöti
Lykt af tálknum og innvolsi (að undanskildum skarkola	Fersk, sterk þang- og skelfiskslykt	Engin lykt, hlutlaus lykt eða dauf myglulykt; minnir á lykt af mjólk, sýru, hvítlauk eða pipar	Áberandi lykt sem minnir á myglu, mjólk, sýru, hvítlauk, pipar, ger, malt eða bjór eða svolítið súr lykt
Skarkoli	Lykt minnir á ferska olíu eða nýslegið gras eða pipar; málm- eða jarðkennd	Lykt minnir á olíu eða þang, vottur af myglulykt, slítrónusýrulykt	Lykt minnir á olíu, ákveðin myglulykt, minnir á sítrónusýru, ger, malt, bjór; örlítil þráa- eða málningarlykt

* Þegar um er að ræða hausaðan skötusel skal byggja mat á viðeigandi dálkum.

Eftirfarandi lýsingar eiga við um síld:

	E	A	B
Roð	Fullur blómi, bjartur gljái, regnbogalitir, hreint	Örlítið matt og minni blómi	Áberandi matt, blómi horfinn
Ytra slím	Glært eða vatnshvítt	Mjólkurkennt, örlítið brúnleitt	Brúnleitt
Ytri tálkn	Silfurleit	Silfurleit með örlitlum brúnum blæ, vottur af skærrauðu blóðsmiti	Áberandi silfurleitt með nokkuð brúnum blæ og blóðsmiti
Augu	Kúpt	Flöt	Örlítið íhvolf
Stinnleiki	Mjog stinn og þétt	Allstinn og þétt	Stinnleiki nánast horfinn, nokkuð lin viðkomu
Lykt af tálknum	Fersk þanglykt	Þanglykt ekki jafnfersk, olíukeimur	Örlítið fúl þanglykt, áberandi olíukeimur, vottar fyrir fúleggjalykt eða lykt af þrárri feiti

Lýsingarnar hér að ofan eru ætlaðar til viðmiðunar og ekki er víst að öll einkennin komi fram í sérhverjum fiski.

Þegar þess er þörf er sérstaklega getið um lykt af tálknum þar sem þetta einkenni er sérlega mikilvægt greiningaratriði.

STÆRÐARSTAÐLAR EFNAHAGSBANDALAGSINS OG HAGNÝTUR LEIÐARVÍSIR

EB STAÐALL (KG/FISK - FISKAR Á KG)			LEIÐARVÍSIR
	kg/fisk*	ÝSA	cm*
Stærð 1	1 og yfir		49,5 cm og þar yfir
Stærð 2	0,57 að 1		frá 41,5 - 49,5
Stærð 3	0,3 að 0,57		frá 33,5 - 41,5
Stærð 4	0,17 að 0,3		frá 27 - 33,5
		LÝSA	
	kg/fisk		cm
Stærð 1	0,5 og yfir		40,5 0g yfir
Stærð 2	0,35 að 0,5		36 - 40,5
Stærð 3	0,25 að 0,35		32 - 36
Stærð 4	0.11 að 0.25		23 - 32
		LANGA	
	. .kg/fisk		cm
Stærð 1	5 og yfir		100 og yfir
Stærð 2	2,5 að 5		79 - 00
Stærð 3	0,5 að 2,5		46 - 79
		MAKRÍLL	
	kg/fisk	Fjöldi fiska í 25 kg	cm
Stærð 1	0,5 eða yfir	50 eða færri	37,5 og yfir
Stærð 2	0,2 að 0,5	51 -125	29 - 37,5
Stærð 3	(a) 0,1 að 0,2	(a) 126-250	24-29
	(b) 0,08 að 0,2 þegar um er að ræða Miðjarðarhafsmakríl	(b) 126-325 þegar um er að ræða Miðjarðarhafsmakríl	

*Í töflunni eru efri mörk ekki meðtalin

		SPÁNARMAKRÍLL	
	kg/fisk*		Fjöldi fiska í 25 kg
Stærð 1	0,5 og yfir		50 eða færri
Stærð 2	0,25 að 0,5		51 - 100
Stærð 3	0,14 að 0,25		101 - 175
Stærð 4	0,05 að 0,14		176 - 500
		ANSJÓSA	
	kg/fisk		Fjöldi fiska í kg
Stærð 1	0,033 og yfir		30 eða færri
Stærð 2	0,020 að 0,033		31 - 50
Stærð 3	0.012 að 0,020		51 - 83
Stærð 4	0,008 að 0,012		84 - 125
		SKARKOLI	
	kg/fisk		cm*
Stærð 1	0,6 og yfir		38,5 og yfir
Stærð 2	0,4 að 0,6		34 - 38,5
Stærð 3	0,3 að 0,4		31 - 34
Stærð 4	0.15 að 0,3		25 - 31
		SÍLD	
	Kg/fisk	Fjöldi fiska í kg	Fjöldi fiska í 10 kg
Stærð 1	0,125 og yfir	8 eða færri	80 eða færri
Stærð 2	0,085 að 0,125	9 - 11	81 - 117
Stærð 3	(a) 0,050 að 0,085	(a) 12 - 20	(a) 118 - 200
	(b) 0,033 að 0,085 þegar um er að ræða Eystrarsaltssíld	(b) 12 - 30	(b) 118 - 300

*Í töflunni eru efri mörk ekki meðtalin

		SPÁNARMAKRÍLL	
	kg/fisk*		Fjöldi fiska í 25 kg
Stærð 1	0,5 og yfir		50 eða færri
Stærð 2	0,25 að 0,5		51 - 100
Stærð 3	0,14 að 0,25		101 - 175
Stærð 4	0,05 að 0,14		176 - 500
		ANSJÓSA	
	kg/fisk		Fjöldi fiska í kg
Stærð 1	0,033 og yfir		30 eða færri
Stærð 2	0,020 að 0,033		31 - 50
Stærð 3	0.012 að 0,020		51 - 83
Stærð 4	0,008 að 0,012		84 - 125
		SKARKOLI	
	kg/fisk		cm*
Stærð 1	0,6 og yfir		38,5 og yfir
Stærð 2	0,4 að 0,6		34 - 38,5
Stærð 3	0,3 að 0,4		31 - 34
Stærð 4	0.15 að 0,3		25 - 31
		SÍLD	
	Kg/fisk	Fjöldi fiska í kg	Fjöldi fiska í 10 kg
Stærð 1	0,125 og yfir	8 eða færri	80 eða færri
Stærð 2	0,085 að 0,125	9 - 11	81 - 117
Stærð 3	(a) 0,050 að 0,085	(a) 12 - 20	(a) 118 - 200
	(b) 0,033 að 0,085 þegar um er að ræða Eystrarsaltssíld	(b) 12 - 30	(b) 118 - 300

*Í töflunni eru efri mörk ekki meðtalin

		SARDÍNUR	
	kg/fisk*	Fjöldi fiska í kg	Fjöldi fiska í 10 kg
Stærð 1	0,100 og yfir	10 eða færri	100 eða færri
Stærð 2	0,055 að 0,100	11 - 18	101 - 182
Stærð 3	0,31 að 0,055	19 - 32	183 - 322
Stærð 4	(a) 0,015 að 0,031	(a) 33 - 67	(a) 323 - 667
	(b) 0,011 að 0,031 þegar um er að ræða Miðjarðarhafssardínu	(b) 33 - 91	---
		GADDHÁFUR	
	Scyliorhinus ssp	*Squalus acanthias*	*Squalus acanthias*
	kg/fisk	kg/fisk	cm*
Stærð 1	2 og yfir	2,2 og yfir	82 og yfir
Stærð 2	1 að 2	1 að 2,2	65 að 82
Stærð 3	0,5 að 1	0,7 að 1	57 að 64
		KARFI	
	kg/fisk		cm
Stærð 1	2 og yfir		53 og yfir
Stærð 2	0,6 að 2		34 - 53
Stærð 3	0,35 að 0,6		29 - 34
		ÞORSKUR	
	kg/fisk		cm
Stærð 1	7 og yfir		96 og yfir
Stærð 2	4 að 7		79,5 - 96
Stærð 3	2 að 4		62,5 - 79,5
Stærð 4	1 að 2		49 - 62,5
Stærð 5	0,3 að 1		30 - 49

*Í töflunni eru efri mörk ekki meðtalin

		UFSI	
	kg/fisk*		cm*
Stærð 1	5 og yfir		87 og yfir
Stærð 2	3 að 5		72 - 87
Stærð 3	1,5 að 3		56 - 72
Stærð 4	0,3 að 1,5		30 - 56
		LÝSINGUR	
	kg/fisk		cm
Stærð 1	2,5 og yfir		74,5 og yfir
Stærð 2	1,2 að 2,5		59 - 74,5
Stærð 3	0,6 að 1,2		47 - 59
Stærð 4	0,28 að 0,6		37 - 47
Stærð 5	(a) 0,2 að 0,28 þegar um er að ræða Miðjarðarhafslýsing		30 - 37
		FLÚRA	
Stærð 1	0,45 og yfir		38 og yfir
Stærð 2	0,25 að 0,45		32 - 38
Stærð 3	0,20 að 0,25		30 - 32
Stærð 4	(a) 0,11 að 0,20		25 - 30
	(b) 0,050 að 0,20 þegar um er að ræða Miðjarðarhafsflúru		
		BRAMAFISKUR	
Stærð 1	0,80 og yfir		
Stærð 2	0,20 að 0,80		

*Í töflunni eru efri mörk ekki meðtalin

	SKÖTUSELUR			
	Heill, slægður	Hausaður	Heill, slægður	Hausaður
	kg/fisk*	kg/fisk*	cm*	cm*
Stærð 1	10 og yfir	3,75 og yfir	93,5 og yfir	72 og yfir
Stærð 2	6 að 10	2 að 3,75	79 - 93,9	55 - 72
Stærð 3	3 að 6	1 að 2	62,5 - 79	43 - 55
Stærð 4	1 að 5	0,5 að 1	43,5 - 62,5	33 - 43
Stærð 5	0,5 að 1	0,2 að 0,5	34,5 - 43,5	24 - 33
		SANDKOLI		
	kg/fisk			cm
Stærð 1	0,25 og yfir			29,5 og yfir
Stærð 2	0,13 að 0,25			23 - 29,5
		ÞYKKVALÚRA		
	kg/fisk			cm
Stærð 1	0,6 og yfir			37 og yfir
Stærð 2	0,35 að 0,6			31 - 37
Stærð 3	0,18 að 0,35			25 - 31
		TÚNFISKUR (HVÍTUR T. - ALBAKORI)		
	kg/fisk			cm
Stærð 1	4,0 og yfir			---
Stærð 2	1,5 að 4,0			---
		TÚNFISKUR *(Tunnus thynnus)*		
	kg/fisk			cm
Stærð 1	70 og yfir			---
Stærð 2	50 að 70			---
Stærð 3	25 að 50			---
Stærð 4	10 að 25			---
Stærð 5	6,4 að 10			---

*Í töflunni eru efri mörk ekki meðtalin

	TÚNFISKUR (GLÁPARI)		
	kg/fisk*		cm
Stærð 1	10 eða yfir		---
Stærð 2	3,2 að 10		---
	STÓRGLYRNIR		
	kg/fisk		cm
Stærð 1	5 eða minna		---
Stærð 2	6 að 31		---
Stærð 3	32 að 70		---
	PICAREL		
	kg/fisk		
Stærð 1	20 eða minna		cm
Stærð 2	21 að 40		---
Stærð 3	41 að 90		---
	KOLMUNNI		---
	kg/fisk		cm*
Stærð 1	7 eða minna		Yfir 28 cm
Stærð 2	8 að 14		22,5 - 28
Stærð 3	15 að 25		18,5-22,5
Stærð 4	26 að 50		14,5-18,5
	LÝR		
	kg/fisk		cm
Stærð 1	5 og yfir		84,5 og yfir
Stærð 2	25 að 5		66,5 - 84,5
Stærð 3	1,5 að 2,5		56,0 - 66,5
Stærð 4	0,265 að 1,5		30,0 - 56,0

*Í töflunni eru efri mörk ekki meðtalin

	SPÆRLINGUR		
	kg/fisk*		cm*
Stærð 1	0,35 og yfir		Yfir 30
Stærð 2	0,25 að 0,35		27 - 30
Stærð 3	0,125 að 0.25		21 - 27
Stærð 4	0,06 að 0,0125		17 - 21
	HAFÁLL		
	kg/fisk		cm
Stærð 1	7 og yfir		Yfir 136
Stærð 2	5 að 7		124 - 136
Stærð 3	0,5 að 5		65 að 124
	URRARI (RAUÐUR)		
	(*Aspitrigla cuculus, Triglia lyra, Aspitriglia obscura, Trigloporus Lastoviza*)		
	kg/fisk		cm
Stærð 1	1 og yfir		46 og yfir
Stærð 2	0,4 að 1		34 - 46
Stærð 3	0,2 að 0,4		28 - 34
Stærð 4	0,06 að 0,2		19 - 28
	URRARI (AÐRIR)		
	(*Trigla lucerna, Eutrigla gurnardus*)		
	kg/fisk		cm
Stærð 1	0,25 og yfir		31 og yfir
Stærð 2			28 - 31
	BRYNSTIRTLA		
	kg/fisk		cm
Stærð 1	0,6 og yfir		42 og yfir
Stærð 2	0,4 að 0,6		36,5 - 42
Stærð 3	0,2 að 0,4		29 - 36,5
Stærð 4	0,12 að 0,2		24 - 29
Stærð 5	0,02 að 0,12		13 - 24

*Í töflunni eru efri mörk ekki meðtalin

	MARLAX		
	kg/fisk*		cm*
Stærð 1	1 og yfir		46,5 og yfir
Stærð 2	0,5 að 1		37 - 46,5
Stærð 3	0,2 að 0,5		27 - 37
Stærð 4	0,1 að 0,2		21,5 - 27
	SKATA		
	kg/fisk		cm
Stærð 1	5 og yfir		Yfir 92
Stærð 2	3 að 5		78,5 - 92
Stærð 3	1 að 3		56 - 78,5
Stærð 4	0,3 að 1		38,5 - 56
	SKÖTUBÖRÐ		
	(Börð metin eftir þyngd)		
	kg/barð		
Stærð 1	3 og yfir		
Stærð 2	0,5 að 3		
	RÆKJA (*Crangon crangon*)		
		Breidd skeljar	
Stærð 1		6,8 mm og yfir	
Stærð 2		6,5 mm og yfir	
	TÖSKUKRABBI		
		Breidd skeljar (mæld þar sem hún er breiðust)	
Stærð 1		16 cm og yfir	
Stærð 2		13 - 16 cm	
Stærð 2a		11,5 - 16 cm	
Stærð 2b		12,5 - 16 cm	

*Í töflunni eru efri mörk ekki meðtalin

	HUMAR			
Heill	(Fjöldi humra/kg)			Halar
Stærð 1	20 eða færri		Stærð 1	60 eða færri
Stærð 2	21 - 40		Stærð 2	61 - 120
Stærð 3	41 - 60		Stærð 3	121 - 180
Stærð 4	Fleiri en 60		Stærð 4	fleiri en 180

1. Að því er varðar krabba á stærðarflokkur 2a eingöngu við um strandsvæðin í Lincolnshire, Norfolk, Suffolk og Cumbria, en stærðarflokkur 2b á eingöngu við um strandsvæðin í Norðurhluta Bretlandseyja frá Caems Head í Wales á 52°07'N að austurmörkum Austur Sussex (að undanskildum Lincolnshire, Norfolk, Suffolk og veiðisvæðum í Cumbria). Engin lágmarkslöndunarstærð er á töskukrabba í Norður Írlandi.

2. Að því er varðar humar er nauðsynlegt að taka tilllit til lágmarks líffræðilegrar stærðar dýranna á hverju svæði.

3. Í þeim tilvikum þegar verndunarreglugerðir kveða í um lágmarkslöndunarstærðir sem eru ofar lágmarksmarkaðsstærðunum hér að ofan skulu hinar fyrrnefndu gilda.

34. Tillaga til þingsályktunar [34. mál]

um íþróttakennslu í framhaldsskólum, líkamsrækt og heilsuvernd almennings.

Flm.: Hermann Níelsson.

Alþingi ályktar að fela ráðherrum heilbrigðis- og menntamála að:

a. láta kanna að hve miklu leyti íþróttakennsla í framhaldsskólum miðist við að gera nemendur hæfari til að stunda holla hreyfingu (trimm) að eigin frumkvæði og taka þannig ábyrgð á eigin heilsurækt að námi loknu,
b. láta kanna hvaða áhrif aukin þátttaka hins almenna borgara í líkamsrækt (trimmi) geti haft á sparnað við rekstur heilbrigðisþjónustunnar í landinu.

Greinargerð.

Haustið 1990 lagði námsstjóri í íþróttum framhaldsskóla fram nýtt námsefni til bóklegrar kennslu að norskri fyrirmynd. Námsefnið nefnist: Þjálfun, heilsa, vellíðan. Með samræmdri, fræðilegri kennslu í tengslum við íþróttakennsluna er stigið stórt skref í þróun og aðlögun hennar að þörfum nútímans.

Fram að þessu hefur kennslan miðast við iðkun íþrótta og hollrar hreyfingar. Það hefur hins vegar komið í ljós að fjöldi nemenda öðlast ekki nægjanlegt sjálfstraust og kunnáttu til að halda áfram þeirri iðkun á eigin vegum að námi loknu. Hið nýja námsefni hefur þegar skilað árangri í þessum efnum samkvæmt könnun námsstjóra og lofar því góðu verði það tekið til kennslu í öllum framhaldsskólum landsins.

Eigi hið nýja námsefni og fyrirkomulag íþróttakennslunnar að ná tilgangi sínum og skila þeim árangri sem til er ætlast verða kennslutímarnir að nema annaðhvort 3 x 40 mínútum á viku eða 2 x 60 mínútum. Bóklega námið fer fram í einum tíma, annar tíminn er nýttur til verkefna úr námsefninu sem nemendur stjórna sjálfir og þriðji tíminn til hefðbundinnar íþróttakennslu. Að sjálfsögðu verður skiptingin önnur ef um 2 x 60 mínútur er að ræða.

Flestir framhaldsskólar á landsbyggðinni hafa tekið upp þetta nýja fyrirkomulag að einhverju eða öllu leyti. Mikið skortir þó á að svo sé í Reykjavík enn sem komið er. Vinna þarf markvisst að því að allir framhaldsskólar landsins bjóði nemendum sínum umrætt nám.

Læknavísindin hafa með rannsóknum og könnunum sl. áratugi talið sannað að ef einstaklingur leggur reglulega stund á líkamsrækt og er sér meðvitaður um gildi heilbrigðra lífshátta fyrir heilsufar sitt þurfi hann síður á þjónustu heilbrigðisstofnana að halda.

Hér á landi hefur almennur áhugi á íþróttum og útivist aukist verulega. Fjölmargir Íslendingar hafa réttan skilning á nauðsyn líkamsþjálfunar í fyrirbyggjandi heilsuvernd. Íþrótta- og ungmennafélögin í landinu hafa mörg hver stuðlað að þátttöku almennings í trimmi þótt þau starfi að stærstum hluta að íþróttauppeldi æskufólks og búi íþróttafólk sitt undir keppni í hinum fjölmörgu íþróttagreinum sem stundaðar eru.

Fjöldi líkamsræktarstöðva býður fólki góða aðstöðu og leiðbeiningar til iðkunar hollrar hreyfingar og sveitarfélög hafa byggt íþróttamannvirki, t.d. til skokks, skíða- og sundiðkana. Auðveldara er nú fyrir hinn almenna borgara að stunda líkamsrækt við hæfi ef hann vill hugsa um eigin heilsu.

Þrátt fyrir jákvæða þróun þessara mála er viðurkennt að fjöldi fólks nýtir sér ekki þá aðstöðu sem býðst af einhverjum ástæðum.

Í nágrannalöndum okkar hafa hin frjálsu íþróttasamtök innan sinna vébanda sérsambönd sem einbeita sér að útbreiðslu almenningsíþrótta, bæði með eigin starfsemi og með því að fá sérsambönd keppnisíþrótta til samstarfs um þennan þátt. Einnig hafa þau stuðlað að fjölbreyttu íþróttastarfi meðal starfsfólks á vinnustöðum og annarra hópa og samtaka sem hafa aðild að eða önnur tengsl við slíkt sérsamband almenningsíþrótta. Á þennan hátt ná fjöldasamtökin inn á flest heimili með hvatningu sína og tilboð til fólks um holla hreyfingu og heilbrigða lífshætti.

Töluverð umræða hefur farið fram innan Íþróttasambands Íslands sl. 10–15 ár um stofnun sérsambands eða samtaka um almenningsíþróttir en því hefur ávallt verið slegið á frest.

Stjórn ÍSÍ skipaði trimmnefnd árið 1971 sem síðan hefur haldið málefnum almenningsíþrótta á lofti og unnið mikið og þarft starf. Það hefur þó ekki nægt til þess að íþróttahreyfingin tæki skrefið til fulls og leyfði nefndinni að þróast yfir í sérsamband eða samtök með aðildarhópum og beinum tengslum við einstaklinga um allt land.

Um þessar mundir er vaxandi umræða og áhugi innan Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og meðal rekstraraðila heilsuræktarstöðva um myndun samtaka til eflingar almenningsíþróttum í landinu. Þarna er um að ræða hreyfingu sem tengst gæti verkefni heilbrigðisráðuneytisins um heilbrigði allra árið 2000 en Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur sett ríkjum heims það markmið til að stefna að.

Alþingi Íslendinga hlýtur að fagna þessari þróun til eflingar heilbrigði þjóðarinnar og ber að stuðla að henni á allan hátt.

35. Frumvarp til laga [35. mál]

um stofnun hlutafélags um Skipaútgerð ríkisins.

Flm.: Jón Helgason, Finnur Ingólfsson, Guðmundur Bjarnason,
Guðni Ágústsson, Halldór Ásgrímsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson,
Jón Kristjánsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Ólafur Þ. Þórðarson,
Páll Pétursson, Stefán Guðmundsson, Steingrímur Hermannsson,
Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti Skipaútgerðin hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja allar eignir Skipaútgerðar ríkisins, þ.e. skip, fasteignir og allt fylgifé, til hins nýja hlutafélags,
b. að ákveða fjárhæð einstakra hluta með það í huga að einstaklingar og lögaðilar geti keypt hlut í félaginu,
c. að selja 40 af hundraði hlutafjár í félaginu með þeirri takmörkun að enginn einn aðili geti eignast meira en 10 af hundraði hlutafjár.

2. gr.

Tilgangur félagsins skal vera að annast áætlunarferðir skipa með vörur, póst og farþega meðfram ströndum Íslands og til og frá landinu. Einnig skal félaginu heimilt að

halda uppi áætlunarferðum á landi milli hafna í tengslum við áætlunarferðir skipanna eða semja við aðra aðila um að annast þær.

3. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera í Reykjavík en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

4. gr.

Samgönguráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning og stofnun hlutafélagsins skv. 1. gr. og fer með eignarhlut ríkisins í hinu nýja félagi, þar með talda sölu hlutabréfa.

5. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að semja um að hlutafélagið, sem stofnað verður, skuli gefa fastráðnu starfsfólki Skipaútgerðar ríkisins kost á sambærilegum störfum og þeir hafa gegnt hingað til. Taki þeir starfinu skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki ná til þeirra starfsmanna Skipaútgerðar ríkisins sem nú njóta lögkjara samkvæmt þeim lögum.

6. gr.

Samgönguráðherra skal gera þjónustusamning við hið nýja hlutafélag þar sem kveðið skal á um þjónustuskyldur félagsins við afskekktar hafnir landsins og um endurgjald fyrir þá þjónustu.

7. gr.

Samgönguráðherra skal gera Alþingi grein fyrir sölu hlutafjár í Skipaútgerðinni hf. Verði hlutabréf ríkissjóðs boðin til sölu, öll eða að hluta, skal leita samþykkis Alþingis fyrir þeirri sölu.

8. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu, né heldur ákvæði 1. mgr. 17. gr. sömu laga um tölu hluthafa.

Samgönguráðherra skal skipa þriggja manna undirbúningsnefnd, þar af einn samkvæmt tilnefningu starfsmanna Skipaútgerðar ríkisins, til að annast nauðsynlega samningsgerð fyrir hönd væntanlegs hlutafélags og leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundi sem skal haldinn ekki síðar en 31. desember 1991.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag skv. 1. gr. yfirtekur Skipaútgerð ríkisins 1. janúar 1992 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 40/1967, um Skipaútgerð ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við stofnun hlutafélagsins skulu starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins, umboðsmenn og viðskiptavinir hennar hafa forkaupsrétt að 40 af hundraði hlutafjár en ríkissjóður eiga a.m.k. 60 af hundraði.

Greinargerð.

Allt frá stofnun Skipaútgerðar ríkisins árið 1929 hefur hún þjónað landsbyggðinni með ágætum. Á þessum tíma hafa aðstæður breyst og hefur verið reynt að laga starfsemi hennar að þeim. Breytingar hafa að undanförnu verið það hraðar að flutningsmenn telja rétt að breyta rekstrarforminu nú í hlutafélag. Slík breyting gerði nánara samstarf við viðskiptamenn mögulegt með eignaraðild þeirra og auðveldaði stjórnendum að taka ákvarðanir sem stuðluðu að hagræðingu í rekstri.

Benda má á eftirfarandi atriði:

— Rekstur fyrirtækisins verður sjálfstæðari þannig að ákvarðanataka getur gengið fljótt og stjórnendur hafa frjálsari hendur um aðgerðir sem geta leitt til betri afkomu fyrirtækisins.
— Fjárútlátum ríkisins vegna strandferða yrðu settar fastari skorður.
— Áhrif starfsmanna, umboðsmanna og viðskiptavina, m.a. á landsbyggðinni, á rekstur og þjónustu fyrirtækisins yrðu aukin.

Tilgangur með þessari breytingu er í fyrstu ekki að afla ríkinu beinna tekna við sölu á eignum Skipaútgerðarinnar, heldur sá að renna traustum stoðum undir þá þjónustu sem Skipaútgerðin veitir og gera henni kleift að auka og bæta hana í framtíðinni. Ef vel tekst til getur ríkið hagnast af sölu hlutabréfa í fyrirtækinu þegar slík sala á almennum markaði kynni að verða tímabær.

Fyrirtækið hefur ákveðnar þjónustuskyldur en á jafnframt í samkeppni á meginhluta þess markaðar sem það starfar á.

Stjórnendur og starfsmenn eru áhugasamir um slíka breytingu og hafa sjálfir gert tillögu um hana. Sama er að segja um ýmsa hagsmunaaðila, svo sem umboðsmenn, samstarfsfyrirtæki og viðskiptavini. Má þar t.d. nefna Félag íslenskra stórkaupmanna og Kaupmannasamtökin.

Fyrirtækið stendur framarlega í ýmiss konar rekstrarhagræðingu og ætti því að hafa góðar forsendur fyrir áframhaldandi rekstri.

Einn þáttur í hagræðingu hjá Skipaútgerðinni hefur verið að fela einkaaðilum ýmsa hluta starfseminnar sem það sjálft hefur ekki talið sig hafa næga sérþekkingu í, svo sem akstursþjónustu, viðgerðarþjónustu, rekstur frystigáma og framleiðslu og sölu hugbúnaðar sem það hefur þróað.

Væri þjónusta fyrirtækisins boðin út, lögð niður eða afhent stærstu keppinautum er hætta á tvennu:

1. Alvarlegum bresti í þjónustu við landsbyggðina sem yrði þungt högg á atvinnurekstur sem á næsta ári þarf að glíma við afleiðingar aflasamdráttar og hárra vaxta.
2. Einokun í flutningum, bæði innan lands og milli Íslands og annarra landa. Í erindi, sem dr. Madsen Pirie, formaður Adam Smith Institute í Bretlandi, hélt á aðalfundi VSÍ sl. vor, lagði hann mikla áherslu á að einkavæðing opinberra fyrirtækja mætti ekki verða til þess að styrkja samkeppnisstöðu þess aðila sem stærstur væri fyrir í viðkomandi atvinnugrein.

Ljóst er að hugmyndin um að breyta Skipaútgerð ríkisins í hlutafélag nýtur stuðnings starfsmanna hennar. Að frumkvæði starfsmanna var nýlega safnað undirskriftum 93 af um 100 starfsmönnum Skipaútgerðarinnar undir viljayfirlýsingu þar að lútandi. Með því að selja starfsmönnum hlutabréf má ætla að þeir styðji málið og verði fúsir til að taka þátt í hagræðingu og eflingu fyrirtækisins. Við sölu opinberra fyrirtækja í Bretlandi tíðkast að bjóða starfsmönnum hlutabréf á sérstökum kjörum.

Ljóst er að fyrst um sinn mun fyrirtækið þurfa á opinberum stuðningi að halda vegna

þjónustunnar við afskekkta staði. Sá stuðningur gæti verið á tvennan hátt, annars vegar með ákveðnum árlegum greiðslum úr ríkissjóði, og hins vegar með lægra mati á hlutabréfum við stofnun þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag um Skipaútgerð ríkisins. Allar eignir Skipaútgerðarinnar færast yfir til hins nýja hlutafélags. Öll hlutabréfin verða í eign ríkissjóðs við stofnun hlutafélagsins. Nauðsynlegt er að fram fari mat á eignum til þess að unnt sé að ákveða fjárhæð einstakra hluta. Ekki þykir þó rétt að leggja til að ríkissjóður selji meiri hluta hlutafjár nema að fenginni nokkurra ára reynslu. Verðgildi hlutafjár þarf í raun ekki að merkja hvers virði viðkomandi fyrirtæki er. Þar koma inn í myndina atriði eins og samkeppnisaðstaða, arðsemi, eftirspurn eftir hlutabréfum o.fl. Til að koma í veg fyrir meirihlutaaðstöðu einstakra aðila er sú takmörkun sett að enginn einn aðili geti eignast meira en 10 af hundraði hlutafjár.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum hlutverk hlutafélagsins. Miðast það við að hlutverk hins nýja félags verði svipað rekstri Skipaútgerðar ríkisins hingað til en setur þó engar hömlur á skipulagsbreytingar og hagræðingu í rekstrinum. Félaginu verða að sjálfsögðu settar samþykktir þar sem kveðið verður nánar á um einstök atriði.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að samgönguráðherra annist undirbúning að stofnun hins nýja hlutafélags. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. er gert ráð fyrir að hann skipi þriggja manna nefnd sér til fulltingis.

Um 5. gr.

Núverandi starfsmönnum Skipaútgerðar ríkisins er veittur forgangur til vinnu hjá félaginu. Hins vegar þykir ekki rétt að binda hendur nýrra stjórnenda við endurráðningar, enda þótt gert sé ráð fyrir að flestir núverandi starfsmanna verði endurráðnir. Um 26 af starfsmönnum Skipaútgerðar ríkisins eru nú í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og haldast réttindi þeirra óbreytt við þá formbreytingu á rekstri sem hér er stefnt að. Vísast í því sambandi til ákvæðis í 17. gr. laga nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Um lífeyrismál annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra geri sérstakan þjónustusamning við hið nýja hlutafélag til þess að tryggja að ekki verði fyrirvaralaust hætt þjónustu við afskekktar hafnir landsins. Hugsanlegt er að samningur þessi verði tímabundinn og þar kveðið nánar á um hvernig hinu nýja hlutafélagi sé heimilt að hagræða rekstri sínum, þó þannig að tillit sé tekið til þarfa íbúa í hinum dreifðu byggðum.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra þurfi að leita eftir sérstakri heimild fyrir sölu á hlutafé sem verður í eigu ríkissjóðs. Hins vegar eru settar meginreglur í ákvæði til bráðabirgða um hvernig staðið skuli að hlutafjárútboði og þar gert ráð fyrir að ríkissjóður eigi a.m.k. 60 af hundraði í hlutabréfum félagsins.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt er að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarksfjölda stofnenda, en í tilvitnuðu ákvæði er gert ráð fyrir að stofnendur skuli vera minnst tveir. Hið nýja hlutafélag lýtur almennum reglum um skattlagningu. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að skipa þriggja manna undirbúningsnefnd og lagt til að núverandi starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins eigi þar hlut að máli. Þá eru sett tímamörk um hvenær stofna skuli félagið, en gert er ráð fyrir að félagið taki við rekstri frá og með næstu áramótum.

Um 9. gr.

Lögin öðlast þegar gildi, en Skipaútgerðin hf. yfirtekur rekstur og eignir Skipaútgerðar ríkisins frá 1. janúar 1992. Þá falla niður lög um Skipaútgerð ríkisins sem þar með verður lögð niður.

36. Frumvarp til laga [36. mál]

um breytingu á lögum nr. 97 frá 1990, um heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Stefanía Traustadóttir, Guðrún Helgadóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 20. gr. laganna (20.2.) bætist nýr málsliður svohljóðandi: Mæðravernd og ungbarna- og smábarnavernd er þó ævinlega á kostnað ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt þar sem taka þarf af öll tvímæli um það að mæðravernd og ungbarna- og smábarnavernd verði ókeypis fyrir verðandi mæður og foreldra ungra barna. Breytingin felst í því að við 20. gr. laganna er bætt ákvæði þess efnis að mæðra- og ungbarnavernd verði ætíð á kostnað ríkissjóðs.

Í gegnum árin hafa orðið margvíslegar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Í 19. gr. núgildandi laga um heilbrigðisþjónustu, laga nr. 97 frá 1990, er talin upp sú þjónusta sem heilsugæslustöðvum er ætlað að veita. Þar er mæðravernd og ungbarna- og smábarnavernd talin í greinum 5.2. og 5.3. sem liðir í almennri heilsuvernd. Í 20. gr. sömu laga segir að rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva skuli greiðast úr ríkissjóði. Enn fremur segir: „Ráðherra setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og skal hún vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár skv. lögum um almannatryggingar.“

Í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga var þetta ákvæði réttlætt með vísun til breytinga á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga (lögum nr. 87/1989) þess efn-

is að ríkissjóður taki yfir rekstur heilsugæslustöðva og sjúkrasamlög yrðu lögð niður. Því þótti rétt að ráðherra ákvæði gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og að hún væri í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár samkvæmt lögum um almannatryggingar. Hún skyldi „vera með sama hætti alls staðar á landinu en ekki eins og nú er með mismunandi hætti“ eins og segir í athugasemdunum.

Samkvæmt könnun, sem flutningsmenn hafa gert, virðist hvergi á landinu vera tekið gjald fyrir mæðravernd og ungbarnaeftirlit, hvorki við venjulega skoðun né heldur rannsóknir eða aðgerðir.

Greiðsluþátttaka fyrir veitta læknishjálp utan sjúkrahúsa er ákveðin með reglugerð og tilvísun til 43. gr. laga um almannatryggingar. Í þeim reglugerðum og gjaldskrám, sem hafa verið settar á þessu ári, er hvergi minnst á mæðravernd eða ungbarna- og smábarnavernd, þ.e. að sú þjónusta skuli vera undanþegin gjaldtöku.

Í gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu er ákvæði til bráðabirgða um heilsuverndarstarf í Reykjavík sem er samkvæmt lögum nr. 44/1955 og lögum nr. 28/1957. Þetta bráðabirgðaákvæði fellur úr gildi um næstkomandi áramót og þá skulu sömu lög gilda um landið allt.

Í 4. gr. laganna frá 1955 segir orðrétt:

„Kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðva, að því er tekur til heilsuverndargreina samkvæmt 1., 2., 7. og 9. tölulið 2. gr. skiptist að jöfnu á milli hlutaðeigandi sveitarsjóðs eða sveitarsjóða, hlutaðeigandi sjúkrasamlags og ríkissjóðs.“

Í 2. gr. þessara sömu laga eru taldar upp helstu heilsuverndargreinarnar, en þær eru: 1. mæðravernd, 2. ungbarnavernd (0–2 ára) og smábarnavernd (2–7 ára) o.s.frv., 7. berklavarnir og 9. áfengisvarnir.

Í reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar nr. 160 frá 1982 er nánar útfært hvers konar þjónustu heilsugæslustöðvar eigi að veita. Í 51. gr. reglugerðarinnar er mæðraverndin skilgreind og í 52. gr. ungbarna- og smábarnaverndin. Þar er vísað til laga um ónæmisaðgerðir, nr. 38/1978. Í þeim lögum er tekið fram að ríkissjóður greiði kostnað af framkvæmd ónæmisaðgerða sem þar eru taldar upp. Að öðru leyti er hvergi vísað til sérlaga um þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar. Ekki hefur verið sett reglugerð um þjónustu heilsugæslustöðva með tilvísun til nýju laganna.

Flutningsmönnum sýnist ákvæði 4. gr. laganna frá 1955 vera eina ákvæðið í lögum sem tekur á mæðraeftirliti og ungbarna- og smábarnavernd og þá á þann hátt að hið opinbera eigi að borga það. Þetta ákvæði fellur úr gildi um næstu áramót og á í raun bara við um Reykjavík.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs ætlar heilbrigðisráðherra að ná inn u.þ.b. hálfum milljarði á því sem kallað er „sértekjur“ heilsugæslustöðva og er aukningin á þessum lið frá yfirstandandi fjárlagaári 375 millj. kr. Þessara tekna eiga heilsugæslustöðvar að afla með gjaldtöku fyrir hverja heimsókn á heilsugæslustöð. Í ljósi þessara upplýsinga þykir flutningsmönnum rétt að tryggja að sú reglubundna og góða heilsuvernd, sem felst í mæðra- og ungbarnaverndinni, verði áfram verðandi mæðrum og foreldrum ungra barna að kostnaðarlausu.

Hér er því lagt til að tryggja þann rétt með lagasetningu.

37. Frumvarp til laga [37. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Kristín Sigurðardóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 1. tölul. og orðist svo:

1. Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til viðurkenndra lífeyrissjóða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1987 var tekin upp staðgreiðsla skatta. Frá þeirri lagabreytingu hafa landsmenn búið við tvísköttun á lífeyrissjóðsgjöld. Framlag launþega í lífeyrissjóði er skattlagt þegar hann myndar réttindi sín með inngreiðslum og lífeyrisgreiðslur til hans eru einnig skattlagðar þegar launastarfi lýkur.

Þetta fyrirkomulag hefur í för með sér mikið óréttlæti. Álagning tekjuskatts bæði við myndun sjóðsins og úttekt úr honum er óeðlileg. Fólk leggur fyrir í lífeyrissjóði til þess að búa í haginn fyrir elliárin. Einstaklingur getur hins vegar lagt fyrir sparifé eða keypt ríkisskuldabréf og myndað þannig eigin lífeyrissjóð eins og segir í auglýsingu frá ríkissjóði. Tekjuskattur er greiddur við myndun eigin sparnaðar en ekki þegar peningarnir eru teknir út. Að þessu leyti er ólík skattaleg meðferð á frjálsum sparnaði og skyldusparnaði í lífeyrissjóði. Í þessu frumvarpi er lagt til að tekjuskattur verði aðeins greiddur einu sinni af sömu tekjunum.

Ástæður þess að fremur er valið að hafa skattfrelsi við myndun sjóðsins en úttekt úr honum eru nokkrar:

a. Ekki munu allir þeir sem greiða í lífeyrissjóð fá greiðslur úr honum. Hluti þeirra sem greiða í lífeyrissjóði lifa það ekki að njóta lífeyrisgreiðslna, jafnvel ekki heldur erfingjar þeirra. Enn aðrir fá aðeins lítinn hluta.

b. Verða lífeyrissjóðirnir til eftir nokkra áratugi? Nokkur ótti er meðal fólks um það að eftir nokkra áratugi muni einhverjir lífeyrissjóðanna ekki hafa bolmagn til að standa undir skuldbindingum sínum. Allir vona að svo verði ekki, en fari svo munu aðeins þeir sem fá greiðslur úr sjóðunum greiða skatt af þeim. Hinir, sem mynduðu sjóðinn en fengu lítið eða ekkert, þyrftu a.m.k. ekki að greiða skatt af framlaginu ef þetta frumvarp verður samþykkt.

c. Betri nýting persónuafsláttar á efri árum vegna nokkru lægri tekna. Þorri fólks hefur lægri tekjur á eftirlaunum en það hafði í fullu starfi eða það mundi hafa í sams konar starfi nú. Það eru því meiri líkur til þess að nýting persónuafsláttar á lífeyrisgreiðslur verði betri hjá eftirlaunaþeganum en þegar launþegi er að afla tekna til að skapa framlag sitt í sjóðinn.

d. Hvetja þarf fólk til að mynda lífeyrissjóði. Langtímasparnaður og fyrirhyggja varðandi afkomu fólks eftir starfslok eru nauðsynleg ef hægt á að vera að lifa mannsæmandi

lífi. Hvetja þarf til fyrirhyggju með skattfrelsi við myndun slíkra varasjóða. Það er full ástæða til að hvetja til að jafnvel enn stærri hluti verði lagður fyrir en nú er gert. Skattfrelsi er hluti af slíkri hvatningu. Það er ljóst að ríkissjóður mun ekki geta staðið undir mannsæmandi eftirlaunagreiðslum til fólks ef lífeyrissjóðirnir bregðast.

e. Skattfrelsi á lífeyrisgreiðslur við útborgun getur falið í sér mismunun. Einstaklingar fá greiðslur úr mismunandi sterkum lífeyrissjóðum og framlag vinnuveitenda er mishátt. Ef lög væru þannig að allar lífeyrissjóðsgreiðslur til eftirlaunaþega væru skattfrjálsar hefði það í för með sér mikla mismunun því að endurgreiðslur eru mjög mismunandi. Allar tilraunir til að hafa skattfrelsið innan skynsamlegra marka kalla á mjög flóknar reglur. Einfaldasta leiðin og sú réttlátasta er því að hafa skattfrelsi við myndun sjóðsins.

Mikil umræða hefur verið um þessi mál í þjóðfélaginu. Á 113. löggjafarþingi var samþykkt ályktun að frumkvæði Guðmundar H. Garðarssonar svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu."

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að sú leið, sem hér er lögð til, sé einföld og sú réttlátasta sem kostur er á.

38. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um stuðning við afvopnunaraðgerðir forseta Bandaríkjanna og forseta Sovétríkjanna.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Anna Kristín Sigurðardóttir,
Einar Már Sigurðarson, Guðrún Helgadóttir, Jóhann Ársælsson,
Kristinn H. Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Stefanía Traustadóttir,
Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir stuðningi við afvopnunaraðgerðir George Bush, forseta Bandaríkjanna, og Mikhail Gorbatsjovs, forseta Sovétríkjanna, og fagnar því að svo afgerandi fækkun á kjarnorkuvopnum hefur verið ákveðin. Í stað langdreginna samninga, sem oft hafa tekið mörg ár, eru nú á fáeinum vikum ákveðin stór skref í afvopnunarmálum.

Alþingi felur ríkisstjórninni að styðja afvopnunaraðgerðirnar á alþjóðavettvangi og leggja sérstaka áherslu á nauðsyn afvopnunar á höfunum. Það hefur verið eindregin krafa Íslendinga að kjarnorkuafvopnun á hafsvæðinu kringum Ísland yrði forgangsverkefni. Afvopnunarákvarðanir forseta Bandaríkjanna og forseta Sovétríkjanna hafa glætt þá kröfu nýjum krafti.

Greinargerð.

Forseti Bandaríkjanna, George Bush, tilkynnti föstudaginn 27. september, víðtækustu afvopnunaraðgerðir sem um getur síðan ógn kjarnorkuvígbúnaðarins hóf að setja svip á samskipti þjóða. Rúmlega viku síðar greindi Mikhail Gorbatsjov, forseti Sovétríkjanna, frá samsvarandi og reyndar enn víðtækari afvopnunarákvörðunum Sovétríkjanna.

Risaveldin tvö hafa á rúmri viku stigið, með einhliða ákvörðunum, stærri afvopnunarskref en felast í þeim samningum sem gerðir hafa verið á síðustu áratugum.

Afgerandi stefnubreyting hefur verið ákveðin. Áður fyrr var það ráðandi kenning, m.a.

hjá flestum vígbúnaðarsérfræðingum og ráðamönnum á Vesturlöndum, að einhliða afvopnun væri óskynsamleg og bryti í bága við varnarhagsmuni Vesturlanda. Nú hefur George Bush, forseti Bandaríkjanna, haft forustu um að afsanna þessa kenningu. Hann hafði frumkvæði að því að stíga svo stór einhliða skref á braut afvopnunar að ákvarðanir hans gjörbreyta samskiptareglum kjarnorkuveldanna sem verið hafa í gildi í marga áratugi. Forseti Bandaríkjanna hefur gert einhliða afvopnun að árangursríkri aðferð á sviði aukins öryggis. Svar forseta Sovétríkjanna sannaðist svo á afgerandi hátt að stefnubreyting Bandaríkjanna var hárrétt.

Ákvarðanir George Bush, forseta Bandaríkjanna, fólu í sér að skammdrægum kjarnorkuvopnum verður eytt og stýriflaugar á skipum verða teknar úr notkun, hætt verður framleiðslu á mörgum tegundum langdrægra kjarnorkuvopna og flugvélar, sem bera kjarnorkusprengjur, verða ekki lengur í viðbragðsstöðu.

Ákvarðanir Mikhail Gorbatsjovs, forseta Sovétríkjanna, fela einnig í sér eyðingu margvíslegra tegunda af kjarnorkuvopnum og brottflutning allra skammdrægra kjarnorkusprengja úr skipum og kafbátum. Kjarnorkuhleðslur langdrægra sprengjuflugvéla verða teknar úr flugvélunum og settar í geymslur og hætt verður framleiðslu á kjarnorkuskeytum fyrir árásarflugvélar, öllum tilraunum með kjarnorkuvopn verður hætt í eitt ár til að byrja með og önnur kjarnorkuveldi hvött til þess að gera hið sama.

Þessar ákvarðanir forseta risaveldanna fela í sér byltingu á sviði afvopnunarmála og er mikilvægt að Íslendingar lýsi yfir eindregnum stuðningi þings og þjóðar við þessa nýju stefnu.

Sérstaklega er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld fagni þeim ákvörðunum sem fela í sér afvopnun á höfunum og hvetji til þess að enn stærri skref verði stigin á þeirri braut. Kjarnorkuvígbúnaður í höfunum kringum Ísland felur í sér margvíslega ógn við öryggi og lífsafkomu þjóðarinnar. Kjarnorkukafbátar, sem sokkið hafa á Norður-Atlantshafi, geta á næstu árum eða áratugum leitt til þess að fiskstofnarnir í kringum Ísland verði svo geislavirkir að útflutningsmarkaðir okkar hrynji á skömmum tíma.

Þess vegna er það brýnt að öll kjarnorkuvopn verði flutt burt úr höfunum í kringum Ísland á sama hátt og forsetar risaveldanna hafa ákveðið að eyða öllum skammdrægum kjarnorkuvopnum á meginlandi Evrópu. Á hafsvæðunum í kringum Ísland þarf að ríkja sams konar öryggi og nú hefur verið ákveðið að festa í sessi í þágu þjóðanna á meginlandi Evrópu.

39. Fyrirspurn [39. mál]

til menntamálaráðherra um kennaramenntun.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

Hefur ráðherra einhver áform uppi varðandi framkvæmd tillagna um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun?

40. Fyrirspurn [40. mál]

til menntamálaráðherra um útskrifaða kennara frá Kennaraháskóla Íslands.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hve margir útskrifaðir kennarar frá Kennaraháskóla Íslands sl. tíu ár eru starfandi við kennslu á þessu skólaári?
2. Hvernig skiptast þessir kennarar eftir fræðsluumdæmum og útskriftarári?

Skriflegt svar óskast.

41. Fyrirspurn [41. mál]

til félagsmálaráðherra um breytingar á skiptingu landsins í sveitarfélög.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra fara með nýlegt nefndarálit um breytingar á skiptingu landsins í sveitarfélög?
2. Hvaða verkefni telur ráðherra skynsamlegt að færa til sveitarfélaga verði tillaga nefndarinnar að veruleika um verulega fækkun sveitarfélaga?

42. Fyrirspurn [42. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárveitingu til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvernig var af hálfu ráðherra staðið að úthlutun á 15 milljón króna fjárveitingu samkvæmt fjárlögum 1991 til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni?
2. Hvaða aðilar hafa fengið úthlutað fjármagni og hvenær var því úthlutað?

43. Fyrirspurn [43. mál]

til samgönguráðherra um jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvenær er áætlað að nefnd um jarðgangagerð á Austurlandi, skipuð af fyrrverandi samgönguráðherra, ljúki störfum?

2. Hyggst ráðherra framfylgja þeirri stefnu sem mörkuð var á síðasta kjörtímabili að framkvæmdir við jarðgöng á Austurlandi hefjist strax að loknum framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum?

44. Svar [6. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um herskipakomur í íslenskar hafnir og íslenska lögsögu.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvaða herskip frá þeim ríkjum á norðurhveli sem eiga kjarnavopn, þ.e. Bandaríkjunum, Sovétríkjunum, Frakklandi og Bretlandi, hafa komið til íslenskra hafna eða siglt um íslenska lögsögu á sl. 30 árum og hvenær?

Með vísan til fyrirspurnarinnar fylgja hér skrár yfir leyfi sem utanríkisráðuneytið hefur veitt skipum bandarískra, breskra, franskra og sovéskra stjórnvalda til að koma til hafnar á Íslandi síðastliðin þrjátíu ár. Engar upplýsingar eru tiltækar varðandi siglingar erlendra herskipa í íslenskri lögsögu utan landhelgi enda tíðkast ekki tilkynningar um slíkar ferðir. Siglingar innan landhelgi eru í samræmi við fyrrnefndar skrár. Vegna tilvísunar fyrirspyrjanda í yfirlýsingu Geirs Hallgrímssonar frá 1985 skal þess getið að það var viljayfirlýsing sem bandamönnum og öðrum nágrönnum Íslendinga er kunnugt um og íslensk stjórnvöld hafa verið fullvissuð um að bandalagsþjóðir virði.

BANDARÍSK SKIP

18. sept. 1960	USS ATKA Keflavík
19. sept. 1960	M.C. FOX (DDR 829) Hvalfjörður
4. - 6. júní 1962	USS WASP (CVS 18) USS R.A. OWENS (DDR 827) USS NEW (DDE 818) USS HOLDER (DDE 819) USS RICH (DDE 820) USS R.L. WILSON (DDE 847) USS BASILONE (DDE 824) USS MCNAIR (DD 679) USS SALAMONIE (AO 26) R.vík Kurteisisheimsókn
19. - 20. ágúst 1964	Strandgæsluskipið EDISTO R.vík
24. nóv. 1965	Strandgæsluskipið EVERGREEN R.vík Til að hvíla áhöfn
25. - 27. júlí og 7. - 11. ágúst 1966	Strandgæsluskipið SPAR R.vík Til að hvíla áhöfn
24. apríl 1967	USS ZELLARS (DD-777) og USS McCLOY (DE-1038) Hvalfjörður Heræfingin Matchmaker III
26. - 30. apríl 1967	Sömu skip í R.vík
25. maí 1968	USS HOLDER (DD-819)

	Hvalfjörður Eldsneytistaka v. þátttöku í "STANAVFORLANT".
30. júlí - 14. ágúst 1968	USNS REDBIRD, Hull No. T-AKL 398 R.vík Viðgerðir
16. - 17. apríl 1969	USS BLENNY (SS 324) Hvalfjörður Eldsneytistaka
18. - 20. ágúst 1969	Strandgæsluskipið WESTWIND (WAGB 281) Hvalfjörður Eldsneytis- og vistataka
6. - 9. sept. 1969	Sama skip Til viðgerðar
19. - 21. maí 1970	WESTERN CLIPPER (leiguskip bandarísku flotans) Hvalfjörður Til að afferma eldsneyti
29. nóv. - 1. des. 1970	USNS COWANESQUE Hvalfjörður Til að afferma eldsneyti
15. ágúst 1970	USNS BOWDITCH Keflavík
15. - 18. ágúst 1970	USNS KANE K.vík
23. ágúst 1970	USS RICHARD E. KRAUS Hvalfjörður Eldsneytistaka

5. - 9. júní 1971	USNS LYNCH (T-AGOR 7) R.vík
18. - 23. júní 1971	Hafrannsóknarskipið USNS SGT GEORGE D. KEATLEY (T-AGS 35) R.vík
2. - 6. ágúst 1971	Strandgæsluskipið SOUTHWIND R.vík
20. - 22. júlí 1971	Strandg.skipið WESTWIND Venjubundin heimsókn R.vík
3. - 6. ágúst 1971	Strandg.skipið SOUTHWIND R.vík Venjubundin heimsókn
20. - 21. sept. 1971	Sama skip R.vík
21. - 14. sept. 1971	USNS SAUGATUCK Hvalfjörður Til að ferma og afferma olíu
17. - 18. okt. 1972	Strandgæsluskipið SOUTHWIND R.vík Venjubundin heimsókn
11. - 13. sept. 1972	USNS LYNCH R.vík Venjubundin heimsókn
29. sept. - 1. okt. 1972	Sama
16. júlí 1973	Strandg.skipið EDISTO Varpar akkerum undan Keflavík til að taka vísindamenn um borð.

5. - 8. sept. 1973	Strandg.skipið EDISTO R.vík Til að hvíla áhöfn
24. ágúst - 2. sept. 1973	Strandg.skipið SOUTHWIND R.vík Venjubundin heimsókn
19. - 21. sept. 1973	Hafrannsóknarskipið USNS ARTEMIS R.vík Vistaöflun
20. - 21. sept. 1973	USNS SANDS R.vík Vistaöflun
15. feb. 1974	Strandg.skipið EDISTO Keflavík
15.- 18. mars 1974	Sama skip Sami staður Vistaöflun
18. - 21. feb. 1974	USNS MIZAR R.vík Til að hvíla áhöfn
19. - 22. júní 1974	USNS BARTLETT R.vík
3. - 10. júlí 1974	USNS DUTTON R.vík
18. - 25. júlí 1974	USNS BOWDITCH R.vík
1. - 5. júlí 1974	USNS WYMAN (T-AGS 34) R.vík

Til að hvíla áhöfn

27. - 30. júlí 1974	USNS BARTLETT (T-AGOR 13) R.vík Venjubundin heimsókn
12. - 16. ágúst 1974, 2. - 6. sept. 1974 16. - 18. sept. 1974	USNS WYMAN (T-AGS 34) R.vík Venjubundin heimsókn
27. - 28. ágúst 1974	USNS HAYES (T-AGOR 16) R.vík Venjubundin heimsókn
4. - 7. sept. 1974	Strandg.skipið EDISTO R.vík
25. - 28. sept. 1974 og 7. - 9. okt. 1974	USNS BARTLETT (T-AGOR 13) R.vík Venjubundin heimsókn
10. - 11. okt. 1974	USNS HAYES (T-AGOR 16) R.vík Venjubundin heimsókn
27. - 30. maí 1975	USNS KANE (T-AGS 27) R.vík Venjubundin heimsókn
26. - 28. júní 1975	USNS BARTLETT (T-AGOR 13) R.vík Venjubundin heimsókn
2. júlí 1975	USNS BARTLETT R.vík Eldsneytistaka
23. - 27. ágúst 1975	USNS BARTLETT R.vík

	Venjubundin heimsókn
25. - 27. ágúst 1975	USS MacDONOUGH R.vík
5. - 6. sept. 1975 og 25. - 28. sept. 1975	USNS BARTLETT R.vík Venjubundin heimsókn
2 dagar í lok ágúst 1975	USNV AEOLUS (T-ARC 3) Veitt leyfi til að sigla inn í ísl. landhelgi ef þörf krefði.
16. - 19. maí 1976 og 20. - 23. júní 1976	USNS LYNCH (T-AGOR 7) R.vík Venjubundin heimsókn
28. júní - 4. júlí 1976	USNS ATAKAPA og NEPTUNE Hafnir og Hvalfjörður
26. - 28. ágúst 1976	USNV MIRFAK (T-AK 271) og strandg.skipið WESTWIND (WAG 281) R.vík Venjubundin heimsókn
16. - 21. júní 1977	USNS KANE (T-AGS 27) R.vík Venjubundin heimsókn
19. - 25. mars 1978	USNS LA MOURE COUNTY (LST-1194) Hvalfjörður og R.vík
2. - 7. ágúst 1978	USNS BARTLETT (T-AGOR 13) R.vík
26. - 27. mars 1979	USNS HAYES (T-AGOR 16) R.vík Venjubundin heimsókn

31. mars 1979	USS SUMTER (LST 1181) Straumsvík Afferma sendingu
13. - 14. maí 1979	USNS HAYES (T-AGOR 16) R.vík Til að hvíla áhöfn
10. - 13. ágúst 1979	Strandg.skipið WESTWIND (WAGB 281) R.vík Venjubundin heimsókn
11. - 13. júlí 1979	USNS MAUMEE (TAOT 149) Hvalfjörður Venjubundin heimsókn
17. - 19. sept. 1979	USS LUCE R.vík
29. sept. - 2. okt. 1979	Strandg.skipið WESTWIND R.vík
13. - 16. ágúst 1980	Strandg.skipið NORTHWIND (WAGB 282) R.vík Venjubundin heimsókn
7. - 11. júní 1981	USNS KANE (T-AGS 27) R.vík Venjubundin heimsókn
16. - 21. ágúst 1982	Hafrannsóknaskipið KNORR R.vík Vistaöflun og áhafnarskipti
8. - 12. okt. 1981	Strandg.skipið NORTHWIND (WAGB 282) R.vík

16. - 21. ágúst 1981	Hafrannsóknarskipið KNORR R.vík Venjubundin heimsókn
8. - 12. okt. 1981	Strandg.skipið NORTHWIND (WAGB 282) R.vík Venjubundin heimsókn
13. - 14. maí 1982	USNS BARTLETT R.vík Venjubundin heimsókn
12. - 16. ágúst 1982	Strandg.skipið NORTWIND R.vík Venjubundin heimsókn
16. - 20. ágúst 1982	USNS WILKES R.vík Venjubundin heimsókn
17. - 29. ágúst 1982	USNS BARTLETT R.vík Venjubundin heimsókn
9. - 10. okt. 1982	USNS YUKON Hvalfjörður Til að afferma olíu o.fl.
25. - 29. ágúst 1983	USS DEWEY R.vík
9. - 13. sept. 1983	Strandg.skipið NORTHWIND R.vík Venjubundin heimsókn
7. - 9. apríl 1984	Strandg.skipið NORTWIND R.vík Venjubundin heimsókn

13. - 20. ágúst 1984	Strandg.skipið NORTHWIND R.vík Venjubundin heimsókn
26. - 28. ágúst 1985	Strandg.skipið NORTWIND R.vík
29. - 31. ágúst 1985	Akureyri Venjubundin heimsókn
13. - 17. sept. 1985	Strandg.skipið DALLAS (WHEC 716) R.vík Venjubundin heimsókn
14. - 19. ágúst 1986	Strandg.skipið NORTWIND R.vík
27. - 30. ágúst 1986	USS DOYLE (FFG 39) R.vík Venjubundin heimsókn
30. júní 1987 Hvalfjörður	Hafrannsóknarskipið UNDERWOOD Vistaöflun og til að ferma olíu
31. júlí - 27. ágúst 1987	Hafrannsóknarskipið KNORR Innan ísl. landhelgi við rannsóknir
13. - 15. júlí 1987	USNS BARTLETT R.vík
6. - 7. - 8. og 20. - 21. ágúst 1987	Hafrannsóknarskipið KNORR R.vík Vísindalegar rannsóknir innan landhelgi Íslands 31.7. - 27.8.'87.
27. apríl - 2. maí 1988	Strandg.skipið NORTHWIND R.vík

6. - 8. maí 1988	USNS LYNCH R.vík
27. apríl - 2. maí 1988, 28. - 29. maí 1988 og 8. - 12. júlí 1988	Skólaskipið TEXAS CLIPPER R.vík
26. maí 1989	Rannsóknarskipið MAY CHOUEST R.vík
30. júlí - 1. ágúst 1990	Strandg.skipið POLAR SEA Keflavík
29. - 30. okt. 1990	USNS KANE R.vík
9. - 19. ágúst 1991	USNS BARTLETT R.vík

BRESK SKIP

Eftirtalin skip komu til að ferma olíu á tímabilinu 31. júlí 1961 - 26. ágúst 1962:

- - - - -

31. júlí 1961	HMS JUTLAND
2. ágúst 1961	HMS DUNCAN
4. ágúst 1961	HMS JUTLAND
7. ágúst 1961	HMS DUNCAN
9. ágúst 1961	HMS JUTLAND
	R.vík
10. ágúst 1961	HMS JUTLAND
	Siglufjörður
11. ágúst 1961	HMS RUSSELL
15. ágúst 1961	HMS JUTLAND
	R.vík
16. ágúst 1961	HMS RUSSELL
19. ágúst 1961	HMS JUTLAND
21. ágúst 1961	HMS RUSSELL
	Siglufjörður
22. ágúst 1961	HMS SCORPION
	R.vík
25. ágúst 1961	HMS RUSSELL
	Siglufjörður
28. ágúst 1961	HMS SCORPION
	R.vík
29. ágúst 1961	HMS RUSSELL
	R.vík

1. sept. 1961	HMS SCORPION
	R.vík
2. sept. 1961	HMS PALLISER
	Siglufjörður
5. sept. 1961	HMS SCORPION
6. sept. 1961	HMS PALLISER
8. sept. 1961	HMS BROADSWORD
	R.vík
11. sept. 1961	HMS PALLISER
12. sept. 1961	HMS BROADSWORD
	R.vík
14. sept. 1961	HMS PALLISER
	Siglufjörður
15. sept. 1961	HMS BROADSWORD
18. sept. 1961	HMS PALLISER
19. sept. 1961	BROADSWORD
	R.vík
21. sept. 1961	HMS MALCOLM
	Siglufjörður
22. sept. 1961	HMS BROADSWORD
26. sept. 1961	HMS MALCOLM
27. sept. 1961	HMS SCARBOROUGH
	R.vík
29. sept. 1961	HMS MALCOLM
2. okt. 1961	HMS SCRABOROUGH
	R.vík
2. okt. 1961	HMS MALCOLM
	Siglufjörður
6. okt. 1961	R.vík

6. okt. 1961	HMS SCARBOROUGH Siglufjörður
9. okt. 1961	HMS RUSSELL
11. okt. 1961	HMS SCARBOROUGH
13. okt. 1961	HMS ULSTER R.vík
14. okt. 1961	HMS RUSSELL Siglufjörður
17. feb. - 4. mars 1962	HMS RUSSELL
7. - 21. mars 1962	HMS PALLISER
22. mars - 10. apríl 1962	HMS DUNCAN
11. apríl - 5. maí 1962	HMS RUSSELL
9. - 27. maí 1962	HMS MALCOLM
27. maí - 13. júní 1962	HMS RUSSELL
15. - 29. júní 1962	HMS DUNCAN
29. júní - 13. júlí 1962	HMS MALCOLM
13. - 29. júlí 1962	HMS PALLISER
3. - 26. ágúst 1962	HMS MALCOLM R.vík

- - - - -

2. júní 1962	HMS RUSSEL R.vík V/ afm.hátíðar Elísabetar Bretadrottningar
29. ágúst - 22. sept. 1962	HMS Duncan
22. sept. - 16. okt. 1962	HMS Russel
19. okt. - 9. nóv. 1962	HMS Malcolm
7. - 28. nóv. 1962	HMS Russel
30. nóv. - 19. des. 1962	HMS Palliser
19. okt. - 7. nóv. 1962	HMS Malcolm

7. - 28. nóv. 1962	HMS Russel
30. nóv. - 19. des. 1962	HMS Palliser
26. jan. - 13. feb. 1962	HMS Palliser
2. - 11. mars 1963	HMS Duncan
11. - 30. mars 1963	HMS Russel
10. apr. - 1. maí 1963	HMS Malcolm
26. - 30. jan. 1963	HMS Palliser
1. - 10. feb. 1963	HMS Palliser
2. - 11. mars 1963	HMS Duncan
11. - 26. mars 1963	HMS Malcolm
17. - 27. mars 1963	HMS Russel
29. mars - 6. apr. 1963	HMS Russel
10. apr. - 1. maí 1963	HMS Palliser
7. - 28. maí 1963	HMS Malcolm
2. - 29. júní 1963	HMS Keppel
30. júní - 15. júlí 1963	HMS Malcolm
25. júlí - 14. ágúst 1963	HMS Palliser
7. - 20. ágúst 1993	HMS Duncan
28. ágúst - 11. sept. 1963	HMS Keppel
12. sept. - 1. okt. 1963	HMS Malcolm
5. - 26. okt. 1963	HMS Palliser
1. -20. nóv. 1963	HMS Duncan
22. nóv. - 14. des. 1963	HMS Palliser
10. - 18. des. 1963	HMS Duncan
5. - 12. jan. 1963	HMS Keppel
29. jan. - 21. feb. 1963	HMS Malcolm
26. feb. - 23. mars. 1963	HMS Keppel
1. - 4. des. 1965	Sjómælingaskipið HMS HECLA R.vík
6. - 8. des. 1965	Akureyri
10. - 15. júní 1966	Sjómælingaskipið HMS HYDRA R.vík

1. - 5. júlí 1966	Akureyri
22. - 26. júlí 1966	R.vík
12. - 16. ágúst 1966	R.vík
2. - 5. sept. 1966	R.vík
25. - 26. apríl. 1967	HMS BERWICK Hvalfjörður
26. - 29. apríl 1967	R.vík
26. - 27. maí 1968	HMS BRIGHTON R.vík
23. ágúst 1970	HMS BACCHANTE Hvalfjörður Eldsneytistaka
25. sept. - 24. okt. 1970	Hafrannsóknarskipið CIROLANA v/ fiskveiðirannsókna í ísl. landhelgi
20. - 22. nóv. 1970	HMS KEPPEL R.vík
2. - 3. des. 1970 14. - 15. des. 1970	HMS MALCOLM R.vík
28. jan. - 25. feb. 1971	Hafrannsóknarskipið CIROLANA
1. - 23. apríl 1971	Hafrannsóknarskipin CIROLANA og CLIONE
9., 13. og 20 okt. 1971	HMS BACCHANTE R.vík
1., 6. - 8. og 16. nóv.'71	HMS ASHANTI R.vík

25. - 29. nóv. 1971	HMS PENELOPE
1. - 6. des. 1971	R.vík
25. - 29. nóv. 1971	HMS JUPITER
8., 12. og 14. des. 1971	R.vík
13. - 18. mars 1972	Hafrannsóknarskipið CIROLANA
22. - 24. júlí 1972	Fylgdarskipið BULLFINCH R.vík
12. - 14. júní og 24. - 26. júní 1972	HMS ACHILLES R.vík
25. - 27. ágúst 1975	HMS ARGONAUT Hvalfjörður Birgðataka
21. - 22. mars 1977	Fylgdarskipið MIRANDA R.vík
17. - 19. sept. 1979	HMS BACCHANTE og RFA GREEN ROVER R.vík
2. okt. 1979	HMS JUNO og HMS KENT Hvalfjörður
25. - 29. ágúst 1983	HMS GLASGOW R.vík
4. - 8. maí 1984	HMS DUMBARTON R.vík
10. - 15. ágúst 1984	HMS OPOSSUM R.vík

24. - 27. maí 1985	HMS CLEOPATRA R.vík
4. - 8. júlí 1985	HMS LEEDS CASTLE R.vík
8. - 14. maí 1986	Sjómælingaskipið HMS HECATE Akureyri
30.júlí - 3. ágúst 1987	Sama R.vík
22. - 23. júlí 1987	RMAS NEWTON Seyðisfjörður
30. júlí - 3. ágúst 1987	R.vík
29. júlí - 2. ágúst 1987	MV SEA SEARCHER R.vík
6. - 9. maí 1988	HMS HECLA, RMAS NEWTON og NV SEA SEARCHER R.vík
2. - 8. júní 1989	HMS LEDBURY R.vík
17. - 23. okt. 1989	HMS PHOEBE R.vík
1. - 5. feb. 1990	HMS HERALD R.vík
16. - 20. maí 1991	HMS YORK R.vík
24. - 28. júní 1990	Snekkjan HMS BRITANNIA R.vík

FRÖNSK SKIP

28. - 30. maí 1962	COMMANDANT BOURDAIS R.vík
15. - 17. apríl 1964	LA RESOLUE R.vík
21. mars - 1. apríl 1965	RHONE R.vík
24. mars - 7. apríl 1965	NARVAL, DAUPHINE Akureyri
11. - 14. júní 1965	COMMANDANT BOURDAIS R.vík
27. - 31.maí 1966	SURCOUF, BOUVET OG PICARD R.vík
10. - 13. júní 1968	COMMANDANT BOURDAIS R.vík
24. - 25. maí 1968	SUFFREN OG D'ESTREES R.vík
29. júlí - 3. ágúst 1968	Hafrannsóknarskipið PAUL GOFFENY R.vík
3. - 26. apríl 1969	LOIRE R.vík
22. apríl 1969	Veðurathugunarskipið FRANCE II R.vík

16. - 19. júní 1969	COMMANDANT BOURDAIS R.vík
18. maí 1969	Veðurathugunarskipið FRANCE I R.vík
314. - 15. júní 1970	COMMANDANT BOURDAIS R.vík
27. - 30. apríl 1970	Olíuskipið ABERWRACH R.vík
13. - 15. júlí 1970	CASABIANCA R.vík
16. - 17. júlí 1970	Ísafjörður
7. - 8. sept. 1970	COMMANDANT BOURDAIS R.vík
14. - 19. maí 1971	COMMANDANT BOURDAIS R.vík
7. - 10. júlí 1971	CASABIANCA, LE CHAMPENOIS, LE CORSE OG LE PICARD R.vík
28. - 31. maí 1971	VAUGQULIN OG DUQUESNE R.vík
20. - 22. júlí 1971	Loftskeytaskipið HENRI POINCARÉ Lá við festar úti fyrir norðausturlandi
6. - 10. ágúst 1971	COMMANDANT BOURDAIS Akureyri

12. - 15. júní 1972	RHONE R.vík
25. - 28. okt. 1972	COMMANDANT BOURDAIS R.vík
30. maí - 2. júní 1973	LOIRE R.vík
4. - 7. júní 1974	RHONE R.vík
5. - 9. júní 1974	LOIRE R.vík
26. - 29. ágúst 1974	PSYCHE R.vík
27. - 29. maí 1976	ANYOT D'INVILLE R.vík
17. - 18. júní 1976	Hafrannsóknarskipið THALASSE R.vík
24. - 27. sept. 1976	RHONE R.vík
8. - 11. feb. 1977	DETROYAT R.vík
28. - 30. júlí 1977	REQUIN R.vík
22. - 24. maí 1978	D'ENTRECASTEAUX R.vík

23. - 26. júní 1980	Sjómælingaskipið ESPERANCE R.vík
29. ágúst - 2. sept. 1980	MORSE R.vík
30. júní - 3. júlí 1981	ESPERANCE R.vík
14. - 17. apríl 1982	MONTCALM R.vík
30. sept. - 25. okt. 1983	RHONE og DAUPHINE R.vík
2. - 6. júlí 1984	BERRY R.vík
23. - 25. júlí 1984	ANDROMEDE R.vík.
12. - 17. sept. 1986	VAUQULIN R.vík
5. - 10. des. 1986	RHONE og AGOSTA R.vík
2. ágúst 1987	Skólaskipið COMMANDANT RIVIERE R.vík
29. júlí - 3. ágúst 1987	D'ENTRECASTEAUX R.vík
6. - 8. maí 1988	FS D'ENTRECASTEAUX R.vík

3. - 18. júní 1988	Hafrannsóknarskipin LE HENAFF OG AMYOT D'INVILLE R.vík
19. - 23. sept. 1988	THETIS Akureyri
30. júní - 3. júlí 1989	SAGITTAIRE R.vík
9. - 14. ágúst 1990	AMYOT D'INVILLE R.vík
22. - 25. maí 1991	JEANNE D'ARC og ENSEIGNE DE VAISSEAU HENRY R.vík
1. - 5. ágúst 1991	BEVEZIERS R.vík

SOVÉSK SKIP

Eftirtalin skip eru rannsóknarskip nema annað sé tekið fram:

5. - 20. júlí 1962	GS 1 og GS 2 R.vík Vistaöflun
22. ágúst - 5. sept. 1963	POLIUS R.vík Vistaöflun
28. sept. - 9. okt. 1965	ZENIT og GLOBUS R.vík Vistaöflun
Mán.mót sept./okt. 1965	Segulmælingaskipið ZARIA R.vík Vistaöflun
29. júlí - 8. ágúst 1966	STVOR, COMPASS og TOPIC R.vík Vistaöflun
10. - 12. okt. 1969	ACADEMIK KURCHATOV R.vík Vistaöflun
24. - 28. okt. 1969	Tundurspillarnir MOSKOVSKIJ KOMSOMOLETS og STIRINII (STIRNEJNOE MARE) R.vík Kurteisisheimsókn
18. - 28. ágúst 1970	HYGROMETER R.vík Vistaöflun

20. - 23. sept. 1972	BORIS DAVYDOV og KRILJON R.vík Vistaöflun
8. - 15. maí 1973	VLADIMIR OBRUCHEV R.vík Vistaöflun
5. - 10. sept. 1973	PROFESSOR VIZE R.vík Vistaöflun
27. des. 1973	COSMONAVT VLADIMIR KOMAROV R.vík Vistaöflun
2. - 6. maí 1975	PASSAT R.vík Vistaöflun
5. - 9. maí 1975	KILDIN og MARS R.vík Vistaöflun
13. - 17. maí 1975	B. DAVIDOV R.vík Vistaöflun
20. - 22. maí 1975	PASSAT R.vík
28. - 31. júlí 1975	AKADEMIK KURCHATOV R.vík
15. - 18. ágúst 1975	Rannsóknatogarinn F. NANSEN Ísafjörður Vistaöflun

8. - 10. sept. 1975	PROFESSOR ZUBOV R.vík Vistaöflun
29. mars - 2. apríl 1976	SEMEN DEZHNEV R.vík Vistaöflun
26. - 30. apríl 1976	PROFESSOR ZUBOV R.vík Vistaöflun
26. - 30. apríl 1976	PROFESSOR VIZE R.vík Vistaöflun
18. - 28. maí 1976	NEREJ R.vík Vistaöflun
27. - 31. júlí 1976	IVAN KRUZENSHTERN og ACADEMICAN KRILOV R.vík Vistaöflun
9. - 14. ágúst 1976	SERGEI VAVILOV og PETER LEBEDEV R.vík Vistaöflun
2. - 5. sept. 1976	ELTON og KRILJON R.vík Vistaöflun
8. - 13. sept. 1976	IVAN KRUZENSHTERN og ACADEMICAN KRILOV R.vík Vistaöflun

12. - 15. okt. 1976	KRILJOV R.vík Vistaöflun
27. - 28. okt. 1976	ACADEMICAN KURCHTOV R.vík Vistaöflun
27. - 29. okt. 1976	VSEVOLOD BEREZKIN R.vík Vistaöflun
3 dagar á tímabilinu:	
10. - 20. júlí 1977	Skólaskipið KRUZENSHTERN R.vík Vistaöflun
11. - 15. ágúst 1977	MODAVIA og BALKHASH R.vík Vistaöflun
31. maí - 3. júní 1978	Hafrannsóknaskipið BORIS DAVIDOV R.vík Vistaöflun
14. - 18. des. 1978	LEONID DJEMIN R.vík Vistaöflun
4 dagar á tímibilinu:	
23. júní - 4. júlí 1980	ACADEMICAN SERGEI KOROLEV R.vík Vistaöflun

3 dagar á tímabilinu:	
30. júní - 3. júlí 1980	VSEVOLOD BEREZKIN R.vík Vistaöflun
7. - 10. júlí 1980	OTTO SHMIDT R.vík Vistaöflun
30. júlí - 4. ágúst 1980	ADJARIA og PLUTON R.vík Vistaöflun
20. - 25. ágúst 1980	IVAN KRUZENSCHTERN R.vík Vistaöflun
12. - 17. feb. 1981	PLUTON og ZODIAC og LEONID DEMIN R.vík Vistaöflun
19. - 22. mars 1981	OTTO SCHMIDT R.vík Vistaöflun
28. júní - 2. júlí 1982	ACADEMICIAN KURCHATOV R.vík Vistaöflun
25. - 29. júní 1982	A. VILKITSKY R.vík Vistaöflun
13. - 17. ágúst 1982	ACADEMICIAN MSTISLAV KELDYSK og RIFT R.vík Vistaöflun

30. ágúst - 6. sept. 1982	PROFESSOR ZUBOV R.vík Vistaöflun
20. - 23. sept. 1982	OTTO SCHMIDT R.vík Vistaöflun
2. - 5. des. 1982	OTTO SCHMIDT R.vík Vistaöflun
17. - 19. nóv. 1982	PROCZION R.vík Vistaöflun
21. - 25. júní 1983	OTTO SCHMIDT og LEV TITOV R.vík Vistaöflun
4. - 6. júlí 1983	PERSEUS III OG AYAKS R.vík Vistaöflun
11. - 13. júlí 1983	Sama.
27. - 29. ágúst 1983	DALNIE ZELEZNTSI R.vík
30. júlí - 3. ágúst 1983	LEONID DEMIN R.vík
5. - 7. ágúst 1983	SEDOV R.vík Vistaöflun
5. - 7. ágúst 1983	SEDOV R.vík Vistaöflun

2. - 5. sept. 1983	MIKHAIL KRUPSKI (RMUT) R.vík Vistaöflun
28. sept. - 3. okt. 1983	ACADEMICIAN ALEXEI KRILOV (UHWA) R.vík Vistaöflun
19. - 22. okt. 1983	MOLDAVIA R.vík Vistaöflun
7. - 10. nóv. 1983	PROFESSOR MULTANOVSKI og ACADEM. SHULEYKIN R.vík Vistaöflun
10. - 13. jan. 1984	PROFESSOR ZUBOV R.vík Vistaöflun
8. - 11. feb. 1984	PROFESSOR MULTANOVSKI R.vík Vistaöflun
5. - 8. feb. 1984	Dráttarbáturinn FOBOS R.vík Vistaöflun
28. júní 1984 í 2 daga	PERSEY III R.vík Til að ljúka rannsóknaskýrslu í samvinnu við ísl. aðila.
23. - 26. júlí 1984	PROFESSOR VIZE og ACADEMICIAN SHULEYKIN R.vík Vistaöflun
26. - 30. júlí 1984	PERSEY og PLUTON

	R.vík Vistaöflun
15. - 19. okt. 1984	MIKAHAIL KRUPSKI R.vík Vistaöflun
6. - 9. nóv. 1984	PROFESSOR MULTANOVSKI R.vík Vistaöflun og til að hvíla áhöfn.
7. - 10. nóv. 1984	ACADEMICIAN SHULEYKIN R.vík Vistaöflun
25. - 28. nóv. 1984	OTTO SCHMIDT R.vík Vistaöflun
3. - 7. feb. 1985	PROFESSOR POLSHKOV R.vík Vistaöflun
6. - 9. maí 1985	PROFESSOR MULTANOVSKI R.vík Vistaöflun
18. - 20. júní 1985	MENZELINSK R.vík Vistaöflun
4. - 6. júlí 1985	LEONID DEMIN R.vík Vistaöflun
15. - 18. júlí 1985	NIKOLAY KURAPATKIN R.vík Vistaöflun

11. - 15. sept. 1985	PLUTON og PERSEUS R.vík Vistaöflun
20. - 25. jan. 1986	ACADEMICIAN GOLITSIN Seyðisfjörður Vistaöflun
17. - 22. okt. 1986	IVAN KRUZENSHTERN R.vík Vistaöflun
8. - 10. júlí 1987	GENICHESK R.vík Vistaöflun
21. - 25. sept. 1987	POLUS R.vík Vistaöflun
14. - 17. mars 1988	OTTO SCHMIDT R.vík Vistaöflun
27. feb. - 2. mars 1989	PROFESSOR MULTANOVSKI R.vík Vistaöflun
6. - 9. mars 1989	OTTO SCHMIDT R.vík Vistaöflun
30. maí - 2. júní 1989	OTTO SCHMIDT R.vík Vistaöflun
30. maí - 1. júní 1990	AC. IOFFE og AC. S. VAVILOV R.vík Vistaöflun

45. Frumvarp til laga [44. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1992 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess á bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1991 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1991.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1992 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir lög þessi ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð í árslok 1991. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1992 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,5% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt sem ekki nær 4.000 kr. skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1991 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1992. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár fer um álagningu og innheimtu hans eftir lögum nr. 110/1990. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1991 er áætlað að innheimtar tekjur af skattinum verði um 460 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari og að tekjur á árinu 1992 verði um 500 millj. kr. Af þessum sökum er í frumvarpi þessu lagt til að ákvæði efnislega samhljóða lögum nr. 110/1990 verði lögfest vegna álagningar opinberra gjalda 1992. Eins og fram hefur komið m.a. í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að þessi sérstaki eignarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði felldur niður þegar upp hefur verið tekin almenn skattlagning eignatekna.

46. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1968, um bókhald.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, **IV. Reikningsskilaráð og góð reikningsskilavenja**, með þremur greinum og breytast kafla- og greinatölur samkvæmt því:

a. (23. gr.)

Ráðherra skal skipa fimm sérfróða menn til fjögurra ára í senn í nefnd sem nefnist reikningsskilaráð. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, annar af viðskiptadeild Háskóla Íslands, þriðji af Verslunarráði Íslands, sá fjórði skal vera ríkisendurskoðandi, en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar formann reikningsskilaráðs úr hópi nefndarmanna.

b. (24. gr.)

Reikningsskilaráð skal stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila. Ráðið skal gefa

álit á því hvað telst vera góð reikningsskilavenja á hverjum tíma. Reikningsskilaráð skal árlega auglýsa í Lögbirtingablaðinu skrá yfir útgefnar reglur og álit.

Ráðið skal starfa í nánu samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og hagsmunaaðila. Það getur einnig verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ákvæði sem sett eru í lögum eða reglugerðum um reikningsskil.

c. (25. gr.)

Ráðherra ákveður skiptingu kostnaðar við störf reikningsskilaráðs að höfðu samráði við tilnefningaraðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að loknum viðræðum við stjórn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um vinnubrögð við mótun góðrar reikningsskilavenju. Góð reikningsskilavenja hefur verið skilgreind sem samheiti yfir þær aðferðir sem sérhæfðir og samviskusamir kunnáttumenn á sviði reikningshalds beita á hverjum tíma við gerð reikningsskila. Góð reikningsskilavenja hér á landi hefur einkum mótast af lögum og reglum, alþjóðlegum reikningsskilareglum og álitsgerðum reikningsskilanefndar FLE. Áður fyrr voru ákvæði skattalaga mjög ráðandi við alla reikningsskilagerð, en á síðari árum hefur verið vikið frá fyrirmælum skattalaga í vaxandi mæli við gerð ársreikninga fyrirtækja þótt að sjálfsögðu hafi skattskil fyrirtækjanna byggst á þeim. Reglur skattalaga þurfa ekki að móta reikningsskil, en kjósi löggjafinn svo geta reikningsskilareglur aftur á móti haft veruleg áhrif á skattskilareglur. En skortur á formlega settum reglum um reikningsskil hefur að margra dómi þótt leiða til minna samræmis í reikningsskilum en æskilegt er.

Á undanförnum árum hefur einnig orðið sú breyting að forráðamenn fyrirtækja hafa sífellt haft meira um það að segja hvernig reikningsskil fyrirtækjanna eru sett fram, en áður var það nánast eingöngu ákvörðun löggiltra endurskoðenda. Þetta er eðlileg þróun og í samræmi við ákvæði laga þar sem fram kemur að það sé hlutverk stjórnenda félaga að gera reikningsskil þeirra. Afleiðing þessarar þróunar er að í fleiri tilvikum en áður koma fram skiptar skoðanir um reikningsskilaaðferðir, þ.e. á hvern hátt reikningsskil endurspegli sem best afkomu og fjárhagsstöðu viðkomandi fyrirtækja. Leiðir þetta oft og tíðum til málamiðlana sem auka á misræmi í reikningsskilaaðferðum í landinu. Sá vísir að hlutabréfamarkaði, sem nú er að skapast hér á landi, eykur enn frekar þörfina á að samræma aðferðir við gerð reikningsskila.

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda hefur ályktað um nauðsyn þess að samræma aðferðir við gerð reikningsskila og telur hún að enn ríkari ástæður liggi til þess en áður að skýrar reglur gildi um reikningsskil fyrirtækja, reglur sem liggi ljósar fyrir og víðtæk samstaða ríki um í þjóðfélaginu. Er það álit stjórnar félagsins að ekki nægi lengur að reikningsskilanefnd FLE gefi út álit á ýmsum reikningsskilamálum. Ástæðan sé sú að hvorki félagsmenn FLE né forráðamenn fyrirtækja telji sig bundna af slíkum álitsgerðum. Hafi það leitt til meira ósamræmis í framsetningu reikningsskila en æskilegt geti talist þótt mismunandi framsetning geti að vissu marki rúmast innan góðrar reikningsskilavenju.

Stjórn FLE óskaði eftir viðræðum við fulltrúa fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis um málið og tók ríkisskattstjóri einnig þátt í þeim. Er þetta frumvarp niðurstaðan af þeim viðræðum eins og áður segir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lögunum um bókhald verði breytt á þann veg að inn í þau komi nýr kafli: **Reikningsskilaráð og góð reikningsskilavenja**. Verður kaflinn þrjár greinar.

Í fyrstu greininni, sem verður 23. gr. laganna, verði ákvæði um að fjármálaráðherra skipi fimm sérfróða menn til fjögurra ára í senn í nefnd sem nefnist reikningsskilaráð. Þrír nefndarmenn séu skipaðir samkvæmt tilnefningum þeirra aðila sem upp eru taldir í greininni. Sá fjórði sé ríkisendurskoðandi og sá fimmti sé skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar formann reikningsskilaráðs úr hópi nefndarmanna.

Í annarri greininni, sem verður 24. gr. laganna, er mælt fyrir um starfssvið ráðsins. Haft er í huga að fagleg vinnubrögð verði höfð að leiðarljósi í starfsemi ráðsins og að ráðið taki upp mál ýmist að eigin frumkvæði eða eftir utanaðkomandi ábendingum. Ráðið mundi óska eftir umsögnum frá hagsmunaaðilum og reikningsskilanefnd FLE eftir því sem við á, en síðan gefa álit eða ákveða útgáfu á samræmdum reglum. Auk þess að vera fjármálaráðherra til ráðuneytis um útgáfu reglugerða samkvæmt bókhaldslögunum getur ráðið verið öðrum stjórnvöldum til ráðuneytis um ákvæði sem sett eru í lögum eða reglugerðum og varða reikningsskil. Hér má sem dæmi nefna ákvæði hlutafélagalaga um reikningsskil hlutafélaga og ákvæði sveitarstjórnarlaga um ársreikninga sveitarfélaga.

Í faglegri umfjöllun sinni um reikningsskilareglur mundi ráðið auk íslenskrar löggjafar hafa til hliðsjónar alþjóðlegar reikningsskilareglur og venjur en vaxandi alþjóðavæðing atvinnulífsins kallar á samræmingu á þessu sviði milli Íslands og annarra ríkja.

Í þriðju greininni, sem verður 25. gr. laganna, er lagt til að ráðherra ákveði skiptingu kostnaðar við störf reikningsskilaráðs að höfðu samráði við tilnefningaraðila. Reynsla frá nágrannalöndunum sýnir að verulegur kostnaður getur verið því samfara að semja tillögur um reikningsskilareglur sem lagðar eru fyrir samsvarandi stofnanir og reikningsskilaráði er ætlað að verða. Eðlilegt þykir að ríkissjóður, Verslunarráð Íslands og FLE beri kostnað sem af starfi nefndarinnar hlýst, þar með talinn kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar, ritfanga, birtingar- og fundakostnaðar, samkvæmt nánara samkomulagi sem staðfest sé með ákvörðun ráðherra. Gert er ráð fyrir að ráðið starfi eftir fjárhagsáætlun sem lögð sé fyrir til staðfestingar aðila fyrir upphaf hvers starfsárs.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

47. Fyrirspurn [46. mál]

til fjármálaráðherra um ferða- og dagpeninga opinberra starfsmanna.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir nýjum reglum um ferða- og dagpeninga opinberra starfsmanna? Ef svo er, á hvern hátt og hvenær?

48. Fyrirspurn [47. mál]

til fjármálaráðherra um áfengiskaup opinberra aðila hjá ÁTVR.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á reglum varðandi áfengiskaup opinberra aðila hjá ÁTVR? Ef svo er, á hvern hátt og hvenær?

49. Fyrirspurn [48. mál]

til samgönguráðherra um umferð á Reykjanesbraut.

Frá Árna R. Árnasyni.

Hvað líður undirbúningi aðgerða til að bæta öryggi vegfarenda á Reykjanesbraut og til að auka flutningsgetu brautarinnar, allt frá Hafnarfjarðarvegi í Engidal til Suðurnesja?

50. Skýrsla [49. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um könnun á mataræði Íslendinga.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

Á sl. ári fór fram viðamikil könnun á mataræði Íslendinga á vegum heilbrigðisráðuneytis og Manneldisráðs. Könnunin var gerð samkvæmt fyrirmælum Alþingis, sbr. þingsályktun um manneldis- og neyslustefnu sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 1989. Fyrsta skýrsla um könnunina er nú lögð fyrir Alþingi samkvæmt ákvæði þingsályktunar. Í skýrslunni er greint frá helstu sérkennum í íslensku mataræði borið saman við aðrar þjóðir og birtar niðurstöður varðandi neyslu matvæla og næringarefna eftir aldri og kyni.

Niðurstöður könnunarinnar. — Hvað borða Íslendingar?

Það vekur athygli þegar borin er saman neysla Íslendinga og annarra Evrópuþjóða að við sláum hvert metið á fætur öðru ýmist vegna mikillar eða óvenjulítillar neyslu á einstökum matvörum. Ekki eru þessi met öll jafneftirsóknarverð þótt öðrum vildum við síst glata því í þeim felast helstu og bestu kostir á íslenskri matarmenningu. Við getum stært okkur af því að borða meira af fiski en nokkur önnur Evrópuþjóð, en hljótum líka þann vafasama heiður að eiga Evrópumet í gosdrykkjaneyslu. Nýmjólkurneysla er hér meiri en víðast hvar í álfunni og kindakjöt borðar engin Evrópuþjóð í sama mæli og Íslendingar, en þegar röðin kemur að grænmetinu vermum við neðsta sætið og sömu sögu er að segja um fæðu úr jurtaríkinu almennt.

Hvaða lærdóm getum við dregið af þessum staðreyndum? Borða Íslendingar nægilega hollan mat?

Því er ekki að neita að ýmislegt gæti betur farið í mataræði Íslendinga. Lítil notkun grænmetis og annarrar jurtafæðu auk mikillar fituneyslu eru án efa þeir ókostir sem

þyngst vega á metunum, að minnsta kosti ef góð heilsa og hollusta er höfð að leiðarljósi við fæðuval. Fyrir fáeinum árum birtu heilbrigðisyfirvöld sérstök markmið í manneldismálum, „Manneldismarkmið fyrir Íslendinga“ þar sem lögð var áhersla á hófsemi í notkun fitu og sykurs en því ríflegri neyslu grænmetis og ávaxta, kornvöru, fiskmetis og fituminni mjólkur- og kjötvara. Þegar niðurstöður könnunarinnar eru bornar saman við manneldismarkmiðin kemur skýrt í ljós að enn eigum við nokkuð langt í land með að ná settu marki. Samkvæmt könnuninni er fita í íslensku fæði að jafnaði 41 af hundraði orkunnar, en markmiðið hljóðar upp á 35 af hundraði eða minna. Þarna ber töluvert á milli, jafnvel svo að mörgum gæti þótt nánast ógjörningur að ná því marki án gjörbyltingar í íslenskum matarvenjum og matarmenningu. Sem betur fer kemur annað í ljós við nánari athugun.

Fituríkur matur er auðvitað engin ný bóla í mataræði Íslendinga. Þeir sem eru komnir yfir miðjan aldur muna hversu gaumgæfilega hver einasta hvít fituarða var nýtt til matar og hvílík sóun hefði þótt fyrir fáeinum áratugum að skera burtu hverja ljósleita tægju af kjöti eins og nú er gjarnan gert. Fitan var verðmæti, hún var mikilvægur orkugjafi þjóðar sem bjó við kröpp kjör í harðbýlu landi.

Í ljósi þessarar fortíðar kemur ef til vill nokkuð á óvart að fæði Íslendinga er greinilega feitara nú en á árunum fyrir stríð. Heimildir um fæði Íslendinga frá þessum tíma eru óvenjutraustar því árið 1939 var gerð ítarleg og vönduð könnun á mataræði Íslendinga þar sem öll fæða til heimilisins var tíunduð, þar með talin hver fituögn. Það var prófessor Júlíus Sigurjónsson sem stjórnaði þeirri könnun en Manneldisráð Íslands var einmitt stofnað í tengslum við þessar framkvæmdir.

Þegar niðurstöður þessara tveggja kannana eru bornar saman kemur að sjálfsögðu í ljós að fæði Íslendinga hefur um margt gjörbreyst, nánast umturnast á hálfri öld. Neysla grænmetis og ávaxta hefur margfaldast og sömu sögu er að segja um ótal fæðutegundir, svo sem kökur, kex, sælgæti og sæta drykki. Hins vegar er mun minna borðað af kjötfitu en áður, meira að segja svo að fita úr kjöti vegur tiltölulega lítið í heildarneyslu Íslendinga. Samt sem áður er fituneyslan í heild meiri nú en árið 1939 og hefur aukningin orðið mest í sveitum og þéttbýli við sjávarsíðuna en minni á höfuðborgarsvæðinu og öðrum verslunarstöðum.

Eru þetta ekki einfaldlega mistök í útreikningum kann einhver að spyrja. Hvaðan kemur eiginlega þessi fita sem á að hafa bæst við matinn? Niðurstöður nýju könnunarinnar veita einmitt svör við þessum spurningum. Þar kemur glöggt í ljós að nánast helmingur þeirrar fitu sem nútíma Íslendingar borða kemur úr smjöri, smjörlíki og olíum, þ.e. alls konar feiti sem notuð er við matargerð og sælgætisgerð, í bakstur, sósur, á brauð, kex og með mat. Fita úr ostum og mjólkurvörum er einnig töluverð og meiri en fyrir stríð, en kjötfitan ein hefur minnkað.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að fæði flestra Íslendinga er tiltölulega bætiefnaríkt. Á þessu eru þó mikilvægar undantekningar einkum hvað varðar gamalt fólk. Allur þorri fólks yfir sjötugt borðar það lítið og það fábreytt fæði að það nær ekki ráðlögðum dagskammti (RDS) af flestum nauðsynlegum næringarefnum og um helmingur gamals fólks fær innan við tvo þriðju af RDS fyrir járn, B6-, C-, D- og E-vítamín.

Í öðrum aldurshópum er bætiefnarýrt fæði fátíðara. Fæði kvenna er þó alla jafna bætiefnasnauðara en karla, einfaldlega vegna þess að konur borða minni mat, en karlar en þurfa í sumum tilvikum jafnvel meira af næringarefnum en karlar. Járn í fæðu kvenna er t.d. undantekningarlítið langt undir RDS-gildi, jafnvel svo að helmingur kvenna fær aðeins um helming ráðlags dagskammts af járni. Kalk í fæði kvenna krefst einnig sérstakr-

ar umfjöllunar. Meðalneysla kvenna á kalki er nokkuð há hér á landi borið saman við aðrar þjóðir. Samt sem áður fær um fjórðungur íslenskra kvenna minna en ráðlagðan skammt af kalki úr fæðunni.

Vandi karla í sambandi við mataræði tengist fyrst og fremst fituneyslunni. Karlar borða feitari mat en konur, þeir smyrja brauðið meira og velja oftar nýmjólk í stað léttmjólkur eða undanrennu. Hjartasjúkdómar eru algengari meðal karla en kvenna, en mikil fituneysla eykur enn frekar líkur á þessum alvarlegu sjúkdómum. Því er jafnvel brýnna fyrir karla en konur að huga að þessum þætti mataræðis.

Önnur skýrsla um könnunina er væntanleg á þessu ári. Þar verður m.a. greint frá máltíðaskipan og mataræði fólks eftir búsetu, tekjum, atvinnu, menntun og öðrum félagslegum þáttum.

51. Frumvarp til laga [50. mál]

um stofnun sjóðs til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Guðni Ágústsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Hjálmar Jónsson, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson, Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Johnsen, Hermann Níelsson, Stefán Guðmundsson, Sturla Böðvarsson, Árni R. Árnason, Guðmundur Árni Stefánsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Elínbjörg Magnúsdóttir, Eggert Haukdal, Árni M. Mathiesen, Guðjón A. Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson, Finnur Ingólfsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigbjörn Gunnarsson, Tómas Ingi Olrich.

1. gr.

Stofna skal sjóð til að styrkja efnilega íslenska íþróttamenn. Skal stofnfé sjóðsins samsvara árslaunum fjögurra háskólakennara.

Tilgangur sjóðsins er að skapa efnilegum íþróttamönnum fjárhagslegan grundvöll til að helga sig íþrótt sinni.

2. gr.

Fjárveiting skv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1992.

Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan ætluð fjárveiting er nemi eigi lægri fjárhæð en í 1. gr. greinir. Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á launum háskólakennara.

3. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa þeir íþróttamenn sem að mati stjórnar sjóðsins hafa sýnt ótvíræða hæfileika í íþróttagrein sinni og eru því líklegir til afreka á því sviði.

Sérsambönd innan ÍSÍ skulu senda stjórn sjóðsins fyrir upphaf hvers fjárhagsárs tilnefningar um íþróttamenn er hljóta skulu styrk það ár.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Í henni skulu sitja þrír menn, einn tilnefndur af framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands, einn af íþrótta-

nefnd ríkisins og einn skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara þar sem m.a. skal kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutun úr honum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íþróttir eru sívaxandi hluti daglegs lífs hjá almenningi hér á landi. Daglega leggja þúsundir manna á öllum aldri stund á íþróttir um land allt bæði innan dyra og utan. Með auknum frítíma og áhuga á einstökum greinum íþrótta hefur mikilvægi íþrótta margfaldast fyrir fólkið í landinu. Íþróttahreyfingin og keppnisíþróttirnar eru aflvakinn að íþróttaiðkuninni og fullyrða má að almenningur ætti þess ekki kost að iðka ýmsar íþróttagreinar í hinum fjölmörgu íþróttamannvirkjum ef ekki hefði notið við dugmikilla og fórnfúsra einstaklinga sem lagt hafa á sig ómælt erfiði og oft og tíðum mikil útgjöld.

Jafnframt aukinni íþróttaiðkun hefur geta íslenskra íþróttamanna í keppni aukist ár frá ári og árangur þeirra vakið athygli víða um heim.

Afreksíþróttir eru viðurkenndur og þýðingarmikill þáttur í almennri uppbyggingu íþrótta. Flestar þjóðir telja afrek á alþjóðavettvangi bestu og ódýrustu landkynningu sem völ er á og þar með hlýtur að vera tímabært fyrir okkur Íslendinga að meta að verðleikum kynningar- og áróðursgildi afreksíþrótta. Gott dæmi um kynningar af þessu tagi er frábær árangur nýbakaðra heimsmeistara okkar í brids.

Það hefur háð markvissri uppbyggingu og langtímaþjálfun afreksmanna okkar að þeir hafa ekki getað gefið sig óskipta að æfingu t.d. fyrir Ólympíuleika og heimsmeistarakeppni vegna baráttu fyrir daglegu brauði. Óhugsandi er að í framtíðinni verði unnt að treysta alfarið á dugnað og atorku nokkurra forustumanna íþróttahreyfingarinnar til þess að unnt verði að ná afreksárangri. Við verðum að gera átak í þessum efnum.

Fjárframlög ríkisins til íþróttahreyfingarinnar eru sáralítil og hafa verið skorin rösklega niður sl. ár. Ef við berum okkur saman við aðrar Norðurlandaþjóðir geta alþingismenn ekki litið kinnroðalaust framan í æskufólk sem leggur sig í líma við að hefja nafn Íslands til vegs á erlendum vettvangi. Nú er og komið fordæmi fyrir því að afreksmenn njóti náðar Alþingis, en með samþykkt stjórnarfrumvarps um Launasjóð stórmeistara í skák er brautin rudd og ber að fagna því. Frumvarp þetta er af sömu rótum runnið og sniðið að þörfum íþróttahreyfingarinnar.

52. Frumvarp til laga [51. mál]

um lífeyrisréttindi hjóna.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa meðan á hjónabandi stóð, skulu teljast hjúskapareign þeirra. Við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skulu þau ellilífeyrisréttindi, sem áunnust meðan hjónabandið stóð, skiptast jafnt milli þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram í efri deild á 112. og 113. þingi en náði ekki fram að ganga. Það er því endurflutt á grundvelli sömu forsendna.

Eins og nú er háttað eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Það er því sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

53. Fyrirspurn [52. mál]

til fjármálaráðherra um skattalega meðferð á keyptum aflakvóta í sjávarútvegi.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvernig telur ráðherra það samrýmast 1. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, að kaup á varanlegum veiðiheimildum séu eignfærð í efnahagsreikningi og fyrnd eftir sömu reglum og gildir um skip og skipsbúnað, sbr. bréf ríkisskattstjóra dagsett 4. júlí 1990 til allra skattstjóra?
2. Telur ráðherra að unnt sé með lagabreytingu eða afnámi laga að svipta kaupanda eign sinni, þ.e. þeim varanlegu veiðiheimildum sem eignfærðar eru samkvæmt áður tilvitnuðu bréfi ríkisskattstjóra og mynda jafnframt stofn til eignarskatts?

3. Gilda sömu reglur um skattalega meðferð á keyptum varanlegum veiðiheimildum (aflahlutdeild) ef kaup eiga sér stað eftir gildistöku laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða? Ef svo er ekki, hverjar eru reglurnar?
4. Ef svarið við 3. lið felur í sér að kaup á aflahlutdeild er eignfærð og fyrnd, hver er rökstuðningurinn fyrir þeirri niðurstöðu, sérstaklega með hliðsjón af 1. gr. laganna; telur þá ráðherra unnt að svipta kaupanda séreign sinni síðar með lagabreytingu eða afnámi laga?

Skriflegt svar óskast.

54. Fyrirspurn [53. mál]

til menntamálaráðherra um aðgang íslenskra námsmanna að háskólum í ríkjum Evrópubandalagsins.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hefur íslenskum námsmönnum verið synjað um aðgang að framhaldsnámi í ríkjum Evrópubandalagsins vegna þess að námsmenn frá öðrum Evrópubandalagsríkjum hafi haft forgang að námi?
2. Ef svo er, hvaða skólar eiga þar í hlut?

55. Fyrirspurn [54. mál]

til samgönguráðherra um málefni flugfélaga á landsbyggðinni.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Er gert ráð fyrir að sú reglugerð um flugmál, sem koma á til framkvæmda um næstu áramót og skyldar flugfélög til að hafa tvo flugmenn í öllum flugvélum, komi til framkvæmda?
2. Ef svo er, mun þá póstflug og sjúkraflug í landshlutunum leggjast af?
3. Hvernig verður þá íbúum þessara svæða tryggð sú þjónusta og það öryggi sem í því hefur verið fólgið að flugvélar hafa haft aðsetur úti á landsbyggðinni?

56. Fyrirspurn [55. mál]

til forsætisráðherra um jöfnun atkvæðisréttar.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur.

Hvenær hefst endurskoðun núgildandi kosningalaga „í þeim tilgangi að tryggja jafnræði með kjósendum“, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, og hvernig verður staðið að þeirri endurskoðun?

57. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á lögum um Lyfjatæknaskóla Íslands, lögum um sjúkraliða, lögum um Ljósmæðraskóla Íslands og á ljósmæðralögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

15. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum, orðist svo:

Menntamálaráðuneytið starfrækir við framhaldsskóla nám í lyfjatækni í samvinnu við samtök lyfsala. Menntamálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um námið og tilhögun þess.

Lyfjabúðum er skylt samkvæmt nánari ákvörðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í reglugerð að vista lyfjatækninema til verklegs náms.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, orðist svo:

Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

4. mgr. 5. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, eins og greininni var breytt með lögum nr. 73/1989, fellur niður.

3. gr.

Við 6. gr. laga nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands, bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Lög þessi falli úr gildi 31. desember 1992.

4. gr.

1. mgr. 2. gr. ljósmæðralaga, nr. 67/1984, orðist svo:

Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 113. löggjafarþingi 1990 var lagt fram á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frumvarp til laga um flutning Lyfjatæknaskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands til menntamálaráðuneytisins. Jafnframt voru lagðar til breytingar á lögum um sjúkraliða, nr. 58/1984, en Sjúkraliðaskóli Íslands var formlega lagður niður 1. nóvember 1990, og lögum nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands, þess efnis að hann yrði lagður niður á árinu 1992.

Á Alþingi náðist aðeins að afgreiða yfirfærslu Þroskaþjálfaskóla Íslands til menntamálaráðuneytisins, sbr. lög nr. 30/1991, um breytingu á lögum um Þroskaþjálfaskóla Íslands, nr. 40/1985. Eftir stendur því að taka afstöðu til flutnings Lyfjatæknaskóla Íslands, breytinga á lögum um sjúkraliða, vegna þess að sá skóli hefur verið lagður nið-

ur, og um að leggja niður Ljósmæðraskóla Íslands, en ekki vannst tími til þess á síðasta þingi að taka afstöðu til þessara þátta.

Á árinu 1990 tókst samkomulag milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra um að menntamálaráðuneytið tæki við yfirstjórn og rekstri náms þroskaþjálfa, lyfjatækna og sjúkraliða. Var við það miðað að þessi breyting ætti sér stað 1. júlí 1991. Eins og áður segir var lögum breytt sl. vor þannig að starfsemi Þroskaþjálfaskólans hefur verið færð til menntamálaráðuneytisins. Frá og með 1. nóvember 1990 var Sjúkraliðaskóli Íslands formlega lagður niður en það kallaði ekki á lagabreytingar þótt breyta þurfi lögunum um sjúkraliða með hliðsjón af því að skólinn er ekki lengur til. Þannig er Þroskaþjálfaskóli Íslands nú undir yfirstjórn menntamálráðuneytis og hið sama gildir um nám sjúkraliða sem er stundað í fjölbrautaskólum víðs vegar í landinu. Hefur Fjölbrautaskólinn við Ármúla í Reykjavík yfirtekið húsnæði og kennslugögn Sjúkraliðaskólans en hann var til húsa í næsta nágrenni við Fjölbrautaskólann. Þar sem breytingar á lögum um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, náðu ekki fram á síðasta þingi, er á nýjan leik gerð tillaga þar að lútandi, en engum tilgangi þjónar að vísa til Sjúkraliðaskóla Íslands í lögunum þar sem hann er ekki lengur starfandi.

Það er skoðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að rekstur skóla, hvaða nafni sem þeir nefnast, eigi að vera á verksviði menntamálaráðuneytisins og í samræmi við það leggur ráðuneytið til á nýjan leik að Lyfjatæknaskóli Íslands lúti yfirstjórn menntamálaráðuneytsins með sama hætti og aðrir skólar, svo sem Þroskaþjálfaskóli Íslands, í samræmi við áðurnefnt samkomulag milli ráðuneytanna.

Ráðuneytin hafa enn fremur komist að samkomulagi um að Ljósmæðraskóli Íslands verði lagður niður á árinu 1992 og að sá hópur sem hóf nám í fyrra haust verði síðasti hópurinn sem lýkur námi frá skólanum, en það mun eiga sér stað vorið 1992. Á vegum menntamálaráðuneytisins er hafin athugun á framtíðarskipan ljósmæðranáms og hugsanlegum tengslum þess við námsbraut í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands. Til þess að þessar breytingar á Ljósmæðraskóla Íslands nái fram að ganga þarf að breyta tvennum lögum, annars vegar lögum nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands, þar sem gert yrði ráð fyrir að lögin falli úr gildi 31. desember 1992, og hins vegar 1. mgr. 2. gr. ljósmæðralaga, nr. 67/1984, vegna veitingar starfsleyfa fyrir ljósmæður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að Lyfjatæknaskóli Íslands flytjist yfir til menntamálaráðuneytisins og hefur menntamálaráðuneytið hug á að hann verði sérstök námsbraut innan framhaldsskólakerfisins.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um breytingar á 1. mgr. 2. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, þar sem í stað þess að vísa til Sjúkraliðaskóla Íslands, sem ekki er lengur til, er gert ráð fyrir því að veita skuli þeim leyfi til að stunda störf sjúkraliða sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir. Eins og áður kemur fram fer kennsla sjúkraliða nú fram í nokkrum fjölbrautaskólum í landinu.

Enn fremur er lagt til að 4. mgr. 5. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, eins og greininni var breytt með lögum nr. 73/1989, verði felld niður, og helgast það af því að óraunhæft er að vísa til náms í skóla, sem hefur verið lagður niður, sbr. reglugerð um afnám

reglugerðar nr. 357/1983 fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands og um réttindi og skyldur sjúkraliða með breytingu nr. 127/1987 frá 10. apríl 1991.

Um 3. gr.

Ákveðið hefur verið í samráði við menntamálaráðuneytið að Ljósmæðraskóli Íslands verði lagður niður og er því gert ráð fyrir því að lög um Ljósmæðraskóla Íslands, nr. 35/1964, falli úr gildi í lok næsta árs.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um nauðsynlegar breytingar á ljósmæðralögum nr. 67/1984, vegna þess að Ljósmæðraskóli Íslands verður lagður niður, og er þá óraunhæft að skírskota til hans í lögunum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

58. Fyrirspurn [57. mál]

til menntamálaráðherra um fræðslu í skyndihjálp í grunnskólum landsins.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

Hvernig er háttað kennslu og þjálfun í skyndihjálp í grunnskólum landsins?

59. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Heiti XXII. kafla breytist svo að í stað „**Skírlífisbrot**“ komi: **Kynferðisbrot**.

2. gr.

194. gr. orðist svo:

Hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manneskju til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 10 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Hafi hættuleg aðferð verið notuð við verknaðinn eða sakir eru miklar að öðru leyti skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum.

3. gr.

195. gr. orðist svo:

Hver sem með annars konar ólögmætri nauðung þröngvar manneskju til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

4. gr.

196. gr. orðist svo:

Hver sem notfærir sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manneskju til þess að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar eða þannig er ástatt um hana að öðru leyti að hún getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

5. gr.

197. gr. orðist svo:

Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, geðsjúkrahúsi, vistheimili, uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann eða vistkonu á stofnuninni varðar það fangelsi allt að 4 árum.

6. gr.

198. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við manneskju utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hún er honum háð fjárhagslega eða í atvinnu sinni skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, sé manneskjan yngri en 18 ára, allt að 6 árum.

7. gr.

199. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við manneskju vegna þess að hún heldur ranglega að þau hafi samræði eða önnur kynferðismök í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða hún er í þeirri villu að hún heldur sig hafa samræði eða önnur kynferðismök við einhvern annan skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu varðar það ef samræði eða önnur kynferðismök eiga sér stað vegna þeirrar blekkingar að um læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð sé að ræða.

8. gr.

200. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 6 árum og allt að 10 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja en sú er greinir í 1. mgr. varðar allt að 2 ára fangelsi og allt að 4 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að 4 árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri, þegar verknaður átti sér stað, má ákveða að refsing falli niður að því er þau varðar.

9. gr.

201. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni, yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 4 árum og allt að 6 ára fangelsi sé barn yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 2 árum og allt að 4 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

10. gr.

202. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi allt að 10 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir ungmenni á aldrinum 14–16 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

11. gr.

204. gr. orðist svo:

Hafi brot skv. 201. eða 202. gr. verið framið í gáleysi um andlegt ástand eða aldur þess er fyrir broti varð skal beita vægari refsingu að tiltölu sem þó má ekki fara niður úr lægsta stigi refsivistar.

12. gr.

205. gr. orðist svo:

Refsing skv. 194.–199., 202. og 204. gr. má falla niður, ef karl og kona, er kynferðismökin hafa gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð, ef þau voru þá í hjónabandi eða óvígðri sambúð, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram sambúð.

13. gr.

206. gr. orðist svo:

Hver sem stundar vændi sér til framfærslu eða hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngra en 18 ára, til þess að hafa ofan af fyrir sér með lauslæti.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að útflutningi nokkurs manns úr landi í því skyni að hann hafi ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti, ef útflytjandinn er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang með utanförinni.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða gerir sér lauslæti annarra að tekjulind, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða varðhaldi ef málsbætur eru.

14. gr.

208. gr. orðist svo:

Nú hefur maður, sem sæta skal refsingu eftir 206. gr., áður verið dæmdur fyrir brot á þeirri grein, eða hann hefur áður verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot,

má þyngja refsingu svo að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

15. gr.

209. gr. orðist svo:

Hver sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis skal sæta fangelsi allt að 4 árum, en varðhaldi eða sektum ef brot er smávægilegt.

16. gr.

Úr 181. gr. falli niður orðin „eða lauslæti eða fær viðurværi sitt frá kvenmanni, sem hefur ofan af fyrir sér með lauslæti".

Enn fremur falli brott 190. gr., 203. gr. og 207. gr.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 111., 112. og 113. löggjafarþingum en varð ekki útrætt. Það er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Alþingi samþykkti 22. maí 1984 svohljóðandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa fimm manna nefnd er kanni hvernig háttað er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og geri tillögur til úrbóta í þeim efnum."

Þáverandi dómsmálaráðherra, Jón Helgason, skipaði 12. júlí 1984 eftirtalda í nefndina:

Jónatan Þórmundsson prófessor, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Ásdísi J. Rafnar lögfræðing, Guðrúnu Agnarsdóttur, lækni og alþingismann, Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðing, Sigrúnu Júlíusdóttur félagsráðgjafa. Þorsteini A. Jónssyni, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, var falið að vera ritari nefndarinnar.

Nefndin lauk störfum og skilaði skýrslu sinni til dómsmálaráðherra í nóvember 1988. Meðal tillagna nefndarinnar var að ákvæðum 194.–199. gr. í XXII. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940, verði breytt og skilaði nefndin frumvarpi þar að lútandi.

Með hliðsjón af þeirri stefnubreytingu, sem fram kom í frumvarpi nauðgunarmálanefndar um breyting á almennum hegningarlögum og því að á Alþingi vorið 1988 var frumvarpi um breyting á 202. og 203. gr. almennra hegningarlaga vísað til ríkisstjórnarinnar, ákvað dómsmálaráðherra að leggja frumvarp nauðgunarmálanefndar ekki fram fyrr en endurskoðun á öðrum greinum í XXII. kafla hegningarlaganna væri lokið.

Jónatan Þórmundsson prófessor vann það verk í samvinnu við Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Um gildissvið breyttra ákvæða.

Frumvarp þetta felur í sér endurskoðun á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um skírlífisbrot og á 190. gr. úr XXI. kafla laganna um sifskaparbrot.

Í samræmi við tillögur nauðgunarmálanefndar tekur endurskoðun þessi annars vegar til 194.–199. gr., sbr. 202. gr. laganna. Öll þessi ákvæði eru nú kynbundin, þ.e. einungis konur njóta refsiverndar samkvæmt þeim og karlar einir geta verið gerendur. Kona gæti þó gerst sek um hlutdeild í broti karlmanns. Rétt þykir að öll þessi ákvæði nái jafnt til karla sem kvenna í samræmi við réttarþróun í öðrum löndum. Í norsku hegningarlög-

unum hefur lengi verið ókynbundið ákvæði en lögum var einnig breytt í það horf í Danmörku 1981 og í Svíþjóð 1984. Þótt brot þessi bitni nær eingöngu á konum og núverandi orðalag sé því næst raunveruleikanum er ekki ástæða til að ætla að víðtækara orðalag raski á nokkurn hátt réttarstöðu kvenna.

Hins vegar tekur endurskoðunin til 190. gr. um sifjaspell og 200.–209. gr. Nokkur þessara ákvæða eru nú kynbundin og er þeim öllum með frumvarpi þessu breytt í það horf að þau verði ókynbundin. Ákvæði frumvarpsins eiga því jafnt við um athafnir karla og kvenna og taka til kynferðismaka og annarra kynferðisathafna samkynja persóna, eftir því sem við á.

Um verknað og fullframningu.

Ákvæði 190. gr. og 194.–201. gr. eru nú á því byggð að samræði eigi sér stað. Ekki er ætlast til í frumvarpi þessu að fullframið samræði sé virt með sama hætti og tíðkast hefur í réttarframkvæmd, þ.e. þegar getnaðarlimur karlmanns er kominn inn í fæðingarveg konu og samræðishreyfingar hafnar. Nægilegt er að getnaðarlimur karlmanns sé kominn inn í fæðingarveg konu að nokkru leyti eða öllu. Sáðlát þarf ekki að hafa átt sér stað og meyjarhaft þarf ekki að rofna ef því er að skipta. Nákvæm skilgreining fullframins samræðis skiptir minna máli en áður ef fyrirhugaðar breytingar verða að lögum, svo sem nú skal nánar skýrt.

Lagt er til að svokölluð „önnur kynferðismök“, sem nú er fjallað um í 202. gr. hgl., verði lögð að jöfnu við samræði, svo sem gert hefur verið í hinum nýju sænsku ákvæðum í Brottsbalken frá 1984. Svarar þá hvort tveggja nokkurn veginn til hugtaksins „utuktig omgang“ í 192. gr. norsku hegningarlaganna. Ber að skýra hugtakið „önnur kynferðismök“ fremur þröngt þannig að átt sé við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju, er kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt (surrogat). Eru þetta athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.

Ný ákvæði eru í 8.–10. gr. frumvarpsins um breyting á 200.–202. gr. laganna um kynferðislega áreitni sem ekki telst slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt, þ.e. „önnur kynferðismök“. Hér er átt við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga sem hingað til hefur verið heimfært undir 209. gr. laganna. Rétt þykir að veita slíkri háttsemi meiri athygli en áður með þessu sérákvæði og taka harðar á brotum. Með þessu er engan veginn ætlunin, fremur en verið hefur, að takmarka eðlilega umhirðu og gælur foreldra og annarra ættingja við börn sín og barnabörn.

Ef kynferðisathafnir falla ekki undir neina af ofangreindum verknaðarlýsingum, þ.e. samræði, önnur kynferðismök eða aðra kynferðislega áreitni kann 209. gr. að eiga við um þær (brot gegn blygðunarsemi).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er tekið upp heitið kynferðisbrot í stað skírlífisbrot. Eðlilegt er að miða fremur við einkenni háttseminnar en þau áhrif sem hún hefur á brotaþola eða öllu heldur á hið siðræna viðhorf almennings til brots og brotaþola.

Um 2. gr.

Lýsing verknaðaraðferða er rýmkuð að því leyti að auk beinnar valdbeitingar tekur

þetta ákvæði frumvarpsins til allra refsiverðra ofbeldishótana, en ekki til annarra hótana, sbr. hins vegar nú 196. gr. hgl. Einnig felst í ákvæðinu rýmkun á þann veg að ekki er lengur áskilið að hótun veki ótta um líf, heilbrigði eða velferð. Ofbeldishótanir eru almennt svo alvarlegar í eðli sínu að óþarft er að halda þessu skilyrði. Að sjálfsögðu dæma dómstólar aðeins fyrir þær hótanir sem alvarlega eru meintar eða hótunarþoli hefur a.m.k. réttmæta ástæðu til að taka alvarlega. Orðalag hins nýja ákvæðis útilokar ekki að efni ofbeldishótunar geti beinst að nánum vandamanni brotaþola eða að því sé ætlað að bitna á honum, t.d. barni brotaþola, sbr. gildandi ákvæði.

Ekki felst efnisbreyting í 2. málsl. 1. mgr. varðandi aðferðir sem lagðar verða að jöfnu við ofbeldi.

Lagt er til að ákvæðið verði tvískipt, almennt ákvæði, 1. mgr., og refsihækkunarákvæði með sjálfstæðum refsimörkum (2. mgr.). Er sú tilhögun álitlegri að gefa nokkurt svigrúm í almenna ákvæðinu fremur en að taka upp strangara almennt ákvæði að viðbættu refsilækkunarákvæði. Sem refsihækkunarástæða er nefnd hættuleg aðferð, t.d. notkun bareflis eða annarra vopna, og miklar sakir að öðru leyti, svo sem ef brot er framið af fleiri mönnum saman, sbr. 2. mgr. 70. gr., ef um endurtekin brot er að ræða eða trúnaðarbrot.

Almenn refsimörk ákvæðisins eru milduð frá því sem nú er, þ.e. 10 ára fangelsi sem hámark og 30 daga fangelsi sem lágmark, sbr. 34. gr. hgl. Séu refsihækkunarástæður fyrir hendi eru refsimörk svipuð og nú, þ.e. hámark 16 ára fangelsi og lágmark 1 árs fangelsi. Fellt er niður ævilangt fangelsi. Rétt er að taka fram að ofangreind refsimörk eru þyngri en í dönsku hegningarlögunum, svipuð og í sænsku refsilögunum, en ívið vægari en í norska ákvæðinu. Sænsku lögin hafa að vísu 2 og 4 ára lágmark en tiltölulega mild hámarksákvæði.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 196. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að allar ofbeldishótanir varða við 194. gr. samkvæmt frumvarpinu. Verður aðgreiningin við það mun gleggri milli nauðgunarbrota og annarrar ólögmætrar kynferðisnauðungar. Engin dæmi eru hér nefnd um slíka nauðung en hafa má 225. gr. hgl. til hliðsjónar þótt sú grein sé ekki tæmandi hér. Nefna má hótanir yfirboðara eða samstarfsmanns á vinnustað um uppsögn, óhagstæð starfskjör, sakburð eða annað óhagræði. Refsimörk eru óbreytt.

Um 4. gr.

Það nýmæli felst í þessu ákvæði að um ótvíræða misneytingaraðferð þarf að vera að ræða „notfærir sér“. Tilgreint ástand brotaþola nægir ekki eitt sér. Hinu afbrigðilega ástandi brotaþola er lýst með nokkru almennari orðum en í gildandi ákvæði 195. gr. „andlegir annmarkar“. Slík rýmkun verður tæpast talin varhugaverð ef misnotkun aðstöðu er áskilin hverju sinni. Rétt þykir að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap í þessu sambandi.

Um 5. gr.

Fyrir utan þær breytingar, sem lýst var í hinum almennu athugasemdum, er ákvæðið að mestu óbreytt efnislega þótt stofnananöfn séu færð í nútímahorf.

Um 6. gr.

Refsimörk eru hér þyngd og aldursmark lækkað. Hins vegar þykir rétt í þessu sam-

bandi að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap.

Um 7. gr.

Auk þeirra tveggja svikaþátta, sem fyrir eru í gildandi ákvæði, er bætt við svikum í sambandi við læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð. Rétt þykir í 1. mgr. ákvæðisins að leggja óvígða sambúð að jöfnu við hjúskap.

Um 8. gr.

Meginefni 190. gr. um sifjaspell er með þessu ákvæði flutt úr XXI. kafla laganna um sifskaparbrot í hinn nýja kafla um kynferðisbrot og sameinað þar nýju ákvæði um aðra kynferðislega áreitni gagnvart niðjum. Fer betur á þessari tilhögun þar sem slík brot eru oft nátengd öðrum brotum gegn ákvæðum þessa kafla, einkum 202. gr., sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Í ákvæði þessu eru „önnur kynferðismök" lögð að jöfnu við samræði og má um það nýmæli vísa til hinna almennu athugasemda með frumvarpi þessu.

Felld er niður refsiábyrgð barna og annarra niðja, sem hlut eiga að samræði eða öðrum kynferðismökum milli ættingja í beinan ættlegg. Til þess liggja m.a. þau rök að alla jafna eru það börn og ungmenni sem sæta misnotkun af hálfu hinna eldri er skáka í skjóli aldurs og reynslu. Breyting þessi er og í samræmi við lög í nálægum löndum, svo sem í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Ákvæðið á jafnt við brot gagnvart skilgetnum og óskilgetnum börnum og það nær til brota kynforeldris gagnvart barni sem ættleitt hefur verið af öðrum, enda sé ásetningur fyrir hendi.

Sé barn yngra en 14 ára verður hinum brotlega einnig refsað fyrir brot gegn 202. gr. (concursus idealis), sbr. 77. og 78. gr. laganna. Sama máli gegnir ef nauðung er beitt. Þá reynir jafnframt á 194. eða 195. gr.

Refsimörk ákvæðisins eru nokkuð þyngd frá því sem nú er, þar sem almenna hámarkið í 1. mgr. er hækkað úr 4 árum í 6 ár og úr 6 árum í 10 ár, sé barnið yngra en 16 ára (miðað er við 18 ára aldur í gildandi lögum). Refsimörk þau, sem hér er gert ráð fyrir, eru þyngri en tíðkast í nálægum löndum og er svo einnig um flest þau ákvæði er á eftir fara.

Ákvæðið í 3. mgr. um systkini er eins og önnur ákvæði kaflans rýmkað á þann veg að „önnur kynferðismök" eru lögð að jöfnu við samræði. Ákvæðið tekur jafnt til hálfsystkina sem alsystkina. Þá eru refsimörk hert en hins vegar er refsibrottfallsheimild rýmkuð með því að miða við 18 ára aldur í stað 16 ára.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta svarar að nokkru til 201. gr. eins og hún hljóðar nú. Í samræmi við önnur ákvæði kaflans eru „önnur kynferðismök" lögð að jöfnu við samræði. Ákvæðið verður ókynbundið eins og öll önnur ákvæði kaflans. Í upptalningu barna er bætt við stjúpbarni og sambúðarbarni. Áhersla er hér lögð á það að vernda heimilið og fjölskyldulíf fyrir háttsemi sem er til þess fallin að raska fjölskylduböndum og særa trúnað og traust barna á sameiginlegu heimili. Með fósturbarni er átt við hvert það barn sem beint eða óbeint er tengt ákveðnu heimili á þann veg að það lítur á það sem sitt (annað) heimili.

Hliðstætt ákvæði því, sem lagt er til að verði í 200. gr., sbr. 8. gr. frumvarpsins um kynferðislega áreitni, er einnig sett í þessa grein.

Almenn refsimörk 1. mgr. ákvæðisins eru hin sömu og 201. gr. gildandi laga en hér er bætt við þyngra refsihámarki sé barn yngra en 16 ára.

Um 10. gr.

Grein þessi svarar til 200. gr. gildandi laga. Eins og annars staðar í kaflanum eru „önnur kynferðismök“ lögð að jöfnu við samræði. Bætt er við sérstöku ákvæði í 1. mgr. um aðra kynferðislega áreitni. Má um þetta tvennt vísa til þess sem áður er komið fram. Refsihámark 1. mgr. er lækkað úr 12 árum í 10 ár til samræmis við önnur ákvæði kaflans um alvarleg brot. Sé að auki um saknæma aðferð við brot að ræða, t.d. nauðung, er öðrum ákvæðum beitt jafnframt (concursus idealis) og þá tekið tillit til beggja (allra) brotanna við ákvörðun refsingar í samræmi við ákvæði 77. og 78. gr. laganna um brotasamsteypu. Refsimörk ákvæðisins eru svipuð og í Danmörku og Noregi en mun þyngri en í sænsku lögunum.

Síðari málsgrein ákvæðisins er hér ókynbundin og heldur fyllri en í gildandi ákvæði með því að taldar eru upp dæmigerðar aðferðir við tælingu.

Um 11. gr.

Grein þessi er efnislega óbreytt. Hún vísar þó ekki lengur til 195. gr., hér eftir 196. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins. Slík tilvísun á ekki lengur við þar sem nú er áskilin ótvíræð misneyting í 196. gr. „notfærir sér“. Tilgreint ástand brotaþola nægir ekki eitt sér. Ekki er heldur vísað til 203. gr., þar sem lagt er til í frumvarpinu að afnumin verði öll sérákvæði um kynferðisbrot samkynhneigðra persóna.

Um 12. gr.

Ákvæðið er óbreytt að öðru leyti en því að óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap og að greinin tekur ekki til brota gegn 200. og 201. gr., sbr. 8. og 9. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Sú breyting er gerð á þessari grein að efni 181. gr. um vændi og hagnýtingu þess er flutt í 1. mgr. greinarinnar og jafnframt breytt í ókynbundið ákvæði. Refsihámarkið er hækkað úr 2 árum í 4 ár.

2.–4. mgr. greinarinnar svara til 206. gr. gildandi laga með þeirri rýmkun á efnissviði 4. mgr. frá því sem nú er í 1. mgr. ákvæðisins, að sá sem með ginningum, hvatningum eða milligöngu stuðlar að því að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu skal sæta refsingu eins og sá sem gerir sér lauslæti annarra að tekjulind. Hér getur t.d. verið um að ræða útvegun ungmenna til þátttöku í kynlífsmyndum eða milligöngu um að manneskja háð vímuefnum eigi kynferðismök gegn greiðslu í einstakt skipti eða oftar.

Um 14. gr.

Á þessari grein eru einungis gerðar smávægilegar breytingar til samræmis við aðrar breytingar er af frumvarpinu leiðir.

Um 15. gr.

Formlega séð eru óverulegar breytingar gerðar á grein þessari. Refsimörkin eru þó hert nokkuð. Af nýjum sérákvæðum í 200.–202. gr., sbr. 8.–10. gr. frumvarpsins um kyn-

ferðislega áreitni, leiðir hins vegar að undir 209. gr. fellur nú fyrst og fremst ýmiss konar háttsemi önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur stríphneigð, klúrt orðbragð í síma.

Um 16. gr.

Um 1. mgr. Sjá skýringar við 13. gr. frumvarpsins.

Um 2. mgr. Meginefni 190. gr. laganna er flutt í 200. gr., sbr. 8. gr. frumvarpsins. Sjá nánar skýringar við þá grein.

Þá er lagt til að 203. gr. hgl. verði felld brott. Ástæða þess er að hin nýju ákvæði frumvarpsins eru ókynbundin og taka til athafna samkynja persóna eftir því sem við á. Nauðungarbrot karlmanns gagnvart öðrum karlmanni varðar þannig við 194. eða 195. gr., sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins, og við brotinu liggur sú refsing er þar getur um.

Loks er lagt til að 207. gr. hgl. verði felld brott. Miðað við nútímaviðhorf gagnvart samkynhneigðum er ákvæðið úrelt.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

60. Frumvarp til laga [59. mál]

um viðauka við almenn hegningarlög, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Hafi maður verið dæmdur í allt að 10 mánaða óskilorðsbundna refsivist er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að breyta refsvistinni þannig við fullnustu að í stað hennar komi ólaunuð samfélagsþjónusta, minnst 40 klukkustundir og mest 200 klukkustundir. Þegar refsivist er breytt í samfélagsþjónustu verður fyrri refsing vararefsing.

Þegar um refsivist er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en 10 mánuðir.

2. gr.

Skilyrði þess að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu eru:

1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við Fangelsismálastofnun ríkisins eigi síðar en 3 mánuðum frá þeim tíma er hann upphaflega átti að hefja afplánun refsivistar.
2. Að afplánun refsivistar sé ekki hafin.
3. Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.
4. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.

Áður en ákvörðun um samfélagsþjónustu er tekin skal fara fram athugun á persónulegum högum dómþola þar sem m.a. skal koma fram rökstutt álit á því hvort dómþoli sé líklegur til að geta innt samfélagsþjónustu af hendi og hvaða samfélagsþjónusta komi til greina.

3. gr.

Þegar refsivist er breytt í samfélagsþjónustu skal ákveða hversu margar klukkustundir dómþoli skal vinna við samfélagsþjónustu í stað refsivistar. Hafi gæsluvarðhald komið til frádráttar refsivist er heimilt að taka tillit til þess við ákvörðun um fjölda klukkustunda. Að jafnaði skal miða við að 20 klukkustunda samfélagsþjónusta jafngildi eins mánaðar refsivist.

Jafnframt skal ákveða á hve löngum tíma samfélagsþjónustan skuli innt af hendi en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en 3 mánuðir.

Þegar refsivist er breytt í samfélagsþjónustu skal yfirlýsing dómþola fengin um það að hann vilji hlíta skilyrðum þeim sem sett eru fyrir samfélagsþjónustu. Jafnframt skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir samfélagsþjónustu og hverju skilorðsrof varði.

4. gr.

Samfélagsþjónusta skal háð þessum skilyrðum:

1. Að dómþoli gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutímanum.
2. Að dómþoli sæti á reynslutímanum umsjón og eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar.

Enn fremur má binda samfélagsþjónustu þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 2.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr.

Reynslutími skv. 1. tölul. 1. mgr. skal vera jafnlangur og sá tími sem það tekur að inna samfélagsþjónustu af hendi.

5. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd til að taka ákvörðun um hvort refsivist skuli breytt í samfélagsþjónustu.

Þegar ákveðið er að breyta refsivist í samfélagsþjónustu skal nefndin einnig ákveða:

1. Lengd reynslutíma.
2. Klukkustundafjölda samfélagsþjónustu.
3. Hvar og hvernig samfélagsþjónusta verði innt af hendi.

Ákvarðanir nefndarinnar samkvæmt grein þessari eru endanlegar.

6. gr.

Fangelsismálastofnun ríkisins tekur á móti beiðnum um að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu.

Í samráði við formann nefndar skv. 5. gr. sér stofnunin einnig um:

1. Að afla skýrslu um persónulega hagi dómþola sé beiðni ekki þegar hafnað.
2. Að undirbúa mál til meðferðar hjá nefndinni.
3. Að annast ritun fundargerða og sjá um annað skrifstofuhald fyrir nefndina.

Þegar refsivist dóms er breytt í samfélagsþjónustu sér Fangelsismálastofnun ríkisins um framkvæmd hennar.

7. gr.

Beiðni um að breyta refsivist í samfélagsþjónustu skal þegar hafnað ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 2. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá tímafresti í 1. tölul. 2. gr.

Þegar beiðni er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu refsivistar þar til

ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

8. gr.

Fremji dómþoli nýtt brot eftir að refsivist er breytt í samfélagsþjónustu og rannsókn út af því hefst fyrir lok reynslutíma og ákveður þá dómstóll, sem fjallar um mál þetta, refsingu í einu lagi fyrir brot það sem nú er dæmt um og með hliðsjón af þeim tímafjölda samfélagsþjónustu sem eigi hefur verið innt af hendi samkvæmt reglum 60. gr., þannig að eftirstöðvar samfélagsþjónustu verði virtar með sama hætti og skilorðsdómur.

Ef dómþoli með alvarlegum hætti eða ítrekað rýfur önnur skilyrði samfélagsþjónustu, svo og ef hann fremur ótvírætt brot á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni getur Fangelsismálastofnun ríkisins ákveðið hvort breytt skuli skilyrðum og reynslutími lengdur allt að 18 mánuðum eða að dómþoli verði látinn hefja afplánun refsivistarinnar. Sé það gert skal meta tímalengd refsivistar með hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.

Ákvörðun um viðbrögð við skilorðsrofum skal vera skrifleg og rökstudd og hún skal birt dómþola með sannanlegum hætti.

Ákvörðun um viðbrögð við skilorðsrofum sætir kæru til nefndar skv. 5. gr. Kæruheimild skal kynnt hlutaðeigandi dómþola um leið og ákvörðun er birt.

9. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um samfélagsþjónustu, framkvæmd hennar og starfshætti nefndar skv. 5. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993 og gilda til 31. desember 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Það er nú lagt fram að nýju óbreytt að öðru leyti en því að orðalag hefur verið lagfært á tveimur stöðum og ákvæðum frumvarpsins um gildistíma breytt.

I. Inngangur.

Staða refsivistar í viðurlagakerfinu hefur mikið verið til umræðu á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu síðustu tvo áratugi. Hefur sú stefna verið ríkjandi að draga beri úr notkun óskilorðsbundinnar refsivistar eins og mögulegt er. Til að unnt sé að draga úr notkun hennar þarf að finna önnur úrræði í staðinn. Í þessu sambandi hefur einkum verið bent á þrjár leiðir: Í fyrsta lagi að beita í ríkari mæli þeim úrræðum sem við höfum nú þegar og ekki hafa frjálsræðissviptingu í för með sér (sektir, ákærufrestun, skilorðsdómar), þ.e. að nota þessi úrræði meira og á sumum sviðum þar sem hingað til hefur verið beitt óskilorðsbundinni refsivist. Í öðru lagi að draga úr lengd refsivistar, t.d. með því að nota reynslulausn í ríkari mæli en nú er og stytta refsivistardóma. Loks hefur í þriðja lagi athyglin beinst að ýmsum nýjum viðurlagategundum sem gætu komið í stað óskilorðsbundinnar refsivistar. Má þar til nefna helgarfangelsi, næturfangelsi, eftirlits- og tilkynningarskyldu og síðast en ekki síst samfélagsþjónustu. Samfélagsþjónusta er eina nýja viðurlagategundin sem náð hefur almennri útbreiðslu.

Árið 1976 samþykkti Evrópuráðið ályktun nr. (76) 10 „on certain alternative penal measures to imprisonment". Jafnframt var á vegum Evrópuráðsins gefin út skýrsla nefndar sem undirbjó ályktunina um „Alternative Penal Measures to Imprisonment". Í ályktuninni eru aðildarríki Evrópuráðsins beðin um að hugleiða kosti samfélagsþjónustu og sérstaklega það tækifæri sem þetta viðurlagaform gæti verið fyrir brotamann til bæta fyrir brot sitt með vinnu í þágu samfélagsins og fyrir þjóðfélagið að aðstoða við endurhæfingu hins brotlega með því að samþykkja þátttöku hans í frjálsri atvinnustarfsemi.

Framangreind ályktun og skýrslan, sem fylgdi henni, hafa verið grundvöllur þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í nágrannalöndunum um það að draga úr notkun óskilorðsbundinnar refsivistar. Í skýrslunni eru eftirgreind fjögur atriði sérstaklega nefnd sem röksemdir fyrir því að draga úr fangelsun:

Í fyrsta lagi mannúðarsjónarmið. Einangrun frá þjóðfélaginu hefur í för með sér verulegt álag á þann sem fyrir því verður og bent hefur verið á að vegna breyttra þjóðfélagshátta og meiri almennrar velsældar sé óskilorðsbundin refsivist þyngri refsing nú en áður var. Munurinn á fangelsissamfélaginu og hinu frjálsa samfélagi utan þess hefur aukist.

Í öðru lagi er það sjónarmið sem hefur haft verulega þýðingu í umræðunni um notkun fangelsisrefsingar, þ.e. tilgangurinn með frjálsræðissviptingu sem viðurlögum við afbrotum. Það hefur lengi verið talin mikilvæg forsenda fyrir notkun refsinga að með refsingunni megi hafa þau áhrif á brotamann að hann lagi sig að reglum þjóðfélagsins og haldi sig í framtíðinni frá afbrotum — sérstök varnaðaráhrif. Í þessu sambandi hefur aftur á móti verið bent á rannsóknir sem sýna að refsivist hefur ekki þau áhrif á persónuleika fanga að ætla megi að refsivist sé árangursríkt úrræði til endurhæfingar á föngum. Þvert á móti virðist refsivist styrkja neikvæða þróun hjá brotamönnum, t.d. ósjálfstæði, deyfð og sinnuleysi, auk neikvæðrar afstöðu til þjóðfélagsins og minni sjálfsvirðingar.

Það ber þó að taka fram að niðurstöður framangreindra rannsókna ber að taka með miklum fyrirvara vegna vandamála í sambandi við aðferðafræði. Þrátt fyrir margar rannsóknir hefur samt ekki verið unnt að sýna fram á að frjálsræðissvipting hafi meiri fyrirbyggjandi áhrif varðandi endurtekningu brota en ýmsar aðrar ráðstafanir gagnvart brotamönnum.

Í þriðja lagi hefur verið bent á að meiri hluti fanga afplánar dóma fyrir auðgunarbrot. Í þessu samhengi er það athugunarefni hvort ekki megi meta refsiverðleika þessara verknaða á annan hátt en fyrr þar sem þjófnaður t.d. veldur brotaþola sjaldnast nú á dögum sömu búsifjum og áður, m.a. vegna meiri velmegunar og tryggingakerfisins.

Í fjórða lagi hefur verið bent á að refsivist er dýr kostur fyrir þjóðfélagið.

Enda þótt framangreind sjónarmið hafi verið dregin fram sem helstu ókostir frjálsræðissviptingar eru þetta ekki einu sjónarmiðin sem koma til skoðunar þegar staða frjálsræðissviptingar sem viðurlaga við afbrotum er metin. Sem varnaðaráhrif hefur frjálsræðissvipting meiri almenn varnaðaráhrif en önnur viðurlög og frjálsræðissviptingin kemur í veg fyrir afbrot viðkomandi meðan hann afplánar refsivist. Þrátt fyrir vandamálin við að meta almenn varnaðaráhrif frjálsræðissviptingar er ekki hægt að horfa fram hjá því að tilvist hennar sem slíkrar getur haft verulega þýðingu fyrir stöðu réttarkerfisins og þar með almenna löghlýðni. Í þessu samhengi má einnig nefna að notkun frjálsræðissviptingar getur í nokkrum tilvikum verið nauðsynleg til að sýna á virkan hátt fordæmingu á viðkomandi háttsemi brotamanns, t.d. vegna nauðgunar eða ráns.

II. Hvað er samfélagsþjónusta?

Skilgreina má samfélagsþjónustu með þeim hætti að hún sé ein tegund viðurlaga við

afbrotum sem felst í því að á brotamann er lögð sú skylda að vinna ákveðinn tímafjölda, launalaust og í frítíma sínum, að verkefnum sem koma þjóðfélaginu að gagni.

Samfélagsþjónusta leggur þá skyldu á brotamann að inna af hendi, launalaust og í frítíma sínum, vinnu í ákveðinn tímafjölda í þágu samfélagsins. Vinnan skal innt af hendi á nánar tilgreindu tímabili. Með þessum hætti hafa viðurlögin einkenni afplánunar. Vinnuskyldan er á sinn hátt frjálsræðisskerðing. Kostir samfélagsþjónustu eru að brotamaður getur haldi virku sambandi við fjölskyldu og vini og þar sem vinnuskyldan er innt af hendi í frístundum getur viðkomandi einnig stundað atvinnu sína eða nám meðan hann „afplánar" refsinguna. Með samfélagsþjónustu tekur dómþoli út refsingu sína á jákvæðan hátt og má líta á hana sem bætur hans til samfélagsins fyrir misgjörðir hans. Auk þess hafa störfin, sem oftast eru einhvers konar aðstoðar- eða hjálparstörf, gildi fyrir þjóðfélagið og stuðla að uppeldisgildi þessa úrræðis. Meðan á fullnustu stendur er dómþoli í tengslum við aðra þjóðfélagsþegna sem jafnsettur einstaklingur að hluta til fólk sem vinnur á viðkomandi sviði en á öðrum grundvelli. Hugsanlega má stuðla að víðtækari skilningi hjá fólki almennt á brotamönnum og aðstæðum þeirra með því að draga aðra þjóðfélagshópa á þennan hátt inn í sjálfa refsifullnustuna.

Samfélagsþjónustu sem slíkri er hægt að beita með ýmsum hætti. Henni má beita sem skilyrði fyrir ákærufrestun, sem sjálfstæðri viðurlagategund í tengslum við skilorðsdóma, sem vararefsingu fésektardóma í tengslum við beitingu reynslulausnar eða náðunar og fleira mætti tína til.

III. Samfélagsþjónusta í öðrum löndum.

A. Almennt.

Á áttunda áratugnum varð fyrsti alvarlegi samdráttur í efnahagslífi Vestur-Evrópu frá stríðslokum. Yfirfull fangelsi í mörgum löndum ýttu undir leit að nýjum leiðum í viðurlögum við afbrotum. Stjórnvöld leituðu ódýrari lausna. Mannúðarsjónarmið og sparnaður urðu tvær hliðar á sama máli. Leitað var leiða þar sem brotamaður var undir eftirliti samfélagsins en gæti jafnframt bætt fyrir misgjörðir sínar. Samfélagsþjónusta var úrræði sem talið var fullnægja þessum forsendum.

Samfélagsþjónusta sem viðurlög við afbrotum hefur víða verið tekin í notkun en með tilvísun til mismunandi forsendna og að hluta til gagnstæðra viðurlagapólitískra sjónarmiða.

Í Bretlandi var samfélagsþjónusta tekin upp sem viðurlög við afbrotum 1. janúar 1973. Eftir það hafa stöðugt fleiri lönd í Vestur-Evrópu tekið þetta viðurlagaform í notkun. Í upphafi tíunda áratugarins eru einungis þrjú lönd í Vestur-Evrópu, auk Íslands, sem ekki hafa tekið samfélagsþjónustu upp í einhverju formi, þ.e. Grikkland, Spánn og Malta. England og Wales, Vestur-Þýskaland, Portúgal, Frakkland, Lúxemborg, Sviþjóð og Finnland tóku upp samfélagsþjónustu á grundvelli sérstakrar löggjafar en í öðrum löndum var það gert án sérstakrar lagasetningar. Sérstök lög um samfélagsþjónustu hafa nú verið sett í Noregi og fyrirhugað er að setja slík lög í Danmörku og Hollandi.

Í Englandi og Wales, Frakklandi, Portúgal og Noregi er samfélagsþjónusta sjálfstæð refsitegund en í eftirtöldum löndum er hægt að gera samfélagsþjónustu að sérstöku skilyrði í tengslum við skilorðsbundinn dóm: Vestur-Þýskalandi, Frakklandi, Lúxemborg, Hollandi, Danmörku, Finnlandi og Sviþjóð. Áður en samfélagsþjónusta var lögfest í Noregi var henni beitt þar í landi, á tilraunatímabili, sem sérstöku skilyrði í tengslum við skilorðsbundin dóm.

Í öllum löndum, þar sem samfélagsþjónusta hefur verið tekin upp, hefur fyrst verið

gerð tilraun með samfélagsþjónustu um skemmri eða lengri tíma áður en ákveðið hefur verið að festa hana í sessi.

Annað sameiginlegt atriði í þessum löndum snýr að tilganginum með samfélagsþjónustu. Í einfölduðu máli má segja að tilgangurinn hafi verið sá að finna viðurlög er komi í staðinn fyrir styttri óskilorðsbundna refsivistardóma. Þetta er þó svolítið mismunandi eftir löndum. Í Bretlandi er samfélagsþjónustu ætlað að koma í stað refsivistar sem bæði getur verið skilorðsbundin og óskilorðsbundin og samfélagsþjónusta kemur þar einnig í stað fésektar. Í Vestur-Þýskalandi virðist samfélagsþjónusta helst hafa verið notuð sem vararefsing vegna fésekta.

Í öllum löndunum er krafist samþykkis frá brotamanni til að unnt sé að beita samfélagsþjónustu. Ástæðan er m.a. sú að í 4. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu er nauðungarvinna bönnuð.

Í öllum löndunum hafa þær stofnanir, sem sjá um skilorðseftirlit, séð um framkvæmd samfélagsþjónustunnar og jafnframt hafa verið settar ákveðnar reglur um hvernig skuli bregðast við ef vinnuskyldan er ekki innt af hendi. Viðbrögð eru mismunandi allt frá því sem gert er í Frakklandi og Portúgal þar sem það er refsivert í sjálfu sér að brjóta gegn reglum um samfélagsþjónustu og til mildari viðbragða eins og t.d. í Bretlandi þar sem brot á reglum um samfélagsþjónustu geta leitt til sektar eða þess að reynslutími er lengdur.

Í öllum löndunum er gert ráð fyrir að samfélagsþjónusta sé innt af hendi sem ólaunuð vinna.

B. Samfélagsþjónusta á Norðurlöndunum.

Hinn 25. maí 1982 samþykkti danska þjóðþingið þingsályktun um að koma á fót samfélagsþjónustu í tilraunaskyni í Kaupmannahöfn og á Norður-Jótlandi. Í desember 1983 var tilraunatímabilið framlengt um eitt ár í viðbót þar sem lítil reynsla hafði fengist af þessu úrræði. Í maí 1984 var síðan ákveðið að tilraunaskipanin með samfélagsþjónustu skyldi taka til landsins alls frá ársbyrjun 1985. Nú liggur fyrir frumvarp í Danmörku þar sem lagt er til að ákvæði um samfélagsþjónustu verði lögfest sem varanlegt úrræði.

Í Noregi var á grundvelli þingsályktunartillögu hafin tilraun með samfélagsþjónustu í einu fylki árið 1984. Tilraunasvæðið var smám saman stækkað og var látið ná til alls landsins frá og með árinu 1988. Vorið 1991 voru í Noregi samþykkt lög þar sem samfélagsþjónusta var lögfest sem sjálfstæð refsitegund.

Á árinu 1989 voru samþykkt sérstök lög í Svíþjóð um tilraun með samfélagsþjónustu og tóku þau gildi 1. janúar 1990. Samkvæmt þeim er heimilt að dæma brotamann til samfélagsþjónustu við fimm tilgreinda dómstóla.

Samfélagsþjónusta var tekin upp í tilraunaskyni í nokkrum umdæmum í Finnlandi frá 1. janúar 1991.

Eins og áður er fram komið hafa þau ríki, sem gert hafa samfélagsþjónustu að hluta viðurlagakerfisins, fyrst gert tilraun með fyrirkomulag hennar. Í Danmörku hefur nú verið samið frumvarp um að gera þetta úrræði að varanlegum hluta af viðurlagakerfinu og í Noregi hefur það þegar verið lögfest. Í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hefur í öllum meginatriðum verið byggt á fyrirkomulagi og reynslu Dana í þessum efnum.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir forsendum, fyrirkomulagi og inntaki samfélagsþjónustu eins og hún er í reynd á Norðurlöndunum, þar sem í frumvarpi þessu er að mörgu leyti stuðst við reynslu þaðan. Jafnframt verður gerð grein fyrir framkvæmdaratriðum sem ekki er ástæða til að lögfesta en sem varpa skýrara ljósi en lagatexti á

hvert sé raunverulegt inntak samfélagsþjónustu. Ekki verða rakin minni háttar frávik milli landanna.

1. Ákvörðunarvald, forsendur.

Á Norðurlöndum er það sá dómstóll sem fjallar um mál viðkomandi manns sem getur dæmt hann til samfélagsþjónustu. Sá háttur er á þessu hafður að refsing viðkomandi er skilorðsbundin og til viðbótar lögbundnu skilyrði um að hann fremji ekki refsiverðan verknað á skilorðstímanum er sett sérstakt skilyrði um samfélagsþjónustu.

Það er forsenda samfélagsþjónustu að hún komi einungis til greina þar sem ella yrði dæmd óskilorðsbundin refsivist.

Þau atriði sem fram eiga að koma í dómi um samfélagsþjónustu eru sá klukkustundafjöldi sem dómþoli á að vinna í ólaunaðri vinnu í þágu samfélagsins, lengd skilorðs- og eftirlitstíma, að dómþoli sé háður eftirliti skilorðseftirlits, á hvað löngu tímabili vinnan skal innt af hendi og lengd þeirrar refsivistar sem frestað er. Í Danmörku og Noregi, en ekki í Svíþjóð, er á reynslutímanum einnig heimilt að dæma skilorðsdóm þar sem ákvörðun refsingar er frestað ásamt samfélagsþjónustu.

Svo sem nánar verður greint frá síðar á skilorðseftirlit að taka ákvörðun um önnur atriði varðandi samfélagsþjónustu.

2. Samþykki.

Það er skilyrði samfélagsþjónustu að dómþoli samþykki að þessu úrræði verði beitt. Með því er átt við að hann hafi lýst því yfir fyrir dómi að komi skilorðsdómur til greina sé hann samþykkur því að sett væri skilyrði um samfélagsþjónustu. Samþykki þýðir ekki að dómþoli þurfi að samþykkja neitt nánar varðandi þetta úrræði, t.d. tímafjölda, lengd þess tíma sem vinnan er innt af hendi, tegund starfs eða hvar eða hvenær hún skuli innt af hendi.

3. Nánar um innihald samfélagsþjónustu.

Miðað er við að vinnuskylda samkvæmt dómi um samfélagsþjónustu sé frá 40 klst. (í Noregi 50 klst.) og allt að 200 klst. Að jafnaði er gert ráð fyrir að 20 klst. vinna komi í stað eins mánaðar refsivistar. Samkvæmt þessu er gert er ráð fyrir að dómur um samfélagsþjónustu komi í stað óskilorðsbundinna refsivistardóma í allt að 10 mánuði. Í framkvæmd hefur komið fyrir í undantekningartilfellum að dómur um samfélagsþjónustu hefur komið í stað lengri refsivistar.

Þá er gert ráð fyrir að ákveðið samhengi sé á milli vinnustundafjölda og þess tíma sem dómþoli hefur til að inna skylduna af hendi. Gert er ráð fyrir að sá tími sé frá 3 eða 4 mánuðum og allt að 12 mánuðum. Heppilegt er talið að hlutföllin séu þessi: Ef um er að ræða allt að 80 klst. vinnuskyldu sé hún innt af hendi á fjórum mánuðum, fyrir 80–120 klst. sex mánuðir, fyrir 120–150 klst. átta mánuðir og fyrir 150 klst. og meira allt að 12 mánuðir. Ef dómþoli heldur sig ekki við þau tímamörk sem ákveðin eru í dómi og lýkur ekki vinnuskyldu sinni innan tilskilins tíma hefur hann rofið skilorð.

4. Persónuskýrslur.

Þegar samfélagsþjónusta er talin koma greina er almennt fyrst tekin persónuskýrsla af viðkomandi þar sem fram á að koma auk almennra atriða mat á því hvort hann telst hæfur til samfélagsþjónustu, þar með talið hvort hann er samþykkur því að undirgangast skilyrði um samfélagsþjónustu. Þá er viðkomandi gerð grein fyrir hvað dómur um samfé-

lagsþjónustu felur í sér. Einnig er lagt mat á það hvers konar vinna muni henta í hverju tilviki og hvort heppilega vinnu sé að hafa í nágrenni heimilis brotamanns.

Persónuskýrsla er gerð af starfsmönnum skilorðseftirlits.

5. Notkunarsvið.

Eins og áður er nefnt er við það miðað að dómur um samfélagsþjónustu komi í stað óskilorðsbundins refsivistardóms.

Þegar ákveðið er að dæma í samfélagsþjónustu fer fram heildarmat á grófleika brota og persónulegum aðstæðum brotamanns þar sem m.a. er tekið tillit til vilja og möguleika hans á því að inna samfélagsþjónustu af hendi og hvaða uppeldisleg áhrif það geti haft á hann. Tekið er fram að ekki er ætlast til að samfélagsþjónusta verði dæmd þar sem brot eru svo alvarleg eða umfangsmikil að samkvæmt gildandi venjum væri dæmd löng refsivist.

Samfélagsþjónusta er einkum talið heppilegt úrræði þegar um er að ræða viðurlög gegn (ungum) brotamönnum sem framið hafa auðgunarbrot, skjalafals eða nytjastuld. Brotamenn sem fremja þessi brot fá almennt fyrst ákærufrestun og/eða venjulegan skilorðsdóm, einn eða fleiri. Þegar ekki er (lengur) talið unnt að dæma venjulega skilorðsbundna refsingu og þyngri viðurlög eru nauðsynleg er samfélagsþjónusta í sumum tilfellum heppilegt úrræði.

Ekki er talið útilokað að dæma í samfélagsþjónustu fyrir ofbeldi, skemmdarverk eða fíkniefnabrot en í slíkum tilfellum er gætt mikillar varfærni. Þá er ekki talið útilokað að beita samfélagsþjónustu þótt viðkomandi hafi áður verið dæmdur í óskilorðsbundna refsivist.

6. Skilorðstími, eftirlitstími.

Þegar dæmd er skilorðsbundin refsing ákveður dómstóll hversu lengi dómþoli skuli háður þeim skilyrðum er dómur kveður á um. Haldi dómþoli skilyrðin verður refsing ekki dæmd eða hún fellur niður að skilorðstíma loknum.

Meðal þeirra skilyrða sem heimilt er að setja í skilorðsbundinn dóm er skilyrði um að dómþoli verði tilgreindan hluta skilorðstímans eða allan skilorðstímann háður umsjón og eftirliti skilorðseftirlits (eftirlitstími).

Þegar dæmdur er skilorðsdómur með sérstöku skilyrði um samfélagsþjónustu á alltaf að setja sérstakt skilyrði um að dómþoli verði háður eftirliti skilorðseftirlits. Miðað er við að eftirlitstíminn sé jafnlangur og sá tími sem það tekur að inna vinnuna af hendi. Skilorðstíminn er yfirleitt einnig jafnlangur og sá tími sem það má taka að inna vinnuna af hendi. Í undantekningartilvikum er hann þó lengri.

7. Vinnustaðir, vinna.

Við það er miðað að þau störf, sem komi til greina, séu fyrst og fremst aðstoðarmannsstörf hjá opinberum stofnunum eða stofnunum sem njóta opinberra styrkja og að vinnan sé þess eðlis að henni verði ekki sinnt nema samfélagsþjónusta komi til. Samfélagsþjónusta má ekki verða til þess að auka atvinnuleysi. Ekki er talið ráðlegt að nema einn dómþoli sé á hverjum vinnustað í einu. Við val á vinnustöðum er miðað við staði sem geta lagt til tilgreind verkefni sem ófaglærður starfsmaður getur auðveldlega sinnt. Þá er lögð áhersla á að dómþoli sinni starfi sínu ásamt fastráðnum starfsmanni stofnunarinnar.

Það er hlutverk skilorðseftirlits að finna vinnustaði og heppileg verkefni. Gerður er

skriflegur samningur milli skilorðseftirlitsins og hlutaðeigandi vinnuveitanda. Í slíkum samningi eru m.a. ákvæði um að vinnuveitandinn haldi nákvæmt bókhald um hvenær dómþoli er þar við vinnu þannig að unnt sé að fylgjast með því hversu mikill hluti af dóminum er fullnustaður á hverjum tíma. Þar eru einnig ákvæði um eftirlit vinnuveitanda með dómþola og tilkynningarskyldu ef fyrirmælum um framkvæmd fullnustu er ekki sinnt o.fl.

Á reynslutímabilinu í Danmörku og Noregi hafa flest störf verið hjá íþróttafélögum, stofnunum reknum af trúfélögum eða aðstoðarstörf við félagslega þjónustu. Vinnan hefur verið fólgin í hreingerningum, ýmsu viðhaldi, vinnu í görðum og ýmsum öðrum tilfallandi störfum.

8. Fyrirkomulag „fullnustu".

Það er hlutverk skilorðseftirlits að ákveða nánar um inntak dóms um samfélagsþjónustu, þar á meðal að ákveða vinnustað og á hvaða vikudögum vinnan skuli innt af hendi og á hvaða tíma sólarhrings. Vinnan skal innt af hendi í frítíma dómþola og er því almennt miðað við að hún sé innt af hendi um helgar. Lögð er áhersla á að fullnusta byrji sem fyrst eftir að endanlegur dómur er kveðinn upp. Þá á skilorðseftirlitið að dreifa vinnustundunum sem jafnast á það tímabil sem inna á vinnuskylduna af hendi.

Viðkomandi vinnuveitandi verður að sjálfsögðu að samþykkja að taka dómþola í samfélagsþjónustu og við ákvörðun vinnustaðar er tekið tillit til persónulegra aðstæðna dómþola. Allar aðrar ákvarðanir um framkvæmd eru í reynd teknar að höfðu samráði við dómþola og viðkomandi vinnuveitanda.

Skilorðseftirlit hefur eftirlit með dómþola og á að fylgjast með því að skilyrði samfélagsþjónustu séu haldin. Þó er heimilt að semja við viðkomandi vinnuveitanda um að annast daglegt eftirlit, enda sé tryggt að skilorðseftirlitið fái strax upplýsingar ef viðkomandi mætir ekki til vinnu þegar hann á að gera það, sem og upplýsingar um að vinnan er ekki innt af hendi svo sem ráð er fyrir gert.

Auk eftirlits vinnuveitanda er gert ráð fyrir að fulltrúi skilorðseftirlitsins komi á vinnustaði til eftirlits án þess að gera boð á undan sér eða hringi þangað þegar dómþoli á að vera þar við vinnu. Fjöldi slíkra heimsókna eða símtala fer eftir aðstæðum en í framkvæmd hefur að meðaltali verið talið nauðsynlegt að sinna þessu eftirliti í annað hvert sinn sem dómþoli á að vera við vinnu. Í framkvæmd hefur eftirlit vinnustaðanna ekki reynst fullnægjandi.

9. Skilorðsrof.

Lögð er áhersla á að nákvæm áætlun liggi fyrir um hvernig inna á vinnuskyldu af hendi og að skjótt sé brugðist við öllum frávikum (skilorðsrofum). Þar sem samfélagsþjónustu er ætlað að koma í stað óskilorðsbundinnar refsivistar er talið nauðsynlegt að framkvæmd sé í föstum skorðum og á skilorðsrofum sé tekið fljótt og af festu. Ekki er þó litið á öll frávik sem skilorðsrof. Vegna minni háttar frávika er beitt áminningu en ef um ítrekun er að ræða er farið með slíkt sem skilorðsrof. Ef vafi leikur á vilja eða mögu leika dómþola að inna vinnu af hendi er málið tekið upp að nýju.

Með rof á skilyrðum dóms um samfélagsþjónustu er farið eins og með aðra skilorðsdóma. Skilorðseftirlit tilkynnir ákæruvaldi um skilorðsrofin og ákæruvaldið leggur málið á ný fyrir dómstól. Oftar en ekki leiðir það til þess að skilorðsdómurinn er tekinn upp og dæmd óskilorðsbundin refsivist. Þó eru önnur úrræði einnig notuð, t.d. lenging skilorðstíma, eftirlit o.fl. Þegar skilorðsrof er fólgið í nýju afbroti er dómurinn um samfé-

lagsþjónustu dæmdur upp ásamt nýja brotinu. Þegar vinnuskyldan er ekki að fullu innt af hendi er metið að hve miklu hinn nýi dómur á að vera þyngri en ef einungis væri dæmt fyrir hið nýja brot.

IV. Um frumvarpið.

A. Almennt.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði tilraun með samfélagsþjónustu hér á landi. Að um tilraun sé að ræða kemur ekki beint fram í frumvarpinu sjálfu með öðrum hætti en þeim að lagt er til að ákvæðin um samfélagsþjónustu komi sem viðauki við almenn hegningarlög en séu ekki felld inn í lögin sjálf, svo og að lögunum er ætlað að gilda í tilgreindan tíma.

Varðandi efni og framkvæmd er gengið út frá því að það verði með svipuðum hætti og annars staðar á Norðurlöndunum. Aftur á móti er í frumvarpinu gert ráð fyrir að á tilraunatímabilinu verði ákvörðunartaka um samfélagsþjónustu stjórnsýsluákvörðun en ekki dómstólaákvörðun, svo sem algengast er.

Miðað er við að við fullnustu dóms verði heimilt að breyta refsivist þannig að í stað hennar komi ólaunuð samfélagsþjónusta.

Með þessu fyrirkomulagi næst best það markmið að samfélagsþjónusta komi í stað óskilorðsbundinnar refsivistar og kostnaður við framkvæmd verður í lágmarki.

Ef vel á að takast til er mikilvægt að hægt verði að hafa fullkomna stjórn á tilrauninni og að unnt verði að byggja upp, þróa og laga samfélagsþjónustu að aðstæðum hér á landi. Gert er ráð fyrir að í lok tilraunatímabilsins verði með hliðsjón af reynslu tekin afstaða til þess hvort og með hvaða hætti samfélagsþjónusta verði hluti af viðurlagakerfinu.

B. Kostnaður.

Í nágrannalöndunum er talið að samfélagsþjónusta geti komið í stað 5–7% óskilorðsbundinna refsivistardóma vegna hegningarlagabrota. Ef þetta hlutfall á við hér á landi þýðir það að samfélagsþjónusta geti, þegar reynsla er fengin, komið í stað 15–20 refsivistardóma. Ef gert er ráð fyrir að um 80% þeirra sem fá samfélagsþjónustu haldi skilyrði hennar og með hliðsjón af gildandi framkvæmd varðandi reynslulausn má gera ráð fyrir að þessir dómþolar tækju 4–6 fangarými á ári. Með hliðsjón af því að fangarými hér á landi eru næstum fullnýtt er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að samfélagsþjónusta lækki kostnað við rekstur fangelsa svo að neinu nemi.

Gera má ráð fyrir að viðbótarkostnaður við það að taka upp samfélagsþjónustu verði um 3,5–5 milljónir króna á ári á tilraunatímabilinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að heimilt verði við fullnustu dóms að breyta refsingu allt að 10 mánaða óskilorðsbundins refsivistardóms þannig að í stað refsivistarinnar komi ólaunuð samfélagsþjónusta frá 40 klukkustundum og allt að 200 klukkustundum. Ef dómi er breytt í samfélagsþjónustu verði fyrri refsing vararefsing.

Forsenda þess að heimilt sé að breyta refsivist dóms í samfélagsþjónustu er að almannahagsmunir mæli ekki gegn því. Ein af grundvallarforsendum viðurlagakerfisins er að refsingar hafi almenn og einstaklingsbundin varnaðaráhrif í för með sér. Þegar dæmd er óskilorðsbundin refsivist eru ekki alltaf skýr mörk á milli þess hvort við val á viður-

lögum er byggt á því að þau hafi almenn eða einstaklingsbundin varnaðaráhrif. Meiri hluti fanga afplánar dóma vegna auðgunarbrota og skjalafals. Fyrir þessi brot er yfirleitt fyrst beitt skilorðsbundnum refsingum, en ef þau úrræði duga ekki kemur til óskilorðsbundinnar refsivistar. Í þessum tilvikum má telja að forsendur viðurlaga byggist m.a. á einstaklingsbundnum varnaðaráhrifum. Þar sem samfélagsþjónusta hefur verið tekin upp hefur verið lögð áhersla á einstaklingsbundin varnaðaráhrif þessa úrræðis og að beiting þess verði ekki til þess að almenn varnaðaráhrif refsinga minnki. Í frumvarpi þessu er reynt að ná þessum markmiðum með ákvæði um að samfélagsþjónustu verði því aðeins beitt að almannahagsmunir mæli ekki gegn því.

Það kemur alloft fyrir að sami dómþoli sé dæmdur til óskilorðsbundinnar refsivistar samkvæmt fleiri en einum dómi og að þeir séu samtímis til fullnustu. Oft er þar um hegningarauka að ræða. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að heimilt verði að breyta slíkum dómum í samfélagsþjónustu ef samanlögð refsivist fer ekki fram úr 10 mánuðum.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um skilyrði þess að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að dómþoli sæki um það skriflega til Fangelsismálastofnunar ríkisins að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu og að það verði gert eigi síðar en þremur mánuðum eftir að hann var upphaflega boðaður til að hefja afplánun refsivistar. Þessi tímamörk eru valin með hliðsjón af því að almennt er heimilt að veita allt að átta mánaða frest á því að hefja afplánun refsivistar. Til að unnt verði að taka afstöðu til umsóknar dómþola innan þeirra tímamarka þarf beiðni að liggja tímalega fyrir. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins er þó heimilt að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður mæla með því. Eru hér höfð í huga þau tilvik þegar líklegt er að fallist verði á beiðni dómþola en af óviðráðanlegum ástæðum hefur beiðni ekki borist innan almenna frestsins.

Í öðru lagi er það skilyrði sett að afplánun refsivistar sé ekki hafin.

Í þriðja lagi er það skilyrði sett að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað. Með samfélagsþjónustu er verið að reyna úrræði gagnvart dómþola er hafi þau áhrif að hann víki af afbrotabraut. Ef fyrir liggur að hann eigi ódæmt í máli verður að telja að samfélagsþjónusta þjóni ekki tilgangi sínum.

Í fjórða lagi er það skilyrði sett að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu. Með þessu er átt við að á grundvelli persónuskýrslu, sem skv. 2. mgr. greinarinnar á að taka af dómþola, verði talið líklegt að hann geti staðið við skilyrði samfélagsþjónustu og að þetta úrræði teljist líklegt til að beina viðkomandi inn á aðrar brautir en áframhaldandi afbrot.

Eins og áður er fram komið er með samfélagsþjónustu átt við ólaunaða vinnu í frítíma dómþola og almennt er gert ráð fyrir að hann sinni jafnframt vinnu eða námi. Það eitt að dómþoli sé á þeim tíma, þegar fjallað er um beiðni hans, atvinnulaus á ekki að koma í veg fyrir að hann teljist hæfur til samfélagsþjónustu, enda sé líklegt að hann fái vinnu í náinni framtíð eða séu tryggð önnur kjör er nægi honum til lífsuppeldis.

Margir dómþolar eiga við áfengis- eða fíkniefnavandamál að stríða. Í slíkum tilfellum verður að meta hvort þessi vandamál dómþola séu þess eðlis að hann geti ekki innt samfélagsþjónustu af hendi.

Um 3. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ber að ákveða í hverju tilfelli, þegar refsivist er breytt í samfélagsþjónustu, hversu margar klukkustundir dómþoli á að vinna. Að jafnaði ber að miða við að fyrir hvern dæmdan refsivistarmánuð kom 20 klukkustunda vinna við samfélagsþjónustu. Samkvæmt greininni er heimilt að taka tillit til gæsluvarðhalds við slíka ákvörðun. Ekki er þó gert ráð fyrir að stutt gæsluvarðhaldsvist hafi þau áhrif að vinnuskylda verði stytt.

Samkvæmt 2. mgr. á jafnframt að ákveða á hve löngum tíma samfélagsþjónustan skuli innt af hendi. Gert er ráð fyrir að sá tími verði aldrei skemmri en 3 mánuðir. Ekki er talið að uppeldisleg markmið með samfélagsþjónustu náist ef vinnuskyldan er innt af hendi á skemmri tíma. Þótt ekki séu um það sérstök ákvæði í greininni er almennt gert ráð fyrir að vinnuskyldunni sé dreift jafnt á það tímabil sem inna skal vinnuskylduna af hendi. Jafnframt er miðað við að vinnuskylda í hverjum mánuði fari ekki fram úr 20 klukkustundum.

Samkvæmt 3. mgr. er það skilyrði sett að dómþoli samþykki að hlíta skilyrðum um samfélagsþjónustu. Eins og áður er fram komið er það nauðsynlegt vegna ákvæða í 4. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um nauðungarvinnu og veitir auk þess meiri líkur fyrir því en ella að dómþoli haldi skilyrðin. Þá er í greininni gert ráð fyrir að dómþola sé afhent skírteini er greini skilyrði fyrir samfélagsþjónustu og í því skírteini komi fram hverju það varði ef skilyrðin eru ekki haldin.

Um 4. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um hvaða skilyrði skuli setja fyrir því að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu. Samkvæmt 1. og 2. tölul. 1. mgr. eru það lögbundin skilyrði að dómþoli gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutímanum og að hann sæti á reynslutímanum umsjón og eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að setja til viðbótar þau skilyrði, nokkur eða öll, sem greinir í 2.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 3. mgr. verður reynslutími jafnlangur þeim tíma er það tekur í hverju tilviki að inna samfélagsþjónustu af hendi.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að þriggja manna nefnd, er dómsmálaráðherra skipar, taki ákvörðun um í hvaða tilvikum refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu og að ákvarðanir nefndarinnar verði endanlegar. Þá er í greininni gert ráð fyrir að nefndin ákveði lengd reynslutíma, þ.e. á hversu löngum tíma vinnuskyldan skuli innt af hendi, klukkustundafjölda samfélagsþjónustu, hvar og hvernig samfélagsþjónustan verði innt af hendi. Með þessu er átt við að nefndin ákveði vinnustað í hverju tilviki hvernig vinnuskyldunni verði dreift á reynslutímann og á hvaða dögum og tíma dags vinnan skuli innt af hendi.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein er Fangelsismálastofnun ríkisins, að höfðu samráði við formann nefndar skv. 5. gr., falið að undirbúa málsmeðferð hjá nefndinni, þar með talið að afla persónuskýrslu af dómþola og annast skrifstofuhald fyrir nefndina. Þá er Fangelsismálastofnun í 2. mgr. falið að annast framkvæmd samfélagsþjónustu þegar ákveðið hefur verið að breyta refsivist í samfélagsþjónustu.

Um 7. gr.

Samkvæmt 1. mgr. á þegar að hafna umsókn um að refsivist verði breytt í samfélagsþjónustu ef dómþoli uppfyllir ekki skilyrði 1.–3. tölul. 1. mgr. 2. gr. Ekki er gert ráð fyrir að slíkar beiðnir komi til umfjöllunar nefndar skv. 5. gr. nema í undantekningartilvikum.

Samkvæmt 2. mgr. ber að fresta fullnustu refsivistar ef beiðni um að henni verði breytt í samfélagsþjónustu er tekin til efnislegrar meðferðar. Þennan frest má upphefja ef dómþoli fremur á þeim tíma refsiverðan verknað.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um það hvernig með eigi að fara er dómþoli rýfur skilorð samfélagsþjónustu. Ákvæði greinarinnar eru sambærileg við ákvæði 42. gr. almennra hegningarlaga um það þegar skilorð reynslulausnar eru rofin.

Í 1. mgr. er fjallað um þau tilvik er dómþoli fremur nýtt brot á reynslutímanum. Gert er ráð fyrir að dómstóll dæmi þá upp eftirstöðvar samfélagsþjónustu, ásamt viðurlögum við hinu nýja broti, samkvæmt almennum reglum um rof skilyrða í skilorðsdómi. Í slíkum tilvikum verður að afla upplýsinga um hve mikinn hluta samfélagsþjónustunnar dómþoli hefur ekki innt af hendi og eftirstöðvarnar verða síðan virtar með sama hætti og skilorðsdómur.

Samkvæmt 2. mgr. fjallar Fangelsismálastofnun ríkisins um önnur skilorðsrof en þau er dómþoli fremur nýtt afbrot og stofnuninni er einnig heimilt að fjalla um þau tilvik þegar dómþoli fremur ótvíræð brot á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni. Samkvæmt greininni er ekki gert ráð fyrir að öll frávik frá áætlun um framkvæmd samfélagsþjónustu verði talin til skilorðsrofa. Vegna minni háttar frávika getur Fangelsismálastofnun fyrst beitt áminningu. Þau úrræði, sem stofnunin getur beitt vegna skilorðsrofa, eru að breyta skilyrðum og lengja reynslutíma í allt að 18 mánuði. Ef ekki er talið að dómþoli vilji eða geti innt samfélagsþjónustuna af hendi verði hann látinn hefja afplánun vararefsingarinnar. Þegar það er gert ber að taka tillit til þess við ákvörðun eftirstöðva hversu mikinn hluta samfélagsþjónustunnar hann hefur innt af hendi.

Brýnt er talið að tekið verði á öllum frávikum frá áætlun um framkvæmd samfélagsþjónustu bæði fljótt og af festu. Þar sem samfélagsþjónusta hefur verið reynd hefur verið lögð áhersla á þetta þar sem uppeldisleg markmið með henni náist ekki með öðrum hætti.

Þegar Fangelsismálastofnun tekur ákvörðun um viðbrögð við skilorðsrofum skal slík ákvörðun skv. 3. mgr. vera skrifleg og birt dómþola með sannanlegum hætti og skv. 4. mgr. skal honum bent á, við birtingu ákvörðunar, að hana megi kæra til nefndar skv. 5. gr.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júlí 1993 og gildi til 31. desember 1996. Af þessu leiðir að tilraunin með samfélagsþjónustu á grundvelli ákvæða frumvarpsins vari í þrjú og hálft ár. Miðað við reynslu erlendis er óvarlegt að ætla að marktæk reynsla fáist á skemmri tíma.

Við það er miðað að lögin öðlist gildi 1. júlí 1993. Verði frumvarpið samþykkt þarf

að undirbúa framkvæmd laganna og er óvarlegt að ætla að það taki skemmri tíma en eitt ár. Auk þess þarf að tryggja fjármagn til að mæta þeim útgjöldum sem samþykkt frumvarpsins hefur í för með sér.

61. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Á eftir j-lið 1. mgr. 112. gr. komi nýr stafliður, svohljóðandi:

k. að hafa með höndum umsjón með ökunámi, eftirlit með ökukennslu og að annast ökupróf.

2. gr.

Í stað „Bifreiðaeftirlit ríkisins“ í 2. mgr. 113. gr. komi: Bifreiðaskoðun Íslands hf.

Við sömu málsgrein bætist í stafrófsröð: Landssamband íslenskra akstursíþróttafélaga.

3. gr.

Í stað 1.–4. mgr. 114. gr. komi þrjár málsgreinar, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skipar stjórn Umferðarráðs. Skal stjórnin skipuð formanni ráðsins og varaformanni og auk þess þremur ráðsmönnum sem ráðherra skipar til eins árs í senn, tvo þeirra samkvæmt tilnefningu Umferðarráðs.

Stjórnin hefur með höndum yfirstjórn á starfsemi Umferðarráðs, boðar fundi í ráðinu, undirbýr dagskrá funda þess og leggur fyrir það skýrslu um starfsemi ráðsins.

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs að fengnum tillögum stjórnar þess. Skipunin má vera tímabundin. Framkvæmdastjóri hefur á hendi forstöðu á starfsemi Umferðarráðs og ræður starfsfólk í samráði við stjórnina og með samþykki dómsmálaráðuneytisins.

4. gr.

Í stað „framkvæmdanefndar“ í 1. mgr. 115. gr. komi: stjórnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar Bifreiðaskoðun Íslands hf. í ársbyrjun 1989 tók við meginhluta verkefna Bifreiðaeftirlits ríkisins á grundvelli breytinga á umferðarlögum sem samþykktar voru á Alþingi í maí 1988 hélst sá starfsþáttur sem laut að umsjón og framkvæmd ökuprófa og kennslu til aukinna ökuréttinda áfram sem sjálfstætt verkefni er síðar hlaut nafnið Bifreiðapróf ríkisins.

Með bréfi, dags. 23. maí 1991, óskaði dómsmálaráðherra eftir því að Hagsýsla ríkisins kannaði hvernig heppilegast væri að skipa þessum málaflokki til frambúðar og gera

um það tillögur, þar á meðal að kanna hvort rétt væri að tengja starfsemina við eða fella undir aðra ríkisstofnun, t.d. Umferðarráð.

Hagsýsla ríkisins skilaði um þetta efni tillögum og ábendingum með bréfi til dómsmálaráðherra, dags. 2. júlí 1991. Var þar lagt til að umsjón, þróun og dagleg framkvæmd málaflokksins verði í höndum Umferðarráðs og að ökufræðslan falli inn í starfsemi þess.

Tillögur Hagsýslunnar vörðuðu að auki ýmis grundvallaratriði við skipan þessa málaflokks, svo sem:

a. Einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, sem uppfylla ákveðin skilyrði, verði heimilt að starfrækja skóla til undirbúnings hvaða tegundar ökuréttinda sem er.
b. Þeim sem eldri eru, einkum foreldrum og öðrum forráðamönnum unglinga, verði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum gefnir möguleikar á að þjálfa ökunema að lokinni undirbúningsþjálfun hjá ökukennara.
c. Nám ökukennaraefna verði tengt námi við Kennaraháskóla Íslands.
d. Landið allt verði eitt útgáfusvæði ökuréttinda og ökuskírteinaskrá verði færð í tölvuvædda landsskrá.
e. Kostnaður við ökunám og ökupróf verði áfram greiddur af viðkomandi einstaklingi en ekki af sameiginlegum sjóðum. Þessi regla tryggir jafna samkeppnisaðstöðu þeirra sem bjóða fram ökukennslu.

Enn fremur benti Hagsýslan á ýmis atriði sem athuga þyrfti varðandi tilhögun ökunáms og ökuprófa, endurskoðun ökuréttindaflokka o.fl.

Hagsýslu ríkisins var falið að vinna áfram að þróun málsins með það að markmiði að hrinda í framkvæmd þeim grunnhugmyndum sem í tillögunum komu fram. Jafnframt mundi dómsmálaráðuneytið annast undirbúning að nauðsynlegum lagabreytingum.

Frumvarp þetta miðar að því að ákvarða með lögum að hlutverk Umferðarráðs skuli vera að hafa með höndum umsjón með ökunámi, eftirlit með ökukennslu og að annast ökupróf, undir yfirstjórn dómsmálaráðuneytis.

Samkvæmt umferðarlögum gegnir Umferðarráð nú þegar því hlutverki að stuðla að öruggari umferð, bættum umferðarháttum og aukinni umferðarmenningu. Umsjón og framkvæmd ökunáms og ökuprófa mun auka möguleika stofnunarinnar á að ná árangri í starfi sínu og skapa henni ný tækifæri. Óþarft virðist fyrir ríkisvaldið að starfrækja sérstaka stofnun, Bifreiðapróf ríkisins, til að sinna þeim þætti umferðarfræðslunnar sem lýtur að ökunámi. Fjárhagslega er hagkvæmara að reka eina stofnun á sviði umferðarfræðslu en tvær og ein stærri stofnun hefur meiri möguleika á að byggja upp þekkingu og fagmennsku en tvær minni stofnanir. Rekstrarleg og fagleg rök virðast því fara saman í þessu máli.

Hjá Umferðarráði er að finna margvíslega þekkingu á umferðarmálum. Hið nýja verkefni mun skapa nánari tengsl á milli Umferðarráðs, ökunema, foreldra og ökukennara. Þau tengsl má nýta til að koma upplýsingum og viðhorfum á framfæri, efla umferðarvitund og umferðaröryggi.

Með flutningi málaflokksins til Umferðarráðs er jafnframt verið að koma til móts við það sjónarmið að í ökufræðslunni eigi umferðin að vera meginviðfangsefnið fremur en bifreiðin sjálf og tæknibúnaður hennar.

Eins og málum er nú skipað hefur enginn opinber aðili eftirlit með almennri ökukennslu. Hingað til hefur fyrst og fremst verið treyst á ökuprófin sem er takmörkuð stjórnunaraðferð við ökunám. Skipulegt eftirlit með öllu ökunámi er því mikið framfaraspor á sviði bættrar umferðarmenningar.

Rekstrarumfang Umferðarráðs og Bifreiðaprófa ríkisins samkvæmt fjárlögum 1991 er sem hér segir í þúsundum króna:

	Umferðarráð	*Bifreiðapróf*	*Samtals*
Gjöld samtals	31.160	23.820	54.980
Sértekjur	7.170	23.820	30.990
Framlag ríkissjóð	23.990	0	23.990

Hjá Umferðarráði eru 5 ársstörf og hjá Bifreiðaprófum ríkisins hafa löngum verið 8 ársstörf auk fjölmargra stundakennara. Gera má ráð fyrir að hjá endurskipulögðu Umferðarráði verði 11–12 ársstörf og er þá gert ráð fyrir að öll kennsla vegna ökuprófa leggist af. Með því að fela Umferðarráði umsjón ökunáms má ná hagræðingu og lækka framlag ríkisins á fjárlögum enda falli ökufræðslan inn í starfsemi Umferðarráðs en verði ekki rekin sem sjálfstæð deild aðskilin frá annarri starfsemi. Mun reyna verulega á stjórnendur stofnunarinnar við þá samþættingu sem án efa kallar á gagngera endurskoðun skipulags og starfshátta.

Frumvarp þetta felur fyrst og fremst í sér að lögfest verði breyting á hlutverki Umferðarráðs að því er varðar þessa verkþætti og nauðsynlega breytingu á yfirstjórn ráðsins þannig að það verði betur í stakk búið til að taka að sér hið nýja verkefni.

Áfram verður unnið að öðrum nauðsynlegum endurbótum á framkvæmd mála þessara í samvinnu við Hagsýslu ríkisins og Umferðarráð. Að því er varðar frekari breytingar á umferðarlögum er varða ökukennslu og ökupróf verða þær teknar til meðferðar í þeirri endurskoðun laganna sem fram fer í samræmi við niðurlagsákvæði þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er lagt til að við 112. gr. umferðarlaga, þar sem fjallað er um hlutverk Umferðarráðs, verði bætt ákvæði er varðar hina nýju verkþætti, þ.e. að Umferðarráð skuli hafa með höndum umsjón með ökunámi, eftirlit með ökukennslu og annast ökunám. Undir þetta mundi falla, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, gerð námsskrár fyrir hin ýmsu ökuréttindastig, gerð prófverkefna og samræming á starfi prófdómara, almennt eftirlit með ökukennslu, svo og skipulag á námi fyrir ökukennaraefni og próf þeirra.

Um 2. gr.

Lagt er til að Bifreiðaskoðun Íslands hf. tilnefni fulltrúa í Umferðarráð í stað Bifreiðaeftirlits ríkisins sem lagt hefur verið niður í kjölfar laga nr. 62/1988, um breyting á umferðarlögunum. Jafnframt er lagt til að ákveðið verði að Landssamband íslenskra akstursíþróttafélaga bætist í hóp þeirra aðila sem rétt eiga á að tilnefna fulltrúa í Umferðarráð.

Um 3. gr.

Með þeirri breytingu, sem lögð er til á 114. gr., er verið að styrkja stöðu og ábyrgð framkvæmdanefndar sem stjórnarstofnunar vegna hinna nýju verkefna Umferðarráðs. Er lagt til að í stað framkvæmdanefndar skipi dómsmálaráðherra Umferðarráði stjórn sem fari með yfirstjórn á starfsemi ráðsins. Stjórnin verði skipuð formanni ráðsins og vara-

formanni svo sem verið hefur. Auk þess skipi ráðherra þrjá stjórnarmenn úr hópi ráðsmanna til eins árs í senn, þar af tvo samkvæmt tilnefningu Umferðarráðs. Jafnframt því sem stjórnin fari með stjórn þeirra mála sem falla undir hlutverk Umferðarráðs annist hún um boðun og undirbúning funda í Umferðarráði og leggi fyrir það skýrslu um starfsemi þess. Þá er lagt til að jafnframt því sem framkvæmdastjóri hafi á hendi forstöðu á starfsemi Umferðarráðs og ráði starfsfólk í samráði við stjórnina, svo sem verið hefur, verði ákveðið að ráðning starfsfólks verði háð samþykki dómsmálaráðuneytis.

Um 4. gr.

Breyting sú, sem lögð er til í grein þessari, leiðir af breytingum skv. 3. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Lagt er til að breytingar þær, sem felast í frumvarpinu, öðlist gildi 1. janúar 1992. Er æskilegt að skipulagsbreytingin komi sem fyrst til framkvæmda og að Umferðarráð geti þannig með beinum hætti komið að frekari undirbúningi.

62. Frumvarp til laga [61. mál]

um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Í 4. gr. tilskipunar um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi, og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, falla niður orðin „er hann hefur stefnt löglega til þess, láta sýslumann kveðja til“, en í stað þeirra kemur: fá dómkvadda.

2. gr.

Á lögum um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík, nr. 1 12. janúar 1900, verða svofelldar breytingar:

1. Í 3. málslið 8. gr. falla brott orðin „bæjarfógetar og“.
2. Í sama ákvæði fellur brott orðið „landshöfðingi“, en í stað þess kemur: dómsmálaráðherra.

3. gr.

Á lögum um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42 13. nóvember 1903, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. gr. fellur niður orðið „lögreglustjórar“, en í stað þess kemur: sýslumenn.
2. Í 2. mgr. 3. gr. fellur niður orðið „landshöfðingja“, en í stað þess kemur: viðskiptaráðherra.
3. Í 5. gr. fellur niður orðið „Landshöfðingja“, en í stað þess kemur: Viðskiptaráðherra.

4. gr.

Á lögum um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, nr. 42 10. nóvember 1913, verða svofelldar breytingar:

1. 2. gr. fellur niður.
2. Í 3. mgr. 4. gr. falla niður orðin „sjódómur rannsakar málið“, en í stað þeirra kemur: sjópróf fer fram.
3. 2. mgr. 10. gr. fellur niður.
4. 13. gr. fellur niður.

5. gr.

Á lögum um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o.fl., nr. 75 14. nóvember 1917, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málslið 1. mgr. 2. gr. falla niður orðin „beiða lögreglustjóra hennar skriflega“, en í stað þeirra kemur: leita eignarnámsmats eftir almennum reglum um framkvæmd eignarnáms.
2. 3., 4. og 5. málsliður 1. mgr. 2. gr. falla niður.
3. 3. málsliður 1. mgr. 4. gr. fellur niður.
4. 5. gr. fellur niður.

6. gr.

Á lögum um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919, verða svofelldar breytingar:

1. Í 3. málslið 3. mgr. 1. gr. fellur niður „(bæjarfógeti)“.
2. Í 1. málslið 5. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
3. Í 1. málslið 1. mgr. 6. gr. fellur niður orðið „valdsmenn“, en í stað þess kemur: sýslumenn.
4. Í 2. málslið 1. mgr. 6. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
5. 2. mgr. 6. gr. verður svohljóðandi:
   Sýslumenn og hreppstjórar skulu gefa því gætur að ákvæðum þessara laga um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.
6. Við 6. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:
   Nú berst sýslumanni tilkynning skv. 2. mgr., og skal hann þá kveðja þann eða þá sem eiga hlut að máli á sinn fund og beina því til þeirra að ráða bót á. Komi í ljós að ágreiningur sé um landamerki skal sýslumaður leita sátta um hann. Ef þau lönd, sem óvissa um landamerki varðar, standa á mörkum umdæma sýslumanna eða mörkin liggja um fleira en eitt umdæmi ákveður dómsmálaráðherra hvor eða hver þeirra gegni þessu starfi.
7. II. kafli fellur niður.

7. gr.

Á lögum um verzlunarskýrslur, nr. 12 19. júní 1922, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 1. gr. fellur niður orðið „lögreglustjórum“, en í stað þess kemur: tollstjórum.
2. Í 3. mgr. 1. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: tollstjóri.
3. Í 1. málslið 2. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
4. Í 1. málslið 1. mgr. 4. gr. fellur tvívegis niður orðið „lögreglustjóra“, en í báðum tilvikum kemur í stað þess: tollstjóra.

5. Í 1. málslið 2. mgr. 4. gr. fellur tvívegis niður orðið „lögreglustjóra“, en í báðum tilvikum kemur í stað þess: tollstjóra.
6. Í 2. málslið 2. mgr. 4. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: tollstjóri.
7. Í 1. málslið 3. mgr. 4. gr. feilur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
8. Í 2. málslið 8. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: tollstjóri.

8. gr.

Á lögum um rétt til fiskiveiða í landhelgi, nr. 33 19. júní 1922, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 4. gr. falla niður orðin „gefa viðkomandi lögreglustjóra eða hreppstjóra eða umboðsmanni þeirra það til vitundar, en valdsmaður“, en í stað þeirra kemur: tilkynna það viðkomandi tollstjóra eða umboðsmanni hans, en hann.
2. Í 1. málslið 2. mgr. 4. gr. falla niður orðin „lögreglustjóra eða hreppstjóra“, en í stað þeirra kemur: tollstjóra eða umboðsmanni hans.
3. Í 1. málslið 10. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.

9. gr.

Á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, verða svofelldar breytingar:

1. 3. mgr. 139. gr. fellur niður.
2. Í 1. mgr. 152. gr. falla niður orðin „og bæjarfógetar“.

10. gr.

Á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, verða svofelldar breytingar:

1. Í 3. mgr. 8. gr. fellur brott orðið „fógetagerð“, en í stað þess kemur: aðfarargerð.
2. Í 1. mgr. 9. gr. fellur niður þrívegis orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur í öllum tilvikum orðið: sýslumaður.
3. Í 1. málslið 1. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
4. Í 2. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „valdsmanns“, en í stað þess kemur: sýslumanns.
5. Í 3. málslið 14. gr. fellur niður orðið „valdsmanns“, en í stað þess kemur: sýslumanns.
6. Í 4. málslið 1. mgr. 20. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
7. Í 22. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
8. Í upphafi 1. mgr. 78. gr. og síðan aftur í upphafi 2. málsliðar 1. tölul. sömu málsgreinar fellur niður orðið „Valdsmaður“, en í báðum tilvikum kemur þess í stað orðið: Sýslumaður.
9. Í 2. málslið 82. gr. falla niður orðin „kemur þá bæjarþing Reykjavíkur í þess stað“, en í stað þeirra kemur: má þá skrásetja kaupmálann í Reykjavík.
10. Í 2. málslið 1. mgr. 83. gr. fellur niður orðið „Valdsmanni“, en í stað þess kemur: Sýslumanni.

11. gr.

Á lögum um mælitæki og vogaráhöld, nr. 13 4. júní 1924, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 2. mgr. 5. gr. falla niður orðin „í kaupstöðum og hreppstjórar í kauptúnum og sveitum".
2. 2. málsliður 2. mgr. 5. gr. fellur niður.
3. Í upphafi 3. mgr. 5. gr. falla niður orðin „Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið", en í stað þeirra koma: Viðskiptaráðuneytið.
4. 1. mgr. 8. gr. fellur niður.

12. gr.

2. mgr. 19. gr. laga um skipströnd og vogrek, nr. 42 15. júní 1926, fellur niður.

13. gr.

2. málsliður 5. gr. laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45 15. júní 1926, fellur niður.

14. gr.

Á lögum um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, nr. 11 23. apríl 1928, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 4. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra", en í stað þess kemur: tollstjóra.
2. Í 1. málslið 5. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra", en í stað þess kemur: tollstjóra.
3. Í 1. málslið 1. mgr. 6. gr. fellur tvívegis brott orðið „lögreglustjóra", en í báðum tilvikum kemur í stað þess: tollstjóra.

15. gr.

29. gr. hjúalaga, nr. 22 7. maí 1928, fellur niður.

16. gr.

Á lögum um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o.fl., nr. 43 19. maí 1930, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 4. mgr. 5. gr. falla niður orðin „á manntalsþingum".
2. Í 4. mgr. 6. gr. fellur niður orðið „árlega".

17. gr.

Í 2. mgr. 11. gr. laga um tilbúning og verzlun með smjörlíki o.fl., nr. 32 19. júní 1933, falla niður orðin „Lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík", en í stað þeirra kemur: Tollstjórar.

18. gr.

Á víxillögum, nr. 93 19. júní 1933, verða svofelldar breytingar:

1. Á eftir orðinu „lögsókn" í 17. gr. bætast við orðin: eða fjárnám.
2. Á eftir orðunum „án gagnsóknar" í 1. málslið 1. mgr. 71. gr. bætast við orðin: beiðni um aðför fyrir víxli berst sýslumanni eða héraðsdómara.

19. gr.

Á lögum um tékka, nr. 94 19. júní 1933, verða svofelldar breytingar:

1. Á eftir orðinu „lögsókn“ í 22. gr. bætast við orðin: eða fjárnám.
2. Á eftir orðunum „án gagnsóknar“ í 1. málslið 1. mgr. 53. gr. bætast við orðin: beiðni um aðför fyrir tékka berst sýslumanni eða héraðsdómara.

20. gr.

Á lögum um bráðabirgðaútflutningsskýrslur, nr. 53 28. janúar 1935, verða svofelldar breytingar:

1. Í lokamálsgrein 3. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: tollstjóri.
2. Í 2. mgr. 8. gr. falla brott orðin „20–100 á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda“, en í stað þeirra kemur: sem Fiskifélagið ákveður, og má fullnægja kröfu um þær með fjárnámi.

21. gr.

Í 1. málslið 4. gr. laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, nr. 16 13. janúar 1938, fellur niður orðið „héraðsdómara“, en í stað þess kemur: sýslumanni.

22. gr.

Á lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74 11. júní 1938, verða svofelldar breytingar:

1. Í upphafi 1. gr. fellur niður orðið „Atvinnumálaráðuneytinu“, en í stað þess kemur: Dómsmálaráðherra.
2. Í 1. mgr. 4. gr. falla niður orðin „þeirra“ og „er getur í 8. kap. siglingalaganna“.
3. Í upphafi 6. gr. fellur niður orðið „Atvinnumálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: Dómsmálaráðherra.

23. gr.

Á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, verða svofelldar breytingar:

1. Í 3. mgr. 54. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: lögreglustjóri.
2. Í 3. málslið 2. mgr. 83. gr. b. falla niður orðin „XXI. kafla laga nr. 74/1974“, en í stað þeirra kemur: laga um meðferð opinberra mála.

24. gr.

Á lögum um hlutarútgerðarfélög, nr. 45 12. febrúar 1940, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málslið 1. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
2. Í 3. málslið 2. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: sýslumanni.
3. Í 1. málslið 3. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
4. Í 2. málslið 3. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „atvinnumálaráðherra“, en í stað þess kemur: viðskiptaráðherra.
5. Í 4. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: sýslumaður.

6. Í 5. málslið 1. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: sýslumanni.
7. 14. gr. verður svohljóðandi:
   Fjármálaráðherra ákveður gjöld vegna skrásetningar í reglugerð.

25. gr.

Í 1. málslið 1. mgr. 6. gr. landskiptalaga, nr. 46 27. júní 1941, fellur brott orðið „dómkveðja“, en í stað þess kemur: kveðja.

26. gr.

Í 3. gr. laga um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, nr. 99 16. desember 1943, fellur niður orðið „bæjarþingi“, en í stað þess kemur: héraðsdómi.

27. gr.

Á lögum um hvalveiðar, nr. 26 3. maí 1949, verða svofelldar breytingar:
1. Í upphafi 1. málsliðar 4. mgr. 10. gr. falla niður orðin „Lagt skal löghald á“, en í stað þeirra kemur: Kyrrsetja skal.
2. Í 2. málslið 4. mgr. 10. gr. falla niður orðin „að mati dómara“.

28. gr.

2. mgr. 2. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7 3. febrúar 1953, verður svohljóðandi:
Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir þá hunda sem eru í sveitarfélaginu.

29. gr.

Á lögum um bæjarnöfn o.fl., nr. 35 18. febrúar 1953, verða svofelldar breytingar:
1. Í 4. málslið 6. gr. fellur niður orðið „Þinglýsingarvaldsmanni“, en í stað þess kemur: Þinglýsingarstjóra.
2. Í 5. málslið 8. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómara“, en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
3. 2. málsliður 1. mgr. 10. gr. fellur niður.

30. gr.

Á sóttvarnarlögum, nr. 34 12. apríl 1954, verða svofelldar breytingar:
1. Í 2. mgr. 3. gr. falla brott orðin „öðrum en Reykjavík bæjarfógeta“, en í stað þeirra kemur: og bæjum öðrum en Reykjavík tollstjóra. Síðar í sama ákvæði falla brott orðin „lögreglustjóra (hreppstjóra)“, en í stað þeirra kemur: tollstjóra.
2. 3. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:
   Tollstjórar eru hver í sínu umdæmi formenn sóttvarnarnefnda.

31. gr.

Á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 14. apríl 1954, verða svofelldar breytingar:
1. 5. mgr. 13. gr. verður svohljóðandi:
   Um dómara gilda sérákvæði laga.
2. Á undan orðinu „tollstjóri“ í 3. tölul. 2. mgr. 29. gr. bætist við: sýslumenn.

32. gr.

Í 6. mgr. 17. gr. laga um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955, falla niður orðin „eða bæjarfógeti“.

33. gr.

Í 2. mgr. 25. gr. laga um laun starfsmanna ríkisins, nr. 92 24. desember 1955, falla niður orðin „(þ.e. sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómarinn, yfirborgardómarinn, yfirborgarfógetinn og tollstjórinn í Reykjavík)“.

34. gr.

Á lögum um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 26. gr. falla brott orðin „Saksóknari ríkisins“, en í stað þeirra kemur: Ríkissaksóknari.
2. Í 1. málslið 29. gr. falla brott orðin „samkv. VI. kafla laga nr. 27/1951“, en í stað þeirra kemur: eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Síðar í sama ákvæði fellur einnig brott orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: ríkissaksóknara.

35. gr.

Í 1. málslið 2. mgr. 1. gr. laga um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum, nr. 32 22. maí 1957, falla niður orðin „bæjarfógeti Kópavogskaupstaðar“, en í stað þeirra kemur: sýslumaðurinn í Kópavogi.

36. gr.

Í 1. málslið 1. mgr. 3. gr. laga um eyðingu refa og minka, nr. 52 5. júní 1957, falla brott orðin „og bæjarfógetar“.

37. gr.

Í 4. mgr. 2. gr. farsóttalaga, nr. 10 19. mars 1958, falla niður orðin „sýslumönnum, bæjarfógetum (lögreglustjórum)“, en í stað þeirra kemur: lögreglustjórum.

38. gr.

Í 1. málslið 2. mgr. 1. gr. laga um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum, nr. 22 10. maí 1960, fellur niður orðið „bæjarfógetinn“, en í stað þess kemur: sýslumaðurinn.

39. gr.

Á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54 27. apríl 1962, verða svofelldar breytingar:

1. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. verður svohljóðandi: Skýrslur sýslumanna til Hagstofunnar um hjónavígslur, leyfi til skilnaðar að borði og sæng og leyfi til lögskilnaðar.
2. Í 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. falla brott orðin „leyfi til lögskilnaðar“.
3. Í 1. málslið 1. mgr. 6. gr. falla brott orðin „allt að 1000 kr. á dag“.
4. Við 1. mgr. 6. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kröfu um dagsektir má fullnægja með fjárnámi.
5. 3. mgr. 6. gr. fellur brott.

40. gr.

Á lögum um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið a-liðar 1. mgr. 2. gr. falla niður orðin „hæstaréttardómarar, fimm að tölu, yfirsakadómarinn", en í stað þeirra kemur: þeir fimm dómarar við Hæstarétt sem hafa átt þar lengst sæti, dómstjórinn".
2. 3. málsliður a-liðar 1. mgr. 2. gr. verður svohljóðandi: Varamaður dómstjórans í Reykjavík er sá héraðsdómari í Reykjavík sem hefur lengst gegnt því embætti.
3. 45. gr. verður svohljóðandi:
   Um fullnustu dóms fer eftir almennum reglum.

41. gr.

Í 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 39 19. maí 1964, fellur niður orðið „sakadómi", en í stað þess kemur: dómi.

42. gr.

Í 3. málslið 1. mgr. 6. gr. girðingarlaga, nr. 10 25. mars 1965, falla niður orðin „lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn", en í stað þeirra kemur: stjórnsýsluumdæma, tilnefna hlutaðeigandi sýslumenn.

43. gr.

Í 2. málslið 6. gr. laga um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965, fellur niður orðið „fógetagerðir".

44. gr.

Á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 9. gr. falla niður orðin „þinghá eignarinnar", en í stað þeirra kemur: því umdæmi þar sem réttindum yfir eigninni er þinglýst.
2. Í 1. málslið 9. gr. fellur niður orðið „dómara", en í stað þess kemur: sýslumanni.
3. Í 2. málslið 9. gr. fellur niður orðið „dómarinn", en í stað þess kemur: sýslumaður.

45. gr.

Á lögum um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21 16. apríl 1966, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málslið 1. mgr. 1. gr. fellur niður orðið „borgarfógetaembættið", en í stað þess kemur: embætti sýslumannsins.
2. Í 2. mgr. 9. gr. fellur niður orðið „dómari", en í stað þess kemur: sýslumaður.
3. 14. gr. verður svohljóðandi:
   Um heimild til að kæra ákvörðun sýslumanns um skrásetningu til dómsmálaráðherra og til málshöfðunar um hana fer eftir reglum þinglýsingalaga.
4. Í 15. gr. fellur niður orðið „borgarfógeta", en í stað þess kemur: sýslumanns.
5. Í 1. málslið 18. gr. fellur niður orðið „Borgarfógeti", en í stað þess kemur: Sýslumaður. Í 2. málslið sama ákvæðis fellur niður orðið „borgarfógeti", en í stað þess kemur: sýslumaður.
6. 37. gr. fellur niður.

46. gr.

Á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 26. apríl 1966, verða svofelldar breytingar:

1. 2. mgr. 9. gr. verður svohljóðandi:
   Sýslumenn skulu hver í sínu umdæmi halda skrá um æðarvörp sem hafa verið friðlýst. Fyrir 15. apríl ár hvert skal sýslumaður fá birta auglýsingu í Lögbirtingablaði um heiti þeirra landareigna í umdæmi sínu þar sem æðarvarp hefur verið friðlýst. Umráðamaður varplands ber ekki kostnað af þeirri auglýsingu.
2. 3. mgr. 9. gr. verður svohljóðandi:
   Nú vill maður koma á fót æðarvarpi á landareign eða ábúðarjörð sinni eða fá friðlýst æðarvarp sem er þegar fyrir hendi, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það, þar sem greinir frá legu varplandsins, afstöðu þess og ummerkjum. Yfirlýsingu þessari skal fylgja vottorð tveggja áreiðanlegra manna, sem eru kunnugir staðháttum, um að hún sé rétt og jafnframt að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps sé verið að koma því á fót. Sýslumaður tekur þá varplandið á skrá skv. 2. mgr.

47. gr.

Í 2. málslið 1. mgr. 28. gr. laga um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52 13. maí 1966, fellur niður orðið „bæjarfógeta“.

48. gr.

Á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 53 13. maí 1966, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 2. mgr. 13. gr. falla niður orðin „(í Reykjavík borgardómari)“.
2. Í 1. málslið 27. gr. fellur brott orðið „valdsmanni“, en í stað þess kemur: lögreglustjóra.
3. Í 4. mgr. 28. gr. falla niður orðin „samkv. 24. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961“, en í stað þeirra kemur: eftir lögum um meðferð opinberra mála.
4. Í 1. málslið 2. mgr. 49. gr. fellur niður orðið „valdsmanns“, en í stað þess kemur: lögreglustjóra.
5. Í 1. málslið 3. mgr. 53. gr. fellur niður orðið „fógeta“, en í stað þess kemur: sýslumann.

49. gr.

Í 1. málslið 2. mgr. 1. gr. laga um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum, nr. 36 29. apríl 1967, falla brott orðin „bæjarfógeti Kópavogskaupstaðar“, en í stað þeirra kemur: sýslumaðurinn í Kópavogi.

50. gr.

Á lögum um verzlunaratvinnu, nr. 41 2. maí 1968, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málslið 2. mgr. 9. gr. fellur niður orðið „Lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: Sýslumanni.
2. Í 1. málslið 1. mgr. 10. gr. falla niður orðin „Borgarfógeti í Reykjavík eða lögreglustjóri“, en í stað þeirra kemur: Sýslumaður.

3. Í 2. málslið 1. mgr. 10. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
4. 2. mgr. 10. gr. fellur niður.
5. Í 1. málslið 3. mgr. 10. gr. fellur niður orðið „Lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: Sýslumaður.

51. gr.

Í 4. mgr. 37. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, falla niður orðin „Sjó- og verzlunardómi“, en í stað þeirra kemur: héraðsdómi.

52. gr.

Á lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 62 28. maí 1969, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 1. mgr. 14. gr. falla brott orðin „allt að 5000 kr. á dag“.
2. Við 1. mgr. 14. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kröfu um dagsektir má fullnægja með fjárnámi.
3. 3. mgr. 14. gr. fellur niður.

53. gr.

Í 25. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969, fellur niður orðið „dómara“, en í stað þess kemur: lögreglu.

54. gr.

Í 3. málslið 1. gr. laga um gæðamat á æðardúni, nr. 39 11. maí 1970, falla niður orðin „sýslumaður (lögreglustjóri)“, en í stað þeirra kemur: lögreglustjóri.

55. gr.

Á lögum um skemmtanaskatt, nr. 58 12. maí 1970, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málslið a-liðar undir fyrirsögninni „3. flokkur“ í 2. gr. fellur brott orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
2. 1. málsliður 5. gr. verður svohljóðandi: Tollstjóri innheimtir skemmtanaskattinn.

56. gr.

Í 4. málslið 2. mgr. 85. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, falla niður orðin „á manntalsþingi“.

57. gr.

Á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 6. apríl 1971, verða svofelldar breytingar:

1. 2. og 3. málsliður 2. tölul. 4. mgr. 5. gr. falla niður.
2. 4. tölul. 4. mgr. 5. gr. fellur niður.
3. Í 1. málslið 5. mgr. 5. gr. falla niður orðin „vinnur af sér meðlag eða barnalífeyri“.
4. 2. málsliður 7. gr. fellur niður.

58. gr.

Í niðurlagi 1. mgr. 28. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67 20. apríl 1971, falla niður orðin „fyrir rétti“.

59. gr.

Í 1. málslið 5. gr. laga um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, nr. 24 20. maí 1972, fellur niður orðið „Lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: Sýslumaður.

60. gr.

Í 3. mgr. 2. gr. laga um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp, nr. 40 24. maí 1972, falla niður orðin „Norður-Múlasýslu“.

61. gr.

Á lögum um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. gr. falla niður orðin „V. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961“, en í stað þeirra kemur: lögum um meðferð opinberra mála.
2. 2. mgr. 2. gr. verður svohljóðandi:

   Í Reykjavík er sérstakur lögreglustjóri. Utan Reykjavíkur eru sýslumenn lögreglustjórar hver í sínu umdæmi.

62. gr.

Á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972, verða svofelldar breytingar:

1. 18. gr. verður svohljóðandi:

   Borgaralegar hjónavígslur framkvæma sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.
2. 43. gr. verður svohljóðandi:

   Leyfi til skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar veita sýslumenn, en skjóta má ákvörðun sýslumanns í þeim efnum til dómsmálaráðuneytisins innan mánaðar frá því aðila varð hún kunn. Fyrir dómstólum má leita skilnaðar að borði og sæng skv. 32. gr. og lögskilnaðar eftir öðrum ákvæðum en 34. gr. og er undanfarandi synjun stjórnvalds um leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar því ekki til fyrirstöðu.
3. Í 2. mgr. 81. gr. falla niður orðin „sbr. 39. gr. laga nr. 20/1923“.

63. gr.

Í 2. málslið 13. gr. laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973, falla niður orðin „aðstoðar fógeta“, en í stað þeirra kemur: aðfarargerðar án undangengins dóms eða sáttar.

64. gr.

Í 3. málslið 2. mgr. 2. gr. laga um jöfnun flutningskostnaðar af sementi, nr. 62 30. apríl 1973, falla niður orðin „tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar annars staðar á landinu“, en í stað þeirra kemur: tollstjórar.

65. gr.

3. gr. laga um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni, nr. 17 10. apríl 1974, fellur niður.

66. gr.

Í 2. málslið 4. gr. laga um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 100 31. desember 1974, falla brott orðin „sýslumaðurinn í Gullbringusýslu dómkveður“, en í stað þeirra kemur: sýslumaður skipar.

67. gr.

Í 2. málslið 2. mgr. 1. gr. laga um iðnaðarmálagjald, nr. 48 27. maí 1975, falla niður orðin „sbr. lög nr. 29 16. desember 1885“.

68. gr.

Á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, verða svofelldar breytingar:

1. Á eftir orðinu „barnsfaðernismálum“ í 1. málslið 2. mgr. 1. gr. bætist við: lögræðissviptingarmálum.
2. Í 21. gr. falla brott orðin „og bæjarfógetar“.

69. gr.

Í 1. málslið 2. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976, fellur niður orðið „bæjarfógetum“.

70. gr.

Á lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. desember 1976, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 3. gr. falla niður orðin „Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu“, en í stað þeirra kemur: stjórnsýsluumdæmum Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar.
2. Í 2. mgr. 3. gr. falla niður orðin „Keflavík, Grindavík, Njarðvíkum, Gullbringusýslu og á Keflavíkurflugvelli“, en í stað þeirra kemur: stjórnsýsluumdæmum Keflavíkur og Keflavíkurflugvallar.
3. Í 1. málslið 4. gr. falla niður orðin „og sakadómurum“.
4. Í 2. mgr. 5. gr. falla niður orðin „sem tekin eru samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði“.

71. gr.

14. gr. laga um skylduskil til safna, nr. 43 16. maí 1977, verður svohljóðandi:

Nú gerir skilaskyldur aðili ekki fullnaðarskil í tæka tíð, og getur þá Landsbókasafn Íslands lagt á hann dagsektir. Kröfu um dagsektir má fullnægja með fjárnámi.

72. gr.

Á lögum um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, verða svofelldar breytingar:

1. Í niðurlagi 2. mgr. 14. gr. falla niður orðin „beinni fógetagerð“, en í stað þeirra kemur: aðfarargerð án undangengins dóms eða sáttar.
2. Í 1. málslið 3. mgr. 145. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: sýslumanns.
3. Í 2. málslið 3. mgr. 145. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: sýslumanni.

73. gr.

Á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44 1. júní 1979, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 18. gr. falla niður orðin „Hafi fógetaúrskurður gengið um útburð leigutaka er fógeta þó heimilt að ákveða“, en í stað þeirra kemur: Gangi úrskurður um heimild til útburðar á leigutaka getur héraðsdómari eftir kröfu ákveðið.
2. 23. gr. fellur niður.

74. gr.

Á barnalögum, nr. 9 15. apríl 1981, verða svofelldar breytingar:

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi: Með hugtakinu valdsmaður er í lögum þessum átt við sýslumenn.
2. Í 1. málslið 1. mgr. 28. gr. falla niður orðin „sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 29/1885“.
3. Í 2. málslið 1. mgr. 40. gr. fellur brott orðið „dómsmálaráðuneytisins“, en í stað þess kemur: valdsmanns. Síðar í sama ákvæði fellur brott orðið „ráðuneytið“, en í stað þess kemur: hann.
4. Í 1. málslið 2. mgr. 40. gr. fellur brott orðið „dómsmálaráðuneytisins“, en í stað þess kemur: valdsmanns. Í 2. málslið sömu málsgreinar fellur brott orðið „dómsmálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: valdsmaður. Síðar í sama ákvæði fellur brott orðið „ráðuneytið“, en í stað þess kemur: valdsmaður.
5. Í 1. málslið 3. mgr. 40. gr. fellur brott orðið „dómsmálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: valdsmaður. Síðar í sama ákvæði falla niður orðin „allt að 200 króna“.
6. Í 1. málslið 4. mgr. 40. gr. fellur brott orðið „dómsmálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: valdsmaður. Í 2. málslið sömu málsgreinar fellur brott orðið „Ráðuneytið“, en í stað þess kemur: Valdsmaður.
7. Í 5. mgr. 40. gr. fellur brott orðið „dómsmálaráðuneytisins“, en í stað þess kemur: valdsmanns. Við þessa málsgrein bætist síðan nýr málsliður, svohljóðandi: Úrlausn valdsmanns má skjóta til dómsmálaráðuneytisins til endurskoðunar innan mánaðar frá því þeim, sem leitar endurskoðunar, varð kunnugt um efni úrlausnar, en ráðuneytið kveður upp úrskurð í málinu.
8. 1. mgr. 46. gr. fellur niður.
9. 54. gr. fellur niður.

75. gr.

Á lögum um horfna menn, nr. 44 26. maí 1981, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 6. gr. falla niður orðin „í Reykjavík borgardómara“.
2. 2. mgr. 21. gr. fellur niður.

76. gr.

Á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 109. gr. fellur niður orðið „lögreglustjórar“, en í stað þess kemur: tollstjórar.
2. Í 1. málslið 2. mgr. 109. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.

77. gr.

Í 4. mgr. 8. gr. laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, nr. 70 17. maí 1982, falla niður orðin „sbr. lög nr. 29 16. desember 1885“.

78. gr.

Á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 74 12. maí 1982, verða svofelldar breytingar:

1. 3. málsliður 2. mgr. 17. gr. fellur niður.
2. 3. málsliður 1. mgr. 26. gr. fellur niður.
3. Í 1. málslið 2. mgr. 26. gr. falla niður orðin „eða héraðsdómara“.

79. gr.

Á lögræðislögum, nr. 68 30. maí 1984, verða svofelldar breytingar:

1. 4. gr. fellur niður.
2. Í 1. málslið 1. mgr. 6. gr. falla niður orðin „(í Reykjavík borgardómara)“.
3. 1. mgr. 8. gr. fellur niður.
4. 2. mgr. 8. gr. verður svohljóðandi:
   Dómari skal senda sýslumanni endurrit úrskurðar um lögræðissviptingu, svo og dómsmálaráðuneytinu, en það heldur spjaldskrá um lögræðissvipta menn hér á landi.
5. 1. mgr. 11. gr. fellur niður.
6. 1. málsliður 2. mgr. 11. gr. fellur niður.
7. Í 3. mgr. 11. gr. fellur niður orðið „þó“.
8. 1. mgr. 30. gr. verður svohljóðandi:
   Sýslumenn eru yfirlögráðendur hver í sínu umdæmi. Ákvörðun sýslumanns í þeim efnum má skjóta til dómsmálaráðuneytisins til endurskoðunar innan mánaðar frá því hlutaðeiganda varð hún kunn.
9. Í 2. mgr. 35. gr. fellur niður orðið „Dómsmálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: Yfirlögráðandi.
10. Í 1. mgr. 37. gr. fellur niður orðið „dómsmálaráðuneytisins“, en í stað þess kemur: yfirlögráðanda.
11. Í 1. mgr. 38. gr. fellur niður orðið „dómsmálaráðuneytisins“, en í stað þess kemur: yfirlögráðanda.
12. Í 2. mgr. 40. gr. falla niður orðin „með samþykki dómsmálaráðuneytisins“.

80. gr.

Á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112 31. desember 1984, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. mgr. 13. gr. falla brott orðin „tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi“, en í stað þeirra kemur: tollstjórum.
2. Í 1. málslið 14. gr. falla brott orðin „tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi“, en í stað þeirra kemur: tollstjóra.

81. gr.

Á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113 31. desember 1984, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 2. mgr. 9. gr. falla brott orðin „tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi“, en í stað þeirra kemur: tollstjórum.

2. Í 1. málslið 11. gr. falla brott orðin „tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi“, en í stað þeirra kemur: tollstjóra.

82. gr.

Á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, verða svofelldar breytingar:

1. Í 4. gr. fellur niður orðið „dómara“.
2. 2. mgr. 13. gr. verður svohljóðandi:
   Skipstjóri getur komið fram sem fyrirsvarsmaður útgerðarmanns í málum sem við koma skipinu án þess að afla sér sérstakrar heimildar til þess hverju sinni.
3. Í 2. mgr. 63. gr. falla niður orðin „kyrrsetningu eða“.
4. Í 1. málslið 2. mgr. 180. gr. falla niður orðin „getur dómstóll hafnað“, en í stað þeirra kemur: má hafna.
5. 1. mgr. 181. gr. fellur niður.
6. 188. gr. verður svohljóðandi:
   Þegar takmörkunarsjóður hefur verið stofnaður skipar dómari úthlutunarmann sem skal fullnægja skilyrðum til að gegna starfi skiptastjóra við gjaldþrotaskipti. Úthlutunarmaður annast úthlutun úr sjóðnum, en um aðdraganda úthlutunar og hana sjálfa, þar á meðal störf og stöðu úthlutunarmanns, innköllun, meðferð kröfulýsinga, fundi með kröfuhöfum, úthlutunina sjálfa og meðferð ágreiningsmála fer eftir reglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem þær geta átt við.
7. 189., 190., 192., 193. og 194. gr. falla niður.
8. Í 1. mgr. 195. gr. fellur niður orðið „dómarinn“.
9. 2. málsliður 2. mgr. 195. gr. fellur niður.
10. Í 1. mgr. 196. gr. falla niður orðin „dómari hefur ákvarðað skiptingu sjóðsins með dómi verða allar ákvarðanir dómsins“, en í stað þeirra kemur: úthlutunarmaður hefur lokið úthlutunargerð vegna sjóðsins verða allar ákvarðanir sem hafa verið teknar.
11. 2. mgr. 196. gr. fellur niður.
12. Í 1. málslið 223. gr. falla niður orðin „á bæjarþingi eða aukadómþingi“, en í stað þeirra kemur: fyrir héraðsdómi.
13. Í 4. málslið 2. mgr. 230. gr. falla niður orðin „Embættisdómurum eða lögreglustjórum“, en í stað þeirra kemur: Lögreglustjórum.
14. Í 3. málslið 232. gr. falla niður orðin „sýslumönnum eða bæjarfógetum“, en í stað þeirra kemur: héraðsdómurum.

83. gr.

Í 3. málslið 1. mgr. 72. gr. sjómannalaga, nr. 35 19. júní 1985, falla niður orðin „sýslumönnum eða bæjarfógetum“, en í stað þeirra kemur: héraðsdómurum.

84. gr.

Á útvarpslögum, nr. 68 27. júní 1985, verða svofelldar breytingar:

1. 2. mgr. 29. gr. verður svohljóðandi:
   Lögtaksréttur er fyrir ógreiddum útvarpsgjöldum, álagi skv. 1. mgr., vöxtum og innheimtukostnaði.
2. 3. mgr. 30. gr. fellur niður.

85. gr.

Á lögum um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985, verða svofelldar breytingar:

1. Í e-lið 3. mgr. 1. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómurum“, en í stað þess kemur: þinglýsingarstjórum.
2. Í 5. mgr. 6. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómara“, en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
3. Í 1. málslið 1. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómara“, en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
4. Í 2. málslið 1. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „Þinglýsingardómari“, en í stað þess kemur: Þinglýsingarstjóri.
5. Í 2. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómara“, en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
6. Í 1. málslið 3. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómara“, en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
7. Í upphafi 2. málsliðar 3. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „Þinglýsingardómari“, en í stað þess kemur: Þinglýsingarstjóri. Síðar í sama málslið fellur niður orðið „þinglýsingardómara“, en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
8. Í 1. málslið 16. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómara“, en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
9. Í 17. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómurum“, en í stað þess kemur: þinglýsingarstjórum.
10. 2. mgr. 25. gr. fellur niður.

86. gr.

1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8 18. apríl 1986, verður svohljóðandi:

Sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga.

87. gr.

Á lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, verða svofelldar breytingar:

1. Við 2. mgr. 29. gr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hafnarstjóri skal tilkynna lögreglustjóra um þau mál sem hann lýkur með þessum hætti. Ríkissaksóknara er heimilt að fella slík málalok úr gildi eftir reglum laga um meðferð opinberra mála.
2. 3.–5. mgr. 29. gr. falla niður.
3. Í 6. mgr. 29. gr. falla niður orðin „þessari grein“, en í stað þeirra kemur: 2. mgr.

88. gr.

Í 2. gr. laga um Kjaradóm, nr. 92 31. desember 1986, falla niður orðin: „borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, sakadómara, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirsakadómara“. Þá fellur niður ákvæði til bráðabirgða við lögin.

89. gr.

Í 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94 31. des-

ember 1986, falla niður orðin „borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, sakadómara, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirsakadómara“.

90. gr.

Í 1. málslið 8. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3 23. september 1987, falla niður orðin „lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri,“, en í stað þeirra kemur: tollstjórar.

91. gr.

Í 1. málslið 4. mgr. 11. gr. laga um orlof, nr. 30 27. mars 1987, falla niður orðin „sbr. l. nr. 29 16. desember 1885“.

92. gr.

Á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43 30. mars 1987, verða svofelldar breytingar:

1. 1. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:
   Tollstjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Utan aðsetursstaða sinna er tollstjórum heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar. Einnig er tollstjórum heimilt að skipa fulltrúa til að annast lögskráningar á aðsetursstöðum sínum ef þess gerist þörf.
2. Í 1. málslið 2. mgr. 3. gr. fellur tvívegis brott orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur í báðum tilvikum: tollstjóra.
3. Í 2. málslið 2. mgr. 3. gr. fellur brott orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
4. Í 3. málslið 2. mgr. 3. gr. fellur brott orðið „Lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: Tollstjóri.
5. Við 2. málslið 16. gr. bætast eftirfarandi orð: eftir sömu reglum og gilda um heimild til að bera rannsóknaraðgerðir í opinberu máli undir dóm.

93. gr.

Í 1. málslið 4. mgr. 25. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 30. mars 1987, fellur niður orðið „sakadóms“, en í stað þess kemur: héraðsdóms, en farið skal þá eftir reglum laga um meðferð opinberra mála eftir því sem á við.

94. gr.

Á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. mgr. 109. gr. falla niður orðin „málið verði, að tilteknum tíma liðnum, sent til meðferðar fógetaréttar eða uppboðsréttar“, en í stað þeirra kemur: krafist verði aðfarar eða nauðungarsölu að tilteknum tíma liðnum.
2. 4. mgr. 109. gr. fellur niður.

95. gr.

Á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987, verða svofelldar breytingar:

1. 27. gr. verður svohljóðandi:
   Landið skiptist í tollumdæmi með sama hætti og stjórnsýsluumdæmi sýslumanna eru mörkuð hverju sinni.

2. 2. málsliður 31. gr. verður svohljóðandi: Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri en sýslumenn eru annars tollstjórar í sínum umdæmum.

96. gr.

Í 2. mgr. 1. tölul. 5. gr. laga um Iðnlánasjóð, nr. 76 19. ágúst 1987, falla brott orðin „sbr. lög nr. 29 16. des. 1885".

97. gr.

Á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, verða svofelldar breytingar:

1. a-liður 1. mgr. 13. gr. verður svohljóðandi: Sýslumenn og starfsmenn þeirra samkvæmt ákvörðun sýslumanna. Með samþykki dómsmálaráðuneytisins getur sýslumaður enn fremur falið öðrum að annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.
2. Í 2. mgr. 13. gr. falla brott orðin „og bæjarfógeta, yfirborgarfógeta í Reykjavík og lögreglustjóra utan Reykjavíkur".
3. Í 17. gr. falla brott orðin „eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti)".
4. Í 48. gr. falla brott orðin „eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti)".
5. Í a-lið 1. mgr. 63. gr. falla brott orðin „eða bæjarfógeta, borgarfógeta í Reykjavík eða lögreglustjóra utan Reykjavíkur".
6. Í 2. mgr. 66. gr. falla brott orðin „bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík borgarfógeta)", en í stað þeirra kemur: sýslumannsins í þeim kaupstað.

98. gr.

Í 1. málslið 7. gr. laga um bifreiðagjald, nr. 39 20. maí 1988, falla niður orðin „lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri", en í stað þeirra kemur: tollstjórar.

99. gr.

Í 1. málslið 5. mgr. 38. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988, fellur niður orðið „sakadóms", en í stað þess kemur: héraðsdóms, en farið skal þá eftir reglum laga um meðferð opinberra mála eftir því sem á við.

100. gr.

2. málsliður 1. mgr. 13. gr. laga um eignarleigustarfsemi, nr. 19 4. apríl 1989, verður svohljóðandi: Skal ráðherra þá senda héraðsdómara á varnarþingi fyrirtækisins kröfu um að bú þess verði tekið til skipta, en um skilyrði til að verða við kröfunni, meðferð hennar og framkvæmd skipta fer eftir reglum um slit viðskiptabanka.

101. gr.

Í 2. málslið 2. mgr. 37. gr. þjóðminjalaga, nr. 88 29. maí 1989, fellur niður orðið „Þinglýsingardómari", en í stað þess kemur: Þinglýsingarstjóri.

102. gr.

Á lögum um aðför, nr. 90 1. júní 1990, verða svofelldar breytingar:

1. Við 84. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

   Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Hæstaréttar. Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.

2. Við 91. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:
   Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Hæstaréttar. Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.
3. Við 95. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:
   Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Hæstaréttar. Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.
4. 2. málsliður 1. mgr. 107. gr. verður svohljóðandi: Meðferð slíks máls skal lokið í héraði samkvæmt þeim reglum sem giltu fyrir gildistöku laga þessara.
5. Við 107. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:
   Hafi úrskurður gengið eða aðfarargerð farið fram í fógetarétti fyrir 1. júlí 1992, sem hefði sætt áfrýjun til æðra dóms eftir eldri lögum og aðili vill skjóta til Hæstaréttar eftir gildistöku laga þessara, skal það gert með kæru, enda hafi áfrýjunarstefna ekki þegar verið tekin út, almennur áfrýjunarfrestur ekki verið á enda og öðrum skilyrðum áfrýjunar verið fullnægt. Kærufrestur telst þá byrja að líða 1. júlí 1992. Hafi úrskurði eða aðfarargerð verið áfrýjað til Hæstaréttar fyrir 1. júlí 1992 en málið hefur þá ekki verið munnlega flutt skal farið með það sem kærumál upp frá því. Öðrum áfrýjunarmálum skal lokið að hætti eldri laga.

103. gr.

Lög um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74 27. apríl 1972, nr. 27 5. maí 1990, falla úr gildi.

104. gr.

Í 42. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90 13. ágúst 1990, falla niður orðin „sbr. lög nr. 29 1885".

105. gr.

Á lögum um einkaleyfi, nr. 17 20. mars 1991, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 50. gr. falla brott orðin „Bæjarþing Reykjavíkur", en í stað þeirra kemur: Áfrýjunarnefnd. Í 2. málslið sömu greinar fellur brott orðið „dómstóllinn", en í stað þess kemur: áfrýjunarnefndin.
2. Í 1. málslið 1. mgr. 63. gr. falla brott orðin „eða til að öðlast nauðungarleyfi".
3. Í 1. mgr. 64. gr. fellur brott orðið „bæjarþingi", en í stað þess kemur: héraðsdómi.

106. gr.

Á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, verða svofelldar breytingar:

1. Við 2. gr. bætist nýr stafliður, f-liður, svohljóðandi: meðferð erinda frá erlendum dómstólum og yfirvöldum um aðgerðir hér á landi í tengslum við opinber mál.
2. Í 28. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
   2. Ríkissaksóknara er enn fremur heimilt að fela lögreglustjórum ákæruvald í minni háttar málum vegna brota gegn öðrum lögum en getur í 1. mgr. Eldri 2. mgr. verður 3. mgr. 28. gr. og breytist tölusetning hennar í samræmi við það.
3. Í 1. mgr. 36. gr. fellur brott orðið „rannsóknara", en í stað þess kemur: lögreglu.

4. Í 2. mgr. 37. gr. falla brott orðin „dómari eða rannsóknari“, en í stað þeirra kemur: dómari, ákærandi eða lögregla.
5. Í 1. mgr. 38. gr. fellur brott orðið „rannsóknari“, en í stað þess kemur: lögregla.
6. Í 1. mgr. 43. gr. falla brott orðin „dómari eða rannsóknari“, en í stað þeirra kemur: dómari, ákærandi eða lögregla.
7. Í 1. málslið 2. mgr. 43. gr. fellur brott orðið „Rannsóknari“, en í stað þess kemur: Lögregla eða ákærandi. Í 2. málslið sömu málsgreinar fellur brott orðið „rannsóknari“, en í stað þess kemur: lögregla eða ákærandi. Í sama málslið falla brott orðin „hann telji þær“, en í stað þeirra kemur: þær teljist.
8. Við 44. gr. bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

   2. Nú hefur dómi verið áfrýjað og verjandi skipaður, en fallið er frá áfrýjun eða mál fellt niður og ákveður þá ríkissaksóknari þóknun verjanda, sem greiðist úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar.

   Framan við núverandi 44. gr. kemur: 1.
9. Í 1. mgr. 69. gr. fellur brott orðið „(rannsóknari)“.
10. Í 1. mgr. 70. gr. fellur brott orðið „Rannsóknari“, en í stað þess kemur: Lögregla.
11. Í 2. mgr. 70. gr. fellur brott orðið „rannsóknari“, en í stað þess kemur: lögregla.
12. Í 1. málslið 1. mgr. 72. gr. falla brott orðin „1. Rannsóknari semur skriflegar skýrslur um rannsóknaraðgerðir sínar og skulu skráðar þar skýrslur þeirra sem yfirheyrðir eru, athuganir rannsóknara sjálfs“, en í stað þeirra kemur: Lögregla semur skriflegar skýrslur um rannsóknaraðgerðir sínar og skulu skráðar þar skýrslur þeirra sem yfirheyrðir eru, athuganir lögreglu. Í 2. málslið sömu málsgreinar fellur brott orðið: „rannsóknara“, en í stað þess kemur: lögreglu.
13. 2. mgr. 72. gr. fellur brott.
14. Í 1. mgr. 73. gr. fellur brott orðið „rannsóknara“, en í stað þess kemur: lögreglu.
15. Í 1. mgr. 74. gr. fellur brott orðið „rannsóknara“, en í stað þess kemur: lögreglu.
16. Í 4. mgr. 76. gr. fellur brott orðið „rannsóknara“, en í stað þess kemur: lögreglu.
17. 1. mgr. 77. gr. orðist svo:

   1. Nú telur lögregla rannsókn lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar og sendir hún ríkissaksóknara þá rannsóknargögnin, nema lögreglustjóri megi höfða mál skv. 28. gr. Með rannsóknargögnum sendir lögregla að jafnaði greinargerð um rannsóknina þar sem fram kemur samandregin lýsing á atriðum sem hún telur að ákæru geta beinst að.
18. Í 84. gr. fellur brott orðið „rannsóknari“, en í stað þess kemur: lögregla.
19. Í 2. mgr. 90. gr. fellur brott orðið „Rannsóknari“, en í stað þess kemur: Lögregla.
20. Í 2. mgr. 93. gr. fellur brott orðið „Rannsóknara“, en í stað þess kemur: Lögreglu.
21. Í 1. mgr. 94. gr. falla brott orðin „Lögreglumenn stjórna“, en í þeirra kemur: Lögregla stjórnar.
22. Við 95. gr. bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

   2. Við leit skal hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott, sem er ekki starfsmaður lögreglu, sé þess kostur.

   Framan við núverandi 95. gr. kemur: 1.
23. Í 1. mgr. 97. gr. fellur brott orðið „Lögreglumönnum“, en í stað þess kemur: Lögreglu.
24. Í 2. mgr. 97. gr. fellur brott orðið „lögreglunni“, en í stað þess kemur: lögreglu.
25. Í 3. mgr. 97. gr. fellur brott orðið „lögreglunni“, en í stað þess kemur: lögreglu.

26. Í 1. mgr. 98. gr. fellur brott orðið „Lögreglumönnum“, en í stað þess kemur: Lögreglu.
27. Við 108. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:
    3. Gæsluvarðhaldsfanga er heimilt að bera atriði sem varða gæsluvarðhaldsvist undir dómara eftir ákvæðum 75. gr.
28. Í 2. málslið 2. mgr. 115. gr. falla brott orðin „með undirskrift sinni“, en í stað þeirra kemur: ásamt greiðslu sakarkostnaðar.
29. Í 1. málslið 3. mgr. 115. gr. falla brott orðin „skv. 2. mgr. en ekki greitt hana“, en í stað þeirra kemur: og sakarkostnaðar skv. 2. mgr. en ekki greitt. Í sama málslið fellur brott orðið „hennar“, en í stað þess kemur: ákvörðunar.
30. Í 2. málslið 1. mgr. 124. gr. falla brott orðin „, ákærandi mótmælir þeim ekki“.
31. Í 1. málslið 2. mgr. 145. gr. fellur brott orðið „rannsóknara“, en í stað þess kemur: lögreglu. Í 2. málslið sömu málsgreinar fellur brott orðið „rannsóknara“, en í stað þess kemur: lögreglu.
32. Í 1. mgr. 153. gr. fellur brott orðið „héraðsdómara“, en í stað þess kemur: hlutaðeigandi ákæranda eða ríkissaksóknara.
33. Í 167. gr. fellur brott orðið „rannsóknari“, en í stað þess kemur: lögregla.
34. Í b-lið 1. mgr. 184. gr. fellur brott orðið „rannsóknari“, en í stað þess kemur: lögregla.
35. 3. efnismgr. 2. tölul. 195. gr. orðist svo: 5. mgr. 56. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Þegar lögregla telur að ákæru kunni að verða frestað samkvæmt þessari grein skal hún bera málið undir ríkissaksóknara og senda honum tillögur sínar.
36. Við 197. gr. bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
    2. Nú hefur ákæra borist sakadómi eða sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum en ekki verið birt fyrir gildistöku laga þessara, og skal þá málið koma sjálfkrafa til meðferðar fyrir þeim dómi sem á við skv. 1. mgr. Fer þá dómari svo að sem segir í 119. og 120. gr. Hafi ákæra verið birt en mál ekki þingfest fyrir gildistöku laga þessara sætir málið meðferð fyrir viðeigandi dómi eftir þann tíma.
    Framan við núverandi 197. gr. kemur: 1.
37. Í 1. mgr. 198. gr. falla brott orðin „Opinber mál, sem þingfest hafa verið fyrir gildistöku laga þessara en hefur ekki verið lokið fyrir héraðsdómi fyrir þann tíma,“, en í stað þeirra kemur: Þau mál sem um ræðir í 197. gr.

107. gr.

Á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 1. mgr. 6. gr. falla brott orðin „Dómsmálaráðherra er heimilt að gera samninga fyrir hönd íslenska ríkisins við önnur ríki þannig að lagagildi hafi hér á landi“, en í stað þeirra kemur: Heimilt er að gera samninga við önnur ríki. Í 2. málslið sömu málsgreinar fellur brott orðið „dómsmálaráðherra“.
2. Í 4. tölul. 1. mgr. 38. gr. fellur niður „36. gr.“, en í stað þess kemur: 35. gr.

108. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra og tengist þeirri nýskipan réttarfars og framkvæmdarvalds ríkisins í héraði sem kemst á við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 90/1989. Þau lög öðlast gildi 1. júlí 1992, en sama dag taka einnig gildi eftirfarandi lög á sviði réttarfars:

1. Lög um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, nr. 85/1989.
2. Lög um aðför, nr. 90/1989.
3. Lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990.
4. Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.
5. Lög um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.
6. Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Þá er jafnframt ráðgert að flutt verði frumvarp til laga um nauðungarsölu og frumvarp til laga um meðferð einkamála, sem taka gildi 1. júlí 1992 ef þau verða samþykkt sem lög frá Alþingi.

Með þeim lögum sem hér eru nefnd og frumvörpum sem eiga eftir að hljóta umfjöllun á Alþingi er í meginatriðum lokið þeirri heildarendurskoðun á skipan dómsvalds og framkvæmdarvalds ríkisins í héraði, sem grunnur var lagður að með setningu laga nr. 92/1989. Til samans taka ákvæði þessara laga og frumvarpa til grundvallaratriða um skipan ríkisvaldsins í héraði, jafnt stjórnsýslu ríkisins og dómstóla, og leiða til umtalsverðra breytinga frá þeirri skipan sem er enn við lýði. Að vonum er víða byggt í öðrum lögum á því skipulagi sem leiðir af löggjöf á þessu sviði og eru einnig nokkur brögð að því að í öðrum lögum sé vísað af þessum sökum til tiltekinna ákvæða réttarfarslaga. Er óhjákvæmilegt að samræma slík fyrirmæli laga við nýskipan héraðsdómstóla og framkvæmdarvaldsins í héraði. Sú samræming er þegar vel á veg komin, því með áðurnefndum lögum frá árunum 1989, 1990 og 1991 hafa alls verið gerðar breytingar á ákvæðum tæplega 170 annarra laga og því til viðbótar verða væntanlega lagðar til breytingar á ákvæðum tæplega 80 laga til viðbótar í þeim tveimur áðurnefndu frumvörpum sem er vænst að verði flutt samhliða þessu frumvarpi. Þess skal þó getið að stundum er verið að breyta mismunandi ákvæðum sömu laga á fleiri en einum stað, þannig að fjöldi breyttra laga nær ekki þeim heildarfjölda sem hér er gefinn til kynna.

Þótt tekist hafi með þessum hætti að gera fjölmargar nauðsynlegar breytingar á ákvæðum annarra laga nú þegar, stendur allt að einu eftir talsverður fjöldi lagaákvæða sem þarfnast einnig breytinga, en tilefni hefur ekki verið til að taka til endurskoðunar fram að þessu. Með þessu frumvarpi er meðal annars leitast við að ljúka því verki, en ósennilegt er að tekist hafi hér að ná fullkominni yfirsýn yfir öll þau lagaákvæði sem hefði þurft í þessu skyni. Stafar það ekki síst af því að veruleg lagahreinsun hefur átt sér stað á síðustu árum, fjölmörgum lögum hefur verið breytt á sama tíma og ný lög verið sett, án þess að lagasafn hafi verið endurútgefið, og er þannig örðugt að afla fanga um ákvæði allra gildandi laga við gerð þessa frumvarps. Þess má hins vegar vænta að reynt verði innan fárra ára að ganga úr skugga um hvort þá finnist enn lagaákvæði, sem hefur láðst að taka tillit til hér, og ráða þá bót á verkinu.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum 107 laga og er oft og tíðum um fleiri breytingar að ræða en eina á viðkomandi lögum. Efni frumvarpsins er skipað með þeim hætti að lögunum, sem því er ætlað að breyta, er raðað í aldursröð og er mælt fyrir um eina eða fleiri breytingar á hverjum lögum í grein út af fyrir sig. Athugasemdir koma fram hér á eftir við hverja grein um sig, þar sem lýst er í stuttu máli tilefni og inntaki breytinga hverju sinni. Oft eru þó sömu eða sambærilegar ástæður fyrir breytingum sem eru lagðar til í fleiri en einni grein og má því telja til glöggvunar að geta hér helstu ástæðnanna sem svo er ástatt um, en þær eru eftirfarandi:

1. Víða í lögum eru héraðsdómstólar eftir eldri skipan laga nr. 74/1972 tilgreindir með nafni, til dæmis bæjarþing, sakadómur, fógetaréttur o.s.frv. Með I. kafla laga nr. 92/1989 var farin sú leið að afnema þessi sérheiti héraðsdómstóla, sem réðust af viðfangsefnum þeirra, en þess í stað munu dómstólarnir heita héraðsdómar og verða kenndir við umdæmi sín. Dómstólarnir munu þannig alltaf bera sama heiti, hvort sem þeir fást til dæmis við einkamál eða opinbert mál hverju sinni. Ýmis ákvæði þessa frumvarps miða að því að fella niður umrædd eldri heiti héraðsdómstóla í ákvæðum annarra laga og setja í þeirra stað nýja almenna heiti héraðsdómstólanna eftir lögum nr. 92/1989.
2. Í eldri löggjöf var framkvæmdarvald ríkisins í héraði lagt í hendur embættismanna, sem hafa borið mismunandi embættisheiti eftir því umdæmi sem þeir gegna störfum í. Utan Reykjavíkur hefur til dæmis sami embættismaður getað verið sýslumaður í tiltekinni sýslu og bæjarfógeti í tilteknum kaupstað, en að auki verið lögreglustjóri og tollstjóri í umdæmi sínu. Eins er til að umdæmi embættismanns hafi aðeins verið kaupstaður utan Reykjavíkur og hann þannig verið bæjarfógeti, lögreglustjóri og tollstjóri í umdæminu. Í Reykjavík hafa hins vegar verið sérstök embætti tollstjóra og lögreglustjóra, en síðan þrír dómstólar sem hefur verið falið að gegna vissum verkum af vettvangi framkvæmdarvaldsins. Þegar markað er í sérlögum hvaða embættismaður gegni tilteknu verki eftir ákvæðum þeirra hefur þess gætt í nokkrum mæli að talið sé upp að viðkomandi störf falli í hendur manna sem hafa mismunandi embættisheiti eftir umdæmum, til dæmis bæjarfógeti, sýslumaður og lögreglustjóri utan Reykjavíkur og borgarfógeti í Reykjavík. Eftir ákvæðum II. kafla laga nr. 92/1989 munu allir þeir embættismenn, sem fara með framkvæmdarvald ríkisins í héraði utan Reykjavíkur, bera embættisheiti sýslumanna, en teljast þó um leið lögreglustjórar og tollstjórar í sínum umdæmum. Í Reykjavík skiptast þessi störf hins vegar milli sýslumanns, tollstjóra og lögreglustjóra. Embættisheitin bæjarfógeti, borgarfógeti, borgardómari og sakadómari falla hins vegar alveg niður. Í allmörgum ákvæðum frumvarpsins er verið að leggja til breytingu á lögum þar sem þessi brottföllnu embættisheiti koma fram, en einnig eru nokkur dæmi þess að slíkum heitum sé breytt til samræmis við verkaskipti sem má telja eðlileg, þótt fyrri heitin verði eftir sem áður við lýði.
3. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem varð að lögum nr. 92/1989, var vikið að því að breyta mætti lögum á þann veg að nýjum stjórnsýsluembættum sýslumanna yrðu falin ýmis verkefni, sem ættu undir Stjórnarráðið eftir gildandi löggjöf. Sem dæmi af slíku var þar nefnt að sýslumenn gætu annast ýmis viðfangsefni á sviði sifjamála og lögráðendamála, sem lögum samkvæmt eiga undir dómsmálaráðuneytið. Til samræmis við þessa stefnumörkun eru gerðar tillögur í nokkrum ákvæðum þessa frumvarps um slíka tilfærslu verkefna frá dómsmálaráðuneytinu til sýslumanna.
4. Í ýmsum lögum má enn finna ákvæði þar sem hugtök koma fram sem verða ekki lengur notuð eftir gildistöku nýrra réttarfarslaga. Í dæmaskyni má nefna að í nokkrum lagaákvæðum er fjallað um fógetagerðir, sem verða ekki nefndar því heiti eftir gildistöku laga um aðför, nr. 90/1989, heldur aðfarargerðir. Í frumvarpinu eru nokkur ákvæði sem lúta að því að breyta slíkum úreltum hugtökum í öðrum lögum og taka upp í þeirra stað hugtök sem samrýmast nýrri réttarfarslöggjöf.
5. Í lögum má víða finna ákvæði, þar sem vitnað er til annarra tiltekinna laga og jafnvel greina þeirra laga um atriði, sem er þó nægilega lýst í ákvæðinu sjálfu til þess að ekki orki tvímælis við hvað sé átt. Taka má sem dæmi af þessu ákvæði í ýmsum lögum, þar sem segir að lögtaksréttur fylgi tiltekinni tegund peningakrafna, en síðan er skotið við tilvísun til lögtakslaga, nr. 29/1885, sem falla reyndar að mestu niður 1. júlí 1992. Vísan til lögtakslaga í tilvikum sem þessum er gersamlega óþörf og hefur enga þýðingu að lögum fyrst sagt er berum orðum að lögtaksréttur fylgi tiltekinni kröfu. Í frumvarpinu eru

allmörg ákvæði sem stefna að því að fella brott slíkar tilvísanir til eldri réttarfarslaga, sem falla niður 1. júlí 1992 eða eru jafnvel löngu fallin niður.

6. Í nokkrum greinum frumvarpsins eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga þar sem lögð eru í hendur dómara tiltekin verkefni, sem geta ekki fallið að viðfangsefnum dómstóla að orðnum þeim breytingum sem leiðir af nýrri skipan héraðsdómstóla og breyttri réttarfarslöggjöf. Í þeim ákvæðum frumvarpsins sem þetta á við um er almennt farin sú leið að leggja til að slík verk færist í hendur framkvæmdarvaldshafa.
7. Loks má geta þess að í 102., 106. og 107. gr. frumvarpsins eru lagðar til minni háttar breytingar á áðurnefndum lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Þessar breytingar koma til af mismunandi ástæðum og eru skýrðar frekar í athugasemdum við viðkomandi ákvæði, en þess má geta hér að rétt þótti að taka þessi ákvæði upp í þessu frumvarpi til einföldunar þannig að ekki þyrfti að flytja sérstök frumvörp til breytinga á hverjum þessara laga fyrir sig.
   Áður en vikið er sérstaklega að einstökum greinum frumvarpsins er rétt að geta þess, að í sumum tilvikum má með nokkrum rétti telja að með ákvæðum þess sé verið að leggja til breytingar á lögum eða ákvæðum laga sem þjóna ekki lengur raunhæfum tilgangi. Við gerð frumvarpsins hefur hins vegar verið haft í huga að á undanförnum árum hafa verið sett ýmis lög í því skyni að fella brott úrelt lög á tilteknum sviðum, auk þess að almenn lagahreinsun átti sér stað með lögum nr. 118/1990. Hefur því þótt verða að byggja á því að þau lög, sem kunna að virðast úrelt, hafi þegar sætt viðeigandi skoðun og að komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að fella þau niður eða ástæða til þess. Eru því ekki gerðar tillögur um brottfall annarra lagaákvæða en þeirra, sem samrýmast ekki nýskipan réttarfars, þótt það megi telja að frambúðargildi sumra lagaákvæða, sem hér er breytt, orki tvímælis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingu á 4. gr. tilskipunar um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi, og því, sem þeim fylgir, frá 24. júlí 1789. Þar er kveðið á um heimild til að fá matsmenn kvadda hjá sýslumanni, en í ljósi gildandi réttarfarsreglna þykir rétt að fara þá leið hér að breyta ákvæðinu á þann veg að matsmenn verði dómkvaddir af héraðsdómara fremur en að sýslumaður kveðji til matsmenn sem stjórnvald.

Um 2. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um brottnám og breytingu úreltra embættisheita í 8. gr. laga um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík, nr. 1/1900. Verður ekki séð að þörf sé sérstakra skýringa á einstökum atriðum í þessari grein.

Um 3. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á orðalagi ákvæða í lögum um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903, þar sem mælt er fyrir um það hverjir annist tiltekin verk eftir lögunum. Efnislega er hér ekki um breytingar að ræða frá núverandi skipan, en hún ræðst að nokkru af ákvæðum 3. gr. laga nr. 74/1972, sem falla niður við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, og er því þörf að taka upp reglur í lög nr. 42/1903 í þeirra stað.

Um 4. gr.

Með þessari grein eru lagðar til breytingar á lögum um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, nr. 42/1913. Ákvæði 1., 3. og 4. tölul. greinarinnar miða að því að fella niður ákvæði í lögunum sem eru úrelt vegna breyttrar skipunar löggæslu, en í 2. tölul. er mælt fyrir um orðalagsbreytingu í 4. gr. laganna sem leiðir af afnámi sjódóms með lögum nr. 28/1981.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o.fl., nr. 75/1917. Þessar breytingar snúa einkum að reglum laganna sem varða framkvæmd eignarnáms, en hátturinn í þeim efnum samkvæmt lögunum samrýmist hvorki breyttri skipan dómstóla og framkvæmdarvalds eftir lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, né almennum reglum um framkvæmd eignarnáms, með því að lögreglustjóra er þar ætlað að ákveða hvort eignarnám megi fara fram og dómkveðja síðan menn og meta með þeim eignarnámsbætur. Með ákvæðum þessarar greinar frumvarpsins er stefnt að því að í stað framangreindrar tilhögunar fari aðgerðir eftir þessum lögum eftir almennum reglum um framkvæmd eignarnáms.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um landamerki, nr. 41/1919. Í fjórum fyrstu töluliðum greinarinnar er mælt fyrir um orðalagsbreytingar til samræmis við embættisheiti samkvæmt lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Í 5. tölul. er að finna lítillega breytt ákvæði frá núgildandi 2. mgr. 6. gr. laganna um eftirlit með þeim atriðum sem lögin varða. Í 6. tölul. er síðan lagt til að ný málsgrein bætist við 6. gr. laganna, þar sem reglur yrðu meðal annars um sáttaumleitan sýslumanns ef ágreiningur er uppi um landamerki. Þessu ákvæði er ætlað að koma í stað II. kafla laganna, sem er ráðgert að falli niður samkvæmt 7. tölul. greinarinnar, en í þeim kafla stendur aðeins eftir 8. gr. laganna. Þar er mælt fyrir um frumkvæði héraðsdómara að rekstri landamerkjamála, sem verður að telja úrelta tilhögun í ljósi ríkjandi viðhorfa á sviði réttarfars.

Um 7. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir þeirri breytingu á ákvæðum laga um verzlunarskýrslur, nr. 12/1922, að í stað fyrirmæla um að lögreglustjórar annist tiltekin verk verði þau falin tollstjórum, enda tengjast þessi störf eftirliti með inn- og útflutningi sem tollstjórar hafa almennt með höndum.

Um 8. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingar á lögum um rétt til fiskiveiða í landhelgi, nr. 33/1922, sem beinast að því að tollstjórar og umboðsmenn þeirra annist þau störf sem lögin í núverandi mynd leggja í hendur lögreglustjóra, hreppstjóra eða umboðsmanna þeirra. Er þetta gert í ljósi eðlis þeirra viðfangsefna sem þessi ákvæði laganna taka til.

Um 9. gr.

Í 1. tölul. þessarar greinar er lagt til brottfall fyrirmæla í 3. mgr. 139. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, en þar er mælt fyrir um heimild þess, sem fær eignarnám eftir lögunum, til að fá umráðarétti sínum framfylgt með aðfarargerð ef þess þarf með. Þau fyrirmæli eru óþörf í ljósi almennrar heimildar til slíkra aðfarargerða í 12. kafla laga um aðför, nr. 90/1989. Fyrirmæli 2. tölul. greinarinnar eiga rætur að rekja til þess að embættisheiti bæjarfógeta fellur niður við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 10. gr.

Breytingar samkvæmt þessari grein á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, eru þrenns konar. Í fyrsta lagi er í 1. tölul. mælt fyrir um orðalagsbreytingu í 8. gr. laganna til samræmis við breytta hugtakanotkun sem leiðir af setningu laga um aðför, nr. 90/1989. Í öðru lagi er í 2.–8. og 10. tölul. greinarinnar kveðið á um brottfall hugtaksins valdsmaður í fjölmörgum ákvæðum laganna og í stað þess ætlast til að komi orðið sýslumaður, en þetta er lagt til svo ekki orki tvímælis við hvern embættismann sé átt. Í þriðja lagi er í 9. tölul. að finna breytingu á orðalagi 82. gr. laganna, sem á rætur að rekja til breyttrar hugtakanotkunar á sviði réttarfars.

Um 11. gr.

Með þessari grein er lagt til að fella brott ýmis úrelt ákvæði varðandi lögreglustjóra og hreppstjóra í lögum um mælitæki og vogaráhöld, nr. 13/1924, auk þess að samræma reglu 3. mgr. 5. gr. laganna við núgildandi verkaskipti innan Stjórnarráðsins.

Um 12. gr.

Í þessari grein er ráðgert að úrelt sérregla um gjald fyrir sjóferðapróf í 19. gr. laga um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926, falli niður, enda er mælt fyrir um gjald vegna slíkra aðgerða í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Um 13. gr.

Með þessari grein er lagt til að fella niður úrelt ákvæði í 5. gr. laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45/1926, þar sem mælt er fyrir um heimildir til að birta stefnur og aðrar kvaðningar á helgidögum, en þessa ákvæðis er ekki þörf í ljósi sérreglna um slíkar birtingar í réttarfarslöggjöf.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru gerðar tillögur um breytingar á ákvæðum laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, nr. 11/1928, en breytingarnar felast í því að gert er ráð fyrir að mælt verði fyrir um það að tollstjórar sinni viðfangsefnum samkvæmt lögunum í stað lögreglustjóra. Stafar þessi tillaga af því að þessi viðfangsefni tengjast í senn eftirliti með innflutningi til landsins og sóttvörnum á því sviði, en báðir þeir málaflokkar eiga undir tollstjóra.

Um 15. gr.

Í þessari grein er lagt til að ákvæði 29. gr. hjúalaga, nr. 22/1928, falli niður, en þar er mælt fyrir um það að ef ekki er samið um annað ákveði lögreglustjóri matarverð hjús, en það megi þó ekki vera undir 1 kr. á dag. Verður ekki séð að ástæða sé til að þessi regla standi áfram í lögum.

Um 16. gr.

Í þessari grein eru gerðar tillögur um breytingar á tveimur ákvæðum laga um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o.fl., nr. 43/1930, annars vegar af tilliti til þess að manntalsþing leggjast af við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, og hins vegar með hliðsjón af breyttri skipan á skilum fjár í ríkissjóð úr hendi innheimtumanna hans.

Um 17. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er lagt til breytt orðalag um það hverjir embættismenn eigi að hafa með höndum eftirlit með inn- og útflutningi á vörum sem ákvæði laga um tilbúning

og verslun með smjörlíki o.fl., nr. 32/1933, taka til. Efnislega er hér ekki lögð til breyting, heldur aðeins gert ráð fyrir að viðeigandi embættisheiti verði notað í ljósi þess viðfangsefnis sem hér um ræðir.

Um 18. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru gerðar tillögur um breytingar á ákvæðum víxillaga, nr. 93/1933, sem tengjast þeirri nýskipan laga um aðför, nr. 90/1989, að fjárnám megi gera fyrir kröfu samkvæmt víxli án undangengins dóms eða sáttar. Annars vegar er með 1. tölul. skotið inn viðbótarorðum í 17. gr. laganna til að taka af tvímæli um það að varnir verði ekki hafðar uppi gegn víxilkröfu við fjárnám í ríkara mæli en í dómsmáli. Ætla má að sú regla yrði allt að einu talin gilda þótt ekki kæmi til þessa viðauka í ákvæðið, en vissara þykir að þetta komi berum orðum fram. Hins vegar er með 2. tölul. aukið við reglur um slit fyrningar á víxilkröfu í 71. gr. laganna, en aftur má segja að þessi viðauki sé einkum til áréttingar, því væntanlega yrði komist að sömu niðurstöðu á grundvelli 52. gr. laga nr. 90/1989.

Um 19. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um sams konar breytingar á lögum um tékka, nr. 94/1933, og lagðar eru til varðandi víxillög, nr. 93/1933, í 18. gr. frumvarpsins. Athugasemdir við hana eiga hér við að breyttu breytanda.

Um 20. gr.

Í þessari grein eru ráðgerðar tvenns konar breytingar á lögum um bráðabirgðaútflutningsskýrslur, nr. 53/1935. Annars vegar er lagt til í 1. tölul. greinarinnar að orðið tollstjóri komi í stað orðsins lögreglustjóri í 3. gr. laganna, en þetta er gert í ljósi þess að skýrslugerð samkvæmt lögunum varðar útflutning, sem snýr að almennum verkahring tollstjóra en ekki lögreglustjóra. Hins vegar er í 2. tölul. mælt fyrir um breytingar á ákvæðum um dagsektir í 8. gr. laganna, sem má leggja á vegna vanrækslu um skil á skýrslum. Er lagt til að fjárhæð dagsekta verði numin úr lögum og jafnframt að Fiskifélag Íslands, sem á að krefja útflytjendur um þessar skýrslur eftir upphafsorðum 2. mgr. 8. gr. laganna, leggi sjálft á þessar dagsektir í stað þess að leitað verði til lögreglustjóra um það eins og nú er mælt. Þá er í 2. tölul. þessarar greinar bætt fyrirmælum við 2. mgr. 8. gr. laganna um heimild til aðfarar fyrir kröfu um þessar dagsektir, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

Um 21. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um breytingu á 4. gr. laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, nr. 16/1938, þar sem nú er mælt fyrir um að héraðsdómari skipi manni tilsjónarmann eftir sömu reglum og gilda um lögráðamenn, ef grípa á til aðgerðar á honum eftir ákvæðum laganna. Í ljósi þess að skipun lögráðamanns er stjórnsýsluathöfn eftir lögræðislögum, nr. 68/1984, er sjálfgefið að breyta þurfi þessu ákvæði á þann veg að sýslumenn annist þessa skipun í stað héraðsdómara.

Um 22. gr.

Í 1. og 3. tölul. þessarar greinar er mælt fyrir um breytingar á orðalagi 1. og 6. gr. laga um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74/1938, sem eru lagðar til í samræmi við núgildandi verkaskipti innan Stjórnarráðsins. Í 2. tölul. greinarinnar er síðan að finna breytingu á orðalagi 1. mgr. 4. gr. laganna varðandi sönnunargildi niðurjöfnunar löggilts manns, en hún er lögð til í því skyni að laga regluna að gildandi réttarfarslögum.

Um 23. gr.

Með þessari grein frumvarpsins eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Fyrirmæli 1. tölul. greinarinnar geyma tillögu um að orðið lögreglustjóri komi í stað orðsins valdsmaður í 54. gr. laganna, sem er gert til samræmis við 2. mgr. 52. gr. laganna. Þá er í 2. tölul. mælt fyrir um brottnám óþarfrar tilvísunar til laga nr. 74/1974, sem falla niður við gildistöku laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um 24. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á lögum um hlutarútgerðarfélög, nr. 45/1940. Lúta flest ákvæði greinarinnar að því að breyta fyrirmælum laganna um skrásetningar vegna þessara félaga á þann veg að sýslumenn annist þær í stað lögreglustjóra. Er það lagt til í ljósi þess að lögreglustjórar hafa almennt ekki skrásetningar vegna félaga með höndum, heldur sýslumenn eða sérstakar landsskrár. Tveggja breytinga af öðrum meiði ber einnig að geta. Annars vegar er í 4. tölul. lögð til breyting á ákvæðum 12. gr. laganna um það til hvers ráðherra stjórnsýslukæru verði beint vegna ákvarðana skráningarmanna, en til samræmis við núgildandi verkaskipti innan Stjórnarráðsins er hér mælt fyrir um að slíkri kæru verði beint til viðskiptaráðherra. Hins vegar er í 7. tölul. mælt fyrir um breytingu á 14. gr. laganna, sem geymir sérreglur um gjöld vegna skráninga, en hér er lagt til að þau verði ákveðin í reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs eins og önnur sambærileg gjöld.

Um 25. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um þá breytingu á orðalagi 6. gr. landskiptalaga, nr. 27/1941, að sýslumaður kveðji til yfirmatsmenn við landskipti í stað þess að hann dómkveðji þá. Stafar þetta af því að sýslumenn munu ekki fara með vald til dómkvaðningar manna eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Reglur landskiptalaga virðast fremur miða við það að matsmenn samkvæmt þeim séu kvaddir til af stjórnvaldi en að þeir séu dómkvaddir og þykir því eðlilegra að haga málum með þeim hætti sem er gert í þessari grein en að breyta ákvæðinu á þann veg að héraðsdómari dómkveðji menn við þessar aðstæður.

Um 26. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um þá breytingu á 3. gr. laga um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, nr. 99/1943, að í stað þess að þar verði heimilað að reka mál vegna bótakrafna eftir lögunum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, þá verði heimilað að það sé gert fyrir héraðsdómi Reykjavíkur. Stafar þetta af breyttu heiti héraðsdómstóla eftir ákvæðum laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 27. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til tvær breytingar á ákvæðum 10. gr. laga um hvalveiðar, nr. 26/1949. Annars vegar er um að ræða breytingu á orðalagi sem varðar kyrrsetningu skips til tryggingar greiðslu sektar og kostnaðar vegna brots á lögunum, en sú aðgerð er þar ranglega nefnd löghald. Hins vegar er lagt til að fella niður óþörf ákvæði um að það komi í hlut dómara að meta hvort trygging fyrir greiðslu sektar og kostnaðar sé viðhlítandi þannig að skip losni undan kyrrsetningu, enda leiðir af lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, að slíkt mat gæti verið í höndum stjórnvalds.

Um 28. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er lögð til breyting á reglum 2. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7/1953, um það hverjir hafi með höndum gerð skráa yfir hunda í einstökum sveitarfélögum, auk þess að gert er ráð fyrir afnámi reglu í sama ákvæði um að

slíkar skrár verði afhentar sýslumönnum, bæjarfógetum og tollstjóra í Reykjavík, sem virðist ekki þjóna neinum tilgangi eftir hljóðan laganna að öðru leyti. Verður ekki séð að tilefni sé til frekari skýringa á þessu ákvæði.

Um 29. gr.

Í tveimur fyrstu töluliðum þessarar greinar frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um bæjarnöfn o.fl., nr. 35/1953, sem varða starfsheiti þess embættismanns sem annast þinglýsingar. Til samræmis við breytingar sem voru gerðar á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með lögum nr. 85/1989 er hér miðað við að hlutaðeigandi verði nefndur þinglýsingarstjóri, en svo nefnist sýslumaður þegar hann gegnir þeim störfum. Í 3. tölul. greinarinnar er síðan mælt fyrir um brottfall fyrirmæla í 10. gr. laganna, þar sem tekið er sérstaklega fram að lögreglustjórum og hreppstjórum beri að gæta að því að reglum laganna sé fylgt, en slík ákvæði eru óþörf í ljósi þess að brot gegn lögunum varða refsingu og hvílir því almenn skylda á lögreglu að gæta að því að farið sé eftir þeim.

Um 30. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um breytingar á tveimur ákvæðum sóttvarnarlaga, nr. 34/1954, sem miða að því að fella brott embættisheiti sem verða ekki lengur fyrir hendi eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Efnislega er hér ekki ráðgerð breyting frá núverandi skipan.

Um 31. gr.

Tvenns konar breytingar eru lagðar til í þessari grein á ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954. Annars vegar er mælt fyrir um breytingu á orðalagi í 13. gr. varðandi dómara, þar sem vísað er til laga sem féllu niður með lögum nr. 54/1988. Hins vegar er mælt fyrir um breytingu á talningu manna, sem mega ekki fara í verkfall, í 29. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með lögum nr. 45/1991. Sýslumanna er ekki getið sérstaklega í þessari talningu, enda hafa þeir fallið undir samheitið héraðsdómarar í ákvæðinu. Í 2. tölul. þessarar greinar er stefnt að því að sýslumönnum verði bætt í ákvæðið þar sem þeir teljast ekki til héraðsdómara eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 32. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um þá breytingu á 17. gr. laga um skógrækt, nr. 3/1955, að embættisheiti bæjarfógeta verði fellt úr talningu í ákvæðinu, enda líður það undir lok við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 33. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er lagt til að fella úr 25. gr. laga um laun starfsmanna ríkisins, nr. 92/1955, talningu á embættisheitum þeirra manna sem teljast til innheimtumanna ríkissjóðs í tengslum við heimild fjármálaráðherra til að setja ákvæði í reglugerð um laun þeirra fyrir innheimtu. Stafar þetta af því að meiri hluti þessara embættisheita leggst niður við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, en óþarft þykir að hafa lögfesta með þessum hætti skýringu á því hverjir teljast innheimtumenn ríkissjóðs í þessu samhengi.

Um 34. gr.

Með þessari grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á orðalagi 26. og 29. gr. laga um prentrétt, nr. 57/1956, sem taka mið af skipan eftir eldri lögum um meðferð opinberra mála. Verður ekki séð að frekari skýringa sé hér þörf.

Um 35. gr.

Sú breyting sem er lögð til með þessari grein á 1. gr. laga um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum, nr. 32/1957, á rætur að rekja til afnáms embættisheitis bæjarfógeta með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

Um 36. gr.

Í þessari grein er kveðið á um brottfall embættisheitis bæjarfógeta í talningu í 3. gr. laga um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, en þetta á rætur að rekja til þess að það heiti fellur niður við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 37. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um þá breytingu á 2. gr. farsóttalaga, nr. 10/1958, að embættisheiti sýslumanna og bæjarfógeta falli niður í talningu þeirra sem er skylt að veita atbeina við framkvæmd opinberra farsóttavarna, en eftir standi að lögreglustjórum sé þetta meðal annarra skylt. Stafar þessi breyting að nokkru af afnámi embættisheitis bæjarfógeta við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, en að öðru leyti má benda á að þetta viðfangsefni tengist löggæslu og því eðlilegra að mæla svo fyrir að það komi í hlut lögreglustjóra en sýslumanna.

Um 38. gr.

Breytingin sem er lögð til með þessari grein á 1. gr. laga um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum, nr. 22/1960, á rætur að rekja til afnáms embættisheitis bæjarfógeta með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

Um 39. gr.

Í tveimur fyrstu töluliðum þessarar greinar er mælt fyrir um breytingar á ákvæðum 4. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, sem snúa að því hvernig upplýsingar berist Hagstofunni til skráningar. Þessar breytingar eru lagðar til vegna ráðagerða um ný verkaskipti milli héraðsdómara, sýslumanna og dómsmálaráðuneytisins varðandi hjónavígslur og hjónaskilnaði, en mælt er fyrir um þau verkaskipti í ákvæðum þessa frumvarps um breytingar á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972. Í 3. tölul. greinarinnar er lagt til afnám á fjárhæðarmörkum dagsekta sem Hagstofunni er heimilað að beita til að knýja á um skil skýrslna samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna. Í 4. tölul. greinarinnar er lagt til að ákvæði bætist við fyrrnefnda 1. mgr. 6. gr. laganna um að fullnægja megi kröfu um dagsektir með fjárnámi, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Loks er í 5. tölul. greinarinnar mælt fyrir um brottfall 3. mgr. 6. gr. laganna, þar sem kveðið er á um að lögreglustjórar innheimti dagsektir, en brottfall þessara fyrirmæla leiðir til þess að Hagstofan hafi sjálf með höndum innheimtu dagsekta, sem má telja eðlilegri skipan.

Um 40. gr.

Í 1. og 2. tölul. þessarar greinar eru lagðar til breytingar á ákvæðum 2. gr. laga um landsdóm, nr. 3/1963. Í 1. tölul. er mælt fyrir um breytingar varðandi það hverjir dómarar við Hæstarétt taki sæti í landsdómi, en við setningu laganna hefur verið gengið út frá því að þeir ættu þar allir sæti og virðist ekki hafa verið hugað að þeirri aðstöðu síðar þegar dómurum við Hæstarétt hefur verið fjölgað með lögum. Í 1. tölul. er enn fremur lögð til sú breyting að dómstjórinn í Reykjavík eigi sæti í landsdómi í stað yfirsakadómara, enda verður síðarnefnda

embættisheitið ekki til eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Í 2. tölul. er síðan mælt fyrir um það hver taki sæti dómstjórans í Reykjavík í landsdómi ef hann getur ekki gegnt því starfi sjálfur. Í 3. tölul. greinarinnar er lögð til breyting á 45. gr. laganna, þar sem segir nú að dómsmálaráðherra annist um fullnustu dóms á þann hátt, sem venjulegt er, en rétt þykir að laga þetta ákvæði að almennum reglum, þar sem dómsmálaráðherra hefur ekki lengur fullnustu refsidóma með höndum.

Um 41. gr.

Sú breyting, sem er lögð til með þessari grein á 11. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 39/1964, lýtur að því að fella brott hugtakið sakadómur í ákvæðinu og setja í þess stað orðið dómur. Er þetta gert til samræmis við ákvæði laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, sem leggja af sérheiti héraðsdómstóla á borð við sakadóm.

Um 42. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er lögð til breyting á orðalagi 6. gr. girðingarlaga, nr. 10/1965, til þess að samræma það hugtökum í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, og verkaskiptum milli embættismanna samkvæmt þeim.

Um 43. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um brottfall ráðagerðar í 6. gr. laga um hreppstjóra, nr. 32/1965, um að þeir annist framkvæmd aðfarargerða í umboði sýslumanna, en heimild til slíkra aðgerða hreppstjóra er í andstöðu við fyrirmæli 1. mgr. 4. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, og verða því viðkomandi ummæli í 6. gr. laga nr. 32/1965 úrelt við gildistöku fyrrnefndu laganna.

Um 44. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingar á orðalagi 9. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966. Eru breytingarnar lagðar til í því skyni að samræma orðalag ákvæðisins við hugtök og verkaskipti milli dómstóla og stjórnvalda sem leiðir af gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Um 45. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á lögum um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, en í þeim lögum eru sérreglur um réttindaskráningu sem svara að verulegu leyti til reglna um þinglýsingar. Í lögum nr. 21/1966 er gert ráð fyrir því að skráning umræddra réttinda fari fram við borgarfógetaembættið í Reykjavík og teljist dómsathöfn. Með lögum nr. 85/1989 var sú breyting gerð á ákvæðum þinglýsingalaga, nr. 39/1978, að leggja þinglýsingar í hendur sýslumanna sem stjórnsýsluathafnir frá 1. júlí 1992, en fram að því teljast þinglýsingar til dómsathafna. Með þessari grein frumvarpsins er verið að leggja til sams konar breytingar á lögum nr. 21/1966, en telja má að einstök atriði hennar þarfnist ekki frekari skýringa.

Um 46. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um breytingar á ákvæðum 2. og 3. mgr. 9. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, sem varða friðlýsingu æðarvarpa. Í núverandi mynd þessara ákvæða er gert ráð fyrir því að friðlýsing fari fram á manntalsþingi, en breytinga er hér þörf í ljósi þess að manntalsþing verða ekki háð eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Nýmælin sem hér eru lögð til felast í því, að ráðgert er að sýslumenn haldi hver í sínu umdæmi skrár um friðlýst æðarvörp og fái birtar auglýsingar árlega í Lögbiringablaði með upptalningu heita þeirra jarða sem þau eru á. Í 2. tölul. þessarar greinar kemur fram regla um hvernig æðarvarp verði tekið upp í slíka skrá og er

þar gert ráð fyrir áþekkri aðferð og nú gildir skv. 3. mgr. 9. gr. laganna. Af ákvæðum frumvarpsins leiðir að skráning friðlýsingar hjá sýslumanni ætti sér stað í eitt skipti fyrir öll, þar til hún kynni að verða felld niður að ósk hlutaðeiganda. Þyrfti því ekki endurnýjunar hennar við. Ef frumvarp þetta verður að lögum verða sýslumenn að koma á fót skrám um friðlýst æðarvörp og verður að vænta að þeir taki þar upp ótilkvaddir þau æðarvörp, sem hafa verið friðlýst á manntalsþingum eftir núgildandi reglum, að því leyti sem nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir um tilvist þeirra. Má leiða þetta af upphafsorðum 1. tölul. þessarar greinar, þar sem segir að sýslumenn haldi skrár um æðarvörp sem hafa verið friðlýst, en það orðalag nær eftir hljóðan sinni einnig til friðlýsinga sem hafa átt sér stað eftir eldri reglum.

Um 47. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um brottfall orðsins bæjarfógeti í upptalningu í 28. gr. laga um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966. Er þetta gert í ljósi þess að þetta embættisheiti fellur niður við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 48. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966. Í 1. tölul. er mælt fyrir um brottfall fyrirmæla í 13. gr. laganna varðandi borgardómara í Reykjavík, en þetta er gert til samræmis við breytt embættisheiti dómara samkvæmt lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Í 2. og 4. tölul. er gert ráð fyrir brottfalli hugtaksins valdsmaður í 27. og 49. gr. laganna og mælt fyrir um að orðið lögreglustjóri komi í stað þess, en þetta er gert til að taka af tvímæli um það við hvern embættismann sé átt. Þá er í 3. tölul. greinarinnar mælt fyrir um brottfall tilvísunar í 28. gr. eldri laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961. Loks er í 5. tölul. gert ráð fyrir orðalagsbreytingu í 53. gr. laganna til samræmis við breytta hugtakanotkun eftir lögum um aðför, nr. 90/1989.

Um 49. gr.

Breytingin sem er lögð til með þessari grein á 1. gr. laga um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum, nr. 36/1967, á rætur að rekja til afnáms embættisheitisins bæjarfógeti með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 50. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingar á 9. og 10. gr. laga um verzlunaratvinnu, nr. 41/1968. Í 1., 2., 3. og 5. tölul. greinarinnar er aðeins mælt fyrir um breytt embættisheiti þeirra sem veita leyfi samkvæmt lögunum, en efnislega er ekki ráðgerð breyting þar sem sömu embættismenn hefðu þau störf með höndum og nú er. Í 4. tölul. greinarinnar er á hinn bóginn lagt til að 2. mgr. 10. gr. laganna verði felld niður. Þar er mælt fyrir um það að þeir sem veiti leyfi samkvæmt lögunum láti birta auglýsingar um þau í Lögbirtingablaði, en með því að þessari reglu virðist ekki hafa verið fylgt í framkvæmd verður ekki séð að ástæða sé til að hún haldist í lögum.

Um 51. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins er kveðið á um breytingu á orðalagi í 37. gr. laga um vörumerki, nr. 47/1968, þar sem mælt er fyrir um rekstur tiltekinna mála fyrir sjó- og verslunardómi í Reykjavík, en sá dómstóll var lagður niður með lögum nr. 28/1981.

Um 52. gr.

Í þessari grein eru gerðar tillögur um breytingar á lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 62/1969. Í 1. tölul. greinarinnar er ráðgert að fjárhæðamörk dagsekta, sem Hagstofan má beita til að knýja fram skil á upplýsingum, verði felld úr 1. mgr. 14. gr. laganna og færi þá eftir mati hverju sinni hver fjárhæð dagsekta yrði. Í 2. tölul. greinarinnar er mælt fyrir um að ákvæði bætist við umrædda 1. mgr. 14. gr. í því skyni að það megi framfylgja dagsektaákvörðun með fjárnámi ef með þarf, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Í 3. tölul. greinarinnar er lagt til að 3. mgr. 14. gr. laganna falli niður, en þar er kveðið á um það að lögreglustjóri innheimti dagsektir sem Hagstofan leggur á samkvæmt fyrrgreindri 1. mgr. 14. gr. Verður ekki séð að ástæða sé til annars en að Hagstofan annist þá innheimtu sjálf, en brottfall 3. mgr. 14. gr. hefði í för með sér að sú yrði raunin.

Um 53. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingu á 25. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, þar sem kveðið er á um að dómari geti mælt fyrir um að sakborningur gangist undir blóðrannsókn til að fá leyst úr því hvort hann sé undir áhrifum áfengis. Þetta ákvæði tekur mið af eldri reglum um meðferð opinberra mála, þar sem dómari hafði rannsókn máls með höndum, en eftir gildistöku nýrra laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, gæti ákvörðun af þessum toga ekki komið í hlut dómara, heldur ætti hún undir lögreglu eins og hér er mælt fyrir um.

Um 54. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er stefnt að breytingu á orðalagi í 1. gr. laga um gæðamat á æðardúni, nr. 39/1970, þannig að tekin verði af tvímæli um hvor embættismaðurinn, sýslumaður eða lögreglustjóri, gegni þargreindu verki ef ekki er um sama mann að ræða. Í greininni er lagt til að það verði lögreglustjóri sem annist viðkomandi störf, en sú leið er farin til samræmis við önnur ákvæði laga nr. 39/1970.

Um 55. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingar á tveimur ákvæðum laga um skemmtanaskatt, nr. 58/1970. Í núverandi mynd er mælt fyrir um það í lögunum að lögreglustjórar innheimti skemmtanaskatt, en þrátt fyrir þau fyrirmæli er kveðið á um það í reglugerð um innheimtu skemmtanaskatts að tollstjórinn í Reykjavík annist hana í sínu umdæmi. Til að koma á samræmi í þessum efnum er lagt til í þessari grein frumvarpsins að viðeigandi ákvæðum laganna verði breytt í það horf að tollstjórar hafi umræddra innheimtu með höndum. Þessu til viðbótar felst tillaga um þá breytingu í 2. tölul. greinarinnar, að niður falli sérregla í 5. gr. laganna um innheimtulaun handa þeim sem innheimta skemmtanaskatt, en þeirrar reglu er ekki þörf í ljósi ákvæða 2. mgr. 25. gr. laga nr. 92/1955.

Um 56. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um brottfall fyrirmæla um að tiltekin innheimta eigi sér stað á manntalsþingum í 85. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, en slík þing verða ekki háð eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 57. gr.

Með þessari grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971. Í 1. tölul. greinarinnar er gert ráð fyrir brottnámi tveggja málsliða í 2. tölul. 4. mgr. 5. gr. laganna, en þar eru fyrirmæli um framkvæmd lögtaks og fyrningu lögtaksréttar fyrir kröfu um meðlag, sem verða óþörf vegna ákvæða laga um aðför, nr. 90/1989. Í 2. tölul. þessarar greinar er lagt til brottfall heimildar Innheimtustofnunar sveitarfé-

laga til að krefjast vistunar barnsföður á vinnuhæli vegna meðlagsskulda, en hana er að finna í 4. tölul. 4. mgr. 5. gr. laganna. Þessi heimild er úrelt og má að auki telja hætt við að hún standist ekki gagnvart ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu, en rétt er einnig að geta þess að í lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, er ekki lengur gert ráð fyrir vistun af þessum toga, sem var þó gert í eldri lögum um sama efni. Í 3. og 4. tölul. þessarar greinar er síðan kveðið á um brottfall orða í 5. mgr. 5. gr., sbr. lög nr. 49/1988, og 2. málsliðar 7. gr. laganna, en í báðum tilvikum er um ákvæði að ræða sem tengjast heimild til að vista meðlagsskuldara á vinnuhæli, sem er lagt til að verði fellt niður í fyrrnefndum 2. tölul. þessarar greinar.

Um 58. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um breytingu á 28. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, þar sem segir að ef ekki er nægilega upplýst um slys, sem getur orðið bótaskylt eftir lögunum, þá sé unnt að krefjast þess að lögreglustjóri rannsaki það fyrir rétti. Dómsrannsókn í opinberum málum verður endanlega afnumin við gildistöku laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og er slík dómsrannsókn reyndar ekki í höndum lögreglu eftir eldri lögum. Er því af augljósum ástæðum mælt hér fyrir um að orðin „fyrir rétti" falli úr 28. gr. almannatryggingalaga, en þá stæði allt að einu eftir að lögregluranns ókn geti farið fram í tilvikum sem þessum.

Um 59. gr.

Með þessari grein er stefnt að þeirri breytingu á ákvæðum laga um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, nr. 24/1972, að mælt verði svo fyrir að sýslumenn annist skrásetningu slíkra fyrirtækja en ekki lögreglustjórar. Er þetta lagt til í ljósi þess að lögreglustjórar hafa félagaskráningu almennt ekki með höndum og má telja eðlilegt að samræma ákvæði þessara laga við önnur hliðstæð.

Um 60. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingu á 3. gr. laga um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp, nr. 40/1972. Þar er kveðið á um það að sýslumaður Norður-Múlasýslu annist tiltekna innheimtu, en breytingin sem er lögð til með þessari grein felst í því að nema brott umrætt sýsluheiti. Stafar þetta af því að eftir ákvæðum laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, munu sýslumenn verða kenndir við aðsetursstaði sína en ekki umdæmi sín. Auk þess er er mælt fyrir um það í 11. gr. laga nr. 92/1989 að umdæmamörk sýslumanna verði ákveðin með reglugerð og er því ófært að binda í lög með þeim hætti, sem er gert í lögum nr. 40/1972, að tiltekinn sýslumaður eigi að gegna störfum sem lúta að ákveðnu sveitarfélagi.

Um 61. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á lögum um lögreglumenn, nr. 56/1972. Annars vegar er í 1. tölul. gert ráð fyrir að niður falli tilvísun í 1. gr. laganna til eldri laga um meðferð opinberra mála. Hins vegar er lagt til í 2. tölul. að orðalagi 2. gr. laganna verði breytt til samræmis við afmörkun laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, á því hverjir séu lögreglustjórar í einstökum umdæmum.

Um 62. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972. Í 1. og 2. tölul. greinarinnar eru gerðar tillögur um breytingar á lögunum til samræmis við ráðagerðir sem komu fram í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Þessar breytingar felast annars vegar í því að í 1. tölul. er mælt fyrir um breytt ákvæði 18. gr. laganna, sem munu

leiða til þess að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra annist borgaralegar hjónavígslur í stað þess að dómarar hafi þau störf með höndum eins og nú er. Hins vegar er í 2. tölul. lagt til að sýslumenn hafi að öllu leyti með höndum veitingu leyfa til skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar og að skjóta megi ákvörðunum þeirra í því sambandi til dómsmálaráðuneytisins, en í núverandi mynd leiðir 43. gr. laganna til þess að ýmist annist sambærileg stjórnvöld við sýslumenn þessi störf eða dómsmálaráðuneytið, sem verður að telja til óhagræðis. Loks er í 3. tölul. greinarinnar gert ráð fyrir brottfalli óþarfrar tilvísunar í 81. gr. laganna til ákvæðis í lögum nr. 20/1923, sem var fellt niður með 135. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

Um 63. gr.

Í þessari grein er lögð til orðalagsbreyting á 13. gr. laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973, þar sem gert er ráð fyrir að eignarnemi geti leitað innsetningargerðar til að ná umráðum þess, sem eignarnám tekur til, ef eignarnámsþoli lætur honum ekki eftir umráðin af frjálsum vilja. Eru hér felld brott þau orð að eignarnemi leiti „aðstoðar fógeta“ í þessum efnum, en í stað þess gert ráð fyrir því orðalagi að eignarnemi leiti aðfarargerðar án undangengins dóms eða sáttar undir þessum kringumstæðum og er þá átt innsetningargerð eftir almennum reglum 12. kafla laga um aðför, nr. 90/1989.

Um 64. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er lögð til breyting á orðalagi 2. gr. laga um jöfnun flutningskostnaðar af sementi, nr. 62/1973, sem miðar að því að fella brott embættisheiti bæjarfógeta þar sem greint er hverjir annist innheimtu gjalda samkvæmt lögunum, en það embættisheiti fellur niður við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Efnislega er hér ekki um breytingu að ræða, þar sem sömu embættismenn hefðu eftir sem áður þessi verk með höndum.

Um 65. gr.

Í þessari grein er lagt til að fella niður ákvæði 3. gr. laga um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni, nr. 17/1974, þar sem mælt var fyrir um hvernig færi um skiptingu fyrirliggjandi viðfangsefna við gildistöku laganna milli sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Bolungarvík. Eftir eðli málsins þjónar þetta ákvæði ekki tilgangi lengur, en bæði umrædd embættisheiti falla niður við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, og er því eðlilegt að fella þetta ákvæði að sama skapi niður.

Um 66. gr.

Í þessari grein er lögð til breyting á orðalagi 4. gr. laga um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 100/1974, þar sem gert er ráð fyrir að sýslumaðurinn í Gullbringusýslu dómkveðji menn til setu í gerðardómi. Í stað þess miðar ákvæðið við að sýslumaður skipi menn í gerðardóminn og er ekki tiltekið að þetta sé sýslumaðurinn í tilgreindu umdæmi, en þessar breytingar stafa af tvennu. Annars vegar munu sýslumenn ekki fara með vald til að dómkveðja menn eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, en ekki er vitað dæmi þess úr öðrum lögum að menn séu tilnefndir í gerðardóm með dómkvaðningu. Hins vegar verða sýslumenn kenndir við aðsetursstaði sína samkvæmt lögum nr. 92/1989, en ekki umdæmi, og umdæmi þeirra eru þar ekki lögbundin, heldur munu þau ráðast af reglugerð, þannig að ófært er að mæla hér í lögum undir hvern sýslumann umrætt landsvæði mun eiga og kenna hann að auki við umdæmi.

Um 67. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um þá breytingu á 1. gr. laga um iðnaðarmálagjald, nr. 48/1975, að niður falli óþörf tilvísun í lög nr. 29/1885, en þau falla að mestu úr gildi við gildistöku laga um aðför, nr. 90/1989.

Um 68. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er stefnt að tveimur breytingum á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79/1975. Sú fyrri lýtur að því að bæta lögræðissviptingarmálum inn í talningu 1. gr. laganna á dómsmálum, þar sem ekki ber að greiða réttargjöld, en í 80. gr. frumvarpsins er jafnframt kveðið á um brottfall sérreglna í lögræðislögum, nr. 68/1984, um gjaldfrelsi þessara mála, enda þykir gleggra að safna reglum af þessum toga saman á einn stað. Síðari breytingin lýtur að því að fella brott embættisheiti bæjarfógeta úr talningu 21. gr. laganna á þeim sem innheimta aukatekjur ríkissjóðs, þar sem það verður ekki til eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 69. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að orðið bæjarfógeti verði numið úr talningu í 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984, á þeim sem ber að láta tilteknar upplýsingar af hendi. Stafar þessi ráðagerð af því að embættisheiti bæjarfógeta verður ekki lengur til eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 70. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingar á ákvæðum laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108/1976. Í 1. og 2. tölul. greinarinnar er lagt til að tilgreiningu sveitarfélaga, þar sem rannsóknarlögregla ríkisins fer með rannsókn brotamála, verði breytt úr núverandi mynd í 3. gr. laganna þannig að hún samrýmist umdæmaskiptingu lögreglustjóra eftir 11. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Þá er lagt til í 3. tölul. greinarinnar að ráðagerð um rannsókn opinberra mála fyrir sakadómi falli niður í orðum 4. gr. laganna, en hún fengi ekki staðist eftir gildistöku laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Loks er í 4. tölul. greinarinnar mælt fyrir um brottfall orða í 2. mgr. 5. gr. laganna, en þau vísa til ummæla í 1. mgr. 5. gr. sem voru felld niður með 59. tölul. 194. gr. laga nr. 19/1991.

Um 71. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingu á 14. gr. laga um skylduskil til safna, nr. 43/1977. Í núverandi mynd ákvæðisins er gert ráð fyrir því að sé skilaskyldu ekki fullnægt megi fela lögregluyfirvöldum að knýja á um hana, ef með þarf með dagsektum. Málefni af þessum toga koma hlutverki lögreglu á engan hátt við, enda ekki lögð refsing við vanrækslu á skilaskyldu, og verður ekki séð að nein rök standi til annars en að Landsbókasafnið, sem umrædd skilaskylda er við, grípi sjálft til þeirra úrræða sem þarf til að framfylgja henni. Er því gert ráð fyrir heimild Landsbókasafnsins til að ákveða dagsektir í þessu skyni í þessari grein frumvarpsins og að sama skapi lagt til að fyrirmæli um aðgerðir lögreglu í þessum efnum falli niður. Rétt er að vekja einnig athygli á því að í þessu ákvæði frumvarpsins er gert ráð fyrir fyrirmælum, sem koma ekki fram 14. gr. laganna, þess efnis að gera megi fjárnám fyrir kröfu um dagsektir, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

Um 72. gr.

Í 1. tölul. þessarar greinar frumvarpsins er lögð til breyting á orðalagi 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, þar sem mælt er fyrir um heimild félagsstjórnar til að krefjast „beinnar fógetagerðar“ við tilteknar aðstæður. Til samræmis við hugtök í lögum um aðför, nr. 90/1989, er hér gert ráð fyrir því að í stað þessara orða verði mælt fyrir um að leita megi aðfarargerðar án undangengins dóms eða sáttar, sem felur í sér skírskotun til almennra reglna um innsetningargerðir í 12. kafla laga nr. 90/1989. Í 2. og 3. tölul. greinarinnar er mælt fyrir um breytingar á 145. gr. laganna, þar sem heimilað er að afhenda tilkynningar og gögn um hlutafélög til lögreglustjóra, sem framsendir slíkt hlutafélagaskrá, en til samræmis við almenn verkaskipti er lagt til að þessu verði breytt á þann veg að sýslumaður annist slík verk.

Um 73. gr.

Með þessari grein frumvarpsins eru annars vegar lagðar til breytingar á orðalagi 18. gr. laga um húsaleigusamninga sem stafa af breyttri skipan aðfarargerða eftir lögum nr. 90/1989. Hins vegar er lagt til að 23. gr. laganna falli brott, því þargreind heimild handa héraðsdómara til að ákveða að útburður á leigutaka frestist, ef úrskurði um útburðinn er skotið til Hæstaréttar, er óþörf vegna almennrar reglu sama efnis í 3. mgr. 84. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

Um 74. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru tillögur um ýmsar breytingar á barnalögum, nr. 9/1981. Ákvæði 1. tölul. eru sett til að taka af tvímæli um það, hver teljist valdsmaður í skilningi barnalaga, en þessarar skýringar er meðal annars þörf í ljósi þess að 4. og 7. gr. laga nr. 74/1972 geyma fyrirmæli sem snúa að þessu og falla brott við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Í 2. tölul. þessarar greinar er mælt fyrir um brottnám óþarfrar tilvísunar í 28. gr. laganna til laga nr. 29/1885 sem falla að mestu niður við gildistöku laga um aðför, nr. 90/1989. Í 3.–7. tölul. greinarinnar er síðan að finna tillögur um breytingar á 40. gr. laganna. Þeim breytingum er ætlað að stuðla að því að atriði varðandi umgengnisrétt við barn lúti úrlausn sýslumanna, sem megi kæra til dómsmálaráðherra, en núgildandi reglur leggja þessi viðfangsefni í hendur dómsmálaráðuneytisins að öllu leyti. Þessi breyting er í samræmi við stefnu sem var lýst í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 92/1989. Í 8. og 9. tölul. er loks lagt til brottnám tveggja ákvæða laganna sem eru óþörf vegna breyttrar dómstólaskipunar og réttarfarslöggjafar.

Um 75. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um tvær breytingar á lögum um horfna menn, nr. 44/1981. Annars vegar er í 1. tölul. kveðið á um brottfall embættisheitis dómara sem verður ekki til eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Hins vegar er í 2. tölul. mælt fyrir um brottfall 2. mgr. 21. gr. laganna, sem geymir aðeins ónauðsynlega tilvísun til 56. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, en síðastnefnt ákvæði var fellt úr gildi með 136. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

Um 76. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingar á orðalagi 109. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, þannig að hugtakið tollstjóri komi í stað hugtaksins lögreglustjóri þegar greint er hverjir geti haft með höndum innheimtu gjalda samkvæmt lögunum. Þessi fyrirmæli hafa enga efnislega breytingu í för með sér frá núverandi skipan, en óeðlilegt þykir að nota embættisheiti lögreglustjóra í tengslum við þessa starfsemi, sem kemur lögreglustjórn að engu leyti við.

Um 77. gr.

Með þessu ákvæði frumvarpsins er gert ráð fyrir brottfalli algerlega óþarfrar tilvísunar til laga nr. 29/1885 í 8. gr. laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, nr. 70/1982, en lög nr. 29/1885 falla að mestu niður við gildistöku laga um aðför, nr. 90/1989.

Um 78. gr.

Í þessari grein er lagt til að tiltekin fyrirmæli verði felld úr 17. og 26. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 74/1982, en þau þjóna ekki neinum sýnilegum tilgangi og eru viðkomandi reglur 26. gr. laganna að auki gersamlega ósamrýmanlegar réttarfarslöggjöf.

Um 79. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til ýmsar breytingar á reglum lögræðislaga, nr. 68/1984. Í 1. og 2. tölul. er gert ráð fyrir brottfalli 4. gr. laganna og tiltekinna orða í 6. gr. þeirra, en þessi ákvæði eru óþörf vegna breyttrar dómstólaskipunar samkvæmt lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Í 3. tölul. greinarinnar er mælt fyrir um brottfall reglna í 8. gr. laganna sem varða birtingu úrskurðar í lögræðissviptingarmáli, en slíkar reglur eru óþarfar vegna breyttra reglna í réttarfarslöggjöf. Í 4. tölul. er mælt fyrir um breytingar á reglum 8. gr. laganna sem varða hvert dómari þurfi að tilkynna lögræðissviptingu, en þær taka meðal annars mið af breyttum verkaskiptum milli dómstóla og stjórnvalda á þessu sviði. Í 5.–7. tölul. er síðan gert ráð fyrir brottfalli reglna varðandi réttargjöld í lögræðissviptingarmálum, en reglur um þau efni eiga að réttu lagi heima í löggjöf um aukatekjur ríkissjóðs, svo sem ráðgert er í 68. gr. frumvarpsins um breytingar á lögum nr. 79/1975. Að öðru leyti eru ákvæði þessarar greinar, í 8.–12. tölul., tengd ráðagerð um að leggja eftirlit með störfum lögráðenda í auknum mæli í hendur sýslumanna sem yfirlögráðenda, en þó þannig að unnt yrði að skjóta ákvörðunum þeirra til dómsmálaráðuneytisins til endurskoðunar. Eftir núgildandi reglum V. kafla laga nr. 68/1984 er ýmist að yfirlögráðandi ráði málefnum af þessum meiði til lykta eða að leita þurfi samþykkis dómsmálaráðuneytisins á ráðstöfunum. Með ákvæðum frumvarpsins er stefnt að einföldun og hagræði á þessum vettvangi, en þess má geta að gert var ráð fyrir breytingu í þessa átt í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 92/1989.

Um 80. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um breytingu á orðalagi í tveimur greinum laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, sem varða embættisheiti þeirra sem veita slík réttindi. Efnislega er ekki um breytingu að ræða, því sömu embættismenn hefðu eftir sem áður þessi störf með höndum.

Um 81. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um breytingu á orðalagi í tveimur greinum laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, sem varða embættisheiti þeirra sem veita slík réttindi. Efnislega er ekki um breytingu að ræða, því sömu embættismenn hefðu eftir sem áður þessi störf með höndum.

Um 82. gr.

Í þessari grein er að finna tillögur um ýmsar breytingar á ákvæðum siglingalaga, nr. 34/1985. Af einstökum atriðum í þessari grein skal þess fyrst getið að ákvæði 1. tölul. miða að því að nema brott ráðagerð í 4. gr. laganna um að dómarar annist þinglýsingar, en með lögum nr. 85/1989 var ákvæðum þinglýsingalaga, nr. 39/1978, breytt á þann veg að sýslumenn munu hafa þessi störf með höndum frá 1. júlí 1992. Í 2. tölul. er að finna fyrirmæli sem er ætlað að breyta 2. mgr. 13. gr. laganna þannig að ekki verði ályktað að skylt sé að skipstjóri komi fram í þágu útgerðarmanns í dómsmáli varðandi skip, en í núverandi búningi virðist ákvæðið gefa það til kynna, sem samrýmist ekki almennum reglum réttarfars. Í 3. tölul. er síðan mælt fyrir um brottnám orða í 63. gr. laganna sem gefa til kynna að beita megi kyrrsetningu í tilvikum þar sem slíkt fengi ekki staðist. Í 4. tölul. er gerð breyting á orðalagi 180. gr. laganna til samræmis við það að fjárnáms- og kyrrsetningargerðir verða ekki dómsathafnir eftir gildistöku laga nr. 90/1989 og 31/1990. Í 5. tölul. er mælt fyrir um brottfall sérreglu um rekstur tiltekinna mála fyrir dómi í Reykjavík, sem verður ekki séð að nein efnisrök standi til. Í 6.–11. tölul. eru ákvæði sem er ætlað að breyta reglum X. kafla laganna um takmörkunarsjóði. Í núverandi mynd byggja þessar reglur á því að dómari hafi með höndum ýmis viðfangsefni varðandi takmörkunarsjóði og standi að ýmsum athöfnum sem eiga sér ekki hliðstæður í ákvæðum

annarra laga um verkefni dómara. Umrædd ákvæði frumvarpsins miða að því að koma því til leiðar að dómarar standi ekki að aðgerðum sem þessum, ef heimilda X. kafla laganna kynni að vera neytt, heldur verði staðið að verki á þessu sviði eftir reglum um gjaldþrotaskipti samkvæmt lögum nr. 21/1991. Þannig yrði skipaður sérstakur úthlutunarmaður sem annaðist þau störf sem núgildandi ákvæði leggja í hendur dómara. Telja verður þessa breytingu nauðsynlega til samræmis við ríkjandi stefnu um það hver verk séu falin dómurum að lögum. Í 12.–14. tölul. er loks að finna tillögur um breytt orðalag í 223., 230. og 232. gr. laganna til samræmis við nýja dómstólaskipan og breyttar réttarfarsreglur.

Um 83. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingu á 72. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, þar sem meðal annars kemur fram að sýslumönnum og bæjarfógetum sé skylt að veita gerðardómi samkvæmt ákvæðinu aðstoð varðandi húsakynni undir þinghöld hans utan Reykjavíkur. Í ljósi breyttrar skipunar samkvæmt lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989 þykir eðlilegra að þessi skylda hvíli á héraðsdómurum, svo sem hér er mælt fyrir um.

Um 84. gr.

Með þessari grein eru lagðar til tvær breytingar á ákvæðum útvarpslaga, nr. 68/1985. Annars vegar er mælt fyrir um breytt orðalag í 29. gr. laganna varðandi lögtak fyrir ógreiddu útvarpsgjaldi, en sérreglur í greininni varðandi það hvenær lögtak megi gera og hvernig það verði undirbúið geta ekki átt við eftir gildistöku laga um aðför, nr. 90/1989. Hins vegar er kveðið á um brottnám 3. mgr. 30. gr. þar sem finna má sérstæða heimild til að leita atbeina dómara í tengslum við töku viðtækis úr vörslum umráðamanns, en slík heimild stingur í stúf við ákvæði laga nr. 90/1989.

Um 85. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985. Í níu fyrstu töluliðum greinarinnar er mælt fyrir um breytingar á þeim ákvæðum laganna, þar sem vikið er að störfum þinglýsingardómara á þessum vettvangi, þannig að í stað þinglýsingardómara nefni viðkomandi ákvæði þinglýsingarstjóra. Þessi breyting er lögð til í samræmi við breytingar sem voru gerðar á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með lögum nr. 85/1989 en í síðarnefndu lögunum var tekið upp starfsheitið þinglýsingarstjóri sem á þá við sýslumann þegar hann gegnir þeim störfum. Í 10. tölul. er síðan mælt fyrir um brottfall 2. mgr. 25. gr. laganna, sem hefur að geyma sérstæð fyrirmæli sem stangast á við þær meginreglur réttarfars sem er byggt á í 3. mgr. 4. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, og 3. mgr. 116. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Um 86. gr.

Í þessari grein er lagt til breytt orðalag 37. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, þar sem segir til hvers embættismanns eigi að beina kæru sveitarstjórnarkosninga. Er þetta nauðsynlegt vegna afnáms ýmissa embættisheita með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, en efnislega er hér ekki um breytingu að ræða.

Um 87. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingar á ákvæðum 29. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986. Í núverandi mynd geymir umrædd 29. gr. sérreglur um heimildir hafnarstjóra og lögreglustjóra til að ljúka málum vegna brota á lögunum með sektargerð án málshöfðunar og er þar einnig að finna ákvæði um það hvernig ríkissaksóknari geti fengið slík málalok felld úr gildi. Þegar þessi ákvæði voru sett gengu þau lengra í þá átt að heimila lok mála án þess að þau þyrftu að fara fyrir dóm en almennar reglur laga um meðferð opinberra

mála, nr. 74/1974. Í 115. gr. nýrra laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem öðlast gildi 1. júlí 1992, getur almenna heimildin í þessum efnum hins vegar verið víðtækari en í 29. gr. laga nr. 32/1986 og verður að telja óeðlilegt að síðastnefnd lög horfi til takmörkunar á henni. Af þeim sökum er lagt hér til að sérreglur í 3.–5. mgr. 29. gr. laga nr. 32/1986 falli niður, þannig að farið verði með brot gegn lögunum eftir almennum reglum um meðferð opinberra mála, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Samhliða þessu þykir hins vegar þurfa að bæta frekari fyrirmælum varðandi málalok fyrir hafnarstjóra við 2. mgr. nefndrar 29. gr. og koma þau fram í 1. tölul. þessarar greinar frumvarpsins.

Um 88. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um brottfall ýmissa embættisheita sem Kjaradómi er ætlað að ákveða launakjör fyrir í lögum nr. 92/1986, sbr. lög nr. 45/1991, en þessum embættisheitum er sammerkt að þau leggjast af við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Þessu til viðbótar er síðan kveðið á um brottfall ákvæðis til bráðabirgða við lögin, sem varðar launakjör embættismanna sem hafa gegnt störfum uppboðshaldara, en eftir orðum ákvæðisins hefur það þegar lokið hlutverki sínu með því að þargreind launakjör máttu haldast til ársloka 1990.

Um 89. gr.

Í þessari grein er kveðið á um brottfall ýmissa embættisheita í talningu þeirra, sem kjarasamningar opinberra starfsmanna taka ekki til samkvæmt lögum nr. 94/1986, sbr. lög nr. 45/1991, en þessum embættisheitum er sammerkt að þau leggjast af við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 90. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingu á embættisheiti þeirra sem annast innheimtu gjalda eftir ákvæðum laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987. Efnislega er ekki um breytingu að ræða, því sömu embættismenn hefðu eftir sem áður þessi störf með höndum.

Um 91. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um brottfall óþarfrar tilvísunar í lög nr. 29/1885 í 11. gr. laga um orlof, nr. 30/1987, en lög nr. 29/1885 falla að mestu niður við gildistöku laga um aðför, nr. 90/1989.

Um 92. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um breytingar á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987. Ákvæði 1.–4. tölul. greinarinnar fela aðeins í sér breytingar á orðalagi 3. gr. laganna, þar sem tiltekið er hverjir annist lögskráningar, en efnislega er engu breytt þar sem sömu embættismenn hefðu þau störf með höndum eftir sem áður. Í 5. tölul. er mælt fyrir um viðauka við 16. gr. laganna, þar sem heimild kemur nú fram til að bera undir dómstóla lögmæti þess að skip sé fært til hafnar vegna brota á reglum laganna. Í núverandi mynd vantar nánari reglur um það eftir hverjum reglum slíkrar dómsúrlausnar yrði leitað, en með 5. tölul. greinarinnar er bætt úr því með því að mæla efnislega fyrir um að þetta verði gert eftir reglum 75. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um 93. gr.

Með þessu ákvæði er stefnt að breytingu á orðalagi í 25. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, þar sem gert er ráð fyrir að leita megi úrskurðar sakadóms um tiltekin atriði, en þessi breyting er nauðsynleg í ljósi þess að sakadómur verður ekki til eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 94. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir tveimur breytingum á ákvæðum umferðarlaga, nr. 50/1987. Annars vegar er mælt fyrir um breytt orðalag í 2. mgr. 109. gr. til samræmis við skipan dómstóla og umboðsvalds í héraði samkvæmt lögum nr. 92/1989. Hins vegar er lagt til að 4. mgr. 109. gr. falli niður, en ákvæði þeirrar málsgreinar eru í reynd óþörf og samrýmast ekki breyttum reglum um aðfarargerðir eftir lögum nr. 90/1989.

Um 95. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á tveimur ákvæðum tollalaga, nr. 55/1987. Annars vegar er ráðgert í 1. tölul. að lögbundin afmörkun á tollumdæmum, sem er nú að finna í 27. gr. laganna, verði afnumin, en í stað þess ráðist mörk tollumdæma af skiptingu landsins í stjórnsýsluumdæmi sýslumanna skv. 11. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Verður að telja þessa breytingu nauðsynlega, því ella væri hætt við að tollumdæmi gætu verið afmörkuð á annan veg en almenn mörk umdæma sýslumanna, en slíkt yrði óeðlilegt og til trafala í ljósi þess að sömu embættismenn eru í senn tollstjórar og sýslumenn utan Reykjavíkur. Hins vegar er í 2. tölul. gert ráð fyrir að fella úr talningu þeirra, sem fara með tollstjórn, embættisheiti bæjarfógeta og lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, en þau embættisheiti falla niður við gildistöku laga nr. 92/1989.

Um 96. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um brottfall óþarfrar tilvísunar í lög nr. 29/1885 í 5. gr. laga um Iðnlánasjóð, nr. 76/1987, en lög nr. 29/1885 falla að mestu niður við gildistöku laga um aðför, nr. 90/1989.

Um 97. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, eins og þeim var meðal annars breytt með lögum nr. 10/1991. Öllum ákvæðum greinarinnar er sammerkt að aðeins er gert ráð fyrir brottfalli embættisheita nokkurra þeirra sem annast atkvæðagreiðslur utan kjörfunda, en þau embættisheiti falla niður við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 98. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lögð til breyting á orðalagi 7. gr. laga um bifreiðagjald, nr. 39/1988, þar sem mælt er fyrir um það hverjir annist innheimtu slíkra gjalda. Efnislega er ekki gert ráð fyrir breytingu, því sömu embættismenn hefðu þessi störf með höndum eftir sem áður.

Um 99. gr.

Með þessu ákvæði er stefnt að breytingu á orðalagi í 38. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, þar sem gert er ráð fyrir að leita megi úrskurðar sakadóms um tiltekin atriði, en þessi breyting er nauðsynleg í ljósi þess að sakadómur verður ekki til eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 100. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingu á ákvæði 13. gr. laga um eignarleigustarfsemi, nr. 19/1989, þar sem kemur fram hvernig staðið verði að slitum eignarleigufyrirtækis. Í núverandi mynd tekur ákvæðið mið af löggjöf um dómstólaskipan og búskipti sem fellur niður 1. júlí 1992. Breyting á orðalagi ákvæðisins er í samræmi við sambærilegar reglur um slit viðskiptabanka í VIII. kafla laga nr. 86/1985, eins og þeim var breytt með 182. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Um 101. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingu hugtaksins þinglýsingardómari í 37. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, í þinglýsingarstjóri, en þessi breyting er byggð á því að fyrrnefnda hugtakið fellur úr lögum og það síðarnefnda verður tekið upp í þess stað 1. júlí 1992 samkvæmt breytingum sem voru gerðar á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með lögum nr. 85/1989.

Um 102. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um breytingar á lögum um aðför, nr. 90/1989. Breytingarnar stafa af því að þegar frumvarp var gert til þeirra laga var þess vænst að nýjar reglur um málskot úrskurða héraðsdómara varðandi aðfarargerðir til Hæstaréttar yrðu í lögum um Hæstarétt Íslands, eins og nú er í 1. mgr. 21. gr. nr. 75/1973, en þeim lögum yrði breytt fyrir 1. júlí 1992 af þessum sökum. Sú stefna hefur hins vegar síðan verið mörkuð í öðrum nýjum lögum á sviði réttarfars, að málskotsreglur komi fram í þeim og að ákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973 falli að sama skapi niður hvað varðar þau svið. Þetta var meðal annars gert í 133. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, og 179. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Til samræmis við þessa stefnumörkun er lagt til í þremur fyrstu töluliðum þessarar greinar að fyrirmæli um kæru úrskurða héraðsdómara varðandi aðfarargerðir til Hæstaréttar komi fram í 84. gr. laga nr. 90/1989 varðandi mál sem eru rekin eftir 13. kafla þeirra, í 91. gr. varðandi mál sem fara eftir 14. kafla laganna og loks í 95. gr. varðandi mál sem 15. kafli laganna tekur til. Þessu tengjast síðan ákvæði 4. og 5. tölul. þessarar greinar, þar sem tillaga er gerð um viðauka við 107. gr. laganna, en þar er fjallað um tengsl eldri og yngri lagareglna um málskot. Verður ekki séð að einstök atriði þessara ákvæði þarfnist frekari skýringar.

Um 103. gr.

Í þessari grein er kveðið á um brottfall laga nr. 27/1990 sem voru sett til að koma á bráðabirgðaskipan við meðferð dómsmála í tilteknum umdæmum utan Reykjavíkur fram til gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Hefur láðst að taka fram berum orðum í lögum nr. 27/1990 að þau féllu úr gildi 1. júlí 1992 sem var þó af augljósum ástæðum ætlast til.

Um 104. gr.

Með þessari grein er ráðgert að fella brott óþarfa tilvísun til laga nr. 29/1885 í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, en lög nr. 29/1885 voru felld úr gildi að meginhluta með lögum um aðför, nr. 90/1989.

Um 105. gr.

Í þessari grein eru gerðar tillögur um breytingar á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991. Í 1. tölul. er lagt til að afnema þá reglu 50. gr. laganna að dómstóll veiti tiltekið afbrigði leyfis og er ráðgert þess í stað að leyfisveitingin verði í höndum stjórnsýslunefndar sem starfar að öðrum viðfangsefnum eftir lögunum. Aðrar leyfisveitingar eftir lögunum eru í höndum stjórnvalda og verða ekki séð rök fyrir því að dómstóll annist þetta verk, sem gengi að auki þvert á þá stefnu í verkaskiptum milli dómstóla og stjórnvalda sem var mörkuð með setningu laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Í 2. tölul. er síðan að finna fyrirmæli um brottfall orða í 63. gr. laganna til samræmis við þá breytingu sem felst í áðurnefndum 1. tölul. Loks er í 3. tölul. kveðið á um breytt heiti dómstóls til samræmis við ákvæði laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Um 106. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um nokkrar breytingar á nýsettum lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, en tilefni hefur komið upp til breytinga við undirbúning að

gildistöku laganna, svo sem var reiknað með að gæti gerst við afgreiðslu málsins á 113. löggjafarþingi 1990-91. Um einstök atriði í þessu sambandi skal þess fyrst getið að sá viðauki við 2. gr. laganna, sem er gert ráð fyrir í 1. tölul. greinarinnar, er settur hér til að taka af tvímæli um að ákvæði laganna taki til meðferðar mála sem berast hingað til afmarkaðra aðgerða frá öðrum ríkjum, en ekki verður útilokað að þetta þætti ella orka tvímælis. Í 2. tölulið er gert ráð fyrir rýmkun á ákæruvaldi lögreglustjóra frá þeirri skipan sem er mælt fyrir um í 1. mgr. 28. gr. laganna, þannig að ríkissaksóknari geti tekið almenna ákvörðun um að lögreglustjórar höfði opinber mál vegna minniháttar brota sem falla utan marka 1. mgr. 28. gr. Þessi breyting er einkum lögð hér til af tilliti til þess að minniháttar brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 ættu undir ákæruvald ríkissaksóknara að óbreyttu orðalagi 28. gr. laganna, en ýmis slík brot geta verið ólíkt minni að umfangi eða miður alvarleg en þau sem lögreglustjórar geta þó ákært út af samkvæmt 1. mgr. umræddrar greinar. Í 3. tölulið og mörgum þeirra er á eftir koma er lagt til að orðið „rannsóknari“ verði fellt brott úr lögunum og í stað þess komi skýrari skilgreining á því sem við er átt. Orðið þykir óhentugt í lagatexta, notkun þess í lögunum er ekki samræmd og getur í sumum tilfellum heft eðlilegt skipulag og stjórnun lögreglu. Í 8. tölulið er lagt til að tekin verði af tvímæli um að greiða megi verjanda þóknun, þegar hann eftir áfrýjun máls hefur lagt vinnu í að undirbúa málsvörn fyrir Hæstarétti, en stuðlar síðan beint eða óbeint að því að fallið verði frá áfrýjun. Í 13. tölulið er lagt til að fellt verði brott ákvæði laganna um að við lögregluranns óknir, þ.e. yfirheyrslu og aðrar rannsóknaraðgerðir, beri að hafa vott. Í reynd er slík skylda óframkvæmanleg og oftast ónauðsynleg. Við frumrannsókn kann stundum að vera þýðingarmikið fyrir réttarvörsluaðila, ákæruvald eða lögreglu, að sem flestir hlýði á skýrslu sakbornings, jafnvel vitnis, þannig að síðar megi kalla þá til vitnisburðar um, hvað sakborningur eða vitni sagði. Á þetta fyrst og fremst við, þegar sakborningur játar alvarlegt brot og fátt annað bendir á hinn seka. Eðlilegast er að þeir sem fara með stjórn frumrannsókna meti hvenær nauðsynlegt er að vottur sé viðstaddur yfirheyrslu til þess að tryggja sem best sönnur á efni framburðar. Í 22. lið er aftur á móti sett inn ákvæði um votta til að vera viðstadda leit og tekið fram að viðkomandi sé ekki starfsmaður lögreglu, en í slíkum tilfellum er stundum enginn annar viðstaddur en þeir lögreglumenn sem annast leit og því nauðsynlegt að slíkar rannsóknaraðgerðir séu ekki nema í undantekningartilvikum framkvæmdar án votts. Í 21. og 23.–26. tölulið eru lagðar til orðalagsbreytingar til samræmis við önnur núverandi ákvæði laganna og þær breytingar sem lagðar eru til í grein þessari. Í 27. tölulið er gerð tillaga um ákvæði til að taka af öll tvímæli um að gæsluvarðhaldsfangi njóti réttar samkvæmt 75. gr. laganna til að fá úrlausn dómara um atriði sem varða gæsluvarðhaldsvist, en telja má vissara að taka þetta beinlínis fram þótt líklegt sé að komist yrði að sömu niðurstöðu um þetta án þessarar breytingar. Í 28. tölulið er lagt til að fella niður það skilyrði 2. mgr. 115. gr. laganna fyrir því, að ljúka máli með sátt fyrir lögreglustjóra, að sakborningur þurfi að gangast undir viðurlög sem lögreglustjóri býður honum með undirskrift sinni. Þessi tillaga á rætur að rekja til þess að ætla má að í framkvæmd verði talið til hagræðis að lögreglustjóri geti boðið sakborningi að ljúka máli með greiðslu sektar og láti gíróseðil til greiðslu sektarinnar fylgja því boði. Því yrði illa komið við að afla sérstaks skriflegs samþykkis sakbornings á þeim málalokum, en samþykki hans í verki fælist í þeirri aðgerð að greiða sekt við þessar aðstæður. Jafnframt er hér lagt til að sakarkostnaður verði tilgreindur í greininni, en vegna rýmri notkunarmöguleika greinarinnar frá gildandi lögum er slíkt nauðsynlegt. Í 29. tölulið eru lagðar til breytingar á 3. mgr. 115. gr. laganna til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í 28. tölulið á 2. mgr. greinarinnar. Í 30. tölulið eru lagðar til lagfæringar á orðalagi 124. gr. laganna, sem ekki var gætt að þegar breytingar voru gerðar á öðrum atriðum í sama ákvæði við meðferð frumvarps til laganna á Alþingi. Í 32. tölulið eru lagðar til breytingar á 153. gr. laganna, um að áfrýjun verði lýst fyrir ríkissaksóknara eða þeim ákæranda sem flytur mál í héraði og er þessi breyting í samræmi við breytt

hlutverk dómara og ákæranda samkvæmt lögunum. Í 36. og 37. tölulið er loks að finna viðauka við ákvæði laganna um tengsl eldri laga og yngri varðandi mál, þar sem ákæra hefur verið gefin út fyrir 1. júlí 1992 og annaðhvort engar aðgerðir eða óverulegar hafa átt sér stað á grundvelli hennar, en reglur skortir um þessa aðstöðu í XXIV. kafla laganna.

Um 107. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á tveimur greinum í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Annars vegar eru breytingar á 6. gr. laganna þar sem veitt er heimild til að gera samninga við erlend ríki um atriði er varða greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti. Í lögunum er miðað við að dómsmálaráðherra geri slíka samninga. Almenn regla um milliríkjasamninga er sú að ríkisstjórnin (forseti Íslands) geri samninga við erlend ríki og er því lagt til að ákvæðum í 6. gr. laganna er varða þetta efni verði breytt í samræmi við það. Hins vegar er mælt fyrir um leiðréttingu á villu, sem er að finna í tilvísun í 38. gr. laganna, og þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

Um 108. gr.

Gildistaka frumvarpsins er miðuð við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 90/1989, 1. júlí 1992, og breytingar á réttarfarslöggjöf í því sambandi.

63. Frumvarp til laga [62. mál]

um nauðungarsölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. ÞÁTTUR
Almennar reglur um nauðungarsölu.
I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Eftir ákvæðum laga þessara verður eign ráðstafað án tillits til vilja eiganda hennar á uppboði, með sölu á almennum markaði eða með því að innheimta eða innleysa andvirði hennar, sbr. þó 7. gr. og 1. mgr. 8. gr.

Hugtakið nauðungarsala er notað í lögum þessum sem samheiti þeirra ráðstafana sem er getið í 1. mgr.

2. gr.

Aðilar að nauðungarsölu eru:

1. gerðarbeiðandi, en hann er sá sem krefst hennar,
2. gerðarþoli, en hann er sá sem verður eftir almennum reglum talinn eigandi að þeirri eign sem nauðungarsalan tekur til,
3. þeir sem njóta annars þinglýstra réttinda yfir eigninni eða réttinda sem er ekki þinglýst en gefa sig fram,
4. aðrir sem gefa sig fram og hafa uppi kröfur varðandi eignina eða andvirði hennar eða mótmæli gegn kröfu gerðarbeiðanda, enda hafi þeir lögvarða hagsmuni af því að gætt verði að kröfum þeirra eða mótmælum við nauðungarsöluna.

3. gr.

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra fara með framkvæmd nauðungarsölu. Sýslumanni er þó heimilt að fela ólöglærðum starfsmanni sínum eða umboðsmanni að bjóða upp lausafjármuni eftir ákvæðum XI. kafla.

Um hæfi til að fara með framkvæmd nauðungarsölu fer eftir reglum um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði eftir því sem átt getur við. Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann fari samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum með innheimtu kröfu sem leiðir til aðildar kröfueigandans að nauðungarsölunni.

Ef sýslumaður er vanhæfur til að annast störf samkvæmt lögum þessum skipar dómsmálaráðherra annan löghæfan mann til að leysa þau af hendi. Þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra úr ríkissjóði.

Að því leyti sem málefni samkvæmt þessum lögum koma til kasta héraðsdómstóla skal þeim beint til dómstólsins sem hefur dómsvald í umdæmi sýslumannsins sem fer með nauðungarsöluna.

4. gr.

Sýslumenn færa málaskrár og gerðabækur um nauðungarsölur eftir því sem er nánar mælt í lögum þessum. Dómsmálaráðherra setur reglur um form og efni málaskráa og form gerðabóka.

Um varðveislu sýslumanna á gögnum um nauðungarsölur og heimildir til aðgangs að þeim eða afhendingar þeirra fer eftir reglum um dómskjöl í einkamálum eftir því sem átt getur við.

Við héraðsdómstóla skal halda skrá um þau mál sem þeir fá til meðferðar eftir ákvæðum þessara laga. Dómsmálaráðherra setur reglur um form og efni þeirra málaskráa.

5. gr.

Ekki er þörf á votti við athafnir eftir lögum þessum.

Að því leyti sem þarf að virða eign við nauðungarsölu verður það gert af einum manni eða tveimur sem sýslumaður kveður til í því skyni með bókun í gerðabók. Þá eina má kveðja til að leysa slík störf af hendi sem hafa nægilega sérþekkingu og yrðu taldir hæfir til að gegna matsstörfum í einkamáli þar sem sömu aðilar ættu í hlut. Sýslumaður ákveður þóknun virðingarmanna.

II. KAFLI
Heimildir til að krefjast nauðungarsölu.

6. gr.

Til fullnustu gjaldfallinni peningakröfu má krefjast nauðungarsölu á eign samkvæmt eftirfarandi heimildum:

1. fjárnámi í eigninni,
2. þinglýstum samningi um veðrétt í eigninni fyrir tiltekinni peningakröfu, ef berum orðum er tekið fram í samningnum að nauðungarsala megi fara fram til fullnustu kröfunni án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms,
3. samningi um handveð í eigninni fyrir tiltekinni peningakröfu,
4. ákvæðum laga sem veita lögveðrétt í eigninni og heimila nauðungarsölu hennar án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms,
5. ákvæðum laga sem veita lögveðrétt í eigninni fyrir kröfu ríkisins, sveitarfélaga, stofnana þeirra eða fyrirtækja, ef fjárhæð kröfunnar er ákveðin í lögum, reglugerð eða gjaldskrá staðfestri af ráðherra,
6. haldsrétti í eigninni.

Til peningakröfu skv. 1. mgr. teljast eftir því sem átt getur við verðbætur, vextir, dráttarvextir og önnur samnings- eða lögbundin vanskilaálög, málskostnaður eða innheimtukostnaður, og kostnaður af kröfu, undanfarandi fullnustuaðgerðum, nauðungarsölunni sjálfri og aðgerðum í tengslum við hana.

Þegar nauðungarsölu er krafist á grundvelli heimildar skv. 1. mgr. verða skjöl fyrir kröfunni, sem er leitað fullnustu á, að bera með sér að gerðarbeiðandi sé rétthafi hennar eða njóti handveðréttar í henni.

7. gr.

Eftir því sem átt getur við verður ákvæðum þessara laga beitt til að koma eign þrotabús í verð ef þess er krafist af þeim sem fer með skipti á því. Það sama á við um eign dánarbús sem er skipt eftir ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti.

8. gr.

Eftir því sem átt getur við verður ákvæðum þessara laga beitt til að ráðstafa eign ef þess er krafist af eiganda hennar eða eigendum báðum eða öllum, séu þeir fleiri en einn.

Ákvæðum þessara laga verður beitt eftir því sem átt getur við til að ráðstafa eign sem

er í óskiptri sameign ef þess er krafist af einum eða fleiri eigendum að henni, en þó ekki þeim öllum, og sýnt er að eigninni verði ekki skipt milli eigenda án verulegs tjóns eða kostnaðar, enda standi hvorki fyrirmæli annarra laga né samnings í vegi fyrir að slík krafa nái fram að ganga.

Þá verður ákvæðum þessara laga beitt eftir því sem á við til að fullnægja dómi þar sem réttur dómhafans er viðurkenndur til að krefjast slita á óskiptri sameign með nauðungarsölu.

Ráðstöfun eignar á grundvelli 1.–3. mgr. hefur ekki áhrif á réttindi yfir henni umfram það sem mundi almennt gæta við sölu hennar.

9. gr.

Áður en nauðungarsölu verður krafist til fullnustu peningakröfu á grundvelli heimildar skv. 2.–6. tölul. 1. mgr. 6. gr. og eftir að krafan er komin í gjalddaga skal gerðarbeiðandi beina greiðsluáskorun til gerðarþola með minnst fimmtán daga fyrirvara. Í henni skal tekið fram að nauðungarsölu á tiltekinni eign verði krafist til fullnustu tilgreindri peningaskuld ef áskoruninni verður ekki sinnt.

Greiðsluáskorun skal send gerðarþola með ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birt honum af einum stefnuvotti. Frestur skv. 1. mgr. telst frá þeim degi sem gerðarþoli eða sá, sem er löghæfur til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, fær eintak greiðsluáskorunar í hendur eða birting hennar á sér stað.

10. gr.

Áður en nauðungarsölu verður krafist á grundvelli 2. mgr. 8. gr. skal gerðarbeiðandi skora á gerðarþola með minnst eins mánaðar fyrirvara að ganga til samninga við sig um slit á sameign. Skal tekið fram í áskoruninni að nauðungarsölu verði krafist á eigninni að liðnum þessum fresti ef samningar hafa þá ekki tekist um sameignarslit.

Ákvæði 2. mgr. 9. gr. gilda um áskorun skv. 1. mgr.

III. KAFLI
Beiðni um nauðungarsölu og frummeðferð hennar.

11. gr.

Beiðni um nauðungarsölu skal vera skrifleg. Í henni skal koma fram, svo ekki verði um villst, hverjir gerðarbeiðandi og gerðarþoli eru, hver heimilisföng þeirra eru og við hverja heimild hún styðst. Einnig skal tiltaka nákvæmlega eignina sem nauðungarsölu er krafist á. Ef nauðungarsölu er krafist til fullnustu peningakröfu skal sundurliða fjárhæð hennar svo sem þá er kostur. Eftir þörfum skal enn fremur greina frá atvikum að baki beiðninni og röksemdum sem gerðarbeiðandi telur leiða til að hún verði tekin til greina.

Þegar nauðungarsölu er krafist, sem á undir ákvæði 3. þáttar, skal tiltaka eftir því sem unnt er í beiðni hver fari með umráð eignarinnar og hvar hún sé niður komin.

Með beiðni skulu fylgja gögn um heimild til að krefjast nauðungarsölu og að áskorun hafi verið beint til gerðarþola skv. 9. eða 10. gr. ef við á. Ef nauðungarsölu er krafist á grundvelli veðskuldabréfs er gerðarbeiðanda þó rétt að láta myndrit þess fylgja beiðni sinni, en sýslumaður getur hvenær sem er krafið hann með hæfilegum fyrirvara um frumrit skjalsins og skal krefja hann um það ekki síðar en þegar sala fer fram.

Ef nauðungarsölu er krafist á skipi eða loftfari sem er skráð erlendis skulu staðfest gögn frá erlendri réttindaskrá fylgja til upplýsinga um réttindi yfir því.

Jafnmörg afrit af beiðninni skulu fylgja henni og nemur fjölda gerðarþola. Eitt afrit

skal að auki fylgja ef krafist er nauðungarsölu sem ákvæði 3. þáttar taka til.

12. gr.

Beiðni um nauðungarsölu skal beint til sýslumannsins í því umdæmi sem á við hverju sinni eftir ákvæðum 18. og 58. gr.

Fyrningu peningakröfu er slitið gagnvart gerðarþola ef beiðni um nauðungarsölu til að fullnægja henni berst sýslumanni fyrir lok fyrningartíma, beiðnin reynist fullnægja skilyrðum 1. mgr. 13. gr. og fullnusta fæst á kröfunni við söluna. Ef beiðnin fellur niður án fullnustu kröfunnar getur hún fyrst fyrnst þegar sex mánuðir eru liðnir frá því það gerðist. Falli beiðnin ekki niður en fullnusta fæst ekki á kröfunni við nauðungarsöluna getur hún fyrst fyrnst þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim tíma sem úthlutunargerð söluverðs verður endanleg skv. 52. gr. Eftir því sem á við hefur beiðni sömu áhrif á forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum.

Gerðarbeiðandi ábyrgist greiðslu kostnaðar sem leiðir af meðferð beiðni hans og nauðungarsölunni sjálfri. Að því leyti sem kostnaður er ekki greiddur fyrir fram getur sýslumaður krafið gerðarbeiðanda um tryggingu fyrir kostnaði eða greiðslu áfallins kostnaðar.

13. gr.

Þegar beiðni hefur borist kannar sýslumaður eftir því sem á við hvort beiðnin og sá grundvöllur, sem hún byggist á, séu í lögmætu formi, augljósir efnislegir annmarkar séu á rétti gerðarbeiðanda, réttilega sé greint frá gerðarþola ef heimild yfir eigninni er þinglýst eða skráð með samsvarandi hætti, réttilega hafi verið staðið að áskorun til gerðarþola og beiðnin sé komin fram í réttu umdæmi.

Telji sýslumaður atvik vera fyrir hendi sem valda því að beiðni verði hafnað vegna ákvæða 1. mgr. eða af öðrum sambærilegum ástæðum endursendir hann beiðnina þegar í stað ásamt stuttum rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni. Gerðarbeiðandi getur leitað úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns eftir ákvæðum XIII. kafla.

Hafi beiðni borist sýslumanni í umdæmi sem heimild stendur til, en hann telur nærtækara að hún hljóti meðferð í öðru umdæmi, má hann framsenda hana sýslumanni í því umdæmi að fengnu samþykki gerðarbeiðanda.

14. gr.

Nú berst sýslumanni beiðni um nauðungarsölu á eign sem beiðni liggur þegar fyrir um og þær styðjast báðar annaðhvort við heimild skv. 6. eða 8. gr., og skal þá sameina meðferð beiðnanna og telja báða þá sem þær bárust frá gerðarbeiðendur.

Ákvæðum 1. mgr. skal beitt þótt sá sem ný beiðni berst frá krefjist einnig nauðungarsölu á fylgifé með eigninni sem eldri beiðni tók ekki til, en upp frá því tekur nauðungarsalan til allra eignanna í senn. Ákvæðum 1. mgr. verður enn fremur beitt þótt ný beiðni gangi skemur en eldri í þessum efnum.

Nú koma fram tvær eða fleiri beiðnir um nauðungarsölu á eign sem er í óskiptri sameign, þær beinast ýmist hver að sínum hluta eignarinnar eða henni í heild og styðjast báðar eða allar við heimild skv. 6. gr. Má sýslumaður þá sameina meðferð þeirra ef hann telur það haganlegra, enda verði það aðilunum ekki til tjóns. Upp frá því nær nauðungarsalan til þeirra eigna sem beiðnirnar gefa til samans tilefni til.

Ef meðferð tveggja eða fleiri beiðna hefur verið sameinuð skv. 2. eða 3. mgr. og ein þeirra fellur niður, ræðst umfang nauðungarsölunnar upp frá því af þeim sem standa eft-

ir. Eins skal farið að ef gerðarbeiðandi, sem fer með beiðni sem gengur lengra en beiðnir annarra, vill fresta sölu fyrir sitt leyti meðan aðrir krefjast hennar þegar.

Nú hafa aðgerðir eftir beiðni um nauðungarsölu verið stöðvaðar vegna ákvæða 22. gr. og ný beiðni berst sem varðar sömu eign, og má þá sýslumaður þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. taka nýju beiðnina til sjálfstæðrar meðferðar. Meðferð beiðnanna verður þá sameinuð á síðari stigum ef skilyrði verða á ný til aðgerða eftir þeirri eldri.

15. gr.

Gerðarbeiðandi getur fellt beiðni sína niður hvenær sem er fram að því að boð er samþykkt í eignina við nauðungarsölu.

Beiðni um nauðungarsölu telst að auki fallin niður ef eitthvað eftirfarandi gerist fram að því að boð er samþykkt í eignina:

1. ekki er mætt af hálfu gerðarbeiðanda þegar sýslumaður tekur málefnið fyrir, enda hafi gerðarbeiðandi ekki tilkynnt sýslumanni um lögmæt forföll sem hamli að mætt sé,
2. gerðarbeiðandi verður ekki við kröfu sýslumanns um að láta í té frumrit veðskuldabréfs til stuðnings beiðni sinni, sbr. 3. mgr. 11. gr.,
3. gerðarbeiðandi setur ekki tryggingu eða greiðir ekki áfallinn kostnað skv. 3. mgr. 12. gr. innan frests sem sýslumaður hefur sett honum í því skyni,
4. sýslumaður hefur ákveðið að stöðva að öllu leyti aðgerðir við nauðungarsölu á grundvelli beiðni, sbr. 22. gr., og sú ákvörðun hefur ekki verið borin undir héraðsdómara skv. ákvæðum XIII. kafla innan þess frests sem á við eftir 2. mgr. 73. gr.,
5. lögð er fram sönnun fyrir greiðslu á þeirri kröfu sem gerðarbeiðandi krefst nauðungarsölu til að fá fullnægt.

Gerðarbeiðandi getur leitað úrlausnar héraðsdóms samkvæmt ákvæðum XIII. kafla um ákvörðun sýslumanns um að fella niður beiðni hans skv. 2. mgr.

Falli beiðnir allra gerðarbeiðenda niður verður ekki frekar af nauðungarsölunni.

16. gr.

Þegar staðreynt hefur verið að beiðni fullnægi skilyrðum 1. mgr. 13. gr. skal sýslumaður ákveða svo fljótt sem auðið er fyrirtöku hennar og senda gerðarþola afrit hennar í ábyrgðarbréfi eða með öðrum tryggum hætti, ásamt tilkynningu um hvar og hvenær sýslumaður taki hana fyrir. Ef farið verður með beiðni í sameiningu við eldri beiðni, sbr. 14. gr., skal þess getið sérstaklega.

Fallist sýslumaður á að gerðarbeiðanda sé ófært að afla vitneskju um dvalarstað gerðarþola eða hver hann sé stendur það ekki í vegi frekari aðgerða eftir lögum þessum þótt ekki verði af tilkynningu skv. 1. mgr.

Sýslumaður skal senda gerðarbeiðanda afrit tilkynningar eða veita honum á annan hátt þær upplýsingar sem ella kæmu þar fram.

2. ÞÁTTUR
Nauðungarsala á fasteignum o.fl.
IV. KAFLI
Fyrstu aðgerðir við nauðungarsölu á fasteign o.fl.

17. gr.

Auk fasteigna taka ákvæði þessa þáttar til nauðungarsölu á lóðarleiguréttindum, kaupleiguréttindum, erfðafesturéttindum, erfðaábúðarréttindum og öðrum samsvarandi rétt-

indum yfir fasteign, að því leyti sem þau geta gengið kaupum og sölu, svo og mannvirkjum sem eru skeytt við land annars manns.

Þá gilda ákvæði þessa þáttar um nauðungarsölu á skrásettum skipum, sem eru fimm rúmlestir eða stærri, og skrásettum loftförum.

Ef gerðarbeiðandi krefst í senn nauðungarsölu á eign sem á undir 1. eða 2. mgr. og lausafé sem fylgir henni verður ákvæðum þessa þáttar einnig beitt um fylgifé.

18. gr.

Beiðni um nauðungarsölu á fasteign eða öðrum réttindum skv. 1. mgr. 17. gr. skal beint til sýslumannsins í því umdæmi þar sem réttindum yfir eigninni verður þinglýst.

Beiðni um nauðungarsölu á skipi, sem er skrásett hér á landi, skal beint til sýslumannsins í því umdæmi þar sem skipið er skráð. Aðgerðum við nauðungarsölu verður fram haldið þar þótt skipið sé flutt milli umdæma síðar nema gerðarbeiðendur æski annars. Ef framkvæmd nauðungarsölu flyst milli umdæma þarf ekki að endurtaka þær athafnir sem hafa þegar farið fram.

Beiðni um nauðungarsölu á loftfari, sem er skrásett hér á landi, skal beint til sýslumannsins í Reykjavík.

Sé um að ræða skip eða loftfar sem er skrásett erlendis má krefjast nauðungarsölu í því umdæmi þar sem það er statt, en nauðungarsalan frestast þá sjálfkrafa ef það fer síðar úr umdæminu.

19. gr.

Þegar tilkynnt hefur verið um beiðni skv. 16. gr. gefur sýslumaður út auglýsingu um nauðungarsöluna, sbr. þó 3. mgr. Í auglýsingunni skal eftirfarandi koma fram eftir því sem á við:

1. heiti eignar sem nauðungarsölu er krafist á,
2. nöfn gerðarbeiðanda og gerðarþola,
3. á hverri fjárhæð sé krafist fullnustu við nauðungarsöluna,
4. hvar og hvenær beiðnin verði tekin fyrir.

Hafi sýslumanni borist tvær eða fleiri beiðnir um nauðungarsölu á sömu eign áður en auglýsing er gefin út er rétt að geta beggja eða allra gerðarbeiðenda í henni og samanlagðrar fjárhæðar sem þeir krefjast fullnustu á. Ef beiðnirnar varða ekki að öllu leyti sömu eignir, en meðferð þeirra verður þó sameinuð skv. 2. eða 3. mgr. 14. gr., skal heiti eignar tiltekið í einu lagi eins og beiðnirnar gefa til samans tilefni til.

Ekki er þörf auglýsingar vegna beiðni ef farið verður með hana í sameiningu við eldri beiðni skv. 1. eða 2. mgr. 14. gr. og auglýsing um nauðungarsöluna hefur þegar verið gefin út. Það sama á við ef meðferð beiðna verður sameinuð eftir 3. mgr. 14. gr. og áður útgefin auglýsing nær til þess eignarhluta sem nauðungarsölu er krafist á með nýrri beiðni. Breytir engu þótt beiðni, sem auglýst var út af, falli niður eða henni verði hrundið ef ný beiðni, sem verður farið með í sameiningu við hana, er áður komin fram og staðið var réttilega að auglýsingu um nauðungarsöluna.

20. gr.

Auglýsing um nauðungarsölu skal birt einu sinni í Lögbirtingablaði minnst fjórum vikum áður en beiðnin verður tekin fyrir skv. 21. gr. Þó skal birt með sex vikna fyrirvara ef um skrásett loftfar er að ræða.

Ef gerðarþoli er erlendur ríkisborgari eða félag sem á ekki heimilisvarnarþing hér á

landi og ekki hefur orðið af tilkynningu til hans, sbr. 2. mgr. 16. gr., skal sýslumaður senda utanríkisráðuneytinu afrit auglýsingarinnar, en það sendir síðan afritið svo fljótt sem verða má utanríkisráðuneyti í heimalandi gerðarþola.

Ef nauðungarsölu er krafist á loftfari sem er skrásett í öðru ríki skal gerðarbeiðandi fá auglýsingu birta um hana með minnst eins mánaðar fyrirvara á þeim stað sem loftfarið er skrásett, en um birtinguna fer að öðru leyti eftir reglum þess ríkis um auglýsingu nauðungarsölu.

Ef nauðungarsölu er krafist á skipi eða loftfari sem er skrásett í öðru ríki skal gerðarbeiðandi tilkynna þeim rétthöfum í skipinu eða loftfarinu, sem eiga heimilisvarnarþing erlendis og verður náð til á grundvelli framkominna gagna, um þau atriði sem koma fram í auglýsingu skv. 19. gr. Tilkynningin skal send í ábyrgðarbréfi.

21. gr.

Sýslumaður tekur fyrir beiðni um nauðungarsölu á starfstofu sinni á áður auglýstum tíma ef hún hefur ekki þegar fallið niður. Beiðnin og gögn um heimild og kröfu gerðarbeiðanda skulu lögð fram ásamt öðrum framkomnum gögnum sem geta skipt máli um eignina, réttindi aðila að nauðungarsölunni og framgang hennar. Skjölum um hverja nauðungarsölu skulu gefin númer í áframhaldandi röð.

Ef gerðarþoli mætir eða einhver fyrir hans hönd kynnir sýslumaður honum framlögð gögn og veitir nauðsynlegar leiðbeiningar um réttarstöðu hans og kröfu gerðarbeiðanda á sama hátt og dómara í einkamáli ber að leiðbeina ólöglærðum málsaðila. Gerðarþola er skylt að segja satt og rétt frá öllu sem sýslumaður krefur hann svara um og skiptir máli um framgang nauðungarsölunnar.

22. gr.

Sýslumaður skal gæta þess af sjálfsdáðum að fyrirmælum þessara laga um undirbúning og framkvæmd nauðungarsölunnar hafi verið fylgt. Nú verður sýslumaður þess var við fyrirtöku skv. 21. gr. að teljandi annmarkar eru á þeim atriðum sem er mælt fyrir um í 16., 19. eða 20. gr. eða með réttu hefði átt að synja um nauðungarsölu skv. 2. mgr. 13. gr., og skal hann þá stöðva frekari aðgerðir við nauðungarsöluna. Séu annmarkar aðeins í öðrum efnum getur sýslumaður ef með þarf frestað frekari aðgerðum meðan bætt verður úr þeim.

Ef ágreiningur verður við fyrirtöku skv. 21. gr. um hvort nauðungarsalan fari fram eða hvernig verði staðið að henni tekur sýslumaður ákvörðun um ágreiningsefnið þegar í stað. Að jafnaði skulu mótmæli af hendi gerðarþola eða þriðja manns ekki stöðva nauðungarsölu nema þau varði atriði sem sýslumanni ber að gæta af sjálfsdáðum eða sýslumaður telur þau annars valda því að óvíst sé að gerðarbeiðandi eigi rétt á að nauðungarsalan fari fram. Taki sýslumaður ekki til greina mótmæli gerðarþola eða þriðja manns stöðvar það ekki frekari aðgerðir að hlutaðeigandi lýsi yfir að hann muni bera gildi nauðungarsölunnar undir héraðsdóm eftir ákvæðum XIV. kafla.

Fallist gerðarbeiðandi ekki á ákvörðun sýslumanns skv. 1. eða 2. mgr. getur hann leitað úrlausnar héraðsdóms um hana eftir ákvæðum XIII. kafla. Stöðvast þá um leið frekari aðgerðir við nauðungarsöluna að því leyti sem þær geta verið háðar ákvörðuninni.

Aðrir en gerðarbeiðendur geta leitað úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun sýslumanns eftir ákvæðum XIII. kafla ef gerðarbeiðendur eru allir samþykkir því eða ef ákvörðunin varðar aðeins einn gerðarbeiðenda, þá hann fyrir sitt leyti. Stöðvast þá frekari aðgerð-

ir við nauðungarsöluna með sama hætti og segir í 3. mgr. Öðrum en gerðarbeiðendum er þó jafnan heimilt að fá leyst úr sínum kröfum um ákvörðun sýslumanns, ef gerðarbeiðandi leitar úrlausnar um hana skv. 3. mgr.

Hafi aðgerðir við nauðungarsölu verið stöðvaðar að öllu leyti vegna ákvæða 1.–4. mgr. tekur sýslumaður beiðni um hana fyrir á ný af sjálfsdáðum ef og þegar honum verður kunnugt um að skilyrðum sé fullnægt til þess. Eins skal farið að ef sýslumanni berst ný beiðni um nauðungarsölu á eigninni áður en skilyrði eru til að taka fyrri beiðni fyrir á ný, enda varði ekki hindrun gagnvart fyrri beiðninni framgang nauðungarsölu eftir nýju beiðninni. Sýslumaður tilkynnir gerðarbeiðendum og gerðarþola um fyrirtökuna með þeim hætti sem segir í 16. gr. nema hún hafi þegar verið ákveðin við fyrri fyrirtöku.

Ákvæðum 1.–5. mgr. verður beitt á síðari stigum nauðungarsölu fram að því að aðgerðum við hana er lokið.

23. gr.

Við fyrirtöku skv. 21. gr. getur gerðarþoli eða gerðarbeiðandi óskað eftir því að nauðungarsala á eigninni fari fram á almennum markaði eftir ákvæðum VI. kafla. Sýslumanni ber að verða við þeirri ósk ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. gerðarþoli og gerðarbeiðendur, aðrir en sá sem hefur óskina uppi, lýsa sig allir samþykka henni,
2. sá sem hefur óskina uppi sannar að hann hafi tilkynnt þeim aðilum að nauðungarsölunni skv. 3. og 4. tölul. 2. gr., sem verður náð til á grundvelli fyrirliggjandi gagna, að hann muni bera þessa ósk upp við fyrirtökuna á tilteknum stað og tíma, minnst vika er liðin frá því þeir fengu tilkynninguna í hendur eða hún var birt þeim af stefnuvotti eða þeir mæta við fyrirtökuna án undangenginnar tilkynningar og enginn þeirra mælir þar gegn óskinni,
3. sá sem hefur óskina uppi setur tryggingu eftir ákvörðun sýslumanns fyrir kostnaði sem kann að stafa af aðgerðum vegna hennar ef þær leiða ekki til sölu eignarinnar.

Sýslumaður getur orðið við ósk skv. 1. mgr. þótt gerðarbeiðandi samþykki hana ekki eða aðili skv. 3. eða 4. tölul. 2. gr. mæli gegn henni, ef sýslumaður telur raunhæft að ráðstöfun skv. VI. kafla geti tekist og að það muni engu breyta um líkindi fyrir að hlutaðeigandi fái fullnustu af andvirði eignarinnar á hvorn veginn verði staðið að sölu hennar.

Ákvæðum 1.–3. mgr. verður beitt þótt ósk þessa efnis komi fyrst fram á síðari stigum, ef hún kemur þó fram áður en byrjað er að leita boða í eignina á uppboði skv. 32. gr.

24. gr.

Nú kemur ekki fram ósk um sölu á almennum markaði og ákvæði 22. gr. tálma ekki frekari aðgerðir við nauðungarsölu, og skal þá sýslumaður ákveða við fyrirtöku skv. 21. gr. hvenær uppboð byrji á eigninni. Eftir því sem er unnt skal tekið tillit til óska gerðarbeiðanda í þeim efnum.

Komi fram ný beiðni um nauðungarsölu á eigninni eftir að tími til að byrja uppboð hefur verið ákveðinn skv. 1. mgr. getur sýslumaður án sérstakrar fyrirtöku orðið við ósk nýja gerðarbeiðandans um að þeirri ákvörðun verði breytt, ef tafir eru meiri en hann hefði orðið að sæta með því að vera eini gerðarbeiðandinn. Fyrri gerðarbeiðanda og gerðarþola skal tilkynnt um slíka breytingu með þeim hætti sem segir í 1. mgr. 26. gr.

25. gr.

Í gerðabók skal greint frá því hvar og hvenær beiðni er tekin fyrir og hverjir aðilar að nauðungarsölunni séu mættir eða hverjir fyrir þeirra hönd, auk annarra atriða sem ákvæði 21.–24. gr. gefa tilefni til. Aðilar skulu eiga kost á að kynna sér meginefni bókunar og fá bókaðar athugasemdir sínar.

V. KAFLI
Nauðungarsala á uppboði.

26. gr.

Hafi uppboð verið ákveðið á eign, sbr. 24. gr., og ekki var mætt af hálfu gerðarþola þegar sú ákvörðun var tekin, tilkynnir sýslumaður honum svo fljótt sem verða má bréflega um það hvar og hvenær uppboðið byrji. Ef ekki er kunnugt um gerðarþola eða hvert tilkynning verði send, stendur það ekki í vegi frekari aðgerðum að ekki verði af henni.

Sýslumaður skal fá birta auglýsingu um byrjun uppboðs á eign með minnst þriggja daga fyrirvara í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt. Í auglýsingunni skal koma fram heiti eignarinnar, nöfn gerðarþola og gerðarbeiðenda, og hvar og hvenær uppboðið byrji.

27. gr.

Ef allir gerðarbeiðendur óska skal sýslumaður slá því á frest að uppboð byrji og verður þá ekki af fyrirtöku á uppboðinu þótt tilkynnt hafi verið um það og auglýst, nema aðili að nauðungarsölunni hafi áður tjáð sýslumanni að hann vilji koma þar fram mótmælum gegn henni eða neyta heimildar skv. 3. mgr. 23. gr. Eins skal farið að ef aðgerðir við nauðungarsölu geta ekki farið fram vegna búskipta eða heimildar til greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana. Þegar afráðið er að frestað verði ákveður sýslumaður aftur svo fljótt sem verða má hvenær uppboðið byrji og tilkynnir um það og auglýsir eftir því sem segir í 26. gr. Sýslumaður kynnir gerðarbeiðendum ákvörðunina á þann hátt sem honum þykir til hlýða með hæfilegum fyrirvara.

Hafi uppboð ekki byrjað á eigninni innan eins árs frá fyrirtöku skv. 21. gr. teljast allar framkomnar beiðnir um nauðungarsöluna sjálfkrafa fallnar niður án tillits til þess hvenær þær bárust sýslumanni, sbr. þó 3. mgr. Þetta gildir þó ekki ef aðgerðir við nauðungarsöluna hafa verið stöðvaðar með öllu vegna meðferðar dómsmáls og uppboðið byrjar innan þriggja mánaða frá því ágreiningurinn var leiddur til lykta eða ef aðgerðum var varnað með heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og uppboðið byrjar innan sama tíma frá því heimildin leið undir lok.

Ef nauðungarsala fer fram í sameiningu eftir beiðnum tveggja eða fleiri gerðarbeiðenda og orðið hefur að auglýsa skv. 19. gr. um beiðni fleiri en eins þeirra telst eins árs frestur skv. 2. mgr. frá því síðari eða síðasta beiðnin var tekin fyrir skv. 21. gr.

28. gr.

Dómsmálaráðherra setur almenna skilmála fyrir uppboðssölu á eignum sem ákvæði þessa þáttar taka til. Í þeim skilmálum skal meðal annars kveðið á um eftirfarandi:

1. að eignin sé seld svo farin sem hún er þegar uppboði lýkur,
2. að þeir sem geri boð í eignina séu bundnir við þau um tiltekinn tíma frá því uppboði lýkur,
3. að sýslumaður þurfi ekki að taka hæsta boði og hafni öllum framkomnum boðum ef svo er ástatt sem segir í 5. mgr. 36. gr.,

4. að kaupanda beri að greiða visst hlutfall boðs síns innan tiltekins frests frá því sýslumaður tilkynnir honum að boðið verði samþykkt að fenginni greiðslunni, en eftirstöðvar verðsins skuli greiddar í einum áfanga eða fleirum innan ákveðins tíma frá samþykki boðs sem má krefja kaupanda um tryggingu fyrir,
5. að verði vanefndir af hendi kaupanda geti sýslumaður haldið kaupunum upp á hann eða rift þeim og haldið uppboð á ný á eigninni eða tekið öðru boði sem kom fram í hana, en ef rift verði ábyrgist kaupandinn allt tjón sem hlýst af vanefndunum og megi sýslumaður halda því eftir sem kann að hafa greiðst af boðinu fyrir bótum,
6. að kaupandi beri áhættu af eigninni frá því boð hans er samþykkt og njóti réttar til umráða yfir henni frá sama tíma, sbr. þó 55. gr.,
7. að kaupandi greiði dráttarvexti og innheimtukostnað af söluverði ef hann vanefnir boð sitt, en að öðru leyti greiði hann ekki vexti af boði, sbr. þó 2. og 3. mgr. 40. gr.,
8. hvort kaupandi greiði tiltekinn kostnað af sölunni umfram fjárhæð boðs síns eða ekki,
9. að kaupandi eigi rétt til afsals fyrir eigninni eftir því sem er mælt í 56. gr.,
10. að kaupandi greiði gjöld af eigninni sem falla til eftir að uppboði lýkur, svo og vexti og verðbætur frá þeim tíma af veðskuldum sem hvíla áfram á henni, en eigi rétt til arðs af eigninni frá sama tíma,
11. að kaupanda beri að hlíta kvöðum og höftum á eigninni að því leyti sem söluverð hennar hrekkur til greiðslu upp í réttindi sem standa að baki þeim kvöðum og höftum í réttindaröð,
12. að kaupandi geti ekki krafist riftunar kaupanna, afsláttar af söluverði eða greiðslu skaðabóta af því eftir að greiðslum er lokið samkvæmt úthlutunargerð.

Auglýsing um almenna uppboðsskilmála skal birt í Stjórnartíðindum. Teljast þeir alltaf gilda ef annað er ekki ákveðið sérstaklega vegna uppboðs á tiltekinni eign.

29. gr.

Eftir kröfu aðila að nauðungarsölunni getur sýslumaður ákveðið með bókun í gerðabók að víkja í tilteknum atriðum frá almennum uppboðsskilmálum. Krafa um slíka breytingu skal að jafnaði koma fram við fyrirtöku skv. 21. gr. Breytingu má þó gera allt þar til lokið er að leita boða í eignina, en raski hún þá forsendum fyrir þegar framkomnum boðum verða bjóðendur ekki bundnir við þau.

Ef um uppboð er að ræða á eign, sem almennir uppboðsskilmálar hæfa ekki, ákveður sýslumaður ótilkvaddur í hverjum atriðum verði vikið frá þeim svo viðeigandi sé. Ákvörðun um þetta skal bókuð í gerðabók.

Ekki verður vikið frá almennum uppboðsskilmálum ef telja má hættu á að það torveldi að mun sölu á eigninni, horfi aðila að nauðungarsölunni eða þriðja manni ólöglega til tjóns, leiði til mismununar á rétthöfum yfir eigninni eða tefji óhæfilega að gerðarbeiðendur fái fullnustu, nema hlutaðeigendur lýsi sig samþykka því.

30. gr.

Nú nær nauðungarsala í senn til fasteignar eða skrásetts skips eða loftfars og fylgifjár með slíkri eign, og má þá sýslumaður ákveða að bjóða eignina upp eina sér og svo fylgifé út af fyrir sig ef hann telur sennilegt að hærri boð fáist samanlagt með þeim hætti. Eins má fara að þegar nauðungarsala tekur annars í einu lagi til eigna sem mætti ráðstafa hverri fyrir sig.

Þegar nauðungarsala tekur til eigna með þeim hætti sem segir í 1. mgr. má sýslumaður einnig ákveða að leita boða í þær þannig að annars vegar verði boðið í þær all-

ar í senn og hins vegar hverja fyrir sig. Slíkt má ákveða þótt þegar sé lokið að leita boða á annan hvorn veginn.

Ef boða er leitað sérstaklega í hverja eign fyrir sig verður aðeins ráðstafað þeim fjölda þeirra sem þarf til að veita gerðarbeiðendum fullnustu. Séu horfur á að ekki þurfi að ráðstafa öllum eignunum er sýslumanni rétt að taka tillit til óska gerðarþola um það í hverri röð boða verði leitað í þær.

31. gr.

Sýslumaður byrjar uppboð á starfstofu sinni á þeim tíma sem auglýst var ef því hefur ekki áður verið frestað eða nauðungarsalan fallið niður. Skulu þá lögð fram ný gögn sem hafa borist og þau kynnt gerðarþola ef mætt er fyrir hans hönd.

Áður en boða verður leitað í eignina skal sýslumaður greina frá eftirfarandi að því leyti sem er unnt og getur átt við:

1. hvort og þá hvernig sé vikið frá almennum uppboðsskilmálum, en eintak almennra skilmála skal að jafnaði liggja fyrir og meginefni þeirra kynnt viðstöddum ef þeim má ekki vera það kunnugt að fyrra bragði,
2. upplýsingum um eignina, svo sem um staðsetningu hennar, stærð og aldur, að því leyti sem er þinglýst um slíkt eða upplýst með áreiðanlegum hætti,
3. veðböndum, kvöðum og öðrum eignarhöftum sem er þinglýst eða upplýst um með öðrum hætti, svo og fjárhæðum krafna sem hefur verið krafist nauðungarsölu til að fá fullnægt eða lýst fyrir sýslumanni, en sérstök athygli skal vakin á kvöðum og höftum sem kunna að geta hvílt áfram á eigninni án tillits til sölu hennar,
4. kostnaði af nauðungarsölunni sem greiðist á undan öðrum kröfum af söluandvirði,
5. hvort eignir sem nauðungarsalan tekur í einu lagi til verði boðnar upp saman eða hver fyrir sig eða leitað verði boða á báða vegu, sbr. 30. gr.,
6. öðru sem sýslumaður telur skipta máli fyrir fjárhæð boða eða réttindi aðila að nauðungarsölunni.

Að þessu búnu gefur sýslumaður kost á að koma fram athugasemdum við undirbúning og framkvæmd nauðungarsölunnar til þessa.

32. gr.

Að því gerðu sem er mælt fyrir um í 31. gr. leitar sýslumaður boða í eignina.

Óheimilt er sýslumanni sjálfum að gera boð í eignina, fulltrúa hans sem heldur uppboðið, starfsmanni hans sem er þar við störf eða öðrum manni fyrir hönd einhvers þessara.

Boð í eignina skal virt að vettugi ef það er gert í nafni gerðarþola og nauðungarsölunnar hefur verið krafist á grundvelli 6. gr.

Samningur, sem horfir til takmörkunar á rétti manns til að gera boð í eignina, skuldbindur hann ekki.

Kaupréttur, forkaupsréttur, endurkaupsréttur eða innlausnarréttur veitir ekki rétt til að ganga inn í boð sem annar maður gerir í eignina nema svo sé sérstaklega mælt í lögum.

Sýslumaður getur krafist að sá sem gerir boð í eignina leiði þegar að því rök að hann geti staðið við það, að því viðlögðu að boð hans verði virt að vettugi. Sýslumaður getur einnig sett það skilyrði fyrir að boð verði tekið til álita að trygging verði sett fyrir því innan frests og í því formi sem hann mælir fyrir um.

33. gr.

Sýslumaður getur ákveðið minnsta mun boða, hvort heldur áður en þeirra er leitað eða eftir að þau byrja að koma fram.

Boð í eignina skal vera tiltekinnar fjárhæðar og hverju sinni ljóst hver geri það og eftir atvikum fyrir hvers hönd. Þannig skal hvert boð bókað í gerðabók og ekki lýst eftir öðru fyrr en að því búnu.

Þegar sýslumaður hefur lýst þrívegis eftir hærri boðum án þess að nokkuð komi fram lætur hann hamar falla til marks um að ekki verði tekið við frekari boðum. Áður getur hann þó gefið viðstöddum kost á að gera frekari boð í eignina þótt lægri séu en hæsta boð.

34. gr.

Fáist ekkert boð í eignina skal telja beiðnir um nauðungarsöluna fallnar niður.

Nú hefur fengist boð í eignina, allir aðilar að nauðungarsölunni eru viðstaddir eða einhver fyrir þeirra hönd þegar hamar fellur skv. 3. mgr. 33. gr. og þeir lýsa því yfir að þeir uni við að ekki verði leitað meira eftir boðum í eignina, og er þá uppboði lokið. Uppboði verður einnig lokið þótt veðhafi sé ekki viðstaddur eða gefi ekki slíka yfirlýsingu, ef sýnt er að það megi taka einhverju framkomnu boði og það nægi til fullnustu þeim kröfum sem hann getur gert í söluverðið.

35. gr.

Ef uppboði lýkur ekki samkvæmt því sem segir í 34. gr. verður því fram haldið eftir ákvörðun sýslumanns innan fjögurra vikna frá því lokið er að leita boða skv. 3. mgr. 33. gr. Framhaldi uppboðs verður ekki frestað nema óviðráðanleg atvik komi í veg fyrir framkvæmd þess, en þá ákveður sýslumaður án sérstakrar fyrirtöku um framhald uppboðs innan fjögurra vikna frá því honum verður kunnugt um að slík hindrun sé úr vegi.

Sýslumaður skal að jafnaði ákveða hvar og hvenær uppboði verði fram haldið um leið og lokið er að leita boða í eignina skv. 3. mgr. 33. gr. Þá ákvörðun þarf ekki að tilkynna frekar þeim sem voru viðstaddir þegar hún var kynnt.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um framhald uppboðs skal sýslumaður svo fljótt sem verða má tilkynna öllum aðilum að nauðungarsölunni sem verður náð til um hana, sbr. þó 2. mgr. Tilkynningin skal send í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða með öðrum sambærilegum hætti.

Sýslumaður skal jafnframt fá birta auglýsingu um framhald uppboðs í Lögbirtingablaði með minnst viku fyrirvara ef ekki er vitað hvert megi senda gerðarþola tilkynningu skv. 3. mgr.

Þá skal sýslumaður auglýsa framhald uppboðs með þeim hætti sem segir í 2. mgr. 26. gr. Skal tekið fram í auglýsingunni að um framhald uppboðs sé að ræða.

36. gr.

Eftir því sem á við skal farið eftir ákvæðum 30.–33. gr. við framhald uppboðs að því gættu sem segir í 2.–5. mgr.

Uppboði á fasteign eða réttindum yfir fasteign, sem ákvæði 1. mgr. 17. gr. taka til, skal fram haldið á eigninni sjálfri. Uppboði á skrásettu skipi eða loftfari verður að jafnaði fram haldið á starfstofu sýslumanns, en sýslumaður má þó flytja uppboð þaðan að eigninni sjálfri ef hún er þá í umdæmi hans og hann telur að hærri boð kunni að fást með þeim hætti.

Þegar uppboði er fram haldið á eigninni sjálfri eða við hana er umráðamanni hennar skylt að veita þeim sem eru við uppboðið aðgang að henni til skoðunar áður en leitað er boða í hana. Sé enginn viðstaddur til að veita aðgang að eigninni eða reynt að hindra aðgang er sýslumanni rétt að láta þegar í stað brjóta upp læsingar eða vinna á annan hátt bug á hindrun, en lögreglumönnum er skylt að verða við tilmælum hans um að framfylgja ákvörðun í þeim efnum og mega þeir beita valdi í því skyni.

Þegar boða er leitað í eignina við framhald uppboðs skal byrjað þar sem frá var horfið þegar hætt var að taka við frekari boðum skv. 3. mgr. 33. gr. Eftir að boð hafa komið fram að þessu sinni og sýslumaður hefur þrívegis lýst eftir öðrum boðum án þess að þau komi fram lætur hann hamar falla til marks um að uppboðinu sé lokið.

Ef nauðungarsölunnar var krafist á grundvelli 6. gr. og ekki er boðið meira í eignina en svo að enginn gerðarbeiðenda geti fengið neitt í sinn hlut af söluverðinu skal telja beiðnir um nauðungarsöluna fallnar niður.

37. gr.

Nú hefur verið leitað boða í eignina skv. 4. mgr. 36. gr. og sýslumaður telur þau sem koma til álita svo lág að fari fjarri líklegu markaðsverði eignarinnar þótt tekið yrði tillit til ákvæða 57. gr. Ef sýslumaður telur mega rekja þetta til sérstakra aðstæðna og hann hefur rökstudda ástæðu til að ætla að mun hærri boð geti enn fengist í eignina, getur hann ákveðið að uppboðinu verði fram haldið eitt skipti enn, enda séu ekki gerðarþoli og aðrir viðstaddir aðilar á einu máli um annað. Ákvörðun um þetta skal að jafnaði kynnt áður en lokið er að leita boða skv. 4. mgr. 36. gr. Sýslumanni er þó heimilt að ákveða þetta innan einnar viku frá þeim tíma, en þá skal gerðarþola, öðrum aðilum sem voru viðstaddir uppboðið og hæstbjóðanda tafarlaust tilkynnt um ákvörðunina. Skal litið svo á að hamar hafi þá fallið til marks um að ekki yrði leitað frekari boða í það sinn.

Ef uppboði er fram haldið skv. 1. mgr. skal farið eftir ákvæðum 35. og 36. gr., en frestur til framhalds uppboðsins skal þó vera svo skammur sem verða má.

Ákvörðun sýslumanns um hvort uppboði verði fram haldið skv. 1. mgr. verður ekki borin undir héraðsdóm.

38. gr.

Þegar uppboð er haldið skal bókað í gerðabók hvar og hvenær það gerist, hverjir aðilar að nauðungarsölunni séu viðstaddir og um önnur atriði sem leiðir af ákvæðum 30.–37. gr.

39. gr.

Þegar uppboði er lokið ákveður sýslumaður hverju boði verði tekið svo tímanlega að bjóðendur séu enn bundnir við boð sín samkvæmt uppboðsskilmálum.

Jafnan skal taka því boði sem kom hæst fram ef sýslumaður telur ekki sérstaka ástæðu til að draga í efa að það verði efnt, enda hafi þá trygging verið sett fyrir því með fullnægjandi hætti, hafi hún verið áskilin. Verði hæsta boði ekki tekið skal það næsta metið með sama hætti. Hafi tvö boð eða fleiri verið jöfn skal sýslumaður taka því sem honum þykir líklegra að verði efnt.

Þegar ákveðið hefur verið hverju boði verði tekið tilkynnir sýslumaður þeim sem gerði boðið með tryggum hætti um að það verði samþykkt ef greiðsla berst í samræmi við uppboðsskilmála á tilteknum tíma. Þegar sú greiðsla er komin fram telst boðið sjálfkrafa samþykkt. Sýslumanni er þó rétt að krefjast um leið tryggingar fyrir frekari efndum boðs-

ins og telst það þá ekki samþykkt nema hún sé sett.

Nú berst ekki greiðsla með þeim hætti sem segir í 3. mgr., og skal þá sýslumaður taka önnur boð til álita á ný og ákveða hverju þeirra verði tekið í staðinn. Ef ekkert annað boð þykir koma til álita skal uppboð haldið á ný samkvæmt ákvæðum 35. og 36. gr. Krefja má þann sem vanefnir boð sitt um mismuninn á boðinu og því sem fæst endanlega fyrir eignina, en við málshöfðun í því skyni gilda ákvæði 3. mgr. 46. gr.

Þeim sem hefur gert boð í eignina er heimilt að framselja réttindi og skyldur sem fylgja því. Frá því framsal er tilkynnt sýslumanni kemur framsalshafi í stað framseljanda, en þó þannig að þeir ábyrgjast báðir fyrir annan og annar fyrir báða efndir boðsins.

40. gr.

Sé ekki kveðið á annan veg í uppboðsskilmálum ber kaupanda að greiða söluverðið með peningum að því leyti sem því verður ekki varið til fullnustu kröfu hans sjálfs. Sem ígildi peningagreiðslu getur kaupandi þó lagt fyrir sýslumann staðfestingu af hendi þess, sem á rétt til greiðslu af söluverðinu, fyrir því að kaupandi hafi greitt kröfu hans að einhverju leyti eða öllu eða tekið að sér greiðslu kröfunnar gegn því að hún hvíli áfram á eigninni. Kaupanda ber þó alltaf að greiða með peningum þann hluta söluverðs sem verður varið til greiðslu kostnaðar af nauðungarsölunni.

Þótt kaupandi neyti heimildar 1. mgr. til að efna boð sitt með öðru en peningagreiðslu til sýslumanns losnar hann ekki á þann hátt undan skyldum sínum nema að því leyti sem kröfurnar, sem hann greiðir öðrum, tekur að sér eða tekur undir sjálfum sér, verða viðurkenndar í endanlegri úthlutunargerð söluverðs. Nú telur sýslumaður óvíst að hverju marki slíkar kröfur verði viðurkenndar, og getur hann þá krafið kaupanda um tryggingu fyrir samsvarandi greiðslu með peningum og vöxtum sem greiðslan hefði ella borið. Verði slík trygging ekki sett í því formi og innan þess frests sem sýslumaður ákveður skal litið svo á að vanefndir hafi orðið á greiðslu.

Nú er ákveðið í uppboðsskilmálum að kaupandi greiði tiltekinn hluta söluverðs við samþykki boðs en eftirstöðvar þess á síðari tíma, og getur hann þá efnt skyldu sína til greiðslu við samþykki boðs að nokkru eða öllu með öðru en peningum. Liggi ekki þegar fyrir að söluverðið greiðist að fullu með öðru en peningum skal sú fjárhæð dregin frá söluverði sem er þó þegar sýnt að verði greidd þannig, en kaupanda ber þá að greiða með peningum það hlutfall mismunarins sem er mælt í uppboðsskilmálum að beri að greiða við samþykki boðs. Komi síðar í ljós að of mikið hafi verið greitt með peningum í það sinn eða of lítið skal það sem ber á milli greitt með þeim innlánsvöxtum sem vinnast að öðru leyti af söluverðinu.

Að því leyti sem gerðarþoli kann að eiga rétt til greiðslu af söluverðinu er kaupanda heimilt, með sömu skilyrðum og segir í 1.–3. mgr., að standa skil á því með því að lýsa yfir skuldajöfnuði með kröfu sinni á hendur gerðarþola ef almennum skilyrðum skuldajafnaðar er fullnægt og kaupandi hefur eignast kröfuna áður en uppboðinu var lokið.

Ef annað er ekki ákveðið í uppboðsskilmálum greiðir kaupandi ekki vexti af söluverði nema vanefndir verði af hans hendi, sbr. þó 2. og 3. mgr.

VI. KAFLI
Nauðungarsala á almennum markaði.

41. gr.

Hafi sýslumaður tekið til greina ósk skv. 23. gr. boðar hann svo fljótt sem verða má

alla aðila að nauðungarsölunni, sem er vitað hvar verði náð til, til fyrirtöku á starfstofu sinni. Boðunin skal send í ábyrgðarbréfi sem er borið út, í símskeyti eða með öðrum sambærilegum hætti.

Við fyrirtöku skv. 1. mgr. leitar sýslumaður tillagna aðilanna um þau atriði sem er getið í 42. gr. Sýslumaður tekur þar ákvörðun í þeim efnum.

Bókað skal í gerðabók um það sem fer fram við fyrirtökur eftir ákvæðum þessa kafla.

42. gr.

Þegar eign er boðin til sölu eftir ákvæðum þessa kafla skal það að jafnaði gert með söluskilmálum sem svara til ákvæða 1., 3., 5., 7. og 9.–12. tölul. 1. mgr. 28. gr. Frá þessu má víkja eftir reglum 29. gr. Þess skal gætt þegar tilboða er leitað í eignina að skilmálum um greiðslu söluverðs verði að jafnaði hagað með þeim hætti að greiðslur fáist á áþekkum tíma og ella hefði verið mælt í uppboðsskilmálum, eftir atvikum með afhendingu verðbréfa sem megi koma greiðlega í verð.

Ákvæðum 30. gr. skal beitt eftir því sem átt getur við.

Sýslumaður skal að jafnaði fela einum eða fleiri löggiltum fasteignasala, héraðsdómseða hæstaréttarlögmanni að leita tilboða í eignina eins og ef um frjálsa sölu hennar væri að ræða.

Óski aðili að nauðungarsölunni eftir því getur sýslumaður látið virða eignina, en kostnað af því skal sá sem óskar virðingar bera um sinn. Ef síðar kemur fram að réttmæt ástæða hafi verið til að leita virðingar má sýslumaður fallast á endurkröfu fyrir kostnaði af henni eins og um sölulaun vegna eignarinnar væri að ræða, enda hafi henni þá verið komið í verð.

43. gr.

Frá því nauðungarsalan er tekin fyrir skv. 41. gr. og meðan aðgerðir samkvæmt þessum kafla standa yfir er sýslumaður einn bær um að ráðstafa eigninni og stofna til réttinda yfir henni. Geri sýslumaður löggerning varðandi eignina hefur það sömu áhrif og ef hann hefði umboð gerðarþola til þess.

Á því tímabili, sem um ræðir í 1. mgr. verður, ekki gert fjárnám í eigninni, hún kyrrsett eða tekin í löggeymslu. Ekki stendur þetta í vegi fyrir að slíkri gerð verði beint að rétti sem gerðarþoli kann sjálfur að geta notið til að fá greiddan hluta söluverðs.

44. gr.

Við fyrirtöku skv. 41. gr. getur aðili lýst því yfir að hann uni við að sýslumaður taki afstöðu án frekara samráðs við sig til tilboða sem kunna að berast í eignina. Slíka yfirlýsingu má takmarka með þeim hætti að hún gildi aðeins um boð sem nemi tiltekinni lágmarksfjárhæð.

Berist sýslumanni tilboð í eignina sem hann telur mega taka boðar hann til fyrirtöku með tryggum hætti þá aðila sem hafa ekki gefið yfirlýsingu skv. 1. mgr. Í boðun skal greina meginefni tilboðs nema afrit þess fylgi með.

Við fyrirtöku, sem er boðað til skv. 2. mgr., kynnir sýslumaður framkomið tilboð og gefur aðilum kost á að tjá sig um það. Vilji þeir ekki allir una við tilboðið skal sýslumaður leita eftir boðum í eignina hjá þeim sem eru viðstaddir. Að því gerðu skal þeim sem fá ekki kröfum sínum fullnægt með framkomnum boðum gefinn kostur á að ganga inn í hæsta boð. Sýslumaður ákveður síðan hvort hann taki framkomnu boði og eftir atvikum hvaða.

45. gr.

Aðgerðum eftir fyrirmælum þessa kafla skal að jafnaði þegar hætt ef sá sem óskaði þeirra mætir ekki til fyrirtöku skv. 1. mgr. 41. gr.

Þá skal aðgerðum eftir ákvæðum þessa kafla hætt ef:

1. meira en þrír mánuðir eru liðnir frá fyrirtöku skv. 1. mgr. 41. gr. og aðili að nauðungarsölunni krefst þess, enda telji sýslumaður ekki fyrirsjáanlegt að viðunandi tilboð komi fram í eignina innan skamms tíma, eða
2. sex mánuðir eru liðnir frá fyrirtöku skv. 1. mgr. 41. gr. án þess að tilboð hafi verið samþykkt í eignina.

Sýslumaður getur enn fremur ákveðið að aðgerðum eftir fyrirmælum þessa kafla verði hætt ef gerðarþoli eða annar umráðamaður eignarinnar verður ekki við tilmælum þess, sem hefur verið falið að leita boða í hana, um að veita aðgang að henni til sýningar eða leitast á annan hátt við að spilla fyrir sölutilraunum.

Telji sýslumaður efni til að hætta aðgerðum vegna ákvæða 1.–3. mgr. kynnir hann ákvörðun um það við fyrirtöku sem hefur verið boðað til af því eða öðru tilefni. Um leið skal ákveðið um byrjun uppboðs eftir ákvæðum 24. gr.

Hafi aðgerðum eftir ákvæðum þessa kafla verið hætt verður ekki gripið til þeirra öðru sinni við sömu nauðungarsölu.

VII. KAFLI
Innheimta söluverðs og vanefndir.

46. gr.

Sýslumaður annast innheimtu söluverðs, en honum er þó heimilt að fela það öðrum á sína ábyrgð ef vanefndir verða af hendi kaupanda.

Sýslumaður varðveitir það sem er innheimt af söluverði á reikningi við banka eða sparisjóð þar til því er ráðstafað við úthlutun.

Við rekstur dómsmáls eða fullnustugerð til heimtu söluverðs, afsláttar af því, skaðabóta eða riftunar kaupa við nauðungarsölu kemur sýslumaður fram í embættisnafni sem aðili máls í stað þeirra sem kunna að eiga tilkall til hlutdeildar í söluverði, enda hafi útborgun þess ekki verið lokið. Skyldu sem kann að vera lögð á embætti hans af því tilefni verður aðeins fullnægt af söluverðinu.

47. gr.

Verði dráttur á greiðslu söluverðs ber kaupanda að greiða dráttarvexti og kostnað af innheimtu þess.

Verði verulegar vanefndir af hendi kaupanda skal sýslumaður kveðja hann með sannanlegum hætti til fyrirtöku, svo og þá sem hafa gert kröfur um greiðslu af söluverðinu. Þar ákveður sýslumaður að fengnu áliti þeirra hvort kaupunum verði haldið uppi á kaupanda eða rift. Vilji kaupandi eða aðili að nauðungarsölunni, sem hefur hagsmuna að gæta, ekki una ákvörðun um riftun kaupanna getur hann leitað úrlausnar héraðsdóms samkvæmt ákvæðum XIII. kafla. Aðgerðum skv. 3. mgr. verður þá ekki framfylgt fyrr en ágreiningurinn hefur verið leiddur til lykta.

Nú er ákveðið að rifta kaupum sem hafa átt sér stað á uppboði, og má þá hvort heldur taka öðru boði sem kom fram í eignina eða bjóða hana upp á ný eftir ákvæðum 35. og 36. gr. Hafi eigninni upphaflega verið ráðstafað eftir reglum VI. kafla má taka öðru boði sem liggur fyrir í hana eða reyna sams konar ráðstöfun á ný, en að öðrum kosti skal hún boðin upp eftir reglum V. kafla.

Eigi riftun sér stað má krefja upphaflegan kaupanda um mismun milli boðs hans sem var samþykkt og þess sem síðan fæst fyrir eignina, svo og um bætur vegna kostnaðar sem vanefndir hans hafa leitt til. Upphaflegum kaupanda verður ekki endurgreitt það sem hann hefur greitt af boði nema að því leyti sem er sýnt að ekki sé tilefni til að hafa slíka kröfu uppi á hendur honum.

48. gr.

Telji kaupandi sig eiga rétt til að rifta kaupum eða æskja afsláttar eða greiðslu skaðabóta af söluverði verður krafa hans að koma fram áður en greiðslum er lokið eftir úthlutunargerð nema mælt sé á annan veg í uppboðs- eða samningsskilmálum.

Komi fram krafa af hendi kaupanda skv. 1. mgr. skal sýslumaður boða hann til fyrirtöku, svo og þá sem kynnu að fara á mis við greiðslur ef krafa hans yrði tekin til greina. Verði ágreiningur um kröfuna tekur sýslumaður ákvörðun um hana, en kaupandi eða aðili að nauðungarsölunni, sem hefur hagsmuna að gæta, má leita úrlausnar héraðsdóms um hana samkvæmt ákvæðum XIII. kafla.

VIII. KAFLI
Úthlutun söluverðs.

49. gr.

Þeir sem telja sig eiga rétt til greiðslu af söluverði eignar skulu lýsa kröfum sínum fyrir sýslumanni áður en uppboði er lokið á henni, ef sá háttur er hafður á ráðstöfun hennar, en við fyrirtöku skv. 2. mgr. 44. gr. ef henni er ráðstafað eftir ákvæðum VI. kafla.

Kröfulýsing skal vera skrifleg og tekið fram í hvers þágu hún sé gerð, við hverja heimild tilkall til greiðslu sé stutt og hverrar rétthæðar sé krafist við úthlutun söluverðs. Þá skal koma fram hverrar fjárhæðar sé krafist og hún sundurliðuð nákvæmlega. Þau gögn skulu fylgja kröfulýsingu sem hún er studd við.

Kröfulýsing slítur fyrningu kröfu á hendur gerðarþola ef hún berst sýslumanni fyrir lok fyrningartíma og krafan fæst greidd af söluverðinu. Fáist krafan ekki greidd að fullu af söluverðinu getur hún fyrst fyrnst þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim tíma sem úthlutunargerð er orðin endanleg skv. 52. gr., enda hafi lýsing hennar fullnægt því sem segir í 2. mgr.

Nú hvíla önnur réttindi á eigninni en veðréttindi og þau fá ekki að standa óhögguð vegna nauðungarsölunnar, og getur þá rétthafinn lýst greiðslukröfu í söluverðið sem miði við það tjón sem hann bíði af því að réttindi hans falli niður.

Lýsi gerðarbeiðandi ekki kröfu í söluverðið skal litið svo á að hann krefjist greiðslu þeirrar fjárhæðar sem kemur fram í beiðni hans.

Gerðarþoli þarf ekki að lýsa kröfu um greiðslu þess sem kann að standa eftir af söluverði að fullnægðum kröfum annarra.

50. gr.

Þegar boð hefur verið samþykkt í eignina gerir sýslumaður frumvarp til úthlutunar á söluverði. Í frumvarpi skal miðað við að söluverðið sé til ráðstöfunar í samræmi við samþykkt boð án tillits til þess hvort það sé enn greitt. Söluverðinu skal skipt þannig að fyrst komi til greiðslu sölulauna vegna nauðungarsölunnar, nema kaupandi hafi greitt þau samkvæmt söluskilmálum, en að því búnu skal kveðið á um hvað hver aðili fái í sinn hlut eftir því sem söluverðið hrekkur til og rétthæð krafna þeirra leiðir til.

Nú hafa tvær eða fleiri eignir verið seldar í einu lagi og réttindi yfir þeim báðum eða

öllum eru ekki þau sömu að því leyti sem er unnt að fullnægja þeim, og skal þá skipta söluverðinu á eignirnar. Hafi boða verið leitað í eignirnar skv. 2. mgr. 30. gr. skal skiptingin að jafnaði ráðast af hlutföllum milli hæstu boða í hverja eða hvora þeirra. Að öðrum kosti aflar sýslumaður virðingar á eignunum og skiptir söluverðinu hlutfallslega eftir henni, en kostnaður af virðingu greiðist þá jafnhliða sölulaunum.

Þegar ákveðið er í frumvarpi hvað greiðist af einstökum kröfum skal miðað við að vextir, verðbætur og gengistrygging reiknist af þeim til þess dags sem uppboði lauk á eigninni. Ef eign var ráðstafað eftir ákvæðum VI. kafla miðast útreikningur við þann dag sem tilboð, sem hefur verið samþykkt, var gert.

Nú hefur kröfu verið lýst um greiðslu af söluverðinu eða hún kemur fram í beiðni um nauðungarsölu og sýnt er að hún fáist greidd að nokkru eða öllu, og skal þá sýslumaður leggja mat á það af sjálfsdáðum við gerð frumvarps með hverri fjárhæð og hvar í réttindaröð krafan verði viðurkennd að lögum á grundvelli framkominna gagna. Ef krafa er fyrnd eða hefur glatað réttarvernd að einhverju marki skal sýslumaður færa niður fjárhæð hennar í frumvarpi sem því nemur af sjálfsdáðum. Ef kröfu hefur ekki verið lýst fyrr en eftir þann tíma sem segir í 1. mgr. 49. gr. verður ekki úthlutað af söluverðinu til greiðslu málskostnaðar eða annars innheimtukostnaðar af henni.

Nú hefur réttindum verið þinglýst á eignina en kröfu er ekki lýst í skjóli þeirra og rétthæð þeirra er slík að greiðsla ætti að koma í hlut rétthafans af söluverðinu. Skal þá sýslumaður gera ráð fyrir greiðslu kröfu í frumvarpinu með þeirri fjárhæð sem hún gæti hæst orðið eftir hljóðan þinglýsts skjals um réttindin ef henni yrði síðar lýst.

Í frumvarpi verður ekki tekið tillit til óþinglýstra réttinda yfir eigninni nema kröfu hafi verið lýst í skjóli þeirra.

Ef til álita kemur að greiða kröfu sem er skilyrt eða umdeild skal gera ráð fyrir henni í frumvarpi með þeirri fjárhæð sem má ætla að hún geti hæst numið.

51. gr.

Þegar frumvarp hefur verið gert til úthlutunar söluverðs sendir sýslumaður öllum aðilum að nauðungarsölunni, sem er vitað hvar verði náð til, eintak af frumvarpinu með tryggum hætti. Í frumvarpinu skal tekið fram að andmæli gegn því þurfi að berast sýslumanni innan tiltekins frests sem skal ekki vera skemmri en tvær vikur frá því frumvarpið er sent.

Nú kemur krafa um greiðslu af söluverði fyrst fram eftir gerð frumvarps en áður en fresti skv. 1. mgr. er lokið og hún gengur framar kröfum sem var ætlað að greiða eftir því, og skal þá sýslumaður gera breytingar á frumvarpinu eftir því sem efni standa til. Slíkar breytingar skulu tilkynntar þeim sem verða að sæta röskun á fyrirhugaðri úthlutun sinni, og skal sýslumaður ákveða sérstakan frest handa þeim til að koma fram andmælum gegn breytingunum ef þurfa þykir. Eins skal farið að ef kröfu er fyrst lýst á þessum tíma í skjóli veðréttar sem sýslumaður hefur gert ráð fyrir greiðslu á skv. 5. mgr. 50. gr.

52. gr.

Komi fram mótmæli gegn frumvarpi innan frests skv. 51. gr. skal sýslumaður boða þá sem mótmælin varða á sinn fund. Þegar hlutaðeigendum hefur gefist kostur á að tjá sig um mótmælin bókar sýslumaður ákvörðun í gerðabók um hvort hann taki þau til greina og breyti frumvarpi því til samræmis. Aðili að nauðungarsölunni má að svo búnu leita úrlausnar héraðsdóms á ágreiningi um ákvörðunina samkvæmt ákvæðum XIII. kafla.

Ef mótmæli koma ekki fram gegn frumvarpi telst það endanleg úthlutunargerð söluverðs við lok frests skv. 51. gr. Hafi ágreiningur staðið um frumvarp telst það endanleg úthlutunargerð söluverðs þegar hann hefur verið leiddur til lykta, eftir atvikum með þeim breytingum sem það hefur þá sætt fyrir dómi.

Nýjum kröfum um greiðslu af söluverði eða hækkun á greiðslu frá því sem greinir í úthlutunargerð verður því aðeins komið fram eftir lok frests skv. 51. gr. að fyrir liggi samþykki allra sem slík breyting getur varðað, enda hafi greiðslum samkvæmt úthlutunargerð ekki enn verið lokið þannig að girt sé fyrir breytingu.

Komi til lækkunar á kröfu frá því sem segir í úthlutunargerð skal gerður viðauki við hana um ráðstöfun á viðeigandi fjárhæð. Slíkan viðauka þarf sýslumaður ekki að bera undir aðila nema hann telji óvíst um réttindi til greiðslu.

53. gr.

Ekki verður greitt samkvæmt úthlutunargerð fyrr en frestur til að bera gildi nauðungarsölunnar undir héraðsdóm skv. 1. mgr. 80. gr. er liðinn. Þegar sá frestur er liðinn má heldur ekki greiða eftir úthlutunargerð ef dómsmál vegna nauðungarsölunnar skv. XIII. eða XIV. kafla hefur ekki enn verið leitt til lykta, nema að því leyti sem er sýnt að niðurstaða þess geti ekki breytt réttindum til greiðslna. Sé söluverð aðeins greitt að hluta þegar sá tími er kominn að það megi greiða eftir úthlutunargerð má sýslumaður verja því sem er þegar fengið til að fullnægja kröfum eftir rétthæð þeirra.

Þegar komið er að greiðslu skv. 1. mgr. skal fundið hvað hafi unnist í vexti af söluverði. Vöxtum skal jafnað niður á þá sem hafa ekki enn fengið greitt samkvæmt úthlutunargerð í hlutfalli við fjárhæð kröfu hvers þeirra. Hlutdeild í vöxtum greiðist síðan hverjum fyrir sig samhliða því sem honum ber eftir úthlutunargerð.

54. gr.

Nú hefur greiðsla verið ákveðin í úthlutunargerð skv. 5. mgr. 50. gr. og sá tími er kominn að það megi inna hana af hendi án þess að neinn hafi lýst tilkalli til hennar, og skal þá sýslumaður leggja hana á sérgreindan reikning við banka eða sparisjóð. Sé fjárins ekki vitjað hjá sýslumanni innan árs frá þeim tíma skal hann fá birta auglýsingu í Lögbirtingablaði þar sem skorað er á þann sem á rétt til greiðslunnar að gefa sig fram innan mánaðar frá birtingu auglýsingarinnar að því viðlögðu að fénu verði þá ráðstafað skv. 3. mgr.

Hafi greiðsla skv. 7. mgr. 50. gr. verið ákveðin í úthlutunargerð skal sýslumaður leggja hana á sérgreindan reikning við banka eða sparisjóð, þar sem féð skal varðveitt þar til ráðið er um tilkall til þess.

Að því leyti sem geymslufé skv. 1. eða 2. mgr. verður ekki ráðstafað samkvæmt úthlutunargerð skal sýslumaður taka úthlutunina upp á ný og verja fénu til greiðslu handa þeim sem stóðu næstir þegar úthlutun var ráðin í byrjun. Sýslumaður getur farið svo að sem segir í 51. og 52. gr. ef hann telur ágreining geta staðið um tilkall til fjárins, en ekki verður þá hreyft við því sem var áður slegið föstu í úthlutunargerð. Ef ekki er kunnugt um neinn sem getur gert tilkall til fjárins greiðir sýslumaður það í ríkissjóð, en gefi sá sig síðar fram sem átti rétt til fjárins skal honum greitt það úr ríkissjóði ef krafa hans er ekki fyrnd.

IX. KAFLI
Réttur til umráða yfir eign, afsal við nauðungarsölu o.fl.

55. gr.

Ef ekki er mælt fyrir um á annan veg í uppboðsskilmálum nýtur kaupandinn réttar til umráða yfir eigninni frá því boð hans er samþykkt.

Um umráðarétt kaupanda við nauðungarsölu skv. VI. kafla fer eftir því sem hefur samist.

Nú hefur gildi nauðungarsölu verið borið undir dóm eftir ákvæðum XIV. kafla áður en kaupandi tekur við umráðum eignarinnar, og getur þá gerðarþoli krafist þess að leyst verði úr því með úrskurði undir rekstri þess máls, hvort honum eða öðrum umráðamanni verði vikið af eigninni fyrr en lyktir þess eru fengnar.

56. gr.

Þegar kaupandi hefur efnt skyldur samkvæmt uppboðs- eða söluskilmálum gefur sýslumaður honum út afsal fyrir eigninni. Þetta skal þó ekki gert fyrr en frestur til að bera gildi nauðungarsölunnar undir héraðsdóm skv. 1. mgr. 80. gr. er liðinn eða lyktir máls sem er borið undir dóm innan þess frests eru fengnar.

Hafi nauðungarsölu verið krafist eftir heimild í 6. eða 7. gr. falla niður öll veðbönd, umráðaréttindi, kvaðir, höft og önnur réttindi yfir eigninni við útgáfu afsals nema annað leiði beinlínis af lögum, eignin hafi verið seld með þeim skilmálum að þau standi í tilteknum atriðum óhögguð eða kaupandinn hafi síðar tekið þau að sér. Í afsali skal tekið fram hver réttindi yfir eigninni falli brott.

Að því leyti sem réttindum sem falla brott skv. 1. mgr. hefur verið þinglýst skulu þau afmáð við þinglýsingu afsals.

57. gr.

Nú hefur einhver sá, sem hefur notið réttinda yfir eigninni, gerst kaupandi að henni við nauðungarsölu án þess að réttindum hans hafi verið fullnægt með öllu af söluverðinu og hann krefur síðan gerðarþola eða annan um greiðslu þess sem stendur eftir af skuldbindingunni. Getur þá sá sem kröfunni er beint að krafist þess að hún verði færð niður um fjárhæð sem nemur mismun á því verði sem eignin var seld fyrir og því sem þykir sýnt að hafi verið markaðsverð eignarinnar við samþykki boðs miðað við þau greiðslukjör sem eignin var seld gegn.

Rétt er þeim sem kann að verða krafinn um eftirstöðvar skuldbindingar að höfða mál á hendur kaupanda til að fá þær færðar niður samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

3. ÞÁTTUR
Nauðungarsala á öðrum eignum og réttindum.

X. KAFLI
Umdæmi, vörslutaka o.fl.

58. gr.

Ákvæði þessa þáttar taka til nauðungarsölu á eignum og réttindum sem falla ekki undir fyrirmæli 17. gr. en geta gengið kaupum og sölu.

Beiðni um nauðungarsölu samkvæmt þessum þætti skal beint til sýslumannsins í einhverju eftirfarandi umdæma:

1. þar sem eignin er staðsett eða geymd,
2. þar sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing,

3. þar sem gert var fjárnám sem nauðungarsölu er síðan krafist eftir.

Gerðarbeiðanda er einnig heimilt að krefjast nauðungarsölu í öðru umdæmi en leiðir af ákvæðum 2. mgr. ef sýslumaður, sem beiðni er beint til, fellst á að líkur séu fyrir að þar fáist hærra verð fyrir eignina. Gerðarbeiðandi ber áhættu af rýrnun eða spjöllum á eign sem hljótast við flutning hennar milli umdæma.

Hafi beiðnir komið fram um nauðungarsölu á sömu eign í fleiri umdæmum en einu skal sameina meðferð þeirra svo fljótt sem verður uppvíst um það. Komi gerðarbeiðendur sér ekki saman um annað skal það gert í því umdæmi sem getur fyrst átt við eftir talningu þeirra í 2. mgr.

59. gr.

Nú er krafist nauðungarsölu á eign sem gerðarþoli hefur umráð yfir eða þriðji maður fyrir hans atbeina, og má þá gerðarbeiðandi óska í beiðni um nauðungarsöluna eftir heimild sýslumanns til að taka vörslur eignarinnar í því skyni að fá henni ráðstafað, enda sé ekki um eign að ræða sem verður seld samkvæmt ákvörðun sýslumanns þar sem hún er niður komin.

Þegar sýslumaður kannar beiðni eftir ákvæðum 13. gr. skal hann um leið leggja mat á það hvort skilyrði séu til að heimila gerðarbeiðanda vörslutöku ef þess er krafist. Telji sýslumaður þeim fullnægt ritar hann þá ákvörðun á beiðnina, svo og hvar og hvenær eigninni verði ráðstafað. Afrit af beiðninni sem verða send skv. 16. gr. skulu bera þessa áritun. Áritun sýslumanns má hljóða þannig að gerðarbeiðandi njóti þessarar heimildar fyrst frá tilteknum tíma.

60. gr.

Gerðarþola er skylt að afhenda eignina gerðarbeiðanda eða öðrum sem hann felur að vitja hennar fyrir sína hönd, enda sé þá framvísað heimild skv. 2. mgr. 59. gr. Sama skylda hvílir á þriðja manni sem hefur vörslur eignarinnar ef réttur hans til umráða gengur ekki fyrir rétti gerðarbeiðanda yfir henni. Handveðréttur eða haldsréttur þriðja manns stendur þó ekki í vegi fyrir heimild gerðarbeiðanda til að krefjast afhendingar eignarinnar, enda verði slíkur réttur þá virtur við nauðungarsöluna.

Nú neitar gerðarþoli eða annar vörslumaður að verða við skyldu sinni skv. 1. mgr. eða ekki tekst að ná til hans, og getur þá gerðarbeiðandi leitað atbeina sýslumanns til að fá eignina afhenta. Til að framfylgja rétti gerðarbeiðanda getur sýslumaður krafist aðgangs að húsakynnum eða hirslum vörslumanns og má beita valdi sé aðgangur ekki veittur. Lögreglumönnum er skylt að verða við tilmælum sýslumanns um að framfylgja ákvörðun hans í þessum efnum. Bókað skal í gerðabók um þessar aðgerðir.

Ákvæðum 22. gr. skal beitt við aðgerðir skv. 2. mgr. eftir því sem átt getur við.

Gerðarbeiðandi ber áhættu af eigninni frá því hann fær vörslur hennar þar til henni er ráðstafað. Gerðarbeiðandi skal sjá til þess að eigninni verði komið tímanlega á þann stað sem sýslumaður hefur ákveðið til að ráðstafa henni.

XI. KAFLI
Nauðungarsala á lausafjármunum.

61. gr.

Nauðungarsala á lausafjármunum fer fram á uppboði nema annar háttur sé ákveðinn skv. 62. gr. Á sama uppboði má selja lausafjármuni samkvæmt fleiri beiðnum en einni.

Sýslumaður ákveður hvar og hvenær uppboð verður haldið eftir því sem beiðnir liggja fyrir um slíkt hverju sinni.

Ekki er þörf að taka fyrir beiðnir um nauðungarsölu á lausafjármunum fyrr en við uppboð. Sýslumaður getur ákveðið aðra fyrirtöku á beiðni ef svo stendur á sem segir í 2. mgr. 62. gr. eða 1. mgr. 63. gr., en þá skal bókað í gerðabók um það sem fer fram.

Um framlagningu gagna og leiðbeiningar við gerðarþola gilda ákvæði 21. gr.

62. gr.

Eftir ósk gerðarþola eða gerðarbeiðanda getur sýslumaður ákveðið að lausafjármunum verði ráðstafað með sölu á almennum markaði ef skilyrðum 23. gr. er fullnægt. Sýslumanni er þó rétt að hafna slíkri ósk ef hann telur munina illseljanlega eða verðmæti þeirra svo lítið að ekki sé vert að standa þannig að sölunni.

Ósk skv. 1. mgr. skal koma á framfæri við sýslumann ekki síðar en við upphaf uppboðs. Komi óskin fram með nægum fyrirvara getur sýslumaður tekið hana sérstaklega fyrir áður en komið er að uppboði að undangenginni boðun til hlutaðeigenda.

Ef orðið er við ósk skv. 1. mgr. skal ákvæðum VI. kafla beitt við ráðstöfun munanna að gættu eftirfarandi:

1. að gerðarþoli eigi ekki rétt á að halda vörslum eða fá aftur vörslur munanna meðan ráðstöfun er reynd nema gerðarbeiðandi samþykki,
2. að söluskilmálar verði ákveðnir hverju sinni með hliðsjón af ákvæðum 65. gr.,
3. að ákveðið verði hverju sinni eftir eðli munanna hverjum verði falið að leita tilboða í þá,
4. að aðili að nauðungarsölunni geti krafist að tilraunum til sölu munanna verði hætt eftir að mánuður er liðinn frá því óskin var tekin til greina.

63. gr.

Gerðarþoli eða þriðji maður sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta getur komið á framfæri mótmælum gegn nauðungarsölunni við sýslumann fram að því að leitað er boða í munina. Berist mótmælin með nægum fyrirvara getur sýslumaður tekið nauðungarsöluna sérstaklega fyrir að undangenginni boðun til hlutaðeigenda til að fjalla um þau áður en komið er að uppboði.

Eftir því sem átt getur við skal ákvæðum 22. gr. beitt við nauðungarsölu eftir þessum kafla.

64. gr.

Þegar uppboð hefur verið ákveðið fær sýslumaður auglýsingu um það birta í dagblaði eða með öðrum samsvarandi hætti minnst einu sinni með viku fyrirvara. Sýslumaður getur ákveðið að auglýsing verði birt oftar og þá með öðrum hætti og á þeim tíma sem honum þykir eiga við.

Í auglýsingunni skal koma fram hvar og hvenær uppboðið byrji. Skal lýst með almennum hætti um hverja muni sé að ræða, en verðmætra muna skal getið sérstaklega með viðeigandi lýsingu. Ekki er þörf að greina frá nöfnum gerðarbeiðenda eða gerðarþola, en sýslumaður getur ákveðið að það verði gert ef það þykir horfa til sérstakra upplýsinga um þá muni sem á að selja.

Gerðarbeiðanda er frjálst að auglýsa uppboðið á eigin kostnað hvað sig varðar.

Nú er upplýst að þriðji maður njóti réttinda í eign og vitað er hvar verði náð til hans, og skal þá sýslumaður tilkynna honum um uppboð á henni með hæfilegum fyrirvara og sannanlegum hætti.

65. gr.

Dómsmálaráðherra setur almenna skilmála fyrir uppboðssölu á lausafjármunum, sem skulu birtir í auglýsingu í Stjórnartíðindum, en í þeim skal meðal annars kveðið á um eftirfarandi:

1. að munirnir séu seldir í því ástandi sem þeir eru þegar hamar fellur,
2. að sýslumanni sé óskylt að taka neinu framkomnu boði, sbr. 5. og 6. mgr. 67. gr.,
3. hvort kaupandi greiði kostnað og opinber gjöld af af nauðungarsölunni til viðbótar við boð sitt eða hvort slíkt skuli talið innifalið í fjárhæð boðs,
4. að kaupanda beri að greiða söluverðið þegar í stað eftir að munirnir eru slegnir honum, en það megi þó ákveða áður en boða er leitað, að ósk eða með samþykki gerðarbeiðanda, að gjaldfrestur verði veittur við sölu tiltekinna muna,
5. að kaupandi beri áhættu af munununum frá því hamar fellur,
6. að kaupanda sé rétt og skylt að taka munina í sínar vörslur um leið og söluverðið sé greitt, en sé ekki annað ákveðið verði þeir varðveittir fram að því á hans kostnað ef gjaldfrestur er veittur,
7. að engin ábyrgð sé tekin á ástandi munanna eða heimild yfir þeim og geti kaupandi ekki krafist riftunar kaupanna, afsláttar eða skaðabóta eftir að söluverðinu hefur verið ráðstafað.

Sýslumaður getur ákveðið að víkja frá almennum uppboðsskilmálum við sölu á tilteknum munum eða uppboðið í heild sinni eftir ákvæðum 29. gr., en að öðrum kosti teljast almennir skilmálar gilda.

66. gr.

Ef gerðarbeiðendur æskja þess og gerðarþoli mótmælir því ekki skal frestað að selja munina á uppboði. Verður þá ekki af fyrirtöku á uppboði nema tilefni sé til hennar vegna ákvæða 62. eða 63. gr. Það sama á við ef ekki reynist unnt að koma munununum á uppboðsstað í tæka tíð.

Ef uppboði er frestað skv. 1. mgr. ákveður sýslumaður nýjan tíma til þess. Ákvörðunin skal tilkynnt gerðarþola bréflega en gerðarbeiðanda með þeim hætti sem sýslumanni þykir til hlýða. Uppboðið skal auglýst á ný skv. 1. og 2. mgr. 64. gr.

Hafi munir ekki verið seldir innan eins árs frá þeim degi sem sýslumanni barst beiðni um nauðungarsöluna telst hún sjálfkrafa fallin niður. Þetta gildir þó ekki ef uppboðinu hefur verið frestað vegna meðferðar dómsmáls eða varnað með heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og uppboðið fer fram svo fljótt sem verða má frá því slík hindrun er úr vegi.

67. gr.

Áður en byrjað er að leita boða í muni við uppboð skal sýslumaður kynna uppboðsskilmála í heyranda hljóði. Ef skilmálar verða ekki þeir sömu við sölu allra muna má kynna í byrjun þá sem gilda varðandi flesta munina en greina síðan jafnharðan og leitað er boða frá þeim sem gilda um aðra.

Sýslumaður ákveður í hverri röð munirnir verði boðnir upp, en rétt er að taka tillit til óska gerðarþola í þeim efnum ef óvíst er hvort það þurfi að bjóða upp alla munina til að

fullnægja kröfum gerðarbeiðanda. Leita má boða í tvo eða fleiri muni í senn ef gerðarþoli er sá sami og sýslumaður telur að boð verði ekki lægri með þeim hætti en fengjust til samans í hvern hlut fyrir sig. Einnig má leita boða eftir ákvæðum 2. mgr. 30. gr.

Þegar kemur að því að leita boða í tiltekinn hlut skal sýslumaður gefa ótvírætt til kynna um hvern hlut sé að ræða, svo sem með því að hluturinn sé tekinn fram til sýnis eða bent sé greinilega á hann. Upplýsingar skulu veittar um hlutinn eftir því sem vitneskja liggur fyrir og sýslumaður telur ástæðu til. Að því gerðu lýsir sýslumaður eftir boðum.

Ákvæði 2.–6. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 33. gr. gilda um boðin.

Komi ekkert boð fram í hlut getur sýslumaður ákveðið að bæta öðrum við og leita boða í þá í einu lagi. Sé þetta ekki unnt skv. 2. mgr. eða beri það ekki árangur telst beiðni um nauðungarsöluna fallin niður hvað þann hlut varðar. Það sama á við ef nauðungarsölu er krafist á grundvelli 6. gr. og ekki kemur fram boð sem nægir til þess að gerðarbeiðandi fái eitthvað í sinn hlut af söluverði.

Þegar sýslumaður hefur skorað þrívegis á viðstadda að gera frekari boð í hlutinn án þess að þau komi fram lætur hann hamar falla og getur þess um leið hvort boði sé tekið og þá hvaða. Ef sýslumaður telur boðin óhæfilega lág með hliðsjón af líklegu markaðsverði hlutar getur hann orðið við kröfu aðila um að hafna þeim öllum og frestað til annars uppboðs að reyna sölu á ný. Að öðrum kosti skal hæsta boði jafnan tekið, en séu tvö eða fleiri hæst og jöfn ákveður sýslumaður hvoru eða hvaða verði tekið.

Ef ekki er staðið við boð í kjölfar þess að því er tekið má sýslumaður lýsa þegar yfir að næsta boði sé tekið eða bjóða hlutinn upp á ný. Krefja má þann sem vanefnir boð sitt um mismuninn á boðinu og því sem fæst síðan fyrir hlutinn, en við málshöfðun í því skyni gilda ákvæði 3. mgr. 46. gr.

Bókað skal í gerðabók hverjir munir séu seldir á uppboði og gegn hverju verði, eftir kröfu hvers það hafi verið gert og hver hafi verið gerðarþoli.

68. gr.

Nú er gerðarbeiðandi einn, annarri kröfu hefur ekki verið lýst um greiðslu af söluverði og öðrum kröfum en gerðarbeiðanda hefur ekki verið þinglýst á eignina, og skal þá sýslumaður úthluta söluverðinu svo fljótt sem verða má eftir greiðslu þess, enda hafi gildi nauðungarsölunnar ekki áður verið borið undir héraðsdóm samkvæmt ákvæðum XIV. kafla. Eins má fara að þótt fleiri kröfur en gerðarbeiðanda liggi fyrir ef ekki er ástæða til að ætla að ágreiningur standi um tilkall til söluverðs.

Ef söluverði verður ekki úthlutað skv. 1. mgr. skal ákvæðum 50.–54. gr. beitt eftir því sem átt getur við.

69. gr.

Ef þörf krefur gefur sýslumaður kaupanda út heimildarbréf fyrir eignarrétti hans.

Nauðungarsala samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur sömu áhrif og er mælt fyrir um í 2. mgr. 56. gr.

Beita má ákvæðum 57. gr. um kröfu þess sem gerist kaupandi við nauðungarsölu samkvæmt reglum þessa kafla.

XII. KAFLI
Nauðungarsala á verðbréfum, kröfuréttindum o.fl.

70. gr.

Ef nauðungarsölu er krafist á réttindum, sem önnur ákvæði þessara laga ná ekki til en geta þó gengið kaupum og sölu, tekur sýslumaður beiðni um hana fyrir að undangengnum tilkynningum skv. 16. gr. til að taka ákvörðun um aðgerðir vegna hennar skv. 71. gr. Aðrir sem geta talist aðilar að nauðungarsölunni og er vitað um skulu einnig kvaddir til fyrirtökunnar með sannanlegum hætti.

Bókað skal í gerðabók um það sem fer fram við fyrirtökur eftir ákvæðum þessa kafla.

71. gr.

Við fyrirtöku á beiðni um nauðungarsöluna skal farið eftir því sem segir í 21. gr. Þar ákveður sýslumaður hvernig verði staðið að nauðungarsölunni að fengnum tillögum þeirra sem eru mættir.

Ef nauðungarsölu er krafist á ógjaldföllnu verðbréfi skal að jafnaði ákveða við fyrirtöku að fela tilteknum verðbréfamiðlara að selja það gegn verði sem sýslumaður samþykkir og standa síðan sýslumanni skil á söluverðinu. Ef um verðbréf er að ræða sem má þegar eða bráðlega fá greitt eða innleyst með peningagreiðslu má ákveða að sýslumaður fari þá leið. Sýslumaður áritar verðbréf um framsal eða greiðslu eða til innlausnar með sömu áhrifum og ef hann hefði umboð til þess.

Ef nauðungarsölu er krafist á öðrum kröfuréttindum eða annars konar tilkalli til peningagreiðslu skal að jafnaði ákveða við fyrirtöku að fela gerðarbeiðanda eða tilteknum hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni að fylgja réttindunum eftir gegn ábyrgð gerðarbeiðanda á greiðslu kostnaðar og standa síðan sýslumanni skil á andvirði þeirra. Réttindin verða þá sótt í umboði sýslumanns sem kemur fram í embættisnafni sem aðili að þeim. Þó má ákveða að sýslumaður leitist fyrst við að fá andvirði réttindanna greitt.

Ef um annars konar réttindi er að ræða skal ákveða ráðstöfun þeirra við uppboð skv. XI. kafla nema ákvæðum 2. eða 3. mgr. verði beitt um þau með sambærilegum hætti og þar er mælt.

Nú er krafist nauðungarsölu á réttindum sem ákvæði 2. eða 3. mgr. taka til og það þykir ósennilegt að aðgerðir samkvæmt þeim ákvæðum muni bera árangur eða svara kostnaði eða það er þegar reynt, og skal þá ráðstafa réttindunum við uppboð eftir fyrirmælum XI. kafla.

72. gr.

Við ráðstöfun réttinda skv. 2. eða 3. mgr. 71. gr. skal að öðru leyti farið eftir reglum XI. kafla eftir því sem þær geta átt við.

4. ÞÁTTUR
Málsmeðferð fyrir dómstólum.

XIII. KAFLI
Úrlausn ágreinings um hvort nauðungarsala fari fram o.fl.

73. gr.

Eftir því sem er mælt fyrir um í öðrum ákvæðum þessara laga má leita úrlausnar héraðsdómara samkvæmt fyrirmælum þessa kafla um ágreining sem rís við nauðungarsölu.

Sá sem vill leita úrlausnar héraðsdómara skal lýsa því yfir við fyrirtöku sýslumanns á nauðungarsölunni, þar sem sú ákvörðun kemur fram sem leita á úrlausnar um. Hafi

hlutaðeigandi ekki verið staddur við fyrirtökuna og ekki mátt fá boðun til hennar eða haft lögmæt forföll eða ákvörðunin kom ekki fram við fyrirtöku, má hann þó koma yfirlýsingu sinni bréflega fram við sýslumann innan viku frá því honum varð kunnugt um ákvörðunina, ef henni hefur ekki þegar verið framfylgt með aðgerðum við nauðungarsöluna.

Þegar yfirlýsing skv. 2. mgr. hefur komið fram skal sýslumaður þegar í stað stöðva frekari aðgerðir við nauðungarsöluna að því leyti sem þær geta verið háðar umdeildri ákvörðun hans, nema bersýnilegt þyki að skilyrði skorti til að leita úrlausnar héraðsdómara um hana. Komi yfirlýsing fram við fyrirtöku skal bókað um hana í gerðabók ásamt því sem hlutaðeigandi kveðst munu krefjast fyrir dómi. Einnig skal bókað um viðhorf annarra til ágreiningsins og kröfur þeirra að því leyti sem hann getur varðað þá. Sýslumaður skal síðan svo fljótt sem er unnt afhenda þeim sem hyggst leita úrlausnar héraðsdómara staðfest eftirrit framlagðra gagna og endurrit úr gerðabók að því leyti sem þau varða ágreiningsefnið.

Sýslumaður skal tilkynna þeim aðilum sem ágreiningurinn getur varðað og voru ekki viðstaddir þegar yfirlýsing skv. 2. mgr. kom fram um málavexti.

Sá sem leitar úrlausnar héraðsdómara skal tafarlaust senda honum málsgögn skv. 3. mgr.

Sýslumanni er heimilt að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið ef hann kemur ekki til með að eiga aðild að dómsmálinu, sbr. 3. mgr. 46. gr.

74. gr.

Þegar héraðsdómara hafa borist gögn varðandi nauðungarsöluna kannar hann hvort skilyrðum þessara laga til að leita úrlausnar hans sé fullnægt. Ef svo er ekki vísar hann málinu frá dómi með úrskurði án þess að kveðja til aðila þess eða taka það að öðru leyti fyrir á dómþingi.

Ef máli verður ekki þegar vísað frá skv. 1. mgr. ákveður héraðsdómari hvernig aðild að því verði hagað. Að öðru jöfnu skal sá sem leitar úrlausnarinnar talinn sóknaraðili máls. Ef leitað er úrlausnar vegna ágreinings sem hefur risið milli þess sem leitar hennar og annars eða annarra aðila að nauðungarsölunni skulu þeir sem standa gegnt honum taldir varnaraðilar, sbr. þó 3. mgr. 46. gr. Ella skal gerðarþoli að jafnaði talinn varnaraðili, en það skal hann einnig annars vera ef ágreiningsefnið varðar hagsmuni hans. Ráðist aðild að málinu ekki með þessum hætti ákveður héraðsdómari um hana eftir eðli þess.

Að því gerðu sem segir í 2. mgr. ákveður héraðsdómari stað og stund til þinghalds og tilkynnir það málsaðilum með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara.

75. gr.

Ef sættir takast ekki um ágreininginn í þinghaldi sem er boðað til skv. 3. mgr. 74. gr. skulu aðilar gera grein fyrir þeim kröfum sem þeir hafa uppi.

Kröfur verða ekki hafðar uppi í máli samkvæmt ákvæðum þessa kafla um annað en þá ákvörðun sýslumanns sem varð tilefni málsins, svo og málskostnað, sbr. þó 3. mgr. Frá þessu má þó víkja ef aðilarnir eru á einu máli um að fá leyst úr öðrum ágreiningi varðandi nauðungarsöluna, sem varðar ekki aðra en þá, og héraðsdómari fellst á að þeir hafi lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn þá um þann ágreining.

Ef málið varðar riftun kaupa við nauðungarsölu eða rétt til afsláttar eða skaðabóta, sbr. 47. og 48. gr., má krefjast að mælt verði fyrir um réttindi og skyldur aðila í þeim efn-

um. Í slíku máli má einnig hafa uppi gagnkröfu með eða án gagnsakar sé almennum skilyrðum til þess fullnægt, enda sæki sá þing sem slíkri kröfu er beint að. Gagnsök telst höfðuð án frekari aðgerða ef krafa í henni kemur fram á dómþingi.

Þegar kröfur aðila hafa komið fram skal þeim veittur skammur frestur til að skila skriflegum greinargerðum og afla sýnilegra sönnunargagna ef þörf krefur. Málið skal síðan sótt og varið munnlega, en í sama þinghaldi má taka munnlegar skýrslur ef þeirra er þörf, sbr. þó 76. gr.

76. gr.

Ef sóknaraðili er einn og hann sækir ekki þinghald skv. 1. mgr. 75. gr. eða ekki verður síðar af þingsókn af hans hálfu skal fella málið niður ef varnaraðili hefur ekki haft uppi sjálfstæðar kröfur. Hafi varnaraðili gert slíkar kröfur skal fella málið niður hvað varðar kröfur sóknaraðila og leysa úr kröfum varnaraðila samkvæmt reglum 3. mgr. eftir því sem þær eiga við að breyttu breytanda. Falli mál með öllu niður má úrskurða varnaraðila ómaksþóknun eða málskostnað ef hann sækir þing og krefst slíks.

Ákvæðum 1. mgr. skal beitt ef sóknaraðilar eru tveir eða fleiri og hvorugur eða enginn þeirra sækir þing. Að öðrum kosti skal málið aðeins fellt niður varðandi þann eða þá sóknaraðila sem sækja ekki þing.

Ef varnaraðili er einn og hann sækir ekki þing skulu gagnkröfur hans felldar niður ef um þær er að ræða og skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram greinargerð af sinni hálfu og sönnunargögn hafi þau ekki þegar komið fram. Að því búnu skal málið tekið til úrskurðar án frekari málflutnings. Hafi greinargerð komið fram af hálfu varnaraðila áður en þingsókn hans féll niður skal sóknaraðila þó gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila áður en málið verður tekið til úrskurðar.

Ákvæðum 3. mgr. verður beitt ef varnaraðilar eru tveir eða fleiri og hvorugur eða enginn þeirra sækir þing. Að öðrum kosti falla aðeins niður sjálfstæðar kröfur þess varnaraðila sem sækir ekki þing.

77. gr.

Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli framkominna sönnunargagna og málflutnings aðilanna kveðið á um staðfestingu, breytingu eða ómerkingu ákvörðunar sýslumanns. Á sama grundvelli skal lagt mat á kröfur sem lúta að öðru en ákvörðun sýslumanns að því leyti sem þær verða hafðar uppi skv. 2. eða 3. mgr. 75. gr.

Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði verður beitt að öðru leyti við meðferð mála samkvæmt þessum kafla, eftir því sem þær geta átt við.

78. gr.

Aðgerðum við nauðungarsölu má þegar fram halda þegar úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla hefur gengið ef lyktir úrskurðar leiða til þess og annað er ekki ákveðið í honum.

79. gr.

Úrskurðir og ákvarðanir héraðsdómara í málum samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Hæstaréttar. Þó verður ekki skotið til æðra dóms úrskurði eða ákvörðun héraðsdómara sem er kveðin upp eða tekin undir rekstri máls og mundi ekki sæta kæru ef um einkamál væri að ræða sem væri rekið eftir almennum reglum. Þá verður heldur ekki skotið

til æðra dóms úrskurði héraðsdómara sem felur í sér lokaákvörðun um ágreiningsefni nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.

Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.

Kæra úrskurðar samkvæmt ákvæðum þessa kafla frestar ekki aðgerðum á grundvelli hans við nauðungarsölu nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í honum.

XIV. KAFLI
Úrlausn um gildi nauðungarsölu.

80. gr.

Þegar uppboði hefur verið lokið skv. V. eða XI. kafla, tilboði hefur verið tekið í eign skv. VI. kafla eða andvirði réttinda hefur verið greitt sýslumanni eftir ráðstöfun skv. 2. eða 3. mgr. 71. gr., getur hver sá sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta leitað úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölunnar, en krafa þess efnis skal þá berast héraðsdómara innan fjögurra vikna frá því fyrrgreinda tímamarki sem á við hverju sinni.

Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn verður því aðeins leitað úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölu að það sé samþykkt af hendi allra aðila að henni, sem hafa haft uppi kröfur fyrir sýslumanni og úrlausnin gæti varðað, svo og kaupanda að eigninni ef um hann er að ræða.

Ákvæði 1. og 2. mgr. breyta því ekki að annars má hafa uppi kröfu um skaðabætur eða aðra peningagreiðslu sem byggist á því að ekki hafi verið skilyrði fyrir nauðungarsölu eða ranglega hafi verið staðið að henni.

81. gr.

Sá sem leitar úrlausnar um gildi nauðungarsölu skal tilkynna það héraðsdómara skriflega. Í tilkynningunni skal eftirfarandi koma fram:

1. um hverja nauðungarsölu sé að ræða, hvenær hún fór fram, hvers konar ráðstöfun hafi átt sér stað og á hverju, og hverjir verði taldir aðilar að málinu skv. 3. mgr. 82. gr.,
2. hvers sé krafist fyrir héraðsdómara,
3. á hverjum málsástæðum og lagarökum kröfur séu reistar.

Með tilkynningunni skulu að jafnaði fylgja staðfest eftirrit gagna sem hafa verið lögð fram við nauðungarsöluna og endurrit úr gerðabók sýslumanns. Hafi þessi gögn ekki verið til reiðu í tæka tíð skulu þau send héraðsdómara svo fljótt sem verða má eftir að tilkynning berst honum. Þá skulu fylgja yfirlýsingar um samþykki fyrir rekstri málsins skv. 2. mgr. 80. gr. ef við á.

Sýslumanni skal sent afrit tilkynningar með sannanlegum hætti. Honum er heimilt að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið.

Leiti tveir eða fleiri úrlausnar um gildi sömu nauðungarsölu skal farið með málið í einu lagi, en þó þannig að leyst verði sjálfstætt úr kröfum hvers um sig ef þörf krefur.

82. gr.

Þegar héraðsdómara hafa borist tilkynning og gögn skv. 1. og 2. mgr. 81. gr. kannar hann hvort skilyrðum þessara laga til að leita úrlausnar hans sé fullnægt. Ef svo er ekki vísar hann málinu frá dómi með úrskurði án þess að kveðja til aðila þess eða taka það að öðru leyti fyrir á dómþingi.

Ef máli verður ekki þegar vísað frá skv. 1. mgr. ákveður héraðsdómari hvernig að-

ild að því verði hagað. Að öðru jöfnu skal sá sem leitar úrlausnar talinn sóknaraðili máls, en aðrir varnaraðilar. Komi síðar í ljós þegar aðilar greina frá kröfum sínum fyrir dómi að einhverjir varnaraðila eigi samleið með sóknaraðila skal aðild að málinu breytt því til samræmis.

Til aðila að máli samkvæmt ákvæðum þessa kafla teljast gerðarþoli, gerðarbeiðandi og aðrir þeir sem hafa gert kröfur fyrir sýslumanni í tengslum við nauðungarsöluna og hafa ekki fallið frá þeim, kaupandi að eigninni ef um hann er að ræða, svo og aðrir sem gefa sig fram við héraðsdómara með kröfur um gildi nauðungarsölunnar og hann fellst á að hafi lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr kröfum sínum.

Þegar aðild að málinu hefur verið ráðin ákveður héraðsdómari stað og stund til þinghalds og kveður málsaðila til þess með tilkynningu sem verður birt með sama hætti og stefna í einkamáli. Tilkynningu skal birta með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara nema héraðsdómari telji brýna hagsmuni krefjast skemmri fyrirvara.

83. gr.

Ef sættir takast ekki um ágreininginn í þinghaldi sem er boðað til skv. 4. mgr. 82. gr. skulu aðilar gera grein fyrir þeim kröfum sem þeir hyggjast hafa uppi.

Kröfur verða ekki hafðar uppi í máli samkvæmt ákvæðum þessa kafla um annað en ógildingu nauðungarsölunnar eða viðurkenningu á gildi hennar að öllu leyti eða nánar tilteknu marki, svo og málskostnað, sbr. þó 3. mgr. 55. gr. Þó má einnig hafa uppi kröfu um greiðslu sem réttur getur stofnast til með úrlausn um ógildingu nauðungarsölunnar, enda sæki sá þing sem slíkri kröfu er beint að.

Þegar kröfur aðila hafa komið fram skal þeim veittur skammur frestur til að skila skriflegum greinargerðum og afla sýnilegra sönnunargagna ef þörf krefur. Málið skal síðan sótt og varið munnlega en áður má þó taka munnlegar skýrslur ef þeirra er þörf, sbr. þó 1. mgr. 84. gr.

84. gr.

Ef útivist verður af hálfu aðila skal farið eftir ákvæðum 76. gr. eftir því sem átt getur við.

Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli framkominna sönnunargagna og málflutnings aðilanna kveðið á um gildi nauðungarsölu eftir því sem kröfur þeirra gefa tilefni til. Ef nauðungarsala er ógilt að einhverju leyti skal skýrlega kveðið á um það í hverjum atriðum það sé gert.

Frekari aðgerðir við nauðungarsöluna á grundvelli úrskurðar héraðsdómara mega ekki fara fram fyrr en að liðnum fresti til að kæra hann, nema málsaðilar hafi lýst yfir að þeir uni við úrskurðinn.

Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði verður beitt að öðru leyti við meðferð mála samkvæmt þessum kafla, eftir því sem þær geta átt við.

85. gr.

Um málskot gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 79. gr.

Kæra úrskurðar samkvæmt ákvæðum þessa kafla frestar frekari aðgerðum við nauðungarsöluna.

5. ÞÁTTUR
Ýmis ákvæði.
XV. KAFLI
Ábyrgð á nauðungarsölu.

86. gr.

Hafi gerðarbeiðandi krafist nauðungarsölu sem síðar er leitt í ljós að skilyrði skorti til ber honum að bæta allt tjón sem aðrir hafa beðið af þeim sökum.

Hafi nauðungarsala annars farið fram með þeim hætti að hún hafi eða gæti sætt ógildingu á sá sem hefur orðið fyrir tjóni af henni rétt til bóta úr hendi gerðarbeiðanda eftir almennum skaðabótareglum.

Dæma má skaðabætur skv. 1. eða 2. mgr. eftir álitum ef ljóst þykir að fjárhagslegt tjón hafi orðið en ekki er unnt að sanna fjárhæð þess.

87. gr.

Þeim sem á tilkall til bóta skv. 86. gr. er heimilt að beina málsókn til heimtu þeirra að ríkinu óskipt með gerðarbeiðanda ef sá sem hafði framkvæmd nauðungarsölunnar með höndum sýndi af sér gáleysi við þá athöfn sem leiddi til tjóns.

Um ábyrgð héraðsdómara fer eftir sérreglum laga.

88. gr.

Mál til heimtu bóta skv. 86. gr., sbr. 1. mgr. 87. gr., ber að höfða fyrir héraðsdómi áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því sá sem hefur orðið fyrir tjóni átti þess fyrst kost að hafa kröfu sína uppi.

XVI. KAFLI
Gildistaka, brottfallin lög o.fl.

89. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

90. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Lög um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, með áorðnum breytingum.
2. Tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi, 19. desember 1693.
3. 9. gr. laga um siglingar og verzlun á Íslandi, 15. apríl 1854.
4. 1. gr. laga um veð, nr. 18 4. nóvember 1887.
5. 17. gr. laga um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík, nr. 1 12. janúar 1900.
6. 12. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14 20. október 1905.
7. 2. málsl. 2. mgr. 10. gr. laga um áveitu á Flóann, nr. 68 14. nóvember 1917.
8. 5. mgr. 39. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.
9. Lög um sölu lögveða án undangengins lögtaks, nr. 49 16. mars 1951.
10. Í 1. mgr. 29. gr. laga um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955, með áorðnum breytingum, orðin „á uppboði, þar með talin útlagning til veðhafa".
11. Í 4. mgr. 14. gr. laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, nr. 23 10. mars 1956, með áorðnum breytingum, orðin „uppboð eða".
12. Lög um viðauka við lög nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, nr. 20 16. apríl 1966.

13. 12. gr. laga um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (verzlunarlánasjóð), nr. 48 10. maí 1966.
14. 3. mgr. 5. gr. laga um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89 17. desember 1966.
15. 14. og 15. gr. laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 16. apríl 1971.
16. 12. gr. laga um Stofnlánadeild samvinnufélaga, nr. 45 24. maí 1972.
17. 4. tölul. 1. mgr. 21. gr. laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973. Enn fremur í 17. gr. laganna orðin „svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 13.–16. gr., eftir því sem við á“, og í 1. mgr. 20. gr. þeirra orðin „11. gr. uppboðslaga nr. 57 25. maí 1949“.
18. Í 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, orðin „samkvæmt II. kafla laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949“.
    Í 12. gr. sömu laga orðin „en í II. kafla uppboðslaganna greinir“.
19. 22. gr. laga um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44 25. maí 1976.
20. Í 38. gr. laga um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, orðin „eða opinberu uppboði“.
21. 16. gr. laga um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, nr. 34 29. maí 1979.
22. 7. gr. laga um landflutningasjóð, nr. 62 31. maí 1979.
23. 17. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 64 1. júlí 1985.
24. 3. mgr. 30. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.
25. 7. gr. laga um Framkvæmdasjóð Íslands, nr. 70 1. júlí 1985.
26. 27. og 28. gr. laga um Iðnlánasjóð, nr. 76 19. ágúst 1987.

91. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin ákvæði laga sem hér segir:

1. Í 4. mgr. 12. gr. laga um skipströnd og vogrek, nr. 42 15. júní 1926, falla niður orðin „að undantekinni skýrslu um stranduppboð“.
    17. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Lögreglustjóra er heimilt að krefjast nauðungarsölu á strönduðu skipi eða því sem hefur bjargast úr því án undangenginnar áskorunar til eiganda ef aðilar sammælast ekki um annars konar sölu.
    Í 1. mgr. 18. gr. sömu laga fellur niður orðið „uppboðsbók“, en í stað þess kemur: gerðabók um nauðungarsölur.
    Í 2. mgr. 18. gr. sömu laga fellur niður orðið „Uppboðsandvirði“, en í stað þess kemur: Söluverð.
    2. málsl. 1. mgr. 19. gr. sömu laga fellur niður.
    27. gr. sömu laga fellur niður.
    Í 1. málsl. 1. mgr. 29. gr. sömu laga falla niður orðin „á opinberu uppboði“, en í stað þeirra kemur: með nauðungarsölu. Þá falla niður 2., 3. og 4. málsl. sama ákvæðis.
    2. málsl. 2. mgr. 29. gr. sömu laga fellur niður.
    Í 2. mgr. 30. gr. sömu laga falla niður orðin „á opinberu uppboði“, en í stað þeirra kemur: með nauðungarsölu.
2. Í 3. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldserinda, nr. 64 16. desember 1943, falla niður orðin „nauðungaruppboð og uppboð á fasteignum búa“, en í stað þeirra kemur: nauðungarsölur, þar á meðal á fasteignum búa.
3. 2. mgr. 5. gr. laga um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59 24. apríl 1954, verður svohljóðandi: Séu gjöldin ekki greidd innan sex mánaða frá gjalddaga er heim-

ilt að krefjast nauðungarsölu á vátryggðri eign án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

3. mgr. 5. gr. sömu laga fellur niður.

4. Í 1. mgr. 18. gr. laga um Brunabótafélag Íslands, nr. 9 23. mars 1955, falla niður orðin „á uppboði án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar“, en í stað þeirra kemur: með nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

2. mgr. 18. gr. sömu laga fellur niður.

5. Í 5. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, falla niður orðin „á nauðungaruppboði á kostnað fasteignareiganda og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er réttindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, eftir því sem á við. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum birt fasteignareiganda í stað skuldunauts, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sé enginn þar fyrir, þá næstu grönnum. Eigandi fær borgaðan þann hlut uppboðsverðsins“, en í stað þeirra kemur: með nauðungarsölu án undangenginnar áskorunar til eiganda. Eigandi fær það greitt af söluverðinu.

6. Í 1. mgr. 11. gr. laga um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21 16. apríl 1966, falla niður orðin „á nauðungaruppboði eða tekið með beinni fógetagerð, og ber fógeta að senda skrásetjara tilkynningu um það til skrásetningar“, en í stað þeirra kemur: með nauðungarsölu, og skal þá sýslumaður sjá til þess að það verði skrásett.

7. Í 1. mgr. 6. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976, falla niður orðin „á uppboði, þar með talinni útlagningu til veðhafa“.

Í 3. tölul. 4. mgr. 6. gr. sömu laga falla niður orðin „lögtakshafar vegna opinberra gjalda kaupa eða fá útlagða eign á nauðungaruppboði“, en í stað þeirra kemur: fjárnámshafar vegna opinberra gjalda kaupa eign við nauðungarsölu.

31. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 90/1984, verður svohljóðandi: Ef fasteignarréttindi eru seld við nauðungarsölu getur forkaupsréttarhafi skv. 30. gr. gengið inn í hæsta boð, enda tilkynni hann það áður en lokið er að leita boða í eignina við uppboð eða innan fimm sólarhringa frá því honum er kynnt kauptilboð sem er aflað við nauðungarsölu á almennum markaði.

8. Í 1. mgr. 16. gr. laga um stimpilgjald, nr. 36 10. maí 1978, með áorðnum breytingum, falla niður orðin „fógetagerðir, skipti og uppboð“, en í stað þeirra kemur: aðfarargerðir, búskipti og nauðungarsölur.

4. mgr. 16. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Ef fasteign eða skip er selt veðhafa við nauðungarsölu greiðist hálft gjald.

9. Í 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. þinglýsingalaga, nr. 39 10. maí 1978, falla niður orðin „Afsal (útlagning), er stafar frá nauðungaruppboði, verður og fært í fasteignabók, þótt grundvöllur uppboðs“, en í stað þeirra kemur: Afsal sem er gefið út vegna nauðungarsölu verður og fært í fasteignabók þótt grundvöllur sölunnar.

Í 3. mgr. 24. gr. sömu laga falla niður orðin „en þetta gildir þó ekki um skiptaafsal samkvæmt nauðungaruppboði“.

Í 3. mgr. 25. gr. sömu laga falla niður orðin „á nauðungaruppboði eða lögð út veðhöfum, og skal þá uppboðsráðandi“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu, og skal þá sýslumaður.

1. málsl. 4. mgr. 39. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Nú er fasteign seld við nauðungarsölu, og skal þá má eignarhöft úr þinglýsingabók eftir því sem mælt er fyrir um í afsali vegna nauðungarsölunnar þegar því er þinglýst.

Í 2. málsl. 4. mgr. 39. gr. sömu laga fellur niður orðið „veðskjöl“, en í stað þess kemur: skjöl.

10. Í 5. mgr. 8. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 88 8. nóvember 1982, falla niður orðin „uppboði eða lögtaki“, en í stað þeirra kemur: nauðungarsölu eða fjárnámi.
11. Í 39. gr. lögræðislaga, nr. 68 30. maí 1984, falla niður orðin „bjóða veðið upp án dóms eða sáttar eða aðfarar“, en í stað þeirra kemur: krefjast nauðungarsölu á veðinu án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.
12. Í 1. mgr. 9. gr. laga um erfðafjárskatt, nr. 83 25. maí 1984, falla niður orðin „á opinberu uppboði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu.
13. Í 1. mgr. 53. gr. siglingalaga, nr. 34 19. júní 1985, falla niður orðin „á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggilegum hætti“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu án þess að þörf sé undangenginnar áskorunar til farmeiganda.

Í 66. gr. sömu laga falla niður orðin „selja á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggilegum hætti svo mikið af henni sem þarf til lúkningar á kröfum sem á henni hvíla“, en í stað þeirra kemur: fá selda svo mikið af henni sem þarf til lúkningar kröfum sem á henni hvíla við nauðungarsölu án þess að þörf sé undangenginnar áskorunar til eiganda hennar.

Í 131. gr. sömu laga falla niður orðin „á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggum hætti svo mikið af farangrinum sem nægir til lúkningar kröfu hans og kostnaði“, en í stað þeirra kemur: svo mikið af farangrinum sem nægir til lúkningar kröfu hans og kostnaði við nauðungarsölu án þess að þörf sé undangenginnar áskorunar til eiganda hans.

Í 2. mgr. 202. gr. sömu laga falla niður orðin „á opinberu uppboði eftir reglum réttarfarslaga“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu.

Í 3. mgr. 202. gr. sömu laga falla niður orðin „þeim sem dómur hefur úrskurðað“.

Í 1. mgr. 206. gr. sömu laga falla niður orðin „á nauðungaruppboði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu.

14. Í 34. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6 21. mars 1986, falla niður orðin „hreppstjóri (bæjarfógeti) selja féð á opinberu uppboði. Uppboðsandvirðið, að frádregnu uslagjaldi og öðrum kostnaði, greiðir hreppstjóri“, en í stað þeirra kemur: krefjast nauðungarsölu á fénu án þess að frekari áskorunar til eiganda sé þörf. Söluverð þess að frádregnu uslagjaldi og kostnaði greiðist.

Í 4. mgr. 59. gr. sömu laga falla niður orðin „skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti“, en í stað þeirra kemur: má selja að kröfu hreppstjóra við nauðungarsölu með 12 vikna innlausnarfresti án þess að sérstakrar áskorunar sé þörf til eiganda.

15. Í 1. mgr. 9. gr. laga um Stofnfjársjóð fiskiskipa, nr. 93 31. desember 1986, falla niður orðin „sölu á nauðungaruppboði“, en í stað þeirra kemur: nauðungarsölu.
16. 3. mgr. 109. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, verður svohljóðandi: Verði gjaldið ekki greitt innan frests skv. 2. mgr. og engar mótbárur eða varnir hafa verið hafðar uppi má krefjast nauðungarsölu á lögveðinu til lúkningar gjaldinu án undangengins fjárnáms. Einnig má krefjast fjárnáms hjá þeim sem ber ábyrgð á greiðslu

gjaldsins skv. 1. mgr. án undangengins dóms eða sáttar.

Í 4. mgr. 110. gr. sömu laga falla niður orðin „á opinberu uppboði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu.

17. Í d-lið 2. mgr. 1. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, falla niður tvívegis orðin „á uppboði“, en í báðum tilvikum kemur í stað þeirra: við nauðungarsölu.

Í 4. mgr. 6. gr. sömu laga falla niður orðin „á opinberu uppboði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu án undangenginnar áskorunar til eiganda.

Í 108. gr. sömu laga falla niður orðin „á uppboði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu.

Fyrirsögn á undan 111. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Lögveðréttur o.fl.

4. mgr. 111. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Tollstjórar mega krefjast nauðungarsölu á ótollafgreiddum vörum án undanfarins fjárnáms eða áskorunar til eiganda til lúkningar aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði og er haldsréttur farmflytjanda því ekki til fyrirstöðu.

5. mgr. 111. gr. sömu laga verður svohljóðandi: Náist ekki til þeirrar vöru sem átti að greiða af má gera fjárnám fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði hjá þeim aðilum sem um ræðir í 1.–3. mgr. án undangengins dóms eða sáttar.

Í 6. mgr. 111. gr. sömu laga falla niður orðin „á uppboði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu.

Í 7. mgr. 111. gr. sömu laga falla brott í 1. málsl. orðin „uppboðsandvirði eða“ og „uppboðs- eða“, í 3. málsl. orðin „uppboðsandvirði eða“, og í 4. málsl. orðin „uppboðsdegi eða“.

Í 1. mgr. 137. gr. sömu laga falla brott orðin „á opinberu uppboði til lúkningar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfarargerðar“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu til lúkningar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfarargerðar eða áskorunar til eiganda.

18. Í 100. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86 28. september 1988, sbr. lög nr. 70/1990, falla niður orðin „á nauðungaruppboði og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns, sbr. þó 99. gr., og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða á söluverði“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns, sbr. þó 99. gr., með því að ganga inn í hæsta boð sem kemur fram í eignina og greiða það verð eða með því að greiða söluverð.

19. Í 1. mgr. 60. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989, fellur niður orðið „héraðsdómara“, en í stað þess kemur: sýslumanni.

20. Í 2. mgr. 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, fellur niður orðið „uppboðsafsals“, en í stað þess kemur: afsals við nauðungarsölu.

21. Í 2. mgr. 6. gr. laga um búfjárhald, nr. 46 25. mars 1991, falla niður orðin „á opinberu uppboði, en öðrum gripum slátrað og uppboðs-“, en í stað þeirra kemur: við nauðungarsölu án undangenginnar áskorunar til eiganda, en öðrum gripum slátrað og sölu-.

XVII. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

92. gr.

Frá 15. júní 1992 og fram að gildistöku laga þessara skulu uppboðshaldarar eftir lögum nr. 57/1949 ekki taka við nýjum beiðnum um nauðungaruppboð að hætti eldri laga. Á því tímabili er heimilt að taka við beiðnum um nauðungarsölu eftir ákvæðum þessara laga, en aðgerðir vegna þeirra fara þá ekki fram fyrr en eftir gildistöku laganna og skoðast þær fram komnar 1. júlí 1992.

93. gr.

Auglýsingar um nauðungaruppboð skv. 22. gr. laga nr. 57/1949 skulu ekki gefnar út frá og með 15. júní 1992. Ekki haggar það gildi slíkrar auglýsingar sem er gefin út fyrr að hún birtist eftir þann tíma.

Heimilt er að auglýsa nauðungaruppboð skv. 40. gr. laga nr. 57/1949 frá 15. júní 1992 og fram að gildistöku laga þessara ef uppboðið verður haldið á því tímabili, enda hafi beiðni um uppboðið borist svo tímanlega sem segir í 92. gr. Ekki má auglýsa nauðungaruppboð eftir nefndu ákvæði eldri laga í því skyni að það fari fram eftir gildistöku laga þessara.

Fyrir gildistöku laga þessara skulu beiðnir um nauðungaruppboð eftir ákvæðum eldri laga, sem berast fyrir 15. júní 1992 en næst ekki að auglýsa um skv. 1. eða 2. mgr., sæta þeirri athugun uppboðshaldara sem er kveðið á um í 13. gr. laga nr. 57/1949. Teljist uppboðsheimild fullnægjandi eftir reglum eldri laga skal beiðnin hljóta frekari meðferð eftir ákvæðum 2. eða 3. þáttar þessara laga eftir gildistöku þeirra.

Ef tvær eða fleiri beiðnir um nauðungaruppboð á sömu eign liggja fyrir 15. júní 1992 skulu þær beiðnir, sem stafa frá öðrum en uppboðsbeiðendum eftir fyrirmælum laga nr. 57/1949, sæta þeirri athugun sem er mælt fyrir um í 3. mgr. Teljist uppboðsheimild fullnægjandi eftir reglum eldri laga skal meðferð beiðnanna sameinuð eftir ákvæðum 14. gr. þessara laga við gildistöku þeirra, enda sé þargreindum skilyrðum fullnægt til þess.

94. gr.

Við gildistöku laga þessara taka sýslumenn við meðferð nauðungarsala sem hafa byrjað í umdæmum þeirra fyrir þann tíma sem nauðungaruppboð að hætti eldri laga og er þá enn ólokið, sbr. þó 2. og 3. mgr. Skulu nauðungarsölur, sem þannig er ástatt um, sæta meðferð samkvæmt reglum þessara laga upp frá því eftir því sem er nánar mælt í 95.–97. gr.

Að því leyti sem mörk milli umdæma sýslumanna breytast 1. júlí 1992 frá þeim mörkum sem voru milli umdæma uppboðshaldara eftir eldri lögum skulu þeir uppboðshaldarar, sem það getur átt við um, framsenda skjöl vegna nauðungaruppboða sem eiga undir ákvæði 1. mgr. í viðeigandi umdæmi svo fljótt sem má verða eftir 15. júní 1992, enda hafi þá ekki verið ákveðin fyrirtaka á uppboðinu áður en lög þessi taka gildi.

Farið skal að með sama hætti og segir í 2. mgr. ef nauðungaruppboð hefur verið til meðferðar eftir reglum eldri laga í umdæmi sem nauðungarsalan getur ekki átt undir eftir ákvæðum 18. eða 58. gr. þessara laga.

95. gr.

Nú hefur auglýsing verið gefin út um nauðungaruppboð skv. 22. gr. laga nr. 57/1949 fyrir 15. júní 1992 og ákveðið í henni að það verði fyrst tekið fyrir eftir gildistöku þess-

ara laga, og hefur hún þá sömu áhrif og auglýsing eftir 19. gr. þessara laga og verður nauðungarsalan tekin fyrir í samræmi við hana skv. 21. gr.

Nú hefur nauðungaruppboð verið tekið fyrir á dómþingi fyrir gildistöku laga þessara og ákveðið þar að fresta því í öðru skyni en til að selja eign til tiltekins tíma 1. júlí 1992 eða síðar, og skal þá nauðungarsalan tekin fyrir eftir reglum 21., 61. eða 70. gr. þessara laga á áður ákveðnum tíma.

Hafi nauðungaruppboð verið tekið fyrir á dómþingi en því verið frestað um óákveðinn tíma fyrir gildistöku þessara laga skal sýslumaður taka nauðungarsöluna fyrir skv. 21. gr. að undangengnum boðunum eftir 16. gr. Hafi uppboðinu verið frestað vegna meðferðar dómsmáls skal þó farið svo að sem segir í 5. mgr. 22. gr.

Þótt skilmálar hafi verið ákveðnir fyrir nauðungaruppboð eftir reglum eldri laga skal farið eftir fyrirmælum 28., 29. og 65. gr. þessara laga við uppboð sem fer fram eftir gildistöku þeirra.

96. gr.

Hafi verið ákveðið að halda fyrsta nauðungaruppboð á eign eftir fyrirmælum eldri laga á tíma sem ber upp eftir gildistöku þessara laga jafngildir það ákvörðun um byrjun uppboðs á eigninni, sbr. 24. gr.

Nú hefur fyrsta nauðungaruppboð farið fram á eign og ákveðið hefur verið að annað nauðungaruppboð skv. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 57/1949 fari fram á tíma sem ber upp eftir gildistöku þessara laga, og telst það þá jafngilda ákvörðun um byrjun uppboðs á eigninni eftir 24. gr. Hefur þá fyrsta nauðungaruppboðið ekki önnur áhrif en þau að þeir sem gerðu þar boð í eignina teljast bundnir við þau á sama hátt og ella hefði verið að óbreyttum lögum.

Hafi annað nauðungaruppboð farið fram á eign og ákveðið hefur verið að þriðja uppboð fari fram á henni skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 57/1949 á tíma sem ber upp eftir gildistöku þessara laga jafngildir það ákvörðun um framhald uppboðs skv. 1. mgr. 35. gr. Þeir sem gerðu boð við fyrsta eða annað uppboð teljast bundnir við þau á sama hátt og ella hefði verið að óbreyttum lögum.

Hafi nauðungaruppboð skv. II. kafla laga nr. 57/1949 verið tekið fyrir í fyrsta sinn fyrir 1. október 1991 skal farið eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 27. gr. þessara laga ef uppboð hefur ekki byrjað á eigninni fyrir 1. október 1992. Ef fyrsta fyrirtaka að hætti eldri laga átti sér stað eftir þann tíma gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 27. gr. þessara laga eftir hljóðan sinni. Í þessum efnum skal ekki litið svo á að uppboð hafi byrjað á eign þótt fyrsta nauðungaruppboð að hætti eldri laga hafi eitt út af fyrir sig farið fram.

Ef beiðni um nauðungaruppboð skv. III. kafla laga nr. 57/1949 hefur borist uppboðshaldara fyrir 1. janúar 1992 skal farið eftir ákvæðum 3. mgr. 66. gr. þessara laga ef sala hefur ekki átt sér stað fyrir 1. janúar 1993. Um beiðnir sem berast 1. janúar 1992 eða síðar gilda ákvæði 3. mgr. 66. gr. eftir hljóðan sinni.

Nú hefur endanlegt uppboð farið fram eftir ákvæðum eldri laga fyrir gildistöku þessara laga en boð hefur ekki enn verið samþykkt, uppboðsverð ekki innheimt eða því ekki úthlutað eða uppboðsafsal ekki gefið út, og skulu þá aðgerðir til að ráða málefninu til lykta fara fram eftir ákvæðum þessara laga. Þó skal farið eftir eldri reglum um réttindi og skyldur aðila og kaupanda, þar á meðal um útlagningu eignar til ófullnægðs veðhafa, að því leyti sem reglur þessara laga eru á annan veg.

97. gr.

Nú kemur í ljós eftir að nauðungaruppboð, sem byrjaði að hætti eldri laga, hefur verið tekið til meðferðar sem nauðungarsala eftir reglum þessara laga að skilyrði hafi ekki verið fyrir nauðungaruppboði eða annmarkar hafi verið á framkvæmd þess eftir eldri lögum, en framgangi uppboðs hefur ekki áður verið mótmælt af þessum sökum. Skal þá tekin afstaða til framgangs nauðungarsölunnar eftir ákvæðum 22. gr. og 4. þáttar laga þessara, en þó þannig að ráðið verði eftir reglum eldri laga hvort skilyrði hafi verið fyrir nauðungaruppboði eða réttilega staðið að aðgerðum meðan þau giltu enn.

Hafi uppboði verið mótmælt eða ágreiningur risið um það að öðru leyti fyrir gildistöku laga þessara án þess að ágreiningnum hafi þá verið ráðið til lykta fyrir uppboðsrétti skal halda rekstri slíks ágreiningsmáls áfram fyrir þeim héraðsdómstól sem tekur við lögsögu í hlutaðeigandi umdæmi 1. júlí 1992. Ákvæðum 4. þáttar þessara laga skal beitt um málsmeðferðina upp frá því, en það sem hefur þegar verið gert í málinu skal standa óhaggað.

Hafi úrskurður gengið í uppboðsrétti eða nauðungaruppboð farið fram fyrir 1. júlí 1992, sem hefði sætt áfrýjun til æðra dóms eftir reglum eldri laga, og aðili vill skjóta úrskurðinum eða uppboðinu til Hæstaréttar eftir þann tíma skal það gert með kæru, enda hafi áfrýjunarfrestur ekki verið liðinn þann dag og öðrum skilyrðum áfrýjunar verið fullnægt. Kærufrestur í þessu skyni byrjar þá að líða 1. júlí 1992.

Hafi úrskurði uppboðsréttar eða uppboði verið áfrýjað fyrir 1. júlí 1992 en málið hefur þá ekki verið munnlega flutt fyrir Hæstarétti skal farið með það þar sem kærumál upp frá því. Öðrum áfrýjunarmálum skal lokið að hætti eldri laga.

Hafi ákvörðun eða athöfn uppboðshaldara, sem átti sér stað fyrir 1. júlí 1992, verið kærð til Hæstaréttar skal ljúka málinu þar fyrir rétti eftir ákvæðum eldri laga þótt héraðsdómari hafi ekki vald til slíkrar ákvörðunar eða athafnar eftir ákvæðum þessara laga.

98. gr.

Hafi lögtak verið gert í eign fyrir 1. júlí 1992 má krefjast nauðungarsölu á grundvelli þess, en lögtak verður þá talið ígildi fjárnáms skv. 1. tölul. 1. mgr. 6. gr.

Nú hefur skuldabréf með veðrétti í fasteign verið gefið út fyrir gildistöku laga þessara og þar er tekið fram að það megi krefjast uppboðs eða nauðungaruppboðs á veðinu til fullnustu skuldar án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, og skal þá litið svo á að slíkt skuldabréf geymi áskilnað um heimild til nauðungarsölu skv. 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. þótt orðalag í skuldabréfinu svari ekki til þess sem þar er mælt fyrir um.

99. gr.

Nú varðveitir uppboðshaldari uppboðsandvirði við gildistöku laga þessara vegna þess að ekki hefur verið lýst tilkalli til greiðslu þess eftir reglum eldri laga, og skal þá farið með það samkvæmt ákvæðum 54. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra. Hefur verið unnið að samningu þess í samráði við réttarfarsnefnd, en jafnframt voru drög að því kynnt stjórnum Dómarafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands og Sýslumannafélags Íslands og var leitað tillagna þeirra og ábendinga.

Frumvarpinu er einkum ætlað að leysa af hólmi lög um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, með áorðnum breytingum, auk laga um viðauka við þau lög, nr. 20 16. apríl 1966, sem geyma ýmsar sérreglur um nauðungaruppboð á loftförum. Frumvarpið er samið sem þáttur í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds ríkisins í héraði og er sniðið að þeirri skipan sem er kveðið á um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

Núgildandi lög um nauðungaruppboð, nr. 57/1949, taka mið af eldri réttarfarsskipan og byggja þannig á því að framkvæmd nauðungaruppboðs sé dómsathöfn. Sú tilhögun samrýmist ekki nýrri skipan dómsvalds og framkvæmdarvalds eftir ákvæðum laga nr. 92/1989, sem tekur gildi 1. júlí 1992, og verður því þegar af þeirri ástæðu ekki komist hjá endurskoðun löggjafar á þessu sviði. Að auki verður að telja ýmis atriði úrelt í lögum nr. 57/1949 og önnur leiða til þarflausra þyngsla í framkvæmd, þótt lögunum hafi verið breytt nokkuð með lögum nr. 12/1987 og ráðin þar bót á helstu vandkvæðunum sem þá þóttu uppi í framkvæmd. Má því ætla að heildarendurskoðun laganna hefði orðið óhjákvæmileg þótt ekki hefði komið til breyttrar skipunar dómstóla og framkvæmdarvalds í héraði með setningu laga nr. 92/1989.

Áður en vikið verður að einstökum ákvæðum frumvarpsins verður gerð nokkur grein fyrir meginefni þess og helstu breytingunum sem eru lagðar til með því frá núgildandi lögum.

Helstu efnisatriði frumvarpsins.

I.

Með frumvarpinu er lögð til sú grundvallarbreyting á framkvæmd nauðungarsölu að hún verði stjórnsýsluathöfn, sem sýslumenn hafa með höndum, í stað þess að héraðsdómarar annist hana sem dómsathöfn eins og leiðir af núgildandi lögum nr. 57/1949. Þessi breyting er lögð til í samræmi við þá stefnu, sem var mörkuð með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Í athugasemdum við frumvarp, sem varð að þeim lögum, var lýst í meginatriðum ráðagerðum um breytt hlutverk héraðsdómstóla, sem var miðað við að ættu nánast eingöngu að fást við úrlausn um réttindi manna og skyldur í dómsmálum, en ættu ekki að hafa með höndum framkvæmd fullnustugerða, búskipta og álíka verka eins og hefur verið að hætti eldri laga. Var byggt á því að síðastnefndum verkefnum yrði breytt með setningu nýrra laga um einstök afbrigði fullnustugerða og um búskipti í það horf að þau yrðu í flestum tilvikum stjórnsýsluverkefni sem sýslumenn hefðu með höndum. Þessum ráðagerðum hefur þegar verið fylgt eftir með setningu nýrra laga um aðför, nr. 90/1989, laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991 og laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, en öll þessi lög öðlast gildi samtímis lögum nr. 92/1989 þann 1. júlí 1992. Á þessum vettvangi stendur nú aðeins eftir að ný lög verði sett, sem leiði til sams konar breytinga á framkvæmd nauðungarsölu, svo sem er lagt til í þessu frumvarpi.

Þótt grundvallarbreyting felist vissulega í því að framkvæmd nauðungarsölu verði stjórnsýsluathöfn í stað þess að vera dómsathöfn, þá er breytingin einkum formlegs eðlis og varðar öðru fremur hverjir embættismenn ríkisins annist störf á þessu sviði. Þetta leiðir hins vegar ekki sjálfkrafa til þess að teljandi breytingar þurfi að verða frá núgildandi reglum um það hvernig staðið verði að framkvæmd nauðungarsölu. Er reyndin einnig sú að í mörgum

atriðum miða ákvæði frumvarpsins að því að sams konar eða svipaðar reglur verði um framkvæmd nauðungarsölu og nú gilda, að því gættu að sýslumenn án dómsvalds annist þá þessi störf. Hins vegar felast tillögur í frumvarpinu um ýmsar breytingar, sem stafa þá af öðru en áðursögðu, og er þeim helstu lýst nánar hér á eftir í II. kafla þessara almennu athugasemda. Áður en komið er að þeirri talningu þykir rétt að greina frá helstu almennu sjónarmiðunum sem búa að baki slíkum breytingum.

Í fyrsta lagi er þess að geta að við gerð frumvarpsins hefur verið hugað sérstaklega að því að leita leiða til að stuðla að því að sem hæst verð fáist fyrir eignir við nauðungarsölu. Þótt þetta markmið hafi á sinn hátt verið haft í fyrirrúmi, má ekki líta svo á að gengið hafi verið út frá því að núgildandi reglur hafi almennt reynst illa að þessu leyti. Þeirri skoðun er að vísu stundum haldið fram í almennri umræðu að lágt verð fáist fyrir eignir við nauðungarsölu, en hún stangast mjög á við skoðanir margra þeirra sem koma nærri framkvæmd á þessu sviði. Ætla má að það sé nánast ógerlegt að staðreyna hvort eða að hverju marki skoðanir um lágt söluverð eigna geti átt við rök að styðjast. Stafar þetta ekki síst af því að ekki er unnt að komast að niðurstöðu í þessum efnum nema með því að bera saman söluverð talsverðs fjölda eigna á nauðungarsölu á mismunandi stöðum á landinu við það verð sem mætti áætla með áreiðanlegum hætti að hefði fengist fyrir sömu eignir í frjálsum viðskiptum. Þótt ganga megi að upplýsingum um söluverð eigna við nauðungarsölu, er öll sagan ekki þar með sögð, enda verður ekki gengið auðveldlega að marktækum upplýsingum til samanburðar um það hvað hefði geta fengist fyrir sömu eignir við frjálsa sölu. Mundi það eflaust einnig torvelda slíkan samanburð að stundum væri um eignir að ræða, sem má telja að hafi tiltekið verðgildi frá því sjónarhorni hvað það hafi kostað eigendur þeirra að búa þær til eða afla sér þeirra, en engin leið væri að komast að því hvort einhver vildi yfirleitt kaupa þær við frjálsa sölu og þá gegn hverju verði. Söluverð eignar við nauðungarsölu er heldur ekki að öllu leyti hæft til samanburðar við gangverð hennar í frjálsum viðskiptum og kemur þar öðru fremur tvennt til. Annars vegar verður að hafa hugfast að í núverandi framkvæmd er veittur skammur gjaldfrestur á greiðslu kaupverðs við nauðungarsölu á öðrum eignum en lausafjármunum, þar sem enginn gjaldfrestur er veittur. Sambærilegir greiðsluskilmálar þekkjast almennt ekki í frjálsum viðskiptum og er örðugt að áætla hversu miklu lægra verð fengist fyrir eign í slíkum viðskiptum með þeim kjörum. Hins vegar verður að taka tillit til þess að kaupendur verðmeiri eigna við nauðungarsölu njóta oft á tíðum veðréttinda í þeim fyrir kröfum sínum, sem fullnusta fæst ekki á af söluverði. Þegar þetta gerist leiðir af ákvæðum 32. gr. laga nr. 57/1949 að sá hluti veðkröfu kaupandans, sem greiðist ekki af söluverði eignarinnar, fellur í reynd niður að því leyti sem má telja að gangverð eignarinnar hafi verið hærra en söluverðið reyndist. Hugsanlegur ágóði, sem veðhafinn kann við fyrstu sýn að virðast hafa af kaupunum, rennur þannig til þess að greiða kröfu hans sjálfs að því leyti sem boð hans hefur ekki nægt til þess. Í tilvikum sem þessum gefur söluverð eignarinnar við nauðungarsölu þannig ekki rétta mynd af því, sem fæst í reynd fyrir hana.

Þótt draga megi með þessum hætti í efa að almennar ályktanir eigi rétt á sér um að söluverð eigna við nauðungarsölu sé stórum lægra en sannvirði eigna nemur, verður því engan veginn neitað að það megi finna ýmis dæmi um það að söluverð hafi verið óumdeilanlega lægra en sannvirði í afmörkuðum tilvikum. Má telja að það sé keppikefli út af fyrir sig að fyrirbyggja að slík tilvik komi upp, en ekki skiptir síður máli að um leið verði reynt að stuðla að því almennt að söluverð geti orðið hærra en núverandi reglur gefa viðunandi kost á. Sambærileg markmið bjuggu að baki breytingum sem voru gerðar á ákvæðum danskra og sænskra laga um nauðungarsölu fyrir rúmum áratug síðan og hefur verið höfð hliðsjón af þeim við gerð þessa frumvarps. Í frumvarpinu eru ýmis ákvæði sem byggja á þessum markmiðum, en þau helstu eru eftirfarandi:

1. Í 23. og 62. gr. er mælt fyrir um heimildir til þess að ákveða að nauðungarsala eignar fari fram á almennum markaði í stað þess að hún verði seld á uppboði, en í reglum um framkvæmd slíkrar sölu í VI. kafla frumvarpsins er meðal annars byggt á því að leitað verði tilboða í eign með hliðstæðum hætti og við sölu í frjálsum viðskiptum, til dæmis fyrir atbeina fasteignasala þegar um fasteign er að ræða. Heimildir til þessa úrræðis eru ekki fyrir hendi í lögum nr. 57/1949, en í framkvæmd hefur tíðkast nokkuð að samkomulag takist milli veðhafa og eiganda eignar um að fresta nauðungaruppboði til þess að reyna að koma henni í verð við frjálsa sölu, sem samvinna er þá eftir atvikum höfð um að hrinda í framkvæmd. Með reglum frumvarpsins er stefnt að því að færa aðgerðir af þessum toga í fastari farveg, meðal annars með því að sýslumaður stjórni þeim og taki eftir þörfum ákvarðanir um þær, auk þess að úrræði eru veitt til að koma aðgerðum sem þessum fram þótt andstaða sé gegn þeim af hendi einstakra veðhafa.
2. Í ákvæðum 28. gr. frumvarpsins er stefnt að því að færa skilmála við uppboðssölu um ýmis önnur atriði en greiðslu kaupverðs nær venjubundnum skilmálum við kaup í frjálsum viðskiptum. Breytingar í þessum efnum eru lagðar hér til að danskri fyrirmynd, en á sínum tíma voru reglur færðar þar í svipað horf í því skyni að hvetja til þess að aðrir en veðhafar kæmu á uppboð og gerðu boð í eign, sem má telja að geti leitt til hækkaðs söluverðs.
3. Í 28., 29. og 65. gr. er gert ráð fyrir meiri sveigjanleika til að ákveða greiðsluskilmála við uppboðssölu en nú tíðkast. Má telja að nýting á þeim sveigjanleika geti leitt til hækkaðs verðs við uppboðssölu, ekki síst þegar aðrir en veðhafar sýna eign áhuga.
4. Í 37. gr. kemur fram undantekningarheimild handa sýslumanni til að ákveða eftir kröfu eða ótilkvaddur að endurtaka uppboð á eign, ef hann telur boð sem komu fram á því fara fjarri líklegu markaðsverði eignar. Þetta ákvæði felur í sér vissa tryggingu fyrir því að ekki verði unað við að eign verði seld gegn óeðlilega lágu verði.

Í öðru lagi má rekja ýmsar breytingar, sem eru lagðar til í frumvarpinu, til þess að framkvæmd hefur færst í vissum atriðum frá því sem er boðið í lögum nr. 57/1949 eftir hljóðan þeirra og má jafnvel telja álitaefni hvort sumum ákvæðum laganna hafi nokkru sinni í reynd verið fylgt í framkvæmd. Á þetta til dæmis við um sum ákvæði laganna um undirbúning uppboða á fasteignum, svo sem varðandi verklag við gerð uppboðsskilmála, og um ákvæði 14. gr. laganna þar sem er afmarkað hver teljist vera uppboðsbeiðandi á eign hverju sinni. Ákvæði frumvarpsins, sem er ætlað að leysa reglur af þessum toga af hólmi, stefna almennt að því að lögfesta reglur til samræmis við ríkjandi framkvæmd.

Í þriðja lagi er stefnt að því með ýmsum ákvæðum frumvarpsins að setja nánari fyrirmæli um atriði, sem hafa valdið óvissu eða misræmi hefur verið um í framkvæmd. Þessa gætir til dæmis í ákvæðum V. og VIII. kafla frumvarpsins, þar sem talsvert ítarlegri reglur koma fram en í lögum nr. 57/1949 um hvernig kaupandi standi skil á söluverði eignar við uppboð og hvað rétthöfum yfir seldri eign beri hverjum um sig að fá í sinn hlut.

Í fjórða lagi er leitast við að draga úr þyngslum og óþörfum formsatriðum við framkvæmd nauðungarsölu, sem gætir óneitanlega í reglum laga nr. 57/1949. Í tengslum við þetta verður að gefa því gaum að þegar umrædd lög voru sett fyrir rúmum 40 árum hefur varla verið haft í huga að nauðungaruppboða yrði krafist í þeim mæli sem raun hefur orðið á nú á undanförnum árum eða jafnvel áratugum. Ákvæði laganna virðast einkum miða við það að beiðni um nauðungaruppboð sé þrautalending skuldheimtumanns sem verði almennt ekki gripið til fyrr en nánast sé orðið séð að krafa fáist ekki greidd með öðru móti. Reglur laganna miða þannig fremur við að beiðnir um nauðungaruppboð séu fátíðar og að hver og ein þeirra fái frá öndverðu þá athygli og sérstöku meðferð sem hæfi tilviki þar sem sala á uppboði muni í raun fara fram. Reyndin hefur hins vegar orðið sú að í Reykjavík einni hafa á undanförnum árum

komið fram yfir 20.000 beiðnir um nauðungaruppboð á fasteignum árlega, en sölur slíkra eigna á uppboðum hafa verið á þriðja hundrað árlega. Meginþorri beiðna er þannig afturkallaður vegna greiðslu eða samninga áður en kemur að sölu. Að þessu leyti hæfa reglur laga nr. 57/1949 illa þeim aðstæðum sem nú ríkja í reynd, en ýmis tilgangslaus eða tilgangslítil formsatriði samkvæmt þeim leiða til ástæðulausrar fyrirhafnar og kostnaðar fyrir alla sem eiga hlut að máli og reynast ýmsum gjöful uppspretta tilefna til fányts málþófs um formsatriði, sem fáir hafa yndi af að sama skapi. Í frumvarpinu er leitast við að ráða bót hér á með því að einfalda aðgerðir í tengslum við nauðungarsölu á fyrstu stigum hennar og fram að því að komið sé nærri að sala muni í reynd fara fram á eign, enda sýnir reynsla í framkvæmd að yfirgnæfandi meiri hluti beiðna um þessar aðgerðir eru afturkallaðar á því tímaskeiði.

Í fimmta lagi má loks geta þess að við gerð frumvarpsins var hugað sérstaklega að því, hvort og þá hvernig væri hægt að reyna að draga úr fjölda beiðna um nauðungarsölur. Hér á undan hefur komið fram að beiðnir um sölu fasteigna hafa um nokkurra ára skeið verið á þriðja tug þúsunda árlega í Reykjavík, sem sker sig varla hlutfallslega úr í samanburði við önnur umdæmi landsins í þessum efnum. Slík tíðni beiðna um þessar aðgerðir á sér varla hliðstæðu meðal annarra þjóða, sem búa þó við sambærilega löggjöf um nauðungarsölu og aðrar fullnustugerðir og gildir hér á landi. Ekki verður séð að það komi til álita að reyna að draga úr fjölda beiðna um nauðungarsölur með því að takmarka með einhverjum hætti aðgang skuldheimtumanna að þessu úrræði, til dæmis með því að kröfur þeirra þurfi að nema vissri lágmarksfjárhæð, enda verður ekki litið fram hjá því að slík takmörkun á úrræðum til að framfylgja kröfuréttindum væri í reynd skerðing á eignarréttindum, sem fengi vart staðist gagnvart stjórnskipunarlögum. Á hinn bóginn virðist mega ályktа af þeim fjölda beiðna um nauðungarsölur, sem reynslan í framkvæmd leiðir í ljós að séu afturkallaðar vegna greiðslu skömmu eftir að þær koma fram, að nokkuð kunni að skorta á að skuldheimtumenn reyni nægilega að innheimta kröfur sínar á annan hátt áður en þeir leggja beiðnir sínar fram. Ekki síður virðist sem skuldarar geri sér fyrst grein fyrir alvöru vanskila, þegar þeim er tilkynnt um að beiðni um nauðungarsölu á eignum þeirra hafi komið fram, og leitist þá jafnvel fyrst við að ná samningum um uppgjör eða greiði. Þetta á ekki síst við í tilvikum þar sem krafist er nauðungarsölu vegna lágra skulda. Telja má ljóst að þessari aðstöðu verði varla breytt í einni svipan með lagasetningu, en í frumvarpinu er þó lagt til að meira aðhaldi verði í senn beint að skuldheimtumönnum og skuldurum með því að það verði í flestum tilvikum skilyrði fyrir því að beiðni verði komið fram um nauðungarsölu að skuldheimtumaður hafi áður sent skuldara formlega greiðsluáskorun eftir reglum 9. gr. frumvarpsins með tilteknum fyrirvara. Áþekk almenn regla er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum.

II.

Eins og kom fram hér í upphafi er frumvarpinu aðallega ætlað að koma í stað laga um nauðungaruppboð, nr. 57/1949, en inn í það hafa einnig verið tekin ákvæði til að leysa af hólmi sérreglur um nauðungarsölu á loftförum, sem er nú að finna í lögum nr. 20/1966, og reglur laga um sölu lögveða án undangengins lögtaks, nr. 49/1951. Þessi sameining reglna úr þrennum lögum hefur sjálfgefin áhrif á efni frumvarpsins, sem geymir þannig sérákvæði sem er ekki að finna í lögum nr. 57/1949.

Af öðrum breytingum frá núgildandi lögum, sem er stefnt að með ákvæðum frumvarpsins, má telja eftirfarandi helstar.

1. Heiti frumvarpsins, að það sé til laga um nauðungarsölu, felur í sér breytingu á heiti frá núgildandi lögum nr. 57/1949, sem eru um nauðungaruppboð. Þetta breytta heiti á rætur að rekja til þess að í frumvarpinu er ekki eingöngu að finna reglur um sölu á uppboði,

heldur einnig nauðungarsölu á almennum markaði án uppboðs, sbr. VI. kafla þess, og ráðstöfun á verðbréfum, kröfuréttindum o.fl. í XII. kafla, sem miða við að slík réttindi verði almennt ekki boðin upp og jafnvel ekki heldur seld í eiginlegum skilningi. Í 1. gr. frumvarpsins er skilgreint hvað sé átt við með hugtakinu nauðungarsala og felur ákvæðið efnislega í sér þá afmörkun hugtaksins sem var getið hér. Orðalagi frumvarpsins er síðan hagað til samræmis við þetta, þannig að ekki er rætt í ákvæðum þess um uppboð nema í reglum sem varða gagngert nauðungarsölu á uppboði.

2. Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram hverjir teljist aðilar að nauðungarsölu, en samkvæmt tveimur fyrstu töluliðum ákvæðisins eru þeir meðal annars gerðarbeiðandi, sem krefst nauðungarsölu, og gerðarþoli, sem er þá eigandi eignarinnar sem krafan beinist að. Í lögum nr. 57/1949 eru þessir aðilar nefndir uppboðsbeiðandi og uppboðsþolandi. Breytt heiti þeirra í frumvarpinu er afleiðing af því að uppboð er ekki eina afbrigði nauðungarsölu samkvæmt frumvarpinu, svo sem fram kemur í næsta lið hér á undan. Hugtökin uppboðsbeiðandi og uppboðsþoli væru þannig rangnefni eftir ákvæðum frumvarpsins, en hugtökin sem er ætlað að koma í stað þeirra eru þau sömu og eru notuð í lögum um aðför, nr. 90/1989.
3. Í I. kafla þessara almennu athugasemda kom fram að frumvarpinu sé ætlað að leiða til þess að framkvæmd nauðungarsölu verði stjórnsýsluathöfn sýslumanna. Í núgildandi lögum er þessu hins vegar skipað með þeim hætti að héraðsdómarar annast framkvæmd nauðungaruppboða og leysa þeir einnig úr ágreiningsefnum sem rísa í sambandi við uppboð. Þetta tvíþætta hlutverk héraðsdómara eftir núverandi reglum verður ekki fært með öllu í hendur sýslumanna, enda fara þeir ekki með dómsvald eftir ákvæðum laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Verður því ekki gengið lengra en svo að framkvæmd nauðungarsölu verði færð í hendur sýslumanna, eins og lagt er til í frumvarpinu, sbr. 1. mgr. 3. gr. þess, en dómsvald til að leysa úr ágreiningsefnum verður að koma í hlut héraðsdómstóla. Ágreiningsefni við framkvæmd nauðungarsölu eru fágæt við núverandi skipan og er síður en svo ástæða til að vænta fjölgunar þeirra ef frumvarpið verður að lögum. Í reynd yrði þannig allur meginþorri viðfangsefna við nauðungarsölur í höndum sýslumanna og verkefni héraðsdómstóla á þessum vettvangi að sama skapi fá. Í frumvarpinu er verkaskiptum milli sýslumanna og héraðsdómstóla hagað með þeim hætti að sýslumönnum er ætlað að hafa vald til þess að taka afstöðu til mótmæla gegn nauðungarsölu og annars ágreinings sem rís við framkvæmd hennar með ákvörðun, sem getur þá í flestum tilvikum hvort heldur verið þess efnis að nauðungarsala fari fram, eftir atvikum með nánar tilteknum hætti, eða að framkvæmd hennar stöðvist vegna ágreinings eða annmarka á málatilbúnaði gerðarbeiðanda. Aðalreglu frumvarpsins um þetta er að finna í 22. gr. Ákvörðun sýslumanns í þessum efnum yrði ekki endanleg, því skv. 22. gr. frumvarpsins væri gerðarbeiðanda alltaf frjálst að bera ákvörðunina þegar í stað undir héraðsdóm til úrlausnar um réttmæti hennar. Slík aðgerð hefði að meginreglu í för með sér að framkvæmd nauðungarsölunnar stöðvist meðan málið væri rekið fyrir dómi, en um rekstur slíkra mála er fjallað í ákvæðum XIII. kafla frumvarpsins. Öðrum en gerðarbeiðanda, það er að segja gerðarþola, öðrum sem njóta réttinda yfir viðkomandi eign og þriðja manni sem teldi nauðungarsöluna varða hagsmuni sína, er á hinn bóginn ekki ætluð heimild til að leita úrlausnar dómstóla um mótmæli sín eða kröfur jafnharðan og ágreiningur rís fyrir sýslumanni nema gerðarbeiðandi samþykki, sbr. 4. mgr. 22. gr. Þess í stað er gerðarþola og þriðja manni veitt ótakmörkuð heimild til að fá leyst úr ágreiningi um lögmæti nauðungarsölu fyrir dómstólum innan tiltekins frests eftir að söluaðgerðir eru um garð gengnar en almennt áður en endanleg yfirfærsla eignarréttinda á sér stað á grundvelli sölunnar, en um rekstur slíkra mála er fjallað í XIV. kafla frumvarpsins.

Tilhögun frumvarpsins í þessum efnum er hliðstæð þeirri, sem mun gilda við aðfarargerðir skv. XIII.–XV. kafla laga nr. 90/1989. Afskipti héraðsdómstóla af nauðungarsölum yrðu ekki önnur samkvæmt frumvarpinu en nú hefur verið lýst.

4. Í 5. gr. frumvarpsins er lögð til sú regla að vottur þurfi ekki að vera staddur við aðgerðir samkvæmt ákvæðum þess, en í þessu felst breyting sem varðar nokkru fyrir framkvæmd, því skv. 2. gr. laga nr. 57/1949 þurfa tveir vottar alltaf að vera staddir við þinghöld þar sem nauðungaruppboð eru tekin fyrir og framkvæmd. Viðvera votta verður að teljast óþörf, enda leiðir af ákvæðum frumvarpsins, einkum 2. mgr. 15. gr., að aðgerðir við nauðungarsölu færu ekki fram nema að fleiri viðstöddum en þeim einum sem annast framkvæmd þeirra. Að auki má hafa í huga að ætlast er til þess að bókað verði í gerðabók um helstu atriðin, sem varða nauðungarsölu, hverju sinni sem sýslumaður tekur hana fyrir, sbr. 4. gr. frumvarpsins, en vottun á atburðum, sem er bókað um með undirritun aðila að nauðungarsölu í gerðabók, þjónar tæplega neinum tilgangi.
5. Í 6. gr. frumvarpsins eru ákvæði um það á hverjum grundvelli skuldheimtumenn geti krafist nauðungarsölu til þess að fá peningakröfum fullnægt af söluverði eignar. Reglur 6. gr. eru í flestum atriðum hliðstæðar reglum 1. gr. laga nr. 57/1949, þar sem svokallaðar uppboðsheimildir eru taldar upp, en munur milli ákvæðanna felst einkum í tveimur liðum 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1949 telst samningur um veðrétt í fasteign til uppboðsheimilda, en með þessum orðum er í meginatriðum átt við veðskuldabréf, þar sem mælt er fyrir um að kröfueigandi geti krafist nauðungaruppboðs á veðsettri fasteign án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms til fullnustu gjaldfallinni skuld samkvæmt veðskuldabréfinu. Sambærileg regla í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins felur einkum í sér ráðagerðir um tvenns konar breytingar frá umræddri 1. gr. núgildandi laga. Annars vegar er áskilið í frumvarpinu að veðskuldabréfi þurfi að hafa verið þinglýst til þess að unnt verði að krefjast nauðungarsölu á grundvelli þess, sem er ekki skilyrði skv. 1. gr. laga nr. 57/1949. Hins vegar er heimild til að krefjast nauðungarsölu á grundvelli veðskuldabréfa rýmkuð með því að í 6. gr. frumvarpsins er hún ekki bundin við fasteignir, eins og nú er skv. 1. gr. laga nr. 57/1949. Í 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. kemur síðan fram regla, sem svarar til ákvæða laga um sölu lögveða án undangengins lögtaks nr. 49/1951, en í 90. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir brottfalli þeirra laga. Sjónarmið að baki þessum breytingum eru skýrð frekar í athugasemdum við 6. gr.
6. Í 2. mgr. 8. gr. eru teknar upp reglur um heimildir til að krefjast nauðungarsölu til slita á óskiptri sameign og í 3. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um áhrif slíkrar ráðstöfunar á stöðu annarra en sameigenda, sem njóta réttinda yfir viðkomandi sameign. Sambærilegar reglur er ekki að finna nú í settum lögum, en eftir réttarvenju hefur þó allt að einu verið talið heimilt að halda uppboð til slita á sameign. Reglur 8. gr. taka mið af venjum á þessum vettvangi.
7. Í 9. gr. er mælt fyrir um þá almennu reglu að beiðni skuldheimtumanns um nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu verði ekki sett fram nema að undangenginni sérstakri greiðsluáskorun, sem honum ber að beina til gerðarþola með tilteknum hætti og fyrirvara. Þessi regla 9. gr. gildir þó ekki um beiðni um nauðungarsölu sem er studd við fjárnámsgerð fyrir kröfu gerðarbeiðanda. Í 10. gr. kemur síðan fram regla um sambærilegan aðdraganda að því að krafa verði sett fram um nauðungarsölu til slita á sameign. Í núgildandi lögum er ekki að finna fyrirmæli um samsvarandi undanfara að aðgerðum við nauðungarsölu nema þegar krafa um nauðungaruppboð er studd við heimild samkvæmt lögum um sölu lögveða án undangengins lögtaks, nr. 49/1951. Þessi nýmæli í 9. og 10. gr. frumvarpsins eru einkum lögð til í því skyni að almennt verði reynt frekar á það en nú er skylt hvort hægt sé að komast hjá kröfu um nauðungarsölu með formlegri aðvörun, sem

gerðarþoli kann að sinna. Fyrirmæli 9. gr. eiga sér að nokkru leyti hliðstæðu í 7. gr. laga nr. 90/1989, en þar er kveðið á um nauðsyn sambærilegrar áskorunar sem undanfara að því að beiðni sé sett fram um fjárnám fyrir vissum tegundum krafna.

8. Í 12. gr. er vikið að ábyrgð gerðarbeiðanda á greiðslu kostnaðar af nauðungarsölu, en í ákvæðum frumvarpsins er að öðru leyti lítt fjallað um slíkan kostnað, sem er nokkur breyting frá ákvæðum laga nr. 57/1949, sbr. 10. gr. þeirra. Stafar þetta af því að undanfarið hefur staðið yfir endurskoðun á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79/1975, og er hér miðað við að frumvarp til nýrra laga á því sviði verði lagt fram á Alþingi um líkt leyti og þetta frumvarp. Þess er vænst að sú tilhögun verði lögð til grundvallar í frumvarpi til nýrra aukatekjulaga að gerðarbeiðandi greiði tiltekið gjald í ríkissjóð um leið og hann leggur fram beiðni um nauðungarsölu, en í meginatriðum verði allur kostnaður af framkvæmd nauðungarsölunnar þá innifalinn í þeirri greiðslu, þar á meðal fyrir auglýsingar um nauðungarsölu. Þetta gjald yrði síðan liður í kröfum gerðarbeiðanda skv. 2. mgr. 6. gr. þessa frumvarps.
9. Í 14. og 21. gr. laga nr. 57/1949 er byggt á því að uppboðsbeiðandi í skilningi laganna geti almennt ekki verið nema einn hverju sinni varðandi hverja eign, en falli beiðni hans um uppboð niður geti annar veðhafi, sem á gjaldfallna kröfu, komið í hans stað sem uppboðsbeiðandi, þannig að uppboðinu verði haldið óslitið áfram að kröfu hans. Þrátt fyrir þessar reglur laganna hefur lengi tíðkast í framkvæmd að telja alla til uppboðsbeiðenda, sem hafa sett fram beiðnir um nauðungaruppboð á einni og sömu eign, svo lengi sem beiðnir þeirra hafa ekki fallið niður. Í 2. og 14. gr. frumvarpsins er gengið út frá því að gerðarbeiðendur séu hverju sinni allir þeir, sem hafa krafist nauðungarsölu á tiltekinni eign, en með þessu er lagt til að sú tilhögun verði lögfest sem hefur viðgengist í framkvæmd samkvæmt áðursögðu. Þessu til samræmis eru lagðar til sérreglur í 14. gr. um sameiningu á meðferð tveggja eða fleiri beiðna um nauðungarsölu á sömu eign eða tengdum eignum, en hér er eðlilega um nýmæli að ræða með því að í núgildandi lögum er almennt ekki gert ráð fyrir því að fleiri en ein beiðni um nauðungaruppboð á tiltekinni eign sé til meðferðar hverju sinni.
10. Í 19. og 20. gr. koma fram reglur um auglýsingu nauðungarsölu á fasteign, skipi eða loftfari í Lögbirtingablaði. Er gert ráð fyrir því að þessar auglýsingar verði tiltölulega einfaldar að efni og að þær birtist aðeins eitt skipti í Lögbirtingablaði. Hér er um talsverða breytingu að ræða frá ákvæðum 22. gr. laga nr. 57/1949, sem felst ekki síst í því að þar er gert ráð fyrir því auglýsing verði að birtast þrívegis í Lögbirtingablaði. Þá felst einnig ráðagerð í 20. gr. frumvarpsins um að auglýsing um nauðungarsölu verði almennt birt með skemmri fyrirvara en mælt er fyrir um í nefndri 22. gr. núgildandi laga.
11. Í 23. og 62. gr. frumvarpsins er að finna reglur um heimildir til þess að nauðungarsala fari fram með þeim hætti að leitað verði tilboða í viðkomandi eign, líkt og ef hún væri boðin til sölu í frjálsum viðskiptum, í stað þess að uppboð fari fram á henni. Í VI. kafla frumvarpsins er síðan að finna nánari reglur um hvernig verði staðið að aðgerðum í þessum efnum. Í meginatriðum er byggt á því að hvort heldur gerðarþoli eða gerðarbeiðandi geti átt frumkvæði að því að þessi háttur verði hafður á við ráðstöfun eignar. Sú regla er fortakslaus í 23. gr. frumvarpsins að þessi leið verði aldrei farin nema að ósk eða með samþykki gerðarþola, en á hinn bóginn er ekki nauðsynlegt að gerðarbeiðendur eða aðrir veðhafar í eign séu þessu allir samþykkir, sbr. 2. mgr. 23. gr. Í reglum VI. kafla er miðað við að sýslumaður hafi milligöngu um að eignin verði boðin til sölu og að hann eigi síðan lokaorðið um það hvort framkomnu tilboði verði tekið í eignina, að undangengnu samráði við gerðarþola, gerðarbeiðendur og aðra sem eiga réttindi yfir eigninni. Ef söluverð eignarinnar hrekkur ekki fyrir öllum áhvílandi veðskuldum og höftum leiðir af

ákvæðum 56. gr. að ófullnægðar kröfur falli niður af eigninni. Sá háttur við nauðungarsölu, sem hér er lýst í stuttu máli, var gerður að umtalsefni í I. kafla þessara almennu athugasemda. Eins og þar kom fram er þessi valkostur lagður til með tilliti til þess að hærra verð geti fengist þannig fyrir eign en með sölu hennar á uppboði. Að auki má telja að þessi leið geti verið geðfelldari fyrir gerðarþola en sala á uppboði, ef sýnt þykir á annað borð að ekki verði komist hjá nauðungarsölu. Reglur frumvarpsins um þetta eiga sér nokkra fyrirmynd í danskri og sænskri löggjöf, en þess má þó geta að ákvæði 23. gr. veita mun rýmri heimildir til þessa en til dæmis fyrirmæli danskra laga.

12. Í 21. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að sýslumaður taki formlega fyrir á starfstöð sinni beiðni um nauðungarsölu á fasteign, skipi eða loftfari, þegar auglýsing um nauðungarsöluna hefur verið birt í Lögbirtingablaði, en staður og stund til þessarar fyrirtöku á að koma fram meðal annarra atriða í slíkri auglýsingu. Í 24. gr. kemur fram að ef almenn markaðssala er ekki ákveðin á eign við þessa fyrirtöku og ágreiningur er ekki uppi um beiðni gerðarbeiðanda, sem gæti hindrað frekari aðgerðir eftir beiðninni samkvæmt ákvæðum 22. gr., þá ákveði sýslumaður þegar í stað hvenær uppboð byrji á eigninni. Í 27. gr. er gert ráð fyrir því að gerðarbeiðendur geti á síðari stigum óskað eftir því að byrjun uppboðs verði frestað, en að fram komnum slíkum óskum ákveði sýslumaður nýjan tíma til að byrja uppboðið án þess að taka nauðungarsöluna formlega fyrir. Eftir reglum 27. gr. gæti slík frestun átt sér stað svo oft sem verða vildi, með þeirri takmörkun þó að beiðnir allra gerðarbeiðenda falli sjálfkrafa niður og nauðungarsalan þar með um leið ef uppboð byrjar ekki innan árs frá fyrirtöku skv. 21. gr. Þessi ákvæði miða þannig við að sýslumaður taki almennt ekki nauðungarsöluna formlega fyrir eftir fyrirtöku skv. 21. gr. fyrr en uppboð á eigninni byrjar í reynd eftir reglum 31. gr. frumvarpsins. Sýslumaður mundi þess í stað tilkynna hlutaðeigendum um frestanir og nýjar ákvarðanir um hvenær uppboð byrji. Með þeirri tilhögun, sem hér er lýst, er gert ráð fyrir verulegri breytingu frá því sem nú er gert í þessum efnum. Eftir núgildandi reglum verður beiðni um nauðungaruppboð að vísu alltaf tekin formlega fyrir eftir birtingu auglýsingar um uppboðið í Lögbirtingablaði, en þetta svarar til áðurnefndrar fyrirtöku skv. 21. gr. frumvarpsins. Sá munur er hins vegar hér á að eftir núverandi reglum verður uppboði almennt alltaf frestað við fyrirtöku til tiltekins tíma og verður þá ekki komist hjá því að taka það formlega fyrir á ný við lok slíks frests, jafnvel þótt það sé gert í því skyni einu að fresta aðgerðum aftur um ákveðinn tíma. Af þessu hefur hlotist að héraðsdómarar verða almennt að taka sama málið formlega fyrir með reglubundnu millibili til þess eins að færa til bókar að því sé frestað til tiltekins tíma. Þessar þrálátu fyrirtökur leiða að vonum af sér verulega vinnu, en að auki fylgir þeim kostnaður, því uppboðsbeiðandi verður að mæta eða láta mæta fyrir sig við fyrirtöku að því viðlögðu að beiðni hans falli niður. Formlegar fyrirtökur til þessara þarfa þjóna hins vegar engum þeim tilgangi, sem verður ekki náð með ólíkt minni vinnu og kostnaði eftir áðurnefndum ákvæðum frumvarpsins.

13. Í 13., 16., 18. og 19. gr. laga nr. 57/1949 koma fram reglur um söluskilmála við uppboð á fasteignum og skipum, en þar er gert ráð fyrir því að héraðsdómari semji uppboðsskilmála hverju sinni eftir að hafa gengið úr skugga um að skilyrði séu til að taka uppboðsbeiðni til meðferðar. Þessar reglur binda hendur héraðsdómara aðeins óverulega um það, hvers efnis skilmálarnir verði í hverju tilviki. Svipaðar reglur gilda um ákvörðun skilmála við uppboð á lausafé, sbr. 39. gr. laganna. Í framkvæmd hefur þessum reglum ekki verið fylgt alls kostar eftir orðanna hljóðan, því lengi hefur tíðkast að notast við staðlaða uppboðsskilmála, sem eru þá að öðru jöfnu lagðir fram í hverju máli. Þessir stöðluðu skilmálar hafa hins vegar ekki verið að öllu leyti þeir sömu í öllum umdæmum landsins, enda ekki lagaskylda til þess samkvæmt áðurgreindum reglum. Ákvæði

frumvarpsins um söluskilmála við uppboð koma fram í 28. gr., varðandi fasteignir, skip og loftför, og í 65. gr. varðandi lausafjármuni. Í þessum ákvæðum er byggt á því að dómsmálaráðherra ákveði og láti birta opinberlega almenna skilmála fyrir uppboðssölur, sem teljist gilda nema ákveðið sé beinlínis að víkja frá þeim í tilteknum atriðum hverju sinni, sbr. 29. gr. frumvarpsins. Í 28. og 65. gr. eru talin helstu atriðin, sem er ætlast til að komi fram í almennum uppboðsskilmálum, en eftir orðalagi þessara reglna er þó ekki um tæmandi talningu að ræða, þannig að kveða mætti á um fleiri atriði en þar greinir í almennu skilmálunum. Tilhögunin sem hér er lögð til á sér að nokkru fyrirmynd í danskri löggjöf, en henni fylgir ekki síst sá ávinningur að ekki þyrfti að gera sérstaka skilmála fyrir hvert og eitt uppboð, eins og nú gildir að minnsta kosti í orði kveðnu, og að auki væri þá komið á samræmi um efni skilmálanna í öllum umdæmum landsins.

14. Eftir reglum laga nr. 57/1949, eins og þeim var breytt með lögum nr. 12/1987, er aðalreglan sú að sala fasteignar á uppboði fari fram í þremur áföngum. Nánar tiltekið gerist þetta með þeim hætti að ákveðið er við fyrirtöku á máli að fyrsta uppboð verði haldið á eign á starfstöð héraðsdómara á tilteknum tíma, sem er tilkynnt uppboðsþola og auglýst í dagblaði. Ef uppboðsþoli lýsir því ekki yfir við lok fyrsta uppboðs að hann uni við þau boð sem þar koma fram er aðgerðum frestað til annars uppboðs. Er tilkynnt um það og auglýst með sama hætti og er gert fyrir fyrsta uppboð og er annað uppboðið einnig haldið á starfstöð héraðsdómara. Við annað uppboðið er síðan leitað boða í eignina á ný, en við lok þess er unnt að krefjast þess, að fullnægðum skilyrðum 3. mgr. 29. gr. laganna, að þriðja og síðasta uppboð fari fram á eigninni. Það uppboð er haldið að undangengnum auglýsingum og tilkynningum á eigninni sjálfri. Í framkvæmd er algengt að tími sé ákveðinn til fyrsta eða annars uppboðs, en því sé síðan slegið á frest við formlega fyrirtöku um tiltekinn tíma, einu sinni eða oftar. Þriðja uppboði verður á hinn bóginn ekki frestað. Fágætt er að boð við fyrsta og annað uppboð nemi teljandi fjárhæð og koma þannig almennt fyrst fram boð að einhverju marki við það þriðja. Áþekkar reglur gilda um uppboð á skipum, að því frátöldu að uppboð verða þó ekki nema tvö og geta þau bæði farið fram á starfstöð héraðsdómara. Eins og ráða má af þessari lýsingu þjóna tvö fyrstu uppboð á fasteign og fyrra uppboð á skipi óverulegum tilgangi að öðru leyti en því að þau auka óneitanlega þrýsting á skuldara um að standa skil á kröfum lánardrottna til að komast hjá því að sala fari í reynd fram. Í ákvæðum frumvarpsins um uppboð á fasteignum, skipum og loftförum, sem koma aðallega fram í 31.–36. gr., er gert ráð fyrir nokkuð breyttri skipan. Í þessum ákvæðum er byggt á því að uppboð byrji alltaf á starfstöð sýslumanns, þar sem leitað yrði boða í viðkomandi eign. Þessi byrjunaraðgerð ætti sér fyrst og fremst stað til þess að reyna á það hvort boð fáist yfirleitt í eignina, en ef ekkert boð kæmi fram á þessu stigi hefði það í för með sér að nauðungarsalan væri fallin niður, sbr. 1. mgr. 34. gr. Í 35. gr. er gert ráð fyrir því að ef boð hefur komið fram í eignina við byrjun uppboðs og aðilar að nauðungarsölunni, þar á meðal gerðarþoli, lýsa því ekki yfir að þeir uni við framkomið boð, þá verði uppboðinu fram haldið innan fjögurra vikna til að leita hærri boða. Ef um uppboð er að ræða á fasteign er gert ráð fyrir því í 36. gr. að það verði haldið á eigninni sjálfri, en við uppboð á skipi eða loftfari kæmi í hlut sýslumanns að ákveða hvort það fari fram á starfstöð hans eða við eignina sjálfa. Við framhald uppboðs yrði leitað hærri boða en komu fram við byrjun þess og sölutilraunum síðan lokið. Í þessum reglum er ætlast til þess að tilkynnt verði og auglýst um bæði byrjun og framhald uppboðs með áþekkum hætti og nú er gert. Fresta mætti byrjun uppboðs eftir því sem gerðarbeiðendur æskja og yrði það gert án formlegrar fyrirtöku nauðungarsölunnar, en framhald uppboðs yrði hins vegar almennt að fara fram innan fjögurra vikna frá byrjun uppboðs og yrði ekki frestað. Reglur frumvarpsins fela þannig í sér vissar

breytingar frá núgildandi reglum um sölu fasteigna, skipa og loftfara á uppboði, en einkum ber á milli að eftir frumvarpinu færi uppboðssala í mesta lagi fram í tveimur áföngum í stað þeirra þriggja sem geta mest orðið eftir núverandi lögum.

15. Í 39. gr. frumvarpsins koma fram reglur um hvernig sýslumaður eigi að standa að því að samþykkja boð sem hefur komið fram í eign á uppboði og er þar meðal annars kveðið á um að það beri alltaf að taka hæsta boði í eignina nema sérstakt tilefni sé til að draga í efa að staðið verði við það. Reglur 39. gr. eru talsvert ítarlegri í þessum efnum en ákvæði laga nr. 57/1949, en þess má geta að samkvæmt hljóðan 30. gr. laganna má ganga fram hjá hæsta boði án þess að sérstökum skilyrðum þurfi að vera fullnægt, þótt slíkt sé tæplega gert í framkvæmd nema við þær aðstæður sem beinlínis er mælt fyrir um í 39. gr. frumvarpsins.
16. Í 1. mgr. 32. gr. laga nr. 57/1949 er kveðið á um það að ef hæstbjóðandi við uppboð er veðhafi í viðkomandi eign og boð hans nægir til að greiða veðkröfu hans að nokkru en ekki að fullu, þá njóti hann réttar til að fá eignina lagða sér út sem ófullnægður veðhafi. Útlagning eignar eftir þessu ákvæði er í raun ekki annað en sala hennar til ófullnægðs veðhafa, enda er réttarstaða hans í öllum atriðum sú sama og staða kaupanda væri ella, að því frátöldu að ófullnægður veðhafi nýtur vissra hlunninda varðandi greiðslu kostnaðar af uppboði og stimpilgjalda af afsali til sín fyrir eigninni. Í 39. gr. frumvarpsins, þar sem reglur koma fram um samþykki boðs á uppboði, er enginn greinarmunur gerður á því hvort boð hafi komið fram frá ófullnægðum veðhafa eða öðrum. Er þannig lagt til að sérreglur um útlagningu eignar við uppboð verði felldar úr lögum, enda sem áður segir enginn raunverulegur munur á útlagningu og kaupum nema varðandi greiðslu vissra útgjalda. Í þessu sambandi má vekja athygli á því að í 8. tölul. 91. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um breytingu á ákvæðum laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, sem leiðir efnislega til þess að ef veðhafi í eign gerist kaupandi að henni við nauðungarsölu þá beri honum aðeins að greiða sama stimpilgjald eins og fellur til við útlagningu til ófullnægðs veðhafa eftir núgildandi reglum.
17. Í framkvæmd er algengt að kaupandi fasteignar eða skips á nauðungaruppboði efni boð sitt að einhverju eða jafnvel öllu leyti með því að greiða gjaldfallnar afborganir og kostnað af áhvílandi veðskuldum á eigninni og taka síðan að sér greiðslu eftirstöðva þeirra eftir upphaflegum lánssamningum gegn því að skuldirnar njóti áfram veðs í eigninni. Slík tilhögun er þó háð því að kaupandinn nái samningum um hana við hlutaðeigandi veðhafa. Þá er einnig nokkuð algengt að kaupandi eignar á uppboði sé skuldheimtumaður sem nýtur veðréttar fyrir kröfu sinni í eigninni, en ef boð hans nægir að nokkru eða öllu til þess að greiða veðkröfu hans sjálfs getur hann greitt kaupverðið að sama skapi með kröfu sinni. Sá hluti kaupverðs, sem greiðist ekki með yfirtöku áhvílandi veðskulda eða með því að kaupandi noti sína eigin veðkröfu sem greiðslu, verður þá að greiðast með peningum. Um þennan hátt á greiðslu kaupverðs er lítt fjallað í lögum nr. 57/1949, en ýmis álitaefni rísa í tengslum við hann, til dæmis um uppgjör vaxta við veðhafa þegar kaupandi semur við þá um að kröfur þeirra fái að hvíla áfram á eigninni. Ef uppboðsskilmálar kveða á um það að kaupandi fái að nokkru gjaldfrest og greiði boð sitt í tveimur áföngum, svo sem venja er við uppboð á fasteignum og skipum, getur einnig verið álitamál hvort hann megi nota til dæmis sína eigin veðkröfu til að inna af hendi fyrstu greiðslu sína á kaupverði, en greiði síðan seinni hluta kaupverðs með peningum. Misræmis virðist hafa gætt um þessi atriði í framkvæmd. Í frumvarpinu koma fram reglur sem eiga að taka af skarið í þessum efnum. Í 40. gr. eru ákvæði sem taka á síðarnefnda álitaefninu, sem var lýst hér á undan, en ákvæði um rétt veðhafa til vaxta og skyldu kaupanda til að greiða þá koma fram í lok 40. gr. og síðan í VIII. kafla frumvarpsins.

18. Í 49.–54. gr. frumvarpsins, sem mynda VIII. kafla þess, koma fram ákvæði um úthlutun söluverðs eignar, sem eiga að ná jöfnum höndum til söluverðs sem hefur fengist við sölu á uppboði eða á almennum markaði. Í þessum kafla koma fram talsvert ítarlegri ákvæði um úthlutun en nú er að finna í 34. gr. laga nr. 57/1949. Að mörgu leyti styðjast reglur VIII. kafla frumvarpsins við venjur sem hafa mótast í þessum efnum í framkvæmd, en í vissum atriðum er þó vikið frá slíkum venjum eða tekið af skarið um álitaefni sem hafa verið uppi í framkvæmd. Af slíkum atriðum má annars vegar nefna að í 49. gr. er byggt á þeirri aðalreglu að veðhafar og aðrir sem njóta réttinda til greiðslu af söluverði eignar verði að lýsa kröfum sínum fyrir sýslumanni áður en lokið er að leita boða í eignina. Með þessum hætti er reynt að stuðla að því að veðhafar geti fengið gleggri mynd af því, hversu háar kröfur standi þeim framar í veðröð, meðan þeir eigi enn kost á að gæta hagsmuna sinna með því að bjóða sjálfir í viðkomandi eign, en talsverður misbrestur er á því að nægilega upplýsingar komi fram í þessum efnum í núverandi framkvæmd. Eftir ákvæðum frumvarpsins hefði vanræksla veðhafa eða annars rétthafa á því að lýsa kröfu sinni í tæka tíð þó ekki í för með sér endanlegan réttindamissi, að öðru leyti en því að vanrækslan leiddi til þess að hlutaðeigandi glataði rétti til að fá málskostnað sinn greiddan af söluverði eignarinnar, sbr. 4. mgr. 50. gr. Veðhafi eða annar rétthafi gæti enn komið að kröfum sínum, að málskostnaði frátöldum, fram að því að úthlutun söluverðs yrði ráðin, sbr. einkum 51. og 52. gr. frumvarpsins. Hins vegar koma fram ákvæði í 3. mgr. 50. gr. og 2. mgr. 53. gr. sem snúa að tilkalli veðhafa til vaxta af kröfum sínum. Þar er gert ráð fyrir þeirri breytingu frá ríkjandi venjum í framkvæmd að vextir af kröfum verði aðeins reiknaðir til söludags eignar þegar kemur að úthlutun söluverðs, en vöxtum, sem fást af söluverðinu með tímabundinni varðveislu þess á bankareikningi, verði síðan jafnað að tiltölu á veðhafa. Þá má einnig vekja athygli á því að í 4. mgr. 54. gr. er tekið af skarið um að sýslumaður eigi að leggja sjálfstætt mat á réttmæti krafna þegar hann semur frumvarp til úthlutunar á söluverði, en í þessum efnum hefur gætt misræmis í núverandi framkvæmd.
19. Í 55. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um það frá hverjum tíma kaupandi njóti réttar til að fá umráð fasteignar, skips eða loftfars sem hann festir kaup á við nauðungarsölu. Í þessu ákvæði er miðað við þá aðalreglu varðandi uppboðssölu að kaupandi eigi rétt til umráða frá því boð hans er samþykkt, en undantekning er þó heimiluð í þessum efnum í 3. mgr. ákvæðisins ef ágreiningur stendur um lögmæti nauðungarsölunnar. Enn fremur mætti víkja frá þessu tímamarki í uppboðsskilmálum, eins og berum orðum kemur fram í 1. mgr. 55. gr. Hér er gert ráð fyrir breytingu frá því sem nú tíðkast, því kaupandi nýtur almennt ekki umráðaréttar fyrr en hann fær uppboðsafsal fyrir eign, sem gerist talsvert eftir samþykki boðs. Þessi breyting á sér meðal annars fyrirmynd í danskri framkvæmd.
20. Í 59. og 60. gr. frumvarpsins koma fram reglur um hvernig verði staðið að því að taka lausafjármuni úr vörslum gerðarþola til þess að unnt verði að ráðstafa þeim við nauðungarsölu. Fáar reglur eru um þetta í núgildandi lögum, sem hefur leitt af sér óvissu og misræmi í framkvæmd.
21. Í XII. kafla eru gerðar tillögur um sérreglur um það, hvernig öðrum eignum en fasteignum, skipum, loftförum og lausafjármunum verði ráðstafað með nauðungarsölu, en þessar reglur geta öðru fremur haft raunhæft gildi varðandi ráðstöfun á verðbréfum og öðrum kröfuréttindum, eins fyrirsögn þessa kafla frumvarpsins gefur til kynna. Í 49. gr. laga nr. 57/1949 koma fram sérákvæði um ráðstöfun réttinda sem þessara, en þau eru fremur ófullkomin og hefur þeim verið gefinn lítill gaumur í framkvæmd.

22. Þess má loks geta að í XV. kafla frumvarpsins er að finna reglur um skaðabótaábyrgð vegna nauðungarsölu, sem eiga sér ekki hliðstæðu nú í settum lögum, en ætla verður að þessi ákvæði frumvarpsins svari í mörgum atriðum efnislega til ólögfestra skaðabótareglna sem mætti telja gilda á þessu sviði.

III.

Efni frumvarpsins er skipað í fimm þætti, en þáttunum er síðan hverjum fyrir sig skipt í tvo eða fleiri kafla sem halda þó samfelldri númeraröð til enda frumvarpsins. Þótt nokkur lýsing á efnisskipan frumvarpsins hafi þegar komið fram hér á undan í frásögn af helstu breytingum frá núgildandi lögum, þykir rétt að víkja hér sérstaklega að helsta efni hvers þáttar og kafla.

Fyrsti þáttur frumvarpsins geymir almennar reglur um nauðungarsölu. Hér er um sameiginlegar reglur að ræða, sem taka jöfnum höndum til allra afbrigða nauðungarsölu, en þessum reglum er skipað í þrjá fyrstu kafla frumvarpsins. Í I. kafla eru almenn ákvæði, þar sem gildissvið frumvarpsins og hugtakið nauðungarsala er skýrt í 1. gr., afmarkað er í 2. gr. hverjir séu aðilar að nauðungarsölu og ýmis almenn atriði varðandi störf sýslumanna koma meðal annars fram í 3.–5. gr. Í II. kafla frumvarpsins eru reglur um heimildir til að krefjast nauðungarsölu. Í 6. gr. kemur fram á grundvelli hverra heimilda skuldheimtumenn megi krefjast nauðungarsölu á eign til að fá peningakröfum fullnægt. Í 7. gr. er mælt fyrir um heimildir skiptastjóra til að krefjast ráðstöfunar eigna dánar- eða þrotabús með nauðungarsölu, en í 8. gr. koma fram reglur um heimildir eigenda eigna til að fá þeim ráðstafað eftir fyrirmælum frumvarpsins, en réttaráhrif slíkrar ráðstöfunar yrðu þó ekki þau sömu og við nauðungarsölu endranær, sbr. m.a. 4. mgr. 8. gr. Í 9. og 10. gr. er síðan kveðið á um það hvenær heimild gerðarbeiðanda til að leggja fram beiðni um nauðungarsölu sé háð undanfarandi áskorun hans til gerðarþola, hvers efnis slík áskorun eigi að vera og hvernig henni verði komið á framfæri. Í III. kafla eru fyrirmæli um beiðni um nauðungarsölu og meðferð sýslumanns á henni á fyrstu stigum. Í 11. gr. er lýst hvers efnis beiðnin eigi að vera og hvað þurfi að fylgja henni til sýslumanns, en í 12. gr. er mælt fyrir um hvert eigi að beina beiðni, áhrif hennar til slita á fyrningu kröfu og þá ábyrgð gerðarbeiðanda á kostnaði af nauðungarsölu, sem fylgir því sjálfkrafa að hann leggi fram beiðni. Í 13. gr. eru reglur um könnun sem sýslumanni er ætlað að framkvæma á beiðni áður en hún getur hlotið frekari meðferð, í 14. gr. er fjallað um aðstöðuna þar sem tvær eða fleiri beiðnir liggja fyrir um nauðungarsölu á sömu eign og í 15. gr. eru almennar reglur um það hvenær beiðni um nauðungarsölu getur talist fallin niður. Í 16. gr. frumvarpsins er síðan fjallað um tilkynningu sem sýslumanni ber að meginreglu að senda gerðarþola um framkomna beiðni um nauðungarsölu áður en lengra er haldið við meðferð hennar.

Í öðrum þætti frumvarpsins, sem er lengsti þáttur þess, koma fram sérreglur um nauðungarsölu á fasteignum og öðrum eignum eða réttindum sem verður ráðstafað með sama hætti og fasteign. Í ákvæðum IV. kafla er fyrst afmarkað í 17. gr. hverjar tegundir eigna eigi undir fyrirmæli 2. þáttar frumvarpsins, en í 18. gr. eru reglur um það í hverju umdæmi eigi að krefjast nauðungarsölu á þessum eignum hverju sinni. Í 19.–25. gr. koma síðan fram reglur um fyrstu aðgerðir sýslumanns við nauðungarsölu á þessum eignum, m.a. um auglýsingu nauðungarsölu í Lögbirtingablaði, fyrstu fyrirtöku nauðungarsölunnar, meðferð ágreinings sem kemur upp fyrir sýslumanni, heimildir til að krefjast nauðungarsölu á almennum markaði og ákvörðun um hvenær uppboð byrji á eign ef ekki verður selt á almennum markaði. Í V. kafla eru reglur um uppboð á fasteignum og öðrum eignum sem ákvæði 2. þáttar taka til. Ákvæði 26. og 27. gr. varða undirbúning og frestun uppboða, en í 28. og 29. gr. er mælt fyrir um uppboðsskilmála. Í 30. gr. eru sérreglur sem taka einkum til tilvika þar sem krafist er í einu

lagi nauðungarsölu á fasteign, skipi eða loftfari annars vegar og lausafjármunum sem fylgja slíkri eign hins vegar. Í 31.–34. gr. eru reglur um byrjun uppboðs á eign, sem færi jafnan fram á starfstöð sýslumanns, en öðrum þræði eru þar einnig almennar reglur um framkvæmd uppboða, m.a. um hverjir megi gera boð í eign, hvernig boð komi fram og tryggingu fyrir boði. Í 35. og 36. gr. er síðan fjallað um framhald uppboðs, sem er ætlast til að fari að öðru jöfnu fram við eignina sjálfa. Samkvæmt 37. gr. getur sýslumaður gripið til þess ráðs að halda uppboði áfram öðru sinni ef sérstaklega stendur á. Í 38. gr. eru almennar reglur um bókanir í gerðabók um uppboð. Ákvæði 39. gr. snúa einkum að því hvenær og hvernig sýslumaður samþykki boð sem hefur komið fram við uppboð, en í 40. gr. eru reglur um það hvernig kaupandi greiði söluverð samkvæmt boði sínu. Reglur um nauðungarsölu á almennum markaði koma þessu næst fram í VI. kafla frumvarpsins, en til hans heyra 41.–45. gr. Þar er því aðallega lýst hvernig leitað verði tilboða í eign á almennum markaði, hvernig afstaða verði tekin til tilboða sem koma fram og hver atvik geti leitt til þess að hætt verði við aðgerðir samkvæmt þessum reglum, sem hefði þær afleiðingar þá í för með sér að nauðungarsalan yrði að fara fram á uppboði. Í VII. kafla er greint frá því í 46.–48. gr. hvernig verði staðið að innheimtu og varðveislu söluverðs og hvernig verði brugðist við vanefndum kaupanda eða kröfum sem hann hefur uppi vegna vanefnda í sinn garð. Ákvæði VIII. kafla geyma reglur um úthlutun sýslumanns á söluverði til veðhafa og annarra rétthafa. Í 49. gr. kemur fram hvernig kröfur verði gerðar til greiðslu af söluverði, en í 50. gr. eru reglur um frumvarp sem sýslumaður á að gera að úthlutun söluverðsins. Þar er lýst í einstökum atriðum hvers efnis frumvarpið eigi að vera og hvernig sýslumaður taki afstöðu til krafna. Í 51. og 52. gr. er því síðan lýst hvernig frumvarp verði kynnt fyrir hlutaðeigendum og hvernig brugðist verði við nýjum kröfum sem koma fram eftir gerð frumvarps og mótmælum gegn frumvarpi. Í 53. og 54. gr. er loks að finna reglur um hvernig verði greitt samkvæmt úthlutunargerð þegar frumvarp að henni hefur hlotið endanlega afgreiðslu. Í IX. kafla frumvarpsins koma síðan fram lokaákvæði 2. þáttar. Þar er mælt fyrir um rétt kaupanda til að taka við umráðum eignar í 55. gr., afsal til kaupanda í 56. gr. og hvernig fari um ófullnægðar eftirstöðvar veðkröfu kaupanda í 57. gr.

Þriðji þáttur frumvarpsins geymir reglur um nauðungarsölu á öðrum eignum og réttindum en þeim, sem ákvæði 2. þáttar taka til, en þessar reglur varða fyrst og fremst ráðstöfun á lausafjármunum. Í 58.–60. gr., sem heyra til X. kafla frumvarpsins, er kveðið á um það í hverju umdæmi nauðungarsölu eftir 3. þætti verði krafist og hvernig staðið verði að því að taka muni úr vörslum gerðarþola eða annars umráðamanns til að ráðstafa þeim. Í XI. kafla eru reglur um ráðstöfun lausafjármuna, sem er aðallega ætlast til að eigi sér stað á uppboði, sbr. 61. gr., þótt einnig sé heimilað í 62. gr. að selja slíka muni á almennum markaði. Mælt er sérstaklega fyrir um meðferð ágreinings um ráðstöfun lausafjár í 63. gr., en í 64.–69. gr. er kveðið á um auglýsingu uppboðs á lausafé, uppboðsskilmála, framkvæmd uppboðs, úthlutun söluverðs, afsal fyrir lausafjármunum og réttaráhrif uppboðs á þeim. Í XII. kafla er síðan að finna sérreglur um ráðstöfun á verðbréfum, kröfuréttindum o.fl. í 70.–72. gr. frumvarpsins.

Í fjórða þætti frumvarpsins koma fram reglur um meðferð ágreiningsmála um nauðungarsölu fyrir dómstólum. Ákvæði þessa þáttar greinast í tvo kafla, XIII. og XIV. kafla frumvarpsins. Sá fyrri geymir reglur 73.–79. gr. um meðferð ágreiningsmála sem rísa um afmörkuð atriði varðandi nauðungarsöluna, að því leyti sem þau verða borin út af fyrir sig undir dóm, en í þeim síðari eru reglur 80.–85. gr. um meðferð mála þar sem verður leyst úr gildi nauðungarsölunnar sem slíkrar eftir að söluaðgerðum er lokið. Í báðum köflunum eru reglur um málsmeðferð fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og eru þær settar fram með þeim hætti að mál af þessum toga verði rekin eftir almennum reglum um meðferð einkamála að því leyti sem þar er ekki mælt fyrir á annan veg.

Fimmti og síðasti þáttur frumvarpsins greinist í þrjá kafla. Í XV. kafla eru reglur um skaðabótaskyldu vegna nauðungarsölu, sem koma fram í 86.–88. gr. frumvarpsins. Í XVI. kafla er mælt fyrir um gildistöku í 89. gr. og brottfall og breytingu laga í 90. og 91. gr. Að endingu eru ákvæði til bráðabirgða í 92.–99. gr., sem er skipað saman í XVII. kafla frumvarpsins. Í þessum bráðabirgðaákvæðum eru reglur um tengsl eldri laga og yngri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. er að finna almenna afmörkun á efni frumvarpsins í stuttu máli, þar sem er lýst um hverjar aðgerðir reglur þess fjalla. Þar kemur efnislega fram að ákvæði frumvarpsins taki til ráðstöfunar á eign með uppboði, sölu hennar á almennum markaði eða innheimtu eða innlausn á andvirði hennar. Mælt er nánar fyrir um hverja aðferðina til að ráðstafa eign í síðari ákvæðum frumvarpsins. Þannig má finna reglur um uppboð í V. og XI. kafla, ákvæði um sölu á almennum markaði í VI. kafla og fyrirmæli um innheimtu eða innlausn á andvirði eignar eða réttinda í XII. kafla. Önnur ákvæði frumvarpsins mynda flest umgerð um þessa fjóra kafla, með því að lýsa því hverjir framkvæmi þessar ráðstafanir, hvenær heimilt sé að krefjast þeirra og hvernig slíkri kröfu verði komið fram, hvernig ráðstafanir verði undirbúnar, hvernig andvirði eignar greiðist að ráðstöfun lokinni og hvernig því verði varið, hver réttaráhrif ráðstöfunar séu og hvernig verði farið með ágreiningsefni sem koma upp í þessu sambandi.

Ákvæðum frumvarpsins er þó að vonum ekki ætlað að taka til allra tilvika, þar sem eign er boðin til sölu á almennum markaði eða uppboði eða andvirði eignar eða réttinda er innheimt eða greitt við innlausn. Þetta er ljóst af þeirri nánari afmörkun á gildissviði frumvarpsins, sem felst í orðum 1. mgr. 1. gr., þar sem segir að þessar ráðstafanir eigi sér stað án tillits til vilja eiganda eignar eða réttinda. Með þessu er áréttað að hér sé um nauðungarráðstafanir að ræða, sem fara fram óháð afstöðu þess sem þær beinast að, eða með öðrum orðum fullnustugerðir. Þetta er þó ekki alveg án undantekninga, því í niðurlagi 1. mgr. 1. gr. er vísað til tveggja annarra ákvæða frumvarpsins, þar sem er byggt á því að ráðstafanir séu gagngert háðar óskum eiganda eignar. Annars vegar er þar vísað til 7. gr., þar sem er mælt fyrir um að ráðstöfun á eignum þrota- eða dánarbús geti farið fram eftir reglum frumvarpsins samkvæmt ósk forráðamanns bús, og hins vegar er vísað til 1. mgr. 8. gr., þar sem er kveðið á um að eigandi eignar geti alltaf óskað sjálfur eftir því að henni verði komið í verð með þessum hætti. Í hvorugu þessara tilvika verður rætt um nauðungarráðstöfun eða fullnustugerð. Þessar undantekningar eru hins vegar ekki umfangsmeiri en svo að óhætt er að slá því föstu að reglur frumvarpsins fjalli í öllum meginatriðum um ráðstöfun eigna með fullnustugerðum.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. er hugtakið nauðungarsala notað í frumvarpinu sem samheiti fyrir þær ráðstafanir á eignum sem hér hefur verið lýst. Þess verður að vísu að geta að eftir bókstaflegum skilningi á hugtakinu getur það ekki talist réttnefni í fyrrnefndum tilvikum, þar sem ráðstöfun á eign er með öllu háð vilja eiganda hennar, sbr. 7. gr. og 1. mgr. 8. gr. Allt að einu er ráðgert í 2. mgr. 1. gr. að þetta hugtak verði einnig notað í þeim tilvikum. Þetta verður að helgast af nauðsyn þess að komast hjá því að gefa þeim ráðstöfunum sérstakt heiti, sem yrði sífellt að taka upp samhliða orðinu nauðungarsölu í fjölmörgum tilvikum þar sem það kemur fyrir í texta frumvarpsins. Hins vegar verður að vekja athygli á því að ráðstöfun eignar á

grundvelli 7. eða 8. gr. fer ekki í öllum atriðum eftir almennum reglum frumvarpsins, eins og nánar er skýrt í athugasemdum við þær greinar.

Í II. kafla almennra athugasemda við frumvarpið er greint frá ástæðunum fyrir því að hugtakið nauðungarsala er notað um aðgerðir eftir ákvæðum frumvarpsins í stað þess að ræða um nauðungaruppboð, eins og er gert í núgildandi lögum nr. 57/1949. Skal hér vísað til þeirrar umfjöllunar til frekari skýringa.

Um 2. gr.

Í þessari grein frumvarpsins kemur fram hverjir teljist aðilar að nauðungarsölu. Áþekkar reglur um aðild er að finna í 8. gr. laga nr. 57/1949 og er hér ekki gert ráð fyrir teljandi breytingum frá þeim. Í 2. gr. frumvarpsins er greint frá aðilum að nauðungarsölu í fjórum töluliðum og er rétt að víkja lítillega að hverjum liðnum, einkum til samanburðar við ákvæði núgildandi laga.

Í 1. tölul. 2. gr. er sá talinn fyrstur meðal aðila, sem krefst nauðungarsölu. Í frumvarpinu er sá aðili nefndur gerðarbeiðandi, ekki uppboðsbeiðandi eins og í 1. tölul. 8. gr. laga nr. 57/1949, en skýring á þessari breyttu hugtakanotkun kemur fram í II. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Í þessu ákvæði frumvarpsins segir að gerðarbeiðandi sé sá sem krefst nauðungarsölu, en þessi orð verður að skilja á þann veg að átt sé við þann, sem á þá hagsmuni sem á að fá fullnægt með kröfunni, en ekki málflytjanda eða annan umboðsmann hans, sem gerir beiðni um nauðungarsölu fyrir hans hönd. Ástæða er til að undirstrika þetta hér, enda hefur verið lenska í núverandi framkvæmd að nefna til dæmis lögmann veðhafa, sem gerir beiðni um uppboð fyrir hans hönd, ranglega uppboðsbeiðanda.

Í 2. tölul. 8. gr. laga nr. 57/1949 er „uppboðsþolandi“ talinn meðal aðila að nauðungaruppboði, en nánari skýring kemur ekki fram á því hver hann sé, sem hefur leitt af sér viss álitaefni í framkvæmd. Í 2. tölul. 2. gr. frumvarpsins segir á hinn bóginn að gerðarþoli sé sá, sem almennar reglur leiða til að verði talinn eigandi eignarinnar sem nauðungarsölu er krafist á. Þótt stigið sé það skref með þessu að marka nánar en í núgildandi lögum hver gerðarþolinn sé geymir ákvæðið ekki neina afgerandi skilgreiningu á því, enda er þar skírskotað til almennra reglna á vettvangi eignarréttar til lausnar á því álitaefni. Með þessum hætti eru þó tekin af tvímæli um það, að ef eigandi eignar og skuldari að veðtryggðri kröfu, sem er leitað fullnustu á við nauðungarsölu, er ekki einn og sá sami, þá sé eigandinn gerðarþoli en ekki skuldarinn. Um inntak þessarar reglu má að öðru leyti benda á að í þeim tilvikum, þar sem reglur um þinglýsingu eða sambærilega skráningu réttinda eiga við um eign sem er krafist nauðungarsölu á, verður þinglýstur eða skráður eigandi talinn gerðarþoli, jafnvel þótt kunnugt sé að annar maður hafi til dæmis keypt eignina af honum án þess að þinglýsa eða skrá réttindi sín.

Í 3. tölul. 2. gr. eru tveir flokkar rétthafa yfir eign, sem hvorki teljast til gerðarbeiðenda né gerðarþola, taldir meðal aðila að nauðungarsölu. Annars vegar er þar um þá að ræða, sem njóta þinglýstra réttinda yfir eign, en þeir verða sjálfkrafa taldir aðilar, hvort sem þeir gefa sig fram við nauðungarsölu eða ekki. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort vitað sé hver njóti þinglýstra réttinda meðan enginn gefur sig fram í skjóli þeirra, til dæmis þegar veðskuldabréfi til handhafa hefur verið þinglýst. Hins vegar ná ákvæði 3. tölul. 2. gr. til rétthafa, sem hafa ekki þinglýst réttindum sínum en gefa sig fram við sýslumann og hafa uppi kröfur varðandi nauðungarsöluna. Ákvæðum 3. tölul. 2. gr. svipar til reglu 3. tölul. 8. gr. laga nr. 57/1949, en hér ber þó á milli að aðild samkvæmt síðargreindu reglunni er bundin við þá, sem gefa sig fram við uppboð til að gæta réttinda sinna, og gerir reglan ekki greinarmun á þinglýstum og óþinglýstum réttindum.

Loks er í 4. tölul. 2. gr. kveðið á um aðild þeirra, sem gefa sig að öðru leyti fram við sýslumann og hafa uppi kröfu varðandi eign, sem nauðungarsölu er krafist á, eða andvirði hennar eða hafa uppi mótmæli gegn kröfu gerðarbeiðanda. Aðild í þessu tilviki er háð þeim áskilnaði að hlutaðeigandi hafi lögvarinna hagsmuna að gæta af því að tekið verði tillit til krafna hans við nauðungarsöluna. Þessi regla er áþekk ákvæðum 4. tölul. 8. gr. laga nr. 57/1949. Meðal þeirra tilvika, þar sem komið gæti til aðildar eftir þessu ákvæði frumvarpsins, má nefna í dæmaskyni að ef krafist væri nauðungarsölu á eignarhluta gerðarþola í fasteign, sem er í óskiptri sameign, gæti sameigandi hans gefið sig fram og haft uppi kröfur sem lúta að umfangi eignarhluta gerðarþola. Eins má nefna sem dæmi um aðild eftir þessu ákvæði, að ef þriðji maður væri skuldari að peningakröfu, sem er tryggð með veði í eign gerðarþola, og gerðarbeiðandi krefst nauðungarsölu á eigninni til að fá fullnustu á skuldinni, gæti þriðji maður gefið sig þar fram og haft uppi mótbárur gegn tilvist skuldarinnar og þar með heimildinni til nauðungarsölu.

Að öðru leyti er vert að vekja athygli á því að ætlast er til þess með 2. gr. frumvarpsins að aðild að nauðungarsölu hafi í meginatriðum sömu áhrif á réttindi og stöðu hlutaðeigenda og fylgja því almennt að eiga aðild að dómsmáli eftir almennum reglum einkamálaréttarfars. Þannig er byggt á því að aðilar eigi einir rétt á því að hafa uppi kröfur varðandi nauðungarsölu og hún hefði almennt ekki áhrif gagnvart öðrum en aðilum. Varðandi síðastnefnt atriði ber þó að taka tillit til þess að kaupandi telst ekki til aðila að nauðungarsölu, en vissulega hefði hún áhrif gagnvart honum. Þá verður einnig að benda á að í 2. mgr. 56. gr. er kveðið á um það að nauðungarsala leiði að meginreglu til þess að öll ófullnægð óbein eignarréttindi yfir seldri eign, hverju nafni sem nefnast, falli niður og er sú afleiðing nauðungarsölu ekki háð því að sá, sem nýtur þeirra réttinda, hafi verið aðili að henni í skilningi 2. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins koma fram ákvæði sem afmarka að framkvæmd nauðungarsölu sé stjórnsýsluathöfn, þar sem segir að sýslumenn fari með þau störf, en samkvæmt reglum laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, eru sýslumenn framkvæmdarvaldshafar sem fara ekki með dómsvald. Eftir núgildandi reglum laga nr. 57/1949 og nr. 74/1972 fara héraðsdómarar með framkvæmd nauðungaruppboða, en vikið var sérstaklega að breytingunni í þessum efnum, sem er ráðgerð í frumvarpinu, í I. og II. kafla almennra athugasemda hér að framan.

Í 1. mgr. 3. gr. er mælt fyrir um að sýslumenn annist framkvæmd nauðungarsölu sjálfir eða löglærðir fulltrúar þeirra. Þessi fyrirmæli má þó ekki skoða svo bókstaflega að aðrir starfsmenn sýslumanna en löglærðir fulltrúar geti ekki leyst af hendi störf sem lúta að nauðungarsölum, heldur verður að skilja þessa reglu þannig að það séu aðeins sýslumenn og löglærðir fulltrúar sem megi taka nauðungarsölu formlega fyrir og framkvæma sölu á eign. Í síðari málslið 1. mgr. 3. gr. er að finna sérstaka undantekningu frá því sem hér hefur verið sagt, en þar er mælt fyrir um heimild sýslumanns til að fela ólöglærðum starfsmanni sínum að bjóða upp lausafjármuni eftir reglum XI. kafla frumvarpsins. Með þessu ákvæði er leyft að ólöglærður starfsmaður geti haldið lausafjáruppboð án þess að sýslumaður þurfi að koma þar nærri. Heimildinni mætti þó eins beita á þann hátt að sýslumaður eða löglærður fulltrúi haldi uppboðið formlega, en feli ólöglærðum manni að kalla eftir boðum í lausafjármuni og taka afstöðu til boðanna. Í lögum nr. 57/1949 er ekki að finna sambærilega heimild, en samkvæmt 3. gr. þeirra má þó fela hreppstjóra að halda lausafjáruppboð.

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins koma fram fyrirmæli um sérstakt hæfi sýslumanna og löglærðra fulltrúa þeirra til að annast framkvæmd nauðungarsölu, en þessi hæfisskilyrði taka

einnig til ólöglærðra starfsmanna sýslumanna ef þeim yrði falið að halda lausafjáruppboð samkvæmt heimild í 1. mgr. 3. gr. Hæfisreglurnar í 3. gr. eru sama efnis og ákvæði um hæfi til að fara með aðfarargerðir í 4. gr. laga nr. 90/1989, eins og henni var breytt með 195. gr. laga nr. 19/1991.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 3. gr. eru efnislega samhljóða reglum 3. og 4. mgr. 4. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, og þarfnast ekki frekari skýringa hér.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. kemur fram að sýslumenn eigi að færa málaskrár og gerðabækur um nauðungarsölur eftir því sem nánar er mælt í öðrum ákvæðum frumvarpsins, en dómsmálaráðherra er ætlað að setja nánari fyrirmæli í reglugerð um form og efni málaskrár og form gerðabóka. Í þessu felst að ráðherra er falið að ákveða form gerðabóka, en reglur frumvarpsins eiga að taka af skarið um það hvað eigi að færa í þessar gerðabækur, sem yrði þannig ekki mælt fyrir um í reglugerð. Ganga má út frá því að öðru jöfnu að beinlínis sé tekið fram í ákvæðum frumvarpsins hvort bóka eigi í gerðabók um einstök atriði. Þar sem ekki er mælt fyrir um nauðsyn bókunar má þannig almennt líta svo á að hennar sé ekki þörf. Bein fyrirmæli um bókanir í gerðabók koma víða fram í frumvarpinu, til dæmis í 5., 25., 29., 33., 38., 41., 52., 60., 61., 67., 70. og 73. gr. Af tilvikum, þar sem ekki er beinlínis mælt fyrir um nauðsyn bókunar en hennar gæti þó verið þörf, má benda á ákvæði 47. og 48. gr. frumvarpsins, en í raun er þá lagt á vald sýslumanns að meta hvort gripið verði til gerðabókar. Um málaskrá er ekki nánar mælt í ákvæðum frumvarpsins, en samkvæmt orðum 1. mgr. 4. gr. er ráðherra ætlað að setja fyrirmæli í reglugerð bæði um form málaskrár og þau atriði sem ætti að færa í hana.

Í 2. mgr. 4. gr. er fjallað um varðveislu sýslumanns á gögnum um nauðungarsölur og heimildir manna til að fá aðgang að slíkum gögnum, en um þessi atriði vísar ákvæðið til reglna um dómskjöl í einkamálum, sem nú koma fram í 43. og 44. gr. laga nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 4. gr. er kveðið á um tilvist málaskrár við héraðsdómstóla vegna ágreiningsmála sem þar yrði leyst úr í tengslum við nauðungarsölu. Dómsmálaráðherra er hér falið að setja reglur um bæði form og efni slíkra skráa, sem er því ekki mælt nánar fyrir um í ákvæðum frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í fyrri málsgrein 5. gr. kemur fram að ekki sé þörf á votti við athafnir sem eiga sér stað eftir ákvæðum frumvarpsins. Í þessu felst breyting frá reglum laga nr. 57/1949, því kveðið er á um það í 4. mgr. 2. gr. laganna að tveir vottar þurfi að vera staddir við nauðungaruppboð. Röksemdum fyrir þessari breytingu var lýst hér áður í II. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Tekið skal fram að vissara þykir vegna umræddra fyrirmæla núgildandi laga að taka berum orðum fram að votta sé ekki þörf við nauðungarsölu, eins og er gert í 1. mgr. 5. gr., þótt draga mætti sömu ályktun ef hvergi væri minnst á nauðsyn votta í ákvæðum frumvarpsins.

Í síðari málsgrein 5. gr. eru ákvæði um heimild sýslumanns til að kveðja til virðingarmann til að meta eign til peningaverðs í tengslum við nauðungarsölu. Slík virðing á eign yrði vafalaust mjög sjaldgæf í framkvæmd, enda er sambærilegri heimild í 20. gr. laga nr. 57/1949 nánast aldrei beitt. Í frumvarpinu er þó að finna ráðagerðir um tilvik þar sem virðing gæti farið fram, í 4. mgr. 42. gr. og 2. mgr. 50. gr., en ekki má líta svo að þetta verði ekki gert í öðrum tilvikum ef ástæða þykir til að afla verðlagningar á eign, sem gæti til dæmis komið til álita við þær aðstæður sem er fjallað um í 1. mgr. 37. gr. Í 2. mgr. 5. gr. er ætlast til þess að almennum

reglum um matsmenn í einkamálum verði beitt um til dæmis fjölda virðingarmanna, hæfi og framkvæmd matsstarfa eftir því sem getur átt við.

Um 6. gr.

Í 6. gr., sem er upphafsákvæði II. kafla frumvarpsins, er að finna reglur um heimildir skuldheimtumanna til að krefjast nauðungarsölu á eign til að fá peningakröfum fullnægt af andvirði hennar. Ákvæði 1. mgr. 6. gr., þar sem þessar heimildir eru taldar upp í sex töluliðum, eru að miklu leyti hliðstæð reglum 1. gr. laga nr. 57/1949, en rétt er að víkja hér nánar að einstökum atriðum í þessu sambandi til að frekari skýringa.

Í 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. kemur fram að skuldheimtumaður geti krafist nauðungarsölu á grundvelli fjárnáms í viðkomandi eign. Í ljósi upphafsorða 1. mgr. 6. gr. á ekki að orka tvímælis að það beri að skilja fyrirmæli 1. tölul. á þann veg, að skuldheimtumaður þurfi hér að styðjast við fjárnám sem hefur verið gert í þeirri eign, sem hann krefst nauðungarsölu á, og að fjárnámið hafi verið gert fyrir þeirri peningakröfu sem hann leitar fullnustu á með nauðungarsölunni. Orðalag 1. tölul. er ekki alls kostar það sama og í sambærilegri heimild a-liðar 1. tölul. 1. gr. laga nr. 57/1949, þar sem segir að nauðungaruppboð megi fara fram með heimild í „aðfarargerð (fjárnámi, lögtaki)". Stafar þessi breyting af því, að hugtakið aðfarargerð er notað í lögum nr. 90/1989 um fleiri fullnustugerðir en þær, sem fara fram til að fullnægja eða tryggja peningakröfur, og hugtakið kynni jafnvel að vera skilið á þann veg að það tæki einnig til kyrrsetningar eða löggeymslu, sem færi fram til að afla bráðabirgðatryggingar fyrir peningakröfu samkvæmt lögum nr. 31/1990, en ekki er ætlast til þess að umræddar bráðabirgðagerðir geti orðið heimildir til nauðungarsölu. Þess má geta að óþarft er að minnast á lögtak sem heimild til nauðungarsölu í 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins, því lögtaksgerðir samkvæmt núgildandi lögum verða taldar fjárnámsgerðir eftir gildistöku laga nr. 90/1989. Um heimild til að krefjast nauðungarsölu á grundvelli lögtaks, sem væri gert fyrir gildistöku nefndra laga, er fjallað í 98. gr. frumvarpsins.

Í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. er mælt fyrir um heimild til að krefjast nauðungarsölu á grundvelli þinglýsts samnings um veðrétt í eign fyrir tiltekinni peningakröfu, ef því skilyrði er fullnægt að berum orðum sé tekið fram í samningnum að það megi krefjast nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Heimildarskjalið fyrir nauðungarsölu, sem hér er átt við, yrði oftast veðskuldabréf sem geymir fyrirmæli um rétt til að krefjast nauðungarsölu til að fullnægja gjaldföllnum greiðslum af skuld samkvæmt bréfinu, án þess að mál til heimtu þeirra sé áður lagt fyrir dómstóla eða fjárnám sé gert fyrir þeim í viðkomandi eign.

Í II. kafla almennra athugasemda við frumvarpið var vikið að því að ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. feli aðallega í sér ráðagerðir um breytingar að tvennu leyti frá núgildandi b-lið 1. tölul. 1. gr. laga nr. 57/1949. Nánar tiltekið er annars vegar um breytingu að ræða að því leyti að í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er áskilið að samningi um veðrétt þurfi að hafa verið þinglýst til þess styðja megi kröfu um nauðungarsölu við það. Áskilnaður er ekki gerður um þinglýsingu í núgildandi lagareglu, en breyting er lögð til í þessum efnum af ýmsum sökum. Fyrst og fremst er markmiðið með þessu að notfæra á vettvangi nauðungarsölu þá tryggingu varðandi efni og gerð skjals, sem leiðir af þinglýsingu, en samkvæmt þinglýsingalögum nr. 39/1978 verður veðskuldabréf meðal annars að vera vottað með tilteknum hætti, efni þess þarf að vera skýrt og ákveðið og eigandi eignar þarf sjálfur að standa að veðsetningu, eftir atvikum með því að heimila formlega öðrum manni að leggja veðbönd á eign sína. Verður að telja verulega til einföldunar að gera kröfu hér um þinglýsingu, því að öðrum kosti þyrfti bæði að lýsa að einhverju marki sérstökum skilyrðum fyrir nauðungarsölu eftir óþinglýstu veðskuldabréfi í 6. gr. frumvarpsins og sambærileg könnun þyrfti þá að eiga sér stað við nauðungarsölu á

óþinglýstu skjali eins og fer fram við þinglýsingu endranær. Áskilnaðurinn um þinglýsingu í 2. tölul. þessa ákvæðis á sér hliðstæðu í norrænni löggjöf, en rétt er að geta þess að nú er mjög fátítt í framkvæmd að krafist sé nauðungaruppboðs á grundvelli óþinglýsts skuldabréfs. Hins vegar er lögð til breyting með 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. að því leyti, að bein heimild til nauðungarsölu á grundvelli veðskuldabréfs er ekki bundin við fasteignir, eins og nú er í b-lið 1. tölul. 1. gr. laga nr. 57/1949. Sú takmörkun í núgildandi lögum þykir ekki eðlileg, enda er orðið algengara en áður var að verðmætt lausafé sé veðsett með samningum, til dæmis vélar til atvinnurekstrar eða bifreiðar. Í framkvæmd hefur orðið talsvert óhagræði af núgildandi reglu í tilvikum þar sem lánastofnanir hafa fengið í einu lagi veð til tryggingar fjárfestingar- eða rekstrarlánum í til dæmis atvinnuhúsnæði skuldara og vélum hans og tækjum. Þegar þannig stendur á heimilar núgildandi regla að það megi eftir atvikum krefjast nauðungaruppboðs án undanfarandi aðgerða á fasteigninni, en uppboð fyrir sömu skuldbindingu mætti ekki fara fram á vélum og tækjum nema að undangengnum dómi fyrir skuldinni og fjárnámi. Rýmkunin, sem hér er lögð til í frumvarpinu, getur varla talist draga úr réttarvernd gerðarþola svo máli skipti, en hún er á hinn bóginn honum til hagsbóta að því leyti að kostnaður félli ekki á hann vegna undanfarandi öflunar dóms og framkvæmdar fjárnáms.

Af öðrum atriðum 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. má í fyrsta lagi vekja athygli á því, að þar er ekki tekið fram að bein heimild þurfi að vera fyrir hendi í ákvæðum annarra laga til að áskilja hverju sinni rétt í veðskuldabréfi til að krefjast nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Er að þessu leyti um breytingu að ræða frá orðum b-liðar 1. tölul. 1. gr. laga nr. 57/1949, þar sem er tekið fram að lagaheimild sem þessi þurfi að vera fyrir hendi. Raunhæft gildi þessa skilyrðis núgildandi laga er hins vegar hverfandi lítið eða ekkert í ljósi þess að í 3. gr. veðlaga nr. 18/1887 er ótakmörkuð heimild til að taka upp ákvæði þessa efnis í veðskuldabréf. Í öðru lagi er rétt að benda á að í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. kemur fram að heimild til að krefjast nauðungarsölu á þessum grundvelli sé aðeins fyrir hendi, þegar samningur er gerður um veðrétt í eign fyrir tiltekinni peningakröfu. Með þessu er áréttað að samningurinn þarf sem slíkur að taka af tvímæli um fyrir hverri skuld sé verið að veita þessa heimild. Svokallað allsherjarveð, sem væri veitt til tryggingar fyrir öllum skuldbindingum veðsalans við veðhafann, mundi þannig ekki fullnægja þessum áskilnaði ákvæðisins, svo dæmi sé nefnt. Sambærilegur áskilnaður er ekki gerður í núgildandi lögum, en dómvenja er hins vegar fyrir reglu sama efnis og hér er lögð til í frumvarpinu. Í þriðja lagi má loks geta þess að í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er tekið fram að heimildin til að krefjast nauðungarsölu á grundvelli þinglýsts samnings um veðrétt sé háð því að það sé tekið berum orðum fram í samningnum að það megi gera þessa kröfu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Efnislega er hér um sams konar skilyrði að ræða og kemur fram í 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, þar sem er mælt fyrir um heimild til að krefjast fjárnáms án undangengins dóms eða sáttar á grundvelli skuldabréfs. Leggja ber þann skilning í þetta skilyrði frumvarpsins að heimildin til að krefjast nauðungarsölu án umrædds undanfara þurfi að koma beinlínis fram efnislega í orðum samningsins og það svo skýrlega að þeim, sem er að veita þessa heimild, megi vera það ljóst. Þessu skilyrði yrði ekki fullnægt með því einu að vísað væri til ákvæða 2. tölul. í samningi án frekari skýringa eða með þokukenndum ummælum um rétt skuldareiganda til að láta selja veðið. Þetta skilyrði felur hins vegar ekki í sér að það yrði að taka upp tilvísun til ákvæða 2. tölul. í texta skuldabréfs, heldur nægir að umrætt efnisinntak ákvæðisins komist þar til skila.

Í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. er mælt fyrir um heimild til að krefjast nauðungarsölu á grundvelli samnings um handveð í viðkomandi eign fyrir tiltekinni peningakröfu. Þessi regla svarar efnislega til c-liðar 1. tölul. 1. gr. laga nr. 57/1949. Þótt það sé ekki tekið fram berum orðum í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. verður að ganga út frá því að samningur um handveð þurfi að vera

skjalfestur til þess að unnt yrði að krefjast nauðungarsölu á grundvelli hans, enda væri gerðarbeiðanda annars ekki kostur á að leiða þau rök að kröfu sinni, sem þarf til þess að hún yrði tekin til frekari meðferðar, sbr. 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Í 3. tölul. er ekki áskilið með hliðstæðum hætti og í 2. tölul. að samningur um handveð þurfi að geyma fyrirmæli um heimild veðhafa til að krefjast nauðungarsölu, en þetta stafar af því að eftir núgildandi reglum verður að líta svo á að handveð feli þessa heimild sjálfkrafa í sér, sbr. 1. gr. veðlaga nr. 18/1887. Um þann áskilnað 3. tölul. 1. mgr. 6. gr., að handveð þurfi að vera veitt fyrir tiltekinni peningakröfu, má vísa til umfjöllunar hér á undan um sams konar skilyrði í 2. tölul. ákvæðisins.

Í 4. og 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. er mælt fyrir um tvenns konar heimildir til að krefjast nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms til fullnustu á kröfum sem lögveðréttur fylgir. Í fyrra ákvæðinu kemur fram að það megi krefjast nauðungarsölu á eign í tilvikum þar sem ákvæði annarra laga mæla fyrir um bæði lögveðrétt fyrir peningakröfu í eigninni og að það megi krefjast nauðungarsölu á henni án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Þetta ákvæði svarar efnislega til e-liðar 1. tölul. 1. gr. laga nr. 57/1949. Í síðara ákvæðinu er á hinn bóginn heimilað að krefjast nauðungarsölu á eign í tilvikum þar sem ákvæði annarra laga veita lögveðrétt í henni fyrir kröfu ríkisins, sveitarfélaga, stofnana þeirra eða fyrirtækja, og því skilyrði er enn fremur fullnægt að fjárhæð kröfunnar ráðist af lögum, reglugerð eða gjaldskrá staðfestri af ráðherra. Þetta ákvæði svarar efnislega til fyrirmæla í 1. gr. laga um sölu lögveða án undangengins lögtaks nr. 49/1951. Munurinn milli reglna 4. og 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins felst í því, að í 4. tölul. er áskilið að fyrirmæli annarra laga kveði bæði á um tilvist lögveðréttar og heimild til nauðungarsölu, meðan regla 5. tölul. áskilur aðeins að mælt sé í öðrum lögum um tilvist lögveðréttar fyrir lögákveðinni kröfu opinbers aðila, en setur ekki að skilyrði að viðkomandi lög heimili einnig berum orðum nauðungarsölu án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms.

Í 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. er kveðið á um heimild til að krefjast nauðungarsölu á eign á grundvelli haldsréttar gerðarbeiðanda í henni. Þessi regla svarar efnislega til ákvæða 2. tölul. 1. gr. laga nr. 57/1949, en hana ber að sjálfsögðu að skilja á þann veg að gerðarbeiðandi geti krafist nauðungarsölunnar til að fullnægja þeirri peningakröfu sinni, sem haldsrétturinn veitir honum tryggingu fyrir í eigninni.

Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem marka nánar hvað teljist til peningakröfu gerðarbeiðanda, sem hann getur krafist fullnustu á með nauðungarsölu á grundvelli 1. mgr. 6. gr. Í 2. mgr. eru taldir upp ýmiss konar kröfuliðir sem geta komið til álita í þessum efnum til viðbótar við höfuðstól skuldar. Ákvæði 2. mgr. svara efnislega til reglna 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, sem afmarka hvað teljist til peningakröfu þegar leitað er fjárnáms til að fullnægja henni. Verður ekki séð að ástæða sé til að skýra einstök atriði í talningu 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins, en árétta má að þetta ákvæði leyfir gerðarbeiðanda aðeins að krefjast fullnustu á viðkomandi kröfuliðum ef aðrar réttarreglur eða heimildir veita honum tilkall til þeirra.

Í 3. mgr. 6. gr. kemur fram það skilyrði fyrir nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu, að skjöl fyrir peningakröfunni þurfi að bera með sér að gerðarbeiðandi sé rétthafi hennar eða að hann njóti handveðréttar í henni. Sambærilega reglu er ekki að finna í lögum nr. 57/1949, en í framkvæmd hefur almennt verið farið eftir því sem hér er mælt fyrir um. Þess má geta að 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins á sér hliðstæðu í 2. gr. laga nr. 90/1989.

Um 7. gr.

Í þessari grein, sem svarar að nokkru til ákvæða d-liðar 1. tölul. 1. gr. laga nr. 57/1949, er heimilað að beita ákvæðum frumvarpsins til að koma í verð eign þrotabús eða ógjaldfærs

dánarbús, ef þess er krafist af skiptastjóra sem fer með skipti á viðkomandi búi. Í upphafi 7. gr. er þó tekið fram að ákvæðum frumvarpsins verði beitt í þessu skyni eftir því sem þau geta átt við. Með þessu er sleginn sá varnagli að ráðstöfun eignar eftir þessari heimild lúti ekki reglum frumvarpsins að öllu leyti, en vikið verður nánar að inntaki þessa varnagla hér á eftir.

Um skilyrði fyrir beitingu heimildar 7. gr. er í fyrsta lagi rétt að benda á að hún kemur aðeins til álita í tilvikum, þar sem viðkomandi eign tilheyrir annaðhvort þrotabúi, sem er til skipta eftir reglum laga nr. 21/1991, eða dánarbúi sem er til opinberra skipta og er farið með eftir reglum um gjaldþrotaskipti vegna ógjaldfærni þess, sbr. 3. mgr. 62. gr. laga nr. 20/1991. Í þessu felst nokkur þrenging frá d-lið 1. tölul. 1. gr. laga nr. 57/1949, þar sem nauðungaruppboð er heimilað á eign dánarbús ef því einu er fullnægt, að erfingjar hafi ekki tekið á sig ábyrgð á skuldbindingum þess, en skortur á slíkri ábyrgð þarf ekki endilega að stafa af ógjaldfærni bús. Í öðru lagi má taka hér fram að ef þannig stæði á að skiptastjóri við opinber skipti á dánarbúi hefði hug á að láta ráðstafa eign þess eftir reglum frumvarpsins, en dánarbúið væri gjaldfært, þá gæti hann sem áður segir ekki stutt kröfu um það við ákvæði 7. gr., en honum stæði hins vegar til boða að leita ráðstöfunar eignarinnar á grundvelli 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Þetta mundi að flestu leyti leiða til sömu niðurstöðu, en þó ber aðallega hér á milli að við ráðstöfun eignar á grundvelli 8. gr. falla ófullnægð réttindi yfir henni ekki niður skv. 2. mgr. 56. gr. frumvarpsins, meðan það gagnstæða á við um ráðstöfun á grundvelli 7. gr. Þá er í þriðja lagi rétt að benda á að heimildar 7. gr. verður ekki neytt af öðrum en skiptastjóra í dánarbúi eða þrotabúi, þannig að ef skuldheimtumaður æskir nauðungarsölu á eign bús, sem er reyndar mjög takmarkað að megi vegna ákvæða 3. mgr. 4. gr. laga nr. 20/1991 og 4. mgr. 116. gr. laga nr. 21/1991, þá verður hann að styðjast við heimild til nauðungarsölu skv. 6. gr. frumvarpsins.

Eins og áður segir er gerður fyrirvari í orðum 7. gr. um það, að ákvæði frumvarpsins eigi ekki að öllu leyti við um ráðstöfun eignar sem ætti sér stað á grundvelli þessarar heimildar. Helstu atriðin, sem þessi fyrirvari tekur mið af, eru eftirfarandi:

1. Við nauðungarsölu eftir 7. gr. væri sú sérstaða uppi, að einn og sami aðili væri í senn að formi til gerðarbeiðandi og gerðarþoli, sbr. 1. og 2. tölul. 2. gr. frumvarpsins. Staða viðkomandi dánarbús eða þrotabús yrði þó að öðru jöfnu miðuð við að það væri gerðarbeiðandi við nauðungarsöluna. Þannig yrði skiptastjóra til dæmis ekki tilkynnt um beiðni skv. 1. mgr. 16. gr. eða um uppboð skv. 1. mgr. 26. gr. Af sömu ástæðu yrði beiðni skiptastjóra um nauðungarsölu heldur ekki með þeim almenna hætti sem er boðinn í 11. gr. frumvarpsins.
2. Ef skiptastjóri æskir ráðstöfunar á eign skv. 7. gr. yrði alltaf farið með beiðni hans eina út af fyrir sig, með því að í 14. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir því að meðferð beiðni af hendi skuldheimtumanns um nauðungarsölu á sömu eign skv. 6. gr. verði sameinuð meðferð á beiðni skv. 7. gr. Viðkomandi dánarbú eða þrotabú yrði þannig alltaf eini gerðarbeiðandinn, en veðhafar í eigninni yrðu þó allt að einu aðilar að nauðungarsölunni á grundvelli 3. tölul. 2. gr. ef því væri að skipta.
3. Þótt ákvæði 7. gr. takmarki ekki með hverjum hætti eign yrði ráðstafað, má ganga út frá því að þessari heimild yrði aðeins beitt til að fá eign selda á uppboði. Stafar þetta af því að skiptastjóri hefur sjálfur heimild til að ráðstafa eign á almennum markaði, eftir atvikum með þeim afleiðingum að ófullnægð réttindi yfir eigninni falli niður, sbr. 129. gr. laga nr. 21/1991. Hefði hann því engan ávinning af því að leita nauðungarsölu í því skyni að fá eign ráðstafað eftir reglum VI. kafla frumvarpsins. Af sambærilegum ástæðum kæmi vart til þess heldur að skiptastjóri sæi hag af því að leita eftir nauðungarsölu til ráðstöfunar skv. XII. kafla frumvarpsins.

4. Eftir orðalagi 7. gr. nær heimild ákvæðisins til þess að eign dánarbús eða þrotabús verði komið í verð eftir reglum frumvarpsins. Með þessu orðalagi er í reynd verið að takmarka beitingu reglna frumvarpsins við þessar aðstæður á þann hátt, að það verði notast við þær um sjálfa sölu eignarinnar og eftir atvikum innheimtu og greiðslu söluverðs og útgáfu afsals fyrir eigninni, en um önnur atriði yrði ákvæðum frumvarpsins að öðru jöfnu ekki beitt nema það sé tekið beinlínis fram í þeim, sbr. t.d. 2. mgr. 56. gr. Þetta leiðir meðal annars til þess að sýslumaður mundi ekki úthluta söluverði eftir reglum VIII. kafla, heldur yrði það greitt skiptastjóra að frádregnum kostnaði af sölunni. Veðhafar og aðrir rétthafar mundu þannig ekki lýsa kröfum um greiðslu af söluverði til sýslumanns, heldur yrðu þeir að beina kröfum sínum að skiptastjóra og tækju þá ákvæði XVII. og XVIII. kafla laga nr. 21/1991 til krafnanna.

Um 8. gr.

Í 8. gr. koma fram tvenns konar heimildir handa eiganda eignar til að krefjast sjálfur ráðstöfunar á henni. Verulegur eðlismunur er á þessum heimildum þótt þær komi báðar fram í sömu grein frumvarpsins. Í 1. mgr. 8. gr. er að finna heimild til þess að eini eigandinn að eigninni eða eftir atvikum báðir eða allir eigendur leiti eftir ráðstöfun hennar eftir ákvæðum frumvarpsins af fúsum og frjálsum vilja. Í 2. og 3. mgr. 8. gr. er hins vegar að finna heimildir handa einum eiganda að eign, sem er í óskiptri sameign, til að krefjast ráðstöfunar á henni gegn vilja sameiganda síns til þess að fá sameigninni slitið. Eftir atvikum gætu tveir eða fleiri sameigendur krafist ráðstöfunar saman eftir þessum ákvæðum gegn vilja eins eða fleiri annarra eigenda, svo sem má ráða af orðalagi 2. mgr. 8. gr. Munurinn milli þessara heimilda felst þannig aðallega í því, að í tilvikum sem eiga undir 1. mgr. 8. gr. er í raun um frjálsa ráðstöfun að ræða, meðan 2. og 3. mgr. 8. gr. mæla fyrir um nauðungarráðstöfun að því leyti sem hún á sér stað óháð vilja einhvers sameiganda. Á hinn bóginn eiga þessar heimildir það sammerkt, að áhrif ráðstöfunarinnar á réttindi annarra en eigenda yfir eigninni eru ekki þau sömu og endranær við nauðungarsölu, sbr. 4. mgr. 8. gr., en þetta er meðal ástæðna fyrir því að reglur 1.–3. mgr. eru settar fram í einni og sömu grein.

Í 1. mgr. 8. gr. er heimild handa eiganda eignar eða þeim báðum eða öllum til að óska eftir ráðstöfun hennar samkvæmt reglum frumvarpsins. Þessi heimild nýtur sérstöðu meðal ákvæða frumvarpsins að því leyti, að hún tekur sem áður segir til frjálsrar ráðstöfunar á eign. Hún leyfir þannig eiganda að leita eftir því að aðferðum frumvarpsins verði beitt til að koma eign hans í verð, í stað þess að hann selji hana sjálfur eins og tíðkanlegt er í frjálsum viðskiptum. Þessari heimild svipar að vísu til þeirrar, sem kemur fram í 7. gr., að því leyti að í báðum tilvikum er eiganda sjálfum leyft að hlutast til um ráðstöfun eignar. Sá meginmunur er hins vegar á þessum tveimur heimildum, að ráðstöfun eignar á grundvelli 7. gr. leiðir til þess að ófullnægð réttindi yfir henni falla niður, sbr. 2. mgr. 56. gr., en ráðstöfun á grundvelli 1. mgr. 8. gr. hefur engin slík áhrif, sbr. 4. mgr. greinarinnar. Þetta undirstrikar þannig frekar það einkenni á heimild 1. mgr. 8. gr., að með henni er eiganda veittur aðgangur að því að fá eign sinni komið í verð eftir aðferðum frumvarpsins, ef hann svo kýs, en réttaráhrif sölunnar eru ekki frábrugðin þeim sem mundu fylgja frjálsri sölu með venjulegum hætti.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. eiga sér ekki hliðstæðu í lögum nr. 57/1949, en áþekk heimild verður hins vegar studd við ákvæði 1. gr. tilskipunar 19. desember 1693, sem heimilar eiganda að óska eftir uppboði á eign sinni. Í framkvæmd hefur verið rætt um frjálst uppboð þegar eigandi leitar sjálfur eftir ráðstöfun eignar á þessum grundvelli, en slíkt er fremur fátítt og má heita óþekkt að öðru en lausafjármunum sé ráðstafað á þennan hátt. Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er réttur eiganda ekki takmarkaður á þann hátt, að hann geti aðeins óskað eftir uppboði á eign sinni, en með því að varla verði séð að eigandi gæti talið sig hafa neinn ávinning af því að leita ráðstöfunar skv. VI. eða XII. kafla frumvarpsins, að minnsta kosti ef eigandinn er aðeins einn, má heita að heimildinni í 1. mgr. 8. gr. yrði tæplega beitt í framkvæmd nema til

sölu á uppboði. Má því segja að 1. mgr. 8. gr. komi í raun í staðinn fyrir reglu fyrrnefndrar tilskipunar, en í 90. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um brottfall hennar.

Í 1. mgr. 8. gr. kemur fram að ákvæðum frumvarpsins verði aðeins beitt eftir því sem getur átt við, þegar eign er ráðstafað samkvæmt þessari heimild. Af eðli þessarar heimildar, sem hefur verið lýst hér að nokkru, leiðir að það verði vikið í allmörgum atriðum frá almennum reglum þegar henni er beitt. Í tilvikum sem þessum yrði því þannig farið, líkt og áður var lýst varðandi 7. gr. frumvarpsins, að einn og sami aðili væri að formi til gerðarbeiðandi og gerðarþoli, en eigandi sem biður sjálfur um ráðstöfun eignar sinnar yrði að njóta stöðu gerðarbeiðanda að því leyti sem máli skiptir. Einnig má nefna að sérstaða heimildarinnar í 1. mgr. 8. gr. hlýtur að leiða til þess að eigandinn geti í reynd ráðið efni þeirra skilmála sem verður beitt við sölu eignar hans. Síðast en ekki síst leiðir í senn af umræddri sérstöðu heimildarinnar og ákvæðum 4. mgr. 8. gr., að ráðstöfun eignarinnar mundi hvorki veita veðhöfum rétt til að krefjast fullnustu réttinda sinna af söluandvirðinu né eigandanum rétt til að krefjast gjaldfellingar og greiðslu á kröfum veðhafa, en með samkomulagi milli eiganda og veðhafa mætti vitanlega víkja frá þessu. Ef ekki yrði samið þannig um annað yrði að selja eignina með þeim skilmála að kaupandi taki við henni með öllum áhvílandi veðböndum og höftum, en eftir atvikum með skuldbindingu eiganda um að fá tilteknum böndum aflétt.

Í 2. mgr. 8. gr. er að finna heimild til að krefjast nauðungarsölu, sem er eins og áður segir mjög frábrugðin heimildinni í 1. mgr. Í 2. mgr. er nánar tiltekið mælt fyrir um rétt eins eða fleiri eigenda til að krefjast nauðungarsölu til slita á óskiptri sameign án tillits til vilja sameiganda. Ráðstöfun eignar á þessum grundvelli getur réttilega kallast nauðungarsala í bókstaflegum skilningi hugtaksins, því hún felur í sér nauðungarathöfn í garð þess sameiganda sem óskar ekki eftir ráðstöfuninni sjálfur. Í tengslum við þetta má vekja athygli á því, að ef sameigendur eignar væru til dæmis tveir og þeir mundu hvor fyrir sig krefjast ráðstöfunar sameignarinnar á grundvelli 2. mgr. 8. gr., þá leiðir af ákvæðum 1. mgr. 14. gr. að meðferð beiðna þeirra yrði sameinuð og að réttu lagi yrði þá að telja ráðstöfun eignarinnar fara fram á grundvelli 1. mgr. 8. gr. úr því sem komið væri, enda kominn fram sameiginlegur vilji eigenda til þess að eignin verði seld.

Ákvæði 2. mgr. 8. gr. eiga sér ekki hliðstæðu nú í settum lögum, en í framkvæmd hefur þó verið gengið út frá því að eigandi megi krefjast uppboðs til slita á sameign gegn vilja sameiganda síns. Telja má heimild til þess styðjast við dómvenju, en að nokkru mætti einnig styðja hana við ákvæði 20. kap. kaupabálks Jónsbókar, sem mun vera talið að séu enn í gildi. Skilyrði 2. mgr. 8. gr. fyrir því að koma fram nauðungarsölu til slita á sameign eru í flestum atriðum byggð á ályktunum um fordæmisreglur, sem þykir mega draga af dómum um þetta efni. Í einu atriði er þó vikið frá þessu, því ákvæði 2. mgr. 8. gr. miða ekki við að það útiloki nauðungarsölu til sameignarslita, að það megi hugsanlega skipta eigninni milli eigenda hennar, en finna má dómsúrlausnir þar sem komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að sú aðstaða komi í veg fyrir uppboð til slita á sameign. Þess í stað er ráðgert í 2. mgr. 8. gr. að það sé skilyrði fyrir nauðungarsölunni að slíkum skiptum á eigninni milli sameigenda verði ekki komið fram nema með verulegu tjóni eða kostnaði. Að öðru leyti en þessu má heita að byggt sé á því í 2. mgr. 8. gr. að sömu skilyrði verði fyrir nauðungarsölu til slita á sameign eins og talið hefur verið hingað til.

Vekja má athygli á því að heimildin í 2. mgr. 8. gr. er ekki bundin við það að aðeins verði krafist uppboðs á sameign. Mætti því ráðstafa sameign á þessum grundvelli samkvæmt fyrirmælum 6. eða eftir atvikum XII. kafla frumvarpsins ef því væri að skipta.

Í 3. mgr. 8. gr. má finna sérreglu um heimild til að krefjast nauðungarsölu til slita á sameign, en í henni er mælt fyrir um að það megi krefjast nauðungarsölu á grundvelli dóms, þar sem viðurkenndur væri réttur eins eða fleiri eigenda til að krefjast slíkra slita á sameign. Í þessu ákvæði er ekki mælt fyrir um frekari skilyrði fyrir nauðungarsölunni, enda væri þá tekin

afstaða í dóminum til efnislegra skilyrða fyrir sameignarslitum. Regla 3. mgr. 8. gr. á sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum.

Nauðungarsala til slita á sameign skv. 2. eða 3. mgr. 8. gr. færi ekki í öllum atriðum eftir almennum fyrirmælum frumvarpsins, svo sem má ráða af fyrirvara þess efnis í orðalagi beggja ákvæðanna. Frávik í þessum efnum eru hins vegar verulega færri en áður var lýst varðandi 1. mgr. 8. gr. Þau felast fyrst og fremst í því, að vegna fyrirmæla 4. mgr. 8. gr. hefði nauðungarsalan ekki áhrif á veðréttindi eða önnur höft á sameign, en sömu viðhorf eiga við í þessum efnum og var lýst í umfjöllun um 1. mgr. 8. gr.

Í 4. mgr. 8. gr. er tekið fram að nauðungarsala eignar á grundvelli 1.–3. mgr. hafi ekki áhrif á réttindi yfir henni umfram það sem mundi almennt gæta við sölu hennar. Með þessum fyrirmælum er áréttað að áhrif nauðungarsölunnar felist fyrst og fremst í því að eigendaskipti verði að eigninni, en salan hafi hins vegar ekki frekari áhrif á stöðu veðhafa eða annarra rétthafa í eigninni en fylgja eigendaskiptum að henni í öðrum tilvikum. Meginatriðin í þessum efnum eru skýrð nánar hér að framan í umfjöllun um 1. mgr. 8. gr.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins kemur fram regla sem leiðir til þess að skuldheimtumenn verði í flestum tilvikum að beina formlegri greiðsluáskorun til gerðarþola áður en þeir geta lagt fram beiðni um nauðungarsölu á grundvelli 6. gr. Um tilgang þessarar reglu og rökin að baki henni hefur þegar verið fjallað í I. og II. kafla almennra athugasemda við frumvarpið.

Ákvæði 9. gr. eru í flestum atriðum hliðstæð fyrirmælum 7. gr. laga nr. 90/1989, þar sem kveðið er á um að beina verði greiðsluáskorun til gerðarþola áður en krafist er fjárnáms hjá honum á grundvelli tiltekinna aðfararheimilda. Er ætlast til þess að einstök atriði í 9. gr. frumvarpsins verði skýrð með sama hætti og 7. gr. laga nr. 90/1989 og er því ekki ástæða til verulegrar umfjöllunar um ákvæðið hér. Þó skal nokkurra atriða getið hér sérstaklega.

Í fyrsta lagi má vekja athygli á því að skv. 1. mgr. 9. gr. er greiðsluáskorun aðeins nauðsynlegur undanfari beiðni um nauðungarsölu, þegar beiðnin verður studd við heimild skv. 2.–6. tölul. 1. mgr. 6. gr. Þetta táknar með öðrum orðum að greiðsluáskorunar yrði þörf í öllum tilvikum þegar nauðungarsölu væri krafist til fullnustu peningakröfu, að frátöldum tilvikum þar sem beiðni um nauðungarsölu yrði studd við fjárnám, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. Ástæðan fyrir því að fjárnám séu hér látin njóta sérstöðu er sú, að ákvæði laga nr. 90/1989 tryggja að gerðarþoli fái að öðru jöfnu tilkynningar áður en fjárnám er gert, honum er gefinn kostur á að mæta við fjárnám og við vissar aðstæður er óhjákvæmilegt að hann geri það, gerðarþola er tilkynnt eftir á um fjárnám sem hefur verið gert án þess að hann væri viðstaddur og honum er eftir atvikum gerð grein fyrir því við fjárnámið sjálft eða í tilkynningu um það, að fjárnámið veiti gerðarbeiðanda rétt til að krefjast nauðungarsölu. Í tilvikum, sem aðrar heimildir til nauðungarsölu skv. 1. mgr. 6. gr. taka til, er engin sambærileg athöfn að baki heimild eða trygging fyrir því að skyldur gerðarþola séu brýndar fyrir honum og þykir því mega gera þann greinarmun á nauðsyn undanfarandi greiðsluáskorunar sem hér um ræðir.

Í öðru lagi er vert að undirstrika að eftir orðum 9. gr. hefur greiðsluáskorun ekki tilætluð áhrif nema henni sé komið á framfæri við gerðarþola eftir að krafan, sem á að leita fullnustu á, er komin í gjalddaga. Þetta táknar að gerðarbeiðandi gæti til dæmis ekki notað einu og sömu orðsendinguna til að krefja gerðarþola um greiðslu samkvæmt skuldabréfi, sem fellur í gjalddaga með uppsögn, og til að koma fram greiðsluáskorun skv. 9. gr.

Í þriðja lagi má benda á að í 1. mgr. 9. gr. kemur fram að greiðsluáskorun þurfi að fela í sér tilkynningu um að krafist verði nauðungarsölu á tiltekinni eign ef gerðarþoli verður ekki við áskorun um að greiða tiltekna peningaskuld innan fimmtán daga frá því hún berst honum. Með orðalagi ákvæðisins í þessum efnum er lögð áhersla á að það verði að koma skýrlega fram í áskoruninni hver eignin sé, sem verður krafist nauðungarsölu á, og einnig að rækilega sé gerð

grein fyrir peningakröfunni sem á að leita fullnustu á. Peningakröfuna yrði þannig að sundurliða í höfuðstól, vexti o.s.frv., auk þess að heildarfjárhæð hennar við gerð greiðsluáskorunar yrði að koma fram. Eftir þörfum yrði gerðarbeiðandi enn fremur að taka fram hver rótin sé að kröfunni, til dæmis að hún styðjist við veðskuldabréf sem hafi verið gefið út tiltekinn dag til tiltekins veðhafa.

Í fjórða lagi má nefna að eftir hljóðan 9. gr. ber gerðarbeiðanda að beina áskorun sinni til gerðarþola, en ákvæði 2. tölul. 2. gr. taka af skarið um hver gerðarþoli sé hverju sinni. Gerðarbeiðanda væri hins vegar engin þörf að beina sams konar áskorun að öðrum en gerðarþola í þessum skilningi. Ef gerðarþoli hefði til dæmis heimilað þriðja manni að veðsetja eign sína til tryggingar skuld, sem þriðja manni bæri einum skylda til að greiða, þyrfti aðeins að beina greiðsluáskorun til gerðarþolans, þ.e. eiganda veðsettu eignarinnar, en ekki að þriðja manni. Eins má nefna að ef gerðarbeiðandi nýtur aðeins veðréttar í eignarhluta eins manns í óskiptri sameign og hann hyggst leita fullnustu á kröfu með nauðungarsölu á þeim eignarhluta, nægir gerðarbeiðandanum að beina áskorun til þess, sem á þann eignarhluta, en hann þyrfti ekki að koma greiðsluáskorun á framfæri við sameigendur þess manns.

Í fimmta lagi má loks geta þess að 2. mgr. 9. gr. geymir tæmandi talningu á þeim kostum, sem gerðarbeiðandi getur nýtt sér til að koma greiðsluáskorun á framfæri með viðeigandi réttaráhrifum. Gerðarbeiðandi gæti því ekki farið þá leið að fá greiðsluáskorun birta í Lögbirtingablaði ef ókunnugt væri hver gerðarþoli sé eða hvar megi koma greiðsluáskorun á framfæri við hann. Undir þeim kringumstæðum gæti gerðarbeiðandi ekki nýtt sér heimild til nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, og yrði því að komast hjá örðugleikum í þessum efnum með því að fá fyrst fjárnám í eigninni, eftir atvikum að undangengnum dómi. Af fyrirmælum 2. mgr. 9. gr., þar sem kemur fram að greiðsluáskorun verði send í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birt af einum stefnuvotti, verður að sjálfsögðu dregin sú ályktun að áskorunin þurfi að vera í rituðu máli.

Um 10. gr.

Í 10. gr. kemur fram sérregla um skyldu gerðarbeiðanda til að beina sérstakri áskorun að gerðarþola áður en hann krefst nauðungarsölu til slita á sameign á grundvelli 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Sitthvað er líkt með áskorun skv. 10. gr. annars vegar og þeirri greiðsluáskorun skv. 9. gr. hins vegar, sem áður hefur verið lýst. Þannig yrði áskorun skv. 10. gr. komið á framfæri við gerðarþola með sama hætti og greiðsluáskorun skv. 9. gr., sbr. 2. mgr. 10. gr. Tilgangur beggja þessara afbrigða áskorana er einnig sambærilegur, að því leyti að þeim er ætlað að varna því að beiðni sé sett fram um nauðungarsölu án þess að áður sé reynt hvort komast megi hjá henni. Gerðarbeiðanda yrði enn fremur nauðsynlegt að koma fram áskorun skv. 10. gr. til þess að geta krafist nauðungarsölu til slita á sameign, en tækist það ekki væri hann nauðbeygður til að leita viðurkenningardóms til að koma fram nauðungarsölu í þessu skyni, sbr. 3. mgr. 8. gr.

Í ýmsum öðrum atriðum en nú hefur verið getið er hins vegar munur á áskorun skv. 10. gr. og greiðsluáskorun skv. 9. gr. Af slíku má benda á að áskorun skv. 10. gr. á að beinast efnislega að því, að gerðarþoli gangi til samninga við gerðarbeiðanda um slit sameignar þeirra, að því viðlögðu að gerðarbeiðandi krefjist nauðungarsölu ef samningar takast ekki í þeim efnum innan mánaðar. Vitanlega yrði að koma skýrlega fram hver sameignin væri, sem gerðarbeiðandi vill fá slitið, og ekki mætti orka tvímælis hver gerðarbeiðandinn sé og á hverjum grunni hann telji sig meðal sameigenda, ef gerðarþola mætti ekki vera það fullkunnugt að fyrra bragði. Annað og meira þyrfti hins vegar ekki að koma fram í áskorun skv. 10. gr., enda er til dæmis ekki ráðgert í ákvæðinu að gerðarbeiðandi þurfi að setja fram tilboð af sinni hendi um hvernig sameigninni verði slitið. Gerðarbeiðandi yrði að beina áskorun til allra sameigenda sinna, ef um fleiri en einn væri að ræða, en í ljósi eðlis

nauðungarsölu til slita á sameign og ákvæða 2. tölul. 2. gr. teldust sameigendur hans allir í senn til gerðarþola við þessar aðstæður.

Rétt er að vekja athygli á því að ákvæði 10. gr. skylda gerðarbeiðanda aðeins til að koma fram áskorun ef hann hyggst byggja kröfu um nauðungarsölu til sameignarslita á almennri heimild 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Ef gerðarbeiðandinn styddi þannig heimild sína við viðurkenningardóm skv. 3. mgr. 8. gr. væri honum óskylt að koma fram áskorun áður en hann legði fram beiðni um nauðungarsölu.

Um 11. gr.

Í 11. gr., sem er upphafsákvæði III. kafla frumvarpsins, koma fram reglur um form og efni beiðni um nauðungarsölu og þau gögn sem þurfa að fylgja henni til sýslumanns.

Í 1. mgr. 11. gr. er greint frá því að beiðni um nauðungarsölu þurfi að vera skrifleg og er síðan talið þar upp hvað þurfi að koma fram í henni. Með þessu ákvæði eru ekki lagðar til teljandi breytingar frá núgildandi reglum í 6. gr. laga nr. 57/1949, eins og þeim var breytt með lögum nr. 12/1987. Þó ber að minnast sérstaklega á fjögur atriði í því sambandi. Í fyrsta lagi er áskilið afdráttarlaust í upphafi 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins að beiðnin þurfi að vera skrifleg, en með þessu er gert ráð fyrir afnámi undantekningarreglu í 2. mgr. 6. gr. núgildandi laga, sem felur í sér að þegar uppboðsbeiðandi og uppboðshaldari eru einn og sami embættismaður þá þurfi ekki skriflega beiðni. Áhrifa þessarar undantekningar hefur einkum gætt í tilvikum, þar sem sami embættismaður innheimtir opinber gjöld og heldur nauðungaruppboð, en ekki verður séð að nein rök mæli með áframhaldandi tilvist hennar í lögum, enda leiðir hún til óskýrleika í málatilbúnaði gagnvart gerðarþola og öðrum gerðarbeiðendum. Í öðru lagi er tekið fram í 1. mgr. 11. gr., líkt og í umræddri 6. gr. núgildandi laga, að meðal annars þurfi að tiltaka í beiðni hver gerðarþoli sé og hvert heimilisfang hann hafi. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir því að gerðarbeiðanda geti talist afsakanlegt að hann geti ekki sett fram slíkar upplýsingar um gerðarþola, sbr. 2. mgr. 16. gr. Þegar þannig stæði á yrði ekki unnt að telja beiðni gerðarbeiðanda gallaða þótt gerðarþoli yrði ekki nafngreindur eða heimilisfang hans kæmi ekki fram, en sambærileg undantekning í þessum efnum er ekki gerð berum orðum í ákvæðum núgildandi laga. Í þriðja lagi má vekja athygli á því að það er beinlínis tekið fram í 1. mgr. 11. gr. að það sé ætlast til sundurliðunar á kröfu gerðarbeiðanda í beiðni hans, en í þessu felst að gerðarbeiðandi verður að setja fram fullkominn og sundurgreindan útreikning á kröfu sinni eins og hún stendur við gerð beiðninnar. Þetta er ekki berum orðum gert að skyldu í núgildandi lögum, en oftast er þetta þó gert í beiðnum um nauðungaruppboð með líkum hætti og hér er ætlast til. Í fjórða lagi er mælt fyrir um það í niðurlagi 1. mgr. 11. gr., að gerðarbeiðanda eigi eftir þörfum að greina frá atvikum að baki beiðni sinni og röksemdum fyrir henni. Með þessu er ætlast til þess að gerðarbeiðandi geri almennt stuttlega grein fyrir málsatvikum, málsástæðum og réttarheimildum í beiðninni, en nauðsyn þess er vissulega misjöfn eftir því við hverja heimild til nauðungarsölu er stuðst. Til dæmis yrði varla ætlast til þess að neins yrði getið í þessu sambandi ef nauðungarsölu væri krafist á grundvelli fjárnáms, enda segði endurrit fjárnámsgerðar almennt það sem segja þyrfti, eða þegar eigandi óskaði sjálfur eftir ráðstöfun eignar skv. 1. mgr. 8. gr. Á hinn bóginn mundi að jafnaði gegna öðru máli þegar nauðungarsölu yrði krafist eftir ákvæðum 2.–6. tölul. 1. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr.

Í 2. mgr. 11. gr. er að finna sérreglu um efni beiðni um nauðungarsölu, sem á við þegar krafist er ráðstöfunar á lausafjármunum eða öðrum eignum eða réttindum sem ákvæði 3. þáttar frumvarpsins ná til. Í þessu ákvæði kemur fram að gerðarbeiðandi eigi þá að veita upplýsingar í beiðni sinni um hvar eignin, sem hann vill fá ráðstafað, sé niður komin eða hver hafi hana undir höndum, eftir því sem hann getur upplýst um slíkt. Þessi sérregla tengist öðrum reglum frumvarpsins einkum á tvo vegu. Annars vegar eru upplýsingar um þetta nauðsynlegar ef gerðarbeiðandi óskar í beiðni sinni eftir heimild sýslumanns til vörslusvipt-

ingar, sbr. 59. gr. Hins vegar getur geymslustaður eignar ráðið nokkru um það í hverju umdæmi nauðungarsala á lausafjármunum færi fram, sbr. 58. gr.

Í 3. mgr. 11. gr. eru fyrirmæli um þau gögn sem verða að fylgja beiðni um nauðungarsölu. Í upphafi þessa ákvæðis kemur meðal annars fram að gerðarbeiðandi þurfi að láta af hendi gögn til staðfestingar á því að hann hafi komið fram áskorun skv. 9. eða 10. gr., ef hennar er þörf í viðkomandi tilviki, en þessu yrði fullnægt með því að leggja með beiðni vottorð stefnuvotts um birtingu áskorunar eða viðeigandi vottorð um að áskorun hafi verið komið á framfæri í ábyrgðarbréfi eða símskeyti. Önnur atriði í 3. mgr. 11. gr. eru hliðstæð fyrirmælum 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949, sbr. lög nr. 12/1987, eins og þeim hefur verið beitt í framkvæmd og þarfnast þau ekki frekari skýringa.

Í 4. mgr. 11. gr. er sérregla um gögn sem þurfa að fylgja beiðni um nauðungarsölu á skipi eða loftfari sem er skrásett í öðru ríki, en ætlast er til þess að staðfest gögn verði þá lögð fram frá erlendri réttindaskrá til upplýsinga um réttindi yfir viðkomandi eign. Þessu yrði eftir atvikum fullnægt með afhendingu veðbókarvottorðs vegna eignarinnar og eftirrita af heimildarbréfum þeirra sem njóta réttinda yfir henni. Sambærilega reglu má nú finna í 1. gr. laga nr. 20/1966 um fylgigögn með beiðni um nauðungarsölu á loftfari, en í 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins er reglan færð út þannig að hún taki einnig til beiðna varðandi erlend skip, enda búa sömu efnisrök að baki því að slíkra erlendra gagna sé þörf í báðum tilvikum.

Í 5. mgr. 11. gr. er tiltekið að jafnmörg afrit af beiðni verði að fylgja frumriti og nemur fjölda gerðarþola hverju sinni, en sé beiðnin um nauðungarsölu á lausafjármunum eða öðrum réttindum, sem verður ráðstafað samkvæmt reglum 3. þáttar frumvarpsins, er boðið að eitt afrit fylgi þessu til viðbótar. Þessi fyrirmæli um afrit tengjast því að í 1. mgr. 16. gr. er boðið að sýslumaður tilkynni gerðarþola eða gerðarþolum báðum eða öllum að beiðni sé komin fram um nauðungarsölu og hvenær hún verði tekin fyrir, en samkvæmt umræddu ákvæði lætur sýslumaður afrit af beiðninni fylgja slíkri tilkynningu. Sérákvæðið um enn eitt afrit, þegar beiðni lýtur að ráðstöfun eignar skv. 3. þætti frumvarpsins, tengist því að í 2. mgr. 59. gr. er ráðgert að sýslumaður áriti slíka beiðni um heimild gerðarbeiðanda til vörslutöku eignar, ef hann hefur krafist þess, en gerðarbeiðanda væri þá nauðsynlegt að fá þetta eintak af beiðninni í hendur með umræddri áritun til að sanna rétt sinn til vörslutöku, sbr. 1. mgr. 60. gr. Ef vörslutöku væri ekki þörf mætti gerðarbeiðandi láta hjá líða að afhenda afrit af beiðni í þessu skyni.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. er að finna tilvísanir til annarra reglna frumvarpsins um það, í hverju umdæmi beiðni verði sett fram um nauðungarsölu. Um fasteignir og aðrar eignir, sem verður ráðstafað eftir reglum 2. þáttar frumvarpsins, er vísað í þessu sambandi til 18. gr., en um ráðstöfun annarra eigna er vísað til 58. gr. Fyrirmæli 1. mgr. 12. gr. eru eingöngu sett fram til skýringar í samhengi við reglur um gerð og afhendingu beiðni um nauðungarsölu.

Í 2. mgr. 12. gr. er mælt fyrir um áhrif afhendingar beiðni um nauðungarsölu til sýslumanns til slita á fyrningu peningakröfu. Að þessu leyti er ákvæðinu ætlað að koma í stað reglu í 12. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905, þar sem er mælt fyrir um sömu áhrif beiðni um nauðungaruppboð, en gert er ráð fyrir brottfalli þeirrar reglu í 90. gr. frumvarpsins, enda felast nýjar reglur í þessum efnum í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins og 52. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins er jafnframt tekið fram að afhending beiðni um nauðungarsölu komi í veg fyrir að veðhafi missi forgangsrétt sinn til greiðslu vaxta af söluverði veðsins, sbr. lög nr. 23/1901. Í dómaframkvæmd hefur verið gengið út frá því að beiðni um nauðungaruppboð hafi þessi áhrif á forgangsrétt fyrir vöxtum, en þó er gengið lengra í þessum efnum í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins með því að beiðnin ein út af fyrir sig gæti tryggt veðhafa forgang fyrir vöxtum þótt hún falli niður, ef hann kæmi fram nýrri beiðni um nauðungarsölu innan sex mánaða frá því sú eldri féll niður.

Í 3. mgr. 12. gr. er mælt fyrir um ábyrgð gerðarbeiðanda á greiðslu kostnaðar sem fellur til af meðferð beiðni hans og nauðungarsölunni sjálfri. Í þessu ákvæði er ekki að finna nánari talningu á því hvað teljist til kostnaðar í þessu sambandi, gagnstætt því sem má sjá í 1. og 3. mgr. 10. gr. laga nr. 57/1949. Stafar þetta af því að gengið er út frá að frumvarp til nýrra laga um aukatekjur ríkissjóðs verði lagt fram á Alþingi um líkt leyti og þetta frumvarp. Er gert ráð fyrir því að í frumvarpi til nýrra aukatekjulaga komi fram fyrirmæli um að gerðarbeiðanda beri jafnan að greiða tiltekið gjald við afhendingu beiðni um nauðungarsölu, en með því gjaldi teldist allur kostnaður að meginreglu greiddur. Ákvæði 3. mgr. 12. gr. þessa frumvarps verður þannig að skoða með hliðsjón af tillögum um nýjar reglur um greiðslu gjalda vegna nauðungarsölu. Rétt er þó að taka fram að 3. mgr. 12. gr. gæti væntanlega staðið óháð því hvort það verði af setningu nýrra laga um aukatekjur ríkissjóðs og hvers efnis þær reglur kunna að verða.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. 13. gr. koma fram reglur um könnun sem sýslumanni er ætlað að framkvæma á beiðni um nauðungarsölu og fylgigögn með henni strax eftir að hún hefur borist honum. Eins og má leiða af efni 13. gr. og ákvæðum 1. mgr. 16. gr. er gert ráð fyrir því að sýslumaður geri ekki neinar ráðstafanir vegna beiðninnar fyrr en að þessari könnun afstaðinni.

Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1949 er mælt fyrir um atriði sem uppboðshaldari á að gæta að á sama tímaskeiði og um ræðir í fyrrnefndu ákvæði frumvarpsins. Fyrirmæli þessa lagaákvæðis um þetta svara ekki í öllum atriðum til þess, sem hér er gert ráð fyrir í frumvarpinu, enda ætlunin að þessi frumkönnun verði mun vandaðri en núgildandi lög ráðgera. Ákvæðum 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins svipar hins vegar til reglna 1. mgr. 17. gr. laga nr. 90/1989, sem fjalla um frumkönnun sýslumanns á beiðni um aðfarargerð.

Könnun skv. 1. mgr. 13. gr. hefur þann tilgang að hugað verði strax á fyrstu stigum að því hvort gallar séu á málatilbúnaði gerðarbeiðandans, sem hefðu í för með sér að synjað yrði um framgang nauðungarsölu. Með þessum hætti er ætlast til þess að komist verði hjá fyrirhöfn af aðgerðum á grundvelli beiðni, sem ekki væri fært að láta nauðungarsölu fara fram eftir, en í því ljósi er nauðsynlegt að þessi könnun eigi sér stað með viðeigandi vandvirkni. Á hinn bóginn væri það ekki bindandi fyrir sýslumann þótt hann teldi ekkert athugavert við málatilbúnað gerðarbeiðanda og hæfist handa um aðgerðir á grundvelli beiðni, því ætlast er til þess að hann gefi einnig atriðum, sem hann á að athuga við þessa könnun, gaum á síðari stigum og stöðvi eftir atvikum frekari aðgerðir, sbr. 1. mgr. 22. gr., og eins gæti til dæmis gerðarþoli vakið máls á galla í þessum efnum þannig að sýslumaður gripi í taumana, sbr. 2. mgr. 22. gr.

Eins og má ráða af efni 1. mgr. 13. gr. á könnun sýslumanns á þessu stigi öðru fremur að beinast að formsatriðum, þótt það sé ekki með öllu einhlítt. Því er fyrst og fremst miðað við að efnislegir annmarkar á rétti gerðarbeiðanda komi til skoðunar að gefnu tilefni af hendi gerðarþola eða eftir atvikum þriðja manns á síðari stigum við framkvæmd nauðungarsölu. Með athugun á orðalagi fyrri málsliðar 2. mgr. 13. gr. má sjá að 1. mgr. greinarinnar geymir ekki tæmandi talningu á atriðum sem geta valdið því að sýslumanni sé rétt að hafna beiðni þegar á þessu stigi, en að sama skapi yrði hann þá að líta til frekari atriða við könnun sína en eru talin í 1. mgr., eftir því sem málefnið gæfi tilefni til hverju sinni. Hins vegar má ætla að 1. mgr. 13. gr. telji þau atriði sem er brýnast að gæta að, en þau eru eftirfarandi:

1. Hvort beiðni sé í lögmætu formi, en með þessu er átt við að kanna verði hvort hún fullnægi fyrirmælum 1. og 2. mgr. 11. gr.
2. Hvort grundvöllurinn sem beiðni er studd við sé í lögmætu formi, en með þessu er átt við að það verði til dæmis að gefa því gaum hvort veðskuldabréf fullnægi skilyrðum 2. tölul. 1. mgr. 6. gr., hvort viðunandi lagastoð sé fyrir lögveðrétti og heimild til nauðungarsölu

skv. 4. tölul. sama ákvæðis og hvort skjöl fyrir kröfu hljóði á gerðarbeiðanda, sbr. 3. mgr. 6. gr.

3. Hvort augljósir efnislegir annmarkar séu á rétti gerðarbeiðanda, en slík atriði gætu hvort heldur varðað kröfu hans í heild, til dæmis ef veðskuldabréf með beiðni hans væri áritað um að það sé að fullu greitt, eða að hluta, til dæmis ef verðtryggt veðskuldabréf með beiðni hljóðaði á handhafa en fullnustu væri allt að einu krafist á verðtryggðri skuldbindingu.
4. Hvort réttur aðili sé talinn gerðarþoli ef réttindum yfir viðkomandi eign er þinglýst eða þau eru skráð með sambærilegum hætti, en vegna þessara fyrirmæla yrði sýslumaður þegar á þessu stigi að kanna til dæmis hver sé þinglýstur eigandi að fasteign eða skráður eigandi að bifreið í bifreiðaskrá.
5. Hvort réttilega hafi verið staðið að áskorun til gerðarþola skv. 9. eða 10. gr., en hér yrði í senn að athuga hvort efni áskorunar hafi verið fullnægjandi og hvort henni hafi verið komið á framfæri með réttum hætti og við rétta aðila.
6. Hvort beiðnin sé komin fram í réttu umdæmi, sbr. 18. og 58. gr.

Áður en skilið er við 1. mgr. 13. gr. er rétt að benda á að í 9. og 10. gr. er mælt fyrir um að gerðarbeiðandi þurfi að beina áskorun að gerðarþola með tilteknum fyrirvara áður en nauðungarsölu verður krafist. Þótt orðalagi þessara greina sé hagað með þeim hætti að það megi ef til vill skilja það sem svo, að óheimilt sé að setja fram beiðni um nauðungarsölu fyrr en frestir eftir birtingu eða afhendingu áskorana eru liðnir, verður að telja slíka beitingu ákvæðanna óeðlilega stranga miðað við tilgang þeirra og þarfir í framkvæmd. Væri í raun andstætt þessum tilgangi og þörfum að sýslumaður brygðist þannig við, ef beiðni bærist honum áður en frestur skv. 9. eða 10. gr. væri á enda, að hafna beiðninni af þeirri ástæðu einni. Má telja eðlilegra að beiðnin yrði geymd án frekari athugunar þar til fresturinn liði, en sú aðferð væri í samræmi við þá, sem er mælt fyrir um í lokamálslið 18. gr. laga nr. 90/1989 varðandi tilvik þar sem beiðni um aðför berst sýslumanni áður en aðfararfrestur er liðinn.

Í 2. mgr. 13. gr. kemur fram hvernig sýslumanni sé ætlað að bregðast við annmörkum á málatilbúnaði gerðarbeiðanda í framangreindum atriðum. Er gert ráð fyrir því að hann hafni beiðninni og endursendi hana gerðarbeiðanda ásamt gögnum, sem fylgdu henni, og stuttum skriflegum rökstuðningi sínum, en þetta eru sömu viðbrögð og er mælt fyrir um í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/1989 ef annmarki er á beiðni um aðför. Ákvæði 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins gera ekki greinarmun á því hvort annmarki sé á málstað gerðarbeiðandans í heild sinni eða aðeins að tilteknu leyti, þannig að á hvorn veginn sem væri yrðu viðbrögð sýslumanns þau sömu. Í 2. mgr. 13. gr. er tekið fram að gerðarbeiðandi geti borið höfnun sýslumanns undir úrlausn héraðsdómara eftir reglum XIII. kafla frumvarpsins, ef hann vill ekki una við hana, en frestur gerðarbeiðanda til þess er markaður í 2. mgr. 73. gr.

Í 3. mgr. 13. gr. er sýslumanni veitt heimild til að framsenda beiðni í annað umdæmi ef hann telur við athugun sína skv. 1. mgr. greinarinnar að nærtækara sé að beiðnin hljóti þar meðferð. Þessi heimild gæti almennt ekki átt við nema þegar beiðni varðar nauðungarsölu á lausafé, en ákvæði 58. gr. veita visst svigrúm um val á umdæmi undir þeim kringumstæðum. Heimild sýslumanns til framsendingar beiðninnar er þó háð tveimur skilyrðum. Annars vegar verður að hafa verið stoð fyrir því að beina beiðninni til hans í byrjun, en sé því ekki fullnægt yrði að hafna beiðninni skv. 2. mgr. 13. gr. Hins vegar verður gerðarbeiðandi að vera samþykkur framsendingu beiðninnar, þannig að ef hann væri því andsnúinn ætti sýslumaður ekki annarra kosta völ en að hefjast handa um aðgerðir á grundvelli hennar. Ákvæði 3. mgr. 13. gr. eiga sér hliðstæðu í 3. mgr. 17. gr. laga nr. 90/1989, þar sem sýslumanni er heimilað með sömu skilyrðum að framsenda beiðni um aðför í annað umdæmi.

Um 14. gr.

Vikið var að því í II. kafla almennra athugasemda við frumvarpið að í ákvæðum þess sé gert ráð fyrir því að ef tvær eða fleiri beiðnir koma fram um nauðungarsölu á sömu eign eða eignum sem náin tengsl eru milli, þá verði meðferð beiðnanna sameinuð og báðir eða allir sem þær bárust frá taldir gerðarbeiðendur, en þetta kemur einkum fram í reglum 14. gr. Með þessu er lögð til breyting frá hljóðan núgildandi laga, því skv. 14. og 21. gr. laga nr. 57/1949 verður sá, sem uppboðsbeiðni berst fyrst frá, einn talinn uppboðsbeiðandi og skiptir þá engu hvort fleiri beiðnir berist um uppboð á sömu eign. Ef beiðni þess fyrsta fellur síðar niður og önnur beiðni hefur áður komið fram, getur sá sem sú síðari stafar frá gerst uppboðsbeiðandi í stað þess fyrri. Þessum reglum hefur verið fylgt sparlega í framkvæmd og má heita að í raun hafi áratugum saman tíðkast að fara að með líkum hætti og gert er ráð fyrir að þessu leyti í frumvarpinu.

Ákvæðum 14. gr. frumvarpsins er þó ekki aðeins ætlað að stuðla að þeirri breytingu frá hljóðan eldri laga, sem hér hefur verið getið. Meginefni 14. gr. snýr að því hvenær sé skylt eða heimilt að fara sameiginlega með tvær eða fleiri beiðnir um nauðungarsölu, en um þetta er ekki fjallað í núgildandi lögum af sjálfgefnum ástæðum í ljósi þess sem áður segir. Sameiginleg meðferð á tveimur eða fleiri beiðnum um nauðungarsölu eftir ákvæðum frumvarpsins hefur ýmsar afleiðingar í för með sér. Hún getur stuðlað að hagræði, því skv. 3. mgr. 19. gr. þarf almennt ekki að birta auglýsingu í Lögbirtingablaði um nýja beiðni um nauðungarsölu á fasteign, skipi eða loftfari, heldur má taka hana til meðferðar á grundvelli auglýsingar sem hefur birst þar vegna annarrar beiðni sem hefur komið fram um nauðungarsölu á sömu eign. Breytir engu í þeim efnum hvort beiðnin sem var auglýst út af falli niður, ef ný beiðni hefur áður komið fram og meðferð þeirra verið sameinuð. Sameiginleg meðferð beiðna getur á hinn bóginn leitt af sér viss vandkvæði, því báðir eða allir þeir sem þær stafa frá hafa þá með höndum forræði á framvindu nauðungarsölunnar. Henni verður til dæmis ekki frestað nema þeir séu allir því samþykkir og þá ekki um lengri tíma en þeir una allir við, sbr. 1. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 27. gr. Þótt ekki sé mælt fyrir um atriði sem þessi í núgildandi lögum, hafa venjur myndast um þau í framkvæmd og er stuðst við þær að verulegu leyti í ákvæðum frumvarpsins.

Í 14. gr. er mælt fyrir um fimm tilvik þar sem ýmist er skylt eða heimilt að sameina meðferð beiðna um nauðungarsölu, en þau eru eftirfarandi:

1. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. er skylt að sameina meðferð tveggja beiðna um nauðungarsölu, ef þær beinast að sömu eigninni og styðjast báðar við einhverja heimild skv. 1. mgr. 6. gr.
2. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. er að sama skapi skylt að sameina meðferð tveggja beiðna um nauðungarsölu, ef þær beinast að sömu eigninni og styðjast báðar við heimild eigenda hennar til að krefjast sölu hennar skv. 8. gr. Eftir eðli máls gætu tvær beiðnir ekki komið fram um sölu á sömu eign undir þessum kringumstæðum nema til slita á sameign, sbr. 2. og 3. mgr. 8. gr. Tekið skal fram að þótt fjallað sé um sameiningu beiðna skv. 6. eða 8. gr. í sama ákvæði, 1. mgr. 14. gr., yrði aldrei unnt að sameina meðferð tveggja beiðna, þar sem önnur væri byggð á heimild skv. 6. gr. og hin væri studd við ákvæði 8. gr., enda gilda ólíkar reglur um skilyrði, framkvæmd og áhrif nauðungarsölu eftir þessum tvenns konar heimildum.
3. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. er skylt að sameina meðferð tveggja beiðna, þótt síðari beiðnin sé í senn um nauðungarsölu tiltekinnar eignar og fylgifjár með henni meðan sú fyrri varðar aðeins sölu á eigninni sjálfri. Þessi regla hefur til dæmis í för með sér að ef beiðni berst fyrst um nauðungarsölu á tilteknu verksmiðjuhúsi, en síðar kemur fram beiðni um sölu á sama verksmiðjuhúsi og tilteknum vélum sem hafa verið veðsett gerðarbeiðanda í einu lagi, þá yrði meðferð beiðnanna sameinuð þótt sú yngri nái til eigna sem sú eldri tók ekki til. Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. þyrfti ekki að auglýsa sérstaklega um þessa breytingu á umfangi nauðungarsölunnar í Lögbirtingablaði. Þótt mælt sé fyrir um skyldu til að

sameina meðferð beiðna við þessar aðstæður breytir það því ekki, að sýslumanni væri heimilt að skilja beiðnirnar á vissan hátt að við framkvæmd á sjálfri sölu eignanna og leita aðskildra boða í þær samkvæmt fyrirmælum 30. gr.

4. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. er einnig skylt að sameina meðferð tveggja beiðna, þótt fyrri beiðni nái til fleiri eigna en sú síðari. Þetta afbrigði er í reynd andhverfan við þá sem er lýst í næsta lið hér á undan og þarfnast því væntanlega ekki frekari skýringa.
5. Í 3. mgr. er mælt fyrir um heimild handa sýslumanni til að ákveða að sameina meðferð tveggja eða fleiri beiðna ef þær varða báðar eða allar eign sem er í óskiptri sameign, en þá skiptir ekki máli hvort beiðnirnar snúi að einhverju leyti eða öllu að mismunandi eignarhlutum í sameigninni. Samkvæmt þessari heimild mætti til dæmis ákveða að sameina meðferð þriggja beiðna, sem varða nauðungarsölu á fasteign í óskiptri sameign tveggja manna, þótt fyrsta beiðnin beinist að sölu á eignarhluta A, önnur beiðnin að eignarhluta B og sú þriðja að eigninni í heild. Hér verður að undirstrika að 3. mgr. 14. gr. kveður aðeins á um heimild til sameiningar, ekki skyldu, en notkun heimildarinnar er háð mati sýslumanns á því hvort sameining leiði til hagræðis og baki ekki aðilum að nauðungarsölunni tjón. Við sameiningu á meðferð beiðna á grundvelli 3. mgr. 14. gr. gætir einnig þeirrar sérstöðu í samanburði við áðurnefnd tilvik, að nauðsyn getur borið til sérstakrar auglýsingar í Lögbirtingablaði vegna fleiri en einnar beiðni, en um þetta eru nánari fyrirmæli í 3. mgr. 19. gr. Þess má geta að þótt sýslumaður sameinaði meðferð beiðna eftir heimild 3. mgr. 14. gr., ætti hann þess allt að einu kost að leita boða í hvern eignarhluta fyrir sig, sbr. 30. gr.

Í 4. mgr. 14. gr. er tekið fram til áréttingar að hafi meðferð tveggja eða fleiri beiðna um nauðungarsölu á mismunandi eignum á einhverju stigi verið sameinuð skv. 2. eða 3. mgr. 14. gr. og ein beiðnin fellur niður, taki nauðungarsalan upp frá því aðeins til þeirra eigna sem beiðnirnar sem standa eftir snúa að. Þá er einnig tekið fram til áréttingar að sömu viðhorfum verði beitt ef einn gerðarbeiðandinn við þessar aðstæður vill fresta sölu á eignunum fyrir sitt leyti meðan aðrir gerðarbeiðendur knýja hana fram. Yrði þá aðeins seldur sá hluti eignanna, sem beiðnir þeirra síðarnefndu varða.

Í 5. mgr. 14. gr. er mælt fyrir um undantekningu frá skyldu til að sameina meðferð beiðna, þótt svo standi á sem er lýst í 1. eða 2. mgr. greinarinnar. Þessi undantekning tekur mið af því að fyrst kunni að hafa komið fram beiðni um nauðungarsölu á tiltekinni eign, en ágreiningur rís síðan um framgang hennar, til dæmis um það hvort nauðungarsalan hafi verið auglýst með lögmætum hætti, og sýslumaður ákveður að stöðva frekari aðgerðir á grundvelli beiðninnar skv. 22. gr. Meðan mál væri rekið fyrir dómi til að fá leyst úr ágreiningnum gæti sú staða komið upp að ný beiðni kæmi fram um nauðungarsölu á sömu eign. Ef ekki væri mælt á annan veg í 14. gr. og báðar beiðnirnar styddust til dæmis við heimildir samkvæmt 1. mgr. 6. gr., hefði það í för með sér að síðari gerðarbeiðandinn yrði að sæta því að skylt væri að sameina meðferð á beiðni hans við meðferð á annarri, sem ágreiningur stæði um og honum kæmi á engan hátt við. Ákvæði 5. mgr. 14. gr. eru sett fram til að fyrirbyggja slíka sjálfheldu síðari gerðarbeiðanda, þannig að sýslumaður mætti víkja frá skyldu skv. 1. eða 2. mgr. 14. gr. til að sameina meðferð beiðnanna. Mætti þannig byrja frá grunni á aðgerðum við nauðungarsölu á grundvelli síðari beiðninnar, en tekið er fram í 5. mgr. 14. gr. að meðferð beiðnanna megi þá sameina á síðari stigum, þegar leyst hefur verið úr ágreiningi um fyrri beiðnina.

Um 15. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um ýmis atriði sem geta valdið því að beiðni um nauðungarsölu falli niður eða teljist fallin niður.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. getur gerðarbeiðandi í fyrsta lagi fellt beiðni sína sjálfur niður með því að afturkalla hana formlega eða láta á annan ótvíræðan hátt í ljós að hann falli frá henni. Sambærileg regla kemur ekki berum orðum fram í núgildandi lögum, en gert er ráð

fyrir þessum kosti með óbeinum hætti í 1. mgr. 21. gr. laga nr. 57/1949 og hefur verið gengið út frá tilvist þessarar reglu í framkvæmd.

Í öðru lagi getur það leitt til þess að beiðni um nauðungarsölu teljist fallin niður, að gerðarbeiðandi mæti ekki til formlegrar fyrirtöku á nauðungarsölunni fyrir sýslumanni, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 15. gr. Reglu sama efnis má finna í 24. gr. laga nr. 57/1949, sbr. lög nr. 12/1987.

Í þriðja lagi telst beiðni fallin niður skv. 2. tölul. 2. mgr. 15. gr. ef gerðarbeiðandi lætur ekki af hendi frumrit veðskuldabréfs til stuðnings beiðni sinni eftir kröfu sýslumanns og innan frests sem hann hefur ákveðið, en reglu sama efnis má nú finna í 24. gr. laga nr. 57/1949, eins og henni var breytt með lögum nr. 12/1987.

Í fjórða lagi kemur fram í 3. tölul. 2. mgr. 15. gr. að beiðni um nauðungarsölu verði talin fallin niður ef gerðarbeiðandi setur ekki tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar af nauðungarsölunni eða greiðir ekki áfallinn kostnað eftir kröfu sýslumanns innan tiltekins frests, sbr. 3. mgr. 12. gr. Í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 57/1949 er að finna heimild til að krefja uppboðsbeiðanda um tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar við tilteknar aðstæður, en þar er ekki mælt fyrir um neinar afleiðingar af því að hann verði ekki við slíkri kröfu. Þar er hins vegar ekki kveðið á um heimild til að krefja uppboðsbeiðanda um greiðslu útlagðs kostnaðar af framkvæmd nauðungaruppboðs, en í framkvæmd hefur orðið til vandkvæða að slíka heimild skorti og að yfirleitt sé ekki mælt fyrir um afleiðingar af vanrækslu gerðarbeiðanda í þessum efnum. Umræddum ákvæðum frumvarpsins er ætlað að ráða bót á þessu, þótt þörfin á henni verði ef til vill ekki mikil ef af þeim breytingum á reglum um greiðslu kostnaðar af nauðungarsölu verður, sem var minnst á í athugasemdum við 3. mgr. 12. gr.

Í fimmta lagi kemur fram í 4. tölul. 2. mgr. 15. gr. að beiðni um nauðungarsölu verði talin fallin niður, ef sýslumaður hefur ákveðið að stöðva aðgerðir við hana að öllu leyti eftir ákvæðum 22. gr. og sú ákvörðun hans hefur ekki verið borin undir héraðsdóm til þess að fá henni hrundið innan viðeigandi frests skv. 2. mgr. 73. gr. Þótt það komi ekki berum orðum fram í þessu ákvæði verður enn fremur að álykta af því að ákvörðun sýslumanns um að stöðva aðgerðir á grundvelli beiðni að vissu marki hafi í för með sér að beiðni teljist fallin niður að sama skapi, ef ákvörðunin er ekki borin undir dóm eftir reglum XIII. kafla. Reglu 4. tölul. 2. mgr. 15. gr. er þörf í ljósi þess að ákvæði 22. gr. heimila sýslumanni aðeins að stöðva aðgerðir við nauðungarsölu, ef hann telur annmarka á því að þeim verði fram haldið vegna mótmæla gerðarþola eða þriðja manns eða vegna formgalla, en sýslumaður getur hins vegar ekki fellt nauðungarsöluna niður af þessum sökum. Ef ekki yrði mælt fyrir um þessa afleiðingu af því að slík ákvörðun sýslumanns verði ekki borin undir dóm til þess að fá henni hrundið, hefði það í för með sér að beiðni um nauðungarsöluna teldist liggja fyrir um óákveðinn tíma án þess að frekari aðgerðir færu fram á grundvelli hennar.

Í sjötta lagi kemur fram í 5. tölul. 2. mgr. 15. gr. að beiðni um nauðungarsölu verði talin fallin niður ef sönnun er lögð fram fyrir því að gerðarbeiðandi hafi fengið þá peningakröfu greidda, sem hann krefst nauðungarsölu til að fá fullnægt. Sambærileg regla kemur ekki fram berum orðum í lögum nr. 57/1949, en tvímælalaust yrði farið að á sama hátt í framkvæmd og hér um ræðir, eftir atvikum á grundvelli 1. tölul. 1. mgr. 119. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949.

Þau sex tilvik, sem hér hefur verið getið, eiga það sammerkt samkvæmt beinum fyrirmælum í 1. og 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins að beiðni um nauðungarsölu getur fallið niður eða talist falla niður fram að því, að sýslumaður samþykkir boð í viðkomandi eign. Þetta hefur með öðrum orðum í för með sér að fram að samþykki boðs geta beiðnir og þess vegna nauðungarsalan í heild sinni fallið niður, jafnvel þótt boð hafi komið fram í eignina við uppboð eða á almennum markaði. Eftir samþykki boðs geta beiðnir um nauðungarsöluna hins vegar ekki fallið niður, hvorki af þessum ástæðum né öðrum, enda væri þá salan sem slík orðinn hlutur.

Rétt er að taka fram að 1. og 2. mgr. 15. gr. geyma ekki tæmandi talningu á þeim atvikum sem geta valdið því að beiðni um nauðungarsölu falli niður. Sérreglur um önnur atriði sem hafa sömu afleiðingu koma fram í 2. mgr. 27. gr., 1. mgr. 34. gr., 5. mgr. 36. gr., 3. mgr. 66. gr. og 5. mgr. 67. gr.

Í 3. mgr. 15. gr. er mælt fyrir um heimild gerðarbeiðanda til að bera undir héraðsdóm ákvörðun sýslumanns um að fella niður beiðni hans eftir einhverri reglu 2. mgr. greinarinnar. Í þessu skyni er gerðarbeiðanda settur tiltekinn frestur, sbr. 2. mgr. 73. gr., en að honum liðnum ætti gerðarbeiðandi ekki annarra kosta völ en að biðja á ný um nauðungarsölu sem yrði þá eftir atvikum að byrja á frá grunni.

Í 4. mgr. 15. gr. er að finna reglu, sem mætti reyndar telja sjálfgefna þótt hún væri ekki tekin upp berum orðum, en þar segir að ef beiðnir allra gerðarbeiðenda falla niður verði ekki frekar af nauðungarsölu. Nauðungarsölu mundi því ljúka með því að eina beiðnin, sem hefur komið fram um hana, falli niður af einhverri ástæðu skv. 1. eða 2. mgr. 15. gr. eða að tvær eða fleiri framkomnar beiðnir falli niður af þeim sökum. Nær öllum nauðungaruppboðum lýkur einmitt með þeim hætti í framkvæmd eftir lögum nr. 57/1949, þótt regla þessa efnis komi þar ekki berum orðum fram.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. 16. gr. er mælt fyrir um fyrstu aðgerðir sýslumanns eftir að hann hefur staðreynt að beiðni um nauðungarsölu standist áður umrædda könnun skv. 1. mgr. 13. gr., en þessar aðgerðir eru tvenns konar.

Annars vegar ber sýslumanni að ákveða hvar og hvenær hann taki beiðnina um nauðungarsölu fyrir. Um stað til fyrirtöku er mælt nánar í 1. mgr. 21. gr., þegar beiðni varðar fasteign, önnur fasteignarréttindi eða skrásett skip eða loftfar, og í 61., 70., og 71. gr. þegar um aðrar eignir er að ræða. Tíma til fyrirtöku yrði að ákveða af tilliti til nauðsynlegs fyrirvara á birtingu auglýsingar og sendingu tilkynninga um hana, sbr. einkum 20., 64. og 70. gr. Þess ber þó að gæta að ef eldri beiðni liggur fyrir um nauðungarsölu á sömu eign og meðferð hennar og þeirrar nýju verður sameinuð samkvæmt reglum 14. gr., þá verður að jafnaði ekki komist hjá því að nýja beiðnin verði tekin fyrir í fyrsta sinn þegar sú eldri á næst að koma fyrir, sbr. þó 2. mgr. 24. gr.

Hins vegar er boðið í 1. mgr. 16. gr. að sýslumaður sendi gerðarþola afrit af beiðni um nauðungarsöluna ásamt tilkynningu um þann stað og þá stund sem hún verður tekin fyrir. Í þeirri tilkynningu ber jafnframt að vekja sérstaka athygli á því ef meðferð beiðninnar, sem er tilkynnt um, verður sameinuð meðferð áður framkominnar beiðni, en af þessum orðum verður sú augljósa ályktun dregin að sýslumaður losni ekki undan skyldu til að tilkynna gerðarþola um nýja beiðni þótt meðferð hennar verði sameinuð meðferð eldri beiðni. Þótt ákvæði 1. mgr. 16. gr. séu sett fram með þeim hætti að sýslumaður sendi í senn annars vegar afrit af beiðni og hins vegar tilkynningu um fyrirtöku og eftir atvikum um sameiningu á meðferð beiðna, mætti sýslumaður allt eins rita á beiðnina upplýsingar um þau atriði, sem ættu að koma fram í tilkynningu, og láta við það sitja að gerðarþola verði aðeins sent það skjal í þeim búningi. Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. verður að senda gerðarþola þessi gögn í ábyrgðarbréfi eða með öðrum tryggum hætti. Annar tryggur háttur í þessum efnum gæti til dæmis verið sá, að sýslumaður léti stefnuvott birta gögnin fyrir gerðarþola, en að öðru leyti gæti sýslumaður gripið til enn annarra aðferða í þessu skyni ef unnt væri að tryggja haldbæra sönnun fyrir því að gerðarþola hafi borist sendingin.

Í 2. mgr. 16. gr. er kveðið á um undantekningu frá því að tilkynna þurfi gerðarþola um beiðni um nauðungarsölu og fyrirtöku hennar með áðurgreindum hætti. Sú undantekning á nánar tiltekið við ef sýslumaður telur unnt að fallast á að gerðarbeiðanda sé ófært að afla annað tveggja vitneskju um dvalarstað gerðarþola, þar sem koma mætti fram tilkynningu til

hans, eða vitneskju um hver gerðarþoli sé. Í þessum efnum verður að gera strangar kröfur til gerðarbeiðanda, þannig að sýnt þyki að hann hafi árangurslaust leitað allra nærtækra úrræða til að afla vitneskju um þessi atriði. Ef sýslumaður telur þessum kröfum fullnægt leiðir af orðum 2. mgr. 16. gr. að skortur á tilkynningu standi ekki í vegi frekari framgangi nauðungarsölunnar. Þótt hér sé óneitanlega gengið nokkuð á réttarvernd gerðarþola verður að taka tillit til þess að orsakir þess eru óneitanlega fremur hans sök en gerðarbeiðandans og væri því óeðlilegt að láta þá aðstöðu koma gerðarþola til góða. Að auki verður að hafa í huga að þótt ekki verði af tilkynningu til gerðarþola samkvæmt fyrirmælum 16. gr., þá vega ýmis önnur atriði þar upp á móti. Nauðungarsala yrði allt að einu auglýst að hætti 19., 20., 26. og 35. gr. áður en hún færi fram, ef hún beinist að fasteign eða skrásettu skipi eða loftfari. Ef um lausafé væri að ræða verður að taka tillit til þess að gerðarbeiðandi yrði oftar en ekki að koma fram vörslutöku á því áður en nauðungarsala færi fram, en með þeim hætti yrði náð til gerðarþola, ef hann væri sjálfur vörslumaður lausafjárins, eða til einhvers sem hefði vörslurnar fyrir atbeina hans. Þá færi nauðungarsala á lausafé skv. XI. kafla frumvarpsins ekki fram nema að undangenginni auglýsingu skv. 64. gr.

Í 3. mgr. 16. gr er mælt fyrir um tilkynningu sýslumanns til gerðarbeiðanda um það, hvar og hvenær beiðni hans verði tekin fyrir. Ekki er mælt fyrir um að senda þurfi þessa tilkynningu með tilteknum hætti, en þetta yrði þó allt að einu að gerast með tryggu móti, því fjarvist gerðarbeiðanda frá fyrirtöku hefði afdrifaríkar afleiðingar á málatilbúnað hans, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 15. gr.

Ákvæði 16. gr. taka að þó nokkru leyti mið af núverandi framkvæmd við tilkynningar um beiðnir um nauðungaruppboð, en fyrirmæli laga nr. 57/1949 eru ekki alls kostar skýr í þessum efnum.

Um 17. gr.

Þessi grein er sú fyrsta í 2. þætti frumvarpsins, sem geymir sérreglur um nauðungarsölu á fasteignum og öðrum eignum sem eru nánar taldar í 17. gr. IV. kafli frumvarpsins hefst jafnframt á þessari grein, en í honum eru reglur um fyrstu aðgerðir við nauðungarsölu á þeim eignum sem ákvæði 2. þáttar taka til.

Í 17. gr. er talið upp í þremur málsgreinum hverjar þær eignir séu sem verður ráðstafað með nauðungarsölu eftir reglum 2. þáttar. Í 1. mgr. 17. gr. eru taldar til í þessum efnum fasteignir, ýmis afbrigði réttinda yfir fasteign og mannvirki sem eru skeytt við land annars manns en verða þó ekki seld með landinu. Ætlast er til þess að 1. mgr. 17. gr. verði skýrð með sama hætti og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 57/1949, þótt orðalagi þessa frumvarpsákvæðis sé breytt nokkuð frá núgildandi lagareglu.

Í 2. mgr. 17. gr. kemur fram að reglum 2. þáttar verði einnig beitt við nauðungarsölu á skrásettum skipum, sem eru fimm rúmlestir eða stærri, og skrásettum loftförum. Hvað skip varðar eru ákvæði 2. mgr. 17. gr. efnislega þau sömu og nú koma fram í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 57/1949, þar sem mælt er fyrir um að fljótandi för, fimm smálestir eða stærri, verði seld við nauðungaruppboð eftir sömu reglum og gilda um fasteignir. Hvað varðar loftför eru ákvæði 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins sama efnis og fyrirmæli 4. gr. laga nr. 20/1966, þar sem kemur fram að nauðungaruppboð á skrásettu loftfari fari eftir reglum um nauðungaruppboð á fasteign.

Í 3. mgr. 17. gr. er að finna nýmæli þar sem kemur fram að ef gerðarbeiðandi krefst í einu lagi nauðungarsölu á fasteign, skrásettu skipi eða skrásettu loftfari annars vegar og lausafé sem fylgir slíkri eign hins vegar, verður fyrirmælum 2. þáttar beitt um allar eignirnar í senn, bæði fasteignina, skipið eða loftfarið og fylgifé eignarinnar. Með þessari reglu er leitast við að mæta þörfum þeirra, sem hafa til dæmis fengið í einu lagi samningsveð í verksmiðjuhúsi og vélabúnaði sem tilheyrir rekstri í húsinu, en nokkuð er um það í framkvæmd að lausafé sé veðsett á þennan hátt með fasteign, skipi eða loftfari þegar lánastofnanir eiga í hlut. Eftir núgildandi reglum laga nr. 57/1949 og 20/1966 er ekki unnt að bjóða upp fasteign, skip eða

loftfar annars vegar og lausafé sem fylgir slíkri eign hins vegar í einu lagi, en þetta kostar að veðhafi verður þá að leita fullnustu á kröfum sínum með tveimur aðgreindum uppboðum. Sú aðstaða getur oft á tíðum verið bagaleg, ekki síst ef viðkomandi lausafjármunir eru verðmiklir og til sérhæfðra nota í fasteigninni, skipinu eða loftfarinu. Rétt er að vekja athygli á því, að þótt 3. mgr. 17. gr. heimili gerðarbeiðanda að krefjast nauðungarsölu í einu lagi á umræddum eignum, getur sýslumaður neytt heimildar í 30. gr. til að leita boða í hverja eign fyrir sig. Leiðir þannig 3. mgr. 17. gr. ekki fortakslaust til þess að eignirnar verði seldar í einu lagi þótt nauðungarsölu sé krafist á þeim öllum í senn.

Um ákvæði 17. gr. má að öðru leyti geta þess að í framkvæmd hafa komið upp ýmis álitaefni um afmörkun á reglum 1. mgr. 12. gr. laga nr. 57/1949, þar sem greinir eins og áður segir hvað teljist fasteign eða fasteignarréttindi sem verður ráðstafað eftir reglum laganna um nauðungaruppboð á fasteign. Þau álitaefni hafa að jafnaði snúist um hvort tiltekinn hlutur eða réttindi teljist til fasteigna í skilningi umræddrar 12. gr. eða lausafjár, sem verður ráðstafað með öðrum og ólíkum hætti. Þetta getur til dæmis átt við um hús sem hefur verið sett niður á land án þess þó að vera skeytt við landið. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins fela ekki í sér neina nýja lausn á slíkum álitaefnum, enda má telja að ógerningur sé að afmarka þessi atriði með tæmandi hætti í lögum. Er því ætlast til þess að farið verði eins að og hingað til og að vafaatriði í þessum efnum verði eftir atvikum leyst á grundvelli þeirra almennu reglna eignarréttar sem miða að því að gera greinarmun á fasteignum og öðrum munum eða réttindum. Þess skal þó getið að vænta má að því viðhorfi yrði áfram beitt í framkvæmd, að í vafatilvikum eigi fremur að framkvæma nauðungarsölu eftir reglum 2. þáttar frumvarpsins en eftir reglum um ráðstöfun lausafjár og annarra réttinda í 3. þætti, enda leiða ákvæði 2. þáttar til vandaðri meðferðar en reglur 3. þáttar.

Um 18. gr.

Í 18. gr. koma fram reglur um það í hverju stjórnsýsluumdæmi sýslumanns beiðni verði sett fram um nauðungarsölu á eign sem ákvæði 2. þáttar taka til. Í þessum efnum er gerður greinarmunur á einstökum tegundum eigna.

Í 1. mgr. 18. gr. kemur fram að beiðni um nauðungarsölu á fasteign eða öðrum réttindum, sem ákvæði 1. mgr. 17. gr. taka til, verði beint til sýslumannsins í því umdæmi, þar sem réttindum yfir eigninni er eða yrði þinglýst. Með þessum hætti er vísað til almennrar reglu um þinglýsingarumdæmi fasteigna, sem kemur fram í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 39/1978.

Í 2. mgr. 18. gr. er mælt fyrir um að beiðni um nauðungarsölu á skipi, sem er skrásett hér á landi, verði beint að sýslumanninum í umdæminu þar sem skipið er skráð. Markast þannig umdæmi við nauðungarsölu á umræddum skipum með sama hætti og varðandi þinglýsingu réttinda yfir þeim, sbr. 41. gr. laga nr. 39/1978. Í 2. mgr. 18. gr. er tekið sérstaklega fram um afleiðingar af því að skip sé flutt milli umdæma eftir að beiðni um nauðungarsölu hefur komið fram, en sambærilega reglu er ekki að finna í núgildandi lögum sem hefur leitt til óvissu í þessum efnum.

Í 3. mgr. 18. gr. kemur fram að beiðni um nauðungarsölu á loftfari, sem er skrásett hér á landi, verði alltaf beint til sýslumannsins í Reykjavík. Þessi regla er lögð til hér til samræmis við ákvæði 1. og 2. mgr. 18. gr., sem miða við að umdæmi við nauðungarsölu eignar sé það sama og umdæmið þar sem réttindum yfir henni verður þinglýst, en skv. 1. gr. laga nr. 21/1966 verða réttindi í loftfari skráð í landsskrá sem er staðsett í Reykjavík.

Í 4. mgr. 18. gr. er að finna sérreglu um það, hvar megi krefjast nauðungarsölu hér á landi á skipi eða loftfari sem er skrásett erlendis. Kemur þar fram að þetta megi gera í umdæmi þar sem skipið eða loftfarið er statt þegar beiðni er sett fram, en nauðungarsalan frestist sjálfkrafa ef það fer síðan úr umdæminu. Um þessa reglu má í fyrsta lagi geta þess að hún felur í sér að skipi eða loftfari, sem er skráð erlendis, verði ekki ráðstafað með nauðungarsölu hér á landi

nema við þær einu aðstæður að það sé hér statt. Skiptir ekki máli í þessum efnum hvort skipið eða loftfarið tilheyri Íslendingi eða öðrum. Af þessum sökum yrði ekki heimilt að krefjast nauðungarsölu hér á landi vegna þess eins að slík eign tilheyri íslenskum manni eða félagi, ef hún er skráð í öðru ríki. Regla ákvæðisins miðar að þessu leyti við þau viðhorf, að meginreglan sé sú að skipum og loftförum verði ráðstafað með nauðungarsölu á þeim stað, sem þau eru skráð, og að aðeins verði vikið frá þeirri meginreglu í því skyni að sala slíkrar eignar fari fram þar sem hún er stödd. Þessi viðhorf að baki 4. mgr. 18. gr. verða að teljast í samræmi við viðurkenndar alþjóðareglur, sem setja meðal annars mark sitt á ákvæði 4. mgr. 202. gr. siglingalaga, nr. 34/1985. Í öðru lagi felst í ákvæðum 4. mgr. 18. gr. frumvarpsins að skip eða loftfar, sem er skrásett erlendis, verði ekki aðeins að vera statt í viðkomandi umdæmi þegar beiðni kemur fram um nauðungarsölu á því, heldur verður það einnig að vera þar þegar salan sjálf á að fara fram. Þessi skilyrði ákvæðisins geta haft í för með sér að gerðarbeiðandi verði að grípa til sérstakra ráðstafana til að tryggja að skip eða loftfar fari ekki brott úr umdæmi frá því hann setur beiðni sína fram og þar til sala er gengin um garð, en hér getur verið um nokkurn tíma að ræða, til dæmis vegna birtingar auglýsinga, sbr. 1. mgr. 20. gr. Í frumvarpinu eru engar sérreglur um heimildir til að kyrrsetja eignir við þessar aðstæður, heldur er gengið út frá því að gerðarbeiðandi verði að grípa til almennra úrræða ef þörf krefur í þessu skyni. Gerðarbeiðandi gæti þannig leitað kyrrsetningar eftir almennum reglum og fengið eignina tekna úr vörslum gerðarþola, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 31/1990, eða eftir atvikum fengið fjárnám fyrir kröfu sinni í eigninni og leitað eftir vörslusviptingu, sbr. 2. mgr. 56. gr. laga nr. 90/1989. Í þriðja lagi má vekja athygli á því að í niðurlagi 4. mgr. 18. gr. er mælt fyrir um þá afleiðingu af því að erlent skip eða loftfar fari úr umdæmi, þar sem krafist hefur verið nauðungarsölu á því, að nauðungarsalan frestist sjálfkrafa. Brottförin hefur með öðrum orðum ekki þá afleiðingu að nauðungarsalan falli niður, en af þessum sökum mætti taka aðgerðir upp á ný ef skipið eða loftfarið kæmi aftur að landi í umdæminu. Frestun af þessari ástæðu gæti hins vegar ekki staðið nema þann tíma sem er mælt fyrir um í 2. mgr. 27. gr. og félli nauðungarsalan niður að honum liðnum.

Um 19. gr.

Í 19. gr. er eins og í núgildandi lögum gengið út frá þeirri aðalreglu að sýslumaður gefi út auglýsingu um nauðungarsölu til birtingar í Lögbirtingablaði. Þetta er honum ætlað að gera í framhaldi af því að hann hafi gengið úr skugga um að beiðni um nauðungarsölu standist þær kröfur sem koma fram í 13. gr. Líkt og í núgildandi lögum tekur þessi aðalregla þó aðeins til fasteigna og annarra eigna eða réttinda sem verður ráðstafað eftir ákvæðum 2. þáttar frumvarpsins, en við nauðungarsölu á eign, sem reglur 3. þáttar taka til, þarf ekki að auglýsa nauðungarsölu nema eign verði seld á uppboði og verður slík auglýsing þá birt í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt, sbr. 64. gr. Þá ber einnig að geta þess að aðalreglan um að auglýst verði beiðni um nauðungarsölu skv. 2. þætti í Lögbirtingablaði sætir undantekningum skv. 3. mgr. 19. gr., sem verður vikið nánar að hér á eftir.

Í 1. mgr. 19. gr. kemur fram hvers efnis auglýsing um nauðungarsölu eigi að vera. Reglurnar um þetta taka mið af því hvernig þessum auglýsingum hefur verið hagað í framkvæmd, en gefa þó svigrúm til að stytta þær nokkuð frá því sem nú er. Ákvæði 1. mgr. 19. gr. svara ekki með öllu til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949, þar sem er að finna núverandi fyrirmæli um þessar auglýsingar, en þeim hefur ekki verið fylgt í þaula í framkvæmd undanfarna áratugi. Verður ekki séð að einstök atriði 1. mgr. 19. gr. þarfnist sérstakra skýringa.

Í reglum 1. mgr. 19. gr. er efni auglýsingar um nauðungarsölu lýst af tilliti til tilvika, þar sem aðeins hefur komið fram ein beiðni um nauðungarsölu á viðkomandi eign. Sú staða getur hins vegar verið uppi að sýslumanni hafi borist tvær eða fleiri beiðnir um nauðungarsölu á sömu eign áður en auglýsing hefur verið gefin út vegna einhverrar þeirra og að meðferð

þessara beiðna verði sameinuð samkvæmt reglum 14. gr. Í 2. mgr. 19. gr. er því lýst hvers efnis auglýsing verði þegar þannig stendur á, en gert er ráð fyrir því að þá verði beggja eða allra gerðarbeiðenda getið í auglýsingunni og samanlagðrar fjárhæðar sem þeir leita fullnustu á, án þess að greint verði hve há krafa hvers þeirra sé. Ef beiðnirnar varða ekki að öllu leyti sömu eign, en meðferð þeirra verður þó sameinuð á grundvelli 2. eða 3. mgr. 14. gr., er gert ráð fyrir því að auglýsingin greini frá eignunum sem einni heild eftir því sem beiðnirnar leiða í sameiningu til. Að öðru leyti ber að árétta að eftir orðalagi 2. mgr. 19. gr. er sýslumanni ekki skylt að geta með þessum hætti í auglýsingu beggja eða allra beiðnanna, sem liggja fyrir við gerð hennar, og yrði því ekki talinn annmarki á auglýsingunni þótt þar kæmu aðeins fram atriði varðandi eina beiðni.

Í 3. mgr. 19. gr. koma eins og áður segir fram undantekningar frá þeirri reglu, að auglýsa þurfi í Lögbirtingablaði um beiðnir um nauðungarsölu skv. 2. þætti frumvarpsins. Þessar undantekningar varða nánar tiltekið þau tilvik, þar sem ný beiðni berst og meðferð hennar verður sameinuð meðferð á eldri beiðni eftir útgáfu auglýsingar um nauðungarsöluna. Ef meðferð beiðnanna verður sameinuð á grundvelli 1. eða 2. mgr. 14. gr. og auglýsing hefur áður verið gefin út, leiðir af fyrirmælum 3. mgr. 19. gr. að ekki þurfi að auglýsa um nýja beiðni. Ef sameining á meðferð beiðna styðst hins vegar við 3. mgr. 14. gr. ræðst nauðsyn auglýsingar um nýja beiðni af því, hvort auglýsing sem hefur verið gefin út nái yfir þá eign eða þann eignarhluta sem krafist er nauðungarsölu á í þeirri nýju. Hafi nauðungarsala til dæmis verið auglýst á fasteign í heild sinni, sem er þó í óskiptri sameign tveggja manna, til samræmis við beiðni sem fyrst kom fram, þyrfti ekki að auglýsa sérstaklega vegna nýrrar beiðni, sem tæki aðeins til eignarhluta annars eigandans.

Umræddar heimildir í 3. mgr. 19. gr. til að láta hjá líða að auglýsa um beiðni um nauðungarsölu byggja á því að megintilgangur auglýsingar sé að gera öðrum en gerðarbeiðanda og gerðarþola kunnugt að nauðungarsala sé að fara í hönd á tiltekinni eign. Er þá gengið út frá því að það megi almennt einu gilda fyrir aðra hver hafi krafist nauðungarsölunnar og til fullnustu á hverri fjárhæð. Þessu til samræmis er ákvæðum 3. mgr. 19. gr. hagað þannig að nægilegt sé að auglýsing birtist í öndverðu með lögmætum hætti, en á grundvelli hennar megi halda áfram aðgerðum án tillits til þess hversu margir nýir gerðarbeiðendur komi til skjalanna á síðari stigum eða hvort einhverjir þeirra heltist úr lestinni. Í niðurlagi 3. mgr. 19. gr. er þetta áréttað frekar með því að taka fram að upphafleg auglýsing nægi til að halda aðgerðum áfram eftir nýrri beiðni þótt beiðnin, sem var auglýst út af í byrjun, falli niður eða verði hrundið af sýslumanni skv. 22. gr. eða fyrir dómi.

Um 20. gr.

Í 20. gr. koma fram reglur um birtingu auglýsingar um nauðungarsölu og þær sérstöku tilkynningar sem þarf að koma á framfæri til viðbótar við auglýsingu við sérstakar aðstæður.

Í 1. mgr. 20. gr. kemur fram að auglýsing að hætti 19. gr. þurfi að birtast einu sinni í Lögbirtingablaði. Birtingin þarf að eiga sér stað fjórum vikum áður en sýslumaður tekur nauðungarsöluna formlega fyrir í fyrsta sinn, ef um er að ræða fasteign, önnur réttindi skv. 1. mgr. 17. gr. eða skrásett skip, en með sex vikna fyrirvara þegar nauðungarsala á að fara fram á skrásettu loftfari. Af einstökum atriðum í þessu sambandi má nefna að dregið er hér úr fjölda birtinga auglýsingar og frestir í þeim efnum eru styttir frá því sem er mælt fyrir í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949, en samkvæmt þeirri reglu verður auglýsing að birtast þrívegis og fyrsta birting verður að vera með sex vikna fyrirvara áður en málefnið er tekið fyrir í fyrsta sinn. Sérregla 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins um sex vikna frest frá birtingu auglýsingar fram til fyrirtöku á nauðungarsölu á skrásettu loftfari á rætur að rekja til ákvæða sáttmála um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum, sem var gerður í Genf 19. júní 1948 og íslenska ríkið hefur gerst aðili að, en þessi frestur er þar bundinn sem ófrávíkjanlegur lágmarksfrestur.

Í 2. mgr. 20. gr. er sérregla varðandi aðstöðuna þegar gerðarþoli er erlendur ríkisborgari eða erlent félag sem á ekki heimilisvarnarþing hér á landi og ekki hefur orðið af tilkynningu til hans skv. 16. gr. vegna skorts á vitneskju um dvalarstað hans. Þegar þannig stendur á er ráðgert að sýslumaður sendi utanríkisráðuneytinu afrit af auglýsingu um nauðungarsöluna, en það komi afritinu síðan á framfæri við utanríkisráðuneyti í heimalandi gerðarþola. Þessi regla er sett til að vega nokkuð upp á móti því að gerðarþola sé ekki send tilkynning að hætti 16. gr. og þeirri aðstöðu að ekki sé mjög sennilegt að hann fylgist náið með auglýsingum í Lögbirtingablaði, en ætlast er til þess að stjórnvöld í heimalandi gerðarþola geti leitað hann uppi til að koma afriti auglýsingarinnar á framfæri. Ákvæði 2. mgr. 20. gr. eru hliðstæð 4. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949, sbr. lög nr. 12/1987.

Í 3. mgr. 20. gr. er lagt fyrir gerðarbeiðanda, sem hefur krafist nauðungarsölu á loftfari sem er skrásett erlendis, að fá birta auglýsingu um hana í því ríki þar sem loftfarið er skráð, en um háttinn á þeirri auglýsingu færi þá eftir reglum í viðkomandi ríki um birtingu auglýsingar um nauðungarsölu. Þessi sérregla á rætur að rekja til ákvæða sem þær geta átt við.

Í 4. mgr. 20. gr. er loks kveðið á um skyldu gerðarbeiðanda, sem krefst nauðungarsölu á erlendu skipi eða loftfari, til að tilkynna erlendum rétthöfum í viðkomandi eign um nauðungarsöluna, en þetta ber honum að gera með sendingu ábyrgðarbréfa þessa efnis. Í ákvæðinu er þó tekið fram að þessi skylda sé aðeins gagnvart þeim erlendu rétthöfum sem verður náð til á grundvelli framkominna gagna, en með framkomnum gögnum er hér einkum átt við gögn frá erlendri réttindaskrá, sem gerðarbeiðanda ber að leggja fyrir sýslumann skv. 4. mgr. 11. gr. Þessi regla er byggð á því að erlendir rétthafar í erlendu skipi eða loftfari hefðu almennt enga ástæðu til að vænta nauðungarsölu á því hér á landi og hefðu heldur ekki tök á því að fylgjast með slíku. Sambærileg skylda er nú lögboðin varðandi nauðungaruppboð á erlendum loftförum í 1. gr. laga nr. 20/1966 og einnig er mælt fyrir um hana í fyrrnefndum alþjóðasamningi frá 19. júní 1948. Rétt þykir eftir eðlisrökum að baki þessari reglu að hún verði einnig látin taka til nauðungarsölu á erlendu skipi, svo sem er gert í 4. mgr. 20. gr. frumvarpsins, en að þessu leyti á ákvæðið sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum.

Rétt er að taka fram að ákvæði 16. gr. og 2.–4. mgr. 20. gr. telja með tæmandi hætti þær sérstöku tilkynningar sem þarf að beina til aðila að nauðungarsölu áður en hún verður tekin fyrir, þegar hún fer eftir reglum 2. þáttar frumvarpsins. Í 26. og 35. gr. eru hins vegar fyrirmæli um frekari tilkynningar sem ber að gæta að á síðari stigum nauðungarsölu skv. 2. þætti.

Um 21. gr.

Í 21. gr. koma fram reglur um formlega fyrirtöku sýslumanns á beiðni um nauðungarsölu, sem færi fram að undangenginni auglýsingu í Lögbirtingablaði og á þeim stað og tíma sem var auglýst. Þessi fyrirtaka er fyrsta formlega athöfnin sem er ráðgert að eigi sér stað við framkvæmd nauðungarsölu skv. 2. þætti frumvarpsins, en við hana yrði gerðarbeiðandi að mæta, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 15. gr., um hana yrði að bóka í gerðabók, sbr. 25. gr. Gerðarþoli ætti kost á að mæta þar til að afla sér upplýsinga, koma fram mótbárum, kröfum eða óskum og leita eftir atvikum samninga við gerðarbeiðanda. Athafnir sýslumanns í tengslum við nauðungarsölu fram að þessari fyrirtöku eru öðru marki brenndar, því þær ættu sér stað að aðilunum fjarstöddum og án bókana eða annarra formlegra aðgerða.

Samkvæmt upphafsorðum 1. mgr. 21. gr. á sýslumaður að taka beiðni fyrir með þessum hætti á starfstofu sinni, en ætla má að fyrirtökum í þessu skyni yrði hagað með hliðstæðum hætti og nú er gert í framkvæmd, þannig að einhver fjöldi beiðna yrði tekinn fyrir í einni lotu við sömu fyrirtöku. Það er tekið sérstaklega fram í 1. mgr. 21. gr. að ekki verði af fyrirtöku ef beiðni um nauðungarsöluna er þegar fallin niður, en með þessu er sýslumaður leystur undan því að þurfa að færa inn í gerðabók upplýsingar um beiðni, sem hefur að vísu verið tilkynnt um og auglýst í Lögbirtingablaði, en frekari aðgerðir fara ekki fram eftir.

Önnur fyrirmæli 1. mgr. 21. gr. lúta að framlagningu gagna um nauðungarsölu við umrædda fyrirtöku og merkingu þeirra, en reglur um þetta taka mið af tilhögun í þessum efnum í núverandi framkvæmd og þarfnast ekki frekari skýringa.

Í upphafi 2. mgr. 21. gr. koma fram reglur um skyldur sýslumanns til að veita gerðarþola eða umboðsmanni hans upplýsingar, ef hann mætir við fyrirtöku, og eftir atvikum leiðbeiningar um málefnið. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. hvílir skylda á gerðarþola til að veita upplýsingar við þetta tækifæri eftir því sem sýslumaður krefst þeirra og þær varða framgang nauðungarsölunnar. Er tekið fram að gerðarþola beri að greina satt og rétt frá, en brot í þeim efnum gæti varðað refsingu skv. 146. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Að öðru leyti en nú hefur verið greint kemur ekki fram í 21. gr. hvað verði gert við fyrirtöku. Kostirnir í þeim efnum skýrast hins vegar frekar í næstu ákvæðum frumvarpsins. Þannig er í 22. gr. gert ráð fyrir því að mótmæli geti komið fram af hendi gerðarþola eða eftir atvikum þriðja manns, sem sýslumaður yrði þá að taka afstöðu til. Þar er einnig tekið tillit til þess að sýslumaður gæti orðið þess var við fyrirtökuna að verulegir annmarkar séu á málatilbúnaði gerðarbeiðandans, sem hafi yfirsést fram að þessu, eða að gallar séu á undirbúningi nauðungarsölunnar. Í 22. gr. kemur fram að afleiðingar af ágreiningi eða annmörkum á málatilbúnaði eða undirbúningi nauðungarsölu geti almennt orðið annaðhvort þær, að sýslumaður ákveði að stöðva frekari aðgerðir við nauðungarsölu þannig að þær verði ekki teknar upp á ný nema eftir dómsúrlausn eða að hann ákveði að aðgerðir haldi áfram með almennum hætti. Í 23. gr. er síðan ráðgert að óskir geti komið fram við þessa fyrirtöku um að nauðungarsala fari fram á almennum markaði samkvæmt ákvæðum VI. kafla frumvarpsins. Ef nauðungarsalan verður hvorki stöðvuð við fyrirtöku vegna reglna 22. gr. né henni beint að því að ráðstafa eign eftir reglum VI. kafla, kemur fram í 24. gr. að sýslumaður ákveði við fyrirtökuna hvenær uppboð byrji á eigninni. Með þessum hætti markast meira eða minna hvað geti gerst við fyrirtöku skv. 21. gr., en í ljósi núverandi framkvæmdar er sérstök ástæða til að taka fram að sá kostur er ekki fyrir hendi í reglum frumvarpsins, að nauðungarsölunni verði frestað til sams konar fyrirtöku á ný. Um þetta var fjallað nánar í II. kafla almennra athugasemda við frumvarpið, sem hér má vísa til.

Um 22. gr.

Þessi grein frumvarpsins geymir aðalreglur þess um það, hvernig sýslumaður gætir að lögmæti aðgerða við framkvæmd nauðungarsölu og bregst við ágreiningi sem þar rís. Í 1. og 2. mgr. 22. gr. er orðalagi að vísu hagað með þeim hætti, að þargreindum reglum verði beitt við fyrirtöku beiðni um nauðungarsölu skv. 21. gr., en þessar reglur hafa þó víðtækara gildi, því fram kemur í 6. mgr. 22. gr. að þær taki einnig til aðgerða sýslumanns á síðari stigum við nauðungarsölu.

Í 1. mgr. 22. gr. koma fram reglur um skyldu sýslumanns til að gefa því gaum af sjálfsdáðum að fyrirmælum frumvarpsins um undirbúning og framkvæmd nauðungarsölu sé fylgt, en verði misbrestur í þeim efnum er mælt fyrir um að hann geti stöðvað frekari aðgerðir við hana. Í 2. mgr. 22. gr. er hins vegar kveðið á um hvernig sýslumaður taki afstöðu til ágreinings sem rís við framkvæmd nauðungarsölu, en ágreiningurinn gæti hvort heldur varðað réttmæti heimildar gerðarbeiðanda til nauðungarsölu eða hvernig verði staðið að framkvæmd hennar. Sýslumanni er hér veitt það úrræði að stöðva framkvæmd nauðungarsölunnar vegna ágreinings, en það ætti einkum við ef ágreiningur er um heimild gerðarbeiðanda. Bæði 1. og 2. mgr. 22. gr. heimila þannig sýslumanni að stöðva frekari framkvæmd nauðungarsölu, en þótt það komi þar ekki fram berum orðum verður að líta svo á að sýslumaður geti einnig ákveðið að aðgerðum við nauðungarsölu verði haldið áfram í einhverri skemmri mynd en gerðarbeiðendur æskja, eða með öðrum orðum að aðgerðir verði stöðvaðar að vissu marki. Sýslumaður gæti þannig fallist á mótmæli gerðarþola gegn kröfu eins gerðarbeiðanda og stöðvað framkvæmd nauðungarsölu á grundvelli beiðni hans, en haldið allt að einu áfram aðgerðum á

grundvelli beiðni annars gerðarbeiðanda. Sýslumaður gæti einnig fallist á að ekki séu skilyrði til að ráðstafa öllum þeim eignum, sem gerðarbeiðandi hefur krafist nauðungarsölu á í beiðni sinni, og stöðvað framkvæmd nauðungarsölunnar að því leyti, en talið rétt að hún fari fram á einhverjum eignanna.

Það úrræði sem sýslumanni er veitt með 22. gr., að stöðva framkvæmd nauðungarsölu að einhverju leyti eða öllu, hefur þá augljósu merkingarlegu afleiðingu í för með sér að ekki verði af frekari aðgerðum að sama marki. Áhrif stöðvunar eru þó víðtækari, því skv. 4. tölul. 2. mgr. 15. gr. telst beiðni um nauðungarsölu fallin niður ef sýslumaður hefur ákveðið að stöðva aðgerðir vegna hennar og ákvörðun hans um það er ekki borin undir dóm skv. XIII. kafla frumvarpsins innan þess tíma sem er markaður til þess í 2. mgr. 73. gr. Ástæða þess að ákvæði 22. gr. heimila sýslumanni aðeins að stöðva aðgerðir, en ekki að fella þær niður, er sú að heimilað er að bera ákvörðun sem þessa undir dómstóla, sbr. 3. og 4. mgr. 22. gr. og 13. kafla frumvarpsins. Meðan dómsúrlausn er ófengin eða frestur til að leita hennar er ekki liðinn undir lok er ófært að fyrir liggi ákvörðun um að fella nauðungarsöluna niður, enda mundu vandkvæði fylgja því að hefja aðgerðir við hana á nýjan leik ef dómstólar kæmust að gagnstæðri niðurstöðu við sýslumann. Þykir þannig til einföldunar að mæla fyrir um stöðvun aðgerða, sem geti síðan sjálfkrafa leitt til þess að beiðni teljist fallin niður ef ekki er reynt að fá ákvörðun sýslumanns hrundið innan viðeigandi frests.

Í 1. mgr. 22. gr. er sem áður segir mælt fyrir um þær gætur sem sýslumanni er ætlað að hafa á því að fyrirmælum frumvarpsins um formsatriði við undirbúning og framkvæmd nauðungarsölu sé fylgt. Í ákvæðinu er tekið fram að ef sýslumaður verður var við verulega annmarka í þessum efnum, þegar hann tekur beiðni um nauðungarsöluna fyrir skv. 21. gr., ber honum að stöðva frekari aðgerðir við hana. Eins ber honum að fara að ef hann verður var við ágalla, sem hefðu átt að varða höfnun beiðninnar við frumkönnun á henni skv. 13. gr. Þeir annmarkar á undirbúningi eða framkvæmd nauðungarsölunnar, sem geta leitt til stöðvunar aðgerða, eru taldir í 1. mgr. 22. gr. í tilvísun til ákvæða 16. gr., sem varðar tilkynningu til gerðarþola um framkomna beiðni, 19. gr., sem geymir reglur um efni og nauðsyn auglýsingar um nauðungarsölu, og 20. gr., þar sem mælt er fyrir um birtingu auglýsingar og sérstakar tilkynningar um nauðungarsölu sem þarf að koma á framfæri við tilteknar aðstæður. Annmarkar í þessum atriðum þurfa að vera verulegir, eins og berum orðum kemur fram í 1. mgr. 22. gr., til þess að þeir leiði til stöðvunar aðgerða. Ef annmarkarnir eru ekki svo miklir er sýslumanni heimilað að fresta aðgerðum til að ráða bóta á þeim, en þetta gæti til dæmis átt við ef láðst hefur að tilkynna einum af þremur gerðarþolum um beiðni að hætti 16. gr. og hans hefur þó allt að einu verið getið í auglýsingu um nauðungarsöluna. Þeir formgallar á undirbúningi nauðungarsölu, sem eru taldir í umræddri tilvísun 1. mgr. 22. gr., varða eingöngu atriði sem eru undanfari að formlegri fyrirtöku skv. 21. gr. Eins og áður er getið verður 1. mgr. 22. gr. þó beitt á síðari stigum við framkvæmd nauðungarsölu, sbr. 6. mgr. greinarinnar. Á þeim síðari stigum yrði síður ástæða til að gefa þessum upphafsatriðum gaum, en í stað þeirra kæmu þá samsvarandi formsatriði við undirbúning frekari aðgerða og yrði sýslumaður þá að huga að þeim með sama hætti. Fyrirmæli 1. mgr. 22. gr. geyma þannig ekki talningu þeirra atriða sem gæti reynt á með þessum hætti síðar við framkvæmd nauðungarsölunnar, en um þau mætti hafa hliðsjón af því sem kemur þó fram í ákvæðinu og hér hefur verið getið.

Í 2. mgr. 22. gr. er mælt fyrir um hvernig sýslumaður eigi að bregðast við ágreiningi sem rís um hvort nauðungarsala fari fram eða hvernig hún verði framkvæmd. Ágreiningur af þessum toga gæti jöfnum höndum snúið að réttmæti kröfu gerðarbeiðanda og að formskilyrðum fyrir nauðungarsölu, með því að í báðum tilvikum reyndi á hvort nauðungarsala færi fram. Ágreiningur gæti einnig staðið um einstök atriði varðandi framkvæmd nauðungarsölu, til dæmis hvort uppboði verði frestað, hvar uppboð verði haldið eða hvort leitað verði í einu lagi boða í margar eignir í senn. Hér gætu því komið upp fjölbreytileg atriði, en hver sem þau væru

er sýslumanni ætlað að taka afstöðu til þeirra þegar í stað með ákvörðun, sem yrði bókað um í gerðabók. Slíka ákvörðun þyrfti sýslumaður ekki að rökstyðja, hvorki skriflega í gerðabók né munnlega við aðilana. Ákvörðun sýslumanns gæti í einhverjum tilvikum lotið að því hvort yfirleitt verði af nauðungarsölunni, til dæmis ef gerðarþoli ber brigður á að hann standi í skuld við gerðarbeiðanda sem nauðungarsölu er krafist til að fá fullnægt. Í þeim tilvikum kvæði sýslumaður á um hvort hann stöðvi frekari aðgerðir við nauðungarsöluna eða haldi þeim áfram. Ákvörðun sýslumanns gæti einnig orðið formlegs eðlis, til dæmis þar sem hann tæki afstöðu til ágreinings um hvort leitað verði boða í tvær eignir í senn á grundvelli 30. gr. eða hvora fyrir sig.

Reglur 2. mgr. 22. gr. geyma almenn fyrirmæli um hvernig sýslumaður taki afstöðu til ágreiningsatriða sem koma upp við framkvæmd nauðungarsölu og gera engan greinarmun á því milli hverra ágreiningurinn standi. Í 2. málsl. ákvæðisins er vikið sérstaklega að meðferð mótmæla af hendi gerðarþola eða þriðja manns gegn kröfum gerðarbeiðanda og má vissulega ætla að þar sé nefnd ein tíðasta rótin að ágreiningi sem sýslumaður þyrfti að taka afstöðu til. Með þessu er þó ekki verið að takmarka hverjir geti átt hlut að ágreiningsefnum, enda geta þau einnig staðið milli gerðarbeiðanda og sýslumanns ef sá síðarnefndi hyggst framkvæma nauðungarsölu á einhvern hátt sem sá fyrrnefndi vill ekki fella sig við. Sýslumaður yrði hér líkt og í öðrum tilvikum að taka afstöðu til krafna gerðarbeiðanda með ákvörðun sinni.

Að öðru jöfnu legði sýslumaður mat á ágreiningsefni með því einu að taka afstöðu til lagalegra atriða sem tengjast því, þar á meðal til beitingar reglna þessa frumvarps, en í því mati binda ákvæði 2. mgr. 22. gr. ekki hendur hans á neinn hátt. Á hinn bóginn er ráðgert í 2. mgr. 22. gr. að einnig geti komið til kasta sýslumanns að taka ákvörðun um ágreiningsatriði, sem verða ekki leyst með því einu að taka afstöðu til skýringar lagareglna, heldur að hann verði að leggja mat á líkindi fyrir réttmæti staðhæfingar aðila. Þetta gæti til dæmis komið upp ef gerðarþoli héldi fram gegn mótmælum gerðarbeiðanda að hann hefði þegar greitt kröfu sem væri leitað fullnustu á með nauðungarsölu. Við þessar aðstæður er ráðgert í 2. mgr. 22. gr. að sýslumaður meti hvort slík óvissa hafi komið upp um réttindi gerðarbeiðanda vegna mótmæla gerðarþola, að það verði að telja varhugavert að nauðungarsalan fari fram. Sýslumanni er ekki lagt á vald að meta þetta með óbundnar hendur, því orðalag 2. málsl. 2. mgr. 22. gr., sem hér reynir á, gefur líkindi fyrir niðurstöðu gerðarbeiðanda í hag. Í þessu mati yrði sýslumaður að gæta að því að hann sé ekki bær um að endurmeta atriði sem dómstólar hafa áður tekið afstöðu til, þannig að ef leitað er fullnustu á dæmdri kröfu yrðu ekki bornar brigður á réttmæti dómsins. Ef dómur væri ekki fyrir kröfu gerðarbeiðanda yrði sýslumaður að hafa í huga, að líkindi verði að teljast fyrir því að fyrra bragði að krafa gerðarbeiðanda sé rétt, enda lögbundið að fullnægja megi tilteknum tegundum ódæmdra krafna með nauðungarsölu og þá væntanlega haft fyrir augum að almennt megi treysta því að þær kröfur séu réttar. Enn yrði sýslumaður að gefa því gaum að gerðarbeiðandi bæri skaðaábyrgð án tillits til sakar á réttmæti kröfu sinnar, sbr. 1. mgr. 86. gr., og gerðarþola og þriðja manni standi enn fremur opin leið til að fá leyst úr um réttmæti kröfu gerðarbeiðanda að söluaðgerðum afstöðnum, sbr. XIV. kafla frumvarpsins. Að öllu þessu samanlögðu yrðu mótmæli gerðarþola eða þriðja manns gegn efnislegu réttmæti kröfu gerðarbeiðanda að vera studd verulega haldgóðum rökum til þess að sýslumanni væri rétt að stöðva frekari aðgerðir við nauðungarsölu vegna þeirra.

Í 3. og 4. mgr. 22. gr. koma fram reglur um heimildir aðila að nauðungarsölunni til að bera ákvörðun, sem sýslumaður hefur tekið skv. 1. eða 2. mgr. 22. gr., undir úrlausn héraðsdómara áður en lengra yrði haldið við framkvæmd nauðungarsölunnar. Í þessum efnum er gerður verulegur munur á stöðu gerðarbeiðenda annars vegar og annarra aðila að nauðungarsölunni hins vegar. Eftir almennum reglum 22. gr. nýtur gerðarbeiðandi óskertrar heimildar til að bera ákvörðun sýslumanns undir héraðsdóm þegar í stað eftir ákvæðum 13. kafla frumvarpsins, en skv. 3. mgr. 22. gr. yrði gerðarbeiðandi eftir atvikum að kaupa þetta

því verði að ekki verði af frekari aðgerðum við nauðungarsöluna, að því leyti sem þær væru háðar ákvörðuninni, fyrr en úrlausn dómstóla væri fengin. Samkvæmt 4. mgr. 22. gr. er réttur annarra en gerðarbeiðanda til að bera ákvarðanir sýslumanns þegar undir dómstóla hins vegar verulega takmarkaður. Þetta á jafnt við um stöðu gerðarþola í þessum efnum og aðila að nauðungarsölunni skv. 3. og 4. tölul. 2. gr. Heimild þeirra til að leggja þessi atriði þegar í stað undir úrlausn dómstóla samkvæmt reglum XIII. kafla frumvarpsins er nánar tiltekið háð því að gerðarbeiðendur séu allir samþykkir því að þeir leiti úrlausnar með þessum hætti, eða eftir atvikum að einn tiltekinn gerðarbeiðandi, sem ágreiningsefnið snýr eingöngu að, sé þessu samþykkur. Ef samþykki gerðarbeiðenda fengist fyrir því að ágreiningsefni yrði borið undir dóm með þessum hætti, hefði það í för með sér að framkvæmd nauðungarsölunnar mundi stöðvast að því leyti sem hún væri háð ágreiningnum. Gerðarþola og aðilum skv. 3. og 4. tölul. 2. gr. er þó einnig veitt frekari heimild í 4. mgr. 22. gr. til þess að fá leyst þegar í stað úr kröfum sínum um ákvörðun sýslumanns fyrir dómi, með því að ef gerðarbeiðandi leitar sjálfur úrlausnar héraðsdómara um ákvörðunina, geta aðrir aðilar borið upp kröfur sínar fyrir dómi um sömu ákvörðun. Takmörkunin, sem hér er gerð á rétti annarra en gerðarbeiðenda til að bera ágreiningsatriði undir dóm eftir XIII. kafla frumvarpsins, á rætur að rekja til sömu sjónarmiða og búa að baki sams konar reglu í 27. gr. laga nr. 90/1989 um meðferð ágreinings sem rís við framkvæmd aðfarargerðar. Þykir því ekki ástæða til að tíunda hér einstakar röksemdir fyrir þessari tilhögun, en þess má geta að gengið er út frá því að almenn leið gerðarþola og aðila að nauðungarsölu skv. 3. og 4. tölul. 2. gr. til að fá leyst úr kröfum sínum varðandi nauðungarsöluna fyrir dómstólum verði eftir reglum XIV. kafla frumvarpsins, sem þessum aðilum er jafnan frjálst að nýta sér þegar söluaðgerðum sem slíkum er lokið. Þessu til viðbótar er rétt að vekja athygli á því, að umrædd 4. mgr. 22. gr. geymir aðeins almenna reglu um takmörkun á aðgangi annarra en gerðarbeiðenda að því að fá leyst úr ágreiningsatriðum fyrir dómi eftir reglum XIII. kafla frumvarpsins. Í nokkrum sérákvæðum frumvarpsins er vikið frá þessari takmörkun, sbr. 47., 48. og 52. gr.

Í 5. mgr. 22. gr. er að finna fyrirmæli um hvernig komi til þess að aðgerðum við nauðungarsölu verði fram haldið ef þær hafa áður verið stöðvaðar vegna ákvæða 1.–4. mgr. Telja verður að þessi regla skýri sig sjálf.

Um 23. gr.

Í 23. gr. er að finna heimild til þess að nauðungarsala fari fram með þeim hætti að leitað verði tilboða í fasteign, skip eða loftfar á almennum markaði, líkt og ef eignin væri boðin til sölu í frjálsum viðskiptum, en áþekka heimild er að finna til ráðstöfunar á lausafjármunum með þessum hætti í 62. gr. Ákvæði 23. og 62. gr. lýsa skilyrðum fyrir þessum hætti við nauðungarsölu, en í VI. kafla frumvarpsins koma fram reglur um hvernig hún verði framkvæmd.

Þessar reglur eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, en vikið var nokkuð að ástæðunum fyrir því að þær séu lagðar til í I. og II. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Í meginatriðum felst í 23. gr. að hvort heldur gerðarþoli eða gerðarbeiðandi geti átt frumkvæði að sölu á almennum markaði með því að setja fram ósk um hana við fyrirtöku skv. 21. gr. eða á síðari stigum, þó áður en uppboð byrjar á eigninni, sbr. 3. mgr. 23. gr. Samkvæmt 23. gr. verður þessi leið aldrei farin nema með samþykki gerðarþola og að meginreglu verða gerðarbeiðendur einnig að vera henni samþykkir. Þá er aðalreglan sú að aðrir réttháfar í eign megi ekki leggjast gegn þessum hætti við ráðstöfun eignar. Frá skilyrðinu um samþykki gerðarbeiðenda og að aðrir réttháfar megi ekki vera andsnúnir almennri markaðssölu er vikið í 2. mgr. 23. gr., þar sem sýslumanni er heimilað að verða við ósk um þennan hátt við nauðungarsölu án tillits til þeirra skilyrða ef hann telur raunhæft að ráðstöfun skv. VI. kafla geti tekist og að engu muni breyta um líkindi fyrir því, að sá sem mótmælir fái

fullnustu á kröfu sinni, hvort eignin verði seld með þessum hætti eða á uppboði. Samkvæmt 6. kafla færi almenn markaðssala fram með þeim hætti að sýslumaður fæli, í samráði við aðila að nauðungarsölunni, einum eða fleiri fasteignasölum eða lögmönnum að leita tilboða í eignina. Komi fram viðunandi tilboð í hana að mati sýslumanns er gert ráð fyrir því að hann kveðji aðilana á sinn fund og beri þar tilboðið upp við þá. Ef aðilar sætta sig ekki við tilboðið gefst kostur á að þeir bjóði betur eða gangi eftir atvikum inn í boðið. Sýslumaður ætti þó jafnan lokaorðið um hvort tilboði verði tekið og gæti gert það gegn óskum aðilanna, þar á meðal gerðarþola. Verður að telja þetta nauðsynlegt til þess að úrræði þessu verði ekki misbeitt í því skyni að fresta framgangi nauðungarsölu með viðleitni til sölu, sem enginn vilji væri til að eigi sér stað í reynd. Tilteknir frestir eru einnig settir vegna tilrauna til almennrar markaðssölu í ákvæðum VI. kafla, þannig að ef þær takast ekki á vissum tíma yrði ráðstöfun eignar að eiga sér stað á uppboði. Ef sala tækist á hinn bóginn hefði hún sömu áhrif og nauðungarsala endranær að því leyti, að ófullnægð réttindi í eigninni féllu niður, og skiptir engu í því sambandi hvort ófullnægðir veðhafar hafi verið samþykkir sölunni eða ekki.

Reglurnar sem eru lagðar til í þessum efnum eiga sér að nokkru hliðstæðu í nýmælum 129. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, þar sem skiptastjóra við gjaldþrotaskipti er veitt heimild til að ráðstafa eign með sölu á almennum markaði þótt söluverð hennar hrökkvi ekki fyrir áhvílandi veðskuldum og höftum. Við samningu frumvarpsins hefur enn fremur verið höfð hliðsjón af reglum um sambærilegar heimildir í norrænni löggjöf. Í frumvarpinu er þó gengið mun lengra í þessum efnum en er gert til dæmis í danskri og sænskri löggjöf. Heimildir til ráðstöfunar af þessum toga í 51. kafla dönsku réttarfarslaganna, retsplejeloven, eru ekki tíundaðar ítarlega í lagaákvæðum, en þær byggja á þeirri forsendu að uppboðshaldari skipi fasteignasala til að meta eign, áður en uppboð hefst á henni, og að sá leiti tilboða í eignina á skömmum fresti ef hann telur unnt að koma henni í verð með þeim hætti. Þeim sem leitar tilboðanna er lagt í hendur að bera þau undir veðhafa í eigninni án milligöngu uppboðshaldara, en sá meginmunur er á heimildum til að selja eign með þessum hætti í dönsku lögunum og ákvæðum þessa frumvarps, að þar verður eignin ekki seld á þennan hátt nema annaðhvort að söluverðið hrökkvi fyrir öllum áhvílandi veðskuldum og höftum eða að þeir, sem fá ekki fullnustu af söluverðinu, falli frá réttindum sínum í eigninni. Þetta er hins vegar ekki skilyrði fyrir almennri markaðssölu eftir reglum þessa frumvarps, eins og áður var greint. Fyrirmæli sænskra laga, sem koma fram í 12. kafla laga um fullnustugerðir, utsökningsbalk, eru mun líkari ákvæðum frumvarpsins en umræddar danskar reglur. Í sænsku lögunum er þó ekki kveðið að teljandi marki á um hvernig verði staðið að söluaðgerðum og ákvarðanatöku um tilboð.

Heiti frumvarpsins á þessum hætti við nauðungarsölu, að þetta sé sala á almennum markaði, er lagt til í ljósi þess að öflun og gerð tilboða í eign færi fram með líkum hætti og í frjálsum viðskiptum. Eignin yrði auglýst og sýnd, líkt og yfirleitt er gert í frjálsum viðskiptum, og tilboð yrði gert á áþekkan hátt og við þær aðstæður. Skilmálar fyrir sölu væru á hinn bóginn ekki alls kostar sambærilegir þeim, sem tíðkast almennt við frjálsa sölu eigna, sbr. 1. mgr. 42. gr. Þrátt fyrir síðastnefnt atriði svipar þessari aðferð við ráðstöfun eignar svo mjög til frjálsra viðskipta gagnvart þeim, sem hefur milligöngu um sölutilraunir, og þeim, sem gera boð í eignina, að rétt þykir að gefa þessu úrræði heiti sem undirstrikar þetta eðli þess.

Eins og áður segir miða ákvæði 23. gr. við það að ósk um sölu á almennum markaði geti komið fram hvort heldur við fyrirtöku á nauðungarsölu skv. 21. gr. eða á síðari stigum, sbr. 3. mgr. 23. gr. Hafi gerðarþoli eða gerðarbeiðandi hug á því að hlutast til um þessa aðgerð við ráðstöfun eignar síðar en við fyrirtöku skv. 21. gr., yrði það að gerast á tíma sem hefði áður verið ákveðinn til að taka nauðungarsöluna formlega fyrir til að halda uppboð á eigninni, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. Ósk um þetta yrði hins vegar að koma fram í síðasta lagi þegar nauðungarsalan yrði tekin fyrir til að byrja uppboð á eigninni, svo sem fram kemur í 3. mgr. 23. gr.

Heimildir 23. gr. eru ekki bundnar við ráðstöfun á tilteknum tegundum eigna sem falla undir fyrirmæli 2. þáttar frumvarpsins. Þær taka því jöfnum höndum til ráðstöfunar á fasteignum, öðrum fasteignarréttindum skv. 1. mgr. 17. gr., skrásettum skipum og skrásettum loftförum. Þó má ætla að fyrst og fremst gæti komið til kasta 23. gr. við nauðungarsölu á fasteignum og þá einna helst þegar um íbúðarhúsnæði væri að ræða.

Í 1. mgr. 23. gr. koma fram almenn skilyrði fyrir því að reynt verði að ráðstafa eign á þann hátt sem hér um ræðir. Eftir orðalagi ákvæðisins er sýslumanni skylt að taka ósk um almenna markaðssölu til greina ef skilyrðum 1. mgr. 23. gr. er fullnægt. Þessi skilyrði eru eftirfarandi:

1. Ósk í þessum efnum verður að koma fram af hendi gerðarþola eða gerðarbeiðanda. Þótt ætla megi að gerðarþoli hlyti yfirleitt að eiga frumkvæði að þessu þykir ekki rétt að útiloka gerðarbeiðanda frá því, enda getur hann haft hagsmuni af því að sala fari frekar fram á þennan hátt en við uppboð. Gerðarbeiðandi gæti haft slíka hagsmuni af tilliti til þess, að hærra verð gæti fengist fyrir eignina við sölu á almennum markaði en við uppboð og líkindi þannig aukist fyrir því að hann fái fullnustu á kröfu sinni. Þá er ekki síður um það að ræða, að gerðarbeiðandi kann að standa frammi fyrir því að þurfa sjálfur að kaupa eignina við uppboð til þess að fá fullnustu á kröfu sinni með því að selja eignina aftur í frjálsum viðskiptum. Gæti þá verið til einföldunar fyrir gerðarbeiðanda að almenn markaðssala færi strax fram þannig að hann losni undan því að kaupa eignina sjálfur við uppboð til þess eins að selja hana rakleitt í framhaldi af því.
2. Ef gerðarþoli ber fram óskina um almenna markaðssölu verður gerðarbeiðandi eða gerðarbeiðendur, séu þeir fleiri en einn, að lýsa sig samþykka óskinni við fyrirtöku á nauðungarsölunni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 23. gr. Frá skilyrðinu um samþykki gerðarbeiðenda má þó víkja skv. 2. mgr. 23. gr. Ef einn af gerðarbeiðendum ber fram óskina verður gerðarþoli að vera henni samþykkur og einnig aðrir gerðarbeiðendur. Frá skilyrðinu um samþykki annarra gerðarbeiðenda má þó aftur víkja skv. 2. mgr. 23. gr., en á hinn bóginn er ófrávíkjanlegt að gerðarþoli samþykki óskina. Þetta fortakslausa skilyrði um samþykki gerðarþola stafar af því, að yfirleitt væri með öllu tilgangslaust að reyna sölu á almennum markaði gegn vilja hans, enda gæti hann brugðið fæti fyrir hana með ýmsu móti, til dæmis með því að neita að sýna væntanlegum kaupendum eignina. Eins væri ófært að ætlast til þess að gerðarþoli sæti gegn vilja sínum þeim átroðningi sem getur fylgt sýningu eignar. Þá er þess ekki síst að geta að gerðarþoli getur talið hag sínum betur borgið með sölu á uppboði, til dæmis ef veðskuldir hvíla á eigninni langt umfram markaðsvirði hennar og allt eins sé líklegt að veðhafar muni bjóða betur í hana á uppboði en mætti vænta að fengist fyrir hana með tilboði á almennum markaði.
3. Sá sem ber fram ósk um almenna markaðssölu þarf að hafa tilkynnt aðilum að nauðungarsölunni skv. 3. og 4. tölul. 2. gr., sem er vitað hvar verði náð til, um að hann ætli að hafa þessa ósk uppi við tiltekna fyrirtöku á nauðungarsölunni. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. þarf að meginreglu að koma slíkri tilkynningu á framfæri með sannanlegum hætti og með viku fyrirvara. Það skilyrði kemur fram fyrir almennri markaðssölu í þessu ákvæði að enginn þessara aðila megi mótmæla við fyrirtöku að þessi háttur verði hafður á ráðstöfun eignarinnar. Þetta skilyrði er þó undanþægt skv. 2. mgr. 23. gr.
4. Í 3. tölul. 1. mgr. 23. gr. er að auki sett það skilyrði fyrir almennri markaðssölu, að sá sem óskar hennar setji tryggingu fyrir kostnaði sem tilraunir til hennar kunna að leiða til ef þær bera ekki árangur. Með þessu er meðal annars haft í huga að fasteignasalar áskilja sér að öðru jöfnu þóknun fyrir að verðmeta eign við upphaf sölutilrauna og rétt til að fá greiddan kostnað af auglýsingu eignar, en þótt sala takist ekki verður ekki komist undan greiðslu á þessum kostnaði. Verður að telja nauðsynlegt að sá sem hlutast til um þennan hátt við nauðungarsölu eignar beri áhættuna af útgjöldum, en rétt er að taka fram að hér yrði almennt ekki um teljandi fjárhæð að ræða. Ef sala tækist á hinn bóginn yrði kostnaður greiddur af söluverði, sbr. 1. mgr. 50. gr., og yrði þá ekki gengið á tryggingu af þessum toga.

Eins og minnst hefur verið á hér að framan er gert ráð fyrir því að sýslumanni sé skylt að verða við ósk um almenna markaðssölu eignar, ef öllum umræddum skilyrðum 1. mgr. 23. gr. er fullnægt. Í 2. mgr. 23. gr. felst á hinn bóginn heimild handa sýslumanni til að taka ósk sem þessa til greina þótt á þetta kunni að vanta. Nánar tiltekið getur sýslumaður ákveðið að almenn markaðssala fari fram án samþykkis gerðarbeiðenda og gegn mótmælum aðila að nauðungarsölunni skv. 3. eða 4. tölul. 2. gr. Skilyrði fyrir þessu eru tvíþætt. Annars vegar verður sýslumaður að telja raunhæft að almenn markaðssala geti tekist, en við mat á þessu yrði hann meðal annars að taka tillit til líkinda fyrir því að kaupandi fáist að eigninni innan hóflegs tíma miðað við allar aðstæður og til þess hvort telja megi horfur á að gerðarþoli sýni fulla samvinnu um að koma eigninni í verð. Hins vegar verður sýslumaður að telja að það breyti engu fyrir hagsmuni þess, sem samþykkir ekki almenna markaðssölu eða mótmælir henni, hvort eignin verði seld með þeim hætti eða á uppboði. Samkvæmt orðum 2. mgr. 23. gr. yrði sýslumaður að taka hér mið af því hvort líkindi fyrir því, að hlutaðeigandi fái fullnustu á kröfu sinni við nauðungarsöluna, séu önnur og meiri ef eigninni yrði ráðstafað á uppboði. Í þessu felst að ef sýslumaður telur sýnt að hlutaðeigandi fái fullnustu, á hvorn veginn sem yrði farið að, hafi afstaða hans til almennrar markaðssölu engin áhrif. Að sama skapi yrði að líta fram hjá afstöðu hlutaðeiganda ef engin raunhæf líkindi væru fyrir því að eignin gæti selst gegn verði sem nægði til þess að hann fengi eitthvað í sinn hlut af söluverðinu.

Ef ósk um nauðungarsölu á almennum markaði yrði tekin til greina kæmi til kasta reglna VI. kafla frumvarpsins um frekari aðgerðir, en þeim reglum er lýst nánar hér á síðari stigum.

Um 24. gr.

Í 24. gr. er mælt fyrir um lyktir fyrirtöku á nauðungarsölu skv. 21. gr., ef þar kemur hvorki til stöðvunar á frekari aðgerðum vegna ákvæða 22. gr. né til sölu á almennum markaði skv. 23. gr. Í þeirri aðstöðu er um þann eina kost að ræða, að sýslumaður ákveði tíma til að byrja uppboð á viðkomandi eign. Er þannig, eins og áður hefur verið tekið fram, ekki gert ráð fyrir því að ákvörðun um frekari aðgerðir verði frestað til nýrrar fyrirtöku að hætti 21. gr. Á hinn bóginn má árétta að ákvörðun um byrjun uppboðs bindur ekki hlutaðeigendur meira en svo, að þeirri aðgerð má slá á frest án formlegrar fyrirtöku á nauðungarsölunni, sbr. 1. mgr. 27. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. kemur í hlut sýslumanns að ákveða hvenær uppboð byrji á eign, en tekið er þó fram að það beri eftir föngum að taka tillit til óska gerðarbeiðenda í þeim efnum. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að miðað við reynslu í núverandi framkvæmd yrði sýslumaður að öðru jöfnu að ákveða stund til þessara þarfa nokkuð fram í tímann vegna almennra anna á þessum vettvangi og gæti yfirleitt ekki stytt þann biðtíma svo neinu teljandi nemi þótt gerðarbeiðendur leggi áherslu á að flýta aðgerðum. Á hinn bóginn væri unnt að fara að óskum gerðarbeiðenda ef þeir óskuðu eftir lengri biðtíma fram að byrjun uppboðs en mundi leiða af þörfum sýslumanns.

Í 1. mgr. 24. gr. er gengið út frá því að ákvörðun sýslumanns um tíma til að byrja uppboð á eign verði almennt ekki breytt nema á þann hátt að gerðarbeiðendur óski síðar eftir því að þeirri aðgerð verði slegið á frest samkvæmt áðurnefndri 1. mgr. 27. gr. Undantekning er þó gerð frá þessu í 2. mgr. 24. gr. Þar er gert ráð fyrir því að sú staða geti komið upp, að gerðarbeiðandi hafi óskað eftir að óvenjulega langur tími líði fram til byrjunar uppboðs og sýslumaður hafi tekið þá ósk til greina við fyrirtöku skv. 21. gr. Ef ný beiðni bærist eftir það frá öðrum gerðarbeiðanda yrði að telja óeðlilegt að hann yrði algerlega bundinn af slíkri ákvörðun. Því er ráðgert í 2. mgr. 24. gr. að sýslumaður megi endurskoða ákvörðun, sem hann hefur tekið um tíma til byrjunar uppboðs við fyrirtöku skv. 21. gr., ef nýr gerðarbeiðandi óskar eftir því. Það skilyrði er þó sett fyrir endurskoðun fyrri ákvörðunar, að biðtíminn eftir byrjun uppboðs sé meiri en nýi gerðarbeiðandinn hefði mátt vænta ef hann hefði verið einn um að krefjast nauðungarsölu. Með þessu er tekið mið af því að sá sem æskir nauðungarsölu á

eign, sem önnur beiðni liggur ekki þegar fyrir um, yrði almennt að reikna með því að athugun á beiðni hans, tilkynningar um hana, gerð auglýsingar um nauðungarsölu og frestir frá birtingu hennar í Lögbirtingablaði fram að fyrirtöku á nauðungarsölu taki einhvern tiltekinn tíma. Ef sá tími væri að mun skemmri en bið eftir byrjun uppboðs við þær aðstæður, sem um ræðir í 2. mgr. 24. gr., ætti nýr gerðarbeiðandi rétt á því að sýslumaður endurskoði fyrri ákvörðun sína þannig að byrjað yrði á uppboði fyrr en áður hafði verið slegið föstu. Gert er ráð fyrir því í niðurlagi 2. mgr. 24. gr. að sýslumaður tilkynni gerðarþola og fyrri gerðarbeiðanda um slíka breytingu á fyrri ákvörðun um tíma til byrjunar uppboðs, en ekki er ætlast til þess að sýslumaður taki nauðungarsöluna formlega fyrir til ákvörðunar um þetta.

Um 25. gr.

Í 25. gr. eru fyrirmæli um bókanir í gerðabók sýslumanns um atriði sem varða fyrirtöku beiðni um nauðungarsölu skv. 21.–24. gr. Í þessum efnum er gert ráð fyrir því að bókunum verði hagað með áþekkum hætti og nú er gert í framkvæmd og verður því ekki séð að þetta ákvæði þarfnist sérstakra skýringa.

Um 26. gr.

Í 5. kafla frumvarpsins, sem hefst á ákvæðum 26. gr., koma fram reglur þess um nauðungarsölu á fasteignum, öðrum réttindum skv. 1. mgr. 17. gr., skrásettum skipum og skrásettum loftförum á uppboði. Reglur V. kafla taka í mörgum atriðum mið af núverandi framkvæmd í þessum efnum.

Í 26. gr. er mælt fyrir um tilkynningar og auglýsingar um byrjun uppboðs, ef afráðið hefur verið að sá háttur verði hafður á nauðungarsölu eignarinnar, sbr. 24. gr.

Í 1. mgr. 26. gr. er ráðgert að sýslumaður tilkynni gerðarþola bréflega um ákvörðun sem hefur verið tekin um tíma til byrjunar uppboðs, ef gerðarþoli hefur ekki verið staddur við fyrirtöku þar sem ákvörðunin var kynnt. Tilkynningu sem þessa ætti að senda rakleitt í kjölfar fyrirtöku skv. 21. gr., þótt nokkur tími ætti eftir að líða þar til byrjað yrði á uppboði, enda hefði gerðarþoli þá rýmri tíma til að varna uppboði með greiðslu eða samningum við gerðarbeiðendur. Í 1. mgr. 26. gr. er ekki áskilið að þessi bréflega tilkynning verði send með nánar tilteknum hætti og er því lagt á vald sýslumanns að ákveða hvernig þetta verði gert, en ætlast verður til þess að sú leið verði valin sem þyki vænlegust hverju sinni til að tryggja að gerðarþola berist vitneskja um byrjun uppboðsins. Í niðurlagi 1. mgr. 26. gr. er mælt fyrir um að það standi ekki í vegi frekari aðgerðum við uppboð, að þessi tilkynning verði ekki send, ef ekki er kunnugt um hver gerðarþoli sé eða hvar megi koma tilkynningunni á framfæri við hann. Skilyrði fyrir þessari undantekningu verður að skýra með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 16. gr., sem áður hefur verið fjallað um.

Í 2. mgr. 26. gr. er kveðið á um að sýslumaður fái birta sérstaka auglýsingu um byrjun uppboðs í dagblaði eða á annan sambærilegan hátt með að minnsta kosti þriggja daga fyrirvara. Í ljósi heimildar 1. mgr. 27. gr. til að slá byrjun uppboðs á frest yrði ekki ákjósanlegt að birta slíka auglýsingu með verulega meiri fyrirvara en ákvæði 2. mgr. 26. gr. áskilja, því ella væri hætt við að auglýsing væri þegar birt með viðeigandi kostnaði áður en gerðarbeiðendur hefðu endanlega gert upp hug sinn um hvort þeir vilji láta uppboðið byrja þessu sinni.

Í núverandi framkvæmd er almennt staðið á áþekkan hátt að undirbúningi fyrsta uppboðs á fasteignum og skipum og mælt er fyrir um í 26. gr. frumvarpsins.

Um 27. gr.

Eins og getið var í athugasemdum við 24. gr. miða reglur frumvarpsins að því, ef nauðungarsala á eign á að fara fram á uppboði, að tími til að byrja uppboðið verði ákveðinn við fyrirtöku skv. 21. gr. Í 1. mgr. 27. gr. koma hins vegar fram reglur um atvik sem leiða til

þess að byrjun uppboðs verði slegið á frest, en í meginatriðum getur önnur af tveimur ástæðum verið fyrir slíkri frestun. Annars vegar yrði byrjun uppboðs frestað ef allir gerðarbeiðendur óska eftir því. Að öðru jöfnu má ætla að þar byggi að baki að gerðarþoli hefði leitað eftir frestun við hvern og einn gerðarbeiðanda, eftir atvikum í tengslum við samningaumleitanir um uppgjör krafna þeirra, en gerðarbeiðendum væri þó vitanlega frjálst að fara þessa leið án tilefnis af hendi gerðarþola ef þeir teldu ástæðu til. Í þessu sambandi verður að árétta að ekki nægir til frestunar að einn gerðarbeiðandi æski hennar eða meiri hluti þeirra, því eftir orðum 1. mgr. 27. gr. verður byrjun uppboðs ekki slegið á frest nema gerðarbeiðendur séu allir á einu máli um það. Hins vegar kemur fram í 1. mgr. 27. gr. að það leiði til frestunar á byrjun uppboðs ef aðgerðir við nauðungarsölu geta ekki farið fram vegna búskipta, greiðslustöðvunar eða nauðasamningsumleitana. Í þessu felst nánar tiltekið tilvísun til ákvæða 3. mgr. 4. gr. laga nr. 20/1991 og 2. mgr. 22. gr., 2. mgr. 40. gr. og 4. mgr. 116. gr. laga nr. 21/1991, sem hafa í för með sér takmarkanir á því að nauðungarsölu verði komið fram á eign dánarbús, þrotabús eða þess sem hefur fengið heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings. Ef hindranir samkvæmt þessum lagafyrirmælum stæðu í vegi nauðungarsölu yrði sýslumaður að fresta byrjun uppboðs ótilkvaddur og hefði afstaða gerðarbeiðenda engin áhrif í þeim efnum.

Ef ástæða væri til að fresta byrjun uppboðs samkvæmt framansögðu er mælt svo fyrir í 1. mgr. 27. gr. að sýslumaður ákveði nýjan tíma til þeirrar aðgerðar og tilkynni það gerðarþola og gerðarbeiðendum og auglýsi síðan í fyllingu tímans um byrjun uppboðs eftir reglum 2. mgr. 26. gr. Í 1. mgr. 27. gr. kemur fram að sýslumaður ráði þessum atriðum að meginreglu til lykta án formlegrar fyrirtöku á nauðungarsölunni og gildir þá einu hvort hann hafi áður tilkynnt gerðarþola um tíma til byrjunar uppboðs eða fengið birta auglýsingu um það. Í ákvæðinu er þó gert ráð fyrir því að sýslumaður verði að taka nauðungarsöluna formlega fyrir á áður ákveðnum tíma, ef aðili að henni hefur tilkynnt honum að hann vilji koma þar fram mótmælum gegn framgangi hennar, sbr. 2. mgr. 22. gr., eða ósk um sölu á almennum markaði, sbr. 3. mgr. 23. gr.

Reglur 1. mgr. 27. gr. um heimildir til að fresta byrjun uppboðs taka mið af venjum í núverandi framkvæmd um frestun fyrsta uppboðs á fasteign eða skipi að öðru leyti en því, að eftir núgildandi reglum verður ekki komist hjá því að taka uppboðið formlega fyrir þótt það sé gert í því skyni einu að færa til bókar ákvörðun um frestun þess. Má gera ráð fyrir því að afnám formlegrar fyrirtöku nauðungarsölu til bókunar um frestun hennar verði til verulegrar einföldunar og sparnaðar í framkvæmd.

Þótt ákvæði 1. mgr. 27. gr. veiti gerðarbeiðendum verulegt svigrúm til að fresta byrjun uppboðs er frelsi þeirra takmarkað nokkuð með fyrirmælum 2. mgr. 27. gr. Þar kemur nánar tiltekið fram sú meginregla, að ef uppboð hefur ekki byrjað á eign innan árs frá fyrirtöku nauðungarsölunnar skv. 21. gr. teljist allar beiðnir um hana sjálfkrafa fallnar niður. Gildir einu í þeim efnum hvort einstaka beiðnir hafi nýlega borist sýslumanni, því tímalengdin frá fyrirtöku fyrstu beiðninnar ræður niðurlögum þeirra allra. Ekki er unnt að víkja frá þessu með sammæli aðilanna. Þessi regla á sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, en segja má að hún sé lögð til að gefnu tilefni í núverandi framkvæmd. Þar eru þess mörg dæmi að nauðungaruppboði hafi verið hleypt af stokkunum vegna einnar beiðni og nýjar beiðnir hafi síðan borist um uppboð á sömu eign, sem hafa verið teknar til meðferðar í sama máli. Í kjölfarið falla síðan elstu beiðnirnar koll af kolli niður vegna greiðslu eða samninga, en jafnharðan berast alltaf nýjar beiðnir, þannig að málið heldur áfram á grundvelli þeirra. Dæmi eru af því að sama nauðungaruppboði hafi verið haldið áfram í þrálátum frestum á annan áratug með þessum hætti og þá að jafnaði á grundvelli nýlegra beiðna hverju sinni. Þessi aðstaða hefur leitt til óviðunandi vandkvæða í framkvæmd og óvissu um ýmis atriði varðandi réttaráhrif aðgerðanna.

Frá umræddri meginreglu 2. mgr. 27. gr. eru þó gerðar undantekningar, bæði í ákvæðinu sjálfu og í 3. mgr. sömu greinar. Í 2. mgr. 27. gr. er þannig mælt fyrir um að það leiði ekki til niðurfellingar nauðungarsölu þótt ár líði frá fyrirtöku skv. 21. gr. áður en uppboð byrjar, ef tafir í þeim efnum stafa með nánar tilteknum hætti af rekstri dómsmáls, heimild til greiðslustöðvunar eða heimild til nauðasamningsumleitana. Þá er í 3. mgr. 27. gr. mælt fyrir um þá undantekningu frá meginreglunni, að ef nauðungarsala fer fram eftir beiðnum tveggja eða fleiri gerðarbeiðenda og það hefur þurft að auglýsa sérstaklega í Lögbirtingablaði um fleiri en eina beiðni, sbr. 3. mgr. 19. gr., þá miðist ársfresturinn skv. 2. mgr. 27. gr. við þann tíma þegar síðasta beiðnin, sem var auglýst um, var tekin fyrir skv. 21. gr. Í ljósi þess hve sjaldgæft væri samkvæmt reglum 3. mgr. 19. gr. að það þyrfti að auglýsa í Lögbirtingablaði um fleiri en eina beiðni um nauðungarsölu á sömu eign eða tengdum eignum má ætla að mjög lítið gæti reynt á þessa undantekningarreglu.

Um 28. gr.

Samkvæmt 28. gr. á dómsmálaráðherra að setja almenna skilmála fyrir uppboðssölu á eignum, sem fyrirmæli 2. þáttar frumvarpsins taka til, og ber að birta þá í Stjórnartíðindum. Er byggt á því í 2. mgr. 28. gr. að þessir almennu skilmálar teljist alltaf gilda við uppboð á fasteignum, öðrum fasteignarréttindum skv. 1. mgr. 17. gr., skrásettum skipum og skrásettum loftförum ef ekki er ákveðið að víkja frá þeim skv. 29. gr. við uppboð á tiltekinni eign. Í II. kafla almennra athugasemda við frumvarpið er greint frá núgildandi reglum um ákvörðun uppboðsskilmála og ástæðunum fyrir því að tillögur séu gerðar með 28. gr. um breytingar í þeim efnum. Skal vísað hér til þeirrar umfjöllunar.

Í 1. mgr. 28. gr. er talið upp í tólf töluliðum hvað eigi að koma fram í almennum uppboðsskilmálum, en ljóst er af aðfararorðum að þeirri talningu að hún er ekki tæmandi um þau atriði sem ráðherra má ákveða þar. Sumir töluliðir 1. mgr. 28. gr. eru því marki brenndir að efni þeirra er bindandi um tiltekin atriði í skilmálunum, meðan aðrir töluliðir leggja í hendur ráðherra að ákveða hvernig fari um viss atriði. Má þannig vænta að almennir skilmálar yrðu að mörgu leyti efnislega samhljóða ákvæðum 1. mgr. 28. gr., en þó verður að ætla að þar yrði nýttur kostur á að hafa texta nokkuð fyllri, þannig að greint yrði fullum fetum frá atriðum sem ákvæði 1. mgr. 28. gr. vísa til annarra reglna frumvarpsins um.

Til skýringar á einstökum atriðum í 1. mgr. 28. gr. skal nú litið eftir þörfum til hvers töluliðar ákvæðisins fyrir sig.

Í 1. tölul. kemur fram að það beri að ákveða í almennum skilmálum að eign sé seld svo farin sem hún er þegar uppboði lýkur. Þessi skilmáli við uppboð á sér langa hefð og er nú mælt fyrir um hann í 4. mgr. 18. gr. laga nr. 57/1949.

Í 2. tölul. er ráðgert að ráðherra ákveði í almennum skilmálum hversu lengi þeir sem bjóði í eign verði taldir bundnir við boð sín, en enginn rammi er hér settur í þeim efnum. Um þetta atriði eru nú bein fyrirmæli í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 57/1949, sbr. lög nr. 12/1987, þar sem kemur fram að bjóðendur séu bundnir í þrjár vikur frá því síðasta uppboði á eign er slitið og gildir sú regla jafnt um bjóðendur á fyrsta, öðru og eftir atvikum þriðja nauðungaruppboði.

Í 3. tölul. er mælt fyrir um að það beri að taka fram í almennum skilmálum að sýslumanni sé óskylt að taka hæsta boði í eign og að hann geti hafnað öllum framkomnum boðum við þær aðstæður sem er mælt fyrir um í 5. mgr. 36. gr. Um heimildir sýslumanns til að virða hæsta boð að vettugi er að finna reglur í 2. mgr. 39. gr. frumvarpsins, en efnislega eru þær á þann veg að hæsta boði verði alltaf tekið nema sérstök ástæða sé til að draga í efa að það verði efnt, enda hafi þá bjóðandi ekki sett tryggingu fyrir boði sínu. Heimildin í 5. mgr. 36. gr. til að hafna öllum boðum tekur til tilvika, þar sem nauðungarsölu hefur verið krafist skv. 6. gr. frumvarpsins til að fullnægja peningakröfu og framkomin boð nægja ekki til þess að neinn gerðarbeiðandi fái greitt upp í kröfu sína, en við þær aðstæður yrði nauðungarsalan talin árangurslaus og bæri að fella hana niður.

Í 4. tölul. er tekið mið af því, að reglur 39. gr. fela í sér að sýslumaður taki afstöðu til framkominna boð innan skamms tíma frá því uppboði lýkur og tilkynni síðan þeim, sem hann hyggst taka boði frá, að boðið verði samþykkt ef greiðsla berst í samræmi við uppboðsskilmála innan tiltekins tíma. Í 39. gr. er ekki mælt frekar fyrir um það hver sú greiðsla eigi að vera, sem verði að inna af hendi til að boð teljist samþykkt, heldur er þar ráðgert að þetta fari eftir ákvæðum uppboðsskilmála. Með 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. er ráðherra falið að ákveða nánar í almennum skilmálum hversu hátt hlutfall bjóðandi þurfi að greiða af boði sínu við samþykki þess og hvernig eftirstöðvar boðsins verði síðan inntar af hendi. Í ákvæðinu er ekki takmarkað frekar hvers efnis almennir skilmála megi vera um þessi atriði. Í núverandi framkvæmd er hefð fyrir þeim skilmálum að bjóðanda beri að greiða fjórðung boðs síns við samþykki þess, en eftirstöðvar uppboðsverðs í einu lagi tveimur mánuðum síðar.

Í 5. tölul. kemur fram að það beri að taka upp í almenna skilmála hverjar afleiðingar séu af vanefndum kaupanda, en efnislega felur þessi töluliður í sér ágrip af reglum 47. gr. frumvarpsins. Lagt er til að þetta verði tekið upp í almenna skilmála til áréttingar við bjóðendur, þótt nánar sé mælt fyrir um þetta í ívitnuðu ákvæði frumvarpsins.

Í 6. tölul. er ráðgert að fram komi í almennum skilmálum að áhætta af seldri eign færist yfir á kaupanda við samþykki boðs hans og einnig að þar verði tekið fram að kaupandi eigi að meginreglu rétt til umráða yfir eigninni frá sama tíma, en þó með þeirri undantekningu sem leiðir af fyrirmælum 3. mgr. 55. gr. frumvarpsins.

Í 7. tölul. kemur fram að ætlast sé til þess að fram komi efnislega í almennum skilmálum hverjar skyldur kaupanda geti orðið til greiðslu vaxta af söluverði. Reglur frumvarpsins fela í sér að skylda til greiðslu vaxta komi aðeins til vegna vanefnda af hendi kaupanda, sbr. 1. mgr. 47. gr., svo og til jöfnunar á vaxtamun ef kaupandi greiðir boð sitt með yfirtöku áhvílandi veðskulda á eigninni, sbr. 2. og 3. mgr. 40. gr., en þessu yrði væntanlega að lýsa nánar í almennum skilmálum.

Í 8. tölul. er lagt á vald ráðherra að ákveða í almennum skilmálum hvort kaupandi beri kostnað af sölunni til viðbótar við boð sitt eða hvort boð hans feli í sér heildarverð, sem kostnaðurinn yrði þá greiddur af. Í ljósi ákvæða 1. mgr. 50. gr. yrði hér almennt aðeins um að ræða sölulaun vegna uppboðs í ríkissjóð, en sú greiðsla yrði ákveðin eftir reglum um aukatekjur ríkissjóðs.

Í 9. tölul. er ráðgert að fram komi í almennum skilmálum hvernig fari um rétt kaupanda til afsals fyrir eigninni, en þessi réttur ræðst af ákvæðum 1. mgr. 56. gr. frumvarpsins.

Í 10. tölul. er miðað við að réttur til arðs af eign og skylda til greiðslu gjalda vegna hennar og vaxta af veðkröfum, sem kunna að fylgja henni, færist yfir á kaupanda á því tímamarki sem uppboði lýkur á eign. Þetta ákvæði gefur ráðherra ekki svigrúm til að víkja í almennum skilmálum frá þeirri skipan sem hér um ræðir, en hún tengist mjög ákvæðum 3. mgr. 50. gr. og 2. mgr. 53. gr. sem snúa að rétti veðhafa til greiðslu vaxta af kröfum sínum við úthlutun söluverðs.

Í 11. tölul. er gert ráð fyrir því að tekið verði fram í almennum skilmálum að kaupandi verði að una við að fá eignina með kvöðum og höftum, sem kunna að hvíla á henni, að því leyti sem söluverð eignarinnar nægir til greiðslu upp í réttindi sem standa þeim að baki í réttindaröð. Með kvöðum og höftum er í þessu sambandi einkum átt við óbein eignarréttindi sem varða annað en tilkall rétthafans til greiðslu peninga, til dæmis samningsbundna kvöð um umferðarrétt, lögbundinn forkaupsrétt, ítaksréttindi og afnotarétt. Misjafnt er hver staða réttinda af þessum toga er gagnvart öðrum réttindum sem hvíla á eign. Í sumum tilvikum yrðu þau talin ganga fyrir öllum öðrum réttindum í eigninni, til dæmis á grundvelli beinna fyrirmæla laga, en í ljósi ákvæða 11. tölul. 1. mgr. 28. gr. yrði kaupandi alltaf að sæta því að slíkt fylgdi eigninni í kaupunum. Í öðrum tilvikum yrði rétthæð kvaða og hafta að ráðast af þinglýsingarreglum, þannig að veðkröfur gætu til að mynda staðið þeim framar í réttindaröð. Þetta getur til dæmis átt við um leigusamninga og önnur samningsbundin afnotaréttindi, sbr. 31. gr. laga

nr. 39/1978. Undir þessum kringumstæðum reyndi á það hvort fyrirmæli 11. tölul. 1. mgr. 28. gr. hefðu í för með sér að réttindin féllu brott eða ekki, en niðurstaðan í þeim efnum ræðst af því hvort söluverð eignarinnar nægi til að greiða réttlægri kröfur en þessi réttindi. Til skýringar á þessu má taka það dæmi að á fasteign hvíli á fjórum fyrstu veðréttum jafnmörg þinglýst veðskuldabréf, sem eru samtals að eftirstöðvum 8.000.000 kr. Að baki þeim hefur verið þinglýst húsaleigusamningi til tíu ára, en að baki honum hvílir síðan þinglýst veðskuldabréf á fimmta veðrétti að eftirstöðvum 2.000.000 kr. Afdrif leigusamningsins í þessu dæmi ráðast af því hvort söluverð eignarinnar nægir til greiðslu upp í veðskuldabréfið á fimmta veðrétti, þ.e. réttindin sem koma aftan við leigusamninginn í réttindaröð. Ef söluverð eignarinnar yrði innan við 8.000.000 kr. mundi það leiða af ákvæðum 11. tölul. 1. mgr. 28. gr., sbr. 2. mgr. 56. gr. frumvarpsins, að leigusamningurinn félli niður. Ef söluverðið yrði hins vegar 8.000.001 kr. væri fengin stök króna til að greiða upp í áðurnefnt veðskuldabréf á fimmta veðrétti, sem stendur að baki húsaleigusamningnum í réttindaröð. Þetta hefði þá afleiðingu í för með sér samkvæmt orðum 11. tölul. 1. mgr. 28. gr. að kaupandinn yrði að sæta því að leigusamningurinn stæði áfram á eigninni og rynni sitt tímaskeið á enda.

Í 12. tölul. er loks gert ráð fyrir því að fram komi í almennum skilmálum fyrirmæli um það innan hvers tíma kaupandi verði að hafa uppi kröfur vegna vanefnda í hans garð. Þessi tímamörk eru bundin í 1. mgr. 48. gr. með sama hætti og er lýst í ákvæðum 12. tölul.

Um 29. gr.

Eins og getið var í athugasemdum við 28. gr. er þar gengið út frá því að dómsmálaráðherra setji almenna skilmála fyrir uppboði á eignum, sem verður ráðstafað eftir reglum 2. þáttar frumvarpsins, og að þeir skilmálar gildi alltaf ef annað er ekki ákveðið sérstaklega við tiltekið uppboð, sbr. 2. mgr. 28. gr. Í 1. tölul. 2. mgr. 31. gr. kemur fram að almennir uppboðsskilmálar eigi að jafnaði að liggja fyrir þegar uppboð er haldið, þannig að bjóðendur geti kynnt sér þá, og að greina eigi frá því áður en boða verður leitað ef vikið er þar frá almennu skilmálunum. Heimildirnar til að víkja frá almennum skilmálum, sem er þannig gert ráð fyrir í 28. og 31. gr., koma fram í 29. gr. frumvarpsins. Þessar heimildir ná almennt til allra atriða uppboðsskilmála, jafnt þeirra sem ráðherra er veitt vald til að kveða á um í almennum skilmálum og þeirra sem ákvæði 1. mgr. 28. gr. binda hendur hans um.

Í 29. gr. er ráðgert að ákvörðun um frávik frá almennum uppboðsskilmálum geti borið að með tvennum hætti. Annars vegar kemur fram í 1. mgr. 29. gr. að þetta geti átt rætur að rekja til kröfu aðila að nauðungarsölunni og hins vegar er mælt fyrir um það í 2. mgr. 29. gr. að sýslumaður taki ákvörðun um þetta án kröfu ef almennir skilmálar henta ekki við uppboð á viðkomandi eign. Í báðum tilvikum er ætlast til þess að ákvörðun um að víkja frá almennum skilmálum verði bókuð í gerðabók og verði tekin sem fyrst við framkvæmd nauðungarsölunnar, en þó megi gera þetta allt fram að því að lokið sé að leita boða í eignina, enda verði þá áður framkomin boð ekki bindandi fyrir þá sem gerðu þau ef skilmálum er raskað svo máli skipti fyrir þá. Þá er í báðum tilvikum mælt fyrir um að það lúti ákvörðun sýslumanns hvort vikið verði frá almennum skilmálum, en heimildir hans til ákvörðunar um það eru takmarkaðar af ákvæðum 3. mgr. 29. gr. Verður ekki séð að einstök atriði 29. gr. þarfnist frekari skýringa en nú hafa komið fram.

Um 30. gr.

Í 30. gr. koma fram sérreglur sem heimila sýslumanni að leita boða í eignir við uppboð með afbrigðilegum hætti þegar beiðni um nauðungarsölu nær til fleiri eigna en einnar eða meðferð beiðna hefur verið sameinuð með þeim afleiðingum að nauðungarsalan taki í einu lagi til tveggja eða fleiri sjálfstæðra eigna. Rótin að því að beiðni um nauðungarsölu nái til fleiri eigna en einnar yrði tíðast sú, að gerðarbeiðandi styðji rétt sinn við veðskuldabréf, þar

sem honum hafa verið sett að veði fasteign, skip eða loftfar með lausafjármunum sem fylgja slíkri eign, en eins og kom fram í athugasemdum við 17. gr. gæti gerðarbeiðandi krafist nauðungarsölu á eignunum í einu lagi eftir 3. mgr. þess ákvæðis. Sameining á meðferð tveggja eða fleiri beiðna um nauðungarsölu, sem tækju að einhverju leyti eða öllu til mismunandi eigna, ætti sér stoð í 3. mgr. 14. gr., sem áður hefur verið fjallað um.

Ef nauðungarsala tekur í senn til fleiri eigna en einnar, sem mætti þó ráðstafa hverri fyrir sig, má segja að ákvæði 30. gr. veiti sýslumanni þrjá kosti til að velja úr þegar uppboð fer fram. Hann gæti í fyrsta lagi farið þá leið, sem ákvæði frumvarpsins mæla að vísu ekki beinlínis fyrir um en má telja sjálfgefna ályktun af orðum 30. gr., að bjóða eignirnar einfaldlega allar upp í einu lagi. Sýslumaður gæti í öðru lagi farið þá leið, sem er mælt fyrir um í 1. mgr. 30. gr., að bjóða hverja eign upp fyrir sig eða eftir atvikum að bjóða nokkrar þeirra upp í senn og svo aðrar sjálfstætt. Heimildin til þessa er þó háð því skilyrði 1. mgr. 30. gr., að sýslumaður telji að hærri boð muni fást samanlagt í eignirnar á þennan hátt en með því að bjóða þær upp saman. Í þriðja lagi getur sýslumaður ákveðið að neyta heimildar 2. mgr. 30. gr. til þess að leita boða í eignirnar á tvo vegu, annars vegar með því að kalla eftir boðum í þær allar í einu og hins vegar með því að leita boða í hverja um sig. Á þennan hátt fengi sýslumaður beinan samanburð á því hvor leiðin leiði til betri árangurs og gæti þá tekið boði eða boðum eftir því hvor kosturinn hafi gefið betri raun.

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að ákjósanlegt sé eða jafnvel nauðsynlegt að fara þær leiðir sem 1. og 2. mgr. 30. gr. heimila. Eitt nærtækasta tilefnið kemur fram í 3. mgr. 30. gr., þar sem kemur fram að ef bjóða á upp fleiri en eina eign og boða er leitað í hverja fyrir sig þá verði aðeins ráðstafað þeim fjölda þeirra sem þarf til að fullnægja kröfum gerðarbeiðenda. Ef hugsanlegt er að ekki þurfi að ráðstafa öllum eignunum til fullnustu handa gerðarbeiðendum væri ótækt að bjóða þær allar upp í einu lagi nema gerðarþoli óskaði þá gagngert eftir því. Eins má nefna að ástæða gæti verið til að leita sjálfstæðra boða í eignir samkvæmt ákvæðum 1. eða 2. mgr. 30. gr. ef réttindi eru ekki þau sömu í öllum eignunum, enda gæti þá reynst örðugt að ráða fram úr því hvað hver rétthafi eigi að fá í sinn hlut, þótt reyndar sé að finna annað úrræði til lausnar á slíkum vandkvæðum í 2. mgr. 50. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Ákvæði 31.–34. gr. fjalla um byrjun uppboðs á eign, sem verður ráðstafað með nauðungarsölu eftir reglum 2. þáttar, en samkvæmt frumvarpinu er byrjun uppboðs heitið á fyrri af tveimur áföngum sem yrði að öðru jöfnu beitt til að koma eign í verð á þennan hátt. Eins og minnst var á í II. kafla almennra athugasemda við frumvarpið er hér gert ráð fyrir þeirri breytingu að uppboð fari fram í einum eða tveimur áföngum í stað þess að áfangarnir geti orðið þrír, eins og eftir núgildandi lögum. Byrjun uppboðs eftir ákvæðum frumvarpsins kæmi þannig í stað fyrsta og eftir atvikum annars uppboðs eftir núgildandi reglum, en framhald uppboðs samkvæmt frumvarpinu svarar til þess áfanga, þar sem endanleg sala á sér stað eftir reglum laga nr. 57/1949, sem oftast er ýmist annað uppboð, þegar um skip eða loftfar er að ræða, eða þriðja uppboð þegar fasteign er ráðstafað. Tilhögun frumvarpsins í þessum efnum er einnig önnur frá þeirri sem núgildandi lög ráðgera að því leyti, að framhald uppboðs samkvæmt frumvarpinu er í bókstaflegum skilningi áframhald af því sem gerist við byrjun uppboðs. Þannig kemur til dæmis fram í 4. mgr. 36. gr. að við framhald uppboðs eigi að leita boða frá því marki sem hafði verið náð við byrjun uppboðsins. Eftir núgildandi reglum eru áfangarnir hins vegar hver öðrum óháðir að því leyti, að hverju sinni er ætlast til þess að byrjað sé að leita boða frá grunni, en þess ber þó að gæta að þeir sem gera til dæmis boð við fyrsta uppboð eru bundnir við þau um tiltekinn tíma eftir lok þriðja uppboðs, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 57/1949, sbr. lög nr. 12/1987. Er þannig ef til vill nærtækt að segja að fremur sé um orðalagsmun að ræða en eðlismun að þessu leyti milli frumvarpsins annars vegar og núgildandi laga hins vegar.

Í 1. mgr. 31. gr. kemur fram að sýslumaður taki nauðungarsölu formlega fyrir á starfstofu sinni til þess að byrja uppboð á þeim tíma, sem áður var ákveðinn og auglýst um, enda hafi nauðungarsalan þá ekki fallið niður frá því sú ákvörðun var tekin eða uppboðinu verið frestað, sbr. 1. mgr. 27. gr. Er einnig mælt fyrir um að sýslumaður leggi þá fram ný gögn, sem hafa borist honum eftir fyrirtöku skv. 21. gr., og kynni þau gerðarþola ef hann mætir sjálfur eða einhver fyrir hans hönd.

Samkvæmt 2. mgr. 31. gr. ber sýslumanni að veita viðstöddum tilteknar upplýsingar áður en hann hefst handa við að leita boða við byrjun uppboðs. Í þessu ákvæði er talið upp í sex töluliðum hver þau atriði séu, sem ber að gæta að í þessum efnum, en í einu lagi má segja að þau varði atvik sem geti ráðið forsendum fyrir boðum í eignina. Telja verður að einstök atriði í 2. mgr. 31. gr., svo og í 3. mgr. greinarinnar, skýri sig sjálf.

Um 32. og 33. gr.

Í þessum greinum frumvarpsins koma í meginatriðum fram reglur um hvernig boða verði leitað í eign við byrjun uppboðs, hverjir megi gera boð og hvers efnis þau geti verið. Í flestum atriðum eiga ákvæðin um þetta sér samsvörun í núgildandi lögum eða framkvæmd.

Í 1. mgr. 32. gr. kemur fram að sýslumaður byrji að leita boða í eign þegar hann hefur gætt að þeim atriðum sem er mælt fyrir um í 2. og 3. mgr. 31. gr. Á þessu tímamarki má heita að sala eignarinnar hefjist í bókstaflegum skilningi, en miðað er við það í 3. mgr. 23. gr. að þá megi í síðasta lagi koma fram ósk um nauðungarsölu eignarinnar á almennum markaði.

Í 2. og 3. mgr. 32. gr. koma fram reglur sem útiloka tiltekna menn frá því að gera boð í eign á uppboði. Í 2. mgr. er lagt bann við því að sýslumaður, fulltrúi hans sem heldur uppboðið eða starfsmaður hans, sem gegnir þar störfum, geri sjálfur boð í eignina eða láti annan mann gera það fyrir sína hönd. Ef boð kæmu fram í andstöðu við þessa reglu yrðu þau virt að vettugi. Þetta ákvæði á sér nokkra samsvörun í 6. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1949, en gengur þó lengra við útilokun boða frá öðrum en þeim sem heldur uppboðið. Í 3. mgr. 32. gr. frumvarpsins er síðan tekið fram að boð frá gerðarþola sjálfum verði virt að vettugi ef nauðungarsölunnar er krafist til fullnustu peningakröfu skv. 6. gr. Sambærilega reglu er ekki að finna í núgildandi lögum, en hún styðst við þau augljósu eðlisrök að þess verði fráleitt vænst að gerðarþoli geti efnt boð í eignina ef honum hefur ekki tekist að varna nauðungarsölu með því að greiða skuldheimtumönnum. Ekki má gagnálykta frá reglum 2. og 3. mgr. 32. gr. á þann veg, að boð frá öllum öðrum en þar greinir verði tekin til álita, enda leiðir til dæmis af almennum reglum laga að einnig yrði að virða að vettugi boð frá manni sem væri sýnilega ófær um að ráða gerðum sínum.

Í 4. og 5. mgr. 32. gr. koma fram reglur sem svara til ákvæða 9. gr. laga nr. 57/1949. Verður ekki séð að þær þarfnist sérstakra skýringa.

Í 6. mgr. 32. gr. er sýslumanni heimilað að krefja bjóðanda um rök fyrir því að hann geti staðið við framkomið boð, að því viðlögðu að ekki verði tekið mark á því. Sýslumanni er hér einnig heimilað að áskilja að bjóðandi setji tryggingu í tilteknu formi og innan viss frests fyrir því að boðið verði efnt, ef líta eigi til boðsins við ákvörðun um hverju boði verði tekið. Um fyrra atriðið, sem hér er nefnt, er ekki að finna fyrirmæli í núgildandi lögum, enda má ætla að sjaldan yrði tilefni til að krefja bjóðanda um rök fyrir greiðslugetu hans án þess að tilefni væri frekar til að krefja hann um tryggingu. Síðarnefnda heimildin, til að krefja bjóðanda um tryggingu fyrir boði, á sér hliðstæðu í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 57/1949.

Fyrirmæli 33. gr. svara efnislega til reglna 1. mgr. 27. gr. laga nr. 57/1949, að því leyti sem ástæða hefur þótt til að taka upp í frumvarpið einstök atriði umræddsákvæðis núgildandi laga. Þess ber þó að geta að í niðurlagi 3. mgr. 33. gr. er tekið berum orðum fram að sýslumaður megi alltaf lýsa eftir lægri boðum en það sem hefur hæst komið fram, en í framkvæmd hefur einhver vafi verið uppi um hvort þetta megi með því að ekki er mælt beinlínis fyrir um það í

núgildandi lögum. Að vísu er fátítt að ástæða sé til að leita lægri boða, en þetta getur þó þjónað tilgangi ef til dæmis verulegur munur er á hæsta og næsthæsta boði og greiðslugeta hæstbjóðanda þykir ekki hafin yfir tvímæli.

Um 34. gr.

Í 34. gr. er mælt fyrir um tvenns konar tilvik, þar sem aðgerðum yrði þegar lokið við fyrri áfanga uppboðs. Annars vegar kemur fram í 1. mgr. 34. gr. að beiðnir um nauðungarsölu teljist fallnar niður ef ekkert boð kemur fram í eign við byrjun uppboðs, en í tilviki sem þessu yrði nauðungarsala talin árangurslaus. Áþekka reglu má finna í 1. mgr. 28. gr. laga nr. 57/1949. Hins vegar er mælt fyrir um það í 2. mgr. 34. gr. frumvarpsins að ljúka megi uppboði þegar í stað eftir að boð hafa komið fram við byrjun uppboðs, ef mætt er af hálfu allra aðila skv. 2. gr. og því er lýst yfir að þeir uni við að ekki verði leitað frekari boða í eignina en þá hafa komið fram. Tekið er fram að það megi fara eins að, þótt slík yfirlýsing komi ekki fram af hálfu veðhafa, ef sýslumaður telur sýnt að það megi taka einhverju framkomnu boði og að það hrökkvi til greiðslu kröfu hlutaðeigandi veðhafa. Þessi ákvæði 2. mgr. 34. gr. eiga sér að nokkru hliðstæðu í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 57/1949, sbr. lög nr. 12/1987, þar sem er heimilað að ljúka uppboði án þess að annað og eftir atvikum þriðja uppboð fari fram. Málalok með þessum hætti eru fremur sjaldgæf, en þau geta þó til dæmis komið til ef veðhafi á verulega háa kröfu og býður þegar í byrjun fjárhæð sem svarar til líklegs markaðsverðs eignar.

Þótt málalok að hætti 34. gr. yrðu væntanlega sjaldgæf, fela reglur ákvæðisins að vissu marki í sér skýringu á því hvers vegna sé gengið út frá því að uppboð fari fram í tveimur áföngum. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. færi framhald uppboðs að öðru jöfnu fram við eignina sem er verið að ráðstafa, þannig að bjóðendum gæfist þá meðal annars kostur á að kynna sér útlit hennar og ástand, en oft er þess varla að vænta að teljandi boð komi fram í eign að henni óséðri. Framkvæmd uppboðs á vettvangi eignarinnar fylgir hins vegar talsvert óhagræði og kostnaður. Af þessari ástæðu má telja eðlilegt að reynt sé á það með einfaldari og um leið ódýrari hætti hvort ástæða sé til að fara þá leið. Á hvorn veginn sem væri yrði ástæðulaust að fara á vettvang, ef þar væri ekki að vænta neinna boða eða aðilarnir væru þeirrar skoðunar að hærri boð muni ekki fást með þeim hætti.

Um 35. gr.

Í 35. og 36. gr. er að finna reglur um fyrrnefnt framhald uppboðs. Í 1. mgr. 35. gr. kemur fram að uppboði verði fram haldið eftir þessum reglum ef málalok hafa ekki fengist við byrjun uppboðs eftir nýnefndum ákvæðum 34. gr. Því til viðbótar ber þó vitanlega að hafa í huga að ekki yrði af framhaldi uppboðs ef framkomnar beiðnir um nauðungarsölu féllu niður áður en að því kæmi.

Eins og nefnt var í athugasemdum við 31. gr. svarar framhald uppboðs eftir reglum frumvarpsins í öllum meginatriðum til annars eða eftir atvikum þriðja uppboðs eftir ákvæðum núgildandi laga. Þetta er þá með öðrum orðum fullnaðartilraun til þess að kalla fram hærri boð en hafa áður fengist, eftir atvikum með því að halda uppboðið við eignina sjálfa, og jafnframt er biðtími eftir framhaldi uppboðs síðasta raunhæfa svigrúmið sem gerðarþoli hefur til að reyna að koma í veg fyrir að sala fari fram. Reglum frumvarpsins um framhald uppboðs svipar þannig nokkuð til ákvæða um lokaáfanga uppboðs, ýmist annars eða þriðja uppboðs, í lögum nr. 57/1949 eins og þeim var breytt með lögum nr. 12/1987.

Í 1. og 2. mgr. 35. gr. kemur fram að sýslumaður eigi að öðru jöfnu að ákveða tíma til framhalds uppboðs þegar hann lýkur að leita boða í eign við byrjun þess. Í þessum efnum er mælt fyrir um tiltekinn frest, því framhald uppboðs verður að meginreglu að eiga sér stað innan fjögurra vikna frá því lokið var að leita boða í eignina við byrjun uppboðsins. Frá fyrirmælum um þennan frest er þó gerð undantekning, ef óviðráðanleg atvik girða fyrir að

uppboði verði fram haldið innan hans, en við þær aðstæður ber sýslumanni að ákveða tíma til þessarar aðgerðar innan fjögurra vikna frá því honum verður kunnugt um að slík hindrun sé úr vegi. Óviðráðanleg atvik í þessum skilningi gætu til dæmis talist fyrir hendi, ef gerðarþoli fengi heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, bú hans væri tekið til gjaldþrotaskipta eða hann létist, en í þeim tilvikum stæðu fyrirmæli laga nr. 20/1991 og 21/1991 almennt í vegi fyrir að nauðungarsala færi fram. Eins gæti talist til óviðráðanlegra atvika í þessu sambandi að ágreiningur um nauðungarsöluna yrði borin undir héraðsdóm eftir reglum 13. kafla frumvarpsins. Enn mætti nefna í dæmaskyni að ófærð gæti fyrirbyggt að komist yrði á uppboðsstað eða verkfall opinberra starfsmanna gæti útilokað að uppboð fari fram. Frestur-inn til framhalds uppboðs, sem hér um ræðir, er sá sami og nú gildir varðandi tímann sem má líða milli annars og þriðja uppboðs skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 57/1949, sbr. lög nr. 12/1987, en í framkvæmd hefur einnig verið litið svo á að óviðráðanleg atvik á borð við þau, sem voru nefnd hér á undan, heimili að lengri tími líði milli uppboða þótt ekki sé vikið að því í núgildandi lögum.

Í 3.–5. mgr. 35. gr. og einnig að nokkru í 2. mgr. er mælt fyrir um tilkynningar og auglýsingar sem sýslumanni ber að sinna áður en komið er að framhaldi uppboðs. Í 3. mgr. kemur fram að sýslumanni beri að tilkynna öllum aðilum að nauðungarsölunni skv. 2. gr. um ákvörðun tíma til framhalds uppboðs, þegar í kjölfarið af því að hún hafi verið tekin, og að þetta þurfi að gera með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða öðrum jafntryggum hætti. Frá þessari tilkynningarskyldu er þó vikið ef aðili hefur verið staddur við byrjun uppboðs og ákvörðun um framhald þess hefur verið kynnt þar, sbr. 2. mgr. 35. gr., eða ókunnugt er hver aðilinn sé eða hvar verði náð til hans, sbr. 3. mgr. 35. gr. Ókunnugleiki um gerðarþola hefði þó aðrar afleiðingar, því sýslumaður yrði þá að fá birta sérstaka auglýsingu um framhald uppboðs í Lögbirtingablaði með viku fyrirvara, sbr. 4. mgr. 35. gr. Þessu til viðbótar kemur fram í 5. mgr. 35. gr. að auglýsa verði um þetta í dagblaði eða á annan sambærilegan hátt eftir fyrirmælum 2. mgr. 26. gr. og taka þá sérstaklega fram að um framhald uppboðs sé að ræða. Fyrirmæli 35. gr. um þennan undirbúning að framhaldi uppboðs eru í flestum atriðum í samræmi við verklag sem er almennt fylgt í framkvæmd við undirbúning samsvarandi aðgerða eftir ákvæðum 22. og 29. gr. laga nr. 57/1949, sbr. lög nr. 12/1987. Ástæða er þó til að vekja athygli á því að í frumvarpinu er tekið af skarið um að sýslumaður beini ekki sérstökum tilkynningum um aðgerðir við nauðungarsölu að öðrum en gerðarþola og gerðarbeiðendum fyrr en komið er að framhaldi uppboðs, sbr. 3. mgr. 35. gr., en í framkvæmd hefur ekki verið samræmi um það á hverju stigi beri að senda slíkar tilkynningar skv. 3. mgr. 22. gr. fyrrnefndra laga.

Um 36. gr.

Í 2.–5. mgr. 36. gr. koma fram sérreglur um framkvæmd við framhald uppboðs, en skv. 1. mgr. greinarinnar verður farið eftir reglum um byrjun uppboðs í öðrum atriðum.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. er óundanþægt að framhald uppboðs á fasteign eða réttindum yfir fasteign, sbr. 1. mgr. 17. gr., fari fram á fasteigninni sjálfri. Við framhald uppboðs á skrásettu skipi eða loftfari á hins vegar undir sýslumann hvort leitað verði boða við eignina sjálfa. Í 2. mgr. 36. gr. er gengið út frá því að sýslumaður ákveði yfirleitt að aðgerðir byrji að minnsta kosti þessu sinni á starfstofu hans, en þar verði þá ákveðið hvort þær verði fluttar þangað sem eignin er. Stafar þetta af því að eðli máls samkvæmt getur verið óvissa við gerð auglýsinga og tilkynninga um framhald uppboðs hvar eignin verði niður komin á uppboðsdegi og því varlegast að ætla að aðgerðin hefjist á starfstofu sýslumanns. Við sölu á þessum eignum er að auki lítil ástæða til að telja að skoðun þeirra hafi teljandi áhrif á fjárhæð boða, en gagnstæð sjónarmið ættu almennt við um fasteignir. Er því tekið fram í niðurlagi 2. mgr. 36. gr. að framhald uppboðs verði ekki flutt að skipi eða loftfari nema sýslumaður telji að hærri boð muni fást með þeim hætti. Þessar reglur um uppboðsstað eru efnislega þær sömu og nú verða leiddar af 23. gr. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 57/1949, sbr. lög nr. 12/1987.

Í 3. mgr. 36. gr. er mælt fyrir um skyldu umráðamanns eignar til að veita sýslumanni og öðrum sem eru staddir við framhald uppboðs aðgang að henni til skoðunar. Er tekið fram að sýslumaður geti sjálfur beitt valdi til að framfylgja þessari skyldu eða falið lögreglumönnum að gera það. Þessi regla á sér hliðstæðu í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 57/1949.

Í 4. mgr. 36. gr. kemur fram, eins og minnst var á í upphafi athugasemda við 31. gr., að sýslumaður leiti boða við framhald uppboðs á þann hátt að boðin hefjist þessu sinni við þá fjárhæð, sem kom hæst fram við byrjun uppboðs. Að öðru leyti yrði boða leitað hér eftir almennum reglum 32. og 33. gr.

Í 5. mgr. 36. gr. kemur loks fram að hafi nauðungarsölunnar verið krafist samkvæmt heimild í 1. mgr. 6. gr. til fullnustu á peningakröfum teljist beiðnir um hana fallnar niður ef ekki koma fram hærri boð en svo, að enginn gerðarbeiðandi geti fengið neitt í sinn hlut af söluverði. Efnislega leiðir þessi regla til sömu niðurstöðu og felst í ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga nr. 57/1949, en hún tryggir meðal annars að réttlágir veðhafar geti ekki knúið fram nauðungarsölu þeim rétthærri til tjóns.

Um 37. gr.

Með þeim aðdraganda að nauðungarsölu eignar á uppboði og framkvæmd þess, sem ákvæði frumvarpsins mæla fyrir um og hefur verið lýst hér að framan, má vænta að stuðlað sé að því, eins og frekast er kostur í reglum sem þessum, að þar fáist almennt viðunandi verð fyrir eign miðað við til dæmis ástand hennar og staðsetningu, eftirsókn eftir henni á almennum markaði og greiðslukjör handa kaupanda við uppboð. Ætla verður að það tryggi einnig frekar að viðunandi boð fáist við uppboð, að veðhafar hafa augljósa hagsmuni af því að eign verði seld gegn því verði að þeir fái fullnustu krafna sinna, en reynslan í framkvæmd hefur löngum verið sú að eignir, sem er ráðstafað við nauðungarsölu, séu oftar en ekki veðsettar fyrir fullu markaðsverði ef ekki meira en það. Það verður hins vegar seint tryggt með þessu móti að þau tilvik komi ekki upp, þar sem bersýnilegt má telja að framkomin boð séu lægri en efni eru til.

Til að mæta þeim aðstæðum, sem geta komið upp samkvæmt framansögðu, er lagt til í 37. gr. að tekin verði upp sérstök heimild handa sýslumanni til að endurtaka aðgerðir við framhald uppboðs ef framkomin boð í eign, sem kemur til álita að taka, eru svo lág að fari fjarri líklegu markaðsverði hennar, jafnvel þótt tekið sé tillit til hugsanlegra áhrifa ákvæða 57. gr. á réttarstöðu veðhafa sem hefur orðið hæstbjóðandi í eign við uppboð. Þessarar heimildar 37. gr. yrði ekki neytt nema til að endurtaka uppboð á eign einu sinni og er notkun hennar háð nokkuð ströngum skilyrðum. Þau eru nánar tiltekið í fyrsta lagi að sýslumaður telji mega rekja til sérstakra aðstæðna að boð hafi ekki orðið hærri en raun varð á. Til sérstakra aðstæðna í þessum skilningi má til dæmis telja að uppboð hafi farið fram í dreifbýli á árstíma sem samgöngur eru örðugar, að veðhafi sem hafði verulegra hagsmuna að gæta og má telja víst að hefði gert hærri boð en aðrir í eignina hafi haft forföll eða að þýðingarmiklar upplýsingar hafi skort um grundvallaratriði sem varða verðgildi eignarinnar. Í öðru lagi er það skilyrði sett í 1. mgr. 37. gr. að sýslumaður telji rökstudda ástæðu til að ætla að enn geti komið fram hærri boð í eignina, en tilteknar staðreyndir þyrftu þannig að liggja fyrir sem gæfu tilefni til slíkrar ályktunar en ekki getgátur einar. Þá er í þriðja lagi mælt fyrir um það í 1. mgr. 37. gr. að sýslumaður geti ekki farið þessa leið ef gerðarþoli og aðrir aðilar, sem eru staddir við framhald uppboðs, eru á einu máli um annað. Eins og ráða má af þessum skilyrðum fer fjarri að ákvæði 37. gr. geymi almenna heimild til að endurtaka uppboð, heldur ber að líta svo á að þar sé að finna eins konar neyðarreglu til að koma í veg fyrir óviðunandi málalok.

Ef þessum skilyrðum er fullnægt er boðið í 1. mgr. 37. gr. að sýslumaður verði að taka ákvörðun um að endurtaka uppboð innan viku frá því aðgerðum við framhald þess var lokið, en að öðru jöfnu ætti þetta þó að eiga sér stað áður en framhaldi uppboðs er lokið, eins og má ráða af orðum ákvæðisins. Við endurtekningu uppboðs yrði farið eftir fyrirmælum 35. og 36.

gr., svo sem fram kemur í 2. mgr. 37. gr., að því undanteknu að frestir í þessum efnum eiga að vera eins skammir og hægt er.

Í 3. mgr. 37. gr. er tekið fram að ákvörðun sýslumanns um að endurtaka uppboð, hvort heldur um að það verði gert eða ekki, verði ekki borin undir héraðsdóm eftir reglum XIII. kafla frumvarpsins. Þessa reglu verður að telja nauðsynlega til að tryggja að ágreiningur um hvort þessi leið verði farin hafi ekki í för með sér auknar tafir á málalokum.

Ákvæði 37. gr. eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum.

Um 38. gr.

Í þessari grein er kveðið á um bókanir í gerðabók um atburði við framkvæmd uppboða skv. 30.–37. gr. Verður ekki séð að hún þarfnist sérstakra skýringa.

Um 39. gr.

Í 39. gr. koma fram reglur um samþykki boðs sem hefur komið fram á uppboði, en með því samþykki sýslumanns komast á kaup um eignina við þann sem boð er samþykkt frá.

Í 1. mgr. 39. gr. kemur fram að sýslumaður ákveði eftir lok uppboðs hverju boði hann taki í eignina og að þetta skuli gert svo tímanlega að bjóðendur séu enn bundnir við boð sín samkvæmt uppboðsskilmálum. Um þessa reglu má geta þess í fyrsta lagi að hún leggur á vald sýslumanns að taka ákvörðun um boðin og er ekki ætlast til að aðilar að nauðungarsölunni hafi uppi kröfur eða ráðleggingar um hverju boði verði tekið eða að sýslumaður ráðfæri sig við þá varðandi ákvörðun um þetta. Í öðru lagi segir í reglunni að sýslumaður taki þessa ákvörðun þegar uppboði er lokið. Samkvæmt 4. mgr. 36. gr. lýkur framhaldi uppboðs þegar sýslumaður lætur hamar falla til marks um að ekki verði leitað frekari boða og er þetta þau tímamörk sem ákvæði 1. mgr. 39. gr. miða við, nema í þeim undantekningartilvikum að framhald uppboðs þurfi ekki að fara fram og því ljúki skv. 2. mgr. 34. gr. eða framhald uppboðs verði endurtekið skv. 37. gr. Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. gæti sýslumaður þannig lýst því yfir þegar við lok uppboðs að bjóðendum viðstöddum að tiltekið boð verði samþykkt ef greiðsla samkvæmt því berst innan tiltekins tíma, sbr. 3. mgr. 39. gr. Má telja þessa tilhögun æskilega og til hagræðis ef sýslumaður þarf ekki að krefja bjóðanda um tryggingu skv. 6. mgr. 32. gr. eða framkvæma frekari athugun á boðum. Í þriðja lagi kemur fram í 1. mgr. 39. gr. að sýslumanni beri í síðasta lagi að taka afstöðu til boða áður en sá tími er liðinn, sem bjóðendur eru bundnir við þau samkvæmt uppboðsskilmálum, en lengd þess tíma er ekki ákveðinn í frumvarpinu, heldur er ætlast til þess að hann verði markaður í almennum uppboðsskilmálum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 28. gr. Í þessu sambandi er vert að benda á að varhugavert getur verið að draga að gefa yfirlýsingu um að boð verði samþykkt til loka þessa frests, enda til í dæminu að bjóðandi standi ekki við boð sitt. Er ráðgert í 4. mgr. 39. gr. að undir þeim kringumstæðum taki sýslumaður önnur boð til álita á ný, en lítill fengur væri í því að komast þá að raun um að annað boð sé viðunandi ef sá sem gerði það er ekki lengur bundinn við það eftir uppboðsskilmálum. Má því telja æskilegt að afstaða sé tekin til boða sem fyrst eftir lok uppboðs, þannig að svigrúm yrði til þess að reyna á fleiri boð en eitt innan þess tíma, sem bjóðendur eru bundnir, ef þess þyrfti með.

Í 2. mgr. 39. gr. er mælt fyrir um að hæsta boði verði alltaf tekið nema sýslumaður telji sérstaka ástæðu til að draga í efa að það verði efnt, enda hafi þá hæstbjóðandi sett tryggingu fyrir því ef sýslumaður hefur krafist hennar. Reglan er þannig sú að það eigi að taka hæsta boðinu og eftir atvikum að krefja hæstbjóðanda um tryggingu, en frá þessu gæti þó sýslumaður vikið ef atvik benda til að ósennilegt sé að boðið verði efnt og væri honum þá óskylt að reyna á það hvort hæstbjóðandi gæti sett tryggingu fyrir boðinu. Ef gengið yrði fram hjá hæsta boði er ætlast til þess í 2. mgr. 39. gr. að næsthæsta boð verði metið með þessum sama hætti og þannig koll af kolli ef með þarf. Ef tvö boð eða fleiri hafa verið jafnhá kemur fram í niðurlagi 2. mgr. að sýslumaður velji milli þeirra með hliðsjón af líkindum fyrir efndum.

Í 3. mgr. 39. gr. greinir frá því hvernig staðið verði nánar að samþykki boðs. Þar kemur fram að þegar sýslumaður hefur komist að niðurstöðu um hverju boði verði tekið, tilkynni hann bjóðanda ákvörðun sína og að boðið verði talið samþykkt ef greiðsla, sem ber að inna af hendi samkvæmt því í ljósi uppboðsskilmála, berst honum á tilteknum tíma. Þessari tilkynningu á sýslumaður að koma á framfæri með tryggum hætti, eins og segir í ákvæðinu, en eins og áður var nefnt gæti sýslumaður gert þetta um leið og framhaldi uppboðs lýkur og bókað í gerðabók að tilkynningu þessa efnis hafi þá verið komið á framfæri við viðstaddan bjóðanda. Ef bjóðandinn greiðir síðan á tilsettum tíma telst boð hans sjálfkrafa samþykkt. Þó er tekið fram í niðurlagi 3. mgr. 39. gr. að sýslumaður geti skilyrt þessa yfirlýsingu sína á þann hátt, að bjóðandinn verði um leið að setja tryggingu fyrir frekari greiðslum á boði sínu, og teldist þá boðið ekki samþykkt við það eitt að greiðslan yrði innt af hendi, heldur þyrfti trygging einnig að vera sett um leið. Hér er ráðgert að afhending greiðslunnar og eftir atvikum tryggingar nægi til þess að boð sé samþykkt og að sýslumaður þurfi þannig ekki að gera neina frekari formlega ráðstöfun því til staðfestingar. Rétt er að vekja athygli á því að í 3. mgr. 39. gr. segir að greiðsla þurfi að berast á tilteknum tíma, en ekki innan tiltekins tíma. Með þessu er haft í huga að nauðungarsala getur fallið niður allt fram að samþykki boðs, sbr. 15. gr., og er hugsanlegt að gerðarþoli geti enn náð samningum við gerðarbeiðendur um að afturkalla kröfur sínar í því skyni þótt uppboði sé lokið á eign. Ef horfur væru á að gerðarþoli hygðist reyna þetta eftir lok uppboðs væri óeðlilegt að leggja í hendur bjóðanda hvenær hann innti af hendi greiðslu til að boð teldist sjálfkrafa samþykkt, til dæmis á tíu daga tímabili. Við þær aðstæður væri eðlilegra að sýslumaður tæki fram í yfirlýsingu sinni til bjóðanda að greiðsla eigi að koma fram á tilteknum tíma, þannig að gerðarþola gæti gefist svigrúm til að komast hjá sölunni innan þess tíma. Ef engar slíkar horfur væru hins vegar mætti sýslumaður að meinalausu gefa bjóðanda kost á að koma fram greiðslunni innan vissra tímamarka.

Í 4. mgr. 39. gr. er mælt fyrir um afleiðingarnar af því að sá, sem sýslumaður hefur tilkynnt að boð verði samþykkt frá, inni ekki af hendi greiðslu sína. Kemur fram að sýslumaður taki þá önnur boð til álita á ný, en ef ekkert annað boð þykir koma til greina verði eignin boðin upp á ný eins og um framhald uppboðs væri að ræða. Í niðurlagi ákvæðisins er kveðið á um bótaskyldu þess sem vanefnir boð sitt. Um einstök atriði í þessu sambandi má benda á að tilkynning sýslumanns skv. 3. mgr. 39. gr. bindur hann ekki ef greiðsla berst ekki á réttum tíma. Sýslumaður þarf því ekki að tilkynna bjóðandanum að fallið sé frá því að samþykkja boð hans, enda felur 3. mgr. í sér að samþykkið sem slíkt hefur ekki verið veitt með yfirlýsingunni einni, heldur þarf greiðsla að berast frá bjóðanda til þess að kaupin komist á. Þá má nefna að ef vanefndir verða með þeim hætti, sem greinir í 4. mgr. 39. gr., er ætlast til þess að sýslumaður hugi þegar að öðrum framkomnum boðum, en þess verður að vænta að staðið sé svo tímanlega að verkum í þessum efnum að aðrir bjóðendur séu þá enn bundnir við boð sín. Fyrst og fremst er ráðgert í 4. mgr. að sýslumaður taki öðru boði, ef þessi staða kemur upp, og að hugað verði í framhaldinu að því hvort bótakrafa verði höfð uppi samkvæmt niðurlagsorðum ákvæðisins. Vanefndauppboð eftir 4. mgr. 39. gr. ætti því að vera undantekning, en til þess gæti þurft að grípa ef verulegur munur væri á því boði, sem stóð til að taka og var vanefnt, og því sem kom næst að fjárhæð. Eftir orðalagi 4. mgr. 39. gr. hlutast sýslumaður til um vanefndauppboð ótilkvaddur, en að þessu leyti er ákvæðið annars efnis en núgildandi regla um slík uppboð í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 57/1949, þar sem er mælt að vanefndauppboð fari fram eftir kröfu uppboðsbeiðanda eða veðhafa sem á gjaldfallna kröfu. Verður að telja óeðlilegt að sýslumaður hafi ekki forræði á þessu, þar sem ákvörðunarvald um samþykki boðs er í hans höndum og á honum hvílir að innheimta söluverð eignar, sbr. 1. mgr. 46. gr.

Fyrirmæli 5. mgr. 39. gr. um heimild bjóðanda til að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt boði eru ekki í öllum atriðum eins og núgildandi regla í 31. gr. laga nr. 57/1949. Í því ákvæði laganna er aðeins gert ráð fyrir því að boð verði framselt eftir samþykki þess og að uppboðsskilmálum þurfi þá að vera fullnægt um leið af hendi kaupanda. Í frumvarpinu er á

hinn bóginn gengið út frá því að framselja megi boð án tillits til þess hvort það hafi enn verið samþykkt, en við framsalið verði bæði upphaflegi bjóðandinn og framsalshafinn ábyrgir fyrir efndum boðsins.

Um 40. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er að finna reglur um hvernig kaupandi standi skil á söluverði eignar eftir að boð hans hefur verið samþykkt samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 39. gr. Reglur 40. gr. eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum.

Í 1. mgr. 40. gr. er mælt fyrir um það í hverju formi kaupandi geti innt greiðslu sína af hendi. Grunnreglan í þessum efnum kemur fram í upphafsorðum ákvæðisins, þar sem segir að þetta verði gert með peningum ef annað er ekki ákveðið í uppboðsskilmálum. Þótt það sé ekki orðað í þessu ákvæði er ætlast til þess að peningagreiðslan sé afhent sýslumanni, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 40. gr. Að þessari grunnreglu frágenginni kemur fram í 40. gr. að kaupandi eigi einnig aðra kosti en að greiða sýslumanni söluverðið eða að greiða það með peningum. Þessir kostir eru eftirfarandi:

1. Kaupandi getur greitt með sinni eigin kröfu um greiðslu af söluverðinu, svo sem kemur fram í 1. málsl. 1. mgr. 40. gr. Þetta er vitanlega háð því að kaupandinn njóti veðréttar eða annars konar tryggingarréttar í eigninni fyrir peningakröfu sinni og að söluverðið hrökkvi fyrir greiðslu kröfunnar eftir stöðu hennar í réttindaröð að einhverju leyti eða öllu. Í framkvæmd hefur að jafnaði verið tekið svo til orða í þessum tilvikum, að kaupandi taki undir sjálfum sér hluta söluverðsins, en þetta orðbragð er til dæmis notað í 2. mgr. 40. gr. frumvarpsins.
2. Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 40. gr. getur kaupandi einnig farið þá leið við greiðslu söluverðs að inna af hendi peningagreiðslu til einhvers þess sem á hluta þess í vændum við úthlutun. Kaupandinn gæti þannig farið þá leið að greiða til dæmis veðhafa kröfu hans að öllu leyti eða tilteknu marki án milligöngu sýslumanns. Með því að afhenda sýslumanni sönnun fyrir greiðslunni losnar kaupandinn undan skyldu til að afhenda honum peninga að því leyti. Þessi háttur á greiðslu tíðkast nokkuð í núverandi framkvæmd, ýmist í þeirri mynd að kaupandi greiði veðhafa að fullu með peningum án milligöngu uppboðshaldara, að kaupandi greiði veðhafa vanskil af kröfu hans með peningum gegn því að eftirstöðvar skuldar við hann hvíli áfram á eigninni eða semji við hann um greiðslu í öðru formi gegn kvittun fyrir því að hafa gert upp kröfur hans.
3. Í sama ákvæði kemur einnig fram að kaupandi geti greitt söluverðið með því að semja við veðhafa eða aðra þá sem njóta réttar til greiðslu af söluverðinu um að hann taki að sér skuldbindingar við þá gegn því að þær njóti áfram veðréttar eða annars tryggingarréttar í eigninni. Þetta er algengt í núverandi framkvæmd og þá tekið svo til orða að kaupandi yfirtaki áhvílandi skuldir. Þessu fylgir oftast að kaupandinn greiði um leið vanskil af slíkum skuldbindingum með peningum, en sú peningagreiðsla teldist þá greiðsla á söluverði samkvæmt því sem segir í 2. lið hér á undan.
4. Loks er gert ráð fyrir því í 4. mgr. 40. gr. að kaupandi geti greitt söluverðið með skuldajöfnuði á kröfu sinni á hendur gerðarþola, að því leyti sem gerðarþoli kann að eiga rétt til hluta af söluverðinu. Þessi háttur á greiðslu er háður vissum skilyrðum, sem verður vikið nánar að hér á eftir, en ekki getur reynt á þetta nema söluverðið sé hærra en þarf til að fullnægja öllum áhvílandi skuldbindingum á eigninni, þannig að gerðarþoli eigi rétt á afgangi þess.

Vænta má að þeir kostir, sem kaupandi hefur til að greiða söluverð á annan hátt en með peningagreiðslu til sýslumanns samkvæmt framangreindu, yrðu nýttir með samsvarandi hætti og hefur verið í framkvæmd til þessa, en einkum á þetta þó við um þá tilhögun sem er getið í 1. og 3. lið. Um þessa kosti er þó rétt að vekja athygli á því að kaupandi gæti aldrei nýtt þá til að greiða söluverðið í heild sinni, því samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 40. gr. yrði hann alltaf að

greiða með peningum þann hluta þess, sem yrði varið til að greiða kostnað af nauðungarsölunni. Þá er einnig ástæða til að vekja athygli á því að kaupandi tæki vissa áhættu með því að fara þær leiðir sem hér um ræðir, en um hana er fjallað nánar hér á eftir í tengslum við 2. mgr. 40. gr.

Bæði í 2. og 3. mgr. 40. gr. er rætt um atriði í tengslum við tilvik þar sem kaupandi efnir boð sitt eða skyldur sínar með öðru en peningagreiðslu. Með þessum orðum er átt við það að kaupandi nýti sér þá kosti sem voru taldir í 1.–4. lið hér að framan. Efndir með öðru en peningum er þannig notað sem samheiti í þessum ákvæðum til að komast hjá því að telja upp alla kostina hverju sinni sem það gæti átt við.

Í 2. mgr. 40. gr. er gerður almennur fyrirvari um gildi þess að kaupandi efni boð sitt með öðru en peningum í áðurnefndum skilningi. Sá fyrirvari felst nánar tiltekið í því að kaupandinn teljist ekki losna endanlega undan skyldum sínum með greiðslu í þessu formi nema að því marki, sem kröfurnar sem hann efnir án peningagreiðslu til sýslumanns, verða viðurkenndar við úthlutun söluverðs. Kaupandinn ber þannig áhættuna af réttmæti krafna og fjárhæðum þeirra ef hann til dæmis greiðir veðhafa milliliðalaust eða semur við veðhafa um að taka að sér skuldbindingar samkvæmt skuldabréfi sem hvílir á eigninni. Ef krafa veðhafa í þessum dæmum reyndist síðan lægri en var gert ráð fyrir eða jafnvel ekki koma til álita að neinu leyti við úthlutun söluverðs mundi greiðsla kaupandans til veðhafans eða samningur við veðhafann ekki nýtast kaupandanum eins og hann ætlaðist til sem greiðsla á söluverðinu. Kaupandinn yrði því að greiða sýslumanni það sem á vantaði með peningum eða taka það að auki að sér í öðru formi. Einkum væri ástæða til varfærni af hendi kaupanda varðandi uppgjör vaxta og kostnaðar af kröfum veðhafa og annarra rétthafa, en í þeim efnum yrði öðru fremur að hafa í huga ákvæði 10. tölul. 1. mgr. 28. gr. og 3. og 4. mgr. 50. gr. frumvarpsins.

Af öðrum atriðum í 2. mgr. 40. gr. er vert að benda á að þar kemur fram að sýslumaður geti krafið kaupanda um tryggingu ef kaupandinn leggur fyrir hann gögn um greiðslu sína á söluverði með öðru en peningum. Þessi trygging yrði nánar tiltekið áskilin fyrir mismuninum á því, sem kaupandi hefur til dæmis greitt einstökum veðhöfum milliliðalaust eða samið um við þá, og því, sem þessir veðhafar koma endanlega til með að eiga tilkall til við úthlutun söluverðs. Tryggingin yrði því til viðbótar að ná til greiðslu á vöxtum af mismuninum. Í ákvæðinu kemur fram að sýslumaður krefjist slíkrar tryggingar ef hann telur óvissu um það að hverju marki einstakar kröfur verði viðurkenndar við úthlutunina, en vanræksla kaupanda á að setja tryggingu jafngildi vanefnd á greiðslu söluverðs af hans hendi. Sýslumaður yrði að leggja mat á það hverju sinni hvort slík óvissa teldist fyrir hendi, eftir atvikum með því að huga að framkomnum gögnum um viðkomandi kröfur. Kaupandi yrði hins vegar aldrei laus undan áðurnefndri áhættu sinni og skyldu til að greiða söluverðið þótt sýslumaður léti hjá líða að krefja hann um tryggingu og síðar kæmi á daginn að tilefni hefði verið til hennar.

Í 3. mgr. 40. gr. kemur fram sérregla um það hvernig kaupandi geti nýtt sér heimildir sínar til að greiða söluverð með öðru en peningum, þegar uppboðsskilmálar kveða á um að söluverðið skuli innt af hendi með tilteknum greiðslukjörum. Eins og kom fram í umfjöllun um ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. hér að framan er gert ráð fyrir því að greiðslukjör verði ákveðin í almennum uppboðsskilmálum. Var þess einnig getið þar að í núverandi framkvæmd tíðkast að kaupandi þurfi að greiða fjórðung söluverðs við samþykki boðs, en eftirstöðvar þess tveimur mánuðum síðar. Ef gengið yrði út frá því í dæmaskyni að almennir uppboðsskilmálar geymdu ákvæði um sams konar greiðslukjör og hér var getið, hlýtur sú spurning að vakna hvort kaupandi geti greitt fjórðung boðs síns við samþykki þess með öðru en peningum, til dæmis með því að leggja fram yfirlýsingu frá einum veðhafa um að kaupandinn hafi yfirtekið skuldbindinguna við hann, og geti svo ætlast til þess að peningar verði fyrst inntir af hendi að tveimur mánuðum liðnum til greiðslu eftirstöðva söluverðs. Þessu svara fyrirmæli 3. mgr. 40. gr. neitandi og kemur þar öðru fremur tvennt til. Annars vegar mundi skorta á að kaupandi sýndi nægilega fram á getu sína með þessum hætti til að greiða eftirstöðvar boðs síns á síðari

stigum, meðan hann nyti þó almennt arðs af eigninni og umráða hennar frá fyrra tímamarki, sbr. 6. og 10. tölul. 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 55. gr. Hins vegar yrði greiðsla með þessu móti til mismununar á rétthöfum í eigninni, því í áðurnefndu dæmi fengi einn veðhafi greiðslu sína þegar í stað, meðan aðrir yrðu að bíða eftir sínu um nokkurn tíma án neinna vaxta, sbr. 3. mgr. 50. gr. og 2. mgr. 53. gr. Í 3. mgr. 40. gr. er viðurkennt að kaupandi geti nýtt sér að vissu marki greiðslu með öðru en peningum, sem hann hefur þegar innt af hendi eða samið um, þegar hann greiðir inn á söluverðið í samræmi við uppboðsskilmála. Kaupanda mundi þó aðeins nýtast þetta hlutfallslega. Til að skýra ákvæði 3. mgr. 40. gr. um þetta frekar má taka dæmi af beitingu þeirra og ganga þá frá því að uppboðsskilmálar séu þeir, sem áður er getið, þ.e. að kaupanda beri að greiða fjórðung söluverðs við samþykki boðs og eftirstöðvar þess tveimur mánuðum síðar. Í þessu dæmi má ganga út frá því að söluverð eignar hafi verið 10.000.000 kr. og þegar komið er að samþykki boðs hafi kaupandi náð samningum við einn veðhafa um að yfirtaka skuld við hann að fjárhæð 4.000.000 kr., en að öðru leyti sé óráðið hvort greiðslur eigi sér stað með öðru en peningum. Ákvæði 3. mgr. 40. gr. leyfa kaupanda í þessu dæmi ekki að efna skyldu sína við samþykki boðs að öllu leyti með yfirtöku skuldar við veðhafann. Þess í stað yrði sú leið farin að það, sem er þegar ráðið að greiðist með öðru en peningum, verður dregið frá söluverðinu, eða svo framangreint dæmi sé notað, 4.000.000 kr. verða dregnar frá 10.000.000 kr. Kaupanda ber síðan að greiða með peningum sama hlutfall af mismuninum og uppboðsskilmálar leggja honum á herðar að greiða af söluverðinu við samþykki boðs. Í þessu dæmi leggja uppboðsskilmálar á herðar kaupanda að greiða fjórðung söluverðs við samþykki boðs og leiðir því af reglu 3. mgr. 40. gr. að honum ber að greiða með peningum fjórðung af áðurnefndum mismun, sem var 6.000.000 kr. Kaupandinn verður því að greiða með peningum 1.500.000 kr., en getur síðan nýtt sér fjórðunginn af yfirteknu veðskuldinni við þessa fyrstu greiðslu sína, eða 1.000.000 kr. Að þessu tvennu samanlögðu greiddi kaupandi þannig fjórðung boðs síns, eða 2.500.000 kr. Með þessum hætti verður að telja að framangreindum markmiðum 3. mgr. 40. gr. sé náð, því bæði verður kaupandi að staðfesta greiðslugetu sína með peningagreiðslu og jafnræði næst frekar milli þess veðhafa, sem kaupandinn yfirtekur skuldbindingu við, og þeirra rétthafa sem fá greiðslur í fyllingu tímans af því sem kaupandinn innir af hendi með peningum.

Um ákvæði 3. mgr. 40. gr. má að öðru leyti benda á tvennt. Annars vegar felst í þeim að kaupandi geti efnt skyldur sínar við samþykki boðs að öllu leyti með öðru en peningum, ef þegar er ljóst að söluverðið verði allt greitt með sama hætti, en hér verður þó að gæta að því að hann yrði þó alltaf að greiða með peningum þá fjárhæð sem yrði varið til greiðslu kostnaðar af nauðungarsölunni, sbr. 1. mgr. 40. gr. Hins vegar kemur fram í niðurlagi 3. mgr. 40. gr. að jafna eigi vaxtamun þegar upp er staðið. Sá munur gæti verið kaupandanum í hag, t.d. með því að hann hafi greitt hlutfallslega of mikið með peningum við samþykki boðs síns, sem hann tapar þá vöxtum af að sama skapi, en þann mun mætti þá nota til skuldajafnaðar við greiðslu eftirstöðva söluverðsins. Munurinn gæti einnig verið kaupanda í óhag með því að hann hafi greitt of lítið með peningum við samþykki boðs, t.d. vegna þess að veðkrafa sem hann yfirtekur verður viðurkennd með lægri fjárhæð við úthlutun söluverðs en hafði verið gert ráð fyrir, en í því tilviki yrði kaupandi að greiða vexti að því marki sem peningagreiðsla hans við samþykki boðs var lægri en rétt hefði verið. Við uppgjör vaxta í þessu sambandi yrði að miða við þá vexti sem söluverðið ber eða hefði borið á bankareikningi, sbr. 2. mgr. 46. gr.

Í 4. mgr. 40. gr. er að finna fyrirmæli um rétt kaupanda til að greiða hluta söluverðs með því að skuldajafna með kröfu sinni á hendur gerðarþola við fjárhæð sem gerðarþola kann að bera af söluverðinu. Eins og vikið var að hér fyrr í athugasemdum við þessa grein kæmi þessi kostur aðeins til álita í tilvikum, þar sem söluverðið reynist vera hærra en þarf til að fullnægja öllum áhvílandi réttindum á eign, en við þær aðstæður ætti gerðarþoli rétt á því sem stæði eftir af söluverðinu að greiddum öllum kröfum. Ef gerðarþoli ætti þannig tilkall til hluta söluverðs og kaupandinn ætti peningakröfu á hendur honum, heimila ákvæði 4. mgr. 40. gr. að

kaupandinn noti þessa kröfu sína til að greiða viðkomandi hluta söluverðsins. Þessi heimild kaupandans er þó háð því skv. 4. mgr. 40. gr., að almennum skilyrðum fyrir skuldajöfnuði þurfi að vera fullnægt og að kaupandinn hafi eignast kröfu sína á hendur gerðarþola áður en uppboðinu var lokið. Með fyrrnefnda atriðinu er skírskotað til reglna á sviði kröfuréttar um skilyrði skuldajafnaðar. Með því síðarnefnda er leitast við að hindra að kaupandinn taki sig til við þessar aðstæður og festi kaup á kröfur á hendur gerðarþola eftir lok uppboðs, eftir atvikum með afföllum, gagngert til þess að geta skuldajafnað þeim.

Í 5. mgr. 40. gr. kemur fram regla um að kaupandi greiði ekki vexti af söluverðinu nema mælt sé fyrir um það í uppboðsskilmálum eða vanefndir verða af hans hendi, sbr. 1. mgr. 47. gr., en um undantekningar frá þessu er þó vísað til ákvæða 2. og 3. mgr. 40. gr., sem eins og áður var lýst geyma sérreglur um hugsanlega skyldu kaupanda til greiðslu vaxta. Fyrirmæli 5. mgr. 40. gr. eru í reynd sett til áréttingar í þessum efnum, en væntanlega yrði komist að sömu niðurstöðu á grundvelli almennra reglna ef þetta væri ekki tekið berum orðum fram.

Um 41. gr.

Í 41.–45. gr., sem mynda VI. kafla frumvarpsins, koma fram reglur þess um framkvæmd nauðungarsölu á almennum markaði. Um skilyrðin fyrir slíkri ráðstöfun og aðdragandann að því að gripið sé til hennar eru ákvæði annars vegar í 23. gr., sem hefur áður verið fjallað um og snýr að ráðstöfun eigna sem eiga undir 2. þátt frumvarpsins, og hins vegar í 62. gr., sem varða nauðungarsölu á lausafjármunum með þessum hætti. Rétt er þó að vekja athygli á því að í 62. gr. er einnig mælt fyrir um tiltekin afbrigði frá almennum reglum VI. kafla við ráðstöfun lausafjármuna.

Í 41. gr. er mælt fyrir um fyrstu aðgerðir sýslumanns eftir að ósk um að nauðungarsala fari fram á almennum markaði hefur verið tekin til greina. Í 1. mgr. kemur fram að sýslumaður boði alla aðila að nauðungarsölunni, sem verður náð til eftir framkomnum gögnum, til fyrirtöku á starfstofu sinni, en boðun á að koma á framfæri með tryggum hætti eins og má leiða af niðurlagi þessa ákvæðis. Samkvæmt 2. og 3. mgr. 41. gr. er hér um formlega fyrirtöku að ræða, sem verður bókað um í gerðabók, og fer hún fram í því skyni að aðilar fái meðal annars kost á að láta uppi álit sitt í tilteknum efnum áður en sýslumaður tekur nánari ákvarðanir um aðgerðir. Í 1. mgr. 45. gr. kemur fram að sá, sem hefur óskað eftir að eigninni verði ráðstafað á almennum markaði, þurfi að meginreglu að mæta til þessarar fyrirtöku að því viðlögðu að frekari aðgerðir með þessum hætti fari ekki fram og eignin verði boðin upp. Þá kemur fram í 2. mgr. 41. gr. að við þessa fyrirtöku eigi sýslumaður að leita tillagna aðilanna um einstök atriði, sem fyrirmæli 42. gr. taka til, en með þessu er þá átt við að aðilarnir geri tillögur um skilmála, sem verði beitt við sölu eignarinnar, tilhögun sölunnar ef hún nær til margra eigna í senn og hverjum verði falið að leita boða í eignina. Eins og ráða má af niðurlagi 2. mgr. 41. gr. eru tillögur aðilanna ekki bindandi fyrir sýslumann, sem á þannig lokaorðið við ákvarðanatöku í þessum efnum. Þess má þó vænta að sýslumaður hagi þessu í öllum meginatriðum eftir því sem aðilar leggja til, en tilefni væri til dæmis til að víkja frá því ef aðgerðir eftir tillögum þeirra gætu orðið til tjóns fyrir einstaka aðila eða sýslumaður teldi óraunhæft að eign seldist með þeim aðgerðum sem aðilar leggja til. Þá má vekja athygli á því að aðili að nauðungarsölunni gæti óskað eftir því við þessa fyrirtöku að virðing fari fram á eigninni eftir reglum 2. mgr. 5. gr., en aðili kynni að telja þörf á þessu til þess að fyrir liggi formlegt verðmat á henni til samanburðar við tilboð sem síðar berast. Loks skal þess getið að í 1. mgr. 44. gr. er ráðgert að aðili geti lýst því yfir við þessa fyrirtöku að hann leggi í hendur sýslumanns að taka afstöðu til tilboða í eignina án frekara samráðs við sig. Þetta gæti orðið til hagræðis fyrir bæði aðilann og sýslumann, því ekki þyrfti að boða hlutaðeiganda til fyrirtöku til umfjöllunar um tilboð, en helst má ætla að aðili færi þessa leið ef staða hans í réttindaröð væri slík að tryggt væri að hann fái greiðslu eða það þætti með öllu útilokað.

Um 42. gr.

Í 1. mgr. 42. gr. eru ákvæði um þá skilmála sem er ætlast til að verði að jafnaði beitt þegar eign er boðin til sölu á almennum markaði. Segir að þessir skilmálar skuli svara til tiltekinna ákvæða 1. mgr. 28. gr., þar sem efni almennra uppboðsskilmála er afmarkað að nokkru leyti. Þessi vísan til ákvæða 1. mgr. 28. gr. felur í sér að skilmálar við almenna markaðssölu ættu að öðru jöfnu að vera þessir:

1. að eignin sé seld í því ástandi sem hún er þegar tilboð er gert,
2. að frjálst sé að hafna tilboðum og skylt sé að gera það ef enginn gerðarbeiðandi fengi neitt í sinn hlut af því verði sem er boðið,
3. að vanefndir kaupanda hefðu sömu afleiðingar og við nauðungarsölu á uppboði,
4. að kaupandi þurfi að hlíta því að dregist geti að hann fái afsal fyrir eigninni vegna fyrirmæla 56. gr.,
5. að tilboð eigi að miða við að kaupandi taki á sig gjöld sem falla til af eigninni frá því hann gerir tilboðið, að hann beri frá sama tíma vexti og verðbætur af veðskuldum sem fái að hvíla áfram á eigninni og að hann njóti upp frá því arðs af henni,
6. að kaupandi þurfi að sætta sig við kvaðir og höft á eigninni að því marki sem leiðir af reglum 11. tölul. 1. mgr. 28. gr. og 2. mgr. 56. gr.,
7. að kaupandi afsali sér rétti til að hafa uppi kröfur vegna kaupanna eftir að greiðslum er lokið samkvæmt úthlutunargerð á söluverðinu.

Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir því að tilboða verði yfirleitt leitað við nauðungarsölu á almennum markaði með fyrirfram gefnum skilmálum um efni þeirra. Þannig er til dæmis ekki bundið með líkum hætti og í almennum uppboðsskilmálum hve lengi tilboð þurfi að standa, hvenær áhætta af eigninni færist á kaupanda eða hvenær hann taki við umráðum hennar. Greiðsluskilmálar eru heldur ekki bundnir verulega, en þó er tekið fram í 1. mgr. 42. gr. að þegar tilboða sé leitað eigi að jafnaði að stefna að því að greiðslur berist innan áþekks tíma og yrði við sölu á uppboði eftir almennum skilmálum á þeim vettvangi. Er því bætt við í ákvæðinu að þetta megi eftir atvikum gerast með því að kaupandi greiði söluverðið með verðbréfum sem megi koma greiðlega í verð.

Vert er að undirstrika að ákvæði 1. mgr. 42. gr. fela í raun aðeins í sér leiðbeiningarreglur, enda leiðir af áðurnefndum ákvæðum 2. mgr. 41. gr. að aðilar að nauðungarsölunni geti gert tillögur um aðra skilmála, sem sýslumaður hefði ákvörðunarvald um. Er þetta áréttað í 1. mgr. 42. gr. með því að tekið er fram að það megi víkja frá þessum almennu reglum með þeim hætti sem kemur fram í 29. gr.

Í 2. mgr. 42. gr. kemur fram að reglum 30. gr. verði beitt við nauðungarsölu á almennum markaði eftir því sem þær geti átt við. Í þessu felst nánar tiltekið að ef nauðungarsala nær til dæmis í senn til fasteignar og til véla og tækja sem hafa verið sett að veði með henni, þá megi ákveða að leita boða í allar eignirnar í einu lagi, í fasteignina út af fyrir sig og í hverja vél og hvert tæki fyrir sig eða í tilteknum einingum. Einnig mætti láta hjá líða að gera áskilnað í þessum efnum, þannig að bjóðendur hefðu frjálsar hendur.

Í 3. mgr. 42. gr. er greint frá því til hverra eigi að leita um að afla tilboða í eign. Er ráðgert að þetta verði að jafnaði falið einum eða fleiri fasteignasala eða lögmanni, en með þessu orðalagi er þó heimilt að leita til annarra eftir því sem aðstæður krefja. Í þessu ákvæði er síðan tekið fram að þeir, sem er falið þetta verk, leiti tilboða í eignina eins og ef um frjálsa sölu hennar væri að ræða. Þessi ummæli verður að vísu að skilja með þeim fyrirvara, að áðurlýst ákvæði 1. mgr. 42. gr. takmarka í reynd skilmálana sem þýðir að byggja tilboð á, þannig að hér gæti ekki orðið fullkomin samsvörun við sölu eignar í frjálsum viðskiptum. Á hinn bóginn árétta þessi orð að verklagið í þessum efnum yrði hliðstætt því sem tíðkast yfirleitt í viðskiptum á viðkomandi sviði. Fasteignasali myndi þannig hefjast handa með skoðun fasteignar og verðlagningu hennar, eignin yrði auglýst með sama hætti og almennt gerist,

upplýsingar yrðu veittar um eignina og hún yrði sýnd á venjulegan hátt og tilboð yrðu gerð með aðstoð fasteignasalans, sem kæmi þeim síðan á framfæri við sýslumann.

Eins og getið var í athugasemdum við 41. gr. er mælt fyrir í 4. mgr. 42. gr. um heimild aðila að nauðungarsölunni til að óska eftir því við sýslumann að virðing fari fram á eign samkvæmt 2. mgr. 5. gr. Að jafnaði mætti ætla að slíkrar virðingar yrði ekki þörf, enda kæmi almennt í hlut þess, sem leitar tilboða í eignina, að mynda sér skoðanir í þessum efnum og veita sýslumanni og aðilum upplýsingar um þær eftir þörfum. Aðili kynni á hinn bóginn að telja slíkt verðmat milligöngumannsins umdeilanlegt eða vissara vegna eigin hagsmuna að fá formlegt álit annarra sér til halds og trausts. Er af þessum sökum ráðgert að aðilinn geti óskað eftir virðingu, sem sýslumanni er þó óskylt að verða við, til dæmis ef virðing þætti bersýnilega tilgangslaus. Eftir 4. mgr. 42. gr. yrði aðilinn ekki aðeins að leggja út greiðslu fyrir öflun virðingargerðar, heldur mætti hann að öðru jöfnu allt eins reikna með að þurfa að bera kostnaðinn sjálfur að endingu. Er aðeins gert ráð fyrir því að þessi útgjöld verði endurkræf, ef ráðstöfun eignarinnar tekst og sýslumaður getur fallist á að réttmæt ástæða hafi verið til þessarar aðgerðar. Yrði tæplega að vænta að slík réttmæt ástæða þætti fyrir hendi nema virðing hafi leitt í ljós að verulega rangar hugmyndir hafi áður verið uppi um verðgildi eignarinnar.

Um 43. gr.

Í 43. gr. er kveðið á um tvenns konar afleiðingar af því, að aðgerðir við nauðungarsölu á almennum markaði hafi farið í hönd.

Í 1. mgr. 43. gr. kemur fram að frá því að nauðungarsalan er tekin fyrir eftir reglum 41. gr. og meðan aðgerðir við hana falla ekki niður skv. 45. gr., þá sé sýslumaður einn bær um að ráðstafa eigninni sem hún tekur til með löggerningi og að stofna á þann hátt til réttinda yfir henni. Er tekið fram að löggerningur sýslumanns um eignina hafi sömu áhrif og ef hann hefði umboð gerðarþola til ráðstöfunarinnar. Í þessum fyrirmælum felst það mikilvæga eðliseinkenni nauðungarsölu eftir reglum VI. kafla, að sýslumaður hefur einn með höndum rétt til að ráðstafa eigninni, sem gerðarþoli hefur þannig glatað með því að óska sjálfur eftir nauðungarsölu á almennum markaði eða samþykkja ósk gerðarbeiðanda um hana. Sýslumanni er þannig veitt vald til að ráðstafa eigninni eins og hann hefði fengið ótakmarkað umboð gerðarþolans til þess. Þetta vald er þó víðtækara en ef umboð byggi því að baki að því leyti til að gerðarþoli ætti þess ekki kost að falla frá ósk sinni um ráðstöfun eða samþykki fyrir henni og hann hefði ekkert forræði á því hverjar ráðstafanir sýslumaður mundi gera. Gerðarþoli og aðrir aðilar að nauðungarsölunni hefðu aðeins tillögurétt um ráðstafanir og gætu ekki bundið sýslumann með óskum sínum, sbr. einkum 41. og 44. gr., þótt vitanlega megi ganga út frá því að sýslumaður fylgi eftir því sem er unnt tillögum sem koma fram. Þessa reglu verður að telja óhjákvæmilega til að tryggja að ráðstöfun á almennum markaði geti náð fram að ganga, enda væri veruleg hætta á misnotkun á þessari heimild að öðrum kosti.

Í 2. mgr. 43. gr. er lagt bann við því að fjárnám, kyrrsetning eða löggeymsla verði gerð í eign eftir að aðgerðir við nauðungarsölu á henni á almennum markaði hafa farið í hönd. Tekið er fram í niðurlagi þessa ákvæðis að þetta bann girði ekki fyrir að skuldheimtumenn gerðarþola geti fengið slíkri gerð beint að hugsanlegum rétti hans til hluta söluverðs. Þessum reglum er ætlað að þjóna þeim tilgangi að koma í veg fyrir að veðbönd aukist á eigninni meðan reynt er að koma henni í verð, enda yrði óhægara um vik að ráðstafa henni eftir því sem veðhafar yrðu fleiri og kröfur þeirra hærri. Hagsmunir skuldheimtumanna yrðu á hinn bóginn ekki fyrir borð bornir, því eins og áður er getið heimilar 2. mgr. 43. gr. að þeir geti leitað fullnustu í tilkalli gerðarþola til hlutdeildar í söluverði. Skuldheimtumenn fengju ekki veðréttindi í eigninni sjálfri með þeim hætti, heldur tryggingu í kröfurétti gerðarþola til greiðslu af söluverðinu. Slíkur réttur gerðarþola er ekki raunhæfur nema eign seljist á hærra verði en þarf til að fullnægja öllum réttindum sem hvíla á henni. Mundi trygging, sem

skuldheimtumenn fengju í þeim kröfurétti gerðarþola, þannig í reynd beinast að veðbandslausum hluta andvirðis eignarinnar.

Um 44. gr.

Í 44. gr. koma fram reglur um hvernig afstaða verði tekin til tilboða sem berast í eign við nauðungarsölu hennar á almennum markaði. Í meginatriðum er ráðgert að tilboð berist sýslumanni sem leggur mat á það í byrjun hvort tilefni sé til að gefa því gaum. Telji hann tilboð viðunandi boðar hann aðila að nauðungarsölunni til fyrirtöku, ef þeir hafa ekki fyrir fram lýst yfir að þeir samþykki að sýslumaður taki afstöðu til tilboða án samráðs við sig, sbr. 1. mgr. 44. gr., og kynnir þeim þar tilboðið. Ef aðilarnir eru ekki sömu skoðunar og sýslumaður um ágæti tilboðs verður þeim, sem eru við fyrirtökuna, gefinn kostur á að gera betri boð og eftir atvikum að ganga inn í framkomið boð. Að því búnu ákveður sýslumaður hvort hann taki boði sem hefur þá komið fram, hvort heldur frá aðilum eða upphaflega tilboðið, en sýslumaður getur látið það hjá líða þannig að haldið verði áfram að leita boða á almennum markaði.

Í 1. mgr. 44. gr. er að finna reglu sem var minnst á hér áður í athugasemdum við 41. gr., en samkvæmt henni getur aðili að nauðungarsölunni lýst því yfir við fyrirtöku samkvæmt síðastnefndu ákvæði að hann uni við að sýslumaður taki afstöðu sem tilboða sem berast án frekara samráðs við sig. Ætlunin með þessu er sú að aðili geti á þennan hátt afsalað sér rétti til að vera boðaður til fyrirtöku um framkomið tilboð og þar með til að láta uppi álit sitt á tilboði. Þessi regla er lögð til hér til hagræðingar, þannig að til dæmis veðhafi á fyrsta veðrétti, sem mætti telja greiðslu til sín vísa, geti komið sér undan því að verða dreginn inn í umfjöllun um atriði, sem varða aðeins hagsmuni réttlægri veðhafa og gerðarþola. Að sama skapi gæti þetta átt við ef eign er það mikið veðsett að réttlægstu veðhafarnir sjái í hendi sér að útilokað sé að nægilega hátt tilboð geti nokkurn tímann komið fram til að þeir fái fullnustu. Þessi regla gæti fyrst og fremst átt við um veðhafa, en það er á engan hátt útilokað í orðum hennar að gerðarþoli geti til dæmis látið þessa afstöðu uppi. Í niðurlagi 1. mgr. 44. gr. er því síðan bætt við að aðili geti skilyrt yfirlýsingu sína þannig að hún hafi aðeins áhrif ef fjalla á við fyrirtöku um boð yfir ákveðinni lágmarksfjárhæð. Með þessum hætti gæti veðhafi notið framangreinds hagræðis, en um leið tryggt sér rétt til boðunar ef tilboð kynni að varða hagsmuni hans. Þetta gæti til dæmis átt við ef veðhafi fengi ekki fullnustu nema boð í eignina væri komið upp fyrir 6.000.000 kr., en það söluverð mundi nægja til að fullnægja kröfum hans og rétthærri veðhafa. Veðhafinn í þessu dæmi gæti skilyrt yfirlýsingu sína skv. 1. mgr. 44. gr. á þann veg að ekki þurfi að boða hann til fyrirtöku til að fjalla um tilboð sem eru hærri en nemur þessari fjárhæð.

Í 2. mgr. 44. gr. kemur fram að ef sýslumanni berst boð, sem honum þykir fært að taka, þá boðar hann þá aðila, sem hafa ekki gefið yfirlýsingar skv. 1. mgr., með tryggum hætti til fyrirtöku þar sem tilboðið verður tekið til umfjöllunar. Segir að taka eigi upp meginefni tilboðs í boðuninni eða láta afrit af því fylgja með boðuninni. Af upphafi 2. mgr. 44. gr. má ráða að ekki sé ætlast til þess að sýslumaður efni til fyrirtöku hverju sinni sem tilboð kynni að berast í eignina, heldur er gert ráð fyrir því að hann meti fyrst tilboð sjálfur og boði því aðeins til fyrirtöku að honum sýnist hugsanlegt að samþykkja það. Í þessu mati yrði sýslumaður aðallega að taka mið af því, hvort tilboð sé nærri því verði sem til dæmis fasteignasali, sem annast milligöngu um að afla tilboða, hefur talið hæfilegt verð fyrir eignina. Eins ætti sýslumaður að hafa fengið nokkra vitneskju við fyrirtöku skv. 41. gr. um afstöðu aðila í þessum efnum. Á þessum grunni ætti sýslumaður að öðru jöfnu ekki að eiga í erfiðleikum með að meta hvort tilefni sé til að boða til fyrirtöku vegna framkomins tilboðs.

Í 3. mgr. 44. gr. kemur síðan fram hvernig verði staðið að ákvörðun um hvort tilboði í eignina verði tekið. Er þar ráðgert að sýslumaður kynni aðilum sem mæta efni tilboðsins og skoðanaskipti fari síðan fram um hvort því verði tekið. Þótt þess sé ekki getið í ákvæðinu má telja eðlilegt að sýslumaður gefi því gaum hvort ekki sé ástæða til að leita eftir því að sá verði einnig viðstaddur, sem hefur haft milligöngu um að leita tilboða, þannig að hann geti eftir

atvikum gert aðilum grein fyrir almennum söluhorfum í tengslum við tilboðið. Umfjöllun um tilboð gæti leitt til þeirrar niðurstöðu að sýslumaður telji rétt að hafna því, en einnig er hugsanlegt að niðurstaðan yrði sú að hann gerði gagntilboð, líkt og ef um frjáls viðskipti væri að ræða. Ef aðilar væru sáttir við tilboð og sýslumaður samsinnir þeim yrðu lyktir fyrirtökunnar þær að hann samþykkti boðið og eigninni væri þar með komið í verð. Í 3. mgr. 44. gr. er hins vegar gert ráð fyrir því að sú staða geti komið upp að sýslumaður telji mega taka tilboði, en aðilar, einn eða fleiri, væru annarrar skoðunar. Í slíkri aðstöðu leiðir af áðurnefndum ákvæðum 1. mgr. 43. gr. og niðurlagsorðum 3. mgr. 44. gr. að sýslumaður yrði að vísu óbundinn af vilja þessara aðila og gæti því tekið ákvörðun um að taka tilboði, hvað sem þeirri andstöðu liði. Sú ákvörðun gæti hins vegar orðið sýslumanni erfið og að sama skapi hætt við að aðili teldi gengið á rétt sinn með henni. Af þessum ástæðum er ráðgert í 3. mgr. 44. gr. að ef andstaða er gegn tilboði af hendi aðila, þá verði sýslumaður að gefa þeim, sem eru staddir við fyrirtöku, kost á að bjóða betur í eignina. Réttur til að bjóða með þessum hætti er ekki bundinn við aðilana eina eftir orðalagi ákvæðisins og gæti því hvort heldur aðili eða annar maður boðið, að gættum ákvæðum 2. og 3. mgr. 32. gr. Einkum er þó ætlast til að veðhafar kynnu að nýta sér þennan rétt, enda er reglan lögð til gagngert til þess að aðili að nauðungarsölunni, sem fengi ekki fullnustu af framkomnu boði og teldi unnt að afla betri boða, sýni þann hug sinn í verki með því að bjóða betur sjálfur. Þá er ráðgert í 3. mgr. 44. gr. að þegar hugsanleg boð hafa komið fram við fyrirtöku, þá gefi sýslumaður veðhöfum sem fá ekki fullnustu af hæsta boði rétt á að ganga inn í það. Yrði með þessu í raun reynt til þrautar hvort unnt sé að fá hærra boð, því ef ófullnægður veðhafi gengi inn í framkomið boð væri hann um leið að bjóða upp á niðurfærslu á ófullnægðum eftirstöðvum kröfu sinnar samkvæmt fyrirmælum 57. gr.

Í lok 3. mgr. 44. gr. er mælt fyrir um að sýslumaður taki ákvörðun við fyrirtökuna um hvort framkomnu boði verði tekið og á þetta jafnt við, hvort sem skiptar skoðanir væru meðal aðila að nauðungarsölunni í þessum efnum eða þeir væru á einu máli um að samþykkja eigi boðið eða að hafna því. Ekki er lýst nánar í reglum VI. kafla hvað gerist þegar ákvörðun hefur verið tekin, en þess gerist þó varla þörf. Ef ákveðið væri að hafna boði hefði það í för með sér að reynt yrði áfram að leita boða eftir reglum VI. kafla eða eftir atvikum að frekari tilraunum yrði hætt og nauðungarsalan yrði að fara fram á uppboði. Ef tilboði væri hins vegar tekið yrði gerður kaupsamningur með sambærilegum hætti og í frjálsum viðskiptum, en reglum VII., VIII. og IX. kafla frumvarpsins yrði síðan beitt um innheimtu söluverðs, úthlutun þess til rétthafa og afsal til kaupanda.

Um 45. gr.

Í 45. gr. koma fram reglur sem geta leitt til loka tilrauna við nauðungarsölu á almennum markaði á annan hátt en þann að eigninni sé komið í verð. Ýmsar ástæður geta búið að baki þessu samkvæmt hljóðan 45. gr., en ákvæðið er ekki tæmandi því nauðungarsalan gæti að auki fallið niður samkvæmt almennum reglum 15. gr., þótt það sé ekki tekið fram berum orðum hér.

Samkvæmt 1. mgr. 45. verður aðgerðum eftir fyrirmælum VI. kafla yfirleitt hætt þegar á fyrstu stigum, ef sá sem hefur óskað eftir þeim lætur hjá líða að mæta við fyrirtöku skv. 41. gr. Með þessari reglu er leitast við að stuðla að aðhaldi gegn misbeitingu heimilda 6. kafla og þá ætlast til þess að sá sem eigi frumkvæðið að þessum aðgerðum fylgi því eftir með virkri þátttöku í þeim. Ekki þykir þó rétt að hafa þessa reglu með öllu fortakslausa, enda gæti til dæmis verið afsakanleg ástæða fyrir fjarveru hlutaðeiganda eða aðeins gæti vantað einn af fleiri aðilum sem hafa óskað eftir nauðungarsölu á almennum markaði í sameiningu.

Þótt erfitt sé að setja því almenn mörk, hvað megi reikna með að það tæki langan tíma að koma eign í verð með nauðungarsölu á almennum markaði eða ganga eftir atvikum úr skugga

um að sala muni ekki takast, er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir tilteknum hámarksfresti í þessu skyni í ákvæðum VI. kafla. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður, en nefna má að dráttur á nauðungarsölunni eykur jafnt og þétt áfall vaxta á kröfur veðhafa og getur orðið réttlægri veðhöfum beinlínis til tjóns. Einnig verður að taka tillit til þess að reglur 23. gr. heimila sýslumanni að ákveða að nauðungarsala fari fram á almennum markaði gegn mótmælum gerðarbeiðenda og annarra rétthafa og er ekki unnt að gefa tilraunum í þessum efnum takmarkalausan tíma í því ljósi. Enn má nefna að frestir geta leitt til aðhalds um að ástæðulausar tafir verði ekki á aðgerðum. Af þessum ástæðum eru settar tvíþættar reglur um hámarkstíma til sölutilrauna á almennum markaði í ákvæðum 2. mgr. 45. gr. Annars vegar kemur fram í 1. tölul. málsgreinarinnar að sýslumaður geti ákveðið að sölutilraunum verði hætt að liðnum þremur mánuðum frá fyrirtöku skv. 41. gr., ef aðili að nauðungarsölunni krefst þess og ekki er tilefni til að búast við að tilboðs sé að vænta í eignina. Þessi regla er fyrst og fremst lögð til með hliðsjón af réttarstöðu þeirra sem hafa lagst gegn því frá öndverðu að nauðungarsalan yrði reynd með þessum hætti og hafa ekki fengið hljómgrunn fyrir viðhorfum sínum hjá sýslumanni, sbr. 2. mgr. 23. gr. Hins vegar kemur fram í 2. tölul. 2. mgr. 45. gr. að tilraunir til sölu á almennum markaði geti aldrei staðið yfir lengur en sex mánuði frá fyrirtöku skv. 41. gr., en þessi regla er ófrávíkjanleg. Þessir frestir skv. 2. mgr. 45. gr. verða að teljast nægilega rúmir, en til hliðsjónar má benda á að í danskri löggjöf er almennur frestur til sölutilrauna á almennum markaði fjórar vikur, sem má þó framlengja ef sérstaklega stendur á.

Í 3. mgr. 45. gr. er að finna heimild handa sýslumanni til að ákveða að fella niður tilraunir til nauðungarsölu á almennum markaði, ef gerðarþoli eða annar umráðamaður eignarinnar spillir fyrir sölutilraunum. Í dæmaskyni um tilvik, sem hér ætti undir, er nefnt í ákvæðinu að þetta geti átt við ef hlutaðeigandi verður ekki við tilmælum um að veita aðgang að eigninni til sýningar. Telja verður þessa heimild óhjákvæmilega til aðhalds við gerðarþola um að sýna af sér samvinnuþýðni í þessum efnum, enda má telja tilgangslaust að standa að tilraunum til sölu með þessum hætti ef gerðarþoli fæst ekki til að una við þær.

Í 4. mgr. 45. gr. er almenn regla um að sýslumaður þurfi að kynna ákvörðun um að hætta aðgerðum vegna fyrirmæla 1.–3. mgr. við formlega fyrirtöku á nauðungarsölunni. Er gert ráð fyrir því að þetta gerist ýmist við fyrirtöku sem á rætur að rekja til annars tilefnis, til dæmis skv. 41. eða 44. gr., eða að gagngert sé boðað til hennar, til dæmis vegna kröfu skv. 1. tölul. 2. mgr. 45. gr. Við slíka fyrirtöku er ætlast til þess að ákvörðun verði tekin um byrjun uppboðs eftir almennum reglum V. kafla frumvarpsins, en í ljósi þessa tilgangs fyrirtökunnar má m.a. sjá að hennar yrði þörf jafnvel þótt verið væri að hætta aðgerðum skv. VI. kafla vegna reglu 2. tölul. 2. mgr. 45. gr.

Samkvæmt 5. mgr. 45. gr. verða aðgerðir við sölu á almennum markaði ekki teknar upp öðru sinni við sömu nauðungarsölu, ef þær hafa verið reyndar og síðan verið hætt. Þessi regla gerir ekki ráð fyrir undantekningum í þessum efnum og gildir því einu af hverri ástæðu aðgerðum hefur verið hætt eða hvort aðilar hafi náð samstöðu um að reyna þær á ný. Ef það síðarnefnda yrði uppi á teningnum gætu aðilarnir einfaldlega fengið ríflegan frest á uppboði til að reyna mætti sölu á eign á frjálsum markaði eða gerðarbeiðendur eftir atvikum fellt niður beiðnir sínar og lagt síðan fram nýjar, þannig að reyna mætti aftur aðgerðir skv. VI. kafla við nýja nauðungarsölu í skilningi lokamálsgreinar 45. gr.

Um 46. gr.

Í 46.–48. gr., sem heyra til VII. kafla frumvarpsins, eru ákvæði um innheimtu og varðveislu söluverðs, vanefndir af hendi kaupanda og vanefndir í hans garð.

Í 1. mgr. 46. gr. er mælt fyrir um að sýslumaður innheimti söluverð, en hann megi fela öðrum verkið ef vanefndir verða af hendi kaupanda. Með þessu síðastnefnda atriði er haft í huga að það teljist ekki meðal embættisskyldna sýslumanns á vettvangi nauðungarsölu, að höfða sjálfur og reka skuldheimtumál á hendur kaupanda vegna vanefnda á greiðslu

kaupverðs. Sýslumanni er því heimilað að fela til dæmis lögmanni innheimtuna og yrði kaupandi að bera kostnað af því eftir almennum reglum, sbr. 1. mgr. 47. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 46. gr. ber að varðveita söluverðið á reikningi við banka eða sparisjóð frá því sýslumaður fær það greitt og þar til því verður ráðstafað til rétthafa við úthlutun eftir reglum VIII. kafla. Tíminn sem söluverð yrði varðveitt á þennan hátt yrði háður annars vegar uppboðsskilmálum eða skilmálum við sölu á almennum markaði, með því að það ræðst af þeim hversu fljótt söluverðið greiðist, og hins vegar því hversu fljótt úrhlutunargerð yrði ráðin og hvort ágreiningsmál yrðu rekin fyrir dómi um nauðungarsöluna, enda girt fyrir það að nokkru í 1. mgr. 53. gr. að greitt verði eftir úthlutunargerð meðan slík mál væru óleyst. Vextir sem fengjust af söluverðinu á þessu tímabili eiga að jafnast niður á rétthafa eftir fyrirmælum 2. mgr. 53. gr.

Í 3. mgr. 46. gr. er kveðið á um að sýslumaður komi fram sem aðili máls ef reka þarf mál fyrir dómi til innheimtu á söluverð, um kröfu kaupanda um afslátt af því eða um skaðabætur eða riftun kaupa sem hafa komist á við nauðungarsölu. Sama regla á að gilda um aðild sýslumanns við fullnustugerð þar sem leitað væri fullnustu á slíkum kröfum. Eins og fram kemur í þessu ákvæði er ætlast til þess að sýslumaður verði hér einn aðili í stað þeirra sem geta átt tilkall til greiðslu af söluverðinu, enda gæti þar verið um fjölmarga rétthafa að ræða og jafnvel óvissa um hverjir þeir væru. Þessi aðild sýslumanns er þó takmörkuð við tímabilið fram að því að útborgun söluverðs sé lokið til rétthafa eða á geymslureikninga samkvæmt reglum 53. og 54. gr. Með því að sýslumaður kæmi fram í þessum tilvikum sem aðili, en ekki sem umboðsmaður eða fyrirsvarsmaður rétthafa, mundi til dæmis dómur sem gengi í máli af þessum toga hljóða á skyldu kaupanda við sýslumann eða skyldu sýslumanns við kaupanda. Í ljósi þess að reglan byggist á hagræðissjónarmiðum væri að sjálfsögðu ófært að búa svo um hnútana að dómi, sem gengi til dæmis á hendur sýslumanni um rétt kaupanda til skaðabóta vegna vanefnda á kaupum, yrði fullnægt sem hverri annarri greiðsluskyldu sýslumanns og nyti með þeim hætti greiðsluábyrgðar ríkissjóðs. Er því tekið beinlínis fram í niðurlagi 3. mgr. 46. gr. að skyldu sem þessari verði ekki fullnægt nema með greiðslu af söluverðinu sem sýslumaður hefði undir höndum. Rétt er að endingu að benda á að fram kemur í 3. mgr. 46. gr. að sýslumaður sé aðili í þessum tilvikum í embættisnafni, en með þeim orðum er átt við það að embætti sýslumannsins sé aðilinn, til dæmis sýslumaðurinn í Reykjavík, en ekki sá maður persónulega sem gegnir því embætti.

Um 47. gr.

Í þessari grein er fjallað um afleiðingar vanefnda kaupanda.

Í 1. mgr. 47. gr. kemur fram regla um skyldu kaupanda til að greiða dráttarvexti af kaupverðinu ef greiðsludráttur verður og kostnað af innheimtu þess ef því er að skipta. Ákvæðið felur aðeins í sér áréttingu á atriðum sem mundu hvort eð er gilda eftir almennum reglum.

Í 2. mgr. 47. gr. er greint frá því hvernig verði brugðist við verulegum vanefndum af hendi kaupanda, en ákvæðið tekur mið af því að slíkar vanefndir verði á greiðslu söluverðs. Sýslumanni ber þá að efna til fyrirtöku á nauðungarsölunni og kveðja þangað kaupandann og þá sem hafa krafist greiðslu af söluverðinu. Er ráðgert að sýslumaður taki ákvörðun við þessa fyrirtöku um hvað verði gert vegna vanefnda, að undangengnum umræðum viðstaddra, ef lausn fæst þar ekki með samkomulagi. Um þá tvo kosti er að ræða að kaupunum verði annaðhvort haldið upp á kaupandann, eftir atvikum með málshöfðun til heimtu söluverðs, eða að þeim verði rift. Er tekið fram í ákvæðinu að kaupandi eða aðili að nauðungarsölunni, sem hefði hagsmuna að gæta af ákvörðun um riftun, geti borið ákvörðunina undir héraðsdóm samkvæmt reglum XIII. kafla. Ef dómsmál yrði rekið vegna ákvörðunar um riftun kaupa hefði það í för með sér að ekki mætti hefjast handa um ráðstöfun eignarinnar á nýjan leik skv. 3. mgr. 47. gr. fyrr en málinu væri ráðið til lykta. Að öðru leyti má vekja athygli á því, að fyrst

fyrirmæli 2. mgr. 47. gr. taka eftir hljóðan sinni til viðbragða við verulegri vanefnd, þá ber að álykta að sýslumaður sé bær um að taka ákvörðun um aðgerðir vegna minni háttar vanefnda án þess að grípa þurfi til þessara formlegra athafna.

Í 3. og 4. mgr. 47. gr. er fjallað um sölu eignar öðru sinni eftir að kaupum yrði rift samkvæmt fyrirmælum 2. mgr. og um skaðabótaskyldu upphaflegs kaupanda. Verður ekki séð að einstök atriði í þessum ákvæðum þarfnist sérstakrar umfjöllunar.

Um 48. gr.

Í 48. gr. eru reglur um hvernig kaupandi geti komið fram kröfum um riftun kaupa, afslátt af söluverði eða skaðabætur vegna vanefnda í sinn garð. Hvorki er í þessari grein né öðrum ákvæðum frumvarpsins fjallað nánar um hvers konar vanefndir við kaupanda geti leitt til krafna sem þessara og er þannig ætlast til þess að almennar reglur gildi í þeim efnum að því leyti sem þær geta komið til álita. Hafa verður hér í huga að ýmsar reglur frumvarpsins hafa óbein áhrif á hvað verði talin vanefnd við kaupanda. Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 42. gr. yrði eign til dæmis almennt seld við nauðungarsölu með þeim skilmála að ábyrgð sé ekki tekin á ástandi hennar. Samkvæmt 55. og 56. gr. frumvarpsins yrði kaupandi einnig að sæta því að dráttur geti orðið á því að hann fái umráð eignarinnar eða afsal fyrir henni. Eins og þessi dæmi sýna er þannig ófært að leggja nauðungarsölu að jöfnu við frjálsa sölu og beita reglum um vanefndir við síðarnefndu aðstöðuna beinlínis við þá fyrrnefndu.

Í 1. mgr. 48. gr. koma fram tiltekin tímamörk á því, hvenær kaupandi geti í síðasta lagi komið fram kröfu um riftun kaupa, afslátt af söluverði eða greiðslu skaðabóta af söluverðinu. Er miðað við að þetta þurfi að gerast áður en sýslumaður lýkur greiðslum eftir úthlutunargerð á söluverði til rétthafa og eftir atvikum á geymslureikninga, sbr. 53. og 54. gr., nema mælt hafi verið á annan veg í uppboðsskilmálum eða skilmálum við sölu á almennum markaði. Þótt þess sé ekki getið berum orðum í 1. mgr. 48. gr. yrðu frávik í skilmálum varðandi þessi tímamörk eftir eðli máls aðeins í þá átt að stytta frest kaupanda í þessum efnum, enda yrði til dæmis aldrei unnt að fá skaðabætur greiddar af söluverði eftir að sýslumaður hefur ráðstafað því endanlega til rétthafa. Ákvæði 1. mgr. 48. gr. binda í raun endanlega frest kaupanda til að koma fram riftunarkröfu, því kaupin gætu ekki gengið til baka eftir að söluverðið hefur verið greitt sýslumanni að fullu og hann hefur ráðstafað því úr sínum höndum. Sama máli gegnir í reynd eftir eðli máls um það, hvenær kaupandi gæti í síðasta lagi krafist afsláttar af söluverði, enda yrði af augljósum ástæðum ekki slegið af því eftir fulla greiðslu þess. Á hinn bóginn takmarka ákvæði 1. mgr. 48. gr. aðeins tímann, sem kaupandi hefur til að koma fram kröfu um skaðabætur, að því leyti sem hann mundi leita greiðslu þeirra af söluverðinu. Orðalag ákvæðisins útilokar ekki að kaupandi gæti leitað skaðabóta á síðari stigum með málsókn á hendur rétthöfum sem fengu greiðslur af söluverðinu eða gerðarbeiðanda, sbr. 86. gr., þótt fremur sé ósennilegt að sú aðstaða komi upp.

Í 2. mgr. 48. gr. er mælt fyrir um hvernig brugðist yrði við kröfu kaupanda vegna vanefnda, en ætlast er til þess að hún verði höfð uppi við sýslumann. Eftir ákvæðinu á sýslumaður að boða kaupandann til formlegrar fyrirtöku á nauðungarsölunni, ásamt þeim sem gætu misst af greiðslu af söluverðinu með því að kröfur kaupandans yrðu teknar til greina. Ræðst þannig af aðstæðum hversu margir yrðu boðaðir til fyrirtökunnar auk kaupandans. Ef krafa hans væri um riftun kaupanna mundi hún varða alla þá, sem krefjast greiðslu af söluverðinu, en væri krafan aðeins um lítils háttar afslátt mundi hún að öðru jöfnu eingöngu varða þann veðhafa sem stæði aftast í réttindaröð innan marka söluverðsins. Samkvæmt efni 2. mgr. 48. gr. yrði leitað samkomulags um kröfur kaupandans, en takist það ekki kæmi í hlut sýslumanns að ákveða hvort eða að hverju marki kröfurnar verði teknar til greina. Þá ákvörðun gætu hvort heldur kaupandi eða aðilar að nauðungarsölunni, sem hefðu hagsmuna að gæta, borið undir dóm eftir reglum XIII. kafla, eins og tekið er fram í niðurlagi 2. mgr. 48. gr. Söluverði yrði þá ekki ráðstafað til rétthafa í frekara mæli en segir í 1. mgr. 53. gr. fyrr en lyktir slíks máls yrðu fengnar.

Um 49. gr.

Í VIII. kafla frumvarpsins, sem 49.–54. gr. heyra til, eru reglur um úthlutun söluverðs sem fæst fyrir eign við nauðungarsölu. Í meginatriðum fela þessar reglur í sér að rétthafar verði almennt að lýsa kröfum fyrir sýslumanni um greiðslu af söluverði, en honum er ætlað að gera frumvarp til úthlutunar á því í framhaldi af því að boð sé samþykkt í eign. Reglur 50. gr. lýsa hvers efnis frumvarp eigi að vera og að nokkru marki fela þær í sér fyrirmæli um efnisleg réttindi rétthafa. Frumvarpið á síðan að kynna aðilum með tilteknum hætti og koma fram reglur í VIII. kafla um samþykki þess og meðferð ágreinings sem rís um það. Loks er kveðið á um greiðslur til rétthafa samkvæmt frumvarpi og varðveislu fjár sem enginn kallar eftir eða vafi er um tilkall til. Fyrirmæli VIII. kafla um úthlutun söluverðs eru öllu ítarlegri en reglur 34. gr. laga nr. 57/1949 um þessi efni og taka að talsverðu leyti mið af núverandi framkvæmd. Ýmis nýmæli er þó að finna í ákvæðum kaflans, sem verður vikið að eftir þörfum hér á eftir.

Í 1. mgr. 49. gr. kemur fram sú almenna regla að þeir, sem telji til réttar til greiðslna af söluverði, verði að lýsa kröfum sínum fyrir sýslumanni innan tiltekins tíma. Ef eign er ráðstafað við nauðungarsölu á uppboði verða kröfulýsingar að koma fram áður en uppboði er lokið, sbr. 2. mgr. 34. gr., 4. mgr. 36. gr. og eftir atvikum 37. gr. Ef sala fer fram á almennum markaði verða kröfulýsingar að berast í síðasta lagi við fyrirtöku skv. 2. mgr. 44. gr., sem er efnt til í því skyni að taka afstöðu til framkomins tilboðs í eign. Sambærilega reglu er ekki að finna í núgildandi lögum, en henni er ætlað að þjóna þeim tilgangi að sem skýrust mynd fáist af réttindum yfir eign meðan enn er kostur að gera boð í hana. Upplýsingar um þetta geta varðað miklu fyrir rétthafa sem þurfa að gera boð í eign til að tryggja að hún seljist gegn nægilega háu verði til þess að þeir fái fullnustu, en óvissa um fjárhæðir rétthærri krafna gerir slíkum rétthöfum verulega erfitt fyrir í þeim efnum. Þótt þetta markmið reglunnar verði að teljast mikilsvert, þá nær hún ekki lengra en svo að hún geti talist hvatning til rétthafa til að lýsa kröfum, enda sést við skoðun á öðrum ákvæðum VIII. kafla að vanræksla á því að koma fram kröfulýsingu á réttum tíma leiðir almennt ekki til teljandi réttindamissis. Þannig leiðir af 5. mgr. 49. gr. að gerðarbeiðandi verði ekki fyrir teljandi skakkaföllum þótt hann lýsi ekki kröfu og 6. mgr. 49. gr. undanþiggur gerðarþola frá því að lýsa kröfu um greiðslu þess sem kynni að standa eftir af söluverði að fullnægðum öllum réttindum annarra yfir eign. Í 4. mgr. 50. gr. kemur fram sú meginafleiðing af vanrækslu á kröfulýsingu að rétthafi missi rétt til að fá greiddan innheimtu- eða málskostnað vegna kröfu sinnar af söluverði. Af 5. mgr. 50. gr. er hins vegar ljóst að sá, sem nýtur þinglýstra réttinda í eign, tapar ekki kröfu sinni þótt hann lýsi henni ekki, því sýslumanni ber að áætla greiðslu vegna slíkra réttinda í frumvarpi og varðveita hana síðan á geymslureikningi, sbr. 1. mgr. 54. gr. Sá sem nýtur óþinglýstra réttinda í eign glatar þeim ef hann vanrækir að lýsa kröfu vegna þeirra, en það leiðir af 2. mgr. 51. gr. og 3. mgr. 52. gr. að enn sé kostur á að hafa slíka kröfu uppi á síðari stigum en greinir í 1. mgr. 49. gr. Síðast en ekki síst felst í nefndum ákvæðum 51. og 52. gr. að hægt yrði að koma fram leiðréttingu á kröfulýsingu, til hækkunar eða lækkunar, þótt komið væri fram úr umræddum tímamörkum 1. mgr. 49. gr.

Í 2. og 3. mgr. 49. gr. koma fram reglur um efni kröfulýsingar til sýslumanns, fylgigögn með henni og áhrif hennar til slita á fyrningu peningakröfu, sem verður að telja skýra sig nægilega sjálfar.

Í 4. mgr. 49. gr. er sérregla um rétt þess, sem nýtur annars konar réttinda en veðréttar í eign, til að lýsa peningakröfu í söluverð hennar ef réttindi hans falla niður vegna nauðungarsölunnar. Er mælt fyrir um að fjárhæð kröfunnar eigi að taka mið af tjóni sem rétthafinn verður fyrir vegna brottfalls réttinda sinna. Aðstaðan sem hér um ræðir ætti að verða fátíð, því ef eign yrði seld eftir almennum skilmálum, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 42. gr., mundu kvaðir og höft almennt hvíla áfram á henni að því leyti sem söluverð hennar hrykki til, en önnur slík réttindi, sem féllu þá brott, stæðu of aftarlega í réttindaröð til að neitt fengist greitt fyrir þau skv. 4. mgr. 49. gr. Mundi því ekki geta reynt á þessa reglu nema í

undantekningartilvikum, þar sem réttindi féllu þrátt fyrir þetta niður, en sú staða gæti einkum komið upp ef vikið yrði að þessu leyti frá almennum skilmálum við sölu eignar með heimild í 29. gr., sbr. 2. mgr. 56. gr.

Í 5. mgr. 49. gr. kemur fram að ef gerðarbeiðandi lýsir ekki kröfu í söluverð eignar, þá beri að líta svo á að kröfur hans séu óbreyttar frá því sem hefur komið fram í beiðni hans um nauðungarsöluna. Þótt það segi í þessu sambandi í ákvæðinu að gerðarbeiðandi teljist gera kröfu um greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem kemur fram í beiðni hans, má ekki skilja regluna svo bókstaflega að þar sé átt við að útreikningur á peningakröfunni í beiðninni sé endanlega bindandi fyrir gerðarbeiðanda. Ef gerðarbeiðandi hefur tekið fram í beiðni sinni að hann krefjist áfallandi vaxta eða verðbóta af kröfu sinni eftir gerð beiðninnar yrði að taka tillit til þess við beitingu 5. mgr. 49. gr., þannig að sýslumaður yrði að reikna þá liði út við gerð frumvarps til úthlutunar á söluverðinu á grundvelli þess sem kæmi fram í beiðninni. Á hinn bóginn yrði ekki ætlast til þess að sýslumaður tæki með þessum hætti tillit til kostnaðar sem kynni að falla á kröfu gerðarbeiðanda eftir að beiðni hans var gerð, enda mundi skorta upplýsingar og grundvöll til slíks útreiknings. Þótt ákvæði 5. mgr. 49. gr. mæli með þessum hætti fyrir um sérstöðu gerðarbeiðanda verður allt að einu að hafa hugfast, að ætlast er til þess með aðalreglunni í 1. mgr. 49. gr. að gerðarbeiðendur jafnt sem aðrir rétthafar leggi fyrir sýslumann útreikning á kröfum sínum í kröfulýsingu.

Í 6. mgr. 49. gr. er mælt fyrir um að gerðarþoli þurfi ekki að lýsa kröfu í söluverð eignar til þess að fá það greitt af því sem kynni að standa eftir að fullnægðum öllum áhvílandi réttindum á eigninni. Þessi regla væri í raun sjálfgefin þótt hún yrði ekki tekin hér upp berum orðum, því eigandi eignar hlýtur alltaf að njóta tilkalls til slíks afgangs af söluverði hennar.

Um 50. gr.

Í þessari grein er að finna fyrirmæli um gerð og efni frumvarps til úthlutunar á söluverði sem hefur fengist fyrir eign við nauðungarsölu. Samkvæmt upphafsorðum 1. mgr. 50. gr. á sýslumaður að hefjast handa um gerð frumvarpsins þegar boð hefur verið samþykkt í eignina og án tillits til þess að hverju marki söluverðið sé greitt. Telja má æskilegt að þetta verk verði unnið sem allra fyrst eftir samþykki boðs, því lyktir um viðurkenningu og fjárhæðir einstakra veðkrafna geta greitt mjög fyrir kaupanda að því leyti sem hann ráðgerir að greiða söluverð með öðru en peningagreiðslu til sýslumanns, sbr. 40. gr.

Í 1. mgr. 50. gr. kemur að öðru leyti fram í megindráttum hvers efnis frumvarp eigi að vera. Segir þar að við gerð frumvarps skuli miða við að söluverðið standi í heild sinni til ráðstöfunar án tillits til þess, hvort það sé enn greitt, og að það eigi að kveða þar á um ráðstöfun fjár til greiðslu kostnaðar og síðan skiptingu þess milli rétthafa eftir stöðu þeirra í réttindaröð og eftir því sem féð hrekkur til að greiða kröfur þeirra. Af einstökum atriðum í þessu sambandi má í fyrsta lagi geta þess að fjárhæðin, sem á að skipta milli rétthafa í frumvarpinu, er sú upphæð sem samþykkt boð hljóðar á. Við gerð frumvarpsins á þannig ekki að taka tillit til vaxta sem kunna að falla á söluverðið, heldur er ætlast til þess að þeim verði úthlutað við útborgun til hvers og eins rétthafa á síðari stigum, sbr. 2. mgr. 53. gr. Í öðru lagi má vekja athygli á því að ákvæði 1. mgr. 50. gr. fela í sér að sölulaun vegna nauðungarsölu gangi fyrir öllum réttindum í eign, ef hún hefur ekki verið seld með þeim skilmála að kaupandi beri þau útgjöld til viðbótar við boð sitt. Slík sölulaun gætu hvort heldur verið gjald í ríkissjóð vegna sölu eignar á uppboði eða þóknun þess sem hefur haft milligöngu um að koma eign í verð á almennum markaði. Auk sölulauna geta útgjöld vegna virðingar á eign notið þessarar stöðu við úthlutun söluverðs samkvæmt öðrum ákvæðum frumvarpsins, sbr. til dæmis 4. mgr. 42. gr. og 2. mgr. 50. gr. Annar kostnaður kæmi hér hins vegar ekki almennt til álita. Í þriðja lagi má líta til þess að í 1. mgr. 50. gr. kemur fram að sýslumaður eigi að mæla fyrir í frumvarpi um skiptingu söluverðs að frádregnum sölulaunum milli rétthafa. Er hér byggt á því að rétthafarnir verði hver fyrir sig taldir upp í frumvarpi í sömu röð og réttindi þeirra standa, að

því marki sem söluverðið nægir til að greiða kröfur þeirra, og tekið fram hver fjárhæð komi í hlut hvers þeirra. Ekki þyrfti hins vegar að telja þá upp, sem fá enga greiðslu, eða taka á neinn hátt afstöðu til krafna þeirra. Í fjórða lagi má loks benda á að efnisreglur um réttmæð einstakra krafna koma almennt ekki fram í ákvæðum frumvarpsins, en hér ber þó að minnast áðurnefndrar reglu um stöðu sölulauna við úthlutun söluverðs. Er þannig byggt á því hér, líkt og í núgildandi lögum, að réttindaröðin við úthlutunina ráðist í meginatriðum af almennum reglum veðréttar og eignarréttar.

Eins og vikið hefur verið að hér áður í tengslum við ákvæði 30. gr. kæmi til álita eftir reglum frumvarpsins að selja fleiri eignir en eina í sameiningu við nauðungarsölu. Í slíkum tilvikum er hugsanlegt að réttindi í eignunum séu ekki að öllu leyti þau sömu og væri þá ekki unnt að úthluta söluverðinu í einu lagi, heldur yrði að greina það sundur og afmarka hvað teldist hafa fengist fyrir hverja eign um sig. Í 2. mgr. 50. gr. er mælt fyrir um hvernig þessi aðgreining ætti sér stað. Er þar gengið út frá því að ef sýslumaður hefur neytt heimildar 2. mgr. 30. gr. til að leita boða annars vegar í eignirnar í einu lagi og hins vegar í hverja fyrir sig, þá eigi hann að jafnaði að skipta söluverðinu í samræmi við hlutföll milli boða sem komu fram í hverja eign fyrir sig. Til skýringar á þessu mætti taka sem dæmi að nauðungarsala hafi farið fram með uppboði á verksmiðjuhúsnæði og vélum, sem fylgja verksmiðjurekstrinum. Sýslumaður hafi með heimild í 2. mgr. 30. gr. fyrst leitað boða í fasteignina annars vegar og vélarnar hins vegar. Hæsta boð í fasteignina hafi orðið 30.000.000 kr., en í vélarnar 10.000.000 kr. Að þessu gerðu hafi sýslumaður leitað boða í allar eignirnar í senn og hæsta boð orðið 50.000.000 kr., sem hafi verið samþykkt. Í þessu tilviki yrði reglu 2. mgr. 50. gr. beitt á þann hátt að hlutföllin milli boðanna sem komu fram í fyrrnefnda tilvikinu yrðu lögð til grundvallar, þannig að ¾ hlutum söluverðsins yrði ráðstafað til þeirra sem áttu réttindi í fasteigninni, en ¼ hluta þess yrði varið til greiðslu á kröfum sem nutu tryggingar í vélum. Í 2. mgr. 50. gr. er gert ráð fyrir því að þessi leið verði að jafnaði farin, en þetta orðalag heimilar sýslumanni að víkja frá þessari tilhögun, sem gæti átt við ef hann teldi boð í einstakar eignir ómarktæk til þessara nota. Ef skipting söluverðs ræðst ekki með þessum hætti er mælt svo fyrir í 2. mgr. 50. gr. að sýslumaður kveðji til virðingarmann til að verðleggja viðkomandi eignir og skipti síðan söluverðinu niður á þær í samræmi við niðurstöður virðingarinnar.

Í 3. mgr. 50. gr. er mælt fyrir um atriði varðandi tilkall veðhafa og annarra rétthafa til vaxta, verðbóta og gengisálags af kröfum sínum, að því leyti sem þeir eiga rétt til slíks, þegar þeim er ákveðin úthlutun af söluverði eignar. Nánar tiltekið kemur hér fram að við úthlutun eigi að reikna þessa liði til þess dags, sem uppboði lýkur á eign, sbr. 2. mgr. 34. gr., 4. mgr. 36. gr. eða eftir atvikum 37. gr., ef henni var komið í verð á uppboði, en til þess dags sem samþykkt tilboð var gert í eign við nauðungarsölu á almennum markaði. Þessi regla felur í sér að við úthlutun verði litið svo á að áfall vaxta, verðbóta og gengisálags hafi stöðvast á þessum tilteknu tímamörkum, þannig að rétthöfum verði ákveðnar greiðslur miðað við stöðu krafna þeirra á þeirri stundu. Vextir sem falla síðar til eða breytingar á höfuðstól skuldar vegna verðlags- eða gengisbreytinga kæmu því ekki til greiðslu af söluverði eignar. Markmiðið með þessari reglu er í fáum orðum að tryggja að sú innbyrðis staða, sem var milli rétthafa þegar boð hættu að koma fram í eign, verði lögð óbreytt til grundvallar þegar söluverðinu er skipt milli þeirra. Á þetta þannig að fyrirbyggja að réttlægstu veðhafar verði fyrir tjóni vegna áfallandi vaxta á rétthærri kröfur á tímabilinu sem liði frá sölu eignar fram að úthlutun söluverðsins. Á móti þessu kemur hins vegar að vextir sem vinnast af söluverðinu á þessu tímabili skiptast hlutfallslega milli rétthafanna við útborgun samkvæmt úthlutunargerð, sbr. 2. mgr. 53. gr., þannig að ekki verður sagt að kröfur þeirra séu vaxtalausar í eiginlegum skilningi frá sölu eignar fram að greiðslu til þeirra. Sams konar regla og hér um ræðir er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum og hefur að einhverju marki gætt misræmis í framkvæmd um útreikning krafna að þessu leyti við úthlutun.

Í 4. mgr. 50. gr. er að finna fyrirmæli um hvernig sýslumaður eigi að leggja mat við gerð frumvarps til úthlutunar á söluverði á kröfulýsingar, sem berast honum frá rétthöfum, svo og á beiðnir um nauðungarsölu í tilvikum þar sem sérstök kröfulýsing hefur ekki borist frá gerðarbeiðanda, sbr. 5. mgr. 49. gr. Í 4. mgr. 50. gr. segir að ef sýnt er við gerð frumvarps að krafa eigi að koma til greiðslu, að einhverju leyti eða öllu, þá eigi sýslumaður að meta af sjálfsdáðum hver fjárhæð kröfunnar verði í frumvarpinu og hvar hún standi í réttindaröð. Er tekið fram að sýslumaður leggi mat á þetta í ljósi framkominna gagna og á grundvelli laga. Honum er því ætlað í senn að gæta að því hvort nægileg gögn séu til styrktar kröfu rétthafa, jafnt fyrir henni í heild og einstökum liðum hennar, og að því hvort lagastoð sé fyrir greiðslu kröfunnar af söluverði. Við þetta mat yrði því í reynd beitt álíka aðferðum og við úrlausn einkamáls fyrir dómi, þar sem stefndi hefur ekki sótt þing. Þessu til frekari áréttingar er síðan tekið fram í 4. mgr. 50. gr. að sýslumaður lækki kröfufjárhæð í frumvarpi sínu frá því sem kemur fram í kröfulýsingu eða beiðni um nauðungarsölu, ef krafan er fyrnd að einhverju marki eða hefur glatað réttarvernd, en með þessum síðastgreindum orðum er meðal annars skírskotað til þess að krafa geti glatað réttarvernd að hluta vegna missis forgangsréttar veðhafa fyrir vöxtum, sbr. lög nr. 23/1901. Í niðurlagi 4. mgr. 50. gr. er loks að finna ákvæði, sem snýr að efnislegum réttindum rétthafa, en þar kemur fram að ef rétthafi hefur ekki lýst kröfu í söluverð innan tímamarka skv. 1. mgr. 49. gr., þá fái hann ekki greiðslu á málskostnaði eða innheimtukostnaði af söluverðinu. Þessi regla er lögð hér til að danskri fyrirmynd og á hún að þjóna þeim tilgangi að hvetja rétthafa til að koma upplýsingum um kröfur sínar á framfæri á þeim stigum nauðungarsölu, þegar enn er kostur að gera boð í eign. Mun þessi regla hafa reynst verulega hvetjandi í þessum efnum í danskri framkvæmd.

Um efni 4. mgr. 50. gr. er að öðru leyti rétt að taka fram að í núverandi framkvæmd hefur gætt misræmis í verklagi við gerð frumvarps til úthlutunar á uppboðsverði, enda ekki við nákvæm fyrirmæli að styðjast í lögum nr. 57/1949. Mun sums staðar vera staðið þannig að verki að ekkert mat er lagt á fjárhæðir krafna við gerð frumvarps, heldur eru þær teknar óbreyttar upp úr kröfulýsingum og þá gengið út frá því að rétthafi geti komið fram athugasemdum við fjárhæðir krafna annarra, sem yrðu þá teknar til frekari skoðunar. Á öðrum stöðum hefur hins vegar verið beitt því verklagi, sem er lagt til grundvallar í 4. mgr. 50. gr., að kröfufjárhæðir sæti skoðun og eftir atvikum breytingum til lækkunar við gerð frumvarps eftir því sem fyrirliggjandi gögn um þær eða ákvæði laga þykja gefa tilefni til.

Í 5. og 6. mgr. 50. gr. koma fram reglur sem varða afdrif krafna, sem hefur ekki verið lýst í söluverð þegar frumvarp er gert til úthlutunar á því. Þessi ákvæði gera greinarmun á því hvort réttindum, sem kröfurnar tengjast, hefur verið þinglýst á viðkomandi eign eða ekki. Í 5. mgr. kemur fram að ef réttindum hefur verið þinglýst, en kröfu er ekki lýst í skjóli þeirra, þá eigi sýslumaður allt að einu að gera ráð fyrir greiðslu á kröfunni ef réttindin njóta þeirrar stöðu í réttindaröð að það komi til álita. Í þessu felst að krafa glatast ekki þótt henni sé ekki lýst, ef réttindum sem hún tengist hefur verið þinglýst. Þannig mundi til dæmis ekki tapast krafa samkvæmt þinglýstu veðskuldabréfi þótt henni sé ekki lýst fyrir sýslumanni áður en hann gerir frumvarp til úthlutunar á söluverði. Um fjárhæðina, sem ber að ráðgera í frumvarpi vegna slíkrar kröfu, er mælt á þann veg í 5. mgr. 50. gr. að sýslumaður eigi að miða við hvað krafan gæti hæst orðið eftir þinglýstu skjali um réttindin ef kröfueigandinn gæfi sig síðar fram. Við útreikning á þessu yrði að öðru jöfnu að byggja á því að höfuðstóll kröfu geti verið með öllu ógreiddur að viðbættum verðbótum eða gengistryggingu ef því er að skipta. Enn fremur að það leiði af lögum nr. 23/1901 að samningsbundnir vextir af kröfunni, ef um þá er að ræða, geti fylgt höfuðstólnum að rétthæð, hafi þeir fallið í gjalddaga á einu ári áður en frumvarp er gert, og dráttarvextir af kröfunni vegna sáma tímabils. Á hinn bóginn þyrfti ekki að gera ráð fyrir greiðslu málskostnaðar eða innheimtukostnaðar af kröfunni vegna fyrirmæla lokamálsliðar 4. mgr. 50. gr. eða vaxta, verðbóta eða gengisálags eftir þau tímamörk sem greinir í 3. mgr. 50. gr.

Ef sýslumaður þarf að ákveða greiðslu á vanlýstri kröfu samkvæmt reglum 5. mgr. 50. gr., fela önnur ákvæði frumvarpsins í sér frekari fyrirmæli um afdrif fjárins. Þannig er ráðgert í 2. mgr. 51. gr. og 4. mgr. 52. gr. að kröfueigandinn kunni að gefa sig fram við sýslumann áður en greitt er eftir úthlutunargerð og yrði þá úthlutun vegna kröfunnar leiðrétt til lækkunar í samræmi við framkomin gögn. Þá er ráðgert í 1. mgr. 54. gr. að fjárhæðin verði lögð á bankareikning til varðveislu, ef kröfueigandinn hefur ekki gefið sig fram áður en greiðslur eiga sér stað á grundvelli úthlutunargerðar, og gæti hann því enn gefið sig fram við sýslumann og kallað eftir fénu, en kröfueigandanum er þó settur tiltekinn frestur í þeim efnum. Að þeim fresti liðnum yrði fénu hins vegar varið til þarfa annarra aðila að nauðungarsölunni, sbr. 3. mgr. 54. gr.

Samkvæmt 6. mgr. 50. gr. gegnir ólíku máli um kröfur ef réttindum vegna þeirra hefur ekki verið þinglýst á viðkomandi eign. Þannig kemur fram sú regla í ákvæðinu að ekki verði tekið tillit til óþinglýstra réttinda við gerð frumvarps til úthlutunar á söluverði nema kröfu hafi verið lýst í skjóli þeirra. Áhrifa þessarar reglu mundi einkum gæta varðandi kröfur sem njóta lögveðréttinda, enda er mjög fátítt að slíkum réttindum sé þinglýst. Rétthafi ætti á hættu réttindamissi vegna vanlýsingar kröfu, en í því sambandi ber þó að hafa í huga að hann ætti enn kost á að koma fram kröfu sinni, þótt frumvarp hafi verið gert til úthlutunar á söluverði, meðan greiðslum er ekki lokið samkvæmt úthlutunargerð, sbr. 2. mgr. 51. gr. og 3. mgr. 52. gr.

Í 7. mgr. 50. gr. er loks mælt fyrir um hvernig verði farið með umdeilda eða skilyrta kröfu við gerð frumvarps til úthlutunar á söluverði, ef hún nýtur þeirrar stöðu í réttindaröð að til álita komi að hún fáist greidd. Er miðað við að sýslumaður ráðgeri greiðslu á slíkri kröfu og þá með þeirri fjárhæð sem megi telja að hún gæti hæst numið. Ef ekki væri útkljáð um kröfuna þegar komið væri að greiðslum samkvæmt úthlutunargerð, yrði fé fyrir kröfunni geymt á bankareikningi þar til lyktir yrðu fengnar um réttindi til greiðslunnar á öðrum vettvangi, sbr. 2. mgr. 54. gr.

Um 51. gr.

Í 1. mgr. 51. gr. kemur fram hvernig sýslumaður eigi að kynna þeim, sem hafa hagsmuna að gæta, frumvarp til úthlutunar á söluverði. Er mælt fyrir um að honum beri að senda öllum aðilum að nauðungarsölunni, sem er vitað hvar verði náð til, eintak af frumvarpinu með tryggum hætti. Er einnig tekið fram að sýslumanni beri að ákveða frest í frumvarpinu til að koma fram mótmælum gegn því og að fresturinn megi ekki vera skemmri en tvær vikur frá því frumvarpið er sent aðilunum með þessum hætti. Leiðir af þessum fyrirmælum um frest til mótmæla að standa yrði þannig að verkum í framkvæmd, að eintök af frumvarpi yrðu send öllum aðilum á sama tíma eða að minnsta kosti með þeim hætti að síðustu eintökin færu frá sýslumanni með nægilegum fyrirvara. Í texta frumvarpsins yrði að koma skírlega fram hvenær fresti til að afhenda mótmæli væri lokið.

Eins og kom fram í athugasemdum við ákvæði 50. gr. er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 51. gr. að kröfur geti enn borist um greiðslur af söluverði, þótt sýslumaður hafi gert frumvarp til úthlutunar og sent það út til aðila að nauðungarsölunni. Ef slíkar kröfur koma fram áður en frestur til mótmæla gegn frumvarpi skv. 1. mgr. 51. gr. er liðinn er ætlast til þess að sýslumaður taki þær tafarlaust til athugunar og geri eftir atvikum breytingar á frumvarpi sínu með því að taka þar tillit til nýrra krafna. Í ljósi ákvæða 49. og 50. gr. yrði að vísu að reikna með því að þetta gerist sjaldan, en einkum væri þetta hugsanlegt vegna óþinglýstra lögveðréttinda, sem gætu fylgt nýjum kröfum í söluverð, eða vegna leiðréttinga eða hækkana við áður gerða kröfu, sem rétthafi kemur fyrst á framfæri á þessu stigi. Í 2. mgr. 51. gr. er ráðgert að ef sýslumaður tekur slíkar nýjar kröfur til greina með breytingu á frumvarpi, þá beri honum að tilkynna það þeim, sem breytingin bitnar á. Í meginþorra tilvika þyrfti væntanlega ekki að tilkynna þetta öðrum en þeim rétthafa, sem hefur staðið síðastur til greiðslu í frumvarpi, enda má ætla að

breytingar af þessum toga yrðu almennt ekki umfangsmiklar. Sýslumanni er heimilað að veita þeim, sem breyting á frumvarpi varðar, sérstakan og aukinn frest til að koma fram mótmælum gegn frumvarpi með áorðinni breytingu, en þetta gæti helst komið til álita ef breyting yrði fyrst gerð mjög að áliðnum almennum fresti skv. 1. mgr. 51. gr. til að koma fram mótmælum. Í niðurlagi 2. mgr. 51. gr. er mælt fyrir um að þessum sömu aðferðum verði beitt eftir gerð frumvarps og áður en fresti skv. 1. mgr. 51. gr. er lokið, ef kröfu er fyrst lýst á því tímaskeiði í skjóli þinglýstra réttinda, sem sýslumaður hefur áætlað greiðslu á í frumvarpi sínu, sbr. 5. mgr. 50. gr. Þótt eins yrði farið hér að í verklagi við breytingar á frumvarpi og áður var lýst, væri aðstaðan eðlisólík að því leyti að breytingar af þessum toga gætu ekki orðið á annan veg en til lækkunar á ráðgerðri úthlutun til þess sem er þá fyrst að gefa sig fram, enda ber skv. 5. mgr. 50. gr. að áætla greiðslu handa honum í frumvarpi eftir því sem hún gæti orðið hæst. Breytingin yrði því réttlægri rétthöfum til hagsbóta og varla að vænta mótmæla af því tilefni frá þeirra hendi, þannig að tæplega þyrfti að veita þeim sérstakan frest til að taka afstöðu til frumvarps með áorðinni breytingu.

Um 52. gr.

Í 1. mgr. 52. gr. er að finna fyrirmæli um hvernig sýslumaður bregðist við mótmælum sem kunna að berast gegn frumvarpi hans til úthlutunar á söluverði. Kemur fram að honum beri að boða þann, sem hefur mótmæli uppi, og þann eða þá rétthafa, sem breytingar á frumvarpi til samræmis við mótmælin gætu varðað, til fyrirtöku þar sem fjallað verði frekar um frumvarpið. Við undirbúning að þessari fyrirtöku yrði sýslumaður því að leggja mat á það, á hverjum rétthöfum breytingar til samræmis við mótmælin gætu bitnað, og er ekki ráðgert að aðrir verði boðaðir af þessu tilefni. Við fyrirtökuna er síðan ætlast til þess að sýslumaður gefi viðstöddum kost á að tjá sig um mótmælin og taki síðan ákvörðun um hvort eða hvernig hann taki þau til greina, sem ber að bóka um í gerðabók. Sýslumanni er ætlað að taka ákvörðun sína þegar í stað eftir að hafa hlýtt á sjónarmið hlutaðeigenda og er ekki ráðgert að frestir verði veittir til gagnaöflunar eða rökstuðnings fyrir kröfum. Að fenginni ákvörðun sýslumanns er aðilum að nauðungarsölunni síðan frjálst að bera ágreining um hana undir dómstóla eftir reglum 13. kafla frumvarpsins.

Eftir orðum 1. mgr. 52. gr. gefst kostur á því að koma fram mótmælum við sýslumann gegn frumvarpi innan fresta skv. 51. gr., en þá er annars vegar átt við almennan frest í þessu skyni skv. 1. mgr. 51. gr. og hins vegar sérstakan frest sem sýslumaður kann að ákveða handa tilteknum rétthöfum vegna breytinga á frumvarpi, sbr. 2. mgr. 51. gr. Þessir frestir eru endanlegir, svo sem má ráða frekar af ákvæðum 2. mgr. 52. gr., og verður mótmælum því ekki komið fram að þeim liðnum nema sending frumvarps hafi misfarist, þannig að aðila að nauðungarsölunni hafi ekki borist vitneskja um efni þess.

Í 2. mgr. 52. gr. kemur sú regla fram að ef mótmæli gegn frumvarpi hafa ekki borist sýslumanni innan frests skv. 51. gr., þá teljist frumvarpið sjálfkrafa orðið endanleg úthlutunargerð á söluverði við lok frestsins. Er ætlast til þess að þetta teljist gerast án formlegra aðgerða. Ef mótmæli koma hins vegar fram gegn frumvarpi koma þessi áhrif ekki til fyrr en ráðið hefur verið til lykta hvort og eftir atvikum hvernig frumvarpinu verði breytt vegna þeirra, eins og nánar greinir í orðum 2. mgr. 52. gr. Þótt mótmæli valdi því að endanleg úthlutunargerð á söluverði teljist ekki fyrir hendi fyrr en á síðari stigum, verður að hafa í huga að önnur atriði varðandi úthlutunina en þau, sem mótmælin kunna að geta raskað, yrðu að skoðast útkljáð við lok fresta skv. 51. gr. Mætti því til dæmis greiða rétthöfum kröfur, sem ágreiningur snýr ekki að, þótt endanleg úthlutunargerð væri enn ófengin, en að þessu er vikið nánar í athugasemdum við 53. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 52. gr. yrði ekki unnt að koma að nýjum kröfum um greiðslur af söluverði eða hækkun á áður gerðum kröfum eftir að frestum skv. 51. gr. væri lokið nema að

tveimur skilyrðum fullnægt. Annars vegar er áskilið að allir aðilar að nauðungarsölunni, sem slík breyting gæti varðað, séu samþykkir henni, en ganga verður út frá því að sá sem leitar eftir breytingunni yrði að leggja gögn fyrir sýslumann um að slíkt samþykki væri fengið. Hins vegar er það skilyrði sett að nýja krafan verði að koma fram áður en greiðslur hafa átt sér stað samkvæmt úthlutunargerð í þeim mæli að það sé orðið girt fyrir breytingu. Þetta skilyrði felur í senn í sér að hvorki megi vera búið að ráðstafa svo miklu fé til rétthafa, að ekki sé nóg eftir til að greiða nýja kröfu, né að búið sé að greiða einum eða fleiri rétthöfum meira en þeim bæri ef ný krafa yrði tekin til greina.

Í 4. mgr. 52. gr. er að finna fyrirmæli um hvernig verði farið að ef krafa, sem hefur átt að greiðast af söluverði, sætir lækkun eftir lok fresta skv. 51. gr., þannig að fé standi til ráðstöfunar umfram það sem var ráðgert í úthlutunargerð. Krafa gæti sætt lækkun með þessum hætti af ýmsum ástæðum, til dæmis ef henni var ekki lýst og sýslumaður hefur áætlað fjárhæð hennar skv. 5. mgr. 50. gr., en kröfueigandinn gefur sig síðan fram áður en komið er að því að greiða samkvæmt úthlutunargerð og krafan reynist lægri en ráðgert var. Komi þessi staða upp er kveðið á um það í 4. mgr. 52. gr. að sýslumaður geri viðauka við úthlutunargerð um ráðstöfun fjárhæðarinnar sem hefur losnað um. Er tekið fram að sýslumaður þurfi ekki að bera þennan viðauka undir aðila nema hann telji vafa geta staðið um rétt til greiðslunnar, en ætla verður að hér yrði sjaldan um svo háar fjárhæðir að tefla að það mætti ekki ráðstafa þeim án vafaatriða. Ef til þess kæmi hins vegar að fara formlegar leiðir í þessum efnum yrði sýslumaður að semja sérstakt frumvarp til viðauka við fyrri úthlutun og kynna það þeim aðilum, sem ættu hagsmuna að gæta, en í þeim efnum yrði þá að styðjast við reglur 50. og 51. gr. og 1. og 2. mgr. 52. gr. eftir því sem þær gætu átt við.

Um 53. gr.

Í 53. gr. koma fram helstu reglur frumvarpsins um framkvæmd við greiðslur til rétthafa á grundvelli úthlutunargerðar, en í 54. gr. er síðan að finna nánari fyrirmæli um aðgerðir í þessum efnum þegar vafi er uppi um tilkall til greiðslna.

Í 1. mgr. 53. gr. er kveðið á um hvenær megi byrja að greiða út söluverðið til rétthafa, en þrjú atriði geta einkum haft áhrif í þeim efnum. Í fyrsta lagi má geta þess að í upphafi þessarar málsgreinar kemur fram ófrávíkjanleg regla um að ekki megi hefjast handa um greiðslur samkvæmt úthlutunargerð fyrr en frestur til að bera gildi nauðungarsölunnar undir dóm skv. 1. mgr. 80. gr. er liðinn. Hér er um fjögurra vikna frest að ræða, sem byrjar að líða þegar uppboði á eign er lokið eða tilboði í hana, sem hefur verið fengið á almennum markaði, er tekið. Í ljósi þess aðdraganda, sem úthlutunargerð hefur eftir áðurlýstum ákvæðum frumvarpsins, og tímans sem tæki þar með að koma máli á það stig að afráðið sé um réttindi til greiðslna, má ætla að þessi frestur yrði sjaldan til að tefja sérstaklega fyrir útborgun. Umræddur frestur er á hinn bóginn nauðsynlegur til að fyrirbyggja að endanlegar ráðstafanir við nauðungarsölu eigi sér stað meðan enn er ráðrúm til að leita ógildingar á henni fyrir dómi. Í öðru lagi er tekið fram í 1. mgr. 53. gr. að útborgun megi ekki eiga sér stað, þótt fyrrnefndur frestur sé á enda, ef dómsmál er rekið vegna nauðungarsölunnar skv. XIII. eða XIV. kafla frumvarpsins og það hefur ekki verið leitt til lykta. Frá þessu er þó heimilað að víkja á þann hátt að það megi greiða þær kröfur í samræmi við úthlutunargerð, sem þykir víst að niðurstöður í slíkum dómsmálum geti ekki haft áhrif á. Í þessu sambandi er vert að benda á að ekki er áskilið í 1. mgr. 53. gr. að úthlutunargerð þurfi að vera endanleg í skilningi 2. mgr. 52. gr. til þess að greiða megi eftir henni. Þannig myndi til dæmis rekstur ágreiningsmáls fyrir dómi um úthlutunargerðina, sem færi eftir reglum XIII. kafla frumvarpsins, ekki fyrirbyggja að óumdeildar greiðslur yrðu inntar af hendi samkvæmt úthlutunargerðinni þótt hún væri ekki orðin endanleg vegna ágreinings um önnur atriði. Í þriðja lagi kemur síðan fram í niðurlagi 1. mgr. 53. gr. að hefjast megi handa um greiðslur samkvæmt úthlutunargerð, þótt sýslumaður hafi ekki enn fengið allt söluverðið í hendur, enda standi þá ekki áðurgreind tvö atriði

samkvæmt ákvæðinu þar í vegi. Þótt þess sé ekki getið sérstaklega í ákvæðinu gæti sýslumaður valið milli þeirrar leiðar, sem hér um ræðir, og þess að greiða ekki samkvæmt úthlutunargerð fyrr en söluverðið væri allt komið í hendur hans. Ef sýslumaður tekur þann kost að hefja útborgun áður en söluverðið hefur greiðst að fullu, er tekið fram í 1. mgr. 53. gr. að hann verði að gæta að því að kröfurnar verði greiddar eftir rétthæð þeirra í eigninni. Samkvæmt því kæmi fyrst til greiðslu sölulauna vegna eignarinnar, sbr. 1. mgr. 50. gr., en að því gerðu yrði veðröð fylgt við greiðslur. Þessi skylda til fylgni við réttindaröð í eigninni byggist einkum á því að meðan söluverðið hefur ekki verið greitt að fullu verður ekki útilokað að krafa geti til dæmis komið fram um afslátt af söluverði eða að kaupunum verði rift, en ef slíkt gerðist gæti það leitt til þess að minna yrði til ráðstöfunar við úthlutun en ráðgert var og féð nægði ekki til að greiða réttlægstu kröfuhöfum sem áttu þó að fá eitthvað í sinn hlut samkvæmt úthlutunargerð.

Í 2. mgr. 53. gr. er mælt fyrir um ráðstöfun vaxtatekna sem kunna að fást af söluverði fram að greiðslum samkvæmt úthlutunargerð. Vaxtatekjurnar sem hér um ræðir yrðu einkum til vegna varðveislu þess, sem hefur verið greitt hverju sinni af söluverðinu með peningum, á reikningi við banka eða sparisjóð, sbr. 2. mgr. 46. gr. Þessu til viðbótar gætu þó komið dráttarvextir úr hendi kaupanda vegna vanefnda hans, sbr. 1. mgr. 47. gr., svo og vextir af söluverðinu ef eign hefur verið boðin upp með þeim skilmála að þeir yrðu greiddir, sbr. 5. mgr. 40. gr., eða samið hefur verið um greiðslu vaxta við sölu á almennum markaði. Hér áður hefur komið fram við umfjöllun um 1. og 3. mgr. 50. gr. að þau ákvæði hafa í för með sér að í úthlutunargerð yrði aðeins mælt fyrir um hvernig söluverðinu sem slíku yrði ráðstafað, en ekki hvernig farið yrði með vaxtatekjur af því, og í úthlutunargerð yrðu fjárhæðir krafna rétthafa miðaðar við stöðu þeirra þegar uppboði lauk á eign eða samþykkt tilboð var gert í hana á almennum markaði, en vextir, gengisálag eða verðbætur sem féllu á kröfurnar eftir þann tíma kæmu ekki til álita við úthlutun. Regla 2. mgr. 53. gr. er lögð til þessu til mótvægis, því samkvæmt henni yrði vaxtatekjum af söluverði jafnað milli rétthafa við útborgun til þeirra samkvæmt úthlutunargerð og fengju þeir þannig hver sína hlutdeild í vaxtatekjum til viðbótar við þá fjárhæð sem þeim væri ætluð eftir hljóðan úthlutunargerðar. Eftir orðalagi 2. mgr. 53. gr. eiga þeir rétthafar þó einir tilkall til þessarar hlutdeildar í vaxtatekjum, sem eiga eftir að fá greiðslur sínar samkvæmt úthlutunargerð hverju sinni. Af þessum sökum ætti til dæmis veðhafi, sem hefur fengið fulla greiðslu með því að kaupandi tók yfir skuldbindingu við hann, ekki tilkall til hlutdeildar í vaxtatekjum, enda væri hann þá búinn að fá sitt greitt með þeim hætti. Þá hefur þetta orðalag 2. mgr. 53. gr. einnig í för með sér, að ef sýslumaður nýtti sér heimild í niðurlagi 1. mgr. 53. gr. til að greiða rétthöfum smám saman eftir því sem honum bærist söluverðið í hendur, þá fengi hver rétthafi um sig aðeins hlutdeild í þeim vaxtatekjum sem væru fallnar til þegar hann fengi greitt. Um útreikning á hlutdeild hvers rétthafa í vaxtatekjum kemur fram í 2. mgr. 53. gr. að farið verði eftir hlutföllum milli krafna þeirra. Yrði því reiknað hvað hver rétthafi ætti að fá hátt hlutfall af söluverðinu, að því leyti sem það er greitt með peningum, og fengi hann þá sama hlutfall af áföllnum vaxtatekjum í sinn hlut.

Um 54. gr.

Í 1. mgr. 54. gr. er að finna reglur um hvað sýslumaður geri við þann hluta söluverðs eignar, sem á að verja samkvæmt úthlutunargerð til greiðslu kröfu í skjóli þinglýstra réttinda án þess að henni hafi verið lýst fyrir honum, sbr. 5. mgr. 50. gr. Hafi enginn gefið sig fram við sýslumann þegar tími er kominn til að greiða út kröfur eftir úthlutunargerð, er mælt fyrir um það í 1. mgr. 54. gr. að sýslumaður leggi viðkomandi fjárhæð á sérgreindan reikning við banka eða sparisjóð. Sýslumaður hefði forræði á þeim reikningi, en gefi enginn sig enn fram við hann með tilkall til greiðslunnar í eitt ár frá því hún var lögð á reikninginn, er ráðgert í 1. mgr. 54. gr. að hann fái birta auglýsingu í Lögbirtingablaði, þar sem skorað er á rétthafa að vitja fjárins innan mánaðar að því viðlögðu að fénu verði ráðstafað til annarra, sbr. 3. mgr. 54. gr. Þessi fyrirmæli 1. mgr. 54. gr. eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum. Í framkvæmd er þó

almennt farið eins að og hér um ræðir að því leyti að greiðsla sem ekki er kallað eftir er lögð á sérgreindan bankareikning. Hins vegar skortir heimildir til þess að ráðstafa slíku óskilafé til annarra og hefur það haft í för með sér að engin takmörk eru á því hversu lengi það verði varðveitt með þessum hætti. Telja verður að fyrirmæli 1. mgr. 54. gr. veiti nægilegt ráðrúm handa rétthafa í þessum efnum, en þess má geta að í 99. gr. er gert ráð fyrir heimild til þess að ráðstafa geymslufé, sem hefur safnast fyrir með fyrrgreindum hætti á undanförnum áratugum, eftir reglum 54. gr. ef frumvarpið verður að lögum.

Í 2. mgr. 54. gr. kemur fram regla sem tekur til tilvika, þar sem gert væri ráð fyrir greiðslu á skilyrtri eða umdeildri kröfu í úthlutunargerð. Ef skilyrði er ekki komið fram eða ágreiningur um kröfu er ekki ráðinn til lykta þegar tími er kominn til greiðslu samkvæmt úthlutunargerð, felur 2. mgr. 54. gr. í sér að sýslumaður leggi viðkomandi fjárhæð á sérgreindan reikning við banka eða sparisjóð. Þar yrði fé varðveitt þangað til leitt væri í ljós hvernig færi um tilkall til þess. Sambærilega reglu má finna um þessa aðstöðu í 3. mgr. 34. gr. laga nr. 57/1949.

Í 3. mgr. 54. gr. er mælt fyrir um hvað verði gert við fé, sem hefur verið lagt á bankareikning til varðveislu skv. 1. eða 2. mgr. greinarinnar, ef því verður ekki ráðstafað eftir fyrirætlan úthlutunargerðar í fyllingu tímans. Er hér gert ráð fyrir því að fé verði notað til að greiða þær kröfur, sem stóðu fremstar í réttindaröð án þess að fást greiddar við upphaflega úthlutunargerð, og er sýslumanni heimilað hvort heldur að ráðstafa fénu til þeirra þarfa með því að taka úthlutun formlega upp á ný eða án þess, eftir því hvort hann telji tilefni til vafa um tilkall til þess eða ekki. Ef fénu yrði ekki varið með þessum hætti sökum þess, að allir rétthafar hafi fengið greiðslu við upphaflega úthlutun, yrði næsti kosturinn sá að ráðstafa fénu til gerðarþola. Ef gerðarþoli væri óþekktur eða ekki vitað hvar yrði náð til hans stendur sá kostur einn eftir, að fé renni í ríkissjóð, en tekið er fram í niðurlagi 3. mgr. 54. gr. að rétthafi, sem gæfi sig síðar fram, geti krafist greiðslunnar úr ríkissjóði meðan krafa hans væri ófyrnd. Í ákvæðinu er ekki mælt fyrir um heimildir rétthafa til að hafa uppi endurkröfu ef greiðslu, sem var upphaflega ætluð honum í úthlutunargerð, hefur síðar verið ráðstafað til annarra rétthafa eða gerðarþola samkvæmt reglum 3. mgr. 54. gr. Niðurstaðan í þeim efnum yrði því að ráðast af almennum reglum fjármunaréttar.

Um 55. gr.

Ákvæði 55.–57. gr., sem mynda IX. kafla frumvarpsins, geyma síðustu sérreglur þess um nauðungarsölu á fasteignum, fasteignarréttindum, skrásettum skipum og skrásettum loftförum. Í þessum ákvæðum er mælt fyrir um rétt kaupanda til umráða yfir eign, sem hann hefur keypt við nauðungarsölu, rétt hans til afsals fyrir henni, áhrif afsals á réttindi yfir henni og áhrif kaupanna á kröfur, sem kaupanda kann að eiga á hendur gerðarþola og fullnusta fæst ekki á af söluverði eignarinnar.

Í 1. mgr. 55. gr. er mælt fyrir um að kaupandi njóti réttar til umráða yfir eign, sem hann festir kaup á við uppboð, frá því boð hans í hana er samþykkt, enda sé ekki kveðið á um annað í uppboðsskilmálum. Þessi regla er annars efnis en ákvæði 4. mgr. 18. gr. laga nr. 57/1949, þar sem umráðaréttur kaupanda kemur fyrst til skjalanna við útgáfu afsals fyrir eign ef annað leiðir ekki af uppboðsskilmálum. Þessi breyting er lögð til af ýmsum sökum. Í þeim efnum má fyrst nefna að ef réttur til umráða kemur ekki til fyrr en við útgáfu afsals fyrir eign, er hætt við óþarflega langri bið kaupanda eftir því að hafa not af henni, sem er varla hvatning til hárra boða í hana. Í annan stað er þess að geta að í 6. tölul. 1. mgr. 28. gr. er ráðgert að almennir uppboðsskilmálar kveði á um að kaupandi taki í senn við áhættu af eign og fái umráð hennar við samþykki boðs. Í fyrrnefndri 4. mgr. 18. gr. núgildandi laga er hins vegar miðað við að áhætta af eigninni færist yfir á kaupanda við samþykki boðs hans, þótt hann fái ekki umráð yfir henni fyrr en á síðari stigum eins og áður er getið. Verður að telja með öllu ófært að þetta tvennt fari ekki saman, en við samræmingu á þessum tveimur atriðum þykir ólíkt heppilegra

að færa umráðarétt kaupandans framar í atburðarás en að færa yfirfærslu áhættu af eigninni aftar, en þar er við fyrirmyndir í norrænum reglum að styðjast. Þess má enn geta þessari tilhögun til stuðnings, að skv. 1. mgr. 56. gr. verður afsal ekki gefið út fyrir eign fyrr en frestur til að bera gildi nauðungarsölu undir dómstóla skv. XIV. kafla frumvarpsins er liðinn, sbr. 1. mgr. 80. gr., en ef slíkt mál er lagt fyrir dóm frestar það rétti kaupanda til afsals þar til lyktir eru fengnar í því. Ef umráðaréttur kaupanda yrði bundinn við útgáfu afsals má telja verulega hætt við að gerðarþoli kynni að misnota heimildir 14. kafla með því að halda uppi andófi til málamynda gegn lögmæti nauðungarsölu til þess að halda umráðum yfir eigninni meðan mál væri rekið, en slíks hefur gætt í nokkrum mæli eftir núgildandi reglum. Þykir ákjósanlegra gagnvart þessu að fara þá leið að umráðaréttur kaupanda fylgi ekki afsali, en tryggja gerðarþola þó rétt til að koma fram vörnum gegn umráðasviptingu meðan dómsmál yrði rekið skv. XIV. kafla frumvarpsins, svo sem leiðir af 1. og 3. mgr. 55. gr.

Í 2. mgr. 55. gr. er gert ráð fyrir því að samið verði hverju sinni um hvenær kaupandi öðlist rétt til umráða yfir eign við nauðungarsölu á almennum markaði og yrði þá leitast við að taka mið af þörfum kaupanda og gerðarþola, líkt og yrði gert í frjálsum viðskiptum.

Eins og nefnt var hér á undan geymir 3. mgr. 55. gr. heimild handa gerðarþola til að krefjast þess í dómsmáli, sem væri rekið um gildi nauðungarsölu skv. XIV. kafla frumvarpsins, að umráðatöku kaupanda verði slegið á frest þar til lyktir málsins verði fengnar. Þessi heimild gildir jöfnum höndum hvort sem eignin var seld við uppboð eða á almennum markaði og hvort sem gerðarþoli hefur haft umráð hennar sjálfur eða annar maður fyrir atbeina hans. Heimild gerðarþola til að hafa uppi kröfu sem þessa er þó háð því samkvæmt hljóðan 3. mgr. 55. gr., að mál skv. XIV. kafla hafi verið lagt fyrir dómstól áður en kaupandi hefur tekið við umráðum yfir eigninni, en í þessu sambandi er þá ætlast til þess að miðað verði við hvort kaupandi hafi tekið við umráðum í reynd en ekki við yfirfærslu réttar til umráða skv. 1. eða 2. mgr. 55. gr. Í 3. mgr. 55. gr. er ekki kveðið nánar á um það, hver atvik geti leitt til þess að krafa gerðarþola um að halda umráðum eignar meðan mál er rekið verði tekin til greina. Er þannig í raun lagt á vald dómara að meta hvort slík rök hafi verið færð fram gegn gildi nauðungarsölunnar að vafasamt sé um afdrif réttinda kaupandans. Dómara er ætlað að leysa úr kröfu um þetta með sérstökum úrskurði undir rekstri máls eftir ákvæðum XIV. kafla.

Um 56. gr.

Í 1. mgr. 56. gr. kemur fram hvenær kaupandi eigi rétt á afsali fyrir eign sem hann hefur fest kaup á við nauðungarsölu. Segir að þessi réttur sé fyrir hendi þegar kaupandi hefur efnt skyldur sínar samkvæmt uppboðsskilmálum eða skilmálum við sölu á almennum markaði. Undantekningar er þó gerðar frá þessu á þann veg að afsal verði ekki gefið út meðan frestur skv. 1. mgr. 80. gr. til að bera gildi nauðungarsölu undir dómstóla í máli að hætti XIV. kafla frumvarpsins er ekki liðinn eða meðan slíkt mál er ekki leitt til lykta. Þessar undantekningar styðjast við þau rök að ekki sé fært að flytja eignarrétt á grundvelli nauðungarsölu endanlega í hendur kaupanda fyrr en útséð er að henni verði ekki hnekkt með dómsúrlausn. Sambærileg fyrirmæli um rétt kaupanda til afsals koma nú fram í 33. gr. laga nr. 57/1949.

Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. hefur nauðungarsala, sem hefur farið fram eftir heimild í 6. eða 7. gr., þau áhrif að öll veðbönd, umráðaréttindi, kvaðir, höft og önnur réttindi yfir eign falli niður við útgáfu afsals. Segir þó að þetta eigi ekki við ef annað leiðir beinlínis af lögum, eignin hefur verið seld með þeim skilmálum að slík réttindi standi óhögguð í tilteknum atriðum eða kaupandi hefur samið við rétthafa um að taka yfir skuldbindingar við hann gegn því að réttindi hans hvíli áfram á eigninni. Af einstökum atriðum í þessari reglu má vekja athygli á því að henni er aðeins ætlað að gilda ef nauðungarsala hefur farið fram eftir kröfu skuldheimtumanns eða skiptastjóra við gjaldþrotaskipti eða opinber skipti á ógjaldfæru dánarbúi, sbr. 6. og 7. gr. Ráðstöfun eignar eftir kröfu eiganda skv. 8. gr. hefði því ekki þessi áhrif á réttindi

annarra yfir henni. Þá er einnig ástæða til að vekja athygli á því að 2. mgr. 56. gr. felur í sér að öll óbein eignarréttindi falli niður vegna nauðungarsölu án tillits til heitis eða eðlis þeirra eða þess, hvort þeim hefur verið þinglýst eða réttarvernd þeirra sé óháð þinglýsingu. Þrenns konar undantekningar eru þó gerðar frá þessu í ákvæðinu. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að þessi regla víki ef annað leiðir beinlínis af lögum, en þessi undantekning gæti til dæmis átt við um lögbundinn forkaupsrétt eða lögbundnar kvaðir. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að víkja megi frá þessu með uppboðsskilmálum eða skilmálum við sölu á almennum markaði, þannig að kvaðir og höft fylgi eign, sem hefðu að öðrum kosti fallið niður samkvæmt þessari reglu og eftir atvikum veitt rétthafa tilkall til greiðslu af söluandvirði eignarinnar skv. 4. mgr. 49. gr. Eins og áður hefur verið fjallað um er ráðgert í 11. tölul. 1. mgr. 28. gr. að almennir uppboðsskilmálar hafi ekki í för með sér svo víðtækt brottfall kvaða og hafta og heimilt væri skv. 2. mgr. 56. gr. Loks er í þriðja lagi tekið tillit til þess að kaupandi kunni að semja við einstaka rétthafa um að réttindi þeirra hvíli áfram á eign, sem væri þá oftast liður í uppgjöri kaupandans á söluverði, sbr. 40. gr. Þessar reglur 2. mgr. 56. gr. eru að talsverðu leyti hliðstæðar fyrirmælum 1. mgr. 36. gr. laga nr. 57/1949, þótt orðalagi sé hér hagað með nokkuð öðrum hætti.

Í niðurlagi 2. mgr. 56. gr. er mælt fyrir um að taka eigi fram í afsali hver réttindi yfir eign falli niður. Í núverandi framkvæmd hefur áþekkri reglu í niðurlagi 1. mgr. 36. gr. laga nr. 57/1949 almennt verið fylgt á þann hátt, að eftir atvikum er aðeins tekið fram í afsali að tiltekin réttindi standi óhögguð af nauðungaruppboði og síðan sagt að öll önnur réttindi yfir eigninni, ótilgreind, falli niður. Umrædd fyrirmæli 2. mgr. 56. gr. frumvarpsins gefa ekki tilefni til breytinga í þessum efnum.

Ákvæði 3. mgr. 56. gr. eru sambærileg reglum í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 57/1949 og 4. mgr. 39. gr. laga nr. 39/1978, en þess má geta að í 9. tölul. 91. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á orðalagi síðarnefnda lagaákvæðisins til samræmis við 3. mgr. 56. gr.

Um 57. gr.

Í 57. gr. er að finna sérreglur sem varða aðstöðuna þegar veðhafi eða annar rétthafi í eign gerist kaupandi að henni við nauðungarsölu. Þessar sérreglur snúa nánar tiltekið að því hverjar afleiðingar kaupin hafi á réttindi sem kaupandinn hefur átt yfir eigninni og fullnusta fékkst ekki á af söluverði við nauðungarsöluna. Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. yrðu þessar afleiðingar einkum þær, að ef kaupandinn reynir síðar að krefja gerðarþola um greiðslu vegna ófullnægðra réttinda sinna, þá á gerðarþoli rétt á því að greiðslukrafa kaupandans á hendur sér verði lækkuð um sömu fjárhæð og nemur mismun milli verðsins, sem kaupandinn greiddi fyrir eignina, og gangverðs, sem má telja að eignin hefði haft í frjálsum viðskiptum á sama tíma og nauðungarsala fór fram og með þeim skilmálum sem var beitt við hana. Ef kaupandi gengi að öðrum en gerðarþola til að fá greiðslu vegna ófullnægðra réttinda sinna, þá nyti sá sömu stöðu og gerðarþoli í þessum efnum samkvæmt orðum 1. mgr. 57. gr. Þá er einnig heimilað í 2. mgr. 57. gr. að gerðarþoli eða annar sá, sem kynni að verða krafinn vegna ófullnægðra réttinda kaupandans, höfði mál á hendur kaupandanum til að fá dóm um lækkun eða brottfall kröfu hans af þessum sömu ástæðum.

Megininntak þessara heimilda 57. gr. felst í því að hagnaður, sem kaupandi kann að njóta af því að fá eign á lægra verði við nauðungarsölu en nemur gangverði hennar í frjálsum viðskiptum gegn sambærilegum kjörum, verður notaður líkt og greiðsla á þeim hluta af kröfum hans, sem söluverð eignarinnar nægði ekki til að greiða. Í orðum 57. gr. er þessi heimild til að færa niður kröfur kaupandans ekki bundin við kröfur sem tengjast eða verða leiddar af tilteknum tegundum réttinda hans yfir viðkomandi eign, en í reynd hefur heimildin öllu öðru fremur áhrif á ófullnægðar eftirstöðvar peningakrafna, sem hafa verið tryggðar með veðrétti í seldri eign.

Ákvæði 57. gr. eru í meginatriðum efnislega þau sömu og nú koma fram í 3. og 4. mgr. 32. gr. laga nr. 57/1949, þótt orðalagi sé breytt nokkuð.

Um 58. gr.

Með 58. gr. hefst 3. þáttur frumvarpsins, sem geymir reglur um nauðungarsölu á öðrum eignum og réttindum en þeim sem reglur 2. þáttar taka til. Þessum þriðja þætti frumvarpsins er skipt í þrjá kafla, X. kafla þar sem mælt er fyrir í 58.–60. gr. um umdæmi við nauðungarsölu samkvæmt reglum þáttarins og vörslutöku eigna í tengslum við hana, XI. kafla, sem geymir reglur um nauðungarsölu á lausafjármunum í 61.–69. gr., og XII. kafla, sem 70.–72. gr. heyra til, en þar er að finna sérreglur um nauðungarsölu á verðbréfum, kröfuréttindum o.fl.

Í 1. mgr. 58. gr. er að finna stutta afmörkun á gildissviði 3. þáttar frumvarpsins, þar sem segir að ákvæði hans taki til nauðungarsölu á eignum og réttindum, sem eiga ekki undir fyrirmæli 17. gr., en geta þó gengið kaupum og sölu. Þetta felur í sér með öðrum orðum að gildissvið 3. þáttar er afmarkað með þeirri neikvæðu skilgreiningu að reglur hans nái til ráðstöfunar á öðrum eignum og réttindum en þeim sem eru talin upp í 17. gr. Sá fyrirvari er þó gerður í 1. mgr. 58. gr. að þetta sé háð því að eignir eða réttindi geti gengið kaupum og sölu, en með þessu er áréttað, sem lægi væntanlega hvort eð er í augum uppi, að nauðungarsölu verði ekki beitt til að ráðstafa munum eða réttindum sem er óheimilt eða ógerlegt að ráðstafa í frjálsum viðskiptum.

Í 2. og 3. mgr. 58. gr. eru gefnir fjórir kostir um það í hverju stjórnsýsluumdæmi sýslumanns verði leitað nauðungarsölu á eignum eða réttindum sem reglur 3. þáttar taka til. Gerðarbeiðanda er eftirlátið val milli þessara kosta og er í sjálfu sér enginn þeirra rétthærri en aðrir, þótt kosturinn sem 3. mgr. 58. gr. fjallar um sé háður skilyrðum. Í ákvæðum 37. gr. laga nr. 57/1949 er í meginatriðum byggt á sömu heimildum og koma fram í 1. tölul. 2. mgr. og 3. mgr. 58. gr. frumvarpsins. Verður ekki séð að einstök atriði í þessu sambandi þarfnist frekari umfjöllunar hér.

Í 4. mgr. 58. gr. er að finna reglu sem er ætlað að taka af skarið um það í hverju umdæmi nauðungarsala fari fram, ef fleiri en ein beiðni kemur fram um hana og hvor eða hver þeirra í sínu umdæmi. Þessi aðstaða gæti komið upp vegna þess frelsis sem gerðarbeiðendum er veitt um val á umdæmi með reglum 2. og 3. mgr. 58. gr. Í 4. mgr. er gert ráð fyrir því að ef uppvíst verður um að beiðnir hafi komið fram um nauðungarsölu á sömu eign eða réttindum í fleiri en einu umdæmi, þá beri að sameina meðferð þeirra á einum stað eftir fyrirmælum 14. gr. Fyrsti kosturinn er sá að þetta verði gert í umdæmi sem hlutaðeigandi gerðarbeiðendur koma sér saman um, en takist ekki samkomulag milli þeirra er mælt fyrir um að farið verði með beiðnirnar í sameiningu í því umdæmi sem gæti fyrst átt við eftir talningu kosta í 2. mgr. 58. gr. Yrði þannig fyrst að reyna á hvort umdæmi til nauðungarsölunnar geti ráðist af 1. tölul. 2. mgr., en ef svo væri ekki yrði næst reynt hvort það geti ráðist af 2. tölul. málsgreinarinnar o.s.frv. Það umdæmi sem beiðni liggur fyrir í og fyrst yrði komið að eftir þessari aðferð yrði þá rétti vettvangurinn til sameiningar á meðferð þeirra beggja eða allra.

Um 59. gr.

Í 59. og 60. gr. er að finna reglur um vörslutöku á munum eða áþreifanlegum hlutum í tengslum við nauðungarsölu. Slík vörslutaka gæti fyrst og fremst beinst að lausafjármunum, sem yrði ráðstafað við nauðungarsölu eftir reglum XI. kafla frumvarpsins, en einnig gæti þurft að beita þessum úrræðum til að ná vörslum á verðbréfum eða skilríkjum fyrir kröfum eða öðrum réttindum í því skyni að ráðstafa þeim eftir fyrirmælum XII. kafla.

Í núgildandi löggjöf er ekki að finna ítarleg fyrirmæli um hvernig verði staðið að vörslutöku, eða vörslusviptingu eins og athöfnin er oft nefnd í framkvæmd. Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 57/1949 er að finna heimild handa uppboðshaldara til að framkvæma vörslutöku, en hvorki eru þar greind skilyrði fyrir þessu né aðferðir sem verður beitt að neinu marki. Í 47. gr. og 2. mgr. 51. gr. laga um aðför, nr. 19/1887, koma að nokkru fram reglur um heimildir til vörslutöku á lausafé, sem fjárnám hefur verið gert í, en um aðferðirnar í þeim efnum er lítið

sagt, enda hefur misjafn háttur verið viðhafður í þeim efnum í framkvæmd. Þá er þess að geta að ekki er að finna almenn fyrirmæli í núgildandi lögum um vörslutöku muna, sem verður ráðstafað á nauðungaruppboði án undangengins fjárnáms, til dæmis á grundvelli lögveðréttar. Í lögum um aðför, nr. 90/1989, sem taka gildi 1. júlí 1992, er sú leið farin að heimila bæði vörslutöku muna við framkvæmd fjárnáms og endurupptöku fjárnámsgerðar til vörslutöku ef hagsmunir gerðarbeiðanda krefjast þess sérstaklega, sbr. 56. og 66. gr. laganna. Í athugasemdum við frumvarp, sem varð að þeim lögum, er hins vegar áréttað sérstaklega að þessar heimildir til vörslutöku séu nánast neyðarreglur, sem séu einkum settar til að verja hagsmuni gerðarbeiðanda gagnvart hættu á spjöllum á eign eða ólögmætri meðferð hennar eftir að fjárnám hefur verið gert í henni. Kemur þar fram að gengið hafi verið út frá því við gerð frumvarps til laga um aðför að almenna reglan í framtíðinni yrði sú að vörslutaka ætti sér stað í tengslum við nauðungarsölu og að fyrirmæli yrðu um þessi efni í löggjöf á þeim vettvangi, sem tækju þá jöfnum höndum til vörslutöku vegna nauðungarsölu á grundvelli fjárnáms, lögveðréttinda og annarra heimilda. Ákvæði 59. og 60. gr. þessa frumvarps eru sniðin eftir þeirri fyrirætlan.

Í 59. gr. er mælt fyrir um hvernig krafa verði höfð uppi af hendi gerðarbeiðanda um heimild til vörslutöku vegna væntanlegrar nauðungarsölu. Í stuttu máli fela reglur 59. gr. í sér að gerðarbeiðandi óski eftir þessari heimild í beiðni sinni um nauðungarsöluna og sýslumaður leggi mat á hvort orðið verði við þeirri ósk um leið og hann fer yfir beiðni eftir almennum reglum 13. gr. Ef sýslumaður telur skilyrði fyrir hendi til vörslutöku er honum ætlað að árita beiðnina um það og um leið að taka þar fram hvar og hvenær eigninni verður ráðstafað, en í niðurlagi 2. mgr. 59. gr. er heimilað sérstaklega að sýslumaður ákveði að réttur gerðarbeiðanda til vörslutöku verði ekki nýttur fyrr en frá tilteknum tíma, sem gæti einkum átt við ef teljandi tími ætti að líða þar til ráðstöfun á eigninni gæti átt sér stað. Þessi áritun sýslumanns á síðan að koma fram á afriti af beiðni um nauðungarsölu, sem yrði send gerðarþola með tilkynningu eftir almennri reglu 16. gr., og einnig á afriti sem yrði afhent gerðarbeiðanda til þess að hann gæti sannað heimild sína til vörslutöku við framkvæmd hennar, sbr. 1. mgr. 60. gr. og að nokkru 5. mgr. 11. gr.

Í 59. gr. er ekki kveðið sérstaklega á um skilyrði fyrir rétti gerðarbeiðanda til vörslutöku, enda er gengið út frá þeirri grunnreglu að sá réttur fylgi alltaf heimild til að krefjast nauðungarsölu á eign, sem fyrirmæli 3. þáttar frumvarpsins taka til, ef sérstök hindrun er þar ekki í vegi. Könnun sýslumanns á skilyrðum fyrir vörslutöku, sem á að eiga sér stað eftir fyrirmælum 59. gr., ætti þannig að beinast að því hvort einhver sérstök atvik standi í vegi fyrir vörslutökunni ef hann fellst á annað borð á að heimild sé fyrir hendi til nauðungarsölu. Ekki er um mörg atriði að ræða sem gætu staðið með þessum hætti í vegi fyrir rétti til vörslutöku, að minnsta kosti miðað við þær upplýsingar sem mundu almennt liggja fyrir sýslumanni á þessu stigi. Sem dæmi af slíkum hindrunum má þó nefna að vörslutöku yrði ekki beitt ef sýslumaður hyggst framkvæma nauðungarsölu á þeim stað sem eignin er, sbr. niðurlagsorð 1. mgr. 59. gr. Þá er hugsanlegt að upplýsingar komi fram í fyrirliggjandi gögnum um heimild þriðja manns til umráða yfir eign, sem gengi fyrir rétti gerðarbeiðanda, sbr. að nokkru 1. mgr. 60. gr. frumvarpsins og 59. gr. laga nr. 90/1989. Ef nauðungarsölu væri krafist á grundvelli fjárnáms mætti einnig vera að ákvæði 58. gr. laga nr. 90/1989 kæmu í veg fyrir vörslutöku á því stigi máls. Að öðru leyti yrði eftir atvikum að reyna á hvort gerðarþoli eða annar vörslumaður hefði andmæli fram að færa gegn vörslutöku þegar komið væri að framkvæmd hennar, sbr. 3. mgr. 60. gr.

Um 60. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er að finna reglur um framkvæmd vörslutöku. Þær byggjast á því meginviðhorfi að gerðarbeiðandi verði sjálfur að annast hana eða einhver á hans vegum, en því aðeins komi til afskipta sýslumanns af framkvæmd vörslutöku að gerðarþoli eða annar

vörslumaður eignar neiti að láta eign af hendi. Þessi tilhögun á sér vissar hliðstæður í núverandi framkvæmd og má telja hana hafa þann kost, að ekki þurfi að koma til afskipta sýslumanns af aðgerðinni sjálfri meðan gerðarþoli eða umráðamaður eignar stendur ekki gegn henni. Gerðarþola eða öðrum vörslumanni eignar er á hinn bóginn búin sú réttarvernd, að sýslumaður hefur áður lagt mat á skilyrði umráðasviptingar og tilkynnt gerðarþola um það mat sitt, sbr. 59. gr. Gerðarþoli eða annar umráðamaður getur einnig neitað að láta eign af hendi, þannig að afskipti sýslumanns af framkvæmd vörslutöku verði óhjákvæmileg til þess að hún geti náð fram að ganga, sbr. 2. mgr. 60. gr., en slík neitun gæti helgast af því að gerðarþoli hafi réttmætar varnir fram að færa gegn kröfu um nauðungarsölu eða vörslutökunni út af fyrir sig.

Í 1. mgr. 60. gr. kemur fram að gerðarþola sé skylt að afhenda eign gerðarbeiðanda eða þeim, sem hann felur að vitja hennar fyrir sína hönd, gegn því að framvísað sé afriti af beiðni um nauðungarsölu, sem sýslumaður hefur áritað um heimild til vörslutöku. Sama skylda hvílir samkvæmt ákvæðinu á þriðja manni, ef réttur hans til umráða yfir eigninni gengur ekki fyrir rétti gerðarbeiðanda. Betri réttur þriðja manns í þessum efnum gæti til dæmis stafað af leigusamningi eða kaupsamningi sem hann hefur gert um eignina við gerðarþola með eignarréttarfyrirvara þess síðarnefnda áður en gerðarbeiðandi fékk veð í henni. Ef þriðji maður teldi til betri réttar en gerðarbeiðandi af ástæðum sem þessum, væri honum stætt á því að neita að verða við skyldu sinni til að láta eignina af hendi, sbr. 2. mgr. 60. gr., en sýslumaður yrði þá eftir atvikum að taka afstöðu til þess hvort vörslutaka næði fram að ganga með því að leggja mat á réttarstöðu hlutaðeigenda eftir almennum reglum. Í 1. mgr. 60. gr. er þó tekið sérstaklega fram að tiltekin réttindi þriðja manns standi ekki í vegi vörslutöku, þótt þau kunni að ganga fyrir rétti gerðarbeiðanda, en samkvæmt ákvæðinu gæti þriðji maður ekki staðið gegn vörslutöku á grundvelli handveðréttar eða haldsréttar síns í eigninni ef tryggt er að þau réttindi hans verði virt við nauðungarsöluna.

Í 2. mgr. 60. gr. kemur fram hvernig verði brugðist við andspyrnu gerðarþola eða þriðja manns gegn vörslutöku. Er þá ráðgert að afskipti sýslumanns verði óhjákvæmileg, enda mundi gerðarbeiðanda eða umboðsmann hans bresta heimild til að beita valdi til að knýja á um vörslutöku. Ef til afskipta sýslumanns kæmi yrði hann að krefja gerðarþola eða annan umráðamann eignar svara um ástæður fyrir mótstöðu gegn vörslutöku. Ef fram kæmi að mótstaðan stafi af því að hlutaðeigandi telji sig hafa varnir gegn heimild gerðarbeiðanda til nauðungarsölu eða umráða yfir eigninni, leiðir af ákvæðum 3. mgr. 60. gr. að sýslumaður yrði að leggja mat á þær varnir eftir almennum reglum 22. gr. og ákveða með bókun í gerðabók hvort vörslutakan fari fram eða ekki. Kæmu á hinn bóginn ekki fram haldbær rök fyrir mótstöðu gegn vörslutöku yrði sýslumaður eftir atvikum að framfylgja henni með valdbeitingu og liðsinni lögreglu eftir nánari fyrirmælum 2. mgr. 60. gr. og bóka um slíkar aðgerðir í gerðabók.

Í 4. mgr. 60. gr. er kveðið á um að gerðarbeiðandi beri áhættu af eign frá því vörslutaka á sér stað og þar til henni er ráðstafað við nauðungarsölu. Er jafnframt mælt fyrir um skyldu gerðarbeiðanda til að koma eigninni með viðeigandi fyrirvara á þann stað, þar sem ráðstöfun hennar mun fara fram. Í þessu ákvæði er ekki tekið nánar fram hver varðveiti eign á umræddu tímaskeiði, en í ljósi fyrirmæla um áhættu gerðarbeiðanda af henni og skyldu hans til að koma henni á viðeigandi stað til ráðstöfunar orkar væntanlega ekki tvímælis að ætlast sé til þess að gerðarbeiðandi verði að sjá um varðveisluna. Þetta útilokar hins vegar ekki að eign yrði varðveitt á áhættu gerðarbeiðanda á til dæmis væntanlegum uppboðsstað sem væri á vegum sýslumanns.

Um 61. gr.

Í 61.–69. gr., sem mynda XI. kafla frumvarpsins, koma fram sérreglur um nauðungarsölu á lausafjármunum. Hugtakið lausafjármunir er ekki skilgreint sérstaklega í frumvarpinu,

heldur ætlast til þess að farið verði í þessum efnum eftir almennum viðhorfum á sviði eignarréttar. Þess má þó geta að efni eru til að draga vissar ályktanir um merkingu þessa hugtaks í frumvarpinu. Þannig má álykta af 17. gr., sbr. 1. mgr. 58. gr., að eignir sem eru taldar þar teljist ekki til lausafjármuna í skilningi XI. kafla, en í athugasemdum við 17. gr. var minnst aðeins á atriði sem varða skil milli þargreindra eigna og lausafjármuna. Þá má einnig hafa hliðsjón af því að fyrirmæli XII. kafla taka meðal annars til ráðstöfunar á verðbréfum sem útilokast þar með frá því að teljast lausafjármunir í skilningi XI. kafla.

Í 1. mgr. 61. gr. kemur fram sú aðalregla að nauðungarsala á lausafjármunum eigi sér stað á uppboði, en þar er þó vísað sérstaklega um undantekningu til 62. gr., þar sem heimild kemur fram til að ráðstafa lausafjármunum við nauðungarsölu á almennum markaði. Aðalreglan í þessum efnum er byggð á því að í framkvæmd heyrir fremur til undantekninga að ráðstafa þurfi verðmætum lausafjármunum við nauðungarsölu, en umtalsverður kostnaður mundi almennt fylgja annars konar aðferðum við sölu á verðlitlum munum og má telja hætt við að engu betra verð fengist fyrir þá þegar upp væri staðið. Heimildin til nauðungarsölu á almennum markaði á þannig fyrst og fremst við muni sem hafa eitthvert teljandi verðgildi og má ætla að sé aðgengilegt að selja með slíkum hætti, eins og ráða má af niðurlagsorðum 1. mgr. 62. gr.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 61. gr. má selja lausafjármuni samkvæmt fleiri beiðnum um nauðungarsölu en einni á einu og sama uppboði, en sýslumanni er ætlað að ákveða hversu oft slík uppboð fari fram og hvar þau verði haldin, eftir því sem beiðnir liggja fyrir hverju sinni. Er þannig miðað við það í þessum ákvæðum að staðið verði með sambærilegum hætti að lausafjáruppboðum og nú er gert, sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 57/1949, og reynt að halda uppboð í einni lotu á hæfilegum fjölda muna, meðal annars til þess að auka aðsókn að uppboði og draga úr kostnaði við sölu hvers hlutar. Þótt uppboð yrði þannig haldið til að ráðstafa munum eftir fleiri en einni beiðni er að sjálfsögðu gengið út frá því að hlutirnir yrðu að meginreglu boðnir upp hver í sínu lagi, en ef vikið yrði frá þeirri meginreglu og tveir eða fleiri munir boðnir upp saman þá yrði nauðungarsalan á þeim báðum eða öllum að styðjast við sömu beiðnina. Um tíðni lausafjáruppboða verður vissulega að gæta áðurgreinds viðhorfs um að æskilegt sé að safna einhverjum fjölda muna saman til uppboðs hverju sinni, en það getur þó ekki réttlætt að dregið sé úr hófi að halda uppboð með það fyrir augum að nýjar beiðnir um ráðstöfun lausafjár geti enn bæst við. Getur því orðið óumflýjanlegt að uppboð yrði haldið gagngert til að ráðstafa einum hlut.

Í 3. mgr. 61. gr. kemur fram að sýslumaður þurfi ekki að taka beiðni um nauðungarsölu á lausafé sérstaklega fyrir fyrr en uppboð yrði haldið, sem er sami háttur og er nú hafður á þessu í framkvæmd. Í ákvæðinu er þó tekið fram að sýslumaður geti efnt til formlegrar fyrirtöku á beiðni ef honum berst ósk um að nauðungarsala lausafjármuna fari fram á almennum markaði eða gerðarþoli eða þriðji maður lýsir yfir mótmælum gegn framgangi nauðungarsölunnar. Þessi leið yrði ekki farin nema slík tilefni til fyrirtöku væru sýslumanni kunn með einhverjum fyrirvara áður en ráðgert væri að taka beiðnina fyrir við uppboð.

Fyrirmæli 4. mgr. 61. gr. um framlagningu gagna við uppboð og leiðbeiningar þar við gerðarþola þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 62. gr.

Eins og minnst var á í athugasemdum við 1. mgr. 61. gr. geymir 62. gr. þann valkost við aðalregluna um að lausafjármunum verði ráðstafað á uppboði, að nauðungarsala á þeim megi fara fram á almennum markaði. Samkvæmt 1. mgr. 62. gr. þarf skilyrðum 23. gr. að vera fullnægt til þess að þessi leið verði farin við ráðstöfun lausafjár, en þeim til viðbótar er tekið fram að sýslumaður geti hér hafnað ósk um sölu á almennum markaði ef hann telur viðkomandi lausafjármuni illseljanlega eða verðgildi þeirra svo lítið að ekki sé vert að fara þessa leið. Hér er þannig í raun um að ræða sérstök skilyrði fyrir almennri markaðssölu í

þessum tilvikum til viðbótar við fyrirmæli 23. gr. Lausafjármunir þurfa því að vera auðseljanlegir að mati sýslumanns og verðgildi þeirra nægilegt til þess að vænta megi að meira fáist við sölu þeirra á almennum markaði en við uppboð þegar tillit hefur verið tekið til kostnaðar af hvorum kosti fyrir sig. Þessi skilyrði leiða til þess að fremur megi vænta að nauðungarsala lausafjármuna verði fátíð á almennum markaði, að minnsta kosti ef tekið er mið af því hvers konar munir koma almennt til uppboðs eftir núverandi reglum, en ætla má að þessi leið gæti til dæmis komið til álita við ráðstöfun bifreiða.

Í 2. mgr. 62. gr. kemur fram að ósk um nauðungarsölu á almennum markaði þurfi að hafa uppi í síðasta lagi við upphaf uppboðs. Þótt selja ætti marga muni við sama uppboð verður að skilja þessi fyrirmæli bókstaflega, þannig að óskin yrði að koma fram áður en byrjað væri yfirleitt að leita boða þar í eignir, hvort sem eignin sem óskin varðar sé þar fyrst í röðinni eða síðust. Í niðurlagi 2. mgr. 62. gr. er sýslumanni heimilað að taka ósk um sölu á almennum markaði sérstaklega fyrir ef hún berst honum áður en komið er að uppboði. Að þessari heimild er vikið í athugasemdum við 3. mgr. 61. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 62. gr. eiga reglur VI. kafla frumvarpsins að gilda um hvernig verði staðið að framkvæmd sölu lausafjármuna á almennum markaði, en þó með tilteknum frávikum sem eru talin í fjórum töluliðum við málsgreinina. Vænta má að fyrirmæli um þessi frávik skýri sig nægilega sjálf.

Um 63. gr.

Í 1. mgr. 63. gr. er kveðið á um heimildir gerðarþola og þriðja manns, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta, til að koma mótmælum á framfæri við sýslumann gegn nauðungarsölu. Með því að almenna reglan yrði sú skv. 3. mgr. 61. gr., að beiðni um nauðungarsölu á lausafjármunum væri ekki tekin formlega fyrir fyrr en við framkvæmd uppboðs, er gert ráð fyrir því í 1. mgr. 63. gr. að mótmæli komi almennt ekki fram fyrr en þá, en í síðasta lagi yrði að hafa þau uppi þegar komið væri að því að leita boða í viðkomandi eign. Ef mótmæli bærust þó sýslumanni á fyrri stigum er honum heimilað í niðurlagi 1. mgr. 63. gr. að taka nauðungarsöluna formlega fyrir áður en komið yrði að uppboði.

Samkvæmt 2. mgr. 63. gr. verður fyrirmælum 22. gr. beitt við nauðungarsölu á lausafjármunum, að því leyti sem þau geta átt við. Þessi tilvísun felur í fyrsta lagi í sér að ætlast er til þess að sýslumaður hafi gætur á því af sjálfsdáðum að fyrirmælum XI. kafla sé fylgt við undirbúning og framkvæmd nauðungarsölu á lausafjármunum og að grundvelli fyrir nauðungarsölunni sé ekki svo ábótavant að það hefði átt að synja um hana þegar á fyrstu stigum, sbr. 13. gr. Ef verulegir annmarkar væru í þeim efnum yrði sýslumaður að stöðva frekari aðgerðir við nauðungarsölu á viðkomandi eign. Í öðru lagi felur tilvísunin til 22. gr. í sér að sýslumaður verði að ráða ágreiningi sem rís við framkvæmd nauðungarsölunnar þegar í stað til lykta með ákvörðun sinni og haldi henni síðan áfram, ef ákvörðunin hefur orðið þess efnis, nema málefnið sé þegar borin undir dóm. Í þriðja lagi leiðir af tilvísuninni að heimildir aðila að nauðungarsölunni til að leita úrlausnar dómstóla um ágreiningsatriði ráðast af 3. og 4. mgr. 22. gr. og væru þeir því ekki allir eins settir í þeim efnum. Í fjórða lagi felur þessi tilvísun í sér að sýslumaður yrði að leggja mat á mótmæli gerðarþola eða þriðja manns eftir þeirri líkindareglu, sem kemur fram í 2. málsl. 2. mgr. 22. gr. Hann yrði með öðrum orðum að ganga út frá því að mótmæli gegn réttindum gerðarbeiðanda eigi að jafnaði ekki að stöðva framgang nauðungarsölunnar nema þau varði atriði sem hann átti að gæta af sjálfsdáðum eða hann telur þau valda því að óvíst sé að gerðarbeiðandi eigi rétt á því að nauðungarsalan fari fram. Í athugasemdum við 2. mgr. 22. gr. er greint almennt frá því hvernig sýslumaður ætti að leggja mat á það, hvenær slík óvissa væri uppi um rétt gerðarbeiðanda að það verði að stöðva framgang nauðungarsölu. Þargreind viðhorf eiga almennt einnig við um mat í þessum efnum við nauðungarsölu á lausafjármunum, en þó ber að gæta hér að vissum aðstöðumun sem hlýtur að hafa áhrif á þetta mat. Sú tilhögun skv. 22. gr., að mótmæli gegn réttindum

gerðarbeiðanda valdi almennt ekki stöðvun nauðungarsölu og að gerðarþoli geti almennt ekki borið slík mótmæli jafnharðan undir dóm, helgast að nokkru af því að gerðarþoli og þriðji maður eigi kost á að fá leyst úr gildi nauðungarsölu fyrir dómi samkvæmt reglum 14. kafla þegar í stað eftir að söluaðgerðum er lokið. Þegar um nauðungarsölu væri að ræða á eign, sem fyrirmæli 2. þáttar frumvarpsins taka til, hefði rekstur slíks máls þau áhrif að afsal verði ekki gefið út fyrir eigninni fyrr en málið væri leitt til lykta, sbr. 1. mgr. 56. gr., gerðarþoli gæti leitað eftir því að halda umráðum eignar á sama tímaskeiði, sbr. 3. mgr. 55. gr., og söluverði eignar yrði heldur ekki úthlutað til rétthafa, sbr. 1. mgr. 53. gr. Þannig væri unnt að komast hjá varanlegri röskun á hagsmunum gerðarþola vegna nauðungarsölunnar meðan leyst yrði úr aðfinnslum hans gegn réttindum gerðarbeiðanda fyrir dómi. Sambærileg aðstæða væri hins vegar ekki uppi við nauðungarsölu á lausafé. Gerðarþoli gæti til dæmis ekki haldið umráðum slíkra muna með því að bera ágreining undir dóm eftir að sala væri um garð gengin, heldur yrðu þeir afhentir kaupanda þá þegar, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 65. gr. Rekstur máls um gildi nauðungarsölu mundi heldur ekki varna því að kaupanda yrði gefið út heimildarbréf fyrir eignarrétti að lausafjármunum, sbr. 69. gr. Þessi aðstöðumunur við nauðungarsölu á eignum, sem ákvæði 2. þáttar taka til, annars vegar og lausafjármunum hins vegar kallar þannig á að sýslumaður beiti mati sínu skv. 2. mgr. 22. gr. á mildari veg til hagsbóta gerðarþola þegar um lausafé er að ræða en endranær.

Um 64. gr.

Í 1.–3. gr. mgr. 64. gr. er mælt fyrir um auglýsingu lausafjáruppboðs. Kemur þar fram að það verði auglýst eitt skipti í dagblaði eða á sambærilegan hátt með viku fyrirvara, en sýslumaður megi ákveða að auglýsa það frekar á þann hátt og með þeim fyrirvara sem hann telur hæfa. Þá er tiltekið hvers efnis auglýsing af þessum toga eigi að vera, en gert er ráð fyrir að hún geymi aðeins frásögn af stað og stund uppboðs og lýsingu á munum sem verði boðnir upp, án þess að gerðarbeiðandi og gerðarþoli verði yfirleitt nafngreindir. Þessu til viðbótar er tekið fram að gerðarbeiðanda sé frjálst að auglýsa uppboð frekar á sinn kostnað, að því leyti sem það færi fram eftir kröfu hans. Sú tilhögun sem hér um ræðir svarar í meginatriðum til þess sem nú tíðkast í framkvæmd á grundvelli fyrirmæla 40. gr. laga nr. 57/1949.

Í 4. mgr. 64. gr. er kveðið á um skyldu sýslumanns til að tilkynna rétthafa í eign, sem er vitað hvar verði náð til, um fyrirhugað uppboð á henni. Þessi regla á sér hliðstæðu í 4. mgr. 38. gr. laga nr. 57/1949 og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 65. gr.

Í 65. gr. er að finna fyrirmæli um skilmála við nauðungarsölu á lausafjármunum á uppboði, sem eru um sumt hliðstæð ákvæðum 28. gr. um skilmála við uppboð á eignum sem reglur 2. þáttar frumvarpsins ná til. Með sama hætti og í 28. gr. er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra setji hér almenna uppboðsskilmála, sem verði birtir með auglýsingu í Stjórnartíðindum og gildi við lausafjáruppboð nema annað sé sérstaklega ákveðið hverju sinni skv. 2. mgr. 65. gr. Líkt og í 28. gr. er tiltekið í 65. gr. hvað eigi að lágmarki að koma fram í almennum uppboðsskilmálum og eru bindandi fyrirmæli um sum atriði í 65. gr. en um önnur er ráðherra falið ákvörðunarvald. Efni almennra uppboðsskilmála á grundvelli 65. gr. er hins vegar ekki sambærilegt því sem er mælt fyrir um í 28. gr., enda umtalsverður eðlismunur á því sem verður ráðstafað á uppboði eftir hvorri reglu um sig. Ákvæði 65. gr. styðjast að þessu leyti nokkuð við fyrirmyndir í núgildandi lögum, en rétt er að huga lítillega að einstökum atriðum 65. gr. til nánari skýringa.

Í 1. tölul. 1. mgr. 65. gr. er mælt fyrir um að lausafjármunir verði seldir á uppboði í því ástandi sem þeir eru þegar hamar fellur. Þetta er efnislega sama regla og nú kemur fram í 1. tölul. 39. gr. laga nr. 57/1949.

Í 2. tölul. 1. mgr. 65. gr. er tekið fram að uppboð verði haldið með þeim skilmála að sýslumanni sé óskylt að taka neinu boði undir tveimur kringumstæðum. Annars vegar ætti þetta við ef nauðungarsalan fer fram á grundvelli 6. gr. og framkomin boð nægja ekki til þess að gerðarbeiðandi fái neitt í sinn hlut, sbr. 5. mgr. 67. gr. Hins vegar mætti sýslumaður hafna öllum framkomnum boðum ef hann telur þau fara fjarri líklegu markaðsverði hlutar og aðili að nauðungarsölunni krefst að þeim verði hafnað til þess að reyna ráðstöfun eignarinnar á ný við annað uppboð, sbr. 6. mgr. 67. gr. Sambærileg fyrirmæli er ekki að finna í núgildandi lögum.

Í 3. tölul. 1. mgr. 65. gr. er ráðgert að ráðherra ákveði í almennum uppboðsskilmálum hvort lausafjármunir verði seldir með þeim skilmála að kaupandi greiði kostnað og opinber gjöld vegna nauðungarsölu á viðkomandi hlut til viðbótar við boð sitt eða hvort slíkur kostnaður og gjöld teljist innifalin í boði. Kostnaður í þessum tilvikum yrði væntanlega almennt aðeins sölulaun í ríkissjóð, sem væru tiltekið hlutfall af söluverði hlutar, en opinber gjöld væru almennt ekki önnur en virðisaukaskattur. Um skyldu kaupanda til að greiða kostnað er nú mælt á nokkuð annan veg í 6. tölul. 39. gr. laga nr. 57/1949, en þar er ekki vikið að opinberum gjöldum af söluverði.

Í 4. tölul. 1. mgr. 65. gr. er byggt á því að aðalreglan um greiðslu söluverðs í almennum uppboðsskilmálum verði sú að það beri að staðgreiða, en heimilt verði eftir ósk gerðarbeiðanda eða með samþykki hans að ákveða fyrirfram að gjaldfrestur verði veittur á söluverði. Þessi regla er áþekk fyrirmælum 5. tölul. 39. gr. laga nr. 57/1949.

Í 5. tölul. 1. mgr. 65. gr. kemur fram að almennir skilmálar verði á þann veg að kaupandi beri áhættu af því selda frá því hamar fellur, en regla sama efnis kemur nú fram í 2. tölul. 39. gr. laga nr. 57/1949.

Í 6. tölul. 1. mgr. 65. gr. er ráðgert að lausafjármunir verði seldir með þeim skilmála að kaupanda sé rétt og skylt að taka við vörslum þeirra um leið og kaupverð er greitt, en ef gjaldfrestur yrði veittur og annað ekki ákveðið hverju sinni yrðu munirnir geymdir á kostnað og áhættu kaupanda þar til verð þeirra væri að fullu greitt. Í 4. tölul. 39. gr. laga nr. 57/1949 er ekki kveðið á um sams konar afleiðingar gjaldfrests á umráðarétt kaupanda, en að öðru leyti eru ákvæðin samsvarandi.

Í 7. tölul. 1. mgr. 65. gr. kemur loks fram að lausafjármunir verði seldir á uppboði með þeim skilmála að engin ábyrgð sé tekin á ástandi þeirra eða heimild yfir þeim og að kaupandi geti ekki haft uppi kröfu um riftun, afslátt eða skaðabætur eftir að söluverðinu hefur verið ráðstafað. Efnislega er hér um sömu reglu að ræða og nú kemur fram í 3. tölul. 39. gr. laga nr. 57/1949.

Samkvæmt 2. mgr. 65. gr. gæti sýslumaður ákveðið með bókun í gerðabók að víkja frá almennum uppboðsskilmálum með sama hætti og er mælt fyrir um í 29. gr. Er tekið fram að ákvörðun um slíkt frávik geti hvort heldur tekið til sölu á einstökum munum eða allra muna sem verði seldir á sama uppboði.

Um 66. gr.

Í 66. gr. koma fram reglur um frestun uppboðs á lausafjármunum. Með líkum hætti og í 1. mgr. 27. gr. er mælt fyrir um það í 1. mgr. 66. gr. að sýslumaður fresti að selja eign á uppboði ef gerðarbeiðendur æskja þess og mundi þá ekki skipta máli hvort áður hafi verið tilkynnt um uppboðið eða það verið auglýst. Sú sérstaða er þó uppi í þessu tilviki í samanburði við fyrrnefnd ákvæði 27. gr., að hér er tekið fram að uppboði verði ekki frestað gegn mótmælum gerðarþola. Þótt það kunni að virðast ósennilegt við fyrstu sýn að gerðarþoli legðist nokkurn tímann gegn frestun nauðungarsölu, verður ekki litið hjá því að hann gæti beinlínis haft hagsmuni af því að sala á lausafjármunum fari sem fyrst fram, gagnstætt því sem mætti almennt vænta varðandi annars konar eignir. Slíkir hagsmunir gerðarþola gætu helst komið til af því að gerðarbeiðandi væri þegar búinn að taka við vörslum munanna, og yrði þá frestun á

ráðstöfun þeirra gerðarþola yfirleitt fremur til tjóns en hagsbóta. Í 1. mgr. 66. gr. kemur að öðru leyti fram að ef framangreindum skilyrðum væri fullnægt til að fresta sölu lausafjármuna á uppboði, þá verði ekki af fyrirtöku nauðungarsölunnar við áður ákveðið uppboð nema annað tveggja komi til, að gerðarþoli eða gerðarbeiðandi vilji hafa þar uppi ósk um að sala fari fram á almennum markaði eða gerðarþoli eða þriðji maður vilji koma þar á framfæri mótmælum gegn framgangi nauðungarsölu. Í niðurlagi 1. mgr. 66. gr. er síðan tekið fram að uppboði verði frestað ef ekki tekst að koma munum á uppboðsstað í tæka tíð.

Í 2. mgr. 66. gr. er mælt fyrir um töku ákvörðunar um nýjan tíma til uppboðs í kjölfar frestunar, tilkynningar um þá ákvörðun og auglýsingu á nýju uppboði. Reglurnar í þessum efnum eru áþekkar þeim sem koma fram í 1. mgr. 27. gr. um hliðstæð atriði í tengslum við uppboð á eignum sem eiga undir 2. þátt frumvarpsins.

Í 3. mgr. 66. gr. er kveðið á um hliðstætt hámark á því, hvað gerðarbeiðendur geti lengi frestað sölu lausafjármuna á grundvelli beiðna sinna, og er mælt fyrir um í 2. mgr. 27. gr. varðandi nauðungarsölu á eignum skv. 2. þætti frumvarpsins. Má því telja að þetta ákvæði þarfnist ekki sérstakra skýringa.

Um 67. gr.

Í 67. gr. er mælt fyrir um framkvæmd lausafjáruppboðs og kveðið meðal annars á um hvernig uppboðsskilmálar verði kynntir, í hverri röð verði leitað boða í einstakar eignir og hvernig það verði gert, hvernig afstaða verði tekin til boða og þau samþykkt og hvað þurfi að bóka í gerðabók við framkvæmd uppboðsins. Almennt má segja að ákvæði 67. gr. feli í sér ólíkt einfaldara verklag heldur en yrði beitt við uppboð samkvæmt reglum V. kafla frumvarpsins, en í mörgum grunnatriðum er þó ráðgert að sömu eða samsvarandi lögmál gildi.

Samkvæmt 1. mgr. 67. gr. er ætlast til að sýslumaður kynni uppboðsskilmála við byrjun uppboðs í eitt skipti fyrir öll, þótt margar eignir verði boðnar upp og athöfnin standi um lengri tíma. Eftir hljóðan ákvæðisins yrði þó vikið frá þessu ef afbrigðilegir skilmálar ættu að gilda við ráðstöfun einstakra muna, en þá yrðu afbrigðin kynnt eftir þörfum jafnharðan og komið væri að því að leita boða í þá muni. Fyrirmæli 1. mgr. 67. gr. eru áþekk þeim sem nú koma fram í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 57/1949.

Í 2. mgr. 67. gr. er ráðgert að sýslumaður ákveði í hverri röð munir verði boðnir upp, en þó er mælt fyrir um að hann taki tillit til óska gerðarþola í þessum efnum ef krafist hefur verið sölu á mörgum munum hans og óvíst þykir hvort það muni þurfa að selja þá alla til þess að gerðarbeiðandi fái fullnustu. Með þeim hætti gæti gerðarþoli ráðið nokkuð ferðinni og fengið því framgengt að þeir munir, sem hann teldi sig síst geta verið án, verði ekki seldir nema nauðsyn krefji. Þá er tekið fram í 2. mgr. 67. gr. að sýslumaður geti ákveðið að leita boða í tvo eða fleiri muni í einu lagi, ef þeir tilheyra sama gerðarþola og sýslumaður sér ekki ástæðu til að vænta að boð verði lægri fyrir vikið en ef munirnir yrðu seldir hver fyrir sig. Loks er tekið fram að sýslumaður geti beitt valkvæðni í þessum efnum með því að leita til dæmis fyrst eftir boðum í tvo hluti í senn og síðan í hvorn fyrir sig, en ákveðið síðan hverju boði verði tekið, sbr. 2. mgr. 30. gr. Ákvæði 2. mgr. 67. gr. eru í ýmsum atriðum sambærileg 2. mgr. 43. gr. laga nr. 57/1949.

Ákvæði 3. mgr. 67. gr. snúa að því hvernig sýslumaður gefi bjóðendum til kynna í hvern hlut eigi að leita boða hverju sinni og hverjar lýsingar á hlutnum eigi að koma fram. Verður að telja þessi fyrirmæli skýra sig sjálf.

Í 4. mgr. 67. gr. er vísað til tiltekinna ákvæða 32. og 33. gr., meðal annars um hverjir megi gera boð í eign, heimildir sýslumanns til að krefja bjóðanda um tryggingu og ákvörðun um minnsta mun boða. Verður ekki séð að hér sé þörf sérstakra skýringa.

Í 5. mgr. 67. gr. er að finna reglur um árangurslausa nauðungarsölu á lausafjármunum, sem gæti komið til á tvo vegu. Annars vegar er mælt fyrir um afleiðingarnar af því að ekkert boð komi fram í hlut. Undir þeim kringumstæðum er sýslumanni heimilað það úrræði að bæta

öðrum við og leita boða í báða í senn, en þetta er þó háð því að báðir hlutirnir tilheyri sama gerðarþola. Verði þessa úrræðis ekki neytt eða beri það engan árangur heldur, telst nauðungarsalan árangurslaus að því leyti og beiðni um hana fallin niður varðandi viðkomandi eign. Hins vegar kemur fram sú regla í 5. mgr. 67. gr. að nauðungarsala verði talin árangurslaus og beiðni um hana þar með fallin niður, ef nauðungarsölunnar hefur verið krafist af skuldheimtumanni á grundvelli 6. gr. og framkomin boð nægja ekki til þess að hann fái neitt í sinn hlut af söluverði. Þessi regla er sama efnis og fyrirmæli 5. mgr. 36. gr. um sambærilega aðstöðu við uppboð á eign sem ákvæði 2. þáttar frumvarpsins taka til.

Samkvæmt 6. mgr. 67. gr. á sýslumaður að leita eftir boðum með sama hætti og við uppboð eftir V. kafla frumvarpsins og skora þannig á viðstadda, jafnharðan og boð kæmi fram, að gera hærri eða eftir atvikum frekari boð, en þegar slík áskorun hefði þrívegis verið sett fram án árangurs yrði hamar látinn falla til marks um að ekki verði tekið við frekari boðum. Sýslumanni er síðan ætlað að láta uppi þá þegar hvort boði sé tekið og á það jafnan að vera hæsta boð eða eitt þeirra ef fleiri jafnhá komu fram. Er um að ræða ólíka aðstöðu hér frá þeirri sem er mælt fyrir um í 2. þætti frumvarpsins, því hér yrði að taka afstöðu til boðs um leið og hamar félli án umþóttunartíma til að ákveða samþykki boðs. Í 6. mgr. 67. gr. kemur fram að sýslumanni sé ekki skylt að taka neinu framkomnu boði í eign, ef aðili að nauðungarsölunni krefst þess að reynt verði að bjóða eignina upp á ný við annað uppboð og sýslumaður fellst á að boðin séu óhæfilega lág með hliðsjón af líklegu markaðsverði eignarinnar. Þessari heimild svipar mjög til þeirrar, sem kemur fram í 37. gr. varðandi eignir sem 2. þáttur frumvarpsins tekur til, en með henni yrði unnt að komast hjá því að eign verði ráðstafað gegn óeðlilega lágu verði.

Í 7. mgr. 67. gr. kemur fram að sýslumaður geti tekið næsthæsta boði í eign eða boðið hana upp á ný ef hæstbjóðandi, sem hann hefur samþykkt boð frá skv. 6. mgr., stendur ekki við það í beinu framhaldi af því að samþykki hafi verið lýst yfir. Sömu aðferðum og hér er mælt fyrir um er almennt beitt í núverandi framkvæmd. Í niðurlagi 7. mgr. 67. gr. er kveðið á um sams konar afleiðingar vanefnda á boði í lausafjármuni og mælt er fyrir um í 4. mgr. 39. gr. varðandi eignir sem ákvæði 2. þáttar taka til.

Samkvæmt 8. mgr. 67. gr. yrðu bókanir í gerðabók um uppboð á lausafjármunum ólíkt íburðarminni en við uppboð eftir V. kafla frumvarpsins, sbr. 2. mgr. 33. gr. Ákvæði 8. mgr. 67. gr. eru í meginatriðum sama efnis og 2. mgr. 44. gr. laga nr. 57/1949.

Um 68. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um úthlutun söluverðs sem hefur fengist fyrir lausafjármuni við nauðungarsölu, en þessi fyrirmæli ættu jöfnum höndum við, hvort sem sala hefði átt sér stað á uppboði eða almennum markaði. Efnislega kemur fram í 68. gr. að úthlutun eigi að fara fram í beinu framhaldi af greiðslu söluverðs án formlegs aðdraganda og þarf engu að breyta í þeim efnum þótt fleiri en gerðarbeiðandi geti notið réttinda til greiðslu af söluverði. Tvær ástæður geta þó orðið til þess að þetta yrði ekki gert. Annars vegar kemur fram í 1. mgr. 68. gr. að úthlutun megi ekki fara fram ef gildi nauðungarsölu hefur verið borið undir dóm eftir reglum XIV. kafla frumvarpsins áður en greiðsla á sér stað. Ef þetta gerðist yrði að slá útborgun á frest þar til lyktir dómsmáls yrðu fengnar, með sama hætti og er mælt fyrir um í 1. mgr. 53. gr., en ef gildi nauðungarsölunnar yrði síðan ekki hnekkt fyrir dómi yrði útborgun hagað eftir almennri leið 1. mgr. 68. gr. Hins vegar er ráðgert í 2. mgr. 68. gr. að úthlutun verði að fara eftir fyrirmælum 50.–54. gr. ef sýslumaður telur tilefni til vafa um réttindi til greiðslna af söluverði, en slíkt yrði háð mati hans hverju sinni.

Um 69. gr.

Í 1. mgr. 69. gr. kemur fram að sýslumaður gefi kaupanda út heimildarbréf eða annars konar skjalfesta staðfestingu fyrir eignarrétti ef þörf krefur. Eins og orðalag þessa ákvæðis gefur til kynna er almennt ekki þörf á sérstöku afsali eða annars konar skjalfestu framsali á eignarrétti yfir lausafjármunum við nauðungarsölu, en undantekningar frá þessu geta meðal annars varðað bifreiðar og annars konar lausafjármunir, sem eignarhald er skrásett að, og stafar þá nauðsyn skjalfestra heimilda almennt af þörfum kaupanda.

Í 2. og 3. mgr. 69. gr. er vísað til ákvæða 2. mgr. 56. gr. og 57. gr. um að nauðungarsala á lausafjármunum leiði til brottfalls á réttindum yfir þeim og geti einnig haft áhrif á ófullnægð réttindi þess sem gerist þar kaupandi að þeim. Þessum ákvæðum yrði beitt með sama hætti við nauðungarsölu á lausafjármunum og þegar hefur verið lýst í athugasemdum við þau.

Um 70.–72. gr.

Í XII. kafla frumvarpsins, sem 70.–72. gr. mynda, koma fram sérreglur um nauðungarsölu á annars konar réttindum en fasteignum, öðrum fasteignarréttindum, skrásettum skipum, skrásettum loftförum og lausafjármunum, sem yrði ráðstafað eftir reglum 2. þáttar eða XI. kafla. Í 1. mgr. 70. gr. er gildissviði XII. kafla lýst efnislega með þessari neikvæðu skilgreiningi, en tekið fram að beiting á ákvæðum kaflans sé þó háð því að viðkomandi réttindi geti gengið kaupum og sölu. Þótt fyrirmæli XII. kafla taki þannig til ráðstöfunar á öllum öðrum tegundum eigna eða réttinda en áður var getið, er tæplega raunhæft að ætla að það reyni nema lítillega á þau og þá helst til ráðstöfunar á verðbréfum og kröfuréttindum, sem heiti kaflans er reyndar dregið af. Vissulega er þó til í dæminu að komið geti til nauðungarsölu á öðrum réttindum, sem ákvæði XII. kafla gætu tekið til, svo sem auðkennaréttindum, hugverkaréttindum eða réttindum til fallins arfs.

Í vissu leyti má segja að hugtakið nauðungarsala sé ekki lýsandi fyrir þær ráðstafanir sem er ráðgert að verði beitt í reglum XII. kafla frumvarpsins. Eins og ráða má til dæmis af orðum 2. og 3. mgr. 71. gr. geta þessar ráðstafanir beinst að því að innheimta kröfu eða innleysa verðbréf í stað þess að þau verði seld. Í öðrum tilvikum yrði ráðstöfun hins vegar fólgin í nauðungarsölu í bókstaflegum skilningi, til dæmis sölu á verðbréfi fyrir atbeina verðbréfamiðlara, sbr. 2. mgr. 71. gr., og sölu réttinda á uppboði, sbr. 5. mgr. 71. gr. Til hægðarauka eru þessar mismunandi ráðstafanir þó allar felldar undir samheitið nauðungarsala, eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins.

Þótt ferill nauðungarsölu eftir ákvæðum XII. kafla sé frábrugðinn því sem er mælt fyrir um í öðrum köflum frumvarpsins, eru bæði upphaf og endir hennar sams konar og í öðrum tilvikum. Almennum reglum 1. þáttar frumvarpsins yrði beitt um aðdraganda aðgerða, eins og má ráða meðal annars af fyrirmælum 1. mgr. 70. gr., þar sem kemur fram að eiginlegar ráðstafanir við nauðungarsölu hefjist með því að sýslumaður boði aðila að henni til fyrirtöku með þeim hætti sem er mælt fyrir um í 16. gr. Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. yrði nauðungarsalan síðan tekin fyrir á starfstofu sýslumanns og farið yrði þá eftir reglum 21. gr. um framlagningu gagna, kynningu þeirra fyrir gerðarþola og leiðbeiningar við hann. Þegar síðan væri lokið að koma réttindum í verð yrði staðið að málalokum eftir fyrirmælum XI. kafla, meðal annars við úthlutun til rétthafa. Burt séð frá því að hvergi er í XII. kafla mælt fyrir um að auglýst verði um nauðungarsölu, sem færi eftir ákvæðum kaflans, felast afbrigðin við hana aðallega í þeim aðferðum sem yrði beitt til að koma réttindum í verð. Að auki eru fyrirmæli XII. kafla ólík öðrum ákvæðum frumvarpsins að því leyti að aðferðirnar til að koma réttindum í verð eru ekki bundnar með fortakslausum hætti, eins og eftirfarandi lýsing ber að nokkru með sér.

Eins og áður greinir er gert ráð fyrir því í 1. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 71. gr. að sýslumaður boði aðila að nauðungarsölu, sem færi eftir reglum XII. kafla, til formlegrar fyrirtöku á starfstofu sinni. Samkvæmt niðurlagi 1. mgr. 71. gr. er ætlast til þess að sýslumaður leiti tillagna aðilanna um það, hvernig staðið verði að ráðstöfun réttinda, og taki síðan ákvörðun í

þeim efnum, sem verður bókað um í gerðabók, sbr. 2. mgr. 70. gr. Samkvæmt 2.–5. mgr. 71. gr. geta aðferðirnar til að ráðstafa réttindum verið með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi kemur fram í 2. mgr. 71. gr. að ógjaldföllnum verðbréfum verði almennt ráðstafað á þann hátt að verðbréfamiðlara verði falið að annast sölu á því gegn verði, sem sýslumaður samþykkir, og standa síðan sýslumanni skil á andvirðinu. Þessi leið gæti meðal annars átt við um hlutabréf eða ógjaldfallin skuldabréf. Í öðru lagi er mælt fyrir um það í sama ákvæði að fara megi þá leið, þegar um verðbréf er að ræða sem má þegar eða fljótlega fá greitt eða innleyst gegn greiðslu peninga, að sýslumaður taki við framboðinni greiðslu eða annist innlausn þeirra. Þetta gæti til dæmis átt við um skuldabréf sem eru að koma í gjalddaga eða verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs sem má bráðlega fá innleyst við Seðlabanka Íslands. Í þriðja lagi kemur fram almenn heimild í 3. mgr. 71. gr. til að ákveða að fela gerðarbeiðanda eða lögmanni að fylgja eftir annars konar kröfuréttindum eða tilkalli til peningagreiðslu, en sýslumanni yrði þá afhent féð sem fengist með þeim hætti. Þessi leið gæti verið farin við margvíslegar aðstæður, til dæmis til þess að innheimta kröfu samkvæmt gjaldföllnu verðbréfi eða reikningi, sækja kröfu um skaðabætur eða taka við útborgun fallins arfs gerðarþola. Í fjórða lagi má nefna að skv. 4. mgr. 71. gr. mætti beita aðferðum til ráðstöfunar samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. í öðrum tilvikum en þeim sem eiga beinlínis undir þau eftir hljóðan þeirra. Þessi heimild veitir visst svigrúm til ákvörðunar um ráðstöfun á óvenjulegum réttindum. Í fimmta lagi er loks mælt fyrir um þann kost í 4. og 5. mgr. 71. gr., að réttindum verði ráðstafað við uppboð eftir reglum XI. kafla, en eftir hljóðan þessara ákvæða ætti þessi leið við ef fyrirmæli 2. og 3. mgr. taka ekki til viðkomandi réttinda eða þargreindar leiðir til að ráðstafa þeim hafa þegar reynst árangurslausar eða virðast óvænlegar til árangurs.

Þegar farin yrði einhver leið til að ráðstafa réttindum við nauðungarsölu eftir reglum XII. kafla frumvarpsins, önnur en að selja þau á uppboði, leiðir af 2. og 3. mgr. 71. gr. að sýslumaður fari með forræði á réttindunum og sé bær um að ráðstafa þeim í embættisnafni með sömu áhrifum og ef hann hefði umboð til þess úr hendi gerðarþola.

Um 73. gr.

Þessi grein er sú fyrsta í 4. þætti frumvarpsins, sem geymir fyrirmæli um meðferð mála sem rísa við nauðungarsölu fyrir dómstólum. Í þessum þætti frumvarpsins eru tveir kaflar, XIII. kafli, þar sem er að finna reglur um hvernig verði leyst úr afmörkuðum ágreiningsefnum jafnharðan meðan á aðgerðum stendur við nauðungarsölu, og XIV. kafli, þar sem mælt er fyrir um rekstur máls til að fá leyst úr um gildi nauðungarsölu eftir að eign hefur verið komið í verð. Þótt reglur kaflanna um sjálfa málsmeðferðina fyrir dómi séu í flestum atriðum áþekkar eða þær sömu, eru sérfyrirmæli í hvorum kafla fyrir sig um aðdraganda að máli, ágreiningsefnin sem þar verður leyst úr og fleiri atriði sem útiloka að hægt sé með góðu móti að skipa reglum um bæði þessi afbrigði mála saman í einn kafla.

Ákvæði 4. þáttar frumvarpsins um málsmeðferð eiga sér ekki hliðstæðu í lögum nr. 57/1949, en skýring á því hefur komið að nokkru fram í II. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Eftir lögum nr. 57/1949 hafa héraðsdómarar annast framkvæmd nauðungaruppboða og hafa þeir einnig leyst jafnharðan úr ágreiningsatriðum sem rísa í sambandi við þau, sbr. 5. mgr. 2. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 hafa ákvæði laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, gilt í helstu atriðum um rekstur mála sem koma upp með þessum hætti, en afbrigðum frá þeim reglum, sem er gert ráð fyrir í lögunum að séu fyrir hendi, er þó ekki lýst þar að heitið geti. Samsvarandi leið er ófær í þessu frumvarpi þegar af þeirri ástæðu að sýslumenn án dómsvalds eiga að annast framkvæmd nauðungarsölu sem stjórnsýsluathöfn og geta þeir því ekki fellt dómsúrlausn á ágreiningsefni eftir því sem þau rísa. Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að sérreglur komi fram í frumvarpinu um það, hver ágreiningsatriði verði borin undir dóm í tengslum við nauðungarsölu, hvernig það verði gert og hvernig slík mál verði rekin. Þótt þessar sérreglur, sem koma fram í XIII. og XIV. kafla

frumvarpsins, eigi sér ekki hliðstæður í lögum nr. 57/1949, má finna samsvörun við þær á öðrum vettvangi. Ákvæði 14. og 15. kafla laga nr. 90/1989, sem geyma reglur um úrlausn ágreinings sem rís við framkvæmd aðfarargerða og úrlausn um gildi aðfarargerðar eftir lok hennar, eru í fjölmörgum atriðum sama efnis og ákvæði XIII. og XIV. kafla frumvarpsins, enda er hér um náskyld og eðlislík svið að ræða.

Í 1. mgr. 73. gr. kemur fram að ágreiningsmál sem rísa við nauðungarsölu verði borin undir dóm eftir reglum XIII. kafla eftir því sem önnur ákvæði frumvarpsins mæla fyrir um heimild til þess. Í 1. mgr. 73. gr. er því ekki að finna talningu á þeim tegundum ágreiningsmála, sem geta sætt meðferð eftir umræddum reglum, heldur verður að leita heimilda til að bera einstök afbrigði ágreiningsefna undir dóm í öðrum ákvæðum frumvarpsins hverju sinni. Víðtækasta heimildin í þessum efnum kemur fram í 22. gr., þar sem í reynd er leyft að bera undir dóm ágreining um flest atriði varðandi það, hvort nauðungarsala fari fram og hvernig verði staðið að henni, sem kæmi upp við fyrstu fyrirtöku hennar eða síðar. Ákvæði 22. gr. eiga undir 2. þátt frumvarpsins og ná þannig aðeins beinlínis til þess sem gerist við nauðungarsölu á fasteign, öðrum fasteignarréttindum, skrásettu skipi eða skrásettu loftfari. Hins vegar er vísað til ákvæða 22. gr. í reglum sem standa utan 2. þáttar frumvarpsins og verður þeim því beitt um ágreining sem rís við vörslutöku, sbr. 3. mgr. 60. gr., við nauðungarsölu á lausafjármunum, sbr. 2. mgr. 63. gr., og við nauðungarsölu á annars konar réttindum skv. XII. kafla, sbr. 72. gr. Má því segja að 22. gr. geymi almennar reglur sem yrði beitt á öllum sviðum sem ákvæði frumvarpsins taka til. Auk þessarar almennu heimildar í 22. gr. koma fram sérreglur í öðrum ákvæðum frumvarpsins um rétt til að fá leyst úr tilteknum atriðum fyrir dómi eftir fyrirmælum XIII. kafla frumvarpsins. Þannig er að finna heimild í 2. mgr. 13. gr. handa gerðarbeiðanda til að bera undir dóm ákvörðun sýslumanns um að vísa á bug beiðni hans. Þá er heimild handa gerðarbeiðanda í 3. mgr. 15. gr. til að bera undir dóm ákvörðun sýslumanns um að fella niður beiðni hans vegna atvika sem eru talin í 2. mgr. 15. gr. Tilvikin sem 13. og 15. gr. taka til geta staðið utan marka almennu heimildarinnar í 22. gr., því höfnun beiðni eða niðurfelling gæti átt sér stað áður en nauðungarsala væri komin á það stig að reglum 22. gr. verði beitt. Í 47. og 48. gr. er síðan að finna heimildir til að bera undir dóm ágreining um riftun kaupa, sem hafa komist á við nauðungarsölu, eða um kröfu um afslátt af söluverði eða skaðabætur Þá er í 1. mgr. 52. gr. heimild til að bera ágreining um úthlutun söluverðs undir dóm eftir reglum XIII. kafla. Í þessum síðastnefndu tilvikum er aftur um það að ræða að þau gætu talist standa utan almennu heimildarinnar 22. gr. Að teknu tilliti til alls þessa má segja að víðtækar heimildir séu fyrir hendi til að bera afmörkuð ágreiningsatriði sem varða nauðungarsölu undir dóm eftir reglum XIII. kafla frumvarpsins, en þó ber að vekja athygli á því að slík heimild getur verið útilokuð berum orðum varðandi einstök atriði í ákvæðum frumvarpsins, sbr. 3. mgr. 37. gr.

Þótt rúmar heimildir standi samkvæmt áðursögðu til þess að bera afmörkuð atriði varðandi nauðungarsölu undir dóm eftir reglum XIII. kafla frumvarpsins, verður að taka tillit til þess að þær standa ekki öllum opnar. Almenna heimildin til að leita dómsúrlausnar í 22. gr. er að meginreglu aðeins veitt gerðarbeiðendum, en aðrir geta aðeins nýtt sér heimildina með samþykki gerðarbeiðenda, hvort sem um gerðarþola er að ræða, rétthafa í eign eða þriðja mann. Áðurnefndar sérstakar heimildir í 13. og 15. gr. eru einnig orðaðar með þeim hætti að þær standi aðeins gerðarbeiðendum til boða. Sérstöku heimildirnar til að leita dómsúrlausnar í 47., 48. og 52. gr. eru hins vegar öðru marki brenndar, því eftir tveimur fyrstnefndu ákvæðunum njóta kaupandi að eign og aðilar að nauðungarsölunni, sem hafa hagsmuna að gæta, réttar til að bera ágreiningsefni um vanefndir í kaupunum undir dóm eftir reglum XIII. kafla, og eftir síðastnefnda ákvæðinu mega allir aðilar að nauðungarsölunni leita dómsúrlausnar um úthlutun söluverðs eignar.

Í 2. mgr. 73. gr. koma fram fyrirmæli um hvernig það beri að að mál verði rekið fyrir dómi eftir XIII. kafla frumvarpsins. Samkvæmt þessu ákvæði verður sá, sem vill bera mál

undir dóm, að lýsa því yfir fyrir sýslumanni, og beinir hann því ekki tilkynningu um þetta til héraðsdóms. Yfirlýsing um þetta verður hins vegar að koma fram fyrir sýslumanni innan tiltekins tíma, eins og nánar er lýst í 2. mgr. 73. gr. Þannig er mælt fyrir um það að hlutaðeigandi þurfi að hafa þessa yfirlýsingu uppi þegar í stað við fyrirtöku sýslumanns á nauðungarsölunni, ef hann er þar staddur. Hafi hlutaðeigandi ekki verið við fyrirtöku og ekki fengið boðun til hennar eða haft lögmæt forföll nýtur hann réttar til að lýsa því bréflega yfir við sýslumann að hann vilji leggja tiltekna ákvörðun sýslumanns fyrir dómstóla, en þetta yrði að gerast innan viku frá því hlutaðeiganda varð kunnugt um ákvörðunina og heimildin er að auki háð því að ákvörðuninni hafi ekki þegar verið framfylgt með aðgerðum við nauðungarsöluna. Sama leið er boðin í ákvæðinu um ákvarðanir sem sýslumaður tæki utan formlegrar fyrirtöku.

Í 3. mgr. 73. gr. er mælt fyrir um hvernig sýslumanni beri að bregðast við yfirlýsingu samkvæmt áðurnefndri 2. mgr. Sýslumanni er ætlað að stöðva þá þegar allar frekari aðgerðir við framkvæmd nauðungarsölunnar, að því leyti sem þær geta talist háðar úrlausn ágreiningsefnisins. Frá þessu er þó gerð sú undantekning að ekki verði af slíkri stöðvun aðgerða ef sýslumaður telur bersýnilegt að skilyrði séu ekki til að bera viðkomandi málefni undir dómstóla. Þetta gæti til dæmis átt við ef annar aðili að nauðungarsölu en gerðarbeiðandi lýsir yfir að hann vilji leita úrlausnar dómstóla á grundvelli almennrar heimildar 22. gr. og gerðarbeiðandi lætur þá þegar uppi að hann samþykki það ekki. Eins væri til dæmis ef aðili hefði verið staddur við fyrirtöku þar sem ákvörðun sýslumanns kom fram án þess að gera þar athugasemdir um hana, en lýsti því síðan yfir við næstu fyrirtöku að hann vilji bera ákvörðunina undir dóm. Í báðum þessum tilvikum mætti sýslumaður telja augljóst að skilyrðum væri ekki fullnægt til þess að leita dómsúrlausnar og mundi hann því ekki stöðva aðgerðir við nauðungarsöluna af þeim sökum. Það breytir því hins vegar ekki að málefnið yrði allt að einu lagt fyrir dóm ef hlutaðeigandi héldi kröfu sinni um það til streitu. Í 3. mgr. 73. gr. kemur að öðru leyti fram hvernig sýslumaður bóki um þessa atburði í gerðabók og leiti afstöðu annarra viðstaddra aðila að nauðungarsölunni til ágreiningsatriðis og eftir atvikum krafna þeirra um það, en að því gerðu er sýslumanni ætlað að afhenda þeim, sem vill leita dómsúrlausnar, eftirrit af nauðsynlegum gögnum, sem hafa verið lögð fram við nauðungarsöluna, og endurrit úr gerðabók af bókunum sem geta varðað ágreininginn.

Samkvæmt 4. mgr. 73. gr. ber sýslumanni að tilkynna aðilum að nauðungarsölunni, sem væntanlegt dómsmál gæti varðað og voru ekki viðstaddir þegar yfirlýsing skv. 2. mgr. 73. gr. kom fram, um þau atvik sem hafa komið upp. Þessi tilkynning á að þjóna þeim tvíþætta tilgangi að gera aðilunum annars vegar grein fyrir töfum, sem kynnu að verða á framkvæmd nauðungarsölu af þessum sökum, og hins vegar að veita þeim vitneskju til þess að þeir geti verið viðbúnir því að gæta hagsmuna sinna fyrir dómi.

Í 5. mgr. 73. gr. kemur fram að það hvíli á þeim, sem æskir dómsúrlausnar, að koma gögnum vegna máls til þess héraðsdómstóls sem það ætti undir skv. 4. mgr. 3. gr. Sýslumaður mundi því ekki hlutast til um að mál verði rekið og öðrum aðilum að nauðungarsölunni væri það heldur ekki skylt. Hins vegar má ekki líta svo á að fyrirmæli 5. mgr. 73. gr. útiloki að annar, sem yrði aðili að væntanlegu dómsmáli, geti komið málsgögnum til héraðsdóms með þeim afleiðingum að hafist verði þar handa um rekstur máls, en slíkt gæti verið nauðsynlegt ef sá, sem hefur óskað eftir dómsúrlausninni, vanrækir skyldur sínar í þessum efnum, enda væri að öðrum kosti hætt við að framkvæmd nauðungarsölunnar gæti verið í kyrrstöðu vegna ágreiningsins um ófyrirséðan tíma.

Samkvæmt 6. mgr. 73. gr. yrði sýslumanni jafnan heimilt að senda héraðsdómi skriflegar athugasemdir sínar um málefni varðandi nauðungarsölu, sem væri lagt fyrir dóm, nema hann kæmi sjálfur til með að eiga aðild að máli. Eins og nánar má ráða af ákvæðum 2. mgr. 74. gr. mundi heyra til undantekninga að sýslumaður ætti aðild að málum sem þessum, en eins og tilvísun í niðurlagi 6. mgr. 73. gr. gefur til kynna gæti þetta komið til í málum um vanefndir, þar sem sýslumaður kæmi fram sem aðili í þágu allra sem ættu tilkall til hlutdeildar í söluverði

eignar, sbr. 3. mgr. 46. gr. Ef sýslumaður yrði ekki aðili að máli með þessum hætti gæti hann nýtt heimildina í 6. mgr. 73. gr. til þess að koma upplýsingum á framfæri, sem hann teldi geta skipt einhverju um úrlausn máls.

Um 74. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um fyrstu aðgerðir héraðsdómara eftir að honum hafa borist gögn vegna máls skv. XIII. kafla í hendur með þeim hætti sem kemur fram í 73. gr. Samkvæmt 1. mgr. 74. gr. á héraðsdómari að kanna þegar í byrjun hvort skilyrðum sé fullnægt til að leita úrlausnar hans, en telji hann það ekki er ætlast til þess að hann vísi málinu þegar frá dómi með úrskurði án þess að kveðja aðila áður á dómþing. Slíkan úrskurð mætti kæra til æðra dóms, sbr. 1. mgr. 79. gr.

Verði máli ekki þegar vísað frá dómi samkvæmt framansögðu, er ráðgert í 2. mgr. 74. gr. að héraðsdómari stigi næst það skref að ákveða hvernig aðild verði háttað að málinu. Í þessu ákvæði er ekki sagt til um það með tæmandi hætti, hverjir verði taldir eiga aðild að máli hverju sinni. Þó er ljóst að sá sem æskir úrlausnar verði alltaf aðili máls og í 2. mgr. 74. gr. kemur fram að gerðarþoli verði að einnig aðili að máli, ef það varðar hagsmuni hans, en nánari atvik verða síðan að ráða hverjir aðrir komi við sögu. Ef mál ætti rætur að rekja til ágreinings, sem hefur risið fyrir sýslumanni milli tveggja eða fleiri aðila að nauðungarsölunni, er sjálfgefið að þeir ættu báðir eða allir aðild að máli. Ef mál varðaði beinlínis hagsmuni aðila að nauðungarsölunni, sem hefur þó ekki staðið að ágreiningi um viðkomandi atriði fyrir sýslumanni, yrði enn að telja þann eiga að verða aðili að máli fyrir dómi, en þetta gæti til dæmis átt við ef rétthafi hefur mótmælt frumvarpi sýslumanns til úthlutunar á söluverði eignar á þeirri forsendu að öðrum rétthafa sé þar ætluð of há greiðsla, og sá síðarnefndi hefur ekkert tjáð sig um þau mótmæli. Ef mál væri komið til vegna mótlætis, sem sýslumaður hefur sýnt gerðarbeiðanda af sjálfsdáðum án þess að neinn annar aðili hafi látið viðkomandi atriði til sín taka, leiðir af fyrirmælum 2. mgr. 74. gr. að sýslumaður yrði ekki aðili að málinu, heldur yfirleitt gerðarþoli. Í 2. mgr. 74. gr. má að öðru leyti finna reglur um það, hver verði hverju sinni talinn sóknaraðili að máli og hver verði varnaraðili, en eins og orðalagi er háttað um þessi atriði í ákvæðinu má vera ljóst að aðeins sé ætlast til þess að þessar reglur verði hafðar til leiðbeiningar.

Varðandi aðild að máli skv. XIII. kafla frumvarpsins er rétt að taka fram, að þótt dómara sé ætlað með 2. mgr. 74. gr. að taka ákvörðun um hverjir komi til með að eiga þátt að máli, þá útilokar það ekki að aðrir, sem telja sig hafa lögvarinna hagsmuna að gæta, gefi sig fram og leitist eftir atvikum við að ganga inn í mál eftir almennum reglum.

Í 3. mgr. 74. gr. kemur fram að héraðsdómari ákveði stað og stund til að taka mál fyrir á dómþingi og kveðji málsaðila til þinghalds með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara. Héraðsdómari er hér ekki bundinn af lagareglum um stefnufrest eða birtingu tilkynninga, en almennt má ætla að tekið yrði mið af þeim reglum á þessu sviði.

Um 75.–77. gr.

Í 2. mgr. 77. gr. kemur fram að almennum reglum um meðferð einkamála í héraði verði beitt við meðferð mála skv. XIII. kafla fyrir héraðsdómi, að því leyti sem þær geta átt við og ákvæði frumvarpsins leiða ekki til frávika frá þeim. Meðferð máls skv. XIII. kafla frumvarpsins á þannig í meginatriðum að ráðast af reglum laga nr. 85/1936, en fyrirmæli 73.–76. gr. og 1. mgr. 77. gr. leiða hins vegar til frávika í ýmsum atriðum. Þannig fela ákvæði 73. og 74. gr. í sér að mál yrði ekki þingfest fyrir dómi með venjulegum hætti, heldur bærist það dómara utan þinghalds að tilhlutan aðila. Dómari gæti vísað máli frá án þess að aðilar væru nokkru sinni kvaddir á dómþing, honum er ætlað að ákveða hver verði talinn sóknaraðili máls og hver standi til varnar og hann boðar síðan aðilana af sjálfsdáðum fyrir dóm til fyrstu fyrirtöku á máli. Í öllum þessum atriðum, sem varða aðdraganda að eiginlegum rekstri máls, felast frávik frá almennum reglum laga nr. 85/1936, en frá því stigi gætir slíkra frávika hins vegar í minna

mæli. Ákvæði 75.–77. gr. geyma þó reglur um rekstur mála, sem svara ekki með öllu til almennra reglna, og er rétt að víkja lítillega að einstökum atriðum í því sambandi.

Í fyrsta lagi kemur fram í 1. mgr. 75. gr. að málsaðilar geri formlega grein fyrir kröfum sínum fyrir dómi þegar mál er tekið þar fyrir í fyrsta sinn. Héraðsdómari hefði að jafnaði þegar undir höndum gögn, þar sem kröfur aðila kæmu fram, með því að sýslumanni er ætlað að bóka um kröfur sem koma fram af hendi aðila vegna ágreiningsefnis við fyrirtöku á nauðungarsölu, sbr. 3. mgr. 73. gr. Yfirlýsingar aðila á þeim vettvangi um kröfugerð yrðu að vísu ekki bindandi fyrir þá fyrir dómi, en hins vegar bæri þeim að gera grein fyrir kröfum sínum með endanlegum hætti í fyrsta þinghaldi í málinu.

Í öðru lagi eru fyrirmæli í 2. og 3. mgr. 75. gr. um það, hvers efnis kröfur aðilanna geti orðið í dómsmáli skv. XIII. kafla. Meginregluna í þeim efnum er að finna í upphafi 2. mgr., þar sem kemur fram að kröfur geti almennt ekki varðað annað en þá ákvörðun sýslumanns um nauðungarsölu, sem varð kveikjan að málinu. Kröfurnar varðandi ákvörðunina gætu orðið með ýmsum móti, til dæmis um að hún yrði felld úr gildi eða staðfest óbreytt eða að henni yrði breytt á einhvern tiltekinn veg. Í 2. og 3. mgr. 75. gr. koma þó fram tvenns konar undantekningar frá þessari meginreglu. Annars vegar er aðilum heimilað að semja um að fá leyst um leið úr öðrum ágreiningsatriðum sínum varðandi nauðungarsölu, enda fallist dómari á að þeir hafi lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um þau. Hins vegar eru heimildir til þess að fá leyst úr réttindum og skyldum málsaðila í víðtækari mæli en ella, ef málið er tekið til úrlausnar um atriði sem varða vanefndir á kaupum við nauðungarsölu.

Í þriðja lagi er kveðið á um það í 4. mgr. 75. gr. að málsaðilum verði veittur skammur frestur til að leggja fram skriflegar greinargerðir um kröfur sínar, málsatvik og röksemdir, og til að afla sýnilegra sönnunargagna. Tekið er þó fram í ákvæðinu að þetta verði gert, ef þess gerist þörf, en af þeim orðum má ályktа að allt eins geti komið til þess að mál verði munnlega flutt án þess að aðilar hafi lagt fram skriflegar greinargerðir. Frestir til greinargerða og gagnaöflunar eiga að vera stuttir samkvæmt orðum ákvæðisins, enda ætlast til þess að mál af þessum toga yrðu rekin á skömmum tíma.

Í fjórða lagi er í 76. gr. að finna viss frávik frá almennum reglum um afleiðingar útivistar málsaðila frá þinghaldi. Það veigamesta kemur fram í ákvæðum 1. mgr. 76. gr., þar sem gert er ráð fyrir því að útivist sóknaraðila þurfi ekki sjálfkrafa að hafa í för með sér að mál falli niður, heldur geti komið til þess að leyst verði úr sjálfstæðum kröfum sem varnaraðili hefur haft uppi um þá ákvörðun sýslumanns, sem málið varðar.

Í fimmta lagi má benda á að skv. 1. mgr. 77. gr. á héraðsdómari að leysa úr máli með úrskurði, ekki með dómi, og kveða þar á um afdrif ákvörðunar sýslumanns, sem málið hefur snúist um, og eftir atvikum málskostnað handa aðila. Eftir orðum ákvæðisins gæti héraðsdómari mælt fyrir um staðfestingu, ómerkingu eða tiltekna breytingu á ákvörðuninni, eftir því sem kröfugerð í máli gæfi tilefni til. Ef heimilda 2. eða 3. mgr. 75. gr. yrði neytt til að hafa uppi kröfur um annað en tiltekna ákvörðun sýslumanns, yrði jafnframt leyst úr þeim í úrskurði, eins og kemur fram í niðurlagi 1. mgr. 77. gr.

Um 78. gr.

Í 78. gr. kemur fram að halda megi aðgerðum við nauðungarsölu áfram þegar í stað eftir að úrskurður héraðsdómara er genginn, ef úrslit máls hafa orðið á þann veg og héraðsdómari hefur ekki ákveðið annað í úrskurðinum. Meginreglan er því sú, að kæra úrskurðar til æðra dóms leiði ekki til frestunar á frekari aðgerðum, sbr. einnig 3. mgr. 79. gr., og sýslumaður tæki aðgerðir þá upp af sjálfsdáðum um leið og honum yrðu úrslitin kunn, sbr. 5. mgr. 22. gr. Heimild héraðsdómara, sem felst í niðurlagi 78. gr., til að ákveða í úrskurði að niðurstöðunni verði ekki þegar fylgt eftir með áframhaldandi aðgerðum við nauðungarsölu, leiðir til þess að hann gæti samkvæmt kröfu mælt fyrir í úrskurði um að aðgerðum verði ekki fram haldið á grundvelli úrskurðar meðan kærufresti væri ólokið og ekki fyrr en að fengnum málalokum fyrir æðra dómi ef kært yrði.

Um 79. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. eiga úrskurðir, sem héraðsdómari kveður upp í málum eftir 13. kafla frumvarpsins og fela í sér lyktir þeirra, að sæta kæru til Hæstaréttar, enda sé fullnægt skilyrðum laga um lágmarkshagsmuni til áfrýjunar dómi í einkamáli. Þá er heimilað í 1. mgr. 79. gr. að kæra úrskurði og ákvarðanir héraðsdómara um atriði sem varða rekstur máls, að því leyti sem sams konar úrskurði eða ákvörðun yrði skotið til æðra dóms í einkamáli sem væri rekið eftir almennum reglum. Í 2. mgr. 79. gr. kemur fram að kærufrestur, form kæru og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti eigi að fara eftir sömu reglum og gilda í almennum einkamálum. Í 3. mgr. 79. gr. er síðan tekið fram að kæra fresti ekki aðgerðum eftir úrskurði héraðsdómara nema hann hafi fallist á kröfu þess efnis í úrskurðinum, en að þessu var vikið lítillega í athugasemdum við 78. gr.

Málskotsreglurnar í 79. gr. fela aðallega í sér ráðagerðir um tvenns konar breytingar frá núgildandi reglum. Annars vegar yrði úrskurðum héraðsdómara eftir XIII. kafla frumvarpsins aldrei skotið til Hæstaréttar á annan hátt en með kæru, en skv. 4. tölul. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 sæta úrskurðir um nauðungaruppboð, sem mundu eiga sér hliðstæður í þessum reglum frumvarpsins, ýmist kæru eða áfrýjun til æðra dóms eftir nánari atvikum. Málsmeðferð við áfrýjun leiðir til verulega meiri tafa en kærumeðferð, sem er sérlega brýnt að komast hjá á þessum vettvangi. Breytingin sem hér um ræðir á sér hliðstæður í nýjum málskotsreglum varðandi ágreiningsmál um búskipti í 133. gr. laga nr. 20/1991 og 179. gr. laga nr. 21/1991. Auk þess má geta að í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1973, sem var flutt af dómsmálaráðherra á 113. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu, var lagt til að fyrrnefndum 4. tölul. 1. mgr. 21. gr. laganna yrði breytt á þann veg að úrskurðir á þessu sviði sættu allir kæru. Hins vegar fela ákvæði 3. mgr. 79. gr. í sér breytingu frá núgildandi reglum á þessu sviði með því að málskot hefði ekki sjálfkrafa þau áhrif að framvindu nauðungarsölu yrði frestað meðan beðið yrði úrlausnar æðra dóms. Fyrirmæli 3. mgr. 79. gr. eru sama efnis og reglur um áhrif málskots á framvindu aðfarargerða í 3. mgr. 84. gr., 3. mgr. 91. gr. og 2. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989.

Um 80. gr.

Í XIV. kafla frumvarpsins, sem ákvæði 80.–85. gr. heyra til, eru reglur um dómsúrlausnir um gildi nauðungarsölu, sem má leita samkvæmt nánari fyrirmælum kaflans þegar söluaðgerðum sem slíkum er lokið. Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að gerðarbeiðendur eigi að meginreglu einir rétt á að leita jafnharðan úrlausnar um atriði varðandi framkvæmd nauðungarsölu samkvæmt reglum XIII. kafla eða þurfi að samþykkja að aðrir fái að leita slíkrar úrlausnar. Ákvæðum XIV. kafla er hins vegar ætlað að mæta þörfum annarra aðila að nauðungarsölu á því að fá leyst úr ágreiningsatriðum um hana og eru þá fyrst og fremst hafðar í huga þarfir gerðarþola og eftir atvikum þriðja manns. Munurinn milli þessara tveggja leiða til að leita úrlausnar dómstóla felst einkum í því, að meðan unnt yrði skv. XIII. kafla að bera ágreining um afmarkaða ákvörðun sýslumanns undir dóm og fá leyst úr honum áður en lengra yrði haldið við framkvæmd nauðungarsölu, þá yrðu öll atriði varðandi til dæmis heimild eða kröfu gerðarbeiðanda, undirbúning nauðungarsölu eða sjálfa framkvæmd hennar borin upp í einu lagi í máli skv. XIV. kafla að aðgerðunum afstöðnum til að fá leyst úr um gildi nauðungarsölunnar í heild sinni eða að afmörkuðu leyti. Þótt mál eftir XIV. kafla verði fyrst lagt fyrir dómstóla þegar söluaðgerðum sem slíkum hefur verið lokið og gerðarþoli og þriðji maður fá þá fyrst óheftan aðgang að því að fá leyst úr kröfum sínum, vegur á móti því að í tilvikum þar sem það hefði öðru fremur þýðingu hefðu aðgerðir við nauðungarsöluna ekki endanleg áhrif gagnvart þeim fyrr en reynt væri að ekki kæmi til slíks máls eða rekstri þess væri lokið, sbr. einkum 1. mgr. 53. gr., 3. mgr. 55. gr. og 1. mgr. 56. gr. Reynslan af núverandi framkvæmd sýnir einnig að ótakmörkuð heimild gerðarþola eða þriðja manns til að fá leyst hvað eftir annað úr afmörkuðum ágreiningsatriðum fyrir dómi yrði án efa

misnotuð í einhverjum mæli til þess eins að tefja fyrir framgangi nauðungarsölu án þess að réttmætir hagsmunir búi að baki. Þá hvílir rík bótaskylda á gerðarbeiðanda ef ólögmætar aðgerðir við nauðungarsölu leiða til tjóns, en að auki yrði hættan af þeirri bótaskyldu gerðarbeiðendum án efa umhugsunarefni ef aðrir leituðu samþykkis þeirra til að bera mál undir dóm eftir reglum XIII. kafla frumvarpsins.

Eins og minnst var á í upphafi athugasemda við 73. gr. eru fyrirmæli XIII. og XIV. kafla um meðferð máls fyrir dómi í mörgum atriðum lík. Þannig fer meðferð máls skv. XIV. kafla í meginatriðum eftir almennum reglum um meðferð einkamála í héraði, sbr. 4. mgr. 84. gr., en það sama gildir um mál skv. XIII. kafla, sbr. 2. mgr. 77. gr. Ákvæði beggja kaflanna beinast þannig aðallega að því að tíunda frávik frá almennum reglum um rekstur einkamála og frávikin eru oft sambærileg eða þau sömu. Það sem ber hins vegar milli fyrirmæla XIII. og XIV. kafla eru einkum reglur þeirra um aðdraganda og aðild að máli, hvers konar kröfur verði hafðar þar uppi og hvers efnis úrlausn geti orðið.

Í 1. mgr. 80. gr. má í senn finna reglur um hver geti leitað dómsúrlausnar skv. XIV. kafla frumvarpsins og á hverju tímaskeiði það verði gert. Samkvæmt þessu ákvæði er heimildin til að leita úrlausnar í höndum hvers þess, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta af því að fá skorið úr um gildi nauðungarsölu, en það kæmi í hlut dómstóla að meta hverju sinni hvort slíkir hagsmunir séu fyrir hendi eftir almennum viðhorfum réttarfars. Úrlausnar skv. XIV. kafla yrði fyrst leitað þegar tiltekin þáttaskil hafa orðið við framkvæmd nauðungarsölu, en þau þáttaskil koma til með ólíkum hætti eftir því um hvers konar ráðstöfun er að ræða. Ef ráðstöfun eignar ætti sér stað á uppboði, þá leiðir af orðum 1. mgr. 80. gr. að leita mætti dómsúrlausnar skv. XIV. kafla þegar uppboðinu hefur verið lokið, sem réðist þá eftir atvikum af 2. mgr. 34. gr., 4. mgr. 36. gr., 2. mgr. 37. gr. eða 6. mgr. 67. gr. Ef eign yrði ráðstafað með nauðungarsölu á almennum markaði, þá heimila ákvæði 1. mgr. 80. gr. að dómsúrlausnar verði leitað þegar boði hefur verið tekið í eign, sbr. 3. mgr. 44. gr. Ef réttindum yrði ráðstafað eftir reglum XII. kafla mætti leita dómslausnar um leið og andvirði þeirra hefur verið greitt sýslumanni eftir aðgerðir skv. 2. eða 3. mgr. 71. gr. eða uppboði á þeim er lokið, sbr. 4. og 5. mgr. 71. gr.

Frá því tímamarki sem mundi eiga við samkvæmt framansögðu í hverju tilviki hafa hlutaðeigendur fjögurra vikna frest eftir fyrirmælum 1. mgr. 80. gr. til að koma kröfu um dómsúrlausn samkvæmt reglum XIV. kafla í hendur héraðsdómara. Afleiðingarnar af því að þessi frestur liði án þess að krafa um dómsúrlausn bærist héraðsdómara yrðu í meginatriðum að hlutaðeigendur verði að una við orðinn hlut. Frá því eru þó tvenns konar undantekningar, sem koma fram í 2. og 3. mgr. 80. gr. Annars vegar kemur fram í fyrrnefnda ákvæðinu að þótt frestinum sé lokið megi enn leita úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölu, ef allir sem gerðu kröfur í tengslum við hana fyrir sýslumanni og málið gæti varðað eru því samþykkir, og að auki kaupandi að eign sem hefur verið seld við nauðungarsölu. Þannig er ráðgert að þeir, sem gætu orðið fyrir röskun hagsmuna sinna af ógildingu nauðungarsölu, geti alltaf fallið frá þeir vernd sem þeim er búin af málshöfðunarfrestinum. Hins vegar kemur fram í 3. mgr. 80. gr. að þótt frestur til að leita dómsúrlausnar skv. XIV. kafla yrði liðinn, þá útiloki það ekki að hafa megi uppi bótakröfu eða greiðslukröfu af öðrum toga, sem væri leidd af annmörkum á nauðungarsölu, á öðrum vettvangi. Þessi regla felur í sér að ógildingar verði ekki leitað á nauðungarsölu eða einstökum atriðum hennar með öðrum hætti en í máli eftir XIV. kafla frumvarpsins og að þau málalok verði þar með ekki fengin með annars konar málsókn. Á hinn bóginn útiloki þetta engan veginn að sá, sem teldi hagsmunum sínum raskað með ólögmætum hætti af nauðungarsölu, leitist við að rétta hlut sinn með því að sækja peningakröfu í máli eftir almennum reglum. Þessi regla hefði til dæmis í för með sér að gerðarþoli, sem teldi gerðarbeiðanda hafa knúið fram nauðungarsölu til að fá fullnægt ólögmætri kröfu, gæti látið hjá líða að krefjast ógildingar á nauðungarsölunni með máli skv. XIV. kafla frumvarpsins, en höfðað þess í stað almennt einkamál á hendur gerðarbeiðandanum til heimtu skaðabóta vegna tjóns síns af nauðungarsölunni. Er enginn frestur settur í 80. gr. til að höfða slíkt mál.

Um 81. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru reglur um hvernig verði hafist handa um að afla dómsúrlausnar um gildi nauðungarsölu. Samkvæmt 1. mgr. 80. gr. verður það gert með því að á sá, sem leitar úrlausnarinnar, beini skriflegri tilkynningu til þess héraðsdómara sem málið ætti undir eftir 4. mgr. 3. gr. Í þessari tilkynningu á meðal annars að taka fram um hverja nauðungarsölu sé að ræða og hvers sé krafist varðandi hana, en um kröfur sem má hafa uppi í þessum efnum eru sérstakar reglur í 2. mgr. 83. gr. Að öðru leyti eru tiltekin atriði talin í ákvæðum 1.–3. tölul. 1. mgr. 81. gr., sem ber að greina í tilkynningu sem þessari, en ætla verður að þau ákvæði skýri sig sjálf.

Samkvæmt 2. mgr. 81. gr. eiga eftirrit framlagðra gagna við nauðungarsöluna og endurrit úr gerðabók sýslumanns um hana að fylgja tilkynningu til héraðsdómara. Tekið er þó fram í ákvæðinu að það verði ekki hlutaðeiganda til málspjalla, þótt þessi gögn vanti, ef þau hafa ekki verið til reiðu í tæka tíð, enda gæti gagnstæð regla haft í för með sér að tilviljanakennd seinkun á afgreiðslu málsgagna frá sýslumanni leiddi til ófyrirsjáanlegra réttarspjalla. Í niðurlagi 2. mgr. 81. gr. er tekið fram að yfirlýsingar um samþykki fyrir rekstri máls þurfi að fylgja tilkynningu, ef leita á úrlausnar eftir lok málshöfðunarfrests skv. 2. mgr. 80. gr., og ber að vekja athygli á því að 2. mgr. 81. gr. heimilar engar undantekningar frá því að slíkar yfirlýsingar fylgi tilkynningu þegar í byrjun.

Í 3. mgr. 81. gr. kemur fram að skylt sé að senda sýslumanni samrit tilkynningar skv. 1. mgr. 81. gr. með sannanlegum hætti og er tekið fram að hann megi jafnan senda héraðsdómara athugasemdir sínar í tilefni af málinu. Skyldan í þessum efnum stafar ekki af því einu, að sýslumaður þurfi að eiga kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, heldur á hún öðru fremur að tryggja að sýslumanni verði kunnugt um rekstur máls eftir ákvæðum XIV. kafla, þannig að frekari ráðstafanir verði ekki gerðar varðandi nauðungarsöluna sem slíkur málarekstur girðir fyrir.

Í 4. mgr. 81. gr. er kveðið á um að eitt mál verði rekið um gildi nauðungarsölu, þótt tveir eða fleiri hafi hver fyrir sig krafist úrlausnar um það. Verður ekki séð að hér sé þörf sérstakra skýringa.

Um 82. gr.

Í 1. mgr. 82. gr. er mælt fyrir um sams konar upphafsathugun héraðsdómara á máli og kveðið er á um í 1. mgr. 74. gr. og er hér með sama hætti heimilað að hann vísi máli frá dómi án þess að kveðja aðila til þinghalds, ef hann telur að skilyrðum sé ekki fullnægt til að leita úrlausnar samkvæmt reglum XIV. kafla.

Í 2. og 3. mgr. 82. gr. koma fram reglur um hverjir verði taldir aðilar að máli skv. XIV. kafla og hvernig héraðsdómari ákveði þegar í byrjun hver þeirra verði talinn sóknaraðili að máli og hver verði til varnar. Þessi ákvæði eru um margt áþekkt reglum 2. mgr. 74. gr. og má telja þau skýra sig sjálf.

Í 4. mgr. 82. gr. er gert ráð fyrir því að héraðsdómari kveðji aðila á dómþing af sjálfsdáðum til þess að taka mál fyrir í fyrsta sinn. Gagnstætt því sem er mælt fyrir um í 3. mgr. 74. gr. er tekið fram í 4. mgr. 82. gr. að kvaðning eigi í þessum tilvikum að vera birt eftir sömu reglum og gilda um birtingu stefnu í einkamáli og er tiltekið að birta verði kvaðningu með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara nema héraðsdómari telji brýna hagsmuni krefjast skemmri frests í þeim efnum. Hér er gert ráð fyrir tryggilegri aðferðum við kvaðningu en við aðdraganda að rekstri máls skv. XIII. kafla frumvarpsins, en að baki því býr sá munur að mál skv. XIV. kafla væri ekki komið til vegna ágreinings, sem hefur risið fyrir sýslumanni, gagnstætt því sem ætti almennt við um mál skv. XIII. kafla, og aðilum yrði hér ekki veitt vitneskja um væntanlegt dómsmál eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 73. gr. varðandi mál skv. XIII. kafla.

Um 83. gr.

Ákvæði 1. mgr. 83. gr. eru efnislega á sama veg og 1. mgr. 75. gr. og þarfnast því ekki sérstakra skýringa.

Í 2. mgr. 83. gr. er mælt fyrir um þær kröfur, sem verða hafðar uppi í máli skv. XIV. kafla frumvarpsins. Kemur þar fram að kröfurnar geti í meginatriðum aðeins verið um ógildingu á nauðungarsölu eða viðurkenningu á gildi hennar, hvort heldur að öllu eða einhverju nánar tilteknu leyti. Eins og orðalag ákvæðisins um þetta gefur til kynna er ætlast til þess að leita megi úrlausnar skv. XIV. kafla um ógildingu nauðungarsölu að hluta, til dæmis ógildingu hennar varðandi sölu á einum hlut meðal margra, sem var ráðstafað, eða ógildingu á ráðstöfunum, sem hafa átt sér stað frá tilteknu tímamarki, þannig að það sem var gert við framkvæmd hennar á fyrri stigum standi óhaggað. Þessu til viðbótar er þó tekið fram að hafa megi uppi kröfur um málskostnað, kröfur sem varða rétt til umráða yfir eign meðan rekstur máls stendur yfir, sbr. 3. mgr. 55. gr., og kröfur um greiðslur sem réttur gæti stofnast til ef nauðungarsala yrði ógilt, enda sæki sá þing sem slíkri greiðslukröfu er beint að. Þessi síðastgreinda heimild felur til dæmis í sér að gerðarþoli, sem krefst ógildingar á nauðungarsölu í máli skv. XIV. kafla, gæti um leið krafist greiðslu skaðabóta úr hendi gerðarbeiðanda skv. 86. gr. ef hann sækir þing í málinu.

Reglur 3. mgr. 83. gr. eru sama efnis og ákvæði 4. mgr. 75. gr. og má því vísa hér til athugasemda við þau.

Um 84. gr.

Í 1. mgr. 84. gr. er aðeins að finna tilvísun til ákvæða 76. gr. um hverjar afleiðingar útivist hafi í máli skv. XIV. kafla.

Í 2. mgr. 84. gr. eru fyrirmæli um efni úrskurðar héraðsdómara, sem svipar mjög til ákvæða 1. mgr. 77. gr. um sama atriði í máli skv. XIII. kafla frumvarpsins.

Samkvæmt 3. mgr. 84. gr. mega frekari aðgerðir við nauðungarsölu ekki eiga sér stað á grundvelli úrskurðar héraðsdómara fyrr en frestur til að kæra hann til æðra dóms er liðinn, sbr. 1. mgr. 85. gr. og 2. mgr. 79. gr., nema aðilar lýsi því yfir fyrr að þeir uni við úrskurðinn. Þessi fyrirmæli um afleiðingar þess að úrskurð megi kæra eru gagnstæð aðalreglu 78. gr. um sama atriði varðandi mál skv. XIII. kafla frumvarpsins. Ástæðurnar fyrir því, að þessu sé skipað á annan veg í 3. mgr. 84. gr., eru í meginatriðum þær að ýmsar þýðingarmiklar lokaaðgerðir við nauðungarsölu tengjast því að frestur sé annaðhvort liðinn til að bera mál undir dóm eftir reglum 14. kafla eða að slíkt mál sé leitt til lykta. Þetta á einkum við um útborgun söluverðs eignar í samræmi við úthlutunargerð, sbr. 1. mgr. 53. gr., og útgáfu afsals fyrir eign, sbr. 1. mgr. 56. gr. Með slíkum aðgerðum yrðu stigin spor, sem örðugt væri að hverfa aftur frá, og verður því að telja eðlilegt að þær bíði meðan ekki er sýnt hver endanleg málalok verða.

Í 4. mgr. 84. gr. er mælt fyrir um beitingu almennra reglna um meðferð einkamála í héraði við rekstur mála skv. XIV. kafla frumvarpsins. Um þetta hefur verið fjallað nægilega í athugasemdum við 75.–77. gr. og 80. gr., sem hér má vísa til.

Um 85. gr.

Í 1. mgr. 85. gr. er eingöngu mælt fyrir um að málskot á úrskurðum og ákvörðunum héraðsdómara í málum skv. XIV. kafla frumvarpsins fari eftir reglum 1. og 2. mgr. 79. gr. Í 2. mgr. 85. gr. kemur síðan fram að kæra úrskurðar í máli skv. XIV. kafla til Hæstaréttar fresti frekari aðgerðum við nauðungarsölu þar til máli lýkur þar fyrir rétti, en þessi regla byggist á sömu rökum og greint var frá í athugasemdum við 3. mgr. 84. gr. Þarfnast því ákvæði 85. gr. ekki sjálfstæðra skýringa.

Um 86. gr.

Reglur 86.–88. gr. heyra til XV. kafla frumvarpsins og geyma fyrirmæli um bótaábyrgð vegna nauðungarsölu. Ekki er að finna settar reglur um þetta efni í núgildandi löggjöf, en ætla má að ákvæði XV. kafla svari að þó nokkru til þess sem yrði talið gilda nú eftir ólögfestum reglum á vettvangi skaðabótaréttar. Ákvæði 86.–88. gr. eru hins vegar í flestu hliðstæð reglum um bótaábyrgð vegna aðfarargerða í 16. kafla laga nr. 90/1989.

Í 1. mgr. 86. gr. er mælt fyrir um bótaskyldu gerðarbeiðanda ef hann hefur krafist nauðungarsölu sem síðar er leitt í ljós að skilyrði hafi skort til. Ber honum þá að bæta allt tjón sem aðrir bíða af þeim sökum. Um einstök atriði í þessari reglu má í fyrsta lagi benda á að það eitt, að gerðarbeiðandi krefjist nauðungarsölu, nægir til þess að hann felli á sig bótaskyldu ef öðrum skilyrðum ákvæðisins er fullnægt. Skiptir því ekki máli hversu umfangsmiklar aðgerðir eigi sér stað vegna beiðni um nauðungarsölu, ef þær hafa á annað borð leitt af sér tjón. Í öðru lagi kemur fram í 1. mgr. 86. að það sé forsenda fyrir bótaskyldu gerðarbeiðanda að skilyrði hafi ekki verið fyrir kröfu hans um nauðungarsölu. Sá skortur á skilyrðum fyrir nauðungarsölu, sem hér er vísað til, gæti fyrst og fremst komið til af því að gerðarbeiðandi hafi ekki haft formlega eða efnislega heimild til að krefjast nauðungarsölu á grundvelli ákvæða 6., 7. eða 8. gr. frumvarpsins. Einnig gæti átt hér undir að rangur aðili hafi staðið að beiðni um nauðungarsölu eða að aðgerðum hafi verið beint að röngum aðila, sbr. 1. og 2. tölul. 2. gr., eða að áskorun hafi ekki verið komið réttilega fram áður en beiðni um nauðungarsölu var sett fram, sbr. 9. og 10. gr. Í þriðja lagi má vekja athygli á því að í 1. mgr. 86. gr. er aðeins áskilið að leitt sé síðar í ljós að skilyrði hafi skort fyrir kröfu um nauðungarsölu, en ekki er krafist að dómsúrlausn hafi gengið skv. XIII. eða XIV. kafla frumvarpsins, þar sem slíkum bresti á skilyrðum yrði slegið föstu. Nægir því tjónþola að sýna fram á að skilyrðum fyrir nauðungarsölu hafi ekki verið fullnægt með röksemdafærslu og gagnaöflun í einkamáli, sem yrði rekið eftir almennum reglum til heimtu skaðabóta. Í fjórða lagi ber að geta þess að réttur til skaðabóta skv. 1. mgr. 86. gr. er ekki aðeins veittur gerðarþola, heldur segir að gerðarbeiðandi beri bótaábyrgð á tjóni sem aðrir bíða af umræddum sökum. Eru þannig ekki sett nein takmörk á því hverjir geti borið við rétti til skaðabóta á grundvelli þessarar reglu, þótt það hljóti að öðru jöfnu að leiða af eðli máls að ekki geti orðið um marga að ræða. Í fimmta lagi má loks vekja athygli á því að gerðarbeiðanda er ætlað að bera bótaábyrgð skv. 1. mgr 86. gr. án tillits til sakar.

Í 2. mgr. 86. gr er kveðið á um bótaábyrgð gerðarbeiðanda vegna framkvæmdar nauðungarsölu, ef hún hefur farið fram með þeim hætti að hún hafi sætt ógildingu eða gæti sætt ógildingu og hefur bakað öðrum tjón. Hvílir þá bótaskylda á gerðarbeiðanda eftir almennum skaðabótareglum. Um þessa reglu má í fyrsta lagi nefna að ákvæði 2. mgr. 86. gr. ná til annarra ástæðna fyrir ógildingu á nauðungarsölu en þeirra, sem bótareglan í 1. mgr. 86. gr. tekur til. Bótaskylda skv. 2. mgr. á því rætur að rekja til annarra ógildingarástæðna en þeirra sem varða brest á skilyrðum til að krefjast nauðungarsölu. Í öðru lagi er vert að undirstrika að bótaskylda gerðarbeiðanda er ekki háð því að nauðungarsala hafi sætt ógildingu í máli skv. XIV. kafla frumvarpsins, heldur nægir tjónþola að ógilda hefði mátt nauðungarsöluna ef á það hefði reynt. Skiptir því engu hvort látið hafi verið hjá líða að reyna á gildi nauðungarsölunnar, þótt skilyrði hefðu verið til þess. Í þriðja lagi tekur bótaskylda skv. 2. mgr. 86. gr. mið af því, að framkvæmd nauðungarsölu hafi verið slík, að varðað hefði ógildingu. Er því ekki gerður greinarmunur á því, hver ógildingaratvik hafi verið uppi, að teknu þó tilliti til þess sem sagði hér á undan varðandi skil milli 1. og 2. mgr. 86. gr. Í fjórða lagi verður að taka tillit til þess að bótaábyrgð gerðarbeiðanda fer hér eftir almennum skaðabótareglum og er því háð sök. Gerðarbeiðandi bæri hins vegar bótaskyldu bæði vegna afleiðinga saknæmrar háttsemi sjálfs sín og þess sem hefur annast framkvæmd nauðungarsöluna. Í fimmta lagi verður að hafa í huga að ákvæði 14. gr. frumvarpsins leiða til þess að gerðarbeiðendur geti verið tveir eða fleiri í senn. Ef því er að skipta gæti bótaskylda skv. 2.

mgr. 86. gr. hvílt á þeim í sameiningu. Í sjötta lagi má loks nefna að réttur til skaðabóta skv. 2. mgr. 86. gr. er ekki bundinn við tiltekna tjónþola og gegnir því sama máli hér og áður var getið varðandi 1. mgr.

Í 3. mgr. 86. gr. er mælt sérstaklega fyrir um heimild til að dæma tjónþola bætur skv. 1. eða 2. mgr. eftir álitum, ef sýnt er að hann hafi beðið fjártjón en ekki reynist unnt að sanna fjárhæð þess. Ætla verður að dómstólum yrði talið þetta heimilt án beinna lagafyrirmæla eftir ólögfestum reglum skaðabótaréttar, en varlegra þykir að taka þetta hér fram, enda er hætt við að oft gæti reynst útilokað að sanna bókstaflega hver fjárhæð tjóns hafi orðið við þessar aðstæður. Þess má geta að sambærilega reglu um heimild til að dæma bætur að álitum er að finna í 1. mgr. 42. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990.

Um 87. og 88. gr.

Í 87. og 88. gr. er mælt fyrir um bótaábyrgð ríkisins vegna nauðungarsölu, bótaábyrgð héraðsdómara og sérstakan frest til að höfða skaðabótamál á grundvelli reglna XV. kafla. Þessi ákvæði eru í öllu samhljóða 97. og 98. gr. laga nr. 90/1989 og verður því ekki séð að þau þarfnist frekari skýringa hér.

Um 89.–91. gr.

Þessar greinar frumvarpsins mynda XVI. kafla þess, þar sem kveðið er á um gildistöku, brottfallin lagaákvæði og breytingar á ákvæðum laga.

Ef þetta frumvarp verður að lögum er mælt fyrir um það í 89. gr. að þau öðlist gildi 1. júlí 1992, eða sama dag og lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, og allmörg önnur ný heildarlög á vettvangi réttarfars.

Í 90. gr. er mælt fyrir um brottfall laga og einstakra ákvæða í lögum. Kemur meðal annars fram að þrenn lög og ein einveldistilskipun eigi að falla niður í heild, en þetta eru lög um nauðungaruppboð, nr. 57/1949, lög um sölu lögveða án undangengins lögtaks, nr. 49/1951, lög um viðauka við lög um nauðungaruppboð, nr. 20/1966, og tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi frá 19. desember 1693. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir brottnámi ákvæða í 22 lögum og er þá ýmist um að ræða einstakar greinar laga eða orð innan tiltekinna greina þeirra. Tillögur um þetta brottnám afmarkaðra ákvæða laga eru af ýmsum rótum. Í tveimur tilvikum er kveðið á um brottfall fyrirmæla í ljósi þess að nýjar reglur eru teknar upp í frumvarpið í þeirra stað, en þetta á við um 4. og 6. tölul. 90. gr. Í sumum tilvikum eru á ferðinni fyrirmæli sem fengju ekki samrýmst ákvæðum frumvarpsins, til dæmis fyrirmæli sem kveða á um að ráðstöfun eigna við nauðungarsölu eigi sér stað við uppboð eða fela í sér ráðagerðir um að ófullnægðum veðhöfum verði lagðar út eignir við nauðungarsölu. Í nokkrum tilvikum er um að ræða sérákvæði í löggjöf um sjóði og lánastofnanir, sem heimila þeim til dæmis að áskilja sér rétt í veðskuldabréfum til að láta selja veðsettar eignir á nauðungaruppboði, en fyrirmælum af þessum toga í sérlögum yrði ofaukið vegna almennrar reglu í 6. gr. frumvarpsins. Í löggjöf á þessu sviði eru einnig nokkur brögð að því að mælt sé fyrir um skyldu þess, sem annast nauðungarsölu, til að tilkynna viðkomandi sjóði eða lánastofnun um framkomna beiðni um nauðungarsölu. Ekki verður séð hver rök geti staðið til þess að hlutaðeigendur eigi að komast hjá lestri opinberra auglýsinga um þessi efni umfram aðra, enda er eflaust verulegur misbrestur á því að fyrirmælum sem þessum sé fylgt í framkvæmd. Þá má loks nefna að í 90. gr. má finna fyrirmæli um brottfall algerlega óþarfra tilvísana til laga nr. 57/1949 í ákvæðum annarra laga.

Í 91. gr. koma fram tillögur um breytingar á ákvæðum 21 laga og í nokkrum tilvikum um leið um brottfall annarra ákvæða í sömu lögum. Í flestum tilvikum eru hér á ferðinni fyrirmæli laga, þar sem mælt er fyrir um nauðungaruppboð, uppboðshaldara og fleiri atriði tengd uppboðum, en þau hugtök eiga ekki samleið við þá nýskipan eftir reglum þessa frumvarps, að nauðungarsala geti farið fram á annan hátt en við uppboð. Þá er í nokkrum tilvikum að finna

sérákvæði um afbrigðilegan undirbúning að nauðungarsölu við tilteknar aðstæður, sem mundu víkja frá almennum reglum samkvæmt frumvarpinu og ekki verða séð rök fyrir.

Um 92.–99. gr.

Í þessum ákvæðum koma fram reglur um skil eldri laga og yngri varðandi afmörkuð efni. Verður ekki séð að þær þarfnist skýringa hér í einstökum atriðum.

64. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 43 4. júní 1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Verð á öllum tegundum fersks sjávarafla, úrgangsfiski og fiskúrgangi, sem seldur er hér á landi, skal ákveðið með frjálsum samningum milli kaupenda og seljenda eða með sölu á uppboðsmarkaði, sbr. lög nr. 123 28. desember 1989.

Verðlagsráði er þó heimilt með meiri hluta atkvæða að ákveða lágmarksverð einstakra tegunda sjávarafla fyrir tiltekið tímabil.

2. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð kveður sjálft á um verðlagstímabil.

3. gr.

10. gr. laganna falli niður og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu frá birtingu laga þessara og til 31. desember 1992 er Verðlagsráði, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 43 4. júní 1985, með meirihlutaákvörðun heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa. Á þessu tímabili skal yfirnefnd ákveða lágmarksverð á tegundum sem vísað hefur verið til hennar og er yfirnefndinni ekki heimilt að gefa verðlagningu frjálsa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að dregið verði úr hlutverki Verðlagsráðs sjávarútvegsins í áföngum og frjálsræði við ákvarðanir á verði fersks sjávarafla verði aukið að sama skapi. Með samþykkt núgildandi laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins á árinu 1985 var Verðlagsráði heimilað að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa ef sérstaklega stóð á enda væri um það einróma samkomulag í ráðinu. Þessari heimild hefur verið beitt með ágætum árangri varðandi tilteknar tegundir, t.d. loðnu en samstöðu hefur skort í ráðinu til að beita heimildinni í ríkum mæli varðandi aðrar tegundir, þar á meðal ýmsar mikilvægustu tegundir sjávarfangs svo sem botnfisk. Þrátt fyrir það hafa áhrif verðákvarðana ráðsins sífellt haft minni og minni þýðingu því að í framkvæmd hefur verð verið ákveðið í æ ríkara mæli með samkeppnisboðum á uppboðsmarkaði eða frjálsum samningum.

Í frumvarpinu er lagt til að stigin verði tvö skref í átt að afnámi ráðsins. Í fyrra skrefinu er heimilað að ákveða frjálst fiskverð með meirihlutaákvörðun í Verðlagsráði, sbr. bráðabirgðaákvæði frumvarpsins. Er þar með heimilað frávik frá hinni almennu reglu um að Verðlagsráð þurfi að ná samkomulagi um ákvarðanir sínar. Á þessu stigi er því

komið í veg fyrir að minni hluti í ráðinu geti hindrað ákvörðun um frjálst fiskverð sem meiri hlutinn styður. Sé ágreiningi vísað til yfirnefndarinnar verður hún á þessu tímabili að ákveða lágmarksverð. Náist ekki meiri hluti um frjálst fiskverð í ráðinu er það því ekki á færi yfirnefndar að heimila frjálst fiskverð. Er lagt til að þessi háttur verði á hafður frá birtingu laganna til ársloka 1992. Með því móti gefst ráðrúm til aðlögunar að því kerfi sem lagt er til að upp verði tekið frá ársbyrjun 1993.

Frá þeim tíma er gert ráð fyrir því að meginreglan verði frjálst fiskverð og að afnumin verði skylda ráðsins til verðákvarðana. Upp geta þó komið þær aðstæður á einstökum sviðum að skynsamlegt þyki að ákveða lágmarksverð. Er því lagt til að ráðið verði áfram til og geti tekið ákvarðanir um lágmarksverð sé fyrir því meiri hluti í ráðinu. Við þessa skipan verður yfirnefnd Verðlagsráðs óþörf og er því lagt til að 10. gr. laganna verði felld niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að frá 1. janúar 1993 verði upp tekin sem meginregla að fiskverð sé frjálst hér á landi. Í því felst að fiskverð skal ákveðið í frjálsum samningum milli kaupanda og seljanda eða með sölu á uppboðsmarkaði en um starfsemi uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla gildi ákvæði laga nr. 123 28. desember 1989.

Verðlagsráði er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilað að ákveða lágmarksverð á einstökum tegundum fyrir tiltekið tímabil ef fyrir því er meiri hluti.

Ákvæði þessarar greinar gilda um sölu á ferskum sjávarafla, úrgangsfiski og fiskúrgangi innan lands. Enda þótt orðalag sé einfaldað frá orðalagi 6. gr. gildandi laga felst ekki í því efnisbreyting. Ákvæðið gildir því án tillits til þess hvort fiskur er seldur til vinnslu innan lands eða seldur um borð í skip eða annað flutningsfar til útflutnings óunninn.

Um 2. gr.

Lagt er til að fyrri málsliður 2. mgr. 8. gr. verðlagsráðslaganna verði felldur niður enda á hann ekki við eftir breytingar þær sem gerðar eru á 6. gr. laganna með 1. gr. frumvarps þessa.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lagt til að yfirnefnd Verðlagsráðs verði lögð niður enda er hún óþörf þar sem það leiðir skv. 1. gr. frumvarpsins sjálfkrafa til þess að fiskverð verður frjálst ef ekki næst meiri hluti í ráðinu um tiltekið lágmarksverð.

Um 4. gr.

Lagt er til að meginreglan um frjálst fiskverð verði í lög leidd frá 1. janúar 1993. Ákvarðanir, sem teknar hafa verið um lágmarksverð fyrir þann tíma, munu þó standa út það verðlagstímabil sem þá stendur.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Enda þótt meginefni laganna öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1993 er lagt til að frá birtingu þeirra sé tekið skref í átt til frjáls fiskverðs. Er það gert með því að heimila meiri hluta Verðlagsráðs að gefa verðlagningu á tilteknum tegundum frjálsa. Er þar í raun um að ræða tímabundna breytingu á 2. mgr. 6. gr. gildandi laga og frávik frá núverandi

meginreglu þeirra að ákvarðanir ráðsins skuli teknar samhljóða. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að yfirnefnd ráðsins verði að taka ákvarðanir um lágmarksverð varðandi þau ágreiningsatriði sem til hennar kann að vera vísað. Það er því ekki lögð til nein breyting á hlutverki eða heimildum yfirnefndarinnar á þessu aðlögunartímabili.

65. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um endurmat iðn- og verkmenntunar.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Finnur Ingólfsson,
Valgerður Sverrisdóttir, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að kveðja saman starfshóp er hafi það verkefni að endurmeta iðn- og verkmenntun í landinu og gera tillögur að breyttu og bættu skipulagi.

Starfshópurinn ljúki störfum eigi síðar en í janúar 1993.

Greinargerð.

Megintilgangur þessarar tillögu er að vekja umræðu og hvetja til aðgerða um að laga iðn- og verkmenntun í landinu að nýjum aðstæðum og næsta umhverfi.

Fróðlegt er að staldra eilítið við og skoða skólakerfið í landinu í ljósi nýrra tíma og skilgreina þá kröfu sem við gerum til menntakerfisins og skilvirkni þess. Hér er þó aðeins vikið að einum þætti þess, iðnmenntuninni.

Aðstæður í þjóðfélaginu hafa breyst á síðari árum. Iðnaðurinn og iðnmenntunin þurfa nú nauðsynlega að laga sig að þeim auknu kröfum sem gerðar eru til iðnaðarmanna og munu verða gerðar í mjög auknum mæli í næstu framtíð. Því er nauðsynlegt nú að endurmeta iðnnámið og skipulag þess í heild.

Það fyrirkomulag, sem stuðst hefur verið við hvað varðar menntun iðnaðarmanna, hefur að miklu leyti verið byggt upp á verknámi hjá meisturum í viðkomandi iðngrein, samhliða bóklegu námi. Þetta kerfi hefur dugað vel og ávinningur þess er tvímælalaus þótt á því megi finna vissa annmarka.

Það á að skoða hvort nám í einstökum iðngreinum á ekki að vera mislangt eftir því hver iðngreinin er. Hins vegar ber að leggja á það áherslu að allir þeir sem í iðnnám fara gangi sem næst sömu leið til náms.

Iðnnemi hefur nú um þrjár leiðir að velja til iðnnáms sem í flestum tilvikum er fjögurra ára nám:

1. að fara á samning hjá meistara þegar í upphafi náms og öðlast starfsþjálfun hjá honum á fjórum árum en sækja samhliða verklega náminu bóklegt nám í iðnskóla,
2. að ljúka bóklegu og verklegu námi í skóla en að því loknu tekur við starfsnám hjá meistara, mislangt eftir lengd skólanámsins,
3. að byrja í bóklegu námi og ljúka þar ákveðnu grunnnámi, að því loknu tekur við þriggja ára samningur hjá meistara.

Að loknu fjögurra ára iðnnámi öðlast iðnnemi sveinsbréf en til að hljóta meistarabréf þarf hann að vinna með meistara í þrjú ár og ljúka námi í meistaraskóla.

Mjög er til athugunar þar sem iðnfræðsluskólar eru starfræktir að leita samstarfs við iðnfyrirtæki á viðkomandi svæði um samstarfssamning sem kveður á um að nemendur,

sem innritast í iðnfræðsluskóla og ljúka þar námi, geti í framhaldi þess einnig lokið þeim þætti námsins sem á að fara fram hjá iðnmeistara.

Í þessu sambandi er til íhugunar hvort ríkisvaldið eigi ekki að koma með ákveðnar aðgerðir sem hvetja iðnmeistara og fyrirtæki til að veita iðnnemum greiða leið til verklegs náms hjá fyrirtækjum sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru vegna iðnnáms. Með markvissum aðgerðum í iðnmenntun, eins og hér er lagt til að gerðar verði, eru iðnnemum sköpuð önnur og betri skilyrði til verklegrar kennslu en nú.

Það er mikils um vert að komast hjá því að lenda í blindgötum kerfisins. Því er skynsamlegt að byggja svo upp að blindgötur verði ekki hindrun á vegi til mennta. Fagna ber þeim hugmyndum, sem nú eru ræddar, um að meistaraskólinn verði beint framhald iðnskóla og iðnmenntunar og gefi þeim er þar ljúka námi greiðari leið til frekara náms standi hugur þeirra til þess.

Ein af forsendum þess að innlendur iðnaður standist aukna samkeppni háþróaðra iðnríkja er að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar á iðn- og verkmenntun í landinu. Forsenda aukinnar framlegðar í íslensku atvinnulífi mun í næstu framtíð byggjast á aukinni sérhæfingu og vaxandi verkmenntun. Iðnmenntunina þarf að skilgreina að nýju með tilliti til fjölbreytilegra nýjunga í verklegu og bóklegu námi, bættra tengsla skóla og atvinnulífs og aukinnar fræðslu til almenns rekstrar.

Kröfurnar um aukið bóklegt nám fara sífellt vaxandi. Þar hafa óskir iðnaðarmanna sjálfra vegið mjög þungt. Samhliða auknu bóklegu námi þarf að tryggja betur en verið hefur verklega kennslu og endurmenntun, m.a. með auknu fjármagni og margvíslegum stuðningi. Afar áríðandi er jafnhliða þessu starfi að íhuga á hvern hátt megi bæta verkþekkingu þess ófaglærða fólks er starfar í hinum lögvernduðu iðngreinum. Til athugunar er að taka í auknum mæli upp starfsþjálfun þessa ófaglærða fólks sem í þessum iðngreinum starfar. Slík þjálfun gæfi stig í verkmenntabók, skráða á nafn viðkomandi, sem þá mætti ætla að færði handhafa hennar rétt til bættra kjara.

Sú stefnumótunarvinna, sem hér er lagt til að fari fram, er best komin hjá fulltrúum atvinnulífsins, og þá sérstaklega iðnaðarins, sem þegar hafa lagt mikið af mörkum í þessum efnum, svo og fulltrúum iðnfræðsluskóla og Iðnnemasambands Íslands.

66. Fyrirspurn [65. mál]

til utanríkisráðherra um starfsmannahald ríkisins og sérfræðiþjónustu vegna EES-samninganna.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvað er áætlað að EES-samningarnir kalli á mörg ný stöðugildi hjá íslenska ríkinu?
2. Hvaða sérfræðiþjónustu þarf að koma á fót hér á landi í tengslum við EES-samningana?
3. Hvaða þjónustu ætlar ríkið að veita atvinnulífinu og aðilum vinnumarkaðarins vegna EES-samninganna?
4. Hvað er áætlað að sú þjónusta, sem ríkið þarf að veita vegna EES-samninganna, muni kosta?

5. Hvernig verður staðið að útgáfu á þeim lögum og reglugerðum sem Íslendingar þurfa að laga sig að vegna samninganna um EES?
6. Mun sá kostnaður, sem fylgir EES-samningunum, hafa í för með sér niðurskurð á fjárlögum í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að halda ríkisútgjöldum í skefjum?

Skriflegt svar óskast.

67. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög.

Flm.: Matthías Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að undirbúa nú þegar löggjöf um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög til þess að vernda félagsmenn og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Leggja skal fram frumvarp um þetta efni fyrir 116. löggjafarþing svo að ný lög um þetta efni geti tekið gildi eigi síðar en 1. janúar 1993.

Greinargerð.

Á síðasta löggjafarþingi var þessi þingsályktunartillaga lögð fram en kom ekki til umræðu. Fylgdi þeirri tillögu eftirfarandi greinargerð.

Á Íslandi er ekki að finna almenn lög og reglur um yfirtökutilboð (takeover bids) og almenn tilboð (general bids) í hlutafélög. Reglur af þessu tagi hafa í aðalatriðum tvíþættan tilgang. Annars vegar að vernda hagsmuni hluthafa, ekki síst minni hlutans, þeirra hlutafélaga sem yfirtökutilboð er gert í. Hins vegar að hafa eftirlit með því að einokunaraðstaða og samþjöppun valds á fárra hendur verði ekki til skaða á kostnað einstaklinga og hagsmuna þjóðfélagsins í heild.

Hlutafélög á Íslandi byggja í æ ríkari mæli á þátttöku almennings. Á síðustu örfáum árum hefur áhugi almennings á því að leggja fé sitt í hlutafélög til ávöxtunar og uppbyggingar atvinnulífsins farið vaxandi. Það er mjög óheppilegt að einstakir aðilar geti stjórnað slíkum fyrirtækjum, nánast eins og einkafyrirtækjum, án þess að eiga nema tiltölulega takmarkaðan hluta þeirra. Af þessum sökum er orðið tímabært að setja reglur sem tryggja að einstaklingar eða lögaðilar geti ekki náð virkum yfirráðum slíkra hlutafélaga með því að kaupa tiltekinn hluta hlutafjárins sem tryggir þeim slík yfirráð án þess að þeim sé um leið gert skylt að bjóða öðrum hluthöfum að kaupa þeirra hluti. Verði þetta ekki gert er hætt við því að sú staða kunni að koma upp að stór hluti hluthafanna sitji uppi með verðlaus eða verðminni hlutabréf en þeir áttu fyrir yfirtökuna.

Um hlutafélög fer samkvæmt lögum nr. 32/1978, ásamt síðari breytingum. Í hlutafélagalögunum er að finna ákvæði sem er ætlað að vernda hagsmuni minni hlutans gegn tilteknum ráðstöfunum meiri hlutans. Minni hlutanum eru tryggð ýmis réttindi er varða: Boðun funda, 68. gr., ótilhlýðilegar ályktanir, 78. gr., arðgreiðslur, 109. gr., félagsslit, 115. gr., samruna, 126. og 128. gr., innlausn við samruna, 128. gr., og loks skaðabótakröfur, 133. gr.

Þessum reglum hlutafélagalaganna er ekki ætlað að þjóna sama tilgangi og reglum um

yfirtökutilboð og geta á engan hátt komið í stað þeirra. Í hlutafélagalögunum eru engin ákvæði um yfirtökutilboð. Þau hafa einungis að geyma reglur um innbyrðis samskipti hluthafa í hlutafélagi. Engin ákvæði taka til aðila sem standa utan hlutafélagsins. Ekki er rétt að breyta þessari uppbyggingu hlutafélagalaganna. Þess vegna verður að setja sérstök lög um yfirtökutilboð.

Með yfirtökutilboði er átt við tilboð sem eigendum hluta, sem atkvæðisréttur fylgir, í hlutafélagi er gert í þeim tilgangi að eignast hlutina gegn gjaldi (peningum eða öðrum verðmætum). Tilboðið er venjulega gert í þeim tilgangi að ná virkum yfirráðum yfir hlutafélaginu eða styrkja fyrri völd tilboðsgjafans og tilboðið er skilyrt þannig að það gildir einungis ef nægilega margir tilboðshafa samþykkja tilboðið svo að tilboðsgjafinn nái markmiðum sínum.

Yfirtaka hlutafélags með þessum hætti felur ekki í sér samruna hlutafélaga vegna þess að hvorugt félagið er leyst upp. Félagið, sem er yfirtekið, heldur áfram að vera til.

Enda þótt yfirtaka hlutafélaga sé ekki algeng hér á landi enn sem komið er er engin ástæða til að ætla annað en þróunin verði svipuð hér og erlendis. Þar hefur yfirtaka hlutafélaga farið mjög í vöxt á undanförnum árum, ekki síst vegna sífellt opnari fjármagnsmarkaða og aukins frelsis til flutnings á fjármagni. Af þessum sökum hafa mörg ríki, m.a. í Evrópubandalaginu, sett lagareglur um þessi efni. Evrópubandalagið sjálft er að undirbúa löggjöf um þetta efni sem á að taka til allra aðildarríkjanna.

Nauðsynlegt er að sambærilegar reglur gildi hér og í öðrum löndum. Þess vegna er rétt að hafa hliðsjón af þeim reglum við smíði frumvarpsins, en þó verður að taka fullt tillit til séríslenskra aðstæðna.

Til þess að tryggja að allir hluthafar njóti jafnréttis verður að ákveða tiltekin mörk sem skylda tilboðsgjafa til þess að gera yfirtökutilboð. Hér er átt við tiltekið hlutfall hlutafjárins, t.d. 33,3%, eins og gert er ráð fyrir hjá EB. Þar að auki verður, til þess að tryggja hagsmuni minni hlutans og hindra spákaupmennsku, að setja reglur sem skylda tilboðsgjafann að bjóða í alla hluti í félaginu. Til þess að tryggja að hluthafar, sem fá tilboð með þessum hætti, geti gert upp hug sinn til tilboðsins á eðlilegum grundvelli verður að setja reglur sem skylda tilboðsgjafann til þess að gefa út tilboðslýsingu þar sem allir skilmálar tilboðsins eru raktir.

Enn fremur verður að setja reglur sem tryggja að virkt óháð opinbert eftirlit sé til staðar sem tryggi hagsmuni þeirra sem hlut eiga að máli þegar yfirtökutilboð eru annars vegar.

68. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]

um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga.

Flm.: Hjálmar Jónsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ragnar Arnalds, Steingrímur Hermannsson, Kristín Einarsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Pálmi Jónsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Geir H. Haarde, Kristín Ástgeirsdóttir, Tómas Ingi Olrich.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna tíðni og orsakir sjálfsvíga á Íslandi. Leiti nefndin jafnframt leiða til að snúa við þeirri ógnvekjandi þróun sem skýrslur sýna að nú á sér stað.

Nefndin verði skipuð aðilum úr þeim stéttum er sérfróðar geta talist í þessum og skyldum efnum.

Greinargerð.

Frá því sögur hófust hafa sjálfsvíg átt sér stað í mannlegu samfélagi. Lífslöngunin hverfur og löngunin til að deyja verður svo sterk að fólk stígur skrefið og tekur líf sitt. Eitt það þungbærasta, sem hent getur í fjölskyldum, er að missa ástvini sína með þessum hætti. Sjálfsagt þekkja flestir landsmenn til slíkra mála, sumir af sárri reynslu.

Í nýútkomnu yfirliti Hagstofu Íslands um sjálfsvíg á Íslandi fyrir tímabilið 1951–1990 getur að líta ógnvænlega þróun. Hver sem sér þessar tölur hlýtur að spyrja sig hvað sé að gerast í íslensku þjóðfélagi. Tíðni sjálfsvíga hefur aukist verulega, miklu meira en sem nemur hlutfallslegri aukningu mannfjölda á Íslandi. Það sem vekur þó sérstaka athygli er gífurleg fjölgun sjálfsvíga ungra karlmanna á aldrinum 15–24 ára. Á tímabilinu 1951–1990 verður áberandi hliðrun niður á við í aldri. Nú er svo komið að tíðni sjálfsvíga er langmest í hópi ungmenna og hefur hún margfaldast á áðurnefndu árabili. Á síðustu tveimur áratugum hafa 547 Íslendingar fyrirfarið sér, svo vitað sé, þar af 107 ungmenni, 99 karlar og 8 konur.

Á nýliðnum áratug frömdu 250 karlmenn sjálfsvíg á landinu. Af þeim voru 64, eða rúmur fjórðungur, á aldrinum 15–24 ára. Til samanburðar var hlutur þessa aldurshóps í sjálfsvígum karla á sjöunda áratugnum tíundi hluti. Þessi aukning er ógnvænleg og engin einhlít skýring virðist liggja í augum uppi.

Mikil umræða hefur átt sér stað um umferðarslys og varnir gegn þeim með áróðri fyrir bættri umferðarmenningu. Það er mjög þarft, enda farast og slasast margir í umferðinni, ekki síst ungmenni. Hitt hefur hins vegar legið í þagnargildi allt of lengi hversu mörg ungmenni farast fyrir eigin hendi. Virðist svo sem sjálfsvíg sé algengasta dánarorsök ungmenna á síðustu árum. Árið 1989 létust alls 18 karlmenn á aldrinum 15–24 ára. Þar af voru sex sem frömdu sjálfsvíg. Árið 1990 létust 28, þar af 10 fyrir eigin hendi.

Vitað er að tíðni sjálfsvíga meðal ungmenna hefur aukist á Vesturlöndum síðustu áratugina. Þó virðist Ísland skera sig verulega úr hvað aukningunni við kemur. Því miður bendir ekkert til þess að lát sé á þeirri þróun. Á þessu ári bendir margt til þess að hlutur ungmenna sé enn meiri.

Ýmislegt er vitað um þann feril sem leiðir til sjálfsvíga. Vitað er að sjúklegt þunglyndi (depression) er oft undanfari sjálfsvígs. Fleiri ástæður eru þekktar, svo sem misnotkun áfengis og annarra vímuefna, arfgengi, félagslegar kringumstæður, vonbrigði o.fl. Jafnframt þessu er vitað að fyrirbyggjandi aðgerðir bera árangur. Viðleitni til bættrar umferðarmenningar er sjálfsögð. En nú, þegar fleiri ungir piltar láta lífið fyrir eigin hendi en í umferðarslysum, er tímabært og nauðsynlegt að hefja hliðstæðar aðgerðir til að kanna orsakir sjálfsvíga í því skyni að fyrirbyggja þau eftir megni.

Á sama tíma og þessi ógnvænlega þróun á tíðni og aldursdreifingu sjálfsvíga hefur átt sér stað hefur orðið bylting á ýmsum sviðum þjóðfélagsins. Efnahagur hefur batnað og ytri kjör. Kanna þarf hvað það er í menningu og þjóðfélagsgerð Íslendinga sem veldur sífellt aukinni tíðni sjálfsvíga og einkum þeirra sem ættu að vera í blóma lífsins, hvort eitthvað skorti á í heilbrigðiskerfi, menntakerfi, félagsþjónustu o.s.frv.

Hin aukna tíðni sjálfsvíga bendir til vaxandi lífsleiða ungmenna, einmitt þess aldurshóps sem að öllu eðlilegu ætti að vera hvað lífsglaðastur. Margir á þessu aldursskeiði, sem af ýmsum ástæðum þjást af andlegri vanlíðan, virðast líta á sjálfsvíg sem mögulegan valkost til lausnar lífsvanda sínum. Því er eðlilegt og nauðsynlegt að Alþingi skipi

nefnd sérfróðra manna sem grafist fyrir um orsakir þessarar þróunar og leiti bestu leiða til úrbóta.

Til frekari glöggvunar fylgja hér súlu- og línurit sem skýra þróunina frekar og þann vanda sem Íslendingar standa frammi fyrir. Allir hljóta að sjá að ekki má við svo búið standa án þess að á sé tekið með ábyrgum hætti.

Þess skal getið að Grétar Sigurbergsson geðlæknir vann meðfylgjandi súlu- og línurit úr tilgreindum heimildum.

Fylgiskjal.

Aldursdreifing sjálfsvíga karla 1951–1960.



Heimildir:

1. Yfirlit Hagstofu Íslands um sjálfsvíg á Íslandi 1951–1990, Reykjavík 1991.
2. Yearbook of Nordic statistics, Stockholm 1991.

Aldursdreifing sjálfsvíga karla 1961–1970.



Heimildir:

1. Yfirlit Hagstofu Íslands um sjálfsvíg á Íslandi 1951–1990, Reykjavík 1991.
2. Yearbook of Nordic statistics, Stockholm 1991.

Aldursdreifing sjálfsvíga karla 1971–1980.



Heimildir:

1. Yfirlit Hagstofu Íslands um sjálfsvíg á Íslandi 1951–1990, Reykjavík 1991.
2. Yearbook of Nordic statistics, Stockholm 1991.

Aldursdreifing sjálfsvíga karla 1981–1990.



Heimildir:

1. Yfirlit Hagstofu Íslands um sjálfsvíg á Íslandi 1951–1990, Reykjavík 1991.
2. Yearbook of Nordic statistics, Stockholm 1991.

Aldursdreifing sjálfsvíga karla í Svíþjóð 1988.



Heimildir:
1. Dödsorsaker, Statistiska centralbyrån, Stockholm 1991.
2. Yearbook of Nordic statistics, Stockholm 1991.

Aldursdreifing sjálfsvíga karla í Noregi 1989.



Heimildir:

1. Dødsårsaker, Statistisk Sentralbyrå, Oslo 1990.
2. Yearbook of Nordic statistics, Stockholm 1991.

Aldursdreifing sjálfsvíga karla í Finnlandi 1986.



Heimildir:
1. Dödsorsaker 1986, Statistic centralen, Helsinki 1987.
2. Yearbook of Nordic statistics, Stockholm 1991.

Sjálfsvíg karla 1951–1990.



Heimildir:

1. Yfirlit Hagstofu Íslands um sjálfsvíg á Íslandi 1951–1990. Reykjavík 1991.
2. Yearbook of Nordic statistics, Stockholm 1991.

Fjöldi karla (%) á aldrinum 15–24 ára
af heildarfjölda sjálfsvíga karla 1961–1990.



Heimildir:

1. Yfirlit Hagstofu Íslands um sjálfsvíg á Íslandi 1951–1990, Reykjavík 1991.

Sjálfsvíg ungmenna 15–24 ára 1961–1990.



Heimildir:

1. Yfirlit Hagstofu Íslands um sjálfsvíg á Íslandi 1951–1990, Reykjavík 1991.

69. Fyrirspurn [68. mál]

til sjávarútvegsráðherra um loðnuveiðar.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Er ekki hyggilegt að leyfa nú þegar loðnuveiðar upp að vissu marki til bráðabirgða?
2. Hver væri þjóðhagslegur ávinningur af því ef loðnuveiðar færu alfarið fram á þeim tíma þegar fiskurinn er feitastur og verðmestur í stað þess að láta veiðarnar tefjast svo ár eftir ár að stór hluti loðnuaflans er tekinn úr sjó þegar loðnan gefur minnst af sér?

70. Fyrirspurn [69. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsdeildir við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Frá Ragnari Arnalds.

Er þess ekki að vænta að menntamálaráðuneytið heimili rekstur framhaldsdeilda á Siglufirði og Blönduósi í tengslum við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra?

71. Frumvarp til laga [70. mál]

um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

3. mgr. 1. gr. fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi voru sett lög um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. 8. gr. þessara laga, sem eru nr. 23 27. mars 1991, breytir 1. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966. Meginbreytingin er í því fólgin að þeim erlendum ríkisborgurum, sem átt hafa lögheimili á Íslandi samfleytt í a.m.k. 5 ár, er heimilað að eignast fasteignir eða afnotarétt yfir þeim hér á landi á sama hátt og íslenskum ríkisborgurum. Einnig eru þeim heimiluð sömu réttindi sem hér hafa rétt til að stunda atvinnurekstur og vilja öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til eigin nota og/eða til notkunar í atvinnustarfsemi sinni.

Í niðurlagi 1. gr., eins og henni er breytt með 8. gr. laga nr. 23 27. mars 1991, segir að leggja skuli fyrir dómsmálaráðuneyti samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl

vegna eignar- og afnotaréttinda erlendra aðila hér á landi og öðlast gerningurinn ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni. Þannig er lögð skylda á þá erlenda ríkisborgara sem vilja hagnýta sér lagaheimild til þess að eignast fasteign eða taka hana á leigu hér á landi án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi að leita sérstakrar staðfestingaráritunar dómsmálaráðuneytisins á skjöl varðandi bæði eignarréttindi og afnotaréttindi yfir fasteignum. Þetta þýðir í framkvæmd að sérhver útlendingur, sem tekur á leigu herbergi eða íbúð þó að það sé aðeins til nokkurra mánaða, þarf samkvæmt ákvæðum þessarar greinar að leita staðfestingaráritunar ráðuneytisins á leigusamninginn til þess að hann taki gildi.

Að mati ráðuneytisins hefur slík áritunarskylda óþarfa skriffinnsku í för með sér þegar um er að ræða gerninga sem lagaheimild er fyrir og verður ekki séð að ráðuneytið geti synjað um staðfestingu ef lagaskilyrði eru fyrir hendi.

Á það má benda að sé óskað eftir að fylgjast með því hvaða samninga um eignakaup erlendir aðilar gera hér á landi samkvæmt þeim lagaheimildum sem nefnd 1. gr. veitir þeim er unnt að sjá það með því að leita í fasteignaskrá ríkisins, en þangað ber að senda til skráningar öll fasteignakaupaskjöl. Á því að vera hægt að sjá þar með nútímatölvutækni hverjir erlendir ríkisborgarar eru skráðir eigendur fasteigna hér á landi.

Ráðuneytið leggur því til að felld verði niður síðasta málsgrein 1. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna eins og hún hljóðar eftir breytingu skv. 8. gr. laga nr. 23 27. mars 1991.

Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna,
nr. 19 6. apríl 1966, með síðari breytingum.

Breytingin lýtur að brottfalli ákvæðis um að leggja skuli fyrir dómsmálaráðuneyti samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl vegna eignar- og afnotaréttinda erlendra aðila hér á landi. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið telur dómsmálaráðuneytið að umrætt ákvæði leggi óþarfa skyldu á erlenda borgara og óþarfa vinnu á ráðuneytið. Breytingin hefur þau áhrif að létta af ráðuneytinu nokkru vinnuálagi sem hlýst af framfylgd þessa lagaákvæðis. Hún veldur ekki teljandi lækkun kostnaðar en gefur ráðuneytinu rýmri tíma til annarra verkefna.

72. Frumvarp til laga [71. mál]

um meðferð einkamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. ÞÁTTUR
Almennar reglur um meðferð einkamála.
I. KAFLI
Gildissvið laganna og dómendur í héraði.
1. gr.

1. Lög þessi taka til dómsmála sem hvorki sæta sérstakri meðferð eftir fyrirmælum annarra laga né eiga undir sérdómstóla lögum samkvæmt.

2. Í héraði eiga mál samkvæmt lögum þessum undir hina reglulegu héraðsdómstóla eftir löggjöf um skipan dómsvalds í héraði.

2. gr.

1. Einn dómari skipar dóm í hverju máli nema hann kveðji til meðdómsmenn skv. 2. eða 3. mgr.

2. Ef deilt er um staðreyndir sem eru bornar fram sem málsástæður og dómari telur þurfa sérkunnáttu í dómi til að leysa úr getur hann kvatt til tvo meðdómsmenn sem hafa slíka sérkunnáttu.

3. Ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði er dómara rétt, að fengnu samþykki forstöðumanns dómstólsins, að kveðja til héraðsdómara til setu í dómi með einum sérfróðum meðdómsmanni eða tvo héraðsdómara.

3. gr.

1. Þá eina má kveðja til setu í dómi sem sérfróða meðdómsmenn sem hafa nægilegan þroska og andlegt og líkamlegt heilbrigði, njóta íslensks ríkisborgararéttar, eru lögráða og orðnir 25 ára, hafa forræði á búi sínu og hafa hvorki gerst sekir um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.

2. Hverjum þeim sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. er skylt að verða við kvaðningu til starfa meðdómsmanns. Þetta gildir þó ekki um hæstaréttardómara, hæstaréttarritara, ráðherra, ráðuneytisstjóra, biskupa, presta og forstöðumenn í viðurkenndum trúfélögum, umboðsmann Alþingis, ríkissaksóknara, sýslumenn, tollstjóra og lögreglustjóra og löglærða starfsmenn þeirra eða lögmenn og fulltrúa þeirra. Forstöðumanni ríkisstofnunar eða starfsmanni í heilbrigðisþjónustu verður heldur ekki gert að taka sæti meðdómsmanns ef sakarefnið varðar stofnun sem hann starfar við.

3. Héraðsdómari verður því aðeins kvaddur til setu í dómi utan þess dómstóls sem hann starfar við að bæði hann og forstöðumaður þess dómstóls séu því samþykkir.

4. gr.

1. Meðdómsmenn skulu ekki taka sæti í dómi síðar en við upphaf aðalmeðferðar máls. Dómari skal að öðru jöfnu greina aðilum frá því með fyrirvara hverja hann hyggist kveðja til setu í dómi, þannig að aðilum gefist kostur á að gera athugasemdir ef þeir telja efni til.

2. Bókað skal um kvaðningu meðdómsmanna í máli þegar þeir taka fyrst sæti í dómi. Sé maður að gegna starfi sérfróðs meðdómsmanns í fyrsta sinn skal hann um leið undirrita bókun þar sem kemur fram drengskaparheit hans um að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

3. Meðdómsmenn taka þátt í málsmeðferð og dómsuppsögu og hafa sömu réttindi og bera sömu skyldur og dómsformaður í því máli. Dómsformaður stýrir þó dómi, kveður einn upp úrskurði um annað en frávísun máls, þar á meðal um hæfi meðdómsmanns, gefur út kvaðningar og tilkynningar, annast gerð og staðfestingu dómsgerða og kemur fram út á við fyrir hönd dómsins.

4. Dómsformaður ákveður þóknun sérfróðra meðdómsmanna. Þegar héraðsdómari tekur sæti meðdómsmanns ákveður dómsmálaráðherra þóknun hans.

5. gr.

Dómari, þar á meðal meðdómsmaður, er vanhæfur til að fara með mál ef:

a. hann er aðili að málinu eða fyrirsvarsmaður aðila,
b. hann hefur gætt réttar aðila varðandi sakarefnið eða veitt aðila ólögskyldar leiðbeiningar um það,
c. hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið,
d. hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar,
e. hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda aðila með þeim hætti sem segir í d-lið,
f. hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið, mats- eða skoðunarmanni eða manni sem neitar að láta af hendi sönnunargagn,
g. fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa.

6. gr.

1. Dómari gætir að hæfi sínu og meðdómsmanna til að fara með mál af sjálfsdáðum, en aðili getur einnig krafist að hann eða þeir víki sæti.

2. Dómari kveður sjálfur upp úrskurð um kröfu aðila um að hann víki sæti, svo og ef hann víkur sæti af sjálfsdáðum.

3. Dómarafulltrúi er óhæfur án sérstakrar skipunar til að fara með mál sem forstöðumaður dómstóls er vanhæfur til að fara með skv. 5. gr.

4. Þótt dómari hafi vikið sæti ber honum að gera ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi þar til annar dómari tekur við því. Á þeim tíma getur hann einnig látið af hendi endurrit af málsskjölum og staðfest dómsgerðir.

II. KAFLI
Þinghöld, þingbækur o.fl.

7. gr.

1. Dómari stýrir þinghaldi og gætir þess að það sé háð eftir réttum reglum. Hann ákveður í hverri röð mál verða tekin fyrir. Enginn má taka til máls nema með leyfi dómara og getur hann tekið orðið af manni sem heldur sig ekki við efni máls.

2. Þegar einn maður situr í dómi skal að jafnaði vera einn þingvottur. Hann skal fullnægja almennum vitnaskilyrðum og má ekki vera svo venslaður dómara, aðila, fyrirsvarsmanni eða málflytjanda sem segir d-lið 5. gr. Ef þingvottur er ekki starfsmaður dómstólsins ákveður dómari þóknun hans úr hendi aðila.

8. gr.

1. Þinghöld skulu háð í heyranda hljóði. Hvort sem aðili krefst þess eða ekki getur dómari þó ákveðið að þinghald fari fram fyrir luktum dyrum ef það er háð utan reglulegs þingstaðar eða hann telur það nauðsynlegt:

a. til hlífðar aðila, vandamanni aðila, vitni eða öðrum sem málið varðar,
b. vegna nauðsynjar aðila, vitnis eða annars sem málið varðar á því að halda leyndum atriðum varðandi hagsmuni í viðskiptum eða samsvarandi aðstöðu,
c. vegna hagsmuna almennings eða ríkisins,

d. af velsæmisástæðum,
e. til að halda uppi þingfriði.

2. Bókað skal um ákvörðun dómara um lokun þinghalds og greint frá því af hverri ástæðu hún hafi verið tekin.

3. Þótt þinghald sé háð í heyranda hljóði er dómara rétt að takmarka fjölda áheyrenda við þá sem rúmast á þingstað með góðu móti. Dómari getur einnig meinað þeim aðgang sem eru yngri en 15 ára eða þannig á sig komnir að návist þeirra samræmist ekki góðri reglu við þinghald.

9. gr.

1. Óheimilt er að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi. Dómari getur veitt undanþágu frá þessu banni ef sérstaklega stendur á.

2. Óheimilt er að skýra opinberlega frá því sem gerist í lokuðu þinghaldi án leyfis dómara. Þótt þinghald sé háð í heyranda hljóði getur dómari bannað að skýrt verði opinberlega frá því sem gerist þar, enda kynni hann ákvörðun sína um það viðstöddum og bóki um hana. Brot gegn þessu varðar sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

3. Dómara er rétt að vísa manni úr þinghaldi ef návist hans horfir til truflunar þingfriði eða framkoma hans er óviðeigandi í orði eða verki. Ef um aðila er að ræða, fyrirsvarsmann hans eða málflytjanda skal dómari þó að jafnaði áminna hann og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en af brottvísun verður. Ákvörðun dómara um að víkja manni úr þinghaldi má framfylgja með lögregluvaldi ef með þarf. Bókað skal um brottvikningu manns ef aðili, fyrirsvarsmaður hans eða málflytjandi á í hlut.

10. gr.

1. Þingmálið er íslenska.

2. Nú gefur maður skýrslu fyrir dómi sem kann ekki íslensku nægilega vel, og skal þá aðilinn sem hlutast til um skýrslugjöfina kalla til löggiltan dómtúlk. Dómari kveður þó til löggiltan dómtúlk ef það leiðir af samningi við erlent ríki. Sé ekki kostur á löggiltum dómtúlki er dómara rétt að samþykkja að annar hæfur maður annist þýðingu, en sá skal þá undirrita heit í þingbók um að hann muni rækja starfann eftir bestu getu og ber honum að staðfesta þýðingu sína fyrir dómi ef hún er vefengd. Aðilinn greiðir kostnað af starfa túlks, en kostnaðurinn skal þó greiddur úr ríkissjóði í einkarefsimálum og málum um faðerni barna og lögræðissviptingar, svo og ef dómari kveður til dómtúlk vegna ákvæða samnings við erlent ríki.

3. Skjali á erlendu tungumáli skal að jafnaði fylgja þýðing á íslensku að því leyti sem er byggt á efni þess í máli nema dómari telji sér fært að þýða það. Komi aðilar sér ekki sjálfir saman um rétta þýðingu skjals skal hún gerð af löggiltum skjalaþýðanda. Sé ekki kostur á löggiltum skjalaþýðanda má leggja fram þýðingu annars hæfs manns, en honum ber að staðfesta hana fyrir dómi ef hún er vefengd. Um kostnað af starfa þýðanda fer sem segir í 2. mgr.

4. Ef maður, sem á að gefa skýrslu fyrir dómi, er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal aðilinn sem hlutast til um skýrslugjöfina kalla til kunnáttumann til aðstoðar. Um heit slíks manns, staðfestingu og kostnað af starfa fer eftir ákvæðum 2. mgr. Dómari getur þó ákveðið í stað þess að eftir atvikum verði spurningar lagðar fyrir hlutaðeiganda eða hann svari þeim skriflega fyrir dómi.

11. gr.

1. Við hvern héraðsdómstól skulu vera þingbækur til afnota í einkamálum. Dómara er rétt að láta vélrita eða rita á tölvu það sem væri ella fært í slíka bók, en það sem er skráð með þeim hætti skal þá varðveitt í prentuðu formi með áritun dómara um staðfestingu og síðan heft eða bundið saman sem þingbók.

2. Þegar dómþing er háð skal rita skýrslu í þingbók um það sem fer fram. Þar skal jafnan skráð hvar og hvenær þinghald fer fram, nafn dómara sem fer með mál sem er tekið fyrir, gögn sem eru lögð fram, hverjir mæta í máli og koma fyrir dóm og hvað hafi verið afráðið um rekstur máls, svo og ákvarðanir dómara og úrskurði sem hann kveður upp jafnharðan undir rekstri máls. Einnig er rétt að bóka um yfirlýsingar af hendi aðila sem hafa ekki komið fram skriflega. Ef önnur ákvæði þessara laga mæla ekki fyrir um að bókað verði um tiltekin atriði ákveður dómari að öðru leyti hvað verði skráð í þingbók og undirritar það sem hefur verið bókað að loknu þinghaldi. Ef dómari telur ástæðu til er honum rétt að kynna þeim sem mæta í þinghaldi efni bókunar í heild eða að hluta og gefa hlutaðeigendum kost á að undirrita hana.

3. Það sem kemur fram við munnlega sönnunarfærslu skal hljóðritað, tekið upp á myndband eða ritað í þingbók eftir ákvörðun dómara. Dómari getur einnig ákveðið að taka upp eða skrá útdrátt sinn af framburði, en hlutaðeiganda skal þá gefinn kostur á að koma að athugasemdum um það sem er haft eftir honum og um framkvæmd skýrslutökunnar.

12. gr.

1. Við hvern héraðsdómstól skal haldin dómabók sem hefur að geyma dóma, svo og úrskurði sem fela í sér niðurstöðu máls, undirritaða af dómara.

2. Enn fremur skal halda skrá við hvern héraðsdómstól yfir þau mál sem koma til úrlausnar eftir þessum lögum.

13. gr.

1. Skjöl, sem eru lögð fram í dómi, skulu vera í frumriti séu þau tiltæk. Þau skulu merkt í áframhaldandi töluröð og vottuð um framlagningu. Sá sem leggur fram skjal skal láta í té þann fjölda eftirrita af því sem dómari mælir fyrir um og afhendir jafnframt öðrum aðilum máls eftirrit.

2. Framlögð skjöl skulu varðveitt í skjalasafni hlutaðeigandi dómstóls þar til þau verða afhent Þjóðskjalasafni. Ef aðili, sem hefur lagt fram skjal, þarf á því að halda þegar máli er lokið skal afhenda honum frumrit þess eða myndrit, en sé frumrit látið af hendi skal myndrit varðveitt í þess stað. Meðan máli er ólokið verður frumrit skjals ekki afhent nema aðilar séu því samþykkir eða ekkert eða óverulega er byggt á efni þess og dómari telur mega láta það af hendi gegn því að myndrit komi í stað þess.

3. Öðrum en aðila máls verður ekki afhent frumrit skjals nema með samþykki þess sem lagði það fram, sbr. þó 3. mgr. 69. gr.

4. Hljóðritanir og myndbönd skv. 3. mgr. 11. gr. skulu varðveitt í minnst þrjú ár frá lokum dómsmáls.

14. gr.

1. Dómara er skylt gegn greiðslu gjalds að láta þeim sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta í té staðfest eftirrit af málsskjölum og úr þingbók eða dómabók, þar á meðal dómsgerðir í heild sinni, svo fljótt sem við verður komið og ekki síðar en innan mánaðar frá því þess er óskað.

2. Meðan mál er rekið í héraði, unnt er að skjóta því til æðra dóms eða mál er rekið fyrir æðra dómi er dómara skylt gegn greiðslu gjalds að láta viðkomendum í té eftirrit af því sem hefur verið hljóðritað eða tekið á myndband skv. 3. mgr. 11. gr. eða leyfa þeim að hlýða á slíkar upptökur, svo fljótt sem við verður komið eftir að þess er óskað. Eftir þann tíma má verða við ósk þess efnis ef sérstakar ástæður mæla með því.

3. Dómara er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu áætlaðs gjalds skv. 1. og 2. mgr.

4. Telji dómari óheimilt eða óskylt að verða við ósk um eftirrit eða leyfi til að hlýða á upptöku kveður hann upp úrskurð um það ef þess er krafist.

15. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um:

a. málaskrár,
b. þingbækur, þar á meðal færslu þeirra með ritvél og á tölvu,
c. búnað til hljóðritunar og myndbandsupptöku í þinghöldum,
d. dómabækur,
e. dómsgerðir,
f. varðveislu málsskjala, hljóðritana og myndbanda.

III. KAFLI

Aðild og fyrirsvar.

16. gr.

1. Aðili dómsmáls getur hver sá verið, einstaklingur, félag eða stofnun, sem getur átt réttindi eða borið skyldur að landslögum. Dómstólar hafa vald til að dæma mál allra þeirra sem geta verið aðilar nema undantekningar séu gerðar í lögum eða samkvæmt þjóðarétti.

2. Varnir byggðar á aðildarskorti leiða til sýknu ef fallist er á þær.

17. gr.

1. Maður kemur sjálfur fram í máli sínu ef hann er hæfur að lögum til að ráðstafa sakarefninu.

2. Ef maður búsettur erlendis telst hæfur til að koma sjálfur fram í dómsmáli eftir lögum heimalands síns skal honum talið það heimilt hér á landi. Ef hann telst hæfur til þess að íslenskum lögum skiptir ekki máli hvort svo sé að lögum heimalands hans.

3. Lögráðamaður kemur fram sem fyrirsvarsmaður ólögráða manns sem á aðild að máli og brestur hæfi til að ráðstafa sakarefninu.

4. Stjórnendur félaga, stofnana eða samtaka koma fram einir eða fleiri í sameiningu sem fyrirsvarsmenn slíkra aðila eftir því sem leiðir af almennum reglum.

5. Þegar ríkið eða sveitarfélag á aðild að máli, stofnun eða fyrirtæki þess eða einstök stjórnvöld, kemur sá fram sem fyrirsvarsmaður sem hefur ákvörðunarvald um þá hagsmuni aðilans sem sakarefnið varðar, nema mælt sé á annan veg í lögum.

6. Nú flytur aðili mál sitt sjálfur eða fyrirsvarsmaður og dómari telur hann ófæran um að gæta þannig hagsmuna sinna, og skal þá dómari leggja fyrir hann að ráða sér hæfan

umboðsmann til að flytja málið. Hafi hlutaðeigandi ekki orðið við því þegar mál er tekið næst fyrir má fara með það eins og hann hefði ekki sótt þing.

18. gr.

1. Nú eiga fleiri en einn óskipt réttindi eða bera óskipta skyldu, og eiga þeir þá óskipta aðild.

2. Ef þeim sem bera óskipta skyldu er ekki öllum veittur kostur á að svara til sakar skal vísa máli frá dómi. Það sama á við ef þeir sem eiga óskipt réttindi sækja ekki mál í sameiningu, að því leyti sem krafa er höfð uppi um hagsmuni einhvers þeirra sem á ekki aðild að því.

3. Ef þeir sem eiga óskipta aðild sækja ekki allir þing skulu þeir sem gera það teljast hafa heimild til að skuldbinda hina.

4. Nú eru kröfur eða yfirlýsingar þeirra sem eiga óskipta aðild ósamrýmanlegar, og skal þá telja aðilana alla bundna við þá kröfu eða yfirlýsingu sem er gagnaðila hagkvæmust, nema sýnt sé að hún sé röng eða þann sem setti hana fram hafi sér að ósekju skort vitneskju um málsatvik eða stöðu sína að lögum.

19. gr.

1. Fleiri en einum er heimilt að sækja mál í félagi ef dómkröfur þeirra eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Með sömu skilyrðum má sækja fleiri en einn í sama máli. Ella skal vísa máli frá dómi að kröfu varnaraðila að því er hann varðar.

2. Sækja má fleiri en einn í sama máli með þeim hætti að kröfum sé aðallega beint að einum þeirra en að öðrum til vara ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt. Ella skal vísa frá dómi kröfum á hendur þeim sem eru sóttir til vara ef þeir krefjast þess.

3. Nú vill sóknaraðili stefna nýjum aðila eftir þingfestingu máls til að svara til sakar með þeim sem hann hefur þegar stefnt, og er það þá því aðeins heimilt að skilyrðum 1. mgr. sé fullnægt og sóknaraðila verði ekki metið til vanrækslu að hann hafi ekki stefnt nýja aðilanum áður en málið var þingfest.

20. gr.

Þriðja manni er heimilt að ganga inn í mál annarra ef úrslit þess skipta hann máli að lögum. Skal hann þá stefna báðum eða öllum upphaflegu aðilunum og gera kröfu um að honum verði leyfð meðalgangan og dæmt sakarefnið eða dómur annars felldur þannig að réttur hans verði verndaður.

21. gr.

1. Ef úrslit máls geta skipt þriðja mann máli að lögum getur aðili stefnt honum og skorað þannig á hann að veita sér styrk í málinu eða gæta þar annars réttar síns.

2. Mæti þriðji maður í máli en gerist ekki aðili að því verða kröfur ekki gerðar á hendur honum og getur hann ekki gert kröfu um annað en málskostnað sér til handa. Honum er allt að einu rétt að afla gagna í máli og flytja það af sinni hendi að því leyti sem það varðar hann að lögum.

22. gr.

1. Ef sóknaraðili framselur þau réttindi sem dómkrafa hans varðar eftir að mál er höfðað en áður en það er tekið til dóms tekur nýi eigandinn í hans stað við aðild að málinu í því horfi sem það er.

2. Ef sóknaraðili deyr á þeim tíma sem segir í 1. mgr. tekur dánarbú hans við aðild að málinu ef þau réttindi sem dómkrafan varðar áskotnast því. Að öðrum kosti fellur málið niður en dæma má dánarbúið til greiðslu málskostnaðar.

3. Ef bú sóknaraðila er tekið til gjaldþrotaskipta á þeim tíma sem segir í 1. mgr. tekur þrotabú hans við aðild að málinu ef þau réttindi, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Falli réttindi niður vegna gjaldþrotaskipta fellur mál jafnframt niður.

23. gr.

1. Nú afhendir varnaraðili hlut eða réttindi sem hann er sóttur til að láta af hendi eftir að mál er höfðað, og má þá sóknaraðili allt að einu halda málinu áfram gegn upphaflegum varnaraðila. Verður sá sem leiðir rétt sinn frá varnaraðila þá bundinn af dómi í málinu nema hann hafi eignast hlut eða réttindi með þeim hætti að réttur annarra glatist gagnvart honum.

2. Ef varnaraðili deyr á þeim tíma sem segir í 1. mgr. tekur dánarbú hans við aðild að málinu ef þær skyldur, sem dómkrafan varðar, falla á það. Að öðrum kosti fellur málið niður en dæma má dánarbúið til greiðslu málskostnaðar.

3. Ef bú varnaraðila er tekið til gjaldþrotaskipta á þeim tíma sem segir í 1. mgr. tekur þrotabú hans við aðild að málinu ef þær skyldur, sem dómkrafan varðar, falla á það. Sóknaraðili getur þó krafist að dómur gangi aðeins á hendur þrotamanni eða bæði á hendur honum og þrotabúinu.

IV. KAFLI
Sakarefni.

24. gr.

1. Dómstólar hafa vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til nema það sé skilið undan lögsögu þeirra samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu. Eigi sakarefni ekki undir dómstóla vísar dómari máli frá dómi.

2. Nú telur dómari að mál eigi undir annan dómstól eða það beri að reka eftir reglum um meðferð opinberra mála eða meðferð ágreiningsmála vegna fullnustugerða eða búskipta, og vísar hann þá máli frá dómi.

25. gr.

1. Dómstólar verða ekki krafðir álits um lögfræðileg efni eða hvort tiltekið atvik hafi gerst nema að því leyti sem er nauðsynlegt til úrlausnar um ákveðna kröfu í dómsmáli.

2. Nú hefur sóknaraðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands, og getur hann þá leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnum. Gildir þetta án tillits til þess hvort honum væri þess í stað unnt að leita dóms sem mætti fullnægja með aðför.

3. Félag eða samtök manna geta í eigin nafni rekið mál til viðurkenningar á tilteknum réttindum félagsmanna eða lausnar undan tilteknum skyldum þeirra, enda samrýmist það tilgangi félagsins eða samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem dómkrafan tekur til.

26. gr.

1. Ef mál er höfðað til úrlausnar um rétt eða skyldu sem sóknaraðili játar eða sýnt er á annan hátt að sé ekki enn orðin til skal vísa máli frá dómi.

2. Nú er krafist dóms um skyldu, sem mætti fullnægja með aðför, og hún reynist hvíla eða geta hvílt á varnaraðila, en sá tími er ókominn sem hann verður krafinn um efndir hennar þegar mál er dómtekið, og skal þá sýkna varnaraðila að svo stöddu.

27. gr.

1. Í einu máli má sækja allar kröfur á hendur sama aðila sem eru samkynja eða eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Öðrum kröfum verður vísað frá dómi ef varnaraðili krefst.

2. Hafi aðili ekki sótt allar kröfur sínar í máli, sem hann mátti skv. 1. mgr., er honum heimilt að sækja afgang þeirra í öðru máli, en ekki má þá dæma varnaraðila til að greiða málskostnað í nýja málinu nema sýnt þyki að ekki hafi verið unnt að höfða mál í upphafi um allar kröfurnar eða það hefði leitt til tilfinnanlegra tafa eða óhagræðis.

28. gr.

1. Varnaraðila er rétt að hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar í máli án þess að gagnstefna ef skilyrði fyrir skuldajöfnuði eru fyrir hendi. Gagnkrafan skal þá höfð uppi í greinargerð en sjálfstæður dómur getur ekki gengið um hana.

2. Með gagnstefnu er varnaraðila heimilt að hafa uppi gagnkröfu í máli til sjálfstæðs dóms og eftir atvikum skuldajafnaðar ef gagnkrafan er samkynja aðalkröfunni eða þær eiga báðar rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings eða samið hefur verið um að sækja mætti gagnkröfuna í máli um aðalkröfuna. Gagnsök verður að höfða innan mánaðar frá þingfestingu aðalsakar.

3. Gagnkröfu má hafa uppi eftir þann tíma sem segir í 1. og 2. mgr. ef það er gert fyrir aðalmeðferð máls og það verður ekki metið varnaraðila til vanrækslu að hafa ekki gert gagnkröfu sína í tæka tíð.

29. gr.

Með framhaldsstefnu er heimilt að auka við fyrri kröfu eða hafa uppi nýja kröfu í máli eftir þingfestingu en fyrir aðalmeðferð þess ef skilyrðum 1. mgr. 27. gr. er fullnægt og það verður ekki metið aðilanum til vanrækslu að hafa ekki gert kröfur sínar í einu lagi í öndverðu.

30. gr.

1. Þyki dómara það til skýringar eða hagræðis getur hann ákveðið að ósk eins eða fleiri aðila að sameina tvö eða fleiri mál:

a. ef þau eru rekin milli sömu aðila og unnt hefði verið að höfða eitt mál um allar kröfurnar skv. 1. mgr. 27. gr.,
b. ef þau eru rekin milli sömu aðila og unnt hefði verið að höfða annað málið sem gagnsök í hinu skv. 2. mgr. 28. gr.,
c. ef höfða hefði mátt eitt mál um kröfurnar skv. 1. mgr. 19. gr.

2. Dómari getur ekki sameinað mál eftir ákvæðum 1. mgr. gegn mótmælum aðila ef það hefði varðað frávísun eftir kröfu hans að höfða mál þannig í öndverðu.

3. Þyki dómara það nauðsynlegt til skýringar eða hagræðis getur hann ákveðið af sjálfsdáðum að aðskilja kröfur sem eiga ekki rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða

löggernings en eitt mál er rekið um, þannig að farið verði með hvora eða hverja þeirra í sjálfstæðu máli.

31. gr.

1. Eftir ósk annars eða beggja aðila getur dómari ákveðið að skipta sakarefni þannig að fyrst verði dæmt sérstaklega um tiltekin atriði máls meðan önnur atriði þess hvíla og bíða þess að verða dæmd.

2. Ef sakarefni er skipt í máli um skaðabætur þannig að fyrst sé dæmt um bótaskyldu getur dómari orðið við kröfu sóknaraðila um það að í dómi um þá skyldu verði kveðið á um hæfilega fjárhæð sem varnaraðila beri þegar að greiða upp í væntanlegar bætur.

V. KAFLI
Varnarþing.

32. gr.

1. Sækja má mann fyrir dómi í þinghá þar sem hann á skráð lögheimili. Eigi maður fasta búsetu í annarri þinghá en þar sem lögheimili hans er skráð má einnig sækja hann í þeirri þinghá.

2. Mann, sem á hvergi skráð lögheimili, má sækja í þinghá þar sem hann hefur fasta búsetu. Sé ókunnugt um fastan búsetustað má sækja hann í þinghá þar sem hann dvelst eða ella þar sem hann er staddur þegar stefna er birt.

3. Íslenskan ríkisborgara, sem er búsettur erlendis en verður ekki sóttur þar, má sækja fyrir dómi í Reykjavík ef hann á ekki skráð lögheimili í annarri þinghá.

4. Sækja má mann, sem er búsettur erlendis, í þeirri þinghá þar sem hann er staddur við birtingu stefnu ef mál varðar fjárskyldu hans við mann sem er búsettur hér á landi eða félag, stofnun eða samtök sem eiga varnarþing hér.

5. Ólögráða maður verður sóttur í þinghá þar sem sækja mætti lögráðamann hans skv. 1.–4. mgr. ef hann hefur ekki sjálfur forræði á sakarefninu.

33. gr.

1. Skrásett félag eða firma má sækja í þeirri þinghá þar sem varnarþing þess er skráð. Ef stjórnarstöð þess er í annarri þinghá en þar sem varnarþing er skráð má einnig sækja það í þeirri þinghá. Ef mál varðar skrásett útibú félags eða firma má sækja það í þeirri þinghá þar sem útibúið er.

2. Óskrásett félag eða firma má sækja í þeirri þinghá þar sem heimili þess telst vera samkvæmt samþykktum þess eða stjórnarstöð þess er. Einnig má sækja það í þeirri þinghá þar sem fyrirsvarsmaður þess yrði sjálfur sóttur skv. 32. gr. Það sama á við um annars konar óskrásett samtök eða stofnanir sem ákvæði 3. og 4. mgr. taka ekki til.

3. Ríkið verður sótt fyrir dómi í Reykjavík. Sé máli beint að stjórnvaldi fyrir ríkisins hönd og það hefur stjórnarstöð í annarri þinghá má þó sækja það í þeirri þinghá. Sveitarfélag verður með sama skilorði sótt í þeirri þinghá sem það heyrir til.

4. Stofnun eða fyrirtæki ríkisins eða sveitarfélags eða stjórnvald þess má sækja í þeirri þinghá þar sem það hefur stjórnarstöð.

34. gr.

1. Ef skoðun fasteignar getur orðið nauðsynleg í máli sem varðar hana má sækja það í þeirri þinghá þar sem hún er. Það sama á við um önnur mál um réttindi yfir fasteign, svo og mál þar sem sóttar eru kröfur sem rísa af slíkum réttindum.

2. Ef fasteign er í fleiri þinghám en einni eða mál varðar fleiri fasteignir en eina sem eru ekki í sömu þinghá má sækja mál skv. 1. mgr. í einhverri þeirra.

35. gr.

1. Mál til efnda á eða lausnar undan löggerningi eða vegna vanefnda eða rofa á löggerningi má sækja í þeirri þinghá þar sem átti að efna hann eftir hljóðan hans, tilætlun aðila eða réttarreglum.

2. Víxil- og tékkamál má sækja í þeirri þinghá þar sem greiðslustaður víxilsins eða tékkans er. Hafi greiðslustaður víxils eða tékka verið erlendis má sækja mál um hann í þeirri þinghá, þar sem sá sem innheimtir hann hefur stjórnar- eða starfstöð, enda sé um banka að ræða, sparisjóð eða annan þann sem hefur skuldheimtu að atvinnu.

36. gr.

1. Mál til greiðslu á andvirði vöru eða þjónustu, sem hefur verið fengin eða þegin í verslun eða annarri fastri starfstöð, má sækja í þeirri þinghá þar sem verslunin eða starfstöðin er ef það er atvinna upphaflega skuldareigandans að láta slíka vöru eða þjónustu í té.

2. Hafi vara eða þjónusta verið látin í té í útibúi upphaflegs skuldareiganda hér á landi verður heimildar skv. 1. mgr. aðeins neytt til að sækja mál í þeirri þinghá þar sem útibúið er.

3. Nú hefur vara eða þjónusta verið látin í té erlendis með þeim hætti sem segir í 1. mgr., og má þá höfða mál til greiðslu á andvirði hennar í þeirri þinghá þar sem sá sem hefur kröfuna til innheimtu hér á landi hefur starfstöð, enda hafi hann skuldheimtu að atvinnu.

37. gr.

Mál vegna kaupa á vöru eða þjónustu hér á landi má kaupandi sækja í þinghá þar sem hann yrði sjálfur sóttur skv. 32. eða 33. gr.

38. gr.

1. Mál til greiðslu vinnulauna má sækja í þeirri þinghá þar sem vinnan var leyst af hendi eða í einhverri þeirra hafi verið unnið víðar.

2. Sjómenn mega sækja mál til greiðslu fyrir vinnu sína í þeirri þinghá þar sem skip er skráð.

3. Þeir sem leysa störf sín af hendi um borð í loftfari mega sækja mál til greiðslu vinnulauna í þeirri þinghá þar sem loftfarið er skráð.

39. gr.

1. Útgerðarmann má sækja í máli varðandi útgerðina í þeirri þinghá þar sem skip er skráð. Það sama á við um mál á hendur skipstjóra eða skipshöfn vegna skyldustarfa þeirra.

2. Mál um björgunarlaun má höfða í þeirri þinghá þar sem bjargað var eða það sem var bjargað var flutt í land.

3. Ef krafa er tryggð með sjóveði í skipi, farmi eða farmgjaldi og sjóveðið hefur verið kyrrsett má höfða mál um kröfuna í þeirri þinghá þar sem kyrrsetning fór fram.

40. gr.

Ef mál á rætur að rekja til fjárvörslu eða reikningshalds má sækja það í þeirri þinghá þar sem fjárvarslan eða reikningshaldið fór fram.

41. gr.

Mál til skaðabóta, refsingar eða annarrar fullnustu vegna réttarbrots utan samninga má sækja í þeirri þinghá þar sem brot var framið eða í einhverri þeirra ef brot var framið víðar.

42. gr.

1. Ef kröfum er beint að fleiri en einum aðila í sama máli má sækja það á varnarþingi hvers þeirra sem er.
2. Gagnkrafa og gagnsök skal jafnan sótt á varnarþingi aðalsakar.
3. Aðilum er rétt að semja um meðferð máls í hverri þinghá sem er.

43. gr.

1. Ákvæðum 34.–42. gr. verður beitt til að sækja mann sem er búsettur erlendis, svo og félag, firma, stofnun eða samtök sem er eins ástatt um, nema annað leiði af samningi við erlent ríki.
2. Ákvæði þessa kafla raska ekki gildi sérreglna um varnarþing eftir öðrum lögum.

2. ÞÁTTUR
Sönnun og sönnunargögn.

VI. KAFLI
Almennar reglur um sönnun.

44. gr.

1. Dómari sker úr því hverju sinni eftir mati á þeim gögnum sem hafa komið fram í máli hvort staðhæfing um umdeild atvik teljist sönnuð, enda bindi fyrirmæli laga hann ekki sérstaklega um mat í þessum efnum.
2. Sá sem ber fyrir sig venju eða erlenda réttarreglu verður að leiða tilvist og efni hennar í ljós.
3. Ekki þarf að sanna það sem er alkunnugt á þeim stað og tíma sem dómur eða úrskurður gengur.

45. gr.

Yfirlýsing aðila, sem er gefin fyrir dómi og felur í sér ráðstöfun á sakarefni, bindur hann eftir reglum um gildi loforða ef hann hefur forræði á því.

46. gr.

1. Aðilar afla sönnunargagna ef þeir fara með forræði á sakarefni.
2. Eftir því sem dómari telur nauðsynlegt til skýringar á máli er honum rétt að beina því til aðila að afla gagna um tiltekin atriði þess.
3. Ef dómari telur bersýnilegt að atriði, sem aðili vill sanna, skipti ekki máli eða að gagn sé tilgangslaust til sönnunar getur hann meinað aðila um sönnunarfærslu.

47. gr.

1. Öflun sönnunargagna skal að jafnaði fara fram fyrir þeim dómara sem fer með málið. Ef þessu verður ekki komið við nema með verulegum kostnaði eða óhagræði getur dómari ákveðið eftir ósk aðila að gagnaöflun megi fara fram fyrir öðrum dómi samkvæmt ákvæðum XI. kafla, enda leiði það ekki til óþarfra tafa á rekstri máls.

2. Ákvæði 1. mgr. girða ekki fyrir að byggt verði á sönnunargagni sem er aflað eftir ákvæðum XII. kafla áður en mál er höfðað.

VII. KAFLI
Skýrslugjöf aðila.

48. gr.

1. Aðila er jafnan heimilt að gefa skýrslu um málsatvik fyrir dómi í máli sínu nema dómari telji sýnilegt að hún sé þarflaus eða tilgangslaus.

2. Eftir kröfu gagnaðila og með sama skilorði og segir í 1. mgr. er dómara rétt að kveðja aðila fyrir dóm til að gefa skýrslu um málsatvik.

3. Dómari getur af sjálfsdáðum kvatt aðila fyrir dóm til að gefa skýrslu ef hann telur þess þörf til skýringar á máli.

4. Sem aðili eftir ákvæðum þessa kafla skoðast fyrirsvarsmaður sem kemur fram fyrir aðila hönd, sbr. 3.–5. mgr. 17. gr.

49. gr.

1. Aðila er rétt sér að meinalausu að færast undan því að svara spurningum fyrir dómi ef honum væri óheimilt að svara þeim sem vitni í málinu.

2. Þegar aðili gefur skýrslu fyrir dómi fer um framkvæmd skýrslugjafar eftir ákvæðum 3. og 4. mgr. 51. gr., 56. gr. og 1. mgr. 59. gr. eftir því sem átt getur við.

50. gr.

1. Nú hefur aðili forræði á sakarefni og hann viðurkennir fyrir dómi tiltekið atvik sem er honum óhagstætt, og skal þá viðurkenning hans að jafnaði lögð til grundvallar, enda þyki dómara hún hafa verið gefin af nægilegri þekkingu og skilningi og ekkert kemur fram sem hnekkir henni eða veikir hana verulega.

2. Ef aðili verður ekki við kvaðningu um að koma fyrir dóm til að gefa skýrslu eða svarar ekki nægilega spurningu sem honum er ekki rétt að færast undan getur dómari skýrt vanrækslu hans, óljós svör eða þögn á þann hátt sem er gagnaðila hagfelldast.

VIII. KAFLI
Vitni.

51. gr.

1. Hverjum manni, sem er orðinn 15 ára, lýtur íslenskri lögsögu og er ekki aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila, er skylt að koma fyrir dóm sem vitni til að svara munnlega spurningum sem er beint til hans um málsatvik.

2. Dómari metur með hliðsjón af atvikum hverju sinni hvort yngri manni en getur í 1. mgr. verði gert skylt að gefa skýrslu sem vitni. Sama hátt hefur dómari á um geðveika menn og þroskahefta.

3. Ef vitni kemst ekki á þingstað vegna veikinda eða svipaðra ástæðna má dómari ákveða að það gefi skýrslu á öðrum stað þar sem þess er kostur.

4. Nú er vitni statt fjarri þingstað eða það hefði annars sérstakt óhagræði af því að

koma fyrir dóm, og getur þá dómari ákveðið að skýrsla verði tekin af því á dómþingi gegnum síma eða annað fjarskiptatæki, enda verði skýrslutöku hagað þannig að allir sem eru staddir á dómþingi heyri orðaskipti við vitnið.

5. Ef þess er krafist getur dómari lagt fyrir vitni í kvaðningu skv. 2. mgr. 54. gr. að hafa með sér gögn til sýningar fyrir dómi eða að athuga bækur sínar, skjöl og aðra muni og gera útdrátt úr tilteknum atriðum í þeim til skýringar á málsatvikum.

52. gr.

1. Eftirtaldir geta skorast undan því að gefa vitnaskýrslu að öllu leyti eða einhverju:
a. sá sem er eða hefur verið maki aðila,
b. skyldmenni aðila í beinan legg, systkin hans og þeir sem tengjast honum þannig vegna ættleiðingar,
c. stjúpforeldri aðila og stjúpbarn,
d. tengdaforeldri aðila og tengdabarn.

2. Dómari getur leyst aðra sem eru eða hafa verið nákomnir aðila undan vitnaskyldu ef honum virðist samband þeirra mjög náið.

3. Vitni er rétt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari þess geti falist játning eða bending um að það hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi því siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Það sama á við ef ætla má að svar hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist vitni með þeim hætti sem segir í 1. eða 2. mgr.

4. Dómari getur undanþegið vitni frá því að upplýsa um leyndarmál varðandi viðskipti þess, uppgötvanir eða önnur slík verk ef hann telur hagsmuni vitnis af leyndinni verulega ríkari en hagsmuni aðila af vættinu.

5. Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik sem hafa gerst í embætti þeirra eða sýslan og má leiða nægilega í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

53. gr.

1. Án leyfis hlutaðeigandi ráðherra er vitni óheimilt að svara spurningum um leynilegar ráðagerðir, ályktanir eða samninga handhafa ríkisvalds um málefni sem varða öryggi, réttindi eða heill ríkisins eða skipta mjög miklu fyrir viðskipti eða fjárhag þjóðarinnar.

2. Vitni er óheimilt án leyfis þess sem á í hlut að svara spurningum um:
a. hver sé höfundur eða heimildarmaður að riti, grein, frásögn eða tilkynningu sem hefur birst án þess að hann væri nafngreindur, ef vitnið ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birtist opinberlega eða það hefur öðlast vitneskju um höfund eða heimildarmann í starfi hjá ábyrgðarmanni,
b. einkahagi manns sem því hefur verið trúað fyrir eða það hefur komist að á annan hátt í starfi sem endurskoðandi, félagsráðgjafi, lögfræðingur, lyfsali, læknir, prestur, sálfræðingur eða aðstoðarmaður einhvers þessara, eða í öðru starfi sem viðlíka trúnaðarskylda fylgir,
c. atriði sem það hefur komist að í opinberu starfi og á að fara leynt,
d. leyndarmál um viðskipti, uppgötvanir eða önnur slík verk sem það hefur komist að í starfi.

3. Nú telur dómari hagsmuni aðila verulega meiri af því að upplýst verði um atriði skv. b- til d-lið 2. mgr. en hagsmuni hlutaðeiganda af því að leynd verði haldið, og get-

ur hann þá eftir kröfu aðila lagt fyrir vitni að svara spurningu þótt leyfi sé ekki veitt til þess, enda feli þá svarið ekki í sér frásögn af einkahögum manns sem á ekki aðild að máli. Ef dómari telur óvíst hvort þessum skilyrðum sé fullnægt getur hann lagt fyrir vitni að tjá sér fyrst í trúnaði hvers efnis svar þess yrði.

54. gr.

1. Aðili, sem óskar eftir að leiða vitni, annast boðun þess á dómþing.

2. Aðila er rétt að boða vitni á dómþing með skriflegri kvaðningu sem hann gefur út sjálfur eða leggur fyrir dómara til útgáfu. Í kvaðningu skal greint nafn og heimili vitnis, tilefni boðunar í aðalatriðum, nafn dómstóls, hvar og hvenær vitnaleiðslan fer fram og hverjar afleiðingar það geti haft að vitni mæti ekki. Kvaðningu skal birta með sama hætti og fyrirvara og stefnu.

3. Ef vitni er statt á dómþingi er því skylt að bera þegar vætti þótt það hafi ekki verið boðað í því skyni.

55. gr.

1. Nú kemur vitni ekki fyrir dóm samkvæmt löglega birtri kvaðningu án þess að um lögmæt forföll sé að ræða, og getur þá dómari orðið við kröfu aðila um að leita til lögreglu um að sækja vitnið. Lögreglu er skylt að verða við slíkum fyrirmælum dómara.

2. Ef vitni kemur fyrir dóm en fullnægir annars ekki vitnaskyldu sinni getur dómari að kröfu aðila gert því sekt með úrskurði. Viðurlög eftir úrskurðinum falla niður ef vitni fullnægir síðan skyldu sinni eða aðili hverfur frá því að krefja það vættis.

3. Ef vitni kemur fyrir dóm en getur ekki fullnægt vitnaskyldu sinni vegna ástands síns, svo sem vegna ölvunar eða geðshræringar, getur dómari gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að það geti leyst skyldu sína af hendi síðar.

56. gr.

1. Þegar vitni kemur fyrir dóm lætur dómari það fyrst gera grein fyrir nafni sínu, kennitölu og heimili, en prófar svo eftir þörfum hvort því sé rétt eða skylt að bera vætti. Síðan brýnir dómari alvarlega fyrir vitni skyldu þess til að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan, og leiðir athygli þess að þeirri refsiábyrgð sem er samfara vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði.

2. Að svo búnu verða spurningar lagðar fyrir vitni. Dómara er rétt að láta aðila um að spyrja vitni, en þá skal sá sem kvaddi vitni leggja spurningar fyrir það fyrst og síðan gagnaðili. Dómara er rétt að umorða, laga og skýra spurningar aðila áður en vitni svarar og koma í veg fyrir að spurningar séu lagðar fyrir vitni sem eru óákveðnar, tvíræðar, veiðandi, óþarflega móðgandi eða særandi, lagaðar til að villa um fyrir vitni eða sýnilega tilgangslausar. Dómari getur svipt aðila, sem brýtur gegn þessu, rétti til að leggja spurningar fyrir vitni og tekið skýrslutöku í sínar hendur. Dómara er og rétt að krefja vitni frekari skýringa á svari þannig að efni þess komi skýrt fram, svo og að leggja spurningar sjálfstætt fyrir vitni.

3. Hvert vitni skal að jafnaði prófa sér án þess að önnur vitni hlýði á. Að kröfu aðila getur dómari þó ákveðið að vitni verði samprófað við annað vitni eða aðila.

4. Nú er dómþing háð fyrir opnum dyrum og spurningu til vitnis er þannig háttað að svar við henni varðar einkahagi þess eða annarra, og getur þá dómari látið vitnið svara skriflega. Skal þá bókað um svarið og aðilum og vitninu gefinn kostur á að ganga úr skugga um að bókun sé rétt án þess að hún sé lesin upp.

5. Dómari leiðbeinir vitni um atriði sem lúta að skyldu og heimild þess til vitnisburðar. Ef vitni telur sér óskylt að gefa skýrslu eða svara einstökum spurningum eða heldur fram heimildarskorti ber því að leiða líkur að staðreyndum sem veltur á í þeim efnum. Dómari getur leyft vitni að leiða aðra fyrir dóm til skýrslugjafar í því skyni.

57. gr.

1. Við skýrslugjöf vitnis leitar dómari eftir þörfum vitneskju um atriði sem varða mat á trúverðugleika þess. Í þeim efnum skal dómari jafnan leitast við að ganga úr skugga um hvort skýrsla vitnis sé reist á skynjun þess sjálfs eða sögusögn annarra. Þá skal dómari gera sér far um að leiða í ljós hvort horf vitnis til máls eða aðila sé með einhverjum þeim hætti að það geti haft áhrif á sönnunargildi framburðar þess.

2. Eftir kröfu aðila skal dómari láta vitni staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti þegar það hefur lokið skýrslugjöf. Vitni verður þó ekki látið staðfesta framburð sinn ef:

a. það hefur ekki náð 15 ára aldri,
b. því er svo vitsmuna vant eða geðbilað að það beri ekki skyn á eða er ófært um að meta helgi eða þýðingu staðfestingar,
c. það er undir ákæru fyrir rangan framburð eða hefur verið sakfellt fyrir slíkt brot,
d. það færist undan staðfestingu og ákvæði 1.–3. mgr. 52. gr. eiga við,
e. dómari telur það svo tengt aðila eða hafa slíka hagsmuni af málsúrslitum að staðfesting sé óviðeigandi.

3. Áður en vitni staðfestir framburð sinn brýnir dómari fyrir því helgi og þýðingu staðfestingar, bæði fyrir úrslit máls og vitnið sjálft lagalega og siðferðislega.

4. Ef vitni lýsir því yfir að gefnu tilefni frá dómara að það samrýmist afstöðu þess í trúarefnum að vinna eið og að það trúi á guð fer staðfesting þannig fram að vitnið lyftir upp hægri hendi og hefur þessi orð eftir dómara: Ég sver það og vitna til guðs míns að ég hef sagt það sem ég veit sannast og réttast og ekkert dregið undan.

5. Ef ekki eru skilyrði til eiðvinningar skv. 4. mgr. vinnur vitni heit og fer staðfesting þannig fram að vitnið lyftir upp hægri hendi og hefur þessi orð eftir dómara: Ég lýsi því yfir og legg við drengskap minn og heiður að ég hef sagt það sem ég veit sannast og réttast og ekkert dregið undan.

6. Eiður og heitvinning hafa sömu þýðingu að lögum.

58. gr.

1. Þeim aðila, sem leiðir vitni, er skylt að sjá því fyrir fram fyrir fé til greiðslu kostnaðar af ferð og dvöl á þingstað.

2. Ef vitni krefst þess að fullnægðum skyldum sínum ákveður dómari því greiðslu vegna útlagðs kostnaðar af rækslu vitnaskyldu og þóknun fyrir atvinnumissi sem má telja skipta það máli miðað við efnahag þess og aðstæður. Sá sem kveður vitni greiðir einn kostnað og þóknun um sinn, en hafi báðir aðilar krafist vættis eða haft not af því getur dómari ákveðið að skipta greiðslu milli þeirra sem þeir ábyrgjast þó í sameiningu. Greiðslu skal þegar inna af hendi.

59. gr.

Dómari metur sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal annars hugað að afstöðu vitnis til aðila, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess,

áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn.

IX. KAFLI
Matsgerðir.

60. gr.

1. Skoðunar- og matsgerðir, lýsingar á hlutum og aðrar rannsóknargerðir kallast hér einu nafni matsgerðir eða mat og athafnir sem lúta að þeim að meta.

2. Dómari leggur sjálfur mat á atriði sem krefjast almennrar þekkingar og menntunar eða lagaþekkingar.

3. Ef opinber starfsmaður er skipaður í eitt skipti fyrir öll til að meta tiltekin atriði getur aðili snúið sér beint til hans ef honum er skylt að framkvæma matið eða hann er fús til þess án dómkvaðningar, enda sé það í verkahring hans.

61. gr.

1. Ef ekki verður farið svo að sem segir í 2. eða 3. mgr. 60. gr. kveður dómari einn eða tvo matsmenn til að framkvæma mat eftir skriflegri beiðni aðila. Í beiðni skal koma skýrlega fram hvað eigi að meta, hvar það er sem meta á og hvað aðili hyggst sanna með mati.

2. Aðilar skulu kvaddir á dómþing þar sem matsbeiðni er tekin fyrir. Ef þeir koma sér saman um hæfan matsmann skal kveðja hann til starfans nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Annars greinir dómari aðilum að öðru jöfnu frá því hvern hann hafi í hyggju að kveðja til matsstarfa.

3. Þann einn má dómkveðja til að framkvæma mat sem er orðinn 20 ára að aldri, er að öllu leyti óaðfinnanlegt vitni um það atriði sem á að meta og hefur nauðsynlega kunnáttu til að leysa starfann af hendi eða annars þá kunnáttu sem bestrar er kostur. Maður getur ekki skorast undan að verða við kvaðningu ef honum væri skylt og heimilt að bera vitni um matsatriði og breytir engu þótt nauðsyn beri til að hann fari í aðra þinghá en þar sem hann á heimili til að rækja starfann. Dómara er þó rétt að taka rökstudda undanfærslu til greina, enda sé þá kostur jafnhæfs manns til starfans.

4. Dómari getur dómkvatt matsmann sem er búsettur utan lögsagnarumdæmis hans.

5. Dómkvaðning skal bókuð í þingbók. Í henni skal greina skýrt hvað skuli metið, hvenær mati skuli lokið og hverjum eigi að gefa kost á að gæta hagsmuna sinna við framkvæmd þess. Þá skal tekið fram að matsmanni beri að vinna verk sitt af bestu vitund og semja rökstudda matsgerð sem hann megi vera viðbúinn að þurfa að gefa skýrslu um fyrir dómi.

6. Ef matsmaður deyr, forfallast, reynist óhæfur til starfans eða vanrækir það kveður dómari annan í hans stað að kröfu matsbeiðanda.

62. gr.

1. Matsbeiðandi tilkynnir matsmanni um dómkvaðningu og lætur honum í té endurrit af bókun um hana.

2. Matsmaður tilkynnir aðilum svo fljótt sem verða má og með sannanlegum hætti hvar og hvenær verði metið. Aðilum og dómara ber að veita matsmanni leiðbeiningar eftir föngum um matsatriði. Matsmanni er rétt að afla sér gagna til afnota við matið, en aðilum, sem eru viðstaddir, skal þá gefinn kostur á að tjá sig um þau eftir þörfum. Ef vitna-

leiðsla reynist nauðsynleg til skýringar á matsatriði er dómara rétt að láta hana þegar fara fram.

3. Þeim sem hefur umráð þess sem matsgerð lýtur að er skylt að veita matsmanni aðgang að því nema hann megi skorast undan vitnaskyldu um matsatriði eða sé óheimilt að bera vitni um það.

4. Matsmaður framkvæmir starf sitt þótt aðilar mæti ekki þegar metið er, nema upplýsingar vanti sem þeir hefðu mátt veita.

63. gr.

1. Matsmaður skal semja rökstudda matsgerð þar sem þau sjónarmið eru greind sem álit hans er reist á. Matsgerð skal fengin matsbeiðanda í hendur, en matsmanni er þó rétt að krefjast áður greiðslu skv. 2. mgr.

2. Matsmaður á rétt á hæfilegri þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi og endurgreiðslu útlagðs kostnaðar úr hendi matsbeiðanda. Matsmanni er rétt að krefjast greiðslu fyrir fram vegna ferðakostnaðar, svo og tryggingar samkvæmt ákvörðun dómara fyrir þóknun sinni ef með þarf.

64. gr.

Aðili getur krafist yfirmats þar sem tekin verði til endurmats þau atriði sem hafa áður verið metin. Yfirmatsmenn skulu vera fleiri en matsmenn voru, en að öðru leyti gilda ákvæði 61.–63. gr. um yfirmat.

65. gr.

Að kröfu aðila ber matsmanni að koma fyrir dóm til að gefa skýrslu til skýringar og staðfestingar á matsgerð og um atriði sem tengjast henni. Ákvæðum VIII. kafla verður beitt um skýrslugjöf matsmanns eftir því sem þau geta átt við.

66. gr.

1. Dómari leysir úr ágreiningi sem lýtur að dómkvaðningu og hæfi matsmanns og um greiðslur til hans með úrskurði. Dómari getur enn fremur úrskurðað um atriði sem varða framkvæmd matsgerðar, svo sem hvort það hafi verið metið sem skyldi meta samkvæmt dómkvaðningu eða hvort matsgerð sé nægilega rökstudd, ef ágreiningur rís um kröfu um endurskoðun hennar eða endurmat.

2. Dómari leggur mat á önnur atriði varðandi matsgerð, þar á meðal sönnunargildi hennar þegar leyst er að öðru leyti úr máli.

X. KAFLI
Skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.

67. gr.

1. Ef aðili skírskotar til skjals sem er í vörslum hans skal hann leggja það fram eftir kröfu gagnaðila ef taka á tillit til þess við úrlausn máls.

2. Nú skorar aðili á gagnaðila að leggja fram skjal sem hann hefur í vörslum sínum, og ber þá gagnaðila að verða við því ef aðili á rétt til skjalsins án tillits til málsins eða efni skjalsins er slíkt að gagnaðila væri skylt að bera vitni um það ef hann væri ekki aðili að málinu.

3. Nú er skjal í vörslum manns sem er ekki aðili að máli, og getur þá aðili krafist að fá það afhent til framlagningar í máli ef vörslumanni skjalsins er skylt að afhenda það

aðilanum án tillits til málsins eða efni skjalsins er slíkt að vörslumanni sé skylt að bera vitni um það í málinu.

4. Aðili, sem krefst skjals skv. 2. eða 3. mgr., ber sönnunarbyrði fyrir því að skjalið sé til og í vörslum þess sem hann heldur fram. Ef staðhæfingum aðila um það er mótmælt ber honum að leggja fram eftirrit af skjalinu ef þess er kostur, en lýsa ella efni þess eftir föngum, og skal greina frá því hvað eigi að leiða í ljós með skjalinu.

68. gr.

1. Nú verður aðili ekki við áskorun skv. 2. mgr. 67. gr. um að leggja fram skjal sem þykir sannað að hann hafi undir höndum, og getur þá dómari skýrt það svo að hann samþykki frásögn áskoranda um efni skjalsins, sbr. þó 69. gr.

2. Ef vörslumaður skjals verður ekki við kröfu aðila um að láta það af hendi getur aðili lagt þau gögn, sem getur í 4. mgr. 67. gr., fyrir dómara, ásamt skriflegri beiðni um að vörslumaður verði skyldaður með úrskurði til að afhenda skjalið fyrir dómi. Ef dómari telur ekki útilokað að skjalið hafi þýðingu í málinu kveður hann aðila og vörslumann fyrir dóm og gefur þeim kost á að tjá sig um beiðnina. Að því loknu kveður dómari upp úrskurð ef með þarf um skyldu vörslumanns til að afhenda aðila skjalið, sbr. þó 69. gr. Í úrskurði má ákveða að leysa beri þessa skyldu af hendi innan tiltekins tíma að viðlögðum dagsektum til aðilans sem skyldan er við. Úrskurðinum má einnig fullnægja með aðför eftir aðalefni sínu.

3. Ef vörslumaður mætir ekki fyrir dóm skv. 2. mgr. getur dómari leitað til lögreglu um að sækja hann ef aðili krefst.

69. gr.

1. Nú hefur skjal, sem er skylt að láta af hendi skv. 67. gr., að geyma atriði sem hlutaðeiganda væri óskylt eða óheimilt að bera vitni um, og getur þá dómari ákveðið að skjalið verði lagt fyrir hann í trúnaði og gegn þagnarskyldu og annaðhvort að hann taki eftirrit af því úr skjalinu sem er skylt og heimilt að láta uppi eða geri skýrslu um þau atriði.

2. Ef sá sem er skylt að láta af hendi skjal skv. 67. gr. gerir sennilegt að það baki sér tjón eða óhagræði að verða við þeirri skyldu getur dómari ákveðið að láta við það sitja að skjalið verði afhent fyrir dómi til eftirritunar. Það sama á við ef skjal er verðmætt fyrir hlutaðeiganda eða sérstök hætta er á því að það glatist eða spillist ef það er látið af hendi. Hlutaðeigandi getur einnig krafist að trygging verði sett fyrir tjóni sem afhending skjals kann að baka honum áður en hann lætur það frá sér.

3. Frumrit skjala, sem ákvæði 1. og 2. mgr. taka til, skulu afhent hlutaðeiganda um leið og afnotum er lokið.

70. gr.

Eftir því sem átt getur við gilda ákvæði 67.–69. gr. um skyldu til að sýna og afhenda önnur sýnileg sönnunargögn en skjöl og til að leyfa afnot af og veita aðgang að þeim.

71. gr.

1. Opinber eru þau skjöl sem embættis- eða sýslunarmenn gefa út í embættisnafni um það sem gerist í embætti þeirra eða sýslan.

2. Þar til annað sannast skal telja íslenskt opinbert skjal ófalsað ef það stafar frá emb-

ættis- eða sýslunarmanni eftir formi sínu og efni. Það sama á við um erlent opinbert skjal ef ræðismaður eða annar trúnaðarmaður íslenska ríkisins í hlutaðeigandi ríki vottar að útgefandi skjals hafi heimild til þess eftir lögum þess ríkis eða það er sýnt með öðrum fullnægjandi hætti.

3. Þar til annað sannast skal efni opinbers skjals talið rétt ef það varðar tiltekin atvik sem er sagt að hafi gerst í embætti eða sýslan útgefanda.

72. gr.

1. Einkaskjal með eiginhandarnafni útgefanda telst gefið út af honum með því efni sem það hefur að geyma þar til það gagnstæða er sannað eða gert sennilegt.

2. Nú kemur sá sem tjáist vera útgefandi skjals fyrir dóm til skýrslugjafar og því er borið við í máli að undirritun á skjali sé fölsuð eða efni þess breytt, og getur þá dómari eftir kröfu aðila lagt fyrir hlutaðeiganda að gefa sýnishorn af rithönd sinni. Ef slíkri kröfu er beint að aðila og hann neitar að verða við henni skal að öðru jöfnu líta svo á að hann samþykki staðhæfingar gagnaðila um skjalið. Ef vitni neitar að verða við slíkri kröfu má beita það viðurlögum skv. 2. mgr. 55. gr.

3. Dómari metur sönnunargildi einkaskjals með hliðsjón af atvikum hverju sinni.

XI. KAFLI
Öflun sönnunargagna fyrir öðrum dómi.

73. gr.

1. Nú óskar aðili að gefa skýrslu, leiða vitni, fá matsmann kvaddan eða afla skjala eða annarra sýnilegra sönnunargagna fyrir öðrum dómi en þar sem mál er rekið, og leggur hann þá skriflega beiðni um það fyrir dómara í málinu. Í beiðni skal greint frá ástæðum fyrir henni, hvar sé óskað að gagnaöflun fari fram, hver gögn þurfi að senda hlutaðeigandi dómi, hverjum eigi að gera aðvart um þinghald þar og um hverja gagnaöflun sé nánar að tefla. Ef óskað er að leiða vitni skal þannig greint frá nafni þess, kennitölu og heimili, svo og þeim atriðum nákvæmlega sem vætti á að varða. Sé óskað dómkvaðningar matsmanns skal beiðni um hana að jafnaði fylgja.

2. Beiðni skv. 1. mgr. skal tekin fyrir í þinghaldi í málinu. Dómari getur sett það skilyrði fyrir að sinna beiðni að aðili greiði fyrir fram kostnað eða setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar af málaleitan sinni.

3. Ef dómari telur skilyrðum 1. mgr. 47. gr. fullnægt til að verða við beiðni bókar hann ákvörðun sína um það í þingbók. Úrskurður skal kveðinn upp ef krafist er.

74. gr.

1. Ef gagnaöflun á að fara fram fyrir öðrum dómi hér á landi sendir dómari í málinu hlutaðeigandi dómi skriflegt erindi ásamt beiðni aðila, frumritum eða myndritum nauðsynlegra gagna og endurritum úr þingbók.

2. Nú á gagnaöflun að fara fram fyrir dómi í öðru ríki, og aflar þá dómari í málinu þýðingar á þeim gögnum sem um ræðir í 1. mgr. á kostnað aðila. Dómari sendir skriflegt erindi sitt og önnur gögn ásamt þýðingum til hlutaðeigandi dóms, eftir atvikum fyrir milligöngu Stjórnarráðsins.

75. gr.

1. Þegar gagnaöflun eftir fyrirmælum þessa kafla fer fram fyrir dómi hér á landi skal farið eftir ákvæðum II. og VII.–X. kafla eftir því sem átt getur við. Dómari, sem gagna-

öflun fer fram fyrir, tekur ákvarðanir og úrskurðar um atriði varðandi framkvæmd hennar.

2. Ef sérstakt tilefni verður til þess meðan á gagnaöflun stendur fyrir öðrum dómi getur aðili óskað eftir því að frekari gagna verði aflað þar en var beiðst í byrjun. Ákveður hlutaðeigandi dómari hvort orðið verði við slíkri ósk.

3. Ef ekki er sótt þing við gagnaöflun fyrir öðrum dómi af hálfu þess sem beiddist hennar skal telja beiðni hans um hana fallna niður nema gagnaðili mæti og krefjist að hún fari allt að einu fram. Útivist hefur ekki aðrar afleiðingar, sbr. þó 4. mgr.

4. Falli beiðni niður skv. 3. mgr. skal tekið tillit til þess kostnaðar sem hún hefur bakað gagnaðila við endanlega ákvörðun málskostnaðar hvernig sem málið fer.

76. gr.

Eftir því sem átt getur við skal ákvæðum 75. gr. beitt þegar gagna er aflað í héraði í tengslum við rekstur máls fyrir æðra dómi.

XII. KAFLI
Öflun sönnunargagna án þess að mál hafi verið höfðað.

77. gr.

1. Aðila, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta, er heimilt að beiðast dómkvaðningar matsmanns þótt hann hafi ekki haft uppi kröfu vegna matsatriðis í dómsmáli ef það er gert til að staðreyna kröfu eða sanna atvik að baki henni.

2. Nú er hætta á að kostur fari forgörðum á því að afla sönnunar um atvik sem varðar lögvarða hagsmuni aðila eða að það verði verulega erfiðara síðar, og er honum þá heimilt að leita sönnunar um atvikið fyrir dómi með vitnaleiðslu eða öflun skjals eða annars sýnilegs sönnunargagns þótt hann hafi ekki haft uppi kröfu í tengslum við atvikið í dómsmáli. Aðila er með sama hætti heimilt að leita sönnunar fyrir dómi um atvik sem varða lögvarða hagsmuni hans og geta ráðið niðurstöðu um hvort hann láti verða af málshöfðun vegna þeirra.

3. Heimildum 1. og 2. mgr. verður ekki beitt til að afla sannana um refsiverða háttsemi þar sem ákæruvaldið ætti sókn sakar.

78. gr.

1. Aðili, sem vill leita sönnunar skv. 77. gr., skal beina skriflegri beiðni um það til dómara í þinghá þar sem mætti höfða mál um kröfu hans, vitni er statt, sýnilegt sönnunargagn er að finna eða hlutur er niður kominn sem matsgerð varðar.

2. Í beiðni skal greina skýrt frá því atviki sem aðili vill leita sönnunar um, hvernig hann vill að það verði gert, hver réttindi eru í húfi og hverja aðra sönnunin varðar að lögum. Ef sönnunar er leitað skv. 2. mgr. 77. gr. skal enn fremur rökstutt hvers vegna sönnunarfærsla þolir ekki bið eða getur ráðið niðurstöðu um hvort mál verði síðar höfðað.

3. Dómari metur af sjálfsdáðum hvort skilyrði séu til að fallast á beiðni. Ef hann telur að svo sé ekki eða ágreiningur rís um það kveður hann upp úrskurð þar um.

4. Dómari kveður aðila fyrir dóm þar sem sönnunarfærsla fer fram. Ef beiðni varðar aðra aðila skulu þeir einnig kvaddir fyrir dóm, enda þoli málefnið þá bið sem leiðir af því.

79. gr.

1. Við öflun sönnunar eftir fyrirmælum þessa kafla skal farið eftir ákvæðum II. og VII.–X. kafla eftir því sem átt getur við. Dómari, sem öflun sönnunar fer fram fyrir, tekur ákvarðanir og úrskurðar um þau atriði varðandi hana sem hefðu ella borið undir dómara við sönnunarfærslu við rekstur máls.

2. Ef sérstakt tilefni verður til þess meðan á öflun sönnunar stendur getur aðili óskað eftir því að frekari gagna verði aflað en var beiðst í byrjun. Dómari ákveður hvort orðið verði við slíkri ósk.

3. Nú er ekki sótt þing af hálfu þess sem beiðni stafar frá, og verður þá ekki af öflun sönnunar nema annar mæti sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta, hann óskar að athöfn fari allt að einu fram og dómari telur efni til að verða við ósk hans.

4. Sá sem biður um öflun sönnunar greiðir kostnað sem hlýst af því. Ef aðrir sækja þing og krefjast þess getur dómari úrskurðað þeim ómaksþóknun úr hendi hans.

3. ÞÁTTUR
Almennar reglur um meðferð máls í héraði.
XIII. KAFLI
Stefna og stefnubirting.

80. gr.

1. Í stefnu skal greina svo glöggt sem verða má:

a. nöfn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað,
b. nöfn fyrirsvarsmanna aðila, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða dvalarstað,
c. hver eða hverjir flytji málið fyrir stefnanda,
d. dómkröfur stefnanda, svo sem fjárhæð kröfu í krónum, bætur fyrir tiltekið skaðaverk án fjárhæðar ef enn er óvíst um hana, vexti ef því er að skipta, viðurkenningu á tilteknum réttindum, ákvörðun á eða lausn undan tiltekinni skyldu, refsingu fyrir tilgreind orð eða athafnir, ómerkingu tiltekinna ummæla, málskostnað o.s.frv.,
e. málsástæður sem stefnandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, en þessi lýsing skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið er,
f. tilvísun til helstu lagaákvæða eða réttarreglna sem stefnandi byggir málatilbúnað sinn á,
g. helstu gögn sem stefnandi hefur til sönnunar og þau gögn sem hann telur að enn þurfi að afla,
h. þá sem stefnandi hyggst leiða fyrir dóm til skýrslugjafar um atvik máls,
i. dómþing þar sem mál verður þingfest, stað þess og stund, svo og stefnufrest,
j. áskorun til stefnda um að koma fyrir dóm þegar málið verður þingfest, svara þar til sakar og leggja fram gögn,
k. viðvörun um að útivistardómur geti gengið ef stefndi sækir ekki þing við þingfestingu málsins.

2. Ef stefnandi hefur aðeins uppi kröfur í máli sem er unnt að fullnægja með aðför skal eitt eintak stefnu ritað á löggiltan skjalapappír í stærðinni A4 með a.m.k. 4 sm spássíu vinstra megin á framhlið blaðs og hægra megin á bakhlið. Skal þetta eintak afhent dómara aukalega við þingfestingu máls nema sátt sé þá þegar gerð í því eða stefndi samþykkir kröfur stefnanda eða leggur fram greinargerð.

3. Stefnanda er jafnan rétt að gefa út stefnu sjálfur. Honum er einnig heimilt að leggja

stefnu fyrir dómara til útgáfu, enda sé þá orðalag hennar tilhlýðilegt. Sé leitað til dómara um útgáfu stefnu skal hann benda stefnanda á galla sem hann sér á málatilbúnaði og geta varðað frávísun, en ekki má hann synja um útgáfu stefnu af þeim sökum, enda er hann óbundinn af slíku áliti sínu við úrlausn máls.

81. gr.

1. Til að birta stefnur, kvaðningar og aðrar tilkynningar skipar sýslumaður a.m.k. einn mann í hverju sveitarfélagi í umdæmi sínu og annan til vara til að gegna þeim störfum í forföllum. Enginn má víkjast undan skipun sem fullnægir skilyrðum 2. mgr.

2. Ekki má skipa mann stefnuvott nema hann sé orðinn 25 ára að aldri, hafi óflekkað mannorð og sé svo heill og hraustur að hann geti gegnt starfanum.

3. Áður en stefnuvottur tekur til starfa skal hann undirrita drengskaparheit, sem sýslumaður varðveitir, um að hann muni rækja starfann af trúmennsku og samviskusemi.

4. Dómsmálaráðherra skal setja gjaldskrá vegna starfa stefnuvotta.

82. gr.

1. Þar sem eftirfarandi ákvæði þessa kafla mæla fyrir um að stefna verði birt fyrir stefnda og öðrum sem tengjast honum, á stað sem varðar hann og með fresti sem tekur mið af högum hans eiga þær reglur við fyrirsvarsmann í stað stefnda ef fyrirsvarsmaður fer með mál hans.

2. Stefna verður ekki birt fyrir manni sem er yngri en 15 ára að aldri.

3. Stefnu má ekki birta fyrir gagnaðila stefnda eða manni sem gæti verið í fyrirsvari fyrir gagnaðila.

83. gr.

1. Birting stefnu er lögmæt ef:

a. stefnuvottur eða lögbókandi vottar að hann hafi birt hana fyrir stefnda eða einhverjum sem er bær um að taka við henni í hans stað,

b. samrit hennar er sent í ábyrgðarbréfi sem er borið út og póstmaður vottar að hann hafi afhent bréfið stefnda eða öðrum sem er bær um að taka við stefnu í hans stað.

2. Stefna telst einnig nægilega birt ef hún er auglýst í Lögbirtingablaði skv. 89. gr.

3. Í stað stefnubirtingar skv. 1. mgr. og jafngilt henni má koma stefnu á framfæri með því að:

a. stefndi riti sjálfur undir yfirlýsingu á stefnu um að samrit hennar hafi verið afhent sér,

b. hæstaréttar- eða héraðsdómslögmaður riti undir sams konar yfirlýsingu þar sem einnig er tekið fram að stefndi hafi falið honum að sækja þing fyrir sig við þingfestingu máls.

4. Ef stefndi sækir þing við þingfestingu máls breytir engu þótt stefna hafi ekki verið birt eða komið á framfæri við hann, galli hafi verið á birtingu eða birt með of skömmum fyrirvara.

84. gr.

1. Þegar birta á stefnu skv. 1. mgr. 83. gr. afhendir stefnandi þeim sem annast birtingu frumrit hennar ásamt samriti handa hverjum sem á að birta fyrir. Hverju samriti skal fylgja opið umslag merkt með nafni og heimili stefnda og áritað um að það hafi að geyma stefnu í tilteknu máli og hvenær birting megi síðast fara fram til þess að stefnu-

fresti verði náð. Þegar sá sem annast birtingu hefur gengið úr skugga um að samrit sé samhljóða frumriti stefnu setur hann samrit í umslagið og lokar því. Stefnandi skal einnig láta af hendi umslag merkt sjálfum sér og heiti máls undir frumrit stefnu.

2. Þeim sem annast birtingu er rétt að áskilja fyrirframgreiðslu kostnaðar af henni úr hendi stefnanda.

3. Sá er vanhæfur til að birta stefnu sem er aðili að máli, maki aðila eða skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða annan lið til hliðar.

85. gr.

1. Stefnubirting skal fara fram á virkum degi frá lokum áttundu stundar til loka tuttugustu og annarrar stundar. Birting má þó fara fram á öðrum degi eða tíma ef það er nauðsynlegt til þess að stefnufrestur náist.

2. Stefna skal að jafnaði birt fyrir stefnda sjálfum á skráðu lögheimili hans eða þar sem hann hefur fasta búsetu, dvalarstað eða vinnustað. Birting er þó alltaf gild þótt hún fari fram á öðrum stað ef birt er fyrir stefnda sjálfum.

3. Birting er einnig lögmæt þótt hún fari ekki fram skv. 2. mgr. ef:

a. birt er á skráðu lögheimili stefnda fyrir heimilismanni hans; sé heimilismanns ekki kostur má birta fyrir þeim sem dvelst á skráðu lögheimili stefnda, en sé ekki um neinn slíkan heldur að ræða má birta fyrir þeim sem hittist þar fyrir,
b. birt er á öðrum stað en skráðu lögheimili stefnda fyrir heimilismanni hans sem tjáir hann eiga þar fasta búsetu eða dvalarstað,
c. birt er á vinnustað stefnda fyrir vinnuveitanda hans eða nánasta yfirmanni eða samverkamanni.

4. Nú er félagi stefnt, og má þá birting alltaf fara fram á stjórnarstöð þess þótt fyrirsvarsmaður hafi þar ekki fastan vinnustað, en þá skal að jafnaði birta fyrir æðsta starfsmanni þess sem verður náð til. Eins má fara að þegar öðrum lögaðila er stefnt, svo sem firma, samtökum, stofnun, ríkinu, stjórnvaldi eða sveitarfélagi.

86. gr.

1. Þeim sem hittist fyrir þegar birta á stefnu er skylt að greina frá nafni sínu og öðrum atriðum sem lögmæti birtingar getur oltið á.

2. Sá sem annast birtingu skal afhenda þeim sem er birt fyrir samrit stefnu og vekja athygli hans á því hver athöfn sé að fara fram. Ef birt er fyrir öðrum en stefnda skal honum bent á skyldur sínar skv. 3. mgr.

3. Ef stefna er birt fyrir öðrum en stefnda ber þeim manni að viðlagðri sekt að koma samriti stefnu í hendur stefnda, en sé þess ekki kostur þá í hendur þess sem má telja líklegastan til að koma samriti til skila í tæka tíð.

4. Nú kemur í ljós að stefnda sé ekki lengur að finna á þeim stað sem er getið í stefnu, og skal þá sá sem annast birtingu leita vitneskju um annan stað til birtingar eftir því sem kostur er. Verði ekki uppvíst um annan stað eða bresti þann, sem annast birtingu, heimild til birtingar þar skal stefnan þegar endursend stefnanda með boðum um vitneskju sem var aflað.

87. gr.

1. Að lokinni stefnubirtingu skal sá sem annast hana gefa út dagsett og undirritað vottorð um birtinguna þar sem eftirfarandi kemur fram:

a. hvar birting fór fram og eftir atvikum hvort hermt var að þar sé skráð lögheimili stefnda, fastur búsetustaður, dvalarstaður eða vinnustaður,
b. fyrir hverjum var birt, en sé um annan en stefnda að ræða skal tiltekið hver tengsl voru sögð standa milli þeirra þannig að ráða megi um lögmæti birtingar,
c. hvenær birting fór nákvæmlega fram,
d. starfsheiti þess sem annast birtingu.

2. Birtingarvottorð skal fært á frumrit stefnu eða blað sem er fest við það. Frumritið skal síðan afhent eða sent stefnanda.

3. Efni birtingarvottorðs telst rétt þar til það gagnstæða sannast.

88. gr.

1. Nú er yfirlýsing skv. 3. mgr. 83. gr. rituð á stefnu, og skal þá telja undirskrift undir hana stafa frá stefnda eða eftir atvikum lögmanni hans þar til það gagnstæða sannast. Stefnandi verður ekki krafinn um sönnur fyrir að lögmaður, sem ritar undir slíka yfirlýsingu, hafi umboð stefnda til þess.

2. Ef yfirlýsing skv. 3. mgr. 83. gr. er ekki tímasett skal litið svo á að stefndi hafi fallið með bindandi hætti frá stefnufresti.

89. gr.

1. Stefnu má birta í Lögbirtingablaði ef:
a. upplýsinga verður ekki aflað um hvar megi birta stefnu eftir almennum reglum,
b. erlend yfirvöld neita eða láta hjá líða að verða við ósk um birtingu skv. 90. gr.,
c. stefnu er beint að óákveðnum manni.

2. Ef stefna er birt skv. 1. mgr. skal tiltekið í henni af hverri ástæðu það er gert.

90. gr.

Nú á stefndi þekkt heimili eða aðsetur erlendis eða það liggur annars fyrir að hann eigi heimili í tilteknu öðru ríki, og fer þá um birtingu stefnu eftir lögum þess ríkis ef birting getur ekki farið fram hér á landi eftir öðrum ákvæðum þessa kafla.

91. gr.

1. Ef stefndi á skráð lögheimili, fasta búsetu eða dvalarstað í þeirri þinghá þar sem mál verður þingfest ber honum þriggja sólarhringa stefnufrestur. Það sama gildir ef þingstaður er sá sami fyrir tvær eða fleiri þinghár, stefndi á skráð lögheimili, fasta búsetu eða dvalarstað í einni þinghánni og mál verður þingfest í annarri. Í þessu tilliti skal litið svo á sem lögsagnarumdæmi héraðsdóma Reykjavíkur og Reykjaness væru til samans ein þinghá.

2. Ef stefndi á annars skráð lögheimili, fasta búsetu eða dvalarstað hér á landi utan þinghár þar sem mál verður þingfest skal stefnufrestur vera ein vika.

3. Ef stefndi á heimili eða dvalarstað erlendis eða ókunnugt er um hann eða heimili hans skal stefnufrestur vera einn mánuður.

4. Nú er lögaðila stefnt og fyrirsvarsmaður hans á ekki skráð lögheimili, fasta búsetu eða dvalarstað í sömu þinghá og lögaðilinn hefur stjórnarstöð, og skal þá stefnufrestur miðast við þá þinghá þar sem stjórnarstöðin er ef það leiðir til skemmri stefnufrests.

5. Ef stefna þarf upphaflegum málsaðila í meðalgöngusök, framhaldssök eða gagnsök ber honum þriggja sólarhringa stefnufrestur án tillits til ákvæða 2.–4. mgr. Birta má fyrir umboðsmanni aðilans í málinu.

92. gr.

1. Tilkynningar, sem dómari lætur frá sér fara til aðila, skulu birtar eða sendar honum eða umboðsmanni hans á sannanlegan hátt eftir ákvörðun dómara. Dómari ákveður hverju sinni hæfilegan frest í því skyni.

2. Ef tími til nýs þinghalds er ákveðinn á dómþingi er ekki þörf frekari tilkynninga um þá ákvörðun til aðila sem er staddur þar þegar hún er kynnt.

XIV. KAFLI
Málsmeðferð.

93. gr.

Mál telst höfðað þegar stefna er birt eða árituð um viðtöku samrits hennar, sbr. 3. mgr. 83. gr., eða stefndi mætir að öðrum kosti fyrir dómi þar sem stefnandi afhendir honum samrit stefnu og þingfestir mál.

94. gr.

1. Mál er þingfest með því að stefna er lögð fram fyrir dómi.

2. Nú sækir stefnandi ekki þing þegar þingfesta á mál hans og hefur ekki lögmæt forföll, og er þá málatilbúnaður hans ónýtur. Sæki stefndi þing getur dómari úrskurðað honum ómaksþóknun úr hendi stefnanda að kröfu hans.

3. Gagnkrafa til skuldajafnaðar er þingfest þegar hún er gerð fyrir dómi.

4. Þegar mál hefur verið þingfest verður dóms ekki krafist um þær kröfur sem eru gerðar í því í öðru máli. Ef dóms er krafist þannig um kröfu í öðru máli skal vísa henni frá dómi.

95. gr.

1. Við þingfestingu skal stefnandi leggja fram stefnu og þau skjöl sem varða málatilbúnað hans eða hann byggir annars kröfur sínar á, svo og skrá yfir þau skjöl sem hann leggur þá fram. Stefnanda er einnig heimilt að leggja fram skriflega aðilaskýrslu sína um atvik máls.

2. Dómari getur veitt stefnanda skamman frest til að leggja fram önnur gögn skv. 1. mgr. en stefnu ef aðilar eru á það sáttir eða dómari telur að stefnandi verði ekki krafinn um þau þá þegar.

96. gr.

1. Nú sækir stefndi ekki þing þegar mál er þingfest og ekki er kunnugt að hann hafi lögmæt forföll, og skal þá málið tekið til dóms í þeim búningi sem það er, enda hafi stefnandi ekki fengið frest skv. 2. mgr. 95. gr. Verður málið þá dæmt eftir kröfum og málatilbúnaði stefnanda að því leyti sem er samrýmanlegt framkomnum gögnum nema gallar séu á málinu sem varða frávísun þess án kröfu.

2. Ef stefndi sækir ekki þing síðar þegar mál er tekið fyrir og hann hefur ekki lagt fram greinargerð skal farið svo að sem segir í 1. mgr.

3. Hafi stefndi lagt fram greinargerð áður en þingsókn hans fellur niður má gefa stefnanda kost á að svara vörnum hans í skriflegri sókn, en að henni framkominni verður málið tekið til dóms. Málið verður þá dæmt eftir framkomnum kröfum, gögnum og sókn stefnanda með tilliti til þess sem hefur komið fram af hálfu stefnda.

4. Stefndi getur ekki skotið máli, sem er dæmt eftir 1.–3. mgr., til æðra dóms nema með gagnáfrýjun þegar stefnandi hefur áfrýjað fyrir sitt leyti. Stefndi getur beiðst endurupptöku þess í héraði eftir ákvæðum XXIII. kafla.

97. gr.

1. Forföll aðila frá þinghaldi teljast lögmæt ef þau stafa af:
a. sjúkdómi hans sjálfs, heimilismanns hans eða annars manns sem hann þarf að annast eða leita læknishjálpar fyrir,
b. veðri, torfærum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum,
c. því að hann yrði ella fyrir verulegum vinnumissi eða tjóni á atvinnu eða öðrum hagsmunum,
d. þörf á ferðalagi um langan veg,
e. embættis- eða sýslunarstörfum sem eru fyrir fram ákveðin og þola ekki bið,
f. áður ákveðnu þinghaldi.

2. Lögmæt forföll umboðsmanns aðila jafngilda lögmætum forföllum aðilans sjálfs.

3. Ef dómara er kunnugt um að aðili mæti ekki vegna lögmætra forfalla frestar hann máli og tilkynnir hvenær það verði tekið fyrir á ný.

4. Nú hefur aðili ekki mætt í máli en haft lögmæt forföll sem dómara var ókunnugt um og ekki var unnt að tilkynna honum, og getur aðilinn þá snúið sér til dómara með sönnun fyrir forföllum sínum og skriflegri beiðni um endurupptöku máls, enda hafi dómur ekki gengið í því. Dómari tekur þá mál upp á ný með bókun í þingbók frá því aðili mætti síðast eða frá því mál skyldi þingfesta ef stefnandi mætti þá ekki og tilkynnir aðilum hvenær mál verði tekið fyrir á ný.

98. gr.

1. Nú sækir stefndi þing og samþykkir kröfur stefnanda í einu og öllu án þess þó að sátt takist um þær, og skal þá málið dómtekið og dómur lagður á það í samræmi við samþykki stefnda.

2. Um sáttaumleitan, gerð sáttar og áhrif hennar fer eftir ákvæðum XV. kafla.

99. gr.

1. Ef stefndi sækir þing við þingfestingu máls á hann rétt á hæfilegum fresti til að taka afstöðu til krafna stefnanda og kanna framkomin gögn.

2. Haldi stefndi uppi vörnum í máli skal hann leggja fram skriflega greinargerð um þær við lok frests skv. 1. mgr. Í henni skal greint frá aðilum, málflutningsumboði, kröfum stefnda, gögnum sem hann leggur fram og gögnum sem hann telur að enn þurfi að afla. Þá skal þar lýst á gagnorðan og skýran hátt málsástæðum stefnda og öðrum atvikum sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, auk þess að vísað skal til helstu lagaákvæða eða réttarreglna sem stefndi byggir málatilbúnað sinn á. Þá skulu þeir tilgreindir sem stefndi hyggst leiða til skýrslugjafar fyrir dómi um atvik máls. Dómari getur veitt stefnda frekari frest til að leggja fram greinargerð ef hann telur réttmæta ástæðu til þess.

3. Stefnda er með sama hætti og stefnanda heimilt að leggja fram gögn og skriflega aðilaskýrslu sína um atvik máls.

100. gr.

1. Þegar stefndi hefur lagt fram greinargerð athugar dómari hvort gallar séu á máli

sem geta varðað frávísun þess án kröfu. Telji dómari slíka galla fyrir hendi gefur hann aðilum kost á að tjá sig um það munnlega. Ef mál skal sæta frávísun án kröfu kveður dómari upp úrskurð um frávísun þess þegar að því loknu.

2. Nú krefst stefndi frávísunar máls í greinargerð, og skal þá málið flutt munnlega um þá kröfu áður en fjallað verður frekar um efni þess og leyst úr kröfunni í úrskurði. Frá þessu má víkja ef krafan byggist á ástæðum sem varða einnig efni máls og nægilegar upplýsingar þykja ekki komnar fram að því leyti.

3. Nú hrindir dómari frávísunarkröfu, og er hann þá ekki bundinn af þeim úrskurði ef nýjar upplýsingar koma fram síðar undir rekstri máls um þau atriði sem úrskurðað var um.

4. Ef dómari verður þess var eftir dómtöku máls að gallar séu á því sem varða frávísun á einni eða fleiri kröfum, en þó ekki þeim öllum, getur hann kveðið á um frávísun máls að hluta og leyst úr efni þess að öðru leyti í dómi. Það sama á við ef aðilar eru fleiri en einn til sóknar eða varnar og frávísun varðar einn eða fleiri þeirra en ekki þá alla.

5. Nú fellir æðri dómur úr gildi úrskurð um frávísun máls að einhverju leyti eða öllu, og skal þá héraðsdómari taka málið upp á ný samkvæmt ákvæðum æðra dóms eins og það stóð þegar hann tók það til úrskurðar.

101. gr.

1. Nú heldur stefndi uppi vörnum í máli og því verður ekki vísað frá dómi, og skal þá flytja það munnlega. Dómari getur þó ákveðið að mál verði skriflega flutt ef hann telur hættu á að það skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi. Dómari getur einnig ákveðið að mál verði tekið til dóms án málflutnings ef aðilar eru sammála um það.

2. Ef mál varðar flókin fjárviðskipti getur dómari gefið aðilum kost á að leggja fram útreikninga sem kröfur þeirra byggjast á, enda hafi slíkar upplýsingar ekki komið fram með fullnægjandi hætti í öðrum gögnum máls.

3. Aðilum ber eftir föngum að gefa glöggar og greinilegar yfirlýsingar fyrir dómi. Dómara ber að fylgjast með máli í öllum atriðum og spyrja aðila um hvert það atriði, sem honum þykir óljóst og kann að hafa þýðingu, og skal hann kosta kapps um að yfirlýsingar þeirra verði nægilega glöggar.

4. Dómara er skylt að leiðbeina aðila, sem er ólöglærður og flytur mál sitt sjálfur, um formhlið máls eftir því sem dómara virðist nauðsyn bera til.

5. Málsástæður og mótmæli skulu koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Að öðrum kosti má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina nema gagnaðili samþykki eða aðili hefur þarfnast leiðbeininga dómara en ekki fengið þær.

102. gr.

1. Þegar stefndi hefur lagt fram greinargerð sína skal mál jafnan tekið fyrir einu sinni til þess að leita sátta og gefa aðilum kost á að koma að sýnilegum sönnunargögnum sem ekki hefur áður verið tilefni eða tækifæri til að leggja fram. Í því þinghaldi skal eftir atvikum leitað svara aðila við því í hverju skyni þeir hyggjast sjálfir gefa skýrslur og leiða einstök vitni til þess að staðreyna hvort og að hverju marki skýrslugjafar sé þörf. Dómara er rétt að inna aðila eftir því hve langan tíma þeir þurfi fyrir málflutningsræður við aðalmeðferð og ákveður dómari síðan lengd hennar í ljósi þess.

2. Dómari getur orðið við ósk aðila um að fresta máli frekar ef hann telur það vænlegt til að ná sáttum eða nauðsynlegt til að afla gagna sem nægilegur frestur hefur ekki

áður verið til, en báðum aðilum ber þá jöfnum höndum að nota sama frest til gagnaöflunar. Að öðrum kosti synjar dómari að jafnaði um frest, þótt aðilar séu á einu máli um að æskja hans.

3. Nú fær dómari vitneskju um að opinbert mál hafi verið höfðað eða opinber rannsókn standi yfir vegna refsiverðs athæfis og telja má að úrslit þess máls eða rannsóknar skipti verulegu máli um úrslit einkamálsins, og getur hann þá frestað máli af sjálfsdáðum þar til séð er fyrir enda opinbers máls eða rannsóknar. Með sama hætti má fresta máli ef annað einkamál hefur verið höfðað út af efni sem varðar úrslit þess verulega eða það efni hefur verið réttilega lagt til úrlausnar stjórnvalds.

4. Dómari getur orðið við ósk aðila um að fá að gefa munnlega skýrslu fyrir dómi um atriði sem varða öflun gagna áður en komið er að aðalmeðferð máls. Eins er heimilt að taka skýrslu fyrir dómi áður en öflun sýnilegra sönnunargagna er lokið ef það þarf að gera eftir ákvæðum XI. kafla eða sá sem á að gefa skýrslu verður fjarverandi vegna lögmætra forfalla þegar þing er háð til aðalmeðferðar máls.

5. Að jafnaði ákveður dómari ekki hvenær þing verði háð til aðalmeðferðar máls fyrr en aðilar hafa lýst lokið öflun sýnilegra sönnunargagna. Eftir það er aðilum að jafnaði óheimilt að leggja fram sýnileg sönnunargögn. Frá þessu getur dómari þó vikið ef það veldur ekki töfum á máli, ekki hefur áður verið unnt að afla tiltekinna gagna eða skort hefur á leiðbeiningar hans eða ábendingar.

103. gr.

1. Þegar gagnaöflun er lokið skv. 102. gr. ákveður dómari með hæfilegum fyrirvara hvenær þing verði háð til aðalmeðferðar, en þá skulu að jafnaði fara fram í einni lotu skýrslutökur og munnlegur flutningur máls. Ef dómara þykir ástæða til getur hann beint því til aðila að þeir leggi fram skriflega kröfugerð og talningu málsástæðna við aðalmeðferð.

2. Aðalmeðferð hefst með því að dómari gefur stefnanda kost á að gera stuttlega grein fyrir málinu og að því búnu á stefndi færi á að gera stuttar athugasemdir við lýsingu stefnanda. Síðan eru teknar skýrslur af aðilum og vitnum og gengið á vettvang ef því er að skipta.

3. Að loknum skýrslutökum fer fram munnlegur flutningur máls. Stefnandi talar fyrst og síðan stefndi, en rétt er að talað sé tvisvar af hálfu hvors. Dómari getur leyft aðilum sjálfum að gera stuttar athugasemdir að loknum munnlegum málflutningi umboðsmanna þeirra. Dómari stýrir málflutningi og gætir þess að ræðumaður haldi sig við efnið og að málflutningur sé glöggur og sæmilegur. Dómari getur takmarkað málfrelsi þess sem lagar sig ekki að áminningum hans eða fer að mun fram úr þeim tíma sem hefur verið áætlað að málflutningur hans muni taka.

4. Nú er mál skriflega flutt, og skal þá fresta því að loknum skýrslutökum til þess að stefnandi leggi fram sókn. Að henni fram kominni verður máli frestað á ný til þess að stefndi leggi fram vörn. Enn verður máli síðan frestað til þess að aðilar eigi báðir kost á að leggja fram skrifleg andsvör einu sinni.

5. Að loknum málflutningi tekur dómari málið til dóms.

104. gr.

Nú verður dómari þess var eftir dómtöku máls að verulegur brestur sé á skýrleika í yfirlýsingum aðila eða upplýsingum um málsatvik og telja má brestinn stafa af því að dómari hafi ekki gætt nægilega að leiðbeiningum við aðila eða ábendingum til þeirra, og

skal hann þá kveðja aðila fyrir dóm og eftir atvikum beina spurningum til þeirra eða benda þeim á nauðsyn þess að frekari gagna verði aflað. Fresta má málinu eftir þörfum, en að því búnu gefur dómari aðilum kost á að gera athugasemdir til viðbótar fyrri málflutningi sínum og tekur málið til dóms á ný.

105. gr.

1. Mál verður fellt niður ef:

a. stefndi leysir af hendi þá skyldu sem hann er krafinn um í málinu,
b. stefnandi sækir ekki þing og hefur ekki lögmæt forföll,
c. stefnandi krefst þess,
d. stefnanda er vikið af dómþingi eða umboðsmanni hans þannig að enginn sé þá viðstaddur af hans hálfu,
e. stefnandi greiðir ekki lögmælt gjöld eftir kröfu dómara.

2. Ef mál verður fellt niður skv. b- til e-lið 1. mgr. og stefndi sækir þing og krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda kveður dómari upp úrskurð um kröfuna og niðurfellingu málsins. Slíkan úrskurð getur dómari fellt úr gildi ef stefnandi sannar að hann hafi haft lögmæt forföll þegar þingsókn hans féll niður.

3. Í öðrum tilvikum en greinir í 2. mgr. verður mál fellt niður með bókun í þingbók nema ágreiningur standi um hvort það verði gert sem dómari tekur þá afstöðu til með úrskurði.

XV. KAFLI
Sáttir.

106. gr.

1. Dómari leitar sátta ef aðilar fara með forræði á sakarefni nema hann telji víst að sáttatilraun verði árangurslaus vegna eðlis málsins, afstöðu aðila eða annarra ástæðna.

2. Dómari leitar að jafnaði sátta eftir að stefndi hefur lagt fram greinargerð sína en áður en þing er háð til aðalmeðferðar. Dómara er heimilt að leita sátta fyrr, svo og við aðalmeðferð eða eftir að flutningi máls er lokið. Ekki stendur það í vegi sáttaumleitana að þær hafi áður verið reyndar án árangurs.

3. Úrlausn héraðsdóms verður ekki ómerkt fyrir æðra dómi fyrir þær sakir að sátta hafi ekki verið leitað.

107. gr.

1. Dómari getur orðið við ósk aðila um að vísa sáttaumleitunum í máli til sýslumannsins í þeirri þinghá þar sem mál var höfðað ef dómari telur það vænlegt til árangurs og ekki leiða til óþarfra tafa. Aðilum er og rétt að koma sér saman um að vísa máli sínu til sáttaumleitana sýslumanns án atbeina dómara milli þess að mál þeirra er tekið fyrir á dómþingi eða áður en mál er höfðað.

2. Þegar sáttaumleitunum er vísað til sýslumanns skal sá sem gerir það láta honum í té málsgögn í þeim mæli sem þörf krefur. Skal sýslumaður síðan svo fljótt sem verða má kveðja aðila á sinn fund og reyna með þeim sættir.

3. Sýslumaður fellir niður sáttaumleitanir ef sáttafundur er ekki sóttur af hendi beggja aðila eða þegar hann telur annars sýnt að þær beri ekki árangur.

4. Ef sátt tekst fyrir sýslumanni skal hún bókuð í sérstakri gerðabók hans. Nú tekst sátt að nokkru leyti en ekki öllu, og fer þá um framhald máls fyrir dómi eftir 2. mgr. 108. gr.

5. Sátt, sem er gerð fyrir sýslumanni, felur í sér lok dómsmáls, eftir atvikum að því leyti sem sátt hefur tekist. Fullnægja má skyldu samkvæmt sátt sem tekst fyrir sýslumanni með aðför.

108. gr.

1. Dómari getur synjað aðilum um að gera dómsátt ef hann telur ólögmætt að gera hana, efni hennar óljóst eða ómögulegt að efna hana. Dómari kveður upp úrskurð um þetta ef þess er krafist.

2. Dómsátt má gera um hluta máls og verður það þá rekið áfram að öðru leyti. Ef sátt tekst um annað en málskostnað skal hann ákveðinn með úrskurði.

3. Sátt má gera um kröfur þótt þær hafi ekki verið gerðar fyrir dómi.

4. Gera má dómsátt um málsefni sem hefur verið dæmt fyrir héraðsdómi á næstu níu mánuðum eftir uppkvaðningu dóms.

109. gr.

Dómsáttar skal getið í þingbók og tekur dómsáttin þá gildi. Dómsáttin skal gerð skriflega og undirrituð af aðilum. Ef hún er ekki skráð í heild sinni í þingbók skal leggja hana fram sem málsskjal. Ef mál heldur áfram að nokkru skal þess getið í bókuninni, en ella er því lokið.

110. gr.

1. Dómsmál má höfða til að fá dómsátt ógilta að hluta eða öllu leyti.

2. Ef aðili byggir rétt á dómsátt í dómsmáli getur gagnaðili vefengt gildi hennar. Það sama á við ef réttur er byggður á dómsátt við fullnustugerð eða búskipti.

3. Í dómsmáli skv. 1. eða 2. mgr. er dómari bundinn af úrlausn hliðsetts dómara um atriði sem hann hefur tekið afstöðu til.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um sátt sem tekst fyrir sýslumanni.

XVI. KAFLI
Dómsúrlausnir héraðsdóms.

111. gr.

1. Dómari má ekki fara út fyrir kröfur aðila í dómi sínum eða úrskurði nema um atriði sé að ræða sem honum ber að gæta af sjálfsdáðum. Kröfu, sem kemur ekki fram í stefnu, skal vísað frá dómi nema stefndi hafi samþykkt að hún kæmist að án þess. Sama er um hækkun á kröfu eða aðrar breytingar stefnda í óhag.

2. Dómari má ekki byggja niðurstöðu sína á málsástæðu eða mótmælum sem hefðu mátt koma fram en gerðu það ekki við meðferð máls. Nú er atviks getið í framlögðu skjali en aðili hefur ekki hreyft því sérstaklega sem málsástæðu við flutning máls, og metur þá dómari eftir atvikum hvort sú málsástæða komi til greina.

3. Dómari metur eftir atvikum hvort þögn aðila við staðhæfingu eða kröfu gagnaðila skuli meta sem samþykki eða ekki.

112. gr.

1. Að því leyti sem önnur ákvæði laga þessara mæla ekki á annan veg og ágreiningur er ekki uppi tekur dómari afstöðu til atriða sem varða rekstur máls með ákvörðun sem verður eftir atvikum skráð í þingbók. Slík atriði má einnig leiða til lykta með ákvörðun þótt ágreiningur sé um þau ef ágreiningsefnið sætir ekki kæru til æðra dóms.

2. Dómari leysir úr öðrum atriðum sem þarf að ráða til lykta fyrir dómtöku máls með úrskurði. Úrskurð skal kveða upp þegar í stað í þinghaldi ef unnt er, en að öðrum kosti svo fljótt sem verða má.

3. Úrskurður skal vera skriflegur og skráður í þingbók eða dómabók. Dómari skal færa rök fyrir niðurstöðu sinni í úrskurði án þess að greina frá atvikum máls eða kröfum eða rökstuðningi aðila, en niðurstaðan skal síðan dregin saman í úrskurðarorði.

4. Feli úrskurður í sér lokaniðurstöðu máls skulu forsendur fylgja úrskurðarorði með sama hætti og ef um dóm væri að ræða. Ef máli er vísað frá dómi án kröfu stefnda eða það er fellt niður má dómari þó láta við það sitja að greina í forsendum úrskurðar frá aðilum og þingfestingardegi máls, kröfum aðila og rökstuðningi fyrir niðurstöðu.

5. Dómari getur breytt ákvörðun sinni um atriði sem varða rekstur máls, svo og úrskurði sem felur ekki í sér lokaniðurstöðu máls, sbr. þó 2. mgr. 105. gr.

113. gr.

1. Nú hefur útivist orðið af hálfu stefnda án þess að greinargerð kæmi fram af hendi hans og kröfur stefnanda eru þess efnis að það sé unnt að fullnægja þeim með aðför. Ef dómari telur málatilbúnaði stefnanda í engu áfátt og að taka megi kröfur hans til greina má dómari ljúka máli með því að rita á stefnu að dómkröfurnar séu aðfararhæfar, svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun hans. Dómari getur um leið leiðrétt augljósar villur í stefnu til samræmis við þau skjöl sem stefnandi byggir á í málinu. Verði máli ekki lokið með þessum hætti skal kveðinn upp dómur eða úrskurður eftir almennum reglum.

2. Áritun dómara á stefnu skv. 1. mgr. hefur sama gildi og dómur. Henni verður ekki skotið til æðra dóms.

114. gr.

1. Nú verður mál ekki fellt niður eða því vísað frá dómi eða lokið með sátt eða áritun skv. 113. gr., og skal þá saminn skriflegur dómur þar sem forsendur fylgja dómsorði. Í upphafi dóms skal koma fram heiti og númer máls, svo og hvar og hvenær hann sé kveðinn upp, en í forsendum skal síðan greina:

a. hvenær mál var höfðað og dómtekið,
b. nöfn og heimili aðila,
c. kröfur aðila,
d. stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því,
e. helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem þeir byggja á,
f. rökstudda niðurstöðu um sönnunaratriði og lagaatriði,
g. athugasemdir um rekstur máls og réttarfarssektir,
h. málskostnað,
i. nöfn dómenda og hver sé dómsformaður ef dómur er fjölskipaður, svo og starfsheiti meðdómsmanna.

2. Í dómsorði skal aðalniðurstaða máls dregin saman, svo sem sýkna ef sýknað er af öllum efniskröfum, kröfur stefnanda sem eru teknar til greina o.s.frv.

3. Dómar skulu vera stuttir og glöggir.

4. Ekki má skírskota í dómi til sannana eða atvika sem kunna síðar að koma fram. Þó má verða við kröfu um að stefnda verði gert að leysa af hendi skyldu gegn tilteknu gagngjaldi úr hendi stefnanda eða að skylda verði lögð á stefnda til annars en peningagreiðslu að viðlögðum dagsektum.

5. Í dómi má eftir kröfu kveða á um aðfararfrest ef sérstök ástæða þykir til að víkja

frá almennum reglum laga í þeim efnum. Þá má ákveða í dómi eftir kröfu ef mikilvægir hagsmunir þykja í húfi að áfrýjun málsins hindri ekki aðför eftir dóminum, en eftir atvikum má það vera háð því skilyrði að dómhafi setji þá tiltekna tryggingu við aðför. Kröfu um dómsákvæði sem þessi má setja fram við aðalmeðferð máls.

115. gr.

1. Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í máli sem var munnlega flutt innan fjögurra vikna frá því það var dómtekið skal það flutt á ný nema dómari og aðilar telji það óþarft.

2. Ef dómur er fjölskipaður og mál munnlega flutt skulu allir dómendur hafa hlýtt á flutning þess. Geti þeir ekki allir tekið þátt í uppkvaðningu dóms skal nefna dómara í stað þess sem hefur misst við og endurtaka munnlegan flutning máls. Afl atkvæða ræður úrslitum um hvert atriði. Nú verður dómari í minni hluta um eitthvert atriði, og skal hann þá allt að einu taka þátt í ályktun um önnur atriði, en ágreiningsatriðis skal þá getið í dómi. Formaður dóms stýrir atkvæðagreiðslu og sér um samningu dóms.

3. Dómari tilkynnir aðilum hvar og hvenær dómur eða úrskurður verði kveðinn upp ef vörnum hefur verið haldið uppi í máli. Við uppkvaðningu skal lesa upp dómsorð eða úrskurðarorð á dómþingi í heyranda hljóði. Endurrit af dómi eða úrskurði skal að öðru jöfnu vera til reiðu við uppkvaðningu hans.

4. Frestir samkvæmt dómi eða úrskurði byrja að líða þegar við uppkvaðningu hans án tillits til þess hvort aðilar séu þar staddir.

116. gr.

1. Dómur er bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til.

2. Krafa sem hefur verið dæmd að efni til verður ekki borin aftur undir sama eða hliðsettan dómstól framar en segir í lögum þessum. Nýju máli um slíka kröfu skal vísað frá dómi.

3. Dómur er bindandi fyrir dómara þegar hann hefur verið kveðinn upp. Dómara er þó heimilt að leiðrétta ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar villur í dómi, enda láti hann aðilum sem hafa fengið endurrit af dómi þá í té nýtt endurrit án tafar.

4. Dómur hefur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir þar til það gagnstæða er sannað.

4. ÞÁTTUR
Afbrigðileg meðferð einkamála í héraði.
XVII. KAFLI
Mál um víxla, tékka og skuldabréf.

117. gr.

Mál, sem fara eftir ákvæðum þessa kafla, eru:

a. víxilmál, en til þeirra teljast mál gegn útgefanda, framseljanda og samþykkjanda víxils á hendur öðrum manni og gegn útgefanda og framseljanda eigin víxils til greiðslu víxilkröfu eða til að koma fram endurgreiðslukröfu eftir víxilrétti, mál gegn útgefanda og framseljanda víxils vegna skorts á samþykki til greiðslu víxilupphæðar að öllu leyti eða nokkru og mál gegn ábyrgðarmönnum víxilupphæðar,

b. tékkamál, en til þeirra teljast mál um endurgjaldskröfu gegn tékkaskuldara samkvæmt lögum um tékka,
c. skuldabréfamál, en til þeirra teljast mál til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, enda sé skráður samningur í texta þess um að mál samkvæmt því verði rekið eftir ákvæðum þessa kafla.

118. gr.

1. Stefndi getur aðeins haft uppi eftirtaldar varnir um efni máls:
a. að mál sé höfðað af röngum aðila eða því sé ranglega beint að sér,
b. að aðila hafi skort hæfi að lögum til að taka á sig skuldbindinguna,
c. að undirskrift á skjali sé fölsuð eða efni skjals sé falsað.

2. Í víxilmáli má stefndi einnig koma að vörnum sem varða form og efni víxils, aðferðina til að halda víxilkröfu í gildi og önnur atriði sem eru skilyrði til að koma fram víxilrétti eftir víxillögum. Það sama á við um tékkamál.

3. Í skuldabréfamáli má stefndi einnig koma að vörnum ef hann á ekki að sanna þær staðhæfingar sem varnirnar byggjast á eða unnt er að sanna staðhæfingarnar með skjölum sem hann leggur þegar fram.

4. Hafa má uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms í máli samkvæmt ákvæðum þessa kafla ef gagnkrafan er sams konar og aðalkrafan eða gagnkrafan styðst annars við víxil eða tékka. Í víxil- eða tékkamáli má einnig koma að gagnkröfu sem er sprottin af því að aðili hafi ekki gefið þær tilkynningar til formanna sinna á víxli eða tékka sem eru boðnar í víxillögum eða lögum um tékka.

119. gr.

1. Ef stefnandi samþykkir má stefndi koma að frekari vörnum en er getið í 118. gr.

2. Nú fer stefndi á mis við að koma vörnum að í máli vegna ákvæða 118. gr., og getur hann þá höfðað mál gegn stefnanda eftir almennum reglum til heimtu skaðabóta.

3. Að öðru leyti fara mál samkvæmt þessum kafla eftir ákvæðum 3. þáttar.

XVIII. KAFLI
Ógildingar- og eignardómsmál.

120. gr.

1. Ógilda má glötuð eða horfin skuldabréf og hver önnur heimildarbréf með dómi eftir reglum þessa kafla, enda taki ekki sérstök ákvæði annarra laga til ógildingar á þeim. Ógildingardómur heimilar dómhafa að ráðstafa því sem skjalið hljóðar um eins og hann hefði skjalið undir höndum.

2. Mál til ógildingar á veðskuldabréfi skal höfðað í þeirri þinghá þar sem því var eða yrði þinglýst. Mál til ógildingar á öðru skjali skal höfða í þeirri þinghá þar sem það var gefið út. Ef þessu verður ekki komið við en skjal verður þó ógilt hér á landi skal höfða mál fyrir dómi í Reykjavík.

121. gr.

1. Nú vill maður höfða mál til ógildingar á skjali, og skal hann þá afhenda dómara stefnu til útgáfu og endurrit af skjalinu eða nákvæma lýsingu á efni þess. Í stefnunni skal greint frá því sem er vitað um afdrif skjalsins og rökstutt hvernig hlutaðeigandi telji til réttar samkvæmt því.

2. Ef dómari telur skilyrði fyrir ógildingardómi ekki vera fyrir hendi synjar hann um

útgáfu stefnu. Skal kveðinn upp úrskurður um synjunina ef krafist er.

3. Ef dómari telur skilyrðum fyrir ógildingardómi fullnægt gefur hann út stefnu, en í henni skal skorað á hvern þann sem kann að hafa skjalið undir höndum að koma með það fyrir dóm við þingfestingu málsins, því ella megi vænta að það verði ógilt með dómi. Stefnan skal birt einu sinni í Lögbirtingablaði.

4. Nú kemur enginn fram með skjalið við þingfestingu máls og enginn mótmælir annars ógildingu þess, og skal þá ógildingardómur kveðinn upp nema gallar á málatilbúnaði leiði til frávísunar máls. Sé vörnum haldið uppi skal mælt fyrir í dómi um ógildingu skjals eða synjun um ógildingardóm.

5. Að öðru leyti fer um ógildingardómsmál eftir ákvæðum 3. þáttar.

122. gr.

1. Nú sannar maður eða gerir sennilegt að hann hafi öðlast réttindi yfir fasteign, skrásettu skipi eða loftfari, skrásettri bifreið eða viðskiptabréfi með samningi eða hefð, en hann skortir skilríki fyrir rétti sínum, og getur hann þá leitað eignardóms. Eignardómur veitir dómhafa heimild til að ráða yfir og ráðstafa eigninni eins og hann hefði afsalsbréf fyrir henni eða annað viðeigandi skjal.

2. Um varnarþing í eignardómsmáli og meðferð þess fer eftir ákvæðum 2. mgr. 120. gr. og 121. gr. að breyttu breytanda.

XIX. KAFLI
Flýtimeðferð einkamála.

123. gr.

1. Nú hyggst aðili höfða mál vegna ákvörðunar eða athafnar stjórnvalds eða verkfalls, verkbanns eða annarra aðgerða sem tengjast vinnudeilu og það færi ella eftir almennum reglum þessara laga. Getur hann þá óskað eftir því að málið sæti meðferð eftir ákvæðum þessa kafla ef brýn þörf er á skjótri úrlausn, enda hafi hún almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni hans.

2. Aðili, sem æskir málsmeðferðar eftir reglum þessa kafla, skal afhenda forstöðumanni dómstóls stefnu ásamt skriflegri beiðni um útgáfu hennar og þeim málsgögnum sem geta stutt beiðnina. Í stefnu skal höfð eyða til þess að dómari geti skráð þar stað og stund til þingfestingar og stefnufrest og skal tekið fram í texta hennar að dómari hafi fallist á beiðni um að málið sæti meðferð eftir ákvæðum þessa kafla. Í beiðni skal rökstutt ítarlega hvernig megi telja skilyrðum 1. mgr. fullnægt.

3. Ef skilyrðum 1. mgr. er ekki fullnægt synjar dómari um útgáfu stefnu. Skal kveðinn upp úrskurður um synjunina ef krafist er.

4. Nú er fallist á að mál sæti meðferð eftir ákvæðum þessa kafla, og skal því þá þegar úthlutað dómara til meðferðar. Hann gefur út stefnu og ákveður um leið hvar og hvenær mál verður þingfest, sem að öðru jöfnu skal gert utan reglulegs dómþings, og hver stefnufrestur skuli vera, en hann má skemmstur vera einn sólarhringur.

5. Ákvæðum þessarar greinar má beita við höfðun gagnsakar þannig að mál sæti upp frá því í heild sinni meðferð eftir reglum þessa kafla. Ef beiðni berst um slíkt gefur forstöðumaður dómstóls þó gagnaðila kost á að tjá sig um hana áður en afstaða er tekin til hennar.

124. gr.

1. Ef vörnum er haldið uppi í máli skal því aðeins frestað í þeim mæli sem brýna

nauðsyn ber til. Þeirra atriða, sem getur í 1. mgr. 102. gr., skal gætt í þinghaldi þegar stefndi leggur fram greinargerð og ber að öðru jöfnu að ljúka þá öflun sýnilegra sönnunargagna.

2. Að kröfu aðila getur dómari ákveðið að vitni verði kvatt fyrir dóm með skemmri fyrirvara en getur í 2. mgr. 54. gr.

3. Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem verða má eftir dómtöku máls.

4. Ef úrskurður dómara um atriði, sem varðar rekstur máls, er kærður til æðra dóms skal sá frestur sem getur í 1. mgr. 149. gr. vera þrír sólarhringar.

5. Frestur til að áfrýja máli, sem sætir meðferð eftir ákvæðum þessa kafla til æðra dóms án áfrýjunarleyfis, er þrjár vikur frá uppkvaðningu dóms. Nú er máli áfrýjað, og getur þá aðili leitað eftir undanþágu Hæstaréttar frá því að gera þurfi ágrip dómsgerða. Frestir í máli fyrir Hæstarétti skulu vera svo skammir sem verða má.

6. Að öðru leyti fer um þessi mál eftir almennum reglum.

5. ÞÁTTUR
Gjafsókn, málskostnaður og réttarfarssektir.

XX. KAFLI
Gjafsókn.

125. gr.

1. Í þessum kafla er orðið gjafsókn notað bæði um gjafsókn og gjafvörn.

2. Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd þriggja lögfræðinga, gjafsóknarnefnd, til fjögurra ára í senn til að veita umsögn um umsóknir um gjafsókn. Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands en annar eftir tilnefningu Dómarafélags Íslands.

3. Umsókn um gjafsókn skal vera skrifleg og beint til dómsmálaráðherra. Í henni skal greint skýrlega frá máli sem hún varðar og rökstutt að skilyrðum fyrir gjafsókn sé fullnægt. Umsókn skulu fylgja gögn eftir þörfum.

4. Dómsmálaráðherra veitir gjafsókn eftir umsókn aðila. Hún verður því aðeins veitt að gjafsóknarnefnd mæli með því.

126. gr.

1. Gjafsókn verður aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er að auki fullnægt:

a. að efnahag umsækjanda sé þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, en við mat á efnahag hans má eftir því sem á við einnig tekið tillit til eigna og tekna maka hans eða sambýlismanns eða eigna og tekna foreldra hans ef hann er yngri en 18 ára,

b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

2. Gjafsókn verður enn fremur veitt eftir því sem fyrir er mælt í öðrum lögum.

3. Nú er gjafsókn veitt, og skal þá tekið fram í gjafsóknarbréfi til hvaða máls hún taki, hvort hún sé veitt til rekstrar máls fyrir héraðsdómi eða æðra dómi og hvort hún sé takmörkuð með tilteknum hætti.

127. gr.

1. Að því leyti sem hér er ekki mælt á annan veg skuldbindur gjafsókn ríkið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur sjálfur af máli. Gjafsókn má þó tak-

marka þannig að hún nái aðeins til tiltekinna þátta málskostnaðar eða geti hæst numið tiltekinni fjárhæð.

2. Ef þóknun umboðsmanns gjafsóknarhafa fyrir flutning máls er ekki undanskilin gjafsókn skal hún ákveðin í dómi. Takist sátt í máli ákveður dómari þóknunina í úrskurði.

3. Gjafsóknarhafi er undanþeginn öllum greiðslum í ríkissjóð vegna þess máls sem gjafsókn tekur til, þar á meðal greiðslum fyrir opinber vottorð og önnur gögn sem verða lögð fram í máli.

4. Ef annað er ekki tekið fram í gjafsóknarbréfi nær gjafsókn einnig til kostnaðar af fullnustu réttinda gjafsóknarhafa með aðför og nauðungarsölu.

5. Nú skýtur gagnaðili gjafsóknarhafa máli til æðra dóms, og nær þá gjafsókn einnig til málskostnaðar gjafsóknarhafa þar fyrir dómi, þar á meðal af gagnáfrýjun eða gagnkæru máls, ef annað er ekki tekið fram í gjafsóknarbréfi.

128. gr.

1. Gjafsókn fellur ekki niður þótt gjafsóknarhafi látist.

2. Dómsmálaráðherra má afturkalla gjafsókn ef í ljós kemur að hún var veitt að ófyrirsynju, hagur gjafsóknarhafa breytist svo að hennar sé ekki lengur þörf eða gjafsóknarhafi lætur hjá líða að krefjast málskostnaðar úr hendi gagnaðila síns. Við afturköllun fellur greiðsluskylda ríkisins niður án tillits til þess hvort þegar hefur verið stofnað til kostnaðar vegna málsins. Gjafsóknarhafi verður þó ekki krafinn um greiðslu gjalda sem hann hefur komist hjá skv. 3. mgr. 127. gr. áður en gjafsókn var afturkölluð.

3. Gjafsókn breytir engu um að gjafsóknarhafa verði sjálfum gert að greiða gagnaðila sínum málskostnað.

4. Nú verður gagnaðili gjafsóknarhafa dæmdur til að greiða málskostnað, og skal þá ekki tekið tillit til þess að gjafsókn hafi verið veitt við ákvörðun málskostnaðar. Ef gjafsóknarhafi hefur sjálfur haft kostnað af máli skal honum ákveðin greiðsla málskostnaðar að því leyti í dómi, en að öðru leyti verður málskostnaður dæmdur ríkinu.

XXI. KAFLI
Málskostnaður.

129. gr.

1. Til málskostnaðar telst:

a. kostnaður af flutningi máls,
b. kostnaður af birtingu stefnu, kvaðninga og annarra tilkynninga,
c. gjöld sem renna í ríkissjóð vegna máls,
d. óhjákvæmilegur ferðakostnaður aðila og umboðsmanns hans,
e. þóknun matsmanns, vitnis, túlks, þýðanda og þingvotts,
f. kostnaður af endurritum, dómsgerðum og ágripi dómsgerða,
g. annar kostnaður sem stafar beinlínis af máli.

2. Aðili, sem krefst dómsathafnar, greiðir kostnað af henni um sinn.

3. Aðila er rétt að krefjast greiðslu málskostnaðar úr hendi gagnaðila síns, þar á meðal í gagnsök og meðalgöngusök, eftir mati dómsins eða samkvæmt sundurliðuðum reikningi sem er lagður fram ekki síðar en við aðalmeðferð máls. Málskostnaður verður því aðeins dæmdur að hans sé krafist.

4. Málskostnaður, sem er dæmdur aðila úr hendi gagnaðila hans, ber dráttarvexti frá fimmtánda degi eftir uppkvaðningu dóms eða úrskurðar og til greiðsludags þótt þess sé

ekki krafist sérstaklega eða getið í dómi eða úrskurði.

130. gr.

1. Sá sem tapar máli í öllu verulegu skal að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað.

2. Stefnanda skal gert að greiða stefnda málskostnað ef máli er vísað frá dómi eða það er fellt niður af annarri ástæðu en þeirri að stefndi efni þá skyldu sem hann er krafinn um í máli.

3. Nú vinnur aðili mál að nokkru og tapar því að nokkru eða veruleg vafaatriði eru í máli, og má þá dæma annan aðilann til að greiða hluta málskostnaðar hins eða láta hvorn þeirra bera sinn kostnað af málinu. Eins má fara að ef þeim sem tapar máli hvorki var né mátti vera kunnugt um þau atvik sem réðu úrslitum fyrr en eftir að mál var höfðað.

4. Nú eru rekin fleiri dómsmál en eitt sem hefði mátt komast hjá með því að sækja kröfur í þeim öllum í einu máli, eftir atvikum sem gagnkröfu, og má þá lækka málskostnað handa þeim sem vinnur mál af tilliti til þess, sbr. einnig 2. mgr. 27. gr.

131. gr.

1. Hvernig sem úrslit máls verða má dæma aðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað ef hann hefur:

a. höfðað mál að þarflausu eða án neins tilefnis af hendi gagnaðila,
b. valdið óþörfum drætti á máli af ásetningi eða með skeytingarleysi eða handvömm,
c. haft uppi kröfur, staðhæfingar eða mótbárur sem hann vissi eða mátti vita að væru rangar eða haldlausar.

2. Ef sakir skv. 1. mgr. eru miklar má dæma aðila til að greiða gagnaðila álag á málskostnað.

3. Án tillits til málsúrslita má einnig dæma aðila til að greiða sérstaklega þann kostnað sem hann hefur bakað gagnaðila með ráðstöfunum við rekstur máls eða í tengslum við það ef þær voru sýnilega þarflausar eða tilgangslausar.

4. Nú hefur umboðsmaður aðila átt þátt í þeim ávirðingum sem getur í 1. og 3. mgr., og má þá dæma hann einan eða sameiginlega með aðilanum til að greiða gagnaðila málskostnað, þar á meðal álag skv. 2. mgr., hvort sem þess er krafist í máli eða ekki.

132. gr.

1. Ef dæma á samaðilum skv. 18. gr. málskostnað skal það að jafnaði gert í einu lagi. Eins skal farið að ef dæma á samaðila til greiðslu málskostnaðar, en þá ábyrgjast þeir greiðslu einn fyrir alla og allir fyrir einn.

2. Nú eru annars fleiri aðilar en einn til sóknar eða varnar í máli og þeim verður dæmdur málskostnaður, og skal hann þá ákveðinn handa hverjum þeirra fyrir sig. Ef dæma á slíka aðila til greiðslu málskostnaðar skal það að jafnaði gert í einu lagi þannig að þeir ábyrgist greiðslu einn fyrir alla og allir fyrir einn.

133. gr.

1. Stefndi getur krafist þess við þingfestingu máls að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar ef:

a. stefnandi er búsettur erlendis og menn, sem eru búsettir hér á landi, eru ekki undanþegnir því að setja slíka tryggingu í heimalandi hans,

b. leiða má líkur að því að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar.

2. Dómari ákveður hvort stefnanda verði gert að setja tryggingu, hverrar fjárhæðar og í hverju formi hún verði og innan hvers frests það skuli gert. Leyst verður úr ágreiningi um þetta í úrskurði.

3. Ef stefnandi setur ekki tryggingu eftir ákvörðun dómara skal máli vísað frá dómi.

XXII. KAFLI
Réttarfarssektir.

134. gr.

1. Dómari ákveður sektir samkvæmt reglum þessa kafla af sjálfsdáðum og renna þær í ríkissjóð.

2. Ef refsing liggur að auki eftir öðrum lögum við broti sem ákvæði þessa kafla taka til má koma henni fram í öðru máli án tillits til ákvörðunar um réttarfarssekt.

135. gr.

1. Ákveða má sekt á hendur aðila fyrir:

a. að höfða mál að þarflausu,
b. að koma gagnaðila að ófyrirsynju í þá aðstöðu að honum var nauðsyn að höfða mál,
c. að valda af ásetningi óþörfum drætti á máli,
d. að hafa uppi vísvitandi rangar kröfur, staðhæfingar eða mótbárur,
e. ósæmileg skrifleg eða munnleg ummæli sem hann hefur uppi fyrir dómi um dómara, gagnaðila, umboðsmann gagnaðila eða aðra menn,
f. að misbjóða virðingu dóms á annan hátt með framferði sínu í þinghaldi.

2. Umboðsmanni aðila, sem gerist sekur um brot skv. c- til f-lið 1. mgr., má ákveða sekt einum sér eða með aðilanum.

3. Manni, sem gefur skýrslu fyrir dómi, má ákveða sekt fyrir brot gegn e- eða f-lið 1. mgr.

4. Ákveða má sekt á hendur öðrum en þeim sem ákvæði 1.–3. mgr. taka til fyrir að hlýða ekki fyrirskipunum dómara sem miða að því að halda uppi reglu á dómþingi eða að koma þar annars hneykslanlega eða ósæmilega fram.

5. Fyrir æðra dómi má ákveða sekt á hendur aðila, umboðsmanni hans eða þeim báðum í senn fyrir tilefnislaust málskot.

136. gr.

1. Ef dómur gengur í máli skal sekt á hendur aðila eða umboðsmanni hans ákveðin þar. Gangi úrskurður um frávísun máls frá dómi skulu sektir á hendur þeim ákveðnar þar. Ef mál er fellt niður skal kveðinn upp sérstakur úrskurður um sekt á hendur aðila eða umboðsmanni hans.

2. Sektir á hendur öðrum skulu ákveðnar í úrskurði jafnskjótt og brot er framið.

6. ÞÁTTUR
Endurupptaka og málskot.
XXIII. KAFLI
Endurupptaka útivistarmáls í héraði.

137. gr.

1. Nú hefur dómur gengið eða stefna verið árituð skv. 113. gr. í máli þar sem stefndi sótti ekki þing eða þingsókn hans féll niður, og getur þá stefndi beiðst endurupptöku

málsins innan þriggja mánaða frá því máli lauk í héraði, enda berist beiðnin dómara innan mánaðar frá því stefnda urðu málsúrslit kunn.

2. Eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því máli lauk í héraði en innan árs frá því getur stefndi beiðst endurupptöku útivistarmáls ef beiðnin berst dómara innan mánaðar frá því stefnda urðu málsúrslit kunn og stefndi sýnir fram á að einhverju eftirfarandi skilyrða sé fullnægt:

a. að stefna hafi hvorki verið birt honum né öðrum sem mátti birta fyrir,
b. að átt hefði að vísa kröfum á hendur honum sjálfkrafa frá dómi að einhverju leyti eða öllu,
c. að átt hefði að sýkna hann án kröfu að einhverju leyti eða öllu,
d. að stefnandi sé samþykkur endurupptöku.

3. Beiðni um endurupptöku verður ekki sinnt nema stefndi setji áður tryggingu, sem dómari tekur gilda, fyrir greiðslu þess málskostnaðar sem var lagður á hann í dómi eða áritaðri stefnu eða hann sanni að hann hafi greitt málskostnaðinn. Frá þessu má þó víkja með samþykki stefnanda.

4. Stefndi getur ekki beiðst endurupptöku ef stefnandi hefur áfrýjað máli til æðra dóms.

5. Þegar frestur skv. 2. mgr. er liðinn verður mál ekki tekið upp í héraði nema eftir ákvörðun Hæstaréttar, sbr. 1. mgr. 157. gr.

138. gr.

1. Beiðni um endurupptöku skal beint til þess dóms þar sem dómur gekk eða stefna var árituð. Í beiðni skal greint skýrlega frá því hverra breytinga stefndi krefjist á fyrri málsúrslitum og á hverjum málsástæðum, réttarheimildum og sönnunargögnum það sé byggt, svo og hvenær og hvernig stefnda varð kunnugt um málsúrslit. Ef endurupptöku er beiðst skv. 2. mgr. 137. gr. skal að auki rökstutt að einhverju þargreindu skilyrði sé fullnægt. Gögn skulu fylgja beiðni.

2. Ef beiðni er ófullnægjandi eða berst röngum dómi eða dómari telur sýnt að skilyrðum 137. gr. sé ekki fullnægt synjar hann þegar í stað um endurupptöku, en úrskurður skal kveðinn upp um synjunina ef krafist er. Að öðrum kosti boðar dómari báða aðila fyrir dóm til að taka beiðni fyrir.

3. Sæki stefndi ekki þing þegar beiðni hans er tekin fyrir telst hún fallin niður. Sæki stefnandi þing getur dómari úrskurðað honum ómaksþóknun úr hendi stefnda að kröfu hans. Ekki verður þá beiðst endurupptöku öðru sinni.

4. Nú sækir stefnandi ekki þing þegar beiðni er tekin fyrir, og verður málið þá endurupptekið og farið með það eftir ákvæðum 2. mgr. 140. gr.

5. Ef báðir aðilar sækja þing þegar beiðni er tekin fyrir getur stefnandi haft uppi mótmæli gegn endurupptöku og skal þá leyst úr þeim með úrskurði áður en lengra er haldið. Að öðrum kosti er mál endurupptekið.

139. gr.

1. Þegar mál hefur verið endurupptekið getur stefndi krafist þess að dómari kveði á um það í úrskurði að réttaráhrif dóms eða áritunar á stefnu falli niður að einhverju leyti eða öllu þar til máli lýkur á ný í héraði. Dómari metur eftir atvikum hvort eða að hverju leyti efni séu til að verða við slíkri kröfu.

2. Endurupptaka máls hindrar ekki aðför á grundvelli dóms eða áritunar á stefnu nema að því leyti sem krafa stefnda skv. 1. mgr. hefur verið tekin til greina. Úrskurður skv. 1.

mgr. haggar ekki gildi aðfarargerðar sem hefur áður farið fram.

3. Upphaflegum dómi í máli verður ekki áfrýjað til æðra dóms eftir að það er endurupptekið nema endurupptöku ljúki með því að dómurinn standi óhaggaður skv. 2. eða 4. mgr. 140. gr. og stefnandi áfrýji.

140. gr.

1. Þegar endurupptaka er ráðin verður rekstri máls fram haldið eftir reglum þessara laga frá því stigi sem útivist varð af hálfu stefnda, að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessa kafla.

2. Mál verður ekki fellt niður þótt stefnandi sæki ekki þing eftir endurupptöku. Stefndi getur þó fallið þá frá endurupptöku og stendur þá upphafleg úrlausn óhögguð. Annars á stefndi þess þá kost að færa fram varnir og verður málið síðan dæmt á ný eftir framkomnum kröfum og málatilbúnaði aðilanna.

3. Ef stefndi sækir ekki þing eftir endurupptöku skal farið svo að sem segir í 3. mgr. 96. gr. Gangi þá útivistardómur á hendur stefnda gilda ákvæði 4. mgr. 96. gr. um heimild hans til að skjóta máli til æðra dóms.

4. Nú sækir hvorugur aðila þing eftir endurupptöku, og lýkur þá meðferð málsins þannig að upphafleg úrlausn stendur óhögguð.

141. gr.

1. Nú lýkur máli hvorki skv. 2. eða 4. mgr. 140. gr. né með sátt, og kveður dómari þá upp nýjan dóm í málinu eftir almennum reglum nema því verði vísað frá dómi með úrskurði. Fellur þá fyrri úrlausn sjálfkrafa úr gildi.

2. Gegn mótmælum stefnanda verður því aðeins tekið tillit til krafna, málsástæðna og sönnunargagna sem stefndi færir fram við endurupptöku að einhverju eftirfarandi skilyrða sé fullnægt:

a. að útivist stefnda í öndverðu verði talin afsakanleg,
b. að það ylli stefnda réttarspjöllum að ekki yrði tekið tillit til nýrrar kröfu eða málsástæðu hans eða nýrra sönnunargagna,
c. að krafa eða málsástæða lúti að atriði sem dómari átti að gæta af sjálfsdáðum í upphaflegri úrlausn máls.

3. Í dómi eða úrskurði ákveður dómari málskostnað í einu lagi vegna málsins í heild. Að öðru jöfnu skal stefndi dæmdur til að greiða stefnanda allan málskostnað án tillits til þeirrar niðurstöðu sem fæst við endurupptöku.

142. gr.

1. Mál verður ekki endurupptekið öðru sinni eftir ákvæðum þessa kafla.

2. Stefnandi getur áfrýjað máli til æðra dóms eftir endurupptöku samkvæmt almennum reglum.

3. Að fengnu áfrýjunarleyfi skv. 154. gr. getur stefndi áfrýjað máli til æðra dóms eftir að dómur hefur gengið við endurupptöku, enda hafi það þá ekki verið útivistardómur á hendur honum.

XXIV. KAFLI
Kæra.

143. gr.

1. Úrskurðir héraðsdómara um eftirfarandi sæta kæru til Hæstaréttar:

a. hvort hann víki sæti í máli,
b. atriði varðandi skýrslugjöf aðila og vitna fyrir dómi,
c. atriði varðandi matsgerðir,
d. skyldu aðila eða vörslumanns til að láta skjal eða annað sýnilegt sönnunargagn af hendi eða veita aðgang að því,
e. synjun um heimild til að afla sönnunargagna fyrir öðrum dómi,
f. synjun um heimild til að afla sönnunargagna án þess að mál hafi verið höfðað,
g. ómaksþóknun, málskostnað eða gjafsóknarlaun, enda sé ekki kveðið á um annað í úrskurði,
h. að frestur skuli veittur,
i. synjun um endurupptöku máls vegna lögmætra forfalla frá þinghaldi,
j. að máli sé vísað frá dómi,
k. hvort mál verði fellt niður,
l. hvort synjað verði um heimild til að gera dómsátt,
m. synjun um útgáfu stefnu í ógildingar- eða eignardómsmáli,
n. synjun um útgáfu stefnu til flýtimeðferðar á máli,
o. málskostnaðartryggingu,
p. réttarfarssekt,
q. hvort dæmt mál verði endurupptekið,
r. hvort réttaráhrif dóms eða áritunar á stefnu falli niður vegna endurupptöku máls.

2. Eftir að aðalmeðferð máls er hafin verður úrskurði héraðsdómara ekki skotið til æðra dóms nema úrskurður sé um:
a. skyldu vitnis til að koma fyrir dóm eða svara spurningu og vitnið kæri,
b. skyldu þriðja manns til að láta af hendi skjal eða veita aðgang að sýnilegu sönnunargagni og þriðji maður kæri,
c. að máli sé vísað frá dómi,
d. að mál sé fellt niður,
e. synjun um heimild til að gera dómsátt,
f. réttarfarssekt.

3. Hverjum þeim, sem telur héraðsdómara hafa gert á sinn hluta í dómarastarfi, er rétt að kæra hann fyrir Hæstarétt og getur Hæstiréttur veitt dómara áminningu eða dæmt honum að greiða sekt í ríkissjóð.

144. gr.

1. Nú vill maður kæra dómsathöfn, og afhendir hann þá héraðsdómara skriflega kæru áður en tvær vikur eru liðnar frá uppkvaðningu úrskurðar eða dómsathöfn ef hann eða umboðsmaður hans var þá staddur á dómþingi, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá því hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um úrskurð eða dómsathöfn.

2. Vitni eða matsmaður, sem er staddur á dómþingi við uppkvaðningu úrskurðar eða dómsathöfn, má þó lýsa yfir kæru munnlega og verður þá bókað um hana í þingbók.

3. Kæra frestar frekari framkvæmdum á grundvelli úrskurðar þar til leyst er úr máli fyrir æðra dómi.

145. gr.

1. Í kæru skal greina:
a. þá dómsathöfn sem er kærð,
b. kröfu um breytingu á henni,

c. ástæður sem kæra er reist á.

2. Kæru má styðja við ný sönnunargögn. Vilji kærandi bera ný gögn fyrir sig skal hann greina frá þeim í kæru, svo og því hvað hann hyggst sanna með þeim. Slík gögn skulu fylgja kæru í frumriti eða staðfestu eftirriti.

3. Kærandi greiðir héraðsdómara lögmælt dómgjöld fyrir Hæstarétti.

146. gr.

1. Nú kemur kæra of seint fram, og beinir þá héraðsdómari því til kæranda að taka hana aftur.

2. Ef kæra fullnægir ekki ákvæðum 1. mgr. 145. gr. brýnir héraðsdómari fyrir kæranda að bæta úr göllum á henni.

3. Nú virðist héraðsdómara kæra á engum rökum reist, og getur hann þá ákveðið eftir kröfu að kæranda beri að setja tryggingu fyrir tjóni sem kæra kann að baka gagnaðila ef hún veldur frestun málsins. Tryggingu skal setja innan tveggja sólarhringa frá því kæru er lýst. Ella verður ekki frekar af kærumáli.

147. gr.

1. Héraðsdómari sendir svo fljótt sem verða má Hæstarétti kæruna ásamt endurritum úr þingbók og öðrum gögnum málsins í fjórriti nema hann kjósi sjálfur að fella kærðan úrskurð úr gildi.

2. Héraðsdómara er jafnan heimilt að láta skriflegar athugasemdir sínar um kæruefni fylgja málsgögnum til Hæstaréttar.

148. gr.

1. Þá er kæra er komin fram gefur héraðsdómari gagnaðila kæranda kost á að afhenda sér skriflega greinargerð sem geymi kröfur hans og málsástæður sem er byggt á. Honum er heimilt að byggja á nýjum sönnunargögnum og skal þá farið svo að sem segir í 2. mgr. 145. gr.

2. Hafi greinargerð skv. 1. mgr. ekki verið afhent héraðsdómara áður en hann sendir Hæstarétti málsgögnin skal henni beint til Hæstaréttar.

149. gr.

1. Aðilar geta sent Hæstarétti greinargerðir sínar og ný skjöl innan viku frá því málsgögnin berast honum. Að þeim tíma liðnum getur Hæstiréttur lagt dóm á kæruefnið, en jafnan skal þó athuga skjöl sem berast síðar frá aðilum svo framarlega sem málinu er þá ekki lokið.

2. Nú er kæra ekki gerð þannig úr garði sem segir í 1. mgr. 145. gr. eða málatilbúnaður er annars ófullkominn, og getur þá Hæstiréttur lagt fyrir kæranda að bæta úr því sem er ábótavant innan tiltekins frests. Verði kærandi ekki við því getur Hæstiréttur vísað kærumálinu frá sér.

3. Hæstiréttur getur með þeim fyrirvara, sem hann telur hæfilegan, gefið aðilum kost á að flytja kærumálið munnlega.

150. gr.

1. Hæstiréttur kveður upp dóm í kærumálinu eftir skjölum þess og munnlegum flutningi ef því er að skipta. Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem kostur er.

2. Hæstiréttur kveður á um kærumálskostnað.

3. Að gengnum dómi sendir Hæstiréttur héraðsdómara endurrit dóms. Héraðsdómari tilkynnir aðilum um niðurstöðu kærumáls.

4. Að öðru leyti verður reglum um áfrýjunarmál beitt um kærumál eftir því sem átt getur við.

XXV. KAFLI
Áfrýjun.

151. gr.

1. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af öðrum ákvæðum þessara laga, er aðila heimilt að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar. Við áfrýjun héraðsdóms má jafnframt áfrýja úrskurðum sem hafa gengið í málinu í héraði.

2. Áfrýja má máli í því skyni að dómur verði ómerktur og máli vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, máli verði vísað frá héraðsdómi, héraðsdómi verði breytt að efni til eða hann staðfestur.

3. Rétt er að máli sé áfrýjað af hendi beggja eða allra aðila, en áfrýjunarmálin ber þá að sameina og flytja í einu lagi fyrir Hæstarétti.

4. Héraðsdómara verður ekki stefnt við áfrýjun máls nema krafa sé gerð á hendur honum um refsingu eða skaðabætur.

5. Afsal á rétti til áfrýjunar, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verður ekki gefið fyrr en sá dómur eða úrskurður, sem afsalið á að taka til, er genginn.

152. gr.

1. Nú varðar mál fjárkröfu einkaréttarlegs eðlis, og er það þá skilyrði áfrýjunar að fjárhæð hennar nemi 150.000 krónum. Þessari fjárhæð skal breyta um hver áramót miðað við breytingu lánskjaravísitölu frá gildistöku þessara laga, en dómsmálaráðherra auglýsir í Lögbirtingablaði nýja fjárhæð ekki síðar en 10. desember ár hvert.

2. Áfrýjunarfjárhæð skal ákveða eftir kröfugerð í áfrýjunarstefnu. Ef fleiri kröfur en ein eru réttilega sóttar saman í máli skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar. Nú er krafa höfð uppi og gagngreiðsla jafnframt boðin, og skal þá ekki litið til gagngreiðslunnar við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar.

3. Nú varðar mál annars konar kröfu en fjárkröfu, og ákveður þá Hæstiréttur eftir að hafa leitað umsagnar aðila hvort verðmæti hagsmunanna sem eru í húfi teljist nema áfrýjunarfjárhæð.

4. Hæstiréttur getur leyft áfrýjun máls þótt krafa nái ekki áfrýjunarfjárhæð.

153. gr.

1. Máli verður áfrýjað innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu héraðsdóms.

2. Hæstiréttur getur leyft áfrýjun máls næstu níu mánuði eftir lok frests skv. 1. mgr. Slíks leyfis skal þá getið í áfrýjunarstefnu, en hana ber að gefa út innan fjögurra vikna frá útgáfu leyfis sem er að öðrum kosti fyrirgert.

3. Nú áfrýjar aðili máli, og er gagnaðila þá rétt að gagnáfrýja á næstu fjórum vikum eftir birtingu áfrýjunarstefnu þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn.

4. Ef mál, sem hefur verið skotið til Hæstaréttar innan frests skv. 1. eða 2. mgr., fellur þar niður eða því er vísað frá dómi er aðila rétt að skjóta því þangað aftur þótt áfrýjunarfrestur sé þá liðinn, enda sé áfrýjunarstefna gefin út á ný innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms um niðurfellingu máls eða frávísun. Þessari heimild verður ekki beitt oftar en einu sinni.

154. gr.

1. Beiðni um áfrýjunarleyfi skal vera skrifleg og rökstudd og skal henni beint til Hæstaréttar. Hæstiréttur gefur öðrum aðilum kost á að tjá sig áður en ákvörðun er tekin um það hvort leyfið verði veitt.

2. Áfrýjunarleyfi skal að jafnaði því aðeins veitt að úrslit málsins séu mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði mikilvæga hagsmuni aðilanna.

155. gr.

1. Áfrýjanda ber að afhenda hæstaréttarritara áfrýjunarstefnu, en í henni skal greina:

a. þann dóm og eftir atvikum úrskurð sem er skotið til Hæstaréttar og skal dómsorð og eftir atvikum úrskurðarorð tekið orðrétt upp í stefnu,
b. nöfn áfrýjanda og stefnda, kennitölu og heimili eða dvalarstað,
c. nöfn fyrirsvarsmanna aðila, ef því er að skipta, stöðu þeirra og heimili eða dvalarstað,
d. í hverju skyni áfrýjað er og hverjar dómkröfur áfrýjandi gerir,
e. í hverjum starfsmánuði Hæstaréttar óskað er þingfestingar máls.

2. Nú er farið fram á óhæfilega langan frest til þingfestingar, og leggur þá hæstaréttarritari málið fyrir forseta Hæstaréttar sem ákveður frestinn.

3. Mál skal þingfesta fyrsta þingdag þess mánaðar sem er stefnt til, en forseta Hæstaréttar er þó rétt að ákveða annan þingfestingardag ef sérstaklega stendur á.

4. Hæstaréttarritari gefur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins og áritar hana um þingfestingardag.

5. Ákvæði XIII. kafla gilda um birtingu áfrýjunarstefnu og stefnufrest.

156. gr.

Um meðferð áfrýjunarmáls fyrir æðra dómi fer að öðru leyti eftir lögum um Hæstarétt Íslands.

XXVI. KAFLI
Endurupptaka óáfrýjaðs máls.

157. gr.

1. Nú hefur héraðsdómur gengið í máli, sem hefur ekki verið áfrýjað, og áfrýjunarfrestur er liðinn, og getur þá Hæstiréttur orðið við beiðni um að málið verði endurupptekið í héraði ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. sterkar líkur eru leiddar að því að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós þegar málið var til meðferðar í héraði og aðilanum verður ekki kennt um það,
b. sterkar líkur eru leiddar að því að ný gögn muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum,
c. önnur atvik mæla með því að leyfið verði veitt, þar á meðal að stórfelldir hagsmunir aðilans séu í húfi.

2. Aðili getur ekki afsalað sér rétti til að beiðast endurupptöku.

158. gr.

1. Skriflegri beiðni um endurupptöku skal beint til Hæstaréttar. Í henni skal rökstyðja ítarlega þær ástæður sem þykja standa til endurupptöku og skulu gögn fylgja henni eftir þörfum.

2. Ef beiðni er bersýnilega ekki á rökum reist synjar Hæstiréttur þegar í stað um end-

urupptöku. Að öðrum kosti verða beiðnin og fylgigögn send gagnaðila og hann krafinn um skriflega greinargerð um viðhorf sín innan tiltekins frests.

3. Hæstiréttur ákveður hvort af endurupptöku verði. Fallist Hæstiréttur á beiðni skal hann um leið taka afstöðu til þess hvort áhrif fyrri dóms falli niður meðan málið er rekið. Endurupptaka hindrar ekki aðför eftir dómi nema áhrif hans séu felld niður með þessum hætti.

4. Nú hefur endurupptaka verið ákveðin en útivist verður við nýja meðferð málsins í héraði af hendi þess sem beiddist hennar, og fellur þá frekari meðferð málsins niður þannig að fyrri dómur stendur óhaggaður. Dómur skal hins vegar felldur á málið þótt gagnaðili sæki ekki þing.

5. Að öðru leyti fer meðferð málsins fram á ný í héraði eftir reglum þessara laga.

7. ÞÁTTUR
Ýmis ákvæði.
XXVII. KAFLI
Gildistaka, brottfall laga o.fl.

159. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

160. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott eftirfarandi lög og ákvæði einstakra laga:

1. Lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, með áorðnum breytingum.
2. Í Norsku lögum Kristjáns V., 15. apríl 1687, í I. bók 6. kap. 11., 15. og 18. gr., og í I. bók 9. kap. 13. gr.
3. 5. gr. tilskipunar um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi, og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789.
4. Tilskipun um vitnisburð málflutningsmanna 19. júlí 1793.
5. 34. gr. laga um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42 13. nóvember 1903.
6. 20. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14 20. október 1905.
   Í 1. málsl 1. mgr. 11. gr. sömu laga orðin „kæra til sáttanefndar eða“.
   Í 2. málsl 1. mgr. 11. gr. sömu laga orðin „kæran eða“.
   Í 3. málsl 1. mgr. 11. gr. sömu laga orðin „eftir að málinu var vísað til dóms og laga frá sáttanefndinni“.
   Í 6. málsl 1. mgr. 11. gr. sömu laga orðin „hafið, eða“ og „hafið eða“.
7. Í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um hagstofu Íslands, nr. 24 20. október 1913, orðið „sáttanefndarmál“.
8. Í 2. mgr. 17. gr. laga um áveitu á Flóann, nr. 68 14. nóvember 1917, orðin „ef hann á eigi hlut í áveitunni, ella næsti héraðsdómari“.
9. Í 1. mgr. 46. gr. erfðalaga, nr. 8 14. mars 1962, orðin „sbr. 158. gr. laga nr. 85/1936“.
10. Í 51. gr. laga um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, orðin „í héraði“.
11. 2. mgr. 27. gr. og 2. málsl 3. mgr. 37. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968.
12. 3. mgr. 71. gr., 74. gr. og 1. og 2. mgr. 78. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972.
    Í 1. mgr. 71. gr. sömu laga orðin „og vinna eið að skýrslu sinni“ og „eða vinna eið“.

Í 2. mgr. 71. gr. sömu laga orðin „eða heitfesta hann vegna skýrslu hans“ og „eða vinna eið“.
Í 2. mgr. 73. gr. sömu laga orðin „með þeim hætti, er segir í 195. gr. laga nr. 85/1936“.

13. Í 2. mgr. 2. gr. laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973, orðin „36. gr.“, „nr. 85/1936,“ og „í héraði“.
14. Í 2. mgr. 18. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15 8. maí 1978, orðin „Stefnandi nýtur gjafsóknarkjara.“
15. Í niðurlagi 1. mgr. 11. gr. laga um horfna menn, nr. 44 26. maí 1981, orðin „Fer um útgáfu stefnunnar eftir meginreglum 218. gr. laga nr. 85/1936.“
Í 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. sömu laga orðin „sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands“.
Í 2. málsl 1. mgr. 13. gr. sömu laga orðin „innan 8 vikna frá uppsögu dóms“.
16. Í 3. mgr. 89. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, orðin „í héraði“.
17. Í 109. gr. siglingalaga, nr. 34 19. júní 1985, orðin „sbr. XIX. kafla l. nr. 85/1936“.
18. Í 1. mgr. 14. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, orðin „þrátt fyrir ákvæði 88. gr., sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981“.
19. 2. málsl. 4. mgr. 16. gr., 2. mgr. 31. gr. og 2. mgr. 32. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51 30. mars 1987, svo og í 7. mgr. 29. gr. laganna orðin „almenn og“.
20. Í 2. mgr. 11. gr. laga um ríkisábyrgð á launum, nr. 88 19. júlí 1990, orðin „og má veita honum gjafsóknarleyfi þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess“.
21. Í 3. mgr. 11. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131 6. desember 1990, orðin „sbr. 36. gr. l. nr. 85/1936“.

161. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. Í 2. mgr. 4. gr. laga um hefð, nr. 46 10. nóvember 1905, falla niður orðin „kæru til sáttanefndar eða“. Í sama ákvæði falla síðan niður orðin „er sáttakæra eða dómstefna er dagsett“, en í stað þeirra kemur: sem dómsmál er höfðað.
2. Í 2. mgr. 5. gr. laga um skipströnd og vogrek, nr. 42 15. júní 1926, fellur niður orðið „sjódómslögum“, en í stað þess kemur: lögum.
3. Í 1. málsl. 2. mgr. 51. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 11. júní 1938, fellur niður orðið „stefnuvottum“, en í stað þess kemur: stefnuvotti.
2. málsl. 2. mgr. 51. gr. sömu laga fellur niður.
Í 2. mgr. 59. gr. sömu laga falla niður orðin „einkamála í héraði“, en í stað þeirra kemur: um meðferð einkamála.
Í 2. málsl. 67. gr. sömu laga fellur niður orðið „áfrýja“, en í stað þess kemur: kæra.
4. Í lögum um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, fellur niður 1. mgr. 5. gr.
Í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. sömu laga falla niður orðin „verið sektaður þrisvar samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936“, en í stað þeirra kemur: þrisvar sætt réttarfarssektum.
Í 4. mgr. 8. gr. sömu laga falla niður orðin „eftir 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936“, en í stað þeirra kemur: til Hæstaréttar.
Í 2. mgr. 13. gr. falla niður orðin „eða gjafsóknar- eða gjafvarnarhafi“.

Í 3. mgr. 14. gr. falla niður orðin „samkvæmt 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði".
Í 1. mgr. 18. gr. sömu laga falla niður orðin „og gjafsóknar- og gjafvarnarmál".
Í 22. gr. sömu laga falla niður orðin „sektum samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936", en í stað þeirra kemur: réttarfarssektum.

5. 20. gr. laga um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956, verður svohljóðandi:
Nú vill aðili ekki una synjun útgefanda (ritstjóra) skv. 19. gr., og getur hann þá höfðað mál á hendur útgefanda (ritstjóra) til þess að fá hann skyldaðan með dómi til þess að birta leiðréttinguna eða tilkynninguna í lögmætu formi að viðlögðum dagsektum í fyrsta tölublaði sem kemur út eftir birtingu dóms eða í síðasta lagi í öðru tölublaði ef um dagblað er að ræða.
6. Í 1. mgr. 14. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53 13. maí 1966, falla niður orðin „ákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936", en í stað þeirra kemur: reglur laga um vanhæfi héraðsdómara til að fara með einkamál.
7. Í 2. mgr. 1. gr. laga um norræna vitnaskyldu, nr. 82 31. maí 1976, falla niður orðin „í héraði".
Í 1. mgr. 4. gr. sömu laga falla niður orðin „skv. 124. gr. 3. mgr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936".
Í 4. mgr. 4. gr. sömu laga falla niður orðin „nefnd eru í 148. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði", en í stað þeirra kemur: mælt er um í lögum um meðferð einkamála.
Í 1. mgr. 5. gr. sömu laga falla niður orðin „í héraði".
8. Í 1. mgr. 28. gr. þinglýsingalaga, nr. 39 10. maí 1978, falla niður orðin „samkv. meginreglum II. kafla laga nr. 75/1973".
Í 3. mgr. 50. gr. sömu laga falla niður orðin „með farið samkv. 220. gr. laga nr. 85/1936, ef réttindin varða þar greind verðmæti", en í stað þeirra kemur: höfðað eignardómsmál eftir því sem skilyrði standa til.
9. Í barnalögum, nr. 9 15. apríl 1981, falla niður 3. mgr. 12. gr. og 2. mgr. 47. gr.
Í 2. mgr. 6. gr. falla niður orðin „og er aðildareiður óheimill".
Í 1. mgr. 34. gr. sömu laga falla niður orðin „metur dómari þá eftir að gagna hefir verið aflað með þeim hætti, sem fyrir er mælt um mál þessi, hvort unnt sé að leyfa barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Að svo búnu tekur hann mál til efnisúrlausnar", en í stað þeirra kemur: verður þá gagna aflað með þeim hætti sem er mælt fyrir um þessi mál og að því búnu verður mál tekið til efnisúrlausnar.
Í 3. mgr. 49. gr. sömu laga falla niður orðin „nr. 85/1936", en í stað þeirra kemur: um meðferð einkamála.
1. mgr. 55. gr. sömu laga verður svohljóðandi:
Óska má endurupptöku á barnsfaðernismáli, sem hefur verið dæmt í héraði en ekki áfrýjað til Hæstaréttar, eftir almennum reglum laga um meðferð einkamála.
2. mgr. 55. gr. sömu laga verður svohljóðandi:
Nú hefur barnsfaðernismál verið dæmt í Hæstarétti, og fer þá eftir almennum reglum laga um Hæstarétt Íslands hvort endurupptaka verði leyfð. Ef endurupptaka er leyfð getur Hæstiréttur ákveðið að mál skuli tekið til meðferðar á ný fyrir héraðsdómi.

10. Í 1. mgr. 10. gr. lögræðislaga, nr. 68 30. maí 1984, falla niður orðin „reglum II. kafla laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands“, en í stað þeirra kemur: almennum reglum um kæru í einkamálum.
11. Í 1. mgr. 33. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, falla niður orðin „sem sett eru í 1.–6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði“, en í stað þeirra kemur: héraðsdómara að frátöldum skilyrðum um fyrri störf.
    Í 2. mgr. 98. gr. sömu laga falla niður orðin „nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði“, en í stað þeirra kemur: um meðferð einkamála.
12. Í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90 1. júní 1989, fellur niður orðið „áskorunarstefnum“, en í stað þess kemur: stefnum.
    Í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. sömu laga fellur niður orðið „áskorunarstefnu“, en í stað þess kemur: stefnu.
    Í 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. sömu laga fellur niður orðið „áskorunarstefnu“, en í stað þess kemur: stefnu.
13. Í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, falla niður 21. og 22. gr., svo og í 9. gr. orðið „kirkjudóm“.
    Í sömu lögum verður til ný grein, 8. gr. a., svohljóðandi:

    Dómari skal bæta tjón af dómaraverkum sínum ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi. Um refsiábyrgð dómara fer samkvæmt almennum hegningarlögum og sérákvæðum einstakra laga.

    Í æðra dómstóli má með dómi í aðalmálinu gera héraðsdómara að greiða skaðabætur vegna meðferðar sinnar á máli, enda hafi honum verið stefnt til greiðslu skaðabóta. Einnig má sækja slíkt mál sjálfstætt fyrir æðra dómi ef það er höfðað innan frests til að áfrýja þeirri dómsathöfn sem leiddi til tjóns.

    Í héraði verður dómari eingöngu sóttur til greiðslu skaðabóta vegna dómaraverks í sambandi við opinbert mál út af því eða eftir að refsidómur hefur verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir afbrot í dómarastarfi.

    Með dómi æðra dómstóls í aðalmálinu eða sjálfstætt má dæma héraðsdómara til sektar fyrir hvers konar misferli við meðferð þess, enda hafi honum verið stefnt til ábyrgðar.
14. Í 2. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, falla niður orðin „37. A gr. laga um meðferð einkamála í héraði“, en í stað þeirra kemur: lögum um meðferð einkamála.
    Í 6. gr. sömu laga falla niður orðin „36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði“, en í stað þeirra kemur: lögum um meðferð einkamála.

162. gr.

Á lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75 21. júní 1973, með áorðnum breytingum, verða svofelldar breytingar:

1. 2. mgr. 9. gr., 12.–38. gr. og 2. málsl. 61. gr. falla niður.
2. Núverandi 3. gr. fellur niður, en núverandi 2. gr. a. verður 3. gr. Á henni verða síðan svofelldar breytingar:
    a. 3. málsl. 2. mgr. verður svohljóðandi: Þrír dómarar geta skipað dóm í opinberu máli, ef hin almenna refsing sem liggur við broti er ekki þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að átta árum.
    b. Við greinina bætist ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi:
        Þrír dómarar taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi.

3. Í 4. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
   Þegar svo stendur á sem segir í 1. mgr. getur dómsmálaráðherra einnig sett mann, sem hefur látið af embætti dómara við Hæstarétt fyrir aldurs sakir, til að gegna embætti um tiltekinn tíma eða til að sitja í dómi í einstaka máli. Hlutaðeiganda er þó óskylt að taka við setningu.
   Eldri 2. mgr. 4. gr. verður þar með 3. mgr.
4. 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. verður svohljóðandi: Hefur verið þrjú ár hið skemmsta héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, hæstaréttarritari, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, lögreglustjóri, sýslumaður, ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu eða umboðsmaður Alþingis.
5. Við 44. gr. bætist nýr töluliður, 5. tölul., svohljóðandi: Áætlun um þann tíma sem hann ætlar að hann þurfi til munnlegs málflutnings.
6. Við 1. mgr. 49. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Málflytjendur skulu forðast málalengingar og beina málflutningi og upplestri úr ágripi einkum að þeim atriðum máls sem ágreiningur er um eða nauðsynlegt er að fjalla um til að varpa ljósi á ágreiningsefni.
7. 2. mgr. 55. gr. verður svohljóðandi:
   Alla dóma Hæstaréttar ásamt ágreiningsatkvæðum, svo og héraðsdóma í sömu málum, skal birta orðrétt í dómasafni Hæstaréttar. Í stað orðrétts dóms má þó birta útdrátt úr dómi, ef það er talið nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Hæstarétti er heimilt að setja reglur um nafnleynd. Rækileg efnisskrá skal fylgja hverju bindi hæstaréttardóma. Hæstiréttur felur einhverjum hæstaréttardómara eða öðrum hæfum manni að annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þóknun sem dómurinn ákveður.

XXVIII. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

163. gr.

Ef þingfesta á mál sem ákvæði þessara laga taka til eftir gildistöku þeirra skal stefna vera þannig úr garði gerð sem segir í 80. gr. þótt hún sé birt fyrir 1. júlí 1992.

164. gr.

1. Mál, sem hafa verið þingfest á bæjarþingi eða aukadómþingi fyrir 1. júlí 1992 en hefur ekki verið lokið þá, skulu rekin upp frá því fyrir þeim héraðsdómi sem tekur við lögsögu í hlutaðeigandi umdæmi þann dag. Ekki haggast af þeim sökum gildi þeirrar meðferðar sem mál hefur þegar sætt.

2. Ef máli hefur verið frestað á bæjarþingi eða aukadómþingi til tiltekins tíma eftir gildistöku þessara laga telst sú ákvörðun gilda sjálfkrafa um hvenær þing verði fyrst háð í málinu fyrir þeim héraðsdómi sem tekur við því.

165. gr.

Mál, sem eiga undir ákvæði þessara laga og hafa verið þingfest en er ólokið í héraði 1. júlí 1992, skulu sæta meðferð upp frá því eftir reglum þessara laga að öðru leyti en hér segir:

a. hafi þriðja manni verið tilkynnt um málarekstur að hætti 52. gr. eldri laga og hann hefur sótt þing í máli gilda ákvæði 21. gr. þessara laga um stöðu hans þótt honum hafi ekki verið stefnt,
b. fram til 1. október 1992 má hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar eða höfða gagnsök í máli þótt frestir til þess séu liðnir skv. 28. gr.,
c. sakarefni verður ekki skipt skv. 31. gr. nema að ósk beggja aðila,
d. farið skal eftir ákvæðum eldri laga þegar metið er hvort mál hafi verið höfðað í réttri þinghá án tillits til ákvæða V. kafla og 120. gr. þessara laga,
e. boðun til vitnis og vitnastefna skv. 111. og 130. gr. eldri laga, sem hefur verið birt fyrir 1. júlí 1992, jafngildir kvaðningu til vitnis eftir 54. gr. þessara laga,
f. dómkvaðning matsmanns að hætti eldri laga haggast ekki af gildistöku þessara laga þótt matsgerð sé þá ólokið,
g. metið skal eftir ákvæðum 1. mgr. 88. gr. eldri laga hvort stefna sé fullnægjandi án tillits til 80. gr. þessara laga,
h. tekið verður tillit til þess sem kemur fram í greinargerð stefnanda skv. 1. mgr. 105. gr. eldri laga, en hafi honum verið veittur frestur til að leggja hana fram stendur sú ákvörðun óhögguð,
i. lögmæti stefnubirtingar skal metið eftir ákvæðum VIII. kafla eldri laga án tillits til reglna XIII. kafla þessara laga,
j. ákvæðum 103. gr. eldri laga verður beitt um það hvenær mál telst hafa verið höfðað,
k. hafi mál verið tekið til dóms eða úrskurðar um hvort því verði vísað frá dómi fyrir gildistöku þessara laga og úrlausn ekki gengið fer um form hennar eftir reglum eldri laga, en dómur um frávísun máls sætir þá kæru til æðra dóms,
l. útivistarmáli verður ekki lokið með áritun á stefnu skv. 113. gr. nema það hafi verið þingfest fyrir 1. júlí 1992 sem áskorunarmál að hætti eldri laga,
m. reglum 5. mgr. 114. gr. verður því aðeins beitt að mál sé dómtekið eftir gildistöku þessara laga nema þargreindar heimildir til ákvæða í dómi hefðu átt stoð í 4. mgr. 193. gr. eldri laga,
n. heimildar 5. mgr. 123. gr. verður ekki neytt ef aðalsök í máli hefur verið þingfest fyrir gildistöku þessara laga nema aðalstefnandi sé því samþykkur,
o. ákvæði XI. kafla eldri laga gilda um gjafsóknar- og gjafvarnarleyfi sem eru veitt fyrir gildistöku þessara laga,
p. ákvæði 4. mgr. 129. gr., 4. mgr. 130. gr. og b-liðar 1. mgr. 133. gr. gilda aðeins um mál sem eru þingfest eftir gildistöku þessara laga.

166. gr.

1. Ákvæði 4. mgr. 96. gr. breyta því ekki að áfrýja má útivistarmáli til æðra dóms ef dómur er kveðinn upp í því fyrir 1. júlí 1992. Gangi dómur í útivistarmáli eftir gildistöku þessara laga verður máli ekki áfrýjað þótt það hafi verið þingfest fyrir þann tíma, en beita má ákvæðum XXIII. kafla til endurupptöku slíks máls í héraði.

2. Hafi áskorunarstefna verið árituð um aðfararhæfi að hætti eldri laga fyrir gildistöku þessara laga má krefjast endurupptöku máls í héraði eftir ákvæðum XXIII. kafla. Áskorunarmáli verður ekki áfrýjað til æðra dóms eftir gildistöku þessara laga.

3. Hafi mál verið þingfest sem áskorunarmál fyrir 1. júlí 1992 og því lýkur með áritun skv. 113. gr. gilda ákvæði 4. mgr. 96. gr. um það.

4. Ákvæði XXVI. kafla gilda án tillits til þess hvenær dómur hefur gengið í máli.

167. gr.

1. Hafi dómsathöfn verið kærð til æðra dóms fyrir gildistöku þessara laga skal máli lokið þar eftir reglum eldri laga.

2. Ákvæðum þessara laga um skilyrði áfrýjunar verður beitt án tillits til þess hvenær mál hefur verið höfðað eða dómur gengið í því í héraði.

168. gr.

Áskorunarstefna, sem hefur verið árituð um aðfararhæfi fyrir gildistöku þessara laga, hefur sömu áhrif og áritun á stefnu skv. 113. gr.

169. gr.

Nú hefur skuldabréf, sem er gefið út fyrir 1. júlí 1992, að geyma ákvæði um að mál vegna þess megi reka eftir XVII. kafla laga nr. 85/1936, og jafngildir það þá samningi um að slíkt mál verði rekið eftir reglum XVII. kafla þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra og á vegum réttarfarsnefndar. Við gerð þess hefur m.a. verið leitað ábendinga og tillagna frá stjórnum Dómarafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands og Sýslumannafélags Íslands og frá dómurum við borgardómaraembættið í Reykjavík.

Frumvarpið er samið sem þáttur í þeirri heildarendurskoðun réttarfarslöggjafar, sem hefur farið fram í tengslum við aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds ríkisins í héraði samkvæmt lögum nr. 92/1989. Því er einkum ætlað að leysa af hólmi lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936. Einnig geymir frumvarpið ákvæði um málskot einkamála til Hæstaréttar og að nokkru um meðferð þeirra þar fyrir rétti, en að sama skapi er gert ráð fyrir afnámi reglna um þau efni í II. kafla laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973.

Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á lögum nr. 85/1936, en þær umfangsmestu voru með lögum nr. 28/1981 og 54/1988. Þá hafa ýmis ákvæði verið felld úr lögunum, t.d. við setningu laga um málflytjendur, nr. 61/1942, laga um Hæstarétt Íslands, nr. 57/1962, barnalaga, nr. 9/1981, og laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Að orðnum þessum breytingum skortir mjög á að lög nr. 85/1936 hafi heildstæðan svip. Merki þess koma m.a. fram í því, að heilir kaflar hafa fallið úr lögunum án þess að upphaflegum númerum annarra greina hafi verið breytt, innskotsákvæði hafa verið sett inn milli eldri greina og stílbragð er talsvert ólíkt á því, sem stendur eftir af upphaflega textanum, og einstaka breytingalögum.

Í tengslum við breytta skipan héraðsdómstóla samkvæmt lögum nr. 92/1989 og setningu nýrra heildarlaga á öðrum sviðum réttarfars er þörf allnokkurra breytinga á löggjöf um meðferð einkamála, auk þess að ýmis ákvæði laga nr. 85/1936 eru orðin úrelt eða þarfnast a.m.k. einhverra endurbóta. Breytingarnar, sem brýnust þörf er talin á að þessu sinni, eru að vísu ekki svo yfirgripsmiklar, að ekki hefði verið unnt að leggja þær til í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 85/1936 með það fyrir augum að þær yrðu felldar inn í núverandi texta laganna. Sú leið hefði hins vegar aukið mjög á áðurnefnt ósamræmt yfirbragð þeirra. Meðal annars af þeirri ástæðu þótti betra að semja frumvarp til nýrra heildarlaga um þetta efni. Á þann hátt gafst um leið kostur á gera tillögur um fjölmargar minni háttar breytingar, sem hefði ekki verið fengist við að öðrum kosti.

Helstu efnisatriði frumvarpsins.

I.

Ákvæði frumvarpsins byggja að meginstefnu til á núgildandi réttarfarsreglum eins og þær koma fram í lögum nr. 85/1936 og 75/1973, sem þeim er ætlað að koma í stað fyrir. Efnisröð í frumvarpinu er á hinn bóginn nokkuð frábrugðin þeirri, sem er í lögum nr. 85/1936, en henni er nánar lýst í II. kafla þessara almennu athugasemda hér á eftir. Er reynt með þessu móti að gera reglur frumvarpsins aðgengilegri en ákvæði núgildandi laga og að gæta samræmis í framsetningu við nýsett lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Lög nr. 85/1936 bera sem fyrr segir heitið lög um meðferð einkamála í héraði. Þetta frumvarp er hins vegar til laga um meðferð einkamála og er þannig gert ráð fyrir breyttu heiti laga, ef frumvarpið nær fram að ganga. Þessi breyting er gerð þar sem ákvæði frumvarpsins taka ekki aðeins til málsmeðferðar fyrir héraðsdómi, heldur einnig til meðferðar kærumála í einkamálum í heild fyrir Hæstarétti og til meðferðar áfrýjunarmála þar að nokkru marki. Yrði því rangnefni að kenna frumvarpið aðeins við meðferð einkamála í héraði. Að auki samrýmist heiti frumvarpsins betur heitinu á lögum nr. 19/1991, sem eru um meðferð opinberra mála.

Að öðru leyti má telja helstu nýmæli í frumvarpinu og tillögur um breytingar frá núgildandi lögum eftirfarandi:

1. Í 17. gr. er að finna reglur um málflutningshæfi og fyrirsvar sem er ekki mælt fyrir um í lögum nr. 85/1936. Ákvæði 1., 3. og 4. mgr. 17. gr. eru áþekk reglum í 1. mgr. 5. gr. laga um málflytjendur, nr. 61/1942, sem er gert ráð fyrir að falli niður í 161. gr. frumvarpsins. Reglur 5. mgr. 17. gr., sem varða fyrirsvar fyrir það opinbera, og 6. mgr., sem snúa að tilvikum þegar menn sem skortir málflutningshæfi, leitast við að flytja mál sín sjálfir, eiga sér hins vegar ekki hliðstæðu nú í settum lögum.
2. Í 19., 27., 28. og 30. gr. eru reglur um heimildir til þess að tveir eða fleiri standi saman að málsókn eða henni sé beint að mörgum í senn, að fleiri en ein krafa verði sótt í einu máli, að gagnsök verði höfðuð og að tvö eða fleiri sjálfstæð mál verði sameinuð eða eitt mál verði greint í fleiri. Í núgildandi ákvæðum 47., 49., 70. og 117. gr. laga nr. 85/1936, sem eru efnislega mjög áþekkt þessum reglum frumvarpsins, er miðað við að heimildir í þessum efnum ráðist einkum af því, hvort tvær eða fleiri kröfur séu af sömu rót. Í framkvæmd hefur gætt nokkurs ósamræmis í mati á þessu skilyrði, enda stundum vandmeðfarið. Í fyrrnefndum ákvæðum frumvarpsins er reynt að afmarka sambærilegt skilyrði á mun skýrari hátt, en sú afmörkun felur einnig í sér vissa rýmkun ef tekið er mið af framkvæmd núgildandi laga.
3. Í 2. mgr. 19. gr. er kveðið á um heimild til svonefndrar varaaðildar til varnar í dómsmáli, sem felst í því, að kröfum sé aðallega beint að einum varnaraðila og að öðrum til vara. Sambærileg fyrirmæli eru ekki fyrir hendi í lögum nr. 85/1936, en þessari aðferð við málsókn hefur verið beitt á grundvelli dómvenju.
4. Í 21. gr., þar sem fjallað er um réttargæsluaðild, er kveðið nokkuð á um stöðu slíks aðila við rekstur máls, en engin fyrirmæli koma fram um þetta í núgildandi ákvæðum um heimild til slíkrar aðildar í 52. gr. laga nr. 85/1936.
5. Í 25. gr. er að finna tvenn nýmæli. Annars vegar er í 2. mgr. mælt fyrir um heimild sóknaraðila til að leita dóms um viðurkenningu á réttindum sínum þótt þannig standi á, að hann geti gert kröfu á grundvelli réttinda sinna um að skylda verði lögð á gagnaðila hans, sem má fullnægja með aðför. Þetta hefur almennt ekki þótt heimilt eftir núgildandi lögum nema við þröngar aðstæður, sbr. 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936. Hins vegar er í 3. mgr. kveðið á um heimild félaga og samtaka til að höfða mál í eigin nafni til að leita dóms um viðurkenningu á réttindum félagsmanna sinna. Þessa leið hefur ekki mátt fara eftir núgildandi lögum, en við því hefur oft verið brugðist á þann hátt að stéttarfélög eða

hagsmunasamtök hafi þá fengið einhvern félagsmanna sinna til þess að höfða mál um sína eigin hagsmuni og hafa félögin eða samtökin þá staðið straum af kostnaði af rekstri máls til þess að fá fordæmi í dómsúrlausn um réttindi annarra félagsmanna. Sú leið, sem hér er lögð til, þykir ólíkt einfaldari og eðlilegri, en í erlendum rétti má finna ýmis afbrigði af heimildum sem þessum.

6. Í V. kafla frumvarpsins, sem geymir ákvæði þess um varnarþing, er að finna tillögur um nokkrar breytingar. Af þeim má helst nefna að í 32. og 33. gr. er leitast við að setja fram mun skýrari reglur um heimilisvarnarþing en koma fram í 73.–76. gr. laga nr. 85/1936, reglum 34. gr. frumvarpsins um fasteignavarnarþing er breytt nokkuð frá 78. gr. núgildandi laga og gerð er tillaga um heimild til svokallaðs neytendavarnarþings í 37. gr. Slík heimild er ekki fyrir hendi í lögum nr. 85/1936, en fyrirmyndir að henni má finna víða í erlendri löggjöf.
7. Í 2. þætti frumvarpsins koma fram reglur um sönnun og sönnunargögn, sem byggja í helstu atriðum á núgildandi reglum X. kafla laga nr. 85/1936. Framsetning þessara ákvæða í frumvarpinu er þó frábrugðin þeirri, sem er í núgildandi lögum, að því leyti að í frumvarpinu er berum orðum miðað við þá aðalreglu að sönnunarfærsla fari fram undir rekstri máls fyrir þeim dómara, sem kemur til með að leysa úr því. Í lögum nr. 85/1936 er hins vegar eftir orðanna hljóðan jöfnum höndum miðað við að sönnunarfærsla fari fram óháð rekstri máls, þótt það hafi verið höfðað, t.d. með því að afla vættis í sjálfstæðum vitnamálum, en í framkvæmd hefur sá háttur verið hafður á um nokkurn tíma sem er byggt á í frumvarpinu. Af öðrum nýmælum í 2. þætti frumvarpsins, sem ástæða er öðru fremur til að geta hér, má í fyrsta lagi nefna að í 51. gr. er að finna heimild til að taka munnlegar skýrslur gegnum síma eða önnur fjarskiptatæki, sem ekki er gert ráð fyrir í núgildandi lögum. Í öðru lagi má vekja athygli á XI. kafla, sem geymir sérreglur um öflun sönnunargagna fyrir öðrum dómi en þar sem mál er rekið, en um þetta eru ekki sambærilegar reglur í lögum nr. 85/1936. Í þriðja lagi er rétt að benda á ákvæði XII. kafla, þar sem mælt er fyrir um heimildir til að leita eftir öflun sönnunargagna fyrir dómi án þess að mál hafi verið höfðað. Ákvæði laga nr. 85/1936 eru ekki alls kostar sambærileg þessum reglum frumvarpsins. Loks má nefna í fjórða lagi að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir heimildum til að láta úrslit máls ráðast af aðildareiði, en um slíkan eiðvinning eru nú sérreglur í 160.–170. gr. laga nr. 85/1936. Þessum reglum núgildandi laga hefur ekki verið beitt áratugum saman og er afnám þeirra þannig formsatriði.
8. Samkvæmt 88. og 105. gr. laga nr. 85/1936 ber sóknaraðila á frumstigum einkamáls, sem fer eftir almennum reglum laganna, að gera stefnu, sem þarf að birta fyrir gagnaðila og leggja síðan fram við þingfestingu málsins ásamt skriflegri greinargerð. Efni þessara tveggja sóknargagna, stefnu og greinargerðar sóknaraðilans, skarast að talsverðu leyti eftir fyrirmælum fyrrnefndra lagaákvæða og hefur verið nokkuð á reiki í framkvæmd hver atriði eigi að koma fram í hvoru skjali fyrir sig. Óvissa í þessum efnum hefur að nokkru komið til af því, að umræddum ákvæðum laga nr. 85/1936 hefur tvívegis verið breytt að þessu leyti á tiltölulega skömmum tíma, eða fyrst með lögum nr. 28/1981 og síðan með lögum nr. 54/1988. Í frumvarpinu er lögð til umtalsverð breyting varðandi þetta, með því að ráðgert er í 80. gr. þess að sóknaraðili greini í stefnu sinni frá þeim atriðum, sem hafa til þessa skipst milli stefnu og greinargerðar hans eftir núgildandi reglum, og að hann leggi því ekki fram sérstaka greinargerð af sinni hálfu, sbr. einnig 95. gr.
9. Í VIII. kafla laga nr. 85/1936 er kveðið á um þrenns konar aðferðir, sem má beita til að birta stefnu í einkamáli. Þær eru nánar tiltekið að tveir stefnuvottar annist verkið, að lögbókandi geri það eða að stefna verði birt í Lögbirtingablaði að vissum skilyrðum fullnægðum. Því til viðbótar getur stefndi mætt fyrir dómi án undangenginnar stefnubirtingar og samþykkt að mál á hendur sér verði þingfest, sbr. 103. gr. laganna. Í XIII. kafla

frumvarpsins er gert ráð fyrir talsverðum breytingum í þessum efnum, sem taka að nokkru mið af erlendum fyrirmyndum. Að vísu er miðað við að lögbókandi geti eftir sem áður birt stefnu og að birta megi hana í Lögbirtingablaði við sömu aðstæður og nú er heimilað í lögum. Um birtingu stefnuvotts er sú breyting hins vegar ráðgerð í 83. gr. frumvarpsins, að einn stefnuvottur leysi verkið af hendi í stað tveggja eins og nú þarf. Þá er í nefndri 83. gr. að finna fyrirmæli um fleiri kosti um birtingu stefnu en nú eru leyfðir. Þannig er annars vegar mælt fyrir um heimild til að birta stefnu með því að senda hana í ábyrgðarbréfi, sem yrði borið út til viðtakanda, en sérstakar reglur koma fram í XIII. kafla frumvarpsins um hvernig staðið yrði nánar að slíkri birtingu og gerð vottorðs um hana. Hins vegar er þar að finna þau nýmæli að stefnubirting megi fara fram á þann hátt, að stefndi riti sjálfur undir yfirlýsingu á stefnuna um að hún hafi verið birt sér eða að lögmaður geri það fyrir hans hönd. Það má síðan leiða af fyrirmælum 93. gr. að eftir sem áður sé gert ráð fyrir þeim kosti, að stefndi geti mætt fyrir dóm án undangenginnar stefnubirtingar til þingfestingar máls. Að öðru leyti má vekja máls á því, að í XIII. kafla er að finna lítillega breyttar reglur frá núgildandi lögum um það, hvar megi birta stefnu og fyrir hverjum öðrum en stefnda sjálfum það verði gert, auk þess að nánar er kveðið á um hvernig þessi athöfn eigi að fara fram.

10. Ein veigamesta breytingin, sem er lögð til í frumvarpinu, snýr að meðferð útivistarmála, en svo eru þau mál almennt nefnd, þar sem stefndi mætir ekki fyrir dómi við þingfestingu eða þingsókn hans fellur síðar niður. Í framkvæmd munu liðlega níu af hverjum tíu einkamálum nú vera útivistarmál. Eftir almennum reglum núgildandi laga leiðir útivist stefnda til þess að mál er tekið til dóms og er síðan kveðinn upp dómur í samræmi við kröfur stefnanda eftir því sem framkomin gögn standa til þeirra málaloka, sbr. 118. gr. laga nr. 85/1936. Einfaldari aðferðum verður þó beitt við meðferð útivistarmáls, ef það er höfðað sem áskorunarmál eftir XX. kafla laganna. Í stað þess að kveða upp dóm lýkur dómari slíku máli með því að árita áskorunarstefnu um að kröfur samkvæmt henni séu aðfararhæfar, en þessi leið verður aðeins farin í vissum málaflokkum, sbr. 222. gr. laga nr. 85/1936. Hvort sem útivistarmáli er lokið með dómi eftir almennum reglum eða áritun áskorunarstefnu má stefndi áfrýja máli til Hæstaréttar. Afstaða verður þá aðeins tekin til varna hans á einu dómstigi, fyrir Hæstarétti, sem kemur þannig ekki að máli eins og endranær til þess að endurskoða úrlausn héraðsdómara á sömu forsendum og hann leysti úr máli. Í frumvarpinu eru tvær meginbreytingar lagðar til í þessum efnum. Annars vegar er ráðgert að ef stefndi mætir ekki fyrir héraðsdómi, kröfur eru aðeins hafðar uppi á hendur honum sem má fullnægja með aðför og málatilbúnaði stefnanda er í engu áfátt, þá geti dómari lokið máli með áritun á stefnu um að kröfur samkvæmt henni séu aðfararhæfar, sbr. 96. og 113. gr. Er þannig gert ráð fyrir afnámi áðurnefndra sérreglna um áskorunarmál og þess í stað lagt til að útivistarmálum verði almennt lokið með áritun dómara um aðfararhæfi, með líkum hætti og áskorunarmálum er lokið eftir núgildandi reglum. Má ætla að vel flestum útivistarmálum yrði lokið með þessum einfalda hætti, sem hefði mjög verulegan verksparnað í för með sér. Hins vegar kemur fram í 4. mgr. 96. gr. og XXIII. kafla frumvarpsins að stefndi geti ekki skotið útivistarmáli til Hæstaréttar nema því aðeins, að stefnandi í héraði áfrýji máli, en þá er ráðgert að stefndi geti gagnáfrýjað fyrir sitt leyti. Í stað málskots er miðað við að stefndi eigi kost á að koma fram endurupptöku útivistarmáls fyrir héraðsdómi eftir reglum XXIII. kafla, þar sem leyst yrði úr máli á nýjan leik, en heimild hans til að áfrýja máli eftir endurupptöku yrði þá háð þeim takmörkunum, að hann yrði að afla sér áfrýjunarleyfis Hæstaréttar, sbr. 3. mgr. 142. gr. Þessar reglur um endurupptöku útivistarmála fyrir héraðsdómi eiga sér hliðstæðu í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sbr. einkum 126. gr. þeirra, og er vænst að þær geti leitt til greiðari málsmeðferðar í framkvæmd.

11. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að draga úr skyldu dómara til að liðsinna og leiðbeina ólöglærðum málsaðila sem flytur mál sitt sjálfur. Þannig er ekki tekin upp í frumvarpið sambærileg regla við 87. gr. laga nr. 85/1936 sem skyldar dómara til að semja stefnu fyrir ólöglærðan málsaðila. Þá er dregið úr skyldu dómara til að leiðbeina aðila við rekstur máls. Samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 ber dómara að veita leiðbeiningar um bæði formhlið máls og efnishlið þess, en í 4. mgr. 101. gr. frumvarpsins er aðeins mælt fyrir um sams konar skyldu varðandi atriði, sem snúa að formhlið máls. Raunhæft gildi þessarar breytingar yrði að vísu ekki tilfinnanlegt, enda er ekki sérlega algengt í framkvæmd að það reyni á þessar skyldur dómara. Á hinn bóginn má benda á að sú víðtæka liðveisla, sem núgildandi reglur leggja á dómara að veita málsaðila, hefur þá augljósu hættu í för með sér að dómari móti málatilbúnað annars eða jafnvel beggja aðilanna og felli síðan dóm á málið. Slíkt fær illa samrýmst því hlutleysi, sem dómara ber að gæta við úrlausn máls. Þá má einnig benda á að reglur um sambærilegar skyldur dómara hafa verið felldar úr lögum víða erlendis, t.d. í Danmörku fyrir rúmum áratug síðan.
12. Í 100. gr. frumvarpsins kemur fram að dómara er ætlað að mæla fyrir um hvort máli verði vísað frá dómi í úrskurði, hvort sem kveðið yrði á um frávísun þess eða höfnun á kröfu um frávísun. Eftir reglum laga nr. 85/1936 verður máli vísað frá með dómi, en kröfu um frávísun er hafnað í úrskurði. Breytingin á sér hliðstæðu í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, en hún felur í raun aðeins í sér breytt heiti úrlausnar um frávísun máls, ekki breytt eðli eða áhrif hennar.
13. Í XIV. kafla frumvarpsins er byggt á því, að haldi stefndi uppi vörnum í máli gefist aðilum fyrst kostur á að afla sýnilegra sönnunargagna, en að því loknu fari fram aðalmeðferð máls, þar sem munnlegar skýrslur verða teknar og málið flutt munnlega í einni lotu. Reglur frumvarpsins í þessum efnum eru keimlíkar ákvæðum IX. kafla laga nr. 85/1936, en þau ákvæði um aðalmeðferð voru tekin upp með lögum nr. 28/1981 og síðan breytt lítillega með lögum nr. 54/1988. Að því marki, sem stefnt er að breytingum í reglum frumvarpsins um aðalmeðferð mála, má heita að þær beinist einkum að því að stuðla að markvissari undirbúningi að henni. Þannig er t.d. í 1. mgr. 102. gr. mælt fyrir um að aðilar upplýsi fyrir aðalmeðferð í hverju skyni þeir hyggist sjálfir gefa munnlegar skýrslur fyrir dómi og leiða vitni, til þess að ganga megi úr skugga um hvort skýrslugjafar sé í reynd þörf, og einnig að þeir tjái dómara hve langan tíma þeir ætli að muni þurfa til að flytja málflutningsræður við aðalmeðferð, þannig að ákveða megi fyrir fram hversu lengi hún standi yfir. Þá má einnig vísa í þessu sambandi til ákvæða 1. mgr. 103. gr., þar sem kveðið er á um heimild dómara til að beina því til aðila að þeir leggi fram skriflega kröfugerð og talningu málsástæðna sinna við aðalmeðferð, en slíkra gagna getur einkum verið þörf ef kröfur aðila og röksemdir þeirra hafa tekið breytingum vegna nýrra upplýsinga sem hafa komið fram undir rekstri máls.
14. Í XV. kafla frumvarpsins er að finna reglur um sáttir í einkamálum, sem er ráðgert að geti komið til með tvennum hætti. Annars vegar er þar mælt fyrir um sáttaumleitanir dómara og gerð dómsáttar með nánast óbreyttum hætti frá ákvæðum I. kafla laga nr. 85/1936, eins og þeim var breytt með lögum nr. 28/1981. Hins vegar koma fram þau nýmæli í 107. gr., að aðilar geti óskað eftir því að mál þeirra verði lagt fyrir sýslumann til sáttaumleitana fyrir milligöngu dómara eða að þeir nýti eftir atvikum fresti í máli til þess að beina því sjálfir til sýslumanns í þessu skyni.
15. Í 112. gr. er gert ráð fyrir nokkrum breytingum frá ákvæðum núgildandi laga um það, í hverju formi dómari taki afstöðu til atriða sem koma upp við meðferð máls og varða rekstur þess. Samkvæmt 1. mgr. 112. gr. er ætlast til þess að dómari geri þetta með ákvörðun, sem verður þá að jafnaði skráð í þingbók, ef um annað hvort er að ræða að ágreiningur sé ekki uppi um viðkomandi atriði eða, ef ágreiningur er, að ágreiningsatrið-

ið verði ekki borið undir æðra dóm með kæru samkvæmt reglum 143. gr. Eigi þetta ekki við, leiðir af 2. mgr. 112. gr. að dómari taki afstöðu til atriðis um rekstur máls með úrskurði, en það sama á einnig að gilda í tilvikum þar sem önnur ákvæði frumvarpsins mæla beinlínis fyrir um að dómari kveði upp úrskurð um tiltekin efni. Að því leyti, sem hér hefur verið lýst, fela ákvæði 112. gr. í sér nýmæli, því ekki er mælt fyrir um það í lögum nr. 85/1936 hvenær dómari ráði atriðum til lykta með ákvörðun sinni og hvenær með úrskurði, en þetta hefur leitt til nokkurs misræmis í framkvæmd. Ákvæði 3. og 4. mgr. 112. gr. fela einnig í sér tillögur um breytingar frá 190. gr. laga nr. 85/1936 á því, hver atriði þurfi að koma fram í úrskurði sem verður kveðinn upp undir rekstri máls eða um frávísun þess. Er miðað við að slíkir úrskurðir geymi alltaf rökstuðning fyrir niðurstöðum, en annað ekki nema úrskurður feli í sér lokaniðurstöðu máls.

16. Í XIX. kafla frumvarpsins er að finna nýmæli um svokallaða flýtimeðferð einkamála, en með reglum kaflans er ætlunin að opna leið til skjótari meðferðar en ella á málum, sem varða ákvörðun eða athöfn stjórnvalds eða atriði í tengslum við vinnudeilur, ef dómari fellst á að aðili hafi brýna þörf á skjótri úrlausn og að málið hafi almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni. Áðurnefndir málaflokkar, sem eru sérstaklega tilgreindir í 123. gr., eru einkum valdir af tilliti til þess, að málsaðili getur almennt ekki farið þá leið að leita verndar á hagsmunum sínum í þessum tilvikum með lögbanni, en tafir við öflun dómsúrlausnar um hagsmunina eftir almennum reglum gætu leitt til þess að þeir glatist. Fyrirmæli XIX. kafla eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum.
17. Í XX. kafla frumvarpsins, sem geymir fyrirmæli um gjafsókn, er að ýmsu leyti byggt á tillögum um breytta skipan hennar, sem komu fram í V. kafla frumvarps til laga um opinbera réttaraðstoð, en það var lagt fram á 113. löggjafarþingi og varð ekki útrætt þar.
18. Í upphafi þessara athugasemda við frumvarpið var greint frá því, að það geymi að nokkru marki ákvæði um málskot til Hæstaréttar, en reglur í þeim efnum varðandi einkamál koma nú fram í lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973. Þessi skipan er lögð til hér til samræmis við efni laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem geyma reglur um málskot á þeim vettvangi, en einnig má benda á að málskotsreglur koma fram í lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, auk þess að gert er ráð fyrir slíkum reglum í frumvarpi til laga um nauðungarsölu, sem er vænst að verði lagt fram á Alþingi um líkt leyti og þetta frumvarp. Er með þessu horfið að mestu frá þeirri stefnu laga nr. 75/1973, að reglur um málskotsheimildir komi þar fram ásamt heildarfyrirmælum um meðferð mála fyrir æðra dómi. Í XXIV. og XXV. kafla frumvarpsins er nánar tiltekið að finna reglur um heimildir til kæru í einkamálum og meðferð kærumála, svo og reglur um heimildir til áfrýjunar einkamála. Ákvæðin sem eru tekin upp í frumvarpið svara til fyrirmæla II. kafla laga nr. 75/1973, en á hinn bóginn er miðað við að þar verði m.a. áfram reglur um meðferð áfrýjunarmála og dómsúrlausnir Hæstaréttar, sbr. III. og IV. kafla laganna. Af einstökum atriðum í XXIV. og XXV. kafla frumvarpsins má í fyrsta lagi geta þess, að í 143. gr. er að finna nokkrar breytingar á heimildum til að beita kæru til Hæstaréttar í einkamálum, en þær veigamestu felast í fyrirmælum 2. mgr., þar sem kveðið er á um sérstakar takmarkanir í þessum efnum eftir að aðalmeðferð máls er byrjuð fyrir héraðsdómi. Í öðru lagi má benda á að í XXV. kafla er gert ráð fyrir strangari skilyrðum fyrir áfrýjun máls en í núgildandi lögum, bæði varðandi þá lágmarkshagsmuni sem þurfa að vera í húfi í máli og fresti til áfrýjunar. Þá má nefna að í 154. gr. er mælt fyrir um að Hæstiréttur veiti áfrýjunarleyfi, hvort sem þess yrði þörf vegna þess að áfrýjunarfjárhæð væri ekki náð eða að almennir frestir til áfrýjunar væru liðnir, en eftir lögum nr. 75/1973 hefur dómsmálaráðherra þessar leyfisveitingar með höndum. Þessar breytingar á reglum um áfrýjun til Hæstaréttar eru sambærilegar þeim, sem voru lagðar til í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1973, en það var

lagt fram á 113. löggjafarþingi og varð ekki útrætt. Þessu til viðbótar má vekja athygli á því, að í 162. gr. eru gerðar tillögur um breytingar á ákvæðum laga nr. 75/1973, sem ekki er gert ráð fyrir að falli brott í frumvarpinu, en þar eru að mestu leyti á ferð atriði, sem ætlað var að breyta á sama veg með fyrrnefndu frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1973.

19. Í XXVI. kafla frumvarpsins má loks finna sérreglur um heimildir til endurupptöku á málum, sem hafa verið dæmd fyrir héraðsdómi og ekki sætt áfrýjun til Hæstaréttar, eftir að frestir til áfrýjunar eru liðnir. Sambærilegar reglur eru ekki fyrir hendi í núgildandi lögum.

Í upphafi þessa kafla athugasemdanna var vikið að því, að efnisröð ákvæða í frumvarpinu er nokkuð breytt frá núgildandi lögum, m.a. til þess að gæta samræmis við ákvæði laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Sú leið hefur ekki síst verið farin af tilliti til þess, að í lögum um meðferð opinberra mála og um meðferð einkamála er að finna þær reglur um málsmeðferð, sem skipta svo af ber mestu um rekstur mála fyrir héraðsdómstólum. Eftir gildistöku laga nr. 92/1989 verður leyst úr málum af báðum þessum sviðum fyrir sömu héraðsdómstólum og verður því að telja að það horfi til hagræðis og skýrleika að ákvæði um þau verði svo lík sem kostur er. Gildir þetta ekki aðeins um efnisröð ákvæða í löggjöf á báðum sviðum, heldur einnig um inntak þeirra, þótt vitanlega verði ekki litið framhjá þeim umtalsverða eðlismun sem er á einkamálum annars vegar og opinberum málum hins vegar. Við gerð þessa frumvarps hefur því verið leitast við að gæta samræmis við ákvæði laga nr. 19/1991, að því leyti sem það getur átt við, en þess má t.d. sjá talsverð merki í reglum II. og VIII. kafla frumvarpsins. Rétt er að geta þess einnig að frumvarp til nýrra heildarlaga um meðferð einkamála í héraði var flutt á 75. löggjafarþingi 1955 og endurflutt á 82. löggjafarþingi 1961, en varð ekki útrætt. Hefur verið litið sérstaklega til þess frumvarps við gerð þessa frumvarps og sóttar þangað fyrirmyndir í ýmsum efnum. Þá má taka fram að endingu í þessu sambandi að hugað hefur verið sérstaklega að danskri og norskri löggjöf um meðferð einkamála við samningu frumvarpsins.

II.

Ákvæðum frumvarpsins er skipt í sjö þætti, en hver þáttur þess greinist aftur í kafla, sem halda þó samfelldri númeraröð gegnum frumvarpið og eru 28 talsins. Áður en komið er að því að fjalla nánar um einstakar greinar frumvarpsins þykir rétt að lýsa hér stuttlega efnisskipan þess.

Í fyrsta þætti frumvarpsins, sem geymir almennar reglur um meðferð einkamála, er að finna fimm fyrstu kafla þess. Í I. kafla eru ákvæði um gildissvið frumvarpsins, dómendur í héraði, þar á meðal meðdómsmenn, og hæfi dómara til að leysa úr máli hverju sinni. Í II. kafla eru reglur um stjórn þinghalda, agavörslu í þeim og lokun þeirra fyrir almenningi, þingvotta, þýðingu munnlegra skýrslna og skjala, þingbækur og varðveislu og aðgang að gögnum sem eru lögð fram í dómsmáli. Í III. kafla frumvarpsins eru reglur um aðild að einkamálum og fyrirsvar fyrir málsaðila, en í IV. kafla frumvarpsins eru ákvæði um sakarefni. Í lokakafla 1. þáttar, V. kafla frumvarpsins, eru reglur um varnarþing.

Annar þáttur frumvarpsins fjallar um sönnun og sönnunargögn í einkamálum. Þátturinn hefst með VI. kafla, sem geymir almennar reglur um sönnun. Í VII. kafla eru ákvæði um skýrslugjöf málsaðila eða fyrirsvarsmanns hans fyrir dómi. Í VIII. kafla eru síðan reglur um vitni og skýrslugjöf þeirra fyrir dómi. Í IX. kafla eru reglur um matsgerðir, en reglur X. kafla taka til skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna. Í XI. kafla er mælt fyrir um heimildir til að afla sönnunargagna fyrir öðrum dómstól en þeim, sem mál er rekið fyrir. Í lokakafla 2. þáttar, XII. kafla frumvarpsins, eru síðan reglur um heimildir til að afla sönnunargagna fyrir dómi án þess að mál hafi þegar verið höfðað af viðkomandi tilefni.

Þriðji þáttur frumvarpsins geymir almennar reglur um meðferð einkamála í héraði. Í fyrsta kaflanum, sem heyrir til þessa þáttar, XIII. kafla, eru fyrirmæli um stefnur og birtingu þeirra. Í XIV. kafla eru síðan reglur um meðferð mála fyrir dómi, en í XV. kafla frumvarpsins eru fyrirmæli um sáttaumleitanir dómara og fyrir sýslumanni, gerð sátta og áhrif þeirra. Í lokakafla þriðja þáttar, XVI. kafla frumvarpsins, eru reglur um dómsúrlausnir í héraði.

Í fjórða þætti frumvarpsins er að finna þrjá kafla um afbrigðilega meðferð einkamála. Í þeim fyrsta, XVII. kafla frumvarpsins, eru sérreglur um meðferð mála um víxla, tékka og skuldabréf. Í XVIII. kafla eru ákvæði um ógildingardómsmál og eignardómsmál. Loks eru fyrirmæli um flýtimeðferð einkamála í XIX. kafla.

Fimmti þáttur frumvarpsins geymir reglur um gjafsókn, málskostnað og réttarfarssektir. Í upphafskafla þessa þáttar, XX. kafla frumvarpsins, er kveðið á um gjafsókn. Í XXI. kafla er síðan fjallað um málskostnað, en fyrirmæli XXII. kafla varða ákvörðun dómara um réttarfarssektir vegna brota sem eiga sér stað við rekstur máls.

Sjötti þáttur frumvarpsins geymir fyrirmæli um endurupptöku mála og málskot til Hæstaréttar. Í upphafskafla þáttarins, XXIII. kafla, eru reglur um endurupptöku útivistarmála fyrir héraðsdómi. Í XXIV. kafla eru reglur um kæru til Hæstaréttar í einkamálum, en í XXV. kafla eru fyrirmæli um áfrýjun einkamála til Hæstaréttar. Loks er mælt fyrir í XXVI. kafla frumvarpsins um heimildir til að leita ákvörðunar Hæstaréttar um endurupptöku máls í héraði, ef því hefur ekki verið áfrýjað til æðra dóms og frestir til áfrýjunar eru þegar liðnir.

Sjöundi þáttur frumvarpsins geymir loks ýmis ákvæði í tveimur köflum. Í XXVII. kafla er mælt fyrir um gildistöku, brottfall lagaákvæða og breytingar á ákvæðum laga. Í lokakafla frumvarpsins, XXVIII. kafla, eru að endingu ákvæði til bráðabirgða í 163.–169. gr., þar sem mælt er fyrir um tengsl eldri reglna og yngri í ýmsum atriðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. er gildissvið reglna frumvarpsins afmarkað í fáum orðum, þar sem segir að þær taki til dómsmála sem sæta hvorki sérstakri meðferð eftir fyrirmælum annarra laga né eiga undir sérdómstóla samkvæmt lögum. Sambærileg afmörkun kemur ekki fram í ákvæðum laga nr. 85/1936, en þessi fyrirmæli frumvarpsins eru í samræmi við hefðbundnar skilgreiningar á einkamálum í fræðikenningum, þar sem gengið er út frá því að til einkamála teljist öll mál, sem verða ekki talin til annars konar mála eftir fyrirmælum laga. Með þeim orðum 1. mgr. 1. gr., að dómsmál geti sætt sérstakri meðferð eftir ákvæðum annarra laga, er vísað til þess að önnur lög kveða á um meðferð vissra málaflokka, sem teljast þá ekki til einkamála eftir almennum reglum frumvarpsins. Utan marka frumvarpsins falla þannig t.d. opinber mál, eins og þau eru skilgreind í 1.–3. gr. laga nr. 19/1991, en þau sæta meðferð eftir öðrum ákvæðum þeirra laga. Það sama á við um mál sem tengjast aðfarargerðum, sbr. 13.–15. kafla laga nr. 90/1989, ágreiningsmál um framkvæmd kyrrsetningar, lögbanns eða löggeymslu, sbr. V. kafla laga nr. 31/1990, og ágreiningsmál um búskipti, sbr. XVI.–XVIII. kafla laga nr. 20/1991 og XXIII.–XXV. kafla laga nr. 21/1991. Um mál, sem fjögur síðastnefndu lögin taka til, ber að hafa í huga að þau verða rekin að talsverðu leyti eftir almennum reglum um meðferð einkamála á grundvelli beinna fyrirmæla þar um í ákvæðum laganna. Slíkar tilvísanir til reglna um meðferð einkamála má finna víða í lögum, þar sem er mælt fyrir um afbrigðilega meðferð mála, t.d. í ákvæðum laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, og barnalaga, nr. 9/1981, en fyrirmælum 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er engan veginn ætlað að hrófla við gildi slíkra tilvísana. Þá er í 1. mgr. 1. gr. mælt fyrir um að ákvæði frumvarpsins taki ekki til mála, sem verða rekin fyrir sérdómstólum lögum samkvæmt, en með þessu er skírskotað til þess að rekstur mála fyrir t.d. félagsdómi, landsdómi og siglingadómi fari ekki eftir reglum frum-

varpsins nema að því marki, sem sérlög um starfsháttu þeirra dómstóla vísa til löggjafar um almenna meðferð einkamála.

Í 2. mgr. 1. gr. segir að mál eftir reglum frumvarpsins eigi undir reglulegu héraðsdómstólana eftir löggjöf um skipan dómsvalds í héraði. Með þessum orðum er vísað til ákvæða I. kafla laga nr. 92/1989, sem geymir löggjöf um skipan dómsvalds í héraði, en þar er kveðið á um tilvist héraðsdómstóla, umdæmi þeirra og dómara við þá, svo eitthvað sé nefnt.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er mælt fyrir um hversu margir dómarar skipi dóm í einkamáli hverju sinni. Aðalreglan í þessum efnum kemur fram í 1. mgr. ákvæðisins, þar sem segir að það skuli vera einn dómari. Samhljóða regla kemur ekki fram berum orðum í lögum nr. 85/1936, en hana má þó leiða af fyrirmælum 37. A gr. laganna. Hins vegar er að finna reglu sem er efnislega samhljóða 2. gr. frumvarpsins í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 92/1989.

Í 2. og 3. mgr. 2. gr. er síðan mælt fyrir um heimildir dómara til að kveðja tvo meðdómsmenn til setu í dómi með sér, en líkt og í 1. og 2. mgr. 37. A gr. laga nr. 85/1936 eru þessar heimildir tvenns konar. Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er dómara heimilað að kveðja til tvo sérfróða meðdómendur ef deila stendur um staðreyndir, sem dómari telur þörf sérkunnáttu til að leysa úr. Í 3. mgr. 2. gr. er síðan heimilað að dómari fari þá leið með samþykki forstöðumanns dómstólsins, að kveðja til tvo héraðsdómara sem meðdómsmenn, ef mál er umfangsmikið eða sakarefnið telst mikilvægt frá almennu sjónarmiði, en einnig getur dómari þá kvatt til einn héraðsdómara og einn sérfróðan mann til setu í dómi. Efnislega eru þessar reglur frumvarpsins þær sömu og koma fram í fyrrnefndum ákvæðum 37. A gr. laga nr. 85/1936, en þess er þó að geta að í 3. mgr. 2. gr. er gert ráð fyrir afnámi heimildar í 2. mgr. 37. A gr. til að kveðja dómarafulltrúa til starfa meðdómsmanna.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. eru talin þau almennu hæfisskilyrði, sem maður verður að fullnægja til þess að kveðja megi hann til starfa meðdómsmanns. Reglur frumvarpsins um þetta eru efnislega þær sömu og nú koma fram í 5. mgr. 37. A gr. laga nr. 85/1936.

Í 2. mgr. 3. gr. kemur sú almenna regla fram, að þeim sem fullnægja hæfisskilyrðum 1. mgr. sé skylt að verða við kvaðningu til starfa meðdómsmanns. Tilteknir embættismenn og starfsstéttir eru síðan undanþegnar þessari skyldu í sérstakri upptalningu í 2. mgr. 3. gr. Þessar reglur eru þær sömu og nú koma fram í 4. mgr. 37. A gr. laga nr. 85/1936 að öðru leyti en því, að lítils háttar breyting er lögð til á talningu þeirra, sem verða undanþegnir skyldu til starfa meðdómsmanns, af tilliti til breyttra aðstæðna frá setningu núgildandi reglu.

Í 3. mgr. 3. gr. eru sérstök fyrirmæli sem varða skyldu og heimild héraðsdómara til að gegna starfi meðdómsmanns við annan dómstól en hann starfar við. Er gert ráð fyrir því að bæði þurfi dómarinn sjálfur að vera þessu samþykkur og forstöðumaður þess dómstóls, sem hann starfar við. Bein fyrirmæli koma ekki fram um þetta í 37. A gr. laga nr. 85/1936, en telja verður eðlilegt að héraðsdómara verði ekki gert skylt að gegna störfum sem þessum gegn vilja sínum og einnig að yfirmaður hans samþykki þetta, enda geta meðdómsmannsstörf við annan dómstól raskað vinnulagi við þann dómstól, sem hlutaðeigandi dómari er í föstu starfi við.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. kemur fram á hvaða stigi rekstrar máls meðdómsmenn verða að taka sæti í dómi og er í meginatriðum um sömu reglu að ræða hér og í 1. mgr. 37. A gr. laga nr. 85/1936. Í 1. mgr. 4. gr. er síðan að finna nýmæli, þar sem kveðið er á um að dómara beri að öðru jöfnu að greina aðilum frá því með fyrirvara, að hann hyggist kveðja til meðdómsmenn og hverjir þeir séu, til þess að aðilum gefist kostur á að koma fram athugasemdum áður en kvaðning á sér

stað. Með þessu er ekki ætlast til að aðilar hafi fremur en hingað til rétt til afskipta af því, hvort meðdómsmenn verði kvaddir til setu í dómi, eða tillögurétt um hverjir verði fyrir valinu í þeim efnum. Tilgangur þessarar reglu er á hinn bóginn sá að gefa aðilunum kost á að hreyfa athugasemdum um hæfi væntanlegra meðdómsmanna, ef tilefni þykir til, áður en meðdómsmennirnir taka sæti í dómi. Er ólíkt einfaldara að slíkt komi fram áður en af kvaðningu verður til þess að dómari geti þá eftir atvikum sneitt hjá því að leita til manns í þessum efnum, ef hæfi hans þykir orka tvímælis.

Fyrirmæli 2. mgr. 4. gr. snúa að því, hvernig meðdómsmenn taka formlega til starfa og vinna eftir atvikum heit ef um aðra en embættisdómara er að ræða og þeir eru að gegna þessum störfum í fyrsta sinn. Þessi fyrirmæli eru sama efnis og ákvæði 7. mgr. 37. A gr. laga nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 4. gr. er mælt nokkuð fyrir um réttindi og skyldur meðdómsmanna í störfum þeirra að máli. Ákvæði 1. málsl. eru efnislega samhljóða 3. mgr. 37. A gr. laga nr. 85/1936. Ákvæði í 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. eru hins vegar sama efnis og 3. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Í 4. mgr. 4. gr. eru reglur um þóknun meðdómsmanna. Kemur hér fram að dómsformaður eigi að ákveða þóknun sérfróðra meðdómsmanna, sem eru kvaddir til skv. 2. mgr. 2. gr., en dómsmálaráðherra ákveði þóknun héraðsdómara, sem tekur sæti meðdómsmanns eftir 3. mgr. 2. gr. Í báðum tilvikum verður þóknunin greidd úr ríkissjóði, þótt það sé ekki mælt fyrir um það berum orðum í 4. mgr. 4. gr. Í 8. mgr. 37. A gr. laga nr. 85/1936 er gert ráð fyrir því að dómsformaður ákveði alltaf þóknun meðdómsmanna og er þar ekki gerður greinarmunur á sérfróðum meðdómsmönnum og embættisdómurum sem gegna slíkum störfum, en dómsmálaráðherra er heimilað að kæra slíka ákvörðun til Hæstaréttar. Breytingarnar, sem eru lagðar til með 4. mgr. 4. gr., eru byggðar á því, að óeðlilegt er talið að héraðsdómari geti sem dómsformaður í fjölskipuðum dómi ákveðið launakjör starfsfélaga síns, sem gegnir starfi meðdómsmanns, auk þess að ekki þarf að vera sjálfgefið að héraðsdómari fái þóknun fyrir störf meðdómsmanns ef það eykur ekki starfsálag hans að mun. Þykir því eðlilegra að ráðherra taki ákvörðun um slíka þóknun, eftir atvikum á grundvelli tillögu frá dómsformanni. Þá er rétt að vekja athygli á því, að með 4. mgr. 4. gr. er gert ráð fyrir afnámi heimildar dómsmálaráðherra til að kæra ákvörðun þóknunar meðdómsmanna til Hæstaréttar, enda er sú heimild sérstæð í ljósi þess að slík þóknanaákvörðun er ekki dómsathöfn, heldur stjórnsýsluverk dómsformanns.

Um 5. gr.

Í 5. gr. eru reglur um sérstakt hæfi dómara til að fara með mál hverju sinni, en þær taka jöfnum höndum til meðdómsmanna ef þeir eru kvaddir til setu í dómi. Þessar reglur eru í mörgum atriðum þær sömu og nú koma fram í 36. gr., sbr. 5. mgr. 37. A gr. laga nr. 85/1936, en til nánari skýringa er rétt að víkja lítillega að hverjum staflið 5. gr. fyrir sig og huga þar nánar að samanburði við núgildandi reglur.

Í a-lið 5. gr. kemur fram að dómari sé vanhæfur til að fara með mál ef hann er aðili að því eða fyrirsvarsmaður aðila. Hér er um sjálfgefna reglu að ræða, enda getur maður ekki verið dómari í eigin sök. Með aðild í þessu ákvæði er átt við hvers konar aðild, sem fyrirmæli 18.–21. gr. taka til, en með fyrirsvari er átt við þá stöðu í máli, sem er kveðið á um í 3.–5. mgr. 17. gr. Regla a-liðar 5. gr. er samhljóða 1. málsl. 1. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936, en sérstök undanþága frá þessari aðalreglu, sem kemur fram í 2. málsl. lagaákvæðisins, er ekki tekin upp í frumvarpið. Í þeirri undanþágu kemur nánar tiltekið fram, að dómari þurfi ekki að víkja þótt hann hafi haft önnur afskipti af sakarefni vegna embættisstarfa sinna, en þessi fyrirmæli taka einkum mið af umboðsstörfum dómara og framkvæmdastörfum þeirra við t.d. búskipti. Slík umboðsstörf og framkvæmdastörf verða ekki framvegis í höndum dómara eftir gildistöku laga

nr. 92/1989 og sérlaga á öðrum sviðum réttarfars og verða því fyrirmæli um undantekningu frá vanhæfi af þessum ástæðum því óþörf.

Í b-lið 5. gr. kemur fram að dómari teljist vanhæfur ef hann hefur gætt réttar málsaðila varðandi sakarefnið eða veitt honum leiðbeiningar um það án þess að lagaskylda hafi staðið til þess, en slík lagaskylda ætti einkum stoð í 4. mgr. 101. gr. frumvarpsins. Þessi regla svarar til ákvæða 5. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936, eins og þau hafa mótast af dómafordæmum.

Í c-lið 5. gr. segir að dómari sé vanhæfur ef hann hefur borið vitni um málsatvik, verið kvaddur til að gera það af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið. Þessi regla svarar til ákvæða 4. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936 að öðru leyti en því, að þar er ekki minnst á hvort það valdi vanhæfi, að dómari sé kvaddur til vitnisburðar í málinu. Fyrirmæli c-liðar 5. gr. um að sú aðstaða valdi vanhæfi, ef réttmætt tilefni er til að kveðja dómara til vættis, verða að teljast eðlileg í ljósi þess, að ella væri hætt við að óhlutdrægni dómarans yrði dregið í efa. Hins vegar væri ófært að mæla fyrir um vanhæfi vegna þess eins, að aðili láti sér koma í hug að dómarinn ætti að gefa vitnaskýrslu, enda væri þá opnuð leið til að hafa uppi tilefnislausa kröfu um slíkan vitnisburð til þess eins að knýja dómara til að víkja sæti í máli. Eru ákvæði c-liðar 5. gr. því sett fram með þeim hætti, að dómari víki því aðeins af þessari ástæðu að telja megi réttmætt tilefni til að leita vitnisburðar hans.

Í d-lið 5. gr. er mælt fyrir um vanhæfi dómara vegna tiltekins skyldleika eða tengda við aðila máls, en með aðila er hér átt við hvern þann, sem getur átt hlut að máli skv. 16. eða 18.–21. gr. frumvarpsins. Regla d-liðar svarar að mestu til ákvæða 2. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936. Þess er þó að geta að í reglu frumvarpsins er ekki getið að dómari verði vanhæfur ef hann er unnusti eða unnusta, fósturforeldri eða fósturbarn aðila, eins gert er í 2. tölul. 36. gr., en þessi leið er farin í ljósi þess að vanhæfi kæmi hvort eð er til á grundvelli g-liðar 5. gr. ef svo væri ástatt um tengsl dómara og aðila. Rétt er einnig að nefna að í d-lið 5. gr. kemur berum orðum fram að dómari verði talinn vanhæfur þótt hjúskap hans við málsaðila eða tiltekin skyldmenni aðilans hafi verið slitið, en gengið hefur verið út frá því að sama regla gildi þótt hún komi ekki fram í 2. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936. Um ákvæði d-liðar 5. gr. má að endingu taka fram að mörk skyldleika eða tengda milli dómara og málsaðila, sem geta valdið vanhæfi, eru þau sömu og í 2. tölul. 36. gr. núgildandi laga, eða að skyldleikinn eða tengdirnar séu í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar, auk þess að hjúskapur dómara og aðila valdi vanhæfi. Gengið er út frá því að tilmæli um skyldleika að öðrum lið til hliðar verði skilin á sama veg og hefur verið gert við beitingu núgildandi laga, en lítið hefur verið svo á að dómari sé vanhæfur samkvæmt þessu ef hann og málsaðili eiga sameiginlegan afa eða ömmu eða standi nær að skyldleika og gildir það sama um tengdir vegna hjúskapar.

Í e-lið 5. gr. er kveðið á um að dómari teljist vanhæfur ef hann er skyldur eða tengdur fyrirsvarsmanni eða málflytjanda aðila með þeim hætti sem segir í d-lið greinarinnar. Með fyrirsvarsmanni er hér átt við þann, sem kemur fram af hálfu málsaðila skv. 3.–5. mgr. 17. gr., en til málflytjenda teljast lögmenn og aðrir þeir sem flytja mál fyrir aðila á grundvelli 5., 19. og 21. gr. laga nr. 61/1942. Ákvæði e-liðar 5. gr. fela í sér þá breytingu frá reglu 3. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936, að í síðarnefndu reglunni verður dómari vanhæfur vegna skyldleika eða tengda við fyrirsvarsmann eða málflytjanda að fyrsta lið til hliðar, en vegna tilvísunar e-liðar 5. gr. til d-liðar greinarinnar um skyldleika- og tengdamörkin hlýst vanhæfi af sambandi að öðrum lið til hliðar.

Í f-lið 5. gr. er mælt fyrir um vanhæfi dómara ef hann tengist eða hefur tengst vitni, matsmanni, skoðunarmanni eða manni, sem neitar að láta af hendi sönnunargagn í máli, með áðurgreindum hætti d-liðar ákvæðisins. Hér er um strangari reglu að ræða en nú gildir, því eftir 6. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936 verður dómari aðeins vanhæfur vegna tengsla við vitni, matsmann eða skoðunarmann ef hann þarf að kveða upp úrskurð um skýrslugjöf hlutaðeigandi og skyldleiki þeirra eða tengdir eru að 1. lið til hliðar. Breytingarnar með ákvæðum f-

liðar 5. gr. eru lagðar til í ljósi þess að yfirleitt yrði dómari hvort eð er talinn vanhæfur vegna umræddra tengsla við fyrrgreinda menn eftir reglu 7. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936 og verður að telja æskilegra að bein fyrirmæli standi þá til vanhæfis vegna þessara aðstæðna.

Í g-lið 5. gr. er að endingu að finna almenna vanhæfisreglu, þar sem kemur fram að dómari teljist vanhæfur ef önnur atvik eða aðstæður en áður greinir eru fyrir hendi og þær teljast fallnar til að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa. Í 7. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936 er sambærileg regla orðuð með þeim hætti, að dómari sé vanhæfur ef hann er óvinur aðila, mál varðar dómarann eða venslamenn hans verulega fjárhagslega eða siðferðislega eða hætta er annars á að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavexti. Þótt orðalagi g-liðar 5. gr. sé óneitanlega hagað með talsvert ólíkum hætti, er efnislegt inntak reglunnar í raun það sama og áðurnefnds 7. tölul. 36. gr. núgildandi laga, eins og því ákvæði hefur verið beitt í ljósi 6. gr. Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. dóm Hæstaréttar uppkveðinn 9. janúar 1990. Sérstaklega ber að taka fram að ekki er ætlast til þess að g-liður 5. gr. verði talinn fela í sér breytingu frá núgildandi reglu, þótt ekki sé getið sérstaklega að óvinátta eða fjárhagslegir eða siðferðislegir hagsmunir valdi vanhæfi, enda má líta svo á að þau atriði séu aðeins nefnd í 7. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936 sem dæmi af því sem geti talist valda hlutdrægni dómara.

Um 6. gr.

Reglur 6. gr. eru sama efnis og ákvæði 1.–3. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, eins og þeim hefur verið beitt í framkvæmd, og verður ekki séð að nein atriði þarfnist hér sérstakra skýringa.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. 7. gr. koma fram almenn fyrirmæli um stjórn dómara á þinghaldi. Þessi fyrirmæli eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, en gilda þó tvímælalaust sem óskráðar reglur.

Í 2. mgr. 7. gr. er að finna reglur um þingvotta, sem fela í sér tillögur um nokkra breytingu frá ákvæðum 41. gr. laga nr. 85/1936 um sama efni. Í fyrsta lagi má nefna að í 2. mgr. 7. gr. er aðeins áskilið að einn þingvottur sé „að jafnaði“ staddur við þinghald, en í núgildandi ákvæði er fortakslaust að einn vottur þurfi að vera viðstaddur ef dómur er ekki fjölskipaður. Þessi fyrirmæli í frumvarpinu verður að skilja á þann veg, að almennt sé ætlast til þess að þingvottur sé viðstaddur þinghald, en þó sé lagt á vald dómara að meta þarfirnar í þessum efnum eftir aðstæðum hverju sinni. Í öðru lagi má benda á að mun strangari hæfisskilyrði eru sett um þingvotta í 2. mgr. 7. gr. en nú gilda, en þess er varla að vænta að sú breyting verði tilfinnanleg í framkvæmd. Í þriðja lagi verður loks að vekja athygli á því, að tekið er fram í niðurlagi 2. mgr. 7. gr. að þingvottur fái ekki þóknun fyrir verk sitt ef hann er starfsmaður viðkomandi dómstóls, en í niðurlagi 41. gr. laga nr. 85/1936 er ráðgert að þingvottur fái jafnan þóknun eftir ákvörðun dómara. Þessi fyrirmæli frumvarpsins eiga sér hliðstæðu í 12. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, en telja verður óviðeigandi að fastir starfsmenn dómstóla fái sérstakar greiðslur úr hendi málsaðila þegar þeir gegna störfum gegn föstum launum.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er mælt fyrir um þá meginreglu að þinghöld verði háð fyrir opnum dyrum, en síðan eru greindar undantekningar frá þeirri meginreglu, þar sem dómara er heimilað að ákveða af tilteknum ástæðum að loka þinghaldi að kröfu málsaðila eða án hennar og að takmarka aðgang að þinghaldi. Ákvæði 8. gr. eru talsvert ítarlegri en fyrirmæli um sama efni í 39. gr. laga nr. 85/1936 og sækja sér fyrirmyndir til 8. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er að finna reglur um ýmis atriði, sem varða agavörslu dómara í þinghöldum. Er m.a. mælt fyrir um bann við hljóðupptökum og myndatökum í þinghöldum, takmarkanir á heimildum til að greina frá atvikum sem þar ber á góma og heimildir dómara til að víkja manni úr þinghaldi vegna framferðis hans eða ástands. Að nokkru marki má finna sambærileg fyrirmæli í 39. gr. laga nr. 85/1936, en 9. gr. frumvarpsins á sér hliðstæður í 9. og 10. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. 10. gr. er tekið fram með sama hætti og í upphafsorðum 1. mgr. 40. gr. laga nr. 85/1936 að þingmálið sé íslenska. Fyrirmælin, sem koma í kjölfarið í 2. og 3. mgr. 10. gr., um þýðingar á munnlegum skýrslum og erlendum skjölum, eru meira eða minna sama efnis og núgildandi reglur 1. og 2. mgr. 40. gr. laga nr. 85/1936, eins og þeim hefur verið beitt í framkvæmd.

Í 4. mgr. 10. gr. er að finna nýmæli, þar sem kveðið er á um hvernig skýrsla verði tekin fyrir dómi af manni, sem er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli. Er gert ráð fyrir því að kveðja megi til kunnáttumann til að túlka spurningar og/eða svör við skýrslugjöfina, en einnig er heimilað að skýrslugjöf fari fram skriflega við þessar aðstæður.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. 11. gr. er kveðið á um að þingbækur skuli vera fyrir hendi við héraðsdómstóla og í hverju formi þær megi vera. Um form þingbóka eru þeir kostir veittir, að um bækur geti verið að ræða í eiginlegum skilningi, þar sem bókanir verða handritaðar, eða að dómari geti ákveðið að bókanir verði vélritaðar eða ritaðar í tölvu og prentaðar út á laus blöð, en slík blöð verði síðan árituð af dómara um staðfestingu og heft eða bundin saman í bók. Þessar heimildir eru meira eða minna sama efnis og þær, sem nú er mælt fyrir um í 1., 2. og 5. mgr. 42. gr. laga nr. 85/1936. Vekja má athygli á því að í þessu ákvæði frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir því, að þingbækur verði innsiglaðar og löggiltar af dómsmálaráðuneytinu eins og nú er gert, og er þannig lagt á vald forstöðumanns hvers dómstóls að ákveða hvort og þá hvernig bækur verði formlega gerðar úr garði til þessara þarfa.

Í 2. mgr. 11. gr. er að finna reglur um hvað verði fært í þingbók vegna þinghalds í einkamáli. Þessar reglur eru fyrst og fremst til leiðbeiningar, en geyma ekki tæmandi afmörkun á því, hvað verði bókað um hverju sinni. Hliðstæðar reglur koma ekki fram í núgildandi lögum, en ákvæði 2. mgr. 11. gr. um þetta taka mið af venjum í þessum efnum. Í niðurlagi 2. mgr. 11. gr. kemur síðan fram að dómari ákveði að hverju marki hann kynni efni bókana sinna fyrir þeim, sem eru staddir á dómþingi, og hvort gengið verði eftir því að aðilar eða umboðsmenn þeirra undirriti bókun. Að þessu leyti felur ákvæðið í sér nokkra breytingu í orði kveðnu frá fyrirmælum 3. mgr. 42. gr. laga nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 11. gr. er mælt fyrir um aðferðir sem má beita við upptöku eða skráningu á munnlegum skýrslum sem eru gefnar fyrir dómi. Er lagt í hendur dómara að ákveða hverju sinni hvernig verði staðið að verki, en hann gæti valið úr þeim kostum, að framburður verði hljóðritaður eða tekinn á myndband eða að útdráttur úr honum verði ritaður í þingbók með einhverjum þeim hætti sem er heimilaður í 1. mgr. 11. gr. Efnislega er hér ekki um breytingar að ræða frá reglum 134. gr., sbr. 6. mgr. 42. gr. laga nr. 85/1936, nema að tvennu leyti. Annars vegar er ekki mælt sérstaklega fyrir í núgildandi lögum um heimild til að taka framburð upp á myndband, en sú aðferð hefur rutt sér nokkuð til rúms erlendis. Hins vegar fela ákvæði 3. mgr. 11. gr. í sér tillögu um afnám þeirrar reglu, sem kemur fram í 1. mgr. 134. gr. laga nr. 85/1936, að málsaðili eða skýrslugjafi geti neitað að hljóðritun verði beitt, með þeim afleiðingum að rita verði ágrip af skýrslu í þingbók, en slíkar neitanir eru fátíðar í framkvæmd og verður að telja óeðlilegt að binda hendur dómara með þeim hætti.

Um 12. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er að finna stuttorð fyrirmæli um dómabækur og málaskrár héraðsdómstóla vegna einkamála. Ákvæði um dómabækur má finna í 1. mgr. 42. gr. laga nr. 85/1936, en um málaskrár er þar ekki mælt, þótt þær hafi verið færðar um áratugaskeið. Verður ekki séð að fyrirmæli 12. gr. þarfnist sérstakra skýringa.

Um 13. gr.

Í 13. gr. eru reglur um framlagningu skjala fyrir dómi, varðveislu skjala, afhendingu þeirra úr vörslum dómstóla eða eftirrita af þeim og varðveislu hljóritana og myndbanda sem munnlegar skýrslur hafa verið teknar á. Þessar reglur eru að flestu leyti sama efnis og ákvæði 6. mgr. 42. gr. og 43. gr. laga nr. 85/1936 og verður ekki séð að einstök atriði þarfnist skýringa.

Um 14. gr.

Í 14. gr. eru fyrirmæli um eftirrit af málskjölum, úr þingbókum og af hljóð- eða myndbandsupptökum, þar á meðal um heimildir til að æskja þeirra úr hendi dómstóla og fresti dómara til að gera eftirrit til afhendingar. Efnislega eru þessi fyrirmæli eins og ákvæði 44. gr. og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 15. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að dómsmálaráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um tiltekin atriði, sem reglur II. kafla frumvarpsins taka til. Þessi reglugerðarheimild á sér hliðstæðu í 18. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, en sambærilegar heimildir eru einnig fyrir hendi í lögum nr. 85/1936 um nokkur þeirra atriða, sem eru talin í 15. gr.

Um 16. gr.

Þessi grein er upphafsákvæði III. kafla frumvarpsins, sem geymir reglur um aðild og fyrirsvar fyrir aðila að einkamálum. Að frátöldum ákvæðum 17. gr. eiga flestar reglur þessa kafla sér hliðstæður í IV. kafla laga nr. 85/1936.

Í 16. gr. er mælt fyrir um hæfi til að eiga aðild að einkamáli og afleiðingar af aðildarskorti. Ákvæði greinarinnar eru í öllum atriðum eins og ákvæði 45. gr. laga nr. 85/1936, nema orðalagi er lítillega breytt.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. 17. gr. er að finna fyrirmæli um málflutningshæfi, þar sem segir að maður komi sjálfur fram í máli sínu ef hann er hæfur að lögum til að ráðstafa sakarefninu í því. Þessi regla felur í meginatriðum í sér skírskotun til reglna um lögræði, en í lögræðislögum, nr. 68/1984, er m.a. mælt fyrir um hvernig heimildir manna til að ráðstafa einstaka hagsmunum sínum eru háðar því að þeir séu sjálfráða eða fjárráða. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. eiga sér hliðstæðu í upphafsorðum 1. mgr. 5. gr. laga um málflytjendur, nr. 61/1942, en betur þykir fara á því að fyrirmæli um þetta komi fram í löggjöf um meðferð einkamála og er því lagt til afnám umræddra ákvæða laga nr. 61/1942 í 161. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 17. gr. kemur fram sérregla um málflutningshæfi erlendra manna við rekstur dómsmála hér á landi. Efnislega felst í þessu ákvæði að staða erlends manns verði metin hvort heldur eftir reglum heimalands hans eða íslenskum reglum, eftir því hvor niðurstaðan verði honum hagfelldari. Samsvarandi regla er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum, en ætla má að þessi viðhorf yrðu lögð til grundvallar ef á þetta reyndi.

Í 3. mgr. 17. gr. er mælt fyrir um fyrirsvar lögráðamanns fyrir ólögráða mann, sem á aðild að einkamáli og nýtur ekki réttar til að ráðstafa hagsmunum sínum í því. Regla sama efnis kemur nú fram í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942, en með sama hætti og var getið hér á

undan í umfjöllun um 1. mgr. 17. gr. þykir fara betur á því að þessi regla verði í löggjöf um meðferð einkamála.

Í 4. mgr. 17. gr. er kveðið á um fyrirsvar fyrir félög, stofnanir, samtök og aðra sambærilega lögaðila, sem falla ekki undir ákvæði 5. mgr. 17. gr. Segir í þessari reglu að fyrirsvar fyrir þessa lögaðila í einkamálum sé í höndum stjórnenda þeirra eftir því sem leiðir af almennum reglum. Með þessari tilvísun til almennra reglna er nánar tiltekið átt við lagareglur sem varða hvert afbrigði þeirra lögaðila, sem hér um ræðir, en eftir atvikum kunna slíkar lagareglur að hafa í för með sér að nánari ákvörðun um þetta forræði á hagsmunum lögaðila sé tekin í samþykktum eða öðrum reglum um innri málefni hvers og eins félags, stofnunar eða samtaka. Ákvæði 4. mgr. 17. gr. eiga sér hliðstæðu í lokamálslið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 og er ekki ætlast til þess að breyting verði á ríkjandi viðhorfum og venjum um fyrirsvar fyrir þessa lögaðila.

Í 5. mgr. 17. gr. er að finna nýmæli, þar sem mælt er fyrir um fyrirsvar fyrir ríkið, sveitarfélög, stofnun og fyrirtæki ríkisins og sveitarfélaga og einstök stjórnvöld. Segir í reglunni að fyrirsvar sé þá í höndum þess, sem hefur ákvörðunarvald um þá hagsmuni sem málið varðar, nema mælt sé beinlínis á annan veg í lögum. Í núgildandi löggjöf er nánast engin almenn fyrirmæli að finna um fyrirsvar fyrir opinbera aðila, en næst þessu er þó líklega komist í 7. mgr. 115. gr. laga nr. 85/1936. Í framkvæmd hefur verið staðið með mjög misjöfnum hætti að fyrirsvari í tilvikum, sem 5. mgr. 17. gr. tekur til, og hefur viðgengist að verulegu mismunandi leiðir hafi verið viðurkenndar varðandi fyrirsvar fyrir einn og sama málsaðila af þessum meiði. Með 5. mgr. 17. gr. er stefnt að þeirri breytingu frá ríkjandi framkvæmd, að fyrirsvar verði ákveðið með markvissari hætti fyrir opinbera aðila og látið verði af þeim sið að tveimur og jafnvel enn fleiri embættismönnum sé að ófyrirsynju ætlað að standa í fyrirsvari í sameiningu. Þessi stefnumörkun felst í þeim ummælum ákvæðisins, að fyrirsvarsmaður eigi að vera sá sem fer með ákvörðunarvald um sakarefni í máli. Í niðurlagi 5. mgr. 17. gr. er mælt fyrir um undantekningu frá þessari almennu reglu varðandi tilvik, þar sem fyrirsvar ræðst beinlínis af fyrirmælum laga, en dæmi af þessu má m.a. finna í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954 og 3. tölul. 154. gr. laga nr. 74/1974. Varðandi 5. mgr. 17. gr. má að öðru leyti nefna að orðalagi þar er háttað þannig, að reglur ákvæðisins eigi m.a. við ef ríkið á aðild að máli. Í framkvæmd hefur sú sérkennilega venja ríkt um áratugaskeið, að þessi lögpersóna hefur aldrei verið nefnd „ríkið“ þegar hún hefur átt aðild að máli, heldur hefur málum almennt verið beint að ríkissjóði, ráðuneyti eða embættisheiti ráðherra. Regla 5. mgr. 17. gr. kveður að vísu ekkert á um hvað þessi lögpersóna eigi að heita í dómsmáli, en reglan felur hins vegar í sér ábendingu um það heiti sem má ætla að sé eðlilegast að beita við þessar aðstæður.

Í 6. mgr. 17. gr. er enn að finna nýmæli, sem taka til þeirrar aðstöðu að maður leitist við að flytja mál sitt sjálfur án þess að geta talist fær um að ráða þar yfir hagsmunum sínum. Tilvikin, sem þessi regla beinist að, mundu almennt koma upp með þeim hætti að málsaðili, sem telst fær frá formlegu sjónarhorni um að ráða yfir hagsmunum sínum í máli með því að vera lögráða, ætlar sér að flytja mál sitt sjálfur fyrir dómi, en framferði hans þar gefur berlega til kynna að hann skorti getu til þessa forræðis í reynd vegna t.d. andlegra annmarka. Tilvik af þessum toga eru sjaldgæf í framkvæmd, en hafa hins vegar orðið til verulegra vandkvæða, því reglur hefur skort um almenn úrræði til að bregðast við þeim. Þau viðbrögð við þessu, sem er mælt fyrir um í 6. mgr. 17. gr., felast í því að dómara er heimilað að beina því til aðila í þinghaldi að hann ráði sér hæfan umboðsmann til að flytja málið fyrir sína hönd, en verði aðilinn ekki við því megi dómari fara með málið eins og útivist hefði orðið af hendi aðilans í síðara þinghaldi. Ef um sóknaraðila væri að ræða hefði þetta í för með sér niðurfellingu máls, sbr. 105. gr., en gagnvart varnaraðila yrði beitt ákvæðum 96. gr. og mætti þá taka mál til dóms án þess að frekari vörnum yrði komið að.

Um 18. gr.

Í 18. gr. frumvarpsins er að finna fyrirmæli um það, þegar tveir eða fleiri eiga saman óskipt réttindi, sem þeir vilja sækja í máli og þegar tveir eða fleiri bera óskipta skyldu sem leita á dóms um. Undir þeim kringumstæðum verða hlutaðeigendur báðir eða allir að vera aðilar og er þá samaðild með þeim, eins og þetta hefur löngum verið nefnt í framkvæmd og fræðikenningum. Ef brugðið er út af skyldu til samaðildar leiðir það að meginreglu til til frávísunar máls, sbr. 2. mgr. 18. gr. Undantekning er þó gerð þegar sá, sem sækir mál upp á sitt eindæmi, hefur ekki uppi kröfur sem varða hagsmuni þeirra sem hefðu átt að standa að máli með honum að öðrum kosti. Þessi fyrirmæli 18. gr. eru efnislega nánast þau sömu og nú koma fram í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 85/1936, en eru þó orðuð með mun nákvæmari hætti. Ákvæði 3. og 4. mgr. 18. gr. eru sama efnis og 2. mgr. 46. gr. laga nr. 85/1936.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. 19. gr. er mælt fyrir um heimildir til þess að tveir eða fleiri aðilar sæki mál um kröfur sínar í félagi og að tveir eða fleiri aðilar verði sóttir um kröfur á hendur þeim í einu máli, en hér er um svonefnda samlagsaðild að ræða, sem nú er mælt fyrir um í 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936. Það skilyrði er sett fyrir samlagsaðild í 1. mgr. 19. gr. að kröfurnar, sem er um að tefla, eigi rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Með þessu er að nokkru lögð til breyting frá skilyrðum samlagsaðildar í núgildandi lagareglu, þar sem er áskilið að kröfur þurfi að vera runnar af sömu rót. Út af fyrir sig mætti skýra þessi orð 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936 á þann veg, að það sama felist í þeim og orðalagi 1. mgr. 19. gr. Í framkvæmd hefur núgildandi regla hins vegar verið skýrð fremur þröngt. Dómafordæmi í þessum efnum eru þó ekki með öllu á einn veg. Tilgangur tillögu um þetta breytta orðalag er öðru fremur að afmarka með nákvæmari hætti en nú er gert hvenær kröfur geti talist af sömu rót og geta þá þargreind þrjú atriði að baki kröfum leitt til niðurstöðu um sameiginlegan uppruna þeirra. Með þessu er um leið leitast við að greiða fyrir notkun hagræðis af samlagsaðild, en með því er reynt að nálgast reglur nágrannaríkja um þetta efni. Í niðurlagi 1. mgr. 19. gr. er með sama hætti og í núgildandi lagareglu mælt fyrir um að máli verði vísað frá vegna óheimillar samlagsaðildar ef þess er krafist af varnaraðila.

Í 2. mgr. 19. gr. er gerð tillaga um lögfestingu á heimild til að beita svonefndri varaaðild, en þessi háttur á málshöfðun er venjuhelgaður þótt ekki sé mælt fyrir um hann í núgildandi lögum. Varaaðild felst nánar tiltekið í því, að sóknaraðili beinir kröfu aðallega að einum varnaraðila og til vara að öðrum, með það fyrir augum að þeim síðarnefnda verði gert að þola dóm ef þeim fyrrnefnda verður það ekki. Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. eru skilyrði fyrir varaaðild þau sömu og gengið hefur verið út frá í framkvæmd eða með öðrum orðum að kröfur á hendur aðalstefnda og varastefnda séu af sömu rót.

Í 3. mgr. 19. gr. er mælt fyrir um heimild til sakaraukningar, eða höfðunar sakauka eins og hún er oftast nefnd. Þessi regla er hliðstæð núverandi heimild í 48. gr. laga nr. 85/1936.

Um 20. gr.

Í 20. gr. er kveðið á um heimild þriðja manns til að gerast meðalgönguaðili í máli annarra. Þetta ákvæði er efnislega eins og núgildandi regla 50. gr. laga nr. 85/1936 og verður því ekki séð að ástæða sé til frekari skýringa á því hér.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er mælt fyrir um svokallaða réttargæsluaðild, sem kemur til með þeim hætti að stefnandi eða stefndi í máli beinir áskorun að þriðja manni um að veita sér styrk í því eða gæta þar réttar síns. Núverandi regla um þetta kemur fram í 52. gr. laga nr. 85/1936 og er hér gert ráð fyrir breytingum frá henni að tvennu leyti. Annars vegar er kveðið á um það í 1. mgr. 21.

gr. að réttargæsluaðild komi til með stefnu á hendur þriðja manni, en í núgildandi reglu er ekkert kveðið á um þann hátt. Í framkvæmd er algengt að stefnu sé beint að þriðja manni í þessu skyni, en slíkt er þó ekki nauðsyn. Hins vegar er að finna fyrirmæli í 2. mgr. 21. gr. um stöðu þriðja manns, sem er stefnt til réttargæslu í máli, en um þetta er ekkert mælt í 52. gr. laga nr. 85/1936. Í 2. mgr. 21. gr. er gert ráð fyrir því, að ef þriðji maður mætir í máli en gerist ekki aðili að því, t.d. með meðalgöngu, vegna sakaraukningar eða með samkomulagi við upphaflega aðila, þá verði kröfur ekki gerðar á hendur honum og hann geti ekki gert kröfur fyrir sitt leyti um annað en málskostnað. Er tekið fram í ákvæðinu að hann megi þó afla gagna í máli og flytja það fyrir sitt leyti, að því marki sem málið varðar hann að lögum. Þessi fyrirmæli 2. mgr. geta talist í samræmi við venjur í núverandi framkvæmd.

Um 22. og 23. gr.

Í þessum greinum er mælt fyrir um aðilaskipti að máli, annars vegar til sóknar, sem 22. gr. tekur til, og hins vegar til varnar, sem 23. gr. lýtur að. Þessi ákvæði eru í flestum atriðum eins og núgildandi reglur í 53. og 54. gr. laga nr. 85/1936 og verður því ekki séð að þörf sé frekari skýringa á þeim hér.

Um 24. gr.

Með 24. gr. hefst IV. kafli frumvarpsins, sem geymir reglur um sakarefni í einkamálum. Í 1. mgr. 24. gr. kemur fram almenn regla um valdsvið dómstóla til að leysa úr sakarefni, en samhljóða ákvæði eru nú í 66. gr. laga nr. 85/1936.

Í 2. mgr. 24. gr. er kveðið á um hvernig verði brugðist við ef mál er höfðað sem einkamál, en það ætti með réttu annaðhvort að reka það fyrir öðrum dómstól eða eftir öðrum réttarfarsreglum en ákvæði frumvarpsins geyma. Fyrri annmarkinn, sem hér um ræðir, mundi stafa af því að mál ætti að réttu lagi að reka fyrir héraðsdómi í öðru umdæmi, fyrir sérdómstól, t.d. félagsdómi eða siglingadómi, eða fyrir æðra dómi, t.d. ef sótt er bótakrafa á hendur héraðsdómara. Síðari annmarkanum er lýst með þeim hætti í 2. mgr. 24. gr., að hann stafi af því að reka ætti mál eftir reglum um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 19/1991, reglum um meðferð ágreiningsmála vegna fullnustugerða, sbr. lög nr. 90/1989 og 31/1990, eða reglum um meðferð ágreiningsmála vegna búskipta, sbr. lög nr. 20/1991 og 21/1991. Ef annmarkar af þessum toga eru uppi, leiðir af fyrirmælum 2. mgr. 24. gr. að dómari eigi að vísa máli frá. Þessi fyrirmæli 2. mgr. 24. gr. eru hliðstæð reglu 68. gr. laga nr. 85/1936.

Um 25. gr.

Í 1. mgr. 25. gr. kemur fram sú meginregla, að dómstólar verði ekki krafðir um álit á lögfræðilegu efni eða sönnun fyrir atviki nema þess álits sé þörf til úrlausnar á ákveðinni kröfu í dómsmáli. Þessi meginregla er efnislega samhljóða fyrirmælum 68. gr. laga nr. 85/1936.

Í 2. mgr. 25. gr. er að finna almenna heimild til að höfða mál og krefjast þar aðeins dóms um viðurkenningu á tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands, en áskilið er að stefnandi þurfi þá að hafa lögvarða hagsmuni af því, að fá leyst úr um slíkt. Tekið er fram í niðurlagi ákvæðisins að þessi heimild sé einnig fyrir hendi, þótt stefnandi geti eins farið þá leið að krefjast dóms um skyldur gagnaðila síns, sem má fullnægja með aðför. Hliðstæðar reglur koma ekki fram berum orðum í núgildandi lögum, en langvarandi venja er fyrir því, að höfða megi mál um viðurkenningarkröfu ef sýnt er að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um hana. Hins vegar hefur verið uppi vafi um hvort höfða megi viðurkenningarmál ef stefnandi á þess allt eins kost að fá leyst úr um réttindi sín með því að hafa uppi kröfu, sem má fullnægja með aðför að gengnum dómi. Hér þykir rétt að taka af skarið um slíka heimild, enda verður ekki séð að það geti haft óheppilegar afleiðingar þótt stefnandi telji hagsmunum sínum best borgið með slíkri málsókn.

Í 3. mgr. 25. gr. koma fram nýmæli, þar sem kveðið er á um heimild félaga eða samtaka til að höfða mál í eigin nafni til viðurkenningar á tilteknum réttindum félagsmanna sinna eða lausnar þeirra undan tiltekinni skyldu. Er áskilið að það fái samrýmst tilgangi félags eða samtaka að gæta hagsmuna félagsmanna sinna með þessum hætti. Sambærileg heimild er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum eða framkvæmd, en eins og nefnt var hér að framan í almennum athugasemdum við frumvarpið er þessu ákvæði ætlað að mæta þörfum í tilvikum, þar sem afla þarf úrlausnar dómstóla um lögvarða hagsmuni einhvers hóps manna. Við núverandi aðstæður verður þetta ekki gert á annan hátt en með því að hver og einn, sem hefur slíka hagsmuni, sæki mál fyrir sitt leyti eða eftir atvikum að rekið sé eitt svokallað prófmál um ágreiningsefni og fengin þannig úrlausn sem megi hafa til fyrirmyndar um lausn á hagsmunum annarra. Þetta hefur t.d. komið upp í sambandi við ágreining um kjaramál. Sú leið hefur þá verið farin að stéttarfélög hafa hlutast til um að einn félagsmanna sinna höfði mál um sína hagsmuni, eftir atvikum á kostnað félaganna. Þessi háttur er oft á tíðum aðeins til þyngsla og í raun óþarfi að haga löggjöf þannig að hann sé eini valkosturinn til að fá leyst úr álitaefni sem varðar hag fjölmargra í senn. Ákvæði 3. mgr. 25. gr. myndu til dæmis heimila stéttarfélagi að höfða mál til að afla viðurkenningardóms um réttindi félagsmanna sinna í stað þess að áðurnefnd leið verði farin. Undirstrika verður sérstaklega að þetta ákvæði breytir á engan hátt þeim almenna áskilnaði réttarfarsreglna, að dómstólar veiti eingöngu úrlausn um lögvarða hagsmuni. Ákvæðið miðar við að félagsmenn þurfi að hafa lögvarða hagsmuni af því, að fá úrlausn um réttindi sín eða réttarstöðu, en að því fullnægðu geti félag eða samtök rekið mál í þessu skyni í eigin nafni.

Um 26. gr.

Ákvæði 26. gr. eru sama efnis og 69. gr. laga nr. 85/1936 að öðru leyti en því, að fyrirmæli 2. málsl. 2. mgr. 69. gr. eru ekki tekin upp hér, enda falla þau undir reglu 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins. Verður ekki séð að þessi grein þarfnist frekari skýringa.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. 27. gr. kemur fram heimild handa stefnanda til að höfða mál í einu lagi um fleiri en eina kröfu sína á hendur stefnda, en hér er um svokallað kröfusamlag að ræða. Eftir ákvæðinu er þessi heimild háð því, að kröfurnar þurfi annað tveggja að vera samkynja eða að eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Þessi regla frumvarpsins er sama efnis og 1. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936 að því frátöldu, að skilyrðum kröfusamlags er þar lýst á þann hátt, að kröfur þurfi annaðhvort að vera samkynja eða af sömu rót. Breytingin, sem er lögð til með 1. mgr. 27. gr., á sér sömu ástæður og sambærileg breyting á skilyrðum samlagsaðildar, sem var vikið að í athugasemdum við 1. mgr. 19. gr.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. eru samsvarandi 1. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936.

Um 28. gr.

Í 28. gr. er að finna reglur um gagnkröfur og gagnsakir, sem svipar mjög til ákvæða í 49. gr. laga nr. 85/1936. Eins og í núgildandi ákvæðum er gerður greinarmunur í 28. gr. á gagnkröfum, sem má hafa uppi til skuldajafnaðar án gagnsakar, og á gagnsök, sem verður að höfða ef leita á sjálfstæðs dóms um gagnkröfu.

Ákvæði 1. mgr. 28. gr. snúa að því fyrrnefnda af þessu tvennu, en þar kemur fram að stefndi geti aðeins haft uppi gagnkröfu í máli til skuldajafnaðar, ef hann á að komast hjá því að höfða gagnsök, og verður þá að vera fullnægt almennum skilyrðum fyrir skuldajöfnuði. Við þessar aðstæður getur stefndi ekki krafist dóms um þann hluta gagnkröfu sinnar, sem kynni að standa eftir að fengnum skuldajöfnuði. Þessi atriði 1. mgr. 28. gr. eru hliðstæð fyrirmælum 49. gr. laga nr. 85/1936, en tillaga er síðan gerð í niðurlagi 1. mgr. 28. gr. um þau nýmæli, að

stefndi þurfi að koma gagnkröfu sinni fram í greinargerð, sem hann leggur fram í málinu skv. 99. gr. frumvarpsins. Í núgildandi lögum er ekki mælt fyrir um hvernig stefndi setji fram gagnkröfu eða innan hvers tíma hann þurfi að gera það, en af þessu hlýst að honum verði ekki meinað að gera þetta á síðari stigum máls. Slík síðbúin gagnkrafa í máli getur orðið til verulegra trafala og þykir eðlilegt að sporna við því að það gerist með þeim hætti sem kemur fram í frumvarpinu.

Í 2. mgr. 28. gr. eru fyrirmæli um heimildir stefnda til að leita sjálfstæðs dóms um gagnkröfur sínar á hendur stefnanda. Eins og í 49. gr. laga nr. 85/1936 er jöfnum höndum gert ráð fyrir því hér, að stefndi höfði gagnsök og leiti skuldajafnaðar við kröfur stefnanda með kröfu sinni að því leyti, sem þörf krefur, og sjálfstæðs dóms fyrir afgangi hennar, og að stefndi hafi uppi kröfur í gagnsök sem verður ekki skuldajafnað. Til þess að höfða gagnsök með þessum hætti þarf einhverju þeirra þriggja skilyrða að vera fullnægt, að kröfur í gagnsök séu samkynja kröfum í aðalsök, að kröfur í gagnsök eigi rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings og kröfur í aðalsök eða að samið hafi verið um að kröfur stefnda verði sóttar með þessum hætti. Þessi skilyrði gagnsakar eru þau sömu og nú gilda skv. 49. gr. laga nr. 85/1936, að því gættu að nánari afmörkun kemur fram í þessu ákvæði frumvarpsins á því hvernig kröfur verði taldar af sömu rót en í umræddu lagaákvæði. Sú breyting er sambærileg þeirri sem er lögð til varðandi skilyrði fyrir samlagsaðild í 1. mgr. 19. gr. og áður var fjallað um. Í niðurlagi 2. mgr. 28. gr. er að finna tillögu um þau nýmæli, að stefnda verði settur tiltekinn frestur til að höfða gagnsök, eða í einn mánuð frá því stefnandi þingfestir aðalsök í máli. Slík fyrirmæli eru ekki fyrir hendi í núgildandi lögum, en þetta er lagt hér til af sömu ástæðu og býr að baki ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 28. gr., sem var vikið að hér á undan.

Í 3. mgr. 28. gr. kemur fram undantekningarheimild til að hafa uppi gagnkröfu eða höfða gagnsök síðar en mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. Telja verður að þetta ákvæði skýri sig sjálft.

Um 29. gr.

Heimildin í þessari grein handa stefnanda til að koma nýjum kröfum að í máli með framhaldsstefnu, eða framhaldssök eins og þetta er oft nefnt, er sama efnis og heimild í 2. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936, að öðru leyti en því að í 29. gr. er áskilið að höfða þurfi framhaldssök áður en komið er að aðalflutningi í frumsök. Sambærileg tímatakmörk eru ekki sett í þessum efnum í núgildandi lögum, en tillaga er hér gerð um þetta til að auka skilvirkni við rekstur máls og draga úr hættu á því að hróflað verði við grundvelli þess þegar komið er að lokastigum málarekstrar.

Um 30. gr.

Í þessari grein koma fram reglur um tvenns konar heimildir dómara, annars vegar til að sameina tvö eða fleiri mál, þannig að þau verði rekin og leyst úr þeim eins og um eitt mál hefði verið að ræða frá öndverðu, og hins vegar til að skilja að kröfur, sem eru sóttar í einu máli, þannig að rekið verði sérstakt mál um hverja þeirra og leyst þannig úr þeim. Sambærilegar reglur koma nú fram í 1. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936. Hefur mjög lítið reynt á þær í framkvæmd, en vissara þykir að leggja til að þessar heimildir verði áfram í lögum. Í þessu ljósi verður ekki séð að ástæða sé til að fjalla hér sérstaklega um einstök atriði 31. gr.

Um 31. gr.

Í 1. mgr. 31. gr. er mælt fyrir um heimild dómara til að verða við ósk annars málsaðila eða þeirra beggja um að skipta sakarefni í máli, þannig að fyrst verði dæmt um tiltekin atriði þess meðan önnur bíða úrlausnar á síðari stigum. Núverandi heimild til að skipta sakarefni í 4. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 er frábrugðin þessu ákvæði frumvarpsins að því leyti, að þar er áskilið

að báðir eða allir málsaðilar þurfi að vera sammála um að óska eftir skiptingunni. Þykir eðlilegra að fara þá leið, sem hér er lögð til, og leggja í hendur dómara að meta hvort tilefni sé til skiptingar á sakarefni þótt aðeins einn málsaðili óski eftir henni.

Fyrirmæli 2. mgr. 31. gr. eru efnislega þau sömu og nú koma fram í 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936.

Um 32. gr.

Ákvæði 32.–43. gr. mynda V. kafla frumvarpsins, sem geymir reglur þess um varnarþing, en þau eru í flestum atriðum sama efnis og ákvæði VII. kafla laga nr. 85/1936.

Í 32. gr. eru ákvæði um svokallað heimilisvarnarþing einstaklinga. Í 1. mgr. kemur fram sú aðalregla í þessum efnum, að mál verði höfðað í þeirri þinghá þar sem stefndi á skráð lögheimili samkvæmt þjóðskrá. Sá kostur er þó einnig heimilaður að mál verði sótt í þeirri þinghá, þar sem stefndi hefur fasta búsetu, ef ekki er um sama stað að ræða og hann hefur skráð lögheimili. Orðin föst búseta eru notuð hér með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, og er ætlast til þess að þau verði skýrð í samræmi við það. Aðalreglan um heimilisvarnarþing einstaklings í 1. mgr. 73. gr. laga nr. 85/1936 er ekki alls kostar sambærileg reglunni í 1. mgr. 32. gr. frumvarpsins að því leyti til, að eftir lagareglunni miðast heimilisvarnarþing við þann stað, þar sem stefndi er heimilisfastur. Þetta orðalag hefur gefið tilefni til vafa, einkum í tilvikum þar sem máli er beint að manni, sem býr ekki á sama stað og lögheimili hans er skráð. Í 1. mgr. 32. gr. er tekið af skarið í þeim efnum, en eftir ákvæðinu mætti stefnandi hvort heldur höfða mál í þinghánni, þar sem skráð lögheimili stefnda er, eða í þeirri, þar sem stefndi á heimili í raun.

Í 2. mgr. 32. gr. er mælt fyrir um hvar mál verði höfðað á hendur manni, sem á hvergi skráð lögheimili en er þó ekki búsettur erlendis. Þessi ákvæði eru í meginatriðum sama efnis og reglur 2. og 3. mgr. 73. gr. laga nr. 85/1936, ef tekið er tillit til þess að í þeim reglum er ekki tekið mið af lögheimili eða föstum búsetustað eins og er gert í frumvarpinu.

Ákvæði 3. mgr. 32. gr. svara til 76. gr. laga nr. 85/1936.

Í 4. mgr. 32. gr. er að finna fyrirmæli sem svara til reglu 77. gr. laga nr. 85/1936 um hvar mál verði rekið á hendur manni, sem er búsettur erlendis en er þó staddur hér á landi, vegna fjárskyldu hans við mann sem er búsettur hér á landi eða lögpersónu sem á hér varnarþing. Í nefndri 77. gr. laganna er heimilað að slíkt mál verði hvort heldur rekið í þeirri þinghá, þar sem stefndi er staddur þegar stefna er birt fyrir honum, eða í þinghá þar sem hann á eignir. Í 4. mgr. 32. gr. frumvarpsins er með sama hætti mælt fyrir um að mál verði rekið í þinghánni, þar sem stefndi er staddur við stefnubirtingu, en hins vegar er ráðgert að fella brott heimild til að miða varnarþing við stað, þar sem stefndi á eignir, enda verður að telja þá heimild varhugaverða af tilliti til hagsmuna stefnda.

Ákvæði 5. mgr. 32. gr. eru efnislega þau sömu og nú koma fram í 74. gr. laga nr. 85/1936.

Um 33. gr.

Í þessari grein frumvarpsins koma fram reglur um heimilisvarnarþing lögpersóna. Í 1. mgr. 33. gr. er að finna fyrirmæli um hvar skrásett félag eða firma verði sótt, svo og skráð útibú félags eða firma ef mál varðar útibúið. Að meginreglu er byggt á því að slíkir aðilar verði sóttir þar sem varnarþing þeirra er skráð í viðeigandi félaga- eða firmaskrá, en sá kostur er einnig heimilaður, að mál verði sótt í þinghá þar sem stjórnarstöð félags eða firma er, ef hún er önnur en þar sem varnarþing er skráð. Hugtakið stjórnarstöð er notað í ákvæðinu í þeirri merkingu, að það taki til aðalbækistöðva við stjórnun félaga eða firma, t.d. aðalskrifstofu félags. Reglurnar í þessu ákvæði svara að nokkru til 1. málsl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 85/1936, en þar er þó ekki gert ráð fyrir heimild til að reka mál í annarri þinghá en þar sem félag eða firma hefur skráð varnarþing eða skráð útibú.

Í 2. mgr. 33. gr. er mælt fyrir um heimilisvarnarþing óskrásettra félaga, firma, samtaka og stofnana, sem teljast þó ekki til þeirra opinberra aðila sem reglur 3. og 4. mgr. 33. gr. taka til. Í 2. mgr. 33. gr. er miðað við að þessir óskrásettu aðilar verði sóttir í þinghá, þar sem varnarþing telst vera samkvæmt samþykktum aðilans, þar sem stjórnarstöð hans er eða þar sem fyrirsvarsmaður hans á sjálfur heimilisvarnarþing, eftir því sem stefnandi kýs hverju sinni. Þessar reglur eru áþekkar ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 33. gr. koma fram reglur um hvar mál verði sótt á hendur ríkinu eða sveitarfélagi. Hér eru lagðar til breytingar frá núgildandi reglu í 2. mgr. 75. gr. laga nr. 85/1936, þar sem varnarþing á að taka mið af varnarþingi fyrirsvarsmanns ríkisins, en ætla verður að 3. mgr. 33. gr. skýri sig nægilega sjálf.

Í 4. mgr. 33. gr. koma fram fyrirmæli um hvar mál verði sótt á hendur stjórnvaldi, stofnun ríkisins eða sveitarfélags og fyrirtæki þeirra. Regla þessarar málsgreinar er sambærileg þeirri, sem nú er að finna í 3. mgr. 75. gr. laga nr. 85/1936.

Um 34. gr.

Í 34. gr. koma fram reglur sem heimila að mál, sem varðar á nánar tiltekinn hátt fasteign, verði sótt í þeirri þinghá þar sem fasteignin er. Reglurnar, sem eru lagðar til hér, eru að nokkru frábrugðnar ákvæðum 78. gr. laga nr. 85/1936, einkum að því leyti að notkun fasteignavarnarþings yrði aldrei skylda, eins og mælt er fyrir um í núgildandi ákvæðum. Í 1. mgr. 34. gr. er gert ráð fyrir því, að sækja megi mál á fasteignavarnarþingi við tvenns konar aðstæður. Annars vegar yrði þetta heimilt ef sakarefni í máli er slíkt, að skoðun eignarinnar kunni að verða þörf undir rekstri máls. Er þá haft í huga að hagræði geti fylgt því, að mál sé sótt í nálægð við eignina. Notkun þessarar heimildar yrði háð mati á því, hvort mál sé þannig vaxið hverju sinni að það megi allt eins vænta að það þurfi að fara á vettvang, en hins vegar er orðalagi ákvæðisins hagað þannig, að ekki skipti máli hvort það yrði í reynd af vettvangsskoðun undir rekstri málsins. Hins vegar er heimilað að neyta heimildar til fasteignavarnarþings ef mál varðar réttindi yfir fasteign eða það er höfðað til að sækja kröfur sem eru sprottnar af slíkum réttindum. Að þessu leyti eru ákvæði 1. mgr. 34. gr. áþekk fyrirmælum 78. gr. laga nr. 85/1936.

Í 2. mgr. 34. gr. er kveðið á um það, að ef fasteign er í fleiri þinghám en einni geti fasteignavarnarþingið talist vera í hvorri eða hverri þeirra sem er. Sambærilega reglu er ekki að finna í núgildandi lögum, en telja verður eðlilegt að taka hana hér upp þótt þess sé varla að vænta að raunhæft gildi hennar verði mikið.

Um 35. gr.

Í 1. mgr. 35. gr. er mælt fyrir um heimild til að sækja mál varðandi löggerning í þeirri þinghá, þar sem efndir á honum áttu að fara fram. Að megininntaki er þessi regla sú sama og nú kemur fram í 80. gr. laga nr. 85/1936. Sá munur er einkum á ákvæðunum, að í núgildandi reglu er áskilið að annaðhvort þurfi stefndi að vera staddur í viðkomandi þinghá við birtingu stefnu eða honum hafi borið að efna skuldbindingu sína meðan hann var enn staddur í þinghánni. Þykir óhætt að leggja til að þessi áskilnaður falli niður, enda verður ekki séð að hann þjóni raunhæfum tilgangi.

Í 2. mgr. 35. gr. eru sérreglur um varnarþing í víxil- og tékkamálum, sem eru sama efnis og ákvæði 3. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936.

Um 36. gr.

Í 36. gr. er kveðið á um heimildir til að beita svokölluðu starfstofuvarnarþingi eða atvinnustöðvarvarnarþingi, en í meginatriðum fela þessar heimildir í sér að seljandi vöru eða þjónustu megi sækja mál um andvirði þess, sem hann lét af hendi, í þeirri þinghá þar sem hann

hefur atvinnustöð sína. Akvæði 1. og 3. mgr. 36. gr. eru efnislega þau sömu og nú koma fram í 1. og 2. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936. Í 2. mgr. 36. gr. er hins vegar að finna fyrirmæli, sem eiga sér ekki hliðstæðu í orðum nefndrar 82. gr., en þar er tekið sérstaklega fram hvernig þessum heimildum verði beitt ef vara eða þjónusta hefur verið fengin í útibúi frá aðalatvinnustað seljandans.

Um 37. gr.

Í 37. gr. er þeim, sem kaupir vöru eða þjónustu hér á landi, heimilað að höfða mál vegna slíkra kaupa í þeirri þinghá, þar sem hann yrði sjálfur sóttur á grundvelli reglna um heimilisvarnarþing í 32. eða 33. gr. Þessi heimild á sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, en að henni eru erlendar fyrirmyndir. Sambærilegar reglur erlendis eru oft kenndar við það, að þær heimili notkun á svokölluðu neytendavarnarþingi, en megintilgangi þeirra er einmitt lýst með þeirri nafngift, enda yrði heimild sem þessari einkum beitt við málsókn neytanda á hendur seljanda vöru eða þjónustu. Hér verður þó að árétta að ákvæði 37. gr. eru ekki bundin við það, að heimildin sé aðeins veitt neytendum í þeim skilningi þess orðs, að átt sé við einstaklinga sem festa kaup á vöru til eigin afnota. Reglan er það víðtæk, að hana mætti nýta við málsókn af hendi lögaðila og án tillits til þess, hvort kaupandi vöru eða þjónustu hafi aflað sér hennar til eigin nota eða neyslu eða til endursölu. Ákvæði 37. gr. fela í sér visst mótvægi við þær heimildir, sem seljandi vöru eða þjónustu hefur til að sækja mál þar sem hann hefur sjálfur aðsetur, sbr. 36. gr.

Um 38. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 38. gr. eru sama efnis og reglur 85. gr. laga nr. 85/1936, sem heimila launþega að sækja vinnulaunakröfu í þinghánni, þar sem hann vann fyrir launum sínum, og sjómanni að sækja launakröfu sína á heimili skips. Í 3. mgr. 38. gr. eru hins vegar lögð til þau nýmæli, að manni, sem leysir störf af hendi um borð í loftfari, er heimilað að sækja kröfu um laun fyrir þau í þinghánni þar sem loftfarið er skráð. Verður að telja þessi nýmæli eðlileg til samsvörunar við heimildir sjómanna skv. 2. mgr. 38. gr.

Um 39. gr.

Fyrirmæli 39. gr. eru efnislega þau sömu og nú koma fram í 204. gr. laga nr. 85/1936 og verður því ekki séð að þessi grein þarfnist sérstakra skýringa.

Um 40. gr.

Reglur 40. gr. eru sama efnis og fyrirmæli 79. gr. laga nr. 85/1936. Þarfnast ákvæðið því ekki skýringa.

Um 41. gr.

Ákvæði 41. gr. eru samhljóða 84. gr. laga nr. 85/1936 og þarfnast því ekki skýringa.

Um 42. gr.

Ákvæði 1. mgr. 42. gr. eru sama efnis og 83. gr. laga nr. 85/1936.

Fyrirmæli 2. mgr. 42. gr. svara efnislega til 2. mgr. 81. gr. nefndra laga, en 3. mgr. 42. gr. felur í sér sömu reglu og kemur fram í 1. mgr. 81. gr. laganna.

Um 43. gr.

Í 1. mgr. 43. gr. er tekið fram að heimildareglunum í 34.–42. gr. til að sækja mál á öðru varnarþingi en heimilisvarnarþingi stefnda verði beitt við höfðun máls á hendur aðila, sem er búsettur erlendis, nema takmarkanir í þeim efnum komi til með samningi íslenska ríkisins við erlent ríki. Þessi fyrirmæli eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, en í framkvæmd og fræðikenningum hefur verið gengið út frá því, að sambærilegar heimildareglur í 78.–85. gr.

laga nr. 85/1936 verði nýttar gagnvart erlendum aðilum með sama fyrirvara um milliríkjasamninga.

Ákvæði 2. mgr. 43. gr. eru efnislega þau sömu og nú koma fram í 86. gr. laga nr. 85/1936.

Um 44. gr.

Annar þáttur frumvarpsins, sem geymir reglur um sönnun og sönnunargögn, hefst með þessari grein, en hún heyrir til VI. kafla, þar sem koma fram almennar reglur um sönnun.

Í 44. gr. er að finna almenn fyrirmæli um sönnun, sem svara til ákvæða 121. gr. laga nr. 85/1936. Verður ekki séð að nauðsyn beri til að skýra einstök atriði greinarinnar af þessum sökum.

Um 45. gr.

Þessi grein frumvarpsins svarar til 1. mgr. 123. gr. laga nr. 85/1936 og þarfnast því ekki skýringa.

Um 46. gr.

Í 1. mgr. 46. gr. kemur fram að það sé hlutverk aðila að einkamáli að afla sönnunargagna í því, ef þeir fara með forræði á sakarefninu. Þessi regla á sér ekki hliðstæðu í ákvæðum laga nr. 85/1936, en hún er byggð á rótgrónum fræðilegum viðhorfum og framkvæmd eftir núgildandi löggjöf.

Í 2. mgr. 46. gr. er mælt fyrir um heimild dómara til að beina til aðila að afla gagna um tiltekin atriði ef hann telur það nauðsynlegt til skýringar á máli. Þessi fyrirmæli svara til ákvæða lokamálsliðar 114. gr. laga nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 46. gr. kemur fram að dómari geti meinað aðila um sönnunarfærslu ef bersýnilegt er að atriðið, sem aðilinn vill sanna, skipti ekki máli eða að gagnið sé tilgangslaust til sönnunar. Sams konar reglu er ekki að finna í núgildandi lögum, en hún er í samræmi við langvarandi venjur í framkvæmd.

Um 47. gr.

Í 1. mgr. 47. gr. kemur fram sú meginregla, að öflun sönnunargagna eigi að jafnaði að fara fram fyrir þeim dómara sem fer með viðkomandi mál. Hér er því mælt fyrir um svokallaða millilíðalausa málsmeðferð, sem felst í því að sönnunarfærsla eigi sér stað frammi fyrir sama dómara og kemur til með að leysa úr máli. Fyrirmæli um þetta eru ekki í lögum nr. 85/1936. Við setningu laganna var gengið út frá því að millilíðalaus málsmeðferð væri æskilegt markmið, en ógerningur yrði að lögbjóða hana vegna staðhátta hér á landi. Frá þeim tíma hafa orðið verulegar breytingar í samgöngum og öðrum atriðum, sem hefðu getað staðið þessari leið fyrir þrifum fyrir liðlega fimm áratugum síðan. Í framkvæmd hefur málsmeðferð þróast í átt að þessari stefnu og má heita að nú um árabil hafi aðalreglan verið sú, að sönnur séu færðar frammi fyrir dómaranum sem leysir síðan úr máli. Verður því að telja eðlilegt að taka þessa reglu upp berum orðum í löggjöf, svo sem hér er lagt til. Einnig ber þó að hafa í huga að meginreglan, sem hér um ræðir, er ekki fortakslaus, enda mælt fyrir um undantekningar frá henni í síðari málslið 1. mgr. 47. gr. Þar er tekið fram að víkja megi frá millilíðalausri málsmeðferð ef fylgni við hana hefði í för með sér verulegan kostnað eða óhagræði, en þegar þannig stæði á mætti dómari verða við ósk aðila um að leitað yrði sönnunarfærslu fyrir öðrum dómstól samkvæmt fyrirmælum XI. kafla. Sú leið gæti verið nýtt hvort sem er til gagnaöflunar innan lands eða erlendis, en áskilið er í lokaorðum 1. mgr. 47. gr. að hún megi ekki leiða til óþarfra tafa á rekstri máls.

Í 2. mgr. 47. gr. er tekið fram til áréttingar að meginreglan um millilíðalausa málsmeðferð í 1. mgr. greinarinnar girði ekki fyrir að nýta megi sönnunargagn í máli, sem hefur verið aflað fyrir höfðun málsins eftir heimildum í XII. kafla frumvarpsins. Aðila stendur þannig opið að leggja til dæmis fram í máli matsgerð eða endurrit vitnisburðar, sem hefur verið aflað í tengslum við undirbúning málshöfðunar, og yrði ekki að endurtaka slíka sönnunarfærslu frammi fyrir dómaranum í málinu.

Um 48. gr.

Þessi grein er sú fyrsta í VII. kafla frumvarpsins, þar sem mælt er fyrir um skýrslugjöf aðila fyrir dómi. Í henni koma fram nokkrar almennar reglur um heimildir aðila til slíkrar skýrslugjafar, en þær eiga sér allar samsvaranir í núgildandi lögum, svo sem nú verður greint nánar, og þarfnast því ekki sérstakra skýringa.

Í 1. mgr. 48. gr. er kveðið á um að aðila sé alltaf heimilt að gefa skýrslu um atvik máls síns fyrir dómi, nema dómari telji sýnilegt að hún sé þarflaus eða tilgangslaus. Þessi fyrirmæli svara til 1. málsl. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 85/1936.

Í 2. mgr. 48. gr. kemur fram að dómara sé rétt að kveðja aðila fyrir dóm til skýrslugjafar eftir kröfu gagnaðila hans, en þetta er þó háð sama skilyrðinu og fyrrnefnd heimild í 1. mgr., að skýrslugjöf megi þá ekki vera sýnilega þarflaus eða tilgangslaus. Þessi regla kemur nú fram í 2. mgr. 115. gr. laga nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 48. gr. er dómara heimilað að kveðja aðila fyrir dóm af sjálfsdáðum til skýrslugjafar. Sama regla kemur fram í 3. málsl. 114. gr. laga nr. 85/1936.

Í 4. mgr. kemur fram að fyrirsvarsmenn skv. 3.–5. mgr. 17. gr. gefi skýrslur fyrir dómi eins og þeir væru sjálfir aðilar, en þetta hefur m.a. í för með sér að fyrrgreindum 1.–3. mgr. 48. gr. yrði þá beitt um fyrirsvarsmenn. Þessi regla svarar til 7. mgr. 115. gr. laga nr. 85/1936.

Um 49. gr.

Í 1. mgr. 49. gr. kemur fram að aðili megi sér að meinalausu færast undan því að svara spurningu fyrir dómi, ef honum væri óheimilt að svara henni sem vitni í málinu. Í tengslum við þessa reglu er vert að taka fram að aðila væri aldrei skylt að mæta fyrir dóm eða svara þar spurningum, en vanræksla hans í þeim efnum getur haft þær afleiðingar, sem er mælt fyrir um í 2. mgr. 50. gr., að hún verði skýrð á þann veg sem er gagnaðilanum hagfelldast. Með fyrirmælum 1. mgr. 49. gr. er tekið af skarið um það, að neitun aðila um að svara spurningu hefði ekki nefndar afleiðingar skv. 2. mgr. 50. gr., ef spurningin er þess eðlis að aðilinn hefði ekki mátt svara henni sem vitni í málinu. Slíkur heimildarskortur til að svara spurningu yrði fyrst og fremst afleiðing af fyrirmælum 53. gr. Regla þess efnis, sem hér um ræðir, er ekki fyrir hendi í lögum nr. 85/1936, en gengið hefur verið út frá tilvist hennar í fræðikenningum.

Í 2. mgr. 49. gr. koma fram tilvísanir til tiltekinna ákvæða í VIII. kafla frumvarpsins, sem fjallar um vitnaskýrslur, um hvernig verði staðið að því að taka aðilaskýrslu fyrir dómi. Verður ekki séð að hér sé þörf sérstakra skýringa.

Um 50. gr.

Í 1. mgr. 50. gr. kemur fram að ef aðili viðurkennir við skýrslugjöf fyrir dómi tiltekið atvik, sem er honum óhagstætt, þá verði sú viðurkenning að jafnaði lögð til grundvallar við úrlausn máls. Því er þó bætt við í niðurlagi ákvæðisins að dómari þurfi að telja viðurkenningu gefna af nægri þekkingu og skilningi og að ekkert megi hafa komið fram, sem hnekkir eða veikir hana verulega. Þessi regla, sem felur í sér fyrirmæli um sönnunarmat, er efnislega sú sama og nú kemur fram í 2. mgr. 123. gr. laga nr. 85/1936.

Í 2. mgr. 50. gr. er mælt fyrir um afleiðingar vanrækslu aðila um að koma fyrir dóm til skýrslugjafar, ef hann er kvaddur til þess skv. 2. eða 3. mgr. 48. gr., eða að svara spurningu sem er lögð fyrir hann fyrir dómi. Getur dómari þá skýrt vanrækslu aðilans, óljós svör hans eða þögn á þann hátt sem gagnaðilanum er helst í hag. Þessi regla geymir frásögn af einu afleiðingum slíkrar vanrækslu, enda verður aðila aldrei gert skylt að mæta fyrir dóm eða honum ákveðin viðurlög fyrir að gefa ekki fullnægjandi skýrslu fyrir dómi, eins og verður gert við vitni, sbr. 55. gr. Ákvæði 2. mgr. 50. gr. svara til reglu sem verður dregin af 116. gr. laga nr. 85/1936.

Um 51. gr.

Hér er um að ræða fyrsta ákvæði VIII. kafla frumvarpsins, þar sem er fjallað um vitni í einkamálum. Í 51. gr. koma fram nokkrar almennar reglur um vitni, m.a. um vitnaskyldu, aðrar skyldur vitnis og hvar skýrslur verði teknar.

Í 1. mgr. 51. gr. er að finna almenna reglu um vitnaskyldu, þar sem kemur fram að öllum sé skylt að koma fyrir dóm til að bera vitni, sem eru orðnir 15 ára, lúta íslenskri lögsögu og eru hvorki aðilar að viðkomandi máli né fyrirsvarsmenn aðila. Þessi regla er sama efnis og 1. mgr. 124. gr. laga nr. 85/1936.

Í fyrri málslið 2. mgr. 51. gr. er lagt í hendur dómara að meta hvort yngri manni en 15 ára gömlum verði gert að mæta fyrir dóm til að gefa vitnaskýrslu. Þessi heimild færir í raun út almennu vitnaskylduna skv. 1. mgr. 51. gr., því með henni má skylda aðra en þar greinir til skýrslugjafar. Í þessu tilviki yrði þó ekki unnt að beita vitni viðurlögum fyrir að sinna ekki vitnaskyldu, enda eru aldursmörkin hér þau sömu og sakhæfisaldur skv. 14. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Í síðari málslið 2. mgr. 51. gr. er hins vegar lagt á vald dómara að ákveða hvort vitnaskyldu verði beitt gagnvart geðveikum manni eða þroskaheftum, en með þessari heimild gæti dómari ákveðið að láta hjá líða að kveðja slíka menn fyrir dóm. Þessi fyrirmæli 2. mgr. 51. gr. eiga sér ekki hliðstæðu í lögum nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 51. gr. kemur fram heimild handa dómara til að ákveða að vitnaskýrsla verði tekin annars staðar en á þingstað, ef vitni á við veikindi að stríða eða aðra sambærilega hindrun við að geta orðið við skyldu um að mæta fyrir dóm. Sams konar heimild er nú að finna í 2. mgr. 124. gr. laga nr. 85/1936.

Í 4. mgr. 51. gr. er að finna tillögu um nýmæli, þar sem er mælt fyrir um heimild dómara til að ákveða að skýrsla verði tekin af vitni gegnum síma eða annað fjarskiptatæki ef vitni verður fjarri þingstað þegar taka á skýrslu af því á dómþingi eða það hefur annars sérstakt óhagræði af því að mæta þangað. Í niðurlagi ákvæðisins kemur fram að slíkri skýrslutöku verði að haga á þann veg, að allir sem eru staddir á dómþingi geti hlýtt á orðaskipti milli spyrjenda og vitnis, en þessi fyrirmæli árétta um leið að skýrslutakan færi fram á dómþingi, eftir atvikum við aðalmeðferð máls, og í raun á líkan hátt og ef vitnið væri viðstatt eftir því sem unnt er. Svipaðar heimildir hafa verið teknar upp í löggjöf nágrannaríkja. Með þessari aðferð má koma við hagræði og sparnaði við málsmeðferð og hún stuðlar að auki að þeirri milliliðalausu málsmeðferð, sem var vikið að í tengslum við 1. mgr. 47. gr. hér að framan. Hins vegar verður að árétta að upphafsorð 4. mgr. 51. gr. fela í sér viss skilyrði fyrir beitingu heimildarinnar sem verður að fylgja bókstaflega.

Í 5. mgr. 51. gr. er kveðið á um að dómari geti orðið við kröfu aðila um að leggja fyrir vitni að hafa með sér gögn til sýningar við skýrslugjöf sína og eftir atvikum að undirbúa sig fyrir hana með tilteknum hætti. Þessi fyrirmæli svara til ákvæða 3. mgr. 124. gr. laga nr. 85/1936.

Um 52. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 52. gr., sem heimila aðstandendum málsaðila að skorast undan því að gefa vitnaskýrslu, eru efnislega þau sömu og koma fram í 50. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og svipar einnig til 1. tölul. 1. mgr. 125. gr. laga nr. 85/1936. Verður því ekki séð að þessi ákvæði þarfnist frekari umfjöllunar hér.

Í 3. mgr. 52. gr. er heimilað að vitni færist undan því að svara spurningu, ef svar þess fæli í sér að það bæri á sig sakir um refsiverðan verknað eða svarið hefði siðferðilegar eða teljandi fjárhagslegar afleiðingar fyrir vitnið. Líkar reglur koma fram í 51. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og 2. tölul. 1. mgr. 125. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt 4. mgr. 52. gr. getur dómari undanþegið vitni frá því að upplýsa við skýrslugjöf um leyndarmál, sem varða viðskipti þess, uppgötvanir og önnur sambærileg verk,

ef dómari telur hagsmuni vitnis af því, að leynd verði haldið, verulega meiri en hagsmuni aðila af vættinu. Sambærilega reglu er ekki að finna í ákvæðum laga nr. 85/1936, en 4. mgr. 52. gr. á sér hins vegar fyrirmynd í 2. mgr. 53. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Í 5. mgr. 52. gr. kemur fram takmörkun á skyldu embættis- og sýslunarmanna til að mæta fyrir dóm til skýrslugjafar sem vitni, ef þeim er kleift að veita fullnægjandi svör við þeim atriðum, sem spurningar við skýrslugjöf fyrir dómi hefðu lotið að, í skriflegu vottorði úr embættisbók eða með öðru opinberu skjali. Þessi regla er sama efnis og ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 125. gr. laga nr. 85/1936.

Um 53. gr.

Í 1. mgr. 53. gr. er lagt bann við því að vitni svari spurningum án samþykkis hlutaðeigandi ráðherra um leynilegar ráðagerðir, ályktanir eða samninga ríkisins, sem varða öryggi, réttindi eða heill ríkisins eða skipta mjög miklu fyrir viðskipti eða fjárhag þjóðarinnar. Þessi fyrirmæli eru efnislega svipuð og ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. 126. gr. laga nr. 85/1936, en þó mun ítarlegri. Áþekkar reglur er að finna í 1. mgr. 54. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Í 2. mgr. 53. gr. eru talin upp í fjórum stafliðum atriði, sem vitni væri óheimilt að svara spurningum um nema að fenginni heimild þess sem í hlut á. Í a-lið málsgreinarinnar er mælt fyrir um þennan heimildarskort varðandi upplýsingar um hver sé höfundur eða heimildarmaður að efni, sem hefur komið fram opinberlega án nafngreiningar hlutaðeiganda, ef vitnið er ábyrgðarmaður rits eða annars fjölmiðils sem efni hefur birst í eða það hefur komist að upplýsingum um höfund eða heimildarmann í starfi hjá ábyrgðarmanni. Þessi regla um þagnarskyldu er eftir orðum sínum mun víðtækari en ákvæði í 5. tölul. 1. mgr. 126. gr. laga nr. 85/1936 og 1. mgr. 53. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, en hún er í samræmi við ríkjandi viðhorf í fræðikenningum um hvernig núgildandi reglum um þetta efni verði beitt. Í b-, c- og d-lið 2. mgr. 53. gr. er að finna reglur, sem svara að flestu leyti til ákvæða 3. og 4. tölul. 1. mgr. 126. gr. laga nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 53. gr. er mælt fyrir um að dómari geti aflétt þagnarskyldu vitnis vegna atriða, sem ákvæði b-, c- og d-liða 2. mgr. 53. gr. taka til, ef hann telur að hagsmunir málsaðila af upplýsingum séu verulega meiri en hagsmunir hlutaðeiganda af leynd. Er áskilið að svar megi þó ekki fela í sér frásögn af einkahögum manns, sem á ekki aðild að málinu. Til þess að meta hvort þessum skilyrðum sé fullnægt er dómara heimilað að hlýða fyrst á svar vitnis í trúnaði. Í 2. mgr. 126. gr. laga nr. 85/1936 er að finna heimild dómara til að aflétta þagnarskyldu, en þar koma þó ekki fram markviss skilyrði fyrir slíku. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því, að regla 3. mgr. 53. gr. heimilar ekki að þagnarskyldu samkvæmt a-lið 2. mgr. 53. gr. verði aflétt. Er að þessu leyti gert ráð fyrir breytingu frá núgildandi reglu í 2. mgr. 126. gr. laga nr. 85/1936, en hana verður að telja eðlilega til verndar tjáningarfrelsi.

Um 54. gr.

Í þessari grein frumvarpsins koma fram reglur um hvernig vitni verði boðað til skýrslugjafar á dómþingi. Kemur fram í 1. mgr. 54. gr. að aðili, sem vill leiða vitni, þurfi að annast boðun þess, en í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um þær aðferðir, að aðilinn gefi annaðhvort út sjálfur skriflega kvaðningu tiltekins efnis eða leiti til dómara um að fá hana gefna út og að kvaðningin verði síðan birt fyrir vitninu eins og ef um stefnu væri að ræða. Í 3. mgr. 54. gr. er tekið fram að vitni sé skylt að bera vætti án kvaðningar ef það er statt á dómþingi. Í núgildandi lögum er að finna reglur um tvenns konar aðferðir í þessum efnum. Annars vegar er mælt fyrir um skriflegar kvaðningar til vitna í 2. mgr. 111. gr. laga nr. 85/1936 og hins vegar um vitnastefnur í 130. gr. laganna. Fyrrnefnda ákvæðinu svipar til reglna 54. gr. frumvarpsins, en vitnastefnum eftir 130. gr. laga nr. 85/1936 hefur ekki verið beitt að ráði í framkvæmd á seinni tímum.

Um 55. gr.

Í 55. gr. koma fram reglur um hvernig verði brugðist við ef vitni fullnægir ekki vitnaskyldu sinni, hvort sem það vanrækir með öllu að mæta fyrir dóm eða mætir og vill ekki eða getur ekki sinnt skyldu sinni. Þessar reglur eru áþekkar þeim sem nú gilda samkvæmt 131. gr. laga nr. 85/1936, en þó má vekja athygli á því, að í frumvarpinu er ekki ráðgert að vitni geti sætt fangelsun vegna vanrækslu sinnar, eins og nú er þó heimilt í orði kveðnu. Telja verður að einstök atriði í 55. gr. skýri sig nægilega sjálf í þessu ljósi.

Um 56. gr.

Í 56. gr. koma fram helstu reglur frumvarpsins um hvernig verði staðið að framkvæmd skýrslutöku af vitni. Þessar reglur eru mjög líkar reglum 133. gr. laga nr. 85/1936, eins og þeim hefur verið beitt í framkvæmd, og verður því ekki séð að teljandi þörf sé á skýringu einstakra atriða. Það má þó vekja athygli á því, að í 2. mgr. 56. gr. er tekið fram að dómara sé rétt að láta aðila um að spyrja vitni, sem er í reynd gagnstætt ákvæðum 2. mgr. 133. gr. núgildandi laga. Í framkvæmd hefur þróunin hins vegar orðið sú á undanförnum árum, að lögmönnum aðila sé látið eftir að spyrja vitni fyrir dómi án milligöngu dómara, sem grípur þá aðeins í taumana ef spurningar ganga út fyrir efni máls eða viðeigandi mörk. Ákvæði 2. mgr. 56. gr. eru lögð til í samræmi við þessa þróun, enda verður að telja eðlilegra að aðilar verði virkari í þessum efnum en núgildandi lög ráðgera, þar sem það hvílir á þeim að afla sönnunargagna, sbr. 1. mgr. 46. gr. frumvarpsins.

Um 57. gr.

Í 1. mgr. 57. gr. koma fram almennar reglur um hvernig dómari leiti vitneskju við skýrslugjöf vitnis um atriði, sem geta haft þýðingu við mat á trúverðugleika þess. Þessi fyrirmæli eru ætluð til leiðbeiningar og samræmast því sem má telja að sé almennt gert nú í framkvæmd. Samsvarandi reglu er ekki að finna í lögum nr. 85/1936, en 1. mgr. 57. gr. á sér fyrirmyndir í norrænni löggjöf.

Í 2.–6. mgr. 57. gr. er kveðið á um staðfestingu vitnis á framburði sínum með eiði eða drengskaparheiti, sem eins og í núgildandi lögum er aðeins ætlast til að gerist að kröfu málsaðila og eftir að vitni hefur lokið skýrslugjöf sinni. Efnislega eru ákvæði 2.–6. mgr. í meginatriðum þau sömu og nú koma fram í 127. gr., 1. og 2. málsl. 5. mgr. 134. gr. og 6. og 7. mgr. 134. gr. laga nr. 85/1936, en orðalagi er þó breytt nokkuð, m.a. með hliðsjón af ákvæðum 2. og 3. mgr. 60. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um 58. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rétt vitnis til að fá greiðslu úr hendi aðila á kostnaði af ferð og dvöl á þingstað og eftir atvikum á þóknun fyrir atvinnumissi. Ákvæði 58. gr. eru að flestu leyti þau sömu og nú koma fram í 1. og 2. mgr. 135. gr. laga nr. 85/1936, en taka einnig að nokkru mið af reglum 62. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um 59. gr.

Í 59. gr. er að finna almennar leiðbeiningarreglur um atriði, sem dómari hugar að við það mat sitt á sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls. Sams konar leiðbeiningarreglur koma nú fram í 1. mgr. 129. gr. laga nr. 85/1936 og verður því ekki séð að einstök atriði þeirra þarfnist sérstakra skýringa hér.

Um 60. gr.

Ákvæði 60.–66. gr. mynda til samans IX. kafla frumvarpsins, þar sem er fjallað um matsgerðir í einkamálum. Þessi ákvæði eru keimlík núgildandi reglum í 136.–144. gr. laga nr. 85/1936, en nokkrar breytingar eru þó lagðar til af tilliti til ríkjandi framkvæmdar.

Fyrirmæli 1. og 2. mgr. 60. gr. svara í öllum atriðum til ákvæða 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 136. gr. laga nr. 85/1936. Fyrirmæli 3. mgr. svara með sama hætti til ákvæða 138. gr. laganna. Því má telja að ekki sé þörf sérstakra skýringa á þessum reglum.

Um 61. gr.

Í 61. gr. eru fyrirmæli um dómkvaðningu matsmanns. Kemur fram í 1. mgr. greinarinnar að dómari kveðji til einn eða tvo matsmenn eftir skriflegri beiðni aðila, ef það á ekki undir dómarann sjálfan að leggja mat á viðkomandi atriði skv. 2. mgr. 60. gr. og ekki verður leitað til opinbers matsmanns til að vinna verkið skv. 3. mgr. sömu greinar. Ákvæði 1. mgr. 61. gr. eru hliðstæð fyrirmælum 1. mgr. 137. gr. laga nr. 85/1936, en tvennt skilur þó á milli. Annars vegar er lagt á vald dómara í 1. mgr. 61. gr. að ákveða hvort einn matsmaður verði dómkvaddur eða tveir og eru ekki tiltekin sérstök atriði sem eiga að ráða fjölda matsmanna hverju sinni. Í 1. mgr. 137. gr. laga nr. 85/1936 er aðalreglan á hinn bóginn sú, að matsmenn séu tveir, en heimilt er þó að dómkveðja einn ef deila er um litla hagsmuni. Með þeirri breytingu, sem felst í 1. mgr. 61. gr., er leitast við að liðka fyrir framkvæmd matsgerða og draga um leið úr kostnaði af öflun þeirra, en ætla má að dómari hefði eftir sem áður í huga við ákvörðun á fjölda matsmanna hvort miklir hagsmunir séu í húfi, sem væri þó ekki bindandi mælikvarði við þá ákvörðun. Hins vegar koma fram stutt fyrirmæli í 1. mgr. 61. gr. um það, hvers efnis beiðni um dómkvaðningu matsmanns eigi að vera, en sambærilega reglu er ekki að finna í núgildandi lögum.

Í 2. mgr. 61. gr. kemur fram að dómari eigi að kveðja aðila fyrir dóm til þess að taka fyrir beiðni um dómkvaðningu matsmanns. Ef aðilar koma sér þar saman um hver verði dómkvaddur er ætlast til þess að dómari fylgi því sammæli þeirra að öðru jöfnu, en ella velur dómari matsmann eftir að hafa gert aðilum grein fyrir fyrirætlan sinni um val á manni. Þessar reglur eru um sumt áþekkar ákvæðum 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936, en geta má þó tveggja atriða sem er hagað með nokkuð öðrum hætti í frumvarpinu. Annars vegar er mælt fyrir um það í 3. mgr. 139. gr. núgildandi laga, að dómari geri aðilum viðvart áður en dómkvaðning fer fram ef þess gerist þörf, en þannig hefur ekki verið fortakslaust boðið að aðilar verði kvaddir fyrir dóm af þessu tilefni. Dómafordæmi hafa hins vegar leitt til þess að almennt verður ekki komist hjá boðun aðila til þinghalds af þessu tilefni í núverandi framkvæmd og eru því ákvæði 2. mgr. 61. gr. nánast í samræmi við framkvæmdina að þessu leyti. Hins vegar má vekja athygli á því, að í núgildandi lögum er ekki mælt fyrir um að dómari greini aðilum frá því, hvern hann hafi í hyggju að dómkveðja. Sú tilhögun, sem er mælt fyrir um að þessu leyti í 2. mgr. 61. gr., er hins vegar í samræmi við venju sem er víðast fylgt í framkvæmd, enda má telja farsælla að dómari kynni aðilum ráðagerð sína um val á matsmanni fyrir fram fremur en að standa frammi fyrir ágreiningi um hæfi matsmannsins að lokinni dómkvaðningu.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 61. gr. eru í meginatriðum efnislega samhljóða 1. og að nokkru 2. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936. Vekja má þó athygli á því, að í 3. mgr. 61. gr. er dregið aðeins úr þeirri fortakslausu skyldu sem nú hvílir á mönnum til að verða við dómkvaðningu, en í framkvæmd að fáheyrt að á skyldur reyni í þessum efnum.

Í 5. mgr. 61. gr. kemur fram hvað dómari þurfi að greina í dómkvaðningu, sem verður bókuð í þingbók. Reglur ákvæðisins taka mið af framkvæmd í þessu sambandi, sem styðst við 4. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936.

Fyrirmæli 6. mgr. 61. gr. svara til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 85/1936.

Um 62. gr.

Í þessari grein er að finna reglur um upphaf starfa matsmanns og undirbúning hans að því að semja skriflega matsgerð um matsatriði. Þessar reglur taka mið af framkvæmd og eru um margt hliðstæðar ákvæðum 1. mgr. 140. gr. og 152. gr. laga nr. 85/1936. Ætla má að þær skýri sig sjálfar.

Um 63. gr.

Í 63. gr. er kveðið á um verklok matsmanns, en skv. 1. mgr. á hann að semja rökstudda matsgerð, þar sem hann greinir frá sjónarmiðum sem álit hans er reist á, og afhenda hana matsbeiðanda. Samkvæmt 2. mgr. á matsmaður rétt á hæfilegri þóknun fyrir störf sín og endurgreiðslu útlagðs kostnaðar, en tekið er fram að matsmaður geti leitað ákvörðunar dómara um tryggingu fyrir þóknun úr hendi matsbeiðanda. Ákvæði 1. mgr. 63. gr. eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, en eru í samræmi við ríkjandi venjur í framkvæmd. Ákvæði 2. mgr. 63. gr. svara hins vegar til 3. mgr. 141. gr. laga nr. 85/1936, en rétt er að taka fram að fyrirmæli í síðarnefnda ákvæðinu um úrskurðarvald dómara um þóknun matsmanns koma efnislega fram í 1. mgr. 66. gr. frumvarpsins.

Um 64. gr.

Í ákvæðum 64. gr. er mælt fyrir um yfirmat, sem aðili getur krafist til að fá endurmat á því sem var áður metið. Kemur fram að yfirmatsmenn þurfi að vera fleiri en matsmenn voru, en um önnur atriði er vísað til reglna frumvarpsins um framkvæmd undirmatsgerðarinnar. Að inntaki eru þessi ákvæði sama efnis og 142. gr. laga nr. 85/1936, en þess má þó geta að ekki er tekið fram berum orðum í nefndri reglu núgildandi laga að yfirmat eigi sér stað til endurmats á sömu atriðum og undirmatsgerð tók til. Þótt telja megi að hugtakið yfirmat feli í sér að það fari ekki fram nema í þessu skyni, þykir heppilegra að taka þetta beinlínis fram.

Um 65. gr.

Í 65. gr. er kveðið á um að matsmanni sé skylt eftir kröfu aðila að koma fyrir dóm til að gefa munnlega skýrslu til skýringar og staðfestingar á matsgerð og atriðum sem tengjast henni, en um skýrslugjöfina er vísað til reglna VIII. kafla frumvarpsins um vitnaskýrslur, að því leyti sem þær geta átt við. Þessi regla frumvarpsins er mun fyllri en ákvæði 2. og 3. málsl. 2. mgr. 140. gr. laga nr. 85/1936 að því leyti, að í henni er greint í hverju skyni matsmanni verði gert að koma fyrir dóm til annars en staðfestingar á matsgerð. Um þessi atriði í 65. gr. hefur verið tekið mið af venjubundnum viðhorfum í dómaframkvæmd.

Um 66. gr.

Ákvæði 66. gr. eru efnislega þau sömu og nú koma fram í 143. og 144. gr. laga nr. 85/1936, að því frátöldu að í þessari grein frumvarpsins er ekki vikið að heimildum til að kæra úrskurði héraðsdómara um matsgerðir til æðra dóms, eins og er gert að nokkru í niðurlagi 143. gr. núgildandi laga. Slíkum fyrirmælum væri ofaukið í 66. gr. í ljósi þess, að kæruheimildir samkvæmt frumvarpinu eru taldar sérstaklega upp í 143. gr. þess.

Um 67.–72. gr.

Í X. kafla frumvarpsins, sem 67.–72. gr. heyra til, eru reglur um skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Reglur kaflans eru í nær öllum atriðum efnislega eins og ákvæði laga nr. 85/1936 um sama efni að því frátöldu, að í frumvarpinu er að dregið mjög úr sérreglum um sönnunargildi skjala og könnun á falsleysi þeirra, sem er að finna í nokkrum mæli í 153.–159. gr. núgildandi laga. Er sú leið farin hér í ljósi þess, að lítið sem ekkert reynir á slíkar sérreglur í framkvæmd og eru þær að auki í andstöðu við meginreglur réttarfars um frjálst sönnunarmat dómara, sem er bæði byggt á í núgildandi lögum og ákvæðum frumvarpsins. Þess má einnig geta að tilhögunin í þessum efnum í frumvarpinu er í samræmi við þróun löggjafar annars staðar á Norðurlöndunum.

Með því að ákvæði þessa kafla líkjast svo mjög reglum laga nr. 85/1936 sem áður sagði, verður ekki séð að tilefni sé til að fjalla sérstaklega um efni hverrar greinar fyrir sig. Verður því látið við það sitja að tiltaka aðeins til hverra ákvæða núgildandi laga hver grein í þessum kafla

frumvarpsins svarar. Þannig svara fyrirmæli 67. gr. til 145.–147. gr. laga nr. 85/1936, 68. gr. geymir reglur sem nú koma fram í 2. málsl. 2. mgr. 145. gr. og 148. gr. laganna, 69. gr. er sama efnis og 149. gr. laganna, 70. gr. svarar til 152. gr. laganna, 71. gr. er samsvarandi 153. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 158. gr. laganna og loks geymir 72. gr. fyrirmæli sem nú koma fram í 154. gr., 156. gr., 157. gr. og upphafsorðum 159. gr. laga nr. 85/1936.

Um 73. gr.

Ákvæði 73.–76. gr. mynda til samans XI. kafla frumvarpsins og koma þar fram reglur um öflun sönnunargagna fyrir öðrum dómstól en þeim, þar sem mál er rekið. Sambærilegar reglur er ekki að finna í heildstæðri mynd í lögum nr. 85/1936, sem á m.a. rætur að rekja til þess, að þar er ekki mælt fyrir um meginreglu um milliliðalausa málsmeðferða eins og er gert í 1. mgr. 47. gr. frumvarpsins og var lýst í athugasemdum við það ákvæði. Með því að gera slíka málsmeðferð að aðalreglu verður um leið að kveða á um hvenær megi víkja frá henni af nauðsyn og hvernig verði þá staðið að verkum. Er þetta gert með 1. mgr. 47. gr. og XI. kafla frumvarpsins. Þessi ákvæði frumvarpsins eru að nokkru marki gerð eftir fyrirmyndum í danskri réttarfarslöggjöf og í frumvarpi til heildarlaga um meðferð einkamáli í héraði, sem var síðast lagt fram á Alþingi 1961 en fékkst ekki útrætt.

Í 73. gr. koma fram reglur um aðdragandann að gagnaöflun fyrir öðrum dómi en mál er rekið fyrir, en þær eiga jöfnum höndum við hvort sem afla á gagna fyrir öðrum dómi hér á landi eða fyrir dómi erlendis. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins á aðili, sem óskar eftir að gefa sjálfur skýrslu fyrir öðrum dómi, leiða þar vitni, fá matsmann dómkvaddan eða afla þar skjala eða annarra sýnilegra sönnunargagna, að gera skriflega beiðni um það til dómarans í málinu. Í 1. mgr. 73. gr. er einnig talið upp hvað þurfi að koma fram í beiðni um þetta. Að framkominni slíkri beiðni er ætlast til þess að dómari taki hana fyrir í þinghaldi í málinu, sbr. 2. mgr. 73. gr., en samkvæmt því ákvæði getur dómari sett þar að skilyrði fyrir frekari meðferð beiðninnar, að hlutaðeigandi aðili setji tryggingu fyrir kostnaði af því. Slíkur kostnaður gæti einkum stafað af fjölföldun gagna, þýðingu þeirra á erlend tungumál og fleiri viðlíka atriðum. Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. á dómari síðan að taka afstöðu til þess, hvort skilyrðum 1. mgr. 47. gr. sé fullnægt til að verða við beiðninni, og á að meginreglu að láta við það sitja að bóka ákvörðun í þeim efnum í þingbók, en úrskurður yrði þó kveðinn upp um málefnið ef krafist yrði, svo sem kemur fram í niðurlagsorðum 3. mgr. 73. gr.

Um 74. gr.

Í 74. gr. er mælt fyrir um hvernig málaleitan um gagnaöflun verður komið á framfæri við hlutaðeigandi dómstól og hvað verði sent þangað. Að nokkru er hér gerður greinarmunur á því, hvort málefninu sé beint til dómstóls hér á landi eða erlendis, en í báðum tilvikum undirbýr dómarinn í málinu gögn til þessara þarfa og gerir skriflegt erindi til viðkomandi dómstóls. Ef málefninu er beint til annars dómstóls hér á landi kemur fram í 1. mgr. 74. gr. að dómari taki til frumrit eða myndrit nauðsynlegra gagna og endurrita úr þingbók og sendi þau sjálfur með skriflegu erindi sínu og beiðni aðila til dómstólsins. Sambærileg aðferð verður viðhöfð ef málefni er beint til erlends dómstóls, en þó skilur á milli að skv. 2. mgr. 74. gr. verður dómari að láta þýða nauðsynleg skjöl á kostnað aðila og annaðhvort að senda sömu gögn og áður getur sjálfur eða fyrir milligöngu Stjórnarráðsins.

Um 75. gr.

Í þessari grein koma fram reglur um hvernig dómari standi að verkum við meðferð á erindi frá öðrum dómstól um gagnaöflun, þegar mál yrði sent milli dómstóla með þessum hætti hér á landi. Meginfyrirmælin í þeim efnum, sem koma fram í 1. mgr. 75. gr., eru einfaldlega á þann veg að almennum reglum frumvarpsins um þinghöld og sönnunarfærslu

fyrir dómi verði beitt, líkt og ef dómari sem gagnaöflun fer fram fyrir færi sjálfur með málið í heild sinni. Er m.a. tekið þar fram að dómarinn, sem í hlut á, taki ákvarðanir og kveði upp úrskurði eftir því sem þörf krefur um atriði, sem varða gagnaöflunina.

Í 2. mgr. 75. er fjallað sérstaklega um heimildir aðila til að leita eftir því, að frekari gagna verði aflað fyrir öðrum dómi en leitað var heimildar til í byrjun meðan á gagnaöflun stendur þar. Í ákvæðinu eru skilyrði fyrir þessu ekki tiltekin með nánari hætti en þeim, að aðili geti óskað eftir þessu ef sérstakt tilefni verður til þess meðan á gagnaöflun stendur fyrir öðrum dómi, en dómaranum, sem gagna er aflað fyrir, er ætlað að taka afstöðu til slíkrar óskar. Við mat á því hvort verða eigi við ósk um þetta yrði dómari að hafa í huga, að meginregla 1. mgr. 47. gr. býður milliliðalausa málsmeðferð og að heimildir XI. kafla eru undantekning frá henni, sem ber þar með að skýra þröngt. Dómari yrði enn fremur að taka tillit til þess, að hann hefur ekki sama ákvörðunarrétt um eða yfirsýn yfir rekstur málsins í heild sinni eins og sá dómari, sem fer með það að öðru leyti. Verður því að ætlast til þess að þessi leið verði ekki farin nema upp komi sérstakt tilefni í bókstaflegum skilningi, svo sem er áskilið í 2. mgr. 75. gr.

Í 3. og 4. mgr. 75. gr. eru sérreglur um afleiðingar útivistar af hálfu málsaðila þegar gagnaöflun fer fram fyrir öðrum dómi. Þar kemur nánar tiltekið fram að útivist af hendi þess, sem óskaði eftir gagnaöfluninni, leiði til þess að ósk um hana teljist fallin niður, nema gagnaðili mæti og krefjist að hún fari fram. Er tekið fram til áréttingar að útivist hafi að öðru leyti engar afleiðingar, að því þó undanteknu að tekið verði tillit til kostnaðar sem útivistin kann að hafa bakað gagnaðila við endanlega ákvörðun málskostnaðar. Þessi fyrirmæli fela þannig í sér að útivist frá þinghaldi til gagnaöflunar fyrir öðrum dómi leiði hvorki til niðurfellingar máls skv. b-lið 1. mgr. 105. gr., ef stefnandi sækir ekki þing, né til útivistarmeðferðar skv. 96. gr. ef stefndi sækir ekki þing.

Um 76. gr.

Í 76. gr. er að finna stuttorða reglu um það, að ákvæðum 75. gr. verði beitt við gagnaöflun fyrir héraðsdómi, sem fer fram í tengslum við rekstur máls fyrir Hæstarétti. Beinar reglur um þetta koma ekki fram í núgildandi lögum, en ákvæði 76. gr. svara til þess sem hefur tíðkast í framkvæmd.

Um 77. gr.

Í 77.–79. gr., sem heyra til XII. kafla frumvarpsins, eru reglur um öflun sönnunargagna fyrir dómi án þess að mál hafi verið höfðað. Teljandi reglur koma ekki fram um þetta í lögum nr. 85/1936, en dómari getur þó heimilað að slík sönnunarfærsla fari fram skv. 103. gr. A án þess þó að nein skilyrði komi þar fram um hvenær þetta verði gert. Þá er langvarandi venja fyrir því að leitað verði matsgerðar dómkvaddra manna samkvæmt ákvæðum laganna án tillits til þess hvort mál hafi verið höfðað, þar sem matsgerð yrði nýtt sem sönnunargagn. Með XII. kafla frumvarpsins er leitast við að draga reglur um þetta saman á einn stað og mæla um leið fyrir um skilyrði fyrir því, að slík gagnaöflun fari fram, og verklag í þeim efnum. Ákvæði kaflans eru að nokkru sniðin eftir fyrirmynd í frumvarpi til heildarlaga um meðferð einkamála í héraði, sem var síðast lagt fram á Alþingi 1961 en varð ekki útrætt.

Í 77. gr. koma fram skilyrði fyrir því, að gagna verði aflað án tengsla við rekstur einkamáls eftir reglum frumvarpsins. Í 1. mgr. er lýst skilyrðum fyrir beiðni um dómkvaðningu matsmanns undir þessum kringumstæðum, en þau eru tiltekin með þeim hætti að aðili, sem leitar dómkvaðningar, þurfi að hafa lögvarinna hagsmuna að gæta af henni og geri þetta í því skyni að staðreyna kröfu eða sanna atvik að baki henni með það fyrir augum, að komið geti til dómsmáls um hana. Í 2. mgr. er síðan að finna heimildir aðila til að leita eftir vitnaleiðslu fyrir dómi eða öflun skjals eða annars sýnilegs sönnunargagns til þess að sanna

atvik, þótt hann hafi ekki haft uppi kröfu vegna atviksins í dómsmáli. Þau skilyrði eru sett í ákvæðinu fyrir öflun slíkra gagna, að aðili hafi annars vegar lögvarða hagsmuni af því að leita sönnunar og hins vegar að einhverju af eftirtöldu sé fullnægt. Í fyrsta lagi að kostur fari forgörðum á að afla sönnunarinnar ef það er ekki gert strax. Í öðru lagi að gagnaöflunin verði verulega erfiðari ef dráttur verður á henni. Í þriðja lagi að sönnunarfærslan geti ráðið niðurstöðu um hvort aðilinn láti verða af málshöfðun vegna viðkomandi atvika. Í 3. mgr. 77. gr. er síðan að finna skilyrði, sem tekur í senn til gagnaöflunar samkvæmt fyrri málsgreinunum tveimur, þess efnis að ákvæðum XII. kafla verði ekki beitt til að afla sannana um refsiverða háttsemi sem ákæruvaldið á sókn sakar um. Byggist þessi síðastgreinda regla á því, að gagnaöflun um slíka háttsemi fari eftir sérreglum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um 78. gr.

Í 78. gr. eru reglur um aðdragandann að sönnunarfærslu fyrir málshöfðun. Í 1. mgr. kemur fram að aðili þurfi að gera skriflega beiðni um slíka aðgerð og beina henni til dómara í þinghá, þar sem mætti höfða mál um kröfu hans, vitni er statt, sýnilegt sönnunargagn er að finna eða hlutur er geymdur sem matsgerð varðar. Í 2. mgr. er síðan afmarkað nánar hvers efnis beiðni aðilans þurfi að vera, en sérstaklega er tekið fram í niðurlagi ákvæðisins að rökstyðja þurfi atriði sem varða skilyrði gagnaöflunar skv. 2. mgr. 77. gr., ef beiðni er byggð á þeim grunni.

Í 3. mgr. 78. gr. er lagt á dómara að meta af sjálfsdáðum hvort skilyrði séu til gagnaöflunar samkvæmt ákvæðum kaflans og ber honum þannig að synja um hana ef skilyrðum er ekki fullnægt, án tillits til þess hvort beiðni um gagnaöflun hafi sætt mótmælum. Tekið er fram í ákvæðinu að dómari kveði upp úrskurð ef beiðni verður hafnað, svo og ef ágreiningur er uppi um hana, en ella er gengið út frá því að dómari láti afstöðu sína til beiðninnar uppi í verki með því að hefja meðferð málefnisins eftir henni.

Telji dómari skilyrði fyrir gagnaöflun án málshöfðunar er ráðgert í 4. mgr. 78. gr. að hann kveðji aðilann, sem beiðni um hana stafar frá, fyrir dóm til þess að sönnunarfærslan fari fram. Mælt er fyrir um það í ákvæðinu að ef gagnaöflunin getur varðað aðra, þá eigi einnig að kveðja þá fyrir dóm ef málefnið þolir bið sem getur leitt af því. Í sambandi við þessi fyrirmæli verður að hafa í huga að ekki er víst að alltaf liggi fyrir við þessar aðstæður að hverjum kröfum kynni að verða beint vegna atviks, t.d. ef leitað er matsgerðar dómkvadds manns á tjóni af óvissum uppruna. Ef þetta er hins vegar kunnugt, sem má vænta að almennt sé, er ætlast til þess í 2. mgr. 78. gr. að aðili veiti upplýsingar um hlutaðeigendur í beiðni sinni.

Um 79. gr.

Ákvæði 79. gr. eru í flestum atriðum samhljóða 75. gr. frumvarpsins. Eiga þannig áðurgreindar athugasemdir við 75. gr. einnig við um 79. gr. ef tekið er tillit til þess, að í 75. gr. er fjallað um gagnaöflun fyrir öðrum dómara en þeim, sem hefur meðferð máls með höndum og hefur ákveðið að hún megi fara fram, meðan reglur 79. gr. varða gagnaöflun án undangenginnar málshöfðunar fyrir sama dómara og tók ákvörðun um heimild til hennar. Sjónarmið sem komu fram varðandi 75. gr. og tengjast meginreglunni um millilíðalausa málsmeðferð eiga þannig ekki við hér með sama hætti.

Um 80. gr.

Með þessari grein hefst þriðji þáttur frumvarpsins, sem geymir almennar reglur um meðferð einkamála í héraði, og um leið XIII. kafli þess, sem fjallar um stefnur og birtingu þeirra.

Eins og vikið var að í almennum athugasemdum við frumvarpið hér að framan gildir sú aðalregla skv. 88. gr. laga nr. 85/1936, að stefnandi máls geri stefnu með nánar tilteknu efni og

láti birta hana fyrir gagnaðila sínum til þess að höfða einkamál. Við þingfestingu máls er stefnan lögð fram ásamt sönnunargögnum stefnanda og skriflegri greinargerð hans, þar sem fjallað er nánar um tiltekin atriði máls, sbr. 105. gr. laganna. Frá þessu er þó vikið í áskorunarmálum skv. XX. kafla laganna á þann hátt, að stefnandi þarf ekki að leggja þar fram greinargerð nema stefndi taki til varna. Í framkvæmd hafa verið talsverð vandkvæði að móta verklag um það, hver atriði eigi nákvæmlega að koma fram í stefnu og hver í skriflegri greinargerð stefnanda, og hefur reyndin orðið sú að í flestum tilvikum er nánast um tvítekningu að ræða á vissum atriðum í þessum tvenns konar skjölum. Þess ber þó að geta að skv. 88. og 105. gr. laganna eiga tiltekin atriði eingöngu að koma fram í öðru hvoru skjalinu. Með ákvæðum frumvarpsins er lagt til að afnema skriflega greinargerð stefnanda, en þess í stað er ráðgert að stefna hans verði mun ítarlegri og bætt við hana öðrum þeim atriðum, sem eiga eingöngu að koma fram í greinargerð stefnanda eftir núgildandi reglum, en talningu framlagðra gagna við þingfestingu máls. Við þingfestingu máls er síðan ráðgert að stefnandi leggi fram stefnu sína, sönnunargögn, skrá yfir framlögð gögn og eftir atvikum skriflega aðilaskýrslu sína, sbr. 1. mgr. 95. gr. Helsta markmið þessarar breytingar er að einfalda skriflegan málatilbúnað stefnanda við höfðun máls. Einnig má benda á þau rök fyrir henni, að um sumt er óeðlilegt að stefnandi reifi mál og röksemdir sínar nánar í greinargerð en í stefnu, því stefna er birt fyrir stefnda við höfðun máls en ekki greinargerð stefnandans. Sú aðstaða gefur á vissan hátt þá ímynd að stefnandi komist hjá því að kynna stefnda allar röksemdir sínar fyrir þingfestingu máls. Hjá þessu yrði á hinn bóginn komist með því að stefna geymi til fullnaðar skriflegan málflutning stefnandans, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í 80. gr. koma fram fyrirmæli um efni stefnu og gerð hennar að öðru leyti og svara þau um margt til núgildandi reglna í 87. og 88. gr. laga nr. 85/1936. Í 1. mgr. 80. gr. er talið upp í ellefu stafliðum hvers efnis stefna eigi að vera og er rétt að víkja að einstökum atriðum í því sambandi til samanburðar við núgildandi reglur.

Í a og b-lið 1. mgr. 80. gr. segir að greina eigi í stefnu nöfn aðila, kennitölur þeirra og heimili eða dvalarstað, svo og nöfn fyrirsvarsmanna aðila, ef um þá er að ræða í málinu, stöðu þeirra og heimili eða dvalarstað. Þessar reglur eru samhljóða fyrirmælum a- og b-liðar 1. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936.

Í c-lið 1. mgr. 80. gr. kemur fram að það eigi að tiltaka í stefnu hver eða hverjir flytji málið af hálfu stefnanda. Þessa atriðis ber að geta í greinargerð stefnanda eftir 105. gr. laga nr. 85/1936, en ekki er skylt að taka þetta fram í stefnu, þótt það leiði almennt af sjálfu sér með því að málflytjandi stefnandans gefi út stefnuna fyrir hans hönd. Fyrirmæli c-liðar eiga rætur að rekja til afnáms reglna um sérstaka greinargerð af hálfu stefnanda, sem var fjallað um hér á undan.

Í d-lið 1. mgr. 80. gr. er kveðið á um að kröfugerð stefnanda þurfi að koma fram í stefnu með tilteknum hætti. Er hér ekki gert ráð fyrir efnislegri breytingu frá núgildandi reglu um þetta í c-lið 1. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936.

Í e-lið 1. mgr. 80. gr. er mælt fyrir um að stefnanda beri að lýsa málsástæðum sínum í stefnu ásamt öðrum atvikum máls, sem nauðsyn ber til svo samhengi málsástæðna verði ljóst. Kemur fram í ákvæðinu að þessi lýsing eigi að vera gagnorð og svo skýr, að ekki orki tvímælis hvert sakarefnið sé í málinu. Í þessu ákvæði er orðalagi lítillega breytt frá því, sem nú kemur fram um sömu atriði í d-lið 1. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Nánar tiltekið felst breyting í því, að í frumvarpinu er ekki kveðið á um að lýsing þessara atriða eigi að vera stuttorð, eins og er mælt fyrir um í núgildandi reglu. Stafar þetta af því, að í 105. gr. laga nr. 85/1936 er ráðgert að stefnandi lýsi þessum atriðum máls nánar í greinargerð sinni en hann gerir í stefnu, en með því að ákvæði frumvarpsins miði að afnámi greinargerðar stefnanda leiðir af sjálfu sér greina þurfi nánar frá málsástæðum og öðrum atvikum í stefnu en nú er gert.

Í f-lið 1. mgr. 80. gr. segir að stefnanda beri í stefnu sinni að vísa til helstu lagaákvæða og réttarreglna, sem hann byggir málatilbúnað sinn á. Þessi regla svarar efnislega til ákvæða e-liðar 1. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936.

Í g-lið 1. mgr. 80. gr. kemur fram að greina eigi í stefnu frá helstu gögnum, sem stefnandi hefur til sönnunar, og þeim gögnum sem hann telur sig enn þurfa að afla. Í f-lið 1. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936 er aðeins mælt fyrir um að telja eigi í stefnu helstu gögn stefnandans, sem svarar þannig til fyrri hluta þessa ákvæðis frumvarpsins, en skv. 105. gr. laganna á stefnandi að geta gagna, sem hann á eftir að afla, í greinargerð sinni. Þetta síðarnefnda atriði á þannig að færast í stefnu eftir reglum frumvarpsins og býr enn sú ástæða hér að baki, sem hefur verið vitnað til hér á undan.

Í h-lið 1. mgr. 80. gr. er gert ráð fyrir því að stefnandi telji þá menn upp í stefnu, sem hann hyggst leiða fyrir dóm til munnlegrar skýrslugjafar. Í núgildandi lögum er mælt fyrir um að þetta komi fram í greinargerð stefnanda, en ekki er ætlast til að þess sé getið í stefnu.

Í i-, j- og k-lið 1. mgr. 80. gr. er loks að finna fyrirmæli, sem svara til g-, h- og i-liðar 1. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936.

Í 2. mgr. 80. gr. kemur sú regla fram, að ef stefnandi hefur aðeins uppi kröfur í máli, sem má fullnægja með aðför, þá á hann við þingfestingu máls að afhenda dómara eitt aukaeintak af stefnu, útbúið með nánar tilteknum hætti, nema sátt sé þegar gerð í málinu, stefndi samþykki kröfur stefnandans eða stefndi leggur þegar fram greinargerð um varnir í málinu. Tilefnið fyrir þessu aukaeintaki skýrist nánar af reglum 113. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir því, að ef útivist verður af hálfu stefnda og stefnandi hefur aðeins uppi kröfur sem má fullnægja með aðför, þá geti dómari lokið máli með áritun á stefnu í stað þess að kveða upp dóm í því, enda telji hann þá fært að taka kröfur stefnanda til greina. Aukaeintak stefnunnar, sem um ræðir í 2. mgr. 80. gr., yrði þá varðveitt við dómstólinn með áritun dómara í stað dóms í málinu. Reglurnar hér eru að flestu leyti efnislega þær sömu og nú gilda um áskorunarmál, sbr. einkum 224. gr. laga nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 80. gr. er mælt fyrir um að stefnandi geti alltaf gefið stefnu út sjálfur, en jafnframt megi hann leita til dómara um að gefa hana út, enda hæfi þá orðalag stefnunnar þeirri leið. Í ákvæðinu er sagt til um viðbrögð dómara ef hann verður var við galla á stefnu, þegar leitað er til hans um útgáfu hennar. Þessar reglur eru sama efnis og ákvæði 87. gr. laga nr. 85/1936 að frátöldu því, að í frumvarpinu er ekki ráðgert að stefnandi geti leitað til dómara um að semja fyrir sig stefnu, eins og er heimilað í nefndu ákvæði núgildandi laga. Ástæður þess, að afnám þeirrar heimildar sé ráðgert í frumvarpinu, eru raktar hér á undan í almennum athugasemdum við frumvarpið. Um 3. mgr. 80. gr. má að öðru leyti vekja athygli á því, að meginreglan um að stefnandi geti alltaf sjálfur gefið út stefnu eða eftir atvikum málflytjandi hans á aðeins að gilda fullum fetum við almenna meðferð einkamála, en við meðferð mála skv. XVIII. og XIX. kafla frumvarpsins yrði ekki komist hjá því að dómari gefi út stefnu.

Um 81. gr.

Í 81.–90. gr. frumvarpsins koma fram reglur um hvernig stefna verði birt. Í þessari grein koma fram ákvæði um stefnuvotta, sem er meðal annarra ætlað að annast slíkar birtingar, og er hér gert ráð fyrir tveimur meginbreytingum varðandi stefnuvotta frá núgildandi reglum í VIII. kafla laga nr. 85/1936. Annars vegar kemur fram í 1. mgr. 83. gr. og að nokkru í orðalagi 1. mgr. 81. gr. að einn stefnuvottur eigi að annast birtingu stefnu hverju sinni, en samkvæmt núgildandi reglum verða þeir alltaf að vera tveir að verki. Lagt er til að þessu verði breytt af þeirri einföldu ástæðu, að ekki verður séð ástæða til að auka kostnað og fyrirhöfn af stefnubirtingu með því að tveir menn annist slíkt verk í sameiningu. Hins vegar leiða fyrirmæli 1. mgr. 81. gr. til þeirrar breytingar, að sýslumaður eigi að skipa stefnuvotta í stað þess að héraðsdómari geri það, eins og nú gildir skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 85/1936. Þykir eðlilegra að sýslumaður annist þessa skipun, því bæði er hér um stjórnvaldsskipun að ræða, sem væri gagnstætt anda laga nr. 92/1989 að leggja í hendur dómara, og óheppilegt getur verið að dómari beri þá óbeinu ábyrgð á störfum stefnuvotts, sem leiðir af skipun hans, ef brigður eru bornar á störf hans við rekstur máls.

Að öðru leyti skal þess getið að ákvæði 2.–4. mgr. 81. gr. svara í flestum atriðum efnislega til 2. mgr. 89. gr., 90. gr. og 91. gr. laga nr. 85/1936.

Um 82. gr.

Í 82. gr. eru reglur um þrjú atriði sem er ekki kveðið berum orðum á um í núgildandi lögum. Í 1. mgr. 82. gr. kemur efnislega fram að ef birta á stefnu fyrir fyrirsvarsmanni stefnda, þá eigi að leggja fyrirsvarsmanninn að jöfnu við stefnda sjálfan við beitingu reglna XIII. kafla frumvarpsins um stefnubirtingar og stefnufresti. Í meginatriðum má ætla að sama regla og hér um ræðir teljist gilda í dag. Í 2. mgr. 82. gr. er mælt fyrir um að ekki megi birta stefnu fyrir yngri manni en 15 ára, en sambærileg regla hefur verið talin gilda samkvæmt ályktun af 4. mgr. 96. gr. og 1. mgr. 124. gr. laga nr. 85/1936. Loks er tekið fram í 3. mgr. 82. gr. að ekki megi birta stefnu fyrir gagnaðila stefnda eða manni, sem gæti verið í fyrirsvari fyrir gagnaðila, ef ekki næst til stefnda sjálfs til birtingar. Fyrir samsvarandi reglu eru dómafordæmi í núverandi framkvæmd, þótt þetta sé ekki tekið fram í lögum nr. 85/1936.

Um 83. gr.

Í þessari grein koma fram meginákvæði frumvarpsins um þær aðferðir, sem verður beitt til að birta stefnu, og má í þeim efnum greina milli sex leiða. Verður nú vikið að hverri þeirra um sig.

Í fyrsta lagi kemur fram í a-lið 1. mgr. 83. gr. að einn stefnuvottur geti annast birtingu stefnu, en eins og getið var í athugasemdum við 81. gr. er hér um breytingu að ræða frá núgildandi reglum í 89. gr. laga nr. 85/1936, sem áskilja að tveir stefnuvottar birti í sameiningu.

Í öðru lagi er þess kosts getið í a-lið 1. mgr. 89. gr., að lögbókandi birti stefnu, en sama regla kemur nú fram í 1. mgr. 89. gr. laga nr. 85/1936. Hefur lítið reynt á þessa heimild í núverandi framkvæmd.

Í þriðja lagi koma þau nýmæli fram í b-lið 1. mgr. 89. gr., að stefnubirting geti farið fram á þann hátt, að samrit stefnu sé sent stefnda í ábyrgðarbréfi, sem er borið út til viðtakanda, og póstmaður vottar síðan að hann hafi afhent þetta bréf stefnda sjálfum eða einhverjum þeim, sem telst bær um að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd samkvæmt fyrirmælum 85. gr. Þessi leið er ekki heimiluð í núgildandi lögum, en hún á sér fyrirmyndir í erlendum rétti, m.a. í dönskum réttarfarslögum.

Í fjórða lagi er í 2. mgr. 83. gr. vikið að heimild til að birta stefnu með því að fá hana auglýsta í Lögbirtingablaði, en nánari reglur um hvenær þetta megi gera eru í 89. gr. og er þar um þröngar heimildir að ræða líkt og í 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936.

Í fimmta lagi koma fram þau nýmæli í a-lið 3. mgr. 83. gr. að koma megi stefnu á framfæri við stefnda, með jafngildum hætti og ef hún væri birt fyrir honum eftir framangreindum reglum, með því að afhenda honum samrit stefnu og fá um leið áritun hans á frumrit hennar um það. Þessi háttur er ekki heimilaður í núgildandi lögum, en nokkuð tíðkast í framkvæmd að stefndi eða málflytjandi hans taki við stefnu með þessum hætti og áriti. Þetta telst þó ekki lögmæt stefnubirting eftir reglum laga nr. 85/1936, heldur er gildi slíkrar athafnar með öllu háð því að sótt sé þing af hálfu stefnda við þingfestingu máls, sbr. 103. gr. laganna. Í a-lið 3. mgr. 83. gr. er hins vegar ekki áskilið að áritun stefnda samkvæmt ákvæðinu verði fylgt eftir með þingsókn af hans hálfu og telst áritunin því ein nægja til þess að stefnu hafi verið komið réttilega fram við hann. Þetta ákvæði á sér hliðstæður í erlendum rétti.

Í sjötta lagi er kveðið á um það í b-lið 3. mgr. 83. gr. að koma megi fram stefnu með gildum hætti með því að lögmaður riti á frumrit hennar að samrit hafi verið afhent sér og að stefndi hafi falið sér að sækja þing fyrir hann við þingfestingu málsins. Hér er í raun á ferðinni afbrigði frá þeirri leið sem er mælt fyrir um í a-lið sömu málsgreinar og var lýst hér á undan.

Auk þeirra kosta, sem nú hefur verið greint frá, er mælt fyrir um það í 4. mgr. 83. gr. að ekki þurfi að birta stefnu ef stefndi sækir þing við þingfestingu máls, en skv. 93. gr. kæmi þá þess í stað að stefnandi afhendi stefnda þar samrit stefnunnar. Sama leið og hér um ræðir er nú heimil eftir 103. gr. laga nr. 85/1936. Til viðbótar þessu er tekið fram í 4. mgr. 83. gr. að engu breyti þótt galli hafi verið á birtingu eða birt hafi verið með of skömmum fyrirvara, ef stefndi mætir við þingfestingu máls. Að þessu leyti svarar ákvæðið efnislega til reglna 97. og 101. gr. laga nr. 85/1936.

Um 84. gr.

Í 84.–87. gr. er að finna reglur, sem taka í einu lagi til þeirra tilvika, þar sem stefnuvottur, lögbókandi eða póstmaður annast stefnubirtingu, sbr. 1. mgr. 83. gr.

Í 1. mgr. 84. gr. er mælt fyrir um þann aðdraganda að því, að stefnuvottur, lögbókandi eða póstmaður birti stefnu, að stefnandi afhendi hlutaðeiganda frumrit hennar ásamt jafnmörgum afritum og nemur þeim fjölda manna, sem á að birta fyrir. Stefnandi á jafnframt að láta af hendi umslag með hverju afriti stefnu, merkt með nafni og heimilisfangi þess sem á að birta fyrir og auðkennt greinilega um það, að í því sé stefna í tilteknu máli og hvenær birting þurfi að eiga sér stað til þess að stefnufresti skv. 91. gr. verði náð. Þá ber stefnanda einnig að leggja til umslag merkt sjálfum sér undir frumrit stefnunnar. Þeim sem á að annast birtingu er síðan ætlað að ganga úr skugga um að frumrit og afrit séu sama efnis og að því gerðu að setja samrit í hvert umslag, sem hefur verið gert úr garði með áðurlýstum hætti fyrir stefndu, og loka því. Reglur þessa ákvæðis eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum og draga vissulega dám af því, að þau tengist nýmælum frumvarpsins um heimild til að birta stefnu með útbornu ábyrgðarbréfi. Hins vegar eiga þessar aðferðir allt eins við ef stefnuvottur eða lögbókandi á að annast birtingu, enda er óviðeigandi að afrit stefnu sé á engan hátt dulið þeim, sem er birt fyrir, ef um annan er að ræða en stefnda sjálfan.

Í 2. mgr. 84. gr. er mælt fyrir um heimild þess, sem annast stefnubirtingu, til að krefja stefnanda um fyrirframgreiðslu kostnaðar af birtingunni. Sambærileg regla kemur ekki fram í núgildandi lögum, en hennar yrði einkum þörf ef birta á stefnu með ábyrgðarbréfi.

Ákvæði 3. mgr. 84. gr. um hæfi til að birta stefnu eru efnislega samhljóða 93. gr. laga nr. 85/1936.

Um 85. gr.

Í 1. mgr. 85. gr. er að finna hliðstæða reglu og í 94. gr. laga nr. 85/1936 um það, á hverjum degi og tíma megi birta stefnu. Þó er lagt til í þessu ákvæði frumvarpsins að sá tími, sem megi almennt birta stefnu, verði lengdur frá því sem nú er mælt fyrir um. Samkvæmt 94. gr. laganna má gera þetta milli klukkan níu að morgni og níu að kvöldi, en skv. 1. mgr. 85. gr. frumvarpsins mætti það gerast milli klukkan átta að morgni og tíu að kvöldi. Má telja þessa breytingu æskilega í ljósi breyttra þjóðfélagshátta, enda oft örðugt að hitta einhvern fyrir á heimili meginhluta dags.

Í 2.–4. mgr. 85. gr. er kveðið á um það, hvar megi birta stefnu og fyrir hverjum, en þessum fyrirmælum er ætlað að koma í stað reglna 95. og 96. gr. laga nr. 85/1936 og fela í sér nokkra einföldun frá þeim. Aðalreglan í þessum efnum er í 2. mgr. 85. gr., þar sem kemur fram að almennt eigi að birta stefnu fyrir stefnda sjálfum á skráðu lögheimili hans, föstum búsetustað, dvalarstað eða vinnustað, en tekið er fram að birting sé alltaf gild þótt hún fari fram á öðrum stað ef birt er fyrir stefnda sjálfum. Þessi aðalregla er í meginatriðum efnislega sú sama og nú kemur fram í 1. mgr. 95. gr. og 1. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 85. gr. koma fram ákvæði um heimildir til að birta stefnu með öðrum hætti en mælt er fyrir um í 2. mgr. greinarinnar, en þessi ákvæði taka þá mið af því, að ekki sé unnt að hitta stefnda sjálfan fyrir til birtingar. Kostirnir í þessum efnum eru taldir í þremur stafliðum við málsgreinina. Í fyrsta lagi kemur fram í a-lið 3. mgr. 85. gr. að birta megi á skráðu lögheimili stefnda fyrir heimilismanni hans, einhverjum sem dvelst þar eða þeim sem hittist

þar fyrir, en þessir viðtakendur birtingar eru taldir í forgangsröð og verður því alltaf að taka þann kost, sem er fyrr nefndur, ef tveggja eða fleiri kosta er völ. Þessi fyrirmæli eru samsvarandi reglum, sem verða dregnar af 1. mgr. 95. gr. og 1. málsl. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í b-lið 3. mgr. 85. gr. að birta megi á öðrum stað en skráðu lögheimili stefnda, ef það er gert fyrir heimilismanni hans sem greinir frá því að stefndi eigi þar fasta búsetu eða dvalarstað. Sambærileg regla kemur ekki fram í ákvæðum laga nr. 85/1936, en ætla má að stefnubirting fari allt að einu oft á tíðum fram með þessum hætti. Í þriðja lagi er kveðið á um það í c-lið 3. mgr. 85. gr., að birta megi á vinnustað stefnda, en þá verður að birta fyrir vinnuveitanda hans, nánasta yfirmanni eða nánasta samverkamanni. Þessi fyrirmæli svara til reglna, sem verða dregnar af 1. mgr. 95. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936, en eru þó öllu nákvæmari.

Í 4. mgr. 85. gr. eru sérreglur um birtingu stefnu á hendur lögaðila, en samkvæmt þeim má alltaf birta stjórnarstöð hennar, þótt fyrirsvarsmaður hennar hafi þar ekki vinnustað. Verður þá að birta fyrir æðsta starfsmanni lögpersónunnar sem hittist fyrir á stjórnarstöðinni. Auk þessa kosts mætti alltaf framkvæma birtingu á hendur fyrirsvarsmanninum eftir almennum reglum 2. og 3. mgr. 85. gr., sbr. 1. mgr. 82. gr. Sambærilegar reglur má draga að vissu marki af ákvæðum 95. gr. laga nr. 85/1936.

Um 86. gr.

Í þessari grein koma fram reglur um framkvæmd stefnubirtingar, sem óveruleg fyrirmæli eru um í núgildandi lögum.

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. ber þeim, sem er birt fyrir, að greina frá nafni sínu og öðrum atriðum, sem lögmæti birtingar getur oltið á, en með síðastgreindu orðunum er einkum haft í huga að við birtingu þurfa upplýsingar að koma fram, sem varða fyrirmæli 2.–4. mgr. 85. gr. Sams konar ákvæði er ekki að finna í núgildandi lögum.

Í 2. mgr. 86. gr. kemur fram að það beri að afhenda þeim, sem er birt fyrir, afrit af stefnu og vekja athygli hans á því að stefnubirting sé að fara fram og að honum sé skylt að koma afritinu í réttar hendur, ef stefndi á ekki sjálfur hlut að máli. Í 3. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 er mælt fyrir um afhendingu afrits stefnu við birtingu hennar, en að öðru leyti koma ekki fram í lögunum sambærilegar reglur og hér um ræðir.

Í 3. mgr. 86. gr. er að finna þá reglu, að ef stefna er birt fyrir öðrum en stefnda sjálfum, þá er viðtakandanum skylt að leitast við að koma afriti hennar til skila. Er mælt fyrir um refsingu vegna vanrækslu í þeim efnum. Sambærileg regla er í 4. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936.

Í 4. mgr. 86. gr. koma fram nýmæli um hvernig verði brugðist við, ef í ljós kemur þegar reynt er að birta stefnu að staðurinn, þar sem sú tilraun fer fram, fullnægi ekki skilyrðum 85. gr. Er þá gert ráð fyrir því að sá, sem annast birtingu, leiti vitneskju um annan stað til að birta og fari eftir atvikum á þann stað til að ljúka verkinu. Ef hann brestur heimild til að birta á þeim stað, t.d. þegar stefnuvottur er að verki og staðurinn er utan umdæmis hans, eða ekki verður uppvíst um hvar megi birta, er ráðgert að stefna verði endursend stefnanda með frásögn af upplýsingum sem hafa komið fram í þessum efnum. Farið hefur verið að með líkum hætti og hér var lýst í framkvæmd, þótt settar reglur séu ekki fyrir hendi um það.

Um 87. gr.

Í 1. mgr. 87. gr. er mælt fyrir um efni vottorðs um stefnubirtingu, en þeim sem annast birtingu er ætlað að gefa það út og færa það annaðhvort á frumrit stefnunnar eða á laust blað, sem fylgir þá frumritinu, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Efnisatriðin sem er áskilið að komi fram í vottorðinu eru um margt sambærileg þeim, sem nú er mælt fyrir um í 1. mgr. 92. gr. laga nr. 85/1936, en telja verður að ákvæði 1. mgr. 87. gr. um þau skýri sig nægilega sjálf. Í 3. mgr. 87. gr. er að finna reglu um sönnunargildi birtingarvottorðs, sem er sama efnis og ákvæði 2. mgr. 92. gr. laga nr. 85/1936.

Um 88. gr.

Í þessari grein koma fram reglur, sem snúa að áritun stefnda eða lögmanns hans um móttöku á samriti stefnu skv. 3. mgr. 83. gr. Í 1. mgr. 88. gr. er kveðið á um atriði, sem varða sönnun á falsleysi undirskriftar og eftir atvikum á umboði lögmanns til að koma fram í málinu af hálfu stefnda. Í 2. mgr. 88. gr. er mælt fyrir um afleiðingar af því, að áritun sem þessi sé ekki tímasett eða dagsett. Að vonum eiga þessi ákvæði ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, enda er þar ekki gert ráð fyrir þessum kosti til að koma stefnu á bindandi hátt á framfæri, en telja verður að einstök atriði í 88. gr. skýri sig nægilega sjálf.

Um 89. gr.

Í 89. gr. er að finna heimildir til að birta stefnu með auglýsingu í Lögbirtingablaði, sem má segja að sé þrautalending að öðrum kostum reyndum, enda eru ströng skilyrði sett fyrir þessari leið. Samkvæmt 1. mgr. 89. gr. verður þessi leið farin ef ekki er hægt að fá upplýsingar um hvar verði birt eftir almennum reglum 85. gr., erlend yfirvöld veita ekki atbeina til birtingar í öðru ríki eða óþekktum manni er stefnt. Í 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 er mælt fyrir heimildir til að birta stefnu með sama hætti ef ekki er vitað hvar megi birta eða birta þarf fyrir óákveðnum manni, en þær heimildir svara til ákvæða a og c-liða 1. mgr. 89. gr. Regla b-liðar 1. mgr. 89. gr. er hins vegar tekin hér upp að erlendri fyrirmynd, þótt ætla verði að mjög lítið geti reynt á hana í framkvæmd.

Í 2. mgr. 89. gr. er mælt fyrir um að það beri beinlínis að tiltaka í texta stefnu af hverri ástæðu hún sé birt í Lögbirtingablaði, þegar þessi leið yrði farin. Sams konar fyrirmæli eru ekki í núgildandi lögum, en í framkvæmd kemur umrætt atriði almennt fram í stefnu með beinum eða óbeinum hætti við þessar aðstæður.

Um 90. gr.

Í 90. gr. koma fram reglur um hvernig verði farið að við birtingu stefnu ef stefndi á heimili erlendis og birtingin getur ekki átt sér stað hér á landi eftir öðrum ákvæðum XIII. kafla frumvarpsins. Ef þannig stendur á ber að leita eftir birtingunni í heimilislandi stefnda og fer hún þá fram eftir reglum þess ríkis um stefnubirtingar. Um þessi fyrirmæli 90. gr. má í fyrsta lagi vekja athygli á því, að þar er berum orðum gert ráð fyrir að stefnubirting geti farið fram hér á landi, þótt stefndi sé búsettur erlendis. Þetta gæti t.d. stafað af því, að stefndi ætti hér allt að einu lögheimili, þar sem mætti birta stefnu skv. a-lið 3. mgr. 85. gr., eða að stefnu sé beint að fyrirsvarsmanni, sem væri búsettur í öðru landi, fyrir hönd lögpersónu, sem hefði stjórnarstöð hér á landi, en þá mætti birta stefnuna á henni skv. 4. mgr. 85. gr. Undir þessum kringumstæðum gæti stefnandi valið hvort hann birti stefnu hér á landi eða á heimilisstað stefnda eða fyrirsvarsmanns samkvæmt fyrirmælum 90. gr. Í öðru lagi er vert að geta þess, að ákvæði 90. gr. afmarka á sinn hátt heimildir til að birta stefnu í Lögbirtingablaði skv. 89. gr., því samanburður á þessum tveimur greinum leiðir í ljós að skilyrðum 89. gr. væri ekki fullnægt með því einu, að stefndi ætti heimili í öðru ríki, jafnvel þótt ekki væri vitað hvar í því ríki heimilisfang hans væri. Ef þannig væri vitað að stefndi væri búsettur í tilteknu ríki en á óþekktum stað þar, leiðir af fyrirmælum 90. gr. að birta yrði stefnuna í því ríki eftir reglum þess um birtingu fyrir manni sem hefði óþekkt heimilisfang. Loks má nefna það í þriðja lagi, að ef stefnanda reyndist enginn kostur á að fá birtingu framkvæmda í heimaríki stefnda gæti hann gripið til þeirrar þrautalendingar, að fá stefnuna birta í Lögbirtingablaði á grundvelli heimildar í b-lið 1. mgr. 89. gr.

Þótt 90. gr. eigi sér ekki hliðstæðu í lögum nr. 85/1936, má heita að efni hennar sé í samræmi við ríkjandi viðhorf í fræðikenningum og framkvæmd.

Um 91. gr.

Í 91. gr. er mælt fyrir um stefnufrest eða með öðrum orðum þann fyrirvara sem þarf að birta stefnu með fyrir þingfestingu máls. Ákvæði 91. gr. eru í flestum meginatriðum samhljóða núgildandi reglum í 99. og 100. gr. laga nr. 85/1936, en að tvennu leyti er þó efnislegur munur þar á. Annars vegar má benda á að í 1. mgr. 91. gr. er talið upp við hverjar aðstæður stefnufrestur getur orðið skemmstur, eða þrír sólarhringar, en það er í fyrsta lagi ef stefndi á búsetu eða dvöl í sömu þinghá og mál verður þingfest, í öðru lagi ef mál verður þingfest á þingstað, sem er sameiginlegur fyrir þinghána þar sem stefndi býr og þinghána þar sem málið verður þingfest, og í þriðja lagi ef stefndi býr annaðhvort í lögsagnarumdæmi héraðsdóms Reykjavíkur eða héraðsdóms Reykjaness og málið verður þingfest í öðru hvoru umdæminu. Núgildandi regla í 1. mgr. 99. gr. laga nr. 85/1936 er sama efnis og þetta ákvæði frumvarpsins um tvö fyrstnefndu atriðin, en varðandi þriðja atriðið er um mun að ræða, því núgildandi regla leggur ekki að jöfnu í þessu tilliti allt landsvæðið, sem mun eiga undir héraðsdóma Reykjavíkur og Reykjaness skv. 2. gr. laga nr. 92/1989. Óhætt þykir að leggja þessa breytingu til í ljósi samgangna á þessu landsvæði. Hins vegar felur 4. mgr. 91. gr. frumvarpsins í sér nýmæli, þar sem lögð er til sérregla um stefnufrest í tilvikum þegar lögaðila er stefnt og hann og fyrirsvarsmaður hans eiga ekki heimilisvarnarþing í sömu þinghá. Undir þeim kringumstæðum er ráðgert að stefnufrestur megi ráðast af þeim kosti, sem gerir hann skemmri, þegar stefnufrestur yrði annars vegar miðaður við heimilisvarnarþing lögpersónunnar og hins vegar fyrirsvarsmannsins.

Um 92. gr.

Í þessari grein er að finna fyrirmæli um hvernig dómari komi tilkynningum eða kvaðningum á framfæri við aðila eða umboðsmenn þeirra. Í 1. mgr. er ráðgert að dómari hafi valfrelsi í þessum efnum, bæði um hvernig tilkynning verði send og með hverjum fyrirvara, með þeim takmörkunum að sannanlegt þurfi að vera að tilkynningu hafi verið komið fram og frestur þurfi að vera hæfilegur. Þá er tekið fram í 2. mgr. að ekki þurfi að tilkynna aðilum eða umboðsmönnum þeirra um þinghald, ef tími til þess hefur verið ákveðinn í fyrra þinghaldi þar sem hlutaðeigandi var staddur.

Ákvæði 92. gr. eru talsvert frábrugðin fyrirmælum 102. gr. laga nr. 85/1936, þar sem gert er ráð fyrir því að dómari komi fram tilkynningum sínum með símskeyti eða birtingu af hendi eins stefnuvotts.

Um 93. gr.

Ákvæði 93.–105. gr. mynda til samans XIV. kafla frumvarpsins, þar sem fjallað er um málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

Í 93. gr. er mælt fyrir um það, hvenær mál verður talið höfðað, en það gerist eftir því sem á við hverju sinni við birtingu stefnu, hvort sem hún fer fram fyrir atbeina stefnuvotts, lögbókanda eða póstmanns eða í Lögbirtingablaði, við áritun stefnda eða lögmanns hans á frumrit stefnu um að hann hafi fengið samrit hennar í hendur eða þegar stefndi mætir óstefndur fyrir dóm og stefnandi afhendir honum samrit stefnu jafnframt því að þingfesta mál. Í núgildandi reglu um þetta efni, 103. gr. laga nr. 85/1936, er með sama hætti miðað við að mál teljist höfðað við birtingu stefnu, en þar er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að áritun á stefnu hafi nein áhrif í þessum efnum, enda er þar ekki um að ræða lögmæta aðferð við birtingu stefnu samkvæmt núgildandi lögum, eins og minnst var á hér áður í umfjöllun um 83. gr. frumvarpsins. Þá er í umræddri 103. gr. kveðið á um að mál teljist einnig höfðað ef stefndi mætir fyrir dóm óstefndur og samþykkir kröfu stefnanda um þingfestingu máls á hendur sér. Ákvæði 93. gr. frumvarpsins eru frábrugðin þessu að því leyti, að þar er ekki áskilið að stefndi samþykki þingfestingu máls á hendur sér, enda verður ekki séð að sá áskilnaður þjóni neinum tilgangi í ljósi þess, að stefndi er þó staddur á þingstað við þessar aðstæður og getur fengið frest til að gera upp hug sinn um hvort hann haldi uppi vörnum í málinu, sbr. 1. mgr. 99. gr.

Um 94. gr.

Í 94. gr. er að finna reglur um hvernig mál verður þingfest, áhrif þingfestingar og afleiðingar af því að stefnandi sæki ekki það dómþing sem hann stefndi til í því skyni að þingfesta mál sitt. Ákvæði 1., 3. og 4. mgr. svara í öllum meginatriðum til reglna 104. gr. laga nr. 85/1936, en 2. mgr. 94. gr. á sér hliðstæðu í 1. málsl. 1. mgr. 118. gr. og 2. mgr. 180. gr. laganna. Verður því ekki séð að einstök atriði í 94. gr. þarfnist sérstakra skýringa.

Um 95. gr.

Í 1. mgr. 95. gr. er mælt fyrir um gögn sem stefnanda ber að leggja fram við þingfestingu máls. Þar er nánar tiltekið um að ræða stefnu, skjalfest sönnunargögn og skrá um þau gögn sem stefnandi leggur fram, en einnig er honum heimilt að leggja fram skriflega aðilaskýrslu um atvik máls. Sambærileg regla kemur nú fram í 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936, en að þrennu leyti er hún þó frábrugðin þessu ákvæði frumvarpsins. Í fyrsta lagi er ráðgert í nefndri 1. mgr. 105. gr. að stefnandi leggi fram skriflega greinargerð með tilteknu efni við þingfestingu máls, auk þeirra gagna sem er mælt fyrir um í 1. mgr. 95. gr. frumvarpsins. Eins og fjallað var um í athugasemdum við 80. gr. er byggt á því í frumvarpinu, að stefnandi leggi ekki fram skriflega greinargerð af sinni hendi, en um sjónarmiðin þar að baki skal vísað til þess sem áður er komið fram. Í öðru lagi er tekið fram í 1. mgr. 95. gr. að aðilaskýrsla stefnanda eigi að vera um atvik máls, sem er ekki tekið sérstaklega fram í núgildandi reglu. Með þessu er áréttað að slíkt gagn eigi aðeins að geyma fyllri upplýsingar um atburði að baki málinu en koma fram í stefnu, en ekki skriflega röksemdafærslu fyrir kröfum, eins og stundum vill nú gæta í framkvæmd. Loks má í þriðja lagi vekja athygli á því, að stefnanda er ætlað í 1. mgr. 95. gr. að leggja fram við þingfestingu sérstaka skrá um þau gögn, sem hann leggur þá fram. Ekki er mælt fyrir um slíka skrá í núgildandi reglu, en talning framlagðra gagna er meðal þeirra atriða sem ber að taka upp í greinargerð stefnanda.

Í 2. mgr. 95. gr. er mælt fyrir um heimild til að veita stefnanda frest við þingfestingu til að leggja fram önnur gögn en stefnu. Sams konar heimild er nú í 2. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936.

Um 96. gr.

Í 1.–3. mgr. 96. gr. er mælt fyrir um afleiðingar útivistar stefnda, hvort sem hún verður við þingfestingu máls eða í síðara þinghaldi, og m.a. greint hvernig farið verður með mál upp frá því og á hverjum grundvelli verði leyst úr því. Reglurnar í þessum efnum eru nánast í öllum atriðum þær sömu og nú koma fram í 1. og 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Í 4. mgr. 96. gr. er kveðið á um að stefndi geti ekki skotið máli, sem hefur verið dæmt sem útivistarmál á hendur honum í héraði, til æðra dóms. Frá þessu er þó gerð sú undantekning í ákvæðinu, að stefndi geti gagnáfrýjað slíku máli ef stefnandi í héraði áfrýjar fyrir sitt leyti. Í niðurlagi 4. mgr. 96. gr. er síðan vísað til þess, að stefndi njóti réttar til að æskja endurupptöku í héraði á máli, sem útivist hefur orðið í af hans hálfu, eftir reglum XXIII. kafla frumvarpsins. Þau atriði, sem koma að nokkru fram í þessu ákvæði, voru gerð að umtalsefni hér áður í almennum athugasemdum við frumvarpið, en hér er um að ræða þá grundvallarbreytingu frá reglum núgildandi laga, að stefndi muni almennt ekki njóta heimildar til að áfrýja máli, sem útivist hefur orðið í, heldur fái hann heimild til að leita endurupptöku máls í héraði. Skal vísað hér til þeirrar umfjöllunar um sjónarmiðin sem búa að baki þessum breytingum.

Um 97. gr.

Í 1. mgr. 97. gr. er greint frá því, hver atvik verði talin þess eðlis að forföll aðila frá þinghaldi vegna þeirra verði metin lögmæt. Þessar reglur eru efnislega þær sömu og nú koma fram í 7. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Í 2. mgr. 97. gr. kemur fram að lögmæt forföll umboðsmanns aðila teljist jafngilda lögmætum forföllum aðilans sjálfs. Þessi regla svarar til beitingar á ákvæðum 4. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 í framkvæmd.

Reglur 3. og 4. mgr. 97. gr. eru efnislega þær sömu og nú koma fram í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Um 98. gr.

Í 1. mgr. 98. gr. er kveðið á um afleiðingarnar af því, að stefndi sæki þing og samþykki kröfur stefnanda að öllu leyti án þess þó að sátt verði gerð í máli. Verður mál þá dómtekið og dómur lagður á það í samræmi við samþykki stefnda. Þessi regla svarar efnislega til ákvæða 107. gr. laga nr. 85/1936.

Í 2. mgr. 98. gr. er vísað til ákvæða XV. kafla frumvarpsins um sáttaumleitan, gerð sáttar og áhrif hennar. Tilgangur þessa tilvísunarákvæðis er eingöngu að tengja reglur XV. kafla við þá rás atburða, sem reglur XIV. kafla um málsmeðferð fylgja að meginhluta, en á sáttaumleitan og sáttagerð mundi almennt reyna á því stigi málsmeðferðar, sem er komið að í þessu ákvæði frumvarpsins miðað við framvindu máls.

Um 99. gr.

Í 1. mgr. 99. gr. kemur fram að ef stefndi mætir fyrir dóm við þingfestingu máls, eigi hann rétt á fresti til að taka afstöðu til krafna, sem stefnandi leitar dóms um á hendur honum, og kanna fram komin gögn. Þessi regla er samhljóða ákvæðum 1. málsl. 106. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt 2. mgr. 99. gr. á stefndi að leggja fram skriflega greinargerð um varnir sínar í máli við lok frests, sem honum er veittur við þingfestingu þess, ef hann hyggst á annað borð taka til varna. Í þessu ákvæði er síðan lýst hvers efnis greinargerð stefnda eigi að vera, en sú lýsing svarar til núgildandi reglna í 106., sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936. Tekið er svo fram í niðurlagi ákvæðisins að dómari geti veitt stefnda frekari frest en áður getur til að leggja fram greinargerð, ef hann telur réttmæta ástæðu til þess. Í meginatriðum eru reglur 2. mgr. 99. gr. í samræmi við þá framkvæmd, sem hefur tíðkast á grundvelli áðurnefnds ákvæðis núgildandi laga. Þó má benda á þann mun, að orðalag frumvarpsins er með þeim hætti að síður er ætlast til þess en nú viðgengst, að stefnda séu veittir framlengdir frestir til greinargerðar.

Í 3. mgr. 99. gr. er tekið fram að stefndi eigi sama rétt og stefnandi til að leggja fram sönnunargögn og skriflega aðilaskýrslu um atvik máls. Sama regla og hér um ræðir kemur nú fram í 2. málsl. 106. gr. laga nr. 85/1936.

Um 100. gr.

Í 100. gr. er að finna reglur varðandi frávísun máls, sem eru efnislega þær sömu og nú koma fram í 108. gr. laga nr. 85/1936. Verður því ekki séð að einstök atriði þessarar greinar þarfnist sérstakra skýringa.

Um 101. gr.

Í 1. mgr. 101. gr. er kveðið á um að mál verði að meginreglu munnlega flutt, ef stefndi heldur uppi vörnum í því og það sætir ekki frávísun samkvæmt fyrirmælum 100. gr. Sama regla og hér um ræðir gildir nú skv. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. frumvarpsins eru þó heimilar tvenns konar undantekningar frá þessari meginreglu. Annars vegar kemur fram að flytja megi mál skriflega ef dómari telur hættu á að það skýrist ekki nægilega með munnlegum flutningi. Þessi undantekningarheimild á sér hliðstæðu í a-lið 2. mgr. 109. gr. laga nr. 85/1936, en rétt er að geta þess að önnur heimild til þess sama, sem kemur fram í b-lið nefnds ákvæðis laganna, hefur ekki verið tekin upp í ákvæði frumvarpsins.

Þar er nánar tiltekið mælt fyrir um að dómari geti ákveðið skriflegan málflutning eftir ósk aðila, ef hann telur hana á rökum byggða. Telja verður sérstök fyrirmæli um þetta óþörf, þar sem þessi aðstaða fellur í raun einnig undir heimildina til að ákveða skriflegan flutning, sem kemur fram í 2. málsl. 1. mgr. 101. gr. frumvarpsins. Hins vegar er að finna undantekningu frá meginreglunni um munnlegan flutning máls í lokamálslið 1. mgr. 101. gr., þar sem kemur fram að dómari geti fallist á sameiginlegt álit aðila um að taka megi mál til dóms án málflutnings. Þessi regla á sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, en ætla má að hún geti orðið til hagræðis í minni málum, einkum ef ágreiningur er ekki uppi um sönnunaratriði.

Samkvæmt 2. mgr. 101. gr. getur dómari gefið aðilum kost á að leggja fram skriflega útreikninga að baki kröfum þeirra, ef mál varðar flókin fjármálaleg viðskipti og nægilegar upplýsingar um þau hafa ekki komið fram með öðrum hætti í máli. Þessi regla á sér hliðstæðu í 4. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 101. gr. eru ákvæði, sem eru samhljóða 1. og 2. málsl. 114. gr. laga nr. 85/1936, og er því ekki ástæða til rekja þau hér efnislega eða skýra einstök atriði þeirra.

Í 4. mgr. 101. gr. er mælt fyrir um skyldu dómara til að leiðbeina ólöglærðum málsaðila, sem flytur mál sitt sjálfur, um formhlið málsins eftir því sem dómara þykir tilefni til. Í almennum athugasemdum við frumvarpið var vikið sérstaklega að því, að í ákvæðum þess er dregið mjög úr skyldu dómara til að veita málsaðila leiðbeiningar frá því sem nú er mælt í lögum nr. 85/1936, m.a. í 4. málsl. 114. gr. laganna, og var einnig fjallað þar um röksemdirnar að baki þeirri breytingu. Má árétta hér að ákvæði 4. mgr. 101. gr. fela í sér þá meginbreytingu, að dómari leiðbeini ekki aðila um efnisatriði máls, en að öðru leyti má vísa til þess sem áður hefur komið fram um þetta.

Í 5. mgr. 101. gr. er að finna samhljóða ákvæði og koma fram í 3. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936. Verður því ekki séð að þau þarfnist sérstakra skýringa.

Um 102. gr.

Í 1. mgr. 102. gr. er með sama hætti og í 1. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936 ráðgert að dómari taki mál fyrir eftir að greinargerð stefnda er komin fram til þess að aðilum gefist kostur á að leggja fram frekari sýnileg sönnunargögn og til undirbúnings á aðalmeðferð máls. Í þessu ákvæði er hins vegar að finna nýmæli að tvennu leyti. Annars vegar er mælt fyrir um að í þessu þinghaldi eigi dómari að öðru jöfnu að leita svara aðilanna við því, í hverju skyni þeir vilji sjálfir gefa skýrslur í máli og leiða einstök vitni, þannig að huga megi að því hvort þessar skýrslugjafir séu nauðsynlegar. Reynslan í framkvæmd hefur sýnt að aðilar gera oft ráð fyrir óþarflega mörgum vitnum, jafnvel til að bera um óumdeild atriði. Með því að huga að þörfunum í þessum efnum fyrir aðalmeðferð má vænta að unnt sé að draga nokkuð úr því, að aðilar og vitni komi fyrir dóm að ástæðulausu, en dómari gæti eftir atvikum synjað um óþarfa sönnunarfærslu við þetta tækifæri, sbr. 3. mgr. 46. gr. og 1. mgr. 48. gr. Hins vegar er ráðgert að dómari leiti í þessu þinghaldi svara aðilanna við því, hve langan tíma þeir muni þurfa til munnlegs flutnings á málinu, og að hann ákveði í ljósi þess tímalengd aðalmeðferðar. Þessi regla á öðru fremur að þjóna þeim tilgangi að setja ramma um þann tíma, sem málflytjendur aðilanna koma til með að nota, og um leið að auðvelda dómara að skipuleggja störf sín og afnot af húsnæði dómstólsins til aðalmeðferðar mála. Ef málflytjandi færi að mun fram úr þeim tíma, sem honum hefur verið ætlaður með þessum hætti, og frambærilegar ástæður þykja ekki fyrir því, gæti dómari brugðist við með því að takmarka málfrelsi hans við málflutninginn, sbr. lokamálslið 3. mgr. 103. gr.

Í 2. mgr. 102. gr. er mælt fyrir um frekari frestun máls til annars en aðalmeðferðar eftir það þinghald, sem um ræðir í 1. mgr. greinarinnar. Reglur þessa ákvæðis eru sama efnis og 2. og 3. málsl. 1. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 102. gr. er mælt fyrir um heimild dómara til að ákveða að fresta máli af sjálfsdáðum, ef opinber rannsókn, rekstur opinbers máls, rekstur annars einkamáls eða stjórnvaldsmeðferð máls stendur yfir og atriði sem kunna að verða leidd þar í ljós eða slegið föstu hafa verulega þýðingu fyrir málið. Sams konar heimild kemur nú fram í 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt 4. mgr. 102. gr. má víkja frá þeirri aðalreglu, sem kemur fram í 1. mgr. 103. gr. og felur í sér að allar munnlegar skýrslur í máli verði teknar við aðalmeðferð þess, þannig að einstakar skýrslur verði teknar á fyrri stigum. Þessi undantekningarheimild er að mestu sama efnis og ákvæði 6. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Í 5. mgr. 102. gr. kemur fram að almennt eigi ekki að ákveða tíma til aðalmeðferðar máls fyrr en aðilar hafa lokið öflun sýnilegra sönnunargagna, en eftir að sú ákvörðun hefur verið tekin verði frekari gögn að jafnaði ekki lögð fram. Frá þessu eru þó heimilaðar undantekningar í ákvæðinu. Sams konar reglur koma nú fram í 2. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Um 103. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 103. gr. er mælt fyrir um að dómari ákveði tíma til aðalmeðferðar máls með hæfilegum fyrirvara eftir að öflun sýnilegra sönnunargagna er lokið, en við aðalmeðferð eigi að jafnaði að taka munnlegar skýrslur og flytja mál munnlega í einni lotu. Þessi regla er samhljóða ákvæðum 1. málsl. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 85/1936. Í síðari málslið 1. mgr. 103. gr. er hins vegar að finna nýmæli, þar sem dómara er heimilað að beina til aðila að þeir leggi fram við aðalmeðferð skriflega kröfugerð og talningu málsástæðna sinna. Þessi heimild gæti einkum átt við ef ný atriði hafa verið leidd í ljós í máli eftir að aðilar gerðu skrifleg sóknar- og varnargögn sín og þau gefa tilefni til breyttra krafna eða nýrra málsástæðna af þeirra hálfu. Árétta verður sérstaklega að ákvæðið heimilar aðeins að lögð verði fram kröfugerð og talning málsástæðna og er því alls ekki verið að mæla hér fyrir um rétt til að leggja fram skrifleg málflutningsskjöl.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 103. gr. um upphaf aðalmeðferðar, skýrslutökur og munnlegan flutning máls eru sama efnis og 1. og 2. mgr. 112. gr. laga nr. 85/1936.

Í 4. mgr. 103. gr. kemur fram hvernig staðið verði að skriflegum flutningi máls. Orðalagi í þessu ákvæði er aðeins breytt frá núgildandi reglu í 3. mgr. 112. gr. laga nr. 85/1936, en efnislega er ekki um neinar breytingar að ræða.

Ákvæði 5. mgr. 103. gr. um dómtöku máls að loknum málflutningi eru samhljóða 4. mgr. 112. gr. laga nr. 85/1936.

Um 104. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um endurupptöku máls eftir að málflutningi er lokið en áður en dómur gengur í því til þess að afla nánari yfirlýsinga eða upplýsinga aðila eða til frekari gagnaöflunar. Ákvæði 104. gr. eru efnislega þau sömu og nú koma fram í 1. mgr. 120. gr. laga nr. 85/1936.

Um 105. gr.

Í 105. gr. koma fram reglur um niðurfellingu máls, sem svara að flestu leyti til ákvæða 119. gr. laga nr. 85/1936. Þegar má þó vekja athygli á því, að í 105. gr. felst tillaga um breytta hugtakanotkun frá núgildandi reglum, því í frumvarpinu er rætt um að mál verði fellt niður, en í núgildandi lögum er sú aðgerð nefnd að hefja mál. Þetta hugtak núgildandi laga, sem barst þangað úr dönsku lagamáli, hefur löngum reynst villandi, enda nærtækt að ályktа af almennri merkingu orðsins að það tengist frekar byrjun máls en endalokum þess.

Í 1. mgr. 105. gr. eru talin upp atriði sem geta leitt til þess að mál verði fellt niður. Þetta eru að flestu leyti sömu atriði og nú koma fram í 2. mgr. 39. gr. og 119. gr. laga nr. 85/1936, en þó er ráðgert að fella niður óþörf fyrirmæli í 3. tölul. 1. mgr. og 2. tölul. 2. mgr. 119. gr. laganna. Má telja að 1. mgr. 105. gr. skýri sig sjálf að öðru leyti.

Í 2. mgr. 105. gr. kemur fram að ef mál er fellt niður af annarri ástæðu en þeirri, að stefndi efni skyldur sínar við eða eftir þingfestingu máls, þá geti hann krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda. Er þá ætlast til þess að dómari kveði upp úrskurð um þá kröfu og um leið um niðurfellingu málsins. Gangi úrskurður af þessum toga við þær aðstæður, að mál sé fellt niður vegna útivistar stefnanda, og stefnandi sýnir síðan fram á að hann hafi haft lögmæt forföll skv. 97. gr. frá þinghaldi, er ráðgert að dómari felli úrskurð sinn úr gildi, en meðferð málsins yrði þá tekin upp á ný skv. 4. mgr. 97. gr. Í núgildandi lögum er ekki að finna sambærileg ákvæði í öllum atriðum.

Í 3. mgr. 105. gr. kemur fram að við aðrar aðstæður en þær, sem er mælt fyrir um í 2. mgr. greinarinnar, verði mál fellt niður með bókun í þingbók nema ágreiningur standi um hvort það verði gert, sem verður þá leyst úr með úrskurði. Fyrirmæli hefur vantað um þetta í núgildandi lögum og hafa verið uppi skiptar skoðanir um hvernig eigi að standa að verki í þessum efnum og verið nokkurt misræmi í framkvæmd.

Um 106. gr.

Í XVI. kafla frumvarpsins, sem hefst með þessari grein, er að finna reglur þess um sáttir. Eftir ákvæðum þessa kafla er um tvenns konar sáttir að ræða í einkamálum, annars vegar dómsáttir eða réttarsáttir, eins og þær eru oft nefndar, og hins vegar sáttir gerðar fyrir sýslumanni, sbr. 107. gr.

Í 1. mgr. 106. gr. kemur fram almenn regla um skyldu dómara til að leita sátta, en hún er samhljóða 1. mgr. 1. gr. laga nr. 85/1936 og þarfnast því ekki sérstakra skýringa.

Í 2. mgr. 106. gr. er mælt fyrir um það, á hverju stigi máls dómari leiti sátta, en með sama hætti og í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 85/1936 er ráðgert að þetta verði gert að framkominni greinargerð stefnda. Í þessu ákvæði frumvarpsins er tekið fram að leita megi sátta fyrr, að því megi slá á frest og að endurtaka megi sáttaumleitanir eftir mati dómara. Þessu til viðbótar er sérstaklega tekið fram að dómari geti leitað sátta eftir að málflutningi er lokið, en ekki er mælt beinlínis fyrir um slíka heimild í núgildandi lögum. Með þessu er ráðgert að dómari geti lagt sáttatillögu fyrir aðilana þegar að loknum málflutningi, en slík tillaga yrði þá væntanlega í samræmi við álit dómarans á því, hver úrslit máls verði ef dómur gengur í því. Þessi aðferð mun vera notuð nokkuð í framkvæmd í Danmörku og hefur þótt gefa góða raun.

Í 3. mgr. 106. gr. er tekið fram að það valdi ekki ómerkingu héraðsdóms fyrir æðra dómi þótt dómari hafi ekki leitað sátta í máli. Efnislega samhljóða regla kemur nú fram í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 85/1936.

Um 107. gr.

Eins og vikið var að í almennum athugasemdum við frumvarpið geymir þessi grein þess nýmæli um heimild til að vísa sáttaumleitunum í einkamáli til sýslumanns. Er ráðgert að þetta megi hvort heldur undir rekstri máls eða áður en það er höfðað. Að öðru jöfnu yrði þetta ekki gert undir rekstri máls nema með sammæli aðilanna og aldrei án slíks sammælis fyrir höfðun þess, eins og ráða má af orðum 1. mgr. 107. gr. Þótt það sé ekki tekið beinlínis fram í 107. gr. verður að ganga út frá því, að sýslumaður geti ekki færst undan því að leita sátta, ef leitað er til hans um það. Tilgangur þessarar heimildar er fyrst og fremst sá, að aðilar geti átt kost á að beina máli sínu til óháðs embættismanns, sem gæti tjáð sig opinskátt við þá um álit sitt á ágreiningsefni þeirra, en slíkt gæti dómari ekki gert nema að tefla hæfi sitt til að fara með mál í tvísýnu. Óvíst er í hverjum mæli þessi heimild yrði nýtt í framkvæmd, en hún getur átt vel við um viss afbrigði mála, t.d. í landamerkjamálum.

Í 1. mgr. 107. gr. er mælt fyrir um heimildir til að leita sáttameðferðar fyrir sýslumanni, en skv. 2. mgr. 107. gr. á sá, sem beinir málefninu til hans, að láta honum í té málsgögn í þeim mæli sem þarf til þess að honum sé fært að kynna sér málið. Mundi dómari senda sýslumanni

gögn með þessum hætti, ef ákveðið hefur verið að beina málefninu til hans í þinghaldi, en að öðrum kosti kæmi almennt í hlut aðilanna sjálfra að annast þetta. Er ráðgert að sýslumaður boði síðan aðilana eða umboðsmenn þeirra á sinn fund og reyni þar að koma á sátt. Ekkert yrði því til fyrirstöðu að fundað yrði oftar en einu sinni til þessara þarfa, en þess þarf þó að gæta að sáttatilraunir sem þessar mega ekki leiða til ástæðulausra tafa á rekstri máls fyrir dómi.

Í 3. mgr. 107. gr. er mælt fyrir um lok sáttaumleitana sýslumanns vegna fjarveru aðila frá sáttafundi eða árangursleysi tilrauna hans til að ná sáttum. Þótt þess sé ekki getið í ákvæðinu væri sýslumanni að öðru jöfnu rétt að tilkynna dómara um slík lok tilrauna sinna, hafi honum borist málið í hendur frá dómara.

Í 4. og 5. mgr. 107. gr. er kveðið á um heimild til að gera svokallaða hlutasátt fyrir sýslumanni, hvernig sáttir verði bókaðar, hvort sem þær varða málið í heild eða að hluta, og hver áhrif sátt fyrir sýslumanni hefur. Í meginatriðum eru sáttir fyrir sýslumanni lagðar að jöfnu við dómsáttir, sbr. einnig 4. mgr. 110. gr.

Um 108. gr.

Ákvæði 108. gr. um heimildir til að gera dómsátt eru efnislega samhljóða ákvæðum 2. gr. laga nr. 85/1936 og þarfnast því ekki sérstakra skýringa.

Um 109. gr.

Í 109. gr. er mælt fyrir um bókanir í þingbók um dómsátt og eftir atvikum framlagningu skriflegrar dómsáttar fyrir dómi, svo og að máli ljúki vegna sáttar að því marki sem hún tekst. Fyrirmæli greinarinnar eru í samræmi við ríkjandi framkvæmd á grundvelli 3. gr. laga nr. 85/1936.

Um 110. gr.

Í 1. og 2. mgr. þessarar greinar er kveðið á um heimildir aðila til að leita eftir því að dómsátt verði hnekkt, en í 3. mgr. kemur fram að ef reynt er að hnekkja dómsátt verði mat ekki lagt öðru sinni fyrir héraðsdómi á það, sem dómarinn sem sáttin var gerð fyrir tók afstöðu til. Þessar reglur svara efnislega til ákvæða 1.–3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936.

Í 4. mgr. 110. gr. er tekið fram að heimildir 1. og 2. mgr. til að fá sátt hrundið gildi einnig um sáttir, sem komast á fyrir sýslumanni skv. 107. gr. Í slíku tilviki er hins vegar ekki fyrir hendi nein hindrun við því, að héraðsdómur meti atriði sem sýslumaður hefur tekið afstöðu til við sáttaumleitanir sínar, enda mundi sýslumaður sinna þessu verki sem stjórnvald. Undir þessum kringumstæðum eiga því ekki við hliðstæð sjónarmið við þau, sem búa að baki 3. mgr. 110. gr.

Um 111. gr.

Í 111.–116. gr., sem heyra til XVI. kafla frumvarpsins, koma fram reglur um úrlausnir héraðsdóms í einkamálum. Í þessu upphafsákvæði kaflans koma fram meginreglur, sem varða forræði aðila á því hvers efnis dómsúrlausn geti orðið. Efnislega svara reglur 111. gr. til fyrirmæla 113. gr. laga nr. 85/1936 og verður því ekki séð að einstök atriði þarfnist hér sérstakra skýringa.

Um 112. gr.

Í þessari grein koma fram reglur um það, í hverju formi dómari taki afstöðu til atriða sem varða rekstur máls fram að dómtöku þess. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 112. gr. verður þetta ýmist gert með ákvörðun, sem verður eftir atvikum bókuð í þingbók, eða með úrskurði. Hér er um sömu aðferðir að ræða og verður beitt eftir núgildandi lögum, en lítt er þó fjallað þar yfirleitt um ákvarðanir dómara og eru óljós skil milli þeirra tilvika, þar sem ákvörðun nægir til að leiða atriði til lykta, og þeirra, þar sem úrskurðar er þörf. Í 112. gr. er leitast við að ráða bót á þessu,

einkum með því að leggja línur um hvor þessara tveggja leiða verði farin hverju sinni. Skilin milli atriða, sem verða útkljáð annars vegar með ákvörðun og hins vegar með úrskurði, koma þannig fram að í 1. mgr. 112. gr. er mælt fyrir um hvenær ákvörðun verði beitt, en skv. 2. mgr. verður úrskurður að ganga í öðrum tilvikum.

Samkvæmt 1. mgr. 112. gr. á dómari að ráða til lykta atriðum um rekstur máls með ákvörðun, ef ágreiningur er ekki uppi um þau, hvort heldur milli aðila innbyrðis eða dómara annars vegar og aðila hins vegar. Eftir upphafsorðum málsgreinarinnar er þessi meginregla þó háð þeim fyrirvara, að hún víki fyrir beinum fyrirmælum í öðrum ákvæðum frumvarpsins, en með þessu er átt við ákvæði þar sem beinlínis segir að dómari taki afstöðu til atriðis með úrskurði. Þýðingarmikill viðauki er síðan gerður við þessa meginreglu í 2. málsl. 1. mgr. 112. gr., þar sem kemur fram að dómari geti einnig ráðið atriðum til lykta með ákvörðun, þótt ágreiningur standi um þau, ef ágreiningsatriðið getur ekki sætt kæru til Hæstaréttar. Í 143. gr. má finna talningu á þeim atriðum, sem er ætlast til að megi kæra, og verður því beitt gagnályktun frá þeim ákvæðum til að komast að niðurstöðu um það, hvenær dómari getur ráðið ágreiningi til lykta með einfaldri ákvörðun sinni. Telja má að áhrifa af þessari heimild í 1. mgr. 112. gr. geti ekki síst gætt við meðferð ágreiningsatriða, sem rísa undir aðalmeðferð máls, en þröngar heimildir eru til að skjóta þeim til Hæstaréttar skv. 2. mgr. 143. gr. Að öðru leyti má vekja athygli á því, að í 1. mgr. 112. gr. er ráðgert að dómari bóki eftir atvikum ákvörðun sína í þingbók, en einkum væri ástæða til slíkrar bókunar ef ágreiningi er ráðið til lykta með þessum hætti. Í öðrum tilvikum verður að ráðast af eðli máls og aðstæðum hvort rétt sé að bóka sérstaklega um ákvarðanir dómara eða nægjanlegt sé að framfylgja ákvörðun í verki án bókunar.

Eins og var getið hér á undan kemur fram í 2. mgr. 112. gr. að úrskurður verði að ganga um atriði, sem varða rekstur máls, í öðrum tilvikum en þeim, þar sem ákvörðun skv. 1. mgr. greinarinnar telst nægjanleg til lykta. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að úrskurð eigi að öðru jöfnu að kveða upp þegar í stað í þinghaldi, en ella svo fljótt sem kostur er. Ætla má að yfirleitt yrði unnt að kveða upp styttri úrskurði skv. 3. mgr. 112. gr. þegar í þinghaldi, eftir atvikum með því að gera þar stutt hlé.

Í 3. og 4. mgr. 112. gr. er mælt fyrir um hvers efnis úrskurðir eigi að vera, en þessi ákvæði gera greinarmun á því, hvort úrskurður feli í sér lokaniðurstöðu máls eða ekki. Ef svo er ekki gilda ákvæði 3. mgr. um hvað þurfi að koma fram í úrskurði, en þar er því lýst á þann hátt að aðeins eigi að koma fram röksemdir fyrir niðurstöðu, sem verður svo dregin saman í úrskurðarorði. Á því ekki að þurfa að tiltaka hverjir séu aðilar að máli, um hvað málið snúist eða hverjar röksemdir aðilar færa fyrir kröfum sínum yfirleitt eða varðandi úrskurðarefnið, nema þess gerist beinlínis þörf vegna rökstuðnings dómara fyrir niðurstöðu. Dómara væri þó alltaf frjálst að gera úrskurð efnismeiri, en telja má að það leiði af ráðagerðum í 2. málsl. 2. mgr. 112. gr., um að úrskurðir verði að jafnaði kveðnir upp þegar í sama þinghaldi og tilefni til þeirra koma upp, að þess verði almennt ekki raunhæfur kostur. Í 4. mgr. 112. gr. koma á hinn bóginn fram reglur um mun efnismeiri úrskurði, ef þar er kveðið á um lokaniðurstöðu máls. Slík lokaniðurstaða gæti komið fram í úrskurði um frávísun máls eða niðurfellingu þess, en jafnframt mundi þetta ákvæði ráða efni úrskurða um fullnustugerðir og búskipti, sem málsmeðferðarreglur í viðeigandi sérlögum segja að fari eftir almennum reglum um meðferð einkamála. Aðalregla 4. mgr. 112. gr. er á þann veg, að í þessum tilvikum eigi úrskurður að geyma forsendur með sama hætti og dómur, sbr. 114. gr., en frá því eru þó gerðar tvær undantekningar. Ef úrskurður er annars vegar um niðurfellingu máls og hins vegar um frávísun máls án kröfu er nægilegt samkvæmt ákvæðinu að fram komi hverjir séu aðilar að máli, hvenær það hafi verið þingfest, hverjar kröfur aðilar geri og rökstuðningur fyrir niðurstöðu dómara. Í þessum tilvikum gæti dómari þannig látið hjá líða að greina frá atriðum eins og málavöxtum og rökstuðningi aðila fyrir kröfum sínum. Reglur 3. og 4. mgr. 112. gr.

eru nokkuð frábrugðnar núgildandi reglum í 190. gr. laga nr. 85/1936, þar sem almenna leiðin er sú, að úrskurðir séu án forsendna eða rökstuðnings dómara, en í undantekningartilvikum ber þó greina frá atriðum í úrskurði með sama hætti og í dómi.

Í 5. mgr. 112. gr. er mælt fyrir um heimild dómara til að breyta ákvörðunum, sem hann hefur áður tekið um atriði við rekstur máls, og afstöðu sem hann hefur látið uppi til atriðis með úrskurði, sem felur ekki í sér lokaniðurstöðu máls. Dómari getur þannig alltaf breytt fyrri ákvörðun eða úrskurði, meðan lokaniðurstaða hefur ekki komið þar fram, en frá þessu síðastgreinda er þó einnig sú undantekning, að dómari geti fellt niður úrskurð um niðurfellingu máls, sem hefur gengið vegna útivistar stefnanda, ef síðar kemur á daginn að hann hafi haft lögmæt forföll, sbr. 2. mgr. 105. gr. Ákvæði 5. mgr. 112. gr. eru í samræmi við hefðbundnar skoðanir í fræðikenningum, en eiga sér ekki fyllilega hliðstæðu í núgildandi lögum, þótt þar megi finna reglur í sömu átt varðandi afmörkuð atriði, sbr. 4. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936.

Um 113. gr.

Í 113. gr. er að finna reglur frumvarpsins um hvernig málum verði lokið fyrir dómi þegar útivist hefur orðið af hálfu stefnda. Í núgildandi lögum er um tvennt að ræða í þessum efnum. Almenna reglan í 118. gr. laga nr. 85/1936 er sú, að dómur gangi í útivistarmáli, og er engin undantekning gerð í þá veru að minna þurfi að taka fram í slíkum dómi en endranær skv. 1. mgr. 193. gr. laganna, þótt það leiði af sjálfu sér að dómur verði almennt til mikilla muna styttri ef engum vörnum hefur verið haldið uppi í máli. Sérstök heimild er hins vegar til einfaldari málaloka í XX. kafla laganna, ef um svonefnt áskorunarmál er að ræða. Samkvæmt 222. gr. laganna má höfða tiltekin mál um peningakröfur sem áskorunarmál, en ef það er gert og stefndi heldur ekki uppi vörnum getur dómari lokið máli með því að færa áritun á stefnuna um að kröfur samkvæmt henni séu aðfararhæfar, ef unnt er að fallast á þær, sbr. 231. gr. laganna. Í framkvæmd mun útivist verða af hendi stefnda í meira en níu af hverjum tíu málum og er því auðsætt að miklu skipti að hægt sé að koma sem mestu hagræði við í meðferð útivistarmála. Við núverandi aðstæður hafa ákvæði um meðferð áskorunarmála í XX. kafla laga nr. 85/1936 reynst vel og verulegt hagræði verið af því að ekki þurfi að kveða upp dóma í þeim, en talsvert hefur staðið fyrir þrifum að heimildir til þessarar meðferðar hafa verið of þröngar. Sú leið er því farin í 113. gr. frumvarpsins að mæla fyrir um þá almennu reglu, að útivistarmál sæti sambærilegri meðferð og nú gildir um áskorunarmál, þannig að dómari geti almennt lokið útivistarmálum með áritun á stefnu.

Þrenn meginskilyrði koma fram í 1. mgr. 113. gr. fyrir því, að máli verði lokið með áritun dómara á stefnu í stað þess að dómur gangi í því. Í fyrsta lagi þarf að hafa orðið útivist af hálfu stefnda án þess að greinargerð hafi komið fram í máli af hans hálfu. Til þess að fullnægja þessu þarf þannig að vera um það að ræða, að stefndi hafi annaðhvort ekki sótt þing við þingfestingu máls eða að þingsókn hans hafi fallið niður í síðara þinghaldi án þess að hann hafi sett fram varnir í málinu í greinargerð. Í öðru lagi þurfa kröfur stefnanda að vera þess efnis, að unnt sé að fullnægja þeim með aðför. Þetta skilyrði felur fyrst og fremst í sér að kröfur um greiðslu peningaupphæðar mundu alltaf teljast falla undir það, en einnig ber að hafa í huga að skyldum til annars en peningagreiðslu verður fullnægt með aðför samkvæmt reglum XI. kafla laga nr. 90/1989, þótt lítið reyni á það í framkvæmd. Skilyrðið sem hér um ræðir mundi hins vegar útiloka að aðferðum 113. gr. verði beitt til að ljúka máli, ef stefnandi krefst til dæmis dóms um viðurkenningu á tilteknum réttindum sínum, ómerkingu ummæla eða riftun kaupa. Í þriðja lagi þarf því skilyrði síðan að vera fullnægt, að dómari telji málatilbúnaði stefnanda ekki áfátt og að taka megi kröfur hans til greina. Fyrra atriðið í þessu sambandi lýtur að því, að ekki mega vera formgallar á málinu, sem gætu til dæmis valdið frávísun þess, en ef svo væri yrði að kveða upp úrskurð með venjulegum hætti um frávísun. Síðara atriðið í þessu skilyrði, að unnt þurfi að vera að taka kröfur stefnanda til greina, má ekki skilja gersamlega eftir orðanna

hljóðan, því fulllangt væri gengið ef kveða þyrfti upp dóm í máli í stað þess að ljúka því með áritun vegna til dæmis þýðingarlítils annmarka á vaxtakröfu. Í núverandi framkvæmd hefur verið talið heimilt að ljúka áskorunarmáli með áritun stefnu, þar sem slík atriði hafa verið færð á réttan veg, og verður að telja eðlilegt að áþekkar leiðir mætti fara eftir 113. gr. frumvarpsins. Með því mælir einnig að í 1. mgr. 113. gr. kemur fram að dómari geti leiðrétt augljósar villur í stefnu við áritun hennar til samræmis við skjöl sem stefnandi byggir kröfur sínar á. Á hinn bóginn verður að varast að ganga of langt í þessum efnum, því samkvæmt niðurlagsorðum 2. mgr. 113. gr. gæti hvorki stefnandi né stefndi skotið málalokum að hætti þessarar greinar til æðra dóms. Væri því að jafnaði varhugavert að ljúka máli með áritun án þess að kröfur stefnanda verði teknar til greina að fullu, því málalokum um synjun krafna hans að einhverju marki gæti hann ekki fengið hrundið fyrir Hæstarétti.

Ef fullnægt er þeim skilyrðum 1. mgr. 113. gr., sem nú hefur verið lýst, má dómari ljúka máli með því að rita á stefnu að kröfur samkvæmt henni séu aðfararhæfar, ásamt málskostnaði tiltekinnar fjárhæðar sem hann ákveður við áritun. Þessi háttur við málalok er sá sami og nú á við um áskorunarmál samkvæmt áðurnefndri 231. gr. laga nr. 85/1936. Ef skilyrðunum er á hinn bóginn ekki fullnægt, þótt um útivistarmál sé að ræða, leiðir af lokamálslið 1. mgr. 113. gr. að kveða þarf upp dóm eða úrskurð eftir almennum reglum. Vegna ákvæða 233. gr. laga nr. 85/1936 er rétt að taka hér fram, að máli yrði ekki lokið með áritun stefnu um frávísun þess, heldur hefur síðastnefnd regla frumvarpsins í för með sér að kveða yrði upp úrskurð um frávísun eftir ákvæðum 4. mgr. 112. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 113. gr. hefur áritun á stefnu skv. 1. mgr. greinarinnar sömu áhrif og dómur. Þessi regla á sér hliðstæðu í 235. gr. laga nr. 85/1936, þar sem er mælt fyrir um sömu áhrif áritunar á áskorunarstefnu. Ákvæði í niðurlagi 2. mgr. 113. gr., þar sem segir að máli sem lýkur með áritun verði ekki skotið til æðra dóms, eru á hinn bóginn nýmæli. Þau eru í reynd sjálfgefin í ljósi þess, að annars vegar þarf stefnandi ekki á heimild til málskots að halda, því máli verður ekki lokið með áritun nema kröfur hans séu teknar til greina. Hvað varðar stefnda hins vegar ber að hafa í huga að máli lyki ekki með áritun nema vegna útivistar hans, en samkvæmt áður umræddri 4. mgr. 96. gr. getur stefndi ekki nema í undantekningartilvikum skotið útivistarmáli til æðra dóms, heldur er honum veitt heimild til að krefjast endurupptöku þess í héraði skv. XXIII. kafla, sem á jafnt við hvort sem útivistarmáli hefur lokið með áritun eða dómi á hendur honum.

Um 114. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er að finna reglur um hvers efnis dómur eigi að vera, en af upphafsorðum þessa ákvæðis leiðir að dómur gangi í máli ef það verður ekki fellt niður eða því vísað frá dómi, lokið með sátt eða lokið með áritun eftir 113. gr. Heita má að ákvæði 1. mgr. 114. gr. séu sama efnis og núgildandi regla um efni dóms í 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Efnislegur munur milli ákvæðanna felst einkum í því, að í d- og e-lið 1. mgr. 114. gr. er boðið að fram komi í dómi stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því og helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem þeir byggja á. Í h- og i-lið 1. mgr. 193. gr. núgildandi laga segir á hinn bóginn að greina eigi í dómi málsástæður í megindráttum og önnur atvik, ef þess þykir þörf vegna samhengis, og lagarök aðila í stuttu máli. Munurinn hér á felst einkum í því boði d-liðar 1. mgr. 114. gr., að greina eigi sérstaklega og með stuttum hætti frá atvikum sem mál er sprottið af og um hvað ágreiningur standi, í stað þess að lýsing atvika renni saman við málsástæður aðilanna. Þykir sú leið, sem er farin í frumvarpinu, geta leitt til skýrari dómsúrlausna.

Í 2. mgr. 114. gr. er lýst hvað eigi að koma fram í dómsorði, en efnislega svara fyrirmælin um þetta til ákvæða 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 3. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. 114. gr. svara til ákvæða 5. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Í 2. málsl. 4. mgr. 114. gr. kemur fram að í dómi megi taka til greina kröfu um að stefnda

verði gert að leysa af hendi skyldu gegn tilteknu gagngjaldi úr hendi stefnanda eða kröfu um að skylda verði lögð á stefnda til annars en peningagreiðslu að viðlögðum dagsektum. Um fyrrnefnda atriðið er ekki að finna fyrirmæli í núgildandi lögum, en venjuhelgað er að dómsúrlausn geti kveðið á um skyldu annars aðilans, sem er háð síðara endurgjaldi úr hendi hins, t.d. þegar mælt er fyrir um skyldu annars aðilans til að gefa út afsal fyrir fasteign gegn tiltekinni peningagreiðslu samkvæmt kaupsamningi úr hendi hins. Um síðarnefnda atriðið eru nú fyrirmæli í 3. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, en þargreindar reglur um dagsektir eru mun yfirgripsmeiri en ákvæði frumvarpsins. Stafar þessi munur af því, að sérreglur koma fram í 10. kafla laga nr. 90/1989 um fullnustu krafna um dagsektir með fjárnámi og ná þær reglur meðal annars til fullnustu dóms um slíkt. Umrædd ákvæði í 3. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 eru þannig óþörf í því ljósi.

Í 5. mgr. 114. gr. er að finna reglur um ákvörðun í dómi um aðfararfrest og aðfararhæfi. Í 1. málsl. ákvæðisins segir að kveða megi á um aðfararfrest eftir kröfu aðila, ef sérstök ástæða er til að víkja frá almennum reglum laga í þeim efnum. Þær almennu reglur, sem hér er skírskotað til, koma fram í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 90/1989, þar sem er kveðið á um að gera megi aðför eftir dómi að liðnum fimmtán dögum frá uppkvaðningu hans ef annað er ekki tekið fram í honum. Ákvæði 1. málsl. 5. mgr. 114. gr. fela þannig í sér heimild til þess að stytta eða lengja þennan frest hverju sinni, ef sérstakt tilefni er til, en lenging frestsins gæti t.d. átt rétt á sér ef stefnda er gert með dómi að víkja af fasteign eða leysa af hendi aðra skyldu, sem gæti reynst ókleift að gera á fimmtán dögum. Í d-lið 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 kemur fram að tiltaka eigi aðfararfrest í dómsorði nema þess sé ekki þörf að lögum. Efnislega fela umrædd ákvæði frumvarpsins í sér breytingu frá þeirri reglu að því leyti, að ekki er ætlast til þess að minnst verði á aðfararfrest í dómi eða dómsorði nema víkja eigi frá almennri reglu 5. gr. laga nr. 90/1989 um lengd hans. Í 2. málsl. 5. mgr. 114. gr. er að finna heimild til þess, ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi, að taka til greina kröfu stefnanda um að mælt verði fyrir í dómi um að áfrýjun máls hindri ekki aðför eftir dóminum, eftir atvikum gegn því að stefnandi setji tiltekna tryggingu við aðför. Þessi regla á sér ekki hliðstæðu í lögum nr. 85/1936, en í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 90/1989 er gert ráð fyrir því að fyrirmæli í dómi geti leitt til þess að aðför megi fara fram án tillits til áfrýjunar máls. Reglur á borð við þessi ákvæði 5. mgr. 114. gr. eru víða í erlendri löggjöf. Í lok 5. mgr. 114. gr. kemur fram að fyrirmæli um frávik frá almennum reglum um aðfararfrest eða um að áfrýjun máls hindri ekki aðför megi aðeins setja í dóm eftir kröfu aðila og að slík krafa megi ekki koma síðar fram en við aðalmeðferð máls.

Um 115. gr.

Í 1. mgr. 115. gr. er mælt fyrir um það, innan hvers tíma þurfi að kveða upp dóm eftir dómtöku máls. Kemur fram að þetta skuli gert innan fjögurra vikna, en takist það ekki í máli, sem var munnlega flutt, beri að flytja það á ný nema dómarar og aðilar eru á einu máli um að þess sé ekki þörf. Hér er um nokkuð breyttar reglur að ræða frá hljóðan 1. og 2. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936, en í framkvæmd hefur þó verið beitt verklagi sem svipar mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr.

Í 2. mgr. 115. gr. koma fram sérreglur um efni og uppkvaðningu dóms, ef meðdómsmenn taka þátt í úrlausn máls. Heita má að þessar reglur séu sama efnis og ákvæði 192. gr. laga nr. 85/1936 í öðru en því, að í 2. mgr. 115. gr. er ekki ráðgert að dómari, sem verður í minni hluta um úrlausn tiltekins atriðis, skili sératkvæði, heldur verði látið við það sitja að geta þess í dómi að ágreiningur hafi staðið um atriðið án frekari skýringa. Telja verður ástæðulaust að haft sé fyrir því að semja skriflegt og rökstutt sérálit undir þessum kringumstæðum, enda breytir það ekki niðurstöðu máls eftir atkvæðum meiri hluta dómara.

Í 3. mgr. 115. gr. er boðið að dómari tilkynni aðilum fyrir fram um þinghald til uppkvaðningar dóms eða úrskurðar, ef vörnum hefur verið haldið uppi í máli. Segir að við

uppkvaðningu eigi að lesa í heyranda hljóði ályktunarorð úrlausnarinnar og eigi endurrit af henni að öðru jöfnu að vera þá um leið til reiðu. Þessi ákvæði 3. mgr. 115. gr. eiga sér samsvörun í 1. og 2. mgr. 194. gr. laga nr. 85/1936, að frátöldum fyrirmælum um að endurrit eigi að jafnaði að liggja fyrir, en þau fyrirmæli eru hliðstæð 4. mgr. 133. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Samkvæmt 4. mgr. 115. gr. byrja frestir samkvæmt dómi eða úrskurði þegar að líða við uppkvaðningu hans, hvort sem aðili er þá staddur á dómþingi eða ekki. Hér er um aðra reglu að ræða en nú kemur fram í 3. mgr. 194. gr. laga nr. 85/1936. Þar er m.a. mælt fyrir um að birta verði dóm fyrir aðila, sem er ekki staddur við uppkvaðningu hans, til þess að frestir samkvæmt dóminum byrji að líða. Breytingin sem felst í 4. mgr. 115. gr. að þessu leyti er í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 5. gr. laga nr. 90/1989, sem miða upphaf aðfararfrests við uppkvaðningu dóms eða úrskurðar án tillits til þess, hvort aðili var þar staddur, og án sérstakrar birtingar úrlausnar. Efnislega hafa því þessi fyrirmæli 5. gr. laga nr. 90/1989 þegar gert að engu þýðingu 3. mgr. 194. gr. laga nr. 85/1936, hvað upphaf aðfararfrests varðar, en að því leyti sem dómsúrlausn gæti kveðið á um annars konar fresti fela fyrirmæli 4. mgr. 115. gr. í sér ráðagerð um að stíga til fulls það skref, sem var tekið í þessum efnum með setningu 5. gr. laga nr. 90/1989.

Um 116. gr.

Í þessari grein koma fram reglur um áhrif dóms, sem svara í öllum atriðum til meginefnis 195. og 196. gr. laga nr. 85/1936, og þarfnast þær því ekki sérstakra skýringa hér.

Um 117.–119. gr.

Fjórði þáttur frumvarpsins, sem geymir sérreglur um afbrigðilega meðferð einkamála í héraði, hefst með 117. gr.

Í 117.–119. gr., sem mynda til samans XVII. kafla frumvarpsins, eru fyrirmæli um afbrigðilega meðferð þeirra mála um víxla, tékka og skuldabréf, sem eru nánar tilgreind í 117. gr. Ákvæði þessa kafla er í öllum efnisatriðum samhljóða XVII. kafla laga nr. 85/1936, en orðalagi er víða breytt í þessum reglum frumvarpsins án þess að ætlast sé til að þær verði skýrðar á annan veg en núgildandi reglur. Af þessum sökum verður ekki séð að tilefni sé til að víkja sérstaklega að einstökum atriðum í efni þessara greina.

Um 120.–122. gr.

Þessar greinar mynda XVIII. kafla frumvarpsins, þar sem koma fram sérreglur um afbrigðilega meðferð ógildingardómsmála og eignardómsmála. Reglur kaflans svara í nær öllum atriðum efnislega til núgildandi ákvæða í 216.–220. gr. laga nr. 85/1936, þótt orðalagi og framsetningu sé breytt talsvert. Um efnislegan mun má þó öðru fremur ræða varðandi tvö atriði. Annars vegar er fyrirmælum um varnarþing í 2. mgr. 120. gr., sbr. 2. mgr. 122. gr., lítillega breytt til einföldunar frá því sem nú er kveðið á um í 2. mgr. 216. gr., sbr. 220. gr. laga nr. 85/1936. Hins vegar felst veigameiri breyting í því, að í 217., 218. og 220. gr. laga nr. 85/1936 er mælt fyrir um það, að stefnandi í ógildingar- eða eignardómsmáli eigi að leggja stefnu fyrir dómara ásamt sérstakri skriflegri og rökstuddri beiðni til dómarans um útgáfu stefnunnar og gögnum til styrktar málstað sínum. Dómara er ætlað að taka afstöðu til beiðni stefnandans og annað tveggja verða við henni í verki eða synja um útgáfu stefnunnar í úrskurði. Í 121. og 122. gr. frumvarpsins er ráðgerð talsverð einföldun í þessum efnum, því ekki er mælt fyrir um sérstaka beiðni um útgáfu stefnu, heldur er ætlast til þess að röksemdafærsla, sem nú á að koma fram í slíkri beiðni, verði meðal þess sem komi fram í stefnu. Dómara er þannig ætlað að taka afstöðu til þess, hvort skilyrði séu fyrir ógildingar- eða eignardómi, og láta hana uppi með því að gefa út stefnuna eða neita að gera það. Úrskurður yrði ekki kveðinn upp um slíka neitun nema eftir kröfu stefnanda, sbr. niðurlagsorð 2. mgr. 121. gr.

Um 123. gr.

Með 123. gr. hefst XIX. kafli frumvarpsins, sem geymir nýmæli um afbrigðilega flýtimeðferð einkamála, en um þau var fjallað lítillega í almennum athugasemdum við frumvarpið, þar á meðal um röksemdir fyrir tillögu um að þessar reglur verði teknar upp.

Í 123. gr. kemur fram að reglum um afbrigðilega meðferð samkvæmt ákvæðum XIX. kafla verði beitt um mál, sem færu annars eftir almennum reglum 3. þáttar frumvarpsins um málsmeðferð, samkvæmt rökstuddri beiðni málsaðila og við tilteknar aðstæður. Þessum aðstæðum er lýst nánar í 1. mgr. 123. gr. með þeim hætti, að flýtimeðferð megi viðhafa í máli vegna ákvörðunar eða athafnar stjórnvalds eða vegna verkfalls, verkbanns eða annarra aðgerða sem tengjast vinnudeilu og þeim skilyrðum er fullnægt, að brýn þörf sé á skjótri úrlausn og að úrlausnin hafi almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni málsaðila. Eins og lýst var í almennum athugasemdum við frumvarpið er valið á þeim málaflokkum, sem reglum um flýtimeðferð yrði beitt við, öðru fremur byggt á því, að málsaðili gæti almennt ekki verndað réttindi sín á þessum sviðum með lögbanni, sbr. m.a. 2. mgr. 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990. Er þá haft í huga að bið eftir dómsúrlausn samkvæmt almennum reglum getur kostað að hlutaðeigandi glati hagsmunum sínum án þess að bjóðast neitt réttarúrræði til að fá rönd við reist. Taka verður þó fram að þrátt fyrir þessa grundvallarforsendu fyrir vali á þeim tegundum mála, sem ákvæðum XIX. kafla verður beitt við, er ekki ætlast til þess að synjað verði um flýtimeðferð af þeirri ástæðu, að stefnandi kunni að geta leitað verndar á hagsmunum sínum með lögbanni eða öðru úrræði, ef öðrum skilyrðum 1. mgr. 123. gr. væri fullnægt. Mat á því, hvenær brýn þörf sé á skjótri úrlausn og hvenær úrlausn hafi almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni, verður að vera háð atvikum hverju sinni. Verður þessum skilyrðum flýtimeðferðar vart lýst nánar með almennum hætti, enda verður að ætla að almenn viðhorf í þessum efnum mótist í framkvæmd af fordæmum. Til hliðsjónar má þó benda á að á undanförnum árum hafa verið rekin mál um til dæmis kjarasamninga háskólamanna í þjónustu ríkisins og lögmæti breytingu á reiknigrundvelli lánskjaravísitölu, sem mætti telja dæmigerð fyrir mál um ákvarðanir eða athafnir stjórnvalda sem gætu talist fullnægja umræddum skilyrðum 1. mgr. 123. gr.

Í 2. mgr. 123. gr. kemur fram hvernig aðili beri sig að, ef hann telur efni til að óska eftir flýtimeðferð máls. Honum er þá ætlað að afhenda forstöðumanni hlutaðeigandi dómstóls stefnu til útgáfu, ásamt ítarlega rökstuddri beiðni og málsgögnum sem geta stutt óskina. Stefna verður gerð eftir almennum reglum 80. gr. að öðru leyti en því, að tekið verður fram í texta hennar dómari hafi ákveðið að málið sæti flýtimeðferð og látið verður ógert að tiltaka stefnufrest og stað og stund til þingfestingar. Ef forstöðumaður dómstóls felst ekki á að skilyrðum sé fullnægt til flýtimeðferðar, er honum ætlað að synja um útgáfu stefnunnar og eftir atvikum kveða upp úrskurð um synjunina, ef þess er krafist, sbr. 3. mgr. 123. gr. Ef forstöðumaður dómstólsins kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu, að skilyrði flýtimeðferðar séu fyrir hendi, kemur fram í 4. mgr. 123. gr. að hann úthluti dómara málinu þegar í stað til meðferðar, en sá dómari gefi út stefnuna, ákveði sérstakan tíma til þingfestingar máls og ákveði lengd stefnufrests, sem geti orðið minnst einn sólarhringur. Hlutaðeigandi dómari getur ekki lagt sjálfstætt mat á það, hvort mál fullnægi skilyrðum fyrir flýtimeðferð, heldur verður hann bundinn af ákvörðun forstöðumanns dómstólsins í þeim efnum.

Í 5. mgr. 123. gr. er að finna úrræði handa stefnda í máli, sem hefur verið höfðað til meðferðar eftir almennum reglum 3. þáttar frumvarpsins, til að koma fram flýtimeðferð á því þótt stefnandi hafi ekki óskað eftir henni. Ef efni eru til þess skv. 28. gr., að stefndi höfði gagnsök í máli, heimila ákvæði 5. mgr. 123. gr. honum að leggja gagnstefnu sína fyrir forstöðumann dómstóls eftir almennum fyrirmælum greinarinnar ásamt beiðni sinni um útgáfu stefnunnar og að málið sæti í heild sinni flýtimeðferð. Samkvæmt 5. mgr. 123. gr. yrði farið með slíkt erindi á sama hátt og endranær, að því frátöldu að forstöðumanni dómstólsins

bæri að gefa aðalstefnanda kost á að tjá sig um óskir gagnstefnanda áður en afstaða væri tekin til þeirra. Þessa sérreglu verður að telja þarfa til að stuðla að jafnræði milli málsaðila, enda gæti sú aðstaða verið uppi að hvor þeirra sem væri gæti höfðað mál gegn hinum um sína hagsmuni og tilviljun ráðið hvor yrði fyrri til.

Um 124. gr.

Fyrirmæli um þann flýti, sem meðferð skv. XIX. kafla frumvarpsins er kennd við, koma aðallega fram í afbrigðum frá almennum reglum um málsmeðferð, sem er lýst í 124. gr. Þó ber að geta þess, að í áðurlýstum ákvæðum 123. gr. er að tvennu leyti að finna sérreglur, sem eru brenndar sama marki, en það eru fyrirmælin í 2., sbr. 4. mgr. 123. gr., sem heimila ákvörðun afbrigðilegs stefnufrests og tíma til þingfestingar máls. Þessar heimildir geta einar út af fyrir sig stytt nokkuð þann tíma, sem rekstur máls tæki ella.

Í 1. og 2. mgr. 124. gr. eru fyrirmæli um afbrigðilegan gang máls fram að aðalmeðferð þess. Frestur sem stefndi á almennt rétt á skv. 1. mgr. 99. gr. við þingfestingu máls yrði aðeins svo langur sem brýna nauðsyn bæri til. Þegar greinargerð stefnda yrði lögð fram skv. 2. mgr. 99. gr. ætti um leið að huga að atriðum til undirbúnings á aðalmeðferð samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 102. gr., en ekki fresta málinu sérstaklega til þinghalds í því skyni. Aðilar ættu ekki að vænta sérstakra fresta eftir þetta til gagnaöflunar samkvæmt almennum reglum 1. og 2. mgr. 102. gr., heldur yrðu þeir að vera því viðbúnir að lýsa lokið öflun sýnilegra sönnunargagna þá þegar. Tíma til aðalmeðferðar yrði síðan að ákveða í ljósi upphafsorða 1. mgr. 124. gr., þannig að bið eftir henni yrði ekki lengri en brýna nauðsyn bæri til. Þá er tekið fram í 2. mgr. 124. gr. að dómari geti orðið við ósk aðila um að vitni verði kvatt til skýrslugjafar við aðalmeðferð máls með skemmri fyrirvara en yrði annars skv. 2. mgr. 54. gr. Þau atriði, sem hér um ræðir, geta til samans stytt þann tíma verulega sem mundi ella líða frá þingfestingu máls og fram til aðalmeðferðar þess.

Samkvæmt 3. mgr. 124. gr. ber dómara að kveða upp dóm í máli, sem sætir flýtimeðferð, svo fljótt sem verða má eftir dómtöku þess. Ekki verður séð að unnt sé að afmarka frest í þessum efnum með tilteknum dagafjölda, en áhersla þessa ákvæðis ætti að stuðla að því að biðin í þessum efnum yrði eins stutt og málið sjálft og aðrar aðstæður leyfðu.

Í 4. og 5. mgr. 124. gr. eru afbrigðilegar reglur varðandi kæru og áfrýjun til Hæstaréttar, ef mál sætir flýtimeðferð í héraði. Annars vegar er í 4. mgr. 124. gr. kveðið á um skemmri tíma handa aðilum til að koma fram athugasemdum í kærumáli fyrir Hæstarétti en annars er mælt í 1. mgr. 149. gr., eða þriggja sólarhringa frest í stað einnar viku. Hins vegar er í 5. mgr. 124. gr. mælt fyrir um skemmri áfrýjunarfrest að gengnum dómi en endranær skv. 1. mgr. 153. gr., eða þriggja vikna frest í stað þriggja mánaða. Þá er einnig kveðið þar á um heimild aðila til að óska eftir því fyrir Hæstarétti, að vikið verði almennum reglum III. kafla laga nr. 75/1973 um að gera þurfi ágrip dómsgerða. Loks kemur fram í 5. mgr. 124. gr. að frestir í máli fyrir Hæstarétti skuli vera svo skammir sem verða má. Þessi fyrirmæli geta til samans flýtt mjög fyrir meðferð máls fyrir æðra dómi, en ekki verður séð að fært sé að marka nánari fresti í einstökum atriðum í ríkara mæli en hér er gert.

Ekki verður séð að ákvæði 6. mgr. 124. gr. þarfnist sérstakra skýringa.

Um 125. gr.

Hér er um ræða upphafsgrein 5. þáttar frumvarpsins, sem geymir reglur um gjafsókn, málskostnað og réttarfarssektir. Upphafskafli þáttarins, XX. kafli frumvarpsins, fjallar um gjafsókn og heyra ákvæði 125.–128. gr. til hans. Í kaflanum er að finna nokkuð breyttar reglur í þessum efnum frá því sem nú er mælt í XI. kafla laga nr. 85/1936. Ráðagerðir um þær breytingar eru að talsverðu leyti studdar við fyrirmyndir í V. kafla frumvarps til laga um opinbera réttaraðstoð, sem var lagt fram á 113. löggjafarþingi og varð ekki útrætt, en í því

frumvarpi var stefnt að því að reglur um gjafsókn yrðu færðar í sérlöggjöf um opinbera réttaraðstoð jafnframt því að falla úr lögum nr. 85/1936.

Í 1. mgr. 125. gr. er hugtakið gjafsókn afmarkað á þann veg, að það taki jöfnum höndum til gjafsóknar og gjafvarnar í einstökum ákvæðum XX. kafla. Hugtakið er því notað sem samheiti, bæði í heiti kaflans og einstökum reglum hans, fyrir aðstoð sem aðili getur leitað til að sækja hagsmuni sína eða verja þá í dómsmáli, en þetta er einfaldlega gert til hagræðis og á sér fyrirmynd í XI. kafla laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 171. gr. laganna.

Í 2. mgr. 125. gr. er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra skipi sérstaka nefnd þriggja lögfræðinga, gjafsóknarnefnd, til að fjalla um umsóknir um gjafsókn, en skv. 4. mgr. greinarinnar veitir ráðherra gjafsókn og getur því aðeins gert það, að þessi nefnd hafi mælt með því. Sambærileg fyrirmæli eru ekki fyrir hendi í núgildandi lögum, heldur á undir ráðherra að meta hvort gjafsókn verði veitt, sbr. einkum 2. mgr. 171. gr. laga nr. 85/1936. Nýmælin um gjafsóknarnefnd eiga sér hins vegar fyrirmynd í V. kafla áðurnefnds frumvarps til laga um opinbera réttaraðstoð.

Í 3. mgr. 125. gr. er að finna fyrirmæli um umsókn um gjafsókn. Sambærilega reglu er ekki að finna í núgildandi lögum, en hún styðst við venjur í framkvæmd á þessu sviði. Telja má að einstök atriði í þessu ákvæði skýri sig nægilega sjálf.

Til viðbótar því, sem hefur þegar verið getið hér á undan varðandi 4. mgr. 125. gr., má vekja athygli á því að samkvæmt ákvæðinu er afstaða gjafsóknarnefndar til umsóknar um gjafsókn bindandi fyrir dómsmálaráðherra að því leyti, að hann getur ekki veitt gjafsókn gegn andstöðu nefndarinnar. Á hinn bóginn væri ráðherra ekki bundinn af meðmælum nefndarinnar og gæti því synjað um gjafsókn þrátt fyrir þau.

Um 126. gr.

Í 1. mgr. 126. gr. er mælt fyrir um almenn skilyrði gjafsóknar, en gert er ráð fyrir nokkrum breytingum í þeim efnum frá núgildandi reglum í 172. gr. laga nr. 85/1936. Þessar breytingar eru í meginatriðum byggðar á sama grunni og ákvæði í áðurnefndu frumvarpi til laga um opinberra réttaraðstoð, sbr. einkum 14. og 15. gr. þess. Ætla má að þessar reglur skýri sig nægilega sjálfar.

Í 2. mgr. 126. gr. kemur fram að gjafsókn verði einnig veitt eftir fyrirmælum annarra laga, en slík fyrirmæli mundu þá eftir atvikum ganga fyrir almennum skilyrðum gjafsóknar í 1. mgr. 126. gr. Vekja má athygli á því að í 160. og 161. gr. er mælt fyrir um brottfall nokkurra sérákvæða í lögum um heimildir til gjafsóknar.

Í 3. mgr. 126. gr. er mælt fyrir um að gert verði sérstakt gjafsóknarbréf, ef gjafsókn er veitt, en í því bréfi á að afmarka umfang gjafsóknarinnar ef því er ekki ætlað að ráðast af almennum reglum 127. gr.

Um 127. gr.

Í upphafsorðum 1. mgr. 127. gr. kemur fram það megineinkenni gjafsóknar, að hún skuldbindi ríkið til að greiða þann málskostnað, sem gjafsóknarhafi hefur sjálfur af máli, að því leyti sem sú skuldbinding er ekki takmörkuð í gjafsóknarbréfi eða af öðrum fyrirmælum 127. gr. Almenn heimild til að takmarka gjafsókn við veitingu hennar kemur fram í síðari málslið 1. mgr. 127. gr., þar sem segir að binda megi hana við tiltekna þætti málskostnaðar eða tiltekna hámarksfjárhæð. Sambærilegar heimildir til að ákveða takmarkaða gjafsókn koma ekki fram í núgildandi lögum, en með þeim ætti að vera meiri sveigjanleiki til að styrkja aðila fjárhagslega þótt hann verði ekki talinn fullnægja skilyrðum til að fá kostnað sinn greiddan að öllu leyti. Megintakmörkunina á umfangi gjafsóknar vegna annarra ákvæða 127. gr. er að finna í 2. mgr. greinarinnar, sem felur í sér ríkið verði ekki skuldbundið vegna hennar til að greiða þá þóknun, sem málflytjandi gjafsóknarhafa kann að áskilja sér, heldur aðeins þá

fjárhæð málflutningslauna sem dómari ákveður handa honum. Sams konar takmörkun á umfangi gjafsóknar og hér um ræðir kemur nú fram í 3. tölul. 173. gr. laga nr. 85/1936. Eins og getið var í upphafi þessarar umfjöllunar um 127. gr. felur gjafsókn í sér að ríkið greiði málskostnað gjafsóknarhafans sjálfs. Ástæða er til að undirstrika að gjafsókn getur aldrei náð til þess að ríkið beri einnig þann málskostnað, sem gjafsóknarhafa kann að verða gert að greiða gagnaðila sínum í máli, sbr. einnig 3. mgr. 128. gr., en hér er um sömu reglu að ræða og nú gildir skv. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 2. mgr. 127. gr. svara til fyrirmæla í 3. tölul. 173. gr. laga nr. 85/1936 og framkvæmdavenja þeim til fyllingar.

Reglur 3. mgr. 127. gr. um undanþágu gjafsóknarhafa frá skyldu til greiðslu gjalda í ríkissjóð vegna máls síns svara til ákvæða 1. og 2. tölul. 173. gr. laga nr. 85/1936.

Í 4. mgr. 127. gr. kemur fram að gjafsókn taki almennt einnig til kostnaðar, sem gjafsóknarhafi hefur af fullnustu réttinda sinna við aðför eða nauðungarsölu. Sambærilega reglu er að finna að nokkru marki í 4. mgr. 171. gr. laga nr. 85/1936, en gjafsóknarhafi nýtur einnig vissra hlunninda á þessum vettvangi eftir lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79/1975.

Í 5. mgr. 127. gr. kemur fram almenn regla um að gjafsókn nái sjálfkrafa til málskostnaðar gjafsóknarhafa fyrir Hæstarétti, ef gagnaðili hans skýtur þangað máli, og gildir þetta einnig þótt gjafsóknarhafinn gagnáfrýji eða gagnkæri fyrir sitt leyti. Á hinn bóginn næði gjafsókn eftir þessari reglu ekki til kostnaðar af málskoti sem gjafsóknarhafi hlutast annars sjálfur til um. Sambærileg regla kemur ekki fram í núgildandi lögum, heldur verður að sækja sjálfstætt um gjafsókn fyrir Hæstarétti ef máli er skotið þangað. Verður að telja eðlisrök standa til þeirrar reglu, sem hér er lögð til, enda má almennt ætla að málstaður sem þykir verðugur gjafsókn fyrir héraðsdómi hljóti einnig að vera það við málsvörn fyrir æðra dómi.

Um 128. gr.

Í 1. mgr 128. gr. kemur fram að gjafsókn falli ekki niður þótt gjafsóknarhafi látist. Sambærileg regla kemur ekki fram í núgildandi lögum, en telja verður hana sjálfsagða.

Samkvæmt 2. mgr. 128. gr. getur dómsmálaráðherra afturkallað gjafsókn við nánar tilteknar aðstæður, en í ákvæðinu er mælt sérstaklega fyrir um afleiðingar af þessu varðandi þegar áfallinn kostnað af máli. Í 1. mgr. 174. gr. laga nr. 85/1936 koma fram áþekkar heimildir til að svipta mann gjafsókn, en sambærileg ákvæði og koma fram í frumvarpinu skortir þar um afleiðingar af sviptingunni.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 128. gr. svara efnislega til 2. mgr. 174. gr. laga nr. 85/1936 og þarfnast því ekki sérstakra skýringa hér.

Um 129. gr.

Í 129.–133. gr., sem mynda 21. kafla frumvarpsins, er að finna reglur þess um málskostnað.

Í 1. mgr. 129. gr. kemur fram hver útgjöld af máli verði talin til málskostnaðar. Talningin á þessu svarar í öllum meginatriðum til ákvæða 1. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936. Þess má þó geta að hér er gert ráð fyrir því að úr talningunni falli útgjöld aðila vegna ferða dómara í tengslum við mál, en í framkvæmd hefur almennt ekki tíðkast um lengri tíma að láta aðila bera slík útgjöld, heldur hafa þau greiðst úr ríkissjóði.

Ákvæði 2. mgr. 129. gr. svara til fyrirmæla í 1. málsl. 176. gr. laga nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 129. gr. eru sameinuð fyrirmæli, sem nú koma fram í 2. mgr. 175. gr., 1. og 2. mgr. 181. gr. og 184. gr. laga nr. 85/1936.

Í 4. mgr. 129. gr. er gert ráð fyrir því, að málskostnaður sem verður dæmdur aðila úr hendi gagnaðila beri dráttarvexti með tilteknum hætti þar til hann greiðist, og gildir einu hvort þess hafi verið krafist eða mælt sé fyrir um það í dómi. Með lögum nr. 54/1988 var bætt nýju

ákvæði við 175. gr. laga nr. 85/1936, sem er nú 3. mgr. greinarinnar, um heimild aðila til að krefjast og dómara til að dæma honum dráttarvexti með sama hætti og er mælt fyrir um í 4. mgr. 129. gr. Í þessu ákvæði frumvarpsins felast þannig þau nýmæli að hvorki þyrfti að krefjast dráttarvaxta né dæma um þá, en af þessu yrði talsvert hagræði þar sem slíkra dráttarvaxta er krafist nánast án undantekninga í framkvæmd og kostar núgildandi tilhögun þrálátar endurtekningar á þessum atriðum í dómsúrlausnum, sem má hæglega komast hjá með þessum hætti.

Um 130. gr.

Í 1. mgr. 130. gr. kemur fram að aðili, sem tapar máli, verði að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Í 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 er fortakslaus skylda til þess að dæma aðila til greiðslu málskostnaðar við þessar aðstæður, en í dómaframkvæmd hefur þeirri reglu ekki verið fylgt alls kostar. Þykir eðlilegra að breyta orðalagi hér til samræmis við þá staðreynd.

Fyrirmæli 2. mgr. 130. gr. um skyldu til að gera stefnanda að greiða stefnda málskostnað við frávísun máls og almennt við niðurfellingu þess eru efnislega á sama veg og núgildandi ákvæði 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936.

Heimildir í fyrri málslið 3. mgr. 130. gr. til að dæma hvorn aðila til að bera sinn kostnað af máli eða dæma annan þeirra til að greiða hinum hluta málskostnaðar, ef mál vinnst að nokkru og tapast að nokkru, svara til ákvæða 178. gr. laga nr. 85/1936, eins og þeim hefur verið beitt í framkvæmd. Reglan í síðari málslið 3. mgr. 130. gr. um heimild til að ákveða málskostnað með þessum sama hætti þótt aðili tapi máli, ef honum mátti ekki vera kunnugt um atvikin sem leiða til þess fyrr en eftir að mál var höfðað, á sér ekki hliðstæðu í ákvæðum laga nr. 85/1936. Hún styðst hins vegar við erlenda fyrirmynd og verður að teljast heppilegur varnagli af sanngirnisástæðum.

Í 4. mgr. 130. gr. koma fram reglur um heimild til að dæma lægri málskostnað en ella ef aðili stendur að rekstri tveggja eða fleiri mála um kröfur, sem hefði mátt leysa úr í einu máli samkvæmt ákvæðum III. og IV. kafla frumvarpsins. Í niðurlagi 4. mgr. 130. gr. er að auki vísað til 2. mgr. 27. gr. til þess að vekja athygli á þargreindri sérreglu, sem getur leitt til þess að stefnanda verði ekki dæmdur neinn málskostnaður úr hendi stefnda við tilteknar aðstæður, sem gætu þó átt undir almenna lýsingu 4. mgr. 130. gr. Sambærileg fyrirmæli og hér um ræðir koma að nokkru marki fram í 71. gr. laga nr. 85/1936.

Um 131. gr.

Í 131. gr. koma fram sérreglur um heimildir til að dæma aðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað án tillits til úrslita máls vegna framferðis aðilans eða aðgerða við rekstur þess. Þannig er mælt fyrir í 1. mgr. 131. gr. um heimildir til að dæma aðilann til greiðslu alls málskostnaðar gagnaðila vegna atvika, sem eru talin í þremur stafliðum við ákvæðið. Þessi regla frumvarpsins svarar að flestu leyti til 1. og 3. tölul. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt 2. mgr. 131. gr. má dæma aðila til að greiða gagnaðila sínum álag á málskostnað, ef sakir hans skv. 1. mgr. greinarinnar eru miklar. Heimildir fyrir slíkum refsimálskostnaði koma nú fram í 3. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936.

Í 3. mgr. 131. gr. er mælt fyrir um heimild til að dæma aðila til að greiða gagnaðila sínum kostnað hans af afmörkuðum athöfnum undir rekstri máls, sem aðilinn hefur hlutast til um að þarflausu eða án tilgangs, en þetta má gera án tillits til málsúrslita og ákvörðunar málskostnaðar að öðru leyti. Sams konar regla felst nú í 4. tölul. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936.

Í 4. mgr. 131. gr. kemur fram heimild til að dæma umboðsmann aðila til að greiða gagnaðilanum málskostnað, hvort heldur með aðilanum sem hann kemur fram fyrir eða einan sér, ef umboðsmaðurinn hefur átt þátt að ávirðingum skv. 1. eða 3. mgr. 131. gr. Er einnig

heimilað að dæma umboðsmann með þessum hætti til greiðslu refsimálskostnaðar skv. 2. mgr. greinarinnar. Að þessu leyti eru ákvæði 4. mgr. 131. gr. efnislega á sama veg og 182. gr. laga nr. 85/1936. Í niðurlagi frumvarpsákvæðisins er hins vegar tekið fram að dæma megi umboðsmann með þessum hætti, hvort sem þess er krafist í máli eða ekki, en hér er um gagnstæða reglu að ræða við þá, sem kemur fram í ívitnuðu ákvæði núgildandi laga. Með því að ákvæði 4. mgr. 131. gr. bera vissan keim af því, að þeim sé ætlað að vera málflytjendum til varnaðar í starfi, verður að telja eðlilegt að dómari geti gripið til þessa úrræðis án þess að krafa komi fram um það í máli.

Um 132. gr.

Í þessari grein frumvarpsins koma fram sérreglur um málskostnað þegar fleiri aðilar en einn standa samsíða í máli sem samaðilar skv. 18. gr. eða samlagsaðilar skv. 19. og eftir atvikum 20. gr. Þessi ákvæði eru að nokkru frábrugðin núgildandi reglum í 3. mgr. 181. gr. laga nr. 85/1936, en ætla má að þau skýri sig nægilega sjálf.

Um 133. gr.

Í 133. gr. koma fram reglur um svokallaða málskostnaðartryggingu, sem stefnda er heimilað að krefjast að stefnanda verði gert að setja. Ráðgert er í 1. mgr. greinarinar að þessi heimild verði fyrir hendi við tvenns konar aðstæður. Annars vegar ef stefnandi er búsettur erlendis og menn búsettir hér á landi yrðu ekki undanþegnir því að setja sams konar tryggingu í heimalandi hans. Hins vegar ef stefndi leiðir líkur að því að stefnandi sé ófær um að greiða málskostnað. Í reglu 183. gr. laga nr. 85/1936 um málskostnaðartryggingu er aðeins gert ráð fyrir beitingu hennar gagnvart mönnum búsettum erlendis og felur b-liður 1. mgr. 133. gr. því í sér nýmæli um þessa heimild gagnvart ógreiðslufærum mönnum. Þessi nýmæli verður að telja eðlileg, enda eru dæmi af þeim tilvikum í framkvæmd, að stefndi sé nauðbeygður til að taka til varna gegn tilefnislausri eða tilgangslítilli málsókn og verða fyrir útgjöldum af vörnum sínum, þótt fyrirfram sé sýnt að útilokað sé að stefnandi geti greitt honum þann málskostnað, sem hann verður fyrirsjáanlega dæmdur til.

Fyrirmæli 2. mgr. 133. gr. um úrlausn dómara á kröfu um málskostnaðartryggingu eiga sér ekki fyrirmynd í lögum nr. 85/1936, en styðjast við venjubundna framkvæmd á þessu sviði.

Samkvæmt 3. mgr. 133. gr. leiðir það til frávísunar máls, ef stefnandi setur ekki málskostnaðartryggingu í samræmi við ákvörðun eða úrskurð dómara í þeim efnum. Sama regla og hér um ræðir kemur fram í 2. málsl. 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936.

Rétt er að vekja athygli á því, að samkvæmt upphafsorðum 1. mgr. 133. gr. verður stefndi að krefjast málskostnaðartryggingar við þingfestingu máls. Þótt ekkert sé frekar sagt í þeim efnum verður að ganga út frá því, að þessi orð feli í sér að stefndi geti ekki komið fram kröfu sem þessari á síðari stigum máls ef honum var eða mátti vera kunnugt um tilefni til hennar við þingfestingu. Ef tilefni kæmi annars fyrst fram til kröfu um málskostnaðartryggingu eftir þingfestingu má ekki telja umrædd orð 1. mgr. 133. gr. útiloka að hún verði tekin til greina, en þetta gæti öðru fremur gerst ef tilefni gefst fyrst til að telja stefnanda ógreiðslufæran þegar rekstur máls er eitthvað kominn á veg.

Um 134.–136. gr.

Þessar greinar mynda til samans XXII. kafla frumvarpsins, þar sem er að finna reglur um réttarfarssektir. Þessar reglur eru í nær öllum atriðum sama efnis og núgildandi ákvæði XIII. kafla laga nr. 85/1936, en orðalagi er að nokkru breytt í frumvarpinu og ákvæðum raðað með öðrum hætti.

Ákvæði 1. mgr. 134. gr. eru sama efnis og 187. gr. laga nr. 85/1936, en 2. mgr. 134. gr. samsvarar 5. mgr. 188. gr. laganna.

Í 1. mgr. 135. gr. er mælt fyrir um hvenær réttarfarssektum verði beitt. Ákvæði a-, c-, d-, e- og f-liða málsgreinarinnar svara til heimilda í 1. og 4. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936, en í b-lið 1. mgr. 135. gr. er að finna reglu, sem á sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum. Hins vegar má ætla að þau nýmæli skýri sig nægilega sjálf. Reglurnar í 2., 3. og 4. mgr. 135. gr. svara til 2., 3. og 4. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936, en ákvæði 5. mgr. 135. gr., sem heimila að sekt verði á lögð fyrir tilefnislaust málskot til æðra dóms, eiga sér ekki hliðstæðu í nefndum lögum.

Í 136. gr. kemur fram á hverju tímamarki dómari ákveði sekt og í hverju formi. Reglurnar í þeim efnum eru hliðstæðar 189. gr. laga nr. 85/1936.

Um 137. gr.

Sjötti þáttur frumvarpsins, þar sem reglur koma fram um endurupptöku mála og málskot, hefst með 137. gr., en hún er fyrsta ákvæði XXIII. kafla sem fjallar um endurupptöku útivistarmála í héraði. Hér hefur á fyrri stigum, m.a. í almennum athugasemdum, verið vikið að þeirri breytingu, sem er stefnt að með frumvarpinu, að málum sem útivist hefur orðið í af hálfu stefnda í héraði verði almennt ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Þess í stað geti stefndi leitað eftir endurupptöku máls í héraði til að koma fram vörnum og fengið dóm lagðan þar á málið á nýjan leik. Nýmæli XXIII. kafla, sem fjalla sérstaklega um þessa endurupptöku, eru að vonum einn þýðingarmesti hlutinn af þeirri breytingu, en eftir núgildandi lögum er ekki unnt að fá mál tekið upp fyrir héraðsdómi með þessum hætti. Reglur kaflans eru sniðin að nokkru eftir ákvæðum í frumvarpi til heildarlaga um meðferð einkamála í héraði, sem var síðast lagt fram á Alþingi 1961 og fékkst ekki útrætt, en einnig hefur verið litið til norrænna reglna í þessum efnum.

Í 1. og 2. mgr. 137. gr. koma fram skilyrði fyrir því, að stefndi geti leitað eftir endurupptöku máls sem hefur verið lokið með áritun stefnu á hendur honum skv. 113. gr. eða með útivistardómi. Gerður er greinarmunur í þessum málsgreinum 137. gr. á því, hversu fljótt stefndi leitar eftir endurupptöku. Ef stefndi gerir það innan þriggja mánaða frá því máli lauk í héraði og innan mánaðar frá því honum varð kunnugt um málalokin, þarfnast ósk hans um endurupptöku ekki sérstaks rökstuðnings eða tilefnis, sbr. 1. mgr. 137. gr. Þótt þriggja mánaða fresturinn sé liðinn en þó skemmri tími en eitt ár frá því máli lauk í héraði og minna en mánuður frá því stefnda varð kunnugt um málalokin, getur hann enn leitað endurupptöku, en í því tilviki verður einhverju af þremur skilyrðum samkvæmt a-, b- og c-lið 2. mgr. 137. gr. að vera fullnægt. Til viðbótar við þetta kemur síðan fram það skilyrði fyrir endurupptöku í 3. mgr. 137. gr., að stefndi verði alltaf að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar samkvæmt upphaflegri úrlausn í málinu, vera búinn að greiða málskostnaðinn eða afla samþykkis stefnanda fyrir endurupptöku án greiðslu eða tryggingar. Þessi regla er sett til að draga úr hættu á því að endurupptöku verði leitað til þess eins, að tefja fyrir fullnustu réttinda stefnanda, en hafa ber í huga í tengslum við þetta að langvarandi dómvenja er fyrir því, að stefnda í héraði, sem útivistardómur gengur á, verði gert að bera málskostnað þótt hann fái dómnum hnekkt fyrir Hæstarétti.

Í 4. mgr. 137. gr. kemur fram að stefndi geti ekki leitað eftir endurupptöku, ef stefnandi hefur þegar áfrýjað máli til Hæstaréttar fyrir sitt leyti. Er þessi regla sett til að koma í veg fyrir að mál verði rekið fyrir Hæstarétti á sama tíma og fjallað verði um endurupptöku þess í héraði, en stefndi ætti kost á að gagnáfrýja útivistarmáli fyrir sitt leyti ef stefnandi hefði þegar áfrýjað, sbr. 4. mgr. 96. gr., og ætti þar með kost á að fá leyst úr vörnum sínum fyrir æðra dómi.

Í 5. mgr. 137. gr. er loks tekið fram að mál verði ekki endurupptekið í héraði að liðnum fresti skv. 2. mgr. greinarinnar nema eftir ákvörðun Hæstaréttar, en um það úrræði er fjallað sérstaklega í XXVI. kafla frumvarpsins.

Um 138. gr.

Í 138. gr. eru reglur um hvernig verði leitað endurupptöku og tekin afstaða til beiðni um hana. Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram að stefndi eigi að beina beiðni til þess dómstóls, þar sem máli var lokið í byrjun, og hvers efnis beiðnin eigi að vera og hvað þurfi að fylgja henni.

Samkvæmt 2. mgr. 138. gr. er ætlast til þess að dómari kanni beiðni um endurupptöku þegar hún hefur borist og áður en hafist verður handa um að boða til þinghalds um hana. Er gert ráð fyrir því að dómari synji strax um endurupptöku ef sýnilega eru ekki efni til hennar og kveði upp úrskurð um synjunina ef stefndi krefst. Ella boðar dómari stefnda og stefnanda fyrir dóm til að taka málefnið fyrir.

Í 3. og 4. mgr. 138. gr. er greint frá afleiðingum útivistar aðila frá þinghaldi, sem dómari boðar til eftir 2. mgr. greinarinnar. Ef stefndi mætir ekki leiðir af 3. mgr. 138. gr. að beiðni hans teljist fallin niður og verður þá ekki af endurupptöku á grundvelli hennar. Verði útivist af hálfu stefnanda er mælt fyrir um það í 4. mgr. greinarinnar, að málið verði þegar endurupptekið og farið með það eftir ákvæðum 2. mgr. 140. gr.

Ef báðir aðilar mæta til þinghalds, þar sem beiðni um endurupptöku er tekin fyrir, á stefnandi þess kost skv. 5. mgr. 138. gr. að hafa uppi mótmæli gegn henni og verður þá dómari að leysa úr ágreiningi með úrskurði. Komi ekki mótmæli fram verður málið endurupptekið með bókun í þingbók.

Um 139. gr.

Eftir reglum 23. kafla hefur endurupptaka máls ekki ein út af fyrir sig nein áhrif á gildi úrlausnar, sem fékkst í öndverðu í máli. Þetta sést m.a. af 2. málsl. 1. mgr. 141. gr., þar sem kemur fram að útivistardómur eða áritun á stefnu falli fyrst úr gildi þegar dómari kveður upp dóm á nýjan leik eftir endurupptöku eða úrskurð um frávísun máls. Upphafleg úrlausn stendur þannig óhögguð með þeim réttaráhrifum, sem fylgja dómi, og væri m.a. unnt að krefjast aðfarar á grundvelli hennar, sbr. meginregluna í 2. mgr. 139. gr. Reglur XXIII. kafla eru byggðar upp með þessum hætti af ýmsum ástæðum. Er það bæði gert af tilliti til þess, að fyrri úrlausn geti ekki fallið formlega niður nema með að minnsta sambærilegri nýrri úrlausn og af tilliti til þeirrar hættu, sem gagnstæð regla gæti haft í för með sér, að endurupptökuheimildir yrðu misnotaðar til þess eins að tefja fullnustu á réttmætum kröfum. Á hinn bóginn getur regla um óheft áhrif fyrri úrlausnar eftir endurupptöku máls verið harkaleg og jafnvel hættuleg ef hún gildir án undantekninga, því vel er hugsanlegt að sýnt sé þegar frá upphafi endurupptöku að málstaður stefnda sé réttmætur. Í þessu ljósi er því farin sú leið í 1. mgr. 139. gr. að heimila stefnda að krefjast sérstaks úrskurðar héraðsdómara eftir endurupptöku um að réttaráhrif fyrri úrlausnar falli niður að öllu eða einhverju leyti meðan leyst verður úr máli öðru sinni. Lagt er í hendur dómara að meta hvort tilefni sé til að verða við slíkri kröfu eftir mati á atvikum hverju sinni, en í þeim efnum yrði dómari m.a. að gefa því gaum hver líkindi geti talist til að fyrri úrlausn breytist vegna endurupptöku og meta þá almennt vafa í þeim efnum stefnda í hag. Í 2. mgr. 139. gr. er síðan mælt fyrir um áhrif úrskurðar skv. 1. mgr. greinarinnar á heimild til að krefjast aðfarar á grundvelli upphaflegu úrlausnarinnar, en þessi ákvæði má telja skýra sig sjálf.

Í 3. mgr. 139. gr. er kveðið á um að upphaflegum dómi í útivistarmáli verði ekki áfrýjað eftir endurupptöku nema endurupptakan falli niður og upphaflegur dómur standi. Þessi regla hefur þannig í för með sér að endurupptaka máls hindrar áfrýjun þess af hálfu stefnanda meðan endurupptekna meðferðin fer fram, en ljúki þeirri meðferð skv. 2. eða 4. mgr. 140. gr. og upphaflegur dómur stendur þá óhaggaður vaknar réttur stefnandans til áfrýjunar á ný.

Um 140. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. verður mál rekið eftir venjulegum reglum frumvarpsins upp frá endurupptöku þess, að því leyti sem ákvæði XXIII. kafla leiða ekki til annarrar

niðurstöðu. Þessi aðalregla hefur þannig í för með sér að rekstur máls verður tekinn upp á því stigi sem hann var, þegar útivist varð af hálfu stefnda, og verður þá hafist handa með því að stefndi leggi fram greinargerð, hafi hún aldrei komið fram við upphaflegu meðferðina, og svo framvegis. Á þessari aðalreglu eru þó ýmsar takmarkanir eftir öðrum ákvæðum 140. gr. og reglum 141. gr.

Í 2. mgr. 140. gr. kemur fram að mál verði ekki fellt niður þótt stefnandi sæki ekki þing eftir endurupptöku, heldur er gert ráð fyrir því að stefndi leggi þá fram varnir sínar og dómur gangi að því búnu í málinu, þar sem yrði tekið tillit til þess sem hefði komið fram af hálfu beggja aðilanna. Í 2. mgr. 140. gr. er þó tekið fram að stefndi geti horfið frá endurupptöku vegna útivistar stefnda, en þá standi upphafleg úrlausnin í málinu.

Í 3. mgr. 140. gr. er kveðið á um þá afleiðingu af útivist stefnda eftir endurupptöku, að farið verði með málið eftir 3. mgr. 96. gr. og stefnanda gefinn kostur á að svara því skriflega í sókn, sem hefur komið fram af hálfu stefnda í beiðni um endurupptöku og eftir atvikum greinargerð hans í málinu. Að því gerðu gætu málalok við endurupptöku ekki orðið á annan veg en að annaðhvort gangi útivistardómur, þar sem kveðið verði á um réttindi aðilanna á grundvelli þess sem hefur komið fram af hálfu þeirra beggja, eða að máli verði vísað frá dómi með úrskurði, ef komið hefur fram við endurupptöku að slíkir annmarkar hafi verið á máli að varði frávísun. Máli verður hins vegar ekki lokið með endurákritun stefnu, enda er heimild til að ljúka máli með áritun skv. 113. gr. háð því að greinargerð hafi ekki komið fram af hálfu stefnda. Hér verður að hafa í huga að beiðni stefnda um endurupptöku fæli ein út af fyrir sig þann málatilbúnað af hans hendi, að leggja yrði hana að jöfnu við greinargerð í þessu tilliti. Tekið er fram í niðurlagi 3. mgr. 140. gr. að ákvæði 4. mgr. 96. gr. gildi um heimild til áfrýjunar máls ef útivistardómur gengur með þessum hætti í máli eftir endurupptöku þess. Getur því stefnandi áfrýjað máli að gengnum þeim dómi, en stefndi ekki nema með gagnáfrýjun.

Samkvæmt 4. mgr. 140. gr. hefur útivist af hendi beggja aðila það í för með sér, að endurupptekin meðferð fellur niður og upphafleg úrlausn stendur óhögguð.

Um 141. gr.

Í 1. mgr. 141. gr. kemur fram hvernig máli geti lokið við endurupptöku, en kostir í þeim efnum eru í fyrsta lagi að endurupptaka falli niður og upphafleg úrlausn standi, sbr. 2. og 4. mgr. 140. gr., í öðru lagi að sátt verði gerð eftir almennum reglum XV. kafla, í þriðja lagi að nýr dómur verði kveðinn upp og loks í fjórða lagi að máli verði vísað frá með úrskurði. Í þremur síðastnefndu tilvikunum hefðu nýju málalokin í för með sér að þau eldri féllu niður.

Í 2. mgr. 141. gr. er getið umtalsverðra takmarkana á rétti stefnda til þess að tillit verði tekið til krafna hans, málsástæðna og sönnunargagna gegn mótmælum stefnanda, en í þremur stafliðum við málsgreinina eru þó atriði sem geta aflétt þeim takmörkunum að einhverju leyti eða öllu. Reglur 2. mgr. 141. gr. svara til ákvæða 45. gr. laga nr. 75/1973, eins og þeim hefur verið beitt í framkvæmd, en þar er mælt fyrir um takmarkanir á rétti málsaðila til að koma fram nýjum kröfum og málsástæðum fyrir Hæstarétti. Með ákvæðum 2. mgr. 141. gr. er í reynd verið að leggja til óbreytta skipan á kostum stefnda, sem útivist hefur orðið hjá, til að fá tekið tillit til krafna sinna og röksemda, sem hann vanrækti að koma fram fyrir héraðsdómi með útivist sinni. Eftir núgildandi reglum getur stefndi í héraði að vísu áfrýjað útivistarmáli til Hæstaréttar, en þar stendur hann frammi fyrir takmörkunum 45. gr. laga nr. 75/1973 og á þannig ekki almennan rétt á að fá leyst úr kröfum sínum og málsástæðum.

Í 3. mgr. 141. gr. kemur fram sérregla um ákvörðun málskostnaðar þegar máli lýkur við endurupptöku, en samkvæmt henni verður stefndi að jafnaði að greiða stefnanda allan málskostnað hans án tillits til málsúrslita. Þessi regla um refsikennda ákvörðun málskostnaðar vegna útivistar er í samræmi við langvarandi dómvenju við úrlausn mála í Hæstarétti, þegar útivist hefur orðið af hendi stefnda í héraði og hann áfrýjar máli.

Um 142. gr.

Í 1. mgr. 142. gr. segir að mál verði ekki endurupptekið nema í eitt skipti eftir reglum XXIII. kafla, en einu gildir hvernig máli hefur lokið við endurupptöku ef hún hefur á annað borð átt sér stað. Reglan girðir þannig fyrir að stefndi geti krafist endurupptöku máls öðru sinni eftir að hafa fallið frá henni fyrra sinni skv. 2. málsl. 2. mgr. 140. gr. eða að hann fái mál endurupptekið eftir að útivistardómur hefur gengið á hendur honum við fyrri endurupptöku.

Samkvæmt 2. mgr. 142. gr. nýtur stefnandi almennra heimilda til að áfrýja máli til æðra dóms, þegar leyst hefur verið úr því við endurupptöku, en af ákvæðum 1. mgr. 151. gr. leiðir að áfrýjun verði ekki komið við nema máli hafi þá lokið með uppkvaðningu dóms.

Í 3. mgr. 142. gr. er stefnda heimilað að áfrýja máli til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi eftir að dómur hefur gengið við endurupptöku, ef ekki er um að ræða útivistardóm á hendur honum. Stefndi nýtur því ekki almennrar heimildar til að áfrýja máli eftir endurupptöku þess, heldur er hann í þeim efnum háður almennum skilyrðum fyrir veitingu áfrýjunarleyfis, sem koma fram í 2. mgr. 154. gr. Þótt það sé ekki tekið fram í 3. mgr. 142. gr. er ætlast til þess að stefnda verði talið heimilt að gagnáfrýja án áfrýjunarleyfis, enda er það í samræmi við almennar heimildir hans í útivistarmáli, sbr. 4. mgr. 96. gr.

Um 143. gr.

Ákvæði 143.–150. gr. heyra til XXIV. kafla frumvarpsins, þar sem koma fram reglur um kæru til Hæstaréttar í einkamálum. Reglur um þetta koma nú aðallega fram í 21.–33. gr. laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, en í 162. gr. frumvarpsins er m.a. gert ráð fyrir brottfalli þeirra ákvæða. Fyrirmæli XXIV. kafla frumvarpsins eru í flestum atriðum efnislega þau sömu og nú gilda samkvæmt fyrrnefndum reglum, en nokkru marki er þó munur á heimildum til að beita kæru, sem er fjallað um í þessari grein frumvarpsins.

Í 1. mgr. 143. gr. kemur fram að kæra megi til Hæstaréttar úrskurði héraðsdómara um nánar tiltekin atriði, en eins og orðalagi 143. gr. er háttað ber að ganga út frá því, að kæruheimildir séu þar tæmandi taldar, þannig að úrskurðir um önnur atriði en þar er getið verði ekki kærðir eða ákvarðanir dómara, sem eru ekki í formi úrskurðar. Til frekari skýringa þykir rétt að víkja hér stuttlega að einstökum stafliðum við 1. mgr. 143. gr., þar sem kæranlegir úrskurðir eru taldir upp.

Í a-lið 1. mgr. 143. gr. segir að kæra megi úrskurð héraðsdómara um hvort hann víki sæti, en með þessu orðalagi er jöfnum höndum átt við úrskurði um að dómari víki sæti og úrskurði um að hann geri það ekki. Í 21. gr. laga nr. 75/1973 er aðeins heimilað að kæra úrskurð um að dómari víki ekki sæti og felur þetta ákvæði frumvarpsins því í sér mun víðari kæruheimild. Ósennilegt er að þessarar breytingar gæti mjög í framkvæmd, enda fátítt að aðilar teldu þörf á úrlausn æðra dóms vegna úrskurðar um að dómari telji sig vanhæfan og víki sæti, en þessi breyting er m.a. lögð til hér til samræmis við kæruheimildir við meðferð opinberra mála, sbr. 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991.

Í b-lið 1. mgr. 143. gr. er heimilað að kæra úrskurði um atriði varðandi skýrslugjöf aðila og vitna fyrir dómi. Í 21. gr. laga nr. 75/1973 er mælt fyrir um heimildir til að kæra úrskurði um upptalin atriði varðandi skýrslugjöf vitnis, en sú talning er það víðtæk að hún svarar í reynd til þessarar reglu frumvarpsins. Í umræddu lagaákvæði er hins vegar ekki minnst á heimild til að kæra úrskurði varðandi skýrslugjöf aðila fyrir dómi.

Í c-lið 1. mgr. 143. gr. kemur fram að kæra megi urskurði um atriði varðandi matsgerðir. Í 21. gr. laga nr. 75/1973 er leyft að kæra úrskurði um upptalin atriði varðandi matsgerðir, en líkt og á við um ákvæði laganna um kæruheimildir varðandi skýrslugjöf vitna er talningin það rúm í þessu tilviki, að niðurstaðan yrði efnislega sú sama og leiðir af orðalagi í þessari reglu frumvarpsins.

Í d-lið 1. mgr. 143. gr. er mælt fyrir um heimild til að kæra úrskurði um skyldu aðila eða annars vörslumanns skjals eða sýnilegs sönnunargagns til að láta það af hendi eða veita aðgang að því. Efnislega samhljóða fyrirmæli má nú finna í 21. gr. laga nr. 75/1973.

Í e- og f-lið 1. mgr. 143. gr. er leyft að kæra úrskurði, þar sem héraðsdómari synjar um heimild til að afla gagna fyrir öðrum dómi, sbr. XI. kafla frumvarpsins, og heimild til að afla gagna án þess að mál hafi verið höfðað, sbr. XII. kafla. Þótt fyrirmæli XI. og XII. kafla séu nýmæli er allt að einu gert ráð fyrir heimild til að kæra úrskurði um þessi atriði til Hæstaréttar í f-lið 1. tölul. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Í g-lið 1. mgr. 143. gr. er gert ráð fyrir heimild til að kæra úrskurði, sem kveða eingöngu á um skyldu til greiðslu ómaksþóknunar eða málskostnaðar eða um gjafsóknarlaun. Sambærileg heimild er ekki fyrir hendi í núgildandi lögum, en telja verður hana eðlilega.

Í h-lið 1. mgr. 143. gr. er með sama hætti og í 21. gr. laga nr. 75/1973 heimilað að kæra úrskurð um að frestur sé veittur í máli, en sú regla er hér óbreytt, að óheimilt er að kæra úrskurð um synjun um frest.

Í i-lið 1. mgr. 143. gr. er mælt fyrir um heimild til að kæra úrskurð, þar sem héraðsdómari hafnar að endurupptaka mál vegna lögmætra forfalla aðila frá þinghaldi. Þessi regla á sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, en telja verður hana nauðsynlega til varúðar í ljósi þeirra takmarkana, sem ákvæði frumvarpsins gera á heimild til áfrýjunar á útivistarmálum.

Í j-lið 1. mgr. 143. gr. er heimilað að kæra úrskurð um að máli sé vísað frá dómi, en af þessum fyrirmælum verður gagnályktað að ekki megi kæra úrskurð þar sem er hafnað að vísa máli frá. Þessi regla er óbreytt frá lögum nr. 75/1973.

Í k-lið 1. mgr. 143. gr. er kveðið á um heimild til að kæra úrskurð um hvort mál verði fellt niður, en með þessu er jöfnum höndum átt við úrskurð um að mál falli niður og úrskurð um að það geri það ekki. Í 21. gr. laga nr. 75/1973 er aðeins heimilað að kæra úrskurð um niðurfellingu máls og felur þessi regla frumvarpsins í sér rýmkun á kæruheimildum. Ólíklegt er hins vegar að þessarar rýmkunar muni gæta tilfinnanlega í framkvæmd.

Í l-lið 1. mgr. 143. gr. kemur fram að kæra megi úrskurði um hvort synjað verði um heimild til að gera dómsátt, en einu gildir þá á hvorn veginn úrskurður gangi. Ætla má að sams konar kæruheimild felist nú í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936.

Í m- og n-lið 1. mgr. 143. gr. er mælt fyrir um heimildir til að kæra úrskurði þar sem synjað er um útgáfu á ógildingardómsstefnu, eignardómsstefnu og stefnu til flýtimeðferðar á máli. Heimildir til að kæra úrskurði varðandi tvö fyrstnefndu afbrigði stefna felast í 217. og 220. gr. laga nr. 85/1936. Ákvæði frumvarpsins um kæruheimild varðandi flýtimeðferð eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, enda eru reglur um slíka meðferð nýmæli. Telja verður eðlilegt að sama regla gildi í þessum efnum varðandi flýtimeðferð eins og nú er fyrir hendi varðandi ógildingar- og eignardómsmál.

Í o-lið 1. mgr. 143. gr. er leyft að kæra úrskurði um málskostnaðartryggingu, en sams konar regla kemur nú fram í 21. gr. laga nr. 75/1973.

Í p-lið 1. mgr. 143. gr. er mælt fyrir um heimild til að kæra úrskurði um réttarfarssektir, sem er einnig heimilað í 21. gr. laga nr. 75/1973.

Í q- og r-lið 1. mgr. 143. gr. koma fram kæruheimildir sem lúta að úrskurðum í tengslum við endurupptöku samkvæmt XXIII. kafla frumvarpsins. Þessar reglur eiga sér ekki hliðstæður í núgildandi lögum, enda eru ekki heimildir fyrir hendi þar til endurupptöku eins og er mælt fyrir um í XXIII. kafla.

Í 2. mgr. 143. gr. er að finna nýmæli, sem eiga að leiða til verulegrar takmörkunar á heimildum til að beita kæru um atriði sem koma upp eftir að aðalmeðferð máls hefur byrjað. Þessar takmarkanir eru einkum lagðar til í því skyni að komið verði í veg fyrir að aðalmeðferð rofni vegna kærumála, en slík hefur verulegt óhagræði í för með sér. Er og hætta á því að unnt sé að misnota kæruheimildir undir aðalmeðferð til þess að koma fram frestun máls eða tefja

einfaldlega fyrir að hægt verði að ljúka því. Verður einnig að telja óhætt að takmarka kæruheimildir með þessum hætti í ljósi þess tvenns, að annars vegar geta málsaðilar oftast látið reyna á atriði máls áður en komið er að aðalmeðferð og meðan þeir njóta rýmri kæruheimildar, og hins vegar að við aðalmeðferð er komið að lokastigi máls og því unnt fyrir aðila að áfrýja máli áður en langt um líður, ef hann fellir sig ekki við niðurstöður í því. Ákvæði 2. mgr. 143. gr. eiga sér fyrirmynd í 2. mgr. 142. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Þau atriði, sem er ráðgert að megi kæra úrskurði um eftir upphaf aðalmeðferðar, eru tæmandi talin í 2. mgr. 143. gr. Má heita að hægt sé að flokka þau í þrennt. Í fyrsta lagi heimila a- og b-liður ákvæðisins öðrum en aðila máls að kæra úrskurð sem leggur skyldu á herðar hans, en þessar reglur varða kæruheimildir vitnis og þriðja manns, sem er krafinn um að láta af hendi skjal eða veita aðgang að sýnilegu sönnunargagni. Aðilum er ekki veitt kæruheimild í þessum efnum, en óhjákvæmilegt er að utanaðkomendur njóti slíkra heimilda þannig að þeir geti fengið úrlausn Hæstaréttar um skyldur sínar í máli áður en þeim verður fylgt eftir. Í öðru lagi er í c-, d- og e-lið ákvæðisins mælt fyrir um heimildir til að kæra úrskurði héraðsdómara um atriði sem tengjast lok máls eftir að aðalmeðferð er hafin. Þetta eru nánar tiltekið úrskurðir um að máli sé vísað frá, að það sé fellt niður og synjun um heimild til að gera dómsátt. Verður af augljósum ástæðum að heimila kæru við þær aðstæður án tillits til aðalmeðferðar. Loks er í þriðja lagi heimilað í f-lið ákvæðisins að kæra úrskurð um réttarfarssekt, þótt aðalmeðferð sé byrjuð, en ófært er að útiloka þá málskotsheimild, enda leggur slíkur úrskurður refsingu á hlutaðeiganda.

Í 3. mgr. 143. gr. er að finna efnislega samhljóða reglu og nú kemur fram í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, þar sem er heimilað að kæra héraðsdómara fyrir Hæstarétt og krefjast þess að hann verði áminntur eða honum gerð refsing vegna athafna sinna í dómarastarfi. Þessari heimild í núgildandi lögum hefur verið beitt í miklu víðtækari mæli en orð ákvæðisins gefa tilefni til að ætla, m.a. til að kæra ákvarðanir dómara til Hæstaréttar til að fá þeim efnislega breytt. Þótt orðalag núgildandi reglu sé tekið nánast orðrétt upp í 3. mgr. 143. gr. ber að geta þess, að það er ekki gert með það fyrir augum að ákvæðinu verði áfram beitt á sama veg, enda hefði þá orðalagi þess verið breytt til samræmis við umrædda framkvæmd ef sú væri ætlunin. Má einnig hafa í huga að kæruheimildir skv. 1. og 2. mgr. 143. gr. eru að mun víðtækari en í núgildandi lögum og þannig síður þörf á því að nota reglu 3. mgr. sem almenna kæruheimild.

Um 144. gr.

Í 1. og 2. mgr. 144. gr. er því lýst, hvernig kæra á sér stað, en þessi ákvæði eru efnislega samhljóða 22. gr. laga nr. 75/1973.

Í 3. mgr. 144. gr. kemur fram almenn regla um áhrif kæru á önnur atriði máls, en þar segir að kæra fresti frekari framkvæmdum á grundvelli úrskurðar þar til máli lýkur fyrir æðra dómi. Sams konar regla kemur ekki fram í lögum nr. 75/1973, en hliðstæður við hana má finna um afmörkuð atriði, t.d. í 3. mgr. 128. gr. laga nr. 85/1936 varðandi áhrif kæru á úrskurði um atriði sem tengjast skýrslugjöf vitnis. Fyrirmæli 3. mgr. 144. gr. eru í samræmi við venjur í framkvæmd varðandi önnur tilvik.

Um 145. gr.

Í 145. gr. er mælt fyrir um hvers þurfi að geta í bréflegri kæru, heimildir kæranda til að bera fyrir sig ný sönnunargögn í kærumáli og greiðslu gjalda vegna kæru. Reglurnar í þessu ákvæði eru efnislega þær sömu og nú koma fram í 23. og 24. gr. laga nr. 75/1973 að öðru leyti en því, að í 145. gr. er ekki kveðið á um heimild kæranda til að bera fyrir sig ný málsatvik í kærumáli eins og er gert í nefndri 23. gr. laganna. Lagt er til að sú sérregla falli niður, þannig að heimildir kæranda í þessum efnum ráðist af almennri reglu 45. gr. laga nr. 75/1973.

Um 146. gr.

Ákvæði 146. gr. eru sama efnis og 25. og 26. gr. laga nr. 75/1973 og þarfnast því ekki sérstakra skýringa.

Um 147. gr.

Í 1. mgr. 147. gr. kemur fram að héraðsdómari eigi að senda Hæstarétti kæru, svo fljótt sem verða má, ásamt endurritum úr þingbók og öðrum gögnum í fjórriti, nema hann kjósi sjálfur að fella kærðan úrskurð sinn úr gildi. Í 2. mgr. 147. gr. er síðan mælt fyrir um heimild héraðsdómara til að senda Hæstarétti skriflegar athugasemdir sínar um kærumál með málsgögnunum. Ákvæði 147. gr. svara til 27. gr. laga nr. 75/1973 að öðru leyti en því, að annars vegar er ráðgert í núgildandi reglu að héraðsdómari geri kærumálsgögn í þríriti og sendi hvorum málsaðila sitt eintak og Hæstarétti eitt, meðan ákvæði frumvarpsins miða við að Hæstarétti verði send fjögur eintök en aðilar fái ekkert. Þessi tillaga er gerð til samræmis við framkvæmd, en málsaðilar hafa almennt enga þörf á eintaki kærumálsgagna. Hins vegar geymir 1. mgr. 147. gr. ráðagerð um að héraðsdómari geti afstýrt kæru með því að fella niður úrskurð sinn, sem er ekki kveðið á um í 27. gr. laga nr. 75/1973. Með þessum nýmælum er leitast við að fyrirbyggja að kæra þurfi úrskurð, ef héraðsdómari telur ástæðu til að fallast á viðhorf kæranda, en fyrirmynd að þessu ákvæði má finna í 1. mgr. 145. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Varðandi þessa reglu ber að hafa í huga þær takmarkanir, sem eru þó gerðar á heimild héraðsdómara til að breyta eigin ákvörðunum eða úrskurðum í 5. mgr. 112. gr. frumvarpsins.

Um 148.–150. gr.

Þessar greinar frumvarpsins svara efnislega til þeirra ákvæða 28.–33. gr. laga nr. 75/1973, sem tilefni þykir til að taka hér upp, en fáein óþörf atriði innan þessara ákvæða koma ekki fram hér. Verður því ekki séð að einstök atriði 148.–150. gr. þarfnist sérstakra skýringa.

Um 151. gr.

Í XXV. kafla frumvarpsins, sem 151.–156. gr. heyra til, er að finna reglur um áfrýjun einkamála, sem varða einkum tilgang áfrýjunar, skilyrði hennar og hvernig hún fer fram. Ákvæðum 151.–156. gr. er ætlað að koma í stað 12.–20. og 34.–38. gr. laga nr. 75/1973, sem er gert ráð fyrir að falli niður í 162. gr. frumvarpsins. Í 151.–156. gr. er miðað að nokkrum efnislegum breytingum frá ákvæðum núgildandi laga, en þessar breytingartillögur eru í nær öllum atriðum sams konar og komu fram í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1973, sem var flutt á 113. löggjafarþingi og varð ekki útrætt. Að öðru leyti má vekja athygli á því að röð ákvæða og orðalagi þeirra er breytt nokkuð í frumvarpinu frá því sem er í lögum nr. 75/1973.

Í 151. gr. koma fram almennar reglur um áfrýjun, sem eru efnislega samhljóða ýmsum dreifðum ákvæðum laga nr. 75/1973. Ákvæði 1. mgr. svara þannig efnislega til 17. gr. laganna, 2. mgr. er sama efnis og 18. gr. laganna, 3. mgr. samsvarar 1. mgr. 19. gr. laganna, 4. mgr. geymir sömu reglu og 1. mgr. 38. gr. laganna, og 5. mgr. svarar loks efnislega til 2. mgr. 19. gr. laganna. Verður því ekki séð að þörf sé skýringa á einstökum efnisatriðum 151. gr. frumvarpsins.

Um 152. gr.

Í 152. gr. er að finna reglur um skilyrði áfrýjunar, sem lúta að hagsmunum í máli. Grunnreglan í þessum efnum kemur fram í 1. mgr. greinarinnar, þar sem er mælt fyrir um svokallaða áfrýjunarfjárhæð, eða með öðrum orðum þá fjárhagslegu hagsmuni sem þurfa að vera í húfi í máli til þess að það megi áfrýja því án sérstaks leyfis. Sams konar skilyrði er sett fyrir áfrýjun einkamáls, sem varðar fjárkröfu einkaréttarlegs eðlis, í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973. Í 1. mgr. 152. gr. er á hinn bóginn gert ráð fyrir breytingum frá núgildandi reglu að tvennu leyti. Annars vegar er lögð til veruleg hækkun á áfrýjunarfjárhæð, eða úr 7.000 kr.

samkvæmt nefndri 2. mgr. 13. gr. núgildandi laga í 150.000 kr. Þessi tillaga á sér hliðstæðu í áðurnefndu frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1973, sem var flutt á 113. löggjafarþingi, þótt þar hafi verið gengið nokkuð skemur í tillögu um hækkun áfrýjunarfjárhæðar. Eins og rökstutt var í athugasemdum við það frumvarp er núgildandi áfrýjunarfjárhæð nánast tilgangslaus vegna verðlagsbreytinga, enda færð í sitt horf með lagabreytingu á árinu 1982. Raunin hefur orðið sú, að málum um hverfandi litla hagsmuni hefur fjölgað fyrir Hæstarétti, en kostnaður af rekstri slíkra mála, bæði fyrir aðila og af almannafé, er stundum verulega meiri en deilur standa þar um. Takmörkun á áfrýjunarheimild af tilliti til hagsmuna aðila á sér langa hefð í löggjöf, en hún helgast einnig af því, að samhliða henni eru almennt heimildir til að veita undanþágu með áfrýjunarleyfi eftir málefnanlegum mælikvarða, eins og er gert í 4. mgr. 152. gr. og 154. gr. frumvarpsins. Meðal annars í þessu ljósi þykir óhætt að hækka áfrýjunarfjárhæð talsvert frá núgildandi reglu um leið og breytingar eru lagðar til á reglum um veitingu áfrýjunarleyfa í nýnefndum ákvæðum frumvarpsins. Hins vegar er gerð tillaga um þá breytingu í 1. mgr. 152. gr., að áfrýjunarfjárhæð verði bundin lánskjaravísitölu og taki breytingum við hver áramót. Með þessu er leitast við að tryggja að áfrýjunarfjárhæð úreldist ekki vegna verðlagsbreytinga sem raunhæfur mælikvarði á því, hver mál eigi að njóta óhefts aðgangs að æðra dómi.

Fyrirmæli 2. mgr. 152. gr. eru efnislega samhljóða 14. gr. laga nr. 75/1973. Það sama má segja um samsvörun milli 3. mgr. 152. gr. og 15. gr. laganna.

Í 4. mgr. 152. gr. kemur fram að Hæstiréttur geti leyft áfrýjun máls þótt krafa í því nái ekki áfrýjunarfjárhæð. Um skilyrði fyrir slíku leyfi er nánar mælt í 154. gr. Þessar reglur fela í sér ráðagerð um þá breytingu, að veiting áfrýjunarleyfa verði færð til Hæstaréttar úr höndum dómsmálaráðherra, en sams konar breyting var lögð til í áðurnefndu frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1973 á 113. löggjafarþingi.

Um 153. gr.

Í þessari grein koma fram reglur um áfrýjunarfresti, en í aðalreglunni í þeim efnum, 1. mgr. 153. gr., er kveðið á um þriggja mánaða almennan frest til að áfrýja máli án þess að afla leyfis í því skyni. Sami frestur og hér um ræðir gildir nú að meginreglu eftir 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Í 2. mgr. 153. gr. er að finna heimild handa Hæstarétti til að leyfa áfrýjun máls næstu níu mánuði eftir lok almenna þriggja mánaða frestsins skv. 1. mgr. greinarinnar. Er tekið fram að áfrýjunarleyfis þurfi þá að geta í áfrýjunarstefnu og að það þurfi að fá hana gefna út innan fjögurra vikna frá veitingu leyfisins. Hliðstæðar reglur koma nú fram í 2. og 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, en þó er gert ráð fyrir breytingum hér að tvennu leyti. Annars vegar er lagt í hendur Hæstaréttar að veita áfrýjunarleyfi við þessar aðstæður, en eftir núgildandi lögum kemur það í hlut dómsmálaráðherra, eftir atvikum að fengnum meðmælum Hæstaréttar. Hins vegar er ráðgert að frestir til að áfrýja máli á grundvelli leyfis verði styttir frá því sem nú gildir, eða úr tveimur árum í eitt ár frá uppkvaðningu héraðsdóms. Breytingartillögur sama efnis voru gerðar í fyrrnefndu frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1973 á 113. löggjafarþingi.

Ákvæði 3. mgr. 153. gr. svara til 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Ákvæði 4. mgr. 153. gr. eru sama efnis og 36. gr. laganna.

Um 154. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um beiðni um áfrýjunarleyfi, meðferð Hæstaréttar á henni og veitingu leyfisins, þar á meðal skilyrði fyrir því. Eins og þegar hefur verið minnst á í tengslum við 152. og 153. gr. felst sú ráðagerð um breytingu í reglum frumvarpsins um áfrýjunarleyfi, að Hæstiréttur veiti þau, en ekki dómsmálaráðherra, svo sem nú er. Þess hefur þegar verið getið

að tillaga um þetta er tekin hér upp í samræmi við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1973, sem varð ekki útrætt á 113. löggjafarþingi. Ákvæði 154. gr. styðjast í öðrum atriðum við ráðagerðir í því frumvarpi og þykir því mega láta við það sitja að vísa til þess hér.

Um 155. gr.

Ákvæði 155. gr. um efni áfrýjunarstefnu, útgáfu hennar, þingfestingardag máls fyrir Hæstarétti, stefnufrest og birtingu áfrýjunarstefnu eru þau sömu og nú koma fram í 34. og 35. gr. laga nr. 75/1973 og þarfnast því ekki skýringa hér.

Um 156. gr.

Í 156. gr. er vísað til ákvæða laga um Hæstarétt Íslands um meðferð áfrýjunarmála þar fyrir dómi. Með þessari tilvísun er átt við ákvæði I. og III.–V. kafla laga nr. 75/1973.

Um 157. og 158. gr.

Þessar greinar mynda XXVI. kafla frumvarpsins og geyma ákvæði um endurupptöku mála, sem dómur hefur gengið í fyrir héraðsdómi en hefur ekki verið áfrýjað innan áfrýjunarfrests skv. 1. og 2. mgr. 153. gr. Er heimilað að vissum skilyrðum fullnægðum að leita ákvörðunar Hæstaréttar um að mál verði endurupptekið fyrir héraðsdómi og dómur felldur þar á það á ný. Sambærilegar heimildir eru ekki fyrir hendi í lögum nr. 85/1936, en í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er að finna heimildir til endurupptöku óáfrýjaðra mála á vettvangi þeirra laga og í VI. kafla laga nr. 75/1973 eru heimildir til endurupptöku mála sem hafa verið dæmd fyrir Hæstarétti. Mjög lítið hefur reynt á reglur um endurupptöku opinberra mála og endurupptöku einkamála fyrir Hæstarétti í framkvæmd. Er þess því varla að vænta að ákvæði XXVI. kafla hafi teljandi raunhæft gildi, en þau geta átt rétt á sér í varúðarskyni.

Í 1. mgr. 157. gr. er að finna skilyrði fyrir endurupptöku máls eftir reglum XXVI. kafla, en þau eru talin í þremur stafliðum við málsgreinina. Þessum skilyrðum þarf öllum að vera fullnægt til þess að orðið geti af endurupptöku. Þau eru sama efnis og skilyrði fyrir endurupptöku dæmds máls fyrir Hæstarétti skv. 1. mgr. 59. gr. laga nr. 75/1973 og má því telja að ekki sé þörf á sérstökum skýringum á þeim hér.

Í 2. mgr. 157. gr. kemur fram að aðili geti ekki afsalað sér rétti til að beiðast endurupptöku, en efnislega er hér um sömu reglu að ræða og kemur fram í 4. mgr. 59. gr. laga nr. 75/1973 varðandi rétt til að leita eftir endurupptöku máls sem hefur verið dæmt í Hæstarétti.

Í 158. gr. kemur fram hvernig verði leitað endurupptöku og hvernig Hæstiréttur fari með beiðni um hana, auk fyrirmæla um ákvörðun um endurupptöku, áhrif hennar, útivist í endurupptekna máli og meðferð þess. Þessar reglur eru að nokkru hliðstæðar ákvæðum 59. gr. laga nr. 75/1973, en að öðru leyti svipar þeim mjög til fyrirmæla í XXIII. kafla frumvarpsins. Má ætla að þær skýri sig sjálfar í þessu ljósi.

Um 159. gr.

Ef þetta frumvarp verður að lögum er ráðgert í 159. gr. að þau öðlist gildi 1. júlí 1992, eða sama dag og lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, og fjölmörg önnur ný heildarlög á sviði réttarfars.

Um 160. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um brottfall laga og einstakra ákvæða í lögum, en rétt er að benda á að í sumum liðum í 161. gr. er mælt fyrir um breytingu vissra ákvæða í tilteknum lögum og brottfall annarra í sömu lögunum og í 162. gr. eru sams konar fyrirmæli varðandi lög um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973. Geymir 160. gr. því ekki tæmandi talningu á brottföllnum ákvæðum.

Í 160. gr. er gert ráð fyrir brottfalli laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, auk nokkurra ákvæða í Norsku lögum Kristjáns V. frá 15. apríl 1687 og tilskipunar um vitnisburð málflutningsmanna frá 19. júlí 1793. Að öðru leyti miða fyrirmæli 160. gr. einkum að brottfalli einstakra orða í tilteknum ákvæðum laga og er þá um atriði að ræða, sem samrýmast ekki reglum frumvarpsins eða eru jafnvel orðin löngu úrelt. Að nokkru marki er þannig mælt fyrir um brottfall ummæla í lögum, sem taka mið af tilvist sáttanefnda, en þær voru lagðar niður við setningu laga nr. 28/1981. Að nokkru er einnig verið að fella brott sérreglur laga um gjafsókn og eiðvinning í dómsmálum. Þá gætir þess ekki síst í 160. gr. að verið sé að fella niður gersamlega tilgangslausar tilvísanir í lögum til laga nr. 85/1936, eftir atvikum tiltekinna greina þeirra eða tiltekinna reglna þeirra.

Um 161. gr.

Í 161. gr. er mælt fyrir um breytingar á ákvæðum fjórtán laga, en þetta er í flestum tilvikum gert í því skyni að laga texta þeirra eða efni að ákvæðum frumvarpsins eftir því sem þörf virðist vera á hverju sinni. Samsvarandi atriði koma öðrum fremur til kastanna í þessari grein og lýst var hér á undan í athugasemdum við 160. gr., en sá munur er þá á, að í slíkum tilvikum, sem ákvæði 161. gr. taka til, er ekki unnt að fella aðeins brott tiltekin orð í lögum, heldur verður um leið að mæla fyrir um önnur í þeirra stað. Í 13. tölul. 161. gr. býr þó annað tilefni að baki meginbreytingum en verður skýrt með þessum almenna hætti, en þar er gert ráð fyrir því, að nýrri grein, 8. gr. a., verði bætt í lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Efnislega yrði þetta nýja ákvæði laganna það sama og núverandi regla 34. gr. laga nr. 85/1936, þar sem mælt er fyrir um refsi- og skaðabótaábyrgð dómara vegna embættisstarfa þeirra. Regla þessa efnis þykir með réttu heima í löggjöf um dómstólaskipan og dómara og ætti því ekki að vera til frambúðar í löggjöf um meðferð einkamála, eins og hún er nú.

Um 162. gr.

Í 162. gr. er mælt sérstaklega fyrir um brottfall ýmissa ákvæða í lögum um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973, og um breyting á öðrum ákvæðum laganna. Í 1. tölul. 162. gr. er kveðið á um brottnám reglna, sem er í meginatriðum gert ráð fyrir í ákvæðum frumvarpsins, en að nokkru er einnig mælt fyrir um brottfall úreltra ákvæða í lögunum. Í 2. og 4.–7. tölul. 162. gr. er síðan gert ráð fyrir sams konar breytingum á ákvæðum laga nr. 75/1973 og voru lagðar til í sérstöku frumvarpi á 113. löggjafarþingi, að því leyti sem ákvæði úr því frumvarpi hafa ekki verið tekin upp í XXIV. og XXV. kafla þessa frumvarps. Í 3. tölul. 162. gr. er loks gert ráð fyrir nýmælum, sem hafa ekki áður verið lögð til í frumvarpi varðandi löggjöf um Hæstarétt Íslands, en þau eru þess efnis að dómsmálaráðherra megi setja mann, sem hefur látið af embætti dómara við Hæstarétt, til að gegna slíku embætti um stundarsakir eða til að sitja í dómi í einstaka máli. Er þó áskilið að hlutaðeigandi sé þessu samþykkur, sem gildir ekki um aðra sem verða kvaddir til slíkra starfa, sbr. fyrirmæli í niðurlagi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1973.

Um 163.–169. gr.

Í 163.–169. gr. er að finna bráðabirgðaákvæði, sem varða einkum tengsl eldri laga og yngri ef þetta frumvarp verður að lögum. Verður ekki séð að ástæða sé til að fjalla um einstök atriði þessara ákvæða.

73. Frumvarp til barnalaga. [72. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til allra barna, en um kjörbörn eru einnig sérlög. Einstök ákvæði laganna ná til stjúpbarna og fósturbarna samkvæmt því er í þeim segir.

Réttarstaða barna er í hvívetna hin sama nema lög mæli annan veg.

II. KAFLI
Um faðerni barna.

A. Feðrunarreglur um börn giftra foreldra og sambúðarforeldra.

2. gr.

Eiginmaður móður barns telst faðir þess, ef það er alið í hjúskap þeirra eða svo skömmu eftir hjúskaparslit að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum. Þetta gildir þó ekki ef hjónin voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barnsins.

Nú giftist móðir barns eftir fæðingu þess manni er hún hefur kennt barnið og telst hann þá faðir þess.

Ef móðir barns og maður, sem hún lýsir föður þess, búa saman við fæðingu þess samkvæmt því er greinir í þjóðskrá eða öðrum ótvíræðum gögnum telst hann faðir barnsins. Sama er ef móðir barns og maður, er hún lýsir föður þess, taka upp sambúð samkvæmt framansögðu, enda sé barn þá ófeðrað.

3. gr.

Eiginmaður eða sambúðarmaður, sem samþykkt hefur skriflega og við votta að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu eða sambúðarkonu hans með sæði úr öðrum manni, telst faðir barns sem þannig er getið.

B. Viðurkenning á faðerni barns er ákvæði 2. og 3. gr. taka ekki til.

4. gr.

Ef feðrunarreglur 2. og 3. gr. eiga ekki við verður barn feðrað með faðernisviðurkenningu manns er móðir lýsir föður þess, sbr. 5. og 6. gr., eða með dómsúrlausn, sbr. VII. kafla A.

5. gr.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir barn sitt, sbr. 4. gr., við faðerni þess með skriflegri yfirlýsingu sinni fyrir presti eða sýslumanni eða bréflega og vottfast og telst hann þá faðir barnsins.

Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára þegar yfirlýsing er uppi látin skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns.

Nú er þann veg háttað sálrænum högum lýsts barnsföður að varhugavert er að taka mark á yfirlýsingu hans og skal dómur þá ganga á mál.

Hið sama er ef upp kemur að fleiri menn en hinn lýsti faðir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barnsins, enda verði eigi talið fyrir fram að faðerni annarra en þess er gangast vill við faðerni sé útilokað.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur mælt svo fyrir að faðernisviðurkenning, sem fengin er erlendis, sé jafngild faðernisviðurkenningu sem fengist hefur hér á landi.

C. Skráning á faðerni barns.

7. gr.

Læknir eða ljósmóðir, sem tekur á móti barni, skal þegar skrá á fæðingarskýrslu öll þau atriði er af má ráða um þroska barnsins, svo og spyrja móður um faðerni þess og rita á skýrsluna frásögn hennar þar um. Sá sem móðir lýsir föður barns verður ekki skráður faðir þess, nema barnið sé feðrað samkvæmt lögum þessum.

D. Dómsmál varðandi faðerni barns.

8. gr.

Um dómsmál til feðrunar barns fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla A, en um dómsmál til vefengingar faðernis og ógildingar faðernisviðurkenningar fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla B.

III. KAFLI
Framfærsla barna.

A. Framfærsluskylda foreldra.

9. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra barn sitt. Framfærslu barns skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barns. Ákvæði þetta á einnig við um kjörbarn og kjörforeldra.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra stjúpbarn sitt, svo sem eigið barn þess væri. Sama á við um sambúðarforeldri.

Nú er barn í fóstri og er þá fósturforeldri skylt að framfæra fósturbarn sitt með sama hætti og væri það eigið barn þess.

B. Úrskurður um framfærslueyri.

10. gr.

Nú fullnægir foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni og getur sýslumaður þá úrskurðað það til greiðslu framfærslueyris með því. Framlög þessi verða þó ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að krafa var sett fram, nema alveg sérstakar ástæður leiði til annars.

Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra.

Nú hefur faðir barns sætt dómi fyrir brot skv. XXII. kafla almennra hegningarlaga gagnvart móður þess og telja verður að barn sé getið við þessa háttsemi og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

11. gr.

Í meðlagsúrskurði skal, auk fulls nafns meðlagsskylds foreldris, tilgreina kennitölu

þess, heimilisfang, stöðu og atvinnustað á þeim tíma sem meðlagsúrskurður er gefinn út.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri nemur, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, né heldur takmarka meðlagsskyldu meðlagsskylds foreldris við lægri lágmarksaldur en þann er greinir í 13. gr. laga þessara. Frá gildistöku laga þessara skal greiða meðlag með barni þar til það nær framangreindum aldri þótt annað aldurstakmark hafi verið ákveðið í meðlagsúrskurði.

12. gr.

Nú hefur verið sett fram krafa um framfærslueyri með barni, en fyrirsjáanlegt er að mál muni dragast á langinn þar sem foreldri, sem krafa beinist gegn, er búsett erlendis eða sérstökum örðugleikum er bundið að ná til þess og getur þá sýslumaður kveðið upp bráðabirgðaúrskurð um framfærslueyri með barninu á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær hjá hinu meðlagsskylda foreldri í samræmi við úrskurð sýslumanns á hendur því.

C. Lok framfærsluskyldu.

13. gr.

Framfærsluskyldu lýkur er barn verður 18 ára. Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma ef barn giftist, nema sýslumaður ákveði annað. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar ungmennis er heimilt að ákveða samkvæmt kröfu þess allt til þess er það nær 20 ára aldri. 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. á hér við að sínu leyti.

Ákvæði 1. mgr. 16. gr. eiga við um ákvarðanir sýslumanns skv. 1. mgr.

D. Greiðsla meðlags.

14. gr.

Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrir fram, nema annað sé löglega ákveðið.

E. Úrskurður vegna sérstakra útgjalda.

15. gr.

Heimilt er að úrskurða framfærsluskyldan (meðlagsskyldan) aðila til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Framlög skv. 1. mgr. verða því aðeins úrskurðuð að krafa um það sé uppi höfð við sýslumann innan þriggja mánaða frá því að svara varð til útgjalda, nema eðlileg ástæða hafi verið til að bíða með slíka kröfu.

F. Breyting á meðlagsúrskurði.

16. gr.

Sýslumaður getur breytt meðlagsúrskurði ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda sé sýnt fram á að hagir foreldra eða barns hafi breyst.

Ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er áður en krafa er uppi höfð, verður þó ekki breytt, nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess.

G. Samningur um framfærslueyri.

17. gr.

Samningur um framfærslueyri með barni er því aðeins gildur að sýslumaður staðfesti hann. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar og eigi má takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barna en þann sem greinir í 13. gr.

18. gr.

Staðfestur samningur um framfærslueyri, sbr. 17. gr., er því ekki til fyrirstöðu að sýslumaður skipi máli annan veg en samningur kveður á um ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda telji hann að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögg við þarfir barns.

Ákvæði 2. mgr. 16. gr. á hér við að sínu leyti.

H. Hverjir geti krafist framfærslueyris o.fl.

19. gr.

Framfærslueyrir samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni. Nú er greidd af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu og skal þá varðveita fúlguféð með þeim hætti, sem fyrir er mælt almennt um fé ófjárráða í lögræðislögum eða í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Sá sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns getur krafist þess að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða barnið búi hjá honum samkvæmt lögmætri skipan. Nú hefur verið innt af hendi framfærsluframlag af hálfu hins opinbera og hefur þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann sem greinir í þessari málsgrein.

I. Framfærslueyrir barna er foreldrar skilja.

20. gr.

Sé samkomulag milli foreldra við skilnað um framfærslueyri með börnum staðfestir sýslumaður eða dómstóll, sem skilnaðarmál hefur til meðferðar, samning foreldra þar að lútandi, enda fullnægi samningur þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 17. gr. Að öðrum kosti úrskurðar sýslumaður um framfærslueyri að kröfu annars hvors foreldris samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

IV. KAFLI

Greiðslur er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu.

21. gr.

Sýslumaður getur úrskurðað föður barns til að greiða framfærslueyri með konu samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns.

Nú sýkist kona vegna meðgöngu eða barnsfara og er sýslumanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en níu mánuði eftir fæðingu.

Skylda má mann til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein þótt barn fæðist andvana.

22. gr.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður sem um getur í 3. mgr.

10. gr. skal sýslumaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað er af meðgöngu og barnsförum stafar.

Sýslumaður getur enn fremur úrskurðað þann sem valdur er að þunga konu til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar.

23. gr.

Framlög þau, sem greind eru í 21. gr. og 1. mgr. 22. gr., eru gjaldkræf þegar við ákvörðun á þeim, ef barn er þá fætt, og endranær á því tímamarki, er sýslumaður ákveður. Framlög skv. 2. mgr. 22. gr. eru gjaldkræf við úrskurð þeirra.

Framlög skv. 1. mgr. verða ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að krafa var sett fram, nema alveg sérstakar ástæður leiði til annars.

Framlög skv. 21. og 22. gr. tilheyra móður barns eða þeirri opinberu stofnun er staðið hefur straum af útgjöldum þeim sem hér getur verið um að ræða.

V. KAFLI
Greiðsla framfærslueyris og innheimtuúrræði.

24. gr.

Framfærslueyrir (meðlag) með barni, sem sýslumaður hefur úrskurðað, er kræfur með fjárnámi. Hinu sama gegnir um greiðslur sem sýslumaður úrskurðar skv. 13., 15., 21. og 22. gr., sbr. 23. gr.

Greiðslur skv. 1 mgr., sem samningur aðila tekur til, staðfestur af sýslumanni, eru einnig kræfar með fjárnámi.

25. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðilum, er greinir í 27. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni samkvæmt lögmætum úrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns er greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði á hverjum tíma.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður löglega birtur eða samningur um meðlagsgreiðslur staðfestur af sýslumanni.

Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur verið gert að greiða lægra meðlag með því en nemur barnalífeyri almannatrygginga eða hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því getur sýslumaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins á grundvelli erlends skilnaðarleyfis, skilnaðardóms eða úrskurðar. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist.

Um kröfu skv. 2. mgr., svo og endurgreiðslu hennar gilda að öðru leyti ákvæði laga um almannatryggingar, þar á meðal um endurgreiðslu ríkissjóðs á meðlögum er Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna barnsfeðra sem framfærslurétt eiga erlendis.

26. gr.

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna framfærslueyris skv. 1. mgr. 21. gr. fer svo sem segir í lögum um almannatryggingar.

Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur, sem greinir í 15. gr., og barnsmóðir um greiðslur skv. 2. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 22. gr. þessara laga. Ung-

menni, sem í hlut á, hefur aðgang að Tryggingastofnun ríkisins vegna úrskurðaðra framlaga skv. 13. gr. eftir því sem almannatryggingalög mæla fyrir um.

Með reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur, má ákveða hámarksgreiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi skv. 1. og 2. mgr.

27. gr.

Þeir sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmætum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri skv. 24.–26. gr.

28. gr.

Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

VI. KAFLI
Foreldraskyldur, forsjá barns og umgengnisréttur.

A. Inntak forsjár.

29. gr.

Foreldrum ber að sýna barni sínu umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum, svo sem best hentar hag barns og þörfum. Foreldrum ber að afla barni sínu lögmæltrar fræðslu og ala með því iðjusemi og siðgæði.

Barnið á rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða og eru þeir forsjárskyldir við það. Einstakar forsjárskyldur geta þó haldist lengur ef þarfir barns krefjast þess. Foreldri, sem fer eitt með forsjá barns síns, er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt, nema umgengni sé andstæð hag og þörfum barns að mati lögmælts stjórnvalds.

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðila til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Þeir sem hafa forsjá barns á hendi hafa rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins, sbr. ákvæði lögræðislaga.

Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en persónulegum málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem gerlegt er, þar á meðal með tilliti til þroska barns.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um kynforeldri, kjörforeldri, stjúpforeldri og fósturforeldri, sbr. 3. mgr. 9. gr., svo og um sambúðarforeldri, þ.e. karl eða konu, sem er í sambúð við kynmóður barns eða kynföður samkvæmt því er greinir í þjóðskrá eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum.

B. Lögbundin forsjá.

30. gr.

Ósjálfráða barn á rétt á forsjá beggja foreldra sinna, sem eru í hjúskap, sbr. þó 1. mgr. 32. gr., eða búa saman, sbr. 3. mgr. 2. gr.

Nú eru foreldrar barns hvorki í hjúskap né búa saman við fæðingu barns og fer móðir þá ein með forsjá þess, sbr. þó 1. mgr. 33. gr.

Taki ógift foreldri, sem fer með forsjá barns síns, upp sambúð eða gangi í hjúskap er forsjá barns einnig hjá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri.

C. Forsjá við andlát forsjárforeldris.

31. gr.

Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og annað þeirra andast og fer þá eftirlifandi foreldri eitt með forsjána, ásamt maka sínum eða sambúðaraðila, ef því er að skipta. Fela má maka eða sambúðaraðila hins látna foreldris, sem einnig hefur farið með forsjá barnsins, forsjá þess að kröfu hans, ef það er talið barninu fyrir bestu.

Nú hefur annað foreldri farið með forsjá barns og fer þá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, sem einnig hefur farið með forsjána, áfram með forsjá eftir andlát forsjárforeldris. Fela má hinu foreldrinu forsjá barnsins að kröfu þess foreldris, ef það er talið barninu fyrir bestu.

Við andlát foreldris, sem farið hefur eitt með forsjá barns, hverfur forsjá þess til hins foreldrisins. Fela má öðrum forsjá barnsins, komi fram ósk um það og sé það álitið barninu fyrir bestu.

Um mál skv. 1.–3. mgr. fer eftir því sem kveðið er á um í 33., 34. og 36. gr.

Verði barn forsjárlaust vegna andláts forsjárforeldra hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

D. Forsjá við skilnað eða samvistaslit foreldra.

32. gr.

Nú slíta giftir foreldrar samvistir án þess að hjúskap ljúki og geta þeir þá ákveðið að annað þeirra fari með forsjá barns. Ákvæði 33. gr. 4. mgr. á við um samninga samkvæmt þessari málsgrein.

Forsjá barns skal ávallt skipa við skilnað foreldra að borði og sæng og við lögskilnað, svo og við slit óvígðrar sambúðar foreldra, sbr. 2. gr. 3. mgr. og 29. gr. 6. mgr. Skipan forsjár við skilnað að borði og sæng skal gilda óbreytt við lögskilnað, sbr. þó ákvæði 35. gr. 1. mgr.

Foreldrar geta samið svo um að forsjá barns þeirra verði hjá þeim báðum (sameiginleg forsjá) eftir skilnað eða sambúðarslit, eða í höndum annars hvors. Ákvæði 33. gr. 4. mgr. á við um samninga samkvæmt þessari málsgrein.

Ef ágreiningur rís um forsjá barns við slit hjúskapar eða við sambúðarslit giftra eða ógiftra foreldra, fer um það mál eftir því sem kveðið er á um í 34. gr.

E. Samningar foreldra um forsjá.

33. gr.

Foreldrar, sem ekki fara sameiginlega með forsjá barns síns, geta samið um að forsjáin verði sameiginleg.

Foreldrar geta samið um breytingu á forsjá barns, þannig að forsjá flytjist frá öðru foreldri til hins eða að samningur um sameiginlega forsjá falli niður og forsjá verði í höndum annars foreldris.

Foreldrar geta falið þriðja manni forsjá barns síns með samningi, enda mæli barnaverndarnefnd með þeirri skipan. Ef forsjá barns er í höndum annars foreldris skal leitað umsagnar hins foreldrisins.

Samningur um forsjá barns öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Sýslumaður skal leiðbeina aðilum um réttaráhrif samnings. Hann getur synjað um staðfestingu samnings, ef hann er andstæður hag og þörfum barnsins.

F. Ágreiningsmál um forsjá.

34. gr.

Þegar foreldra greinir á um forsjá barns sker dómstóll úr ágreiningsmálinu. Dómsmálaráðuneytið getur skorið úr ágreiningi um forsjá, séu aðilar sammála um að fela ráðuneytinu úrskurðarvald. Þegar skilnaðar er leitað fyrir dómi, leysir sami dómstóll úr ágreiningi um forsjá, nema aðilar séu á einu máli um að leita úrlausnar dómsmálaráðuneytisins í forsjármálinu. Þótt sýslumaður leysi úr kröfu um skilnað, er unnt að leggja ágreining um forsjá barns fyrir dómstól. Hraða skal meðferð þessara mála.

Dómstóll eða dómsmálaráðuneytið kveða í úrlausnum sínum á um hjá hvoru foreldri forsjá barns verði, eftir því sem barni er fyrir bestu. Eigi verður mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns, nema foreldrar séu sammála um þá skipan. Nú þykir hvorugt foreldra hæft til að fara með forsjá barns, og tekur barnaverndarnefnd þá við forsjá þess samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

Dómsmálaráðuneytið skal að jafnaði leita umsagnar barnaverndarnefndar áður en forsjármáli er ráðið til lykta. Dómari leitar umsagnar barnaverndarnefndar, ef hann telur þörf á því.

Veita skal barni, sem náð hefur 12 ára aldri, kost á að tjá sig um forsjármál, nema telja megi, að slíkt geti haft skaðvænleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Rétt er einnig að ræða við yngra barn, eftir því sem á stendur, miðað við aldur þess og þroska. Dómstóll eða dómsmálaráðuneyti getur falið sérfróðum manni eða mönnum að kynna sér viðhorf barnsins og gefa skýrslu um það.

Skipa má barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls, ef sérstök þörf er á því, og er þóknun hans greidd úr ríkissjóði.

Nánari ákvæði um meðferð þessara mála eru í VIII. og IX. kafla laganna.

35. gr.

Nú krefst annað foreldra þess, að samningi eða úrlausn dómstóls eða dómsmálaráðuneytis um forsjá verði breytt og leysir dómstóll þá úr málinu skv. VIII. kafla, en dómsmálaráðuneytið, ef aðilar eru á einu máli um þá málsmeðferð. Krafa samkvæmt þessari málsgrein verður því aðeins tekin til greina, að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins. Um kröfu foreldris til niðurfellingar samkomulags um sameiginlega forsjá, fer þó samkvæmt næstu málsgrein.

Foreldrar, er fara sameiginlega með forsjá barns samkvæmt samningi, geta hvenær sem er krafist þess, bæði eða annað, að hann verði felldur úr gildi. Staðfestir sýslumaður þá nýtt samkomulag foreldranna, ef því er að skipta, sbr. 33. gr. 4. mgr., en ágreiningsmál fara til úrlausnar dómstóls eða dómsmálaráðuneytisins, sbr. 34. gr. og 36. gr.

Nú fer móðir með forsjá barns skv. 30. gr. 2. mgr. og má þá fela föður forsjá barnsins að ósk hans, enda þyki sú forsjárskipan koma barni best. Við úrlausn máls samkvæmt þessari málsgrein skal m. a. tekið tillit til tengsla barns við föður. Ákvæði 34. gr., 1. mgr., 1. og 2. málsl. eiga við um mál samkvæmt þessari málsgrein.

G. Bráðabirgðaúrlausn um forsjá.

36. gr.

Í ágreiningsmáli út af forsjá barns getur dómstóll eða dómsmálaráðuneytið, eftir því hvar forsjármál er til meðferðar, ákveðið til bráðabirgða hvernig fara skuli um forsjá þess, eftir því sem barni er fyrir bestu. Breyta má þessari ákvörðun vegna verulega breyttra aðstæðna. Ákvörðun um skipan forsjár til bráðabirgða bindur ekki hendur úrskurðar-

valds þegar ákvarða skal forsjá til frambúðar, enda verður sá aðili, sem kveður á um bráðabirgðaforsjá, ekki vanhæfur til að leysa úr forsjármálinu að öðru leyti.

H. Um umgengnisrétt.

37. gr.

Nú er forsjá barns í höndum annars foreldris, og á barnið þá rétt á umgengni við hitt foreldra sinna og gagnkvæmt. Foreldri er skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta.

Ef foreldrar verða sammála um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti, skal eftir því farið, nema sú skipan komi í bága við hag og þarfir barnsins að mati sýslumanns.

Ef foreldra greinir á um umgengni úrskurðar sýslumaður, að kröfu foreldris, um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt. Sýslumaður getur hafnað því að ákvarða inntak umgengnisréttar og getur einnig breytt eða fellt úr gildi úrskurð eða samning foreldra um umgengni, ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu. Ef sérstök atvik valda því að mati sýslumanns, að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag barns og þörfum, getur hann kveðið svo á, að umgengnisréttar njóti ekki við.

Meðan forsjármál er til meðferðar getur sýslumaður að kröfu þess foreldris, sem barn býr ekki hjá, ákveðið umgengni barns við það til bráðabirgða samkvæmt meginreglum 1. og 3. mgr., uns forsjármálinu hefur verið ráðið til lykta.

Nú er annað foreldra barns látið eða bæði, og geta þá nánir vandamenn látins foreldris krafist þess, að sýslumaður mæli fyrir um umgengni þeirra við barn. Ræður hann máli til lykta eftir því sem barni þykir koma best.

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins. Ákvæði 34. gr. 4. mgr. á hér við að breyttu breytanda.

38. gr.

Nú tálmar foreldri, sem hefur forsjá barns, hinu foreldrinu að njóta umgengnisréttar við barnið, er úrskurðaður hefur verið, og getur sýslumaður þá að kröfu þess skyldað þann, sem með forsjá barnsins fer, til að láta af tálmunum, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð allt að 5.000 krónum. Dagsektir verða eigi lagðar á fyrr en að liðnum málskotsfresti þeim er greinir í 74. gr. eða fyrr en úrskurður ráðuneytisins um umgengni er genginn, ef máli hefur verið skotið þangað. Dagsektir skal ákveða með úrskurði, en gefa skal þeim sem með forsjá barnsins fer kost á að tala máli sínu áður en hann er kveðinn upp. Dagsektir skulu ákveðnar til allt að þriggja mánaða í senn fyrir hvern dag, sem líður frá uppkvaðningu úrskurðar, þar til látið er af tálmunum. Dagsektir falla niður þegar sýslumaður telur að látið hafi verið af tálmunum. Dagsektir má innheimta með fjárnámi samkvæmt kröfu þess, sem tálmað er að njóta umgengnisréttar og renna þær í ríkissjóð. Hámarksfjárhæð dagsekta samkvæmt framansögðu skal taka breytingum í samræmi við lánskjaravísitölu, sem í gildi verður 1. júlí 1992. Öðrum lagaúrræðum verður ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti.

I. Fyrirhugaður flutningur barns úr landi.

39. gr.

Nú hefur forsjármáli eigi verið ráðið til lykta, og getur dómstóll eða dómsmálaráðuneytið, eftir því hvar forsjármál er til úrlausnar, lagt svo fyrir að ósk annars foreldris, að eigi megi að svo vöxnu fara með barnið úr landi. Dómstóll eða dómsmálaráðuneytið leysa

úr málinu með úrskurði. Úrskurð dómara má kæra til Hæstaréttar. Kæra frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar.

Nú á annað foreldra umgengnisrétt við barn, og má hitt foreldra þá eigi flytjast með barnið úr landi, nema því foreldri, sem umgengnisréttinn á, sé veitt færi á að tjá sig um málið og þar á meðal bera mál undir sýslumann.

J. Foreldrar fela öðrum barn til umönnunar og uppeldis.

40. gr.

Foreldrar geta falið öðrum barn sitt til umönnunar og uppeldis. Þeir geta þó hvenær sem er fengið barnið til sín að nýju, nema barnaverndaryfirvöld telji barninu fyrir bestu að ráðstöfun haldist. Ákvæði þetta á ekki við um ættleiðingu.

VII. KAFLI
Dómsmál vegna faðernis barna.

A. Faðerni barns sem 2.–6. gr. taka ekki til.

1. Lögsaga.

41. gr.

Dómsmál um faðerni barns er unnt að höfða hér á landi ef:

a. varnaraðili er búsettur hér á landi,
b. dánarbú varnaraðila sætir eða hefur sætt skiptameðferð hér á landi,
c. móðir barns er búsett hér á landi,
d. barn er búsett hér á landi.

Víkja má frá reglum þessarar greinar með samningum við erlend ríki.

2. Varnarþing.

42. gr.

Faðernismál má höfða á heimilisvarnarþingi móður eða varnaraðila, sbr. og 2. mgr.

Nú á móðir ekki varnarþing hér á landi, og má þá höfða mál á varnarþingi varnaraðila eða því varnarþingi, sem hann átti síðast hér á landi, ef hann er farinn af landi eða ókunnugt er, hvar hann er niður kominn, eða á varnarþingi, þar sem með bú hans er farið.

Höfða má mál á varnarþingi barns, ef varnarþingi hér á landi skv. 1. og 2. mgr. er ekki til að dreifa, eða fyrir öðrum dómstóli hér á landi samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytis.

3. Málsaðild.

43. gr.

Sóknaraðili faðernismáls er móðir barns eða barnið sjálft. Nú hefur móðir barns höfðað mál, og hún andast, áður en máli er lokið, og getur þá einstaklingur eða það sveitarfélag, sem við framfærslu barns hefur tekið að nokkru eða öllu, haldið áfram málinu.

Varnaraðili máls er sá maður eða þeir menn, sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Nú er varnaraðili látinn, áður en mál er höfðað, og má þá höfða það á hendur búi hans.

Ef víst má þykja eða líklegt, að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, skal stefna þeim báðum eða öllum.

4. Málsmeðferð.

44. gr.

Faðernismál eru rekin og dæmd í héraðsdómi.

Mál þessi sæta almennri meðferð einkamála, nema annan veg sé mælt fyrir um í lögum.

45. gr.

Meðan á meðferð faðernismáls stendur á barnsmóðir kröfu á liðsinni barnaverndarnefndar, eftir því sem dómari telur þörf á. Sama er um barn, ef það er sóknaraðili.

Sóknaraðili faðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

46. gr.

Dómari fylgist með öflun sönnunargagna.

Hann getur lagt fyrir aðila eða lögmenn þeirra að afla nánar tilgreindra gagna.

Dómari getur enn fremur, ef nauðsynlegt þykir, aflað sjálfur sönnunargagna.

Ákvæði laga um meðferð einkamála um útivist málsaðila eða áhrif þess að ekki er hreyft andmælum við staðhæfingum gilda ekki um mál samkvæmt þessum kafla.

47. gr.

Aðilum máls er skylt, eftir kröfu dómara, að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu, konunni þó ekki ef hún er sóknaraðili máls, enda skal vísa máli frá dómi, ef hún neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa fyrir dómi, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn sem dómari mælir fyrir um.

48. gr.

Dómari getur mælt fyrir um, að blóðrannsókn sé gerð á móður barns og barninu svo og varnaraðilum, og enn fremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þar á meðal mannerfðafræðilegar rannsóknir. Eru þeir sem í hlut eiga skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana. Dómari getur kveðið svo á, að blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn skuli fram fara á foreldrum og eftir atvikum systkinum barnsmóður og varnaraðila, svo og á öðrum börnum barnsmóður og öðrum börnum lýsts barnsföður.

49. gr.

Dómþing í faðernismálum skulu háð fyrir luktum dyrum. Fulltrúi barnaverndarnefndar getur sótt dómþing með barnsmóður eða barni.

50. gr.

Dómari er ekki bundinn af kröfum þeim, sem uppi eru hafðar í faðernismáli.

Í máli samkvæmt framanskráðum ákvæðum skal sá maður teljast faðir barns, sem sannað er, að hafi haft samfarir við móður þess á getnaðartíma þess, nema gögnum sé til að dreifa, sem geri það lítt sennilegt, að hann sé faðir barnsins.

Nú sannast að móðir barns hefur haft samfarir við fleiri menn en einn á getnaðartíma þess, og verður varnaraðili í faðernismáli þá því aðeins dæmdur faðir þess, að verulega meiri líkur séu á, að hann sé faðir barnsins en annar eða aðrir, sem til greina hafa komið.

5. Birting dóms.

51. gr.

Nú er dómur í faðernismáli prentaður eða birtur með öðrum hætti opinberlega, og skal þá gæta leyndar um nöfn þeirra, stöðu og heimili sem greindir eru í dóminum.

B. Mál til vefengingar á faðerni barns og ógildingar á faðernisviðurkenningu.

1. Vefenging á faðerni barns skv. 2. og 3. gr.

52. gr.

Mál til vefengingar á faðerni barns skv. 2. og 3. gr., geta höfðað eiginmaður og sambúðarmaður móður barns, móðir þess, barnið sjálft og lögráðamaður barns, sem sérstaklega er skipaður, ef því er að skipta. Enn fremur að eiginmanni eða sambúðarmanni látnum sá erfingi hans, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum.

Mál skal höfða innan eins árs frá því að sóknaraðili fékk vitneskju um atvik, sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barns og þó eigi síðar en innan fimm ára frá fæðingu þess. Nú er eiginmaður eða sambúðarmaður látinn, en málshöfðunarfrestur þó ekki liðinn, og getur þá sá, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hinn látna, höfðað vefengingarmálið innan 6 mánaða frá því, að hann fékk vitneskju um fæðingu barnsins og dauða eiginmannsins eða sambúðarmannsins. Ofangreindir tímafrestir eiga ekki við, þegar barn höfðar mál.

2. Ógilding á faðernisviðurkenningu skv. 4.–6. gr.

53. gr.

Mál til ógildingar á faðernisviðurkenningu, sbr. 4.– 6. gr., er unnt að höfða, ef fram koma nýjar upplýsingar um faðernið eða upplýsingar, sem sýna að sá sem viðurkenndi faðernið geti ekki verið faðir barnsins.

Aðild að málssókn samkvæmt þessari grein eiga sá sem viðurkennt hefur faðerni barnsins, móðir þess og barnið sjálft.

52. gr. 2. mgr. á við um mál samkvæmt þessari grein að breyttu breytanda.

3. Málsmeðferð.

54. gr.

Mál skv. 52. og 53. gr. skulu rekin að hætti einkamála. Ákvæði 48. gr., 49. gr. og 51. gr. eiga við um mál þessi.

Nú er lögð fram í vefengingarmáli skrifleg yfirlýsing, staðfest fyrir dómara frá öðrum manni en eiginmanni eða sambúðarmanni móður barnsins um, að hann sé faðir þess, og móðirin og eiginmaður eða sambúðarmaður hennar lýsa því með sama hætti, að þau telji mann þennan föður barnsins og getur dómari þá kveðið upp dóm um, að eiginmaður eða sambúðarmaður móður barns sé eigi faðir þess, enda telji hann yfirlýsinguna studda nægjanlegum gögnum. Þessi háttur verður þó eigi á hafður, ef barn er orðið sjálfráða, nema samþykki þess til breyttrar feðrunar komi til.

Nú er barn sóknaraðili vefengingarmáls og á þá 45. gr. 2. mgr. við um mál.

Ef eiginmaður eða sambúðarmaður móður barns er látinn, áður en mál skv. 52. gr. 2. mgr. er höfðað, má beina því gegn búi hans.

4. Vefenging á faðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun.

55. gr.

Nú hefur maður samþykkt að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu eða sambúðarkonu

sinni, sbr. 3. gr., og er þá í máli skv. 52. gr. því aðeins unnt að taka til greina kröfu um vefengingu á faðerni barnsins, að ljóst sé að það sé ekki getið við tæknifrjóvgunina.

VIII. KAFLI
Dómsmál vegna ágreinings um forsjá barna.

A. Lögsaga.

56. gr.

Dómsmál vegna ágreinings um forsjá barns er unnt að höfða hér á landi ef:

a. stefndi er búsettur hér á landi,
b. barn eða börn sem málið varðar eru búsett hér á landi,
c. stefnandi er íslenskur ríkisborgari og leitt er í ljós, að hann geti ekki vegna ríkisfangs síns höfðað mál í því landi sem hann býr eða þar sem stefndi eða börn búa,
d. báðir foreldrar eru íslenskir ríkisborgarar og stefndi lýsir sig eigi andvígan því, að mál sé höfðað hér á landi.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þó ganga framar ákvæði 1. mgr.

Nú er krafa um forsjá þáttur í hjúskaparmáli og gilda þá þær reglur um lögsögu og varnarþing, sem greinir í hjúskaparlögum. Um forsjárþáttinn skal gæta ákvæða þessa kafla.

Íslenskur dómstóll getur, ef alveg sérstaklega stendur á, leyst úr kröfu um forsjárskipan til bráðabirgða, ef stefndi eða barnið dvelst hér á landi.

B. Varnarþing.

57. gr.

Mál skal höfða á heimilisvarnarþingi barns eða á heimilisvarnarþingi stefnda að öðrum kosti. Ef hvorugt þeirra á heimilisvarnarþing hér á landi má höfða mál á heimilisvarnarþingi stefnanda.

Nú er eigi til að dreifa varnarþingi skv. 1. mgr. og skal þá höfða mál fyrir dómstóli, er dómsmálaráðuneyti kveður á um.

C. Málsmeðferð.

1. Almenn meðferð einkamála og frávik.

58. gr.

Um rekstur máls vegna forsjár barna fer að hætti einkamála nema um frávik sé mælt í lögum.

2. Sáttaumleitun.

59. gr.

Dómari leitar um sættir í forsjármálum.

Dómari getur ákveðið, að sáttatilraun í stofnun um fjölskylduráðgjöf komi í stað sátta skv. 1. mgr. að nokkru eða öllu.

3. Sönnunargögn.

60. gr.

Dómari fylgist með öflun sönnunargagna.

Hann getur lagt fyrir aðila eða lögmenn þeirra að afla nánar tilgreindra gagna svo sem kannana sérfróðra manna um hagi foreldra og barns.

Dómari getur enn fremur, ef nauðsynlegt þykir, aflað sjálfur sönnunargagna, þar á meðal með yfirheyrslu vitna og öflun sérfræðilegra álitsgerða. Hann getur einnig lagt fyrir aðila að gefa skýrslu í dómi samkvæmt reglum þeim, sem gilda um vitni. Dómari leysir úr því í dómi, hvort kostnaður vegna gagnaöflunar samkvæmt þessari málsgrein verði greiddur úr ríkissjóði.

61. gr.

Dómari getur ákveðið, að öðrum málsaðila eða báðum sé óheimilt að vera viðstaddur er viðhorf barns er kannað skv. 34. gr. 4. mgr. Kynna skal aðilum hvað fram hafi komið um afstöðu barns áður en mál er flutt, nema slíkt þyki varhugavert vegna hagsmuna barnsins.

4. Um dómkröfur og málsástæður.

62. gr.

Aðilar geta gert nýjar dómkröfur og flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli allt til þess að mál er flutt, enda þarf ekki að leita sátta að nýju vegna nýrra dómkrafna, nema dómari telji ástæðu til þess.

Dómari er ekki bundinn af málsástæðum og kröfum aðila.

5. Um þinghöld.

63. gr.

Forsjármál skulu sótt og varin og aðilar og vitni spurð fyrir luktum dyrum, nema dómari kveði öðruvísi á með samþykki málsaðila.

D. Nafnleynd o.fl.

64. gr.

Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem gerst hefur í slíkum málum en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

Nú er dómur í slíku máli birtur, þar á meðal að tilstuðlan dómsins, og skal þá gæta leyndar á nöfnum og upplýsingum sem bent geti til þess, hverjir séu aðilar máls eða hvert barn eða börn dómurinn varði.

IX. KAFLI

Um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum.

A. Lögsaga.

65. gr.

Stjórnvöld geta leyst úr þeim málum er tengjast öðrum ríkjum í eftirfarandi tilvikum:

a. ef barn, sem málið varðar, er búsett hér á landi,
b. ef sá, sem krafa beinist gegn, er búsettur hér á landi,
c. hafi úrskurður eða dómur í forsjár- eða faðernismáli gengið hér á landi, má einnig leysa úr meðlagsmáli varðandi það barn, enda komi fram krafa þar að lútandi innan eins árs frá því að úrskurður eða dómur gekk.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þá ganga framar ákvæðum 1. mgr.

B. Úrskurðarumdæmi.

66. gr.

Úrskurða skal ágreiningsmál er sæta úrlausn sýslumanns eftir lögum þessum í umdæmi þar sem barn býr.

Sé barn ekki búsett hér á landi, skal úrskurða mál, þar sem sá er krafa beinist gegn er búsettur.

Séu samtímis rekin samkynja mál, er varða systkin, sem ekki eru búsett í sama úrskurðarumdæmi, skal sameina málin og úr þeim leysa í því umdæmi, þar sem úrskurða átti um þá kröfu er kom fyrr fram.

Dómsmálaráðuneytið ákvarðar úrskurðarumdæmi, ef hvorki barn né sá sem krafan beinist gegn eru búsett hér á landi, eða ef annars leikur vafi á því hvar leysa skuli úr máli samkvæmt framangreindu.

C. Leiðbeiningarskylda.

67. gr.

Sýslumaður skal leiðbeina aðilum ágreiningsmáls um réttindi þeirra og skyldur er málið varða.

D. Sáttaumleitan.

68. gr.

Sýslumaður leitar sátta með báðum aðilum áður en hann tekur ákvörðun í ágreiningsmáli, nema sáttaumleitan sé bersýnilega þýðingarlaus eða aðili sinni ekki ítrekuðum kvaðningum sýslumanns. Ef aðilar máls búa eða dvelja hvor í sínu umdæmi, má leita sátta þar sem hvor aðila býr eða dvelst.

Hafi sáttaumleitan í forsjár- eða umgengnismáli farið fram í stofnun um fjölskylduráðgjöf er eigi þörf sáttaumleitana sýslumanns.

E. Kröfur aðila og gagnaöflun.

69. gr.

Aðilum máls ber að setja fram skýrar kröfur fyrir stjórnvaldi og afla þeirra gagna sem stjórnvald telur þörf á til úrlausnar máls. Enn fremur getur stjórnvald aflað gagna að eigin frumkvæði, ef þörf krefur.

Ef úrskurðarbeiðandi sinnir eigi ítrekuðum kvaðningum eða tilmælum stjórnvalds um framlagningu gagna er stjórnvaldi heimilt að synja um úrlausn.

Nú sinnir gagnaðili máls eigi ítrekuðum kvaðningum eða tilmælum stjórnvalds um gagnaöflun og skal þá veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna, sem fyrir liggja.

F. Réttur aðila til að kynna sér gögn máls.

70. gr.

Aðilum máls er heimilt að kynna sér skjöl og önnur gögn sem málið varða. Réttur þessi nær ekki til vinnuskjala, sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð málsins.

Stjórnvaldi er heimilt að takmarka aðgang aðila að gögnum er veita upplýsingar um afstöðu barns, ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

G. Réttur aðila til að tjá sig um mál.

71. gr.

Aðilar skulu eiga þess kost að tjá sig um mál áður en ákvörðun er tekin og getur stjórnvald sett þeim ákveðinn frest til þess.

H. Form og efni úrskurða.

72. gr.

Úrskurður stjórnvalds skal vera skriflegur. Þar skal greina úrlausnarefni, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaða byggist á og önnur atriði er máli skipta, þar á meðal kæruheimild og þvingunarúrræði, ef því er að skipta.

I. Tilkynning um úrskurð.

73. gr.

Úrskurð stjórnvalds skal senda aðilum máls með ábyrgðarbréfi, hann birtur af einum stefnuvotti eða kynntur með öðrum sannanlegum hætti.

J. Stjórnsýslukæra.

74. gr.

Kæra má úrskurð sýslumanns til dómsmálaráðuneytisins innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans. Kæra frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar, nema sýslumaður ákveði annað.

X. KAFLI
Um framkvæmd forsjárákvarðana.

75. gr.

Þegar ákvörðun er fengin um forsjá barns, og sá sem barn dvelst hjá, neitar að afhenda það réttum forsjáraðila, getur forsjáraðili beint til héraðsdómara beiðni um, að forsjá hans verði komið á með aðfarargerð.

Ef sá sem barn dvelst hjá neitar þrátt fyrir úrskurð héraðsdómara að afhenda barn samkvæmt framansögðu eða að veita upplýsingar þær sem sýslumaður telur óhjákvæmilegar til framgangs gerðinni, getur sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda ákvarðað honum dagsektir á grundvelli 38. gr. Skulu þær renna í ríkissjóð. Fullnægja má ákvörðun um dagsektir með fjárnámi. Gerðarþoli verður ekki sviptur frelsi þrátt fyrir að hann fullnægi ekki upplýsingaskyldu sinni.

Ef til aðfarar kemur að kröfu gerðarbeiðanda skal sýslumaður boða fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddan, svo og talsmann barnsins ef skipaður hefur verið, sbr. 34. gr. 5. mgr. Sýslumaður getur skipað barni talsmann, ef slíkt hefur ekki verið gert áður. Að svo miklu leyti sem lögreglumenn liðsinna við aðför skulu þeir að jafnaði vera óeinkennisklæddir. Reynt skal að haga framkvæmd aðfarar svo, að sem minnst álag verði fyrir barnið.

XI. KAFLI
Gildistaka og brottfelld lagaákvæði.

76. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1992.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi barnalög, nr. 9/1981, ásamt breytingalögum nr. 44/1985. Enn fremur ákvæði 47., 48. og 53. gr. laga nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar.

Dómsmálaráðuneytið skal kynna almenningi helstu nýmæli laganna.

Dómsmálaráðuneytið setur reglugerð og önnur fyrirmæli um einstök atriði, er varða framkvæmd laganna.

77. gr.

Nú er forsjármál til meðferðar í dómsmálaráðuneytinu við gildistöku laga þessara, og skal aðilum þá gerð grein fyrir heimild þeirra til að leita úrlausnar dómstóla um málið. Setja má aðilum frest til að ákveða, hvort óskað sé, að horfið verði frá meðferð málsins í ráðuneytinu.

Mál út af umgengnisrétti og meðlagsmál, sem til meðferðar eru í dómsmálaráðuneytinu við gildistöku laga þessara, skulu send viðkomandi sýslumanni til úrlausnar, nema mál sé komið á lokastig að mati ráðuneytis.

Ákvæðum 2. gr. 1. mgr. 2. málsl. og 55. gr. verður ekki beitt um börn, sem fædd eru fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 32. gr. 2. mgr. 2. málsl. á ekki við um skilnað að borði og sæng, sem veittur er fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sifjalaganefnd samdi ofangreint frumvarp. Í henni eiga nú sæti dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, formaður, Baldur Möller, fyrrv. ráðuneytisstjóri, Drífa Pálsdóttir deildarstjóri og Guðrún Erlendsdóttir, forseti Hæstaréttar. Ritari nefndarinnar er Anna Guðrún Björnsdóttir deildarstjóri.

Frumvarp að barnalögum var flutt á Alþingi 1987, sbr. Alþt. 1987–88, þskj. 292 en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það var flutt nokkuð breytt á Alþingi 1990, sbr. Alþt. 1989–90, þskj. 942 en dagaði uppi.

Frumvarp til barnalaga, nr. 9/1981, var fyrst flutt á Alþingi vorið 1976, sbr. Alþt. 1976, þskj. 659 og samdi sifjalaganefnd það. Barnalögum hefur aðeins verið breytt að því er varðar 29. gr. 3. mgr., sbr. lög nr. 44/1985, 1. gr.

Á síðustu árum hafa orðið ýmsar breytingar á viðhorfum til einstakra þátta í barnalögum og reynsla fengist af ákvæðum laganna, sem þörf er á að menn færi sér í nyt. Barnalöggjöf á Norðurlöndum hefur tekið nokkrum breytingum og löggjöf er henni tengist, sem ástæða er til að gefa gaum að. Er því vissulega tímabært að stofna til endurskoðunar laganna.

Við samningu frumvarps þess er hér liggur fyrir hafa verið höfð samráð við marga þá sem fjalla um framkvæmd barnalaga eða málefni þeim skyld.

Eftir að sifjalaganefnd hafði lokið við frumgerð að frumvarpi til barnalaga ásamt yfirlitsgreinargerð voru gögn þessi send 14 aðilum til umsagnar. Velflestir þeirra hafa sent nefndinni umsagnir, og eru það þessir: Barnaverndarráð Íslands, Bernskan-Íslandsdeild OMEP-samtakanna, Dómarafélag Íslands, félagsmálaráðuneytið, Jafnréttisráð, lagadeild Háskóla Íslands, Lögmannafélag Íslands, réttarfarsnefnd, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa og Sýslumannafélag Íslands.

Umsagnir eru í heild sinni jákvæðar um efnisreglur frumvarpsins, en allmargar athugasemdir komu fram um réttarfarsákvæði þess frá Dómarafélagi Íslands og réttarfarsnefnd, þar á meðal vegna fyrirhugaðs frumvarps til laga um meðferð einkamála sem nefndinni var ekki tiltækt þegar frumgerð var samin. Margar ábendingar um réttarfarsákvæði hafa verið teknar til greina og einnig ýmsar aðrar, ýmist með breytingum á frumvarpstexta eða með ummælum í greinargerð í tilefni ábendinga.

I.

Almennar athugasemdir um efni frumvarpsins.

Við samningu frumvarpsins hefur verið reynt að hrófla sem minnst við skipulagi barnalaga og kaflaskiptingu. Svo sem síðar greinir er ákvæðum II. og III kafla barnalaga skipað saman í einn kafla í frumvarpinu, II. kafla, en 4.–6. gr. og 10. og 12. gr. laganna sem eru í II. og III. kafla barnalaga eru fluttar í VII. kafla frumvarpsins um réttarfar. Þá er VII. kafli barnalaga felldur niður. Annars er ekki haggað við kaflaskiptingu laganna.

Á nokkrum stöðum í barnalögum er vitnað til einstakra ákvæða annarra laga, einkum almannatryggingalaga. Nokkur þeirra hafa breyst síðar og eru tilvitnanir til sérgreindra ákvæða felldar niður. Þykir fara betur á því, þar sem lög eins og almannatryggingalög breytast ört.

Í frumvarpinu er allmikið gert að því að setja inn í kafla undirfyrirsagnir og þykir það hafa leiðsögugildi fyrir þá sem við lögin eiga að búa.

Lög um vernd barna og ungmenna tengjast barnalögum á ýmsan hátt. Þarf að gæta þeirra, þegar einstök ákvæði barnalaga eru lögfest og svo við lagaframkvæmdina. Að sínu leyti verður svo barnaverndarlögum ekki beitt án tillits til ákvæða barnalaga. Við samningu frumvarps þessa hefur verið höfð hliðsjón af frumvarpi til laga um vernd barna og ungmenna, sem flutt var á Alþingi 1990.

Sérstök ástæða er til að benda á, að umboð nefndarinnar hefur ekki tekið til að semja frumvarp til laga um tæknifrjóvgun og þau vandamál sifjaréttareðlis sem því tengjast. Athuganir á því máli eru nú hafnar. Við endurskoðun ákvæða um feðrunarreglur og vefengingarmál þótti þó ástæða til að stíla ákvæði er þetta varðar, sbr. 3. og 55. gr.

Sifjalaganefnd hefur ekki að svo stöddu endurskoðað ættleiðingarlög, nr. 15/1978.

Í sambandi við barnalög er ástæða til að gefa gaum að ákvæðum hegningarlaga sem ætlað er að vernda börn og ungmenni, sbr. einkum XXI. og XXII. kafla almennra hegningarlaga. Umboð nefndarinnar nær ekki til endurskoðunar á þeim ákvæðum og hefur því ekki verið um þau fjallað.

Þegar frumvarp til barnalaga 1981 var samið benti sifjalaganefnd á þörfina á því, að athugað yrði hvort skipa ætti sérstakan umboðsmann barna. Setti nefndin fram hugmyndir sínar um slíkan umboðsmann í fylgiskjali með frumvarpinu. Nefndin var þeirrar skoðunar að hentast væri að sérlög yrðu sett um umboðsmanninn og þyrfti að gæta þar vel tengsla við barnaverndarlög og barnalög og þau úrræði til verndar börnum er fælust í þeim lögum. Eftir að frumvarp til barnalaga var samþykkt hefur verið komið á fót embætti umboðsmanns Alþingis sem var mikil réttarbót. Á síðustu þingum hafa verið flutt frumvörp til laga um umboðsmann barna og er þar gert ráð fyrir sérlögum um það efni og eigi að þau tengist efnislega við barnalög. Sifjalaganefnd er ennþá þeirrar skoðunar, að best fari á að skipa þessu máli með sérlögum. Hefur nefndin því ekki fjallað um frumvarp um þetta efni, enda þess ekki sérstaklega óskað. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til barnalaga 1981 telur sifjalaganefnd þetta mál mikilvægt.

II.
Helstu nýmæli frumvarpsins.

A.
Hugtökin skilgetin börn og óskilgetin.

Í frumvarpinu er lagt til, að afnumin verði hugtökin skilgetið barn og óskilgetið í barnalögum og að í þeim lögum verði kveðið á um réttarstöðu barna samfellt og án tillits til þessara grunnhugtaka. Ákvæði um faðerni og feðrun barna og svo að sínu leyti um forsjá barna, þar sem einkum reynir á þennan mun í gildandi barnalögum eru stíluð án þess að nefnd hugtök séu lögð til grundvallar. Telur sifjalaganefnd, að þetta ætti ekki að valda vandkvæðum við lögskýringu. Þessi hugtök eru vissulega notuð í ýmsum lögum án þess að við þeim sé haggað með þessu frumvarpi, og verða þau þá skýrð í samræmi við mótaða löggjafarstefnu er að baki þeim býr og samkvæmt almennum lögskýringarviðhorfum. Með barnalögum nr. 9/1981 var börnum sambúðarforeldra búin í reynd sama réttarstaða sem börnum giftra foreldra, enda þótt haldið væri í hina fornu tvígreiningu milli skilgetinna barna og óskilgetinna. Tillaga frumvarpsins er eðlilegt framhald á þessari þróun.

Í sambandi við breytingu þá sem að framan greinir er haganlegt að skipa ákvæðum um feðrun barna í einn kafla, II. kafla, er tekur þá bæði yfir ákvæði II. og III. kafla laga nr. 9/1981. Ákvæði 4.–6. gr. og 10. og 12. gr. barnalaga sem nánast varða réttarfar eru í VII. kafla um réttarfar.

B.

Feðrunarreglur.

Nokkur nýmæli eru í II. kafla um faðerni barna.

1. Í 2. gr. 1. mgr. er það nýmæli að hin almenna, lögbundna feðrunarregla um barn giftra foreldra eigi ekki við, ef hjón voru skilin að borði og sæng, er barn var getið. Fer þá um feðrun barns samkvæmt því er segir í leiðsögureglu 4. gr. frumvarpsins.
2. Í 3. gr. er lagt til, að sú regla verði lögskráð, að eiginmaður eða sambúðarmaður sem samþykkt hefur skriflega og við votta, að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu eða sambúðarkonu með sæði úr öðrum manni, teljist faðir barns sem þannig er getið. Hliðstætt ákvæði að sínu leyti er um vefengingu á faðerni slíks barns í 55. gr. frumvarpsins.
3. Um feðrun er að öðru leyti það nýmæli í 5. gr., að boðið er, að viðurkenning á faðerni fyrir sýslumanni eða presti verði bréfleg, eins og nú er áskilið um viðurkenningu endranær. Áður en til höfðunar faðernismáls kemur, fer mjög oft fram blóðrannsókn á móður barns, barni og lýstum barnsföður. Æskilegt er að sýslumaður veiti aðilum færi á blóðrannsókn, þegar lýstur barnsfaðir er ófús á að gangast við faðerni barnsins. Blóðrannsókn dregur oft úr því, að faðernismál verði höfðað og er a.m.k. heppilegur grundvöllur að mati á því hvort til slíks máls verði stofnað, en þau eru fátíð í seinni tíð.
4. Ákvæði 48. gr. barnalaga er flutt í 7. gr. frumvarpsins, þar sem það þykir eiga betur heima.

C.

Breytingar er varða IV. kafla barnalaga, sbr. III. kafla frumvarpsins.

Í III. kafla um framfærslu barna eru lagðar til nokkrar breytingar sem einkum styðjast við reynslu manna af framkvæmd laganna. Um fósturbörn vísast til 9. gr. 3. mgr. Í 10. og 13. gr. er lagt til, að breytt verði ákvæðum um fresti í sambandi við kröfur um framfærslueyri. Í 11. gr. er lögð til breyting á persónunúmerum í meðlagsúrskurði. Í 13. gr. eru fyllri ákvæði en nú eru um það, hver aðild geti átt að kröfu um framlög vegna menntunar og starfsþjálfunar ungmennis allt til 20 ára aldurs. Í 18. gr. er enn fremur vísað til 16. gr. 2. mgr. um ákvörðun framfærslueyris.

D.

Breytingar er varða VI. og VII. kafla barnalaga, sbr. V. og VI. kafla frumvarpsins.

Í 24. gr. er það nýmæli, að framlög sem úrskurðuð eru skv. 13. gr. frumvarpsins (17. gr. barnalaga) verði fjárnámskræf.

Í 25. og 26. gr. frumvarpsins eru ákvæði um kröfur á hendur Tryggingastofnun ríkisins um ýmis framlög. Eru þar felldar niður nokkrar sérgreindar tilvitnanir til laga er breyta almannatryggingalögum. Verða þær gagnslitlar vegna örra breytinga á lögunum. Er í stað þess lagt til, að vísað verði almennt til almannatryggingalaga án þess að sérgreina tiltekin ákvæði eða breytingalög. Þá eru nokkur atriði færð til samræmis við lagaframkvæmd. Í 26. gr. segir sérstaklega, að ungmenni eigi aðgang að Tryggingastofnun ríkisins vegna úrskurðaðra framlaga samkvæmt 13. gr. frumvarpsins. Um flest þau atriði er greinir í 25. og 26. gr. frumvarpsins (29. og 30. gr. barnalaga) eru ákvæði í almannatryggingalögum, en það hefur verulegt leiðsögugildi að greina í þessum ákvæðum barnalaga sem samfelldast stöðu aðila andspænis Tryggingastofnun ríkisins að því er varðar framlög sem barnalög kveða á um. Eðlilegt er, að nánari endurskoðun þessara ákvæða verði samstarfsverkefni ráðuneyta þeirra er hlut eiga að máli.

Í frumvarpinu er lagt til, að ákvæði VII. kafla barnalaga verði felld niður. Lögsöguregla 33. gr. þeirra laga er í upphafi VII. kafla frumvarpsins, en naumast er þörf á 34. gr. vegna víðtækra lögsögureglna frumvarpsins, sbr. og 12. gr. þess og 73. gr. laga um almannatryggingar.

E.

Breytingar á VIII. kafla barnalaga um forsjá barna og umgengnisrétt, sbr. VI. kafla frumvarpsins.

Í þessum kafla (29.–40. gr.) eru mikilvægar breytingar. Efnisskipun er nokkuð önnur en í VIII. kafla barnalaga.

1. *Sameiginleg forsjá foreldra.*

Í 32. gr., er kemur í stað 38. gr. barnalaga, er lagt til, að lögfest verði ákvæði um að foreldrar geti samið um sameiginlega forsjá vegna skilnaðar hjóna og sambúðarslita foreldra í óvígðri sambúð svo sem var samkvæmt frumvarpinu frá 1987. Þá er ógiftum foreldrum barns sem ekki búa saman, sbr. 2. gr., 3. mgr. frumvarpsins, heimilað að semja um slíka forsjá, sbr. 33. gr. 1. mgr. Hún er lögmælt sem almenn forsjárskipan, ef sambúðarforeldrar búa saman, sbr. 36. gr. 1. mgr. barnalaga, og er það ákvæði endurtekið í 30. gr. 1. mgr. frumvarpsins.

Forsjá felur í sér skv. 35. gr. barnalaga, sbr. 29. gr. frumvarpsins, rétt og skyldu foreldris til umönnunar og uppeldis barns og til að gegna lögráðum vegna barnsins, ráða persónuhögum og tíðast fjármálefnum þess auk þess sem á fleiri foreldraskyldur þar á meðal framfærsluskyldur reynir. Við skilnað foreldra hefur það verið grunnregla, að forsjá barns skuli vera óskipt í höndum annars foreldris, en réttur og skylda til umgengni hjá hinu. Hvarvetna á Norðurlöndum nema hér á landi hefur verið lögfest heimild til að kveða á um eða semja um sameiginlega forsjá barna við skilnað og raunar sumpart ef ógiftir foreldrar eiga í hlut, þar á meðal ef þau eru ekki samvistum. Barnið dvelst þá jafnaðarlega aðallega hjá öðru foreldri, en hjá hinu á tilteknum tíma eða tímabilum. Lögráðin eru hins vegar í höndum beggja, þannig að þörf er á samþykki þeirra beggja og atbeina til allra meiri háttar ákvarðana er barnið varðar, um persónuhagi þess og fjármál. Með þessum hætti verða foreldraskyldur beggja virkari en ella væri og reynslan erlendis sýnir, að það foreldri sem barnið dvelst ekki aðallega hjá sættir sig betur við forsjárákvörðunina þegar tryggt er að það verður einnig eftirleiðis þátttakandi í lögráðum vegna barnsins og fær að hafa barn hjá sér oft í ríkara mæli en vera mundi samkvæmt almennum umgengnisreglum.

Við gerð samnings um sameiginlega forsjá skv. 33. gr. frumvarpsins er foreldrum skylt að taka ákvörðun um hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa búsetu. Það foreldri sem barn á lögheimili hjá hefur réttarstöðu einstæðs foreldris til að taka við meðlagsgreiðslum með barni úr hendi hins foreldrisins eða Tryggingastofnunar ríkisins, mæðra- eða feðralaunum og barnabótum og öðrum greiðslum frá hinu opinbera ef því er að skipta. Foreldrar geta síðan samið sín á milli um skiptingu greiðslna þessara ef svo bíður við að horfa, enda er samkomulag foreldra um öll atriði er varða forsjána forsenda sameiginlegrar forsjár. Það foreldri sem barn á lögheimili hjá hefur einnig réttarstöðu einstæðs foreldris samkvæmt skattalögum. Enn fremur nýtur það foreldri þeirra hlunninda sem ríki og sveitarfélag bjóða einstæðum foreldrum auk þess er að framan greinir. Dvelji barn um tíma hjá því foreldri sem það á ekki lögheimili hjá getur það þó notið þessara hlunninda um stundarsakir, t.d. réttinda til dagvistar barns. Sýslumenn skulu leiðbeina foreldrum rækilega um skilyrði sameiginlegrar forsjár og réttaráhrif er henni fylgja áður en þeir staðfesta samning foreldra þar að lútandi og enn fremur mun dómsmálaráðuneytið gefa út leiðbeiningar um sameiginlega forsjá.

Tölfræðigögn sýna, að mjög margir foreldrar á Norðurlöndum kjósa þetta forsjárúrræði. Nefndarmenn hafa kynnt sér ýmis atriði, er varða framkvæmd þessarar forsjárskipunar á Norðurlöndum. Er almennt talið, að hún hafi gefist vel og ekki sýnast hafa verið vandkvæði á framkvæmd hennar, þar á meðal um skiptingu framfærslu, barnalífeyri, skattastöðu foreldra og um félagslega þjónustu o.fl. Í þessum löndum er talið, að minni andstöðu gæti nú í þjóðfélagsumræðu gegn þessu úrræði en var þegar það var lögfest, sbr. t.d. í Danmörku.

Þessari forsjárskipan verður ekki á komið samkvæmt frumvarpinu, nema með samþykki foreldra, sbr. 32. gr. 3. mgr. og 33. gr. 1. mgr., og er áskilin staðfesting sýslumanns, sbr. 33. gr. 4. mgr., sem leiðbeina skal um réttaráhrif samnings. Annað foreldra getur krafist þess, að hún verði niður felld, sbr. 35. gr. 2. mgr., og því fremur bæði. Hér er fyrir að fara nýju úrræði sem foreldrar eiga völ á er þau ráða forsjármáli til lykta með samningi. Benda má á, að foreldrar geta breytt fyrri ákvörðun um forsjárskipun og m.a. samið svo um, að sameiginlega forsjá skuli taka upp.

Foreldrar sem ekki hafa farið sameiginlega með forsjá barns geta samið um sameiginlega forsjá barns þeirra, sbr. 33. gr. 1. mgr. Hér er átt við ógifta foreldra sem ekki búa saman. Enn fremur gifta foreldra eða sambúðarforeldra sem skilin eru eða slitið hafa samvistir, þegar annað þeirra hefur haft óskipta forsjá barns um hríð.

Í ágreiningsmáli út af forsjá barns er dómstóli eða dómsmálaráðuneyti ekki heimilt að mæla fyrir um sameiginlega forsjá nema foreldrar samþykki, sbr. 34. gr. 2. mgr.

Enginn umsagnaraðili hefur mælt gegn því að sameiginleg forsjá verði lögmælt með þeim hætti er í frumvarpinu segir. Flestir þeirra lýsa beinlínis fylgi sínu við slíkar hugmyndir eða fagna þeim.

2. *Úrlausn um ágreining vegna forsjár barna. Tvíþætt úrlausnarkerfi.*

Í VI. kafla frumvarpsins um forsjá, er lagt til, að dómsmálaráðuneyti leysi aðeins úr ágreiningi foreldra um forsjá barns, þegar foreldrar eru sammála um að leita úrlausnar ráðuneytisins, sbr. 34. gr. 1. mgr. Endranær leysir dómstóll úr máli. Hliðstæð regla um skilin milli dómstóls og ráðuneytis er um úrlausn um breytingu á forsjá, sbr. 35. gr. 1. mgr. Dómstóll eða ráðuneyti geta kveðið á um forsjá til bráðabirgða, sbr. 36. gr., eftir því hvar forsjármálið er til meðferðar.

Samkvæmt 38. gr. barnalaga geta foreldrar hvort heldur sem er leitað úrlausnar dómstóls eða dómsmálaráðuneytis í forsjármáli. Í framkvæmd hefur það hins vegar verið mjög fátítt, að foreldrar hafi leitað úrlausnar dómstóls um ágreining um forsjá. Sifjalaganefnd telur rétt að beina forsjármálum í ríkari mæli en nú er til dómstóla og að ráðuneytið taki forsjármál ekki til úrlausnar, nema fram komi ósk foreldra þar að lútandi. Er þessi tilhögun svipuð því sem tíðkast í Noregi, en víðast hvar lúta þessi mál alfarið úrlausnarvaldi dómstóla. Ekki þykir rétt að svo stöddu að leggja það til. Þykir rétt að foreldrar eigi þess kost að leita úrlausnar dómsmálaráðuneytis, enda löng hefð fyrir þeirri málsmeðferð hér á landi og ráðuneytið býr að mikilli reynslu í meðferð þessara mála. Gert er ráð fyrir, að foreldrum verði leiðbeint ítarlega um þessa tvo valkosti.

Í 34. gr. 3. mgr. er mælt fyrir um umsagnir barnaverndarnefnda vegna forsjármála. Að sérfræðilegum álitsgerðum í dómsmálum er vikið í 60. gr. 2. og 3. mgr. og 69. gr. á við um öflun gagna í máli, sem dómsmálaráðuneytið hefur til úrlausnar.

Í 34. gr. 4. mgr. er lagt til, að lögskráðar verði reglur um að veita skuli barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um forsjármál. Rétt er einnig að ræða við yngra barn, miðað við aldur þess og þroska. Hægt er að fela sérfróðum manni eða mönnum að kynna sér viðhorf barns. Lögð er áhersla á, að aðgát skuli höfð þegar viðhorf barns er kannað og nærgætni við barn sitji þar í fyrirrúmi. Benda ber í þessu sambandi á hinn nýja samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna.

Í 34. gr. 5. mgr. er ákvæði um heimild til að skipa barni talsmann vegna úrlausnar forsjármáls á kostnað hins opinbera, og er hér um nýmæli í barnalögum að ræða.

Í 34. gr. kveður mikið að nýmælum svo sem reifað hefur verið. Í þeirri grein er fjallað um frumúrlausnir um skipan forsjár og tengist 36. gr. um bráðabirgðaúrlausnir um forsjá því ákvæði, sbr. 38. gr. 2. mgr. barnalaga. Dómstóll eða ráðuneyti geta beitt því úrræði eftir því

hvor aðilinn fer með úrlausn máls. Það er dómsmálaráðuneytið en ekki sýslumenn sem fjallar um forsjármálin. Stjórn Dómarafélags Íslands er eini umsagnaraðilinn, er gerir athugasemd við þá skipan frumvarpsins, en stjórnin telur eðlilegra að sýslumönnum verði falin stjórnsýslumeðferð forsjármála en ráðuneytinu og vísar m.a. til meginsjónarmiða laga nr. 92/1989.

Í 35. gr. 1. mgr. er kveðið á um breytingu á samningi um forsjá barns eða á úrlausn dómstóls eða ráðuneytis um forsjána. Um skilin milli ráðuneytis og dómstóls er hér sambærileg regla og í 34. gr.

Í 35. gr. 2. mgr. er ákvæði um niðurfellingu á samkomulagi foreldra um sameiginlega forsjá barns, sbr. hér áður. Getur hvort þeirra um sig eða þau bæði krafist þessa. Sýslumaður fjallar um þetta mál ef samkomulag er milli foreldra um skipan forsjár en dómstóll eða dómsmálaráðuneytið leysa úr máli ef ágreiningur er milli foreldra, sbr. 33. gr. og 34. gr.

Í 35. gr. 3. mgr. er ákvæði sem tengist hinni lögbundnu forsjárreglu 30. gr. 2. mgr. Í síðarnefndu greininni er mælt svo fyrir, að forsjá barns sé í höndum móður þegar foreldrar eru ógiftir og búa ekki saman við fæðingu barns. Heimilar 35. gr. 3. mgr. að föður sé falin forsjá barns að ósk hans, enda þyki sú skipan koma barni best, sbr. hér 37. gr. 4. mgr. barnalaga.

Við allar úrlausnir samkvæmt ákvæðum frumvarpsins ber úrlausnaraðila að leggja til grundvallar hvað barni sé fyrir bestu.

Í framangreindum ákvæðum felst, að úrlausnarkerfið út af ágreiningi um forsjá er tvíþætt, ýmist dómstóll eða ráðuneyti geta leyst úr málum. Eins og áður greinir svipar þessari tilhögun mjög til skipulags þessara mála í Noregi, en sú skipan þykir hafa gefist vel. Enginn umsagnaraðili hefur gert athugasemdir við þetta tvíþætta úrlausnarkerfi.

Samkvæmt frumvarpinu leysir dómstóll ekki úr ágreiningi út af umgengnisrétti foreldra við barn. Við þau þarf oft á skjótum úrlausnum að halda og við eitt og sama málið getur vaknað ágreiningur hvað eftir annað. Dómstólaleiðin hentar ekki vel þegar svona stendur á. Umsagnaraðilar gera ekki athugasemdir við þá skipan í frv.

3. *Umgengnisréttur.*

Í ákvæðum 37. og 38. gr. frumvarpsins um umgengnisrétt felast ýmsar breytingar. Meginbreytingin er sú, að lagt er til í 37. gr., að úrlausn um ágreining foreldra út af umgengnisrétti sé hjá sýslumönnum (orðalagið er miðað við aðstæður frá og með 1. júlí 1992). Aðilar geta skotið úrlausn sýslumanns til dómsmálaráðuneytis, sbr. 74. gr. frumvarpsins og leysir ráðuneytið þá úr máli til fullnaðar. Samkvæmt 40. gr. barnalaga leysir ráðuneytið hins vegar úr málum út af umgengnisrétti og sýslumenn fjalla ekki um það. Rök þykja standa til þess að fela sýslumönnum í héraði úrlausn þessara mála í fyrstu atrennu. Foreldrar eiga oft greiðari aðgang að sýslumanni en ráðuneyti a.m.k. þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðis. Sýslumennirnir eru oft kunnugir högum aðila eða hafa eftir atvikum tök á að kynna sér hagi þeirra af eigin raun. Réttaröryggi er aukið með því að tvö stjórnsýslustig geta fjallað um málið. Ætla má, að úrlausnir ráðuneytis muni horfa til þess að skapa samræmda framkvæmd um umgengnisréttinn. Umsagnaraðilar hafa ekki hreyft athugasemdum við ákvæðum 37. gr.

Í 29. gr. 2. mgr. 3. málsl. er lagt til, að lögfest verði almennt ákvæði um skyldu foreldris sem fer eitt með forsjá barns til að stuðla að því, að hitt njóti umgengni við barnið, nema slíkt sé andstætt hag og þörfum barns að mati rétts stjórnvalds. Meginregla þessa ákvæðis tekur einnig til sameiginlegrar forsjár sem um hefur verið samið.

Almenna ákvæðið í 40. gr. 1. mgr. barnalaga um umgengnisrétt og skyldu foreldra til að rækja hann er óbreytt í 37. gr. 1. mgr. frv.

Í 2. mgr. 37. gr. er byggt á þeirri frumreglu, að foreldrar semji um umgengnisréttinn. Sýslumaður kannar, ef mál er lagt fyrir hann, hvort samkomulag foreldra sé andstætt hag og þörfum barnsins. Þegar sýslumaður leysir úr ágreiningi út af umgengnisrétti á hann ýmissa kosta völ skv. 3. mgr., en hún tekur einnig til breytinga og niðurfellingar á úrskurði eða

samningi. Unnt er m.a. að kveða svo á, að umgengnisréttar njóti ekki við, ef telja verður umgengni barns við foreldri andstæða hag barns og þörfum, en slíkt er undantekningarregla. Sýslumaður getur einnig hafnað að fastsetja umgengni.

Svo sem áður greinir hefur sifjalaganefnd að athuguðu máli gert tillögu um, að dómstólar fjalli ekki um þessi mál. Hins vegar er ljóst, að dómstólar eiga úrlausn, um hvort stjórnvöld hafi beitt réttum aðferðum við meðferð mála, þ.e. hvort lögmætar forsendur séu fyrir úrlausn, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

Við úrlausn um umgengnisrétt ber stjórnvöldum að gæta ákvæða í IX. kafla frumvarpsins, þar á meðal að veita aðilum kost á að kynna sér gögn málsins og tjá sig um málið. Veita skal barni færi á að tjá sig, sbr. 34. gr. 4. mgr. frumvarpsins.

Í 38. gr. eru fyrirmæli um úrræði til framkvæmdar ákvörðunar um umgengnisrétt, ef forsjáraðili tálmar hinu að njóta umgengnisréttarins. Einu úrræðin eru þá eins og í gildandi lögum að leggja á dagsektir. Eru ákvæðin að mun fyllri um það efni en þau sem nú eru í 40. gr. barnalaga. Ekki verður beitt aðför í þessu sambandi eins og er við framkvæmd ákvörðunar um forsjá, sbr. 75. gr.

4. *Aðrar reglur er tengjast forsjá.*

Í 39. gr. er ákvæði um fyrirhugaðan flutning barns úr landi. Nokkrar breytingar eru þar á 41. gr. barnalaga. Mál skv. 1. mgr. getur ýmist komið til úrlausnar dómstóls eða dómsmálaráðuneytis samkvæmt meginreglunni í 34. gr. Er úrskurður héraðsdóms kæranlegur til Hæstaréttar.

Skv. 2. mgr. skal aðili sem á rétt á umgengni við barn eiga kost á að bera mál undir sýslumann, ef ætlunin er að flytja það úr landi. Úrlausn sýslumanns má kæra til dómsmálaráðuneytis skv. 74. gr. frumvarpsins.

40. gr. er sama efnis og 42. gr. 1. mgr. barnalaga, en 2. og 3. mgr. hennar eru ekki í frv. Þykja þau eiga heima í lögum um vernd barna og ungbarna að breyttu breytanda.

F.

Stjórnvaldsúrlausnir samkvæmt frumvarpinu.

Í frumvarpinu er víða gert ráð fyrir, að stjórnvöldum, þ.e. sýslumönnum og dómsmálaráðuneyti, séu falin úrlausn mála eða að atbeina þeirra njóti ella við. Minna má á 5. gr. þar sem viðurkenning á faðerni barns getur farið fram fyrir sýslumanni, sbr. einnig staðfestingu samkomulags foreldra fyrir sýslumanni, sbr. 17. og 18., 24. gr. 2. mgr., 33. gr. 4. mgr., 35. gr. 2. mgr. og 37. gr. 2. mgr. Um úrskurði sýslumanns um ágreiningsefni skv. 37. og 38. gr. frumvarpsins vísast til greinargerðar hér að framan. Um úrlausnir um réttarágreining vegna framfærslueyris vísast til III. kafla frumvarpsins.

Í frumvarpinu er enn fremur kveðið á um verkefni dómsmálaráðuneytis í einstökum samböndum. Hlutur ráðuneytisins breytist samkvæmt frumvarpinu bæði vegna þess að gert er ráð fyrir, að dómstólar fjalli í auknum mæli um ágreining foreldra út af forsjá barna, sbr. 34., 35. og 36. gr. frumvarpsins og svo sakir þess að ráðuneytið verður oft málskotsstig, en fjallar ekki um frumúrlausn máls, sbr. III. kafla frumvarpsins, 33., 37. og 38. gr., sbr. almenna ákvæðið í 74. gr. Um ýmsar ákvarðanir ráðuneytisins eru m.a ákvæði í 42., 57. og 76. gr. Dómsmálaráðuneytið leysir úr ágreiningi foreldra vegna forsjármála, ef dómstóll á ekki úrlausn þess, og ráðuneytið er þá eina stjórnvaldið sem um það fjallar, þ.e. málið er ekki í höndum sýslumanns að því er frumúrlausn varðar, sbr. hér 34., 35., 36. og 39 gr. 1. mgr.

Í IX. kafla eru ákvæði um úrlausn og meðferð stjórnvalda á þeim málum, sem til þeirra kasta koma samkvæmt frumvarpinu. Þau eiga flest jafnt við um sýslumenn sem dómsmálaráðuneytið.

G.

Umsagnir og annar atbeini barnaverndarnefnda samkvæmt frumvarpinu.

Í frumvarpinu eru nokkur ákvæði um atbeina barnaverndarnefnda að málum er frumvarpið tekur til. Í 33. gr. 3. mgr. eru áskilin meðmæli barnaverndarnefndar vegna ákvörðunar um forsjá. Samkvæmt 34. gr. 3. mgr. skal dómsmálaráðuneytið að jafnaði leita umsagnar barnaverndarnefndar áður en ágreiningi út af forsjá er ráðið til lykta. Dómari leitar umsagnar, ef hann telur þörf á því. Í 37. gr. lokamálsgrein er kveðið svo á, að leita skuli umsagnar barnaverndarnefndar, ef ástæða þyki til þess vegna úrlausnar um umgengnisrétt. Sbr. og 40., 45. og 49. gr., svo og um liðsinni barnaverndarnefndar skv. 37. gr. við framkvæmd umgengnisréttar. Enn fremur er mælt svo fyrir í 75. gr., að boða skuli fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddan, ef til aðfarar kemur vegna framkvæmdar forsjárákvörðunar.

Mikilvægt er, að við njóti liðsinnis barnaverndarnefnda við framkvæmd ýmissa mála samkvæmt barnalögum. Miklu varðar að barnaverndarnefndir láti uppi umsagnir um þau mál er að framan greinir. Nefndirnar hafa oft fjallað um þessi mál, áður en þau koma til umfjöllunar og úrskurðar samkvæmt barnalögum og þær þekkja þá til aðila og málefnisins. Þær hafa og oft og einatt mikla reynslu af meðferð þessara mála almennt. Reynslan hefur sýnt, að oft er mikið gagn að þessum umsögnum einkum hjá þeim nefndum sem hafa sérmenntuðu starfsfólki á að skipa. Bent skal á, að í frumvarpi til laga um vernd barna og ungmenna sem flutt hefur verið á Alþingi er gert ráð fyrir að fækka barnaverndarnefndum og tryggja þeim jafnframt sérmenntað starfslið í ríkara mæli en nú er.

H.

Réttarfarsákvæði.

Þeim er skipað í VII. kafla A, B og í VIII. kafla frumvarpsins. Dómsmálin eru þrenns konar:

1. Feðrunarmál, sbr. VII. kafla, A (41.–51.gr.).
2. Vefengingar- og ógildingarmál, sbr. VII. kafla, B (52.–55. gr.).
3. Forsjármál, sbr. VIII. kafla (56. – 64. gr.).

1. *Feðrunarmál.*

Sú breyting er gerð, að 12. gr. barnalaga er skipað í þennan réttarfarsþátt, sbr. 50. gr., og lögsögureglur 33. gr. barnalaga eru fluttar þangað, sbr. 41. gr. Samkvæmt 44. gr. frumvarpsins verða feðrunarmál rekin og dæmd í héraðsdómi og sæta almennri meðferð einkamála, sem verður þó afbrigðileg að nokkru vegna eðlis þessara mála. Í samræmi við umsagnir Dómarafélags Íslands og réttarfarsnefndar hefur verið leitast við að fækka frávikum og sérákvæðum og láta sitja við almenn ákvæði einkamálaréttarfars í ríkum mæli. Felur þetta í sér umtalsverða einföldum ákvæðanna. Feðrunarmál eru fágæt hin síðustu ár, eins og áður greinir.

2. *Vefengingar- og ógildingarmál.*

Vefengingarmál horfa að því að hnekkja faðerni barns sem brýn lagaákvæði mæla fyrir um. Ógildingarmál merkir mál, þar sem stefnt er að því að fella úr gildi faðernisviðurkenningu skv. 4.–6. gr. frumvarpsins.

Ákvæðunum í 4. – 6. og 10. gr. barnalaga er skipað í þennan réttarfarsþátt, þar sem þau þykja eiga betur heima en í II. kafla frumvarpsins. Ákvæði 4. gr. barnalaga um vefengingu er viðtækari í frv., sbr. 52. gr., þar sem sambúðarmaður móður getur samkvæmt því vefengt faðerni barns. Nýmæli eru í 54. gr. 2. mgr. og 55. gr. frumvarpsins. Í fyrri greininni er vikið að þeirri aðstöðu, þegar eiginmaður eða sambúðarmaður móður barns er talinn faðir þess samkvæmt feðrunarreglum 2. og 3. gr. frv., en þriðji maður telur sig vera föður þess og móðirin og eiginmaður hennar eða sambúðarmaður eru á einu máli um, að svo sé. Aðstæður á

getnaðartíma barns kunna að draga mjög úr líkum á því eða jafnvel girða fyrir, að eiginmaður eða sambúðarmaður sé faðir barnsins, sbr. t.d. fjarvistir, svo og úrslit blóðrannsóknar. Ákvæði 54. gr. 2. mgr. heimilar að meðferð vefengingarmáls verði óbrotin, ef yfirlýsingar koma fram í dómþingi frá nefndum aðilum, staðfestar fyrir dómara, og studdar viðhlítandi gögnum. Óráðlegt þykir að hverfa frá þeirri tilhögun, að dómari fjalli um slík mál.

Í 3. gr. frumvarpsins er svo fyrir mælt, svo sem áður greinir, að eiginmaður eða sambúðarmaður, sem samþykkt hefur tæknifrjóvgun á konu sinni með sæði úr öðrum manni verði talinn faðir barnsins. Í 55. gr. segir að dómkrafa eiginmanns eða sambúðarmanns, sem samþykkt hefur slíka tæknifrjóvgun, um að barnið verði ekki talið barn hans verði því aðeins tekin til greina, að ljóst sé, að barn sé ekki getið við tæknifrjóvgunina. Sönnunarbyrði er hér lögð á eiginmann eða sambúðarmann, og er krafist ótvíræðra sönnunargagna, sbr. orðalagið „ljóst sé".

3. *Forsjármál.*

Þessi kafli er nýr í barnalögum og stafar af ákvæðum VI. kafla, sem ætlað er að beina forsjármálum í ríkari mæli til dómstóla en nú er. Semjendur frumvarpsins hafa leitað ráða reyndra dómara og reynt að færa sér í nyt löggjöf annarra norrænna ríkja um réttarfar í þessum málum.

Ekki leikur á tveim tungum, að dómsmál vegna forsjár barns sæta um margt almennri meðferð einkamála. Vegna séreðlis þessara mála hljóta þó frávik frá almennum reglum einkamálaréttarfars að verða nokkur og málin því svokölluð „indispositiv" mál. Hér er mikið í húfi fyrir barn, foreldra þess og þjóðfélagið, að sú lausn verði valin sem gagnar hag og velferð barnsins. Hlutverk dómara er að finna þá lausn máls sem barni er fyrir bestu. Til þess að svo megi verða er ljóst, að dómari má ekki vera til hlítar bundinn af málatilbúnaði aðila, kröfugerð, málsástæðum, gagnaöflun, andmælum eða sammælum. Horfir hér gagngert annan veg við en um almenn einkamál, t.d. um fjármálaskipti. Ljóst má þó vera, að dómari mundi einungis í undantekningartilvikum víkja frá þeirri meginreglu einkamálaréttarfars, að aðilar hafi frjálsar hendur til samninga um forsjá barns síns, þ.e. þegar sú niðurstaða er að mati dómara andstæð hag og velferð barnsins. Er hér einnig rétt að vísa til 33. gr. 4. mgr. frumvarpsins. Í málum þessum verður að vanda allan grundvöll að úrlausn máls og dómari þarf að hafa meira svigrúm til að velja úrkosti en títt er í almennum einkamálum. Ákvæði frumvarpsins eru reist á virðingu á þessum atriðum öllum og ýmsu öðru er hér reynir á. Hafa ber ávallt í huga þá efnisreglu að velja ber þá lausn sem barni er fyrir bestu og verður þá að laga réttarfarsreglur að þeirri miklu meginreglu.

Varðandi öflun sönnunargagna í forsjármálum fyrir dómi þykir rétt að leggja áherslu á, að dómari fylgist með öflun þeirra og gæti þess að þeirra gagna verði aflað er hann telur henta best í hverju máli. Hér á dómari þriggja kosta völ, hann getur lagt fyrir aðila eða lögmenn þeirra að afla skýrslna sérfróðra manna um hagi foreldra og barns, og fer þar um samkvæmt ákvæðum réttarfarslaga um dómkvadda matsmenn. Eru hér einkum hafðir í huga sálfræðingar eða eftir atvikum félagsráðgjafar. Ef aðilar eru mótfallnir dómkvaðningu sérfræðinga með þessum hætti getur dómari hvort heldur kallað eftir sérfræðilegri álitsgerð fagmanns, og leysir þá úr því í dómi hvort kostnaður vegna hennar verði greiddur úr ríkissjóði, eða leitað umsagnar barnaverndarnefndar.

Semjendur frumvarpsins telja eðlilegt, að ákvæði þessa kafla verði endurskoðuð að fáum árum liðnum í ljósi reynslu sem væntanlega fæst af þeim.

I.

Ákvæði IX. kafla um stjórnvaldsúrlausnir.

Í þessum kafla frumvarpsins (65.–74. gr.) eru ákvæði um meðferð og úrlausnir stjórnvalda á málum þeim, sem í þeirra hlut koma samkvæmt frumvarpinu. Þessar reglur eru

nýmæli að því er varðar lögskráðar reglur. Flestar þeirra hafa mótast í stjórnsýslunni og er nú fylgt í reynd við meðferð mála samkvæmt barnalögum í dómsmálaráðuneytinu. Lögskráning þeirra horfir til festu og öryggis í stjórnsýslu. Við mótun þessara ákvæða hefur verið höfð hliðsjón af lagaframkvæmd að undanförnu, norrænum stjórnsýslulögum, frumvörpum til slíkra laga sem flutt hafa verið á Alþingi og álitsgerðum umboðsmanns Alþingis, sem eru merkar heimildir í þessu efni.

Ákvæði IX. kafla varða m.a. lögsögu, leiðbeiningarskyldu, sættir, kröfur og gagnaöflun, rétt aðila til að kynna sér gögn máls og til að tjá sig um mál, svo og form og efni úrskurða. Þá er almennt ákvæði um stjórnsýslukæru í 74. gr. Eru úrlausnir sýslumanns kæranlegar samkvæmt því ákvæði til dómsmálaráðuneytisins. Vegna þessa almenna ákvæðis er ekki þörf á að greina kæruheimild í hverri einstakri grein er víkur að úrlausn sýslumanna í frumvarpinu. Kærufrestur er tveir mánuðir og frestar kæra almennt ekki réttaráhrifum úrskurðar.

J.

Framkvæmd forsjárákvarðana.

Í X. kafla, 75. gr. er ákvæði um þetta efni. Er það nýmæli. Kosta þarf kapps um að framkvæmd þessara ákvarðana geti farið fram án átaka milli foreldra. Skipta leiðbeiningar- og sáttastarfsemi og liðsinni barnaverndarnefnda þar m.a. miklu máli. Í greininni er mælt fyrir um tvenns konar þvingunarúrræði, annars vegar dagsektir og hins vegar aðför. Ef til aðfarar kemur er mælt fyrir um það, að boða skuli fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddan. Barni má skipa talsmann, ef þörf krefur. Þá segir í ákvæðinu, að lögreglumenn sem liðsinna við aðför skuli að jafnaði vera óeinkennisklæddir.

III.

Nokkur grundvallaratriði.

A.

Hagur barns og þarfir og það sem barni er fyrir bestu.

Með ofangreindu orðalagi er lýst undirstöðusjónarmiðum barnalaga og framkvæmdar þeirra. Við allar úrlausnir stjórnvalda og dómstóla á að hafa það sjónarmið að leiðarljósi hvað barni sé fyrir bestu. Þótt þetta sé ekki greint í lagaákvæði haggar það ekki því, að þessi grunnsjónarmið ber að virða.

Bent skal á, að orðaval í þessu efni er nokkuð breytilegt í frumvarpinu með sama hætti og í barnalögum. Ber hér efnislega að sama brunni hvert sem orðalagið er. Fer yfirlit yfir þetta hér á eftir.

1. **Þarfir barns.**
   Það er einkum notað í sambandi við fjármálefni, sbr. 9., 10. og 18. gr.
2. **Hagur og þarfir barns.**
   29. gr., 1. og 2. mgr., 33. gr. 4. mgr., 35. gr. 1. mgr. og 37. gr. 2. mgr.
3. **Hvað barni er fyrir bestu.**
   31. gr., 34. gr. 2. mgr., 35. gr. 3. mgr., 36. gr., 37. gr. 3. og 5. mgr.

B.

Réttur barnsins.

Öll undirstaða barnalaga, nr. 9/1981, er sú, að vernda eigi og virða rétt barnsins, og tekur lagatextinn mið af þessu í ríkara mæli en barnalög í grannlöndum. Foreldraskyldur og réttur barnsins eru samhverf réttaratriði og vissulega hafa foreldrar rétt, þ.e. heimild, til að fjalla um málefni barnsins, þótt skyldan sé jafnaðarlega samofin réttinum og sé þyngri á metunum. Sifjalaganefnd telur, að þetta orðalag í barnalögum skipti miklu máli til rétts skilnings á stöðu barnsins að lögum, t.d. um forsjá og umgengnisrétt, og telur mikilvægt að þessu orðalagi sé haldið.

C.

Jafnrétti.

Í 1. gr. 2. mgr. frumvarpsins er svofellt ákvæði: „Réttarstaða barns er í hvívetna hin sama nema lög mæli annan veg.“ Þessi mikilvæga jafnstöðuregla var lögfest með barnalögum 1981. Samkvæmt þeim lögum eru börn sambúðarforeldra jafnsett börnum giftra foreldra. Í þessu frumvarpi er gengið lengra, þar sem lagt er til, að hugtökunum skilgetið barn og óskilgetið verði varpað fyrir róða og réttarstöðu barna lýst án þess að byggja á þeim grunnhugtökum.

IV.

Tölfræðilegar upplýsingar.

Nokkrar tölfræðiupplýsingar um börn og fjölskyldur.

Tölfræðigögn veita ýmsa fræðslu um börn og fjölskyldur er gildi hefur að gaumgæfa þegar barnalög eru úr garði gerð. Til grundvallar töflum þeim, er hér fara á eftir, eru prentaðar skýrslur Hagstofu Íslands.

A. Barnsfæðingar og fjöldi óskilgetinna barna hér á landi.

	Árlegur fjöldi	Á 1000 íbúa	Óskilgetin börn (%)	Þar af börn sambúðarforeldra
1961–65	4721	25,4	25,7	13,4
1966–70	4313	21,5	29,6	11,5
1971–75	4442	20,9	32,8	12,0
1976–80	4290	19,2	36,8	19,5
1981	4345	18,8	41,2	25,5
1982	4337	18,5	44,6	28,0
1983	4371	18,4	45,0	28,8
1984	4113	17,2	47,1	32,1
1985	3856	16,0	48,0	32,2
1986	3881	16,0	50,8	41,8
1987	4193	17,0	50,1	42,1
1988	4673	18,7	52,0	42,9
1989	4560	18,0	52,9	43,0

Barnsfæðingum hefur fækkað á tímabilinu 1961–1989, úr 25,4 á 1000 íbúa í 18,0. Hlutfallstala óskilgetinna barna hefur tvöfaldast og stigið úr 25,7 í 52,9% (55,2% 1990). Börnum sambúðarforeldra hefur stórfjölgað hlutfallslega, og eru þau nú um eða yfir 80% af heildartölu óskilgetinna barna.

B. Hundraðstala óskilgetinna barna á Norðurlöndum 1976–1988.

Ár	Danmörk	Grænland	Færeyjar	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Ísland
1976–80	28,2	60,7	28,6	11,7	12,4	36,2	36,7
1981	35,7	65,4	30,8	13,3	16,1	41,2	41,2
1982	38,3	64,5	34,7	13,6	17,6	42,0	44,6
1983	40,6	66,8	32.9	14,0	19,3	43,6	45,0
1984	41,9	67,7	34,4	15,1	21,3	44,6	47,1
1985	43,0	71,2	35,4	16,4	20,0	46,4	48,0
1986	43,9	73,2	40,0	18,0	27,9	48,4	50,8
1987	44,5	70,6	36,7	19,2	30,9	49,9	50,1
1988	44,7 -	72,5	41,9		33,7	50,9	52,0
1989					36,4	51,8	52,9

Þessi tala er langhæst í Grænlandi, en síðan koma Ísland, Svíþjóð og Danmörk í þessari röð.

C. Fjöldi ættleiðinga á Íslandi.

1961–65	74	1984	39
1966–70	72	1985	91
1971–75	76	1986	85
1976–80	67	1987	37
1981	63	1988	36
1982	87	1989	54
1983	87	1990	32

Ættleiðingum hefur fækkað hér á landi hin síðari ár. Miklu meira kveður að ættleiðingum erlendra barna en var á árum áður (1982 voru þau 43 eða helmingur ættleiddra barna, en 1983 voru þau 31, 1984 6, 1985 43, 1986 49, 1987 12, 1988 6, 1989 24), en úr þeim hefur þó dregið upp á síðkastið.

D. Börn í hjónaböndum, sem lýkur fyrir skilnað (hundraðstölur).

Miðað er við árið 1989:

Barnlaus hjón	26,9
1 barn	34,3
2 börn	28,1
3 börn	9,0
4 börn eða fleiri	1,7

Hlutfallstala barnlausra hjónabanda hefur verið sveiflukennd. Árlegt meðaltal barna fráskilinna foreldra var 1,17 árin 1976–1980 en var 1989 1,08.

E. Framfærsla (forsjá) barna fráskilinna foreldra (árlegar hundraðstölur).

	1976–80	1985	1986	1987	1988	1989
Hjá móður	91,2	87,2	89,6	88,5	90,4	87,4
Hjá föður	8,8	12,1	10,4	11,5	9,6	12,2
Hjá öðrum		0,8	0,0	0,0	0,0	0,4

Langtíðast er að móðir fái forsjá barns.

Vera má, að í reynd geti verið í ýmsum tilvikum um sameiginlega forsjá að ræða samkvæmt því er foreldrar verða ásáttir um.

F. Fjöldi ósjálfráða barna og ungmenna í árslok 1989.

Börn innan 15 ára	63.446
15 ára árgangur	4.081
Alls	67.527

Sjálfráða ungmenni, en ófjárráða:

16 ára árgangur	4.436
17 ára árgangur	4.526
Alls	8.962

Ófjárráða börn og ungmenni eru því samtals 76.489.

Barnalög taka fyrst og fremst til ósjálfráða barna, en þau ná einnig til ungmenna allt til 18 ára aldurs, sbr. framfærslureglur, og í tilteknu sambandi til ungmenna allt til 20 ára aldurs, sbr. 17. gr. barnalaga og 13. gr. frumvarpsins.

G. Fóstureyðingar hér á landi 1971–1990.

	Fjöldi alls (þar á meðal árleg meðaltöl)	Fjöldi á 100 lifandi fæddra barna
1971–75	203	4,6
1976–80	472	11,0
1981–85	670	16,0
1986	685	17,7
1987	695	16,6
1988	673	14,4
1989	670	14,7

Fóstureyðingum fór stórfjölgandi eftir 1975, en fer nokkuð fækkandi hin allra síðustu ár. Fóstureyðingar námu 14,7% af tölu lifandi fæddra barna árið 1989 og yrði sú tala nálega hin sama, þótt miðað væri við fæðingar í heild sinni.

V.

Samningur Sameinuðu þjóðanna frá 1989 um réttindi barna.

Samningurinn hefur verið undirritaður af hálfu Íslands og hefur sifjalaganefnd haft hliðsjón af honum við gerð frumvarpsins. Þykir rétt að gera grein fyrir helstu ákvæðum hans, sem snerta það.

Með 2. gr. samningsins skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þau réttindi, sem samningurinn kveður á um án mismununar af nokkru tagi, t.d. vegna félagslegrar stöðu, ætternis eða annarra aðstæðna barns eða foreldra þess. Telja verður, að frumvarpið fullnægi þessu ákvæði, sbr. 1. gr. 2. mgr. Í þessu sambandi er einnig bent á, að með frumvarpinu er endanlega horfið frá hinni fornu tvígreiningu milli skilgetinna og óskilgetinna barna.

Í 3. gr. samningsins er kveðið á um, að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang, þegar stjórnvöld gera ráðstafanir sem varða börn. Eins og að framan greinir er þetta undirstöðusjónarmið barnalaga. Í frumvarpinu er það tryggt enn frekar, sbr. 34. gr. 2. mgr., þar sem segir, að kveða skuli á um hjá hvoru foreldri forsjá barns verði, *eftir því sem barni er fyrir bestu,* en samkvæmt hliðstæðu ákvæði 38. gr. barnalaga skal leysa úr máli eftir **sanngirni** og því sem best hentar hag og þörfum barnsins.

Samkvæmt 5. gr. samningsins skuli aðildarríki virða réttindi og skyldur foreldra til að veita barni leiðsögn og handleiðslu í samræmi við þroska þess og er skilgreining frumvarpsins á inntaki forsjár, sbr. 29. gr., í samræmi við þessa grein.

Samkvæmt 9. gr. 1. tölul. samningsins skuli aðildarríki tryggja, að barn sé ekki skilið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra, nema samkvæmt ákvörðun lögbærs stjórnvalds, enda sé sú ákvörðun háð endurmati dómstóla. Ákvæðið getur náð yfir úrlausnir um deilur foreldra um forsjá. Eins og áður hefur komið fram, er í frumvarpinu mörkuð sú stefna að beina deilum foreldra um forsjá í auknum mæli til dómstóla og er það í samræmi við þetta ákvæði samningsins. Hins vegar var það álit sifjalaganefndar, að ekki væri skynsamlegt að svo stöddu að stíga skrefið til fulls og fela dómstólum alfarið úrlausnarvald í forsjármálum og því var lagt til, að dómsmálaráðuneytið hafi úrskurðarvald, ef báðir foreldrar óska eftir ráðuneytismeðferð. Ákvörðun ráðuneytis er ekki hægt að skjóta til dómstóla, nema innan marka 60. gr. stjórnarskrár og velta má fyrir sér, hvort það sé fullnægjandi samkvæmt þessu ákvæði

samningsins. Hér þykir þó skipta máli, að ráðuneytið tekur forsjármál ekki til úrlausnar, nema að ósk aðilanna sjálfra. Bent skal á, að dómsmálaráðuneytið hefur lagt til að gerður verði fyrirvari við þessa grein samningsins við fullgildingu hans, enda nær hún líka til ákvarðana barnaverndaryfirvalda um sviptingu forsjár og gildir það sama um þær hvað snertir endurmat dómstóla og úrskurði ráðuneytisins.

Í samningnum, sbr. 9. gr. 3. tölul., er ákvæði um rétt barns til að viðhalda tengslum við foreldri, sem það býr ekki hjá og eru 37.–38. gr. frumvarpsins í samræmi við þetta ákvæði.

Í frumvarpinu er börnum tryggður séstakur réttur til að tjá sig, þegar foreldrar deila um forsjá og umgengni, sbr. 34. gr. 4. mgr. og 37. gr. 6. mgr. Þessi ákvæði eru nýmæli og í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna frá 1989, sbr. 12. gr. hans.

Samkvæmt 18. gr. samningsins skulu aðildarríki gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt, að báðir foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Samkvæmt núgildandi barnalögum er foreldrum ekki heimilt að semja um sameiginlega forsjá eftir skilnað eða samvistaslit. Telja verður að það geti stangast á við þetta ákvæði samningsins og að ákvæði frumvarpsins um sameiginlega forsjá færi íslenska löggjöf nær samningnum hvað þetta varðar.

Ákvæði frumvarpsins um framfærsluskyldu foreldra eru í samræmi við hliðstæð ákvæði í 27. gr. samningsins.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Þessi kafli er ein grein, 1. gr. og afmarkar hún gildissvið laganna. Í 1. gr. frumvarpsins er sleppt 1. gr. 3. mgr. barnalaga, nr. 9/1981, en í því felst ekki efnisbreyting. Um fósturbörn er m.a. vísað til 9. og 29. gr. frumvarpsins og um stjúpbörn til 9., 29., 30. og 31. gr.

Lög um vernd barna og ungmenna eru um margt af sömu rót runnin sem barnalög. Grunnsjónarmiðin eru hin sömu, heill barna, hagur þeirra, þarfir og vernd. Hið mikla leiðarljós um það, hvað barni er fyrir bestu er í fyrirrúmi í báðum lögunum. Er ástæða til að benda á, að við framkvæmd barnalaga er rétt að hafa hliðsjón af ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna og gagnkvæmt.

Sifjalaganefnd telur þörf á, að lögskrá fyllri reglur en nú eru í löggjöfinni um fósturbörn og fósturforeldra, en vegna fyrirhugaðra breytinga á barnaverndarlögum, hefur nefndin ekki að svo stöddu lagt fram tillögur þar að lútandi, enda þarf að gæta vel að tengslum barnalaga og barnaverndarlaga hvað þetta snertir.

Um II. kafla.

A.

Í greinargerð með frumvarpi til barnalaga frá 1981 er þess getið, að semjendur frumvarpsins hefðu helst kosið að afnumin yrðu með öllu hugtökin skilgetin börn og óskilgetin í barnalögum. Ekki þótti þó gerlegt að hverfa að því ráði við þá endurskoðun. Minnt var m.a. á, að norræn barnalög hefðu yfirleitt ekki afnumið þennan mun og víða í lögum væri enn á honum byggt.

Ýmis ákvæði barnalaga fólu þó í sér breytingu á fyrri reglum um þetta efni.

1. Barnalögin breyttu reglum um faðerni barna að því er tekur til barna sambúðarfólks, sbr. 8. gr. 2. og 3. mgr. Jókst þannig til mikilla muna fjöldi þeirra barna sem feðruð eru með brýnu lagaákvæði án þess að þörf sé á sérstökum feðrunaraðgerðum, faðernisviðurkenningu eða dómi. Hér var óvígð sambúð að þessu leyti lögð á borð við hjúskap og var lengra gengið í því efni en í nokkrum norrænum barnalögum á þessum tíma.
2. Ákvæði IV. kafla barnalaga um framfærslu barna fjalla samfellt um öll börn og gera ekki mun á skilgetnum börnum og óskilgetnum.

3. Í 1. gr. 2. mgr. barnalaga var lögfest það mikilvæga ákvæði, að réttarstaða barna væri í hvívetna hin sama nema lög kvæðu annan veg á. Í þessu fólst bæði lögskýringarregla og eins stefnumið fyrir löggjöf og lagasetningu almennt.
4. Í forsjárreglum VIII. kafla barnalaga er að vísu gerður munur á forsjá eftir því hvort barn er skilgetið eða óskilgetið, en börn sambúðarfólks hlíta sömu reglum og skilgetin börn. Þetta varðar þó aðeins hverjir séu forsjáraðilar, en inntak forsjár og foreldraskyldur horfa lagalega við á sama hátt um öll börn.
5. Feðrunarreglur eru hins vegar mismunandi eftir því hvort móðir barns er gift eða í sambúð, þegar barn fæðist, eða giftist síðar eða stofnar til sambúðar við lýstan barnsföður, eða hins vegar að hvorugu þessu sé til að dreifa, sbr. II., III. og IX. kafla, og mismuninn á barnsfaðernismáli og vefengingarmáli.

B.

Réttarþróun hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum hefur æ meir færst í þá átt að draga úr mismuninum á skilgetnum börnum og óskilgetnum. Raunar má segja, að barnalögin íslensku hafi myndað þriðja flokkinn, börn sambúðarforeldra. Hin gamalgróna tvígreining er því ekki lengur fullnægjandi lagalegt greinimark. Réttarstaða barna samkvæmt barnalögum veltur ekki gagngert á því hvort barn er skilgetið eða óskilgetið heldur miklu fremur á því hvort barn sé feðrað eða ekki. Þessi hugtök gegna því takmörkuðu hlutverki svo sem nú er komið þróun á vettvangi barnaréttar. Naumast verður hjá því komist að feðrunarreglur verði aðrar um börn giftra foreldra og sambúðarforeldra en annarra foreldra. Unnt er að skrá þær reglur án þess að nota hugtökin skilgetin börn og óskilgetin. Sama er að sínu leyti um forsjárreglur.

Hugtökin skilgetin (skírgetin) börn og óskilgetin (óskírgetin) eru forn í íslensku lagamáli. Þeim tengjast lagaviðhorf og lagareglur liðins tíma. Afnám þeirra í barnalögum áréttar þá félagslegu viðhorfsbreytingu sem orðin er og lögfesting reglna í barnalögum verður markvísari og meir í samræmi við nútímann ef þessum hugtökum er varpað fyrir róða. Með því er mörkuð sú lagastefna að þessi greinimunur verði einnig afnuminn í öðrum lögum.

C.

Af þeim ástæðum er nú hafa verið greindar er hér lagt til, að hugtökin skilgetin börn og óskilgetin börn verði eigi lögð til grundvallar í ákvæðum barnalaga. Þar sem hugtök þessi eru notuð í öðrum lögum verða þau samkvæmt lögskýringarviðhorfum skýrð með sama hætti og var er viðkomandi lög voru sett, þar á meðal með hliðsjón af 2. og 7. gr. barnalaga 1981.

Faðerni barns ákvarðast ýmist af beinum lagaákvæðum án sérstakrar yfirlýsingar föður eða á hinn veg með viðurkenningu hans eða dómi. Grundvöllur beins lagaákvæðis er ýmist samkvæmt barnalögum hjúskapur foreldra, sbr. 2. gr., eða óvígð sambúð þeirra, sbr. 8. gr. Hér er við hlutlægt greinimark að styðjast að því er varðar hjúskap og óvígða sambúð.

Ef þessu er ekki til að dreifa skortir þá vísbendingu sem hjúskapur eða óvígð sambúð veita almennt um faðerni barnsins og verður þá að koma til feðrunaraðgerða. Barn verður þá samkvæmt barnalögum ýmist feðrað með viðurkenningu föður, sbr. 8. gr. 1. mgr. og 9.–11. gr. eða dómi, sbr. 12. gr. og IX. kafla.

Frumvarpið er einnig reist á þessum grunni, sbr. 2. gr. þess annars vegar, sem miðar feðrunarreglur við hjúskap eða óvígða sambúð, sbr. og 3. gr., og hins vegar 4.–6. gr. og VII. kafla A.

Um 2. gr.

Greinin geymir feðrunarreglur um börn giftra foreldra og foreldra sem í sambúð eru. Fjallar hún um sama efni og 2. og 8. gr. barnalaga, en felur í sér mikilvægar breytingar. Hér

eru ákvæðin stíluð án þess að greinarmunur sé gerður á hugtökunum skilgetið barn og óskilgetið. Til viðbótar feðrunarreglum 2. gr. er svo ákvæði 3. gr. um barn sem getið er við tæknifrjóvgun.

2. gr. 1. mgr. 1. málsl. er hliðstæð 2. gr. 1. mgr. og 3. gr. laganna, en 2. mgr. er sama efnis og 2. gr. 2. mgr. Er þar miðað við hjúskap foreldra sem lögmæltan grundvöll að faðerni barns.

Í 2. gr. 1. mgr. 2. málsl. er það nýmæli, að feðrunarregla 1. málsl. á ekki við um foreldra sem skildir voru að borði og sæng á getnaðartíma barnsins. Feðrunarregla upphafsákvæðis 2. gr. byggist á löglíkum, en úr þeim líkum dregur, ef komið hefur til skilnaðar þegar barn var getið. Þegar svona hagar til verður barn feðrað samkvæmt almennum ákvæðum í 4.–6. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er bundið við að formlegur skilnaður að borði og sæng sé fenginn og á ekki við, þótt hjón hafi slitið samvistir þegar barn var getið.

Samkvæmt 3. mgr. er maður sem bjó með móður á þeim tíma er barn fæddist talinn faðir þess, enda hafi hún lýst hann föður barnsins. Feðrunarregla 1. mgr. á hér efnislega við, og um vefengingu á faðerni fer skv. 52. gr. Þetta er breyting frá því sem greinir í 8. gr. 2. og 3. mgr. barnalaga, en samkvæmt þeim ákvæðum jafngildir sambúðin á þessu tímamarki faðernisviðurkenningu. Réttmætt þykir, að óvígð sambúð verði hér lögð á borð við hjúskap og er það í samræmi við réttarþróun og barni fyrir bestu. Óvígð sambúð móður síðar við mann er hún lýsir föður þess hefur sömu réttaráhrif, enda sé barnið ófeðrað.

Um óvígða sambúð er áskilið, að hennar sé getið í þjóðskrá eða ótvíræð gögn séu að öðru leyti um, að foreldrar búi saman. Þetta greinimark 8. gr. barnalaga hefur ekki valdið vandkvæðum í framkvæmd, svo að kunnugt sé, og er endurtekið hér.

Ekki þykir þörf á ákvæði 2. gr. 3. mgr. barnalaga um að ógilding hjúskapar raski ekki réttarstöðu barns, enda er það nánast sjálfsögð regla.

Um 3. gr.

Þess er getið í almennu athugasemdunum, að umboð sifjalaganefndar tók ekki til að semja frumvarp til laga um tæknifrjóvgun. Nefndin taldi þó brýna nauðsyn bera til þess nú þegar að kveða svo á í lögum, að barn sem getið er með tæknifrjóvgun á eiginkonu manns með samþykki hans, en með sæði úr öðrum manni, hljóti réttarstöðu barns hans. Enn fremur girðir ákvæðið í 55. gr. frumvarpsins fyrir, að eiginmaðurinn geti vefengt faðerni barnsins á öðrum grundvelli en þeim, að barnið sé ekki getið við tæknifrjóvgunina. Ber hann sönnunarbyrði um þá staðhæfingu. Tillit til barns og móður og þjóðfélagssjónarmið búa að baki þessum ákvæðum. Er auðsætt, að hag barns og móður yrði stefnt í hættu, ef eiginmaður móður gæti almennt vefengt faðerni barns þegar svona hagar til. Ef tæknifrjóvgun fer fram með sæði úr eiginmanninum á 2. gr. beint við.

Um 4. gr.

Greinin er eins konar inngangsákvæði að þeim reglum um feðrun barna sem greinir í 5. og 6. gr. og á að gegna leiðsöguhlutverki. Í fyrirsögn kemur fram, að hér er talað um börn sem 2. gr og 3. gr. taka ekki til og eru ákvæði 5. og 6. gr. einskorðuð við þau.

Um 5. gr.

1. og 2. mgr. er sama efnis og 8. gr. 1. mgr. barnalaga, en 3. og 4. mgr. samsvara 9. gr laganna.

Í 8. gr. barnalaga er greint milli faðernisviðurkenningar fyrir presti eða valdsmanni annars vegar og hins vegar yfirlýsingar um þetta efni endranær. Í síðara tilviki er áskilið, að viðurkenning sé bréfleg og við votta. Hér er lagt til, að viðurkenning fyrir presti eða sýslumanni skuli vera skrifleg. Er þar notað orðalagið skriflegur í stað bréflegur í hinu tilvikinu. Stafar það af því, að byggt er á því, að faðernisyfirlýsing manns sem staðfest er fyrir

presti eða sýslumanni verði færð til bókar eða varðveitt með öðrum embættisgögnum. Til greina kemur hér að áskilja, að viðurkenning fari ávallt fram fyrir opinberum starfsmanni. Hér er þó um svo persónulegt málefni að ræða, að ýmsir velja fremur þann hátt að viðurkenna faðerni bréflega og vottfast.

Æskilegt er, að menn njóti leiðbeininga um réttaráhrif faðernisviðurkenningar sem fram fer fyrir presti eða sýslumanni. Í því sambandi kemur til greina, að dómsmálaráðuneyti mæli svo fyrir, að sérstök eyðublöð verði notuð við þessar yfirlýsingar. Ekki þykir þörf á sérstöku ákvæði í lagatexta um það efni.

Löggerningur þessi er mjög mikilvægur og miklu skiptir, að réttilega sé frá honum gengið og hann tryggilega varðveittur. Breyting sú sem hér er lögð til er í samræmi við norrænu barnalögin.

Um dómsvald til ógildingar faðernisviðurkenningar er ákvæði í 53. gr. frumvarpsins. Tekur hún að efni til m.a. til þess, er yfirlýsing er haldin annmörkum þeim, er greinir í 10. gr. barnalaga. Er ákvæði hliðstætt 10. gr. því ekki í II. kafla frumvarpsins.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt 11. gr. barnalaga.

Um 7. gr.

Greinin samsvarar 48. gr. barnalaga, en betur þykir fara á að skipa henni í II. kafla frumvarpsins. Orðalag er fært til samræmis við framkvæmd þessara mála nú.

Í 2. málsl. felst m.a., að ekki má skrá mann föður barns, nema lögmælt viðurkenning hans liggi fyrir eða önnur úrlausn um faðerni. Er því óheimilt að skrá mann föður barns samkvæmt einhliða skýrslu barnsmóður. Er að slíku fundið í ýmsum dómum Hæstaréttar, sbr. t.d. dómasöfn 1970: 787, 1974: 1154, 1975: 435, 1976: 955, 1977: 1163 og 1983: 415.

Benda má hér einnig á hrd. 1968: 422, þar sem stúlka var skráð dóttir stjúpföður síns, en slíkt stóðst ekki, þar sem móðirin ól barnið áður en slitið var hjúskap hennar og fyrri eiginmanns hennar.

Örugg skráning á þeim atriðum, er greinir í ákvæðinu er mikilvæg, m.a. vegna ákvörðunar á faðerni síðar meir.

Um 8. gr.

Í 12. gr. barnalaga eru ákvæði um úrslit barnsfaðernismáls og m.a. mat á sönnunargögnum. Heppilegra þykir að skipa því ákvæði í VII. kafla, þar sem fjallað er um réttarfar í þessum málum, sbr. 50. gr. Hér er því eingöngu vísað til VII. kafla A um dómsmál til feðrunar barns.

Í 4.–6. gr. barnalaga eru ákvæði um vefengingarmál. Heppilegra þykir, að þau ákvæði séu í VII. kafla B frumvarpsins sem fjallar um réttarfar í slíkum málum. Í 8. gr. frumvarpsins er samkvæmt þessu eingöngu vísað til VII. kafla B um dómsmál þessi.

Um III. kafla.

Samkvæmt IV. kafla barnalaga fjallar valdsmaður um málefni er þar greinir. Þessu er breytt í ákvæðum III. kafla frumvarpsins og víðar, og kemur sýslumaður í stað valdsmanns. Er hér miðað við skipulag laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, enda er gert ráð fyrir því í 76. gr. þessa frumvarps, að lögin, ef samþykkt verða, taki gildi 1. júlí 1992, svo sem einnig er um lög nr. 92/1989.

Í þessum kafla og víðar í frumvarpinu eru tilvitnanir til laga almenns efnis, sbr. t.d. almannatryggingalaga, lögræðislaga, laga um meðferð einkamála o.fl., án þess að sérstakar greinar séu tilgreindar. Stafar það af örum breytingum á löggjöf er valda því að sérgreindar tilvitnanir úreldast fljótt.

Um 9. gr.

1. og 2. mgr. eru óbreyttar 1. og 2. mgr. 14. gr. barnalaga.

Í 3. mgr. er breyting á því er varðar skyldu fósturforeldra til að framfæra fósturbarn. Er framfærsluskylda lögð á fósturforeldra. Vafalaust telja þeir sem taka að sér barn til umönnunar í skamman tíma sig að jafnaði framfærsluskylda við barnið. Tilvikin eru hér margvísleg og ekki auðvelt að fá yfirsýn yfir þau. Er því erfitt að lögskrá framfærslureglur varðandi þau börn er svo stendur á um. Það bíður einnig nýrra barnaverndarlaga að skilgreina grundvallaratriði í fóstursamningi er varðar mjög réttarstöðu barna. Tekið skal fram, að framfærsluskylda kynforeldra helst þótt barni sé ráðstafað til fósturs. Ákvæðið á ekki við um aðila, sem taka að sér börn um takmarkaðan tíma, t.d. til sumardvalar, samkvæmt ósk foreldra og gegn þóknun.

Um 10. gr.

Greinin er að mestu sama efnis og 15. gr. barnalaga.

Í 1. mgr. 2. málsl. er lagt til, að settar verði skorður við því, hversu langt aftur í tímann framlög samkvæmt upphafsákvæði greinarinnar verði ákvörðuð. Er mikilvægt að stuðla að því, að kröfur um framfærslueyri komi fram hið fyrsta. Þykir eitt ár hæfilegur tími einkum vegna hagsmuna hins framfærsluskylda.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt 16. gr. barnalaga, nema hér er lagt til, að orðinu „nafnnúmer“ verði breytt í „kennitölu“ í samræmi við hið nýja kerfi Hagstofu Íslands um tölugreiningu manna.

Enn fremur fellur 16. gr. 3. mgr. niður, sbr. 74. gr. frv.

Um 12. gr.

Sú grein heimilar sýslumanni samkvæmt kröfu rétts aðila að kveða upp bráðabirgðaúrskurð um framfærslueyri með barni á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Heimildin er bundin við það, er foreldri sem krafan beinist gegn er búsett erlendis eða sérstökum örðugleikum er bundið að ná til þess. Ríkissjóður endurgreiðir þær fjárhæðir sem greiddar verða samkvæmt þessu, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær hjá hinum meðlagsskylda, þegar meðlagsúrskurður á hendur honum liggur fyrir. Ákvæðið kemur að nokkru leyti í stað 34. gr. barnalaga sem ekki er tekið með í frumvarp þetta, en er öðrum þræði víðtækara. Þess er vænst, að lögfesting 12. gr. skerði í engu rétt barns og foreldris, svo sem hann er greindur í 34. gr. Bent er á rýmkaðar lögsögureglur samkvæmt frv. í þessu sambandi.

Bráðabirgðaúrskurður skv. 12. gr. gildir uns endanlegur úrskurður er kveðinn upp á hendur hinu meðlagsskylda foreldri. Gengið er út frá því, að forsjárforeldri setji fram kröfu á hendur hinu meðlagsskylda foreldri áður eða samtímis því, að krafa er uppi höfð samkvæmt þessari grein og að hún sé að efni til miðuð við sama upphafstíma.

Um 13. gr.

Greinin samsvarar 17. gr. barnalaga. Sú breyting er gerð á ákvæðinu, að í lok 1. mgr. er vísað til tímamarka skv. 10. gr. 1. mgr. 2. málsl.

Vafi hefur leikið á um það, hver eigi aðild að kröfugerð skv. 17. gr. 1. mgr. barnalaga að því er varðar framlög til menntunar eða starfsþjálfunar. Ætlunin var, að ungmenni það, sem í hlut ætti gerði kröfuna, og er hér lagt til, að þetta verði lögfest. Ef unglingurinn er sviptur fjárræði, gerir lögráðamaður kröfuna. Kröfu gagnvart Tryggingastofnun getur viðkomandi ungmenni haft uppi, svo sem lagt er til í 26. gr. 2. mgr. frumvarpsins.

Um 14. og 15. gr.

Greinarnar eru efnislegar óbreyttar 18. og 19. gr. barnalaga.

Lokaákvæði 15. gr. á einkum við greiðslu vegna þjónustu er tekur yfir alllangan tíma, svo sem tannréttingar, en gert er ráð fyrir, að því verði þó einungis beitt í undantekningartilvikum.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 20. gr. barnalaga, nema lagt er til, að í 2. mgr. verði fellt niður ákvæði um hve langt aftur í tímann breyta megi ákvörðun um eindagaðan framfærslueyri. Á sýslumaður að meta það. Er um að ræða þrengri heimild til að breyta ákvörðun, en skv. 20. gr. 2. mgr. barnalaga. Aðilar að kröfu samkvæmt þessari grein eru meðlagsgreiðandi og meðlagsviðtakandi.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 21. gr. barnalaga.

Um 18. gr.

Greinin samsvarar 22. gr. barnalaga.

Hér er lagt til, að sömu takmarkanir verði lögmæltar um kröfu samkvæmt þessu ákvæði sem skv. 2. mgr. 16. gr. Aðilar samnings geta sett fram kröfu samkvæmt þessari grein.

Um 19. gr.

Greinin er hliðstæð 23. gr. barnalaga.

1. mgr. er óbreytt 23. gr. 1. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. er meginreglan sú, að sá sem hefur forsjá barns getur krafist þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda standi hann straum af útgjöldum vegna framfærslu barns. Í öðru lagi getur sá sem barn býr hjá samkvæmt lögmætri skipan gert kröfu um framfærslueyri með sama fyrirvara, að hann standi straum af útgjöldum vegna framfærslunnar. Með lögmætri skipan er átt við, að barn búi hjá hlutaðeigandi aðila með samþykki forsjáraðila, eftir atvikum barnaverndaryfirvalda. Ungmenni 16–18 ára ráða sjálf dvalarstað sínum og yrði því ákvörðun ungmennis um búsetu, lögð til grundvallar við mat á því, hvort sá sem barn býr hjá eigi aðild að kröfu. Áskilin væri föst búseta barns og að fyrir liggi að viðkomandi standi raunverulega straum af útgjöldum vegna framfærslunnar.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um staðfestingu samkomulags foreldra um framfærslueyri með börnum við skilnað, og getur þá ýmist sýslumaður eða dómstóll staðfest samkomulagið. Ef dómstóll fjallar um skilnaðarmálið getur það verið til hagræðis fyrir aðila að dómari staðfesti samkomulagið, og sparað þeim fyrirhöfn við að leita sérstaklega til sýslumanns út af því. Greinin á eingöngu við, ef samkomulag er milli aðila.

Um IV. kafla.

Ákvæði þessa kafla, 21.–23. gr., eru efnislega óbreyttar 25.–27. gr. barnalaga.

Um V. kafla.

Ákvæði þessa kafla, 24.–28. gr., eru að mestu óbreyttar 28.–32. gr. barnalaga.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 28. gr. barnalaga.

Hér er lagt til, að úrskurðuð framlög skv. 13. gr. frumvarpsins verði fjárnámskræf, svo sem er um ýmis önnur úrskurðuð framlög samkvæmt barnalögum. Er það nýmæli.

Um 25. gr.

Í 29. gr. barnalaga er allvíða vísað til einstakra ákvæða í lögum um almannatryggingar. Hér er hins vegar vísað til laganna í heild sinni, sbr. athugasemd hér fyrr.

2. og 3. málsl. 2. mgr. 29. gr. barnalaga hafa verið felldir niður. Þeir fela í sér tilvísun til almannatryggingalaga og hafa því ekki sjálfstætt gildi.

Breyting er fyrirhuguð á 73. gr. almannatryggingalaga, þannig að barnsmóðir geti fengið meðlag með barni eftir að hún hefur snúið sér til sýslumanns með beiðni um öflun faðernisviðurkenningar. Með hliðsjón af því þykir rétt að fella ákvæðin niður, svo ekki sé hætta á ósamræmi milli barnalaga og almannatryggingalaga hvað þetta varðar.

Ákvæði 3. mgr. 29. gr. var bætt við greinina með lögum nr. 44/1985. Ákvæðið er einskorðað við það tilvik er því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t.d. vegna fjárhagsörðugleika. Nú ber við, að í erlendum meðlagsúrskurðum sé því að vísu ekki hafnað að gera meðlagsskyldum að greiða nokkurt meðlag, en fjárhæð þess er lægri en nemur barnalífeyri almannatrygginga. Í 3. mgr. 25. gr. er lagt til, að einnig í því tilviki geti sýslumaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldra á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Að öðru leyti felst ekki efnisbreyting í þessari málsgrein.

Um 26. gr.

Í 1. mgr. er lagt til, að sams konar breyting verði gerð að því er varðar tilvísun til almannatryggingalaga eins og greinir í athugasemdum við 25. gr.

Í 2. mgr. er einnig um hið sama að tefla, en þar er enn fremur ákvæði um aðgang að Tryggingastofnun ríkisins vegna úrskurðaðra framlaga skv. 13. gr. frumvarpsins. Um kröfur með stoð í 17. gr. barnalaga (hliðstætt 13. gr. frumvarpsins) vísast sérstaklega til laga nr. 23/1987.

Í 3. mgr. er lagt til, að þargreind reglugerð verði sett af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Um 27. og 28. gr.

Greinarnar eru efnislega óbreyttar 31. og 32. gr. barnalaga.

Svo sem áður greinir, er VII. kafli barnalaga ekki tekinn með í frumvarpið. 41. gr. þess fjallar um sama efni og 33. gr. hans, og að því er 34. gr. hans varðar er vísað til 12. gr. frumvarpsins og athugasemda við hana.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru fólgnar meginbreytingar frumvarpsins, og vísast um þær til almennra athugasemda í upphafi greinargerðar. Nokkrur meginatriði skulu áréttuð:

1. Í fyrsta lagi er að geta ákvæða frumvarpsins um samninga foreldra um sameiginlega forsjá, sbr. 32. gr. 3. mgr. um gifta foreldra eða foreldra sem í sambúð hafa verið og slíta samvistir, og 33. gr. 1. mgr. um samninga ógiftra foreldra sem ekki fara sameiginlega með forsjá barns.
2. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á úrlausnarvaldi í forsjármálum. Eins og áður greinir segir í frumvarpinu, að aðilar geti lagt ágreining annaðhvort fyrir dómstól eða dómsmálaráðuneytið, þó svo að ráðuneytisleiðin verði ekki farin, nema aðilar séu á einu máli um það, sem er breyting frá núgildandi barnalögum. Þetta á bæði við um frumúrlausnir forsjármáls og breytingu á forsjá. Bráðabirgðaákvörðun um forsjá er í höndum þess er fer með frumúrlausn máls. Réttarfarsákvæði um þessi mál eru í VIII. kafla frumvarpsins.
3. Þá er lögð til breyting á úrlausnum um ágreining út af umgengni við barn, þannig að frumúrlausn verði hjá sýslumanni, en aðilar geti skotið úrlausn hans til dómsmálaráðuneytis til fullnaðarákvörðunar. Er þá unnt að fjalla um mál á tveimur stjórnvaldsstigum í stað eins nú. Horfir það til réttaröryggis og auk þess má benda á, að sýslumenn búa oft

yfir staðarþekkingu og þekkingu á högum manna sem hér getur komið að haldi. Ekki er unnt að leggja efnislegan ágreining út af þessum málum til dómstóla, nema innan marka 60. gr. stjórnarskrár, og er áður vikið að því.

Um 29. gr.

Greinin er sama efnis og 35. gr. barnalaga og lítið breytt. Í 2. mgr. er nýmæli, þar sem lagt er til, að foreldri, sem fer með forsjá barns, sé skylt að stuðla að því, að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt, nema umgengni sé andstæð hag og þörfum barns að mati stjórnvalds. Samkvæmt 37. gr. 1. mgr. á barn rétt á að njóta umgengni við það foreldri sem hefur ekki forsjá þess, og felur 2. mgr. 29. gr. í sér hliðstæða foreldraskyldu, þ.e. að stuðla að því að umgengni megi takast. Varðar miklu, að foreldri virði hana og hafi skilning á gildi umgengninnar fyrir barnið.

Um 6. mgr. skal bent á, að hún er óbreytt 35. gr. 6. mgr. barnalaga. Fyllri ákvæða er þörf um fósturbörn og fósturforeldra, en rétt hefur þótt að bíða með breytingatillögur í því efni eftir nýjum lögum um vernd barna og ungmenna, sbr. það sem fram kom hér að ofan undir athugasemdum við I. kafla og 9. gr. 3. mgr.

Um 30. gr.

1. mgr. er sama efnis og 36. gr. 1. mgr. og 37. gr. 1. mgr. barnalaga. Eru forsjárreglur greindar hér samfellt um ósjálfráða börn. Ekki felur þessi málsgrein í sér efnisbreytingar.

2. mgr. samsvarar að nokkru 37. gr. 2. mgr. barnalaga. Mælir hún fyrir um forsjá móður, ef foreldrar barns voru hvorki í hjúskap nú bjuggu saman við fæðingu barnsins.

3. mgr. kveður á um forsjá stjúpforeldris og sambúðarforeldris, sbr. 37. gr. 2. mgr. barnalaga. Ógift foreldri tekur m.a. til fráskilins foreldris sem ekki hefur gengið í hjúskap að nýju.

Bent er á, að skv. 33. gr. 1. mgr. geta foreldrar sem ekki fara sameiginlega með forsjá barns, samið um, að forsjá verði sameiginleg. Þá er einnig bent á ákvæði 35. gr. 3. mgr.

Um 31. gr.

Greinin fjallar um skipan forsjár við andlát forsjárforeldris. Þykir gleggra að kveða á um það í sérstakri grein, en um þetta er mælt í ýmsum greinum barnalaga.

1. mgr. á við þá aðstöðu, er foreldrar hafa farið sameiginlega með forsjá barns og annað þeirra andast. Um skipan forsjár eru þá svipuð ákvæði og í 36. gr. 4. mgr. barnalaga. Af ákvæðinu leiðir, að hafi foreldrar samið um sameiginlega forsjá, fer eftirlifandi kynforeldri áfram með forsjána eftir andlátið, en hins vegar ekki eftirlifandi maki eða sambúðaraðili hins látna foreldris.

2. mgr. fjallar um þau tilvik er kynforeldrar hafa ekki farið með sameiginlega forsjá, þegar annað þeirra andast, sbr. hér 36. gr. 4. mgr. barnalaga. Fer þá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, sem einnig hefur farið með forsjá barnsins, áfram með forsjá þess eftir lát kynforeldris. Fela má hinu kynforeldrinu að kröfu þess forsjána, ef það er talið barnið fyrir bestu. Um úrlausn ágreinings af þessum sökum fer skv. 34. og 36. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um forsjárskipan, þegar annað foreldrið andast, sem hefur farið eitt með forsjá barns, sbr. 30. gr. 2. mgr., 32. gr. 1. mgr. og 34. frv. Hér er hvorki stjúpforeldri né sambúðarforeldri til að dreifa, svo sem er skv. 2. mgr. Hverfur þá forsjá til hins foreldrisins (kynforeldrisins), en fela má þó öðrum forsjána, ef ósk kemur fram um það og slíkt verður talið barninu fyrir bestu. Hér gætu komið greina vandamenn barnsins eða fólk sem hefði annast um barnið og látið sér annt um það. Við þessar aðstæður gæti einnig reynt á afskipti barnaverndarnefndar.

Í 4. mgr. segir, að um skipan mála skv. 1.–3. mgr. fari eftir 33. gr. um samninga og 34. gr. og 36. gr. um úrlausn ágreiningsmála.

Í 5. mgr. segir að lokum, að verði barn forsjárlaust vegna andláts forsjárforeldris, hverfi forsjá þess til barnaverndarnefndar samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

Um 32. gr.

Þessi grein samsvarar 38. gr. 1. og 2. mgr. barnalaga og 47. og 48. gr. laga nr. 60/1972, en felur í sér mörg nýmæli. Telja má, að veigamestu breytingar frumvarpsins séu fólgnar í þessari grein.

Um 1. mgr.

Þegar foreldrar, sem giftir eru slíta samvistir, getur verið heppilegt að þeir semji um forsjá barna þegar á því stigi. Í 1. mgr. kveðið á um þetta efni, sbr. hér upphaf 38. gr. barnalaga. Sá samningur verður þó jafnaðarlega til bráðabirgða, þ.e. uns fullnaðarskipun er á gerð. Dæmi eru þess samt, að slík skipan verði viðvarandi og foreldrar leiti ekki eftir formlegum skilnaði. Samningurinn er háður staðfestingu sýslumanns skv. 33. gr. 4. mgr. frumvarpsins. Ef ágreiningur verður, er unnt að ráða málinu til lykta skv. 34. gr., sbr. 32. gr. 4. mgr.

Tekið skal fram, að forsjá giftra foreldra sem slíta samvistir, er sameiginleg uns forsjárskipan vegna skilnaðar er á gerð nema samningur sé gerður samkvæmt framansögðu eða úrlausn fengin skv. 32. gr. 4. mgr. Ákvæði 1. mgr. er bundið við samvistaslit. Foreldrar geta ekki samið um forsjárskipun meðan sambúð varir. Forsjá er þá lögmælt til hlítar.

Um 2. mgr.

2. mgr. er hliðstæð 38. gr. 2. mgr. barnalaga. Hér er þó svo fyrir mælt, að sú skipan forsjár sem á hefur komist við skilnað að borði og sæng skuli haldast óbreytt við lögskilnað. Breyting getur samt orðið á henni skv. 35. gr. 1. mgr. frv. Meginregla 2. mgr. tekur mið af því, að það sé barni fyrir bestu að stöðugleiki ríki um forsjárskipan þess. Heppilegast sé fyrir það, að eigi sé hróflað við forsjárskipaninni, sem mótuð var við skilnað að borði og sæng, nema að uppfylltum skilyrðum 35. gr. 1. mgr.

Um 3. mgr.

Hér eru tekin upp nýmæli sem fólgin voru í frumvarpinu 1987 um, að foreldrum verði heimilað að semja um sameiginlega forsjá barna sinna við skilnað og sambúðarslit. Enn fremur er á það bent, að skv. 33. gr. 1. mgr., er ógiftum foreldrum barns, sem ekki eru samvistum, einnig heimilað að semja um slíka forsjá og skv. 2. mgr. hennar geta foreldrar samið um breytta forsjárskipan síðar. Samkvæmt 35. gr. 2. mgr. getur hvort foreldri um sig krafist niðurfellingar á samkomulagi um sameiginlega forsjá og er það almennt ákvæði. Allir samningar um forsjá barna eru háðir staðfestingu sýslumanns, sbr. 33. gr. 4. mgr. Sýslumaður skal leiðbeina aðilum um réttaráhrif samnings. Hann getur leitað umsagnar barnaverndarnefndar, ef hann telur ástæðu til þess, áður en hann staðfestir samning. Við mat á því, hvort samningur verði staðfestur, ber að hafa það að leiðarljósi, að samningur sé ekki andstæður hag og þörfum barnsins. Úrlausn sýslumanns má skjóta til dómsmálaráðuneytisins innan tveggja mánaða frá dagsetningu hennar, sbr. meginreglu 74. gr. frumvarpsins.

Sameiginleg forsjá verður ekki viðhöfð skv. 32. gr. 3. mgr., nema foreldrar séu sammála um þá skipan að öllu leyti. Vísast um rök í því efni til almennu greinargerðarinnar um þessa forsjárskipan. Ef foreldrar geta ekki komið sér saman um sameiginlega forsjá og ekki heldur um, að forsjá verði í höndum annars þeirra óskipt, þá verður dómstóll eða dómsmálaráðuneyti að leysa úr ágreiningnum, sbr. 32. gr. 4. mgr. og 34. gr. Ráðuneytið þó því aðeins að foreldrar séu á eitt sátt um það. Við þá úrlausn er aðeins hægt að kveða svo á um, að forsjá verði í höndum annars foreldris óskipt, þannig að hvorki dómstóll né dómsmálaráðuneytið

geta mælt fyrir um sameiginlega forsjá, en foreldrar geta hins vegar orðið á eitt sáttir um það meðan á meðferð eða rekstri máls stendur (þar á meðal með réttarsátt). Til þess getur komið að skipa þurfi forsjá til bráðabirgða, og eru það sömu aðilar, sem það geta gert, sem þeir, er áður greinir, sbr. 36. gr.

Með sameiginlegri forsjá er foreldrum boðið upp á sérstakan úrkost til viðbótar við þá forsjárhætti sem nú eru lögmæltir, en skv. 38. gr. barnalaga á forsjá að vera óskipt hjá öðru foreldri eftir skilnað eða samvistaslit. Ef ákvæðið verður lögfest, verður forsjárskipanin ekki einskorðuð, þannig að valið standi milli þess hvort foreldrið fái forsjá heldur valkvætt þannig að foreldrar eigi þess úrkosti að semja um sameiginlega forsjá.

Sameiginleg forsjá er úrræði sem lögfest hefur verið hvarvetna á Norðurlöndum, síðast í Danmörku 1985. Tilhögunin er þó nokkuð mismunandi eftir löndum. Sums staðar geta dómstólar eða stjórnvöld ákveðið sameiginlega forsjá þótt foreldrar eða a.m.k. annað þeirra séu andvíg þessari forsjárskipan eins og á stendur. Þá er til, að sameiginleg forsjá sé meginreglan sem búa skal við, nema um annað sé samið eða úrlausnaraðili ákveði annað. Ákvæði þessa frumvarps felur það eitt í sér, að foreldrum er heimilað að semja svo um, að þau hafi sameiginlega forsjá barns. Dómstóll eða dómsmálaráðuneyti geta ekki mælt fyrir um hana í andstöðu við foreldri. Er tilhögunin svipuð því sem hún er í Danmörku.

Samkvæmt upplýsingum frá Norðurlöndum er þessi forsjárskipan algeng. Í Danmörku má ætla, að a.m.k. ⅓ hluti foreldra kjósi hana. Í Svíþjóð er hlutfallið nokkru hærra eða um 44%. Hæstar eru tölurnar frá Noregi, en þar er talið, að í allt að 60% tilvika sé þessi forsjárskipun á höfð, og eru þetta þó tölur frá Ósló og nágrannabyggðarlögum. Tölurnar eru flestar frá 1987. Ekki eru tiltæk tölfræðigögn um það, hve haldbær þessi skipan hefur reynst, þ.e. hve títt sé, að forsjárskipun þessi sé felld niður áður en barn nær sjálfræðisaldri. Upplýsingar, sem sifjalaganefnd hefur fengið frá dómurum og stjórnvöldum í Danmörku, benda þó til þess, að fremur fátítt sé að foreldrar óski eftir breytingu á samningi um sameiginlega forsjá.

Af hálfu sifjalaganefndar hafa átt sér stað viðræður við starfsmenn fjölskyldudeildar danska dómsmálaráðuneytisins og tveggja amtsskrifstofa í Danmörku í því skyni að fá nokkra mynd af reynslu Dana af þessari forsjárskipan. Svo sem greint var er sýnilegt, að verulegur hluti foreldra óskar eftir sameiginlegri forsjá og þykir hún hafa reynst vel. Hér ber að benda á, að við amtsskrifstofurnar hefur frá 1. jan. 1986 verið komið á fót sérstakri ráðgjöf fyrir fólk sem hyggst skilja, þar á meðal um skipan forsjármála. Ekki er skylt að leita ráðgjafar heldur eiga hjón eða sambúðarfólk þessa kost. Við ráðgjöfina starfa sérmenntaðir menn úr ýmsum greinum, sem hafa mikla reynslu af meðferð og úrlausn þessara mála. Reynslan af þessari ráðgjöf er talin góð og leita mjög margir til hennar, þar á meðal vegna forsjármála. Athyglisvert var í ofangreindum viðræðum, að talið var, að þeirrar andstöðu, sem verið hafði í upphafi gegn lögfestingu reglna um sameiginlega forsjá gætti nú mjög lítið í almennum umræðum og fólk virðist yfirleitt ánægt með, að þetta forsjárúrræði skuli hafa verið leitt í lög. Upplýsingar um afstöðu fólks í Noregi og Svíþjóð sýnast einnig benda til svipaðra viðhorfa og veita raunar tölur frá þessum löndum um tíðni þessarar forsjárskipunar þeim skoðunum stoð.

Hér á landi nýtur ekki við neinna skoðanakannana um þetta efni, svo kunnugt sé. Hins vegar er það mat þeirra, sem mesta hafa reynslu af úrlausn forsjármála við skilnaði, að þetta forsjárúrræði hefði greitt fyrir samkomulagi foreldra í einstökum tilvikum og stuðlað að friði og ró um þessi viðkvæmu mál. Í þessu sambandi er einnig bent á ítarlega grein eftir Guðrúnu Erlendsdóttur hæstaréttardómara, sem birtist í Úlfljóti, tímariti laganema, árið 1982, bls. 122–145, undir heitinu „Sameiginleg forsjá og önnur nýmæli í barnarétti".

Þeirri skipan að viðhafa sameiginlega forsjá foreldra getur lokið með ýmsum hætti. Hugsanlegt er, að annað foreldra andist, og hverfur þá forsjá barns jafnaðarlega til hins, sbr. 31. gr. 1. mgr. frumvarpsins. Þá er til, að foreldrar sem skildir eru að borði og sæng, taki upp

samvistir að nýju. Falla þá niður réttaráhrif skilnaðarins, sbr. 33. gr. laga nr. 60/1972, og verður forsjá þá sameiginleg samkvæmt brýnu ákvæði 1. mgr. 30. gr. frumvarpsins, en samningurinn sem slíkur fellur niður. Sambúðarforeldrar, er gert hafa slíkan samning, kunna og að taka upp samvistir að nýju, og er forsjá barns þá í höndum þeirra beggja samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. 30. gr. frumvarpsins, en samningurinn sjálfur er þá hruninn. Að sínu leyti fer svo með sama hætti, er ógiftir foreldrar barns, sem ekki hafa verið í sambúð, gera slíkan samning, sbr. 33. gr. 1. mgr. frumvarpsins. Ef þau taka upp óvígða sambúð, þá verður forsjá sameiginleg í þeirra höndum skv. 30. gr. 1. mgr. frumvarpsins og samningurinn er þar með úr sögunni. Að lokum er svo það tilvik, að annað foreldri (eða bæði) krefjist þess, að samningur um sameiginlega forsjá falli niður, sbr. 35. gr. 2. mgr. Samkvæmt þeim grunnhugmyndum, sem búa að baki reglum 32. og 33. gr. frumvarpsins er þá hruninn grundvöllur undan frambúðargildi samningsins. Verður þá að hefjast handa um að skipa forsjármálum. Vera má, að foreldrar séu sammála um, að annað þeirra fái forsjá barns óskipta, og ber þá sýslumanni almennt að staðfesta það samkomulag. Ef ekki er samkomulagi að fagna, fer málið til úrlausnar dómstóls eða dómsmálaráðuneytisins, og er þá unnt að krefjast úrskurðar um bráðabirgðaforsjá, sbr. 36. gr.

Á eitt tilvik í þessu sambandi er vert að benda. Hugsanlegt er, að eftir að samningur er gerður um sameiginlega forsjá milli foreldra vegna lögskilnaðar, gangi t.d. konan í hjúskap. Stjúpforeldri er ásamt kynforeldri forsjármaður barns, sbr. 30. gr. frumvarpsins. Hér er því forsjá í höndum þriggja, kynföður og kynmóður samkvæmt staðfestum samningi um sameiginlega forsjá og svo stjúpforeldris. Við þessa mynd má svo bæta því tilviki, að maðurinn giftist einnig, og geta þá fjórir haft á hendi forsjána. Athugað hefur verið, hvort ástæða þyki til að lögfesta ákvæði, er lúti að þessu, t.d. svo að stjúpforeldri eða sambúðarforeldri hafi ekki forsjá, er svona hagar til eða ekki nema sérstakt leyfi komi til. Hvort kynforeldra um sig getur krafist niðurfellingar samningsins, og verður þá forsjármálum skipað að nýju, sbr. 35. gr. 2. mgr., eftir atvikum með bráðabirgðaskipan skv. 36. gr. Þykir þetta úrræði duga, en frumvarpið er byggt á því, að grundvöllur hrynji út af fyrir sig ekki undan samningi um sameiginlega forsjá, þótt annað kynforeldra (eða bæði) gangi í hjúskap eða taki upp sambúð að nýju.

Vanda ber til samningsgerðar milli foreldra um sameiginlega forsjá. Skylt er að taka ákvörðun um hvar barn eigi að hafa lögheimili og þar með að jafnaði búsetu og er nauðsynlegt, að það komi fram í samningi. Aðilar njóta hér leiðbeininga sýslumanns, sbr. 33. gr. 4. mgr., og hugsanlega fjölskylduráðgjafar. Gengið er út frá, að gerð verði sérstök eyðublöð fyrir samkomulagið með upplýsingum um réttaráhrif slíks samnings og að sérstakur bæklingur verði gefinn út um þessi efni og aðra mikilvæga þætti barnalaga.

Það foreldra, sem barn á lögheimili hjá, hefur réttarstöðu einstæðs foreldris til að taka við meðlagsgreiðslum með barni úr hendi hins foreldrisins eða Tryggingastofnunar ríkisins, mæðra- eða feðralaunum og barnabótum og öðrum greiðslum frá hinu opinbera ef því er að skipta. Foreldrar geta síðan samið sín á milli um skiptingu greiðslna þessara, ef því er að skipta. Í athugasemdum hér að framan um helstu nýmæli frumvarpsins í VIII. kafla, sbr. E-lið 1, er gerð nánari grein fyrir þessum atriðum og vísast til þess sem þar segir.

Komi upp ágreiningur milli foreldra, sem fara með sameiginlega forsjá samkvæmt samningi, um meðlagsgreiðslur, sem þeir geta ekki leyst, er hruninn grundvöllur fyrir sameiginlegri forsjá, enda ekki unnt að krefjast meðlagsúrskurðar, þar sem samkomulag milli foreldra um öll atriði, er snerta barnið, er ávallt forsenda sameiginlegrar forsjár. Á sama hátt getur foreldri hvorki krafist afhendingar barns með stoð í 75. gr. né fengið lagðar á dagsektir skv. 38. gr., ef hitt foreldrið neitar því um að fá barnið í samræmi við samkomulag þeirra. Þegar svona stendur á, getur annað foreldra eða þau bæði krafist þess, að sameiginlega forsjáin verði felld niður, sbr. 35. gr. 2. mgr., og eftir atvikum sett fram kröfu um bráðabirgðaforsjá, sbr. 36. gr.

Um framkvæmd mála vegna samninga um sameiginlega forsjá er fengin mikil reynsla á Norðurlöndum sem heppilegt er að menn færi sér í nyt. Er full ástæða til að ætla, að þessi forsjárskipan geti í ýmsum tilvikum leyst úr vandamálum foreldra með viðhlítandi hætti og umfram allt orðið barni fyrir bestu.

Umsagnaraðilar hafa yfirleitt lýst fylgi sínu við þá hugmynd að lögfesta reglur frumvarpsins um sameiginlega forsjá, og enginn mælt því í gegn.

Um 33. gr.

Greinin fjallar um samninga foreldra um forsjá og staðfestingu þeirra. 1. og 2. mgr. varða samninga milli foreldra, en 3. mgr. samninga við þriðja mann. Vænta má, að öllum þorra mála verði ráðið til lykta með samkomulagi foreldra, enda er það farsælast. Af tölfræðiupplýsingum í IV í almennu athugasemdunum hér að framan má ráða, að forsjá barns við skilnað er oftar hjá móður en föður. Tölurnar gefa fyrst og fremst til kynna hvernig hin samningsbundna forsjárskipan horfir við og verður þó að virða þær tölur með mikilli varúð. Vænta má þess, að á þessu verði allróttæk breyting, ef reglur um sameiginlega forsjá verða lögfestar.

Í 1. mgr. er það nýmæli, að ógiftir foreldrar barns er búa ekki saman, sbr. 2. gr. 3. mgr. frumvarpsins, geti samið um sameiginlega forsjá barnsins. Slíkur samningur er háður staðfestingu sýslumanns, sbr. 4. mgr. 33. gr. Um þessa forsjárgerð vísast til athugasemda við 32. gr. Sameiginleg forsjá getur átt mikinn rétt á sér einnig við þessar aðstæður, en jafnaðarlega er forsendan sú, að tengsl séu veruleg milli barns og þess foreldris sem ekki fer að fyrra bragði með forsjá barnsins og gott samkomulag milli foreldra og skilningur á gildi sameiginlegra ákvarðana er barn varða.

Í 2. mgr. segir, að foreldrar geti samið um breytingu á forsjá barns, þannig að forsjá flytjist frá öðru foreldri til hins eða að sameiginleg forsjá falli niður og forsjá verði framvegis í höndum annars foreldris. Staðfestingar sýslumanns er þörf, sbr. 33. gr. 4. mgr. Forsjá er breyta á getur verið samningsbundin eða ákveðin af dómstóli eða ráðuneyti. Samningur skv. 2. mgr. getur lotið að því að forsjá verði óskipt í höndum annars eða sameiginleg.

Samkvæmt ákvæði 33. gr. 3. mgr. geta foreldrar falið þriðja manni forsjá barns síns með samningi. Barnaverndarnefnd verður að mæla með þeirri skipan. Einnig ber að leita umsagnar þess foreldris sem hefur ekki forsjá barnsins. Samningurinn öðlast ekki gildi, fyrr en sýslumaður staðfestir hann. Í þessu felast verulegar breytingar á 42. gr. 1. mgr. barnalaga. Ekki er heimilt að tímabinda samninga samkvæmt þessu ákvæði, frekar en aðra forsjársamninga. Um breytingu á samningi, fer eftir almennum ákvæðum kaflans, sbr. 33. gr. 2. mgr. og 35. gr. 1. mgr.

Í 4. mgr. er það almenna ákvæði, að samningur um forsjá barns sé háður staðfestingu sýslumanns, er synjar staðfestingar, ef hann er andstæður hag og þörfum barnsins að mati sýslumanns. Mikils er um vert, að vandað sé til kannana af hendi sýslumanns og aðilum leiðbeint um réttaráhrif samnings og efni hans, þar á meðal um ákvæði sem æskilegt er að greina í honum. Á þetta sérstaklega við um samninga um sameiginlega forsjá. Ástæða getur verið til að veita barni færi á að tjá sig, sbr. 34. gr. 4. mgr., og einnig að leita umsagnar barnaverndarnefndar.

Um 34. gr.

Um 1. mgr.

Í þessari málsgrein er mælt fyrir um úrlausn ágreinings milli foreldra út af forsjá barna. Eru það viðkvæm og vandasöm mál sem torleyst eru oft og einatt. Í 1. mgr. er kveðið á um hverjir leysi úr slíkum málum og í því sambandi sett fram skil milli heimildar dómstóla og dómsmálaráðuneytis til meðferðar mála og úrlausnar þeirra. Hér er lagt til, að dómstóll greiði úr ágreiningi um forsjá barna nema foreldrar séu á einu máli um að dómsmálaráðuneyti ráði

máli til lykta og er það svipuð skipan og í norsku barnalögunum. Ákvæðið tekur afstöðu til grundvallaratriðis um tengsl stjórnvalda og dómstóla á þessu sviði. Ákvæðin um skilnaði og úrlausnir út af kröfum um þá eru í lögum um stofnun og slit hjúskapar, en ákvæðin um forsjárskipun í tilefni skilnaðar eru í barnalögum.

Ákvæði 1. mgr. er reist á því, að aðilar eigi ávallt að geta lagt ágreining um jafn mikilvæg málefni sem forsjá undir úrlausn dómstóla. Hins vegar beri ekki að skjóta loku fyrir, að mál verði leyst af stjórnvöldum, ef foreldrar eru á eitt sáttir um það. Annað foreldra getur samkvæmt þessu skotið ágreiningnum til dómstóls. Ef dómsmál er höfðað vegna skilnaðarins sem slíks mundi mál sæta meðferð hjúskaparmála samkvæmt hjúskaparlögum, þótt krafa út af forsjá væri meðal dómkrafna. Oft gætu foreldrar út af fyrir sig verið sammála um skilnaðinn, er lyti þá úrlausn sýslumanns. Hins vegar væri ekki samkomulag um að ráðuneytið leysti úr forsjármálinu er sætir þá úrlausn dómstóls.

Miklar athuganir hafa farið fram á því hjá sifjalaganefnd, hverjir ættu að leysa úr ágreiningi í forsjármálum. Til greina kom að leggja úrlausn þessara mála gagngert í hendur dómstóla, svo sem er víða um lönd, og er sennilegt, að sú verði þróun þessara mála síðar meir hér á landi. Slík tilhögun hefði falið í sér mikið álag fyrir dómstóla. Er þess m.a. að gæta, að vitaskuld er ekki við reynslu að styðjast hjá íslenskum dómstólum um meðferð þessara mála. Einnig hefur reynslan leitt í ljós, að aðilar hafa til þessa fremur kosið að leita úrlausnar ráðuneytis, en fara hina formfastari dómstólaleið til lausnar þessara viðkvæmu mála. Rök þykja standa til þess að hafa hér að svo stöddu tvíþætt úrlausnarkerfi og veita aðilum færi á að leggja mál fyrir stjórnvald ef þeir óska eftir því, en ella fjalli dómstóll um ágreiningsmálið. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel í Noregi. Um það hvaða stjórnvald skuli fara með úrlausn mála kom tvennt til greina. Annars vegar að sýslumenn leystu úr málum með málskotsrétti til dómsmálaráðuneytis. Hins vegar að dómsmálaráðuneytið eigi gagngert stjórnsýslulega úrlausn máls. Síðari kosturinn var valinn. Í ráðuneytinu búa starfsmenn yfir mikilli reynslu af meðferð þessara mála, en slíku er ekki til að dreifa hjá sýslumönnum. Úrlausnir ráðuneytis fela í sér samræmda framkvæmd þessara mála, en nokkur hætta er á, að framkvæmdin yrði mismunandi hjá sýslumönnum. Hér kemur það einnig til, að hið nýja skipulag er hugsað til reynslu. Frá því sjónarmiði þykir heppilegt að hrófla sem minnst á þessu stigi við stjórnsýslumeðferð þessara mála.

Samkvæmt 1. mgr. verður unnt að veita lögskilnaðarleyfi, þótt forsjármáli hafi ekki verið ráðið til lykta. Felur þetta í sér breytingu frá því sem nú er, sbr. 47. gr. laga nr. 60/1972, en gert er ráð fyrir, að hún verði afnumin með 76. gr. frumvarpsins. Hér er þess að gæta, að úrlausn forsjármáls getur tekið langan tíma. Sýnist þá ekki ástæða til að girða fyrir, að lögskilnaður fáist, þótt ágreiningur út af forsjá barns hafi enn ekki verið útkljáður.

Þörf er á sérstökum réttarfarsreglum er varða meðferð dómstóla á málum þessum, og eru þær stílaðar í VIII. kafla. Er æskilegt að fjalla samfellt um endurskoðun réttarfarsreglna um öll dómsmál er varða sifjarétt. Er það gert í tengslum við endurskoðun laga um stofnun og slit hjúskapar.

Þá þykir einnig eðlilegt að ýmsar reglur verði lögskráðar um meðferð þessara mála hjá stjórnvöldum, sbr. IX. kafla frumvarpsins.

Um 2. mgr.

Í þessari málsgrein er áréttuð sú grunnregla barnaréttar, að þá forsjárskipan skuli upp taka sem best hentar hag barnsins, og á það vitaskuld við hvort sem dómstóll eða dómsmálaráðuneyti ræður máli til lykta. Mörg atriði koma til skoðunar og er hér drepið á nokkur þeirra sem minnisgreinar án skýringa.

1. Tengsl barns við hvort foreldri um sig, þar á meðal hjá hvoru barn hefur dvalist og hvort það hefur umgengist mest, m.a. eftir samvistaslit.

2. Persónulegir eiginleikar og hagir hvors foreldris um sig og svo barnsins. Má hér nefna m.a. geðræna heilsu foreldra og heilsufar almennt, reglusemi, og ekki síst hvort foreldra telst hæfara til að sinna uppeldi barns og hver skilningur þess á þörfum barnsins er. Hér koma einnig til atvinnuhagir og heimilisaðstæður, þar á meðal ef foreldri hefur stofnað nýtt heimili og gengið í hjúskap eða hafið óvígða sambúð o. fl.
3. Óskir barns. Mikilvægt er að barni sé veittur kostur á að tjá sig um forsjármálið, og er lagt til, að það verði lögfest með 34. gr. 4. mgr. frumvarpsins. Oft er sagt, að þegar barn sé orðið 9–10 ára hljóti úrlausnaraðili að taka mikið tillit til afstöðu þess en engin skýr viðmiðun er um aldursmörk jafnmikið og þetta hlýtur að velta á atvikum hvers máls. Vægi þessa vex með aldrinum, t.d. er oft rætt um 12 ár í þessu efni, sbr. hliðstætt ákvæði í danskri löggjöf og 12 ára reglu ættleiðingarlaga o.fl. Í norrænum dómum hefur þessa gætt mjög mikið og sagt var í norskum hæstaréttardómi, að 14 ára barn verði ekki dæmt í forsjá þess foreldris sem það gat ekki hugsað sér að búa hjá, miðað við óvilhalla könnun máls.
4. Breyting á umhverfi. Oft er bent á áhættu við að hrífa barn úr kæru umhverfi, frá skólafélögum og vinum og flytja það í óþekkt umhverfi og verða aðlögunarörðugleikar þá oft miklir. Sérstaklega á þetta við, ef barni er ætlað að flytjast til annars lands. Hér skiptir aldur barns og margvísleg einstaklingsbundin atriði máli.
5. Systkinahópur. Oft er vikið að því, að áhættusamt sé og varhugavert að sundra systkinahópi, en ýmis sjónarmið eru þar uppi og misjafnt m.a. á hvaða aldri börn eru og hversu samrýmd þau eru o. fl. Þetta viðhorf hefur öllu minna vægi í dómsúrlausnum nú en áður var að því er virðist, enda ber við úrlausn forsjármáls að meta hvað hverju einstöku barni kemur best.
6. Dagleg umönnun og umsjá. Þar kemur m.a. til, að ungt barn þarf sérstakrar umönnunar sem móðir er oft talin hæfari til að veita en faðir. Einnig er hér að líta á börn með sérþarfir vegna heilsuhaga o.fl.
7. Húsnæðismál. Athuga þarf húsnæði sem hvort um sig getur boðið upp á og uppeldiskosti hvors um sig, skóla og barnaheimiliskost og umhverfi allt.
8. Liðsinni vandamanna hvors um sig, þar á meðal nágrenni foreldra og annarra vandamanna hvors um sig við það heimili sem boðið er upp á, og svo athugun á því, hvernig nýr maki eða sambúðaraðili muni bregðast við barni er á heimili kemur.
9. Kyn og aldur. Sú meginregla, að ung börn fylgi móður, og eftir atvikum drengir feðrum en stúlkur mæðrum, ef systkinahópi er dreift, hefur ekki jafnmikið vægi í norrænum dómum eins og áður var. Matið á að vera sem sjálfstæðast og einstaklingsbundið án tillits til slíkra meginreglna með þarfir barns að hinu mikla leiðarljósi.
10. Umgengni barns og forsjárlauss foreldris. Vaxandi áhersla hefur verið lögð á rétt og þörf barns til að viðhalda tengslum við það foreldra sinna, sem ekki fer með forsjá þess. Hefur það vægi við úrlausn slíks máls, hvort foreldra er líklegra til að viðhalda eðlilegri umgengni barns við hitt foreldra sinna til frambúðar og rétt að kanna sérstaklega afstöðu foreldra til þessa atriðis.
11. Ekki þarf að taka fram, að sök foreldra á skilnaði skiptir hér ekki máli. Ólögmæt sjálftaka foreldris á barni getur skapað því lakari stöðu en ella, en einnig í því tilviki er það reglan um þarfir barnsins sem sitja á í fyrirrúmi.

Í 2. mgr. 34. gr. er það áréttað, að hvorki dómstóll né dómsmálaráðuneyti geti mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns. Hins vegar gæti orðið sátt um sameiginlega forsjá milli aðila. Úrlausnaraðilar hljóta að meta, miðað við hagi barnsins, hvoru foreldra verði falin forsjáin, sbr. hér að framan. Niðurstaðan getur orðið sú, að hvorugt foreldra sé að mati úrlausnaraðila hæft til að annast forsjá barns. Tekur barnaverndarnefnd þá við forsjá þess samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, sbr. 34. gr. 2. mgr. 3. málsl. frumvarpsins, og hefst handa um ráðstafanir sem þörf er á og best samrýmast hag barnsins. Hvílir þá skylda á dómstóli og

ráðuneyti að skýra barnaverndarnefnd tafarlaust frá slíkum málalokum. Hvorki ráðuneyti né dómstóll hafa samkvæmt þessu heimild til að ráðstafa barni til tiltekins þriðja manns eða stofnunar, barnið verður hér forsjárlaust við úrlausnina og hverfur forsjá þess þá til barnaverndarnefndar. Samkvæmt sænskum lögum getur dómstóll mælt fyrir um, að nafngreindur þriðji maður öðlist forsjá barnsins. Óvissa gæti skapast við síðarnefndu leiðina og töf á úrlausn máls. Með þeim hætti er frumvarpið kveður á um verða skil úrlausnaraðila um forsjármálið og barnaverndarnefnda skýr.

Um 3. mgr.

Í 3. mgr. segir, að dómari leiti umsagnar barnaverndarnefndar áður en forsjármáli er ráðið til lykta, ef hann telur þess þörf. Dómsmálaráðuneytið skal hins vegar samkvæmt sömu grein að jafnaði leita umsagnar barnaverndarnefndar. Í 38. gr. 1. mgr. barnalaga er gert ráð fyrir því, að ráðuneyti sé skylt að leita umsagnar. Í dómsmálum mundu sérfróðir menn oft verða kvaddir til að kanna hagi foreldra og barna þegar ástæða þykir til og setja fram álitsgerð um það, auk þess sem hægt er að kveðja sérfróða menn til dómsetu í forsjármálum. Kann þá að verða minni þörf á umsögn barnaverndarnefndar. Auk þess kynni að verða varhugaverð töf á málsmeðferð vegna slíkrar umleitunar. Er því lagt til, að dómstóll meti það hverju sinni, hvort umsagnar verði leitað. Ákvæðið felur ekki í sér, að ráðuneytið geti ekki kallað eftir umsögn sérfræðinga, ef ráðuneytið telur það æskilegra við úrlausn máls, en að leita umsagnar barnaverndarnefndar. Umsagnar barnaverndarráðs verður einnig leitað samkvæmt þessu ákvæði svo sem verið hefur, a.m.k. að óbreyttum barnaverndarlögum. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda hér að framan.

Um 4. mgr.

Í 4. mgr. er einnig nýmæli. Hér er mælt fyrir um að gefa skuli barni 12 ára eða eldra kost á að tjá sig í forsjármáli, þ.e. gera grein fyrir afstöðu sinni til forsjárskipunar eða atriða sem þar skipta máli. Skal þetta gert, nema það þyki varhugavert fyrir heill barnsins, eins og á stendur, eða þýðingarlaust, t.d. þegar barn er andlega fatlað eða annað foreldra augljóslega vanhæft til að fara með forsjá barns. Er þetta mikilvægt grundvallaratriði um rétt og stöðu barnsins, og er hér m.a. höfð hliðsjón af 6. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978. Jafnframt er tekið fram í ákvæðinu, að heimilt sé að ræða við yngri börn, ef slíkt þykir réttmætt, miðað við aldur þeirra og þroska, og á hér ekki síður við sá fyrirvari, að þetta skuli ekki gert ef það telst skaðvænlegt fyrir heilsu barnsins og heill. Er við talsvert mikla reynslu að styðjast í þessu efni hér á landi. Er m.a. leitað eftir viðhorfi ungra barna með tengslaprófum sem sálfræðingar leggja fyrir börn. Gert er ráð fyrir, að viðtöl við börn samkvæmt þessu ákvæði fari fram á vegum barnaverndarnefnda eða að sérstaklega tilkvaddir kunnáttumenn annist þau eftir nánari ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds, en dómari eða handhafi stjórnvalds geta vissulega einnig rætt við barnið. Almennt verður það ekki gert á dómþingi.

Segja má, að með 4. mgr. sé til þess stofnað að lögskrá reglur sem nú er yfirleitt beitt í lagaframkvæmd. Er sú lögskráning mikilvæg.

Um 5. mgr.

Í 5. mgr. er enn það nýmæli, að skipa megi barni talsmann á kostnað hins opinbera til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls. Með talsmanni er hér t.d. átt við fagmann á sviði sálfræði, barnageðlækninga eða félagsráðgjafar, sem hefði það hlutverk að veita barni, er verður bitbein foreldra í sérstaklega erfiðum forsjárdeilum, liðsinni sitt ef úrlausnaraðili telur barninu brýna þörf á stuðningi vegna málarekstursins. Er ráð fyrir gert að heimild þessi verði tiltölulega sjaldan nýtt en einnig kæmi til greina að dómari eða dómsmálaráðuneyti leitaði eftir liðsinni barnaverndarnefndar til stuðnings barni, einkum ef umsagnar nefndarinnar í

forsjármálinu hefur ekki verið beiðst. Ákvæðið á við hvort sem dómstóll eða stjórnvald leysir úr máli. Hér er gripið á mikilvægu máli sem til umræðu er víða um lönd. Hafa komið fram ýmsar hugmyndir um að stuðla að hagsmunum barnsins og er sú leið sem hér er brotið upp á meðal þeirra. Hún dregur ekki út af fyrir sig úr þörf á öðrum úrræðum, m.a. að koma við umboðsmanni er sérstaklega fjallar um málefni þeirra. Um það efni má m.a. minna á fylgiskjal með frumvarpi til barnalaga 1981 og frumvörpum er flutt hafa verið nýverið á Alþingi. Um þetta nýmæli er vísað til almennra athugasemda hér að framan.

Um 35. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það, er annað foreldra óskar breytingar á forsjárskipun. Leysir dómstóll eða dómsmálaráðuneytið þá úr kröfu, ráðuneytið þó því aðeins að bæði séu á eitt sátt um það. Eru þetta hliðstæðar reglur og um frumúrlausn um forsjána. Breyting verður ekki ákveðin, nema vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags barns. Liggja auðsæ rök til þess að varlega verður að fara í breytingar með því að barni er jafnaðarlega fyrir bestu að sem minnstar breytingar séu gerðar á högum þess, dvalarstað og félagslegu umhverfi.

Í 2. mgr. er greint það meginatriði í tilhöguninni um sameiginlega forsjá skv. 32. gr., að hvort foreldra um sig geti krafist þess, að samningur verði niður felldur. Vísast um það til athugasemda við 32. gr. 3. mgr. Segir síðan í 2. mgr. hvernig bregðast skuli við. Hugsanlegt er, að samkomulag verði um aðra forsjárskipan, sem háð er staðfestingu sýslumanns eða jafnvel að haldið sé áfram sameiginlegri forsjá með breyttu efnisinntaki. Ef samningur tekst ekki, fer ágreiningur til dómstóls eða dómsmálaráðuneytis til úrlausnar samkvæmt meginreglu 34. gr.

3. mgr. svarar til 37. gr. 4. mgr. barnalaga. Samkvæmt því má fela föður að ósk hans forsjá barns, þegar móðir hefur hana á hendi skv. 30. gr. 2. mgr. Móðirin er hér lögmælt forsjárforeldri. Tekur ákvæðið mið af því. Ef föður hefur verið falin forsjá, getur móðir krafist breytingar á forsjárskipan skv. 35. gr. 1. mgr. Úr kröfu föður er leyst skv. 34. gr. 1. mgr. og er bent á að taka skuli tillit til tengsla barns við föður. Í reynd kynni barn að hafa dvalist mestmegnis hjá föður. Vera má að móður sé ekki treystandi fyrir uppeldi og umönnun barns eða henni sé torvelt að rækja það sakir heilsuhaga, fjarvista o.fl.

Í 37. gr. 4. mgr. barnalaga er vikið að því tilviki, að forsjárforeldri hafi samþykkt, að barn verði ættleitt. Þetta greinir ekki sérstaklega í 35. gr. 3. mgr. frumvarpsins, en getur þó vafalaust orðið grundvöllur að kröfu um breytta forsjárskipan.

Um 36. gr.

Í henni er kveðið á um skipan forsjár til bráðabirgða af hálfu þess, er leysir úr máli, dómstóls eða dómsmálaráðuneytis. Svarar ákvæðið til 38. gr. 2. mgr. barnalaga. Endanleg úrlausn forsjármáls getur tekið alllangan tíma, þótt hraða beri úrlausn eftir föngum. Getur því borið brýna nauðsyn til að skipa máli til bráðabirgða með ákvörðun þess, er fer með úrlausn málsins. Vitaskuld ber hér að bregðast við eftir því sem barni er fyrir bestu og breyta má bráðabirgðaskipan vegna verulega breyttra aðstæðna. Tekið er fram svo sem gert er í 38. gr. 2. mgr. barnalaga, að ákvörðun um skipan til bráðabirgða bindi ekki hendur úrskurðarvalds, þegar skipa á forsjá til frambúðar. Enn fremur segir að sá aðili, sem mælir fyrir um bráðabirgðaskipan, verði ekki vanhæfur vegna þessa til leysa úr forsjármálinu að öðru leyti. Með ákvæði þessu sem er nýmæli er lagt til, að regla er nú gildir verði lögskráð.

Um 37. gr.

Þetta ákvæði fjallar um rétt barnsins til að njóta umgengni við það foreldri sem hefur ekki forsjá þess og um hliðstæðan rétt foreldris og svo skyldu til að rækja umgengni og samneyti við barnið. Um þessa foreldraskyldu er mælt almennt í 29. gr. 2. mgr. Greininni er ætlað að leysa af hólmi 40. gr. 1., 2., 4. og 5. mgr. barnalaga, en um efni 3. mgr. er fjallað í 38. gr.

Svo sem fyrr greinir, varðar meginbreytingin skv. 37. gr. flutning á úrlausn ágreiningsmála út af umgengnisrétti frá dómsmálaráðuneytinu, sem eitt leysir úr máli skv. 40. gr. barnalaga, til sýslumanna. Breytingin felur í sér, að frumúrlausn mála þessara færist heim í hérað. Ætti þetta að leiða til hagræðis fyrir þá sem óska úrlausnar um þessi mál, þar sem þeir geta leitað til sýslumanns í umdæmi því sem þeir eru búsettir í, ef barn býr einnig þar. Sáttaumleitan í málum þessum verður vafalítið auðveldari og vænlegri til árangurs í þeim málum þar sem aðilar eru búsettir á landsbyggðinni, en slík mál hafa iðulega verið rekin skriflega þegar menn hafa búið utan höfuðborgarsvæðis.

Flutningur þessara mála til sýslumanna leiðir til samkvæmni í úrlausnum, því flest ágreiningsmál lúta samkvæmt frumvarpinu úrlausn sýslumanns, ef undan eru skilin forsjármál. Með hinni breyttu skipan verða stjórnsýslustig tvö í þessum málum, því að lagt er til í 74. gr. að unnt sé að skjóta úrlausn sýslumanns til dómsmálaráðuneytis. Horfir það til réttaröryggis.

Vísað er til greinargerðar hér að framan, þar sem sett eru fram sjónarmið um það, hvers vegna dómstólum er ekki ætluð úrlausn þessara mála.

Mjög er mikilvægt, að foreldrar komi sér saman um umgengnisréttinn og hafi fullan skilning á því, að barnið þráir langoftast að hafa samband við báða foreldrana. Þeir þurfa að láta sér skiljast, að það er hagur og heill barnsins sem á að sitja hér í fyrirrúmi. Algengt mun vera að foreldrar kjósi að gera ekki skriflegan samning um umgengni barns við foreldri, heldur haga umgengninni eins og best hentar hverju sinni og í samráði við barn. Ef togstreita er milli foreldra, án þess þó að úrskurðar sýslumanns sé talin þörf, er að jafnaði æskilegt að allrækileg ákvæði séu í samningi um umgengnina. Ekki er áskilið, að staðfesting sýslumanns þurfi almennt til að koma, til að samningur foreldra um umgengni öðlist gildi. Þó munu slíkir samningar oft verða lagðir fyrir sýslumann í tengslum við skilnaðar- og samvistaslitamál og á þá ákvæði 37. gr. 2. mgr. við. Ef úrskurður er kveðinn upp um umgengnisréttinn og inntak hans, sbr. 3. mgr., ráða hagur og þarfir barns úrslitum. Vera má, að sýslumaður hafni að ákvarða inntak réttarins, t.d. ef stálpað barn er mótfallið því að umgengni þess við foreldri sé bundin ströngum tímamörkum eða þegar krafist er úrskurðar um umgengni við mjög ungt barn, sem ekki hefur áður haft tengsl við það foreldra er úrskurðar krefst, venjulega föður. Sýslumaður getur enn fremur kveðið svo á, að umgengnisréttar skuli ekki njóta við vegna hags barnsins. Hér gæti það borið við, að sá er krefst umgengnisréttar sé sálsjúkur, kunnur að ofbeldisverkum eða kynferðisbrotum gagnvart börnum eða sé haldinn öðrum þeim ágöllum, er geri það varhugavert, að hann hafi tengsl við barnið. Leita þarf eftir afstöðu barns, sbr. 34. gr. 4. mgr. Ef barn er 12–15 ára gamalt, verður umgengnisrétti sjaldnast komið á gegn andstöðu þess. Þótt foreldri sé svipt forsjá barns getur það átt rétt á umgengni við það. Meginreglan er sú, að umgengnisrétt skuli virða út frá þeim almennu lagarökum sem hér búa að baki.

Í 4. mgr. er kveðið á um bráðabirgðaskipan umgengnisréttar þeim til handa sem barn býr ekki hjá, þ.e. uns forsjármáli er ráðið til lykta og eftir atvikum umgengnisskipan er komið á í kjölfar þess. Ákvæðið er nýmæli. Í 36. gr. er heimilað að koma við bráðabirgðaskipan um forsjá barns. Nauðsynlegt getur verið að mæla fyrir um skipan umgengnisréttar til bráðabirgða. Verður sýslumaður ekki vanhæfur til að fjalla um endanlega skipan umgengnisréttar, þótt hann hafi ákvarðað réttinn til bráðabirgða, sbr. meginreglu 36. gr.

Í 5. mgr. sem kemur í stað 4. mgr. 40. gr. barnalaga segir um umgengnisrétt, ef annað foreldra er látið eða bæði. Geta þá nánir vandamenn látins foreldris krafist þess, að sýslumaður mæli fyrir um umgengnisréttinn. Hér gætu bæði ættingjar og venslamenn komið til greina. Ákvæðið getur einnig átt við, þegar það foreldri, sem umgengnisrétt á, getur ekki rækt umgengni vegna vanhæfni eða langvarandi dvalar erlendis.

6. mgr. um umsögn og atbeina barnaverndarnefndar er sama efnis og lok 40. gr. 2. mgr. barnalaga. Þetta ákvæði á aðeins við í ágreiningsmálum út af umgengnisrétti.

Sýslumaður í umdæmi, þar sem barn býr, leysir úr máli út af umgengnisrétti. Sú regla er skýr og barni hagfelld. Um úrlausn ber að gæta ýmissa ákvæða IX. kafla, þar á meðal um leiðbeiningarskyldu og að veita skuli aðilum máls kost á að tjá sig um ágreiningsefni sem stjórnvöld úrskurða og kanna viðhorf barns, sbr. vísan 6. mgr. til 34. gr. 4. mgr. Samkvæmt 74. gr. er aðila heimilt að skjóta úrlausn sýslumanns til dómsmálaráðuneytis. Kæra frestar almennt ekki réttaráhrifum úrskurðar, sbr. 74. gr. frumvarpsins.

Um 38. gr.

Ef umgengnisrétti er tálmað, er kveðið svo á í greininni, að unnt sé að leggja dagsektir á það foreldri, er tálmuninni veldur. Kemur þetta ákvæði í stað 40. gr. 3. mgr. barnalaga en er til muna fyllra. Það er samið með hliðsjón af nýjum lögum um aðfarargerðir. Öðrum lagaúrræðum en dagsektum verður ekki beitt. Mjög sjaldan hefur komið til greina að beita ákvæði 40. gr. 3. mgr. barnalaga. Verður sú raunin væntanlega einnig um 38. gr., en ákvæðið hefur þó varnaðargildi. Í 40. gr. 3. mgr. barnalaga er það orðalag notað, að foreldri sem hefur forsjá barns torveldi hinu að umgangast barn. Í 38. gr. er notað sagnorðið að tálma. Í þessu felst að öllu strangari kröfur verður að gera til þess að unnt sé að leggja á dagsektir en skv. 40. gr. 3. mgr. Atferli forsjárforeldris getur verið fólgið í því að koma allsendis í veg fyrir að barn fái að njóta umgengnisréttar við hitt foreldri, sem úrskurðaður hefur verið, t.d. með því að halda barni í læstri íbúð þegar sækja á það, eða fara á brott með barn af heimili sínu eða öðrum þeim stað er sækja skal barn á samkvæmt úrskurði. Forsjárforeldri kynni og að þverskallast við að koma með barn á stað, þar sem afhenda skyldi það eða valda því með öðrum hætti, að úrskurður yrði ekki framkvæmdur.

Leggja verður áherslu á, að sátta verði leitað til þrautar, áður en til þess kemur að beita dagsektum.

Um 39. gr.

Greinin er sama efnis og 41. gr. barnalaga en nokkuð breytt vegna nýskipunar frumvarpsins um úrlausn forsjár- og umgengnismála. Greinin varðar flutning barns úr landi. Á 1. mgr. við, þegar forsjármáli hefur ekki verið ráðið til lykta, er til greina kemur að flytja barn úr landi, en 2. mgr. varðar aðstöðuna, þegar forsjármál hefur verið leyst, og umgengnisréttur er fyrir hendi. Í fyrra tilviki eiga dómsmálaráðuneyti eða dómstóll úrlausn máls eftir því hvar forsjármálið er til úrlausnar, en í síðara tilviki á aðili rétt á að bera mál undir sýslumann. Þá er hér sú breyting gerð á 41. gr. 1. mgr., að ekki er lengur skilyrði að barn sé búsett hjá eða dveljist hjá því foreldri er kröfu er beint gegn, heldur getur hvort foreldri um sig sett fram kröfu samkvæmt þessari málsgrein, óháð búsetu eða dvalarstað barnsins. Barnaverndarnefnd getur og gripið hér inn í á grundvelli barnaverndarlaga, ef talið er að flutningur barns úr landi sé barni skaðvænlegur.

Þar sem talað er um í 2. mgr. að foreldri flytjist með barn úr landi, er átt við að fyrirhuguð dvöl erlendis sé ekki skammvinn, svo sem vera mundi, t.d. ef farið er með barni í stutta heimsókn eða sumarleyfisferð.

Um 40. gr.

Þessari grein er ætlað að leysa af hólmi 42. gr. barnalaga.

Ákvæði þetta tekur til þess, er foreldrar fela öðrum barn sitt til umönnunar og uppeldis, án þess að afsala sér forsjá barnsins, sbr. um það 33. gr. 3. mgr. Er hér í raun átt við fóstur barns hjá öðrum en foreldrum til lengri eða skemmri tíma og telur sifjalaganefnd rétt að ákvæði barnaverndarlaga gildi um fyrirkomulag samkvæmt þessari grein, en nánari skilgreining þessa bíður nýrra laga um vernd barna og ungmenna. Í reynd hljóta ákveðnar skyldur og

réttindi er fylgja forsjá barns að verða að verulegu leyti í höndum þess eða þeirra sem annast uppeldi þess (fósturforeldra). Ekki þykir þörf á ákvæðum 2. og 3. mgr. 42. gr. barnalaga, miðað við þær víðtæku heimildir er barnaverndarlög hafa að geyma um slíkar aðgerðir, sbr. lög nr. 53/1966, 36. gr. 3. mgr.

Um VII. og VIII. kafla.

Í þessum köflum eru réttarfarsákvæði um ferns konar dómsmál:

1. Mál til feðrunar barns, sem hvorki er feðrað samkvæmt lögmæltri feðrunarreglu, sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins, né með faðernisviðurkenningu, sbr. 4.–6. gr. Um þessi mál eru fyrirmæli í VII. kafla A.
2. Vefengingarmál, þegar freistað er að hnekkja feðrun barns samkvæmt lögmæltri feðrunarreglu, sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins. Um þessi mál eru fyrirmæli í VII. kafla B.
3. Ógildingarmál, þegar reynt er að hrinda faðernisviðurkenningu sem uppi hefur verið látin skv. 4.–6. gr. Um þessi mál eru fyrirmæli í VII. kafla B.
4. Mál vegna ágreinings um forsjárskipan, sbr. VIII. kafla. Vikið er að þessum málum að framan, en hér á eftir fara nokkrar almennar athugasemdir.

Það er sameiginlegt dómsmálum er tengjast ákvæðum frumvarpsins, að þau varða stöðu barna og foreldra og fela í sér örlagaríkar ákvarðanir fyrir þau.

Í málum til feðrunar barns, er ætlunin að leita sannleikans um það, hver sé faðir barns. Fyrir barnið og móður þess og raunar fyrir þjóðfélagið skiptir miklu, að faðerni verði leitt í ljós og ákvarðað. Hér er það ekki síst hagur og heill barnsins sem í húfi er. Réttarfarsreglum verður að haga svo, að þær þjóni þeim tilgangi sem hér er að stefnt um könnun á faðerni barns. Svo sem nú er komið tækni og þekkingu í blóðvísindum eru rannsóknir á blóðsýnum mjög mikilvægar og svo rannsóknir mannerfðafræðilegs eðlis. Faðernislýsing móður verður að jafnaði tilefni til þess að blóðsýni sé tekið úr hinum lýsta barnsföður, sem ekki vill gangast við faðerninu, móður barns og barninu. Æskilegt er, að blóðsýni séu tekin og þau könnuð áður en faðernismál er höfðað, og það verði skoðað sem undanfari máls. Kostnað af þessu ættu embætti sýslumanna þá að greiða í fyrstu, en endurkrefja hinn lýsta föður, ef hann gengst við faðerninu að fenginni niðurstöðu blóðrannsóknar. Niðurstöður blóðrannsókna eru núorðið yfirleitt svo afdráttarlausar, að lýstur faðir gengst við faðerninu, þegar niðurstöður þeirra liggja fyrir um að hann sé faðir barnsins. Eru mál til feðrunar barns í reynd orðin mjög fátíð hin síðustu ár.

Í forsjármálum skiptir það sem barni er fyrir bestu meginmáli um efnislega úrlausn mála. Hér verður að laga réttarfarsákvæði að þessari miklu meginreglu. Hefur það áhrif á mat á því, hvernig haga eigi reglum um hlut dómara að öflun gagna og um að kröfur aðila og málsástæður megi ekki til þrautar binda hendur dómara við efnislega lausn máls. Verkefni dómstóla er hér mjög sérstætt. Þótt mál þessi séu einkamál á réttarfarsvísu verður að kanna vendilega, hvort allar reglur einkamálaréttarfarsins eigi við. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir frávikum frá því, en um margt hlíta mál þessi almennum reglum einkamálaréttarfars.

Framangreindar athugasemdir eiga einnig að nokkru við um vefengingar- og ógildingarmál. Í þeim málum gætir þó síður afbrigða frá einkamálaréttarfari.

Um dómsmál skv. VII. kafla A og B og VIII. kafla skal bent á, að lögsögureglur eru í upphafi VII. kafla A (41. gr.) og VIII. kafla (56. gr.). Varnarþingsreglur eru bæði í VII. kafla A (42. gr.) og í VIII. kafla (57. gr.). Málsaðildarreglur eru í VII. kafla A (43. gr.) og í VII. kafla B (52. gr.og 53. gr.). Í öllum tilvikum eiga mál að sæta meðferð einkamála, sbr. 44. gr., 54. gr. og 58. gr., en frávik eru nokkur, einkum varðandi öflun sönnunargagna, sbr. 46.–48. gr. og 60. gr., og um það, að kröfur bindi ekki dómara, sbr. 50. gr. og 62. gr. Þá eru sérstök ákvæði af hlífð við aðila um þinghöld fyrir luktum dyrum, sbr. 49. gr., 54. gr. og 63. gr. Enn fremur eru reglur um liðsinni barnaverndarnefndar, sbr. 45. gr. Svo og að gæta skuli

nafnleyndar við opinbera birtingu dóms, sbr. 51. gr., 54. gr. og 64. gr. Tilkynningar til þjóðskrár ættu eingöngu að lúta að málsúrslitum.

Vakin er athygli á 5. gr. 3. og 4. mgr. frumvarpsins um nauðsyn á að dómur gangi um feðrun.

Athugasemdir umsagnaraðila um réttarfarsákvæði hafa margar hverjar verið teknar til greina. Leitast hefur verið við að hafa sem fæst frávik frá einkamálaréttarfari. Athugasemdir, sem ekki hefur þótt fært að taka til greina, varða einkum hlut dómara um öflun gagna og um að hann sé ekki bundinn af kröfugerð og málsástæðum, sbr. 46., 50., 60. og 62. gr. frumvarpsins.

Um VII. kafla.

A. Feðrunarmál.

Um 41. gr.

Greinin svarar til 33. gr. barnalaga. Með búsetu er hér átt við nokkuð föst tengsl aðila við Ísland, ekki stundardvöl, þ.e. þess er krafist, að aðili sé „domicileraður" hér. Í 33. gr. er talað um lögheimili, en hér um búsetu.

Um 42. gr.

Greinin svarar til 43. gr. barnalaga.

Rétt þykir að hafa hér sérstök ákvæði um varnarþing. Semja mætti um varnarþing, ef því væri að skipta.

Um 43. gr.

1. mgr. er í samræmi við 44. gr. 1. mgr. barnalaga.

2. mgr. er að mestu í samræmi við 44. gr. 2. mgr. barnalaga, en lokaákvæði hennar er þó sleppt. Eiga þar við almennar reglur um fyrirsvar dánarbúa.

3. mgr. er óbreytt 44. gr. 3. mgr. barnalaga.

4. mgr. barnalaga er sleppt, og eiga hér við almennar reglur einkamálaréttarfars um málflutningshæfi og fyrirsvar fyrir ólögráða menn.

Um 44. gr.

1. mgr. er stíluð í samræmi við fyrirhugaða breytingu á dómstólaskipan.

2. mgr. er óbreytt 2. mgr. 46. gr. barnalaga.

Um 45. gr.

Greinin er að mestu óbreytt 45. gr. 2. og 3. mgr. barnalaga. Ekki þykir þörf á fráviki frá almennum reglum einkamálaréttarfars um höfðun máls og er því sambærilegt ákvæði og 45. gr. 1. mgr. ekki í frumvarpinu.

Bent skal á, að 47. gr. barnalaga er ekki tekin í frumvarpið. Fer um þau efni er greinir í 47. gr. 1. og 2. mgr. samkvæmt almennum reglum einkamálaréttarfars. Um atbeina lögreglumanna, sbr. 47. gr. 3. mgr., fer eftir almennum reglum um störf þeirra, og verður mál leyst á grundvelli þeirra með sama hætti eftirleiðis og 47. gr. 3. mgr. mælir fyrir um.

Um 46. gr.

Greinin kveður á um sama efni og 49. gr. barnalaga. Dregið er þó úr hlut dómara við gagnaöflun, og verður hún aðallega í höndum aðila, en sóknaraðili hefur gjafsókn skv. 45. gr. 2. mgr. og nýtur því atbeina lögmanns.

Greinin er orðuð með svipuðum hætti og 60. gr. frumvarpsins um forsjármál. Eru áður greind rök fyrir því, að hlutur dómara er hér nokkuð aukinn frá því sem er samkvæmt almennum reglum einkamálaréttarfars.

Um 47. gr.

Greinin er sama efnis og 50. gr. 3. mgr. barnalaga. Ákvæði 1. og 2. mgr. 50. gr. eru ekki tekin í frumvarpið, og fer um þau atriði er þar greinir samkvæmt almennum reglum einkamálaréttarfars. Dómari mundi kveðja lystan barnsföður fyrir dóm til skýrslugjafar. Er honum skylt að hlíta kvaðningu dómara, er leitað getur liðsinnis lögreglumanna við framkvæmd hennar.

Um 48. gr.

Greinin er sama efnis og 51. gr. barnalaga. Svo sem fyrr greinir er eðlilegt, að blóðrannsókn fari fram áður en feðrunarmál er höfðað. Gert er ráð fyrir því, að unnt sé að leita atbeina lögreglumanns, ef aðili sinnir ekki fyrirmælum dómara um að sæta blóðrannsókn.

Ákvæði lokaákvæðis 48. gr. er óbreytt frá barnalögum. Var það orðað á sínum tíma fyrir ábendingu frá sérfróðum mönnum um blóðsýniskannanir og mannerfðafræðirannsóknir. Það ætti einkum við, ef foreldri barns er látið. Með rannsóknum á ættingjum er unnt að komast að niðurstöðu um faðerni barns, enda þótt foreldri sé ekki til staðar.

Um 49. gr.

Hún er óbreytt 53. gr. 1. mgr. barnalaga.

Um 50. gr.

1. mgr. er sama efnis og 52. gr. 1. mgr. barnalaga. Samkvæmt því er dómari ekki bundinn af kröfum aðila. Mál sætir því ekki til hlítar forræði málsaðila um kröfugerðina. Þetta er frávik frá hinu almenna einkamálaréttarfari, og er vikið að því áður. Sjaldan mundi þó á þetta reyna, þar sem sóknaraðili nýtur liðsinnis lögmanns.

Í 2. og 3. mgr. eru tekin nær orðrétt ákvæði 12. gr. 1. og 2. mgr. barnalaga, en þau ákvæði voru á sínum tíma orðuð á grundvelli sameiginlegrar niðurstöðu norrænna samstarfsnefnda. Hér er kveðið á um efnisleg málalok og þykir heppilegra að ákvæði þessi séu í VII. kafla en í II. kafla frumvarpsins. Samkvæmt kv. þessum ákvæðum verða málalok ýmist þau, að varnaraðili er dæmdur faðir barns eða sýknaður af þeirri kröfu. Varnaraðili verður því ekki dæmdur meðlagsskyldur, ef sýknað er af kröfu um faðerni, sbr. 12. gr. 4. mgr. barnalaga, sem óþarft þótti að taka upp í 50. gr. Þar sagði einnig, að aðildareiður væri óheimill. Það ákvæði á efnislega hér við, en þeim eiði verður væntanlega útrýmt í einkamálaréttarfari með nýjum lögum um það.

Um 51. gr.

Greinin er óbreytt 53. gr. 2. mgr.

Mikilvægt er að gætt sé nafnleyndar svo sem fyrir er mælt í greininni.

Ýmis ákvæði í IX. kafla barnalaga eru ekki tekin í frumvarpið, svo sem greint hefur verið, sbr. 45. gr. 1. mgr. , 46. gr. 1. mgr. að nokkru, 47. gr., 49. gr. 2. og 4. mgr., 50. gr. 1. og 2. mgr., 54. gr. (um birtingu dóms) og 55. gr. (um endurupptöku faðernismáls). Frávik frá reglum almenna réttarfarsins eru því færri hér en þar og fela ákvæði frumvarpsins í sér verulega einföldun.

B. Mál til vefengingar á faðerni barns skv. 2. og 3. gr. og ógildingar á faðernisviðurkenningu, sbr. 4.–6. gr.

Um 52. gr.

Hér segir um málsaðild, sbr. 1. mgr., og um tímamörk vegna höfðunar máls, sbr. 2. mgr.

1. mgr. samsvarar 4. gr. 1. mgr. barnalaga. Hér er sú mikilvæga breyting, að sambúðarmaður getur verið aðili máls. Stafar það af þeirri tilhögun 2. gr. 3. mgr., að feðrunarregla 2. gr. 1. mgr. á við um mann er bjó með móður barns þegar barn fæddist, enda lýsi hún hann föður

barnsins. Skv. 8. gr. 2. mgr. barnalaga jafngilti sambúðin faðernisviðurkenningu og reglur um vefengingarmál áttu því ekki við.

2. mgr. samsvarar 4. gr. 2. mgr. barnalaga. Tímafrestir um höfðun máls eru hinir sömu og í 4. gr. 2. mgr. Sú breyting er lögð til, að tímafrestir eigi bæði við um móður og föður, en skv. 4. gr. 2. mgr. eiga þeir bara við um föður. Tímafrestir eiga ekki við, ef barn höfðar mál.

Um 53. gr.

Greinin fjallar um dómsmál út af ógildingu á faðernisviðurkenningu skv. 4.–6. gr. frumvarpsins. Í 10. gr. barnalaga er ákvæði um annmarka á faðernisviðurkenningu og er hægt að fá henni hnekkt með dómi samkvæmt reglum einkamálaréttarfars. Í 53. gr. eru fyllri reglur um þetta, þar á meðal um málsaðild, sbr. 2. mgr., og um frest til höfðunar máls, sbr. 3. mgr. Um málsmeðferð segir í 54. gr.

Efnislegar forsendur fyrir því að unnt sé að fá faðernisviðurkenningu hrundið eru þær, að fram komi nýjar upplýsingar um faðerni barns eða upplýsingar sem sýna að sá sem viðurkennir faðernið geti ekki verið faðir þess. Nýjar upplýsingar geta komið fram, t.d. í blóðrannsókn, sem ekki hafði verið framkvæmd, eða með endurtekinni blóðkönnun eða með mannerfðafræðilegri rannsókn, sbr. einnig að upp komi, að fleiri menn hafi verið í tygjum við móðurina á getnaðartíma barns.

Um 54. gr.

Hér segir samfellt í 1. mgr. um málsmeðferð skv. 52. og 53. gr. Mál hlítir í öllum meginatriðum meðferð einkamálaréttarfars og eru fá frávik frá því, en hið helsta er að dómari getur mælt fyrir um blóðrannsókn, sbr. 48. gr.

Í 54. gr. 1. mgr. er ekki vitnað til 46. gr. og 50. gr.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Í almennu athugasemdunum hér að framan er skýrt frá helstu breytingum sem fólgnar eru í því. Horfa þær til að einfalda réttarfar þegar svo er, að bæði móðir barns og eiginmaður eða sambúðarmaður hennar eru á einu máli um, að eiginmaður eða sambúðarmaður sé ekki faðir barns heldur annar nafngreindur maður sem gangast vill við faðerni þess. Oft hagar hér svo til, að nánast er útilokað að eiginmaðurinn eða sambúðarmaðurinn geti verið faðir barnsins, t.d. vegna fjarvistar frá barnsmóður á getnaðartíma barns. Þykir réttmætt að heimila að kveða upp dóm á grundvelli framangreindra skýrslna, staðfestra fyrir dómara, án þess að frekari sönnunargagna sé aflað. Það er þó mat dómara hverju sinni sem ræður í þessu efni. Ef barn (ungmenni) er orðið sjálfráða þarf samþykki þess til breyttrar feðrunar á grundvelli þessa ákvæðis. Hliðstæðar reglur eru í norskum og sænskum rétti, og gengur sænskur réttur hér lengra en gert er í frumvarpinu til að leysa mál, þegar svona stendur á, þar sem ekki sýnist þörf á að dómstóll fjalli um það. Varhugavert þykir að rýmka þessar reglur með þeim hætti.

Um 55. gr.

Greinin er nýmæli. Er lagt til, að girt verði fyrir það, að eiginmaður eða sambúðarmaður geti vefengt faðerni barns, sem getið er við tæknifrjóvgun móðurinnar með sæði frá öðrum manni en eiginmanni eða sambúðarmanni með samþykki hans. Hagur barns mælir með þessari reglu og einnig hagsmunir móðurinnar. Ef hér er ekki að gert, ætti eiginmaður eða sambúðarmaður að geta vefengt faðerni barns, því að bein og ótvíræð sönnun liggur hér fyrir um, að hann sé ekki faðir barnsins, enda séu ekki bornar brigður á, að barnið sé getið við þessa tilteknu aðferð. Í síðarnefnda tilvikinu er vefenging heimil samkvæmt því, er 55. gr. greinir.

Um VIII. kafla.

Um forsjármál almennt.

Í VIII. kafla eru stílaðar tillögur um meðferð dómsmála vegna ágreinings foreldra um forsjá barns. Þessi ákvæði eiga einnig við ef aðilar máls eru ekki foreldrar, heldur aðrir eins og verið getur, einkum ef annað foreldra er látið. Þessar réttarfarsreglur eru nýjar að stofni til. Þær tengjast talsvert mikið réttarfarsreglum um hjúskaparmál, sbr. VII. kafla laga nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar. Þær reglur eru nú í endurskoðun ásamt öðrum ákvæðum laganna, enda æskilegt að hér fari fram samfelld endurskoðun. Við mótun réttarfarsreglna um forsjármál má ekki missa sjónar af séreðli sifjaréttarúrlausnanna sem eru persónulegar og varða oft miklu um hagi foreldra og barna. Af þeim sökum getur verið nauðsynlegt að mæla fyrir um afbrigði frá reglum hins almenna réttarfars.

Um forsjármálin skiptir miklu, að grundvallargagna sé aflað um margvísleg efni, er varða hagi barns og foreldra (aðila). Hlýtur það þá að verða mikilvægt álitaefni, hvort aðilar hafi forræði máls, þar á meðal um gagnaöflun, eða hvort leggja eigi þá skyldu á dómara að hlutast til um, að gagna sé aflað eða jafnvel að afla gagna sjálfur. Rétt þykir að virða forræði foreldra (aðila máls) í allríkum mæli. Réttmætt þykir, að unnt sé að koma að nýjum málsástæðum og setja fram andmæli og kröfur allt til þess að mál er flutt, sbr. 62. gr. frumvarpsins. Hagir barns, sem hér hljóta að sitja í fyrirrúmi, gera slíka reglu nauðsynlega. Þá er enn fremur þörf á að leggja á dómara aukna skyldu til að fylgjast með rekstri máls, sem hraða skal eftir föngum, sbr. 34. gr. 1. mgr., og sérstaklega að beina því til aðila að sérfræðilegra gagna sé aflað um hagi barns og foreldra o. fl., svo sem segir í 60. gr. 2. mgr. Kosta verður kapps um, að grundvöllur máls verði sem traustastur jafn mikilvægir hagsmunir og hér er fjallað um. Þykir því rétt að leggja til í 60. gr. 3. mgr., að dómari geti aflað gagna, „ef nauðsynlegt þykir". Þetta er heimildarákvæði og reist á framangreindum rökum.

Út frá grundvallarreglum barnaréttar um að leysa skuli mál eftir því sem barni komi best, þykir ekki verða hjá því komist að kveða svo á í 62. gr. 2. mgr., að dómari sé ekki bundinn af málsástæðum og kröfum aðila, þótt oftast muni dómari leysa mál á grundvelli kröfugerðar.

Margar réttarfarsreglur í hinu almenna réttarfari í einkamálum eiga hér við, sbr. 58. gr., þótt nokkurra afbrigða gæti.

Leggja ber áherslu á, að réttarfarsreglur þessa kafla eru hugsaðar sem reynslutilhögun, og er við það miðað, að þær verði endurskoðaðar ekki síðar en fimm árum eftir gildistöku laganna.

Um 56. gr.

Greinin fjallar um það, hvenær unnt sé að höfða mál út af forsjármálum hér á landi, og er hér verulega tekið mið af norrænum lögum um þetta efni. Þess er vænst, að íslenskar dómsúrlausnir samkvæmt þessari grein verði virtar erlendis.

Varðandi 2. mgr. er bent á Norðurlandasamning um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 29/1931.

Niðurlag ákvæðisins er hliðstætt ákvæði í norskum barnalögum. Því skal aðeins beitt í undantekningartilvikum. Einkum ætti það við, ef talið væri að velferð barnsins væri stefnt í voða, ef ekki væri unnt að leysa úr kröfu um forsjá þess hér á landi. Einungis er um að ræða úrskurð um forsjá til bráðabirgða.

Um 57. gr.

Hér er kveðið á um varnarþing í þessum málum. Miðað er að höfuðstefnu til við heimilisvarnarþing barns eins og er í norrænum lögum en að öðrum kosti heimilisvarnarþing stefnda. Ekki er þó skotið loku fyrir, að önnur varnarþingsákvæði einkamálalaga verði notuð, sbr. orðalag 2. mgr. greinarinnar. Næsta sjaldgæft mun þó vera að þau kæmu að haldi, helst samningsvarnarþing.

Um 58. gr.

Í 1. mgr. segir almennt að um rekstur máls vegna forsjár barna fari að hætti einkamála. Almennu ákvæðin í lögum um meðferð einkamála eiga því hér við, nema afbrigða sé getið. Að þessu er vikið hér að framan.

Þess er vænst, að meðferð forsjármála verði hraðað eftir föngum, sbr. 34. gr. 1. mgr. Auðsæ rök eru fyrir því, að forsjármálum verði hraðað. Sú spenna, sem oft tengist deilum um forsjá, er háskaleg fyrir börn og mjög óheppileg fyrir foreldra. Að vísu er hægt að skipa forsjá til bráðabirgða, en slíkt lægir oft og einatt ekki öldurótið, miðað við reynslu af þessum málum. Hér er mikið í húfi fyrir aðila máls um alla persónuhagi þeirra og framtíð. Þá er þess að geta, að mál hefur oft verið lengi á döfinni ýmissa ástæðna vegna, þar á meðal sakir sáttatilrauna, áður en það kemur fyrir dómstól.

Um 59. gr.

Um sáttir í einkamálum segir að vísu í lögum um meðferð einkamála, en vegna 2. mgr. þykir nauðsynlegt að hefja þessa grein á sáttastarfi dómara almennt.

Samkvæmt 2. mgr. getur dómari ákveðið, að sáttatilraun í stofnun um fjölskylduráðgjöf komi í stað sátta skv. 1. mgr. að nokkru eða öllu. Er hér einkum átt við fjölskylduráðgjöf, sem veitt er af félagsmálayfirvöldum og fjölskyldubjónustu kirkjunnar. Minna má hér á lokamálsgrein 44. gr. laga nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar.

Um 60. gr.

Þess er áður getið, hve miklu skiptir að öll gagnasöfnun í forsjármálum sé jafn víðtæk og vönduð og frekast eru föng á. Í 1. mgr. er dómara boðið að fylgjast með öflun sönnunargagna. Er það sérstaklega greint vegna framhaldsins, en vissulega er honum boðið þetta eftirlit almennt í einkamálalögum.

Í 2. mgr. segir, að dómari geti lagt fyrir aðila eða lögmenn þeirra að afla tilgreindra sönnunargagna, þar á meðal getur hann lagt fyrir þá, að aflað verði skýrslna sérfræðinga um hagi foreldra og barns, tengsl barns við foreldra sína o.fl. Um þetta fer samkvæmt ákvæðum réttarfarslaga um dómkvadda matsmenn, sem felur m.a. í sér, að séu fleiri en einn sérfræðingur kallaðir til, þá vinna þeir sameiginlega að könnun máls og skýrslugerð og skila sameiginlegu áliti. Í þessu sambandi vísast til Hrd. 1958, bls. 195. Sérfræðinga þessa má kalla fyrir dóm til fyllingar og skýringa á gefnum skýrslum samkvæmt reglum réttarfarslaga um dómkvadda matsmenn. Annars staðar á Norðurlöndum er einkum leitað til sálfræðinga, og eftir atvikum félagsráðgjafa til könnunar máls og skýrslugerðar samkvæmt framansögðu.

Bent er á, að varhugavert getur verið að byggja niðurstöðu máls á skýrslum sérfræðinga, sem aðilar sjálfir hafa fengið til verksins án samráðs við gagnaðila eða dómara.

Kostnað vegna gagnöflunar skv. 2. mgr. greiða aðilar sjálfir samkvæmt reglum réttarfarslaga um dómkvadda matsmenn, nema þeir hafi fengið leyfi til gjafsóknar eða gjafvarnar samkvæmt almennum reglum réttarfarslaga þar að lútandi.

Ef gagna verður ekki aflað með þeim hætti, sem kveðið er á um í 2. mgr., getur dómari skv. 3. mgr., ef nauðsynlegt þykir, aflað sjálfur skýrslna sérfræðinga, eins eða tveggja. Þessa sérfræðinga má kalla fyrir dóm samkvæmt reglum réttarfarslaga um vitni. Réttmætt þykir, að dómari meti, hvort kostnaður vegna þessara skýrslna verði greiddur að einhverju leyti eða öllu úr ríkissjóði.

Vikið er að aðilaskýrslum og vitnaskýrslum í 3. mgr.

Um 61. gr.

Ef skýrsla er tekin af barni, þykir rétt að heimila dómara að kveða svo á, að aðili eða aðilar verði ekki viðstaddir, en skýra skal þeim frá því, sem fram hefur komið um afstöðu barns, áður en mál er flutt, nema slíkt þyki varhugavert vegna hagsmuna barnsins. Nærvera aðila gæti haft óheppileg áhrif á barnið og skýrslugjöf þess. Með barni er hér átt við barn eða ungmenni allt til 16 ára aldurs. Langtíðast er, að viðhorf barns sem ungt er, sé kannað utan dómþings, en þegar barn nálgast 16 ára aldur kann aðstaða að breytast. Lögmenn aðila eiga þó ávallt rétt á að kynna sér gögn þau sem aðilum er takmarkaður aðgangur að, enda gæti þeir trúnaðar við barn í hvívetna.

Um 62. gr.

Hér er mælt fyrir um frávik frá almennum reglum einkamálaréttarfars.

Vegna séreðlis mála þessara þykir réttmætt að heimila aðilum að gera nýjar dómkröfur og flytja fram andmæli og málsástæður allt til þess er mál er flutt, sbr. 1. mgr.

Með tilliti til hagsmuna barns þykir enn fremur nauðsynlegt, að dómari sé ekki að öllu leyti bundinn af kröfugerð aðila og málsástæðum og málin séu því svokölluð „indispositiv" mál, sbr. 2. mgr., sbr. hér einnig 60. gr. um sönnunargögn. Eru hagsmunir barns hér eins og ávallt í barnalögum ofar öllum öðrum sjónarmiðum. Sjá hér einnig 33. gr. 4. mgr., en samkvæmt þeirri grein getur sýslumaður synjað um staðfestingu á forsjársamningi, ef hann telur hann andstæðan högum og þörfum barnsins. Þessi sami fyrirvari á við um dómsátt aðila um forsjárskipan. Réttarsynjun dómara um skrásetningu réttarsáttar má skjóta til Hæstaréttar skv. almennum reglum.

Um 63. gr.

Ákvæði þessarar greinar stafa af því, að þessi dómsmál eru persónuleg og mjög viðkvæm og er ástæða til að lögfesta ákvæðin af hlífð við barnið, aðila og vandamenn þeirra, sbr. og 53. gr. barnalaga og 49. gr. frumvarpsins.

Um 64. gr.

Í greininni er mælt fyrir um nafnleynd ef birta skal dóm svo og að eigi megi birta almenningi annað af því er gerst hefur í málinu en dóminn. 2. mgr. er sama efnis og 51. gr. frumvarpsins.

Um IX. kafla.

Í kafla þessum er lagt til, að lögfestar verði reglur um meðferð stjórnvalda á málum samkvæmt frumvarpi þessu. Hugtakið „stjórnvöld" í frumvarpinu tekur bæði til sýslumanna og dómsmálaráðuneytisins.

Reglur þessar eiga við meðferð ágreiningsmála sem til meðferðar eru hjá framangreindum stjórnvöldum, svo sem umgengnismála, meðlagsmála og forsjármála sem til meðferðar kunna að vera hjá dómsmálaráðuneyti. Er hér lagt til að lögfestar verði nokkrar grundvallarreglur um málsmeðferð, sem mótast hafa í dómsmálaráðuneytinu við meðferð þessara mála, og horfir lögskráning þeirra til réttaröryggis og festu í stjórnsýslu. Ber sérstaka nauðsyn til að lögfesta skýrar reglur um málsmeðferð við flutning þessara mála úr dómsmálaráðuneytinu til sýslumanna í tengslum við aðskilnað dómsvalds og framkvæmdavalds. Enn fremur ber til þess að líta að almenn stjórnsýslulög hafa ekki verið sett hér á landi. Við samningu þessara ákvæða hefur verið höfð hliðsjón af frumvörpum til stjórnsýslulaga sem lögð hafa verið fram á Alþingi og enn fremur hefur verið tekið mið af álitsgerðum umboðsmanns Alþingis. Einnig hefur verið tekið tillit til séreðlis sifjaréttarmála og reynslu af meðferð þeirra.

Þeir sem veitt hafa umsagnir um frumvarpið hafa yfirleitt lýst sig fylgjandi ákvæðum þessa kafla og einungis hefur komið fram athugasemd við eina grein frumvarpsins frá Dómarafélagi Íslands, sem varð tilefni til breytinga á upphaflegri gerð greinarinnar.

Um 65. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um heimild stjórnvalda til að fjalla um mál sem tengjast öðrum ríkjum. Er eðlilegt að um það gildi að mestu hliðstæðar reglur sem um dómstóla. Rétt þótti þó að heimildir stjórnvalda væru nokkru þrengri. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 41. og 56. gr. frumvarpsins, er gilda að breyttu breytanda.

Um 66. gr.

Þar eru fyrirmæli um hvaða sýslumaður leysi úr máli. Greinin skýrir sig að mestu leyti sjálf. Lagt er til að meginreglan verði sú, að búseta barns ráði úrskurðarumdæmi, en ætla má að þar sé hægast um vik að afla nauðsynlegra upplýsinga um hagi og þarfir barns og kanna afstöðu þess, ef því er að skipta.

Í 3. mgr. er kveðið á um að séu samtímis rekin samkynja mál er varða systkin, sem ekki eru búsett í sama úrskurðarumdæmi, skuli sameina málin og leysa úr þeim í því umdæmi þar sem úrskurða átti um þá kröfu sem kom fyrr fram. Með samkynja málum er hér átt við mál sömu tegundar, t.d. umgengnismál eða meðlagsmál.

Dæmi: Móðir hefur forsjá barnsins A og býr á Akureyri, faðir hefur forsjá barnsins B og býr í Reykjavík. Móðir setur fram kröfu um úrskurð sýslumanns í Reykjavík um umgengni hennar við barnið B, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Viðbrögð föður verða með þeim hætti að krefjast úrskurðar um umgengni hans við barnið A. Samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar ætti þá að leysa úr kröfu föður hjá sýslumanni á Akureyri, en skv. 3. mgr. skal sameina þau og leysa úr þeim báðum hjá sýslumanni í Reykjavík. Hér er augljóst hagræði af því að taka kröfur beggja foreldra til úrlausnar í einu máli og jafnvel nauðsynlegt, þar sem úrlausnir tveggja sýslumanna gætu stangast á.

Um 67. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 68. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir að sýslumaður leiti að jafnaði sátta samtímis með aðilum máls, séu þeir búsettir í umdæmi hans.

Í 2. mgr. er kveðið á um, að sýslumaður þurfi ekki að leita sátta, hafi sáttaumleitan átt sér stað í stofnun um fjölskylduráðgjöf. Er hér einkum átt við fjölskylduráðgjöf sem veitt er af félagsmálayfirvöldum og fjölskyldubjónustu kirkjunnar. Hlýtur sýslumaður að meta þörf frekari sáttatilrauna hverju sinni.

Um 69. gr.

Í 1. mgr. er boðið, að aðilar skuli setja fram skýrar kröfur fyrir stjórnvaldi. Þá er kveðið á um gagnaöflun. Hér eiga við svipuð viðhorf sem um meðferð mála fyrir dómstólum, sbr. 60. gr. frumvarpsins. Hér er lagt til, að stjórnvöld geti lagt fyrir aðila að afla tiltekinna gagna, eða að stjórnvöld geti aflað þeirra að eigin frumkvæði, þar á meðal sérfræðilegra álitsgerða eða umsagna barnaverndaryfirvalda.

2. og 3. mgr. greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 70. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að lögfest verði sú grundvallarregla, að aðilar máls eigi rétt á að kynna sér öll gögn máls, sem fyrir stjórnvaldi liggja, áður en því er ráðið til lykta, með þeim undantekningum þó, er þar greinir. Til þess að réttur foreldris til að gæta hagsmuna barns og eigin réttar við úrlausn mála samkvæmt lögum þessum sé virtur, sbr. 8. gr. Mannréttindasátt-

mála Evrópu, verða foreldrar að eiga kost á að kynna sér þau gögn er máli skipta. Réttur aðila til að kynna sér gögn máls stuðlar almennt að vandaðri og öruggari málsmeðferð, þar sem aðilar ráða oft yfir þýðingarmiklum upplýsingum og með því að bera gögn málsins undir þá geta fengist upplýsingar til leiðréttingar eða fyllingar þeim upplýsingum, sem fyrir eru.

Í 2. mgr. er gerð undantekning frá meginreglu 1. mgr., en þar er gert ráð fyrir að stjórnvaldi sé heimilt að takmarka aðgang aðila að þeim gögnum er fela í sér upplýsingar um afstöðu barns, t.d. í forsjár- eða umgengnismáli, ef hagsmunir barnsins krefjast þess. Nauðsyn þykir bera til, að heimilt sé að ákveða, ef þannig stendur á, að réttur foreldra víki fyrir brýnum hagsmunum barns, enda er skyldan til að láta velferð barns sitja í fyrirrúmi hin mikla meginregla barnaréttar. Lögmenn aðila eiga þó ávallt rétt á að kynna sér gögn þau sem aðilum er takmarkaður aðgangur að, enda gæti þeir trúnaðar við barn í hvívetna.

Um 71. gr.

Greinin skýrir sig að mestu leyti sjálf. Að sjálfsögðu ber að skýra hana í samhengi við 70. gr. Það felur í sér að aðila skal gefinn kostur á að tjá sig um mál þegar öll gögn málsins liggja fyrir, áður en úrlausn í því er veitt. Hugsanlegt er, að víkja megi frá þessu þegar krafa aðila er að öllu leyti tekin til greina, að því er þann aðila varðar.

Um 72. gr.

Hér er lagt til, að lögfest verði hvaða lágmarkskröfur gera skuli til forms og efnis úrskurða stjórnvalda í málum samkvæmt frumvarpi þessu. Ætla má að réttaröryggi verði vel tryggt með þessum hætti. Í raun hefur framkvæmdin hjá dómsmálaráðuneyti og valdsmönnum undanfarin ár verið í samræmi við ákvæði þetta að mestu leyti. Fyrirmæli ákvæðisins, ef lögfest verður, hafa einnig þann ótvíræða kost í för með sér, að krafa um breytingu úrskurðar verður auðveldari úrlausnar, t.d. þegar krafist er breytingar til hækkunar á fjárhæð meðlags, sem ákveðið hefur verið með úrskurði. Þá verður hægara fyrir aðila að meta hvort grundvöllur sé til að kæra úrskurð sýslumanns til ráðuneytis. Einnig eru slíkir úrskurðir tryggari grundvöllur við mat dómsmálaráðuneytis á því, hvort ástæða sé til breytinga á úrskurði sýslumanns. Enn fremur má benda á, að líklegt er að úrskurðir ráðuneytis verði til samræmingar réttarframkvæmdinni og er því haganlegt að þeir verði skráðir, úrlausnarefni greint og niðurstaða rökstudd.

Um 73. gr.

Lagt er til að ákvarðanir stjórnvalda verði kynntar aðilum máls með tryggilegum hætti. Er ekki síst þörf á því þegar litið er til þess, að kærufrestur er skammur.

Um 74. gr.

Ákvæði þetta tekur til allra úrskurða sýslumanna í málum samkvæmt frumvarpi þessu. Þykir rétt að hafa sama frest í öllum tegundum mála. Rétt þykir að hafa kærufrestinn svo skamman sem kostur er, án þess þó að skerða réttaröryggi. Helgast það m.a. af því, að það þykir samræmast grunnreglum barnaréttarins best að búa svo um hnúta að endanleg úrlausn ágreiningsmála dragist ekki úr hömlu.

Lagt er til að meginreglan verði sú, að kæra fresti ekki réttaráhrifum úrskurðar. Sýslumaður getur þó ákveðið hið gagnstæða í frumúrskurði, að kröfu aðila eða af sjálfsdáðum, og einnig getur hann kveðið á um í sérstökum úrskurði, eftir að frumúrskurður hefur gengið, að kæra fresti réttaráhrifum hans, krefjist aðili þess.

Um X. kafla.
Um 75. gr.

Það er dómhelguð regla, að unnt sé að framkvæma lögmæta forsjárákvörðun með aðför, þ.e. að forsjáraðili geti fengið atbeina fógeta til að taka barn frá þeim er það dvelst hjá og afhenda sér samkvæmt kröfu. Vísast hér til dómasafna Hæstaréttar m.a. frá 1974, bls. 678, og 1985, bls. 1168.

Nauðsynlegt þykir að lögskrá sérstakar reglur um þetta efni. Í greininni er gert ráð fyrir, að unnt sé að beita dagsektum til þess að hafa áhrif á þann sem barn dvelst hjá og neitar að afhenda það réttum forsjáraðilum. Enn fremur má hafa þennan hátt á gagnvart aðila sem neitar að veita upplýsingar um dvalarstað barnsins. Búast má við að þessu úrræði yrði að jafnaði beitt áður en til aðfarar samkvæmt kröfu forsjáraðilans kæmi. Fulltrúa barnaverndarnefndar skal boða til að vera viðstaddan aðfarargerð, sbr. 3. mgr. Þar er einnig kveðið á um, að barni megi skipa talsmann, hafi það ekki verið gert áður. Þegar lögreglumenn liðsinna við slíka aðfarargerð, þykir rétt að kveða svo á, að þeir verði þar að jafnaði óeinkennisklæddir. Gæta ber þess, að framkvæmd aðfarar fari svo fram, að barni verði sem minnst þolraun og sálrænt álag. Ef mat sérfróðra manna er, að hætta sé á, að barn muni bíða heilsutjón af aðförinni, skal hún ekki fara fram að svo vöxnu.

Sömu reglur eiga við um talsmann samkvæmt þessari grein og skv. 34. gr. 5. mgr.

Um XI. kafla.

Hér eru fyrirmæli um gildistöku laganna og ákvæði, er tengjast framkvæmd þeirra.

Um 76. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir, að lögin taki gildi 1. júlí 1992. Eru ákvæði laganna sniðin með það fyrir augum, að lög um aðskilnað dómsvald og umboðsvalds í héraði og um aðför taki gildi samtímis. Meðal annars er orðalaginu valdsmaður í barnalögum breytt í sýslumaður í frumvarpinu.

Í 2. mgr. segir, að barnalög, nr. 9/1981, ásamt breytingalögum nr. 44/1985 falli úr gildi við gildistöku laga þessara, enda er frumvarpið svo úr garði gert, að það á að leysa barnalög 1981 af hólmi í heild sinni. Þá er lagt til, að þau ákvæði laga nr. 60/1972, er fjalla um forsjárskipan við skilnað falli úr gildi, þar sem ákvæðum þessa frumvarps er ætlað að skipa því til hlítar.

Í 3. mgr. segir, að dómsmálaráðuneyti skuli kynna almenningi helstu nýmæli laganna, einkum varðandi sameiginlega forsjá og rýmkaða heimild foreldra til að leita úrlausnar dómstóla um forsjármál. Ber raunar ríka nauðsyn til að kynna fólki sifjalög í heild sinni. Þetta mætti gera bæði með upplýsingaritum, kynningu í fjölmiðlum og í skólum. Í athugasemdum hér fyrr í greinargerðinni er m.a. vikið að því, að æskilegt sé að eyðublöð séu gerð í sambandi við samninga um sameiginlega forsjá o.fl.

Um 77. gr.

1. mgr. segir fyrir um forsjármál, sem eru til úrlausnar í dómsmálaráðuneyti, þegar lögin taka gildi. Skal aðilum bent á, að þeir geti leitað úrlausnar dómstóla um þau. Setja má þeim frest til að taka ákvörðun í því efni.

Um mál út af umgengni við börn og meðlagsmál, sem til meðferðar eru í dómsmálaráðuneyti, segir í 2. mgr. að þeim skuli vikið til viðkomandi sýslumanns til úrlausnar, nema mál sé komið á lokastig að mati ráðuneytisins.

Eru þetta hvort tveggja eðlilegar framkvæmdareglur.

Í 3. mgr. er mælt svo fyrir, að 2. gr. 1. mgr. 2. málsl. (um áhrif skilnaðar að borði og sæng) og 55. gr. (vefenging á faðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun), verði ekki beitt um börn sem fædd eru fyrir gildistöku laganna.

Í 4. mgr. segir, að ákvæði 32. gr. 2. mgr. 2. málsl. eigi ekki við um skilnað að borði og sæng sem veittur er fyrir gildistöku laganna.

Með frumvarpinu er að öðru leyti byggt á, að álitamál um tengsl barnalaga og þessa frv. verði í ýmsum efnum leyst samkvæmt mótuðum lagasjónarmiðum um skil yngri laga og eldri. Lög þessi raska ekki ákvörðunum um faðerni eða meðlagsskyldu sem áttu sér stað fyrir gildistöku þeirra, sbr. t.d. um munnlega viðurkenningu fyrir presti eða sýslumanni sem fullnægjandi var skv. 8. gr. barnalaga, en nú er boðið að skuli vera skrifleg, sbr. 5. gr. 1. mgr. frumvarpsins. Ef frumvarp þetta verður að lögum verður faðerni barns sambúðarforeldra, sem fætt er fyrir 1. júlí 1992, ekki vefengt á grundvelli reglna um vefengingarmál skv. þeim, heldur gilda reglur barnalaga 1981, ef hnekkja á faðernisákvörðun skv. 8. gr. 2. mgr. þeirra. Á sama hátt munu dómsmál út af faðerni og forsjá barns, sem höfðuð eru fyrir gildistöku laganna, ekki hlíta reglum þeirra heldur eldri laga.

Frestur skv. 52. gr. um höfðun vefengingarmáls af hálfu móður barns á aðeins við um þau börn sem fædd eru eftir gildistöku laganna, en sambærilegur frestur er ekki í 4 gr. 2. mgr. barnalaga.

74. Fyrirspurn [73. mál]

til dómsmálaráðherra um menntunar- og starfsréttindi lögreglumanna.

Frá Birni Bjarnasyni.

Hvað líður framkvæmd laga um að eftir 1. júlí 1990 sé óheimilt að ráða eða skipa lögreglumann án þess að hann hafi lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins?

75. Fyrirspurn [74. mál]

til forsætisráðherra um lögverndun starfsréttinda.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hvað líður störfum nefndar sem á að samræma löggjöf um löggildingu starfsstétta og lögverndun starfsheita, þróun á vinnumarkaði á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu, svo sem boðað er í svari forsætisráðherra á þskj. 979 á 112. löggjafarþingi við fyrirspurn Friðriks Sophussonar?

76. Fyrirspurn [75. mál]

til forsætisráðherra um Þjóðhagsstofnun.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Er lokið endurskoðun á starfsemi Þjóðhagsstofnunar og mati á því hvort ekki sé hagkvæmt að fela öðrum verkefni hennar samkvæmt ályktun Alþingis frá 18. mars 1987?

77. Fyrirspurn [76. mál]

til samgönguráðherra um burðarþol íslenskra vegamannvirkja.

Frá Kristínu Sigurðardóttur.

1. Standast einhverjir íslenskra vega eða brúa Evrópustaðal um burðarþol? Ef svo er, þá hverjir?
2. Er fyrirhugað að taka upp Evrópustaðal við hönnun og byggingu vegamannvirkja?
3. Við hvaða burðarþol er almennt miðað við hönnun og byggingu vegamannvirkja? Ef miðað er við mismunandi flokka eftir álagi eða staðsetningu, hverjir eru þeir þá og við hvað er miðað í hverju tilfelli?
4. Er fyrirhugað að endurskoða þungatakmarkanir:
   a. almennt,
   b. sértækt, varðandi sérstök tæki eða þungan flutning þar sem ekki er hægt að skipta hlassinu?

   Ef svo er, hvernig verður þá staðið að þeirri endurskoðun?
5. Kemur til álita að aflétta þungatakmörkunum með öllu á einhverjum svæðum þegar frost er í jörðu?
6. Hverjir hafa heimild til að veita undanþágur frá reglum við sérstaka þungaflutninga?
7. Hvernig er staðið að veitingu undanþágna?
8. Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á fyrirkomulagi þess hvernig undanþágur eru veittar?
9. Hafa áhrif þunga og aksturshraða á slit vega og burðarþol þeirra verið rannsökuð? Ef svo er hverjar eru þá meginniðurstöður?

Skriflegt svar óskast.

78. Fyrirspurn [77. mál]

til félagsmálaráðherra um árangur jafnréttisátaks í Stjórnarráðinu.

Frá Kristínu Sigurðardóttur og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hefur orðið einhver mælanlegur árangur af jafnréttisátaki í Stjórnarráðinu sem félagsmálaráðherra átti frumkvæði að í tíð síðustu ríkisstjórnar? Óskað er upplýsinga m.a. um eftirfarandi:
   a. Hefur konum fjölgað í stöðum yfirmanna í Stjórnarráðinu og ef svo er, hvaða stöður er þá um að ræða?
   b. Hafa meðallaun kvenna í stöðum yfirmanna hækkað?
   c. Njóta fleiri konur hlunninda eftir en áður og ef svo er, hvers konar hlunnindi er þá um að ræða?
2. Voru viðbrögð við þessu átaki mismunandi eftir ráðuneytum og ef svo var, í hverju voru þau fólgin?
3. Verður jafnréttisátaki haldið áfram í tíð núverandi ríkisstjórnar og ef svo er, hvernig er þá fyrirhugað að standa að því?
4. Hefur félagsmálaráðherra áform um einhverjar aðrar aðgerðir til þess að auka áhrif kvenna við stjórn þjóðfélagsins?

79. Fyrirspurn [78. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtu opinberra gjalda og framtalsskil.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hyggst fjármálaráðherra grípa til sérstakra aðgerða til að bæta skattskil og innheimtu opinberra gjalda? Ef svo er, hverra?
2. Eru uppi áform um að bæta framtalsskil einstaklinga og lögaðila í ljósi upplýsinga sem fram komu á þskj. 962 á 113. löggjafarþingi um að á tíunda þúsund einstaklinga og yfir 30% lögaðila skiluðu ekki framtali á tilsettum tíma á sl. ári?

80. Svar [40. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um útskrifaða kennara frá Kennaraháskóla Íslands.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hve margir útskrifaðir kennarar frá Kennaraháskóla Íslands sl. tíu ár eru starfandi við kennslu á þessu skólaári?*
2. *Hvernig skiptast þessir kennarar eftir fræðsluumdæmum og útskriftarári?*

	Fjöldi útskr.	Í starfi '91-'92 Fj.	%	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland
1991	112	85	76	29	25	5	2	0	10	3	11
1990	103	72	70	24	22	6	2	1	9	3	5
1989	90	64	71	23	16	4	5	0	5	7	4
1988	89	64	72	24	15	3	3	2	6	4	7
1987	99	76	77	30	20	2	2	2	8	4	8
1986	106	68	64	22	16	11	1	4	10	0	4
1985	123	85	69	26	19	8	2	0	11	8	11
1984	103	73	71	33	20	4	1	1	3	5	6
1983	110	80	73	33	19	8	2	1	8	5	4
1982	101	66	65	24	13	3	0	4	11	4	7
Samtals alls	**1.036**	**733**	**71**	**268**	**185**	**54**	**20**	**15**	**81**	**43**	**67**

81. Frumvarp til fjáraukalaga [79. mál]

fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990 og lög nr. 105/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1990 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1990 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990 og lög nr. 105/1990:

Rekstrarreikningur

	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		-121 769
Gjöld		-797 166
Gjöld umfram tekjur		**-675 397**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		12 000
Veitt lán	99 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-87 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		-57 000
Viðskiptareikningar		1 519 000
Útstreymi umfram innstreymi	1 519 000	
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**798 603**
Afborganir af teknum lánum		-151 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**647 603**
Lántökur		1 353 000
Innlend verðbréfaútgáfa	287 000	
Erlend verðbréfaútgáfa	1 066 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		705 397

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, sbr. 2. gr. laga nr. 72/1990 og 2. gr. laga nr. 105/1990, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	13 148	
01 Forsætisráðuneyti	-5 550	
02 Menntamálaráðuneyti	53 692	
03 Utanríkisráðuneyti	-70 565	
04 Landbúnaðarráðuneyti	-9 489	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	5 277	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 639	
07 Félagsmálaráðuneyti	-47 756	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-131 793	
09 Fjármálaráðuneyti	-4 710	
10 Samgönguráðuneyti	24 980	
11 Iðnaðarráðuneyti	-96 967	
12 Viðskiptaráðuneyti	3 960	
13 Hagstofa Íslands	-2 925	
14 Umhverfisráðuneyti	4 588	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	-536 695	
Samtals öll ráðuneyti		-797 166

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins		
101 Embætti forseta Íslands	3 358	
201 Alþingi	4 871	
301 Ríkisstjórn	147	
401 Hæstiréttur	4 192	
510 Bessastaðir	1 724	
520 Opinberar heimsóknir	3 972	
Óhafnar fjárveitingar	-5 116	
Samtals ráðuneyti		13 148
01 Forsætisráðuneyti		
Óhafnar fjárveitingar	-5 550	
Samtals ráðuneyti		-5 550

	Þús. kr.	Þús. kr.
02 Menntamálaráðuneyti		
201 Háskóli Íslands	2 010	
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	20 552	
203 Raunvísindastofnun Háskólans	5 817	
208 Örnefnastofnun	83	
221 Kennaraháskóli Íslands	7 486	
222 Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands	3 481	
223 Rannsóknastofnun uppeldismála	204	
231 Náttúrufræðistofnun Íslands	938	
232 Rannsóknaráð ríkisins	494	
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	20	
301 Menntaskólinn í Reykjavík	2 237	
302 Menntaskólinn á Akureyri	1 205	
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	560	
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	12 154	
306 Menntaskólinn á Ísafirði	15	
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	685	
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	92	
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	45 580	
351 Fjölbrautaskólinn í Ármúla	3 874	
352 Flensborgarskóli, fjölbraut	2 354	
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1 200	
354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	4 145	
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	1 850	
357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	17	
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	7 600	
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	2 529	
422 Námsgagnastofnun	668	
431 Iðnfræðsluráð	104	
506 Vélskóli Íslands	65	
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1 524	
515 Iðnnám, almennt	57	
516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	665	
523 Fósturskóli Íslands	2 020	
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	99	
571 Sjómannaskólahúsið	4 199	
602 Héraðsskólinn Núpi	30	
603 Héraðsskólinn Reykjanesi	7	
604 Héraðsskólinn Reykjum	753	
605 Alþýðuskólinn Eiðum	28	
621 Skálholtsskóli	201	
700 Grunnskólar, Reykjavík	1 154	
701 Grunnskólar, Reykjanesi	306	
703 Grunnskólar, Vesturlandi	109	
705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra	2 923	

	Þús. kr.	Þús. kr.
706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	860	
708 Grunnskólar, Suðurlandi	105	
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	136	
713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	489	
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	744	
716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	141	
752 Öskjuhlíðarskóli	765	
753 Þjálfunarskóli ríkisins, Bjarkarási	419	
754 Þjálfunarskóli ríkisins, Safamýri	996	
761 Sameiginleg þjónusta fyrir þroskahefta	4 124	
766 Sérdeild fyrir einhverf börn	1 425	
804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins	397	
806 Barnaverndarráð	736	
870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur	14 092	
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	3 221	
883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla	33	
901 Landsbókasafn Íslands	314	
902 Þjóðminjasafn Íslands	10 274	
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	1 429	
906 Listasafn Einars Jónssonar	983	
908 Kvikmyndasafn Íslands	928	
931 Náttúruverndarráð	6 656	
973 Þjóðleikhús	8 239	
974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	1 640	
975 Vísindasjóður	277	
976 Menningarsjóður, framlag	465	
978 Endurbótasjóður menningarstofnana	420	
982 Listir, framlög	1 319	
999 Ýmislegt	101	
Óhafnar fjárveitingar	-150 130	
Samtals ráðuneyti		53 692
03 Utanríkisráðuneyti		
101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	2 471	
301 Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	8 650	
302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	1 677	
303 Sendiráð Íslands í London	1 127	
305 Sendiráð Íslands í Ósló	207	
310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	2 558	
311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafs-bandalaginu	1 375	
312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	1 545	

	Þús. kr.	Þús. kr.
313 Sendiráð, óskipt	1 122	
401 Alþjóðastofnanir	1 711	
Óhafnar fjárveitingar	-93 008	
Samtals ráðuneyti		-70 565
04 Landbúnaðarráðuneyti		
101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	453	
171 Jarðeignir ríkisins, framlög	267	
205 Veiðistjóri	982	
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	186	
231 Skógrækt ríkisins	6 532	
232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins	981	
235 Landgræðsla ríkisins	1 073	
242 Mat á landbúnaðarafurðum	17	
243 Sauðfjárveikivarnir	550	
246 Veiðimálastofnun	7 272	
247 Yfirdýralæknir	2 490	
272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	879	
290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	6 772	
299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi	815	
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	2 449	
Óhafnar fjárveitingar	-41 207	
Samtals ráðuneyti		-9 489
05 Sjávarútvegsráðuneyti		
101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	1 955	
202 Hafrannsóknastofnun	2 653	
216 Ríkismat sjávarafurða	2 992	
299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	116	
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	201	
Óhafnar fjárveitingar	-2 640	
Samtals ráðuneyti		5 277
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		
102 Stjórnartíðindi	171	
203 Borgardómarinn í Reykjavík	2 410	
204 Borgarfógetinn í Reykjavík	9 718	
205 Sakadómur Reykjavíkur	696	
212 Bæjarfógeti Akranesi	931	
214 Sýslumaður Stykkishólmi	239	
215 Sýslumaður Búðardal	10	
216 Sýslumaður Patreksfirði	23	
217 Bæjarfógeti Bolungarvík	76	
218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	139	
219 Sýslumaður Hólmavík	39	

	Þús. kr.	Þús. kr.
221 Sýslumaður Blönduósi	1 916	
222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	103	
223 Bæjarfógeti Siglufirði	421	
225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri	26	
226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	1 022	
230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði	66	
232 Sýslumaður Hvolsvelli	38	
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	1 648	
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	1 012	
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	1 990	
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	3 879	
237 Bæjarfógeti Kópavogi	1 729	
238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	111	
239 Fangelsismálastofnun	186	
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	42	
243 Vinnuhælið Kvíabryggju	31	
251 Landhelgisgæsla Íslands	8 050	
253 Almannavarnir ríkisins	204	
262 Löggildingarstofan	7 101	
282 Ýmis löggæslukostnaður	51	
302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	640	
304 Ýmis kirkjuleg málefni	1 295	
Óhafnar fjárveitingar	-42 374	
Samtals ráðuneyti		3 639
07 Félagsmálaráðuneyti		
301 Skipulagsstjóri ríkisins	8 184	
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	1 817	
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	936	
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	2 867	
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	680	
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	1 148	
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	570	
722 Sólheimar, Grímsnesi	610	
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	1 115	
954 Vinnueftirlit ríkisins	143	
Óhafnar fjárveitingar	-65 826	
Samtals ráðuneyti		-47 756
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
273 Atvinnuleysistryggingasjóður	40	
301 Landlæknir	772	
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	429	

	Þús. kr.	Þús. kr.
371 Ríkisspítalar	54	
372 Borgarspítalinn	1 511	
394 Lyfjaverðlagsnefnd	279	
396 Lyfjanefnd	6 294	
397 Eiturefnanefnd	692	
398 Daggjaldanefnd	90	
502 Þroskaþjálfaskóli Íslands	1 050	
505 Lyfjatæknaskóli Íslands	1 797	
510 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík	1 176	
533 Heilsugæslustöð Þingeyri	98	
621 Bindindisstarfsemi	148	
Óhafnar fjárveitingar	-146 223	
Samtals ráðuneyti		-131 793
09 Fjármálaráðuneyti		
102 Launaskrifstofa ríkisins	224	
103 Ríkisbókhald	247	
206 Skattstofa Norðurlands eystra	40	
209 Skattstofa Vestmannaeyja	18	
250 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	11 003	
251 Gjaldheimtan í Reykjavík	20 141	
259 Gjaldheimta Suðurnesja	6 990	
381 Uppbætur á lífeyri	6 180	
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	5 507	
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	123 846	
989 Launa- og verðlagsmál	7 691	
996 Kjaradómur og kjaranefnd	776	
Óhafnar fjárveitingar	-187 028	
Samtals ráðuneyti		-4 710
10 Samgönguráðuneyti		
101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	1 775	
321 Strandferðir, framlög	413	
322 Flóabátar og vöruflutningar	816	
331 Vita- og hafnamálaskrifstofan	7 011	
333 Hafnamál	9 729	
341 Siglingamálastofnun ríkisins	118	
471 Flugmálastjórn	412	
485 Ýmis framlög	3 126	
487 Arnarflug hf., aðstoð	3 639	
652 Veðurstofa Íslands	866	
656 Landmælingar Íslands	507	
Óhafnar fjárveitingar	-3 432	
Samtals ráðuneyti		24 980

	Þús. kr.	Þús. kr.
11 Iðnaðarráðuneyti		
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	296	
209 Sjóefnavinnslan hf.	2 065	
289 Jöfnunargjald	1 495	
298 Kostnaður vegna samninga um nýtt álver	4 263	
301 Orkustofnun	4 076	
Óhafnar fjárveitingar	-109 162	
Samtals ráðuneyti		-96 967
12 Viðskiptaráðuneyti		
201 Niðurgreiðslur á vöruverði	10 722	
903 Skráning hlutafélaga	7 308	
Óhafnar fjárveitingar	-14 070	
Samtals ráðuneyti		3 960
13 Hagstofa Íslands		
102 Þjóðskráin	335	
Óhafnar fjárveitingar	-3 260	
Samtals ráðuneyti		-2 925
14 Umhverfisráðuneyti		
101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	4 588	
Samtals ráðuneyti		4 588
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun		
Óhafnar fjárveitingar	-536 695	
Samtals ráðuneyti		-536 695

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur um greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1990 umfram þær heimildir sem veittar hafa verið af Alþingi í fjárlögum 1990, lögum nr. 72/1990 og nr. 105/1990, fjáraukalögum fyrir árið 1990.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á Alþingi í mars sl. en var þá ekki tekið til umræðu. Það er nú endurflutt í lítið breyttri mynd enda er um að ræða endanlegt greiðsluuppgjör fyrir ríkissjóð á árinu 1990. Einu breytingarnar sem gerðar hafa verið eru leiðréttingar á yfirliti yfir geymdar fjárveitingar, en villur höfðu slæðst inn í frumvarpið sem lagt var fram síðastliðið vor.

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sem lagt var fyrir Alþingi 1. nóvember 1990, fylgdi ítarleg greinargerð um framvindu ríkisfjármála á árinu 1990 og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umfram heimildir fjárlaga og fjáraukalaga sem samþykkt voru á Alþingi 5. maí 1990. Þá var hinn 7. mars sl. lögð fyrir Alþingi ítarleg skýrsla um ríkisfjármál 1990 þar sem afkoma ríkissjóðs er skýrð í samanburði við áform fjárlaga og útkomu ársins 1989.

Alþingi hefur þannig breytt greiðsluheimildum fjárlaga tvívegis á árinu 1990 sbr. eftirfarandi yfirlit:

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1990 m.kr.	Fjár-aukalög 72/1990 m.kr.	Fjár-aukalög 105/1990 m.kr.	Heimildir alls 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tekjur	91 545	-2 600	3 630	92 575	92 453	-122
Gjöld	95 232	-1 753	4 217	97 696	96 899	-797
Tekjur umfram gjöld	**-3 687**	**-847**	**-587**	**-5 121**	**-4 446**	**-675**
Lánahreyfingar, útstreymi	7 290	-	300	7 590	8 913	1 323
Lánsfjárþörf, brúttó	**10 977**	**847**	**887**	**12 711**	**13 359**	**648**
Lántökur alls	10 995	850	875	12 720	14 073	1 353
Greiðslujöfnuður	18	3	-12	9	714	705

Heildarheimildir til útgjalda nema þannig 797 m.kr. umfram endanlegar útgreiðslur. Heimilda til lántöku, umfram það sem áætlað var í seinni fjáraukalögum, var aflað með lögum nr. 125/1990, um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1990. Samkvæmt því eru nægar lántökuheimildir til þess að mæta lánsfjárþörf ársins.

Í athugasemdum hér á eftir er fyrst gerð grein fyrir nokkrum lykilatriðum í efnahagsmálum ársins 1990, afkomu ríkissjóðs og frávikum frá áætlun. Síðan er gerð grein fyrir fjárheimildum einstakra ráðuneyta og stofnana.

Efnahagsaðstæður voru frekar óvissar þegar fjárlög fyrir árið 1990 voru afgreidd frá Alþingi í desember 1989. Ekki var búist við miklum umskiptum á árinu 1990 heldur hægfara bata. Þannig var áfram gert ráð fyrir minnkandi afla og samdrætti í framleiðslu sjávarafurða

þriðja árið í röð. Atvinnuleysi var talið geta aukist fremur en minnkað á árinu. Mest óvissa var þó um verðlags- og launaþróun á árinu, þar sem kjarasamningar flestra launþega voru lausir um áramótin 1989/1990. Gengið var út frá áætlun um rúmlega 16% meðalhækkun verðlags milli ára og 11% hækkun launa. Í þessu fólst um það bil 5% kaupmáttarrýrnun milli áranna 1989 og 1990. Því var reiknað með að þjóðarútgjöld minnkuðu um 1½% að raungildi og að landsframleiðsla drægist saman um rúmlega 1% milli áranna.

Bráðabirgðatölur benda til þess, að þróun efnahagsmála hafi orðið nokkuð önnur en spár fyrr á árinu gerðu ráð fyrir. Þar skiptir mestu máli veruleg aukning innflutnings, einkum á síðari hluta ársins. Það kom fram í meiri aukningu þjóðarútgjalda en áður var búist við, enda er nú talið að þau hafi aukist í stað þess að dragast saman samkvæmt fyrri spám. Neikvæða hliðin á þessari þróun er að viðskiptahalli varð meiri eða rétt innan við 3% af landsframleiðslu samkvæmt síðustu áætlunum. Á hinn bóginn urðu tekjur ríkissjóðs af veltusköttum meiri en spáð hafði verið fyrr á árinu og er það skýrt hér að neðan.

Í fjárlögum 1990, sem samþykkt voru á Alþingi í desember 1989, var gert ráð fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs yrði um 3,7 milljarðar króna. Kjarasamningar sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði í febrúar 1990 breyttu launa- og verðlagsforsendum fjárlaga um 2% til lækkunar. Breyttar forsendur kölluðu óhjákvæmilega á endurskoðun á tekju- og útgjaldaliðum fjárlaga. Sú endurskoðun var staðfest með samþykkt fjáraukalaga í maímánuði. Við það lækkuðu áætlaðar tekjur ríkissjóðs um 2,6 milljarða króna og gjöldin um 1,8 milljarða. Áætlaður halli á rekstri ríkissjóðs hækkaði þar með um 0,8 milljarða króna eða í 4,5 milljarða. Sérstakar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir kjarasamningum urðu til þess að gjöldin lækkuðu minna en tekjur.

Samhliða frumvarpi til fjárlaga 1991 var lagt fram öðru sinni frumvarp til fjáraukalaga. Þau lög voru samþykkt í byrjun desember sl. og hækkuðu útgjaldaheimildir um 4,2 milljarða króna eða í 97,7 milljarða króna. Á þeim tíma voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar um 92,6 milljarðar króna, þannig að rekstrarhalli ríkissjóðs stefndi í 5,1 milljarð króna.

Nú liggur fyrir endanlegt greiðsluuppgjör vegna A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1990. Eins og sést á yfirlitinu hér að framan, námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 92,5 milljörðum króna og útgjöld námu 96,9 milljörðum króna sem er um 0,8 milljörðum króna lægri útgjöld en samþykktar fjárheimildir. Afkoma ríkissjóðs varð þannig nokkru betri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjáraukalaga í desember sl. eða sem nemur 0,7 milljörðum króna og nam rekstrarhallinn rúmlega 4,4 milljörðum króna sem svarar til 1,3% af landsframleiðslu.

Í umfjöllun sem hér fer á eftir er með fjárlögum 1990 átt við fjárlög eins og þau voru samþykkt í maí 1990 í kjölfar kjarasamninganna frá í febrúar þar sem þau fólu í sér stefnuna í ríkisfjármálum eftir að launaforsendur lágu fyrir.

Tekjur

Ef fyrst er litið á þróun tekjuöflunar ríkissjóðs kemur í ljós, eins og sést á meðfylgjandi yfirliti, að innheimtar tekjur ríkissjóðs 1990 urðu um 3,5 milljörðum króna hærri en fjárlög frá í maí 1990 gerðu ráð fyrir. Frávik frá áætlun laga nr. 105/1990, fjáraukalaga fyrir árið 1990 sem lögð var fram í nóvember 1990, eru hins vegar lítil eða 122 m.kr.

Yfirlit yfir innheimtar tekjur ríkissjóðs 1990

Greiðslugrunnur	Fjárlög maí 1990 m.kr.	Áætlun nóv.1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Mismunur m.kr.
Beinir skattar	**16 026**	**17 445**	**17 690**	**245**
Óbeinir skattar	**67 041**	**68 822**	**68 448**	**-374**
Gjöld af innflutningi	7 163	7 747	8 354	607
Söluskattur	37 750	38 350	37 086	-1 264
Aðrir óbeinir skattar	22 128	22 725	23 008	283
Aðrar tekjur	**5 878**	**6 308**	**6 315**	**7**
Samtals	**88 945**	**92 575**	**92 453**	**-122**

Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga jukust innheimtar tekjur ríkissjóðs um tæp 4% frá fjárlögum. Þannig urðu tekjur af tekjuskatti, bæði einstaklinga og fyrirtækja, mun meiri en reiknað var með og svipuðu máli gegnir um innheimtu innflutningsgjalda og launaskatta. Á móti komu minni tekjur af virðisaukaskatti. Þá urðu vaxtatekjur meiri en gert hafði verið ráð fyrir við gerð fjárlagaáætlunar. Nánari umfjöllun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1990 er að finna í Skýrslu um ríkisfjármál 1990 sem nú liggur fyrir á Alþingi.

Gjöld

Nokkrar breytingar urðu á gjaldahlið frá því sem áætlað var í fjárlögum sem afgreidd voru í desember 1989. Fjáraukalög sem samþykkt voru á Alþingi þann 5. maí 1990 í kjölfar kjarasamninganna í febrúar það ár höfðu áhrif á útgjöld með tvennum hætti. Annars vegar lækkuðu útgjöld um rúma tvo milljarða króna vegna breyttra launa- og verðlagsforsendna. Hins vegar var ákveðið að hækka útgjöld um nálægt 1.200 m.kr. til að greiða fyrir kjarasamningum. Þar vó þyngst 800 m.kr. hækkun á framlagi til niðurgreiðslna sem átti að mæta hækkun á smásöluverði hefðbundinna búvara fram til 1. desember 1990. Jafnframt var fallið frá fyrirhugaðri þrengingu bótaréttar vegna gjaldþrota sem hækkaði áætluð útgjöld um 100 m.kr. og framlag til lífeyristrygginga var hækkað um 110 m.kr. Í meðförum fjárveitinganefndar Alþingis hækkuðu framlög til Ríkisspítala um 147 m.kr. Til að hamla gegn óæskilegum áhrifum aukins ríkissjóðshalla á efnahagslífið var samtímis ákveðið að lækka útgjöld, einkum til fjárfestingar, um 915 m.kr.

Seinni fjáraukalögin, sem lögð voru fram snemma á haustþingi, voru samþykkt í byrjun desember. Lögin hækkuðu útgjaldaheimildir fjárlaga um 4,2 milljarða króna eða samtals í 97,7 milljarða króna. Helstu tilefni til hækkunar skýrast af nokkrum stórum liðum. Tryggingabætur hækkuðu um 1.260 m.kr., endurmat á áhrifum verkaskiptalaga ríkis og sveitarfélaga leiddi til 280 m.kr. aukningar útgjalda, Endurbótasjóður menningarstofnana fékk 300 m.kr. framlag í stað lánveitingar sem áður var áformuð, ýmsar ályktanir Alþingis leiddu til 320 m.kr. viðbótarútgjalda og framlag til að ljúka uppgjöri endurgreiðslu söluskatts nam 200 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld ríkissjóðs 1990 samanborið við fjárlög og lög nr. 105/1990.

Yfirlit yfir gjöld ríkissjóðs 1990

Greiðslugrunnur	Fjárlög maí 1990 m.kr.	Heimildir alls 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.	Mismunur m.kr.
Launa- og rekstrargjöld, nettó	**35 920**	**37 232**	**37 307**	**75**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**37 810**	**39 912**	**39 630**	**-282**
Lífeyristryggingar	12 459	12 559	12 640	81
Sjúkratryggingar	8 931	10 031	9 756	-275
Atvinnuleysistryggingar	1 031	1 031	1 031	-
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 171	2 171	2 174	3
Endurgreiðslur til atvinnuvega	25	250	300	50
Niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum	5 831	5 831	5 740	-91
Útflutningsuppbætur	1 344	1 415	1 421	6
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 207	1 207	1 207	-
Uppbætur á lífeyri	536	666	672	6
Annað	4 275	4 751	4 689	-62
Vaxtagjöld	**9 125**	**8 800**	**8 274**	**-526**
Viðhald	**2 157**	**2 339**	**2 362**	**23**
Fjárfesting	**8 467**	**9 413**	**9 326**	**-87**
Samtals	**93 479**	**97 696**	**96 899**	**-797**

Eins og sést á yfirlitinu urðu endanlegar greiðslur ríkissjóðs 797 m.kr. lægri en heimildir. Helstu frávik skýrast af lægri vaxtagjöldum og lægri greiðslum á rekstrartilfærslum. Rekstrargjöld stofnana ríkisins í heild urðu því sem næst í samræmi við heimildir og hið sama gildir um viðhald og fjárfestingu.

Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að umframgreiðslur vegna einstakra stofnana námu alls 609 m.kr. en á móti vega óhafnar fjárveitingar vegna annarra fjárlagaliða, samtals 1.406 m.kr. Af þessari fjárhæð hefur fjármálaráðherra fallist á geymslu á tæplega 317 m.kr., einkum vegna óhafinna fjárveitinga til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna. Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld umfram heimildir, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar, skipt eftir ráðuneytum.

Yfirlit yfir umframgjöld, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar 1990

	Gjöld umfram fjárlög og fjáraukalög 1990 þús. kr.	Óhafnar fjárveitingar þús. kr.	Geymdar fjárveitingar þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	18 264	5 116	-
01 Forsætisráðuneyti	-	5 550	10 108
02 Menntamálaráðuneyti	203 822	150 130	74 233
03 Utanríkisráðuneyti	22 443	93 008	92 832
04 Landbúnaðarráðuneyti	31 718	41 207	-
05 Sjávarútvegsráðuneyti	7 917	2 640	-
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	46 013	42 374	54 117
07 Félagsmálaráðuneyti	18 070	65 826	17 673
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	14 430	146 223	29 640
09 Fjármálaráðuneyti	182 318	187 028	22 651
10 Samgönguráðuneyti	28 412	3 432	372
11 Iðnaðarráðuneyti	12 195	109 162	5 800
12 Viðskiptaráðuneyti	18 030	14 070	1 600
13 Hagstofa Íslands	335	3 260	4 975
14 Umhverfisráðuneyti	4 588	-	-
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	-	536 695	2 545
Samtals	**608 555**	**1 405 721**	**316 546**

Með tilliti til þess að greiðsluheimildum stofnana hefur verið breytt tvívegis á árinu 1990 hefur umframfjárþörf einstakra stofnana nú verið skoðuð sérstaklega. Þar sem viðhlítandi skýringar liggja ekki fyrir er lagt til að stofnanir beri umframgreiðslur ársins 1990 að hluta af fjárveitingu ársins 1991. Með þessum hætti er m.v. að 21,3 m.kr. færist milli áranna 1990 og 1991. Því þarf fyrir afgreiðslu þessa frumvarps að endurskoða greiðsluheimildir til einstakra stofnana sem þessu nemur. Frádrátturinn tekur til eftirtalinna stofnana:

	Þús. kr.
Menntamálaráðuneyti	**6 300**
02-201 Háskóli Íslands	2 000
02-203 Raunvísindastofnun Háskólans	2 000
02-232 Rannsóknaráð ríkisins	300
02-931 Náttúruverndarráð	2 000
Landbúnaðarráðuneyti	**4 000**
04-231 Skógrækt ríkisins	2 000
04-235 Landgræðsla ríkisins	1 000
04-501 Bændaskólinn á Hvanneyri	1 000
Sjávarútvegsráðuneyti	**1 000**
05-202 Hafrannsóknastofnun	1 000
Dómsmálaráðuneyti	**1 500**
06-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	1 500
Félagsmálaráðuneyti	**2 500**
07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	1 500
07-750 Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins	1 000

Fjármálaráðuneyti	**2 000**
09-901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	2 000
Iðnaðarráðuneyti	**4 000**
11-301 Orkustofnun	4 000
Samtals fært yfir á árið 1991	**21 300**

02 Menntamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 53.692 þús. kr. umfram heimildir fjárlaga. Sótt er um 203.822 þús. kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar eru 150.130 þús. kr.

Greiðslur til háskóla- og vísindastofnana urðu 38.410 þús. kr. umfram heimildir eða 1,7% af heildarfjárveitingum. Þær stofnanir sem einkum fara fram úr heimildum eru eftirtaldar: Útgjöld Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, urðu alls 20.552 þús. kr. umfram heimildir. Stafar þetta að nokkru af því að tekjur skila sér ekki í samræmi við áætlanir. Kemur þar til samdráttur í sölu bóluefnis og að illa hefur tekist að innheimta þjónustugjöld vegna fiskeldisverkefna. Ákveðið hefur verið að taka rekstur stofnunarinnar til sérstakrar skoðunar á þessu ári. Þá fer Raunvísindastofnun 5.817 þús. kr. umfram heimildir fjárlaga. Árlegar fjárveitingar sýna ekki rétta mynd af umfangi stofnunarinnar þar sem sértekjur stofnunarinnar koma ekki fram nema að hluta í fjárlagaáætlun. Í fjárlögum 1990 voru sértekjur áætlaðar 30.500 þús. kr. en þær reyndust 73.000 þús. kr. Miðað er við að stofnunin beri 2.000 þús. kr. af umframgreiðslum 1990 af fjárveitingu ársins 1991. Greiðslur til Kennaraháskóla Íslands umfram heimildir námu 7.486 þús. kr. eða um 3,4%. Á árinu 1989 námu greiðslur umfram heimildir aftur á móti um 13% og því hefur orðið breyting til batnaðar í rekstri skólans. Greiðslur umfram heimildir 1990 skýrast annars vegar af því að lækkun á fjárveitingu til tækjakaupa náði ekki fram og hins vegar að launakostnaðar varð meiri en gert var ráð fyrir. Við gerð fjárlaga 1991 var tekið tillit til þessa.

Fjárheimildir til starfsemi framhalds- og héraðsskóla námu alls um 3.705 m.kr. en greiðslur á árinu urðu alls 3.718 m.kr. þ.e. 13 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik frá áætlun reyndust mismikil eftir skólum en fjórir skólar skera sig úr vegna meiri kennslukostnaðar en heimilað var í fjárlögum. Rekstur þessara skóla er nú til sérstakrar skoðunar á vegum menntamálaráðuneytisins.

Fjárlagaheimildir vegna grunnskóla og skóla fyrir fatlaða námu alls 4.601 m.kr. Kostnaður varð hins vegar 4.575 m.kr. eða 26 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga.

Þá er þess að geta að kostnaður við stofnun meðferðarheimilis fyrir unga fíkniefnaneytendur nam 14.092 þús. kr. umfram fjárlagaáætlun. Útgjöldin eru eingöngu vegna endurbóta á húsnæði sem keypt var fyrir starfsemina að Móum á Kjalarnesi samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga.

Útgjöld Þjóðminjasafnsins urðu alls 10.274 þús. kr. umfram heimildir fjárlaga. Til þessara útgjalda er stofnað vegna hærri launagreiðslna en fjárlög kváðu á um og vegna nauðsynlegra viðhaldsverkefna á safnhúsinu. Á árinu 1991 verður markvisst unnið að því að semja starfsemi safnsins að fjárheimildum. Kostnaður við starf Náttúruverndarráðs fór 6.656 þús. kr. umfram heimildir eða 15,6%. Starfsemi stofnunarinnar var meginhluta ársins á vegum umhverfisráðuneytisins og er nú unnið að endurskoðun á starfseminni og fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Lagt er til að 2.000 þús. kr. af umframkostnaði ársins 1990 verði dreginn frá fjárveitingu ársins 1991. Loks nam kostnaður við rekstur Þjóðleikhússins 8.239 þús. kr. umfram heimildir. Er þetta

vegna launakostnaðar, sem ekki varð mætt með auknum sértekjum. Þrátt fyrir þennan umframkostnað hefur rekstur Þjóðleikhúss ekki verið nær heimildum fjárlaga um langt árabil.

03 Utanríkisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins á árinu urðu 70.565 þús.kr. lægri en heimildir fjárlaga. Sótt er um 22.443 þús.kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar eru 93.008 þús.kr. Rekstrarkostnaður aðalskrifstofu ráðuneytisins varð 2.473 þús.kr. umfram heimildir eða 0,7%. Til reksturs sendiráða er sótt um 18.261 þús.kr. en á móti vega óhafnar fjárveitingar að fjárhæð 13.758 þús.kr. Skýringu á umframgreiðslum má rekja til annarra gengisbreytinga en fjárlög gerðu ráð fyrir og mikilla umsvifa í starfi sendiráðanna í Vestur-Evrópu. Framlög til alþjóðastofnana urðu 1.711 þús.kr. umfram fjárlög, sem einnig skýrist af gengisbreytingum. Þá standa ónýttar greiðsluheimildir í árslok vegna framlags til aðstoðar við flóttafólk, sem hart varð úti vegna Persaflóastríðsins. Reiknað er með að sú fjárhæð flytjist yfir áramót og komi til greiðslu í ár.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins á árinu urðu 9.489 þús.kr. lægri en heimildir fjárlaga. Sótt er um 31.718 þús.kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar eru 41.207 þús.kr. Greiðslur til embættis Veiðistjóra urðu 982 þús.kr. umfram heimildir. Skógrækt ríkisins 6.532 þús.kr. umfram heimildir. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 4.532 þús.kr. en gert ráð fyrir að 2.000 þús.kr. verði dregnar af fjárveitingu ársins 1991. Ástæður umframgreiðslna má í aðalatriðum rekja til vanmats á kostnaði við flutning embættisins að Hallormsstað. Greiðslur Landgræðslu ríkisins urðu 1.073 þús.kr. umfram heimildir og er gert ráð fyrir að sú fjárhæð verði dregin af fjárveitingu ársins 1991. Rekstur Veiðimálastofnunar fór verulega umfram heimildir. Landbúnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti standa nú sameiginlega að úttekt á rekstri og fjármálum stofnunarinnar. Til yfirdýralæknisembættisins er sótt um 2.490 þús.kr. viðbótarheimild. Ástæður þessa eru raktar til vanmats á launakostnaði vegna vaktagreiðslna, forfalla og námsleyfa. Rekstur bændaskólans á Hvanneyri varð 2.449 þús.kr. umfram fjárlög. Lagt er til að 1.000 þús.kr. verði dregnar af heimildum fjárlaga 1991 og því sótt um greiðsluheimild 1990 í samræmi við það.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 5.277 þús.kr. eða 0,5% umfram heildarfjárheimild ársins. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 7.917 þús.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 2.640 þús.kr. Aðalskrifstofa ráðuneytisins fór umfram heimildir sem nemur 1.955 þús.kr. sem skýrist af kostnaði vegna sérstaks vinnuhóps um sjávarútvegsmál sem settur var upp í sambandi við samningagerð milli EB og EFTA. Kostnaður vegna þessa féll að mestu á seinni hluta ársins og lá því ekki fyrir við gerð fjáraukalaga sl. haust. Hafrannsóknastofnun fór 2.653 þús.kr. fram úr heimildum eða 0,5% en miðað er við að stofnunin beri 1.000 þús. kr. af þeim halla af fjárveitingu ársins. Ríkismat sjávarafurða fór um 4,6% fram úr heimildum eða 2.992 þús.kr. sem skýrist af lægri sértekjum í kjölfar þess að ekki tókust síldarsölusamningar við Sovétmenn. Í fjárlögum fyrir árið 1991 er tekið tillit til þessarar lækkunar á sértekjum stofnunarinnar.

06 Dómsmálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins á árinu urðu 3.639 þús.kr. umfram heimildir fjárlaga. Sótt er um 46.013 þús.kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar eru 42.374 þús.kr. Rekstur Borgardómaraembættisins varð 2.410 þús.kr. umfram heimildir. Á árinu urðu óvenjumikil forföll starfsmanna vegna veikinda og af öðrum ástæðum. Til Borgarfógetaembættisins er sótt um 9.718 þús.kr. viðbótarheimild. Skýringa er annars vegar að leita í sívaxandi fjölda mála sem koma til umfjöllunar hjá embættinu og hins vegar í auknum húsnæðiskostnaði. Til reksturs embætta sýslumanna og bæjarfógeta er farið fram á 13.271 þús.kr. viðbótafjárheimild. Nokkur embætti hafa tekið að sér innheimtu gjalda til sveitarfélaga. Þessu fylgir aukinn kostnaður sem ekki er að fullu áætlað fyrir í fjárlögum. Á móti koma tekjur sem teljast ekki sértekjur embættanna en renna í ríkissjóð. Í aðalatriðum hefur tekist að halda yfirvinnu embættanna innan marka fjárlaga, þótt meiri vinna við innheimtu opinberra gjalda og aukinn málafjöldi valdi meiri kostnaði en ráð var gert fyrir.

Útgjöld Landhelgisgæslunnar urðu 8.050 þús.kr. umfram heimildir. Skýringar eru fyrst og fremst raktar til óvæntra útgjalda vegna bilana í loftförum og skipum. Til Löggildingarstofunnar er sótt um 7.101 þús.kr. viðbótarheimild. Framundan eru verulegar breytingar á rekstri stofnunarinnar vegna svokallaðs Tampere samkomulags EFTA-ríkja. Á árinu var unnið að undirbúningi að breytingum á starfseminni í samræmi við ofannefnt samkomulag. Greiðslur af fjárlagaliðnum Ýmis kirkjuleg málefni urðu 1.295 þús.kr. umfram heimildir sem skýrist af kostnaði vegna kjörs til kirkjuþings og kosningar vígslubiskups í Skálholtsumdæmi.

07 Félagsmálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins á árinu urðu 47.756 þús.kr. lægri en heimildir fjárlaga. Sótt er um 18.070 þús.kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar eru 65.226 þús.kr. Til embættis Skipulagsstjóra ríkisins er sótt um 8.184 þús.kr. en embættið nýtur markaðra tekna samkvæmt lögum. Gert er ráð fyrir að umframgreiðslur ársins komi til lækkunar á inneign markaðra tekna. Greiðslur vegna málefna fatlaðra urðu alls 9.454 þús.kr. umfram heimildir. Ástæður þessa eru að verulegu leyti raktar til óviðráðanlegra atvika eins og veikinda starfsmanna o.fl. Slíkar launagreiðslur námu alls um 11.500 þús.kr. á árinu. Gert er ráð fyrir að 1.500 þús.kr. af umframgreiðslum svæðisstjórnarinnar á Norðurlandi eystra og 1.000 þús.kr. af umframgreiðslum Greiningarstöðvarinnar verði dregnar af heimildum ársins 1991.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 131.793 þús.kr. lægri en heimildir segja til um. Sótt er um 14.430 þús.kr. viðbótarheimildir, en óhafnar fjárveitingar eru 146.223 þús.kr. Rekstur landlæknisembættisins varð 772 þús.kr. umfram heimildir. Frávik má einkum rekja til umfangsmeiri útgáfu á heilbrigðisskýrslum og ófyrirséðra tímabundinna launagreiðslna. Umframgreiðslur Lyfjanefndar skýrast af ofmati á sértekjum og hefur verið tekið tillit til þess í fjárlögum ársins 1991. Halli á rekstri Eiturefnanefndar nam 692 þús.kr. sem einkum skýrist af þátttöku í erlendu samstarfi. Þá er sótt um 1.050 þús.kr. viðbótarheimild til Þroskaþjálfaskóla Íslands, sem fyrst og fremst skýrist af auknum húsnæðiskostnaði. Til Lyfjatækniskólans er sótt um 1.797 þús.kr. viðbótarheimild vegna aukinna rekstrargjalda.

09 Fjármálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins á árinu urðu 4.710 þús.kr. lægri en heimildir fjárlaga. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 182.318 þús.kr. en óhafnar fjárveitingar urðu 187.028 þús.kr. Útgjöld vegna starfsemi gjaldheimta og annars innheimtukostnaðar fór verulega fram úr fjárlögum. Þannig námu umframgreiðslur vegna ýmis konar innheimtukostnaðar 11.003 þús.kr., sem skýrist af því að ekki var áætlað að fullu fyrir innheimtukostnaði sem greiddur er til Bifreiðaskoðunar Íslands og Pósts og síma. Greiðslur til Gjaldheimtunnar í Reykjavík urðu 20.141 þús.kr. umfram heimildir. Gjaldheimtan er rekin með Reykjavíkurborg og hefur kostnaður hennar í kjölfar upptöku staðgreiðslunnar verið vanmetin í fjárlögum. Til Gjaldheimtu Suðurnesja voru greiddar 6.990 þús.kr. umfram heimildir af sömu ástæðum og að ofan er getið.

Greiðslur vegna uppbótar á lífeyri fóru 0,9% umfram heimildir eða 6.180 þús.kr. Greiðslur af fjárlagaliðnum Ýmsar fasteignir ríkissjóðs námu 123.846 þús.kr. umfram heimildir. Þessi munur skýrist af annarri framsetningu á eignakaupum í ríkisreikningi en í fjárlögum. Í fjárlögum er áætlað fyrir þeim hluta kostnaðar við fasteignakaup sem kemur til greiðslu á árinu en í uppgjöri ríkisbókhalds eru fasteignakaup að fullu færð til gjalda, en á móti koma lántökur á efnahag.

10 Samgönguráðuneyti

Greiðslur hjá ráðuneytinu fóru samtals 24.980 þús.kr. umfram heimildir. Sótt er um 28.412 þús.kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar eru 3.432 þús.kr. Greiðslur til aðalskrifstofu ráðuneytisins fóru 1.775 þús.kr. umfram heimildir og er skýringa að leita til mikillar vinnu að ferðamálum á árinu sem ekki var séð fyrir. Sérstaklega reyndist kostnaður vegna Ferðamálanefndar og útgáfustarfs meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Þá voru felldar niður skuldir tveggja hafna við ríkissjóð, samtals að fjárhæð 15.000 þús.kr., samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga. Niðurfelling þessi var gjaldfærð á liðinn Vita- og hafnamálaskrifstofan. Vitaskipið Árvakur var selt á árinu en rekstrarkostnaður sem féll til þar til skipið var selt var gjaldfærður hjá Vita- og hafnamálaskrifstofunni. Greiddar voru 3.639 þús.kr. umfram heimildir fjárlaga vegna vaxta af skuldum Arnarflugs í samræmi við ákvæði laga frá 1986 um málefni félagsins. Liðurinn Ýmis framlög fór 3.126 þús.kr. umfram fjárheimildir, sem skýrist m.a. af því að vegna tíðra flugslysa fóru útgjöld rannsóknarnefndar flugslysa fram úr áætlun.

11 Iðnaðarráðuneyti

Greiðslur á árinu urðu 96.967 þús.kr. lægri en heimildir fjárlaga. Sótt er um 12.195 þús.kr. viðbótarheimild en óhafnar fjárveitingar námu 109.102 þús.kr. Greiddar voru skuldbindingar að fjárhæð 2.065 þús.kr. vegna lokauppgjörs á sölu hlutabréfa Sjóefnavinnslunnar til Hitaveitu Suðurnesja. Þá urðu greiðslur vegna endurskoðunar ársreikninga Ísal, mengunareftirlits, vatnstöku o.fl. 4.263 þús.kr. umfram heimildir. Fjárhæð þessi hefur undanfarin ár verið tekin af óskiptu framleiðslugjaldi af áli. Loks er lagt til að greiðslur til Orkustofnunar umfram heimildir, 4.000 þús.kr., verði dregnar frá fjárveitingu ársins 1991.

12 Viðskiptaráðuneyti

Greiðslur viðskiptaráðuneytisins urðu alls 3.960 þús.kr. umfram heimildir. Sótt er um 18.030 þús.kr. viðbótarheimildir en óhafnar fjárveitingar námu 14.070 þús.kr. Niðurgreiðslur á vöruverði urðu 10.722 þús.kr. umfram heimildir fjárlaga eða 0,2%. Útgjöld vegna hlutafélagaskrár urðu 7.300 þús.kr. umfram heimildir og skýrist eingöngu af því að sértekjur stofnunarinnar, sem samkvæmt fjárlögum eru færðar henni til tekna, eru í ríkisbókhaldi færðar upp sem tekjur ríkissjóðs.

14 Umhverfisráðuneyti

Greiðslur aðalskrifstofu umhverfisráðuneytisins urðu 4.588 þús.kr. umfram heimildir. Ráðuneytið hóf starfsemi sína á árinu og hefur kostnaður við stofnun þess og rekstur reynst meiri en áætlað var, einkum kaup á búnaði og aðkeypt sérfræðiráðgjöf.

Lánahreyfingar ríkissjóðs

Í fjárlögum 1990 var ráðgert að mæta áætluðum greiðsluhalla ríkissjóðs, að fjárhæð um 4,5 milljarðar króna, með innstreymi á hreyfingum veittra lána ríkissjóðs að fjárhæð um 0,4 milljörðum króna og með nýrri lántöku ríkissjóðs að fjárhæð um 4,1 milljarði króna. Reyndin varð hins vegar sú að útstreymi varð á hreyfingum veittra lána og viðskiptareikninga sem nam 2,7 milljörðum króna og hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1990 nam alls 7,2 milljörðum króna eða sem svarar til um 2,1% af vergri landsframleiðslu. Árið 1989 var þetta hlutfall 2,6% og 3,3% árið 1988. Lánsfjárþörf ríkissjóðs hefur því farið lækkandi á undanförnum árum, þrátt fyrir nokkur frávik frá upphaflegum fjárlögum 1990.

Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöðutölur ríkisfjármála á árinu 1990 samanborið við fjárlög 1990 og útkomu ársins 1989:

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög [1] 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.
Rekstrarafkoma	**-6.055**	**-4.533**	**-4.446**
Veitt lán, nettó	-722	1.130	-522
Eignfærð framlög	70	-160	-123
Viðskiptareikningar	-889	-560	-2.079
Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-7.596**	**-4.123**	**-7.170**
Afborganir af teknum lánum	-11.897	-7.700	-6.189
Verg lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-19.493**	**-11.823**	**-13.359**
Tekin ný lán	17.367	11.845	14.073
Greiðsluafkoma	**-2.126**	**22**	**714**

[1] Þ.e. fjárlög 1990 að viðbættum breytingum skv. fjáraukalögum nr. 72/1990.

Í skýrslu um ríkisfjármál árið 1990 er gerð ítarleg grein fyrir hreyfingum á lánareikningum A-hluta ríkissjóðs og vísast til þeirrar umfjöllunar. Hér verður þó gerð grein fyrir þremur lykilatriðum, þ.e. stöðu viðskiptareikninga, lánsfjáröflun 1990 og stöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands.

Viðskiptareikningar, nettó. Útgreiðslur umfram inngreiðslur af viðskiptareikningi voru áætlaðar 560 m.kr. í fjárlögum. Í reynd urðu útgreiðslur 2.079 m.kr. Mismunurinn skýrist að stærstum hluta af veittum gjaldfresti á virðisaukaskatti vegna greiðslu á tolli af innflutningi. Þessi gjaldfrestur, sem nemur 1.082 m.kr., kemur í fyrsta skipti til bókunar nú, en lög um virðisaukaskatt tóku gildi í ársbyrjun 1990.

Í lok árs 1989 var lokið uppgjöri ríkissjóðs vegna sölu á Útvegsbanka Íslands hf., samtals að fjárhæð 1.140 m.kr. Ekki tókst að ganga frá lánsskjölum á því ári og var fjárhæð þessi færð til skuldar á skammtímahreyfingum. Samkomulag varð um það við Íslandsbanka hf. í byrjun árs 1990 að bankinn tæki við spariskírteinum að fjárhæð 928 m.kr. og ríkisvíxlum að fjárhæð 212 m.kr. til greiðslu á skuldinni. Eins og aðrar skuldbreytingar eru þessi viðskipti ekki sýnd í niðurstöðutölum greiðsluuppgjörs.

Lánsfjáröflun ríkissjóðs. Á árinu 1990 var aukin áhersla lögð á að afla ríkissjóði lánsfjár innan lands. Árangurinn varð sá að yfirdráttur í Seðlabanka innan ársins var með minnsta móti. Ástæða þessa var óvenju góð lausafjárstaða bankanna vegna minni eftirspurnar atvinnufyrirtækja eftir lánsfé og aukinn peningalegur sparnaður. Eftirspurn atvinnufyrirtækja eftir lánsfé á síðustu mánuðum ársins varð til þess að sala ríkisvíxla dróst þá saman. Því var ákveðið að sækja á erlendan lánamarkað til að greiða viðskiptaskuld ríkissjóðs við Seðlabankann frá árinu 1989, afborganir af erlendum lánum í Seðlabankanum, auk þess sem heimildir lánsfjárlaga til að taka lán og endurlána voru nýttar í stað þess að veita ríkisábyrgðir. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs var í upphafi árs áætluð 11,8 milljarðar króna en reyndist í árslok vera 14,1 milljarður króna. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun á lánsfjáröflun ríkissjóðs 1990 borið saman við útkomu ársins 1989:

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.
Sala spariskírteina ríkissjóðs	5.059	7.475	7.484
Sala ríkisbréfa	-	-	77
Sala ríkisvíxla	5.167	-	1.963
Seðlabanki Íslands	318	-	9
Önnur innlend lán	160	-	3.996
- þ.a. skuldbreyting	-	-	-3.422
Erlend lán	6.663	4.370	3.966
Tekin lán, alls	**17.049**	**11.845**	**14.073**

Staðan gagnvart Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands er viðskiptabanki ríkissjóðs. Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að taka skammtímalán í Seðlabankanum til að fjármagna sveiflur í tekjum og gjöldum ríkissjóðs innan ársins. Skuld ríkissjóðs sem reynast kann að vera á viðskiptareikningum í lok árs, ber að gera upp innan þriggja mánaða frá lokum viðkomandi fjárhagsárs.

Greiðslugrunnur	Útkoma 1989 m.kr.	Fjárlög 1990 m.kr.	Útkoma 1990 m.kr.
Greiðsluafkoma	**-2.126**	**22**	**714**
Afborganir af lánum í Seðlabanka	866	1.000	3.065
Uppgjör skammtímaskulda í Seðlabanka	5.000	2.000	1.903
Lántaka í Seðlabanka	-318	-	-9
Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu	**3.422**	**3.022**	**5.673**
Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka	-225	-	-66
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	**3.197**	**3.022**	**5.607**

Greiðsluhreyfing ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands var jákvæð um 5,6 milljarða króna á árinu 1990. Þar af varð 2,5 milljarða króna bati á skammtímareikningum A-hlutans og var staðan á þeim reikningum jákvæð í árslok um 0,3 milljarða króna í fyrsta sinn um langan tíma. Að auki voru greidd upp skuldabréf ríkissjóðs í Seðlabanka að fjárhæð um 3,1 milljarða króna. Með heimild í lögum nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, yfirtók ríkissjóður skuldir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í Seðlabanka með útgáfu skuldabréfs dags. 1. nóvember 1990, að upphæð 18,5 milljónir SDR sem jafngildir 1.458 m.kr. Þessari skuldayfirtöku fylgdu engar greiðsluhreyfingar og er henni því haldið utan við greiðsluyfirlit ríkissjóðs. Hins vegar kemur þessi tilfærsla fram í rekstraruppgjöri ríkissjóðs.

B-hluti

Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjárstreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1990 kemur í ljós að tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða urðu um 87 m.kr. lægri en fjárlög að viðbættum lögum nr. 72/1990 og lögum nr. 105/1990 gerðu ráð fyrir. Þá urðu skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð um 38 m.kr. undir áætlunum. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum, lögum nr. 72/1990, lögum nr. 105/1990 og greiðsluuppgjöri 1990.

Yfirlit yfir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1990

Greiðslugrunnur	(1) Fjárlög 1990 m.kr.	(2) Lög nr. 72 og 105/1990 m.kr.	(3) Útkoma 1990 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tilfærslur úr A-hluta til B-hluta fyrirtækja og sjóða	5 929	- 64	5 778	87
Skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð	7 176	-241	6 898	-38

Sex fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Frávik á greiðsluskilum þeirra til A-hluta frá áætlun koma fram í eftirfarandi yfirliti:

Yfirlit yfir greiðslur B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð 1990

Greiðslugrunnur	(1) Fjárlög 1990 þús. kr.	(2) Lög nr. 72 105/1990 þús. kr.	(3) Útkoma 1990 þús. kr.	Mismunur þús. kr.
23 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	394 000	-10 000	370 000	-14 000
23 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	53 600	-	47 000	-6 600
23 121 Sala varnarliðseigna	35 000	-1 000	17 000	-17 000
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	6 150 000	-230 000	5 920 000	-
29 102 Lyfjaverslun ríkisins	43 700	-	43 700	-
30 101 Póst- og símamálastofnunin	500 000	-	500 000	-
Samtals	**7 176 300**	**-241 000**	**6 897 700**	**-37 600**

Frávik milli fjárlaga, laga nr. 72/1990, laga nr. 105/1990 og endanlegs uppgjörs hvað varðar tilfærslur frá A-hluta ríkissjóðs til einstakra stofnana í B-hluta urðu sem hér segir:

Yfirlit yfir tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 1990

Greiðslugrunnur	(1) Fjárlög 1990 þús. kr.	(2) Lög nr. 72 og 105/1990 þús. kr.	(3) Útkoma 1990 þús. kr.	(1+2-3) Mismunur þús. kr.
Forsætisráðuneyti				
21 172 Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina	350 000	-7 000	343 000	-
Samtals ráðuneyti	**350 000**	**-7 000**	**343 000**	**-**
Menntamálaráðuneyti				
22 233 Rannsóknasjóður	95 000	-11 700	83 200	100
22 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	44 800	-876	42 994	-70
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 215 000	-44 300	2 173 921	-3 221
22 973 Þjóðleikhúsið	200 000	-4 000	204 239	-8 239
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	82 300	-1 646	82 294	-1 640
22 975 Vísindasjóður	12 000	-240	12 000	-240
22 976 Menningarsjóður	8 500	5 330	14 295	-465
22 978 Endurbótasjóður menningarstofnana	42 000	278 160	320 160	-
Samtals ráðuneyti	**2 698 600**	**221 728**	**2 933 103**	**-12 775**
Landbúnaðarráðuneyti				
24 171 Jarðeignir ríkisins	18 700	14 626	32 182	1 144
24 172 Jarðasjóður	15 000	-300	14 587	113
24 221 Áburðarverksmiðja ríkisins	-	30 000	30 000	-
24 246 Laxeldisstöðin Kollafirði	8 320	7 834	19 271	-3 117
24 272 Einangrunarstöð holdanauta, Hrísey	3 960	3 421	7 469	-88
Samtals ráðuneyti	**45 980**	**55 581**	**103 509**	**-1 948**
Dómsmálaráðuneyti				
26 371 Kirkjubyggingasjóður	5 550	-111	5 430	9
26 373 Kristnisjóður	15 780	-316	15 463	1
Samtals ráðuneyti	**21 330**	**-427**	**20 893**	**10**
Félagsmálaráðuneyti				
27 271 Byggingarsjóður ríkisins	145 000	-101 000	44 000	-
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	500 000	-10 000	490 000	-
27 972 Bjargráðasjóður	-	11 000	11 000	-
Samtals ráðuneyti	**645 000**	**-100 000**	**545 000**	**-**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
28 273 Atvinnuleysistryggingasjóður	1 252 000	-221 040	1 031 000	-40
28 378 Læknishéraðasjóður	2 500	-50	2 053	397
28 610 Gæsluvistarsjóður	8 000	-160	7 005	835
Samtals ráðuneyti	**1 262 500**	**-221 250**	**1 040 058**	**1 192**
Fjármálaráðuneyti				
29 971 Ríkisábyrgðasjóður	250 000	-5 000	225 575	19 425
Samtals ráðuneyti	**250 000**	**-5 000**	**225 575**	**19 425**
Samgönguráðuneyti				
30 101 Póst- og símamálastofnunin	183 000	-3 660	179 340	-
30 321 Skipaútgerð ríkisins	178 000	1 538	179 538	-
30 332 Hafnabótasjóður	47 500	21 050	68 550	-
Samtals ráðuneyti	**408 500**	**18 928**	**427 428**	**-**
Iðnaðarráðuneyti				
31 371 Orkusjóður	246 660	-26 093	139 014	81 553
Samtals ráðuneyti	**246 660**	**-26 093**	**139 014**	**81 553**
Tilfærslur til B-hluta alls	**5 928 570**	**- 63 533**	**5 777 580**	**87 457**

Eins og sést á yfirlitinu urðu frávik frá fjárheimildum stærst hjá Orkusjóði, en greiðslur til sjóðsins voru um 82 m.kr. innan fjárheimilda. Þá voru greiðslur til Ríkisábyrgðasjóðs um 19 m.kr. undir heimildum. Önnur frávik eru minni.

82. Frumvarp til laga [80. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1989 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1989
A-HLUTI

Tekjur:	Reikningur 1989
Beinir skattar	12.587.531
Óbeinir skattar	62.481.056
Aðrar tekjur	309.882
Tekjur án fjármunatekna	**75.378.469**
Fjármunatekjur	**7.678.535**[1]
Tekjur alls	**83.057.004**

[1]) Breytt reikningsskilaaðferð leiðir til færslu viðbótarútgjalda á neðangreindar tegundir:

Fjármunatekjur	1.152 þús. kr.
Fjármagnsgjöld	1.427 þús. kr.
Tilfærslur	53.546 þús. kr.
Ýmis rekstrargjöld	1.184 þús. kr.

Gjöld:	Reikningur 1989
Launagjöld	22.705.834
Ýmis rekstrargjöld	15.608.036
Eignakaup	1.557.686[1]
Tilfærslur og ósundurliðað rekstrarfé	99.204.452[1]
Rekstrargjöld, ósundurliðuð í fjáraukalögum	-
-Sértekjur stofnunar	-7.683.912
Gjöld án fjármagnskostnaðar	**131.392.096**
Fjármagnskostnaður	**16.115.924**[1]
Gjöld alls	**147.508.020**
Tekjur umfram gjöld	**-64.451.016**

Sundurliðun gjalda á ráðuneyti:	Reikningur 1989
00 Æðsta stjórn ríkisins	828.953
01 Forsætisráðuneyti	897.115
02 Menntamálaráðuneyti	15.598.212
03 Utanríkisráðuneyti	1.011.515
04 Landbúnaðarráðuneyti	4.869.516
05 Sjávarútvegsráðuneyti	2.358.082
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3.965.910
07 Félagsmálaráðuneyti	3.052.175
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	32.310.964
09 Fjármálaráðuneyti	47.557.459
10 Samgönguráðuneyti	7.376.644
11 Iðnaðarráðuneyti	4.958.353
12 Viðskiptaráðuneyti	6.897.910
13 Hagstofa Íslands	95.802
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	15.729.411
Gjöld alls	**147.508.020**

[1]) Breytt reikningsskilaaðferð leiðir til færslu viðbótarútgjalda á neðangreindar tegundir:

Fjármunatekjur	1.152 þús. kr.
Fjármagnsgjöld	1.427 þús. kr.
Tilfærslur	53.546 þús. kr.
Ýmis rekstrargjöld	1.184 þús. kr.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1989
A-HLUTI

EIGNIR		Reikningur 1989
VELTUFJÁRMUNIR		
Sjóður		**148.498**
Ríkisféhirðir		54.060
Aðrir ríkisaðilar, innlend mynt		94.438
Bankainnstæður	**2.014.872**	
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar		1.511.531
Innlendar innlánsstofnanir		55.612
Erlendar innlánsstofnanir		447.729
Skammtímakröfur		
Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé		**20.098.140**
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður		18.190.896
Markaðar ríkistekjur		1.674.932
Innheimtufé fyrir aðra		164.785
Fyrirframgreiddar geymdar markaðar tekjur		67.527
Skammtímakröfur, aðrar		**5.723.230**
Fyrirframgreidd gjöld		211.851
Áfallnar, ógreiddar vaxtatekjur		1.152.035
Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán		3.870.434
Veitt stutt lán		488.910
	Samtals	**25.821.370**
Vöru- og efnisbirgðir		**121.474**
	Veltufjármunir samtals	**28.106.214**

	Reikningur 1989
LANGTÍMAKRÖFUR OG ÁHÆTTUFJÁRMUNIR	
Langtímakröfur	
Veitt löng lán, innlend ógengisbundin	**15.842.446**
Stofnanir í A-hluta	33.318
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	8.610.286
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.860.363
Lánastofnanir	257.458
Sveitarfélög	279.147
Aðrir	2.801.874
Veitt löng lán, innlend gengisbundin	**18.058.577**
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	8.670.303
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	4.120.896
Sveitarfélög	3.152.834
Lánastofnanir	751.688
Aðrir	1.362.856
Veitt löng lán, til erlendra aðila	**43.485**
Erlendir aðilar	43.485
Langtímakröfur samtals	**33.944.508**
Áhættufjármunir	
Hlutabréf og stofnfjárframlög	**2.595.126**
Innlend	1.487.732
Erlend	1.107.394
Áhættufjármunir samtals	**2.595.126**
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**36.539.634**
EIGNIR ALLS	**64.645.848**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1989
A-HLUTI

SKULDIR	Reikningur 1989
SKAMMTÍMASKULDIR	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	**3.313.092**
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningar	2.779.480
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	533.543
Innlánsstofnanir	69
Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimtufé	**321.425**
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	158.564
Innheimtufé fyrir aðra	162.861
Geymdar markaðar ríkistekjur og innheimtufé	**100.313**
Markaðar ríkistekjur	33.953
Innheimtufé fyrir aðra	66.360
Ríkisvíxlar	**5.892.027**
Skammtímaskuldir, aðrar	**10.848.469**
Ógreidd gjöld	1.071.807
Ógreidd gjöld, sérstakar skuldbindingar	5.275.785
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir	3.774.122
Tekin stutt lán, innlend önnur	726.755
Skammtímaskuldir samtals	**20.475.326**
LANGTÍMASKULDIR	
Tekin löng lán, innlend ógengisbundin	**31.112.441**
Stofnanir í A-hluta	23.398
Seðlabanki Íslands	3.220.834
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	39.367
Innlánsstofnanir	2.605.182
Lánastofnanir, innlendar	2.689.581
Sveitarfélög	105.047
Aðrir	22.429.032

	Reikningur 1989
Tekin löng lán, innlend gengisbundin	**939.331**
Seðlabanki Íslands	7
Innlánsstofnanir	9.747
Lánastofnanir	748.531
Aðrir	181.046
Tekin löng lán, erlend	**58.511.893**
Ýmsar langtímaskuldbindingar	**51.516.771**
Langtímaskuldir samtals	**142.080.436**
SKULDIR ALLS	**162.555.762**
Höfuðstóll	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-22.702.039
Endurmat veltufjármunir/skammtímaskuldir	260.046
Endurmat langtímakröfur/langtímaskuldir	-11.016.904
Tekjur umfram gjöld 1989	-64.451.017
Höfuðstóll í árslok samtals	**-97.909.914**
SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS	**64.645.848**

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1989 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1989
B-HLUTI

	Reikningur 1989
Rekstrartekjur:	
Seldar vörur og þjónusta	28.413.656
Seldir happdrættismiðar	1.417.843
Aðrar rekstrartekjur	144.984
Rekstrartekjur alls	**29.976.483**
Rekstrargjöld:	
Hráefni og vörur til endursölu	7.604.701
Laun og launatengd gjöld	6.535.050
Happdrættisvinningar	921.430
Önnur rekstrargjöld	7.526.139
Afskriftir	2.714.026
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag	-631.605
Rekstrargjöld alls	**24.669.741**
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	**5.306.742**
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:	
Vaxtatekjur	7.836.769
Vaxtagjöld	-6.648.832
Arður af hlutabréfum	469
Endurmat, tekjufært	15.600.922
Endurmat, gjaldfært	-11.627.656
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga	975.301
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-7.751.825
Fjármunatekjur og -gjöld alls	**-1.614.852**
Hagnaður af reglulegri starfsemi	**3.691.890**
Óreglulegar tekjur	**304.316**
Óregluleg gjöld	**-1.724.010**
Framlög og tilfærslur	**4.581.122**
Hagnaður til ráðstöfunar	**6.853.318**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1989
B-HLUTI

EIGNIR	Reikningur 1989
VELTUFJÁRMUNIR	
Sjóður og bankainnstæður	
Sjóður	103.282
Banki	3.661.290
Samtals	**3.764.572**
Skammtímakröfur	
Fyrirframgreiddur kostnaður	115.756
Viðskiptareikningar	12.320.277
Veitt stutt lán	8.942.116
Samtals	**21.378.149**
Vöru- og efnisbirgðir	2.128.293
Veltufjármunir samtals	**27.271.014**
FASTAFJÁRMUNIR	
Áhættufjármunir og langtímakröfur	
Langtímakröfur/veitt löng lán	90.783.124
Hlutafé og stofnfjárframlög	312.927
Samtals	**91.096.051**
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Vélar, tæki og áhöld	9.774.497
Fasteignir	18.197.487
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir	7.590.870
Aðrar eignir	109.691
Samtals	**35.672.545**
Fastafjármunir samtals	**126.768.596**
EIGNIR ALLS	**154.039.610**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1989
B-HLUTI

SKULDIR	Reikningur 1989
SKAMMTÍMASKULDIR	
Bankareikningar, hlaupareikningaskuldir	**233.698**
Aðrar skammtímaskuldir	**12.556.303**
Ógreidd gjöld	1.748.845
Viðskiptareikningar	9.305.115
Tryggingastofnun ríkisins, viðskiptareikningar innbyrðis	256.114
Tekin stutt lán	1.246.229
Skammtímaskuldir samtals	**12.790.001**
LANGTÍMASKULDIR	
Langtímaskuldir / tekin löng lán samtals	**67.964.371**
SKULDIR SAMTALS	**80.754.372**
EIGIÐ FÉ	
Ýmsir eiginfjárreikningar	**312.221**
Endurmatsreikningar	**39.026.297**
Höfuðstóll	**33.946.720**
Eigið fé alls	**73.285.238**
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	**154.039.610**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1989 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta sameinaðs þings í september 1991.

Ríkisreikningur fyrir árið 1989 er í fyrsta sinn gerður upp samkvæmt breyttum reikningsskilareglum sem fjármálaráðherra hefur ákveðið að fengnum tillögum ríkisreikningsnefndar. Í uppgjörum ríkisreiknings allmörg undanfarin ár hafa ýmsar skuldbindingar ríkissjóðs ekki verið færðar til bókar fyrr en þær koma til greiðslu og eru því aðeins að hluta sýndar í reikningi. Í ríkisreikningi fyrir árið 1989 eru nú færðar uppsafnaðar skuldbindingar fyrri ára. Er þar um verulegar fjárhæðir að ræða og því ekki hægt að draga af tölunum ályktanir um skuldbindingar árið 1989 sérstaklega. Á þetta einkum við um vexti ríkissjóðs, lífeyrisskuldbindingar og ýmsar sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga eða annarra samtaka þar sem lög kveða á um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs. Í síðastnefnda tilvikinu er framkvæmd verkefnis oft undir stjórn annarra en ríkisins. Sá aðili getur því ráðið framkvæmdahraða verksins og um leið skuldbundið ríkissjóð sjálfkrafa. Takmörkun ríkissjóðs hefur falist í veitingu fjár til verkefnisins samkvæmt fjárlögum og til þessa hefur í rekstraruppgjöri ríkissjóðs einungis verið færð til gjalda greiðsla ríkissjóðs á hverju ári.

Ríkisreikningsnefnd leggur til að stefna beri að því að sýna allar skuldbindingar sem á ríkissjóði hvíla eins og þær eru best þekktar á hverjum tíma. Það er því mikilvægt þegar í upphafi að marka skýrar reglur um það með hvaða hætti kröfur teljast skuldbindandi og þar með bókunarhæfar fyrir ríkissjóð. Er hér á eftir fjallað um helstu útgjaldasvið þar sem gerðar voru á breytingar.

Lífeyrisskuldbindingar. Af einstökum þáttum ófærðra skuldbindinga vega þyngst ábyrgðir ríkissjóðs vegna lífeyrisskuldbindinga þeirra lífeyrissjóða sem ríkissjóður ber ábyrgð á, en þeir eru Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóðir alþingismanna og ráðherra, Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbankans og lífeyrisréttindi bankastjóra Útvegsbankans. Gerðar voru tryggingafræðilegar úttektir á stöðu þessara sjóða og eru áunnar skuldbindingar færðar í uppgjöri ríkisreiknings 1989.

Skuldbindingar við sveitarfélög vegna framkvæmda og rekstrar. Allar skuldbindingar ríkissjóðs í tengslum við sameiginlegar framkvæmdir með sveitarfélögum verða hér eftir færðar í ríkisreikningi. Í þessu felst að uppgjör þarf að liggja fyrir við sveitarfélögin á stöðu framkvæmda við hver áramót. Einstök ráðuneyti fara með slíkt uppgjör á eigin málaflokkum við sveitarfélögin og bera ábyrgð á kröfum sveitarfélaga á hendur ríkissjóði.

Gerðar eru nauðsynlegar færslur í reikningnum 1989 til að draga fram skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart sveitarfélögum og er þar um að ræða skuldbindingar vegna framkvæmda sem stofnað hefur verið til á liðnum árum. Í lögum nr. 87/1989, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er kveðið á um að uppgjör á fjárhagsstöðu framkvæmda ríkis og sveitarfélaga eigi að liggja fyrir í árslok 1989. Helstu málaflokkar, sem hér koma til uppgjörs, voru skólabyggingar og fleiri framkvæmdir menntamálaráðuneytisins, hafnarmannvirki og þéttbýlisvegagerð. Þá liggja fyrir skuldbindingar í heilbrigðisgeiranum bæði hvað snertir rekstur sjúkrastofnana og byggingarkostnað.

Vextir. Vextir hafa til þessa verið færðir í ríkisreikningi þegar þeir eru greiddir og eru um leið sambland af nafnvöxtum af óverðtryggðum lánum, raunvöxtum af verðtryggðum lánum, svo og vöxtum af lánum í erlendri mynt. Samdóma álit er að í ríkisreikningi beri að færa áfallna vexti ársins. Álitamál er hvaða vexti skal gjaldfæra. Þar kem-

ur tvennt til. Annars vegar að miða við beinan útreikning á áföllnum vöxtum samkvæmt ákvæðum lánssamnings, hins vegar að finna út raunvexti og gjaldfæra þá. Í því samhengi var einnig óútkljáð hvaða verðmæli á að beita við umreikning til raunvaxta. Tillaga nefndarinnar var að í ríkisreikningi 1989 voru færðir áfallnir en ógjaldfallnir vextir í árslok. Ákvörðun um að færa raunvexti til gjalda var frestað og verður það mál skoðað sérstaklega á næstunni með það að markmiði að ákvörðun liggi fyrir við uppgjör ríkisreiknings 1990.

Ríkisábyrgðir. Nefndin lagði til að í ríkisreikning komi ábyrgðir til bókunar þegar Ríkisábyrgðasjóður hefur leyst þær til sín. Í uppgjöri síðustu ára hafa ekki farið fram hrein uppgjör milli Endurlána ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóðs, þannig að hjá Endurlánum hafa myndast vanskil lána sem eftir er að færa til gjalda hjá Ríkisábyrgðasjóði. Til álita kemur að ganga lengra og færa til gjalda í A-hluta samsvarandi fjárhæð og Ríkisábyrgðasjóður afskrifar í sínum reikningi vegna affalla. Ákveðið var að bíða með frekari breytingar þar til fyrir liggur skilgreining vinnuhóps um flokkun ríkisaðila og skilgreiningu í málaflokka.

Hér að framan hafa verið skýrðar helstu breytingar sem gerðar eru á reikningsskilareglum ríkisreikningsins 1989 miðað við fyrri ár. Fyrir notendur reikningsins er mikilvægt að áhrif þeirra séu skýrt dregin fram þar sem breytingin veldur óhjákvæmilega því að talnasamhengi milli ára rofnar.

Ríkisreikningurinn verður ekki samanburðarhæfur milli ára fyrir og eftir breytinguna á þeim liðum sem hér hafa verið upp taldir. Skýrist það af því að til þessa hafa einungis verið færðar greiðslur til þessara verkefna í ríkisreikningnum en hér eftir verða á hverju ári færðar áfallnar skuldbindingar. Lögð var áhersla á það við framsetningu yfirlita ríkisreiknings 1989 að draga sérstaklega fram þær viðbætur sem felast í uppfærslu skuldbindinga margra ára þannig að að þeim frátöldum sé reikningurinn samanburðarhæfur við fyrri ár. Ríkisreikningur fyrir árið 1990 verður hins vegar fyrsta uppgjör ríkisreiknings sem að fullu er fært upp á rekstrargrunn og því ekki samanburðarhæfur við fyrri ár.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir 1992 er gerð grein fyrir tillögum um breytingu á framsetningu fjárlaga. Fjárlagafrumvarp fyrir 1993 verður sett fram í fullu samræmi við þessar breytingar. Jafnframt er unnið að tillögum um skiptingu útgjalda ríkisins í málaflokka og endurbótum á framsetningu tekna.

Varðandi frekari greinargerð með frumvarpinu vísast til endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings um ríkisreikning 1989 og skýrslu fjármálaráðherra um framkvæmd fjárlaga 1989.

83. Fyrirspurn [81. mál]

til iðnaðarráðherra um rannsókn á möguleikum til virkjunar Skaftár og Hverfisfljóts.

Frá Jóni Helgasyni.

Hvað hefur verið unnið að rannsóknum og kortagerð á vatnasvæði Skaftár og Hverfisfljóts síðan 1977 þegar Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að sem fyrst yrðu rannsakaðir möguleikar til virkjunar á vatnasvæði Skaftár og Hverfisfljóts?

84. Fyrirspurn [82. mál]

til sjávarútvegsráðherra um heimild handa erlendum skipum til að sækja þjónustu og landa afla í íslenskum höfnum.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Stendur til að gera breytingar á lögum nr. 33/1922 til að heimila erlendum skipum að sækja þjónustu og landa afla í íslenskum höfnum?

85. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um þorskeldi.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðuneytinu og Hafrannsóknastofnun að láta hefja tilraunir með seiðaeldi í stórum stíl til eflingar þorskstofninum við Ísland.

Greinargerð.

Á þeim tímum þegar þjóðin verður fyrir miklum tekjusamdrætti af völdum minnkandi þorskveiði hlýtur að vera tímabært að verulegu fé sé varið til að reyna að styrkja þorskstofninn við strendur Íslands.

Í Noregi og Danmörku eru rannsóknir á þorskeldi í fullum gangi og tækni og þekkingu á þessu sviði fleygir fram. Til að hjálpa náttúrunni svo um munar við ræktun fiskstofna þarf vissulega að framleiða gífurlegt magn seiða. Reiknað er með að í hverjum þorskárgangi kunni að jafnaði að vera 200 milljónir fiska sem vaxa upp af 1.000 milljónum seiða, en til samanburðar má geta þess að nú mun vera sleppt árlega um 10 milljónum laxaseiða til hafbeitar. Til að ná árangri þarf því seiðaeldi í mjög stórum stíl sem þó gæti margborgað sig ef vel tækist til.

Sjálfsagt er að sjávarútvegsráðuneytið og Hafrannsóknastofnun eigi samstarf um þetta mikilvæga rannsóknarverkefni við ýmsa aðila og stofnanir og má þar sérstaklega nefna Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og fyrirtæki eins og Fiskeldi Eyjafjarðar. Eins liggur beint við að rannsóknirnar beinist einnig að öðrum botnfisktegundum eftir því sem málin þróast þótt hér sé aðeins nefnd sú fisktegund sem okkur er verðmætust.

Rétt er geta þess að fyrir nokkrum árum var ekki talið tímabært fyrir Íslendinga að hefja tilraunir með seiðaeldi á þorski og var það upplýst í kjölfar ráðstefnu í Noregi sem haldin var um þessi mál í júní 1983. Þessar upplýsingar komu fram í greinargerð með þingsályktunartillögu um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra sem flutningsmaður þessarar tillögu flutti ásamt fleiri þingmönnum árið 1983 en fyrsti flutningsmaður tillögunnar var Hjörleifur Guttormsson. Í þessari tillögu veturinn 1983 var lögð áhersla á að gagna yrði aflað um rannsóknir og reynslu hérlendis og erlendis. Í þingsályktun, sem Hjörleifur Guttormsson o.fl. höfðu frumkvæði að 1988 og samþykkt var á Alþingi það ár, var áhersla lögð á eldi sjávarlífvera. Ljóst er af þeim fréttum, sem berast af rannsóknum í Noregi og Danmörku, að nú er fyllilega tímabært að hefja þessar rannsóknir hér á landi og því er þessi tillaga flutt.

Með tillögu þessari er að því stefnt að Alþingi lýsi vilja sínum til þess að Hafrannsóknastofnun fái þá aðstöðu sem til þarf til að koma rannsóknum á þorskeldi í fullan gang sem fyrst.

86. Svar [65. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um starfsmannahald ríkisins og sérfræðiþjónustu vegna EES-samninganna.

1. Hvað er áætlað að EES-samningarnir kalli á mörg ný stöðugildi hjá íslenska ríkinu?

Samningaferillinn hefur tekið á þriðja ár og hátt í hundrað embættismenn í Stjórnarráðinu og undirstofnunum þess hafa tekið fyrir og athugað einstök sérsvið þeirra. Álagið vegna samningaviðræðnanna hefur verið sambærilegt við og í sumum tilfellum meira en það sem fylgir framkvæmd samninganna. Einstök ráðuneyti og stofnanir munu meta það á næstunni hvort þau þurfi aukinn mannafla þegar samningarnir ganga í gildi árið 1993. Að því er varðar utanríkisþjónustuna er ljóst að bæta þarf við stöðugildum við sendiráðið í Brussel, fastanefnd í Genf og viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Reynt verður að fara hægt í sakirnar í fyrstu og athuga vel hvað hægt verður að komast af með og samráð verður haft við önnur ráðuneyti um útsenda starfsmenn þeirra til sendiráðsins í Brussel. Nú þegar starfar fiskimálafulltrúi við sendiráðið þar á vegum sjávarútvegsráðuneytisins.

2. Hvaða sérfræðiþjónustu þarf að koma á fót hér á landi í tengslum við EES-samningana?

Sérfræðiþjónusta verður fyrst og fremst innan ráðuneyta og stofnana stjórnsýslunnar. Sérstök þýðingastofnun hefur starfað vegna samninganna og hefur gefið góða raun. Æskilegt er að sú stofnun fái fastan starfsgrundvöll, annaðhvort sem sjálfseignarstofnun eða á vegum Stjórnarráðsins. Slík stofnun gæti einnig þjónað stjórnsýslunni við þýðingar vegna annarra alþjóðlegra samskipta. Föst stöðugildi gætu verið 10–12 en þær stofnanir, sem til hennar leituðu, mundu væntanlega greiða fyrir þjónustuna.

3. Hvaða þjónustu ætlar ríkið að veita atvinnulífinu og aðilum vinnumarkaðarins vegna EES-samninganna?

Haft hefur verið reglulegt samráð við aðila atvinnulífs og vinnumarkaðar á meðan á samningaviðræðum stóð. Samtök atvinnulífsins eru einnig aðilar að ráðgjafarnefnd EFTA og funda þar með samtökum atvinnulífs í öðrum EFTA-löndum og með efnahags- og félagsmálanefnd EB. Önnur EFTA-lönd hafa um langt skeið styrkt samtök atvinnulífs til þátttöku í slíku samstarfi en styrkir íslenskra stjórnvalda hafa verið stopulir til þessa. Æskilegt væri að geta tryggt fulla þátttöku samtaka íslensks atvinnulífs og munu verða lagðar fram tillögur í þá veru fyrir ríkisstjórnina.

4. Hvað er áætlað að sú þjónusta, sem ríkið þarf að veita vegna EES-samninganna, muni kosta?

Embættismönnum verður væntanlega falið að undirbúa gerð kynningarbæklinga um EES almennt og einstaka efnisþætti samningsins. Enn liggur ekki fyrir hversu miklu fé

verður hægt að verja til kynningarstarfsemi en tillögur verða lagðar fyrir ríkisstjórnina um það innan skamms. Enn hefur ekki verið ákveðið hvort eða hversu háa styrki hægt verður að veita samtökum atvinnulífsins en tillaga um fjárveitingar í því skyni mun einnig verða lögð fyrir ríkisstjórnina.

5. Hvernig verður staðið að útgáfu á þeim lögum og reglugerðum sem Íslendingar þurfa að laga sig að vegna samninganna um EES?

Samningurinn verður gefinn út í Stjórnartíðindum eftir samþykkt ásamt fylgiskjölum.

6. Mun sá kostnaður, sem fylgir EES-samningunum, hafa í för með sér niðurskurð á fjárlögum í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að halda ríkisútgjöldum í skefjum?

Sá kostnaður, sem fyrirsjáanlegur er, rúmast innan ramma fjárlaga og breytir engu um þá stefnu ríkisstjórnarinnar að halda ríkisútgjöldum í skefjum.

87. Fyrirspurn [84. mál]

til samgönguráðherra um afnot Ríkisútvarpsins af ljósleiðara.

Frá Ragnari Arnalds.

Hvað mundi það kosta Póst og síma ef Ríkisútvarpið fengi afnot af ljósleiðarakerfinu eins og það er á hverjum tíma en greiddi sjálft fjárfestingar sem nauðsynlegar eru í því skyni?

Hvað kostar það Póst og síma að senda eftir ljósleiðara sjónvarpsútsendingar fyrir Ríkisútvarpið frá Blönduósi til Hvítabjarnarhóls í Vestur-Húnavatnssýslu, svo að dæmi sé tekið?

Hvaða gjald mundi Póstur og sími taka fyrir afnot af ljósleiðaranum á fyrrnefndri leið samkvæmt núgildandi gjaldskrá?

Hver eru áform ríkissjónvarpsins um notkun ljósleiðara í þágu sjónvarps og útvarps?

88. Fyrirspurn [85. mál]

til menntamálaráðherra um móttökuskilyrði hljóðvarps og sjónvarps á Vopnafirði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað veldur slæmum móttökuskilyrðum hljóðvarps og sjónvarps á Vopnafirði og hvaða áform eru um úrbætur?

89. Fyrirspurn [86. mál]

til forsætisráðherra um aðgerðir sem bætt geta atvinnuástand á Suðurnesjum.

Frá Árna R. Árnasyni.

Hverra aðgerða er að vænta sem bætt geta atvinnuástand á Suðurnesjum í bráð og til langframa?

90. Fyrirspurn [87. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá Árna R. Árnasyni.

Hvað líður undirbúningi að því að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins verði lagður niður, innborgað fé greitt þeim fyrirtækjum sem það greiddu, en fiskvinnslufyrirtækjum heimilað að stofna eigin sjóði eða viðhafa aðrar aðgerðir til að mæta verðsveiflum?

91. Frumvarp til laga [88. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andreasen, Olga, húsmóðir í Gnúpverjahreppi, f. 19. mars 1956 í Stykkishólmi.
2. D'Arcy, Julian Meldon, dósent í Reykjavík, f. 9. mars 1949 í Bretlandi.
3. Cashman, Mary Michelle, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. apríl 1961 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
4. Dunn, Charlotta Maria Madelaire, bókari á Blönduósi, f. 10. ágúst 1960 í Danmörku.
5. Groeneweg, Adriaan Dick, verslunarstjóri í Hveragerði, f. 16. mars 1944 í Hollandi.
6. Groiss, Helmut, vefmeistari á Akureyri, f. 27. september 1941 í Austurríki.
7. Hanneck, Björn Sindri, barn í Reykjavík, f. 10. mars 1980 í Þýskalandi.
8. Hannigan, Nicholas Peter John, kennari í Reykjavík, f. 26. desember 1957 í Kanada.
9. Hansen, Sigurður Peter, verslunarmaður í Mosfellsbæ, f. 4. desember 1967 í Reykjavík.
10. Hinrichsen, Helmut, kennari í Mosfellsbæ, f. 23. ágúst 1953 í Þýskalandi.
11. Hockett, Allan Örn, nemi í Reykjavík, f. 3. júlí 1973 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
12. Johannsen, Hrönn, nemi í Borgarnesi, f. 27. febrúar 1975 í Reykjavík.
13. Kale, Mahesh Madhavrao, rafsuðumaður í Hafnarfirði, f. 8. júlí 1953 á Indlandi.
14. Kampp, Anne, leiðbeinandi á Egilsstöðum, f. 12. júlí 1955 í Danmörku.
15. Kwaszenko, Soffia Kristin, ritari í Reykjavík, f. 26. febrúar 1953 í Englandi.

16. Labandero, Pinafrancia, póstmaður í Reykjavík, f. 17. september 1968 á Filippseyjum.
17. Paran, Alma Unabia, iðnverkakona í Kópavogi, f. 13. júní 1971 á Filippseyjum.
18. Smith, Marlisa Jean, aðstoðarmaður í Reykjavík, f. 21. janúar 1963 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
19. Telli, Elife, verkakona í Hafnarfirði, f. 15. maí 1965 í Tyrklandi.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið í lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum þeim sem Alþingi hefur stuðst við er umsóknir um ríkisborgararétt hafa verið afgreiddar.

Ákvæði 2. gr. um nafnbreytingu er nú breytt frá því sem verið hefur undanfarin ár vegna nýrra mannanafnalaga sem taka gildi 1. nóvember nk. Er vísað til 15. gr. þeirra laga um nafnbreytingarkröfur. Þess skal getið að regla nefndrar 15. gr. er strangari en verið hefur undanfarin ár samkvæmt einstökum lögum um veitingu ríkisborgararéttar að því er varðar kenninöfn barna sem fá ríkisborgararétt með foreldri sínu.

Til skýringar er tekin hér upp 15. gr. mannanafnalaganna:

„Nú fær maður, er heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans fimmtán ára og yngri, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1952, taka upp íslenskt eiginnafn, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., og kenninafn sem samþykkt er af mannanafnanefnd. Börnum hans sextán ára og eldri er þetta einnig heimilt. Maðurinn skal sjálfur taka sér íslenskt eiginnafn, ásamt nafni sem hann ber fyrir, er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta eiginnafni sínu og/eða ættarnafni eftir ákvæðum þessara laga. Slík nafnbreyting skal ákveðin samtímis því að dómsmálaráðuneyti gefur út bréf um að hlutaðeigendur öðlist íslenskt ríkisfang. Barni, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenskt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenskt eiginnafn, sbr. þó 2. mgr. 8. gr., og það skal fá íslenskt kenninafn.

Ákvæði 1. mgr. taka á hliðstæðan hátt til útlendinga sem fá íslenskt ríkisfang skv. 2.–4. gr. laga nr. 100/1952.“

92. Fyrirspurn [89. mál]

til dómsmálaráðherra um líkamlegt ofbeldi á heimilum.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hversu oft þurftu lögregluyfirvöld á landinu að hafa afskipti af líkamlegu ofbeldi á heimili á árunum 1988, 1989, 1990 og það sem af er árinu 1991? Í hve mörgum til-

vikum sendu lögregluyfirvöld þessi mál til nánari rannsóknar hjá
a. Rannsóknarlögreglu ríkisins,
b. rannsóknarlögregludeildum lögreglustjóraembættanna,
c. almennum deildum lögreglunnar í þeim tilvikum þar sem rannsóknarlögregludeildir eru ekki til staðar?

2. Hversu margar kærur vegna líkamlegs ofbeldis á heimilum bárust Rannsóknarlögreglu ríkisins eða rannsóknarlögregludeildum lögreglustjóraembættanna á árunum 1988, 1989, 1990 og það sem af er árinu 1991:
   a. frá lögregluyfirvöldum,
   b. frá einstaklingum sem hlut áttu að máli?
   Hversu margar kærur, í hvoru tilviki fyrir sig, voru sendar áfram til ríkissaksóknara að rannsókn lokinni?
3. Hversu margar kærur vegna líkamlegs ofbeldis á heimili bárust ríkissaksóknara á árunum 1988, 1989, 1990 og það sem af er árinu 1991?
   a. Hversu margar þeirra leiddu til málshöfðunar og hversu margar enduðu með dómi?
   b. Hvaða rök liggja til grundvallar ákvörðunum embættisins í þeim tilvikum þar sem kæra leiðir ekki til málshöfðunar?

Skriflegt svar óskast.

93. Fyrirspurn [90. mál]

til samgönguráðherra um eignarhald, fjármögnun og fyrirkomulag framkvæmda við höfn fyrir álver á Keilisnesi.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hver mun standa fyrir undirbúningi og framkvæmdum við hafnargerð á Keilisnesi vegna álvers sem þar á að rísa?
2. Hvernig verða framkvæmdir fjármagnaðar?
3. Hverjir verða eigendur hafnarinnar og hver verður eignarhlutur hvers eiganda?
4. Telur ráðherra koma til greina að sveitarfélögin á Suðurnesjum sjái um byggingu og rekstur hafnarinnar í tengslum við rekstur annarra hafna á svæðinu?

94. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um endurskoðun iðnaðarstefnu.

Flm.: Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að koma á fót nefnd, skipaðri fulltrúum tilnefndum af samtökum iðnaðarins og þingflokka, er hafi það verkefni að vinna að endurskoðun iðnaðarstefnu með tilliti til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og í helstu við-

skiptalöndum, sbr. ályktun Alþingis frá 3. maí 1982 og álit samstarfsnefndar um iðnþróun frá maí 1979.

Jafnframt leiti starfshópurinn leiða til að bæta starfsskilyrði íslensks iðnaðar og gera tillögur þar um.

Greinargerð.

Þann 21. september 1978 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra samstarfsnefnd um iðnþróun sem hafði það hlutverk m.a. að vera ráðherra til ráðgjafar um mótun heildarstefnu í iðnaðarmálum og að efla samstarf innan iðnaðarins um að hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum sem samstaða næðist um í nefndinni og á vettvangi ríkisstjórnar og Alþingis. Í maí 1979 skilaði nefndin mjög áhugaverðri og ítarlegri skýrslu sem síðar var birt sem fylgiskjal með tillögu iðnaðarráðherra til þingsályktunar um iðnaðarstefnu. Þar segir m.a.:

„Með tillögum þeim, sem hér fara á eftir, er stefnt að því að skapa íslenskum iðnaði hagstæð vaxtarskilyrði með samræmdum aðgerðum af hálfu ríkisins, sveitarfélaga, opinberra stofnana, samtaka atvinnulífsins og fyrirtækja í iðnaði. Með tillögunum er reynt að samræma þau öfl sem mest áhrif hafa á mótun iðnaðar í þá átt að hagnýta innlendar aðstæður til arðbærrar framleiðslu fyrir innlendan markað og til útflutnings og auka framleiðni iðnaðarins og efla hann til að mæta vaxandi samkeppni á heimsmarkaði og hagnýta þau tækifæri sem greiðari alþjóðaverslun býður upp á.“

Frá því að þessi skýrsla var lögð fram hefur margt breyst í íslensku þjóðlífi og ýmsar breytingar eru í sjónmáli sem gefa tilefni til að endurmeta stefnuna í iðnaðarmálum.

Þeir samningar, sem nú hafa verið gerðir um Evrópskt efnahagssvæði, munu hafa mjög víðtæk áhrif á íslenskan iðnað. Sú alþjóðlega samkeppni, sem nú er stefnt að, gerir mjög auknar kröfur til iðnaðarins. Því er nú svo nauðsynlegt að móta markvissa og skilvirka iðnaðarstefnu sem ekki aðeins hvetur til nýsköpunar í iðnaði heldur þarf hún einnig að bæta samkeppnisstöðu, auka vöruþróun og markaðsrannsóknir íslensks iðnaðar.

Algjör stefnubreyting hefur orðið í sjávarútvegi og landbúnaði frá því að skýrslan var gerð og Alþingi samþykkti ályktunina. Er þar átt við stjórn fiskveiða með mjög hefta sókn til hafsins og hina ströngu framleiðslustýringu og framleiðslutakmarkanir í landbúnaði.

Það má öllum ljóst vera sem hugleiða stöðu atvinnuvega þjóðarinnar að þeir standa nú á krossgötum nýrra leiða. Því er nú skynsamlegt og reyndar mjög nauðsynlegt að endurmat fari fram á iðnaðarstefnunni.

Með samstarfi stjórnvalda við samtök iðnaðarins sjálfs og þeirra er þar starfa má vissulega vænta að betri árangur náist í þessari atvinnugrein og skilningur aukist á mikilvægi iðnaðar og vaxtarmöguleikum hans.

Mikilvægi iðnþróunar hefur aukist frá því sem var, sérstaklega þegar litið er til landsbyggðarinnar, því enn er mannafli á Íslandi í vexti og því verður starfstækifærum að fjölga. Auk þeirra breytinga, sem gerst hafa innan lands, eru í sjónmáli breytingar í viðskiptalöndum okkar sem hvort tveggja í senn munu skapa ný vandamál og nýja möguleika.

Með allt þetta í huga virðist augljóst að Ísland verður að hafa iðnaðarstefnu sem hæfir þessum nýju aðstæðum og því er þessi tillaga flutt.

95. Frumvarp til laga [92. mál]

um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Á innfluttar einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur úr málmi, gleri eða plastefni og plaststauta til að blása út einnota plastflöskur skal leggja skilagjald sem innheimt skal við tollafgreiðslu og gildir það jafnt um tómar umbúðir og umbúðir með drykkjarvörum tilbúnum til neyslu. Sama gjald skal lagt á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur sem framleiddar og seldar eru hér á landi og skal gjaldið innheimt samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum samkvæmt framlögðum framleiðsluskýrslum hafi skilagjald ekki áður verið greitt af aðföngunum. Má gjaldið nema allt að 12 krónum á hverja umbúðaeiningu og er ráðherra heimilt að hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á verði drykkjarvaranna frá gildistöku laga þessara. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja á umsýsluþóknun sem nema má allt að 20% af skilagjaldi.

Tollstjóra er heimilt að veita gjaldfrest á greiðslu skilagjalds á innfluttar umbúðir til jafns við reglur sem gilda um innheimtu virðisaukaskatts á innflutning.

Þeir innlendu framleiðendur, sem selja úr landi drykkjarvöruumbúðir sem innheimt hefur verið skilagjald af í tolli, skulu mánaðarlega skila sérstökum útflutningsskýrslum til tollstjóra, stimpluðum af fulltrúa tollstjóra við útflutning og fá skilagjaldið endurgreitt 15. dag mánaðar eftir útflutningsmánuð eða næsta virkan dag.

Að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjöld, með síðari breytingum, eiga við um álagningu, innheimtu, viðurlög, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Endurvinnslan hf. tekur að sér umsýslan skilagjaldsins, svo og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða er falla undir lög þessi. Félagið fær umsýsluþóknun skilagjaldsins til að standa undir rekstri sínum og auk þess skilagjald af þeim umbúðum sem eigi er skilað. Ríkissjóði er heimilt að eiga aðild að félaginu og leggja fram allt að 12 milljónum króna.

Félagið hefur einkarétt til framangreindrar starfsemi hér á landi.

3. gr.

Skilagjald skal endurgreiða neytendum við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum. Sömuleiðis skal greiða samsvarandi til einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu.

Félagið skal sjá til þess að komið verði upp skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar.

Félagið skal kappkosta að ná sem bestum skilum á skilagjaldsskyldum umbúðum og hafa samstarf við sveitarfélög, einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök um sérstakar hreinsunarherferðir þar sem áhersla verður lögð á söfnun skilagjaldsskyldra einnota umbúða. Það skal og leita samstarfs við þá aðila sem aðstöðu hafa til úrvinnslu umbúðanna.

Félagið skal greiða 5% af árlegum tekjuafgangi til Náttúruverndarráðs.

4. gr.

Tollstjóraembætti, þar sem skilagjaldsskyldar umbúðir eru tollafgreiddar, skulu mánaðarlega senda hlutafélaginu, sem tekur að sér umsýslu skilagjaldsins, yfirlit yfir fjölda tollafgreiddra umbúða með drykkjarvörum tilbúnum til neyslu og heiti þeirra á tollskýrslu.

Innlendir framleiðendur skulu senda hlutafélaginu afrit af innlagðri framtalsskýrslu sem þeim ber að skila með skilagjaldi og umsýsluþóknun.

5. gr.

Í reglugerð, sem umhverfisráðherra setur, skal kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, m.a. varðandi fjárhæð, innheimtu og endurgreiðslu skilagjaldsins, gerð og efnisval skilagjaldsskyldra umbúða fyrir drykkjarvörur og upphæð umsýsluþóknunar. Við ákvörðun umsýsluþóknunar skal við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfsemina og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé.

Umhverfisráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð bann við notkun einnota drykkjarvöruumbúða sem torvelt er að eyða eða koma til endurvinnslu samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál vegna slíkra brota skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 52 frá 29. maí 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1989 voru sett lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Þessar ráðstafanir fólust í því að lagt skyldi skilagjald á tilteknar einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, bæði innfluttar og innlenda framleiðslu. Samkvæmt ákvæðum laganna skyldi stofnað hlutafélag sem tæki að sér umsýslu skilagjaldsins, svo og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða. Skilagjaldið skyldi svo endurgreiða neytendum við móttöku á skilagjaldsskyldum umbúðum.

Um markmið laganna sagði m.a. í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi:

„Endurvinnsluiðnaður á eftir að hafa enn mikilvægara hlutverki að gegna hér á landi sem annars staðar. Eftir því sem gengur á auðlindir jarðar verður endurvinnsla á ýmsu því sem háneyslusamfélög nútímans henda frá sér stöðugt mikilvægari. Hér er því ekki einungis á ferðinni verkefni á sviði umhverfisverndar, heldur er hér um eina grein iðnþróunar að ræða."

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1989 var Endurvinnslan hf. stofnuð 7. júní 1989. Stofnendur voru iðnaðarráðherra f.h. íslenska ríkisins, Bandalag íslenskra skáta, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Vífilfell hf., Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf., Sanitas hf., Sól hf., Kaupmannasamtök Íslands, Íslenska járnblendifélagið hf., Íslenska Álfélagið hf., Sindrastál hf., Gúmmívinnslan hf., Íslenska Stálfélagið hf. og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Til þess að standa undir kostnaði af rekstri Endurvinnslunnar hf. er ákvæði í lögum nr. 52/1989 um innheimtu sérstakrar umsýsluþóknunar, samhliða skilagjaldi. Endurvinnslan hf. fær þessa umsýsluþóknun í sinn hlut og einnig skilagjald af dósum sem ekki er skilað. Tilgangur umsýsluþóknunarinnar var ætlaður sá að tryggja að unnt væri að reka kerfið þó svo að endurheimtur á umbúðum yrðu það góðar að afgangur, eftir endurgreiðslur til neytenda, dygði ekki til rekstursins.

Við mat á þessum atriðum var áætlaður stofn- og rekstrarkostnaður hlutafélagsins, áætluð sala á einnota umbúðum, svo og það hlutfall sem skilað yrði inn til félagsins og að síðustu voru áætlaðar tekjur Endurvinnslunnar hf. af sölu endurunninna umbúða.

Í ljós hefur komið að þessar forsendur stóðust ekki og á árinu 1990 var tap Endurvinnslunnar hf. töluvert. Því var t.d. ekki unnt að greiða neitt til Náttúruverndarráðs á þessu ári, en samkvæmt lögum á félagið að greiða 5% af árlegum tekjuafgangi til Náttúruverndarráðs. Með frumvarpi þessu er leitast við leiðrétta ýmis atriði til þess að tryggja rekstrargrundvöll félagsins, skapa atvinnugreininni lífvænleg skilyrði og með því ná settum markmiðum um raunhæfar ráðstafanir gegn umhverfismengun.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi á innheimtu skilagjalds. Í núgildandi lögum er gjald af innfluttum drykkjarvörum í ákveðnum umbúðum innheimt við tollafgreiðslu en gjald af drykkjarvörum framleiddum eða átöppuðum innan lands, í sams konar umbúðum, greitt samhliða vörugjaldi. Gert er ráð fyrir breytingu á þann veg að skilagjaldið verði eins og kostur er lagt á umbúðirnar sem slíkar og innheimt við tollafgreiðslu, en þó þannig að aðilar, sem flytja inn tómar eða hálfunnar skilagjaldsskyldar umbúðir til framleiðslu eða átöppunar hér á landi, megi njóta sama gjaldfrests á greiðslu skilagjalds og umsýsluþóknunar að viðbættum virðisaukaskatti og gildir um greiðslu virðisaukaskatts af hráefnum til samkeppnisiðnaðar. Miðað er við að hvert uppgjörstímabil sé einn mánuður og gjalddagi fimmtánda dag annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Í frumvarpinu er í öðru lagi gert ráð fyrir möguleika á hækkun umsýsluþóknunar. Í undirbúningi að setningu núgildandi laga var gert ráð fyrir að heildarsala einnota umbúða næmi 65 milljónum eininga og eingöngu væri um að ræða áldósir. Salan á árinu 1990 var 57,3 milljónir eininga af áldósum, ståldósum, plastflöskum og glerflöskum, alls 7 umbúðategundum. Hér er því um að ræða tæplega 12% minni sölu. Vinna við flokkun og talningu umbúða hefur reynst mikil auk þess sem raunveruleg samsetningu umbúðategundanna hefur kostað miklu meira á hverja einingu en áætlað var. Áldósir eru einungis um 50% af heildarmagninu, plastflöskur og plastdósir eru um 30% og glerflöskur um 20%. Þetta eykur mjög flutningskostnað þar sem poki af skrapáli rúmar um 200 dósir en aðeins 50–60 plastflöskur. Einnig er flutningur á gleri mjög viðkvæmur og erfiður. Flutningskostnaður á hverja umbúðaeiningu getur orðið allt að 3 kr., eða 50% af skilagjaldi. Þess ber einnig að geta að tekjur af sölu skrapáls hafa ekki verið nema brot af þeim tekjum sem áætlaðar voru þar sem skrapvirði áldósa hefur lækkað um 50% frá fyrri hluta árs 1989.

Síðast en ekki síst var gert ráð fyrir 60% skilum umbúða til félagsins á fyrsta ári og að hlutafélagið færi að tapa ef skil færu yfir 75%. Á fyrsta heila starfsári Endurvinnslunnar hf. árið 1990 voru skil um 74,2% og tap af rekstri félagsins varð 10.929.252 kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1. mgr. Hér er lagt til að skilagjald af skilagjaldsskyldum einnota umbúðum fyr-

ir drykkjarvörur, bæði tómum og átöppuðum, verði innheimt við tollafgreiðslu. Þetta gildi einnig um plaststauta til að blása út einnota plastflöskur. Markmiðið er m.a. að tryggja öruggari skil og einfaldari innheimtu. Í þessu felst einnig hvati fyrir framleiðendur að senda Endurvinnslunni hf. til endurvinnslu umbúðir sem skemmast í framleiðsluferlinum, til þess að fá endurgreitt skilagjaldið.

Einnig er lagt til að umsýsluþóknun megi nema allt að 20% af skilagjaldi. Núgildandi lög gera ráð fyrir 1–5%. Breyting þessi er lögð til í því skyni að treysta rekstrarstöðu og framtíðarmöguleika Endurvinnslunnar hf.

Um 2. mgr. Lagt er til að tollstjóra verði heimilt að veita gjaldfrest á greiðslu skilagjalds vegna birgðastöðu framleiðenda, uppgjörstímabil verði einn mánuður og gjalddagi fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Um 3. mgr. Lagt er til sérstakt ákvæði um endurgreiðslur skilagjalds til þeirra innlendu framleiðenda sem selja úr landi drykkjarvörur í umbúðum sem þegar hefur verið innheimt skilagjald af í tolli.

Um 4. mgr. Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Greinin er í samræmi við núgildandi lög.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt er fyrir Endurvinnsluna hf. að hafa yfirlit yfir heiti og fjölda þeirra umbúða sem greitt hefur verið skilagjald af vegna endurgreiðslu til neytenda og ætti að vera einfalt að koma í veg fyrir ranga endurgreiðslu með því að tollstjóraembættið sendi Endurvinnslunni hf. mánaðarlega yfirlit yfir innfluttar umbúðir með skilagjaldi. Núgildandi reglugerð nr. 358/1990 er að öðru leyti í samræmi við greinina.

Um 5., 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa, enda í samræmi við núgildandi lög.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa.

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur er komi í stað laga nr. 52/1989 um sama efni.

Helstu breytingar.

Helstu breytingar frá gildandi lögum, sem frumvarpið felur í sér, eru eftirfarandi:

1. Heimild til innheimtu skilagjalds hækkar úr tíu í tólf krónur á hverja umbúðaeiningu.

2. Heimild til innheimtu umsýslugjalds, sem rennur til Endurvinnslunnar hf., er hækkuð í allt að 20% af skilagjaldi í stað 5% að hámarki í gildandi lögum.
3. Innheimta skilagjalds verður nú að stærri hluta gerð í tolli en áður. Miðað er við að skilagjald verði innheimt við innflutning umbúða, ekki átöppun drykkjarvöru í innfluttar umbúðir eins og nú er.
4. Veittur verður gjaldfrestur á umbúðagjaldinu með svipuðum hætti og nú er gert við innheimtu gjalda í tolli vegna hráefna í samkeppnisiðnaði.
5. Sett er inn nýtt ákvæði sem felur í sér heimild til að endurgreiða skilagjald af innfluttum umbúðum fyrir drykkjarvörur sem framleiddar eru hér á landi til útflutnings.
6. Tollstjóraembættum er gert að senda mánaðarlega yfirlit til Endurvinnslunnar hf. yfir heiti og fjölda umbúða sem innheimt hefur verið skilagjald af.

Megininntak frumvarpsins.

Megininntak frumvarpsins er annars vegar að gera innheimtu skila- og umsýslugjalds skilvirkari og hins vegar að bæta hag Endurvinnslunnar hf. Afkoma fyrirtækisins á síðasta ári var ekki eins góð og áætlanir gerðu ráð fyrir, en samkvæmt ársreikningi félagsins varð tap á rekstri þess sem nemur tæpum 11 m.kr. Tap fyrirtækisins skýrist í fyrsta lagi af því að neytendur skiluðu meira af umbúðum til fyrirtækisins en áætlanir gerðu ráð fyrir eða 74% af öllum umbúðum sem innheimt var skilagjald af í stað 60%. Lögin eru þannig úr garði gerð að afkoma fyrirtækisins er því betri sem neytendur skila minna af umbúðum. Í öðru lagi varð sala drykkjarvöru í gjaldskyldum umbúðum minni en áætlanir gerðu ráð fyrir eða 57,3 milljónir eininga í stað 65 milljóna.

Samkvæmt liðum eitt og tvö hér að ofan er í frumvarpinu gert ráð fyrir að hækka heimild til gjaldtöku úr tíu í tólf krónur á hverja umbúðaeiningu og hækka heimild til greiðslu umsýsluþóknunar úr 5% í 20% af umbúðagjaldinu. Samkvæmt reglugerð nr. 254/1991 er skilagjald í dag sex krónur. Þá er umsýsluþóknun 5% af skilagjaldi. Hér að neðan getur að líta yfirlit yfir samanburð á gjaldtökuheimildum samkvæmt gildandi lögum, frumvarpinu og þeirri gjaldskrá sem gildir í dag.

	Gjald í dag kr.	Heimild skv. núv. lögum kr.	Heimild skv. frumvarpi kr.
Skilagjald	6.00	10.00	12.00
Umsýslugjald	0.30	0.50	2.40
Samtals	**6.30**	**11.50**	**14.40**

Hækkun heimildar til töku skilagjalds nemur tveimur krónum eða 20%. Neytendur fá skilagjaldið endurgreitt skili þeir umbúðunum. Hækkun heimildar til töku umsýslugjalds er hins vegar veruleg eða 380% miðað við heimildir í gildandi lögum og 700% miðað við þóknunina í dag. Gjald þetta jafngildir almennum neysluskatti sem er eyrnamerktur Endurvinnslunni hf., en hún hefur lögverndaða einokun.

Verðáhrif frumvarpsins.

Hækkun skilagjalds getur leitt til meiri skila á umbúðum og minni sölu á drykkjar-

vörum. Hækkun umsýslugjalds hefur hins vegar minni áhrif á verð vörunnar, en mikil áhrif á tekjur Endurvinnslunnar hf. Þá hefur gjaldið lítil sem engin áhrif á skil umbúða til fyrirtækisins og stuðlar því lítt að umhverfisvernd. Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig tekjur Endurvinnslunnar hf. breytast, verði frumvarpið að lögum og heimildir til gjaldtöku fullnýttar. Miðað er við að seldar verði 65 milljón umbúðaeiningar og að neytendur skili um 75% þeirra til baka til Endurvinnslunnar hf.

	Gjaldskrá í dag m. kr.	Heimild skv. núv. lögum m. kr.	Heimild skv. frumvarpi m. kr.	Br. frv./ heimild í dag m. kr.	Br. frv./ gjaldt. í dag m. kr.
Innheimt skilagjald	390	650	780	130	390
Endurgreitt skilagjald	-293	-488	-585	-97	-292
Skilagjald, nettó	**97**	**162**	**195**	**33**	**98**
Innheimt umsýslugjald	20	32	156	124	136
Tekjur af gjaldtöku, nettó	117	194	351	157	234

Ekki verður séð nauðsyn þess að hækka heimild til töku skilagjalds þar sem nýting núverandi heimildar nemur einungis 60%. Væri heimild þessi fyllnýtt mundu tekjur Endurvinnslunnar hf. aukast um allt að 65 m.kr. að gefnum forsendum um óbreytt skil umbúða. Svigrúm virðist því ríflegt samkvæmt gildandi lögum til að mæta rekstrartapi af þeirri stærðargráðu sem raunin varð á á síðasta ári. Af sömu ástæðu verður ekki séð nauðsyn þess að auka svigrúm til töku umsýslugjalds, en samkvæmt gildandi lögum er hægt að auka tekjur Endurvinnslunnar hf. um 12 m.kr. ef heimildir væru fullnýttar. Verði frumvarpið hins vegar óbreytt að lögum mundu tekjur fyrirtækisins geta vaxið um allt að 136 m.kr. vegna hækkunar umsýslugjaldsins. Þannig veita gildandi lög svigrúm til að hækka tekjur fyrirtækisins um allt að 77 m.kr. sem fyllilega ætti að geta tryggt rekstur fyrirtækisins.

Kostnaðaráhrif fyrir ríkissjóð.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga annast tollyfirvöld innheimtu skilagjalds samhliða innheimtu vörugjalds, innflutningsgjalda og virðisaukaskatts. Af þessu hlýst nokkur kostnaður fyrir ríkissjóð þótt ekki hafi verið gerð sérstök athugun á hve mikill hann er. Ekki verður séð að framangreindar breytingar á lögunum hafi í för með sér umtalsverðar breytingar á þeim kostnaði. Einhver kostnaðaraukning fylgir þó ákvæðum frumvarpsins um skyldu tollyfirvalda til að senda mánaðarlega yfirlit til Endurvinnslunnar hf. yfir heiti og fjölda umbúða sem innheimt hefur verið skilagjald af. Ekki er óeðlilegt að ríkissjóður fái einhverja umbun fyrir að annast innheimtu skilagjaldsins, t.d. 1% af innheimtu þess. Æskilegt væri að ákvæði þar að lútandi verði sett í frumvarpið.

Lokaorð.

Það er mat fjármálaráðuneytisins að óráðlegt sé að hækka þau hlutföll í gjaldtöku sem frumvarpið kveður á um. Ætla verður að heimildir núverandi laga séu nægilega ríflegar til að tryggja hag Endurvinnslunnar hf. þegar til langs tíma er litið.

96. Fyrirspurn [93. mál]

til fjármálaráðherra um embættisbústaði.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða embættisbústaðir, einbýlishús eða einstakar íbúðir, eru í eigu íslenska ríkisins eða stofnana (að hluta eða að öllu leyti) sem heyra undir fjármálaráðuneytið?
2. Hvert er starfsheiti þeirra sem hafa afnot af embættisbústaðnum og hver er húsaleigan, sundurliðuð eftir bústöðum?
3. Hvernig er húsaleigan ákvörðuð?
4. Hver er stærð embættisbústaðanna og fasteignamat þeirra, sundurliðað eftir bústöðum?
5. Hvenær voru bústaðirnir keyptir eða byggðir og hvert er verð þeirra framreiknað til verðlags í dag, sundurliðað eftir bústöðum?

Skriflegt svar óskast.

97. Fyrirspurn [94. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um embættisbústaði.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða embættisbústaðir, einbýlishús eða einstakar íbúðir, eru í eigu íslenska ríkisins eða stofnana (að hluta eða að öllu leyti) sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið?
2. Hvert er starfsheiti þeirra sem hafa afnot af embættisbústaðnum og hver er húsaleigan, sundurliðuð eftir bústöðum?
3. Hvernig er húsaleigan ákvörðuð?
4. Hver er stærð embættisbústaðanna og fasteignamat þeirra, sundurliðað eftir bústöðum?
5. Hvenær voru bústaðirnir keyptir eða byggðir og hvert er verð þeirra framreiknað til verðlags í dag, sundurliðað eftir bústöðum?

Skriflegt svar óskast.

98. Fyrirspurn [95. mál]

til dómsmálaráðherra um embættisbústaði.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða embættisbústaðir, einbýlishús eða einstakar íbúðir, eru í eigu íslenska ríkisins eða stofnana (að hluta eða að öllu leyti) sem heyra undir dómsmálaráðuneytið?
2. Hvert er starfsheiti þeirra sem hafa afnot af embættisbústaðnum og hver er húsaleigan, sundurliðuð eftir bústöðum?
3. Hvernig er húsaleigan ákvörðuð?
4. Hver er stærð embættisbústaðanna og fasteignamat þeirra, sundurliðað eftir bústöðum?
5. Hvenær voru bústaðirnir keyptir eða byggðir og hvert var verð þeirra framreiknað til verðlags í dag, sundurliðað eftir bústöðum?

Skriflegt svar óskast.

99. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um framleiðslu vetnis.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að hér á landi verði hafnar skipulagðar rannsóknir og undirbúningur að framleiðslu vetnis til notkunar sem eldsneyti til innanlandsnota og til útflutnings. Jafnframt verði athugað hvaða breytingar þurfi að gera á bifreiða-, skipa- og flugvélaflota og öðrum vélakosti landsins til að notkun á vetni sem eldsneyti yrði möguleg, umfang þeirra breytinga og kostnaður við þær.

Greinargerð.

Á 113. löggjafarþingi var flutt tillaga sama efnis. Atvinnumálanefnd sameinaðs þings, sem fjallaði um tillöguna, taldi „ekki tímabært að Alþingi ályktað]i um þessa ítarlegu tillögu um framleiðslu á vetni“. Flutningsmenn telja fyllilega tímabært að hafnar verði hér á landi skipulagðar rannsóknir og undirbúningur að framleiðslu vetnis. Á þeim tíma, sem liðinn er frá því að Alþingi fjallaði um tillöguna, hafa komið fram nýjar upplýsingar og aukin rök fyrir því að myndarlega verði tekið á þessu máli hérlendis. Þess vegna er þessi tillaga endurflutt lítið breytt.

Mikilvægt er fyrir okkur Íslendinga að renna styrkari stoðum undir efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar. Miklar vonir eru bundnar við orkulindir landsins í því sambandi. Áætlað hefur verið að aðeins sé búið að virkja 10–15% af þeirri orku í fallvötnunum sem hagkvæmt er talið að virkja þegar tekið hefur verið tillit til umhverfissjónarmiða. Það er því eðlilegt að nýta þessa auðlind til hagsbóta fyrir alla landsmenn.

Æ meiri áhersla er nú lögð á það víða um heim að finna mengunarlaust eldsneyti. Mengun vegna olíubrennslu er mikil og af þeirri ástæðu talið nauðsynlegt að draga úr notkun hennar. Auk þess eru olíulindir jarðar taldar geta gengið til þurrðar eftir hálfa öld ef ekki dregur verulega úr notkun á olíu. Það er því mat sérfræðinga að tilbúið eldsneyti verði verulegur hluti þeirrar orku sem notuð verður í framtíðinni, jafnvel strax í byrjun næstu aldar.

Árið 1980 komu út skýrslur um framleiðslu eldsneytis á Íslandi og um vetni og vetnissambönd á vegum Orkustofnunar og skýrsla á vegum iðnaðarráðuneytisins með tillögu að rannsóknaráætlun varðandi hugsanlega framleiðslu eldsneytis hér á landi með hliðsjón af orkubúskap landsmanna. Ekki hefur því sem fram kemur í þessum skýrslum verið fylgt eftir sem skyldi af hálfu stjórnvalda, en nú er nauðsynlegt að gera átak í þessum efnum og byggja á þeim grunni sem er til staðar. Við verðum að fylgjast vel með á þessu sviði og vera þátttakendur.

Mörg efni hafa verið nefnd til sögunnar sem eldsneyti framtíðarinnar. Nú hallast flestir að því að fyrir valinu verði hreint vetni, en ekki efni sem innihalda kolefni vegna þess að þau munu halda áfram að auka koldíoxíðmagn andrúmsloftsins og þar með auka hættu á gróðurhúsaáhrifunum svonefndu. Vetni er framleitt með rafgreiningu á vatni. Nú er gert ráð fyrir að flytja það á milli landa sem hreint vetni, en ekki tengt öðrum mengandi efnasamböndum eins og talað var um fyrir nokkrum árum. Þegar vetni brennur myndast aðeins vatn. Erfitt er að gera sér í hugarlund að betri lausn finnist á þeim eldsneytisskorti sem blasir við í náinni framtíð.

Miklar rannsóknir hafa verið gerðar á undanförnum árum á möguleikum þess að nota vetni sem eldsneyti. Tækni til að framleiða, meðhöndla og nota vetni hefur fleygt svo fram á síðustu árum að nú er ekkert því til fyrirstöðu tæknilega að hefja notkun slíks eldsneytis í miklu magni. Hins vegar hefur vetni eða annað tilbúið eldsneyti ekki verið talið samkeppnisfært við olíu reiknað á þröngan efnahagslegan mælikvarða.

Árið 1986 ákváðu nokkrir háskólar í Evrópu ásamt þýskum fyrirtækjum að kanna möguleika á því að setja af stað rannsóknarverkefni þar sem gerð yrði tilraun með framleiðslu og notkun vetnis. Áætlað var að framleiða verulegt magn vetnis úr vatni með raforku, þar sem hún er framleidd án mengunar, og flytja það með tankskipum til borgar í Þýskalandi. Þeim bauðst að kaupa 100 megavött af tiltölulega ódýrri raforku frá Kanada til að framleiða vetni og átti að flytja það til Hamborgar og nota það í orkukerfum borgarinnar og til að knýja 900 strætisvagna. Einnig á að gera tilraun með vetnisflugvél og er miðað við að hún fari í loftið eigi síðar en árið 1996. Tilraunin á að geta gefið raunverulega mynd af möguleikum vetnis sem eldneytis eftir að tilraunatímabilinu lýkur sem áætlað er sjö ár. Í útreikningum þeirra, sem standa að tilraunaverkefninu, er gert ráð fyrir að kaupa orkuna á 18 mill hverja kílóvattstund til ársins 1995 en 36 mill eftir það (mill er einn þúsundasti úr bandarískum dal). Þetta er mun hærra verð en það sem nefnt hefur verið í tengslum við raforkusölu til nýs álvers á Keilisnesi.

Umfangsmiklar tilraunir hafa farið fram þar sem vetni er notað til að knýja þotuhreyfla og er talið líklegt að vetni sé eitt besta eldsneytið fyrir slíka hreyfla. Fáar tilraunir hafa verið gerðar með að nota vetni sem eldsneyti á flugvélar. Rússneskri flutningaþotu hefur þó verið flogið á vetni um nokkurt skeið og Bandaríkjaher hefur gert tilraun þar sem herþota nýtti vetni sem eldsneyti. Frekari tilraunir með vetnisframleiðslu eru fyrirsjáanlegar og gætu Íslendingar orðið þátttakendur í þeim tilraunum ef rétt er á málum haldið.

Hér á landi er vetnisframleiðsla vel þekktur iðnaður. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi

hefur framleitt vetni í nær 40 ár. Hér höfum við mikla möguleika á að framleiða raforku og íslenskir vísinda- og tæknimenn standa framarlega á þessu sviði. Við Háskóla Íslands hafa vísindamenn unnið að rannsóknum og könnun á aðferðum til að framleiða eldsneyti og flytja milli heimshluta. Þessar rannsóknir ber að styðja og gera íslenskum vísindamönnum kleift að hafa samvinnu við erlenda vísindamenn og taka þátt í rannsóknarverkefnum á þessu sviði. Mikilvægt er að við tökum virkan þátt í rannsóknum og undirbúningi að þessu mikilvægu máli. Það á ekkert að vera því til fyrirstöðu að á Íslandi verði framleitt vetni með íslenskri orku, hráefni og hugviti.

Þegar vetni er framleitt á hefðbundinn hátt með rafgreiningu og síðan þétt í vökva er einungis raforka notuð við framleiðsluna. Við Háskóla Íslands hefur verið gerð á því athugun hvort hagkvæmt gæti orðið að nota gufuhverfla, sem knúnir væru gufu frá háhitasvæðum, til að þétta vetni í stað rafknúinnar þjöppu. Niðurstöður benda til að þéttingarkostnaðurinn gæti lækkað um allt að 20%, en hann er um 6% af heildarframleiðslukostnaði fljótandi vetnis.

Með notkun vetnis í stað olíu er hægt að draga verulega úr mengun í heiminum. Hér er um að ræða stóriðju sem veldur engri mengun ef undan er skilið jarðrask af völdum byggingarframkvæmda og landnotkun vegna virkjana. Íslendingar flytja inn verulegt magn af olíu og bensíni eða um þriðjung af heildarorkunotkuninni sem er um 10 teravattstundir (ein teravattstund jafngildir þúsund milljónum kílóvattstunda). Talið hefur verið hagkvæmt að framleiða hérlendis um 20–25 teravattstundir af raforku með vatnsafli á ári og um 20 teravattstundir með jarðvarma og er því fyrirsjáanlegt að við getum ekki aðeins fullnægt innanlandsþörf heldur getum við einnig flutt út orku, t.d. í formi vetnis.

Kosturinn við að nota vetni í stað olíu er einnig sá að hægt er að nota það á vélar sem nú eru í notkun án þess að gera þurfi á þeim verulegar breytingar. Aðeins þarf að breyta eldsneytisgeymum og gera ytri breytingar á vélinni.

Í ræðu sinni á ársfundi Orkustofnunar árið 1991 sagði Jakob Björnsson m.a. að hann gerði ráð fyrir að árið 2030 verði vetni notað til að knýja skipaflota landsmanna. Fari svo að orkumálastjóri verði sannspár er vissulega tímabært að fara að huga að því hvernig að breytingum verði staðið.

Einn af kostum vetnisframleiðslu er að vel getur hentað að byggja nokkrar fremur smáar verksmiðjur. Stórar einingar eru tiltölulega lítið hagkvæmari en litlar. Þetta þýðir að hægt væri að hafa verksmiðjur allvíða um landið, t.d. við hafnir, og gera þannig skipaflotanum auðvelt að ná í eldsneyti í sjálfa verksmiðjuna fremur en að flytja það langar leiðir með miklum tilkostnaði. Þetta mundi einnig veita fólki víða um land atvinnu.

Það er kominn tími til að leita nýrra leiða í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Undanfarin ár hafa ráðamenn verið svo uppteknir af byggingu álvers að ekkert annað hefur komist að. Orkusölumennirnir hafa verið ótrúlega einsýnir og virðast ekki hafa komið auga á aðra kosti til að koma orku fallvatnanna í verð en að lokka hingað mengandi stóriðju. Íslendingar eiga að leggja áherslu á að koma hér upp iðnaði sem ekki er mengandi, nýtir íslenskt hráefni og hugvit og er í sátt við landið og það fólk sem það byggir.

100. Tillaga til þingsályktunar [97. mál]

um auknar varnir gegn vímuefnum.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Karl Steinar Guðnason,
Gunnlaugur Stefánsson, Össur Skarphéðinsson,
Valgerður Gunnarsdóttir, Magnús Jónsson,
Sigurður E. Arnórsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér þegar í stað fyrir auknum samræmdum aðgerðum til að draga úr notkun vímuefna. Aðgerðirnar skulu m.a. hafa það að markmiði,

— að sami aðili fari með rannsókn fíkniefnamála á öllu landinu og honum verði tryggt fjárhagslegt sjálfstæði,
— að námsefni um vímuefnavarnir verði hluti skyldunáms í grunnskólum,
— að komið verði á fót forvarnasjóði er tryggi að samræmi sé milli þeirra verkefna sem verið er að vinna að,
— að gera með reglulegum hætti úttekt á fíkniefnavandanum með söfnun gagna og upplýsinga svo að auðveldara sé að gera sér grein fyrir umfangi vandans,
— að tryggja samræmi að því er varðar sérfræðilega aðhlynningu og umönnun fíkniefnaneytenda.

Enn fremur ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að staðfesta samning Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni.

Greinargerð.

Þegar kynnt var skýrslan „Ungir fíkniefnaneytendur, hvaðan koma þeir og hvert fara þeir?“ kom sú staðreynd illa við landsmenn að allt að 500 unglingar, 13 til 19 ára, væru djúpt sokknir í fíkniefnaneyslu og að ástandið hefði versnað mjög hin síðari ár. Áhugahópur sá, sem skýrsluna vann og landlæknir hafði forustu fyrir, benti á ýmsar leiðir til úrbóta. Má þar nefna aðstoð við heimili og fjölskyldur, stuðning við skólann og að nemendum verði auðveldað að hljóta starfsréttindi, eflingu rannsókna, kennslu í uppeldisfræðum, breytta skipan vímuvarnamála, sérstakan forvarnasjóð, stuðning við forvarnir og meðferð og að undirrita samning Sameinuðu þjóðanna gegn verslun með fíkniefni.

Hér er á ferðinni mikill og bráður vandi og rík ástæða til að taka undir þessi sjónarmið.

Framboð á fíkniefnum hér á landi er mismunandi mikið en afar mikilvægt er að halda því í skefjum. Það hefur margoft komið í ljós að þegar það tekst fækkar neytendum fíkniefna og færri nýir ungir neytendur bætast í hópinn. Því hefur verið haldið fram að mjög hafi þrengt að löggæslunni fjárhagslega undanfarin ár og að þurft hafi að setja verkefni í forgangsröð í fíkniefnarannsóknum, sem og annarri starfsemi lögreglunnar. Eftir að fíkniefnaviðskipti hafa orðið skipulagðari hin síðari ár hafa virkar aðhaldsaðgerðir lög- og tollgæslu haft mikil áhrif. Hér er lagt til að löggæsla í fíkniefnamálum hafi sjálfstæðan fjárhag og fari með rannsókn fíkniefnamála á landinu öllu. Samkvæmt reglugerð nr. 165, sem dómsmálaráðherra setti í apríl 1990, er hvert lögregluembætti ábyrgt fyrir málum á sínu svæði, en embætti lögreglustjórans í Reykjavík er gert að sinna beiðni um aðstoð frá öðrum embættum. Fjármagn til að framfylgja reglugerðinni hefur hins vegar verið af skornum skammti. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja þessum þýð-

ingarmikla hluta löggæslunnar nægilegt sjálfstæði til að hún geti tekið nauðsynlegt frumkvæði varðandi þau verkefni sem henni eru ætluð. Fíkniefnadeild, sem hefur skyldur og ábyrgð gagnvart öllu landinu, á að vera annað og meira en einn partur af rannsóknardeild lögreglustjórans í Reykjavík.

Varðandi fræðslu í skólum er hverjum skólastjóra í sjálfsvald sett hvort það námsefni, sem er á boðstólum, er notað. Í aðalnámsskrá grunnskóla 1989 er í fyrsta sinn fjallað um vímuefnavarnir og fá kennaranemar nokkurra klukkustunda umfjöllun um þær. Einnig er boðið upp á 25 stunda námskeið kennara, sbr. endurmenntunarnámskeið, til að kenna sérstakt námsefni sem heitir „Að ná tökum á tilverunni“ (Lions quest verkefni) og er það samstarfsverkefni Lions-hreyfingarinnar og menntamálaráðuneytisins. Lions-hreyfingin hefur lagt í mikinn kostnað við að þýða og staðfæra þetta verkefni sem er bandarískt að uppruna. Norðurlöndin munu öll vera að taka þetta verkefni inn í skólana sem námsefni og eru Svíar lengst komnir með það. Samstarfsverkefni nokkurra áhugahópa er að ná bæði til skóla, þannig að þeir taki upp kennslu, og til foreldra um að vímuvarnir hefjist heima. Margir óskyldir aðilar eru að fást við þessi mál, mismunandi námsefni er í boði og þar með er kröftunum dreift. Hér er gerð tillaga um að námsefni um vímuefnavarnir verði hluti af skyldunámi í grunnskólum.

Í þeirri þingsályktun, sem hér er sett fram, er gerð tillaga um að koma á fót sérstökum forvarnasjóði þar sem samræming verkefna fari fram. Mikil ástæða er til að virkja það afl til forvarnastarfsemi sem felst í starfi frjálsra félaga. Hins vegar er ljóst að margir eru að vinna að sömu eða áþekkum verkefnum án þess að samráð eða samstarf eigi sér stað. Hugmyndin er að þeir sem að hinum ýmsu forvarnamálum vinna og sækja eftir stuðningi stjórnvalda sæki um fjárframlag til þessa sjóðs og er þá hægt að taka afstöðu til gildis verkefna eða jafnvel leggja til samvinnu á ákveðnum sviðum.

Með reglulegri úttekt á stöðu fíkniefnamála, sem falin væri ákveðnum aðila, t.d. Félagsvísindastofnun, á að vera unnt að fá yfirsýn yfir umfang vandamálsins á hverjum tíma og mæta því með viðhlítandi aðgerðum.

Meðferð fíkniefnaneytenda fer nú fram bæði á vegum ríkisins og frjálsra félagasamtaka og er því mikil ástæða til að samræma aðgerðir.

Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn á 113. löggjafarþingi kom fram að það væri ákvörðun þeirrar ríkisstjórnar að staðfesta samning Sameinuðu þjóðanna um fíkniefni og skynvilluefni sem 26 ríki eru orðin aðilar að, en það sé lagatæknilega flókið vegna lagabreytinga og nýmæla. Í aðild að samningnum felst skuldbinding um lagasetningu og aðrar framkvæmdir sem allar miða að auknum vörnum. Því er lagt til nú að samningurinn verði staðfestur.

Tillaga þessi var flutt á 113. löggjafarþingi og er nú endurflutt með nokkrum breytingum. Henni fylgdu sem fylgiskjal skýrslur ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, yfirlit frá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum um dómsafgreiðslur o.fl., svo og yfirlit frá lögreglustjóranum í Reykjavík um haldlögð fíkniefni á sl. árum. Vísast til þessa fylgiskjals í **þskj. 668** á 113. löggjafarþingi 1990–91.

101. Fyrirspurn [98. mál]

til félagsmálaráðherra um verð á íbúðarhúsnæði.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvert var söluverð hvers fermetra notaðs íbúðarhúsnæðis, annars vegar í hinu félagslega íbúðakerfi og hins vegar á almennum íbúðamarkaði á árunum 1987–1991?

Svar óskast sundurliðað eftir kjördæmum og eftir stærðarflokkum húsnæðis.

Skriflegt svar óskast.

102. Fyrirspurn [99. mál]

til iðnaðarráðherra um orkuverð frá Landsvirkjun.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hve mikið hefur orkuverð frá Landsvirkjun hækkað frá upphafi árs 1990 og til þessa dags?
2. Hve mikið hefur innlent verðlag hækkað á sama tíma?
3. Hver hefur breyting meðalgengis orðið á þessum tíma?
4. Hefur verið reynt að meta hvaða áhrif þróun orkuverðsins hefur haft á lífskjör og hvort hún verði til þess að treysta forsendur nýrra kjarasamninga?

103. Fyrirspurn [100. mál]

til iðnaðarráðherra um styrkingu rafdreifikerfis til sveita.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

Hefur iðnaðarráðherra undirbúið eða látið gera áætlun um styrkingu rafdreifikerfis í sveitum landsins?

104. Fyrirspurn [101. mál]

til kirkjumálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um listskreytingu Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 22. apríl 1986 um listskreytingu Hallgrímskirkju í Reykjavík?

Er nefnd sú, er skipuð var, enn að störfum?

105. Fyrirspurn [102. mál]

til landbúnaðarráðherra um embættisbústaði.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða embættisbústaðir, einbýlishús eða einstakar íbúðir, eru í eigu íslenska ríkisins eða stofnana (að hluta eða að öllu leyti) sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið?
2. Hvert er starfsheiti þeirra sem hafa afnot af embættisbústöðunum og hver er húsaleigan, sundurliðuð eftir bústöðum?
3. Hvernig er húsaleigan ákvörðuð?
4. Hver er stærð embættisbústaðanna og fasteignamat þeirra, sundurliðað eftir bústöðum?
5. Hvenær voru bústaðirnir keyptir eða byggðir og hvert var verð þeirra framreiknað til verðlags í dag, sundurliðað eftir bústöðum?

Skriflegt svar óskast.

106. Fyrirspurn [103. mál]

til samgönguráðherra um uppsetningu vegriða.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. mars 1991 um uppsetningu vegriða í vegakerfi landsins?

Hvers vegna reyndist ekki unnt að leggja áætlun um uppsetningu vegriða fyrir Alþingi fyrir 1. nóvember 1991 eins og ályktunin kveður á um?

107. Fyrirspurn [104. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar frá 1986 um réttaráhrif tæknifrjóvgunar.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað líður starfi nefndar sem skipuð var 28. júlí 1986 til að gera tillögur um réttarstöðu barna, sem getin eru við tæknifrjóvgun, og aðstandenda þeirra?

108. Fyrirspurn [105. mál]

til menntamálaráðherra um verndun Stýrimannaskólans við Öldugötu í Reykjavík.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

Hyggst menntamálaráðherra beita sér fyrir að húsafriðunarnefnd hafi á forgangslista við sjóðsúthlutun á næsta ári viðgerð og verndun gamla Stýrimannaskólans við Öldugötu?

109. Fyrirspurn [106. mál]

til forsætisráðherra um greiðslu kostnaðar við pólitíska fundi ráðherra.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvaða reglur gilda um greiðslu kostnaðar við almenna stjórnmálafundi ráðherra og kynningarfundi á vegum einstakra ráðherra í nafni ráðuneyta, þar með talinn auglýsingakostnaður?

110. Fyrirspurn [107. mál]

til samgönguráðherra um endurskoðun reglugerðar um hópferðir erlendra aðila.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 23. apríl 1990 um leiðsögumenn og endurskoðun reglugerðar nr. 175/1983 um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni?

111. Fyrirspurn [108. mál]

til forsætisráðherra um að verja Dimmuborgir.

Frá Svavari Gestssyni.

Hefur ríkisstjórnin ákveðið hvernig tekið verður á þeim vandamálum sem nú blasa við í Dimmuborgum vegna sandfoks, gróðureyðingar og verulega aukins ágangs ferðamanna?

112. Fyrirspurn [109. mál]

til heilbrigðisráðherra um uppbætur á lífeyri.

Frá Svavari Gestssyni.

Hve margir njóta nú sérstakra bóta skv. 3. mgr. 19. gr. almannatryggingalaga?
Hvernig hefur fjöldinn breyst á undanförnum fimm árum?
Hvernig hefur fjöldinn breyst á þessu ári eftir mánuðum?
Hve miklum fjármunum verður varið í ár skv. 3. mgr. 19. gr. eins og horfur eru nú?

Skriflegt svar óskast.

113. Fyrirspurn [110. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um réttindamál krabbameinssjúkra barna.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Eru fyrirhugaðar af hálfu ráðuneytis úrbætur í réttindamálum krabbameinssjúkra barna? Ef svo er, hvenær og hverjar verða þær úrbætur?

114. Tillaga til þingsályktunar [111. mál]

um útflutning á raforku um sæstreng.

Flm.: Svavar Gestsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að láta fara fram ítarlega könnun á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum þess að selja raforku til útlanda um sæstreng. Könnunin verði unnin af óháðum aðilum en í samvinnu við Landsvirkjun, rannsóknastofnanir og aðra þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta á þessu sviði og búa yfir sérfræðiþekkingu.

Könnuninni verði lokið á svo skömmum tíma að unnt verði að hafa niðurstöður hennar til samanburðar í heildarsamhengi efnahags-, atvinnu- og orkumála.

Iðnaðarnefnd Alþingis hafi forustu um könnun þessa.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur þróast ört tækniþekking sem skapar möguleika til þess að flytja orku með sæstreng um langan veg. Lausleg könnun hefur farið fram á því hvort unnt er að flytja orku um sæstreng frá Íslandi og augljóst er að miklir möguleikar eru til staðar í þeim efnum innan fárra ára. Orkutap var meginvandamál verkefnisins. Nú hefur það vandamál verið leyst að talsverðu leyti.

Því miður hafa orkumálayfirvöld á Íslandi ekki sinnt þessum málum sem skyldi. Í staðinn hafa menn einblínt á einn kost með viðræðum við tiltölulega þröngan hóp fyrirtækja. Sett hafa verið upp framtíðardæmi með milljarðatekjum fyrir þjóðina sem hafa í raun ýtt allri þróunarviðleitni á öðrum sviðum til hliðar. Þessi hugsunarháttur skammsýninnar hefur því miður haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Stöðnun þessara ára stafar ekki síst af þessu auk þess sem verðbólgu- og vaxtafárið hefur skilið eftir sig spor gjaldþrota og sóunar í hagkerfinu.

Meðfylgjandi tillaga til þingsályktunar er flutt til þess að ýta á eftir því að kannaðir verði möguleikarnir á því að flytja út orku um sæstreng. Gert er ráð fyrir að könnunin fari fram í samráði við Landsvirkjun og aðra þá aðila sem máli skipta í þessu sambandi. Lögð er áhersla á að niðurstöður könnunarinnar liggi fyrir áður en aðrar ráðstafanir verða ákveðnar með sölu á raforku í stórum stíl.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að iðnaðarnefnd Alþingis fari með málið. Það er nýlunda. Ástæðurnar eru margar. Í fyrsta lagi ber að nefna þá ástæðu að iðnaðarráðuneytið hefur brugðist í þessum efnum. Þar hafa menn allt frá því að Sverrir Hermannsson gegndi starfi iðnaðarráðherra einblínt á ál og aftur ál. Þó hefur keyrt um þverbak í tíð Jóns Sigurðssonar. Hann hefur nú starfað sem iðnaðarráðherra í þremur ráðuneytum án árangurs og eftir stendur pappírshaugurinn einn og kostnaður upp á nærri milljarð króna sem þjóðin hefur orðið að borga. Þetta ráðslag hefur orðið þjóðinni dýrt og það sem verra er, minna en árangurslaust.

Hin meginástæðan fyrir flutningi tillögu um að könnunin fari fram undir forustu iðnaðarnefndar Alþingis er sú að sett hafa verið lög um frumkvæði þingnefnda. Það er því í góðu samræmi við anda nýju laganna að iðnaðarnefnd taki sér frumkvæði í málaflokki þar sem iðnaðarráðherra hefur brugðist. Það er einnig í góðu samræmi við þann samstarfsanda sem náðst hefur í hinni nýju iðnaðarnefnd Alþingis.

Fallist Alþingi á tillöguna tekur þingið ábyrgð á þeim fjárhagslegu afleiðingum sem samþykkt tillögunnar kann að hafa í för með sér. Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð

fyrir 75 millj. kr. af óskiptum liðum iðnaðarráðuneytisins til ýmissa verkefna. Verður að telja eðlilegt að hluti þess fjármagns fari til þess að kosta þessa sérstöku könnun Alþingis.

Að undanförnu hafa birst margvíslegar upplýsingar um útflutning á raforku með sæstreng. Einna fróðlegast er viðtal sem birtist í Morgunblaðinu við Inga Þorsteinsson, aðalræðismann Íslands í Kenía. Þá hafa birst fréttir um þessi efni í innlendum og erlendum blöðum og sérfræðingur var fenginn til að gera úttekt á þessu máli sérstaklega hér á landi en hann hvarf frá þar sem honum hafði verið tjáð að hér væri engin orka á lausu í þessu skyni fyrr en eftir aldamótin.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögunni í framsöguræðu.

115. Frumvarp til laga [112. mál]

um stofnun hlutafélags um Staðlaráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti: Staðlaráð Íslands hf.

Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. að leggja staðladeild Iðntæknistofnunar Íslands, þ.e. alla starfsemi og eignir deildarinnar, til hins nýja hlutafélags,
b. að láta fara fram mat á eignum staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands ásamt öllu sem deildinni fylgir til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags.

Við stofnun skal a.m.k. 50% hlutabréfa í hlutafélaginu vera í eigu ríkissjóðs.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr. skal kveðja innlenda áhuga- og hagsmunaaðila.

3. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera í Reykjavík.

4. gr.

Hlutverk félagsins er að vera vettvangur stöðlunar fyrir íslenskt atvinnulíf og neytendur. Með því móti skal félagið vinna að því að auka vöxt og nýsköpun íslensks atvinnulífs, bæta starfsskilyrði þess og vinna að aukinni vernd og öryggi neytenda samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Stöðlun skal lúta þeim reglum sem settar eru samkvæmt lögum þessum og nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

Félagið hefur einkarétt til að gefa út íslenska staðla.

Félaginu er heimilt að stunda þjónustustarfsemi sem tengist stöðlum og stöðlun. Því er jafnframt heimilt að eiga hlut í félögum með takmarkaðri ábyrgð sem veita slíka þjónustu.

Félagið skal eiga aðild að alþjóðlegu samstarfi staðlaráða fyrir Íslands hönd og fara með atkvæði landsins á þeim vettvangi. Heimilt er félaginu að fela stofnun, fyrirtæki

eða samtökum að annast í umboði þess þátttöku í alþjóðastaðlasamstarfi.

5. gr.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal á vegum félagsins gefa út Staðlatíðindi þar sem m.a. skal:

a. tilkynna um ný stöðlunarverkefni,
b. auglýsa frumvörp að íslenskum stöðlum og kalla eftir athugasemdum innan tiltekins frests,
c. tilkynna staðfestingu stjórnar félagsins á nýjum íslenskum stöðlum.

Við útgáfu auglýsinga og ákvörðun tímafrests samkvæmt þessari grein skal miða við að aðilar, er hagsmuna eiga að gæta, geti haft áhrif á gerð staðalsins svo sem nánar skal kveðið á um í samþykktum félagsins.

Félagið skal halda skrá yfir alla gilda íslenska staðla. Skráin skal birt eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

6. gr.

Hugtökin staðall, alþjóðlegur staðall, stöðlun, reglugerð á tæknisviði, tæknileg forskrift og sammæli hafa alþjóðlega viðurkennda merkingu og skal hún sett fram í íslenskum staðli sem íðorð í stöðlun og skyldri starfsemi.

7. gr.

Íslenskur staðall er staðall sem hefur verið staðfestur af Staðlaráði Íslands.

Staðall er til frjálsra afnota. Stjórnvöld geta þó gert notkun tilgreinds staðals skyldubundna með vísun til hans í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum.

Heimilt er að gefa út íslenskan staðal á erlendu tungumáli ef sýnt er að það hindri ekki eðlileg not staðalsins.

8. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að skipa til tveggja ára hverju sinni allt að sjö manna umsagnarráð helstu hagsmunaaðila stjórn félagsins til ráðuneytis og aðstoðar um gerð staðla og stöðlun.

9. gr.

Ríkissjóður getur ekki boðið meiri hluta hlutabréfa í félaginu til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis.

10. gr.

Iðnaðarráðherra fer með eignarhluta ríkissjóðs í félaginu.

11. gr.

Fastráðnir starfsmenn staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðið sambærilegt starf hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá staðladeild Iðntæknistofnunar. Taki þeir starfið skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki eiga við um þá starfsmenn.

12. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda

í hlutafélaginu, né heldur ákvæði 1. mgr. 17. gr. sömu laga um tölu hluthafa.

Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda eigi síðar en tveimur mánuðum eftir gildistöku laganna og skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundinum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag skv. 1. gr. yfirtekur eignir og starfsemi staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands 1. mars 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er tvíþættur. Annars vegar að breyta rekstrarformi núverandi staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands, sem starfar á grundvelli heimildar í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 41/1978, um Iðntæknistofnun Íslands, í hlutafélag í samvinnu við innlenda áhuga- og hagsmunaaðila, þó þannig að ríkið verði eigandi a.m.k. helmings hlutabréfa í félaginu og að sala umfram 50% hlutafjár í félaginu geti aðeins komið til með samþykki Alþingis. Hins vegar er tilgangurinn með frumvarpinu að styrkja lagagrundvöll reglna um staðla hér á landi. Frumvarp til laga um stöðlun var fyrst flutt á 112. löggjafarþingi og endurflutt á 113. löggjafarþingi. Frumvarp það, sem nú er flutt, byggir á sömu sjónarmiðum og fyrri frumvörp að öðru leyti en því að nú er lagt til að Staðlaráð Íslands verði hlutafélag en ekki sjálfseignarstofnun sem starfi á grundvelli stofnskrár.

Á 111. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um stofnun hlutafélags um Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Frumvarpið varð að lögum vorið 1989 og var hlutafélag stofnað í september sama ár er tók við rekstri Gutenber 1. janúar 1990. Röksemdir fyrir stofnun hlutafélags um starfsemi staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands eru þær sömu og giltu um Gutenberg.

Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi víðast í heiminum og hér á landi hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur um starfsemi hlutafélaga. Í þeirri löggjöf eru nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Í hlutafélagalögunum er ákvæði sem verndar rétt minnihlutaeigenda og þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur er því hlutafélagaformið sérstaklega viðeigandi.

Kostir þess að reka staðladeild Iðntæknistofnunar í hlutafélagsformi eru að með því verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis veldur því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eign ríkisins í hlutafélagaformi. Hverju fyrirtæki er nauðsynlegt að fjárfesta, ráðast í nýjungar og efla starfsemi sína til að vernda stöðu sína á markaðnum. Vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutföllum í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé. Með því móti verður komist hjá því að ríkið taki í sífellu á sig skuldbindingar, t.d. í formi ríkisábyrgðar, er fyrirtæki í eigu þess þurfa að ráðast í framkvæmdir.

Stjórn Iðntæknistofnunar Íslands fól nokkrum hagsmunaaðilum í október 1987 að annast skyldu stofnunarinnar gagnvart stöðlum. Þessir aðilar komu saman á vettvangi sem nefndur var Staðlaráð Íslands og samdi sér starfsreglur sem stjórn Iðntæknistofnunar samþykkti að væri forsenda framsalsins.

Staðladeild Iðntæknistofnunar Íslands starfar á grundvelli fyrrnefndra starfsreglna sem stjórn Iðntæknistofnunar setti 27. október 1987 með heimild í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 41/1978, um Iðntæknistofnun Íslands. Þar segir að ráðið gegni hlutverki sínu m.a. með stöðlun. Lagalegur grundvöllur starfseminnar er hins vegar ófullnægjandi miðað við þá

auknu áherslu sem lögð er á stöðlun og tengda starfsemi í Evrópu, þar á meðal hér á landi.

Á alþjóðavettvangi hefur einkum verið fjallað um staðla í viðræðum um hindrunarlaus viðskipti á milli landa. Gerður hefur verið samningur á vettvangi GATT um viðskiptahindranir á tæknisviðum. Í samningnum eru hugtökin staðall og stöðlun skilgreind, auk þess sem kveðið er á um að vísa skuli til alþjóðlegra staðla í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum fremur en að tilgreina í einstökum atriðum hverjar tæknilegar kröfur skuli gera til vöru eða þjónustu.

Samkvæmt reglum Alþjóðastaðlasambandsins ISO (International Organization for Standardization) og Alþjóðaraftækniráðsins IEC (International Electrotechnical Commission) er eitt megineinkenni staðla og stöðlunar að þeir eru samdir í samvinnu helstu hagsmunaaðila og í þeim endurspeglast góður framkvæmdamáti að bestu manna yfirsýn. Af þessu leiðir að enginn einstaklingur eða stofnun getur samið staðal án samráðs við hagsmunaaðila. Þetta samráð greinir staðla frá öðrum reglum og vöruforskriftum.

Annað atriði, sem greinir staðla frá öðrum stjórnvaldsfyrirmælum, er að staðlar eru frávíkjanlegir.

Vegna þessara eiginleika staðla ákvað framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (EB) að þeir skyldu gegna veigamiklu hlutverki í áformum þess að gera bandalagið að einum markaði fyrir árslok 1992. Hinn 7. maí 1985 ákvað ráðherraráð EB að beita svokallaðri „nýrri aðferð" (new approach) við að samhæfa tæknilegar reglur og staðla í aðildarríkjunum. Samkvæmt nýju aðferðinni á að takmarka lögbundna samhæfingu, þ.e. samhæfingu í tilskipunum EB, á tæknisviðum við grunnkröfur um öryggi og heilsu manna og dýra og verndun umhverfisins. Síðan var þeim stofnunum (félögum) sem höfðu unnið að stöðlun í iðnaði fengið það hlutverk að semja tæknilegar forskriftir í einstökum atriðum. Þessar forskriftir eru síðan gefnar út sem samhæfðir staðlar í aðildarlöndum bandalagsins. Framleiðendum er í sjálfsvald sett hvort þeir nota staðlana en svo er litið á að sá sem fylgir stöðlunum hafi fullnægt grunnkröfunum í tilskipunum.

Á sama tíma var gerður rammasamningur við evrópsku staðlasamböndin, CEN (Comité Européen de Normalisation) á almennu sviði og CENELEC (Comité Européen de Normalisation Electrotechnique) á raftæknisviði, um að stýra gerð þeirra staðla sem gert væri ráð fyrir í tilskipunum EB. Í rammasamningunum er það gert að skilyrði að samþykktir staðlar á vettvangi staðlasambandanna (Evrópustaðlar) verði gerðir að landsstöðlum í hverju aðildarlandi CEN og CENELEC innan missiris frá samþykkt þeirra og þeir landsstaðlar numdir úr gildi sem brjóta í bága við Evrópustaðla. Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, fylgdu á eftir og gerðu samsvarandi samning við staðlasamböndin. Í yfirstandandi samningaviðræðum um Evrópskt efnahagssvæði er gert ráð fyrir að vísað verði til samræmdu staðlanna í stjórnvaldsfyrirmælum á tæknisviðum og við opinber innkaup.

Staðlaráð Íslands gerðist aðili að staðlasamböndunum CEN og CENELEC um miðbik ársins 1988.

Með þeirri nýju stefnu, sem hér hefur verið lýst, breytist hlutverk þeirra sem semja staðla í smærri Evrópuríkjum mikið. Áður voru nánast einvörðungu samdir staðlar sem iðnaðurinn í viðkomandi ríki taldi sig þurfa á að halda á þeim hraða sem aðstæður leyfðu hverju sinni. Engar kvaðir lágu á stjórnvöldum að vísa til staðlanna. Á þrjátíu ára tímabili höfðu þannig alls verið staðfestir um fimmtíu staðlar á Íslandi en síðan Staðlaráð gerðist aðili að CEN og CENELEC 1988 hafa um 900 staðlar verið staðfestir.

Í ljósi þess mikilvæga hlutverks, sem stöðlum er ætlað í framtíðinni innan Evrópu, er einstökum ríkjum nauðsynlegt að fylgjast vel með samningu þeirra og taka fullan þátt í þeirri vinnu á þeim sviðum sem varða hagsmuni þeirra.

Með bréfi dagsettu 2. ágúst 1989 skipaði iðnaðarráðherra eftirtalda menn í nefnd til að gera tillögu um frumvarp til laga um staðla: Halldór Jón Kristjánsson, tilnefndan af iðnaðarráðuneyti, Halldór Árnason, tilnefndan af sjávarútvegsráðuneyti, Sturlaug Daðason, tilnefndan af Útflutningsráði Íslands, Sigurð Arnalds tilnefndan, af Verkfræðingafélagi Íslands, og Davíð Lúðvíksson, tilnefndan af Staðlaráði Íslands. Nefndinni var falið að hafa samráð við þá hagsmunaaðila sem málið varðaði. Framkvæmdastjóri Staðlaráðs, Jóhannes Þorsteinsson, starfaði með nefndinni.

Til undirbúnings vinnu nefndarinnar var aflað gagna um tilhögun staðlamála í Evrópu. Þáverandi framkvæmdastjóri CEN, Evangelos Vardakas, lagði fram tillögur um löggjöf um staðla á Íslandi og einnig var safnað athugasemdum við tillögur hans víðs vegar að. Tillögurnar og athugasemdir við þær voru grundvöllur starfsins í nefndinni. Nefndin lauk störfum með því að skila af sér frumvarpi til laga um Staðlaráð Íslands sem tvívegis hefur verið lagt fram á Alþingi án þess að útrætt væri.

Helstu ákvæði frumvarpsins nú eru þessi:

1. Stofnað verður sjálfstætt hlutafélag, Staðlaráð Íslands hf., sem tekur yfir alla starfsemi núverandi staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands og hlutverk Staðlaráðs Íslands. Ábyrgð ríkissjóðs á félaginu takmarkast við hlutafjáreign og fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda eykst. Stjórn félagsins verður kosin á aðalfundi ár hvert. Ætlunin er að reka félagið án ágóðamarkmiðs og er félagið ólíkt öðrum hlutafélögum að því leyti. Að öðru leyti hefur félagið enga sérstöðu fram yfir önnur fyrirtæki í landinu og ýmsir kostir þess að reka fyrirtækið sem hlutafélag nýtast. Þegar hlutafélag hefur verið stofnað taka lög um hlutafélög sjálfkrafa gildi um félagið. Loks er gert ráð fyrir að fram fari nákvæmt mat á eignum staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands, Staðlaráðs Íslands, til að hafa til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Verður þar fyrst og fremst um eignamat að ræða, en jafnframt munu aðrir þættir koma inn í matið, svo sem kostnaður við staðlagerð og stöðlun, viðskiptavild o.fl., sbr. 1. gr.
2. Fram að stofndegi hlutafélagsins skal kveðja innlenda áhuga- og hagsmunaaðila til samvinnu um stofnun og starfrækslu félagsins, sbr. 2. gr. Við stofnun skal þó a.m.k. 50% hlutafjár í félaginu vera í eigu ríkissjóðs, sbr. 2. mgr. 1. gr. Þá getur ríkissjóður ekki boðið meiri hluta hlutabréfa í félaginu til sölu nema hafa til þess samþykki Alþingis, sbr. 9. gr. Ákvæði hlutafélagalaga um tölu stofnenda og hluthafa gilda ekki en hins vegar öll önnur ákvæði, sbr. 12. gr.
3. Staðlaráð Íslands hf. verður með heimili og varnarþing í Reykjavík skv. 3. gr. frumvarpsins og fær einkarétt til stöðlunarstarfs, sbr. 4. gr.
4. Meginhlutverk Staðlaráðs Íslands hf. er sett fram í 4. og 5. gr. en það er fyrst og fremst að vera vettvangur stöðlunar fyrir íslenskt atvinnulíf og neytendur. Nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi félagsins verða í samþykktum félagsins. Með tilliti til aðstæðna hér á landi er lagt til að Staðlaráð verði miðstöð stöðlunarstarfs hér á landi og komi fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi staðlaráða. Það stefnumið er í samræmi við stefnu EFTA-ríkjanna að einn aðili staðfesti staðla og komi fram fyrir hönd hvers ríkis í staðlamálum. Þó er gert ráð fyrir að Staðlaráð geti falið einstökum stofnunum eða aðilum framkvæmd einstakra þátta, þar með talda þátttöku í alþjóðastaðlastarfsemi. Ákvarðanir EB og EFTA um að fela CEN og CEN-

ELEC að búa til staðla sem gilda í öllum aðildarríkjum þessara samtaka og stefna þessara samtaka um aukið hlutverk staðla leiðir til að eðlilegt má telja að stjórnvöld greiði þann lágmarkskostnað sem óhjákvæmilega fylgir aðild að CEN og CENELEC og því að gera Evrópustaðla að íslenskum stöðlum. Því er ráðgert þótt þess sé ekki getið í frumvarpinu að gerður verði samningur á milli iðnaðarráðuneytisins og Staðlaráðs Íslands hf. þar sem skilgreind verði lágmarksmeðhöndlun staðla og að kostnaður ríkissjóðs, sem af henni hlýst, verði greiddur af framlögum í fjárlögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að öll vinna Staðlaráðs umfram skilgreinda lágmarksmeðhöndlun staðla samkvæmt samningnum við iðnaðarráðuneytið verði greiddur af þeim sem óskar eftir henni hverju sinni. Reglur um birtingu staðla og rétt til athugasemda verða gerðar skýrari og víðtækt samráð tryggt um efni þeirra. Með þessu er lagður grunnur að því að við samningu reglugerða verði í ríkara mæli stuðst við staðla. Er það í samræmi við hina nýju aðferð við afnám tæknilegra viðskiptahindrana sem nú er notuð innan Evrópu. Auk stöðlunar er lagt til að Staðlaráði verði heimilað að starfa að skyldum verkefnum og er með því t.d. átt við upplýsingaþjónustu og vottunarþjónustu eða þátttöku í félögum með takmarkaðri ábyrgð sem veita slíka þjónustu.

5. Ákveðið er hvernig beri að fara með skilgreiningu hugtaka og hvað geti talist íslenskur staðall, sbr. 6. og 7. gr.
6. Iðnaðarráðherra fer með eignarhluta ríkissjóðs í félaginu, sbr. 10. gr., og er heimilt en ekki skylt að skipa allt að sjö manna umsagnarráð helstu hagsmunaaðila stjórn félagsins til ráðuneytis og aðstoðar um gerð staðla og stöðlun, sbr. 8. gr.
7. Fastráðnir starfsmenn staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands skulu hafa rétt til starfa hjá félaginu, sbr. 11. gr.
8. Þess er vænst að takast megi að afgreiða frumvarpið sem lög frá Alþingi á yfirstandandi haustþingi. Er hæfilegt að áætla tvo mánuði til undirbúnings stofnfundar, gerð samþykkta o.fl., sbr. 3. mgr. 12. gr. Reiknað er með að hið nýja félag yfirtaki alla starfsemi staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands 1. mars 1992, sbr. 13. gr.

Í fylgifrumvarpi eru gerðar ýmsar breytingar á sérlögum í samræmi við meginreglur frumvarps þessa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag er yfirtaki starfsemi og eignir staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands. Allar eignir deildarinnar og starfsemi færast yfir til hins nýja hlutafélags. Að minnsta kosti helmingur hlutafjár í félaginu, líklega mun meira og jafnvel allt, verður í eigu ríkissjóðs við stofnun hlutafélagsins. Nauðsynlegt er að fram fari mat á eignum deildarinnar sem ekki eru þó verulegar er notað verði til viðmiðunar við ákvörðun hlutafjár hins nýja hlutafélags. Verðgildi hlutafjár þarf þó ekki að merkja hvers virði viðkomandi fyrirtæki er. Þar koma til fleiri atriði eins og arðsemi, eftirspurn eftir hlutabréfum o.fl.

Um 2. gr.

Fram að stofndegi félagsins er gert ráð fyrir að kannaður verði áhugi hagsmuna- og áhugaaðila á þátttöku í stofnun og framtíðarstarfrækslu hlutafélags af þessu tagi. Útilokað er á þessari stundu að fullyrða hve víðtækur þessi áhugi er.

Um 3. gr.

Eðlilegt er að fram komi í lagatexta hvar heimili og varnarþing félagsins skuli vera.

Um 4. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum hlutverk hlutafélagsins að nokkru leyti. Jafnframt er lagt til að nánari ákvæði um hlutverk félagsins verði sett í samþykktum þess. Með þessu hefur eigandinn nokkra möguleika til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni.

Í samræmi við stefnumótun í Evrópu um að staðlamál verði samræmd er í 3. mgr. lagt til að félaginu verði veittur einkaréttur til að gefa út íslenska staðla. Með þessu móti er leitast við að tryggja að enginn vafi leiki á því hvað getur talist íslenskur staðall.

Í 4. mgr. er kveðið á um að félaginu sé heimilt að stunda þjónustustarfsemi sem tengist stöðlum og stöðlun. Jafnframt er því heimilað að eiga hlut í félögum með takmarkaðri ábyrgð sem veita slíka þjónustu. Sem dæmi um þjónustu af þessu tagi má nefna vottun sem felst í því t.d. að staðfesta að tiltekin vara sé framleidd í samræmi við þá staðla sem um hana gilda.

Enn fremur er í 5. mgr. lagt til að félagið eigi aðild að alþjóðasamstarfi staðlaráða fyrir Íslands hönd. Rétt þykir þó að ráðinu sé heimilt að fela öðrum þátttöku í slíku samstarfi. Þessi málsgrein tekur til aðildar að Alþjóðastaðlasambandinu (ISO), Alþjóðaraftækninefndinni (IEC), auk evrópsku staðlasambandanna, CEN og CENELEC. Hún tekur hins vegar ekki til margvíslegrar þátttöku íslenskra stjórnvalda og stofnana í samhæfingarvinnu á alþjóðavettvangi að því marki sem þessi vinna miðast ekki við setningu landsstaðla. Greinin tekur þannig ekki til þess starfs sem fer fram hjá Codex Alimentarius, en þátttaka Íslendinga í þeim samtökum er á vegum heilbrigðisráðuneytis. Ekki er þó útilokað að síðar verði sú aðild á vegum félagsins.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um birtingu staðla og tilkynninga um ný stöðlunarverkefni. Greininni er ætlað að tryggja að allir þeir, sem hagsmuna eiga að gæta, geti haft áhrif á gerð staðals. Skýrar reglur um birtingu staðla auðvelda enn fremur tilvísun í staðla í opinberum reglugerðum.

Um 6. gr.

Merking hugtakanna í greininni skal vera í samræmi við GATT-samninginn um viðskiptahindranir á tæknisviðum, samkomulag EFTA-ríkjanna um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi (Tampere-samkomulagið) og leiðbeiningarrit ISO og IEC nr. 2. Leiðbeiningarritið skal gefa út sem íslenskan staðal.

Í leiðbeiningarritinu hafa eftirfarandi hugtök þessa merkingu:

Staðall (e. standard): sérstök gerð opinbers skjals sem er byggt á sammæli hagsmunaaðila og staðfest af þar til bærum aðila. Í því eru settar fram reglur, leiðbeiningar fyrir eða lýsing á einkennum algengrar og endurtekinnar starfsemi eða afrakstri hennar. Markmið með gerð slíks skjals er að ná sem mestri samskipan á gefnu sviði með sem víðtækastri notkun þess.

Stöðlun (e. standardization): það að ná sammæli um skjal til víðtækrar notkunar sem inniheldur lýsingu á reglum, leiðbeiningum fyrir eða lýsingu á einkennum algengrar og endurtekinnar starfsemi eða afrakstri hennar. Skjalið skal samið í þeim tilgangi að ná fram sem mestri samskipan mála á gefnu sviði og það staðfest af þar til bærum aðila.

Alþjóðlegur staðall (e. international standard): opinber staðall sem hefur verið staðfestur af alþjóðastaðlasambandi.

Reglugerð á tæknisviði (e. technical regulation): skjal þar sem kveðið er á um lagalega bindandi kröfur á tæknisviði, staðfestar af stjórnvaldi. Kröfurnar eru ýmist tilgreindar í einstökum atriðum, með vísun til staðals, tæknilegrar forskriftar eða framkvæmdastaðals, eða með því að taka staðalinn upp í heild sinni. Undir þetta falla m.a. lög, reglugerðir, tilkynningar og orðsendingar.

Tæknileg forskrift (e. technical specification): skjal þar sem mælt er fyrir um þær kröfur sem vara, ferli eða þjónusta á að fullnægja og þær tilgreindar í einstökum atriðum.

Sammæli (e. consensus): almennt samkomulag sem mikilvægir hagsmunaaðilar í málinu haldi ekki uppi andstöðu við í veigamiklum atriðum. Sammæli næst með því að leitast er við að taka tillit til sjónarmiða allra aðila sem málinu tengjast og vinna að lausn sem sameinar andstæðar röksemdir.

Með frumvarpinu er lagt til að þessi hugtök og viðteknar skilgreiningar á þeim verði settar ásamt öðrum helstu hugtökum á þessu sviði í íslenskan staðal.

Tekið skal fram í þessu sambandi að Evrópustaðall er opinber staðall sem hefur verið staðfestur af öðru hvoru evrópsku staðlasambandanna, CEN eða CENELEC.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að skýrt verði kveðið á um hvað geti talist íslenskur staðall. Þessu ákvæði er einnig ætlað að taka til samsetninga þar sem einkunnum eða öðrum ákvæðisliðum kann að vera bætt við orðalagið íslenskur staðall. Þó að hlutafélag taki nú við starfsemi Staðlaráðs Íslands er ekki gert ráð fyrir því að nýja félagið þurfi að endurstaðfesta alla fyrri staðla sem hafa verið staðfestir samkvæmt lögum um Iðntæknistofnun Íslands. Þeir halda sínu gildi nema á þeim verði gerð breyting.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði sú meginregla að staðlar séu til frjálsra afnota í skiptum manna á meðal. Í samræmi við alþjóðlega þróun er hins vegar gert ráð fyrir að stjórnvöld hér á landi muni í auknum mæli vísa til staðla í reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum þannig að sá sem fylgir tilgreindum stöðlum teljist hafa fullnægt ákvæðum stjórnvaldsfyrirmælanna. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að stjórnvöld geti gert notkun staðals skyldubundna.

Í 3. mgr. er lagt til að heimilt verði að staðfesta staðal sem íslenskan staðal þótt hann sé á erlendu máli ef ljóst er að not hans eru bundin við aðila er kunna þá tungu, t.d. flóknir staðlar á flugmálasviði. Þetta er í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á stefnu einstakra Norðurlanda í þessum efnum. Nefna má að Finnar hafa breytt stjórnarskrárákvæði er kveður á um lögbirtingu á finnsku og sænsku á þann veg sem hér er lagt til. Heppilegt þykir að lögfesta ekki að staðlar skuli ávallt gefnir út á íslensku. Þess í stað verði metið í hverju tilviki, m.a. með tilliti til notkunar staðalsins, hvort staðall skuli þýddur.

Um 8. gr.

Í greininni er iðnaðarráðherra heimilað að skipa sérstakt tímabundið umsagnarráð helstu hagsmunaaðila til að vera félaginu til ráðuneytis og aðstoðar í störfum sínum.

Ráðherra er hins vegar ekki skylt að skipa slíkt ráð. Takist ekki að fá hagsmuna- og áhugaaðila til þátttöku í stofnun og starfrækslu félagsins strax í upphafi og ríkið verði einn eignaraðili félagsins í upphafi er heppilegt að geta skipað slíkt umsagnarráð helstu

hagsmunaaðila stjórn félagsins til aðstoðar og ráðgjafar í störfum sínum.

Um 9. gr.

Með tilliti til þess að félagið hefur einkarétt til útgáfu íslenskra staðla og fer með atkvæði Íslands í alþjóðlegu samstarfi staðlaráða er eðlilegt að Alþingi fjalli um hugsanlega sölu á meiri hluta hlutabréfa í félaginu áður en af henni verður.

Um 10. gr.

Iðnaðarráðherra mun fara með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu enda hefur starfsemi staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands heyrt undir starfssvið iðnaðarráðuneytisins.

Um 11. gr.

Með þessari grein er núverandi fastráðnum starfsmönnum staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands tryggður réttur til sambærilegs starfs hjá hinu nýja félagi. Taki þeir því er ljóst að þeir njóta ekki lengur lögkjara sem opinberir starfsmenn. Sérstaklega er hnykkt á að taki þeir upp sambærilegt starf hjá félaginu þá falli niður réttur þeirra til biðlauna skv. 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Ætlunin með þessu ákvæði er að koma í veg fyrir að þeir starfsmenn, sem halda áfram sambærilegu starfi, fái greidd tvöföld laun í einhvern tíma. Hins vegar er ekki ætlunin að svipta þá rétti til biðlauna sem ekki kjósa að starfa hjá nýja félaginu. Ef sú er afstaða einstakra starfsmanna og þeim ekki boðið sambærilegt starf hjá ríkinu er ljóst að þeir eiga kost á biðlaunum samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt er að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa í félaginu. Hið nýja félag lýtur hins vegar öðrum almennum reglum hlutafélagalaga. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra sjái til þess að fram fari viðræður við helstu hagsmunaaðila um stofnun hlutafélagsins og útbúin verði drög að stofnsamningi og hann samþykktur fyrir félagið til framlagningar á stofnfundi sem haldinn verði eigi síðar en tveimur mánuðum eftir gildistöku laganna og áður en breytingin á sér stað.

Um 13. gr.

Lögin öðlast þegar gildi, en félagið yfirtekur starfsemi og eignir staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands 1. mars 1992. Í sérstöku fylgifrumvarpi er jafnframt lagt til að til samræmis breytist orðalag um staðla og stöðlun í ýmsum sérlögum sem þar eru talin upp.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa.

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Staðlaráð Íslands.

Í frumvarpinu koma ekki fram nægilega skýrar forsendur til að unnt sé að gera sér fyllilega grein fyrir því hvort frumvarpið muni hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Starfsemi staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands hefur á undanförnum árum verið fjármögnuð með eftirfarandi hætti:

1. Til deildarinnar hefur runnið hluti af ríkisframlagi til Iðntæknistofnunar Íslands. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1992 er sú upphæð áætluð 3 m.kr.
2. Til að greiða þann kostnað, sem er af aðild Íslands að Evrópustaðlasamtökum CEN og CENELEC og fyrir lágmarksmeðhöndlun sem krafist er til að gera evrópska staðla að íslenskum stöðlum, hefur staðladeild fengið sérstaka fjárveitingu í fjárlögum undir lið í iðnaðarráðuneytinu sem heitir Alþjóðastaðlar. Sú upphæð nemur 14 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1992.
3. Deildin hefur haft umtalsverðar sértekjur af sölu staðla og sölu þjónustu til ýmissa opinberra aðila og einkaaðila.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gert er ráð fyrir að iðnaðarráðuneytið greiði nýja félaginu þann kostnað sem hlýst af þátttöku Íslands í staðlasamböndunum CEN og CENELEC og kostnað af lágmarksmeðhöndlun evrópskra staðla til að gera þá að íslenskum stöðlum. Ekkert kemur fram um hversu háa fjárhæð sé að ræða, en ráðgert er að iðnaðarráðuneytið geri sérstakan þjónustusamning við hið nýja félag vegna þessa. Ekki verður séð að breyting á rekstrarformi hafi sérstök áhrif á þennan kostnað. Eðlilegt verður að telja að sá hluti ríkisframlags Iðntæknistofnunar, sem áður rann til staðladeildar, falli niður við stofnun hins nýja félags. Að öðru leyti verður ekki annað ráðið af frumvarpinu en að félagið þurfi að fjármagna starfsemi sína með því að selja staðla og þjónustu til opinberra aðila og einkaaðila. Umfang starfseminnar mun því að verulegu leyti ráðast af því hversu vel tekst til við eigin fjáröflun.

Ljóst er að breyting á rekstrarformi mun hafa nokkurn útgjaldaauka í för með sér. Þannig mun hið nýja félag bera ábyrgð á ýmsum útgjöldum sem áður voru annaðhvort hluti af heildarútgjöldum Iðntæknistofnunar eða á ábyrgð ríkissjóðs án þess að þau kæmu sérstaklega fram. Í þessu sambandi má t.d. benda á ýmsar tryggingar vegna starfsmanna, kostnað við bókhald og ýmsa aðra aðkeypta sérfræðiþjónustu, lögfræðiþjónustu o.þ.h.

Breyting á rekstrarforminu hefur í för með sér að ábyrgð ríkisins á starfseminni takmarkast við hlutafé þess. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkið leggi félaginu til eignir staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands en þær eru einkum ýmiss konar búnaður og staðlasafnið. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir að ríkið leggi félaginu til fé. Fyrirhugað er að leita til innlendra áhuga- og hagsmunaaðila um að gerast hluthafar í félaginu. Reynist ekki vera áhugi fyrir hendi hjá slíkum aðilum kann fjárhagur hins nýja félags að reynast ótraustur nema ríkissjóður leggi fram hlutafé umfram eignir staðladeildar. Um þetta er þó erfitt að fullyrða þar sem engar rekstraráætlanir fyrir hið nýja félag koma fram í athugasemdum með frumvarpinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fastráðnum starfsmönnum staðladeildar Iðntæknistofnunar Íslands skuli boðið sambærilegt starf hjá hinu nýja félagi og því eigi 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, ekki við. Væntanlega er þar átt við biðlaunarétt skv. 1. mgr. téðrar greinar. Hvorki er vikið að lífeyrisréttindum þessara starfsmanna í frumvarpsgreininni né í skýringum með henni. Ráðuneytið telur eðlilegt að í lögum þessum verði ákvæði sem hindra að 2. mgr. 17. gr. laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins verði notuð.

Með breytingum samkvæmt frumvarpinu verða rofin tengsl milli starfskjara og lífeyrisréttinda og skuldbindingar munu hlaðast upp vegna lífeyrisréttinda umfram það sem iðgjöld standa undir. Sé ekkert að gert falla þessar skuldbindingar á ríkissjóð. Sem dæmi má taka að maður, sem hefur verið í tvö ár eða lengur í starfi sem lagt er niður, getur haldið áfram að vinna sér inn réttindi á kostnað ríkissjóðs sem svara til um 15% af launum hans ár hvert.

Í 10. gr. segir að iðnaðarráðherra skuli fara með eignarhlut ríkisins í nýja félaginu. Samkvæmt auglýsingu nr. 96/1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, skal fjármálaráðherra fara með eignir ríkisins, þar á meðal hlutabréf. Telja verður að rétt sé og skylt að fara eftir þessu almenna ákvæði nema sérstakar ástæður séu til að fara eftir undantekningarákvæðum auglýsingarinnar. Lagt er til að greininni verði breytt þannig að fjármálaráðherra verði falið að fara með eignarhlut ríkisins í félaginu en skuli tilnefna í stjórn félagsins að fenginni tillögu iðnaðarráðherra.

116. Frumvarp til laga [113. mál]

um breytingar á lagaákvæðum er varða stöðlun o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Lög um Landmælingar Íslands, nr. 31 7. júní 1985.

1. tölul. 5. gr. laganna hljóði svo: Frumkvæði að samráði við Staðlaráð Íslands hf. um gerð staðla fyrir landmælingar og kortagerð og gerð landfræðilegra og staðfræðilegra grundvallarmælinga til kortlagningar á Íslandi og umsjón með þeim. Mælingar skulu gerðar eftir skipulögðu mælingakerfi.

2. gr.

Lög um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur, nr. 53 16. maí 1978.

a. 2. málsl. 7. gr. laganna hljóði svo: ED setur fram kröfur, sem eftirlitsskyldar vörutegundir skulu fullnægja, í samráði við sérfræðinga Rala og Búnaðarfélags Íslands þar sem því verður við komið og getur landbúnaðarráðuneytið bannað framleiðslu og verslun með vörutegundir sem ekki fullnægja settum kröfum.

b. 15. gr. laganna hljóði svo:

FR setur fram kröfur sem einstakar fóðurblöndur ætlaðar einstökum búfjártegundum skulu fullnægja og getur bannað framleiðslu og sölu á fóðurblöndum sem ekki fullnægja settum kröfum.

c. 1. mgr. 17. gr. laganna hljóði svo:
ÁR hefur eftirlit með því að tilbúinn áburður innihaldi þau efni og það magn sem framleiðandi gefur til kynna og ábyrgist í samræmi við settar kröfur um hverja áburðartegund.

d. 1. mgr. 20. gr. laganna hljóði svo:
SR hefur eftirlit með spírunarhæfni, hreinleika og öðrum eiginleikum sáðvöru sem ástæða þykir til, setur fram kröfur um samsetningu fræblandna og hefur eftirlit með að blöndunarhlutföll séu í samræmi við þær.

3. gr.

Byggingarlög, nr. 54 16. maí 1978.

1. mgr. 4. gr. laganna hljóði svo:
Umhverfisráðherra setur almenna byggingarreglugerð, svo og sérreglugerðir með ákvæðum um notkun staðla á ýmsum sviðum byggingariðnaðarins.

4. gr.

Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988.

26. tölul. 2. mgr. 2. gr. laganna hljóði svo: Viðmiðunarreglur og kröfur um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

5. gr.

Lyfjalög, nr. 108 14. nóvember 1984.

a. 2. mgr. 3. gr. laganna hljóði svo:
Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis, kveðja til nefnd sérfróðra manna til þess að skilgreina nánar og gera tillögur um staðallýsingar þess varnings er greinir í 1. mgr.

b. 2. mgr. 6. gr. laganna hljóði svo:
Lyfjanefnd gerir tillögur til ráðherra um staðallýsingar fyrir lyfjaform, gæði og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðgerðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum.

c. 3. mgr. 6. gr. laganna hljóði svo:
Ráðherra hefur á hendi auglýsingar og útgáfustarfsemi er að staðallýsingum lýtur.

d. 7. mgr. 14. gr. laganna hljóði svo:
Framleiðandi lyfja skal í hvívetna hlíta ákvæðum gildandi lyfjaskrár og staðallýsinga, svo og reglugerða þar að lútandi og góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð.

e. 3. málsl. 2. mgr. 18. gr. laganna hljóði svo: Skulu framangreindar upplýsingar ætíð vera í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrá, staðallýsingum, sérlyfjaskrá eða skrá um stöðluð lyf, sbr. 13. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Staðlaráð Íslands.

Breytingar þessa frumvarps miða allar að því að samtímis gildistöku frumvarps til laga

um Staðlaráð Íslands breytist orðalag um staðla og stöðlun í þeim lögum og lagagreinum sem í frumvarpinu er getið. Þessar breytingar eru nauðsynlegar þar sem orðin staðall og stöðlun eru notuð í merkingu sem ekki er í samræmi við alþjóðaskilgreiningar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að eitt af verkefnum Landmælinga Íslands sé setning staðla fyrir landmælingar og kortagerð. Með breytingunni er hins vegar aðeins ætlast til þess að Landmælingar Íslands hafi frumkvæði að samráði við Staðlaráð Íslands hf. um gerð slíkra staðla enda verður það Staðlaráð sem gefur alla staðla út.

Um 2. gr.

Í lögum nr. 53/1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur, er skv. 7. gr. ætlast til þess að eftirlitsdeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (ED) gefi út staðla um eftirlitsskyldar vörutegundir, að Fóðureftirlit ríkisins (FR) skv. 15. gr. gefi út staðla sem einstakar fóðurblöndur ætlaðar einstökum búfjártegundum skulu fullnægja, Áburðarverksmiðja ríkisins (ÁR) skv. 17. gr. hafi eftirlit með því að tilskilinn áburður innihaldi þau efni og það magn sem framleiðandi gefur til kynna og ábyrgist í samræmi við stöðlun hverrar áburðartegundar og loks að Sáðvörueftirlit ríkisins (SR) skv. 1. mgr. 20. gr. gefi út staðla um samsetningu fræblandna.

Með breytingunni er lagt til að ED, FR og SR setji fram kröfur í stað þess að gefa út staðla, enda er ætlunin að Staðlaráð Íslands hf. gefi út alla staðla og að ÁR hafi eftirlit með að fylgt sé settum kröfum.

Um 3. gr.

Lagt er til að umhverfisráðherra setji í byggingarreglugerð aðeins ákvæði um notkun staðla en ekki ákvæði um staðla á ýmsum sviðum byggingariðnaðarins eins og nú er.

Um 4. gr.

Í 26. tölul. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er lagt til að orðið: kröfur komi í stað orðsins „staðla".

Um 5. gr.

Í lyfjalögum, nr. 108/1984, verði orðið: staðallýsing notað í stað orðsins „stöðlun" í 2. mgr. 3. gr., í stað „staðla" í 2. mgr. 6. gr., í stað „lyfjastaðla" í 7. mgr. 14. gr. og í stað orðsins „lyfjastöðlun" í 3. málsl. 2. mgr. 18. gr.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða stöðlun o.fl.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkisssjóð.

117. Frumvarp til laga [114. mál]

um grundvöll lánsviðskipta, réttindi og skyldur ábyrgðarmanna o.fl.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

Viðskiptatraust lántakanda og þær tryggingar, sem hann getur sjálfur lagt fram, eiga að vera undirstaða lánsviðskipta lánastofnunar og lántakanda þannig að ekki þurfi að krefjast ábyrgðarmanna vegna fjárskuldbindinga lántakanda. Banki, sparisjóður eða önnur lánastofnun skal í samráði við lántakanda gera greiðsluáætlun fyrir lántakanda og meta greiðslugetu hans.

2. gr.

Telji lánastofnun að lántakandi hafi ekki það viðskiptatraust eða geti ekki lagt fram sjálfur þær tryggingar sem hún telur fullnægjandi fyrir þeim skuldbindingum sem lántakandi stofnar til gagnvart lánastofnuninni getur hún krafist þess að lántakandi afli sér ábyrgðar annars manns á skuldbindingum sínum. Ábyrgðarmaður getur gengið persónulega í ábyrgð fyrir lántakanda eða ábyrgst skuldbindingar lántakenda með einstökum eigum sínum. Ábyrgðarmaður hefur rétt til þess að kynna sér greiðsluáætlun lántakanda.

3. gr.

Lánastofnunum eða öðrum lánveitendum, er krefjast persónulegrar ábyrgðar eða ábyrgðar í eign annars manns en lántakenda, ber að upplýsa þá sem ábyrgjast fjárskuldbindingar lántakenda um eðli þeirrar ábyrgðar sem ábyrgðarmaður gengst undir og afleiðingar vanefnda lántakenda, sbr. 4. gr. Þetta á við hvort sem lánveitingin er liður í atvinnustarfsemi lánveitanda eða ekki. Ákvæði 3.–6. gr. um lánveitanda taka enn fremur til leigusala sem krefst tryggingа þriðja manns fyrir afnotum og greiðslum leigutaka samkvæmt leigusamningi og þess sem síðar öðlast rétt lánveitanda fyrir framsal.

Lántakanda, sem gefur út eða samþykkir til greiðslu hvers konar viðskiptabréf með persónulegri ábyrgð annars manns, fær veðleyfi eða tryggingarbréf með veði í eign annars manns til tryggingar skilvísum greiðslum sínum eða útvegar annars konar persónulega ábyrgð annars manns á skuldbindingum sínum, ber að upplýsa ábyrgðarmann sinn

um fjárhagsstöðu sína hvenær sem ábyrgðarmaður krefst þess á meðan ábyrgðin varir. Einnig verður lántakandi að hlíta upplýsingagjöf skv. 6. gr. Ábyrgðarmaður er bundinn þagnarskyldu um þær upplýsingar sem hann öðlast um fjármál lántakanda samkvæmt þessu ákvæði eða ákvæði 6. gr.

4. gr.

Í skuldabréfi eða tryggingarbréfi skulu upplýsingar um efni þeirrar ábyrgðar, sem krafist er og áhrif vanefnda, koma fram í texta bréfsins. Á bakhlið víxils skal greina efni ábyrgðar framseljenda víxils og ábyrgðarmanna og áhrif vanefnda greiðanda víxilsins, sbr. ákvæði víxillaga.

Ef ábyrgðarmanns er krafist á skilvísum greiðslum lántakanda með öðrum hætti en um getur í 1. mgr. ber lánveitanda að kynna ábyrgðarmanni á sannanlegan hátt efni ábyrgðarinnar og áhrif vanefnda lántakandans fyrir hann.

Sé upplýsingaskyldu, sbr. 1. og 2. mgr., ekki gætt er þriðji maður ekki ábyrgur fyrir skuldbindingum lántakanda.

5. gr.

Lánveitanda ber að tilkynna ábyrgðarmanni með sannanlegum hætti innan tíu daga frá gjalddaga um vanefndir lántakanda sem hann hefur gengið í ábyrgðir fyrir. Ef ekki er vitað um heimilisfang ábyrgðarmanns nægir tilkynning í Lögbirtingablaðinu.

6. gr.

Ábyrgðarmaður, sem veitt hefur lánveitanda ábyrgð sína á skilvísum greiðslum lántakanda, hefur jafnan rétt á því að fá allar upplýsingar sem lánveitandi hefur um fjárhagsstöðu lántakanda á meðan hann ábyrgðist greiðslur lántakanda.

Sé ábyrgðarmaður í hjúskap eða óvígðri sambúð getur hann ekki gengist undir ábyrgð án samþykkis maka eða sambýlings. Reglur 20. og 21. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, skulu gilda um leyfi ábyrgðarmanns sem er í óvígðri sambúð til veðsetningar eigna sinna. Það telst óvígð sambúð ef karl og kona hafa búið saman samfleytt í tvö ár eða ef þau búa saman og eiga barn saman eða konan er þunguð.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1992.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 113. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Flutningsmenn voru þá Anna Ólafsdóttir Björnsson, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Er það nú endurflutt óbreytt. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Í þessu frumvarpi er lögð áhersla á að meginregla í öllum lánsviðskiptum sé gagnkvæmt traust lántakanda og lánveitanda. Eðlilegt er að við lántöku sé greiðslugeta lántakanda metin, greiðsluáætlun gerð og að hún sé grundvöllur viðskiptatrausts hans. Í flestum lánaviðskiptum tíðkast nú að krefjast trygginga fyrir skilvísum greiðslum lántakanda. Algengt er að lántakandi leggi sjálfur fram slíkar tryggingar, t.d. með veði í fasteign sinni. Hitt er ekki síður algengt að krafist sé sjálfskuldarábyrgðar eins eða tveggja manna á greiðslum lántakanda. Þarf lántakandi að útvega þessa ábyrgðarmenn sem oft eru ættingjar lántakanda. Þá er einnig algengt að lántakandi fái lánað veð í eign annars manns

til tryggingar greiðslum sínum, sérstaklega í tengslum við fasteignakaup. Segja má að nánast sé meginregla að lántakandi geti ekki fengið lán án þess að afla trygginga frá öðrum. Slíkt ætti þó einungis að vera í undantekningartilvikum og gilda um það skýrar reglur.

Margir, sem veita ábyrgð sína á endurgreiðslum af lánum annarra, gera sér ekki grein fyrir því hvert eðli og umfang slíkrar ábyrgðar er. Ef til ábyrgðarinnar þarf að taka ábyrgist sjálfskuldarábyrgðarmaður greiðslur lántakanda með öllum eigum sínum, en sá sem hefur lánað fasteignarveð leggur viðkomandi fasteign undir. Ábyrgðarmaður þarf oft að greiða verulegar fjárhæðir fyrir lántakanda sem hann ábyrgist. Ef ábyrgðarmaður getur ekki greitt skuldir lántakanda missir hann eigur sínar í hlutfalli við skuldir lántakandans, oft allt sitt. Á síðustu árum hafa gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja aukist mjög mikið og sífellt fleiri ábyrgðarmenn hafa þurft að standa við ábyrgðir sínar, oft með þeim afleiðingum að ábyrgðarmaður verður líka gjaldþrota. Gjaldþrot hafa ekki einungis viðskiptalega hlið því að oft leysast heimili gjaldþrota einstaklinga upp.

Með þessu frumvarpi er gengið út frá þeirri meginreglu að lántakandi ábyrgist sjálfur skilvísar endurgreiðslur sínar og geri sér grein fyrir sinni lánshæfni með gerð greiðsluáætlunar. Frumvarpinu er einnig ætlað vekja athygli á stöðu ábyrgðarmanna og tryggja lágmarksréttindi þeirra til upplýsingaöflunar. Nauðsynlegt er að flytja sérstakt frumvarp um þessi efni því almenn lög um skuldabréf hafa aldrei verið sett hér á landi og ekki þótti rétt að setja þessi ákvæði í lög um viðskiptabanka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki þar sem fleiri lána fé en þær stofnanir. Frændur vorir á Norðurlöndum hafa búið við almenna löggjöf um skuldabréf í langan tíma og væri þörf á að setja slík lög hér á landi þótt ekki sé ráðist í það nú með þessu frumvarpi. Verði frumvarpið að lögum geta ábyrgðarmenn á auðveldan hátt áttað sig á efni þeirra ábyrgða sem krafist er. Einnig geta þeir gripið mun fyrr en nú er í taumana ef lántakandi greiðir ekki af skuldbindingum sínum. Bitur reynsla undanfarinna ára hefur sannað að ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga hafa brýna hagsmuni af því að þessi löggjöf nái fram að ganga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þetta ákvæði hefur að geyma þá meginreglu laganna að grundvöllur lánsviðskipta sé viðskiptatraust lántakanda. Ákvæðið nær til lánastofnana: banka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja. Lánastofnunum ber að gera greiðsluáætlanir og meta þær tryggingar sem lántakandi getur ábyrgst þannig að meginreglan sé sem áður sagði að lántakandi ábyrgist sjálfur sín lán.

Um 2. gr.

Þrátt fyrir meginreglu 1. gr. getur verið í ýmsum tilfellum að lánastofnun telji hvorki viðskiptatraust lántakanda né hans eigin tryggingar tryggja fjárskuldbindingu nægilega. Er helst að þetta komi til ef lántakandi er algerlega eignalaus, hefur slæmt viðskiptatraust og í öðrum ámóta tilfellum. Ef krafist er ábyrgðarmanna eiga þeir rétt á því að kynna sér þær forsendur sem eru fyrir lánveitingunni, þ.e. greiðsluáætlun lántakanda.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er lögfest skylda lánveitenda til þess að upplýsa ábyrgðarmenn lántakenda um eðli þeirrar ábyrgðar sem gengist er undir hvert sinn og afleiðingar vanefnda. Upplýsingaskyldan nær aðeins til einstaklinga sem ganga persónulega í ábyrgðir fyrir aðra, en

ekki til ábyrgða sem fyrirtæki veita. Lögin miða að því að gefa einstaklingum, sem ganga persónulega í ábyrgðir fyrir aðra, tækifæri til þess að meta réttarstöðu sína. Því má halda fram að þeim er veitir ábyrgð sína á skuldbindingum annarra ætti að vera fullkunnugt um efni slíkrar skuldbindingar. Ýmsir veita ábyrgðir vegna fjölskyldu eða vinatengsla og eiga af þeim orsökum erfitt með að neita lántakanda um ábyrgð. Á móti kemur að öll fræðsla almennings um þessi mál hefur verið mjög að skornum skammti. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur reynt að vekja athygli fólks á þýðingu lánveða, en að öðru leyti hefur slík fræðsla verið nánast engin nú seinni ár. Telja má að of mikið sé gert úr vitneskju almennings um efni og eðli ábyrgða á fjárskuldbindingum. Lánveitandi hefur mikla hagsmuni af því að ábyrgðarmenn geti staðið við ábyrgðir sínar ef lántakandi getur ekki staðið við sínar greiðslur. Eðlilegt er því að gera þá kröfu til lánveitenda að þeir kynni ábyrgðarmönnum eðli og efni þeirra ábyrgða sem þeir krefjast og geri ábyrgðarmönnum það ljóst að hugsanlega þurfi þeir að standa við ábyrgð sína.

Ekki er gerð tilraun til þess að skilgreina hugtakið lánveitandi í lagatexanum. Almennt má þó líta svo á að sá sem veitir lán til eignar sé talinn lánveitandi. Lán til eignar nefnist það er maður lánar öðrum tegundarákveðna hluti gegn því að lántakandi greiði síðar sama fjölda sömu tegundar með sama verðgildi. Algengustu lán til eignar eru peningalán og ef greitt er endurgjald af láninu nefnist það vextir.

Ákvæði 3. gr. takmarkast ekki við þá sem veita lán til eignar því hugsanlegt er að sá sem leigir út hluti krefjist sjálfskuldarábyrgðar einhvers annars en lántakanda á skilum hlutarins, sbr. 2. málsl. 1. mgr. Í þeim málslið kemur einnig fram að sá sem öðlast rétt lánveitanda fyrir framsal þarf einnig að hlíta ákvæðum laganna, þar með talin 3. mgr. 4. gr. Oft mun lánveitandi taka við viðskiptabréfi úr hendi lántakenda. Viðskiptabréf eru öll þau bréf sem ganga á milli manna í viðskiptum með sama hætti og eftir sömu reglum og skuldabréf. Ein helsta regla viðskiptabréfa er að bréfið stofnar rétt eftir hljóðan sinni og því kann framsalshafi að öðlast meiri rétt en framseljandi hafði. Sem dæmi má taka að sé skuldabréf selt án áritunar um innáborgun þótt hún hafi átt sér stað glatast sú mótbára skuldarans og hann verður að greiða framsalshafa fullt verð skuldabréfsins. Í samanburði á lokamálslið 1. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. kemur fram mikilvæg undantekning á reglum um viðskiptabréf. Ef þess er ekki gætt að tilkynna ábyrgðarmanni um afleiðingar þess að gangast undir ábyrgð þá er ábyrgðarmaður laus undan ábyrgð sinni. Framseljandi gæti átt það á hættu að sá sem upphaflega eignaðist viðskiptabréfið og gerði kröfu um ábyrgðarmenn hafi ekki kynnt þeim efni ábyrgðarinnar. Þessi hætta er þó ekki mikil þar sem flest öll viðskiptabréf hafa staðlaðan texta í meginmáli, en nánari ákvæði eru fyllt út af útgefenda. Búast má við að í slíkum stöðluðum textum viðskiptabréfa komi fram lýsing á þeim ábyrgðum sem krafist er, áhrifum vanefnda lántakanda og að lokum yfirlýsing ábyrgðarmanna um að þeir hafi kynnt sér réttarstöðu sína. Af þessari ástæðu er óhætt að láta mótbáru gagnvart gildi ábyrgðar, sbr. 3. mgr. 4. gr., ná líka til framsalshafa viðskiptabréfs sem getur séð af bréfinu hvort upplýsingaskyldu hafi verið fullnægt. Ekkert er því heldur til fyrirstöðu að tilkynna ábyrgðarmönnum um efni ábyrgðar við framsal og kanna viðbrögð þeirra.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu lántakanda, sem fær annan mann til þess að ábyrgjast persónulega þær fjárhagsskuldbindingar sem hann tekst á hendur, til þess að veita ábyrgðarmanni sínum upplýsingar um fjárhagsstöðu sína á meðan hann er í ábyrgðum. Í 6. gr. er um samsvarandi skyldu lánveitanda að ræða. Er þessi skylda sett í lög til að gera þennan rétt ábyrgðarmanns ótvíræðan. Ábyrgðarmaður getur reynt að grípa í taumana áður en í fullkomið óefni er komið ef hann fylgist með fjárhagsstöðu lánveitanda.

Ábyrgðarmaður er á móti bundinn þagnarskyldu um fjármál lántakenda.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. eru talin upp algengustu form viðskiptabréfa og þess krafist að í meginmáli þeirra skuli koma fram upplýsingar um efni ábyrgðar og afleiðingar vanefnda. Ef um önnur form viðskiptabréfa en getur í 1. mgr. er að ræða eða ábyrgðar krafist með öðrum hætti en á sér stað í viðskiptabréfum ber lánveitanda að kynna ábyrgðarmanni um efni ábyrgðarinnar á sannanlegan hátt, t.d. með því að láta ábyrgðarmann rita undir skjal þar sem upplýsingar um ábyrgðina koma fram. Upplýsingaskyldu, sbr. 1. mgr. 3. gr., telst fullnægt sé þessa gætt.

Til að auðvelda lánveitendum kynninguna, sbr. og 1. mgr. 3. gr., má gera ráð fyrir því að stöðluð form viðskiptabréfa, sem lánveitandi notar, séu með sérstökum texta um efni ábyrgðar og afleiðingar vanefnda lántakenda. Einnig má gera ráð fyrir að þeir sem selja stöðluð form viðskiptabréfa á almennum markaði felli slíkan texta inn í þau. Lánveitandi ber sönnunarbyrði fyrir því að efni ábyrgðar hafi verið kynnt ef slíkt má ekki sjá af texta viðskiptabréfsins.

Til þess að brýna mikilvægi þessarar upplýsingaskyldu lánveitenda er gert ráð fyrir því að vanræksla á því að sinna skyldunni hafi alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir lánveitendur. Gert er ráð fyrir því að þriðji maður, sem er ábyrgðarmaður, þurfi ekki að standa við ábyrgðir sínar ef honum hafa ekki verið kynnt efni þeirra. Í staðlaðan texta viðskiptabréfa yrði væntanlega sett yfirlýsing ábyrgðarmanns um að hann hafi kynnt sér þær upplýsingar sem fram koma í texta bréfsins.

Um 5. gr.

Það virðist eðlilegt að leggja þá skyldu á lánveitendur að tilkynna ábyrgðarmönnum á sannanlegan hátt um vanskil lántakanda tíu dögum eftir að vanskil verða á greiðslum hans. Iðulega fá ábyrgðarmenn ekki að vita um vanefndir fyrr en kostnaðarsamar innheimtuaðgerðir eru hafnar og lánsupphæð hefur öll verið gjaldfelld. Ábyrgðarmanni kann þá að vera ofviða að grípa í taumana, en hugsanlega hefði hann getað staðið við ábyrgð sína á fyrri stigum. Hér er því um veigamikla réttarbót að ræða fyrir ábyrgðarmenn. Ef ekki næst í ábyrgðarmenn vegna þess að ókunnugt er um heimilisfang þeirra er nægilegt að birta eina tilkynningu í Lögbirtingablaðinu. Lántakandi gæti hugsanlega bakað sér skaðabótaskyldu ef ábyrgðarmaður fær ekki tilkynningu.

Um 6. gr.

Ábyrgðarmaður hefur ótvíræða hagsmuni af því að eiga greiðan aðgang að upplýsingum um þær lánveitingar sem hann gengur í ábyrgð fyrir, jafnframt að öllum upplýsingum sem lánveitandi hefur um fjárhag lántakanda. Hér er lagt til að réttur ábyrgðarmanns til upplýsingaöflunar verði lögfestur. Lántakenda er gert skylt í 2. mgr. 3. gr. að hlíta þessari skyldu lánveitandans til upplýsinga. Á móti er krafist þagnarskyldu af ábyrgðarmanni.

Í 20. og 21. gr. laga um um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, er kveðið á um að þeim sem er í hjúskap beri að afla sér samþykkis maka fyrir veðsetningu fasteignar sem jafnframt er heimili fjölskyldunnar og muna sem notast til heimilisins. Hins vegar getur maki óhindrað gengist undir sjálfskuldarábyrgð þar sem ábyrgðin nær til allra eigna hans. Er með þessu ákvæði sett undir þennan leka. Jafnframt er lagt til að ofangreindar reglur laga um réttindi og skyldur hjóna gildi einnig um sambúðarfólk þar sem sömu rök

eiga við um að sambúðaraðili þurfi að afla samþykkis sambúðaraðila áður en fasteign fjölskyldunnar er veðsett.

Um 7. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. september 1992 þar sem lánveitendur þurfa aðlögunartíma til þess að undirbúa ný skjalaform og gera aðrar breytingar.

118. Tillaga til þingsályktunar [115. mál]

um eflingu ferðaþjónustu.

Flm.: Jón Helgason, Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera athugun á því hvaða framkvæmdir í ferðaþjónustu eru brýnastar og skila mestum árangri til að gera kleift að taka á móti fleiri erlendum ferðamönnum og fá þannig betri nýtingu á mannvirkjum og arð af rekstri fyrirtækja sem þegar eru fyrir hendi í landinu.

Á grundvelli þeirrar athugunar verði þeim aðilum, sem ráðast vilja í þessi verkefni, veittur nauðsynlegur stuðningur til að gera það þegar á næsta ári.

Greinargerð.

Í umræðum um atvinnumál að undanförnu hefur komið skýrt fram að aukin ferðaþjónusta er vænlegasti kosturinn til eflingar íslensku atvinnulífi. Þeir svartsýnu hafa jafnvel tekið svo djúpt í árinni að í ferðaþjónustunni sé eini vaxtarbroddurinn um þessar mundir. Það er þess vegna mikilvægt að gera sér grein fyrir hvað þarf að gera til þess að úr rætist og gera markvissa áætlun um að hrinda því sem fyrst í framkvæmd.

Víða er fyrir hendi aðstaða til að taka á móti fleiri ferðamönnum, bæði að hýsa þá og flytja um landið, jafnvel á aðalferðamannatímanum en með því að lengja hann væri unnt að nýta þessa aðstöðu mun betur. Sums staðar er þessu þveröfugt farið svo að þröskuldar myndast og segja má að örtröð og öngþveiti skapist.

Það er að sjálfsögðu hin fjölbreytta og fagra náttúra ásamt öðrum landkostum sem dregur ferðamenn hingað. En til þess að ferðamenn vilji koma og njóta hennar þarf kynningarstarf og ekki síst góða og fjölbreytta þjónustu til þess að dvöl þeirra hér verði ánægjuleg og að þeir eigi um hana góðar endurminningar og hafi löngun til að koma hingað aftur jafnframt því að vekja áhuga annarra.

Á síðustu árum hefur verið unnið að mikilvægum verkefnum í ferðaþjónustunni. Þar má nefna byggingu glæsilegra hótela í Reykjavík og uppbyggingu ferðaþjónustu bænda sem nýtur sívaxandi vinsælda og viðurkenningar. Slíkar framkvæmdir gera okkur nú kleift að auka umsvif ferðaþjónustunnar með því að styrkja veikustu hlekkina með tiltölulega litlum kostnaði. Óhætt er að fullyrða að aldrei hefur verið fyrir hendi eins mikill áhugi, vilji og þekking um land allt til að gera það. Vonir hafa staðið til að áfram yrði haldið stuðningi við þessar brýnu framkvæmdir, m.a. á grundvelli breytingar á lögum um Byggðastofnun.

Forsætisráðherra hefur nú ákveðið að taka fjárræði af Byggðastofnun og banna henni slíkan stuðning. Og jafnframt er í fjárlagafrumvarpinu lagt til að skera niður lögbundið framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sem hefur veitt mikilvægan stuðning við þessi

verkefni. Með þessum og fleiri ákvörðunum er ríkisstjórnin að slökkva þær vonir sem bundnar eru við þessa atvinnugrein og því nauðsynlegt að Alþingi breyti þeirri stefnu hennar. Það er óhætt að fullyrða að með broti af þeim upphæðum, sem ríkisvaldið hefur varið til undirbúnings verkefnis sem í bili a.m.k. hefur reynst draumsýn, væri hægt að ná þarna miklum árangri.

Verkefni á sviði ferðamála, sem vinna þarf að, eru að sjálfsögðu miklu fleiri. En hér er um að ræða afmarkað verkefni sem ekki þarf langar skýrslugerðir um heldur einfalda áætlun sem auðvelt er að gera, og síðan að framkvæma, þegar ljóst er hvar skórinn kreppir mest að. Það mundi líka auka bjartsýni og framtak á þessu sviði og vera nokkurt ljós í því myrkri sem stjórnvöld sjá nú fram undan.

119. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978, sbr. lög nr. 85 1. júní 1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Bera má úrlausn þinglýsingarstjóra um þinglýsingu samkvæmt lögum þessum undir héraðsdómara í lögsagnarumdæmi þinglýsingarstjóra. Heimild til þess hefur hver sá sem á lögvarðra hagsmuna að gæta vegna ákvörðunar þinglýsingarstjóra. Úrlausnin skal borin undir dóm áður en fjórar vikur eru liðnar frá henni ef þinglýsingarbeiðandi eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en fjórar vikur eru liðnar frá þeim tíma er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um hana.

Nú ber aðili úrlausn þinglýsingarstjóra undir dóm og skal þá skrá um það athugasemd í þinglýsingabók.

Sá er bera vill úrlausn um þinglýsingu skv. 1. mgr. undir dóm skal afhenda þinglýsingarstjóra skriflega tilkynningu um það. Skal þar greina úrlausn þá sem borin er undir dóm, kröfu um breytingar á henni og rökstuðning fyrir kröfunni. Þinglýsingarstjóri skal afhenda hlutaðeigandi staðfest ljósrit gagna og endurrit úr þinglýsingabók svo fljótt sem við verður komið. Sá sem bera vill úrlausn þinglýsingarstjóra undir dóm skal án tafar afhenda héraðsdómara málsgögn. Heimilt er þinglýsingarstjóra að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið. Héraðsdómari skal kveða upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er og ekki síðar en þremur vikum eftir að honum bárust málsgögn.

Ef annar en þinglýsingarbeiðandi vill bera úrlausn um þinglýsingu undir dóm skv. 1. mgr. skal þinglýsingarstjóri tilkynna það þinglýsingarbeiðanda og eftir atvikum öðrum þeim er hagsmuni kunna að eiga og gefa þeim kost á að koma á framfæri skriflegum kröfum sínum og athugasemdum. Að því búnu tekur héraðsdómari málið til úrskurðar og kveður upp rökstuddan úrskurð innan frests þess sem greinir í 3. mgr. Ef héraðsdómari telur mál sérstaklega umfangsmikið getur hann ákveðið að fram fari munnlegur málflutningur um ágreiningsefnið áður en það er tekið til úrskurðar.

Úrskurður héraðsdómara um úrlausn þinglýsingarstjóra sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum um kæru í einkamáli. Skal úrskurður kærður áður en tvær vikur eru liðnar frá uppsögn hans ef kærandi eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim tíma er hann eða umboðsmaður hans fékk vitnesku um úrskurðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 39 10. maí 1978 er þinglýsing dómsathöfn sem sýslumenn og bæjarfógetar, lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli og borgarfógetar í Reykjavík hafa með höndum sem þinglýsingardómarar. Verður úrlausn í þinglýsingarmáli samkvæmt þeim lögum kærð til Hæstaréttar samkvæmt meginreglum II. kafla laga nr. 75/1973. Mun þetta fyrirkomulag gilda til 1. júlí 1992, en þann dag öðlast gildi lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Er frumvarp til aðskilnaðarlaganna var lagt fram á Alþingi á 111. löggjafarþingi 1988 fylgdi því frumvarp til breytinga á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, og varð það að lögum nr. 85/1989 sem gildi öðlast 1. júlí 1992.

Í lögum nr. 85/1989 er kveðið á um að sýslumenn verði þinglýsingarstjórar hver í sínu umdæmi og fellur þá niður heitið þinglýsingardómari. Jafnframt kveða lög þessi á um breyttar reglur hvað varðar málskot úrlausna í þinglýsingarmálum, sbr. 4. gr. laganna. Er þar horfið frá því fyrirkomulagi gildandi laga að úrlausn í þinglýsingarmáli verði skotið til Hæstaréttar með kæru. Er í 4. gr. laga nr. 85/1989 kveðið á um það að úrlausn þinglýsingarstjóra við meðferð þinglýsingar sæti stjórnsýslukæru til dómsmálaráðuneytisins og segir í athugasemdum með frumvarpi til laganna að þetta sé í samræmi við þá breytingu að þinglýsing verður stjórnvaldsathöfn eftir 1. júlí 1992. Er við það miðað í lögum þessum að þinglýsingarbeiðandi eigi tveggja kosta völ ef hann vill ekki sætta sig við úrlausn þinglýsingarstjóra. Annar kosturinn er sá að kæra úrlausnina til dómsmálaráðuneytisins. Hinn kosturinn er að höfða mál fyrir héraðsdómi til ógildingar úrlausninni og er þá hægt að höfða mál strax eða að fengnum úrskurði dómsmálaráðuneytisins.

Reglur um málskot úrlausna í þinglýsingarmálum í löndum þeim, er búa við líkastar þinglýsingarreglur og þær íslensku, eru misjafnar. Í dönskum rétti er þinglýsing dómsathöfn sem undirréttur hefur með höndum og verður úrlausnum undirréttar skotið til landsréttar með kæru. Þinglýsingardómari getur kært úrlausn landsréttar til Hæstaréttar hafi landsréttur breytt ákvörðun þinglýsingardómara. Í Noregi fara héraðs- og bæjarþingsdómarar með þinglýsingu skjala, en þar er þinglýsing eigi að síður stjórnsýsluathöfn. Úrlausn í þinglýsingarmáli var áður skotið til dómsmálaráðuneytisins með stjórnsýslukæru, en með lögum nr. 47/1990 var sú breyting gerð á málskotsreglunum að stjórnsýsluúrlausn dómara í þinglýsingarmáli verður eftir gildistöku laga þessara skotið til lögmannsréttar í umdæmi þinglýsingardómara. Í Svíþjóð annast sérstakir dómarar þinglýsingar (inskrivningsdomare) og verður úrlausnum þeirra í þinglýsingarmáli skotið til „hovrätten“ með kæru.

Reglur þær um málskot úrlausna í þinglýsingarmálum, er gilda munu samkvæmt lögum nr. 85/1989 eftir 1. júlí 1992 ef þau lög öðlast óbreytt gildi, þykja ekki alls kostar heppilegar. Í fyrsta lagi þykir fyrirkomulagið óþarflega margbrotið, þ.e. að bæði sé hægt

að skjóta málinu til úrskurðar dómsmálaráðuneytisins og höfða mál til ógildingar úrlausninni. Í öðru lagi er sýnt að það getur reynst mjög tímafrekt að fá endanlega úrlausn um þinglýsingarágreining ef allra þeirra leiða er leitað sem lög nr. 85/1989 koma til með að heimila. Er í því sambandi rétt að hafa í huga að það mun leiða af lögum nr. 85/1989 að dómur héraðsdóms í máli til ógildingar úrlausn þinglýsingarstjóra verður borinn undir Hæstarétt með áfrýjun en ekki kæru.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að einfalda reglur þær um málskot úrlausna í þinglýsingarmálum sem gilda munu eftir 1. júlí 1992 samkvæmt lögum nr. 85/1989, en að öðru leyti er í frumvarpi þessu ekki hróflað við ákvæðum þeirra laga. Felst meginefni frumvarpsins í því að úrlausn þinglýsingarstjóra í þinglýsingarmáli samkvæmt lögunum verður borin undir héraðsdómara í lögsagnarumdæmi þinglýsingarstjóra, en úrskurði héraðsdómara verði skotið til Hæstaréttar með kæru samkvæmt almennum reglum um kæru úrlausna í einkamálum. Þykir fyrirkomulag þetta einfaldara í sniðum og skjótvirkara en fyrirkomulag laga nr. 85/1989, en þýðingarmikið er að úrlausn fáist skjótt í málum sem varða þinglýsingarágreining. Þá þykir heppilegra að fela dómstólum úrlausnarvald um slíkan ágreining fremur en stjórnvöldum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að úrslaun þinglýsingarstjóra í þinglýsingarmáli verði borin undir héraðsdómara í lögsagnarumdæmi þinglýsingarstjóra. Er með þessu horfið frá því fyrirkomulagi laga nr. 85/1989 að unnt sé að kæra úrlausnina til dómsmálaráðuneytisins með stjórnsýslukæru. Svipar þessu fyrirkomulagi því um margt til reglna 14. kafla aðfararlaga, nr. 90/1989, varðandi úrlausn ágreinings sem rís við framkvæmd aðfarar.

Í 1. mgr. er það orðað svo að úrlausn þinglýsingarstjóra um þinglýsingu samkvæmt lögunum verði borin undir héraðsdómara. Með úrlausn er ekki einungis átt við ákvörðun þinglýsingarstjóra um að þinglýsa skjali eða synjun hans um að taka skjal til þinglýsingar, heldur meðferð hans á öðrum efnum, eins og t.d. skráning hans á skjali í þinglýsingabók, aflýsing, afmáning hafta, leiðréttingá bókunum, athugasemdir sem hann skráir á skjöl o.s.frv. Er lagt til grundvallar að hugtakið úrlausn hafi hér sömu merkingu og í 3. gr. laga nr. 39/1978. Þá byggir frumvarp þetta á þeirri forsendu að eftir þessari leið, þ.e. að leitað sé úrskurðar héraðsdómara og kæru úrskurðar hans til Hæstaréttar, verði ekki skorið úr um efnisatvik að baki skjali, svo sem um eignarréttindi og eignarhöft. Munu því, ef frumvarp þetta verður að lögum, sömu reglur gilda í þeim efnum og gilt hafa samkvæmt lögum nr. 39/1978. Úr ágreiningi um efnisleg réttindi verður því skorið í almennu einkamáli svo sem verið hefur, en ekki eftir þessari leið.

Í 1. mgr. kemur fram að hver sá, sem á lögvarðra hagsmuna að gæta af ákvörðun þinglýsingarstjóra, njóti heimildar til að leita úrlausnar héraðsdómara. Það eru ekki einungis þinglýsingarbeiðendur sem geta átt hagsmuna að gæta vegna ákvörðunar þinglýsingarstjóra, heldur og ýmsir aðrir. Verða dómstólar að meta það hverju sinni sem á reynir hvort hlutaðeigendur eigi lögvarðra hagsmuna að gæta.

Samkvæmt 1. mgr. skal úrlausn þinglýsingarstjóra borin undir héraðsdómara áður en liðnar eru fjórar vikur frá henni ef þinglýsingarbeiðandi eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en fjórar vikur eru liðnar frá þeim tíma er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um hana. Fresturinn er samkvæmt þessu hinn sami og í lögum nr. 39/1978, en reglur um upphaf frestsins eru orðaðar með öðrum hætti en gert er í þeim lögum. Eru reglur um upphaf kærufrests í þinglýsingarmálum færðar til samræm-

is við reglu þá sem nú kemur fram í 22. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, og eiga þær reglur við hvort heldur úrlausn þinglýsingarstjóra er borin undir héraðsdómara eða kærður er úrskurður héraðsdómara til Hæstaréttar, sbr. 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Ekki er í frumvarpinu mælt fyrir um sérstakan upphafstíma frests gagnvart þriðja manni sem bera vill úrlausn þinglýsingarstjóra undir héraðsdómara. Munu því, ef frumvarp þetta verður að lögum, gilda sömu reglur um upphafstíma frests gagnvart þriðja manni og gagnvart þinglýsingarbeiðanda. Ber gagnvart þriðja manni að miða við það tímamark er þinglýsingarbeiðandi fékk vitneskju um úrlausnina. Komi krafa þriðja manns um úrlausn héraðsdómara fram eftir að frestur þinglýsingarbeiðanda er liðinn ber að vísa málinu frá. Þykir ekki heppilegt að þriðji maður hafi lengri frest en þinglýsingarbeiðandi hefur. Er í þessu sambandi rétt að hafa í huga að þriðji maður getur í slíkum tilvikum, þ.e. eftir að frestur er liðinn, fengið leiðréttingu sinna mála á grundvelli dóms í almennu einkamáli svo sem verið hefur.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er sama efnis og 2. mgr. 3. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um það hvernig staðið skuli að því að bera úrlausn undir héraðsdómara. Ber hlutaðeigandi að afhenda þinglýsingarstjóra skriflega tilkynningu og greina þar úrlausnina, kröfu um breytingu á henni og röksemdir sínar. Eftir það útbýr þinglýsingarstjóri málsgögn sem hlutaðeigandi afhendir héraðsdómara. Skal héraðsdómari kveða upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er og ekki síðar en þremur vikum eftir að honum bárust málsgögn.

Ef frumvarp þetta verður að lögum verða það án efa tíðast þinglýsingarbeiðendur sem bera vilja úrlausn þinglýsingarstjóra um þinglýsingu undir héraðsdómara. Er það í samræmi við þá reynslu sem fengist hefur af lögum nr. 39/1978, en í gildistíð þeirra laga hafa það oftast verið þinglýsingarbeiðendur sem borið hafa úrlausn þinglýsingardómara undir Hæstarétt. Það er hins vegar ekki útilokað að aðrir en þinglýsingarbeiðendur vilji bera úrlausn þinglýsingarstjóra undir héraðsdóm og er mælt fyrir um það tilvik í 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. skal þinglýsingarstjóri senda þinglýsingarbeiðanda og eftir atvikum öðrum þeim, er hagsmuni kunna eiga, tilkynningu um slíka kröfu. Skal þeim jafnframt gefinn kostur á að koma á framfæri skriflegum kröfum sínum og athugasemdum innan hæfilegs frests, en að því búnu tekur héraðsdómari málið til úrskurðar og kveður upp rökstuddan úrskurð innan frests þess sem greinir í 3. mgr. Þá segir í niðurlagi 4. mgr. 1. gr. að telji héraðsdómari mál sérstaklega umfangsmikið geti hann ákveðið að fram fari munnlegur málflutningur um ágreiningsefnið.

Samkvæmt 5. mgr. verður úrskurði héraðsdómara um úrlausn þinglýsingarstjóra skotið til Hæstaréttar með kæru samkvæmt almennum reglum um kæru í einkamáli. Gilda nú um slíkar kærur meginreglur II. kafla laga nr. 75/1973. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 39/1978 er kærufrestur í þinglýsingarmálum lengri en hinn almenni kærufrestur skv. 22. gr. laga nr. 75/1973, þ.e. fjórar vikur í stað tveggja. Er í frumvarpi þessu lagt til að frestur til að kæra úrskurð héraðsdómara til Hæstaréttar verði jafnlangur og hinn almenni kærufrestur, þ.e. tvær vikur, enda verða í ljósi 1. gr. frumvarpsins í heild ekki séð rök þess að frestur til þess að kæra úrskurð héraðsdómara um úrlausn þinglýsingarstjóra þurfi að vera lengri en almennur frestur til að kæra úrlausnir héraðsdómara til Hæstaréttar.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að lögin taki gildi 1. júlí 1992, en það er sami dagur og lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðlast gildi. Á það skal minnt sem

fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan að frumvarp þetta, ef að lögum verður, kemur ekki til með að hrófla við öðrum ákvæðum laga nr. 85/1989 en þeim sem varða dómsmeðferð ágreinings um úrlausn þinglýsingarstjóra.

120. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um útfærslu togveiðilandhelginnar.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd til að gera tillögur um útfærslu togveiðilandhelginnar umhverfis Ísland.

Greinargerð.

Engum blandast hugur um að nú horfir ískyggilega í sjávarútvegi á Íslandi. Niðurskurður á aflaheimildum og minnkandi stofn, svo og misheppnað klak þorskstofnsins ár eftir ár án þess að á því séu viðhlítandi skýringar, kallar á skoðun annarra þátta en hingað til. Þorskveiði á grunnslóð er víðast sáralítil, jafnvel á miðum sem hingað til hafa verið talin meðal þeirra gjöfulustu, svo sem í kringum Vestmannaeyjar.

Aðalmarkmið kvótakerfisins, sem komið var á 1983, var að byggja upp fiskstofna og draga úr sókn á miðin. Hvorugu þessara markmiða hefur verið náð og allan þann tíma, sem kvótakerfið hefur verið í gildi, hefur stefnt í öfuga átt hvað varðar uppbyggingu fiskstofnanna. Álagið á miðin hefur heldur ekki minnkað, fyrst og fremst vegna aukinnar afkastagetu stærri skipanna en ekki vegna fjölgunar smábáta sem veiða innan við 15% af heildarþorskaflanum. Eftir breytingar, sem gerðar voru á kvótalögunum á síðasta þingi, stefnir nú hraðbyri í að allar veiðar í atvinnuskyni við Ísland verði stundaðar af stærri skipum, aðallega togskipum, og aðrar veiðar leggist af. Mjög sterk rök má færa fyrir því að tilverugrundvöllur margra sjávarplássa á landinu sé þannig brostinn með tilheyrandi eignaupptöku eða stórfelldari bjargráðum af hálfu hins opinbera en nokkru sinni hafa sést hérlendis.

Þegar Íslendingar stóðu í baráttu fyrir útfærslu landhelginnar í 12 sjómílur og síðar í 50 og 200 mílur var sú barátta ekki aðeins til að minnka sókn útlendinga á Íslandsmið heldur einnig og ekki síður að flytja togveiðar þeirra lengra frá ströndinni, „losna við ryksuguskipin út úr kálgörðunum“, svo að vitnað sé til orða sem þá féllu. Nú eigum við skip sem eru mörgum sinnum afkastameiri en fyrrnefndir ryksugutogarar og að uppfylltum vissum skilyrðum mega þau veiða upp að þriggja mílna landhelgismörkum. Hver hefði trúað því fyrir 30 árum, að unnum sigri okkar í 12-mílna landhelgisdeilunni, að 30 árum seinna væri löggjafarsamkoma þjóðarinnar búin að samþykkja lög sem væru á góðri leið með að leggja af allar veiðar nema togveiðar og meinuðu íbúum staða, sem liggja að fengsælum miðum, að fara á sjó nema á skemmtibátum?

Allt frá því að land byggðist hafa verið stundaðar krókaveiðar hér við land, lengst af á grunnslóð, án annarra takmarkana en náttúran ein setur. Frelsi til slíkra veiða er því einn af hornsteinum þjóðmenningar okkar sem ber að varðveita svo lengi sem þess er nokkur kostur. Veiðar með línu og færi byggjast á allt öðrum forsendum en aðrar veiðiaðferðir. Þær geta hvorki ofveitt né spillt lífríki sjávar og því síður geta þær valdið umhverfisspjöllum eins og ýmsar aðrar veiðiaðferðir sannanlega gera.

Tilgangurinn með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er að láta gera könnun á því hvort ekki sé þjóðhagslegur ávinningur í víðum skilningi af því að stækka togveiðilandhelgina út í að minnsta kosti 12 sjómílur. Með togveiðum er átt við veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót. Innan landhelginnar yrði frelsi með almennum reglum á krókaveiðum, þ.e. línu og færi.

Meginmarkmið með slíkri aðgerð yrði að minnka stórlega þann ágang sem nú er á hrygningar- og uppeldisstöðvum helstu botnfisktegunda sem við byggjum afkomu okkar á, skapa sjávarplássum víða um land betri lífsskilyrði og koma í veg fyrir það menningarsögulega slys sem afnám krókaveiðafrelsis yrði.

121. Fyrirspurn [118. mál]

til iðnaðarráðherra um Fljótsdalsvirkjun.

Frá Hjálmari Jónssyni.

Hversu miklu fé hefur verið varið til undirbúnings framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun? Hvernig skiptist það milli ára? Hver er staða framkvæmdanna núna?

122. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hóf athugun á fjáraukalagafrumvarpinu strax og það hafði verið lagt fram á Alþingi, þ.e. 2. október sl. Í stuttu máli má lýsa vinnubrögðum þannig:

Nefndin kannaði hvern lið frumvarpsins til hlítar og fékk skýringar fjármálaráðuneytisins og fagráðuneyta á óskum um greiðsluheimildir. Í nokkrum tilvikum er tilgreind lækkun heimilda eða niðurskurður en í flestum tilfellum er um talsverðar hækkanir að ræða.

Nefndin gekk úr skugga um hvort greiðslur hefðu átt sér stað áður en fjárheimilda var leitað og kom fram að fjárgreiðslur úr ríkissjóði 1991 umfram lögbundnar fjárheimildir voru sem hér segir:

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna: 200 milljónir króna. Var það gert að höfðu samráði við fjárlaganefnd.

03-391 Aðstoð við kúrdíska flóttamenn: 70 milljónir, samkvæmt ákvörðun fyrri ríkisstjórnar.

03-399 Kynningarátak um Leif Eiríksson: 25 milljónir króna, samkvæmt ákvörðun fyrri ríkisstjórnar.

07-982 Ríkisábyrgð á launum: 130 milljónir króna.

Samtals eru þetta 425 milljónir króna.

Að lokinni athugun á frumvarpinu kallaði nefndin fyrir sig forsvarsmenn ráðuneyta og ríkisstofnana. Var þeim gefinn kostur á að koma á framfæri við nefndina upplýsingum um greiðslustöðu ýmissa verkefna og óskum ef einhverjar væru. Nefndin kallaði eftir

tillögum fagráðuneytanna sem ábyrgð bera á viðfangsefnum og áliti fjármálaráðuneytisins. Í flestum tilvikum féllst fjárlaganefnd á tillögur ráðuneytanna og mat fjármálaráðuneytisins á greiðsluþörf.

Nefndaráliti þessu fylgja skýringar við einstakar breytingartillögur, en rétt er að geta sérstaklega samþykktar meiri hluta nefndarinnar um að hækka viðfangsefnið 09-481 601, Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum, um 700 milljónir króna.

Til skýringar á þessari ákvörðun er rétt að eftirfarandi komi fram:

Í fjáraukalögum fyrir árið 1989 og frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1990 var sótt um viðbótarheimild að fjárhæð 328 milljónir króna vegna fjárlagaliðar hjá fjármálaráðuneyti, Ýmsar fasteignir ríkissjóðs, í tengslum við kaup ríkissjóðs á fasteignum. Í athugasemdum við bæði frumvörpin er þess getið að sótt sé um þessar viðbótarheimildir vegna þess hluta af eignakaupum sem ríkissjóður fjármagnar með lántökum. Þar er þess enn fremur getið að Ríkisbókhaldið sýni í uppgjöri sínu innan ársins fasteignakaup að fullu.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1991 er ekki sótt um heimildir vegna þess hluta af kaupverði fasteigna sem ríkissjóður hefur tekið lán fyrir hjá seljanda og nemur um 220 milljónum króna. Í þeirri fjárhæð eru ekki meðtalin kaup ríkissjóðs á SS-húsinu. Á þessu ári fóru fram kaup og sala eigna svonefnds SS-húss við Laugarnesveg í Reykjavík. Eign SS við Laugarnesveg var metin á 430 milljónir króna, þar af greiddi ríkissjóður í peningum 50 milljónir króna, 80 milljónir króna með skuldabréfi útgefnu af ríkissjóði og afhentar voru fasteignir í eigu ríkissjóðs sem metnar voru á 300 milljónir króna. Í fjáraukalögum fyrir árið 1991 er tekjufært andvirði þeirra eigna sem ríkissjóður lét í makaskiptum fyrir SS-húsið þó að engar peningagreiðslur hafi átt sér stað en kaupverð eignarinnar er ekki gjaldfært á móti. Þannig er misræmi milli færslna á tekna- og gjaldahlið sem sýndi betri afkomu ríkissjóðs en raun er á.

Í bókhaldi ríkissjóðs til loka septembermánaðar hefur verið fært eftirfarandi vegna fasteignakaupa:

Kaupverð fasteigna o.fl. til gjalda	1.195
Greitt með peningum	520
Greitt með lánum	375
Makaskipti til tekna	300

Í fjárlögum og fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 1991 er gerð grein fyrir tveimur atriðum í þessu sambandi: Heimildum fyrir peningagreiðslum að fjárhæð 580 milljónir króna og tekjum vegna virðis eigna sem ríkissjóður lét af hendi í makaskiptum. Hins vegar er ekki færður til gjalda sá hluti kaupverðs sem greiddur er með lánum eða sá hluti sem greiddur var með öðrum eignum. Hér er um að ræða rúmlega 700 milljóna króna gjaldfærslu á skuldbindingum ríkissjóðs en án greiðsluheimilda.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni telja álitamál hvort á að færa skuldbindingar ríkissjóðs vegna fasteignakaupa sérstaklega með þeim hætti sem hér er lagt til, enda eru þessi uppgjörsmál ríkissjóðs í nánari athugun og hafa þeir því um það sérstakan fyrirvara, svo og við niðurskurð á fjárveitingum til opinberra framkvæmda.

Allir nefndarmenn undirrita nefndarálit þetta, en fulltrúar stjórnarandstöðu þó með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Tekin eru inn eftirfarandi ný viðfangsefni: 1.02 Aðalskrifstofa 5.100 þús. kr. vegna launakostnaðar. Viðfangsefnið 5.20 Fasteignir hækkar um 1.500 þús. kr. vegna endurnýjunar á hljóðveri. Viðfangsefnið 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 12.000 þús. kr. vegna kaupa á tölvubúnaði.

02 Menntamálaráðuneyti

318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður: Tekinn er inn nýr liður, 6.31 Framhaldsskólinn á Húsavík, nýbygging, 5.000 þús. kr. til byggingar framhaldsskólans svo að hægt sé að taka í notkun hluta byggingarinnar um nk. áramót.

982 Listir framlög: Tekinn er inn nýr fjárlagaliður, 1.30 Íslenska óperan 10.000 þús. kr., vegna rekstrarerfiðleika á árinu 1991.

04 Landbúnaðarráðuneyti

288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög: Viðfangsefnið 6.20 Jarðræktar- og búfjárræktarframlög hækka um 35.000 þús. kr. og verða 42.500 þús. kr. sem er vegna uppgjörs á eldri skuldum.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 1.31 Stjórn fiskveiða hækkar um 2.500 þús. kr. og verður 4.500 þús. kr. Hækkunin er vegna endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti af aðföngum til fiskvinnslu á árinu 1989.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík: Viðfangsefnið 6.21 Lögreglustöð í Grindavík hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 3.000 kr. Hækkunin er vegna kostnaðar við innréttingar lögreglustöðvarinnar.

301 Biskup Íslands: Tekinn er inn nýr liður, 1.01 Yfirstjórn 1.400 þús. kr., vegna vanáætlunar á launakostnaði. Enn fremur er nýr liður, 1.02 Biskupsbústaður 400 þús. kr., vegna viðhalds á biskupsbústað. Tekinn er inn nýr liður, 1.13 Alþjóðasamvinna 1.000 þús. kr., vegna heimsþings alkirkjuráðsins og kjörs biskups í stjórnarnefnd Lútherska heimssambandsins.

08 Heilbrigðisráðuneyti

367 Sjúkrahúsið Keflavík: Tekinn er inn nýr fjárlagaliður, 1.01 Sjúkrahúsið Keflavík, 3.000 þús. kr. sem er vegna mjög sérstaks sjúkdómstilfellis á árinu 1991.

371 Ríkisspítalar: Viðfangsefnið 1.01 Ríkisspítalar hækkar um 21.000 þús. kr. og verður 150.000 þús. kr. Hækkunin er vegna tveggja sérstakra sjúkdómstilfella á árinu 1991.

09 Fjármálaráðuneyti

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum: Viðfangsefnið 6.01 hækkar um 700.000 þús. kr. og verður 805.000 þús. kr. sem er vegna fasteignakaupa ríkissjóðs á árinu.

10 Samgönguráðuneyti

322 Flóabátar og vöruflutningar: Tekinn er inn nýr fjárlagaliður, 1.20 Stofn- og rekstrarstyrkir 7.000 þús. kr., vegna halla á ferju (Hríseyjarhreppur).

333 Hafnamál: Viðfangsefni 6.30 Hafnamannvirki hækkar um 18.000 þús. kr. og verður 8.000 þús. kr. sem er vegna ferjuaðstöðu í Þorlákshöfn.

485 Ýmis framlög: Tekinn er inn nýr liður, 1.30 Rannsóknanefnd flugslysa 1.500 þús. kr., vegna kostnaðar af rekstri nefndarinnar.

651 Ferðamálaráð: Tekinn er inn nýr fjárlagaliður, 6.20 Hótel, framlög, 16.000 þús. kr., í samræmi við skuldbindingar um að skuldum við Ferðamálasjóð verði breytt í hlutafé.

11 Iðnaðarráðuneyti

399 Ýmis orkumál: Viðfangsefnið 1.18 Ýmis framlög hækkar um 3.000 þús. kr. og verður 5.500 þús. kr. Um er að ræða styrkveitingu til Hitaveitu Hvalfjarðar.

14 Umhverfisráðuneyti

210 Veiðistjóri: Tekinn er inn nýr fjárlagaliður, 1.01 Veiðistjóri 9.500 þús. kr., vegna flutnings og halla á rekstri frá síðasta ári.

310 Landmælingar Íslands: Viðfangsefnið 1.10 Sérstök verkefni í kortagerð hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 5.000 þús. kr.

Alþingi, 11. nóv. 1991.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Guðmundur Bjarnason, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.
Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Jón Kristjánsson, með fyrirvara.	Sturla Böðvarsson.
Árni Johnsen.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.	Hjálmar Jónsson.
Gunnlaugur Stefánsson.		Guðrún Helgadóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

YFIRLIT UM LÆKKUN FRAMLAGA TIL FRAMKVÆMDA

1. 02-318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður
690 Stofnkostnaður, óskipt

	Þús. kr.
1. Viðhald, óskipt (02-318-590)	15.000
2. Tæki og búnaður (02-318-640)	6.500
3. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, viðbygging (02-318-620)	10.000
4. Húsmæðraskólar, viðhald óskipt (02-553-590)	3.500
5. Héraðsskólar, viðhald óskipt (02-610-590)	2.000
6. Héraðsskólar, stofnkostnaður (Reykholt 02-610-590)	3.000
	40.000

2. 08-381-690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða

1. Ólafsvík, hjúkrunarheimili	1.000
2. Grundarfjörður, heilsugæslustöð	4.000
3. Hvammstangi, H2	1.000
4. Eskifjörður, H2	2.000
5. St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	3.000
6. Patreksfjörður, hjúkrunarheimili	1.000
7. Hella, hjúkrunarheimili	9.000
	21.000

3. 10-211 Vegagerð ríkisins

1. Vetrarviðhald	100.000
2. Vestfjarðagöng	100.000
3. Nýbygging vega og brúa	150.000
	350.000

Sundurliðun á lækkun útgjalda til nýframkvæmda.

Skipt á einstök verk eða útgjaldaliði:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Suðurland:		
2.3.1.2. Stofnbraut, 1–18 Suðurlandsvegur, um Markarfljót	9.000	
2.3.2. Þjóðbraut, 30–07 Hrunamannavegur, um Brúarhlöð	4.000	
2.4. Brýr, Búrfellslækur (36)	7.000	20.000
Reykjanes:		
2.3.1.1. Stofnbraut, 1–12 Vesturlandsvegur, vegamót við Víkurveg	4.000	
Stofnbraut, 41–03 Reykjanesbraut, landbætur	8.000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
2.3.1.3. Stofnbraut, 411–04 Arnarnesvegur, Bæjarbraut–Reykjanesbraut	4.000	
2.3.1. Þjóðbraut, 425–02 Nesvegur, Íslandslax–Grindavíkurvegur	3.000	19.000
Höfuðborgarsvæðið:		
2.3.1.4. Stofnbraut, Reykjavík, Sæbraut	4.000	
Stofnbraut, Reykjavík, Kringlumýrarbraut	7.000	
Garðabær, Vífilsstaðavegur	2.000	13.000
Vesturland:		
2.3.1.1. Stofnbraut, 54–03 Ólafsvíkurvegur, Fíflheimamelar–Hítará	4.000	
2.3.2. Þjóðbraut, 50–04 Borgarfjarðarbraut, Deildartunga–Hvítá	17.000	21.000
Vestfirðir:		
2.3.1.1. Stofnbraut, 61–16 Djúpvegur, Seljalandsós–Svarfhóll	2.000	
Stofnbraut, 61–25 Djúpvegur, Óshlíð	2.000	
Stofnbraut, 62–01 Barðastrandarvegur, Hlaðseyri–Raknadalur	1.000	
Stofnbraut, 63–03 Bíldudalsvegur, Hálfdán–Bíldudalur	1.000	
2.3.1.2. Stofnbraut, 61–01 Djúpvegur, tenging Inndjúps	15.000	
2.3.2. Þjóðbraut, 633–03 Vatnsfjarðarvegur, Djúpvegur–Vatnsfjarðarnes	1.000	22.000
Norðurland vestra:		
2.3.1.2. Stofnbraut, 1–21 Norðurlandsvegur, Reiðgil–Grjótá	7.000	
2.3.2. Þjóðbraut, 711–01 Vatnsnesvegur, Hvammstangi–Skarð	1.000	
Þjóðbraut, 731–01 Svínvetningabraut, Blönduós–Hnjúkahlíð	1.000	
2.4. Brýr, Hjaltadalsá (76)	3.000	12.000
Norðurland eystra:		
2.3.1.1. Stofnbraut, 829–01 Eyjafjarðarbraut eystri, um Þverá	14.000	
2.3.2. Þjóðbraut, 811–01 Hjalteyrarvegur, Bakkavegur–Hjalteyri	5.000	19.000
Austurland:		
2.3.1.1. Stofnbraut 1–38 Austurlandsvegur, Mánagarður–Myllulækur	1.000	
Stofnbraut 85–03 Norðausturvegur, Skeggjastaðir–Hafnarvegur	2.000	
2.3.1.2. Stofnbraut 917–04 Hlíðarvegur, Vopnafjörður–Hérað	8.000	
2.3.1.4. Austurlandsgöng	6.000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
2.3.2.	Þjóðbraut, 931–08 Upphéraðsvegur, Hafursá–Freyshólar	1.000	
2.4.	Brýr, Eyrará (96)	6.000	24.000
	Samtals		150.000

4. 10-333 Hafnamál

1.	Ferjubryggjur (10-333-620)		500
2.	Hafnamannvirki (10-333-630)		5.000
	a. Arnarstapi	2.000	
	b. Djúpivogur	1.000	
	c. Hafnir	2.000	
3.	Sjóvarnargarðar (10-333-640)		4.500
	Stokkseyri	4.500	
	Samtals		10.000

123. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991.

Frá fjárlaganefnd.

		Þús. kr.
1.	Við 3. gr. 00-201 Alþingi.	
	a. Nýr liður:	
	102 Aðalskrifstofa	5.100
	b. Við 520 Fasteignir.	
	Fyrir „9.200“ kemur	10.700
	c. Við 601 Tæki og búnaður.	
	Fyrir „6.000“ kemur	18.000
2.	Við 3. gr. 02-318 Almennir framhaldsskólar. Viðhald og stofnkostnaður. Nýr liður:	
	631 Framhaldsskólinn á Húsavík, nýbygging	5.000
3.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	02-982 Listir, framlög	
	130 Íslenska óperan	10.000
4.	Við 3. gr. 04-288 620 Jarðræktar- og búfjárræktarframlög.	
	Fyrir „7.500“ kemur	42.500
5.	Við 3. gr. 05-299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. 131 Stjórn fiskveiða.	
	Fyrir „2.000“ kemur	4.500
6.	Við 3. gr. 06-235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík. 621 Lögreglustöð í Grindavík.	
	Fyrir „1.000“ kemur	3.000

Þús. kr.

7. Við 3. gr. Nýr liður:
06-301 Biskup Íslands
a. 101 Yfirstjórn 1.400
b. 102 Biskupsbústaður 400
c. 113 Alþjóðasamvinna 1.000
8. Við 3. gr. Nýr liður:
08-367 Sjúkrahúsið Keflavík
101 Sjúkrahúsið Keflavík 3.000
9. Við 3. gr. 08-371 101 Ríkisspítalar.
Fyrir „129.000“ kemur 150.000
10. Við 3. gr. 09-481 601 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.
Fyrir „105.000“ kemur 805.000
11. Við 3. gr. Nýr liður:
10-322 Flóabátar og vöruflutningar
120 Stofn- og rekstrarstyrkir 7.000
12. Við 3. gr. 10-333 Hafnamál. 630 Hafnarmannvirki.
Fyrir „–10.000“ kemur 8.000
13. Við 3. gr. 10-485 Ýmis framlög. Nýr liður:
130 Rannsóknanefnd flugslysa 1.500
14. Við 3. gr. Nýr liður:
10-651 Ferðamálaráð
620 Hótel, framlög 16.000
15. Við 3. gr. 11-399 Ýmis orkumál. 118 Ýmis framlög.
Fyrir „2.500“ kemur 5.500
16. Við 3. gr. Nýr liður:
14-210 Veiðistjóri
101 Veiðistjóri 9.500
17. Við 3. gr. 14-310 Landmælingar Íslands. 110 Sérstök verkefni í kortagerð.
Fyrir „3.000“ kemur 5.000

124. Fyrirspurn [119. mál]

til félagsmálaráðherra um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hefur ráðherra sett stjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vinnureglur eða viðmiðunarreglur umfram fyrirmæli laga nr. 91/1989 og reglugerðar nr. 542/1989 um úthlutanir? Ef svo er, hverjar? Hefur stjórn sjóðsins sjálf sett sér slíkar reglur?
2. Er við úthlutun stjórnar sjóðsins tekið tillit til skuldsetningar sveitarsjóðs? Ef svo er, vegur það þyngra en þörf fyrir verkefni í sveitarfélaginu eða íbúafjöldi þess?
3. Hvernig flokkast úthlutanir stjórnar sjóðsins á sl. ári eftir sveitarfélögum og verkefnum?

4. Hvernig skiptast, á sama hátt og í 3. tölul., fyrirliggjandi óafgreidd erindi og erindi sem synjað hefur verið?
5. Hverjar eru helstu ástæður fyrir synjun erinda og fyrir því að erindi hafi ekki hlotið afgreiðslu?

Skriflegt svar óskast.

125. Fyrirspurn [120. mál]

til félagsmálaráðherra um byggingu félagslegra íbúða.

Frá Árna R. Árnasyni.

Hvernig skiptast úthlutanir til byggingar félagslegra íbúða frá 1980 eftir árum, sveitarfélögum og landshlutum og eftir fjölda fjölskyldna í sveitarfélagi sem rétt teljast eiga til úthlutunar?

Skriflegt svar óskast.

126. Fyrirspurn [121. mál]

til félagsmálaráðherra um aðstöðugjald.

Frá Árna R. Árnasyni.

Er þess að vænta að félagsmálaráðherra leggi fram stjórnarfrumvarp um niðurfellingu aðstöðugjalds?

127. Fyrirspurn [122. mál]

til iðnaðarráðherra um orkuverð.

Frá Jóni Helgasyni.

Mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að Landsvirkjun breyti gjaldskrá sinni á meðan mikil ónotuð raforka er fyrir hendi þannig að ekki verði ódýrara að nota innflutta orkugjafa en innlenda orku?

128. Frumvarp til laga [123. mál]

um embætti umboðsmanns barna.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson,
Jón Kristjánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja réttindi barna í samfélaginu og að tillit sé tekið til hagsmuna þeirra við löggjöf og aðrar stjórnvaldsákvarðanir.

2. gr.

Setja skal á stofn embætti umboðsmanns barna. Alþingi kýs umboðsmann til fjögurra ára í senn. Umboðsmaðurinn skal hafa sérþekkingu á sviði uppeldismála og málefna er varða velferð barna.

3. gr.

Alþingi skipar sjö manna ráð til fjögurra ára í senn, sem vera skal umboðsmanni til ráðgjafar, eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Barnaverndarráðs Íslands, Fóstrufélags Íslands, Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa, Kennarasambands Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Félags þroskaþjálfa og Félags uppeldisfræðinga. Kostnaður af störfum ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Umboðsmaður barna skal vinna að þeim málum er sérstaklega snerta hagsmuni barna og hafa frumkvæði að úrbótum þar sem hann telur að á rétt þeirra sé gengið. Jafnframt skal hann fylgjast með því að samþykktir og ákvarðanir stjórnvalda, er snerta hagsmuni barna, séu framkvæmdar á tilsettum tíma.

Meginverkefni umboðsmanns skulu vera:

1. að fylgjast með löggjöf og ákvörðunum sem stjórnvöld taka og snerta hagsmuni barna og vekja á því athygli sé þeirra ekki gætt,
2. að fylgjast með framkvæmd laga og reglna er varða hagsmuni og réttindi barna,
3. að hafa frumkvæði að úrbótum varðandi réttindi og aðstæður barna svo að þeim séu tryggð sem best og hollust uppvaxtarskilyrði,
4. að vekja athygli á þeim árekstrum sem kunna að eiga sér stað milli hagsmuna barna og hinna fullorðnu í samfélaginu og vinna að lausn þeirra í samráði við þá aðila sem með þau mál fara,
5. að vera opinberum aðilum og einstaklingum til ráðgjafar um allt það sem verða má til hagsbóta fyrir börn og hafa náið samstarf við alla þá aðila sem með málefni barna fara,
6. að vísa þeim aðilum sem til hans leita til réttra aðila sé erindið ekki í verkahring hans sjálfs,
7. að gangast fyrir rannsóknum á aðstæðum barna í samfélaginu og veita upplýsingar um stöðu þeirra, jafnt til einstaklinga sem opinberra aðila.

Umboðsmaður skal starfa að eigin frumkvæði, sem og eftir ábendingum frá öðrum. Hann skal sjálfur meta ástæðu til ábendingar í samráði við umboðsráðið.

5. gr.

Umboðsmaður barna skal eiga aðgang að öllum stofnunum sem annast málefni barna, jafnt opinberum stofnunum sem stofnunum í einkaeign.

Stjórnvöldum og stjórnendum stofnana, sem fara með málefni barna, ber skilyrðislaust að veita umboðsmanni barna upplýsingar um starfsemi sem lýtur að börnum án þess að þagnarskyldu sé krafist svo að hún hindri ekki að umboðsmaður fái sinnt skyldu sinni. Jafnframt ber umboðsmanni að veita upplýsingar um umboðsstarfið án þess að krefjast þagnarskyldu. Umboðsmaður skal þó gæta fyllsta trúnaðar um einkamál sem hann hlýtur aðgang að.

6. gr.

Umboðsmaður hefur rétt til að gera athugasemdir við hvaðeina sem brýtur í bága við hagsmuni barna í samfélaginu og tekur sá réttur til skipulagsmála, dagvistar- og kennslumála, umhverfismála, umferðarmála, heilbrigðismála, menningarmála og hverra þeirra málefna er varða uppvaxtarskilyrði barna.

Umboðsmaður ákveður sjálfur hvert hann beinir ábendingum sínum.

7. gr.

Alþingi setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga með reglugerð að fengnum tillögum umboðsráðsins. Að öðru leyti starfa umboðsmaður og ráðið sem sjálfstæður aðili. Gefin skal út skýrsla um starfsemina ár hvert sem lögð skal fyrir Alþingi.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Greinargerð.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til barnalaga, þskj. 73. Í almennum athugasemdum um efni frumvarpsins, á bls. 17, segir svo:

„Þegar frumvarp til barnalaga 1981 var samið benti sifjalaganefnd á þörfina á því að athugað yrði hvort skipa ætti sérstakan umboðsmann barna. Setti nefndin fram hugmyndir sínar um slíkan umboðsmann í fylgiskjali með frumvarpinu. Nefndin var þeirrar skoðunar að hentast væri að sérlög yrðu sett um umboðsmanninn og þyrfti að gæta þar vel tengsla við barnaverndarlög og barnalög og þau úrræði til verndar börnum er fælust í þeim lögum. Eftir að frumvarp til barnalaga var samþykkt hefur verið komið á fót embætti umboðsmanns Alþingis sem var mikil réttarbót. Á síðustu þingum hafa verið flutt frumvörp til laga um umboðsmann barna og er þar gert ráð fyrir sérlögum um það efni og eigi að þau tengist efnislega við barnalög. Sifjalaganefnd er enn þá þeirrar skoðunar að best fari á að skipa þessu máli með sérlögum. Hefur nefndin því ekki fjallað um frumvarp um þetta efni, enda þess ekki sérstaklega óskað. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til barnalaga 1981 telur sifjalaganefnd þetta mál mikilvægt."

Það frumvarp til laga um umboðsmann barna, sem hér er minnst á, er það frumvarp sem nú er lagt fram fjórða sinni. Frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum frá því það var fyrst flutt og voru þær breytingar í samræmi við ábendingar umsagnarðila. Síðast var frumvarpið flutt á 113. löggjafarþingi og er nú flutt óbreytt. Flutningsmenn voru þá Guðrún Helgadóttir, Árni Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Hjörleifur Guttormsson og Jón Kristjánsson. Greinargerð sú, sem þá fylgdi frumvarpinu, hljóðaði sem hér segir:

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 109. löggjafarþingi og voru flutningsmenn þá Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín S. Kvaran og Hjörleifur Guttormsson. Það var endurflutt á 110. löggjafarþingi og voru flutningsmenn þá Guðrún Helgadóttir, Árni Gunnarsson og Hjörleifur Guttormsson. Frumvarpið varð ekki útrætt en hlaut ítarlega umfjöllun ýmissa þeirra aðila sem með málefni barna fara í þjóðfélaginu og voru flestir hlynntir því.

Frumvarp þetta er því flutt nú í þriðja sinn og er það allmikið breytt samkvæmt ábendingum sem síðar verður gerð grein fyrir.

Með frumvarpinu fylgdi upphaflega svohljóðandi greinargerð:

„Hugmyndin að stofnun embættis umboðsmanns barna er ekki ný. Árið 1978 fluttu þingmenn Alþýðuflokksins tillögu til þingsályktunar um umbætur í málefnum barna, og í greinargerð með henni var m.a. lagt til að slíkt embætti yrði stofnað. Árni Gunnarsson var fyrsti flutningsmaður tillögunnar, en hún varð ekki útrædd.

Árið 1985 var íbúatala hér á landi 241.500 manns samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Þar af voru börn á aldrinum 0–6 ára 30.200 eða 12,5% og börn á aldrinum 7–15 ára 37.300 eða 15,4% landsmanna. Samtals *voru því börn á aldrinum 0–15 ára 67.500 eða 27,9%*, þ.e. rúmur fjórðungur íbúa þessa lands.

Fáir deila um að við löggjöf þjóðarinnar skuli tillit tekið til þarfa allra þegna þjóðfélagsins svo að þeir megi allir þrífast sem best í landi okkar, ungir sem aldnir. Því síður deila menn um mikilvægi þess að vel sé í haginn búið fyrir þá sem eru að vaxa úr grasi og eiga að erfa landið, eins og menn orða það á hátíðastundum. Ljóst má þó vera að börnin sjálf eru ekki á sama hátt í stakk búin til að fylgja eftir sjálfsögðum mannréttindum sínum í samfélaginu og hinir sem eldri eru og þroskaðri. Aðbúnaður allur og uppvaxtarskilyrði þeirra eru á ábyrgð okkar hinna fullorðnu. Það er því ekki úr vegi að löggjafarsamkoma þjóðarinnar hugi af alvöru að því hvernig henni hafi farist það úr hendi að tryggja börnum landsins þau skilyrði til vaxtar og þroska sem ýmis lög mæla fyrir um og talin eru hornsteinn framtíðarþjóðfélags. Flutningsmenn þessa frumvarps hafa leitast við að gera sér grein fyrir þeirri þróun sem nú á sér stað og því miður orðið alvarlega uggandi um þann jarðveg sem hinni vaxandi kynslóð er búinn. Því er þetta frumvarp flutt.

Íslenska þjóðin hefur tekið stærra stökk til gjörbreyttra þjóðfélagshátta á síðustu hálfri öld en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Fullvaxta fólk, sem lifði þá þjóðfélagsbyltingu sem átti sér stað á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina og staðið hefur síðan, hefur tíðum átt fullt í fangi með að fóta sig í þessari gjörbreyttu tilveru og í því umróti verður því varla mótmælt að börn og aldrað fólk urðu þar verst úti, enda urðu þeir hópar að treysta málsvörum sem vart höfðu ráð á sinni eigin tilveru í nýju og gjörbreyttu samfélagi. Fjölskyldan, með heimahúsmóður sem hlynnti að börnum og hinum öldruðu, leið undir lok í þessu nýja þjóðfélagi þegar húsmæður voru kallaðar til launavinnu utan heimilisins, en samfélagið kom einungis að mjög litlu leyti til móts við nýjar og áður óþekktar þarfir hinna „óarðbæru“ hópa, barnanna og hinna öldruðu. Þar hafa stjórnvöld brugðist og svo er enn. Er nær sama hvert litið er, á öllum sviðum eru lífskilyrði þessa helmings þjóðarinnar sýnilega verri en annarra. Verður hér á eftir reynt að gera nokkra grein fyrir ástandinu í málefnum barna eins og þau blasa við hverjum þeim sem horfast vill í augu við staðreyndir.

Í 2. gr. laga um grunnskóla frá 1974 segir svo:

„Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af

umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra."

Þessi stefnumótun er hin ágætasta. En á þeim 12 árum, sem liðin eru síðan lög um grunnskóla voru samþykkt, hefur verið kreppt svo að grunnskólanum að við upplausn liggur. Laun kennara eru nú á þann veg að æ erfiðara gerist að manna skólana vel menntuðum og hæfum kennurum. Haustið 1985 voru grunnskólakennarar á öllu landinu 2.698, þar af voru 441 án tilskilinna réttinda til grunnskólakennslu. Tvímælalaust eiga launakjör grunnskólakennara hér stóran þátt í þessu, enda ganga nú nýútskrifaðir kennarar til starfa í öðrum greinum en kennslu þar sem vonlaust er að lifa þolanlegu lífi af kennaralaunum einum saman. Spyrja mætti raunar hvort tilkoma kvenna í kennarastéttina hefur orðið til þess að launin hafa hrunið með ótrúlegum hraða á síðustu áratugum. Að minnsta kosti hefur raunin orðið sú að sú var tíðin að kennaralaun nægðu til framfærslu heimilis en nú duga tvenn kennaralaun tæpast til þess. Og víst er að við þau kjör, sem grunnskólakennarar búa núna, er vonlaust að ætlast til þeirrar vinnu og ábyrgðar af þeim í starfi sem grunnskólalög gera ráð fyrir. Og þá eru lögin pappírsgagn eitt.

Það er því ástæða til að taka undir með Jónasi Pálssyni, rektor Kennaraháskóla Íslands, þar sem hann segir í bréfi til félagsmálanefndar Alþingis 7. apríl sl.:

„Íslenskt samfélag gengur um þessar mundir í gegnum harða kreppu, sem á sumum sviðum jaðrar við upplausn. Í bakgrunni eru félagslegar og efnahagslegar breytingar sem menn hafa lítið hirt um að skilja. Átak til umbóta í uppeldis- og skólamálum er ein mikilvægasta aðgerðin til að brjótast út úr þeirri sjálfheldu sem nú herðir að íslensku þjóðfélagi. Velmenntuð kennarastétt er lykilatriði í því uppbyggingarstarfi."

Sú er hins vegar raunin að menntun og endurmenntun kennara hefur verið hornreka og fjárveitingar til hennar skornar við nögl. Í sama bréfi segir sá maður sem að ofan var vitnað til og hvað mesta reynslu og þekkingu hefur á skólamálum hér á landi:

„Varla verður með sanni á móti því mælt að Kennaraskóli Íslands, nú Kennaraháskóli Íslands, hefur allt frá stofnun í byrjun þessarar aldar verið sá aðili, að öðrum stofnunum og skólum ólöstuðum og ógleymdum, sem lengst og af mestum áhuga og trúnaði hefur barist fyrir alhliða umbótum á starfsmenntun kennara í þessu landi. Næstum samfellt allan þennan tíma hafa forsvarsmenn og starfsfólk skólans grátbeðið — næstum í bókstaflegri merkingu — yfirvöld að skapa skólanum skilyrði til að þeir gætu innt skyldustörf sín sómasamlega af hendi eins og áhugi þeirra og metnaður stóð til. — Því miður verður að segja eins og er að yfirstjórn menntamála og Alþingi hafa sjaldnast svarað þessu ákalli eða þekkt sinn vitjunartíma."

Það er sorgleg staðreynd að á sama tíma og æ stærri hluti uppeldis barna er lagður á herðar kennara er svo kreppt að skólanum og kennurunum að torvelt er orðið að manna grunnskólana. Afleiðingar þessa ástands geta orðið geigvænlegar ef ekki er spyrnt við fæti.

Sömu sögu er að segja um ástandið í dagvistarmálum. Einungis örlítill hluti barna á aldrinum 0–6 ára á kost á góðri uppeldisstofnun meðan foreldrar þeirra vinna langan

vinnudag. Ekki vantar heldur stefnumótun þar. Í lögum frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, segir svo í 1. gr.:

„Markmið með starfsemi dagvistarheimila er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra."

Og árið 1981 var svohljóðandi viðbót samþykkt:

„Gerð verði starfsáætlun á vegum menntamálaráðuneytisins, er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálum vinna."

Sú starfsáætlun liggur nú þegar fyrir. En nú er svo komið að mikið vantar á að sérmenntað fólk fáist til starfa á dagvistarheimilunum og æ færri setjast nú í Fósturskóla Íslands, m.a. vegna bágra launakjara, en án efa einnig vegna skilningsleysis stjórnvalda á mikilvægi fóstrustarfsins. Árið 1981 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að gera áætlun til 10 ára um uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn og var hún lögð fram 30. apríl 1982. Gerði áætlunin ráð fyrir að fullnægt yrði þörf fyrir dagvistarheimili á næstu 10 árum. Ljóst er að þessi áætlun er þegar pappírsgagn eitt, enda fá nær eingöngu börn einstæðra foreldra inni á dagvistarheimilum, öll önnur börn eru utan við kerfið. Enda er ekki annað að sjá en að dagvistarheimilin séu að leysast upp vegna skorts á fóstrum.

Þetta hefur gerst þegar aðstæður krefjast þess að báðir foreldrar séu tilneyddir að vera fjarri heimilunum nær allan þann tíma sólarhringsins sem börnunum er eðlilegt að vera vakandi. Hversu oft sem á það er bent loka menn augunum fyrir vaxandi lestrarerfiðleikum barna, lakara málfari ásamt sýnilegri þreytu sem oft er til komin af þrásetu yfir myndböndum í stað eðlilegs samneytis við fjölskylduna. Hvað eftir annað hafa rannsóknir sýnt að íslensk börn fá ekki þá fæðu sem þeim er nauðsynleg, enda ábyrgð á því oftlega í höndum þeirra sjálfra.

Ef litið er til öryggis barnanna í umferðinni blasir við ástand sem vart sést í nágrannalöndum okkar. Allar samgönguleiðir eru miðaðar við að bifreiðar komist um þær en minna tillit tekið til gangandi fólks eða barna og hinna öldruðu. Það er óhugnanleg sjón að sjá börn og unglinga á reiðhjólum í umferðarhringiðunni á götum Reykjavíkur og ekki síður börn að leik á gangstéttum án þess að eftirlit sé með þeim haft. Íslensk börn eru eftirlitslaus í langtum meira mæli en þekkist í nágrannalöndum okkar vegna langs vinnudags foreldra og enn viðgengst að lítil börn séu á ferð í skammdegismyrkri og óveðrum langan veg til og frá skóla, enda tala slysin sínu máli. Árið 1984 urðu 44 börn á aldrinum 1–6 ára fyrir slysi í umferðinni, þar af létust 2. Skýrsla Umferðarráðs segir ekki neitt um varanleg örkuml sem af hinum 42 slysunum hlutust.

Og enn eru skipulögð ný íbúðarhverfi án nægilegs tillits til þarfa barnanna. Gatnakerfið er ætlað bifreiðum, fá dagvistarheimili eru byggð og börnin þurfa að fara langan veg til skóla. Frístundaheimili eru sárafá, íþróttaaðstaða bágborin og sundaðstaða í órafjarlægð. Úrræði barnanna að loknum skóla eru þau helst að fara heim og horfa á myndbönd þangað til foreldrarnir loks hafa lokið vinnudegi. Má geta sér þess til að það afþreyingarefni, sem börnin njóta af myndböndum, sé ekki alltaf það sem þeim er hollast og best að njóta.

Menningarmál barna hafa ævinlega verið hornreka á öllum sviðum. Ríkisfjölmiðlarnir hafa hvorki fengið fé né aðstöðu til að vinna gott og vandað efni fyrir börn. Á sama tíma og ríkisfyrirtæki jafnt sem einkafyrirtæki eyða milljörðum í auglýsingar í þessum fjölmiðlum er lítið hirt um að leggja fé í hollt og menningarlegt efni fyrir börn. Afskræmd lífssýn auglýsingaheimsins er reyndar það efni sem börn horfa mest á eða hlýða

á og má ímynda sér hversu uppbyggileg sú innræting er óþroskuðum börnum. Unglingaþættir snúast nær eingöngu um þá dægurlagatónlist sem efst er á baugi hverju sinni og er kynning hennar gerð eins afkáraleg og menn hafa hugarflug til. Börn eru heldur aldrei spurð um afstöðu til ýmissa mála er þau sjálf varða í fréttatímum, eins og títt er um hina fullorðnu, því síður eru þau tekin tali í þáttum um list og menningu, ekki einu sinni þó að um barnalist og barnabókmenntir sé að ræða. Börn eru einfaldlega ekki tekin alvarlega sem lifandi og hugsandi einstaklingar. Og það er þungur dómur yfir jafnréttinu í þessu landi ef rétt er að 67.500 einstaklingar eða rúmur fjórðungur landsmanna búi við svo fullkomið virðingarleysi hinna fullorðnu fyrir lífi þeirra og starfi.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um íslenska menningu á þessum haustdögum og er það vel. Að henni er nú sótt úr ýmsum áttum. Ný fjölmiðlatækni hellist yfir okkur hvort sem okkur líkar betur eða verr, en sem betur fer virðast menn sammála um að standa beri vörð um og hlúa að okkar eigin tungu og þjóðmenningu. Menn skyldu hins vegar gera sér ljóst að sú barátta er fyrir fram vonlaus nema börn og unglingar skilji tilgang hennar og taki þátt í henni sjálf. Börnin eru sá eini vaxtarbroddur íslenskrar menningar sem framtíðarþjóðfélagið á.

Í spá um mannfjölda á Íslandi á næstu áratugum, sem Hagstofa Íslands sendir frá sér innan tíðar, kemur fram að barnsfæðingum mun síður en svo fjölga. Stjórnvöld verða að gera sér ljóst að ákvarðanir, sem teknar eru hverju sinni, hafa afgerandi áhrif á allt líf fólksins í landinu, einnig stærð fjölskyldnanna. Við þær aðstæður, sem fjölskyldunni eru nú búnar, er þess ekki að vænta að fólki þyki æskilegt að eignast stóran barnahóp. Alþingi hefur ekki treyst sér til að lengja fæðingarorlof foreldra og telur þrjá mánuði nægjanlegan tíma til að stofna til þess sambands foreldra og barns sem það á að búa að alla ævi. Því er ósvarað hvert senda skal hvítvoðunginn að þeim þremur mánuðum liðnum meðan nær algjör skortur er á dagvistarrými fyrir svo lítil börn. Börnin hrekjast því milli manna þar til skólakerfi, sem á engan hátt er stillt saman við vinnudag foreldra, tekur við þeim. Þessi uppvaxtarskilyrði eru ekki til þess fallin að hvetja fólk til að eignast mörg börn.

Sú er von flutningsmanna þessa frumvarps að alþingismenn geri sér fulla grein fyrir mikilvægi þess að stefnubreyting verði í málefnum barna á næstu árum. Stofnun embættis, sem yrði falið að vera málsvari barnanna í samfélaginu, væri áfangi að breyttum vinnubrögðum og tvímælalaust skref í rétta átt.

Þess skal að lokum getið til upplýsingar að frumvarp þetta brýtur á engan hátt í bága við barnalög, nr. 9/1981, né lög um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, né drægi það úr gildi þeirra á nokkurn hátt yrði það að lögum. Miklu fremur yrðu hin nýju lög markmiðum þeirra laga til styrktar og eflingar."

Fátt í þessari fjögurra ára gömlu greinargerð þarfnast breytinga nema það að tölur um mannfjölda og aldursskiptingu í þjóðfélaginu hafa breyst. 31. desember 1989 voru landsmenn 253.785 (árið 1985 241.500), börn á aldrinum 0–6 ára voru þá 29.490 eða 11,6% (1985 30.200 eða 12,5%) og börn á aldrinum 7–15 ára voru 33.955 eða 13,4% (1985 37.300 eða 15,4%). Þessar tölur tala sínu máli og eru í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands sem fylgdi hinu upphaflega frumvarpi. Þær sýna svo að ekki verður um villst að börnum á aldrinum 7–15 ára fækkar í landinu á sama tíma og þjóðin nær æ hærri lífaldri. Fólki þykir ekki fýsilegt að ala upp barnahóp við þær aðstæður sem því eru til þess búnar og getur hver séð sjálfur hverjar afleiðingar það hefur fyrir framtíðar-

þjóðfélagið að æ færri verða vinnufærir, meðan þeim sem lokið hafa starfsdegi fjölgar stöðugt.

Árið 1987 voru sett lög um fæðingarorlof, nr. 57/1987. Samkvæmt þeim var fæðingarorlof lengt í áföngum í sex mánuði (frá 1. janúar 1990), en það var þrír mánuðir þegar frumvarpið var lagt fram. Ekki er í sjónmáli frekari lenging fæðingarorlofs.

Þá er þess að geta að frumvarp það, sem nú liggur fyrir 113. löggjafarþingi til laga um vernd barna og unglinga, tekur enn frekar fyrir að verkefni umboðsmanns barna og barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs kynnu að skarast og er það vel.

Frá því að frumvarp um umboðsmann barna var fyrst flutt hefur embætti umboðsmanns Alþingis tekið til starfa. Flutningur þessa frumvarps hefur verið ræddur við Gauk Jörundsson, umboðsmann Alþingis. M.a. var það rætt hvort embætti umboðsmanns barna mætti koma fyrir innan embættis umboðsmanns Alþingis. Niðurstaðan varð sú að verkefni umboðsmanns barna væru annars eðlis en verkefni umboðsmanns Alþingis og því væri eðlilegt að umboðsmaður barna starfaði sjálfstætt. Viðfangsefni umboðsmanns Alþingis, hvort sem þau varða börn eða fullorðna, yrðu eftir sem áður í verkahring embættis hans, enda engin krafa gerð um að embætti umboðsmanns barna skipi löglærður aðili.

Allt frá því að frumvarp til laga um umboðsmann barna var fyrst flutt hafa samtök og einstaklingar hvatt til samþykktar þess, enda hefur margt það gerst í þjóðfélaginu síðan sem veldur vaxandi áhyggjum af málefnum barna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 2. gr.

Flutningsmenn telja æskilegt að umboðsmaður barna verði kjörinn til fjögurra ára í senn, en endurráðning er engan veginn útilokuð.

Um 3. gr.

Flutningsmenn leggja áherslu á að í umboðsráðinu sé eingöngu sérmenntað fólk í uppeldismálum sem vera skuli umboðsmanni til ráðgjafar.

Um 4. gr.

Eins og greinin ber með sér er hér um verkefnaramma að ræða sem reglugerð skýrir nánar. Umboðsmaður sinnir ábendingum einstaklinga jafnt því að hann hefur eigið frumkvæði um ábendingar. Umboðsmaður skal ekki annast málefni einstaklinga, heldur vísa slíkum málum til þeirra aðila sem þau annast samkvæmt öðrum lögum.

Um 5. gr.

Umboðsmaður skal gæta fyllsta trúnaðar um einkamál sem hann hlýtur aðgang að.

Um 6.–8. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Fylgiskjal.

Í meðförum háttvirtrar allsherjarnefndar var leitað til fjölmargra aðila um álit og frumvarpið rætt.

Hér á eftir fylgja umsagnir sem nefndinni bárust.

Umsögn fjármálaráðuneytis.

(4. febrúar 1991.)

Tilgangur frumvarpsins er að tryggja réttindi barna í samfélaginu og að tillit sé tekið til hagsmuna þeirra við löggjöf og aðrar stjórnvaldsákvarðanir.

Þau ákvæði frumvarpsins, sem áhrif hafa á greiðslur úr ríkissjóði, eru stofnun embættis umboðsmanns barna og sjö manna ráð sem vera skal umboðsmanni til ráðgjafar. Að mati ráðuneytisins má gera ráð fyrir að kostnaðarauki ríkissjóðs nemi um 4 m.kr. á ári verði frumvarpið óbreytt að lögum. Við kostnaðarmatið er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður embættisins verði um 3,5 m.kr. á ári og vegur þar þyngst launakostnaður umboðsmanns og ritara. Auk þess er gert ráð fyrir 0,5 m.kr. kostnaðarauka á ári vegna nefndarlauna fyrir setu í ráðinu sem skipað verður verði frumvarpið að lögum.

Umsögn Sálfræðingafélags Íslands.

(11. mars 1991.)

Sálfræðingafélag Íslands (SÍ) vill lýsa ánægju sinni með að leitað er umsagnar félagsins um þetta mál. Störf allflestra sálfræðinga tengjast á einn eða annan hátt börnum, ýmist beint, eins og á dagvistarheimilum, í grunnskólum, að barnavernd, við barnageðdeildir, við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, hjá svæðisstjórnum, eða á fullorðinssviðinu, þar sem eru börn í skilnaðarmálum, áfengisvanda á heimilum, starfi við fullorðna á fullorðinsgeðdeildum o.fl. Sálfræðingar finna því vel hvar skórinn kreppir í málefnum barna á Íslandi og vinna að því ásamt fjölmörgum öðrum að leysa úr málum barna, bæði fyrirbyggjandi og eins eftir að vandinn er kominn upp.

Í þessu sambandi vill stjórn SÍ benda á tillögu félagsins til menntamálaráðuneytisins að þjónusta á geðheilbrigðissviðinu verði endurskipulögð og um verði að ræða alhliða samfellda þjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra, óháð þeim stofnunum sem börn mögulega dvelja á, og að þjónustan sé ekki aðgreind eftir eðli vandans við frumgreiningu. Eins og málum er háttað í dag er hætta á að afmörkuð þjónustusvið einangri ákveðinn vanda barnsins, en líti ekki á aðstæður barna í heild. Má þar benda á t.d. skilnaðarvinnu með fjölskyldur og skólagöngu eða dagvistun barnanna.

Það er álit stjórnar SÍ að það sé til heilla fyrir börn á Íslandi að þeim standi til boða samfelld ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta sem sér aðstæður þeirra í heild. Í þessu ljósi fagnar SÍ frumvarpi til laga um umboðsmann barna — börn eiga sannarlega að fá stuðning til að öðlast þann rétt sem löggjafinn ætlar þeim. Því miður er þessi réttur brotinn á þeim í því samfélagi sem við búum við á Íslandi í dag, en hér eru það börnin sem borga brúsann í lífsgæðakapphlaupi foreldra og þeirri forgangsröð sem verkefnin fá hjá ríki og sveitarfélögum. Stjórn SÍ lýsir yfir eindregnum stuðningi við þetta frumvarp og yfir vilja sínum til að vinna að þessu máli í samvinnu við aðra.

Sálfræðingafélag Íslands fagnar því að í 3. gr. frumvarpsins sé gert ráð fyrir fagaðilum sem skuli vera umboðsmanni til ráðgjafar og telur að þar séu saman komnar þær

helstu stéttir sem eiga að þekkja til málefna barna. Eðlilegt væri að hægt væri að leita ráðgjafar hjá öðrum hópum, svo sem lögfræðingum, arkitektum eða fulltrúum foreldra, eða þeir sætu fundi nefndarinnar eftir eðli málsins hverju sinni.

Stjórn SÍ hvetur til þess að frumvarp þetta fái nú það sæti á forgangsröð lagafrumvarpa sem skilar því sem lögum fyrir þinglok 1991, en verði ekki slegið á frest eins og reyndin hefur verið hingað til.

Umsögn Þroskahjálpar.

(21. febrúar 1991.)

Landssamtökin Þroskahjálp óska hér með eftir að fá að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um frumvarp til laga um umboðsmann barna.

Landssamtökin lýsa yfir ánægju sinni með umrætt frumvarp og þær hugmyndir sem þar koma fram um að komið verði á fót embætti sem hafi það verkefni að tryggja réttindi barna í samfélaginu.

Þegar fötluð börn eiga í hlut hefur oft borið á því að á þau sé litið fyrst og fremst í ljósi fötlunarinnar en ekki með hagsmuni *barnsins sjálfs í huga*. Þess vegna viljum við nota tækifærið og minna á að fötluð börn eru fyrst og fremst börn og hagsmunir þeirra eru þeir sömu og ófatlaðra barna, m.a. þörf fyrir ást, öryggi og umönnun auk alls annars sem nútímaþjóðfélag hefur gert óumflýjanlega nauðsyn. Aldrei má líta svo á að fötluð börn eigi fleira sameiginlegt fullorðnum fötluðum en ófötluðum börnum. Í ráðgjafarnefnd þá sem ætlað er að starfi með umboðsmanninum virðist hafa verið gert ráð fyrir fulltrúum stétta sem eru sérfróðar um þjálfun og kennslu fatlaðra og er það vel. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir neinum fulltrúum foreldra barna og leyfum við okkur að benda á mikilvægi þess að í ráðgjafarnefndinni verði einn slíkur.

Að öðru leyti eru samtökin mjög sátt við frumvarpið og vænta þess að það nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Umsögn Barnaheilla.

(19. febrúar 1991.)

Samtökin Barnaheill fagna framkomnu frumvarpi um umboðsmann barna á yfirstandandi þingi og eru þakklát þeim þingmönnum sem hafa vakið athygli á þörfinni fyrir slíkan embættismann.

Það er eðli málefna er varða börn að þau eru viðkvæm og vandmeðfarin. Þau varða einstaklinga sem ófærir eru til málsvarnar og eiga allt undir þeim sem eldri eru. Því er sérstök ástæða til að vel sé með því fylgst að málum þeirra sé ævinlega sinnt af fyllstu alúð og í góðu samræmi við réttarreglur og stjórnskipan. Þá er ekki því að neita að börnum veitir ekki af málsvörum almennt talað og að bent sé á úrbótaleiðir, sbr. 3. og 4. tölul. 4. gr. frumvarpsins. Þá er og þörf á að rannsóknum sé sinnt, sbr. 7. tölul., og af þeim séu höfð not við úrlausn mála á pólitíska sviðinu.

Samtökin Barnaheill telja til bóta þá breytingu sem er á þessu frumvarpi frá eldri frumvörpum að umboðsmaðurinn þiggi umboð sitt frá Alþingi beint. Þannig er hann óháður framkvæmdarvaldinu og í betri aðstöðu til þess að gagnrýna og leiðbeina. Þá mætti íhuga það hvort það ætti ekki að teljast með verkefnum hans að fylgjast með að lög er börn varðar og opinber sýsla öll er börn varðar sé í góðu samræmi við ákvæði alþjóðasamninga sem Íslendingar hafa samþykkt og undirritað.

Rétt er að umboðsmaður hafi sérþekkingu á sviði uppeldismála en jafnnauðsynlegt er að embættinu sé tryggð lögfræðileg þekking. Öðrum kosti er hætt við að verk hans

nýtist miður en skyldi, einkum með tilliti til ýmissa þátta stjórnkerfisins.

Samtökin Barnaheill hvetja eindregið til að frumvarpið um umboðsmann barna verði tekið til afgreiðslu og samþykkt á yfirstandandi þingi. Áhersla er á það lögð að svo verði að embættinu búið frá hinu fyrsta að það geti sinnt verkefni sínu vel og dyggilega. Á því er mikil þörf.

Umsögn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

(18. febrúar 1991.)

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa fagnar framkomnu frumvarpi um umboðsmann barna og telur félagið að stofnun slíks embættis sé löngu tímabær.

Mörg þeirra verkefna sem gert er ráð fyrir að verði í verkahring umboðsmanns barna hafa fram til þessa verið í höndum barnaverndaryfirvalda. Með breyttum þjóðfélagsháttum er nauðsynlegt að sérstakt embætti sinni almennri velferð og hagsmunum barna hvar sem þau búa á meðan barnaverndaryfirvöld sinni málum einstaklinga.

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa væntir þess að frumvarp þetta verði að lögum á yfirstandandi þingi.

Umsögn Barnavinafélagsins Sumargjafar.

(18. febrúar 1991.)

Barnavinafélagið Sumargjöf hvetur til að frumvarpið um embætti umboðsmanns barna verði samþykkt í þeirri mynd sem það er.

Umsögn Foreldrasamtakanna.

(16. febrúar 1991.)

Foreldrasamtökin vísa til erindis yðar dags. 8. febrúar 1991.

Foreldrasamtökin þakka þann heiður sem allsherjarnefnd Alþingis sýnir félaginu með beiðni um umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann barna.

Foreldrasamtökin hafa áður lýst yfir áhuga á stofnun embættis umboðsmanns barna, sá áhugi hefur ekki minnkað. Þær hugmyndir, sem koma fram í frumvarpinu, eru að meginefni samhljóða skoðunum Foreldrasamtakanna um embætti umboðsmanns barna.

Nauðsynlegt er að umboðsmaður barna hafi sér til fulltingis ráð svo sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins en spyrja má hvers vegna það séu einungis fulltrúar stéttarfélaga í uppeldisgeiranum sem skipa skulu ráðið. Hvers vegna situr ekki fulltrúi foreldra í ráðinu? Er ekki nauðsynlegt með tilliti til tilgangs þessa embættis að í ráðinu sitji lögfræðingur og væri ekki heppilegt að þar sæti einnig hagfræðingur?

Það er löngu orðið brýnt að eftirlitsaðili á borð við umboðsmann barna eigi aðgang að öllum stofnunum sem annast málefni barna. Þessi lög geta bætt úr þeirri brýnu þörf. Þess vegna ítreka Foreldrasamtökin erindi sitt frá 1. febrúar þar sem segir að ekkert sé því til fyrirstöðu að þingheimur geti sameinast um þetta framfaramál og hvetja yður til að leggja því lið.

Að öðru leyti vísa Foreldrasamtökin til greinar um embætti umboðsmanns barna í 2. tbl. *Uppeldis* 1990.

Uppeldi, 2. tbl. 1990:

Umboðsmaður barna: ofurmannleg stofnun, draumórar eða þarfaþing í nútímasamfélagi?

Undanfarið hafa Foreldrasamtökin beitt sér
fyrir stofnun nýs embættis og sjá nú fram á árangur erfiðis síns.

Fyrir nokkrum árum voru lagðar fyrir Alþingi tillögur um embætti umboðsmanns barna. Embættið skyldi vera málsvari barna og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi gagnvart stjórnvaldsaðgerðum. Embætti sem þessi eru til víða í vestrænum samfélögum með dálítið misjöfnu sniði. Í Noregi er „umboðsmaður barna" þeirra eigin málsvari í bókstaflegum skilningi því að hann kemur fram í sjónvarpi, ansar fyrirspurnum í síma og rekur mál í kerfinu sem börnin koma sjálf til hans.

Frumvarp til laga um umboðsmann barna, sem þingmenn margra flokka hafa í tvígang lagt fyrir Alþingi (hið háa), hefur ekki verið afgreitt með viðhlítandi hætti sem táknar að þingheimi hefur ekki fundist ástæða til að ræða það. Þetta fannst stjórn Foreldrasamtakanna ekki viðunandi. Stjórnin er þegar á þeirri skoðun að á Íslandi beri að stofna embætti umboðsmanns barna. Stjórnkerfið er byggt á sérstökum rannsóknar- og eftirlitsstofnunum sem þjóna hver sínum sérhæfða málaflokki, landbúnaði, sjávarútvegi, bankakerfi, fjölmiðlum, iðnaði og svo má lengi telja. Nútímasamfélag er samt ekki sjálfu sér samkvæmt og gleymir stundum því sem það er til fyrir — velferð þegnanna. Hagsmunir barna sitja þar af leiðandi oft á hakanum þegar teknar eru veigamiklar ákvarðanir því börnin hafa ekki sérfræðinga á launum við að hugsa um hagsmuni sína og eru síður hæf en flestir til að láta rödd sína heyrast. Seinasta vetur vöktu Foreldrasamtökin athygli þingmanna á að vert væri að útkljá umræðu um embætti umboðsmanns barna. Málaleitan Foreldrasamtakanna vakti töluverða athygli og mjög jákvæð viðbrögð. Forseti sameinaðs Alþingis fagnaði t.d. frumkvæðinu í viðtali við flokksblað sitt (Þjóðviljann) og lofaði að leggja frumvarpið fyrir þing að nýju. Það er því ekki vonlaust um að fulltrúar fólksins (lesist þingmenn) útkljái hvort vert sé að stofna til embættis umboðsmanns barna eða ekki. Vonir Foreldrasamtakanna jukust svo til muna þegar fréttist af því að félagið Barnaheill mundi standa að ráðstefnu um málið á haustdögum.

„Það hefur verið unnið töluvert að þessu máli innan Foreldrasamtakanna", sagði Kristinn H. Þorsteinsson, formaður félagsins, í samtali við *Uppeldi*. „Jafnt og þétt starfar vinnuhópur að málinu, við viljum leggja hugsun í hlutina. Vinnuhópurinn hefur lagt tillögur fyrir stjórnina og þannig höfum við mótað skoðanir okkar. Þannig ætlumst við til að ekki verði búin til steinrunnin stofnun. Stjórn Foreldrasamtakanna álítur að embætti umboðsmanns barna hafi þann tilgang að tryggja réttindi barna í samfélaginu og að tillit sé tekið til hagsmuna þeirra við löggjöf og aðrar stjórnvaldsákvarðanir. Embættið ætti jafnframt að vera málsvari barna og hafa eftirlit með þeim stofnunum sem hafa með börn að gera."

„Til þess að sinna skyldum sínum þyrfti embættið að vera skipað aðilum sem næðu lifandi sambandi við börn, stæðu að rannsóknum um stöðu barna og gerðu úttektir á stofnunum með hagsmuni skjólstæðinga þeirra að leiðarljósi. Embættinu bæri að vinna í nánu samstarfi við löggjafann og tæki til umfjöllunar jafnt frumvörp sem eldri löggjöf. Í bréfi til þingmanna var lögð mikil áhersla á eftirlitsskyldu embættisins og þó að það sé vissulega mikilsvert hefur athygli okkar einnig beinst töluvert að beinu sambandi þess við börnin."

„Það er vissulega ánægjulegt að málið skuli ætla að komast á hreyfingu eftir þessa vinnu okkar. Við höfum trú á að ráðstefna Barnaheilla geti vakið athygli og treystum loforðum þingmanna að sjálfsögðu", sagði Kristinn og brosti út í annað. „Það er ekki hlutverk Foreldrasamtakanna að vera með hávaða og læti" sagði Kristinn aðspurður um næsta skref félagsins í málinu. „Við höfum skoðað málið, mótað afstöðu okkar, vakið á því athygli og erum að sjálfsögðu fús til umræðu. Það er valdhafanna að taka ákvarðanir, til þess hafa þeir sérstakar stofnanir og þeim stendur aðstoð okkar til boða."

Það er skoðun *Uppeldis* að þeir sem hafa trú á mætti valdastofnana og getu kerfis til að setja reglur sem koma að gagni hljóti (í ljósi mannúðar) að mæla með stofnun embættis umboðsmanns barna. Stjórnleysingjum mun vafalaust finnast hagsmunum betur komið í annarri gæslu.

Umsögn Félags íslenskra sérkennara.

(14. febrúar 1991.)

Stjórn FÍS hefur eftirfarandi athugasemdir:

Okkur þykir eðlilegt og æskilegt að umboðsmaður barna geti tekið upp mál einstaklinga, hugsanlega í samvinnu við umboðsmann Alþingis í þeim tilfellum sem vafi vaknar um að opinberar stofnanir hafi gætt hagsmuna barna.

Þykir okkur því að í 4. gr. frumvarpsins mætti kveða skýrar á um að umboðsmaður skuli gæta hagsmuna barna gagnvart opinberum aðilum, ekki aðeins hvað varðar almenna starfshætti og reglur, heldur einnig hvað varðar ákvarðanir og framkvæmd gagnvart einstökum börnum komi upp efasemdir þar um.

Stjórn FÍS lýsir annars ánægju sinni með frumvarpið og von um að það megi verða að lögum hið bráðasta.

Umsögn Félags þroskaþjálfa.

(15. febrúar 1991.)

Stjórn Félags þroskaþjálfa fjallaði um erindi þetta á fundi sínum þann 11. febrúar. Félagið fagnar „frumvarpi til laga um embætti umboðsmanns barna" og vonar að það megi verða að lögum á yfirstandandi þingi. Stjórn Félags þroskaþjálfa var sammála um að gera athugasemdir við eftirfarandi:

Í 3. gr. þar sem fjallað er um ráð sem Alþingi skipar umboðsmanni til ráðgjafar, þar finnst okkur eðlilegt að fulltrúi Félags íslenskra barnalækna sitji.

6. gr. Umboðsmaður hefur rétt til að gera athugasemdir við hvaðeina sem brýtur í bága við hagsmuni barna í samfélaginu og tekur sá réttur til skipulagsmála, dagvistar- og kennslumála, umhverfismála, umferðarmála, heilbrigðismála, menningarmála, heimilis- og/eða búsetumála og hverra þeirra mála er varða uppvaxtarskilyrði barna. Umboðsmaður ákveður sjálfur hvert hann beinir ábendingum sínum.

Greinargerð með 6. gr. Mörg börn eiga ekki öruggt heimili, annars vegar vegna vanheilla foreldra og hins vegar vegna fötlunar sinnar. Fötluð börn þurfa oft að bíða árum saman eftir að geta flust á meðferðar- eða vistheimili sem hæfir fötlun þeirra. Í skjóli þeirrar staðreyndar viljum við að umboðsmaður barna hafi rétt til að gera athugasemdir við hvaðeina sem brýtur í bága við „rétt barna til eignar á öruggu heimili".

Athugasemd við greinargerð þá er fylgir frumvarpi til laga um embætti umboðsmanns barna:

Ekki þykir stjórnarmeðlimum Félags þroskaþjálfa nóg að fleira fagfólk sé laðað að skólum og dagvistarstofnunum. Einnig þarf að styrkja heimilin þannig að þau geti brauð-

fætt sig án óhóflegs vinnuálags. Okkur virðist sem ýmsar lagabreytingar séu yfirklór og plástrar sem viðhalda áfram lélegu ástandi. Aldrei virðist mega minnast á hversu harkaleg stefna stjórnvalda er í kjaramálum hins almenna launþega, „taxtafólksins" svonefnda. Hún skerðir mjög möguleika barna til aukins þroska og lífshamingju.

Umsögn Fóstrufélags Íslands.

(14. febrúar 1991.)

Stjórn Fóstrufélags Íslands þakkar að fá ofangreint frumvarp til umsagnar.

Stjórn Fóstrufélags Íslands telur að um brýnt mál sé að ræða sem varði velferð barna í landinu.

Stjórn Fóstrufélags Íslands styður því að stofnað sé embætti umboðsmanns barna og lýsir yfir stuðningi við að frumvarp þetta verði að lögum.

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands.

(7. febrúar 1991.)

Öryrkjabandalag Íslands þakkar allsherjarnefnd það tækifæri að fá til umsagnar frumvarp til laga um embætti umboðsmanns barna. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er talið sjálfsagt og eðlilegt að greina málefni barna og umboðsmanns þeirra frá embætti umboðsmanns Alþingis sem fjallar um mál af allt öðru tagi.

Öryrkjabandalagið lýsir því yfir fylgi við meginmál frumvarpsins og þau verkefni umboðsmanns barna sem upp eru talin í 4. gr. frumvarpsins.

Staða barnsins í samfélagi streitu og allt of mikils vinnuálags foreldra er oft ekki allt of góð og hin mikla og almenna upplausn heimila bitnar mjög á heill barnanna. Allt þetta og margt fleira kallar á aukið og virkara starf barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs, þar sem þegar er unnið mikið og dýrmætt starf þótt eflaust mætti enn betur gera.

Hins vegar er eftirlits- og málskotsaðili, sem hefur slíka lagastoð á bak við sig sem frumvarpið gerir ráð fyrir, afar nauðsynlegur bakhjarl barnaréttar almennt auk þess sem viðkomandi á að hafa alla möguleika á ákveðnu frumkvæði um úrbætur í málefnum barna sem eru knýjandi í margri grein.

Á vegum Öryrkjabandalags Íslands hefur að sjálfsögðu verið hugað sérstaklega að rétti fatlaðra barna til jafns við ófötluð og sömuleiðis hefur þar verið í gangi sérstök athugun á því hversu réttindagæslu fatlaðra, þar með talið fatlaðra barna, yrði best háttað og öruggast komið fyrir.

Í væntanlegu frumvarpi til laga um málefni fatlaðra, sem sérstök endurskoðunarnefnd hefur unnið að, eru allítarleg ákvæði um réttindagæslu barna sem annarra og þykir okkur sem það væri ótvíræð stoð í því að eiga beina tilvísun í lögum um umboðsmann barna hvað varðar einstök, hugsanleg málskot af alvarlegu tagi sem kynnu að varða börn sérstaklega.

Öryrkjabandalagið fagnar því sérstaklega að skv. 3. gr. um ráðsaðila umboðsmanni til halds og trausts skuli einmitt vera um að ræða fulltrúa þeirra stétta sem hvað mest fjalla í daglegu starfi um málefni fatlaðra barna og ætti m.a. með því að vera tryggt að hlutur þeirra yrði jafn og annarra með lögum þessum svo sem vera ber.

Mælt er með samþykkt frumvarpsins og um leið ítrekuð sú skoðun Öryrkjabandalags Íslands að í löggjöf af þessu tagi eigi engin sérákvæði að vera um fatlaða því að jafn réttur þeirra á að vera svo ótvíræður í öllum greinum.

129. Frumvarp til laga [124. mál]

um breyting á lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk Hagræðingarsjóðs er að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands skal jafnframt annast stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

Fiskveiðasjóður annast reikningshald og rekstur Hagræðingarsjóðs.

Fjárhagur Hagræðingarsjóðs skal aðskilinn fjárhag Fiskveiðasjóðs.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Hagræðingarsjóði skal á hverju fiskveiðiári úthlutað aflaheimildum er nema 12.000 þorskígildum í lestum talið. Skal þessum aflaheimildum skipt á þær botnfisktegundir sem sæta hámarksafla í hlutfalli við leyfðan heildarafla og miðað við þau verðmætahlutföll er ráðherra ákveður. Taka skal tillit til aflaheimilda Hagræðingarsjóðs við ákvörðun aflamarks einstakra skipa.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs gefa útgerðum þeirra skipa er aflahlutdeild hafa af botnfisktegundum sem sjóðurinn fær úthlutað skv. 5. gr. kost á að fá framseldar til sín aflaheimildir sjóðsins gegn endurgjaldi. Skal forkaupsrétturinn boðinn útgerðum í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim tegundum sem sjóðurinn hefur forræði á. Endurgjald skal miðað við almennt gangverð á sams konar heimildum að mati ráðherra. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari málsgrein nær til.

Þær veiðiheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á skv. 1. mgr., skal framselja hæstbjóðanda samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

Öllum tekjum Hagræðingarsjóðs af ráðstöfun aflaheimilda samkvæmt þessari grein skal varið til að standa straum af kostnaði við Hafrannsóknastofnunina. Sjóðurinn skal standa stofnuninni jafnharðan skil á innheimtum tekjum.

5. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Úreldingarstyrkur skal vera tiltekið hlutfall af húftryggingarverðmæti fiskiskips að

hámarki 30%. Skal ráðherra ákveða styrkhlutfall fyrir upphaf hvers almanaksárs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Úreldingarstyrkur vegna hvers einstaks skips skal þó aldrei vera hærri en 50 m.kr. Sú fjárhæð er grunnfjárhæð sem breytist í sama hlutfalli og gjald til sjóðsins skv. 4. mgr. 4. gr.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru skv. 1. mgr. 4. gr. Skal styrkur miðaður við það hlutfall er gilti á því ári er umsókn um styrkinn barst og styrkur reiknaður af húftryggingarverðmæti skips í upphafi þess árs.

Komi í ljós að fjárhagur sjóðsins leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja skv. 1. mgr. þessarar greinar er ráðherra heimilt að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að lækka þegar ákveðið styrkhlutfall ársins. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

6. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði varanlega sameinaðar aflaheimildum annarra fiskiskipa.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá og yfirlýsing frá sjávarútvegsráðuneytinu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og að fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins.

7. gr.

9. og 10. gr. laganna falli niður og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Jafnframt fellur ákvæði til bráðabirgða II niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á fiskveiðiárinu 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 skal þeim aflaheimildum, sem Hagræðingarsjóður fær til ráðstöfunar skv. 5. gr. laga nr. 40 15. maí 1990, varið til hækkunar á aflamarki einstakra skipa í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim fisktegundum sem sjóðurinn hefur til umráða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 111. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Þetta frumvarp hlaut ekki afgreiðslu á því þingi og því var það endurflutt á 112. löggjafarþingi. Með frumvarpinu var lagt til að stofnaður skyldi sjóður sem hefði það hlutverk að stuðla að fækkun fiskiskipa. Þessu hlutverki skyldi sjóðurinn sinna með tvennum hætti. Í fyrsta lagi skyldi sjóðurinn kaupa fiskiskip með aflaheimildum. Í öðru lagi skyldi sjóðurinn greiða úreldingarstyrki sem gátu numið allt að 10% af húftryggingarverðmæti fiskiskipa.

Við afgreiðslu Alþingis á frumvarpinu vorið 1990 voru gerðar verulegar breytingar á efni þess. Nafni sjóðsins var m.a. breytt í Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og sjóðnum

úthlutað aflaheimildum sem námu allt að 12.000 þorskígildislestum. Þessum aflaheimildum átti sjóðurinn að ráðstafa með tvennum hætti. Í fyrsta lagi skyldi sjóðurinn framselja allt að helmingi þessara aflaheimilda til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum sem standa höllum fæti. Í öðru lagi skyldi sjóðurinn framselja heimildir sínar til einstakra fiskiskipa. Allar tekjur sjóðsins af framsali aflaheimilda áttu að renna til að standa undir fækkun fiskiskipa.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I við lög nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, skyldi sjóðurinn fá úthlutað allt að 8.000 þorskígildislestum á fiskveiðitímabilinu sem hófst 1. janúar 1991 og lauk 31. ágúst 1991. Með lögum nr. 13/1991, um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, var sjávarútvegsráðherra veitt heimild til að úthluta aflaheimildum sjóðsins til loðnuskipa. Ráðherra nýtti þessa heimild laganna og var með reglugerð nr. 152/1991 tekin ákvörðun um skiptingu 8.000 þorskígildislesta milli einstakra loðnuskipa. Hagræðingarsjóður fékk því ekki úthlutað aflaheimildum á umræddu fiskveiðitímabili.

Með þessu frumvarpi er lagt til að talsverðar breytingar verði gerðar á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Í fyrsta lagi er lagt til að hlutverk sjóðsins verði einfaldað verulega frá því sem gildandi lög um sjóðinn gera ráð fyrir. Tilgangur þessarar breytingar er að stuðla að raunhæfri fækkun fiskiskipa. Í öðru lagi er lagt til að allar tekjur sjóðsins af framsali aflaheimilda renni til Hafrannsóknastofnunar. Er þetta í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að láta atvinnuvegina bera í ríkari mæli en nú kostnað af því rannsóknar- og þjónustustarfi sem fram fer í þeirra þágu á vegum ríkisins. Jafnframt er gert ráð fyrir að samfara þessu verði hafrannsóknir efldar og hefur m.a. verið tekin ákvörðun um að hefja umfangsmiklar fjölstofnarannsóknir og rannsóknir á heildarsamhengi lífríkis sjávar.

Samkvæmt gildandi lögum um Hagræðingarsjóð er sjóðnum heimilt að greiða úreldingarstyrki sem nema allt að 10% af húftryggingarmati fiskiskipa. Skilyrði fyrir greiðslu slíkra styrkja er að aflaheimildir þess fiskiskips, sem úrelt er, verði sameinaðar varanlega aflaheimildum annarra fiskiskipa í flotanum. Reynslan hefur sýnt að þetta hlutfall er of lágt því að sjóðnum hefur nánast ekki borist fullgild umsókn um greiðslu styrks. Hafa margir útgerðarmenn frekar kosið að selja endurnýjunarrétt fiskiskipa sem aflaheimildir hafa verið fluttar af eða að halda þeim til veiða á vannýttum tegundum. Þetta mun hins vegar leiða til vaxandi sóknar í þessar tegundir og getur þannig flýtt fyrir að grípa verði til þess að setja hámarksafla á fleiri tegundir en nú er. Þá liggja allmörg fiskiskip bundin við bryggju þar sem ákvörðun hefur ekki verið tekin um hvernig skipin skulu nýtt. Hætt er við að sum þessara skipa muni verða nýtt til stækkunar á nýjum skipum. Með því að hækka þetta hlutfall í allt að 30% af húftryggingarverðmæti er gert ráð fyrir að hægt verði að ná umtalsverðum árangri í að fækka fiskiskipum.

Með frumvarpinu er ekki lagt til að gjald, sem eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri greiða til sjóðsins í samræmi við stærð skipanna, verði hækkað. Árlegar tekjur sjóðsins af þessu gjaldi nema um 80 millj. kr. en eigið fé hans nam 600 millj. kr. 1. september sl. Reynist eftirspurn eftir styrkjum til úreldinga mikil á næstu árum þarf því annaðhvort að hækka iðgjöldin eða lækka það hlutfall af húftryggingarverðmæti sem styrkfjárhæðin miðast við.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild sjóðsins til þess að kaupa fiskiskip með aflaheimildum verði felld niður. Reynslan hefur sýnt að umframeftirspurn er eftir fiskiskipum til kaups. Þetta endurspeglast í háu verði á fiskiskipum og hætt er við að samkeppni frá opinberum sjóði geti haft óheppileg áhrif á alla verðmyndun. Þá er vandséð miðað við

hið háa verð að kaup á fiskiskipum í því skyni að framselja árlegar aflaheimildir þeirra til að standa undir kaupverðinu fái staðist. Það er því eðlilegt að þessi heimild sjóðsins verði felld úr gildi.

Þá er í frumvarpinu lagt til að það hlutverk sjóðsins að koma til aðstoðar við einstök byggðarlög verði fellt úr gildi. Mun eðlilegra er að Byggðastofnun eða öðrum stjórnvöldum sé falið að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu.

Eins og áður er rakið er gert ráð fyrir að andvirði þeirra 12.000 þorskígildislesta, sem sjóðurinn fær árlega úthlutað, verði varið til Hafrannsóknastofnunar. Meginhluta teknanna verður varið til að standa undir almennum rekstrarkostnaði stofnunarinnar en að hluta verða þessir fjármunir nýttir til að standa undir sérstökum rannsóknarverkefnum sem eru fyrirhuguð. Gert er ráð fyrir að árlegar aflaheimildir sjóðsins verði framseldar til fiskiskipa eftir sömu reglum og eru í gildandi lögum um sjóðinn. Í upphafi hvers fiskveiðiárs verður útgerðum því boðinn forkaupsréttur að aflaheimildum sjóðsins í réttu hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips. Nýti útgerð ekki forkaupsrétt verða þær aflaheimildir, sem þannig falla niður, framseldar hæstbjóðanda.

Með þeim breytingum, sem lagðar eru til á lögum nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, er gert ráð fyrir að hlutverk sjóðsins verði einfaldað verulega frá því sem er. Með hliðsjón af því er lagt til að ekki verði skipuð sérstök stjórn fyrir sjóðinn eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Í þess stað er lagt til að stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands verði falið að annast veitingu úreldingarstyrkja úr sjóðnum en samkvæmt gildandi lögum um Hagræðingarsjóð annast Fiskveiðasjóður daglegan rekstur sjóðsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að nafn sjóðsins skuli óbreytt, þ.e. Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Hins vegar er gerð breyting á hlutverki sjóðsins frá því sem áður var. Hlutverk sjóðsins er nú eingöngu að draga úr afkastagetu fiskiskipaflotans og auka þar með hagkvæmni í útgerð. Heimild sjóðsins til að koma til aðstoðar einstökum byggðarlögum er því felld niður.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um stjórn sjóðsins. Er lagt til að stjórn Fiskveiðasjóðs verði falið að annast stjórn sjóðsins en ekki verði skipuð sérstök stjórn eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Þessi breyting þykir eðlileg þar sem gert er ráð fyrir að hlutverk sjóðsins verði einfaldað verulega.

Þá er kveðið á um að sjóðurinn skulu áfram vistaður hjá Fiskveiðasjóði og fjárhagur sjóðsins verði aðskilinn fjárhag Fiskveiðasjóðs.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein skal sjóðnum árlega úthlutað 12.000 þorskígildislestum af botnfiski. Lagt er til að aflaheimildir skiptist milli einstakra botnfisktegunda í hlutfalli við leyfðan heildarafla og miðað við verðmætahlutföll milli tegunda sem ráðherra ákveður í upphafi hvers fiskveiðiárs. Áður en leyfilegum heildarafla er skipt á milli einstakra fiskiskipa þarf því að taka tillit til aflaheimilda sjóðsins með sambærilegum hætti og gert er varðandi þann hluta línuafla sem telst utan aflamarks í fjóra mánuði á ári hverju.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hvernig aflaheimildum sjóðsins skuli ráðstafað. Er lagt til að útgerðum fiskiskipa, sem hafa aflahlutdeild af þeim tegundum sem sjóðurinn fær úthlutað, verði veittur forkaupsréttur að aflaheimildum sjóðsins. Forkaupsrétturinn verður boðinn í upphafi hvers fiskveiðiárs í hlutfalli við aflahlutdeild hvers fiskiskips af þeim tegundum sem sjóðurinn hefur forræði á. Verðið skal ákveðið af ráðherra og miðast við gangverð sambærilegra heimilda. Er gert ráð fyrir að framkvæmd þessara atriða verði í samráði við sjávarútvegsráðuneytið og að forkaupsrétturinn verði boðinn um leið og ráðuneytið sendir út tilkynningar um aflaheimildir við upphaf hvers fiskveiðiárs.

Þær aflaheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á, skulu framseldar hæstbjóðanda. Er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins verði falið að annast útboð þeirra aflaheimilda samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

Öllum tekjum Hagræðingarsjóðs af ráðstöfun aflaheimilda skal varið til að standa straum af kostnaði við Hafrannsóknastofnunina. Er hér um breytingu að ræða frá gildandi lögum en samkvæmt þeim skal tekjum sjóðsins af ráðstöfun aflaheimilda varið til fækkunar fiskiskipa.

Um 5. gr.

Til að minnka afkastagetu fiskiskipaflotans skal sjóðurinn greiða styrki til úreldingar fiskiskipa sem nema allt að 30% af húftryggingarverðmæti þess skips sem úrelda á. Er lagt til að ráðherra ákveði, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, fyrir upphaf hvers almanaksárs hve háu hlutfalli af húftryggingarverðmæti fiskiskips styrkurinn nemur. Það ræðst fyrst og fremst af fjárhagsstöðu sjóðsins og áætlunum um úreldingu skipa hversu hátt þetta hlutfall verður. Þá er lagt til að sett verði 50 m.kr. hámark á þann styrk sem greiða má vegna úreldingar hvers einstaks skips. Er það gert til að beina úreldingu frekar að eldri og verðminni skipum og draga úr hættu á því að einstakar úreldingar geti kollvarpað fjárhagsáætlunum sjóðsins. Í þessu sambandi má einnig benda á að iðgjöld til sjóðsins sæta tilteknu hámarki. Í 2. mgr. er kveðið á um til hvaða fiskiskipa heimilt er að greiða styrki til úreldingar. Er einungis heimilt að greiða styrki vegna þeirra skipa sem gjaldskyld eru til sjóðsins. Jafnframt er kveðið á um að við greiðslu úreldingarstyrkja skuli miða við húftryggingarverðmæti fiskiskipa eins og það var í upphafi þess almanaksárs sem umsókn barst.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir að sjóðnum verði heimilt að taka lán er í 3. mgr. ákvæði þess efnis að hægt sé að lækka styrkhlutfallið innan ársins. Þá er stjórn sjóðsins enn fremur heimilt að fresta greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þau skilyrði sem eigandi fiskiskips sem sækir um styrk til úreldingar þarf að uppfylla áður en stjórn sjóðsins er heimilt að veita loforð um styrk. Í fyrsta lagi þarf eigandi skips að lýsa því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá. Í öðru lagi að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur. Í þriðja lagi að allar aflaheimildir skipsins verði sameinaðar varanlega aflaheimildum annarra skipa. Með þessu móti er tryggt að greiðsla úreldingarstyrks úr sjóðnum mun í öllum tilvikum leiða til að dragi úr afkastagetu fiskiskipaflotans. Þá er í 2. mgr. kveðið á um að stjórn sjóðsins sé óheimilt að greiða út styrk fyrr en öll þau skilyrði, sem rakin eru í 1. mgr., hafa verið uppfyllt.

Um 7. gr.

Þessa grein leiðir af breyttu hlutverki sjóðsins og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Um 8. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa. Rétt er þó að taka fram að ákvæði 3. gr. frumvarpsins koma ekki til framkvæmda fyrr en við úthlutun aflaheimilda í upphafi þess fiskveiðiárs sem hefst 1. september 1992. Þær heimildir, sem sjóðurinn fær til ráðstöfunar á yfirstandandi fiskveiðiári, eru því skv. 5. gr. laga nr. 40/1990. Hér er um að ræða samtals rúmlega 11.000 þorskígildislestir. Um ráðstöfun þeirra er gerð tillaga í ákvæði til bráðabirgða.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er kveðið á um ráðstöfun aflaheimilda sjóðsins á fiskveiðiárinu sem hófst þann 1. september 1991 og lýkur 31. ágúst 1992. Lagt er til að öllum aflaheimildum sjóðsins á þessu fiskveiðiári verði varið til hækkunar á aflamarki einstakra fiskiskipa í samræmi við aflahlutdeild þeirra af þeim tegundum sem sjóðurinn hefur til umráða. Það verður því fyrst við upphaf þess fiskveiðiárs sem hefst 1. september 1992 sem eigendum fiskiskipa verður boðinn forkaupsréttur að aflaheimildum sjóðsins samkvæmt ákvæðum 4. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Með frumvarpinu eru gerðar tvenns konar breytingar á lögum nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Annars vegar eru breytt ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda sjóðsins. Hins vegar eru breytt ákvæði um styrkveitingar sjóðsins til úreldingar fiskiskipa.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir að afla Hafrannsóknastofnun 525 m.kr. með sérstökum tekjum. Samkvæmt frumvarpinu hyggst sjávarútvegsráðuneytið ná því marki með framsali aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til eins árs í senn gegn endurgjaldi, en sjóðurinn fær úthlutað 12.000 þorskígildislestir á ári hverju. Til þess að ná áðurnefndri fjárhæð þyrfti meðalverð hvers kílós, sem sjóðurinn framselur, að vera tæpar 44 kr. Þetta mun vera nokkuð umfram gangverð slíkra heimilda í dag. Þar sem hér er um mjög mikið magn að ræða er óvíst hver áhrif sölunnar verða á markaðinn. Ef ekki tekst að afla áðurnefndra tekna með þessu móti verður að leita annarra leiða til að ná endum saman í rekstri Hafrannsóknastofnunar á árinu 1992.

Breytingar frumvarpsins varðandi styrki til úreldingar fiskiskipa hafa ekki áhrif á fjárhag ríkissjóðs þar sem þeir eru fjármagnaðir með sérstöku gjaldi á fiskiskip en ekki með framlagi úr ríkissjóði.

130. Frumvarp til laga [125. mál]

um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið veitir leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipi að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Það telst fullvinnsla í þessu sambandi ef flökun eða flatning botnfisks er þáttur í vinnslunni.

2. gr.

Skipum, sem leyfi hafa til fullvinnslu afla um borð, er óheimilt að fleygja fiski, fiskhlutum eða fiskúrgangi fyrir borð. Er skylt að koma með að landi allan afla þessara skipa, þar á meðal það sem til fellur við vinnsluna, svo sem hryggi, afskurð, hausa og innyfli eða afurðir unnar úr þeim. Er óheimilt að veita skipum vinnsluleyfi nema aðstaða sé um borð til að fullnægja þessum kröfum og nýta aflann með fullnægjandi hætti. Ráðherra getur þó með reglugerð til eins árs í senn heimilað að ekki sé nýttur tiltekinn fiskúrgangur enda verði það ekki gert með arðbærum hætti miðað við vinnslutækni og markaðsaðstæður.

3. gr.

Um borð í vinnsluskipi skal vera aðstaða fyrir móttöku, geymslu, vinnslu og frágang aflans þannig að gæði framleiðslunnar séu tryggð. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um nauðsynlegan búnað í þessu skyni og önnur atriði um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Það er skilyrði fyrir leyfisveitingu, sbr. 1. gr., að fjöldi í áhöfn sé nægilegur til að vinna afla á fullnægjandi hátt miðað við veiðar, vinnslu og gerð skips, að teknu tilliti til áskilins hvíldartíma og að fyrir hendi sé tilskilin aðstaða fyrir þá áhöfn og eftirlitsmenn, sbr. 6. gr.

Í áhöfn skal vera sérstakur matsmaður sem hafa skal umsjón með allri vinnslu ásamt nauðsynlegu gæðaeftirliti. Með reglugerð skal kveða á um menntunarkröfur og starfssvið matsmanns.

5. gr.

Áður en fullvinnsluleyfi er veitt skal liggja fyrir álit Ríkismats sjávarafurða á því hvort búnaður sé fullnægjandi með hliðsjón af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra með stoð í þeim. Þá skal liggja fyrir mat Siglingamálastofnunar ríkisins á því hvort reglum um öryggisbúnað varðandi fiskvinnslu og aðbúnað áhafnar sé fullnægt.

6. gr.

Eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn skulu vera um borð í fiskiskipi sem leyfi hefur til fullvinnslu botnfisks fyrstu sex mánuðina eftir að leyfi er veitt í fyrsta sinn. Eftir þann tíma skal eftirlitsmaður vera um borð eftir því sem ástæða er talin til hverju sinni af veiðieftirliti sjávarútvegsráðuneytisins. Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og að-

stöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð. Þá skal útgerð skips greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanna um borð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipum, sem hafið hafa fullvinnslu botnfiskafla fyrir gildistöku laga þessara, skal veittur frestur til að fullnægja kröfum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Er fresturinn við það miðaður að innan hans sé heimilt að halda áfram fullvinnslu botnfisks með svipuðum hætti og hafin var fyrir gildistöku laganna. Skal fresturinn vera til 1. september 1996 en ráðherra getur með reglugerð ákveðið að tilteknum kröfum um nýtingu skuli fullnægt fyrr. Þetta ákvæði tekur einnig til nýrra fullvinnsluskipa hafi verið samið um smíði eða kaup á þeim með bindandi hætti fyrir 10. nóvember 1991, enda sé smíðin það langt komin að breytingum til samræmis við kröfur laganna verði ekki við komið án verulegrar röskunar og kostnaðarauka.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur sú þróun orðið að vinnsla á sjávarafurðum hefur í vaxandi mæli flust um borð í veiðiskip. Af hálfu hins opinbera hafa ekki verið lagðar beinar hömlur á fjölgun þeirra fiskiskipa sem vinna afla um borð en gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að stuðla að aukinni aflanýtingu þessara skipa. Má í því sambandi nefna störf aflanýtingarnefndar sem hóf störf á árinu 1989. Nefndin hefur einkum unnið að tveimur viðamiklum verkefnum. Í fyrsta lagi að bæta flakanýtingu um borð í frystiskipum. Í öðru lagi kom nefndin á fót aflakaupabanka sem kaupir fisktegundir af fiskiskipum sem lítt hafa verið nýttar í því skyni að kanna og þróa markað fyrir þennan afla. Þrátt fyrir þessar aðgerðir og þótt margt hafi áunnist á síðustu árum hefur því verið haldið fram að ekki séu af opinberri hálfu gerðar nægar kröfur til nýtingar hráefnis og vinnsluaðstöðu um borð í þessum skipum.

Núna eru 29 fiskiskip sem flaka og frysta botnfiskafurðir um borð auk þess sem hafin er vinnsla á saltfiski um borð í nokkrum fiskiskipum. Á árinu 1990 voru rúmlega 108 þúsund lestir af botnfiski frystar um borð í veiðiskipum. Þar af voru tæplega 42 þús. lestir af þorski eða rúmlega 12% af heildarþorskaflanum það ár. Samkvæmt nýlegri athugun Þjóðhagsstofnunar á afkomu botnfiskveiða og -vinnslu kemur fram að frystiskip voru rekin með um 15% hagnaði af tekjum miðað við rekstrarskilyrði í september 1991 en á sama tíma var útgerðin í heild rekin með um 8% hagnaði. Innlend fiskvinnsla var á sama tíma rekin með um 7,5% halla. Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að mikils misræmis gætir á afkomu einstakra greina botnfiskveiða og -vinnslu. Þessi góða afkoma frystiskipanna leiðir til þess að fleiri kjósa að breyta fiskiskipum þannig að þau geti unnið aflann um borð. Vitað er að margar útgerðir eru að kanna möguleika á að breyta tiltölulega litlum skipum í vinnsluskip sem telja verður að smæðar sinnar vegna séu varla fallin til slíkrar vinnslu. Í sjávarútvegsráðuneytinu hafa lengi verið uppi hugmyndir um að gera auknar kröfur til þeirra fiskiskipa sem vinna botnfiskafla um borð til að tryggja betri nýtingu þess afla sem um borð kemur og auka gæði afurðanna. Slíkar aðgerðir eru mikilvægar nú þegar nauðsynlegt hefur reynst að minnka þann afla sem leyfilegt er að veiða.

Þá hafa menn jafnframt þær áhyggjur að lakari afkoma fiskvinnslunnar muni leiða til versnandi atvinnuástands í landi ef hlutfall þess afla, sem unninn er úti á sjó, eykst frekar en orðið er.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fullvinnsla afla um borð í fiskiskipum verði háð sérstöku leyfi sem ráðuneytið veiti. Er tilgangurinn fyrst og fremst að tryggja að í hóp þeirra skipa, sem stunda fullvinnslu um borð, bætist ekki önnur skip en þau sem eru fær um að fullnægja eðlilegum kröfum til nýtingar, vörugæða og vinnuaðstöðu. Fullvinnsluleyfið verður hins vegar gefið út til allra þeirra skipa sem fullnægja almennum skilyrðum. Með frumvarpinu er því ekki verið að leggja til opinbera takmörkun á útgáfu slíkra vinnsluleyfa. Engu að síður er líklegt að auknar kröfur muni hægja á þeirri þróun að fiskvinnslan flytjist út á sjó.

Með fullvinnslu er í frumvarpi þessu átt við að flökun eða flatning sé þáttur í vinnslunni. Lögin taka því ekki til annarra vinnsluskipa sem t.d. heilfrysta botnfisk eða vinna rækju um borð. Um þessi skip gilda því áfram fyrirmæli núgildandi laga og reglugerða og þurfa þau eftir sem áður að fá tilskilin leyfi frá Ríkismati sjávarafurða.

Gert er ráð fyrir að óheimilt verði að fleygja fiski, fiskhlutum eða fiskúrgangi fyrir borð á fullvinnsluskipum og ekki verði veitt fullvinnsluleyfi nema aðstaða sé til að fullnægja kröfum um fullnægjandi nýtingu aflans. Ráðherra verði þó heimilt með setningu reglugerðar til eins árs í senn að heimila að ekki sé nýttur tiltekinn fiskúrgangur enda sé alls ekki, að mati sérfræðinga, unnt að nýta hann með arðbærum hætti miðað við vinnslutækni og markaðsaðstæður. Er gert ráð fyrir að byggt verði á mati sérfræðinga Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins er teknar verða ákvarðanir varðandi veitingu fullvinnsluleyfis.

Á síðustu árum hafa orðið stórstígar framfarir í allri fiskvinnslutækni og ekki síst um borð í fiskiskipum. Á sama tíma hafa opnast ýmsir nýir möguleikar til nýtingar ýmissa aukaafurða og er ljóst að slíkir möguleikar eru ekki fullkannaðir ennþá. Geta því boðist ýmsir nýir kostir sem ekki eru fyrir hendi í dag. Kröfur til fullvinnsluskipa geta því tekið breytingum miðað við þá þróun sem verður í vinnslutækni og breytingar sem verða á möguleikum til markaðssetningar ýmissa tegunda afurða.

Þá eru í frumvarpinu gerðar kröfur um að aðstaða í móttöku, vinnslurásum og afurðageymslum fullvinnsluskipa sé með þeim hætti að gæði afurðanna séu tryggð. Um þetta verða sett nánari ákvæði með reglugerð, t.d. um að í fiskmóttöku þurfi að vera nægilegur fjöldi blóðgunarkara til að flokka aflann eftir tegundum. Þá er gert ráð fyrir að gerð verði krafa um kælda fiskmóttöku.

Til að tryggja umsjón og eftirlit með gæðum um borð í fullvinnsluskipum er lagt til að sérstakur matsmaður verði um borð í öllum veiðiskipum sem leyfi fá til fullvinnslu botnfiskafla um borð. Gerðar verða tilteknar menntunarkröfur til matsmanna og kveðið verður á um starfssvið þeirra í reglugerð. Verða gerðar sömu kröfur til matsmanna um borð í fullvinnsluskipum og matsmanna í frystihúsum. Ákvæði 10. gr. laga nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, kveður á um að sjávarútvegsráðuneytið löggildi þessa menn að fenginni umsögn fiskmatsstjóra. Þeir skulu hafa sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn, en þeir sem lokið hafa prófi fiskiðnaðarmanna skulu að öðru jöfnu njóta forgangs til löggildingar. Í frystihúsum eru nær undantekningarlaust lærðir fiskiðnaðarmenn í þessum störfum. Svo hefur ekki verið til þessa um matsmenn um borð í vinnsluskipum. Hafa verið haldin stutt námskeið fyrir þá og þeim veitt tímabundin löggilding þar sem útgerðum hefur ekki reynst kleift að fá matsmenn sem lokið hafa tilskildu námskeiði.

Sjávarútvegsráðuneytið tekur afstöðu til veitingar leyfis til fullvinnslu botnfiskafla um

borð í veiðiskipi eftir að Ríkismat sjávarafurða hefur lagt faglegt mat á það hvort öllum skilyrðum til fullvinnslu sé fullnægt. Auk þess skal liggja fyrir mat Siglingamálastofnunar ríkisins á því hvort reglum um öryggisbúnað varðandi fiskvinnslu og aðbúnað áhafnar sé fylgt áður en ráðuneytið tekur afstöðu til veitingar vinnsluleyfis.

Með frumvarpinu er lagt til að eftirlit um borð í fullvinnsluskipum verði mjög aukið frá því sem verið hefur. Í fyrsta lagi er kveðið á um að eftirlitsmaður verði um borð fyrstu sex mánuðina eftir að fullvinnsluleyfi hefur verið veitt í fyrsta sinn. Í öðru lagi er stefnt að því að auka almennt eftirlit um borð í skipum sem leyfi fá til fullvinnslu um borð og er lagt til að útgerð viðkomandi skips greiði allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanna um borð, þar með talin laun þeirra.

Í gildandi lögum eru ýmis ákvæði sem heimila ráðuneytinu að kveða á um meðferð og nýtingu afla. Má í þessu sambandi einkum nefna lög nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lög nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Jafnframt er í 16. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, ákvæði sem lúta að sérstökum vinnsluskýrslum um borð í skipum sem vinna afla um borð og eru þær skýrslur undirstaða við mat á því hvernig aflakvóti er nýttur um borð í þeim skipum. Á grundvelli ofangreindra laga hafa verið gefnar út tvær reglugerðir sem m.a. lúta að vinnslu afla um borð. Reglugerð nr. 48 10. desember 1990 tekur til mælinga á vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum og í reglugerð nr. 205 29. apríl 1991 um nýtingu aukaafurða segir að fullvinnsluskip skuli hirða allan afskurð sem til fellur við snyrtingu þorsk-, ýsu- og ufsaafla um borð í frystiskipum. Þessar lagaheimildir eru út af fyrir sig fullgildar til þess að setja frekari almennar reglur um meðferð og nýtingu afla, þar á meðal varðandi fullvinnsluskipin. Með frumvarpi þessu er engu að síður lagt til að sett verði sérstök löggjöf um fullvinnsluskip. Með því fyrirkomulagi næst heildaryfirsýn yfir alla þætti sem máli skipta áður en ákvörðun er tekin um veitingu fullvinnsluleyfis. Þannig liggur fyrir mat á nýtingarferli vinnsluskips, mat á aðstöðu með tilliti til gæða afurða, mat á rými og aðstöðu fyrir áhöfn og mat á öryggisbúnaði.

Á undanförnum árum hefur verið unnið mikið starf við að auka nýtingu um borð í frystitogurum. Aflanýtingarnefnd hefur lagt grunninn að þessu starfi en samkvæmt tillögum nefndarinnar voru um síðustu áramót teknir upp einstaklingsbundnir nýtingarstuðlar fyrir frystiskip. Á árinu 1990 stóð nefndin fyrir námskeiðum fyrir útgerðarstjóra og skipstjórnarmenn frystitogara. Námskeiðið fékk góðar viðtökur og sendu flestar útgerðir fulltrúa á námskeiðið. Í tengslum við námskeiðið var farið um borð í alla frystitogara og farið yfir mæliaðferðir. Batnaði nýting verulega á meðan mælingar stóðu yfir og eftir að fiskvinnsluvélar höfðu verið stilltar. Í kjölfar þessara mælinga var þróað eftirlitskerfi sem veiðieftirlit sjávarútvegsráðuneytisins annast. Talið er að unnt sé að bæta nýtingu um borð í vinnsluskipum enn frekar með því að taka í notkun nýjar og fullkomnari fiskvinnsluvélar sem nýlega eru komnar á markaðinn.

Vinnsla á saltfiski um borð í veiðiskipum hófst fyrir fjórum árum síðan. Mun erfiðara er að meta nýtingu um borð í saltfiskskipum þar sem þyngd er mjög háð verkunarstigi og saltmagni bæði í kerum og í afurðinni. Um þessar mundir er verið að kanna nýtingarferli í þessari vinnslu og í framhaldi af því mun verða skipulagt hvernig best verður staðið að nýtingarmati. Er stefnt að því að taka upp einstaklingsbundna nýtingarstuðla fyrir fiskiskip sem verka saltfisk um borð með svipuðum hætti og fyrir frystiskipin.

Aflakaupabankinn hefur tekið á móti öllum aukaafla sem borist hefur til hans og greitt lágmarksverð fyrir fiskinn. Ef einstaklingar og fyrirtæki hafa boðið hærra verð fyrir hráefnið hættir bankinn að kaupa þær tegundir sem markaður hefur verið fundinn fyrir. Þetta

hefur gerst með allar þær flatfisktegundir sem bankinn keypti áður og því má segja að starfsemi bankans hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt í upphafi. Aðrar tegundir, sem hafin er vinnsla á m.a. fyrir tilstuðlan aflanýtingarnefndar, eru gulllax og tindabikkja.

Afskurður er nýttur af frystitogurum og er hann frystur um borð. Er afskurðurinn ýmist fluttur út án frekari vinnslu eða settur í marning. Afurðin er enn nokkuð misjöfn að gæðum og er nauðsynlegt að bæta þessa vinnslu enn frekar til að auka gæðin.

Eitt af þeim verkefnum, sem aflanýtingarnefnd hefur unnið að, er að auka nýtingu á fésum. Hafa verið gerðar tilraunir með að salta og frysta fés og virðist slík vinnsla geta skilað arði. Það er hins vegar álitaefni hvort markaður sé fyrir allt það magn sem fellur til hjá þeim skipum sem vinna botnfiskafla um borð. Þá hefur markaðurinn ekki viljað taka við fésum af smáum hausum og þess vegna er á vegum aflanýtingarnefndar unnið að athugun á því að framleiða marning úr þeim í landi.

Tilraunaframleiðsla á marningi úr hryggjum lofar góðu og eru hryggirnir teknir heilir, grófhakkaðir, þvegnir, marðir og pressaðir. Gott verð hefur fengist fyrir þurrkaða hausa og hryggi í Nigeríu en kostnaðurinn við frystingu og flutning til þurrkstöðva hefur verið of mikill til að standa undir tilkostnaði. Nýting á hrognum um borð í frystiskipum hefur gefist vel og fæst gott verð fyrir afurðina bæði frysta og saltaða. Nokkur skip hafa hirt hrogn með góðum árangri án þess að það komi mikið niður á afköstum í vinnslunni um borð.

Þegar búið er að nýta hráefnið eins og hægt er í afurðir til manneldis eru fyrst og fremst eftir innyfli, bein og roð. Helst kemur til greina að nýta innyflin í meltu sem síðan yrði brædd í fiskimjölsverksmiðjum í landi. Kostur meltuvinnslu er tiltölulega lítill stofnkostnaður og lítil sem engin viðbótarvinna um borð. Nokkur fiskiskip hafa aðstöðu til meltuvinnslu um borð en eigendur þeirra hafa ekki séð sér hag í því að nýta hana. Mun það fyrst og fremst stafa af því að dýrt mun vera að flytja meltuna frá fiskiskipi til verksmiðju. Það hlýtur hins vegar að vera markmið að engum úrgangi verði hent í sjóinn hvorki frá skipum eða vinnslustöðvum í landi. Hér er því ekki um vanda að ræða sem er einskorðaður við vinnsluskip. Til að nýta þennan úrgang þarf fyrst og fremst að lækka þann kostnað sem er því samfara að flytja meltuna til loðnuverksmiðja.

Samkvæmt ofansögðu er ljóst að ýmsir möguleikar til frekari nýtingar aukaafurða og vannýttra fisktegunda eru fyrir hendi. Því mun aflanýtingarnefnd starfa áfram við athuganir á þessu sviði í samvinnu við ráðuneytið og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að sjávarútvegsráðuneytið gefi út leyfi til að fullvinna botnfiskafla um borð í veiðiskipum. Með fullvinnslu botnfiskafla er átt við að flökun eða flatning sé þáttur í vinnslunni. Ekki er gerð krafa um að sérstök fullvinnsluleyfi þurfi til að stunda heilfrystingu á botnfiski og öðru sjávarfangi um borð. Hins vegar þurfa þeir aðilar, sem slíka vinnslu stunda, eftir sem áður að fá tilskilin vinnsluleyfi frá Ríkismati sjávarafurða með sama hætti og verið hefur. Rökin fyrir því að skilja á milli fullvinnslu og annarrar vinnslu um borð í veiðiskipum eru þau að við fullvinnslu fellur meira til af fiskhlutum og fiskúrgangi auk þess sem nauðsynlegt er að setja reglur sem tryggja meðferð og gæði verðmestu afurðanna.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að óheimilt sé að fleygja fiski, fiskhlutum eða fiskúrgangi fyrir borð á skipum sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um borð. Skilyrði fyrir útgáfu leyfis er að aðstaða sé um borð til að fullnægja þessum skilyrðum. Ráðherra er þó heimilt með reglugerð til eins árs í senn að kveða á um að óheimilt sé að hafa tiltekinn fiskúrgang enda sé ekki sýnt fram á að unnt sé að nýta hann með arðbærum hætti. Við setningu reglugerðar um þetta atriði mun verða stuðst við álit Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á hverjum tíma um það hve langt eigi að ganga varðandi nýtingu þess fiskúrgangs sem fellur til um borð í vinnsluskipum. Verður við það miðað að vinnsla á þeim fiskúrgangi, sem ekki verður nýttur, sé ótvírætt óarðbær. Um þessar mundir eru það fyrst og fremst innyfli og hluti af fiskhausum sem vafi kann að leika á um hvort vinna megi á arðbæran hátt. Stöðugt er þó unnið að ýmsum athugunum til að nýta þennan fiskúrgang og ljóst að ýmsir möguleikar eru ekki fullkannaðir enn þá. Geta því boðist ýmsir nýir kostir sem ekki eru fyrir hendi í dag.

Þá er gerð krafa um að aðstaða sé um borð til að vinna aflann með fullnægjandi hætti. Með þessu er átt við að nýting aflans sé eins góð og tækni á hverjum tíma gerir mögulegt. Í því sambandi má benda á að nú er að koma á markaðinn ný gerð flökunarvéla sem getur bætt flakanýtingu og þar með minnkað úrgang. Er áætlað að með þessari nýju tækni, sem ekki er fyrir hendi í neinu íslensku fiskiskipi í dag, megi auka framleiðsluverðmæti um borð í vinnsluskipum um allt að 10–15%. Að auki sker þessi nýja gerð flökunarvéla klumbur frá þunnildum. Með því að safna klumbum, fésum og hryggjum til marningsvinnslu í landi er talið að hægt sé að auka framleiðsluverðmæti vinnsluskipa um 2–4%. Við þessa ráðstöfun mun úrkast frá vinnsluskipum minnka um 35% miðað við slægðan fisk.

Þótt krafa um fullnýtingu samkvæmt frumvarpi þessu nái einungis til fullvinnsluskipa er stefnt að því að sambærilegar reglur verði í framtíðinni gerðar til allra fiskiskipa um nýtingu aukaafurða.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þá aðstöðu og búnað sem gerð verður krafa um að verði um borð í vinnsluskipum. Gert er ráð fyrir að nánari kröfur í þessu efni verði mótaðar í reglugerð. Á grundvelli þessara ákvæða fari síðan fram mat á búnaði og aðstöðu í einstökum skipum áður en afstaða er tekin til beiðni um fullvinnsluleyfi. Sem dæmi um hvaða kröfur verða gerðar í þessu sambandi má nefna að fiskur verði kældur meðan hann er geymdur í blóðgunarkörum. Kæling seinkar dauðastirðnun og skilar sér í aukinni nýtingu, meiri afköstum og bættum gæðum afurðanna.

Jafnframt verður gerð krafa um að kæling verði í fiskmóttöku og hún verði aðskilin frá öðrum hlutum vinnslunnar og einangruð frá vélarrúmi. Þá þarf að vera nægjanlegt rými fyrir þann fjölda kara sem er nauðsynlegur til að geyma afla til vinnslu í einn sólarhring. Frystigeta um borð í vinnsluskipum þarf að miðast við eðlileg afköst vinnslulínunnar og um borð þarf a.m.k. einn lóðréttan plötufrysti fyrir aukaafurðir og aukaafla. Þá verður frystilest að vera nægjanlega stór til að anna vinnslunni um borð og auk þess verði rými í frystilest til að geyma aukaafurðir.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að kröfur verði settar um fjölda í áhöfn og aðstöðu manna um borð í vinnsluskipum. Búast má við að kröfur um aukna nýtingu afla geti leitt

til fjölgunar í áhöfn fullvinnsluskipa. Hins vegar geta meiri sjálfvirkni og fullkomnari fiskvinnsluvélar haft það í för með sér að fækka megi í áhöfn.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar er lagt til að sérstakur matsmaður verði um borð í fullvinnsluskipum. Er það í samræmi við það fyrirkomulag sem nú er varðandi flakavinnsluskip. Ráðuneytið hefur á undanförnum árum löggilt matsmenn um borð í vinnsluskipum sem fullnægt hafa menntunarkröfum. Allmargar undanþágur hafa þó verið veittar og sýnist full ástæða að fækka þeim með því að auka hæfni þessara manna til starfans með námskeiðum. Hlutverk matsmanns verður að hafa umsjón með allri vinnslu ásamt því að annast nauðsynlegt gæðaeftirlit. Er ráðherra falið að setja nánari reglur um menntunarkröfur og starfssvið hans.

Um 5. gr.

Áður en ráðuneytið tekur afstöðu til veitingar fullvinnsluleyfis til einstakra fiskiskipa skal liggja fyrir álit Ríkismats sjávarafurða á því hvort skip og búnaður fullnægi þeim kröfum sem settar eru fram í þessum lögum og reglugerð settri með stoð í þeim. Jafnframt skal, áður en ákvörðun um veitingu leyfis er tekin, liggja fyrir mat Siglingamálastofnunar ríkisins á því hvort reglum um öryggisbúnað varðandi fiskvinnslu og aðbúnað áhafnar sé fylgt. Með þessu móti er tryggt að heildarmat á hæfni skips liggi fyrir áður en afstaða er tekin til veitingar fullvinnsluleyfis.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að eftirlitsmaður, einn eða fleiri, skuli vera um borð í fiskiskipi sem leyfi hefur fengið til fullvinnslu botnfisks fyrstu sex mánuðina eftir að leyfi er veitt. Þessi ráðstöfun er eðlileg þar sem fullvinnsluleyfið er veitt gegn tilteknum skilyrðum um nýtingu afla. Því er nauðsynlegt að fylgjast nákvæmlega með því hvernig staðið er að vinnslu aflans um borð og vera áhöfn til leiðbeiningar meðan störf hennar eru að mótast. Þá er að því stefnt að auka allt eftirlit með skipum sem fullvinna botnfiskafla um borð. Er það í fullu samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað hjá öðrum þjóðum. Þá er lagt til að útgerð skipsins greiði allan kostnað af veru eftirlitsmanna um borð, þar með talin laun, en samkvæmt gildandi lögum skal útgerðin sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir sinna eftirlitsstörfum um borð í fiskiskipi.

Um 7. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Það liggur fyrir að skip þau, sem nú stunda fullvinnslu, eru mjög misvel í stakk búin til þess að mæta auknum kröfum um nýtingu afla. Eru fáein þeirra þegar að mestu hæf til að mæta þeim kröfum, önnur þurfa aftur á móti að gangast undir verulegar breytingar og jafnvel stækkun. Væri því eðlilegt að athugað yrði hvort rýmka þyrfti reglur um stækkun skipa ef í ljós kæmi að ekki væri hægt að mæta auknum kröfum um nýtingu án þess að skip væru stækkuð.

Hér er lagt til að sömu kröfur verði gerðar til nýtingar afla hjá öllum þeim skipum, sem aðlögunarfrest fá til 1. september 1996 og er fresturinn ákveðinn svo langur vegna þeirra skipa sem mest þarf að breyta.

Jafnframt er lagt til að eftir 1. september 1996 verði gerðar sömu kröfur um nýtingu afla til allra fiskiskipa sem leyfi fá til fullvinnslu afla um borð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Með frumvarpinu eru sett sérstök lög um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum og hún gerð háð sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytis. Kostnaðarþættir frumvarpsins eru tveir.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins skal Ríkismat sjávarafurða gera úttekt á búnaði viðkomandi skipa og Siglingamálastofnun ríkisins gera úttekt á öryggisbúnaði um borð áður en kemur að leyfisveitingu sjávarútvegsráðuneytis. Óljóst er hvort hér sé um að ræða viðbótarútgjöld fyrir viðkomandi stofnanir eða hvort þær sinni þessu starfi nú þegar. Fjármálaráðuneytið telur að viðkomandi útgerðir eigi að standa straum af öllum þeim kostnaði sem hlýst vegna þessa ákvæðis.

Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins skal eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn vera um borð í fiskiskipi sem leyfi hefur til fullvinnslu botnfisks fyrstu sex mánuðina eftir að vinnsluleyfi er veitt í fyrsta sinn og svo eftir því sem ástæða er talin til hverju sinni. Þá kemur fram að allur kostnaður sem hlýst af veru eftirlitsmanna um borð, þar með talin laun þeirra, greiðist af viðkomandi útgerð.

Að teknu tilliti til ofangreinds telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið hafi ekki í för með sér teljanlegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

131. Tillaga til þingsályktunar [126. mál]

um að meiri hluti nýrra starfa á vegum ríkisins verði utan höfuðborgarsvæðisins.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma í framkvæmd því markmiði að meiri hluti nýrra starfa á vegum ríkisins og stofnana þess verði utan höfuðborgarsvæðisins.

Jafnframt verði lögð á það áhersla að skapa skilyrði og koma upp aðstöðu á landsbyggðinni fyrir þessa starfsemi.

Til að móta framkvæmd þessarar stefnu skipi ríkisstjórnin nú þegar nefnd þar sem fulltrúar tilnefndir af öllum þingflokkum eigi sæti.

Greinargerð.

Ljóst er að aukning opinberrar starfsemi er einn þeirra þátta sem verulega þýðingu hafa fyrir byggðaþróun og byggðastefna stjórnvalda getur haft áhrif á. Nútímatækni á sviði tölvuvinnslu, fjarskipta og bættra samgangna hafa opnað nýjar leiðir sem fyrir örfáum árum voru ekki í sjónmáli.

Óhætt er að fullyrða að starfsemi á vegum hins opinbera hefur mikla þýðingu fyrir vinnumarkaðinn á landsbyggðinni, m.a. vegna þess að störf hjá hinu opinbera eru ekki eins háð ytri sveiflum og önnur störf.

Oft er fjallað um það hvernig auka megi skilvirkni í opinbera geiranum en þeim mun

sjaldnar um það hvernig nýta megi opinbera geirann sem mikilvægan þátt í byggðapólitískum aðgerðum. Með þetta í huga kann það að virðast undarlegt að ekki hafi verið lögð meiri áhersla á opinbera starfsemi sem mikilvægan þátt í atvinnuþróun landsbyggðarinnar. Umræður hafa hingað til að langmestu leyti snúist um að verja störf í sjávarútvegi og ný störf í iðnaði.

Á tímabilinu 1981–1988 urðu til um 7.500 ný störf í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Þetta skiptist þannig að á landsbyggðinni urðu til um 2.500 störf en um 5.000 störf á höfuðborgarsvæðinu.

Vandi atvinnulífsins er af svipuðum toga víðast hvar á landsbyggðinni. Atvinnulífið á þessum stöðum er tiltölulega einhæft miðað við þá þróun sem á sér stað í samfélaginu. Þær atvinnugreinar, sem hafa verið í hvað örustum vexti, þ.e. þjónustugreinarnar, eru yfirleitt aðeins í litlum mæli á þessum svæðum.

Til að snúa þessari þróun við þurfa stjórnvöld að setja sér það markmið að meiri hluti nýrra starfa í opinberri þjónustu verði til utan höfuðborgarsvæðisins.

Þessu má ná á þann hátt að ráðuneyti og stofnanir hins opinbera geri grein fyrir því í fjárlagabeiðni hverju sinni hvernig þær hafi náð eða hyggjast ná þeim markmiðum sem hér eru sett fram. Þetta þýðir að störf flytjast ýmist til þeirra útibúa sem fyrir eru eða að opnaðar verða nýjar þjónustustofnanir. Á þennan hátt má koma á aukinni skilvirkni, betri þjónustu og hagstæðari dreifingu atvinnutækifæra.

Nauðsynlegt er að ríkisvaldið leiti samráðs við aðra aðila er þetta varðar um að þeir auki og efli þjónustustarfsemi sína sem mest á landsbyggðinni og stuðli m.a. að því á þann hátt að beina verkefnum eins og kostur er til þjónustuaðila úti á landi.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að verulegar breytingar á atvinnulífi landsbyggðarinnar verða að eiga sér stað. Svo einhæft atvinnulíf sem nú er vinnur sem hemill á vöxt þessara svæða. Hinar miklu breytingar í íslenskum atvinnuháttum á seinni árum hafa valdið straumhvörfum í búsetu fólks. Jafnhliða minnkandi þörf vinnuafls í frumvinnslugreinunum hefur þáttur þjónustugreinanna stöðugt farið vaxandi. Allt bendir til þess að enn um sinn muni þáttur þjónustugreina fara vaxandi og þær muni taka við stærstum hluta mannaflaaukningar. Því þarf að leggja áherslu á að efla þessa starfsemi á landsbyggðinni og stuðla þannig að aukinni fjölbreytni atvinnulífs og skynsamlegri byggðaþróun.

132. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt um frumvarpið sem fjallar um eina af tekjuöflunarleiðum ríkissjóðs. Í tólf ár hefur þessi skattur verið á lagður og er frumvarpið samhljóða lögum nr. 110/1990 sem skattheimta yfirstandandi árs byggist á.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Halldór Ásgrímsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. nóv. 1991.

Matthías Bjarnason, form., frsm., með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Sólveig Pétursdóttir, með fyrirvara.
Magnús Jónsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.
	Vilhjálmur Egilsson, með fyrirvara.	

133. Frumvarp til laga [127. mál]

um Viðlagatryggingu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

Hlutverk og stjórn.

1. gr.

Hlutverk stofnunarinnar Viðlagatryggingar Íslands er að vátryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara.

Heimili hennar er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af Alþingi, einn valinn af þeim vátryggingafélögum sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. 11. gr., en tryggingamálaráðherra skipar einn og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

Ávöxtun fjár og ársreikningar.

3. gr.

Stjórnin skal gera samkomulag við Seðlabanka Íslands um vörslu og ávöxtun fjár og bókhald stofnunarinnar. Við ávöxtun skal stjórnin leitast við að tryggja verðgildi fjárins svo sem unnt er á hverjum tíma. Óheimilt er að ráðstafa fé stofnunarinnar til almennra útlána.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af tveimur skoðunarmönnum. Annar þeirra skal tilnefndur af ráðherra, en hinn valinn af stjórn stofnunarinnar. Skal hinn síðarnefndi vera löggiltur endurskoðandi. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar birtir árlega í Lögbirtingablaði.

Áhætta sem vátryggt er gegn.

4. gr.

Viðlagatrygging Íslands skal vátryggja gegn beinu tjóni af völdum eftirtalinna náttúruhamfara: eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Í reglugerð skal skilgreint nánar hvað felist í 1. málsl.

Eignir sem skylt er að vátryggja.

5. gr.

Skylt er að vátryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá vátryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi. Vátryggingarskyldan nær einnig til lausafjár sem vátryggt er almennri samsettri vátryggingu er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík vátrygging undir eignatryggingar samkvæmt skilgreiningu Tryggingaeftirlitsins. Sé brunatrygging á lausafé innifalin í aláhættutryggingu (all risks vátryggingu) eða sértryggingu, t.d. fiskeldistryggingu, skal lausaféð ekki viðlagatryggt, nema með sérstöku samþykki stjórnar stofnunarinnar.

Einnig er skylt að vátryggja neðangreind mannvirki þótt þau séu ekki brunatryggð:

1. Hitaveitur, vatnsveitur og skolpveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
2. Hafnarmannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
3. Brýr sem eru 50 m eða lengri.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um vátryggingarskyldu eftir 1.–3. tölul., þar á meðal skal tilgreina hvaða flokkar muna teljist til greindra mannvirkja.

Eignir sem heimilt er að vátryggja.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt með samþykki ráðherra að ákveða að stofnunin vátryggi neðangreint lausafé og fasteignir:

1. Hitaveitur, vatnsveitur og skolpveitur í einkaeign.
2. Hafnarmannvirki í einkaeign.
3. Varanlegar brýr sem eru 10–50 m langar.
4. Raforkuvirki, þar á meðal dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki, í eigu hins opinbera eða einkaeign.
5. Síma- og fjarskiptamannvirki í eigu hins opinbera eða einkaaðila.
6. Dæluleiðslur og aðrar lagnir.
7. Geymsluþrær, geyma og yfirfallsþrær.
8. Eldisfisk, eldisker og annan búnað fiskeldisstöðva, þó eigi flotkvíar, fisk í þeim eða muni í eða við sjávar- eða vatnsborð.
9. Lóðir, lönd og það fylgifé með þeim sem ekki er brunatryggt.

Ef heimild 1. mgr. verður notuð skal gildissvið hvers töluliðar skilgreint nánar með reglugerð. Jafnframt er heimilt að undanskilja í reglugerð tiltekna flokka muna.

Auk þess er stjórn stofnunarinnar heimilt að fengnu samþykki ráðherra að ákveða að stofnunin taki að sér að viðlagatryggja aðra muni en þá sem að framan greinir. Sé heimild þessi notuð skal kveða nánar á um vátryggingu muna þessara í reglugerð.

7. gr.

Nú berst vátryggingafélagi beiðni um brunatryggingu á fasteign eða lausafé sem almennt er ekki venja að brunatryggja eða hætta á brunatjóni er mjög óveruleg og skal félagið þá leita samþykkis stofnunarinnar áður en viðlagaiðgjald er reiknað af vátryggingunni. Sé ákvæðis þessa ekki gætt telst hinn brunatryggði hlutur ekki viðlagatryggður.

8. gr.

Mannvirki, sem reist er gegn banni yfirvalda eða andstætt ákvæðum í settum rétti þannig að ætla má að mannvirkinu sé af þeirri ástæðu hættara við skemmdum af náttúruhamförum en ella, er óheimilt að viðlagatryggja hvort sem það er brunatryggt eða ekki.

Vátryggingarfjárhæð.

9. gr.

Vátryggingarfjárhæðir skulu ákveðnar þannig:

1. Allir munir, sem brunatryggðir eru, skulu viðlagatryggðir fyrir sömu fjárhæð og brunatryggingin nemur á hverjum tíma.
2. Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um ákvörðun vátryggingarfjárhæðar fyrir aðra muni, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 6. gr.

Eigin áhætta vátryggðs.

10. gr.

Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en hér segir:

1. Lágmark eigin áhættu vegna muna, sem vátryggðir eru skv. 1. mgr. 5. gr., er 40.000 kr.
2. Lágmark eigin áhættu vegna muna, sem vátryggðir eru skv. 2. mgr. 5. gr., er 400.000 kr.
3. Stjórn stofnunarinnar setur reglur um lágmarksfjárhæð eigin áhættu vátryggðs vegna tjóns á munum sem vátryggðir eru skv. 6. gr.

Ofangreindar lágmarksfjárhæðir skulu umreiknast til samræmis við gildandi vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma.

Iðgjöld.

11. gr.

Árleg iðgjöld skal reikna sem hér segir:

1. Af munum, sem vátryggðir eru skv. 1. mgr. 5. gr., 0,25‰.
2. Af munum, sem vátryggðir eru skv. 2. mgr. 5. gr., 0,20‰.
3. Af munum, sem vátryggðir eru skv. 6. gr., reiknast iðgjald eftir reglum sem stjórn stofnunarinnar setur.

Nú er hrein eign stofnunarinnar meiri en 3‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok almanaksárs og skulu þá iðgjöld skv. 1. og 2. mgr. 5. gr. lækka um helming frá upphafi næsta almanaksárs. Fari eignin niður fyrir 2‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok almanaksárs skal hefja innheimtu fullra iðgjalda að nýju frá upphafi næsta almanaksárs. Fari hrein eign niður fyrir 1‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok almanaksárs er stjórn stofnunarinnar heimilt að innheimta iðgjöld skv. 1. og 2. mgr. 5. gr. með 50% álagi þar til 2‰-markinu er náð.

Vátryggingafélög þau, er brunatryggja muni sem vátryggðir eru hjá stofnuninni, sbr. 1. mgr. 5. gr., skulu innheimta iðgjöld til hennar ásamt brunatryggingariðgjöldum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga. Í reglugerð skal kveðið á um bókhald og skil á iðgjöldum frá félögunum. Um aðgang stofnunarinnar að gögnum vátryggingafélaga fer eftir ákvæðum 24. gr.

Iðgjöld af viðlagatryggingu annarra muna, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 6. gr., skulu reiknuð út og innheimt á vegum stofnunarinnar.

Iðgjöld af viðlagatryggingum njóta lögtaksréttar. Þau njóta einnig lögveðréttar í vátryggðri eign. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu eignarinnar án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms til fullnustu iðgjalds sem er í vanskilum.

Tilkynning um tjón.

12. gr.

Þegar vátryggingaratburður hefur gerst skal vátryggður þegar í stað tilkynna það stofnuninni eða vátryggingafélagi því sem selt hefur honum vátrygginguna.

Vátryggingafélag, sem fær slíka tilkynningu, skal tafarlaust tilkynna stofnuninni um vátryggingaratburðinn. Þegar stofnunin fær vitneskju um tjón sem ætla má að viðlagatrygging taki til skal svo fljótt sem unnt er gera ráðstafanir til að fá úr því skorið hvort bæta skuli tjónið og eftir atvikum láta meta það.

Ráðstafanir til að afstýra tjóni.

13. gr.

Hafi vátrygggingaratburð borið að höndum tekur stofnunin afstöðu til þess hvort gera þurfi sérstakar ráðstafanir til björgunar vátryggðra muna eða til að hindra frekara tjón. Slíkar ráðstafanir skulu, svo sem kostur er, gerðar í samvinnu við almannavarnir.

Ákvæði 1. mgr. leysa vátryggðan ekki undan skyldum til að gera ráðstafanir til að varna tjóni eftir lögum um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarstaður.

14. gr.

Sé vátryggður hlutur annars staðar en greint var er vátrygging á honum var tekin þegar vátryggingaratburð ber að höndum skal réttur til bóta fara eftir ákvæðum 83. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, eftir því sem við á. Ákvæði 83. gr. um 10.000 kr. hámark bóta skal þó ekki beita.

Reglur 1. mgr. eiga við án tillits til ákvæða í brunatryggingarsamningi um bætur fyrir skemmdir á munum sem eru utan vátryggingarstaðar.

Greiðsluskylda Viðlagatryggingar og afgreiðsla bótamála.

15. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal setja reglur um meðferð og afgreiðslu bótamála. Heimilt er stjórninni að fela vátryggingafélögum uppgjör bótakrafna.

Setja skal með reglugerð ákvæði um matsmenn og meginreglur um ákvörðun vátryggingabóta.

16. gr.

Heimilt er að lækka bætur eða synja alveg bótakröfu:

1. Þegar hús eða annað mannvirki, sem skemmist, er reist á stað sem almennt var vitað fyrir fram að var hættulegur með tilliti til náttúruhamfara, t.d. ef mannvirki á sama stað hefur oftar en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni. Sama á við um lausafé sem geymt er í húsi eða öðru mannvirki við þær aðstæður sem hér greinir.

2. Þegar gerð eða viðhald húss eða annars vátryggðs hlutar er óforsvaranlegt eða andstætt fyrirmælum í settum rétti og ljóst er að tjón hefur hlotist af eða orðið víðtækara af þessum sökum.

17. gr.

Vátryggingabætur skulu inntar af hendi svo fljótt sem unnt er, sbr. 1. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga.

Allar kröfur á hendur Viðlagatryggingu Íslands fyrnast á tveimur árum frá lokum náttúruhamfara þeirra sem orsökuðu tjónið.

18. gr.

Heildargreiðsluskylda Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers vátryggingaratburðar takmarkast við 7,5‰ af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum sem í gildi eru við upphaf vátryggingaratburðarins. Frá 1. janúar 1994 takmarkast greiðsluskylda við 10‰ af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum.

Nemi bætur vegna sama vátryggingaratburðar hærri fjárhæð en í 1. mgr. segir skal hlutur allra vátryggðra, sem tjón bíða, skerðast í sama hlutfalli.

19. gr.

Rísi ágreiningur um greiðsluskyldu stofnunarinnar eða fjárhæð vátryggingabóta skal stjórn stofnunarinnar taka afstöðu til kröfunnar. Uni vátryggður ekki ákvörðun stofnunarinnar getur hann höfðað dómsmál til heimtu bóta.

Endurtrygging og lántökuheimild.

20. gr.

Heimilt er stofnuninni að endurtryggja áhættu sína innan lands eða erlendis.

Nú hrökkva eignir stofnunarinnar að viðbættu fé frá endurtryggjendum ekki til þess að greiða bætur samkvæmt lögum þessum og er stjórn stofnunarinnar þá heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til þess að geta fullnægt skuldbindingum stofnunarinnar. Ríkissjóður ber sjálfskuldarábyrgð á slíkum lánum.

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til rannsókna og til að styrkja framkvæmdir sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni af völdum náttúruhamfara. Árleg heildarfjárveiting í þessu skyni má þó ekki vera meiri en 5% af bókfærðum iðgjöldum síðasta árs.

22. gr.

Viðlagatrygging Íslands er undanþegin greiðslu tekjuskatts og eignarskatts, svo og útsvars og aðstöðugjalds. Eigi skal greiða stimpilgjald af skjölum stofnunarinnar.

23. gr.

Stjórnin semur við vátryggingafélög og aðra sem annast störf fyrir stofnunina samkvæmt lögum þessum.

Verði ágreiningur um þóknun vátryggingafélags skal leyst úr honum með gerðardómi þriggja manna. Hvor aðili tilnefnir einn mann í dóminn. Þessir gerðarmenn velja síðan oddamann sem verður formaður dómsins. Formaður skal fullnægja sérstökum hæfisskil-

yrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls. Nú er gerðarmaður ekki tilnefndur innan 15 daga frá því að þess var krafist eða gerðarmenn koma sér ekki saman um oddamann og skal þá fara eftir lögum um samningsbundna gerðardóma. Ákvæðum þeirra laga skal og beita um önnur atriði eftir því sem við getur átt.

24. gr.

Viðlagatrygging Íslands getur krafið vátryggingafélög um hvers konar gögn og upplýsingar er varða störf þeirra fyrir stofnunina. Stofnunin á einnig rétt á að fá á venjulegum skrifstofutíma óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi félaganna og öðrum gögnum varðandi iðgjöld af viðlagatryggingu.

25. gr.

Ef eigi leiðir annað af lögum þessum skal beita reglum laga um vátryggingarsamninga eftir því sem við getur átt.

26. gr.

Tryggingamálaráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Viðlagatryggingar Íslands setja reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laga þessara.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992 og falla þá úr gildi lög nr. 88/1982, um Viðlagatryggingu Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er lagt fram af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, en drög að því voru samin að frumkvæði stjórnar Viðlagatryggingar Íslands. Í nefnd, sem frumvarpið samdi, voru þeir Arnljótur Björnsson prófessor, Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur og Freyr Jóhannesson tæknifræðingur.

Skyldutryggingu gegn eldgosum, jarðskjálftum, skriðuföllum, snjóflóðum og vatnsflóðum, „viðlagatryggingu", var komið á hér á landi með lögum nr. 52/1975. Tók stofnunin Viðlagatrygging Íslands þá við eignum og skuldum Viðlagasjóðs, en hann varð til vegna eldgossins í Vestmannaeyjum árið 1973. Gildissvið laga nr. 52/1975 var takmarkaðra en nú er. Vátryggingarskylda náði aðeins til húseigna og lausafjár sem brunatryggt var hjá vátryggingafélagi hér á landi með almennri brunatryggingu eða samsettri vátryggingu. Engin ákvæði voru í lögunum um heimild til að viðlagatryggja aðrar eignir. Eftir lögum nr. 52/1975 skyldu vátryggingafélög, er höfðu með höndum brunatryggingar, innheimta iðgjöld af viðlagatryggingu með brunatryggingariðgjöldum. Félögin skyldu einnig að jafnaði hafa með höndum tjónsuppgjör. Hins vegar var gert ráð fyrir að stjórn Viðlagatryggingar Íslands hefði umsjón með eða stjórn á uppgjöri ef um meiri háttar tjón væri að ræða. Eftir lögunum skyldi stjórn stofnunarinnar semja við Seðlabanka Íslands um vörslu og ávöxtun sjóða stofnunarinnar og bankinn annast bókhald hennar. Samkvæmt þessu var gert ráð fyrir að stofnunin þyrfti ekki að ráða fast starfsfólk. Um lög nr. 52/1975 vísast að öðru leyti til frumvarpsins og greinargerðar í Alþt. 1974–75 A, bls. 1549–1556.

Með lögum nr. 55/1982 voru gerðar verulegar breytingar á lögum nr. 52/1975. Breyt-

ingalögin voru felld inn í eldri lögin og þau gefin út svo breytt sem lög nr. 88/1982 sem enn eru í gildi. Aðalnýmælið, sem fólst í lagabreytingum þessum, var það að vátryggingarskylda tók nú til miklu fleiri eigna en áður. Í fyrsta lagi var mælt fyrir um skyldutryggingu á eftirfarandi mannvirkjum þótt ekki væru þau brunatryggð: hita-, vatns- og skolpveitum, hafnarmannvirkjum, brúm, raforkuvirkjum, síma og öðrum fjarskiptakerfum, sjá b-lið 5. gr. núgildandi laga nr. 88/1982. Í öðru lagi var kveðið á um skyldutryggingu á ræktuðu landi og lóðum, sbr. síðasta málslið a-liðar 5. gr. laganna. Einnig má geta þess nýmælis að stjórn stofnunarinnar var heimilað að fengnu samþykki ráðherra að ákveða að stofnunin tæki að sér viðlagatryggingar á munum sem ekki var skylt að viðlagatryggja, sjá 2. mgr. 5. gr. gildandi laga. Heimild þessi hefur þó aldrei verið notuð. Aðrar breytingar á reglum upphaflegu laganna frá 1975 skipta minna máli en þær sem nú var getið. Ekki var breytt reglunni um að brunatryggjendur innheimtu viðlagatryggingariðgjöld af brunatryggðum eignum. Sama er að segja um bókhald, vörslu og ávöxtun fjár í Seðlabankanum. Frumvarp til breytingalaganna frá 1982 ásamt greinargerð er að finna í Alþt. 1981–82 A, bls. 1902–1915.

2. Einkenni viðlagatryggingar.

Í 1. kafla er lýst í örstuttu máli nokkrum helstu atriðum laga um viðlagatryggingu. Að öðru leyti eru megineinkenni hennar nú þessi:

1. Viðlagatrygging er skyldutrygging, þ.e. lög skylda eigendur nánar tiltekinna muna til þess að hafa þá vátryggða. Í lögunum er þó heimild fyrir stofnunina til að taka að sér frjálsar viðlagatryggingar á eignum sem ekki er skylt að vátryggja. Sú heimild hefur eins og áður segir aldrei verið notuð.
2. Opinber stofnun hefur með höndum rekstur viðlagatryggingar.
3. Viðlagatrygging er þó einkavátrygging í þeim skilningi að það er yfirleitt skilyrði réttar til tjónbóta að iðgjald sé greitt. Hins vegar fer fjárhæð iðgjalds fyrir hverja vátryggða eign ekki eftir því hve mikil hætta er talin á að hún skemmist af tjónsatburði sem lögin taka til. Iðgjöld viðlagatryggingar eru því ekki flokkuð eftir áhættu gagnstætt því sem gert er í dæmigerðum einkavátryggingum.
4. Iðgjöld eiga að standa að fullu undir rekstrarkostnaði og tjónbótum sem skylt er að greiða eftir lögunum, en ríkissjóður ábyrgist hluta af tjónbótum ef tjón verður svo mikið af einstökum vátryggingaratburði að bætur verði meiri en 2‰ af heildarvátryggingarfjárhæð í upphafi hvers árs, sbr. 1. mgr. 18. gr. Hér skilur á milli viðlagatryggingar og einkavátrygginga, en í þeim er ekki um neina ríkisábyrgð að ræða.
5. Viðlagatrygging er einnig frábrugðin einkavátryggingum að því leyti að bótaréttur fer ekki eftir samningi vátryggjanda og vátryggingartaka, heldur eftir lögum og reglugerð. Sé heimild í 2. mgr. 5. gr. gildandi laga notuð er þó visst svigrúm til þess að semja um vátryggingarskilyrði.
6. Þótt skilyrði réttar til viðlagatryggingabóta séu almennt ekki reist á vátryggingarsamningi í venjulegri merkingu þess orðs eru lögskipti vátryggingartaka og vátryggðs annars vegar og Viðlagatryggingar Íslands hins vegar háð reglum laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Gefi t.d. vátryggingartaki rangar upplýsingar við samningsgerð eða greiði ekki iðgjald á gjalddaga getur það haft áhrif á rétt vátryggðs til bóta eftir reglum laga um vátryggingarsamninga. Reglum þessara laga ber einnig að beita í ýmsum öðrum samböndum, t.d. þegar ákveða skal fjárhæð vátryggingabóta eða leysa úr ágreiningi um rétt veðhafa til vátryggingarfjár eftir að tjón hefur hlotist af náttúruhamförum.

3. Um viðlagatryggingu eigna ríkis og stofnana þess.

Við undirbúning frumvarps þessa var sérstaklega rætt um hvernig heppilegast væri að haga viðlagatryggingu á eigum ríkisins og ýmissa stofnana þess. Samkvæmt gildandi lögum ber ríkissjóður verulega áhættu sem endurtryggjandi, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella hana niður. Jafnframt er gert ráð fyrir að ríkið og ýmsar stofnanir þess viðlagatryggi eignir sínar. Þess vegna hefði sú staða getað komið upp að annars vegar hefði ríkið krafið Viðlagatryggingu Íslands um bætur vegna tjóns á ríkiseignum og hins vegar hefði hún krafið ríkissjóð sem endurtryggjanda um hlutdeild í bótagreiðslum.

Í reynd hefur stofnunin hins vegar keypt endurtryggingu sem leysti ríkissjóð undan þessari kvöð án þess að hann þyrfti að taka þátt í endurtryggingariðgjaldi. Þá hafa stjórnvöld um langt skeið framfylgt þeirri meginreglu að ekki skuli kaupa aðrar vátryggingar á eignum og öðrum hagsmunum en þær sem lögboðnar eru. Þegar litið er til þess sem nú var rakið kemur til álita að undanskilja eignir ríkisins og stofnana þess vátryggingarskyldu og láta ríkissjóð bera hugsanlegt tjón af völdum náttúruhamfara í eigin áhættu. Að því ráði er þó ekki horfið í frumvarpi þessu, en gert ráð fyrir hliðstæðu fyrirkomulagi og í gildandi lögum með nokkrum breytingum sem nánari grein er gerð fyrir annars staðar í frumvarpinu. Engu að síður er ljóst að ríkið ber áhættuna af tjóni á verulegum hluta eigna sinna þar sem þær eru ekki brunatryggðar og þar af leiðandi ekki viðlagatryggðar.

Einnig var ræddur sá kostur að skipta viðlagatryggðum eignum í tvo hluta. Í öðrum hlutanum væru eignir ríkisins og stofnana þess, en í hinum hlutanum aðrir viðlagatryggðir munir. Á hvorn hluta væri síðan litið sem sjálfstæðan stofn þegar metin væri hámarksskuldbinding stofnunarinnar gagnvart hinum vátryggðu vegna hugsanlegrar skerðingar bóta til tjónþola. Einnig yrði hvor stofn endurtryggður sjálfstætt. Með þessum hætti mætti koma í veg fyrir að bætur til einstaklinga yrðu skertar mjög verulega ef hlutfallslega mikið tjón yrði á ríkiseignum í stórfelldum náttúruhamförum, en að sjálfsögðu er tilgangur laganna m.a. sá að gæta hagsmuna almennra borgara.

4. Almennt um breytingar á reglum sem nú gilda.

Viðlagatrygging Íslands hefur nú starfað í rúman hálfan annan áratug, þar af rúmlega 8 ár eftir að lögunum var breytt á þann hátt sem nú var rakið. Af fenginni reynslu þykir sýnt að nauðsynlegt er að breyta á ýmsan hátt reglum um þessa sérstöku grein vátrygginga.

Í frumvarpi þessu er þó ekki lagt til að gerðar verði róttækar breytingar á viðlagatryggingu. Haldið er þeirri stefnu að eigendum nánar tiltekinna flokka eigna skuli vera lögskylt að hafa þær viðlagatryggðar. Hins vegar eru tilteknir flokkar muna felldir undan skyldutryggingu. Er það í samræmi við þá meginstefnu að hver og einn skuli að ráða því hvort hann kaupir vátryggingu á eignum sínum og ekki beri að lögbjóða vátryggingu nema þegar sérstök veigamikil þjóðfélagsleg rök eru til þess.

Eigi þykir nú frekar en áður rétt að fjölga áhættum þeim sem viðlagatrygging tekur til skv. 4. gr. gildandi laga. Öðru hverju hefur borið á góma að rétt væri að lögbjóða fokeða óveðurstryggingu á húsum og jafnvel einnig á lausafé.

Um þetta efni var bæði fjallað áður en fyrstu lögin um viðlagatryggingu voru sett og þegar þeim var breytt nokkrum árum síðar. Nefnd sú, sem samdi upphaflegu lögin, segir svo í athugasemdum með lagafrumvarpinu: „Nefndin hefur ekki talið rétt, að tryggingin taki til tjóna af völdum ofviðra. Væru slík tjón bótaskyld, mundi það fjölga mjög bótaskyldum atburðum og auka umsvif stofnunarinnar, auk þess sem afar erfitt er að skil-

greina hugtakið ofviðri. Auk þess má benda á að foktryggingar eru orðnar allalgengar.“ (Alþt. 1974–75 A, bls. 1554). Í frumvarpi til breytingalaga árið 1982 segir m.a. svo: „Komið hefir í ljós í þau skipti, sem meiri háttar ofviðri hafa gengið yfir einstaka landshluta, að þeir eru ávallt margir, sem ekki hafa hagnýtt sér þá tryggingavernd, sem fáanleg er hjá tryggingafélögunum gegn slíku tjóni. Menn hafa í mörg ár, a.m.k. frá 1960, átt þess kost að kaupa sérstaka foktryggingu, auk þess heimilistryggingu og húseigendatryggingu, en allar þessar tryggingar bæta tjón af völdum óveðurs. Nefndarmenn telja æskilegast, að hinn almenni vátryggingamarkaður annist þessar tryggingar. Einkum þegar þess er gætt, að þótt um geti verið að ræða mörg minni háttar tjón í sama veðrinu, er það undantekning að um sé að ræða s.n. „katastrofutjón“, þ.e. tjón af þeirri stærðargráðu, sem Viðlagatryggingin er fyrst og fremst stofnuð til að mæta.“ (Alþt. 1981–82 A, bls. 1905–1906).

Telja má að þessi rök séu enn góð og gild. Því má bæta við að síðan hin tilvitnuðu orð voru rituð hafa tækifæri til að kaupa vátryggingu gegn óveðri aukist að mun. Má t.d. nefna að slík vátrygging er nú innifalin í fiskeldistryggingu og húftryggingu (kaskótryggingu) bifreiða og annarra ökutækja.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að óbreytt verði sú tilhögun að opinber stofnun annist rekstur viðlagatryggingar. Að sjálfsögðu má deila um hvort eða í hve ríkum mæli ríki eða aðrir opinberir aðilar skuli annast vátryggingar á fasteignum og lausafé. Hér er á því byggt að æskilegt sé að stofnunin Viðlagatrygging Íslands sjái áfram um að vátryggja þær eignir sem ekki er auðvelt eða hagkvæmt að vátryggja á almennum vátryggingamarkaði, en eru svo mikilvægar að hætt er við þjóðarvá ef þær skemmast ótryggðar af meiri háttar náttúruhamförum.

Hér er lagt til grundvallar að ekki verði gerðar breytingar á þeim atriðum sem talin eru í 3.–6. tölul. í 2. kafla hér á undan, að öðru leyti en því að lagt er til að ábyrgð ríkissjóðs á tjónbótum eftir 1. mgr. 18. gr. gildandi laga verði afnumin.

5. Nýmæli í frumvarpinu.

Eins og áður hefur komið fram hefur nokkurra ára reynsla fengist af lagabreytingunum frá 1982 því að Viðlagatrygging Íslands hefur starfað frá 1. janúar 1983 eftir lögum þeim sem nú gilda. Sum nýmælanna frá 1982 hafa ekki reynst sem skyldi. Ýmsar ástæður eru til þess og skulu aðeins tvær þeirra nefndar. Í fyrsta lagi eru reglur um skyldutryggingu eigna, sem ekki eru brunatryggðar, hvorki nógu ítarlegar né skýrar. Í öðru lagi hefur af ýmsum ástæðum ekki reynst framkvæmanlegt að innheimta iðgjöld af nærri öllum eignum sem skylt er að viðlagatryggja.

Helstu breytingar, sem felast í frumvarpi því sem nú er lagt fram, eru þessar:

1. Hita-, vatns- og skolpveitur og hafnarmannvirki í einkaeign verður ekki lengur skylt að vátryggja, en eigendur þeirra eiga kost á að vátryggja veitu- og hafnarmannvirki hjá Viðlagatryggingu Íslands.
2. Ekki verður skylt að vátryggja brýr sem eru styttri en 50 m. Hins vegar eiga eigendur brúa, sem eru 10–50 m langar, kost á að kaupa viðlagatryggingu á þær.
3. Skyldutrygging á raforkuvirkjum, síma og öðrum fjarskiptamannvirkjum verður afnumin. Hér skiptir ekki máli hvort slíkir munir eru í eigu einstaklinga eða hins opinbera. Eigendur geta hins vegar keypt viðlagatryggingu á þessa muni ef þeir óska.
4. Ræktað land og lóðir verður frjálst að vátryggja og er því vátryggingarskylda vegna þeirra afnumin.

5. Heimilt verður að vátryggja ýmsa muni sem hingað til hafa ekki verið viðlagatryggðir.
6. Settar eru nýjar reglur sem leiða til breytingar iðgjalda af skyldutryggingum, sjá 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins.
7. Heildargreiðsluskylda viðlagatryggingar er aukin verulega, sbr. 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins.
8. Fellt er niður ákvæði um ábyrgð ríkissjóðs á þeim hluta tjóns sem er umfram 2‰ af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum í upphafi hvers árs, sbr. 1. mgr. 18. gr. núgildandi laga.
9. Tekin eru upp nýmæli í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun á viðlagatryggingu, sbr. 7. gr. (áður í reglugerð) og 8. gr. frumvarpsins.
10. Sett er almenn regla um vátryggingarstað og um ábyrgð viðlagatryggingar vegna skemmda á munum sem eru til bráðabirgða utan vátryggingarstaðar, sjá 14. gr. frumvarpsins.
11. Felld eru niður sérákvæði um hamfaranefnd og uppgjörsnefnd, en þær hafa í reynd lítið nýst. Í þess stað er gert ráð fyrir að farið verði eftir almennum réttarfarsreglum, svo sem gert er í öðrum greinum vátrygginga, sbr. athugasemdir við 19. gr. frumvarpsins.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt hafa ýmis ákvæði verið endursamin að formi eða efni með tilliti til fenginnar reynslu. Þá hefur verið lögð áhersla á að samræma notkun hugtaka og laga hana að annarri löggjöf, einkum lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954. Ýmsar breytingar, sem felast í frumvarpinu, draga úr sérstöðu viðlagatryggingar og færa reglur um hana til samræmis við almennar réttarreglur, ekki síst reglur hins almenna vátryggingaréttar.

Við samningu frumvarpsins hefur verið lagt til grundvallar að ný reglugerð verði sett ef frumvarpið verður að lögum. Ákvæði um sum atriði, sem nú eru í reglugerð en eiga betur heima í lögunum sjálfum, eru tekin upp í frumvarpið. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að í reglugerð verði settar reglur til skýringar og fyllingar á ýmsum ákvæðum sem óhentugt eða erfitt er að setja nægilega ítarlega fram í lagatexta. Enn fremur verður að setja ný ákvæði í reglugerð vegna fyrirhugaðra breytinga annars vegar á reglum laganna um hvaða muni skylt er að vátryggja og hins vegar reglum um hvaða muni heimilt er að vátryggja.

Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að í vissum tilvikum setji stjórn Viðlagatryggingar Íslands reglur um framkvæmdaratriði sem ekki er nauðsynlegt að fjalla um í reglugerð, sjá 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Loks má geta þess að stofnunin mun setja sér reglur um iðgjaldsinnheimtu sem ekki er í höndum brunatryggjenda, sbr. 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari felst engin efnisleg breyting frá núgildandi lögum nr. 88/1982. Óþarft er að taka sérstaklega fram að stofnunin hafi varnarþing í Reykjavík.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. núgildandi laga.

Um 3. gr.

Grein þessi svarar til 3. gr. gildandi laga og felur ekki í sér aðra efnisbreytingu en þá að endurskoðun ársreikninga stofnunarinnar verður ekki lengur í höndum Seðlabankans.

Um 4. gr.

Áhættur þær, sem vátryggt er gegn, eru hinar sömu og eftir núgildandi lögum, sbr. almennar athugasemdir hér að framan. Það nýmæli felst í þessari grein að skilgreina skal nánar í reglugerð hugtökin eldgos, jarðskjálfti, skriðufall, snjóflóð og vatnsflóð. Reynslan hefur sýnt að nánari skilgreiningar eru nauðsynlegar, t.d. hefur stundum orðið ágreiningur um merkingu orðanna vatnsflóð og snjóflóð.

Um 5. gr.

Ákvæði gildandi laga um viðlagatryggðar eignir eru ófullkomin og hafa að ýmsu leyti reynst erfið í framkvæmd. Í 5. gr. laganna eru tæmandi ákvæði um eignir sem viðlagatrygging tekur til. Í frumvarpi þessu svara 5. og 6. gr. til núverandi 5. gr. Ákvæði 5. gr. frumvarpsins segja til um hvaða eignir skylt sé að viðlagatryggja, en í 6. gr. eru taldar eignir sem heimilt er að vátryggja.

Um 1. mgr.

Fyrsta málsgrein þessarar greinar er í stórum dráttum samhljóða a-lið 5. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því að ákvæði um skyldutryggingu ræktað lands og lóða í niðurlagsákvæði a-liðar er fellt niður. Í stað þess kemur ákvæði í 9. tölul. 6. gr. þess efnis að heimilt sé að vátryggja lóðir og lönd. Illa hefur tekist til með framkvæmd reglunnar um skyldutryggingu lands og lóða. Ekki hefur tekist að innheimta iðgjöld af þessum eignum. Einnig hafa hlotist vandræði vegna óljósra reglna um vátryggingarfjárhæð, vátryggingarverð o.fl. Af þessum ástæðum þykir eðlilegt að afnema vátryggingarskyldu á landi og lóðum. Ef fyrirhugað heimildarákvæði í 9. tölul. 6. gr. verður að lögum skapast tækifæri til að laga iðgjöld, vátryggingarfjárhæðir og vátryggingarverð þessara eigna aðstæðum, en þær eru mjög mismunandi, t.d. eftir því hvar land er, hvaða fylgifé og mannvirki tilheyra því og hvernig það er notað eða ræktað.

Um 2. mgr.

Í 2. mgr. 5. gr. eru reglur sem nú eru í b-lið 5. gr. Þó eru hér nokkur nýmæli. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að skyldutrygging á raforkuvirkjum, síma og fjarskiptamannvirkjum verði afnumin, en í stað þess verði ákvæði um heimild til að vátryggja slíka muni, sbr. 4. og 5. tölul. 6. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er lagt til að aðeins verði skylt að vátryggja hita-, vatns- og skolpveitur sem eru í eigu hins opinbera. Séu veitur í einkaeign yrði heimilt að vátryggja þær eftir 1. tölul. 6. gr. Sama á við um hafnarmannvirki, sjá 2. tölul. 6. gr. Loks er lagt til að eigi verði lengur skylt að vátryggja brýr sem ekki ná 50 m lengd. Reyndar er ákvæði þess efnis nú í 2. tölul. 3. gr. reglugerðar nr. 772/1982, sbr. reglugerð nr. 358/1985, en það ákvæði hefur ekki næga lagastoð.

Meginástæða þess að lagt er til að afnumin verði skyldutrygging á raforkuvirkjum, síma og fjarskiptamannvirkjum er sú að eðlilegt þykir að stjórnvöld ákveði á hverjum tíma hvort heppilegra sé að viðlagatryggja slík mannvirki eða að eigandi þeirra beri sjálfur áhættu af tjóni vegna náttúruhamfara. Er það og í samræmi við þá meginstefnu ríkissjóðs að kaupa ekki vátryggingar á eignum ríkisins. Séu mannvirki af þessu tagi í einkaeign er einnig eðlilegt að eigandi hafi frelsi í þessu efni. Iðgjöld hafa yfirleitt ekki verið greidd til Viðlagatryggingar Íslands vegna þessara mannvirkja þrátt fyrir lagafyrirmæli um skyldutryggingu. Um opinberar hita-, vatns- og skolpveitur gegnir öðru máli.

Fyrirsvarsmenn þeirra hafa almennt talið heppilegt að þær séu viðlagatryggðar. Þykir ekki rétt að gera hér aðra breytingu á lagaákvæðum en þá að veita einkaaðilum, sem eiga slíkar veitur, rétt til að ráða því hvort þeir kaupa viðlagatryggingu. Um hafnarmannvirki gegnir sama máli og um veitumannvirki. Um brýr er það að segja að ekki sýnist ástæða til að lögbjóða viðlagatryggingu á öðrum brúm en þeim sem teljast meiri háttar mannvirki. Hefur sá kostur verið valinn að draga mörkin í þessu efni við 50 m lengd. Flestar eða allar brýr, sem eru 50 m eða lengri, eru í eigu ríkissjóðs. Samkvæmt frumvarpinu gildir sama regla um brýr hvort sem þær eru eign hins opinbera eða einkaaðila. Um styttri brýr er heimildarákvæði í 3. tölul. 6. gr.

Um 3. mgr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Er það nauðsynlegt vegna þess að í framkvæmd hafa komið upp verulegir örðugleikar við afmörkun á gildissviði 5. gr. núgildandi laga. Oft hefur m.a. verið óljóst hvaða munir teljist til veitukerfa, hafnarmannvirkja o.s.frv. Allítarlegum reglugerðarákvæðum er ætlað að bæta úr þessu.

Um 6. gr.

Í 2. mgr. 5. gr. gildandi laga er almenn heimild fyrir stjórn Viðlagatryggingar Íslands til þess að ákveða með samþykki ráðherra að stofnunin taki að sér að viðlagatryggja aðrar eignir en þær sem lögmælt er að vátryggja. Sams konar heimildarákvæði er í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. eru hins vegar ítarlegar reglur sem nú eru ekki í lögum. Þar eru taldir nokkrir flokkar muna sem heimilt er að vátryggja með viðlagatryggingu, sjá 1. mgr. Þessir munir eiga það sameiginlegt að margir eigendur þeirra hafa mjög leitað eftir viðlagatryggingu á þeim, en ekki fengið.

Um 1. mgr.

Hér eru í níu töluliðum taldir ýmsir flokkar muna sem heimilt er að vátryggja ef stjórn Viðlagatryggingar Íslands ákveður það með samþykki ráðherra. Efni þessara töluliða má skipta í tvennt. Annars vegar eru munir sem lagt er til að felldir verði úr skyldutryggingu. Þessir munir eru taldir í 1., 2., 4., 5. og 9. tölul. Um þá vísast til athugasemda með 1. og 2. mgr. 5. gr. Hins vegar eru munir sem nú eru ekki viðlagatryggðir, en þeir eru taldir í 3., 6., 7. og 8. tölul. Um þá verður nú farið nokkrum orðum.

Ákvæði um heimild til að vátryggja varanlegar brýr sem eru 10–50 m langar er í 3. tölul. Heimildin tekur bæði til brúa í eigu hins opinbera og einkaaðila. Rétt þykir að binda heimildina við brýr sem eru lengri en 10 m. Styttri brýr flokkast venjulega sem ræsi og má telja að ekki sé ástæða til að viðlagatryggja þær sérstaklega fremur en akvegi.

Með 6. tölul. er heimilað að vátryggja dæluleiðslur og aðrar lagnir. Lagnir innan húss eru venjulega hluti eða fylgifé húseignar og falla því undir skyldutryggingu eftir 1. mgr. 5. gr. Þessi töluliður á þess vegna ekki við um þær.

Í 7. tölul. eru taldar geymsluþrær o.fl. Töluliður þessi tekur m.a. til hvers konar geyma fyrir föst efni og fljótandi, t.d. geyma fyrir olíu eða bensín. Yfirfallsþrær umhverfis geyma falla og hér undir. Vatns- eða hitaveitugeymar verða vátryggðir með öðrum veitumannvirkjum, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 5. gr. og 1. tölul. þessarar greinar. Með orðinu geymsluþrær er t.d. átt við síldar- og loðnuþrær.

Muni fiskeldisstöðva er heimilt að vátryggja skv. 8. tölul., þó ekki flotkvíar, fisk í þeim eða muni í eða við sjávar- eða vatnsborð.

Um 2. mgr.

Munir þeir, sem heimildarákvæði 6. gr. taka til, eru margvíslegir og ólíkrar gerðar.

Auk þess er oft um að ræða mikil og margbrotin mannvirki sem erfitt getur verið að afmarka nægilega skýrt. Ekki er heppilegt að tilgreina í smáatriðum hvaða einstakir hlutir mannvirkja teljist vátryggðir með þeim. Auk þess getur reynslan í sumum tilvikum sýnt að þörf er á einstökum lítils háttar breytingum og kann þá að vera óþarflega þungt í vöfum að grípa til lagasetningar. Er því nauðsynlegt að setja ítarleg skýringarákvæði með reglugerð. Þess vegna er heimildarákvæði þetta tekið upp í frumvarpið. Hér má og vísa til athugasemda við hliðstætt ákvæði sem er í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 3. mgr.

Þessi málsgrein svarar til 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga, sbr. upphaf athugasemda með 6. gr. frumvarpsins. Hér er þó bætt við ákvæði þess efnis að skylt sé að setja nánari reglur um vátrygginguna með reglugerð ef heimildin er notuð.

Um 7. gr.

Ýmis dæmi eru um að ágreiningur hafi komið upp þegar menn hafa keypt eða leitað eftir kaupum á brunatryggingu á munum sem ekki geta brunnið eða afar litlar líkur eru á að skemmist af eldi. Í sumum tilvikum er ástæða til að ætla að beiðni um brunatryggingu sé sett fram í þeim tilgangi einum að fá muni vátryggða gegn náttúruhamförum fyrir lægra iðgjald en tíðkast á almennum vátryggingamarkaði.

Tilgangur þessarar greinar er að koma í veg fyrir að viðlagatrygging sé misnotuð á þennan hátt.

Um 8. gr.

Grein þessi nær aðeins til húsa og annarra mannvirkja sem reist eru á landi eða skeytt við það. Sé mannvirki skeytt við sjávarbotn mundi greininni þó einnig verða beitt. Ákvæðið tekur bæði til brunatryggðra mannvirkja og þeirra sem eigi eru vátryggð gegn bruna.

Tilgangur ákvæðisins er að girða fyrir að mannvirki, sem eru reist ólöglega á hættusvæði, séu viðlagatryggð. Svipað ákvæði er í norskum lögum um vátryggingu gegn náttúruhamförum.

Í þessari grein er ekki kveðið á um hvaða áhrif það hefur á greiðsluskyldu Viðlagatryggingar Íslands að vátrygging hefur komist á andstætt ákvæðum greinarinnar. Í slíkum tilvikum koma til álita reglur 16. gr. og ákvæði vátryggingarsamningalaga um skyldur vátryggingartaka eða vátryggðs.

Um 9. gr.

Greinin svarar til 6. gr. núgildandi laga. Fyrri töluliður hennar er efnislega samhljóða núverandi a-lið 6. gr. og þarfnast ekki skýringa.

Annar töluliður er hins vegar frábrugðinn reglum b-, c- og d-liða gildandi laga sem telja má ófullnægjandi. Nauðsynlegt virðist að setja mun ítarlegri reglur um hluti sem vátryggðir verða eftir 2. mgr. 5. gr. eða 6. gr. frumvarpsins. Slíkar reglur eiga betur heima í reglugerð en lögum. Er þess vegna mælt svo fyrir í þessari grein að stjórn stofnunarinnar setji reglur um ákvörðun vátryggingarfjárhæðar síðargreindra muna. Slíkar reglur er eðlilegt að hafa í reglugerð sem ráðherra setur.

Um 10. gr.

Greinin er í öllum aðalatriðum efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga. Lágmarksfjárhæð eigin áhættu er þó breytt með hliðsjón af verðrýrnun íslenskrar krónu.

Um 11. gr.

Um 1. mgr.

Meginreglur um fjárhæð iðgjalda í 1.–3. tölul. 1. mgr. eru þær sömu og nú gilda.

Um 2. mgr.

Hins vegar felur 2. mgr. í sér talsverðar breytingar á reglum 2. mgr. 8. gr. gildandi laga. Þar er gert ráð fyrir að iðgjöld skuli lækka eða hækka ef eign stofnunarinnar fer yfir eða undir ákveðin hlutfallsmörk af vátryggingarfjárhæðum. Hér er lagt til að hækka það mark sem ræður lækkun iðgjalds um helming eða úr 2‰ í 3‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok almanaksárs. Fari eign stofnunarinnar síðar niður fyrir 2‰ skal aftur hefja innheimtu á fullu iðgjaldi. Fari eignin niður fyrir 1‰ er stjórninni heimilt að innheimta iðgjöld með 50% álagi þar til 2‰-markinu er náð. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að fella niður iðgjöld, þegar 3‰-markinu er náð og hins vegar er heimild til þess að innheimta iðgjöld með 100% álagi ef eign stofnunarinnar fer niður fyrir 1‰-markið.

Ástæður fyrir því að gerð er tillaga um þessar breytingar eru þrjár. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir hækkun á greiðsluskyldu stofnunarinnar um 100% í tveimur áföngum, en nánar er gerð grein fyrir því í athugasemdum við 18. gr. Í öðru lagi er lagt til að felld verði niður sú endurtrygging sem ríkissjóður ábyrgist skv. 1. mgr. 18. gr. gildandi laga. Í þriðja lagi er ljóst að stofnunin verður að greiða talsvert fé fyrir þá endurtryggingarvernd sem hún þarf að kaupa. Er því óráðlegt að fella niður iðgjöld stofnunarinnar með öllu.

Um 3. mgr.

Efni 3. mgr. er að samhljóða núverandi 3. mgr. og 6. mgr. 8. gr. að öðru leyti en því að bætt er við ákvæði um aðgang stofnunarinnar að gögnum brunatryggingafélaga, sbr. 24. gr. Um það vísast til athugasemda með þeirri grein.

Um 4. og 5. mgr.

Þessar málsgreinar eru hliðstæðar 4. og 5. mgr. 8. gr. laga þeirra sem nú gilda. Ákvæði þessi eru þó einfaldari og samræmd breyttum reglum sem frumvarpið felur í sér.

Um 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru hliðstæð 9. gr. gildandi laga, en eru styttri og einfaldari. Lagt er til að felld verði niður núverandi regla í 1. mgr. 9. gr. um að vátryggður glati öllum bótarétti ef hann tilkynnir ekki um vátryggingaratburð innan 30 daga frá þeim tíma sem hann bar að höndum. Regla þessi er andstæð meginreglum vátryggingaréttar. Um réttaráhrif þess að vátryggður vanrækir að tilkynna stofnuninni um vátryggingaratburð fer eftir ófrávíkjanlegum reglum laga um vátryggingarsamninga.

Um 13. gr.

Í þessari grein felst ekki efnisbreyting frá því sem nú er. Ákvæði 1. mgr. svara til 11. gr. gildandi laga og varða ráðstafanir til þess að bjarga vátryggðum munum og afstýra frekara tjóni eftir að vátryggingaratburð ber að höndum.

Til þess að taka af öll tvímæli um hlutverk vátryggðs í þessu efni er í 2. mgr. tekið fram að ákvæði 1. mgr. um ráðstafanir, sem gerðar eru að tilmælum stofnunarinnar, leysi vátryggðan ekki undan skyldum er hvíla á honum eftir lögum um vátryggingarsamninga.

Ákvæði 52. og 53. gr. þeirra laga gilda samhliða lögum um Viðlagatryggingu. Af 52. gr. laga um vátryggingarsamninga leiðir að vátryggður getur misst rétt sinn til vátryggingabóta að einhverju eða öllu leyti ef hann vanrækir þessar skyldur sínar. Vegna sérstöðu vátryggingar gegn tjóni af völdum náttúruhamfara mundi þó væntanlega sjaldnar

koma til þess að 52. gr. ætti við um viðlagatryggingu en flestar aðrar greinar skaðatryggginga. Í 53. gr. laga um vátryggingarsamninga er ákvæði sem tryggir viðlagatryggðum tjónþolum bætur fyrir tjón og kostnað sem þeir kunna að verða fyrir af ráðstöfunum til að varna tjóni. Er þess vegna óþarft að taka upp í frumvarpið ákvæði um það efni.

Um 14. gr.

Ákvæði þetta er mikilvægt nýmæli. Nú eru engar reglur í viðlagatryggingarlögum um það er vátryggður hlutur skemmist á öðrum stað en hann var sagður vera á þegar keypt var vátrygging á honum. Hins vegar er að því vikið í 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 772/1982. Reglugerðarákvæðið er óljóst og fallið til deilna.

Í brunatryggingarskilmálum vátryggingafélaga er yfirleitt leyst úr því hver réttur vátryggðs er þegar hann verður fyrir tjóni vegna bruna á hlut sem ekki er á þeim stað er gert var ráð fyrir í vátryggingarsamningi. Ákvæði þessi eru mismunandi og þykir ekki fært að láta greiðsluskyldu Viðlagatryggingar Íslands ráðast að þessu leyti af vátryggingarskilmálum félags þess sem brunatryggir viðlagatryggða eign. Auk þess eru skilmálar brunatryggingar vitanlega ekki fyrir hendi þegar tjón hlýst á munum sem greindir eru í 2. mgr. 5. gr. eða 6. gr. frumvarpsins.

Að þessu athuguðu þykir eðlilegt að laga ákvæði frumvarpsins um þetta efni að almennum reglum vátryggingaréttar, en þær eru í 83. gr. laga um vátryggingarsamninga. Ekki þykir þó ástæða til að takmarka greiðsluskyldu stofnunarinnar við hámark í krónum svo sem gert er í 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Um 15. gr.

Þessi grein svarar til 12. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 16. gr.

Efni þessarar greinar er í aðalatriðum hið sama og í 13. gr. gildandi laga. Hér er um heimild að ræða en ekki skyldu. Ákvæði sem þetta hefur verið í lögum um Viðlagatryggingu Íslands frá upphafi, þ.e. síðan lög nr. 52/1975 tóku gildi. Þess munu þó vart vera dæmi að ákvæði 13. gr. laganna hafi verið beitt.

Samt sem áður þykir nauðsynlegt að halda heimildarákvæðinu í lögum til þess að unnt verði að sporna við óeðlilegum kröfum um bætur fyrir hús eða önnur mannvirki sem reist eru á hættulegum stöðum o.s.frv. Reglum 16. gr. mundi þó ekki verða beitt nema í undantekningartilvikum. Má t.d. nefna að hús sé reist á svæði þar sem jarðeldar hafa geisað og ástæða er til að óttast að svo muni verða um hríð eða skíðalyfta gerð á þekktu snjóflóðasvæði.

Ekki mundi 16. gr. verða beitt nema tjón verði að einhverju eða öllu leyti rakið til þess að mannvirki var reist á hættusvæði, sbr. 1. tölul., eða þess sem áfátt var eftir 2. tölul. Séu engin tengsl milli tjóns og þeirra atvika sem greinir í 16. gr. ætti vátryggður óskertan bótarétt, t.d. þegar sumarbústaður, sem byggður er á snjóflóðasvæði, skemmist af jarðskjálfta eða eldgosi.

Reglur 16. gr. og sum ófrávíkjanleg ákvæði laga um vátryggingarsamninga, t.d. 18. gr., 45., 46. og 51. gr. þeirra, geta stundum átt við um sama tilvik. Þegar svo stendur á yrði stofnunin eða eftir atvikum dómari að taka afstöðu til þess hvort eðlilegt teljist að beita 16. gr. eða viðeigandi ákvæði í síðargreindum lögum. Í 16. gr. frumvarpsins felst sveigjanleg matsregla. Hins vegar fela sumar af áðurnefndum ákvæðum laga um vátryggingarsamninga í sér lítt sveigjanlegar reglur um áhrif þess á rétt vátryggðs þegar

fyrir hendi eru atvik sem nánar eru greind í lögunum.

Reglur þessarar greinar og 8. gr. frumvarpsins varða að verulegu en ekki öllu leyti sömu tilvik. Hins vegar geymir 8. gr. ekki reglur um réttaráhrif þess ef ekki er farið eftir ákvæðum hennar, sbr. það sem segir í athugasemdum við hana.

Um 17. gr.

Greinin er að efni til samhljóða núgildandi 15. gr. Þó er bætt við tilvísun til laga um vátryggingarsamninga, en í 1. og 2. mgr. 24. gr. þeirra eru almenn ákvæði um gjalddaga vátryggingabóta.

Ekki þykir þörf á að vísa til 3. mgr. 24. gr. greindra laga sem breytt var með lögum nr. 33/1987, en þar segir að félagið skuli greiða vexti af vátryggingabótum frá gjalddaga í samræmi við ákvæði vaxtalaga. Þetta almenna ákvæði um skyldu til greiðslu vaxta af vátryggingarfé á að sjálfsögðu einnig við um bætur viðlagatryggingar.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. felst veruleg breyting á reglum um greiðsluskyldu stofnunarinnar. Eftir 1. mgr. 17. gr. gildandi laga takmarkast heildargreiðsluskylda vegna hvers vátryggingaratburðar við 5‰ af heildarvátryggingarfjárhæð í upphafi ársins. Hér er hins vegar lagt til að hún tvöfaldist og verði þess vegna 10‰ af heildarvátryggingarfjárhæð eins og hún er við upphaf vátryggingaratburðar en ekki við upphaf ársins. Hið síðastnefnda getur skipt nokkru máli, sérstaklega ef verðbólga er veruleg. Hækkunin á að verða í tveimur áföngum, þ.e. í 7,5‰ við gildistöku laganna og síðan í 10‰ 1. janúar 1994. Þessi þrepun er gerð til þess að auðveldara verði að laga endurtryggingarvernd að þessari miklu hækkun greiðsluskyldu.

Seinni málsgrein 18. gr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 17. gr. núgildandi laga. Ákvæði 2. mgr. eru í samræmi við eðli máls og lagaákvæði um skyld tilvik, sbr. t.d. 2. mgr. 95. gr. laga um vátryggingarsamninga, 1. mgr. 98. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, og 1. mgr. 178. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

Um 19. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og kemur í stað 10. og 14. gr. laga þeirra er nú gilda. Í 10. gr. segir m.a. að úrskurði stjórnar Viðlagatryggingar Íslands um ágreining um hvort bótaskyldur tjónsatburður hafi gerst eða að tjón sé bótaskylt megi skjóta til þriggja manna „hamfaranefndar". Einn nefndarmanna er skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, annar eftir tilnefningu Veðurstofu Íslands og sá þriðji samkvæmt tilnefningu raunvísindadeildar Háskóla Íslands. Hlutverk uppgjörsnefndar skv. 14. gr. er hins vegar að fella úrskurð um ágreining vegna tjónsuppgjörs.

Hamfaranefnd mun aðeins þrisvar sinnum hafa úrskurðað mál, en uppgjörsnefnd aldrei.

Hér er lagt til að felld verði úr lögum ákvæði um þessar nefndir. Meginástæða þess er sú að ágreiningur um greiðsluskyldu Viðlagatryggingar Íslands eða fjárhæð viðlagatryggingabóta er í eðli sínu ekki frábrugðinn deilum um greiðsluskyldu og uppgjör í öðrum greinum vátrygginga. Rök hafa ekki verið færð fyrir því að mál út af kröfum til viðlagatryggingabóta skuli sæta sérstakri meðferð. Auk þess sýnir reynslan að ákvæðin um hamfaranefnd og uppgjörsnefnd eru að ýmsu leyti óhentug í framkvæmd. Eðlilegra þykir að almennar lagareglur gildi um málsmeðferð ef vátryggður sættir sig ekki við afgreiðslu stofnunarinnar á kröfu um vátryggingabætur.

Þótt reglur 10. gr. um nefndarmenn tilnefnda af Veðurstofu og raunvísindadeild verði

felld niður hindrar það ekki nema síður sé að leitað verði til sérfróðra manna þegar það þykir nauðsynlegt. Almennar réttarfarsreglur veita góð tækifæri til þess að nýta þekkingu hvers konar sérfræðinga þegar ágreiningur kemur upp varðandi greiðsluskyldu eða ákvörðun í vátryggingabóta. Reglur réttarfars veita mikið svigrúm til þess að fá sérfræðiálit, einkum reglur um dómkvaðningu mats- og skoðunarmanna og ákvæði um sérfróða meðdómsmenn sem sitja með löglærðum dómara í málum þar sem þörf er á þekkingu annarra kunnáttumanna en lögfræðinga.

Um 20. gr.

Þessi grein kemur í stað 18. gr. gildandi laga. Nú er í 1. mgr. 18. gr. kveðið svo á að ríkissjóður endurtryggi án iðgjalds þann hluta hvers einstaks tjóns sem er umfram 2‰ af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum í upphafi hvers árs. Hér er lagt til að fella þessa kvöð á ríkissjóði niður. Í reynd hefur stofnunin gert það á undanförnum árum þar sem sú endurtrygging, sem hún hefur keypt, hefur náð til þeirrar ábyrgðar er ríkissjóður bar að lögum.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar svara til núverandi 2. mgr. 18. gr. og þarfnast ekki skýringa.

Önnur málsgrein er efnislega samhljóða 3. mgr. 18. gr. laganna sem nú gilda, en orðalagi hefur verið vikið aðeins til. Málsgreinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin er í meginatriðum efnislega samhljóða 19. gr. gildandi laga. Það nýmæli er þó í greininni að heimild stjórnarinnar er þrengd þannig að árleg fjárveiting til þeirra mála, sem hér um ræðir, er takmörkuð við 5% af bókfærðum iðgjöldum viðlagatryggingar síðasta árs.

Um 22. gr.

Samhljóða 20. gr. laga er nú gilda. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Regla þessi svarar til 1. mgr. 22. gr. þeirrar sem nú gildir. Eftir orðalagi síðargreinds ákvæðis hefur ráðherra ekki aðeins úrskurðarvald um ágreining um þóknun vátryggingafélaga fyrir störf í þágu Viðlagatryggingar Íslands heldur einnig um ágreining stofnunarinnar og annarra aðila sem fyrir hana vinna. Ástæðulaust er að hafa í lögum sérreglur um deilur sem kunna að rísa milli stofnunarinnar og síðargreindra aðila, t.d. mats- og skoðunarmanna.

Ekki þykir eðlilegt að ráðherra úrskurði í deilumálum um endurgjald vátryggingafélaga fyrir störf í þágu stofnunarinnar. Aldrei mun hafa komið til ágreinings út af þessu. Hér er lagt til að hugsanleg deilumál stofnunarinnar og vátryggingafélaga, sem hafa með höndum lögbundin verkefni varðandi viðlagatryggingu, verði leyst með gerðardómi. Fyrir tveimur árum voru sett lög um samningsbundna gerðardóma, nr. 53/1989. Þau eyða óvissu sem ríkti um ýmis atriði varðandi málsmeðferð o.fl. í tengslum við samningsbundna gerðardóma. Almenn lög um lögbundna gerðardóma hafa ekki verið sett hér á landi og lög nr. 53/1989 gilda ekki um þá. Hins vegar virðist ekkert mæla gegn því að beita meginreglum laga nr. 53/1989 um ágreining eins og þann sem hér um ræðir. Hér er því lagt til að ákvæðum greindra gerðardómslaga skuli beita eftir því sem við á um önnur atriði en þau sem sérstaklega eru tilgreind í 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. þurfa ekki aðrir gerðarmenn en formaður að uppfylla sérstök hæfisskilyrði héraðsdómara til meðferðar einstaks máls. Ástæða þess að hér er vikið frá hæfisreglu gerðardómslaga er einkum sú að aðilum máls eftir 2. mgr. getur reynt erfitt að finna gerðarmenn sem hafa sérþekkingu á vátryggingarstarfsemi og fullnægja jafnframt að öllu leyti sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara.

Um 24. gr.

Ákvæði þetta, sem er nýmæli, er í samræmi við almennar reglur um rétt endurtryggjenda til þess að skoða gögn frumtryggjenda. Er slíkar reglur að finna í flestum eða öllum venjulegum endurtryggingarsamningum. Ekki mun þeim þó oft vera beitt í íslenskri vátryggingarframkvæmd.

Hliðstætt en þó mun víðtækara ákvæði er í 42. gr. laga nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi. Veitir það Tryggingaeftirlitinu m.a. heimild til að kanna gögn þeirra sem reka vátryggingarstarfsemi, þar á meðal Viðlagatryggingar Íslands.

Um 25. gr.

Þessi grein er nýmæli. Hún felur þó ekki í sér breytingar á gildandi réttarreglum því að frá upphafi hefur verið ljóst að reglur laga um vátryggingarsamninga eiga við um réttarstöðu vátryggingartaka og vátryggðs gagnvart Viðlagatryggingu Íslands nema annað leiði af lögum um viðlagatryggingu eða eðli máls.

Um 26. gr.

Í þessari grein er almennt ákvæði um skyldu tryggingamálaráðherra til þess að setja reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna. Sú regla er nú í 2. mgr. 22. gr.

Í frumvarpinu eru einnig nokkur sérákvæði um skyldu til að setja reglur um nánar tiltekin atriði í reglugerð, sjá 4. gr., 3. mgr. 5. gr., 2. og 3. mgr. 6. gr., 2. tölul. 9. gr., 3. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 15. gr.

Um 27. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ný lög taki gildi 1. janúar 1992. Verði frumvarpið samþykkt mundu reglur hinna nýju laga því eiga við um vátryggingaratburði sem verða 1. janúar 1992 eða síðar.

Hins vegar mundu núgildandi lög taka til lögskipta stofnunarinnar og vátryggingafélaga eða vátryggingartaka varðandi iðgjöld af vátryggingum þótt vátryggingartímabili ljúki ekki fyrr en á árinu 1992.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Megintilgangur með þessu frumvarpi um Viðlagatryggingu Íslands er að færa lögin meira til samræmis við almenna löggjöf sem gildir um tryggingasamninga. Þetta felst m.a.

í að ríkisábyrgð á tjónagreiðslum vegna stórtjóna er aflétt, frjálsræði er aukið hvað varðar skyldur ýmissa aðila til að kaupa viðlagatryggingu, fleiri aðilum en nú eru gefnir möguleikar á að kaupa viðlagatryggingu og sett eru ákvæði til að koma í veg fyrir misnotkun á viðlagatryggingu. Loks eru ákvæði um tryggingarskilmála og almenna málsmeðferð í ríkari mæli sniðin að almennum tryggingarskilmálum hér á landi ef ágreiningur rís milli tryggingartaka og Viðlagatryggingar Íslands.

Kostnaðaráhrif frumvarpsins felast fyrst og fremst í 11. gr. sem fjallar um breytingar á iðgjaldagreiðslum og 18. gr. sem fjallar um hækkun hámarksgreiðslna vegna stórtjóna. Þá er felld niður ríkisábyrgð á greiðslum vegna stórtjóna sem kveðið er á um í 18 gr. gildandi laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Helstu breytingar á iðgjaldagreiðslum samkvæmt frumvarpinu fela í sér að iðgjöld falla ekki niður þótt hrein eign Viðlagatryggingar Íslands verði 3% eða meira af áætluðum vátryggingarfjárhæðum eins og nú er heldur lækki þau þá um helming. Þá verður heimilt að innheimta full iðgjöld að nýju ef hrein eign lækkar og verður minni en 2%. Loks er gert ráð fyrir að iðgjöld hækki um 50% ef hrein eign fer niður í 1% eða minna af vátryggingarfjárhæðum, en í gildandi lögum er heimilt að hækka þau þá um 100%. Það er ákaflega erfitt að meta þessar breytingar til fjár, einkum í ljósi þeirra tilvika sem viðlagatrygging nær til. Með þessu er iðgjöldum ætlað í ríkari mæli að standa undir kostnaði sem orsakast af stórtjónum. Á móti kemur að kostnaður vegna endurtrygginga verður að öllum líkindum lægri en ella.

Hækkun hámarksgreiðslna vegna hvers vátryggingaratburðar af völdum stórtjóna úr 5% af vátryggingarfjárhæðum í 10% felur í sér betri tryggingu fyrir viðskiptavini, en eykur hins vegar áhættu Viðlagatryggingar Íslands. Undir „eðlilegum“ kringumstæðum ætti þetta að vera til hagsbóta fyrir tryggingartaka því reikna má með að tjón af þessari stærðargráðu verði mjög fátíð.

Aflétting ríkisábyrgðar hefur í raun lítil áhrif á áhættu ríkissjóðs þar sem Viðlagatrygging Íslands hefur nú þegar endurtryggt sig þannig að ekki hefði þurft að koma til notkunar ábyrgðarinnar nema mörg mjög stór tjón mundu eiga sér stað með stuttu millibili.

Að öllu samanlögðu telur fjármálaráðuneytið að þessar breytingar séu til bóta en vill þó benda á að æskilegt væri að í lögin yrðu sett ákvæði sem tryggi að varsla eigna Viðlagatryggingar Íslands verði með þeim hætti að veruleg stórtjón og eftirfylgjandi greiðslur bóta valdi ekki alvarlegu raski á fjármagnsmarkaði og í efnahagslífi á Íslandi.

134. Fyrirspurn [128. mál]

til samgönguráðherra um vegar- og brúargerð yfir Gilsfjörð.

Frá Sigurði Þórólfssyni.

Er lokið hönnun á mannvirkjum vegna vegar- og brúargerðar yfir Gilsfjörð?

135. Fyrirspurn [129. mál]

til dómsmálaráðherra um alþjóðlega björgunarsveit.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Hvað líður starfi undirbúningsnefndar sem fjallar um framkvæmd þingsályktunar um könnun á stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar sem samþykkt var 26. apríl 1990?

136. Fyrirspurn [130. mál]

til umhverfisráðherra um losun salernistanka húsbíla.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hyggst umhverfisráðherra grípa til einhverra aðgerða í framhaldi af fregnum af ófremdarástandi sem ríkir víða á hálendi og við ferðamannastaði vegna losunar salernistanka húsbíla?

137. Fyrirspurn [131. mál]

til iðnaðarráðherra um lækkun húshitunarkostnaðar.

Frá Sigurði Þórólfssyni.

Hvað líður framkvæmd á áformum stjórnvalda um lækkun húshitunarkostnaðar, sbr. tillögu til þingsályktunar frá ráðherra um það efni á sl. vori og skýrslu orkuverðsjöfnunarnefndar frá því í mars 1991?

138. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um að ljúka framkvæmdum við hringveginn.

Flm.: Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna nú þegar möguleika á því að ljúka uppbyggingu hringvegarins á næstu tveimur árum. Þjóðhagsleg arðsemi framkvæmdarinnar verði könnuð sérstaklega, svo og hagkvæmi þess að vinna verkið nú þegar fyrirsjáanlegur er mikill samdráttur í allri verktakastarfsemi. Þá verði reynt að leggja mat á hvaða ný sóknarfæri skapast í atvinnulífi landsmanna við þessa framkvæmd. Stefnt verði að því að niðurstöður þessarar könnunar liggi fyrir það snemma að hægt verði að hefja framkvæmdir á næsta sumri ef niðurstaða gefur tilefni til.

Greinargerð.

Öllum er ljóst að nú, þegar hætt hefur verið við byggingu álvers á Keilisnesi, hefur skapast mjög alvarlegt ástand í allri verktakastarfsemi í landinu. Öflugur tækjakostur til

mannvirkjagerðar mun annaðhvort úreldast ónotaður eða verða seldur úr landi fyrir lítið verð. Þá mun fjöldi fólks í þessum greinum standa uppi atvinnulaust og starfskraftar þeirra og reynsla ekki nýtast þjóðfélaginu á meðan. Því er rökrétt að athuga hvort ekki sé rétt að kanna hvort til staðar séu arðbær verkefni fyrir þessa starfsemi sem hægt sé að hefjast handa við með skömmum fyrirvara.

Hjá flestum þjóðum er afkastamikið samgöngukerfi talið vera ein meginforsenda eflingar atvinnulífs og viðskipta. Benda má á fjölmörg dæmi þess að uppbygging öflugs vegakerfis hafi verið upphaf mikilla framfara og því skilað þeim fjármunum, sem í það var lagt, margföldum til baka.

Með því að ljúka við byggingu hringvegarins norður um land, um Akureyri, Möðrudalsöræfi og sem leið liggur til Egilsstaða annars vegar og austur um Hornafjörð og sunnanverða Austfirði til Egilsstaða hins vegar, væri lokið einum mesta áfanga í samgöngusögu okkar Íslendinga, áfanga sem hófst með brúargerðinni á Skeiðarársandi á áttunda áratugnum.

Benda má á að þessi framkvæmd mun skapa allt önnur og ný skilyrði fyrir Ísland sem ferðamannaland. Það mun þó sérstaklega eiga við um Norður- og Austurland og möguleika þessara landshluta til að taka við ferðamönnum með beinu flugi til Akureyrar og Egilsstaða þegar framkvæmdum við flugvöllinn þar lýkur.

Þá er vert að nefna að bættar samgöngur eru að öllum líkindum forsenda þess að hægt verði að nýta um allt land þau nýju tækifæri sem kunna að liggja í sjávarútveginum. Útflutningur á unnum ferskum fiskafurðum krefst aðgangs að greiðum beinum samgöngum til útlanda. Bent hefur verið á með rökum að við núverandi aðstæður standi svæðið frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur best gagnvart þessum möguleikum. Með bættum samgöngum við Austfirði skapast aðstæður til að þar verði útskipunarstaður fyrir ferskar fiskafurðir til Evrópu enda er siglingin þaðan einum sólarhring styttri en frá Reykjavík.

Reikna verður með að þessi framkvæmd verði fjármögnuð sem sérverkefni þannig að það fé, sem áætlað var til framkvæmda við hringveginn á næstu árum samkvæmt vegáætlun, komi til góða annars staðar.

Það er skoðun flutningsmanna að við núverandi aðstæður sé sjálfsagt að kannað verði hvort hér sé ekki um það þjóðhagslega hagkvæma framkvæmd að ræða að fyllilega sé réttlætanlegt að taka erlend lán til að fjármagna hana. Vissulega ræðst hagkvæmni hennar af því hversu vel tekst til við að nýta þau nýju sóknarfæri sem hún mundi skapa í atvinnulífinu. Þá er vert að geta þess að margar af þeim framkvæmdum, sem hér hafa verið nefndar, eru afar arðsamar samkvæmt því arðsemismati sem Vegagerðin leggur á vegaframkvæmdir.

139. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var fyrst lagður á 1979 sem tímabundin tekjuöflun. Hann hefur síðan verið framlengdur árlega. Álagningarhlutfallið var í upphafi 1,4% af fasteignaverði verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Árið 1984 var skatturinn 1,1% af fasteignaverðinu og hélst svo til ársins 1989 en þá var hann hækkaður í

2,2%. Árið 1990 var hlutfallið lækkað í 1,5% og enn er ráðgert að viðhalda þessum tímabundna skatti með óbreyttu skatthlutfalli.

Ljóst er að fyrirtæki í verslun og þjónustu eiga nú við mikla örðugleika að etja, ekki síst á landsbyggðinni. Þessi skattur, sem mismunar fyrirtækjum og atvinnugreinum og er þess vegna afar óréttlátur, lendir fyrst og fremst á þeim fyrirtækjum sem verst standa um þessar mundir.

Minni hlutinn mun flytja breytingartillögu á sérstöku þingskjali þess efnis að álagningarhlutfallið verði 0,5% sem annað af tveimur skrefum til þess að leggja þennan „vonda skatt“ niður. Verði sú breytingartillaga felld leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 18. nóv. 1991.

Ingi Björn Albertsson.

140. Breytingartillaga [44. mál]

við frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (IBA).

Við 6. gr. Í stað „1,5%“ kemur: 0,5%.

141. Svar [93. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um embættisbústaði.

1. Hvaða embættisbústaðir, einbýlishús eða einstakar íbúðir, eru í eigu íslenska ríkisins eða stofnana (að hluta eða að öllu leyti) sem heyra undir fjármálaráðuneytið?

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkissjóðs er leigt embættismönnum stofnana á vegum fjármálaráðuneytisins í þremur tilvikum. Um er að ræða eftirtaldar húseignir:

a. Urðarvegur 30, Ísafirði.
b. Laufskógar 10 (neðri hæð), Egilsstöðum.
c. Freyvangur 24, Hellu.

2. Hvert er starfsheiti þeirra sem hafa afnot af embættisbústaðnum og hver er húsaleigan, sundurliðuð eftir bústöðum?

Í öllum tilvikum er um skattstjóra að ræða. Í nóvember 1991 nemur mánaðarhúsaleiga:

a. 23.715 kr.
b. 13.338 kr.
c. 20.113 kr.

3. Hvernig er húsaleigan ákvörðuð?

Húsaleigan er ákvörðuð samkvæmt reglugerð nr. 334/1982 um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

4. Hver er stærð embættisbústaðanna og fasteignamat þeirra, sundurliðað eftir bústöðum?

Stærð embættisbústaðanna (með bifreiðageymslu þar sem við á) og fasteignamat (1. des. 1990) er sem hér segir:

a. 292 m^2 9.643 kr.
b. 108 m^2 2.980 kr. (37,38% af húsmati alls.)
c. 206 m^2 7.902 kr.

5. Hvenær voru bústaðirnir keyptir eða byggðir og hvert er verð þeirra framreiknað til verðlags í dag, sundurliðað eftir bústöðum?

Kaup- eða byggingarár:

a. 1977–1978.
b. 24. júní 1991.
c. 17. júlí 1984.

Kaupverð:

a. Upplýsingar liggja ekki fyrir.
b. 5.906 þús. kr. (37,38% af kaupverði alls hússins.)
c. 3.200 þús. kr.

Á verðlagi í nóvember 1991, framreiknað miðað við byggingarvísitölu:

a. Upplýsingar liggja ekki fyrir.
b. 6.028 þús. kr.
c. 4.281 þús. kr.

Vegna fyrirspurnar í 4. lið um fasteignamat húseigna skal áréttað að húsaleiga samkvæmt tilvitnaðri reglugerð grundvallast m.a. á brunabótamati viðkomandi embættisbústaða eins og það er 1. ágúst ár hvert.

142. Fyrirspurn [133. mál]

til landbúnaðarráðherra um aðgerðir í fiskeldi.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hversu miðar framkvæmd þeirra ráðstafana sem ríkisstjórnin kynnti í júní sl. til að létta rekstur fiskeldis í landinu?

143. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Gjaldskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða tryggingagjald til innheimtumanns ríkis-

sjóðs, eða eftir því sem nánar kann að vera ákveðið í reglugerð, sbr. 2., 3. og 4. mgr. 109. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 er boðaður sparnaður með hagræðingu í innheimtu á opinberum gjöldum, m.a. með því að sameinuð verði á einum gíróseðli staðgreiðsla af launum, staðgreiðsla af reiknuði endurgjaldi og tryggingagjald. Þessi innheimta er nú gerð með aðskildum seðlum þrátt fyrir að gjalddagi gjaldanna sé sá sami, þ.e. 15. dagur hvers mánaðar. Til þess að þetta sé framkvæmanlegt verður sami innheimtuaðili að annast innheimtu staðgreiðslu og tryggingagjalds. Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu þessara gjalda beggja nema þar sem fyrir er sameiginleg innheimta á gjöldum til ríkis og sveitarfélaga. Í þeim tilvikum annast gjaldheimtan innheimtu á staðgreiðslu en innheimtumenn ríkissjóðs innheimtu á tryggingagjaldi. Þetta fyrirkomulag er í Reykjavík, Mosfellsbæ, Garðabæ, á Seltjarnarnesi og á Suðurnesjum.

Samkvæmt þessu frumvarpi er lagt til að gerð verði breyting á lögunum um tryggingagjald þannig að fjármálaráðherra geti ákveðið að þeir aðilar, sem innheimta staðgreiðslu tekjuskatts, skuli jafnframt annast innheimtu tryggingagjalds. Sparnaður af þessari breytingu er áætlaður vera að minnsta kosti 11 milljónir króna á ári.

144. Frumvarp til laga [135. mál]

um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Erlendum skipum eru bannaðar allar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eins og hún er ákveðin í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Erlendum skipum er óheimilt að vinna afla í efnahagslögsögu Íslands.

2. gr.

Fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands mega einir stunda íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara.

Til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands má aðeins hafa íslensk skip, en íslensk nefnast í lögum þessum þau skip sem skráð eru hér á landi.

3. gr.

Erlendum veiðiskipum er heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skipsins.

Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að takmarka heimildir skv. 1. mgr. vegna skipa er stunda veiðar úr nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við

stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis. Má takmarka heimildir við nauðsynlega neyðarþjónustu.

4. gr.

Erlent veiðiskip, sem leitar hafnar á Íslandi, skal tilkynna hlutaðeigandi hafnaryfirvöldum um komutíma til hafnar með hæfilegum fyrirvara. Jafnframt skal tilkynna hvaða veiðar eru stundaðar og á hvaða svæði. Þá skal og tilkynna hvaða þjónustu skipið sækir til hafnar.

Hlutaðeigandi hafnaryfirvöld skulu tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um komu fiskiskips sem ætla má að falli undir 2. mgr. 3. gr.

5. gr.

Með 1. gr. þessara laga eru ekki skert þau réttindi sem samkvæmt milliríkjasamningum eru veitt öðrum ríkjum.

6. gr.

Með brot gegn ákvæðum 1. mgr. 1. gr. laga þessara skal farið samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 2. gr. þeirra laga. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, ásamt síðari breytingum, og lög nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við þau lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er áréttuð sú meginregla að erlendum ríkisborgurum er óheimilt að reka útgerð og stunda fiskvinnslu við Ísland. Þá er með frumvarpinu lagt til að sú breyting verði gerð á gildandi rétti að almennt verði erlendum veiðiskipum heimilt að landa afla í íslenskum höfnum og sækja þangað þjónustu við skipin. Verði frumvarp þetta að lögum er þeim ætlað að leysa af hólmi lög nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, ásamt lögum um breytingu á þeim.

Með lögum nr. 33/1922 voru öll ákvæði um takmarkanir erlendra manna til fiskveiða við Ísland dregin saman í ein lög. Jafnframt var sú breyting gerð að íslenskur ríkisborgararéttur var gerður að skilyrði fyrir veiðum og vinnslu aflans í landhelgi og enn fremur að skip við veiðar væru að öllu eign íslenskra ríkisborgara. Lögin takmörkuðu verulega heimildir erlendra aðila til útgerðar og fiskvinnslu frá fyrri réttarskipan. Erlendum skipum var í raun meinuð öll vera í íslenskri landhelgi nema í neyðartilvikum. Lög 33/1922 voru á sínum tíma sett til að sporna við aukinni sókn erlendra fiskimanna til veiða hér við land. Lögin voru afar ströng í garð útlendinga og segir t.d. í 1. mgr. 3. gr. að útlendingum sé bannað „að hafast við við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi". Lögunum var einnig ætlað að koma í veg fyrir að erlendir aðilar gætu notað leppa hér á landi til útgerðar. Lögin hafa ávallt verið túlkuð rúmt og hafa verið gerðar lagabreytingar til að rýmka nokkur ákvæði þeirra. Með lögum nr. 30/1969 var sjávarútvegsráðherra t.d. heimilað að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum skipum í íslenskum höfnum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Á síðari árum hefur framkvæmdin verið sú að erlend veiðiskip hafa fengið að koma til hafnar á Íslandi. Hins vegar hafa þau ávallt orðið að sækja um sérstakt leyfi til sjávarútvegsráðuneytisins hverju sinni og hafa leyfin almennt ekki heimilað löndun. Leyfi hafa ekki verið veitt í þeim tilvikum er skip hafa verið að veiðum úr fiskstofnum sem sameiginlegir eru með Íslandi og öðrum ríkjum og ekki hefur verið samið um nýtingu á. Frá árinu 1980 hafa tiltekin grænlensk veiðiskip fengið alla þjónustu í íslenskum höfnum. Er það samkvæmt sérstöku samkomulagi milli Íslands og Grænlands sem gert hefur verið ýmist til heils eða hálfs árs í senn. Hafa þessi skip m.a. landað afla hér á landi sem síðan hefur verið skipað um borð í flutningaskip og fluttur á erlendan markað.

Hafa verður í huga þær miklu breytingar sem stækkun fiskveiðilögsögunnar hafði í för með sér varðandi nýtingu fiskstofna hér við land. Við samþykkt laga nr. 33/1922 var landhelgin við Ísland aðeins þrjár sjómílur og fylgdi línan fjörumarki í flóum og fjörðum ef lengra var milli stranda en 10 sjómílur. Við þessar aðstæður var augljós nauðsyn þess að koma í veg fyrir að erlendir aðilar gætu notað íslenskar hafnir og stundað þaðan veiðar og vinnslu á þeim fiskstofnum sem Íslendingar nýttu.

Íslendingar hafa nú full umráð yfir 200 sjómílna fiskveiðilögsögu og innan hennar halda sig flestar þýðingarmestu fisktegundirnar sem við nýtum. Erlend veiðiskip hafa mjög takmarkaða möguleika á að stunda veiðar úr þeim fiskstofnum. Hins vegar er þetta ekki algild regla því nokkrir fiskstofnar veiðast bæði utan og innan okkar efnahagslögsögu. Er í þeim tilvikum enn þörf á heimild til þess að takmarka aðgang erlendra veiðiskipa, er stunda veiðar úr þeim stofnum, að höfnum.

Íslenskar vinnslustöðvar hafa á undanförnum árum í ríkari mæli leitað eftir kaupum á afla af erlendum skipum. Einkum hefur til þessa verið um að ræða kaup á rækju. Vegna samdráttar í afla á síðustu árum hafa verið kannaðir möguleikar á kaupum á ýmsum botnfisktegundum. Jafnframt hafa augu manna opnast fyrir því að ýmsir tekjumöguleikar séu fyrir hendi með viðskipti við erlend veiðiskip. Komu þessara skipa til hafna fylgja mikil viðskipti og fjölbreyttir tekjumöguleikar fyrir ýmsa þjónustustarfsemi í landinu.

Með því að heimila frjálsari aðgang að íslenskum höfnum er komið til móts við þær breytingar til frjálsræðis í verslun og viðskiptum milli landa sem orðið hafa á síðari árum. Með þeim fyrirvara, sem gerður er varðandi löndun afla úr sameiginlegum fiskstofnum, verður ekki annað séð en að breyting þessi geti orðið okkur til hagsbóta. Sú rýmkun á reglum um komu erlendra skipa til hafna, sem hér er gert ráð fyrir, mun án efa leiða til aukinna viðskipta við erlend veiðiskip. Með þessu frumvarpi er lagt til að veruleg rýmkun verði gerð á núgildandi ákvæðum í þessu efni.

Í lögum nr. 33/1922 voru eins og áður segir settar takmarkanir á eignaraðild útlendinga að veiðum og vinnslu. Var með lögunum skýlaust krafist íslensks ríkisfangs en undantekning frá þessu var um rétt hlutafélaga. Hlutafélögum var heimilt að reka fiskveiðar ef meira en helmingur hlutafjár félagsins var í eigu íslenskra ríkisborgara og stjórn þess skipuð íslenskum ríkisborgurum og a.m.k. helmingur þeirra búsettur á landinu. Hlutafélög höfðu hins vegar aðeins rétt til að reka bæði fiskiveiðar og fiskvinnslu í landhelgi að allt hlutaféð væri í eigu íslenskra ríkisborgara. Í lögunum var ekki kveðið sérstaklega á um hlutafélög sem eingöngu ráku fiskvinnslu og hafði það í för með sér nokkra óvissu um rétt þeirra til reksturs hennar. Af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins hefur þó ávallt verið litið svo á að í lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, felist bann við því að erlendir aðilar, einstaklingar sem erlend hlutafélög, reki útgerð og/eða fiskvinnslu hér á landi, þar með talið í landhelgi Íslands.

Með lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, var sett al-

menn löggjöf um erlenda fjárfestingu sem var að finna í ýmsum lögum. Samhliða þeim lögum voru sett lög nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. Með þessum lögum var sú breyting gerð að algerlega var tekið fyrir eignaraðild útlendinga í hlutafélögum er reka útgerð. Þá var einnig kveðið skýrt á um rétt erlendra aðila til fjárfestinga í vinnslu sjávarafla. Er erlendum aðilum eingöngu heimil eignaraðild að fyrirtækjum sem ekki stunda frumvinnslu, svo sem frystingu, söltun, niðursuðu, herslu, reykingu, niðurlagningu, súrsun og hverja aðra verkun sem ver sjávarafla skemmdum, þar með taldar bræðslu og mjölvinnslu. Þeim er því eingöngu heimil eignaraðild að fyrirtækjum sem vinna að frekari vinnslu afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu, svo og umpökkun afurða í neytendaumbúðir.

Með áðurnefndum lögum nr. 23/1991 var breytt ákvæðum 1. og 2. gr. laga nr. 33/1922. Þessi ákvæði eru efnislega óbreytt tekin upp í 1. og 2. gr. þessa frumvarps. Ákvæði 1. og 2. tölul. 4. gr. laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í fyrirtækjum er stunda fiskveiðar og fiskvinnslu standa áfram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er í 1. mgr. lagt til að erlendum skipum séu fortakslaust bannaðar allar veiðar í efnahagslögsögu Íslands. Er vísað til laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, en þar er að finna afmörkun efnahagslögsögu Íslands.

Með 4. mgr. 3. gr. laga nr. 33/1922, sbr. lög nr. 12/1978, var sjávarútvegsráðherra heimilt að leyfa íslenskum aðilum, sem útgerð stunda, að taka á leigu um takmarkaðan tíma erlent skip til fiskveiða í íslenskri landhelgi ef skip þeirra hafði orðið fyrir verulegum áföllum vegna bilana og sérstakar ástæður væru fyrir hendi. Vegna þess misræmis sem nú er milli stærðar fiskiskipaflotans og afrakstursgetu fiskiskipa hér á landi og gildandi fyrirkomulags við stjórn fiskveiða er ekki þörf fyrir heimild sem þessa. Er því lagt til að hún verði felld niður.

Með 2. mgr. þessarar greinar er lagt til að áfram gildi skilyrðislaust bann við vinnslu um borð í erlendum skipum í efnahagssögu Íslands hvort sem um veiðiskip eða vinnsluskip er að ræða. Enda þótt með frumvarpi þessu sé erlendum veiðiskipum heimilaður frjálsari aðgangur að íslenskum höfnum þykir ekki ástæða til að rýmka heimildir til vinnslu erlendra skipa innan efnahagslögsögunnar. Hins vegar mætti víkja frá þessu banni þætti ástæða til samkvæmt heimild í 5. gr.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 33/1922, sbr. lög nr. 23/1991, og vísast til almennra athugasemda frumvarpsins í þeim efnum. Ákvæði þessu er ætlað að taka af öll tvímæli um að veiðar í efnahagslögsögu Íslands eru aðeins heimilar íslenskum ríkisborgurum sem eiga lögheimili hér á landi. Sama á við um lögaðila, t.d. hlutafélög, en þau verða algerlega að vera í eigu íslenskra ríkisborgara sem hér eiga lögheimili. Með þessu ákvæði er reynt að tryggja eins og frekast er kostur að erlendir aðilar nái ekki ítökum í mikilvægustu náttúruauðlind landsins. Ákvæði þetta á einnig að koma fortakslaust í veg fyrir að erlend eignaraðild skapist gegnum eignaraðild að hlutafélögum.

Um 3. gr.

Hér er í 1. mgr. mörkuð sú meginregla að erlendum veiðiskipum sé frjálst að leita til

hafna á Íslandi. Um rökstuðning fyrir þessari breytingu vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta. Samkvæmt þessu gætu erlend veiðiskip bæði landað afla sínum til sölu hér á landi til einstakra vinnslustöðva eða á markað. Jafnframt gætu þau umskipað afla til flutnings með flutningaskipum á markaði erlendis. Í þessari heimild fellst einnig að skipin gætu komið til hafna til kaupa á kosti, olíu og veiðarfærum, auk þess sem þau gætu fengið hér viðgerðarþjónustu.

Þess má geta að í samningum EFTA-ríkja um fríverslun með fisk er kveðið á um gagnkvæman löndunarrétt fiskiskipa samningsaðila með sama hætti og lagt er til í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins og með þeim takmörkunum sem um getur í 2. mgr. 3. gr. Í samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði eru einnig hliðstæð ákvæði.

Í 2. mgr. er gerð undantekning frá 1. mgr. að því leyti að sjávarútvegsráðherra er veitt heimild til að takmarka þjónustu við skip sem stunda veiðar úr fiskstofnum sem teljast sameiginlegir með öðrum þjóðum hafi ekki verið samið um nýtingu þeirra stofna.

Veiðar Íslendinga fara að mestu leyti fram innan efnahagslögsögu landsins og flestir mikilvægustu fiskstofnarnir veiðast ekki utan hennar. Þó eru nokkrir stofnar sem veiðast bæði utan og innan lögsögunnar, t.d. karfi, loðna og rækja, á hafsvæðinu milli Íslands og Grænlands. Um nýtingu loðnustofnsins hefur verið gert samkomulag við Grænland og Noreg en um nýtingu annarra stofna er ósamið. Viðræður hafa farið fram milli Íslands, Grænlands og Færeyja um nýtingu karfastofnsins en samkomulag hefur ekki náðst. Veiðar á úthafskarfa frá Íslandi hófust fyrir þremur árum en aðrar þjóðir einkum Rússar hófu þær fyrr. Margt er óljóst um stærð og útbreiðslu þessa stofns en ljóst er að hann veiðist bæði innan og utan efnahagslögsögu Íslands.

Þykir nauðsynlegt að ráðherra geti takmarkað þjónustu við þau skip sem stunda veiðar úr þeim fiskstofnum sem ekki hefur verið samið um nýtingu á. Sé stofn t.d. ofnýttur og hafi samkomulag ekki tekist um nýtingu hans þykir óeðlilegt að erlendum veiðiskipum verði auðveldaðar veiðar með því að veita þeim alla þjónustu og heimild til löndunar afla hér á landi. Ráðherra getur beitt slíkum takmörkunum þegar um er að ræða veiðar úr stofnum sem veiðast í íslensku efnahagslögsögunni hvort sem þeir fyrirfinnast einnig í lögsögu annarra ríkja eða á alþjóðlegu hafsvæði. Þá getur ráðherra beitt þessu ákvæði hvort sem það skip, sem í hlut á, er frá ríki sem ágreiningur er við um nýtingu stofnsins eða ekki. Hins vegar gætu þessi skip leitað aðstoðar til hafna hér á landi ef upp kemur sú staða að þau þarfnast aðstoðar vegna bilana eða tjóna. Þeim skipum mundi verða veitt sú þjónusta sem nauðsynleg væri til þess að þau gætu án áhættu haldið áfram ferð sinni.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að erlend veiðiskip tilkynni með hæfilegum fyrirvara til hafnaryfirvalda um komu til hafnar. Þá ber þeim að tilkynna hvaða veiðar skipið hefur stundað, á hvaða svæði og enn fremur hvaða þjónustu skipið sækir til hafnar.

Tilkynning um komutíma skips er m.a. nauðsynleg vegna tollskoðunar og nauðsynlegt er fyrir hafnaryfirvöld vegna starfsemi hafnarinnar að vita hvort skipið muni landa afla, kaupa olíu o.s.frv. Tilkynning um veiði og veiðisvæði er forsenda þess hvort unnt sé að meta hvort skipið hafi stundað veiðar úr fiskstofnum sem falla undir 2. mgr. 3. gr.

Í 2. mgr. segir að hafnaryfirvöld skuli tilkynna til sjávarútvegsráðuneytisins ef þau telja að veiðar skips, sem tilkynnt hefur komu sína, falli undir 2. mgr. 5. gr. Þykir þetta nauðsynlegt með hliðsjón af því að ráðherra skal taka ákvörðun um hvort takmarka eigi þjónustu við skipið skv. 2. mgr. 5. gr.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að heimilt verði með milliríkjasamningum að víkja frá banni 1. gr. um veiðar og vinnslu erlendra skipa í efnahagslögsögu Íslands með sama hætti og hingað til.

Í gildi eru nokkrir milliríkjasamningar sem veita skipum annarra ríkja heimildir til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Má þar nefna samninga við Belga og Færeyinga þar sem þessum þjóðum er veittur einhliða réttur til veiða hér við land. Enn fremur má nefna samning við Noreg en fram til ársins 1984 höfðu Norðmenn einhliða rétt til línuveiða hér við land en íslensk stjórnvöld ákváðu heildarmagnið árlega. Þessum samningi var breytt 1984 og er nú gert ráð fyrir gagnkvæmum veiðiheimildum. Þessi samningur hefur í raun ekki komið til framkvæmda þar sem Norðmönnum hefur ekki reynst mögulegt að veita okkur álitlegar veiðiheimildir við Noreg. Þrátt fyrir það voru Norðmönnum veittar einhliða heimildir til botnfiskveiða við Ísland til ársins 1989. Þá ber einnig að geta þríhliða samnings milli Íslands, Noregs og Grænlands um nýtingu loðnustofnsins þar sem fiskiskipum frá þessum þjóðum er veitt gagnkvæm heimild til að stunda loðnuveiðar með ákveðnum takmörkunum innan efnahagslögsögu ríkjanna.

Eðlilegt þykir að heimild þessi sé áfram fyrir hendi. Það verður hins vegar sjálfstætt mat hverju sinni hvort slíkir samningar teljast álitlegir.

Um 6. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. segir að brot gegn 1. mgr. 1. gr. um bann við veiðum erlendra skipa í efnahagslögsögu Íslands skuli varða viðurlögum skv. 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 2. gr. þeirra. Í 2. gr. tilvitnaðra laga segir: „Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi.“ Í 17. gr. laga nr. 81/1976 eru tiltekin viðurlög vegna ólöglegra veiða erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Er þar að finna sektarákvæði og ákvæði um upptöku afla og veiðarfæra. Enn fremur eru í þessari grein ákvæði um tryggingar vegna greiðslu sekta og málskostnaðar og um stofnun lögveðs í skipum. Með þessu ákvæði yrðu viðurlög við landhelgisbrotum erlendra veiðiskipa óbreytt og í samræmi við það sem gilt hefur til þessa.

Í 2. málsl. 1. mgr. segir að brot gegn öðrum ákvæðum skuli varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Er þetta í samræmi við refsiákvæði laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

145. Skýrsla [136. mál]

umhverfisráðherra um undirbúning starfsleyfis vegna væntanlegs álvers á Keilisnesi og mengunarvarnir í álverum.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. INNGANGUR

Þann 13. mars 1990 undirrituðu iðnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og forráðamenn fyrirtækjanna Alumax, Gränges og Hoogovens, sameiginlega yfirlýsingu um ásetning að ljúka samningum um byggingu nýs álvers hér á landi. Í yfirlýsingunni var meðal annars staðfest að gera þyrfti samkomulag varðandi umhverfismál, þar sem kveðið yrði á um meginskilmála varðandi mengunarvarnir í fyrirhuguðu álveri.

Með bréfi dags. 25. júní 1990 skipaði þáverandi umhverfisráðherra nefnd til að kynna sér umhverfisáhrif frá væntanlegu álveri. Nefndinni var ætlað að vera til ráðgjafar um umhverfisáhrif frá fyrirhuguðu álveri og hvernig mati á þeim skyldi háttað, hver væru efri mörk mengunar sem eðlilegt væri að miða við frá nýju álveri og hvernig mengunarvarnir skyldu vera til að ná settum markmiðum. Ennfremur var nefndinni ætlað að vera Hollustuvernd ríkisins til aðstoðar við samninga varðandi umhverfis- og mengunarvarnir vegna álversins.

Í nefndinni voru:

Eggert Steinsen, verkfræðingur, formaður
Gísli Már Gíslason, líffræðingur
Ragnar Sigbjörnsson, byggingaverkfræðingur
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, hagverkfræðingur
Þóroddur Þóroddsson, jarðfræðingur
Þorsteinn I. Sigfússon, eðlisfræðingur

Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins starfaði með nefndinni og veitti nauðsynlegar upplýsingar.

Samhliða samningafundi aðila, sem haldinn var í Reykjavík dagana 26.–28. júní 1990, var haldinn fundur íslenskra stjórnvalda með umhverfismálanefnd Atlantsáls. Fundinn sátu að hálfu íslenskra stjórnvalda fulltrúar Iðnaðarráðuneytis, Umhverfisráðuneytis, mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins og Markaðsskrifstofu Iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar. Á fundinum var meðal annars fjallað um íslensk lög og reglugerðir á sviði umhverfismála, undirbúning starfsleyfa og nauðsynlegar rannsóknir vegna fyrirhugaðs álvers auk þess sem farið var í skoðunarferðir á nokkra af þeim stöðum sem til greina þóttu koma að álverið risi. Á fundinum var einnig rætt um hvernig best yrði staðið að undirbúningi starfsleyfis fyrir álverið. Aðilar náðu samkomulagi um að fyrirtækið sækti þá þegar um starfsleyfi, þrátt fyrir að staðsetning væri ekki ákveðin.

Með bréfi dags. 28. júní 1990 var sótt um starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins samkvæmt 8. kafla mengunarvarnareglugerðar, vegna álvers sem fyrirhugað er að reisa og starfrækja á vegum fyrirtækisins hér á landi. Á vegum Umhverfisráðuneytis og Mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins hefur verið unnið að gerð starfsleyfis fyrir fyrirhugaða álbræðslu Atlantsáls á Keilisnesi síðan í júlí 1990.

Nefnd umhverfisráðherra fjallaði í upphafi um staðsetningu hugsanlegs álvers og gerði tillögu til umhverfisráðherra um að Keilisnes yrði fyrir valinu. Nefndin fjallaði því næst um frumdrög að starfsleyfi fyrir álver, sem unnin voru hjá mengunarvarnasviði Hollustuverndar ríkisins. Jafnframt aflaði nefndin sér upplýsinga um hvernig staðið er að þessum málum í öðrum löndum og viðaði að sér margvíslegum gögnum um umhverfisáhrif og mengunarvarnir álvera. Einnig kynnti hún sér mælitækni til eftirlits með losun mengunarefna út í umhverfið og til umhverfisvöktunar. Nefndin heimsótti og kynnti sér álver og umhverfisstofnanir erlendis.

Nefndin lauk störfum í desember 1990 er hún afhenti umhverfisráðherra endurskoðuð starfsleyfisdrög fyrir væntanlegt álver. Drögin höfðu þá verið kynnt fyrir og rædd við umhverfismálanefnd Atlantsáls.

Á þessu ári hefur áframhaldandi vinna við starfsleyfistillögur að mestu verið í höndum Ólafs Péturssonar, forstöðumanns mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins og Sigurbjargar Sæmundsdóttur, deildarstjóra í Umhverfisráðuneytinu. Starfsmenn Iðnaðarráðuneytis, þau Rán Tryggvadóttir, deildarstjóri og Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri hafa verið innan handar varðandi lögfræðileg atriði og tengsl starfsleyfis og fyrirhugaðs aðalsamnings.

2. ÁLVER ATLANTSÁLS, STUTT LÝSING

Álver Atlantsáls verður staðsett á um 150 ha. svæði á Keilisnesi á Vatnsleysuströnd. Áætluð ársframleiðsla er um 210.000 tonn af hrááli. Hráefni til álvinnslunnar eru aðallega súrál og forbökuð skautkol úr koksi og biki. Rafgreiningin, þar sem hráál er unnið úr súráli mun eiga sér stað í um 288 kerjum, sem hvert um sig er um 14 m langt og 4 m breitt og eru í tveimur samhliða kerskálum. Hvor kerskáli um sig verður u.þ.b. 29 m breiður og um 840 m langur. Kerin, sem munu liggja þvert á kerskála, verða með þéttum lokum og mötun súráls og flúoríðs verður sjálfvirk.

3. ALMENNT UM MENGUN, MENGUNARVARNIR OG UMHVERFISÁHRIF ÁLVERA

3.1. Álframleiðsla og mengun frá álverum

Þegar ál er framleitt úr áloxíði, en það er aðalhráefnið við framleiðsluna, er það gert með rafgreiningu. Kjarninn í framleiðslunni er rafgreiningin sjálf.



Mynd 1. Álframleiðsla með rafgreiningu.

Rafgreiningin fer fram í kerjum. Straumur rafmagns fer í gegnum efnablönduna milli tveggja rafskauta, forskauts og bakskauts, og veldur efnahvarfinu, afoxun á áljónum við bakskautið og oxun á súrefnisjónum við forskautið. Skautin eru gerð úr kolamassa. Forskautið sameinast súrefni úr áloxíðinu og eyðist smám saman, þannig að endurnýja þarf þau tiltölulega oft. Bakskautið eyðist ekki.

Til að framleiða eitt tonn af áli þarf um það bil eftirfarandi magn hráefna:

Áloxíð	2,0 tonn
Rafskaut	0,5 tonn
Ýmis hjálparefni, m.a. krýólít og álflúoríð	100 kg

Áloxíð leysist upp í blöndu af krýólíti og álflúoríði við u.þ.b. 970° C og myndar raflausnina.

Mengun frá álverum er ekki bundin við rafgreininguna, þótt þaðan komi þau efni sem mestum áhyggjum valda. Mengunin kemur frá velflestum þáttum starfseminnar. Um er að ræða loftmengun, vatnsmengun, hávaðamengun og mengun af völdum fasts úrgangs. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir þeim efnum sem losna við álframleiðslu en í grein 3.2. er gerð grein fyrir áhrifum þessara efna á umhverfið.

3.1.1. Loftmengun

Eftirfarandi loftmengunarefni eru þau helstu, sem losna úr læðingi og taka þarf tillit til við álframleiðslu:

1. Loftkennd flúorsambönd, aðallega flúorvetni, myndast við rafgreininguna þegar raki kemst í snertingu við bráðið krýólít. Reikna má með að 10–15 kg myndist fyrir hvert framleitt tonn af áli.
2. Brennisteinstvíoxíð myndast við rafgreininguna þegar brennisteinn í rafskautinu gengur í samband við súrefni úr áloxíði. Magnið fer alfarið eftir því hve mikill brennisteinn er í skautunum. Reikna má með að 20–40 kg myndist fyrir hvert framleitt tonn af áli.
3. Svifryk og fallryk myndast víða í framleiðsluferlinu, m.a. við flutning hráefna, mölun notaðra skauta, í steypuskála og við rafgreininguna. Mest af rykinu myndast við rafgreininguna þegar lofttegundir, sem þar myndast, rífa með sér fastar agnir um leið og þær yfirgefa kerin. Rykið er aðallega samsett úr áloxíði, álflúoríði og natríumflúoríði. Reikna má með að við rafgreininguna myndist um það bil 30 kg fyrir hvert framleitt tonn af áli. Þar af sé flúoríð 10–15 kg, þannig að heildarflúoríðmagnið gæti orðið á bilinu 20–30 kg fyrir hvert framleitt tonn af áli.
4. Koltvíoxíð myndast við rafgreininguna þegar súrefni úr áloxíði gengur í samband við kolefni í rafskautinu. 1.2 tonn myndast fyrir hvert framleitt tonn af áli. Lítils háttar kolmonoxíð er einnig til staðar vegna ófullkomins bruna.
5. Lítilsháttar af tjöruefnum (PAH) gufa burt úr skautunum við þann hita sem notaður er. Ekki er talið að um vandamál sé að ræða í álverum sem nota forbökuð rafskaut. Hins vegar er um mikið vandamál að ræða í eldri álverum sem framleiða með svonefndri „Söderbergaðferð".
6. Tetraflúorkolefni og hexaflúoretan myndast við rafgreininguna, einkum við svokölluð ris, sem eru truflanir sem valda því að loftpúði myndast undir skautum og hitastig hækkar og bruni verður ófullkominn. Ekki er ljóst hvaða magn er um að ræða, en þetta hefur ekki verið talið til mengunarvandamála í áliðnaði fram til þessa.

3.1.2. Vatnsmengun

Vatnsmengun verður víða til við álframleiðslu. Ekki er þó hægt að segja að um sérlega vatnsmengandi iðnað sé að ræða. Ef álver er búið þvottaturni, þá er frárennsli frá honum helsti vatnsmengunarvaldurinn, en í staðinn dregur úr loftmengun. Önnur vatnsmengun sem taka verður tillit til er eftirfarandi:

1. Kælivatn sem notað er til að kæla rafbúnað og bráðinn málm. Um er að ræða annars vegar vatn sem rennur í lokuðum hólfum og eingöngu tekur í sig hitaorku og hins vegar vatn

sem kemst í snertingu við málm og tekur við það í sig óhreinindi, svo sem flúor, ál og aðra málma og olíur.
2. Skólp sem hefur svipaða samsetningu og fráveituvatn frá íbúðabyggð.
3. Fráveituvatn frá ýmsum stöðum, t.d. verkstæðum þar sem m.a. er hætta á olíumengun.

3.1.3. Úrgangur

Úrgangur myndast víða í starfseminni. Meðhöndla þarf hann og farga eða endurnýta eftir því um hvers konar úrgang er að ræða. Sá úrgangur sem mesta athygli þarf að veita og einkennandi er fyrir álverksmiðjur er eftirfarandi:

Kerbrot er fastur úrgangur sem myndast þegar einangrun og bakskautið, sem eyðist ekki eins og forskautið gerir, er brotið úr kerjunum. Bakskautið dregur í sig óhreinindi og verður með tímanum ónothæft af þeim sökum. Skipta þarf um það á ca. fjögurra til sex ára fresti. Hlutfall efna í kerbrotum getur verið mjög mismunandi. Aðalefnin eru kolefni, ál og málmsölt. Einnig innihalda kerbrotin flúor og cyaníð, sem eru aðalástæða þess að skoða verður þennan úrgang sem umhverfismengandi. Reikna má með að um það bil 15 kg af kerbrotum myndist fyrir hvert framleitt tonn af áli.

3.1.4. Hávaði

Hávaði verður víða við starfsemi af þessu tagi. Ekki er þó um sérstaklega hávaðamengandi starfsemi að ræða og þess vegna er hávaði almennt ekki talinn vandamál við álframleiðslu. Helst má búast við að hávaða gæti við löndun og flutning á hráefni.

3.2. Áhrif mengunar frá álverum

3.2.1. Loftmengun

Mikilvægustu loftmengunarefnin í útblæstri álvera, sem nota forbökuð rafskaut, eru flúoríð (í formi lofttegunda og ryks), brennisteinstvíoxíð og ryk. Auk þess myndast við álframleiðslu lofttegundir sem auka gróðurhúsaáhrif, fyrst og fremst kolefnistvíoxíð. Um það atriði er sérstaklega fjallað í kafla 3.2.3. hér á eftir.

3.2.1.1. Flúoríð

Flúoríð er í útblæstri álvera, að hluta til í loftkenndu ástandi sem flúorvetni (HF), en einnig sem ryk. Flúorvetni er mun umhverfisskaðlegra en flúor í föstu formi vegna þess að gróður, dýr og menn taka það auðveldar til sín. Í hve miklum mæli flúor í föstu formi hefur áhrif á lífverur er háð því hve auðveldlega efnið leysist í vatni. Gróður getur orðið fyrir skaða vegna flúoríðmengunar, þótt styrkur sé lítill, enda safnast flúoríðið fyrir í gróðrinum. Mörg dæmi eru um slíkt í umhverfi álverksmiðja. Sérstaklega eru barrtré viðkvæm. Flúor er nauðsynlegt efni fyrir dýr og menn, en ef styrkurinn verður of mikill veldur það skaða. Flúorinn safnast fyrir í beinum og getur valdið skemmdum í tönnum og liðamótum (gaddur). Grasbítum er sérstaklega hætt vegna þess, að flúorinn safnast fyrir í grasi og heyi sem þau lifa á. Jórturdýr eru viðkvæmari en aðrir grasbítar. Þessi áhrif eru alkunn hérlendis í tengslum við eldgos. Hefðbundinn, íslenskur landbúnaður, kúa- og sauðfjárbúskapur, og flúormengandi iðnaður eiga þess vegna ekki saman. Frá fyrri tíð eru ýmis dæmi um flúoreitrun í grasbítum í nánd við álverksmiðjur, þegar hreinsibúnaður var ekki jafn fullkominn og nú er. Flúorinn safnast ekki fyrir í kjötvef. Þess vegna stafar engin hætta af neyslu kjöts frá flúormenguðum svæðum. Sá styrkur flúors sem er í grennd við álverksmiðjur er ekki skaðlegur heilsu fólks, samanber mörk frá norsku mengunarvarnastofnuninni hér að neðan.

Ekki eru til íslensk viðmiðunarmörk fyrir leyfilega flúormengun ytra umhverfis. Norska mengunarvarnastofnunin „Statens Forurensningstilsyn“ mælir með eftirfarandi mörkum í míkrógrömmum í hverjum rúmmetra af andrúmslofti:

Til að vernda fólk	10 µ/m³ meðalstyrkur heildarflúoríðs yfir 6 mánuði
	25 µ/m³ meðalstyrkur heildarflúoríðs á sólarhring
Til að vernda grasbíta	0.2–0.4 µ/m³ meðalstyrkur heildarflúoríðs á mánuði
Til að vernda gróður	0.3 µ/m³ meðalstyrkur flúorvetnis á mánuði
	1.0 µ/m³ meðalstyrkur flúorvetnis á sólarhring

3.2.1.2. Brennisteinstvíoxíð

Brennisteinstvíoxíð er mjög algengt mengunarefni. Mest af magninu fer út í umhverfið vegna bruna á kolum og olíu. Ef styrkur þess í andrúmsloftinu er mikill veldur það gróðurskemmdum og ertingu í öndunarvegi manna og dýra. Gróður, sérstaklega lággróður, er talsvert viðkvæmari fyrir efninu en dýr og menn. Brennisteinstvíoxíð breytist í andrúmsloftinu í tríoxíð sem leysist upp í vatni og myndar brennisteinssýru. Þetta er aðalástæðan fyrir súru regni, sem hefur marghátttuð áhrif, bæði bein og óbein, þegar það fellur til jarðar. Mælingar á brennisteinstvíoxíði í andrúmslofti hérlendis staðfesta að styrkur þess í andrúmsloftinu er mjög lítill. Engu að síður mælist öðru hvoru súrt regn hérlendis. Þau áhrif má rekja til mengunar erlendis frá. Súrt regn er ekki sama vandamál hérlendis eins og víða annars staðar, t.d. í Skandinavíu. Þetta er m.a. vegna þess að aðborin mengun er hlutfallslega lítil, þar sem brennisteinstvíoxíð umbreytist í súlfat í lofthjúpnum á 1 til 6 dögum og jarðvegur hér á landi er yfirleitt lútkenndur (basískur).

Íslensk viðmiðunarmörk fyrir leyfilega mengun í míkrógrömmum hvers rúmmeters andrúmslofts er að finna í mengunarvarnareglugerð.

30 µ/m³ meðalstyrkur yfir eitt ár
50 µ/m³ meðalstyrkur á sólarhring

Mörkunum er ætlað að vernda alla umhverfisþætti, þ.e. þau eru sett til að vernda viðkvæmasta þáttinn – gróðurinn.

Norska umhverfisverndarstofnunin mælir með svipuðum mörkum til verndar gróðri. Stofnunin mælir einnig með eftirfarandi mörkum til að vernda heilsu fólks:

40–60 µ/m³ meðalstyrkur yfir 6 mánuði
100–150 µ/m³ meðalstyrkur á sólarhring

3.2.1.3. Ryk

Ryk er hér samheiti allra agna sem sleppt er út í andrúmsloftið. Áhrifin fara alfarið eftir stærð agnanna, svo og efnasamsetningu. Ryki er skipt í tvennt eftir stærð, svifryk og fallryk. Agnir sem eru smærri en 10 míkrómetrar í þvermál teljast svifryk, en annað fallryk. Svifryk er talið skaðlegt dýrum og mönnum ef styrkur þess er mikill, vegna þess hve djúpt það getur borist ofan í lungun. Fallryk er hins vegar ekki talið skaðlegt, en óþægindi geta verið umtalsverð.

Íslensk viðmiðunarmörk í míkrógrömmum hvers rúmmetra andrúmslofts fyrir leyfilega svifryksmengun er að finna í mengunarvarnareglugerð. Mörkin miðast við að vernda heilsu fólks, sem í þessu tilfelli er talinn viðkvæmasti umhverfisþátturinn:

40 µ/m³ meðalstyrkur yfir eitt ár
100 µ/m³ meðalstyrkur á sólarhring

Óþægindamörk fyrir fallryk í grömmum á hvern fermetra lands er einnig að finna í mengunarvarnareglugerð:

10 g/m² meðaltal yfir einn mánuð

3.2.1.4. Tjöruefni (PAH)

PAH er hópur tjöruefna, sem myndast við ófullkominn bruna. Við álframleiðslu fara þessi efni út í andrúmsloftið, bæði bundin við ryk og í gufuformi. Sýnt hefur verið fram á með dýratilraunum að nokkur þessara efna geta valdið krabbameinum. Rannsóknir hafa ekki leitt í ljós áhrif á starfsmenn í álverum sem nota forbökuð rafskaut né heldur á fólk sem býr í grennd við álver. Lífsmáti einstaklinga virðist hafa mun meiri áhrif hvað krabbameinsáhættu af völdum PAH varðar. Reykingar, en við þær myndast PAH, eru aðaláhættuþátturinn í þessu sambandi. Nefna má að einstaklingar geta einnig orðið fyrir áhrifum PAH í gegnum matvörur, sérstaklega á það við um glóðarsteiktan (grillaðan) mat. Breiðblaðaplöntur, t.d. salat og kál, geta safnað í sig PAH í menguðu umhverfi.

3.2.2. Vatnsmengun

Aðalvatnsmengun álvera kemur frá sjóþvottabúnaði, þegar um slíkt er að ræða, svo sem súlfat, aukið magn flúoríða, þungmálma og PAH. Ekki er gert ráð fyrir sjóþvotti á Keilisnesi, þannig að vatnsmengun verður fyrst og fremst vegna förgunar kerbrota og vegna kælivatns og skólps. Þau efni sem berast í vatn eru flúoríð, þungmálmar, cyaníð auk svifagna. Álframleiðsla er ekki talin valda mikilli vatnsmengun.

3.2.2.1. Flúoríð

Sjávarlífverur hafa mikið þol gegn flúoríðum, enda er náttúrulegt flúorinnihald sjávar hátt (ca.1.4mg/l). Flúorlosun í þeim mæli sem álverksmiðjur, búnar nútíma hreinsibúnaði valda, hefur þess vegna ekki verið talið vandamál í sjó. Nokkrar rannsóknir í grennd við álverksmiðjur benda þó til þess, að þang og þari geti safnað í sig flúoríðum.

3.2.2.2. Brennisteinssambönd

Ef álverksmiðja er búin sjóþvottaturni er meginhluti brennisteinstvíoxíðs þveginn úr útblæstrinum og leiddur til sjávar. Brennisteinstvíoxíð umbreytist í þvottaturninum í súlfat, sem er sama hvarf og á sér stað í andrúmsloftinu. Ekki er líklegt að súlfat sem berst þannig til sjávar hafi neikvæð áhrif, en sýrustig fráveituvatns frá þvottaturni gæti haft einhver áhrif næst útrásinni. Súlfat þvæst úr andrúmsloftinu með regni og lendir að stærstum hluta í sjó. Áhrif súlfats, sem þannig berst í sjó, eru engin, enda mjög mikið magn súlfats náttúrulega í sjó (2.6 g/l).

3.2.2.3. Svifagnir og þungmálmar

Svifagnir er samheiti á fínkornóttum, föstum, óleystum efnum í vatni. Áhrif af völdum svifagna fara eftir efnasamsetningu þeirra. Í álframleiðslu er fyrst og fremst um efnin natríum, ál og flúoríð að ræða, sem ekki hafa neikvæð áhrif í sjávarumhverfi. Auk þess getur dregið úr gegnsæi og botnfellingar gætt ef styrkur svifagna verður mikill.

Spor af þungmálmum berast til álverksmiðja með hráefninu. Það af þessum þungmálmum sem ekki lendir í framleiddu áli berst út í umhverfið með úrgangi og fráveituvatni. Magnið sem um er að ræða er lítið, en ekki er vitað til að nákvæmar mælingar hafi verið gerðar. Helst má búast við að hægt verði að greina aukningu á styrk þungmálma í umhverfinu í botnseti sjávar.

Almennt er ekki litið á svifagnir og þungmálma frá áliðnaði sem vandamál hvað sjávarmengun varðar.

3.2.2.4. Cyaníð

Kerbrot innihalda cyaníð í litlum mæli. Í kerbrotum mun það aðallega vera bundið sem járnkomplexar sem eru lítið eitraðir. Ekki er vitað til að mælingar sem framkvæmdar hafa verið í grennd við förgunarstaði kerbrota í sjó hafi sýnt fram á skaðleg umhverfisáhrif af völdum cyaníðs. Sjá nánar kafla 4.3.

3.2.3. Álframleiðsla og gróðurhúsaáhrif

Þegar eitt tonn af áli er framleitt myndast u.þ.b. 1,2 tonn af kolefnistvíoxíði. Auk þess myndast lítils háttar af tetraflúorkolefni og hexaflúoretan. Óvíst er hversu mikið myndast af síðasttöldu efnunum. Samkvæmt norskum heimildum er talið að í álverum sem nota forbökuð skaut myndist aðeins um 2% af því sem myndast ef Söderbergaðferðin er notuð. Öll þrjú ofantalin efni eru fyrst og fremst talin auka á svokölluð gróðurhúsaáhrif.

Óbeint veldur álframleiðsla víða um heim aukinni koltvíoxíðlosun, þar sem kol, gas eða olía eru notuð til raforkuvinnslu. Koltvíoxíð sem losnar við framleiðslu rafmagns, sem framleitt er með kolum, gasi eða olíu vegna álframleiðslu er mun meira en það sem kemur frá álframleiðslunni sjálfri, eins og greinilega má sjá á mynd 2 hér að neðan.



Mynd 2. Losun á koltvíoxíði vegna rafmagnsframleiðsla og rafgreiningar.

3.3. Mengunarvarnir í álverum

Framleiðsla á áli með rafgreiningu er fyrst og fremst loftmengandi iðnaður. Sá búnaður sem notaður er til mengunarvarna er því að mestu leyti til varnar slíkri mengun. Vörnum gegn loftmengun þarf að beita víða í álframleiðslu. Í stuttu máli er um að ræða eftirfarandi:

Rykhreinsibúnaði er komið fyrir þar sem hætta er á verulegri rykmengun, til dæmis við flutning hráefnis, í skautasmiðju og steypuskála. Í flestum tilfellum eru notaðar svokallaðar pokasíur. Krafa hér á landi til slíks hreinsibúnaðar hefur verið sú, að ekki sé meira en 50 til 100 mg af ryki í hverjum rúmmetra lofts miðað við venjulegt hitastig og þrýsting (Nm^3), sem kemur frá hreinsibúnaðinum. Þetta þýðir í flestum tilfellum að útblástur er ekki sjáanlegur.

Þær loftmengunarvarnir sem mestu máli skipta og eru sérstakar fyrir álframleiðsluna er hreinsun á flúoríðefnasamböndum úr útblásturslofti. Á þessu sviði hafa orðið miklar framfarir á undanförnum árum eins og mynd 3 ber með sér. Á árunum eftir 1950 var byrjað að hreinsa flúor úr útblæstri álvera, fyrst með svonefndri vothreinsiaðferð, og minnkaði þá flúormengun úr ca. 20 kg niður í 6 kg fyrir hvert framleitt tonn af áli.



Mynd 3. Áhrif mismunandi hreinsibúnaðar á losun flúors út í andrúmsloftið og hvenær notkun viðkomandi hreinsibúnaðar hófst.

Sú aðferð, sem notuð er í dag, minnkaði flúormengunina niður fyrir 1 kg fyrir hvert framleitt tonn af áli og var fyrst notuð upp úr 1970. Þessi aðferð er almennt kölluð þurrhreinsiaðferð.



Mynd 4. Skýringarmynd af þurrhreinsibúnaði álvers.

Þurrhreinsiaðferðin byggir á því að afsogsloft frá rafgreiningarkerjum er leitt til tvíþætts hreinsibúnaðar. Afsogsloftið inniheldur meðal annars flúoríðsambönd í föstu formi en einnig flúorvetni, sem er lofttegund. Við þessa aðferð er flúorvetninu breytt í fast efni, sem síðan er, ásamt öðrum föstum efnum, hreinsað úr í sérstökum pokasíum. Gera má ráð fyrir að virkni hreinsibúnaðar af þessu tagi sé yfir 99%. Það ryk sem hreinsað er úr loftstraumnum inniheldur flúorsambönd, sem nýtast að nýju sem hráefni við framleiðsluna. Lítill hluti þeirrar loftmengunar sem til verður við rafgreininguna (1–3%) sleppur út í kerskálann og þaðan út um rjáfur kerskálanna út í ytra umhverfið. Þessi litli hluti veldur stærstum hluta flúoríðloftmengunar frá álveri sem búið er þurrhreinsibúnaði. Í nýrri álverum sem nota forbökuð rafskaut er ekki krafist hreinsunar á lofti sem fer út um rjáfur kerskálans. Í stað þess er reynt að draga úr kerskálamengun svo sem kostur er, með því að beina sem allra stærstum hluta kergasa til hreinsibúnaðarins. Mikilvægast í þessu sambandi er góð þjálfun og árvekni starfsfólks. Ef halda á flúorlosun við álframleiðslu innan við 1 kg á hvert framleitt tonn af áli er nauðsynlegt að beina yfir 97% af kergösunum til hreinsibúnaðar. Ofangreindur hreinsibúnaður, sem oft er einnig kallaður fyrsta stigs hreinsun, hreinsar ekki brennisteinstvíoxíð úr útblástrinum.

Til þess að hreinsa brennisteinstvíoxíð úr útblæstri álvera þarf að bæta við annars stigs hreinsun. Algengasti hreinsibúnaður af því tagi er sjóþvottaturn, sem hægt er að nota ef álver er staðsett við sjó. Almennt er ekki gerð krafa um slíka hreinsun á útblæstri álvera.

Þær þjóðir sem hafa undirgengist skuldbindingar um að draga úr brennisteinstvíoxíðmengun ná árangri í þá veru fyrst og fremst með því að gera kröfur um gæði kola og olíu eða nota gas í stað þeirra og með því að setja hreinsibúnað á kola- og olíukynt orkuver, en það eru stærstu einstöku uppsprettur þessarar mengunar.

Þótt ekki sé um sérlega vatnsmengandi iðnað að ræða er fráveituvatn leitt í gegnum hreinsibúnað. Leiða þarf olíumengað fráveituvatn í gegnum olíuskilju áður en það er leitt út í

viðtaka. Kælivatn frá málmsteypu þarf oft að leiða í gegnum hreinsibúnað til þess að hægt sé að uppfylla kröfur til hámarksinnihalds svifagna, flúoríðs, áls og jarðolíu.

Ýmis úrgangur fellur óhjákvæmilega til við starfsemina, svo sem kerbrot, skautaleifar, brotamálmur svo og venjulegur framleiðslu- og neysluúrgangur. Hluti þessa úrgangs telst umhverfismengandi og þarf því að beita sérstökum aðferðum til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll af hans völdum.

4. ÁLVER Á KEILISNESI

4.1. Könnun á umhverfisáhrifum

Þær athuganir sem hingað til hafa farið fram á umhverfisáhrifum nýs álvers á Keilisnesi eru aðallega vegna mats á dreifingu loftmengunarefna. Upplýsinga um þetta atriði var að sjálfsögðu aflað áður en staðsetning var ákveðin. Þau loftmengunarefni sem dreifing hefur verið reiknuð út fyrir eru þau sem mest fer af út í umhverfið, þ.e. flúoríð, brennisteinstvíoxíð og svifryk. Þar sem engin veðurfarsgögn voru til frá Keilisnesi, voru dreifiútreikningar, sem notaðir voru við mat á staðsetningu framkvæmdir með veðurfarsgögnum frá Straumsvík og Keflavík.

Til að unnt sé að framkvæma nákvæmari dreifiútreikninga þurfa góðar upplýsingar um veðurfar og stöðugleika andrúmslofts að vera fyrir hendi. Öflun slíkra upplýsinga, þar sem hugað er sérstaklega að dreifistuðlum, vindhraða, vindstefnu og stöðugleika í mismunandi hæð, hefur nú staðið yfir á væntanlegum byggingarstað frá því í júlí 1990. Niðurstöður úr þessum athugunum, sem þá höfðu staðið í fjóra mánuði, voru notaðar við útreikninga sem gerðir voru í desember síðastliðnum. Auk veðurfarsgagna voru útreikningarnir framkvæmdir miðað við eftirfarandi:

Fjöldi skorsteina á verksmiðju	2
Hæð skorsteina	30m
Þvermál skorsteina	4.4m
Rúmmál útblásturslofts frá hreinsibúnaði	400m³/sek≈338Nm³/sek
Hitastig útblásturslofts frá hreinsibúnaði	50°C
Fjöldi kerskála	2
Fjarlægð milli kerskála	90m
Hæð kerskála	20m
Lengd kerskála	790m
Rúmmál útblásturslofts frá kerskálum	6300m³/sek
Hitastig útblásturslofts frá kerskálum	3°C hærra en útiloft
Losun flúoríðs að meðaltali á mánuði	1kg/tAl
Losun flúoríðs að meðaltali á ári	0.75kg/tAl
Losun brennisteinstvíoxíðs að meðaltali á mánuði	28kg/tAl
Losun brennisteinstvíoxíðs að meðaltali á ári	21kg/tAl
Losun ryks að meðaltali á mánuði	4kg/tAl
Losun ryks að meðaltali á ári	3kg/tAl

Niðurstöður þessara dreifiútreikninga voru í stuttu máli eftirfarandi (sjá fylgiskjal 3):

Út frá mengunarvarnasjónarmiðum er hagstætt að reisa álverksmiðju á Keilisnesi. Dreifing mengunarefna er jöfn, enda vindasamt og landslag flatt. Stærsti hluti mengunarefna dreifist á haf út, en minnstur hluti þeirra dreifist til austurs og vesturs. Styrkur brennisteinstvíoxíðs í lofti er allsstaðar undir viðmiðunarmörkum mengunarvarnareglugerðarinnar utan við eins kílómetra fjarlægð frá verksmiðju. Styrkur loftkennds flúoríðs í lofti er undir viðmiðunar-

mörkum sem miðað er við, þ.e. mörk sem norska umhverfisverndarstofnunin mælir með til verndar gróðri, utan við tveggja kílómetra fjarlægð frá verksmiðju. Styrkur svifryks í lofti fer líklega hvergi yfir viðmiðunarmörk mengunarvarnareglugerðar.

Samkvæmt ofangreindum niðurstöðum er þess að vænta, þar sem viðmiðunarmörkum er ætlað að vernda viðkvæmasta umhverfisþáttinn, að utan tveggja kílómetra radíus frá verksmiðju séu loftgæði slík að ekki sé hætta á neinum umhverfisskaða. Innan þessara fjarlægðamarka verður hins vegar að gera ráð fyrir möguleika á gróðurskemmdum. Það skal þó skýrt tekið fram að viðmiðunarmörk eru ákveðin þannig að skemmda á ekki að verða vart sé mengun við mörkin og jafnvel eitthvað hærri. Við hvaða mörk nákvæmlega skemmda verður vart er engin leið að fullyrða. Veðurfar, vaxtarskilyrði og aðrir sérstakir umhverfisþættir vega þungt í því sambandi, þannig að erfitt getur verið að nota niðurstöður sem fengnar eru erlendis frá.

Áður en starfsemi álversins hefst er gert ráð fyrir að kanna marga aðra umhverfisþætti en dreifingu loftmengunarefna. Upptalning á þessum þáttum er í drögum að starfsleyfi. Niðurstöður úr þessum athugunum eru mikilvægar til að unnt sé, með samanburði við síðari rannsóknir, að meta umhverfisáhrif álframleiðslu á þessum stað.

4.2. Mengunarvarnareglugerð

Mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 nær til allrar mengunar ytra umhverfis, svo og allrar starfsemi og framkvæmda, sem haft geta í för með sér slíka mengun.

8. kafli reglugerðarinnar fjallar um starfsleyfi fyrir mengandi atvinnustarfsemi. Starfsleyfi er sú aðferð sem beitt er hér á landi til að ná utan um og hafa eftirlit með mengun frá atvinnurekstri. Viss atvinnurekstur má ekki hefja starfsemi fyrr en að fengnu leyfi umhverfisráðherra. Þessi atvinnurekstur er talinn upp í 7. viðauka reglugerðarinnar. Álframleiðsla er þar á meðal.

Mengunarvarnareglugerð kveður á um að starfsleyfi skuli unnið með eftirfarandi hætti:

Umsóknir um starfsleyfi skulu sendar Hollustuvernd ríkisins, sem vinnur tillögur að starfsleyfi.

Við gerð starfsleyfistillagna skal ávallt leita umsagnar Náttúruverndarráðs og viðkomandi heilbrigðisnefndar. Einnig skal leita umsagnar annarra sérfróðra aðila, eftir því sem við á hverju sinni.

Starfsleyfistillögur skulu liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum, sem rétt hafa til að gera athugasemdir, en þeir eru:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis, sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir, sem málið varðar.

Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda Hollustuvernd ríkisins. Stofnunin kannar málið í ljósi þeirra athugasemda, sem fram hafa komið og lætur í ljós álit sitt.

Hollustuvernd ríkisins afgreiðir endanlegar starfsleyfistillögur til Umhverfisráðuneytis. Umhverfisráðuneytið gefur út starfsleyfið og skal það birt í B-deild Stjórnartíðinda í formi auglýsingar.

Í mengunarvarnareglugerð eru í viðaukum viðmiðunarmörk fyrir leyfilega loft- og vatnsmengun af völdum tiltekinna efna, svo og mörk fyrir hávaðamengun og ákvæði um hvernig fara skuli með og farga úrgangi. Ofangreind skilyrði þurfa að sjálfsögðu starfsleyfisskyld fyrirtæki að uppfylla og þau eru notuð til að meta áhrif starfseminnar á umhverfið. Mikilvægt atriði í mengunarvarnareglugerð er ákvæði um að skilgreint sé svokallað þynningarsvæði, þar sem eftirlitsaðilar með reglugerðinni samþykkja að styrkur mengunarefna megi

vera yfir viðmiðunarmörkum. Þynningarsvæði er í mörgum tilfellum nauðsynlegt, m.a. þegar um álver er að ræða, vegna þess að þegar mikið magn mengunarefna fer út í umhverfið frá einum stað er útilokað að uppfylla viðmiðunarmörk, sem gilda eiga í ytra umhverfi, fyrr en mengunarefnin hafa blandast viðtakanum nægilega. Við skipulagsvinnu þarf m.a. að taka tillit til þessara þátta.

4.3. Starfsleyfi fyrir álver Atlantsáls á Keilisnesi

Á fundi umhverfisnefndar Atlantsáls með fulltrúum íslenskra stjórnvalda í Reykjavík í júní 1990 var ákveðið að fyrirtækið sækti um starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar. Vinna að undirbúningi starfsleyfis hófst síðan í júlí. Mikil vinna hefur verið lögð í þetta starf til að gera starfsleyfið og allt er því viðkemur sem best úr garði. Umhverfisráðherra skipaði m.a., eins og greint er frá í inngangi, sérfræðingahóp til aðstoðar við vinnslu þess. Starfsleyfið er háð ákvæðum mengunarvarnareglugerðar og verður fyrirtækið að hlíta þeim lögum og reglugerðum er gilda hérlendis á sviði umhverfismála, eins og önnur mengandi starfsemi í landinu.

Fulltrúar Umhverfisráðuneytis og Hollustuverndar ríkisins hafa átt fimm fundi með umhverfisnefnd Atlantsáls vegna starfsleyfistillagna og nauðsynlegra undirbúningsrannsókna vegna álversins. Iðnaðarráðuneytið hefur átt fulltrúa á þessum fundum.

Tillaga að starfsleyfi var tilbúin í byrjun ágúst sl. og lá hún frammi til kynningar á skrifstofu sveitarstjórnar Vatnsleysustrandarhrepps frá 16. ágúst til 1. október 1991. 4. september 1991 gengust Hollustuvernd ríkisins og Umhverfisráðuneytið fyrir kynningarfundi fyrir íbúa Vatnsleysustrandarhrepps. Þar var gerð grein fyrir umhverfisáhrifum álbræðslu, starfsleyfið kynnt, gerð grein fyrir ákvæðum væntanlegs aðalsamnings um endurskoðun starfsleyfis og fyrirspurnum svarað. Einnig hafa Hollustuvernd ríkisins og Umhverfisráðuneytið átt fundi með heilbrigðisnefnd Suðurnesja, Náttúruverndarráði og Siglingamálastofnun ríkisins og veitt þessum aðilum allar þær upplýsingar, sem óskað hefur verið eftir.

Í fyrsta kafla starfsleyfisdraganna eru almenn ákvæði. Hér eru m.a. ýmsar skilgreiningar, fjallað er um þau lög og reglugerðir sem gilda um starfsleyfið, hvernig meðhöndla eigi ágreiningsmál og að starfsleyfið megi endurskoða í samræmi við ákvæði aðalsamnings sem gerður verður á milli ríkisstjórnar Íslands og aðildarfyrirtækja Atlantsáls. Jafnframt er kveðið á um að fulltrúar mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins geti skoðað álverið hvenær sem er og að mengunarvarnasvið Hollustuverndar ríkisins skuli tilnefna fulltrúa sinn sem tengilið við Atlantsál. Slíkt hið sama skal Atlantsál gera. Tengiliður Atlantsáls við mengunarvarnasvið Hollustuverndar ríkisins skal vera ábyrgur fyrir öllum aðgerðum í mengunarvörnum í álverinu.

Í þessum fyrsta kafla er einnig fjallað um stærð þynningarsvæðis, en samkvæmt mengunarvarnareglugerð skal ákveða slíkt svæði umhverfis verksmiðjuna. Með þynningarsvæði er átt við þann hluta næst verksmiðjunni, þar sem mengun má vera yfir viðmiðunarmörkum. Samkvæmt niðurstöðum dreifiútreikninga, sem gerðir hafa verið til að spá fyrir um styrk loftmengunarefna í nágrenni verksmiðjunnar, má búast við að þynningarsvæði nái 2 kílómetra út frá verksmiðjunni. Fyrstu 36 rekstrarmánuðina er þó gert ráð fyrir að heimilað verði að þynningarsvæðið verði hringur með 4 kílómetra geisla meðan verið er að koma rekstri í endanlegt horf.

Að síðustu er í fyrsta kafla kveðið á um loftgæðastaðla fyrir svæðið utan þynningarsvæðis.

Í öðrum kafla starfsleyfisdraganna er fjallað um varnir gegn mengun ytra umhverfis. Þar eru settar fram kröfur um mengunarmörk, umgengni og viðhald.

Áhersla er lögð á að mengunarefni frá verksmiðjunni hafi sem minnst skaðleg áhrif á umhverfið. Við gerð starfsleyfistillagna var framleiðsluferill álversins skoðaður vandlega og hvaða ráðstafanir hægt væri að gera, til að takmarka mengun.

Hvað loftmengun varðar er gerð krafa um hreinsun alls útblásturs sem inniheldur umtalsverða rykmengun. Slíkur útblástur er víða í framleiðsluferlinu og engan veginn bundinn við rafgreininguna. Krafa er um að útblástur frá kerskála skuli leiddur í gegnum þurrhreinsibúnað þannig hannaðan að hreinsun verði skilvirk og ákvæði starfsleyfisins uppfyllt, þótt bilun verði í einni hreinsieiningu. Þurrhreinsibúnaður hreinsar fyrst og fremst flúoríð og ryk úr útblæstrinum.

Jafnframt er kveðið á um það, að hönnun og fyrirkomulag álversins skuli vera þannig, að hægt verði að gera breytingar eða koma við viðbótarbúnaði sem kann að þykja æskilegur vegna framfara í tæknibúnaði til mengunarvarna, eða sem kann að verða þörf fyrir til að fullnægja skilyrðum starfsleyfisins.

Í þessum kafla er einnig tafla um leyfilegt magn þeirra loftmengunarefna, sem losa má út í umhverfið. Hámarksgildi er ákveðið fyrir heildarflúoríð, ryk og brennisteinstvíoxíð, en það eru þau lofmengunarefni sem mestum áhyggjum valda frá álverksmiðju sem notar forbökuð rafskaut. Gert er ráð fyrir því að verksmiðjan uppfylli skilyrði um brennisteinstvíoxíðlosun með því að nota rafskaut sem innihalda ekki meira en u.þ.b. 2% brennistein, og þurfi því ekki að vera búin sérstökum hreinsibúnaði fyrir brennisteinstvíoxíð. Hins vegar er kveðið á um það, að fylgjast beri grannt með framtíðarþróun sem miði að því að draga úr útblæstri brennisteinstvíoxíðs enn frekar.

Með tilliti til dreifingar loftmengunarefna, eins og fram hefur komið hér að framan, eru aðstæður á Keilisnesi að ýmsu leyti mjög heppilegar. Dreifiútreikningar benda til þess að brennisteinstvíoxíð muni vera yfir viðmiðunarmörkum innan við einn kílómetra frá verksmiðju, á minna svæði en flúoríð þrátt fyrir mjög fullkomna hreinsun þess. Það þótti því ekki rétt vegna lítilla staðbundinnar umhverfismengunar og verulegs kostnaðar, við uppsetningu og rekstur sjóþvottaturns að gera kröfu um hreinsun brennisteinstvíoxíðs úr kergösum. Einnig vó það þungt að yfirleitt er í dag ekki gerð sú krafa til álvera annars staðar að brennisteinstvíoxíð sé hreinsað. Slíkur búnaður er þó í álverum í Noregi og Svíþjóð. Gerð er krafa um hreinsun í starfsleyfum viðkomandi fyrirtækja. Auk þess er vitað til að brennisteinstvíoxíðhreinsun er í tveimur álverum í Bandaríkjunum en það eru Columbia Aluminium Corporation í Goldendale í Washington og í Northwest Aluminium Co. í Dalles í Oregon.

Ísland hefur staðfest aðild að ECE samningi um aðborna loftmengun. Samningurinn tók gildi 16. mars 1983. Sérstakir samningar hafa verið gerðir sem viðaukar við þennan samning. Þar er m.a. samningur frá árinu 1985 um að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs. Ísland sá sér ekki fært að skrifa undir þennan viðaukasamning þar sem orkuvinnsla hér er með sérstökum hætti og losun brennisteinstvíoxíðs frá einstökum fyrirtækjum er stórt hlutfall af heildinni. Auk brennisteinstvíoxíðs sem fylgir brennslu olíu til flutninga, fiskveiða og fiskbræðslu losa þrjú fyrirtæki brennisteinstvíoxíð út í andrúmsloftið í einhverjum mæli, en það eru álverið í Straumsvík, Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga og Sementsverksmiðja ríkisins. Þau lönd sem ákveðið hafa að draga úr losun brennisteinstvíoxíðs ná árangri í þá veru fyrst og fremst með því að minnka magnið sem kemur frá olíu- og kolakyntum orkuverum. Slíku er ekki til að dreifa hér á landi. Ráðagerðir eru uppi um það nú að gera nýja viðaukasamninga, sem byggja á upplýsingum um það hver þolmörk náttúrunnar eru með tilliti til mengunarefna, fremur en að byggja á ákveðinni hlutfallsminnkun.

Í norrænu umhverfisverndaráætluninni sem undirrituð var af umhverfisráðherrum Norðurlandanna 10. janúar 1989 er almennt gerð sú krafa að mörk fyrir mengun verði í samræmi við það sem umhverfið þolir.

Hvað flúoríð varðar er sú krafa sett fram að ekki verði um meiri losun að ræða en sem svarar 0,75 kg fyrir hvert framleitt tonn af áli. Hér er um að ræða ákvörðun, sem samkomulag varð um í sérfræðinganefnd umhverfisráðherra, sem getið er um hér að framan. Þessi krafa þýðir að álverið verður að beina a.m.k. 98% af kergösum til hreinsibúnaðarins miðað við eðlilegan rekstur. Í nýju álveri á þetta að vera tæknilega vandalaust, en verulega reynir á

stjórnendur og starfsmenn hvað vinnubrögð varðar. Í mörgum álverum í dag hefur tekist að ná jafnvel enn betri árangri og því er það von umhverfisyfirvalda að raunveruleg losun, eftir að álverið hefur tekið til starfa, verði töluvert fyrir neðan kröfuna miðað við eðlilegar aðstæður. Tímabundin vandamál í rekstri geta þýtt aukna losun. Hún skal rúmast innan ofangreindrar kröfu. Losun þarf því almennt að vera vel undir mörkunum.

Fráveitur þurfa að uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru í mengunarvarnareglugerð. Olíumengað fráveituvatn þarf skv. starfsleyfisdrögunum að fara í gegnum olíuskilju áður en það er leitt út í viðtaka. Hringrás verður á kælivatni frá málmsteypu, en nauðsynlegt verður að leiða fráveituvatn þaðan í gegnum hreinsibúnað til að hægt sé að uppfylla kröfur starfsleyfis um hámarksinnihald svifagna, áls og olíu. Einnig eru kröfur um ákveðið sýrustig kælivatns.

Í starfsleyfisdrögunum er kveðið á um förgun og nýtingu úrgangs. Ákvæði er um að leita skuli allra mögulegra og hagkvæmra leiða til að endurnýta þann úrgang sem til fellur. Sorp, umbúðir og þess háttar úrgang skal flytja til viðurkennds móttökustaðar. Öll spilliefni skal endurvinna eða farga samkvæmt reglum er um það gilda hérlendis. Kerbrot, skautaleifar og byggingarúrgang sem ekki er unnt að nýta strax er heimilt að losa í flæðigryfjur. Förgun kerbrota í flæðigryfjur er aðferð, sem notuð hefur verið víða við álverksmiðjur, m.a. í Noregi og álverinu í Straumsvík. Sjór fer um gryfjurnar vegna sjávarfalla. Ekki er vitað til þess að umhverfisskaði hafi orðið af völdum þessarar aðferðar.

Mikil vinna er nú lögð í það víða um lönd að finna heppilegar leiðir til að nýta þennan úrgang, m.a. með því að vinna úr honum flúor, ál og kolefni. Önnur leið til að nýta þennan úrgang er að brenna hann og nýta þannig þá orku, sem í honum er. Sem stendur er verið að gera tilraunir til að nýta hluta þessa úrgangs frá Ísal í Sementsverksmiðju ríkisins. Þær tilraunir lofa góðu. Þar sem kerbrot falla ekki til fyrr en fjórum til sex árum eftir að væntanlegt álver á Keilisnesi hefur hafið starfsemi, þá er mögulegt að fyrir þann tíma (um árið 2000) hafi fundist hagkvæm lausn til nýtingar kerbrotanna. Verði sú raunin kemur ekki til þess að þau verði losuð í flæðigryfjur.

Að lokum er í kafla 2 í starfsleyfisdrögunum fjallað um hávaða. Mörk sem takmarka hávaðamengun frá starfseminni eru í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar um hávaða á iðnaðarsvæði.

Í kafla 3 í starfsleyfisdrögunum er fjallað um mælingar og eftirlit.

Í starfsleyfisdrögunum eru ítarleg ákvæði um umhverfisrannsóknir sem fram skulu fara áður en álverið tekur til starfa og endurtekningu á þeim eftir að starfsemi hefst, þannig að samanburður fáist og hægt sé á þann hátt að fylgjast með og meta þau áhrif sem starfsemin hefur á næsta umhverfi. Um þennan þátt er nánar fjallað í kafla 4.4. hér á eftir. Samkomulag er um umfang þessara mælinga, svo og um eftirlitsmælingar með magni þess sem losað er út í umhverfið. Í kaflanum er fjallað um þau efni sem fylgjast á með losun á út í umhverfið, hvar eigi að mæla og hversu oft. Þetta ásamt ströngum kröfum um hámark mengunar tryggir að hægt verði að halda mengun frá álverinu í lágmarki. Gerð er krafa um stöðugar mælingar mengunarefna í skorsteinum frá hreinsibúnaði, með tækjum sem gefa aflestur með stuttu millibili. Þetta er mjög mikilvægt til að fylgjast náið með því sem út fer, en ekki síður til að fylgjast með breytingum á virkni hreinsibúnaðar. Þannig gefur breyting á magni mengunarefna strax til kynna bilun í búnaðinum. Þetta er mikilvægt öryggisatriði sem ætti jafnframt að stuðla að lágmarkslosun mengunarefna út í umhverfið. Stöðugar mælingar af þessu tagi eru, eftir því sem best er vitað, tiltölulega fátíðar í áliðnaðinum í dag. Fyrirtækið sjálft ber ábyrgð á öllum mælingum, og skal koma upp viðeigandi aðstöðu í því skyni og bera allan kostnað. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með mælingunum og mæliaðferðum í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar. Einnig er kveðið á um tilkynningarskyldu Atlantsáls ef alvarleg bilun verður í þurrhreinsibúnaði, þannig að skilyrði starfsleyfisins séu ekki uppfyllt.

A.m.k. einu sinni á ári skulu fulltrúar Atlantsáls, mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Siglingamálastofnunar ríkisins og heilbrigðisnefndar Suðurnesja koma saman til samráðs- og upplýsingafundar. Á þessum fundum á m.a. að kynna og ræða um þá mengunarþætti er varða álverið og fara yfir niðurstöður mælinga. Jafnframt á að ræða almennt um þau umhverfismál sem snerta fyrrnefndar stofnanir og annað sem á döfinni er hverju sinni.

Síðasti kafli starfsleyfisdraganna fjallar síðan um eftirlitsgjöld og annan kostnað, svo sem vinnslu og útgáfu starfsleyfis og kostnað við umhverfismælingar.

4.4. Umhverfisrannsóknir samkvæmt kafla 3.2. í starfsleyfisdrögum

Markmið með umhverfisrannsóknunum er fyrst og fremst að:

a) fylgjast með áhrifum álversins á nálægt umhverfi til að hægt sé að koma í veg fyrir umhverfisspjöll á villtu lífi í nágrenni við álverið eftir að verksmiðjan hefur tekið til starfa
b) afla grunnþekkingar á áhrifum álverksmiðju á íslenskt umhverfi ef síðar meir verður byggt nýtt álver í viðbót við umrætt álver, eða fyrirhugað álver stækkað
c) ákvarða þolmörk íslensks gróðurs og dýralífs gagnvart mengun frá álveri.

Umhverfismælingar verða framkvæmdar bæði áður og eftir að álverið tekur til starfa.

Á fundi um starfsleyfisdrög og umhverfismál í Reykjavík 25.–27. júní sl. var fjallað um umhverfisrannsóknir áður en starfsemin hefst. Umhverfisráðuneytið og umhverfisnefnd Atlantsáls gerðu þá samning um framkvæmd umhverfismælinga og rannsókna. Þar var samþykkt að verja US $ 900.000 til forrannsókna og jafnframt kveðið á um að Atlantsál ráði íslenskan aðila til að stjórna verkinu. Rannsóknaráætlun og umfang verður ákveðið í samráði við sérfræðinganefnd umhverfisráðherra. Umfang skal vera sambærilegt við umhverfisathuganir sem gerðar hafa verið við svipaðar framkvæmdir í öðrum álverum. Tekið verður tillit til þeirra atriða sem eru einkennandi fyrir staðinn. Atlantsál er ábyrgt fyrir framkvæmd umhverfisrannsóknanna skv. kafla 3.2. í starfsleyfisdrögunum, en ráðnir verða íslenskir sérfræðingar og stofnanir til að framkvæma einstaka þætti. Umhverfisnefnd Atlantsáls hefur gengið frá verksamningi við Iðntæknistofnun um fyrsta áfanga umhverfisrannsóknanna. Í honum felst að hafa umsjón með undirbúningsathugunum, öflun vísindalegra gagna um ýmsa umhverfisþætti varðandi álverið og hafa samband við hugsanlega rannsóknaraðila um nauðsynlegar og æskilegar umhverfisrannsóknir og um möguleika þeirra til að sinna þeim.

Sérfræðingahópur, sem umhverfisráðherra skipaði 9. september 1991, mun verða til ráðuneytis og hafa eftirlit með þessum forrannsóknum. Megintilgangur forrannsókna er að afla nægilegra gagna um umhverfi verksmiðjunnar áður en framkvæmdir og rekstur hefst til að hægt sé að meta umhverfisáhrif eftir að verksmiðjan er komin í gang.

Í sérfræðingahópnum eiga sæti:

Magnús Jóhannesson, efnaverkfræðingur,
Gunnar Steinn Jónsson, líffræðingur,
Þorsteinn I. Sigfússon, eðlisfræðingur.

5. ENDURSKOÐUNARÁKVÆÐI STARFSLEYFIS Í FYRIRHUGUÐUM AÐALSAMNINGI

Haustið 1990 var ákveðið að ákvæði um endurskoðun á starfsleyfi yrði hluti fyrirhugaðs aðalsamnings milli íslenska ríkisins og fyrirtækjanna sem standa að Atlantsáli. Um þetta hefur orðið fullt samkomulag, bæði í fyrri og einnig í núverandi ríkisstjórn. Á fundi lögfræðinganefndar aðilanna, sem mynda Atlantsál, 30. maí sl. tókst samkomulag um orðalag 6. greinar fyrirhugaðs aðalsamningsins, sem fjallar um umhverfis- og öryggismál, með fyrirvara um að

heildarsamkomulag náist. Í greininni er fjallað um endurskoðun og útgáfu starfsleyfis og er meginefni hennar eftirfarandi:

1) Um meðferð umsóknar um starfsleyfi fer samkvæmt íslenskum lögum og reglum. Hönnun og rekstur álversins skal vera í samræmi við íslensk lög og reglugerðir um mengunarvarnir og náttúruvernd. Komi í ljós að ákvæði laga og reglugerða stangist á við ákvæði starfsleyfisins þá er kveðið á um að ákvæði þess ríki.
   Leyfið verður gefið út samtímis eða fyrir undirritun fyrirhugaðs aðalsamnings og gildir jafn lengi og aðalsamningurinn, þ.m.t. með hugsanlegri framlengingu.
2) Endurskoða má leyfið og breyta því 10 árum eftir að rekstur hefst og eftir það á 7 ára fresti, ef:
   i) nýrra aðferða, aðgerða eða tækjabúnaðar er krafist samkvæmt íslenskum lögum, og
   ii) ný tækni, nýjar aðferðir, aðgerðir eða tæki til að stjórna útrennsli, útstreymi eða losun lofts, vökva eða fasts efnis, hafa, á grundvelli alþjóðlegra sáttmála, almennt verið skyldubundnar og komið til framkvæmda í álverum í OECD ríkjunum sem hönnuð eru um svipað leyti og Atlantsálsálverið og með áþekkri hönnun og tækni og álver sem starfa við svipuð skilyrði og Atlantsálsálverið, og
   iii) uppsetning nýs búnaðar til mengunarvarna er jafn nauðsynlegur í álverinu og á öðrum stöðum þar sem slíks búnaðar hefur verið krafist og hann settur upp.
3) Breytingar á álverinu, er leiða af breytingum á starfsleyfi, skulu gerðar í áföngum á eðlilegu tímabili og að teknu tilliti til fjárhagslegra aðstæðna við framkvæmd slíkra breytinga í OECD ríkjunum. Álverið skal að öllu leyti hljóta meðferð samkvæmt íslenskum lögum, reglum og stjórnsýsluvenjum ekki óhagstæðari en veitt er íslenskum fyrirtækjum við líkar aðstæður.
4) Ef áður óþekkt, skaðleg umhverfisáhrif uppgötvast eða hætta er á slíkum áhrifum, sem ekki var hægt að sjá fyrir og rekja má til álversins og sem ekki er hægt að koma í veg fyrir eða bæta úr með aðferðum sem starfsleyfið kveður á um, munu aðilar hefja samningaviðræður um aðgerðir til þess að upphefja þessi áhrif.
5) Hönnun álversins og rekstur þess skuli vera í samræmi við íslensk lög og reglugerðir er varða hollustu, öryggi og hreinlæti á vinnusvæðinu.

Drög að frumvarpi til laga um heimild til samninga um álver á Keilisnesi voru fylgiskjal með fyrrgreindri skýrslu til Alþingis. Í 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimildir til samninga um útgáfu, gildistíma og endurskoðun starfsleyfisins. Í 10. gr. segir m.a.:

„Með samningum, sem gerðir verða samkvæmt lögum þessum, og í starfsleyfi fyrir álverið skal heimilt að kveða á um eftirfarandi:

1. Að starfsleyfið verði gefið út samhliða þessum samningi og gildi jafnlengi og samstarfssamningarnir skv. 1. gr. laga þessara, þ.m.t. með hugsanlegri framlengingu.
2. Að starfsleyfið verði einungis tekið til endurskoðunar á tilteknum umsömdum tímamörkum og í samræmi við nánari ákvæði samninga sem gerðir verða skv. þessum heimildarlögum."

Í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um álver á Keilisnesi, sem lögð var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi vorið 1991 var gerð grein fyrir meginefni allra helstu greina fyrirhugaðs aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Atlantsálsaðilanna hins vegar, um byggingu og rekstur álvers á Keilisnesi í Vatnsleysustrandarhreppi.

Fylgiskjal 1.

UMHVERFISRÁÐHERRA

«DATA ÁL»
«Nafn»
«heimili»
«póststöð»

Reykjavík, 25.06.1990
Tilv.: 022-6. JS/ió

Hér með eruð þér skipaður í ráðgjafarnefnd til að fylgjast með samningaviðræðum við fulltrúa Atlantsálshópsins hvað varðar umhverfisáhrif frá álveri, sem fyrirhugað er að reisa hér á landi. Nefndinni er ætlað að vera ráðherra til ráðuneytis og ráðgjafar um hver verði umhverfisáhrif frá fyrirhuguðu álveri og hvernig þau skulu metin, hvert sé eðlilegt hámark umhverfismengunar frá slíku álveri og hvernig mengunarvörnum skuli háttað til þess að slíkum markmiðum verði náð og þá án tillits til staðsetningar þess. Enn fremur er gert ráð fyrir, að nefndin hafi samvinnu við ráðgjafarnefnd iðnaðarráðuneytisins um umhverfismál og ásamt henni fari yfir þá skýrslu um umhverfisáhrif fyrirhugaðs álvers ("the Environmental Impact Statement"), sem samningsaðilar munu láta gera, og meta niðurstöður hennar.

Nefndin á einnig að vera umhverfisráðherra til aðstoðar við samninga um umhverfis- og mengunarvarnir vegna fyrirhugaðs álvers. Umhverfisráðherra mun gefa út starfsleyfi vegna álversins ef af byggingu þess verður. Munu starfsmenn mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins sjá um allan undirbúnng vegna starfsleyfisins í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989 með síðari breytingum. Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarnasviðs, mun því starfa með nefndinni, sitja fundi hennar og veita allar nauðsynlegar upplýsingar, sem tiltækar eru.

Í nefndinni eiga sæti :

Eggert Steinsen, verkfræðingur, formaður
Gísli Már Gíslason, prófessor
Ragnar Sigbjörnsson, prófessor
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, verkfræðingur
Þóroddur F. Þóroddsson, jarðfræðingur

Með bréfi 19. júlí 1990 var Þorsteinn I. Sigfússon, prófessor, einnig skipaður í nefndina.

Póstfang: Sölvhólsgata 4, 150 Reykjavík. Sími: 609000. Bréfasími: 624566. Kt. 571189-1519.

Fylgiskjal 2.

LÖGMENN
HÖFÐABAKKA

HÖFÐABAKKI 9, 6. HÆÐ · 112 REYKJAVÍK · SÍMI (91) 681211 (5 LÍNUR) · TELEFAX (91) 671270 · TELEX: 2375 MECH IS · KT. 420180-0479

50-18-01
- 2 JUL 1990
R_MXE_

VILHJÁLMUR ÁRNASON HRL.
ÓLAFUR AXELSSON HRL.
EIRÍKUR TÓMASSON HRL.
ÁRNI VILHJÁLMSSON HDL.
HREINN LOFTSSON HDL.

ET/mh/436. Reykjavík, 28. júní 1990

Hollustuvernd ríkisins,
Ármúla 1a,
108 REYKJAVÍK.

Ég undirritaður sæki hér með fyrir hönd Atlantsál, Reykjavík, um starfsleyfi samkvæmt 8. kafla mengunarvarna-reglugerðar nr. 386/1989, sbr. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988, vegna álvers sem fyrirhugað er að reisa og starfrækja á vegum fyrirtækisins hér á landi. Staðsetning álversins hefur enn ekki verið ákveðin, en stefnt er að því að gera það í septembermánuði n.k.

Upplýsingar um álverið og líkleg áhrif af starfrækslu þess á nánasta umhverfi, svo og önnur gögn sem máli kunna að skipta, verða látin yður í té við fyrsta tækifæri.

Virðingarfyllst,
f.h. Eiríks Tómassonar, hrl.,
Árni Vilhjálmsson, hdl.

VERKFRÆÐISTOFAN 90.05
VATNASKIL 91-11-08 SPK

M. Í. L.

KEILISNES
Reiknaður styrkur SO_2
á tímabilinu ágúst - nóvember 1990



Áætlað verksmiðjusvæði afmarkast með svartri línu

Stærð verksmiðju: 200.000 tonn

Innan grænu línunnar er styrkur meiri en 10 míkróg/m³

Innan rauðu línunnar er styrkur meiri en 30 míkróg/m³

Innan rauðu línunnar eru kröfur íslenskrar mengunarvarna-reglugerðar ekki uppfylltar

Mælikvarði 1:80.000

VERKFRÆÐISTOFAN 90.05
VATNASKIL 91-11-06 SPK

M. Í. L.

KEILISNES
Reiknaður styrkur flúors
á tímabilinu ágúst - nóvember 1990



Áætlað verksmiðjusvæði
afmarkast með svartri línu

Stærð verksmiðju: 200.000 tonn

Innan fjólublárrar línunnar er
styrkur meiri en 0.6 míkróg/m³

Innan grænu línunnar er styrkur
meiri en 1 míkróg/m³

Innan rauðu línunnar er styrkur
meiri en 3 míkróg/m³

Innan fjólublárrar línunnar er
styrkurinn yfir þeim mörkum
sem sett eru í norskum
viðmiðunarreglum

Mælikvarði 1:80.000

VERKFRÆÐISTOFAN 90.05
VATNASKIL 91-11-08 SPK

M. Í. L.

KEILISNES
Reiknaður styrkur ryks
á tímabilinu ágúst - nóvember 1990



Áætlað verksmiðjusvæði
afmarkast með svartri línu

Stærð verksmiðju: 200.000 tonn

Innan grænu línunnar er styrkur
meiri en 5 míkróg/m³

Innan rauðu línunnar er styrkur
meiri en 10 míkróg/m³

Í íslensku mengunarvarna-
reglugerðinni er leyfilegur
hámarksstyrkur ryks
40 míkróg/m³

Mælikvarði 1:80.000

Þingskjal 145

1356

VERKFRÆÐISTOFAN 90.05
VATNASKIL 90-12-15 SPK

KEILISNES M. Í. L.

Windrose August - November 1990



Figure 1

Fylgiskjal 4.

8. Kafli mengunarvarnareglugerðar nr. 389/90

STARFSLEYFI FYRIR ATVINNUREKSTUR, SEM GETUR HAFT Í FÖR MEÐ SÉR MENGUN.

8.1. *Atvinnurekstur, sem umhverfisráðherra veitir starfsleyfi.*

8.1.1. Atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 7 með reglugerð þessari má ekki hefja fyrr en fengið er starfsleyfi ráðherra skv. ákvæðum 8.2., 8.3. og 8.4. þessa kafla.

8.1.2. Eigi má breyta eða auka við atvinnurekstur skv. viðauka 7, ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.

8.1.3. Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, sem leitar samráðs hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar, bætt við og fellt út atvinnurekstur í viðauka 7 og 9.

8.2. *Starfsleyfisumsóknir og vinnsla starfsleyfistillagna.*

8.2.1. Umsóknir um starfsleyfi skulu sendar Hollustuvernd ríkisins. Umsækjendur greiða kostnað við starfsleyfisvinnsluna samkvæmt gjaldskrá, sem ráðherra gefur út.

8.2.2. Umsóknum skal fylgja nákvæm lýsing á starfseminni, upplýsingar um mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir, lýsing á og uppdrættir af staðsetningu, staðháttum, byggingum og næsta umhverfi, svo og önnur þau gögn, sem máli kunna að skipta.

8.2.3. Hollustuvernd ríkisins skal við gerð starfsleyfistillagna ávallt leita umsagnar Náttúruverndarráðs og heilbrigðisnefndar. Einnig umsagnar Vinnueftirlits ríkisins, eiturefnanefndar, Siglingamálastofnunar ríkisins og annarra sérfróðra aðila, eftir því sem við á hverju sinni.

8.2.4. Áður en umsagnar heilbrigðisnefndar og Náttúruverndarráðs er leitað, skal liggja fyrir mat á áhrifum hugsanlegrar mengunar á umhverfið. Það skal unnið á vegum Hollustuverndar ríkisins.

8.2.5. Telji Hollustuvernd ríkisins eða umsagnaraðilar að upplýsingar um mengun og áhrif hennar á umhverfið skorti, má setja sem skilyrði að fram fari athuganir, mælingar eða rannsóknir á kostnað umsækjanda.

8.2.6. Ef um er að ræða meiri háttar atvinnurekstur, t.d. þar sem fjárfesting er meiri en 600 milljónir miðað við byggingavísitölu 136,.1. apríl 1989, skal gera forkönnun vegna staðarvals, þar sem fram fari mat á umhverfisröskun vegna starfseminnar. Sama gildir, ef á takmörkuðu svæði á sér stað mikil uppbygging smærri fyrirtækja og Hollustuvernd ríkisins telur, að hætta sé á röskun lífríkis, eða óviðunandi mikilli mengun lofts, láðs eða lagar. Einnig skal, áður en starfsemi hefst, þegar fjárfesting í atvinnurekstri er meiri en 600 milljónir miðað við byggingavísitölu 136 til samanburðar við síðara ástand, framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og mælingar á þeim umhverfisþáttum sem helst verða fyrir áhrifum af starfseminni. Rannsóknir og mat á umhverfisröskun er á kostnað umsækjanda.

8.3. *Réttur til athugasemda.*

8.3.1. Telji starfsleyfisumsækjandi að krafist sé óeðlilegra athugana og/eða rannsókna sbr. gr. 8.2.5. og 8.2.6. getur hann leitað úrskurðar ráðherra.

8.3.2. Starfsleyfistillögur skulu liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum, sem rétt hafa til að gera athugasemdir, sbr. 8.3.3. Skal auglýsing þess efnis birt í Lögbirtingarblaðinu. Frestur til að gera athugasemdir er 6 vikur frá því starfsleyfistillögur eru fyrst kynntar. Heimilt er að lengja frestinn í allt að 12 vikur, ef sérstakar ástæður mæla með því.

8.3.3. Rétt til að gera athugasemdir við starfsleyfistillögur hafa eftirtaldir aðilar:
1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis, sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir, sem málið varðar.

8.3.4. Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda Hollustuvernd ríkisins. Stofnunin kannar málið í ljósi þeirra athugasemda, sem fram hafa komið og lætur í ljós álit. Sætti aðilar málsins sig ekki við það álit og náist ekki málamiðlun, úrskurðar ráðherra ef í hlut eiga opinberar eftirlitsstofnanir, sveitarstjórnir eða umsækjandi. Eigi aðrir í hlut er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins og sætti aðilar sig ekki við úrskurð hennar, áfram til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. lögum nr. 81/1988.

8.4. *Veiting starfsleyfa.*

8.4.1. Hollustuvernd ríkisins afgreiðir endanlegar starfsleyfistillögur til ráðuneytisins í samræmi við kynntar tillögur, úrskurð og/eða samkomulag vegna framkominna athugasemda, sbr. 8.3.

8.4.2. Starfsleyfi sem ráðuneytið gefur úr skv. reglugerð þessari, skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda í formi auglýsingar.

8.4.3. Heimilt er ráðherra að binda starfsleyfi við ákveðinn tíma.

8.5. *Annar atvinnurekstur.*

8.5.1. Annar atvinnurekstur sem valdið getur mengun og er upp talinn í viðauka 9 er háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

8.5.2. Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeiningar fyrir þessa starfsemi, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.

VIÐAUKI 3
í mengunarvarnreglugerð nr. 389/1990

Viðmiðunarmörk fyrir hámarksmengun andrúmslofts.

Efni	**Viðmiðunartími**	**Meðaltal**
Brennisteinstvíildi (SO_2)	Sólarhringur	50 µ/m³
	Ár	30 µ/m³
Köfnunarefnistvíildi (NO_2)	Sólarhringur	100 µ/m³
	Ár	30 µ/m³
Kolsýrlingur (CO)	Ein klst.	25 mg/m³
	Átta klst.	10 mg/m³
Svifryk Þ < 10 µm	Sólarhringur	100 µ/m³
	Ár	40 µ/m³
Fallryk, óvatnsleysanlegt	Mánuður	10 g/m²

Hærri gildi leyfilegt í 5% tilfella, þegar viðmiðunartími er mánuður, eða skemmri.

Fylgiskjal 5.

13. ágúst 1991

DRÖG
AÐ STARFSLEYFI FYRIR ÁLVER Á KEILISNESI.

1. ALMENN ÁKVÆÐI.

1.0 Í þessu starfsleyfi merkir „Mengunarvarnir" mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins sem ber ábyrgð á framkvæmd þessa leyfis undir umsjón umhverfisráðuneytisins. Ef breytingar verða gerðar á stjórnun Mengunarvarna skal umhverfisráðuneytið tilkynna ATLANTSÁL um það.
Önnur hugtök sem notuð eru í þessu leyfi og ekki skilgreind í því skulu hafa sömu merkingu og í aðalsamningi sem gerður verður milli RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS, ALUMAX, INC., ALUMAX Á ÍSLANDI H.F., GRÄNGES AB, GRÄNGES Á ÍSLANDI H.F., HOOGOVENS ALUMINIUM BV, HOOGOVENS Á ÍSLANDI H.F. og ATLANTSÁLS H.F. um álver á Keilisnesi og gengur í gildi við undirritun eins og nánar er kveðið á um í 26. gr. aðalsamnings.

1.1. Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum aðalsamnings og 8. kafla reglugerðar um mengunarvarnir, nr. 389/1990 og gildir fyrir framleiðslu á u.þ.b. 230.000 tonnum af áli á ári fyrir sama tímabil, svo og hugsanlegt viðbótartímabil, og aðalsamningurinn. Leyfið gildir fyrir alla starfsemi sem nauðsynleg er fyrir rekstur álversins og hafnarinnar innan athafnasvæðis álversins og hafnarinnar.

1.2. Álver ATLANTSÁLS á Keilisnesi skal hannað samkvæmt núverandi og almennt gildandi reglum um álver sem byggð eru á sama tíma og fullnægja takmörkunum á losun mengunarefna út í umhverfið sem tilgreind eru í þessu starfsleyfi. Í þessu felst m.a. nútímatækni sem er fólgin í notkun á forbökuðum forskautum, þéttum lokum á kerum, eftirliti með risum við venjulegar starfsaðstæður, sjálfvirkri mötun flúoríðs og súráls og öðrum núverandi starfsaðferðum sem teljast í samræmi við eðlilegan og hagkvæman rekstur álversins.

1.3. Ný lög og reglugerðir eiga við um ATLANTSÁL nema þau samrýmist ekki réttindum og skyldum ATLANTSÁLS samkvæmt aðalsamningnum eða þeim takmörkunum á losun mengunarefna út í umhverfið eða öðrum skilmálum þessa starfsleyfis eins og tekið er fram á útgáfudegi þess. Hvers konar breytingar á álverinu vegna setningar nýrra eða breyttra laga eða reglugerða, sem eiga við um ATLANTSÁL samkvæmt þessari grein, 1.3, skulu taka eðlilegan tíma og skal í því sambandi tekið tillit til hvers konar fjárhagslegra skilyrða sem eiga við um slíkar framkvæmdir í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD.

1.4. Þegar unnt reynist að skjóta ágreiningi varðandi þetta starfsleyfi til dómstóla skal hann leystur samkvæmt ákvæðum aðalsamnings um lausn ágreiningsmála.

1.5. ATLANTSÁLI er skylt að sjá um að á öllu athafnasvæði álversins, sem ákvæði greinar, 1.6, ná ekki til, sé gætt fyllsta hreinlætis í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit eins og þau eru á hverjum tíma, nú lög nr. 81/1988.

1.6. Um varnir gegn mengun vinnuumhverfis álversins fer skv. lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eins og þau eru á hverjum tíma, nú lög nr. 46/1980.

1.7. Fulltrúum Mengunarvarna er heimilt að skoða álverið hvenær sem er skv. 3. kafla reglugerðar um mengunarvarnir nr. 389/1990. Fulltrúi ATLANTSÁLS skal vera í för með þeim.

1.8. Mengunarvarnir skulu tilnefna fulltrúa sinn sem tengilið við ATLANTSÁL. ATLANTSÁL skal einnig tilnefna fulltrúa sinn sem tengilið við Mengunarvarnir og skal hann vera ábyrgur fyrir öllum aðgerðum í mengunarvörnum í álverinu.

1.9. Starfsleyfið má endurskoða í samræmi við ákvæði aðalsamnings.

1.10. Óski ATLANTSÁL að gera verulegar breytingar á rekstri álversins, svo sem að auka framleiðsluna verulega, sem mundi valda því að losun mengunarefna út í umhverfið frá álverinu yrði meiri en heimilt er skv. þessu starfsleyfi, skal sækja um starfsleyfi að nýju til Mengunarvarna samkvæmt ákvæðum reglugerðar um mengunarvarnir eins og hún er á hverjum tíma, nú reglugerð nr. 389/1990.

1.11. Á fyrsta rekstrarári, sem skilgreint er sem 12 heilir almanaksmánuðir að loknum undirbúningstíma skv. skilgreiningu þess hugtaks í orkusamningi milli ATLANTSÁLS og Landsvirkjunar, dags. , á meðan verið er að stilla tæki og þjálfa starfsfólk, skal ATLANTSÁL gæta þess, að svo miklu leyti sem unnt er, að allri mengun sé haldið í lágmarki. Næstu tvö rekstrarárin, frá upphafi 13. heila almanaksmánaðar að loknum undirbúningstíma og til loka 36. heila rekstrarmánaðar frá lokum undirbúningstíma, verður þynningarsvæði álversins hringur með fjögurra kílómetra geisla með miðpunkt í miðjum kerskála álversins. Í lok þriðja rekstrarárs verður endanlegt þynningarsvæði ákveðið í ljósi niðurstaðna umhverfisathugana sem skulu þá liggja fyrir.

1.12. „Loftgæðastaðlar". Að loknu fyrsta rekstrarári skulu gilda eftirfarandi takmarkanir um mælanlegt magn mengunarefna í andrúmsloftinu utan þynningarsvæðisins:

Mengunarefni	Hámarksmagn á sólarhr., μ/m^3	Meðalmagn á ári, μ/m^3
Brennisteinstvísýringur	50	30
Svifagnir (D< 10 μm)	100	40
Heildarflúoríð (heilsa)	25	10
Loftkennt flúoríð (gróður)	1,0	0,3

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS.

2.1. LOFT.

2.1.1. Útblástursloft, sem í er veruleg rykmengun, t.d. af völdum losunar og flutnings hráefna, undirbúnings rafskauta, mölunar notaðra rafskauta, lofts frá steypuskála o.s.frv., skal hreinsað með viðeigandi búnaði.

2.1.2. Ryk í útblæstri, sem um getur í lið 2.1.1., skal að lokinni hreinsun ekki vera meira en 100 mg/Nm^3 miðað við eðlilegt loftmagn frá viðkomandi starfsemi.

2.1.3. Við reglulega þjónustu kera skal ávallt starfað eftir verkáætlun ATLANTSÁLS sem afhenda skal Mengunarvörnum, sem er heimilt að leggja til breytingar.

2.1.4. Ryk og loftkennt flúoríð skal hreinsað úr soglofti frá rafgreiningarkerum með viðurkenndum hreinsibúnaði með súráli og pokasíum eða öðrum jafngóðum tækjum. Hönnun hreinsibúnaðar skal vera með þeim hætti að hreinsun verði skilvirk þótt bilun verði í einni hreinsieiningu. Til að búnaður komi að góðum notum, skulu ávallt vera nægar birgðir súráls.

2.1.5. Hönnun og fyrirkomulag álversins og hreinsibúnaðar þess skal vera með þeim hætti, eftir því sem hægt er þegar byggingarframkvæmdir standa yfir, að unnt verði að gera breytingar eða koma fyrir viðbótarbúnaði sem kann að þykja æskilegur vegna framfara í tæknibúnaði til mengunarvarna eða kann að vera þörf fyrir í álverinu til að fullnægja skilyrðum starfsleyfisins.

2.1.6. Frá upphafi annars starfsárs skal ATLANTSÁL gera allar tilhlýðilegar ráðstafanir til að draga sem mest úr mengun frá álverinu, sérstaklega þegar ker eru tekin í notkun og á vaxtartíma gróðurs, frá 1. maí til 1. október, eftirfarandi takmarkanir gilda um heildarmagn flúoríðs, brennisteinstvíildis og ryks úr kerskálum :

Mengunarefni	Ársmeðaltal, kg/t af áli	Mánaðar-meðaltal, kg/t af áli	Heildar-tonn á ári
Heildarflúoríð	0,75	1,0	173
Ryk	1,5	2,0	345
Brennisteinstvíildi	21,0	28,0	4830

Ef forskautsefni með nægilega litlu brennisteinsinnihaldi til að fullnægja takmörkunum á útblæstri er ekki fáanlegt á heimsmarkaði á samkeppnishæfu verði skal endurskoða ákvæði þessarar greinar 2.1.6.
ATLANTSÁL skal gera allar tilhlýðilegar ráðstafanir til að draga sem mest úr mengun frá álverinu fyrsta starfsárið á meðan verið er að stilla tæki og þjálfa starfsfólk og ker eru tekin í notkun, einkum á vaxtartíma gróðurs.
Hlutaðeigandi aðilar munu fylgjast grannt með framtíðarþróun í tækninýjungum sem miða að því að draga úr útblæstri brennisteinstvíildis, t.d. með minnkun brennisteins í forskautsefninu, til þess að íhuga endurskoðun á framleiðsluaðferð, ef hún reynist fjárhagslega hagkvæm.

2.1.7. Ef mengunarefni í útblæstri mælist meira en nemur ofangreindum takmörkunum ársmeðaltals á tilteknu 12 mánaða tímabili eða er umfram mánaðarmeðaltal þrjá mánuði í röð skal ATLANTSÁL í samvinnu við Mengunarvarnir gera áætlun, innan tveggja vikna, um að draga úr útblæstrinum. Ef hann fullnægir enn ekki skilyrðum í grein 2.1.6 að eðlilegum tíma liðnum, geta Mengunarvarnir krafist úrbóta og gengið á eftir því að þær verði gerðar skv. 27. gr. laga nr. 81/1988, sbr. 1. gr. laga nr. 28/1990, eða skv. ákvæðum viðeigandi laga.

2.1.8. Á hentugum og áberandi stað skal koma fyrir skilti með uppdrætti af mengunarvarnabúnaðinum. Á skiltinu skal tilgreint það hámark mengunarefna sem heimilt er skv. starfsleyfinu, svo og upplýsingar um árangur álversins í mengunarvörnum.

2.1.9. Brennisteinsinnihald eldsneytisolíu skal ekki vera meira en í olíu sem að jafnaði er notuð í öðrum iðnaði á Íslandi.

2.2. VATN.

2.2.1. Allar fráveitulagnir til sjávar skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengunarvarnir nr. 389/1990. Þó er heimilt að leiða ómengað kælivatn niður fyrir stórstraumsfjörumörk.

2.2.2. Ef fráveituvatn frá salernum, eldhúsi, böðum og þess háttar er leitt í hreinsikerfi skal það vera í samræmi við reglur Mengunarvarna. Ef rotþrær eru notaðar skulu þær tæmdar reglulega í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurnesja.

2.2.3. Fráveituvatn, sem inniheldur jarðolíu, skal hreinsað í olíugildrum áður en því er hleypt í sjóinn. Að hreinsun lokinni skal jarðolíumagnið í vatninu ekki vera meira en 15 mg/l.

2.2.4. Kælivatn frá steypuskála skal endurnýta. Hreinsa skal þann hluta þess sem látinn er renna burt. Að lokinni hreinsun skal vatnið uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Sýrustig	á bilinu	pH 5–9
Ál	ekki umfram	100 mg/l
Flúoríð	"	100 mg/l
Svifagnir	"	200 mg/
Jarðolía og feiti	"	15 mg/l

2.3. FASTUR ÚRGANGUR.

2.3.1. ATLANTSÁL skal leita allra hagkvæmra leiða til að nýta úrgang, sem til fellur, svo sem kerbrot, skautaleifar, brotamálma og úrgang sem inniheldur mikið ál. ATLANTSÁLI er heimilt að nýta slík efni sjálft eða fá önnur fyrirtæki til þess fyrir sína hönd. Mengunarvarnir geta krafist annarrar meðferðar á úrgangsefnum ef hún er tæknilega framkvæmanleg og fjárhagslega samkeppnisfær við þá aðferð sem notuð er í álverinu.

2.3.2. Öllum hættulegum kemískum úrgangsefnum, eins og þau eru skilgreind í reglugerð um mengunarvarnir nr. 389/1990, skal fargað samkvæmt reglum sem gefnar eru út í samræmi við gr. 6.2.7 í reglugerðinni.

2.3.3. Kerbrotum, skautaleifum og byggingarefnaúrgangi, sem ekki er unnt að nýta strax, er heimilt að losa í flæðigryfjum á ströndinni innan athafnasvæðis álversins. Þegar fundist hefur hagkvæm aðferð til að nýta slík efni, samkvæmt ákvæðum í lið 2.3.1, skal hún notuð til að farga öllum úrgangsefnum sem til falla eftir það í stað þess að koma þeim fyrir í flæðigryfjum. Hin nýja aðferð á ekki við um þau úrgangsefni sem hefur þegar verið komið fyrir í flæðigryfjum nema aðilar séu sammála um það eða ákvæði í lið 6.03 í aðalsamningi eigi við og eftir þeim sé farið að fullu. Flæðigryfjurnar skal verja fyrir ágangi sjávar nema hvað í þeim má gæta sjávarfalla. Staðsetning og öll gerð flæðigryfja skal ákveðin í samráði við Mengunarvarnir. Þegar flæðigryfja hefur verið fyllt með úrgangsefnum skal hún án tafar hulin jarðvegi sem fellur að umhverfinu. Hindra skal aðgang óviðkomandi að flæðigryfjunum.

2.3.4. Allt sorp, umbúðir og þess háttar úrgangur skal fluttur til viðurkennds móttökustaðar.

2.3.5. Opin brennsla hvers konar úrgangs á athafnasvæði álversins er óheimil.

2.4. HÁVAÐI.

2.4.1. ATLANTSÁL skal gera allar hæfilegar ráðstafanir til að draga úr hávaða sem stafar frá álverinu. Hávaði við lóðarmörk álversins skal ekki vera meiri en 70 dB (A) Leq, sbr. viðauka 5 við reglugerð um mengunarvarnir, nr. 389/1990.

2.4.2. Ef hávaði, sem berst frá álverinu, hefur greinilega ríkjandi tíðni eða reglubundna hávaðatoppa skulu hávaðamörkin, sem tilgreind eru í lið 2.4.1., lækkuð um 5 dB(A) Leq.

3. AÐFERÐIR VIÐ MÆLINGAR OG EFTIRLIT.

3.1. Mælingar á losun mengunarefna út í umhverfið og eftirlit með rekstri.

3.1.1. Fylgt skal eftirfarandi áætlun um mælingar mengunarefna í útblæstri:

Efni	**Mælistaður**	**Tímabil meðaltals**	**Mælieining**	**Tíðni mælinga**
Loftkennt flúoríð	Hreinsað kergas	Mánuður	kgF/h	Samfelld
Flúoríð í ryki	Hreinsað kergas	"	kgF/h	Mánaðarleg a.m.k.
Ryk	Hreinsað kergas	"	kg/h	Samfelld
Brennisteins-tvíildi	Hreinsað kergas	"	kg SO_2/h	Samfelld
Loftkennt flúoríð	Ræstiloft úr kerskála	"	kgF/h	A.m.k. 8x24 klst. sýni á mán.
Flúoríð í ryki	Ræstiloft úr kerskála	"	kgF/h	"
Ryk	Ræstiloft úr kerskála	"	kg/h	"
Ryk	Ýmsar síur	Meðaltal margra mælinga	mg/Nm^3	Eftir þörfum

Þessa áætlun má endurskoða á tveggja ára fresti ef annar hvor aðili óskar þess.

3.1.2. ATLANTSÁL ber ábyrgð á mælingum skv. lið 3.1.1. og skal koma upp viðeigandi aðstöðu í því skyni og bera allan kostnað af mælingunum.

3.1.3. ATLANTSÁL skal koma fyrir sýnatökubúnaði í rjáfri kerskálans í því skyni að mæla mengunarefni í útstreymi ræstilofts. Til samfelldra mælinga á mengunarefnum í hreinsuðu kergasi skal hafa sjálfvirkan sýnatökubúnað fyrir flúoríð í einum reykháfi á hverri hreinsistöð. Hafa skal sjálfvirkan sýnatökubúnað fyrir ryk í öllum reykháfum.

3.1.4. Fylgt skal eftirfarandi áætlun um mælingar á mengunarefnum í fráveituvatni frá steypuskála álversins:

Efni/ eiginleiki	Tímabil meðaltals	Mælieining	Tíðni mælinga
Flúoríð	Mánuður	mg/l	Vikuleg
Ál	"	"	"
Svifagnir	"	"	"
Jaroðlía og feiti	"	"	"
Sýrustig	"	pH	"
Þungmálmar	"	µ/l	Árleg

3.1.5. Mengunarvörnum skal tilkynnt um það með símbréfi án tafar ef niðurstöður mengunarmælinga skv. liðum 3.1.1. og 3.1.4. fullnægja ekki skilyrðum sem tilgreind eru í liðum 2.1. og 2.2. Skrár um mælingar skulu geymdar í a.m.k. tvö ár og vera aðgengilegar fyrir fulltrúa Mengunvarvarna ríkisins á venjulegum starfstíma.

3.1.6. Mengunarvarnir hafa eftirlit með mælingum og mæliaðferðum ATLANTSÁLS. Slíkt eftirlit skal framkvæmt a.m.k. einu sinni á ári. Nákvæmt mat á niðurstöðum og hugsanleg samanburðarmæling skal fara fram eigi sjaldnar en þriðja hvert ár í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengunarvarnir, eins og hún er á hverjum tíma nú nr. 389/1990.

3.1.7. Fram skal fara reglulegt viðhald skv. ákveðinni áætlun á öllum mengunarvarnabúnaði álversins, þ.m.t. á lokum yfir kerum og sogbúnaði í kerskála. ATLANTSÁL skal gera áætlunina og sjá um endurskoðun hennar. Hún skal birt Mengunarvörnum og geta þær gert tillögur um breytingar.

3.1.8. ATLANTSÁL skal tilkynna Mengunarvörnum innan sólarhrings ef alvarleg bilun verður í þurrhreinsibúnaðinum. ATLANTSÁL og Mengunarvarnir skulu þá ræða vandann sín í milli og finna leið til að draga úr mengun af völdum bilunarinnar. Ef áætluð mengun vegna einstakrar bilunar, sem er ekki af völdum náttúruhamfara skv. skilgreiningu í aðalsamningi, verður meiri á viku en hámarkið er á mánuði, sbr. lið 2.1.6., geta Mengunarvarnir krafist úrbóta og gengið eftir að þær verði framkvæmdar í samræmi við ákvæði 27. gr. laga nr. 81/1988, sbr. 1. gr. laga nr. 28/1990, eða annarra laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem í stað þeirra koma.

3.1.9. ATLANTSÁL skal tilkynna Mengunarvörnum ársfjórðungslega um brennisteinsinnihald forskauta sem notuð eru í álverinu.

3.1.10. ATLANTSÁL skal gefa Mengunarvörnum skýrslu ársfjórðungslega um niðurstöður mælinga sem gerðar eru skv. greinum 3.1.1. og 3.1.4. Í skýrslunni skal koma fram magn loft- og vatnsmengunarefna, sem berast frá álverinu, mælt í kílógrömmum fyrir hvert framleitt áltonn. ATLANTSÁL skal gefa Mengunarvörnum árlega skýrslu um árangur mengunarvarna í álverinu.

3.1.11. Fulltrúar ATLANTSÁLS skulu a.m.k. einu sinni á ári boða til sameiginlegs fundar með fulltrúum Mengunarvarna, Náttúruverndarráðs, Siglingamálastofnunar ríkisins og heilbrigðisnefndar Suðurnesja. Á slíkum fundum skulu fulltrúar ATLANTSÁLS ræða um og kynna öllum þátttakendum rekstur mengunarvarnabúnaðarins undanfarna 12 mánuði, niðurstöður í mælingum á útstreymi mengunarefna, mælingar í umhverfinu og aðra umhverfiþætti sem varða ATLANTSÁL. Með sama hætti skulu aðrir ofangreindir fulltrúar gefa upplýsingar um og ræða umhverfismál er varða starf þeirra og þau umhverfismál sem eru á döfinni og snerta rekstur álversins.

3.2. UMHVERFISATHUGANIR.

3.2.0. ATLANTSÁL skal sjá um þær umhverfismælingar sem krafist er skv. þessum kafla 3.2 og skal starfshópur sérfræðinga, sem umhverfisráðherra skipar, vera til ráðuneytis og hafa eftirlit með þeim. Áætlun um framkvæmd slíkra mælinga er háð samþykki umhverfisráðherra. Umfang og tíðni slíkra mælinga munu vera sambærilegar við umhverfisathuganir sem gerðar eru í tengslum við svipaðar framkvæmdir í öðrum álverum og skal tekið tillit til þeirra atriða sem eru einkennandi fyrir staðinn og geta haft áhrif á niðurstöður.

3.2.1. Áður en rekstur álversins hefst skal ATLANTSÁL eða aðrir áður hafa lokið eftirfarandi umhverfismælingum. Mælingarsvæðið á landi er skilgreint sem það svæði sem sýnt er á uppdrætti í viðauka I.

3.2.1.1. Líffræðilegar athuganir.
a) Gróðurfarsathuganir: safnað skal nægilegum gögnum um gróðurþekju og samsetningu hennar hvað snertir tegundir til þess að unnt sé að fylgjast með væntanlegum magnbreytingum á gróðri á mælingarsvæðinu. Gerð skulu gróður- og jarðvegskort.
b) Athugun á dýralífi: metin skal fjölbreytni tegunda í dýrasamfélögum.
c) Kortleggja skal landnýtingu í nágrenni álversins
d) Fram skal fara athugun á dýralífi og sjávargróðri á ströndinni og undan ströndinni hjá álverinu.

3.2.1.2. Efnafræðilegar athuganir.
a) Könnuð skulu gæði andrúmsloftsins í minnst eitt ár á völdum mælistöðum. Mæld skulu eftirtalin mengunarefni: heildarmagn flúoríðs, loftkennt flúoríð, brennisteinstvísýringur, svifryk og fallryk.
b) Mælt skal magn þungra málma og áls í botnlægum sjávardýrum, þörungum og seti.
c) Mælt skal magn málma, flúoríðs og annarra efnasambanda í jarðvegi, sjó og völdum tegundum gróðurs og hryggleysingja.

3.2.1.3. Eðlisfræðilegar athuganir.
a) Gerðar skulu veðurfarsathuganir sem eru nægilega víðtækar til að spá um dreifingu loftborinna mengunarefna frá álverinu.
b) Gerðar skulu straummælingar í sjó sem eru nægilega víðtækar til að meta dreifingu mengunar vegna reksturs álversins.

3.2.2. Eftirlit með rekstri álversins.
Eftir að rekstur álversins er hafinn skulu eftirtaldar athuganir gerðar í því skyni að meta áhrif þess á umhverfið:

3.2.2.1. Líffræðilegar og efnafræðilegar athuganir.
a) Til samanburðar við niðurstöður athugana skv. liðum 3.2.1.1. a), b) og d), og 3.2.1.2. b), c) og d) skulu gerðar mælingar á sömu stöðum fimm árum eftir að rekstur álversins hefst og síðan á fimm ára fresti.
b) Til samanburðar við niðurstöður athugana skv. lið 3.2.1.2. a) skal gera sambærilegar mælingar á sömu loftmengunarefnum á öðru framleiðsluári álversins.
c) Fylgst skal samfellt með magni loftkennds flúoríðs í andrúmsloftinu á völdum stöðum í nágrenni álversins. Niðurstöður slíkra mælinga skulu birtar sem mánaðarlegt meðaltal.
d) Frá 1. maí til 1. október skulu gerðar mánaðarlegar mælingar á áhrifum flúoríðs á valdar jurtir, svo og mælingar á flúoríði, súlfati og sýrustigi (pH) í jarðvegi á tilteknum mælistöðum í nágrenni álversins.
e) Ef grasbítar á rannsóknasvæðinu, sem skilgreint er í viðauka I, drepast skal athugað flúoríðinnihald skrokkanna.
f) Könnuð skulu langtímaáhrif loftmengunar á jarðfræðikerfi með því að beita aðferð sem miðast við hættuálag vegna uppsöfnunaráhrifa og skulu gerðar nauðsynlegar rannsóknir á rannsóknastofu og notaðar niðurstöður mælinga samkvæmt lið d) hér að ofan.
g) Fylgst skal með mengun í nágrenni flæðigryfja á athafnasvæði álversins.

4. EFTIRLITSGJÖLD OG ANNAR KOSTNAÐUR.

4.1. ATLANTSÁL greiðir þann kostnað sem hlýst af undirbúningi og útgáfu starfsleyfis. ATLANTSÁL greiðir einnig árlegt eftirlitsgjald skv. ákvörðun umhverfisráðuneyt-

isins í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengunarvarnir, nr. 389/1990. Gjaldið skal nægja til að greiða kostnað Mengunarvarna af eftirlitinu.

4.2. ATLANTSÁL greiðir allan kostnað við mælingar skv. ákvæðum liðar 3.2.1. allt að upphæð, sem ekki fari fram úr níu hundruð þúsundum bandaríkjadala (U.S. $ 900.000.00).

4.3. ATLANTSÁL greiðir allan kostnað við umhverfismælingar skv. lið 3.2.2. Mælingarnar skulu framkvæmdar af hæfum aðila sem hlotið hefur samþykki Mengunarvarna.


Annex I - Study area
Scale 1:25000
Vatnsleysuströnd
Strandarheiði
Vogaheiði
Kálfatjarnarheiði
Almenningur
Dyngnahraun
Kapelluhraun
Flár
Hvannahraun
Fagradalsfjall
Dalahraun
Vatnsleysustrandarhreppur
Grindavíkurhreppur

Fylgiskjal 6.

Drög að 6. grein í fyrirhugaðum aðalsamningi um álver á Keilisnesi.

Draft, October 23, 1991.

Article 6
Environmental and Safety Matters

Section 6.01. Concurrently with or prior to the signing of this Agreement, an Environmental Operating Licence covering all aspects of the Smelter, as well as activities at the Harbour related to the smelter as to loading and unloading, environmental regulation and control shall be issued by under Act No. and Regulation No. to the Company for a term equal to the Term of this Agreement. The design of the Smelter and its operation shall in every respect be in conformity with the laws and regulations in Iceland relating to pollution abatement and the conservation of nature and with the Environmental Operating Licence which is attached hereto as Annex 6.01; in the event of a conflict or discrepancy between aforesaid laws and regulations and the Environmental Operating Licence, the terms of the Environmental Operating Licence shall prevail.

Section 6.02. The Environmental Operating Licence may only be revised or modified at the tenth (10th) anniversary of the Permanent Delivery Date and thereafter at each seventh (7th) year if:

(a) new devices, measures or equipment are required by Icelandic law; and

(b) new devices, measures or equipment to control air, liquid or solid waste emissions, effluent or discharges have generally been imposed and implemented in OECD countries on primary aluminium smelters designed at approximately the same time as the Smelter and that incorporate similar design and technology as the Smelter; and

(c) the implementation of the new emission controls is equally necessary at the Smelter as in the other locations where such measures have been imposed and implemented.

Section 6.03. If damaging environmental effects or hazards of a serious and permanent nature which reasonably could not have been previously known or recognized are discovered that can be traced to the Smelter and which cannot be reasonably corrected under the procedures set forth in the Environmental Operating Licence and/or by the procedure provided in Section 6.02, then the Parties shall enter into negotiations for the correction of such damaging effects or hazards. If such negotiations result in agreement on additions or amendments to the provisions of the Environmental Operating Licence, they shall be carried out in accordance with Section 6.04.

Section 6.04. Implementation at the Smelter of any licence modification will be phased in over a reasonable time frame and shall take into account the financial conditions relating to such implementation in OECD countries. The Smelter shall in every respect be accorded treatment under Icelandic law, regulations and administrative practices no less favorable than that accorded in like situations to other Icelandic enterprises.

Section 6.05. The design of the Smelter and its construction and operation shall in every respect be in conformity with Icelandic laws and regulations relating to health, safety and sanitation of the work place inside the Smelter.

Fylgiskjal 7.

Upplýsingar um önnur álver.

Hollustuvernd ríkisins og Umhverfisráðuneytið hafa við gerð starfsleyfistillagna fyrir væntanlegt álver á Keilisnesi, haft undir höndum gögn víðsvegar frá um álver í öðrum löndum, t.a.m. kröfur um mengunarvarnir í álverum erlendis, umhverfisvaktanir og upplýsingar um kröfur um útblástursmörk.

Eftirfarandi eru kröfur varðandi útblástursloft frá kerskála úr nýlegum norskum starfsleyfum fyrir álver:

Sør-Norge Aluminium A/S Husnes.

Flúorið	0.7 kg/tAl
Brennisteinsdíoxíð	7 kg/tAl
Ryk	1.3 kg/tAl

Ofangreind mörk eru ársmeðaltöl og taka gildi 1. júní 1992 eftir endurbætur í álverinu. Fram að þeim tíma er fyrirtækinu leyft að sleppa út 1.0 kgF/tAl.

Norsk Hydro Karmøy Fabrikker.

Flúoríð	0.9 kg/tAl
Brennisteinsdíoxíð	3.8 kg/tAl
Ryk	2.8 kg/tAl

Karmøy I/II	1.2 kgF/tAl (notar Søderberg tækni)
Karmøy III/IV	0.8 kgF/tAl (notar forbökuð skaut)

Starfsleyfið var gefið út 1985.

Elkem Aluminium Mosjøen.

Flúoríð	0.8 kg/tAl
Brennisteinsdíoxíð	4.6 kg/tAl
Ryk	2.6 kg/tAl

Ofangreind mörk gilda eftir 1. janúar 1990.

Í öllum ofangreindum tilvikum er um að ræða gömul álver sem hafa verið endurbætt verulega. Verulegar endurbætur hafa verið gerðar á norskum álverum á undanförnum árum og gömul álver stækkuð. Nýjasta viðbótin er við Elkem Aluminium í Mosjøen, sem tók endurbætt til starfa í byrjun árs 1990.

Nýjar upplýsingar benda til þess að verið sé að herða útblástursmörk fyrir flúor á Norðurlöndum. Samkvæmt upplýsingum frá Statens forurensningstilsyn í Noregi er verið að ræða um að fara hugsanlega niður í allt að 0.4 kgF/tAl. Slík mörk eru þó hvergi í gildi í dag.

Varðandi það magn flúoríðs, sem berst út í umhverfið frá álverum er rétt að benda á, að megin máli skiptir að tryggja að sem mest af útblástrinum fari í gegnum hreinsibúnaðinn, því hann sér til þess að um 99 % af flúoríðinu, sem í gegnum hann fer bindist. Þetta atriði ræðst ekki síðst af árverkni og vandvirkni starfsfólks í kerskála og hreinsivirkni, í því sambandi er mjög mikilvægt að gerðar séu kröfur um áætlanir um þjónustu, eftirlit og fyrirbyggjandi viðhald í starfsleyfi.

Hvað önnur lönd varðar þá hefur Hollustuvernd ríkisins og Umhverfisráðuneytið t.d. eftirfarandi upplýsingar:

Samkvæmt Svissneskri reglugerð „Luftreinhaltungverordnung" frá 1. október 1987, þá eru mörk fyrir leyfilega flúormengun frá álverum 0.7 kg/tAl.

Samkvæmt upplýsingum frá Frakklandi er gert ráð fyrir að frá nýja Pechiney álverinu í Dunkerque fari út í loftið 0.66 kgF/tAl og samkvæmt upplýsingum frá Pechiney samsteypunni sem framleiðir búnað fyrir álver telja þeir sig ekki ná betri árangri en 0.65 kgF/tAl.

Í Bandarískri alríkisreglugerð nr. 40, endurskoðuð 1. júlí 1988, eru leyfileg mörk fyrir flúormengun frá áliðnaði 0.95 kgF/tAl, þegar um forbökuð skaut er að ræða. Einstök ríki geta gert strangari kröfur.

Eftirfarandi er tafla sem sýnir leyfilega flúorlosun frá nýjum álverum. Taflan er úr skýrslu, sem var unnin af kanadíska verkfræðifyrirtækinu Admont Proeject Management Inc., sem veitt hefur ráðgjöf vegna nýrra álvera í Kanada. Skýrslan var unnin fyrir Markaðsskrifstofu Iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar árið 1989.

EMISSION LIMITS FOR NEW SMELTERS: TOTAL FLUORIDES

(IN KG/TONNE OF ALUMINUM PRODUCED)

QUEBEC	1.45
BRITISH COLOMBIA	1.0 (proposed)
FRANCE	0.95
GERMANY	1.8
STATE OF NEW YORK	0.95 (yearly average) and 1.25 (for each month)
U.S. (EPA STANDARDS)	0.95 (yearly average) and 1.25 (for each month)

Hvað brennisteinstvíoxíð varðar, þá er samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hjá Hollustuvernd ríkisins og Umhverfisráðuneytinu almennt ekki gerð krafa um hreinsun þess úr útblæstri álvera. Slík hreinsun er þó í álverum í Noregi og Svíþjóð, vegna staðbundinna aðstæðna. Miðað við aðstæður á Keilisnesi og niðurstöður útreikninga, sem framkvæmdar voru af NILU í Noregi og verkfræðistofunni Vatnaskil á dreifingu mengunarefna frá væntanlegu álveri á Keilisnesi var ekki talin ástæða til að gera kröfu um vothreinsun.

146. Fyrirspurn [137. mál]

til dómsmálaráðherra um frumvarp um opinbera réttaraðstoð.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hyggst dómsmálaráðherra leggja fram frumvarp um opinbera réttaraðstoð á yfirstandandi þingi?

147. Fyrirspurn [138. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuverð.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hefur ríkisstjórnin einhver áform uppi til að jafna raforkuverð í landinu?

Hvernig ætlar ríkisstjórnin að jafna þann aðstöðumun sem nú er á milli almenningsrafveitna eftir því hvort þær kaupa raforku af Landsvirkjun eða Rafmagnsveitum ríkisins?

148. Frumvarp til fjáraukalaga [9. mál]

fyrir árið 1991.

(Eftir 2. umr., 19. nóv.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1991 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1991:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**206 000**
Beinir skattar	–821 000	
Óbeinir skattar	1 035 000	
Aðrar tekjur	–8 000	
Gjöld		**5 905 900**
Samneysla	899 700	
Rekstrargjöld	989 000	
Viðhald	–89 300	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3 095 500	
Fjárfesting	1 910 700	
Stofnkostnaður	1 201 200	
Fjármagnstilfærslur	709 500	
Gjöld umfram tekjur		**5 699 900**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		460 000
Veitt lán	310 000	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	150 000	
Viðskiptareikningar		900 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**7 059 900**
Afborganir af teknum lánum		0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**7 059 900**
Lántökur		7 050 000
Innlend verðbréfaútgáfa	–6 700 000	
Erlend verðbréfaútgáfa	13 750 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**–9 900**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1991 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	37 700	
01 Forsætisráðuneyti	367 800	
02 Menntamálaráðuneyti	1 080 500	
03 Utanríkisráðuneyti	140 900	
04 Landbúnaðarráðuneyti	961 500	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1 000	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	71 800	
07 Félagsmálaráðuneyti	430 900	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 283 700	
09 Fjármálaráðuneyti	1 158 100	
10 Samgönguráðuneyti	88 800	
11 Iðnaðarráðuneyti	228 500	
12 Viðskiptaráðuneyti	–1 500	
13 Hagstofan	–1 500	
14 Umhverfisráðuneyti	57 700	
Samtals		5 905 900

3. gr.

Samhljóða 3. gr. á þskj. 9 með þessum breytingum:

00–201 Alþingi

Viðfangsefni:		Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:			6 500
1 01	Alþingiskostnaður	4 600	
1 02	Aðalskrifstofa	5 100	
1 03	Þingmálaskrifstofa	1 400	
1 04	Rekstrarskrifstofa	1 400	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	−6 000	
Viðhaldsverkefni:			10 700
5 20	Fasteignir	10 700	
Stofnkostnaður:			18 000
6 01	Tæki og búnaður	18 000	
	Gjöld samtals		35 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 500	
52–58	Önnur gjöld	22 700	
5	Gjöld samtals		**35 200**

02–318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			−23 000
6 09	Flensborgarskóli, fjölbraut	2 000	
6 11	Menntaskólinn á Laugarvatni	5 000	
6 14	Menntaskólinn á Egilsstöðum, mötuneyti o.fl.	5 000	
6 31	Framhaldsskólinn á Húsavík, nýbygging	5 000	
6 90	Stofnkostnaður, óskipt	−40 000	
	Gjöld samtals		−23 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−23 000	
5	Gjöld samtals		**−23 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–982 Listir, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 30	Íslenska óperan	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 000	
5	Gjöld samtals		**10 000**
04–288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			42 500
6 20	Jarðræktar- og búfjárræktarframlög	42 500	
	Gjöld samtals		42 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	42 500	
5	Gjöld samtals		**42 500**
05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 31	Stjórn fiskveiða	4 500	
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi	−2 000	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	500	
5	Gjöld samtals		**2 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			3 000
6 21	Lögreglustöð Grindavík	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
06–301 Biskup Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 800
1 01	Yfirstjórn	1 400	
1 02	Biskupsbústaður	400	
1 13	Alþjóðasamvinna	1 000	
	Gjöld samtals		2 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 400	
52–58	Önnur gjöld	1 400	
5	Gjöld samtals		**2 800**
08–367 Sjúkrahúsið Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Sjúkrahúsið Keflavík	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			150 000
1 01	Ríkisspítalar	150 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			152 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	125 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	27 000	
	Gjöld samtals		302 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	110 000	
52–58	Önnur gjöld	192 000	
5	Gjöld samtals		**302 000**

09–481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			805 000
6 01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	805 000	
	Gjöld samtals		805 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	805 000	
5	Gjöld samtals		**805 000**

10–322 Flóabátar og vöruflutningar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 000
1 20	Stofn- og rekstrarstyrkir	7 000	
	Gjöld samtals		7 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	7 000	
5	Gjöld samtals		**7 000**

10–485 Ýmis framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 800
1 26	Ýmislegt	2 300	
1 30	Rannsóknanefnd flugslysa	1 500	
	Gjöld samtals		3 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 800	
5	Gjöld samtals		**3 800**

10–651 Ferðamálaráð

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			16 000
6 20	Hótel, framlög	16 000	
	Gjöld samtals		16 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	16 000	
5	Gjöld samtals		**16 000**

11–399 Ýmis orkumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 500
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	35 000	
1 18	Ýmis framlög	5 500	
	Gjöld samtals		40 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	40 500	
5	Gjöld samtals		**40 500**

14–210 Veðistjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 500
1 01	Veðistjóri	9 500	
	Gjöld samtals		9 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	900	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	8 600	
5	Gjöld samtals		**9 500**

14–310 Landmælingar Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500
1 01	Landmælingar Íslands	−3 500	
1 10	Sérstök verkefni í kortagerð	5 000	
	Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 500	
5	Gjöld samtals		**1 500**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

149. Fyrirspurn [139. mál]

til heilbrigðisráðherra um rekstur dagvistarheimila fyrir börn á vegum sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

Hver er kostnaður Ríkisspítala, Borgarspítala og Landakotsspítala af rekstri dagvistarheimila fyrir börn í Reykjavík og af vistun barna hjá dagmæðrum?

Hversu mörg dagvistarheimili rekur hver spítali og hversu mörg börn njóta dagvistarþjónustu á vegum spítalanna í Reykjavík?

Hver hefur hlutdeild spítalanna verið í stofnkostnaði dagvistarheimilanna?

Hver er hlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri og stofnkostnaði dagvistarheimilanna?

Samræmist það verkaskiptingu ríkis- og sveitarfélaga að sjúkrahús, sem rekin eru af ríkissjóði, sjái um rekstur dagvistarheimila fyrir börn?

Skriflegt svar óskast.

150. Frumvarp til laga [140. mál]

um starfsmenntun í atvinnulífinu.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu í þeim tilgangi að:

a. stuðla að aukinni framleiðni, bæta gæði vöru og þjónustu og greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi,
b. stuðla að bættri verkkunnáttu og aukinni hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum,
c. auka möguleika og treysta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaðinum með því að gefa honum kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera hann um leið hæfari til að takast á við ný og breytt verkefni,
d. jafna möguleika fólks á vinnumarkaði og þess fólks sem er tímabundið utan hans til að afla sér starfsmenntunar, einkum þeirra sem notið hafa lítillar eða engrar starfsmenntunar fyrir, með öflugu framboði á grunnmenntun til ákveðinna starfa eða til starfa í tiltekinni atvinnugrein,
e. greiða fyrir hreyfingum starfsmanna úr einni atvinnugrein í aðra eftir aðstæðum og horfum á hverjum tíma,
f. mæta þörfum starfshópa, sem missa vinnu vegna breytinga í atvinnuháttum, fyrir endurmenntun og þjálfun til annarra starfa eftir aðstæðum á hverjum tíma.

2. gr.

Markmiðum laga þessara skal náð með:

a. stuðningi við skipulega starfsmenntun; undirbúning, náms- og kennslugagnagerð, kennslu og starfsþjálfun, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum,
b. frumkvæði og mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu samkvæmt ákvörðun starfsmenntaráðs.

3. gr.

Lögin taka til náms (námskeiða) sem þátttakendur stunda til að auka færni og þekkingu til þeirra starfa sem þeir fást við eða stefna að, enda falli það að markmiðum laga þessara og aðstæðum á vinnumarkaði hverju sinni.

Til þessarar menntunar telst:

a. *Grunnstarfsmenntun*: Grundvallarstarfsmenntun til ákveðinna starfa eða til starfa í tiltekinni atvinnugrein í framleiðslu og þjónustu.
b. *Eftirmenntun*: Endurnýjun fagkunnáttu og viðbótarmenntun sem fólk stundar á sínu fagsviði.

II. Skipulag.

4. gr.

Starfsmenntun í atvinnulífinu skal heyra undir félagsmálaráðuneytið. Starfsfræðsla í fiskvinnslu skal þó heyra undir sjávarútvegsráðuneytið.

5. gr.

Ráðherra skipar sjö manna starfsmenntaráð til tveggja ára sem fer með framkvæmd laga þessara. Einn fulltrúi skal skipaður af félagsmálaráðherra án tilnefningar. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, tveir af Vinnuveitendasambandi Íslands og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum launafólks, tveir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Starfsmenntaráð skiptir með sér verkum.

Hlutverk starfsmenntaráðs er að úthluta styrkjum til starfsmenntunar og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar samkvæmt lögum þessum.

Í starfi sínu skal starfsmenntaráð hafa samráð við og efla frumkvæði fræðslunefnda atvinnulífsins samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

6. gr.

Starfsár (fjárhagsár) starfsmenntaráðs er almanaksárið og skal skipta því niður í úthlutunartímabil.

Starfsmenntaráð skal, fyrir upphaf hvers úthlutunartímabils, ákveða forgangsröðun verkefna og skiptingu þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru milli mismunandi verkefnaflokka.

Við upphaf úthlutunartímabils skal starfsmenntaráð auglýsa eftir umsóknum um styrki til undirbúnings og/eða reksturs námskeiða og skal þar gerð grein fyrir forgangsröðun verkefna og skiptingu fjármuna fyrir yfirstandandi tímabil.

Starfsmenntaráð setur sér nánari starfsreglur að fengnu samþykki ráðherra.

7. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal safna saman upplýsingum um starfsmenntun og framboð hennar og koma þeim upplýsingum til helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins.

III. Fjármál.

8. gr.

Ráðstöfunarfé starfsmenntaráðs skal ákveðið í fjárlögum og ráðstafað í sérstakan sjóð.

Félagsmálaráðherra gerir tillögur um fjárþörf vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu að fenginni umsögn starfsmenntaráðs.

9. gr.

Styrki úr starfsmenntasjóði er heimilt að veita til:

a. greiðslu kostnaðar vegna undirbúnings náms (námskeiða), svo sem verkefnisstjórnunar, náms- og kennslugagnagerðar,
b. greiðslu kostnaðar vegna námskeiðahalds, svo sem kostnaðar vegna kennsluaðstöðu og ferða- og flutningskostnaðar,
c. annars kostnaðar eftir ákvörðun starfsmenntaráðs.

Að öðru jöfnu er það forsenda styrkveitingar að tiltekinn hluti af beinum rekstrarkostnaði námskeiða sé borinn af þátttökugjöldum samkvæmt nánari ákvörðun starfsmenntaráðs.

IV. Umsóknir.

10. gr.

Rétt til að sækja um styrk til starfsnáms eiga: samtök atvinnurekenda og launafólks, einstök atvinnufyrirtæki, einkaaðilar eða opinberir aðilar sem standa fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu, starfsmenntaráð einstakra atvinnugreina og samstarfsverkefni tveggja eða fleiri framangreindra aðila.

Skólar hafa rétt til að sækja um styrki þegar um er að ræða samstarf við aðila, einn eða fleiri, sem taldir eru upp í 1. mgr.

11. gr.

Eftirtalin gögn skulu fylgja umsóknum um styrki skv. 9. gr. laga þessara:

a. Markmið með því námi sem sóttur er styrkur til.
b. Lýsing á innihaldi námsins.
c. Námslengd.
d. Námskröfur og námsmat.
e. Markhópur námsins og stærð hans.
f. Áætlaður fjöldi þátttakenda.
g. Kostnaðar- og tekjuáætlun.
h. Yfirlit yfir námskeiðahald viðkomandi umsækjanda á sl. almanaksári.

V. Ýmis ákvæði.

12. gr.

Þeim aðilum, sem fengið hafa stuðning samkvæmt lögum þessum, skal skylt að veita upplýsingar um þá menntun og/eða þjálfun sem boðið hefur verið upp á samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

13. gr.

Aðilar skulu senda félagsmálaráðuneytinu eintak af námsefni sem unnið hefur verið eða samið með stuðningi samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra skal heimilt að ráðstafa gögnum skv. 1. mgr. til frekari notkunar samkvæmt tillögum starfsmenntaráðs í samráði við höfundaréttarhafa.

14. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal halda skýrslu yfir það nám sem styrkt er samkvæmt lögum þessum. Það skal jafnframt sjá um að kynna og veita upplýsingar um þá starfsmenntun sem í boði er og þau náms- og kennslugögn sem það hefur til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

15. gr.

Nám, sem styrkt er samkvæmt lögum þessum, er hægt að fá metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi samkvæmt reglum sem þar um gilda af hálfu menntamálaráðuneytisins.

16. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara í reglugerð, þar á meðal um afmörkun og gildissvið að fengnum tillögum starfsmenntaráðs.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lögin skal endurskoða eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, skipaði 16. ágúst 1989 nefnd sem falið var það verkefni að semja frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Ráðherra skipaði jafnframt ráðgjafahóp til að vinna með nefndinni.

Í nefndina voru skipuð: Halldór Grönvold, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Karl Kristjánsson, tilnefndur af menntamálaráðneytinu, Ólafur B. Birgisson, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Sjöfn Ingólfsdóttir, tilnefnd af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og Gylfi Kristinsson, skipaður formaður nefndarinnar án tilnefningar.

Í ráðgjafahóp voru skipuð: Árni Þ. Árnason, tilnefndur af iðnaðarráðuneyti, Benedikt Guðbjartsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra bankamanna, Gissur Pétursson, tilnefndur af starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar, Guðmundur J. Guðmundsson, tilnefndur af Verkamannasambandi Íslands, Gylfi Gautur Pétursson, tilnefndur af sjávarútvegsráðuneyti, Jóngeir H. Hlinason, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Runólfur Sigursveinsson, tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti, Stefán Baldursson, tilnefndur af Bandalagi háskólamanna, Þröstur Helgason, tilnefndur af Bandalagi kennarafélaga, og Þuríður Magnúsdóttir, tilnefnd af Fræðslumiðstöð iðnaðarins.

Þótt margs konar sjónarmið hafi komið fram í nefndinni um skipan starfsmenntunar í atvinnulífinu náðist samkomulag. Nefndin skilaði ráðherra tillögum með frumvarpi sem fyrst var lagt fyrir Alþingi til kynningar vorið 1990. Um sumarið var það sent út til umsagnar. Fram komu nokkrar tillögur um minni háttar breytingar sem að mestu leyti var tekið tillit til eins og að verður vikið síðar. Þannig breytt var frumvarpið endurflutt sl. vor en náði ekki fram að ganga. Þetta er því í þriðja sinn sem frumvarpið er lagt fyrir Alþingi. Ekki hafa verið gerðar breytingar á því frá flutningi þess vorið 1991.

Í skipunarbréfi félagsmálaráðherra er tekið fram að lagafrumvarpið um starfsmenntun í atvinnulífinu skuli samið á grundvelli álitsgerðar vinnuhóps sem skipaður var af fé-

lagsmálaráðherra 27. janúar 1988 og annarra gagna sem nefnd og ráðgjafahópi verði fengin til umfjöllunar.

Framangreindum vinnuhópi var falið að setja fram tillögur um skipulag starfsmenntunar í atvinnulífinu. Hann skilaði félagsmálaráðherra álitsgerð 3. febrúar 1989. Við samningu frumvarps þessa var álitsgerðin að nokkru höfð til hliðsjónar.

Tengsl starfsmenntunar í atvinnulífinu við aðra þætti fullorðinsfræðslu.

Í framhaldi af álitsgerð vinnuhópsins ákváðu félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra að fela embættismönnum að taka upp viðræður um tengsl starfsmenntunar í atvinnulífinu við almenna fullorðinsfræðslu. Eftir nokkra viðræðufundi var komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu 24. febrúar 1989 að rétt væri að sett yrði sérstök löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem heyrði til verksviðs félagsmálaráðuneytisins og önnur um fullorðinsfræðslu er heyrði til verksviðs menntamálaráðuneytisins, sbr. fylgiskjal. Þessi niðurstaða byggði fyrst og fremst á því að til starfsmenntunar í atvinnulífinu væri oft stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldbinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Á því var vakin athygli að forsendur slíkra samningsákvæða væru breytingar á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér væri því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða þar sem forsenda árangurs væri sem mest áhrif aðila vinnumarkaðarins á alla framkvæmd.

Hins vegar var lögð áhersla á gott samstarf á milli félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis á þessu sviði.

Helstu atriði frumvarpsins.

Með frumvarpi því, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er afskiptum stjórnvalda af starfsmenntun sem fram fer í atvinnulífinu, skapaður lagagrundvöllur þar sem sett eru fram ákveðin markmið sem stefnt er að með lögunum. Einnig er kveðið á um það hvernig markmiðunum skuli náð.

Helstu atriði frumvarpsins eru:

1. *Markmið.* Í frumvarpinu er ítarlega kveðið á um markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu sem er m.a. að stuðla að aukinni framleiðni, greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi. Einnig að bæta verkkunnáttu og auka hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum o.fl.

2. Markmiðum laganna skal m.a. náð með *stuðningi* við skipulega starfsfræðslu og með frumkvæði og *mótun heildarstefnu* varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu.

3. Kveðið er á um *skipan í stjórnkerfinu* og lagt til að starfsmenntun í atvinnulífinu heyri undir félagsmálaráðuneytið sem ráðuneyti vinnumála. Þó er gerð sú undantekning að starfsfræðsla í fiskvinnslu heyri undir sjávarútvegsráðuneyti.

4. *Starfsmenntaráð.* Tillaga er gerð um skipan starfsmenntaráðs sem úthluti styrkjum til starfsmenntunar og skuli vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar. Í starfsmenntaráði eigi sæti sjö fulltrúar; þrír fulltrúar samtaka launafólks og þrír fulltrúar samtaka atvinnurekenda. Félagsmálaráðherra skipi einn fulltrúa án tilnefningar.

5. *Skipuleg öflun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun.* Tillaga er um að félagsmálaráðuneyti safni upplýsingum um starfsmenntun og miðli þeim til hlutaðeigandi aðila. Með því verði stuðlað að betri nýtingu þess fjármagns sem nú er varið til starfsmenntunar á vinnumarkaði og komið í veg fyrir tvíverknað.

6. *Aukið eftirlit með opinberum fjárveitingum til starfsmenntunar.* Aðilum, sem fá stuðning samkvæmt lögunum, verði skylt að veita stjórnvöldum upplýsingar um menntun og/eða þjálfun sem boðið hefur verið upp á.

7. *Fjármál.* Framlög hins opinbera til starfsmenntunar í atvinnulífinu verði ákveðin árlega á fjárlögum samkvæmt tillögum félagsmálaráðherra og renni í sérstakan sjóð. Það verður því fjárveitingavaldsins að ákveða framlög hins opinbera til starfsmenntunar.

Á það ber að leggja sérstaka áherslu að frumvarpið byggir á eðlilegri verkaskiptingu félagsmálaráðneytis og menntamálaráðuneytis og ekki gert ráð fyrir neinum verkefnaflutningi á milli ráðuneytanna. Markmið frumvarpsins er fyrst og fremst að mæta nýjum þörfum sem upp koma á vinnumarkaðinum og í atvinnulífinu.

Þá skal vakin sérstök athygli á því að í nágrannalöndunum, t.d. á Norðurlöndum og í Evrópubandalaginu, er sífellt meiri áhersla lögð á gildi starfsmenntunar í stefnu í vinnumálum með það að markmiði að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins og draga úr atvinnuleysi. Benda má á alþjóðasamþykktir og tillögur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í þessu sambandi. Á fundi evrópskra vinnumálaráðherra, sem haldinn var í Kaupmannahöfn sumarið 1989, kom fram í máli allra ráðherranna að þeir leggja höfuðáherslu á starfsmenntun sem tæki til að auka framleiðni og arðsemi fyrirtækja og minnka atvinnuleysi.

Umsagnir.

Áður er komið fram að frumvarp þetta er endurflutt. Félagsmálaráðuneytið sendi það sumarið 1990 til umsagnar eftirtalinna stofnana og samtaka: Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Félags íslenskra iðnrekenda, Iðntæknistofnunar Íslands, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands iðnverkafólks, Sambands íslenskra bankamanna, Samtaka fiskvinnslustöðva, starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar, Stéttarsambands bænda, Sambands málm- og skipasmiðja, Verkamannasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambands Íslands.

Ráðuneytinu bárust umsagnir frá átta aðilum. Helstu atriði umsagnanna eru:

Alþýðusamband Íslands lýsir yfir ánægju sinni með frumvarpið. Í umsögninni er vakin athygli á að tækniþróun, sem orðið hafi undanfarna áratugi, kalli á margs konar sérhæfingu og aukna menntun á nær öllum sviðum. Ef íslenskt atvinnulíf ætli að taka þátt í þeirri þróun og tryggja eðlilega aukningu atvinnutækifæra hér á landi verði það best gert með aukinni menntun starfsmanna. Tryggja verði öllum starfshópum aðgang að sem bestri starfsmenntun sem gefi kost á símenntun. Til að þessum markmiðum verði náð verði að vera til heildarskipulag og skapaður fjárhagslegur grundvöllur málefninu til framgangs. ASÍ vekur athygli á að lagasetning af því tagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir hafi lengi verið verkalýðshreyfingunni áhugamál. Miðstjórn Alþýðusambandsins telur að frumvarpið sé mjög viðunandi fyrir alla aðila og telur að hér hafi verið unnið gott verk og þarft.

Í þessu sambandi skal þess getið að 36. þing Alþýðusambands Íslands árið 1988 samþykkti tillögu um að sett skuli rammalöggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem allra fyrst í nánu samstarfi við verkalýðshreyfinguna. Þar yrði m.a. kveðið á um yfirumsjón félagsmálaráðuneytisins með starfsmenntun í landinu í samvinnu við verkalýðshreyfinguna, atvinnurekendur, fræðslustofnanir og ráðuneyti.

Í umsögn *Bandalags starfsmanna ríkis og bæja* kemur fram að stjórn þess sé á einu máli um að frumvarpið sé í þágu framþróunar í atvinnulífinu verði það að lögum. Bent

er á að bætt verkkunnátta og aukin hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum séu á meðal markmiða frumvarpsins. Stjórn BSRB telur að áherslu beri að leggja á þessi atriði, enda sé það í góðu samræmi við þróun mála í nágrannalöndum Íslendinga þar sem sífellt aukin áhersla er lögð á gildi starfsmenntunar.

Iðntæknistofnun gerir athugasemdir við það að í frumvarpinu sé ekki gerður greinarmunur á afskiptum eða stuðningi ríkisins við starfsmenntun ófaglærðra annars vegar og faglærðra hins vegar. Stofnunin telur óhjákvæmilegt að sett verði löggjöf um það hvernig opinberu fé er ráðstafað til starfsmenntunar á atvinnumarkaði og af þeirri ástæðu er frumvarpinu fagnað.

Umsögn *Landssambands iðnaðarmanna* er mjög ítarleg. Meðal þess sem gert er að umtalsefni er nauðsyn þess að ekki skapist togstreita á milli félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis vegna starfsmenntunarmála. Landssambandið telur annað óviðunandi en að það eigi fulltrúa í starfsmenntunarráði og setur fram tillögu um breytt orðalag 5. gr. Einnig er talið í umsögninni að 10. gr. frumvarpsins opni leið fyrir hið almenna skólakerfi til að fjármagna hönnun og gerð námsgagna og lagt til að greininni verði breytt til að hindra þá þróun. Landssambandið gerir 13. gr. að umtalsefni og telur óeðlilegt að höfundum og hönnuðum námsefnis og annarra gagna verði gert skylt að afsala sér höfundarétti sínum, nema að undangengnum samningum þar að lútandi. Loks telur Landssambandið að 15. gr. um að *hægt skuli* að meta nám, sem styrkt er samkvæmt lögunum, sem námsáfanga í hinu almenna skólakerfi sé til þess fallin að hefta nýsköpun í starfsmenntun. Landssambandið gerir tillögu um breytt orðalag sem felur í sér að *hægt sé* að meta námið. Ábendingar eru um ákvæði 6. og 9. gr. um forgangsröð og skiptingu fjármuna til starfsmenntunar og um styrkhæfni verkefna.

Fram kemur hjá *Landssambandi iðnverkafólks* að það fylgist af áhuga með aðdragandanum að samningu frumvarps til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Bent er á að víðtæk samstaða hafi tekist um frumvarpið eins og það liggur nú fyrir. Það sé því mjög ásættanlegt og hafi 9. þing Landssambands iðnverkafólks, sem haldið var 20. til 21. apríl sl., lagt mikla áherslu á að frumvarpið nái fram að ganga sem fyrst. Í niðurlagi umsagnarinnar er hvatt til þess að frumvarpið verði endurflutt strax og þing komi saman haustið 1990 og afgreiðslu þess flýtt svo sem kostur er. Jafnframt er varað við því að gerðar verði efnislegar breytingar á frumvarpinu af hálfu ráðuneytis eða þings þar sem slíkt kunni að tefja fyrir því að niðurstaða fáist og raska þeirri samstöðu sem hafi náðst um málið.

Samtök fiskvinnslustöðva telja að starfsmenntun í fiskvinnslu sé í góðum höndum á vegum starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og sjávarútvegsráðuneytisins og eru andvíg breytingu á því fyrirkomulagi. Af þessum ástæðum geta samtökin ekki fallist á ýmis þau atriði sem fram koma í frumvarpinu. Greint er frá því áliti að óheppilegt sé að færa starfsfræðslu þeirra atvinnugreina sem hafa staðið vel að menntunarmálum í samvinnu við sín fagráðuneyti undir félagsmálaráðuneytið. Hins vegar er talið æskilegt að félagsmálaráðuneytinu verði sköpuð aðstaða til að hjálpa atvinnugreinum þar sem starfsfræðslumálum hefur verið lítið sinnt.

Meiri hluti *starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar* er þeirrar skoðunar að fulltúar fræðslunefnda einstakra atvinnugreina eigi sæti í starfsmenntunarráði, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn telur að forræði og ábyrgð starfsmenntunar eigi að vera í höndum fagráðuneyta og að með frumvarpinu sé stefnt að mikilli miðstýringu við úthlutun fjármuna. Meiri hluti nefndarinnar leggst gegn því að hluti rekstrarkostnaðar námskeiða sé borinn af þátttökugjöldum og vill halda því fyrirkomulagi sem hefur tíðkast í sam-

bandi við námskeið fyrir fiskvinnslufólk. Ákvæði 10. gr. er gagnrýnt og talið opna öllum sem standa fyrir starfsfræðslu af einhverju tagi tækifæri til að sækja um opinbert fé til starfsemi sinnar. Meiri hluti starfsmenntunarnefndarinnar er þeirrar skoðunar að of óljóst sé kveðið á um það hvernig haga skuli mati á því námi sem fram fer eftir lögunum í hinu almenna skólakerfi. Loks er kvartað undan skorti á upplýsingum um fjármagn sem nú er varið til starfsmenntunar og áætlunum um heildarfjárveitingu til þessa málefnis verði frumvarpið að lögum.

Stéttarsamband bænda er þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða mikið framfaramál og mælir með því að frumvarpið verði lögfest hið fyrsta. Stéttarsambandið bendir á að ekki sé gert ráð fyrir að fulltrúi frá landbúnaðinum sitji í verkefnaráði skv. 5. gr. Sambandið telur að málefni landbúnaðarins séu það sérhæfð að nauðsynlegt sé að gera með einhverjum hætti ráð fyrir samráði við hagsmunasamtök í landbúnaði.

Tekið skal fram að af hálfu fulltrúa *Vinnuveitendasambands Íslands, Verkamannasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Sambands íslenskra bankamanna* hefur komið fram fullur stuðningur við frumvarpið.

Félagsmálaráðuneytið sendi frumvarpið til kostnaðarmats *fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins*. Í mati stofnunarinnar, dags. 9. apríl 1990, kemur fram að áætla megi kostnaðarauka ríkissjóðs, verði frumvarpið óbreytt að lögum, um 2 til 3 millj. kr. á ári vegna starfsmenntaráðs og aukinna verkefna félagsmálaráðuneytisins við öflun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun. Er þá miðað við launagjöld vegna eins starfsmanns er verði ráðinn til að sinna þessum málefnum á aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og áætlaðan kostnað af starfi starfsmenntaráðs.

Stofnunin bendir á að í fjárlögum ársins 1990 sé fjárveiting að upphæð rúmlega 12 millj. kr. til starfsmenntunar í atvinnulífinu hjá félagsmálaráðuneyti. Hún tekur fram að ekki sé gerð áætlun um aukið framlag verði frumvarpið samþykkt, vegna ákvæðis um að Alþingi ákveði árlega fjárveitingu til starfsmenntasjóðs. Stofnunin vekur hins vegar athygli á því að markmiðið með löggjöfinni sé að efla starfs- og endurmenntun í atvinnulífinu þannig að vænta megi aukinna framlaga til þessa málaflokks á næstu árum verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Nefndin, sem samdi frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, var boðuð til þriggja funda haustið 1990. Á fundunum var farið yfir umsagnir um frumvarpið. Nefndin var sammála um að breyta ákvæðum 10., 13. og 15. gr. í samræmi við ábendingar sem fram höfðu komið. Nefndin var einnig sammála um að aðrar athugasemdir gæfu ekki tilefni til að gera frekari efnislegar breytingar á frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laganna er að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu. Í greininni er skilgreint í hvaða tilgangi þetta sé gert. Sérstaka áherslu ber að leggja á það sem segir um aukna framleiðni fyrirtækja, bætt gæði vöru og þjónustu. Einnig að greitt sé fyrir tækninýjungum og stuðlað að þróun í íslensku atvinnulífi. Markmiði laganna skal enn fremur náð með bættri verkkunnáttu og aukinni hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum. Tekið skal fram að með lögunum eru skapaðar forsendur fyrir því að brugðist sé við breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Þetta verði m.a. gert með því að bjóða upp á afmarkaða starfsmenntun sem ekki stendur til boða í almenna skólakerfinu.

Enn fremur er það markmið laganna að jafna möguleika fólks á vinnumarkaði og þess

fólks sem er tímabundið utan hans til að afla sér menntunar. Þetta gildir ekki síst um það sem hefur litla eða enga starfsmenntun fyrir.

Um 2. gr.

Í greininni er skilgreint hvernig markmiðum laganna skuli náð með stuðningi við skipulega starfsfræðslu; undirbúning, náms- og kennslugagnagerð, kennslu og starfsþjálfun. Einnig er kveðið á um frumkvæði starfsmenntaráðs í mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að lögin taki til náms eða námskeiða sem þátttakendur stunda til að auka færni og þekkingu á þeim störfum sem þeir fást við eða stefna að. Tekið er fram að til þessarar menntunar teljist grunnstarfsmenntun og eftirmenntun. Með grunnstarfsmenntun er átt við grundvallarstarfsmenntun til ákveðinna starfa eða til starfa í tiltekinni atvinnugrein í framleiðslu og þjónustu. Í eftirmenntun felst endurnýjun á fagkunnáttu og viðbótarmenntun sem fólk stundar á sínu fagsviði.

Um 4. gr.

Í greininni er tekið fram að félagsmálaráðuneytið fari með starfsmenntun í atvinnulífinu. Til starfsmenntunar í atvinnulífinu hefur oft verið stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldbinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Forsendur slíkra samningsákvæða eru aðstæður á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér er því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða og því eðlilegt að umsjón þeirra sé falin ráðuneyti vinnumála, þ.e. félagsmálaráðuneytinu. Í greininni er þó gerð ein undantekning. Gert er ráð fyrir að starfsfræðsla í fiskvinnslu heyri undir sjávarútvegsráðherra eins og verið hefur.

Um 5. gr.

Hér er gerð tillaga um skipun sjö manna starfsmenntaráðs til tveggja ára sem verði falin framkvæmd laganna. Í starfsmenntaráð skal ráðherra skipa einn fulltrúa án tilnefningar, þrjá samkvæmt tilnefningum samtaka atvinnurekenda, þ.e. tvo fulltrúa tilnefnda af Vinnuveitendasambandi Íslands og einn fulltrúa tilnefndan af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Einnig skal skipa þrjá fulltrúa tilnefnda af samtökum launafólks, þ.e. tvo tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Gert er ráð fyrir að starfsmenntaráð skipti með sér verkum.

Á sameiginlegum fundi nefndar og ráðgjafahóps, sem skipaður var til að semja lagafrumvarpið, kom fram ábending um að gefa ætti fleiri samtökum tækifæri til að tilnefna fulltrúa í starfsmenntaráðið. Nefndin var hins vegar sammála um þá skipan sem lögð er til í greininni enda eru framangreind samtök stærst á vinnumarkaðinum.

Í 2. mgr. er fjallað um verkefni starfsmenntaráðs sem fyrst og fremst verður að úthluta styrkjum til starfsmenntunar og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á þessu sviði.

Í 3. mgr. er lögð á það áhersla að starfsmenntaráð hafi samráð við og efli frumkvæði fræðslunefnda atvinnulífsins. Með þeim hætti verði hlúð að þeirri starfsemi sem nú þegar er til staðar.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að starfsmenntaráði er ætlað mjög afmarkað hlutverk sem kallar ekki á umfangsmikla starfsemi. Í kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er áætlaður kostnaðarauki ríkissjóðs, verði frumvarpið óbreytt að lögum, um 2–3 millj. kr. á ári vegna starfsmenntaráðs og aukinna verkefna félagsmálaráðuneytisins við öflun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun. Er þá miðað við launagjöld vegna eins starfsmanns er verði ráðinn til að sinna þessum málefnum á aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og áætlaðan kostnað af starfi starfsmenntaráðs.

Í niðurlagi greinarinnar er gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um starfshætti starfsmenntaráðs með reglugerð. Þetta ákvæði er sett vegna þess að hér er um nýtt viðfangsefni að ræða og hægt er að laga starfsemina greiðlega að aðstæðum.

Um 6. gr.

Tekið er fram að fjárhagsár starfsmenntaráðs skuli vera almanaksárið en því skuli skipt í úthlutunartímabil.

Fram kom hugmynd um nánari útfærslu á ákvæði greinarinnar. Samkvæmt henni skyldi fjárhagsárið vera frá 1. mars til 28. febrúar og skiptast í tvö úthlutunartímabil. Fyrra tímabilið væri frá 1. mars til 31. ágúst og hitt frá 1. september til 28. febrúar. Ekki var talið rétt að binda þetta í lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að við upphaf úthlutunartímabils skuli starfsmenntaráð hafa ákveðið forgangsröðun verkefna og skiptingu þeirra fjármuna sem eru til ráðstöfunar til verkefnaflokka. Gert er ráð fyrir að ástand og horfur í atvinnumálum hafi áhrif á forgangsröðunina.

Samkvæmt 3. mgr. skal auglýsa eftir umsóknum um styrki til undirbúnings og/eða reksturs námskeiða. Í auglýsingunni skal gera grein fyrir forgangsröðun starfsmenntaráðs og skiptingu fjármuna til einstakra verkefnaflokka eins og hún hefur verið ákveðin af starfsmenntaráði.

Um 7. gr.

Fjallað er um öflun og miðlun upplýsinga í greininni. Samkvæmt henni skal félagsmálaráðuneytið annast þetta verkefni. Lagt er til að ráðuneytið haldi þessum upplýsingum til haga og komi þeim til helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins. Hér er um mikilvægt atriði að ræða sem ætti að geta komið í veg fyrir að margir aðilar séu að vinna að sama verkefninu á sviði starfsmenntunarmála eins og komið hefur fyrir.

Um 8. gr.

Við samningu frumvarpsins var fjallað um ýmsar leiðir til að afla fjár til starfsmenntunar. Hér er lagt til að Alþingi ákveði árlega með fjárlögum upphæð sem varið er til starfsmenntunar á grundvelli tillagna félagsmálaráðherra. Þessi upphæð renni í sérstakan sjóð.

Rétt er að leggja áherslu á að ekki er með lögunum verið að marka starfsmenntunarmálum ákveðinn tekjustofn. Þvert á móti er Alþingi gefið mjög víðtækt vald til þess að ákveða sjálft fjárveitingar til þessarar starfsemi í samræmi við þarfir og aðstæður.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um styrkveitingar úr starfsmenntasjóði. Lagt er til að hægt verði að veita styrki vegna kostnaðar við undirbúning náms eða námskeiða, t.d. vegna verkefnisstjórnunar, náms- og kennslugagnagerðar. Í öðru lagi verði heimilt að veita styrki vegna

kostnaðar við námskeiðahald, t.d. vegna kennsluaðstöðu og ferða- og flutningskostnaðar. Í þriðja lagi til að standa straum af öðrum kostnaði vegna sérstakra aðstæðna sem ekki verða séðar fyrir.

Í 2. mgr. er lögð áhersla á að að öðru jöfnu sé það forsenda fyrir styrkveitingu úr starfsmenntasjóði að tiltekinn hluti af beinum rekstrarkostnaði námskeiða sé borinn af þátttökugjöldum samkvæmt nánari ákvörðun starfsmenntaráðs. Þar sem aðstæður geta verið mjög ólíkar er ekki gerð tillaga um það hversu hátt þetta hlutfall eigi að vera.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um styrkhæfni. Tekið er fram að umsóknir frá samtökum atvinnurekenda og launafólks séu styrkhæfar. Svo og frá einstökum atvinnufyrirtækjum, einkaaðilum eða opinberum aðilum sem standa fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu og starfmenntaráðum einstakra atvinnugreina. Einnig er gert ráð fyrir því í greininni að einstök samstarfsverkefni tveggja eða fleiri framangreindra aðila geti verið styrkhæf. Að öðru jöfnu er lögð áhersla á samstarfsverkefni sem aðilar vinnumarkaðarins standa að.

Rétt er að taka fram að lögð er sérstök áhersla á stuðning við starfsmenntun sem hefur að markmiði að auka þekkingu og færni þeirra sem stunda almenn störf í framleiðslu og þjónustugreinum.

Að tillögu Landssambands iðnaðarmanna og Sambands málm- og skipasmiðja var ákveðið að bæta í greinina ákvæði um að skólar hafi rétt til umsókna þegar um er að ræða samstarf við aðila sem taldir eru upp í 1. mgr. Röksemdin fyrir þessari breytingu er sú að mikilvægt er að tryggja góða samvinnu við skóla sem sinna starfsmenntun þótt rétt sé að þrengja möguleika þeirra til að sækja fjármagn í starfsmenntasjóð, enda ber stjórnvöldum að fjármagna starfsemi þeirra með öðrum hætti.

Um 11. gr.

Samkvæmt greininni skulu umsóknir um styrki úr starfsmenntasjóði vera skriflegar. Umsóknum skulu fylgja upplýsingar um tiltekin atriði sem eru talin upp í a–h-liðum og þarfnast ekki sérstakra skýringa. Markmiðið með ákvæðinu er að stuðla að því að þeir sem hyggjast njóta stuðnings samkvæmt lögunum geri sér glögga grein fyrir tilgangi þeirrar starfsmenntunar sem þeir hyggjast bjóða upp á, skipulagi, umfangi og kostnaði.

Það er enn fremur nauðsynlegt fyrir starfsmenntaráð að fá sem ítarlegastar upplýsingar um þau verkefni sem sótt er um styrk til þannig að ráðið geti tekið afstöðu til umsóknanna.

Um 12. gr.

Markmið greinarinnar er að gera stjórnvöldum kleift að krefjast upplýsinga um það hvernig staðið hefur verið að framkvæmd starfsmenntunar sem notið hefur stuðnings samkvæmt lögunum.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um það að aðilar, sem fengið hafa stuðning samkvæmt lögunum til að semja námsefni, skuli senda félagsmálaráðuneytinu eintak af hlutaðeigandi námsgögnum. Tekið er fram að ráðherra skal heimilt að ráðstafa þessum gögnum til frekari notkunar samkvæmt tillögum starfsmenntaráðs og í samráði við höfundaréttarhafa. Með ákvæðinu er stuðlað að greiðari samnýtingu námsefnis. Oft hefur verið á það bent að námsgagnagerð og önnur vinna gæti nýst betur og verið sé að semja sambærilegt

námsefni á mismunandi stöðum á sama tíma. Aðgangur þeirra sem annast hliðstæða fræðslu að slíku efni er ekki alltaf greiður þótt gerð þess hafi verið kostuð af almannafé. Rétt er að vekja athygli á því að við framkvæmd greinarinnar verði gætt ákvæða höfundalaga.

Um 14. gr.

Leggja ber áherslu á tvíþætta skyldu félagsmálaráðuneytisins annars vegar að safna upplýsingum um starfsmenntun sem í boði er og hins vegar að miðla upplýsingum um þetta efni.

Um 15. gr.

Með greininni er lögð áhersla á það að hægt verði að meta nám sem stundað er á grundvelli á laganna til námseininga í hinu almenna skólakerfi samkvæmt reglum menntamálaráðuneytisins.

Um 16. gr.

Með löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu er verið að fara inn á nýjar brautir. Þess vegna er lögð á það áhersla að ramminn, sem þessari starfsemi er settur í upphafi, verði rúmur og auðveldlega lagaður að breyttum aðstæðum. Af þeirri ástæðu er lagt til að með reglugerð verði nánar kveðið á um ýmsa þætti sem löggjöfin nær til, svo sem afmörkun og gildissvið, og verði við setningu hennar byggt á tillögum starfsmenntaráðs.

Um 17. gr.

Um ákvæðið í 2. mgr. má vísa til þess sem segir hér að framan um 16. gr. Um er að ræða að ýmsu leyti nýtt viðfangsefni og þar af leiðandi er lagt til að lögin verði endurskoðuð eigi síðar en að þremur árum liðnum.

Fylgiskjal I.

Niðurstaða úr viðræðum fulltrúa félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins um fullorðinsfræðslu.

(24. febrúar 1989.)

Fulltrúar félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins hafa samkvæmt samkomulagi félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra komið saman til fjögurra funda í því skyni að ræða samstarf á sviði fullorðinsfræðslu. Í viðræðunum hafa tekið þátt: Gerður G. Óskarsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Gylfi Kristinsson, Helgi Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Þráinn Hallgrímsson og Þuríður Magnúsdóttir. Á framangreindum fundum hafa verið lögð fram eftirfarandi skjöl:

a. Erindi um samhæfingu í endurmenntun og fullorðinsmenntun með stofnun símenntunarnefndar (menntamálaráðuneytið).
b. Erindasafn um starfsmenntun í atvinnulífinu (félagsmálaráðuneytið).
c. Álitsgerð um starfsmenntun í atvinnulífinu (félagsmálaráðuneytið).
d. Ábendingar um efni hugsanlegra fullorðinsfræðslulaga (menntamálaráðuneytið).

Á viðræðufundunum hefur einkum verið rætt um það hvort hugsanlegt sé að setja heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu sem m.a. taki til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Einnig hefur verið rætt um tillögur um samhæfingu í endurmenntun og fullorðinsfræðslu með stofnun símenntunarráðs. Niðurstaðan úr viðræðunum er eftirfarandi:

Viðræðunefndin hefur fjallað um *Ábendingar um efni hugsanlegra fullorðinsfræðslulaga* og álitsgerð um *Starfsmenntun í atvinnulífinu*. Einkum hefur verið rætt um það hvort gerlegt sé að setja eina löggjöf sem taki til allrar fullorðinsfræðslu, þar með talin starfsmenntun í atvinnulífinu eins og hún er skilgreind í álitsgerð vinnuhóps á vegum félagsmálaráðuneytisins. *Eftir ítarlegar umræður er niðurstaðan sú að rétt sé að sett verði sérstök löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem heyri til verksviðs félagsmálaráðuneytisins og önnur um fullorðinsfræðslu er heyri til verksviðs menntamálaráðuneytisins.* Meginröksemdin fyrir niðurstöðunni byggir á því að til starfsmenntunar í atvinnulífinu er oft stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldbinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Forsendur slíkra samningsákvæða eru breytingar á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér er því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða þar sem forsenda árangurs er sem mest áhrif aðila vinnumarkaðarins á alla framkvæmd.

I. Löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Í samræmi við framangreint skiptist löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu í eftirfarandi kafla:

1. Markmið og skilgreiningar.

Í þessum kafla komi fram markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu. Samkvæmt álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins er það tvíþætt:

Markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu er að bæta verkmenntun og vinnuumhverfi, auka framleiðni fyrirtækja og treysta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaðinum með því að gera honum kleift að takast á við ný eða breytt verkefni í kjölfar nýrrar tækni eða laga sig að breyttum atvinnuháttum.

Markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu er einnig að auka virkt atvinnulýðræði með því að búa starfsmenn undir þátttöku og ábyrgð í stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Enn fremur komi fram skilgreining á heitinu *starfsmenntun í atvinnulífinu*. Í álitsgerð vinnuhópsins er átt við skipulegt nám (námskeið) sem fólk á vinnumarkaði stundar í því skyni að bæta eða auka færni sína og þekkingu til þeirra starfa sem það fæst við eða vegna breytinga á störfum og starfsháttum. *Starfsmenntun í atvinnulífinu* tekur til endurmenntunar hópa og einstaklinga, svo og viðbótarmenntunar (eftirmenntunar) faglærðra og grunnmenntunar ófaglærðra sem fram fer á vinnumarkaðinum.

2. Yfirstjórn.

Í þessum kafla komi fram stjórn og eftirlit með þeirri starfsmenntun sem nýtur stuðnings samkvæmt lögunum. Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirrar fræðslu sem fjallað er um í lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu, sjá nánar álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins, bls. 25–27.

3. Fjármál.

Hér verði lögð áhersla á stofnun sjóðs sem geti fengið tekjur eftir ýmsum leiðum, sbr. álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins, bls. 28–29. Lögð verður áhersla á þær um-

sóknir, sem byggja á að samtök aðila vinnumarkaðarins leggja fram fé eða aðra fyrirgreiðslu, njóti ákveðins forgangs um opinberan stuðning.

4. Ýmis ákvæði.

Í þessum kafla verði m.a. ákvæði um eftirlit með framkvæmd námskeiða sem stofnað til eftir lögunum, upplýsingaskyldu þeirra sem hljóta stuðning o.þ.h.

Einnig verði kveðið á um mat á námi, sem stundað er innan ramma laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, til áfanga í almenna skólakerfinu og þá verði vísað til reglna sem menntamálaráðuneytið setur.

Enn fremur verði vísað til reglna sem menntamálaráðuneytið setur varðandi notkun skólahúsnæðis til námskeiðahalds sem kostað er með opinberum stuðningi.

II. Lög um fullorðinsfræðslu.

Lögin taki til allra sviða fullorðinsfræðslu að undanskilinni starfsmenntun í atvinnulífinu. Fullorðinsfræðsla greinist í þrjá aðalþætti:

1. *Almennt nám* sem hliðstætt við það sem boðið er á öllum stigum skólakerfisins. Í aðalatriðum mundu viðkomandi skólar bjóða þetta nám og um það gildi einnig í öllum megindráttum sömu kröfur og gerðar eru á viðkomandi skólastigi. Auk skólanna gætu aðilar eins og námsflokkar og fullorðinsfræðslusamtök boðið upp á almennt nám.

2. *Vinnumarkaðsmenntun.* Hér er aðallega um að ræða fræðslu sem boðin er fólki á vinnumarkaði og tengd er störfum þess. Hér getur verið um að ræða starfsmenntun vegna starfa sem fólk er í, endurmenntun vegna nýrra starfa og félagsleg menntun, t.d. fyrir trúnaðarmenn og þá sem gegna störfum fyrir aðila vinnumarkaðarins o.fl. Um þennan þátt fullorðinsfræðslu leggur nefndin til að sett verði sérstök löggjöf, sbr. það sem segir í I. kafla.

3. *Frjálst nám* sem ekki heyrir til liðum 1 og 2. Undir það heyrir hvers konar frístundanám sem fólk vill afla sér án þess að stefna að prófum sem varðar starf þess. Hér má nefna tungumálanám, nám á listasviði og fjöldamargt annað.

Í fyrsta kafla löggjafar um fullorðinsfræðslu yrðu almenn ákvæði um markmið laganna, um framkvæmd fullorðinsfræðslu, notkun þeirrar aðstöðu sem til er í skólum ríkis og sveitarfélaga, samband við Ríkisútvarp, fjarnám o.fl. Hér yrði einnig fjallað um gerð námsgagna, sérstakar þarfir afmarkaðra hópa, t.d. fatlaðra o.fl.

Í öðrum kafla verði ákvæði um fullorðinsfræðsluráð og yfirstjórn fullorðinsfræðslu í landinu. Í ráðinu gætu átt sæti fulltrúar ráðuneyta sem fara með málefni sem snerta fullorðinsfræðslu, auk fulltrúa þeirra aðila sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu utan skólakerfisins. Til greina gæti komið að ráðið yrði samsett úr þremur hópum sem hver hefði með höndum yfirumsjón með sínum þætti fullorðinsfræðslu, sbr. I. kafla. Hér yrði einnig kveðið á um verkefni fullorðinsfræðsluráðs.

Verkefni fullorðinsfræðsluráðs verði:

— að hafa til staðar upplýsingar um endurmenntun og fullorðinsfræðslu í landinu, standa fyrir útgáfu upplýsingarita og hafa í því sambandi samskipti við stofnanir, fyrirtæki og félög,
— að stuðla að lágmarkssamræmingu,
— að stuðla að mati faglegra gæða endurmenntunarnámskeiða,
— að stuðla að samstarfi við skólakerfið,
— að sjá um mat á námi í endurmenntun og fullorðinsfræðslu með hliðsjón af formlega skólakerfinu,

— að hafa samstarf við kennararmenntunarstofnanir um menntun fyrir kennara í símenntun (námskeið),
— að gefa út leiðbeiningar fyrir símenntunarkennara, veita þeim ráðgjöf o.s.frv.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirrar fræðslu sem fjallað er um í lögum um fullorðinsfræðslu.

Í þriðja kafla laganna yrðu ákvæði um að ríki, sveitarfélög, fullorðinsfræðslusamtök, aðilar vinnumarkaðarins, félagasamtök og einstaklingar hafi forgöngu um fullorðinsfræðslu. Sett verði sérstök reglugerð er feli í sér almennar reglur um þau skilyrði sem fullorðinsfræðsluaðili þarf að uppfylla til að vera gjaldgengur styrkþegi. Megininntakið er að draga ekki úr frumkvæði aðila utan skólakerfisins. Fullorðinsfræðsluráð stýrir ekki fræðslustarfi slíkra aðila en hefur á hendi upplýsingaskyldu og deilir út því fjármagni sem til fullorðinsfræðslu rennur frá ríkinu ár hvert.

Í fjórða kafla yrði fjallað um fjármál. Það er almennt stefnumið að nemandi greiði ekki meira en sem nemur þriðjungi af kennaralaunum. Veitt yrði fé til þjálfunar leiðbeinenda, svo og til þróunarstarfs, og tekið fram við hvaða almennar reglur launakjör leiðbeinenda skuli miðast þegar styrkur er veittur. Aðili, sem annast fullorðinsfræðslu, sendir árlega inn áætlun um kennslumagn og fær fyrirheit um fjárveitingar í því ljósi. Að námskeiði eða námsönn lokinni sendir hann uppgjör ásamt nemendaskrá og fær greiddan út styrkinn í samræmi við það.

Hér kæmi til álita að setja inn ákvæði um greiðslu vinnutaps, enda yrði samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um það efni.

III. Samtenging fullorðinsfræðslu og laga um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Eins og áður er komið fram leggur viðræðunefndin til að fullorðinsfræðslan og starfsmenntun í atvinnulífinu verði tengd með skipun fullorðinsfræðsluráðs. Ráðið verði vettvangur upplýsingamiðlunar um menntunarframboð fyrir fullorðna. Enn fremur verði í lögum um fullorðinsfræðslu og lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu tilvísanir á milli laganna til að tryggja lágmarkssamræmingu.

IV. Lokaorð.

Viðræðunefndin leggur ríka áherslu á náið samráð á milli félagmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins þegar og ef lög um framangreind málefni verða undirbúin. Þetta mætti t.d. tryggja með því að fulltrúi menntamálaráðuneytisins taki sæti í nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði til að semja lög um starfsmenntun í atvinnulífinu og fulltrúi félagsmálaráðneytis í nefnd sem menntamálaráðherra skipaði til að semja lög um fullorðinsfræðslu.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa.

Umsögn um frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu.
(11. nóvember 1991.)

Markmið þessa lagafrumvarps er að efla starfs- og endurmenntun í atvinnulífinu og koma á föstu skipulagi undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins um öflun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi sjö manna starfsmenntaráð er úthluti styrkjum úr starfsmenntasjóði og verði stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumörkun á sviði starfsmenntunar. Kostnaður við starf starfsmenntaráðs greiðist væntanlega úr ríkissjóði, þótt það sé ekki tekið fram í frumvarpinu. Þá er gert ráð fyrir að Alþingi ákveði árlegt framlag til starfsmenntasjóðs við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má ætla kostnaðarauka ríkissjóðs um 3 m.kr. á ári vegna starfsmenntaráðs og að aukinn launakostnaður sem starfi þess fylgir sé metinn sem svarar einu skrifstofustarfi auk nokkurs annars kostnaðar.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 er fjárveiting að upphæð 58 m.kr. til starfsmenntunar í atvinnulífinu (viðfangsefni 07-999-1.32) og ætti sú fjárveiting að rúma þann kostnaðarauka sem hér er nefndur en samkvæmt því sem fyrr segir er fjárveiting til þessa verkefnis ákveðin við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

(11. nóvember 1991)

151. Fyrirspurn [141. mál]

til utanríkisráðherra um þinglega meðferð EES-samnings og fylgifrumvarpa.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Í hvaða formi og innan hvaða tímamarka hyggst ríkisstjórnin leita staðfestingar Alþingis á EES-samningnum og leggja fram og fá samþykkt frumvörp til breytinga á íslenskri löggjöf vegna reglugerða, tilskipana og annarra reglna sem leiðir af samningnum?

152. Frumvarp til laga [142. mál]

um kirkjugarða, greftrun líka og líkbrennslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. KAFLI

Um greftrun líka og líkbrennslu.

1. gr.

Skylt er að greftra lík í lögmætum kirkjugarði, sbr. 5. gr., eða brenna þau í viðurkenndri líkbrennslustofnun (bálstofu), sbr. 7. gr.

2. gr.

Skylt er að virða ákvarðanir sjálfráða manns um hvort greftra skuli lík hans eða brenna.

Nú var maður ósjálfráða er hann féll frá og tekur þá lögráðamaður (lögráðamenn) hans ákvörðun um þetta efni.

Nú er ekki vitað um vilja látins manns sem sjálfráða var og ákveða þá eftirlifandi maki (sambúðaraðili) og niðjar (kjörniðjar) hins látna hvort lík skuli greftrað eða brennt. Ef þau eru sammála um að lík skuli brennt skal þann hátt á hafa.

Nú er þeim vandamönnum eigi til að dreifa er greinir í 3. mgr. og taka foreldrar og systkin hins látna ákvarðanir í þessu efni og fer um það skv. 3. mgr. Ella er ákvörðunarvaldið í höndum þeirra er nákomnastir eru hinum látna. Skal í því sambandi til þess litið hjá hverjum hinn látni hefur dvalist og hver sjái um útförina.

Ef eigi er vitað um afstöðu hins látna, sbr. 1. mgr., né þeirra er greinir í 3. og 4. mgr. má líkbrennsla fara fram, enda verði útförin gerð á stað þar sem aðstaða er til líkbrennslu, sbr. 7. gr.

3. gr.

Óheimilt er að greftra lík eða brenna nema lögmætt dánarvottorð liggi fyrir og vottorð sýslumanns eða umboðsmanns hans um tilkynningu um látið, sbr. skiptalög. Gæta skal og ákvörðunar um líkskoðun eða krufningu líka samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og enn fremur laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Áður en líkbrennsla fer fram þarf enn fremur að vera fyrir hendi vottorð lögreglustjóra þess efnis að hann sjái ekkert því til fyrirstöðu að líkbrennsla fari fram. Þeim er sér um framkvæmd líkbrennslu ber að afla vottorðs þessa.

4. gr.

Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn sem hann andaðist eða var síðast heimilisfastur eða þar sem vandamenn hans, sbr. 2. gr., óska legs fyrir hann.

II. KAFLI
Um kirkjugarða og grafreiti og friðhelgi þeirra, svo og líkbrennslustofnanir.

5. gr.

Með kirkjugörðum í lögum þessum er átt við afmörkuð grafarsvæði kirkjusóknar eða kirkjusókna sem vígð hafa verið, sbr. 6. gr.

6. gr.

Kirkjugarðar og grafreitir eru friðhelgir, sbr. og almenn hegningarlög.

Kirkjugarða þjóðkirkjunnar skal prestur vígja. Heimilt er að afmarka óvígðan reit innan kirkjugarðssvæðis ef hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn samþykkir.

Eigi má reisa mannvirki, starfrækja stofnanir eða reka fyrirtæki sem frá stafar hávaði eða ys í nánd við kirkjugarða. Skal þessa gætt við skipulagningu skipulagsskyldra staða.

7. gr.

Líkbrennsla hér á landi má eingöngu fara fram í stofnunum sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið löggildir.

Búa ber um öskuna í þar til gerðum duftkerum sem skylt er að varðveita í kirkjugarði eða löggiltum grafreit. Skal grafa kerin niður í grafarstæði eða leggja þau í leiði ef vandamenn, er greinir í 1. mgr. 47. gr., óska þess. Dýpt duftkersgrafar skal vera um 1 metri.

Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um ½ fermetri. Nöfn þeirra, sem duft er varðveitt af í kirkjugarði, skal rita á legstaðaskrá og kerin og grafirnar tölusettar, sbr. 27. gr.

Óheimilt er að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði eða löggiltum grafreit.

III. KAFLI
Stjórn, starfslið og yfirumsjón kirkjugarða.

8. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn prófasts (í Reykjavík prófasta) og biskups.

Sóknarnefnd eða sérnefnd kjörin af safnaðarfundi, sbr. 9. gr., hefur á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum. Er hún hér eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.

9. gr.

Nú hafa tvær eða fleiri sóknir sameiginlegan kirkjugarð eða kirkjugarða og skulu þá sóknarnefndir hver um sig kjósa einn mann úr hópi aðalmanna og varamanna í nefndinni í kirkjugarðsstjórn til fjögurra ára í senn, svo og varamann með sama hætti. Utan þjóðkirkjusöfnuðir með a.m.k. 2.000 gjaldskylda meðlimi kjósa einn mann úr sínum hópi og annan til vara í kirkjugarðsstjórn til fjögurra ára í senn. Bálfarafélag Íslands kýs, ef því er að skipta, einn mann og annan til vara til jafnlangs tíma í kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma. Prófastur situr fundi kirkjugarðsstjórnar og hefur atkvæðisrétt þeg-

ar tala fundarmanna er jöfn eða tilnefnir ella varamann í sinn stað. Prófastar Reykjavíkurprófastsdæma sitja fundi til skiptis sitt árið hvor og eru varamenn hvor fyrir annan.

Kirkjugarðsstjórnir þessar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir að því er til kirkjugarða tekur.

10. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að ráða sérstakan kirkjugarðsvörð, svo og framkvæmdastjóra, er hafi á hendi umsjón og eftirlit samkvæmt erindisbréfi sem kirkjugarðsstjórn setur.

Kirkjugarðsstjórn felur kirkjugarðsverði að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi. Einnig getur hún falið honum árlegt viðhald legstaða fyrir þá er þess óska samkvæmt gjaldskrá er hún setur.

Lögmætur safnaðarfundur eða safnaðarfundir, ef fleiri sóknir eru um kirkjugarð, getur veitt kirkjugarðsstjórn einkaheimild til grafartöku og til þess að nota líkvagn við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi sem rennur í sjóð kirkjugarðsins. Ákvörðun um þetta er þó háð staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er leitar umsagnar biskups.

11. gr.

Skipulagsnefnd kirkjugarða hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Í henni eiga sæti biskup Íslands eða fulltrúi hans, húsameistari ríkisins, skipulagsstjóri ríkisins og þjóðminjavörður, einn maður kosinn af kirkjuþingi og annar af kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma, báðir til fjögurra ára í senn. Varamenn þessara tveggja manna skulu kosnir með sama hætti og til jafnlangs tíma. Biskup er formaður nefndarinnar. Ef atkvæði verða jöfn í skipulagsnefnd ræður atkvæði formanns.

Skipulagsnefnd ræður framkvæmdastjóra kirkjugarða og setur honum erindisbréf. Hann skal vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða. Laun hans og annar starfskostnaður greiðist úr ríkissjóði. Kostnaður við störf skipulagsnefndar kirkjugarða greiðist úr Kirkjugarðasjóði.

IV. KAFLI
Um skyldur sveitarfélaga vegna kirkjugarða, svo og um eignarnám vegna kirkjugarða.

12. gr.

Skylt er sveitarfélagi því, er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og girðingu, þó þannig að óbreyttar haldist kvaðir þær er þegar eru á jörðum og lóðum þar sem kirkjugarðar standa.

Þar sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis skal sveitarfélag kosta framræslu og uppfyllingu landsins.

13. gr.

Þar sem kirkja er ekki í kirkjugarði leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum, þar á meðal með snjómokstri ef því er að skipta. Vegur þessi skal vera af sömu gerð og tíðkast í sveitarfélaginu og með sams konar lýsingu þar sem því verður við komið. Enn fremur leggur sveitarfélagið til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs ef þess er óskað og greiðir akstur hans.

Í kaupstöðum eða kauptúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugarðinum.

14. gr.

Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag eða bæjarfélag og hreppur eða hreppshluti sameiginlegan kirkjugarð og skal þá skipta kostnaðinum, sbr. 12. og 13. gr., niður á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög eða hluta þeirra eftir mannfjölda í hverju þeirra fyrir sig.

Rétt er kirkjugarðsstjórn, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka er getur í 2. mgr. 12. gr., svo og 13. gr., að taka sjálf að sér framkvæmd að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins ef ágreiningur verður. Greiða skal reikninginn samkvæmt úrskurði ráðuneytisins innan mánaðar frá því er hann er felldur.

15. gr.

Heimilt er með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að taka eignarnámi hentugt land undir kirkjugarð.

V. KAFLI
Ákvarðanir um nýjan kirkjugarð og stækkun eldri kirkjugarðs.

16. gr.

Lögmætur safnaðarfundur eða safnaðarfundir, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ákveða hvenær taka skuli upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, en í Reykjavíkurprófastsdæmi kirkjugarðsstjórn.

Nú er þetta vanrækt og getur þá skipulagsnefnd kirkjugarða skipað fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, enda liggi fyrir álit prófasts (prófasta) um nauðsyn þess.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar og héraðslæknis og skipulagsnefndar sveitarfélagsins um hvort heilbrigðissjónarmið eða skipulagsástæður standi framkvæmdinni í vegi. Gögn þessi ber síðan að senda ásamt uppdrætti af fyrirhuguðum kirkjugarði eða stækkun hans til skipulagsnefndar kirkjugarða til úrlausnar, en ákvörðun hennar má skjóta til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er úrskurðar málið til fullnaðar.

VI. KAFLI
Uppdrættir af kirkjugörðum og framkvæmdir við þá.

17. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu láta gera á sérstök eyðublöð uppdrætti af kirkjugörðum landsins bæði þeim sem í notkun eru og hinum sem hætt er að nota, en enn hefur eigi verið sléttað yfir. Á uppdrætti þessa skal markað fyrir legsteinum öllum og þeim leiðum sem menn vita deili á. Lýsing fylgi á minnismerkjum og skrá yfir þau leiði sem menn vita hverjir hvíla undir ásamt nöfnum þeirra og dánarári.

Að því búnu lætur framkvæmdastjóri kirkjugarða í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða gera uppdrátt af skipulagi garðanna, stækkun ef með þarf, girðingum og sáluhliði.

18. gr.

Kirkjugarðar skulu girtir traustri girðingu með vönduðu sáluhliði. Þegar girða þarf kirkjugarð skal leita um það tillagna skipulagsnefndar sveitarfélagsins og skipulagsnefndar kirkjugarða. Að fengnum þessum tillögum gerir safnaðarfundur eða safnaðarfundir, ef

fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ályktun um gerð girðingarinnar en kirkjugarðsstjórn í Reykjavíkurprófastsdæmum. Náist eigi samkomulag um girðingu við framkvæmdastjóra kirkjugarða ræður úrskurður skipulagsnefndar kirkjugarða.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju og skal þá vera klukka í sáluhliði, stöpli eða líkhúsi.

19. gr.

Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta leggja brautir og gangstíga í kirkjugörðum samkvæmt staðfestum uppdrætti, gróðursetja tré og runna, slétta garðinn ef til þess er ætlast, halda öllu þessu vel við, láta slá garðana reglulega með varúð og hafa þá að öllu leyti vel og snyrtilega hirta.

Kirkjugarðsstjórnir skulu stuðla að því að legstaðir séu smekklega prýddir blómjurtum og vel um þá hirt.

Skógrækt ríkisins er skylt að veita kirkjugarðsstjórnum endurgjaldslaust leiðbeiningar um val og hirðingu trjáa er vel hæfa kirkjugörðum.

20. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að láta reisa kapellu og líkhús í eða við kirkjugarð á kostnað hans og koma þar upp húsnæðisaðstöðu fyrir starfsmenn kirkjugarðsins. Uppdrættir og staðsetning skulu samþykkt af skipulagsnefnd kirkjugarða og skipulags- og byggingarnefnd sveitarfélagsins. Gerð kapellu og líkhúss skal háð samþykki byggingarnefndar og heilbrigðisnefndar.

Skylt er kirkjugarðsstjórn að annast greftrunarkirkjur og kosta rekstur þeirra, sbr. lög um kirkjusóknir o.fl.

VII. KAFLI
Um grafir, umhirðu leiða, legstaðaskrá o.fl.

21. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að veita styrk til kirkna vegna útfararþjónustu sem þar fer fram og greiða hluta útfararkostnaðar.

22. gr.

Kirkjugarðsstjórn ber að sjá um að greftri sé hagað skipulega og samkvæmt uppdrætti, enda óheimilt að taka gröf annars staðar en þar sem hún leyfir eða umboðsmaður hennar. Gröf má eigi taka innan kirkju eða nær grunni hennar en 1½ metra.

23. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Kirkjugarðsstjórn getur heimilað að tvígrafið sé í sömu gröf ef þess er óskað af hálfu vandamanna þess er grafa á og fyrir liggur samþykki vandamanna þess er þar var áður grafinn. Skal þá grafardýpt hið fyrra sinni vera 2½ metri. Sá sem gröf lætur taka er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum svo fljótt sem við verður komið og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.

Kirkjugarðsstjórn er enn fremur heimilt að ákveða að í tilteknum hluta kirkjugarðs þar sem jarðvegsdýpt leyfir skuli grafa í tveimur dýptum.

24. gr.

Beinum, sem upp kunna að koma þegar gröf er tekin, skal koma fyrir í gröfinni á ný. Sé bálstofa fyrir hendi er heimilt að brenna allar slíkar leifar og leggja öskuna í gröf, sbr. 7. gr.

25. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að úthluta allt að þremur grafarstæðum til sömu fjölskyldu, enda sé eftir því leitað við greftrun þess er fyrst fellur frá. Réttur til grafarstæðanna helst í 50 ár.

26. gr.

Vanræki hlutaðeigendur að hirða sómasamlega um gróður á leiði er kirkjugarðsstjórn heimilt að láta þekja og hreinsa leiðið á kostnað þeirra eða kirkjugarðsins. Með sama hætti er heimilt að fjarlægja af leiðum ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki, en gera skal þá vandamönnum viðvart áður ef kostur er og jafnan haft samráð í þessum efnum við sóknarprest, í Reykjavíkurprófastsdæmum við prófasta. Minnismerkjum, sem fjarlægð eru, skal að jafnaði komið fyrir á vissum stað í garðinum þar sem best þykir á fara að dómi prófasts. Þetta gildir og um minnismerki á þeim gröfum sem eru eldri en 75 ára og enginn hefur óskað friðunar á. Séu slík minnismerki flutt skal upprunalegur staður þeirra merktur greinilega samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga.

Kirkjugarðsstjórnum er heimilt að láta hefja gömul minnismerki úr moldu ef þörf krefur. Enn fremur er þeim skylt að láta smíða hlífðarstokka um þá legsteina er þjóðminjavörður tiltekur. Kostnað, sem af þessu leiðir, ber hlutaðeigandi kirkjugarði að greiða.

27. gr.

Kirkjugarðsstjórn heldur legstaðaskrá í því formi sem skipulagsnefnd kirkjugarða ákveður. Þar skal rita nöfn, kennitölu og stöðu, heimili, aldur, greftrunardag og grafarnúmer þeirra sem jarðsettir eru jafnóðum og greftrað er, sbr. þó 3. mgr., og enn fremur nöfn þeirra sem fyrir eru greftraðir í garðinum ef leiði þeirra þekkjast. Uppdráttur að kirkjugarðinum fylgi hverri legstaðaskrá og séu mörkuð á hann leiði allra þeirra sem standa í skránni.

Skrá skv. 1. mgr. skal gerð í tveimur eintökum og geymist annað hjá sóknarpresti og skal það afhent honum ársfjórðungslega. Í Reykjavíkurprófastsdæmum og öðrum prófastsdæmum, ef þurfa þykir, skal afhenda skrána borgarlækni (héraðslækni), manntalsskrifstofu, þjóðskrárdeild Hagstofu Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Sambandi íslenskra lífeyrissjóða og Blóðbankanum í Reykjavík mánaðarlega.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er kirkjugarðsstjórn að höfðu samráði við prófast (prófasta) og skipulagsnefnd kirkjugarða heimilt að afmarka sérstakt svæði í kirkjugarði og greftra þar án þess að grafarnúmers innan svæðisins sé getið. Að öðru leyti fer um slíkar greftranir svo sem í 1. mgr. getur.

28. gr.

Öll leiði í kirkjugarði, sem þekkt eru, skulu auðkennd með tölumerki er samsvarar tölu þeirra á legstaðaskrá, sbr. 3. mgr. 27. gr. Sá sem setja vill minnismerki á leiði skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar sem ber að sjá um að minnismerkið sé traust og fari vel. Eigi má setja girðingar úr steini, málmi, timbri, plasti eða sambærilegu efni um einstök

leiði eða fjölskyldugrafreiti. Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði.

Ágreiningi um þessi atriði má skjóta til skipulagsnefndar kirkjugarða.

29. gr.

Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun ef þess er óskað. Heimilt er og kirkjugarðsstjórn að friða leiði ef þar eru smekkleg minnismerki að mati hennar og þeim vel við haldið eða af öðrum ástæðum.

30. gr.

Legstaðasjóðir, sbr. 20. gr. laga nr. 21/1963, verða eigi stofnaðir eftir gildistöku laga þessara.

Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi stjórn og reikningshald legstaðasjóða þeirra, sem myndaðir hafa verið fyrir gildistöku laganna, undir yfirstjórn prófasts. Hún ávaxtar sjóðina í kirkjugarðasjóði eða með öðrum þeim hætti sem henni þykir best henta.

Nú er friðunartími legstaða liðinn og ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum til sómasamlegs viðhalds legstaðarins að dómi prófasts (prófasta) og hverfur þá sjóðurinn til kirkjugarðsins sem eign hans.

VIII. KAFLI
Ákvarðanir um að hætt skuli að grafa í kirkjugarði og um niðurlagningu kirkjugarðs.

31. gr.

Ákvörðun um að hætta skuli að grafa í kirkjugarði skal gerð á lögmætum safnaðarfundi eða safnaðarfundum (í Reykjavíkurprófastsdæmum í kirkjugarðsstjórn) enda komi til samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

Niðurlagningu kirkjugarðs skal tilkynna biskupi og dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Niðurlagðir kirkjugarðar eru friðhelgir og skulu taldir til fornleifa, sbr. þjóðminjalög. Heimilt er að þinglýsa ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarðs.

Skylt er að halda við girðingu um niðurlagðan kirkjugarð á kostnað sóknarkirkjugarðsins, svo og að hirða hann sómasamlega.

Skipulagsnefnd kirkjugarða gerir tillögur í samráði við skipulagsnefnd sveitarfélags og sóknarnefnd (kirkjugarðsstjórn) hvernig með kirkjugarð skuli fara sem hætt er að greftra í.

32. gr.

Nú eru liðin tuttugu ár frá niðurlagningu kirkjugarðs eða tíu ár a.m.k. frá greftrun í kirkjugarði og getur þá löglegur safnaðarfundur eða safnaðarfundir (í Reykjavíkurprófastsdæmum kirkjugarðsstjórn) fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð með ákveðnum skilyrðum ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir og dóms- og kirkjumálaráðuneytið staðfestir. Heimilt er og með samþykki sömu aðila að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð eða gamla grafreiti sem löngu er hætt að jarða í, en þá skal kirkjugarðsstjórn jafnframt láta reisa þar varanlegt minnismerki með áletrun um það að þar hafi kirkjugarður verið.

33. gr.

Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dómi pró-

fasts (prófasta). Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki. Þó getur dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu að fengnu samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

Vandamenn eiga rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burtu þaðan.

34. gr.

Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann skal það auglýst þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Gefi þá enginn sig fram innan átta vikna er vilji varðveita minnismerki í garðinum eða taka þau í sína vörslu getur kirkjugarðsstjórn valið þeim annan stað, sbr. 26. gr.

35. gr.

Áður en sléttað er yfir gamlan kirkjugarð skal hlutaðeigandi sóknarprestur, í Reykjavíkurprófastsdæmum kirkjugarðsstjórn, semja nákvæma skrá yfir öll minnismerki í garðinum og senda biskupi.

36. gr.

Nú spillir uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það skipulagsnefnd kirkjugarða. Nefndin gerir síðan þær ráðstafanir er þurfa þykir.

IX. KAFLI
Kirkjugarðsgjöld.

37. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu árlega semja áætlun um tekjur og gjöld þeirra kirkjugarða sem þær hafa í umsjá sinni. Á sama hátt skulu þær semja reikning fyrir næstliðið ár yfir tekjur og gjöld kirkjugarðanna, svo og skýrslu um eignir þeirra að meðtöldum legstaðasjóðum, sbr. 30. gr.

Um reikningshald kirkjugarða gilda sömu reglur sem um reikningshald kirkna.

38. gr.

Tekjur kirkjugarða, auk þeirra sem áður er getið, skulu vera 1½% árlega reiknaðar af aðstöðugjöldum á því svæði er rétt á til kirkjugarðsins. Tekjur kirkjugarða samkvæmt þessari málsgrein og 39. gr. nefnast einu nafni kirkjugarðsgjöld.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðs fyrir nauðsynlegum útgjöldum og er þá kirkjugarðsstjórn heimilt að fengnu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að hækka hundraðsgjaldið af aðstöðugjöldum fyrir eitt ár í senn í allt að 4%.

Komi það í ljós að tekjur kirkjugarðs skv. 1. mgr. að viðbættum öðrum tekjum mundu fara verulega fram úr áætluðum gjöldum það ár getur dóms- og kirkjumálaráðuneytið heimilað hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn fyrir eitt ár í senn að innheimta lægra hundraðsgjald af aðstöðugjöldum en í 1. mgr. segir.

Innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu innheimta þann hluta kirkjugarðsgjaldsins sem reiknast af aðstöðugjöldum og er þeim heimilt að taka 1% í innheimtulaun. Þeim ber að skila gjaldinu mánaðarlega til viðkomandi kirkjugarðsstjórnar. Heimilt er þó að greiða gjaldið sjaldnar til fámennari safnaða eftir samkomulagi.

Kirkjugarðsgjöld reiknuð af aðstöðugjöldum eru lögtakskræf.

Hjón bera sameiginlega ábyrgð á greiðslu kirkjugarðsgjalda samkvæmt þessari grein.

39. gr.

Ríkissjóður skal skila 15. hvers mánaðar af óskiptum tekjuskatti fjárhæð er rennur til kirkjugarða landsins. Fjárhæð þessi reiknast þannig að fyrir hvern einstakling, sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári, greiðist ákveðin upphæð sem ákvarðast þannig:

1. Á árinu 1992 skal gjaldið vera 159 kr. á einstakling á mánuði að viðbættri fjárhæð er samsvarar þeirri hækkun er verður á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli tekjuáranna 1990 og 1991.
2. Á árinu 1993 og síðar ákvarðast gjaldið af endanlegri ákvörðun gjaldsins frá fyrra ári að viðbættri hækkun er samsvarar þeirri hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli tveggja næstliðinna tekjuára á undan gjaldári.

Nú verða gerðar breytingar á útreikningi tekjuskattsstofns og skal þá taka tillit til þess við ákvörðun gjaldsins hverju sinni.

Hækkun á gjaldi samkvæmt þessari grein skal ákvarðast af kirkjumálaráðherra í samræmi við upplýsingar frá ríkisskattstjóra og Þjóðhagsstofnun eigi síðar en 1. ágúst ár hvert. Þar til ákvörðun þessi liggur fyrir skal ráðherra ákveða uppígreiðslu gjaldsins fyrir mánuðina janúar til júlí ár hvert á grundvelli spár um tekjuþróun tveggja næstliðinna ára.

Hver kirkjugarður á rétt á gjaldi skv. 1. mgr. fyrir hvern þann sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins gjaldárs og býr á því svæði er rétt á til kirkjugarðsins, miðað við 1. desember næst á undan gjaldári. Ríkisbókhaldið annast skiptingu gjaldsins.

Gjald vegna manna, sem eru óstaðsettir á landinu samkvæmt þjóðskrá, greiðist til Kirkjugarðasjóðs, sbr. X. kafla.

X. KAFLI
Kirkjugarðasjóður.

40. gr.

Til Kirkjugarðasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 21/1963, 27. gr., skulu renna 8% af kirkjugarðsgjöldum.

Ríkisbókhaldið og innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu standa stjórn sjóðsins skil á gjaldi þessu ársfjórðungslega eða eftir nánara samkomulagi.

Kirkjugarðsstjórnir geta ávaxtað í sjóðnum það fé kirkjugarða, sem er umfram árlegar þarfir, með almennum innlánskjörum lánastofnana.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn kjörnir til fjögurra ára í senn af kirkjuráði, þar af einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti. Kirkjuráð ákveður hver vera skuli formaður og varaformaður stjórnarinnar.

Reikningshald sjóðsins annast skrifstofa biskups og gilda um það sömu reglur sem um reikningshald kirkna. Reikningar Kirkjugarðasjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

41. gr.

Meginmarkmið Kirkjugarðasjóðs er að jafna aðstöðu kirkjugarða og veita aðstoð þar sem tekjur kirkjugarða hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum.

Úr sjóðnum má veita lán og/eða styrki kirkjugarðsstjórnum til kirkjugarða og kirkna, svo og til þess að setja upp minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús.

Sjóðnum er heimilt að kosta viðhald og umhirðu kirkjugarða í sóknum sem eyðst hafa af fólki.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins að fengnum tillögum stjórnar hans.

XI. KAFLI
Heimagrafreitir.

42. gr.

Eigi má veita leyfi til upptöku heimagrafreita.

Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

Réttur til heimagrafreits á ættaróðali fellur niður ef óðalið gengur úr ættinni.

43. gr.

Nú hefur eigi verið greftrað í heimagrafreit í full 25 ár og eigandi jarðarinnar óskar þess að leggja grafreitinn niður og er honum þá heimilt að taka niður girðingu um reitinn og breyta honum í grasflöt eða trjálund ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir. Séu minnismerki í garðinum skal jarðeigandi gera vandamönnum skv. 1. mgr. 47. gr. viðvart um að hann ætli að leggja reitinn niður. Er þeim heimilt að halda við minnismerkjum þar á sinn kostnað eða ráðstafa þeim á annan hátt.

Um niðurlagða heimagrafreiti gilda að öðru leyti ákvæði 2. mgr. 31. gr.

XII. KAFLI
Skráning kirkjugarða og heimagrafreita.

44. gr.

Próföstum er skylt að halda nákvæma skrá um kirkjugarða og heimagrafreiti í prófastsdæminu og skoða þá á yfirreiðum sínum og senda biskupi afrit af skoðunargerðum. Fyrir skoðun kirkjugarðs og heimagrafreits ber prófasti hálft kirkjuskoðunargjald er greiðist af sjóði kirkjugarðs eða eiganda heimagrafreits.

XIII. KAFLI
Grafreitir utanþjóðkirkjusafnaða.

45. gr.

Heimilt er utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem hafa löggiltan forstöðumann, að taka upp sérstakan grafreit. Gilda um upptöku hans, viðhald, afnot, stjórn, fjárhag og niðurlagningu sömu reglur sem um kirkjugarða þjóðkirkjunnar eftir því sem við getur átt.

Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaðar, er hafa sérstakan grafreit, eru ekki skyldir til að greiða gjald til sóknarkirkjugarðsins meðan þeir halda sínum grafreit sómasamlega við og fylgja settum reglum.

XIV. KAFLI
Tilfærsla líka og flutningur þeirra.

46. gr.

Heimilt er dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að fengnu samþykki kirkjugarðsstjórnar

sem hlut á að máli og biskups að leyfa tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða í grafreit. Umsókn um slíka færslu skal senda biskupi, stílaða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Í umsókn skal fram tekið nafn hins látna og aldur, greftrunardagur og dánarmein, ef vitað er, svo og ástæður fyrir umsókninni. Fylgja skal og vottorð héraðslæknis um að hann telji eigi sýkingarhættu stafa af líkflutningnum.

47. gr.

Réttir aðilar til að standa að umsókn skv. 46. gr. eru eftirlifandi maki, sambúðarkona eða sambúðarmaður, börn hins látna eða aðrir niðjar, foreldrar eða systkin. Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn ef nánir ættingjar hins látna eru ekki lífs eða ef samþykki þeirra liggur ekki fyrir.

Leyfi veitist með eftirfarandi skilyrðum:

1. Héraðslæknir eða fulltrúi hans sé viðstaddur upptöku líksins.
2. Ef um flutning úr kirkjugarði er að ræða sé líkið í sterkri kistu er héraðslæknir telur fullnægjandi og hlýtt fyrirmælum hans um framkvæmd alla. Við tilfærslu líka innan kirkjugarðs sker héraðslæknir úr um það hvort þörf sé á sérstakri kistu.

48. gr.

Upptaka líks samkvæmt dómsúrlausn fer fram eftir því sem þar greinir.

49. gr.

Sóknarprestur skal jafnan vera viðstaddur upptöku líks. Sér hann og um að flutningsins sé getið í legstaðaskrá kirkjugarðsins. Enn fremur skal prestur vera við þegar lík er þannig jarðsett.

XV. KAFLI
Stjórnvaldsreglur, viðurlög, gildistaka og brottfallin lög.

50. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur reglugerðir um málefni þau sem lög þessi taka til, þar á meðal um kirkjugarða, þar sem kveðið skal nánar á um rekstur þeirra og stjórn og tilhögun á greftri líka. Þá skal einnig kveðið nánar á um líkbrennslu í reglugerð.

Reglugerðir um kirkjugarða skulu settar í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða. Um reglugerðir varðandi líkbrennslu skal einnig leita tillagna Bálfararfélags Íslands ef því er að skipta.

51. gr.

Kirkjugarðsstjórnum er rétt að gera tillögur um reglur varðandi einstaka kirkjugarða og leita staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á þeim. Ráðuneytið leitar umsagnar skipulagsnefndar kirkjugarða um tillögurnar.

52. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

53. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Umboð kjörinna meðlima í skipulagsnefnd kirkjugarða fellur niður 31. des. 1992 og

skal kjósa nýja meðlimi í nefndina fyrir þann tíma, sbr. 11. gr.

54. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

1. Lög um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963, svo og 35. gr. laga um ráðstafanir í efnahagsmálum o.fl., nr. 11 28. apríl 1975, svo og lög nr. 89 29. des. 1987 er breyta lögum nr. 21/1963.
2. Lög um líkbrennslu, nr. 41 3. nóvember 1915.
3. Ákvæði kirkjuskipunar Kristjáns 4. frá 2. júlí 1607, sbr. tilskipun 29. nóvember 1629, II, 13.
4. Lög um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík, nr. 38 3. nóvember 1915, svo og lög nr. 11 4. júní 1924 og lög nr. 38 7. maí 1928 er breyta þeim lögum.
5. Lög um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Stokkseyrarsókn, nr. 14 8. september 1918.
6. Lög um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o.fl., nr. 13 14. júní 1929.

Þá eru öll önnur ákvæði eldri laga, sem fara í bága við lög þessi, úr lögum numin.

Stjórnvaldsreglur, sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 21/1963 og nr. 41/1915 sem ekki fara í bága við lög þessi, halda gildi sínu uns nýjar reglur eru settar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við endurskoðun kirkjulaganefndar á kirkjulöggjöf kannaði nefndin m.a. þörfina á breytingum á lögum um kirkjugarða, nr. 21/1963, sbr. lög nr. 11/1975, 35. gr., og nr. 10/1983, 14. gr., er breyta þeim lögum. Nefndinni bárust tillögur og ábendingar frá ýmsum aðilum sem kunnugir eru framkvæmd laga þessara, einkum frá stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis. Samdi nefndin síðan frumdrög að frumvarpi um þetta efni er kirkjuráð lagði fyrir kirkjuþing til álita 1985, en málið var afgreitt þar endanlega haustið 1986 eftir að tillögur höfðu borist frá ýmsum aðilum. Taldi kirkjuþing rétt að heildarfrumvarp yrði samið um þetta efni og tók saman slíkt frumvarp. Þá var horfið að því ráði á kirkjuþingi að fella lög um líkbrennslu, nr. 41/1915, inn í frumvarpið.

Kirkjulaganefnd fjallaði að nýju um frumvarpið eins og það kom frá kirkjuþingi og lagði til ýmsar breytingar. Varða þær form frumvarpsins og lagatæknileg atriði. Leiddi könnun nefndarinnar til þess að nýtt frumvarp var samið. Fól dóms- og kirkjumálaráðuneytið nefndinni sérstaklega að fjalla um þann þátt er varðar líkbrennslu þar sem nefndin taldi ekki öruggt að umboð sitt næði til þess. Dr. Ármann Snævarr framkvæmdi endurskoðunina á vegum kirkjulaganefndar og samdi nýtt frumvarp og greinargerð með því er kirkjulaganefnd í heild sinni stendur að.

Sérstakri nefnd var falið að fjalla um kirkjugarðsgjöld og Kirkjugarðasjóð og var frumvarpið, er sú nefnd samdi, lögfest, sbr. lög nr. 89/1987, sbr. og IX. og X. kafla þessa frumvarps og greinargerð með þeim.

Hér á eftir fer greinargerð kirkjulaganefndar og er fyrst vikið að almennum atriðum um greftrun líka, kirkjugarða og líkbrennslu.

I.

Um greftrun líka og þróun kirkjugarðalöggjafar.

Það er grundvallarviðhorf kristinnar trúar að lík skuli greftruð í vígðum reit. Kirkjugarðar hljóta því að hafa myndast snemma í íslenskri kristni. Fornleifafundir benda og til þess. „Sá maður, er kirkju varðveitir, á gröft uppi að láta, og skal þar grafa, sem hann

kveður á og prestur sá, er þar er," segir í kristinna laga þætti Grágásar (t.d. III,7). Er þar og talað um kirkjugarða og gert ráð fyrir að þeir séu í námunda við kirkju. Í sömu heimild eru fyrirmæli um legkaup og líksöngskaup. Eru rækileg ákvæði um meðferð líka, gröft og skyldu manna til að greiða för þeirra er lík færðu til kirkju. Varðaði miklu að eigi lenti í undandrætti að færa lík til greftrunar, en jafnframt segir: „. . . . lík skal eigi grafa áður en kólnað er" og eigi skal bera lík í kirkju „bert eða blóðugt". Eru fyrirmæli kristinna laga þáttar mjög athyglisverð.

Í Kristinrétti Árna biskups, frá 1275, 18. kap., eru ákvæði um gröft í kirkjugarði. Segir þar í upphafi: „Hvern mann kristinn, sem deyr, skal jarða í kirkjugarði vígðum en eigi í kirkju, nema biskups sé lof til." Þá segir m.a.: „Eigi skal lík inni standa yfir fimmt nauðsynjalaust," en refsingu varðaði ef af var brugðið, nema líkfærsla væri eigi gerleg vegna óveðurs og færðar. Skylt er mönnum að greiða för þeirra sem færa lík til kirkju. Endurtekið er boð Grágásar um að lík skuli ekki greftra fyrr en kólnað er. Þar skal greftra lík sem kirkjuprestur kveður á um „en þar á hver kristinn maður löglegan gröft, sem hann er í kirkjusókn, nema hann kjósi sér legstað að annarri graftrarkirkju með sjálfs síns minni og með skynsemd heill að viti". Þá voru þar ákvæði um að legkaup eða líksöng skyldi eigi „meta", en mjög samir að menn gefi kirkju gjafir eða kennimönnum til bænahalds „fyrir þeim, sem fram eru farnir af heiminum". Skyldi biskup jafnvel þröngva mönnum til slíkra gjafa.

Ákvæði um kirkjugarða eru fá í kirkjulöggjöf siðskiptanna og hafa ákvæði kristinréttar þá gilt áfram í megindráttum. Um greftrun líka voru ákvæði í kirkjuskipuninni frá 2. júlí 1607, II,13, sbr. tilsk. 29. nóvember 1629, sem enn er talin í gildi og tekin í lagasafn 1983.

Ætla má að reglur um legkaup og líksöngseyri hafi mótast fyrir venjur smám saman.

Af ýmsum gögnum má ráða að óvissa hafi verið eftir siðskipti um hald kirkjugarða og hver ætti til að svara og um framlög sóknarmanna til kirkjugarða. Um þetta voru síðan að nokkru fyrirmæli í tíundarreglugerð 17. júlí 1782, 15. gr., sbr. enn fremur t.d. kon.úrsk. 28. apríl 1847 um Reykjavík og tilsk. 27. janúar s.á. Í viðaukalögum nr. 11/1882 við lög 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála o.fl. voru ákvæði um skyldu vinnu er sóknarmenn eiga fram að leggja, m.a. þegar kirkjugarður er gerður.

Fyrstu heillegu lögin um kirkjugarða og viðhald þeirra eru lög frá 8. nóvember 1901, sbr. og reglugerð 16. ágúst 1902. Voru þar allrækileg ákvæði varðandi upptöku kirkjugarðs og svo niðurlagningu hans og hversu ákvarðanir um þau efni yrðu teknar. Enn fremur var þar kveðið á um skyldu sóknarmanna til framlaga vegna kirkjugarða og m.a. viðhalds þeirra. Gert var hins vegar ráð fyrir því að reglur um friðhelgi þeirra, meðferð grafreita, tilhögun á greftri o.fl. yrðu settar með reglugerð. Voru lögin því tiltölulega stutt.

Lög um líkhús voru sett árið 1926 (nr. 29).

Kirkjulaganefndin, sem skipuð var 1929, samdi frumvarp til laga um kirkjugarða og var það samþykkt 1932 (nr. 64). Þessi lög eru talsvert rækilegri en fyrirrennari þeirra, m.a. um stjórnun kirkjugarða, fjárhag, upptöku og niðurlagningu kirkjugarða og um legstaðasjóði. Nýjar reglur voru settar um niðurjöfnun gjalda og skyldu þau vera hundraðshluti af útsvörum. Þá voru ákvæði í lögunum um heimagrafreiti og um grafreiti utanþjóðkirkjumanna. Lög þessi, sbr. og breytingalög nr. 70/1941, voru í gildi uns núgildandi lög nr. 21/1963 voru sett.

Frumvarp til þeirra var samið af kirkjulaganefndinni frá 1955 og hafði kirkjuþing þrívegis fjallað um frumvarpið áður en það var samþykkt á Alþingi. Ákvæði þeirra laga eru

til muna ítarlegri en laganna nr. 64/1932, þar á meðal um stjórn kirkjugarða, tilhögun grafreita, merkingu þeirra og svo um kirkjugarðsgjöld. Þessi lög bönnuðu upptöku heimagrafreita. Þeim hefur verið lítillega breytt með lögum nr. 11/1975, 35. gr., nr. 10/1983, 14. gr., og nr. 89/1987, 26. og 27. gr.

Þegar litið er á þróunarferil löggjafar um meðferð líka og kirkjugarða er sögulegt samhengi næsta skýrt.

II.
Líkbrennsla. Bálfarir.

II. A.

Hjá fornþjóðum ýmsum var sá siður algengur að brenna lík. Þetta á t.d. við um Grikki og Rómverja og sama er víða í Austurlöndum, nema hjá Kínverjum. Þessi siður var einnig tíðkaður með norrænum þjóðum fyrir kristni. Talið hefur verið að líkbrennslu hafi lítt gætt hér á landi í heiðnum sið, sbr. Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder, V. bindi, bls. 445.

Kristin kirkja var lengstum andsnúin bálförum.

Í Evrópu komu upp hugmyndir um bálfarir á stjórnbyltingartímabilinu, en þó einkum eftir miðja 19. öld, á Ítalíu og í Þýskalandi og litlu síðar í Bretlandi. Voru það einkum læknar sem voru frumkvöðlar þessara hugmynda. Rökin voru einkum sóttvarnareðlis. Hér kom það þó einnig til að kirkjugarðar eru alllandfrekir, en eftir því sem borgir uxu reyndist örðugt og dýrt að afla landsvæða fyrir þá. Í upphafi var þeim lögfræðirökum teflt fram gegn líkbrennslu að þær væru varhugaverðar þar sem líkbrennsla afmáir ummerki um dánarorsök, m.a. er andlát stafar af afbroti (manndráp með eitri o.fl.). Þau rök mótuðu þær reglur í löggjöf að vanda þyrfti mjög til líkskoðunar áður en líkbrennsla væri tæk og búa þyrfti vel um formsatriði ýmis í því sambandi. Fyrstu lögin um líkbrennslu í Evrópu geymdu ærið ströng formskilyrði og m.a. var áskilið að menn tækju sjálfir afstöðu til þessa máls og var ekki heimilt að brenna lík ólögráða manna allvíða í löndum. Lögin hafa smám saman rýmkað kosti til líkbrennslu.

Bálfararfélög voru stofnuð skömmu eftir 1870 á Ítalíu, í Þýskalandi og Bretlandi. Hafa þau félög haft mikil áhrif, en alþjóðasamtök þeirra voru stofnuð 1937.

Á Norðurlöndum voru bálfararfélög stofnuð síðustu áratugi 19. aldar, t.d. í Danmörku 1881 og 1889 í Noregi. Í Danmörku lagði dómsmálaráðuneytið bann við bálförum áður en lög voru sett þar í landi um líkbrennslu árið 1892 og féllust dómstólar eigi á að aflétta því banni. Árið 1894 var prestum í Danmörku leyft að leggja atbeina sinn til líkfarar ef brenna átti lík. Dönsku lögin heimiluðu eigi að lík ólögráða barns væri brennt, en því var breytt 1910. Norsk lög frá 1898 voru talin mjög frjálsleg í þessu efni og vöktu athygli í Evrópu.

Hér á landi voru það einkum læknar sem gerðust forvígismenn í þessu máli. Má m.a. nefna greinar þeirra Steingríms Matthíassonar í Skírni 1905, bls. 48–55, og Guðmundar Björnssonar í Skírni 1913, bls. 97–122. Bálfararfélag Íslands var stofnað 1934 (fyrsti formaður dr. Gunnlaugur Claessen).

II. B.

Á Alþingi 1914 var borið fram frumvarp til laga um afhendingu á landi til stækkunar á kirkjugarðinum í Reykjavík. Nefnd, sem fjallaði um frumvarpið, flutti þingsályktunartillögu, sem samþykkt var, um að skora á ríkisstjórnina að afla gagna um kostnaðinn við að koma upp líkbrennslustofnun í Reykjavík. Á Alþingi 1915 flutti Sveinn Björns-

son, síðar forseti Íslands, frumvarp til laga um líkbrennslu og var það samþykkt lítið breytt með samhljóða atkvæðum og án þess að nokkrar umræður færu fram um málið sem orð er á gerandi. Lögin nr. 41/1915 hafa vel staðist tímans tönn því að þau eru óbreytt frá fyrstu gerð enn í dag.

Í lögum nr. 41/1915, um líkbrennslu, er mælt fyrir um líkbrennslustofnanir, en þær einar stofnanir eru löggiltar sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitir viðurkenningu, sbr. 1. gr. Eru nánari ákvæði um það efni í rg. nr. 4/1951, þar á meðal um fyrirkomulag og búnað bálstofa, um tilkynningu um ábyrgð og fyrirsvar fyrir bálstofu, um eftirlit með bálstofum, um bálfararbók og sviptingu á leyfi til að reka bálstofu. Í lögunum eru allrækileg ákvæði um það hverjir geti tekið ákvörðun um líkbrennslu og mælt er fyrir um formbindingu á yfirlýsingu manns sjálfs um að lík hans skuli brennt. Úr lögum nr. 41/1915 má lesa þá meginreglu íslensks réttar að menn eiga frjálst val um hvort lík þeirra skuli brennt eða greftrað. Hinu sama gegnir um kosti vandamanna til ákvörðunar, enda gangi hún ekki gegn vilja hins látna. Hitt er það að ef vandamenn skilur á verða málalok þau að lík skuli greftrað. Í lögum um líkbrennslu eru enn fremur reglur um meðferð á ösku, sbr. og rg. nr. 4/1951, og svo 17. gr. laga um kirkjugarða, nr. 21/1963.

III.
Greftranir og bálfarir.

Eigi eru tiltækar upplýsingar um greftranir hér á landi né um fjölda kirkjulegra athafna í sambandi við þær. Hins vegar eru til gögn um líkbrennslu, svo og um það hversu margir menn andast ár hvert (gögn frá Hagstofu og kirkjugörðum Reykjavíkur). Skrá, sem unnin hefur verið úr þeim gögnum, fer hér á eftir.

	Fjöldi látinna	Bálfarir	Hundraðstala bálfarir
1964	1315	51	3.8
1965	1291	55	4.3
1966	1391	58	4.2
1967	1385	75	5.4
1968	1390	61	4.4
1969	1451	77	5.3
1970	1457	63	4.3
1971	1501	71	4.7
1972	1447	96	6.6
1973	1475	70	4.8
1974	1495	87	5.2
1975	1412	75	6.8
1976	1343	72	5.3
1977	1435	115	8.0
1978	1421	86	6.5
1979	1482	83	5.6
1980	1538	96	6.2
1981	1656	123	7.4
1982	1583	113	7.1
1983	1653	121	7.3
1984	1584	100	6.3
1985	1656	116	7.0
1986	1597	100	6.3
1987	1724	125	7.3
1988	1818	134	7.4
1989	1715	121	7.1
1990	1750	126	7.2

Bálförum hefur fjölgað hlutfallslega yfir þetta tímabil, frá 3,8% (1964) upp í hæst 8% (1977). Fyrsta bálför hér á landi fór fram 2. ágúst 1948. Fram til þess höfðu lík verið send til brennslu til útlanda, oftast til Kaupmannahafnar. Alls voru 1.491 lík brennd frá 1948 til ársloka 1974, þar af 762, eða ríflega helmingur, á árunum 1964–1974, að báðum árum meðtöldum. Frá 1. janúar 1975 til 31. desember 1990 eru bálfarir 1.706 eða 107 á ári, um 7% að jafnaði síðustu fimm árin. Þess munu naumast dæmi að lík hafi verið brennt hér á landi án þess að kirkjuleg athöfn hafi á undan farið. Öll lík, sem ekki eru brennd, eru grafin nema þegar lík finnst ekki. Fjöldi kirkjulegra athafna í sambandi við greftranir er þó nokkru minni en fjöldi látinna manna segir til um því að stundum eru fleiri menn jarðsettir við sömu jarðarförina. Þar á móti kemur að vísu að stundum fer tvisvar fram kirkjuleg athöfn í sambandi við tiltekna greftrun, t.d. athöfn í Reykjavík, en greftrað er annars staðar á landinu. Til fádæma má telja að ekki njóti við atbeina prests við jarðarför. Í sambandi við jarðarfarir fer venjulega fyrst fram kistulagning þar sem prestur er viðstaddur og stendur fyrir sérstakri athöfn.

IV.

Lagasjónarmið að baki lögum um kirkjugarða og líkbrennslu.

IV.1. Fyrst og fremst ráða hér **trúræn viðhorf.** Kristin trú býður að greftra lík í vígðum reit þótt það samrýmist einnig trúarskoðunum margra manna að lík sé brennt og aska þá oft jarðsett. Það er rótgróið í vitund almennings að eðlilegt sé að nokkur kveðjuathöfn fari fram um látna menn. Hér kemur það til að menn vilja tjá hinum látna virðingu sína og vandamenn kveðja hann með athöfn sem að jafnaði hefur á sér trúrækilegt snið.

IV.2. Hér reynir og á **heilbrigðissjónarmið** því að greftrun eða líkbrennsla er að sínu leyti heilbrigðisráðstöfun þar sem tryggt er að við slíka meðferð sé líka gætt þeirra sóttvarnareglna sem þörf er á.

IV.3. Kirkjugarðar og góð umhirða þeirra er vissulega einnig **menningarmál** eins og ætla má að allur þorri manna virði það. Það hlýtur að vera hverju sveitarfélagi metnaðarmál að vel takist til í þessu efni. Lengi hefur þótt eðlilegt út frá þessu sjónamiði að leggja nokkrar skyldur á sveitarfélög, einkum um að láta í té land undir kirkjugarða og sjá um gerð og viðhald vega að kirkjugörðum og lýsingu þeirra o.fl. Þetta frumvarp er á því byggt að nauðsynlegt sé að auka samskipti sveitarstjórna og kirkjugarðsstjórna bæði um val á kirkjugarðsstæði við skipulagningu fyrir sveitarfélagið, svo og við ýmsar framkvæmdir í eða við kirkjugarð. Er þá eðlilegt að mæla fyrir um samráð við skipulagsnefnd sveitarfélags og eftir atvikum við heilbrigðisnefnd, sbr. 16., 18., 20. og 31. gr. frumvarpsins.

IV.4. Í greinargerð með frumvarpi til laga um kirkjugarða frá 1963 segir svo: „Hér á landi er skipulagi og hirðingu kirkjugarðanna mjög ábótavant og hefur svo lengi verið," sbr. Alþt. 1962, A, bls. 914. Síðan þetta var ritað hefur skipulagning kirkjugarða og umhirða þeirra tekið miklum stakkaskiptum til bóta. Vafalaust eru þó ýmis dæmi enn um vanhirðu og tómlæti í þessu efni. Þarf því ótvírætt átak til þess að þoka þeim málum í betra horf.

V.

Yfirlit yfir efni frumvarpsins og nokkar helstu breytingar sem það felur í sér.

I. Form frumvarps og efnissvið.

Lög nr. 21/1963 fjalla um allsundurleitt efni, en eru þó lítt kaflaskipt. Í þessu frumvarpi er ákvæðum skipað í marga kafla eftir efnistengslum ákvæða. Er þess vænst að það horfi til glöggvunar og aukinnar yfirsýnar. Nokkrar greinar laga nr. 21/1963 eru alllangar og er efni þeirra skipað í fleiri grein en eina.

Um efnissvið frumvarpsins er þess áður getið að hér eru tekin með ákvæðin um líkbrennslu, enda eru náin tengls milli laga um greftrun líka og kirkjugarða annars vegar og laga um líkbrennslu og líkbrennslustofnanir hins vegar.

II. Yfirlit yfir efni frumvarpsins og helstu breytingar sem fólgnar eru í því.

II.1. Í I. kafla frumvarpsins eru tekin upp ákvæðin um skyldu til að greftra lík eða brenna þau í löggildum stofnunum og svo ákvæðin er lúta að því hverjir séu lögbærir til að taka ákvarðanir í því efni. Þá er einnig tekið í frumvarpið (3. gr.) ákvæði er vísar til laga er mæla fyrir um hvers gæta skuli áður en lík er greftrað eða brennt.

II.2. Í II. kafla er m.a. skýrgreint hugtakið kirkjugarður og þar er ákvæði er heimilar að afmarka óvígðan reit innan vígðs kirkjugarðs. Þá eru þar ákvæði (7. gr.) um hverjar líkbrennslustofnanir séu löggildar hér á landi.

II.3. Í III. kafla frumvarpsins eru ákvæði um stöðu kirkjugarða að lögum, stjórn þeirra, starfslið og yfirumsjón. Gætir þar nokkuð breytinga, þar á meðal er svo fyrir mælt að skipulagsstjóri ríkisins skuli eiga sæti í skipulagsnefnd kirkjugarða.

II.4. Í IV. kafla frumvarpsins er safnað ákvæðum um skyldu sveitarfélags vegna kirkjugarða. Eru þar nokkrar breytingar.

II.5. Í V. kafla er ákvæði um nýjan kirkjugarð og stækkun eldri kirkjugarðs. Í þeim kafla og víðar í frumvarpinu er lagt til að skipulagsnefnd sveitarfélaga og eftir atvikum heilbrigðisnefnd þeirra fjalli um mál, enda er mikilvægt að samstarf sé traust og gott milli sveitarfélags og kirkjugarðsstjórnar, sbr. um þetta efni 16., 18., 20. og 31. gr. frumvarpsins.

II.6. Í VI. kafla eru ákvæði um uppdrætti að kirkjugörðum og ýmsar framkvæmdir í þágu þeirra. Er m.a. lagt til að heimilt sé að reisa kapellu auk líkhúss í kirkjugarði eða við hann. Enn fremur eru nokkru rýmri ákvæði um heimild til að útbúa húsnæði fyrir starfsmenn kirkjugarða en nú eru í lögum. Sérstakt ákvæði er í 20. gr. um umsjá greftrunarkirkju og fé til rekstrar hennar.

II.7. Í VII. kafla frumvarpsins eru almennar reglur um greftrun líka og grafir, umhirðu leiða, legstaðaskrá og styrk vegna útfararþjónustu. Um hið síðastnefnda eru heimildarákvæði í 21. gr. frumvarpsins. Ákvæðin um fjölskyldugrafreiti í 25. gr. eru nokkuð breytt. Þar á meðal er lagt til að fellt sé niður leyfisgjald og tíminn, sem aðili á rétt til grafarstæðis, er styttur. Reglur um legstaðaskrár, sbr. 27. gr., eru nokkuð breyttar í frumvarpsgreininni. Þá er lagt til að lögfest verði það nýmæli í 3. mgr. 27. gr. að heimilt sé að greftra án þess að grafarnúmers innan kirkjugarðs sé getið. Í 30. gr. er lagt til að heimild til að stofna legstaðasjóði, svo sem er samkvæmt lögum nr. 21/1963 (lögfest 1932), sé afnumin, enda virðast ákvæði um það efni gegna litlu hlutverki og ákvæðin nánast óvirk.

II.8. Í VIII. kafla frumvarpsins eru ákvæði er varða reglur um að hætt skuli að greftra í kirkjugarði (grafreiti) og um niðurlagningu hans. Í 31. gr. frumvarpsins er lagt til að lögmætur safnaðarfundur geti ráðið máli til lykta án þess að aukinn meiri hluti (⅔) sé

áskilinn, svo sem nú er í 21. gr. laga nr. 21/1963. Í 31. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að samráð skuli hafa við skipulagsnefnd sveitarfélags um það hvernig fara skuli um kirkjugarð sem hætt er að greftra í.

II.9. Í IX. og X kafla frumvarpsins eru ákvæði um kirkjugarðsgjöld og Kirkjugarðasjóð. Um þau efni gilda nú lög nr. 89/1987 er breyta lögum nr. 21/1963. Er ákvæðum hinna nýju laga skipað án verulegra breytinga í IX. og X. kafla frumvarpsins, enda er til þess stofnað með frumvarpi þessu að það leiði til heildarlöggjafar um kirkjugarða og feli þar af leiðandi í sér ákvæðin um kirkjugarðsgjöld og Kirkjugarðasjóð, sbr. enn fremur athugasemdir við þessa tvo kafla hér á eftir.

II.10. Í XI. kafla frumvarpsins eru ákvæði um heimagrafreiti. Er lagt til að óbreytt verði sú stefna núgildandi laga að leyfi til upptöku heimagrafreita verði ekki veitt.

II.11. Í XII. kafla frumvarpsins er fjallað um skráningu kirkjugarða og heimagrafreita og skoðun þeirra. Þar gætir ekki nýmæla.

II.12. Í XIII. kafla frumvarpsins eru ákvæði um grafreiti utanþjóðkirkjumanna, nálega óbreytt ákvæði gildandi laga, sbr. í þessu sambandi 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins um sérstök greftrunarsvæði, sem ekki eru vígð, innan marka vígðra kirkjugarða.

II.13. Í XIV. kafla frumvarpsins eru fyrirmæli um tilfærslu líka í kirkjugarði (grafreiti) eða flutning líks í annan kirkjugarð (grafreit). Ákvæði 47. gr. er nokkru fyllra en ákvæði 2. mgr. 32. gr. gildandi laga.

II.14. Í XV. kafla frumvarpsins, lokakafla, eru ákvæði um stjórnvaldsreglur, viðurlög, gildistöku og brottfallin lög. Við athugun á hvaða lög eigi að falla niður er miðað við kirkjulagaþátt í lagasafni 1983. Skal þess þó getið að ýmis kirkjulagaákvæði, er varða mál sem fjallað er um í frumvarpinu, hafa aldrei verið að formi til felld úr gildi þótt þeim sé ekki skipað í lagasöfn.

VI.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Hér er safnað í einn kafla meginákvæðum um greftrun líka og líkbrennslu. Er þar fyrst (1. gr.) boðið að greftra skuli lík í lögmætum kirkjugörðum og grafreitum eða brenna þau í viðurkenndum líkbrennslustofnunum. Þá (2. gr.) eru ákvæðin um ákvarðanir varðandi það hvort lík skuli greftra eða brenna. Enn fremur (3. gr.) um það hvers gæta skuli áður en lík er greftrað eða það brennt og svo um rétt til legs (4. gr.). Þetta eru stofnreglur í frumvarpinu. Sums staðar í löndum eru undirstöðureglur um þessi efni í sérlögum, þ.e. utan marka hinnar almennu löggjafar um kirkjugarða og líkbrennslustofnanir. Hér er hins vegar talið heppilegt að skipa þessum reglum samfellt í einn og sama lagabálk, enda náin efnistengsl hér á milli.

Um 1. gr.

Í 1. gr. eru tekin upp ákvæðin í kirkjuskipan 2. júlí 1607, lögleidd hér með tilsk. 29. nóvember 1629, um skyldu til greftrunar líka, en bætt er við það ákvæði um líkbrennslu. Hér er því sú meðferð á líkum einskorðuð að greftra skuli lík eða brenna þau. Tilvísun til einstakra greina í 1. gr. áréttar að lík beri að greftra í lögmætum kirkjugarði (grafreit) eða brenna í viðurkenndri líkbrennslustofnun. Greftrun líka eða líkbrennsla á öðrum stöðum eða stofnunum varðar refsingu skv. 52. gr. frumvarpsins ef að lögum verður, en vafasamt er að almennri refsiheimild sé nú til að dreifa í þessu efni, sbr. þó 124. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um ósæmilega meðferð á líkum.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um ákvarðanir um greftrun líka eða líkbrennslu. Hér er tekið mið af 2. gr. laga nr. 41/1915 að því er líkbrennslu varðar.

Frumreglan er sú skv. 1. mgr. að virða skuli ákvarðanir sjálfráða manns um hvort greftra skuli lík hans eða brenna (í 2. gr. laga nr. 41/1915 er miðað við 18 ára aldur). Þótt vandamenn, t.d. skv. 3. mgr. 2. gr., séu á annarri skoðun en hinn látni á vilji hans að ráða ef unnt er að leiða hann ótvírætt í ljós. Ákvörðun manns verður þó vitaskuld að lúta að lögmætri meðferð á líki, sbr. 1. gr. Ákvörðunin getur tekið til þess að lík skuli greftrað í óvígðum grafreit innan kirkjugarðs eða í grafreit utanþjóðkirkjusafnaðar, en þá ber þó að hafa í huga þau skilyrði sem t.d. utanþjóðkirkjusöfnuður kann að setja um leg í grafreit. Ákvörðun um að lík skuli grafið í heimagrafreit er ekki lögmæt. Lögráðamaður (lögráðamenn) ráða málinu til lykta ef ósjálfráða maður á í hlut hvort sem er fyrir æsku sakir eða sjálfræðissviptingar.

Ekki er áskilið í greininni að ákvörðun sé formbundin, skrifleg og við votta, sbr. hins vegar nú 2. gr. laga nr. 41/1915. Á það er að líta að oft leikur ekki á tveim tungum hver vilji hins látna var í þessu efni, t.d. að lík hans skuli brennt, þótt láðst hafi að bréfa viljayfirlýsingu hans. Þykir ekki rétt að formbinda hana, en hins vegar verða að liggja fyrir glögg gögn um viljaafstöðu manns, t.d. um að brenna skuli lík hans.

Þegar eigi er vitað um vilja hins látna taka nánar tilteknir vandamenn hans afstöðu til málsins. Ber fyrst að leita eftir afstöðu eftirlifandi maka (sambúðaraðila) og niðja (kjörniðja). Séu þau á einu máli skal fara eftir afstöðu þeirra ef ekki skal greftra lík. Þegar þessara vandamanna nýtur ekki við ráða foreldrar hins látna eða systkin málinu til lykta, en að þeim frágengnum nákomnasti vandamaður hins látna. Skal þá m.a. miða við hvar hinn látni hefur dvalist og hver kostar útförina. Ekki er líklegt að texti 2. gr. muni leiða til verulegra efnisbreytinga miðað við framkvæmd mála nú. Ef engum þessara manna er til að dreifa er heimilt að brenna lík, sbr. lokamálsgrein 2. gr.

Á ýmiss konar ákvarðanir um meðferð á líki getur reynt aðrar en þær er lúta að greftrun og líkbrennslu. Maður kann t.d. að mæla svo fyrir að kryfja skuli lík hans eða hann leggur bann við því að svo verði gert eða hann kveður svo á að tiltekið líffæri skuli tekið úr sér þegar eftir andlát til ígræðslu í öðrum manni. Ekki þykir það vera verkefni þessara laga að taka afstöðu til gildis slíkra fyrirmæla.

Bent skal á að í 2. gr. er ekki fjallað um viljayfirlýsingu um nánari framkvæmd útfarar, svo sem um það hvaða prestur jarðsyngi o.s.frv.

Um 3. gr.

Þetta er tilvísunarákvæði þar sem vitnað er í helstu lög sem gæta ber að áður en lík er greftrað eða jarðað, t.d. að fyrir liggi dánarvottorð, andlát hafi verið tilkynnt o.fl. Vakin er þó athygli á að hér er ekki vitnað til stjórnvaldsreglna sem út hafa verið gefnar, einkum samkvæmt lögum nr. 21/1963 og nr. 41/1915 er halda skulu gildi sínu skv. 54. gr., lokamálsgrein frumvarpsins. Ákvæðinu er ætlað að hafa leiðsögugildi, en það felur ekki í sér efnisbreytingu á lagaákvæðum sem til er vísað.

Í 2. mgr. er svipað ákvæði og nú er í lögum nr. 41/1915, 3. gr., að því er líkbrennslu varðar.

Um 4. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 2. gr. laga nr. 21/1963. Gert er ráð fyrir að framkvæmd þessara mála verði frjálsleg eins og verið hefur. Bent er á að lokamálsliður 2. mgr. 31.

gr. laga nr. 21/1963 um utanþjóðkirkjumenn er ekki tekinn í frumvarp þetta.

Um II. kafla.

Hér eru ýmis almenn ákvæði um kirkjugarða, grafreiti og líkbrennslustofnanir, þar á meðal er það afmarkað hverjir kirkjugarðar, grafreitir og líkbrennslustofnanir eru lögmætir skv. 1. gr. frumvarpsins, þ.e. löggildir til greftrunar eða líkbrennslu.

Um 5. gr.

Rétt þykir að skýrgreina hér hugtakið kirkjugarð. Kirkjugarður er vígt og afmarkað greftrunarsvæði, þó svo að heimilt sé að hafa óvígðan grafreit innan vígðs kirkjugarðs. Eigi verður greftrað í kirkjugarði nema hann hafi verið vígður, en vígsla getur eigi farið fram fyrr en greftrunarsvæðið er svo úr garði gert að viðhlítandi sé að greftra þar að dómi prófasts og eftir atvikum biskups og skipulagsnefndar kirkjugarða. Kirkjugarður er lögmætur greftrunarstaður uns ákvörðun er tekin svo sem lög mæla fyrir um að hætt skuli að grafa í honum, sbr. 31. gr. frumvarpsins. Greftrunarsvæði, sem fríkirkjusöfnuður, er byggir á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar, tekur upp, mundi verða nefnt kirkjugarður.

Greftrunarsvæði þeirra safnaða, sem ekki byggja á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar, hlíta almennum reglum eftir því sem við getur átt, t.d. um upptöku, viðhald og niðurlagningu kirkjugarða. Reglur um almennt eftirlit og yfirumsjón skipulagsnefndar kirkjugarða eiga hér og við. Eðlileg framkvæmd væri sú að líkgreftrunarsvæði væru ekki lögmæt fyrr en skipulagsnefnd kirkjugarða hefði lýst yfir því að þau væru svo úr garði gerð að viðhlítandi væri til greftrunar. Um helgun slíks greftunarsvæðis, ef til kæmi, færi þá eftir reglum viðkomandi safnaðar.

Um 6. gr.

1. mgr. er að mestu í samræmi við 1. málsl. 1. gr. laga nr. 21/1963. Bætt er við vísun í almenn hegningarlög.

Ákvæði 2. mgr. um vígslu kirkjugarðs er í samræmi við 1. gr. nefndra laga. Nýmæli er að hér er sérstaklega mælt svo fyrir að í vígðum kirkjugarði megi afmarka óvígða reiti og eru utanþjóðkirkjumenn þá sérstaklega hafðir í huga, sbr. og 3. mgr. 19. gr. laga nr. 21/1963.

Ákvæði 3. mgr. er að verulegu leyti í samræmi við 1. gr. laga nr. 21/1963. Því er bætt við að við skipulagningu skipulagsskyldra staða skuli sérstakur gaumur gefinn að staðarvali fyrir kirkjugarða og verði eigi reist í námunda við hann mannvirki eða starfræktar stofnanir eða rekin fyrirtæki sem sérstakur ys eða hávaði stafi frá. Er mikilvægt að þessa sé gætt þegar við skipulagningu svæða þessara og á það raunar einnig við um kirkjur.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um líkbrennslustofnanir (bálstofur). Er það í samræmi við 1. gr. laga nr. 41/1915, sbr. rg. nr. 4/1951. Eru þær stofnanir einar lögmætar til líkbrennslu sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 1. mgr. Tekur 1. gr. frumvarpsins mið af þessu. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði verði sett í reglugerð, en rg. nr. 4/1951 gildir uns ný er sett í staðinn, þó með þeim skilmálum er 54. gr. getur.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru sama efnis að öllu verulegu sem 1. mgr. 17. gr. laga nr. 21/1963. Vísað er til 1. mgr. 47. gr. að því er greiningu á vandamönnum varðar og er það til samræmis við lagaframkvæmd.

Ákvæði 4. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 21/1963.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er skipað saman ákvæðum er varða stöðu kirkjugarða að lögum, stjórn, starfslið og yfirumsjón. Mynda þessi ákvæði nokkuð samfellda heild.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að yfirstjórn kirkjugarða sé í höndum prófasts, í Reykjavík prófasta og biskups, en ekki eingöngu hjá biskupi eins og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 21/1963 kveður á um. Frumstjórn er í höndum sóknarnefndar (kirkjugarðsstjórnar) eins og verið hefur.

Í 2. mgr. eru fyrirmæli um kirkjugarðsstjórn og skýring á því hugtaki sem er notað víða í frumvarpinu.

Um 9. gr.

Hún er um sama efni og 19. gr. laga nr. 21/1963.

Í greininni er mælt fyrir um ákveðið kjörtímabil, fjögur ár, við kosningu í kirkjugarðsstjórn þá sem sú grein víkur að.

Sóknarnefndir nefna aðalmann og varamann úr hópi aðalmanna og varamanna til setu í kirkjugarðsstjórn, en kjörtímabil þeirra helst til loka tímabilsins þótt þeir hverfi úr sóknarnefnd (safnaðarnefnd) fyrir lok þessa tímabils. Er að því stefnt með texta greinarinnar að taka af tvímæli í þessum efnum.

Í greininni er enn fremur það nýmæli að prófastur skuli sitja fund kirkjugarðsstjórnar þegar 9. gr. á við ef tala stjórnarmanna er jöfn. Hann getur einnig nefnt annan mann í sinn stað (varamann). Ákvæðið er lögfesting á framkvæmd sem á hefur komist.

Við ákvæðið um tilnefningu manns af hálfu Bálfararfélags Íslands er bætt orðunum „ef því er að skipta“, þ.e. ef félagið óskar þess, en það mun ekki starfa nú.

Aðalmaður og varamaður, er utanþjóðkirkjusöfnuður nefnir til, þurfa ekki að vera úr hópi stjórnarmanna safnaðar, en eiga hins vegar að teljast til safnaðarins.

Um 10. gr.

Þessi grein er um sama efni og 18. gr. laga nr. 21/1963.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að kirkjugarðsverði verði ávallt falið það verkefni að taka grafir í kirkjugarði, en þetta er heimildarákvæði í 2. mgr. 18. gr. laganna.

Samkvæmt 3. mgr. er unnt að veita kirkjugarðsstjórn einkaheimild til grafartöku og til þess að nota líkvagn við jarðarfarir. Kveðið er á um það í greininni hvernig með skuli fara ef fleiri en einn söfnuður stendur að kirkjugarði. Í Reykjavíkurprófastsdæmum er gert ráð fyrir að þau málefni, sem 3. mgr. fjallar um, verði tekin til úrlausnar á safnaðarráðsfundi, enda stendur þar sérstaklega á þar sem mjög margir söfnuðir eiga þar í hlut. Ekki þykir þó ástæða til að hafa sérákvæði um þetta í frumvarpsgreininni sjálfri. Rétt þykir að áskilja staðfestingu ráðuneytis á ákvörðun þessari og leitar það umsagnar biskups.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um skipulagsnefnd kirkjugarða, sbr. 4. gr. laga nr. 21/1963.

Í 1. mgr. er það nýmæli að skipulagsstjóri ríkisins skuli eiga sæti í nefndinni, enda snerta verkefni nefndarinnar allmjög verksvið hans, sbr. m.a. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Er mikilvægt að njóta sérþekkingar hans almennt á þessum málum, svo og þekkingar á skipulagi einstakra staða.

Þá er í 1. mgr. mælt fyrir um að kjósa skuli varamenn þeirra tveggja nefndarmanna sem kirkjuþing og kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma kjósa. Lagt er til að kjörtímabil þessara manna skuli vera fjögur ár (sex ár nú). Í ákvæðinu segir einnig að biskup skuli vera formaður nefndarinnar og skeri atkvæði hans úr ef atkvæði verða þar jöfn.

Í 2. mgr. er það nýmæli eitt að lagt er til að starfsheiti umsjónarmanns kirkjugarða breytist í framkvæmdastjóra kirkjugarða.

Ákvæðið um að kostnaður við störf skipulagsnefndar greiðist úr Kirkjugarðasjóði er í samræmi við lagaframkvæmdina.

Um IV. kafla.

Hér er safnað ákvæðum um skyldu sveitarfélaga vegna kirkjugarða (grafreita). Þar er einnig ákvæði, er tengist þessu, um eignarnám á landi undir kirkjugarð. Ákvæði 5. gr. laga nr. 21/1963 er hér klofið niður í fjórar greinar og má ætla að það horfi til glöggvunar.

Um 12. gr.

Þessi grein er í samræmi við 1. og 2. mgr. 5. mgr. laga nr. 21/1963.

Um 13. gr.

Greinin mælir fyrir um sama efni og 3. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1963.

Í 1. mgr. 13. gr. er skylda um vegarlagningu að kirkjugarði og um að halda vegi ökufærum lögð á sveitarfélag. Sérstaklega er vikið að snjómokstri í þessu sambandi nánast til að taka af tvímæli. Þá er það nýmæli að vegurinn skuli vera af sömu gerð og tíðkast í sveitarfélagi og lýsing einnig ef unnt er. Horfir þetta til nánari skýringar á þeim efnisskyldum sem hér reynir á. Svipuðu gegnir um það nýmæli síðast í málsgreininni þar sem mælt er fyrir um greiðslu kostnaðar við akstur á ofaníburði.

Um 14. gr.

Greinin er að öllu verulegu í samræmi við 5. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1963.

Um 15. gr.

Greinin er sama efnis og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1963.

Um V. kafla.

Hér eru grundvallarákvæði um ákvarðanir um nýjan kirkjugarð (upptöku hans) og stækkun hins eldra. Er þessari grein valin sérstök kaflafyrirsögn. Til greina kom að skipa einnig í þessum kafla ákvæðum varðandi ákvörðun um að hætta að grafa í kirkjugarði og um niðulagningu kirkjugarða, en þau ákvæði eru í VIII. kafla frumvarpsins. Mikilvægt er að vanda vel til undirbúnings þeirra ákvarðana sem um ræðir í þessum kafla.

Um 16. gr.

1. og 2. mgr. eru í samræmi við 1. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1963, en sérákvæði er þó um Reykjavíkurprófastsdæmi þar sem sérstaklega stendur á vegna fjölda safnaða, er standa að kirkjugarði.

3. mgr. er um sama efni og 3. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1963, en með ýmsum breytingum. Hér er boðið að leita skuli umsagnar heilbrigðisnefndar og héraðslæknis (borgarlæknis) og skipulagsnefndar sveitarfélags um fyrirhugaðar framkvæmdir. Ljóst er að á miklu stendur að náið og traust samstarf sé á milli allra þeirra aðila er frumvarpsgreinin víkur að. Það er nýmæli í greininni að unnt sé að skjóta úrlausn skipulagsnefndar kirkjugarða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til fullnaðarúrskurðar, en nefndin fellir fullnaðarúrskurð um málið skv. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1963.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um uppdrætti af kirkjugörðum og ýmsar framkvæmdir í þágu kirkjugarða.

Um 17. gr.

Greinin er sama efnis og 1. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 21/1963. Ákvæði 3. mgr. 8. gr. þeirra laga er skipað í 4. mgr. 31. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Greinin er sama efnis og 6. gr. laga nr. 21/1963. Það er nýmæli í greininni að leita skuli tillagna skipulagsnefndar sveitarfélags áður en ráðist er í framkvæmdir þær sem greinin víkur að. Girðingu umhverfis garð ber að haga í samræmi við staðfestan uppdrátt af kirkjugarði. Um sérákvæði varðandi Reykjavíkurprófastsdæmi vísast til athugasemdar við 16. gr.

Um 19. gr.

1. mgr. er í samræmi við 14. gr. laga nr. 21/1963, en óþarft þykir að víkja þar sérstaklega að girðingu, sbr. 18. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. og 3. mgr. er í samræmi við 2. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 21/1963 og þykja þau eiga betur heima hér efnislega. Í 3. mgr. er orðinu „endurgjaldslaust“ skotið inn í til að taka af tvímæli.

Um 20. gr.

1. mgr. er sama efnis og 25. gr. laga nr. 21/1963. Hér er það nýmæli að heimilað er að reisa kapellu auk líkhúss og er það eðlileg rýmkun ákvæðisins. Í greininni er kveðið á um húsnæðisaðstöðu fyrir starfsmenn og er það rýmra ákvæði en í 25. gr. og styðst við breyttar þarfir. Enn er boðið í greininni að uppdrættir og staðarval húsa skuli samþykkt m.a. af skipulagsnefnd sveitarfélags og að gerð kapellu og líkhúss skuli háð samþykki þeirrar nefndar og heilbrigðisnefndar sveitarfélagsins.

Í 2. mgr. er fjallað um greftrunarkirkjur og svo kveðið á að kirkjugarðsstjórn skuli annast greftrunarkirkjur og kosta rekstur þeirra. Þetta er tiltölulega auðvelt í framkvæmd þegar svo hagar til að sókn sameinast annarri sókn eða sóknum, enda skulu þá eignir hinnar aflögðu sóknar renna til þeirrar sóknar eða þeirra sókna sem sóknarmenn hinnar aflögðu sóknar hverfa til. Hér getur hins vegar verið um það að ræða að sókn er aflögð vegna þess að hún eyðist af fólki. Sóknin hefur þá engar tekjur af sóknarmönnum hvorki

sóknargjöld né kirkjugarðsgjöld og þá er engri sóknarnefnd til að dreifa er tengist sókninni og þar af leiðandi ekki kirkjugarðsstjórn. Prófastur á að varðveita eigur hennar og er eðlilegt að því fé sé varið með nokkrum hætti til að kosta rekstur greftrunarkirkju, en að öðru leyti virðist þurfa á ákvæðum að halda um tillag til rekstrar greftrunarkirkju og kemur þá m.a. til greina framlag úr Kirkjugarðasjóði, sbr. 2. mgr. 41. gr. frumvarpsins.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru almennar reglur um grafir, umhirðu leiða og legstaðaskrá, svo og styrk vegna útfararþjónustu.

Um 21. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Það heimilar kirkjugarðsstjórnum í fyrsta lagi að styrkja kirkjur vegna útfararþjónustunnar, þ.e. vegna þess þáttar í starfsemi kirkju er lýtur að útförum og í öðru lagi að greiða hluta útfararkostnaðar. Hver kirkjugarðsstjórn mundi þá marka sér stefnu í þessum málum, en einnig er heimilt að kveða á um þau efni í reglugerð, sbr. 50. gr. frumvarpsins, að fenginni nokkurri reynslu af þessu ákvæði. Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða.

Um 22. gr.

Greinin er óbreytt 10. gr. laga nr. 21/1963.

Um 23. gr.

1. mgr. er óbreytt 1. mgr. 11 gr. laga nr. 21/1963.

2. mgr. er nýmæli sem styðst við auðsæ rök. Hér er eingöngu um heimild að ræða fyrir kirkjugarðsstjórn.

Um 24. gr.

Greinin er óbreytt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 21/1963.

Um 25. gr.

Greinin er um sama efni og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 21/1963. Orðalagsbreytingin um vandamenn horfir til einföldunar. Til fjölskyldu teljast hjón (sambúðarfólk), börn, kjörbörn og fósturbörn og fer um rétt þeirra til legs í fjölskyldugrafreit eftir þeirri röð sem þau andast nema samkomulag sé um annað milli vandamanna.

Lagt er til að afnumið sé gjald það er 1. mgr. 12. gr. víkur að. Þá er fellt niður það ákvæði að heimilt sé að tvígrafa ef það er tekið fram í leyfisbréfi og legstaðaskrá. Um það atriði fer samkvæmt almennu reglunni í 23. gr. og ákvörðun kirkjugarðsstjórnar sem tekur tillit til vandamanna.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 12. gr. laga nr. 21/1963 eru ekki tekin í frumvarpið.

Um 26. gr.

Greinin er sama efnis að öllu verulegu sem 16. gr. laga nr. 21/1963, en þó er þess að gæta að lagt er til að hér sé um heimildarákvæði að ræða. Ákvæði 16. gr. leggur á hinn veg skyldu á kirkjugarðsstjórn til tiltekinna aðgerða.

Um 27. gr.

1. mgr. er óbreyttur fyrri hluti 1. mgr. 9. gr. laga nr. 21/1963, en hér segir þó að

einnig skuli greina kennitölu hinna jarðsettu ef því er að skipta.

2. mgr. er sama efnis og síðari hluti 1. mgr. 9. gr. laga nr. 21/1963. Sú breyting er lögð til að í Reykjavíkurprófastsdæmum og í öðrum prófastsdæmum „ef þurfa þykir" skuli afhenda afrit af legstaðaskrá mánaðarlega borgarlækni (héraðslækni), manntalsskrifstofu, þjóðskrárdeild Hagstofu Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Sambandi íslenskra lífeyrissjóða og Blóðbankanum í Reykjavík. Styðst þessi breytingartillaga við óskir sem fram hafa komið um framkvæmd þessara mála. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið mælir fyrir um að fengnum tillögum biskups hvaða prófastsdæmi komi undir greinda reglu um aukaskil.

3. mgr. er nýmæli er heimilar kirkjugarðsstjórn í samráði við prófast (prófasta) og skipulagsnefnd kirkjugarða að afmarka sérstakt svæði í kirkjugarði og greftra þar án þess að grafarnúmers innan svæðisins sé getið. Er hér komið til móts við óskir þeirra sem vilja láta grafir vera ómerktar „m.a. til þess að leggja ekki kvaðir á vandamenn að sinna reitnum" eins og sagði í greinargerð með breytingartillögunni á sínum tíma. Mun þessi háttur vera farinn að ryðja sér til rúms erlendis. Í 1. mgr. er vitnað í 3. mgr. til þess að tengja saman tilhögun þessara tveggja málsgreina og enn fremur er í 28. gr. vísað í 3. mgr. 27. gr.

Um 28. gr.

Greinin er sama efnis og 15. gr. laga nr. 21/1963. Í 1. mgr. er vísað til 27. gr., sbr. athugasemd við hana. Á eftir orðinu „timbri" í 1. mgr. er bætt við „plasti eða sambærilegu efni" og standa auðsæ rök til þess. Úrskurður skipulagsnefndar kirkjugarða skv. 2. mgr. er fullnaðarúrslit máls.

Um 29. gr.

Greinin er sama efnis og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 21/1963. Lagt er til að niður sé fellt gjald það er greinir í 1. mgr. 13. gr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 13. gr. er skipað í 19. gr. frumvarpsins.

Um 30. gr.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 21/1963 er heimilt að stofna legstaðasjóði til viðhalds einstökum legstöðum í kirkjugörðum. Á það ákvæði rót að rekja til 17.–19. gr. laga nr. 64/1932. Lítið hefur kveðið að því að slíkir sjóðir væru stofnaðir á síðustu áratugum og hefur ákvæðið að mestu misst marks. Ekki þykir rétt að halda í þessa tilhögun. Í 1. mgr. 30. gr. er því lagt til að afnumin verði hin sérstaka heimild í kirkjugarðalögum til að stofna slíka sjóði, þ.e. undir umsjá kirkjugarðsstjórnar. Allt að einu er hugsanlegt að til þeirra sé stofnað sem hverra annarra sjóða eftir atvikum með sérstakri skipulagskrá. Er 1. mgr. við þetta miðuð. Hins vegar þarf að sjá borgið þeim sjóðum sem fyrir hendi eru. Er lagt til í 2. og 3. mgr. að sömu ákvæði að öllu verulegu gildi um þá sem nú eru í lögum, þ.e. í 2. og 3. mgr. 20. gr. laga nr. 21/1963.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði er lúta að ákvörðunum um að hætt skuli að greftra í kirkjugarði (grafreit) og um niðurlagningu hans. Þá eru ákvæði um hvers gæta skuli um niðurlagða kirkjugarða til frambúðar og m.a. um að heimilt sé að gera þá að almenningsgörðum í sveitarfélagi, sbr. áður 7. gr. kirkjugarðalaga 1901, 20.–23. gr. laga nr. 64/1932 og nú 21.–23. gr. laga nr. 21/1963.

Um 31. gr.

1. mgr. er sama efnis og 1. mgr. 21. gr. laga nr. 21/1963. Ákvörðunin um niðurlagningu kirkjugarðs er gild ef gerð er á lögmætum safnaðarfundi og er hér ekki áskilinn aukinn meiri hluti atkvæða (⅔) eins og í 1. mgr. 21. gr. Ef fleiri en einn söfnuður er um kirkjugarð á að fjalla um mál á fundi hvers safnaðar um sig. Um sérákvæði varðandi Reykjavíkurprófastsdæmi vísast til athugasemdar við 16. gr.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 21/1963. Ekki þykir ástæða til að ráðuneytið láti þinglýsa friðhelgi niðurlagðs kirkjugarðs, enda ber að greina hann á fornleifaskrá og lýsa honum samkvæmt því. Heimilt er þó að þinglýsa ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarðs.

3. mgr. er sama efnis og 22. gr. laga nr. 21/1963. Síðari liður 22. gr. er eigi tekinn með í frumvarpinu.

4. mgr. samsvarar 3. mgr. 8. gr. laga nr. 21/1963, en er nokkuð breytt. Gert er hér ráð fyrir að skipulagsnefnd kirkjugarða geri tillögu í samráði við skipulagsnefnd sveitarfélaga og kirkjugarðsstjórn hvernig fara skuli með kirkjugarð sem hætt er að greftra í. Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga nr. 21/1963 er það umsjónarmaður kirkjugarða sem fjallar um málið. Mikilvægt er að skipulagsnefnd sveitarfélags sé virk í meðferð þessa máls.

Um 32.–35. gr.

Greinarnar eru að öllu verulegu í samræmi við 23. gr. laga nr. 21/1963, en rétt hefur þótt að kljúfa þá grein niður í fleiri greinar. Um sérákvæði í 32. gr. varðandi Reykjavíkurprófastsdæmi vísast til athugasemdar við 16. gr.

Um 36. gr.

Greinin er óbreytt 24. gr. laga nr. 21/1963.

Um IX. og X. kafla.

Í IX. kafla er fjallað um kirkjugarðsgjöld og í X. kafla um Kirkjugarðasjóð. Með lögum nr. 89/1987 var ákvæðum um þessi efni skipað að nýju. Þykir heppilegra að þau ákvæði séu í heildarlögunum um kirkjugarða en í sérlögum. Lög nr. 21/1963 verða væntanlega afnumin ef frumvarp þetta verður lögfest. Er það ankannalegt ef eftir sem áður væru í gildi lög er breyta þeim lögum.

Ákvæðum nýju laganna um kirkjugarðsgjöld er skipað hér í IX. kafla og um Kirkjugarðasjóð í X. kafla. Efnisbreytingar eru ekki að neinu marki. Af lagatæknilegum ástæðum þykir gleggra að skipa efni 1. gr. laganna í tvær greinar, 37. og 38. gr., og ákvæðum 3. gr. laganna einnig í tvær greinar, 40. og 41. gr. frumvarpsins. Úr 2. gr. hafa verið felld niður ákvæði um gjaldtöku árin 1988–1990, en ekki er um efnisbreytingar að ræða.

Í lögum nr. 89/1987 er hugtakið kirkjugarðsgjald tvíþætt. Það er látið taka til gjalds skv. 38. gr. þessa frumvarps er miðast við hundraðshluta af aðstöðugjöldum, svo og til hlutdeildar kirkjugarða í tekjuskatti, sbr. 39. gr. Er þetta óbreytt í þessu frumvarpi. Hlutdeild kirkjugarða í tekjuskatti var lækkuð um 15% með lánsfjárlögum nr. 116/1989 og um 20% með lánsfjárlögum nr. 26/1991. 159 kr. er upphæðin á einstakling á mánuði árið 1991 án tillits til skerðingar samkvæmt lánsfjárlögum.

Í lok 38. gr. frumvarpsins er kveðið svo á að hjón beri sameiginlega ábyrgð á greiðslu kirkjugarðsgjalda samkvæmt þeirri grein. Í dómi Hæstaréttar 1976, dómasafn XLVII, bls. 1011, er talið óheimilt að gera lögtak í séreign maka til tryggingar á greiðslu kirkju-

garðsgjalds hins. Er því talin ástæða til að taka þessa málsgrein í 38. gr. frumvarpsins.

Um 40. gr. þykir rétt að taka fram að Kirkjugarðasjóður var stofnaður með lögum nr. 21/1963. Er orðalagi 3. gr. framangreindra laga frá 1987 breytt til samræmis við það. Bent skal á að kirkjuráð er ekki bundið við að kjósa menn úr sínum hópi til setu í stjórn Kirkjugarðasjóðs.

Um 41. gr. frumvarpsins skal á það bent að svo sem meginmarkmiði Kirkjugarðasjóðs er lýst verður hann eins konar jöfnunarsjóður kirkjugarða. Um 3. mgr. 41. gr. vísast til 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins og athugasemdar við það ákvæði.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum um kirkjugarðsgjöld og Kirkjugarðasjóð, nr. 89/1987.

Um XI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um heimagrafreiti. Er haldið óbreyttri þeirri stefnu sem mörkuð var með lögum nr. 21/1963 að eigi megi veita leyfi til upptöku heimagrafreita, sbr. hins vegar lög nr. 64/1932, 33.–36. gr.

Um 42. og 43. gr.

Greinarnar eru í samræmi við 28. og 29. gr. laga nr. 21/1963, en ákvæði 2. mgr. 43. gr. er ekki í 29. gr.

Um XII. kafla.

Kaflinn fjallar um skráningu kirkjugarða og heimagrafreita og skoðun þeirra. Er 44. gr. hér valin sérstök kaflafyrirsögn.

Um 44. gr.

Greinin er óbreytt 30. gr. laga nr. 21/1963.

Um XIII. kafla.

Hér er fjallað um grafreiti utanþjóðkirkjusafnaða. Bent er á að skv. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er heimilt að hafa sérstök greftrunarsvæði, sem ekki eru vígð, innan kirkjugarðs. Þar er og vikið að helgun eða vígslu grafreita utanþjóðkirkjumanna.

Um 45. gr.

Greinin er sama efnis og 31. gr. laga nr. 21/1963, en nokkru ítarlegri til skýringar. Fellt er niður lokaákvæði 2. mgr. 31. gr. um að utanþjóðkirkjumenn eigi ekki rétt til legs í sóknarkirkjugarði.

Um XIV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning líks í annan kirkjugarð eða grafreit.

Um 46. gr.

Greinin er um sama efni sem 1. mgr. 32. gr. laga nr. 21/1963, en hér er áskilið samþykki kirkjugarðsstjórnar auk samþykkis biskups. Er það lögfesting á lagaframkvæmd.

Um 47. gr.

Greinin er sambærileg við 2. mgr. 32. gr. niður að 4. tölul.

Hér er bætt við í hóp þeirra, sem veitt geta samþykki samkvæmt greininni, börnum, þar á meðal kjörbörnum og fósturbörnum, og sambúðarmanni eða sambúðarkonu.

Um 48. gr.

Greinin samsvarar 4. tölul. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 21/1963, en rétt þykir að þetta sé sjálfstætt ákvæði og óeðlilegt að skipa því sem skilyrði fyrir leyfisveitingu eins og gert er í greindu ákvæði. Framkvæmd dómsúrlausnar hlýtur að lúta sérstökum reglum, þar á meðal þeim er greinir í úrlausninni sjálfri.

Um 49. gr.

Óbreytt lokamálsgrein 32. gr. laga nr. 21/1963 sem heppilegra þykir að skipa í sérstaka grein.

Um XV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um stjórnvaldsreglur, viðurlög, gildistöku og brottfallin lög.

Um 50. gr.

Hér er kveðið á um almennar reglugerðir um kirkjugarða. Í einstökum ákvæðum frumvarpsins er vikið að reglugerðum, sbr. 41. gr., lokamálsgrein, um Kirkjugarðasjóð. Þá er einnig gert ráð fyrir erindisbréfum, sbr. 11. gr. Vegna breyttra ákvæða og af öðrum ástæðum þarf hið fyrsta að endurskoða reglugerð um kirkjugarða og svo um líkbrennslu.

Um 51. gr.

Hér er vikið að reglum eða reglugerð fyrir hvern einstakan kirkjugarð sem þörf getur verið á vegna séraðstæðna.

Um 52. gr.

Greinin er að kalla óbreytt 35. gr. laga nr. 21/1963 eins og henni var breytt með lögum nr. 10/1983, 14. gr., og er í samræmi við markaða stefnu um sektaviðurlög í sérrefsilögum, sbr. lög nr. 75/1982 og 10/1983.

Um 53. og 54. gr.

Í þeim greinum eru ákvæði um gildistöku og brottfallin lög og svo um framkvæmd laganna og gildi stjórnvaldsreglna samkvæmt lögum nr. 21/1963 og 41/1915. Um þær er svo fyrir mælt að þær skuli halda gildi sínu, allt til þess að nýjar reglur eru settar. Þetta á þó vitaskuld ekki við nema þær samrýmist efnisákvæðum laga þessara.

Að öðru leyti veitir greinin ekki tilefni til athugasemda.

153. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um átak í atvinnumálum á Suðurnesjum og aðgerðir vegna mikils atvinnuleysis kvenna þar.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ólafur Ragnar Grímsson,
Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera átak í atvinnumálum á Suðurnesjum með sérstöku tilliti til mikils atvinnuleysis kvenna þar.

Greinargerð.

Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum hefur verið mjög alvarlegt á undanförnum missirum. Skráð atvinnuleysi kvenna þar var í október 8,4%. Ætla má að þar eins og annars staðar sé auk þess töluvert dulið atvinnuleysi. Atvinnuleysi á landinu öllu var á sama tíma að meðaltali 1,2% og atvinnuleysi karla á Suðurnesjum 1,7%.

Orsakir mikils og langvarandi atvinnuleysis kvenna á Suðurnesjum eru margvíslegar. Samdráttur hefur verið meiri í fiskvinnslu á Suðurnesjum en annars staðar, m.a. vegna þess að kvóti hefur flust þaðan í aðra landsfjórðunga.

Á árunum 1981 til 1989 varð verulegur samdráttur í fiskvinnslu á Suðurnesjum en þó hefur keyrt um þverbak á undanförnum tveimur árum og við blasir hrun í þessari atvinnugrein. Árið 1981 voru 15% starfa í Keflavík í fiskvinnslu en 8% 1989. Í Njarðvík fækkaði störfum í fiskvinnslu á sama tíma úr 13% í 6%.

Forsvarsmenn sveitarfélaga á Suðurnesjum og samtaka þeirra hafa bent á ýmis úrræði í atvinnumálum kvenna þar. Aðrir aðilar hafa einnig bent á nýja atvinnumöguleika. Flutningsmenn tillögunnar telja að atvinnuástand meðal kvenna á Suðurnesjum sé svo alvarlegt að ástæða sé til að gera sérstakt átak til að styðja sveitarfélög og einstaklinga í því að fjölga störfum fyrir konur þar.

Fylgiskjal I.

Úr Svæðisskipulagi Suðurnesja 1987–2007,
riti samvinnunefndar um skipulagsmál á Suðurnesjum:

Atvinnuskipting á Suðurnesjum.
(Tafla 11.)

Sundurliðun	1975		1984			Til samanburðar ársverk launþega á Suðurnesjum		
	Fjöldi ársverka (1)	(%)	Fjöldi ársverka (2)	(%)	Fjölgun 1975–84 (3 = 2–1)	1984 (4)	(%)	Mism. '84 (5 = 2–4)
1. Sjávarútvegur o.fl.								
1.1. Landbúnaður	70	1%	30	0%	-40	30	0%	0
1.2. Fiskeldi	0	0%	5	0%	5	5	0%	0
1.3. Fiskveiðar	735	12%	855	11%	120	645	9%	210
1.4. Fiskvinnsla	1.255	21%	1.480	19%	225	1.200	17%	280
2. Iðnaður og byggingar í sveitarfélögum								
2.1. Iðnaður	460	8%	750	10%	290	770	11%	-20
2.2. Byggingar	500	8%	580	7%	80	585	8%	-5
2.3. Veitur o.fl.	40	1%	80	1%	40	75	1%	5
3. Viðskipti, samgöngur, þjónusta og stjórnun í sveitarfélögum								
3.1. Viðskipti	410	7%	590	8%	180	650	9%	-60
3.2. Samgöngur	270	4%	270	3%	0	260	4%	10
3.3. Opinber þjónusta og stjórnun	530	9%	700	9%	170	695	10%	5
3.4. Önnur þjónusta	150	2%	210	3%	60	275	4%	-65
4. Starfsemi á Keflavíkurflugvelli og varnarsvæðum								
4.1. Flugstörf, stjórnun, viðskipti	370	6%	450	6%	80	330	5%	120
4.2. Varnarframkvæmdir	440	7%	650	8%	210	525	8%	125
4.3. Í þjónustu varnarliðs	800	13%	1.100	14%	300	815	12%	285
4.4. Þjónustuverktakar hjá varnarliði	70	1%	100	1%	30	40	1%	60
Alls	6.100	100%	7.850	100%	1.750	6.900	100%	950

Framtíðin.

Gert er ráð fyrir að mannaflinn á Suðurnesjum aukist um 140 manns á ári næstu árin. Til þess að svæðið haldi sínum hlut í fólksfjölda er líklega mikilvægast að starfsemi í ýmiss konar þjónustu á svæðinu aukist.

Hvað er það sem ræður þróuninni í atvinnulífi svæðisins? Eru það aðgerðir stjórnvalda eða almenn markaðsþróun? Eða er það sjávarafli og efnahagsþróun á svæðinu og í landinu? Ljóst er að þar er um að ræða samspil margra þátta. Ef nefna ætti nokkur markmið sem stefna bæri að í þessum efnum koma eftirfarandi atriði til greina:

Hlúa að núverandi atvinnurekstri á svæðinu.
Nýta þá kosti sem svæðið hefur upp á að bjóða. Þeir eru:
Alþjóðaflugvöllur (til flutninga og ferðaþjónustu).
Aðstaða til fiskeldis.
Orkulindir (til iðnaðarframleiðslu).
Hafnaraðstaða (fyrir meiri háttar iðnað).

Í töflu 14 er giskað á fjölda starfa og skiptingu þeirra á atvinnugreinar árið 1994. Þessi ágiskun miðast við eftirfarandi:

a. Störf við fiskveiðar og fiskvinnslu standi í stað að fjölda til.
b. Störf hjá varnarliði og við varnarframkvæmdir standi í stað að fjölda til.
c. Ársverkum við starfsemi innlendra stofnana á Keflavíkurflugvelli og við almenna flugstarfsemi fjölgi um 20% á 10 árum, m.a. vegna tilkomu nýju flugstöðvarinnar.
d. Fjölgun starfa verði að öðru leyti í fiskeldi, iðnaði (og byggingum) og í greinum viðskipta, samgangna, þjónustu og stjórnsýslu.

Fylgiskjal II.

Umræður á Alþingi um fyrirspurn Önnu Ólafsdóttur Björnsson til forsætisráðherra um atvinnumál á Suðurnesjum.

(342. mál, þskj. 605, á 113. löggjafarþingi.)

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér hér að bera fram fsp. til hæstv. forsrh., sem er að finna á þskj. 605. Fsp. er í tveimur liðum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvaða áætlanir hefur ríkisstjórnin gert í atvinnumálum á Suðurnesjum til að mæta þeim samdrætti í umsvifum Bandaríkjahers sem fyrirsjáanlegur er?

2. Hafa stjórnvöld látið gera áætlanir um atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum sem yrðu notaðar við brottför Bandaríkjahers frá herstöðvum þar?“

Varðandi þá umræðu sem hér var á undan þá vil ég taka það fram að ég geri ekki ráð fyrir að lausn íslenskra stjórnvalda á atvinnumálum á Suðurnesjum eigi að felast í að festa Bandaríkjaher í sessi hér á landi í einhvers konar dulargervi með aukinni íslenskri aðild og ég vona að það séu ekki þær lausnir sem boðið er upp á.

Í sambandi við upplýsingar um atvinnuástand á Suðurnesjum eru nú samkvæmt tölum frá 31. jan. sl. starfandi á Keflavíkurflugvelli 1.035 Íslendingar hjá varnarliðinu, auk þess hjá Aðalverktökum 529 og 126 hjá undirverktökum. Þetta gera samanlagt 1.690 manns. Samsvarandi tala árið 1984 mun hafa verið um 1.850 en þá voru alls um 2.400 störf í kringum völlinn af ýmsu tagi. Það hefur jafnan og allt of lengi viljað brenna við að Suðurnesjamönnum hafi verið vísað upp á Völl til þess að finna lausnir á sínum atvinnumálum og það hafi átt að vera einhvers konar töfralausn sem kannski hefur tafið fyrir því að þær áætlanir sem ég er hér að leita eftir hafi verið gerðar.

Nú er fyrirsjáanlegt að einhvers konar samdráttur hlýtur að verða á Keflavíkurflugvelli, vonandi sem allra mestur í ljósi þeirra friðarstrauma sem sem betur fer hafa aðallega verið ríkjandi að undanförnu. Því kalla ég eftir raunhæfum atvinnuáætlunum sem byggjast á einhverju öðru en töfralausnum, eins og álveri, sem ekkert leysa.

Forsætisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki endurtaka þær tölur sem hv. fyrirspyrjandi fór með um þann fjölda sem starfar hjá varnarliðinu eða í tengslum við það. Þær voru allar réttar.

Ég skil að áhyggjur hv. fyrirspyrjanda stafa m.a. af því að nú horfir friðvænlegar milli austurs og vesturs og ég geri ráð fyrir að það dragi úr umsvifum varnarliðsins og vil ég taka undir, sem ég veit að hún hlýtur að vera mér sammála um, vonir um að svo reynist.

Þær upplýsingar, sem ég hef nýjastar um vinnu á vegum varnarliðsins, eru til viðbótar við það sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, að Aðalverktakar muni ráðgera að ráða 70 manns til starfa nú á háannatímanum og er þá í raun það starfslið sem er tengt varnarliðinu mjög svipað því sem verið hefur. Ekki hafa fengist upplýsingar um ráðgerða fækkun hjá varnarliðinu á fjárhagstímabili þess fram til 1995 umfram það sem þegar er orðið með þeirri frystingu á nýráðningu sem ákveðin var í janúar sl. Út af fyrir sig held ég að ekki sé um að ræða umtalsverða fækkun í störfum hjá varnarliðinu nú á næstunni. Það er vissulega áhyggjuefni á þessu svæði að mjög erfitt hefur reynst að fá fólk til fiskvinnu. Það virðist meiri áhugi fyrir því að sækja vinnu á vegum varnarliðsins. Atvinnuástand á þessu svæði hefur því út af fyrir sig ekkert verið lakara nú heldur en víða annars staðar um landið.

Engu að síður tek ég undir það með hv. fyrirspyrjanda að sannarlega þarf að efla ýmsa aðra atvinnu á svæðinu. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að ríkisstjórn fyrir sitt leyti eigi að gera áætlun um hvað skuli byggjast upp á svæðinu. Ríkisstjórn og stofnanir hennar eiga að skapa grundvöll fyrir dugmikla heimamenn til að ráðast í ýmiss konar framkvæmdir á svæðinu og að því hefur verið unnið. Þegar í upphafi þessa áratugar fékk Framkvæmdastofnun ríkisins, sem þá hét svo og Byggðastofnun var þáttur í, það verkefni að skapa samráð og grundvöll á Suðurnesjum til þess að vinna þar að annarri atvinnuuppbyggingu. Leiddi það til þess að Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja var sett á fót. Það hefur síðan starfað í ýmsu formi og starfar nú að ég tel í góðu samstarfi við öll sveitarfélögin á Suðurnesjum og vinnur einmitt það verkefni sem hv. fyrirspyrjandi spurði um.

Hins vegar hafa stjórnvöld m.a. rætt um atvinnuástand á Suðurnesjum í tengslum við byggingu álbræðslu, sem ég er ekki sammála hv. fyrirspyrjanda að leysi engin vandamál. Við álbræðslu þá sem fyrirhuguð er munu starfa um 600 manns og þá eru ekki talin þau fjölmörgu verkefni sem tengd eru álbræðslu. M.a. var Byggðastofnun fengin til að skoða hvaða áhrif það mundi hafa á atvinnuþróun á Suðurnesjum. Byggðastofnun telur að stór hluti af því starfsliði kæmi frá Suðurnesjum og mundi fara jafnt og þétt vaxandi, ekki síst þegar dregur úr starfsemi á vegum varnarliðsins.

Stjórnvöld hafa einnig rætt um ýmsar leiðir til að auka atvinnu á Suðurnesjum, eins og hefur verið rætt hér utan dagskrár. Ég ætla nú ekki að fara að rekja þær hugmyndir hér en sumar þær hugmyndir a.m.k. eru mjög raunhæfar. Það er einlæg von mín að úr flýtingu byggingar fjölbrautaskóla verði, sem þingmenn þessa kjördæmis þekkja mjög vel og nýtur stuðnings menntmrn. Einnig er í athugun hvort ekki megi stuðla að því að Flugleiðir flýti byggingu flugskýlis. Það er mjög stórt mál fyrir Suðurnesin því það mun skapa aðstöðu til að taka viðhald flugvéla Flugleiða hingað til landsins og ekki aðeins það heldur reyndar viðhald erlendra flugfélaga. Þetta er hið athyglisverðasta mál.

Þá vil ég geta þess að ég skipaði á sl. vori nefnd til að athuga hvort ekki væri tímabært að koma upp fríverslunarsvæði á Suðurnesjum, sem í tengslum við flugvöllinn gæti orðið mjög mikið atvinnuspursmál og skapað fjölmarga möguleika til atvinnuaukningar

á Suðurnesjum. Af hálfu stjórnvalda hafa því verið lögð drög að mikilli atvinnuuppbyggingu á þessu svæði. En ég endurtek að heimamenn sjálfir verða fyrst og fremst að velja það úr sem þeir telja að henti þar best og til þess treysti ég þeim mjög vel.

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þessi fsp. lýsir áhyggjum út af atvinnuástandi á Suðurnesjum, næstfjölmennasta kjördæmi landsins. Jafnframt lýsir fyrirspyrjandi yfir þeirri ósk sinni að sá dagur renni hið fyrsta upp að varnarliðið hverfi af landi brott með allt sitt hafurtask og þar með falli niður 1.825 störf íslenskra manna sem þar vinna. Jafnframt lýsir hv. fyrirspyrjandi því yfir að hún telji áform um byggingu álvers á Keilisnesi og þá atvinnusköpun sem því tengist, bæði á meðan á byggingartíma stendur og í starfrækslu, hið versta mál og leysi engan vanda. Þá er hv. fyrirspyrjandi búinn að lýsa því yfir að hún telji það raunhæfan kost núna á næstunni að skapa atvinnuleysi á Suðurnesjum fyrir á fjórða þúsund manna. Þetta er dálítið þversagnarkennt og er ástæða til að spyrja hv. fyrirspyrjanda: Hvaða hugmyndir hefur hv. fyrirspyrjandi og þingmaður Reyknesinga um atvinnumál á Suðurnesjum?

Nú er ástæða til þess, vegna þess að fólk kann að hafa nokkrar áhyggjur af afkomu sinni og atvinnuöryggi, að lýsa því yfir hér úr þessum ræðustól, vegna þess að það er alið nokkuð á þeim áhyggjum, að menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af því, sem vinna í þágu verktakastarfseminnar, Aðalverktaka og Keflavíkurverktaka og annarra, eða vinna í þágu varnarliðsins að þar komi til einhverra fyrirvaralausra uppsagna. Það er upplýst og staðfest að það verður ekki og kemur ekki til uppsagna eða niðurfellingar starfa út þetta fjárhagsár. Og í annan stað. Það gerist ekki, hvað svo sem gerist í alþjóðamálum, að varnarliðið hverfi af landi brott fyrirvaralaust.

Meginatriðið í svari við spurningu hv. fyrirspyrjanda er að sjálfsögðu það að ef og þegar til þess kemur, þá er verið eftir 15 ára hlé að gera ráðstafanir til þess að byggja álver á Suðurnesjum, nýta aðra meginorkulind okkar og skapa störf þannig að Suðurnesjamenn geti verið öruggir um það, ef þetta gerist á sama tíma, að þeir sitji ekki uppi atvinnulausir þúsundum saman.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Mér sýnist þessi umræða vera dálítið undarleg að því leyti til að á sama tíma og spurt er hvað gera skuli vegna væntanlegrar fækkunar starfsmanna á Keflavíkurflugvelli þá komi fram ósk um að störfin sem þar eru verði öll lögð niður og jafnframt lýst andstöðu við að byggja álver sem Suðurnesjamenn binda vonir við að bjargi miklu í atvinnumálum þar. Þetta er þversagnarkennt og undarlegt. Ég vil taka það fram að á atvinnuleysisskrá bara hjá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur eru nálægt 150 manns í dag fyrir utan það sem er í öðrum byggðarlögum og auðvitað skiptir það máli.

Ég tel að helsta ástæðan fyrir því sé sú að kvótinn hefur streymt í burtu frá byggðarlögunum. Skipin hafa streymt í burtu. Ég vona að þar sé að verða breyting á því nú í næstu viku mun hefja veiðar togari sem var verið að kaupa þangað og vænti ég þess að öfugþróuninni hafi verið snúið við.

Hvað varðar varnarliðið þá varð það ljóst núna síðustu dagana vegna aðgerða utanrrh. að um fækkun verður ekki að ræða nema kannski hvað varðar þá sem sjálfir vilja hætta. Þar er ekki að skapast það ástand sem menn áttu von á. Það voru hugmyndir um það hjá Bandaríkjastjórn að fækka borgaralegum starfsmönnum um 25% í öllum sínum herstöðvum. Það verður ekki hér. Ég vil líka koma því að hér að verði um eitthvað slíkt

að ræða, sem ég tel að verði ekki, og kannski hvort sem er, þá eigi íslensk stjórnvöld að gera kröfu til þess að fleiri störf verði íslensk þarna, að Íslendingar vinni þau störf sem erlendir menn vinna núna og þannig verði hægt að tryggja betur atvinnuöryggið þar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér finnst þessi fsp. eðlileg en ég held að það hljóti að vera eðlilegt að spurt sé í því sambandi: Hvað hafa íslenskir ráðherrar gert til þess að tryggja að fraktflug um Keflavíkurflugvöll geti verið með eðlilegum hætti? Hvað hafa þeir gert? Þar liggja möguleikarnir að auknum umsvifum í atvinnulífi Suðurnesja umfram flest annað. Hins vegar mun það eiga sér stað þar eins og víða að það er atvinnuleysi þó ekki takist að fá fólk til fiskvinnslu. Ég hygg að hv. 4. þm. Reykn. sé það ljóst að sú þróun hefur verið víða á Íslandi að Íslendingar gefa sig ekki í fiskvinnslu en skrá sig heldur atvinnulausa.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þessi fsp. hefur að vissu leyti gefið hæstv. forsrh. tækifæri til þess að halda hér smáframboðsræðu í Suðurnesjakjördæmi og ekkert nema gott um það að segja í sjálfu sér. En það er merkilegt að við skulum vera hér á hv. Alþingi og standa frammi fyrir því að það er friðvænlegra í heiminum, allir vonast eftir því að herstöðvar og annað slíkt verði lagt niður, það er merkilegt að á sama tíma erum við að fjalla um hvort ekki sé hægt að koma í veg fyrir að það umstang sem herinn veldur á Keflavíkurflugvelli dragist nú saman. Hæstv. utanrrh. telur það sér til ágætis hér í ræðustól að nú hafi enn tekist að fresta því að úr umsvifum hersins verði dregið á Keflavíkurflugvelli. Því var reyndar spáð fyrir mörgum árum að þannig mundu Íslendingar standa við einhverjar sérstakar aðstæður, sem nú eru upp komnar, að þeir sem voru að lýsa því yfir að allir vildu losna við herinn og það væri hið versta mál að vera hér með herstöð mundu segja, jafnvel hinir sömu: Nú þarf að fresta þessu vegna þess að það er staðreynd að hann er þarna og Íslendingar hafa þar atvinnu o.s.frv. Mér finnst það vera af hinu verra að forustumenn þjóðarinnar skuli koma hér nærri hver á fætur öðrum og lýsa því yfir að það þurfi að andæfa gegn þessari þróun sem á sér stað í heiminum í dag.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Það má segja að það sé viss mótsögn í þessari fsp. sem hv. þm. ber hér fram. Ég vonast auðvitað til þess að sá tími komi að svo verði í heiminum að varnarliðið geti farið héðan. Ég sé nú ekki fram á þá þróun alveg á næstu árum. Ég held að það hljóti að vera, jafnvel þótt gott samkomulag náist á milli stórveldanna um afvopnun í heiminum, að nauðsynlegt verði talið að hafa eftirlitsstöðvar víðar í heiminum, jafnvel hugsanlega reknar af alþjóðlegum stofnunum, til þess að hafa eftirlit með því að þeir samningar sem gerðir eru standi.

Um atvinnumál á Suðurnesjum er hægt að hafa langt mál en það er ekki tími til þess í svona stuttum athugasemdatíma sem ég hef hér. Ég vil þó vekja athygli á því að það er ýmislegt í gangi suður frá sem vekur nokkra bjartsýni hjá fólki. Það er mikið rætt um nýtingu Bláa lónsins. Það er mikil von bundin við þá uppbyggingu sem nú er að hefjast úti á Reykjanesi með saltverksmiðjunni. Það eru taldar góðar vonir til þess að Flugleiðir hefji framkvæmdir við þetta flugskýli sem getur skapað mikla vinnu hjá flugvirkjum og öðrum þeim sem nálægt slíkum verkum koma, að annast viðhald flugvéla. Og ýmislegt fleira í þessum dúr mætti hér upp telja en ég ætla ekki að gera það núna.

Gallinn á störfum hjá varnarliðinu hefur undanfarin ár verið fyrst og fremst sá að það hefur verið pressa frá bandarískum þingmönnum að koma á sparnaði í þeim rekstri. Það hefur að sjálfsögðu valdið vissri spennu, sem hefur orðið við skiptingu á fjárlagaárinu, að það hefur verið bannað að ráða í störf sem hafa losnað meðan menn hafa beðið eftir nýjum fjárlögum. Ég legg hins vegar á það megináherslu í þessu sambandi að við þann samning verði staðið, sem gerður var 1974 af þáv. utanrrh. Einari Ágústssyni heitnum, að stefnt verði að því að Íslendingar taki yfir flest þau störf á vellinum sem kostur er og þess verði gætt, sem alltaf kemur upp umræða um öðru hverju og skal ég ekkert fullyrða um það hér og nú hvort á rétt á sér, að við takmörkun á ráðningu Íslendinga í störf verði ekki ráðnir Bandaríkjamenn til þeirra starfa sem Íslendingar hafa sinnt fram að þessu.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Mér var ekki ljóst að röðin væri komin að mér. Það voru svo margir búnir að biðja um orðið. Ég ætla að drepa á nokkur þau mál sem hafa komið fram á þessum fundi sem er að taka á sig mynd framboðsfundar en það var ekki ætlunin.

Ég vil í fyrsta lagi geta þess að mér finnst það áhyggjuefni ef ekki er búist við samdrætti á Keflavíkurflugvelli á næstu árum. Þeir sem tala hér um þversagnir tala fyrir sjálfa sig, ekki fyrir mig. Mér þykir nefnilega að herinn og tilvist hans á Suðurnesjum hafi verið lamandi hönd á atvinnulífi og atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum og ég óttast það að álverið muni verða önnur eins lamandi hönd sem stendur öllum öðrum hugmyndum fyrir þrifum. Ég vil vekja athygli á að atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum er yfir 6% á meðan karlarnir eru í allt of miklu atvinnuleysi með 1–2% að jafnaði. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Þetta eru tölur sem eru hér fyrir febrúar í þessu plaggi og þú getur skoðað það á eftir sjálfur.

Í öðru lagi var hér beint til mín fyrirspurn. Því miður hef ég ekki sama tíma til að svara og þeir sem svara fyrirspurnum, en hér hefur þegar komið fram að það er og ætti að vera að gerast ýmislegt í atvinnumálum á Suðurnesjum annað en það að líta á álver sem einhverja allsherjarlausn því það er hún ekki og það endurtek ég. Þá vil ég nefna, auk þess sem hér hefur verið nefnt í sambandi við Bláa lónið og flugskýlið, ylrækt, ég vil nefna ferðaþjónustu, sem á mikla framtíð fyrir sér þarna, og aðra nýtingu orkunnar heldur en til álvers.

Í þriðja lagi er óhjákvæmilegt annað en að nefna það, sem hv. 4. þm. Reykn. kom inn á, hversu mjög kvóti hefur farið af svæðinu. Þetta tel ég að sé í beinum og óbeinum tengslum við tilvist flugvallarsvæðisins á Reykjanesi og síðan þess að nú hafa allir mænt á álver sem einhverja allsherjarlausn. Ég er nefnilega hrædd um að Suðurnesingar sitji ekki við sama borð og aðrir einmitt vegna þessarar staðreyndar sem ég hef hér rakið.

Ég vildi mjög gjarnan hafa hér lengra mál en býst ekki við að ég megi það. Ég vil ítreka það að lokum að ábyrgð ríkisstjórnar er mikil vegna þess að það er af hennar völdum að atvinnulíf á Suðurnesjum er með þeim hætti sem það er í kringum herinn og Keflavíkurflugvöll. Því er ekki hægt að segja, eins og hæstv. forsrh. sagði hér, að þetta sé ekki mál ríkisstjórnarinnar.

Níels Árni Lund:

Virðulegi forseti. Það hefur margt komið fram í þessari umræðu eins og mátti búast við þar sem um er að ræða slíkt málefni. Ég vildi aðeins bæta við það sem sjálfsagt flestir hugsa mikið um, alla vega eins og hér hefur komið fram, frambjóðendur á þessu svæði,

hvað mætti gera til að bæta atvinnuástand eða auka atvinnumöguleika á Suðurnesjum. Ég vitna aftur til þess fræga Bláa lóns sem hér hefur verið í umræðunni. Það var samþykkt þáltill. um það að skipuð yrði nefnd til að kanna margháttaða nýtingu þess lóns á síðasta löggjafarþingi. Í fyrirspurnatíma á þinginu í vetur kom fram frá heilbrrh. að hann hygðist skipa nefnd til að fjalla sérstaklega um nýtingu Bláa lónsins og lít ég björtum augum til þeirrar vinnu sem sú nefnd mun fjalla um. Í viðbót við þetta vildi ég sérstaklega benda á aukna ferðamannaþjónustu á Suðurnesjum. Til skamms tíma var ekkert hótel á svæðinu. Nú eru þau a.m.k. tvö eða þrjú og ágæt nýting á þeim. Ég vil einnig benda á að ein af forsendum þess að laða ferðamannastrauminn til Suðurnesja er að gera greiðan veg með suðurströnd Reykjanesskaga, eins og ég flutti þáltill. um fyrir einum tveimur þingum síðan. Ég held að slíkur vegur mundi opna gífurlega möguleika og ýta undir það að hægt væri að auka þarna verulega ferðamannastraum og bjóða þeim sem koma til landsins upp á aðrar ferðir heldur en eingöngu Gullfoss og Geysi. Nú þegar er Bláa lónið orðið vinsæll ferðamannastaður, en með tilkomu slíks vegar sem þessa væri hægt að auka þessa atvinnugrein mikið á Suðurnesjum.

Umhverfisráðherra (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Svo virðist sem hér sé nú kominn á framboðsfundur á Suðurnesjum eða í Reykjaneskjördæmi og er það út af fyrir sig vel. Þetta er ágætis vettvangur til slíks. Ég ætlaði hins vegar að leggja örfá orð í belg út af atvinnumálunum sérstaklega en ekki kannski endilega halda hér neina framboðsræðu. Mig langar til að gera eina athugasemd. Hún varðar þann misskilning sem felst í fyrirspurninni, að ríkisvaldið eitt sér skaffi öllum atvinnu. Atvinna skapast fyrst og fremst fyrir frumkvæði einstaklinganna. Það sem ríkisvaldið þarf að gera er að skapa einstaklingunum þann ramma sem gerir þeim kleift að vera með eðlilega og öfluga atvinnuuppbyggingu.

Hins vegar er það alveg ljóst og ég er að því leytinu til sammála fyrirspyrjanda að við hljótum að gera ráð fyrir því að það verði verulegur samdráttur í herafla varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar sé ég það fyrir mér að á Keflavíkurflugvelli verður um alla framtíð rekin öflug eftirlits- og varnarmiðstöð. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að Íslendingar geti í mjög auknum mæli tekið við þeim störfum sem nú eru unnin af liðsmönnum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Þar sem enn gætti misskilnings sé ég mig knúna til þess að vekja athygli á því hve mjög ríkisvaldið hefur oft áhrif á atvinnumál. Vil ég þá sérstaklega nefna t.d. kvótamál. Tilflutningur kvóta er til kominn vegna ríkisaðgerða og vegna þess að það hefur ekki verið tekist á við þann vanda á réttan hátt, t.d. með byggðakvóta, eins og við kvennalistakonur höfum lagt til.

Ég hef vakið athygli á því að það eru stjórnvaldsaðgerðir fyrst og fremst að Keflavíkurflugvöllur er með þeim hætti sem hann er. Jafnframt að atvinnustefna skuli byggjast í kringum stóriðju í stað þess að renna mörgum traustum stoðum undir atvinnulíf eins og alls staðar verður að vera þar sem atvinnulíf verður að vera fjölbreytt og margþætt ef það á ekki að vera háð sveiflum og áhættu sem ekkert atvinnusvæði þolir, m.a. þær sveiflur sem þensla við uppbyggingu hefur í för með sér. Þessu verð ég að vekja athygli á.

Karl Steinar Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að bera af mér sakir. Ég vil hins vegar

vekja athygli á því að varnarstöðin á Keflavíkurflugvelli er talin mjög þýðingarmikil í samstarfi Atlantshafsríkjanna og þýðing hennar er síst minni heldur en áður. Þess vegna verður starfsemin á svipuðu stigi og verið hefur. Það verða breytingar þar en ég vænti þess að það komi ekki niður á atvinnustiginu eins og menn töldu að yrði.

Hins vegar tel ég varðandi Suðurnesjamenn og atvinnuhorfur á því svæði að við getum horft bjartsýnir fram á veginn. Suðurnesin urðu fyrir miklum áföllum vegna þeirrar byggðastefnu sem var rekin hér á landi. Suðurnesin voru svelt, bæði í sjávarútvegi og á öðrum sviðum. Ég horfi fram til þess tíma að Suðurnesjamenn nái vopnum sínum og atvinnustigið þar verði betra en það er í dag.

154. Fyrirspurn [144. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fæðingarorlof.

Frá Sólveigu Pétursdóttur.

1. Hvaða afgreiðslu hefur frumvarp um fæðingarorlof (þskj. 673 á 113. löggjafarþingi) hlotið, en því var vísað til ríkisstjórnarinnar 20. apríl 1991?
2. Hvernig hefur ráðuneytið brugðist við dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 21. desember 1990 í máli er snerist um fæðingarorlofsgreiðslur og Tryggingastofnun ríkisins tapaði?

155. Fyrirspurn [145. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við auglýsingar og sölu á spariskírteinum ríkissjóðs.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hve mikill er kostnaðurinn við auglýsingar og sölu á spariskírteinum ríkissjóðs frá árinu 1987?

Óskað er eftir að kostnaður sé sundurliðaður og honum skipt eftir árum.

Skriflegt svar óskast.

156. Breytingartillaga [44. mál]

við frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Fyrri málsliður fyrri málsgreinar 6. gr. orðist svo: Sérstakur eignarskattur skal nema 2,25% af skattstofni skv. 3. gr. í sveitarfélögum með 10.000 íbúa og fleiri, en 0,75% annars staðar.

157. Fyrirspurn [146. mál]

til iðnaðarráðherra um súrálsverksmiðju á Íslandi.

Frá Guðmundi Bjarnasyni.

1. Hvaða athuganir eða vinna hefur farið fram af hálfu iðnaðarráðuneytisins vegna hugsanlegrar súrálsverksmiðju á Íslandi?
2. Hvaða hugmyndir eru uppi um staðsetningu slíkrar verksmiðju ef af yrði?
3. Hefur iðnaðarráðuneytið athugað sérstaklega skýrslu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. sem unnin er af Ásgeiri Leifssyni og Baldri Líndal um súrálsverksmiðju í Þingeyjarsýslum?

158. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um fullgildingu samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um hefðbundinn herafla í Evrópu sem undirritaður var í París 19. nóvember 1990.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu sem undirritaður var í París 19. nóvember 1990 með fyrirvara um fullgildingu.

Samningurinn er prentaður sem fskj. 1 með tillögu þessari. Auk samningsins fylgir bókun um bráðabirgðagildistöku vissra ákvæða samningsins sem fskj. 2 og XIII. kafli bókunar um eftirlit sem fskj. 3, en bókunum samningsins, átta talsins, er lýst í 2. kafla hér á eftir. Enn fremur fylgja eftirtaldar lagalega eða pólitískt bindandi yfirlýsingar sem tengjast samningnum, en eru ekki hluti af honum: Lagalega bindandi yfirlýsingar: Yfirlýsing Sovétríkjanna sem lögð var fram á sérstakri ráðstefnu aðildarríkjanna í Vín 14. júní 1991, fskj. 4, yfirlýsing lýðveldisins Íslands við sama tækifæri, fskj. 5, yfirlýsing lýðveldisins Íslands í sameiginlegu samráðsnefndinni 18. október 1991, fskj. 6. Pólitískt bindandi yfirlýsingar: Yfirlýsing aðildarríkja um sjóherflugvélar á landi, fskj. 7, yfirlýsing ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands um liðsfjölda í þýska hernum, fskj. 8, yfirlýsing aðildarríkja um liðsfjölda, fskj. 9, yfirlýsing Sovétríkjanna sem lögð var fram í sameiginlegu samráðsnefndinni 14. júní 1991, fskj. 10, og yfirlýsing formanns sameiginlegu samráðsnefndarinnar 18. október 1991, fskj. 11.

1. Almennt um samninginn.

Samningurinn markar tímamót í öryggismálum Evrópu, en hann er fyrsti samningurinn um takmörkun vígbúnaðar á sviði hefðbundinna vopna frá heimsstyrjöldinni síðari. Markmið hans er að skapa jafnvægi á sviði hefðbundinna vopna á meginlandi Evrópu, en misvægi á þessu sviði hefur verið ein helsta ögrunin við frið og stöðugleika í álfunni á undanförnum fjórum áratugum.

Til að ná þessu markmiði kveður samningurinn á um stórfelldari niðurskurð vopna en dæmi eru til um. Hann mun leiða til þess að um 100.000 vopn verða skorin niður á rúmum þremur árum frá því að samningurinn tekur gildi. Flest þessara vopna eru í eigu þeirra ríkja sem áður voru í Varsjárbandalaginu, en samningurinn byggist á þeirri meginreglu að sá aðili, sem yfirburða nýtur, skuli skera niður hlutfallslega fleiri vopn en hinn aðilinn. Einnig tryggir samningurinn að ekkert eitt ríki geti haft undir höndum meira en u.þ.b. þriðjung samningsbundins vígbúnaðar í hverjum flokki innan samningssvæðisins.

Mikilvægi samningsins helgast þó ekki einvörðungu af fjölda þeirra vopna sem útrýmt verður eða þeim skorðum sem einstökum ríkjum eru settar með tilliti til hernaðaruppbyggingar. Með samningnum er lagður hornsteinn að nýrri skipan öryggismála í Evrópu þar sem samkeppni á hernaðarsviðinu víkur fyrir öryggispólitískri samvinnu ríkja. Samningurinn hefur jafnframt mikla pólitíska þýðingu fyrir hin nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu sem staðið hefur ógn af nærveru sovéskra herja. Samningurinn bannar m.a. aðildarríkjum að hafa herlið í öðrum aðildarríkjum án samþykkis þeirra sjálfra.

Gagnkvæm og ítarleg skipti á upplýsingum um herbúnað aðildarríkjanna, ásamt nákvæmum ákvæðum um tilkynningarskyldu og eftirlit, eru órofa hluti af samningnum. Vonir eru því við það bundnar að traust og opinská upplýsingamiðlun muni útrýma til langframa þeirri tortryggni og leynd sem lengst af einkenndi hernaðarleg samskipti aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og ríkjanna sex sem áður voru í Varsjárbandalaginu.

Samningaviðræðurnar leystu af hólmi viðræður um gagnkvæman niðurskurð og jafnvægi á sviði hefðbundinna herja (MBFR) sem staðið höfðu yfir án teljandi árangurs um fimmtán ára skeið. Mikilvæg vísbending um að viðhorf hefðu breyst kom þó fram skömmu áður en samningaviðræður hófust er Gorbatsjov, forseti Sovétríkjanna, tilkynnti í desember 1988 um fyrirhugaðan einhliða niðurskurð sovéskra herja í Mið- og Austur-Evrópu.

Viðræður hófust formlega í mars 1989 í Vín á grundvelli erindisbréfs sem náðst hafði samkomulag um í janúar sama ár á þriðja framhaldsfundi Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE). Í erindisbréfinu var kveðið á um að stefnt skyldi að auknum stöðugleika og jafnvægi hefðbundins herafla í Evrópu frá Atlantshafi til Úralfjalla, á svonefndu ATTU-svæði, misvægi skyldi eytt og skera niður vígbúnað sem nota mætti til skyndiárása eða stórfelldra sóknaraðgerða. Í erindisbréfinu var tekið fram að viðræðurnar fjölluðu ekki um kjarnavopn, sjóheri eða efnavopn.

Samningaviðræðurnar fóru fram á sama tíma og örlagaríkar pólitískar breytingar áttu sér stað á meginlandi Evrópu. Sovétmenn hófu einhliða að flytja herlið og vopnabúnað brott frá ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Efnt var til lýðfrjálsra kosninga í ríkjum þessum og oki ógnarstjórnar hrundið. Þýskaland var sameinað. Jafnframt ákvað Atlantshafsbandalagið að rétta Sovétríkjunum og fyrri fylgiríkjum þeirra hönd sátta og vináttu og gefin var út yfirlýsing ríkjanna tuttugu og tveggja um að samskipti þeirra væru ekki lengur fjandsamleg.

Síðan samningurinn var undirritaður hafa sögulegir atburðir einnig átt sér stað. Stigið var stórt skref í átt til aukins sjálfstæðis ríkja Mið- og Austur-Evrópu í öryggismálum er Varsjárbandalagið var leyst upp 1. apríl sl. Einnig er þess skemmt að minnast er umbótaöflum í Sovétríkjunum tókst að hrinda valdránstilraun harðlínumanna í ágúst sl. og Eystrasaltsríkin endurheimtu fullt og óskorað sjálfstæði. Nokkur fyrrverandi Sovétlýðveldi hafa einnig kosið að vera utan sovéska ríkjasambandsins.

Samningurinn um hefðbundinn herafla í Evrópu á þannig augljóslega rætur að rekja til pólitískra kringumstæðna á meginlandinu sem tekið hafa miklum stakkaskiptum. Eng-

inn vafi leikur þó á að í framkvæmd mun samningurinn, sem verður lagalega bindandi fyrir aðildarríki að gildistöku lokinni, hafa veruleg áhrif í þá átt að auka stöðugleika og festu á hernaðarsviðinu og draga úr þeirri óvissu sem nú setur svip á stjórnmálaástand í Mið- og Austur-Evrópu. Samningurinn er enn fremur forsenda frekari samninga um niðurskurð vígbúnaðar í Evrópu.

Samningurinn nær einvörðungu til landherja á meginlandi Evrópu, en hefur bæði bein og óbein áhrif á íslenska öryggishagsmuni. Við niðurskurð herja í Evrópu mun mikilvægi aðflutningsleiða yfir hafið aukast fyrir Atlantshafsbandalagið. Einnig má benda á að samningurinn gerir ekki einungis ráð fyrir skorðum við ákveðnum tegundum vígbúnaðar, heldur kveður hann einnig á um svæðisbundnar takmarkanir. Þannig er komið í veg fyrir að fækkun hefðbundins vígbúnaðar í Mið-Evrópu leiði til þess að sömu vopnum fjölgi annars staðar innan samningssvæðisins, t.d. á norðurvæng.

Samningaviðræðurnar snerust upphaflega um niðurskurð skriðdreka, bardagabrynvagna og stórskotaliðs. Í framhaldi af leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í maí 1989 lögðu aðildarríkin fram tillögu í Vín í júlí sama ár um að rýmka viðræðurnar þannig að þær næðu einnig til mannafla, orrustuflugvéla og árásarþyrlna.

Lengi var deilt um ákvæði varðandi mannafla bandalaganna tveggja. Í febrúar 1990 náðist samkomulag í Ottawa um að Bandaríkjunum og Sovétríkjunum væri heimilt að hafa 195.000 manna herlið hvort ríki í miðri Evrópu, en Bandaríkin gætu auk þess haft 30.000 manna lið í öðrum Evrópuríkjum. Sovétmenn vildu hins vegar einnig takmarka herlið hvors bandalags við 700.000–750.000 í miðri álfunni. Óskir þessar tengdust þeim vanda sem skapaðist vegna tilvonandi sameiningar Þýskalands. Leystist þetta með viðræðum milli Sovétríkjanna og Sambandslýðveldisins Þýskalands. Í ágúst 1990 lýstu fulltrúar Þýska alþýðulýðveldisins og Sambandslýðveldisins Þýskalands því yfir í Vín að við undirritun samningsins yrði tryggt að herlið sameinaðs Þýskalands færi ekki yfir 370.000, þar af yrðu ekki fleiri en 345.000 í land- og flugher. Hinn 3. október 1990 sameinaðist Þýska alþýðulýðveldið Sambandslýðveldinu Þýskalandi og eftir það var herlið Þýska alþýðulýðveldisins talið með herliði Atlantshafsbandalagsins.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Lundúnum í júlí 1990 var samþykkt að freista þess að halda áfram viðræðum við Varsjárbandalagið um mannafla að lokinni gerð CFE-samningsins á grundvelli sama erindisbréfs. Í september 1990 ákváðu utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Sovétríkjanna að fjalla ekki um fjölda herliða sinna í þessum samningi. Ljóst var því að ekki yrði samið um mannafla að þessu sinni, en í 18. gr. samningsins var sett ákvæði um framhaldsviðræður í Vín að samningsgerð lokinni um fækkun mannafla bandalaganna tveggja, auk annarra atriða, svo sem um framkvæmd yfirflugsferða til eftirlits með ákvæðum um niðurskurð hefðbundins herafla. Stefnt er að því að ljúka viðræðum þessum sem nú standa yfir í Vín áður en fjórði framhaldsfundur Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu hefst í Helsinki í mars nk. Þá er einnig gert ráð fyrir að viðræður allra þrjátíu og átta þátttökuríkja fyrrgreindrar ráðstefnu um öryggismál og takmörkun vígbúnaðar taki við af samningaviðræðum Atlantshafsbandalagsins og þeirra sex ríkja sem áður voru í Varsjárbandalaginu.

Annað meginágreiningsmál í CFE-viðræðunum undanfarin tvö ár var krafa Atlantshafsbandalagsins um að samið yrði um sjóherflugvélar á landi. Sovétmenn vildu einnig takmarka flugvélar á flugmóðurskipum, en ríki Atlantshafsbandalagsins höfnuðu því, enda útilokar erindisbréfið viðræður um sjóher. Í október 1990 var gert samkomulag um að takmarka sjóherflugvélar á landi við 430 hjá hvoru bandalagi, en þar af mega Sovétríkin ekki eiga fleiri en 400. Samkomulagið mun koma í veg fyrir að farið verði í kring-

um samninginn með því að endurflokka flugvélar flugherja sem sjóherflugvélar. Hins vegar var samkomulagið ekki bundið í samningnum.

CFE-samningurinn fjallar því um fimm meginflokka vígbúnaðar: skriðdreka, bardagabrynvagna, stórskotalið, orrustuflugvélar og árásarþyrlur. Auk þess takmarkar samningurinn fjölda brúa lagðra úr brynvögnum og bardagabrynvagna fótgönguliðs í vörslu stofnana sem er ætlað að þjóna innra öryggi aðildarríkja. Síðari takmörkuninni er ætlað að fyrirbyggja að farið verði í kringum samninginn með því að setja orrustubrynvagna undir slíkar öryggissveitir.

Ár er nú liðið frá því að samningurinn var undirritaður í París. Tafir á staðfestingu samningsins í aðildarríkjunum eiga einkum rætur að rekja til ágreinings sem upp kom skömmu eftir undirritun hans um túlkun talningarreglna í 3. gr. samningsins. Einnig skapaðist óvissa um samningsbundnar skuldbindingar Sovétríkjanna eftir að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt á sl. sumri. Bæði vandamálin hafa nú verið farsællega til lykta leidd.

Ágreiningur varð um útfærslu 3. gr. samningsins eftir að Sovétmenn lýstu því yfir að vígbúnaður á landi, sem tilheyrði sveitum sjóhersins, væri undanþeginn takmörkunarákvæðum samningsins þótt slíkur vígbúnaður væri staðsettur innan samningssvæðisins. Að dómi tuttugu og eins annars aðildarríkis samningsins braut slík túlkun algerlega í bága við texta samningsins og sögu samningsgerðarinnar. Lýstu svo til öll aðildarríki því yfir að samningurinn yrði ekki lagður fram til staðfestingar á viðkomandi löggjafarþingum fyrr en bót hefði verið ráðin á þessu broti á samningnum. Einnig setti strik í reikninginn að í ljós hafði komið að Sovétmenn höfðu flutt tugi þúsunda vopna austur fyrir Úralfjöll þar sem þau voru ekki háð ákvæðum samningsins um takmörkun eða niðurskurð.

Tilraunir til að leysa úr framangreindum ágreiningsefnum — og koma þannig í veg fyrir að samningurinn færi út um þúfur — báru þann árangur að kölluð var saman sérstök ráðstefna í Vín 14. janúar sl., sbr. 21. gr. samningsins, þar sem Sovétmenn lögðu fram lagalega bindandi yfirlýsingu um að þeir mundu skera niður og takmarka fótgöngulið sjóhersins, ásamt strandvarnaliði. Einnig lögðu þeir fram pólitískt bindandi yfirlýsingu í sameiginlegu samráðsnefndinni 14. júní sl. um að þeir mundu m.a. eyðileggja eða umbreyta til borgaralegra nota 14.500 tækjum vígbúnaðar sem flutt höfðu verið austur fyrir Úralfjöll.

Endurheimt fullveldis í Eystrsaltsríkjunum vakti einkum óvissu varðandi samningsbundnar skuldbindingar Sovétmanna á svæðum sem ekki var lengur unnt að líta svo á að væru innan samningssvæðisins, enda Eystrasaltsríkin ekki aðilar að samningnum. Hinn 18. október sl. var mál þetta leyst með þeim hætti að formaður sameiginlegu samráðsnefndarinnar veitti móttöku lagalega bindandi yfirlýsingu Sovétmanna þess efnis að öll viðeigandi ákvæði samningsins og lagalega bindandi skuldbindingar Sovétmanna frá 14. júní sl. ættu við um sovéskan vígbúnað sem félli undir í 2. gr. samningsins og væri staðsettur á landsvæði Eistlands, Lettlands og Litáens.

2. Innihald samningsins.

Í 1. gr. eru taldar upp bókanir við samninginn. Þær eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og kveða á um nánari útfærslu hans. Þær eru ekki birtar hér, en hægt er að fá aðgang að þeim í utanríkisráðuneytinu. Bókununum er nánar lýst hér á eftir.

2. gr. kveður á um skilgreiningu hugtaka sem notuð eru í samningnum. 3. gr. kveður á um talningarreglur samningsins.

Í 4., 5. og 6. gr. eru meginákvæði samningsins sem takmarka fjölda skriðdreka við

20.000 fyrir hvort bandalag, 30.000 orrustubrynvagna, 20.000 stórskotaliðsvopn, 6.800 orrustuflugvélar og 2.000 árásarþyrlur. Heimilaður er mismunandi fjöldi þessara vopna á ólíkum svæðum innan samningssvæðisins. Auk þess má ekkert eitt ríki eiga meira en þriðjunginn af þessum vopnum í heild á samningssvæðinu.

Í 7. gr. segir að hvert aðildarríki skuli tilkynna við undirritun samningsins um hámarksfjölda vopna sinna og að vopnaniðurskurði skuli lokið 40 mánuðum eftir gildistöku samningsins.

Í 8. og 9. gr. segir hvernig vopnaniðurskurði skuli háttað, þ.e. með eyðingu, umbreytingu til afnota utan hernaðar, uppstillingu vopna sem sýningargripa, notkun sem skotmörk, endurbyggingu, endurflokkun eða til kennslu.

10. gr. fjallar um geymslusvæði fyrir vopn sem samningurinn tekur til og fjöldatakmarkanir innan þeirra og utan. 11. gr. fjallar um takmarkanir á brúm lögðum úr brynvögnum. 12. gr. fjallar um bardagabrynvagna fótgönguliðs í eigu stofnana sem er ætlað að þjóna innra öryggi aðildarríkja.

13. og 17. gr. kveða á um upplýsingaskipti samkvæmt samningnum, en 14. og 15. gr. um eftirlit. Þessi ákvæði eru útfærð nánar í bókununum um upplýsingaskipti og eftirlit. Eftirlitsákvæðin eru mjög ítarleg. Eftir gildistöku samningsins hefst fjögurra mánaða „grunngildingartímabil" þar sem aðildarríki geta staðreynt að vopn í eigu aðildarríkja hins bandalagsins séu ekki fleiri en uppgefinn hámarksfjöldi skv. 7. gr. Síðan hefst þriggja ára niðurskurðartímabil og mega aðildarríki fylgjast með eyðingu vopna og endurflokkun samkvæmt samningnum. Loks hefst lokagildingartímabil sem stendur í fjóra mánuði til þess að ganga úr skugga um að umsaminn niðurskurður hafi verið framkvæmdur. Eftir það mega aðildarríkin fara í árlegar eftirlitsferðir, en einnig er gert ráð fyrir að halda megi uppi eftirliti úr lofti sem nánar þarf að semja um. Samkvæmt samningnum mega aðildarríkin auk þess beita tækniaðferðum við eftirlit, þar á meðal gervihnöttum.

Með 16. gr. er stofnuð sameiginleg samráðsnefnd sem öll aðildarríkin eiga fulltrúa í. Hún kemur nú saman í Vín. Nefndinni er ætlað að vera vettvangur samráðs um framkvæmd samningsins. Nánar er fjallað um starfsemi hennar í bókun við samninginn, sbr. síðar.

Í 18. gr. segir að viðræður skuli halda áfram á grundvelli sama erindisbréfs, m.a. um mannafla bandalaganna og að þeim skuli lokið fyrir framhaldsfund Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu í Helsinki 1992 eins og áður sagði.

Í 19. gr. segir að samningurinn skuli gilda um óákveðinn tíma, en aðildarríki geti sagt honum upp með 150 daga fyrirvara. 20. gr. fjallar um breytingar á samningnum. 21. gr. kveður á um að halda skuli ráðstefnur á fimm ára fresti til þess að fjalla um framkvæmd hans og aukaráðstefnur sé þess óskað.

22. og 23. gr. eru lokaákvæði.

Forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, og utanríkisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, undirrituðu samninginn fyrir Íslands hönd í París 19. nóvember 1990. Við undirritun tóku viss ákvæði hans þegar gildi til bráðabirgða. Bókunin um bráðabirgðagildistöku samningsins fylgir hér með, fskj. 2.

Bókunin um núverandi vopn hefur að geyma upptalningu á þeim vopnum sem þegar eru fyrir hendi og samningurinn tekur til. Sameiginlega samráðsnefndin hefur það hlutverk að endurnýja listana yfir þessi vopn. Með bókuninni er fylgiskjal um tækniupplýsingar og ljósmyndun samningsbundinna vopna sem aðildarríkin skulu skiptast á um.

Bókunin um endurflokkun flugvéla kveður á um með hvaða skilyrðum megi breyta orrustuhæfum þjálfunarflugvélum í óvopnaðar þjálfunarflugvélar.

Bókunin um niðurskurð lýsir aðferðum við eyðingu vopna, t.d. með því að skera þau í sundur, sprengja, rafsjóða, rústa eða nota sem skotmörk.

Bókunin um endurflokkun þyrlna fjallar um það með hvaða skilyrðum megi breyta fjölnota árásarþyrlum í orrustustuðningsþyrlur.

Bókunin um upplýsingaskipti hefur að geyma ítarleg ákvæði um form og efni tilkynninga sem aðildarríkin skuldbinda sig til að dreifa, um vopnabirgðir, vopnategundir, vopnaflutninga, vopnastaðsetningar, eftirlitssvæði, niðurskurð o.fl. Henni fylgir fylgiskjal um form upplýsingaskipta.

Bókunin um eftirlit fjallar um skyldur aðildarríkja til að taka á móti eftirlitsferðum og rétt þeirra til þess að fara í slíkar ferðir eins og nánar verður lýst.

Bókunin um sameiginlegu samráðsnefndina kveður á um starfsaðferðir hennar. Hún skal að jafnaði koma saman tvisvar á ári. Íslandi ber að greiða 0,16% af kostnaði við störf hennar.

3. Áhrif samningsins á Íslandi.

Á Íslandi er aðeins ein vopnategund sem samningurinn tekur til, þ.e. F-15 orrustuflugvélar í eigu Bandaríkjanna sem staðsettar eru á Keflavíkurflugvelli. Munu eftirlitsákvæði samningsins ná til þeirra. Skuldbindingar Íslands eru fyrst og fremst þær að annast vissar tilkynningar samkvæmt samningnum, t.d. um eftirlitssvæði, komu- og brottfararstaði eftirlitsmanna (Flugstöð Leifs Eiríkssonar), og taka á móti eftirlitsmönnum óski eitthvert fyrrum aðildarríkja Varsjárbandalagsins að koma í eftirlitsferðir til Íslands. Loks hefur samningurinn vissan kostnað í för með sér, en sameiginlegu samráðsnefndinni er m.a. ætlað að fjalla um skiptingu hans, t.d. vegna ráðstefna sem haldnar verða skv. 21. gr. og eftirlitsferða skv. 14. gr. Eftirlitsmenn geta verið allt að níu og flugáhöfn allt að tíu manns. Hópurinn gæti dvalið á Íslandi í allt að tíu daga í hvert sinn. Íslensk stjórnvöld munu bera kostnað af ferðum, fjarskiptum og gistingu þeirra eftirlitsmanna sem hingað koma, auk íslenskra fylgdarmanna. Samkvæmt samningnum er Íslandi einnig heimilt að framkvæma eða taka þátt í eftirlitsferðum í fyrrverandi aðildarríkjum Varsjárbandalagsins.

Samningurinn kveður á um að eftirlitsmenn og flugáhafnir skuli njóta friðhelgi á sama hátt og sendierindrekar samkvæmt Vínarsamningnum um stjórnmálasamband frá 1961, sbr. lög 16/1971. Nauðsynlegt er að tryggja slíka friðhelgi með lögum og verður sérstakt frumvarp lagt fram í þeim tilgangi. XIII. kafli bókunarinnar um eftirlit, sem fjallar um friðhelgi, fylgir hér með, fskj. 3.

Utanríkisráðuneytið annast framkvæmd CFE-eftirlits á Íslandi í samvinnu við varnarliðið og bandarísk stjórnvöld.

Fylgiskjal 1

SAMNINGUR
um hefðbundinn herafla í Evrópu

Konungsríkið Belgía, Lýðveldið Búlgaría, Kanada, Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldið, Konungsríkið Danmörk, Franska lýðveldið, Sambandslýðveldið Þýskaland, Gríska lýðveldið, Lýðveldið Ungverjaland, Lýðveldið Ísland, Ítalska lýðveldið, Stórhertogadæmið Lúxemborg, Konungsríkið Holland, Konungsríkið Noregur, Lýðveldið Pólland, Portúgalska lýðveldið, Rúmenía, Konungsríkið Spánn, Lýðveldið Tyrkland, Sovétríkin, Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland, Bandaríki Norður-Ameríku, hér eftir nefnd aðildarríkin,

Með hliðsjón af umboðinu fyrir samningaviðræður um hefðbundinn herafla í Evrópu frá 10. janúar 1989 og eftir að hafa átt þessar samningaviðræður í Vín frá 9. mars 1989,

Með hliðsjón af tilgangi og markmiðum Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem samningaviðræður um þennan samning byggjast á,

Minnug skyldu sinnar að forðast í tvíhliða samskiptum, svo og alþjóðasamskiptum almennt, hótanir um valdbeitingu eða beitingu valds gegn landamærahelgi eða stjórnmálalegu sjálfstæði nokkurs ríkis eða að brjóta á nokkurn hátt gegn markmiðum og meginreglum Sáttmála Sameinuðu þjóðanna,

TREATY
on Conventional Armed Forces in Europe

The Kingdom of Belgium, the Republic of Bulgaria, Canada, the Czech and Slovak Federal Republic, the Kingdom of Denmark, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Hellenic Republic, the Republic of Hungary, the Republic of Iceland, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Kingdom of Norway, the Republic of Poland, the Portuguese Republic, Romania, the Kingdom of Spain, the Republic of Turkey, the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and the United States of America, hereinafter referred to as the States Parties,

Guided by the Mandate for Negotiation on Conventional Armed Forces in Europe of January 10, 1989, and having conducted this negotiation in Vienna beginning on March 9, 1989,

Guided by the objectives and the purposes of the Conference on Security and Cooperation in Europe, within the framework of which the negotiation of this Treaty was conducted,

Recalling their obligation to refrain in their mutual relations, as well as in their international relations in general, from the threat or use of force against the territorial integrity or political independence of any State, or in any other manner inconsistent with the purposes and principles of the Charter of the United Nations,

Meðvituð um nauðsyn þess að koma í veg fyrir hvers konar hernaðarátök í Evrópu,

Conscious of the need to prevent any military conflict in Europe,

Meðvituð um hina sameiginlegu ábyrgð sem þau bera öll á því að leitast við að ná fram meiri stöðugleika og öryggi í Evrópu,

Conscious of the common responsibility which they all have for seeking to achieve greater stability and security in Europe,

Í viðleitni til að koma á nýju öryggiskerfi meðal allra aðildarríkja í stað togstreitu á hernaðarsviðinu, byggðu á friðsamlegri samvinnu, og þar með stuðla að því að vinna bug á skiptingu Evrópu,

Striving to replace military confrontation with a new pattern of security relations among all the States Parties based on peaceful cooperation and thereby to contribute to overcoming the division of Europe,

Bundin því markmiði að koma á öryggi og stöðugu jafnvægi hefðbundins herafla í Evrópu með minni hernaðarstyrk en hingað til, að eyða ójöfnuði sem ógnar stöðugleika og öryggi og umfram allt að útiloka að tök verði á að hrinda í framkvæmd skyndiárás eða hefja stórfelldar innrásaraðgerðir í Evrópu,

Committed to the objectives of establishing a secure and stable balance of conventional armed forces in Europe at lower levels than heretofore, of eliminating disparities prejudicial to stability and security and of eliminating, as a matter of high priority, the capability for launching surprise attack and for initiating large-scale offensive action in Europe,

Minnug þess að þau undirrituðu eða gerðust aðilar að Brussel-samningnum frá 1948, Washington-samningnum frá 1949 eða Varsjár-samningnum frá 1955 og að þau eiga rétt til að vera aðilar að eða standa utan bandalagssamninga,

Recalling that they signed or acceded to the Treaty of Brussels of 1948, the Treaty of Washington of 1949 or the Treaty of Warsaw of 1955 and that they have the right to be or not to be a party to treaties of alliance,

Bundin því markmiði að tryggja að fjöldi hefðbundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum innan samningssvæðisins, fari ekki yfir 40.000 skriðdreka, 60.000 orrustubrynvagna, 40.000 stórskotaliðsvopn, 13.600 orrustuflugvélar og 4.000 árásarþyrlur,

Committed to the objective of ensuring that the numbers of conventional armaments and equipment limited by the Treaty within the area of application of this Treaty do not exceed 40.000 battle tanks, 60.000 armoured combat vehicles, 40.000 pieces of artillery, 13.600 combat aircraft and 4.000 attack helicopters,

Með vísun til þess að þessum samningi er ekki ætlað að hafa neikvæð áhrif á öryggishagsmuni nokkurs ríkis,

Affirming that this Treaty is not intended to affect adversely the security interests of any State,

Með vísun til skuldbindinga sinna um áframhaldandi takmörkun hefðbundins vígbúnaðar, þ.á m. með samningaviðræðum, með tilliti til krafna sem uppfylla þarf í framtíðinni til að tryggja stöðugleika í Evrópu og öryggi í ljósi stjórnmálaþróunar í Evrópu,

Affirming their commitment to continue the conventional arms control process including negotiations, taking into account future requirements for European stability and security in the light of political developments in Europe,

Hafa komið sér saman um eftirfarandi:

Have agreed as follows:

I. grein

1. Hvert aðildarríki mun framfylgja skuldbindingum samkvæmt samningi þessum í samræmi við ákvæði hans, þ.á m. þeim skuldbindingum sem varða eftirfarandi fimm flokka hefðbundins

Article I

1. Each State Party shall carry out the obligations set forth in this Treaty in accordance with its provisions, including those obligations relating to the following five categories of conventional

herafla: Skriðdreka, orrustubrynvagna, stórskotaliðsvopn, orrustuflugvélar og árásarþyrlur.

2. Hvert aðildarríki mun einnig framkvæma aðrar aðgerðir sem lýst er í samningi þessum og miða að því að tryggja öryggi og stöðugleika bæði á tímabilinu meðan niðurskurður hefðbundins herafla stendur yfir og eftir að niðurskurði er lokið.

3. Þessum samningi fylgir Bókun um núverandi hefðbundin vopn og búnað, hér eftir nefnd Bókun um núverandi vopn, ásamt fylgiskjali; Bókun um aðferðir við endurflokkun vissra tegunda eða gerða orrustuhæfra þjálfunarflugvéla sem óvopnaðra þjálfunarflugvéla, hér eftir nefnd Bókun um endurflokkun flugvéla; Bókun um aðferðir við niðurskurð hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af samningnum um hefðbundinn herafla í Evrópu, hér eftir nefnd Bókun um niðurskurð; Bókun um aðferðir við flokkun orrustuþyrlna og endurflokkun fjölnota árásarþyrlna, hér eftir nefnd Bókun um endurflokkun þyrlna; Bókun um tilkynningar og upplýsingaskipti, hér eftir nefnd Bókun um upplýsingaskipti, ásamt fylgiskjali um form upplýsingaskipta, hér eftir nefnt fylgiskjal um form; Bókun um eftirlit; Bókun um sameiginlega samráðsnefnd og Bókun um bráðabirgðagildistöku vissra ákvæða samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu, hér eftir nefnd Bókun um bráðabirgðagildistöku. Hvert þessara skjala telst óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.

II. grein

1. Í þessum samningi merkir:

(A) Heitið „hópur aðildarríkja" þann hóp aðildarríkja sem undirritaði Varsjár-samninginn* frá 1955 og er skipaður Lýðveldinu Búlgaríu, Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldinu, Lýðveldinu Ungverjalandi, Lýðveldinu Póllandi, Rúmeníu og Sovétríkjunum eða hóp þeirra ríkja sem undirrituðu eða gerðust

* Samningur um vináttu, samvinnu og gagnkvæma aðstoð, undirritaður í Varsjá 14. maí 1955.

armed forces: battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft and combat helicopters.

2. Each State Party also shall carry out the other measures set forth in this Treaty designed to ensure security and stability both during the period of reduction of conventional armed forces and after the completion of reductions.

3. This Treaty incorporates the Protocol on Existing Types of Conventional Armaments and Equipment, hereinafter referred to as the Protocol on Existing Types, with an Annex thereto; the Protocol on Procedures Governing the Reclassification of Specific Models or Versions of Combat-Capable Trainer Aircraft Into Unarmed Trainer Aircraft, hereinafter referred to as the Protocol on Aircraft Reclassification; the Protocol on Procedures Governing the Reduction of Conventional Armaments and Equipment Limited by the Treaty on Conventional Armed Forces in Europe, hereinafter referred to as the Protocol on Reduction; the Protocol on Procedures Governing the Categorisation of Combat Helicopters and the Recategorisation of Multi-Purpose Attack Helicopters, hereinafter referred to as the Protocol on Helicopter Recategorisation, the Protocol on Notification and Exchange of Information, hereinafter referred to as the Protocol on Information Exchange, with an Annex on the Format for the Exchange of Information, hereinafter referred to as the Annex on Format; the Protocol on Inspection; the Protocol on the Joint Consultative Group; and the Protocol on the Provisional Application of Certain Provisions of the Treaty on Conventional Armed Forces in Europe, hereinafter referred to as the Protocol on Provisional Application. Each of these documents constitutes an integral part of this Treaty.

Article II

1. For the purposes of this Treaty:

(A) The term "group of States Parties" means the group of States Parties that signed the Treaty of Warsaw* of 1955 consisting of the Republic of Bulgaria, the Czech and Slovak Federal Republic, the Republic of Hungary, the Republic of Poland, Romania and the Union of Soviet Socialist Republics, or the group of

* The Treaty of Friendship, Cooperation and Mutual Assistance signed in Warsaw 14 May 1955.

aðilar að Brussel-samningnum** frá 1948 eða Washington-samningnum*** frá 1949 og er skipaður Konungsríkinu Belgíu, Kanada, Konungsríkinu Danmörku, Franska lýðveldinu, Sambandslýðveldinu Þýskalandi, Gríska lýðveldinu, Lýðveldinu Íslandi, Ítalska lýðveldinu, Stórhertogadæminu Lúxemborg, Konungsríkinu Hollandi, Konungsríkinu Noregi, Portúgalska lýðveldinu, Konungsríkinu Spáni, Lýðveldinu Tyrklandi, Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi og Bandaríkjum Norður-Ameríku.

States Parties that signed or acceded to the Treaty of Brussels** of 1948 or the Treaty of Washington*** of 1949 consisting of the Kingdom of Belgium, Canada, the Kingdom of Denmark, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Hellenic Republic, the Republic of Iceland, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Kingdom of Norway, the Portuguese Republic, the Kingdom of Spain, the Republic of Turkey, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and the United States of America.

(B) Hugtakið „samningssvæði" allt landssvæði aðildarríkjanna í Evrópu frá Atlantshafi til Úralfjalla, sem nær til allra eylandssvæða aðildarríkjanna í Evrópu, þ.á m. Færeyja Konungsríkisins Danmerkur, Svalbarða og Bjarnareyjar Konungsríkisins Noregs, Asoreyja og Madeira Portúgalska lýðveldisins, Kanaríeyja Konungsríkisins Spánar og Frans Jósefs-lands og Novaja Zemlja Sovétríkjanna. Hvað varðar Sovétríkin nær samningssvæðið til alls landssvæðis sem liggur vestan Úralár og Kaspíahafs. Hvað varðar Lýðveldið Tyrkland liggur samningssvæðið norðan og vestan línu sem er dregin frá þeim stað þar sem tyrknesku landamærin skera 39. breiddarbaug til Muradiye, Patnos, Karayazi, Tekman, Kemaliye, Feke, Ceyhan, Dogankent, Gözne og þaðan til sjávar.

(B) The term "area of application" means the entire land territory of the States Parties in Europe from the Atlantic Ocean to the Ural Mountains, which includes all the European island territories of the States Parties, including the Faroe Islands of the Kingdom of Denmark, Svalbard including Bear Island of the Kingdom of Norway, the islands of Azores and Madeira of the Portuguese Republic, the Canary Islands of the Kingdom of Spain and Franz Josef Land and Novaya Zemlya of the Union of Soviet Socialist Republics. In the case of the Union of Soviet Socialist Republics, the area of application includes all territory lying west of the Ural River and the Caspian Sea. In the case of the Republic of Turkey, the area of application includes the territory of the Republic of Turkey north and west of a line extending from the point of intersection of the Turkish border with the 39th parallel to Muradiye, Patnos, Karayazi, Tekman, Kemaliye, Feke, Ceyhan, Dogankent, Gözne and thence to the sea.

(C) Hugtakið „skriðdreki" vélknúinn bardagabrynvagn sem gengur fyrir eigin vélarafli, hefur mikla skotgetu, fyrst og fremst úr aðalbyssu gæddri beinni skothæfni og miklum hlaupopshraða og hæft getur brynvarin og önnur skotmörk, hefur mikla akstursgetu utan vegar, mikinn sjálfsvarnarbúnað og er ekki hannaður eða útbúinn fyrst og fremst til orrustuherliðsflutninga. Slíkir brynvagnar

(C) The term "battle tank" means a self-propelled armoured fighting vehicle, capable of heavy firepower, primarily of a high muzzle velocity direct fire main gun necessary to engage armoured and other targets, with high cross-country mobility, with a high level of self-protection, and which is not designed and equipped primarily to transport combat troops. Such armoured vehicles serve as the

** Samningurinn um efnahagslega, félagslega og menningarlega samvinnu og sameiginlegar sjálfsvarnir, undirritaður í Brussel 17. mars 1948.
*** Norður-Atlantshafssamningurinn, undirritaður í Washington 4. apríl 1949.

** The Treaty of Economic, Social and Cultural Collaboration and Collective Self-Defence signed in Brussels, 17 March 1948.
*** The North Atlantic Treaty signed in Washington, 4 April 1949.

mynda aðalvopnakerfi skriðdrekafylkinga landhers og annarra brynvarðra fylkinga.

Skriðdrekar eru bardagabrynvagnar á beltum sem eru a.m.k. 16,5 tonn að þyngd óhlaðnir og eru búnir 360 gráðu turnbyssu ekki minni en 75 millimetra að hlaupvídd. Þar að auki skulu bardagabrynvagnar á hjólum, sem teknir eru í notkun og uppfylla öll önnur framangreind skilyrði, einnig taldir skriðdrekar.

(D) Hugtakið „orrustubrynvagn" vélknúið farartæki með brynvörn og akstursgetu utan vegar. Til orrustubrynvagna teljast brynvarðir liðsflutningavagnar, bardagabrynvagnar fótgönguliðs og orrustuvagnar búnir þungavopnum.

Hugtakið „brynvarinn liðsflutningavagn" orrustubrynvagn sem er hannaður og útbúinn til flutninga á fótgönguliðsflokki og er venjulega búinn sambyggðu eða samföstu vopni sem er innan við 20 mm að hlaupvídd.

Hugtakið „bardagabrynvagn fótgönguliðs" orrustubrynvagn sem er hannaður og útbúinn aðallega til flutninga á fótgönguliðsflokki, gerir liðsmönnum yfirleitt kleift að skjóta innan úr farartækinu undir brynvörn og er búinn sambyggðri eða samfastri fallbyssu, sem er a.m.k. með 20 mm hlaupvídd, og stundum með skotbúnaði fyrir flugskeyti gegn skriðdrekum. Bardagabrynvagnar fótgönguliðs eru aðalvopnakerfi brynvarins fótgönguliðs eða vélvædds fótgönguliðs eða fótgönguliðsfylkinga og sveita landhers búinna vélknúnum farartækjum.

Hugtakið „orrustuvagn búinn þungavopnum" orrustubrynvagn sem er búinn sambyggðri eða samfastri byssu gæddri beinni skothæfni og með a.m.k. 75 mm hlaupvídd, er a.m.k. 6,0 tonn að tómaþyngd og fellur ekki undir skilgreininguna á brynvörðum liðsflutningavagni eða bardagabrynvagni fótgönguliðs eða skriðdreka.

(E) Hugtakið „tómaþyngd" þyngd farartækis fyrir utan þyngd skota, eldsneytis, olíu og smurolíu, sprengiblokkabrynvarnar sem hægt er

principal weapon system of ground-force tank and other armoured formations.

Battle tanks are tracked armoured fighting vehicles which weigh at least 16.5 metric tonnes unladen weight and which are armed with a 360-degree traverse gun of at least 75 millimetres calibre. In addition, any wheeled armoured fighting vehicles entering into service which meet all the other criteria stated above shall also be deemed battle tanks.

(D) The term "armoured combat vehicle" means a self-propelled vehicle with armoured protection and cross-country capability. Armoured combat vehicles include armoured personnel carriers, armoured infantry fighting vehicles and heavy armament combat vehicles.

The term "armoured personnel carrier" means an armoured combatvehicle which is designed and equipped to transport a combat infantry squad and which, as a rule, is armed with an integral or organic weapon of less than 20 millimetres calibre.

The term "armoured infantry fighting vehicle" means an armoured combat vehicle which is designed and equipped primarily to transport a combat infantry squad, which normally provides the capability for the troops to deliver fire from inside the vehicle under armoured protection, and which is armed with an integral or organic cannon of at least 20 millimetres calibre and sometimes an antitank missile launcher. Armoured infantry fighting vehicles serve as the principal weapon system of armoured infantry or mechanised infantry or motorised infantry formations and units of ground forces.

The term "heavy armament combat vehicle" means an armoured combat vehicle with an integral or organic direct fire gun of at least 75 millimetres calibre, weighing at least 6.0 metric tonnes unladen weight, which does not fall within the definitions of an armoured personnel carrier, or an armoured infantry fighting vehicle or a battle tank.

(E) The term "unladen weight" means the weight of a vehicle excluding the weight of ammunition; fuel, oil and lubricants; removable

að fjarlægja, varahluta, verkfæra og aukahluta, öndunarbúnaðar sem hægt er að fjarlægja, og áhafnar ásamt útbúnaði hennar.

(F) Hugtakið „stórskotalið“ skotkerfi með mikilli hlaupvídd sem getur hæft skotmörk á jörðu aðallega með óbeinum hætti. Slíkt stórskotaliðskerfi veitir sameiginlegum herliðsfylkingum meginhluta óbeins skotstuðnings.

Stórskotaliðskerfi með mikilli hlaupvídd eru byssur og haubitsbyssur, stórskotaliðsvopn sem sameina eiginleika byssna og haubitsbyssna, sprengjuvörpur og fjölskota eldflaugakerfi með hlaupvídd sem er 100 mm eða meiri. Auk þess skulu öll framtíðarskotkerfi með mikilli hlaupvídd, gædd beinni skothæfni og virkri óbeinni skothæfni að auki falla undir hámarksfjölda stórskotaliðs.

(G) Hugtakið „hefðbundinn herafli staðsettur erlendis“ hefðbundinn herafla aðildarríkis sem er staðsettur innan samningssvæðisins á landssvæði annars aðildarríkis.

(H) Hugtakið „yfirlýst varanlegt geymslusvæði“ skýrt afmarkaðan stað, þar sem geymd eru hefðbundin vopn og búnaður sem takmarkast af samningnum, falla undir heildarhámarksfjölda en eru ekki háð þeim takmörkunum á hefðbundnum vopnum og búnaði sem takmarkast af samningnum hjá virkum sveitum.

(I) Hugtakið „brú lögð úr brynvagni“ vélknúinn brynvagn til brúarflutnings og brúarlagningar sem getur flutt, lagt með innbyggðu kerfi og tekið saman brúarmannvirki. Slíkt farartæki með brúarmannvirki verkar sem samhæft kerfi.

(J) Hugtakið „hefðbundin vopn og búnaður sem takmarkast af samningnum“ skriðdreka, orrustubrynvagna, stórskotalið, orrustuflugvélar og árásarþyrlur sem eru háð fjöldatakmörkunum samkvæmt IV., V. og VI. grein.

(K) Hugtakið „orrustuflugvél“ flugvél með föstum eða hreyfanlegum vængjum, sem er vopnuð og útbúin til árásar á skotmörk með

reactive armour; spare parts, tools and accessories; removable snorkelling equipment; and crew and their personal kit;

(F) The term “artillery” means large calibre systems capable of engaging ground targets by delivering primarily indirect fire. Such artillery systems provide the essential indirect fire support to combined arms formations.

Large calibre artillery systems are guns, howitzers, artillery pieces combining the characteristics of guns and howitzers, mortars and multiple launch rocket systems with a calibre of 100 millimetres and above. In addition, any future large calibre direct fire system which has a secondary effective indirect fire capability shall be counted against the artillery ceilings.

(G) The term “stationed conventional armed forces” means conventional armed forces of a State Party that are stationed within the area of application on the territory of another State Party.

(H) The term “designated permanent storage site” means a place with a clearly defined physical boundary containing conventional armaments and equipment limited by the Treaty, which are counted within overall ceilings but which are not subject to limitations on conventional armaments and equipment limited by the Treaty in active units.

(I) The term “armoured vehicle launched bridge” means a self-propelled armoured transporter-launcher vehicle capable of carrying and, through built-in mechanisms, of emplacing and retrieving a bridge structure. Such a vehicle with a bridge structure operates as an integrated system.

(J) The term “conventional armaments and equipment limited by the Treaty” means battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft and attack helicopters subject to the numerical limitations set forth in Articles IV, V and VI.

(K) The term “combat aircraft” means a fixed-wing or variable-geometry wing aircraft armed and equipped to engage targets by

því að nota stýranleg flugskeyti, óstýranlegar eldflaugar, sprengjur, byssur, fallbyssur eða önnur eyðingarvopn, svo og allar tegundir eða gerðir slíkra flugvéla til nota í öðrum hernaðarlegum tilgangi, svo sem til könnunarflugs eða rafeindahernaðar. Hugtakið „orrustuflugvél" nær ekki til aðalþjálfunarflugvéla.

employing guided missiles, unguided rockets, bombs, guns, cannons, or other weapons of destruction, as well as any model or version of such an aircraft which performs other military functions such as reconnaissance or electronic warfare. The term "combat aircraft" does not include primary trainer aircraft.

(L) Hugtakið „orrustuþyrla" flugvél með snúningsvængjum sem er vopnuð og útbúin til árása á skotmörk eða með búnað til annarra hernaðaraðgerða. Hugtakið „orrustuþyrla" nær til árásarþyrlna og orrustustuðningsþyrlna. Hugtakið „orrustuþyrla" nær ekki til óvopnaðra flutningsþyrlna.

(L) The term "combat helicopter" means a rotary wing aircraft armed and equipped to engage targets or equipped to perform other military functions. The term "combat helicopter" comprises attack helicopters and combat support helicopters. The term "combat helicopter" does not include unarmed transport helicopters.

(M) Hugtakið „árásarþyrla" orrustuþyrlu búna til að beita stýranlegum vopnum gegn brynvörn eða stýranlegum vopnum skotið úr lofti að skotmarki á jörðu eða á lofti og búna samhæfðu skotstjórnarkerfi og miðunarbúnaði fyrir þessi vopn. Hugtakið „árásarþyrla" nær til sérhæfðra árásarþyrlna og fjölnota árásarþyrlna.

(M) The term "attack helicopter" means a combat helicopter equipped to employ anti-armour, air-to-ground, or air-to-air guided weapons and equipped with an integrated fire control and aiming system for these weapons. The term "attack helicopter" comprises specialised attack helicopters and multi-purpose attack helicopters.

(N) Hugtakið „sérhæfð árásarþyrla" árásarþyrlu sem er hönnuð aðallega til að beita stýranlegum vopnum.

(N) The term "specialised attack helicopter" means an attack helicopter that is designed primarily to employ guided weapons.

(O) Hugtakið „fjölnota árásarþyrla" árásarþyrlu hannaða til fjölþættra hernaðarnota og búna til að beita stýranlegum vopnum.

(O) The term "multi-purpose attack helicopter" means an attack helicopter designed to perform multiple military functions and equipped to employ guided weapons.

(P) Hugtakið „orrustustuðningsþyrla" orrustuþyrlu sem uppfyllir ekki skilyrðin fyrir því að teljast árásarþyrla og sem hægt er að útbúa með fjölbreyttum sjálfsvarnarbúnaði og svæðiseyðingarvopnum, svo sem byssum, fallbyssum og óstýranlegum eldflaugum, sprengjum, klasasprengjum, eða má útbúa til annarra hernaðarnota.

(P) The term "combat support helicopter" means a combat helicopter which does not fulfill the requirements to qualify as an attack helicopter and which may be equipped with a variety of self-defence and area suppression weapons, such as guns, cannons and unguided rockets, bombs or cluster bombs, or which may be equipped to perform other military functions.

(Q) Hugtakið „samningsbundin hefðbundin vopn og búnaður" skriðdreka, orrustubrynvagna, stórskotalið, orrustuflugvélar, aðalþjálfunarflugvélar, óvopnaðar þjálfunarflugvélar, orrustuþyrlur, óvopnaðar flutningsþyrlur, brýr lagðar úr brynvögnum, brynvarða gervi-liðsflutningavagna og gervi-bardagabrynvagna fótgönguliðs, sem skipst skal

(Q) The term "conventional armaments and equipment subject to the Treaty" means battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft, primary trainer aircraft, unarmed trainer aircraft, combat helicopters, unarmed transport helicopters, armoured vehicle launched bridges, armoured personnel carrier look-alikes and

á upplýsingum um í samræmi við Bókunina um upplýsingaskipti.

armoured infantry fighting vehicle look-alikes subject to information exchange in accordance with the Protocol on Information Exhange.

(R) Hugtakið „í notkun", þegar það er notað um hefðbundinn herafla og hefðbundin vopn og búnað, skriðdreka, orrustubrynvagna, stórskotalið, orrustuflugvélar, aðalþjálfunarflugvélar, óvopnaðar þjálfunarflugvélar, orrustuþyrlur, óvopnaðar flutningsþyrlur, brýr lagðar úr brynvögnum, brynvarða gervi-liðsflutningavagna og gervi-bardagabrynvagna fótgönguliðs, sem eru innan samningssvæðisins, fyrir utan þá sem eru í vörslu stofnana, sem eru ætlaðar og byggðar upp til þess að þjóna innra öryggi á friðartímum, eða falla undir undantekningar sem tilgreindar eru í III. grein.

(R) The term "in service", as it applies to conventional armed forces and conventional armaments and equipment, means battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft, primary trainer aircraft, unarmed trainer aircraft, combat helicopters, unarmed transport helicopters, armoured vehicle launched bridges, armoured personnel carrier look-alikes and armoured infantry fighting vehicle look-alikes that are within the area of application, except for those that are held by organisations designed and structured to perform in peacetime internal security functions or that meet any of the exceptions set forth in Article III.

(S) Hugtökin „brynvarinn gervi-liðsflutningavagn" og „gervi-bardagavagn fótgönguliðs" brynvarin farartæki byggð á sams konar grind og líkjast að utanverðu brynvörðum liðsflutningavagni og bardagabrynvagni fótgönguliðs, hafa ekki fallbyssu eða byssu með 20 mm hlaupvídd eða stærri og hafa verið smíðaðir eða þeim breytt þannig að ekki sé hægt að flytja með þeim fótgönguliðsflokk. Með tilliti til ákvæða Genfarsamnings frá 12. ágúst 1949 um bætta meðferð særðra og sjúkra hermanna á vígvelli, sem veita sjúkrabifreiðum sérstöðu, skulu brynvarðar liðsflutninga-sjúkrabifreiðar ekki taldar orrustubrynvagnar eða brynvarðir gervi-liðsflutningavagnar.

(S) The terms "armoured personnel carrier look-alike" and "armoured infantry fighting vehicle look-alike" mean an armoured vehicle based on the same chassis as, and externally similar to, an armoured personnel carrier or armoured infantry fighting vehicle, respectively, which does not have a cannon or gun of 20 millimetres calibre or greater and which has been constructed or modified in such a way as not to permit the transportation of a combat infantry squad. Taking into account the provisions of the Geneva Convention "For the Amelioration of the Conditions of the Wounded and Sick in Armed Forces in the Field" of 12 August 1949 that confer a special status on ambulances, armoured personnel carrier ambulances shall not be deemed armoured combat vehicles or armoured personnel carrier look-alikes.

(T) Hugtakið „niðurskurðarsvæði" skilmerkilega merktan stað þar sem niðurskurður hefðbundinna vopna og búnaðar fer fram samkvæmt VIII. grein.

(T) The term "reduction site" means a clearly designated location where the reduction of conventional armaments and equipment limited by the Treaty in accordance with Article VIII takes place.

(U) Hugtakið „skuldbinding um niðurskurð" þann fjölda hefðbundinna vopna og búnaðar í hverjum flokki sem takmarkast af samningnum og aðildarríki skuldbindur sig til þess að skera niður á 40 mánaða tímabili, frá því að þessi samningur gengur í gildi, til þess að uppfylla skilyrði VII. greinar.

(U) The term "reduction liability" means the number in each category of conventional armaments and equipment limited by the Treaty that a State Party commits itself to reduce during the period of 40 months following the entry into force of this Treaty in order to ensure compliance with Article VII.

2. Núverandi hefðbundin vopn og búnaður, sem takmarkast af samningnum, eru talin upp í Bókuninni um núverandi vopn. Endurnýja skal reglulega listana yfir núverandi vopn í samræmi við (D)-lið 2. málsgreinar XVI. greinar og IV. kafla Bókunarinnar um núverandi vopn. Slík endurnýjun á listunum yfir núverandi vopn skal ekki talin breyting á þessum samningi.

3. Þær tegundir núverandi orrustuþyrlna sem taldar eru upp í Bókuninni um núverandi vopn skulu flokkaðar í samræmi við I. kafla Bókunarinnar um endurflokkun þyrlna.

III. grein

1. Í tengslum við þennan samning skulu aðildarríkin styðjast við eftirfarandi talningarreglur:

Allir skriðdrekar, orrustubrynvagnar, stórskotalið, orrustuflugvélar og árásarþyrlur, eins og þau eru skilgreind í II. grein, skulu háð fjöldatakmörkunum innan samningssvæðisins og öðrum ákvæðum í IV., V. og VI. grein, með eftirfarandi undantekningum, í samræmi við venjur aðildarríkis:

(A) eru í framleiðslu, þ.á m. við prófanir í tengslum við framleiðslu;

(B) eru einungis notuð við rannsóknir og þróun;

(C) tilheyra sögusöfnum;

(D) bíða eyðingar, eftir að hafa verið tekin úr notkun í samræmi við IX. grein;

(E) bíða útflutnings eða er verið að gera upp vegna útflutnings eða endurútflutnings og eru geymd til bráðabirgða á samningssvæðinu. Slíkir skriðdrekar, orrustubrynvagnar, stórskotalið, orrustuflugvélar og árásarþyrlur skulu geymd annars staðar en á yfirlýstum svæðum samkvæmt V. kafla Bókunarinnar um upplýsingaskipti eða á ekki fleiri en 10 slíkum yfirlýstum svæðum sem skulu hafa verið tilkynnt í árlegum upplýsingaskiptum árið áður. Í síðara tilfellinu skulu þau vera aðgreinanleg frá hefðbundnum vopnum og búnaði sem takmarkast af samningnum;

2. Existing types of conventional armaments and equipment subject to the Treaty are listed in the Protocol on Existing Types. The lists of existing types shall be periodically updated in accordance with Article XVI, paragraph 2, subparagraph (D) and Section IV of the Protocol on Existing Types. Such updates to the existing types lists shall not be deemed amendments to this Treaty.

3. The existing types of combat helicopters listed in the Protocol on Existing Types shall be categorised in accordance with Section 1 of the Protocol on Helicopter Recategorisation.

Article III

1. For the purposes of this Treaty, the States Parties shall apply the following counting rules:

All battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft and attack helicopters, as defined in Article II, within the area of application shall be subject to the numerical limitations and other provisions set forth in Articles IV, V and VI, with the exception of those which in a manner consistent with a State Party's normal practices:

(A) are in the process of manufacture, including manufacturing-related testing;

(B) are used exclusively for the purposes of research and development;

(C) belong to historical collections;

(D) are awaiting disposal, having been decommissioned from service in accordance with the provisions of Article IX;

(E) are awaiting, or are being refurbished for, export or re-export and are temporarily retained within the area of application. Such battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft and attack helicopters shall be located elsewhere than at sites declared under the terms of Section V of the Protocol on Information Exchange or at no more than 10 such declared sites which shall have been notified in the previous year's annual information exchange. In the latter case, they shall be separately distinguishable from conventional armaments and equipment limited by the Treaty;

(F) eru brynvarðir liðsflutningavagnar, bardagabrynvagnar fótgönguliðs, orrustuvagnar búnir þungavopnum eða fjölnota árásarþyrlur í vörslu stofnana sem er ætlað og eru uppbyggð til þess að þjóna innra öryggi á friðartímum; eða

(G) eru á leiðinni í gegnum samningssvæðið frá stað, sem er utan samningssvæðisins, til áfangastaðar, sem er utan samningssvæðisins, og eru ekki innan samningssvæðisins lengur en sjö daga samtals.

2. Ef aðildarríki tilkynnir oftar en tvisvar í árlegum upplýsingaskiptum í röð um óvenju marga slíka skriðdreka, orrustubrynvagna, stórskotaliðsvopn, orrustuflugvélar eða árásarþyrlur, sem eru tilkynningarskyld samkvæmt IV. kafla Bókunarinnar um upplýsingaskipti, skal það gera grein fyrir ástæðu þess í sameiginlegu samráðsnefndinni, sé þess óskað.

IV. grein

1. Hvert aðildarríki skal takmarka og, eftir því sem við á, skera niður skriðdreka sína, orrustubrynvagna, stórskotalið, orrustuflugvélar og árásarþyrlur innan samningssvæðisins, eins og það er skilgreint í II. grein, þannig að 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings og þaðan í frá skulu slík vopn ekki vera fleiri innan þess aðildarríkjahóps, sem það tilheyrir, eins og hann er skilgreindur í II. grein, en:

(A) 20.000 skriðdrekar, þar af skulu ekki fleiri en 16.500 vera í virkum sveitum;

(B) 30.000 orrustubrynvagnar, þar af skulu ekki fleiri en 27.300 vera í virkum sveitum. Af þessum 30.000 orrustubrynvögnum skulu ekki fleiri en 18.000 vera bardagabrynvagnar fótgönguliðs og orrustuvagnar búnir þungavopnum; af bardagabrynvögnum fótgönguliðs og orrustuvögnum búnum þungavopnum skulu ekki fleiri en 1.500 vera orrustuvagnar búnir þungavopnum;

(C) 20.000 stórskotaliðsvopn, þar af skulu ekki fleiri en 17.000 vera í virkum sveitum;

(D) 6.800 orrustuflugvélar; og

(E) 2.000 árásarþyrlur.

(F) are, in the case of armoured personnel carriers, armoured infantry fighting vehicles, heavy armament combat vehicles or multipurpose attack helicopters, held by organisations designed and structured to perform in peacetime internal security functions; or

(G) are in transit through the area of application from a location outside the area of application to a final destination outside the area of application, and are in the area of application for no longer than a total of seven days.

2. If, in respect of any such battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft or attack helicopters, the notification of which is required under Section IV of the Protocol on Information Exchange, a State Party notifies an unusually high number in more than two successive annual information exchanges, it shall explain the reasons in the Joint Consultative Group, if so requested.

Article IV

1. Within the area of application, as defined in Article II, each State Party shall limit and, as necessary, reduce its battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft and attack helicopters so that, 40 months after entry into force of this Treaty and thereafter, for the group of States Parties to which it belongs, as defined in Article II, the aggregate numbers do not exceed:

(A) 20,000 battle tanks, of which no more than 16,500 shall be in active units;

(B) 30,000 armoured combat vehicles, of which no more than 27,300 shall be in active units. Of the 30,000 armoured combat vehicles, no more than 18,000 shall be armoured infantry fighting vehicles and heavy armament combat vehicles; of armoured infantry fighting vehicles and heavy armament combat vehicles, no more than 1,500 shall be heavy armament combat vehicles;

(C) 20,000 pieces of artillery, of which no more than 17,000 shall be in active units;

(D) 6,800 combat aircraft; and

(E) 2,000 attack helicopters.

Skriðdrekar, orrustubrynvagnar og stórskotalið, sem eru ekki í virkum sveitum, skulu geymd á yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum, eins og þau eru skilgreind í II. grein, og skulu þau aðeins staðsett á svæðinu sem er lýst í 2. málsgrein þessarar greinar. Slík yfirlýst varanleg geymslusvæði mega einnig vera á því svæði innan Sovétríkjanna sem nær yfir Odessa-hersvæðið og suðurhluta Leningrad-hersvæðisins. Á Odessa-hersvæðinu má ekki geyma með þessum hætti fleiri en 400 skriðdreka og ekki fleiri en 500 stórskotaliðsvopn. Á suðurhluta Leningrad-hersvæðisins má ekki geyma með þessum hætti fleiri en 600 skriðdreka, 800 orrustubrynvagna, þ.á m. ekki fleiri en 300 orrustubrynvagna af nokkurri gerð, en afgangurinn verði brynvarðir liðsflutningavagnar, og ekki fleiri en 400 stórskotaliðsvopn. Suðurhluti Leningrad-hersvæðisins telst landssvæðið innan þess hersvæðis sem er sunnan austur-vesturlínu á 60 gráðum, 15 mínútum, norðlægrar breiddar.

Battle tanks, armoured combat vehicles and artillery not in active units shall be placed in designated permanent storage sites, as defined in Article II, and shall be located only in the area described in paragraph 2 of this Article. Such designated permanent storage sites may also be located in that part of the territory of the Union of Soviet Socialist Republics comprising the Odessa Military District and the southern part of the Leningrad Military District. In the Odessa Military District, no more than 400 battle tanks and no more than 500 pieces of artillery may be thus stored. In the southern part of the Leningrad Military District, no more than 600 battle tanks, no more than 800 armoured combat vehicles, including no more than 300 armoured combat vehicles of any type with the remaining number consisting of armoured personnel carriers, and no more than 400 pieces of artillery may be thus stored. The southern part of the Leningrad Military District is understood to mean the territory within that military district south of the line East-West 60 degrees 15 minutes northern latitude.

2. Innan þess svæðis, sem nær til alls evrópsks landssvæðis, þ.á m. alls evrópsks eylandssvæðis, Konungsríkisins Belgíu, Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, Konungsríkisins Danmerkur, þ.á m. Færeyja, Franska lýðveldisins, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Lýðveldisins Ungverjalands, Ítalska lýðveldisins, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Konungsríkisins Hollands, Lýðveldisins Póllands, Portúgalska lýðveldisins, þ.á m. Asoreyja og Madeira, Konungsríkisins Spánar, þ.á m. Kanaríeyja, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og þess hluta landssvæðis Sovétríkjanna vestan Úralfjalla sem nær yfir hersvæði Eystrasalts, Hvíta-Rússlands, Karpata, Kiev, Moskvu og Volgu-Úrals, skal hvert ríki takmarka eða, eftir því sem við á, skera niður skriðdreka sína, orrustubrynvagna og stórskotalið, þannig að 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings og þaðan í frá skulu þessi vopn ekki vera fleiri í heild innan þess aðildarríkjahóps, sem þau tilheyra, en:

2. Within the area consisting of the entire land territory in Europe, which includes all the European island territories, of the Kingdom of Belgium, the Czech and Slovak Federal Republic, the Kingdom of Denmark including the Faroe Islands, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Republic of Hungary, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Republic of Poland, the Portuguese Republic including the islands of Azores and Madeira, the Kingdom of Spain including the Canary Islands, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and that part of the territory of the Union of Soviet Socialist Republics west of the Ural Mountains comprising the Baltic, Byelorussian, Carpathian, Kiev, Moscow and Volga-Ural Military Districts, each State Party shall limit and, as necessary, reduce its battle tanks, armoured combat vehicles and artillery so that, 40 months after entry into force of this Treaty and thereafter, for the group of States Parties to which it belongs the aggregate numbers do not exceed:

(A) 15.300 skriðdrekar, þar af skulu ekki fleiri en 11.800 vera í virkum sveitum;

(A) 15,300 battle tanks, of which no more than 11,800 shall be in active units;

(B) 24.100 orrustubrynvagnar, þar af skulu ekki fleiri en 21.400 vera í virkum sveitum; og

(B) 24,100 armoured combat vehicles, of which no more than 21,400 shall be in active units; and

(C) 14.000 stórskotaliðsvopn, þar af skulu ekki fleiri en 11.000 vera í virkum sveitum.

3. Innan þess svæðis, sem nær til alls evrópsks landssvæðis, þ.á m. alls evrópsks eylandssvæðis, Konungsríkisins Belgíu, Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, Konungsríkisins Danmerkur, þ.á m. Færeyja, Franska lýðveldisins, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Lýðveldisins Ungverjalands, Ítalska lýðveldisins, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Konungsríkisins Hollands, Lýðveldisins Póllands, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og þess hluta landssvæðis Sovétríkjanna sem nær yfir hersvæði Eystrasalts, Hvíta-Rússlands, Karpata og Kiev, skal hvert aðildarríki takmarka og, eftir því sem við á, skera niður skriðdreka sína, orrustubrynvagna og stórskotalið, þannig að 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings og þaðan í frá skulu slík vopn í virkum sveitum ekki vera fleiri í heild innan þess aðildarríkjahóps, sem þau tilheyra, en:

(A) 10.300 skriðdrekar;

(B) 19.260 orrustubrynvagnar; og

(C) 9.100 stórskotaliðsvopn; og

(D) á Kiev-hersvæðinu skulu slík vopn í virkum sveitum og á yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum ekki vera fleiri í heild en:

(1) 2.250 skriðdrekar;
(2) 2.500 orrustubrynvagnar; og
(3) 1.500 stórskotaliðsvopn.

4. Innan þess svæðis, sem nær til alls evrópsks landssvæðis, þ.á m. alls evrópsks eylandssvæðis, Konungsríkisins Belgíu, Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Lýðveldisins Ungverjalands, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Konungsríkisins Hollands og Lýðveldisins Póllands, skal hvert aðildarríki takmarka og, eftir því sem við á, skera niður skriðdreka sína, orrustubrynvagna og stórskotalið þannig að 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings og þaðan í frá skulu slík vopn í virkum sveitum ekki vera fleiri í heild innan þess aðildarríkjahóps, sem þau tilheyra, en:

(A) 7.500 skriðdrekar;

(B) 11.250 orrustubrynvagnar; og

(C) 5.000 stórskotaliðsvopn.

(C) 14,000 pieces of artillery, of which no more than 11,000 shall be in active units.

3. Within the area consisting of the entire land territory in Europe, which includes all the European island territories, of the Kingdom of Belgium, the Czech and Slovak Federal Republic, the Kingdom of Denmark including the Faroe Islands, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Republic of Hungary, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Republic of Poland, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and that part of the territory of the Union of Soviet Socialist Republics comprising the Baltic, Byelorussian, Carpathian and Kiev Military Districts, each State Party shall limit and, as necessary, reduce its battle tanks, armoured combat vehicles and artillery so that, 40 months after entry into force of this Treaty and thereafter, for the group of States Parties to which it belongs the aggregate numbers in active units do not exceed:

(A) 10,300 battle tanks;

(B) 19,260 armoured combat vehicles; and

(C) 9,100 pieces of artillery; and

(D) in the Kiev Military District, the aggregate numbers in active units and designated permanent storage sites together shall not exceed:

(1) 2,250 battle tanks;
(2) 2,500 armoured combat vehicles; and
(3) 1,500 pieces of artillery.

4. Within the area consisting of the entire land territory in Europe, which includes all the European island territories, of the Kingdom of Belgium, the Czech and Slovak Federal Republic, the Federal Republic of Germany, the Republic of Hungary, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands and the Republic of Poland, each State Party shall limit and, as necessary, reduce its battle tanks, armoured combat vehicles and artillery so that, 40 months after entry into force of this Treaty and thereafter, for the group of States Parties to which it belongs the aggregate numbers in active units do not exceed:

(A) 7,500 battle tanks;

(B) 11,250 armoured combat vehicles; and

(C) 5,000 pieces of artillery.

5. Aðildarríki í sama aðildarríkjahópi mega staðsetja skriðdreka, orrustubrynvagna og stórskotalið í virkum sveitum á hverju þeirra svæða, sem lýst er í þessari grein og (A)-lið 1. málsgreinar V. greinar, allt að þeim fjöldatakmörkunum sem gilda á því svæði, í samræmi við þann hámarksfjölda í vörslu þeirra sem tilkynntur var samkvæmt VII. grein og með því skilyrði að ekkert aðildarríki staðsetji hefðbundinn herafla á landssvæði annars aðildarríkis án samþykkis þess.

6. Ef heildarfjöldi skriðdreka, orrustubrynvagna og stórskotaliðs aðildarríkjahóps í virkum sveitum á því svæði, sem lýst er í 4. málsgrein þessarar greinar, er innan við þær fjöldatakmarkanir sem tilgreindar eru í 4. málsgrein þessarar greinar, og með því skilyrði að þar með sé ekki komið í veg fyrir að nokkurt aðildarríki nái þeim hámarksfjölda í vörslu þess, sem tilkynntur var samkvæmt 2., 3. og 5. málsgrein VII. greinar, mega aðildarríki, sem tilheyra þeim aðildarríkjahópi, staðsetja vopnafjölda sem samsvarar mismuninum milli heildarfjöldans í hverjum flokki skriðdreka, orrustubrynvagna og stórskotaliðs og þeirra fjöldatakmarkana, sem tilgreindar eru fyrir það svæði sem er lýst í 3. málsgrein þessarar greinar, í samræmi við þær fjöldatakmarkanir sem tilgreindar eru í 3. málsgrein þessarar greinar.

V. grein

1. Til þess að öryggi hvers aðildarríkis sé ávallt tryggt:

(A) innan þess svæðis sem nær til alls evrópsks landssvæðis, þ.á m. alls evrópsks eylandssvæðis, Lýðveldisins Búlgaríu, Gríska lýðveldisins, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs, Rúmeníu, þess hluta Lýðveldisins Tyrklands sem er innan samningssvæðisins og þess hluta Sovétríkjanna sem nær til hersvæða Leningrads, Odessa, Transkákasus og Norður-Kákasus, skal hvert aðildarríki takmarka og, eftir því sem við á, skera niður skriðdreka sína, orrustubrynvagna og stórskotalið þannig að 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings og þaðan í frá skulu slík vopn í virkum sveitum ekki vera fleiri í heild innan þess aðildarríkjahóps, sem þau tilheyra, en sem nemur mismuninum milli heildarfjöldatakmarkana samkvæmt 1.

5. States Parties belonging to the same group of States Parties may locate battle tanks, armoured combat vehicles and artillery in active units in each of the areas described in this Article and Article V, paragraph 1, subparagraph (A) up to the numerical limitations applying in that area, consistent with the maximum levels for holdings notified pursuant to Article VII and provided that no State Party stations conventional armed forces on the territory of another State Party without the agreement of that State Party.

6. If a group of States Parties aggregate numbers of battle tanks, armoured combat vehicles and artillery in active units within the area described in paragraph 4 of this Article are less than the numerical limitations set forth in paragraph 4 of this Article, and provided that no State Party is thereby prevented from reaching its maximum levels for holdings notified in accordance with Article VII, paragraphs 2, 3 and 5, then amounts equal to the difference between the aggregate numbers in each of the categories of battle tanks, armoured combat vehicles and artillery and the specified numerical limitations for that area may be located by States Parties belonging to that group of States Parties in the area described in paragraph 3 of this Article, consistent with the numerical limitations specified in paragraph 3 of this Article.

Article V

1. To ensure that the security of each State Party is not affected adversely at any stage:

(A) within the area consisting of the entire land territory in Europe, which includes all the European island territories, of the Republic of Bulgaria, the Hellenic Republic, the Republic of Iceland, the Kingdom of Norway, Romania, the part of the Republic of Turkey within the area of application and that part of the Union of Soviet Socialist Republics comprising the Leningrad, Odessa, Transcaucasus and North Caucasus Military Districts, each State Party shall limit and, as necessary, reduce its battle tanks, armoured combat vehicles and artillery so that, 40 months after entry into force of this Treaty and thereafter, for the group of States Parties to which it belongs the aggregate numbers in active units do not exceed the differ-

málsgrein IV. greinar og 2. málsgrein IV. greinar, þ.e.:

(1) 4.700 skriðdrekar;
(2) 5.900 orrustubrynvagnar; og
(3) 6.000 stórskotaliðsvopn.

(B) þrátt fyrir þær fjöldatakmarkanir, sem eru í (A)-lið þessarar málsgreinar, mega eitt eða fleiri aðildarríki að auki taka í notkun fleiri vopn í virkum sveitum til bráðabirgða á landssvæði sem lýst er í (A)-lið þessarar málsgreinar og tilheyrir sama aðildarríkjahópi, þó ekki fleiri en:

(1) 459 skriðdreka;
(2) 723 orrustubrynvagna; og
(3) 420 stórskotaliðsvopn; og

(C) með því skilyrði að í hverjum aðildarríkjahópi sé ekki meira en þriðjungur þessa aukafjölda vopna staðsettur í hverju aðildarríki með landssvæði innan svæðisins sem er lýst í (A)-lið þessarar málsgreinar, þ.e.:

(1) 153 skriðdrekar;
(2) 241 orrustubrynvagn; og
(3) 140 stórskotaliðsvopn.

2. Aðildarríki, eitt eða fleiri, sem koma fyrir vopnum, og aðildarríki, eitt eða fleiri, sem taka við vopnum, skulu tilkynna öllum öðrum aðildarríkjum um staðsetningu vopnanna eigi síðar en við upphaf hennar og taka fram heildarfjöldann í hverjum flokki skriðdreka, orrustubrynvagna og stórskotaliðs sem komið er fyrir. Einnig skulu aðildarríki, eitt eða fleiri, sem koma fyrir vopnum, og aðildarríki, eitt eða fleiri, sem taka við vopnum, tilkynna öllum öðrum aðildarríkjum innan 30 daga um brottflutning þessara skriðdreka, orrustubrynvagna og stórskotaliðs sem var komið fyrir tímabundið.

VI. grein

Í þeim tilgangi að tryggja að ekkert eitt aðildarríki eigi meira en um það bil þriðjung hefðbundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum innan samningssvæðisins, skal hvert aðildarríki takmarka og, eftir því sem við á, skera niður skriðdreka sína, orrustubrynvagna, stórskotalið,

ence between the overall numerical limitations set forth in Article IV, paragraph 1 and those in Article IV, paragraph 2, that is:

(1) 4,700 battle tanks;
(2) 5,900 armoured combat vehicles; and
(3) 6,000 pieces of artillery;

(B) notwithstanding the numerical limitations set forth in subparagraph (A) of this paragraph, a State Party or States Parties may on a temporary basis deploy into the territory belonging to the members of the same group of States Parties within the area described in subparagraph (A) of this paragraph additional aggregate numbers in active units for each group of States Parties not to exceed:

(1) 459 battle tanks;
(2) 723 armoured combat vehicles; and
(3) 420 pieces of artillery; and

(C) provided that for each group of States Parties no more than one-third of each of these additional aggregate numbers shall be deployed to any State Party with territory within the area described in subparagraph (A) of this paragraph, that is:

(1) 153 battle tanks:
(2) 241 armoured combat vehicles; and
(3) 140 pieces of artillery.

2. Notification shall be provided to all other States Parties no later than at the start of the deployment by the State Party or States Parties conducting the deployment and by the recipient State Party or States Parties, specifying the total number in each category of battle tanks, armoured combat vehicles and artillery deployed. Notification also shall be provided to all other States Parties by the State Party or States Parties conducting the deployment and by the recipient State Party or States Parties within 30 days of the withdrawal of those battle tanks, armoured combat vehicles and artillery that were temporarily deployed.

Article VI

With the objective of ensuring that no single State Party possesses more than approximately one-third of the conventional armaments and equipment limited by the Treaty within the area of application, each State Party shall limit and, as necessary, reduce its battle tanks, armoured com-

orrustuflugvélar og árásarþyrlur, þannig að 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings og þaðan í frá skulu vopn þess aðildarríkis innan samningssvæðisins ekki vera fleiri en:

(A) 13.300 skriðdrekar;

(B) 20.000 orrustubrynvagnar;

(C) 13.700 stórskotaliðsvopn;

(D) 5.150 orrustuflugvélar; og

(E) 1.500 árásarþyrlur.

VII. grein

1. Til þess að ekki sé farið fram úr takmörkunum í IV., V. og VI. grein skal ekkert aðildarríki, 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings, fara fram úr þeim hámarksfjölda hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af samningnum í vörslu þess, sem það hefur áður samþykkt innan aðildarríkjahóps síns, í samræmi við 7. málsgrein þessarar greinar, og það hefur tilkynnt um samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

2. Hvert aðildarríki skal tilkynna við undirskrift þessa samnings öllum öðrum aðildarríkjum um hámarksfjölda hefðbundinna vopna og búnaðar í vörslu þess sem takmarkast af samningnum. Tilkynningin um hámarksfjölda hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af samningnum, sem hvert aðildarríki veitir við undirskrift þessa samnings, skal gilda þar til ný tilkynning er veitt samkvæmt 3. málsgrein þessarar greinar.

3. Með þeim takmörkunum, sem koma fram í IV., V. og VI. grein, á hvert aðildarríki rétt á því að breyta hámarksfjölda hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af samningnum í vörslu þess. Aðildarríki skal tilkynna hvers konar breytingar á hámarksfjöldanum öllum öðrum aðildarríkjum a.m.k. 90 dögum fyrir þá dagsetningu sem tilgreind er í tilkynningunni um hvenær slík breyting taki gildi. Til þess að ekki sé farið fram úr neinum þeim takmörkunum, sem koma fram í IV. og V. grein, skal áður en eða samtímis því að til aukningar kemur á hámarksvopnafjölda aðildarríkis, sem mundi annars leiða til þess að farið yrði fram úr þessum takmörkunum, skera niður sem því nemur áður tilkynntan hámarksfjölda hefðbat vehicles, artillery, combat aircraft and attack helicopters so that, 40 months after entry into force of this Treaty and thereafter, the numbers within the area of application for that State Party do not exceed:

(A) 13,300 battle tanks:

(B) 20,000 armoured combat vehicles;

(C) 13,700 pieces of artillery;

(D) 5,150 combat aircraft; and

(E) 1,500 attack helicopters.

Article VII

1. In order that the limitations set forth in Articles IV, V and VI are not exceeded, no State Party shall exceed, from 40 months after entry into force of this Treaty, the maximum levels which it has previously agreed upon within its group of States Parties, in accordance with paragraph 7 of this Article, for its holdings of conventional armaments and equipment limited by the Treaty and of which it has provided notification pursuant to the provisions of this Article.

2. Each State Party shall provide at the signature of this Treaty notification to all other States Parties of the maximum levels for its holdings of conventional armaments and equipment limited by the Treaty. The notification of the maximum levels for holdings of conventional armaments and equipment limited by the Treaty provided by each State Party at the signature of this Treaty shall remain valid until the date specified in a subsequent notification pursuant to paragraph 3 of this Article.

3. In accordance with the limitations set forth in Articles IV, V and VI, each State Party shall have the right to change the maximum levels for its holdings of conventional armaments and equipment limited by the Treaty. Any change in the maximum levels for holdings of a State Party shall be notified by that State Party to all other States Parties at least 90 days in advance of the date, specified in the notification, on which such a change takes effect. In order not to exceed any of the limitations set forth in Articles IV and V, any increase in the maximum levels for holdings of a State Party that would otherwise cause those limitations to be exceeded shall be preceded or accompanied by a corresponding reduction in the

bundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum, í einu eða fleiri aðildarríkjum sem tilheyra sama aðildarríkjahópi. Tilkynning um breytingu á hámarksfjölda skal taka gildi frá þeim tíma, sem kveðið er á um í tilkynningunni, þar til ný dagsetning er tilkynnt samkvæmt breytingartilkynningu í samræmi við þessa grein.

previously notified maximum levels for holdings of conventional armaments and equipment limited by the Treaty of one or more States Parties belonging to the same group of States Parties. The notification of a change in the maximum levels for holdings shall remain valid from the date specified in the notification until the date specified in a subsequent notification of change pursuant to this paragraph.

4. Hverri tilkynningu um orrustubrynvagna, sem gert er ráð fyrir samkvæmt 2. og 3. málsgrein þessarar greinar, skal fylgja tilkynning um hámarksfjölda bardagabrynvagna fótgönguliðs og orrustuvagna búinna þungavopnum í því aðildarríki sem gefur út tilkynninguna.

4. Each notification required pursuant to paragraph 2 or 3 of this Article for armoured combat vehicles shall also include maximum levels for the holdings of armoured infantry fighting vehicles and heavy armament combat vehicles of the State Party providing the notification.

5. Níutíu dögum áður en 40 mánaða niðurskurðartímabilinu lýkur, sem tilgreint er í VIII. grein, og þaðan í frá, við hverja tilkynningu um breytingu samkvæmt 3. málsgrein þessarar greinar, skal hvert aðildarríki tilkynna um hámarksfjölda skriðdreka í vörslu þess, orrustubrynvagna og stórskotaliðs á hverju því svæði, sem er lýst í 2.-4. málsgrein IV. greinar og (A)-lið 1. málsgreinar V. greinar.

5. Ninety days before expiration of the 40 month period of reductions set forth in Article VIII and subsequently at the time of any notification of a change pursuant to paragraph 3 of this Article, each State Party shall provide notification of the maximum levels for its holdings of battle tanks, armoured combat vehicles and artillery with respect to each of the areas described in Article IV, paragraphs 2 to 4 and Article V, paragraph 1, subparagraph (A).

6. Niðurskurður hefðbundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum í vörslu aðildarríkis og tilkynna ber samkvæmt Bókuninni um upplýsingaskipti, skal í sjálfu sér ekki veita öðru aðildarríki rétt til þess að auka hámarksfjölda vopna og búnaðar í vörslu þess sem eru háð tilkynningarskyldu samkvæmt þessari grein.

6. A decrease in the numbers of conventional armaments and equipment limited by the Treaty held by a State Party and subject to notification pursuant to the Protocol on Information Exchange shall by itself confer no right on any other State Party to increase the maximum levels for its holdings subject to notification pursuant to this Article.

7. Það skal vera á ábyrgð hvers einstaks aðildarríkis að tryggja að það fari ekki fram úr þeim hámarksfjölda vopna í vörslu þess sem tilkynntur hefur verið samkvæmt þessari grein. Aðildarríki í sama aðildarríkjahópi skulu eiga samráð til þess að tryggja að hámarksfjöldinn, sem tilkynntur hefur verið samkvæmt þessari grein, samanlagður eftir því sem við á, fari ekki yfir þær takmarkanir, sem settar eru í IV., V. og VI. grein.

7. It shall be the responsibility solely of each individual State Party to ensure that the maximum levels for its holdings notified pursuant to the provisions of this Article are not exceeded. States Parties belonging to the same group of States Parties shall consult in order to ensure that the maximum levels for holdings notified pursuant to the provisions of this Article, taken together as appropriate, do not exceed the limitations set forth in Articles IV, V and VI.

VIII. grein

1. Þær fjöldatakmarkanir, sem settar eru í IV., V. og VI. grein, skulu aðeins framkvæmdar með niðurskurði í samræmi við Bókunina um niðurskurð, Bókunina um endurflokkun þyrlna, Bók-

Article VIII

1. The numerical limitations set forth in Articles IV, V and VI shall be achieved only by means of reduction in accordance with the Protocol on Reduction, the Protocol on Helicopter Re-

unina um endurflokkun flugvéla, neðanmálsgrein við (A)-lið 2. málsgreinar I. kafla Bókunarinnar um núverandi vopn og Bókunina um eftirlit.

2. Þeir flokkar hefðbundinna vopna og búnaðar, sem niðurskurður tekur til, eru skriðdrekar, orrustubrynvagnar, stórskotalið, orrustuflugvélar og árásarþyrlur. Einstakar gerðir eru taldar upp í Bókuninni um núverandi vopn.

(A) Niðurskurður skriðdreka og orrustubrynvagna skal fara fram með þeim hætti að þeim skal eytt, umbreytt til nota utan hernaðar, stillt upp sem sýningargripum, þeir notaðir sem skotmörk á jörðu niðri eða, þegar um er að ræða brynvarða liðsflutningavagna, þeim breytt samkvæmt neðanmálsgrein við (A)-lið 2. málsgreinar I. kafla Bókunarinnar um núverandi vopn.

(B) Niðurskurður stórskotaliðs skal fara fram með þeim hætti að því skal eytt, stillt upp sem sýningargripum eða, þegar um er að ræða vélknúið stórskotalið, það notað sem skotmörk á jörðu niðri.

(C) Niðurskurður orrustuflugvéla skal fara fram með þeim hætti að þeim skal eytt, stillt upp sem sýningargripum, þær notaðar til kennslu á jörðu niðri eða, þegar um er að ræða vissar gerðir eða tegundir orrustuhæfra þjálfunarflugvéla, endurflokkaðar sem óvopnaðar þjálfunarflugvélar.

(D) Niðurskurður sérhæfðra árásarþyrlna skal fara fram með þeim hætti að þeim skal eytt, stillt upp sem sýningargripum eða þær notaðar til kennslu á jörðu niðri.

(E) Niðurskurður fjölnota árásarþyrlna skal fara fram með þeim hætti að þeim skal eytt, þær notaðar til kennslu á jörðu niðri eða endurflokkaðar.

3. Niðurskurður hefðbundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum, skal talinn hafa farið fram þegar framkvæmd hafa verið ákvæði bókananna, sem taldar eru upp í 1. málsgrein þessarar greinar, og eftir að tilkynning um það hefur verið gefin út í samræmi við bókanirnar. Vopn og búnaður, sem eru niðurskorin með þessum hætti, skulu ekki lengur falla undir fjöldatakmarkanir í IV., V. og VI. grein.

categorisation, the Protocol on Aircraft Reclassification, the Footnote to Section I, paragraph 2, subparagraph (A) of the Protocol on Existing Types and the Protocol on Inspection.

2. The categories of conventional armaments and equipment subject to reductions are battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft and attack helicopters. The specific types are listed in the Protocol on Existing Types.

(A) Battle tanks and armoured combat vehicles shall be reduced by destruction, conversion for non-military purposes, placement on static display, use as ground targets, or, in the case of armoured personnel carriers, modification in accordance with the Footnote to Section 1, paragraph 2, subparagraph (A) of the Protocol on Existing Types.

(B) Artillery shall be reduced by destruction or placement on static display, or, in the case of self-propelled artillery, by use as ground targets.

(C) Combat aircraft shall be reduced by destruction, placement on static display, use for ground instructional purposes, or, in the case of specific models or versions of combat-capable trainer aircraft, reclassification into unarmed trainer aircraft.

(D) Specialised attack helicopters shall be reduced by destruction, placement on static display, or use for ground instructional purposes.

(E) Multi-purpose attack helicopters shall be reduced by destruction, placement on static display, use for ground instructional purposes, or recategorisation.

3. Conventional armaments and equipment limited by the Treaty shall be deemed to be reduced upon execution of the procedures set forth in the Protocols listed in paragraph 1 of this Article and upon notification as required by these Protocols. Armaments and equipment so reduced shall no longer be counted against the numerical limitations set forth in Articles IV, V and VI.

4. Niðurskurður skal koma til framkvæmdar í þremur áföngum og skal þeim lokið eigi síðar en 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings, þannig að:

(A) við lok fyrsta áfanga, þ.e. eigi síðar en 16 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings, skal hvert aðildarríki hafa tryggt að a.m.k. 25 prósentum niðurskurðar þess sem aðildarríki eru skuldbundin til í hverjum flokki hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af þessum samningi hafi verið fullnægt;

(B) við lok annars áfanga, þ.e. eigi síðar en 28 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings, skal hvert aðildarríki hafa tryggt að a.m.k. 60 prósentum niðurskurðar þess sem aðildarríkin eru skuldbundin til í hverjum flokki hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af þessum samningi hafi verið fullnægt;

(C) við lok þriðja áfanga, þ.e. eigi síðar en 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings, skal hvert aðildarríki hafa fullnægt skuldbindingum sínum um niðurskurð í hverjum flokki hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af samningnum. Aðildarríki, sem umbreyta vopnum til afnota utan hernaðar, skulu tryggja að umbreytingu allra skriðdreka samkvæmt VIII. kafla Bókunarinnar um niðurskurð skuli lokið við lok þriðja áfanga; og

(D) orrustubrynvögnum, sem teljast hafa sætt niðurskurði vegna þess að þeim hefur verið eytt að hluta samkvæmt 6. málsgrein VIII. kafla Bókunarinnar um niðurskurð, skal búið að umbreyta að fullu til afnota utan hernaðar eða eyða samkvæmt IV. kafla Bókunarinnar um niðurskurð, eigi síðar en 64 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings.

5. Hefðbundin vopn og búnaður, sem takmarkast af samningnum og sæta skulu niðurskurði, skulu hafa verið tilkynnt innan samningssvæðisins við upplýsingaskiptin sem fara fram við undirritun þessa samnings.

6. Hvert aðildarríki skal tilkynna öllum öðrum aðildarríkjum um skuldbindingar sínar um niðurskurð eigi síðar en 30 dögum eftir gildistöku þessa samnings.

4. Reductions shall be effected in three phases and completed no later than 40 months after entry into force of this Treaty, so that:

(A) by the end of the first reduction phase, that is, no later than 16 months after entry into force of this Treaty, each State Party shall have ensured that at least 25 percent of its total reduction liability in each of the categories of conventional armaments and equipment limited by the Treaty has been reduced;

(B) by the end of the second reduction phase, that is, no later than 28 months after entry into force of this Treaty, each State Party shall have ensured that at least 60 percent of its total reduction liability in each of the categories of conventional armaments and equipment limited by the Treaty has been reduced;

(C) by the end of the third reduction phase, that is, no later than 40 months after entry into force of this Treaty, each State Party shall have reduced its total reduction liability in each of the categories of conventional armaments and equipment limited by the Treaty. States Parties carrying out conversion for non-military purposes shall have ensured that the conversion of all battle tanks in accordance with Section VIII of the Protocol on Reduction shall have been completed by the end of the third reduction phase; and

(D) armoured combat vehicles deemed reduced by reason of having been partially destroyed in accordance with Section VIII, paragraph 6 of the Protocol on Reduction shall have been fully converted for non-military purposes, or destroyed in accordance with Section IV of the Protocol on Reduction, no later than 64 months after entry into force of this Treaty.

5. Conventional armaments and equipment limited by the Treaty to be reduced shall have been declared present within the area of application in the exchange of information at signature of this Treaty.

6. No later than 30 days after entry into force of this Treaty, each State Party shall provide notification to all other States Parties of its reduction liability.

7. Að því undanskildu, sem segir í 8. málsgrein þessarar greinar, skulu skuldbindingar aðildarríkis um niðurskurð í hverjum flokki vopna ekki vera minni en sem nemur mismuninum milli vopnafjöldans í vörslu þess, sem tilkynntur var í samræmi við Bókunina um upplýsingaskipti við undirritun eða var í raun við gildistöku þessa samnings, hvor sem er meiri, og hámarksfjölda vopna í vörslu þess sem það tilkynnti um samkvæmt VII. grein.

8. Síðari endurskoðun á vopnafjölda í vörslu aðildarríkis, sem er tilkynntur samkvæmt Bókuninni um upplýsingaskipti, eða á hámarksfjölda vopna í vörslu þess, sem er tilkynntur samkvæmt VII. grein, skal tilkynnt með breytingu á skuldbindingum þess um niðurskurð. Áður eða samtímis því, sem tilkynnt er um fækkun skuldbindinga aðildarríkis um niðurskurð, skal annaðhvort tilkynna um samsvarandi fjölgun vopna í vörslu eins eða fleiri aðildarríkja í sama aðildarríkjahópi, sem fer ekki fram yfir hámarksfjölda vopna sem tilkynntur var samkvæmt VII. grein, eða um samsvarandi aukningu á skuldbindingum um niðurskurð eins eða fleiri slíkra aðildarríkja.

9. Við gildistöku þessa samnings skal hvert ríki tilkynna öllum öðrum aðildarríkjum, í samræmi við Bókunina um upplýsingaskipti, um staðsetningu niðurskurðarsvæða sinna, þ.á m. svæða þar sem fram fer lokaumbreyting á skriðdrekum og orrustubrynvögnum til afnota utan hernaðar.

10. Hverju aðildarríki skal heimilt að tilkynna eins mörg niðurskurðarsvæði og það óskar, að endurskoða hindrunarlaust tilkynningar sínar um slík svæði og að skera niður vopn og framkvæma lokaumbreytingu samtímis á allt að 20 svæðum. Aðildarríkjum skal heimilt að sameinast um eða velja niðurskurðarsvæðum stað saman með gagnkvæmu samkomulagi.

11. Þrátt fyrir 10. málsgrein þessarar greinar skal niðurskurður ekki fara fram á fleiri en tveimur niðurskurðarsvæðum samtímis hjá hverju aðildarríki á grunngildingartímabilinu, þ.e. tímabilinu frá gildistöku þessa samnings þar til 120 dögum eftir gildistöku þessa samnings.

12. Niðurskurður hefðbundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum, skal fara

7. Except as provided for in paragraph 8 of this Article, a State Party's reduction liability in each category shall be no less than the difference between its holdings notified, in accordance with the Protocol on Information Exchange, at signature or effective upon entry into force of this Treaty, whichever is the greater, and the maximum levels for holdings it notified pursuant to Article VII.

8. Any subsequent revision of a State Party's holdings notified pursuant to the Protocol on Information Exchange or of its maximum levels for holdings notified pursuant to Article VII shall be reflected by a notified adjustment to its reduction liability. Any notification of a decrease in a State Party's reduction liability shall be preceded or accompanied by either a notification of a corresponding increase in holdings not exceeding the maximum levels for holdings notified pursuant to Article VII by one or more States Parties belonging to the same group of States Parties, or a notification of a corresponding increase in the reduction liability of one or more such States Parties.

9. Upon entry into force of this Treaty, each State Party shall notify all other States Parties, in accordance with the Protocol on Information Exchange, of the locations of its reduction sites, including those where the final conversion of battle tanks and armoured combat vehicles for non-military purposes will be carried out.

10. Each State Party shall have the right to designate as many reduction sites as it wishes, to revise without restriction its designation of such sites and to carry out reduction and final conversion simultaneously at a maximum of 20 sites. States Parties shall have the right to share or colocate reduction sites by mutual agreement.

11. Notwithstanding paragraph 10 of this Article, during the baseline validation period, that is, the interval between entry into force of this Treaty and 120 days after entry into force of this Treaty, reduction shall be carried out simultaneously at no more than two reduction sites for each State Party.

12. Reduction of conventional armaments and equipment limited by the Treaty shall be carried

fram á niðurskurðarsvæðum innan samningssvæðisins, nema annað sé tekið fram í Bókununum sem eru taldar upp í 1. málsgrein þessarar greinar.

13. Niðurskurður skal háður eftirliti án höfnunarréttar, í samræmi við Bókunina um eftirlit, þ.á m. árangur af umbreytingu hefðbundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum, til afnota utan hernaðar bæði á niðurskurðartímabilinu og á 24 mánuðum eftir að niðurskurðartímabilinu lýkur.

IX. grein

1. Einungis skal heimilt að hætta notkun á skriðdrekum, orrustubrynvögnum, stórskotaliði, orrustuflugvélum og árásarþyrlum innan samningssvæðisins með því að taka þau úr umferð, fyrir utan vopn tekin úr notkun samkvæmt ákvæðum VIII. greinar, með því skilyrði að:

(A) slík hefðbundin vopn og búnaður, sem takmarkast af samningnum, séu tekin úr umferð og þau bíði eyðingar á ekki fleiri en átta svæðum, sem skulu tilkynnt sem yfirlýst svæði í samræmi við Bókunina um upplýsingaskipti, og skulu þau aðgreind í slíkri tilkynningu sem geymslusvæði fyrir hefðbundin vopn og búnað sem takmarkast af samningnum og hafa verið tekin úr umferð. Ef önnur hefðbundin vopn og búnaður, sem takmarkast af samningnum, eru á svæði þar sem eru hefðbundin vopn og búnaður, sem takmarkast af samningnum og hafa verið tekin úr umferð, skulu hefðbundnu vopnin og búnaðurinn, sem takmarkast af samningnum og hafa verið tekin úr umferð, vera aðgreinanleg; og

(B) fjöldi slíkra hefðbundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum og hafa verið tekin úr umferð, fari ekki yfir eitt prósent tilkynntra hefðbundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum, fyrir einstök aðildarríki, eða samtals 250, hvor talan sem er hærri, og þar af skulu ekki fleiri en 200 vera skriðdrekar, orrustubrynvagnar og stórskotaliðsvopn, og ekki fleiri en 50 skulu vera árásarþyrlur og orrustuflugvélar.

2. Í tilkynningu um vopn, sem hafa verið tekin úr umferð, skal getið um fjölda og tegundir hefð-

out at reduction sites, unless otherwise specified in the Protocols listed in paragraph 1 of this Article, within the area of application.

13. The reduction process, including the results of the conversion of conventional armaments and equipment limited by the Treaty for non-military purposes both during the reduction period and in the 24 months following the reduction period, shall be subject to inspection, without right of refusal, in accordance with the Protocol on Inspection.

Article IX

1. Other than removal from service in accordance with the provisions of Article VIII, battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft and attack helicopters within the area of application shall be removed from service only by decommissioning, provided that:

(A) such conventional armaments and equipment limited by the Treaty are decommissioned and awaiting disposal at no more than eight sites which shall be notified as declared sites in accordance with the Protocol on Information Exchange and shall be identified in such notifications as holding areas for decommissioned conventional armaments and equipment limited by the Treaty. If sites containing conventional armaments and equipment limited by the Treaty decommissioned from service also contain any other conventional armaments and equipment subject to the Treaty, the decommissioned conventional armaments and equipment limited by the Treaty shall be separately distinguishable; and

(B) the numbers of such decommissioned conventional armaments and equipment limited by the Treaty do not exceed, in the case of any individual State Party, one percent of its notified holdings of conventional armaments and equipment limited by the Treaty, or a total of 250, whichever is greater, of which no more than 200 shall be battle tanks, armoured combat vehicles and pieces of artillery, and no more than 50 shall be attack helicopters and combat aircraft.

2. Notification of decommissioning shall include the number and type of conventional armaments

bundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum og hafa verið tekin úr umferð, og hvar þau voru tekin úr umferð, og skal hún veitt öllum öðrum aðildarríkjum í samræmi við (B)-lið 4. málsgreinar IX. kafla Bókunarinnar um upplýsingaskipti.

X. grein

1. Það aðildarríki, sem á hefðbundin vopn og búnað, sem takmarkast af samningnum, á yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum, skal tilkynna yfirlýst varanleg geymslusvæði öllum öðrum aðildarríkjum í samræmi við Bókunina um upplýsingaskipti. Í tilkynningunni skal vera yfirlýsing um að svæði sé yfirlýst varanlegt geymslusvæði og um staðsetningu, þ.á m. landfræðileg hnit þess, og fjölda eftir tegundum í hverjum flokki hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af samningnum.

2. Á yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum skal aðeins vera aðstaða til geymslu og viðhalds á vopnum og búnaði (t.d. vörugeymslur, bílskúrar, verkstæði og tengdar geymslur svo og aðrar vistarverur). Á yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum skulu ekki vera skotæfingavellir eða þjálfunarsvæði í tengslum við hefðbundin vopn og búnað sem takmarkast af samningnum. Á yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum skulu aðeins vera vopn og búnaður sem tilheyra hefðbundnum herjum aðildarríkis.

3. Hvert yfirlýst varanlegt geymslusvæði skal vera skýrt afmarkað með samfelldri jaðargirðingu a.m.k. 1,5 m að hæð. Á jaðargirðingunni skulu ekki vera fleiri en þrjú hlið sem veiti einu inn- og útgönguleiðirnar fyrir vopn og búnað.

4. Hefðbundin vopn og búnaður, sem takmarkast af samningnum og eru staðsett innan yfirlýstra varanlegra geymslusvæða, skulu talin hefðbundin vopn og búnaður, sem takmarkast af samningnum og eru ekki í virkum sveitum, þ.á m. þegar þau eru tekin burt til bráðabirgða í samræmi við 7., 8., 9. og 10. málsgrein þessarar greinar. Hefðbundin vopn og búnaður, sem takmarkast af samningnum og eru í geymslu á öðrum stað en á yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum, skulu talin til hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af samningnum í virkum sveitum.

and equipment limited by the Treaty decommissioned and the location of decommissioning and shall be provided to all other States Parties in accordance with Section IX, paragraph 1, subparagraph (B) of the Protocol on Information Exchange.

Article X

1. Designated permanent storage sites shall be notified in accordance with the Protocol on Information Exchange to all other States Parties by the State Party to which the conventional armaments and equipment limited by the Treaty contained at designated permanent storage sites belong. The notification shall include the designation and location, including geographic coordinates, of designated permanent storage sites and the numbers by type of each category of its conventional armaments and equipment limited by the Treaty at each such storage site.

2. Designated permanent storage sites shall contain only facilities appropriate for the storage and maintenance of armaments and equipment (e.g., warehouses, garages, workshops and associated stores as well as other support accommodation). Designated permanent storage sites shall not contain firing ranges or training areas associated with conventional armaments and equipment limited by the Treaty. Designated permanent storage sites shall contain only armaments and equipment belonging to the conventional armed forces of a State Party.

3. Each designated permanent storage site shall have a clearly defined physical boundary that shall consist of a continuous perimeter fence at least 1.5 metres in height. The perimeter fence shall have no more than three gates providing the sole means of entrance and exit for armaments and equipment.

4. Conventional armaments and equipment limited by the Treaty located within designated permanent storage sites shall be counted as conventional armaments and equipment limited by the Treaty not in active units, including when they are temporarily removed in accordance with paragraphs 7, 8, 9 and 10 of this Article. Conventional armaments and equipment limited by the Treaty in storage other than in designated permanent storage sites shall be counted as conventional armaments and equipment limited by the Treaty in active units.

5. Virkar sveitir eða fylkingar skulu ekki staðsettar innan yfirlýstra varanlegra geymslusvæða nema í samræmi við 6. málsgrein þessarar greinar.

6. Einungis starfsfólki, sem tengist öryggi eða rekstri yfirlýsts varanlegs geymslusvæðis eða viðhaldi vopna og búnaðar sem þar eru geymd, skal heimilt að vera staðsett innan yfirlýstra varanlegra geymslusvæða.

7. Til þess að framkvæma viðhald, viðgerðir eða breytingar á hefðbundnum vopnum og búnaði, sem takmarkast af samningnum og eru innan yfirlýsts varanlegs geymslusvæðis, hefur hvert ríki rétt, án fyrirfram tilkynningar, til þess að nema burt og halda utan yfirlýstra varanlegra geymslusvæða samtímis allt að 10 prósentum, hækkað upp að næstu heilu tölu, tilkynntra vopna í vörslu aðildarríkis í hverjum flokki hefðbundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum, á hverju yfirlýstu varanlegu geymslusvæði, eða 10 stykkjum hefðbundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum, í hverjum flokki á hverju yfirlýstu varanlegu geymslusvæði, hvort sem er minna.

8. Að því frátöldu, sem segir í 7. málsgrein þessarar greinar, skal ekkert aðildarríki fjarlægja hefðbundin vopn og búnað, sem takmarkast af samningnum, frá yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum nema öllum öðrum aðildarríkjum hafi verið tilkynnt með 42 daga fyrirvara um slíkan brottflutning. Tilkynningin skal veitt af því aðildarríki sem á hefðbundnu vopnin og búnaðinn sem takmarkast af samningnum. Í slíkri tilkynningu skal taka fram:

(A) staðsetningu yfirlýsts varanlegs geymslusvæðis sem hefðbundin vopn og búnaður, sem takmarkast af samningnum, eru fjarlægð frá og fjölda eftir tegundum hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af samningnum í hverjum flokki sem á að fjarlægja;

(B) dagsetningu þegar hefðbundin vopn og búnaður, sem takmarkast af samningnum, eru fjarlægð; og

(C) fyrirhugaða staðsetningu og notkun hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af samningnum á meðan þau eru utan yfirlýsts varanlegs geymslusvæðis.

5. Active units or formations shall not be located within designated permanent storage sites, except as provided for in paragraph 6 of this Article.

6. Only personnel associated with the security or operation of designated permanent storage sites, or the maintenance of the armaments and equipment stored therein, shall be located within the designated permanent storage sites.

7. For the purpose of maintenance, repair or modification of conventional armaments and equipment limited by the Treaty located within designated permanent storage sites, each State Party shall have the right, without prior notification, to remove from and retain outside designated permanent storage sites simultaneously up to 10 percent, rounded up to the nearest even whole number, of the notified holdings of each category of conventional armaments and equipment limited by the Treaty in each designated permanent storage site, or 10 items of the conventional armaments and equipment limited by the Treaty in each category in each designated permanent storage site, whichever is less.

8. Except as provided for in paragraph 7 of this Article, no State Party shall remove conventional armaments and equipment limited by the Treaty from designated permanent storage sites unless notification has been provided to all other States Parties at least 42 days in advance of such removal. Notification shall be given by the State Party to which the conventional armaments and equipment limited by the Treaty belong. Such notification shall specify:

(A) the location of the designated permanent storage site from which conventional armaments and equipment limited by the Treaty are to be removed and the numbers by type of conventional armaments and equipment limited by the Treaty of each category to be removed;

(B) the dates of removal and return of conventional armaments and equipment limited by the Treaty; and

(C) the intended location and use of conventional armaments and equipment limited by the Treaty while outside the designated permanent storage site.

9. Að því frátöldu, sem segir í 7. málsgrein þessarar greinar, skulu hefðbundin vopn og búnaður, sem takmarkast af samningnum, sem hafa verið fjarlægð og er haldið utan yfirlýsts varanlegs geymslusvæðis af aðildarríkjum sem tilheyra sama aðildarríkjahópi, ekki vera fleiri í heild en:

(A) 550 skriðdrekar;

(B) 1.000 orrustubrynvagnar; og

(C) 300 stórskotaliðsvopn.

10. Hefðbundnum vopnum og búnaði, sem takmarkast af samningnum og hafa verið fjarlægð frá yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum samkvæmt 8. og 9. málsgrein þessarar greinar, skal skilað á yfirlýst varanleg geymslusvæði eigi síðar en 42 dögum eftir að þau voru fjarlægð, fyrir utan þann hluta hefðbundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum, sem var fjarlægður til iðnaðarendursmíðar. Slíkum vopnum skal skilað á yfirlýst varanleg geymslusvæði strax eftir að endursmíð lýkur.

11. Hvert aðildarríki skal eiga rétt á að skipta um hefðbundin vopn eða búnað sem takmarkast af samningnum og eru staðsett á yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum. Hvert aðildarríki skal tilkynna öllum öðrum aðildarríkjum við upphaf umskipta um fjölda, staðsetningu, tegund og afdrif hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af samningnum og skipt er um.

XI. grein

1. Hvert aðildarríki skal takmarka fjölda brúa sinna lagðra úr brynvögnum þannig, að 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings og þaðan í frá skal heildarfjöldi brúa lagðra úr brynvögnum í virkum sveitum ekki fara yfir 740 á samningssvæðinu innan sama aðildarríkjahóps.

2. Allar brýr lagðar úr brynvögnum innan gildissvæðisins, sem fara fram úr þeim heildarfjölda sem er tilgreindur í 1. málsgrein þessarar greinar innan sama aðildarríkjahóps, skulu staðsettar á yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum, eins og þau eru skilgreind í II. grein. Þegar brýr lagðar úr brynvögnum eru staðsettar á yfirlýstu varanlegu geymslusvæði, annaðhvort einar sér eða með hefðbundnum vopnum og búnaði sem takmarkast af samningnum, skulu 1.-6. málsgrein X. greinar gilda um brýr lagðar úr brynvögnum og einnig um

9. Except as provided for in paragraph 7 of this Article, the aggregate numbers of conventional armaments and equipment limited by the Treaty removed from and retained outside designated permanent storage sites by States Parties belonging to the same group of States Parties shall at no time exceed the following levels:

(A) 550 battle tanks;

(B) 1.000 armoured combat vehicles; and

(C) 300 pieces of artillery.

10. Conventional armaments and equipment limited by the Treaty removed from designated permanent storage sites pursuant to paragraphs 8 and 9 of this Article shall be returned to designated permanent storage sites no later than 42 days after their removal, except for those items of conventional armaments and equipment limited by the Treaty removed for industrial rebuild. Such items shall be returned to designated permanent storage sites immediately on completion of the rebuild.

11. Each State Party shall have the right to replace conventional armaments and equipment limited by the Treaty located in designated permanent storage sites. Each State Party shall notify all other States Parties, at the beginning of replacement, of the number, location, type and disposition of conventional armaments and equipment limited by the Treaty being replaced.

Article XI

1. Each State Party shall limit its armoured vehicle launched bridges so that, 40 months after entry into force of this Treaty and thereafter, for the group of States Parties to which it belongs the aggregate number of armoured vehicle launched bridges in active units within the area of application does not exceed 740.

2. All armoured vehicle launched bridges within the area of application in excess of the aggregate number specified in paragraph 1 of this Article for each group of States Parties shall be placed in designated permanent storage sites, as defined in Article II. When armoured vehicle launched bridges are placed in a designated permanent storage site, either on their own or together with conventional armaments and equipment limited by the Treaty, Article X, paragraphs 1 to 6 shall apply to armoured vehicle launched bridges as

hefðbundin vopn og búnað sem takmarkast af samningnum. Brýr lagðar úr brynvögnum, sem eru staðsettar á yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum, skulu ekki taldar vera í virkum sveitum.

3. Að því frátöldu, sem segir í 6. málsgrein þessarar greinar, skal einungis heimilt að fjarlægja brýr lagðar úr brynvögnum í samræmi við 4. og 5. málsgrein þessarar greinar frá yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum eftir að öllum öðrum aðildarríkjum hefur verið tilkynnt um brottflutninginn með 42 daga fyrirvara. Í þessari tilkynningu skulu koma fram:

(A) staðsetningar yfirlýstra varanlegra geymslusvæða sem á að fjarlægja brýr lagðar úr brynvögnum frá og fjöldi brúa lagðra úr brynvögnum sem á að fjarlægja frá hverju slíku svæði;

(B) dagsetningar þegar brýr lagðar úr brynvögnum eru fjarlægðar og þeim skilað inn í yfirlýst varanleg geymslusvæði;

(C) fyrirhuguð not af brúm lögðum úr brynvögnum á því tímabili sem þær eru fjarlægðar af yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum.

4. Að 6. málsgrein þessarar greinar frátalinni skal brúm lögðum úr brynvögnum, sem hafa verið teknar af yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum, skilað til þeirra eigi síðar en 42 dögum eftir brottflutninginn.

5. Brýr lagðar úr brynvögnum, sem hafa verið teknar burt og geymdar utan yfirlýstra varanlegra geymslusvæða af hálfu hvers aðildarríkjahóps, skulu ekki vera fleiri í heild en 50 á hverjum tíma.

6. Aðildarríki skulu eiga rétt á því að flytja brott og halda utan yfirlýstra varanlegra geymslusvæða, til viðhalds eða breytinga, samtals allt að 10 prósentum, upp að næstu heilu tölu, af tilkynntum fjölda brúa lagðra úr brynvögnum í vörslu þeirra á hverju yfirlýstu geymslusvæði, eða 10 brúm lögðum úr brynvögnum frá hverju yfirlýstu varanlegu geymslusvæði, hvort sem er minna.

well as to conventional armaments and equipment limited by the Treaty. Armoured vehicle launched bridges placed in designated permanent storage sites shall not be considered as being in active units.

3. Except as provided for in paragraph 6 of this Article, armoured vehicle launched bridges may be removed, subject to the provisions of paragraphs 4 and 5 of this Article, from designated permanent storage sites only after notification has been provided to all other States Parties at least 42 days prior to such removal. This notification shall specify:

(A) the locations of the designated permanent storage sites from which armoured vehicle launched bridges are to be removed and the numbers of armoured vehicle launched bridges to be removed from each such site;

(B) the dates of removal of armoured vehicle launched bridges from and return to designated permanent storage sites; and

(C) the intended use of armoured vehicle launched bridges during the period of their removal from designated permanent storage sites.

4. Except as provided for in paragraph 6 of this Article, armoured vehicle launched bridges removed from designated permanent storage sites shall be returned to them no later than 42 days after the actual date of removal.

5. The aggregate number of armoured vehicle launched bridges removed from and retained outside of designated permanent storage sites by each group of States Parties shall not exceed 50 at any one time.

6. States Parties shall have the right, for the purpose of maintenance or modification, to remove and have outside of designated permanent storage sites simultaneously up to 10 percent, rounded up to the nearest even whole number, of their notified holdings of armoured vehicle launched bridges in each designated permanent storage site, or 10 armoured vehicle launched bridges from each designated permanent storage site, whichever is less.

7. Ef náttúruhamfarir leiða til flóða eða skemmda á varanlegum brúm skulu aðildarríki eiga rétt á að flytja brott brýr lagðar úr brynvögnum frá yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum. Tilkynna skal öllum aðildarríkjum um slíkan brottflutning þegar hann á sér stað.

XII. grein

1. Bardagabrynvagnar fótgönguliðs í vörslu stofnana aðildarríkis sem er ætlað og eru byggðar upp til þess að þjóna innra öryggi á friðartímum, en eru ekki byggðar upp og skipulagðar til landhernaðar gegn utanaðkomandi óvini, takmarkast ekki af þessum samningi. Þrátt fyrir það, sem að framan greinir, til þess að bæta framkvæmd þessa samnings og til þess að tryggja að fjöldi slíkra vopna í eigu slíkra stofnana sé ekki notaður til þess að sniðganga ákvæði þessa samnings, skulu öll slík vopn fram yfir 1000 bardagabrynvagna fótgönguliðs, sem aðildarríki úthlutar til stofnana sem er ætlað og eru byggðar upp til þess að þjóna innra öryggi á friðartímum, teljast hluti af leyfilegum fjölda sem tilgreindur er í IV., V. og VI. grein. Ekki mega fleiri en 600 slíkir bardagabrynvagnar fótgönguliðs aðildarríkis, sem er úthlutað slíkum stofnunum, vera staðsettir á þeim hluta samningssvæðisins, sem er lýst í (A)-lið 1. málsgreinar V. greinar. Hvert aðildarríki skal ennfremur tryggja að slíkar stofnanir afli sér ekki hernaðarstyrks fram yfir það sem nauðsynlegt er til þess að uppfylla kröfur um innra öryggi.

2. Aðildarríki, sem ætla, að endurútdeila skriðdrekum, bardagabrynvögnum fótgönguliðs, stórskotaliði, orrustuflugvélum, árásarþyrlum og brúm lögðum úr brynvögnum, sem eru í notkun hjá hefðbundnu herliði þess, til stofnana þess aðildarríkis sem eru ekki hluti af hefðbundnu herliði þess, skal tilkynna það öllum öðrum aðildarríkjum eigi síðar en þegar sú endurútdeiling fer fram. Í slíkri tilkynningu skal taka fram hvenær endurútdeilingin á sér stað, hvenær búnaðurinn er fluttur, svo og fjölda hins flutta eftir tegundum hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af samningnum.

XIII. grein

1. Til þess að tryggja eftirlit með því, að farið sé eftir ákvæðum samningsins, skal hvert aðildarríki gefa út tilkynningar og skiptast á upplýsingum

7. In the event of natural disasters involving flooding or damage to permanent bridges, States Parties shall have the right to withdraw armoured vehicle launched bridges from designated permanent storage sites. Notification to all other States Parties of such withdrawals shall be given at the time of withdrawal.

Article XII

1. Armoured infantry fighting vehicles held by organisations of a State Party designed and structured to perform in peacetime internal security functions, which are not structured and organised for ground combat against an external enemy, are not limited by this Treaty. The foregoing notwithstanding, in order to enhance the implementation of this Treaty and to provide assurance that the number of such armaments held by such organisations shall not be used to circumvent the provisions of this Treaty, any such armaments in excess of 1.000 armoured infantry fighting vehicles assigned by a State Party to organisations designed and structured to perform in peacetime internal security functions shall constitute a portion of the permitted levels specified in Articles IV, V and VI. No more than 600 such armoured infantry fighting vehicles of a State Party, assigned to such organisations, may be located in that part of the area of application described in Article V, paragraph 1, subparagraph (A). Each State Party shall further ensure that such organisations refrain from the acquisition of combat capabilities in excess of those necessary for meeting internal security requirements.

2. A State Party that intends to reassign battle tanks, armoured infantry fighting vehicles, artillery, combat aircraft, attack helicopters and armoured vehicle launched bridges in service with its conventional armed forces to any organisation of that State Party not a part of its conventional armed forces shall notify all other States Parties no later than the date such reassignment takes effect. Such notification shall specify the effective date of the reassignment, the date such equipment is physically transferred, as well as the numbers, by type, of the conventional armaments and equipment limited by the Treaty being reassigned.

Article XIII

1. For the purpose of ensuring verification of compliance with the provisions of this Treaty, each State Party shall provide notifications and

varðandi hefðbundin vopn og búnað í samræmi við Bókunina um upplýsingaskipti.

2. Slíkar tilkynningar og upplýsingaskipti skulu veitt í samræmi við XVII. grein.

3. Hvert aðildarríki skal vera ábyrgt fyrir eigin upplýsingum; viðtaka slíkra upplýsinga og tilkynninga skal ekki talin gefa til kynna réttmæti þeirra eða samþykki fyrir þeim upplýsingum sem veittar hafa verið.

XIV. grein

1. Til þess að tryggja eftirlit með því, að farið sé eftir ákvæðum þessa samnings, skal hvert aðildarríki eiga rétt á að framkvæma og vera skylt að sæta eftirliti innan samningssvæðisins í samræmi við Bókunina um eftirlit.

2. Tilgangur slíks eftirlits skal vera:

(A) að staðfesta á grundvelli þeirra upplýsinga, sem veittar hafa verið samkvæmt Bókuninni um upplýsingaskipti, að aðildarríki fari eftir tölulegum takmörkunum í IV., V. og VI. grein;

(B) að fylgjast með framkvæmd niðurskurðar skriðdreka, orrustubrynvagna, stórskotaliðs, orrustuflugvéla og árásarþyrlna sem fer fram á niðurskurðarsvæðum í samræmi við VIII. grein og Bókunina um niðurskurð; og

(C) að fylgjast með staðfestingu endurflokkunar fjölnota árásarþyrlna og endurflokkunar orrustuhæfra þjálfunarflugvéla í samræmi við Bókunina um endurflokkun þyrlna og Bókunina um endurflokkun flugvéla.

3. Ekkert aðildarríki skal notfæra sér rétt samkvæmt 1. og 2. málsgrein þessarar greinar gagnvart aðildarríkjum, sem tilheyra sama aðildarríkjahópi, til þess að hindra að markmiðum eftirlitskerfisins verði náð.

4. Þegar eftirlit er framkvæmt í sameiningu af fleiri en einu aðildarríki skal eitt þeirra vera ábyrgt fyrir því að framfylgja ákvæðum þessa samnings.

exchange information pertaining to its conventional armaments and equipment in accordance with the Protocol on Information Exchange.

2. Such notifications and exchange of information shall be provided in accordance with Article XVII.

3. Each State Party shall be responsible for its own information; receipt of such information and of notifications shall not imply validation or acceptance of the information provided.

Article XIV

1. For the purpose of ensuring verification of compliance with the provisions of this Treaty, each State Party shall have the right to conduct, and the obligation to accept, within the area of application, inspections in accordance with the provisions of the Protocol on Inspection.

2. The purpose of such inspections shall be:

(A) to verify, on the basis of the information provided pursuant to the Protocol on Information Exchange, the compliance of States Parties with the numerical limitations set forth in Articles IV, V and VI;

(B) to monitor the process of reduction of battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft and attack helicopters carried out at reduction sites in accordance with Article VIII and the Protocol on Reduction; and

(C) to monitor the certification of recategorised multi-purpose attack helicopters and reclassified combat-capable trainer aircraft carried out in accordance with the Protocol on Helicopter Recategorisation and the Protocol on Aircraft Reclassification, respectively.

3. No State Party shall exercise the rights set forth in paragraphs 1 and 2 of this Article in respect of States Parties which belong to the group of States Parties to which it belongs in order to elude the objectives of the verification regime.

4. In the case of an inspection conducted jointly by more than one State Party, one of them shall be responsible for the execution of the provisions of this Treaty.

5. Fjöldi eftirlitsaðgerða samkvæmt VII. og VIII. kafla Bókunarinnar um eftirlit, sem hvert aðildarríki skal eiga rétt á að framkvæma, og sú skylda að sæta slíkum aðgerðum á hverju tilgreindu tímabili skulu ákvarðast í samræmi við ákvæði II. kafla þeirrar Bókunar.

6. Við lok 120 daga grunngildingartímabilsins skal hvert aðildarríki eiga rétt á að framkvæma og hvert aðildarríki með landssvæði innan gildissvæðisins vera skylt að sæta samþykktum fjölda yfirflugseftirlitsferða innan samningssvæðisins. Slíkur samþykktur fjöldi og önnur viðeigandi ákvæði skulu ákveðin með samningaviðræðum samkvæmt XVIII. grein.

XV. grein

1. Í þeim tilgangi að tryggja eftirlit með því, að farið verði eftir ákvæðum þessa samnings, skal aðildarríki eiga rétt á, auk þeirra aðgerða sem greint er frá í XIV. grein, að beita við eftirlit tækniaðferðum ríkis eða fjölþjóðlegum tækniaðferðum, sem það hefur aðgang að, í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur þjóðaréttar.

2. Aðildarríki skal ekki hafa afskipti af tækniaðferðum ríkis eða fjölþjóðlegum tækniaðferðum við eftirlit annars aðildarríkis sem er framkvæmt í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar.

3. Aðildarríki skal ekki beita feluaðgerðum sem hamla eftirliti með því, að farið sé eftir ákvæðum þessa samnings, að viðhöfðum tækniaðferðum ríkis eða fjölþjóðlegum tækniaðferðum við eftirlit annars aðildarríkis sem vinnur í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar. Þessi skylda nær ekki til skjóls- eða feluaðgerða í tengslum við venjulega liðsþjálfun, viðhald eða aðgerðir þar sem notuð eru hefðbundin vopn og búnaður sem takmarkast af samningnum.

XVI. grein

1. Til þess að stuðla að því að markmiðum þessa samnings verði náð og til þess að treysta framkvæmd ákvæða hans stofna aðildarríkin hér með sameiginlega samráðsnefnd.

2. Aðildarríki skulu sameiginlega innan samráðsnefndarinnar:

5. The number of inspections pursuant to Sections VII and VIII of the Protocol on Inspection which each State Party shall have the right to conduct and the obligation to accept during each specified time period shall be determined in accordance with the provisions of Section II of that Protocol.

6. Upon completion of the 120-day residual level validation period, each State Party shall have the right to conduct, and each State Party with territory within the area of application shall have the obligation to accept, an agreed number of aerial inspections within the area of application. Such agreed numbers and other applicable provisions shall be developed during negotiations referred to in Article XVIII.

Article XV

1. For the purpose of ensuring verification of compliance with the provisions of this Treaty, a State Party shall have the right to use, in addition to the procedures referred to in Article XIV, national or multinational technical means of verification at its disposal in a manner consistent with generally recognised principles of international law.

2. A State Party shall not interfere with national or multinational technical means of verification of another State Party operating in accordance with paragraph 1 of this Article.

3. A State Party shall not use concealment measures that impede verification of compliance with the provisions of this Treaty by national or multinational technical means of verification of another State Party operating in accordance with paragraph 1 of this Article. This obligation does not apply to cover or concealment practices associated with normal personnel training, maintenance or operations involving conventional armaments and equipment limited by the Treaty.

Article XVI

1. To promote the objectives and implementation of the provisions of this Treaty, the States Parties hereby establish a Joint Consultative Group.

2. Within the framework of the Joint Consultative Group, the States Parties shall:

(A) fjalla um efndir eða hvort hugsanlega sé farið í kringum ákvæði þessa samnings;

(B) leitast við að leysa úr vafa- og túlkunaratriðum sem gætu komið í ljós við framkvæmd þessa samnings;

(C) fjalla um og, ef unnt er, ná samkomulagi um aðgerðir til að festa þennan samning í sessi og bæta virkni hans;

(D) endurnýja listana sem eru í Bókuninni um núverandi vopn, eins og skylt er samkvæmt 2. málsgrein II. greinar;

(E) leysa úr tæknilegum atriðum í þeim tilgangi að skapa sameiginlega starfshætti meðal aðildarríkja við framkvæmd þessa samnings;

(F) semja eða endurskoða eftir þörfum starfshætti, vinnuaðferðir, kostnaðarskiptingu vegna útgjalda sameiginlegu samráðsnefndarinnar og ráðstefna, sem kallaðar verða saman samkvæmt þessum samningi, og skiptingu kostnaðar vegna eftirlits milli eða meðal aðildarríkja;

(G) fjalla um og finna viðeigandi leiðir til þess að tryggja að upplýsingar, sem skipst er á milli aðildarríkja eða í framhaldi af eftirliti samkvæmt þessum samningi, séu aðeins notaðar í tengslum við þennan samning með tilliti til sérstakra þarfa hvers aðildarríkis fyrir að leyna upplýsingum sem það ríki tilgreinir sem viðkvæmar;

(H) fjalla um, samkvæmt beiðni aðildarríkis, hvers konar málefni sem aðildarríki leggur til að verði til umfjöllunar á ráðstefnum sem á að kalla saman í samræmi við XXI. grein; slík umfjöllun mun ekki skerða rétt nokkurs aðildarríkis til að beita aðgerðum sem lýst er í XXI. grein; og

(I) fjalla um ágreiningsefni sem rísa út af framkvæmd þessa samnings.

3. Öll aðildarríki mega bera upp í sameiginlegu samráðsnefndinni og geta fengið sett á dagskrá hennar hvers konar mál er varða þennan samning.

(A) address questions relating to compliance with or possible circumvention of the provisions of this Treaty;

(B) seek to resolve ambiguities and differences of interpretation that may become apparent in the way this Treaty is implemented;

(C) consider and, if possible, agree on measures to enhance the viability and effectiveness of this Treaty;

(D) update the lists contained in the Protocol on Existing Types, as required by Article II, paragraph 2;

(E) resolve technical questions in order to seek common practices among the States Parties in the way this Treaty is implemented;

(F) work out or revise, as necessary, rules of procedure, working methods, the scale of distribution of expenses of the Joint Consultative Group and of conferences convened under this Treaty and the distribution of costs of inspections between or among States Parties;

(G) consider and work out appropriate measures to ensure that information obtained through exchanges of information among the States Parties or as a result of inspections pursuant to this Treaty is used solely for the purposes of this Treaty, taking into account the particular requirements of each State Party in respect of safeguarding information which that State Party specifies as being sensitive;

(H) consider, upon the request of any State Party, any matter that a State Party wishes to propose for examination by any conference to be convened in accordance with Article XXI; such consideration shall not prejudice the right of any State Party to resort to the procedures set forth in Article XXI; and

(I) consider matters of dispute arising out of the implementation of this Treaty.

3. Each State Party shall have the right to raise before the Joint Consultative Group, and have placed on its agenda, any issue relating to this Treaty.

4. Sameiginlega samráðsnefndin skal taka ákvarðanir eða gera tillögur einróma. Nefndin skal teljast einróma þegar enginn fulltrúi aðildarríkis mótmælir ákvörðun eða tillögugerð.

4. The Joint Consultative Group shall take decisions or make recommendations by consensus. Consensus shall be understood to mean the absence of any objection by any representative of a State Party to the taking of a decision or the making of a recommendation.

5. Sameiginlega samráðsnefndin má gera tillögur til breytinga á þessum samningi til athugunar og samþykkis í samræmi við XX. grein. Sameiginlega samráðsnefndin má einnig samþykkja endurbætur varðandi það að festa þennan samning í sessi og bæta virkni hans, í samræmi við ákvæði hans. Varði slíkar endurbætur ekki eingöngu minniháttar atriði, framkvæmdarlegs eða tæknilegs eðlis, skulu þær teknar til athugunar og samþykktar í samræmi við XX. grein áður en þær taka gildi.

5. The Joint Consultative Group may propose amendments to this Treaty for consideration and confirmation in accordance with Article XX. The Joint Consultative Group may also agree on improvements to the viability and effectiveness of this Treaty, consistent with its provisions. Unless such improvements relate only to minor matters of an administrative or technical nature, they shall be subject to consideration and confirmation in accordance with Article XX before they can take effect.

6. Ekkert í þessari grein skal teljast banna eða þrengja rétt aðildarríkis til að biðja um upplýsingar frá eða að eiga viðræður við annað aðildarríki varðandi þennan samning og framkvæmd hans eftir öðrum leiðum eða á öðrum vettvangi en í sameiginlegu samráðsnefndinni.

6. Nothing in this Article shall be deemed to prohibit or restrict any State Party from requesting information from or undertaking consultations with other States Parties on matters relating to this Treaty and its implementation in channels or fora other than the Joint Consultative Group.

7. Sameiginlega samráðsnefndin skal temja sér þá starfshætti sem lýst er í Bókuninni um sameiginlegu samráðsnefndina.

7. The Joint Consultative Group shall follow the procedures set forth in the Protocol on the Joint Consultative Group.

XVII. grein

Samningsaðilar skulu senda upplýsingar og tilkynningar samkvæmt þessum samningi skriflega. Þeir skulu nota diplómatískar leiðir eða aðrar opinberar leiðir sem þeir tilnefna, þ.á m. sérstakt upplýsingadreifikerfi sem verður stofnað með sérstökum samningi.

Article XVII

The States Parties shall transmit information and notifications required by this Treaty in written form. They shall use diplomatic channels or other official channels designated by them, including in particular a communications network to be established by a separate arrangement.

XVIII. grein

1. Aðildarríki skulu eftir undirritun þessa samnings halda áfram samningaviðræðum um hefðbundið herlið með sama umboði og með því markmiði að byggja á þessum samningi.

Article XVIII

1. The States Parties, after signature of this Treaty, shall continue the negotiations on conventional armed forces with the same Mandate and with the goal of building on this Treaty.

2. Tilgangur þessara viðræðna skal vera að gera samning um frekari aðgerðir sem miða að því að styrkja öryggi og stöðugleika í Evrópu, þ.á m. aðgerðir til þess að takmarka liðsfjölda hefðbundinna herja þeirra innan samningssvæðisins, í samræmi við umboðið.

2. The objective for these negotiations shall be to conclude an agreement on additional measures aimed at further strengthening security and stability in Europe, and pursuant to the Mandate, including measures to limit the personnel strength of their conventional armed forces within the area of application.

3. Aðildarríkin skulu leitast við að ljúka þessum samningaviðræðum eigi síðar en á framhaldsfundi

3. The States Parties shall seek to conclude these negotiations no later than the follow-up meeting

Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu sem verður haldinn í Helsinki árið 1992.

XIX. grein

1. Þessi samningur skal vera ótímabundinn. Bæta má við hann með frekari samningum.

2. Hvert aðildarríki skal eiga rétt á að segja upp þessum samningi með því að beita fullveldisrétti sínum ef það telur að óvenjulegir atburðir varðandi efni þessa samnings hafi stefnt æðstu hagsmunum þess í hættu. Aðildarríki, sem ætlar að segja upp samningnum, skal tilkynna ákvörðun sína vörsluaðilanum og öllum öðrum samningsaðilum. Slíka tilkynningu skal gefa út a.m.k. 150 dögum áður en ætlunin er að segja upp þessum samningi. Henni skal fylgja yfirlýsing varðandi hina óvenjulegu atburði sem aðildarríkið telur að hafi stefnt æðstu hagsmunum þess í hættu.

3. Hvert aðildarríki skal sérstaklega eiga rétt á að segja þessum samningi upp með því að beita fullveldisrétti sínum ef annað aðildarríki fjölgar skriðdrekum sínum, orrustubrynvögnum, stórskotaliði, orrustuflugvélum eða árásarþyrlum í vörslu sinni, sem skilgreindar eru í II. grein, umfram fjöldatakmarkanir þessa samnings í slíkum mæli að það ógni augljóslega styrkleikahlutföllum herliða innan samningssvæðisins.

XX. grein

1. Hvert aðildarríki má gera tillögu til breytinga á þessum samningi. Texta breytingartillagna skal komið til vörsluaðilans sem skal dreifa honum til allra aðildarríkja.

2. Ef öll aðildarríki samþykkja breytinguna skal hún ganga í gildi í samræmi við þær reglur sem settar eru í XXII. grein varðandi gildistöku þessa samnings.

XXI. grein

1. Fjörutíu og sex mánuðum eftir að þessi samningur gengur í gildi og með fimm ára millibili þar á eftir skal vörsluaðilinn kalla saman ráðstefnu aðildarríkja til þess að endurskoða framkvæmd þessa samnings.

2. Vörsluaðilinn skal kalla saman sérstaka ráðstefnu aðildarríkja, ef aðildarríki fer þess á leit sem telur að óvenjulegar aðstæður hafi skapast sem tengjast þessum samningi, einkum ef aðildar-

of the Conference on Security and Cooperation in Europe to be held in Helsinki in 1992.

Article XIX

1. This Treaty shall be of unlimited duration. It may be supplemented by a further treaty.

2. Each State Party shall, in exercising its national sovereignty, have the right to withdraw from this Treaty if it decides that extraordinary events related to the subject matter of this Treaty have jeopardised its supreme interests. A State Party intending to withdraw shall give notice of its decision to do so to the Depositary and to all other States Parties. Such notice shall be given at least 150 days prior to the intended withdrawal from this Treaty. It shall include a statement of the extraordinary events the State Party regards as having jeopardised its supreme interests.

3. Each State Party shall, in particular, in exercising its national sovereignty, have the right to withdraw from this Treaty if another State Party increases its holdings in battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft or attack helicopters, as defined in Article II, which are outside the scope of the limitations of this Treaty, in such proportions as to pose an obvious threat to the balance of forces within the area of application.

Article XX

1. Any State Party may propose amendments to this Treaty. The text of a proposed amendment shall be submitted to the Depositary, which shall circulate it to all the States Parties.

2. If an amendment is approved by all the States Parties, it shall enter into force in accordance with the procedures set forth in Article XXII governing the entry into force of this Treaty.

Article XXI

1. Forty-six months after entry into force of this Treaty, and at five-year intervals thereafter, the Depositary shall convene a conference of the States Parties to conduct a review of the operation of this Treaty.

2. The Depositary shall convene an extraordinary conference of the States Parties, if requested to do so by any State Party which considers that exceptional circumstances relating to this Treaty

ríki hefur tilkynnt ætlun sína að yfirgefa aðildarríkjahóp sinn eða ganga í hinn aðildarríkjahópinn, eins og þeir eru skilgreindir í (A)-lið 1. málsgreinar II. greinar. Til þess að gera hinum aðildarríkjunum kleift að búa sig undir slíka ráðstefnu skal geta í beiðninni um ástæðuna fyrir því að þetta aðildarríki telur að aukaráðstefnu sé þörf. Ráðstefnan skal fjalla um aðstæðurnar, sem greint er frá í beiðninni, og áhrif þeirra á framkvæmd samningsins. Ráðstefnan skal hefjast eigi síðar en 15 dögum eftir að beiðnin berst og skal, nema annað sé ákveðið, ekki standa lengur en í þrjár vikur.

have arisen, in particular, in the event that a State Party has announced its intention to leave its group of States Parties or to join the other group of States Parties, as defined in Article II, paragraph I, subparagraph (A). In order to enable the other States Parties to prepare for this conference, the request shall include the reason why that State Party deems an extraordinary conference to be necessary. The conference shall consider the circumstances set forth in the request and their effect on the operation of this Treaty. The conference shall open no later than 15 days after receipt of the request and, unless it decides otherwise, shall last no longer than three weeks.

3. Vörsluaðilinn skal kalla saman ráðstefnu aðildarríkjanna til þess að fjalla um breytingar sem lagðar eru til samkvæmt XX. grein, óski þrjú eða fleiri aðildarríki þess. Slík ráðstefna skal hefjast eigi síðar en 21 degi eftir að nauðsynleg tilkynning berst.

3. The Depositary shall convene a conference of the States Parties to consider an amendment proposed pursuant to Article XX, if requested to do so by three or more States Parties. Such a conference shall open no later than 21 days after receipt of the necessary requests.

4. Tilkynni aðildarríki ætlun sína að segja upp þessum samningi samkvæmt XIX. grein skal vörsluaðilinn kalla saman ráðstefnu aðildarríkjanna, sem skal hefjast eigi síðar en 21 degi eftir að nauðsynleg tilkynning berst, til þess að fjalla um atriði er varða uppsögn þessa samnings.

4. In the event that a State Party gives notice of its decision to withdraw from this Treaty pursuant to Article XIX, the Depositary shall convene a conference of the States Parties which shall open no later than 21 days after receipt of the notice of withdrawal in order to consider questions relating to the withdrawal from this Treaty.

XXII. grein

1. Þessi samningur skal fullgiltur af hverju aðildarríki í samræmi við stjórnskipun þess. Fullgildingarskjölum skal komið til ríkisstjórnar Konungsríkisins Hollands, sem er hér með lýst vörsluaðili.

Article XXII

1. This Treaty shall be subject to ratification by each State Party in accordance with its constitutional procedures. Instruments of ratification shall be deposited with the Government of the Kingdom of the Netherlands, hereby designated the Depositary.

2. Þessi samningur gengur í gildi 10 dögum eftir að öll aðildarríki, sem eru talin upp í formálanum, hafa afhent fullgildingarskjöl.

2. This Treaty shall enter into force 10 days after instruments of ratification have been deposited by all States Parties listed in the Preamble.

3. Vörsluaðili skal tafarlaust tilkynna öllum aðildarríkjum um:

3. The Depositary shall promptly inform all States Parties of:

(A) afhending hvers fullgildingarskjals;

(A) the deposit of each instrument of ratification;

(B) gildistöku þessa samnings;

(B) the entry into force of this Treaty;

(C) uppsögn samkvæmt XIX. grein og gildistöku hennar;

(C) any withdrawal in accordance with Article XIX and its effective date;

(D) texta breytingartillagna sem eru lagðar til samkvæmt XX. grein;

(D) the text of any amendment proposed in accordance with Article XX;

(E) gildistöku breytinga við þennan samning;

(F) beiðni um að kalla saman ráðstefnu samkvæmt XXI. grein;

(G) boðun ráðstefnu samkvæmt XXI. grein; og

(H) hvað annað sem vörsluaðilanum er skylt að tilkynna aðildarríkjunum samkvæmt samningi þessum.

4. Þessi samningur skal skráður af vörsluaðilanum samkvæmt 102. grein Sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

XXIII. grein

Frumrit þessa samnings skal geymt í skjalasafni vörsluaðilans og eru enski, franski, þýski, ítalski, rússneski og spánski textarnir jafngildir. Vörsluaðilinn skal senda staðfest eintök þessa samnings til allra aðildarríkja.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa gilt umboð, undirritað þennan samning.

GJÖRT í París, 19. nóvember 1990

(E) the entry into force of any amendment to this Treaty;

(F) any request to convene a conference in accordance with Article XXI;

(G) the convening of a conference pursuant to Article XXI; and

(H) any other matter of which the Depositary is required by this Treaty to inform the States Parties.

4. This Treaty shall be registered by the Depositary pursuant to Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article XXIII

The original of this Treaty, of which the English, French, German, Italian, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Depositary. Duly certified copies of this Treaty shall be transmitted by the Depositary to all the States Parties.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized, have signed this Treaty.

DONE at Paris, this nineteenth day of November, one thousand nine hundred and ninety.

Fylgiskjal 2

BÓKUN
um bráðabirgðagildistöku vissra ákvæða Samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu

Til þess að efla framkvæmd samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu frá 19. nóvember 1990, hér eftir nefndur samningurinn, samþykkja aðildarríkin hér með bráðabirgðagildistöku vissra ákvæða samningsins.

1. Án þess að það hafi áhrif á ákvæði XXII. greinar skulu aðildarríkin beita til bráðabirgða eftirfarandi ákvæðum samningsins:

PROTOCOL
on the Provisional Application of Certain Provisions of the Treaty on Conventional Armed Forces in Europe

To promote the implementation of the Treaty on Conventional Armed Forces in Europe of November 19, 1990, hereinafter referred to as the Treaty, the States Parties hereby agree to the provisional application of certain provisions of the Treaty.

1. Without detriment to the provisions of Article XXII of the Treaty, the States Parties shall apply provisionally the following provisions of the Treaty:

(A) 2., 3. og 4.málsgrein VII. greinar;
(B) 5., 6. og 8. málsgrein VIII. greinar;
(C) IX. grein;
(D) XIII. grein;
(E) 1., (F)- og (G)-lið 2., 4., 6. og 7. málsgrein XVI. greinar;
(F) XVII. grein;
(G) XVIII. grein;
(H) 2. málsgrein XXI. greinar;
(I) III. og IV. kafla Bókunarinnar um núverandi vopn sem til eru;
(J) VII., XII. og XIII. kafla Bókunarinnar um upplýsingaskipti;
(K) (A)-lið 24. málsgreinar II. kafla og 3., 4., 5., 7., 8., 9., 10., 11. og 12. grein III. kafla Bókunarinnar um eftirlit;
(L) Bókuninni um sameiginlega samráðsnefnd; og
(M) IX. kafla Bókunarinnar um niðurskurð.

2. Aðildarríkin skulu beita þeim ákvæðum, sem tilgreind eru í 1. málsgrein, til bráðabirgða í ljósi og í samræmi við önnur ákvæði samningsins.

3. Þessi Bókun skal ganga í gildi við undirskrift samningsins. Hún skal vera í gildi í 12 mánuði, en ganga úr gildi fyrr ef:

(A) samningurinn gengur í gildi áður en 12 mánaða tímabilið rennur út; eða

(B) aðildarríki tilkynnir öllum öðrum aðildarríkjum að það hyggist ekki gerast aðili að samningnum.

Framlengja má gildistíma þessarar Bókunar ef öll aðildarríki ákveða það.

(A) Article VII, paragraph 2, 3 and 4;
(B) Article VIII, paragraph 5, 6 and 8;
(C) Article IX;
(D) Article XIII;
(E) Article XVI, paragraph 1, 2(F), 2(G), 4, 6 and 7;
(F) Article XVII;
(G) Article XVIII;
(H) Article XXI, paragraph 2;
(I) Protocol on Existing Types, Sections III and IV;
(J) Protocol on Information Exchange, Sections VII, XII and XIII;
(K) Protocol on Inspection, Section II, paragraph 24, subparagraph (A) and Section III, paragraphs 3, 4, 5, 7, 8, 9, 10, 11 and 12;
(L) Protocol on the Joint Consultative Group; and
(M) Protocol on Reduction, Section IX.

2. The States Parties shall apply provisionally the provisions listed in paragraph 1 of this Protocol in the light of and in conformity with the other provisions of the Treaty.

3. This Protocol shall enter into force at the signature of the Treaty. It shall remain in force for 12 months, but shall termine earlier if:

(A) the Treaty enters into force before the period of 12 months expires; or

(B) a State Party notifies all other States Parties that it does not intend to become a party to the Treaty.

The period of application of this Protocol may be extended if all States Parties so decide.

Fylgiskjal 3

BÓKUN UM EFTIRLIT

XIII. KAFLI. FORRÉTTINDI OG FRIÐHELGI EFTIRLITSMANNA OG FLUTNINGSÁHAFNAR

1. Eftirlitsmenn og flutningsáhafnir skulu njóta forréttinda og friðhelgi sem sendierindrekum eru veitt samkvæmt 29. grein; 2. málsgrein 30. grein-

SECTION XIII. PRIVILEGES AND IMMUNITIES OF INSPECTORS AND TRANSPORT CREW MEMBERS

1. To exercise their functions effectively, for the purpose of implementing the Treaty and not for their personal benefit, inspectors and trans-

ar; 1., 2. og 3. málsgrein 31. greinar; og 34. og 35. grein Vínarsamningsins um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961, til þess að þeir framkvæmi skyldustörf sín með árangursríkum hætti til að framfylgja samningnum, og ekki þeim sjálfum til hagsbóta.

2. Að auki skulu eftirlitsmönnum og flutningsáhöfnum veitt forréttindi sem stjórnarerindrekar njóta samkvæmt (b)-lið 1. málsgreinar 36. greinar Vínarsamningsins um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961. Þeim skal ekki heimilt að koma inn á landssvæði aðildarríkis, þar sem eftirlit á að fara fram, með hluti sem innflutningur eða útflutningur er bannaður á samkvæmt lögum eða háðir eru reglum um sóttkví þess aðildarríkis.

3. Farartæki eftirlitssveitanna skulu vera friðhelg, nema kveðið sé á um annað í samningnum.

4. Aðildarríki, sem framkvæmir eftirlit, er heimilt að afsala lögsögu um friðhelgi eftirlitsmanna sinna og flutningsáhafnar í tilfellum þar sem það telur að friðhelgi myndi hamla réttlæti og því sé unnt að afsala henni án þess að það hamli framkvæmd samningsins. Friðhelgi eftirlitsmanna og flutningsáhafnarmanna, sem eru ekki ríkisborgarar aðildarríkisins sem framkvæmir eftirlitið, getur aðeins það ríki afsalað, sem þeir eru ríkisborgarar í. Afsalið skal ávallt vera skýrt tekið fram.

5. Forréttindin og friðhelgin, sem kveðið er á um í þessum kafla, skulu veitt eftirlitsmönnum og flutningsáhöfn:

(A) meðan þeir ferðast um aðildarríki til þess að framkvæma eftirlit á landssvæði annars aðildarríkis;

(B) meðan þeir dveljast á landssvæði aðildarríkis þar sem eftirlit fer fram; og

(C) þar eftir varðandi skyldustörf sem þeir áður inntu af hendi sem eftirlitsmenn eða flutningsáhafnarmenn.

6. Ef aðildarríki, þar sem eftirlit fer fram, telur að eftirlitsmaður eða flutningsáhafnarmaður hafi

port crew members shall be accorded the privileges and immunities enjoyed by diplomatic agents pursuant to Article 29; Article 30, paragraph 2; Article 31, paragraphs 1, 2 and 3; and Articles 34 and 35 of the Vienna Convention on Diplomatic Relations of April 18, 1961.

2. In addition, inspectors and transport crew members shall be accorded the privileges enjoyed by diplomatic agents pursuant to Article 36, paragraph 1, subparagraph (b) of the Vienna Convention on Diplomatic Relations of April 18, 1961. They shall not be permitted to bring into the territory of the State Party where the inspection is to be carred out articles the import or export of which is prohibitated by law or controlled by quarantine regulations of that State Party.

3. The transportation means of the inspection team shall be inviolable, except as otherwise provided for in the Treaty.

4. The inspecting State Party may waive the immunity for jurisdiction of any of its inspectors or transport crew members in those cases when it is of the opinion that immunity would impede the course of justice and that it can be waived without prejudice to the implementation of the provisions of the Treaty. The immunity of inspectors and transport crew members who are not nationals of the inspecting State Party may be waived only by the States Parties of which those inspectors are nationals. Waiver must always be express.

5. The privileges and immunities provided for in this Section shall be accorded to inspectors and transport crew members:

(A) while transiting through the territory of any State Party for the purpose of conducting an inspection on the territory of another State Party;

(B) throughout their presence on the territory of the State Party where the inspection is carried out; and

(C) thereafter with respect to acts previously performed in the exercise of official functions as an inspector or transport crew member.

6. If the inspected State Party considers that an inspector or transport crew member has abused

misnotað forréttindi sín eða friðhelgi, skulu gilda ákvæði 6. málsgreinar VI. kafla þessarar Bókunar. Fari aðildarríki, sem í hlut á, þess á leit skulu viðræður eiga sér stað milli þeirra til þess að koma í veg fyrir að misnotkunin endurtaki sig.

his or her privileges and immunities, then the provisions set forth in Section VI, paragraph 6 of this Protocol shall apply. At the request of any of the States Parties concerned, consultations shall be held between them in order to prevent a repetition of such an abuse.

Fylgiskjal 4

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR SOVÉTRÍKJANNA

Til þess að stuðla að framkvæmd samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu frá 19. nóvember 1990 (samningsins) lýsir ríkisstjórn Sovétríkjanna því yfir að hún taki á sig eftirfarandi skuldbindingar utan ramma samningsins:

I

Sovétríkin munu takmarka hefðbundin vopn og búnað innan samningssvæðisins, í þeim flokkum sem takmarkast af samningnum, við eftirfarandi hámarksfjölda: í strandvarnarliði – 813 skriðdrekar, 972 orrustubrynvagnar og 846 stórskotaliðsvopn; í fótgönguliði sjóhers – 120 skriðdrekar, 753 orrustubrynvagnar og 234 stórskotaliðsvopn; í eldflaugaherliði – 1.701 orrustubrynvagn, hver um sig brynvarinn liðsflutningavagn, eins og það hugtak er skilgreint í samningnum.

II

Fjörutíu mánuðum eftir gildistöku þessa samnings og þaðan í frá mun fjöldi skriðdreka, orrustubrynvagna og stórskotaliðsvopna í vörslu Sovétríkjanna, innan þeirra marka og undirmarka sem leiðir af skuldbindingum Sovétríkjanna samkvæmt samningnum, vera innan þess hámarksfjölda sem tilkynntur hefur verið samkvæmt VII. grein samningsins, sem nemur þeim fjölda sem þau munu hafa í strandvarnarliði og fótgönguliði sjóhers innan samningssvæðisins. Til dæmis mun fjöldi skriðdreka í vörslu Sovétríkjanna innan samningssvæðisins, þ. á m. skriðdrekar í strandvarnarliði og fótgönguliði sjóhers, ekki fara fram úr: 13.150 samtals; 10.500 í virkum sveitum samtals; 7.500 í virkum sveitum innan svæðisins sem lýst er í 3. málsgrein IV. greinar; og 1.850 í virkum sveitum innan svæðisins sem lýst er í (A)-lið 1. málsgreinar V. greinar samningsins, nema hámarksvopnafjöldi Sovétríkjanna verði endurskoðaður samkvæmt VII. grein samningsins.

III

1. Auk þess niðurskurðar sem Sovétríkin eru skuldbundin til samkvæmt samningnum á grundvelli þeirra upplýsinga sem þau veittu, munu Sovétríkin skera niður hefðbundin vopn og búnað í vörslu sinni, í þeim flokkum sem takmarkast af samningnum innan samningssvæðisins, sem nemur þeim fjölda sem þau áttu við undirskrift samningsins í strandvarnarliði og fótgönguliði sjóhers, þ.e. um 933 skriðdreka, 1.725 orrustubrynvagna og 1.080 stórskotaliðsvopn.

2. Þessi viðbótarniðurskurður verður framkvæmdur þannig að 933 skriðdrekum verður eytt eða umbreytt í borgaralegan búnað og 1.080 stórskotaliðsvopnum verður eytt. Af þeim 1.725 orrustubrynvögnum, sem á að skera niður til viðbótar, verður 972 orrustubrynvögnum eytt eða umbreytt í borgaralegan búnað og 753 orrustubrynvögnum af gerðinni MT-LB, sem tilheyra flokki orrustubrynvagna og eru hluti af þeim fjölda sem tilkynntur var við undirskrift samningsins, umbreytt í brynvarða gervi-liðsflutningavagna af gerðinni MT-LB-AT, sem ekki takmarkast af samningnum, í samræmi við Bókunina um núverandi vopn.

3. Fimmtíu prósentum 933 skriðdreka og 972 orrustubrynvagna verður eytt eða umbreytt innan samningssvæðisins og fimmtíu prósentum 1.080 stórskotaliðsvopna verður eytt innan samningssvæðisins, innan tímamarkanna og með þeim aðferðum sem samningurinn gerir ráð fyrir. Afgangurinn af þessum hefðbundnu vopnum og búnaði verður fjarlægður frá samningssvæðinu; sama fjölda hefðbundinna vopna og búnaðar verður eytt eða umbreytt utan samningssvæðisins innan þeirra tímamarka sem samningurinn gerir ráð fyrir og með aðferðum sem veita nægilega augljósa sönnun fyrir því að hefðbundnu vopnunum og búnaðinum hafi verið eytt eða þau gerð ónothæf til hernaðar. Aðildarríkjum að samningnum verður tilkynnt fyrirfram og veittar upplýsingar um staðsetningu, fjölda og tegundir hefðbundinna vopna og búnaðar sem á að eyða eða umbreyta.

IV

Orrustubrynvagnar í vörslu eldflaugaherliðs Sovétríkjanna verða ekki háðir fjöldatakmörkunum samningsins, í samræmi við (F)-lið 1. málsgreinar III. greinar samningsins. Þetta herlið verður ekki búið hefðbundnum vopnum og búnaði í flokkum sem takmarkast af samningnum, nema orrustubrynvögnum.

V

Að undanfarinni áskorun verður gengist undir eftirlit innan samningssvæðisins á hefðbundnum vopnum og búnaði strandvarnarliðs og fótgönguliðs sjóhers, í þeim flokkum sem takmarkast af samningnum, í samræmi við Bókunina um eftirlit. Tryggt verður að unnt verði að staðreyna með raunhæfum hætti slík hefðbundin vopn og búnað. Sovétríkin munu veita öllum aðildarríkjum sundurliðaðar upplýsingar um slík hefðbundin vopn og búnað í sama umfangi og með sömu nákvæmni og fyrir er lagt í 2. mgr. III. kafla Bókunarinnar um upplýsingaskipti og samkvæmt sömu tímaáætlun um upplýsingagjöf og fyrir er mælt er í VII. kafla þeirrar Bókunar.

VI

Nema annað sé tekið fram í (a) þessari yfirlýsingu, (b) samningnum eða (c) yfirlýsingunni um sjóherflugvélar með bækistöðvar á landi skulu hefðbundin vopn og búnaður í flokkum, sem takmarkast af samningnum, með bækistöðvar innan samningssvæðisins, án tillits til þess hverjum þau eru talin, háð öllum fjöldatakmörkunum í samningnum.

VII

Þessi yfirlýsing ríkisstjórnar Sovétríkjanna varðandi framangreindar skuldbindingar, sem teknar eru á hendur utan ramma samningsins, skal taka gildi um leið og samningurinn, vera lagalega bindandi og hafa sama gildistíma og samningurinn.

Fylgiskjal 5

YFIRLÝSING LÝÐVELDISINS ÍSLANDS

Ríkisstjórn Íslands samþykkir hér með að yfirlýsing ríkisstjórnar Sovétríkjanna frá í dag skapi nægilegan grundvöll til þess að fullgilda og framkvæma samninginn um hefðbundinn herafla í Evrópu frá 19. nóvember 1990 (samningurinn).

Framangreind yfirlýsing ríkisstjórnar Sovétríkjanna og þessi yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands skulu vera jafnt lagalega bindandi; þær skulu taka gildi um leið og samningurinn og skulu þær hafa sama gildistíma og hann.

Fylgiskjal 6

YFIRLÝSING FULLTRÚA LÝÐVELDISINS ÍSLANDS Í SAMEIGINLEGU SAMRÁÐSNEFNDINNI

Fulltrúi Lýðveldisins Íslands í sameiginlegu samráðsnefndinni lýsir því yfir, í samræmi við lagalega bindandi yfirlýsingu Sovétríkjanna, að öll sovésk hefðbundin vopn og búnaður, í þeim flokkum sem lýst er í II. gr. samningsins og voru staðsett á landssvæði Eistlands, Lettlands og Litháens hinn 19. nóvember 1990 eða síðar, skuli talin heyra undir öll ákvæði samningsins, fylgiskjala hans og lagalega bindandi skuldbindingar Sovétríkjanna frá 14. júní 1991. Einkum skulu hefðbundin vopn og búnaður, í þeim flokkum sem takmarkast af samningnum, tilkynnt sem hluti þeirra vopna, sem eru í vörslu Sovétmanna, og þau talin hluti af þeim niðurskurði, sem Sovétríkin eru skuldbundin til.

Fylgiskjal 7

YFIRLÝSING AÐILDARRÍKJA AÐ SAMNINGNUM UM HEFÐBUNDINN HERAFLA Í EVRÓPU UM SJÓHERFLUGVÉLAR Á LANDI

Til þess að stuðla að framkvæmd samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu gangast aðildarríkin að samningnum undir neðangreindar pólitískar skuldbindingar utan ramma samningsins.

1. Ekkert eitt aðildarríki mun hafa meira en 400 sjóherflugvélar með varanlegar bækistöðvar á landi innan samningssvæðisins. Samkomulag er um að þessi skuldbinding eigi við orrustuflugvélar sem eru vopnaðar og útbúnar til árása á skotmörk á yfirborði jarðar eða í lofti og nái ekki til tegunda sem eru hannaðar sem sjávareftirlitsflugvélar.

2. Heildarfjöldi slíkra sjóherflugvéla með varanlegar bækistöðvar á landi sem hvor ríkjahópurinn hefur, eins og hann er skilgreindur í samningnum, mun ekki fara yfir 430.

3. Ekkert aðildarríki mun hafa árásarþyrlur með varanlegar bækistöðvar á landi innan samningssvæðisins í sjóher sínum.

4. Þær takmarkanir sem felast í þessari yfirlýsingu taka gildi 40 mánuðum eftir gildistöku samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu.

5. Þessi yfirlýsing tekur gildi um leið og samningurinn um hefðbundinn herafla í Evrópu.

Fylgiskjal 8

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS UM LIÐSFJÖLDA Í ÞÝSKA HERNUM

Í tengslum við undirritun samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu staðfestir ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands yfirlýsingu sambandsutanríkisráðherrans 30. ágúst 1990 á allsherjarfundi samningaviðræðna um hefðbundinn herafla í Evrópu, sem hljóðar svo:

„Ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands mun draga úr liðsfjölda hers sameinaðs Þýskalands í 370.000 (land-, flug- og sjóher) innan þriggja til fjögurra ára. Þessi fækkun mun hefjast við gildistöku fyrsta samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu.

Innan marka þessa hámarksfjölda munu eigi fleiri en 345.000 tilheyra land- og flugherjunum, sem samkvæmt samningsumboðinu eru þeir einu sem falla undir samningaviðræðurnar um hefðbundinn herafla í Evrópu.

Sambandsríkisstjórnin lítur á skuldbindingu sína um að fækka í land- og flugher sem þýðingarmikið framlag til niðurskurðar hefðbundins herafla í Evrópu. Hún gengur út frá því að í framhaldsviðræðum muni hinir þátttakendurnir einnig leggja sitt af mörkum til þess að efla öryggi og stöðugleika í Evrópu, þ.á m. að draga úr liðsfjölda."

Fylgiskjal 9

YFIRLÝSING AÐILDARRÍKJA AÐ SAMNINGNUM UM HEFÐBUNDINN HERAFLA Í EVRÓPU UM LIÐSFJÖLDA

Í tengslum við undirritun samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu frá 19. nóvember 1990 og með framhaldsviðræður í huga, sem vitnað er til í XVIII. grein þess samnings, lýsa aðildarríkin að samningnum því yfir að á meðan á þessum viðræðum stendur muni þau ekki auka við heildarliðsfjöldann í hefðbundnum herafla þeirra innan samningssvæðisins sem þeim er heimilaður á friðartímum samkvæmt umboðinu.

Fylgiskjal 10

YFIRLÝSING FULLTRÚA SOVÉTRÍKJANNA Í SAMEIGINLEGU SAMRÁÐSNEFNDINNI

Til þess að stuðla að framkvæmd samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu frá 19. nóvember 1990 (samningsins) hefur ríkisstjórn Sovétríkjanna falið mér að lýsa yfir eftirfarandi:

1. Sovétríkin munu á tímabilinu 1991-1995 eyða eða umbreyta til borgaralegra nota a.m.k. 6.000 skriðdrekum, 1.500 orrustubrynvögnum og 7.000 stórskotaliðsvopnum handan Úralfjalla, í þeim flokkum hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af samningnum, auk þeirra vopna sem skal fækkað með því að eyða þeim eða umbreyta, sem fjallað er um í yfirlýsingu ríkisstjórnar Sovétríkjanna frá 14. júní 1991 varðandi skuldbindingar utan ramma samningsins.

Þessum vopnum verður eytt eða umbreytt með aðferðum sem munu veita nægilega og sjáanlega sönnun fyrir því að þeim hafi verið eytt eða þau gerð hernaðarlega ónothæf. Aðildarríkjum að samningnum verður tilkynnt fyrirfram og upplýsingar verða veittar um staðsetningu og fjölda skriðdreka, orrustubrynvagna og stórskotaliðsvopna, sem verður eytt eða umbreytt.

Útrýming vopna í þeim flokkum sem takmarkast af samningnum mun einnig eiga sér stað síðar eftir því sem notkunar- og þjónustugildi þeirra rennur út.

2. Á tímabilinu milli janúar 1989 og undirritunar samningsins 19. nóvember 1990 fluttu Sovétríkin handan Úralfjalla eftirfarandi hefðbundin vopn og búnað í flokkum sem takmarkast af samningnum í tengslum við aðgerðir varðandi einhliða fækkun sovésks herafla, brottflutning sovésks herliðs frá löndum Austur-Evrópu og upptöku hersins á hinni nýju varnarkenningu: 16.400 skriðdreka, 15.900 orrustubrynvagna og 25.000 stórskotaliðsvopn.

Af þessum vopnum og búnaði hafa 8.000 skriðdrekar, 11.200 orrustubrynvagnar og 1.600 stórskotaliðsvopn verið afhent hersveitum og undirhersveitum í austurhluta Sovétríkjanna í þeim tilgangi að bæta við og endurnýja vopnabúnað þeirra.

Annar hluti hefðbundinna vopna og búnaðar í flokkum sem takmarkast af samningnum og hefur verið færður handan Úralfjalla (8.400 skriðdrekar, 4.700 orrustubrynvagnar og 16.400 stórskotaliðsvopn) hefur verið settur í geymslu. Auk þess eru 7.000 stórskotaliðsvopn notuð til skipta eða viðgerða.

Þessi hefðbundnu vopn og búnaður, sem hafa verið sett í geymslu handan Úralfjalla, verða notuð til þess að skipta um úrelt vopn og búnað, sem hafa farið fram úr tilsettum notkunar- og þjónustutíma þeirra, í austurhluta Sovétríkjanna, einnig til þess að bæta viðbúnað þeirra.

Varðandi vopn og búnað, sem flutt hafa verið handan Úralfjalla fyrir undirritun samningsins og sett hafa verið í geymslu eða eru notuð til skipta eða viðgerða handan Úralfjalla, verða öllum aðildarríkjum veittar upplýsingar við gildistöku samningsins um staðsetningu og fjölda skriðdreka, orrustubrynvagna og stórskotaliðsvopna á þessum stöðum miðað við 1. júlí 1991. Vopn í hverjum þessara flokka (skriðdrekar, orrustubrynvagnar og stórskotaliðsvopn) verða geymd sérstaklega.

3. Hefðbundin vopn og búnaður, í flokkum sem takmarkast af samningnum og hafa verið færð handan Úralfjalla fyrir undirritun samningsins, verða ekki notuð til þess að byggja upp hernaðarlega mikilvægar varabirgðir eða virkar sveitir og verða ekki geymdar þannig að hægt verði að færa þau með fljótvirkum hætti inn á gildissvæði samningsins, þ.e. slík vopn og búnaður sem hafa verið flutt handan Úralfjalla verða ekki geymd í samstæðum fyrir herfylkingar.

Herfylkingar og sveitir, sem hafa verið staðsettar á gildissvæði samningsins, verða skipulagðar í samræmi við varnarkenningu Sovétríkjanna með tilliti til þess vopnafjölda sem nægjanlegur er fyrir eitt ríki samkvæmt samningnum.

Fylgiskjal 11

YFIRLÝSING FORMANNS SAMEIGINLEGU SAMRÁÐSNEFNDARINNAR

1. Hér með bóka ég að:

(a) Aðildarríki að samningnum um hefðbundinn herafla í Evrópu frá 19. nóvember 1990, hér eftir nefndur samningurinn, viðurkenna að gildissvæðið samkvæmt II. gr. samningsins skal ekki ná til Eistlands, Lettlands og Litháens, með hliðsjón af fullveldi Eistlands, Lettlands og Litháens.

(b) Ég hef móttekið í dag yfirlýsingu frá fulltrúa Sovétríkjanna sem hljóðar svo:

„Til þess að fullnægt sé lagalega bindandi skuldbindingum samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu og samþykkta sem aðildarríkin gerðu 14. júní 1991, munu Sovétríkin líta svo á sem öll hefðbundin vopn þeirra og búnaður, í þeim flokkum, sem lýst er í II. gr. samningsins og voru staðsett á landssvæði Eistlands, Lettlands og Litháens hinn 19. nóvember 1990 eða síðar, heyri undir öll ákvæði samningsins og fylgiskjala hans. Einkum verða hefðbundin vopn og búnaður, í þeim flokkum sem takmarkast af samningnum, tilkynnt sem hluti þeirra vopna sem eru í vörslu Sovétmanna og þau talin hluti af þeim niðurskurði, sem Sovétríkin eru skuldbundin til. Þessi yfirlýsing skal vera lagalega bindandi og hafa sama gildistíma og samningurinn."

(c) Ég hef einnig móttekið yfirlýsingar frá fulltrúum Konungsríkisins Belgíu, Lýðveldisins Búlgaríu, Kanada, Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, Konungsríkisins Danmerkur, Franska lýðveldisins, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Gríska lýðveldisins, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Íslands, Ítalska lýðveldisins, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Konungsríkisins Hollands, Konungsríkisins Noregs, Lýðveldisins Póllands, Portúgalska lýðveldisins, Rúmeníu, Konungsríkisins Spánar, Lýðveldisins Tyrklands, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Bandaríkja Norður-Ameríku, í samræmi við lagalega bindandi yfirlýsingu Sovétríkjanna, um að öll sovésk hefðbundin vopn og búnaður í þeim flokkum, sem lýst er í II. gr. samningsins og voru staðsett á landssvæði Eistlands, Lettlands og Litháens hinn 19. nóvember 1990 eða síðar, skuli talin heyra undir öll ákvæði samningsins, fylgiskjala hans og lagalega bindandi skuldbindingu Sovétríkjanna frá 14. júní 1991. Einkum skulu hefðbundin vopn og búnaður, í þeim flokkum sem takmarkast af samningnum, tilkynnt sem hluti þeirra vopna sem eru í vörslu Sovétmanna og þau talin hluti af þeim niðurskurði, sem Sovétríkin eru skuldbundin til.

(d) Aðildarríkin viðurkenna nauðsyn þess að leita samþykkis og samvinnu Eistlands, Lettlands og Litháens fyrir eftirliti með framangreindum hefðbundnum vopnum og búnaði á landssvæði þessara ríkja.

2. Þessi yfirlýsing formanns, sem skráir framangreindan lagalega bindandi samning meðal aðildarríkjanna, verður skráð í fundartíðindum, send vörsluríkinu og geymd með fullgildingarskjölunum.

159. Fyrirspurn [148. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðiheimildir Færeyinga og Belga.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Eru fyrirhugaðar breytingar á heimildum Færeyinga og Belga til veiða á botnfiski við Ísland?

160. Fyrirspurn [149. mál]

til heilbrigðisráðherra um vistunargjöld hjúkrunarsjúklinga á langdvalarstofnunum aldraðra.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða reglur gilda um vistgjöld fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga á langdvalarstofnunum?
2. Hvert renna gjöldin?
3. Hvenær voru reglurnar settar?
4. Hvað er gert ráð fyrir að margir aldraðir hjúkrunarsjúklingar greiði vistgjöld á þessu ári og hve mikið samanlagt?
5. Hve mikil upphæð er nú í vanskilum og vegna hve margra sjúklinga?

Skriflegt svar óskast.

161. Frumvarp til laga [150. mál]

um kaup á björgunarþyrlu.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Steingrímur Hermannsson, Guðrún Helgadóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Hallvarðsson, Stefán Guðmundsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árinu 1992 gera saming við framleiðendur eða seljendur um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1992 að fjárhæð allt að 150 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er efnislega samhljóða ályktun sem Alþingi samþykkti sl. vor. Í 2. gr. er lánsfjárheimild fyrir fjármálaráðherra vegna málsins. Frumvarpið er flutt til þess að herða á því að vilji Alþingis í þessu máli nái fram að ganga.

Flutningsmenn telja að löng og ítarleg greinargerð með frumvarpinu sé óþörf. Þingheimi og landsmönnum öllum á að vera ljóst hversu brýnt er að þjóðin eignist sem fullkomnasta björgunarþyrlu eins fljótt og nokkur kostur er á. Málið þolir enga bið. Flutningsmenn vona að Alþingi beri gæfu til að veita þessu frumvarpi samþykki sem allra fyrst þannig að það geti orðið að lögum fyrir næstu áramót.

162. Frávísunartillaga [44. mál]

í málinu: Frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Þar sem greinilegt er að fyrirvaralaus stuðningur er ekki lengur við þetta frumvarp hjá þeim sem skrifuðu undir nefndarálitið samþykkir Alþingi að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

163. Fyrirspurn [151. mál]

til dómsmálaráðherra um sjómælingaskipið Baldur.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hvar og hvenær var ákvörðun tekin um smíði sjómælingaskipsins Baldurs og hver ákvað að verkið skyldi fjármagnað úr Landhelgissjóði Íslands?
2. Hver sá um hönnun og smíði skipsins og var verkið boðið út?
3. Hver er heildarkostnaður við smíði skipsins orðinn og hversu miklum fjármunum, á núvirði, hefur verið varið til verksins úr Landhelgissjóði?
4. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður skipsins á þessu ári og því næsta og hvernig er reksturinn fjármagnaður?

164. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Jón Kristjánsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu skuli byggja upp miðstöð fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs.

Alþingi felur því ríkisstjórninni að láta gera tímasetta áætlun sem miði að uppbyggingu sjávarútvegsbrautar Háskólans á Akureyri og sjávarútvegsbrautarinnar á Dalvík og eflingu hvers kyns rannsókna- og þróunarstarfsemi á svæðinu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 113. löggjafarþingi af Birni Val Gíslasyni en varð þá ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt, enda er gildi hennar hið sama og áður. Nú fara fram miklar umræður um sjávarútvegs- og byggðamál og liggur því beint við að Alþingi taki til umfjöllunar og afgreiðslu þær hugmyndir sem ræddar hafa verið um uppbyggingu og eflingu sjávarútvegsmiðsvæðis við Eyjafjörð. Að baki liggur sú hugmynd að þannig megi slá a.m.k. tvær flugur í einu höggi, þ.e. að sækja fram á sviði sjávarútvegs til aukinnar þekkingar og þróunar í þessari höfuðatvinnugrein landsmanna og efla byggð og styrkja uppbyggingu háskólanáms og rannsókna í miðstöð slíkrar starfsemi á landsbyggðinni. Rétt er að taka fram að þegar leitað var eftir meðflutningsmönnum meðal þingmanna Sjálfstæðisflokksins kom í ljós að tveir þeirra voru með skylt mál í undirbúningi. Eftirfarandi greinargerð fylgdi tillögunni þegar hún var flutt í hið fyrra sinn.

Fiskveiðar og vinnsla hafa lengi verið ein mikilvægasta undirstaða atvinnulífs við Eyjafjörð eins og annars staðar á landinu. Hvergi hefur þó vöxtur sjávarútvegsfyrirtækja orðið meiri á síðustu árum en á þessu svæði þótt ástand sjávar út af Norðurlandi hafi verið mjög óhagstætt um árabil. Fjölbreytt útgerð báta og skipa af ýmsum stærðum hefur treyst útgerðina við Eyjafjörð og stuðlað að meiri fjölbreytni og sérhæfingu fiskvinnslufyrirtækja en víðast hvar annars staðar þekkist.

Frá Eyjafirði er gerður út öflugur togarafloti sem telur yfir 20 skip og hefur vaxið ört á undanförnum árum. Einnig er gerður þaðan út stór floti nóta- og rækjuskipa, auk mikils fjölda annarra báta. Sameiginlega hefur þessi floti allur náð að skapa mikla fjölbreytni í vinnslu sjávarafurða á Eyjafjarðarsvæðinu.

Í kjölfar þess stíganda, sem hefur verið í útgerð og fiskvinnslu í Eyjafirði, hefur komið ýmis þjónusta tengd sjávarútveginum beint eða óbeint. Öflug þjónustufyrirtæki hafa náð að skjóta þar rótum og hafa flest hver fest sig í sessi. Þekktasta þjónustufyrirtæki sjávarútvegsins í Eyjafirði er auðvitað Slippstöðin hf. á Akureyri sem í áratugi hefur verið leiðandi í skipasmíðum hér á landi og auk þess séð um viðhald og endurbætur á stærstum hluta stórskipaflota landsins. Einnig skulu nefnd fyrirtækin Sæplast hf. og Fiskmiðlun Norðurlands hf. sem hvort um sig hafa skapað sér nafn í þjónustu við sjávarútveginn. Öll þessi fyrirtæki auk margra ónefndra hafa náð að festa sig í sessi og eru viðurkennd hér heima og erlendis og njóta virðingar fyrir með mikla þekkingu á fiskveiðum og vinnslu.

Fyrir nokkrum árum hófst kennsla í skipstjórn á Dalvík. Í fyrstunni var aðeins um að ræða námskeiðahald og undirbúningskennslu fyrir frekara nám annars staðar. Nú er hins vegar full kennsla fyrir þá sem vilja læra til skipsstjórnar á fiskiskipum. Nú eru 30 nemendur við stýrimannaskólann á Dalvík og hefur aðsókn að skólanum aukist jafnt og þétt síðustu árin.

Fiskvinnsluskóli er einnig nýtekinn til starfa á Dalvík og er eini skóli sinnar tegundar utan Reykjavíkursvæðisins. Skólinn hefur á þeim stutta tíma sem hann hefur starfað sýnt það og sannað að löngu var orðið tímabært að bjóða upp á nám í fiskvinnslu á landsbyggðinni. Kennt er við skólann á öllum stigum fiskvinnslu og verða fyrstu fullnuma nemendurnir útskrifaðir næsta vor.

Nýhafin er kennsla við Háskólann á Akureyri í sjávarútvegsfræðum og eru miklar vonir bundnar við þessa deild Háskólans meðal þeirra sem starfa við sjávarútveginn í landinu. Markmið sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri er að mennta einstaklinga í öllum undirstöðuatriðum íslensks sjávarútvegs og þjálfa þá í beitingu faglegra vinnubragða við stefnumörkun, ákvarðanatöku og stjórnun í greininni. Er þetta í fyrsta sinn sem kennsla í sjávarútvegsfræðum fer fram hér á landi.

Jafnframt er nú verið að opna útibú Hafrannsóknastofnunar á Akureyri auk þess sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er þar fyrir. Ljóst er að samstarf þessara stofnana og annarra ókominna fyrirtækja í sjávarútvegi verður í framtíðinni að vera mjög náið. Þess vegna er mjög áríðandi að efla rannsóknastofnanir sjávarútvegsins í Eyjafirði og beina áframhaldandi uppbyggingu slíkra stofnana á þetta svæði.

Eins og hér hefur komið fram er fjölbreytt atvinnulíf í sjávarútvegi við Eyjafjörð og töluvert um nýjungar á mörgum sviðum þessarar atvinnugreinar. Það hlýtur því að vera freistandi fyrir stjórnvöld, sem á annað borð kenna sig við byggðastefnu, að vera af fullum krafti með í þessari uppbyggingu og nýta sér alla þá reynslu og þekkingu sem fyrir er á þessu svæði í sjávarútvegi.

Það er þjóðhagslega mikilvægt að gott samstarf sé á milli stofnana ríkisins á sviði sjávarútvegs og fyrirtækja í greininni. Þetta er ekki síst mikilvægt nú í þeirri umræðu sem er um Ísland og Evrópubandalagið. Þess vegna er okkur nauðsynlegt að nýta okkur þá þekkingu og reynslu sem til er í landinu á þáttum sjávarútvegsins svo að við náum að verjast ásókn erlendra þjóða í þessa atvinnugrein og standast harðnandi samkeppni.

Þessi tillaga felur það í sér að á Akureyri og í Eyjafirði verði í framtíðinni höfuðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs og framtíðaruppbygging á vegum ríkisins hvað þetta varðar fari hér eftir fram í Eyjafirði. Það er mjög mikilvægt að slík miðstöð sjávarútvegsins verði byggð upp þar sem þekking og reynsla er og allar ytri aðstæður sem með þarf.

Því er lagt til að ríkisstjórnin geri nú sem fyrst áætlun um uppbyggingu slíkrar miðstöðvar sjávarútvegsins í Eyjafirði og verði sú áætlun lögð fyrir Alþingi fyrir lok þessa kjörtímabils.

Fylgiskjal I.

Háskólinn á Akureyri:

Sjávarútvegsdeild.

Kennsla í sjávarútvegsfræði hefst í sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri í janúar 1990.

Markmið.

Markmið náms í sjávarútvegsfræði er að mennta einstaklinga í öllum undirstöðuatriðum íslensks sjávarútvegs og þjálfa þá í beitingu faglegra vinnubragða við stefnumörkun, ákvarðanatöku og stjórnun í greininni.

Inntökuskilyrði.

Inntökuskilyrði í sjávarútvegsdeild eru stúdentspróf og minnst eins árs starfsreynsla í sjávarútvegi. Umsækjendur með langa starfsreynslu, en aðra menntun en stúdentspróf, eiga þó kost á inngöngu. Slíkar umsóknir verða metnar sérstaklega í hvert sinn.

Námið.

Sjávarútvegsfræðin verður til að byrja með 144 námseiningar, hver eining telst ein vinnuvika. Námsárið skiptist í tvær annir 3. janúar – 20. maí og 15. ágúst – 20. desember.

Sjávarútvegsfræðin er þverfaglegt nám sem skiptist í fimm meginhluta:
Líffræði/fiskifræði.
Efnafræði/matvælafræði.
Rekstrarhagfræði/fiskihagfræði.
Tæknigreinar.
Félags- og skipulagsmál sjávarútvegs.

Efnafræðihluti.

Efnafræðihlutinn byrjar með almennri efnafræði. Síðan taka við lífræn- og lífefnafræði, þá örverufræði og loks efnafræði fiska. Námið er byggt upp frá undirstöðu efnafræðinnar og endar á matvælafræði. Markmið efnafræðigreina er að byggja upp þekkingu á nútíma matvælaiðnaði með fisk í aðalhlutverki. Starfsemi efnafræðihlutans mun verða tengd Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Rannsóknastofur fyrir kennslu og vinnuaðstöðu starfsmanna verða í viðbyggingu við núverandi húsnæði Háskólans á Akureyri.

Viðskipta- og hagfræðigreinar.

Markmið viðskipta- og hagfræðigreina er að kenna meðferð fjármuna, rekstur fyrirtækja, markaðssetningu og hagkvæmni í nýtingu auðlinda (fiskstofna).

Félags- og skipulagsgreinar.

Markmið kennslu í félags- og skipulagsgreinum er að upplýsa nemendur um innra skipulag sjávarútvegsins og hlutverk sjávarútvegsins í samfélaginu. Einnig verða kenndar nútímaaðferðir við stjórnun og samskipti.

Tæknigreinar.

Kennd verða undirstöðuatriði í skipatækni, veiðitækni og vinnslutækni. Markmið kennslunnar er að nemendur verði færir um að leggja hlutlægt mat á mismunandi tæknilegar lausnir fyrir sjávarútveginn.

Líffræði/fiskifræði.

Kennd verður sjávarvistfræði og líffræði. Náminu lýkur með fiskifræði þar sem megináhersla verður lögð á stofnstærðarreikninga og nýtingu fiskstofna. Gert er ráð fyrir verulegu samstarfi við Hafrannsóknastofnun í þessum greinum, stór hluti kennslunnar verður keyptur sem stundakennsla þaðan.

Námsgreinar skiptast á annir sem hér segir:

1. ár. Vorönn: stærðfræði, tölfræði, tölvufræði, sjávarútvegskynning.
   Haustönn: efnafræði, lífræn– og lífefnafræði, reikningshald.
2. ár. Vorönn: örverufræði, rekstrarhagfræði, sjávarlíffræði.
   Haustönn: skipatækni, efnafræði fiska, skipulag sjávarútvegs, samskiptatækni.
3. ár. Vorönn: fiskifræði, framleiðslutækni, fjármál og fjárfesting.
   Haustönn: markaðsfræði, stjórnun og samskipti, veiðitækni, opinber stjórnsýsla.
4. ár. Vorönn: fiskihagfræði, félagsfræði sjávarútvegs, rekstur fyrirtækja.
   Haustönn: sjálfvalið lokaverkefni.

Fylgiskjal II.

Um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Úr lögum nr. 112/1984. — 5. og 6. gr. III. kafla.

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms við Stýrimannaskólann í Reykjavík, Stýrimannaskól-

ann í Vestmannaeyjum og sjávarútvegsbrautina á Dalvík eru grundvöllur atvinnuréttinda stýrimanna sem hér segir:

I. Á fiskiskipum:
   1. 1. stig: 200 rúmlesta skip og minni í innanlandssiglingum.
   2. 2. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.

II. Á flutningaskipum, farþegaskipum og varðskipum:
   1. 2. stig: 1. 400 rúmlesta skip og minni, farsvið ótakmarkað.
      2. Undirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðir stærð, farsvið ótakmarkað.
   2. 3. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.

III. Á öðrum skipum:
   1. 1. stig: 200 rúmlesta skip og minni í innanlandssiglingum.
   2. 2. stig: 400 rúmlesta skip og minni og farsvið ótakmarkað.
   3. 3. stig: Ótakmörkuð stærð og farsvið ótakmarkað.

Atvinnuréttindi stýrimanna eru bundin eftirfarandi skilyrðum um siglingatíma:

Siglingatími telst sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi sem er í förum og þar sem viðkomandi fær undirstöðuþekkingu í störfum á þilfari og í brú, stjórn manna og forsjá. Af siglingatíma verður stýrimannsefni að hafa gengið sjóvaktir a.m.k. 6 mánuði í brú undir umsjón skipstjórnarmanns.

Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra. Ef skip er lagt upp án þess að lögskráð sé úr skipsrúmi skal þess getið í sjóferðabók. Liggi skip um kyrrt með þessum hætti lengur en lögskráningartími hlutaðeigandi stýrimannsefnis skal sá sem umfram er eigi reiknast til siglingatíma.

Af óskilgreindum siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf. Heimilt er einnig að meta eftirfarandi nám eða starf til óskilgreinds siglingatíma: Eins vetrar nám í sjómannafræðum framhaldsskóla, samkvæmt námsskrá menntamálaráðuneytisins, jafngildi *siglingatíma í 3 mánuði*. Tveggja mánaða starf á viðurkenndu veiðarfæraverkstæði og tengd störf jafngilda eins mánaðar siglingatíma á fiskiskipi. Nám í verklegri sjómennsku, nýrri verktækni og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á námskeiðum eða í farskóla, sem Slysavarnafélag Íslands eða samtök sjómanna og útgerðarmanna beita sér fyrir, má meta sem þrefaldan siglingatíma þó aldrei meira en einn mánuð. *Ofangreind störf og/eða nám skulu þó aldrei metin til lengri siglingatíma en 6 mánaða í heildarsiglingatíma stýrimannsefnis.* Óskilgreindur siglingatími, sem stýrimannsefni ávinnur sér við störf í landi, skal staðfestur af tveimur trúverðugum mönnum.

Skip í förum er skip sem siglir utan hafna, fljóta og vatna.

I. Á fiskiskipum:
   a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum:
      24 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 12 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 30 rúmlestir að stærð. Heimilt er að af þessum tíma séu 6 mánuðir á trillu sem er undir 12 rúmlestum að stærð og sé það vottað af tveimur trúverðum mönnum.
   b. Ótakmörkuð réttindi:
      27 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 12 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi til að vera stýrimaður á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi og að auki a.m.k. 6 mánuði háseti á fiskiskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

II. Á flutningaskipum, farþegaskipum og varðskipum:
   a. 1. Réttindi á 400 rúmlesta skipum:
   36 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki a.m.k. 9 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir.
   2. Ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi:
   27 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 15 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi sem stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og að auki a.m.k. 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.
   b. Ótakmörkuð réttindi:
   36 mánuði og af þeim tíma a.m.k. 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð eða hafa réttindi til að vera stýrimaður á fiskiskipi sem er yfir 200 rúmlestir að stærð og auk þess a.m.k. 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

III. Á öðrum skipum:
   a. Réttindi í innanlandssiglingum á 200 rúmlesta skipum:
   24 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 12 mánuði háseti á skipi yfir 30 rúmlestir að stærð.
   b. Réttindi á 400 rúmlesta skipum og ótakmörkuð undirstýrimannsréttindi:
   27 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 12 mánuði háseti á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.
   c. Ótakmörkuð réttindi:
   36 mánuðir og af þeim tíma a.m.k. 18 mánuðir háseti á skipi sem er yfir 100 rúmlestir að stærð.

Ath.: Með væntanlegri aðild að alþjóðasamþykkt um menntun, þjálfun, skilríki og vaktstöðu sjómanna (STCW — 1978) má búast við breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna til samræmis við þessa samþykkt.

Skipstjórnarnámið veiti þá eftirtalin réttindi til yfir- og undirstýrimanna:

1. stigið: Til *innanlandssiglinga* á fiskiskip og önnur skip sem eru 200 rúmlestir eða minni.

2. stigið: 1. Réttindi *yfir- og undirstýrimanna* á *fiskiskip* af hvaða stærð sem er og farsvið ótakmarkað.
2. Réttindi *yfirstýrimanns* á *farskip og önnur skip* 200 rúmlestir og minni í *innanlandssiglingum.*
3. Réttindi *yfirstýrimanns* á farskip og sérhæfð skip af hvaða stærð sem er og farsvið ótakmarkað.

Önnur skip er samkvæmt lögum um atvinnuréttindi hvert það skip sem skrásett er til verkefna annarra en fiskiskip, flutningaskip, farþegaskip og varðskip eru skráð undir.

Réttindi skipstjóra eru óbreytt, en samkvæmt STCW-samþykktinni á yfirstýrimaður að geta tekið að sér ábyrgð skipstjóra hvenær sem þurfa þykir.

Menntun yfirmanns og skipstjóra verður því að vera hin sama til réttinda á mismunandi gerðir skipa.

Fylgiskjal III.

Almennar upplýsingar um fiskvinnsludeild.

Hlutverk fiskvinnsludeildarinnar er að veita fræðslu í vinnslu sjávarafla. Námið er sniðið að mestu eftir Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði og útskrifar fiskiðnaðarmenn. Kennsla deildarinnar miðar að því að fiskiðnaðarmenn hafi öðlast nægilega undirstöðuþekkingu, bóklega og verklega, til þess að geta annast almenna verkstjórn, gæðaflokkun, einfalda vinnuhagræðingu og stjórnun. Náminu er skipt í bóklegt og verklegt skólanám og starfsþjálfun á vinnustöðum.

Til að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðist próf upp úr fiskvinnsludeildinni og auk þess hafa lokið 36 vikna skipulagðri starfsþjálfun á vinnustöðum frá því að hann innritaðist í skólann.

Inntökuskilyrði.

1. Nemandi, sem lokið hefur námi í grunnskóla eða hlotið aðra jafngilda menntun, hefur rétt til að hefja nám í fiskvinnsludeildinni.
2. Nemendur, sem hefja nám á 3. önn, skulu hafa lokið átta vikna starfsþjálfun hjá viðurkenndum fiskvinnslufyrirtækjum. Þó skal tekið fram að æskilegra er að nemandi hafi starfað mun lengur við fiskvinnslu.

Fylgiskjal IV.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Markmið Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins eru:

— að afla þekkingar sem fiskiðnaður og tengdar greinar matvælaiðnaðar geta hagnýtt,
— að hafa með höndum fræðslu og upplýsingamiðlun um nýjungar í fiskiðnaði,
— að veita fiskiðnaðinum virka og skjóta sérfræðiþjónustu í hæsta gæðaflokki,
— að efla traust á íslenskum sjávarafurðum með rannsóknum.

Leiðir:

Rannsóknir.

— Stofnunin stundar hverjar þær rannsóknir sem falla að faglegum grunni hennar og efla það starf sem henni er ætlað.
— Við val á rannsóknaverkefnum er miðað við að niðurstöður geti fyrirsjáanlega orðið hagnýtar og gefið arð.
— Rannsóknir fyrir eða í samvinnu við aðila fiskiðnaðarins njóta að öðru jöfnu forgangs, enda kemur slíkt samstarf niðurstöðum best til skila.

Þjónusta.

— Stofnunin sinnir lögboðnu eftirliti og mælingum sem henni er falið, svo og öðrum opinberum skyldum.
— Áhersla er lögð á hagkvæma, skjóta og góða þjónustu í samræmi við þarfir notenda án þess að fórna faglegum skyldum.

Kynning og fræðsla.
— Stofnunin stundar kynningar- og fræðslustarf um þá þætti sem ákvarða gæði, geymsluþol og vinnslu sjávarafla.
— Verkefni, sem unnið er að hverju sinni, eru kynnt með áherslu á árangur og tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf.
— Námskeið um sérhæfð efni eru haldin á vegum stofnunarinnar. Auk þess leggur stofnunin til kennsluaðstöðu í matvælafræðum og skyldum greinum.

Fagleg þekking.
— Með verkefnavali og mannaráðningum byggir stofnunin upp þekkingargrunn á sérstökum áherslusviðum sem mikilvæg eru fyrir framþróun fiskiðnaðarins á hverjum tíma.
— Stofnunin veitir starfsmönnum sínum sem víðtækasta reynslu og þekkingu með virkri verkefnastjórnun og sérmenntun.
— Stofnunin vinnur sem heild að lausn verkefna og starfsmenn miðla hver öðrum af þekkingu sinni.

Gæði rannsókna og þjónustumælinga.
— Lögð er áhersla á að rannsóknir stofnunarinnar standist alþjóðlegar kröfur og niðurstöður séu hæfar til birtingar í viðurkenndum fagtímaritum.
— Allar mælingar stofnunarinnar skulu gerðar samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum aðferðum eða aðferðum sem stofnunin hefur sannreynt og framkvæmdar í tækjabúnaði sem sannarlega má treysta.

165. Tillaga til þingsályktunar [153. mál]

um styrkingu Kolbeinseyjar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Matthías Bjarnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera svo fljótt sem við verður komið áætlun um styrkingu Kolbeinseyjar. Í þessu skyni verði lokið úrvinnslu gagna sem aflað var við eyjuna 1989 og 1990 og frekari rannsóknir framkvæmdar næsta sumar reynist þeirra þörf.

Síðan verði unnin áætlun um varanlega styrkingu eyjarinnar þannig að hún fái sem lengst staðist ofan sjávar. Áætlunin skal einnig taka mið af hagnýtingu eyjarinnar í öryggis- og vísindaskyni, svo sem með uppsetningu sjálfvirkrar veðurathugunarstöðvar og jarðfræði- og haffræðirannsóknum. Áætlunin skal unnin í samráði við viðkomandi nefndir Alþingis og lögð fyrir þingið til staðfestingar fyrir árslok 1992.

Greinargerð.

Lengi hefur verið ljóst að útvörður Íslands í norðri, Kolbeinsey, á mjög í vök að verjast sökum ágangs sjávar, hafíss og veðra. Með samanburði við heimildir frá fyrri öldum sést að mjög hratt hefur gengið á eyjuna og nálgast hún nú óðfluga að teljast fremur sker í úthafinu en að verðskulda sitt glæsta nafn. Um sögu eyjarinnar vísast til fylgiskjala með tillögunni, einkum í samantekt Kristjáns Sæmundssonar, „Kolbeinsey, heimildakönnun og jarðfræðilýsing.“

Engum blöðum er um það að fletta að þýðing Kolbeinseyjar sem grunnlínupunkts við afmörkun íslensku landhelginnar er geysileg og nægir þar að nefna að ef engin hefði verið Kolbeinseyjan hefði flatarmál íslensku efnahagslögsögunnar orðið um 9.400 km^2 minna við útfærsluna í 200 mílur. Til samanburðar má hafa þá staðreynd að heildarflatarmál þriggja sjómílna landhelginnar var á sínum tíma um 25.000 km^2. Um stöðu Kolbeinseyjar í þessu sambandi vísast að öðru leyti til laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Varðandi líklega framtíðarskipan mála er nærtækt að skoða ákvæði hafréttarsáttmálans sem, þótt hann hafi ekki gengið í gildi, gefur einnig vísbendingar um gildandi þjóðarrétt. Skylt er að geta þess að málefnum Kolbeinseyjar hefur áður verið hreyft á Alþingi og hafa margir alþingismenn sýnt skilning á því hversu mikilvægt mál varðveisla eyjarinnar væri. Þannig samþykkti Alþingi 20. apríl 1982 þingsályktunartillögu þar sem ríkisstjórninni var falið að sjá um að sjómerki yrðu sett upp á eyjunni og athuga með varðveislu hennar. Í framhaldi af þessu var nokkrum upplýsingum safnað og ber þar hæst för Sigurðar Sigurðarsonar og Kristjáns Sæmundssonar til Kolbeinseyjar í ágúst 1985. Hins vegar var lítið aðhafst fyrr en sumarið 1989 en það ár var ráðist í rannsóknir og nokkrar framkvæmdir á eyjunni. Var veitt sérstök fjárveiting til þessa verkefnis á fjárlögum en alls mun um 5,5 milljónum króna hafa verið varið til bygginga þyrlulendingarpalls með innbyggðum sjómerkjum á eyjunni auk rannsókna. Vita- og hafnamálastofnun sá um verkið og naut við það aðstoðar Landhelgisgæslunnar.

Á árinu 1990 var unnið áfram að athugunum við eyjuna og var þá jarðfræði eyjarinnar könnuð með köfun auk þess sem sjómælingar fóru fram.

Ætlunin var að síðan yrði unnið úr þessum athugunum og í framhaldi af því ákvarðanir teknar um næstu skref. Þannig mun málið statt í dag og ekki er gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til þessa verkefnis að sér verður í því fjárlagafrumvarpi sem fyrir þinginu liggur.

Það er álit flutningsmanna að tímabært sé að Alþingi lýsi yfir vilja sínum til þess að allt verði gert sem innan viðráðanlegra marka getur talist til að styrkja Kolbeinsey og feli ríkisvaldinu að hafa forgöngu um mótun áætlunar í því skyni.

Fylgiskjal I.

ÁRNI HJARTARSON

KÖFUN VIÐ KOLBEINSEY

Bráðabirgðaskýrsla

Aðgerðir við Kolbeinsey sumarið 1990 voru af tvennum toga. Í fyrsta lagi mældu starfsmenn Vita- og hafnamála fyrir nákvæmu dýptarkorti af næsta nágrenni eyjarinnar og í öðru lagi kannaði ég jarðlagagerð hennar neðan sjávarmáls og botninn umhverfis hana með aðstoð tveggja froskkafara frá varðskipinu Týr.

Hér á eftir fer bráðabirgðaskýrsla af síðarnefndu athuguninni.

Farið var með Týr frá Sauðárkróki um kl. 21 sunnudagskvöldið 15. júlí. Að Kolbeinsey var skipið komið um kl. 4.30 um nóttina. Nokkur alda var svo brim gekk yfir eyna. Sjór kyrrðist með morgninum þannig að kl. 9 var orðið vel vært til köfunar útifyrir eynni og um 10 leytið hætti sjór að ýrast yfir hana svo mælingamenn gátu athafnað sig þar.

Framkvæmdar voru 6 kafanir. Fyrst var farið í fjórar kafanir í allar höfuðáttur út frá eynni. Farið var niður eins nálægt henni og komist var vegna öldunnar og kafað 80-100 m út. Síðan var kafað fast hlémegin við eyna og bergveggur hennar og undirstöður skoðaðar og teknar myndir. Að lokum var kafað niður á skerið NV við Kolbeinsey. Sjávarhiti var 5-6°C og skyggni í sjónum gott, allt að 20 m en það er mun betra en víðast gerist með ströndum fram.

1. köfun. Settum niður dreka 40 m norður af eynni og 60 m línu frá honum til norðurs. Kafað var meðfram línunni. Meðaldýpi var nálægt 10 m en mesta dýpi 14 m. Næst eynni var botninn þakinn lausum björgum, 3-4 m á hæð og allt að 5 m á breidd. Lábarin möl var niður á milli. Björgin minnka út frá eynni. Allt bergið var samskonar basalt og er í Kolbeinsey sjálfri, ekki einn steinn úr öðru efni. Miklir þaraskógar, rauðmagi og þorskur.

2. köfun. Dreki settur niður 20 m austan við ey og lína lögð 60 m til austurs. Meðaldýpi um 10 m, mesta dýpi 13 m. Syntum að eyjarfætinum en gátum lítið athafnað okkur vegna ókyrrðar í sjónum. Sama bergið virðist þó vera á 4-8 m dýpi og sést ofansjávar. Ofar var ekki hægt að komast vegna ölgu og neðar birgðu laus björg sýn. Björgin eru stærri þarna en þau sem við sáum norðan við eyna enda vorum við nær henni. Þau eru allt að 5 m á kant. Stór björg alla leið út í 80 m. Eintómt basalt, hvergi möl, bylgjandi þaraskógar.

3. köfun. Dreki settur niður 40 m sunnan við ey, lína lögð frá honum 60 m til suðurs. Dýpi alstaðar um 10 m. Fast berg víðast næst eyju. Berghryggur virðist ganga til suðurs út frá henni. Laus björg eru lengra úti. Þau eru þó smærri en að norðan og austan. Allt basalt. Mjög mikill þari.

4. köfun. Dreki settur niður 20 m vestan eyjar og lína lögð 60 m til vesturáttar. Meðaldýpi um 10 m, mest 12 m. Fastir klettar næst eyju laus björg fjær, lábarðir hnullungar á milli. Hvergi möl. Eintómt basalt.

5. köfun. Farið var niður með bergvegg eyjarinnar að norðvestan en þar var minnst sog. Veggirnir eru þverhníptir niður á 14 m þar sem mest er og hallar víða inn undir sig neðst. Gríðarleg laus björg liggja á botninum, þau stærstu sem við sáum. Sum hallast upp að eynni svo synda má um göng þar undirniðri. Illilegir steinbítar gjægjast þar undan hverjum kletti. Á 10 m dýpi er greinilegt veikleikalag í bergveggnum. Þetta er mjög gjallkennt lag um 1 m á þykkt en basalthraunlög bæði undir og ofan á. Þarna hefur bergið grafist inn undir sig 0,4 - 0,8 m. Ekki gátum við rakið það nema um 20 m. Á einum stað gengur sprunga lóðrétt niður í gegn um berglögin. Rof er í kring um hana. Ljóst er að stórbjörg losna úr eynni ofan við veikleikalagið og a.m.k. að norðan og norðvestan rofnar eyjan mest um þetta lag. Um 30 ljósmyndir voru teknar í þessari köfun á myndavél Vita- og hafnarmála með kodacrome 64 filmu.

6. köfun. Í síðustu köfun var farið niður að skerinu norðvestan Kolbeinseyjar. Fyrst var kafað á 15 m dýpi og síðan synt upp eftir skerinu um 50 m leið að efsta hluta þess, sem er á tæplega 3 m dýpi. Þarna var hvergi lausan stein að sjá aðeins fasta hraunklöpp úr samskonar bergi og er í Kolbeinsey sjálfri.

Þessar athuganir staðfesta tilgátu Kristjáns Sæmundssonar jarðfræðings um að lárétt skil í hrauninu á fárra metra dýpi skapi veikleika sem veldur undangreftri svo stórar bergblokkir losna og hverfa í brimið. Líklegt verður að teljast að móberg sé undir hrauninu en ljóst er að það er á meira en 20 m dýpi (og gæti jafnvel verið á meira en 100 m dýpi), altént dýpra en svo að skil þess og hraunsins myndi veikleikalag sem rofið vinnur á.

Það er e.t.v. ekki mitt að hanna rofvörn fyrir Kolbeinsey þó ætla ég að setja fram lauslegar hugmyndir. Innviði eyjarinnar þarf að styrkja með s.k. grautun. Hún felst í því að bora allmargar holur um 20 m djúpar og dæla niður í þær sementsgraut sem fyllir sprungur og holrými í berginu. Í lok grautunar ætti að setja steypustyrktarjárn í hverja holu. Allt í kring um eyna þarf að hlaða upp varnargarð. Innst má hann vera úr stórgrýti en yst þarf að vera brynja úr steinsteyptum dolosum. Garðurinn þarf að ná frá botni á 10-15 m dýpi og upp undir sjávarmál og hafa góðan fláa. Hann á að verja veikleikalagið og draga úr afli brimöldunnar við eyna. Vegna hafíss og ánauðar af hans völdum þarf að binda dolosana kyrfilega saman með keðjum. Ofan á dolosana þarf að steypa vel styrktan kraga sem nær upp fyrir sjó. Bolta þarf saman allar helstu sprungur sem sjást ofan sjávarmáls og renna í þær steypu til að slétta og ávala yfirborðið svo brim og ís nái sem minnstum tökum á því. Allt eru þetta vel þekktar aðgerðir sem reynsla er af hérlendis. Með þessu móti ætti að vera unnt að lengja lífdaga Kolbeinseyjar umtalsvert. Vafalaust má deila um hvort hún teljist löglegur grunnlínupunktur fyrir landhelgina eftir þessar hanteringar en í innsta eðli sínu heldur Kolbeinsey þó áfram að vera náttúrulegt útsker þótt hinn ytri hjúpur verði af mönnum gerr.

25. júlí 1990 Árni Hjartarson



1. Staðsetning kafana við Kolbeinsey



2. Einfaldað þversnið af Kolbeinsey sem sýnir veikleikalagið á 10 m dýpi.



3. Rofvörn við Kolbeinsey.



4. Eyðing Kolbeinseyjar. Myndin sýnir minnkandi stærð eyjarinnar samkvæmt mælingum allt frá því um 1600.

Fylgiskjal II.

Hafnamálastofnun ríkisins
Rannsóknadeild

K O L B E I N S E Y

SKÝRSLA UM FERÐ TIL KOLBEINSEYJAR

ÁGÚST 1985

INNGANGUR

Markmið ferðarinnar var könnun á stærð og ástandi eyjunnar, jarðfræðileg athugun, ásamt ljósmyndun.

Þann 20. apríl 1982 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu, þar sem það felur ríkisstjórninni að sjá svo um að sjómerki verði sett upp á Kolbeinsey og að athuganir fari fram á því hvort og hvernig tryggja megi "að eyjan standist heljaröfl stórviðra og ísa", eins og segir í tillögunni. Fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fór samgönguráðuneytið þess á leit við vita- og hafnarmálastjóra, að hann athugaði og kæmi með tillögur um hvernig best yrði að þessu staðið.

Í bréfi til samgönguráðuneytis frá 6. júlí 1982 kemur fram hjá Aðalsteini Júlíussyni vita- og hafnamálastjóra að Vitastjórnin hefur áður sett upp öflugt siglingamerki á Kolbeinsey, sem ekki stóðst átök hafíssins. Þó telur hann líklegt að hanna megi merki úr steinsteypu og járni, sem standist átökin. Efniskostnaður við slíkt merki yrði óverulegur, en megin kostnaður lægi í rekstri skips og þyrlu. Þá segir hann að með byggingu slíks merkis fáist nokkur reynsla á það hvort takast megi að styrkja eyjuna. Í öðru bréfi til samgönguráðuneytisins frá 29. júlí 1983 varpar Aðalsteinn fram þeirri hugmynd að styrkja megi yfirborð eyjunnar með steinsteypu og fylgir tillögunni lausleg kostnaðaráætlun.

Í framhaldi af umræðu í fjölmiðlum síðastliðið vor um niðurbrot Kolbeinseyjar , biður samgönguráðuneytið um nánari upplýsingar um hugmynd Aðalsteins. Í svari hans kemur fram að óglöggar skýrslur séu til um ástand eyjunnar, stærð hennar, berggerð og líklegan eyðingarhraða. Áður en gerðar verði nánari tillögur um heftingu niðurbrots og uppsetningu sjómerkis verði að afla nánari upplýsinga um þessa þætti. Ferð þessi er fyrsti liðurinn í þeirri athugun.

Í ferðina fóru Kristján Sæmundsson, jarðfræðingur hjá Orkustofnun og undirritaður Sigurður Sigurðarson, verkfræðingur hjá Hafnamálastofnun.

FERÐALÝSING

Lagt var af stað með þyrlu Landhelgisgæzlunnar TF-GRÓ frá Reykjavíkurflugvelli upp úr hádegi fimmtudaginn 15. ágúst. Flugstjóri í ferðinni var Hermann Sigurðsson.

Flogið var sem leið lá norður í land út í varðskipið Týr, sem lá rétt utan við Kálfshamarsvita norðan Skagastrandar og lent á varðskipinu laust fyrir kl. 14.

Upplýsingar um veður voru frá Grímsey, þar sem var léttskýjað og frá skipi norðan Kolbeinseyjar, en yfir því lá þokubakki. Skipherra varðskipsins, Helgi Hallvarðsson, hafði einnig orðið var við þokubakkann norður af landinu fyrr um morgunin. Hann taldi rétt að freista þess að komast í land þá um kvöldið og setti á fullt stím, um 17 mílna hraða, norður í átt til Kolbeinseyjar. Þetta var rúmlega 80 mílna vegalengd, sem svarar til um 5 tíma siglingar með þessum hraða. Þegar skipið tók að nálgast eyjuna varð ljóst að þokubakkinn lá töluvert fyrir norðan hana og var veður hið ákjósanlegasta til landgöngu, lágskýjað, stillt og tiltölulega kyrr sjór.

Stuttu fyrir kl. 19 hóf TF-GRÓ sig til flugs frá varðskipinu, sem átti þá stutt eftir að eyjunni, með leiðangursmenn innanborðs. Fyrst voru hnitaðir nokkrir hringir yfir eyjunni og hún mynduð úr

lofti, áður en þyrlan tillti sér niður, rétt svo að hægt var að stíga á land.

Þó lygnt væri og lítil sem engin alda, gaf yfir talsverðann hluta eyjunnar. Gerðar voru jarðfræðilegar athuganir og mælingar, sýni voru tekin, auk þess sem eyjan var mynduð hátt og lágt. Alls var dvalið í eyjunni í um þrjár stundir.

Varðskipið hélt kyrru fyrir við eyjuna yfir nóttina, en í bítið morguninn eftir var siglt á gúmmíbát umhverfis eyjuna og hún mynduð frá sjó. Að því loknu var siglt í átt til lands og komið að Straumnesi um hádegisbilið. Flogið var sjónflug suður og lent við flugskýli Landhelgisgæzlunnar á Reykjavíkurflugvelli um kl. 15 föstudaginn 16. ágúst.

KOLBEINSEY, STUTT LÝSING Á EYJUNNI

Eyjan mældist vera 39 m frá VNV til ASA og 39 m frá NNA til SSV. Þar sem eyjan er hæst að austanverðu er hún rúmir 5 m yfir meðalsjávarstöðu, en að vestanverðu um 3,5 m. Milli þessara tveggja höfða liggur geil með þéttu sprunguneti.

Efsti kletturinn er vaxinn grænum þörungum, en annars staðar eru brúnir þörungar eða slý.

Eyjan er mynduð úr nokkur þúsund ára gömlu basalthrauni, líklega í einu gosi, þar sem hver lænan hefur runnið yfir aðra. Lögin eru um 20 til 30 cm á þykkt. Það eru því ekki laus millilög í eyjunni, né heldur er hún gerð úr móbergi.

Gliðnunarsprungur liggja yfir eyjuna frá norðri til suðurs, nokkrar gráður austan við norður. Þær eru þéttastar um miðbik eyjunnar. Þvert á þær og nær láréttar liggja kleyfnisprungur við rennslisskil í hraunlögum.

Þar sem gefur yfir alla eyjuna í brimum voru ekki sjáanlegir neinir sérstakir roffletir við sjávarborð.

Stórir sléttir fletir á austurhluta eyjunnar benda til að þar hafi stór björg losnað. Brotfletir eru mjög kantaðir, sérstaklega við sjávarborð.

Sprungur sem sjór gengur inn í eru aðallega tvær. Sunnan megin á eyjunni er um hálfs metra breið og nokkurra metra löng sprunga. Hin er austan megin og er hún styttri, en breiðari. Þá gengur sjór upp á eyjuna eftir breiðri sprungu norðan á eyjunni.

Þó telja megi líklegt að sjórinn brjóti töluvert úr eyjunni á ísinn eflaust sinn þátt í niðurbrotinu. Ísinn klippti sundur þrjú sver járnrör í ratsjármerki, sem sett var upp á eyjunni árið 1964. Rörin voru fest við járnplötur, sem boltaðar voru niður í bergið, og steyptir klossar utan um. Einn klossinn stendur ennþá, þá sjást holur eftir boltana í annari undirstöðunni, en sú þriðja hefur sennilega verið á bjargi sem komið er í sjóinn.

SJÁVARFÖLL

Ef stuðst er við sjávarfallamælingar í Grímsey, mun munur flóðs og fjöru í Kolbeinsey vera um 30% af þeim mun í Reykjavík. Það svarar til um 1,2 m mismun á stórstraumi.

Í Grímsey kemur flóðbylgjan 3 klst og 34 mín seinna en í Reykjavík. Í Kolbeinsey er hún nokkru fyrr og samkvæmt korti Sjómælinga, um stundarfjórðungi fyrr en í Grímsey. Það gefur tímamuninn 3 klst og 20 mín á Kolbeinsey og Reykjavík.

Flóðhæð var því um 1,0 m kl. 19^{30} þann 15. ágúst, þegar hæð eyjarinnar var mæld, en um 0,5 m kl. 6^{20} morguninn 16. ágúst, þegar siglt var kringum eyjuna og hún ljósmynduð frá sjó.

DRÖG AÐ RANNSÓKNARÁÆTLUN

Hér að neðan eru sett fram drög að rannsóknaráætlun. Þar eru taldar upp þær athuganir sem gera þarf til að komast að hraða niðurbrots, ákvarða ytri krafta, kanna hugsanlega vörn eyjunnar, ásamt réttarstöðu landsins í þessu sambandi. Þá eru einnig tilgreindir þeir aðilar sem undirritaður telur að eðlilegast væri að leita til varðandi þessi mál:

Sögulegar heimildir	Sagnfræðingur
Úrvinnsla loftmynda	Landmælingar, Hnit
Dýptarmæling	Hafnamálastofnun
Jarðfræðiskýrsla	Orkustofnun
Ísflug	Landhelgisgæzlan
Hafís	Veðurstofan
Ölduálag	Hafnamálastofnun
Gagnasöfnun	Hafnamálastofnun
Lögfræðileg greinargerð	Lögfræðingur

Fái drög þessi hljómgrunn þarf að gera kostnaðaráætlun ásamt tímaáætlun um framkvæmd hennar. Undirritaður telur rétt að Hafnamálastofnun annist stjórn þessa verkefnis.

Reykjavík 31. ágúst 1985

Sigurður Sigurðarson

KOLBEINSEY 1:200



HNIT HF VERKFRÆÐISTOFA	VITA OG HAFNARMÁLASTOFNUNIN
Teiknað 1985 eftir loftmyndum frá 16 sept 1958	Verknumer 3-13
Endurskoðað 19 eftir loftmyndum frá	Verknumer:
Miðlikvarði akvarðaður útfrá flughæð loftmynda	Hæðarlínubil 0,5 m
Norðurstefna fundin útfrá uppgefinni flugstefnu loftmynda	
	Myndir teknar af Landmæl Íslands

Skýringar

Sprungo

Klettabrun

Sjavarborð

Loftmyndir teknar kl 16.14

* Hæðarstefnu

Hæðartölur miðast við sjavarborð

KOLBEINSEY 1:20U



Hæðarlínur miðast við sjávarstöðu loftmynda

Skýringar

Sprunga
Klettabrún
Sjávarborð

Loftmyndir teknar kl 13 45
* Steinn til hæðarflutnings yfir á loftmyndir frá 1958

HNIT HF VERKFRÆÐISTOFA	VITA OG HAFNARMÁLASTOFNUNIN	
Teiknað 1985 eftir loftmyndum frá 2. sept. 1985		Verknúmer 3-13
Endurskoðað 19 eftir loftmyndum frá		Verknúmer
Mælikvarði ákvarðaður útfrá flughæð loftmynda		Hæðarlínubil 05 m
Norðurstefna fundin útfrá uppgefinni flugstefnu loftmynda		
	Myndir teknar af Landmæl. Íslands	

KOLBEINSEY 1:1000

Fylgiskjal III.

KOLBEINSEY

Heimildakönnun og jarðfræðilýsing

Kristján Sæmundsson

1 ALMENN LÝSING

Kolbeinsey var mæld á flóði um kl 21:00 þann 15. ágúst 1985 og reyndist vera 39 m frá VNV til ASA og 39 m frá NNA til SSV. Á útfalli fjarar af klöppum vestast og nyrst á eynni, þannig að stærðin verður um 40 m frá VNV til ASA og um 42 m frá NNA til SSV. Eyjan er hæst að austan, um 5 m, miðað við meðalsjávarstöðu. Sprungugeil liggur í gegnum hana frá NNA til SSV og skiptir henni í tvo höfða. Sá eystri er minni, en hærri og þverbrattur öllum megin sem snýr að sjó. Vesturhöfðinn er hæstur um 3,5 m sunnan til. Hann er afhallandi til vesturs í sjó fram. Hæst er niður af honum að sunnan, um og innan við mannhæð. Flúðir eru fast upp við eyna suðaustan og suðvestan megin og koma uppúr á útfalli.

Austurhöfðinn er úr tiltölulega heillegu bergi sem klofnar í stórar blokkir en í vesturhöfðanum er bergið gropnara og yfirborðið smástöllótt. Eindreginn vestlægur halli er í straumlögóttu bergi vesturhöfðans og gengur gropna bergið í honum upp á austurhöfðann. Ekkert lausagrjót er í eynni. Hún er alþakin brúnþörungum neðan flóðmarka og sumsstaðar hrúðurkörlum, en þar ofan við er hún ber eða vaxin gisinni hulu af grænu slýi. Skellur og taumar af skegludriti eru um allt en skolast augsýnilega af þegar gefur yfir eyna í brimum. Ekki sáust aðrir fuglar í og við eyna en fýll, rita, hópur af steindeplum og svartbakur (ungfugl).

2 HEIMILDIR UM KOLBEINSEY

Kolbeinseyjar er fyrst getið í Hauksbók Landnámu, sem rituð var rétt eftir 1300. Klausan hefur líklega verið tekin upp úr s.k. Styrmisbók, tæpum 100 árum eldri (sjá Íslensk fornrit 1.b.). Aftur er getið um eyna í Svarfdæla sögu sem talin er rituð á síðari hluta 14. aldar (Íslensk fornrit 9.b.). Þar er eyjan sögð klettur í útnorður undan Grímsey. Guðbrandur Þorlákssson, Hólabiskup á að hafa gert menn út í leiðangur til Kolbeinseyjar kringum 1616 (eða 1580). Eina heimild um hann er bragur sem ortur var 50 árum síðar (Blanda 1.h.). Þar er að finna fyrstu tölur um stærð eyjarinnar, 400 x 60 faðmar. Arngrímur lærði getur um Kolbeinsey í riti sínu Specimen Islandiae (útgefið 1643, en ritun lokið 1636). Segir hann eyna vera klett fremur en eyju og ekki bara klettótta heldur einn klett og þar vaxi engin grös (scopuli verius quam insulae .. non saxosa modo, sed saxea dicenda et gramine destituta). Bæði Eggert Ólafsson (Reise igiennem Island, 1772 2.b. bls. 626) og Olavius (Oeconomisk Reise, 1780 2.h. bls. 323) geta

um Kolbeinsey og þangað hafi verið sótt í fugl og sel, en það var löngu liðin tíð þegar þeir ferðuðust. Spurnir hafði Olavius af því að Hollendingar nýttu sér gæði eyjarinnar.

Í strandlýsingu P. de Löwenörns (1821, 3.b.) er að finna elstu teikningu af eynni, en óvíst hvaðan hún er ættuð því að sjálfur kom Löwenörn þangað ekki. Á teikningunni líkist eyjan mjög því sem hún er enn í dag, þverbrött að austan, afhallandi til vesturs og tveir höfðar (md 8). Eftir miðja 19. öld virðast menn aftur hafa farið að sækja í Kolbeinsey til fanga (sbr. Jochum Eggertsson, Eimreiðin 1933). Jochum hefur eftir gömlum Grímseyingi, fæddum um 1860, "að eyjan sé stöðugt að molna og eyðast svo sjá megi mun á, næstum árlega".

Leiðsögubækur fyrir sæfarendur við Ísland komu út í mörgum útgáfum á dönsku, þýsku og ensku a.m.k. frá árinu 1896 og á íslensku frá 1932. Þar eru upplýsingar um stærð eyjarinnar og teikningar af henni. Þrennskonar tölur um stærð eyjarinnar eru uppgefnar í leiðsögubókum þessum. Ensk útgáfa frá 1896 og fyrsta danska útgáfan frá 1898, svo og fyrri þýska útgáfan frá 1899 segja allan eyjaklasann vera 550 m á lengd. Er sú tala líklega byggð á athugunum franskra sjóliða 1860 (Jenkins 1896).

Lýsing franska skipherrans skv. dagbók l'Artemise leiðangursins 1860 er stutt að því er viðkemur stærð eyjarinnar: "Ce rocher n'a que 10 métres dans sa plus grande hauteur, et il s'étend á trois encablures (= 3 x 220 yards) sur une hauteur de 1 m á 1 m 1/2." Vart getur skipstjóri hafa séð ofsjónum yfir stærð eyjarinnar því að hann var heppinn með veður: "J'ai été trés heureux pour mon expedition a la recherche de Mevenklint, que j'atteignais le 24 Juillet par le seul jour de soleil que j'ai eu du 1.er Juillet au 20 Aout - J'ai eu de bonnes sondes et des observations ...".

E.t.v. hefur eitthvað verið skráð fyllra í franskar leiðsögubækur fyrir siglingar um norðurhöf, því að enska leiðsögubókin frá 1896 (Jenkins) sem byggir á athugunum þessa leiðangurs er ekki samhljóða: "The group is about 3 cables in extent. On a nearer approach three peaks will be observed of which the principal one is 30 feet high and the others 10 and 5 feet above the sea respectively. The rocks which are many, are all united by sunken dangers and there is no safe passage between them."

Í öllum síðari útgáfum dönsku leiðsögubókarinnar fyrir sæfarendur við Ísland 1903-1927 er eyjan sögð 300 m löng og 30-60 m á breidd. Þýsku útgáfurnar eru samhljóða (315 m x 31-62 m, sem byggist á nákvæmari útreikningi á metrafjölda í 500 álnum x 50-100 álnum). Stærðin á óefað við Kolbeinsey sjálfa, því að sker og boðar sem ná 600-700 m VNV

frá henni eru líka nefndir. Fyrsta íslenska útgáfa leiðsögubókarinnar (1932) er samhljóða. Eftir þessu virðast hafa verið gerðar mælingar á Kolbeinsey milli 1898 og 1903. Varðskipið Ægir fór sumarið 1933 út að Kolbeinsey til mælinga. Farið var upp í eyna og hún mæld. Eftir þá ferð var stærð eyjarinnar gefin upp 70 m x 30-60 m, hæðin 8 m og 450 m í "boðann". Kort var gert af eynni en ekki birt í leiðsögubókum. Það er geymt í skjölum Sjómælinga Íslands (md 9).

Merkilegur leiðangur var farinn út í Kolbeinsey ári áður en mælingarnar voru gerðar frá Ægi. Förin var gerð frá Húsavík 5.-8. júní 1932. Tilgangurinn var að taka egg og fugl ef til næðist. Margar ljósmyndir voru teknar af eynni og hún mæld og athuguð nákvæmlega. Frá þessari ferð greinir í Eimreiðinni (Jochum Eggertsson 1933 og 1934, Sigfús Kristjánsson o.fl. 1934). Á myndunum má kenna höfðana tvo og er sá vestari aðeins lítið lægri en sá eystri. Stærð eyjarinnar mældist 52,5 m x 46 m og hæðin 8,5 m. Ekki komu Kolbeinseyjarfarar færandi hendi úr þessari ferð, urðu ekki einu sinni fiskvarir.

Næsta landganga í Kolbeinsey var 1958 í vorleiðangri Hafrannsóknarstofnunar. Eyjan var ekki mæld í það sinn, en talið var, að hún stæði ekki þau mál sem upp eru gefin í Leiðsögubókinni 1950. Ljósmyndir voru teknar af eynni í þessari ferð (Fálkinn 1960, 25. tbl.) Sama sumar var eyjan ljósmynduð úr lofti. Næst var eyjan skoðuð og mæld, teknar ljósmyndir og bergsýni þ. 3. júlí 1962 frá varðskipinu Albert. Eyjan var þá talin 52 m N-S og 35,5 m A-V og hæðin 7,5 m. Sýni komust í hendur jarðfræðinga, og grein var skrifuð um bergfræði hennar (Haraldur Sigurðsson og G.M. Brown 1970).

Eyjan var mæld aftur frá varðskipi þ. 14. júlí 1971. Lengdin var þá 41 m (N-S), breiddin 39 m (A-V) og hæðin 6-8 m (bréf frá skipherra Ægis til Landhelgisgæslunnar). Enn var gerð mæling á eynni 25.5.1978 er varðskipsmenn af Ægi gengu þar á land. Þá mældist eyjan 37,7 m breið (N-S), 42,8 m löng (A-V) og 5,4 m á hæð. Loks mældi Sigurður Árnason skipherra á Tý eyna þann 30. júní 1986. Þá mældist hún 32 m N-S og 42 m A-V að meðtöldu skeri vestan við eyna.

Kolbeinsey hefur lengi borið tvö nöfn. Íslenska heitið er frá 13. öld eða enn eldra og gæti bent til að hún hafi verið dökk og sæbrött, þegar það var gefið. Eyjarnafnið ber hún vart með réttu lengur og jafnvel þegar á dögum Arngríms lærða var það rangnefni. Hitt nafnið Mevenklint var gefið af hollenskum sjómönnum sem stunduðu veiðar í norðurhöfum á 17. og 18. öld. Nafnið bendir til að þá hafi fuglabyggð sett svip á eyna og er það í samræmi við lýsingar af henni fram um 1900. Nafnendingarnar -ey og -klint kunna að benda til að Kolbeinsey hafi minnkað til muna milli þess sem nöfnin urðu til.

3 MYNDUN KOLBEINSEYJAR

Kolbeinsey er á virku eldstöðva- og sprungubelti syðst á Kolbeinseyjarhrygg. Eldgos hafa orðið á Kolbeinseyjarsvæðinu á sögulegum tíma (Sigurður Þórarinsson 1965). Árið 1372 skaut upp eyju, en staðurinn er óviss. Jarðhiti fannst 1974 3,6 sm 191° réttvísandi á hryggnum SSV frá Kolbeinsey. Sjávardýpi er þar 90 m grynnst, en yfir 200 m dýpi í kring. Hitasvæðið er nokkur hundruð m í þvermál (Jón Ólafsson, munnlegar upplýsingar).

Kolbeinsey stendur á sökkli, sem er nálægt 4 km í þvermál (md 1). 500 m norðvestur af eynni er boði og umlykur 10 m dýptarlína boðann og eyna. Sökkullinn undir Kolbeinsey er um 300 m hár að austan og vestan, en um 150 m að norðan og sunnan. Hann er svipaður að lögun og sum móbergsfjöllin í gosbeltum Íslands og efnismagn svipað og í þeim. Hér er átt við s.k. stapa, sem myndast ef gýs upp úr sjó eða jökli. Hliðstæður á þurru landi eru dyngjur. Rúmmál gosefna í stöpum og dyngjum er að jafnaði tífalt meira en í sprungugosum á sama svæði og bergið í þeim er ólivínbasalt. Efsti hluti stapanna er hallalítill hraunskjöldur myndaður á þurru, en neðri hlutinn er úr skálögóttu bólstrabergi og móbergsbreksíum, sem myndast af hraunrennsli út í sjó eða vatn. Kolbeinsey er úr hrauni og bergið í því er ólivínbasalt (Haraldur Sigurðsson og G.M. Brown 1970). Lögun og stærð sökkulsins og hins vegar hraungrýtið í eynni og boðum umhverfis hana gæti bent til að hvort tveggja sé myndað í einu gosi, sem náði að hlaðast upp úr sjó og mynda venjulegan stapa (md 2).

Ekki verður ráðið af dýptarkortum hvað djúpt er á skilin milli hraunsins í Kolbeinsey (með nálægum boðum og grunnbrotum) og skálögóttu bólstrabergs- og móbergsmyndunarinnar undir. Skilin þar á milli myndu marka sjávarborð á þeim tíma sem Kolbeinseyjarstapinn varð til (md 2). Sjávarborð gæti hafa hækkað eftir að stapinn myndaðist ef hann er frá ísöld (eldri en ca 10.000 ára). Einnig gæti sig hafsbotnsins hafa valdið því að skilin eru nú neðansjávar. Þessi skil eru veikleiki gagnvart sjávarrofi og myndi eyjan með grunnbrotum sennilega hafa þurrkast út niður að rofmörkum (nál. 40-50 m í lausum gosefnum á þessu svæði) hraðar en raun er á ef þau væru ofan þess dýpis.

4 BERGIÐ Í KOLBEINSEY.

4.1 Í opnum og handsýni

Bergið í Kolbeinsey er basalthraun svo til alveg ferskt og gráleitt en nokkuð oxað, þar sem mest er af blöðrum og slær þá á það brúnum blæ. Smáir plagíóklasdílar sjást með berum augum. Ryðrauð oxun sést sumsstaðar í blöðrurákum og kleyfnisprungum. Þéttast er bergið austan megin í eynni neðantil (ljósm. 12), en ofan til í henni að vestanverðu er bergið næstum því frauðkennt (ljósm. 24). Blöðrurnar (gasbólur) eru að langmestu leyti rúnnaðar að lögun eins og í dæmigerðum helluhraunum. Einkennandi eru blöðrurákir 1-20 cm breiðar. Þar sem þær eru reglulegastar gefa þær berginu rákótta áferð (ljósm. 28). Samband er ekki milli gasbólanna nema að litlu leyti í frauðkennda hlutanum. Blöðrurnar eru framkomnar við afgösun. Gasbólurnar leita upp á við. Þær síðustu verða innlyksa í efsta hluta lagsins. Við laminert rennsli hraunsins safnast þær í blöðrurákir. Sumsstaðar hafa gasbólurnar sameinast í rennslisskil og orðið af kleyfniflötur, samlægur blöðrurákunum (ljósm. 14). Út frá blöðrurákum og straumflögun má fá mynd af innra rennslismynstri, þ.e. fram kemur n.k. lagskipting í hraunlaginu, sem gefa má til kynna á korti með hallastefnu (md 10). Eiginleg beltaskipting er ekki fyrir hendi í Kolbeinsey. Lóðréttar blöðrurákir (pipe vesicles) sem einkenna neðrihluta hraunbelta sjást heldur ekki. Ætla verður því, að eyjan sé miðhluti og efri hluti af einu hraunlagi.

Á jarðfræðikorti af eynni (md 10) er berginu skipt í tvo meginflokka eftir groppu (vesicularity) og láréttri kleyfni. Í skiptingunni felst mat á styrkleika bergsins gagnvart þeim eyðingaröflum, sem vinna að niðurrifi eyjarinnar.

1. Heillegasta bergið er í neðri hluta eyjarinnar og nær vegna suðvestur hallans í rennslismynstrinu hátt upp í hana að norðaustanverðu. Þetta berg er í meðallagi blöðrótt, en blöðrurnar fremur smáar. Straumlögun er áberandi einkum ofantil. Þar klofnar bergið nokkuð eftir straumlöguninni en neðst miklu síður og er þar stórstöllótt. Draga má skil á milli þessara tveggja afbrigða (ljósm. 1, 2, 3, 5, 11, 12, 13, 16, 17).
2. Ótraust berg er í efsta hluta eyjarinnar og nær frá toppi hennar á austurhlutanum niður í sjó að vestanverðu (ljósm. 15, 16, 23, 24). Þetta berg er mjög blöðrótt og blöðrurnar fremur stórar. Straumlögun er ekki áberandi en misjafnlega blöðrótt lög skiptast á, svo að bergið fær rákótta áferð. Allra efst á vesturparti eyjarinnar er bergið næstum frauðkennt í blöðrubeltunum.

4.2 Í smásjá

Þunnsneiðar voru gerðar af flestum afbrigðum bergsins í Kolbeinsey. Sýnatökustaðir eru merktir á md 11. Bergfræðileg rannsókn hefur áður verið gerð á bergsýnum úr eynni af Haraldi Sigurðssyni og G.M. Brown (1970). Sýnin sem þeir fengu til rannsóknar voru blöðrótt (um 50% blöðrur) og brúnleit, líklega úr efri hluta eyjarinnar. Í smásjá er allmikill munur á bergi í hinum ýmsu afbrigðum. Munurinn liggur í kornastærð og textúr svo og í oxun.

Í berginu eru smáir dílar af ólivíni (stundum korróderað), plagióklasi og pýroxeni, oft í þyrpingum. Grunnmassinn er allt frá mjög smákristallaður til grófkristallaður og textúrinn intergranúlar til súbófitískur í smákristölluðu afbrigðunum, en ófitískur í þeim grófustu. Í sömu sneið er kristallastærð (og textúr) oft breytileg, mestur vöxtur kringum blöðrur. Innlyksur af járnoxíðum í snemmkristölluðu ólivíni og pýroxeni, sem Haraldur og G.M. Brown (1970) lýsa, sáust einungis í einni sneið (sýni 2b). Járnoxíð í grunnmassa eru síðkristölluð. Eini vottur ummyndunar er litur af járnoxíðum (hematít) á ólivíni og pýroxeni einkum á jöðrum og í kleyfnisprungum kristallanna, stundum einnig í blöðruveggjum (sýni 3). Hlutfall ólivíns í sneiðunum (yfir accessory level), síðkristallað magnetít og ófitískur textúr vísar berginu í flokk með ólivínþóleiíti.

5 SPRUNGUR

Sprungur í bergi eru veikleiki sem roföflin ná auðveldlega að vinna á og losa um. Í hraunum er jafnan mikið um sprungur og Kolbeinsey er þar ekki undantekning. Þær sprungur sem fyrir koma eru af þrennum toga: 1) Láréttar kleyfnisprungur, 2) samdráttarsprungur, 3) höggunarsprungur. Skal stuttlega fjallað um hvern sprunguhópinn fyrir sig.

1) Kleyfnisprungur eru samsíða straumlögun bergsins, hallalitlar eða láréttar. Þær eru framkomnar af því að gasbólur ná saman svo úr hafa orðið rennslisskil í hraunlaginu. Kleyfnisprungurnar eru allt frá nokkrir tugir cm á lengd upp í nokkrir metrar, en verður ekki fylgt sem kleyfnifleti samfellt í gegnum eyna. Kleyfnisprungurnar eru lokaðar nema á pörtum þar sem gasbólurnar hafa skilið eftir smá holrými. Við gnauð brimsins ést úr þeim og fram koma skorur, sem ná djúpt inn í bergið einkum í efri hluta eyjarinnar. Mörg dæmi sjást á myndunum (ljósm. 11, 14, 22, 23, 28). Tíðni láréttra kleyfnisprungna var mæld á fimm stöðum í eynni (sjá kort og snið md 3 og 11). Þær reyndust vera tíðastar um miðbik

klettanna á eynni austanverðri (ljósm. 12), þar sem straumlögun bergsins er mest. Þar eru kleyfnisprungurnar mjóar rifur í annars nokkuð þéttu bergi og virðast ekki veikja bergið eins mikið og hinar gisnari í efri, gropna hluta hraunlagsins. Þar eru kleyfnisprungurnar opnari og sumsstaðar í þeim holrými og bergið því veikara fyrir öldukastinu (ljósm. 17, 23, 28).

2) Samdráttarsprungur myndast þegar hraun storknar. Þær eru sama eðlis og stuðlasprungur og eru brattar eða lóðréttar. Þegar hraun kólnar vaxa þessar sprungur samtímis niður í lagið frá yfirborði, og upp í það frá undirlaginu (kólnunarfletir). Óreglulegt sprungumynstur kemur fram þar sem þær mætast. Það verður ofantil í hraunlagi sem storknar undir beru lofti. Í Kolbeinsey eru samdráttarsprungur fremur reglulegar í neðri, þétta hluta lagsins. Þannig er klettastapinn í austurhluta eyjarinnar hlutaður í stórar blokkir og 2-5 m á milli sprungna (ljósm. 10, 19). Innan um blokkirnar hrislast óreglulegar kólnunarsprungur (ljósm. 24). Í efri hlutanum eru samdráttarsprungurnar fremur óreglulegar (ljósm. 16, 25).

Hættulegustu sprungur af þessu tagi virðast vera þær sem hluta sundur klettinn í austurhluta eyjarinnar. Þær eru tiltölulega beinar og verulegt los virðist verða um þær. Hinar kræklóttari inni í blokkum og í efsta hluta hraunlagsins virðast vera fremur læstar og láta síður undan lamstri öldunnar.

3) Höggunarsprungur eru myndaðar við seinni brotahreyfingar. Nokkrar slíkar sprungur liggja í gegnum Kolbeinsey. Meginstefna þeirra er N15°A. Stærsta sprungan, raunar kerfi af sprungum, myndar geilar og grunna dokk í gegnum eyna og skiptir henni í tvo höfða. Þetta kemur fram á flestum teikningum og myndum af eynni (md 7-8). Sprungukerfið er 1,5-4 m á breidd. Það er mjóst sunnan megin og þar hefur rofist geil eftir sprungunni um 5 m inn í eyjuna (ljósm. 8, 27). Norðan megin hefur rofist um 2 m breið geil eftir sprungunni (ljósm. 9), þverbrött að austanverðu (ljósm. 16). Misgengishreyfing sést ekki á þessum sprungum en gliðnun er um þær, 1/2-1 cm. Fleiri sprungur með þessari sömu meginstefnu eru bæði á austur- og vesturhöfða eyjarinnar. Þær eru tilluktar að sjá, nema sú sem liggur í gegnum austurhöfðann. Í henni er smáglufa (< 1/2 cm) sunnantil. Höggunarsprungurnar eru næstum lóðréttar, sumsstaðar þó bratt hallandi til austurs.

Yfir norðurhluta eyjarinnar liggja sprungur með NV-SA stefnu sem líta út fyrir að vera höggunarsprungur, vegna þess hve langar og beinar þær eru. Þessar sprungur eru luktar er mynda stall, þegar brotnar frá þeim á eina hlið.

Höggunarsprungurnar eru einn helsti veikleikinn í eynni einkum sprungukerfið sem gengur yfir miðja eyna og austurhöfðann. Stefna þeirra er í samræmi við ríkjandi togspennu í gliðnunarbelti hryggjarins. Sprungurós (md 4) sýnir glöggt þær tvær aðalstefnur sem eru ríkjandi í sprungumynstri eyjarinnar N25°A og þversprungur næstum hornréttar þar á.

6 VEÐRUN OG ROF

Það gefur augaleið að klettasker í Norðuríshafi verður einkum fyrir mekanískri veðrun og rofi af völdum brims og rekíss. Sjálf veðrunin, þ.e. grotnun eða losun bergagna t.d. vegna hitabrigða (frost/þýða), saltkristöllunar í glufum eða lífrænna áhrifa er hverfandi lítil borið saman við mátt rofaflanna sem bæði losa um bergið og flytja bergbrot úr stað. Hafísinn skrapar eyna að utan og skríður líklega yfir hana, þegar mikil ferð er á honum. Hliðarþrýstingur af ísþökum á þverbratta stalla í eynni gæti flýtt fyrir að bergflekar og -blokkir losnuðu. Allgóðar upplýsingar eru um hafís við Kolbeinsey frá 1940 (Skýrslur frá Veðurstofu Íslands). Á hafísárunum 1964-1972 var hafís við eyna allt upp í 5 mánuði á ári (md 5). Á þeim tíma hefur lágur klettastapi horfið af eynni norðvestast og hún hefur lækkað nokkuð að vestanverðu. Stöpull undir siglingamerki sem sett var sunnantil á austurhöfðann og boltað niður í berg eyjarinnar 1964 hefur staðist, en glufa er komin milli steypusökkulsins og bergsins. Sé litið lengra aftur í fortíðina er vert að hafa í huga þegar elstu tölur um stærð eyjarinnar eru skoðaðar (sjá töflu) að næstum samfelld kulda- og hafísaár voru hér við land frá því uppúr miðri 17. öld fram yfir 1920. Sé hafísinn mikilvirkari en brimið, sem raunar er alls ekki víst, gæti hann hafa valdið hröðu niðurbroti eyjarinnar á undangengnum öldum.

Brimið vinnur öðruvísi en hafísinn og þess gætir ekki á þeim tímum sem eyjan er kringd af ís. Þegar öldur skella á berginu þrýstist sjór inn í sprungur og glufur og þjappar lofti á undan sér. Í útsogi rennur sjórinn til baka og loft dregst inn í sprungur. Þessi stanslausa áraun brýtur niður þunna skilveggi í blöðrurákum, og fleygar sprungur í sundur, þannig að hver veila verður skörp. Á þennan hátt losnar smám saman um bergflísar og jafnvel heilar blokkir, sem afmarkast af sprungum, og á endanum hverfa þær í djúpið. Líklega eru lárétt skil (kleyfnisprungur eða hraunlagaskil) á fárra metra dýpi undir eynni. Þau myndu skapa veikleika sem veldur því að smám saman grefst undan eynni og blokkir í sjávarmáli losna frá og hverfa eins og sjá má af samanburði á myndum t.d. frá 1962 (Haraldur Sigurðsson og G.M. Brown 1970) og 1985.

Með tilliti til niðurbrots og eyðingarhraða má skipta eyjunni í þrennt, austur- og vesturhöfðann og sprungukerfið sem er á milli þeirra. Í athugun á þessu atriði var stuðst við loftmyndir af eynni, sem teknar voru 1958 og 1985.

1) Í sprungukerfinu sem liggur yfir miðja eyna frá SSV til NNA hefur grafist djúp skora um 4-5 m inn í hana sunnan megin frá. Norðan megin í því hafa plokkast burtu bergflísar og vikið inn með austurhöfðanum hefur stækkað. Þar sem sprungukerfið liggur yfir miðja eyna má þekkja sömu klappirnar á báðum myndunum.
2) Af austurhöfðanum norðan og sunnan megin hafa brotnað blokkir sem náðu um það bil 1-1,5 m upp úr sjó. Leifar sjást af syðri blokkinni á útfalli, en mikið hefur sneiðst utan af henni og horfið með öllu. Nyrðri blokkin sést á ljósmynd sem tekin var 1962 (sjá Harald Sigurðsson og G.M. Brown 1970), en er nú alveg horfin. Geilarnar sem ganga inn í austurhöfðann austan megin hafa dýpkað, einkum sú í miðið, og vænar bergflísar á milli þeirra hafa rofist burtu. Smávegis hefur eyðst ofan af háhöfðanum, þó minna en 1/2 m, og rauf frá djúpu geilinni er um það bil að skipta honum í tvær nibbur. Enda þótt austurhöfðinn sé traustasti hluti eyjarinnar hvað bergið varðar, eru hinar beinu og reglulegu sprungur mikill veikleiki, sem brimsúgurinn nær að losa um. Þannig verða, stór stykki, jafnvel heilu blokkirnar frálausar og hverfa.
3) Vesturhöfðinn hefur rofist mest, á þeim 27 árum sem liðu milli þess sem loftmyndirnar voru teknar. Meginbreytingin hefur orðið að norðvestanverðu þar sem allstór þríhyrningslaga tangi, rúmlega 1,5 m á hæð og 12 m á lengd hefur þurrkast út með öllu ásamt stórri flös rétt norðaustanvið. Væn sneið hefur einnig brotnað úr vesturhöfðanum alveg syðst. Nokkuð hefur rofist ofan af vesturhöfðanum og nemur það mest um 1-1,5 m þar sem hann var hæstur miðsvæðis. Það sem mestu veldur um, hversu hratt vesturhöfðinn hefur rofist eru tiltölulega auðgræfir láréttir eða lítið hallandi skilfletir og blöðurákir sem ná langt inn í bergið og valda því að það flettist upp í lögum.

Tafla 1 Stærð Kolbeinseyjar

Ár	Lengd N-S (m)	Breidd A-V (m)	Hæð (m)
1986	32*	42	fjara
1985	39(-40)	39(39)	5 (flóð)
1978	43	38	5,4
1971	41	39	6-8
1962	52	36	7,5
1958	50-60	46	7 (fjara)
1933	70	30-60	8
1932	52,5	46	8,5
1903	300	30-60	10-11
1860	500-600 (allur eyjaklasinn)		10
1616	700	100	

* Líklega mælt frá vesturhöfðanum yfir á austurhöfðann.

Tafla 1 sýnir allar tölur sem fundist hafa um stærð Kolbeinseyjar á ýmsum tímum. Breidd eyjarinnar mun í öllum tilfellum hafa verið mæld frá vestri til austurs (eða VNV-ASA). Lengd eyjarinnar hefur líklega verið mæld ýmist eftir vesturhöfðanum eða frá norðurenda hans yfir á suðurendann á austurhöfðanum. Tvö gildi, sem upp eru gefin um lengd eyjarinnar 1958 eru ákvörðuð þannig eftir loftmynd. Tölur frá 1903 og yngri eru settar upp í línurit (md 6) sem sýnir eyðingarhraðann. Þrátt fyrir smáósamræmi og líklega ónákvæmni í mælingum gefa þær nokkuð sennilega mynd af hraða rofsins, og má ætla út frá línuritunum að eyjan verði að mestu horfin um miðja næstu öld ef náttúran fær að vinna sitt verk án íhlutunar mannsins. Þess ber þó að gæta, að rofið hefur á þessu tímabili aðallega unnið á þeim hluta eyjarinnar sem er úr gropna afbrigðinu (vesturhöfðinn, og hæsti hluti austurhöfðans). Þetta sést vel við samanburð á ljósmyndum og teikningum (md 7-8).

7 AÐGERÐIR TIL STYRKTAR

Aðgerðir til styrktar miðast við að draga úr áhrifum brimsins og hafíssins. Varðandi brimrofið þarf að hafa eftirfarandi í huga. Bergið sem er ofansjávar í Kolbeinsey er miðhlutinn og efrihlutinn af einu hraunlagi. Á fárra metra dýpi má búast við að séu hraunlaga-skil. Hugsanlegt er að þeim halli um 5° til SV. Brimrofið vinnur einkum á láréttum og bratthallandi sprungum í bergi eyjarinnar, en

hraunlagaskil rétt undir yfirborði sjávar væru hættulegur veikleiki. Aðgerðir til styrktar gegn brimrofi gætu falist í því að bolta bergblokkirnar í eyjunni saman bæði með skáboltum yfir bratt hallandi sprungur og lóðréttum boltum niður fyrir fyrstu hraunlagaskil. Jafnframt þyrfti að sprauta sementi út í sprungur og hraunlagaskil. Áður þyrfti að eyða þörungagróðri af hraunlagaskilum og sprunguflötum með sýruþvotti. Ein sér dygði þessi aðgerð þó sennilega skammt. Til frekari styrktar gegn brimróti og ísskriði virðist helst koma til greina að sprauta þykkum steypuhjúp yfir eyna og leggja í steypuna mottur af steypustyrktarjárni, eða einhverju sterku gerviefni. Með þessu yrði fyllt upp í allar sprungur og geilar og eyjan gerð ávöl, nema þar sem hún er þverbrött og aðdýpi er mest. Fyrir þessa aðgerð þyrfti einnig að sýruþvo yfirborðið.

HEIMILDIR:

Landnáma, Íslensk Fornrit 1, bls. 35.
Svarfdæla saga, Íslensk Fornrit 9, bls. 170.
Arngrímur Jónsson: Specimen Islandiae, útg. Jakob Benediktsson með skýringum bls. 331, 1952 og 468, 1957.
Kolbeinseyjarvísur: Blanda 1 bls. 149 og áfram, 1920.
Eggert Ólafsson: Ferðabók 2.bd. bls. 626, Soröe 1772.
Ol. Olavius: Ferðabók 2.bd. bls. 323-324, Khöfn 1780.
P. de Löwenörn: Beskrivelse over den islandske Kyst 3h. bls. 18-19, 1821.
Árbækur Espólíns, 5 deild, bls. 35, 1825 (Ljóspr. 1946).
Úr bréfi Ísfirðings: Ingólfur 15. h. bls. 71-72, 1853.
Skjalasafn franska ríkisins: Ferð frönsku "corvettunnar" l'Artemise til Kolbeinseyjar í júlí 1860. Ljósrit í eigu Hafnarmálastofnunar Ríkisins.
H.D. Jenkins: Sailing directions for the fiords, ports and anchorages of Iceland, bls. 54, 1896.
Den islandske Lods, 1. útg. bls. 77-78, 1898.
Segelhandbuch für die Insel Island, 1. útg. 1899.
Den islandske Lods, 2. útg. bls. 93, 1903.
Segelhandbuch für d. Insel Island, 2. útg. 1908.
Den islandske Lods, 3. útg. bls. 127-128, 1911.
Erkes: Die Kolbeinsey, Materialsammlung für Forschungsreisende. Mitt. d. Islandfreunde 3. Jahrg. bls 65-70, 1916.
Jochum M. Eggertsson: Kolbeinsey, Eimreiðin 39. árg. bls 293-308, 1933.

Sigfús Kristjánsson: Athugasemd, Eimreiðin 40. árg. bls. 98, 1934.
Jochum M. Eggertsson: Athugasemd, Eimreiðin 40. árg. bls. 228, 1934.
Leiðsögubók (um siglingar við Ísland). Leiðréttingar og viðbætur, bls. 7-8, 1933.
JKM: Kolbeinsey, Fálkinn 25. tbl., 10-11, 1960.
Haraldur Sigurðsson og G.M. Brown. An unusual enstatite-forsterite basalt from Kolbeinsey island north of Iceland. J. Petrology Vol.11 bls. 205-220, 1970.
Landhelgisgæslan: Bréf frá skipherranum á Ægi dags. 25. júlí 1971.
Landhelgisgæslan: Símskeyti frá Ægi 25.5.1978.
Hafís við strendur Íslands. Skýrslur yfir tímabilin okt. 1968 - sept. 1971 og okt. 1974 - sept. 1985. Veðurstofa Íslands 1971-1986.



1. mynd

1. Dýptarkort af umhverfi Kolbeinseyjar. Til samanburðar er sýnt hæðarlínukort af Sellandafjalli í Mývatnssveit í sama mælikvarða.



2. Uppbygging móbergsstapa. Hraunskjöldur ofan á skálögóttu bólstrabergi og móbergi.



3. Láréttar kleyfnisprungur. Snið 1-3 voru mæld í austurhöfðanum. Snið 4-5 í vesturhöfðanum. Lega sniðanna er sýnd á korti md. 10.



4. Sprungurós sem sýnir, hvernig höggunarsprungur stefna og hvaða stefnur eru algengastar.



5. Stöplarit sem sýnir hafís við Kolbeinsey. Miðað er við, að is hafi verið við eyna einhvern tíma í mánuðinum, en ekki samfellt allan mánuðinn. Byggt á skýrslum frá Veðurstofu Íslands, yfirfarið af Eiríki Sigurðssyni veðurfræðingi á Veðurstofunni.



6. Eyðing Kolbeinseyjar. Mælingar á hæð, lengd og breidd Kolbeinseyjar á ýmsum tímum. Ef marka má meðalhraða rofsins verður eyjan horfin um miðja næstu öld.



7.-8. Útlitsteikningar af Kolbeinsey frá NA (md 7) og SA og SV (md 8). Eftir teikningu og ljósmyndum frá ýmsum tímum.


JHD-JK-9000-KS
86.09.0718-0D
N
Lövenörn
~1821
Húsvíkingar
1932
Leiðsögubók
1950
Sig. Árnason
1980
KS
1985

8. mynd



9. mynd

9. Kort og snið af Kolbeinsey gert í leiðangri Ægis 1933.



10. Jarðfræðikort af Kolbeinsey. Sýnd eru smásker vestan og austan við eyna og spildan norðan við hana sem eyðst hefur milli 1958 og 1985. Grunnkortið gerði Verkfræðistofan Hnit eftir loftljósmyndum teknum af Landmælingum Íslands 1985.



11. Sýnatökustaðir og lega sniða, sem sýnd eru á 3. md.

Fylgiskjal IV.



Ljósmynd af Kolbeinsey.
(Tekin úr flugvél Landhelgisgæslunnar 4. júní 1991.)

Fylgiskjal V.




3 sjómílur, 25 þúsund km² 1901
4 " 43 " " 1952
12 " 75 " " 1958/61
50 " 216 " " 1972
200 " 758 " " 1975

166. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um að enska verði kennd sem fyrsta erlenda tungumálið í grunnskóla.

Flm.: Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að breyta aðalnámsskrá þannig að enska verði kennd sem fyrsta erlenda tungumálið í grunnskóla.

Greinargerð.

Um langan aldur hefur danska verið fyrsta erlenda tungumálið sem börn og unglingar hafa lært í skólum. Hvílir þessi hefð m.a. á sögulegum grunni. Í 42. gr. laga um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum, er fjallað um efni aðalnámsskrár og í h-lið greinarinnar segir að sett skuli ákvæði í aðalnámsskrá um „kennslu í erlendum tungumálum, og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir".

Í ljósi þess að enska nýtur sífellt meiri viðurkenningar sem aðaltungumálið á alþjóðlegum vettvangi telur flutningsmaður rétt að leggja meiri rækt við enskukennslu í skólum þannig að enska verði fyrsta erlenda tungumálið sem kennt er börnum á grunnskólastigi. Skilar það nám sér almennt mun betur sem veganesti fyrir framtíðina en svo rík áhersla á nám í Norðurlandatungumálum. Því er lagt til að Alþingi ályktí um að fela menntamálaráðherra að breyta aðalnámsskrá í þessa veru.

167. Tillaga til þingsályktunar [155. mál]

um athugun á vistfræðilegri þróun landbúnaðar á Íslandi.

Flm.: Jón Helgason, Egill Jónsson, Steingrímur J. Sigfússon, Rannveig Guðmundsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á að hve miklu leyti íslenskur landbúnaður uppfyllir þær kröfur sem gera verður til hans með tilliti til sjálfbærrar þróunar þannig að hann spilli ekki náttúrlegum auðlindum heldur auki á verðmæti þeirra.

Stuðst verði við niðurstöðu þessarar úttektar við undirbúning íslenskra stjórnvalda að ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Brasilíu á næsta ári.

Greinargerð.

Hinn 16.–18. október sl. hélt Alþjóðasamband búvöruframleiðenda ráðstefnu hér á landi um umhverfismál og sjálfbæra þróun. Á ráðstefnuna mættu fulltrúar frá 31 landi hvaðanæva úr heiminum og gerðu grein fyrir stöðu þessara mála í sínu landi. Af hálfu Íslendinga fluttu m.a. erindi Halldór Blöndal landbúnaðarráðherra og Eiður Guðnason umhverfisráðherra. Auk þess fluttu sérstök erindi Piet Bukman, landbúnaðar- og umhverfisráðherra Hollands, og Nitin Desai, aðstoðarframkvæmdastjóri UNCED, umhverfisráðstefnunnar í Brasilíu á næsta ári.

Til þessarar ráðstefnu var boðað með sérstöku tilliti til þess að samræma viðhorf landbúnaðarins við undirbúning hinnar mikilvægu ráðstefnu í Brasilíu sem menn vona að marki þáttaskil í þessu lífsspursmáli mannkynsins.

Það var einróma niðurstaða Alþjóðabændasamtakanna að eina leiðin til að ná viðunandi lausn væri náin samvinna allra sem þar eiga hlut að máli eins og fram kemur í ályktun ráðstefnunnar sem birt er í meðfylgjandi fylgiskjali. Þar sem bændur eiga eða hafa forræði fyrir miklum hluta af landi jarðar er samstarf við þá lykilatriði farsællar þróunar þessara mála. Þetta kom fram í niðurstöðu skýrslu Brundtland-nefndarinnar árið 1987 og hefur vafalaust átt þátt í þeirri viðhorfsbreytingu sem orðið hefur á þessu sviði síðustu árin.

Þó að landbúnaður sé í eðli sínu sá atvinnuvegur sem hvað best vinnur með lífríki jarðar og vinni, ef allt er með felldu, með náttúrunni en ekki á móti og eigi ekki að spilla náttúrlegum auðlindum heldur að bæta þær fer allt of víða þannig að maðurinn gengur lengra í náttúruspjöllum en góðu hófi gegnir. Það er ekki sjálfbær þróun. Til glöggvunar skulu hér rakin helstu umhverfisvandamál sem tengd eru landbúnaði í heiminum nú á tímum.

1. Mengun umhverfis.
   Eftir eðli mengunar er nauðsynlegt að gera greinarmun á:
   a. Mengun vegna ofauðgunar jarðvatns, vatns í ám og vötnum og sjávar af næringarefnum plantna. Ef plöntunæringarefni verða í ofgnótt í vatni leiðir aukinn gróður smærri plantna til þess að súrefni verður of lítið og lífsskilyrði fiska og annarra dýra spillast. Hér getur jafnt verið um að ræða áhrif frá mikilli notkun tilbúins áburðar eða búfjáráburðar eða frá lífrænum úrgangi frá búskap eða fólki.
   b. Mengun jarðvegs (jarðvatns), vatns í ám og vötnum og sjávar vegna notkunar eiturefna í landbúnaði eða svonefndra plágueyða, illgresis- eða skordýralyfja.
2. Notkun lyfja við búfjárframleiðslu getur hugsanlega mengað afurðir og einnig umhverfið. Hér getur verið spurning um hollustu afurða.
3. Jarðvegseyðing.
   Stórkostleg jarðvegseyðing á sér mjög víða stað í heiminum og á hún sér mismunandi orsakir:
   a. Vatns- eða vindrof, rof á samfelldum akurlendum þar sem stunduð er einhliða kornrækt og landið er ósáið yfir veturinn.
   b. Vaxandi og tíðari flóð í ám og stórfljótum sem aftur eiga rætur að rekja til vaxandi eyðingar skóga, t.d. í fjallahlíðum.
   c. Vaxandi þurrkar sem leiða til eyðimerkurmyndunar, en þar sem gróður er veikur fyrir ganga eyðimerkur hraðar fram.
   d. Eyðing kjarrs og skóga og ofbeit búfjár.
   Talið er að jarðvegseyðingar gæti nú á ⅓ af öllu ræktuðu landi jarðarinnar.
4. Ofnotkun vatns.
   Í mörgum heimshlutum er aðgangur að vatni sem takmarkar ræktun og matvælaframleiðslu. Þurrir árfarvegir, lækkandi grunnvatnsstaða og minnkandi stöðuvötn bera vott um þá alvarlegu ógn sem matvælaframleiðslu heimsins stafar af minnkandi vatnsforða. Þessarar þróunar gætir t.d. í Sovétríkjunum, Kína, Mexíkó, á vissum svæðum í Bandaríkjunum og víðar.
5. Ofselta jarðvegs er sums staðar vandamál í ræktun þar sem uppgufun er meiri en úrkoma og söltin skolast ekki á brott.

Einhliða og mjög tæknivæddur stórbúskapur er stórum viðsjárverðari og honum er

hættara til að verða í ósátt við náttúruna en venjubundnum og alhliða fjölskyldubúskap. Í fjölskyldubúskap fer oftast saman tiltölulega fjölbreytt ræktun og búfjárhald, akurjörðin fær búfjáráburð og hún er einnig notuð undir grasrækt að hluta.

Dæmi um einhæfa jarðrækt, sem umhverfinu stafar hætta af, er einhliða kornrækt eða önnur akuryrkja án búfjárhalds sem getur boðið heim hættu á jarðvegseyðingu.

Dæmi um búfjárrækt, sem getur ógnað umhverfinu, eru hin risastóru verksmiðjubú, einkum með svín eða alifugla en einnig í nautgriparækt (kornfóðrun sláturgripa í fóðurkvíum). Frá þessum búskap stafar einkum hætta ef bú hafa ekki nægilegt land til að taka við búfjáráburðinum og öðru sem frá búum kemur. Fyrir þessar sakir hafa bændasamtök víða um lönd varað við þeirri þróun sem kynni að verða með sívaxandi kröfum um aukin afköst vinnuafls, búfjárins og landsins.

Í erindi á kynningarfundi landbúnaðarráðherra um stefnumið í gróðurvernd og landgræðslu sagði Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri m.a.:

„Oft kemur fram í umræðum um ástand gróðurs og jarðvegs þung gagnrýni á bændur samtíðarinnar sem orsakavalda ástandsins. Slíkt er oftast rangt og ómaklegt. Ástand gróðurlendis, sem hefur hrakað, jafnvel horfið, verður yfirleitt rakið til fyrri alda, þess tíma þegar þjóðin í heild lifði á og af landinu, gerði það oft með rányrkju sem okkur síðari tíma mönnum þýðir ekki um að sakast. Í dag nýta tiltölulega fáir af þeim sem landbúnað stunda viðkvæm gróðurlendi, þannig að gróðri hnigni eða að gróðurfarslegur bati nái ekki að eiga sér stað."

Þrátt fyrir það sem hér kemur fram og að augljóst er að mörg þau vandamál, sem nefnd eru hér að framan, eru ekki fyrir hendi í íslenskum landbúnaði er mikilvægt að skýrt liggi fyrir hver staða hans er að þessu leyti. Á það má benda að afurðir landbúnaðar, sem er laus við alla þessa annmarka, eru settar í hærri gæðaflokk og neytendur eru reiðubúnir að greiða allt að 25 af hundraði hærra verð fyrir þær.

Ef hæfustu menn, hver á sínu sviði, verða fengnir til þess að vinna saman að þessari úttekt ætti að verða næg þekking án þess að lagt sé í frekari rannsóknir svo að verkinu megi ljúka á skömmum tíma. Það yrði gagnlegt framlag af hálfu Íslands til umræðna á ráðstefnunni í Brasilíu.

Fylgiskjal.

Alþjóðasamband búvöruframleiðenda, IFAP:

Alþjóðaráðstefna um umhverfismál og sjálfbæra þróun, lykilhlutverk bænda.

(Reykjavík, 16.–18. október 1991.)

Yfirlýsing ráðstefnunnar.

1. Landbúnaður er atvinnustarfsemi sem liggur til grundvallar efnahag flestra jarðarbúa og er forsenda þróunar sjálfbærs þjóðfélags í öllum löndum. Fremur en nokkur önnur starfsgrein fer búskapur fram í náinni snertingu við náttúruna. Búskapur er í eðli sínu fólginn í því að gera náttúruna verðmætari þannig að endurnýjanlegar auðlindir eru virkjaðar með því að beisla sólarorku á arðbæran hátt.

2. Öldum saman hefur einyrkinn í raun verið vörður og umráðamaður mikils hluta náttúruauðlinda jarðar. Bændur um allan heim verða að vernda náttúrlegt umhverfi vegna þess að þeir eiga lífsafkomu sína undir því. Sérhver bóndi vill efla þær auðlindir sem hann skilar í hendur komandi kynslóða.

3. Sjálfbær landbúnaður er efnahagslega lífvænlegur landbúnaður sem getur annað eftirspurn eftir hollri gæðafæðu endurnýjanlegum hráefnum og um leið tryggt til frambúðar varðveislu og eflingu náttúruauðlinda, svo sem hreins lofts, fersks vatns og frjósams jarðvegs.

4. Efnahagslegur lífvænleiki felur í sér miklu meira en skammtímagróða; hér er um að ræða framtíðarstöðugleika atvinnuvegarins, sem og viðgang lífvænlegs skipulags í sveitum.

Sjónarmið bænda höfð í huga.

5. IFAP leggur mikla áherslu á að sjónarmið bænda séu höfð í huga þegar litið er á þróun landbúnaðar í sátt við náttúruna; litið sé á bændur sem lykilinn að lausninni, ekki hluta af vandamálinu.

6. Búskaparhættir, sem taka tillit til umhverfis, krefjast ekki aðeins nákvæmra og öruggra starfsaðferða heldur einnig hagstæðs hagræns og þjóðfélagslegs ramma. Stefnur, sem markaðar eru á hverju þessara sviða, verða að falla vel saman innbyrðis.

7. Bændur vilja að mörkuð verði framtíðarstefna varðandi landbúnað og umhverfismál þar sem tilgreind séu skýr markmið sem vinna ber að og að efni og tími gefist til nauðsynlegrar aðlögunar.

8. Landbúnaður hefur margt að bjóða samfélaginu. Framleiðendur búvara leitast við að hafa á boðstólum næg gæðamatvæli og endurnýjanleg hráefni. Þeir taka á sig ábyrgð á vernd náttúrlegs umhverfis og umsjón með náttúruauðlindum með langtímasjónarmið í huga. Þeir tryggja byggð sem og efnahags- og félagslegan þrótt í sveitum.

9. Á móti þarf að koma að þetta margþætta hlutverk landbúnaðarins sé viðurkennt og metið að verðleikum. Tryggja verður efnahagslegt umhverfi sem veitir jafnvægi og stuðning þar sem bændur geti fjárfest og náð sanngjarnri afkomu.

Búskapur og jafnvægi í vistkerfi.

10. Landbúnaður getur ekki komist af án framleiðsluþátta sem sífellt ednurnýjast. Náttúrlegt umhverfi er þar ómissandi undirstaða.

11. Varðveisla góðs landbúnaðarlands skiptir meginmáli. Mörg ár tekur að byggja upp frjósemi jarðvegs og þennan höfuðstól verður að varðveita. Jafnvel þar sem land hefur verið tekið úr notkun til þess að draga úr offramleiðslu verður að viðhalda ræktunarástandi þess.

12. Skoðanir eru mjög skiptar um ástand landbúnaðar og umhverfisins. Þar sem ræktun er stunduð með mikilli notkun aðfanga þarf átak til að breyta yfir í samþætt kerfi með meiri varúð í notkun tilbúinna efna, meiri fjölbreytni í ræktun nytjaplantna, aukinni áherslu á illgresiseyðingu án eiturefna og jafnvægi í notkun náttúrlegs og tilbúins áburðar.

13. Í iðnvæddum löndum hefur áþreifanlegur og merkilegur árangur náðst á undanförnum árum í því að draga úr notkun skordýraeiturs og illgresisvarnarefna og gera þessa notkun markvissari. Þessi árangur hefur náðst vegna þess að miklum tíma og fjármunum hefur verið varið til rannsókna á þessum sviðum, svo og með góðu samstarfi við framleiðendur efnanna.

14. Við ákveðnar aðstæður er ástæða til að snúa til búskaparhátta með minni aðfanganotkun til þess að verða við vaxandi kröfum um umhverfisvernd. Samt sem áður verður að hafa í huga afleiðingar slíkra aðgerða fyrir viðgang búsetu í dreifbýli þar sem aðstæður eru óhagstæðar.

15. Þörf er á að leiðrétta ýmislegt misvægi þar sem mikil aðföng eru notuð í tæknivæddum búskap, en ekki má fara út í öfgar. Ekki er um það að ræða að hverfa aftur til fortíðar og loka augunum fyrir því að um nk. aldamót mun verða í heiminum 900 milljónum fleira fólk sem fæða þarf. Hæfileg notkun tilbúinna efna er nauðsynleg í landbúnaði til þess að komast hjá verulegum samdrætti í framleiðslu og geymslutapi.

16. Eftir sem áður þarfnast bændur bestu framleiðslutækja sem völ er á, en sýna þarf almenningi fram á að þessum tækjum sé beitt af fullri skynsemi. Þess vegna er það lykilatriði að rannsóknir, menntun og upplýsingar um sjálfbæra búskaparhætti verði efldar og aðstoð sé veitt til aðlögunar þar sem nauðsyn krefur. Sérstaka áherslu þarf að leggja á rannsóknir á orkusparandi framleiðsluþáttum.

Landbúnaður og efnahags- og viðskiptalegt umhverfi.

17. Skýlaust verður að viðurkenna að aðeins sá landbúnaður, sem býr við lífvænleg efnahagsleg skilyrði, getur tileinkað sér þá framleiðsluhætti sem nauðsynlegir eru til að þróunin verði sjálfbær.

18. Erfiður efnahagur og vægðarlaus innbyrðis samkeppni skerða möguleika bænda til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til verndar umhverfinu. Fækkun fólks í sveitum dregur úr möguleikum á að halda við kjörlendi villtra dýrategunda og æskilegu landslagi og sveitahéruð leggjast í niðurníðslu og eyði.

19. Hvað viðkemur þeirri reglu að „mengunarvaldurinn borgi" er IFAP þeirrar skoðunar að hvetjandi aðgerðir til þess að aðlagast umhverfiskröfum með rannsóknum og leiðbeiningum verði skilvirkari ef bændur taka þátt í þeim sjálfviljugir en fyrir tilskipanir frá stjórnvöldum.

20. Fjórir fimmtu hlutar mannkyns búa í þróunarlöndum. Afkoma þess er háð landbúnaði. Fyrir þessa bændur er sjálfbær þróun forsenda þess að þeir komist af. Fátækt er ein grundvallarorsök umhverfisspjalla í þróunarlöndum. Þar sem landbúnaður er stærsti einstaki atvinnuvegurinn í þróunarlöndunum er ekki unnt að draga úr fátækt nema með framförum hans með sjálfbærum hætti.

21. Fyrir bændur í sumum þróunarlöndum er takmarkaður aðgangur að jarðnæði og öðrum náttúruauðlindum enn mikilvægt mál sem þarfnast alvarlegrar athugunar. Aðgangur að fjármagni, aðföngum og ráðgjöf er nauðsynlegur fyrir alla bændur til að auka framleiðni þeirra auðlinda sem þeir hafa til ráðstöfunar. Aðgangur að mörkuðum fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir frá þróunarlöndum verður einnig að koma inn í hverja þá áætlun sem gerð er fyrir heiminn allan um sjálfbæran landbúnað.

22. Hagvöxtur í þróunarlöndum mun stuðla að þróttmeiri landbúnaði í heiminum. Bætt kjör fyrir tilstilli hagvaxtar sem dreifist jafnt um þjóðfélagið skiptir höfuðmáli.

23. Nauðsynlegt er að stefna að beitingu skaðlausrar tækni og að auka menntun og þjálfun í notkun slíkrar tækni. Rannsóknir, leiðbeiningar og miðlun á tækni eru skilvirkar leiðir sem iðnvædd lönd geta beitt til aðstoðar þróunarlöndunum.

24. Búskapur í þróunarlöndum getur ekki orðið sjálfbær fyrr en bændur fá greitt nógu hátt verð fyrir afurðir þannig að það veiti þeim bæði fjárhagslegan grundvöll og hvatningu til að varðveita land sitt. Að fengnum réttum boðum frá markaðnum, öruggu haldi

á jörðum og þeim upplýsingum, sem þörf er á, munu jafnvel fátækustu bændur geta framleitt búvörur í sátt við náttúruna.

25. Þróunarlönd geta ekki reitt fram það viðbótarfjármagn sem nauðsynlegt er til aukinnar landbúnaðarframleiðslu á sjálfbærum grundvelli. Þess vegna bera iðnvædd lönd sérstaka ábyrgð í þessu tilliti.

Þróun sveitasamfélaga.

26. Markviss stefna stjórnvalda og aðhald í umhverfismálum eru hvort tveggja nauðsynleg til viðhalds og eflingar sterkum dreifbýlissamfélögum sem geta veitt bændum, fjölskyldum þeirra og öðrum íbúum sveita góð lífskjör.

27. Markaðsöflin taka ekki tillit til margra þeirra hlutverka sem landbúnaður gegnir fyrir þjóðfélagið. Umhverfisvernd er eitt dæmi, þjóðfélagslegt gildi þess að viðhalda jafnvægi milli þéttbýlis og dreifbýlis er annað. Eftir því sem þróunin í átt til þéttbýlismyndunar gengur lengra eiga bændur frekar á hættu að einangrast frá þéttbýlissamfélögum. Sveitasamfélög verða að leggja sig verulega fram í samskiptum við borgarbúa til að draga athygli þeirra að tilveru og stöðu landbúnaðar og þróunarmálum sveita. Upplýsingar til neytenda um gæði landbúnaðarafurða þarf að auka.

28. Bændur og fjölskyldur þeirra eru þeir sem fyrst verða fyrir barðinu á umhverfisskaða og þurfa að takast á við afleiðingar hans, nefna má t.d. mengun drykkjarvatns. Vegna þess að hátt hlutfall bænda í þróunarlöndum eru konur þarf að leggja sérstaka áherslu á hlut þeirra í að efla þróun sjálfbærra búskaparhátta.

29. Bændur eru ekki einungis matvælaframleiðendur heldur einnig gæslumenn náttúruauðlinda. Starf bóndans í þágu umhverfisins fæst ekki endurgoldið í verði þeirrar afurðar sem hann selur. Bændur þurfa einnig að hljóta umbun fyrir það hlutverk sem þeir gegna í eftirliti með landi. Í því felst varðveisla kjörlenda villtra dýra og dýrategunda í útrýmingarhættu, viðhald erfðavísa, útivistarsvæða, aðstöðu til tómstundaiðkana o.s.frv. Notkun hreinsaðrar skolpleðju frá þéttbýli til áburðar á akurlendi sýnir áþreifanlega hve borgir og sveitir eru innbyrðis háðar í endurnýtingu auðlinda. Hins vegar er slík endurnýting aðeins aðgengileg ef ekki er um að ræða neina mengun frá þungmálmum eða eiturefnum sem hverfa seint.

Lokaorð.

Þessi ráðstefna leggur þunga áherslu á eftirfarandi:

31. *Sjálfbær þróun byggist á sameiginlegri viðleitni.* Bændur geta ekki komið henni í framkvæmd einir. Þessi samábyrgð hvetur til umræðna milli hinna mörgu hagmunahópa þjóðfélagsins. Nú þegar eru slíkar umræður komnar af stað að frumkvæði bændasamtaka í allmörgum löndum.

32. Samvinna felur einnig í sér að aðrir þjóðfélagsaðilar standi eins vel að málum og bændur. Því er ekki nægur gaumur gefinn að landbúnaðurinn er oft sjálfur fórnarlamb afturfarar umhverfisins, svo sem súrs regns, iðnaðarmengunar og skaða af völdum þeirra sem ferðast um dreifbýlið.

33. IFAP viðurkennir að sérhver bóndi sem einstaklingur ber ábyrgð á áhrifum þeim sem búskapur hans hefur á umhverfið. Samt sem áður er það á ábyrgð fyrirtækja þeirra sem sjá landbúnaði fyrir aðföngum að vinna að því að þróa umhverfisvæna tækni. Stjórnvöld bera ábyrgð á því að reka ekki á eftir breytingum í tengslum við aðlögun að nýjum náttúruverndarkröfum á meiri hraða en tæknilegar nýjungar og fjárhagslegir möguleikar leyfa.

34. *Samvinna á báða bóga er nauðsynleg.* Sjálfbærum búskaparháttum er ekki með góðum árangri hægt að koma á með fyrirmælum að ofan. Þátttaka bænda, virkjun einstaklingsátaks milljóna búvöruframleiðenda um allan heim er úrslitaatriði. Samráð við bændur og þátttaka þeirra í gegnum þeirra eigin fulltrúasamtök skiptir meginmáli ef ná á fram sjálfbærri þróun landbúnaðar. Þetta þarfnast aftur hagstæðra aðstæðna fyrir sjálfstæða þróun bændasamtaka frá grasrótarsamtökum allt til landssamtaka.

35. *Lausnir verða að miðast við allan heiminn.* Umhverfisvandamál þekkja engin landamæri. Hungur, fátækt, skuldir þriðja heimsins, óstöðugleiki búvöruverðs, reglur um sanngjarna samkeppni, samræming löggjafar um fæðuöryggi og umhverfisvernd o.s.frv. Allt þetta hefur mikil og bein áhrif á umhverfið sem bændurnir starfa í. Þess vegna er þörf á að setja alþjóðlegar reglur um vernd umhverfisins, sérstaklega þar sem það hefur áhrif á heimsviðskiptin.

36. *Umhverfisvernd eflist með því að viðhalda arðsvon í landbúnaði.* Rannsókna, menntunar, ráðgjafar og upplýsinga er þörf til að hjálpa bændum að bæta framleiðslu sína og stjórntækni. Þetta verður að haldast í hendur við hagstefnu sem gerir búvöruframleiðendum kleift að reka bú sín með þeim hætti að það sé bæði vistfræðilega traust og efnahagslega lífvænlegt.

37. Sanngjarn umþóttunartími og raunhæf fjárhagsleg hvatning fyrir bændur eru mikilvægir þættir þegar aðlagast þarf nýjum lands- eða alþjóðareglum um umhverfisvernd.

38. Tengslin milli umhverfis- og viðskiptastefnu þarf að athuga vandlega til að tryggja að ekki felist þar mótsagnir við eflingu sjálfbærrar þróunar.

Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun.

39. IFAP styður það viðhorf UNCED að fólk skuli vera í fyrirrúmi. Það hvetur til þess að í undirbúningi að ráðstefnunni og í samningu *Sáttmálans um jörðina* komi fram full viðurkenning og áhersla á lykilhlutverki bænda í umsjá og varðveislu náttúruauðlinda. Þegar valin eru tiltekin markmið, starfsaðferðir og skuldbindingar sem fella skal saman við *verkefnaskrá 21* ættu fulltrúasamtök bænda að vera höfð með í ráðum og fullt tillit tekið til hagsmuna og málefna bænda.

40. Bændur eru sá hópur sem þetta mál varðar hvað mest og sem fulltrúi þeirra lýsir IFAP því yfir að þeir heils hugar séu fylgjandi því að leita eftir sjálfbærri landbúnaðarþróun, heilbrigðu náttúrlegu umhverfi og þróttmikilli framtíð fyrir dreifbýlissvæði. IFAP vill vinna að þjóðfélagi og landbúnaði þar sem iðnvædd lönd jafnt og þróunarlönd starfa í sátt við náttúruna með hjálp þekkingar á vistfræði, tækni, siðfræði og hagfræði.

FAO

41. IFAP styður Den Bosch yfirlýsingu FAO og viðbótarstarfsáætlun þá sem viðurkennir bændur sem gæslumenn náttúruauðlinda og viðurkennir að þátttaka bænda og samtaka þeirra sé nauðsynleg til að gera framkvæmdaáætlanir um sjálfbæran landbúnað og dreifbýlisþróun (SARD).

42. Íhuga skyldi að skipa fasta nefnd um sjálfbæra landbúnaðarþróun til að draga athygli að tengslunum milli efnahags- og umhverfisþátta og að samhæfa starfsemi hinna mismunandi stofnana sem vinna á þessu sviði.

168. Frumvarp til laga [156. mál]

um breytingu á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. laganna falli orðin „iðnaðarráðuneyti“ og „viðskiptaráðuneyti“ brott, en á eftir orðunum „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ komi: iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í upphafi síðasta kjörtímabils voru málefni utanríkisviðskipta flutt frá viðskiptaráðuneyti til utanríkisráðuneytis, en áður höfðu þau verið verulegur þáttur verkefna viðskiptaráðuneytis. Enn fremur hefur afgreiðsla einkaleyfa- og vörumerkjamála verið flutt úr iðnaðarráðuneyti til sérstakrar stofnunar, en þar er um að ræða allmikla afgreiðslustarfsemi. Afgreiðslum í báðum ráðuneytum hefur því fækkað að undanförnu og verksvið þeirra breyst. Í ráðuneytunum eru nú tæplega 25 stöðugildi samtals.

Á síðasta kjörtímabili var samið frumvarp til nýrra stjórnarráðslaga og var um það fjallað af sérstakri milliþinganefnd í nokkrum útgáfum. Þar var gert ráð fyrir sameiningu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytanna og var um þann þáttinn góð samstaða.

Þegar fyrrverandi ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytis fékk lausn og fór á eftirlaun haustið 1990 var stjórn ráðuneytanna sameinuð á þann hátt að ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytis var samhliða starfi sínu settur ráðuneytisstjóri í iðnaðarráðuneyti, enda þótti ekki rétt að skipa nýjan ráðuneytisstjóra í iðnaðarráðuneyti með æviráðningu við þær aðstæður.

Síðan hefur verið unnið að skipulagi sameinaðs ráðuneytis og þykir það starf hafa staðfest augljóst hagræði af sameiningunni þar sem aðstaða, búnaður og starfsmenn nýtast betur við lausn þeirra verkefna sem bæði ráðuneytin fara með.

Þess skal og getið að í nágrannaríkjunum hefur þegar átt sér stað sameining iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta eins og hér er lagt til.

169. Fyrirspurn [157. mál]

til heilbrigðisráðherra um eyðnipróf.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvaða erlendir menn eru eyðniprófaðir við komu til Íslands?
2. Hver tekur um það ákvörðun?
3. Er heimilt að eyðniprófa fólk án eigin vitundar þess?

170. Fyrirspurn [158. mál]

til utanríkisráðherra um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað hefur utanríkisráðuneytið aðhafst síðustu missiri til að takmarka umsvif erlendra sendiráða, m.a. sovéska sendiráðsins, með tilliti til ályktunar Alþingis frá 13. júní 1985?

171. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um sjávarútvegsmiðstöð á Akureyri.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Tómas Ingi Olrich.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að stofnun sjávarútvegsmiðstöðvar á Akureyri. Sjávarútvegsmiðstöðin verði miðstöð þekkingaröflunar og rannsókna fyrir íslenskan sjávarútveg og starfi í tengslum við Háskólann á Akureyri.

Með stofnun sjávarútvegsmiðstöðvarinnar skal stefnt að því að flytja allt háskólanám á sviði sjávarútvegs til Háskólans á Akureyri og enn fremur að flytja í áföngum aðalstarfsemi upplýsinga-, rannsókna- og þjónustustofnana sjávarútvegsins til Akureyrar. Í sjávarútvegsmiðstöðinni verði þannig stefnt að samtengingu æðri menntunar, upplýsingaöflunar, rannsókna og þjónustu og miðað við að styrkja tengsl þessarar starfsemi við starfandi fyrirtæki í sjávarútvegi og við landsbyggðina.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi hefur það að meginmarkmiði að efla íslenskan sjávarútveg og stuðla að uppbyggingu þjónustu- og rannsóknastarfsemi á landsbyggðinni.

Á undanförnum áratugum hefur mest nýsköpun atvinnulífs orðið á sviði þjónustu. Ljóst er að á komandi árum mun sú þróun halda áfram. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður, sem tengjast ekki síst mistökum í efnahagsstjórn og gengisstefnu, hefur sjávarútvegurinn varið talsverðum fjármunum til þróunarstarfs, einkum á vegum útflutningssamtaka sinna, en einnig á vegum einstakra fyrirtækja. Fjárhagslegt svigrúm sjávarútvegsins hefur þó lengstum verið svo þröngt að hann hefur ekki megnað að verja nema broti af þeim fjármunum í rannsóknir og þjónustu sem eðlilegt og nauðsynlegt hefði verið.

Þjónustustörf hafa að langmestu leyti orðið til á höfuðborgarsvæðinu og að miklu leyti fyrir tilverknað ríkisvaldsins. Þar hafa risið rannsóknastofnanir atvinnuveganna, þar á meðal Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Uppbygging rannsókna- og þjónustustarfa á landsbyggðinni hefur gengið mun hægar. Er ljóst að eigi landsbyggðin að eflast verður að leggja áherslu á uppbyggingu rannsókna- og þróunarstarfa utan höfuðborgarsvæðisins. Efling slíkra starfa á sviði sjávarútvegs er eðlileg þar sem meginvettvangur sjávarútvegsstarfseminnar er á landsbyggðinni.

Í heimi aukinnar samkeppni hafa Íslendingar mikla möguleika á sviði sjávarútvegs. Þessir möguleikar eru annars vegar tengdir gjöfulum fiskimiðum en hins vegar þekkingu, færni og aðlögunarhæfni þess fólks sem stundar störf á þeim fjölmörgu sviðum sem tengjast beint og óbeint sjávarútveginum. Til þess að skapa sér svigrúm í þeirri sam-

keppni og nýta möguleikana sem bjóðast verður sjávarútvegurinn að leggja stóraukna áherslu á rannsóknir og þróunarstarf á öllum sviðum atvinnugreinarinnar, veiðum, úrvinnslu og vöruþróun, vörudreifingu og markaðsstarfsemi. Nauðsynlegt er að atvinnugreinin og opinberir aðilar leggist á eitt að stefna saman sem mestu af þeirri þekkingu sem þjóðin býr yfir á sviði sjávarútvegsmála til þess að skapa frjótt umhverfi fyrir framfarir.

Sú þingsályktunartillaga, sem hér er flutt, miðar að því að beina í einn farveg þeirri þekkingu og reynslu sem þjóðin býr yfir og skapa á héraðsgrundvelli örvandi umhverfi fyrir þróunarstarf á sviði sjávarútvegs. Aðferðin, sem hér er mælt með, er að leiða saman fyrirtæki sem stunda fiskveiðar og fiskvinnslu, þjónustufyrirtæki sem sinna þörfum sjávarútvegs og fiskvinnslu, menntastofnanir og rannsóknastofnanir.

Hér er ekki einungis um að ræða formlega samvinnu heldur fyrst og fremst nálægð. Hugmyndin miðar að því að skapa samstarfsvettvang sem er ekki aðeins fræðilegur og faglegur heldur einnig landfræðilegur og helgast af daglegum samskiptum og persónulegu samstarfi starfsmanna hinna ýmsu sviða sjávarútvegsins og menntakerfisins. Slíkur samstarfsvettvangur ýtir undir gagnkvæm og örvandi áhrif atvinnulífs á menntakerfi og rannsóknastarfs á atvinnulíf.

Menntun og þjálfun mannaflans ræður miklu um hagvöxt og velgengni þjóðarinnar í alþjóðlegri samkeppni. Það sem ræður hins vegar úrslitum um samkeppnishæfni þjóðarinnar eru þau tengsl sem tekst að skapa milli menntakerfisins og atvinnulífsins. Sú aðferð að vinna að slíkum tengslum á héraðsgrundvelli leiðir ekki aðeins til þess að menntakerfið á auðveldara með að laga sig að þörfum atvinnulífsins. Það eykur einnig skilning innan atvinnulífsins á mikilvægi rannsókna- og þróunarstarfs og hvetur það til að taka aukinn þátt í rannsóknastarfi og í kostnaði við slíka starfsemi.

Þegar lagt er til að hefja undirbúning að stofnun sjávarútvegsmiðstöðvar á Akureyri er tekið tillit til margra samverkandi þátta. Með stórbættum samgöngum er hægt að líta á Eyjafjarðarsvæðið sem eitt atvinnusvæði þar sem lifa og starfa um 20 þúsund manns. Sjávarútvegur er mjög öflugur á þessu svæði og hefur farið ört vaxandi sl. tvo áratugi. Þar er að finna mörg fyrirtæki á flestum sviðum útgerðar og fiskvinnslu, bæði mjög stór fyrirtæki, meðalstór og smá. Á þessu svæði er því saman kominn mannafli sem hefur yfir að búa víðtækri þekkingu og reynslu á flestum sviðum sjávarútvegs. Í héraðinu eru mörg iðnaðar- og þjónustufyrirtæki sem hafa sérhæft sig í framleiðslu og þjónustu á sviði sjávarútvegs. Má nefna að þar er ein stærsta skipasmíðastöð landsins og fyrirtæki sem smíða og flytja út veiðarfæri, annan tæknibúnað og hanna hugbúnað til notkunar í fiskiskipum, svo sem DNG hf., Sæplast hf. og Gagnamiðlun hf.

Háskólinn á Akureyri hefur sérhæft sig á sviði sjávarútvegs. Þar er rekin sjávarútvegsdeild, sú eina sinnar tegundar hér á landi, og tók hún til starfa um áramótin 1989–1990. Nám í deildinni einkennist af samþættingu raun-, viðskipta- og tæknigreina. Markmið deildarinnar er að mennta fólk til rannsókna og stjórnstarfa í fyrirtækjum og stofnunum sem fást við sjávarútveg.

Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hafa gert samstarfssamning við Háskólann á Akureyri sem hefur auðveldað og styrkt starfsemi sjávarútvegsdeildarinnar og Háskólans almennt, en einnig stórbætt þá aðstöðu sem rannsóknastofnanirnar búa við á Norðurlandi.

Nái mál þetta fram að ganga má gera ráð fyrir því að flutningur á aðalstarfsemi rannsóknastofnananna til Akureyrar og frekari uppbygging háskólanáms við Háskólann á Akureyri taki 5–10 ár. Mikilvægt er að gera markvissa framkvæmdaáætlun þannig að

röskun á starfsemi stofnana verði sem minnst og uppbygging starfseminnar skili sem mestum árangri.

Það skal tekið fram að þegar flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu höfðu undirbúið málið kom í ljós að til stendur að endurflytja tillögu til þingsályktunar sem er svipaðs efnis, en sú tillaga hlaut ekki afgreiðslu á 113. löggjafarþingi.

172. Fyrirspurn [160. mál]

til iðnaðarráðherra um endurvinnsluiðnað.

Frá Jóni Helgasyni.

Hvað hefur iðnaðarráðuneytið gert eða áformar að gera til stuðnings endurvinnsluiðnaði?

173. Fyrirspurn [161. mál]

til sjávarútvegsráðherra um lánshlutföll Fiskveiðasjóðs til skipasmíða.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Má vænta þess að útlánareglum Fiskveiðasjóðs verði breytt þannig að aukinn verði sá munur sem er á lánshlutfalli til innlendrar og erlendrar nýsmíði skipa?

174. Fyrirspurn [162. mál]

til iðnaðarráðherra um aðgerðir til stuðnings íslenskum skipasmíðaiðnaði.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Hefur iðnaðarráðuneytið á prjónunum einhverjar aðgerðir til stuðnings íslenskum skipasmíðaiðnaði?

175. Frumvarp til laga [163. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ragnar Grímsson.

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skal Seðlabankinn tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði á árinu 1992 eigi hærri en að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands.

Seðlabankinn skal jafnframt gera ráðstafanir til þess að ávöxtun verðbréfasjóða og annarra peningastofnana verði í samræmi við þá hámarksvexti sem bankinn ákveður.

Þá skal Seðlabankinn gera tillögu til ríkisstjórnarinnar um hámarksvexti af ríkistryggðum skuldabréfum og stefnu í peningamálum sem samræmist ákvörðun bankans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Níunda grein laga um Seðlabanka Íslands hljóðar svo:

„Seðlabankinn ákveður vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir. Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.

Ákvarðanir Seðlabankans skv. 2. mgr. skulu birtar í Lögbirtingablaði."

Þrátt fyrir ofangreind ákvæði hafa raunvextir hér á landi undanfarin ár verið töluvert hærri en í helstu viðskiptalöndum Íslands. Samkvæmt skýrslu Seðlabankans frá 30. janúar 1991 leit þessi samanburður þannig út:

Tafla 1.

Vextir af skammtímalánum fyrirtækja.
(Meðaltal raunvaxta.)

	1987	1988	1989	1990
Sjöveldin	5,6	4,5	5,8	5,4
Norðurlönd	7,8	7,6	7,8	8,3
Önnur Evrópulönd	8,2	5,9	6,7	7,9
Viðskiptavog alls	6,4	5,3	6,3	6,2
Ísland				
Óverðtryggð skuldabréf	4,7	11,8	4,7	9,1
Verðtryggð skuldabréf	7,7	9,2	6,0	8,0

Samkvæmt tímaritinu „The Economist" frá 16. til 22. nóvember 1991 og vaxtatöflu Morgunblaðsins frá 22. sama mánaðar eru kjörvextir og verðbólga í nokkrum löndum nú sem hér segir:

Tafla 2.

Kjörvextir útlána viðskiptabanka á Íslandi og í nokkrum viðskiptalöndum.

	Hundraðshlutar		
	Vextir	Verðbólga[1]	Raunvextir
Frakkland	10,0	3,3	6,5
Þýskaland	11,5	4,0	7,2
Holland	11,25	8,1	2,9
Japan	7,0	0,0	7,0
Spánn	16,0	7,0	8,4
Bretland	11,5	1,8	9,5
Bandaríkin	7,5	3,0	4,4
Ísland, óverðtryggt	16,1	1,5	14,3
verðtryggt			8,3
verðtryggt, meðalvextir			10,0

[1] Verðbólga síðustu þrjá mánuði umreiknað til árshækkunar. Fyrir Ísland er notuð lánskjaravísitala.

Með tilvísun til ákvæðis 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands virðist eðlilegast að bera vexti hér á landi saman við vexti í öðrum löndum með viðskiptavog. Af töflu 1 sést að samkvæmt því hafa raunvextir hér verið hærri öll árin frá 1987 nema árið 1989.

Á þessu ári hafa meðalraunvextir af óverðtryggðum útlánum hækkað gífurlega, úr 9,1 af hundraði í 15,7 af hundraði nú. Sama er um verðtryggð lán, þar hafa meðalvextir af skammtímalánum hækkað úr 8,0 af hundraði í 10,0 af hundraði. Eins og fram kemur í töflu 2 eru þetta langtum hærri vextir en í helstu viðskiptalöndum Íslendinga.

Þessi samanburður segir þó ekki alla söguna. Eins og kunnugt er eru íslensk fyrirtæki stórum skuldsettari en almennt gerist í viðskiptalöndum okkar. Háir vextir eru því íslenskum fyrirtækjum yfirleitt langtum þyngri byrði en þeim erlendu. Auk þess eru skuldir fyrirtækja hér á landi yfirleitt til mjög skamms tíma og afborganir því þungar.

Þessar staðreyndir koma glöggt fram í samanburði á afkomu íslenskra fyrirtækja undanfarin ár. Lækkun vaxta árið 1989 réð úrslitum í endurreisn atvinnulífsins.

Samkvæmt greinargerð Þjóðhagsstofnunar frá 1. nóvember 1989 um hlutfall vaxta í þjóðartekjum og þjóðarútgjöldum var það sem hér segir:

Tafla 3.

Vaxtagjöld atvinnurekstrar.

	1985	1986	1987	1988
Vaxtagjöld (af hundraði) sem:				
hlutfall af veltu	1,3	2,7	2,3	3,7
hlutfall af vergum rekstrarafgangi	11,8	23,4	24,7	42,4
hlutfall af vergum þáttatekjum	4,3	8,7	6,9	11,0

Þess ber að geta að hér eru aðeins reiknaðir raunvextir. Verðbótaþáttur fjármagnskostnaðar íþyngir að sjálfsögðu ekki síður atvinnuvegum, sérstaklega þegar honum er ekki mætt með hækkun á söluverði framleiðslunnar.

Hvað sem því líður er ljóst að vaxtabyrði atvinnuveganna nálægt því þrefaldaðist frá 1985 til 1988. Árið 1988 voru atvinnuvegirnir að stöðvast ekki síst vegna fjármagnskostnaðar.

Meðalvextir nú eru hærri en þeir voru 1988, eins og fram kemur í töflum 1 og 2, og þótt verðbólga sé nú minni en 1988 er vaxtabyrðin enn afar mikil. Þjóðhagsstofnun áætlar jafnframt að raunvaxtagreiðslur atvinnuveganna hafi árið 1988 numið nálægt 16,5–17 milljörðum kr. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar jafngildir 1 af hundraði lækkun allra vaxta um 2,5 milljarða kr. lækkun útgjalda atvinnurekstrar í landinu miðað við verðlag og veltu á þessu ári, en 1 af hundraði lækkun vaxta af innlendum lánum u.þ.b. 1,5 milljarða kr. lækkun. Lækkun vaxta mun því gera atvinnuvegunum kleift að verða við réttmætum kröfum um kjarabætur fyrir þá sem lægri hafa launin.

Samkvæmt fyrrnefndri greinargerð Þjóðhagsstofnunar námu raunvaxtagreiðslur einstaklinga árið 1988 um 5,7 milljörðum kr. Fyrir heimilin er lækkun vaxta því ein besta kjarabótin. Lækkun vaxta er jafnframt forsenda nýrrar þjóðarsáttar.

Tilgangur löggjafans með orðalagi 9. gr. var augljóslega sá að tryggja að vextir hér á landi yrðu ekki hærri en í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Þetta hefur brugðist með svo alvarlegum afleiðingum að óhjákvæmilegt er að bregðast við því.

Í þessu frumvarpi er sú leið valin að breyta til bráðabirgða 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands úr heimild til að ákveða hámark vaxta í skyldu. Með tilliti til samdráttar í hagkerfinu árið 1992 og þess að gert er ráð fyrir að erlendir fjármagnsmarkaðir opnist árið 1993 þykir hins vegar ekki nauðsynlegt að hafa umrædda skyldu nema árið 1992. Að sjálfsögðu er jafnframt nauðsynlegt að ávöxtun hjá öðrum peningastofnunum lækki til samræmis við vexti viðskiptabankanna. Er Seðlabankanum ætlað að tryggja það. Loks er lagt til að Seðlabankinn geri tillögu til ríkisstjórnar um hámark vaxta af ríkistryggðum skuldabréfum og um peningamálastefnu.

Þótt ætla megi að ríkisstjórnin lækki vexti til samræmis og dragi úr útgáfu annarra ríkistryggðra skuldabréfa, t.d. húsbréfa, til að draga úr þrýstingi á peningamarkaðinn, þykir rétt, til að stuðla að samræmi, að Seðlabankinn geri tillögur þar að lútandi.

176. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991.

Frá fjárlaganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 02-318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður. Nýr liður:	
635 Menntaskólinn á Ísafirði, íþróttahús	10.000
2. Við 3. gr. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Fyrir „400.000“ kemur	700.000
3. Við 3. gr. 08-271 Tryggingastofnun ríkisins. 110 Lífeyristryggingar. Fyrir „300.000“ kemur	400.000

4. Við 3. gr. 10-322 Flóabátar og vöruflutningar. 120 Stofn- og rekstrarstyrkir.
   Fyrir „7.000“ kemur 94.900
5. Við 3. gr. 10-333 Hafnamál. Nýr liður:
   631 Hafnarmannvirki, Þorlákshöfn 18.000
6. Við 3. gr. 10-651 Ferðamálaráð. 620 Hótel, framlög.
   Fyrir „16.000“ kemur 19.000
7. Við 3. gr. 14-210 Veiðistjóri.
   Fyrir „9.500“ kemur 67.500

177. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991.

Frá meiri hl. fjárlaganefndar (KSG, PJ, EKG, StB, ÁJ, GunnS).

Við 10-211 Vegagerð ríkisins.	Þús. kr.
a. Við 510 Viðhald vega. Liðurinn fellur brott.	
b. Við 611 Jarðgöng á Vestfjörðum. Fyrir „–250.000“ kemur	–350.000

178. Frumvarp til laga [164. mál]

um breyting á lögum nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkissjóðs og undir stjórn Lánasýslu ríkisins. Um starfsemi hans fer eftir lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:
Lánasýslu ríkisins er heimilt að endurfjármagna skuldir Framkvæmdasjóðs í nafni ríkissjóðs.

3. gr.

3.–6., 8. og 10.–11. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. Lánasýsla ríkisins tekur frá sama tíma við um-

sjá allra eigna og skulda, krafna og skuldbindinga Framkvæmdasjóðs Íslands eins og þær standa við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í bréfi til Framkvæmdasjóðs, dags. 19. júlí 1991, óskaði forsætisráðherra eftir tillögum um breytingu á hlutverki sjóðsins. Stjórn Framkvæmdasjóðs hefur skilað tillögum til forsætisráðherra um starfslok sjóðsins í bréfi dags. 9. september 1991. Í frumvarpi þessu er lagt til að Lánasýslu ríkisins verði falið að yfirtaka skuldbindingar og kröfur Framkvæmdasjóðs.

Þau verkefni, sem liggja fyrir þegar útlánastarfsemi Framkvæmdasjóðs verður hætt, eru, auk þess að selja eignir hans, helst þau að sjá um endurgreiðslu á skuldum sjóðsins og skuldbreytingu, að innheimta útistandandi kröfur og hafa eftirlit með tryggingum fyrir lánum sem sjóðurinn hefur veitt.

Gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóður Íslands verði undir stjórn Lánasýslu ríkisins með svipuðu fyrirkomulagi og Ríkisábyrgðasjóður er deild innan þeirrar stofnunar. Lánasýslu ríkisins verði síðan falið, á grundvelli greiðslustöðu Framkvæmdasjóðs, að gera tillögur til fjármálaráðherra um skuldbreytingu, sérstakar fjárveitingar og greiðsluáætlanir til þess að gera stofnuninni kleift að mæta útgjöldum vegna sjóðsins.

Segja má að Framkvæmdasjóður hafi á síðustu tveimur árum misst meginhlutverk sitt sem honum var falið að gegna fyrir réttum aldarfjórðungi. Þegar Framkvæmdasjóður Íslands tók við af Framkvæmdabanka Íslands árið 1967 var honum fengið það meginverkefni að taka lán innan lands og erlendis og miðla lánsfénu í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda til framkvæmda, fyrst og fremst til lánasjóða atvinnuveganna, en þeir höfðu á þeim tíma ekki beinan aðgang að lánsfé. Þessu meginhlutverki hefur sjóðurinn gegnt allar götur síðan.

Nú eru aðstæður gjörbreyttar, miðstýring fjárfestingarlána ekki tíðkuð lengur og fjármagnsmarkaðir hafa þróast mjög. Sjóðirnir geta nú flestir séð sjálfir um fjármagnsöflun innan lands og utan og eru reyndar byrjaðir að segja upp eldri lánum hjá Framkvæmdasjóði. Líklegt er að sú þróun haldi áfram. Lánasjóðirnir eru samt með yfir 80% útlána sjóðsins.

Skuldir sjóðsins eru að þremur fjórðu hlutum erlendar og þar af eru tveir þriðju í þremur lánssamningum.

Þó að ný útlán Framkvæmdasjóðs falli niður standa eftirfarandi verkefni áfram um nokkur árabil:

1. Sjá þarf um endurgreiðslu á skuldum Framkvæmdasjóðs innan lands og utan, endursemja um þær og skuldbreyta í samræmi við endurgreiðslur útlána sjóðsins og hagsmuni ríkissjóðs sem er ábyrgðaraðili á bak við sjóðinn.
2. Innheimta þarf útistandandi lán sjóðsins, sjá um óhjákvæmilegar skuldbreytingar, lengingu lána og aðrar breytingar á lánskjörum sem tryggja endanlega innheimtu.
3. Mikið starf er að hafa eftirlit með tryggingum fyrir lánum, kaupa veðsettar eignir við gjaldþrot ef af því er ávinningur, ráðstafa yfirteknum eignum og varðveita verðgildi þeirra.

Þessi verkefni eru því öll hliðstæð verkefnum sem Lánasýsla ríkisins fæst við. Með lögum nr. 43/1990 er Lánasýslu ríkisins falið að sjá um hvers konar skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð, endurlán lánsfjár og ríkisábyrgðir. Jafnframt var Ríkisábyrgðasjóður gerður að deild við Lánasýslu ríkisins. Því fyrirkomulagi hefur verið haldið að Seðlabankinn sjái um daglega starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs og umsjón með erlendum lánum. Það

starf er unnið í nánu samráði við Lánasýsluna sem er ábyrg fyrir þessum málum gagnvart ráðherra.

Þegar Framkvæmdasjóður hættir útlánastarfsemi liggur beinast við að lögum um hann, nr. 70/1985, verði breytt þannig að hann verði undir stjórn Lánasýslu ríkisins eins og Ríkisábyrgðasjóður er nú. Með því fyrirkomulagi verður minnst röskun á stöðu sjóðsins gagnvart erlendum lánveitendum. Þannig verður sjóðurinn áfram starfandi að forminu til og hægt er að gera ársreikning hans, en hvort tveggja er nauðsynlegt til þess að ekki þurfi að taka upp sérstaka samninga við lánveitendur eins og líklega þyrfti ef hann verður lagður alveg niður. Lögin um Lánasýslu ríkisins giltu þá um það sem eftir verður af starfsemi hans. Hugsanlegt er að fela öðrum aðila að taka við hluta verkefnanna, t.d. fiskeldismálum, en eðlilegast er að Lánasýslan semji um slíkt með samþykki fjármálaráðherra.

Líklegt er að hagkvæmt verði fyrir ríkissjóð þegar frá líður að endursemja með skipulögðum hætti um hluta af lánum Framkvæmdasjóðs eða greiða önnur upp og taka ný lán í staðinn. Nauðsynlegt er því að Lánasýslan hafi skýrar heimildir til þess að endurfjármagna skuldir Framkvæmdasjóðs í nafni ríkissjóðs ef til þessa kemur. Ríkissjóður nýtur að öðru jöfnu betri kjara en lánasjóðir með ríkisábyrgð og hefur auk þess aðgang að fleiri og stærri mörkuðum en þeir. Af þessu gæti orðið sparnaður fyrir ríkissjóð þegar frá líður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er kveðið á um það að Framkvæmdasjóður Íslands verði undir stjórn Lánasýslu ríkisins. Um starfsemi Framkvæmdasjóðs munu gilda sömu reglur og um starfsemi Lánasýslu ríkisins, sbr. lög nr. 43/1990. Þar sem ný útlán Framkvæmdasjóðs falla niður verður starfsemi sjóðsins fólgin í því að sjá um endurgreiðslur á skuldum og innheimta kröfur og koma eignum í verð. Þessi verkefni eru öll hliðstæð þeim verkefnum sem Lánasýsla ríkisins fæst við.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni er Lánasýslu ríkisins veitt heimild til að endurfjármagna skuldir Framkvæmdasjóðs í nafni ríkissjóðs. Líklegt er að hagkvæmt verði fyrir ríkissjóð að endursemja um hluta af lánum Framkvæmdasjóðs eða greiða önnur upp og taka ný lán í staðinn. Nauðsynlegt er því að skýrar lagaheimildir séu fyrir hendi til þess að endurfjármagna skuldir Framkvæmdasjóðs í nafni ríkissjóðs ef þörf er á því. Ríkissjóður nýtur að öðru jöfnu betri kjara en lánasjóðir með ríkisábyrgð og hefur auk þess aðgang að fleiri og stærri mörkuðum en þeir. Af þessu gæti því orðið sparnaður fyrir ríkissjóð þegar frá líður.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru felld niður ákvæði gildandi laga sem ekki eiga við eftir að Framkvæmdasjóður hefur verið felldur undir stjórn Lánasýslu ríkisins. Ákvæði laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, munu eiga við Framkvæmdasjóð verði frumvarp þetta að lögum.

Í 7. gr. gildandi laga um Framkvæmdasjóð er ákvæði sem tryggir rétt sjóðsins ef eign, sem er veðsett sjóðnum, er seld á nauðungaruppboði eða til gjaldþrotaskipta kemur. Hér er lagt til að þetta ákvæði haldist óbreytt.

Lagt er til að gildandi ákvæði 9. gr. laganna um að sjóðurinn sé undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum haldist óbreytt.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

FRAMKVÆMDASJÓÐUR ÍSLANDS — YFIRLIT
(Úr skýrslu nefndar um fortíðarvanda.)

Starfssvið.

Um Framkvæmdasjóð Íslands gilda lög nr. 70/1985. Sjóðurinn er í eigu ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra. Í lögum um sjóðinn, nr. 70/1985, er hlutverki hans lýst svo í 2. gr.:

„Hlutverk Framkvæmdasjóðs Íslands er að annast innan ramma fjárlaga og annarra laga, eftir því sem við á, milligöngu um lántökur fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem þess óska. Má sjóðurinn í því sambandi taka erlend lán í eigin nafni og endurlána."

Fyrir gildistöku laga nr. 70/1985 var hlutverk Framkvæmdasjóðs Íslands mun víðtækara. Samkvæmt V. kafla laga nr. 97/1976 og áður laga nr. 66/1966 bar sjóðnum að fjármagna aðkallandi framkvæmdir sem æskilegar voru taldar fyrir þjóðarbúið með því að veita fé til einstakra framkvæmda eða til fjárfestingarlánasjóða. Enn fremur var hlutverk sjóðsins að veita lán til meiri háttar opinberra framkvæmda og til undirbúnings stofnunar nýrra fyrirtækja.

Á árinu 1985 voru samþykkt lög frá Alþingi um nýsköpun í atvinnulífinu (Þróunarfélag Íslands hf., lög nr. 69/1985) og lög nr. 64/1985, um Byggðastofnun. Þessum stofnunum var ætlað að taka þátt í uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífinu og taka við því hlutverki af Framkvæmdasjóði. Á þeim tíma höfðu aðrir fjárfestingarlánasjóðir heimildir til að taka lán án milligöngu Framkvæmdasjóðs. Þar sem aðrar stofnanir höfðu tekið við hlutverki Framkvæmdasjóðs samkvæmt þessum lögum og lagabreytingum kom til álita að leggja Framkvæmdasjóð niður á árinu 1985. Það varð hins vegar úr að Framkvæmdasjóður starfaði áfram, en þá einvörðungu sem endurlánastofnun. Var það talið hagkvæmt vegna mikils umfangs sjóðsins og enn fremur vegna þess að sjóðurinn hafði getið sér gott orð á lánamörkuðum og þótti vel til þess fallinn að hafa áfram milligöngu um lántöku fyrir fjárfesingarlánasjóði ef þörf krefði.

Efnahagur.

Stofnefnahagur Framkvæmdasjóðs var myndaður með hreinni eign Framkvæmdasjóðs Íslands og Mótvirðissjóðs sem störfuðu samkvæmt lögum nr. 97/1976. Framkvæmdasjóður tók yfir allar skuldbindingar og allar eignir þessara sjóða samkvæmt lögum nr. 70/1985. Tafla 1 sýnir yfirlit yfir efnahag Framkvæmdasjóðs samkvæmt uppgjöri sjóðsins frá því í lok maí sl.

Tafla 1.

Tafla 1 Efnahagur Framkvæmdasjóðs Íslands pr. 31. 05. 1991 (*)

(Uppgefnar tölur eru í m.kr.)

Eignir		*Skuldir og eigið fé (*)*	
Bankainnistæður	766		
Útlán:			
– til opinberra aðila	21.075		
– til fiskeldis	1.825		
– til þjónustugreina	1.194		
– til iðnaðar	581		
– til sjávarútvegs	135		
– til annarra	207		
– afskriftareikningur útlána	<183>		
Útlán alls:	24.834	Skuldir alls:	26.206
Innleystar eignir	642		
Aðrar eignir	203	Eigið fé	369
Varanlegir rekstrarfjármunir	130		
Eignir alls:	26.575	Skuldir og eigið fé:	26.575

(*) Byggt á upplýsingum úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs Íslands frá ágúst 1991, bréfi Ríkisendurskoðunar til forsætisráðuneytisins, dags. 22. ágúst 1991, og efnahagsreikningi Framkvæmdasjóðs pr. 31. 5. 1991.

(**) Auk skulda hefur Framkvæmdasjóður gengist í ábyrgð fyrir 130 m.kr. skv. ársreikningi 1990.

Rekstur.

Framkvæmdasjóði Íslands ber að afla tekna af útlánastarfsemi sinni og standa þannig undir skuldbindingum sínum. Ekki er gert ráð fyrir framlögum úr ríkissjóði til sjóðsins. Hér verður gerð stutt grein fyrir helstu þáttum í rekstri sjóðsins:

Vaxtamunur. Tekjur Framkvæmdasjóðs eru áætlaðar tæpar 70 m.kr. á árinu 1990. Munur á vöxtum tekinna og veittra lána ræður miklu um getu sjóðsins til að standa undir skuldbindingum hans. Tafla 2 sýnir vaxtamun tekinna og veittra lána í árslok nokkurra undanfarinna ára:

Tafla 2.

Tafla 2 **Vaxtamunur Framkvæmdasjóðs Íslands 1987 – 1990**

Ár	Hundraðshluti (%)
1987	0,66%
1988	0,71%
1989	0,22%
1990	0,26%

Rekstrarkostnaður. Rekstrarkostnaður sjóðsins var 55 m.kr. á árinu 1990 en áætlað er að hann verði um 60 m.kr. á þessu ári. Helstu kostnaðarliðir árið 1990 voru laun, 30 m.kr., og rekstur fasteigna, 12 m.kr., en annar rekstrarkostnaður nam 11 m.kr.

Afskriftir. Til að mæta hugsanlegu tapi á útlánum sjóðsins til annarra en opinberra sjóða hefur stjórn hans lagt í Afskriftasjóð á hverju ári frá 1987, sjá töflu 3.

Tafla 3.

Tafla 3 **Tillag í afskriftasjóð**

(Á verðlagi hvers árs.)

Ár	Fjárhæð
1987	35 m.kr.
1988	34 m.kr.
1989	54 m.kr.
1990	224 m.kr.

Auk tillags í Afskriftasjóð hefur Framkvæmdasjóður fært tapaðar kröfur beint til gjalda í rekstrarreikningi. Árið 1988 voru færðar til gjalda tapaðar kröfur að fjárhæð um 100 m.kr. vegna veittra ábyrgða og 33 m.kr. á árinu 1989. Sama ár var afskrifað hlutafé Framkvæmdasjóðs í Álafossi hf. að fjárhæð 410 m.kr.

Gengismunur. Í ársreikningum Framkvæmdasjóðs eru vextir, verðbætur og gengismunur færð sem einn liður bæði tekna og gjaldamegin í rekstrarreikningi. Þessar tölur eru ekki sundurliðaðar í ársskýrslum, en samkvæmt áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar var gengistap liðlega 200 m.kr. á árinu 1989. Samkvæmt upplýsingum frá Framkvæmdasjóði var gengishagnaður 202 m.kr. fyrir árið 1990.

Fylgiskjal II.

VANDI FRAMKVÆMDASJÓÐS
(Úr skýrslu nefndar um fortíðarvanda.)

Umfang vandans.

Við mat á vanda ríkissjóðs vegna Framkvæmdasjóðs Íslands er hér lögð til grundvallar úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárhagsstöðu sjóðsins sem birt var í ágúst 1991. Að mati Ríkisendurskoðunar hefði tillag í Afskriftasjóð Framkvæmdasjóðs þurft að vera a.m.k. um 1.700 m.kr. hærra en gert hefur verið ráð fyrir í ársreikningi fyrir árið 1990. Að teknu tilliti til þessa hefur eigið fé Framkvæmdasjóðs rýrnað um u.þ.b. 2.700 m.kr. frá ársbyrjun 1986. Samkvæmt þessu var eigið fé sjóðsins neikvætt um u.þ.b. 1.300 m.kr. í maí 1991, en það var jákvætt um 1.400 m.kr. í ársbyrjun 1985.

Orsakir vandans.

Fjárhagsvandi Framkvæmdasjóðs verður rakinn til slæmrar afkomu margra þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn lánaði til, einkum í fiskeldi og ullariðnaði. Stjórnvöld beittu sér fyrir því að sjóðurinn veitti milliliðalaust lán til fiskeldisfyrirtækja, en það var gert á grundvelli ákvæða í lánsfjárlögum eða öðrum lögum án þess að ákvæðum laga um tilgang og hlutverk sjóðsins væri breytt. Gera verður athugasemdir við óvarkárni í útlánum sjóðsins. Á hinn bóginn verður einnig að líta til þess að stjórn Framkvæmdasjóðs var undir verulegum þrýstingi af hálfu stjórnvalda til að framfylgja atvinnustefnu þeirra.

Breytingar á eigin fé frá ári til árs gefa vísbendingu um afkomu sjóðsins, en eins og fram kemur í töflu 4 hefur bókfært eigið fé Framkvæmdasjóðs Íslands rýrnað verulega frá árslokum 1985.

Tafla 4 Eiginfjárstaða Framkvæmdasjóðs Íslands 1985 – 1991

(Upphæðir færðar til verðlags í júní 1991, m.v. breytingu á lánskjaravísitölu).(*)

Bókfært eigið fé Árslok	Staða		Breyting eigin fjár á milli ára
1985	1.414 m.kr		
1986	1.502 m.kr.	+	88 m.kr.
1987	1.348 m.kr.	–	154 m.kr.
1988	1.298 m.kr.	–	50 m.kr.
1989	465 m.kr.	–	833 m.kr.
1990	525 m.kr.	+	60 m.kr.
1991 (maílok)	369 m.kr.	–	156 m.kr.
Breyting eigin fjár á tímabilinu			1.045 m.kr.

(*) Framkvæmdasjóður hefur, í bréfi dags. 29. október 1991, bent á að sé miðað við bandaríkjadal yrði niðurstaða rýrnunar eigin fjár á tímabilinu 1985 – 1991 um 500 m.kr. lægri en fram kemur í töflunni. Telja verður óeðlilegt að miða við útreikning á stöðu eigin fjár við gengi bandaríkjadals. Ársuppgjör Framkvæmdasjóðs hafa ávallt verið í íslenskum krónum og hefur þar verið tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga miðað við breytingar á lánskjaravísitölu. Gengistryggðar eignir og skuldir hafa verið færðar upp miðað við gengi 31. desember hvers árs.

Í ársreikningi Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1990 var tillag í Afskriftasjóð 224 m.kr. Að mati Ríkisendurskoðunar þarf tillag í afskriftasjóð að nema verulega hærri fjárhæð en þeirri sem stjórn sjóðsins ákvað í uppgjöri fyrir árið 1990 og skiptast þær með eftirgreindum hætti:

– Fiskeldi	1.200 m.kr.
– Innleystar fasteignir	378 m.kr.
– Veittar ábyrgðir	109 m.kr.
– Önnur ótrygg lán	170 m.kr.
Alls	1.857 m.kr.

Samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar hefði því tillag í Afskriftasjóð þurft að vera 1.857 m.kr. á árinu 1990 í stað 224 m.kr. Heildartap Framkvæmdasjóðs frá árinu 1985 er, miðað við framangreint mat á nauðsynlegum viðbótarafskriftum, um 2.700 m.kr.

Þegar tekið er tillit til mats Ríkisendurskoðunar á nauðsynlegum viðbótarafskriftum verður eiginfjárstaða sjóðsins neikvæð um u.þ.b. 1.300 m.kr. í stað þess að vera jákvæð um 369 m.kr. eins og fram kemur í uppgjöri sjóðsins frá því í maí sl.

179. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um kennslu í réttri líkamsbeitingu.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Finnur Ingólfsson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta undirbúa kennslu í grunnskólum landsins í réttri líkamsbeitingu.

Greinargerð.

Síðustu árin hafa umræður um forvarnir í heilbrigðismálum aukist, bæði innan heilbrigðisstétta og meðal almennings. Árangur forvarna kemur ekki alltaf strax fram í breyttri líðan fólks eða lægri sjúkdómstíðni. Þó má ætla að skynsamlegra sé að koma í veg fyrir óþörf óþægindi landsmanna og útgjöld samfélagsins með forvarnaaðgerðum í stað þess að bíða þar til skaðinn er skeður og fólk hefur þolað ómæld óþægindi og orðið fyrir vinnutapi.

Óþægindi frá hreyfi- og stoðkerfi eru almenn hér á landi. Benda má t.d. á að í athugun Vinnueftirlits ríkisins árið 1986 á einkennum frá hreyfi- og stoðkerfi hjá úrtaki Íslendinga á aldrinum 16–65 ára kom í ljós að 17,6% kvenna og 12,6% karla höfðu haft einkenni frá neðri hluta baks, sem kom í veg fyrir að þetta fólk gæti stundað dagleg störf, einhvern tíma á síðustu 12 mánuðum. Einnig kom fram að rúm 40% kvenna höfðu haft óþægindi frá hálsi eða hnakka og herðum eða öxlum síðustu sjö sólarhringana. Af þessu má sjá að óþægindi frá hreyfi- og stoðkerfi hafa veruleg áhrif á vinnufærni Íslendinga.

Nokkuð af þeim kvillum, sem fengist er við í heilbrigðiskerfinu, eru tengdir rangri

líkamsbeitingu. Frumorsök þeirra má oft rekja til skorts á fræðslu og öðru sem stuðlað gæti að heppilegri lífsvenjum og betri heilsu. Allt bendir til þess að fræðsla og mótun í þessu tilliti þurfi að byrja snemma. Ákjósanleg leið væri að kenna líkamsbeitingu í grunnskólum og gæti hún verið hluti af eða viðbót við leikfimikennsluna sem þar er nú kennd.

Rannsóknir hafa sýnt að heilbrigð börn hreyfa sig á réttan hátt, en á grunnskólaaldri breytist líkamsbeiting þeirra til verri vegar. Því má ætla að strax á grunnskólaaldri hefjist óþarfa slit á hreyfi- og stoðkerfi barna sem geti seinna á lífsleiðinni valdið ýmsum kvillum, svo sem vöðvabólgu, brjósklosi í hrygg og slitgigt. Börnin þarf að vekja til meðvitundar um eigin líkama, um mikilvægi réttrar þjálfunar og líkamsbeitingar, til að vinna gegn sjúkdómum og/eða álagseinkennum. Ábyrgðin á eigin heilsu á að færast yfir á einstaklingana, en það er háð því að þeir fái góða fræðslu og útskýringar. Í þessu sambandi má benda á að víða erlendis hafa skólayfirvöld ráðið sjúkraþjálfara til að sinna forvarnakennslunni, en sjúkraþjálfarar hafa sérþekkingu á hreyfingum, þjálfun og líkamsbeitingu.

Hagur samfélagsins af auknum forvörnum er vellíðan þegnanna, aukin vinnuafköst, færri veikindadagar, færri ferðir til lækna og annarra fulltrúa heilbrigðisstétta, færri uppskurðir, minni sjúkrahússkostnaður, færri öryrkjar og minnkun lyfjakostnaðar.

180. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Svavar Gestsson, Árni R. Árnason, Valgerður Sverrisdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Karl Steinar Guðnason, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra og landbúnaðarráðherra að vinna áætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög sem miði að því að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár í Landnámi Ingólfs.

Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings, 1992.

Greinargerð.

Landnám Ingólfs er Gullbringu- og Kjósarsýsla, Þingvallahreppur vestan þjóðgarðs, Grafningshreppur, Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur og brot af Selfosshreppi. Landsvæði þetta takmarkast af línu sem dregin er úr Hvalfjarðarbotni í þjóðgarðinn á Þingvöllum og þaðan suður Þingvallavatn, Úlfljótsvatn, Sog og Ölfusá til sjávar.

Mikill áhugi hefur verið fyrir því á undanförnum árum meðal áhugafólks um verndun og eflingu gróðurs í landinu að þetta svæði verði friðað fyrir lausagöngu búfjár. Hafa félögin Líf og land, Landvernd og Árnesingafélagið í Reykjavík ítrekað bent almenningi og stjórnmálamönnum á að brýna nauðsyn ber til þess að hefta hina geigvænlegu jarðvegs- og gróðureyðingu sem orðið hefur, og allt of víða viðgengst enn, á suðvesturhorni landsins. Þá má nefna að á árinu 1984 hélt Landvernd sérstaka ráðstefnu um landnýtingu og landnotkun á svæðinu, náttúruverndarþing ályktaði um málið á sl. hausti og sendi frá sér áskorun til Alþingis og félagasamtök skipuð áhugamönnum um verndun og

eflingu gróðurs í landinu hafa bundist samtökum um að vinna að framgangi þess að Landnám Ingólfs verði friðað fyrir lausagöngu búfjár.

Áskorun, sem send var þingmönnum í september 1990, var undirrituð af fjórtán félögum og félagasamtökum.

Á Alþingi hafa þessi mál verið til umræðu og má nefna að á 111. löggjafarþingi var lagt fram stjórnarfrumvarp um vörsluskyldu búfjár á Reykjanesskaga en hlaut ekki afgreiðslu. Í greinargerð með því frumvarpi er birt samþykkt aðalfundar sýslunefndar Gullbringusýslu frá árinu 1988 þar sem skorað er ítrekað á stjórnvöld að beita sér fyrir því að Gullbringusýsla verði friðuð fyrir lausagöngu búfjár.

Á 113. löggjafarþingi var flutt tillaga til þingsályktunar um lausagöngu búfjár sem hlaut ekki heldur afgreiðslu. Var það tillaga að ályktun um að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að takmarka lausagöngu búfjár við þjóðvegi og þar sem gróður er viðkvæmur fyrir beit. Ríkisstjórnin skyldi fela Landgræðslu ríkisins í samvinnu við gróðurverndarnefndir að gera áætlun um gróðurvernd og uppgræðslu og halda áfram samningum við bændur um afmörkun og staðsetningu beitarhólfa fyrir takmarkaðan fjölda búfjár. Í greinargerð og fylgiskjölum með þeirri þingsályktun er vikið að friðun Landnáms Ingólfs fyrir lausagöngu búfjár.

Þrátt fyrir friðun landsvæða og aðrar aðgerðir ríkis og sveitarfélaga til gróðurverndar er gróðureyðing víða allt of mikil í Landnámi Ingólfs. Lausaganga búfjár stangast á við önnur landnýtingarsjónarmið í þessum fjölmennasta landshluta. Það er hagur allra, bæði bænda og annarra íbúa í Landnámi Ingólfs, að búskapur sé lagaður að öðrum landnýtingarþörfum. Þetta þýðir ekki að búfé eigi að hverfa af svæðinu heldur að það verði eingöngu á afgirtu landi. Þannig háttar nú þegar um nautgripi og hross, en sauðfé gengur laust og takmarkar möguleika til gróðurverndar og landgræðslu. Auk þess skapar lausaganga búfjár mikla hættu fyrir umferð.

Samkvæmt 5. gr. laga um búfjárhald, sem samþykkt voru í mars 1991, er sveitarfélögum heimilt að koma í veg fyrir ágang búfjár og að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Fjölmörg sveitarfélög hafa á liðnum árum bannað lausagöngu hrossa og nokkur sveitarfélög hafa nú þegar bannað lausagöngu búfjár.

Að endingu skal minnt á að eitt af meginmarkmiðum nýgerðra búvörusamninga er að stuðla að því að búskapur verði í sem bestu samræmi við landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið.

181. Frumvarp til laga [167. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla.

1. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna skulu ekki koma til framkvæmda á árinu 1992:

a. 3. mgr. 4. gr.
b. 2., 3., 4. og 5. mgr. 9. gr.

c. 2. mgr. 32. gr.
d. 1. og 6. mgr. 46. gr.

2. gr.

Við 72. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., er orðist svo:

Þar sem að mati sveitarstjórna er nauðsynlegt að ætla sérstakt húsnæði í skóla fyrir heilsugæslu og/eða tannlækningar telst byggingarkostnaður húsnæðis til stofnkostnaðar viðkomandi skóla. Um stærð þessa húsnæðis fer samkvæmt reglum (normum) er menntamálaráðuneytið setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Um kostnað við tæki og búnað, svo og rekstur, fer samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Í stað 1.–6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Greiðslur ríkissjóðs, sbr. 75. gr., skulu miðast við 22 nemendur í 1. og 2. bekk og 29 nemendur í 3.–10. bekk.

Til viðbótar því sem kveðið er á um í 78. og 79. gr. skulu þeir grunnskólar, sem ríkið rekur fyrir fötluð börn (sérskólar), vera reknir áfram á vegum þess þar til grunnskólar geta veitt fötluðum nemendum sambærilega eða betri þjónustu.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um vikulegan kennslutíma á bekk í grunnskóla, þar með taldar valgreinar, og leyfilega aukningu nemendastunda vegna skiptitíma.

Um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 56/1987.

4. gr.

Við 12. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 65/1989, bætist ný málsgrein, 3. mgr., sem orðist svo:

Allur réttur til framlaga samkvæmt lögum þessum er háður fjárveitingu Alþingis.

Um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 18. gr. laganna:

Orðin „að hálfu“ í lok 2. málsl. 1. mgr. falli niður.

Í stað hlutfallsins „0,2%“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: 0,4%.

Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 4. málsl. 2. mgr. komi: 2.000 kr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: 10.000 kr.

Um breytingu á lögum nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis.

6. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna orðist svo:

Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnum og hún afgreitt framboðslista á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði, útvarpi og dagblöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista og fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er boðinn fram.

Í auglýsingu í Lögbirtingablaði skal auk þess tilgreina nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð, stöðu þeirra og heimili. Auglýsingu samkvæmt þessari málsgrein skal birta eigi síðar en 10 dögum fyrir kjördag.

7. gr.

Við 78. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðist svo:

Þar skal enn fremur festa upp lista með öllum framboðum í kjördæminu er yfirkjörstjórn lætur í té.

8. gr.

Í stað „78. gr.“ í 79. gr. laganna komi: 1. mgr. 78. gr.

Um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

9. gr.

Setja skal á fót ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota sem ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launþega á hendur vinnuveitanda við gjaldþrot.

10. gr.

Sjóðurinn skal fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi hvaða nafni sem nefnist sem skattskylt er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.

Ábyrgðargjaldið skal vera allt að 0,2% af gjaldstofni. Hlutfallið skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur fyrir eitt ár í senn að fengnum tillögum þriggja manna stjórnar sem skipuð er af félagsmálaráðherra til fjögurra ára samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og sá þriðji án tilnefningar. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu.

Ábyrgðargjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því leyti sem það er ákvarðað af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

Um breytingu á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

11. gr.

Á eftir 3. mgr. 34. gr. laganna komi ný málsgrein sem orðist svo:

Auk þess að leggja fé til framkvæmda, sbr. 2. og 3. mgr., er heimilt að verja allt að þriðjungi af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhalds á stofnunum fatlaðra, sbr. 3.–14. tölul. 7. gr., enda séu þær stofnanir eingöngu ætlaðar fötluðum.

Um breytingu á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

12. gr.

Við 58. gr. laganna, eins og henni var breytt með h-lið 3. gr. laga nr. 70/1990, bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðist svo:

Sveitarfélag skal auk þess leggja fram, sem sérstakt óafturkræft framlag, 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu.

13. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna, eins og henni var breytt með s-lið 3. gr. laga nr. 70/1990 og 1. gr. laga nr. 24/1991, orðist svo:

Lán til félagslegra íbúða veitir húsnæðismálastjórn úr Byggingarsjóði verkamanna. Lánshlutfall má nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó aldrei meira

en 90% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, að frádregnu 3,5% sérstöku framlagi sveitarfélaga til hverrar félagslegrar íbúðar, sbr. 2. mgr. 58. gr. Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun við kaup á íbúð ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður, enda sýni umsækjandi fram á greiðslugetu skv. c-lið 1. mgr. 80. gr.

14. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 47/1991 orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. og 5.–7. gr. laga þessara skulu 1.–2. tölul. 11. gr.,12. gr., 13. gr. og 14. gr. laga nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og nr. 70/1990, halda gildi sínu gagnvart þeim umsækjendum sem fengið höfðu lánsloforð á þeim tíma er lög nr. 47 27. mars 1991 öðluðust gildi.

Um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

15. gr.

C-liður 1. mgr. 39. gr. laganna, eins og honum var breytt með 11. gr. laga nr. 87/1989 og 1. gr. laga nr. 122/1989, orðist svo:

c. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 44. gr. nær til, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum tryggingaráðs.

16. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 43. gr. laganna eins og henni var breytt með 14. og 15. gr. laga nr. 87/1989 og 3. gr. laga nr. 122/1989:

a. A-liður 1. mgr. orðist svo:

   Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings sem Tryggingastofnunin hefur gert samning við. Með reglugerð má ákveða gjald sem hinn sjúkratryggði greiði fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun til sjúklings. Heimilt er að ákveða með reglugerð að gjaldið skuli vera hlutfallsgjald. Sjúkratryggingar hafa heimild til að ákveða að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu og endurgreiða sjúkratryggingar þá sjúklingi sinn hluta.

b. Lokamálsliður b-liðar 1. mgr. orðist svo: Fyrir hverja komu til sérfræðings greiði sjúklingur gjald sem ákveðið skal með reglugerð og er heimilt að hafa gjaldið hlutfallsgjald.

c. Annar málsliður c-liðar 1. mgr. orðist svo: Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður gjald sem ákveðið skal með reglugerð og er heimilt að hafa gjaldið hlutfallsgjald.

d. 2. mgr. orðist svo:

   Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum sjúkratryggðra samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga í lyfjaávísunum. Þá er ráðherra og heimilt með reglugerð að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratryggðra fyrir sérhæfða göngudeildarþjónustu skv. b-lið.

17. gr.

44. gr. laganna, sem síðast var breytt með 15. gr. laga nr. 87/1989 og 4. gr. laga nr. 122/1989, orðist svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, greiða sjúkratryggingar sem hér segir:

1. Fyrir börn og unglinga 15 ára og yngri 90% kostnaðar við tannlækningar, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð. Sjúkratryggingar skulu þó aldrei greiða tannlæknakostnað hjá almennum tannlæknum vegna barna og unglinga 6–15 ára á svæðum þar sem skólatannlækningar eru skipulagðar og starfræktar. Á svæðum, þar sem tannlæknaþjónusta hefur verið boðin út, skulu sjúkratryggingar þó aldrei greiða tannlæknakostnað barna og unglinga 15 ára og yngri hjá öðrum tannlæknum en þeim sem aðilar eru að samningum sem leiða af útboði.
2. Fyrir 16 ára unglinga 50% kostnaðar við tannlækningar aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð.
3. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð hjá börnum og unglingum, 16 ára og yngri samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.
4. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Tryggingaráð ræður tannlækni sem hefur eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara er lúta að tannlækningum.

Greiðslur sjúkratrygginga samkvæmt þessari grein skulu vera í samræmi við samninga sem Tryggingastofnun gerir eða samkvæmt samningum sem leiða af útboði. Séu samningar ekki fyrir hendi skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur.

Ætíð skal framvísa reikningi á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

18. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 46. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með 12. gr. laga nr. 112/1972 og 18. og 19. gr. laga nr. 87/1989:

a. 1. mgr. orðist svo:
   Tryggingastofnun ríkisins gerir samninga um greiðslur samkvæmt þessum kafla.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Náist ekki samningar skal gerðardómur ákveða samningskjörin.
c. 3. mgr. orðist svo:
   Daggjöld sjúkrahúsa, sem ekki eru á föstum fjárlögum, svo og gjaldskrár fyrir slysa- og röntgendeildir, skulu ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Daggjöld og gjaldskrár skulu ákveðin þannig að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma miðað við þá þjónustu er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti.
d. 4. mgr. orðist svo:
   Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða jafngildir það samningi ef hlítt er ákvörðun ráðherra um daggjöld er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu. Að öðrum kosti getur Tryggingastofnun ákveðið, þrátt fyrir ákvæði 41. gr., að sjúkling-

um skuli greidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

e. Hvarvetna þar sem í öðrum greinum laganna stendur „daggjaldanefnd“ komi: heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

19. gr.

48. gr. laganna orðist svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að leita útboða um þá þjónustu sem henni ber að veita samkvæmt lögum þessum. Nú gerir sjúkratryggingadeild samninga um tiltekna þjónustu í framhaldi af útboði og er deildinni þá óheimilt að greiða öðrum aðilum vegna slíkrar þjónustu.

20. gr.

1. málsl. 57. gr. laganna orðist svo: Bætur skal greiða þriðja virkan dag hvers mánaðar.

Um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.

21. gr.

Við 42. gr. laga nr. 97/1990, sbr. lög nr. 128/1990, bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðist svo:

42.2 Ráðherra er heimilt að leita útboða um rekstur heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum þessum.

Um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni.

22. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á lögum nr. 52/1988, sbr. lög nr. 103/1988:

a. 2. gr. laganna orðist svo:

Eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins skal vera ráðherra til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara.

Eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins gerir tillögur um röðun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni í samræmi við skaðleg áhrif og notkunarsvið þeirra. Ráðherra staðfestir tillögur eiturefnaeftirlitsins með reglugerð.

Eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins skal veita stjórnvöldum, einstaklingum eða fyrirtækjum upplýsingar um meðferð eiturefna og hættulegra efna svo sem eftir er leitað og kostur er á. Eftirlitið skal enn fremur gera tillögur um viðbrögð við slysum af völdum eiturefna og hættulegra efna eða við vá af þeirra völdum vegna hernaðar eða náttúruhamfara.

b. Fyrirsögn 2. gr. verði: *Eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins.*

c. 2. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Eiturefnadeild Hollustuverndar ríkisins setur, að fengnu áliti samtaka hlutaðeigandi seljenda, reglur um varðveislu hættulegra efna í matvöruverslunum. Sams konar reglur má og setja um varðveislu hættulegra efna í öðrum almennum verslunum.

d. Í stað „Hollustuverndar ríkisins og eiturefnanefndar“ í síðasta málslið 16. gr. og í síðasta málslið 2. mgr. 17. gr. laganna komi: eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins.

e. Í stað „Eiturefnanefnd og Hollustuvernd ríkisins“ í 20. og 21. gr. laganna komi: Eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins.

f. Í stað „eiturefnanefndar, Hollustuverndar ríkisins“ í 2. mgr. 22. gr. laganna komi: eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins.
g. Í stað „Hollustuvernd ríkisins“ í a-lið 3. mgr. 23. gr. laganna komi: Eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins.
h. Í 1. málsl. 6. mgr. 23. gr. laganna falli niður orðið „eiturefnanefndar“.
i. 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna orðist svo: Eiturefnaeftirliti Hollustuverndar ríkisins er heimilt, ef skjótra aðgerða er þörf, að setja á lista tiltekin efni og efnasamsetningar og kveða á notkun eða bann við notkun þeirra í allt að því eitt ár.
j. 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. laganna orðist svo: Ráðherra skipar samstarfsnefnd þeirra aðila sem tilgreindir eru í a–c-liðum 3. mgr. 23. gr.
k. 2. mgr. 28. gr. laganna falli niður.
l. Hvarvetna þar sem í öðrum greinum laganna stendur „eiturefnanefnd“ komi í viðeigandi beygingarfalli: eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins.

Um breytingu á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

23. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Fasteignamat ríkisins aflar og lætur í té upplýsingar og veitir þjónustu við úrvinnslu á þeim gegn gjaldi.

Gjaldskrá skv. 1. mgr. skal taka mið af því umfangi upplýsinga sem keyptar eru og þeim tekjum sem notendur hafa af þeim. Fjármálaráðherra staðfestir gjaldskrána.

Um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð.

24. gr.

Úr lögunum falli brott:

a. 2. tölul. 5. gr.
b. 3. tölul. 9. gr.

II. KAFLI

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1992 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi vera hærra en 12.000 þús. kr. á árinu 1992.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10.500 þús. kr. á árinu 1992.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 91.500 þús. kr. á árinu 1992.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi nema hærri fjárhæð en 6.000 þús. kr. á árinu 1992.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1992 heimilt að ráðstafa fé af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við Bessastaði.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 60.000 þús. kr. á árinu 1992 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 32/1979 um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum falla þær greiðslur niður á árinu 1992.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 37. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru, sbr. breytingu með 2. gr. laga nr. 29/1987, skal framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 1992 vera 340.000 þús. kr.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1992.

36. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, sbr. lög nr. 89/1987, skal hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækka um 20% á árinu 1992.

37. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 1.000 þús. kr. á árinu 1992.

38. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1992.

39. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 36. gr. laga nr. 67/1971, almannatryggingalaga, skal framlag ríkissjóðs til varasjóðs slysatrygginga falla niður á árinu 1992.

40. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1965, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, skal framlag ríkissjóðs til Gæsluvistarsjóðs falla niður.

41. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 49/1978, lyfjalaga, skal framlag ríkissjóðs til Lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 900 þús. kr. á árinu 1992.

42. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, um Hafnabótasjóð, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 90.000 þús. kr. á árinu 1992.

43. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri upphæð en 68.000 þús. kr. á árinu 1992.

44. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, sbr. lög nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1992.

III. KAFLI

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella ákvæði I. kafla inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara (44. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum) skulu þeir sem njóta eiga endurgreiðslna á árinu 1991 samkvæmt reglum nr. 63/1991 um endurgreiðslur sjúkratrygginga af tannréttingakostnaði samkvæmt lögum um almannatryggingar njóta þess réttar áfram, enda teljist sannað að þeir hafi átt þennan rétt. Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir 15. janúar 1992 auglýsa með áberandi hætti eftir þeim aðilum sem telja sig eiga rétt samkvæmt framansögðu og ber þeim sem ekki hafa þegar sent inn umsóknir að gera það fyrir 15. febrúar 1992 á eyðublöðum sem stofnunin lætur í té. Að öðrum kosti fellur rétturinn niður. Greiðslum samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu skal ljúka 31. desember 1993.

II.

Teljist nauðsynlegt til þess að tryggja endurgreiðslur skv. I er ráðherra heimilt að setja sérstaka gjaldskrá.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 hefur ríkisstjórnin boðað samdrátt heildarútgjalda ríkisins sem nemur 4½% frá þessu ári. Til þess að unnt verði að standa við það fyrirheit er nauðsynlegt að breyta nokkrum lögum. Rétt þótti að safna breytingartillögum saman í eitt frumvarp til þess að leggja á það áherslu að öll tengjast þau stefnu ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda og viðleitni til þess að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum. Á vegum ríkisstjórnarinnar er að störfum nefnd til þess að gera tillögu um útfærslu á áformum, sem kynnt eru í fylgiskjali með fjárlagafrumvarpi, þess efnis að ekki skuli stofnað til skuldbindinga ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka umfram 9.700 þús. kr. á árinu 1992. Niðurstöður þeirrar nefndar verða væntanlega lagðar fyrir þingnefnd við meðferð þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

a. Frestað er framkvæmd ákvæðis um að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma.
b. Frestað er framkvæmd ákvæðis um stofnun grunnskólaráðs, en gert er ráð fyrir að það sé skipað 11 fulltrúum.
c. Hér er fjallað um heimild til að ráða aðstoðarskólastjóra án þess að uppfyllt séu skilyrði 1. mgr. 32. gr., en þar er gert ráð fyrir að aðeins þeir skólar, sem rétt eiga á tíu kennurum eða fleiri í fullu starfi auk skólastjóra, geti ráðið aðstoðarskólastjóra. Einnig er í 2. mgr. heimilað að ráða fleiri en einn aðstoðarskólastjóra vegna sérstakra aðstæðna. Framkvæmd þessa ákvæðis er frestað.
d. Frestað er að lengja kennslutíma nemenda í grunnskóla að því marki sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 46. gr. og verður fyrst um sinn miðað við þann kennslutíma sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga 1992. Enn fremur er frestað framkvæmd á 6. mgr. 46. gr. þar sem kveðið er á um að komið skuli á skólaathvörfum við hvern grunnskóla.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Frestað er að fækka nemendum í bekkjum í samræmi við 75. gr. og ákvæði til bráðabirgða. Nemendafjöldi verður mestur 22 í 1. og 2. bekk og 29 í 3.–10. bekk.

Fellt er niður ákvæði um að 35. gr. um námsráðgjafa við einstaka grunnskóla eða fræðsluskrifstofur komi til framkvæmda á næstu fimm árum.

Fellt er niður ákvæði 3. gr. um að einsetinn skóli komi að fullu til framkvæmda á næstu tíu árum. Fellt er niður ákvæði um að 4. gr. um málsverði á skólatíma komi til framkvæmda á næstu þremur árum.

2. mgr. hins nýja ákvæðis til bráðabirgða er samhljóða 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum eins og þau eru nú.

Í 3. mgr. er ráðuneytinu veitt heimild til að setja reglugerð um vikulegan kennslutíma á bekk í grunnskóla, þar með taldar valgreinar, og leyfilega aukningu nemendastunda vegna skiptitíma.

Um 4. gr.

Ástæða breytinga er skýringarvandi 10. gr. varðandi rétt bænda til framlaga vegna skurðgraftar og túnræktar.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að veiðieftirlitsgjald, sem veiðileyfishafar greiða, standi að öllu leyti undir kostnaði af rekstri veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytis í stað helmings eins og verið hefur.

Um 6. gr.

Auglýsingar eru einn stærsti kostnaðarliður ríkisins við alþingiskosningar og hefur oft komið til umræðu að draga úr þeim kostnaði.

Telja verður nægilegt að auglýsing landskjörstjórnar um öll framkomin framboð, þ.e. listabókstafi og heiti stjórnmálasamtaka, en án nafna frambjóðenda, birtist í Lögbirtingablaði, útvarpi og dagblöðum.

Auglýsingu, þar sem jafnframt eru tilgreind nöfn frambjóðenda, staða þeirra og heimili, er talið fullnægjandi að birta í Lögbirtingablaði eingöngu, minnst 10 dögum fyrir kjördag.

Um 7. gr.

Jafnframt þessu er yfirkjörstjórnum ætlað að sjá um að í hverju kjördæmi verði útbúinn listi með öllum framboðum í kjördæminu. Sá listi verði festur upp á kjörstöðum á kjördegi svipað og kosningaleiðbeiningar þær sem settar eru upp skv. 78. gr. kosningalaga.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Hér er gert ráð fyrir að komið verði á fót sérstökum sjóði til að standa undir ábyrgð á vinnulaunakröfum sem launþegi á hjá vinnuveitanda er verður gjaldþrota.

Um 10. gr.

Sjóður þessi verður fjármagnaður af gjaldi sem allir atvinnurekendur, einnig ríki og sveitarfélög, greiði á sama hátt og tryggingagjald. Umfang sjóðsins og ábyrgð er hann veitir verða skilgreind í frumvarpi til laga um réttindi launþega við gjaldþrot sem lagt verður fyrir Alþingi á næstunni. Fyrirkomulagið er eins og algengast er í nágrannalöndum okkar, þ.e. að slík launatrygging sé greidd með skylduframlögum atvinnurekenda.

Samkvæmt áætlunum, sem lagðar eru til grundvallar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992, er gjaldstofninn, sem lagt er til að miðað verði við, 187 milljarðar króna og skiptist þannig:

Ríki	36,5 milljarðar króna
Sveitarfélög	11,5 milljarðar króna
Aðrir atvinnurekendur	139,0 milljarðar króna

Ef gjaldstofninn væri fullnýttur á árinu 1992 mundi gjaldið verða þannig:

Ríki	73 milljónir króna
Sveitarfélög	23 milljónir króna
Aðrir atvinnurekendur	278 milljónir króna
Samtals	374 milljónir króna

Þótt hér sé lagt til að komið verði á fót sérstökum sjóði til að standa straum af þessum kostnaði er engu að síður gert ráð fyrir að ákvæði um réttindi launþega við gjaldþrot verði þrengd verulega. Það verði einkum gert með eftirfarandi breytingum: Felld verði niður ábyrgð á kröfum lífeyrissjóða, ábyrgðin miðist við almenna vexti í stað dráttarvaxta nú, þak verði sett á greiðslur til lögmanna og heildargreiðslur til hvers launþega og tíminn sem ábyrgðin nær til styttur.

Samhliða þessu er gert ráð fyrir að í samráði við dómsmálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið verði unnið að öðrum lagabreytingum til að draga úr hættu á að stjórnendur og eigendur fyrirtækja komist undan ábyrgð við gjaldþrot.

Hér er valinn annar þeirra tveggja kosta sem getið er í frumvarpi til fjárlaga til að stemma stigu við síauknum útgjöldum ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot.

Hinn kosturinn var óbreytt fyrirkomulag í fjármögnun, þ.e. að ríkissjóður stæði einn undir útgjöldum vegna ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot, en ábyrgðin yrði þrengd verulega frá því sem nú er, og áætluð útgjöld ríkissjóðs 100 milljónir króna á fjárlögum næsta árs.

Til þess að ná því markmiði þyrfti að mati fjármálaráðuneytisins að gera eftirfarandi breytingar á lögunum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot:

Almenn vinnulaun.

1. Krafa launþega um vinnulaun miðist við þrjá síðustu starfsmánuði í stað sex í gildandi lögum.
2. Til frádráttar bóta fyrir launamissi vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings komi lögmætur uppsagnarfrestur atvinnurekenda.
3. Hámark ábyrgðar ríkissjóðs skv. 1. og 2. tölul. nemi ekki hærri fjárhæð en sexföldum atvinnuleysisbótum.

Lífeyrissjóðsiðgjöld.

Greiðslur lífeyrissjóðsiðgjalda falli niður.

Vextir.

Í stað dráttarvaxta verði vextir miðaðir við almenna sparisjóðsvexti.

Lögfræðikostnaður.

Ákvæðið verði þrengt.

Orlof.

Orlofslaun komi til útborgunar vegna síðustu þriggja mánaða í stað sex.

Leitað hefur verið álits Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands á því hvor fyrrgreindra kosta yrði valinn en þeir hafnað viðræðum á grundvelli þessara kosta.

Um 11. gr.

Undanfarinn áratug hefur átt sér stað mikil uppbygging stofnana og heimila í þágu fatlaðra. Segja má að frá setningu laganna um málefni fatlaðra 1983 hafi orðið bylting í þessum málaflokki.

Nú er komið að því að brýn þörf er orðin á fjármagni til viðhalds ýmissa bygginga fyrir fatlaða, enda hefur það verið vanrækt mjög á undanförnum árum vegna fjárskorts. Hér er lagt til að heimilt verði að verja allt að þriðjungi af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra til meiri háttar viðhalds á byggingum stofnana og heimila fatlaðra. Jafnframt er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1992 fallið frá hugmyndum um skerðingu á ráðstöfunarfé sjóðsins. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1992 er fjárveiting til sjóðsins 320 m.kr.

Í fjárlögum fyrir árið 1991 var fjárveiting til Framkvæmdasjóðs fatlaðra 225 m.kr. og var þá gert ráð fyrir 35 m.kr. skerðingu á framlagi til sjóðsins. Fallið var frá þeirri skerðingu við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1991, enda yrði reglugerð um verkefni sjóðsins breytt og honum heimilað að leggja fé til meiri háttar viðhalds á byggingum stofnana og heimila fyrir fatlaðra. Hér er lagt til að ákvæði þetta verði lögfest.

Um 12. gr.

Lagt er til að við 58. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins bætist ný málsgrein sem felur í sér að sveitarfélög leggi fram sérstakt óafturkræft framlag sem nemi 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu. Bygging félagslegra íbúða er ótvírætt hagsmunamál sveitarfélaganna. Þykir eðlilegt að þau leggi fram upphæð sem samsvarar gatnagerðargjaldi af íbúð í fjölbýlishúsi.

Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að lán til félagslegra íbúða nemi aldrei hærri upphæð en 90% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, að frádregnu 3,5% sérstöku framlagi sveitarfélaga til hverrar félagslegrar íbúðar, sbr. 2. mgr. 58. gr. Þetta mun í raun leiða til lækkunar á kostnaðarverði íbúðanna og þar með minni greiðslubyrði íbúðarkaupenda.

Um 14. gr.

Markmiðið með ákvæði þessu er að um næstu áramót verði almennum lánveitingum til einstaklinga úr Byggingarsjóði ríkisins hætt, en nái ekki til 1. mars 1994 eins og lög nr. 47/1991 gera ráð fyrir. Lagt er til að það verði gert með þeim hætti að þeir einir fái lán úr Byggingarsjóði ríkisins sem þegar hafa fengið lánsloforð. Frumvarpið gerir ráð fyrir að 2. tölul. núgildandi bráðabirgðaákvæðis I verði felldur brott og að þeir sem aðeins hafa fengið svar almenns eðlis um lánsrétt fái ekki almenn lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Í lögum nr. 47/1991 segir í 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða I að þeir sem fengið hafi almenn svör um lánsrétt geti staðfest umsóknir sínar við Húsnæðisstofnun ríkisins og þannig haldið rétti sínum til almennra lána úr Byggingarsjóði ríkisins fram til 1. mars

1994 með sama hætti og þeir sem fengið hafa lánsloforð. Þetta er að sjálfsögðu háð því að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins. Á árinu 1990 voru lagðar fram tvær skýrslur um fjárhagsstöðu byggingarsjóðanna, önnur frá nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði en hin frá Ríkisendurskoðun. Í báðum skýrslunum kemur í ljós að eigið fé sjóðanna lækkar ört á næstu árum verði ekkert að gert. Nefnd félagsmálaráðherra lagði því til að hætt verði að veita almenn lán úr Byggingarsjóði ríkisins og öllum umsækjendum, sem ekki hefðu fengið lánsloforð, vísað á húsbréfakerfið. Útreikningar hafa sýnt að það mundi kosta Byggingarsjóð ríkisins um 12 milljarða króna að veita lán þeim 5.000 umsækjendum sem fengið hafa svör almenns eðlis um lánsrétt. Lánin þyrfti sjóðurinn að óbreyttu að borga út á næstu þremur árum. Vegna fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og þeirra aðstæðna, sem þjóðarbúskapurinn býr nú við, er ljóst að halda verður almennum útlánum sjóðsins í algjöru lágmarki. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða ríkisstjórnarinnar að framhald á útlánum úr Byggingarsjóði ríkisins verði að takmarkast við þá sem fengið hafa lánsloforð.

Er fjárhagur Byggingarsjóðs ríkisins var athugaður sl. sumar kom í ljós að þegar hafði verið ráðstafað öllu því fé er sjóðurinn hafði yfir að ráða á árinu 1991. Ekki hafa verið gerðir samningar við lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup eftir árslok 1991. Fjárframlög ríkissjóðs hafa farið minnkandi á sl. árum og var ekkert veitt úr ríkissjóði á þessu ári. Ekki er gert ráð fyrir framlögum til Byggingarsjóðs ríkisins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992. Það er því ljóst að fjárhagsleg geta Byggingarsjóðs ríkisins til frekari lánveitinga en þegar hafa verið bundnar í lánsloforðum er ekki fyrir hendi.

Í þessu sambandi skal áhersla á það lögð að fólk, sem fengið hefur svör um lánsrétt, hefur ekki eignast kröfu á hendur Byggingarsjóði ríkisins. Í tilkynningu um lánsrétt er tekið fram að lánsréttur geti breyst eða fallið niður verði gerð breyting á gildandi lögum. Allir, sem sótt hafa um lán, en ekki fengið lánsloforð frá Húsnæðisstofnun, hafa átt kost á að nýta sér fyrirgreiðslu húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins. Vextir af almennum lánum Byggingarsjóðs ríkisins hafa nú hækkað í 4,9%. Vextir í húsbréfakerfinu eru nú 6% en með vaxtabótum er vaxtakostnaður meðaltekju- og lágtekjufólks greiddur niður.

Með lagabreytingu þessari, ef af verður, hafa húsbréf í reynd tekið við af almennum lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Húsbréfakerfið hefur þegar sýnt að það leysir þau fyllilega af hólmi. Allir þeir, sem hafa greiðslugetu til að koma sér upp húsnæði á hinum almenna markaði, eiga aðgang að húsbréfum. Verði frumvarpið að lögum mun almennum lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins verða lokið 31. desember 1991.

Seðlabankinn hefur í umsögn sinni um útgáfu á 1. flokki húsbréfa á árinu 1991 bent sérstaklega á vandkvæði þess að hafa tvö lánakerfi í gangi á sama tíma. Endanleg lok almennra lánveitinga úr Byggingarsjóði ríkisins draga úr lánsfjárþörf sjóðsins hjá lífeyrissjóðunum og munu um leið efla starfsskilyrði húsbréfakerfisins. Staða ríkisfjármála er með þeim hætti að nauðsynlegt er að hverfa strax frá þeirri beinu niðurgreiðslu vaxta af húsnæðislánum sem á sér stað með almennum útlánum úr Byggingarsjóði ríkisins. Húsbréfakerfið hefur þegar sýnt að það leysir almenn lán Byggingarsjóðs ríkisins fyllilega af hólmi.

Rétt er að Húsnæðisstofnun tilkynni þeim sem fengið hafa svör almenns eðlis um lánsrétt að vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og lagabreytinga í kjölfar þeirra komi réttur til húsbréfa í stað almennra lána frá Byggingarsjóði ríkisins.

Um 15. gr.

Greiðsluþátttöku í almennum tannréttingum verður hætt samkvæmt þessu frumvarpi. Nauðsynlegt þykir í framhaldi þess að breyta orðalagi c-liðar 39. gr. til að taka af allan vafa um það að með stoð í honum megi styrkja tannréttingar sem leiðir af alvarlegum meðfæddum göllum, slysum eða sjúkdómum. Þetta hefur í för með sér að færa þarf hluta II. flokks í reglum nr. 63/1991 um endurgreiðslur sjúkratrygginga af tannréttingakostnaði samkvæmt lögum um almannatryggingar undir reglur c-liðar 1. mgr. 39. gr. almannatryggingalaga þannig að í stað greiðslna samkvæmt samningum við Tannlæknafélag Íslands komi styrkir samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Um 16. gr.

Breytt framkvæmd kallar á lítils háttar orðalagsbreytingu á a-lið 1. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar. Þessa breytingu er að finna í a-lið 15. gr. frumvarpsins.

Rétt þykir að heimilt sé að hafa gjaldið hlutfallsgjald. Gert er ráð fyrir slíkri heimild í b- og c-liðum 15. gr. frumvarpsins.

Í d-lið 15. gr. er 2. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar breytt. Fyrri málsliðurinn er óbreyttur. Hinn síðari er nýmæli sem í felst rýmkun á heimild ráðherra til að setja gjaldskrár. Þetta þykir nauðsynlegt í ljósi sívaxandi aðgerða og rannsókna sem gerðar eru utan sjúkrahúsa. Eðlilegt þykir að heimilt sé að setja gjaldskrár fyrir þessa þjónustu óháð greiðsluþátttöku fyrir sérfræðilæknisþjónustu.

Um 17. gr.

Ákveðið hefur verið að breyta greiðsluþátttöku almannatrygginga í tannlækningum. Þannig verður greiðsluþátttöku í tannréttingum hætt að öðru leyti en sem fram kemur í breyttum c-lið 1. mgr. 39. gr. laga um almannatryggingar, sbr. 15. gr. þessa frumvarps. Þá hefur einnig verið ákveðið að greiðsluþátttaka almannatrygginga í tannlækningum barna 15 ára og yngri verði 90% í stað 75% hjá börnum 5 ára og yngri og 100% hjá börnum 6–15 ára. Í þessu felst samræming á greiðsluþátttöku vegna tannlækninga barna og ungmenna. Þess er vænst að aukningin á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í tannlæknakostnaði barna 5 ára og yngri úr 75% í 90% skili sér í enn betri tannheilsu eldri barna og unglinga. Verulega hefur þokast í rétta átt í þeim málum á undanförnum árum.

Þá hefur og verið ákveðið að breyta greiðsluþátttöku á þann veg að á þeim svæðum, þar sem skólatannlækningar eru skipulagðar og starfræktar sem er einkum í Reykjavík, taki sjúkratryggingar ekki þátt í almennum tannlækningum barna á aldrinum 6–15 ára utan skólatannlækninganna. Þetta þýðir að foreldrar, sem kjósa að notfæra sér ekki skipulagðar skólatannlækningar, munu greiða tannlæknakostnað barna sinna á aldrinum 6–15 ára að fullu sjálfir.

Í ljósi ráðagerða um að bjóða tannlæknaþjónustu út þykir eðlilegt að láta sömu reglur gilda um tannlækningar þar sem samningar nást um tannlæknaþjónustu í kjölfar útboðs og eiga að gilda þar sem skólatannlækningar eru skipulagðar. Í þessu felst að sjúkratryggingar munu ekki greiða tannlæknakostnað barna og unglinga 15 ára og yngri hjá öðrum tannlæknum en þeim sem aðilar eru að samningum í kjölfar útboðs. Kjósi forráðamenn barna að notfæra sér tannlæknaþjónustu annarra tannlækna munu sjúkratryggingar ekki taka þátt í tannlæknakostnaðinum.

Um 18. gr.

Í a- og b-liðum eru gerðar leiðréttingar á 46. gr. almannatryggingalaga.

Í c- og d-liðum eru gerðar nauðsynlegar breytingar á 46. gr. sem leiðir af því að daggjaldanefnd verður lögð niður. Daggjaldaákvörðun er færð í hendur ráðherra. Lítill hluti sjúkrahúsarekstursins fellur undir daggjaldakerfið eða einungis sem svarar u.þ.b. 10% af heildarkostnaði við sjúkrahús. Benda má á að síðasta áratuginn hafa ráðherrar fjármála og heilbrigðismála ætíð staðfest ákvarðanir daggjaldanefndar.

Um 19. gr.

Hér er um að ræða nýmæli vegna ráðagerða um að leita í ríkari mæli útboða vegna þeirrar þjónustu sem sjúkratryggingum ber að veita. Í breytingunni felst að ef sjúkratryggingadeildin gengur til samninga um ákveðna þætti þjónustu þá verður henni óheimilt að greiða öðrum aðilum en þeim sem aðilar eru að samningum fyrir þá þjónustu. Kjósi sjúkratryggður að leita annað um þjónustuna en til þess sem samningur hefur verið gerður við verður hann því að bera kostnaðinn sjálfur. Sem dæmi um þjónustu sem til greina kemur að bjóða út má nefna utanspítalarannsóknir og tannlækningar.

Um 20. gr.

Rétt þykir að breyta orðalagi 1. málsl. 57. gr. almannatryggingalaga til samræmis við breytta framkvæmd. Bætur almannatrygginga eru nú greiddar þriðja virkan dag hvers mánaðar. Þetta þýðir að ef fyrsta dag mánaðar ber upp á föstudag eru bæturnar greiddar út næsta þriðjudag.

Um 21. gr.

Hér er um nýmæli að ræða vegna ráðagerða um að leita í ríkari mæli útboða um rekstur heilbrigðisþjónustu. Til álita kemur að bjóða út t.d. ýmsar rekstrarvörur og lyf.

Um 22. gr.

Ákveðið hefur verið að leggja eiturefnanefnd niður og fela eiturefnaeftirliti Hollustuverndar ríkisins verkefni nefndarinnar. Af þessari ákvörðun leiðir nokkrar breytingar á lögum um eiturefni og hættuleg efni og eru þær raktar í þessari grein.

Um 23. gr.

Breytingu á 14. gr. laga nr. 94/1976 er ætlað að styrkja heimild til gjaldtöku fyrir þá þjónustu er Fasteignamat ríkisins veitir. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir að fjármögnun stofnunarinnar með þjónustugjöldum aukist umtalsvert, eða úr um 55% af rekstrarkostnaði í tæplega 80%. Gjaldskrá stofnunarinnar verður væntanlega breytt í þá veru að þeir aðilar, sem hafa tekjur af upplýsingum úr fasteignaskránni, greiði meira og er þá fyrst og fremst um að ræða sveitarfélög. Fasteignamatið er gjaldstofn verulegrar innheimtu í fasteignagjöldum eða sem nemur 6 milljörðum króna fyrir árið 1991. Eignarskattsálagning ríkisins á grundvelli fasteignamats nam hins vegar um 2,5 milljörðum króna fyrir árið 1991. Þessar tölur endurspegla að innheimta sveitarfélaganna gerir mestar kröfur til vinnuframlags og nákvæmni í störfum stofnunarinnar. Af þeim sökum þykir eðlilegt að nema úr gildi fyrra ákvæðið um verðlagningu þjónustunnar sem kveður á um að sérstakt tillit skuli tekið til upplýsingasöfnunar sveitarfélaga þegar verðlagning er ákveðin. Með hliðsjón af framansögðu hefur farið fram sérstök endurskoðun á gjaldskrá Fasteignamats ríkisins fyrir árið 1992. Hún byggist á því að skipta

gjaldtöku fyrir þjónustu stofnunarinnar í tvo liði, þ.e. grunnverð fyrir upplýsingar og viðbótarverð ef um tekjuöflun á grundvelli upplýsinga úr skránni er að ræða. Í grunnverðinu er tekið sérstakt tillit til upplýsingaöflunar sveitarfélaga, svo sem er í gildandi lögum. Miðað er við að almennt grunnverð verði tiltekin krónutala fyrir hverja matseiningu, en helmingi lægra verð til sveitarfélaga fyrir þær matseiningar sem þau hafa veitt réttar upplýsingar um frá 1976. Viðbótarverðið er tvíþætt. Annars vegar greiða sveitarfélög tiltekið hlutfall af álagningarstofni en hins vegar greiðist ákveðið hlutfall af stimpilgjöldum skjala vegna sölu fasteigna. Þess skal getið að gert er ráð fyrir að greiða þjónustu Fasteignamats ríkisins við embætti ríkisskattstjóra með hærra ríkisframlagi til stofnunarinnar í stað gjaldtöku áður. Þetta er gert m.a. með vísan í 94. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem kveður á um að skattyfirvöld eigi heimtingu á upplýsingum er snerta skattlagningu og eftirlit með henni endurgjaldslaust. Eftirfarandi yfirlit sýnir tekjuáætlun 1992 miðað við framangreinda tillögu borna saman við tekjuáætlun 1991 við núverandi fyrirkomulag gjaldtöku.

	1991 m.kr.	1992 m.kr.
Sveitarfélög	26,0	61,6
Innheimtumenn	11,8	7,2
Aðrir*	11,6	18,5
Samtals	**49,4**	**87,3**

* Aðrir eru fyrst og fremst Reiknistofa bankanna og Húsnæðisstofnun ríkisins.

Framlag ríkissjóðs í fjárlögum 1991 er um 44 m.kr., þar af 19,5 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Í frumvarpi til fjárlaga 1992 er gert ráð fyrir að framlagið verði 51,4 m.kr., þar af 28,6 m.kr. vegna stofnkostnaðar.

Um 24. gr.

Framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs hefur undanfarin ár verið fellt niður með ákvæði í lánsfjárlögum.

Um 25.–44. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992, um skerðingu lögboðinna framlaga, er í þessu frumvarpi lögð til skerðing á sjálfvirkum framlögum til ýmissa aðila sem bundin eru í sérlögum.

Um 45. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt er að tryggja það að þeir sem rétt eiga á endurgreiðslum samkvæmt reglum nr. 63/1991 njóti þess réttar áfram. Er þetta ekki síst nauðsynlegt vegna þess að fjöldi manns varð við þeim tilmælum heilbrigðisyfirvalda að fresta tannréttingameðferð þar til samið hefði verið við tannlækna um gjaldskrá. Þegar samningar náðust sögðu allir tannréttingasérfræðingar sig undan samningnum. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til að greiða fyrir samkomulagi hefur ekki gengið saman. Fyr-

ir vikið hefur ekki reynst unnt að framkvæma reglurnar nr. 63/1991 um endurgreiðslur sjúkratrygginga af tannréttingakostnaði samkvæmt lögum um almannatryggingar. Stór hópur manna hefur lagt í umtalsverðan kostnað vegna tannréttinga án þess að fá endurgreiðslur. Nauðsynlegt getur reynst að ráðherra hafi heimild til setningar sérstakrar gjaldskrár til þess að endurgreiðslur geti átt sér stað náist ekki samkomulag um gjaldskrá. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði geti staðið út árið 1993 en frá og með þeim tíma verði þeim að fullu lokið. Hér er oft um tímafreka og langa meðferð að ræða og verður frestur því að vera ríflegur og umfram allt sanngjarn.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla.

Með þessum breytingum er komið í veg fyrir aukinn kostnað við rekstur grunnskóla á árinu 1992 frá því sem hefði getað orðið að óbreyttum lögum um grunnskóla. Ekki er hægt í öllum tilfellum að meta það sem sparast en bent er á eftirfarandi:

Um 1. gr.:

a. Ógerlegt er að segja til um hugsanlegan kostnað við málsverði í skólum þar sem ekki hefur verið mörkuð stefna um hvað skólarnir eiga að bjóða upp á í þessum efnum. Þó er ljóst að kostnaður hefði að hluta fallið á sveitarfélög.
b. Starfssvið og starfstilhögun grunnskólaráðs hefur ekki verið útfært nánar og því er ekki hægt að gera sér grein fyrir hvað ákvæði um ráðið hefðu kostað.
c. Ekki er ljóst hve margir aðstoðarskólastjórar hefðu verið ráðnir á grundvelli þessa ákvæðis en viðbótarkostnaður vegna ráðningar hvers aðstoðarskólastjóra hefði orðið um 0,7 m.kr. Bent er á að þetta er heimildarákvæði og hefði ekki þurft að koma til framkvæmda að óbreyttum lögum.
d. Með því að fella brott þetta ákvæði úr lögunum er væntanlega stefnt að því að vikulegum viðmiðunarstundum fjölgi ekki. Fjöldi vikustunda sem lagður er til grundvallar við gerð frumvarps til fjárlaga 1992 skal vera óbreyttur en hann er sem hér segir:

1.–3.	bekkur	24 vikustundir
4.	—	27 —
5.	—	29 —
6.	—	32 —
7.	—	34 —
8.–10.	—	35 —

Gert var ráð fyrir að fjölga vikustundum um 15 alls á þremur árum og má þá telja eðlilegt að fjölga þeim um 5 á ári. Sé tekið mið af því sparar frestun þessa ákvæðis tæpar 19 m.kr.

Ekki er hægt að spá fyrir um hvað frestun á framkvæmd ákvæðis um skólaathvörf sparar.

Um 2. gr.:

Ákvæði þetta er til að taka af öll tvímæli um að sveitarfélög beri kostnað af stofnkostnaði þar sem nauðsynlegt er talið að ætla sérstakt húsnæði í skóla fyrir heilsugæslu og/eða tannlækningar. Um stærð húsnæðis fer samkvæmt reglum er menntamálaráðuneyti setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga en um kostnað vegna tækja og búnaðar, svo og rekstur, fer samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Um 3. gr.:

Gert er ráð fyrir að frestun á því að fækka nemendum í 18 í 1. bekk spari um 9,5 m.kr. en að fækka nemendum í 22 í 3. bekk spari rúmlega 12 m.kr.

Niðurfelling málsgreina í bráðabirgðaákvæðum tekur til tímamarka sem sett voru í grunnskólalög og er ekki lagt kostnaðarmat á það.

Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að frestun framangreindra ákvæða grunnskólalaga, nr. 49/1991, spari ríkissjóði rúmlega 40 m.kr. á árinu 1992 en tæpar 100 m.kr. á heilu ári. Sparnaður á árinu 1992 miðast við 5 mánuði. Allar fjárhæðir eru á áætluðu verðlagi í janúar 1992.

Um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 56/1987.

Þetta ákvæði setur skorður á skuldbindingar ríkissjóðs um þátttöku í kostnaði við jarðræktarframkvæmdir. Erfitt er að meta hve mikill sparnaður hlýst af þessu en miðað við óbreytt umfang jarðræktarframkvæmda frá fyrra ári yrði það 35 m.kr.

Um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Í lögum þessum er gert ráð fyrir veiðieftirlitsgjaldi fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli þessara laga eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða. Gjaldið skal renna til reksturs veiðieftirlits ráðuneytisins og skal upphæð þess miðast við að það standi undir rekstri eftirlitsins að hálfu. Með breytingu á lögunum er gert ráð fyrir að veiðieftirlitsgjaldið standi undir rekstri veiðieftirlitsins að fullu. Framlag til veiðieftirlitsins í fjárlagafrumvarpi 1992 er 80,7 m.kr. og sértekjur eru jafnháar. Sparnaður sem hlýst af þessari breytingu er því rúmlega 40 m.kr.

Um breytingu á lögum nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis.

Miðað við þann auglýsingakostnað sem féll til við alþingiskosningar 1991 sparast um 10 m.kr. við þá breytingu sem lögð er til í þessari grein. Athuga ber að kostnaðurinn við núgildandi fyrirkomulag er háður fjölda framboðslista sem var óvenju mikill við síðustu kosningar.

Um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota.

Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir stofnun ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota, sem kæmi í stað núverandi laga um ríkisábyrgð á laun við gjaldþrot. Í athugasemdum við greinina kemur fram að heildarframlag til sjóðsins verði að hámarki 0,2% af tryggingagjaldstofni sem er áætlaður 187 milljarðar kr. árið 1992. Samtals má ætla að framlag til sjóðsins árið 1992 geti numið allt að 374 m.kr. Þar af yrði hlutur ríkissjóðs 73 m.kr., sveitarfélaga 23 m.kr. og annarra atvinnurekenda 278 m.kr. Á móti fellur niður sérstakt framlag í fjárlagafrumvarpi 1992 að upphæð 100 m.kr.

Í athugasemd við sömu grein er vikið að þrengingu ákvæða um réttindi launþega við gjaldþrot. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins var útlagður kostnaður vegna þessara laga um 400 m.kr. þann 20. nóvember sl. og stefnir í að verða um 450 m.kr. allt árið. Að áliti félagsmálaráðuneytisins mundu þau þrengingarákvæði lækka greiddar launaábyrgðir í um 195 m.kr. að öðru óbreyttu.

Um breytingu á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

Breytingin samkvæmt 11. gr. frumvarpsins felur í sér að heimilt sé að verja allt að þriðjungi af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra til meiri háttar viðhalds á stofnunum fatlaðra.

Þessi breyting, að verja hluta af ráðstöfunarfé sjóðsins til viðhalds eigna en ekki til nýframkvæmda, dregur úr árlegum vexti á rekstrarumfangi stofnana fatlaðra. Ætla má að samdrátturinn gæti numið um 20-40 m.kr. miðað við að fénu væri að óbreyttu öllu varið til nýbygginga.

Um breytingu á lögum nr. 86/1988,
um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Breyting 12. gr. frumvarpsins felur í sér að sveitarfélag leggi fram sem óafturkræft framlag 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu. Miðað við forsendur fjárlagafrumvarps, að ný lánsloforð Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1992 nemi allt að 3 milljörðum króna, mun framlag sveitarfélaga verða um 116 m.kr.

Ákvæði 14. gr. frumvarpsins miða að því að loka gamla húsnæðislánakerfinu og vísa lántakendum í húsbréfakerfið. Með því er komið í veg fyrir áframhaldandi vaxtaniðurgreiðslur á útlánum Byggingarsjóðs ríkisins. Á móti vega að hluta auknar vaxtabætur ríkissjóðs vegna hærri vaxta á húsbréfum. Heildaráhrifin til lækkunar á kostnaði ríkissjóðs eru háð umfangi almennra útlána Byggingarsjóðs ríkisins sem hefði orðið að óbreyttum lögum.

Um breytingu á lögum nr. 67/1971,
um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Í 15. til 17. gr. frumvarpsins er fjallað um greiðslur fyrir tannlæknaþjónustu og munu þær breyta 39., 43. og 44. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Tilgangur þessara breytinga er að skýra rétt til bóta fyrir tannaðgerðir.

Með breytingu 39. gr. almannatryggingalaganna ná styrkir til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem kveðið er á um í 44. gr., aðeins til *alvarlegra afleiðinga* meðfæddra galla, *slysa og sjúkdóma*. Fyrir breytingu nær styrkheimildin til „meðfæddra galla, svo sem klofins góms eða meiri háttar tannvöntunar". Hér er lagagreinin þrengd með vísun til „alvarlegra afleiðinga" en rýmkuð með vísun til „slysa og sjúkdóma". Það verður komið undir framkvæmd hinna breyttu laga, hvort kostnaður af þessu lagaákvæði eykst eða minnkar, en hann nam 43,8 m.kr. á árinu 1990. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er það ætlan stjórnvalda að lækka útgjöld vegna 39. gr. almannatryggingalaga um 30 m.kr., en undir þennan lið falla ýmsar bætur sjúkratrygginga, svo sem styrkir til tannviðgerða, sjúkraþjálfun, ferðakostnaður til útlanda o.fl. Lækkun á útgjöldum samkvæmt 39. gr. almannnatryggingalaga muni ekki nást með breytingum á styrkjum til tannviðgerða einum saman, heldur verði aðrir styrkir og bætur samkvæmt þessari grein laganna einnig að lækka.

Með 16. gr. yrði 43. gr. almannatryggingalaga breytt. Í a-lið er orðalagsbreyting á 43. gr. sem ekki hefur sérstakan kostnað í för með sér. Heimilt er að ákveða að gjald það er sjúklingur greiði sjálfur verði hlutfallsgjald og eru það nýmæli er geta komið til með að spara umtalsverða fjármuni, þar eð fram að þessu hefur gjald sjúklings verið fast sem ákveðið hefur verið hverju sinni með reglugerð. Hefur gjaldið haft tilhneigingu til að dragast aftur úr launa- og verðþróun og þar með hefur hluti sá er greiddur er af almannatryggingum hækkað umfram almennar launa- og verðlagshækkanir. B- og c-liðir 16. gr. fjalla einnig um hlutfallsgjald fyrir komur til sérfræðinga og í lyfjakostnaði. Ein af forsendum fjárlagafrumvarps er að göngudeildargjald á sjúkrahúsum hækki úr 900 kr. í 1.500 kr. fyrir hverja komu (úr 300 kr. í 500 kr. fyrir ellilífeyrisþega) og gjald fyrir komu til sérfræðings sömuleiðis. Gjald fyrir komu til heilsugæslulæknis og almenns heimilislæknis verði 750 kr. (300 kr. fyrir ellilífeyrisþega). Öll þessi gjöld verði háð

ákveðnum undantekningum og hámörkum. Með þessu móti er talið að sértekjur sjúkrahúsa muni hækka um 160 m.kr. og læknakostnaður almannatrygginga lækka um 260 m.kr. Enn fremur var áætlað í fjárlagafrumvarpi að sértekjur heilsugæslustöðva mundu hækka um nær 375 m.kr. við það að fyrrnefnt komugjald yrði tekið upp. Var þá reiknað með að allar komur yrðu gjaldskyldar, þ.m.t. komur ellilífeyrisþega, svo og mæðra- og ungbarnaeftirlit. Samtals hefðu þessi áform gefið 795 m.kr. í lægri útgjöld sjúkratrygginga eða auknar sértekjur. Nú standa mál hins vegar svo að heilbrigðisráðuneytið telur ekki rétt að almennt gjald fyrir komu á heilsugæslustöð verði hærra en 600 kr. og í heild mun ekki vera hægt að reikna með meiri sértekjum og lægri útgjöldum sjúkratrygginga en um 500 m.kr. Því vantar enn tæpar 300 m.kr. á að ætlan fjárlagafrumvarps náist.

Hvað varðar lyfjakostnað var gert ráð fyrir því við gerð fjárlagafrumvarps að um 800 m.kr. mundu sparast í lyfjakostnaði við þær breytingar á þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði er gildi tóku um mitt þetta ár. Sú reynsla sem nú liggur fyrir af þegar orðnum breytingum bendir til þess að sparnaðurinn verði í reynd um 400 m.kr.

Í 17. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 44. gr. almannatryggingalaganna. Aðalbreytingarnar eru tvíþættar. Annars vegar verður hætt að greiða fyrir tannréttingar, aðrar en getið er í 39. gr. almannatryggingalaga (svo og með fororði bráðabirgðaákvæðis með frumvarpinu). Hins vegar er hlutföllum við þátttöku almannatrygginga í almennum tannviðgerðum breytt á þann veg að fyrir börn og unglinga 15 ára og yngri verði 90% kostnaðar greiddur. Áður voru hlutföllin 75% fyrir börn að 6 ára aldri og 100% á aldrinum 6 til 15 ára. Ekki eru ráðgerðar neinar breytingar á kostnaðarþátttöku ellilífeyrisþega í almennum tannlækningum. Sú takmörkun að greiða aðeins fyrir tannlækningar gegnum skólatannlækningar þar sem þær eru fyrir hendi kemur til með að geta sparað umtalsvert fé þar eð reynslan hefur sýnt að skólatannlækningar eru mun ódýrari. Í Reykjavík fara um 80% barna á grunnskólaaldri til skólatannlækna og 20% til einkatannlækna. Kostnaður við þær tannlækningar skiptist u.þ.b. að helmingi milli þessara tveggja hópa. Þessu til viðbótar eru þau nýmæli helst í 17. gr. að Tryggingastofnun leiti samninga eða útboða vegna tannlækninga og verði greiðslur miðaðar við slíkt.

Gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1992 að þessar aðgerðir dragi úr tannlæknakostnaði um 280 m.kr., en sú fjárhæð skiptist samkvæmt áætlun þannig að um 150 m.kr. sparast við að hætta að greiða tannréttingar, 50–60 m.kr. sparast við að beina öllum skólabörnum til skólatannlækninga þar sem það er hægt og um 70 m.kr. eru taldar munu sparast með því að þátttaka barna að 16 ára aldri í tannlæknakostnaði verði 10%. Að áliti fjármálaráðuneytis munu umræddar 150 m.kr. ekki sparast nema fallið verði frá bráðabirgðaákvæði því sem er að finna aftast í frumvarpi þessu, enda var ekki gert ráð fyrir því ákvæði þegar fjárlagafrumvarpið var samið. Sparnaður við skólatannlækningar, 50 m.kr., er lauslega áætlaður, og 70 m.kr. sparnaður með 10% þátttöku barna til 16 ára aldurs er oftalinn um 10–15 m.kr. þar sem kostnaðarþátttaka foreldra vegna barna fram að 6 ára aldri er minnkuð.

Í 18. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að daggjaldanefnd verði lögð niður. Við það sparast 465 þús.kr. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra yrði einhliða ætlað það vald að ákveða daggjöld.

Í 19. gr. er sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins heimilað að leita útboða á þjónustu sem henni ber að veita. Er það í samræmi við þá ætlan í fjárlagafrumvarpi að bjóða út ýmsa þjónustu sem sjúkratryggingar greiða að fullu eða að hluta, svo sem skólatannlækningar, tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega, heimahjúkrun, lyf, utanspítalarannsóknir o.fl. Verður slíkum útboðum beitt víðar í heilbrigðisgeiranum og er ætlað að spara 100 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1992.

Með 20. gr. frumvarpsins yrði það lögfest að greiða skuli bætur þriðja virka dag

hvers mánaðar. Það er gert nú þótt það sé ekki fest í lögum. Fjárhagsleg áhrif eru því engin að því séð verður.

Um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.

Svo sem getið er í athugasemd hér á undan við 19. gr. gerir fjárlagafrumvarp fyrir árið 1992 ráð fyrir víðtækum sparnaði í heilbrigðisþjónustu með því að auka samkeppni í framboði á vörum og þjónustu, bæði til sjúkrastofnana svo og í þeirri þjónustu er Tryggingastofnun ríkisins kaupir. Ákvæði þetta tekur af allan vafa um heimild til að leita útboða í þessu skyni.

Um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni.

Breytingar á lögum þess efnis að leggja niður eiturefnanefnd og færa hlutverk hennar til eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins sparar um 600 þús.kr. í nefndarlaun.

Um breytingu á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

Sú breyting sem ráðgerð er á gjaldskrá Fasteignamats ríkisins á grundvelli 23. gr. frumvarpsins veldur því að tekjur stofnunarinnar munu aukast um nálægt 35 m.kr. þegar tekið hefur verið tillit til stækkunar á gjaldskrárstofninum.

Um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð.

Að óbreyttum lögum hefði framlag ríkissjóðs orðið 90–100 m.kr. á árinu 1992. Framlag ríkissjóðs hefur hins vegar verið fellt niður undanfarin ár með ákvæði í lánsfjárlögum.

Áætluð lækkun útgjalda ríkissjóðs er um 1,9 milljarðar króna á árinu 1992 vegna lagabreytinga í I. kafla, sbr. eftirfarandi sundurliðun (m.kr.):

Breyting á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla	40
Breyting á jarðræktarlögum, nr. 56/1987	35
Breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða	40
Breyting á lögum nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis *	-
Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	450
Breyting á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra **	-
Breyting á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum ***	-
Breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum	1.270
Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu	-
Breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni	1
Breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna	35
Breyting á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð ****	-

* Útgjaldalækkun kemur fram við næstu alþingiskosningar og er áætluð 10 m.kr.

** Lækkun á framlagi til stofnkostnaðar dregur úr vexti á rekstrarfjárþörf komandi ára. Það gæti svarað til 20–40 m.kr. lægri rekstrarkostnaðar en ella árlega.

*** Framlag sveitarfélaga styrkir eiginfjárstöðu Byggingarsjóðs verkamanna m.v. óbreytt lög. Heildaráhrif til lækkunar á vaxtaniðurgreiðslum ríkissjóðs við lokun almenna lánakerfisins frá 1986 eru óviss.

**** Að óbreyttum lögum hefði framlag ríkissjóðs orðið 90–100 m.kr. á árinu 1992. Framlag ríkissjóðs hefur hins vegar verið fellt niður undanfarin ár með ákvæði í lánsfjárlögum.

II. KAFLI

Yfirlit yfir skerðingarákvæði fjárlagafrumvarps.

	Lögbundið framlag m.kr.	Fjárlaga-frumvarp m.kr.	Skerðing framlags m.kr.
Framkvæmdasjóður ríkisútvarps *	180	0	180
Listskreytingasjóður	12	12	0
Húsfriðunarsjóður	35	10,5	24,5
Kvikmyndasjóður	113	91,5	21,5
Menningarsjóður	11,5	6,0	5,5
Endurbætur menningarbygginga	365	335	30
Stofnlánadeild landbúnaðarins	100	60	40
Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum	55	0	55
Mat á búvörum	9	0	9
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	700	340	360
Fiskveiðasjóður	0,4	0	0,4
Kirkjugarðsgjald *	396	314	82
Kirkjubyggingasjóður	7	1	6
Bjargráðasjóður	65,6	0	65,6
Slysatryggingar, varasjóður	30	0	30
Gæsluvistarsjóður	5,5	0	5,5
Lyfsölusjóður	18	0,9	17,1
Hafnabótasjóður	103,8	90	13,8
Ferðamálasjóður	184	68	116
Skipulagsstjóri ríkisins	40	0	40
Samtals	**2.430,8**	**1.328,9**	**1.101,9**

* Lögbundinn tekjustofn

Ákvæði til bráðabirgða.

Svo sem fyrr er getið er ekki gert ráð fyrir ákvæði frumvarpsins í fjárlagafrumvarpi. Ákvæðið gerir ráð fyrir endurgreiðslum til þeirra sem rétt hafa átt til endurgreiðslu á árinu 1991. Ekki er hægt að vita með neinni vissu hversu margir sjúklingar eiga slíkan rétt. Hjá Tryggingastofnun ríkisins liggja nú fyrir rúmlega 600 umsóknir um endurgreiðslu og til viðbótar má ætla að annar eins fjöldi umsókna kunni að berast samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði. Meðalendurgreiðsla á umsókn nemur um 200 þús. kr., þannig að heildarkostnaður af þessu ákvæði getur numið um 240 m.kr. en mun dreifast á tvö ár og meiri hlutinn falla til á árinu 1992.

182. Frumvarp til laga [168. mál]

um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Steingrímur Hermannsson,
Össur Skarphéðinsson, Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson,
Gunnlaugur Stefánsson, Kristín Ástgeirsdóttir,
Ólafur Ragnar Grímsson.

1. gr.

Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorku- eða eiturefnavopn.

2. gr.

Markmið laga þessara er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorku- og eiturefnavopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

3. gr.

Í lögum þessum merkir „kjarnorkuvopn“ hvers kyns vopn eða sprengju þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti, en tekur ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu.

„Eiturefnavopn“ merkir vopn sem byggist á notkun skaðlegra efna eða efnasambanda, þar með talið lífefnaeitur, skaðlegar örverur eða líffræðilegir orsakavaldar.

Í heiti laganna, og annars staðar þar sem annað kemur ekki fram, merkir „Ísland“ íslenskt land, landhelgi, lofthelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og allt íslenskt yfirráðasvæði samkvæmt lögum, þjóðarétti og ýtrustu fullveldisréttindum í og á landi, á og yfir hafsbotni, í sjó og ofan sjávar og í lofti.

Hið „friðlýsta svæði“ merkir í lögum þessum allt íslenskt yfirráðasvæði sem lýst er í þessari grein þar sem geymsla, framleiðsla, tilraunir og hvers kyns meðhöndlun eða flutningur kjarnorku- og eiturefnavopna er bannaður, sbr. þó ákvæði 11. gr.

4. gr.

Enginn íslenskur ríkisborgari eða maður sem hefur varanlegt dvalarleyfi á Íslandi, erlendur ríkisborgari sem er í þjónustu íslenska ríkisins eða dvelst innan hins friðlýsta íslenska svæðis má

1. búa til kjarnorkuvopn af neinu tagi, afla sér slíks vopns eða hafa það undir höndum;
2. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða hafi undir höndum kjarnorkuvopn af neinu tagi.

5. gr.

Bannað er innan hins friðlýsta svæðis að koma fyrir kjarnorkuvopnum af neinu tagi, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn annan hátt.

6. gr.

Bannað er að flytja kjarnorkuvopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

7. gr.

Allar tilraunir með kjarnorkuvopn eða tilraunir, sem tengjast notkun kjarnorkuvopna, eru óheimilar innan hins friðlýsta svæðis.

8. gr.

Bannað er að búa til eiturefnavopn af nokkru tagi innan hins friðlýsta svæðis, koma fyrir, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn hátt.

9. gr.

Bannað er að flytja eiturefnavopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

10. gr.

Sérhverju því farartæki, sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku, er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

11. gr.

Öll umferð farartækja, sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang, er bönnuð innan hins friðlýsta svæðis, sbr. þó ákvæði 12. gr.

Losun kjarnorkuúrgangs eða annarra geislavirkra efna hvort sem þau teljast hágeislavirk eða lággeislavirk, þar með taldir geislavirkir vökvar, er með öllu óheimil innan hins friðlýsta svæðis.

12. gr.

Undanþegin ákvæðum 6., 9., 10. og fyrri málsgreinar 11. gr. þessara laga er friðsamleg umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðdvalar í eða á sjó eða í lofti á alþjóðlegum leiðum, þó aldrei nær landinu en upp að 12 sjómílna mörkum og lofthelginnar þar upp af.

13. gr.

Aldrei skal leyfa komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna landeða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum samkvæmt lögum þessum. Íslensk yfirvöld skulu í vafatilfellum ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila, sem völ er á, til að byggja á ákvörðun sína og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir.

14. gr.

Íslensk yfirvöld skulu leita með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir, eins víðtækrar alþjóðlegrar viðurkenningar á hinu friðlýsta svæði og kostur er. Skal eftir því leitað að slíkar viðurkenningar feli í sér yfirlýsingar um að hið friðlýsta svæði sé virt og viðurkennt. Einnig skulu yfirvöld

leita viðurkenningar á rétti Íslands til að fylgjast með eða láta fylgjast með hinu friðlýsta svæði og til að refsa fyrir eða mótmæla eftir atvikum brotum á friðlýsingu þessari.

15. gr.

Hver sá, sem sekur er fundinn um alvarlegt brot gegn ákvæðum laga þessara, skal sæta fangelsisvist allt að 10 árum.

16. gr.

Framkvæmd laga þessara heyrir undir og er á ábyrgð forsætisráðherra, en hafa skal hann samráð við Alþingi og utanríkismálanefnd Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir er tengjast framkvæmdinni, sbr. 24. gr. laga nr. 55/1991. Heimilt er forsætisráðherra að fela utanríkis- eða samgönguráðherra eða öðrum ráðherrum, sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 17. júní 1993.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur tvívegis áður verið flutt á Alþingi en í hvorugt skiptið orðið útrætt.

Þrátt fyrir að miklir atburðir hafi orðið í afvopnunarmálum og alþjóðastjórnmálum síðan það var samið og flutt í fyrsta sinn á 109. löggjafarþingi veturinn 1986–1987 hefur það í engu tapað mikilvægi sínu. Þvert á móti auðveldar tvímælalaust sú jákvæða þróun sem orðið hefur í samskiptum herveldanna samhliða breytingum í Austur-Evrópu og einnig hinir víðtæku afvopnunarsamningar Íslendingum að ganga á undan með góðu fordæmi eins og hér er lagt til. Því ber að fagna að nú er betra lag en nokkru sinni fyrr til að festa í sessi þá afstöðu að afvopnun verði að taka til hafsvæðanna ekki síður en til lands og lofts. Nýjustu fréttir um einhliða ákvarðanir stórveldanna um stórfelldan niðurskurð kjarnorkuvopna ættu að sannfæra þá sem enn kynnu að hafa efasemdir um að aðgerð af því tagi að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum er raunhæft og tímabært skref af okkar hálfu í takt við þróun mála umhverfis okkur.

Í tilkynningu Bush, forseta Bandaríkjanna, frá 27. september sl. felst m.a. að Bandaríkjamenn ákveða einhliða að taka úr umferð og eyða öllum kjarnorkuvígvallarvopnum og taka úr umferð meðaldræg kjarnorkuvopn um borð í skipum og kafbátum, sem og sprengjur flugvéla í flugmóðurskipum, og að sprengjuflugvélar sem bera kjarnorkuvopn verða teknar úr viðbragðsstöðu og svo mætti áfram telja.

Svar Gorbatsjovs 5. október sl. er á líkum nótum. Rétt er einnig að hafa í huga START-samningana um fækkun langdrægra kjarnorkuvopna, samning um takmörkun hefðbundinna vopna og herafla í Evrópu og yfirstandandi viðræður og umleitanir á mismunandi stigum um framlengingu samnings um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, um tilraunabann og um útrýmingu efnavopna og sýklavopna svo nokkuð sé nefnt. Því verður ekki á móti mælt að það er meira en tímabært að við Íslendingar tökum nú til umfjöllunar hvernig við getum af okkar hálfu lagt þessari jákvæðu þróun mála lið og verið þar í fararbroddi. Annað sæmir ekki þeirri þjóð sem gjarnan hrósar sér af því að vera vopnlaus og friðelskandi.

Það er skoðun flutningsmanna að með aðgerðum af því tagi sem frumvarp þetta ger-

ir ráð fyrir væri í senn með afdráttarlausum hætti staðfestur í löggjöf landsins vilji okkar til að tryggja frið, öryggi og varðveislu auðlinda á okkar slóðum og sýnt af Íslands hálfu kjarkmikið fordæmi í anda þeirra stóratburða í afvopnunarmálum og alþjóðasamskiptum sem varðað hafa veginn sl. mánuði og ár.

Frumvarpinu fylgdi á sínum tíma þegar það var endurflutt á 110. löggjafarþingi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt og er því endurflutt. Sú breyting hefur verið gerð að bætt hefur verið inn í frumvarpið einni grein, 11. gr., sem fjallar um sérstakt bann við flutningi eða losun geislavirkra efna innan hins friðlýsta svæðis. Þar sem eitt meginmarkmið laga um friðlýsingu Íslands yrði að draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á og í grennd við landið þótti eðlilegt að taka inn í frumvarpið slík ákvæði.

Ísland er að vísu aðili að svonefndum Lundúnasamningi um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna en sá samningur er ekki afdráttarlaus hvað t.d. lággeislavirkan úrgang varðar, auk þess sem ekkert er því til fyrirstöðu að við setjum okkur sjálf strangari reglur í eigin lögsögu. Sjálfsagt er að Íslendingar, sem eiga lífsafkomu sína undir auðlindum hafsins, gangi á undan með góðu fordæmi í þessum efnum.

Síðan frumvarpið var samið og lagt fram sl. vetur hefur það gerst að frumvarp til laga um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland var samþykkt sem lög á þinginu í Wellington. Lögin tóku hins vegar næsta litlum breytingum frá upphaflega frumvarpinu og þykir því ekki ástæða til að láta þýða lögin í sinni endanlegu mynd en látið duga að prenta nýsjálenska frumvarpið sem fylgiskjal eins og áður.

Að öðru leyti getur greinargerð sú, sem fylgdi frumvarpinu á síðasta þingi, staðið án athugasemda. Hún er svohljóðandi:

Frumvarp þetta er lagt fram til kynningar og til að hefja umræður um hvernig staðið skuli að því að festa í lög þá yfirlýstu stefnu Alþingis og ríkisstjórna að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn. Rétt þótti að láta sambærilegt bann við eiturefnavopnum fylgja með í lögunum.

Það er eðlileg, lýðræðisleg krafa að sú yfirlýsta stefna, að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn, verði bundin í lögum landsins. Í framhaldi af slíkri lagasetningu hlýtur að koma til skoðunar að taka upp almenn ákvæði þar að lútandi í stjórnarskrá. Með þeim hætti væri vilji bæði Alþingis og þjóðarinnar allrar tryggður að baki friðlýsingar landsins.

Við samningu frumvarpsins hefur verið stuðst við frumvarp um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland sem er til umfjöllunar á þingi þeirra Nýsjálendinga í Wellington, lagt fram af forsætisráðherra landsins, David Lange. Einnig var tekið mið af hugmyndum sem settar hafa verið fram um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Frumvarp þetta á enn fremur í öllum meginatriðum að vera í samræmi við ákvæði um önnur kjarnorkuvopnalaus svæði eða friðlýst svæði, svo sem Tlatelolco-samninginn um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Ameríku, Rarotonga-samninginn um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Kyrrahafi og stöðu þessara mála á alþjóðavettvangi, sbr. lokakafla ályktunar frá afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1978, sjá fylgiskjöl.

Höfundur telur rétt að nokkur tími sé til stefnu frá því að frumvarp þetta verður að lögum og þar til lögin taka gildi. Þann tíma þarf að nota m.a. til að afla svæðinu viðurkenningar, undirbúa eftirlit og annað sem að framkvæmdinni lýtur.

Enginn vafi er á því að lagasetning af þessu tagi um kjarnorku- og eiturefnavopnafriðlýsingu væri stórt framlag og hvatning af Íslands hálfu til afvopnunar og friðarvið-

leitni í heiminum. Ótvírætt væri gildi þess fyrir framþróun hugmynda um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum ef Íslendingar tækju fyrir sitt leyti af skarið með kjarnorkufriðlýsingu landsins. Verulegur skriður hefur verið á umræðum og mótun hugmynda um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd upp á síðkastið en því miður virðist svo sem framlag íslenskra yfirvalda hingað til hafi fyrst og fremst orðið það að tefja fyrir málinu. Hér er lagt til að bragarbót verði gerð í því efni í samræmi við ótvíræðan vilja þjóðarinnar ef marka má kannanir. Að sjálfsögðu mundi svo hið friðlýsta íslenska svæði ganga inn í væntanlegt kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og verða hluti af því hvað varðaði samninga um viðurkenningu, eftirlit og alla framkvæmd.

Hér er einnig um stórt umhverfismál að ræða og fyllilega tímabært að við Íslendingar tökum af meiri alvöru á þeirri ógn sem okkur og heiminum öllum stafar af kjarnorkuvopnum og kjarnorkuknúnum farartækjum, kjarnorkuúrgangi, eiturefnum o.s.frv.

Sjálfsagður liður í þessu er að banna með öllu siglingar eða umferð kjarnorkuknúinna farartækja upp að landinu.

Skylt er að geta þess að þessu máli og öðrum hliðstæðum hefur verið hreyft áður á Alþingi. Að minnsta kosti fjórum sinnum hefur verið flutt tillaga til þingsályktunar um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði. Í öll skiptin hefur þar verið um að ræða tillögur að ályktunum um að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf. Fyrst var slík tillaga flutt af Svövu Jakobsdóttur og Magnúsi Torfa Ólafssyni á 97. löggjafarþingi, síðan af Svövu einni á 100. löggjafarþingi og svipuð tillaga af Guðrúnu Helgadóttur o.fl. á 102. og 107. löggjafarþingi. Einnig hafa verið fluttar margs konar tillögur sem efninu tengjast, svo sem um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, afvopnun á Norður-Atlantshafi o.fl., en hér er eftir því sem best er vitað málið í fyrsta sinn komið í frumvarpsbúning.

Um skýringar að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins, fylgiskjöl og í framsöguræðu. Einnig má benda á rit öryggismálanefndar (rit 3) um kjarnorkuvopnalaus svæði eftir Þórð Ingva Guðmundsson, en það er að því leyti ófullnægjandi að það er orðið nokkurra ára gamalt (1982) en þróun þessara mála hefur verið hröð upp á síðkastið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. laganna er megintilgangur þeirra skýrður nánar en fram kemur í heiti frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þessi lagagrein fjallar um markmið laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er vikið að skilgreiningum eða merkingu orða að svo miklu leyti sem slíkt var talið nauðsynlegt.

Hugtakið kjarnorkuvopn er hér skilgreint á sama hátt og í flestum hliðstæðum tilfellum, þ.e. þegar verið er að fjalla um eða ákveða hvað skuli teljast „kjarnorkuvopn" við skilgreiningu hugtaka í sambandi við kjarnorkuvopnalaus svæði, sbr. fylgiskjöl.

Eiturefnavopn eru hér nánast í sinni víðustu merkingu látin ná yfir öll skaðleg efni eða efnasambönd sem nota á sem vopn til að skaða fólk, mannvirki eða náttúru. Innifalin eru í þessari skilgreiningu lífefnavopn, en um þau gilda alþjóðlegir samningar um bann

við þróun, framleiðslu og uppsöfnun sýklavopna (líffræðilegra vopna) og vopna er nýta lífefnaeitur, og um eyðingu slíkra vopna, frá 10. apríl 1972. Að öðru leyti yrði að afla hinni víðtæku íslensku skilgreiningu sérstaklega viðurkenningar.

Ákvæði um „íslenskt yfirráðasvæði" og hið „friðlýsta svæði" skýra sig í raun sjálf. Flutningsmenn telja eðlilegt að friðlýsingin nái til alls þess svæðis sem ýtrustu kröfur Íslands, á grundvelli þjóðaréttar og fullveldisréttar, ná til, sjá einkum lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, og hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, einkum V. hluta, 55.–57. gr., og VI. hluta, 76. gr.

Um 4.–7. gr.

Í 4.–7. gr. eru tíundaðar kvaðir sem fylgja hinu friðlýsta svæði. Þar eru í öllum aðalatriðum á ferðinni atriði sem Íslendingar hafa þegar undirgengist með fullgildingu samningsins um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum, sjá fskj. II, 1. og 2. gr., og samninga um tilraunabann og bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotni (undirritaður fyrir Íslands hönd 11. febr. 1971). Hér eru hins vegar persónulega lagðar kvaðir á alla íslenska ríkisborgara og erlenda menn í þjónustu ríkisins eða sem dvelja innan svæðisins. Þannig er kjarnorku- og eiturefnavopnabannið í senn bundið ríkinu sem samanstendur af borgurunum, íslensku yfirráðasvæði og öllum íslenskum ríkisborgurum sem einstaklingum, hvar og hvenær sem er. Að öðru leyti vísast til fylgiskjals um skýringar.

Um 8.–9. gr.

Í 8.–9. gr. er lagt hliðstætt bann við umsýslan með eiturefnavopn innan hins friðlýsta svæðis og á við um kjarnorkuvopn. Sjá einnig skilgreiningu á hugtakinu „eiturefnavopn" í athugasemdum um 3. gr.

Um 10. gr.

Í 10. gr. eru skýr fyrirmæli um að kjarnorkuknúin farartæki megi ekki koma inn á hið friðlýsta svæði nema ferð þeirra falli undir ákvæði 12. gr.

Um 11. gr.

Rétt þykir að taka af öll tvímæli af Íslands hálfu um að losun geislavirks úrgangs eða geislavirkra efna í íslenskri lögsögu er bönnuð hverjum sem er. Í reynd má segja að slíkt bann sé þegar að flestu leyti í gildi með lögum nr. 20/1972, lögum um bann við losun hættulegra efna í sjó, einnig með aðild Íslands að alþjóðasamningum, einkum samningnum um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sjá lög nr. 20/1973, og samningnum um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningurinn LDZ), sjá lög nr. 53/1973. Flutningar með slík efni skulu lúta sömu takmörkunum og umferð vígvéla og kjarnorkuknúinna farartækja eru sett, en óhjákvæmilegt er að hafa sambærileg ákvæði um rétt til friðsamlegrar umferðar í þessu tilviki, sbr. 23. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að einungis bein umferð eða gegnumferð, án óþarfa viðdvalar á alþjóðlegum leiðum, sé undanþegin ákvæðum 6., 9., 10. og fyrri málsgreinar 11. gr. og þó aldrei nær landi en að 12 mílna mörkum. Við samningu þessarar greinar var höfð hliðsjón af ákvæðum í frumvarpinu um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, en þetta frumvarp gengur lengra og heimilar engar undanþágur gagnvart íslensku innsævi, íslensku

landhelginni (innan 12 mílna marka) og loftrýmisins þar yfir. Frumvarpið byggir því á ýtrustu kröfum um rétt okkar Íslendinga til að friðlýsa án undantekninga land okkar, landhelgi og lofthelgi þar yfir og til að friðlýsa eftir því sem fært er með tilliti til alþjóðlegrar umferðar efnahagslögsöguna alla, landgrunnið og önnur svæði sem talist geta íslensk yfirráða- eða áhrifasvæði. Að öðru leyti vísast til alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslendinga á sviði samgöngumála, sérstaklega hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 13. gr.

Hér er það skýrt tekið fram að stjórnvöldum sé óheimilt að gefa undanþágur frá ákvæðum um hið friðlýsta svæði, jafnt þó um friðsamlegar heimsóknir sé að ræða. Komi upp vafaatriði í þessu sambandi skal ætíð aflað bestu fáanlegra upplýsinga og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð um allar ákvarðanir í slíkum tilfellum. Hafa má til hliðsjónar ákvæði samninga risaveldanna um takmörkun kjarnorkuvígbúnaðar, svo sem SALT-samningana, um hvenær farartæki eða stöðvar eru skilgreind sem búin kjarnorkuvopnum.

Um 14. gr.

Greinin leggur þá skyldu á herðar stjórnvöldum að afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar eins og gert hefur verið í hliðstæðum tilfellum (sjá fylgiskjöl) og samþykktir Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðlegra aðila gera ráð fyrir.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um refsiákvæði og er hliðstæð ákvæðinu í nýsjálenska frumvarpinu.

Um 16. gr.

Eðlilegt þykir að framkvæmd laganna heyri formlega undir forsætisráðherra en honum sé heimilt að fá aðra ráðherra til aðstoðar við sig ef aðstæður mæla með. Náið samráð skal vera milli forsætisráðherra og Alþingis um framkvæmdina. Þetta fyrirkomulag er sniðið að því nýsjálenska og tekur jafnframt mið af því að ekki er ólíklegt að framkvæmd málsins verði falin fleiri en einum ráðherra, auðvitað fyrst og fremst utanríkisráðherra en einnig samgönguráðherra og e.t.v. umhverfisráðherra eftir að það ráðuneyti kom til sögunnar. Til greina kæmi einnig að framkvæmdin heyrði undir utanríkisráðherra, en hann hefði um hana náið samráð við forsætisráðherra og aðra ráðherra eftir atvikum, auk Alþingis. Æskilegt væri að þingnefnd tæki afstöðu til þessara kosta.

Um 17. gr.

Rétt þykir að nokkur tími gefist frá samþykkt laganna til gildistöku þannig að undirbúa megi framkvæmdina sem best.

Fylgiskjal I.

David Lange:

KJARNORKUVOPNALAUST NÝJA-SJÁLAND, AFVOPNUN OG TAKMÖRKUN VÍGBÚNAÐAR

Frumvarp til laga

er gera skal Nýja-Sjáland að kjarnorkuvopnalausu svæði, stuðla að virku og raunhæfu framlagi Nýja-Sjálands í þágu þeirrar nauðsynjar að afvopnun fari fram og komið verði á alþjóðlegri takmörkun vígbúnaðar og láta eftirtalda þjóðréttarsamninga koma til framkvæmda að því er Nýja-Sjáland varðar:

a. samning um kjarnorkuvopnalaust svæði á Suður-Kyrrahafi frá 6. ágúst 1985, en texti hans fylgir lögum þessum sem fskj. 1,
b. samning um bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn í gufuhvolfinu, himingeimnum og neðan sjávar frá 5. ágúst 1963, en texti hans fylgir lögum þessum sem fskj. 2,
c. samning um að dreifa ekki kjarnavopnum frá 1. júlí 1968, en texti hans fylgir í lögum þessum sem fskj. 3,
d. alþjóðasamning um bann við staðsetningu kjarnorkuvopna og annarra gereyðingarvopna á sjávarbotni og í honum frá 11. febrúar 1971, en texti hans fylgir lögum þessum sem fskj. 4,
e. alþjóðasamning um bann við þróun, framleiðslu og uppsöfnun sýklavopna (líffræðilegra vopna) og vopna er nýta lífefnaeitur, og um eyðingu slíkra vopna frá 10. apríl 1972, en texti hans fylgir lögum þessum sem fskj. 5,

ER HÉR MEÐ LÖGFEST á þjóðþingi Nýja-Sjálands, háðu á löggjafarþingi og í valdi þess, svo sem hér greinir:

1. Stytt heiti.

Til laga þessara má vísa sem laga um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, frá 1985.

2. Skýringar.

Í lögum þessum, komi ekki annað fram af samhengi,

merkir „líffræðilegt vopn" sérhverjar örverur, líffræðilega orsakavalda eða lífefnaeitur, sem ætlaðar eru eða ætlað er til nota sem vopn í hernaðarátökum, eða til að valda óvinum skaða með öðrum hætti, þar með talinn búnaður sem gerður er til að auðvelda slík not,

tekur „neyð" m.a. til óviðráðanlegra atvika (force majeure), neyðarástands og sérstaklega slæmra veðurskilyrða,

merkir „erlent herloftfar" sérhvert loftfar, svo sem skilgreint er í 2. gr. laga um hervarnir frá 1971, sem á þeim tíma, er um ræðir, er í þjónustu eða undir stjórn hernaðaryfirvalda

nokkurs annars ríkis en Nýja-Sjálands eða lýtur valdboði þeirra,

merkir „erlent herskip“ sérhvert skip, svo sem skilgreint er í 2. gr. laga um hervarnir frá 1971, sem
a. tilheyrir her annars ríkis en Nýja-Sjálands og
b. ber ytri auðkenni skipa af þjóðerni þess ríkis og
c. lýtur stjórn foringja sem réttilega er skipaður af stjórnvöldum þess ríkis og
d. er mannað áhöfn undir venjulegum heraga,

vísar „innsævi Nýja-Sjálands“ til skilgreiningar þess í lögum um landhelgi og sérefnahagslögsögu frá 1977,

merkir „kjarnorkusprengja“ sérhvert kjarnorkuvopn eða aðra sprengju sem leyst getur kjarnorku úr læðingi án tillits til til hvers hún kynni að vera notuð hvort sem hún er ósamsett eða samsett að nokkru eða að öllu leyti, en tekur ekki til flutningatækis eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu,

merkir „ferð“ stöðuga og tafarlausa siglingu án þess að stöðvað sé eða akkerum varpað, nema slíkt tilheyri venjulegri siglingu eða sé nauðsynlegt í neyð eða til að veita mönnum, skipum eða loftförum aðstoð í neyð,

vísar „landhelgi Nýja-Sjálands“ til skilgreiningar hennar í 3. gr. laga um landhelgi og sérefnahagslögsögu frá 1977.

3. Ákvæði um skuldbindingu konungsvaldsins.
Lög þessi skuldbinda konungsvaldið.

4. Hið kjarnorkuvopnalausa svæði Nýja-Sjálands.
Nýja-Sjáland skal vera kjarnorkuvopnalaust svæði, en það tekur til
a. alls lands, landsvæðis og innsævis innan nýsjálenskrar lögsögu og
b. áa og vatna á Nýja-Sjálandi og
c. landhelgi Nýja-Sjálands og
d. loftrýmis yfir svæðum þeim sem um getur í a–c-liðum þessarar greinar.

Bann varðandi kjarnorkusprengjur og líffræðileg vopn.

5. Bann við öflun kjarnorkusprengja.
1. Innan hins kjarnorkuvopnalausa svæðis Nýja-Sjálands má enginn nýsjálenskur ríkisborgari eða maður, sem að jafnaði dvelst á Nýja-Sjálandi,
a. búa til kjarnorkusprengju af nokkru tagi, afla sér slíkrar sprengju eða hafa hana í vörslum eða umráðum eða
b. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða fái í vörslur eða umráð yfir kjarnorkusprengju af nokkru tagi.

2. Utan hins kjarnorkuvopnalausa svæðis Nýja-Sjálands má enginn nýsjálenskur ríkisborgari eða maður, sem að jafnaði dvelst á Nýja-Sjálandi og er í þjónustu konungsvaldsins eða er umboðsmaður þess,
   a. búa til kjarnorkusprengju af nokkru tagi, afla sér slíkrar sprengju eða hafa hana í vörslum eða umráðum,
   b. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða fái í vörslur eða umráð yfir kjarnorkusprengju af nokkru tagi.

6. Bann við staðsetningu kjarnorkusprengja.

Bannað er að koma fyrir kjarnorkusprengju af nokkru tagi innan hins kjarnorkuvopnalausa svæðis Nýja-Sjálands, staðsetja þar slíka sprengju, flytja hana um land, ár eða vötn eða safna slíkum sprengjum eða dreifa þeim.

7. Bann við tilraunum með kjarnorkusprengjur.

Bannað er að gera tilraun með kjarnorkusprengju af nokkru tagi innan hins kjarnorkuvopnalausa svæðis Nýja-Sjálands.

8. Bann við líffræðilegum vopnum.

Bannað er að búa til líffræðilegt vopn af nokkru tagi innan hins kjarnorkuvopnalausa svæðis Nýja-Sjálands, koma slíku vopni fyrir eða staðsetja það þar, afla þess eða hafa það í vörslum eða umráðum.

9. Sigling inn á innsævi Nýja-Sjálands.

1. Þegar forsætisráðherra hefur til athugunar hvort veita skuli erlendum herskipum heimild til siglingar inn á innsævi Nýja-Sjálands skal hann taka tillit til allra upplýsinga sem völ er á og málið snerta, og allrar tiltækrar ráðgjafar, einnig upplýsinga og ráðgjafar varðandi hernaðar- og öryggishagsmuni Nýja-Sjálands.

2. Forsætisráðherra skal aðeins heimila erlendum herskipum för inn á innsævi Nýja-Sjálands ef hann telur víst að þau muni ekki bera kjarnkorkusprengju af nokkru tagi er þau koma inn á innsævi Nýja-Sjálands.

10. Lending loftfars á Nýja-Sjálandi.

1. Þegar forsætisráðherra hefur til athugunar hvort veita skuli erlendu herloftfari heimild til lendingar á Nýja-Sjálandi skal hann taka tillit til allra upplýsinga sem völ er á og málið snerta og allrar tiltækrar ráðgjafar, einnig upplýsinga og ráðgjafar varðandi hernaðar- og öryggishagsmuni Nýja-Sjálands.

2. Forsætisráðherra skal aðeins heimila erlendu herloftfari lendingu á Nýja-Sjálandi ef hann telur víst að það muni ekki bera kjarnorkusprengju af nokkru tagi er það lendir á Nýja-Sjálandi.

3. Slíka heimild má binda tegund eða flokki herloftfara og veita til þess tíma er heimildin tiltekur.

11. Koma kjarnorkuknúinna skipa.

Sérhverju því skipi, sem að nokkru eða öllu leyti er kjarnorkuknúið, er bönnuð sigling inn á innsævi Nýja-Sjálands.

Takmarkanir.

12. Ferð um landhelgi og sund.

Lög þessi skulu á engan hátt skerða

a. heimild nokkurs skips til friðsamlegrar ferðar um nýsjálenska landhelgi að alþjóðalögum,
b. heimild nokkurs skips eða loftfars að alþjóðalögum til gegnumferðar um eða yfir sund sem notað er til alþjóðlegra siglinga eða
c. rétt nokkurs skips eða loftfars í neyð.

13. Friðhelgi.

Lög þessi skulu á engan hátt skerða friðhelgi

a. nokkurs erlends herskips eða annars ríkisskips sem gert er út til annars en kaupsiglinga,
b. nokkurs erlends herloftfars eða
c. áhafnar skips eða loftfars sem a- eða b-liðir þessarar greinar eiga við um.

Refsiákvæði.

14. Afbrot og refsingar.

1. Það er afbrot ef nokkur brýtur gegn eða lætur undir höfuð leggjast að hlíta ákvæðum greina 5 til 8 í lögum þessum.

2. Hver sá, sem sakfelldur er af ákæru um afbrot samkvæmt lögum þessum, skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

15. Samþykki ríkissaksóknara til höfðunar refsimáls.

1. Enginn skal sæta kæru fyrir

a. afbrot samkvæmt lögum þessum,
b. refsivert samsæri um að fremja afbrot samkvæmt lögum þessum eða
c. refsiverða tilraun til þess að fremja afbrot samkvæmt lögum þessum,

nema samþykki ríkissaksóknara komi til.

Nú hefur maður verið sakaður um eitthvert það afbrot sem um getur í grein þessari og heimilt er að handtaka hann eða kveða upp og framkvæma úrskurð um handtöku hans og er þá einnig heimilt að úrskurða hann í gæsluvarðhald eða krefjast tryggingar gegn því að hann sé látinn laus enda þótt samþykki ríkissaksóknara til kæru sé ófengið, en ekki skal grípa til annarra eða frekari ráðstafana gegn honum fyrr en samþykkið er fengið.

2. Ríkissaksóknari getur aflað sér þeirra upplýsinga sem hann telur þörf á áður en hann veitir samþykki sitt samkvæmt þessari grein.

Opinber ráðgjafarnefnd um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

16. Stofnun opinberrar ráðgjafarnefndar um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

Skipuð skal nefnd er heiti opinber ráðgjafarnefnd um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

17. Starfssvið og heimildir nefndarinnar.

1. Starfssvið nefndarinnar skal vera

a. að veita aðstoðarutanríkisráðherra þá ráðgjöf um mál er afvopnun og takmörkun vígbúnaðar varða er hún telur þörf á,
b. að skýra forsætisráðherra frá framkvæmd laga þessara,

c. að birta opinberlega með hæfilegu millibili skýrslur um mál er varða afvopnun og takmörkun vígbúnaðar og um framkvæmd laga þessara.

2. Nefndinni skulu veittar allar heimildir sem nauðsynlegar eru eða þörf er á til að hún geti sinnt skyldum sínum.

18. Um nefndarmenn.

1. Í nefndinni eiga sæti sjö menn og

a. skal einn þeirra vera ráðherra afvopnunarmála og mála er varða takmörkun vígbúnaðar og er hann jafnframt formaður,
b. skal einn þeirra vera utanríkisráðherra eða annar forstöðumaður utanríkisráðuneytisins sem tilnefndur sé til ákveðins tíma af utanríkisráðherra,
c. skal einn þeirra vera varnarmálaráðherra eða annar forstöðumaður varnarmálaráðuneytisins sem tilnefndur sé til ákveðins tíma af varnarmálaráðherra,
d. skulu fjórir þeirra tilnefndir af aðstoðarutanríkisráðherra.

2. Aðstoðarutanríkisráðherra ræður hve lengi nefndarmenn þeir, sem um getur í d-lið 1. mgr., eigi sæti í nefndinni.

3. Þótt nefndin sé ekki fullskipuð skal það engin áhrif hafa á störf hennar og heimildir.

19. Starfsreglur nefndarinnar.

Nefndin skal fara að starfsreglum sem aðstoðarutanríkisráðherra kann að setja henni en ákveður að öðru leyti sjálf með hverjum hætti hún starfar.

20. Þóknun og ferðakostnaður.

1. Nefndin er lögskipuð nefnd í merkingu laga um þóknun og ferðakostnað frá 1951.

2. Greiða skal nefndarmönnum nefndarlaun og framlög og ferðafé og ferðakostnað af fé sem löggjafarþingið veitir í því skyni samkvæmt lögum um þóknun og ferðakostnað frá 1951 og gilda ákvæði þeirra laga um nefndina.

21. Um fjárveitingar löggjafarþingsins vegna laga þessara.

Öll þóknun, laun, framlög og önnur útgjöld, sem á falla eða stofnað er til við framkvæmd laga þessara, skal greiða af fé sem löggjafarþingið veitir í því skyni.

Breytingar á öðrum lögum.

22. Breytingar á lögum um mengun sjávar frá 1974.

1. Lögum um mengun sjávar frá 1974 er hér með breytt þannig að á eftir 21. gr. þeirra eins og hún var lögfest með 4. gr. laga um breytingu á lögum um mengun sjávar frá 1980 komi ný grein, svohljóðandi:

„21A. Refsiákvæði varðandi losun geislavirkra úrgangsefna.

1. Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara skulu þeir menn sæta refsingu sem taldir eru í 2. mgr. þessarar greinar ef
   a. nokkur geislavirk úrgangsefni eru tekin um borð í skip eða loftfar á Nýja-Sjálandi eða á nýsjálensku hafsvæði í því skyni að losa þau í sjó,
   b. nokkur geislavirk úrgangsefni eru losuð á nýsjálensku hafsvæði frá skipi eða loftfari sem þessi kafli laga þessara tekur til,

c. nokkur geislavirk úrgangsefni eru losuð í sjó frá mannvirki undan ströndum, botnföstum eða fljótandi palli eða öðru mannvirki sem þessi kafli laga þessara tekur til,
d. nokkur geislavirk úrgangsefni eru losuð í sjó utan nýsjálensks hafsvæðis frá nýsjálensku skipi, skipi í innanlandssiglingum, eða nýsjálensku loftfari.

2. Menn þeir, sem refsiábyrgð bera skv. 1. mgr. þessarar greinar, eru:
a. eigandi skips og skipstjóri eða eigandi loftfars og umráðamaður, eftir því sem við á, enda taki a-, b- eða d-liðir þeirrar málsgreinar til brotsins,
b. eigandi botnfasta pallsins, flotpallsins eða mannvirkisins, eftir því sem við á, og stjórnandi þeirrar starfsemi sem þar fer fram, enda taki c-liður þeirrar málsgreinar til brotsins.

3. Með geislavirkum úrgangsefnum er í grein þessari átt við alls kyns efni án tillits til flokks eða ástands hverju nafni sem þau nefnast ef geislavirkni á kílógramm fer fram úr 100 kílóbekerel og heildargeislavirkni fer fram úr 3 kílóbekerel.

4. Hver sá sem refsiábyrgð ber samkvæmt grein þessari
a. skal sæta allt að 100.000 dala sekt og skal kviðdómsmeðferð ekki viðhöfð og
b. skal einnig greiða þá fjárhæð er dómstóll metur með hliðsjón af áföllnum eða fyrirsjáanlegum kostnaði við að fjarlægja, hreinsa upp eða gera óskaðleg þau úrgangsefni sem brotið var framið með.

5. Ákvæði b-, c- og d-liða 1. mgr. 22. gr. og a-liðar 2. mgr. 22. gr. laga þessara skulu ekki að neinu leyti ná til losunar geislavirkra úrgangsefna."

2. Á eftir 6. mgr. 22. gr. B í lögum um mengun sjávar frá 1974, eins og hún var lögfest með 4. gr. laga um breytingu á lögum um mengun sjávar frá 1980, komi ný málsgrein svohljóðandi:

„6A. Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara skal enga heimild veita til losunar geislavirkra úrgangsefna, svo sem þau eru skilgreind í 3. mgr. 21. gr. A í lögum þessum."

23. Breyting á lögum um friðindi og friðhelgi erlendra sendimanna frá 1968.

Lögum um friðindi og friðhelgi erlendra sendimanna frá 1968 er hér með breytt, þannig að á eftir 10. gr. þeirra komi ný grein svohljóðandi:

„10A. Friðindi og friðhelgi alþjóðlegra eftirlitsmanna er starfa samkvæmt alþjóðasamningum um afvopnun.

Landstjóri getur með ríkisráðstilskipun veitt mönnum, sem skipaðir hafa verið eftirlitsmenn samkvæmt alþjóðasamningi um afvopnun eða takmörkun vígbúnaðar, einhver eða öll þau friðindi sem um getur í fskj. 3 með lögum þessum eða einhverja eða alla þá friðhelgi sem þar greinir til ákveðins tíma."

24. Breyting á lögum um upplýsingaskyldu stjórnvalda frá 1982.

Lögum um upplýsingaskyldu stjórnvalda frá 1982 er hér með breytt þannig að á eftir liðnum um fosfatnefnd Nýja-Sjálands í fskj. 1 með þeim lögum komi eftirfarandi liður:

„Opinber ráðgjafarnefnd um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar."

Fylgiskjal II.

AUGLÝSING
um fullgildingu samnings um að dreifa ekki kjarnavopnum.

Hinn 18. júlí 1969 voru utanríkisráðuneytum Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna afhent fullgildingarskjöl Íslands að samningnum um að dreifa ekki kjarnavopnum, sem gerður var í Washington, London og Moskvu hinn 1. júlí 1968 og undirritaður af Íslands hálfu sama dag.

Samningurinn hefur eigi öðlast gildi og verður gildistaka hans auglýst síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, Reykjavík, 23. október 1969.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Samningur um að dreifa ekki kjarnavopnum.

Ríki þau, sem gera með sér samning þennan, hér á eftir nefnd „samningsaðilar",

hafa í huga eyðileggingunna sem kjarnorkustyrjöld mundi valda öllu mannkyninu, og þar af leiðandi þá nauðsyn að beita öllum kröftum til að afstýra hættunni á slíkri styrjöld og til að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi þjóðanna,

hyggja, að dreifing kjarnavopna mundi auka verulega hættuna á kjarnorkustyrjöld,

fara eftir ályktunum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, þar sem hvatt hefur verið til samningsgerðar til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu kjarnavopna,

skuldbinda sig til að vinna saman að því að auðvelda framkvæmd öryggiseftirlits Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar með friðsamlegri notkun kjarnorku,

lýsa yfir stuðningi sínum við rannsóknir, þróun og aðrar tilraunir til að efla, í samræmi við öryggiskerfi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, framkvæmd meginreglunnar um öruggt eftirlit með birgðahreyfingum vinnsluefna og sérstakra kjarnkleyfra efna með því að nota mælitæki og aðra tækni á ákveðnum, mikilvægum stöðum,

staðfesta þá meginreglu að gagnið af friðsamlegri hagnýtingu kjarnatækni, þar með talin sérhver tæknileg aukaefni, sem kjarnavopnaríki kunna að fá við smíði kjarnasprengjutækja, eigi að standa öllum samningsaðilum til reiðu, hvort heldur eru kjarnavopnaríki eða kjarnavopnalaus ríki,

eru sannfærð um að allir samningsaðilar eigi samkvæmt þessari meginreglu rétt á að taka þátt í sem allra víðtækustum skiptum á vísindalegum upplýsingum um frekari framþróun kjarnorkunotkunar í friðsamlegum tilgangi og að leggja fram sinn skerf til þessarar framþróunar hver í sínu lagi eða í samvinnu við önnur ríki,

lýsa yfir þeirri ætlun sinni að stöðva kjarnavopnakapphlaupið eins fljótt og unnt er og að gera raunhæfar ráðstafanir í þá veru að eyða kjarnavopnum,

hvetja til samvinnu allra ríkja til þess að ná þessu marki,

minnast ásetnings aðilanna að samningnum frá 1963 um bann við tilraunum með kjarnavopn í gufuhvolfinu, himingeimnum og neðansjávar, sem skýrt er frá í formála samningsins, um að reyna að hætta við allar tilraunasprengingar með kjarnavopn um alla eilífð og að halda áfram samningum í þeim tilgangi,

óska að draga úr alþjóðlegum viðsjám og efla trúnaðartraust milli ríkja til þess að auðvelda framleiðslustöðvun kjarnavopna, eyðingu allra núverandi birgða þeirra og útrýmingu kjarnavopna og tækja til að koma þeim í skotmark úr vopnabúrum þjóðanna í samræmi við samning um almenna og algjöra afvopnun undir ströngu og raunhæfu, alþjóðlegu eftirliti,

minnast þess, að ríki eiga samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna að varast hótanir um valdbeitingu í milliríkjaskiptum og beitingu valds gegn landamærahelgi eða stjórnmálasjálfstæði nokkurs ríkis eða á neinn annan hátt, sem kemur á bága við markmið Sameinuðu þjóðanna, og að alþjóðafriði og öryggi skal komið á og varðveitt með því að beina sem minnstum mannafla og fjármunum heimsbyggðarinnar til vopnabúnaðar,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. grein.

Sérhvert kjarnavopnaríki, sem er samningsaðili, skuldbindur sig til að fá ekki í hendur neinum viðtakanda, hverjum sem er, hvorki beinlínis né óbeinlínis, kjarnavopn eða önnur kjarnasprengjutæki eða yfirráð yfir slíkum vopnum eða sprengjutækjum; og að aðstoða ekki, hvetja eða fá á neinn hátt nokkurt kjarnavopnalaust ríki til að framleiða eða útvega sér með öðrum hætti kjarnavopn eða önnur kjarnasprengjutæki eða yfirráð yfir slíkum vopnum eða sprengjutækjum.

II. grein.

Sérhvert kjarnavopnalaust ríki, sem er samningsaðili, skuldbindur sig til að taka ekki við frá neinum afhendingaraðila, hverjum sem er, hvorki beinlínis né óbeinlínis, kjarnavopnum eða öðrum kjarnasprengjutækjum eða yfirráðum yfir slíkum vopnum eða sprengjutækjum; að framleiða ekki eða útvega sér með öðrum hætti kjarnavopn eða önnur kjarnasprengjutæki; og að leita ekki eftir eða fá nokkra aðstoð við framleiðslu kjarnavopna eða annarra kjarnasprengjutækja.

III. grein.

1. Sérhvert kjarnavopnalaust ríki, sem er samningsaðili, skuldbindur sig til að fara eftir öryggisákvæðum, sem sett verða fram í samkomulagi, sem samið verður um og gert verður við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina í samræmi við stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og öryggiskerfi stofnunarinnar, til þess eingöngu að sannprófa hvort það hefur uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi, er miða að því að koma í veg fyrir að kjarnorku verði veitt frá friðsamlegri notkun til kjarnavopna eða annarra kjarnasprengjutækja. Öryggisreglum þeim, sem krafist er í þessari grein, skal fylgt að því er varðar vinnsluefni eða sérstakt kjarnkleyft efni, hvort heldur er við framleiðslu, umbreytingu eða notkun þess í öllum helstu kjarnorkustöðvum eða þegar það er utan við slíka stöð. Öryggisákvæðin, sem krafist er í þessari grein, eiga að ná til alls vinnsluefnis eða sérstaks kjarnkleyfs efnis við alla friðsamlega notkun kjarnorku á landsvæði slíks ríkis, í lögsögu þess eða hvar sem er undir stjórn þess.

2. Sérhvert ríki, sem er samningsaðili, skuldbindur sig til þess að láta ekki neinu kjarnavopnalausu ríki í té til friðsamlegrar notkunar: (a) vinnsluefni eða sérstakt kjarnkleyft efni, eða (b) tæki eða efni, sem sérstaklega eru ætluð eða útbúin til umbreytinga, notkunar eða framleiðslu á sérstöku kjarnkleyfu efni, nema vinnsluefnið eða sérstaka kjarnkleyfa efnið komi undir öryggisákvæðin sem krafist er í þessari grein.

3. Öryggisákvæðin, sem krafist er í þessari grein, skulu koma þannig til framkvæmda að framfylgt verði ákvæðum fjórðu greinar þessa samnings, og að komist verði hjá því að hindra efnahags- eða tæknilega þróun samningsaðilanna eða alþjóðlega samvinnu um friðsamlega notkun kjarnorku, þar með talin alþjóðleg skipti á kjarnefni og tækjum til

umbreytingar, notkunar eða framleiðslu á kjarnefni í friðsamlegum tilgangi í samræmi við ákvæði þessarar greinar og meginregluna um öryggi sem sett er fram í formála samningsins.

4. Til þess að uppfylla kröfurnar, sem gerðar eru í þessari grein, eiga kjarnavopnalaus ríki, sem eru samningsaðilar, að ganga frá samkomulagi við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina annaðhvort sér í lagi eða sameiginlega með öðrum ríkjum í samræmi við stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Samningar um slíkt samkomulag eiga að hefjast innan 180 daga frá því að samningur þessi gengur upphaflega í gildi. Samningar um slíkt samkomulag vegna ríkja, sem afhenda fyrst staðfestingar- eða aðildarskjöl eftir að 180 dagarnir eru liðnir, eiga að hefjast eigi síðar en slík skjöl eru afhent. Slíkt samkomulag skal ganga í gildi eigi síðar en átján mánuðum eftir þann dag er samningarnir hófust.

IV. grein.

1. Ekkert í samningi þessum skal túlka þannig að það breyti óhagganlegum rétti allra samningsaðila til þess, án mismununar og í samræmi við fyrstu og aðra grein þessa samnings, að efla rannsóknir, framleiðslu og notkun kjarnorku í friðsamlegum tilgangi.

2. Allir samningsaðilar skuldbinda sig til að auðvelda og eiga rétt á að taka þátt í sem allra víðtækustum skiptum á tækjum, efni og vísinda- og tæknilegum upplýsingum fyrir friðsamlega notkun kjarnorku. Samningsaðilar, sem eru í aðstöðu til þess, skulu einnig vinna að því, sér í lagi eða ásamt öðrum ríkjum eða alþjóðastofnunum, að efla frekari þróun kjarnorkunotkunar í friðsamlegum tilgangi, sérstaklega á landsvæðum kjarnavopnalausra ríkja, með réttu tilliti til þarfa þróunarsvæða heimsbyggðarinnar.

V. grein.

Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja, í samræmi við þennan samning, undir viðeigandi alþjóðlegri umsjón og með viðeigandi alþjóðlegum aðferðum, að væntanlegt gagn af allri friðsamlegri hagnýtingu kjarnasprenginga muni án mismununar standa til reiðu kjarnavopnalausum ríkjum sem eru samningsaðilar, og að kostnaður, sem samningsaðilum er gert að greiða fyrir sprengjutæki sem notuð eru, verði eins lítill og mögulegt er, enda verði kostnaður af rannsóknum og frumsmíðum ekki meðtalinn. Kjarnavopnalaus ríki, sem eru samningsaðilar, skulu eiga kost á að fá slíka þjónustu samkvæmt sérstökum alþjóðlegum samningi eða samningum hjá tilheyrandi alþjóðlegri stofnun, þar sem kjarnavopnalaus ríki eiga nægjanlega marga fulltrúa. Samningar um þessi mál skulu hefjast eins fljótt og unnt er eftir að samningur þessi gengur í gildi. Kjarnavopnalaus ríki, sem eru samningsaðilar, geta einnig fengið slíka þjónustu samkvæmt tvíhliða samningum ef þau óska þess.

VI. grein.

Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til þess að halda áfram í góðri trú samningum um raunhæfar ráðstafanir varðandi stöðvun kjarnavopnakapphlaupsins innan skamms tíma og eyðingu kjarnavopna og um samning um almenna og algjöra afvopnun undir ströngu og raunhæfu, alþjóðlegu eftirliti.

VII. grein.

Ekkert í samningi þessum raskar rétti hvaða ríkjahóps sem er til að gera með sér svæðissamninga til þess að tryggja að landsvæði þeirra hvers um sig verði algjörlega kjarnavopnalaus.

VIII. grein.

1. Sérhver samningsaðili getur gert tillögur um breytingar á samningi þessum. Texti sérhverrar breytingartillögu skal afhentur vörslu-ríkisstjórnunum sem senda hann öllum samningsaðilum. Ef þriðjungur samningsaðila eða fleiri fer fram á það skulu vörslu-

ríkisstjórnirnar síðan kalla saman ráðstefnu og bjóða til hennar öllum samningsaðilum til þess að fjalla um slíka breytingu.

2. Sérhver breyting á þessum samningi verður að hljóta samþykki meiri hluta atkvæða allra samningsaðila, þar með talin atkvæði allra kjarnavopnaríkja, sem eru samningsaðilar, og allra annarra samningsaðila, sem eiga sæti í stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar á þeim degi, er breytingartillagan var send út. Breytingin tekur gildi fyrir sérhvern samningsaðila, sem afhendir staðfestingarskjal um breytinguna, þegar meiri hluti allra samningsaðila hefur afhent slík staðfestingarskjöl, þar með talin staðfestingarskjöl allra kjarnavopnaríkja sem eru samningsaðilar, og allra annarra samningsaðila sem eiga sæti í stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar er breytingartillagan var send út. Síðan tekur hún gildi fyrir sérhvern annan samningsaðila þegar staðfestingarskjal um breytinguna er afhent.

3. Fimm árum eftir að samningur þessi gengur í gildi skal halda ráðstefnu í Genf í Sviss til þess að endurskoða framkvæmd þessa samnings með það fyrir augum að tryggja að tilgangi formálans sé náð og ákvæðunum í samningnum sé framfylgt. Síðan getur meiri hluti samningsaðila fengið á fimm ára fresti kallaðar saman aðrar ráðstefnur með það einnig fyrir augum að endurskoða framkvæmd samningsins, geri þeir tillögu þar um til vörslu-ríkisstjórnanna.

IX. grein.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirskriftar öllum ríkjum. Sérhvert ríki, sem ekki hefur skrifað undir samninginn fyrir gildistöku hans í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, getur hvenær sem er gerst aðili að honum.

2. Samningur þessi er háður staðfestingu þeirra ríkja sem hafa skrifað undir hann. Staðfestingar- og aðildarskjöl skal afhenda ríkisstjórnum Bandaríkja Ameríku, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Sovétlýðveldasambandsins, sem hér með eru tilnefndar til þess að vera vörslu-ríkisstjórnir samningsins.

3. Samningur þessi gengur í gildi þegar ríkin, sem hér hafa fengið ríkisstjórnir sínar tilnefndar sem vörslu-ríkisstjórnir, hafa staðfest hann og fjörutíu önnur ríki, sem skrifað hafa undir samning þennan, hafa afhent staðfestingarskjöl sín. Í samningi þessum merkir kjarnavopnaríki það ríki sem hefur framleitt og sprengt kjarnavopn eða annað kjarna-sprengjutæki fyrir 1. janúar 1967.

4. Samningur þessi gengur í gildi, að því er varðar ríki sem afhenda staðfestingar- eða aðildarskjöl eftir gildistöku hans, á þeim degi þegar staðfestingar- eða aðildarskjalið er afhent.

5. Vörslu-ríkisstjórnirnar skulu tafarlaust tilkynna öllum ríkjum, sem skrifað hafa undir og gerst hafa aðilar að samningnum, um dagsetningu sérhverrar undirskriftar, afhendingar-dag sérhvers staðfestingar- eða aðildarskjals, dag þann er samningur þessi gengur í gildi, og þá daga þegar tekið er við beiðnum um að kalla saman ráðstefnu eða öðrum tilkynningum.

6. Vörslu-ríkisstjórnirnar skulu skrásetja samning þennan í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

X. grein.

1. Sérhver samningsaðili hefur sem fullvalda þjóð rétt til þess að segja upp samningnum ef sérstakir atburðir, sem varða efni þessa samnings, hafa að hans dómi stofnað æðstu hagsmunum lands hans í voða. Skal hann tilkynna öllum öðrum samningsaðilum og öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um slíka uppsögn með þriggja mánaða fyrirvara. Í slíkri tilkynningu skal gerð grein fyrir þeim sérstöku atburðum sem samningsaðili álítur hafa stofnað æðstu hagsmunum sínum í voða.

2. Tuttugu og fimm árum eftir gildistöku samnings þessa skal kalla saman ráðstefnu til þess að ákveða hvort samningurinn á að halda áfram að vera í gildi um óákveðinn tíma eða verða framlengdur til ákveðins eða ákveðinna tíma til viðbótar. Meiri hluti samningsaðila verður að taka þessa ákvörðun.

XI. grein.

Samningur þessi, sem gerður er á ensku, rússnesku, frönsku, spænsku og kínversku, og skulu allir textarnir jafngildir, skal varðveittur í skjalasöfnum vörslu-ríkisstjórnanna. Skulu vörslu-ríkisstjórnirnar senda staðfest eftirrit samnings þessa til ríkisstjórna þeirra ríkja sem skrifað hafa undir og gerst hafa aðilar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullgild umboð, skrifað undir samning þennan.

Gjört í þremur eintökum í borgunum Washington, London og Moskvu, fyrsta dag júlímánaðar árið eitt þúsund níu hundruð sextíu og átta.

Fylgiskjal III.

Samþykkt samráðfundar friðarhreyfinga á Norðurlöndum 23.–24. apríl 1983.

Kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd.
I. Inngangur: Ný lausn í öryggismálum.

Tvenns konar meginsjónarmið eru uppi í þeirri viðleitni að hindra að stríð brjótist út. Annars vegar er hugmyndin um ógnarjafnvægi lögð til grundvallar; uppbygging nægilega mikils vígbúnaðar á að hindra andstæðinginn í að reyna árás. Hins vegar er gert ráð fyrir samkomulagi: með alþjóðlegum samningum og nýjum samstarfsformum má skipa svo málum að ríki leysi ágreiningsmál sín án þess að beita vopnavaldi.

Frá lokum seinni heimsstyrjaldar hefur hugmyndin um ógnarjafnvægi verið höfð að leiðarljósi. Þetta hefur haft í för með sér síaukinn vígbúnað, miklar efnahagslegar fórnir fyrir allan heim. Nú er svo komið að sjálf tilvist vopnanna ógnar öryggi okkar. Þess vegna gerast þær raddir nú æ háværari sem krefjast nýrrar stefnu í öryggismálum.

Sú stefna í þeim málum sem nú er framkvæmd bæði af þjóðríkjum og valdablokkum leiðir sjálfkrafa til aukins vígbúnaðar. Það er því nauðsynlegt að nýjar lausnir í öryggismálum eigi sér alþjóðlegan grundvöll. Það eru hagsmunir alls mannkyns að unnt verði að hefja afvopnun sem nái til heimsins alls. Þar geta bæði lítil ríki og stór átt hlut að máli með því að koma á fót friðarsvæðum þar sem samskipti ríkjanna innbyrðis og milli ríkjanna innan og utan slíkra svæða byggja á gagnkvæmu trausti og samvinnu.

Sex óháðar friðarhreyfingar í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Íslandi, Noregi og Svíþjóð hafa í sameiningu unnið upp þessar tillögur um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum sem lið í þeirri stefnu sem fyrr var talað um. Við höfum lagt áherslu á að meta á raunsæjan hátt þær aðstæður og þá möguleika sem fyrir hendi eru og við teljum að í höfuðdráttum hafi tillögur okkar víðtækan stuðning á bak við sig.

Við skorum á stjórnmálamenn á Norðurlöndum að vinna að því í fullri alvöru að koma á fót kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum á grundvelli þessara tillagna.

Það er sagt að baráttuna fyrir kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum verði að skoða í víðu samhengi, evrópsku eða alþjóðlegu. Við erum einnig þessarar skoðunar. Ef stofnun slíks svæðis verður ekki annað en einangrað frumkvæði landa okkar í heimi þar sem

vígbúnaðarkapphlaupið heldur áfram óhindrað mun það brátt missa gildi sitt. En það er einnig skoðun okkar að víðtæk afvopnun verði aðeins að veruleika með stöðugri þróun þar sem enginn setur fram skilyrði eða bíður eftir fyrsta útspili frá öðrum, heldur leggi hver fram sinn skerf og hvetji aðra til hins sama. Sjálfstætt frumkvæði verður að koma til. Ef við samþykkjum öryggismálastefnu sem byggir á tilvist kjarnorkuvopna og hugsanlegri notkun þeirra höfum við um leið gefið samþykki okkar fyrir vitfirringu kjarnorkuvopnakapphlaupsins.

Það kemur fram í þeim kafla tillagna okkar, sem ber yfirskriftina „Markmið", að við lítum á „varnir með kjarnorkuvopnum" sem ögrun við okkar eigin tilveru og siðlausa aðferð í baráttu gegn óvini. Stofnun svæðisins er þess vegna hugsuð sem sjálfstætt frumkvæði Norðurlandanna. Hún á að útrýma hugsanlegum ástæðum fyrir beitingu kjarnorkuvopna gegn löndunum sem svæðið mynda og standa sem fyrsta varðan á leið til frekari afvopnunar og slökunar. Stofnun svæðisins á einnig að geta komið af stað auknum umræðum um kjarnorkuvígbúnaðinn og valdbeitingarpólitík stórveldanna.

Það er í þágu alls mannkyns að einhver taki fyrsta skrefið á leiðinni til nýrrar alþjóðlegrar öryggismálastefnu sem byggist á samstarfi milli allra þjóða heims. En vegna hefðbundinna viðhorfa í þessum málum krefst slíkt frumkvæði þess að við höfum hugrekki til að fara nýjar leiðir sem enginn getur vitað fyrir hvert liggja. Margir hafna hugmyndum okkar af þessum sökum. Þeir viðurkenna þær hættur sem okkur stafar af kjarnorkuvígbúnaði og kjarnorkuvörnum en eru engu síður óttaslegnir við tilhugsunina um að gefa upp á bátinn þau sjónarmið sem þeir hafa vanist að taka góð og gild því að hið venjubundna veitir í sjálfu sér ákveðna öryggiskennd. Í heimi nútímans veldur þetta kreppu sem verður að taka alvarlega. Stjórnmálamenn verða að taka á sig þá ábyrgð að rísa gegn þessum skilningi á öryggishugtakinu.

Andstæðan við hernaðarlegar lausnir eru friðsamlegar lausnir. Andstæðan við hernaðarbandalög eru friðarbandalög sem leiðir til slíkrar sambúðar þjóðanna að öryggið situr í fyrirrúmi og valdbeiting til lausnar deilumála kemur ekki til greina. Flest deilumál í heiminum eru nú þegar leidd til lykta á friðsamlegan hátt. Að öðrum kosti byggjum við alls staðar við stöðugt stríðsástand. Og friðsamlegar lausnir deilumála undanfarin ár er naumast hægt að rekja til þess að við höfum hættuna af kjarnorkuvopnum hangandi yfir höfðum okkar.

Norðurlöndin hafa lengi leyst innbyrðis deilumál sín friðsamlega. Dæmi um þetta eru m. a. þegar sambandið milli Noregs og Svíþjóðar var leyst upp 1905, lausn deilumála Íslands og Danmerkur 1918, þegar Ísland öðlaðist fullveldi, lausnin á deilunum um Álandseyjar milli Svíþjóðar og Finnlands í kringum 1920 og lausn deilnanna um Grænland milli Noregs og Danmerkur í byrjun fjórða áratugarins. Í samhengi við stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum ætti það því að vera mögulegt að koma á fót norrænum og alþjóðlegum stofnunum sem hafi þau verkefni að efla innbyrðis samskipti milli aðildarlanda svæðisins svo og milli aðildarlandanna og umheimsins, þ. á m. stórveldanna, í þeim tilgangi að vinna að lausn þeirra vandamála sem kunna að koma upp og bæta skipulag svæðisins og útvíkka það.

Þetta felur í sér að við byggjum upp net samskiptaleiða til að efla samstarfið. Þær geta verið til hjálpar við lausn ágreiningsmála sem kunna að koma upp; í stað þess að þau vaxi og verði óleysanleg verða þau leidd til lykta strax í opnum samningum. Ef við skipuleggjum svæðisstofnunina á þennan hátt getum við hindrað að þar verði aðeins um einangrað frumkvæði okkar að ræða.

Stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis með þessum hætti mun vekja athygli og áhuga langt út fyrir Norðurlönd. Hún felur í sér nýja lausn í öryggismálum, byggða á samstarfi um sameiginlega öryggishagsmuni. Kenningin um ógnarjafnvægið yrði leyst af hólmi með þeirri grundvallarreglu að enginn á að hafa ástæðu til ótta. Það traust milli þjóða, sem ríkir í okkar

heimshluta, verður að nýta til að hrinda af stað þróun í jákvæða átt sem með tíð og tíma gæti leitt til breytinga um heim allan. Sameiginlegt markmið okkar er samfélag manna sem lifir við varanlegan frið, samfélag án hættu á gjöreyðingu af völdum kjarnorkustríðs.

II. Meginatriði tillögunnar.

1. Kjarnorkuvopnalaust svæði er afmarkað svæði sem er yfirlýst kjarnorkuvopnalaust með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti og viðurkenndum af Sameinuðu þjóðunum.

2. Markmið með kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum er að auka öryggi með því að koma í veg fyrir kjarnorkuvígbúnað á yfirráðasvæði Norðurlanda í framtíðinni. Ákvörðun um slíkt svæði er fyrst og fremst sjálfstæð aðgerð í þágu slökunar og afvopnunar. Henni er ætlað að vera fordæmi um nýja skipan öryggismála sem markaði stefnuna til kjarnorkuvopnalausrar Evrópu. Markmiðið er heimur án kjarnorkuvopna.

3. Umfang svæðisins. Fyrirhugað er að í upphafi nái svæðið til Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og að auki til þeirra svæða í lofti og á legi sem þessi ríki hafa lögsögu yfir samkvæmt alþjóðareglum. Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum þarf að skipuleggja þannig að það geti náð til Grænlands þegar og ef grænlenska þjóðin óskar þess.

4. Skilgreining kjarnorkuvopna takmarkast við sérhverja kjarnorkusprengihleðslu án tillits til annarra eiginleika og áætlaðrar notkunar.

5. Skuldbindingar landanna, sem kjarnorkuvopnalausa svæðið nær til, fela í sér:

a) að þau skuli ekki þróa, gera tilraunir með eða framleiða kjarnorkuvopn,
b) að þau skulu ekki verða sér úti um, taka á móti eða hafa yfir kjarnorkuvopnum að ráða,
c) að þau skulu ekki leyfa öðrum ríkjum að flytja inn, koma fyrir eða geyma kjarnorkuvopn innan svæðisins.

Að auki skulu þau skuldbinda sig til að taka ekki þátt í þróun, flutningi, æfingum eða notkun kjarnorkuvopna utan svæðisins. Allur flutningur kjarnorkuvopna um svæðið er bannaður, nema þegar slíkt er heimilt í bindandi alþjóðasamningum.

6. Skuldbindingar kjarnorkuveldanna. Kjarnorkuveldin skuldbinda sig:

a) til að virða hið kjarnorkuvopnalausa svæði,
b) til að nota ekki kjarnorkuvopn gegn löndum innan svæðisins eða ógna löndum innan svæðisins með kjarnorkuvopnum.

Þetta felur sérstaklega í sér að þau skulu hvorki flytja kjarnorkuvopn til svæðisins né brjóta landhelgi eða lofthelgi þess með neins konar farartækjum sem bera kjarnorkuvopn.

7. Viðbótarsamningar. Svæðisríkin geta gert viðbótarsamninga innbyrðis eða við kjarnorkuveldin og jafnvel önnur ríki um málefni sem ekki falla innan skilgreiningarákvæða svæðisins. Mikilvæg atriði viðbótarsamninga næðu til „ytri takmarkana", þ.e. takmörkunar á tilteknum kjarnorkuvopnakerfum utan svæðisins sem álitið er að ógni ríkjum svæðisins sérstaklega. Slíkir viðbótarsamningar gætu náðst samtímis stofnun svæðisins en einnig mætti ná þeim síðar.

8. Fyrirkomulag eftirlits þarf að ákvarða til að tryggja að aðilar standi við skuldbindingar sínar. Öll Norðurlöndin hafa undirritað samninginn um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna frá 1968 og eru því undir eftirliti Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í Vín (IAEA). Þetta eftirlit nær til framleiðslu eigin kjarnorkuvopna.

Með stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum verður einnig nauðsynlegt að fylgjast með að staðið sé við bann við útvegun kjarnorkuvopna og bann við að öðrum ríkjum sé leyft að koma kjarnorkuvopnum fyrir innan svæðisins. Þetta eftirlit tekur til landsvæða sem lúta lögsögu Norðurlanda og verður í grundvallaratriðum að vera á ábyrgð svæðisríkjanna sem þau taka á sig sameiginlega. Raunhæft gæti verið að stofna sérstaka norræna fastanefnd til eftirlits og yrði hún tengd Sameinuðu þjóðunum.

Viðbótarsamningar um takmarkanir utan svæðisins horfa nokkuð öðruvísi við þar eð þeir taka til umsvifa kjarnorkuveldanna á svæðum utan lögsögu svæðisríkjanna. Eftirlit með slíkum samningum krefst þátttöku kjarnorkuveldanna.

9. Stofnun svæðisins er sjálfstætt norrænt frumkvæði. Kjarnorkuvopnalaust svæði telst stofnað þegar tryggt hefur verið með samningi milli svæðisríkjanna að þau séu algerlega laus við kjarnorkuvopn og þessi samningur ásamt hugsanlegum viðbótarsamningum hefur verið kynntur allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

10. Frekari útvíkkun svæðisins verður tryggð með því að svæðisríkin skuldbindi sig til þess að vinna ötullega að því að stækka svæðið, þróa ákvæði samninganna og auka öryggi á því. Til þessa verði komið á fót nauðsynlegum stofnunum.

III. Greinargerð með tillögunni.

1. Kjarnorkuvopnalaust svæði.

Kjarnorkuvopnalaust svæði er afmarkað landsvæði sem lýst er kjarnorkuvopnalaust með bindandi samningum samkvæmt þjóðarétti og viðurkennt af Sameinuðu þjóðunum.

Þetta er nánar útfært í lokakafla ályktunar frá fyrstu afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1978. Þar er lýst yfir að stofnun kjarnorkuvopnalausra svæða sé mikilvægt skref í átt að afvopnun (60). Þau ríki, sem myndi slík svæði, skuldbindi sig til að tryggja að svæðið sé að fullu og öllu án kjarnorkuvopna meðan kjarnorkuveldin eru að sínu leyti hvött til að gefa út bindandi yfirlýsingar um að þau viðurkenni stöðu þess og til að beita ekki né hóta að beita kjarnorkuvopnum móti aðildarlöndum svæðisins.

Það má skýra þjóðréttarlega stöðu kjarnorkuvopnalauss svæðis á marga vegu. Einn möguleiki er að gera sameiginlegan samning allra aðildarlandanna. Annar möguleiki er einhliða yfirlýsingar (loforð). Loks má hugsa sér lausn sem fæli í sér báða þessa möguleika. Sem dæmi um það má nefna Tlatelolco-samninginn um kjarnorkuvopnalaus svæði í S-Ameríku. Þar er annars vegar um að ræða samning milli svæðislandanna og hins vegar yfirlýsingar kjarnorkuveldanna hvors um sig.

Það má færa rök að báðum fyrrnefndum möguleikum. Eftir að hafa borið vandlega saman bækur okkar höfum við komist að þeirri niðurstöðu að við myndun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum þurfi löndin að gera samning sín á milli en skuldbindingar kjarnorkuveldanna kæmu fram í viðbótarsamningi. Til grundvallar þessari niðurstöðu er sú áhersla sem við leggjum á að kjarnorkuvopnalaust svæði verði byggt upp með sameinuðu og sjálfstæðu frumkvæði Norðurlandanna sjálfra í eins miklum mæli og mögulegt er.

Í sambandi við myndun kjarnorkuvopnalauss svæðis geta komið til viðbótarsamningar af ýmsu tagi. Þeir geta náð til ríkja utan svæðisins og í þeim kann að verða fjallað um fleira en bann við kjarnorkuvopnum innan sjálfs svæðisins. Sérstakar viðræður milli þeirra landa, sem málið varðar, verða að koma til um hvern slíkan samning. Hvað varðar hið fyrirhugaða kjarnorkuvopnalausa svæði hér á Norðurlöndum lítum við svo á að það sé mikilvægt að slíkir samningar séu fyrir hendi þegar við stofnun svæðisins, en þeir geta einnig orðið til smám saman eftir að svæðið hefur öðlast viðurkenningu. Þetta verður tekið til nánari umfjöllunar í 7. grein.

2. Markmið.

Stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum hefur það að markmiði að hindra uppbyggingu kjarnorkuvopna þar og verður aðeins að veruleika fyrir frumkvæði Norðurlandanna sem framlag þeirra til slökunar og afvopnunar. Henni er ætlað að sýna fram á möguleika á nýjum lausnum í öryggismálum með kjarnorkuvopnalausa Evrópu að framtíðarmarkmiði. Takmarkið er heimur án kjarnorkuvopna.

Vaxandi spenna milli austurs og vesturs hefur haft sín áhrif á aðstæður á Norðurlöndum. Vígbúnaður risaveldanna og markvissari stríðsundirbúningur þeirra, ekki hvað síst í

Norðurhöfum, draga Norðurlönd inn í átök þeirra á nýjan hátt. Kjarnorkuvopnalaust svæði, sem bannar kjarnorkuveldunum að koma kjarnorkuvopnum sínum fyrir á Norðurlöndunum, getur unnið gegn þessu. Slíkt svæði mundi takmarka ítök kjarnorkuveldanna á Norðurlöndum sem þar með fengju meira svigrúm og meiri möguleika til að standa vörð um hagsmuni sína.

Tafarlausra aðgerða er þörf ef Norðurlönd eiga að að geta varðveitt stöðu sína í heiminum sem svæði þar sem slökunarástand ríkir. Stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum er svar við þeirri mögnun spennu sem nú er ráðandi.

Áætlanirnar um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndunum eru fullkomlega samræmanlegar stöðu bæði hinna hlutlausu Norðurlanda og hinna sem starfa innan NATO. Þær samrýmast sjálfkrafa hlutleysi Finnlands og Svíþjóðar. Norrænu NATO-löndin verða að nýta sér meðákvörðunarrétt sinn innan bandalagsins til að fá fram breytingar á hernaðaráætlunum þess svo að þær feli ekki lengur í sér notkun kjarnorkuvopna á norrænu landi. Það væri ábyrgðarlaust í því spennuástandi, sem nú ríkir, að eftirláta kjarnorkuveldunum allt frumkvæði í afvopnunarmálum. Ekkert bendir til að þau geti komið sér saman um nokkurt raunverulegt samkomulag um afvopnun. Þetta leggur öðrum löndum þá skyldu á herðar að taka málin í eigin hendur — meðan enn er tími til. Einkum á þetta við um Evrópuríki, hvort sem þau tilheyra hernaðarbandalagi eða eru hlutlaus. Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum er einmitt aðgerð sem getur hindrað stríðsundirbúninginn í Evrópu, og getur orðið fyrsta skrefið í átt til frekari afvopnunar.

Slíkt svæði yrði til stuðnings fjöldahreyfingum sem berjast fyrir breyttri öryggismálastefnu í eigin löndum og hvatning öðrum ríkjum álfunnar til að hefja öfluga baráttu gegn kjarnorkuógninni. Krafan um nýja öryggismálastefnu er nú borin fram af sterkum fjöldahreyfingum og breiðist land úr landi. Það yrði stór áfangi í þeirri baráttu ef norrænu friðarhreyfingarnar fengju framgengt kröfu sinni um kjarnorkuvopnalaust svæði.

Hugmyndin um kjarnorkuvopnalaust svæði felur í sér að „vörnum með kjarnorkuvopnum“ er algerlega hafnað. Þessi vopn eru gjöreyðingarvopn og með þeim verða engin verðmæti varin. Notkun slíkra vopna felur í sér jafna hættu fyrir þann sem beitir þeim og fyrir óvininn. Þessar staðreyndir gera það ósamþykkjanlegt siðferðilega að beita kjarnorkuvopnum í stríði. Stærsta siðferðilega spurning sem nútímamaðurinn glímir við er hvort hægt sé að samþykkja „öryggismálastefnu“ sem byggist á **undirbúningi** undir svo óumræðilegan glæp gegn mannkyninu. Skoðun okkar er sú að Norðurlöndin, sem eiga sér langa hefð í að leysa deilumál friðsamlega og hafa lagt áherslu á að alþjóðaréttur sé virtur, verði að vera í fararbroddi um mótun nýrrar stefnu: við höfnum kjarnorkuvígvæðingu sem lið í öryggismálastefnu.

3. Landfræðileg afmörkun.

Kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum ber í byrjun að ná til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar ásamt land- og lofthelgi þessara landa samkvæmt gildandi alþjóðalögum (sjá nánar síðar).

Færeyjar og Ísland hafa ekki verið inni í myndinni í fyrri tillögum um þetta efni, en þessi lönd eru sögulegur, pólitískur og menningarlegur hluti Norðurlanda. Auk þess vegur þungt að sterkar óskir hafa komið fram frá báðum löndunum um að standa ekki utan kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndunum. Við viðurkennum að Norðurlöndin ganga inn í þetta samstarf af mismunandi ástæðum en við fáum ekki séð að þátttaka neins þeirra valdi vanda sem ekki er hægt að leysa.

Fram til þessa hafa ekki komið fram óskir frá Grænlandi um aðild að norræna svæðinu. Hins vegar hafa komið fram tillögur um friðað svæði sem nái til heimskautalandanna, þ. e. þeirra svæða sem byggð eru af inuitum (eskimóum).

Komi fram tillaga af Grænlands hálfu um aðild að norræna svæðinu sem skref í átt að áðurnefndu friðuðu svæði ætti hins vegar að vera auðvelt að verða við henni. Skipulag kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum verður að vera þannig í byrjun að Grænland geti orðið hluti af svæðinu ef Grænlendingar sjálfir óska þess.

Norræna svæðið nær til þeirra hafsvæða sem falla undir lögsögu hvers lands fyrir sig samkvæmt alþjóðareglum á hverjum tíma. Landfræðilega séð er því svæðið hlutað sundur af stórum alþjóðlegum hafsvæðum. En það verður framtíðarverkefni okkar að berjast fyrir því að öll þessi hafsvæði verði hluti kjarnorkuvopnalauss svæðis og að kjarnorkuvopnum verði útrýmt af öllu N-Atlantshafinu. Lofthelgi svæðisins verður að ákveða með tilvísun til þeirrar skilgreiningar sem virðist njóta mests stuðnings í þjóðarétti, en hún kveður svo á að lofthelgi lands nái svo hátt sem nútíma flugvél kemst (Varsjárráðstefnan 1929). Samkvæmt því brjóta eldflaugar á braut utan andrúmslofts ekki lofthelgi svæðisins. Hins vegar er augljóst að stýriflaugar sem fljúga lágt yfir yfirborðinu brytu lofthelgi þeirra landa sem þær flygju yfir.

Gert verður ráð fyrir að alltaf sé unnt að færa út hið kjarnorkuvopnalausa svæði á Norðurlöndum.

4. Skilgreining á kjarnvorkuvopnum.

„Kjarnorkuvopn" eru jafnan skilgreind sem sprengjuvirkar kjarnorkuhleðslur. Þannig eru þau til dæmis skilgreind í Tlatelolco-samningnum frá 1967 um kjarnorkuvopnalaust svæði í S-Ameríku og í samningnum um bann við útbreiðslu kjarnvorkuvopna frá 1968. Í ályktun Sameinuðu þjóðanna frá 1976 er skilgreiningin þannig: „Kjarnorkuvopn telst allur sá útbúnaður sem getur losað kjarnorku stjórnlaust, án tillits til annarra eiginleika eða áætlaðra nota."

Samkvæmt þessu nær bannið á hinu kjarnorkuvopnalausa svæði til sprengjuvirkra hleðslna og einskis annars. Eigi að síður kann að reynast full ástæða til að láta bannið ná til fleiri þátta kjarnorkuvígbúnaðar. Mikilvægar stöðvar og útbúnaður, sem geta verið hjálpartæki í kjarnorkuárás, verða skilgreindar sem ögrun í spennuástandi eða stríði. Þar sem ekki er unnt að eyða þeim með hefðbundnum vopnum geta þær orðið skotmörk fyrir kjarnorkusprengjur, — hvað sem öllum skuldbindingum líður. Slíkur útbúnaður, — í þeim mæli sem hann er að finna á svæðinu, — grefur undan trúverðugleika þess. Rökrétt afstaða til vígbúnaðar væri að Norðurlöndin stæðu utan við allan stríðsundirbúning með kjarnorkuvopnum. Þannig fæli „kjarnorkuvopnalaust svæði" í sér stærra inntak en einungis bann við sprengjuvirkum hleðslum. Það er hins vegar afar örðugt að finna skilgreiningu á kjarnorkuvopnum sem nær skýrt til allra þátta og hægt er að beita lagalega. Þetta verður enn örðugra ef haft er í huga að stöðvar og útbúnað er oft hægt að nota í margs konar skyni og oft getur leikið vafi á um þýðingu þeirra í kjarnorkustríði. Það er mikilvægt að Norðurlönd hefjist handa um að gera yfirlit um þann búnað (og skilgreini e. t. v. um leið hernaðarþýðingu hans) sem þegar er til innan þeirra og getur staðið í sambandi við stríðsrekstur með kjarnorkuvopnum.

Í núverandi stöðu höfum við lagt áherslu á einfaldar skilgreiningar til að komast hjá ólíkum túlkunum og missætti um það hvort löndin uppfylli skyldur sínar. Við teljum því að það beri að halda sig við þá skilgreiningu að undir hugtakið kjarnorkuvopn falli einungis sprengjuvirkar hleðslur. Þyki æskilegt að banna annan útbúnað en sprengjuhleðslurnar gerist það með viðbótarsamningum hvers lands fyrir sig. Þá verður umfram allt að gera nákvæma grein fyrir því til hvers slíkt bann nær.

5. Skuldbindingar svæðislandanna.

Öll Norðurlöndin hafa undirritað og haldið samninginn um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna. Samkvæmt honum eru þau skuldbundin til að þróa ekki, framleiða né gera

tilraunir með kjarnorkuvopn. Þau eru einnig skuldbundin til að útvega ekki slík vopn, taka ekki við þeim og geyma þau ekki.

Við stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis mundu bætast við nýjar skuldbindingar, þ. e. að leyfa ekki öðrum ríkjum að koma fyrir eða geyma eigin kjarnorkuvopn á því landi sem svæðið nær til. Þannig skuldbinda svæðisríkin sig til að biðja ekki um hernaðarlega aðstoð í formi kjarnorkuvopna og þau svipta kjarnorkuveldin þeim möguleika að koma fyrir kjarnorkuvopnum á svæðinu. Svæðislöndin skuldbinda sig því til að:

a) **þróa ekki, gera ekki tilraunir með eða framleiða kjarnorkuvopn**
b) **afla sér ekki kjarnorkuvopna, taka ekki við þeim né ráða yfir þeim**
c) **leyfa ekki öðrum ríkjum að flytja inn, koma fyrir eða geyma eigin kjarnorkuvopn á svæðinu.**

Þessi atriði þarfnast nánari umfjöllunar.

Liðir a og b innihalda bann við kjarnorkuvopnum undir stjórn svæðislandanna. Liður c færir bannið yfir á kjarnorkuvopn í eigu annarra ríkja.

Liðir a og b fela einnig í sér að svæðislöndin skuldbinda sig til að taka ekki þátt í þróun, flutningum með, æfingum eða notum á kjarnorkuvopnum utan sjálfs svæðisins.

Orðalagið í lið c að löndin leyfi ekki öðrum ríkjum að koma fyrir kjarnorkuvopnum inni á svæðinu, merkir einnig að þau banna allan flutning á slíkum vopnum um landsvæði sín, landhelgi og lofthelgi, nema slíkur flutningur sé heimill samkvæmt gildandi þjóðréttarlegum samningum. Það er vert að leggja sérstaka áherslu á að bannið við flutningi kjarnorkuvopna næði til flugs með kjarnorkuvopn yfir hið kjarnorkuvopnalausa svæði. Mjög mikilvægt er að bannað yrði að rjúfa lofthelgi svæðisins með stýriflaugum eða flugvélum sem flytja kjarnavopn að skotmarki (í 7. grein munum við fjalla nánar um hvernig framkvæma má slíkt bann). Eins og við drápum á upphaflega verður skipulag svæðisins að vera tryggt með bindandi þjóðréttarlegum samningum, viðurkenndum af Sameinuðu þjóðunum. Þær skuldbindingar, sem aðildarríki svæðisins taka á sig t. d. gagnvart hernaðarbandalagi, vega léttar en skuldbindingar sem leiða af aðildinni að hinu kjarnorkulausa svæði.

6. Skuldbindingar kjarnorkuveldanna.

Eins og við nefndum í 1. grein er þess krafist af kjarnorkuveldunum að þau skuldbindi sig með yfirlýsingu:

a) til að viðurkenna stöðu hins kjarnorkulausa svæðis,
b) til að beita ekki né hóta að beita kjarnorkuvopnum gegn svæðislöndunum.

Þetta krefst nánari umfjöllunar.

Að viðurkenna stöðu svæðisins felur í sér að kjarnorkuveldin reyna ekki að flytja kjarnorkuvopn á svæðið og brjóta ekki land- eða lofthelgi svæðislandanna með skipum, kafbátum eða flugvélum með kjarnorkuvopn innanborðs, með stýriflaugum, eða á annan hátt. Við teljum að kjarnorkuveldin verði að koma til móts við svæðislöndin m. a. með þeim breytingum á skipan vígbúnaðar síns sem geri skuldbindingar þeirra trúverðugar.

Með samningnum um bann við dreifingu kjarnorkuvopna hafa kjarnorkuveldin þegar gefið bindandi yfirlýsingar um að þau muni ekki beita eða hóta að beita kjarnorkuvopnum gegn löndum sem ekki ráða yfir slíkum vopnum. Þess er því að vænta að þau séu reiðubúin til að gefa hliðstæðar yfirlýsingar við stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum.

Allar þessar skuldbindingar verða að vera skýrar og án undantekninga eða skilyrða. Spennuástand eða stríð leysir ekki kjarnorkuveldin frá skuldbindingum sínum gagnvart svæðislöndunum.

Menn kunna að spyrja hvort á stríðstímum verði staðið við skuldbindingar um að beita ekki né hóta að beita kjarnorkuvopnum. Slíkar vangaveltur ættu þó ekki að hindra aðilana í að ganga til þeirra samninga sem þeir óska. Í öllum alþjóðasamskiptum gildir sú regla að

samningum megi segja upp séu þeir brotnir. Brot á samningum er pólitísk áhætta ekki síst á spennutímum þegar hætta er á að upp úr sjóði.

Það er rétt að minna á í þessu samhengi að tilgangurinn með stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum er ekki að tryggja Norðurlöndum framtíð sem friðaðri eyju í geislavirkum rústum eftir kjarnorkustríð, heldur er ætlunin að hrinda af stað þróun sem gæti komið í veg fyrir sjálft stríðið. Í því samhengi geta skuldbindingar kjarnorkuveldanna haft þýðingu, einkum ef þeim er fylgt eftir með aðgerðum sem auka áreiðanleika þeirra. Þetta verður nánar rætt í 7. og 10. grein.

7. Viðbótarsamningar.

Við höfum þegar nefnt í 1. grein að í samhengi við stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis geta komið til viðbótarsamningar sem fjalla um atriði utan við sjálfa skilgreiningu svæðisins. Slíkir samningar geta náð bæði til kjarnorkuveldanna og svæðislandanna og einnig til annarra ríkja, t. d. þeirra sem næst liggja svæðinu.

Í 4. grein nefndum við möguleika á að gera viðbótarsamninga um stöðvar og útbúnað innan svæðislandanna sem hafa ekki að geyma sprengjuvirkar hleðslur. Fyrst og fremst er þar um að ræða útbúnað sem hefur þann einhliða tilgang að geyma eða standa á annan hátt í tengslum við sprengjuvirkar hleðslur. Þýðing slíks útbúnaðar verður að engu í sjálfu sér ef sprengjuvirkar hleðslur verða bannaðar.

Vandamálið verður flóknara þegar um er að ræða útbúnað sem hægt er að nýta á ýmsa vegu og deilur geta staðið um hverja þýðingu hafi í kjarnorkustríði. Hér þarf að grípa til sérstakra samninga og fara með gætni. Minnt skal á að sá möguleiki er alltaf fyrir hendi að hvert ríki geti losað sig við umdeildan útbúnað með eigin ákvörðun.

Sérstaklega er mikilvægt að gerðir verði viðbótarsamningar um vissar gerðir kjarnorkuvopnakerfa sem komið er fyrir utan svæðisins en geta ógnað svæðislöndunum. Fyrst og fremst á þetta við um kjarnorkuvopn sem talið er að beinist einhliða að svæðislöndunum vegna staðsetningar, drægni eða annarra eiginleika. Hlutverk þeirra yrði þegar horfið vegna skuldbindinga um að beita ekki né hóta að beita kjarnorkuvopnum gegn svæðislöndunum. Það verður þó að liggja ljóst fyrir að varla finnst mikið af kjarnorkuvopnum í heiminum sem er einhliða beint að Norðurlöndunum. Það getur einnig orðið erfitt að ná einingu um hvaða vopnum er svo fyrir komið.

Í öllu falli mun það sýna sig að umræður um slíkt hafa ekki mikla þýðingu. Höfuðatriðið varðandi hinar svokölluðu ytri takmarkanir er þýðing þeirra fyrir gagnkvæmt traust ríkjanna. Þau vopn, sem til eru í nágrenni svæðisins og skoðast sem ögrun við svæðislöndin, eru mikilvæg í þessu samhengi, þótt Norðurlönd séu aðeins meðal margra skotmarka sem til greina koma.

Í ljósi þessa er rétt að nefna nokkur af þeim vopnakerfum sem hér hafa sérstaka þýðingu. En hér er aðeins um dæmi að ræða, önnur sem ekki eru nefnd geta verið jafnmikilvæg.

— Sovéskir kafbátar í Eystrasalti sem flytja kjarnorkuvopn (einkum tegundin Golf) eru veruleg ögrun. Það hefði mikil áhrif til gagnkvæms trausts ef samningar næðust um að þeir yrðu fjarlægðir.

— Sovéskar eldflaugar, stutt- og meðaldrægar á Kólaskaga og á syðri hluta Leningradsvæðisins (t. d. Frog, Scud. SS-12 og SS-5), eru mikil ögrun, einkum fyrir þá hluta Norðurlanda sem liggja innan skotsvæðis þeirra. Það mundi auka gagnkvæmt traust ef þessi vopnakerfi yrðu takmörkuð og helst lögð niður (þetta á einkum við um langdrægustu eldflaugarnar, s. s. SS-5 og SS-12)

— Bandarísku Lance eldflaugarnar og 155 millimetra kjarnorkuvirkið í Schleswig-Holstein eru sérstakt vandamál því að á stríðstímum heyra þessi tæki undir NATO-stöðina í

Karup á Jótlandi (COMBALT AP) sem einnig er stjórnstöð fyrir danska herinn. Þessi samþætting danska heraflans og stærri einingar, sem ræður yfir kjarnorkuvopnum og getur að öllum líkindum beitt þeim án tillits til landamæra Danmerkur og Þýskalands, gerir það að verkum að erfitt er að líta á Danmörku sem land án kjarnorkuvopna. Því væri mikilvægt að þessi vopn yrðu fjarlægð. Það mætti einnig líta á það sem lið í áætlun Palme-nefndarinnar um kjarnorkuvopnalaust belti gegnum Evrópu, milli hernaðarblokkanna tveggja.

— Bandarísku stýriflaugunum, sem komið verður fyrir í sjó og í lofti og verða samkvæmt áætlun settar upp á næstunni, líklega í Noregshafi meðfram norðvesturhluta Sovétríkjanna, munu ætlaðar brautir yfir norskt, sænskt og finnskt land. Ekkert öflugt eftirlitskerfi er til varðandi stýriflaugarnar og nærvera þeirra skapar hættu á skyndilegum og ófyrirséðum loftárásum. Þetta er sérstaklega mikið vandamál fyrir Svíþjóð og Finnland sem byggja hlutleysi sitt á traustum yfirráðum innan eigin lögsögu. Þar í er falinn vilji og hæfni til að hindra að lofthelgin verði notuð sem árásarleið til þriðja aðila. Flugvélar og skip, sem bera stýriflaugar í Noregshafi, eru því til þess fallin að auka á óstöðugleika í N-Evrópu. Slík staðsetning mundi einnig grafa undan trausti á norræ ia svæðinu þar sem sýnt þætti að tryggingin gegn flugi með eldflaugar yfir því væri ekki fullnægjandi. Það hefði því mikla þýðingu ef þessi búnaður fengist fjarlægður. Samningur um, að flugvélar eða skip með stýriflaugar innanborðs séu ekki í nánar ákveðinni fjarlægð frá mörkum svæðisins, gæti komið hér að gagni.

Síðasta dæmið um stýriflaugarnar er nokkuð annars eðlis en hin fyrri þar eð þar er ekki um að ræða að draga úr vígbúnaði sem þegar er fyrir hendi, heldur koma í veg fyrir uppsetningu nýs vígbúnaðar. Það er þó ekki síður mikilvægt. Viðleitni sem beinist gegn endurnýjun vígbúnaðar er ekki síður mikilvæg en einangrun vopnakerfa sem þegar eru fyrir hendi.

Ákvarðanir sem varða ytri mörk geta fengist fram með samningum. En í mörgum tilfellum þarf að vera rými fyrir einhliða aðgerðir, t. d. þegar um er að ræða að leggja niður eldri vopnakerfi sem ekki hafa lengur tilgang án uppsetningar nýrra kerfa í staðinn. Þetta kæmi í kjölfar sjálfstæðra ályktana sem ætið þurfa að koma til, bæði í pólitískum efnum sem hernaðarlegum.

Viðbótarsamningarnir geta orðið að veruleika smám saman. Þá má ekki skoða sem nauðsynleg skilyrði þess að norræna kjarnorkuvopnalausa svæðið geti orðið að veruleika enda þótt það gæti skapað meiri einingu um hugmyndina og gert pólitískt auðveldara að hrinda henni í framkvæmd ef þegar í byrjun næðust slíkir samningar um aðgerðir er ykju trúnað milli ríkja.

8. Reglur um eftirlit.

Samhliða samningi um kjarnorkuvopnalaust svæði er nauðsynlegt að reglur séu til um eftirlit til að tryggja að aðildarlöndin standi við skuldbindingar sínar. Skuldbindingar þeirra eru reifaðar í 5. grein. Hin fyrsta þessara skuldbindinga (bann við eigin framleiðslu kjarnorkuvopna) er raunar liður í samningnum um bann við dreifingu kjarnorkuvopna og er háð eftirliti Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA). Önnur skuldbindingin (bann við útvegun kjarnorkuvopna) er einnig liður í sama samningi en er í framkvæmd ekki háð eftirliti á sama hátt og hin fyrri. Þriðja skuldbindingin (bann við því að leyfa öðrum ríkjum að koma kjarnorkuvopnum sínum fyrir á landi aðildarríkjanna) er ekki fyrir hendi í samningnum um bann við dreifingu kjarnorkuvopna. Þar er um að ræða nýja skuldbindingu sem aðildarlöndin taka á sig að eigin frumkvæði og hún nær yfir öll svæði sem heyra undir lögsögu viðkomandi ríkja. Eftirlitið hlýtur að verða á ábyrgð aðildarlandanna sjálfra í sameiningu.

Það ber að koma á fót norrænum eftirlitsstofnunum til að annast eftirlit með því að framfylgt sé skuldbindingum um að afla ekki kjarnorkuvopna né leyfa staðsetningu þeirra í

aðildarlöndunum. Ein slík stofnun gæti verið nefnd sem starfar samfellt að því að kanna skýrslur og taka ákvarðanir um rannsóknir. Nefnd af slíku tagi ætti að starfa í tengslum við stofnanir Sameinuðu þjóðanna.

Skuldbindingar kjarnorkuveldanna eru skýrðar í 6. grein. Þau skulu ábyrgjast stöðu svæðisins og að ekki sé beitt þar kjarnorkuvopnum. Hin fyrrnefnda nær yfir sömu svið og fjallað er um hér að framan og krefst vart sérstakrar eftirlitsstofnunar. Sama gildir einnig um þá síðarnefndu. Erfiðustu vandamálin munu hins vegar koma til sögunnar í sambandi við hugsanlega viðbótarsamninga um ytri takmarkanir svæðanna (sjá 7. grein). Hér er um að ræða eftirlit með aðgerðum kjarnorkuveldanna utan lögsögu aðildarlanda svæðisins. Þar munu möguleikar aðildarlandanna til eftirlits verða takmarkaðir, bæði af tæknilegum og pólitískum ástæðum. En ef kjarnorkuveldin eru fús til samstarfs um stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis með ákveðnum ytri mörkum munu þau án efa fylgjast með aðgerðum hvers annars með þeim ráðum sem tiltæk eru hverju sinni. Því mun eftirlitið að þessu leyti verða að hvíla á kjarnorkuveldunum sjálfum í samræmi við nánari samninga þar um (sbr. Salt-samningana milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna frá 1972 og 1979 sem fela aðilunum eftirlit hvorum með öðrum með þeirri tækni sem þeir ráða yfir og í samræmi við alþjóðarétt). Eigi að síður kann að vera mikilvægt að koma á fót samráðsstofnun með fulltrúum aðildarlanda svæðisins og kjarnorkuveldanna til viðræðna um framkvæmd skipulagningar svæðisins til að tryggja að gagnkvæmt traust ríki. Þetta verður reifað nánar í 10. grein.

9. Stofnun svæðisins.

Skipulagning kjarnorkuvopnalausra svæða er liður í þróun sem hefur kjarnorkuvopnalausa Evrópu sem takmark. Þetta þýðir að líta verður á hugmyndina um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd í víðara evrópsku samhengi. En áætlunin um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd má ekki verða háð því að menn geri ráð fyrir því að áður, eða samhliða, verði stórvægilegar breytingar á skipan vígbúnaðarmála í Evrópu allri. Lausn vandamála Mið-Evrópu hlýtur að taka langan tíma vegna þess gífurlega fjölda kjarnorkuvopna sem þar eru. Því er mikilvægt að Norðurlönd hafi sjálfstætt frumkvæði og hrindi þróuninni af stað. Góður árangur á Norðurlöndum getur hvatt og stutt þau öfl sem vinna af alvöru að lausn vandamála Mið-Evrópu.

Stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum mun krefjast skoðanaskipta og samninga margra ólíkra aðila á mislöngum tíma. Fyrsta skrefið yrði að Norðurlöndin gefi út, hvert í sínu lagi eða sameiginlega, viljayfirlýsingu um að þau muni innan ákveðins tíma lýsa yfirráðasvæði sín kjarnorkuvopnalaus. Næsta skref mundi verða að löndin næðu samkomulagi á embættismanna- eða utanríkisráðherrastigi um sameiginlegan grundvöll að samningi. Eftir það geta þau, hvert í sínu lagi eða sameiginlega, tekið upp viðræður og hafið aðgerðir í samráði við bandalagsþjóðir sínar eða önnur ríki á þessum grundvelli.

Frekari aðgerðir verða háðar árangri þessara viðræðna og það er of snemmt á þessu stigi að leggja upp áætlanir í smáatriðum fyrir það starf sem þarf að inna af höndum áður en endanlegur samningur verður lagður fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.

Við höfum áður rætt um að gera viðbótarsamninga, einkum að því er varðar ytri mörk svæðisins. Þar þurfa kjarnorkuveldin að koma til með gagnkvæma samninga og á þeim veltur hvort slíkir samningar nást fram. Norðurlönd munu hins vegar í auknum mæli þurfa að hafa frumkvæði og milligöngu þar um. Jafnframt viljum við endurtaka það sem við höfum áður sagt að slíkar samningaumleitanir geta tekið langan tíma. Enda þótt það sé æskilegt að viðbótarsamningar liggi fyrir þegar lýst er yfir stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis má ekki leggja svo mikla áherslu á þennan þátt að það hindri stofnun svæðisins. Það getur orðið léttara að koma umdeildum hugmyndum í framkvæmd þegar svæðissamningurinn hefur verið í gildi nokkra hríð og spennuna í heimshluta okkar hefur lægt.

10. Frekari útvíkkun svæðisins.

Eins og við tókum fram í innganginum er takmarkið með stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum að leggja lóð á vogarskál alþjóðlegrar afvopnunar. Eftir að hinu kjarnorkuvopnalausa svæði hefur verið lýst yfir skuldbinda aðildarríkin sig til að vinna að því að útvíkka svæðið landfræðilega og til að vinna fylgi stefnunni að baki stofnun þess. Þetta má gera með viðbótarsamningum og einnig á annan hátt.

Í umræðunum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum hefur komið fram hugmynd um að komið verði á fót svokölluðum „grisjunarsvæðum" í kringum sjálft bannsvæðið. Það hafa komið fram ólíkar hugmyndir um það hver sé merking þessa hugtaks og óheppilegar túlkanir á því hafa leitt til þess að það hefur vakið andúð, einkum í Danmörku og Noregi. En samkvæmt þeirri skilgreiningu sem Johan Tunberger gefur í bók sinni, *Norden — en kjärnvapenfri zon*, er grisjunarsvæði „landsvæði er liggja að hinu eiginlega kjarnorkuvopnalausa svæði og þar sem ákveðin kjarnorkuvopn, sem beina má að skotmörkum innan kjarnorkuvopnalausa svæðisins, eru bönnuð". Þessi skilgreining er, eins og sjá má, mjög nálægt því að merkja hið sama og við höfum kallað „ytri takmarkanir" og við vísum til 7. greinar þar sem við ræðum um viðbótarsamninga um slík mörk. Við minnum á að slíkir samningar eru af ólíkum toga, þeir taka til sérhæfðra vopnakerfa og landsvæða eftir aðstæðum í hverju einstöku tilfelli. Slíka samninga má gera fyrr eða síðar, suma við stofnun svæðisins, aðra síðar (sbr. 9. grein).

Þegar rætt er um landfræðilega útvíkkun svæðisins er nærtækast að líta til Grænlands sbr. 3. grein. Grænland er tengt Norðurlöndum nánum böndum og er hernaðarlega mikilvægur hluti af Norður-Atlantshafssvæðinu. Í gegnum Grænland er hugsanlegt að ná til heimsskautssvæðanna á vesturhvelinu og til Kanada þar sem ríkir sterkt almenningsálit á móti kjarnorkuvígbúnaði.

Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum yrði hlutað sundur af mörgum alþjóðlegum hafsvæðum. Það er mikilvægt að ná samningum um takmörkun flutninga á ákveðnum vopnategundum á þessum hafsvæðum eins og við höfum áður drepið á. Frá sumum þeirra ætti að vera hægt að útiloka öll kjarnorkuvopn. Besta dæmið um það er Helsingjabotn þar sem alþjóðleg siglingaleið er þröng og svæðið varla mikilvægt fyrir kjarnorkuveldin. Það verður erfiðara en um leið mikilvægara að útiloka alla umferð með kjarnorkuvopn um Eystrasaltið. Tækist það væri það stórviðburður í öryggismálum Norðurlanda. Skref í áttina væri að banna alla umferð kjarnorkuvopna um þetta hafsvæði nema um ákveðnar siglingaleiðir milli sovéskra flotahafna í Eystrasalti og í Kirjálabotni og danska hafsvæðisins. Á þessari leið giltu ákveðnar reglur, t. d. sú að allir kafbátar yrðu að fara þar um ofansjávar (þær reglur eru raunar þegar í gildi um umferð um danskt hafsvæði).

Norðursjórinn og Norður-Atlantshafið eru önnur mikilvæg hafsvæði. Þar stöndum við frammi fyrir miklum vanda því að þessi svæði yrðu raunveruleg átakasvæði ef til vopnaviðskipta kæmi milli stórveldanna. En þar af leiðir einnig að það hefði geysimikla þýðingu að stöðva vígbúnaðinn á þessum slóðum. Hér verður að stefna að því að útfæra samninga smátt og smátt og ná þannig fram frekari takmörkunum. Takmarkið er að öll kjarnorkuvopn verði bönnuð á Norður-Atlantshafinu.

Hvert og eitt hinna kjarnorkuvopnalausu svæða þarf ekki aðeins að vera vakandi fyrir öllum möguleikum til stækkunar heldur einnig fyrir samstarfi við önnur sams konar svæði. Stjórnvöld í Grikklandi, Rúmeníu, Búlgaríu og Júgóslavíu hafa haft frumkvæði að því að þróa umræður um stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Balkanskaga. Fari svo að hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum og á Balkanskaga verði að veruleika er sá möguleiki fyrir hendi að þessir tveir hlutar Evrópu verði að lokum endapunktar kjarnorkuvopnalauss svæðis sem nái í gegnum alla Mið-Evrópu. Fyrsta skrefið í átt að þessu markmiði yrði að kjarnorkuveldin drægju öll kjarnorkuvopn til baka frá

markalínum þeim sem skilja þau að eins og lagt er til af Palme-nefndinni. Það mundi þýða að kjarnorkuvopn yrðu flutt af stórum landsvæðum bæði Varsjárbandalagsins og NATO-ríkjanna.

Fleiri hugmyndir mætti nefna. Kjarnorkuvopnalaust svæði í Benelúxlöndunum er ofarlega á óskalistanum og þar er sterkt almenningsálit gegn kjarnorkuvopnum. Og hið stóra takmark er: Evrópa án kjarnorkuvopna.

Við notuðum nákvæmar skilgreiningar til að skýra hvað felst í hugtakinu kjarnorkuvopnalaust svæði til að forðast hártoganir (sjá 4. grein). Við höfum hins vegar bent á að til þess að strangar skilgreiningar verði ekki fjötur um fót er ráðið að ná fram viðbótarsamningum sem taka til fleiri þátta en sprengihleðslnanna (sbr. 7. grein). En þar sem málið snýst einnig um vopnabúnað innan lögsögu svæðislandanna eru fyrir hendi möguleikar á frumkvæði þeirra sem ekki krefst sérstakra samninga við önnur ríki. Hvert um sig eða í samvinnu geta löndin gengið lengra í takmörkunum vígbúnaðar en sjálfur samningurinn segir til um. Það verður að vera á ábyrgð hvers lands um sig að sjá til þess að ekki sé á yfirráðasvæðum þeirra neinn sá búnaður sem nota má sem hjálparmeðul í kjarnorkustríði. Í þessu skyni þarf að stofna til norrænna eða alþjóðlegra samtaka.

Í 8. grein komum við inn á þörfina fyrir norræna eftirlitsnefnd. Til viðbótar þarf að koma á fót breiðari norrænum samtökum með fulltrúum frá t. d. ríkisstjórnum, flokkum, herjum landanna, friðarhreyfingum og friðarrannsóknarstofnunum til að starfa með eftirlitsnefndinni, taka afstöðu til aðsteðjandi mála, halda vakandi umræðum um mál er varða svæðið, auk þess að fjalla um öryggismál almennt, einkum þau varnarform sem ekki byggjast á valdbeitingu. Samtökin ættu einnig að beita sér fyrir nánari samskiptum við kjarnorkuveldin og aðgerðum í því skyni að auka traust milli þjóða. Loks ynnu þau að því að víkka út hið kjarnorkuvopnalausa svæði og önnuðust samstarf við þá alþjóðastofnun sem nefnd var í lok 8. greinar.

Sú alþjóðastofnun þarf að hafa fulltrúa frá aðildarlöndum svæðisins, kjarnorkuveldunum og hugsanlega öðrum löndum í tengslum við svæðið, svo og frá Sameinuðu þjóðunum. Auk þess að vera farvegur fyrir umræður um aðgerðir til að skapa trúnað þjóða í milli þarf þessi stofnun að marka um það stefnu hvernig bæta megi fyrirkomulag svæðisins og hvernig megi víkka það út. Hún hefði einnig það verkefni að efla samráð með öðrum kjarnorkuvopnalausum og friðuðum svæðum og starfa á sama hátt og aðrar stofnanir, sem við höfum nefnt, í tengslum við Sameinuðu þjóðirnar.

Það skal tekið fram að það sem sagt er hér um stofnanir sem þarf að koma á legg í tengslum við hið kjarnorkuvopnalausa svæði eru aðeins lauslegar tillögur. Aðildarlöndin munu síðan verða að semja sín í milli um endanlegt skipulag þeirra.

Frá öryggispólitísku sjónarmiði er eitt markmiðanna með því að stofna kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum að vekja umræður um hugmyndafræðina að baki kjarnorkuvígbúnaðinum. Aðildarlönd svæðisins hafna þeim skilningi að öryggi byggist á ógnarjafnvægi. En til að hindra það að tilkoma hins kjarnorkuvopnalausa svæðis verði aðeins upphaf að nýrri uppbyggingu hefðbundins vopnabúnaðar verða aðildarlöndin að vinna fylgi nýjum viðhorfum í öryggismálum, viðhorfum sem byggjast á aðgerðum í þá átt að skapa traust þjóða í milli og eyða tortryggni eins og mögulegt er. Raunverulegt og varanlegt öryggi er fólgið í gagnkvæmu trausti og þrotlausri baráttu fyrir friði.

Fylgiskjal IV.

Samningur um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku.
(Tlatelolco-samningurinn árið 1967.)

Samningsaðilar skuldbinda sig til að banna og fyrirbyggja, hver á sínu yfirráðasvæði, eftirfarandi:

a. tilraunir, notkun, smíði eða öflun með nokkrum hætti á hvers kyns kjarnorkuvopnum, hvorki fyrir eigin hönd eða annars, beint eða óbeint; og
b. móttöku, geymslu, uppsetningu eða hvers konar eignaraðild að kjarnorkuvopnum, beint eða óbeint.

Aðilar skuldbinda sig einnig til að ráðast hvorki í né efla, leyfa, eða á nokkurn hátt taka þátt í tilraunum, notkun, smíði, öflun eða yfirráðum yfir hvers kyns kjarnorkuvopnum.

Stofnun sem beri nafnið „Eftirlitsstofnun með banni við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku“ skal bera ábyrgð á eftirliti með að ákvæði samningsins séu haldin og skal hún halda fundi með aðildarríkjum á tveggja ára fresti eða þegar þörf gerist. Höfuðstöðvar stofnunarinnar skulu vera í Mexíkóborg.

Stofnunin skal hafa allsherjarráð, stjórnarnefnd og ritaraembætti. Allsherjarráðið skal halda fund á tveggja ára fresti og ályktа um öll mál er varða samninginn. Stjórnarnefndin skal skipuð fimm mönnum, kosnum af allsherjarráði, og skal hún starfa óslitið.

Sérhver samningsaðili skal ganga til samninga við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina (IAEA) um að taka upp eftirlitskerfi þeirrar stofnunar með kjarnorkumálum sínum. Hann skal skila skýrslum á tveggja ára fresti bæði til eftirlitsstofnunarinnar og til IAEA þar sem staðfest er að ekkert það sem stríðir gegn ákvæðum samningsins hafi átt sér stað á yfirráðasvæði hans.

Aðalritara er heimilt að fara fram á nánari upplýsingar um öll atvik og atriði er varða samninginn og ber að veita honum tafarlausa fyrirgreiðslu.

IAEA og stjórnarnefndin skulu hafa vald til að gera sérstakar kannanir, hinir fyrrnefndu í samræmi við samkomulag sem þeir hafa gert við hvern aðila fyrir sig en stjórnarnefndin

a. þegar fram á slíkt er farið af hálfu einhvers aðila sem hefur grun um að einhverjar framkvæmdir, sem brjóta í bága við samninginn, hafi átt sér stað eða séu í þann veginn að eiga sér stað á yfirráðasvæði annars aðila eða annars staðar á vegum hins síðarnefnda aðila eða
b. þegar farið er fram á slíkt af hálfu aðila sem sakaður er um að hafa brotið gegn ákvæðum samningsins.

Samningsaðilar, sem hyggjast sprengja kjarnorkusprengju í friðsamlegum tilgangi, skulu tilkynna það eftirlitsstofnuninni og IAEA með eins löngum fyrirvara og aðstæður krefja. Tæknilegum fulltrúum stjórnarnefndar eftirlitsstofnunarinnar og IAEA er þá heimilt að fylgjast með öllum undirbúningi og eiga greiðan aðgang að svæðinu.

Verði uppvíst um brot á samningnum skal allsherjarráðið skila skýrslu samtímis til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, til aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til stjórnarnefndar Samtaka Ameríkuríkja og til IAEA.

Öllum þjóðum rómönsku Ameríku, svo og öðrum fullvalda þjóðum sem liggja í heild sinni sunnan 35 gráðu norður á vesturhveli jarðar, er heimilt að undirrita samninginn.

Undirritendur geta við staðfestingu samningsins sett fram skilyrði (t.d. um að önnur ríki staðfesti samninginn) sem þurfi að mæta áður en þeir telji sig bundna af samningnum.

Samningurinn skal gilda um ótakmarkaðan tíma, en þó er sérhverjum samningsaðila heimilt að segja upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara til aðalritara enda telji viðkomandi aðili að þær aðstæður hafi komið til eða séu í þann veginn að koma til er varða brýnustu hagsmuni hans.

Framkvæmd samningsins skal frestað af hálfu allra samningsaðila komi til nýtt veldi er ráði yfir kjarnorkuvopnum.

Samningnum fylgja tveir hliðarsamningar (protocol).

Í hliðarsamningi I samþykkja Bretland og Holland að framfylgja þeim ákvæðum samningsins er lúta að banni við kjarnorkuvopnum á þeim svæðum sem eru á ábyrgð þeirra (t.d. á Falklandseyjum). Samþykktin felur í sér skuldbindingar gagnvart IAEA en ekki gagnvart eftirlitsstofnuninni.

Í hliðarsamningi II gera Bandaríkin og fleiri aðilar með sér samning um að beita ekki kjarnorkuvopnum gegn nokkrum öðrum aðila að samningnum né heldur hóta beitingu slíkra vopna. Bandaríkin áskilja sér óskoraðan lagalegan rétt til að veita eða neita aðilum utan samningsins um yfirferðarleyfi og flutningsleyfi. Bandaríkin mundu og skoða árás af hálfu samningsríkis með stuðningi kjarnorkuveldis sem brot á ákvæðum samningsins.

Bandaríkin líta svo á að sú tækni að beita kjarnorkusprengingum í friðsamlegum tilgangi sé óaðgreinanleg frá þeirri tækni að framleiða kjarnorkuvopn. Þau leggja því þann skilning í skilgreiningu samningsins á kjarnorkuvopnum að hún nái til hvers kyns tækja sem nota má til að framleiða kjarnorku.

Fylgiskjal V.

Samanburður á skuldbindingum um takmörkun vopna í Rarotonga-samningnum og Tlatelolco-samningnum.

(Jozef Goldblat og Sverre Lodgaard.)

Rarotonga-samningurinn frá 1985, þar sem lýst er yfir kjarnorkuvopnalausu svæði á Suður-Kyrrahafi, er að nokkru leyti sniðinn eftir Tlatelolco-samningnum frá 1967 sem bannar kjarnorkuvopn í rómönsku Ameríku. Samanburður á þessum tveimur samningum er því bæði gagnlegur og fróðlegur.

Að sumu leyti virðist sem Rarotonga-samningurinn sé yfirgripsmeiri en Tlatelolco-samningurinn; hinn síðarnefndi leyfir sprengingu kjarnorkusprengja í friðsamlegum tilgangi en hinn fyrrnefndi bannar tilraunir með *hvers konar* kjarnorkubúnað. Í raun eru þau skilyrði sem tengjast viðkomandi grein í Tlatelolco-samningnum þó túlkuð á þann veg af flestum þjóðum að þau banni framleiðslu kjarnorkusprengibúnaðar í friðsamlegum tilgangi nema hannaður verði kjarnorkubúnaður sem ekki er hægt að nota sem vopn en slíkt er ólíklegt að verði nokkurn tíma.

Ólíkt Tlatelolco-samningnum bannar Rarotonga-samningurinn alla losun kjarnorkuúrgangs og annars geislavirks efnis á hafi úti; þessi ráðstöfun heyrir þó undir þann lagabálk er fjallar um umhverfisvernd fremur en um takmörkun vopna.

Á hinn bóginn er svæðið í rómönsku Ameríku mun stærra en Suður-Kyrrahafssvæðið. Enda þótt því sé haldið fram að með Rarotonga-samningnum myndist kjarnorkuvopnalaust svæði er nái að mörkum kjarnorkuvopnalauss svæðis rómönsku Ameríku í austri og að kjarnorkuvopnalausa svæðinu á Suðurskautslandi í suðri þá bannar samningurinn aðeins kjarnorkuvopn á sjálfum yfirráðasvæðum Suður-Kyrrahafslanda út að tólf mílna landhelgismörkum. Í samningnum er engin tilraun gerð til þess að láta kjarnorkuvopnabannið ná til stærra hafsvæðis hvorki með milliríkjasamþykktum né með öðrum hætti. Svæði það, sem Tlatelolco-samningurinn mundi taka til að uppfylltum nokkrum skilyrðum, mundi hins vegar ná til stórra svæða Atlantshafs og Kyrrahafs, hundruð kílómetra út af ströndum rómönsku Ameríku auk yfirráðasvæða viðkomandi landa. Skilyrðin, sem raunar hafa flest öll verið uppfyllt, eru eftirfarandi: aðild allra ríkja á svæðinu að samningnum; samþykki við viðbótarákvæði af hálfu allra ríkja sem heimild hafa til að undirrita þau; og gerð samninga um eftirlit við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina, IAEA. Alþjóðalög um frelsi á úthöfum stóðu ekki í vegi fyrir kjarnorkuvopnabanni á hafi úti í Tlatelolco-samningnum. Engin ástæða virðist vera til þess að ætla að þau hefðu komið í veg fyrir sams konar höft í Rarotonga-samningnum eða a.m.k. beiðni til kjarnorkuvelda um að taka sjálfviljug á sig slík höft í sérsamkomulagi.

Hvers kyns skuldbinding sem fullvalda ríki tekur á sig um takmörkun vopna felur í sér einhvers konar skerðingu á frelsi sem sama ríki naut áður og hafið er hér engin undantekning. Raunar hafa öll kjarnorkuveldin skuldbundið sig til að virða lög um afvopnun rómönsku Ameríku eins og hún er „afmörkuð“ í samningnum, þ.e. að meðtöldum svæðum á hafi úti. Auk þess hefur samningurinn frá 1971 um bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotni hlotið samþykki allra helstu kjarnorkuveldanna.

Báðir samningar gera í sérstökum hliðarsamningi ráð fyrir skuldbindingum sem kjarnorkuveldin taki á sig um að beita ekki kjarnorkuvopnum né hóta beitingu þeirra gegn aðilum samningsins. Í Tlatelolco-samningnum, sem samþykktur var fyrir rúmlega 19 árum, var full þörf á slíkum ákvæðum. Þeim virðist þó ofaukið í Rarotonga-samningnum þar sem öll kjarnorkuveldin hafa nú einhliða og formlega heitið því að beita ekki kjarnorkuvopnum. Kína tók á sig þá skuldbindingu „skilyrðislaust“ að beita ekki kjarnorkuvopnum og hóta ekki beitingu þeirra gegn ríkjum sem ekki ráða yfir kjarnorkuvopnum eða gegn kjarnorkuvopnalausum svæðum. Sovétríkin gáfu einnig út formlega yfirlýsingu um að þau mundu aldrei beita kjarnorkuvopnum gegn ríkjum sem hætt hefðu framleiðslu og öflun slíkra vopna og geymdu ekki slík vopn á yfirráðasvæðum sínum. Vestrænu kjarnorkuveldin, Bandaríkin, Bretland og Frakkland, sem hétu formlega að beita ekki kjarnorkuvopnum gegn kjarnorkuvopnalausum ríkjum er hefðu skuldbundið sig á alþjóðavettvangi til að afla sér ekki slíkra vopna, settu það skilyrði að kjarnorkuvopnalaus ríki tækju ekki þátt í árásaraðgerðum gegn þeim eða bandamönnum þeirra í bandalagi með öðru kjarnorkuveldi. Þetta skilyrði ætti þó ekki að valda ríkjum Suður-Kyrrahafssvæðisins neinum vanda þegar mið er tekið af stjórnmálalegri stöðu þeirra þjóða. Engu að síður gæti það haft öfug áhrif að fara fram á það við kjarnorkuveldin að þau staðfesti á ný heit sín í marghliða, alþjóðlegri og lögfestri samþykkt fremur en að vísa til gildandi skuldbindinga sem ríkin hafa þegar tekið á sig sjálfviljug. Sérstaklega kynnu Sovétríkin að færast undan að undirrita viðbótarákvæði við aðalsamning sem lögfestir fjarskipta- og eftirlitskerfi Bandaríkjamanna á Kyrrahafi sem er hluti af kjarnorkuhernaðarkerfi þeirra þar og leyfir viðdvöl flughers- og flotadeilda sem búnar eru kjarnorkuvopnum, ekki síst þar sem fjöldi og lengd slíkra viðdvala hefur ekki verið takmörkuð.

Það er rétt að aðilar að Tlatelolco-samningnum telja það á eigin valdi að veita leyfi

eða synja leyfis til flutninga kjarnorkuvopna um yfirráðasvæði sín. En við staðfestingu viðeigandi hliðarsamnings gáfu Sovétríkin út yfirlýsingu (sem jafngilti fyrirvara) um að leyfisveiting til *hvers konar* flutninga á kjarnorkuvopnum samræmdist ekki stöðu aðilanna sem kjarnorkuvopnalauss ríkis. Ólíklegt er að Sovétríkin mundu taka aðra afstöðu til Kyrrahafssvæðisins sem hefur meira hernaðarlegt gildi fyrir þau en rómanska Ameríka einmitt vegna aukinna umsvifa Bandaríkjamanna þar.

Þessir annmarkar rýra þó ekki gildi Rarotonga-samningsins sem aðgerðar til að koma í veg fyrir frekari kjarnorkuvæðingu Suður-Kyrrahafssvæðisins og styrkja þar með alheimsátakið til takmörkunar á útbreiðslu kjarnorkuvopna.

Fylgiskjal VI.

Úr lokayfirlýsingu aukaþings Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál 1978.

60. Myndun kjarnorkuvopnalausra svæða á grundvelli frjálsra samninga milli ríkja á viðkomandi svæði er mikilvægur þáttur í afvopnun.

61. Rétt er að styðja myndun slíkra svæða með það endanlega markmið í huga að losa heiminn að fullu við kjarnorkuvopn. Við myndun slíkra svæða skal tekið tillit til sérkenna hvers svæðis. Þau ríki, sem þátt taka í myndun slíkra svæða, ættu að skuldbinda sig til að styðja að fullu markmið, tilgang og grundvallarreglur þeirra samninga eða samkomulaga er miða að stofnun svæðanna og tryggja þar með að þau verði í raun laus við kjarnorkuvopn.

62. Hvað varðar slík svæði er gert ráð fyrir að kjarnorkuveldin taki á sig vissar skuldbindingar sem samið skal um við lögmæt yfirvöld á svæðinu, einkum:

a. að virða að fullu stöðu hins kjarnorkuvopnalausa svæðis;
b. að virða bann við beitingu eða hótunum um beitingu kjarnorkuvopna gegn ríkjum á svæðinu.

63. Með tilliti til ríkjandi aðstæðna hverju sinni og án þess að það rýri gildi annarra ráðstafana sem til greina koma á öðrum svæðum eru eftirfarandi ákvæði sérlega æskileg:

a. Viðurkenning allra viðkomandi ríkja á þeim ákvæðum er tryggja fullt gildi samningsins um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samningsins) með sérstöku tilliti til þeirra skoðana sem fram komu á tíundu ráðstefnunni um framfylgd samningsins.
b. Undirritun og samþykki á viðbótarákvæðum við samninginn um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samninginn) af hálfu þeirra ríkja sem rétt eiga á að gerast aðilar að þeim samningum en hafa ekki gert það.
c. Í Afríku, þar sem Einingarsamtök Afríku hafa samþykkt ályktun um kjarnorkuafvopnun svæðisins, skal öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þetta markmið verði hindrað.
d. Að taka til alvarlegrar athugunar þær þörfu og áríðandi ráðstafanir sem lýst er í málsgreinunum hér að ofan og nauðsynlegar eru til að hrinda í framkvæmd tillögunni um lýsingu kjarnorkuvopnalauss svæðis í Miðausturlöndum í samræmi við viðeigandi ályktanir allsherjarþingsins þar sem allir aðilar, sem málið varðar beint, hafa

lýst yfir stuðningi sínum við hugmyndina og þar sem hætta er á útbreiðslu kjarnorkuvopna. Myndun kjarnorkuvopnalauss svæðis í Miðausturlöndum mundi stórlega bæta horfur á alheimsfriði og öryggi. Meðan beðið er eftir stofnun slíks svæðis í þessum heimshluta ættu ríki á svæðinu að lýsa því yfir formlega að þau muni forðast á gagnkvæmum grundvelli að framleiða, afla sér eða á nokkurn annan hátt að eignast kjarnorkuvopn og kjarnorkusprengibúnað og að heimila staðsetningu kjarnorkuvopna á yfirráðasvæðum sínum af hálfu þriðja aðila og samþykkja að leggja öll sín kjarnorkumál undir eftirlit Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Taka skal til athugunar að öryggisráðið taki þátt í undirbúningi stofnunar kjarnorkuvopnalauss svæðis í Miðausturlöndum.

e. Öll ríki Suður-Asíu hafa lýst yfir þeirri ákvörðun sinni að heimila ekki kjarnorkuvopn í ríkjum sínum. Engar ráðstafanir skyldu gerðar af þeirra hálfu er yrðu til þess að vikið yrði af þeirri braut. Í þessu samhengi hefur spurningin um myndun kjarnorkuvopnalauss svæðis verið afgreidd í ýmsum ályktunum öryggisráðsins en þar er málið enn til umfjöllunar.

64. Stofnun friðarsvæða í ýmsum heimshlutum með viðeigandi skilyrðum skilgreindum af viðkomandi ríkjum á svæðinu þar sem tekið er mið af sérkennum svæðisins og grundvallarhugsjón stofnsamnings Sameinuðu þjóðanna og í samræmi við alþjóðalög getur stuðlað að eflingu öryggis ríkja innan slíkra svæða og að heimsfriði og öryggi. Í þessu sambandi bendir allsherjarráðið á tillögur um stofnun friðarsvæða, m.a.:

a. Í Suðaustur-Asíu þar sem ríki á svæðinu hafa lýst áhuga á stofnun slíks svæðis í samræmi við sjónarmið sín.

b. Á Indlandshafi með tilliti til umræðna öryggisráðsins og viðeigandi ályktana þess og þeirrar nauðsynjar að tryggja frið og öryggi á svæðinu.

c. Að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnorkuvopna er brýnn og óaðskiljanlegur þáttur í viðleitninni til að stöðva vígbúnaðarkapphlaupið og snúa því við. Markmiðið með takmörkun kjarnorkuvopna er annars vegar að koma í veg fyrir tilkomu fleiri kjarnorkuþjóða í viðbót við kjarnorkuveldin fimm og hins vegar að fækka og loks útrýma kjarnorkuvopnum að fullu. Þetta felur í sér skuldbindingar og ábyrgð bæði af hálfu kjarnorkuvopnaðra ríkja og ríkja sem ekki ráða yfir kjarnorkuvopnum. Skulu hinir fyrrnefndu leitast við að stöðva vígbúnaðarkapphlaupið með því að hrinda tafarlaust í framkvæmd þeim aðgerðum sem lýst er í viðeigandi greinum þessarar lokayfirlýsingar en öll ríki skulu beita sér fyrir að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnorkuvopna.

66. Mögulegt er og skylt að gera ráðstafanir á innanlandsvettvangi sem og á alþjóðavettvangi til að minnka hættu á útbreiðslu kjarnorkuvopna án þess að stofna í hættu framboði á orku og þróun kjarnorkutækni til friðsamlegra nota. Því skulu kjarnorkuveldin og þau ríki, sem ekki búa yfir kjarnorkuvopnum, leitast við að gera sameiginlegar ráðstafanir til að komast að alþjóðlegu samkomulagi um aðferðir til að stemma stigu við útbreiðslu kjarnorkuvopna.

67. Full framkvæmd allra atriða þeirra samkomulaga sem til eru um stöðvun á útbreiðslu kjarnorkuvopna, t.d. samningsins um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna og samningsins um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samningurinn), af hálfu þeirra sem aðild eiga að samningunum er mikilvægt framlag til þessarar viðleitni. Fylgi við slíka samninga hefur aukist á síðari árum og sú von hefur verið látin í ljós af hálfu aðila að slíkum samningum að framhald verði á þeirri þróun.

68. Ráðstafanir, sem gerðar eru til að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnorkuvopna,

ættu ekki að skerða fullan rétt þjóða til að framkvæma og þróa áætlanir sínar um friðsamlega notkun kjarnorku til efnahagslegrar og félagslegrar þróunar í samræmi við hagsmuni sína og þarfir. Öll ríki ættu og að eiga aðgang að og hafa fullt frelsi til að afla sér tækniþekkingar, búnaðar og efna til friðsamlegrar notkunar á kjarnorku með sérstöku tilliti til þarfa þróunarríkjanna. Alþjóðleg samvinna á þessu sviði ætti að eiga sér stað undir viðurkenndu alþjóðlegu eftirliti í umsjá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar án mismununar til að fyrirbyggja útbreiðslu kjarnorkuvopna.

69. Tekið skal fullt tillit til ákvarðana sérhverrar þjóðar á sviði friðsamlegrar nýtingar kjarnorkuvopna án þess að stofna í hættu orkunýtingarstefnu hvers ríkis fyrir sig eða alþjóðlegri samvinnu, samningum eða verksamningum um friðsamlega nýtingu kjarnorku, enda séu viðhafðar þær varúðarráðstafanir sem getið er um hér að ofan.

70. Í samræmi við niðurstöður og ákvæði samþykktar allsherjarráðsins nr. 32/50 frá 8. desember 1977 skal alþjóðleg samvinna um flutning og nýtingu á kjarnorku til efnahagslegrar og þjóðfélagslegrar þróunar efld, einkum í þróunarlöndum.

71. Reynt verði að leiða til lykta störf nefndarinnar um nýtingu kjarnorkueldsneytis (Nuclear Fuel Cycle Evaluation) í fullu samræmi við markmið þau sem sett voru fram í lokayfirlýsingu á stofnþingi nefndarinnar.

72. Öll ríki skulu halda fast við milliríkjasamþykkt um bann við notkun eiturefna og sýkla í hernaði sem undirritaður var í Genf 17. júní 1925.

73. Öll ríki, sem ekki eru þegar aðilar að samþykktinni um bann við þróun, framleiðslu og birgðasöfnun gerla- (lífrænna) og eiturefna og um eyðingu þeirra, ættu að íhuga aðild að henni.

74. Ríki skulu einnig íhuga möguleika á því að gangast inn á marghliða samninga sem þegar hafa verið gerðir um afvopnunarmál og getið er um hér að neðan.

75. Algert bann við þróun, framleiðslu og birgðasöfnun eiturefnavopna og eyðing slíkra vopna eru meðal brýnustu aðgerða til afvopnunar. Því er gerð milliríkjasamnings í þessu skyni eitt brýnasta verkefnið sem fyrir liggur en umræður um þessi mál hafa nú staðið yfir um nokkurra ára skeið. Að gerðum slíkum milliríkjasamningi skyldu öll ríki stuðla að því að tryggja sem víðtækast gildi samningsins með tímabærri undirritun og gildistöku hans.

76. Nauðsynlegt er að gera milliríkjasamning er bannar þróun, framleiðslu, birgðasöfnun og notkun geislavopna.

183. Svar [95. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um embættisbústaði.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvaða embættisbústaðir, einbýlishús eða einstakar íbúðir, eru í eigu íslenska ríkisins eða stofnana (að hluta eða að öllu leyti) sem heyra undir dómsmálaráðuneytið?*
2. *Hvert er starfsheiti þeirra sem hafa afnot af embættisbústaðnum og hver er húsaleigan, sundurliðuð eftir bústöðum?*
3. *Hvernig er húsaleigan ákvörðuð?*

4. *Hver er stærð embættisbústaðanna og fasteignamat þeirra, sundurliðað eftir bústöðum?*
5. *Hvenær voru bústaðirnir keyptir eða byggðir og hvert var verð þeirra framreiknað til verðlags í dag, sundurliðað eftir bústöðum?*

Hjálagt fylgir yfirlit yfir embættisbústaði sem eru í eigu ríkisins og heyra undir dómsmálaráðuneytið ásamt upplýsingum um starfsheiti þeirra sem hafa afnot af embættisbústöðunum, húsaleigu, stærð bústaðanna og fasteignamat þeirra, enn fremur upplýsingar um hvaða ár þeir voru byggðir eða keyptir. Ógjörningur er að svara 5. lið fyrirspurnarinnar að fullu.

Varðandi 3. lið fyrirspurnarinnar skal eftirfarandi tekið fram: Lög um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, nr. 27/1968, eiga ekki við um embættismenn sem búið hafa í sama embættisbústað frá því fyrir gildistöku laganna. Þau taka ekki heldur til embættisbústaðar biskups Íslands.

Húsaleiga presta, sem búið hafa í sama embættisbústað frá því fyrir gildistöku laga nr. 27/1968, skal ákvarðast á grundvelli laga um skipulag og hýsingu prestssetra, nr. 38/1947. Ákvæði þeirra laga um ákvörðun og hækkun leigu eru mjög óljós og hefur leiga þessara presta ekki verið hækkuð. Húsaleiga annarra presta var endurskoðuð á síðasta ári á grundvelli reglugerðar um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins nr. 334/1982, sbr. lög nr. 27/1968. Fallið var að hluta frá hækkun á húsaleigu þá vegna mótmæla Prestafélags Íslands og greiða þessir prestar nú leigu sem ákvörðuð var á grundvelli samkomulags milli ráðuneytisins og Prestafélagsins.

Húsaleiga sýslumanna, héraðsdómara og annarra embættismanna, sem hafa á leigu embættisbústaði á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, skal ákvarðast á grundvelli reglugerðar nr. 334/1982, sbr. lög nr. 27/1968. Nokkur misbrestur hefur orðið á því á undanförnum árum að leiga þeirra hafi verið endurskoðuð árlega í samræmi við reglugerðina, en að undanförnu hefur verið unnið að leiðréttingu á því.

Embættisbústaðir í umsjá dómsmálaráðuneytisins.

	Starfsheiti	Leiga 1. des. '91	Fermetrar (bifreiðageymsla ef við á)	Byggingarár	Fasteignamat 1. des. '90
Prestssetur:					
Skeggjastaðir	Sóknarpr.	6.611	300	1969	2.352.000
Hof, Vopnafirði	—	5.388	250	1932	1.643.000
Valþjófsstaður	—	1 (l. 38/1947)	167	1946	1.451.000
Eiðar	—	2 (l. 38/1947)	205	1961	3.034.000
Seyðisfjörður	—	8.155	244	1923	3.034.000
Norðfjörður	—	8.966	152	1968[1]	5.178.000
Eskifjörður	—	10.263	184	1961	6.211.000
Kolfreyjustaður	—	4 (l. 38/1947)	189	1960	3.247.000
Heydalir	—	5.573	252	1950	2.462.000
Djúpivogur	—	5.025	218	1950	2.475.000
Höfn	—	11.698	172	1970[2]	6.358.000
Kirkjubæjarklaustur	—	1 (l. 38/1947)	223	1939	5.202.000
Kálfafellsstaður (hús þarfnast verulegra endurbóta)	—	0	249	1953	2.822.000
Ásar	—	5.190	150	1952	1.031.000
Vík	—	8.956	186	1949[3]	3.238.000
Holt	—	2 (l. 38/1947)	263	1944	3.806.000
Bergþórshvoll	—	10.309	145	1978	2.965.000
Breiðabólsstaður	—	2 (l. 38/1947)	318	1948	4.001.000
Oddi	—	9.429	204	1966	3.727.000
Kirkjuhvoll	—	4.102	139	1969[4]	2.740.000
Fellsmúli	—	8.292	263	1954	3.699.000
Hruni	—	7.969	257	1950	4.818.000
Tröð	—	8.844	142	1975[5]	3.431.000
Skálholt	—	7.183	236	1972	3.754.000
Eyrarbakki	—	9.487	188	1962[6]	4.064.000
Hveragerði	—	16 (l. 38/1947)	162	[7]	3.015.000
Þorlákshöfn	—	13.058	300	1963[8]	6.615.000
Útskálar (hús í mjög lélegu ástandi)	—	0	299	1890	3.130.000
Grindavík	—	11.320	242	1965	7.360.000
Reynivellir	—	7.116	275	1956	2.708.000
Mosfell í Mosfellsbæ (ekki leigt presti, hús þarfnast endurbóta, leiga gengur upp í viðhald)	—		316	1960	5.493.000
Vestmannaeyjar	—	9.439	190	1954[9]	4.823.000
Saurbær	—	1 (l. 38/1947)	260	1940	1.961.000
Akranes	—	10.283	251	1947[10]	4.817.000
Staðarhóll	—	3.675	176	1946	2.558.000
Reykholt	—	6.071	205	1932	2.471.000
Staðholt	—	1 (l. 38/1947)	184	1938	1.352.000
Borg	—	7.470	208	1962	4.842.000
Staðastaður	—	5.887	211	1940	2.581.000
Ólafsvík	—	10.792	173	1981[11]	7.635.000
Grundarfjörður	—	10.388	160	1968	4.251.000
Hvoll	—	3 (l. 38/1947)	288	1956	2.561.000
Búðardalur	—	6.461	168	1969[12]	4.451.000
Reykhólar	—	5.131	235	1948	1.739.000
Patreksfjörður (prestakallið prestlaust)	—	0	295	1960	6.118.000
Tálknafjörður	—	9.594	232	1980[13]	5.657.000
Bíldudalur	—	9.579	160	1977[14]	4.376.000
Þingeyri		5.884	172	1933	2.635.000
Holt í Önundarfirði	—	6.148	264	1956	2.981.000
Suðureyri	—	7.064	272	1956[15]	4.261.000
Bolungarvík		4.481	156	1968[16]	5.851.000
Ísafjörður	—	3.541	193	1969[17]	6.999.000

	Starfsheiti	Leiga 1. des. '91	Fermetrar (bifreiðageymsla ef við á)	Byggingarár	Fasteignamat 1. des. '90
Prestssetur:					
Árnes	Sóknarpr.	3.552	243	1948	1.294.000
Hólmavík (prestakallið prestlaust)	—	0	235	1952	4.679.000
Vatnsfjörður	—	0 (l. 38/1947)	195	1965	2.673.000
Prestbakki (hús þarfnast verulegra endurbóta)		0	297	1957	2.596.000
Melstaður		8.867	161	1983	2.890.000
Hvammstangi	—	8.473	264	1975[18]	5.477.000
Blönduós	—	11 (l. 38/1947)	128	1964[19]	3.563.000
Bólstaður (ekki leigt presti, leiga gengur upp í endurbætur á húsi)	—		128	1964	3.568.000
Skagaströnd	—	7.206	120	1965[20]	3.365.000
Sauðárkrókur	—	9.915	250	1980[21]	7.674.000
Glaumbær	—	6.405	170	1945	2.028.000
Mælifell	—	3.940	203	1923	2.653.000
Miklibær (hús þarfnast verulegra endurbóta)	—	0	172	1947	2.037.000
Hólar	—	6.953	189	1951	3.529.000
Hofsós	—	1 (l. 38/1947)	191	1938	3.048.000
Siglufjörður	—	6.223	237	1936	3.959.000
Ólafsfjörður	—	6.895	213	1964[22]	5.741.000
Dalvík	—	9.787	227	1967	6.645.000
Hrísey	—	5.358	245	1955	4.059.000
Möðruvellir	—	8.204	245	1938	2.687.000
Laugaland	—	7.777	279	1926	3.796.000
Laufás	—	6.973	248	1936	3.469.000
Háls	—	4.491	176	1947	1.414.000
Grenjaðarstaður	—	7.847	223	1936	3.628.000
Skútustaðir	—	1 (l. 38/1947)	245	1963	4.347.000
Húsavík	—	10.129	278	1974[23]	7.047.000
Skinnastaður	—	4.754	306	1930	3.395.000
Raufarhöfn	—	8.861	159	1980[24]	4.522.000
Þórshöfn	—	6.897	142	1979[25]	3.690.000
Aðrir embættisbústaðir:					
Bergstaðastræti 75	Biskup	0	465,8	1928[26]	11.171.000
Akranes	Sýslumaður	7.926	217	1969	2.318.000
Borgarnes	—	7.243	268	1939	7.984.000
Stykkishólmur	—	19.626	159	1955	4.314.000
Búðardalur (í athugun)	—	0	280	1979	5.714.000
Bolungarvík	—	4.741	205	1930	4.683.000
Ísafjörður	—	7.910	243	1974	8.535.000
Hólmavík	—	3.336	316	1940	?
Blönduós	—	11	364	1953	7.850.000
Sauðárkrókur	—	9.240	132	1958	3.261.000
Siglufjörður	—	18.260	225	1986	6.190.000
Ólafsfjörður	—	17.746	327	1958	6.108.000
Húsavík	—	4.741	263	1974	7.445.000
Seyðisfjörður	—	12.033	211	196?	6.528.000
Neskaupstaður	—	16.630	?	1946[27]	6.348.000
Eskifjörður	—	14.781	?	1960	5.197.000
Höfn	—	4.307	143	1973	5.454.000
Vík	—	17.241	210	197?	4.677.000
Hvolsvöllur	—	5.818	222	1937	4.711.000
Vestmannaeyjar	—	19.988	218	192?	4.823.000
Patreksfjörður	Fulltrúi sýslum.	3.695	235	1937	5.514.000
Kvíabryggja (leiga í athugun)	Forstjóri	0		1965	3.545.000

	Starfsheiti	Leiga 1. des. '91	Fermetrar (bifreiðageymsla ef við á)	Byggingarár	Fasteignamat 1. des. '90
Aðrir embættisbústaðir:					
Litla-Hraun (leiga í athugun)	Forstjóri	0	136	1967	3.300.000
Ísafjörður	Héraðsdómari	26.517	214	1981[28]	7.992.000
Egilsstaðir	—	22.344	180,58	1983[29]	5.142.980

[1]Keypt 1970.
[2]Keypt 1991 (kaupverð 9.000.000).
[3]Keypt 1970.
[4]Keypt 1971.
[5]Keypt 1977.
[6]Keypt 1972.
[7]Keypt 1968.
[8]Keypt 1991 (kaupverð 12.000.000).
[9]Keypt 1971.
[10]Keypt 1981.
[11]Keypt 1982.
[12]Keypt 1971.
[13]Keypt 1991 (kaupverð 7.000.000).
[14]Keypt 1981.
[15]Keypt 1984.
[16]Keypt f. 1980.
[17]Keypt 1976.
[18]Keypt 1991 (kaupverð 7.000.000).
[19]Keypt 1971.
[20]Keypt 1974.
[21]Keypt 1982.
[22]Keypt 1976.
[23]Keypt 1986.
[24]Keypt 1982.
[25]Keypt 1984.
[26]Keypt 1967.
[27]Íbúð og skrifstofuhúsnæði.
[28]Keypt 1991.
[29]Keypt 1991.

184. Fyrirspurn [169. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um réttargeðdeild fyrir geðsjúka afbrotamenn.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hvenær verður réttargeðdeild fyrir geðsjúka afbrotamenn opnuð að Sogni í Ölfusi?
2. Hversu mikla öryggisgæslu og hve víðtæka læknisþjónustu mun réttargeðdeildin veita?
3. Verður réttargeðdeildin í starfstengslum við geðdeild einhvers sjúkrahúss og þá hvaða sjúkrahúss?
4. Hve margir vistmenn geta vistast á deildinni hverju sinni?
5. Hve margir starfsmenn verða við réttargeðdeildina og hver er áætlaður kostnaður við rekstur hennar?

185. Fyrirspurn [170. mál]

til félagsmálaráðherra um árangur jafnréttisátaks í Stjórnarráðinu.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hefur orðið einhver mælanlegur árangur af jafnréttisátaki í Stjórnarráðinu sem félags-

málaráðherra átti frumkvæði að í tíð síðustu ríkisstjórnar? Óskað er upplýsinga m.a. um eftirfarandi, sundurliðað eftir ráðuneytum:

a. Hversu margir karlar og hversu margar konur gegna stöðum yfirmanna í Stjórnarráðinu? Hefur konum fjölgað í þessum stöðum og ef svo er, hvaða stöður er þá um að ræða?
b. Hver eru meðallaun karla og kvenna sem gegna stöðum yfirmanna? Hafa meðallaun yfirmanna breyst á því tímabili sem hér um ræðir og ef svo er, hver er breytingin hjá hvorum hóp fyrir sig?
c. Hversu margir karlar og hversu margar konur njóta hlunninda í starfi? Hefur konum, sem njóta hlunninda, fjölgað umfram karla á þessu tímabili?

2. Voru viðbrögð við þessu átaki mismunandi eftir ráðuneytum og ef svo var, í hverju voru þau fólgin?
3. Verður jafnréttisátaki haldið áfram í tíð núverandi ríkisstjórnar og ef svo er, hvernig er þá fyrirhugað að standa að því?
4. Hefur félagsmálaráðherra áform um einhverjar aðrar aðgerðir til þess að auka áhrif kvenna við stjórn þjóðfélagsins?

Greinargerð.

Á þskj. 78 var lögð fram efnislega hliðstæð fyrirspurn til félagsmálaráðherra frá Kristínu Sigurðardóttur og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Sú fyrirspurn hefur nú verið afturkölluð þar sem flutningsmenn sáu, eftir að hafa gaumgæft hana nánar, að svör við fyrsta lið hennar gæfu ekki viðhlítandi mynd af stöðu kvenna þar sem samanburð við karla vantaði. Úr þessu hefur nú verið bætt.

Skriflegt svar óskast.

186. Frumvarp til laga [171. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, o.fl.

(Lagt fram á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

10. gr. laganna, eins og henni var síðast breytt með 2. gr. laga nr. 59/1978, orðast svo:

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, umönnunarbóta, makabóta, barnalífeyris, mæðralauna, ekkjubóta og ekkjulífeyris.

2. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna, eins og henni var síðast breytt með 2. gr. laga nr. 30/1981, orðast svo:

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim sem skortir a.m.k. helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti en því er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum). Örorkustyrk má enn fremur veita þeim sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sök-

um örorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki og skulu þær staðfestar af ráðherra.

3. gr.

a. Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein er verði 13. gr. og orðast svo:
Greiða skal framfærendum fatlaðra og sjúkra barna innan 16 ára aldurs, sem dveljast í heimahúsi, umönnunarbætur allt að 43.450 kr. á mánuði ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu. Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar og annast greiðslu umönnunarbóta að fengnum tillögum svæðisstjórna um málefni fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Greiðsla skal miðuð við 20–175 klst. þjónustu á mánuði. Dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerðir bætur samkvæmt þessari grein. Um framkvæmd greinarinnar fer eftir reglugerð sem heilbrigðisráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs.

b. 13.–22. gr. verða 14. og 23. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. Frá sama tíma fellur úr gildi 3.–5. mgr. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allt frá gildistöku laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, hefur verið greitt fjárframlag til forráðamanna þeirra barna og unglinga 16 ára og yngri sem undir lögin falla, sbr. 10. gr. laganna. Hefur þetta verið túlkað svo að ákvæðið nái einnig til hliðstæðra greiðslna vegna sjúkra barna sem haldin eru langvarandi sjúkleika þótt ekki styðjist það við ótvíræðan lagatexta. Það hefur verið gagnrýnt að ákvæði sem þetta skuli ekki vera í lögum um almannatryggingar, m.a. vegna samræmingar á bótagreiðslum hins opinbera. Hefur orðið að samkomulagi milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og félagsmálaráðherra að fjárhagsaðstoð skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra verði færð undir lög um almannatryggingar, enda fara þessar greiðslur fram á vegum Tryggingastofnunar ríkisins í dag.

Samkvæmt gildandi reglugerð um greiðslur ofangreinds fjárframlags, sem í frumvarpi þessu eru nefndar umönnunarbætur, eru greiðslur til þeirra einstaklinga, sem hér eiga hlut að máli, tryggðar út yfirstandandi ár. Hér er ekki um kostnaðaraukningu að ræða heldur eingöngu skipulagsbreytingu með það fyrir augum að koma á samræmingu þeirra bótagreiðslna sem um er að ræða á vegum ríkisins og að um þær fari samkvæmt almannatryggingalögum eins og eðlilegt hlýtur að teljast, en ekki lögum um málefni fatlaðra sem fyrst og fremst er ætlað að tryggja fötluðum þjónustu.

Jafnframt er lagt til að ofangreindar umönnunarbætur komi í stað barnaörorku samkvæmt lögum um almannatryggingar þannig að umönnunarbæturnar komi bæði í stað fjárhagsaðstoðar skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra og barnaörorku skv. 3. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar, en samkvæmt þeirri grein er heimilt að greiða örorkustyrk (barnaörorku) vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs ef hún hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Frá því lög um málefni fatlaðra öðluðust gildi 1. janúar 1984 hefur svokölluð barnaörorka haft síminnkandi gildi einfaldlega vegna þess að þeir aðilar, sem eiga kost á barnaörorku samkvæmt lögum um almannatryggingar, eiga flestir kost á aðstoð skv. 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatl-

aðra. Verði þær tillögur að lögum sem hér eru settar fram munu einnig foreldrar sjúkra barna eiga ótvíræðan rétt á umönnunarbótum með hliðsjón af mati á umönnunarþörf í samræmi við þá viðmiðun sem hingað til hefur gilt og tekur mið af 20–175 klst. á mánuði. Verði þetta frumvarp að lögum þjónar barnaörorka því engum tilgangi lengur. Það er enn fremur ljóst að engum hefur verið akkur í að fá barnaörorku þegar honum hefur staðið til boða aðstoð samkvæmt lögum um málefni fatlaðra þar sem hún er hærri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að inn í 10. gr. komi umönnunarbætur þannig að lífeyristryggingar taki til þeirra sem sjálfstæðs bótaflokks með sama hætti og ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, mæðralauna, ekkjubóta og ekkjulífeyris. Í því er fólgin viðurkenning á umönnunarbótum innan almannatryggingakerfisins með sama hætti og gildir um áðurnefnda bótaflokka.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 3. mgr. 12. gr. að öðru leyti en því að tekin eru út ákvæðin um barnaörorku, sbr. það sem segir í athugasemdum hér að framan.

Um 3. gr.

Lagt er til að í nýrri 13. gr. komi ákvæði er kveði á um umönnunarbætur vegna fatlaðra og sjúkra barna er komi annars vegar í stað fjárhagsaðstoðar skv. 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, og hins vegar barnaörorku skv. 3. mgr. 12. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Gert er ráð fyrir því að um framkvæmdina fari með svipuðum hætti og verið hefur, þ.e. að dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerði bætur og að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setji reglugerð um framkvæmdina að höfðu samráði við félagsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs, enn fremur að tillögur um greiðslur með hliðsjón af umönnunarþörf komi frá svæðisstjórnum um málefni fatlaðra samkvæmt lögum nr. 41/1983 til Tryggingastofnunar ríkisins í stað félagsmálaráðuneytis.

Nái greinin fram að ganga þarf að afnema 3.–5. mgr. 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, eins og lagt er til í 4. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Þar sem greiðslur eru tryggðar á yfirstandandi ári til hlutaðeigandi barna samkvæmt reglugerð félagsmálaráðherra þurfa lögin ekki að koma til framkvæmda fyrr en frá og með nk. áramótum. Frá sama tíma fellur úr gildi 3.–5. mgr. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, o.fl.

Eins og kemur fram í athugasemdum felst í frumvarpinu sú skipulagsbreyting að koma á samræmingu bótagreiðslna ríkisins og að um þær verði fjallað samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar, en ekki lögum um málefni fatlaðra sem fyrst og fremst er ætlað að tryggja fötluðum þjónustu. Verið er að flytja lagaákvæði til 13. gr. laga um almannatryggingar en á móti falla niður ákvæði í 3., 4. og 5. mgr. 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Í 3. gr. frumvarpsins er tekið fram að umönnunarbætur skuli nema allt að 43.450 kr. á mánuði og mun sú fjárhæð breytast í samræmi við breytingar á bótum almannatrygginga þar sem umönnunarbæturnar eru sérstakur bótaflokkur. Það er nýmæli að umönnunarbætur ná samkvæmt frumvarpinu einnig til sjúkra barna og er þá verið að lögfesta bráðabirgðaákvæði II í reglugerð nr. 605/1989 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra. Með þessu ákvæði er átt við börn sem haldin eru lífshættulegum eða langvarandi sjúkdómum, svo sem krabbameini. Samkvæmt upplýsingum félagsmálaráðneytisins hefur þetta ákvæði í framkvæmd náð fyrst og fremst til krabbameinssjúklinga og er um 60 börn að ræða. Samkvæmt sömu heimild má áætla umönnunarkostnað við þessa sjúklinga um 25 m.kr. á ári. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1991 er gert ráð fyrir 15 m.kr. til þessa viðfangsefnis (07-700–104). Félagsmálaráðuneytið telur að um 15 m.kr. vanti á fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 til að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar. Þá liggja ekki fyrir upplýsingar um hvort í framkvæmd muni lagaákvæðið ná til fleiri sjúklinga en verið hefur. Ef svo er, mun það leiða til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

187. Frumvarp til laga [172. mál]

um breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130/1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaun skv. I. og II. kafla skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris í hverjum mánuði er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru í byrjun hvers mánaðar og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem hlutaðeigandi hefur áunnið sér skv. 11. gr., margfölduðum með 1,8. Aldrei skal þó reiknað með færri stigum en 5. Til frádráttar ofangreindum stigafjölda skulu koma þau stig sem maðurinn hefur áunnið sér með greiðslum iðgjalda til lífeyrissjóðs, reiknuðum

á sama hátt og segir í 2. mgr. 11. gr.

Fjárhæð örorkulífeyris, miðað við 100% örorku, reiknast á sama hátt og ellilífeyrir með þeirri breytingu að auk áunninna stiga skal reikna þau stig sem ætla má að öryrkinn hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin áður en hann varð öryrki. Sé orkutap minna en 100% greiðist örorkulífeyrir í hlutfalli við orkutapið. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Reiknast þá ellilífeyrir í samræmi við þann stigafjölda sem örorkulífeyrir miðast við.

Fjárhæð makalífeyris í hverjum mánuði er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru í byrjun hvers mánaðar og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem hinum látna var reiknaður að viðbættum 5 stigum. Falli maður frá áður en hann nær 70 ára aldri skal auk áunnina stiga reikna þau stig sem ætla má að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin áður en hann féll frá. Til frádráttar ofangreindum stigafjölda skulu koma þau stig sem maðurinn hefur áunnið sér með greiðslum iðgjalda til lífeyrissjóðs, reiknuðum á sama hátt og segir í 2. mgr. 11. gr.

Verði það þriggja ára meðaltal stiga, sem um ræðir í 3. og 4. mgr., talið óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

Maður getur notið samtímis makalífeyris og elli- eða örorkulífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 4. mgr. er umsjónarnefnd eftirlauna heimilt að ákveða að í sérstökum tilvikum skuli stig, sem eftirlaunaþegi hefur áunnið sér með greiðslum iðgjalds til lífeyrissjóðs, ekki dregin frá heildarstigafjölda hans eða frádráttur þeirra takmarkaður. Með sérstökum tilvikum er átt við að lífeyrissjóður sá, sem veitti iðgjaldi viðtöku, sé gjaldþrota eða gjaldþol hans svo rýrt að hann hafi gripið til skerðingar á lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga.

2. gr.

1. málsl. 14. gr. laganna orðist svo: Greiðslur eftirlauna úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum skv. 12. gr.

3. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Umsjónarnefnd eftirlauna úrskurðar eftirlaun samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu eftirlauna skv. I. kafla, en umsjónarnefnd eftirlauna skv. II. kafla.

Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur en tvö ár, reiknuð frá lokum næsta mánaðar áður en umsókn barst umsjónarnefnd eftirlauna.

4. gr.

4. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Kostnaði við störf nefndarinnar skal skipt á kostnaðaraðila í hlutfalli við útgjöld til greiðslu eftirlauna.

5. gr.

Í stað „samkvæmt 14. gr.“ í 2. mgr. 18. gr. laganna komi: skv. 12. gr.

6. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur til lífeyrissjóða og annarra aðila samkvæmt úthlutun og úrskurðum umsjónarnefndar eftirlauna, færir þau á viðskiptareikning nefndarinnar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og krefur ríkissjóð og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um útgjaldahluta þeirra.

7. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1997.

8. gr.

Í stað IV. og V. kafla laganna, 21.–26. gr., komi nýr kafli, IV. KAFLI, **Fjárhagsákvæði**:

a. (21. gr.)

Kostnaður af eftirlaunum skv. I. kafla greiðist að ¾ hlutum úr Atvinnuleysistryggingasjóði og að ¼ hluta úr ríkissjóði.

b. (22. gr.)

Kostnaður af eftirlaunum skv. II. kafla greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að ¼ hluta af Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hvorum um sig.

c. (23. gr.)

Þeim eftirlaunaþegum, sem njóta réttar skv. I. kafla laga þessara, skal greidd viðbót sem nemur þremur stigum umfram þann stigafjölda sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um. Viðbót þessi skal greidd úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Viðbót samkvæmt þessari grein skerðir ekki þann rétt sem kveðið er á um í 6. mgr. 12. gr.

Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laga þessara skal veita viðbót samkvæmt þessari grein í hlutfalli við þann rétt sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.

9. gr.

27. gr. laganna verði 24. gr. svohljóðandi:

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1992.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög um eftirlaun til aldraða, nr. 2 14. febrúar 1985, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við endanlegt uppgjör á framlagi lífeyrissjóða til greiðslu sérstakrar uppbótar skv. I. kafla og greiðslur eftirlauna skv. II. kafla fyrir árið 1991 skal farið eftir áður gildandi reglum, sbr. lög nr. 2/1985 og 130/1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1979 voru sett lög um eftirlaun til aldraðra, nr. 97 24. desember 1979. Við setningu laganna var gert ráð fyrir að eftirlaunagreiðslur samkvæmt þeim féllu niður í árslok 1984. Þegar þar að kom þótti ekki koma til greina að eftirlaunagreiðslur þessar féllu niður án frekari ráðstafana af hálfu stjórnvalda. Ákvæði laganna um eftirlaunagreiðslur voru því framlengd til 1. janúar 1990 með lögum nr. 117/1984 sem síðan voru felld inn

í meginmál laga nr. 97/1979 og gefin út sem lög nr. 2/1985. Þegar að því dró að eftirlaunagreiðslur skyldu falla niður frá og með ársbyrjun 1990 var hið sama uppi á teningnum og áður. Lífeyrisgreiðslurnar mættu ekki falla niður þar sem þær skipta miklu um fjárhag og afkomu þess fólks sem nýtur þeirra. Af þessum sökum gaf ríkisstjórnin í tengslum við lausn kjarasamninga í apríl 1989 fyrirheit um að hún mundi beita sér fyrir framlengingu laganna um eftirlaun til aldraðra. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fól umsjónarnefnd eftirlauna að kanna þetta mál.

Í greinargerð nefndarinnar frá 9. júní 1989 kom fram að hún teldi einkum þrjá kosti koma til greina um framlengingu laganna. Í fyrsta lagi að framlengja enn um sinn gildandi lög í meginatriðum óbreytt að öðru leyti en snertir það iðgjaldshlutfall sem lífeyrissjóðir greiða til þessa lífeyriskerfis. Í öðru lagi að framlengja greiðslur með yfirtöku hins opinbera á þeim. Í þriðja lagi að framlengja greiðslur samkvæmt lögunum en breyta kostnaðarskiptingu milli lífeyrissjóða annars vegar og hins opinbera hins vegar. Umsjónarnefndin taldi síðasta kostinn álitlegastan og lagði síðar fram formlegar tillögur þar að lútandi.

Niðurstaða ríkisstjórnarinnar var sú að framlengja bæri lögin næstu tvö árin, þ.e. 1990 og 1991, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þeim kosti sem fyrstur er nefndur hér á undan, þ.e. að lögin héldust í meginatriðum óbreytt en að iðgjaldshlutfall það, sem lífeyrissjóðir greiddu til kerfisins, lækkaði. Í því skyni var lagt fram frumvarp þar að lútandi sem var samþykkt og varð að lögum nr. 130/1989. Í greinargerð frumvarpsins var því lýst yfir að á þessu tveggja ára tímabili yrðu lögin tekin til endurskoðunar í tengslum við heildarendurskoðun málefna lífeyrissjóða og með hliðsjón af þeim tillögum umsjónarnefndar sem áður var getið. Það fæli í sér að lífeyrissjóðir greiddu verðtryggð réttindi eftir reglugerðum sínum og í samræmi við iðgjaldsgreiðslutíma, en hið opinbera greiddi það sem vantaði á full réttindi samkvæmt gildandi lögum. Með þeirri tveggja ára framlengingu og breytingu á því iðgjaldshlutfalli, sem lífeyrissjóðum væri skylt að greiða til þessa eftirlaunakerfis og gert var ráð fyrir í frumvarpinu, gæfist bæði ráðrúm til að kanna þessi lög í tengslum við mótun framtíðarstefnu í málefnum lífeyrissjóða og jafnframt fengju núverandi kostnaðaraðilar tóm til aðlögunar að breyttri kostnaðarskiptingu. Heppilegra þætti að framlög sjóða verkalýðsfélaga til greiðslu verðtryggingar skv. I. kafla laganna og framlög annarra sjóða til greiðslu eftirlauna skv. II. kafla væru lækkuð í áföngum á tveimur árum en að þau væru felld niður þegar í stað eins og tillögur umsjónarnefndar gerðu ráð fyrir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur á ný falið umsjónarnefnd eftirlauna að undirbúa frumvarp í samræmi við tillögur hennar frá árinu 1989 og þá stefnu sem mörkuð var í frumvarpi ríkisstjórnarinnar það ár. Hefur nefndin samið frumvarp það sem hér er flutt.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim eftirlaunum sem hér um ræðir. Fjallað er um aðdraganda laganna, eftirlaunin sjálf, fjölda eftirlaunaþega og kostnað af þessu eftirlaunakerfi, en síðan um þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu.

Aðdragandi og efni laganna um eftirlaun til aldraðra.

Lögin um eftirlaun til aldraðra, nr. 97/1979, leystu af hólmi lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, nr. 63/1971, en upphafleg lög um þetta efni, nr. 18/1970, voru sett í framhaldi af kjarasamningum 1969 og stofnun hinna svonefndu almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaga í ársbyrjun 1970. Tilgangurinn með lögunum var sá að veita eldri félögum verkalýðsfélaganna réttindi umfram það sem iðgjaldagreiðslutími gat gef-

ið tilefni til þar sem lítið var eftir af starfsævi þeirra eða henni jafnvel lokið. Samkvæmt fyrirheiti ríkisstjórnarinnar við samningana 1969 skyldu útgjöld vegna þessara viðbótarréttinda næstu 15 árin borin af Atvinnuleysistryggingasjóði að ¾ og ríkissjóði að ¼, en síðan tækju hlutaðeigandi lífeyrissjóðir við, enda yrði þá farið að draga verulega úr útgjöldum vegna þessara ráðstafana. Höfuðástæðan fyrir því að sett voru lög um þetta efni í stað bráðabirgðaákvæða í reglugerðum lífeyrissjóðanna var fjárhagsgrundvöllurinn og því var gert ráð fyrir að lögin féllu úr gildi í árslok 1984.

Réttindi samkvæmt lögunum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum voru takmörkuð við verkalýðsfélög í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar. Var sú takmörkun í samræmi við áðurnefndan fjárhagsgrundvöll þar sem Atvinnuleysistryggingasjóður bar ¾ hluta útgjaldanna. Það var enn fremur skilyrði að hlutaðeigandi verkalýðsfélag hefði komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði, þ.e. að yngri mönnum væru tryggð eigi lakari réttindi en þau sem lögin veittu hinum eldri. Réttindi vegna tíma eftir að skylduaðild var komið á, yfirleitt frá ársbyrjun 1970, fóru eftir iðgjaldagreiðslum, en til þess tíma var að ákveðnu marki miðað við launatekjur sem gjaldskyldar hefðu talist ef hlutaðeigandi lífeyrissjóðir hefðu verið starfandi.

Samkvæmt ákvæðum laganna frá 1971 breyttust lífeyrisgreiðslur árlega sem nam breytingu á meðallaunum næstliðinna fimm ára og lífeyrisgreiðslurnar voru því aðeins verðtryggðar að mjög takmörkuðu leyti. Eftir því sem verðbólga færðist í aukana fyrir miðjan áttunda áratuginn fór því hlutfall lífeyris samkvæmt lögunum og launa hríðlækkandi. Úr þessu var bætt til bráðabirgða með samkomulagi samtaka launþega og vinnuveitenda í febrúar 1976 þess efnis að lífeyrir samkvæmt lögunum yrði verðtryggður þannig að lífeyrissjóðir á samningssviði þessara aðila kostuðu sameiginlega þá hækkun lífeyris sem af því hlytist að lífeyririnn breyttist jafnaðarlega til samræmis við launahækkanir.

Verðtryggingarreglurnar frá 1976 hafa haft í för með sér aukna verðtryggingu greiðslna úr lífeyrissjóðum langt út fyrir þann hóp sem rétt á samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra eða II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Munu nú allir þeir lífeyrissjóðir, sem ekki er beinlínis skylt að láta lífeyrisfjárhæðir fylgja breytingum á launum eða kauptöxtum, greiða uppbætur í samræmi við nefnt samkomulag með þeim breytingum sem síðan hafa verið á því gerðar.

Í tengslum við gerð kjarasamninga og við endurnýjun lífeyrissamkomulags aðila vinnumarkaðarins í júní 1977 gaf ríkisstjórnin m.a. fyrirheit um að samdar skyldu tillögur, sem tryggðu öllum landsmönnum svipaðan rétt og lögin um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ákveða félögum í stéttarfélögum fram til þess að nýskipan lífeyriskerfis tæki gildi. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar var undirbúið frumvarp til laga um eftirlaun til aldraðra sem síðar varð að lögum nr. 97/1979.

Lögin um eftirlaun til aldraðra skiptast í sex kafla. Í I. kafla eru ákvæði um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum sem eru efnislega hin sömu og voru í lögunum nr. 63/1971. Í II. kafla er kveðið á um almenn eftirlaun til aldraðra, þ.e. um réttindi sem hvorki falla undir I. kafla laganna né II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Með ákvæðum II. kafla voru þeim mönnum, sem ekki hafa verið félagar í stéttarfélögum sem talin eru til verkalýðsfélaga í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar, tryggð nokkurn veginn sömu réttindi og félögum í stéttarfélögum og eftirlaunarétturinn þannig gerður almennur. Í III. kafla eru svo ýmis sameiginleg ákvæði um bótafjárhæðir, tengsl milli I. og II. kafla laganna og II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, svo og um framkvæmd. Í IV. kafla laganna eru ákvæði um uppbót á lífeyri, þ.e. þá verðtryggingu lífeyris sem fyrst var

ákveðin með lífeyrissamkomulagi aðila vinnumarkaðarins í febrúar 1976. Nær verðtryggingin jafnt til lífeyris skv. I. og II. kafla laganna. Í V. kafla eru fjárhagsákvæði og loks eru gildistökuákvæði í VI. kafla.

Í tengslum við gerð kjarasamninga í árslok 1980 var samið um sérstök viðbótarréttindi til handa eftirlaunaþegum skv. I. kafla og var efni þess samkomulags fellt inn í lögin sem 26. gr. með lögum nr. 52/1981. Í þessu felst að frá og með desember 1980 skulu rétthafar skv. I. kafla fá viðbót sem nemur þremur stigum umfram þau réttindi sem lögin veita að öðru leyti. Viðbótin tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla og uppbótar og er kostnaður borinn af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Ákvæði laganna um eftirlaun.

Eftirlaunin, sem kveðið er á um í lögunum, skiptast í grófum dráttum í þrjá staði: a) eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum (grunnlífeyri) ásamt greiðslu uppbótar (verðtryggingar) á þau og sérstakri greiðslu þriggja stiga uppbótar á þessi fyrrnefndu eftirlaun, b) almenn eftirlaun til aldraðra sem ekki hafa átt aðild að stéttarfélögum og loks c) hliðstæðar eftirlaunagreiðslur úr Lífeyrissjóði bænda.

Sameiginleg skilyrði eftirlaunaréttar eru þau að eftirlaunaþegar séu fæddir 1914 og fyrr, hafi náð 70 ára aldri og látið af störfum eða náð 75 ára aldri án tillits til hvort þeir hafa látið af störfum, eigi að baki a.m.k. 10 ára réttindatíma og hafi hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi samkvæmt nánari skilgreiningu. Þá gilda og sömu reglur um tegundir lífeyris, ákvörðun hans og útreikning. Lífeyristegundir eru ellilífeyrir og makalífeyrir (lögin kveða raunar einnig á um örorkulífeyri en um hann er ekki lengur að ræða þar sem örorkulífeyrisþegar hafa nú allir náð ellilífeyrisaldri). Á hinn bóginn gilda mismunandi reglur um fjármögnun lífeyrisgreiðslna. Að öðru leyti má gera nánari grein fyrir eftirlaununum sem hér segir:

Eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum skv. I. kafla laganna.

Grunnlífeyrir. Með grunnlífeyri er átt við þann lífeyri sem lögin kváðu á um í upphafi og miðast við reglugerðarákvæði lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna sem stofnaðir voru eftir kjarasamninga á árinu 1969. Fjárhæð þessa grunnlífeyris á hverju almanaksári ákveðst sem hlutfall af meðaltali grundvallarlauna[1] undanfarandi fimm almanaksár. Þessi grunnlífeyrir er kostaður af ríkissjóði að ¼ og af Atvinnuleysistryggingasjóði að ¾.

Uppbót á grunnlífeyri skv. I. kafla laganna er greidd skv. 21. gr. laganna af lífeyrissjóðum sem aðild eiga að sérstöku samkomulagi lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VMS. Uppbót þessi felst í því að í stað þess að lífeyrisréttur miðist við fimm ára meðaltal miðast hann við grundvallarlaun eins og þau eru í byrjun hvers mánaðar. Lífeyririnn fylgir þannig breytingum launa. Greiðslur þessarar uppbótar eru fjármagnaðar með þeim hætti að hver lífeyrissjóður, sem aðild á að samkomulaginu, leggur fram tiltekið hlutfall af iðgjaldstekjum í sameiginlegan sjóð. Þessum sjóði er skipt milli lífeyrissjóðanna í hlutfalli við byrði þeirra af uppbótargreiðslum, en það sem á vantar að þetta dugi greiða sjóðirnir sjálfir vegna eigin sjóðfélaga. Hlutfall það af iðgjaldstekjum sem rann til hins sameiginlega sjóðs var upphaflega 5%, en hefur síðan verið lækkað smám saman og var 2% árið 1990 og 1% árið 1991.

Greiðsla þriggja stiga uppbótar á rætur að rekja til kjarasamninga á árinu 1980. Þessi uppbót rennur eingöngu til þeirra sem eiga lífeyrisrétt skv. I. kafla laganna. Kostnaður er greiddur af Atvinnuleysistryggingasjóði.

[1]Grundvallarlaun eru tiltekin fjárhæð sem stigaútreikningur og ellilífeyrishlutfall miðast við. Grundvallarlaunin eru ákveðin í lögunum miðað við 1. janúar 1985 en umsjónarnefnd eftirlauna ákveður síðan breytingar þeirra í samræmi við breytingar á launum verkamanna.
Grundvallarlaunin eru 45.602 kr. á mánuði frá 1. nóvember 1989.

Almenn eftirlaun skv. II. kafla laganna.

Hér er um að ræða hliðstæðar greiðslur til aldraðra sem ekki eiga aðild að stéttarfélögum og kveðið er á um í I. kafla laganna. Segja má að einkum þrennt skilji á milli lífeyrisþega skv. I. og II. kafla. Í fyrsta lagi eiga þeir sem njóta lífeyris skv. II. kafla yfirleitt ekki aðild að lífeyrissjóði ólíkt því sem gerist um lífeyrisþega skv. I. kafla. Í öðru lagi njóta lífeyrisþegar skv. II. kafla ekki þriggja stiga uppbótar á lífeyri eins og lífeyrisþegar skv. I. kafla. Í þriðja lagi er greiðsla grunnlífeyris og uppbótar á hann (verðtryggingar) til lífeyrisþega skv. II. kafla, fjármögnuð með allt öðrum hætti en greiðslur til lífeyrisþega skv. I. kafla laganna. Greiðslur skv. II. kafla eru í einu lagi kostaðar sem hér segir: a. Lífeyrissjóðir, sem ekki eiga aðild að hinu sérstaka samkomulagi um greiðslu uppbótar á lífeyri skv. 21. gr., leggja fram tiltekið hlutfall af iðgjaldstekjum sínum til þessara greiðslna. Þetta hlutfall var í upphafi 5% en hefur síðan lækkað á sama hátt og hlutfall iðgjaldstekna „samkomulagssjóða" til greiðslu á uppbót á lífeyri skv. I. kafla og er 1% á árinu 1991. b. Það sem á vantar að greiðslur lífeyrissjóða skv. a-lið hrökkvi til skiptist þannig að ríkissjóður ber 40%, en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður 30% hvor.

Eftirlaun til aldraðra bænda.

Samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda njóta aldraðir bændur, sem uppfylla sömu skilyrði og lífeyrisþegar skv. I. og II. kafla laga um eftirlaun til aldraðra, sams konar eftirlaunaréttar. Kostnaður af þessum greiðslum er borinn þannig að Lífeyrissjóður bænda ber allan kostnað af greiðslum grunnlífeyris sem miðast við meðaltal grundvallarlauna næstliðin fimm ár. Kostnaður af greiðslu uppbótar á þennan lífeyri er hins vegar borinn með sama hætti og greiðslur skv. II. kafla laga um eftirlaun til aldraðra, þ.e. af iðgjaldsframlagi lífeyrissjóða, en að öðru leyti af ríkissjóði, 40%, og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóði, 30% hvor.

Kostnaður af eftirlaunagreiðslum.

Kostnaður af greiðslu eftirlauna samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra og lögum um Lífeyrissjóð bænda kemur fram í meðfylgjandi töflu.

Samkomulagssjóðirnir svonefndu báru um fjórðung heildarkostnaðarins 1990 en bera um fimmtung hans samkvæmt áætlun 1991. Þessi kostnaður leggst hins vegar mjög misjafnt á sjóðina. Tveir sjóðir skera sig úr með há nettóframlög í krónutölu til hins sameiginlega sjóðs, þ.e. Lífeyrissjóður verslunarmanna, 31 millj. kr. 1990, 17 millj. kr. 1991 og Lífeyrissjóður sjómanna, 20 millj. kr. 1990, 12 millj. kr. 1991. Þessi framlög nema um 1% af iðgjaldstekjum árið 1991, um 2% árið 1990, og nokkrir aðrir sjóðir greiða álíka mikið nettó til kerfisins í hlutfalli við iðgjaldstekjur. Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar hefur fengið langhæstar greiðslur í krónutölu úr kerfinu, 25,5 millj. kr. 1990 og 13,4 millj. kr. 1991. Af öðrum sjóðum, sem hafa notið verulegra greiðslna, má nefna Iðju, Akureyri og Lífeyrissjóð verksmiðjufólks. Nettógreiðslur til þessara sjóða svöruðu til 8–10% af iðgjaldstekjum þeirra á árinu 1990. Nokkrir sjóðir nutu svo greiðslna á bilinu 3–5% af iðgjaldstekjum.

Skýringin á mismiklum kostnaði lífeyrissjóða af greiðslu uppbótar (verðtryggingar) á lífeyri er sú að aldursskipting sjóðfélaga er mjög mismunandi í einstökum sjóðum. Þetta er og ástæða þess að samkomulag varð milli samtaka launamanna og atvinnurekenda, sem standa að lífeyrissjóðum verkalýðsfélaganna, að kostnaðurinn af greiðslu uppbótar skyldi að hluta borinn sameiginlega af sjóðunum. Þótti sanngjarnt að þeir sjóðir, sem höfðu hagstæðasta aldursskiptingu, léttu þannig undir með hinum sem höfðu hæst hlutfall aldraðra félaga. Með þessu móti hefur kostnaðinum af þessum eftirlaunum verið jafnað niður á kynslóðirnar.

Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir röskan helming af heildarkostnaði af lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögunum. Hér vegur þyngst greiðsla ¼ hluta grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og hefur sjóðurinn borið þessi útgjöld allt frá árinu 1970 er lögin voru fyrst sett. Við þetta var svo aukið verulega á árinu 1980 þegar sjóðnum var gert að greiða þriggja stiga uppbót á eftirlaun lífeyrisþega skv. I. kafla laganna. Þátttaka Atvinnuleysistryggingasjóðs í greiðslum lífeyris er ekki meðal upphaflegra hlutverka hans. Þessi ráðstöfun á fjármunum hans hefur þó þótt réttlætanleg. Sjóðurinn er myndaður af iðgjöldum sem eru í reynd hluti launagreiðslna og lífeyrisgreiðslurnar falla að þeim megintilgangi sjóðsins að tryggja launamönnum framfærslueyri ef atvinna bregst. Þá skiptir og máli að atvinnuástand hefur lengst af verið gott og því hafa talsverðar eignir myndast í sjóðnum. Á hinn bóginn eru eftirlaunagreiðslurnar veruleg byrði fyrir sjóðinn eins og sést af því að á árinu 1990 varði Atvinnuleysistryggingasjóður 36% af iðgjaldstekjum sínum til lífeyrisgreiðslna.

Kostnaður af eftirlaunagreiðslum 1990 og 1991.
(Í milljónum króna.)

	1990	Áætl. 1991
1. Greiðsla grunnlífeyris skv. I. kafla	310	346
þ.a. hluti ríkissjóðs	77	86
þ.a. hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs	233	260
2. Greiðsla uppbótar á eftirlaun lífeyrisþega skv. I. kafla	187	155
þ.a. greitt af sameiginlegu framlagi samkomulagssjóða	170	155
þ.a. greitt af einstökum lífeyrissjóðum	17	0
3. Greiðsla Atvinnuleysistryggingasjóðs á 3 stiga uppbót á eftirlaun lífeyrisþega skv. I. kafla laganna	104	106
4. Greiðsla lífeyris skv. II. kafla laganna og uppbótar á hann	115	115
Greiðsla uppbótar á lífeyri aldraðra bænda	20	15
þ.a. iðgjaldsframlag lífeyrissjóða (2% 1990, 1% 1991)	89	44
þ.a. hluti ríkissjóðs	18	34
þ.a. hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	14	26
þ.a. hluti Atvinnuleysistryggingarsjóðs	14	26
1.-4. Heildarkostnaður	736	737
þ.a. greitt af ríkissjóði	95	120
þ.a. greitt af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	14	26
þ.a. greitt af Atvinnuleysistryggingasjóði	351	392
þ.a. greitt af „samkomulagssjóðum“	187	155
þ.a. greitt af öðrum lífeyrissjóðum	89	44

Aths.: Hér eru ekki meðtaldar greiðslur samkomulagssjóða á óverðtryggðum lífeyri, sem kemur til frádráttar frá greiðslum skv. lögunum. Þessar greiðslur námu tæpum 24 millj. kr. 1990 og eru áætlaðar 26 millj. kr. 1991.

Fjöldi eftirlaunaþega og réttindi þeirra.

(Miðað er við fjölda og réttindi í janúar 1991 en verðlag í október 1991.)

Eftirlaunaþegar skv. I. kafla	
Fjöldi ellilífeyrisþega	3.241
Fjöldi makalífeyrisþega	1.250
Fjöldi skv. I. kafla alls	4.491
Meðalréttindi eftirlaunaþega skv. I. kafla	
Meðalréttindi ellilífeyrisþega (% af grundvallarlaunum)	24,26[1])
Meðalréttindi makalífeyrisþega (% af grundvallarlaunum)	18,72[2])
Meðalgreiðslur á mánuði, kr.	
Ellilífeyrisþegar	
Eftirlaun	11.063
Þriggja stiga uppbót	2.463
Samtals	13.526
Makalífeyrisþegar	
Eftirlaun	8.537
Þriggja stiga uppbót	1.368
Samtals	9.905
Eftirlaunaþegar skv. II. kafla	
Fjöldi ellilífeyrisþega	864
Fjöldi makalífeyrisþega	379
Fjöldi skv. II. kafla alls	1.243
Meðalréttindi eftirlaunaþega skv. II. kafla	
Meðalréttindi ellilífeyrisþega (% af grundvallarlaunum)	18,14[1])
Meðalréttindi makalífeyrisþega (% af grundvallarlaunum)	16,43[2])
Meðalgreiðslur á mánuði, kr.	
Eftirlaun ellilífeyrisþega	8.272
Eftirlaun makalífeyrisþega	7.492

1) Ellilífeyrisprósenta er fjöldi stiga margfaldaður með 1,8.
2) Makalífeyrisprósenta er fjöldi stiga að viðbættum 5 stigum.

Aths: Fjöldatölur þessarar töflu eiga við réttindi fremur en fólk. Því gætir hér nokkurrar tvítalningar, þar sem nokkur hópur lífeyrisþega á bæði ellilífeyris- og makalífeyrisréttindi eða réttindi skv. bæði I. og II. kafla.

Framreikningur á fjölda lífeyrisþega.

Þar sem eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun aldraða miðast við þá sem eru fæddir 1914 og fyrr og taka lífeyris hefst við sjötugt hafi menn látið af störfum, en annars við 75 ára aldur, er ljóst að fjöldi ellilífeyrisþega, sem fær greiðslur samkvæmt lögunum, er kominn yfir hámark sitt. Engir bætast í hópinn og eðli málsins samkvæmt fækkar ört í honum á næstu árum. Framreikningur á fjölda ellilífeyrisþega sýnir þetta glöggt. Þessi framreikningur var gerður í Hagstofu Íslands í tengslum við endurskoðun laganna 1989. Var miðað við fjöldann í ársbyrjun 1989, svo og við bestu vitneskju um dánarlíkur eftir aldri og kyni. Ekki eru slík frávik frá þessum framreikningi eða forsendum hans sl. tvö ár að ástæða hafi þótt til að endurgera hann. Fjöldi makalífeyrisþega hefur á sama hátt verið reiknaður fram. Sá framreikningur er þó óvissari þar sem nýir lífeyrisþegar munu bætast í þennan hóp á næstu árum. Reynt hefur verið að taka tillit til þessa með því að áætla hversu margir ellilífeyrisþegar, sem falla frá, láta eftir sig maka sem eiga rétt til makalífeyris. Helstu niðurstöður þessara framreikninga eru sýndar í með-

fylgjandi töflum. Við athugun þeirra er rétt að hafa í huga að ætla má að tölur um makalífeyrisþega séu hér fremur ofmetnar en vanmetnar.

Áætlaður fjöldi lífeyrisþega 1. janúar ár hvert.

Ellilífeyrisþegar skv. I. kafla.	1992	1995	1997	2000	2003
Karlar	1.415	880	650	390	210
Konur	1.535	1.050	820	540	320
Alls	2.950	1.930	1.470	930	530
Vísitala	100,0	65,4	49,8	31,5	18,0
Ellilífeyrisþegar skv. II. kafla					
Karlar	560	340	250	150	80
Konur	230	160	120	80	50
Alls	790	500	370	230	130
Vísitala	100,0	63,3	46,8	29,1	16,5
Makalífeyrisþegar skv. I. kafla					
Karlar	113	123	115	87	60
Konur	1.127	1.086	987	784	580
Alls	1.240	1.209	1.102	871	640
Vísitala	100,0	97,5	88,9	70,2	51,6
Makalífeyrisþegar skv. II. kafla					
Karlar	9	13	13	10	7
Konur	381	359	332	269	202
Alls	390	372	345	279	209
Vísitala	100,0	95,4	88,5	71,5	53,6
Fjöldi lífeyrisþega alls	5.370	4.011	3.287	2.310	1.509
Vísitala	100,0	74,7	61,2	43,0	28,1

Áætlaður árskostnaður af lífeyri.
(Í milljónum króna á verðlagi í október 1991.)

	1992	1995	1997	2000	2003
Ellilífeyrir skv. I. kafla	391	256	195	123	70
Makalífeyrir skv. I. kafla	127	123	112	89	65
Alls skv. I. kafla	518	379	307	212	135
Vísitala	100	73,2	59,3	40,9	26,1
3 stiga uppbót á eftirlaun skv. I. kafla	107	76	61	41	26
Ellilífeyrir skv. II. kafla	78	49	36	22	12
Makalífeyrir skv. II. kafla	35	33	31	25	18
Alls skv. II. kafla	113	82	67	47	30
Vísitala	100	72,6	59,3	41,6	26,5
Lífeyrisgreiðslur alls	738	537	435	300	191
Vísitala	100	72,8	58,9	40,7	25,9

Tilllögur þessa frumvarps.

Eins og fram kemur í inngangi þessarar greinargerðar hefur umsjónarnefnd eftirlauna fjallað um þrjá kosti um framlengingu eftirlaunagreiðslna. Hér var um að ræða: 1) að framlengja lögin í meginatriðum óbreytt, 2) að hið opinbera yfirtæki allan kostnað af eftirlaununum og loks 3) að greiðslum eftirlauna yrði fram haldið með breyttri skiptingu á kostnaði milli lífeyrissjóðanna og hins opinbera.

Fyrsti kosturinn, framlenging laganna án breytinga á kostnaðarskiptingu, þykir ekki álitlegur. Lögin áttu upphaflega að falla úr gildi í lok ársins 1984. Þátttaka samkomulagssjóðanna í greiðslu uppbótar á eftirlaun og þátttaka annarra lífeyrissjóða í greiðslum lífeyris skv. II. kafla átti þá að falla niður, en hvort tveggja nam þá 5% af iðgjaldstekjum. Í þess stað voru lögin framlengd, en með þeim breytingum að iðgjaldsframlag beggja hópa lífeyrissjóðanna lækkaði í 4% árið 1985 og 3% árin 1986–1989. Jafnframt var því heitið að hætt yrði að krefjast þessara framlaga í árslok 1989. Lögin voru þó enn framlengd um tveggja ára skeið, en iðgjaldsframlög lífeyrissjóðanna lækkuð í 2% árið 1990 og í 1% árið 1991. Þeirri framlengingu fylgdi yfirlýsing um að í þessu fælist tveggja ára aðlögun að nýjum reglum og lýkur henni í lok ársins 1991.

Annar kostur um framlengingu greiðslna samkvæmt lögunum um eftirlaun til aldraðra væri sá að hið opinbera yfirtæki allan kostnað af eftirlaununum. Hið opinbera, þ.e. ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður, greiðir nú alls nær þrjá fjórðu hluta kostnaðarins. Tilgangurinn með slíkri yfirtöku væri að létta byrðum af lífeyrissjóðum og gera þeim betur kleift en ella að standa við eiginlegar skuldbindingar sínar. Talið er að eignir og tekjur starfandi lífeyrissjóða dugi ekki til að mæta framtíðarskuldbindingum þeirra. Hjá mörgum sjóðum skortir mikið á þetta. Ástæðan er ekki síst sú að eignir sjóðanna rýrnuðu mjög er verðbólga varð mest hér á landi, en eignirnar voru enn að mestu leyti óverðtryggðar. Nauðsynlegt er að sem fyrst verði tekið á þessu máli og mótuð samræmd stefna af hálfu hins opinbera um hvernig bregðast eigi við skerðingu lífeyrisloforða vegna eignarýrnunar lífeyrissjóða af völdum verðbólgunnar. Þar til slík stefna hefur verið mótuð þykir rétt að núverandi löggjöf um eftirlaun til aldraðra verði framlengd með kostnaðarþátttöku þeirra lífeyrissjóða sem mestan hlut eiga að máli.

Það er því þriðji kosturinn sem nefndur var hér á undan sem frumvarp þetta byggir á og er það í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í nóvember 1989. Í frumvarpi þessu er lagt til að eftirlaunagreiðslum samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra verði fram haldið með þeim hætti að eftirlaunin verði greidd samkvæmt reglugerðum lífeyrissjóða, en hið opinbera greiði það sem vantar á full réttindi samkvæmt gildandi lögum. Nánar tiltekið er hér um það að ræða að samkomulagssjóðirnir greiði eigin sjóðfélögum skv. I. kafla laganna verðtryggðan lífeyri í samræmi við iðgjaldsgreiðslutíma hvers sjóðfélaga til viðkomandi sjóðs. Hið opinbera greiði hins vegar þann hluta eftirlaunanna sem tryggja átti eftirlaunaþegunum, enda þótt þeir hefðu ekki greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs.

Í framkvæmd yrði þessu hagað með þeim hætti að lífeyrir eftirlaunaþega skv. I. kafla yrði úrskurðaður að nýju frá og með 1. janúar 1990 á grundvelli reglugerða lífeyrissjóða þeirra. Þessi lífeyrir yrði verðtryggður af lífeyrisjóðunum á grundvelli reglugerða þeirra eða bráðabirgðaákvæða í þeim. Umsjónarnefnd eftirlauna mundi jafnframt úrskurða viðbótarlífeyri til þessa fólks þannig að það bæri hið sama úr býtum og núgildandi lög kveða á um. Þessi viðbótarlífeyrir héldist síðan óbreyttur í hlutfalli við grundvallarlaun.

Með þessu ynnist ýmislegt. Í fyrsta lagi væri komið á rökréttari kostnaðarskiptingu en nú er þar sem hver sjóður væri nú ábyrgur fyrir greiðslu eftirlauna sem svaraði til iðgjaldsgreiðslna hvers lífeyrisþega til viðkomandi sjóðs. Hið opinbera greiddi hins veg-

ar það sem ætlunin hefur ætíð verið að færa þessu fólki af því að það var þegar svo við aldur við stofnun lífeyrissjóðanna að því gafst ekki tækifæri til að ávinna sér umtalsverð réttindi með iðgjaldsgreiðslum til sjóðanna.

Í annan stað fengist með þessu sá ávinningur að lífeyrissjóðirnir gætu gert betur við þessa skjólstæðinga sína en þeir gera nú án þess að greiðslur hins opinbera skertust. Þessi skerðing hefur sætt gagnrýni af hálfu lífeyrissjóðanna.

Í þriðja lagi yrði þetta kerfi einfaldara í sniðum og rekstri en núverandi tilhögun. Eins og nú háttar þarf á hverju ári að áætla iðgjaldstekjur lífeyrissjóðanna, framlög þeirra til hins sameiginlega sjóðs og greiðslur til þeirra úr honum. Þessa áætlun þarf svo að endurskoða í ljósi launabreytinga. Þegar ársreikningar lífeyrissjóðanna liggja fyrir þarf loks að innheimta þá og ákvarða endanleg framlög þeirra og greiðslur. Kostnaðarskiptingin er því ekki ljós fyrr en u.þ.b. hálfu ári eftir lok þess árs sem framlög og greiðslur tóku til. Væri kostnaðarskiptingunni breytt eins og hér hefur verið rakið yrði sú breyting endanleg. Verkefni umsjónarnefndar yrðu þá að úrskurða viðbótarlífeyrinn að nýju og í eitt skipti fyrir öll í upphafi, úrskurða lífeyri nýrra eftirlaunaþega, þ.e. nær eingöngu makalífeyrisþega, og breyta grundvallarlaunum þeim sem eftirlaunin miðast við.

Loks væri með þessu staðið við það fyrirheit að hætt yrði að krefja lífeyrissjóði um sérstakt framlag til að standa undir eftirlaunum annarra en eigin sjóðfélaga.

Kostnaður af eftirlaunakerfinu.

Meðfylgjandi tafla sýnir áætlaðan kostnað á árinu 1992 af eftirlaunum samkvæmt þessu frumvarpi. Til samanburðar er sýnd áætlun fyrir árið 1991 og áætlun fyrir árið 1992 miðað við að gildandi lög héldust óbreytt að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir framlagi samkomulagssjóða til sameiginlegs sjóðs til greiðslu á uppbót á eftirlaun skv. I. kafla né framlagi lífeyrissjóða til greiðslu eftirlauna skv. II. kafla. Þetta þykir gefa færi á raunhæfum samanburði þar sem það sýnist ekki fá staðist að krefjast slíkra framlaga lengur. Er þá haft í huga að þessi framlög voru með gildandi lögum lækkuð úr 3% af iðgjaldstekjum sjóðanna árið 1989 í 2% árið 1990 og 1% árið 1991. Sem fyrr segir var ætlunin að árin 1990 og 1991 yrðu aðlögunartími að breyttu fyrirkomulagi sem fælist m.a. í því að horfið yrði frá þessari gjaldtöku.

Áætlunin fyrir árið 1992 sýnir að kostnaður af eftirlaunum skv. I. kafla þessa frumvarps er talinn nema 625 millj. kr. og er niðurstaðan hin sama hvort sem miðað er við tillögur frumvarps eða gildandi lög. Eftir tillögum frumvarpsins fylgja eftirlaun breytingum launa og verða því ákvörðuð í einu lagi en ekki deilt í grunnlífeyri og uppbót eins og verið hefur. Í áætluninni kemur fram að hlutur lífeyrissjóða af útgjöldum af eftirlaunum eykst talsvert og nemur rösklega þriðjungi þeirra samanborið við u.þ.b. fimmtung í áætlun, miðað við óbreytt kerfi, og tæplega 30% á árinu 1991. Skýringin á þessu er sú að samkvæmt frumvarpinu greiða sjóðir verðtryggðan lífeyri í hlutfalli við iðgjaldsgreiðslur eftirlaunaþeganna en hið opinbera greiðir það sem vantar á full réttindi samkvæmt lögunum. Í gildandi kerfi greiða sjóðirnir hins vegar aðeins uppbótina á lífeyrinn eða sem svarar til mismunar eftirlaunanna eins og þau eru þegar þau miðast við samtímakauplag og eins og þau væru ef þau fylgdu meðalkauplagi síðustu fimm ára. Að undanförnu hefur dregið mjög úr verðbólgu og laun hafa því hækkað mun minna í krónutölu en þau gerðu yfirleitt á tímum mikillar verðbólgu. Þetta hefur leitt til þess að mjög hefur dregið saman með launum eins og þau eru í krónum á hverjum tíma og því meðaltali næstliðinna fimm ára sem grunnlífeyririnn miðast við. Byrði lífeyrissjóðanna af greiðslu uppbótar hefur því minnkað til mikilla muna. Eins og áður hefur komið fram hefur greiðsla

uppbótar á eftirlaun skv. I. kafla verið að hluta borin sameiginlega af kostnaðarframlagi lífeyrissjóða. Þetta kostnaðarframlag dugði til greiðslu 50–60% af útgjöldum vegna uppbótarinnar, þ.e. verðtryggingar eftirlauna, þegar fyrst var samið um hana og svo hefur verið lengst af. Þetta hlutfall fór hins vegar í 80% árið 1988, varð 100% 1989, um 90% 1990 og verður 100% á þessu ári.

Samkvæmt kostnaðaráætluninni verða framlög Atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs lægri samkvæmt frumvarpinu en þau verða í ár, en þau mundu að óbreyttum lögum hækka nokkuð. Enn er skýringin sú hve mikið hefur dregið saman með samtímalaunum og meðallaunum sl. fimm ára sem veldur því að hlutur grunnlífeyris í verðtryggðum eftirlaunum hefur aukist að mun.

Eftirlaun skv. II. kafla eru í áætlun, miðað við tillögur frumvarpsins, talin kosta 113 millj. kr. árið 1992 samanborið við 124 millj. kr. við óbreytt kerfi. Þessi munur skýrist af því að í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að úr lögunum verði felld ákvæði um greiðslu uppbótar á lífeyri bænda. Þessar greiðslur eru taldar nema 15 millj. kr. á þessu ári og 11 millj. kr. árið 1992. Að hluta eru þessi útgjöld nú borin af lífeyrissjóðum, sem ekki eru aðilar að fyrrnefndu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins, en að hluta af ríkissjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Lífeyrismál bænda eru að verulegu leyti samningsefni stjórnvalda og samtaka bænda. Rétt þykir að hið sama gildi um þann hluta lífeyrismála sem hér um ræðir. Sýnist þá helst koma til álita að eins verði farið með eftirlaun til aldraðra bænda og aldraðra félaga í stéttarfélögum, þ.e. að Lífeyrissjóður bænda greiði verðtryggðan lífeyri í samræmi við iðgjaldsgreiðslutíma, en hið opinbera greiði það sem á vantar að réttindum samkvæmt lögum þessum sé náð.

Í heild er gert ráð fyrir að kostnaður af eftirlaunum samkvæmt þessu frumvarpi nemi 738 millj. kr. á árinu 1992. Þar af greiði Atvinnuleysistryggingasjóður 355 millj. kr., ríkissjóður 130 millj. kr., Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 28 millj. kr. og lífeyrissjóðirnir greiði 225 millj. kr.

Samkvæmt þessu má áætla að kostnaður af eftirlaunum samkvæmt frumvarpi þessu verði sem hér segir miðað við fjölda og réttindi í ársbyrjun 1992 og kauplag í október 1991:

	Áætlun 1991	Óbreytt tilhögun 1992	Tillögur frumvarp 1992
Eftirlaun skv. I. kafla	633	625	625
Greitt af lífeyrissjóðum	181	123	225
Greitt af Atvinnuleysistryggingasjóði	366	403	327
Greitt af ríkissjóði	86	99	73
Eftirlaun skv. II. kafla	130	124	113
Greitt af ríkissjóði	34	50	57
Greitt af Atvinnuleysistryggingasjóði	26	37	28
Greitt af Jöfnunarsjóði	26	37	28
Lífeyrissjóðir	44	—	—
Eftirlaun alls	763	749	738

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram helsta breytingin frá gildandi lögum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ákvæði um tegundir eftirlauna í 1. mgr. og ákvæði 5. og 6. mgr. eru þó hin sömu og í gildandi lögum. Breytingarnar, sem felast í 1. gr. frumvarpsins, eru þær annars vegar að í gildandi lögum er kveðið á um að fjárhæðir lífeyris séu hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna undanfarandi fimm almanaksár. Hér er því kveðið á um grunnlífeyri en síðar í lögunum er kveðið á um greiðslu uppbótar á lífeyri þannig að hann miðist við grundvallarlaun í byrjun hvers mánaðar í stað fimm ára meðaltals. Hér er lagt til að ákvörðun grunnlífeyris og ákvörðun uppbóta á laun verði sameinaðar þannig að ekki verði lengur gerður greinarmunur á grunnlífeyri og þeirri uppbót sem gera þarf til að eftirlaunin fylgi breytingum launa. Hins vegar er í lokum 2., 3. og 4. mgr. kveðið á um að frá þeirri heildarfjárhæð, sem hverjum eftirlaunaþega er ákveðin, skuli draga þann hluta sem viðkomandi hefur áunnið sér með greiðslum til lífeyrissjóðs. Í þessu felst að í engu er hróflað við greiðslum til hvers og eins en kostnaðinum af þeim er aftur á móti skipt milli hins opinbera og lífeyrissjóða með öðrum hætti en verið hefur. Eins og nú háttar greiða Atvinnuleysistryggingasjóður og ríkissjóður allan grunnlífeyri sem miðast við fyrrnefnt fimm ára meðaltal en lífeyrissjóðir greiða alla uppbót á eftirlaunin, þ.e. verðtryggingu þeirra. Í tillögum 1. gr. frumvarpsins felst að lífeyrissjóðir viðkomandi manna greiði verðtryggðan lífeyri þeirra í samræmi við þau réttindi sem þeir hafa áunnið sér í sjóðunum, en hið opinbera greiði það sem á vantar að réttindum samkvæmt lögunum sé náð. Um áhrif þessa á skiptingu kostnaðar vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Það nýmæli er í 7. mgr. að heimilað er að vikið sé frá þeirri reglu að lífeyrissjóður standi undir þeim hluta eftirlaunanna sem eftirlaunaþeginn hefur áunnið sér með greiðslu iðgjalds til sjóðsins. Þetta á við í þeim tilvikum að sjóður er gjaldþrota eða býr við svo rýrt gjaldþol að eftirlaun til sjóðfélaga hafi verið skert. Hér er bæði verið að bregðast við stöðu sem þegar hefur komið fram og koma í veg fyrir að hætta sé á að skert gjaldþol sjóða bitni á hinum elstu meðal eftirlaunaþeganna.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um í 1. málsl. 14. gr. að greiðslur úr lífeyrissjóðum og greiðslur eftirlauna úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum komi til frádráttar greiðslum grunnlífeyris. Það leiðir af ákvæðum 1. gr. þessa frumvarps, þar sem þegar hefur verið kveðið á um að frá heildarstigafjölda hvers manns skuli draga þau stig sem viðkomandi hefur áunnið sér með greiðslum til lífeyrissjóðs, að ákvæði í 1. málsl. 14. gr. um frádrátt greiðslna úr lífeyrissjóðum fellur niður.

Um 3. gr.

Í 16. gr. gildandi laga er kveðið á um að stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurði eftirlaun skv. I. kafla en umsjónarnefnd eftirlauna úrskurði eftirlaun skv. II. kafla. Hér er lagt til að öll eftirlaun verði úrskurðuð af umsjónarnefnd eftirlauna. Þessi tillaga byggir á því að með þessu sé tryggt að ekki verði tafir á úrskurðum og að úrskurðir verði fullsamræmdir. Í reynd ætti þessi tilhögun að vera til talsverðrar einföldunar. Af þessari tillögu leiðir að fella má niður gildandi ákvæði um sérstaka úrskurði umsjónarnefndar um skiptingu greiðslna á milli sjóða í þeim tilvikum að réttindatími er á sviði fleiri en eins lífeyrissjóðs. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir breytingu á greiðslutilhögun þannig að

hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annist greiðslu eftirlauna skv. I. kafla en umsjónarnefnd skv. II. kafla, eins og verið hefur.

Þá er í 3. gr. gert ráð fyrir að 2. mgr. 16. gr. verði óbreytt frá því sem er í 3. mgr. 16. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Hér er einungis felld niður tilvísun til uppbótar á lífeyri samkvæmt gildandi lögum en hún er felld inn í eftirlaunin samkvæmt þessu frumvarpi. Í þessu felst því engin efnisbreyting.

Um 5. gr.

Sem fyrr segir í athugasemd um 2. gr. er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að ákvæði um frádrátt greiðslna úr lífeyrissjóðum frá eftirlaununum samkvæmt lögum þessum færist úr 14. gr. í 12. gr. Því þarf að breyta tilvísan til þessara ákvæða í 18. gr. laganna.

Um 6. gr.

Hér er sú breyting gerð á ákvæði 1. mgr. 19. gr. að Tryggingastofnun er falið að krefja Jöfnunarsjóð um útgjaldahluta hans á sama hátt og Atvinnuleysistryggingasjóð og ríkissjóð. Með þessu er verið að staðfesta gildandi framkvæmd.

Þá er hér lagt til að 2. mgr. 19. gr. falli niður, en þar er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun annist afgreiðslu lífeyris skv. II. kafla eigi hlutaðeigandi ekki aðild að lífeyrissjóði. Á þetta hefur ekki reynt og sýnist ákvæðið óþarft.

Um 7. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum er fátt því til fyrirstöðu að eftirlaun samkvæmt þeim verði greidd allt þar til síðasti eftirlaunaþeginn, sem á rétt samkvæmt lögunum, er allur. Í stað þess að hafa lögin ótímabundin þykir engu að síður skynsamlegra að þau komi að liðnum nokkrum árum til endurskoðunar í ljósi þeirra viðhorfa í lífeyrismálum sem þá ríkja. Hér er lagt til að eftirlaunagreiðslur falli úr gildi eftir fimm ár.

Um 8. gr.

Í 8. gr. þessa frumvarps eru ákvæði um breytingu á IV. kafla gildandi laga, Uppbót á lífeyri, og V. kafla, Fjárhagsákvæðum, 21.–26. gr. Í þessum ákvæðum felast eftirtaldar breytingar:

1. Gert er ráð fyrir að gildandi 21. gr. laganna um uppbót á lífeyri skv. I. kafla falli niður, enda er í 1. gr. þessa frumvarps lagt til að eftirlaunin verði ákvörðuð í einu lagi í stað þess að ákvarðast sem grunnlífeyrir og uppbót á laun eins og nú er. Í þessu sambandi vísast til athugasemdar við 1. gr. frumvarpsins. Þar eru einnig raktar tillögur um breytingu á kostnaðarskiptingu milli hins opinbera og lífeyrissjóða af eftirlaunum skv. I. kafla laganna. Í samræmi við þær tillögur er í 8. gr. lagt til að í 21. gr. laganna verði kveðið á um skiptingu kostnaðar af eftirlaunum skv. I. kafla milli Atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs. Kostnaðarhlutföllin milli þessara aðila eru hin sömu og nú.

2. Í 8. gr. er enn fremur lagt til að í 22. gr. laganna verði kveðið á um skiptingu kostnaðar af eftirlaunum skv. II. kafla laganna milli ríkissjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Um þetta atriði vísast til þeirra skýringa sem fram koma í almennum athugasemdum hér á undan.

3. Í tillögum 8. gr. frumvarpsins felst enn fremur að gert er ráð fyrir að uppbót á líf-

eyri aldraðra bænda skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, nr. 50/1984, verði ekki lengur greidd sameiginlega af þeim aðilum sem nú bera kostnað af eftirlaunum skv. II. kafla laga um eftirlaun til aldraðra. Þessi tillaga er í samræmi við meginstefnu þessa frumvarps að lífeyrissjóðir annist greiðslu lífeyris í samræmi við áunnin réttindi, en hið opinbera tryggi það sem á vantar að réttindum samkvæmt lögunum sé náð. Gangi þessi tillaga eftir sýnist eðlilegt að greiðslur Lífeyrissjóðs bænda á eftirlaunum til bænda sem fæddir eru 1914 og fyrr verði með sama hætti og hér er gert ráð fyrir, bornar úr sjóðnum sjálfum í samræmi við iðgjaldsgreiðslutíma viðkomandi til sjóðsins. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að samkvæmt gildandi lögum nýtur Lífeyrissjóður bænda í reynd meiri greiðslna af almannafé til þeirra eftirlauna sem hér um ræðir en aðrir lífeyrissjóðir.

4. Í 8. gr. frumvarpsins er loks gert ráð fyrir að núgildandi 26. gr. laganna um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs á þriggja stiga uppbót á eftirlaun skv. I. kafla haldist óbreytt sem 23. gr. laganna.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra.

Með frumvarpi þessu eru lög um eftirlaun aldraðra endurskoðuð. Greinargerð frumvarps fylgir nákvæm kostnaðargreining af hálfu höfunda sem fjármálaráðuneytið sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við. Bent skal á að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1992 er ætlað að verja 137 m.kr. til Eftirlaunasjóðs aldraðra sem er 7 m.kr. hærra en greinargerð þessa frumvarps gerir ráð fyrir að muni þurfa á því ári. Fjárhagsáætlun Atvinnuleysistryggingasjóðs gerir ráð fyrir 400 m.kr. greiðslu frá Atvinnuleysistryggingasjóði til Eftirlaunasjóðs aldraðra, en greinargerð frumvarp þessa metur þessa fjárþörf á 355 m.kr., þ.e. 45 m.kr. lægri en fjárlagafrumvarp gerir ráð fyrir.

188. Fjáraukalög [9. mál]

fyrir árið 1991.

(Afgreidd frá Alþingi 2. des.)

Samhljóða þskj. 9 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1991 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1991:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**206 000**
Beinir skattar	–821 000	
Óbeinir skattar	1 035 000	
Aðrar tekjur	–8 000	
Gjöld		**6 482 800**
Samneysla	1.002 200	
Rekstrargjöld	991 500	
Viðhald	10 700	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3 638 900	
Fjárfesting	1 841 700	
Stofnkostnaður	1 111 200	
Fjármagnstilfærslur	730 500	
Gjöld umfram tekjur		**6 276 800**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		460 000
Veitt lán	310 000	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	150 000	
Viðskiptareikningar		900 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**7 636 800**
Afborganir af teknum lánum		0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**7 636 800**
Lántökur		7 650 000
Innlend verðbréfaútgáfa	–6 700 000	
Erlend verðbréfaútgáfa	14 350 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**13 200**

2. gr. hljóðar svo:

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1991 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	37 700	
01 Forsætisráðuneyti	367 800	
02 Menntamálaráðuneyti	1 390 500	
03 Utanríkisráðuneyti	140 900	
04 Landbúnaðarráðuneyti	961 500	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1 000	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	71 800	
07 Félagsmálaráðuneyti	430 900	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 383 700	
09 Fjármálaráðuneyti	1 158 100	
10 Samgönguráðuneyti	197 700	
11 Iðnaðarráðuneyti	228 500	
12 Viðskiptaráðuneyti	–1 500	
13 Hagstofan	–1 500	
14 Umhverfisráðuneyti	115 700	
Samtals		6 482 800

Samhljóða 3. gr. á þskj. 9 með þessum breytingum:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 500
1 01	Alþingiskostnaður	4 600	
1 02	Aðalskrifstofa	5 100	
1 03	Þingmálaskrifstofa	1 400	
1 04	Rekstrarskrifstofa	1 400	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	−6 000	
Viðhaldsverkefni:			10 700
5 20	Fasteignir	10 700	
Stofnkostnaður:			18 000
6 01	Tæki og búnaður	18 000	
	Gjöld samtals		35 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 500	
52–58	Önnur gjöld	22 700	
5	Gjöld samtals		**35 200**
02–318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			−13 000
6 09	Flensborgarskóli, fjölbraut	2 000	
6 11	Menntaskólinn á Laugarvatni	5 000	
6 14	Menntaskólinn á Egilsstöðum, mötuneyti o.fl.	5 000	
6 31	Framhaldsskólinn á Húsavík, nýbygging	5 000	
6 35	Menntaskólinn á Ísafirði, íþróttahús	10 000	
6 90	Stofnkostnaður, óskipt	−40 000	
	Gjöld samtals		−13 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−13 000	
5	Gjöld samtals		**−13 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			700 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	700 000	
	Gjöld samtals		700 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	700 000	
5	Gjöld samtals		**700 000**
02–982	**Listir, framlög**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 30	Íslenska óperan	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 000	
5	Gjöld samtals		**10 000**
04–288	**Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			42 500
6 20	Jarðræktar- og búfjárræktarframlög	42 500	
	Gjöld samtals		42 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	42 500	
5	Gjöld samtals		**42 500**
05–299	**Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 31	Stjórn fiskveiða	4 500	
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi	−2 000	
	Gjöld samtals		2 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	4 500	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	−2 000	
5	Gjöld samtals		**2 500**

06–235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			3 000
6 21	Lögreglustöð Grindavík	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**

06–301 Biskup Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 800
1 01	Yfirstjórn	1 400	
1 02	Biskupsbústaður	400	
1 13	Alþjóðasamvinna	1 000	
	Gjöld samtals		2 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 400	
52–58	Önnur gjöld	1 400	
5	Gjöld samtals		**2 800**

08–271 Tryggingastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 005 000
1 01	Yfirstjórn	45 000	
1 10	Lífeyristryggingar	400 000	
1 20	Sjúkratryggingar	440 000	
1 30	Slysatryggingar	120 000	
	Gjöld samtals		1 005 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	45 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	960 000	
5	Gjöld samtals		**1 005 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–367 Sjúkrahúsið Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Sjúkrahúsið Keflavík	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			150 000
1 01	Ríkisspítalar	150 000	
Stofnkostnaður:			152 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	125 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	27 000	
	Gjöld samtals		302 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	110 000	
52–58	Önnur gjöld	192 000	
5	Gjöld samtals		**302 000**
09–481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			805 000
6 01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	805 000	
	Gjöld samtals		805 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	805 000	
5	Gjöld samtals		**805 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–211 Vegagerð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			−180 000
6 10	Nýframkvæmdir	170 000	
6 11	Jarðgöng á Vestfjörðum	−350 000	
	Gjöld samtals		−180 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	−180 000	
5	Gjöld samtals		**−180 000**
10–322 Flóabátar og vöruflutningar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 900
1 20	Stofn- og rekstrarstyrkir	94 900	
	Gjöld samtals		94 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	94 900	
5	Gjöld samtals		**94 900**
10–333 Hafnamál			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			153 000
6 30	Hafnarmannvirki	−10 000	
6 31	Hafnarmannvirki, Þorlákshöfn	18 000	
6 40	Sjóvarnargarðar	130 000	
6 80	Lóðsbátur, Höfn í Hornafirði	15 000	
	Gjöld samtals		153 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	15 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	138 000	
5	Gjöld samtals		**153 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–485 Ýmis framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 800
1 26	Ýmislegt	2 300	
1 30	Rannsóknanefnd flugslysa	1 500	
	Gjöld samtals		3 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 800	
5	Gjöld samtals		**3 800**
10–651 Ferðamálaráð			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			19 000
6 20	Hótel, framlög	19 000	
	Gjöld samtals		19 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	19 000	
5	Gjöld samtals		**19 000**
11–399 Ýmis orkumál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 500
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	35 000	
1 18	Ýmis framlög	5 500	
	Gjöld samtals		40 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	40 500	
5	Gjöld samtals		**40 500**

	Þús. kr.	Þús. kr.
14–210 Veiðistjóri		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		67 500
1 01 Veiðistjóri	67 500	
Gjöld samtals		67 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	900	
59 Tilfærslur:		
5912 Til sveitarfélaga	66 600	
5 Gjöld samtals		**67 500**
14–310 Landmælingar Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 500
1 01 Landmælingar Íslands	−3 500	
1 10 Sérstök verkefni í kortagerð	5 000	
Gjöld samtals		1 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	1 500	
5 Gjöld samtals		**1 500**

4. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

189. Frumvarp til laga [173. mál]

um vatnsveitur sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Í kaupstöðum og bæjum skal bæjarstjórn starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er.

Í hreppum er hreppsnefnd heimilt að starfrækja vatnsveitu, sbr. 1. mgr., og leggja í framkvæmdir við gerð hennar enda sýni rannsóknir og kostnaðaráætlanir að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana.

2. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn vatnsveitu í sveitarfélagi.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa sérstaka stjórn til að hafa yfirumsjón með starfsemi vatnsveitunnar og fara með þau verkefni, sem sveitarstjórn eru falin með lögum þessum, í umboði hennar. Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan vatnsveitustjóra til að annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

3. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að leggja og reka sameiginlega vatnsveitu. Sveitarstjórnir skulu gera með sér samkomulag um með hvaða hætti veitan skuli lögð og rekin. Um samvinnu sveitarstjórna á þessu sviði skulu gilda ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, um byggðasamlög nema um annað sé sérstaklega samið.

4. gr.

Sveitarstjórn er eigandi vatnsveitu sveitarfélags og sér um lagningu allra vatnsæða hennar, þ.e. aðalæða, götuæða og heimæða. Sveitarstjórn annast og kostar viðhald vatnsæðanna.

5. gr.

Sveitarstjórn, sem lagt hefur vatnsveitu, hefur einkarétt á rekstri hennar og sölu vatns á því svæði sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins.

6. gr.

Eigandi fasteignar við veg eða opið svæði, þar sem götuæð liggur, á rétt á að fá heimæð lagða frá götuæð. Beiðni um lagningu heimæðar skal send til sveitarstjórnar. Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar. Sveitarstjórn ákveður fjárhæð heimæðargjalds og skal það miðað við rúmmál fasteignar. Gjalddagi þess skal vera 30 dögum eftir lagningu heimæðar.

Vatn, sem tekið er úr stofnkrana innan húss, er eingöngu heimilt að nota til venjulegra heimilisþarfa. Að öðrum kosti þarf leyfi sveitarstjórnar. Réttur eiganda til að nota vatn til heimilisþarfa skuldbindur ekki sveitarstjórn til þess að tryggja að þrýstingur í

götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Hvers konar tenging dælubúnaðar við heimæð af hálfu eiganda, m.a. til að auka þrýsting vatns, er óheimil nema sveitarstjórn leyfi annað.

Þurfi að gera breytingar á heimæð vegna framkvæmda á vegum eiganda sjálfs skal hann sækja um leyfi til sveitarstjórnar. Eigandi ber sjálfur kostnað við breytingar sem þessar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar þar sem eigandi óskar eftir vatnsnotkun getur sveitarstjórn sett það skilyrði fyrir lagningu vatnsæða að fyrir fram ákveðinn hluti kostnaðar við lagningu þeirra skuli endurgreiddur af eiganda fasteignarinnar.

7. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við rekstur vatnsveitu skal sveitarstjórn heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið. Álagningarstofn vatnsgjalds skal vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds sem má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 90/1990.

8. gr.

Af þeim fasteignum, þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum, skal sveitarstjórn auk vatnsgjalds, sbr. 7. gr., heimilt að innheimta sérstakt aukavatnsgjald er miðast við notkun mælda í rúmmetrum.

Sveitarstjórn lætur þeim er greiða skulu aukavatnsgjald í té löggilta vatnsmæla. Sveitarstjórn er eigandi vatnsmælanna og ákveður upphæð gjalds fyrir leigu á þeim. Aukavatnsgjald skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því eigi við komið ákveður sveitarstjórn aukavatnsgjaldið samkvæmt áætlaðri notkun. Aukavatnsgjald skal innheimta eftir á eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Endurgjald hafnarsjóðs til sveitarsjóðs vegna vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við mælda notkun og ákveður sveitarstjórn gjald fyrir hvern rúmmetra. Hafnarstjórn/sveitarstjórn ákveður verð fyrir hvern rúmmetra vatns sem seldur er til skipa og báta.

Í þeim tilvikum, þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu, er sveitarstjórn heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

9. gr.

Selji sveitarstjórn annarri sveitarstjórn vatn skal endurgjald fyrir það ákveðið með samkomulagi aðila eða mati dómkvaddra matsmanna náist eigi samkomulag. Við mat skal þess gætt að endurgjaldið verði aldrei minna en sannanlegur kostnaður vatnsveitunnar af vatnsvinnslu og dreifingu vegna vatnssölunnar, ásamt allt að 5% álagi af bundnu fjármagni.

10. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalds.

Vatnsgjald og heimæðargjald eru, ásamt áföllnum kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Ef hús brennur eftir að vatnsgjald eða heimæðargjald fellur í gjalddaga er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða aukavatnsgjald að undangenginni skriflegri aðvörun. Aukavatnsgjald og leigugjald fyrir vatnsmæli, ásamt áföllnum kostnaði, má taka fjárnámi.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem eyða vatni óhóflega og einnig þegar gera þarf við bilanir á vatnsæðum.

11. gr.

Sveitarstjórn skal setja sér sérstaka gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 7., 8. og 9. gr. laga þessara, sbr. og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga. Sveitarstjórn skal auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum sem renna skulu í sveitarsjóð nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

13. gr.

Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd vatnsveitumála, m.a. um stjórn og fjármál vatnsveitu, gjaldtökur, vatnsæðar o.fl.

14. gr.

Lög þessi skulu taka gildi 1. janúar 1992. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93/1947, svo og 20., 21., 23. og 28. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Þær heimæðar, sem fasteignaeigendur eiga við gildistöku laga þessara, sbr. ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, skulu vera eign þeirra áfram nema samkomulag verði um að sveitarstjórn yfirtaki þær. Að liðnum 10 árum frá gildistöku þessara laga ber sveitarstjórn að yfirtaka framangreindar heimæðar sé þess óskað af fasteignareiganda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 13. júní 1990. Í nefndinni áttu sæti Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, formaður, Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi, og Hjörleifur B. Kvaran, framkvæmdastjóri lögfræði- og stjórnsýsludeildar Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar var henni falið að endurskoða gildandi lagaákvæði um vatnsveitur og holræsi og með endurskoðuninni skyldi stefnt að því að einfalda framkvæmd þessara mála, t.d. með því að athuga hvort ekki mætti komast af með eina reglugerð fyrir allar vatnsveitur og aðra fyrir holræsi í stað reglugerða og gjaldskráa í hverju sveitarfélagi eins og nú er.

Með hliðsjón af þessu kynnti nefndin sér sérstaklega ákvæði III. kafla vatnalaga, nr.

15/1923, um notkun vatns til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju, án vatnsorkunota og X. kafla sömu laga um holræsi, svo og lög um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93/1947. Jafnframt kynnti nefndin sér fjölmargar reglugerðir sem sveitarstjórnir hafa sett sér um vatnsveitur á grundvelli vatnalaga og laga um aðstoð til vatnsveitna. Loks aflaði nefndin sér upplýsinga frá öðrum Norðurlöndum um hvernig málum þessum væri þar háttað. Nefndin er sammála um að endurskoða þurfi ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, um holræsi, en telur hins vegar að sú endurskoðun krefjist víðtæks samráðs við önnur ráðuneyti, svo sem umhverfisráðuneyti og iðnaðarráðuneyti. Nefndin mun því leggja til við félagsmálaráðherra að áður en hafist verður handa við að endurskoða þau ákvæði verði tekið upp formlegt samstarf við þau ráðuneyti sem hlut eiga að máli varðandi þennan þátt.

Niðurstaða nefndarinnar varðandi vatnsveitur varð hins vegar sú að rétt væri að semja frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga sem byggði á ákvæðum vatnalaga að nokkru leyti, laga um aðstoð til vatnsveitna, þ.e. 8. gr. þeirra laga um gjaldtökuheimild sveitarstjórna, svo og ýmsum ákvæðum sem fyrrgreindar reglugerðir hafa að geyma og eru orðin nokkuð föst í sessi. Til að taka af allan vafa þá er hér um að ræða frumvarp um veitur fyrir kalt vatn. Um hitaveitur og rafveitur gilda því önnur lög.

Auk framangreinds frumvarps hefur nefndin unnið drög að reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga, sem hér fylgir með, til kynningar. Með þeim drögum er lagt til að fyrir landið allt gildi ein reglugerð. Eins og málum er nú fyrir komið þarf sú sveitarstjórn, sem kemur á fót vatnsveitu, að samþykkja eigin reglugerð (samþykkt) og gjaldskrá og óska síðan staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim. Það að hafa einungis eina reglugerð fyrir allt landið einfaldar framkvæmdina til mikilla muna jafnt hjá sveitarstjórnum, sem og félagsmálaráðuneytinu og er jafnframt í samræmi við 5. mgr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, þar sem kveðið er á um sjálfsforræði sveitarstjórna á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem þau annast.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, skiptist í 14 greinar. Í 1.–5. gr. er m.a. fjallað almennt um réttindi og skyldur sveitarfélags varðandi vatnsveitu. Í 6. gr. er að finna ákvæði um rétt fasteignareiganda til að njóta vatns til heimilisþarfa frá vatnsveitu sveitarfélags og greiðslu heimæðargjalds. Í 7. og 8. gr. er kveðið á um heimild sveitarstjórnar til að innheimta vatnsgjald, aukavatnsgjald og mælaleigu. Í 9. gr. er að finna fyrirmæli um hvernig ákveða skuli endurgjald fyrir sölu vatns frá einu sveitarfélagi til annars. Í 10. gr. er m.a. að finna ákvæði um það hver beri ábyrgð á greiðslu gjalda samkvæmt frumvarpi þessu og hvaða úrræðum sé unnt að beita ef ekki er staðið í skilum með greiðslu þessara gjalda. Með ákvæðum 11. gr. er sú skylda lögð á félagsmálaráðuneytið að það setji reglugerð um vatnsveitur fyrir sveitarfélög, en drög að þeirri reglugerð fylgir frumvarpi þessu eins og áður segir. Í 12. gr. er lögð sú skylda á sveitarstjórn að setja sér gjaldskrá um gjöld þau sem leggja má á samkvæmt frumvarpinu. Í 13. gr. er m.a. ákvæði um að sektir vegna brota á fyrirmælum þessa frumvarps skuli renna í sveitarsjóð. Í 14. gr. er fjallað um hvenær frumvarpið skuli verða að lögum og enn fremur um eignarrétt á heimæðum sem þegar hafa verið lagðar. Að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, um vatnsveitur sveitarfélaga, svo sem um eignarnám, vatnsöflun, matsgerðir o.fl., eftir því sem við á, með þeim frávikum sem lögð eru til með þessu frumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein kemur fram sú meginregla að bæjarstjórnum á öllu landinu er skylt, eft-

ir því sem kostur er, að starfrækja vatnsveitur til að geta fullnægt vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Í núgildandi vatnalögum, 20. gr., er hins vegar kveðið á um heimild bæjarstjórna til að starfrækja vatnsveitur. Með hliðsjón af þjóðfélagsþróun er talið eðlilegt að breyta þessu á þann veg að meginreglan verði sú að starfræksla vatnsveitna verði eitt af skylduverkefnum bæjarstjórna eftir því sem staðhættir leyfa hverju sinni. Ákvæði þetta kemur því í stað núgildandi 20. gr. vatnalaga.

Aftur á móti er ekki talið unnt að leggja sömu skyldu á hreppsnefndir og er þá fyrst og fremst haft mið af því hve byggðin er dreifð í mörgum hreppanna og kostnaður við lagningu vatnsveitu gæti þar af leiðandi orðið gífurlegur. Þó er það svo að nú þegar starfrækja um 50 hreppsnefndir eigin vatnsveitu og í þeim tilvikum eiga öll ákvæði þessa frumvarps jafnt við um þær, sem og vatnsveitur kaupstaða og bæja. Í þeim hreppum, þar sem ekki hefur verið lögð vatnsveita, er hins vegar einungis heimilt að leggja í stofnkostnað að gögn liggi fyrir sem sýni að hagkvæmt þyki að leggja veituna og reka hana. Er þetta ákvæði í samræmi við 77. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, en þar er kveðið á um skyldu sveitarstjórna til að leita umsagnar sérfróðs aðila um kostnaðaráætlun þegar sveitarstjórn hyggst ráðast í stórframkvæmdir sem gætu stofnað fjárhag sveitarfélags í óefni ef illa tækist til. Ákvæði þetta kemur í stað ákvæðis 28. gr. vatnalaga.

Um 2. gr.

Sveitarstjórn fer með yfirstjórn vatnsveitumála í sveitarfélagi. Í 2. mgr. er lagt til að sveitarstjórn verði heimilt að kjósa sérstaka stjórn til að fara með yfirumsjón þessara mála í sveitarfélagi í umboði sveitarstjórnar, þar með talin þau verkefni sem sveitarstjórn eru falin í frumvarpi þessu. Um kosningu þessarar stjórnar skal setja nánari fyrirmæli í reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga. Fundargerðir stjórnar vatnsveitu skulu ætíð lagðar fyrir sveitarstjórn.

Þá er í þessari grein lagt til að sveitarstjórn verði heimilt að ráða sérstakan vatnsveitustjóra til að annast daglegan rekstur vatnsveitunnar, sbr. hér 1. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Þetta fyrirkomulag þekkist nú þegar víða hjá sveitarstjórnum og þykir því fyllsta ástæða til að leggja til að heimild sem þessi verði lögfest.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því að sveitarstjórnir geti haft samvinnu um að leggja og reka vatnsveitur í tveimur eða fleiri sveitarfélögum. Lagt er til að þar sem um slíkt samvinnuverkefni verður að ræða gildi um það samstarf ákvæði sveitarstjórnarlaga um byggðasamlög, sbr. IX. kafla þeirra. Þetta ákvæði bindur þó ekki hendur sveitarstjórna að semja á annan hátt um það hvernig samstarfinu skuli háttað.

Um 4. gr.

Með þessari grein er lagt til að sveitarstjórn verði eigandi allra vatnsæða veitukerfisins, þar með taldra svokallaðra heimæða er liggja frá götuæð og inn í fasteign. Eins og málum er háttað í dag er það húseigandi sem skal sjá um og greiða kostnað við lagningu slíkrar vatnsæðar og jafnframt annast viðhald hennar, sbr. hér ákvæði 23. gr. vatnalaga. Rétt þykir að leggja hér til þá breytingu að lagning og viðhald heimæðar verði alfarið í höndum sveitarstjórnar sem ætti að hafa í för með sér hagræðingu fyrir báða aðila, þ.e. húseigandann og sveitarstjórn. Sambærilegt ákvæði er að finna í ýmsum reglugerðum fyrir hitaveitur og eðlilegt að sama fyrirkomulag gildi fyrir allar vatnsæðar hvort

sem um þær rennur heitt eða kalt vatn. Varðandi þær heimæðar, sem þegar hafa verið lagðar, vísast til gildistökuákvæðisins í 14. gr.

Um 5. gr.

Sams konar ákvæði og þetta er nú að finna í 21. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, en talið æskilegra að það sé að finna í lögum sem þessum er fjalla um vatnsveitur sveitarfélaga. Í þeim sveitarfélögum, þar sem komið hefur verið upp vatnsveitu, er eðlilegt að sveitarstjórn hafi jafnframt einkarétt til reksturs vatnsveitunnar, þ.e. á dreifingu og sölu vatnsins innan staðarmarka hlutaðeigandi sveitarfélags, sbr. þó 2. gr. Ákvæði þetta ber og að skýra með hliðsjón af 1. gr.

Um 6. gr.

Þessi grein hefur að geyma ýmis ákvæði sem nú er að finna í gildandi reglugerðum og einstakar sveitarstjórnir hafa sett sér og ástæða þykir til að verði lögfest. Með þessari frumvarpsgrein er lagt til að meginreglan verði sú að eigandi, sem óskar eftir að heimæð verði lögð í fasteign hans, greiði gjald fyrir þá lagningu. Síðan er lagt til að sveitarstjórn annist og kosti viðhald heimæðar eftir það. Þó er rétt að vekja athygli á því að þurfi að gera breytingar á heimæð vegna framkvæmda eiganda sjálfs ber honum að greiða þann kostnað eftir að hann hefur fengið leyfi sveitarstjórnar til að breyta. Að öðru leyti skýrir greinin sig að mestu sjálf en í reglugerð þeirri, sem nefndin hefur samið drög að, er að finna nánari ákvæði um útfærslu á einstökum atriðum hennar, svo sem skilgreiningu á hugtökunum aðalæð, götuæð, heimæð, stofnkrani.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga kemur m.a. fram að sveitarfélög hafa, auk tekna sem greindar eru í 1. gr. sömu laga, tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum. Með heimild í reglugerðum, sem settar hafa verið á grundvelli vatnalaga, nr. 15/1923, sem og laga um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93/1947, hafa sveitarstjórnir því innheimt vatnsskatt til þess að standa straum af kostnaði við vatnsöflun og dreifingu vatns. Flestar sveitarstjórnir hafa notað orðið vatnsskattur fyrir það gjald sem innheimt er, en í frumvarpinu er lagt til að notað verði orðið vatnsgjald sem lýsir ef til vill betur eðli þessa gjalds, þ.e. endurgjald fyrir þá þjónustu sveitarfélagsins að láta íbúum þess á hagkvæman hátt í té kalt vatn til heimilisþarfa. Vatnsgjaldið hefur verið innheimt af fasteignum og gerir frumvarpið ráð fyrir að svo verði áfram. Álagningarstofn á hús og mannvirki skal vera afskrifað endurstofnverð þeirra. Til þess að jafna heimildina og gera hana samanburðarhæfa milli vatnsveitna sveitarfélaga er gert ráð fyrir að áður en til álagningar kemur verði stofninn margfaldaður með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík á sama hátt og kveðið er á um í 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, varðandi fasteignaskatta. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Upphæð vatnsgjaldsins má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Er hér um að ræða svipað hundraðshlutfall og vatnsveitur hafa haft í reglugerðum sínum en einstaka vatnsveitur hafa haft heimild til að innheimta hærra hundraðshlutfall. Kveðið er á um að gjalddagar vatnsgjalds skuli vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt, enda hafa þessi gjöld almennt verið innheimt saman. Um gjald þetta er nánar kveðið á um í drögum að reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga.

Um 8. gr.

Með greiðslu vatnsgjalds, sbr. 7. gr., hefur hlutaðeigandi fasteignareigandi greitt fyrir vatn til almennra heimilisnota. Sé hins vegar um að ræða aðra og meiri notkun á vatni er hlutaðeigandi gert að greiða aukagjald sem nefnist aukavatnsgjald og er almenna reglan sú að gjaldið greiðist eftir á samkvæmt mældri notkun í rúmmetrum. Flestar sveitarstjórnir hafa innheimt aukavatnsgjald samkvæmt heimild í reglugerðum, sbr. lög um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93/1947, og er því ekki um neina stefnubreytingu að ræða hvað þetta varðar.

Hafnir landsins eru nú reknar af sveitarstjórnum, sbr. hafnalög, nr. 69/1984. Í flestum tilvikum hafa hafnarstjórnir lagt sérstakt dreifikerfi um hafnarsvæðið og taka við vatni á ákveðnum afhendingarstað og annast sjálfar dreifingu þess og sölu til skipa og báta og þeirrar starfsemi sem rekin er á hafnarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórn ákveði gjald hafna sem sjálfar annast dreifingu og sölu vatns, enda eðlilegt þar sem vatnsveitur og hafnir eru í eigu sama aðila.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði sem gerir ráð fyrir því að í einstökum sveitarfélögum verði unnt að taka tillit til sérstakra aðstæðna vegna fyrirtækja eða aðila sem kaupa óvenjumikið vatn eða nota það til sérstakrar framleiðslu. Í þeim tilvikum kann stofnkostnaður m.a. að vera sérstaklega mikill eða önnur atriði óvenjuleg sem réttlæti það að sveitarstjórn geti gert sérstakt samkomulag um sölu vatns sem annaðhvort byggist á föstu gjaldi eða mældri notkun. Heimild þessari er ekki ætlað að ná til vatnsgjalds, sbr. 7. gr., þar sem það gjald er almennt grunngjald og greiða ber af öllum fasteignum. Eins og þegar er komið fram er hér um heimildarákvæði að ræða til handa sveitarstjórn. Telji hún ekki ástæðu til að beita því í tilvikum sem þessum skulu almenn ákvæði frumvarps þessa, svo og reglugerðar og gjaldskrár hlutaðeigandi sveitarfélags, gilda.

Um 9. gr.

Í nokkrum sveitarfélögum er því þannig háttað að þau kaupa vatn af öðru sveitarfélagi og taka við því á ákveðnum afhendingarstað en annast síðan dreifingu þess. Má sem dæmi nefna Seltjarnarnes og Kópavog sem kaupa vatn af Reykjavíkurborg. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög semji um endurgjaldið en náist ekki samkomulag skal mat dómkvaddra matsmanna skera úr. Rétt þykir að kveða á um að seljandi vatnsins fái í endurgjald kostnað af vatnsvinnslu og dreifingu vegna vatnssölunnar ásamt allt að 5% álagi af bundnu fjármagni.

Um 10. gr.

Telja verður eðlilegt að það sé skráður eigandi fasteignar sem beri ábyrgð gagnvart sveitarsjóði annars vegar á greiðslu vatnsgjaldsins og hins vegar heimæðargjaldsins. Sú er einnig meginreglan varðandi aukavatnsgjaldið og leigugjald fyrir mæli, en sé notandi vatnsins annar en hinn skráði eigandi þá er lagt til að ábyrgðin flytjist yfir á herðar hans hvað þetta gjald áhrærir. Lagt er til að vatnsgjald og heimæðargjald verði tryggð með lögveðsrétti í hlutaðeigandi fasteign en réttur til að taka fjárnámi verði fyrir hendi þegar um vangreiðslu á aukavatnsgjaldi og mælaleigu er að ræða. Í eldri lögum var notað orðið lögtak yfir heimild sveitarstjórnar til að fá fram fullnustu á kröfu sinni í tilviki sem þessu, en rétt þykir að nota hér í stað þess orðið fjárnám í samræmi við 1. gr. aðfararlaga, nr. 90 1. júní 1989, sem taka gildi 1. júlí 1992.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að sveitarstjórnir setji sér sérstakar gjaldskrár um gjöld þau sem þeim er heimilt að leggja á og innheimta samkvæmt lögum þessum og drögum að reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga, sbr. og 5. mgr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Gjaldskrár þessar þurfa ekki staðfestingar félagsmálaráðuneytisins, enda eiga þær að vera í fullu samræmi við ákvæði frumvarps þessa og fyrrgreinda reglugerð. Ein umræða í sveitarstjórn nægir því. Sveitarstjórn skal kunngera íbúum sveitarfélagsins gjaldskrána á þann hátt sem venja er með opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu. Telji einhver ákvæði gjaldskrárinnar ekki standast lög að forminu til getur sá hinn sami vísað málinu til úrskurðar félagsmálaráðuneytisins varðandi það atriði, sbr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Um 12. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari grein skal félagsmálaráðherra láta semja sérstaka reglugerð um vatnsveitur sem gildi um vatnsveitur sveitarfélaga á öllu landinu. Sú reglugerð mun því leysa af hólmi allar þær reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár sem sveitarstjórnir hafa samþykkt um vatnsveitur sveitarfélaga fyrir gildistöku frumvarps þessa. Í þessari reglugerð skal m.a. setja nánari ákvæði um útfærslu á stjórn vatnsveitumála og fjármál vatnsveitna, þar á meðal heimildir til gjaldtöku, svo og önnur þau atriði er ástæða er til að fjalla ítarlegar um.

Um 14. gr.

Rétt þykir að leggja til að frumvarp þetta verði að lögum um áramót og þá fyrst og fremst með hliðsjón af fjármálalegri hlið þessara mála. Ákveði sveitarstjórn að kjósa sérstaka stjórn vatnsveitunnar eftir gildistöku laga þessara ætti kjörtímabil hennar að vera fram til næstu sveitarstjórnarkosninga vorið 1994 til að fylgja kjörtímabili annarra nefnda sem starfa í umboði sveitarstjórnar.

Með ákvæði þessu er einnig tekinn af allur vafi um að þær heimæðar, sem þegar hafa verið lagðar í samræmi við gildandi lagaákvæði, verði eign fasteignareiganda áfram eða þar til hann óskar eftir því sérstaklega við sveitarstjórn að hún yfirtaki þær og taki þar með að sér viðhald og kostnað vegna þess. Rétt þykir og að hafa ákvæði þess efnis að sveitarstjórn beri skylda til að yfirtaka þessar heimæðar að liðnum 10 árum frá gildistöku þessara laga ef þess er farið á leit við hana. Þetta ákvæði er sett til að gæta jafnræðis milli íbúa sveitarfélags.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.

Frumvarpið, sem fjallar um veitur fyrir kalt vatn, gerir ráð fyrir að til hagræðis sé slegið saman í ein lög ýmsum ákvæðum sem nú er að finna í 20., 21., 23. og 28. gr.

vatnalaga, nr. 15/1923, og lögum nr. 93/1947, um aðstoð við vatnsveitur, auk ákvæða sem nú eru í fjölda reglugerða og gjaldskráa er varða þetta efni. Verði frumvarpið að lögum falla tilvitnuð lagaákvæði úr gildi.

Eftirtaldir gjaldstofnar eru tilgreindir í frumvarpinu, sem fyrir eru í núgildandi lögum, heimæðagjald, vatnsgjald (vatnsskattur í 8. gr. laga nr. 93/1947) og aukavatnsgjald. Í fyrsta skipti mun vera lögfest ákvæði um heimild fyrir sveitarstjórnir til að taka gjald af leigu löggiltra mæla vegna innheimtu á aukavatnsgjaldi, en þetta mun hafa tíðkast lengi svo að í raun er ekki um nýmæli að ræða.

Meginbreyting á efni frumvarpsins frá núgildandi lögum felst í álagningu vatnsgjalds skv. 7. gr. frumvarpsins í stað álagningu vatnsskatts skv. 8. gr. laga nr. 93/1947, um aðstoð við vatnsveitur. Álagningarstofn vatnsgjalds skal vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis, margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga nr. 93/1947 er álagning vatnsskatts miðuð við fasteignamatsverð húseigna. Þessi breyting þýðir að álagning vatnsgjalds um allt land er lagt á gjaldstofn sem miðast við fasteignaverð í Reykjavík í stað fasteignamatsverðs húseigna á hverjum stað.

Einnig er sú breyting gerð að sveitarstjórnum er ætlað að ákveða álagningu gjalda en í núgildandi lögum er það gert samkvæmt reglugerðum eða gjaldskrám sem ráðherra staðfestir. Upphæð vatnsgjaldsins má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Þessi regla mun vera sett til samræmingar við álagningu fasteignaskatts.

Kostnaður. Ekki verður séð að frumvarpið, ef að lögum verður, leggi aukinn kostnað á ríki eða sveitarfélög. Hins vegar kemur til álita hvort ekki felist í því auknar álögur á eigendur fasteigna og þar með aukning á tekjum sveitarfélaga. Er þar einkum að nefna þá breytingu á ákvæðinu um álagningu vatnsgjaldsins (vatnsskattsins), hún miðast við fasteignamat í Reykjavík um land allt í stað fasteignamatsverðs á hverjum stað. Það mun vera óhætt að gera ráð fyrir einhverri hækkun vatnsgjalds frá núverandi vatnsskatti verði álagningarhlutfallið, 0,3%, notað að fullu. Um þetta skal þó ekkert fullyrt þar sem álagningarhlutfall hinna ýmsu sveitarfélaga er mjög breytilegt.

190. Frumvarp til laga [174. mál]

um breytingu á grunnskólalögum, nr. 49/1991.

Flm.: Guðni Ágústsson, Stefán Guðmundsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 49. gr. laganna bætist nýr liður, j-liður, er orðast svo:
Fræðsla um fjármál einstaklinga og ábyrgð á fjárskuldbindingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í grunnskólalögum er mörkuð stefna í að undirbúa nemendur á sem flestum sviðum þjóðlífsins undir lífsbaráttuna. Ekkert segir þó þar um fræðslu um þann þátt sem mestu kann að ráða í lífi hvers manns, hvernig honum tekst að fara með sín eigin fjármál. Eng-

inn vafi er á því að fræðsla um meðferð peninga, sparnað og aðhald í eigin fjármálum er nú mikilvægari en fyrr. Enn fremur er full ástæða til að fræða ungmenni og reyndar þjóðina alla um hvað ábyrgð á fjárskuldbindingum þýðir.

Í vaxandi mæli er kornungt fólk að verða gjaldþrota vegna þess að það hefur skuldsett sig um of eða skrifað upp á víxla og skuldabréf vina sinna án þess að þekkja áhættuna sem í slíku er fólgin. Ungt fólk hefur einnig lagt upp í áhættusaman atvinnurekstur og sóst eftir veðum og ábyrgðum hjá foreldrum eða venslamönnum með hörmulegum afleiðingum í allt of mörgum tilfellum.

Tímarnir hafa breyst mikið. Á hverjum degi fær fólk freistandi tilboð um afborgunarkjör á skuldabréfum eða greiðslukortum. Öll langtímalán eru nú verðtryggð og húsnæðis- og lífeyrissjóðslán fylgja fólki með sama þunga í áratugi.

Það hendir allt of marga að ætla ekki nógu stóran hluta af launum til reksturs heimilis miðað við greiðslu vaxta og afborgana. Þetta sýna beiðnirnar um greiðsluerfiðleikalán og skuldbreytingu.

Hér hafa ekki þróast jafnábyrg samskipti milli bankastofnana og einstaklinga og ríkja hjá mörgum öðrum þjóðum. Að kunna fótum sínum forráð í fjármálum er mikilvægasti lykillinn að lífshamingjunni. Sívaxandi erfiðleikar hjá einstaklingum og fyrirtækjum í eigin rekstri benda til þess að hér skorti mikið á í fjármálalegri ábyrgð og kunnáttu í meðferð á peningum og áætlanagerð.

Skólarnir er sá vettvangur þar sem ríkisvaldið getur leiðbeint börnum og unglingum og varað þau við mörgum hættum sem eru á veginum fram undan en ekki skal dregið úr ábyrgð foreldra og þess uppeldishlutverks sem heimilin gegna á öllum sviðum.

Hér verður að leggja nýja áherslu á gætni í fjármálum og að fólki sé það ljóst að það er mikilvægt að eyða ekki meiru en aflað er. Fræðsla um fjármál í skólum landsins, fyrst í 9. eða 10. bekk grunnskóla og síðar ítarlegri fræðsla í framhaldsskólum, gæti gjörbreytt því ástandi sem því miður hefur ríkt hjá allt of mörgu ungu fólki síðustu árin, í fjármálum og einkalífi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að fræðsla um fjármál einstaklinga og ábyrgð á fjárskuldbindingum verði tekin upp í aðalnámsskrá grunnskóla. Við það er miðað að þessi kennsla verði í 9. og 10. bekk grunnskóla og miði að því að gera einstaklinga færari um að skipuleggja fjármál sín og að þeir geri sér fulla grein fyrir hver ábyrgð fylgir fjárskuldbindingum og hverjar afleiðingar slíkar skuldbindingar geta haft ef illa fer.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

191. Svar [109. mál]

heilbrigðismálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um uppbætur á lífeyri.

Ráðuneytið hefur aflað upplýsinga frá Tryggingastofnun ríkisins til þess að svara þessari fyrirspurn og byggjast svörin á upplýsingum þaðan.

Hve margir njóta nú sérstakra bóta skv. 3. mgr. 19. gr. almannatryggingalaga?

Frekari uppbætur skv. 3. mgr. 19. gr. eru þrenns konar.

Í fyrsta lagi svokölluð heimildaruppbót skv. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, og 13. gr. reglugerðar nr. 351/1977 um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkanir skv. 19. gr. laga um almannatryggingar. Heimildaruppbót er greidd á elli- og örorkulífeyri ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess. Enn fremur vegna mikils kostnaðar þó að umsækjandi dveljist í heimahúsum, t.d. vegna heimilishjálpar eða hjúkrunar á heimili, vegna annars óvenjulegs sjúkrakostnaðar sem sjúkratryggingar greiða ekki, svo og vegna mikillar húsaleigu.

Í nóvember 1991 nutu 8.300 bótaþegar heimildaruppbótar.

Í öðru lagi svokölluð elliheimilisuppbót skv. V. kafla laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, 3. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, og II. kafla reglugerðar nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða. Tryggingastofnun ríkisins greiðir dvalarkostnað ellilífeyrisþega í þjónustuhúsnæði aldraðra ef hann hefur engar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga. Bætur vistmanns frá almannatryggingum renna til greiðslu dvalarkostnaðar hans í þjónustuhúsnæðinu. Ef dvalarkostnaðurinn er hærri en bæturnar greiðir Tryggingastofnun mismuninn (elliheimilisuppbót).

Í nóvember 1991 nutu 1.052 bótaþegar elliheimilisuppbótar.

Í þriðja lagi svokallaðir vasapeningar skv. V. kafla laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, 3. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, II. kafla reglugerðar nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða og 6. gr. reglugerðar nr. 213/1991 um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra. Vistmaður í þjónustuhúsnæði aldraðra, sem ekki hefur aðrar tekjur en bætur almannatrygginga, getur sótt um mánaðarlegt ráðstöfunarfé (vasapeninga) frá Tryggingastofnun ríkisins. Ef vistmaður er með eigin tekjur og þær ná ekki mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. 19. gr. almannatryggingalaga er heimilt að greiða honum mismuninn.

Í nóvember 1991 fengu 664 bótaþegar vasapeninga.

Hvernig hefur fjöldinn breyst á undanförnum fimm árum?

Í ritinu *Landshagir* 1991 eru í töflu 16.6. upplýsingar um fjölda bótaþega almannatrygginga 1981–1989. Þar er uppbót skv. 3. mgr. 19. gr. ósundurliðuð. Ekki er unnt að fá sundurliðun úr greiðslukerfi Tryggingastofnunar ríkisins eftir 1989.

Í ritinu *Landshagir* er uppbótin sundurliðuð eftir elli- og örorkulífeyrisþegum og hvort um einstaklinga eða hjón er að ræða.

	1986	1987	1988	1989	1990
Ellilífeyrisþegar:					
Einstaklingar	6.465	7.204	7.142	7.338	–
Hjón	5.050	5.702	5.543	5.602	–
Örorkulífeyrisþegar:					
Einstaklingar	1.966	2.097	2.194	2.339	–
Hjón	1.828	1.943	2.035	2.148	–

Úr greiðslukerfi Tryggingastofnunar ríkisins fengust eftirfarandi upplýsingar um fjölda þeirra sem fengu heimildaruppbót, elliheimilisuppbót og vasapeninga á árunum 1989–1991:

	Des. 1989	Des. 1990	Nóv. 1991
Heimildaruppbót	6.916	7.900	8.300
Elliheimilisuppbót	1.096	1.103	1.052
Vasapeningar	460	413	664

Hvernig hefur fjöldinn breyst á þessu ári eftir mánuðum?

Úr greiðslukerfi Tryggingastofnunar ríkisins fengust eftirfarandi upplýsingar um fjölda þeirra sem fengu heimildaruppbót, elliheimilisuppbót og vasapeninga á árinu 1991:

Árið 1991	Heimildar-uppbót	Elliheimilis-uppbót	Vasapeningar
Janúar	7.867	1.067	383
Febrúar	7.971	1.073	383
Mars	8.032	1.071	388
Apríl	8.044	1.057	390
Maí	8.125	1.054	387
Júní	8.156	1.052	387
Júlí	8.194	1.050	468
Ágúst	8.237	1.044	508
September	8.212	1.050	580
Október	8.242	1.057	654
Nóvember	8.300	1.052	664

Hve miklum fjármunum verður varið í ár skv. 3. mgr. 19. gr. eins og horfur eru nú?

Útgjöld vegna þessara bótaflokka eru áætluð tæplega 1,3 milljarðar króna á árinu 1991, miðað við þau útgjöld sem komin voru í lok nóvember.

192. Fyrirspurn [175. mál]

til forsætisráðherra um upplýsingaskyldu ráðuneyta og opinberra stofnana.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hvaða reglur gilda um upplýsingaskyldu opinberra stofnana gagnvart alþingismönnum, félagasamtökum, einstaklingum og fjölmiðlum?
2. Hyggst ráðherra leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda?

193. Frumvarp til laga [176. mál]

um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna skal ekki inna af hendi greiðslur til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins vegna útflutnings á tímabilinu 1. janúar 1992 til 31. ágúst 1992.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar verða botnfiskveiðar og vinnsla rekin með um 5,5% tapi á árinu 1992 miðað við starfsskilyrði greinarinnar í september á þessu ári. Er áætlað að þessi halli muni leiða til þess að greiðslustaða þessara greina muni versna um 3 milljarða króna miðað við þann aflasamdrátt sem verður á milli áranna. Í þessu mati Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð nemi um 1 milljarði króna og er þá miðað við markaðsverð sjávarafurða í september 1991.

Í ljósi þeirra rekstrarerfiðleika, sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir, er með frumvarpi þessu lagt til að inngreiðslur í allar deildir Verðjöfnunarsjóðs falli niður tímabundið eða til upphafs næsta fiskveiðiárs sem hefst 1. september 1992. Þrátt fyrir þessa tímabundnu breytingu mun sjóðurinn starfa áfram þannig að komi til verðlækkana á tímabilinu getur stjórn hans ákveðið útgreiðslur eftir þeim reglum sem um sjóðinn gilda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sett verði viðaukaákvæði við lögin í því skyni að fresta tímabundið öllum inngreiðslum í sjóðinn. Verði frumvarp þetta að lögum verða því engar inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins vegna þeirra sjávarafurða sem fluttar verða út frá og með janúar 1992 til og með ágúst 1992. Þessi tímabundna breyting á starfsemi sjóðsins hefur engin áhrif á útgreiðslur sjóðsins skapist tilefni vegna lækkunar á markaðsverði.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Frumvarpið felur ekki í sér kostnaðarauka fyrir ríkisssjóð þar sem Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins hefur sjálfstæðan fjárhag.

194. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um eflingu íþróttaiðkunar kvenna.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Salome Þorkelsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að gert verði átak til að efla íþróttaiðkun kvenna. Áhersla verði lögð á mikilvægi íþrótta í líkamlegu og félagslegu uppeldi og sem fyrirbyggjandi aðgerðir til að bæta heilsu og vinnuþrek. Fjárframlög ríkisins til íþrótta skulu veitt með það að markmiði að gera íþróttaiðkun kvenna og karla jafnhátt undir höfði.

Greinargerð.

Flestir ættu að geta verið sammála um hve mikilvægar íþróttir eru bæði fyrir líkamlegt og félagslegt uppeldi fólks. Það sem hefur verið ágreiningsefni þeirra sem fjalla um íþróttir er hins vegar þær áherslur sem eru ríkjandi hjá þeim sem ráða ferðinni í þessum málum. Margir telja of mikla áherslu lagða á þjálfun meistaraflokka karla og landsliða karla í boltaíþróttum. Þessi lið fái einnig mesta fjármagnið.

Á Íslandi stunda um 100 þúsund manns íþróttir innan íþróttahreyfingarinnar og er áætlað að af þeim séu um þriðjungur konur. Orsakir fyrir því að svo fáar konur stunda íþróttir eru margar. Konur innan íþróttahreyfingarinnar og þeir sem vilja leggja aukna áherslu á kvennaíþróttir benda á margvíslegar ástæður.

— Kvennaíþróttir eru ekki nægilega virtar hér á landi.
— Mörg félög ráða þjálfara fyrst fyrir meistaraflokk karla síðan eru ráðnir þjálfarar fyrir yngri flokka og kvennaflokka sem verða þá afgangsstærð.
— Allt of algengt er að þegar tímum í íþróttahúsum er úthlutað fá stúlknaflokkar og kvennaflokkar undantekningalítið færri tíma en strákar. Karlaflokkarnir fá oft þann tíma sem þeim hentar en konurnar mæta afgangi.
— Of litlu fjármagni er veitt til íþróttaiðkunar kvenna.
— Of fáar konur eru í forustu íþróttahreyfingarinnar.

Nauðsynlegt er að jafnræði sé á milli karla og kvenna í forustu íþróttahreyfingarinnar.

Mjög lítið er fjallað um það á íþróttasíðum dagblaðanna hvað konur eru að gera í íþróttum. Það er ekki boðleg skýring að fólk vilji ekki lesa um það sem konur eru að gera á íþróttasviðinu.

Sundíþróttin er ein þeirra íþrótta þar sem jafnræði er í uppbyggingu milli stúlkna og drengja. Þau fá að byrja æfingar á sama aldri og umfjöllun í fjölmiðlum er ekki mismunandi eftir kynjum þótt ekki fari mikið fyrir henni. Sami þjálfari er fyrir bæði kyn og þegar farið er í keppnisferðir er ekki spurt um kynferði þegar ákveðið er hverjir skuli taka þátt í ferðinni. Af þeim sem iðka sund sem keppnisgrein eru 72% konur.

Stúlkur hafa besta möguleika á að stunda sund, fimleika og ballett. Það eru taldar vera stúlknaíþróttir og þar er mikið fyrir þær gert og þjálfun hefst snemma. Kröfurnar í þessum greinum eru hins vegar mjög miklar. Þess eru dæmi að stúlkur æfi 10–30 tíma í viku í fimleikum og sundfólk æfir allt að 4–6 tíma á dag.

Fjármunir til íþróttahreyfingarinnar koma úr ýmsum áttum. Þar má nefna styrki frá ríki og bæjarfélögum, lottó, getraunir, happdrætti, auglýsingar, sjónvarpstekjur vegna útsendinga, áhorfendur o.fl. Þannig er ríkissjóður, bæjarfélög, ríkisfyrirtæki, almenn fyrirtæki og almenningur að styrkja íþróttahreyfinguna í þeirri góðu trú vonandi að allir, bæði konur og karlar, stúlkur og drengir, njóti jafnt.

Í Noregi var gert átak í kvennaíþróttum með miklum árangri. Á árunum 1984–1986 ákvað norska handknattleikssambandið að verja jafnmiklum fjármunum til uppbyggingar kvenna- og karlalandsliða sinna. Þá voru bæði liðin í svokölluðum C-hópi keppnisþjóða. Árið 1986 varð norska kvennalandsliðið nr. 3 á heimsmeistaramóti kvenna og hlaut silfurverðlaun á Ólympíuleikunum 1988. Íslendingar ættu að læra af þessu og verja jafnmiklum fjármunum í kvenna- og karlaíþróttir.

Íþróttahreyfingin starfar eftir hugsjóninni heilbrigð sál í hraustum líkama. Nauðsynlegt er að konur fái sama tækifæri og karlar til að öðlast heilbrigða sál í hraustum líkama innan íþróttahreyfingarinnar.

195. Fyrirspurn [178. mál]

til sjávarútvegsráðherra um loðnuveiði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hversu mikið hefur veiðst árlega í heild af loðnu á svæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen frá árinu 1986 að telja og hversu mikið hefur ár hvert komið í hlut einstakra ríkja og Evrópubandalagsins mælt í tonnum og sem hlutfall af heildarveiði?

Skriflegt svar óskast.

196. Svar [52. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um skattalega meðferð á keyptum aflakvóta.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvernig telur ráðherra það samrýmast 1. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, að kaup á varanlegum veiðiheimildum séu eignfærð í efnahagsreikningi og fyrnd eftir sömu reglum og gildir um skip og skipsbúnað, sbr. bréf ríkisskattstjóra dagsett 4. júlí 1990 til allra skattstjóra?*
2. *Telur ráðherra að unnt sé með lagabreytingu eða afnámi laga að svipta kaupanda eign sinni, þ.e. þeim varanlegu veiðiheimildum sem eignfærðar eru samkvæmt áður tilvitnuðu bréfi ríkisskattstjóra og mynda jafnframt stofn til eignarskatts?*
3. *Gilda sömu reglur um skattalega meðferð á keyptum varanlegum veiðiheimildum (aflahlutdeild) ef kaup eiga sér stað eftir gildistöku laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða? Ef svo er ekki, hverjar eru reglurnar?*
4. *Ef svarið við 3. lið felur í sér að kaup á aflahlutdeild eru eignfærð og fyrnd, hver er rökstuðningurinn fyrir þeirri niðurstöðu, sérstaklega með hliðsjón af 1. gr. laganna; telur þá ráðherra unnt að svipta kaupanda séreign sinni síðar með lagabreytingu eða afnámi laga?*

Fjármálaráðherra hefur fengið umsögn ríkisskattstjóra um framangreinda fyrirspurn. Í þeirri umsögn kemur fram að nokkur mál, er varða breytingar skattstjóra á færslu aflakvóta í ársreikningum, hafa verið kærð til skattstjóra. Í a.m.k. fjórum tilvikum hefur úrskurði skattstjóra í slíkum málum verið skotið til ríkisskattanefndar og um þau atriði, sem spurt er um í fyrirspurninni, er því deilt fyrir þeim aðilum sem úrskurðarvald hafa um skattaleg deiluefni. Það skal tekið fram að ríkisskattanefnd hefur ekki kveðið upp úrskurði í málum þessum.

Þar sem fyrirspurnin varðar sérstök álitaefni varðandi skattalega meðferð veiðiheimilda þykir rétt, samhengis vegna, að gerð sé grein fyrir skattalegri meðferð á fiskveiðiheimildum eins og ríkisskattsjóri hefur kynnt hana í dreifibréfum sínum. Sú meðferð er í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Ekki er gerð krafa af hálfu skattyfirvalda til þess að áunninn kvóta, sem úthlutað er á skip af sjávarútvegsráðuneytinu, skuli eignfæra.
2. Kaup á framtíðarveiðiheimildum skal eignfæra og afskrifa árlega með sama fyrningarhlutfalli og skip og skipsbúnað, þ.e. 8%.
3. Þegar skip er keypt með veiðiheimildum skal í skattskilum greina á milli veiðiheimildanna og skipsins, þ.e. hvert sé kaupverð skipsins og hvert sé kaupverð veiðiheimildanna.
4. Kaupverð veiðiheimilda, sem keyptar eru til eins árs (skammtímakvóti), skal gjaldfæra að fullu á því ári þegar rétturinn er notaður.

Með hliðsjón af þessu og framangreindri umsögn ríkisskattstjóra hefur fjármálaráðherra tekið saman eftirfarandi greinargerð sem svar við fyrirspurn þessari.

1. Gildandi lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, kveða ekki beint á um hvernig skuli fara með þessi verðmæti. En í 73. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði:

„Til skattskyldra eigna skal telja allar fasteignir, lausafé og hvers konar önnur verðmæt eignarréttindi, með þeim takmörkunum sem um ræðir í 75. gr., og skiptir ekki máli hvort eignirnar gefa af sér arð eða ekki.“

Lögin byggja þannig á mjög víðtæku eignarhugtaki. Í 32. gr. sömu laga er fjallað um fyrnanlegar eignir. Þar eru tilgreindir hefðbundnir varanlegir rekstrarfjármunir eins og skip, vélar, tæki og mannvirki. En auk þess eru þar tilgreindar sem fyrnanlegar eignir ýmsar óáþreifanlegar eignir, t.d. keyptur réttur til nýtingar eyðanlegra náttúruauðæfa og keyptur réttur til vörumerkis og einkaleyfis. Þegar kvóti er keyptur til frambúðar er ljóst að verið er að kaupa réttindi til veiða. Þessi réttindi hafa viðskiptaverð á milli kaupanda og seljanda og eru eðlislík þeim óáþreifanlegu eignum sem talin eru í 32. gr. Það er því ljóst að rétt er að eignfæra kaup á varanlegum fiskveiðiheimildum samkvæmt gildandi skattalögum þar sem hér er um að ræða eign í skilningi skattaréttar.

Þar sem keypt fiskveiðiréttindi eru ekki nefnd í 32. gr. tekjuskattslaga hefur ekki þótt nægileg lagastoð fyrir því að fyrna þessi réttindi með sama hætti og þau óáþreifanlegu réttindi sem þar eru nefnd. Réttindi þessi eru lögum samkvæmt tengd skipum og hefur því niðurstaða ríkisskattstjóra orðið sú að leyfa fyrningu þeirra með sama hætti og eftir sömu reglum og gildir um skip og skipsbúnað. Varðandi nánari rökstuðning fyrir afskrift fiskveiðiréttinda má nefna að óvissa er um nýtingarmöguleika aðila á umræddum réttindum vegna endurskoðunarákvæða í lögum um stjórn fiskveiða. Þá má nefna almenna áhættu varðandi stærð fiskstofna, veiddan afla o.s.frv. Það ákvæði 1. gr. laga nr. 3/1988 að fiskstofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar rökstyður enn frekar að réttindi til að veiða þessa stofna séu afskrifanleg. Viðbótarákvæði 1. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða um að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði yfir veiðiheimildum undirstrikar enn óvissu þessara réttinda og styrkir þannig það sjónarmið að þau beri að afskrifa.

Samkvæmt framansögðu er það álit fjármálaráðherra að það samrýmist vel 1. gr. laga nr. 3/1988 og núgildandi 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að kaup á varanlegum veiðiheimildum séu eignfærð í efnahagsreikningi og fyrnd eftir sömu reglum og gilda um skip og skipsbúnað.

Loks má geta þess að reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda hefur gefið það álit um reikningshaldslega meðferð aflakvóta að kvóta, sem keyptur er til frambúðar, skuli eignfæra á kaupverði og afskrifa, sbr. nánara álit nefndarinnar, dags. 26. ágúst sl.

2. Varðandi þennan lið fyrirspurnarinnar er rétt að vekja athygli á álitsgerð Lagastofnunar Háskóla Íslands, dags. 1. maí 1990, til sjávarútvegsnefndar Alþingis um tiltekna þætti frumvarps til laga um stjórn fiskveiða. Varðandi þann þátt fyrirspurnarinnar, er lýtur að því hver áhrif hugsanlegt afnám eða breyting laga um stjórn fiskveiða hefði á stofn til eignarskatts, er því til að svara að álit skattyfirvalda á skattalegri meðferð á keyptum aflakvóta hlýtur að miðast við gildandi lög hverju sinni. Svo sem ráða má af nefndri álitsgerð er hér um að ræða mjög vandasamt úrlausnarefni á sviði stjórnskipunarréttar. Fjármálaráðherra telur óeðlilegt að gefa álit á þessu álitaefni fyrr en tillögur í þá veru liggja fyrir í einstökum atriðum. Væntanlega mundu slíkar tillögur einnig fela í sér afstöðu til þess sem spurt er um í fyrirspurninni.

3. Í niðurlagi bréfs ríkisskattstjóra, dags. 22. júní 1990, kemur eftirfarandi fram:

„Í ljósi nýrra laga um stjórn fiskveiða, sem samþykkt voru á Alþingi í vor og eru nr. 38 15. maí 1990 og koma til framkvæmda á næsta ári, getur komið til álita að endurskoða þessa ákvörðun ríkisskattstjóra um eignfærslu og fyrningu aflakvóta."

Í framhaldi af þessu er rétt að taka fram að samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra hafa engin ný fyrirmæli varðandi skattalega meðferð á fiskveiðiheimildum verið send út til skattstjóra.

Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra lítur embætti hans svo á að álit hans varð-

andi meðferð fiskveiðiheimilda í skattskilum, er fram komu í bréfum hans frá 22. júní og 4. júlí 1990, standi þangað til annað verði ákveðið. Í þessu sambandi er rétt að minna á þau ágreiningsmál sem nú eru til útskurðar hjá ríkisskattanefnd og nefnd voru í upphafi bréfs þessa.

4. Um þetta vísast til svara við 1. og 2. lið.

197. Frumvarp til laga [179. mál]

um þriggja ára þróunarátak í skipasmíðaiðnaði, nýsmíðum og skipaviðgerðum.

Flm.: Svavar Gestsson, Steingrímur J. Sigfússon, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Lög þessi kveða á um þriggja ára þróunarátak í íslenskum skipasmíðaiðnaði, nýsmíði og viðgerðum. Tilgangur laganna er að auka samkeppnishæfni íslenska skipasmíðaiðnaðarins.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands skal frá og með árinu 1992 til ársloka 1995 aldrei veita hærra lán til smíða eða viðgerða á fiskiskipi erlendis en sem nemur 40% af verði skipsins. Hámarkslán til skipasmíði innan lands skal nema 75%.

3. gr.

Þegar skip er tekið til úreldingar á móti nýju skipi skal draga 20% frá stærð skipsins sem úrelt er ef nýja skipið er smíðað erlendis.

4. gr.

Áður en samningur er gerður um smíði eða viðgerðir á skipi erlendis skal kanna hvort um er að ræða beina eða óbeina ríkisstyrki eða niðurgreiðslur til viðkomandi skipasmíðastöðvar. Leiði könnunin það í ljós að um opinberar stuðningsaðgerðir sé að ræða getur fjármálaráðherra lagt jöfnunargjald á samningsverðið sem nemur allt að 6%.

5. gr.

Verði lagt á jöfnunargjald skv. 4. gr. skal fjármununum varið til þróunarverkefna í skipasmíðaiðnaði eftir nánari reglum sem tilgreindar verða í reglugerð.

6. gr.

Áður en gerður er samningur um nýsmíði á fiskiskipi erlendis eða samningur um meiri háttar viðgerð á skipi erlendis skal ævinlega fara fram útboð sem íslenskar skipasmíðastöðvar geta tekið þátt í samkvæmt reglum sem settar verði að tillögu stjórnar skv. 7. gr.

7. gr.

Til þess að stuðla að samstarfi þeirra aðila, sem í hlut eiga samkvæmt lögum þessum, skipar iðnaðarráðherra fimm manna þróunarstjórn sem fylgist með framkvæmd laganna. Stjórnin er skipuð einum manni frá Fiskveiðasjóði, einum manni sem tilnefndur er af sjávarútvegsráðherra, einum fulltrúa sem tilnefndur er af samtökum launafólks í greininni, einum manni sem tilnefndur er af atvinnurekendum í greininni og einum manni

sem tilnefndur er af iðnaðarráðherra og er hann formaður nefndarinnar.

8. gr.

Stjórnin skv. 7. gr. beitir sér fyrir samstarfi þeirra aðila sem mestu skipta um þróun skipasmíðaiðnaðarins, bæði fulltrúa launafólks í greininni og atvinnurekenda, fulltrúa rannsóknastofnana og ráðuneyta. Stjórnin skal sérstaklega beita sér fyrir markaðssetningu á vörum og þjónustu íslenska skipasmíðaiðnaðarins.

9. gr.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laganna.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992 og falla úr gildi 31. desember 1995.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna þess vanda sem blasir við íslenskum skipasmíðaiðnaði. Í ályktun aðalfundar Félags dráttarbrauta og skipasmiðja 1991 segir m.a.: „Staða íslensks skipasmíðaiðnaðar hefur aldrei verið verri en nú.“ Það er því ljóst að grípa verður til sérstakra björgunaraðgerða eigi skipasmíðar og skipaviðgerðir á Íslandi ekki að leggjast af. Nauðsynlegt er að hafa í huga að vandinn snýst ekki einungis um skipasmíðaiðnaðinn í þrengstu merkingu. Afleidd störf skipta hundruðum og þá er einnig mikilvægt að hafa í huga að skipasmíðastöðvarnar hafa verið mikilvægur verkmenntastaður fyrir skipasmiði, málmiðnaðarmenn og rafvirkja. Það hefur því augljóslega fjölþætt og alvarleg áhrif ef skipasmíðaiðnaðurinn leggst af.

Nauðsynlegt er einnig að minna á mikilvægi þess fyrir fiskveiðiþjóð umfram aðrar þjóðir að hafa góðan og öflugan skipasmíðaiðnað. Það er beinlínis mikilvægt sjálfstæðismál að greinin nái að dafna og þróast.

Hér á landi er mikil verkþekking í skipasmíðum og skipaviðgerðum. Þessi iðngrein getur því með markvissum ráðstöfunum orðið samkeppnisfær við skipasmíðar í grannlöndum okkar. Til þess að svo megi verða þarf hins vegar skýra stefnu í stað stefnuleysis undanfarinna ára.

Ástæður vandans eru að mati flutningsmanna ekki síst þær að ekki hefur verið tekið heildstætt á málefnum skipasmíðaiðnaðarins á undanförnum árum. Þess vegna hefur iðngreinin grotnað niður og stendur nú frammi fyrir því að leggjast af á næstu tveimur til fjórum missirum að mati þeirra sem starfa í skipasmíðaiðnaði hér á landi.

Í frumvarpi því, sem hér er flutt, er lagt til að gripið verði til heildaraðgerða til að koma í veg fyrir að skipasmíðaiðnaður leggist af á Íslandi. Ákveðið verði að efna til tímabundins þróunarátaks í íslenskum skipasmíðaiðnaði. Gert verði ráð fyrir að átakið standi yfir í þrjú ár. Rökin fyrir tímabundnu átaki eru m.a. þau að ríkisstyrkir hljóta að fara minnkandi á komandi árum. Þegar ríkisstyrkir og niðurgreiðslur opinberra aðila í samkeppnislöndum okkar eru felld niður verður íslenskur skipasmíðaiðnaður að fullu samkeppnisfær. Verði hins vegar ekki gripið til aðgerða af því tagi sem hér er gert ráð fyrir mun skipasmíðaiðnaður lognast út af og enginn verður til þess að taka við iðngreininni þegar ríkisstyrkjakerfi samkeppnislandanna er aflagt og eðlileg samkeppnisskilyrði hafa skapast.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er skýrður tilgangur laganna.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að Fiskveiðasjóður megi lána mest 40% út á smíði skipa erlendis en 75% mest hérlendis. Hér er komið til móts við mikilvæga kröfu skipasmíðaiðnaðarins.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að skip, sem er úrelt á móti nýsmíði erlendis, verði reiknað 20% minna en það er í raun þannig að úrelding á móti skipum, sem smíðuð eru erlendis, verði meiri en kveðið er á um í þeim úreldingarreglum sem gilda þegar skip eru smíðuð hér á landi.

Um 4. gr.

Lagt er til að fjármálaráðherra hafi heimild til að leggja á allt að 6% jöfnunartoll þegar um er að ræða ríkisstyrki til þeirra erlendu skipasmíðastöðva sem smíða eða gera við skip fyrir Íslendinga. Í Noregi eru nú í smíðum fimm skip fyrir íslenskan markað. Þau kosta 3,1 milljarð króna. Talið er að í Noregi sé um að ræða um 12% ríkisstyrki til skipasmíðastöðvanna. Með 6% jöfnunargjaldi er aðeins verið að vega upp um helming af þeim niðurgreiðslum sem eiga sér stað í Noregi.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að lagt verði á jöfnunargjald sem skal varið til sérstaks þróunar- og markaðsátaks í þágu íslensks skipasmíðaiðnaðar.

Um 6. gr.

Ein aðalkrafa skipasmíðaiðnaðarins hefur verið sú að íslenskum skipasmíðastöðvum gefist alltaf kostur á að bjóða í verk nýsmíða eða viðgerða. Á því hefur verið misbrestur. Hér er gert ráð fyrir breytingum í þeim efnum og er ætlast til þess að þróunarstjórnin fylgist sérstaklega með þessum þætti mála.

Um 7. og 8. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þróunarátakið verði unnið undir forustu fimm manna stjórnar sem skipuð verði af iðnaðarráðherra. Stjórnin skal sérstaklega leitast við að sinna markaðsmálum skipasmíðaiðnaðarins, en jafnframt skal hún standa fyrir samvinnu allra þeirra aðila sem hluta eiga að máli hér á landi eftir því sem ástæður leyfa. Þá skal stjórnin vera iðnaðarráðherra til ráðuneytis um framkvæmd laganna. Einn meginvandi íslenskra fyrirtækja felst í því að hér er lagður á tiltölulega hár veltuskattur, aðstöðugjald, sem er ekki lagður á í grannlöndum okkar. Gera verður ráð fyrir að þróunarstjórnin beiti sér fyrir aðgerðum á þessu sviði þannig að opinber gjöld verði endurskoðuð.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa. Nánar verður fjallað um málið í framsöguræðu.

198. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um fráveitumál sveitarfélaga.

Flm.: Sigurður Hlöðvesson, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta gera úttekt á stöðu fráveitumála hjá sveitarfélögum í landinu, meta kostnað við úrbætur og gera tillögur um hvernig sveitarfélögum verði auðveldað að standa undir kostnaði við úrbætur.

Greinargerð.

Þann 1. jan. 1990 tók gildi mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989. Í reglugerðinni eru mjög hertar kröfur um hreinsun og hámarksgerlamengun skolps sem leitt er í sjó.

Það er ljóst að víða er ástand fráveitumála mjög slæmt og kostnaðarsamt að gera viðeigandi úrbætur til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar. Jafnframt er ljóst að brýn nauðsyn er á úrbótum, ekki síst ef litið er til þess að við framleiðum matvæli sem við kynnum sem úrvals vöru unna úr hráefni úr hreinu og ómenguðu umhverfi. Ætla má að möguleikar okkar í matvælaframleiðslu í framtíðinni liggi fyrst og fremst í að framleiða hágæðavöru. Þess vegna verðum við nú þegar að gera úrbætur í mengunarmálum þannig að við getum viðhaldið þeirri ímynd sem tekist hefur að skapa að Ísland sé hreint og ómengað matvælaframleiðsluland.

Kostnaður sveitarfélaga við úrbætur í frárennslismálum er mjög mikill. Til þess að flýta fyrir úrbótum þarf að koma til aðstoð við fjármögnun stofnkostnaðar og leita þarf leiða til að létta sveitarfélögunum þá fjármögnun.

Ítarleg skýrsla hefur verið unnin um framtíðarskipan sorphirðu, meðferð úrgangsefna og endurvinnslu. Nauðsynlegt er einnig að vinna tillögur til úrbóta í fráveitumálum þannig að uppfylla megi ákvæði mengunarvarnareglugerðarinnar.

Tillaga þessi er flutt með það að markmiði að ástand fráveitumála sveitarfélaga verði kannað þannig að hægt sé að meta kostnað við úrbætur og gera tillögur um leiðir til að létta sveitarfélögum fjármögnun á nauðsynlegum úrbótum.

199. Frumvarp til laga [181. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Jón Kristjánsson.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „örorkulífeyris“ bætist: umönnunarbóta.
b. Orðið „makabóta“ fellur brott.

2. gr.

Í stað 13. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 73/1985, koma tvær nýjar greinar og breytist greinatala laganna samkvæmt því. Greinarnar orðast svo:

a. (13. gr.)

Maki eða sá, sem heldur heimili með og annast elli- eða örorkulífeyrisþega og get-

ur af þeim sökum ekki stundað nema takmarkaða vinnu utan heimilis, á rétt á umönnunarbótum er nemi allt að 47.111 kr. á mánuði. Bæturnar skerðast sem nemur tekjum af vinnu utan heimilis.

b. (14. gr.)

Greiða má framfærendum sjúkra barna innan 16 ára aldurs, sem dveljast í heimahúsi, allt að 47.111 kr. á mánuði ef andleg eða líkamleg veikindi barnsins hafa í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu. Dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerðir bætur samkvæmt þessari grein, sbr. reglugerð er ráðherra setur, að fengnum tillögum tryggingaráðs, um framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 43. laganna, sbr. 15. gr. laga nr. 87/1989 og 3. gr. laga nr. 122/1989:

a. J-liður orðast svo:

Ferðakostnað sjúklings og fylgdarmanns hans þegar sjúklingur þarfnast meðferðar eða óhjákvæmilegs eftirlits, með eða án innlagnar, hjá nánar tilgreindum heilbrigðisstéttum. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa stafliðar.

b. Við bætist nýr stafliður, l-liður, og orðast svo:

Uppihaldsstyrk til sjúklings og/eða fylgdarmanns ef dveljast þarf 14 daga samfellt eða lengur á 12 mánaða tímabili vegna læknismeðferðar utan heimabyggðar. Uppihaldsstyrkur greiðist frá og með 15. degi. Skilyrði er að ekki sé hægt að veita sjúklingi nauðsynlega meðferð í heimabyggð. Styrkur til sjúklings miðast við dvöl hans utan sjúkrahúss. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa stafliðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Málefni krabbameinssjúkra barna hafa mikið verið til umfjöllunar að undanförnu. 2. júní sl. lýsti heilbrigðis- og tryggingmálaráðherra því yfir að hann hygðist með breytingu á lögum um almannatryggingar bæta úr fyrir þessum hópi. Foreldrar og aðstandendur þessara barna hafa beðið eftir breytingu á almannatryggingalöggjöfinni í von um bættan hag og réttarstöðu þessa hóps.

Ástæðan fyrir því að frumvarp þetta er nú flutt er sú að fyrir skömmu svaraði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fyrirspurn á Alþingi um málefni krabbameinssjúkra barna. Í svari hans kom fram að eina breytingin, sem hann hygðist gera á réttarstöðu þessa hóps, væri að færa 10 gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, inn í almannatryggingalögin en staðreyndin er sú að langstærstur hluti krabbameinssjúkra barna hefur í dag möguleika á greiðslum skv. 10. gr. Sú breyting ein og sér mun því litlu breyta fyrir þessi börn og aðstandendur þeirra.

Árlega greinast 8–10 börn með krabbamein hér á landi. Meðferð stendur misjafnlega lengi en þó má reikna með að hún geti staðið í allt að 3–5 ár. Það getur skipt sköpum fyrir árangur að barnið fái bestu mögulega meðferð og hjúkrun meðan á veikindunum stendur. Mikilvægt er að barnið geti dvalið utan sjúkrahúss meðan á meðferð stendur því umönnun foreldra og aðstandenda getur haft mikil áhrif á árangur meðferðarinnar. Því er afskaplega mikilvægt að gera foreldrum barnanna kleift að sinna börnunum eftir bestu getu og veita þeim alla þá umönnun sem kostur er. Til þess að slíkt sé hægt þá þarf oft annar eða báðir foreldrar að taka sér frí úr vinnu. Því er mikilvægt að almannatrygging-

arnar geti hlaupið undir bagga með þessum hópi. Samkvæmt almannatryggingalögunum eiga börn sem haldin eru alvarlegum sjúkdómum eins og krabbameini rétt á barnaörorkubótum. Barnaörorkan skiptist í þrjá flokka sem metin er eftir umönnunarþörf þeirra umfram heilbrigð börn á sama aldri. Mest getur hún orðið 75% af grunnlífeyri eða 9.092 kr. á mánuði og eru flest börn, sem haldin eru krabbameini, í þessum örorkuflokki en þessi börn, foreldrar eða aðstandendur þeirra eiga ekki rétt á neinum tengdum bótum. Ferðakostnaður er greiddur þannig að innan bæjar greiðist ⅔ hluti ferðar í leigubíl að því tilskildu að foreldrarnir eigi ekki bifreið. Með lengri ferðir er almenna reglan sú að ⅔ hlutar fargjalds með áætlunarbíl eru greiddir af sjúkratryggingum. Bensínstyrkur fæst ekki greiddur fyrir þennan hóp.

Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir að þær réttindabætur, sem í frumvarpinu eru, nái einungis til krabbameinssjúkra barna, foreldra og aðstandenda þeirra, heldur almennt til sjúkra barna. Oft og tíðum þurfa foreldrar og aðstandendur barna utan af landi að dveljast langdvölum í höfuðborginni til að leita sér sérfræðilæknishjálpar sem ekki er hægt að veita í heimabyggð. Því er gert ráð fyrir í þessu frumvarpi að hægt sé að greiða uppihaldsstyrk til sjúklings og/eða fylgdarmanns ef dveljast þarf 14 daga samfellt eða lengur á 12 mánaða tímabili utan heimabyggðar vegna læknismeðferðar.

Þær reglur, sem nú gilda um greiðslur almannatrygginga á ferðakostnaði sjúklinga og fylgdarmanns, eru flóknar og erfiðar í framkvæmd. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til á greiðslu ferðakostnaðar fyrir sjúkling og fylgdarmann, eru gildandi reglur rýmkaðar og einfaldaðar. Frumvarp þetta nær ekki einvörðungu til barna, foreldra og aðstandenda þeirra heldur er einnig gert ráð fyrir því í 2. gr. frumvarpsins að ákvæði 13. gr. laga nr. 67/1971, sem fjallar um svokallaðar makabætur, falli niður en í staðinn komi umönnunarbætur vegna elli- og örorkulífeyrisþega. Þar er gert ráð fyrir því að maki eða sá, sem heldur heimili með og annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki stundað nema takmarkaða vinnu utan heimilis, eigi rétt á umönnunarbótum. Núgildandi lög ná einungis til maka eða með öðrum orðum að makabætur þær, sem nú er gert ráð fyrir í almannatryggingalögunum, verði að umönnunarbótum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að inn í 10. gr. laganna komi umönnunarbætur þannig að lífeyristryggingar taki til þeirra sem sjálfstæðs bótaflokks og er í því fólgin viðurkenning á umönnunarbótum innan almannatryggingakerfisins.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að umönnunarbætur komi í stað makabóta í 13. gr. laganna, en ekki er fjallað um makabætur annars staðar í almannatryggingalögunum. Því er lagt til að makabætur falli brott úr 10. gr. laganna.

Um 2. gr.

(Ný 13. gr.)

Ákvæði greinarinnar fela í sér rýmkun frá eldri lögum. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 67/1971 átti aðeins maki rétt á bótum fyrir umönnun elli- og örorkulífeyrisþega, en nú á ekki einungis maki rétt á umönnunarbótum heldur getur heimilisfastur einstaklingur átt rétt á bótum fyrir umönnun elli- eða örorkulífeyrisþega, þ.e. makabætur verða að umönnunarbótum. Hér er gert ráð fyrir töluverðri fjölgun bótaþega, en leið þessi er talin þjóðhagslega hagkvæm. Þetta er og í samræmi við þá stefnu að elli- og örorkulífeyrisþegar njóti aðhlynningar í heimahúsum svo lengi sem þeir óska og færi gefst.

(Ný 14. gr.)

Umönnunarbætur vegna sjúkra barna koma í stað barnaörorku. Hér er um verulega hækkun bótafjárhæðar að ræða. Við ákvörðun fjárhæðar skal höfð hliðsjón af fjárhæðum bóta skv. 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Greiðslur samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1983 heyra nú undir félagsmálaráðuneytið en Tryggingastofnun ríkisins hefur annast milligöngu þeirra. Barnaörorka og greiðslur skv. 10. gr. hafa skarast til þessa en greiðslur vegna barnaörorku eru mun lægri.

Um 3. gr.

(Nýr j-liður 1. mgr. 43. gr.)

Þessi liður er um margt sambærilegur við j-lið 43. gr. laga nr. 67/1971. Reglur um ferðakostnað eru þó rýmkaðar og aðstandendur teknir inn. Einnig gerir greinin ráð fyrir að í þeim reglum, sem ráðherra setur, sé getið um til hvaða heilbrigðisstétta greinin nái, en í núgildandi lögum er þetta eingöngu bundið við lækni eða ferðakostnað tengdan innlögn á sjúkrahús.

(Nýr liður, l-liður, 1. mgr. 43. gr.)

Greiðsla uppihaldsstyrks er nýmæli. Þeir sem vegna veikinda þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimabyggð verða oftast að leggja út verulegt fé. Er þessari grein ætlað að koma til móts við þessi útgjöld.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

200. Frumvarp til laga [182. mál]

um kynningu á íslenskri menningu.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að öflugri og skipulegri kynningu á íslenskri menningu erlendis. Í því skyni starfar skrifstofa er nefnist Miðstöð íslenskrar menningarkynningar.

2. gr.

Meginhlutverk skrifstofunnar er að vinna að því að kynna erlendum aðilum íslenska menningu.

Verkefni skrifstofunnar eru:

1. Að stuðla eins og frekast er kostur að samvinnu þeirra aðila sem annast kynningu á íslenskri menningu.
2. Að annast upplýsingaþjónustu gagnvart erlendum aðilum um íslenska menningu.
3. Að hafa frumkvæði að og annast skipulag á kynningu á íslenskri menningu erlendis.
4. Skrifstofunni er heimilt að taka þátt í kynningu íslenskrar menningar hérlendis.

3. gr.

Miðstöð íslenskrar menningarkynningar lýtur yfirumsjón menntamálaráðuneytisins.

Í stjórn skrifstofunnar eiga sæti þrír menn skipaðir af menntamálaráðherra sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en hinn skal vera frá fyrirtækjum og stofnunum sem fást við að flytja út íslenskt menningarefni. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Í tengslum við skrifstofuna skal starfa ráðgjafarhópur skipaður fulltrúum helstu listgreina í landinu.

4. gr.

Menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra skrifstofunnar til þriggja ára í senn með heimild til endurráðningar tvisvar í önnur þrjú ár. Framkvæmdastjórinn er ráðinn að fengnum tillögum stjórnar skrifstofunnar.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið með samþykki stjórnar og eftir því sem fjárheimildir standa til.

5. gr.

Tekjur skrifstofunnar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
2. Framlög sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga.

6. gr.

Skrifstofan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Hún skal vera undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga.

7. gr.

Menntamálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var upphaflega samið af nefnd sem skipuð var af menntamálaráðherra til þess að gera tillögur um útflutning á íslenskum menningarverðmætum hvaða nafni sem þau nefnast. Um frumvarpsdrögin náðist fullt samkomulag með þeim fulltrúum þáverandi stjórnarflokka sem falið var að gera tillögur um málið.

Frumvarpið er nú lagt fram af þingmönnum Alþýðubandalagsins í samræmi við þá stefnu flokksins sem birtist m.a. í kosningastefnuskrá hans fyrir síðustu alþingiskosningar.

Þegar frumvarpið var lagt fram í ríkisstjórn fylgdi því eftirfarandi greinargerð og athugasemdir:

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem menntamálaráðherra skipaði í byrjun janúar 1991 og í áttu sæti Halldór Guðmundsson, tilnefndur af fjármálaráðherra, Jakob F. Magnússon, tilnefndur af utanríkisráðherra, Jón Sveinsson, tilnefndur af forsætisráðherra, og Guðrún Ágústsdóttir, tilnefnd af menntamálaráðherra.

Mikil ásókn hefur verið í kynningu á íslenskri menningu erlendis. Eftirspurn erlendis frá hefur aukist og er margföld á við það sem unnt hefur verið að anna. Ljóst er að

þennan mikla áhuga á íslenskri menningu erlendis má nýta betur en gert hefur verið og árangurinn þarf að festa í sessi. Kynning íslenskrar listar erlendis ætti að vera mikilvægur liður í útflutningi landsmanna.

Að undanförnu hefur hvað eftir annað verið efnt til kynningar íslenskrar menningar erlendis með góðum árangri. Samt skortir mjög á nauðsynlega samhæfingu á þessu sviði og tilviljun ræður oft miklu um hvernig til tekst. Þess vegna er æskilegt að stofnuð verði sérstök skrifstofa sem geti eflt samstarf þeirra aðila sem koma við sögu í kynningu á íslenskri list og menningu erlendis. Hlutverk skrifstofunnar yrði með öðrum orðum það að vera samtengjandi skipulagsaðili, svara fyrirspurnum og beiðnum um íslenska menningarkynningu erlendis frá og hafa frumkvæði að kynningu íslenskrar menningar erlendis. Lengi hafa verið til sérstök lög um Útflutningsráð, en þar er ekki sérstaklega fjallað um menningarmál. Oft hefur verið rætt um það hvort menningarmálin eigi heima í sömu stofnun. Það hefur af ýmsum ástæðum ekki þótt ráðlegt. Ástæðan er aðallega sú að þeir aðilar, sem kynna vörur sínar á vegum Útflutningsráðs, fjármagna starfsemi þess með óbeinum og beinum hætti en skrifstofa, sem kynnir íslenska menningu erlendis, hlýtur öðru fremur að fjármagnast af opinberum aðilum eðli málsins samkvæmt. Þó er í þessu frumvarpi eins og síðar kemur fram gert ráð fyrir því að skrifstofan geti safnað framlögum fyrirtækja til einstakra kynningarverkefna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrsta grein fjallar um markmið laganna sem er að stuðla að öflugri og skipulegri kynningu á íslenskri menningu erlendis með stofnun skrifstofu sem einkum beiti sér fyrir því að kynna útlendingum íslenska menningu af öllu tagi.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð áhersla á það meginverkefni skrifstofunnar að vera samtengjandi skipulagsaðili fyrir þá sem kynna vilja íslenska menningu erlendis. Hér er skilgreint hvaða verkefni skrifstofan hefur á sínum höndum. Í 4. tölul. er einkum átt við kynningu á íslenskri menningu fyrir útlendinga hér á landi, ferðamenn, fræðimenn og aðra þá sem áhuga kunna að hafa.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um stjórn skrifstofunnar. Í stjórninni eiga þessir aðilar fulltrúa:

1. Samtök listamanna.
2. Fulltrúi frá aðilum sem fást við að flytja út íslenskt menningarefni. Má þar nefna sem dæmi Listasafn Íslands, listasöfn Reykjavíkur, Tónverkamiðstöðina, Félag íslenskra bókaútgefenda, Samtök hljómplötuframleiðenda, Félag íslenskra kvikmyndaframleiðenda.
3. Menntamálaráðuneytið sem ber ábyrgð á þessari starfsemi.

Með skipan ráðgjafarhóps myndast tengsl við allar helstu listgreinar og þar með listamenn í landinu. Ráðgjafarhópurinn getur verið til ráðuneytis um almenna stefnumótun varðandi kynningu á íslenskri list. Í reglugerð skal tilgreina hvaða samtök listamanna tilnefna fulltrúa í ráðgjafarhópinn. En nefna má í því sambandi Rithöfundasamband Íslands, leiklistarráð, Tónskáldafélag Íslands, Félag íslenskra tónlistarmanna, Félag íslenkra hljómlistarmanna, Félag íslenskra tónskálda og textahöfunda, Arkitektafélags Íslands, Félag kvikmyndagerðarmanna og Samband íslenskra myndlistarmanna.

Um 4. gr.

Ætlast er til að stjórn miðstöðvarinnar geri tillögur um framkvæmdarstjóra hennar sem ræður starfslið að öðru leyti samkvæmt ákvörðunum á fjárlögum hverju sinni.

Um 5. gr.

Í greininni er undirstrikað að skrifstofan geti auk fjármuna á fjárlögum beitt sér fyrir því að sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar eða félagasamtök leggi fram fé til annarra verkefna eftir því sem þurfa þykir.

Um 6.–8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

201. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um útboð.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa nefnd er hafi það verkefni að semja frumvarp til útboðslaga.

Starf nefndarinnar skal miða við að hægt verði að leggja frumvarpið fram í október 1992.

Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila.

Greinargerð.

Grundvallarhugmynd útboðsfyrirkomulagsins er að koma á verðsamkeppni þar sem kostir heilbrigðrar samkeppni fá að njóta sín innan viðurkenndra leikreglna.

Brýna nauðsyn ber til að endurmeta þær reglur sem nú eru um framkvæmd útboða hér á landi og setja lög er tryggja þau grundvallaratriði sem útboð byggjast á og skapa nauðsynlegt réttaröryggi verktaka og verkkaupa.

Útboðshugtakið hefur verið skilgreint þannig: „Þegar verkkaupi leitar skriflegra, bindandi tilboða í framkvæmd verks frá fleirum en einum aðila samkvæmt sömu upplýsingum og innan sama frests.“

Útboðum má skipta í þrjú meginsvið:

1. *Almenn útboð:*
   Þegar ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð.
2. *Lokað útboð:*
   Þegar einungis tilteknum aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð (oftast á grundvelli forvals).
3. *Alútboð:*
   Þegar tilboða er leitað í hönnun og framkvæmd verks samkvæmt forsögn.

Með því að setja lög um útboð er enginn réttur tekinn af einstaklingum né fyrirtækjum til frjálsrar ráðstöfunar eigin mála. Löggjöf um útboð og ákveðinn staðall er nauðsynlegt form til að ná fram aukinni hagkvæmni og bættri nýtingu þess fjármagns sem til einstakra framkvæmda er ætlað.

Reynslan hefur sýnt ótvíræðan fjárhagslegan ávinning útboða, svo og að þar er um æskilegt viðskiptaform að ræða séu leikreglur í heiðri hafðar.

Þær reglur, sem nú er unnið eftir við gerð útboða, byggjast öðru fremur á staðlinum ÍST.30 þar sem er að finna helstu hugtaksskýringar og reglur sem gilda um útboð. Þessi staðall var fyrst gefinn út árið 1969 en endurskoðaður árið 1979 og síðan 1988.

Staðallinn ÍST.30 sem hér er notaður við útboð er að mestu byggður á venjum sem hér hafa þróast. Notkun staðalsins er hins vegar ekki lögbundin og hann hefur ekki lagagildi.

Sú reynsla, sem fengin er af útboðsmálum, sýnir að staðallinn ÍST.30 dugir ekki til að tryggja það réttaröryggi og þá viðskiptahætti sem verður að krefjast. Reynslan hefur enn fremur sýnt að staðallinn hefur ekki staðist þær væntingar sem til hans voru gerðar árið 1988.

Það er mjög nauðsynlegt að kveða skýrt á um þær samkeppnisreglur sem ríkja eiga í útboðsmálum hér á landi og leita leiða til að tryggja sem allra best hagsmuni Íslendinga sjálfra. Jafnframt þarf að huga að leikreglum sem gilda á alþjóðavettvangi.

Með því að setja lög um útboð er ekki aðeins átt við að þau taki til framkvæmda í mannvirkjastarfsemi og hvers konar verklegum framkvæmdum heldur einnig til margvíslegrar þjónustu, viðskipta og vörukaupaútboða.

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er knúið á um að sett verði löggjöf um útboð með ófrávíkjanlegum reglum ásamt notkun staðla er skapi þá festu og traust sem nauðsynlegt er að byggja upp fyrir íslenskan útboðsmarkað.

202. Fyrirspurn [184. mál]

til dómsmálaráðherra um endurnýjun skipakosts Landhelgisgæslunnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað líður undirbúningi að endurnýjun skipakosts Landhelgisgæslunnar?
2. Er þess að vænta að samið verði um smíði á nýju varðskipi á næsta ári?
3. Hefur verið eða verður kannað sérstaklega hvort innlendar skipasmíðastöðvar geti annast smíði á nýjum gæslu- og björgunarskipum fyrir Landhelgisgæsluna?

203. Svar [139. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnlaugs Stefánssonar um rekstur dagvistarheimila fyrir börn á vegum sjúkrahúsanna í Reykjavík.

1. Hver er kostnaður Ríkisspítala, Borgarspítala og Landakotsspítala af rekstri dagvistarheimila fyrir börn í Reykjavík og af vistun barna hjá dagmæðrum?

Á árinu 1990 greiddu Ríkisspítalar 115 milljónir króna fyrir vistun á dagheimilum og 7,9 milljónir króna fyrir vistun hjá dagmæðrum. Borgarspítali greiddi 68,7 milljónir króna fyrir vistun á dagheimilum og 1,2 milljónir króna fyrir vistun hjá dagmæðrum og Landakotsspítali greiddi 32,9 milljónir fyrir vistun á dagheimilum en 371 þús. kr. fyrir vistun hjá dagmæðrum.

2. Hversu mörg dagvistarheimili rekur hver spítali og hversu mörg börn njóta dagvistarþjónustu á vegum spítalanna í Reykjavík?

Ríkisspítalar reka 8 leikskóla og skóladagheimili með samtals 250 rými, Borgarspítali rekur 3 leikskóla og 1 skóladagheimili eða 130 rými og Landakotsspítali rekur 3 dag-

vistarheimili með 85 rými. Börnin, sem vistar njóta, eru nokkru fleiri en plássin segja til um og helgast þetta af því að sum börn mæta 3 daga í viku og önnur 4 eða 5 daga eftir því hversu mikið foreldrið vinnur á spítalanum.

3. Hver hefur hlutdeild spítalanna verið í stofnkostnaði dagvistarheimilanna?

Landspítali og Landakotsspítali hafa borgað að fullu stofnkostnað dagvistarheimila sinna, en Borgarspítali hefur ekki tekið þátt í stofnkostnaði dagvistarheimila spítalans.

4. Hver er hlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri og stofnkostnaði dagvistarheimilanna?

Reykjavíkurborg hefur greitt að fullu stofnkostnað heimilanna fyrir Borgarspítalann en ekki tekið þátt í öðrum stofnkostnaði dagvistarheimila spítala í Reykjavík og tekur engan þátt í rekstrarkostnaði.

5. Samræmist það verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að sjúkrahús, sem rekin eru af ríkissjóði, sjái um rekstur dagvistarheimila fyrir börn?

Sjúkrahúsin í Reykjavík hafa farið út í rekstur dagvistarstofnana fyrir börn til þess að laða að það starfsfólk sem er torfengið, einkum hjúkrunarfræðinga, og miðað við fjölda starfsmanna á þessum spítölum er fjöldi dagvistarrýmanna lítill. Sjúkrahúsin mundu ekki reka dagvistarheimili ef nægilegt framboð væri af dagvistarrými í Reykjavík fyrir börn.

204. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1991.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Johnsen, Jón Helgason, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hrinda í framkvæmd eftirfarandi ályktunum Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru í Qaqortoq á Grænlandi 7. ágúst 1991:

1. Ályktun um að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að því að reglum þeim, sem gilda um Þróunarsjóð Vestur-Norðurlanda, verði breytt í því skyni að unnt verði að veita áhættulán til atvinnustarfsemi í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi.
2. Ályktun um að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að því að áframhaldandi starfsemi ferðamálanefndar Vestur-Norðurlanda verði tryggð með norrænum fjárframlögum og fjárframlögum frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi.
3. Ályktun um að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að því að staða vestnorrænu nefndarinnar innan skipulags norræns samstarfs verði metin í því skyni að gera nefndina eins hæfa og mögulegt er til að sinna þeim störfum sem fylgja auknu samstarfi Vestur-Norðurlanda.
4. Ályktun um að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands feli þeim ráðherrum, sem fara með norræn samstarfsmál, meðferð vestnorrænna samstarfsmála ríkis- og landsstjórnanna og framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins.

5. Ályktun um að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands tryggi fjármögnun vegna þeirra þriggja ráðstefna sem Vestnorræna þingmannaráðið ályktaði árið 1989 um að haldnar yrðu árið 1992. Vísað er til ályktunar Vestnorræna þingmannaráðsins nr. 4/1989, en þar ályktaði Vestnorræna þingmannaráðið um að árið 1992 yrði vestnorrænt ár og þá yrði sérstök áhersla lögð á jafnrétti kvenna og karla, umhverfismál og ungt fólk. Ráðstefnur yrðu haldnar um jafnréttismál á Íslandi, um umhverfismál á Grænlandi og ungmennaráðstefna yrði haldin í Færeyjum. Fjármagn til þessa yrði tryggt og fulltrúar landanna þriggja tilnefndir til að undirbúa vestnorræna árið.
6. Ályktun um að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands um að samningur sá, sem samgönguráðherrar Færeyja, Grænlands og Íslands gerðu í desember 1990 um samstarf um samgöngumál, kæmi strax til framkvæmda.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt til að koma á framfæri við Alþingi þeim tillögum sem samþykktar voru á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Qaqortoq 7. ágúst 1991. Jafnframt fylgja með tillögunni sem fylgiskjöl tvær yfirlýsingar ráðsins frá sama fundi.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsing nr. 1/1991.

(Qaqortoq, 7. ágúst 1991.)

Vestnorræna þingmannaráðið leggur til að þeirri reglu verði fylgt að sú stofnun eða atvinnustarfsemi, sem umhverfismengun berst frá, greiði það tjón sem af menguninni hlýst, en ekki sá sem fyrir tjóninu verður.

Fylgiskjal II.

Yfirlýsing nr. 2/1991.

(Qaqortoq, 7. ágúst 1991.)

Vestnorræna þingmannaráðið fjallaði á aðalfundi sínum í Qaqortoq um samningsviðræður EFTA- og Evrópubandalagsríkjanna. Að þeim umræðum loknum komust fundarmenn að þeirri niðurstöðu að þörf væri á frekari beinum viðræðum milli vestnorrænu landanna um lausn á vandamálum tengdum fiskveiðum og aðgangi að mörkuðum Evrópubandalagsins þar sem fiskveiðar væru undirstöðuatvinnugrein í þeim löndum sem aðild eiga að Vestnorræna þingmannaráðinu.

Með tilliti til þess hve umræður um þessi mál milli ríkisstjórna og þingmanna landanna eru nauðsynlegar felur Vestnorræna þingmannaráðið skrifstofu sinni að kanna möguleika á því að ráðstefna verði haldin um þá þýðingu og þau áhrif sem „innri markaðurinn“ muni hafa fyrir vestnorrænu löndin með sérstakri hliðsjón af sjávarútvegi.

Þátttakendur ráðstefnunnar skulu vera jafnt úr hópi utanríkis- og sjávarútvegsráðherra sem og fulltrúa í þeim þingnefndum sem fjalla um samskiptin við Evrópubandalagið ásamt öðrum aðilum sem hafa þekkingu og áhuga á þessum málum hvort sem þeir eru með eða á móti tengslum við Evrópubandalagið.

205. Frumvarp til laga [186. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

3. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Útgjöld vegna lífeyrisgreiðslna skv. 17. og 18. gr., sbr. 2. mgr. 24. gr., skulu til ársloka 1996 borin af ríkissjóði, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Lífeyrissjóði bænda. Skal Lífeyrissjóður bænda greiða þann hluta lífeyris sem bóndi hefur áunnið sér með greiðslu iðgjalds skv. I. kafla til sjóðsins. Að öðru leyti skal ríkissjóður og Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir greiðslum þannig að ríkissjóður greiði 62,5% og Stofnlánadeild landbúnaðarins 37,5%. Frá 1. janúar 1997 skal Lífeyrissjóður bænda standa undir lífeyrisgreiðslum þessum.

3. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Árin 1992 til 1996 skal lífeyrir skv. I. kafla hvert ár miðast við viðmiðunarlaun undanfarandi fimm almanaksára.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 18. gr. skal lífeyrir skv. II. kafla frá 1. janúar 1992 miðast við 80,1% af þágildandi viðmiðunarlaunum. Hinn 1. júlí 1992 hækki lífeyrir síðan í hlutfalli við hækkun viðmiðunarlauna frá 1. janúar til 1. júlí og eftir það með sama hætti hvern 1. janúar og 1. júlí til ársloka 1996.

Elli-, örorku- og makalífeyrir þeirra lífeyrisþega, sem ekki eiga rétt skv. II. kafla, skal reiknaður á sama hátt og segir í 2. mgr., þó þannig að miðist lífeyrir við fleiri stig en 40 verði einungis sá lífeyrir, er svarar til 40 stiga, reiknaður á þennan hátt, en um afganginn fer eftir ákvæðum 1. mgr. og 25. gr. Nú á lífeyrisþegi rétt skv. II. kafla, en mundi engu að síður fá hærri lífeyri ef farið væri eftir reglu 1. málsl. og skal þá sjóðurinn greiða honum mismuninn.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir verulegum breytingum á fjárhagsákvæðum laganna um eftirlaun til aldraðra, þar á meðal að framlag skv. 25. gr. laganna falli niður.

Í meðfylgjandi frumvarpi er lagt til að tímabundin ákvæði laganna um Lífeyrissjóð bænda verði framlengd nokkuð breytt til ársloka 1996 en samkvæmt núgildandi lögum rennur gildistími þessara ákvæða út í árslok 1991. Miða breytingar þær, sem lagðar eru til í frumvarpi þessu, að því að ná fram sambærilegri skiptingu ábyrgðar á lífeyrisgreiðslum milli ríkissjóðs og Lífeyrissjóðs bænda og gert er ráð fyrir að verði milli hins opinbera og lífeyrissjóðanna samkvæmt frumvarpinu um breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra.

Þegar samið var um stofnun hinna svonefndu almennu lífeyrissjóða árið 1969 gaf þáverandi ríkisstjórn fyrirheit um sérstök réttindi aldraðra félaga í stéttarfélögum, þ.e. manna sem fæddir voru árið 1914 eða fyrr. Skyldu útgjöld borin af Atvinnuleysistryggingasjóði og ríkissjóði. Voru ráðstafanir þessar lögfestar árið 1970. Sama ár voru sett lög um Lífeyrissjóð bænda en í II. kafla þeirra laga voru ákvæði um réttindi aldraðra bænda, hliðstæð þeim réttindum sem öldruðum launþegum voru veitt með lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Skyldu útgjöld vegna þessara réttinda aldraðra bænda borin af Stofnlánadeild landbúnaðarins og ríkissjóði. I. kafli laganna fjallar hins vegar um lífeyrisgreiðslur þeirra sem greiða iðgjöld til sjóðsins.

Árið 1976 var verðtrygging lífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum stóraukin og útgjöld vegna hinnar auknu verðtryggingar borin af lífeyrissjóðum á samningssviði Alþýðusambands Íslands. Var þá Lífeyrissjóður bænda látinn taka á sig útgjöld vegna hliðstæðrar verðtryggingar lífeyrisgreiðslna skv. II. kafla laga sjóðsins en vegna aldursskiptingar bænda urðu þessi útgjöld sjóðnum afar þungur baggi. Með lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, var þeirri skipan komið á að Lífeyrissjóður bænda skyldi eins og aðrir lífeyrissjóðir leggja ákveðinn hundraðshluta iðgjaldatekna sinna til þessa eftirlaunakerfis sem nú var ekki lengur takmarkað við félaga í stéttarfélögum en hins vegar skyldi útgjöldum til hinnar sérstöku uppbótar á lífeyri skv. II. kafla laga sjóðsins af honum létt og þau greidd með framlagi skv. 25. gr. laga nr. 97/1979, nú lög nr. 2/1985.

Samkvæmt núgildandi lögum greiðir hið opinbera allan grunnlífeyri skv. II. kafla en hann miðast við viðmiðunarlaun undanfarandi fimm almanaksára að frádregnum lífeyrisgreiðslum skv. I. kafla. Uppbót á þennan lífeyri, þ.e. verðtrygging, er greidd með framangreindu framlagi samkvæmt lögum nr. 2/1985.

Í frumvarpi þessu er lagt til að greiðsla grunnlífeyris og uppbótar verði sameinaðar í eina greiðslu og að Lífeyrissjóður bænda greiði verðtryggðan lífeyri í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur sjóðfélaganna en hið opinbera það sem vantar á full réttindi samkvæmt lögunum. Framlag samkvæmt lögum nr. 2/1985 fellur hins vegar niður og þar af leiðandi hefur það ekki raunhæfa þýðingu að skipta lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum í grunnlífeyri og uppbót.

Samkvæmt reikningum fyrir Lífeyrissjóð bænda fyrir árið 1990 námu eftirlaunagreiðslur skv. II. kafla það ár 156 millj. kr. og skiptust útgjöld sem hér segir:

Framlag ríkissjóðs	80 millj. kr.
Framlag Stofnlánadeildar landbúnaðarins	48 millj. kr.
Framlag samkvæmt lögum nr. 2/1985	28 millj. kr.

Lífeyrisgreiðslur til þess hóps, sem II. kafli tekur til, voru þó mun hærri en þessar tölur sýna þar sem hluti hans fékk greiddan lífeyri samkvæmt reglum I. kafla laganna, þ.e. í samræmi við iðgjaldagreiðslur til sjóðsins. Greiddi sjóðurinn á árinu 1990 18 millj. kr. í lífeyri skv. I. kafla til þessa hóps.

Áætlað er að kostnaður vegna lífeyrisgreiðslna skv. II. kafla á árinu 1991 nemi 157 millj. kr. Jafnframt er gert ráð fyrir því að lífeyrissjóðurinn greiði á árinu 1991 20 millj. kr. í lífeyri til þeirra sem II. kafli tekur til. Þar sem gert er ráð fyrir því í frumvarpi þessu að þessar lífeyrisgreiðslur sjóðsins verði verðtryggðar munu þær hækka nokkuð eða um 2 millj. kr. sé miðað við árið 1991. Greiðslur hins opinbera hefðu því numið 155 millj. kr. árið 1991 hefði hið breytta fyrirkomulag gilt þá.

Á næstu árum dregur mjög úr ellilífeyrisgreiðslum skv. II. kafla, mun hægar dregur úr útgjöldum til makalífeyris.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um það í 3. mgr. 18. gr. að lífeyrir skv. 9.–11. gr., þ.e. I. kafla, komi til frádráttar greiddum lífeyri skv. 18. gr. og örorkulífeyri skv. 17. gr. Það leiðir af ákvæðum 2. gr. þessa frumvarps, þar sem fram kemur að Lífeyrissjóður bænda greiðir lífeyri í samræmi við réttindatíma en hið opinbera það sem umfram er, að þessi málsgrein fellur niður.

Um 2. gr.

Í grein þessari er kveðið á um skiptingu kostnaðar vegna lífeyrisgreiðslna skv. II. kafla. Gert er ráð fyrir því að Lífeyrissjóður bænda greiði lífeyri í samræmi við réttindatíma hvers og eins sjóðfélaga. Það sem þá vantar á full réttindi samkvæmt lögunum greiðist úr ríkissjóði og af Stofnlánadeild landbúnaðarins en kostnaðarskipting milli þessara tveggja aðila helst óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 3. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er ákvæði um grunnlífeyri í 24. gr. en um verðtryggingu í bráðabirgðaákvæði. Hér er lagt til í 2. mgr. að ákvörðun grunnlífeyris og ákvörðun uppbóta á laun verði sameinaðar þannig að ekki verði lengur gerður greinarmunur á grunnlífeyri og þeirri uppbót sem þarf til að eftirlaun fylgi breytingu viðmiðunarlauna. Þessi breyting mun ekki breyta neinu um lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga en þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir framlögum skv. 25. gr. laga nr. 2/1985 er eðlilegt að þessar tvær greiðslur verði sameinaðar.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega samhljóða 3. og 4. málsl. 1. mgr. núgildandi bráðabirgðaákvæðis. Breyting sú, sem hér er lögð til, er gerð til samræmis við þá breytingu sem felst í 2. mgr.

Í 1. mgr. felst engin efnisbreyting frá núgildandi 24. gr.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

206. Fyrirspurn [187. mál]

til fjármálaráðherra um kjarasamninga við kennara Háskólans á Akureyri.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Hvað veldur því að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu kennara við Háskólann á Akureyri hefur ekki enn verið gerður við þá kjarasamningur?

207. Frumvarp til laga [188. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. KAFLI

Stjórn brunamála.

1. gr.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn brunamála í landinu.

2. gr.

Brunamálastofnun ríkisins hefur á hendi yfirumsjón með öllum brunavörnum og brunamálum í landinu og ber ábyrgð á þeim gagnvart ráðherra.

Brunamálastofnun ríkisins skal hlutast til um að farið sé í hvívetna eftir lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál.

Brunamálastofnun ríkisins ber að gera sjálfstæðar athuganir og úttektir til þess að geta gert sér grein fyrir ástandi mála, hvenær sem þurfa þykir, með fullri vitneskju og í sem bestri samvinnu við hlutaðeigandi brunamálayfirvöld.

Önnur helstu verkefni Brunamálastofnunar ríkisins eru:

a. Að leiðbeina sveitarstjórnum um allt það er lýtur að brunavörnum, þar með talið eftirlit með því að nýbyggingar, viðbætur og endurbætur á vatnsveitukerfum komi að sem mestum notum við slökkvistarf.
b. Að hafa á hendi yfirumsjón með opinberu eldvarnaeftirliti sveitarfélaga og eigin eldvarnaeftirliti eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis. Brunamálastofnun skal veita öllum þeim, sem sinna reglubundnu eldvarnaeftirliti, tækniaðstoð og leiðbeiningu, eftir því sem kostur er, og sjá til þess að unnið sé samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma.
c. Að yfirfara brunahönnun og uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjum sem slökkviliðsstjóri og/eða byggingarfulltrúi vísa til hennar eða stofnunin sjálf kallar eftir til að ganga úr skugga um að lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál sé fullnægt. Einnig skal Brunamálastofnun gefa út tæknilegar leiðbeiningar og reglur um brunavarnir og brunahönnun atvinnuhúsnæðis eftir því sem kostur er.
d. Að vinna að samræmingu á brunahönum, slöngutengingum og öðrum slökkvibúnaði.

e. Að hafa æfingar með slökkviliðum, gangast fyrir reglubundnum námskeiðum fyrir slökkviliðsmenn og eldvarnaeftirlitsmenn og stuðla að menntun þeirra heima og erlendis.
f. Að halda uppi rannsóknastarfsemi á sviði brunamála og leiðbeina um val, uppsetningu og notkun á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.
g. Að beita sér fyrir kynningar- og fræðslustarfsemi, þar með talið að kynna hönnuðum mannvirkja nýjungar á sviði brunavarna og gangast fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir hönnuði og aðra tæknimenn.
h. Að semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða. Vátryggingafélög skulu senda Brunamálastofnun, eigi síðar en 1. mars ár hvert, sundurliðaðar skýrslur um brunatjón á næstliðnu ári. Skal árleg yfirlitsskýrsla Brunamálastofnunar um eldsvoða birt opinberlega.
i. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál og sjá svo um að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
j. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verkefni, svo og starfshætti Brunamálastofnunar.

3. gr.

Ráðherra skipar fimm manna stjórn Brunamálastofnunar ríkisins til fjögurra ára í senn. Hann skipar einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna, einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra tryggingafélaga og einn eftir sameiginlegri tilnefningu Arkitektafélags Íslands, Verkfræðingafélags Íslands og Tæknifræðingafélags Íslands. Einn mann skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Skipa skal varamenn með sama hætti. Stjórnin fer með yfirstjórn stofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.

Ráðherra skipar brunamálastjóra til sex ára í senn, að fengnum tillögum stjórnar Brunamálastofnunar, og sér hann um daglegan rekstur stofnunarinnar í umboði stjórnar og er hún ábyrg gagnvart ráðherra. Brunamálastjóri skal vera tæknimenntaður og hafa sérþekkingu á brunamálum. Hann ræður starfsmenn Brunamálastofnunar og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

4. gr.

Sveitarstjórn og slökkviliðsstjóri skulu halda uppi almennum brunavörnum og opinberu eldvarnaeftirliti í sveitarfélagi í samræmi við kröfur sem nánar er kveðið á um í reglugerðum um brunavarnir og brunamál. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

Sveitarstjórnir geta haft samvinnu sín á milli um brunavarnamál sveitarfélaga. Um þá samvinnu skulu gilda ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Sá sem telur rétti sínum hallað með ályktun sveitarstjórnar (slökkviliðsstjóra) getur skotið slíkri ályktun til félagsmálaráðherra sem fellir úrskurð í málinu að fenginni umsögn Brunamálastofnunar.

Félagsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn Brunamálastofnunar, undanþegið sveitarfélag skyldu til að halda uppi sérstökum brunavörnum berist rökstudd beiðni um slíkt frá sveitarstjórn.

II. KAFLI
Slökkvilið og slökkvistarf.

5. gr.

Sveitarfélögum er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og búnaði til almenns slökkvistarfs og brunavarna, þar með talið nauðsynlegt húsnæði fyrir slökkviliðið.

Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða.

Sveitarfélögum ber að hlutast til um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað, t.d. vatnsúðakerfi í meiri háttar byggingum.

Við skipulag byggðar og staðsetningu slíkra bygginga í sveitarfélagi ber að taka fullt tillit til ofangreindra þátta.

6. gr.

Sveitarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi slökkviliðs. Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og brunahönum. Um verksvið hans skal nánar kveðið á um í reglugerð.

Tæki og búnað slökkviliðs má einungis nota til slökkvi- og björgunarstarfs, nema slökkviliðsstjóri heimili annað og um sérstaka almannahættu sé að ræða, t.d. af völdum vatnsflóða og fárviðris.

7. gr.

Allir verkfærir menn 18–60 ára að aldri, sem hafa fasta búsetu í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til slökkviæfinga allt að 20 klukkustundir á ári og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum samkvæmt nánari reglum um útköll.

Sveitarstjórn skipar menn í slík slökkvilið eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar að höfðu samráði við samtök slökkviliðsmanna.

8. gr.

Í sveitarfélögum þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum má takmarka skyldur skv. 7. gr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

9. gr.

Slökkviliðsstjóra, eða staðgengli hans, er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að kveðja til slökkvistarfa eins marga menn og hann telur nauðsynlegt og getur enginn vinnufær maður skorast undan þeirri skyldu. Slík aðstoð skal veitt án endurgjalds.

10. gr.

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna í samræmi við áhættu starfsins. Lágmarkstrygging þeirra skal vera í samræmi við skilmála um slysatryggingar opinberra starfsmanna samkvæmt kjarasamningum. Þeir sem

verða fyrir tjóni við störf í þágu brunavarna eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af vátryggingafélagi. Náist ekki samkomulag um bætur skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

11. gr.

Félagsmálaráðherra getur að nokkru eða öllu leyti undanþegið sveitarfélag þeirri skyldu að hafa slökkvilið ef það hefur samið um að slökkvilið í nærliggjandi sveitarfélagi annist slökkvistarf. Um slíka samvinnu skal gera skriflegan samning og skal hann staðfestur af félagsmálaráðherra að fenginni umsögn Brunamálastofnunar.

12. gr.

Verði eldur laus eða bráð hætta er á að svo fari þá skal sá er þess verður vís slökkva eldinn eða afstýra hættu ef honum er það kleift. Geti hann það ekki skal hann tafarlaust aðvara þá sem kunna að vera í hættu og kveðja til slökkvilið eða aðra tiltæka hjálp.

13. gr.

Hverjum manni er skylt, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf þegar eldsvoða ber að höndum.

14. gr.

Fjártjón, sem hlýst af ráðstöfunum skv. 13. gr., telst brunatjón.

15. gr.

Ef lögreglustjóri býr í sveitarfélaginu skal hann ásamt lögregluliði staðarins annast löggæslu við slökkviæfingar og slökkviliðsstörf, en ella hreppstjóri eða sérstakur fulltrúi sem lögreglustjóri skipar. Við eldsvoða er löggæslulið á brunastað undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögreglulið skal sjá slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði sem slökkviliðið þarf til að gegna störfum sínum og varðveita muni sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

16. gr.

Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim sem þessir aðilar kveðja til að fjarlægja hvern þann er truflar slökkvistarf og gera fullnægjandi ráðstafanir til að hann valdi ekki frekari truflun.

17. gr.

Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við að slökkva eld utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni, hversu mikið af tækjum og mannafla megi senda með hliðsjón af því að eigin umdæmi sé ekki stofnað í óeðlilega hættu.

Kostnaður við slíka aðstoð telst til brunavarnakostnaðar þess sveitarfélags sem aðstoðar nýtur. Verði ágreiningur um kostnað skal hann ákveðinn af dómkvöddum mönnum. Héraðsdómari í því umdæmi, sem aðstoð veitir, útnefnir matsmenn.

III. KAFLI
Brunavarnir og meðferð eldfimra efna.

18. gr.

Seljanda byggingarefna eða tækja, sem haft geta áhrif á öryggi húss gegn eldi, er skylt að afla nauðsynlegra upplýsinga um brunatæknilega eiginleika þeirra og láta Brunamálastofnun þær í té. Slíkar upplýsingar skulu vera frá viðurkenndum og óháðum aðila sem Brunamálastofnun samþykkir. Brunamálastofnun tekur á grundvelli þessara upplýsinga ákvörðun um hvort nota megi efnið (tækið), til hvers og með hvaða skilyrðum.

Brunamálastofnun getur bannað sölu efnis (tækis) sem ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir eða fullnægjandi brunatæknilegar upplýsingar fást ekki um. Lögreglu er skylt að aðstoða við slíkar aðgerðir ef þörf krefur.

19. gr.

Eigandi mannvirkis er ábyrgur fyrir því að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum um byggingar- og brunamál.

Forráðamanni mannvirkis er skylt að sjá til þess að það fullnægi kröfum um brunavarnir fyrir þá starfsemi sem í mannvirkinu fer fram á hverjum tíma.

Eigandi og/eða forráðamaður mannvirkis ber fulla ábyrgð á eigin brunavörnum, að þær séu virkar og því að haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Jafnframt er þeim skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanna sveitarfélaga og opinberra stofnana um úrbætur sem eiga sér stoð í gildandi lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál, byggingarmál, öryggismál og hollustuhætti.

Skylt er að láta fara fram brunahönnun fyrir byggingu, sem skal fullnægja grein 1.1.2 í reglugerð nr. 269/1978 um brunavarnir og brunamál og grein 7.3.2 í byggingarreglugerð nr. 292/1979, þegar um nýbyggingu er að ræða þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða.

Sé um að ræða atvinnuhúsnæði sem þegar er byggt og í rekstri skal slökkviliðsstjóri og/eða byggingarfulltrúi gera úttekt á brunavörnum þess, m.a. með tilliti til viðvörunar- og slökkvibúnaðar, leggja hana fyrir eiganda og/eða forráðamann og senda síðan til hlutaðeigandi vátryggingafélaga og Brunamálastofnunar. Nánar skal kveðið á um aðgerðir til brunavarna í slíku húsnæði í reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.

Séu breytingar gerðar á mannvirki, eða starfsemi þess breytt, er eiganda og/eða forráðamanni skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að kröfum um brunavarnir sé fullnægt fyrir hið breytta mannvirki og/eða hina breyttu starfsemi.

Félagsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum Brunamálastofnunar, lagt svo fyrir að í meiri háttar atvinnuhúsnæði séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi.

Eiganda og/eða forráðamanni mannvirkis ber að leggja til nægilegan mannafla til eftirlits með brunarústum eftir eldsvoða.

20. gr.

Nauðsynlegum búnaði vegna almennra brunavarna má koma fyrir þar sem slíkt telst nauðsynlegt ef það veldur ekki óeðlilegu tjóni eða óþægindum. Slökkviliðsstjóri skal tilkynna aðila fyrir fram um slíkar aðgerðir.

21. gr.

Fara skal þannig með eld eða eldfim efni að sem allra minnst hætta sé á því að eldsvoði geti af því hlotist.

IV. KAFLI
Tilkynningar um eldsvoða og rannsóknir.

22. gr.

Sá sem verður fyrir brunatjóni, eða sé hann ekki viðstaddur þá sá er kemur í hans stað, er skyldur að tilkynna brunann hlutaðeigandi vátryggingafélagi, svo og lögreglustjóra, fulltrúa hans, sbr. 15. gr., eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

23. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins skal sjá um að lögregluranns6kn fari fram þegar eftir brunatjón og kveðja til sérfróða menn eftir þörfum. Hún skal tafarlaust tilkynna Brunamálastofnun ríkisins og Rafmagnseftirliti ríkisins um rannsókn sína. Lögregluranns6kn þarf hins vegar ekki að fara fram ef brunatjón er óverulegt og eldsupptök kunn.

Lögregluranns6kn skal beinast að því að kanna hver upptök eldsins hafi verið og þróun og útbreiðsla brunans, enn fremur hvernig háttað hafi verið brunahönnun hlutaðeigandi húss, hvernig staðið hafi verið að brunavörnum þess og hvernig slökkvistarfið hafi gengið fyrir sig. Kanna ber síðustu úttektir eldvarnaeftirlits fyrir brunann hvaða athugasemdir þar hafi verið fram settar og hvernig eftir þeim hafi verið farið.

Sú lögregluranns6kn, sem hér er mælt fyrir um, breytir í engu heimild Brunamálastofnunar og Rafmagnseftirlits til að rannsaka á eigin vegum bruna og brunatjón, enda hafi þessir aðilar við rannsókn sína fullt samráð við Rannsóknarlögreglu ríkisins, m.a. vegna varðveislu verksummerkja eftir brunann sem kunna að hafa rannsóknargildi.

Afrit af gögnum um hverja lögregluranns6kn vegna bruna ber að senda Brunamálastofnun, slökkviliðsstjóra og hlutaðeigandi vátryggingafélögum þegar rannsókn er lokið.

V. KAFLI
Fjármál brunavarna.

24. gr.

a. Öll tryggingafélög og aðrir, sem annast vátryggingar, skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum, sérstakt brunavarnagjald fyrir Brunamálastofnun ríkisins. Brunavarnagjaldið má nema allt að 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Félagsmálaráðherra ákveður hversu hátt fyrrgreint hlutfall skal vera og setur nánari reglur um innheimtu brunavarnagjaldsins í reglugerð. Þeir aðilar, sem innheimta brunavarnagjaldið, skulu hafa staðið Brunamálastofnun ríkisins skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra aðila, sem annast innheimtu brunavarnagjaldsins, liggja fyrir.

b. Það sem á kann að vanta að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að standa undir rekstrinum greiðist úr ríkissjóði.

c. Brunamálastofnun er heimilt að semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af félagsmálaráðherra. Í slíkri gjaldskrá skal kveðið á um skoðunargjöld og önnur gjöld er stofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.

25. gr.

Heimilt er Brunamálastofnun að veita slökkviliðsmönnum, eldvarnaeftirlitsmönnum og öðrum þeim, sem starfa að brunamálum, styrki til náms á sviði brunamála.

Fjármagn til þessara styrkveitinga má nema allt að 5% brunavarnagjaldsins á hverju ári. Ráðherra ákveður hversu hátt þetta hlutfall skal vera hverju sinni og setur nánari ákvæði um styrki þessa í reglugerð.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim.

Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimil umferð um híbýli manna, vinnustaði og aðra þá staði þar sem eftirlits er þörf.

27. gr.

Nú kemur í ljós að ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, eru brotin og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Slökkviliðsstjóra er heimilt að leita aðstoðar byggingarnefndar til að knýja eiganda og/eða forráðamann mannvirkis til úrbóta, sbr. 19. gr., og jafnframt er honum heimilt af sömu ástæðu að hafa samráð við Rafmagnseftirlit ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins ef þörf krefur.

Við áhættumat einstakra mannvirkja mega vátryggingafélög setja álag á brunatryggingaiðgjöld húsa þegar og meðan fyrir liggur að eigandi hefur ekki sinnt kröfum slökkviliðsstjóra um úrbætur skv. 1. mgr.

Ef upp kemur ágreiningur milli slökkviliðsstjóra og eiganda eða forráðamanns mannvirkis um úrbætur þær, sem fyrirskipaðar eru skv. 1. mgr., ber slökkviliðsstjóra tafarlaust að vísa málinu til Brunamálastofnunar sem sker úr ágreiningnum. Slökkviliðsstjóra ber að leita atbeina lögreglustjóra ef ekki er farið eftir úrskurði Brunamálastofnunar.

Að fengnu samþykki Brunamálastofnunar getur slökkviliðsstjóri í samráði við lögreglustjóra ákveðið að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda og/eða forráðamanns mannvirkis fyrir hvern dag uns úr verður bætt. Dagsektir renni til hlutaðeigandi sveitarsjóðs. Ef almannahætta stafar af því að settum reglum um brunavarnir er ekki fylgt ber slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra að stöðva rekstur í viðkomandi mannvirki og loka því þar til úr hefur verið bætt með fullnægjandi hætti að mati þessara aðila.

28. gr.

Nú telur Brunamálastofnun að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerða byggðra á þeim og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skv. 27. gr., og skal þá Brunamálastofnun benda slökkviliðsstjóra á misbrestina og hefur stofnunin síðan rétt til að beita þeim heimildum sem slökkviliðsstjóra eru veittar í þeirri grein ef ekki er úr bætt.

Ef Brunamálastofnun telur að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum þessum þá er stofnuninni heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs.

29. gr.

Um matsgerðir samkvæmt lögum þessum fer að almennnum reglum og venjum um

möt dómkvaddra matsmanna. Meta skal raunverulegt fjártjón hverju sinni.

30. gr.

Gjöld og dagsektir samkvæmt lögum þessum, svo og kostnað skv. 27. og 28. gr., má innheimta með lögtaki.

31. gr.

Ráðherra setur, að fenginni tillögu Brunamálastofnunar, reglugerðir þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim varða sektum, en varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 74 12. maí 1982, um brunavarnir og brunamál.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. um tímabunda skipun brunamálastjóra tekur ekki til núverandi brunamálastjóra.

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra skipa nýja stjórn Brunamálastofnunar ríkisins í samræmi við 1. mgr. 3. gr. Umboð núverandi stjórnar fellur niður um leið og ráðherra hefur skipað hina nýju stjórn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í kjölfar stórbrunans að Réttarhálsi 2 í Reykjavík skipaði félagsmálaráðherra 27. janúar 1989 nefnd til að gera heildarúttekt á stöðu brunamála á Íslandi. Nefnd þessi skilaði skýrslu sinni til ráðherra 7. nóvember sama ár.

Í þessari skýrslu komst nefndin m.a. að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir allgóða löggjöf um brunavarnir og brunamál, þegar á heildina væri litið, væri víða að finna veilur í skipulagi brunamála og sérstaklega eldvarnaeftirlits. Athugasemdum og kröfum um úrbætur væri lítt fylgt eftir og upplýsingar um helstu brunatjón væru ófullnægjandi. Þá hafi lokaúttektir á byggingum almennt ekki farið fram. Nefndin gerði tillögur til félagsmálaráðherra til úrbóta í þessum efnum og lutu þær í fyrsta lagi að auknu forvarnastarfi jafnt á hönnunarstigi sem og á byggingartíma mannvirkja, í öðru lagi að hertu eldvarnaeftirliti eftir að hús hafa verið tekin í notkun og í þriðja lagi að áframhaldandi heildarúttekt á mannvirkjum þar sem ætla mætti að hætta á bruna væri mest.

Í 3. kafla áðurgreindrar skýrslu er að finna samantekt þeirra atriða sem nefndin lagði sérstaka áherslu á í niðurstöðum sínum ásamt tillögum hennar um breytingar eða úrbætur og vísast nánar um það efni til þess kafla skýrslunnar.

Hinn 29. janúar 1990 ákvað félagsmálaráðherra að fela nefnd að undirbúa framkvæmd á þeim tillögum sem fram komu í ofangreindri skýrslu, m.a. með því að semja drög að frumvarpi til breytinga á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 74/1982.

Í þeirri nefnd áttu sæti: Magnús H. Magnússon, fyrrverandi ráðherra, formaður, Hákon Ólafsson byggingarverkfræðingur, Ingi R. Helgason hæstaréttarlögmaður og Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Starfsmaður nefndarinnar var Þórir Hilmarsson verkfræðingur.

Nefnd þessi komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að hafa þann hátt á að undirbúa heildstætt frumvarp til laga um brunavarnir og brunamál í stað frumvarps til breytinga á

núgildandi lögum um sama efni nr. 74/1982, enda lagðar til breytingar á meiri hluta ákvæða gildandi laga. Félagsmálaráðherra lagði það frumvarp fram í febrúar 1991 sem þskj. 835 í efri deild á 113. löggjafarþingi 1990–91. Sakir anna Alþingis á þeim tíma og vegna nálægðar alþingiskosninga auðnaðist ekki að taka frumvarpið til umræðu eða þinglegrar meðferðar fyrir þinglok. Félagsmálaráðuneytið sendi hins vegar frumvarpið til umsagnar flestra þeirra aðila sem tengjast brunamálum í landinu.

Eftir myndun núverandi ríkisstjórnar í kjölfar alþingiskosninga 1991 fól félagsmálaráðherra nefnd þeirri, sem samdi frumvarpið, að yfirfara efnislega umsagnir þær sem borist höfðu og gera tillögur um breytingar á frumvarpinu ef ástæða þætti til áður en það yrði lagt fram að nýju. Lauk því starfi 19. september 1991 og tók nefndin tillit til fjölmargra efnisatriða sem fram komu í umsögnunum og gerði tillögur um breytingar á hinu fyrra frumvarpi og er því nýtt frumvarp lagt fram nú. Er þess að vænta að þessi endurskoðunarvinna spari tíma og auðveldi greiða og markvissa umfjöllun Alþingis um hið nýja frumvarp á þessu mikilvæga málasviði. Umsagnaraðilarnir voru þessir: brunamálastjóri ríkisins, stjórn Brunamálastofnunar ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra tryggingafélaga, Landssamband slökkviliðsmanna, Félag slökkviliðsstjóra á Íslandi og Félag byggingarfulltrúa.

Rétt er að benda á þá breytingu frá fyrra frumvarpi sem mesta þýðingu hefur, en hún varðar brunavarnafulltrúann. Í úttektarskýrslunni frá 7. nóvember 1989 kom fram að mikil brotalöm þótti vera á sviði eldvarnaeftirlits sveitarfélaganna, sem berlegast kom í ljós þegar skoðaðir voru 10 stærstu brunar hérlendis sl. 10 ár. Þessi brotalöm var einkum fólgin í því að illa gekk að fylgja eftir kröfum um úrbætur þegar eigendur mannvirkja fóru ekki að settum reglum eða hreinlega sniðgengu þær. Til að bæta úr þessu var lagt til í úttektarskýrslunni að nýr tæknimenntaður aðili, brunavarnafulltrúi, kæmi hér til skjalanna til að sinna, á vegum sveitarfélaganna, sérstaklega þessum þætti. Í þessu skyni var því gert ráð fyrir að skipta landinu upp í eldvarnaeftirlitsumdæmi sem væru miðuð við það sem brunavarnafulltrúi í fullu starfi gæti sinnt, að sveitarfélögin mynduðu byggðasamlög um brunavarnir og gjald, sem samsvaraði launum brunavarnafulltrúans, væri innheimt með almennu brunavarnagjaldi en sveitarfélögin stæðu sjálf undir öðrum kostnaði.

Umsagnaraðilarnir voru ýmist með efasemdir um þessa nýskipan eða hreinlega andmæltu henni. Nefndin tók tillit til þessa og byggir á núverandi skipulagi eldvarnaeftirlitsmála í frumvarpsgerð sinni um eflingu eldvarnaeftirlitsins með því m.a. að gera byggingarnefndirnar virkari, að efna til samvinnu hinna opinberu eftirlita, eldvarna-, rafmagns- og vinnueftirlits, auk þess sem vátryggingafélögunum er heimilt að setja álag á brunatryggingaiðgjöld til að auka þrýsting á eigendur mannvirkja að fara að settum reglum og fyrirmælum eftirlitanna þar til úr hefur verið bætt.

Þess má geta að byggingar- og brunamálayfirvöld í Reykjavík hafa þegar eftir stórbrunann að Réttarhálsi 2 og úttektarskýrsluna frá 7. nóvember 1989 tileinkað sér þessi vinnubrögð með góðum árangri og er horft til þess fordæmis í frumvarpsgerð þessari.

Þá er rétt að geta þess að á vegum nefndarinnar hafa og verið samin drög að tveimur reglugerðum er fela í sér nánari útfærslu á þeim lagabreytingum sem eru lagðar til með þessu frumvarpi. Annars vegar er um að ræða reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga og hins vegar reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum atvinnuhúsnæðis.

Helstu nýmæli, sem er að finna í frumvarpinu, eru þessi:

Lagt er til að tekin verði af öll tvímæli þess efnis að Brunamálastofnun ríkisins fari með yfirumsjón með öllum brunavörnum og brunamálum í landinu og beri ábyrgð á þeim gagnvart félagsmálaráðherra.

Lagt er til að félagsmálaráðherra skipi brunamálastjóra tímabundið, að fengnum tillögum stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins, og gert er ráð fyrir að hann annist daglegan rekstur stofnunarinnar í umboði stjórnarinnar.

Lagt er til að fjölgað verði um tvo fulltrúa í stjórn Brunamálastofnunar ríkisins. Þeir verði fimm í stað þriggja eins og nú er. Annar þessara fulltrúa verði skipaður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Arkitektafélags Íslands, Tæknifræðingafélags Íslands og Verkfræðingafélags Íslands en hinn verði skipaður af félagsmálaráðherra án tilnefningar.

Lagt er til að ákvæði um verkefni Brunamálastofnunar ríkisins verði gerð skýrari og um leið markvissari.

Lagt er til að ábyrgð eigenda og/eða forráðamanna atvinnuhúsnæðis verði aukin varðandi brunavarnir og eftirlit með þeim.

Lagt er til að eldvarnaeftirlit sveitarfélaganna verði eflt frá því sem nú er með því m.a. að gera byggingarnefndir sveitarfélaga virkari, efna til samvinnu hinna opinberu eftirlita, eldvarna-, rafmagns- og vinnueftirlits, auk þess sem vátryggingafélögum verði heimilt að setja álag á iðgjöld brunatrygginga húsa og mannvirkja þegar og meðan ekki er sinnt kröfu um úrbætur í brunavörnum.

Lagt er til að Rannsóknarlögregla ríkisins annist lögreglurannsókn eftir brunatjón og kveðji til sérfróða menn þegar þess er talin þörf og að rannsóknin skuli beinast að fleiri þáttum en nú er mælt fyrir um.

Þá er lagt til að ákveðnu fjármagni verði varið til að styrkja menn, er starfa að brunavörnum og brunamálum, til náms hérlendis og erlendis.

Um nánari skýringar á þessum tillögum vísast til athugasemda þeirra sem hér fara á eftir um hverja einstaka frumvarpsgrein.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Óbreytt frá núgildandi lögum nr. 74/1982 að öðru leyti en því að lagt er til að í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ komi: Félagsmálaráðherra, en það er í samræmi við 13. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944. Þá er rétt að taka fram til að taka af allan vafa að brunavarnir í skipum og flugvélum heyra undir samgönguráðuneytið.

Um 2. gr.

Í núgildandi lögum eru ákvæði óljós um hlutverk Brunamálastofnunar ríkisins og verksvið æðstu yfirmanna hennar. Á einum stað er verkefni talið heyra undir stjórn stofnunarinnar, á öðrum stað er verkefni talið í verkahring brunamálastjóra og á þriðja staðnum fellur verkefni undir Brunamálastofnunina sjálfa og þá ekki ljóst hvort það heyrir undir stjórn eða brunamálastjóra. Þessi ákvæði hafa valdið togstreitu innan stofnunarinnar og hamlað mjög samstarfi stjórnenda.

Úr þessu er bætt með skýrum hætti í þessari grein frumvarpsins. Í fyrsta lagi eru meginverkefni Brunamálastofnunar skilgreind á glöggan hátt, en þau eru einkum þrenns konar:

— að hafa á hendi yfirumsjón með öllum brunavörnum og brunamálum í landinu í umboði félagsmálaráðherra.
— að fylgjast með ástandi brunamála og gera sjálfstæðar athuganir og úttektir í því skyni.

— að hlutast til um að lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál sé framfylgt.

Í greininni eru enn fremur önnur helstu verkefni Brunamálastofnunar ríkisins tilgreind. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða heldur eru tilgreindir þeir málaflokkar og markmið sem brunamálastjóra og stjórn stofnunarinnar ber að hafa í huga og leggja áherslu á í daglegum rekstri hennar.

Liðir a, d, f, g, i og j eru efnislega óbreyttir frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Í b-lið er það ákvæði núgildandi laga að Brunamálastofnun veiti þeim er sinna eldvarnaeftirliti, tækniaðstoð og leiðbeiningu efnislega óbreytt. Til viðbótar er skýrt kveðið á um að stofnunin hafi yfirumsjón með eldvarnaeftirliti í landinu hvort sem er opinbert eldvarnaeftirlit á vegum sveitarfélaga eða eldvarnaeftirlit á vegum eigenda og/eða forráðamanna atvinnuhúsnæðis.

Í c-lið er ákvæði núgildandi laga varðandi yfirferð teikninga efnislega óbreytt. Aftur á móti er sett inn nýtt ákvæði varðandi brunavarnir og brunahönnun í atvinnuhúsnæði. Núgildandi brunamálareglugerð, reglugerð nr. 269/1978 um brunavarnir og brunamál, er komin til ára sinna og var á sínum tíma svo til bein þýðing tiltekins kafla í danskri byggingarreglugerð, 6. kafla í Bygningsreglement 1977. Í Danmörku er rekstri brunamála öðruvísi háttað heldur en hér á landi. T.d. eru engin sérákvæði í hinni dönsku fyrirmynd er sérstaklega varða kröfur um brunavarnir í iðnaðar- og framleiðsluhúsnæði, nema fyrir einnar hæðar iðnaðar- og geymsluhúsnæði þar sem brunaálag er takmarkað eða minna en 400 MJ/m^3 gólfs, sbr. 15. kafla í hinni íslensku brunamálareglugerð. Þetta gerir það að verkum að mikil vöntun er á reglum og leiðbeiningum um brunavarnir stórra iðnaðar- og framleiðslufyrirtækja. Það er óviðunandi ástand sem þessu nýja lagaákvæði er ætlað að ráða bót á.

Í e-lið eru ákvæðin efnislega samhljóða ákvæðum núgildandi laga að öðru leyti en því að fellt er brott ákvæði um undirbúning að reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna þar sem hún hefur þegar verið staðfest og birt lögum samkvæmt. Lögð er áhersla á að menntun fari fram bæði hér á landi sem og erlendis, sbr. 25. gr. Með sérstöku bréfi til félagsmálaráðherra hefur nefnd sú, sem vann frumvarp þetta, enn fremur gert tillögur til eflingar fræðslu- og þjálfunardeildar Brunamálastofnunar.

Í h-lið er fastar kveðið á um skýrslugerð um eldsvoða en í núgildandi lögum. Þessu verkefni hefur lítið verið sinnt af Brunamálastofnun. Með því að lögbinda samstarf Brunamálastofnunar og vátryggingafélaga í þessu efni er stuðlað að því að tryggt sé að þessu mikilvæga verkefni verði sinnt sem skyldi.

Lagt er til að félagsmálaráðherra verði heimilt að setja reglugerð sem kveði nánar á um verkefni og starfshætti Brunamálastofnunar.

Um 3. gr.

Lagt er til að stjórn Brunamálastofnunar verði æðsta stjórnvald hennar, en á því leikur vafi samkvæmt núgildandi ákvæði þar sem segir að stjórnin „skuli hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar“. Í þessu skyni er stjórnin styrkt faglega og skipulagslega. Í stað þriggja stjórnarmanna, sem nú eru, skal skipa fimm manna stjórn. Til að styrkja tengslin við ráðuneytið beint skal ráðherra skipa formann stjórnar án tilnefningar. Á faglega sviðinu er lagt til að hönnuðir mannvirkja tilnefni sameiginlega mann í stjórnina. Aðrir tilnefningaraðilar verða það áfram.

Þá er lagt til að brunamálastjóri sé eins og áður skipaður af ráðherra, en skipunartími hans verði sex ár í senn. Verkefni hans verði fyrst og fremst að sjá um daglegan

rekstur Brunamálastofnunar í umboði stjórnar. Samkvæmt þessum ákvæðum er brunamálastjóri æðsti embættismaður brunamála í landinu, kemur fram fyrir hönd Brunamálastofnunar ríkisins í öllum verkefnum hennar, í umboði stjórnar sem svo er ábyrg gagnvart ráðherra.

Í öðrum greinum þessa frumvarps eru ákvæði um verkaskiptingu samræmd þessari grein og verkefnin færð beint yfir á stofnunina sjálfa.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega svo til óbreytt frá núgildandi lögum. Þó er í 2. mgr. að finna nýmæli sem heimilar sveitarstjórnum að hafa samvinnu sín á milli um brunavarnamál sveitarfélags og þá á grundvelli ákvæða IX. kafla sveitarstjórnarlaga.

Tilfinnanlega hefur vantað reglugerðir um eldvarnaeftirlit á Íslandi og reynslan krefst þess að úr þessu verði bætt. Samhliða undirbúningi lagafrumvarps þessa hafa drög að reglugerðum verið samin. Önnur er um opinbert eldvarnaeftirlit á vegum sveitarfélaga en hin um eigið eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis. Nánar um efni þetta vísast til reglugerðardraga þessara.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í flestum atriðum efnislega óbreytt frá núgildandi lögum og þarfnast varla skýringa, nema mun fastar er kveðið á um kröfur varðandi vatn til slökkvistarfs.

Nýmæli er að sveitarfélögum og skipulagsyfirvöldum er gert skylt að taka fullt tillit til getu slökkviliðs (tækjabúnaðar og mannafla) og aðstöðu til öflunar slökkvivatns fyrir slökkviliðið og einnig fyrir svonefnd vatnsúðakerfi (sprinkler) þegar staðsetja skal meiri háttar byggingar í sveitarfélagi. Með „meiri háttar byggingu“ er hér átt við stóra og verðmæta byggingu og innbú. (Dæmi um meiri háttar byggingu er Gúmmívinnustofan að Réttarhálsi 2 í Reykjavík.)

Um 6. gr.

Ákvæði núgildandi laga um skipun stjórnenda slökkviliðs, slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra og umsjón þeirra með tækjum slökkviliðs og brunahönum vatnsveitu er óbreytt frá núgildandi lögum. Hins vegar er lagt til að nánar skuli kveðið á um verksvið slökkviliðsstjóra í reglugerð.

Nýmæli er og í greininni að lögfest er bann við notkun tækja og búnaðar slökkviliðs til annars en björgunar- og slökkvistarfs, nema slökkkviliðsstjóri heimili annað og um sérstaka almannahættu sé að ræða, t.d. af völdum vatnsflóða eða fárviðris. Þetta ákvæði er sett inn að marggefnu tilefni og er talið sjálfsagt og nauðsynlegt með hliðsjón af öryggissjónarmiðum.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um langt árabil hefur Landssamband slökkviliðsmanna gefið út launatöflu fyrir starfandi slökkviliðsstjóra og skipaða slökkviliðsmenn í landinu á grundvelli samkomulags við Samband íslenskra sveitarfélaga. Með ákvæðinu í 2. mgr. er lagt til að sveitarstjórnir hafi samráð við samtök slökkviliðsmanna þegar ákveðin er þóknun fyrir störf manna í slökkviliðum sem skipuð hafa verið eftir tillögu slökkviliðsstjóra í stað einhliða ákvörðunar sveitarstjórnar eins og mælt er fyrir um í núgildandi lögum.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 10. gr.

Brýnt er að slökkviliðsmenn og aðrir þeir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra, séu ávallt tryggðir með hliðsjón af hinni miklu áhættu sem fylgir störfum þeirra. Því er lagt til að lágmarkstrygging þeirra verði í samræmi við þá skilmála sem í gildi eru hverju sinni um slysatryggingar opinberra starfsmanna þar sem mikilvægt er að samræmis sé gætt milli slökkviliðsmanna í fullu starfi, svo og þeirra sem kallaðir eru til slökkvistarfa í einstökum tilfellum.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 13. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 14. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 17. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 18. gr.

Ákvæði núgildandi laga um kynditæki eru felld niður. Í staðinn er kveðið á um upplýsingaskyldu seljenda byggingarefna og tækja um brunatæknilega eiginleika þeirra og heimild Brunamálastofnunar til að kveða á um notkun þeirra og þá með hvaða skilyrðum. Þessu verkefni sinnir Brunamálastofnun nú þegar en eðlilegt er að það eigi sér skýra stoð í lögum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 19. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er sett það nýmæli að móta lagagrundvöll fyrir reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði. Brýna nauðsyn bar til að setja reglur um skyldur eigenda húsa og annarra mannvirkja í landinu varðandi forvarnir, brunavarnir og eftirlit með þeim við hliðina á opinberu eldvarnaeftirliti sveitarfélaganna sem um ræðir í 4. gr.

Í þessari grein eru lögð til ýmis nýmæli, svo og ítarlegri ákvæði um brunavarnir bygginga, bæði nýbygginga og eldri mannvirkja, sem hér á eftir verða nánar skýrð.

Kveðið er á um að eigandi mannvirkis sé ábyrgur fyrir því að það fullnægi kröfum um brunavarnir fyrir bygginguna sem slíka, en forráðamanni (notanda) sé skylt að sjá til þess að það fullnægi kröfum um brunavarnir fyrir þá starfsemi sem fram fer á hverjum tíma. Sameiginlega og hvor fyrir sig beri þessir aðilar ábyrgð á eigin brunavörnum og að haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Jafnframt sé þeim skylt að hlíta fyrirmælum opinberra aðila um brunavarnir sem eigi sér stoð í gildandi lögum og reglugerðum. Eins og þegar hefur komið fram voru samhliða gerð þessa lagafrumvarps samin drög að reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis.

Kveðið er á um að brunahönnun skuli fara fram fyrir nýbyggingar í samræmi við gildandi reglugerðir þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafi sérstök eldhætta eða þar sem margir starfi, komi saman eða dveljist eða þar sem hætta sé á stórfelldu eignatjóni í bruna.

Sérstök ákvæði eru sett inn varðandi atvinnuhúsnæði sem þegar er byggt og í rekstri. Lagt er til að slökkviliðsstjóri og/eða byggingarfulltrúi geri úttektir á brunavörnum atvinnuhúsnæðis hver í sínu umdæmi og leggi hana fyrir hlutaðeigandi eiganda, forráðamann, vátryggingafélag og Brunamálastofnun ríkisins. Í reglugerð skal kveða á um aðgerðir til brunavarna í slíku húsnæði og er sérstök áhersla lögð á uppsetningu sjálfvirkra brunaviðvörunarkerfa þar sem slíkt hentar.

Ákvæði er sett inn varðandi öll mannvirki hvort sem er atvinnuhúsnæði eða ekki ef breytingar eru á því gerðar eða starfsemi í því breytt. Þá skal mannvirkið í heild sinni fullnægja kröfum laga og reglugerða um brunavarnir eftir breytinguna og þá starfsemi sem fram fer. Þetta ákvæði er mikilvægt til þess að ná fram úrbótum á eldri húsum og öðrum mannvirkjum.

Að hluta til eru ákvæði greinarinnar í núgildandi lögum óbreytt, þ.e. varðandi þá skyldu eigenda eða forráðamanna fasteignar eða annars mannvirkis að leggja til nægilegan mannafla til eftirlits með brunarústum eftir eldsvoða og þá heimild félagsmálaráðherra, að fengnum tillögum Brunamálastofnunar, að mæla fyrir um sérstakar brunavarnir í stærri fyrirtækjum og þjálfun tiltekinna starfsmanna í slökkvistarfi.

Um 20. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 21. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 22. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 23. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að Rannsóknarlögregla ríksins í stað lögreglustjóra skuli sjá um að lögregluransókn fari fram þegar eftir brunatjón.

Það nýmæli er síðan að finna í greininni að Rannsóknarlögregla ríkisins skuli kveðja sérfróða menn til rannsóknarinnar eftir þörfum í stað þess að Brunamálastofnun tilnefni þá. Aftur á móti skal Rannsóknarlögreglan tafarlaust tilkynna Brunamálastofnun ríkisins og Rafmagnseftirliti ríkisins um rannsókn sína. Hafa þessir aðilar eftir sem áður heimild til að rannsaka brunann á eigin vegum, þó að höfðu samráði við rannsóknaraðila, ef

lögreglurannsókn er í gangi, til þess að raska ekki þeim ummerkjum eftir brunann sem kunna að hafa rannsóknargildi.

Sú skylda er jafnframt lögð á Rannsóknarlögreglu ríkisins að rannsóknin beinist ekki einungis eða aðallega að upptökum elds og almannahættu heldur einnig að ýmsum öðrum og veigamiklum þáttum eins og fram kemur í greininni.

Ljóst er að Rannsóknarlögregla ríkisins þarf með tilkomu þessa ákvæðis að efla starfsemi sína á sviði brunarannsókna.

Um 24. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 25. gr.

Fræðsla og þjálfun slökkviliðs- og eldvarnaeftirlitsmanna í brunavörnum og björgunar- og slökkvistarfi, menntunarmál stjórnenda og annarra yfirmanna í slökkviliðum og fræðsla um fyrirbyggjandi brunavarnir og brunahönnun bygginga fyrir hönnuði í mannvirkjagerð allt eru þetta veigamiklir þættir í starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins sem efla þarf til muna frá því sem nú er.

Erlendis, t.d. hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, eru þessi mál í allt öðrum farvegi. Þar eru starfræktir skólar fyrir slökkviliðsmenn og eldvarnaeftirlitsmenn og þar er brunafræði sjálfsagður hluti menntakerfisins, allt upp í háskóla.

Með þessu ákvæði er lagt til að Brunamálastofnun hafi heimild til að veita þeim sem starfa að brunamálum styrki til náms hvort sem er á erlendri grund eða hér á landi í brunafræðum. Nánari ákvæði um þessar styrkveitingar skal setja í reglugerð sem félagsmálaráðherra staðfestir að fengnum tillögum Brunamálastofnunar. Fjármagn til þessara styrkveitinga má nema allt að 5% af brunavarnagjaldi ár hvert en það er ráðherra sem skal ákveða hversu hátt hlutfallið má vera hverju sinni.

Lauslega áætlað má gera ráð fyrir að fjárhæð þessi geti numið allt að þremur milljónum króna miðað við árið 1991 ef heimildin er nýtt að fullu sem er eins og fyrr segir í valdi ráðherra.

Um 26. gr. (25. gr. í núgildandi lögum).

Óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er að finna nýmæli sem heimilar slökkviliðsstjóra að leita aðstoðar byggingarnefndar til að knýja eiganda mannvirkis og/eða forráðamann þess til úrbóta í samræmi við ákvæði sem er að finna í 19. gr. frumvarps þessa. Þá er enn fremur lagt til að slökkviliðsstjóri hafi þá sjálfsögðu heimild að leita eftir samráði við Rafmagnseftirlit ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins þegar þess gerist þörf vegna þess að úrbótum í brunavörnum er ekki sinnt, sbr. áðurnefnda grein.

Í 2. mgr. er enn fremur að finna nýmæli sem heimilar vátryggingafélögum að leggja álag á iðgjöld brunatrygginga húsa í þeim tilvikum þegar húseigandi og/eða forráðamaður mannvirkis sinnir ekki kröfu slökkviliðsstjóra um úrbætur, sbr. nánar 19. gr. Álagið má leggja á þar til úr hefur verið bætt að dómi slökkviliðsstjóra.

Þá er lagt til í 4. mgr. að dagsektir renni til sveitarsjóðs í stað ríkissjóðs eins og mælt er fyrir í núgildandi lögum um brunavarnir og brunamál. Þetta er gert þar sem eðlilegt er talið að sektin nýtist til að efla brunavarnir í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Loks er í 5. mgr. fastar kveðið á um stöðvun á rekstri og lokun mannvirkja ef al-

mannahætta stafar af því að reglum um brunavarnir er ekki fylgt. Í stað þess að hlutaðeigandi lögreglu- og brunamálayfirvöld hafi einungis heimild til rekstrarstöðvunar og lokunar eins og nú er er hér lagt til að þeim beri að gera það. Að fenginni slæmri reynslu þykir ástæða til að gera þetta nú að skyldu í stað heimildar.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 28. gr. (27. gr. í núgildandi lögum).

Ákvæði greinarinnar eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum, nema að því leyti að hún er aðlöguð nýjum stjórnunarháttum í Brunamálastofnun ríkisins, sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 29. gr.

Óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 30. gr.

Óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 31. gr. (28. gr. í fyrri lögum).

Efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 32. gr. (31. gr. í fyrri lögum).

Óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir og brunamál.

Verði þetta frumvarp að lögum falla úr gildi núverandi lög nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, og lög nr. 83/1987, um breytingu á þeim. Helstu nýmæli, sem er að finna í frumvarpinu, eru rakin í inngangskafla athugasemda við það og verða ekki endurtekin hér heldur vikið að þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif til kostnaðarauka.

Fjármögnun brunavarna skv. 24. gr. frumvarpsins er með sama hætti og bundið er í núgildandi lögum eða eftirfarandi:

1. Allir sem annast vátryggingar innheimta árlega með iðgjöldum sínum sérstakt brunavarnagjald fyrir Brunamálastofnun Íslands. Gjaldið má nema allt að 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár.
2. Standi tekjustofnar ekki undir rekstrinum greiði ríkissjóður það sem á kann að vanta.
3. Brunamálastofnun er heimilt að semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af félagsmálaráðherra, en í gjaldskránni skal kveða á um skoðunargjöld og önnur gjöld sem stofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.

Samkvæmt núgildandi lögum (2. gr.) skipar ráðherra þrjá menn í stjórn Brunamálastofnunar ríkisins til fjögurra ára í senn og eru þeir skipaðir samkvæmt tilnefningum eftirfarandi aðila, einn frá hverjum: Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi slökkviliðsmanna og Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Í frumvarpinu (3. gr.) er gert ráð fyrir fimm mönnum í stjórn og eru þrír tilnefndir frá sömu aðilum og áður er getið og bætt við einum manni eftir sameiginlegri tilnefningu Arkitektafélags Íslands, Verkfræðingafélags Íslands og Tæknifræðingafélags Íslands. Einn stjórnarmann skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar. Fjölgun stjórnarmanna um tvo gæti þýtt um 250 þús. kr. kostnaðarauka fyrir stofnunina.

Í 25. gr. frumvarpsins er heimild fyrir Brunamálastofnun til að veita slökkviliðsmönnum, eldvarnaeftirlitsmönnum og öðrum þeim sem starfa að brunamálum styrki til náms á sviði brunamála. Fjármagn til þessara styrkveitinga má nema allt að 5% brunavarnagjalds á hverju ári. Verði þessi heimild notuð til fulls gæti fjárhæðin numið allt að 3–3,5 m.kr. á ári.

208. Svar [76. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kristínar Sigurðardóttur um burðarþol íslenskra vegamannvirkja.

Fyrirspurnin er í níu tölusettum liðum. Til hægðarauka verða sumir liðirnir dregnir saman í svarinu.

Áður en vikið er að einstökum spurningum er rétt að nefna nokkur almenn atriði varðandi burðarþol vega.

Burðarþol vega hér á landi er mjög breytilegt. Eldri vegir eru mjög burðarlitlir. Engu að síður er sami öxulþungi leyfður á öllum vegum með örfáum undantekningum. Leyfður öxulþungi er því allt annar og meiri á miklum hluta vegakerfisins en hönnun sagði til um þegar vegirnir voru byggðir. Þess vegna eru settar á víðtækar þungatakmarkanir á hverju vori og stundum einnig á haustin. Þetta er svipuð aðferð og notuð hefur verið í öðrum norðlægum Evrópulöndum þó að vegakerfi þeirra séu mun betur á sig komin. Í þessum löndum eru vegir þó einnig flokkaðir í mismunandi burðarþolsflokka.

Brýr þola almennt betur leyfðan öxulþunga, en þó eru allmargar brýr á aðalleiðum veikburða.

Áhrif þess að auka við leyfðan öxulþunga koma almennt fram í því að endingartími vega styttist. Endingartíminn verður þeim mun styttri sem leyfður öxulþungi er aukinn umfram þann öxulþunga sem vegurinn var hannaður fyrir. Í svari við 9. spurningu kemur fram hve hlutfallsleg áraun á veginn eykst mikið við að hækka öxulþunga úr 10 tonnum í 11,5 tonn. Miðað við ástand vegakerfisins og vanhæfni þess til að bera núverandi þungaumferð má ljóst vera að það er mjög illa í stakk búið til að taka við auknum öxulþunga að svo komnu.

Viðleitni Evrópubandalagsins til samræmingar hefur fyrst og fremst beinst að því að samræma leyfðan öxulþunga. Um næstu áramót taka gildi reglur um leyfilegan öxulþunga í bandalaginu. Segja má að þar með verði kominn á Evrópustaðall um þetta atriði. Ekki eru til samræmdir staðlar um uppbyggingu vega né aðra gerð þeirra enn sem komið er.

Verður nú nánar vikið að einstökum spurningum.

1. *Standast einhverjir íslenskra vega eða brúa Evrópustaðal um burðarþol? Ef svo er, þá hverjir?*
2. *Er fyrirhugað að taka upp Evrópustaðal við hönnun og byggingu vegamannvirkja?*
3. *Við hvaða burðarþol er almennt miðað við hönnun og byggingu vegamannvirkja? Ef miðað er við mismunandi flokka eftir álagi eða staðsetningu, hverjir eru þeir þá og við hvað er miðað í hverju tilfelli?*

Íslenskir vegir og brýr hafa á undanförnum árum verið byggð eftir hliðstæðum stöðlum um burðarþol og gilt hafa í flestum löndum Evrópu. Í stöðlum þessum er gert ráð fyrir að hámarksþungi á einfaldan öxul sé 10 tonn og á tvöfaldan öxul 16 tonn. Telja verður að þeir vegir og brýr, sem byggð hafa verið síðustu tvo áratugi, að viðbættri Reykjanesbraut, standist þær kröfur sem í gildi eru. Hinar nýju reglur Evrópubandalagsins leyfa 11,5 tonna öxulþunga á einfaldan öxul og 18 tonna á tvöfaldan driföxul.

Við undirbúning langtímaáætlunar í vegagerð sl. vetur var sett það markmið að allar nýbyggingar á stofnbrautum og meiri háttar þjóðbrautum verði hannaðar fyrir 11,5 tonna öxulþunga. Var þetta gert til að búa vegakerfið undir aukinn öxulþunga, enda verður að reikna með því að hér gildi svipaðar reglur og í Evrópu þegar litið er til lengri tíma.

4. *Er fyrirhugað að endurskoða þungatakmarkanir:*
   a. *almennt,*
   b. *sértækt, varðandi sérstök tæki eða þungan flutning þar sem ekki er hægt að skipta hlassinu?*

   Ef svo er, hvernig verður þá staðið að þeirri endurskoðun?

Samkvæmt umferðarlögum setur dómsmálaráðherra reglur um hámark öxulþunga og heildarþyngdar ökutækja, en Vegagerð ríkisins veitir undanþágur og ákveður takmarkanir eftir því sem við á.

Ekki liggja fyrir ákvarðanir um breytingar á almennum öxulþungareglum að svo komnu. Hjá Vegagerð ríkisins fer nú fram skoðun á þeim vinnureglum um undanþágur sem í gildi eru. Við þá skoðun verður helstu hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

5. *Kemur til álita að aflétta þungatakmörkunum með öllu á einhverjum svæðum þegar frost er í jörðu?*

Vegir þola að sjálfsögðu mestan þunga þegar þeir eru frosnir. Veðrátta og frostdýpt eru á hinn bóginn mjög mismunandi. Þá geta brýr einnig takmarkað þungaflutninga á tilteknum leiðum. Með hliðsjón af þessu kemur ekki til álita að leyfa ótakmarkaðan þunga. Við mat á undanþágubeiðnum hefur þetta hins vegar verið haft í huga og þyngstu flutningarnir hafa gjarnan farið fram á frosnum vegum.

6. *Hverjir hafa heimild til að veita undanþágur frá reglum við sérstaka þungaflutninga?*
7. *Hvernig er staðið að veitingu undanþágna?*
8. *Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á fyrirkomulagi þess hvernig undanþágur eru veittar?*

Vegagerð ríkisins veitir undanþágur eins og áður sagði. Flutningaaðili sækir um undanþágu fyrir tilteknum flutningi á tiltekinni leið. Í umsókn eiga m.a. að koma fram upplýsingar um fjölda öxla, lengd á milli þeirra, þunga á hvern öxul og heildarþyngd. Undanþága er ekki veitt ef skipta má farmi án óheyrilegs kostnaðar eða hættu á tjóni á farminum. Þá er ekki veitt undanþága umfram skráðan öxulþunga viðkomandi flutninga-

tækis. Að öðru leyti er umsóknin metin með tilliti til ástands vega og brúa á þeirri leið sem sótt er um og með hliðsjón af vinnureglum hjá Vegagerðinni um þessi mál.

Ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á tilhögun þessara mála.

9. *Hafa áhrif þunga og akstursbraða á slit vega og burðarþol þeirra verið rannsökuð? Ef svo er hverjar eru þá meginniðurstöður?*

Miklar athuganir hafa farið fram erlendis á þessum þáttum. Umfangsmestu rannsóknirnar hafa verið gerðar í Bandaríkjunum og niðurstöður þeirra að verulegu leyti verið notaðar í öðrum löndum. Samkvæmt þessum rannsóknum fara niðurbrotsáhrif öxla eftir svokallaðri fjórðaveldisreglu, þ.e. niðurbrot vega vex með fjórða veldi þyngdar öxla þeirra bifreiða sem um veginn fara. Almennt er 10 tonna öxull notaður sem viðmiðunarstærð í þessu sambandi (í Bandaríkjunum er þó notaður 8,2 tonna öxull) og niðurbrotsáhrif annarra öxulþunga reiknuð sem hlutfall niðurbrots 10 tonna öxuls sem þá er sett jafnt og 1,0. Á þennan hátt eru áhrif 11,5 tonna öxuls eftirfarandi:

$$N = 11{,}5^4 : 10^4 = 1{,}75$$

þ.e. niðurbrot 11,5 tonna öxuls er 75% meira en 10 tonna öxuls.

Áhrif ökuhraða hafa einnig verið rannsökuð töluvert. Kemur m.a. fram að fjöðrun bifreiða skiptir verulegu máli varðandi áhrif þau sem þær hafa á umferðarmannvirki.

209. Frumvarp til laga [189. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. KAFLI
Dómsmálagjöld.

1. gr.

Við meðferð einkamáls í héraði skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

1.	Fyrir útgáfu stefnu	1.000 kr.
2.	Fyrir þingfestingu	3.000 kr.
3.	Fyrir dómkvaðningu matsmanns	3.000 kr.
4.	Fyrir endurrit og ljósrit á hverja síðu	100 kr.

Við meðferð einkamáls fyrir Hæstarétti skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

1.	Fyrir kæru	10.000 kr.
2.	Fyrir áfrýjunarleyfi	10.000 kr.
3.	Fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu	10.000 kr.
4.	Fyrir þingfesting	3.000 kr.
5.	Útivistargjald	10.000 kr.

Fyrir sjópróf og aðra sönnunarfærslu fyrir héraðsdómi án tengsla við rekstur máls fyrir hlutaðeigandi dómi skal greiða 5.000 kr. í ríkissjóð.

Gjöld skv. 1. og 2. mgr. skal einnig greiða fyrir sakaukasök, gagnsök, meðalgöngusök og framhaldssök.

Gjöld skv. 1.–3. mgr. greiðast ekki í eftirfarandi málum:

1. Málum til heimtu vinnulauna.

2. Barnsfaðernismálum.
3. Málum til vefengingar á faðerni barns.
4. Lögræðissviptingarmálum.
5. Kjörskrármálum.
6. Einkarefsimálum.
7. Gjafsóknarmálum að því leyti sem gjald yrði lagt á gjafsóknarhafa.

2. gr.

Í málum vegna aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu og nauðungarsölu skal greiða gjöld skv. 1. gr. fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir því sem átt getur við.

Fyrir meðferð aðfararbeiðni fyrir héraðsdómi, án þess að gerðarþoli verði kvaddur fyrir dóm, skal greiða 3.000 kr. í ríkissjóð. Gjald þetta skal greitt um leið og beiðni er afhent héraðsdómi, en ef gerðarþoli er síðan kvaddur fyrir dóm fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

3. gr.

Í málum, sem eru rekin fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um gjaldþrotaskipti, skal greiða gjöld skv. 1. gr. eftir því sem átt getur við.

Þá skal greiða 3.000 kr. í ríkissjóð fyrir eftirfarandi málefni fyrir héraðsdómi:

1. Fyrir kröfu um opinber skipti á dánarbúi.
2. Fyrir kröfu um opinber skipti til fjárslita milli hjóna eða við slit óvígðrar sambúðar.
3. Fyrir kröfu um opinber skipti til slita á félagi.
4. Fyrir beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, þar á meðal um framlengingu hennar.
5. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar.
6. Fyrir beiðni um heimild til að leita nauðasamnings.
7. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings.
8. Fyrir kröfu um staðfestingu nauðasamnings.
9. Fyrir kröfu um gjaldþrotaskipti.

Gjald skv. 2. mgr. skal greitt um leið og beiðni eða krafa er afhent héraðsdómi. Komi til rekstrar máls til að leysa úr ágreiningi um beiðni eða kröfu fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

Að því leyti sem héraðsdómari lætur birta kvaðningar vegna málefna skv. 2. mgr. með öðrum hætti en í pósti eða símskeyti skal sá sem beiðni eða krafa stafar frá bera kostnaðinn af því.

Gjöld skv. 1. mgr. og 2. mgr. verða ekki greidd ef um mál er að ræða sem ákvæði 5. mgr. 1. gr. taka til.

II. KAFLI
Gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti fyrir sýslumanni.

4. gr.

Þegar beiðni um fjárnám er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem fjárnáms er krafist fyrir, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, þó aldrei minna en 3.000 kr. eða meira en 10.000 kr. Gjald skal reiknað í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður. Ef fjárnáms er krafist hjá fleiri en

einum gerðarþola í sömu beiðni skal greiða þetta gjald vegna hvers þeirra.

Þegar beiðni um kyrrsetningu eða löggeymslu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald skv. 1. mgr. sem tekur mið af fjárhæðinni sem gerðar er krafist fyrir.

Við lögbannsgerð eða aðfarargerð til fullnustu á öðru en skyldu til peningagreiðslu skal greiða 5.000 kr. í ríkissjóð um leið og beiðni um gerðina er afhent sýslumanni.

Gjöld skv. 1.–3. mgr. eru ekki endurkræf þótt beiðni sé afturkölluð eða ekki verði af framkvæmd gerðar af öðrum sökum. Sérstakt gjald verður ekki tekið við endurupptöku gerðar.

Gjöld skv. 1.–3. mgr. verða hvorki greidd vegna mála sem 5. mgr. 1. gr. tekur til né vegna fullnustu sektar eða kröfu um sakarkostnað í opinberu máli.

5. gr.

Þegar beiðni um nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem er krafist fullnustu á, að meðtöldum vöxtum og kostnaði. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á fasteign eða eign sem verður ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign skal þetta gjald aldrei vera minna en 9.000 kr. eða meira en 30.000 kr. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á lausafé skal gjaldið aldrei vera minna en 3.000 kr. eða meira en 10.000 kr. Ákvæði 4. og 5. mgr. 4. gr. gilda um skyldu til greiðslu þessa gjalds.

Þegar beiðni um nauðungarsölu í öðru skyni en til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald í ríkissjóð. Ef beiðnin er um nauðungarsölu á fasteign eða annari eign sem verður ráðstafað með sama hætti og fasteign er gjaldið 15.000 kr., en ef beiðnin varðar annars konar eign 5.000 kr.

Þegar fasteign er seld á uppboði greiðist 1% söluverðs sem sölulaun í ríkissjóð. Það sama á við um aðrar eignir sem eru seldar eftir sömu reglum og gilda um nauðungarsölu fasteigna.

Þegar aðrar eignir en getur í 3. mgr. eru seldar á uppboði greiðast 5% söluverðs sem sölulaun í ríkissjóð.

Gjöld skv. 1.–4. mgr. skulu reiknuð í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður.

6. gr.

Þegar einkaskiptum á dánarbúi er lokið skal greiða 5.000 kr. sem skiptagjald í ríkissjóð samhliða greiðslu erfðafjárskatts. Skiptagjald í ríkissjóð samhliða greiðslu erfðafjárskatts. Skiptagjald greiðist þó ekki ef arfur rennur að öllu leyti til erfingja sem er undanþeginn skyldu til greiðslu erfðafjárskatts.

7. gr.

Við framkvæmd aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu, nauðungarsölu og skipti dánarbúa fyrir sýslumanni verður ekki krafist frekari greiðslna en segir í 4.–6. gr. nema fyrir:

1. Óhjákvæmilegan akstur sem sá sem krefst aðgerðar býður ekki fram með viðunandi hætti. Sé notað ökutæki starfsmanns sýslumanns reiknast aksturskostnaður eftir almennum reglum um afnot ríkisstarfsmanna á eigin ökutæki við rækslu starfa sinna.
2. Útlagðan kostnað úr ríkissjóði vegna óhjákvæmilegrar ferðar og dvalar sýslumanns eða starfsmanns hans utan umdæmis hans.
3. Þóknun eftir ákvörðun sýslumanns handa öðrum en starfsmönnum sínum sem eru kvaddir til að leysa af hendi nauðsynleg störf.

4. Ljósritun, en fyrir hana skal greiða með sama hætti og segir í 1. gr.

Greiðslur skv. 1. mgr. renna í ríkissjóð og verður þeirra krafist um leið og tilefni gefst til þeirra. Sýslumanni er heimilt að áskilja fyrirframgreiðslu þannig að frekari framkvæmd umbeðinnar aðgerðar falli niður ef hún verður ekki innt af hendi.

III. KAFLI
Gjöld fyrir þinglýsingar og lögbókandagerðir.

8. gr.

Fyrir þinglýsingu skjala skal greiða 1.000 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottnám lögræðissviptingar.

9. gr.

Fyrir afsagnargerðir, stefnubirtingar og aðrar slíkar gerðir er lögbókandi framkvæmir skal greiða 1.000 kr.

Fyrir lögbókandavottorð á arfleiðsluskrá og á samninga skal greiða 2.000 kr.

Fyrir drátt í happdrætti skal greiða 3.000 kr.

IV. KAFLI
Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda.

10. gr.

Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skírteina skal greiða sem hér segir:

1.	Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	75.000 kr.
2.	Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	50.000 kr.
3.	Leyfi til að stunda almennar lækningar	5.000 kr.
4.	Leyfi til að stunda sérfræðilækningar	75.000 kr.
5.	Leyfi til að stunda almennar tannlækningar	50.000 kr.
6.	Leyfi til að stunda sérfræðitannlækningar	75.000 kr.
7.	Lyfsöluleyfi	75.000 kr.
8.	Leyfi til tæknifræðinga, verkfræðinga, arkitekta, lyfjafræðinga, viðskiptafræðinga og hagfræðinga	25.000 kr.
9.	Löggilding endurskoðenda	75.000 kr.
10.	Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkar, skjalaþýðendur, endurskoðendur o.fl.)	25.000 kr.
11.	Löggilding manns um óákveðinn tíma	5.000 kr.
12.	Meistarabréf	25.000 kr.
13.	Sveinsbréf	5.000 kr.
14.	Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A	11.000 kr.
15.	Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna B	13.000 kr.
16.	Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna C	14.000 kr.
17.	Vélstjórnarskírteini	13.000 kr.
18.	Fyrir endurnýjun leyfa skv. 14.–17. tölul.	3.000 kr.
19.	Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa	3.000 kr.
20.	Flugnema- og svifflugmannsskírteini	5.000 kr.
21.	Einkaflugmannsskírteini	6.000 kr.
22.	Atvinnuflugmannsskírteini III. fl.	15.000 kr.
23.	Atvinnuflugmannsskírteini II. fl.	20.000 kr.
24.	Atvinnuflugmannsskírteini I. fl.	25.000 kr.

25. Flugvéltækna-, flugvélstjóra- og flugumferðarstjóraskírteini ..... 25.000 kr.
26. Skírteini til kvikmyndasýninga
    a. staðbundin skírteini ..... 5.000 kr.
    b. sveinsskírteini ..... 5.000 kr.
    c. meistaraskírteini ..... 5.000 kr.
27. Naglabyssuskírteini ..... 5.000 kr.
28. Skírteini fyrir suðumenn ..... 5.000 kr.
29. Önnur leyfi af svipuðum toga er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum ..... 5.000 kr.

V. KAFLI
Leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi.

11. gr.

Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa skal greiða sem hér segir:

1. Heildsöluleyfi ..... 70.000 kr.
2. Umboðssöluleyfi ..... 50.000 kr.
3. Smásöluleyfi ..... 50.000 kr.
4. Lausaverslunarleyfi ..... 50.000 kr.
5. Endurnýjun verslunarleyfis ..... 20.000 kr.
6. Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki ..... 100.000 kr.
7. Leyfi til verðbréfamiðlunar ..... 50.000 kr.
8. Bráðabirgðaleyfi til verðbréfamiðlunar ..... 10.000 kr.
9. Leyfi til fasteignasölu ..... 100.000 kr.
10. Leyfi starfrækslu uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla ..... 50.000 kr.
11. Endurnýjun leyfis skv. 10. tölul. ..... 5.000 kr.
12. Leyfi til starfrækslu rækju- og hörpudiskvinnslu ..... 50.000 kr.
13. Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað ..... 50.000 kr.
14. Leyfi fyrir gistiheimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi ..... 20.000 kr.
15. Leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskálaleyfi, veisluþjónustuleyfi, veitingaverslunarleyfi ..... 15.000 kr.
16. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 13.–15. tölul. ..... 3.000 kr.
17. Leyfi til tækifærisveitinga ..... 3.000 kr.
18. Leyfi fyrir áfengisveitingastað
    a. til eins árs eða skemur ..... 30.000 kr.
    b. til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára ..... 50.000 kr.
    c. til lengri tíma en tveggja ára ..... 100.000 kr.
19. Leyfi til áfengisveitinga (tækifærisveitinga) ..... 5.000 kr.
20. Leyfi til að framleiða áfenga drykki ..... 100.000 kr.
21. Almennt skemmtanaleyfi fyrir veitingastað
    a. til eins árs eða skemur ..... 100.000 kr.
    b. til lengri tíma en eins árs ..... 300.000 kr.
22. Iðju- og iðnaðarleyfi ..... 25.000 kr.
23. Önnur leyfi af svipuðum toga er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum ..... 5.000 kr.

VI. KAFLI
Ýmis leyfi varðandi heimild til að selja, kaupa og fara með hættuleg efni og tæki.

12. gr.

Greiða skal gjald fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa sem hér segir:

1.	Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	3.000 kr.
2.	Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	5.000 kr.
3.	Endurnýjun leyfisskírteina skv. 2. tölul.	3.000 kr.
4.	Leyfi til að framleiða skotelda, skotvopn, skotfæri eða sprengiefni	25.000 kr.
5.	Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	15.000 kr.
6.	Endurnýjun leyfis skv. 5. tölul.	3.000 kr.
7.	Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu	3.000 kr.
8.	Leyfi til kaupa á sprengiefni	6.000 kr.
9.	Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar	6.000 kr.
10.	Önnur sambærileg leyfi nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	3.000 kr.

VII. KAFLI
Gjöld fyrir ýmsar skráningar.

13. gr.

Fyrir eftirfarandi skráningar skal greiða gjald sem hér segir:

1.	Skráning hlutafélags og samvinnufélags	100.000 kr.
2.	Skráning erlendra félaga	50.000 kr.
3.	Skráning firma eins manns	40.000 kr.
4.	Skráning firma tveggja manna eða fleiri	50.000 kr.
5.	Aukatilkynningar og skráning breytinga	1.000 kr.
6.	Skráning loftfars til atvinnuflugs	60.000 kr.
7.	Skráning loftfars til einkaflugs	30.000 kr.
8.	Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.)	5.000 kr.
9.	Skráning kaupmála	4.000 kr.
10.	Lögskráning sjómanna	500 kr.
11.	Aðrar skráningar sem framkvæmdar eru af stjórnvöldum	4.000 kr.

VIII. KAFLI
Ýmis vottorð og leyfi.

14. gr.

1.	Fyrir vegabréf til útlanda (18–66 ára)	4.000 kr.
2.	Fyrir vegabréf til útlanda fyrir aðra	1.500 kr.
3.	Fyrir borgaralega hjónavígslu	4.000 kr.
4.	Lögskilnaðarleyfi	2.500 kr.
5.	Ættleiðingarleyfi	2.000 kr.
6.	Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu	1.000 kr.
7.	Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar	1.000 kr.
8.	Fyrir sakavottorð gefin út samkvæmt beiðni einstakra manna	1.000 kr.

9. Fyrir veðbókarvottorð ..... 800 kr.
10. Fyrir önnur embættisvottorð ..... 1.000 kr.

IX. KAFLI
Ljósrit og endurrit.

15. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit skal greiða 100 kr. fyrir hverja vélritaða síðu. Fyrir staðfestingu dómsgerða skal greiða 1.000 kr.

Í ritlaunum skv. 1. mgr. er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og lögbókandastaðfestingum.

X. KAFLI
Um innheimtu gjaldanna, gildistöku o.fl.

16. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum skulu renna í ríkissjóð.

Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum annast sýslumenn, héraðsdómarar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneyti eða önnur ráðuneyti í umboði þess.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjaldið er tekið fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

17. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður hvort ríkissjóður eða innheimtuaðilar opinberra gjalda skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum er þessa aðila varða.

18. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum eru grunngjöld og er heimilt að hækka þau um hver áramót í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á árinu á vísitölu vöru og þjónustu, í fyrsta sinn 1. janúar 1993. Grunnvísitalan er 161,1 stig.

Þegar gjald hefur verið reiknað út skv. 1. mgr. skal það hækkað eða eftir atvikum lækkað í næsta hundrað.

Fjármálaráðherra skal með auglýsingu í Stjórnartíðindum tilkynna breytingar skv. 1. mgr.

19. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1992. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, og reglugerðir sem settar voru samkvæmt heimild í þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aukatekjur ríkissjóðs eiga sér langa sögu í íslenskri löggjöf. Elstu heimild um aukatekjur er að finna í aukatekjureglugjörð fyrir réttarins þjóna frá árinu 1830. Tekjur samkvæmt þeim reglum runnu til embættismanna sem endurgjald fyrir ýmis embættisverk sem þeir framkvæmdu. Voru greiðslurnar í reynd hluti þeirra launa sem embættismenn þágu frá ríkinu. Þetta breyttist þó skömmu fyrir síðustu aldamót þegar gerð var sú breyting með lögum nr. 2/1894 að aukatekjurnar urðu gjöld sem runnu í ríkissjóð. Þrátt fyr-

ir það urðu aðeins óverulegar efnisbreytingar á lögunum frá því sem verið hafði í reglugjörðinni. Frá því þau lög voru sett og fram til 1954 voru ekki gerðar efnisbreytingar á lögunum. Þær breytingar, sem gerðar voru fram að þeim tíma, lutu að því að hækka fjárhæðir.

Með lögum nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs, komu inn í aukatekjulög tveir nýir kaflar, þ.e. „Gjöld fyrir leyfisbréf, skírteini o.fl." og „Gjöld fyrir skrásetningar". Þessir kaflar höfðu að geyma allnokkur nýmæli, ásamt því sem þar var að finna flest þau ákvæði sem áður höfðu verið í kaflanum „Um gjöld fyrir ýmiss konar embættisverk bæjarfógeta og sýslumanna".

Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á aukatekjulögum frá 1954 og þar til núgildandi lög nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs, tóku gildi, hafa í grundvallaratriðum einungis miðað að því hækka fjárhæðir gjalda.

Með lögum nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs, var í fyrsta sinn horfið frá þeirri stefnu að löggjafinn kvæði á um gjaldstofna og gjaldskyldu. Í lögunum er að finna víðtækar heimildir til handa ráðherra þar sem honum er raunverulega bæði falið vald til að ákveða fyrir hvaða embættisathafnir skuli greiða gjöld og fjárhæð þeirra.

Ef litið er á efni aukatekjulaga, allt frá setningu aukatekjureglugjörðar fyrir réttarins þjóna árið 1830 til setningar laga nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs, kemur í ljós að inntakið hefur tekið litlum breytingum. Reyndar má fullyrða að einu efnisbreytingarnar, sem orðið hafa, séu vegna breytinga á tíðaranda, þróun þjóðfélagsgerðar og breyttrar löggjafar.

Frá árinu 1830 til 1954 var efnisskipan þessi:

1. Dómsgerðir.
2. Fógetagerðir.
3. Þinglýsingar.
4. Skiptagerðir.
5. Uppboðsgerðir.
6. Notarialgerðir.
7. Ýmis önnur embættisverk.
8. Almenn fyrirmæli.

Efnisskipan og gjaldtaka samkvæmt lögunum frá 1954 og 1965 voru þessar:

1. Dómsmálagjöld.
2. Fógetagerðir.
3. Skiptagjöld.
4. Uppboðsgerðir.
5. Notarialgerðir.
6. Þinglýsingar o.fl.
7. Leyfisbréf, skírteini o.fl.
8. Skrásetningar.
9. Ýmis gjöld.
10. Ýmis ákvæði.

Efnisskipan og gjaldtaka samkvæmt lögum nr. 79/1975:

1. Dómsmálagjöld.
2. Fógetagerðir.
3. Skiptagjöld.
4. Uppboðsgerðir.

5. Notarialgerðir.
6. Þinglýsingar.
7. Ýmis ákvæði.

Breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs hafa í gegnum tíðina einkum miðað að því að hækka fjárhæðir gjalda. Af þessu grófa yfirliti hér að framan má sjá að einu efnisbreytingarnar, sem eitthvað kveður að, urðu með lögunum frá 1954 þegar lögfestir voru sérstakir kaflar um leyfisbréf, skírteini o.fl. og um skrásetningar. Frá þeirri skipan var svo aftur horfið með setningu núgildandi laga þar sem gert er ráð fyrir að ráðherra ákveði einstök gjöld með reglugerð. Þannig hefur fjármálaráðherra sett reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs og dómsmálaráðherra reglugerð um dómsmálagjöld.

Það fyrirkomulag, að ákveða gjöld með reglugerð, hefur ákveðna kosti og ákveðna galla. Má í því sambandi benda á að þurfi einhverra atvika vegna að leggja á nýtt gjald, t.d. nýtt leyfisgjald, þarf ekki að bíða eftir lagabreytingu heldur getur ráðherra kveðið á um gjaldtökuna í reglugerð. Á hinn bóginn eru ráðherra með þessu fyrirkomulagi gefnar frjálsar hendur um ákvörðun fjárhæða með einhliða ákvörðun. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að í lög séu leidd ákveðin grunngjöld sem síðan taki breytingum með hliðsjón af verðlagsbreytingum. Þannig sé það löggjafarvaldið sem ákveði í reynd gjöld þessi en ekki framkvæmdarvaldið og því horfið frá því fyrirkomulagi sem verið hefur við ákvörðun aukatekna ríkissjóð frá því lög nr. 79/1975 tóku gildi.

Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir nema óverulegum hækkunum á þeim gjöldum sem ákveðin hafa verið í reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs. Nokkrar hækkanir verða hins vegar á þeim gjöldum sem í tíð gildandi laga hafa verið ákveðin með reglugerð um dómsmálagjöld o.fl. Veigamesta breytingin er sú að nú er sett ákveðið lágmark fyrir gjaldtöku vegna fjárnáms og nauðungarsölubeiðna, auk þess sem gert er ráð fyrir að gjöld þessi skuli greidd í einu lagi við framlagningu beiðni um viðkomandi aðgerð. Hækkunaráhrif þessara lágmarksgjalda eru þó óviss þar sem gerðarbeiðendur standa nú straum af kostnaði sem kemur til með að falla niður á næsta ári. Nú er til að mynda aksturskostnaður verulegur við margar gerðir en sýslumenn munu ekki krefjast hans eftirleiðis nema eftir 7. gr. Vottagjöld, sem eru mismunandi eftir embættunum, verða ekki ákveðin til handa starfsmönnum embættanna eftir frumvarpi til laga um meðferð einkamála í héraði sem nú er til meðferðar á Alþingi. En samkvæmt ákvæðum þess frumvarps mun það taka gildi 1. júlí 1992. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir að sýslumannsembættin muni standa straum af útlögðum kostnaði vegna nauðungarsölu. Að verulegu leyti má því segja að sú uppstokkun, sem verður á ákvæðum fyrsta og sérstaklega annars kafla laganna, sé til einföldunar og samræmingar á gjaldtöku. Varðandi hækkanir á ýmsum öðrum gjöldum, þ.e. hinum eiginlegu aukatekjum, má almennt segja að þjónustustofnunum sé ætlað að verðleggja og selja þjónustu sína í auknum mæli í samræmi við tilkostnað. Í því sambandi er rétt að taka tillit til þess kostnaðar ríkissjóðs sem ekki kemur fram á rekstrarreikningi viðkomandi stofnunar, svo sem endurgjaldslaus afnot af húsnæði og verðtrygging á lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna þeirra o.s.frv. Gjöld fyrir ýmsar skráningar eiga því t.d. ekki einungis að vera endurgjald fyrir skráningarnar sem slíkar heldur eiga þau að standa að hluta til undir rekstri viðkomandi skrár.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lítil breyting er gerð á gjaldtegundum. Mest munar um að þingfestingargjald er hækkað úr 2.500 kr. í 3.000 kr.

Um 2. gr.

Annars vegar er um að ræða gjald fyrir mál sem rekin eru vegna aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu og nauðungarsölu og skal í þeim tilfellum greiða sambærilegt gjald og segir í 1. gr.

Hins vegar er um að ræða gjald fyrir áritun dómara á aðfararbeiðni um aðfararhæfi. Er gjaldið það sama og þingfestingargjald eða 3.000 kr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að þegar beiðni um fjárnám er afhent sýslumanni skuli um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem fjárnáms er krafist fyrir, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, þó aldrei minna en 3.000 kr. eða meira en 10.000 kr. Samkvæmt gildandi lögum er gjaldið reiknað þannig að greiða ber 1.000 kr. af fjárhæð sem er 50.000 kr. eða minni og síðan 100 kr. í viðbót fyrir hverjar 10.000 kr. eða brot úr þeirri fjárhæð sem fram yfir er.

Gjaldtakan samkvæmt þessari grein er mun einfaldari en er samkvæmt gildandi lögum, svo sem vikið er að í almennum athugasemdum hér að framan.

Fyrir lögbannsgerð eða aðfarargerð til fullnustu á öðru en skyldu til peningagreiðslu skal greiða 5.000 kr. í ríkissjóð og er þar nokkur hækkun frá því sem er samkvæmt gildandi lögum.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um gjaldtöku vegna nauðungarsölu. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að greitt verði 1% gjald þegar beiðni um nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni. Gjaldið er þó eigi lægra en 9.000 kr. og eigi hærri en 30.000 kr. ef um er að ræða beiðni um nauðungarsölu á fasteign. Ef beiðni er um sölu á lausafé er gjaldið lægst 3.000 kr. og hæst 10.000 kr.

Ef um beiðni um nauðungarsölu í öðru skyni en til fullnustu peningakröfu er að ræða greiðast 15.000 kr. ef um að ræða fasteign eða aðra eign sem ráðstafað verður með sama hætti og fasteign. Ef um annars konar eign er að ræða greiðast 5.000 kr.

Ekki er gert ráð fyrir að uppboðsbeiðandi greiði annan kostnað, svo sem auglýsingakostnað, eins og nú er, né heldur önnur gjöld. Gjaldtakan er gerð mun einfaldari en hún er eftir gildandi lögum, en lágmarksgjald er hér hærra en þegar um fjárnámsbeiðni er að ræða eða þingfestingargjald vegna hins útlagða kostnaðar sem sýslumannsembættin munu nú bera.

Um 6. gr.

Hér er um nýtt gjald að ræða sem skal greiða samhliða erfðafjárskatti þegar einkaskiptum á dánarbúi er lokið. Rökin fyrir þessu gjaldi eru þau að sýslumenn hafa margvísleg afskipti af slíkum skiptum, aðallega til leiðbeiningar.

Um 7. gr.

Aðalinntak breytinga í II. kafla laganna er að einfalda gjaldtöku. Þannig er margvíslegri gjaldtöku steypt í eitt gjald sem innheimt er í eitt skipti. Því er það ítrekað sérstaklega í þessari grein að við framkvæmd aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða,

löggeymslu, nauðungarsölu og skipti dánarbúa fyrir sýslumanni verður ekki krafist frekari greiðslna en segir í 4.–6. gr., með þeim undantekningum einum sem 7. gr. nefnir í fjórum töluliðum.

Varðandi 1. tölul. skal tekið fram að eftir honum skal greiðsla reiknuð þannig að eknum kílómetrum eftir kílómetramæli ökutækis skal jafnað niður á gerðir ef farið er á fleiri en einn stað í einu. Síðan skal greitt fyrir hvern kílómetra eftir reglum um greiðslur til ríkisstarfsmanna fyrir afnot af eigin ökutæki í þágu starfa sinna.

2. tölul. þarfnast ekki skýringa.

Skv. 3. tölul. er gert ráð fyrir að starfsmönnum sýslumanna sé ekki greitt aukalega fyrir nein störf sem þeir inna af hendi í þágu gerðar.

4. tölul. þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði hækkar gjald fyrir þinglýsingu úr 600 kr. í 1.000 kr. En gjald þetta hefur verið óbreytt síðan í ársbyrjun 1990. Þinglýsingar eru nákvæmnisvinna sem sérstaklega er mikilvægt að vandað sé til þar sem þeir hagsmunir, sem eru í húfi, eru jafnan miklir. Þessu gjaldi er ætlað að standa straum af kostnaði við þinglýsingar og því að halda skrá yfir þær.

Um 9. gr.

Hér kveðið á um gjaldtöku fyrir ýmsar lögbókandagerðir. Um þetta var áður ákvæði í 7. gr. reglugerðar nr. 642/1989, um dómsmálagjöld. Sé starf það, sem fjallað er um í þessari grein, innt af hendi utan vinnutíma skal innheimt sérstaklega fyrir laun vegna útkalls.

Um 10. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um gjöld fyrir veitingu ýmissa atvinnuréttinda eða tengdra réttinda. Fjárhæðir gjalda eru að mestu óbreyttar frá því sem var í reglugerð 644/1989, um aukatekjur ríkissjóðs. Þó er í 8. tölul. hækkuð verulega leyfi til verkfræðinga, arkitekta o.fl. Er sú hækkun gerð í þeim tilgangi að samræma gjaldtöku þeirri stefnu sem mörkuð var í áðurnefndri reglugerð varðandi gjöld fyrir atvinnuréttindi. Í 29. tölul. greinarinnar er kveðið á um gjald fyrir atvinnuréttindi önnur en kveðið er á um í 1.–28. tölul. Hækkar það gjald úr 1.500 kr., eins og það nú er samkvæmt reglugerðinni, í 5.000 kr. Undir þetta ákvæði falla t.d. leyfi til sálfræðinga, sjúkraþjálfara, hjúkrunarfræðinga og kennara. Ekki eru tæmandi talin þau leyfi sem undir þennan tölulið falla. Hækkun er gerð til þess að samræmis sé gætt varðandi gjald fyrir einstök atvinnuréttindi.

Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um gjöld fyrir útgáfu leyfa fyrir atvinnustarfsemi og tengdra leyfa. Almennt er hér um enga hækkun að ræða frá því sem verið hefur í gildandi reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs nr. 644/1989. Þó er hækkað leyfi til framleiðslu áfengra drykkja úr 50.000 kr. í 100.000 kr.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í þessari grein er kveðið á um allnokkra hlutfallslega hækkun enda voru gjöld þessi lág samkvæmt reglugerð nr. 644/1989, um aukatekjur ríkissjóðs.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 644/1989, um aukatekjur ríkissjóðs.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Í þessari grein er ákveðið að gjöld samkvæmt lögunum séu grunngjöld sem heimilt sé að hækka um hver áramót í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á vísitölu vöru og þjónustu. Þær breytingar skulu síðan auglýstar í Stjórnartíðindum. Með þessu er í reynd ákvörðunarvald um fjárhæðir einstakra gjalda fært frá framkvæmdarvaldinu yfir til löggjafarvaldsins þar sem hér er gert ráð fyrir skyldubundinni sjálfvirkri hækkun á grunngjöldum. Hækkunin er þó ekki gerð sjálfvirk að því leyti að þetta er eingöngu heimildarákvæði sem í reynd setur þak á gjaldtökur samkvæmt lögunum.

Um 19. gr.

Hér er kveðið á um heimild til handa fjármálaráðherra að setja með reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Um 20. gr.

Gildistökuákvæði laganna þarfnast ekki skýringa.

210. Fyrirspurn [190. mál]

til menntamálaráðherra og samgönguráðherra um nýjan langbylgjusendi.

Frá Árna Johnsen.

1. Hvenær er að vænta niðurstöðu nefndar um stærð og gerð langbylgjusendis miðað við hugmyndir opinberra aðila sl. vetur?
2. Eru einhver önnur áform um lausn málsins en endurbygging öflugri langbylgjusendis en var á Vatnsendahæð?
3. Hvernig hyggst ríkisstjórnin tryggja framgang verkefnisins miðað við nýjan langbylgjusendi á sem skemmstum tíma?

211. Fyrirspurn [191. mál]

til fjármálaráðherra um Slippstöðina á Akureyri.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Á hvern hátt mun ríkisstjórnin bregðast við erfiðri fjárhagsstöðu Slippstöðvarinnar á Akureyri?
2. Mun ríkissjóður að einhverju leyti taka á sig þann gífurlega fjármagnskostnað sem safnast hefur upp síðan 1987 vegna smíða á svokölluðu B-70 skipi sem nú er nýselt til Vestmannaeyja?

212. Fyrirspurn [192. mál]

til fjármálaráðherra um auglýsinga- og kynningarkostnað fjármálaráðuneytis.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður fjármálaráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?
2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?
3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?
4. Fyrir hvað var greitt?
5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

213. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Össur Skarphéðinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Einar K. Guðfinnsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir vilja sínum til að tryggja að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki eigi sér ekki stað hér á landi. Til þess að svo megi verða, sbr. ályktanir Evrópuráðsins 1. október 1981 og Norðurlandaráðs 1. mars 1984 sem báðar fjalla um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Nefndin skal skipuð fulltrúum dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka samkynhneigðs fólks og skal hún kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi.

Greinargerð.

Þessi tillaga var áður flutt á 108. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Flutningsmenn voru þá Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir, Helgi Seljan og Ólafur Þ. Þórðarson. *Hún er nú endurflutt svo til óbreytt.*

Í okkar heimshluta hafa þjóðfélagsbreytingar síðustu áratuga m.a. falið í sér vaxandi

virðingu fyrir einstaklingnum og rétti hans, sem og aukinn skilning milli þjóðfélagshópa og virðingu fyrir rétti þeirra hvers um sig. Má raunar segja að það sé og eigi að vera kjarninn í viðleitninni til að móta samfélagið svo að það verði samfélag allra manna.

Þegar nefna skal dæmi þessa er augljósust hér á landi umræðan um jafnan rétt karla og kvenna og viðleitni almennings og félagasamtaka, sem og viljayfirlýsingar og löggjöf Alþingis, til þess að tryggja afnám misréttis vegna kynferðis. Sami vilji liggur að baki þegar þjóðir setja sér að útrýma misrétti sem byggist á litarhætti manna. Einnig ákveða þjóðfélög að réttur þjóðabrota, trúarbragðahópa og aldurshópa skuli virtur og svo má áfram telja.

Misrétti vegna kynhneigðar hefur viðgengist öldum saman í samfélögum vestrænnar menningar. Þetta á og mjög við um Ísland. Þess gætir í löggjöf með tvennum hætti, annars vegar með því að lagaákvæði meina beinlínis samkynhneigðum rétt sem gagnkynhneigðum er ekki meinaður og hins vegar með því að lagaákvæði, sem veita tiltekinn rétt, ná til gagnkynhneigðra en ekki samkynhneigðra.

Auk lagalegs misréttis býr samkynhneigt fólk við menningarlegt og félagslegt misrétti. Menningarlegt misrétti er m.a. fólgið í misnotkun tungunnar til þess að sýna samkynhneigðu fólki virðingarleysi með fjandsamlegu orðafari, sem og í því að í listum og öðru menningarstarfi er tilvist samkynhneigðs fólks hunsuð og hjúpuð þögninni. Félagslegs misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki sem einstaklingum og sem hópi gætir á öllum sviðum þjóðlífsins og er vitað um fjöldamörg dæmi þess.

Aðstaða samkynhneigðs fólks til þess að berjast sjálft fyrir jafnrétti sínu er miklu lakari en annarra þjóðfélagshópa. Konur eiga þess ekki kost að leyna kynferði sínu til þess að komast hjá því að verða fyrir misrétti og blökkumenn geta ekki leynt litarhætti sínum. En samkynhneigt fólk á þess kost að afneita kynhneigð sinni til þess að komast hjá misrétti og hið menningarlega misrétti veldur því að afar erfitt er fyrir homma eða lesbíu að öðlast þá sjálfsvirðingu sem þarf til að krefjast réttar síns. Hið félagslega misrétti gengur svo nærri sérhverjum einstaklingi sem fyrir því verður að yfirgnæfandi meiri hluti samkynhneigðs fólks kýs að fórna rétti sínum til fullrar aðildar að samfélaginu á jafnréttisgrundvelli fremur en að beita sér gegn misréttinu. Hér er því kominn vítahringur. Samkynhneigður einstaklingur getur ekki krafist réttar síns nema hann geri grein fyrir máli sínu, en hann getur ekki gert grein fyrir máli sínu vegna réttleysis síns. Að fá ekki að vera maður sjálfur með fullum rétti og virðingu leiðir til mikillar óhamingju. Það er hlutverk þjóðfélagsins alls að rjúfa þennan vítahring.

Sem betur fer hafa augu stjórnmálamanna víða um lönd opnast á undanförnum árum fyrir því hlutverki sem þeir þurfa að gegna hér. Meðal norrænna þjóða riðu Norðmenn á vaðið þegar Stórþingið jók við ákvæðum í norsk hegningarlög árið 1981 sem kveða á um refsingu gagnvart þeim sem blása til andúðar á samkynhneigðu fólki á opinberum vettvangi eða neita samkynhneigðu fólki um vöru eða þjónustu sem almenningi er boðin í atvinnuskyni. Sams konar lagasetningar (antidiskriminationslov) tóku nokkrum árum síðar gildi í Danmörku og Svíþjóð. Að undangengnu starfi þingkjörinnar nefndar gekk í gildi ný sambúðarlöggjöf í Svíþjóð 1988 sem kveður á um jafnan rétt fólks í sambúð við þá sem lifa í hjónabandi hvað varðar erfðamál, skattamál og skiptingu eigna við skilnað. Sérstaklega er tekið fram í löggjöfinni að þessi réttur gildi líka um sambúð samkynhneigðra. Árið 1989 gengu í gildi lög í Danmörku um skráða sambúð samkynhneigðra og samkvæmt þeim njóta þeir sama hjúskaparréttar og aðrir þegnar ef undan er skilinn rétturinn til að ættleiða börn. Svo má lengi telja, en aðeins skal nefnt að í Hollandi, Frakklandi og víða í Bandaríkjunum hefur mikill árangur náðst með því að banna með lögum misrétti vegna kynhneigðar.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu vilja ekki una því að á Íslandi líðist misrétti sem byggist á kynhneigð og telja því nauðsynlegt að verða við ályktunum Evrópuráðsins 1. október 1981 og Norðurlandaráðs 1. mars 1984 sem báðar fjalla um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki. Mikilvægi þessa verkefnis hefur af hálfu stjórnmálamanna verið rækilega undirstrikað með þessum ályktunum.

214. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um skolphreinsun.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að skipaður skuli samstarfshópur til að hanna skolphreinsibúnað sem hæfi íslenskum aðstæðum. Starfshópnum verði einnig falið að gera kostnaðaráætlun fyrir skolphreinsibúnaðinn og kanna möguleika íslensks fyrirtækis til að framleiða slíkan búnað í mismunandi stærðum sem henti sveitarfélögum og iðnfyrirtækjum á Íslandi þar sem úrgangur fer í einhverjum mæli í holræsakerfi og þaðan út í umhverfið.

Greinargerð.

Mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989 tók gildi 1. janúar 1990.

Eitt stærsta viðfangsefni sveitarfélaga hér á landi er að koma skolphreinsun frá byggð í lag svo að umhverfi og náttúra skaðist sem minnst af úrgangsefnum í skolpi.

Mörg sveitarfélög hafa gert nákvæmar skýrslur um hvernig ástatt er í þessum málaflokki hjá þeim. Hjá öðrum þarf að gera úttekt á stöðu þessara mála þannig að unnt sé að gera tillögur um úrbætur. Líklegt er að flest sveitarfélög geti gert úttekt á núverandi ástandi en að lítil sveitarfélög þurfi aðstoð við að gera tillögur um sem hagkvæmastar úrbætur. Það er ljóst að margar en misgóðar lausnir hafa fundist á hreinsun skolps víða í heiminum sem má hafa til hliðsjónar við úrlausn þessa máls.

Þessari ályktun er ætlað að koma því til leiðar að búnaður, sem hæfi íslenskum aðstæðum, verði hannaður af Íslendingum og gæti hann einnig nýst þeim sem búa við lík skilyrði í nágrannalöndum okkar, svo sem Grænlendingum, Færeyingum og Norðmönnum.

Íslendingar eiga stofnanir og fyrirtæki sem hafa þekkingu og fjárhagslega getu til að annast þetta verkefni. Þó er eðlilegt að leitað verði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í því skyni að hann leggi fram fjármagn til frumhönnunar þar sem þetta er verkefni til að mæta grundvallarþörfum sveitarfélaga.

Flutningsmenn telja nauðsyn bera til að hraða þessu og þörf á að kanna bestu kosti í þessum málaflokki og ná árangri með sem minnstum tilkostnaði. Yfirleitt er umræðu um þessi mál drepið á dreif með ótímabærum fullyrðingum um að hreinsun skolps sé of kostnaðarsöm. Flutningsmenn telja að unnt sé að gera grunnáætlun um þessa framkvæmd sem leiði í ljós að sveitarfélögum sé unnt að bæta úr málum að því marki sem mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989 kveður á um.

215. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um tímabundnar ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Steingrímur J. Sigfússon, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við sjávarútvegsnefnd Alþingis, að undirbúa ráðstafanir til að draga úr óvissu í sjávarútvegsmálum á árinu 1992 eða þar til lokið er endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.

Í þessu skyni verði eftirfarandi ráðstafanir athugaðar sérstaklega:
— að draga markvisst úr flutningi veiðiheimilda milli byggðarlaga með kvótaskerðingu eða öðrum áhrifaríkum hætti,
— að stöðva frekari flutning fiskvinnslunnar út á sjó (fjölgun frystitogara),
— að lýsa yfir að yfir að tvöföldun línuaflans í fjóra mánuði á ári verði áfram í gildi,
— að lýsa yfir að ekki sé stefnt að afnámi krókaveiðileyfa undir 6 tonna markinu,
— að stemma stigu við flutningi veiðiheimilda frá minni bátum og trillum á stærri skip,
— að taka upp þá reglu, til að hindra að afla, einkum smáfiski, sé hent í sjóinn, að skip megi landa slíkum afla utan kvóta, þannig að útgerðin fái metið kostnaðarverð til sín en afgangurinn sé fénýttur, t.d. í þyrlukaupasjóð,
— að fallið verði frá áformum um að fénýta Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og allar ráðstafanir, sem gerðar verða á árinu 1992, verði við það miðaðar að tryggja stöðugleika á meðan endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða stendur yfir.

Greinargerð.

Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða stendur nú yfir og skal vera lokið fyrir áramótin 1992–1993. Mikið umrót og óvissuástand hefur skapast vegna þeirra laga sem nú gilda um stjórn fiskveiða og óvissunnar um hvort þau muni breytast og hvernig. Ofan á þetta bætist gríðarlegur rekstrarvandi í sjávarútveginum og er nú þannig komið að fjölmörg fyrirtæki riða á barmi gjaldþrots eða eru nú þegar gjaldþrota.

Heimaaðilar og sveitarfélög hafa víða enga möguleika á að tryggja að veiðiheimildir verði ekki seldar í burtu. Veiðiheimildir flytjast einnig stjórnlaust milli skipagerða án tillits til atvinnusjónarmiða og þjóðhagslegrar hagkvæmni. Veruleg hætta er á miklum atvinnumissi vegna þessa.

Auk almennra og sértækra ráðstafana til að styrkja atvinnugreinina í heild er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að margvísleg vandamál skapist þann tíma sem tekur að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða.

Draga mætti tímabundið úr flutningi veiðiheimilda milli byggðarlaga með því að beita kvótaskerðingum. Þann kvóta, sem þannig félli til, mætti setja í Hagræðingarsjóð til að styrkja byggðarlög sem lenda í erfiðleikum.

Brýna nauðsyn ber nú til að stöðva flutning fiskvinnslunnar út á sjó, þ.e. fjölgun frystitogara. Þann tíma sem vinnst þarf fiskvinnslan í landi og útgerð tengd henni að nota til að endurmeta stöðu sína og búa sig undir að takast á við kröfuna um ferskara hráefni.

Mörg byggðarlög, sem byggja afkomu sína á bátaútgerð, eru nú í mikilli óvissu vegna þess þrýstings sem forráðamenn útvegsmanna hafa beitt til að fá tvöföldunina á línuaflanum afnumda. Þess vegna er nauðsynlegt að skera úr í því máli með tilliti til byggðasjónarmiða. Sama má segja um krókaveiðileyfin á bátum undir 6 tonna markinu. Ýmis af minnstu byggðarlögunum, sem byggja afkomu sína á smábátaútgerð, munu hreinlega leggjast af ef kvóta verður úthlutað á báta undir 6 tonna markinu eins og gert er ráð fyrir í lögunum um stjórn fiskveiða. Þá er það kapp, sem menn leggja nú á að reyna vinna sér inn kvóta á þessa báta, mjög hættulegt fyrir öryggi sjómannanna og forkastanlegt að stjórnvöld stuðli að glannalegri sjósókn með þessum hætti. Flutningur aflaheimilda frá smábátum til stærri skipa hefur verið mikill og mun hafa slæm áhrif í atvinnulegu tilliti, sérstaklega í smærri fiskiþorpunum á landsbyggðinni. Þá verður ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að með þeirri tilfærslu veiðiheimilda, sem er í gangi og hefur verið undanfarið í stórum stíl frá bátum yfir á togara, er sóknin að færast frá stærri fiski yfir

í smærri, sbr. meðalþyngd á fiski sem króka- og netaveiði skilar á móti meðalþyngd hjá stærri togskipum. Einnig er ástæða til að ætla að sóknarkostnaður sé minni hjá bátum en togurum og þess vegna að mörgu leyti þjóðhagslega óhagkvæmt að þetta gerist. Því virðist einsýnt að loka beri fyrir flutning aflaheimilda frá þessum bátum til togaranna.

Vegna þess afla sem talið er að fleygt sé í sjóinn er hér lagt til að sú tilraun verði gerð að gefa mönnum kost á að koma með allan afla að landi sem kemur í veiðarfærin. Sá kostur verði í boði að skip geti landað aflanum utan kvóta. Aflinn verði seldur, útgerðin fái metið kostnaðarverð fyrir hann en mismunurinn verði síðan nýttur t.d. í þyrlukaupasjóð.

Þá er lagt til að menn leggi á hilluna öll áform um að fénýta Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og að allar ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, sem gerðar verði á árinu 1992, verði við það miðaðar að tryggja sem best stöðugleika í greininni meðan endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða stendur yfir.

Sjávarútvegsráðuneytið

BOTNFISKAFLAMARK FISKISKIPA

10 BRL. OG STÆRRI

1984 - 1992

Heimahöfn	1984	Hlut-deil	1985	Hlut-deild	1986	Hlut-deild	1987	Hlut-deild	1988	Hlut-deild	1989	Hlut-deild	1990	Hlut-deild	1991	Hlut-deild	91/92	Hlut-deild
Vestmannaeyjar	32.931	8,22%	32.050	8,54%	34.647	8,72%	35.203	8,57%	38.310	9,24%	38.337	9,99%	38.352	10,45%	28.141	10,12%	32.710	9,97%
Stokkseyri	3.385	0,84%	3.322	0,89%	3.809	0,96%	3.906	0,95%	3.791	0,91%	3.309	0,86%	3.175	0,87%	2.333	0,84%	2.619	0,80%
Eyrarbakki	1.607	0,40%	1.609	0,43%	1.851	0,47%	1.155	0,28%	980	0,24%	2.373	0,62%	2.656	0,72%	1.309	0,47%	1.504	0,46%
Þorlákshöfn	13.637	3,40%	13.465	3,59%	14.377	3,62%	15.732	3,83%	14.819	3,57%	12.549	3,27%	11.737	3,20%	9.351	3,36%	10.551	3,21%
Grindavík	16.706	4,17%	16.672	4,44%	17.766	4,47%	17.378	4,23%	18.346	4,42%	16.706	4,35%	17.184	4,68%	14.236	5,12%	15.358	4,68%
Sandgerði	10.081	2,51%	9.820	2,62%	9.578	2,41%	10.985	2,67%	11.846	2,86%	10.639	2,77%	10.523	2,87%	6.430	2,31%	7.468	2,28%
Garður	3.601	0,90%	3.510	0,94%	3.455	0,87%	2.202	0,54%	1.732	0,42%	1.503	0,39%	1.422	0,39%	2.045	0,74%	2.758	0,84%
Keflavík	15.107	3,77%	14.800	3,94%	15.796	3,97%	16.310	3,97%	16.913	4,08%	11.951	3,11%	11.020	3,00%	6.864	2,47%	8.229	2,51%
Njarðvík	3.156	0,79%	3.056	0,81%	2.671	0,67%	0	0,00%	127	0,03%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	621	0,19%
Vogar	1.239	0,31%	1.231	0,33%	1.325	0,33%	1.400	0,34%	1.317	0,32%	1.232	0,32%	1.184	0,32%	957	0,34%	1.053	0,32%
Hafnarfjörður	17.173	4,28%	16.668	4,44%	15.387	3,87%	13.222	3,22%	16.949	4,09%	15.145	3,95%	16.977	4,63%	11.963	4,30%	13.424	4,09%
Kópavogur	1.868	0,47%	1.872	0,50%	1.774	0,45%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	1.476	0,53%	1.235	0,38%
Reykjavík	44.055	10,99%	42.451	11,32%	42.960	10,81%	40.644	9,90%	34.954	8,43%	30.213	7,87%	29.900	8,15%	22.060	7,93%	29.454	8,97%
Akranes	13.266	3,31%	12.845	3,42%	13.426	3,38%	13.836	3,37%	12.699	3,06%	11.984	3,12%	11.311	3,08%	8.561	3,08%	11.634	3,54%
Hellissandur	1.332	0,33%	1.347	0,36%	1.426	0,36%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	639	0,17%	520	0,19%	689	0,21%
Rif	1.774	0,44%	1.797	0,48%	2.079	0,52%	3.685	0,90%	3.553	0,86%	3.263	0,85%	3.170	0,86%	2.548	0,92%	3.024	0,92%
Ólafsvík	10.758	2,68%	10.802	2,88%	13.240	3,33%	12.350	3,01%	13.320	3,21%	11.328	2,95%	9.832	2,68%	6.692	2,41%	7.243	2,21%
Grundarfjörður	4.174	1,04%	4.143	1,10%	4.537	1,14%	6.505	1,58%	6.738	1,62%	5.987	1,56%	5.817	1,59%	5.051	1,82%	5.377	1,64%
Stykkishólmur	2.771	0,69%	2.816	0,75%	3.852	0,97%	4.198	1,02%	3.633	0,88%	3.035	0,79%	2.374	0,65%	2.732	0,98%	2.589	0,79%
Barðaströnd	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	101	0,03%	6	0,00%	163	0,06%	150	0,05%
Patreksfjörður	4.651	1,16%	4.625	1,23%	4.995	1,26%	5.510	1,34%	5.411	1,30%	5.835	1,52%	3.914	1,07%	3.596	1,29%	3.750	1,14%
Tálknafjörður	3.178	0,79%	3.134	0,84%	3.526	0,89%	4.270	1,04%	4.679	1,13%	4.033	1,05%	3.440	0,94%	2.995	1,08%	3.107	0,95%
Bíldudalur	2.837	0,71%	2.818	0,75%	3.057	0,77%	2.699	0,66%	3.971	0,96%	3.787	0,99%	3.445	0,94%	2.068	0,74%	2.432	0,74%
Þingeyri	5.215	1,30%	5.155	1,37%	5.531	1,39%	5.579	1,36%	5.244	1,26%	4.880	1,27%	5.008	1,37%	3.705	1,33%	5.168	1,57%
Flateyri	3.587	0,89%	3.570	0,95%	3.856	0,97%	3.480	0,85%	3.803	0,92%	3.269	0,85%	3.115	0,85%	2.287	0,82%	2.615	0,80%
Suðureyri	3.148	0,79%	3.114	0,83%	3.297	0,83%	3.353	0,82%	3.230	0,78%	2.883	0,75%	2.594	0,71%	2.003	0,72%	2.254	0,69%
Bolungarvík	7.135	1,78%	7.090	1,89%	8.059	2,03%	7.886	1,92%	7.659	1,85%	7.143	1,86%	6.798	1,85%	4.435	1,59%	5.028	1,53%
Ísafjörður	15.457	3,86%	15.353	4,09%	16.361	4,12%	17.427	4,24%	16.727	4,03%	16.594	4,32%	16.168	4,41%	11.728	4,22%	14.391	4,38%
Súðavík	2.965	0,74%	2.931	0,78%	3.171	0,80%	4.166	1,01%	4.040	0,97%	3.630	0,95%	3.482	0,95%	3.272	0,82%	3.581	1,09%

Heimahöfn	1984	Hlut-deild	1985	Hlut-deild	1986	Hlut-deild	1987	Hlut-deild	1988	Hlut-deild	1989	Hlut-deild	1990	Hlut-deild	1991	Hlut-deild	91/92	Hlut-deild
Djúpavík	0	0,00%	0	0,00%	14	0,00%	31	0,01%	29	0,01%	19	0,00%	23	0,01%	25	0,01%	25	0,01%
Drangsnes	557	0,14%	559	0,15%	298	0,07%	279	0,07%	674	0,16%	615	0,16%	597	0,16%	293	0,11%	307	0,09%
Hólmavík	2.891	0,72%	2.862	0,76%	2.926	0,74%	3.042	0,74%	3.408	0,82%	3.092	0,81%	2.881	0,79%	2.207	0,79%	2.545	0,78%
Hvammstangi	899	0,22%	923	0,25%	1.004	0,25%	1.739	0,42%	2.375	0,57%	2.217	0,58%	2.017	0,55%	1.164	0,42%	765	0,23%
Blönduós	136	0,03%	138	0,04%	58	0,01%	993	0,24%	776	0,19%	1.329	0,35%	1.156	0,32%	1.763	0,63%	1.019	0,31%
Skagaströnd	5.817	1,45%	5.778	1,54%	6.267	1,58%	6.930	1,69%	8.255	1,99%	7.754	2,02%	7.264	1,98%	5.293	1,90%	6.126	1,87%
Sauðárkrókur	7.216	1,80%	7.143	1,90%	7.669	1,93%	7.971	1,94%	8.261	1,99%	9.037	2,35%	8.286	2,26%	6.851	2,46%	7.486	2,28%
Hofsós	170	0,04%	172	0,05%	203	0,05%	247	0,06%	326	0,08%	121	0,03%	73	0,02%	58	0,02%	290	0,09%
Siglufjörður	9.107	2,27%	9.031	2,41%	9.885	2,49%	10.398	2,53%	10.880	2,62%	9.905	2,58%	9.229	2,52%	6.872	2,47%	7.785	2,37%
Ólafsfjörður	7.749	1,93%	7.733	2,06%	8.090	2,04%	8.911	2,17%	11.113	2,68%	10.486	2,73%	10.043	2,74%	8.836	3,18%	10.155	3,09%
Grímsey	641	0,16%	658	0,18%	722	0,18%	824	0,20%	850	0,20%	745	0,19%	707	0,19%	441	0,16%	383	0,12%
Hrísey	3.339	0,83%	3.348	0,89%	3.775	0,95%	3.906	0,95%	3.556	0,86%	4.292	1,12%	2.539	0,69%	1.988	0,71%	3.125	0,95%
Dalvík	8.284	2,07%	8.304	2,21%	8.938	2,25%	9.675	2,36%	10.333	2,49%	8.355	2,18%	7.788	2,12%	6.387	2,30%	6.940	2,11%
Árskógsströnd	1.627	0,41%	1.641	0,44%	1.814	0,46%	1.642	0,40%	2.069	0,50%	1.898	0,49%	1.768	0,48%	1.156	0,42%	1.153	0,35%
Hauganes	529	0,13%	545	0,15%	644	0,16%	1.289	0,31%	967	0,23%	857	0,22%	837	0,23%	670	0,24%	717	0,22%
Akureyri	18.493	4,61%	18.031	4,81%	17.838	4,49%	24.283	5,91%	24.000	5,79%	26.637	6,94%	24.502	6,68%	19.111	6,87%	25.891	7,89%
Grenivík	3.485	0,87%	3.529	0,94%	3.717	0,94%	4.214	1,03%	1.745	0,42%	1.811	0,47%	3.137	0,86%	2.549	0,92%	2.321	0,71%
Húsavík	6.710	1,67%	6.736	1,80%	6.830	1,72%	6.789	1,65%	6.678	1,61%	6.191	1,61%	5.780	1,58%	4.132	1,49%	4.664	1,42%
Kópasker	392	0,10%	396	0,11%	265	0,07%	74	0,02%	532	0,13%	74	0,02%	73	0,02%	62	0,02%	63	0,02%
Raufarhöfn	2.174	0,54%	2.170	0,58%	2.485	0,63%	2.783	0,68%	2.677	0,65%	2.998	0,78%	2.619	0,71%	1.892	0,68%	2.379	0,72%
Þórshöfn	3.402	0,85%	3.417	0,91%	3.682	0,93%	5.099	1,24%	4.614	1,11%	3.080	0,80%	2.863	0,78%	2.120	0,76%	2.568	0,78%
Bakkafjörður	895	0,22%	895	0,24%	950	0,24%	539	0,13%	462	0,11%	207	0,05%	391	0,11%	315	0,11%	337	0,10%
Vopnafjörður	3.753	0,94%	3.745	1,00%	4.224	1,06%	4.592	1,12%	4.462	1,08%	3.618	0,94%	3.428	0,93%	2.484	0,89%	2.948	0,90%
Seyðisfjörður	5.298	1,32%	5.243	1,40%	5.450	1,37%	5.688	1,39%	5.490	1,32%	4.804	1,25%	4.378	1,19%	3.203	1,15%	3.748	1,14%
Mjóifjörður	19	0,00%	19	0,01%	25	0,01%	68	0,02%	64	0,02%	53	0,01%	62	0,02%	56	0,02%	67	0,02%
Neskaupstaður	7.634	1,90%	7.599	2,03%	8.149	2,05%	8.401	2,05%	8.433	2,03%	7.579	1,97%	7.291	1,99%	5.148	1,85%	6.669	2,03%
Eskifjörður	7.351	1,83%	7.264	1,94%	7.311	1,84%	6.861	1,67%	6.255	1,51%	5.978	1,56%	5.359	1,46%	3.726	1,34%	4.458	1,36%
Reyðarfjörður	2.084	0,52%	2.035	0,54%	2.254	0,57%	2.435	0,59%	2.374	0,57%	2.088	0,54%	1.945	0,53%	1.387	0,50%	1.669	0,51%
Fáskrúðsfjörður	6.634	1,65%	6.556	1,75%	6.739	1,70%	7.337	1,79%	7.232	1,74%	6.634	1,73%	6.292	1,72%	4.121	1,48%	4.850	1,48%
Stöðvarfjörður	3.759	0,94%	3.701	0,99%	3.891	0,98%	4.259	1,04%	4.417	1,06%	2.561	0,67%	2.076	0,57%	1.392	0,50%	1.653	0,50%
Breiðdalsvík	2.215	0,55%	2.218	0,59%	2.388	0,60%	2.512	0,61%	2.712	0,65%	2.375	0,62%	2.430	0,66%	1.642	0,59%	1.498	0,46%
Djúpivogur	22.739	5,67%	2.707	0,72%	2.779	0,70%	3.067	0,75%	2.947	0,71%	2.747	0,72%	2.403	0,66%	1.792	0,64%	2.139	0,65%
Hornafjörður	8.062	2,01%	8.007	2,13%	10.335	2,60%	10.697	2,60%	11.077	2,67%	11.886	3,10%	11.358	3,10%	9.417	3,39%	11.469	3,49%
	400.855	1	375.169	1	397.428	1	410.656	1	414.834	1	383.752	1	366.838	1	278.074	1	328.228	1

Kjördæmi	1984	Hlut-deild	1985	Hlut-deild	1986	Hlut-deild	1987	Hlut-deild	1988	Hlut-deild	1989	Hlut-deild	1990	Hlut-deild	1991	Hlut-deild	91/92	Hlut-deild
Suðurland	51.560	12,80%	50.446	13,44%	54.684	13,75%	55.996	13,63%	57.900	13,95%	56.568	14,73%	55.820	15,22%	41.134	14,78%	47.384	14,44%
Reykjanes	68.931	18,09%	67.629	18,01%	67.752	17,03%	61.497	14,97%	67.230	16,20%	57.176	14,89%	58.310	15,90%	43.971	15,80%	50.146	15,28%
Reykjavík	44.055	11,56%	42.451	11,31%	42.960	10,80%	40.644	9,89%	34.954	8,42%	30.213	7,87%	29.900	8,15%	22.060	7,93%	29.454	8,97%
Vesturland	34.075	8,94%	33.750	8,99%	38.560	9,69%	40.696	9,90%	40.060	9,65%	35.694	9,30%	33.143	9,04%	26.104	9,38%	30.556	9,31%
Vestfirðir	53.605	14,07%	51.211	13,64%	55.091	13,85%	57.722	14,05%	58.875	14,19%	55.881	14,56%	51.471	14,03%	38.992	14,01%	45.353	13,82%
Norðurl. vestra	23.345	6,13%	23.185	6,18%	25.086	6,31%	28.278	6,88%	30.873	7,44%	30.363	7,91%	28.025	7,64%	22.001	7,91%	23.471	7,15%
Norðurl. eystra	56.825	14,91%	56.605	15,08%	58.956	14,82%	69.489	16,91%	69.134	16,66%	67.424	17,56%	62.656	17,08%	49.344	17,73%	60.359	18,39%
Austurland	70.443	18,48%	50.148	13,36%	54.652	13,74%	56.555	13,76%	56.018	13,50%	50.606	13,18%	47.413	12,93%	34.683	12,46%	41.505	12,65%
	402.839	1	375.425	1	397.741	1	410.877	1	415.044	1	383.925	1	366.738	1	278.289	1	328.228	1

Fylgiskjal II. KS/13/11/91

FLUTNINGUR Á AFLAKVÓTA MILLI ÚTGERÐASTAÐA SAMKVÆMT C OG D MILLIFÆRSLUM

	1987	1988	1989	1990	1991
Vestmannaeyjar	-2647	981	1014	1908	1474
Vík	0	0	0	0	-39
Stokkseyri	-767	-850	-316	84	-141
Eyrarbakki	0	137	206	109	-65
Þorlákshöfn	-719	-1325	-76	404	-286
Grindavík	-324	-1378	-500	968	249
Sandgerði	-150	-1511	-1331	-1103	-1219
Garður	196	146	74	44	-152
Keflavík	332	-1510	198	269	334
Njarðvík	0	0	0	0	-42
Vogar	0	109	211	404	435
Garðabær	0	0	0	0	-10
Hafnarfjörður	3	-278	-260	-261	18
Kópavogur	0	0	0	-320	298
Seltjarnarnes	0	0	0	0	-6
Reykjavík	636	88	-263	777	-101
Akranes	198	454	178	-92	-228
Hellnar	0	0	0	0	-47
Hellissandur	0	0	0	-241	213
Rif	-80	-236	-172	-420	313
Ólafsvík	1252	-381	217	-259	515
Grundarfjörður	560	873	-201	-673	397
Stykkishólmur	410	-1659	-287	-271	-30
Búðardalur	0	0	0	0	-13
Reykhólar	0	0	0	0	-14
Barðaströnd	0	0	0	0	-118
Patreksfjörður	70	22	-222	277	-795
Tálknafjörður	-5	208	56	-87	31
Bíldudalur	0	-173	-944	-345	-59
Þingeyri	0	2125	459	349	-726
Flateyri	0	-53	-114	218	-43
Suðureyri	0	-164	-116	40	-144
Bolungarvík	-317	197	-379	56	-87
Ísafjörður	284	-994	715	410	-432
Súðavík	0	805	109	470	280
Drangsnes	0	0	8	168	52
Hólmavík	0	181	438	176	102
Hvammstangi	-200	-647	-898	-911	-641
Blönduós	-73	-650	-925	-2018	-655
Skagaströnd	0	1364	1053	677	95
Sauðárkrókur	456	-544	-826	-787	-391

	1987	1988	1989	1990	1991
Hofsós	0	0	0	28	-193
Siglufjörður	-1311	-596	-184	-2418	-292
Ólafsfjörður	-94	647	543	462	304
Grímsey	0	0	-8	35	139
Hrísey	-378	-584	-159	-698	54
Dalvík	-41	563	771	1385	2123
Árskógssandur	-60	-248	-264	-208	-87
Árskógsströnd	-120	0			
Hauganes	0	-201	-69	-217	-59
Hjalteyri	0	0	0	0	3
Akureyri	1768	2933	1536	2312	1292
Grenivík	246	73	24	-742	120
Húsavík	489	12	-128	-158	-925
Kópasker	0	0	0	0	-49
Raufarhöfn	0	6	-62	-525	-533
Þórshöfn	76	87	40	59	670
Bakkafjörður	5	67	-205	-21	-357
Vopnafjörður	23	-548	108	53	-47
Borgarfjörður Eystri	0	0	0	0	-152
Seyðisfjörður	0	680	124	-284	-535
Mjóifjörður	0	0	0	0	-47
Neskaupstaður	30	483	-99	528	-438
Eskifjörður	0	-138	112	-96	-657
Reyðarfjörður	0	0	0	0	395
Fáskrúðsfjörður	-44	354	264	62	166
Stöðvarfjörður	0	-29	0	0	89
Breiðdalsvík	-256	-184	0	418	31
Djúpivogur	563	640	-98	-159	-17
Hornafjörður	-11	644	644	181	734
	0	-2	-4	17	54

Fylgiskjal III.

1. SAMÞYKKT 7. AÐALFUNDAR L. S. - KRÓKAVEIÐAR

Aðalfundur Landssambands smábátaeigenda, haldinn þann 1. og 2. nóvember 1991, skorar á hæstvirtan sjávarútvegsráðherra að beita sér nú þegar fyrir breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða á þann veg að ekki myndist framseljanlegar veiðiheimildir innan banndagakerfisins og það verði jafnframt fest varanlega í sessi.

Greinargerð

1. Hættuástand hefur skapast

Í bátaflotanum undir 6 tonnum hefur myndast geigvænlegt kapphlaup um myndun veiðiheimilda. Hver sem vettlingi getur valdið og hefur aðgang að banndagakerfinu reynir nú af fremsta megni að skapa sér það stóra sneið af veiðiheimildakökunni að möguleiki sé til áframhaldandi reksturs ef lögin um stjórn fiskveiða verða látin ganga eftir. Eðlilegu sóknarmunstri þessa flota hefur verið stórlega raskað og að flestra áliti ekki spurning um hvort, heldur hvenær af hlýst stórslys.
Frá öryggislegu sjónarmiði er því raunveruleg lífsnauðsyn á að felld verði út úr lögunum þau ákvæði er þessu valda.

2. Krókaveiðar smábáta eru háðar annars konar aflatakmörkunum en veiðar stærri skipa.

Veður, straumar og fiskgengd á heimaslóð hafa ætíð skammtað smábátum aflann. Bregðist fiskgengd eða tíðarfar á bjargræðistíma er í fá hús að venda.
Í tilfelli smábátsins er "maðurinn báturinn og báturinn maðurinn".
Óvæntar uppákomur hjá einstaklingum sem engin áhrif hafa hjá stóru útgerðarfyrirtækjunum skipta öllu í rekstrarformi smábátsins.

3. Krókaveiðar smábáta í banndagakerfi hafa engin áhrif á stofnstærðir nytjastofna.

Afli 1116 báta í banndagakerfi er orðinn það sem af er árinu u.þ.b. 13.000 tonn.
Á árinu 1990 voru flutt á erlenda markaði um 100.000 tonn af óunnum fiski.
Það er viðurkennt að sá fiskur myndi vigta meira hér heima og er algengt að talað sé um 10% í því sambandi. ***Þessi vigtarmunur slagar því hátt í afla banndagabátanna.***
Stærðin er samt ekki mikilvægari í augum Sjávarútvegsráðuneytis og Fiskifélags en svo, að þessar erlendu vigtartölur eru látnar gilda við útreikning á sjávarafla við Íslandsstrendur.
Undanfarið hefur verið mikil umræða um að fiski sé hent í sjóinn. Tölur, nefndar í því sambandi eru margfalt hærri en afli banndagabátanna, sem koma þó með allan sinn afla að landi.

4. Krókaveiðar misbjóða ekki lífríki sjávar.

Á tímum umhverfismála er tímabært að huga að þeim veiðarfærum sem minnstum umhverfisspjöllum valda. Engum dylst að krókaveiðar eru þar í sérflokki.
Benda má á eftirfarandi:

Töpuð krókaveiðarfæri halda ekki áfram að drepa fisk.
Röskun á lífríki botns eru lítil sem engin.

Fiskurinn gefur sig sjálfur að veiðarfærinu.
Krókaveiðar geta aldrei ofveitt fiskistofna.

5. **Gildi smábáta í byggðastefnu.**
Eina vonin sem fjölmörg byggðalög á landsbyggðinni hafa er útgerð smábáta. Mörg þeirra byggja alla tilveru sína á þeim. Stór skip hafa sýnt að einkennisstafir þeirra eru engin trygging fyrir löndun í heimabyggð. Frystiskipin gera þessa þróun enn augljósari.
Smábátarnir leggja nánast undantekningarlaust sinn afla upp í heimbyggð.
Útgerð smábáta hefur aldrei kallað á efnahagsaðgerðir né náttlanga neyðarfundi henni til aðstoðar. Öflug smábátaútgerð er ódýrasta byggðastefna sem stjórnvöld geta framkvæmt og sú eina sem hinn almenni borgari hefur ekki þurft að greiða fyrir.

6. Í kafla VII til bráðabirgða í lögum um stjórn fiskveiða stendur: **"...leitast skal við að meta hagkvæmustu samsetningu fiskiskipa flotans...".**
Á árinu 1990 var landaður afli tveggja hæstu frystiskipanna 13.592 lestir.
Eftir því sem næst verður komist sköpuðust í kring um það 120 heilsársstörf.
Væri þessum afla úthlutað á smábáta, og höfð 100 tonn í hvers hlut, þyrfti 136 báta. Þá myndu skapast um 500 heilsársstörf í stað 120.
Þegar fyrirséð er aukið atvinnuleysi væri því snjall leikur af hendi stjórnvalda að hvetja til aukinnar útgerðar smábáta.
Skoðum stofnkostnað 136 smábáta annars vegar og tveggja frystiskipa hins vegar.
Dýrustu krókaveiðibátar í nýsmíði *á Íslandi* í dag kosta um 7 milljónir.
Stofnkostnaður þeirra yrði því um 952 millj. króna.
Erlend nýsmíði frystiskipanna myndi liggja nálægt 1.800 millj. króna.
Stofnkostnaður smábátanna yrði því um helmingi minni en frystiskipanna.
Dæmið er enn athyglisverðara sé skoðaður stofnkostnaður hvers ársverks.
Í frystiskipadæminu kostar ársverkið 15 millj. króna, en hjá smábátunum 1.9 millj. króna.

7. **Smábáturinn er sá sjómannaskóli sem íslenskir sjómenn hafa sótt sína grunnmenntun til.**
Ef settur yrði kvóti á alla smábáta yrði aflaheimild hvers báts það naum að þeir fáu sem treystu sér til að reka bátana yrðu að sækja þann afla einir. Sú hefð legðist þá af að komandi kynslóðir sjómanna alist upp á smábátum og hvað verður þá um endurnýjun íslensku sjómannastéttarinnar?

8. **Krókaveiðar eru frumveiðiaðferð og leggist frjálsar krókaveiðar af yrði það sögulegt slys.**
Krókaveiðar hafa verið stundaðar hér frá landnámi.
Krókaveiðar eiga sér lengsta sögu og hefð allra veiðiaðferða.
Krókaveiðar byggjast að auki á annarri forsendu en stórvirk veiðitæki nútímans.
Fiskurinn gefur sig sjálfur að veiðarfærunum en á því byggjast önnur veiðarfæri ekki.
Frjálsar krókaveiðar smábáta eiga því að njóta lögverndar sem órjúfanleg hefð.

Fylgiskjal IV.

Upplýsingar úr Útvegi 1990.




Landshlutaskipting
Aflaverðmæti - SDR
Milljónir
180
160
140
120
100
80
60
40
20
0
Suðurland
Reykjanes
Vesturland
Vestfirðir
Norðurl. v
Norðurl. e
Austfirðir
Erlendis
1984
1985
1986
1987
1988
1989
1990
Fiskifélag Íslands


Veiðarfæraskipting þorskafla
100%
75%
50%
25%
0%
1981 1982 1983 1984 1985 1986 1987 1988 1989 1990
Botnvarpa
Net
Lína
Handfæri
Dragnót
Önnur veiðarf.


Landshlutaskipting þorskafla
100%
75%
50%
25%
0%
1970-1974 1975-1979 1980-1984 1985 1986 1987 1988 1989 1990
Suðurland
Reykjanes
Vesturland
Vestfirðir
Norðurl. v
Norðurl. e.
Austfirðir
Erlendis


Landshlutaskipting ufsaafla
100%
75%
50%
25%
0%
1970-1979
1980-1984
1985
1986
1987
1988
1989
1990
Suðurland
Reykjanes
Vesturland
Vestfirðir
Norðurl. v.
Norðurl. e.
Austfirðir
Erlendis


Landshlutaskipting karfaafla
100%
75%
50%
25%
0%
1970-1979
1980-1984
1985
1986
1987
1988
1989
1990
Suðurland
Reykjanes
Vesturland
Vestfirðir
Norðurl. v.
Norðurl. e.
Austfirðir
Erlendis


Sjófrysting
Þúsundir tonna
140
120
100
80
60
40
20
0
1982
1983
1984
1985
1986
1987
1988
1989
1990
Botnfiskur
Rækja
Annað
Fiskifélag Íslands


Útflutningur í gámum
Botnfiskafli
Þúsund tonn
100
80
60
40
20
0
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987
1988
1989
1990
Ár
Fiskifélag Íslands

216. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um nauðungarsölu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið. Á fundi nefndarinnar kom Markús Sigurbjörnsson prófessor. Einnig komu Hrafn Bragason, hæstaréttardómari og formaður réttarfarsnefndar, Gestur Jónsson, formaður Lögmannafélags Íslands, Valtýr Sigurðsson, formaður Dómarafélags Íslands, Garðar Gíslason, formaður Lögfræðingafélags Íslands, og Rúnar Guðjónsson, formaður Sýslumannafélags Íslands.

Frumvarpið er liður í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds í héraði og er sniðið að þeirri skipan sem kveðið er á um í lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Felur frumvarpið í sér nokkur nýmæli sem horfa til réttarbóta. Vert er að tiltaka sérstaklega þrjú atriði:

Í fyrsta lagi er lögð til sú grundvallarbreyting á framkvæmd nauðungarsölu að hún verði stjórnsýsluathöfn í stað dómsathafnar, sbr. ákvæði núgildandi laga, nr. 57/1949. Er það gert í samræmi við þá skipan sem aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði hefur í för með sér, þ.e. að framkvæmd fullnustugerða og búskipta og álíka verka er tekin undan starfssviði dómstóla og færð til sýslumanna.

Í öðru lagi er mælt fyrir um heimildir til þess að ákveða að nauðungarsala eignar fari fram á almennum markaði í stað þess að hún verði seld á uppboði. Með þessum heimildum er verið að stuðla að því að sem hæst verð fáist fyrir eign hverju sinni. Enn fremur er stefnt að því að færa skilmála við uppboðssölu um ýmis önnur atriði en greiðslu kaupverðs nær venjubundnum skilmálum við kaup í frjálsum viðskiptum.

Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir reglum um sérstaka greiðsluáskorun áður en beiðst er nauðungarsölu. Margar beiðnir um nauðungarsölu eru afturkallaðar vegna greiðslu skömmu eftir að þær koma fram og má búast við að þeim fækki við formlega greiðsluáskorun. Í frumvarpinu er og leitast við að einfalda framkvæmd nauðungarsölu frá því sem nú er.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. des. 1991.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.	Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.
Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	Ólafur Þ. Þórðarson, með fyrirvara.	Össur Skarphéðinsson.

217. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 31. gr. laganna hljóði svo:

Sektir skv. 30. gr. skulu úrskurðaðar af ríkisskattanefnd nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Skattrannsóknarstjóri sendir ríkisskattanefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá ríkisskattanefnd skal veita sakborningi færi á að halda uppi vörnum. Úrskurðir ríkisskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vararefsing.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill hlíta því að mál hans verði afgreitt af ríkisskattanefnd skv. 1. mgr.

2. gr.

Í stað orðsins „sektarnefnd“ í 2. málsl. 4. mgr. 31. gr. laganna komi: ríkisskattanefnd.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Samkvæmt því frumvarpi er gerð tillaga um nokkra breytingu á skipun og starfsháttum ríkisskattanefndar. Stefnt er m.a. að því að efla ríkisskattanefnd verulega og hraða mjög verulega gangi mála fyrir ríkisskattanefnd. Af þessum sökum er jafnframt lagt til að verkefni sektarnefndar skv. 31. gr. laga um staðgreiðslu verði flutt til ríkisskattanefndar og jafnframt verði sektarnefnd lögð niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Ákvæðið felur í sér að sérstök sektarnefnd vegna staðgreiðslu er lögð niður og verkefni hennar falin ríkisskattanefnd. Jafnframt er gerð sú breyting að skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera gagnvart nefndinni með kröfugerð um sektarbeitingu. Er það í samræmi við þann hátt sem ákveðið er í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um söluskatt og lögum um virðisaukaskatt.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að ákvæðið taki gildi þegar ný ríkisskattanefnd hefur störf samkvæmt frumvarpi sem flutt er samhliða þessu um verkefni og skipun ríkisskattanefndar.

218. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, sbr. lög nr. 108/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1991“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna komi: 30. júní 1992.

2. gr.

2. gr. laga nr. 108/1990 falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Frá og með 1. júlí 1992 falla lög nr. 78/1980, um jöfnunargjald, með síðari breytingum, úr gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1978 voru samþykkt á Alþingi lög um jöfnunargjald. Lögin voru tímabundin og var ætlað að gilda til 31. desember 1980. Jöfnunargjaldið var lagt á innflutning sams konar iðnaðarvara og framleiddar voru hér á landi í þeim tilgangi að vega upp á móti þeim söluskatti sem varð hluti framleiðslukostnaðar þessara vara samkvæmt þágildandi söluskattslögum. Gert var ráð fyrir því við setningu laganna um jöfnunargjald að einungis yrði um tímabundna ráðstöfun að ræða þar sem stefnt skyldi að setningu laga um virðisaukaskatt í byrjun árs 1981 en með upptöku virðisaukaskatts yrði eytt uppsöfnunaráhrifum þeim sem fólgin voru í söluskattskerfinu.

Jöfnunargjaldinu var m.a. ætlað að jafna þá röskun sem þátttaka Íslands í fríverslun hafði óhjákvæmilega í för með sér með minnkandi tollvernd á íslenskar iðnaðarvörur og því að virðisaukaskattur hafði verið tekinn upp í helstu viðskiptalöndum okkar.

Ekki varð af upptöku virðisaukaskatts á árinu 1981. Ríkisstjórnin lagði því til við Alþingi að ný lög um jöfnunargjald yrðu sett ótímabundið. Jafnframt var gildissvið gjaldsins aukið og það nú lagt á allar vörur sem tollar höfðu verið felldir niður af.

Á síðasta þingi var gildistími jöfnunargjalds framlengdur til ársloka 1991. Í greinargerð með frumvarpi um þá lengingu segir m.a. svo:

„Með upptöku virðisaukaskatts hér á landi 1. janúar 1990 varð mikil breyting á samkeppnisskilyrðum iðnaðarins. Íslensk iðnfyrirtæki sitja nú að mestu leyti við sama borð og helstu keppinautar þeirra að því er varðar uppsöfnun opinberra gjalda í framleiðslu þeirra. Þó eru sterk rök fyrir því að jöfnunargjald verði ekki afnumið í upphafi næsta árs eins og rætt hefur verið um, heldur verði það lækkað í áföngum á árinu þannig að það verði horfið í upphafi ársins 1992. Það er lagt til í þessu frumvarpi.

Uppsöfnunaráhrifa söluskatts gætir enn í rekstrarkostnaði iðnaðar af þrem orsökum, þ.e. vegna fasteigna sem komu til fyrir upptöku virðisaukaskatts, vegna viðhalds og endurbóta véla og vegna flutningatækja. Þjóðhagsstofnun hefur lagt mat á hversu mikil þessi áhrif eru. Samkvæmt niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar er áætlað að uppsafnaður söluskattur hafi numið 5,6% af framreiknuðu stofnverði rekstrarfjármuna í iðnaði í árslok 1989. Söluskattur í afskriftum í hlutfalli við rekstrarkostnað er áætlaður rúmlega 0,2%.

Að teknu tilliti til 6% raunvaxta af söluskattshluta rekstrarfjármuna verður uppsafnaður söluskattur um 0,6% af rekstrarkostnaði iðnaðar. Samkvæmt Þjóðhagsstofnun er endingartími þeirra fjármuna sem hér um ræðir allt frá örfáum árum til 25 ára. Mest munar þó um fasteignir sem hafa endingartíma á bilinu 12–25 ár, miðað við gefnar forsendur."

Ekki er með nákvæmni unnt að segja til um hvenær uppsöfnunaráhrifa af söluskatti hættir að gæta og ákvörðun um lokadag jöfnunargjalds getur því ekki verið einhlít. Með tilliti til þess og brýnnar tekjuþarfar ríkissjóðs á næsta ári er hér lagt til að jöfnunargjald haldist óbreytt, þ.e. 3% til miðs næsta árs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að jöfnunargjaldinu verði haldið óbreyttu fram á mitt næsta ár. Tekjur af gjaldinu þannig eru áætlaðar 350 milljónir króna.

Um 2. gr.

Lagt er til að jöfnunargjald verði fellt niður 1. júlí 1992.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

219. Svar [149. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um vistunargjöld hjúkrunarsjúklinga á langdvalarstofnunum aldraðra.

1. Hvaða reglur gilda um vistgjöld fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga á langdvalarstofnunum?

Í fyrstu lögunum um málefni aldraðra, nr. 91/1982, sem gengu í gildi 1. janúar 1983, var gerð grundvallarbreyting á greiðslu kostnaðar við vistun á dvalarstofnunum fyrir aldraða. Í bráðabirgðaákvæði laganna var ákveðið að breytingin kæmi til framkvæmda í áföngum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Breytingunum var ekki hrint í framkvæmd fyrr en með gildistöku endurskoðaðra laga um málefni aldraðra, nr. 82/1989. Í framhaldi af gildistöku þeirra laga 1. janúar 1990 var sett reglugerð um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, nr. 47/1990, þar sem nánar er kveðið á um innheimtu greiðsluhlutdeildar aldraðra vegna vistunar á hjúkrunarstofnunum.

Með breyttu fyrirkomulagi var samræmd greiðsluhlutdeild aldraðra í kostnaði við vistun á öldrunarstofnunum. Áður voru reglurnar þær að aldraður, sem hafði tekjur umfram bætur almannatrygginga, tók þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á dvalarheimili en hætti þeirri greiðsluþátttöku ef heilsu hans hrakaði svo að hann þurfti á hjúkrunarvist að halda. Það þótti óeðlilegt að greiðsluhlutdeildin hætti algerlega þegar flust væri yfir á dýrara þjónustustig. Þess vegna voru reglurnar samræmdar.

Samkvæmt reglugerðinni um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, nr. 47/1990, skulu aldraðir vistmenn á stofnunum fyrir aldraða, hvort sem þeir dveljast í þjónustuhúsnæði (dvalarheimilum) eða í hjúkrunarrými, greiða hlutdeild í kostnaði við vistunina enda hafi viðkomandi tekjur umfram tiltekin lágmörk.

Ef aldraður langlegusjúklingur hefur tekjur umfram 19.000 kr. á mánuði skal hann frá

þeim tíma, sem bætur almannatrygginga falla niður, þ.e. eftir fjögurra mánaða dvöl, taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar. Þó skal hann í hverjum mánuði aldrei greiða hærri fjárhæð en sem nemur mánaðarlegum dvalarkostnaði í þjónustuhúsnæði (dvalarheimili), eða rétt tæplega 70 þús. kr. Eigi langlegusjúklingurinn maka skulu eigin tekjur hans skiptast að jöfnu milli hans og makans. Ef tekjur hans eftir skiptinguna eru hærri en 19.000 kr. skal hann með þeim tekjum, sem umfram eru, taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar.

2. Hvert renna gjöldin?

Gjöldin renna til lækkunar á kostnaði sjúkratrygginga af langlegunni.

3. Hvenær voru reglurnar settar?

Eins og fyrr segir voru fyrstu ákvæði um greiðsluhlutdeild af þessu tagi lögfestar árið 1982. Þeim var hins vegar ekki hrundið í framkvæmd fyrr en í ársbyrjun 1990.

4. Hvað er gert ráð fyrir að margir aldraðir hjúkrunarsjúklingar greiði vistgjöld á þessu ári og hve mikið samanlagt?

Frá 1. mars 1990 til 31. desember sama ár voru greiðendur 132 og greiddu samtals liðlega 21 m.kr. Á tímabilinu 1. janúar til 31. október 1991 voru innheimtar réttar 19 m.kr. hjá tæplega 200 hjúkrunarsjúklingum.

Fljótlega eftir að reglugerðin gekk í gildi var ákveðið að fresta innheimtu á hjúkrunarstofnunum á föstum fjárlögum, m.a. vegna þess að þessar stofnanir töldu sig vanbúnar til að standa að innheimtu af þessu tagi. Ákveðið hefur verið að frá og með 1. janúar 1992 skuli þessar stofnanir annast innheimtu hjá sínum hjúkrunarsjúklingum eins og daggjaldastofnanir.

5. Hve mikil upphæð er nú í vanskilum og vegna hve margra sjúklinga?

Fyrir árið 1990 eru liðlega 3 m.kr. í vanskilum. Ein stofnun hefur ekkert greitt af því sem henni bar að innheimta og önnur skuldar hluta innheimtu. Ákveðið hefur verið að við desembergreiðslu sjúkratrygginga verði þessi skuld dregin frá greiðslu sjúkratrygginga til stofnananna líkt og reglugerðin gerir ráð fyrir. Engar upplýsingar liggja enn fyrir um vanskil á árinu 1991.

220. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Viðskiptabankar, sparisjóðir, veðdeildir við innlánsstofnanir og opinberir fjárfestingarlánasjóðir, sbr. þó 2. gr., skulu með þeim takmörkunum, er síðar greinir, skyldir til þess að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum hvar sem þeirra er aflað og eignarskatt af

öllum eignum sínum hvar sem þær eru í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Til skattskyldra tekna og eigna skv. 1. gr. teljast þó ekki tekjur og eignir Byggðasjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna, Framkvæmdasjóðs Íslands, Framkvæmdasjóðs fatlaðra og Framkvæmdasjóðs aldraðra.

3. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Þeir sjóðir, sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skulu undanþegnir stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum sem þeir kunna að taka á sig.

4. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

1. 29. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð.
2. 6. gr. laga nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð.
3. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.
4. 8. gr. laga nr. 62/1979, um Landflutningasjóð.
5. 16. gr. laga nr. 45/1987, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.
6. 33. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála.
7. 36. gr. hafnalaga, nr. 69/1984.
8. 19. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.
9. 6. gr. laga nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð.
10. Í 77. gr. orkulaga, nr. 58/1967, falli niður orðið „Orkusjóður".

Jafnframt falla úr gildi önnur lagaákvæði sem undanþiggja sjóði, sem skattskyldir verða skv. 1. gr., skattskyldu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með 1. janúar 1992 og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1993 vegna tekna á árinu 1992 og eigna í lok þess árs, sbr. þó ákvæði 10. gr.

II. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

6. gr.

Með skattframtali á árinu 1993 vegna tekna á árinu 1992 og eigna í lok þess árs skulu aðilar, sem skattskyldir verða samkvæmt ákvæðum þessara laga en voru það ekki samkvæmt eldri lögum, framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs.

Endurmatið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1992.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síð-

ari breytingum, eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1991. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem aðili skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1977 til 1991. Stuðullinn reiknast í samræmi við ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 26. gr. sömu laga, með síðari breytingum. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, fyrir ársbyrjun 1977 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tölul. greindrar 32. gr. sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1992 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fasteignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. fyrir liðinn tíma.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá skyldu til endurmats samkvæmt ákvæði þessu að því er varðar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávika.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Aðilar skv. 1. mgr. þessa ákvæðis, sem eiga eignir í ársbyrjun 1992 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1993, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

7. gr.

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili skv. 1. mgr. 6. gr. hefur eignast fyrir árið 1992, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er skv. 6. gr., eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

Þegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem aðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1977, eru seldar skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og

telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

Nú hefur ríkisskattstjóri veitt undanþágu frá endurmati eigna, sbr. 7. mgr. 6. gr., og telst þá söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári.

8. gr.

Aðilar, sem skattskyldir verða samkvæmt lögum þessum, skulu reikna verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, í fyrsta sinn vegna ársins 1992 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1991.

9. gr.

Við mat á eignum í ársbyrjun 1992 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum draga 1% frá samanlögðum útlánum og veittum ábyrgðum í árslok 1991.

10. gr.

Á árinu 1992 skulu aðilar, sem verða skattskyldir samkvæmt lögum þessum, greiða sérstaka fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar skatta samkvæmt lögum þessum. Kemur hún í stað fyrirframgreiðslu skv. 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Stofn sérstakrar fyrirframgreiðslu skal vera hagnaður viðkomandi aðila á árinu 1991, ákvarðaður í samræmi við góða reikningskilavenju. Skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum skulu skila til skattstjóra fyrir 1. júlí 1992 greinargerð um hagnað ársins 1991. Skattyfirvöld skulu ákveða fyrirframgreiðsluskyldu samkvæmt lögum þessum og skal hún innt af hendi á tímabilinu ágúst til desember 1992 með fimm jöfnum greiðslum. Gjalddagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur hvers mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Fyrirframgreiðsla hvers mánaðar skal nema 4% af stofni og skal hún ganga upp í álagningu á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992.

Komi í ljós við álagningu 1993 að skattskyldur aðili hafi greitt meira í fyrirframgreiðslu en nemur álögðum gjöldum samkvæmt lögum þessum skal ríkissjóður þegar endurgreiða það sem umfram er. Reynist álögð gjöld hærri en fyrirframgreiðsla skal það sem vangreitt er innt af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum fyrsta hvers mánaðar það sem eftir lifir álagningarársins.

Ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra, skulu gilda um fyrirframgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem við á.

Frá og með gjaldárinu 1993 skal fara um greiðslur aðila, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Ákvæði þess kafla gilda einnig um innheimtu á mismun álagningar og fyrirframgreiðslu á árinu 1992 eftir því sem við getur átt.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd fyrirframgreiðslu samkvæmt þessu ákvæði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1988 var lagt fyrir 111. löggjafarþing Alþingis frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Það frumvarp var samþykkt sem lög frá Alþingi, sbr. lög nr. 99/1988, eftir að því hafði verið breytt nokkuð í meðförum þingsins. Í upphaflega frumvarpinu hafði verið gert ráð fyr-

ir víðtækara skattskyldusviði en hlaut hljómgrunn við endanlega afgreiðslu Alþingis á því frumvarpi. Með ofangreindri lagabreytingu urðu veðdeildir bankanna skattskyldar. Hins vegar var frumvarpinu breytt þannig í meðförum þingsins að skattskyldusviðið náði ekki til opinberra fjárfestingarlánasjóða.

Tekjur og eignir opinberra fjárfestingarlánasjóða, svo og stofnlánasjóða, hafa til þessa ekki verið skattskyldar til tekjuskatts og eignarskatts. Undanþáguákvæði þessi hafa allt frá gildistöku laga nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, verið nokkuð umdeild, ekki hvað síst eftir að veðdeildir bankanna urðu skattskyldar með framangreindum lögum, nr. 99/1988, enda hafa þau í för með sér augljósa skattalega mismunun. Í kjölfar þeirra breytinga á lánastarfsemi, sem rutt hafa sér til rúms á liðnum árum, hefur þessi mismunun aukist.

Í frumvarpi þessu er lagt til að opinberir fjárfestingarlánasjóðir, aðrir en þeir sem um ræðir í 2. gr., verði skattskyldir með sama hætti og bankar og sparisjóðir. Meginmarkmið frumvarpsins er að jafna samkeppnisstöðu lánastofnana í þessum efnum, jafnframt því sem breyting þessi er í samræmi við þá stefnu sem verið hefur við lýði frá því staðgreiðsla opinberra gjalda var lögtekin í ársbyrjun 1987, að breikka skattstofna og fækka undanþágum og með því auka jafnræði í skattlagningu, jafna samkeppnisaðstöðu og auka hagræðingu við alla skattaframkvæmd og mynda þannig forsendur til að lækka almenn skatthlutföll. Breytingunni er að auki ætlað að auðvelda framkvæmd og eftirlit með skatttheimtu. Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni felst að opinberir fjárfestingarlánasjóðir, þar með taldir stofnlánasjóðir, verði með þeim takmörkunum, sem um ræðir í 2. gr., skattskyldir samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, á sama hátt og viðskiptabankar og sparisjóðir. Með hugtakinu opinber fjárfestingarlánasjóður er í frumvarpi þessu átt við sjóði, stofnanir eða fyrirtæki sem eru stofnuð með lögum eða með heimild í þeim í því skyni að veita fjárfestingarlán til atvinnugreina eða opinberra framkvæmda og undanþegin hafa verið tekjuskatti og eignarskatti til þessa.

Samkvæmt núgildandi lögum eru stofnanir þessar yfirleitt undanþegnar skattskyldu með tvennum hætti. Annars vegar skv. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og 2. gr. laga nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum, og hins vegar samkvæmt sérstökum ákvæðum í sérlögum er undanþiggja einstakar stofnanir af þessu tagi opinberum gjöldum og sköttum.

Verði ofangreint frumvarp að lögum mun 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, ekki lengur ná til þeirra opinberu fjárfestingarlánasjóða sem notið hafa skattfrelsis með vísan til þess ákvæðis. Einnig munu falla úr gildi ákvæði í sérlögum sem undanþiggja einstaka sjóði skattskyldu. Af því leiðir að þeir verða skattlagðar eftir sömu reglum og gilda um innlánsstofnanir samkvæmt lögum nr. 65/1982, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og gilda ákvæði þeirra að öllu leyti um skattlagninguna eftir því sem við á.

Sem dæmi um sjóði sem skattskyldir verða, má nefna Orkusjóð, Hafnabótasjóð, Ferðamálasjóð, Fiskveiðasjóð, Fiskræktarsjóð, Framleiðnisjóð landbúnaðarins, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Iðnlánasjóð Íslands, Iðnþróunarsjóð, Landflutningasjóð og Lánasjóð sveitarfélaga.

Rétt er að vekja athygli á því að ákvæði þessa frumvarps hafa hvorki áhrif á gild-

andi lagaákvæði um skattfrelsi Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina, lífeyrissjóða né opinberra tryggingar- og jöfnunarsjóða sem njóta skattfrelsis samkvæmt svipuðum lagaheimildum og minnst er á hér að framan. Má í þessu sambandi nefna tryggingarsjóð sparisjóða og viðskiptabanka, opinbera verðjöfnunarsjóði o.s.frv. Hér er ekki um að ræða opinbera fjárfestingarlánasjóði eins og þeir eru skilgreindir í frumvarpi þessu og því tekur skattskyldan ekki til þeirra séu þeir undanþegnir skv. 4. gr. tekjuskattslaga eða sérlögum sem um þá kunna að gilda.

Það skal sérstaklega tekið fram að með lagabreytingunni er í engu verið að þrengja núgildandi skattskyldusvið, heldur er eingöngu um útvíkkun á því að ræða.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að Framkvæmdasjóður Íslands, Ríkisábyrgðasjóður, Byggðasjóður, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna, Framkvæmdasjóður aldraðra og Framkvæmdasjóður fatlaðra verði undanþegnir skattskyldu samkvæmt lögunum vegna séreðlis þessara sjóða miðað við þá sjóði sem skattskyldir verða skv. 1. gr. Hér er um tæmandi talningu að ræða á þeim opinberu fjárfestingarlánasjóðum sem undanþegnir eru skattskyldu.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um það að þeir sjóðir, sem lögin taka til, skuli undanþegnir stimpilgjaldi af eigin lántökum. Sjóðir þeir, sem lögin taka til, eru almennt samkvæmt gildandi lögum undanþegnir stimpilgjaldi af eigin lántökum. Í sumum tilvikum er samkvæmt gildandi lögum um einstaka sjóði einnig kveðið á um undanþágu frá stimpilgjaldi varðandi lántökur úr sjóðunum. Þær undanþágur falla niður með lögum þessum. Er það í samræmi við þá stefnu að fækka skattundanþágum til þess að jafna samkeppnisaðstöðu og auka jafnræði lánastofnana.

Um 4. gr.

Hér eru felld úr gildi einstök undanþáguákvæði. Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða, sbr. 10. tölul. greinarinnar. Ákvæði þetta er sett ex tuto og er fyrst og fremst byggt á lagatæknilegum sjónarmiðum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6.–10. gr.

Þar sem í frumvarpi þessu felst skattlagning á stofnanir og fyrirtæki, sem ekki hafa áður sætt skattlagningu og hafa því e.t.v. ekki hagað bókhaldi sínu og uppgjöri í samræmi við ákvæði skattalaga, er nauðsynlegt að setja ákvæði um endurmat, fyrningarstofn og stofn til söluhagnaðar vegna þeirra eigna sem þessir aðilar hafa eignast fyrir gildistöku laga samkvæmt frumvarpi þessu. Sama á við um stofn til verðbreytingarfærslu. Ákvæði 6.–9. gr. eru efnislega samhljóða þeim bráðabirgðaákvæðum sem sett voru við gildistöku laga nr. 65/1982, svo og núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, og vísast til þeirra um skýringar.

Í 10. gr. er gert ráð fyrir fyrirframgreiðsluskyldu og skal fyrirframgreiðsla fara fram í ágúst til desember 1992. Því er fyrirframgreiðslunni í reynd flýtt. Þannig er ekki gert ráð fyrir að þeir aðilar, sem verða skattskyldir samkvæmt lögum þessum, inni af hendi

frekari fyrirframgreiðslu á árinu 1993. Vakin er athygli á því að fyrirframgreiðsluhlutfallið er 4% sem er lágt miðað við það að gildandi skatthlutfall er 45%. Rökin fyrir þessu eru fyrst og fremst þau að gert er ráð fyrir að hið almenna skatthlutfall verði lækkað í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum.

221. Breytingartillaga [44. mál]

við frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Á eftir 8. gr. komi ný grein er orðist svo:

Að höfðu samráði við viðskiptaráðherra er fjármálaráðherra heimilt, í því skyni að tryggja áframhaldandi verslunarþjónustu á svæðum þar sem verslun stendur höllum fæti, að lækka eða fella niður í einstökum skattumdæmum sérstakan eignarskatt samkvæmt lögum þessum.

222. Frumvarp til laga [199. mál]

um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll íslensk skip, sem eru sex metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna og notuð eru á sjó. Lögin gilda þó um öll farþegaskip án tillits til stærðar.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að lög þessi gildi að hluta eða öllu leyti fyrir erlend skip þegar þau eru í íslenskum höfnum eða innan íslenskrar lögsögu.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að eftirlit skuli haft með öryggi annarra atvinnutækja á sjó og vötnum og hvernig því eftirliti skuli haga.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu sem hér greinir:

1. Skip er sérhvert fljótandi far nema annars sé getið.
2. Íslenskt skip er hvert það skip sem skráð er hér á landi og rétt hefur til að sigla undir íslenskum fána.
3. Flokkað skip er hvert það skip sem er flokkað af flokkunarfélagi sem viðurkennt er af ráðherra.
4. Fiskiskip er skip sem notað er til að veiða fisk, hval, sel, skelfisk eða aðrar lífverur úr sjó.
5. Farþegaskip er hvert það skip sem ætlað er að flytja farþega, sbr. þó ákvæði 6. tölul. þessarar greinar.
6. Kaupskip eru önnur skip sem notuð eru til flutnings á farmi gegn endurgjaldi en geta jafnframt flutt 12 farþega eða færri í samræmi við alþjóðlegar reglur.

II. KAFLI
Gerð og búnaður.
Smíði, innflutningur og breytingar.

3. gr.

Hvert skip skal smíðað og búið út á þann hátt að öryggi mannslífa á hafinu sé tryggt eins og kostur er og með tilliti til þeirra verkefna sem því er ætlað á hverjum tíma.

Skip skal fullnægja skilyrðum reglna á hverjum tíma um siglingatæki, vélbúnað, fjarskiptabúnað, björgunarbúnað, lyf og læknisáhöld og eldvarna- og slökkvibúnað til að tryggja öryggi skipverja, skips og farms.

Vinnusvæði og vistarverur skipverja skal hanna og búa með hliðsjón af öryggi og velferð skipverja.

Skip skulu smíðuð og búin með tilliti til varna gegn mengun.

Ráðherra ákveður nánar í reglugerð um smíði, stöðugleika, hleðslumerki og búnað skipa.

Ráðherra ákveður í reglum hvaða lög, stjórnvaldsfyrirmæli, skírteini og skipsbækur skuli vera um borð í skipum.

4. gr.

Ráðherra setur reglur um aðbúnað og vinnuaðstöðu skipverja, svo sem hönnun og merkingar vinnusvæða, öryggisbúnað, notkun og viðhald vinnutækja og öryggisbúnaðar og heilbrigðis- og hollustuhætti í skipum.

5. gr.

Ráðherra getur ákveðið að nýjar reglugerðir nái ekki til eldri skipa og skipa sem kjölur hefur verið lagður að eða eru á hliðstæðu byggingarstigi. Þó skal tekið tillit til varna gegn mengun, öryggis og aðbúnaðar um borð, enn fremur gerðar og fyrirhugaðrar notkunar skipanna.

6. gr.

Nýsmíði skipa er háð eftirliti Siglingamálastofnunar í samræmi við reglur sem ráðherra setur. Þar sem þær ná ekki til skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa. Eigandi skips skal tilkynna Siglingamálastofnun um smíðina. Áður en smíði hefst skal sá sem tekið hefur að sér smíði skips senda Siglingamálastofnun ríkisins smíðalýsingu, teikningar og önnur þau gögn sem siglingamálastjóri telur nauðsynleg vegna eftirlits.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um hæfniskröfur sem þeir sem hanna og smíða skip skulu fullnægja.

Eiganda skips er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skips, enda sé skipið smíðað eftir reglum þeirra sem gilda hér á landi.

7. gr.

Engar meiri háttar breytingar má gera á skipi, svo sem stækkun farmrýmis eða yfirbyggingar, aðalvélarskipti eða breytingar sem hafa áhrif á mælingu skips, sjóhæfni, öryggi eða aðbúnað áhafna án þess að fyrir liggi samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins eða annars aðila sem stofnunin hefur veitt umboð. Breytingarnar skulu gerðar undir eftirliti Siglingamálastofnunar og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og tilkynningarskyldu og um nýsmíði.

Sömu reglur um tilkynningarskyldu og eftirlit skulu einnig gilda um meiri háttar viðgerðir sem áhrif geta haft á sjóhæfni skips, öryggi skips og aðbúnað áhafna.

8. gr.

Skip, sem keypt eru eða leigð frá útlöndum til skráningar hér á landi, skulu fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri. Skal skoðun fara fram áður en það er flutt inn. Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki.

Eigi má flytja inn skip sem er 15 ára eða eldra. Siglingamálastofnun ríkisins getur þó heimilað innflutning eldra skips ef um er að ræða vöruflutningaskip stærri en 500 bt., dýpkunarskip og rannsóknaskip, enda séu þau ekki eldri en 20 ára.

Regla 2. mgr. þessarar greinar um aldur skips gildir ekki um skemmtiskip sem eingöngu eru ætluð til einkanota.

III. KAFLI
Skoðun skipa og framkvæmd eftirlits. Haffæri skipa.

9. gr.

Eiganda skips, útgerðarmanni, skipstjóra og yfirvélstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi eftir því sem við á. Skipstjóra er skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafi gild lögboðin skírteini um borð.

10. gr.

Skoðunargerðir á skipum eru þrenns konar: aðalskoðun, aukaskoðun og skyndiskoðun.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar annast alla skoðun samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim eftir nánari ákvörðun siglingamálastjóra. Siglingamálastjóra er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar.

11. gr.

Aðalskoðun skal fara fram við lokaúttekt nýsmíði og á hverju skipi árlega eða samkvæmt alþjóðareglum þegar það á við.

Siglingamálastofnun getur, þegar sérstakar ástæður mæla með því, veitt heimild til frestunar aðalskoðunar í allt að þrjá mánuði. Siglingamálastjóra er heimilt að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni.

Við aðalskoðun skal athuga búnað skips og annað er lýtur að öryggi þess og áhafnar.

Sé skip í viðurkenndu flokkunarfélagi og gildu flokkunarskírteini er framvísað skal sú skoðun, sem fram fór á því til viðhalds á flokkuninni, talin fullnægjandi um styrkleika bols, eimkatla, vél- og rafbúnaðar, enda fullnægi skipið jafnframt þeim ákvæðum sem sérstaklega er mælt fyrir um í íslenskum lögum eða reglum varðandi þau atriði sem flokkunin tekur til.

12. gr.

Aukaskoðun skal fara fram á skipi sem hér segir:

1. Þegar skip hefur verið til viðgerðar vegna atriða sem varða öryggi skips og/eða áhafnar.
2. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, yfirvélstjóri, meiri hluti skipverja eða stjórn stéttarfélags krefjast skoðunar. Krafa skal vera skrifleg og rökstudd. Starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins eru bundnir þagnarheiti um hver borið hafi fram kröfu nema hún hafi reynst ástæðulaus. Þá skal Siglingamálastofnun gefa upp nafn þess sem bar fram kröfuna ef útgerðarmaður krefst þess.
3. Þegar Siglingamálastofnun telur annars ástæðu til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

13. gr.

Skyndiskoðun er fyrirvaralaus skoðun á haffæri skips, einkum þegar skip kemur til hafnar eða fer úr höfn.

Siglingamálastofnun getur óskað aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands við framkvæmd skyndiskoðunar á skipum samkvæmt nánara samkomulagi þessara aðila sem staðfest er af ráðherra.

14. gr.

Synji siglingamálastjóri um skoðun þegar hennar er krafist í samræmi við 2. tölul. 12. gr. eða ef einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, getur ekki unað úrslitum skoðunargerðar getur sá sem telur sig vanhaldinn kært ágreininginn fyrir farbannsnefnd, sbr. 25. gr.

15. gr.

Hafi skoðun leitt í ljós að ákvæðum laga og reglna um smíði og búnað er fullnægt skal siglingamálastjóri, starfsmaður stofnunarinnar sem til þess hefur heimild frá siglingamálastjóra eða annar viðurkenndur aðili gefa út haffærisskírteini því til handa eða önnur jafngild skírteini samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykkta eftir því sem við á.

Á haffærisskírteini skal skráð nafn skips, skipaskrárnúmer, heimili, kallmerki, stærð skips samkvæmt gildandi reglum um mælingu skipa, smíðastaður og ár, nafn eiganda, umdæmisbókstafur fiskiskipa, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa sem gerðar eru í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, gildissvið, gildistími og útgáfudagur.

Haffærisskírteini skal eigi gefið út til lengri tíma en eins árs. Siglingamálastofnun er þó heimilt að miða gildistíma skírteinis við almanaksmánuð að ári liðnu frá útgáfudegi skírteinis og gildir skírteinið þá til loka þess mánaðar.

Haffærisskírteini eða skoðunarvottorð skal fylgja skipsskjölum og sýnt við fyrstu árlegu lögskráningu eða við greiðslu slysatryggingagjalds skipverja þegar ekki er skylt að lögskrá á skipið, svo og þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar, Landhelgisgæslu Íslands eða lögreglu.

Hafi skoðun leitt í ljós að kröfum um búnað og öryggi skipa er ekki fullnægt skal bætt úr því sem áfátt er. Ef ágallar eru þannig að eigi er unnt að bæta úr þeim þegar í stað en skipið getur þó siglt örugglega getur umdæmisstjóri veitt skipstjóra hæfilegan frest til úrbóta.

16. gr.

Skip skal telja óhaffært:

1. Hafi það ekki gilt haffærisskírteini eða önnur jafngild skírteini samkvæmt alþjóðasamþykktum.
2. Liggi það dýpra en hleðslumerki þess leyfa samkvæmt alþjóðasamþykktum eða reglum.
3. Sé bol þess, búnaði, vélum, tækjum eða skipshöfn svo áfátt eða skipið er af öðrum ástæðum svo á sig komið með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja að telja verður vegna sjóferðar þeirrar er skipið skal fara að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er.

17. gr.

Hafi skip lent í árekstri, tekið grunn eða annað að borið svo ástæða sé til að ætla að skip sé óhaffært er skipstjóra skylt að láta skoða skipið á þeim stað er því verður fyrst við komið. Starfsmenn Siglingamálastofnunar eða aðrir aðilar, sem stofnunin hefur viðurkennt, skulu framkvæma þá skoðun.

Þurfi að færa skip sem er óhaffært af slysstað eða úr höfn til viðgerðar eða nánari skoðunar skal Siglingamálastofnun ríkisins eða aðrir aðilar, sem stofnunin hefur viðurkennt, ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja.

18. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga og reglna um öryggi skipa.

Þegar starfsmenn Siglingamálastofnunar eru að starfi hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenskri höfn eða innan íslenskrar landhelgi, til þess að rannsaka það sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Sama gildir um skip í smíðum.

Komi í ljós að ásigkomulag skips eða búnaður þess er ekki í samræmi við lög þessi, reglur eða önnur fyrirmæli getur Siglingamálastofnun fyrirskipað að úr því skuli bætt þegar í stað eða innan ákveðins frests.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar skulu gæta þess að valda ekki óþarfa töfum á skipi né torvelda vinnu umfram nauðsyn.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar skulu framvísa starfsskírteinum sé þess óskað.

Eigendur, útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, sem starfa í umboði þeirra, skulu veita Siglingamálastofnun alla aðstoð og upplýsingar sem óskað er vegna eftirlits og öryggis skips, svo og upplýsingar um ástand skipsins sem varðar lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim.

19. gr.

Löggæslumenn, hafnaryfirvöld, tollgæslumenn, trúnaðarmenn skipverja, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarstjórar, sem fá vitneskju um að lög þessi eða reglur settar samkvæmt þeim eru brotin eða telja sig hafa ástæðu til að ætla að skip sé ekki haffært, skulu tafarlaust gera næsta umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar viðvart. Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera yfirmanni sínum viðvart sem tilkynnir það tafarlaust til næsta umdæmisstjóra.

IV. KAFLI
Farbann.

20. gr.

Eigi að leggja skipi úr höfn án þess að það hafi gilt haffærisskírteini eða skip er annars óhaffært á ferð skal leggja farbann á það.

Enn fremur skal leggja farbann á skip ef starfsmenn Siglingamálastofnunar eru hindraðir í störfum við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Siglingamálastjóri getur lagt farbann á skip. Einnig geta þeir starfsmenn Siglingamálastofnunar lagt farbann á skip sem siglingamálstjóri hefur sérstaklega veitt til þess umboð. Skulu þeir tilkynna siglingamálastjóra þegar um farbann sem þeir leggja á.

22. gr.

Ákvörðun um farbann skal þegar í stað tilkynna skipstjóra og útgerðarmanni skriflega. Ástæður fyrir farbanni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því að banni verði aflétt. Starfsmenn Siglingamálastofnunar geta óskað eftir því ef nauðsyn krefur að lögreglustjórar, hafnar- og tollyfirvöld á hverjum stað, svo og starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, veiti þeim fulltingi við framkvæmd farbanns og ber þeim að verða við þeirri ósk.

23. gr.

Ef ástæður farbanns eru ekki lengur fyrir hendi skal farbanni aflétt þegar í stað.

Telji siglingamálastjóri að farbann, sem starfsmenn hans hafa lagt á, sé ekki á rökum reist skal hann þegar í stað fella það úr gildi.

24. gr.

Útgerðarmaður skips og skipstjóri geta kært farbann til farbannsnefndar.

Samgönguráðherra skipar farbannsnefnd til þriggja ára í senn. Farbannsnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Formaður skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum. Hinir fjórir nefndarmennirnir skulu búa yfir sérþekkingu á sviði siglinga eða skipatækni í samræmi við verksvið nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

25. gr.

Verkefni farbannsnefndar eru:

1. Að skera úr um hvort farbann skuli lagt á skip og úrskurða um gildi farbanns.
2. Að skera úr um hvort skoðun á skipi skuli fara fram, annast yfirskoðunargerðir og kveðja til yfirskoðunarmenn eins og nánar greinir í 21. gr. laganna.

Málshöfðun til ógildingar á úrskurði farbannsnefndar frestar ekki réttaráhrifum hans.

V. KAFLI
Málsmeðferð fyrir dómi.

26. gr.

Um refsimál, sem höfðað er út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála. Sé þörf sérkunnáttu við úrlausn máls skulu tveir sérfróðir meðdómendur skipa dóm, auk eins héraðsdómara.

Áður en ákærandi höfðar opinbert mál út af brotum á lögunum skal hann jafnan leita

umsagnar siglingamálastjóra liggi hún ekki þegar fyrir. Ber siglingamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn svo fljótt sem verða má.

Ákærandi skal útvega samgönguráðuneyti og Siglingamálastofnun eftirrit dóma í málum út af brotum á lögum þessum.

27. gr.

Málum, sem höfðuð eru til ógildingar á úrskurðum farbannsnefndar skv. 14. eða 20. gr., skal hraða svo sem kostur er. Um mál þessi fer eftir almennri meðferð einkamála.

VI. KAFLI
Gjöld.

28. gr.

Fyrir skoðun á skipum og búnaði þeirra, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, samþykkt smíðalýsinga og teikninga og aðra skoðun, sem starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins framkvæma, skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Eigandi skips skal greiða árlega skipagjald sem taki mið af því hvort skip er flokkað hjá Siglingamálastofnun ríkisins eða viðurkenndu flokkunarfélagi.

Gjöldum skv. 1. mgr. fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því er gjald var kræft.

Siglingamálastofnun er heimilt að halda eftir haffærisskírteini eða öðrum jafngildum skírteinum samkvæmt alþjóðasamþykktum að lokinni skoðun ef gjöld skv. 1. mgr. eru ekki greidd.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um gjald fyrir skoðun og þjónustu sem aðrir þar til bærir aðilar framkvæma og veita.

VII. KAFLI
Um refsingar, sviptingu réttinda o.fl.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru.

30. gr.

Um brot skv. 29. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

31. gr.

Þegar um brot er að ræða og sérstaklega miklar sakir eru má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða fjarskiptastarfa um ákveðinn tíma er eigi sé skemmri en þrír mánuðir.

Nú er brot að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað og skal þá beita réttindasviptingu eigi skemur en sex mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt.

32. gr.

Svipting réttinda skv. 31. gr. skal gerð með dómi. Þó má ljúka máli um sviptingu réttinda með ákvörðun dómara hafi ákærði játað sekt sína og fallist skriflega á slík málalok enda mótmæli ákærandi þeim ekki.

Ákærandi skal tilkynna öllum lögreglustjórum í landinu um réttindasviptingu og senda samgönguráðuneyti réttindaskírteini.

Þegar tvö ár hið fæsta eru liðin frá því réttindasvipting var dæmd getur samgönguráðherra veitt réttindin á nýjan leik mæli sérstakar ástæður með því, enda þótt sviptingartími sé ekki liðinn.

33. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Dómara er heimilt að ákveða að þeim fylgi lögveð í skipi og búnaði þess, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

34. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum áfengislaga að því er snertir viðurlög ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

VIII. KAFLI
Um gildistöku laganna o.fl.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51 30. mars 1987 og 9. gr. laga nr. 20 30. apríl 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um eftirlit með skipum var lagt fram á 113. löggjafarþingi 1990 en varð eigi útrætt. Frumvarpið var samið af nefnd sem samgönguráðherra skipaði til að endurskoða lög nr. 51/1987, um eftirlit með skipum. Í nefndinni áttu sæti Ragnhildur Hjaltadóttir skrifstofustjóri, formaður, Einar Hermannsson, fulltrúi Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Helgi Laxdal, varaforseti FFSÍ, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri LÍÚ, og Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri.

Nefndin fór enn fremur yfir umsagnir sem samgöngunefnd neðri deildar Alþingis bárust um frumvarpið. Frumvarpið hefur því tekið nokkrum breytingum. Helsta breytingin er sú að hér er lagt til að siglingadómur verði lagður niður. Er það í samræmi við tillögur réttarfarsnefndar, laganefndar Lögmannafélags Íslands og meiri hluta siglingadóms. Vísast til V. kafla um málsmeðferð.

Með gildandi lögum um eftirlit með skipum var leitast við að færa lagaákvæði um þetta efni til samræmis við nútímaaðstæður um leið og þau voru einfölduð. Ýmis ákvæði laganna hafa sætt gagnrýni og töldu ýmsir hagsmunaaðilar að fleiri breytinga væri þörf en þeirra sem gerðar voru með gildandi lögum. Samgönguráðherra tók því ákvörðun um endurskoðun laganna.

Við samningu þessa frumvarps hefur nefndin haft til athugunar og hliðsjónar löggjöf Danmerkur og Noregs um öryggi skipa og hefur ýmislegt úr þeirri löggjöf verið haft til hliðsjónar. Nefndin hefur kallað til sín og leitað álits annarra aðila, t.d. formann siglingadóms og formann réttarfarsnefndar vegna siglingadóms og ríkissaksóknara vegna refsiákvæða. Auk þess er, eins og áður segir, tekið mið af umsögnum fjölmargra annarra aðila sem veittu samgöngunefnd 113. löggjafarþings umsögn.

Veigamiklar breytingar eru gerðar á nokkrum aðalþáttum laganna, ákvæðum um haffæri skipa, hámarksaldur innfluttra skipa og farbann, auk þess sem aukin áhersla er lögð á mengunarvarnir í skipum og aðbúnað og hollustuhætti. Helsta breytingin er væntanlega sú að hér er lagt til að siglingadómur verði lagður niður. Um rök fyrir breytingun-

um vísast til athugasemda við einstakar greinar. Uppsetning laganna er frábrugðin gildandi lögum. Leitast er við að raða saman efnislega skyldum ákvæðum og fylgja réttri tímaröð allt frá því smíði skips hefst.

Samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis dags. 28. október 1991 mun þetta frumvarp ekki hafa teljandi breytingar á kostnaði í för með sér.

Vísast nánar til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Stærðarmörk skipa eru óbreytt frá gildandi lögum og í samræmi við lög um skráningu skipa. Gildissviðið er hins vegar takmarkað við skip sem notuð eru á sjó. Er það gert til að undanskilja vatnabáta sem ekki eru notaðir í atvinnuskyni. Hins vegar er reiknað með að bátar á vötnum sem notaðir eru í atvinnuskyni, svo sem farþegaskip, vinnu- og dýpkunarskip á vötnum, verði eftirlitsskyldir og að ráðherra setji reglur þar að lútandi. Það er einnig nýmæli að lögin gilda um öll farþegaskip án tillits til stærðar.

Hér er lagt til að felld verði niður 2. mgr. gildandi laga um að lögin gildi um erlend skip sem íslenskir ríkisborgarar hafa á leigu ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan með íslenskri áhöfn. Ákvæðið kom inn í lögin um eftirlit með skipum frá 68/1947. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga segir að ákvæðið takmarkist að sjálfsögðu af samningum sem gerðir hafi verið við önnur ríki og alþjóðasamningum, en ljóst sé að ákvæðið geti orðið erfitt í framkvæmd. Síðan segir: „Tilgangurinn er sá að sporna við því að skip, sem ekki fullnægja settum reglum, séu leigð í því skyni að fara í kringum lögin".

Það er álit nefndarinnar sem þetta frumvarp samdi að útilokað sé að gera efnislegar kröfur um haffæri erlendra skipa vegna þess eins að áhöfn þeirra sé íslensk til þess hafi íslensk stjórnvöld ekki lögsögu. Hins vegar sé eðlilegt að ráðherra geti ákveðið að erlend skip sem leiti hafnar eða komi í íslenska lögsögu lúti sömu reglum og íslensk skip eftir því sem ástæða er talin til. Rétt er að benda á að samkvæmt öllum alþjóðasáttmálum um siglingar, sem Ísland hefur fullgilt, t.d. MARPOL og SOLAS, eru „hafnarríkjum" veittar umfangsmiklar heimildir til eftirlits með erlendum skipum sem taka höfn hjá viðkomandi „hafnarríki".

Um 2. gr.

Hér eru skýrð nokkur orð sem máli skipta í lögunum þó eflaust væri ástæða til að skýra fleiri orð og hugtök.

Orðskýringarnar eru að mestu leyti í samræmi við ákvæði 2. gr. gildandi laga en hér er bætt inn skýringu á kaupskipi.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er skipað ákvæðum um gerð og búnað, smíði, innflutning, breytingar og hleðslu skipa sem eru í V. og VI. kafla gildandi laga. Kaflinn er þó í nokkrum verulegum atriðum frábrugðinn gildandi lögum og vísast þar um til athugasemda við einstakar greinar hans.

Um 3. gr.

1. mgr. er nýmæli, en sambærilegt ákvæði er að finna í dönsku lögunum um öryggi skipa. Þetta er almenn efnisregla, yfirlýsing um að sérhvert skip skuli smíðað og búið á

öruggan hátt með tilliti til þeirra verkefna sem því eru ætluð á hverjum tíma.

2. mgr. kemur að nokkru í stað 17. gr. gildandi laga, en þar er talið nákvæmlega upp hvaða skilyrðum skip þurfa að fullnægja varðandi smíði og búnað. Hér er lagt til að einungis verði lögfest almenn skylda til að hafa þann búnað sem nauðsynlegur er til að tryggja öryggi skips og skipverja, en ráðherra setur frekari reglur um einstakar kröfur þar að lútandi. Gildir það jafnt um smíði og búnað skipa, sem og um stöðugleika þeirra, sbr. 5. mgr. Framfarir í skipasmíðum og útbúnaði skipa eru mjög örar, einnig breytast sífellt kröfur sem gerðar eru til skipanna og útbúnaðarins. Því er talið rétt að auka hér svigrúm ráðherra til þess að setja reglur og lögbinda þannig ýmis atriði, jafnframt því sem breytingar verða í þessum efnum á Íslandi. Gildir þetta sjónarmið einnig um aðbúnað og vinnuaðstöðu, sbr. 4. gr.

3. mgr. fjallar um kröfur til vinnusvæða og vistarvera. Með velferð er átt við allt sem lýtur að heilsu manna og vellíðan, þar með taldar ráðstafanir til að draga úr hávaða um borð í skipum.

4. mgr., sem kveður á um að skip skuli smíðuð og búin með tilliti til varna gegn umhverfismengun, er nýmæli, en er í samræmi við aukna áherslu á mengunarvarnir um borð í skipum. Mengunarvarnir á sjó eru svo nátengdar öðrum öryggismálum skipa og sæfarenda að rétt þykir að skipa ákvæðinu í þessi lög. Með mengun umhverfis er hér fyrst og fremst átt við sjávarmengun og loftmengun.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði almenn heimild fyrir ráðherra til að setja reglur um aðbúnað og vinnuaðstöðu skipverja. Greinin er að nokkru leyti í samræmi við 1. tölul. E, 17. gr. gildandi laga en mun rýmri.

Almennu lögin um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda ekki um skip og skipverja. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að hafa ákvæði í lögum um eftirlit með skipum um vinnuumhverfi skipverja. Markmiðið er að vernda heilsufar og tryggja viðunandi vinnuaðstöðu skipverja og einnig að settar verði reglur um framkvæmd þessa markmiðs.

Um 5. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli í lögum. Það er þó í samræmi við framkvæmd þessara mála, enda er oft illframkvæmanlegt að láta nýjar kröfur gilda um skip sem búið er að smíða. Þessi heimild gildir þó því aðeins að öryggi skips og áhafnar sé tryggt.

Þess má geta að í lögum nr. 78/1938 var atvinnumálaráðherra heimilað að „gera vægari kröfur en reglur þær, sem nú gilda, gera almennt um skip, sem eru íslenzk eign eða voru í smíðum fyrir íslenzkan reikning fyrir 1. júlí 1922, þó ekki um haffæri skipsins, ferðabúnað þess né lífsöryggi manna". Þarna er lögfest sama meginregla, þ.e. að heimilt sé að gera aðrar kröfur til eldri skipa en nýrra. Þessi meginregla er enn fremur í samræmi við hliðstæð ákvæði í nágrannalöndunum og víðar hjá siglingaþjóðum.

Um 6. gr.

Hér er lögð til sú breyting að smíðalýsingar og önnur gögn skuli senda Siglingamálastofnun áður en smíði hefst. Það er afar mikilvægt að öll gögn, sem nauðsynleg eru vegna öryggis skips og mengunarvarna, berist áður en smíði hefst, bæði til að tryggja eftir föngum markmið laganna og hugsanlega koma í veg fyrir óþarfa kostnaðarauka síðar.

Um nýsmíði skipa fjallar 19. gr. gildandi laga og er hér lagt til að hún verði áfram að mestu efnislega óbreytt, þ.e. nýsmíði er háð eftirliti Siglingamálastofnunar og stofnun-

inni skal tilkynnt um smíði. Hins vegar er nokkrum form- og ábyrgðarreglum breytt:

1. Eigandi skips er gerður ábyrgur fyrir tilkynningu til Siglingamálastofnunar um nýsmíði hvort sem skip er smíðað hér á landi eða erlendis. Sá sem tekið hefur að sér smíði skips, þar með taldar erlendar skipasmíðastöðvar, er hins vegar áfram ábyrgur fyrir að senda stofnuninni teikningar og önnur nauðsynleg gögn.
2. Krafa um að uppdrættir skuli vera í þríriti er felld niður, en siglingamálastjóra falið að setja skilyrði um framlögð gögn.
3. Samkvæmt 2. mgr. er einungis eiganda heimilt að fela viðurkenndu flokkunarfélagi eftirlit með smíði skips, en samkvæmt gildandi lögum hafa skipasmiðir og Siglingamálastofnun einnig þessa heimild. Það er eðlilegt að eigandi skipsins einn ákveði hvar skip er flokkað.

Vísun til tréskipa í gildandi lögum er felld niður þar sem settar hafa verið samnorrænar reglur um smíði tréskipa.

Um 7. gr.

Greinin er í samræmi við 20. gr. gildandi laga með mikilvægri undantekningu. Meiri háttar breytingar eru nú tengdar sjóhæfni og öryggi skipsins, þ.e. samþykki Siglingamálastofnunar er krafist þegar breytingar á skipi hafa áhrif á mælingu, sjóhæfni og öryggi en ekki eingöngu breytingum á stærð skipsins eins og áður. Auk meiri háttar breytinga, svo sem stækkunar, lengingar, yfirbyggingar og nýrrar brúar falla undir ákvæðið breytingar sem hafa áhrif á stöðugleika skips, svo sem veiðarfærabúnaður toggálgar, togspil o.s.frv. Enn fremur er sams konar ákvæði um viðgerðir sem geta haft áhrif á sjóhæfni og öryggi skips og aðbúnað skipverja.

Greinin heimilar enn fremur Siglingamálastofnun að veita umboð til hæfs aðila til að annast samþykki og eftirlit með breytingum skipa. Slíkir aðilar eru t.d. flokkunarfélög, sem viðurkennd eru hérlendis.

2. mgr. er nýmæli. Þó viðgerðir á skipum séu oftast í sinni einföldustu mynd, ekki þess eðlis að þær hafi áhrif á öryggi eða aðbúnað skipverja, þá eru allt of mörg dæmi þess á undanförnum árum að fram hafa farið viðgerðir á skipum og búnaði skipa sem hafa verið ófullnægjandi og jafnvel leitt af sér slys. Helstu hættur hvað þetta varðar tengjast veiðibúnaði á fiskiskipum, t.d. spilum, vindum, toggálgum og blökkum. Því er mikilvægt að staðið sé eins vel að þess konar viðgerðum og kostur er á.

Um 8. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1., 2. og 1. málsl. 3. mgr. 20. gr. gildandi laga, en nokkuð einfölduð.

Greinin gildir um skip sem flutt eru til landsins fullsmíðuð. Láti íslenskur aðili smíða skip erlendis eða kaupi slíkt skip í smíðum gilda ákvæði 6. gr. frumvarpsins.

Lagaákvæði um hámarksaldur innfluttra skipa var upphaflega sett að gefnu tilefni í lok kreppunnar. Í greinargerð með þessu ákvæði laga nr. 78/1938 segir svo:

„Að undanförnu hefir verið keypt nokkuð af gömlum skipum til landsins og hefir það í flestum tilfellum orðið til efnalegs tjóns. Ekki þótti þó fært að fella niður þær undanþágur sem fólust í eldri lögum, en hins vegar bætt inn í greinina ákvæði um það að banna að kaupa til landsins eldri skip en 12 ára. Sams konar ákvæði hafa aðrar þjóðir í sinni löggjöf."

Mikið hefur breyst síðan þetta lagaákvæði var fyrst lögfest. Á þessum tíma voru skrokkar skipa almennt „hnoðaðir" en eru nú rafsoðnir, skipastál var ákaflega lélegt í

samanburði við skipastál síðustu áratuga og því endingarlítið. Hjúpun og endingargildi skipshluta hefur tekið stórfelldum framförum, enn fremur vélar og búnaður skipa. Samkvæmt upplýsingum frá Lloyds Register of Shipping er núverandi meðalaldur kaupskipaflota heimsins u.þ.b. 16 ár og er talið fyrirsjáanlegt að hann muni hækka nokkuð enn á næstu árum. Almennar viðmiðanir um líftíma kaupskipa hafa hækkað á sama tíma úr 20 í 25 til 30 ár. Sambærilegar tölur fyrir fiskiskip sýna svipaða þróun.

Í Noregi er hámarksaldur innfluttra skipa 20 ár, en engar reglur gilda um þetta í Danmörku og Svíþjóð. Í fyrirliggjandi tillögum Efnahagsbandalags Evrópu um sameiginlega skráningu kaupskipa allra bandalagsríkjanna er miðað við 20 ára hámarksaldur við innflutning skipa.

Í ljósi ofanritaðs leggur nefndin til að aldurshámark allra skipa verði hækkað úr 12 árum í 15 ár í samræmi við þróun í smíði, búnaði og endurbyggingu skipa. Ástæðan fyrir þessari breytingu er m.a. sú að 12 ára skip eru almennt í mun betra ástandi nú en slík skip voru þegar þetta ákvæði var upphaflega sett.

Þessu til viðbótar er heimildarákvæði fyrir Siglingamálastofnun um innflutning kaupskipa ákveðinnar stærðar, dýpkunarskipa og rannsóknaskipa, allt að 21 árs. Kaupskip eru undantekningarlaust flokkuð hjá alþjóðlegum flokkunarfélögum sem gera kröfur um viðhald og skoðun þeirra samkvæmt alþjóðlega samræmdum stöðlum. Einnig eru reglur um búnað og öryggi kaupskipa samræmdar alþjóðlega og í meginatriðum þær sömu hérlendis og erlendis. Ekki eru til slíkar alþjóðlega samræmdar reglur um búnað og öryggi fiskiskipa.

Að lokum er lagt til að reglan um hámarksaldur innfluttra skipa gildi ekki um skemmtiskip sem eingöngu eru ætluð til einkanota. Þessi skip verða þó að fullnægja reglum um smíði og búnað skemmtibáta.

Um III. kafla.

Um efni þessa kafla er nú fjallað í II., III. og IV. kafla gildandi laga. Ákvæðum er þó skipað á annan hátt hér og leitast við að gera ákvæðin skýrari og raða þeim upp í eðlilega tímaröð.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. gildandi laga, en hér er lagt til að yfirvélstjórum verði bætt í hóp þeirra sem ábyrgð bera á að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram. Er það m.a. gert til samræmis við 53. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, þar sem segir að yfirvélstjóri beri ábyrgð á fyrirskipuðum skoðunum og eftirliti á vélbúnaði skipsins.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. og 9. gr. gildandi laga. Hér er þó bætt inn heimild siglingamálastjóra til að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar að fengnu samþykki ráðherra. Hér er m.a. átt við skoðun á einstaka búnaði skips, t.d. gúmmíbjörgunarbátum, sleppibúnaði björgunarbáta, slökkvitækjum o.s.frv. Heimildin nær einnig til skoðunar alþjóðlegra flokkunarfélaga samkvæmt alþjóðasamþykktum.

Um 11. gr.

Greinin kveður á um hvenær aðalskoðun á að fara fram.

2. mgr. um heimild til frestunar aðalskoðunar á t.d. við þegar skoðun verður ekki við komið af tæknilegum ástæðum og ekki er ástæða til að ætla að skip sé ekki haffært. Sigl-

ingamálastjóra er einnig heimilað að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni. Hér er fyrst og fremst átt við sýslumenn og bæjarfógeta, sendiráð og ræðismenn.

3. mgr. er samhljóða 1. mgr. 11. gr. gildandi laga en bætt er inn „og áhafnar".

4. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 11. gr. gildandi laga en leiðrétt rangmæli þar sem segir að skoðun fari fram til endurnýjunar á flokkun. Flokkun er ótímabundin, en með skilyrðum um ákveðnar skoðanir til að halda þeim í gildi. Skoðunin fer því fram til viðhalds flokkuninni.

Um 12. gr.

Um aukaskoðun er fjallað í 14. gr. gildandi laga, en þessi grein er nokkuð frábrugðin.

Samkvæmt 1. tölul. skal aukaskoðun fara fram á skipi þegar það hefur verið til viðgerðar vegna atriða sem varða öryggi skips og/eða áhafnar, en í gildandi lögum er einungis rætt um viðgerð. Hér er t.d. átt við viðgerð á veiðarfærabúnaði og togbúnaði, en hér mun mat skipstjóra ráða mestu um hvenær þörf er á aukaskoðun samkvæmt þessum tölulið.

2. tölul. Aðilar, sem krafist geta aukaskoðunar, eru þeir sömu og í gildandi lögum, með tveimur frávikum, vélstjóri verður yfirvélstjóri og einstakir skipverjar eða stjórn stéttarfélags þeirra verður meiri hluti skipverja eða stjórn stéttarfélags.

Sú breyting er gerð á 3. tölul. að mat á því hvort annars sé ástæða til aukaskoðunar er lagt í hendur Siglingamálastofnunar ríkisins.

Um 13. gr.

1. mgr. er nýmæli. Hér er í fyrsta sinn gerð tilraun til skilgreiningar á skyndiskoðun og er hún í samræmi við framkvæmd Siglingamálastofnunar á skyndiskoðunum.

2. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 9. gr. gildandi laga um Siglingamálastofnun ríkisins og getur Siglingamálastofnun ríkisins óskað eftir aðstoð Landhelgisgæslu Íslands við framkvæmd skyndiskoðunar eins og gert hefur verið.

Um 14. gr.

Hér er um verulega breytingu að ræða frá 16. gr. gildandi laga sem fjallar um sama efni. Samkvæmt þeirri grein má skjóta ágreiningi um skoðun til farbannsnefndar.

Hér er lagt til að skipuð verði sérstök farbannsnefnd sem úrskurðar í slíkum málum. Úrskurð hennar má síðan kæra til dómstóla. Nánar verður fjallað um farbannsnefnd í athugasemdum með 26. og 27. gr.

Um 15. gr.

1. mgr. er í samræmi við 12. gr. gildandi laga, en þar er talað um að skoðun hafi leitt í ljós að skip sé haffært. Í haffæri skipa felst ýmislegt annað en skoðað er, t.d. hvort skipshöfn sé áfátt. Því hljóðar greinin á þá leið að skoðun hafi leitt í ljós að ákvæðum laga og reglna um smíði og búnað sé fullnægt. Í greininni er nýmæli um önnur jafngild skírteini samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykkta eftir því sem við á. Jafngild skírteini íslensks haffærisskírteinis á kaupskipum eru samkvæmt alþjóðasáttmálum öryggisbúnaðarskírteini, smíðaöryggisskírteini, öryggisfjarskiptaskírteini, hleðslumerkjaskírteini, mengunarvarnaskírteini o.s.frv.

2. mgr. sem fjallar um haffærisskírteini er að mestu samhljóða 1. mgr. 13. gr. gild-

andi laga, en lagt er til að skipaskrárnúmers og gildissviðs verði einnig getið á skírteininu.

3. mgr. kveður á um gildistíma haffærisskírteinis. Meginreglan er sú að haffærisskírteini gildi í eitt ár. Heimilt er að gefa skírteini út til skemmri tíma en 1 árs, t.d. ef eigandi skips fær frest til að lagfæra ágalla. Gildistími getur einnig farið í 13 mánuði þegar sérstakar ástæður mæla með því. Ef haffærisskírteini rennur út þegar skip er á ferð skal því heimilt að ljúka ferðinni áður en skip er fært til skoðunar til endurnýjunar haffærisskírteinis. Þó mega ekki líða meira en 10 dagar frá því að skírteini rennur út og þar til skip tekur höfn.

Í 4. mgr. er fækkað þeim tilvikum sem sýna ber haffærisskírteini sem kemur að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að önnur lög kveði á um framvísun haffærisskírteinis. Hér er átt við tollafgreiðslur skips og greiðslu tryggingaiðgjalds skips. Enn fremur er einungis skylt að sýna haffærisskírteini við fyrstu árlegu skráningu á skip og er það í samræmi við ákvæði laga um lögskráningu. Bætt er inn heimild til handa Landhelgisgæslu Íslands til að krefjast haffærisskírteinis eða skoðunarvottorðs.

5. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 15. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Í grein þessari er að finna heildarákvæði um það hvenær skip telst óhaffært.

Í fyrsta lagi telst skip óhaffært ef það hefur eigi gild skírteini þau sem greinin telur. Gildir þetta hvort sem skip er óhaffært (eigi öruggt til siglingar) í raun eða ekki.

Í öðru lagi telst skip óhaffært ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa samkvæmt alþjóðasamþykktum.

Í þriðja lagi telst skip óhaffært ef svo er ástatt sem í 3. tölul. greinarinnar segir. Hér er tekinn af allur vafi um það að til þess að skip teljist óhaffært í merkingu 3. tölul. þarf skip að vera raunverulega óhaffært, þ.e. óhaffært í efnislegri merkingu. Hér yrði að athuga hvert tilvik fyrir sig hvort skipi eða skipshöfn stafi hætta af því að fara í ferð þá sem það skal fara eða er í.

Sjóferð samkvæmt greininni er allur sá tími sem skipið er ekki bundið við bryggju eða legufæri.

Um 17. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 5. gr. gildandi laga, en orðalagsbreytingar eru nokkrar. Sama er að segja um 2. mgr., en hún er efnislega samhljóða 4. mgr. 5. gr.

Rétt þótti að hafa þessi ákvæði í sömu grein, enda svipuð efnislega.

Um 18. gr.

Þessi grein fjallar um hverjir annast eftirlitið og réttindi og skyldur starfsmanna Siglingamálastofnunar ríkisins við framkvæmd þessa eftirlits. Um skipulag Siglingamálastofnunar, hlutverk hennar, skipun starfsmanna og önnur atriði, sem að henni lúta, vísast til laga um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986. 1. mgr. greinarinnar er í samræmi við 2. tölul. 2. gr. laganna og 2., 3. og 6. mgr. greinarinnar eru samhljóða ákvæðum 9. gr. þeirra laga.

Hér er lagt til að hluta af 6. gr. gildandi laga um eftirlit með skipum sem fjallar um framkvæmd eftirlitisins verði skipað annars staðar í frumvarpinu (heimild til skyndiskoðunar og bráðabirgðasviptingar haffærisskírteinis).

Um efni síðustu málsgreinar er nú fjallað í 9. gr. laganna um Siglingamálastofnun, en

hér er bætt inn almennri upplýsingaskyldu þargreindra aðila um ástand skipsins. Hér er fyrst og fremst átt við ef þessum aðilum er kunnugt um einhverja ágalla sem máli skipta, enda varði þeir atriði sem skoðun og eftirlit Siglingamálastofnunar beinist að.

Um 19. gr.

Upplýsingaskylda sú, sem hér er um rætt, er lögfest í 7. gr. gildandi laga. Þó eru hér gerðar auknar kröfur til áreiðanleika upplýsinganna því þargreindir aðilar þurfa að hafa rökstuddan grun um brot gegn lögunum eða reglum, en samkvæmt gildandi lögum nægir að þeir verði varir við það eða telji sig hafa ástæðu til. Verður að telja þetta réttmæta og eðlilega breytingu þar sem afleiðingar slíkrar umkvörtunar, sem hér um ræðir, getur haft ýmislegt óhagræði í för með sér fyrir eigendur skips.

Um IV. kafla.

Þessi kafli fjallar um hvenær farbann verður lagt á skip, hverjir hafa heimild til þess og réttarúrræði þeirra sem telja farbann ekki á rökum reist. Ákvæði um farbann eru hér gerð skýrari og ótvíræðari en í gildandi lögum. Enn fremur er gerð sú veigamikla breyting að heimilt verður að kæra farbann til farbannsnefndar sem skipuð verður af ráðherra.

Kaflinn er efnislega í samræmi við ákvæði dönsku laganna um öryggi skipa þó ýmsu sé breytt til samræmis við íslenska staðhætti og framkvæmd.

Um 20. gr.

Í greininni er það nýmæli að heimilt er að leggja farbann á skip ef starfsmenn Siglingamálastofnunar eru hindraðir í störfum við framkvæmd eftirlits. Er það í samræmi við ákvæði dönsku laganna um öryggi skipa.

Um 21. gr.

Samkvæmt greininni geta einungis siglingamálastjóri og þar til bærir starfmenn Siglingamálastofnunar lagt farbann á skip. Ákvörðun um farbann hefur ávallt alvarlegar afleiðingar fyrir rekstur skips og því er nauðsynlegt að hafa skýr ákvæði um hver hefur heimild til að leggja farbann á skip.

Um 22. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 26. gr. gildandi laga. Nefndin taldi rétt að hafa áfram í lögum ákvæði um að tilkynna skuli skipstjóra og útgerðarmanni skriflega og rökstutt um farbann.

Um 23. gr.

1. mgr. er nýmæli sem skýrir sig sjálft.

2. mgr. mælir svo fyrir að farbann, sem þar til bærir starfsmenn Siglingamálastofnunar hafa lagt á, verður að bera undir siglingamálastjóra, svo fljótt sem auðið er, eins og fyrir er mælt í 21. gr. Kveður hann endanlega á um það af hálfu stofnunarinnar.

Um 24. gr.

1. mgr. er nýmæli sem segir að útgerðarmaður og skipstjóri geti kært farbann til farbannsnefndar. Samkvæmt gildandi lögum er eingöngu heimilt að kæra farbann til siglingadóms og er dómur hans hér að lútandi endanlegur.

Skipun farbannsnefndar er nýmæli en samkvæmt dönskum lögum er heimilt að kæra ákvörðun Siglingamálastofnunar til „tilbageholdelsesnævn". Ákvæði frumvarpsins um skipan nefndarinnar og verkefni eru í samræmi við hliðstæð ákvæði í dönsku lögunum.

Ákvörðun um farbann er ráðstöfun sem getur haft miklar fjárhagslegar afleiðingar og því er nauðsynlegt að skorið verði úr um gildi farbanns svo fljótt sem auðið er. Um þessar mundir er ákvörðun Siglingamálastofnunar kæranleg til siglingadóms eins og áður segir. Það leiðir af eðli dómstóla og lagaákvæðum sem um þá gilda að meðferð mála er ítarlegri og seinlegri en hjá stjórnskipuðum nefndum. Samsetning nefndarinnar ætti að tryggja bæði hlutlægni og fagleg vinnubrögð, en nánari reglur um starfsemi nefndarinnar verða settar af ráðherra.

Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Um 25. gr.

Hér eru talin upp verkefni farbannsnefndar.

Í 2. mgr. er tekið fram að kæra til æðri dómstóls fresti ekki réttaráhrifum úrskurðar nefndarinnar.

Um V. kafla.

Hér er lagt til að siglingadómur verði niður lagður. Lagt er til að mál, sem áður heyrðu undir siglingadóm, verði þess í stað rekin fyrir almennum dómstólum.

Frá gildistöku laga nr. 52/1970 hafa fá mál borist til siglingadóms og mjög dregið úr hlutverki hans. Flest málin eru opinber mál sem ríkissaksóknari hefur höfðað fyrir dóminum. Árið 1973 hafði aðeins eitt mál varðandi skoðun á skipum komið til kasta dómstólsins frá upphafi hans árið 1947 og ekkert um farbann. Nú munu fáein mál varðandi skoðun hafa borist dómstólnum til viðbótar og eitt eða tvö mál um farbann hafa verið þar til meðferðar.

Sú stefna hefur verið mörkuð í dómskerfinu að færa málarekstur frá sérdómstólum til almennra dómstóla, enda er það í samræmi við þær breytingar sem verið er að gera á réttarfarslöggjöfinni og taka munu gildi um mitt árið 1992. Það hefur lengi verið skoðun íslenskra og erlendra réttarfarsfræðinga að fella eigi niður sem flest lagaákvæði um sérstaka dómsmeðferð ákveðinna málaflokka. Almennu dómstólarnir eru að mati sérfræðinganna vel færir um að gegna ofangreindum hlutverkum. Byggist það á því að þeir eru frjálsir að því hvaða sérfróða meðdómendur þeir velja og geta því valið meðdómendur sem hafa til að bera þá sérkunnáttu sem nauðsynleg er í hverju einstöku tilfelli. Aukin sérhæfing gerir það að verkum að fastir meðdómendur hafa á tíðum ekki til að bera þá sérfræði sem nauðsynleg er til lausnar ákveðnu máli.

Um 26. og 27. gr.

Hér er lagt til að um refsimál fari að hætti opinberra mála og um farbannsmál að hætti einkamála, sbr. skýringar við V. kafla hér að framan.

Um 28. gr.

Um gjöld er fjallað í 34. gr. en grein þessi er talsvert frábrugðin.

Í fyrsta lagi er hér lagt til að lögfest verði ákvæði um árlegt skipagjald. Þetta er gjald, nokkurs konar skattur, og er lagt á öll skip sem skráð eru hér á landi án tillits til notkunar. Í gjaldinu er falin árleg skoðun, enda hefur gjald þetta áður verið nefnt skoðunargjald. Það hefur aftur á móti gefið tilefni til misskilnings og hafa þeir sem eiga skip sem

ekki er í notkun ekki talið sér skylt að greiða gjaldið. Hér eru tekin af öll tvímæli um þetta atriði.

Í öðru lagi er ráðherra heimilað að setja reglugerð um gjald fyrir skoðun og þjónustu sem aðrir þar til bærir aðilar framkvæma.

Ákvæði 35. gr. gildandi laga fjallar um að gjaldandi geti kært til siglingamálastjóra telji hann gjald ranglega krafið. Nefndin telur að reikningur, sem stofnunin gefur út, sé með samþykki siglingamálastjóra og því sé kæruréttur til hans óeðlilegur. Gjaldandi getur hins vegar kært til ráðuneytisins og að sjálfsögðu til almennra dómstóla.

Um greiðslu lestagjalds er fjallað í hafnalögum, nr. 69/1984, og í gjaldskrá fyrir hafnir.

Um 29. gr.

Refsiákvæðin eru rúm og því mikið mat á hæð refsingar lagt á vald dómstólanna. Er slíkt óhjákvæmilegt þar sem um svo margvísleg og misjöfn brot er að ræða.

Lagt er til að felld verði niður upptalning á þeim sem taldir eru brjóta gegn lögunum, enda erfitt að hafa slíka upptalningu tæmandi.

Um 30. gr.

Samhljóða 37. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 31. gr.

Efnislega samhljóða 38. gr. gildandi laga.

Um 32. gr.

Hér eru þær breytingar helstar frá gildandi lögum að skýrt er kveðið á um að dómari skuli tilkynna öllum lögreglustjórum á landinu um réttindasviptingu og réttindaskírteini skal afhent samgönguráðuneytinu. Samkvæmt siglingalögum skal hlutaðeigandi dómstóll senda samgönguráðuneytinu skírteini og er þessi breyting til samræmis við það.

3. mgr. um endurveitingu réttinda í samræmi við 1. mgr. 40. gr. gildandi laga. Lagt er til að felld verði niður 2. mgr. 40. gr. sem kveður á um að endurveiting réttinda sé því aðeins heimil að siglingamálastjóri og siglingadómur mæli með því. Þetta skilyrði er ekki að finna í siglingalögum og er talið rétt að samræmi sé milli laganna um þetta atriði.

Um 33. gr.

Um þetta efni er fjallað í 41. gr. gildandi laga.

Hér er lagt til að dómari hafi um það vald til að ákveða hvort sektum fyrir brot gegn lögunum fylgi lögveð í skipi, en í gildandi lögum er fortakslaust ákvæði um að svo skuli vera. Upphaflega hugsunin bak við ákvæðið var sú að brot sé venjulega drýgt eigendum skips til hagnaðar og oft með vitund þeirra án þess að sannað sé. Því þótti eðlilegt að tjón félli á þá. Nefndin telur slíka fortakslausa reglu ekki sanngjarna því brotamaður þarf ekki að vera eigandi né þarf eigandi að hagnast nokkuð af broti, t.d. þegar skipasmíðastöð brýtur gegn lögunum.

Lagt er til að 3. mgr. gildandi laga um að við ákvörðun sekta skuli hafa hliðsjón af efnahag skuldunauts verði fellt niður.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 35. gr.

Gert er ráð fyrir gildistöku laganna eftir að fyrirhugaðar breytingar á réttarfarslöggjöfinni hafa komið til framkvæmda.

223. Frumvarp til laga [200. mál]

um leiðsögu skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

Stjórn leiðsögumála.

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn leiðsögumála. Vitastofnun Íslands fer með framkvæmd leiðsögumála svo sem nánar er kveðið á í lögum þessum og lögum um vitamál.

Skilgreiningar.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

Skip: Hvert það far, sem er sex metrar á lengd eða lengra, mælt milli stafna og notað er á sjó.

Leiðsögumaður: Sá sem fengið hefur löggildingu til leiðsögu skipa um ákveðið svæði.

Leiðsöguskylda: Skylda til að nota leiðsögumann við siglingu skipa um ákveðið svæði eða við ákveðnar aðstæður.

Hafnsögumaður: Leiðsögumaður sem fengið hefur löggildingu til leiðsögu skipa um ákveðið hafnarsvæði. Hafnsögumaður er ráðinn af viðkomandi hafnarstjórn.

Hafnsöguskylda: Skylda til að nota hafnsögumann við siglingu skipa um ákveðið hafnarsvæði eða við ákveðnar aðstæður.

Hafnarsvæði: Særými við höfn sem nánar er tilgreint í reglugerð.

Umboðsmaður: Sá sem annast milligöngu útgerðar eða leigutaka skips og stjórnvalda.

Hættuleg efni: Efni sem hættuleg teljast samkvæmt skilgreiningu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO Dangerous Goods Code).

Löggilding og skilyrði hennar.

3. gr.

Vitastofnun Íslands löggildir leiðsögumenn. Löggilding gildir fyrir ákveðið svæði til allt að fimm ára í senn. Um löggildingu skal nánar ákveðið í reglugerð.

Sá sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum getur öðlast löggildingu til að vera leiðsögumaður skipa.

1. Er 25–65 ára að aldri.
2. Hefur fullnægjandi heilbrigðisvottorð.
3. Hefur lokið 2. stigs skipstjórnarnámi eða samsvarandi námi og hefur siglt sem skipstjóri eða stýrimaður á skipi um svæði sem löggilding á að ná til og er nákunnugur siglingaleiðum á svæðinu.
4. Hefur lokið námskeiði til að vera leiðsögumaður eftir því sem nánar segir í reglugerð.

Þessum skilyrðum verður einnig að vera fullnægt eftir að löggilding er fengin.

Vitastofnun Íslands er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá þessum skilyrðum þegar sérstaklega stendur á.

Skyldur leiðsögumanns.

4. gr.

Leiðsögumanni ber skylda til að aðstoða yfirvöld, svo sem löggæslu-, tolla-, heilbrigðis-, siglinga- og hafnaryfirvöld við störf þeirra. Þá ber honum að aðstoða á allan hátt stjórnendur skipa sem hann leiðbeinir og ráðleggja um siglingu skipsins þannig að á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt sé komist á milli áfangastaða. Þá skal leiðsögumaður aðstoða við að koma skipi í festar þegar ekki er um að ræða aðstoð hafnsögumanns viðkomandi hafnar.

Sérstök varúð skal viðhöfð til að hindra mengun stranda og sjávar af völdum hættulegra efna. Mengunaróhöpp skal þegar í stað tilkynna viðkomandi hafnarstjóra og Siglingamálastofnun ríkisins. Leiðsögumaður er ábyrgur fyrir að tilkynningin berist réttum aðilum og skal reyna með öllum tiltækum ráðum að halda útbreiðslu mengunarinnar í lágmarki.

Leiðsögumaður ber ekki ábyrgð á siglingu skips sem hann leiðbeinir heldur aðeins á þeim ráðum sem hann gefur.

Samgönguráðuneytinu er heimilt að gefa út gjaldskrá um greiðslur fyrir leiðsögu skipa.

Umboðsmaður skips.

5. gr.

Skylt er útgerð skips, sem siglir um íslenska landhelgi og áformar að hafa hér viðkomu, að hafa umboðsmann. Sé skipið gert út af íslensku útgerðarfélagi telst útgerðin umboðsmaður.

Umboðsmaður skal vera skrásett íslenskt félag. Umboðsmaður skal tilkynna Vitastofnun um hvernig unnt er að ná sambandi við hann eða fulltrúa hans, t.d. í neyðartilfellum. Krefjast má þess að umboðsmaður leggi fram skilríki er sýna að hann hafi heimild til að koma fram með fullu umboði útgerðaraðila. Í reglugerð má setja frekari skilyrði sem umboðsmaður skal uppfylla.

Umboðsmaður sér um að útvega löggilta leiðsögumenn til að fylgja skipinu og skal tilkynna yfirvöldum ef leiðsöguskylt skip notar ekki leiðsögumann.

Ef ástæða þykir til er heimilt að krefjast trygginga vegna hugsanlegs tjóns er skipið kann að valda hér við land. Skal umboðsmaður skipsins hafa milligöngu um að leggja fram slíka tryggingu.

Tilkynning um komu.

6. gr.

Öll skip, er koma erlendis frá inn í íslenska landhelgi með landtöku í huga, skulu með minnst 24 klst. fyrirvara tilkynna komu sína til hafnaryfirvalda í fyrstu viðkomuhöfn. Í tilkynningu skal koma fram nafn skips, heimahöfn, þjóðerni, eigandi skips og útgerðaraðili, sé hann ekki eigandi, nafn skipstjóra og umboðsmaður útgerðar hér á landi. Þá skal koma fram hver farmur er og magn ef um hættuleg efni er að ræða. Einnig skal geta áætlaðs komutíma og hvort óskað er leiðsögumanns.

Áður en komið er í höfn skal með minnst 3 klst. fyrirvara hafa samband við viðkomandi hafnaryfirvöld.

Leiðsögu- og hafnsöguskylda.

7. gr.

Öll skip, sem flytja hættuleg efni í meira magni en tiltekið er í reglugerð, skulu ætíð nota leiðsögumann við siglingu um hafnarsvæði. Hafnarstjórn er heimilt að veita kunnugum skipstjórum undanþágu frá hafnsöguskyldu.

Um borð í öllum skipum með erlendum skipstjórnarmönnum, sem flytja hættuleg efni í meira magni en tiltekið er í reglugerð, skal við siglingu á milli hafna vera leiðsögumaður.

Heimilt er með reglugerð að kveða á um leiðsögu- og hafnsöguskyldu.

Undanþágur.

8. gr.

Undanskilin ákvæðum laga þessara um tilkynningarskyldu, leiðsögu og umboðsmann eru skip sem leita hafnar vegna bráðrar hættu eða til að setja á land sjúka menn eða slasaða.

Brot o.fl.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða missi leiðsögumannsréttinda og/eða skipstjórnarréttinda og sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

Samgönguráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

10. gr.

Leiðsögumenn, sem skipaðir hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda réttindum sínum þann tíma sem skírteini þeirra kveður á um.

Hafnsögumenn, sem starfa við hafnsögu skipa við gildistöku laga þessara, skulu innan fimm ára afla sér löggildingar sem hafnsögumenn.

Gildistaka.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992. Jafnframt falla úr gildi lög um leiðsögu skipa, nr. 48 19. júní 1933.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu í samráði við Vitastofnun og hagsmunaaðila. Gildandi lög um leiðsögu skipa eru lög nr. 48 19. júní 1933, en samkvæmt þeim hefur verið sett reglugerð um leiðsögu skipa nr. 215 28. júlí 1972. Þá er í gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu skipa nr. 396 15. ágúst 1989. Ljóst er að gildandi lög eru fyrir löngu orðin úrelt og þjóna ekki markmiðum sínum og þykir því brýn þörf á endurskoðun laganna.

Á undanförnum árum hafa orðið allnokkur óhöpp sem hafa haft í för með sér mengun sjávar og stranda eða skemmdir á hafnarmannvirkjum. Orsakirnar má oft rekja til vanhæfni skipstjórnarmanna og/eða ókunnugleika á staðháttum. Er hér skemmst að minnast skipstrandsins við Grindavík veturinn 1988–1989 þegar veruleg mengun varð á fjörum og telja má mildi að skipið stórspillti ekki innsiglingu til hafnarinnar. Fleiri dæmi

mætti nefna, t. d. hafa skip rekist á hafnarmannvirki með tilheyrandi skemmdum sem oft hafa ekki komið í ljós fyrr en allnokkru seinna og þá alls óljóst hver olli. Almennt er talið að komast hefði mátt hjá verulegum hluta þessara óhappa ef þekking skipstjórnenda á staðháttum hefði verið betri og færni þeirra í meðferð farartækjanna meiri. Víða um heim er skylda að leiðsögumaður sé á stjórnpalli allra stærri skipa þegar siglt er um vandsigld svæði eða þegar skip er með hættulegan farm. Með leiðsöguskyldu er hægt að sjá til þess að nægjanleg fagþekking sé til staðar um borð í skipunum og koma í veg fyrir verulegan hluta óhappa.

Leiðsöguskylda er ekki lögboðin í siglingu við Ísland nema um Hvammsfjarðarröst, en leitast hefur verið við að sjá til þess að hæfir leiðsögumenn séu tiltækir sem víðast á landinu. Samkvæmt lögum um leiðsögu skipa, nr. 48 19. júní 1933, er gert ráð fyrir að skipum sé gert kleift að fá leiðsögu með ströndum landsins og í þeim tilgangi er landinu skipt í nokkur leiðsöguumdæmi. Kerfið byggist á sérleyfi einstaklinga til leiðsagnar skipa á ákveðnum svæðum, leiðsöguumdæmum, gegn skyldu um viðveru og vissan viðbúnað til að geta annast leiðsögu. Ýmsar kvaðir eru lagðar á leiðsögumennina, en jafnframt er þeim tryggð hæfileg þóknun fyrir veitta þjónustu. Margt hefur breyst frá því lögin voru sett og misjafnlega hefur gengið að fá hæfa menn til að gegna leiðsögustarfinu í mörgum af leiðsöguumdæmunum.

Yfirlit yfir framkvæmdar leiðsögur samkvæmt innsendum leiðsögumiðum hafa verið á bilinu 50 til 70 á ári síðan 1980, en farið fækkandi seinni ár. Oftast er um að ræða leiðsögur á Faxaflóasvæðinu. Þegar leiðsögulögin voru sett voru það allmikil hlunnindi að vera skipaður leiðsögumaður þar sem starfið gat gefið nokkrar aukatekjur, en leiðsögumenn voru yfirleitt í öðrum störfum. Miklar breytingar hafa orðið á siglingum og þjóðfélagsháttum síðan leiðsögulögin voru sett. Nú er ekki sú búbót að því að vera leiðsögumaður og áður var þegar fátt varð að lausafé og forsendur þess að rata við strendur landsins allar aðrar nú eftir tilkomu breyttra og bættra siglingatækja. Þörfin fyrir leiðsögu milli hafna hefur nánast horfið, nema á nokkrum afmörkuðum svæðum t.d. innanverðum Breiðafirði. Aftur á móti hafa skip stækkað og farmar þeirra oft hættulegri umhverfi öllu. Þörfin á staðarþekkingu og færni í skipstjórn er því sannarlega enn fyrir hendi þótt í nokkuð öðru formi sé. Kröfur þær, er gerðar eru til leiðsögumanna samkvæmt núgildandi lögum, eru flestar almenns eðlis, svo sem staðarþekking, nokkur málakunnátta, auk þess skilyrðis að viðkomandi sé vanur sjómaður og hafi stýrimannspróf.

Augljóst er að skylduleiðsaga skipa í íslenskri landhelgi hefur í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir útgerðaraðila þar sem þá þyrfti að sjá fyrir hæfilegum fjölda leiðsögumanna sem ekki gætu séð fyrir sómasamlegri þjónustu ef leiðsögustarfið væri aukastarf eins og nú er. Líkast til yrði að koma á fót stofnun eða deild í stofnun, sem þegar er til, til að sjá um framkvæmd leiðsögunnar og með þeim kvöðum, sem nú eru varðandi vinnutíma, hvíldir og leyfi, er augljóst að um talsvert fjölmenna stofnun yrði að ræða. Kostnað við starfsemina yrði að leggja á notendur, þ.e. útgerðaraðila og þar með á hinn almenna neytanda í formi hækkaðra flutningsgjalda.

Þegar erlend skip koma til landsins og eiga erindi á nokkrar hafnir er mjög algengt að leiðsögulög séu sniðgengin á þann hátt að umboðsmaður skipsins hér ræður skipstjórnarlærðan mann til að hafa umsjón með lestun og losun skipsins á viðkomuhöfnum. Jafnframt verður hann skipstjóra til aðstoðar við siglinguna og annað er varðar sérislensk málefni. Heimildir til leiðsagnar hefur hann yfirleitt ekki og þótt svo sé virðast engin dæmi þess að farið hafi verið að lögum um skil á svokölluðum leiðsögumiðum sem skila ber til Vitastofnunar, en þar eiga að koma fram upplýsingar varðandi leiðsögnina.

Tillögur þær, sem hér eru settar fram, miða að tveimur markmiðum. Í fyrsta lagi auknu öryggi í siglingum við strendur landsins og í öðru lagi einföldun á leiðsögukerfinu. Fyrra markmiðið á að nást með þeirri skyldu að ávallt sé nærtækur á skipi skipstjórnarlærður maður sem trygging er fyrir að hafi nokkra staðarþekkingu og skyldur til að aðstoða yfirvöld við framkvæmd við störf þeirra. Síðara markmiðið á að nást við það að útgerðarmaður eða umboðsmaður skips getur sjálfur ráðið hver leiðsögumaðurinn er.

Þau stærðarmörk, sem sett eru, miðast við að flest fiskiskip séu undanþegin því að þurfa að taka um borð sérstakan leiðsögumann, enda munu skipstjórar hinna stærri skipa yfirleitt hafa öll skilyrði til að öðlast réttindi leiðsögumanna.

Þá er við það miðað að almennt þurfi ekki að setja sérstaka leiðsögumenn um borð í íslensk flutningaskip þar sem stjórnendur þeirra munu uppfylla þær kröfur, sem fram eru settar, í öllu falli varðandi þau svæði er þeir sigla oftast á eða þá að viðkomandi útgerð á kost á að hafa í áhöfn skipstjórnarlærðan mann með staðarþekkingu á því svæði sem skipið á leið um.

Varðandi erlend skip mun aðalreglan verða sú að íslenskur leiðsögumaður kemur um borð í fyrstu höfn og fylgi síðan skipinu uns það snýr af landi burt. Ekkert á þó að standa í vegi fyrir því að erlendur skipstjórnandi fái löggildingu leiðsögumanns og þar með heimild til að sigla skipi sínu um þau svæði sem hann hefur kynnst í fylgd löggiltra leiðsögumanna.

Sú leiðsöguskylda, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er mun minna krefjandi en almenn leiðsöguskylda í nágrannalöndunum. Hér er aðeins gert ráð fyrir að skylda sé að staðkunnugur maður sé tilkallanlegur hvenær sem er án þess að hann sé á stöðugri vakt á stjórnpalli, svo sem almennt er skylda leiðsögumanna annars staðar á Norðurlöndum og víðar.

Það eru hafnaryfirvöld sem meta hvort hafnsögumaður eigi að leiðbeina skipinu inn á hafnarsvæðið. Við sumar hafnir getur þó verið hafnsöguskylda og verða þær hafnir taldar upp sérstaklega í reglugerð um leiðsögu skipa.

Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins gefa núverandi leiðsögu- og hafnsögumönnum tækifæri til að halda áfram starfi sínu, en gera ráð fyrir að loknum umþóttunartíma taki ákvæðin um hæfni að fullu gildi. Ef til vill mun á smærri stöðum þurfa að sjá í gegnum fingur varðandi réttindi hafnsögumanna, en aftur á móti munu þangað aðeins leita smærri skip, og þá yfirleitt með fullgildan leiðsögumann um borð svo fagþekking ásamt staðarþekkingu ætti ávallt að vera fyrir hendi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Á vegum samgönguráðuneytisins fór vitamálastjóri með framkvæmd leiðsögumála án þess að svo væri mælt fyrir í leiðsögulögum þar til ákveðið var með lögum um vitamál, nr. 56 frá 1981, að Vitastofnun Íslands færi með þau mál. Gert er ráð fyrir óbreyttri skipan yfirstjórnar leiðsögumála, svo sem hún er nú, þ.e. að Vitastofnun Íslands fari með framkvæmd þeirra undir yfirstjórn samgönguráðuneytis.

Um 2. gr.

Skilgreind eru hugtök sem notuð eru í frumvarpinu og þarfnast þau ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Í greininni koma fram skilyrði fyrir því að geta öðlast og haldið löggildingu sem leiðsögumaður. Þau nýmæli eru að leiðsögumaður verður að vera milli 25 og 65 ára, hafa skipstjórnarréttindi, hafa siglt sem skipstjóri eða stýrimaður um svæði það er löggildingin nær til og vera nákunnugur siglingaleiðum þar. Þá má krefjast þess að leiðsögumaður ljúki námskeiði til að vera leiðsögumaður.

Í flestum erfiðari höfnum landsins er hafnsöguskylda sem ákveðin er í hafnarreglugerð er samgönguráðherra hefur sett fyrir viðkomandi höfn. Hafnsögumenn eru ráðnir af hafnarstjórnum og hefur löggjafinn ekki gert neinar kröfur um hæfni þeirra eða menntun. Þótt ekki sé í skýrslum dæmi um óhöpp, er stafað hafi af vanhæfni núverandi hafnsögumanna til starfans, verður að telja rétt að til starfshæfni þeirra verði gerðar almennar kröfur sem tryggi öryggi þeirrar þjónustu er hafnirnar selja.

Með því að gerðar verða sömu kröfur til hafnsögumanna og leiðsögumanna má gera ráð fyrir að hafnsögumenn leiti almennt eftir löggildingu sem leiðsögumenn á heimaslóðum og ef til vill á stærri svæðum þar sem margir þeirra eru reyndir sjómenn með þekkingu á landi og höfnum. Hinar auknu kröfur til hafnsögumanna gera það einnig eðlilegt að til þeirra sé leitað þegar þörf er leiðsagnar.

Um 4. gr.

Í greininni er vikið almennt að skyldum leiðsögumanna. Leiðsögumanni ber að aðstoða yfirvöld við störf þeirra. Sérstaklega ber þeim að kappkosta að ekki hljótist náttúruspjöll af völdum siglingaóhappa. Til að koma í veg fyrir allan vafa um hver er ábyrgur fyrir siglingu skips, sem nýtir aðstoð leiðsögumanns, er sett ákvæði í frumvarpið er segir að leiðsögumaður sé aðeins ábyrgur fyrir þeim ráðum sem hann gefur, en ekki siglingu skipsins.

Ein mikilvæg breyting verður þó á högum núverandi leiðsögumanna, en það er varðandi gjaldtöku fyrir leiðsögn. Nú eru greiðslur ákveðnar með gjaldskrá sem ráðherra setur, en samkvæmt frumvarpinu er það samningsatriði hverju sinni milli aðila hver þóknunin verður, þótt ráðherra sé heimilað að gefa út gjaldskrá fyrir þjónustu leiðsögumanna.

Um 5. gr.

Með skráningu þeirra fyrirtækja, sem annast fyrirgreiðslu skipa og fulltrúa þeirra og þeirri skrá ávallt haldið við af Vitastofnun, ætti að vera tryggt öruggt samband við útgerðaraðila allra skipa er sigla um íslenska landhelgi. Ákvæði þessarar greinar eru ný, en talið er nauðsynlegt að hægt sé að ná til ábyrgs fulltrúa útgerðar með stuttum fyrirvara, t.d. ef óhöpp ber að höndum. Einnig eru ákvæði um að krefjast megi að umboðsmaður útvegi tryggingar vegna hugsanlegs tjóns er skip kann að valda hér við land.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í þessari grein felast ein helstu nýmæli laganna, þ.e. skylda til að nýta leiðsögu löggilts hafnsögumanns þegar skip flytur „hættuleg efni“ í meira magni en ákveðið er í reglugerð. Einnig skulu skip, sem stjórnað er af erlendum mönnum og sigla milli íslenskra hafna með „hættuleg efni“, hafa um borð leiðsögumann. Auka má leiðsögu- og hafnsöguskyldu með reglugerð, t.d. getur hafnarstjórn kveðið á um hafnsöguskyldu ef vand-

siglt er um erfið hafnarsvæði og Vitastofnun getur kveðið á um leiðsöguskyldu á ákveðnum svæðum.

Um 8. gr.

Svo sem venja er eru skip sem í neyð leita hafnar undanþegin ákvæðum laganna að öðru leyti en því að þau verða að fara að reglum um hafnsöguskyldu þar sem hafnarstjórn hefur kveðið á um slíka skyldu.

Um 9. gr.

Í refsiákvæði frumvarpsins er fyrst og fremst gert ráð fyrir réttindasviptingu vegna brots á lögunum þó sektum megi einnig beita, t.d. gegn útgerðum eða umboðsmönnum skipa.

Um 10. gr.

Ekki munu lög í anda tillagna þessara breyta mikið stöðu þeirra sem nú eru skipaðir leiðsögumenn að öðru leyti en því að þeir eru sviptir einkarétti þeim er þeir höfðu í sínu leiðsöguumdæmi. Óvíst er hversu mikils virði sá réttur er orðinn vegna þess að á Faxaflóasvæðinu, þar sem meiri hluti leiðsagna fer fram, er fjöldi leiðsögumanna það mikill að aðeins fáar leiðsagnir koma í hlut hvers skipaðs leiðsögumanns. Þá má og ætla að áfram verði til þeirra leitað þar sem þeir eru flestir hafnsögumenn og oftast tiltækir til leiðsagnar, sérstaklega styttri ferða, eins og flestar leiðsagnir um Faxaflóa eru.

Samkvæmt gildandi lögum þurfa skipaðir leiðsögumenn að endurnýja leiðsöguskírteini sín á fimm ára fresti þannig að löggilding þeirra getur lengst varað fimm ár frá gildistöku þessa frumvarps. Eðlilegt má teljast að skírteinin verði ekki endurnýjuð nema í samræmi við ákvæði þessa frumvarps verði það samþykkt á Alþingi. Flestir þeirra munu og uppfylla meginhluta þeirra skilyrða sem frumvarpið setur. Nokkuð öðru máli gegnir um hafnsögumenn, sem ekki hafa þurft að uppfylla neinar sérstakar kröfur stjórnvalda. Rétt verður að teljast að þeir fái rúman tíma til að uppfylla skilyrði frumvarpsins og eru fimm ár talinn hæfilegur tími.

Um 11. gr.

Lagt er til að frumvarp þetta verði að lögum 1. júlí 1992 og er það gert til að skapa hagsmunaaðilum vissan aðlögunartíma.

224. Tillaga til þingsályktunar [201. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Flm.: Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, skuli vera metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ákveði hið opinbera að skattleggja tiltekna þjónustu skal koma skýrt fram við innheimtu hve hár skatturinn er, við hvaða stjórnvaldsákvarðanir er stuðst og hvernig útreikningi er háttað.

Greinargerð.

Margvísleg gjaldtaka er viðhöfð í stofnunum ríkisins, t.d. fyrir vottorð, leyfi, skírteini, þinglýsingar og stimpilgjöld, svo og þjónustugjöld stofnana af ýmsu tagi. Mjög mikilvægt er að opinberir aðilar innheimti aldrei óeðlilega há gjöld fyrir veitta þjónustu. Gjöld, sem innheimt eru vegna tiltekinnar þjónustu, skulu þess vegna vera metin sem hlutdeild í henni eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ýmis gjöld, sem hér er vísað til, eru það há að þau geta ekki verið eðlilegt endurgjald fyrir þjónustu og verður því að líta svo á að um skattlagningu sé að ræða. Full ástæða er til að meta að nýju hvort eðlilegt sé að ríkið noti sér ýmis þessara gjalda til sérstakrar tekjuöflunar. Það að taka háar fjárhæðir í ríkissjóð í stimpilgjöld eða fyrir skírteini, leyfi eða þjónustu án tillits til efnahags eða ástæðna þeirra er í hlut eiga er brot á þeim réttlætisviðhorfum sem ríkja skulu við ákvörðun skattstofns.

Það kemur mörgum undarlega fyrir sjónir að hið opinbera skuli á tíðum innheimta gjöld af ýmsu tagi sem augljóslega eru óeðlilega há miðað við þá þjónustu sem veitt er. Þegar aftur á móti kemur að samningum um kaup og kjör eða önnur viðskipti milli almennra borgara landsins þykir sú regla sjálfsögð að full þjónusta sé veitt fyrir endurgjaldið og full rök séu færð fyrir þeim kröfum sem gerðar eru. Þá er einnig í ljósi þeirrar stefnu núverandi stjórnvalda að innheimta þjónustugjöld af ýmsu tagi í miklu meira mæli en áður ástæða til að gera aðgengilegar upplýsingar um hve stóran hlut menn greiða í þeirri þjónustu sem veitt er af hinu opinbera í hverju einstöku tilviki.

Almenn viðhorf til viðskipta milli aðila og nauðsyn á rökstuddri réttlætingu á gerðum hins opinbera kallar á aðgerðir í þessu efni.

225. Frumvarp til laga [202. mál]

um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna hlutafélag sem tekur við rekstri Síldarverksmiðja ríkisins. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilt að leggja hlutafélaginu til eignir Síldarverksmiðja ríkisins, þar með taldar fasteignir, sem stofnfé. Mat skal fara fram á eignum og skuldum verksmiðjanna til viðmiðunar um upphæð hlutafjár og eiginfjárstöðu nýja hlutafélagsins.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að framleiða og selja fiskimjöl og lýsi, svo og önnur skyld starfsemi, samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Í því skyni er félaginu heimilt að gerast eignaraðili að stofnunum eða öðrum félögum, þar á meðal hlutafélögum.

Heimilt er að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi.

3. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess. Sjávarútvegsráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu. Heimilt er að selja öll hlutabréfin í félaginu eða hluta þeirra samkvæmt nánari ákvörðun hluthafa.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með áorðnum breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið.

5. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

6. gr.

Stofnfund nýja hlutafélagsins skal halda fyrir lok aprílmánaðar 1992 og skal félagið taka til starfa 1. maí 1992. Á stofnfundinum skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

7. gr.

Fastráðnir starfsmenn Síldarverksmiðja ríkisins skulu hafa rétt til starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá verksmiðjunum. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

8. gr.

Sjávarútvegsráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, þar með talið skipan matsnefndar, sbr. 1. gr.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að yfirtaka skuldir Síldarverksmiðja ríkisins að fjárhæð allt að 500.000 þús. kr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 1/1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins, með síðari breytingum, falla úr gildi 1. maí 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árum fyrri heimstyrjaldar jókst síldarútgerð Íslendinga mjög mikið og náði hámarki árið 1919. Mikið verðfall á saltsíldarframleiðslunni það sama ár olli miklu tjóni hjá íslenskum síldarútvegsmönnum og urðu margir þeirra gjaldþrota. Bestu aflaárin á síldveiðum urðu þá mestu tapárin því að á þessum árum var saltað meira af síld en markaðurinn þoldi. Mestur hluti aflans var þá saltaður í tunnur því að aflinn var svo mikill að mikið vantaði á að síldarbræðslurnar í landinu gætu tekið við aflanum. Flestar síldarbræðslur voru þá í eigu erlendra aðila sem réðu því einar síldarverðinu. Verðið, sem verksmiðjurnar buðu, var oft svo lágt að Íslendingar sáu sér engan veginn fært að gera skip

út á síld upp á þau býti. Þetta freistaði manna til að salta mestan hluta af afla skipa sinna til útflutnings með áðurgreindum afleiðingum — að fjöldi síldarútgerðarmanna varð gjaldþrota — og jókst sókn erlendra fiskimanna til veiða hér við land í framhaldi þessa. Við þessu var brugðist af Alþingi með setningu laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi. Í lögunum var útlendingum bannað „að hafast við við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi.“ Á þeim tíma var það talið einstökum mönnum eða félögum ofvaxið að leggja fram nægilegt fé til að koma upp síldarverksmiðju. Fyrstu lög um síldarverksmiðjur í eigu ríkisins voru sett á árinu 1928. Fyrsta verksmiðja Síldarverksmiðja ríkisins tók til starfa á Siglufirði á árinu 1930. Síðan risu verksmiðjur félagsins hver á fætur annarri. Á árinu 1947 starfrækti SR verksmiðjur á Siglufirði, Húsavík, Skagaströnd og Raufarhöfn og námu heildarafköst verksmiðjanna um 5.000 tonnum á sólarhring, en afköst annarra verksmiðja á Norður- og Austurlandi námu um 5.700 tonnum á sólarhring. Núgildandi lög um Síldarverksmiðjur ríkisins hafa staðið nánast óbreytt frá árinu 1938.

Síldarverksmiðjur ríkisins reka nú verksmiðjur á fimm stöðum á landinu, Skagaströnd, Siglufirði, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði auk vélaverkstæðis á Siglufirði. Á Skagaströnd er eingöngu unninn fiskúrgangur. Í hinum verksmiðjunum hefur um árabil aðallega verið framleitt mjöl og lýsi úr loðnu. Afkastageta þessara fjögurra verksmiðja er um 3.550 tonn af loðnu á sólarhring, sem er talið vera tæplega 30% af afkastagetunni í landinu, sjá fskj. I.

Á vinnsluárinu 1988–1989 tóku Síldarverksmiðjur ríkisins á móti 222.544 tonnum af loðnu eða 26% af því magni sem landað var hjá innlendum bræðslum. Á vinnsluárinu 1989–1990 var landað 220.159 tonnum hjá SR sem var um 33% af heildarafla og á vinnsluárinu 1990–1991 var landað 38.241 tonni hjá SR sem var um 13,5% af heildarafla, sjá fskj. II.

Á árinu 1990 varð 157,3 m.kr. tap af rekstri Síldarverksmiðja ríkisins og 159,8 m.kr. tap árið 1989, samanborið við 39,4 m.kr. hagnað árið 1988. Ástæður tapsins má fyrst og fremst rekja til loðnubrests á haustvertíð 1989 og 1990, sjá fskj. III, auk þungbærra fjármagnsgjalda vegna mikilla fjárfestinga og lántöku þeirra vegna. Bókfært verð eigna í árslok 1990 nam 1.561 m.kr. (1.135 m.kr. 1989) og skuldir voru 1.184 m.kr. (647 m.kr. 1989). Bókfært eigið fé var því um 377 m.kr. 31. desember 1990 (488 m.kr. 1989). Milliuppgjör frá 30. júní sl. sýnir áframhaldandi taprekstur. Tap fyrstu sex mánuði ársins 1991 er talið vera 169 m.kr. Á sama tíma rýrnaði eigið fé félagsins um 154 m.kr., sjá fskj. IV.

Sjávarútvegsráðherra, Þorsteinn Pálsson, skipaði 19. júlí 1991 nefnd til að vinna að undirbúningi að breytingum á rekstrarformi Síldarverksmiðja ríkisins. Í þeirri nefnd áttu sæti: Eggert Haukssson viðskiptafræðingur, formaður, Óttar Yngvason hæstarréttarlögmaður og Valbjörn Steingrímsson rekstrarfræðingur. Arndís Steinþórsdóttir, viðskiptafræðingur og deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, starfaði með nefndinni.

Nefndarmenn voru sammála um að leggja til að rekstrarformi Síldarverksmiðja ríkisins yrði breytt í hlutafélag. Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er í meginatriðum í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar.

Hér á landi, eins og í flestum löndum hins vestræna heims, hefur löggjafinn skilgreint starfsemi hlutafélaga vandlega og sett ítarlegar reglur þar að lútandi. Í lögum um hlutafélög er kveðið nákvæmlega á um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Þar eru einnig ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Hlutafélagaformið er því sérstaklega hentugt félagsform þegar ríkið óskar eftir samstarfi við aðra aðila um atvinnurekstur.

Þeirri skoðun vex nú mjög fylgi bæði hér á landi og erlendis að eðlilegt sé að ríkið dragi sem mest úr þeirri atvinnustarfsemi sem er í beinni samkeppni við almennan atvinnurekstur. Jafnframt er talið við hæfi að þau opinberu fyrirtæki, sem þannig háttar til um, séu rekin í formi hlutafélaga. Með því er öllum þeim aðilum, er standa að atvinnurekstri í sömu grein, búin sambærileg starfsskilyrði hvort sem fyrirtækin eru í eigu einstaklings eða ríkis. Ábyrgð eigenda takmarkast auk þess við framlagt hlutafé. Ríkissjóður ábyrgist ekki skuldir sem Síldarverksmiðjur ríkisins hafa stofnað til nema í þeim tilvikum að Alþingi hafi sérstaklega ákveðið með lögum að ríkissjóður ábyrgðist tilteknar lántökur. Telja verður eðlilegt að fyrirtæki eins og Síldarverksmiðjur ríkisins, sem er í eigu ríkisins og starfar á samkeppnismarkaði, búi við sama rekstrarform og samkeppnisaðilarnir. Þær fiskimjölsverksmiðjur, sem eru í rekstri á Íslandi, starfa langflestar innan ramma hlutafélagalöggjafarinnar.

Ýmis önnur veigamikil rök hníga að því að nýta hlutafélagaformið fyrir ríkisfyrirtæki. Kemur þar margt til. Reksturinn verður sveigjanlegri. Stjórn og framkvæmdastjórn geta gert grein fyrir gerðum sínum og fyrirhuguðum aðgerðum á aðalfundi eða hluthafafundi og fengið til þess stuðning eða gagnrýni eigenda. Vilji stjórn ráðast í fjárfrekar framkvæmdir og ríkið vill ekki leggja fram aukið hlutafé er unnt að leita að nýju fjármagni með hlutafjáraukningu og nýjum hluthöfum sem kæmu inn með nýtt hlutafé.

Verði frumvarp þetta að lögum munu eftirtaldir þættir breytast í rekstri Síldarverksmiðja ríkisins:

1. Fyrirtækið verður hlutafélag sem í upphafi verður í eigu ríkissjóðs. Almenn lög um hlutafélög gilda um fyrirtækið. Gert er ráð fyrir að fram fari nákvæmt mat á eignum og skuldum Síldarverksmiðja ríkisins til þess að nota sem viðmiðun við ákvörðun hlutafjár nýja hlutafélagsins. Heimilt verður að selja öðrum öll hlutabréf eða hluta þeirra í félaginu. Einnig verður félaginu heimilt að selja einstakar fasteignir þess eða rekstrareiningar.
2. Stjórn fyrirtækisins verður kosin á aðalfundi.
3. Ábyrgð og völd stjórnenda vaxa. Þá verður skilvirkara samband á milli eigenda og stjórnenda.
4. Fyrirtækið hefur enga sérstöðu fram yfir aðra samkeppnisaðila í landinu og keppir á jafnréttisgrunni við þá.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Síldarverksmiðja ríkisins. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilað að leggja hlutafélaginu til allar eignir Síldarverksmiðja ríkisins, þar með taldar núverandi fasteignir SR sem stofnfé. Nauðsynlegt er að fram fari mat á eignum og skuldum SR sem notað verði til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár og eiginfjárstöðu nýja hlutafélagsins. Kostnaður við matið telst til stofnkostnaðar hlutafélagsins og greiðist af félaginu. Það yrði hlutverk sjávarútvegsráðherrra að kveðja til aðila til að framkvæma þetta mat.

Um 2. gr.

Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur. Jafnframt er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um tilgang félagsins í samþykktum þess. Tilgangi félagsins má síðan breyta á hluthafafundi krefjist aðstæður þess. Með því gefst nauðsynlegt svigrúm til að aðlaga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni. Sérstaklega er kveðið á um heim-

ild félagsins til að gerast eignaraðili í öðrum stofnunum eða félögum, þar á meðal hlutafélögum. Félaginu má breyta í almenningshlutafélag.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að ríkissjóður skuli í upphafi vera einn eigandi allra hlutabréfa í nýja félaginu. Er það undantekning frá almennum reglum hlutafélagalaga, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Enda þótt ríkissjóður verði eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess er fyrirhugað að selja öðrum hluti og jafnvel öll hlutabréf í félaginu. Meta þarf sérstaklega hvenær aðstæður eru ákjósanlegar til sölu áður en ákvörðun verður tekin þar um. Skal við söluna stefnt að dreifðri hlutafjáreign þannig að enginn einn aðili eignist meiri hluta. Frá þessu má þó víkja ef almenningshlutafélag á í hlut. Jafnframt skal við söluna sérstaklega horft til heimamanna og starfsmanna á þeim stöðum sem verksmiðjur eru starfræktar. Skal óskað eftir viðræðum við heimamenn og/eða samtök þeirra um hugsanleg kaup á hlutabréfum. Ákvörðun um sölu hlutafjár í félaginu yrði samkvæmt þessari grein í höndum hluthafa. Í samþykktum félagsins er gert ráð fyrir að hluthafafundur fjalli um sölur á viðamiklum eignum félagsins. Er með því átt við sölu á einni af verksmiðjum félagsins ásamt fylgihlutum hennar. Þykir eðlilegt að á hluthafafundi, sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins, sé fjallað um meiri háttar eignabreytingar.

Þar sem starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins hefur heyrt undir starfssvið sjávarútvegsráðuneytisins er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Við sölu á eignarhlut ríkisins í félaginu eða viðamikilla eigna þess, sem um er rætt í 1. mgr., verður haft samráð við viðskiptaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Samráð við fjármálaráðuneyti er mikilvægt vegna þess hlutverks sem ráðuneytið fer með varðandi eignir ríkisins, réttarstöðu starfsmanna og fyrirhugaða yfirtöku á skuldum SR, sbr. 9. gr. frumvarps þessa.

Um 4. gr.

Þar sem ríkissjóður verður í upphafi eini hluthafinn í félaginu er nauðsynlegt að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga að því er varðar tölu stofnenda og hluthafa.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að hlutabréf útgefin við stofnun hlutafélagsins verði undanþegin stimpilskyldu.

Hlutafélagið verður skattskylt eftir almennum reglum, þar á meðal samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Því er nauðsynlegt að upphafleg staða félagsins til skattlagningar sé ljós. Þar sem fyrirtækið hefur að miklu leyti verið gert upp samkvæmt almennum reglum tekjuskattslaga vegna landsútsvars skapar upphafleg staða fyrnanlegra eigna ekki vandkvæði og er því óþarft að kveða á um það efni. Ekki er gert ráð fyrir að nýja hlutafélagið yfirtaki uppsafnað rekstrartap Síldarverksmiðja ríkisins. Í þessu sambandi má hins vegar benda á að í 9. gr. er gert ráð fyrir að ríkissjóður yfirtaki hluta skulda SR þannig að eiginfjárstaða nýja hlutafélagsins verði viðunandi.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að sett verði tímamörk fyrir stofnun félagsins og er miðað við lok aprílmánaðar 1992 í þeim efnum. Drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið má sjá í fskj.V.

Um 7. gr.

Greininni er ætlað að tryggja föstum starfsmönnum SR sömu störf hjá nýja félaginu við stofnun þess og þeir gegna nú. Engin breyting verður því á atvinnumöguleikum, launum eða lífeyrisréttindum starfsmanna. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 um biðlaun þykja því ekki eiga við.

Miklar árstíðasveiflur eru í rekstri Síldarverksmiðja ríksins. Afar misjafnt er því hversu margir starfsmenn eru í starfi hjá verksmiðjunum. Á síðasta heila vinnslutímabili vertíðina 1989–1990 voru um 150 manns starfandi hjá félaginu. Fastráðnir starfsmenn eru nú 45 og starfa þeir allt árið. Í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins greiða 14 starfsmenn. Þrátt fyrir að staða sé lögð niður eiga starfsmenn, sem greitt hafa iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, rétt á að greiða þangað áfram iðgjöld sem miðuð eru við launaflokk þann er staðan var í er hún var lögð niður. Nýtur starfsmaður þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hefði hann gegnt starfi sínu áfram. Um réttindi þessi er fjallað í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Um 8. gr.

Starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins hefur heyrt undir starfssvið sjávarútvegsráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Því er eðlilegt að hann annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, sbr. 1. gr.

Um 9. gr.

Í sex af síðustu sjö árum hafa Síldarverksmiðjur ríkisins verið reknar með tapi og nemur uppsafnað tap undanfarinna ára hundruðum milljóna króna. Eins og sjá má af fskj. IV er næsta víst að SR verði rekið með tapi árið 1991. Tap síðustu ára má m.a. rekja til brests í loðnuveiðum. Á árinu 1990 var ráðist í enduruppbyggingu á Seyðisfirði. Kostnaður af breytingum fór langt fram úr áætlun og er fyrirsjánlegt að sú framkvæmd mun verða verksmiðjunum erfitt fótakefli verði ekkert að gert. Gera má ráð fyrir að uppsafnaðar skuldir Síldarverksmiðja ríksins verði á milli 1.300 og 1.400 m.kr. í árslok 1991.

Eigið fé verksmiðjanna hafði 30. júni sl. lækkað um 154 m.kr. frá síðustu áramótum eða úr 377 m.kr. í 223 m.kr. Búast má við að nú í árslok hafi það enn rýrnað um 75 m.kr. og verði komið niður í um 150 m.kr. Ef svo heldur fram sem horfir mun eigið fé Síldarverksmiðja ríkisins verða uppurið á fyrri hluta ársins 1992.

Samkvæmt rekstraráætlun Síldarverksmiðja ríkisins nemur framlag rekstrar til afskrifta og fjármagnskostnaðar miðað við framleiðslu í meðalári um 210 m.kr. eða 13–14% af tekjum. Miðað við þær forsendur munu Síldarverksmiðjur ríkisins ekki geta staðið undir greiðslubyrði vaxta og afborgana af þegar teknum langtímalánum. Löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins varar í bréfi, dags. 8. október sl., sem fylgdi uppgjöri fyrir fyrstu sex mánuði ársins 1991, við fjárhagsstöðu SR og telur að „eins og fjárhag fyrirtækisins er nú komið verður að telja harla ólíklegt að unnt verði að breyta fyrirtækinu í hlutafélag við núverandi aðstæður án verulegra fjárframlaga eigenda þess“, sjá fskj. VI. Ríkisendurskoðun tekur undir aðvaranir endurskoðanda í bréfi dags. 14. október 1991 og telur brýna nauðsyn á að leysa vandamál SR til frambúðar sem fyrst, sjá fskj. VII.

Með hliðsjón af framansögðu er leitað heimildar til yfirtöku á allt að 500 m.kr. af skuldum verksmiðjanna að undangengnu mati sjávarútvegsráðuneytis og fjármálaráðuneytis á rekstrarhæfni fyritækisins og tengist það stofnun hlutafélagsins.

Um 10. gr.

Til að tryggja samfelldan rekstur Síldarverksmiðja ríksins er gert ráð fyrir að lög nr. 1/1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins, haldi gildi sínu til loka aprílmánaðar 1992 þegar nýja félagið yfirtekur rekstur þess, sbr. 6. gr.

Fylgiskjal I.

Afkastageta og hráefnisgeymslur einstakra verksmiðja 1990.

	Afköst tonn/shr.	Hráefnis-geymslur
Síldarverksmiðjur ríkisins, Siglufirði	1.500	15.000
Fiskimjölsverksmiðja Hraðfrystihúss Ólafsfjarðar	100	700
Síldarverksmiðjan Krossanesi, Akureyri	350	5.000
Síldarverksmiðjur ríkisins, Raufarhöfn	700	11.000
Fiskimjölsvinnsla H.Þ., Þórshöfn	400	2.700
Loðnubræðsla Tanga h.f., Vopnafirði	250	4.400
Hafsíld h.f., Seyðisfirði	700	7.000
Síldarverksmiðjur ríkisins, Seyðisfirði	900	14.500
Síldarvinnslan h.f., Neskaupsstað	700	7.000
Síldarvinnsla Hraðfrystihúss Eskifjarðar	900	6.500
Síldarverksmiðjur ríkisins, Reyðarfirði	450	8.000
Síldarverksmiðjan, Hornafirði	450	5.500
Fiskimjölsverksmiðja Einars Sigurðssonar, Vestmannaeyjum	900	10.000
Fiskimjölsverksmiðjan h.f., Vestmannaeyjum	1.200	16.000
Fiskimjöl og lýsi h.f., Grindavík	500	4.000
Njörður h.f., Sandgerði	250	3.000
Lýsi og Mjöl h.f., Hafnarfirði	150	1.000
Síldar- og fiskimj.verksm. hf., Reykjavík (Klettur og Örfirisey)	900	11.000
Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness	380	3.200
Fiskimjölsverksmiðjan Svalbarði h.f., Patreksfirði	200	1.200
Síldar- og fiskimj.verksm. Einars Guðfinnssonar h.f., Bolungarvík	350	3.200
Samtals	12.230	139.900
	SR 29%	34.7%

Heimild: Fylgirit með 7. tbl. Ægis 1991.

Fylgiskjal II.

Móttekið hráefni á vetrarvertíð 1990 og á vertíðinni í heild.

	Jan.	Febr.	Mars	Afli vetur	Afli haust	Afli alls
Fiskimjölsverksm. E.G. h.f., Bolungarvík	3.558	7.823	1.721	13.102	1.436	14.538
Síldarverksmiðja ríkisins, Siglufirði	18.860	44.317	4.854	68.031	18.960	86.991
Fiskimjölsverksm. Hraðfr.húss Ólafsfjarðar	1.790	2.990	961	5.741	1.606	7.347
Síldarverksmiðjan Krossanes, Akureyri	–	–	–	–	4.625	4.625
Síldarverksmiðja ríkisins, Raufarhöfn	13.000	21.920	4.645	39.565	3.808	43.373
Fiskimjölsverksmiðja H.Þ., Þórshöfn	11.685	13.969	6.516	32.170	5.915	38.085
Fiskimjölsverksm. Tanga h.f., Vopnafirði	1.714	4.196	–	5.910	–	5.910
Síldarverksmiðja ríkisins, Seyðisfirði	24.956	31.270	4.721	60.947	–	60.947
Hafsíld h.f., Seyðisfirði	11.826	13.540	2.260	27.626	2.622	30.248
Síldarvinnslan h.f., Neskaupsstað	21.241	24.471	13.865	59.577	2.979	62.556
Fiskimjölsverksm. Hraðfr.húss Eskifj. hf.	27.028	28.093	12.887	68.008	5.308	73.316
Síldarverksmiðja ríkisins, Reyðarfirði	15.319	10.225	3.304	28.848	–	28.848
Fiskimjölsverksmiðja Hornafjarðar h.f.	1.219	11.577	1.468	14.264	–	14.264
Fiskimjölsverksmiðja E.S., Vestm.eyjum	10.455	14.380	8.320	33.155	–	33.155
Fiskimjölsverksmiðja F.I.V.E., Vestm.eyjum	16.364	15.660	14.626	46.650	1.934	48.584
Fiskimjöl & lýsi h.f., Grindavík	5.545	9.080	6.450	21.075	2.259	23.334
Njörður h.f., Sandgerði	574	3.157	2.370	6.101	–	6.101
Valfóður h.f., Njarðvík (melta)	1.634	–	–	1.634	300	1.934
Faxamjöl h.f., Hafnarfirði	585	1.789	1.849	4.223	–	4.223
Faxamjöl h.f., Reykjavík	3.158	6.805	3.925	13.888	–	13.888
Síldar- & fiskimjölsverksm. Akraness h.f.	6.129	11.457	4.955	22.541	2.178	24.719
Útflutt til Noregs	–	5.908	–	5.908	–	5.908
Útflutt til Færeyja	3.559	3.879	–	7.438	–	7.438
Útflutt til Skotlands	2.946	5.401	–	8.347	–	8.347
Útflutt til Danmerkur	–	3.350	–	3.350	–	3.350
Landað til frystingar í beitu	–	73	26	99	–	99
Landað til heilfrystingar	–	10.354	239	10.593	–	10.593
Fryst hrogn	–	–	2.291	2.291	–	2.291
Úrgangur frá hrognatöku, Grindvíkingur GK	–	–	911	911	–	911
Samtals	203.145	305.684	103.164	611.993	53.930	665.923

Heimild: Fylgirit með 7. tbl. Ægis 1991.

Fylgiskjal III.

Loðnuveiðar í þús. lesta frá 1964.

	Vetrarveiði			Sumar- og haustveiði			
	Ísland	Færeyjar	Noregur	Ísland	Færeyjar	Noregur	Aðrir
1964	8.6	–	–	–	–	–	–
1965	49.7	–	–	–	–	–	–
1966	124.5	–	–	–	–	–	–
1967	97.2	–	–	–	–	–	–
1968	78.1	–	–	–	–	–	–
1969	170.6	–	–	–	–	–	–
1970	190.8	–	–	–	–	–	–
1971	182.9	–	–	–	–	–	–
1972	276.5	–	–	–	–	–	–
1973	440.9	–	–	–	–	–	–
1974	461.9	–	–	–	–	–	–
1975	457.1	–	–	3.1	–	–	–
1976	338.7	–	–	114.4	–	–	–
1977	549.2	24.3	–	259.7	–	–	–
1978	468.4	36.2	–	497.5	3.4	154.1	–
1979	521.7	18.2	–	442.0	22.0	124.0	–
1980	392.1	–	–	367.4	24.2	118.7	ca.17.3
1981	156.0	–	–	484.6	16.2	91.4	ca.20.8
1982	13.2	–	–	–	–	–	–
1983	–	–	–	133.4	–	–	–
1984	439.6	–	–	425.2	10.2	104.6	ca.8.5
1985	348.5	–	–	644.8	65.9	193.0	ca.16.0
1986	341.8	–	50.0	552.5	65.4	149.7	ca.5.3
1987	500.6	–	59.9	311.3	65.2	82.1	–
1988	600.6	–	56.6	311.4	48.5	11.5	–
1989	609.1	–	56.0	53.9	14.4	52.7	–
1990	612.0	12.3	62.5	83.7	5.6	21.9	–
1991	202.6	–	–				

Heimild: Fylgrit með 7. tbl. Ægis 1991.

Árlegar loðnuveiðar síðan sumarveiðar hófust 1975.

	Heild	Ísl.	%	Nor.	%	Fær.	%	Aðrir	%
1975	460.2	460.2	100.0	–	–	–	–	–	–
1976	453.1	453.1	100.0	–	–	–	–	–	–
1977	833.2	808.9	97.1	–	–	24.3	2.9	–	–
1978	1159.6	965.9	83.3	154.1	13.3	39.6	3.4	–	–
1979	1127.9	963.7	85.4	124.0	11.0	40.2	3.6	–	–
1980	919.7	759.5	82.6	118.7	12.9	24.2	2.6	17.3	1.9
1981	769.0	640.6	83.3	91.4	11.9	16.2	2.1	20.8	2.7
1982	13.2	13.2	100.0	–	–	–	–	–	–
1983	133.4	133.4	100.0	–	–	–	–	–	–
1984	988.1	864.8	87.5	104.6	10.6	10.2	1.0	8.5	0.9
1985	1268.2	993.3	78.3	193.0	15.2	65.9	5.2	16.0	1.3
1986	1164.7	894.3	76.8	199.7	17.2	65.4	5.6	5.3	0.4
1987	1019.1	811.9	79.7	142.0	13.9	65.2	6.4	–	–
1988	1028.6	912.0	88.7	68.1	6.6	48.5	4.7	–	–
1989	786.1	663.0	84.4	108.7	13.8	14.4	1.8	–	–
1990	798.0	695.7	87.2	84.4	10.6	17.9	2.2	–	–
1991*	202.6	202.6	100.0	–	–	–	–	–	–

* Janúar – mars 1991.

Veiðar á hverri vertíð síðan sumarveiðar hófust 1975.

	Heild	Ísl.	%	Nor.	%	Fær.	%	Aðrir	%
1975–6	341.8	341.8	–	–	–	–	–	–	–
1976–7	687.9	663.6	96.5	–	–	24.3	3.5	–	–
1977–8	764.3	728.1	95.3	–	–	36.2	4.7	–	–
1978–9	1194.9	1019.2	85.3	154.1	12.9	21.6	1.8	–	–
1979–80	980.1	834.1	85.1	124.0	12.7	22.0	2.2	–	–
1980–1	683.6	523.4	76.6	118.7	17.4	24.2	3.5	17.3	2.5
1981–2	626.2	497.8	79.5	91.4	14.6	16.2	2.6	20.8	3.3
1982–3	–	–	–	–	–	–	–	–	–
1983–4	573.0	573.0	100.0	–	–	–	–	–	–
1984–5	897.0	773.7	86.3	104.6	11.7	10.2	1.1	8.5	0.9
1985–6	1311.5	986.6	75.2	243.0	18.5	65.9	5.0	16.0	1.2
1986–7	1333.4	1053.1	79.0	209.6	15.7	65.4	4.9	5.3	0.4
1987–8	1115.8	911.9	81.7	138.7	12.4	65.2	5.9	–	–
1988–9	1036.5	920.5	88.8	67.5	6.5	48.5	4.7	–	–
1989–90	807.8	665.9	82.4	115.2	14.3	26.7	3.3	–	–
1990–1	313.9	286.3	91.2	21.9	7.0	5.6	1.8	–	–

Heimild: Fylgirit með 7. tbl. Ægis 1991.

Fylgiskjal IV.

Úr rekstrar- og efnahagsreikningum Síldarverksmiðja ríkisins.

ÁR	1986	1987	1988	1989	1990	30/6/91
REKSTRARREIKNINGUR	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**
Rekstrartekjur	1.050	833	1.660	1.223	1.589	215
Rekstrargjöld	1.142	912	1.621	1.382	1.747	331
Hagnaður (tap)	-92	-79	39	-159	-157	-169
Hagnaður (tap) án fjmk.	-163	-124	134	-66	-158	-116
EFNAHAGSREIKNINGUR						
Eignir	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**
Veltufjármunir	310	318	470	267	189	123
Fastafjármunir	558	671	751	868	1.372	1.403
Eignir alls	868	989	1.221	1.135	1.561	1.526
Skuldir	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**	**mkr**
Skammtímaskuldir	336	396	499	430	630	724
Langtímaskuldir	118	179	192	217	554	578
Skuldir alls	454	575	691	647	1.184	1.302
Eigið fé	414	14	530	488	377	223
Eigið fé (verðl. 1990)	793	648	688	529	377	
Fjárfestingar	80	98	36	62	542	4
Lántökur	-127	117	56	126	473	120
FRAMLEITT MAGN						
Loðnumjöl						
Verðmæti mkr	722	579	1.155	981	1.243	152
Verðl. 1990	1.382	906	1.499	1.064	1.243	
Tonn	51.058	35.474	47.616	29.191	38.739	4.247
Kr/tn (verðl. 1990)	27.067	25.540	31.481	36.499	32.086	35.990
USD/tn	674	717	681	597	580	
Loðnulýsi						
Verðmæti mkr	281	205	412	184	306	35
Verðl. 1990	538	321	535	200	306	
Tonn	41.533	24.601	28.679	12.874	20.995	2.248
Kr/tn (verðl. 1990)	12.953	13.048	18.654	15.535	14.574	15.569
USD/tn	322	366	404	254	263	
Fiskimjöl						
Verðmæti mkr	27	21	20	17	23	12
Verðl. 1990	52	33	26	18	23	
Tonn	1.870	1.380	1.103	753	853	501
Kr/tn (verðl. 1990)	27.807	23.913	23.572	23.904	26.963	23.952
USD/tn	692	671	510	391	487	
Hlutdeild í vinnslu:	31.4%	24.0%	28.3%	22.4%	30.3%	12.5%

Fylgiskjal V.

STOFNSAMNINGUR
SR-verksmiðjur hf.

DRÖG

1. gr.

Heiti félagsins er SR-verksmiðjur hf. Heimilisfang félagsins er .....

2. gr.

Tilgangur félagsins er að framleiða og selja fiskimjöl og lýsi, svo og að stunda eða taka þátt í annarri skyldri starfsemi, samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili að öðrum félögum eða stofnunum, þ.á m. hlutafélögum.

3. gr.

Hlutafé félagsins er kr. x00.000.000, – x–hundruðumilljónirkrónur–, og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Hlutabréfin skulu hljóða á nafn.

Stofnendur skrifa sig fyrir hlutafé sem hér segir:
Ríkissjóður Íslands: kr. x00.000.000, – x.–hundruðmilljónirkrónur–.

Allt hlutafé er þegar greitt.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög með áorðnum breytingum gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1.mgr. 17. gr. og 2. tl. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag.

5. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu, en verði hlutafé hækkað skulu hluthafar eiga forgangsrétt að nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína.

6. gr.

Hluthöfum er ekki skylt að þola innlausn á hlutum sínum nema félaginu verði slitið eða hlutafé löglega lækkað.

7. gr.

Kostnaður við stofnun félagsins greiðist úr félagasjóði.

30. apríl 1992
F. h. ríkissjóðs Íslands

D R Ö G að S A M Þ Y K K T U M

fyrir

SR-verksmiðjur hf.

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess SR-verksmiðjur hf.

2. gr.

Heimilsfang félagsins er að .....

3. gr.

Tilgangur félagsins er að framleiða og selja fiskimjöl og lýsi, svo og að stunda eða taka þátt í annarri skyldri starfsemi, samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili að öðrum félögum eða stofnunum, þ.á m. hlutafélögum.

4. gr.

Hlutafé félagsins er kr. x00.000.000.– x–hundruðmilljónirkrónur–, og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

6. gr.

Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Stjórn félagsins skal halda hluthafaskrá samkvæmt lögum.

7. gr.

Eigendaskipti að hlutabréfum í félaginu taka ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

8. gr.

Félagið má eigi veita lán á hlutabréf sín. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hlutabréf að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þau hlutabréf sem félagið á sjálft.

9. gr.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðenda eða hluthafa, sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur þá

boðaður innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina viðskiptaráðherra skv. 70 gr. l. 32/1978.

12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í bréfi ásamt auglýsingu í víðlesnu dagblaði, eða á annan jafn sannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara, en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður og mættir eru hluthafar eða umboðsmenn þeirra, sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál, sem ræða átti á fyrri fundinum.

13. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afla atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess.

a) að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
b) að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
c) að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti,
d) að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

Hluthafafundur skal fjalla um sölur á viðamiklum eignum félagsins. Er með því til dæmis átt við sölu á einni af verksmiðjum félagsins ásamt fylgihlutum hennar.

14. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

15. gr.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn og jafnmörgum til vara.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni (aðila).

Undirskriftir tveggja stjórnarmanna skuldbinda félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir, ef tveir stjórnarmenn sækja fund.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

17. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfundar. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

18. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska.

19. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðenda og skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðenda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

20. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

21. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna.

22. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með ⅔ hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. ⅔ hlutum af því hlutafé í félaginu, sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum. – (sjá 76 gr. hfl.).

23. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa, sem ráða minnst ⅔ hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og skulda.

24. gr.

Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 32/1978 um hlutafélög með áorðnum breytingum.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins í ..... 30. apríl 1992.

Fylgiskjal VI.

Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins,
Hr. Þorsteinn Gíslason, stjórnarformaður,
Hafnarstræti 7,
101 Reykjavík.

Reykjavík 8. október 1991.

Efni: Reikningsskil 30. júní 1991.

Við höfum, ásamt starfsmönnum verksmiðjanna, unnið að undanförnu að reikningsskilum fyrir verksmiðjurnar fyrir tímabilið frá 1 janúar til 30. júní 1991 og liggja þau nú fyrir. Í því sambandi viljum við fara nokkrum orðum um rekstrarafkomu fyrirtækisins og fjárhagsstöðu þess.

Í bréfi okkar til stjórnarformanns fyrirtækisins, dags. 18. desember 1990, var vakin sérstök athygli á hinum mikla fjárhagsvanda, sem verksmiðjurnar stóðu þá frammi fyrir og lögð áhersla á áætlanagerð og upplýsingastreymi innan fyrirtækisins sem byggja mætti ákvarðanatöku á. Í endurskoðunarskýrslu okkar fyrir árið 1990, dags. 12. apríl 1991, var gerð ítarleg grein fyrir fjárhagsstöðu fyrirtækisins, en þar segir m.a. í 5. kafla:

> „Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap verksmiðjanna á árinu 1990 157,3 millj. kr., en tap var einnig árið áður að fjárhæð 159,8 millj. kr. Skammtímaskuldir umfram veltufjármuni námu 440,7 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi, en heildarskuldir námu samtals 1.183,8 millj. kr. Þótt eigið fé verksmiðjanna hafi enn verið 377,2 millj. kr. í árslok 1990, fer það mjög minnkandi um þessar mundir vegna taprekstrar, en verksmiðjur fyrirtækisins með öllum búnaði eru bókfærðar á 1.317,3 millj. kr. Raunverðmæti þessara eigna fer eftir því hvort unnt verður að nýta þær til arðbærs rekstrar á næstu misserum og árum. Samkvæmt fyrirliggjandi rekstraráætlun er gert ráð fyrir að tap á árinu 1991 geti numið allt að 300 millj. kr. ef loðnuveiði verður lítil. Af þessu er ljóst að fjárhagsstaða verksmiðjanna er mjög alvarleg og er ljóst að fyrirsjáanlega þarf að útvega fyrirtækinu verulegt fjármagn því eins og á stendur getur það ekki staðið við skuldbindingar sínar."

Samkvæmt rekstrarreikningi fyrir tímabilið frá janúar til júní 1991 nam tap verksmiðjanna 168,7 millj. kr. Skammtímaskuldir umfram veltufjármuni námu 601,6 millj. kr. í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi, en heildarskuldir námu þá 1.302,3 millj. kr. Heildarskuldir að frádregnum veltufjármunum námu 1.179,7 millj. kr. og eigið fé 223,0 millj. kr. Verksmiðjur fyrirtækisisins með búnaði voru á sama tíma bókfærðar á 1.375,8 millj. kr., en raunverðmæti þeirra byggist á notagildi þeirra í arðbærum rekstri á næstunni eins og fram kom í tilvitnaðri endurskoðunarskýrlu okkar.

Varðandi reikningsskilin fyrir fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs viljum við leggja áherslu á eftirfarandi:

* Fjárhagsstaða fyrirtækisins og rekstrarhorfur eru nú með þeim hætti, að fyrirtækið verður ekki talið rekstrarhæft án verulegrar fjárhagsaðstoðar með skuldbreytingum og auknu eigin fé. Fyrirhuguð lántaka að fjárhæð 300 millj. kr. nægir skammt eins og staðan er nú orðin.

* Verksmiðjuhús og vélar er sem fyrr bókfært á framreiknuðu stofnverði eða endurmatsverði að frádregnum árlegum afskriftum. Réttmæti þessarar eignfærslu er háð möguleikum fyrirtækisins til nýtingar eignanna í áframhaldandi arðbærum rekstri. Komi til rekstrarstöðvunar og sölu einstakra eigna, er hætt við að lægra verð fáist fyrir eignirnar við slíkar aðstæður en nemur bókfærðu verði þeirra.

* Í efnahagsreikningi eru bókfærðar viðskiptakröfur og útlán, sem við teljum að þurft hefði að færa niður um 20 til 30 millj. kr. vegna óvissu um endurgreiðslu. Vísast í þessu sambandi til endurskoðunarskýrlsu okkar frá 12. apríl sl.

* Vegna verulegra vanskila fyrirtækisins falla á það dráttarvextir og innheimtukostnaður, bæði vegna langtímaskulda og skammtímaskulda.

Eins og fram kemur í reikningsskilum fyrirtækisins fyrir fyrstu sex mánuði ársins hefur afkoma og efnahagur þess versnað til muna á tímabilinu. Allt útlit er fyrir að um áframhaldandi taprekstur verði að ræða á næstu mánuðum. Samkvæmt rekstraráætlun ársins, sem lá fyrir á sl. vori, var gert ráð fyrir um 300 millj. kr. rekstrartapi á árinu, en sú áætlun hefur ekki verið endurskoðuð.

Sjávarútvegsráðherra hefur skipað sérstaka tilsjónarmenn til að annast fjárhagslega endurskipulagningu verksmiðjanna, en jafnframt hefur hann skipað nefnd til að gera tillögur um frumvarp til laga sem feli í sér breytingar á rekstrarformi verksmiðjanna. Eins og fjárhag fyrirtækisins er nú komið verður að telja harla ólíklegt að unnt verði að breyta fyrirtækinu í hlutafélag við núverandi aðstæður án verulegra fjárframlaga eigenda þess.

Við erum sem fyrr reiðubúnir til frekari viðræðna og aðstoðar um þá þætti sem fram koma í bréfi þessu.

Virðingarfyllst,

KPMG Endurskoðun hf.
löggiltir endurskoðendur

Samrit: Ríkisendurskoðun
Hr. Halldór V. Sigurðsson, ríkisendurskoðandi.

Fylgiskjal VII.

Hjálagt sendist ráðuneytinu reikningsskil fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1991, ásamt afriti af bréfi Endurskoðunar hf., dags. 8. október 1991, um reikningsskilin en Endurskoðun hf. annast endurskoðun hjá Síldarverksmiðjum ríkisins skv. samningi við Ríkisendurskoðun.

Ríkisendurskoðun er kunnugt um að ráðuneytið hefur fyrirtæki þetta til sérstakrar skoðunar og miðað við ástand mála hjá því er brýn nauðsyn á að leysa vandamál þess til frambúðar sem fyrst.

226. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar getur ekki mælt með afgreiðslu frumvarps til lánsfjárlaga við þær aðstæður sem uppi voru þegar stjórnarmeirihlutinn ákvað að afgreiða málið úr nefnd á fundi að morgni mánudags 9. des. sl.

Enn ríkir fullkomin óvissa um veigamikla þætti efnahagsmálanna, stjórnarflokkarnir hafa enn ekki komið sér saman um breytingar á fjárlagafrumvarpi næsta árs, en boðaður er milljarða niðurskurður. Þrátt fyrir gerbreyttar þjóðhagsforsendur samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá hefur enn engin vinna farið fram í efnahags- og viðskiptanefnd hvað snertir endurskoðun á tekjuhlið fjárlaga. Þannig er enn, þegar lánsfjárlagafrumvarp ársins 1992 er afgreitt úr nefnd, fullkomin óvissa ríkjandi um bæði tekju- og útgjaldahlið fjárlaga og þar með einnig að sjálfsögðu lánsfjárþörf ríkisins.

Á síðustu dögum hafa einnig komið fram nýjar upplýsingar í vaxta- og peningamálum sem einar sér gæfu fullt tilefni til að endurmeta allar forsendur lánsfjáráætlunar, ekki síst áform um innlenda fjáröflun ríkissjóðs og annarra fyrirferðarmikilla aðila. Er þar m.a. átt við skýrslu Seðlabankans frá 4. des. sl. um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum. Of skammur tími hefur unnist til að vinna úr upplýsingum Seðlabankans en þar er því m.a. haldið fram að mikil útgáfa húsbréfa og aðrar lánveitingar til húsnæðismála séu meginorsakavaldur hinna svimandi háu vaxta sem við búum nú við, einnig að vandséð sé að útgáfa húsbréfa upp á áætlaða 12 milljarða kr. á næsta ári og samtals um 20 milljarðar kr. í heildarlántökur til húsnæðismála samrýmist því markmiði að bæta jafnvægi á lánsfjármörkuðum og ná niður raunvöxtum. Hæfilegt væri að mati Seðlabankans að heildarlánveiting til húsnæðismála væri 16 milljarðar kr. Án þess að tekin sé afstaða er augljóslega hér á ferðinni svo mikill munur milli skoðana Seðlabankans annars vegar og áforma ríkisstjórnarinnar hins vegar að óhjákvæmilegt er að fara betur ofan í saumana á þessum málum. Hjá fulltrúum Seðlabankans kom einnig fram að þar hafi áætlun um peningalegan sparnað á næsta ári nú verið endurskoðuð til lækkunar um 2 milljarða kr. Ekki hefur komið fram að ríkisstjórnin hafi tekið minnsta tillit til þessara breytinga.

Fjölmörg atriði liggja óljóst — eða jafnvel alls ekki — fyrir enn, nú þegar málið er afgreitt. Má þar nefna málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna, en allt og sumt, sem nefndarmenn hafa í höndum um fyrirkomulag þeirra mála á næsta ári, er örstutt bréf frá menntamálaráðherra dags. 6. des. sl. þar sem segir að „markmiðið sé að ný löggjöf um LÍN verði sett á yfirstandandi þingi og þar með dugi sú fjárhæð sem fjármálaráðherra er heimilað að endurlána LÍN samkvæmt frumvarpi til lánsfjárlaga 1992". Sem sagt í nefndinni liggur ekkert fyrir um þessar breytingar og hvernig þær eiga að koma til með að hafa áhrif á fjárhag sjóðsins og snerta viðskiptavini hans.

Minni hlutinn sér ekki ástæðu til að ræða einstök efnisatriði frumvarpsins frekar við þessar aðstæður þar sem allt hangir í lausu lofti varðandi efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og aðgerðir í ríkisfjármálum, efnahagsmálum og atvinnumálum eru boðaðar í fjölmiðlum dag eftir dag án þess að nokkuð birtist í reynd.

Eðlilegast hefði verið að fresta allri frekari vinnu þar til stjórnarflokkarnir væru búnir að koma sér saman og niðurstöður lægju fyrir um undirstöðuþætti ríkisfjármála og efna-

hagsmála. Þá fyrst er hægt að endurmeta og ákvarða forsendur tekna og gjalda hins opinbera á næsta ári og ganga frá trúverðugum áætlunum um lántökur innan lands og utan.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar vísar því allri ábyrgð á afgreiðslu málsins frá sér og mun ekki greiða því atkvæði.

Jón Helgason sat fund nefndarinnar í stað Halldórs Ásgrímssonar skv. 3. mgr. 17. gr. þingskapa.

Alþingi, 9. des. 1991.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Kristín Ástgeirsdóttir.

Jón Helgason.

Fylgiskjal I.

Þjóðhagsstofnun:

Endurskoðun helstu þjóðhagsstærða
1991 og horfur 1992.

(27. nóvember 1991.)

Skilyrði þjóðarbúsins hafa breyst frá því Þjóðhagsstofnun tók saman þær áætlanir um helstu hagstærðir á þessu ári og efnahagshorfur á því næsta sem kynntar voru í þjóðhagsáætlun í byrjun október síðastliðinn. Í ljósi breyttra skilyrða hefur stofnunin endurskoðað þessar áætlanir án þess að að taka tillit til hugsanlegra ráðstafana ríkisstjórnarinnar til að bregðast við þeim. Athygli er vakin á tveimur atriðum sérstaklega. Annað varðar landsframleiðsluna en hitt viðskiptahallann.

- Nú er talið að landsframleiðslan aukist um 1,1% á þessu ári samanborið við 0,5% í fyrri spá. Að baki þessari aukningu liggur fyrst og fremst meiri neysla en gert var ráð fyrir. Horfur eru hins vegar á að landsframleiðsla og þjóðartekjur á næsta ári verði minni en áður var reiknað með. Þannig er búist við að landsframleiðslan verði 3,6% minni 1992 en 1991 og þjóðartekjurnar 5,7% minni. Í fyrri áætlunum var samdráttur landsframleiðslu 1,5% og þjóðartekna 3,1%. Helstu ástæður fyrir þessum umskiptum til hins verra eru frestun álversframkvæmda og lakari horfur um viðskiptakjör.

- Reiknað er með að halli á viðskiptum við önnur lönd verði rúmlega 18 milljarðar króna á þessu ári, eða sem svarar til 4,9% af landsframleiðslu. Þetta er mun meiri halli en áður var spáð og stafar það bæði af auknum innflutningi og samdrætti í útflutningi annarra afurða en sjávarafurða. Að öllu óbreyttu er einnig spáð miklum viðskiptahalla á næsta ári þrátt fyrir frestun álversframkvæmda, eða 4,2% af landsframleiðslu. Af þessu má sjá að viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun verða meðal helstu vandamála á sviði hagstjórnar á næstunni.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þróun helstu þjóðhagsstærða á þessu ári og efnahagshorfunum fyrir árið 1992. Jafnframt fylgir með í töflu yfirlit um helstu niðurstöður.

Framvindan 1991.

Horfur um verð áls og kísiljárns hafa breyst mjög til hins verra á undanförnum mánuðum, fyrst og fremst vegna áframhaldandi lægðar í efnahagsmálum stærstu iðnríkja heims. Á móti þessu vegur að nokkru að verðþróun sjávarafurða er talin verða heldur hagstæðari en gert var ráð fyrir. Á grundvelli tiltækra upplýsinga það sem af er árinu er ljóst að samdráttur í útflutningi annarra afurða en sjávarafurða, er mun meiri en ráð var gert fyrir í þjóðhagsáætlun. Hér er einkum átt við eldisfisk, skinn, ull og lagmeti. Nú er reiknað með samdrætti um fjórðung, í stað óbreytts útflutnings. Samkvæmt þessu er nú talið að útflutningsframleiðslan muni dragast saman um 4% í stað rúmlega 2%. Reiknað er með nokkurri aukningu útflutningsvörubirgða og því eru nú horfur á að vöruútflutningur dragist saman um rúm 7½%, sem er 2½ prósentustigi meiri samdráttur en gert var ráð fyrir. Þjónustutekjur í útflutningi eru hins vegar taldar aukast um 2%. Að öllu samanlögðu er talið að útflutningur vöru og þjónustu í heild dragist saman um 5,1% samanborið við 3,3% í fyrri spá.

Í ljósi upplýsinga um veltu og innflutning neysluvara þykir nú einsýnt að einkaneysla muni aukast meira en áður hafði verið reiknað með. Þannig er búist við að einkaneysla aukist um 5% í stað 2½% í þjóðhagsáætlun. Hins vegar er talið að ráðstöfunartekjur verði svipaðar og spáð var þó ekki sé útilokað að þær verði ívið meiri. Aukning einkaneyslunnar kemur því að mestu fram á kostnað minnkandi sparnaðar heimilanna. Endurskoðun fjárfestingarspár leiðir til heldur minni aukningar en gert hafði verið ráð fyrir, en spá um samneyslu stendur óbreytt. Af þessum breytingum leiðir að þjóðarútgjöld eru nú talin vaxa um 4½% í stað 3% samkvæmt þjóðhagsáætlun.

Meiri samdráttur útflutnings og aukin þjóðarútgjöld leiða óhjákvæmilega til meiri halla á viðskiptajöfnuði en gert hafði verið ráð fyrir. Þannig bendir endurskoðuð spá til viðskiptahalla upp á 18 milljarða króna í stað 13,7 milljarða í þjóðhagsáætlun. Reiknað sem hlutfall af landsframleiðslu svarar þessi halli til 4,9%, sem er um einu prósentustigi meiri halli en þjóðhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Horfur 1992.

Í þjóðhagsáætlun var gengið út frá þeirri forsendu að bygging álvers og tengdra mannvirkja hæfist á næsta ári. Sú forsenda hefur nú brugðist. Í inngangi að þjóðhagsáætlun var lögð áhersla á að verði ekki af byggingu álvers væri óhjákvæmilegt að endurskoða efnahagsáætlanir ríkisstjórnarinnar. Endurskoðuð þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár er byggð á óbreyttri efnahagsstefnu og sýnir því eingöngu líklega þróun þjóðhagsstærða við óbreytta stefnu.

Frestun álversframkvæmda hefur í för með sér að vöxtur landsframleiðslu verður 1,3% minni en ella. Verðlækkun á áli og kísiljárni ásamt minni útflutningi iðnaðarvara og eldisfisks dregur enn úr landsframleiðslu. Nú er gert ráð fyrir samdrætti landsframleiðslu um 3,6% á næsta ári, sem er 2 prósentustigum meiri samdráttur en reiknað var með. Talið er að þjóðartekjur dragist enn meira saman, eða um 5,7%, vegna rýrnunar viðskiptakjara.

Í endurskoðaðri spá er reiknað með verulegum samdrætti þjóðarútgjalda, einkum fjárfestingar, og nemur samdrátturinn tæpum 6% í stað 1½% sem reiknað var með í þjóðhagsáætlun. Af þessu og frestun framkvæmda leiðir að innflutningur verður mun minni en áður var gert ráð fyrir og eru því horfur á heldur minni viðskiptahalla, eða 4,2% af landsframleiðslu. Í ljósi þess að ekki eru taldar líkur á snöggum bata í þjóðarbúskapnum eftir 1992 er þetta mikið áhyggjuefni.

Horfur um verðbólgu á næsta ári eru óvissar meðan kjarasamningar eru lausir. Í endurskoðaðri spá er gert ráð fyrir heldur lægri verðbólgu en áður og stafar sú breyting af minni umsvifum í þjóðarbúskapnum en í fyrri áætlunum. Í aðalatriðum er byggt á sömu forsendum um gengi og nafnlaun og í þjóðhagsáætlun.

Óhjákvæmileg afleiðing aukins samdráttar er að horfur í atvinnumálum eru nú mun dekkri en áður hafði verið talið. Nú er talið að atvinnuleysi gæti orðið 2,6% á næsta ári í stað 2% sem talið var áður. Þessi spá er mikilli óvissu háð. Að því er breytingar frá fyrri spá varðar skiptir mestu máli að mun minni umsvif verða í byggingarstarfsemi.

Breytt skilyrði þjóðarbúsins leiða óhjákvæmilega til endurskoðunar efnahagsstefnunnar og því geta þær niðurstöður, sem hér hafa verið raktar, breyst þegar ákvarðanir hafa verið teknar í þeim efnum.

Þjóðhagshorfur 1992

	1991 milljónir króna	Magnbreytingar frá fyrra ári, %			
		Þjóðhagsáætlun		Endurskoðuð spá	
		1991	1992	1991	1992
Einkaneysla	233400	2,5	-3,0	5,0	-5,5
Samneysla	71836	3,5	0,5	3,4	0,5
Fjárfesting	71600	1,7	0,5	1,0	-12,0
Neysla og fjárfesting alls	376836	2,5	-1,5	4,0	-5,6
Birgðabreytingar 2)	699	0,5	0,0	0,7	-0,2
Þjóðarútgjöld, alls	377535	3,0	-1,5	4,6	-5,8
Útflutningur vöru og þjónustu	126970	-3,3	-3,6	-5,1	-4,0
Innflutningur vöru og þjónustu	130903	4,0	-3,3	4,4	-9,7
Verg landsframleiðsla	373602	0,5	-1,5	1,1	-3,6
Þjóðartekjur		1,5	-3,1	1,8	-5,7
Vaxtajöfnuður 1)	-14334	-	-	-	-
Viðskiptajöfnuður 1)	-18267	-3,7	-4,5	-4,9	-4,2
Viðskiptakjör, %					
Að meðaltali milli ára					
Í heild		4,4	-3,6	3,8	-5,6
Án áls og kísiljárns		5,6	-4,7	7,7	-4,5
Verðbólga, framfærsluvísitala, %					
Meðalhækkun milli ára		6,8	5,7	6,8	5,1
Laun á ársverk, %					
Meðalhækkun milli ára		9,0	3,5	9,0	2,7
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann, %					
Að meðaltali milli ára		1,3	-3,3	1,3	-4,7
Raungengi krónunnar (verðlag), %					
Að meðaltali milli ára		1,9	1,5	2,2	0,8
Raungengi krónunnar (laun), %					
Að meðaltali milli ára		3,5	-1,4	3,6	-2,2
Atvinnuleysi, %					
Hlutföll af vinnuafli		1,6	2,0	1,4	2,6

1) Hlutföll af landsframleiðslu.
2) Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Fylgiskjal II.

Seðlabanki Íslands:

Greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum skv. 4. gr. laga nr. 36/1986.

(4. desember 1991.)

KAFLI I

YFIRLIT OG NIÐURSTÖÐUR

Skýrsla þessi er gerð skv. ákvæðum 4. gr. laga um Seðlabanka Íslands, en samkvæmt henni ber bankanum að senda ráðherra eigi sjaldnar en tvisvar á ári greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum. Á fyrri hluta þessa árs var lagaskyldu þessari fullnægt með framlagningu ársskýrslu bankans ásamt ársfundargreinargerð bankastjórnar, sem dags. var 9. apríl sl. Síðari skýrslan, sem hér fer á eftir, er að efnisskipan með svipuðum hætti og undanfarin ár. Það talnaefni, sem á er byggt í skýrslunni, nær að meginstofni fram til loka septembermánaðar, en einnig er víða reynt að spá fyrir um heildarhreyfingar á árinu.

Einnig er á það að benda, að Seðlabankinn sendi frá sér 11. september sl. ræki lega greinargerð um ECU-tengingu íslenzku krónunnar. Í henni er fjallað um gengisstefnu Íslendinga og þær leiðir, sem um er að velja í þeim efnum. Í samræmi við niðurstöður þeirrar greinargerðar mótaði ríkisstjórnin ásamt Seðlabankanum meginstefnu í gengismálum, er birt var í fréttatilkynningu viðskiptaráðuneytisins 3. október sl. Helztu atriði hennar felast í því að fylgt skuli áfram þeirri stefnu stöðugs gengis, sem í gildi hefur verið síðastliðin tvö ár. Jafnframt skuli hafizt handa um aðlögun gjaldeyrisviðskipta, stjórnunar peningamála og fjármála ríkisins, þannig að unnt verði að tengja gengi krónunnar ECU innan fárra ára. Ekki hefur þótt ástæða til þess að endurtaka í þessari skýrslu þær röksemdir og athuganir, sem fram koma í greinargerð bankans frá 12. september. Ljóst er, að þessi

stefnumörkun í gengismálum markar í raun grundvallarviðmiðun efnahagsstefnunnar í heild, eins og nánar mun koma fram víða í þessari skýrslu, einkum í VI. kafla, þar sem fjallað er um þær skipulagsbreytingar í gjaldeyrismálum, sem stefna stöðugs gengis ásamt frjálsum gjaldeyrisviðskiptum kallar á.

Í þessum inngangskafla er annars vegar ætlunin að fara nokkrum orðum um megindrætti í þróun efnahagsmála að undanförnu og stöðu þeirra í dag, en nánari úrvinnsla og tölulegar upplýsingar koma fram í einstökum köflum, sem á eftir fara. Hins vegar verður sérstaklega fjallað um þróunina í fjármálum og peningamálum og gerð grein fyrir þeirri stefnu, sem Seðlabankinn telur æskilegast að fylgja í þeim efnum.

Mjög hefur syrt í lofti í efnahagsmálum á þessu hausti. Vonir höfðu verið við það bundnar fyrr á árinu, að botni efnahagslægðarinnar, sem hófst haustið 1988, væri náð og framundan væri hægfara endurbati. Þessar vonir virðast nú hafa brugðizt með öllu, fyrst vegna verulegrar skerðingar á úthlutun fiskveiðikvóta fyrir árið 1992, er leiða mun til 1,6% samdráttar í landsframleiðslu, en síðar vegna frestunar framkvæmda vegna álvers, sem ella hefðu skilað verulegri framleiðsluaukningu. Eru nú taldar horfur á yfir 3,5% samdrætti í landsframleiðslu á næsta ári, en að viðbættri rýrnun viðskiptakjara gæti lækkun þjóðartekna nálgast 6%.

Auk þess er nú ljóst, að sú 1,5% aukning landsframleiðslu, sem útlit er fyrir á þessu ári, stafar eingöngu af aukinni neyzlu einstaklinga og opinberum útgjöldum, sem eru umfram raunverulegar tekjur þjóðarbúsins. Kemur þetta fram í því, að nú er útlit fyrir nærri 5% viðskiptahalla við útlönd miðað við landsframleiðslu á þessu ári, sem mun hafa í för með sér enn þyngri skuldabyrði við önnur lönd.

Auk almennra áhrifa á útflutning og þjóðartekjur veldur samdráttur í afla auknum erfiðleikum í rekstri fyrirtækja í

sjávarútvegi. Engu að síður benda rök til þess, að vandi fiskvinnslufyrirtækja stafi ekki nema að hluta til af erfiðri samkeppnisstöðu, svo sem nánar er fjallað um bæði í II. og VII. kafla þessarar skýrslu. Að verulegu leyti eiga erfiðleikar einstakra fyrirtækja rætur að rekja til skipulagsvandamála innan sjávarútvegsins. Er hér að nokkru um að ræða vaxandi misvægi í afkomu milli veiða og vinnslu, þar sem útgerð og sjómenn hafa að undanförnu fengið æ stærri hlut heildartekna á kostnað vinnslugreinanna. Þetta bætist svo við þann vanda, sem felst í allt of mikilli framleiðslugetu frystingar og annarra vinnslugreina, sem aðeins verður ráðin bót á með víðtækri endurskipulagningu og samruna fyrirtækja.

Sé litið á þær tölur um þróun ríkisfjármála og peningamála, sem raktar eru í síðari köflum þessarar skýrslu, liggja meginorsakir mikillar eftirspurnarþenslu og viðskiptahalla á þessu ári ljóst fyrir. Alvarlegasta vandamálið hefur verið vaxandi greiðsluhalli ríkissjóðs, sem væntanlega verður rösklega tvöfalt meiri en að var stefnt í fjárlögum. Jafnframt hefur hið nýja húsbréfakerfi valdið því, að stökkbreyting hefur orðið í lánsfjáröflun til íbúðabygginga fyrir milligöngu ríkisins. Hefur þetta hvort tveggja orðið til þess, að heildarlántökur ríkisins og annarra opinberra aðila á innlendum lánamarkaði stefna í hærri tölu en nemur öllum peningalegum sparnaði landsmanna. Afleiðingarnar hafa komið fram í mikilli umframeftirspurn og hækkandi vöxtum á verðbréfamarkaði, þar sem húsbréfamarkaðurinn hefur verið leiðandi varðandi vaxtastig. Þrátt fyrir það hefur ekki verið unnt að mæta lánsfjárþörfinni með innlendum sparnaði, og hefur ríkissjóður því safnað verulegum skammtímaskuldum í Seðlabankanum, sem komið hafa fram í rýrnun gjaldeyrisforðans. Verður bráðlega að leysa þennan vanda með erlendri lántöku, svo að gjaldeyrisforða og greiðslugetu þjóðarbúsins út á við sé ekki stefnt í hættu.

Athyglisvert er að skoða í þessu samhengi tölur um heildarlánsfjárnotkun landsmanna en þær ná bæði til lánsfjár af

innlendum og erlendum uppruna. Samkvæmt þessum tölum jukust heildarskuldir á lánamarkaðnum um 90 milljarða á tólf mánaða tímabili frá septemberlokum 1990 til jafnlengdar á þessu ári, en það samsvarar 16,8% aukningu. Af þessari fjárhæð fór aðeins rúmlega þriðjungur til atvinnuveganna, sem samsvaraði 11,5% hækkun milli ára. Ellefu milljarðar fóru til ríkisins, en þar var hlutfallsleg aukning um 14,0%, en langstærsti hlutinn um 45 milljarðar voru lán til heimila, sem jukust hlutfallslega um 27,7%. Þessi gífurlega skuldasöfnun einstaklinga átti að langmestu leyti rót sína að rekja til húsbréfa og annarra lána hins opinbera íbúðalánakerfis. Líkur benda til þess, að ekki meira en helmingur lánsfjárnotkunar einstaklinga hafi gengið til fjárfestingar í nýju húsnæði, svo að afgangurinn hefur verið til ráðstöfunar til annarrar fjárfestingar og neyzlu. Er reyndar ekki vafi á því, að verulegan hluta mikillar neyzlu og innflutnings á árinu megi rekja til þessarar miklu lánsfjárnotkunar heimilanna. Einnig má segja, að ríkið hafi verið frumkvöðull aukinnar lánsfjáreftirspurnar og þar af leiðandi þeirrar þenslu og vaxtahækkana, sem átt hafa sér stað, annars vegar með hallarekstri ríkissjóðs og hins vegar með milligöngu um stórfelldar lántökur til húsnæðismála, sem að miklu leyti hafa runnið til annarra þarfa.

Þensluáhrif þessarar þróunar urðu áreiðanlega mun meiri en ella vegna þess, að ríkisvaldið leitaðist jafnframt við að halda niðri vöxtum, þrátt fyrir aukna eftirspurn. Var þetta sérstaklega áberandi fyrstu mánuði þessa árs. Var þá settur verulegur þrýstingur á bankana að hækka ekki vexti, þrátt fyrir meiri verðbólgu, en jafnframt hélt ríkissjóður niðri vöxtum á spariskírteinum og ríkisvíxlum, þrátt fyrir hækkandi vexti á öðrum bréfum á verðbréfamarkaðnum. Afleiðing varð sú, að bréf ríkisins seldust ekki og skuldir hlóðust upp í Seðlabankanum. Óhjákvæmilegt var að leiðrétta þetta eftir að kosningar voru um garð gengnar, og hækkuðu þá vextir bæði á ríkisskuldabréfum og hjá innlánsstofnunum í júní, og var sú hækkun að mestu leyti til samræmis við þá vexti, sem þegar

voru á húsbréfamarkaðnum. Leiddi þessi vaxtahækkun þegar til aukinnar sölu ríkisvíxla og spariskírteina og batnandi jafnvægis á lánsfjármarkaðnum í heild. Virðast áhrif meira aðhalds í peningamálum einnig hafa farið að koma fram í þróun almennrar eftirspurnar og innflutningi í septembermánuði.

Raunvextir á lánsfjármarkaði hér á landi hafa verið með hæsta móti undanfarna mánuði, og því ekki að undra þótt sú skoðun hafi komið fram bæði af hálfu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðsins, að nauðsynlegt sé að ná sem fyrst fram verulegri lækkun raunvaxta. Er þá fyrst og fremst til þess vísað, að hinir háu vextir íþyngi mjög atvinnurekstri í landinu og leiði annars vegar til samdráttar og jafnvel stöðvunar í rekstri skuldugra fyrirtækja, en dragi hins vegar úr hvatningu til nýfjárfestingar og atvinnuaukningar. Þótt þetta megi allt til sanns vegar færa, er ekki þar með sagt, að unnt sé eða æskilegt að lækka raunvexti hér á landi án tillits til stöðu og þróunar á öðrum sviðum efnahagsmála. Hér kemur bæði til, að vaxtastigið hér á landi er afleiðing jafnvægisleysis á öðrum sviðum þjóðarbúskaparins, einkum fjármálum hins opinbera, og að ótímabærar tilraunir til að lækka vexti gætu við slík skilyrði skapað enn ný vandamál í aukinni peningaþenslu og vaxandi viðskiptahalla.

Áður en lengra er haldið, er nauðsynlegt að benda á þá mikilvægu staðreynd, að vaxtastigið hér á landi ræðst ekki lengur nema að litlu leyti af vaxtaákvörðunum innlánsstofnana, heldur fyrst og fremst á verðbréfamarkaðnum, þar sem eftirspurn eftir lánsfé frá ríkissjóði og húsbréfakerfinu hefur nú um skeið skipt mestu máli. Innlánsstofnanir taka síðan mið af vöxtum á spariskírteinum og húsbréfum, þegar þær ákveða vexti á verðtryggðum innlánum og útlánum. Síðasta stigið í þessum ferli er ákvörðun vaxta af óverðtryggðum innstæðum og útlánum banka og sparisjóða, en þar hefur meginstefnan verið sú, að hafa sem bezt samræmi milli raunvaxta og sambærilegra verðryggðra og óverðtryggðra útlána. Þetta hefur hins vegar tekizt misvel af ýmsum ástæðum, eins

og nánar er rakið í V. kafla þessarar skýrslu. Þannig voru raunvextir óverðtryggðra lána óeðlilega lágir á fyrra helmingi þessa árs með óhagstæðum afleiðingum fyrir afkomu bankanna. Á þessu hafa innlánsstofnanir reynt að ráða bót með því að halda nafnvöxtum óverðtryggðra lána óeðlilega háum síðustu mánuði, þrátt fyrir lækkandi verðbólgu, þannig að raunvextir þeirra hafa farið langt upp fyrir vexti af verðtryggðum útlánum. Hafa þessar sveiflur í raunvöxtum óverðtryggðra lána verið mjög óheppilegar, og hefur Seðlabankinn hvatt innlánsstofnanir til þess að lækka þessa vexti örar, sérstaklega undanfarna tvo mánuði, en raun hefur á orðið. Er þess vonandi skammt að bíða, að viðunandi samræmi náist í þessum efnum. Meginviðfangsefnið í vaxtamálum felst hins vegar í því, hvernig megi hafa áhrif á framboð og eftirspurn lánsfjár, þannig að raunvextir geti farið lækkandi án þess að stefna efnahagslegu jafnvægi í hættu.

Fyrst er þá rétt að minna á þá grundvallarforsendu efnahagsstefnunnar, sem felst í yfirlýsingum ríkisstjórnar og Seðlabanka um gengisfestu. Í ljósi þeirra erfiðleika, sem framundan eru í þjóðarbúskapnum, krefst gengisfestan enn meira aðhalds en ella um þróun útgjalda og eftirspurnar. Hún er hins vegar eina leiðin til þess að byggja á þeim árangri í lækkun verðbólgu og auknum stöðugleika, sem náðst hefur á undanförnum tveimur árum. Án þess öryggis, sem trúverðug fastgengisstefna veitir um verðlagsþróun, er lítil von til þess að unnt sé að semja um laun og önnur tekjuskiptingarvandamál þjóðfélagsins, á raunsæjan hátt og á grundvelli þess stöðugleika, sem er heilbrigðu atvinnulífi nauðsynlegur. Jafnframt getur fastgengisstefna því aðeins staðizt til lengdar, að innlendri eftirspurn sé haldið í skefjum með hæfilegu aðhaldi í opinberum fjármálum og peningamálum.

Hér að framan hefur þegar verið gerð grein fyrir þensluáhrifum hallarekstrar ríkissjóðs og óhemju fjárstreymis til íbúðalána. Afleiðingarnar hafa komið fram bæði í vaxandi viðskiptahalla og hækkun raunvaxta á lánsfjármarkaðnum.

Enginn vafi er á því, að tilraunir til þess af hálfu Seðlabankans að þrýsta niður vöxtum við slíkar aðstæður yrðu til þess eins að auka peningaútstreymi og magna þannig viðskiptahalla og jafnvægisleysi í þjóðarbúskapnum, sem fljótlega leiddi til undanhalds í gengismálum.

Í þessu samhengi er einnig nauðsynlegt að hafa í huga áhrif aukins viðskiptahalla á skuldastöðu þjóðarbúsins, sem hefur farið ört vaxandi síðustu þrjú árin, en áætlanir benda nú til þess, að hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu geti í lok ársins 1992 farið í 56% miðað við aðeins rúm 41% árið 1988. Hætt er við því, að svo mikil aukning erlendrar skuldasöfnunar samfara minnkandi þjóðarframleiðslu, gæti rýrt verulega traust íslenzka ríkisins á erlendum lánamörkuðum. Hér skiptir ekki minnstu máli, að slík skuldasöfnun hefði þann tilgang fyrst og fremst að halda uppi neyzlu og opinberum útgjöldum, en gengi ekki til arðbærrar fjárfestingar. Ef hallinn stafaði hins vegar af nýjum framkvæmdum, sem ættu eftir að skila tekjuaukningu í þjóðarbúið síðar meir, væri lítil hætta á ferðum.

Af öllu þessu verður aðeins dregin sú óhjákvæmilega ályktun, að raunvaxtalækkun sé því aðeins líkleg eða framkvæmanleg hér á landi á næstunni, að verulega takizt að draga úr opinberri eftirspurn eftir lánsfé. Jafnframt verður að hafa í huga, að engar aðstæður eru til þess að meta tölulega fyrirfram, hve miklu tiltekinn samdráttur í opinberum lántökum mundi skila í vaxtalækkun, þar sem vaxtastigið ræðst einnig af öðrum þáttum og þá ekki sízt af því trausti, sem menn bera til áframhaldandi stöðugleika í verðlagi og gengi. Eflist traust manna í þeim efnum í kjölfar komandi launasamninga, má búast við því, að það stuðli jafnframt að lækkun bæði nafnvaxta og raunvaxta.

Eigi að takast að tryggja varanlegan stöðugleika í þjóðarbúskapnum á grundvelli gengisfestu og frjálsra fjármagns-

hreyfinga á milli Íslands og annarra landa verður að tryggja peningalegt jafnvægi í þjóðarbúskapnum með aðhaldsaðgerðum á sviði opinberra fjármála og peningamála. Við slík skilyrði verður ákveðnum markmiðum varðandi lækkun raunvaxta ekki náð með beinni íhlutun eða peningaþenslu af hálfu Seðlabankans, heldur verður að skapa skilyrði heildarjafnvægis með aðhaldi í opinberum fjármálum og aðgerðum til þess að þróa opnari og virkari peninga- og lánsfjármarkað. Skal nú fjallað nokkru nánar um nokkrar helztu forsendur árangurs í þessu efni.

1. Ríkisfjármálin

Enginn vafi er á því, að betra jafnvægi í fjármálum ríkisins er við núverandi aðstæður mikilvægasta forsenda þess, að unnt verði að ná traustum tökum á stjórn efnahagsmála, og á það ekki aðeins við um þróun lánsfjármarkaðsins, heldur ekki síður launasamninga og viðskiptajöfnuð við útlönd. Það er áreiðanlega lágmarksþörf í þessu efni, að það takist að afgreiða fjárlög með ekki meiri greiðsluhalla en að var stefnt í upphaflegu fjárlagafrumvarpi, þrátt fyrir þær breyttu forsendur, sem síðan hafa komið fram. Jafnframt er mikilvægt að takmarka mjög aðgang ríkissjóðs að lántökum í Seðlabankanum og vinna að því að þróa virkari og opnari markað fyrir ríkisvíxla og ríkisskuldabréf, t.d. með því að taka smám saman upp sölu slíkra bréfa á uppboðsmarkaði. Mundi slíkur markaður bæði gefa mikilvægar vísbendingar um raunverulegt peningalegt jafnvægi á hverjum tíma, en veita Seðlabankanum um leið betra færi á því að hafa áhrif á peningaframboð og vexti með markaðsaðgerðum. Einnig mundi slíkur markaður hafa mikilvæga þýðingu til leiðbeiningar um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana.

2. Húsnæðislánakerfið

Ekki fer á milli mála, að hvergi á lánamarkaðnum hefur orðið slík stökkbreyting á undanförnum árum og í opinberum hús-

næðislánum. Er hér bæði um að ræða mikla aukningu í lánveitingum til félagslegra íbúðabygginga og útgáfu húsbréfa, sem hófst fyrir aðeins ári, en er nú þegar komin upp í 20,5 milljarða kr. að nafnvirði. Væri þessi fjárhæð orðin enn hærri, ef ekki hefðu verið gerðar ráðstafanir til þess að þrengja skilyrði fyrir útgáfu húsbréfa og loka lánakerfinu frá 1986. Engu að síður gera lánsfjáráætlanir enn ráð fyrir því, að heildarlántökur vegna íbúðalána verði um 20 milljarðar á næsta ári, þar af 12 milljarðar vegna húsbréfa. Þótt í þessu felist líklega umtalsverð lækkun frá áætluðum lántökum árið 1991, er vandséð að svo mikil fjáröflun íbúðalánakerfisins samrýmist því markmiði að bæta jafnvægi á lánsfjármarkaðnum og ná niður raunvöxtum. Virðist hæfilegt, að stefnt verði að því, að fjáröflun vegna íbúðalána verði ekki meiri en 16 milljarðar á næsta ári, en til þess þarf væntanlega enn frekari breytingar á skilyrðum til útgáfu húsbéfa. Jafnframt gæti þetta markmið verið til endurskoðunar til hækkunar eða lækkunar innan ársins með hliðsjón af vaxtaþróun og heildarjafnvægi á lánamarkaðnum.

3. Ríkisábyrgðir og þróun lánsfjármarkaðsins

Eitt af megineinkennum lánsfjármarkaðsins hér á landi er eignarhald ríkisins og ábyrgð á rekstri meginhluta lánastofna í landinu og mikil notkun beinna ríkisábyrgða á öðrum sviðum. Í þessu felst að sjálfsögðu gífurleg áhætta fyrir ríkissjóð, sem hefur farið vaxandi á undanförnum árum við skilyrði hárra raunvaxta og aukinnar samkeppni á lánsfjármörkuðum. Enginn vafi er á því, að svo víðtæk notkun ríkisábyrgða dregur úr aðhaldi og aðgætni í útlánastarfsemi og leiðir til þess, að útlánaaukning verður meiri en ella og arðsemi ræður minna en skyldi um útlánaákvarðanir. Sérstaklega er ástæða til að benda á áhrif ríkisábyrgða á erlendar lántökur, en vegna milligöngu ríkisbanka og opinberra fjárfestingarlánasjóða eiga jafnvel óarðbær fyrirtæki greiðan aðgang að erlendu lánsfé, sem ekki fengist með viðunandi kjörum, nema vegna ábyrgðar og áhættu ríkisins.

Ljóst er að þessi mikla notkun ríkisábyrgða er rótgróinn þáttur í skipulagi lánamarkaðsins hér á landi, og breytingar hljóta því að taka langan tíma og gerast í áföngum. Þeim mun mikilvægara er, að hafizt verði handa um breytingar á þessu kerfi sem allra fyrst, en meðal þeirra breytinga, sem hér liggja beinast við, er takmörkun ríkisábyrgðar á erlendum lánum opinberra fjárfestingarlánasjóða og banka, breyting opinberra lánastofnana í hlutafélög og takmörkun og síðar afnám ríkisábyrgðar á húsbréfum.

4. Þróun verðbréfamarkaðsins

Verðbréfaviðskipti hafa farið ört vaxandi að undanförnu, einkum með tilkomu húsbréfa og stóraukinna viðskipta með hlutabréf, en nánari grein er gerð fyrir verðbréfamarkaðnum í IV. kafla þessarar skýrslu. Ljóst er, að þessi mikli vöxtur kallar á endurbætur í skipulagi verðbréfaviðskipta hér á landi, bæði til að auka öryggi og tryggja heilbrigða samkeppni. Er nú verið að ganga frá endanlegum tillögum um bætt skipulag Verðbréfaþings, sem eru að verulegu leyti byggðar á ráðgjöf erlendra sérfræðinga. Markmið þeirra er að beina verðbréfa- og hlutabréfaviðskiptum sem mest inn á opinbert verðbréfaþing, þar sem gildi skýrar reglur um upplýsingagjöf og viðskiptahætti. Eru slíkar reglur m.a. nauðsynlegar vegna vaxandi tengsla við erlenda verðbréfamarkaði og þátttöku útlendinga í verðbréfaviðskiptum hér á landi. Vegna þessarar þróunar er einnig nauðsynlegt, að lokið verði sem fyrst samræmdri löggjöf um skattlagningu fjármunatekna sem lið í heildarsamræmingu skattareglna hér og í nágrannalöndunum. Einnig má benda á nauðsyn þess, að ekki verði lengur látið bíða að setja heildarlöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða, þar sem m.a. yrði aukið svigrúm til fjárfestingar í hlutabréfum, en jafnframt gerðar þær kröfur, að ætíð sé leitað beztu ávöxtunar á fjármagni sjóðanna. Einnig getur þurft að setja reglur til þess að koma í veg fyrir óeðlilegt samráð sjóða um viðskipti á verðbréfamarkaði.

5. Afkoma og samkeppnisstaða innlánsstofnana.

Miklar breytingar hafa orðið varðandi rekstrarskilyrði og skipulag innlánsstofnana hér á landi að undanförnu, og má þar m.a. nefna aukna samkeppni bæði innbyrðis og við aðra fjármálastarfsemi samfara meiri áhættu í útlánastarfsemi. Við þetta bætast áhrif aukinnar erlendrar samkeppni og væntanleg gildistaka nýrra alþjóðlegra reglna um eiginfjárhlutföll lánastofnana og aðra þætti, er varðar öryggi í rekstri. Þróunin hér á landi og samanburður við reynsluna í nálægum löndum bendir eindregið til þess, að þörf sé enn frekari skipulagsbreytinga og hagræðingar í rekstri innlánsstofnana á næstu árum, ef þær eiga að standast samkeppni og tryggja eiginfjárstöðu sína með viðunandi hætti. Kemur þá m.a. til greina mjög veruleg fækkun afgreiðslustaða með tilliti til síbættra samgangna og tölvuviðskipta. Einnig er rétt að benda á þann vanda, sem innlánsstofnanir hafa átt við að búa vegna misvægis milli verðtryggðra eigna og skulda, sem leitt hefur bæði til afkomusveiflna og óheppilegra vaxtaákvarðana, eins og nánar er rætt í V. kafla skýrslunnar. Er nauðsynlegt, að sú krafa verði gerð til innlánsstofnana, að þær gæti jafnvægis í þessu efni, enda yrðu um leið rýmkaðar og síðar afnumdar þær reglur, sem nú hindra frjálsa notkun verðtryggingar.

6. Gjaldeyrismarkaðurinn

Þrátt fyrir aukið frjálsræði í gjaldeyrisviðskiptum undanfarin ár, er enginn virkur gjaldeyrismarkaður hér á landi, þar sem gengi gjaldmiðla geti breytzt eftir markaðsaðstæðum. Dagleg gengisskráning er nú ákveðin einhliða af Seðlabankanum. Íslenzkar krónur eru lítið notaðar í alþjóðaviðskiptum og ganga ekki kaupum og sölum á erlendum gjaldeyrismörkuðum. Nauðsynlegt er, að hér verði breyting á, þegar bæði hefur verið tekin upp fastgengisstefna og frjálsræði í fjármagnshreyfingum. Er nánari grein gerð fyrir þessu máli í VI. kafla skýrslunnar. Er undirbúningur að þróun gjaldeyrismarkaðs þegar hafinn og frumvarp um nauðsynlegar breytingar á Seðlabankalögunum vegna þeirra liggur nú fyrir Alþingi.

227. Nefndarálit [147. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillögu þessa sem felur í sér að Alþingi heimili ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um takmörkun vígbúnaðar á sviði hefðbundinna vopna í Evrópu sem undirritaður var í París 19. nóvember 1990. Samningurinn tekur gildi tíu dögum eftir að öll aðildarríki samningsins hafa fullgilt hann.

Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Gunnar Pálsson sendiherra og Arnór Sigurjónsson varnarmálaráðunaut og gerðu þeir m.a. grein fyrir skuldbindingum íslenskra stjórnvalda varðandi eftirlit með framkvæmd samningsins á Íslandi.

Nefndin telur að samningur þessi sé í samræmi við þá stefnu sem Íslendingar hafa markað í afvopnunarmálum, sbr. ályktun Alþingis þar að lútandi frá 23. maí 1985. Samningurinn markar tímamót í öryggismálum Evrópu og með honum er lagður hornsteinn að nýrri skipan öryggismála í álfunni þar sem samkeppni á hernaðarsviðinu víkur fyrir samvinnu ríkja í öryggismálum.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 9. des. 1991.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Steingrímur Hermannsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Björn Bjarnason.	Jón Helgason.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Geir H. Haarde.

228. Frumvarp til laga [203. mál]

um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. KAFLI
Um Náttúrufræðistofnun Íslands.

1. gr.

Lög þessi fjalla um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur með ríkisaðild í kjördæmum, samræmingu á starfsemi þessara aðila og samvinnu um rannsóknir og fræðslu.

Ráðherra umhverfismála fer með þau málefni sem lögin taka til.

2. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands er í eigu íslenska ríkisins. Hún er óháð hagsmunatengdum aðilum og þiggur ekki af þeim framlög eða gjafir.

3. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands getur byggst upp af allt að fimm setrum sem hvert um sig hefur sjálfstæðan fjárhag. Auk seturs í Reykjavík getur ráðherra heimilað eitt setur í hverjum landsfjórðungi að fengnum tilmælum stjórnar Náttúrufræðistofnunar og eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

4. gr.

Ráðherra skipar stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands til fjögurra ára í senn. Fastráðnir starfsmenn hvers seturs Náttúrufræðistofnunar tilnefna einn mann í stjórn og forstöðumenn náttúrustofa með ríkisaðild í kjördæmum einn sameiginlega. Ráðherra skipar formann án tilnefningar og varaformann úr hópi annarra stjórnarmanna.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hún fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og fer yfir fjárhagsáætlanir setra og fylgist með fjárhag þeirra og ráðstöfun fjár. Fjármál einstakra setra eru að öðru leyti á ábyrgð forstöðumanna þeirra.

Komi til atkvæðagreiðslu í stjórninni og verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórnin boðar árlega eða oftar til fundar með starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar og forstöðumönnum náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna.

Stjórnin gætir samráðs við Náttúrverndarráð, Vísindaráð og Rannsóknaráð og stuðlar að sem bestu samstarfi við aðrar rannsóknastofnanir.

Ráðherra skipar forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands og forstöðumenn setra hennar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Forstjóri starfar í umboði stjórnar sem framkvæmdastjóri hennar og stofnunarinnar í heild.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur forstjóra, forstöðumanna og stjórnar, svo og um aðsetur forstjóra á hverjum tíma.

5. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands stundar undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands. Hún varðveitir niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum er veiti sem best yfirlit um náttúru landsins.

Aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar eru:

a. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands,
b. að varðveita náttúrugripi, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum og byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru,
c. að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta, m.a. um jarðfræði og útbreiðslu tegunda,
d. að styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings,
e. að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna,
f. að vinna að rannsóknum á villtum stofnum spendýra og fugla í samvinnu við embætti veiðistjóra,

g. að sjá um fuglamerkingar og hefur Náttúrufræðistofnun ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi,
h. að greina frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum og lýsa meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu.

6. gr.

Náttúrufræðistofnun skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfssvið hennar. Skýrslur íslenskra og erlendra vísindamanna um rannsóknir á náttúru landsins skulu varðveittar í heimildasafni Náttúrufræðistofnunar.

Skylt er Náttúrufræðistofnun að varðveita vísindalegar upplýsingar og niðurstöður rannsókna í aðgengilegu formi og veita aðgang að þeim samkvæmt nánari reglum.

Grunngögn um íslenska náttúru í vörslu stofnunarinnar, svo sem um fuglamerkingar og endurheimtur, upplýsingar um dreifingu plantna og dýra, sem og skrásett safnaeintök, skulu vera aðgengileg vísindamönnum til frekari rannsókna og flokkuð á samræmdan hátt.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða samkvæmt þessari grein að fengnum tillögum stjórnar.

7. gr.

Setur Náttúrufræðistofnunar Íslands geta verið deildaskipt. Deildarstjórar og sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands skulu hafa lokið háskólaprófum á hlutaðeigandi fræðasviði eða vera að öðru leyti viðurkenndir fræðimenn á sérsviði sínu. Kveða skal á um starfsskyldur þeirra í reglugerð. Ráðherra skipar deildarstjóra og fastræður sérfræðinga að fengnum tillögum stjórnar.

8. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands getur með leyfi ráðherra gerst aðili að sýningarsöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu. Hún aðstoðar við gerð sýninga og henni er heimilt að lána til þeirra gripi úr söfnum setranna um lengri eða skemmri tíma.

II. KAFLI
Náttúrustofur.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi. Slíkar náttúrustofur starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 4. gr. Starfsemi náttúrustofu getur verið á fleiri en einum stað í kjördæmi eftir skipulagi sem rekstraraðilar koma sér saman um. Heimilt er kjördæmum að sameinast um eina náttúrustofu.

10. gr.

Héraðsnefndir, sveitarfélög og aðrir heimaaðilar geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Nú starfar náttúrustofa í leiguhúsnæði og fer þá með sama hætti um greiðslu kostnaðar. Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar er bundið því skilyrði að þær

eignir, er til stofnkostnaðar teljast, séu einvörðungu nýttar í þágu náttúrustofu nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað.

11. gr.

Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

a. að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum, einkum í viðkomandi landshluta,
b. að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál,
c. að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

Heimilt er náttúrustofu að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

12. gr.

Stjórn náttúrustofu með ríkisaðild skipa þrír menn. Eigendur í héraði tilnefna tvo stjórnarmenn en ráðherra einn og er hann formaður. Varastjórn skal skipuð á sama hátt. Starfstími stjórnar er milli almennra sveitarstjórnarkosninga.

Standi fleiri en eitt kjördæmi að náttúrustofu tilnefnir hvert kjördæmi tvo menn í stjórn og ráðherra formann stjórnar. Um skiptingu kostnaðar vegna starfa stjórnar skal kveðið á í reglugerð.

13. gr.

Stjórn náttúrustofu ræður forstöðumann, fjallar um árlega fjárhagsáætlun fyrir stofuna og fylgist með fjárhag hennar og starfsemi.

14. gr.

Forstöðumaður náttúrustofu skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða þekkingu sem meta má til jafns við það. Hann er í fyrirsvari fyrir stofuna í heild, stjórnar daglegum rekstri hennar og ræður að henni annað starfslið með samþykki stjórnar, eftir því sem fé er veitt til hverju sinni.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

15. gr.

Náttúrufræðingum og aðstoðarmönnum þeirra, sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugripi sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti sem áður voru ókunn og ber þá rannsakanda að tilkynna það rétthafa þess lands þar sem verðmætin eru.

Náttúrugripi má ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni.

16. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa með ríkisaðild.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1992.

Um leið falla úr gildi lög nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga skal stofnað setur Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri eigi síðar en í ársbyrjun 1993. Jafnframt skal að því unnið í samvinnu við heimamenn að koma á fót náttúrustofu á Austurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1994 og á Suðurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið undirbúið á vegum umhverfisráðuneytisins. Það var upphaflega samið á vegum svokallaðrar NNN-nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 13. júní 1989 til að fjalla um byggingu náttúrufræðihúss og um endurskoðun laga nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands. Sumarið 1990 fékk umhverfisráðuneytið frumvarp þetta til meðferðar eftir að málefni Náttúrufræðistofnunar Íslands höfðu verið lögð til umhverfisráðuneytisins. Eftir athugun á þess vegum var frumvarpið lagt fram á 113. löggjafarþingi og vísað til allsherjarnefndar sem sendi það til umsagnar nokkurra aðila.

Þann 8. ágúst 1991 skipaði Eiður Guðnason umhverfisráðherra nefnd til að fara yfir frumvarpið og meta hvort æskilegt væri eða nauðsynlegt að gera breytingar á því.

Í nefndinni áttu sæti: Jón Gunnar Ottósson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Hjörleifur Guttormsson alþingismaður, Kristín Einarsdóttir alþingismaður, Tómas Ingi Olrich alþingismaður, Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður og Össur Skarphéðinsson alþingismaður. Þóri Ibsen, starfsmanni í umhverfisráðuneytinu, var falið að vera ritari nefndarinnar. Nefndin fór yfir frumvarpið og framkomnar umsagnir á átta fundum. Fullt samkomulag varð um að breyta því í það form sem hér liggur fyrir.

Aðdragandi og störf NNN-nefndar.

NNN-nefndin, sem þáverandi menntamálaráðherra Svavar Gestsson skipaði, starfaði frá 19. júní 1989 til 22. mars 1990. Í henni áttu sæti Hjörleifur Guttormsson alþingismaður, formaður nefndarinnar, Eyþór Einarsson grasafræðingur, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Jóhann Pálsson grasafræðingur, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Sveinbjörn Björnsson prófessor, tilnefndur af Háskóla Íslands, Kristín Einarsdóttir alþingismaður, Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor, formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags, og Þórunn J. Hafstein, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni störfuðu Hrafnkell Thorlacius arkitekt og Kristín A. Árnadóttir fulltrúi og var hún ritari nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar voru verkefni hennar:

„a. að semja drög að frumvarpi til nýrra laga um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands með hliðsjón af tilhögun frá fyrri árum,

b. að kanna möguleika á samkomulagi um byggingu náttúrufræðihúss á höfuðborgar-

svæðinu með aðild Náttúrufræðistofnunar, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og hugsanlega fleiri aðila,

c. aðrir þættir sem tengjast þessum málum og nefndin vill koma á framfæri.

Í tengslum við starf sitt skal nefndin athuga stöðu náttúrugripasafna í öðrum landshlutum með tilliti til rannsókna og samstarfs við Náttúrufræðistofnun Íslands. Í því sambandi verði m.a. farið yfir fyrirliggjandi hugmyndir um byggingu Náttúrufræðihúss á Akureyri."

Nefndin valdi sér heitið NNN-nefnd þar eð allmargar stjórnskipaðar nefndir hafa glímt við svipað verkefni síðustu áratugi. Í skipunarbréfi nefndarinnar er vísað til tillagna frá fyrri árum og nefndin beðin um að hafa hliðsjón af þeim. Þær tillögur, sem nefndin athugaði sérstaklega, voru:

- Nefndarálit um tilhögun og uppbyggingu náttúrufræðisafns frá 7. desember 1987.
- Álit nefndar bæjarstjórnar Akureyrar um húsnæðismál Náttúrufræðistofnunar Norðurlands frá ágúst 1987 og greinargerð menntamálaráðuneytisins um viðræður við norðanmenn á árinu 1988.
- Þingsályktunartillaga um náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu flutt af alþingismönnum úr öllum þingflokkum á 107. löggjafarþingi 1985 (497. mál).
- Álit nefndar um tengsl milli héraða- og bæjarnáttúrugripasafna og Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 13. september 1973.
- Álit nefndar um stefnumótun í umhverfisrannsóknum frá júní 1975.

NNN-nefnd skilaði áfangaáliti til menntamálaráðuneytis 29. september 1989 og voru helstu niðurstöður þess kynntar í tengslum við 100 ára afmælishátíð Hins íslenska náttúrufræðifélags 1. október 1989 og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nefndin hélt 33 sameiginlega fundi auk þess sem hún skiptist í vinnuhópa sem áttu fundi með mörgum aðilum.

Nefndin leitaði víða fanga í störfum sínum, m.a. var aflað upplýsinga frá náttúrufræðisöfnum og svonefndum vísindasöfnum (science museums) í mörgum löndum. Einstakir nefndarmenn skoðuðu slík söfn erlendis eftir að nefndin hóf störf, heimsóttu m.a. athyglisvert safn, Heureka, í bænum Vanda rétt utan við Helsinki í Finnlandi. Forstöðumaður Heurekasafnsins Hannu J. Miettinen, kom hingað til lands í boði menntamálaráðherra í tengslum við afmælishátíð Hins íslenska náttúrufræðifélags og átti nefndin fund með honum.

Á meðan NNN-nefndin var að störfum kynnti hún ýmsum aðilum sjónarmið sín og hugmyndir og átti viðræður m.a. við starfsfólk Náttúrufræðistofnunar Íslands, starfsfólk Grasagarðsins í Reykjavík, viðræðunefnd um málefni Náttúrufræðistofnunar Norðurlands og starfsfólk stofnunarinnar á Akureyri, Magnús Magnússon, varaformann Vísindaráðs, og stjórnarmenn náttúruvísindadeildar Vísindaráðs, þá Axel Björnsson, Gísla Má Gíslason og Sigfús Schopka, svo og við Pál Hersteinsson veiðistjóra og Þorvald S. Þorvaldsson, forstöðumann Borgarskipulags Reykjavíkur. Á fund nefndarinnar komu einnig forstöðumenn rannsóknastofnana: Jakob Björnsson orkumálastjóri, Jakob Jakobsson, forstöðumaður Hafrannsóknastofnunar, og Þorsteinn Tómasson, forstöðumaður Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Þá áttu fulltrúar frá nefndinni viðræður við Davíð Oddsson, borgarstjóra í Reykjavík, og Sigmund Guðbjarnason háskólarektor um aðild Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands að náttúrufræðihúsi.

NNN-nefndin sendi drög að frumvarpi, sem fylgdu áfangaáliti hennar, til umsagnar allmargra aðila. Skrifleg svör bárust frá eftirtöldum: stjórn Vísindaráðs og náttúruvís-

indadeild Vísindaráðs, Rannsóknaráði ríkisins, viðræðunefnd um málefni Náttúruvísindastofnunar Norðurlands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, veiðistjóra, starfshópi um náttúrfræðistofnun Austurlands, Náttúrugripasafninu í Neskaupstað, Fjórðungssambandi Norðlendinga og Vestmannaeyjabæ.

Nefndin ræddi við suma af umsagnaraðilum og átti m.a. nokkra fundi með fulltrúum Vísindaráðs, Rannsóknaráðs og viðræðunefnd um málefni Náttúrufræðistofnunar Norðurlands. Að því búnu gerði nefndin enn verulegar breytingar á frumvarpsdrögunum. Hinn 22. mars 1990 skilaði nefndin frumvarpi til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur til menntamálaráðherra. Frumvarpið var ekki lagt fram á Alþingi, m.a. vegna þess að með lögum nr. 47/1990 voru málefni Náttúrufræðistofnunar Íslands lögð til umhverfisráðuneytis.

Endurskoðun umhverfisráðuneytis.

Umhverfisráðuneytið fékk frumvarp NNN-nefndarinnar til meðferðar sumarið 1990 og taldi þá rétt að kanna betur nokkur atriði í frumvarpinu áður en það yrði lagt fyrir Alþingi, einkum þau sem lúta að stjórn og skipulagi Náttúrufræðistofnunar. Við endurskoðun á vegum ráðuneytisins störfuðu Jón Gunnar Ottósson og Davíð Þór Björgvinsson dósent og áttu m.a. viðræður við starfsfólk Náttúrufræðistofnunnar Íslands. Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu í framhaldi af því og var það lagt fram á Alþingi skömmu fyrir þinglok á 113. löggjafarþingi 1990–91. Frumvarpinu var vísað til nefndar sem sendi það til umsagnar ýmissa aðila, en varð ekki útrætt.

Umhverfisráðherra skipaði nefnd, eins og áður segir, 8. ágúst 1991 til að fara yfir frumvarpið. Nefndin endurskoðaði frumvarpið, m.a. með hliðsjón af umsögnum um það frá eftirtöldum aðilum: Náttúrufræðistofnun Norðurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi og aðalfundi HÍN, Háskóla Íslands, Rannsóknaráði ríkisins, Orkustofnun, Veiðistjóra, Landssambandi hestamannafélaga, Grasagarði Reykjavíkur, Náttúrugripasafninu í Neskaupsstað og fjármálaráðuneytinu. Á fund nefndarinnar kom Sveinn Jakobsson, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands, ásamt Eyþóri Einarssyni og Ævari Petersen, deildarstjórum stofnunarinnar. Nefndin skilaði frumvarpi í þeirri mynd sem hér liggur fyrir til umhverfisráðherra 18. nóvember 1991 og var full samstaða í nefndinni um þær breytingar sem gerðar voru.

Helstu atriði frumvarpsins.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað gildandi laga nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands. Ákvæði um almennar náttúrurannsóknir falla að mestu burt þannig að frumvarpið fjallar um Náttúrufræðistofnun Íslands í breyttri mynd. Þá er aukið við nýjum ákvæðum, m.a. um náttúrustofur í landshlutum og sýningarstarfsemi.

Helstu nýmæli samkvæmt frumvarpinu eru þessi:

- Náttúrfræðistofnun er skilgreind sem landsstofnun og geta setur hennar verið á allt að 5 stöðum á landinu. Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða er þó aðeins gert ráð fyrir einu setri utan Reykjavíkur á næstu fimm árum. Stofnunin lýtur sérstakri stjórn sem skipuð er af ráðherra.
- Ráðinn verður forstjóri að Náttúrufræðistofnun Íslands sem starfi í umboði stjórnar sem framkvæmdastjóri hennar og stofnunarinnar í heild.
- Heimild er til að veita náttúrustofum í kjördæmum tiltekinn fjárhagsstuðning frá rík-

inu, enda falli þær undir ákvæði laga þessara (II. kafla), m.a. um verkefni og stjórn.

- Uppbygging og rekstur náttúrusýningarsafna verði ekki lengur lögbundið verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, heldur sérstakra félaga, e.t.v. sem sjálfseignarstofnana. Eftir sem áður aðstoði Náttúrufræðistofnun við uppbyggingu slíkra safna og getur gerst aðili að þeim með leyfi ráðherra.
- Rannsóknir er tengjast umhverfismálum geta verið meðal verkefna Náttúrufræðistofnunar og náttúrustofa og fer umhverfisráðherra með málefni sem lögin taka til.
- Kveðið er á um tengsl Náttúrufræðistofnunar við aðrar rannsóknastofnanir og samstarf hennar og náttúrustofa.
- Gert er ráð fyrir að sett verði reglugerð um menntunarkröfur deildarstjóra og sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar hliðstæðar því sem gerðar eru í Háskóla Íslands.

Breyttar aðstæður í náttúrurannsóknum.

Mikil breyting hefur orðið á aðstöðu og tilhögun náttúrurannsókna frá því sett voru lög um Náttúrufræðistofnun Íslands 1965. Rannsóknastofnanir atvinnuveganna hafa eflst til muna, þar á meðal Hafrannsóknastofnun, Orkustofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Náttúrugripasöfn hafa verið stofnuð á nokkrum stöðum á landinu og við sum þeirra eru stundaðar allvíðtækar rannsóknir. Við Háskóla Íslands er nú kennsla í líffræði og jarðfræði og þar vinna margir prófessorar og sérfræðingar að rannsóknum. Stofnaður hefur verið Háskóli á Akureyri. Norræn eldfjallastöð er komin á fót hérlendis og við hana fara fram margþættar jarðfræðirannsóknir.

Lög um Rannsóknaráð ríkisins hafa verið endurskoðuð og sett á fót sérstakt Vísindaráð sem hefur m.a. það verkefni „að gera tillögur um stefnumörkun fyrir vísindastarfsemi í landinu og fylgjast með starfi og skipulagi vísindastofnana". Við samningu frumvarpsins var leitast við að taka tillit til þessara breyttu aðstæðna og ábendinga sem fram komu hjá ýmsum viðmælendum nefndarinnar.

Verkefni NNN-nefndarinnar var að fjalla um þann þátt náttúrurannsókna sem snýr að Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrurannsóknum utan Reykjavíkur. Skyldi höfð hliðsjón af gildandi lögum nr. 48/1965 og fyrri tillögum, m.a. um náttúrufræðistofur, náttúrusýningarsöfn og umhverfisrannsóknir.

Nefndin leit ekki á það sem verkefni sitt að fjalla um málefni náttúrurannsókna almennt á vegum þeirra mörgu stofnana sem þær stunda eða gera langtímaáætlun um þróun þeirra rannsókna. Slíkt fellur eðlilega undir verksvið Vísindaráðs lögum samkvæmt og er verkefni sem tekur óhjákvæmilega nokkur ár að leysa eftir að í það er ráðist.

Í tillögum að fyrirliggjandi frumvarpi voru að yfirveguðu ráði og vegna breyttra aðstæðna felld niður ákvæði um almennar náttúrurannsóknir sem orðin voru úrelt og breytist heiti frumvarpsins til samræmis við það. Frumvarpið er þannig takmarkað við málefni Náttúrufræðistofnunar og náttúrustofur. Með frumvarpinu er ekki verið að takmarka verksvið annarra rannsóknastofnana frá því sem verið hefur, né heldur verið að veita Náttúrufræðistofnun eða náttúrustofum neinn einkarétt til rannsókna á náttúru landsins eða umhverfisþáttum.

Er þörf á Náttúrufræðistofnun?

Þeirri spurningu hefur verið varpað fram hvort ekki sé rétt að leggja Náttúrufræðistofnun Íslands niður í núverandi mynd og fela öðrum stofnunum verkefni hennar. Hefur þá einkum verið bent á náttúrufræðirannsóknir sem vaxið hafa upp við Háskóla Íslands.

NNN-nefnd taldi það ekki verkefni sitt að svara þeirri spurningu litið til langs tíma en velti því hins vegar fyrir sér hvort svo róttæk breyting væri skynsamleg og framkvæmanleg við núverandi aðstæður. Niðurstaða nefndarinnar er eindregið sú að svo sé ekki, heldur beri að gera breytingar á aðstöðu og starfsemi Náttúrufræðistofnunar sem m.a. auðveldi tengsl og samskipti við aðra rannsóknastarfsemi á sviði náttúruvísinda. Helstu rök nefndarinnar fyrir þeirri niðurstöðu eru eftirtalin:

1. Æskilegt er að sérstök stofnun hafi það verkefni að sjá um skipulega söfnun heimilda um náttúru Íslands og að varðveita niðurstöður í fræðilegum söfnum sem verði öllum opin og aðgengileg.
2. Eðlilegt er að aðstaða til slíkra rannsókna sé til staðar á nokkrum stöðum á landinu og að stofnunin sé þannig landsstofnun sem eigi sér fleiri en eitt setur.
3. Fræðileg söfn og rannsóknir eru víðast hvar bakhjarl sýningarsafna á sviði náttúrufræða fyrir almenning. Því þykir rétt að tryggja áfram tengsl Náttúrufræðistofnunar við sýningarsöfn.
4. Eðlilegt er að ætla Náttúrufræðistofnun almannatengsl og fræðsluhlutverk. Einnig af þeirri ástæðu eru samskipti við náttúrusýningarsöfn æskileg þótt slík söfn verði byggð upp og rekin sem sjálfstæðar stofnanir með þátttöku fleiri aðila en ríkisins.
5. Hefð er fyrir nánu sambandi milli almennra náttúrurannsókna, náttúrusýninga og áhugamannafélaga í Reykjavík og víðar á landinu. Ástæða er til að hlúa að slíkum samskiptum fremur en rjúfa þau þótt komið verði á breyttri skipan um sýningarsöfn frá því sem verið hefur.
6. Rannsóknir á sviði umhverfismála hafa verið stundaðar af Náttúrufræðistofnun og náttúrugripasöfnum undanfarin 15 ár og eðlilegt að þær verði hluti af starfsemi þeirra framvegis þótt margir aðrir komi þar við sögu. Tengsl Náttúrufræðistofnunar við náttúrustofur í kjördæmum landsins falla vel að slíkri starfsemi og fleiri verkefnum sem tengjast umhverfisvernd.

Um einstaka þætti frumvarpsins.
Verkefni Náttúrufræðistofnunar.

Kveðið er á um verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands í 5. og 6. gr. frumvarpsins. Þar er m.a. gert ráð fyrir að stofnunin stundi almennar rannsóknir á náttúru Íslands á sviði dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og umhverfismála og annist skipulega söfnun og vörslu heimilda í fræðilegum söfnum. Rannsóknaniðurstöður í vörslu stofnunarinnar eiga að vera opnar og aðgengilegar og skráðar á samræmdan hátt þannig að fá megi sem best yfirlit um náttúru landsins.

Áhersla verði sem hingað til lögð á útbreiðslu og flokkun tegunda lífvera, svo og vistfræði þeirra og söfnun og greiningu sýna af steinum, bergtegundum og steingervingum. Stofnunin byggir upp og rekur fræðileg sýningarsöfn og lánar gripi til rannsókna og sýninga. Hún sér um gerð yfirlitskorta um jarðfræði landsins og setur hennar annast fuglamerkingar. Umhverfisrannsóknir stofnunarinnar beinast að því að auðvelda mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum landnotkunar og mannvirkjagerðar á náttúru. Þá á Náttúrufræðistofnun að styðja við uppbyggingu náttúrusýningarsafna og miðla fræðsluefni um íslenska náttúru.

Skipulag og stjórn Náttúrufræðistofnunar.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um skipulag og stjórn Náttúrufræðistofnunar. Tekið er fram að hún sé í eigu íslenska ríkisins og geti auk aðseturs í Reykjavík haft setur

utan höfuðborgarsvæðisins. Þannig er gert ráð fyrir að lögin heimili allt að fimm setur stofnunarinnar, þ.e. fjögur til viðbótar starfseminni í Reykjavík. Skal hvert þeirra hafa sjálfstæðan fjárhag. Frumvarpið gerir ráð fyrir að nánari ákvæði um stjórn og skipulag setra verði settar í reglugerð. Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að við gildistöku laganna verði stofnað setur Náttúrufræðistofnunar á Akureyri og innan tveggja ára komið á fót náttúrustofum í tveimur landsfjórðungum.

Stjórn skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn skal annast yfirstjórn stofnunarinnar, stuðla að samræmingu rannsókna á hennar vegum og eðlilegri verkaskiptingu milli setra. Þá á stjórnin að gæta samráðs við ráð og stofnanir sem starfa á líkum sviðum.

Ráðherra skipar formann stjórnar, fastráðnir starfsmenn hvers seturs Náttúrufræðistofnunar tilnefna einn mann í stjórn og forstöðumenn náttúrustofa með ríkisaðild í kjördæmum einn sameiginlega. Stjórnin fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og fer yfir fjárhagsáætlanir setra og fylgist með fjárhag þeirra og ráðstöfun fjár. Fjármál einstakra setra eru að öðru leyti á ábyrgð forstöðumanna þeirra.

Ráðherra skipar jafnframt forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands og forstöðumenn setra hennar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Forstjóri starfar í umboði stjórnar sem framkvæmdastjóri hennar og stofnunarinnar í heild.

Með þessu fyrirkomulagi er í senn stefnt að landfræðilegri dreifingu og samhæfingu verkefna, en jafnframt er hverju setri veitt nokkurt sjálfstæði. Hér er gert ráð fyrir öðrum tengslum en venjulega eru milli miðstöðvar og útibús og eykur það sveigjanleika innan stofnunarinnar í heild og hvetur til frumkvæðis hvers seturs.

Náttúrustofur með ríkisaðild í kjördæmum.

Annar kafli frumvarpsins fjallar um náttúrustofur með ríkisstuðningi en í eigu heimaaðila í kjördæmum landsins. Geta þær notið tiltekins fjárstuðnings úr ríkissjóði sem nemi launum forstöðumanns og helmingi stofnkostnaðar. Náttúrustofum er slíks stuðnings njóta er ætlað að starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og tilnefnir ráðherra formann stjórnar.

Hlutverk náttúrustofa eru tilgreind í 11. gr. og felast m.a. í heimildasöfnun um náttúrufar og stuðningi við umhverfisvernd og náttúrurannsóknir í viðkomandi landshluta. Einnig er þeim ætlað að aðstoða við fræðslu og gerð nýrra sýninga og eiga hlut að sýningarsöfnum sem hafi sjálfstæðan fjárhag. Verkefnin eru þannig að nokkru svipaðs eðlis og hjá setrum Náttúrufræðistofnunar en skyldur lögum samkvæmt færri. Gert er ráð fyrir að setur Náttúrufræðistofnunar utan Reykjavíkur vaxi upp úr náttúrustofum sem starfræktar hafa verið undir nafni náttúrugripasafna um nokkurt skeið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir a.m.k. árlegum samráðsfundum sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar og forstöðumanna náttúrustofa að frumkvæði stjórnar Náttúrufræðistofnunar. Á þessum fundum verði leitast við að samræma rannsóknir þessara aðila sem best og að koma á samvinnu um útgáfustarfsemi og fleiri þætti sem til hagkvæmni horfa.

Náttúrusýningar og fræðsla.

Samkvæmt frumvarpinu á að greina fjárhagslega og rekstrarlega milli rannsóknastarfsemi og varðveislu á rannsóknagögnum og náttúrugripum til vísindalegra nota annars vegar og náttúrusýninga hins vegar. Þó er gert ráð fyrir því að Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur styðji við starfsemi sýningarsafna með ýmsum hætti og að ríkið geti verið eignaraðili að slíkum söfnum samkvæmt sérstökum stofnsamningi.

Slík náttúrusöfn hafa mikið gildi fyrir skóla og almenning. Fræðslustarf þeirra er af

margvíslegum toga, m.a. á að vera auðvelt að tengja það lifandi náttúru og skoðunarferðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Kveðið er á um að stofnunin sé óháð hagsmunatengdum aðilum og þiggi ekki af þeim framlög eða gjafir. Ákvæðið vísar til þess að stofnunin sem rannsókna- og umsagnaraðili til stjórnvalda gangist hvorki beint eða óbeint undir kvaðir með því að veita viðtöku gjöfum frá framkvæmdaaðilum eða fyrirtækjum sem gætu átt sitt undir umsögn stofnunarinnar. Hins vegar er stofnuninni heimilt að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum og náttúrugripum frá einstaklingum eða öðrum sem ekki verða taldir til hagsmunatengdra aðila. Rísi ágreiningur um túlkun þessa ákvæðis sker ráðherra úr.

Um 3. gr.

Greinin felur í sér það nýmæli að heimild er veitt til að Náttúrufræðistofnun hafi aðsetur utan Reykjavíkur. Þannig gætu setur stofnunarinnar alls orðið fimm talsins, að setrinu í Reykjavík meðtöldu. Gert er ráð fyrir að þegar fram líða stundir verði heimildir veittar fyrir einu setri í hverjum landsfjórðungi og að nafngiftir setranna verði samræmdar þannig að þau yrðu kennd við viðkomandi stað.

Tiltekið er að hvert setur hafi sjálfstæðan fjárhag, en í því felst m.a. að við afgreiðslu fjárlaga sé tekin ákvörðun um fjárveitingar til hvers seturs fyrir sig.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands, skipun hennar og verksvið, og um samráð hennar við önnur ráð og stofnanir sem sinna skyldum verkefnum. Samkvæmt greininni yrðu fjórir í stjórn við samþykkt frumvarpsins, en stjórnarmönnum fjölgar með tilkomu nýrra setra.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um fyrirkomulag á tilnefningu stjórnarmanna frá setrum Náttúrufræðistofnunar og frá náttúrustofum. Við samsetningu stjórnar er m.a. haft í huga að tryggja samhæfingu innan stofnunarinnar og tengsl við náttúrustofur.

Forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands og forstöðumenn setra skulu skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Forstjóri starfar í umboði stjórnar og er í senn framkvæmdastjóri hennar og stofnunarinnar í heild. Þannig á að tryggja samnefnara fyrir stofnunina út á við og samhæfingu inn á við milli setra og létta á stjórnunarstörfum forstöðumanna þeirra. Þar eð starf forstjóra tengist ekki einu setri öðrum fremur er gert ráð fyrir að ráðherra kveði á um það á hverjum tíma hvar skrifstofa hans sé staðsett að höfðu samráði við stjórnina.

Stjórnin fjallar um starfsáætlanir stofnunarinnar, fer yfir fjárhagsáætlanir setra og fylgist með fjárhag þeirra og ráðstöfun fjár. Hún samræmir eftir föngum rannsóknir á vegum setranna með eðlilega verkaskiptingu í huga og stuðlar að samvinnu við náttúrustofur.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um hlutverk og starfsskyldur forstjóra, forstöðumanna og stjórnar.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um helstu verkefni Náttúrufræðistofnunar. Henni er ætlað að standa að rannsóknum og skipulegri heimildasöfnun um náttúru landsins, sbr. 6. gr., og varðveita niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum og gagnasafni þannig að sem best yfirlit liggi fyrir um náttúru landsins.

Þar eð gert er ráð fyrir að stofnunin eigi aðsetur á nokkrum stöðum á landinu er mikilvægara en ella að gætt verði samræmis við flokkun og skráningu upplýsinga og að þær séu varðveittar í samtengdu gagnasafni.

Upptalning aðalverkefna er fyllri en í gildandi lögum og tekur mið af viðfangsefnum stofnunarinnar til þessa og breytingum samkvæmt frumvarpinu. Ný eru ákvæði undir a-, c-, d- og f-liðum.

Ekki er lengur kveðið á um eins og í gildandi lögum að stofnunin skuli koma upp sýningarsafni þar eð frumvarpið gerir ráð fyrir að fleiri sameinist um það verkefni, sbr. 8. gr. Þá er létt af stofnuninni kvöð um „að hafa eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga hér á landi“, þar eð slíkt hefur í reynd verið í verkahring Rannsóknaráðs ríkisins, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 107/1968, og hefur síðan verið falið Vísindaráði með lögum nr. 48/1987.

Ákvæði um fuglamerkingar er óbreytt frá gildandi lögum og talið rétt að stofnunin hafi sem hingað til ein heimild til að láta merkja villta fugla hérlendis þannig að fyllsta samræmis sé gætt.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um rétt Náttúrufræðistofnunar til að fá upplýsingar er varða starfsemi hennar frá opinberum stofnunum en jafnframt um skyldur stofnunarinnar til að veita aðgang að upplýsingum í aðgengilegu formi. Um það efni verða settar reglur sem eðlilegt er að stjórn stofnunarinnar geri tillögur um til ráðherra.

Þá fjallar greinin um afnot vísindamanna af niðurstöðum rannsókna og grunngögnum í vörslu Náttúrufræðistofnunar. Er þá átt við rannsóknir sem stundaðar hafa verið á vegum viðkomandi stofnana, skrásetningar og hliðstæðar upplýsingar, en hins vegar ekki persónubundnar rannsóknir eða gögn sem einstaklingur hefur undir höndum og hefur aflað á eigin vegum þótt hann starfi við opinbera rannsóknastofnun.

Um 7. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að setur Náttúrufræðistofnunar geti verið deildaskipt, en deildaskipting verði ákveðin í reglugerð, sbr. ákvæði 16. gr. frumvarpsins. Með deildaskiptingu er skapaður meiri sveigjanleiki í uppbyggingu stofnunarinnar.

Kveðið er á um tilhögun á ráðningu deildarstjóra og fastráðinna sérfræðinga. Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið háskólaprófum á viðkomandi fræðasviði eða vera að öðru leyti viðurkenndir fræðimenn á sérsviði sínu. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um starfsskyldur og tilhögun á ráðningu deildarstjóra og fastráðinna sérfræðinga. Eðlilegt er að gera hliðstæðar kröfur og gilda þegar ráðið er í stöður við Háskóla Íslands.

Um 8. gr.

Með greininni er Náttúrufræðistofnun heimilað með leyfi ráðherra að gerast formlegur aðili að náttúrusýningarsöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu. Slík aðild getur verið með ýmsum hætti samkvæmt samningi, t.d. fjárhagsleg, með framlagi til upp-

setningar sýninga og í formi vinnu án endurgjalds.

Í staðinn er létt af lagakvöð á Náttúrufræðistofnun um „að koma upp sýningarsafni er veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi, . . .“

Þá er með greininni gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun aðstoði við gerð sýninga á sviði náttúrufræða. Er m.a. veitt heimild til að stofnunin láni gripi úr vísindasöfnum setranna til slíkra sýninga.

Um 9. gr.

Með ákvæðum greinarinnar er ráðherra veitt heimild til að leyfa í hverju kjördæmi starfrækslu einnar náttúrustofu sem njóti fjárhagslegs stuðnings frá ríkinu eins og tiltekið er í 10. gr. frumvarpsins.

Eigendur og rekstraraðilar slíkra stofa eru heimaaðilar á viðkomandi svæði. Fjárhagsstuðningur ríkisins á ekki að fara yfir tiltekin mörk þótt ákveðið verði að starfsemi stofunnar verði á fleiri en einum stað í kjördæminu. Kjördæmum er heimilt að sameinast um eina náttúrustofu.

Um 10. gr.

Greinin kveður á um fjárhag náttúrustofu. Framlag ríkissjóðs takmarkast við laun forstöðumanns og eins er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs taki til stofnkostnaðar vegna húsnæðis, innréttinga, bóka- og tækjakaupa stofunnar eftir því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging fyrir jafnháu framlagi frá heimaaðilum. Starfi stofan í leiguhúsnæði fer með sama hætti um greiðslu kostnaðar, enda rúmist leigugreiðslur innan ramma fjárlaga. Heimaaðilar stæðu að öðru leyti undir stofn- og rekstrarkostnaði, en fengju í sinn hlut sértekjur af starfsemi stofunnar, þar á meðal tekjur af útseldri vinnu. Þá er kveðið á um að framlag ríkissjóðs verði bundið því skilyrði að eigur er til stofnkostnaðar teljast verði einvörðungu nýttar í þágu náttúrustofu nema fyrir liggi samþykki ráðuneytis um annað.

Um 11. gr.

Greinin skilgreinir helstu verkefni sem náttúrustofu er ætlað að rækja. Þar er öðru fremur átt við verk er tengjast viðkomandi svæði eða landshluta. Nýting á heimild 2. mgr. um aðild stofunnar að sýningarsafni breytir engu um fjárstuðning af hálfu ríkisins, nema sérstakt samkomulag sé gert það að lútandi.

Um 12. gr.

Greinin kveður á um skipun stjórnar náttúrustofa. Þar eð ráðherra skipar formann stjórnar er eðlilegt að ráðuneytið standi straum af kostnaði vegna þátttöku hans í störfum stjórnar stofunnar, en að öðru leyti séu útgjöld vegna stjórnarstarfa hluti af rekstrarkostnaði hennar.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Þessi grein er samhljóða 2. gr. núgildandi laga nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, að öðru leyti en því að 4. mgr. er nýmæli.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um gildistöku laganna 1. janúar 1992. Um leið falla úr gildi lög nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæðinu er mótuð stefna um notkun heimilda frumvarpsins varðandi setur Náttúrufræðistofnunar Íslands norðan lands og um náttúrustofur í tveimur kjördæmum.

Óskir liggja fyrir frá bæjarstjórn Akureyrar (Náttúrfræðistofnun Norðurlands) og bæjarstjórn Neskaupstaðar (Náttúrugripasafninu í Neskaupstað) um aðild ríkisins að starfsemi þessara stofnana, m.a. varðandi yfirtöku á kostnaði vegna náttúrurannsókna sem þar eru stundaðar. Með ákvæðinu er því slegið föstu að heimild samkvæmt frumvarpinu verði notuð í ársbyrjun 1993 varðandi Norðurland (Akureyri) með því að stofna setur Náttúrufræðistofnunar þar nyrðra. Ári síðar eða frá 1. janúar 1994 yrði notuð heimild til að stofna náttúrustofu fyrir Austurland í Neskaupstað og með hliðstæðum hætti 1995 fyrir Suðurland.

Fylgiskjal I.

Sögulegt yfirlit.
Hið íslenska náttúrufræðifélag, Náttúrugripasafnið í Reykjavík og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Á árinu 1989 urðu merkileg tímamót í sögu íslenskrar náttúrufræði, en þá voru liðin 100 ár frá stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags. Félagið var stofnað 16. júlí 1889 „með það sérstaklega fyrir mark og mið að koma upp náttúrugripasafni hér í Reykjavík, því vér erum sannfærðir um, að slíkt safn hlýtur með tímanum að verða aðaluppspretta alls náttúrufróðleiks hér á landi, og fá stórmikla vísindalega þýðingu, auk þess sem það yrði til mikils sóma fyrir land vort og þjóð“ eins og segir í áskorun um stofnun félagsins frá 9. júlí 1889.

Félagið hóf strax að safna náttúrugripum og þegar á fyrsta ári þess varð til fyrsti vísir að náttúrugripasafninu sem fljótlega var farið að kalla Náttúrugripasafnið í Reykjavík. Safnið var eign Hins íslenska náttúrufræðifélags þar til í ársbyrjun 1947 að ríkið tók við rekstri þess.

Fyrstu lögin voru sett um Náttúrugripasafnið árið 1951 og hlaut það þá nafnið Náttúrugripasafn Íslands. Þau lög voru aukin og endurbætt árið 1965 og nafninu þá breytt í Náttúrufræðstofnun Íslands. Nafnbreytingin var gerð til samræmis við það meginákvæði hinna nýju laga að safnið skyldi vera miðstöð almennra náttúrurannsókna, þ.e. undirstöðurannsókna í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði. Samkvæmt lögunum, sem hafa ver-

ið óbreytt fram á þennan dag, er stofnuninni einnig falið að koma upp vísindalegu safni náttúrugripa og sýningarsafni er opið sé almenningi og veiti sem gleggst yfirlit um náttúru landsins.

Húsnæðismál Náttúrugripasafnsins og Náttúrufræðistofnunar — hugmyndir um safnbyggingu.

Allt frá stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags ólu félagsmenn þá von í brjósti að Náttúrugripasafnið kæmist í eigið húsnæði, en frá upphafi hafa húsnæðismál safnsins verið eitt helsta vandamál þess. Fyrstu árin var það í leiguhúsnæði á hinum og þessum stöðum í bænum, en fékk haustið 1908 inni í hinu nýbyggða safnahúsi við Hverfisgötu. Þar hafði það um 140 fermetra sýningaraðstöðu til ársins 1960, en þá varð safnið að víkja vegna þarfa Landsbókasafnsins.

Þegar félagið nálgaðist fertugt voru gerðir frumdrættir að safnabyggingu og rætt við stjórnvöld um málið, en engin niðurstaða fékkst. Byggingarmálið var enn á ný tekið upp þegar leið að fimmtugsafmælinu og þá ekki bara við stjórnvöld eins og áður, heldur var leitað eftir samvinnu við Háskólann. Skipuð var sérstök byggingarnefnd 1942 og önnur 1946 þá með aðild Háskóla Íslands þar sem í ráði var að hann léti byggja hús fyrir Náttúrugripasafnið fyrir ágóða af happdrætti sínu. Undirbúningur byggingar var vel á veg kominn þegar ákveðið var að afhenda ríkinu Náttúrugripasafnið í ársbyrjun 1947. Sama ár var arkitekt fenginn til að teikna hús fyrir Náttúrugripasafnið og voru teikningar og líkan af húsinu tilbúnar um 1950. En málið tafðist og ekkert varð af byggingu hússins. Húsnæðisvandann var brýnt að leysa og því var afráðið að Háskóli Íslands keypti fyrir happdrættisfé hæð undir starfsemina í húsi við Hlemmtorg í Reykjavík, en lengi var happdrættisleyfi Háskóla Íslands háð því skilyrði að háskólinn byggði yfir Náttúrugripasafnið.

Flutt var inn í húsnæðið við Hlemmtorg haustið 1959 og síðar innréttaður þar til bráðabirgða um 100 fermetra sýningarsalur sem var opnaður árið 1967. Nú, rúmum tveimur áratugum síðar, er enn notast við sama sýningarsal, en innréttingar og sýningar í honum hafa verið endurnýjaðar að öllu leyti. Hann var opnaður á aldarafmæli Hins íslenska náttúrufræðifélags og Náttúrufræðistofnunar sl. sumar og fyrr á afmælisárinu var tekinn í notkun nýr sýningarsalur á 4. hæð í húsnæði Náttúrufræðistofnunar við Hlemmtorg þannig að sýningarrými er nú um 200 fermetrar. En hvorki er þar rúm fyrir geymslur né þá nútímalegu sýningar- og fræðslustarfsemi sem nauðsynlegt er að koma á laggirnar.

Þegar Náttúrufræðstofnun Íslands flutti inn í húsnæðið við Hlemmtorg haustið 1959 var litið á það sem bráðabirgðahúsnæði til að leysa aðkallandi vanda. Nú þremur áratugum síðar er stofnunin enn á sama stað en húsrými hefur samt aukist verulega. Auk 3. hæðar, sem Háskólinn keypti þá, hefur stofnunin afnot af rúmum helmingi 4. hæðar, þar sem einkum eru geymslur og svo annar sýningarsalur stofnunarinnar, og hálfrar 5. hæðar þar sem bókasafn og fundar- og kaffistofa eru. Alls eru fastráðnir starfsmenn 11, sjö náttúrufræðingar að deildarstjórum og forstöðumanni meðtöldum, bókavörður, hamskeri og tveir starfsmenn við ritvinnslu- og skrifstofustörf. Að auki starfa sýningarsalaverðir, ræstingarfólk og lausráðið aðstoðarfólk (einkum náttúrufræðistúdentar) á sumrin.

Náttúrufræðisafn á háskólalóð.

Forráðamenn Náttúrufræðistofnunar og fleiri aðilar hafa á liðnum árum gert ítrekaðar tilraunir til að koma hreyfingu á byggingarmál stofnunarinnar og sýningarsafns, m.a.

með því að leita eftir samvinnu við Háskóla Íslands um málið. Háskólaráð heimilaði þegar á árinu 1942 að hús fyrir náttúrugripasafn risi á háskólalóðinni og enn í dag beinast sjónir manna að nálægð og tengslum við Háskólann.

Tillaga til þingsályktunar um náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu var lögð fram á Alþingi veturinn 1984–85. Flutningsmenn tillögunnar voru þingmenn úr öllum þingflokkum á Alþingi og er í tillögunni skorað á ríkisstjórnina að hraða, m.a. í samráði við hóp áhugamanna og Náttúrufræðistofnun Íslands, undirbúningi að byggingu yfir nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu. Í greinargerð segir m.a. að ef góður hugur og stuðningur af hálfu framkvæmdarvaldsins við hugmyndina um nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu komi til og Alþingi lýsi sig þar að auki fúst til að leggja fram fé til undirbúnings og framkvæmda á næstu árum sé þess að vænta að draumur brautryðjendanna verði að veruleika innan fárra ára. Í tillögunni var að því stefnt að náttúrufræðisafn opnaði í nýjum húsakynnum á árinu 1989, á aldarafmæli Hins íslenska náttúrufræðifélags og náttúrugripasafns á þess vegum. Í greinargerð með tillögunni segir að slíkt meginsafn á sviði náttúrufræða ætti einnig að geta orðið til stuðnings hliðstæðum söfnum víða á landinu og nauðsynlegt sé að finna samstarfi þessara safna ákveðinn farveg. Með þeim hætti geti hér orðið um þjóðarsafn að ræða til ómetanlegrar eflingar náttúruvísinda í landinu.

Nefnd um Náttúrufræðisafn 1985–1987.

Fljótlega eftir að ofangreind tillaga var flutt á Alþingi skipaði menntamálaráðherra nefnd til að fjalla um tilhögun og uppbyggingu náttúrufræðisafns og skilaði hún áliti í árslok 1987. Þar kom fram að nefndin teldi að efla þyrfti til muna sýningar og fræðslu á sviði náttúrufræði og tækni og lagt var til að byggt yrði hið fyrsta náttúrufræðihús fyrir þessa starfsemi, svo og safnvinnu og rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ekki var full samstaða í nefndinni um rekstrarform sýninga- og fræðslustarfsemi og lagði meiri hluti til að hún yrði í höndum sjálfseignarstofnunar með aðild ríkis, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og fleiri skóla, rannsóknastofnana og samtaka. Minni hluti lagði til að hún yrði rekin sem ný deild í Náttúrufræðistofnun með þátttöku Reykjavíkurborgar og fleiri aðila.

Umsagnaraðilar tóku í öllum veigamiklum atriðum undir álit nefndarinnar, menn greindi ekki á um þörfina fyrir náttúrufræðihús og almennt var það sjónarmið ríkjandi að best færi á að það væri rekið sem sjálfseignarstofnun í nánum tengslum við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Nefnd um tengsl milli héraða- og bæjanáttúrugripasafna og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Menntamálaráðherra skipaði nefnd 26. október 1972 sem falið var það hlutverk „að gera athugun og gefa ráðuneytinu skýrslu um hvort æskilegt muni vera að koma á formlegum tengslum milli héraða- og bæjanáttúrugripasafna og Náttúrufræðistofnunar Íslands og þá með hvaða hætti“.

Nefndin skilaði álitsgerð í formi lagafrumvarps 13. september 1973, ásamt ítarlegri greinargerð. Í frumvarpinu voru gerðar tillögur um stofnsetningu náttúrufræðistofa í landshlutunum er ætlað væri víðara hlutverk en það eitt að sýna náttúrugripi. Þeim var samkvæmt tillögunum ætlað að vinna að umhverfisvernd og heimildasöfnun um landshlutann, taka þátt í að skipuleggja landnýtingu og vinna að rannsóknum. Með tillögunum var að því stefnt að samræma skipulag og þróun náttúrugripasafna úti um land og

tryggja að ákveðinn fjöldi safna hlyti föst framlög úr ríkissjóði til starfsemi sinnar. Nefndarálitið var byggt upp sem viðbót við lög nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, en svo fór að það var aldrei lagt fram á Alþingi.

Náttúrugripasöfn og náttúrurannsóknir utan Reykjavíkur.

Nokkur sveitarfélög hafa á síðustu áratugum komið upp náttúrugripasöfnum en notið lítils stuðnings af hálfu ríkisins og eru engin formleg tengsl milli Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrugripasafna annars staðar á landinu.

Nokkuð erfitt er að ákveða hve mörg skuli telja þessi söfn þar sem staða þeirra er mjög mismunandi. Sum eru sjálfstæð söfn, önnur eru deildir í byggðasöfnum eða safnahúsum. Af fyrri gerðinni eru náttúrugripasöfnin á Akureyri (Náttúrufræðistofnun Norðurlands), í Kópavogi, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum. Af síðari gerðinni eru söfnin í Borgarnesi, á Dalvík, á Húsavík, á Höfn í Hornafirði, á Selfossi, á Seltjarnarnesi og í Varmahlíð. Nokkur ofangreindra safna (a.m.k. söfnin á Akureyri, í Neskaupstað og Vestmannaeyjum) hafa á liðnum árum notið einhverra framlaga á fjárlögum og fá nú greitt af fjárlagalið menntamálaráðuneytisins. Önnur hafa árlega fengið styrki frá ráðuneytinu. Auk ofangreindra safna eru svo skólasöfn, eign ákveðinna skóla og sveitarfélaga. Þessi skólasöfn eru misstór og misvel búin, en óhætt mun vera að fullyrða að flestir skólar eiga einhverja náttúrugripi sem notaðir eru til kennslu.

Hér verður í stórum dráttum rakin saga stærstu náttúrugripasafnanna, þ.e. á Akureyri og í Neskaupstað og veitt yfirlit yfir starfsemi þeirra.

Náttúrugripasafnið á Akureyri og Lystigarðurinn á Akureyri — Náttúrufræðistofnun Norðurlands.

Náttúrurannsóknir eiga sér langa og merkilega hefð í Eyjafirði. Þær eru taldar byrja með stofnun Möðruvallaskólans árið 1880 og var síðan haldið við af kennurum þess skóla, Gagnfræðaskólanum á Akureyri, svo og af starfsmönnum Ræktunarfélags Norðurlands.

Á árunum 1964–1970 má segja að Náttúrugripasafnið hafi tekið við þessari arfleifð og hafi síðan verið miðstöð náttúrurannsókna í Norðlendingafjórðungi. Um áramótin 1987 voru formlega sameinuð Náttúrugripasafnið á Akureyri og Lystigarðurinn og hinni sameinuðu stofnun gefið nafnið Náttúrufræðistofnun Norðurlands. Samstarf Náttúrugripasafnsins og Lystigarðsins hafði þá um árabil verið mikið og náið, en með heitinu Náttúrufræðistofnun Norðurlands var áhersla á það lögð að henni væri ætlað að þjóna Norðurlandi öllu. Akureyrarbær sér um rekstur Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, en þess hefur verið farið á leit við menntamálaráðuneytið að ríkissjóður fjármagni rannsóknastarfsemi stofnunarinnar.

Náttúrugripasafnið á Akureyri var stofnað árið 1951. Upphaflega var það sýningarsafn, en þróun safnsins, frá sýningarsafni til rannsóknastofnunar, hófst á árunum 1963–1964 þegar skipuleg könnun á náttúrufari fjórðungsins hófst, með tilheyrandi söfnun náttúrugripa, einkum þó plöntusöfnun. Hafa rannsóknir Náttúrugripasafnsins á undanförnum áratugum náð til ýmissa sviða líffræði, vistfræði og landfræði. Á áttunda áratugnum tók safnið í auknum mæli að sér hagnýtar umhverfisrannsóknir og efldist starfsemi þess til muna. Upphaf hagnýtra umhverfisrannsókna má rekja til mengunarrannsókna safnsins 1971 og þátttöku í rannsóknum í Þjórsárverum sama ár. Sérgreinar Náttúrugripasafnsins eru sveppa- og flétturæði og eru í stofnuninni stærstu söfn á þessum sviðum hér á landi.

Lystigarðurinn á Akureyri.

Um Lystigarðinn á Akureyri var stofnað félag 1. maí 1910 en garðurinn opnaður almenningi sumarið 1912. Safngarði var komið á fót innan Lystigarðsins 1956 og hefur þar verið áhersla á það lögð að sýna íslenskar plöntur. Þar er svo til öll íslenska flóran og einnig er þar mikið safn plantna frá heimskautasvæðunum. Í garðinum eru nú ræktaðar um 2.500 tegundir og afbrigði og þar fara fram tilraunir með nýjar tegundir trjáa og runna og er leitað staðbrigða sem henta vel íslenskum aðstæðum.

Jónasarhús.

Náttúrufræðstofnun Norðurlands er til húsa að Hafnarstræti 81 á Akureyri og hefur Náttúrugripasafnið þar yfir að ráða um 100 fermetra sýningarsal. Húsnæðismálin hafa jafnan verið aðstandendum þess og velunnurum mikill höfuðverkur. Hvorki stærð salarins né hönnun hússins gera það kleift að halda skiptanlegar sýningar og er rými fyrir gesti mjög takmarkað. Vegna húsnæðisskorts hefur ekki verið unnt að efla sýningarsafnið, en lengi hafa verið uppi hugmyndir um endurbætt og aukið sýningarsafn á vegum Náttúrufræðistofnunar Norðurlands. Á þrítugsafmæli safnsins árið 1982 ákvað stjórn þess að leggja til nýja byggingu fyrir Náttúrugripasafnið og Lystigarðinn og stofna byggingarsjóð til að hrinda af stað framkvæmdum. Þessi fyrirhugaða bygging hefur verið nefnd Jónasarhús til heiðurs Jónasi Hallgrímssyni, náttúrufræðingi og skáldi, og hefur verið valinn staður vestan við Lystigarðinn.

Á fundi 7. apríl 1987 samþykkti bæjarstjórn tillögu í tilefni af formlegri sameiningu Lystigarðsins og Náttúrugripasafnsins um að kjósa nefnd til að kanna húsnæðisþörf Náttúrufræðistofnunar Norðurlands og samstarf við aðra aðila um rekstur stofnunarinnar. Þá lýsti bæjarstjórn Akureyrar stuðningi við þá hugmynd að kenna stofnunina við nafn Jónasar Hallgrímssonar. Síðar var skipuð undirnefnd, viðræðunefnd um málefni Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, vegna viðræðna við ríkisvaldið um þátttöku þess í rekstri stofnunarinnar. Viðræðunefndinni var einnig ætlað að leita leiða í samvinnu við ríkisvaldið til að leggja grundvöll að vísinda- og gagnamiðstöð á Akureyri og móta hugmyndir um rekstur slíkrar stofnunar.

Með vísinda- og gagnamiðstöðinni er fyrirhugað að efna til samstarfs Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, framhaldsskólanna á Akureyri, Háskólans á Akureyri og Fjórðungssjúkrahússins þar sem yrði m.a. sameiginlegt bókasafn fyrir þessar stofnanir. Er ætlunin að vísinda- og gagnamiðstöðin verði hluti af Jónasarhúsi.

Viðræður milli bæjarstjórnar Akureyrar og menntamálaráðuneytisins um málefni Náttúrufræðistofnunar Norðurlands hófust á fyrri hluta árs 1988 og sumarið 1989 var NNN-nefnd m.a. falið að fara yfir fyrirliggjandi hugmyndir um byggingu náttúrufræðihúss á Akureyri og stöðu náttúrugripasafna með tilliti til rannsókna og samstarfs við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað er höfuðsafn sinnar tegundar á Austurlandi og hluti af Safnastofnun Austurlands sem er samræmingar- og stuðningsstofnun fyrir söfn í fjórðungnum. Hin síðari ár hefur safnið verið eflt til mikilla muna og hefur með höndum rannsóknastarfsemi í auknum mæli, auk þess að reka sýningarsal með náttúruminjum.

Til náttúrugripasafns í Neskaupstað var stofnað árið 1965 með því að sett var á laggirnar náttúrugripasafnsnefnd Neskaupstaðar. Hófst nefndin þegar handa um efnisöflun og hefur Náttúrugripasafnið frá árinu 1971 haft opna sýningu fyrir almenning. Safnið er

nú til húsa að Miðstræti 1 sem því var afhent að gjöf 16. september 1986.

Á vegum Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað hefur frá því fyrsta verið unnið að söfnun náttúrugripa og rannsóknum á náttúrufari á Austurlandi. Söfnunin hefur einkum beinst að plöntum og steintegundum en einnig hefur verið safnað talsverðu af skordýrum og flækingsfuglum. Er þar nú mjög gott safn steintegunda og plantna, einkum af Austurlandi, auk margvíslegra náttúrugripa úr dýraríkinu.

Nokkuð hefur verið unnið að rannsóknum við Náttúrugripasafnið í Neskaupstað, einkum á flóru Austfjarða, en einnig umhverfisrannsóknum fyrir Orkustofnun vegna áformaðra virkjana á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði og vegna orkufreks iðnaðar í Reyðarfirði fyrir staðarvalsnefnd um iðnrekstur. Í samvinnu við Náttúruverndarsamtök Austurlands hefur verið unnið að rannsóknum á ákveðnum svæðum vegna náttúruminjaskráningar og friðlýsingar. Þá hefur Náttúrugripasafnið um nokkurt skeið annast eftirlit með mannvirkjagerð á Austurlandi fyrir Náttúruverndarráð.

Náttúrugripasafnið er rekið af bæjarsjóði Neskaupstaðar með lítils háttar styrk frá ríkissjóði og er við safnið einn fastráðinn starfsmaður, forstöðumaður í ¼ hluta starfi. Auk þess er ráðið í vörslu sýningar yfir sumarmánuðina.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrufræðistofur.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 er fjárveiting til Náttúrufræðistofnunar Íslands um 33 m.kr. Vegna aukinna verkefna Náttúrufræðistofnunar á landsbyggðinni hefur frumvarp þetta til laga í för með sér að lágmarki 22–24 m.kr. í árlegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð þegar öllum ákvæðum frumvarpsins hefur verið framfylgt. Kostnaðarauki skýrist af eftirfarandi:

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra skipi forstöðumann hvers seturs til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar Náttúrufræðistofnunar. Að auki skipar ráðherra forstjóra (framkvæmdastjóra) Náttúrufræðistofnunar Íslands til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Gera má ráð fyrir að kostnaðarauki vegna skipan forstjóra geti verið um 3 m.kr. á ári.

Ráðgert er að stofna nýtt setur Náttúrufræðistofnunar á Akureyri í ársbyrjun 1993. Hugmyndir eru einnig uppi um að Náttúrufræðistofnun Íslands yfirtaki rekstur vegna almennra náttúrurannsókna hjá Náttúrufræðistofnun Norðurlands. Áætlaður kostnaðarauki ríkissjóðs vegna yfirtökunnar er um 8–9 m.kr. á ári. Vegna aukinna umsvifa á Akureyri er þörf á fjölgun stöðugilda og stækkun húsnæðis og er kostnaðarauki metinn á um 5–6 m.kr. á ári.

Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða er gert ráð fyrir kostnaðarþátttöku ríkissjóðs við rekstur náttúrufræðistofu á Austurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1994 og á Suðurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1995. Í 10. gr. er kveðið á um að framlag ríkissjóðs til náttúrustofu takmarkist við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, inn-

réttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Starfi náttúrustofa í leiguhúsnæði á það sama við um leigukostnað. Vegna launa forstöðumanna og húsaleigu má gera ráð fyrir um 3 m.kr. á ári vegna hvorrar náttúrustofu, auk stofnkostnaðar samkvæmt fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni.

229. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Markús Sigurbjörnsson prófessor, Hrafn Bragason, hæstaréttardómara og formann réttarfarsnefndar, Gest Jónsson, formann Lögmannafélags Íslands, Valtý Sigurðsson, formann Dómarafélags Íslands, Garðar Gíslason, formann Lögfræðingafélags Íslands, Rúnar Guðjónsson, formann Sýslumannafélags Íslands, Þorstein Geirsson, ráðuneytisstjóra í dómsmálaráðuneytinu, Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, og Þorbjörn Hlyn Árnason biskupsritara. Þá barst nefndinni umsögn formanns réttarfarsnefndar og dómsmálaráðuneytisins um frumvarpið.

Í frumvarpinu eru ákvæði sem mæla fyrir um breytingar á lögum sem ætlunin er að breyta samkvæmt frumvörpum sem lögð hafa verið fram á þessu þingi. Í varúðarskyni ákvað nefndin að hrófla ekki við þessum ákvæðum.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 7. gr. frv. er ranglega vísað í 8. gr. laga nr. 12/1922. Þar skal vísað í 5. gr.
2. Lagt er til að úrelt upphæð fæðispeninga lögreglustjóra, umboðsmanns hans eða hreppsstjóra í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 42/1926 verði felld brott.
3. Lagt er til að felld verði úr gildi lög nr. 43/1930, lög nr. 32/1957, lög nr. 22/1960 og lög nr. 36/1967, en þau hafa nú öll lokið hlutverki sínu.
4. Lögð er til breyting við 28. gr. frumvarpsins. Tilvísun í orð 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1953 bætist til skýringar við 2. mgr. 2. gr. sömu laga.
5. Lagt er til að ákvæði 2. málsliðar a-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/1963 verði breytt til samræmis við það að dómarar við Hæstarétt Íslands eru nú átta.
6. Í 102. gr. frv. eru lög nr. 90/1989 ranglega tilgreind sem lög nr. 90/1990.
7. Lagt er til að ný grein, 103. gr., komi aftan við 102. gr. frv. Til þess að héraðsdómarar geti hafið störf við gildistöku laga nr. 92/1989 þann 1. júlí 1992 er nauðsynlegt að þeir hafi verið skipaðir fyrir þann tíma. Skipa verður því nú þegar dómnefnd til að fjalla um hæfi umsækjenda til embættis héraðsdómara. Enn fremur er lagt til að dómsmálaráðherra verði gert kleift að skipa dómstjóra við héraðsdóma fyrir gildistöku laganna. Ákvæði þessi hafa því aðeins þýðingu að þau öðlist þegar gildi.
8. Lagt er til að heitið rannsóknari í lögum nr. 19/1991 haldist. Þeir töluliðir 106. gr., sem leggja áttu niður hugtakið rannsóknari úr lögum nr. 19/1991, falli því brott.
9. Lagt er til að heiti laganna sé breytt með vísan til tillögu nefndarinnar um brottfall fernra laga.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum þessum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. des. 1991.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.
Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Össur Skarphéðinsson.

230. Breytingartillögur [61. mál]

við frv. til l. um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 7. gr. Í stað „2. málslið 8. gr.“ í 8. tölul. komi: 2. málslið 5. gr.
2. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Á lögum um skipströnd og vogrek, nr. 42 15. júní 1926, verða svofelldar breytingar:
   1. Í 1. málslið 1. mgr. 19. gr. falla orðin „10 kr. í“ brott.
   2. 2. mgr. 19. gr. fellur niður.
3. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Lög um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o.fl., nr. 43 19. maí 1930, falla úr gildi.
4. Við 28. gr. Á eftir orðunum „Sveitarstjórnir skulu“ komi: á þeim grunni.
5. Við 35. gr. Greinin orðist svo:
   Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum, nr. 32 22. maí 1957, falla úr gildi.
6. Við 38. gr. Greinin orðist svo:
   Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum, nr. 22 10. maí 1960, falla úr gildi.
7. Við 40. gr. Á eftir 1. tölul. bætist við nýr töluliður, 2. tölul., er orðist svo: Við 2. málslið a-liðar 1. mgr. 2. gr. Á eftir orðinu „varadómendur“ komi: aðra hæstaréttardómara og síðan.
8. Við 49. gr. Greinin orðist svo:
   Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd sín og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum, nr. 36 29. apríl 1967, falla úr gildi.
9. Við 102. gr. Í stað „nr. 90 1. júní 1990“ í 1. málslið komi: nr. 90 1. júní 1989.

10. Á eftir 102. gr. komi ný grein er verði 103. gr. og orðist svo:
    Við 16. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, bætast tvær nýjar málsgreinar, 2. og 3. mgr., svohljóðandi:
    Þegar héraðsdómarar við héraðsdóm Reykjavíkur, Norðurlands eystra, Suðurlands og Reykjaness hafa verið skipaðir í fyrsta sinn skulu þeir gera tillögu til dómsmálaráðherra um dómstjóra og hann þegar skipaður.
    Skipa skal dómnefnd skv. 2. mgr. 5. gr. þannig að hún geti fyrir gildistöku laganna fjallað um hæfi umsækjenda um embætti héraðsdómara. Reglur um störf nefndarinnar skulu gilda um störf hennar frá upphafi.
11. Við 106. gr. er verði 107. gr.
    a. 3.–7. tölul. falli brott.
    b. Á eftir 8. tölul., sem verði 3. tölul., komi nýr töluliður, 4. tölul., er orðist svo: Við 66. gr. bætist nýr töluliður, 4. tölul., svohljóðandi:
       Rannsóknari er sá starfsmaður lögreglu eða ákæruvalds sem rannsókn stýrir eða sinnir hverju sinni.
    c. 9. tölul., er verði 5. tölul., orðast svo: Í 1. mgr. 69. gr. falla brott orðin „Sá sem fer með rannsókn (rannsóknari)“, en í stað þeirra kemur: Rannsóknari.
    d. 10.–26. tölul., 31. tölul. og 33.–35. tölul. falli brott.
12. Við 108. gr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Þó öðlast 103. gr. þegar gildi.
13. Við heiti laganna bætist: o.fl.

231. Fyrirspurn [204. mál]

til menntamálaráðherra um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað líður framkvæmd ályktunar sem samþykkt var á Alþingi 12. mars 1991 um fræðslu í fjármálaumsýslu í skólum?

232. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Ný þingskapalög gera ráð fyrir verulegum breytingum á starfssviði fjárlaganefndar sem áður var nefnd fjárveitinganefnd. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. þingskapa skal m.a. vísa frumvarpi til fjárlaga, fjáraukalaga, lánsfjárlaga og laga um samþykkt á ríkisreikningi til nefndarinnar að lokinni 1. umr. um þau. Þá er kveðið á um að vísa skuli frumvarpi til fjárlaga að nýju til fjárlaganefndar að lokinni 2. umr.

Samkvæmt ákvæðum eldri þingskapalaga bar fjárveitinganefnd aðeins að fjalla um fjárlög og fjáraukalög auk þingsályktunartillagna sem til hennar var vísað og vörðuðu útgjöld úr ríkissjóði. Hlutverk fjárlaganefndar samkvæmt hinum nýju þingsköpum er því mun víðtækara en það áður var.

Í 2. mgr. 25. gr. er kveðið á um það nýmæli að fjárlaganefnd geti vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með sama hætti geta aðrar fastanefndir ákveðið að fjalla um einstaka þætti fjárlagafrumvarpsins. Vísa ber frumvarpi til lánsfjárlaga og tekjugrein fjárlagafrumvarps til efnahags- og viðskiptanefndar. Fjárlaganefnd er falið að tilgreina fyrir hvaða tíma fagnefndirnar skulu skila áliti sínu svo að hún hafi nægilega rúman tíma til þess að taka afstöðu til tillagna fagnefndanna áður en hún gengur frá málinu fyrir 2. umr.

Í samræmi við þetta fjallaði fjárlaganefnd um þessi nýmæli á fundi í sumar. Í framhaldi af því var formanni og varaformanni nefndarinnar ásamt Guðmundi Bjarnasyni falið það verkefni að gera tillögu um vinnubrögð á komandi vetri. Héldu þeir einnig fund með formönnum annarra fastanefnda. Á þeim fundi varð samkomulag um að nefndir tækju þá málaflokka, er undir þær féllu, til umræðu og umsagnar án þess að þeim væri sérstaklega vísað til þeirra. Einnig var rætt um að fara hægt í breytingar meðan reynsla væri að fást af hinni nýju skipan. Eftir afgreiðslu á fjárlagafrumvarpi í ár væri ástæða til að skoða frekari breytingar. Fjárlaganefnd ákvað síðan að skilafrestur nefndarálita yrði til 1. nóvember sl. en sá frestur var síðar lengdur til 10. nóvember.

Flestar nefndir skiluðu áliti. Í nokkrum nefndum varð ágreiningur og skilaði þá minni hluti séráliti. Öll þessi álit eru prentuð sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti eins og fyrir er mælt í þingskapalögum.

Ekki er vafi á því að þessi nýbreytni er til bóta bæði fyrir störf fjárlaganefndar og annarra fastanefnda.

Fjárlaganefnd hóf störf við undirbúning afgreiðslu fjárlaga 23. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga. Síðan hefur nefndin haldið 45 bókaða fundi um frumvarpið og átt viðtöl við alls nálega 180 aðila sem komið hafa á fund nefndarinnar, en einnig hefur fjöldi aðila haft samband við einstaka nefndarmenn eða nefndarhluta. Auk þess hafa undirnefndir unnið að afgreiðslu einstakra málaflokka. Á þessum tíma hefur nefndin samhliða vinnu við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1992 fjallað um fjáraukalög fyrir árin 1991 og 1990 ásamt ríkisreikningi fyrir árið 1989. Í þessum störfum hefur nefndin notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar eins og á undanförnum árum. Þá hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Er nefndin hafði lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem til hennar bárust, svo og skiptingu allra fjárfestingarliða, lágu fyrir breytingartillögur sem nefndin hafði sameiginlega unnið að og námu samtals til hækkunar á 4. gr. 220,2 millj. kr.

Þá fékk nefndin til umfjöllunar tillögur sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 9. desember sl. Eru þær tillögur, sem kunnugt er, flestar til sparnaðar á útgjöldum ríkisins en einnig nokkrar sem fela í sér aukin útgjöld. Enn aðrar varða tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar flytur verulegan hluta þessara tillagna við 2. umr. og nemur sparnaður samkvæmt þeim 957,6 millj. kr. Aðrar af þessum tillögum bíða 3. umr. Auk þessa leggur meiri hluti nefndarinnar fram við þessa umræðu tillögur um frekari lækkun útgjalda sem samtals nema 232 millj. kr.

Í heild gera breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar við 2. umr. ráð fyrir 969,4 millj. kr. lækkun útgjalda.

Nefndin hefur ekki lokið afgreiðslu nokkurra mála sem bíða 3. umr. Má þar nefna málefni sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu, þar með talið ríkisspítala, vegamál og nokkur önnur smærri mál. Enn fremur bíður samkvæmt venju tekjuhlið frumvarpsins, B-hluti og heimildir skv. 6. gr. afgreiðslu nefndarinnar við 3. umr.

Minni hluti nefndarinnar hefur kosið að standa ekki að breytingartillögum meiri hlutans og mun hann skila séráliti.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Viðfangsefni 1.01 Alþingiskostnaður lækkar um 7.000 þús. kr. og verður 237.800 þús. kr. Um er að ræða lækkun á launa- og rekstrarkostnaði.

01 Forsætisráðuneyti

171 Byggðastofnun: Framlag lækkar um 20.000 þús. kr. og verður 180.000 þús. kr., m.a. vegna lækkunar á rekstrarkostnaði stofnunarinnar.

02 Menntamálaráðuneyti

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 4.000 þús. kr. og verður 239.600 þús. kr. Um er að ræða ferðakostnað vegna samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður: Viðfangsefni 6.90 Byggingarframkvæmdir lækkar um 5.500 þús. kr. og verður 299.500 þús. kr. vegna lækkunar á framlagi til framhaldsskóla í Reykjavík.

720 Grunnskólar, almennt: Viðfangsefni 1.41 Landakotsskóli, rekstrarstyrkur hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 5.400 þús. kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar við skólann. Viðfangsefni 1.90 Grunnskólar, óskipt lækkar um 10.000 þús. kr. og verður 36.500 þús. kr.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 58.000 þús. kr. Um er að ræða hækkun vegna sýninga á vegum safnsins. Viðfangsefni 5.90 Verndun gamalla húsa hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 10.300 þús. kr.

907 Listasafn Íslands: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 43.800 kr. Hækkunin er vegna leigu á húsnæði fyrir viðgerðir á verkum safnsins.

908 Kvikmyndasafn Íslands: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 8.900 þús. kr. Hækkunin er vegna varðveislu á gömlum filmum.

919 Söfn, ýmis framlög: Tilfærslur hækka um 6.100 þús. kr. og verða 48.000 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig:

a. Liðurinn 1.10 Listasafn ASÍ hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 3.000 þús. kr. Hækkunin er vegna endurbóta á verkum safnsins.
b. Liðurinn 1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hækkar um 2.500 þús. kr. og verður 4.500 þús. kr. vegna rekstrar.
c. Liðurinn 1.20 Byggða- og minjasöfn hækkar um 2.600 og verður 12.600.

973 Þjóðleikhús: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 27.500 þús. kr. og verður 254.000 þús. kr. vegna rekstrar.

982 Listir, framlög: Viðfangsefni 1.22 Starfsemi áhugaleikhópa hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 14.000 þús. kr. Viðfangsefni 1.76 Menningarsjóður félagsheimila hækkar um 1.400 þús. kr. og verður 7.500 þús. kr.

988 Æskulýðsmál: Viðfangsefni 1.17 Starfsemi KFUM og KFUK hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 4.200 vegna rekstrar á sumarbúðum.

989 Ýmis íþróttamál: Viðfangsefni 1.10 Íþróttasamband Íslands hækkar um 1.900 þús. kr. og verður 26.900 þús. kr. Viðfangsefni 1.11 Ólympíunefnd Íslands hækkar um 2.500 þús. kr. og verður 8.000 þús. kr. vegna Ólympíuleika á næsta ári. Viðfangsefni 1.12 Ólympíunefnd fatlaðra hækkar um 800 þús. kr. og verður 2.000 þús. kr. vegna Ólympíuleika á næsta ári. Viðfangsefni 1.16 Íþróttafélög, styrkir hækkar um 3.500 þús. kr. og verður 16.000 þús. kr. Viðfangsefni 1.21 Skáksamband Íslands hækkar um 2.200 þús. kr. og verður 4.400 þús. kr. Liðurinn 1.23 Skákmót, styrkir fellur brott. Liðurinn 1.24 Skólaskákmót fellur brott, en til þess er ætlast að þessum viðfangsefnum verði sinnt af lið Skáksambandsins.

999 Ýmislegt: Viðfangsefni 1.63 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna hækkar um 1.200 þús. kr. og verður 2.700 þús. kr. vegna hækkunar á framlagi til USD-gildis.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.53 Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins hækkar um 10.000 þús. kr. og verður 30.000 þús. kr. vegna samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

04 Landbúnaðarráðuneyti

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 72.500 þús. kr. Um er að ræða ferðakostnað vegna samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

202 Hagþjónusta landbúnaðarins: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 500 þús. kr. og verður 12.600 þús. kr. Hækkunin er vegna þess að stofnuninni hefur verið falið viðfangsefni í tengslum við GATT-samninga.

290 Greiðslur vegna búvöruframleiðslu: Viðfangsefni 1.30 Beinar greiðslur til bænda lækkar um 295.000 þús. kr. og verða 1.475.000 þar sem gert er ráð fyrir að þær dreifist á 12 mánuði í stað 10 mánaða.

299 Búnaðarmál, ýmis verkefni: Tekinn er inn nýr liður 1.21 Landþurrkun 1.500 þús. kr. Viðfangsefni 1.22 Ýmis verkefni hækkar um 1.400 þús. kr. og verður 1.700 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 85.000 þús. kr. Um er að ræða ferðakostnað vegna samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefni 1.32 Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi lækkar um 10.000 þús. kr. og verður 42.500 þús. kr. vegna lækkunar á framlagi til starfsmenntunar í sjávarútvegi.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík: Viðfangsefni 1.20 Almenn löggæsla lækkar um 10.000 þús. kr. og verður 703.700 þús. kr. vegna lækkunar á rekstrarkostnaði.

395 Landhelgisgæsla Íslands: Viðfangsefni 1.21 V/s Ægir lækkar um 10.200 þús. kr. og verður 112.200 þús. kr. Viðfangsefni 1.22 V/s Óðinn lækkar um 8.800 þús. kr. og

verður 96.200 þús. kr. Viðfangsefni 1.23 V/s Týr lækkar um 12.000 þús. kr. og verður 114.600. Um er að ræða lækkun á ofangreindum viðfangsefnum vegna rekstrarkostnaðar skipa. Viðfangefni 1.30 Fluggæsla lækkar um 19.000 þús. kr. og verður 208.000 þús. kr. vegna lækkunar á rekstrarkostnaði flugvéla.

701 Biskup Íslands: Viðfangsefni 1.15 Ýmis verkefni hækkar um 500 þús. kr. og verður 5.700 þús. kr. Hækkunin er vegna safnaðaruppbyggingar.

711 Prestaköll og prófastsdæmi: Viðfangsefni 1.10 Prestar og prófastar hækkar um 1.800 þús. kr. og verður 311.000 þús. kr. Hækkunin er vegna stöðugildis aðstoðarprests í Keflavík.

790 Kirkjumál, ýmis kostnaður: Viðfangsefni 1.90 Ýmislegt hækkar um 2.400 þús. kr. og verður 5.400 þús. kr. Viðfangsefni 6.11 Hallgrímskirkja hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 7.000 þús. kr. Hækkunin er vegna viðgerðar á kirkjunni. Viðfangsefni 6.12 Hóladómkirkja hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 3.000 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 75.100 þús. kr. vegna ferðakostnaðar við samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

700 Málefni fatlaðra: Tekið er inn nýtt viðfangsefni 1.20 Vistun geðfatlaðra 35.000 þús. kr.

722 Sólheimar Grímsnesi: Viðfangsefni 1.70 hækkar um 4.500 þús. kr. og verður 87.500 þús. kr. Hækkunin er vegna samþykkta fjárveitinganefndar frá 13. mars 1991 um að gert verði ráð fyrir 9 milljóna króna framlagi á árunum 1992 og 1993 sem lokauppgjöri vegna fjárhagsvanda heimilisins.

998 Ráðstöfunarfé: Viðfangsefni 1.01 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra hækkar um 200 þús. kr. og verður 5.000 þús. kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefni 1.27 Slysavarnafélag Íslands hækkar um 7.500 þús. kr. og verður 16.500 þús. kr. vegna viðhalds á Sæbjörgu. Viðfangsefni 1.32 Starfsmenntun í atvinnulífinu lækkar um 10.000 þús. kr. og verður 48.000 þús. kr. vegna lækkunar á framlagi til starfsmenntunar.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2.500 þús. kr. og verður 117.100 þús. kr. vegna ferðakostnaðar við samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

271 Tryggingastofnun ríkisins: Viðfangsefni 1.10 Lífeyristryggingar hækkar um 80.000 þús. kr. og verður 14.757.000 þús. kr. Viðfangsefni 1.20 Sjúkratryggingar hækkar um 600.000 þús. kr. og verður 9.409.000 þús. kr.

273 Atvinnuleysistryggingasjóður: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 150.000 þús. kr. og verður 1.280.000 þús. kr. Um er að ræða hækkun á framlagi til sjóðsins þar sem atvinnuleysi er talið verða meira á árinu 1992 en forsendur fjárlagafrumvarpsins gerðu ráð fyrir.

301 Landlæknir: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 9.000 þús. kr. og verður 42.900. Hækkunin er framlag til Krýsuvíkursamtakanna vegna reksturs á meðferðarheimili í Krýsuvík fyrir fíkniefnaneytendur.

325 Hollustuvernd ríkisins: Viðfangsefni 1.02 Heilbrigðiseftirlit lækkar um 5.000 þús. kr. og verður 9.700 þús. kr. Viðfangsefni 1.03 Rannsóknastofa lækkar um 5.000 þús. kr. og verður 23.300 þús. kr. Um er að ræða hækkun á sértekjum um 10.000 þús. kr. og verða þær 27.800 þús. kr. hjá stofnuninni.

350 Sjúkrahúsið Akranesi: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 2.200 þús. kr. og verður 459.000 þús. kr. vegna leiðréttingar á álagshlutfalli á launum.

358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 3.800 þús. kr. og verður 1.136.000 þús. kr. Lækkunin er vegna leiðréttingar á álagshlutfalli á launum.

367 Sjúkrahúsið Keflavík: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 1.600 þús. kr. og verður 223.500 þús. kr. vegna leiðréttingar á álagshlutfalli á launum.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Viðfangsefni 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækkar um 4.200 þús. kr. og verður 294.200 þús. kr.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Viðfangsefni 1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit, lækkar um 19.000 þús. kr. og verður 103.100 þús. kr. Hér er um leiðréttingu að ræða vegna ofáætlunar í frumvarpi. Tekinn er inn nýr liður 1.72 Bláalónsnefnd 7.000 þús. kr. til rannsóknaverkefna. Viðfangsefni 1.90 Ýmis framlög hækkar um 4.100 þús. kr. og verður 14.100 þús. kr.

409 Hjúkrunarheimilið Skjól: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 17.000 þús. kr. og verður 275.000 þús. kr. Hækkunin er vegna sambýlis fyrir Alzheimer-sjúklinga.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt: Viðfangsefni 1.10 lækkar um 64.600 þús. kr. og verður 81.700 þús. kr. Hér er um að ræða tilfærslu til heilsugæslustöðva vegna lækkunar á sértekjum þeirra.

510 – 586 Heilsugæslustöðvar. Um er að ræða lækkun á sértekjum að fjárhæð 149.000 þús. kr. og hækkun þeirra um 16.200 þús. kr. Á móti lækka tilfærslur að fjárhæð 64.600 þús. kr. á fjárlagalið Heilsugæslustöðvar, almennt. Viðfangsefni heilsugæslustöðva hækka þannig nettó um 68.200 þús. kr. og kemur skiptingin fram í breytingartillögum. Hér er um að ræða nýútkomna reglugerð um komugjald á heilsugæslustöðvar og ýmsa aðra sjúkraþjónustu sem leiddi til þess að lækka varð fyrri áætlun um sértekjur heilsugæslustöðva um 68.200 þús. kr.

09 Fjármálaráðuneyti

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2.500 þús. kr. og verður 273.500 þús. kr. vegna ferðakostnaðar við samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

261 Ríkistollstjóri: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 5.000 þús. kr. og verður 94.300 þús. kr. vegna hækkunar á sértekjum hjá embættinu vegna sölu á tollskýrslueyðublöðum.

262 Tollstjórinn í Reykjavík: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 5.000 þús. kr. og verður 155.900 þús. kr. vegna lækkunar á rekstrarkostnaði embættisins.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum: Viðfangsefni 6.01 lækkar um 5.000 þús. kr. og verður 470.000 þús. kr.

995 Skýrsluvélakostnaður: Viðfangsefni 1.02 Tekjubókhaldskerfi lækkar um 2.000 þús. kr. og verður 168.000 þús. kr. Viðfangsefni 1.03 Skattavinnslukerfi lækkar um 2.000 þús. kr. og verður 138.000 þús. kr. Viðfangsefni 1.04 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins lækkar um 1.000 þús. kr. og verður 46.000 þús. kr. Um er að ræða lækkun rekstrarkostnaðar við ofangreind kerfi.

999 Ýmislegt: Viðfangsefni 1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður lækkar um 8.500 þús. kr. og verður 14.000 þús. kr. Viðfangsefni 1.19 Ýmsar endurgreiðslur lækkar um 10.000 þús. kr. og verður 20.000 þús. kr. Viðfangsefni 6.20 Ríkisbifreiðar, framlag lækkar um 1.500 þús. kr. og verður 5.000 þús. kr.

10 Samgönguráðuneyti

333 Hafnamál: Tekinn er inn nýr liður 4 Sértekjur. Um er að ræða framkvæmdagjald til hafna að fjárhæð 125.000 þús. kr. vegna álags á vörugjald og aflagjald. Viðfangsefni 6.30 Hafnamannvirki hækkar um 75.300 þús. kr. og verður 762.300 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður 6.39 Hafnamannvirki, Sandgerði 47.700 þús. kr.

485 Ýmis framlög: Tekinn er inn nýr liður 1.26 Ýmislegt 3.000 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður 1.42 Ýmis ferðamál 2.000 þús kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

201 Iðntæknistofnun Íslands: Tekinn er inn nýr liður 6.01 Tæki og búnaður 9.000 þús. kr. sem er leiðrétting.

12 Viðskiptaráðuneyti

101 Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 6.000 þús. kr. og verður 70.600 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig að 1.000 þús. kr. er framlag til Neytendasamtakanna og 5.000 þús. kr. er vegna ferðakostnaðar við samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 100.000 þús. kr. og verður 4.475.000 þús. kr. Hér er um að ræða lækkun á niðurgreiðslum á mjólkurdufti.

14 Umhverfisráðuneyti

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 50.900 þús. kr. Hækkunin er vegna framlags ráðuneytisins til byggingarstaðlagerðar á árinu 1992.

190 Ýmis verkefni: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 1.28 Átak í sorphirðumálum 5.000 þús. kr. Viðfangsefni 6.91 Náttúruhús í Reykjavík fellur niður vegna frestunar á framkvæmdum við byggingu hússins.

210 Veiðistjóri: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 12.300 þús. kr. og verður 35.900 þús. kr. vegna kostnaðar við eyðingu refa og minka.

301 Skipulagsstjóri ríkisins: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 4.500 þús. kr. og verður 85.000 þús. kr.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. des. 1991.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Pálmi Jónsson.	Sturla Böðvarsson.
Árni Johnsen.	Gunnlaugur Stefánsson.	Einar K. Guðfinnsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarps 1992 sem eru á hennar málefnasviði. Til útskýringar á helstu atriðum frumvarpsins komu á fundi nefndarinnar þeir Þorleifur Pálsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Gísli Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneyti, og Jón Steingrímsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti.

Nefndin telur yfirferð þessa hafa verið gagnlega nefndarmönnum og hyggst halda áfram á sömu braut á næsta þingi. Mun hún skipuleggja þá vinnu í ljósi fenginnar reynslu.

Nefndin telur sér ekki fært, miðað við þá takmörkuðu vinnu sem fram hefur farið í nefndinni, að taka afstöðu til einstakra liða í þessum hluta fjárlagafrumvarpsins. Ekki vannst tími til að ræða við fulltrúa Byggðastofnunar í tengslum við frumvarpið og áskilur nefndin sér rétt til að koma með athugasemdir síðar. Enn fremur munu einstakir nefndarmenn, ef þeir svo kjósa, lýsa viðhorfum sínum við framhaldsumræðu málsins.

Áliti þessu fylgdi bréf sem nefndin ritaði dóms- og kirkjumálaráðherra 7. nóvember 1991.

Alþingi, 7. nóv. 1991.

Sólveig Pétursdóttir, form.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Björn Bjarnason.
Eyjólfur Konráð Jónsson.
Ingi Björn Albertsson.
Jón Helgason.
Kristinn H. Gunnarsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.
Össur Skarphéðinsson.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á hennar málefnasviði, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. þingskapa. Við umfjöllun nefndarinnar hafa starfsmenn félagsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis setið fundi hennar og fékk nefndin hjá þeim skýringar á helstu atriðum er vörðuðu félagsmálakafla frumvarpsins.

Frá félagsmálaráðuneytinu komu Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri og Sturlaugur Tómasson deildarstjóri og frá fjármálaráðuneytinu kom Einar Sverrisson, yfirviðskiptafræðingur fjárlagaskrifstofu ráðuneytisins. Þá komu einnig í tengslum við fjárlagaumfjöllun nefndarinnar Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, og frá Þroskahjálp Ásta Þorsteinsdóttir formaður, Svanfríður Larsen varaformaður og Lára Björnsdóttir framkvæmdastjóri.

Meiri hluti nefndarinnar telur að umfjöllun hennar um fjárlagafrumvarpið hafi verið gagnleg nefndarmönnum og jafnframt að þessi þáttur eigi eftir að verða æ mikilvægari hluti af starfi nefndarinnar á haustþingi. Meiri hlutinn álítur að reynslan af fjárlagavinnunni sýni að nauðsynlegt er að undirbúningur hennar hefjist mun fyrr en mögulegt var á þessu þingi. Þá telur meiri hlutinn einnig æskilegt að á næsta þingi einbeiti hún sér að tilteknum málaflokkum á málefnasviði ráðuneytisins þannig að fjárlagavinna nefndarinnar verði markvissari. Að mati meiri hlutans kæmi til greina að ákvörðun um slíkt væri tekin í samráði við fjárlaganefnd fyrir þinglok að vori.

Í ljósi þess að þessi fyrsta yfirferð nefndarinnar á fjárlagafrumvarpinu var mjög almenns eðlis ákvað meiri hluti hennar að gera ekki athugasemdir við félagsmálakafla frumvarpsins.

Alþingi, 6. nóv. 1991.

Rannveig Guðmundsdóttir, form.
Guðjón Guðmundsson.
Eggert Haukdal.
Gunnlaugur Stefánsson.
Einar K. Guðfinnsson.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hluti félagsmálanefndar Alþingis er sammála því sem fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans um að fjárlagavinna þurfi að hefjast fyrr til að ná markvissari vinnubrögðum.

Eftirfarandi atriði varðandi fjárlagafrumvarpið vill minni hluti félagsmálanefndar gera sérstakar athugasemdir við:

Of margir endar eru lausir hvað varðar samskiptin við sveitarfélögin í landinu og ýmsu er slegið fram án samráðs og samvinnu við þau.

Boðuð er fækkun undanþágna í virðisaukaskatti en ekki er ljóst hvort þau áform ná til endurgreiðslu til sveitarfélaga, m.a. á sérfræðiþjónustu, ræstingu og snjómokstri.

Í 6. gr. frumvarpsins er heimildarákvæði um að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseignum sem sveitarfélögin eiga með ríkissjóði. Fullkomlega er óljóst hvað þetta hefur í för með sér fyrir sveitarfélögin.

Fasteignamati ríkisins er ætlað að afla 21 milljónar króna í sértekjur sem að langmestu leyti þýðir aukin útgjöld sveitarfélaga vegna þess að þau eru stærsti viðskiptaaðili stofnunarinnar.

Í húsnæðismálum er boðuð aukin þátttaka sveitarfélaga í félagslega íbúðakerfinu, auk almennrar vaxtahækkunar.

Varðandi ríkisábyrgð á launum er minni hlutinn tilbúinn að ræða breytt fyrirkomulag sem kemur í veg fyrir misnotkun þessara réttinda, en telur upphæðina í frumvarpinu, sem ætluð er til að mæta þessum ábyrgðum, algjörlega óraunhæfa.

Þetta eru aðeins fá dæmi af mörgum um óljósar og óútfærðar hugmyndir í frumvarpinu sem valda sveitarstjórnarmönnum áhyggjum.

Hvað varðar málefni fatlaðra mótmælir minni hluti félagsmálanefndar harðlega að fötluð börn þurfi að taka þátt í hinum nýju þjónustugjöldum á heilsugæslustöðvum og hækkuðum göngudeildargjöldum sem bætast nú við óheyrilegan lyfjakostnað.

Alþingi, 6. nóv. 1991.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Ingibjörg Pálmadóttir.
Jón Kristjánsson.
Kristinn H. Gunnarsson.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga. nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarps 1992 sem eru á hennar málefnasviði.

Til fundar við nefndina komu Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Edda Hermannsdóttir skrifstofustjóri og Svanhvít Jakobsdóttir deildarstjóri, frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, og Björn Matthíasson frá fjármálaráðuneyti og útskýrðu þau helstu liði frumvarpsins. Enn fremur var tekið upp það nýmæli að heimsækja sjúkrahús. Heimsóttir voru Landakotsspítali, Borgarspítali og St. Jósefsspítali og rætt við forráðamenn um rekstur og starfsemi þessara stofnana. Meiri hluti nefndarinnar telur að þessi yfirferð fjárlagafrumvarpsins, sem og heimsóknirnar á sjúkrahúsin, hafi reynst nefndarmönnum afar fróðlegar.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki í þessu áliti athugasemdir við einstaka þætti í heilbrigðis- og tryggingakafla fjárlagafrumvarpsins. Þar ræður mestu að nefndin hafði ekki nægan tíma til að fjalla um þennan þátt frumvarpsins og varð því yfirferð nefndarinnar mjög almenns eðlis og ekki tækifæri til að fjalla um þennan mikla og flókna málaflokk sem skyldi. Meiri hluti nefndarinnar er sammála um að reynslan af fjárlagavinnunni sýni að forsenda þess að nefndin geti brotið svo víðfeðman og flókinn málaflokk til mergjar sé að undirbúningur hennar hefjist mun fyrr en mögulegt var á þessu þingi og jafnframt að henni, sem öðrum fagnefndum þingsins, verði almennt ætlaður meiri tími til yfirferðar frumvarpsins. Í þessu sambandi kæmi til greina að nefndir hæfu undirbúningsvinnu að sumri, t.d. með heimsóknum til stofnana á vegum ráðuneytisins, og jafnframt að nefndunum gæfist kostur á að fjalla um málið fram til síðari hluta nóvembermánaðar.

Meiri hluti nefndarinnar vill leggja áherslu á að í þeim veigamiklu breytingum, sem fram undan eru í heilbrigðisþjónustu, verði fagleg vinnubrögð höfð í fyrirrúmi.

Einstakir nefndarmenn munu, ef þeir svo kjósa, lýsa nánar viðhorfum sínum við framhaldsumræðu málsins og skoða málefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í ljósi heildarniðurstöðu fjárlaga.

Alþingi, 8. nóv. 1991.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, varaform.
Björn Bjarnason.
Guðmundur Hallvarðsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Valgerður Gunnarsdóttir.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Minni hluti heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis getur tekið undir þá skoðun meiri hlutans að of skammur tími hafi gefist til að fara yfir þá umfangsmiklu málaflokka sem undir nefndina heyra og taka þarf afstöðu til við afgreiðslu fjárlaga. Engu að síður telur minni hlutinn brýnt að nefndin gefi fjárlaganefnd faglega umsögn um ýmsa þætti sem orka tvímælis í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi. Vill minni hluti heilbrigðis- og trygginganefndar því koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við fjárlaganefnd:

1. Daggjaldanefnd sjúkrahúsa á að leggja niður samkvæmt frumvarpinu. Hún hefur haft það hlutverk að gera tillögur um daggjöld fyrir sjúkrahúsin og hjúkrunarheimilin. Af fjárlagafrumvarpinu er ekki hægt að sjá hvernig daggjaldaákvörðun á að fara fram, en ef ákvörðun á að flytjast til heilbrigðisráðuneytis og ráðherra og þeir aðilar, sem komið hafa nálægt daggjaldaákvörðunum fram til þessa, eins og fjármálaráðuneytið og Tryggingastofnun ríkisins, eru ekki lengur hafðir með í ráðum er hér um aukna miðstýringu af hálfu ráðuneytis heilbrigðis- og tryggingamála að ræða.
2. Fjárveitingar til yfirstjórnar Tryggingastofnunar ríkisins eru hækkaðar um tæp 19% á sama tíma og einstakir bótaflokkar lífeyristrygginga og sjúkratrygginga eru lækkaðir að raungildi.
3. Framlag til lífeyristrygginga í heild er lækkað um 330 m.kr. Ekki verður séð af frumvarpinu hvar sá sparnaður á að koma niður. Er mikilvægt að slíkar tillögur liggi fyrir áður en frumvarpið er afgreitt frá Alþingi. Varar minni hluti heilbrigðis- og trygginganefndar við því að almennur bótaréttur sé skertur eða bótaupphæðir lækkaðar frá því sem nú er. Þá geta hugmyndir um einhliða tekjutengingu orkað mjög tvímælis ef ekki er tryggt að eignir og eignatekjur komi inn í þá mynd.
4. Sjúkratryggingar eru lækkaðar um 12% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þetta á einkum að gerast með eftirfarandi hætti:
   a. Flytja á fimm stofnanir af daggjöldum á föst fjárlög.
   b. Viðhaldskostnaður sjúkrastofnana lækkar þar sem reiknað er með að 137 m.kr. úr Framkvæmdasjóði aldraðra fari í viðhaldskostnað sjúkrastofnana. Jafnhá upphæð úr sjóðnum á að renna til verkefna skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra. Þetta þýðir að aðeins 140 m.kr. standa eftir í sjóðnum til nýframkvæmda í þágu aldraðra. Minni hluti heilbrigðis- og trygginganefndar vill vekja athygli á því að mjög brýn þörf er fyrir hjúkrunarrými fyrir aldraða í Reykjavík. Samkvæmt úttekt sem unnin var á þessu ári vantar um 260 hjúkrunarpláss þar.
   c. Kostnaður vegna hjálpartækja lækkar um 95 m.kr. og á að ná þeirri lækkun fram með útboðum og aukinni greiðsluþátttöku notenda. Hvergi kemur fram með hvaða hætti greiðsluþátttakan eigi að vera og hvort einhverjir hópar eigi að bera hana öðrum fremur.
   d. Útgjöld vegna 39. gr. almannatryggingalaga lækka um 30 m.kr. en undir þann lið falla ýmsar bætur sjúkratrygginga, svo sem styrkir til tannviðgerða, sjúkraþjálf-

un, ferðakostnaður til útlanda o.fl. Ekkert kemur fram um það hvernig fyrirhugað sé að ná fram þessum sparnaði.

e. Lækniskostnaður er lækkaður um 260 m.kr. með því að láta þá sem þurfa á þjónustunni að halda borga hærra gjald. Til að ná þessum sparnaði þarf að öllum líkindum að hækka komugjald til sérfræðings úr 900 kr. í 1.500 kr. eða um 66%. Vill nefndin benda á að hækkanir sem þessar geta komið mjög illa niður á ákveðnum hópum, svo sem foreldrum sjúkra og fatlaðra barna, en greiða þarf fullt gjald vegna þeirra þar sem þau flokkast ekki sem öryrkjar fyrr en við 16 ára aldur.

f. Tannlæknakostnaður er lækkaður um 280 m.kr. með því að láta þá sem þurfa á þjónustunni að halda taka aukinn þátt í kostnaðinum. Ekki kemur fram í frumvarpinu hvernig það skuli gert.

g. Áætlað er að lækka lyfjakostnað um 800 m.kr. vegna þeirra breytinga á lyfjareglugerð sem tóku gildi 1. júlí sl. Þetta þýðir með öðrum orðum að halda á óbreyttu fyrirkomulagi þrátt fyrir ýmsa ágalla sem fram hafa komið á reglugerðinni. Við meðferð málsins í heilbrigðis- og tryggingarnefnd hefur komið fram að útgáfa lyfjakorta hefur margfaldast. Útgefin lyfjakort voru um miðjan október sl. orðin um 13.500 talsins og þeim hefur enn fjölgað að undanförnu. Þá hefur komið fram í máli heilbrigðisráðherra að veruleg aukning hefur orðið á notkun heimildabóta almannatrygginga. Þetta þýðir annars vegar að útgjöld verða til annars staðar í stað þess sem skráð er sem sparnaður í heilbrigðiskerfinu og hins vegar að reglurnar eru ekki lengur almennar og gagnsæjar. Sú staðreynd býður heim lokuðum vinnubrögðum og því að þeir sem „kunna á kerfið“ fái afgreiðslu sinna mála en hinir ekki. Enn fremur skal bent á að ekkert liggur enn fyrir á Alþingi um það hvernig taka skal á einokunargróða apótekaranna né heldur að gert sé ráð fyrir breytingum á lyfjaverðlagningu í heild. Eina breytingin snýr því að sjúklingunum sjálfum.

5. Í frumvarpinu er gengið út frá sameiningu Borgarspítala og Landakotsspítala og er fjárveiting til þessara tveggja sjúkrahúsa sameinuð í eina upphæð sem er 310 m.kr. lægri en sameiginleg fjárveiting til þeirra á fjárlögum ársins 1991. Verður ekki séð hvernig þetta fær staðist, sérstaklega í ljósi þess að sameiningin, ef af henni verður, mun án efa taka umtalsverðan tíma. Þeir fjármunir, sem ætlaðir eru til að greiða fyrir sameiningu spítalanna, nægja hvergi til allra þeirra breytinga sem þurfa að eiga sér stað, bæði á Landakotsspítala og Borgarspítala, til þess að hægt sé að ná fram þeim skipulagsbreytingum sem stefnt er að. Þá vill minni hluti heilbrigðis- og tryggingarnefndar benda á að það orkar tvímælis, bæði út frá faglegu og fjárhagslegu sjónarmiði, að sameining þessara sjúkrahúsa sé til hagsbóta. Þyrfti úttekt á þeim þáttum að liggja fyrir áður en ráðist er í svo viðamikið verkefni.

Minni hluti heilbrigðis- og tryggingarnefndar vill sérstaklega vekja athygli á að ekki hefur farið fram könnun á því hvort hagkvæmt og æskilegt sé að gera Landakotsspítala að öldrunarspítala. Þá verður heldur ekki séð að þessi breyting hafi í för með sér fjölgun á hjúkrunarrúmum fyrir aldraða þar sem B-álmu Borgarspítalans var ætlað að rúma um 160 aldraða en á Landakoti geta rúmast um 130. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að Hafnarbúðum verði lokað en þar eru nú 25 sjúkrarúm en auk þess njóta 28 aldraðir þjónustu dagdeildarinnar. Vill minni hluti heilbrigðis- og tryggingarnefndar sérstaklega vara við hugmyndum um að loka Hafnarbúðum en það hjúkrunarheimili hefur löngu sannað tilverurétt sinn.

6. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði verði breytt í öldrunarsjúkrahús og eru fjárveitingar samkvæmt frumvarpinu í samræmi við það. Engin fagleg úttekt liggur fyrir um að þessi breyting sé skynsamleg. Flest bendir til þess — og hafa stjórnendur sjúkrahússins lagt fram rökstudda greinargerð í þeim efnum — að óskynsamlegt sé að breyta sjúkrahúsinu í öldrunarsjúkrahús. Fyrir liggur bréf frá læknaráðum Borgarspítala og Ríkisspítala um að útilokað sé fyrir þessi sjúkrahús að taka að sér þær aðgerðir sem hingað til hafa verið gerðar á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Þessi breyting mun því öðru fremur hafa í för með sér að álag á spítalana í Reykjavík mun aukast og biðlistar eftir aðgerðum lengjast og er tæplega á það bætandi.
7. Hætta á rekstri Fæðingarheimilis Reykjavíkur í núverandi mynd samkvæmt frumvarpinu en verkefni þess eiga að færast til Landspítala. Fæðingardeild Landspítalans er nú þegar yfirfull og verður tæplega séð hvernig hún á að bæta á sig þeim fæðingum sem Fæðingarheimilið sinnir nú. Þá vill minni hluti heilbrigðis- og tryggginganefndar benda á að ekki verður séð hvernig kvennadeild Landspítalans á að auki að anna þeim aðgerðum sem nú eru framkvæmdar á Landakotsspítala og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði en flytjast yfir á Landspítalann við þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á þessum sjúkrahúsum.
8. Í fjárlögum ársins 1990 og 1991 var inni í 6. gr. heimild til fjármálaráðherra til að kaupa eða taka á leigu húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 fellur þetta ákvæði brott úr 6. gr. Uppbygging heilsugæslu í Reykjavík mun því stöðvast. Á liðnum 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir eru 290 m.kr. til uppbyggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða um land allt. Sú fjárhæð er óskipt. Það er sama upphæð og var í fjárlögum ársins 1991 og mun því hvergi duga til uppbyggingar heilsugæslustöðvar í Reykjavík.
9. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 375 m.kr. auknum sértekjum heilsugæslustöðva og ætlast er til að þær verði innheimtar með því að láta einstaklingana, sem þurfa á þjónustu heilsugæslustöðvanna að halda, greiða fyrir þá þjónustu, en hún hefur verið gjaldlaus árið 1991. Vill minni hluti heilbrigðis- og tryggginganefndar sérstaklega vara við hugmyndum um gjaldtöku vegna heilsuverndar og fyrirbyggjandi aðgerða og nefnir sérstaklega í því sambandi mæðraskoðun og ungbarnaeftirlit.
10. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fimm nýjum stöðum í heilsugæslunni. Hér er um að ræða stöður hjúkrunarfræðinga og annars starfsfólks. Hér er um allt of fáar stöður að ræða því að bara í Reykjavík vantar a.m.k. fimm stöður hjúkrunarfræðinga til að hægt sé að halda skólahjúkrun gangandi á næsta ári þar sem heilsugæslustöðvarnar í höfuðborginni hafa sífellt verið að fá meiri og víðtækari verkefni á sviði heimahjúkrunar án þess að stöðugildum hafi fjölgað á heilsugæslustöðvunum. Minni hluti heilbrigðis- og tryggginganefndar vekur athygli á því að sú stefna að aldraðir eigi að búa á eigin heimilum eins lengi og þeim er unnt kallar á mikla aukningu heimahjúkrunar. Að öðrum kosti er stefnan orðin tóm.
11. Áætlað er að verja 1.050 m.kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári sem er 150 m.kr. lækkun frá því sem er á þessu ári. Þó hafa birst spár um að atvinnuleysi á næsta ári gæti orðið 2% að meðaltali miðað við 1,5% á þessu ári eða að atvinnuleysi aukist um þriðjung.
12. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að fjárveitingar til rekstrar eru settar fram á áætluðu janúarverðlagi 1992 en fjárveitingar til annarra þátta á meðalverðlagi næsta

árs. Það er því ekki allt sem sýnist í samanburði rekstrarfjárveitinga og annarra fjárveitinga. Rekstrarfjárveitingar hækka yfirleitt meira samkvæmt frumvarpinu en aðrar fjárveitingar. Þannig er gert ráð fyrir að rekstrarfjárveitingar til heilbrigðisráðuneytisins sjálfs, aðalskrifstofu, aukist um 23% og fjárveitingar til yfirstjórnar Tryggingastofnunar ríkisins um 19%. Það er langt umfram verðlagsforsendur í öðrum þáttum fjárlagafrumvarpsins.

13. Varað skal sérstaklega við þeirri lækkun fjárveitinga sem fram kemur til Hollustuverndar ríkisins. Hollustuverndin þarf að sinna vaxandi verkefnum og það kemur illa heim og saman við aukna áherslu í umhverfismálum að skera niður framlög til þessarar mikilvægu stofnunar.

Þeir flokkar, sem standa að minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar Alþingis, mótmæla almennt þeim vinnubrögðum og þeirri stefnu sem núverandi heilbrigðisráðherra hefur fylgt. Sparnaði í heilbrigðiskerfinu verður ekki náð nema með víðtækum skipulagsbreytingum en ekki með því að leggja gjöld á sjúklinga og þá sem njóta heilbrigðisþjónustunnar.

Alþingi, 11. nóv. 1991.

Finnur Ingólfsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Ingibjörg Pálmadóttir.
Svavar Gestsson.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 25 1991 farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem tilheyra málefnasviði hennar. Til fundar við nefndina komu Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Kristmundur Halldórsson deildarstjóri og Kjartan Gunnarsson frá iðnaðarráðuneyti, auk Margeirs Guðmundssonar viðskiptafræðings, frá fjármálaráðuneyti. Þeir gerðu grein fyrir helstu atriðum frumvarpsins. Jafnframt komu til fundar við nefndina þeir Kristján Jónsson og Eiríkur Briem frá Rafmagnsveitum ríkisins til viðræðna um þátt þeirrar stofnunar í frumvarpinu.

Nefndin ræddi með ítarlegum hætti einstaka þætti frumvarpsins. Enda þótt skiptar skoðanir hafi verið með nefndarmönnum um ýmsa þætti frumvarpsins og þær tillögur, sem þar eru gerðar, lögðu nefndarmenn eigi að síður mikla áherslu á að koma á framfæri við fjárlaganefndina sameiginlegum ábendingum. Nefndin er sammála um að yfirferð og umræða í nefndinni hafi verið afar gagnleg. Hún telur rétt að í áliti hennar til fjárlaganefndar sé bent á eftirfarandi atriði:

1. Iðnráðgjafar. Nefndin bendir á að gert er ráð fyrir því að flytja þessa starfsemi til Byggðastofnunar en ekki er ljóst hvort gert er ráð fyrir útgöldum vegna iðnráðgjafa í fjárlagatillögum Byggðastofnunar.
2. Umræða spannst einnig um svonefnda „opna liði" er samtals nema 74,6 millj. kr. Fram kom sú afstaða að nauðsynlegt væri að samræma uppsetningu slíkra liða milli ráðuneyta, en um það reyndust skiptar skoðanir í nefndinni.
3. Fjallað var um málefni Orkusjóðs og fram komu ábendingar um að nauðsynlegt væri að efna í framtíðinni til sérstaks átaks til að styrkja dreifikerfið. Undir þetta sjónarmið var tekið af talsmönnum Rarik og iðnaðarráðuneytis. Auk þessara atriða var ítarlega rætt um niðurgreiðslur á raforku vegna húshitunar.
4. Þá var jafnframt rætt um Iðntæknistofnun en samkvæmt greinargerð vantar að gera ráð fyrir stofnkostnaði vegna hennar í fjárlagafrumvarpinu sjálfu.

Í þingsköpunum er gert ráð fyrir þeim möguleika að nefndir geri tillögur til fjárlaganefndar um einstakar breytingar á fjárlagafrumvarpinu. Nefndin ákvað að þessu sinni að láta einungis ábendingar nægja. Hins vegar áskilja einstakir nefndarmenn sér að sjálfsögðu allan rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1992 verður rætt á Alþingi.

Alþingi, 8. nóv. 1991.

Össur Skarphéðinsson, form.
Guðjón Guðmundsson.
Finnur Ingólfsson.
Hjálmar Jónsson.
Kristín Einarsdóttir.
Páll Pétursson.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Svavar Gestsson.
Tómas Ingi Olrich.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á hennar málefnasviði, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. þingskapa. Til grundvallar því starfi var leitast við að meta hvort frumvarp til fjárlaga tæki í nægilega ríkum mæli mið af þeirri löggjöf sem í gildi er á þessum vettvangi og oft og tíðum byggist á samningum eða samkomulagi milli þeirra sem í hlut eiga og Alþingi hefur haft frumkvæði að, þ.e. að leikreglur þingræðisins séu virtar af framkvæmdarvaldinu með eðlilegum hætti. Þessi verkatilhögun leggur grundvöll að því samkomulagi sem er í landbúnaðarnefnd um afgreiðslu málsins en haggar í engu rétti einstakra nefndarmanna varðandi afstöðu þeirra til fjárlagafrumvarpsins að öðru leyti.

Nefndin fór yfir alla þætti fjárlagafrumvarpsins sem varða landbúnðarráðuneytið, en þar sem augljóst var að tími mundi ekki endast til umfjöllunar um alla þættina ákvað nefndin að taka sérstaklega fyrir þá liði þar sem augljósir brestir voru í fjárlagagerðinni. Nefndin leitaði skriflegra skýringa og fyrir kom að frekari upplýsinga væri leitað ef svör reyndust ekki fullnægjandi. Eru því í vörslu nefndarinnar margháttaðar ítarlegar skriflegar upplýsingar sem nefndarálitið byggist á og eru handbærar til frekari skýringar á þessum málum.

Á fundi nefndarinnar mættu fulltrúar þeirra stofnana sem um var fjallað og auk þess fulltrúar fjármála- og landbúnaðarráðuneytis til þess að nefndin fengi sem gleggstar skýringar á málefnum stofnananna. Fyrir hönd fjármálaráðuneytisins sat Jón Ragnar Blöndal alla fundi nefndarinnar um málið utan einn sem Ásdís Sigurjónsdóttir sat. Frá landbúnaðarráðuneytinu komu Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmaður ráðherra, Guðmundur Sigþórsson skrifstofustjóri, Jóhann Guðmundsson og Hreinn Pálmason á fund nefndarinnar, frá Búnaðarfélagi Íslands Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri, Gunnar Hólmsteinsson og Magnús Sigurðsson, frá Stéttarsambandi bænda Haukur Halldórsson formaður, Hákon Sigurgrímsson og Gunnlaugur A. Júlíusson og frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins Jóhannes Torfason formaður og Jón G. Guðbjörnsson. Jón Loftsson skógræktarstjóri og Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri komu einnig á fundi nefndarinnar.

Þá bárust nefndinni enn fremur afrit af fjárlagabeiðnum stofnana sem nefndin sá sér ekki fært að afgreiða þar sem það samrýmdist ekki þeim grundvelli sem nefndin valdi sér að vinna eftir og að framan var getið.

Nefndin telur að með þessum breyttu háttum við fjárlagagerð sé stigið jákvætt skref sem tvímælalaust gerir umfjöllun Alþingis um gerð fjárlaga markvissari og tryggir að ákvarðanir Alþingis við löggjöf og samninga séu virtar af framkvæmdarvaldinu. Nefndinni munu nýtast fyrirliggjandi upplýsingar þegar þau málefni, sem um var fjallað að þessu sinni, kunna að koma til umfjöllunar á Alþingi.

1. Búnaðarfélag Íslands, liður 04-201.

Á undanförnum árum hefur farið fram endurskoðun á starfsemi Búnaðarfélags Íslands vegna breyttra aðstæðna í landbúnaði. Aukinn var hlutur bænda í greiðslum til fé-

lagsins með tilliti til þeirra verkefna sem sérstaklega tengjast hinum félagslega þætti landbúnaðarins. Hlutdeild ríkissjóðs í rekstri Búnaðarfélagsins voru sett skýrari mörk er miðuðust við 31 stöðugildi og nauðsynleg rekstrargjöld. Þessi kostnaður nemur samkvæmt tilvitnuðu samkomulagi 88.815. þús. kr. fært til verðlags fjárlagafrumvarpsins. Fjárlagatillögur Búnaðarfélagsins voru í samræmi við þetta samkomulag. Tillögur landbúnaðarráðuneytisins tóku meira mið af áherslum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda en þær nema 78.500 þús. kr. Er það svipað og var í fjárlögum þessa árs að krónutölu.

Um leið og nefndin áréttar þetta samkomulag sem grundvöll að fjárveitingu til Búnaðarfélags Íslands bendir hún á tvö atriði sem ber að leiðrétta:

a. Framsetning fjárlagaliðar.

Engin breyting hefur orðið á stöðu Búnaðarfélags Íslands innan stjórnsýslunnar eins og haldið er fram (bls. 307 í frumvarpi til fjárlaga). Starfsvettvangur Búnaðarfélagsins byggist nú sem fyrr á margháttaðri löggjöf er snertir málefni landbúnaðarins og ríkum hefðum á löngum ferli. Þessu geta skýringar með fjárlagafrumvarpi í engu breytt. Fjárlagalið sem fjallar um Búnaðarfélagið ber því að setja upp með sama hætti og verið hefur en það tryggir að liður 51 (laun) taki hækkun til samræmis við þær launabreytingar sem kunna að verða á fjárlagaárinu svo sem verið hefur.

Með hliðsjón af framansögðu ber að haga uppsetningu liðar **04-201** þannig:

04-201 Búnaðarfélag Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:			86.500
101	Yfirstjórn	24.000	
120	Ráðunautar	45.000	
130	Sérfræðiaðstoð við landbúnaðinn	17.500	
	Gjöld samtals		86.500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55.000	
52-58	Önnur gjöld	31.500	
	Gjöld samtals	86.500	
	Sértekjur	8.000	
	Mismunur		**78.500**

Vakin er athygli á að liður 51 (laun) er í samræmi við þær launagreiðslur sem greiddar voru verðlagsbætur á af fjármálaráðuneytinu á síðasta ári og niðurstöðutala liðar 04-201 er óbreytt frá fjárlagafrumvarpinu.

b. Lífeyrismál.

Eins og áður greinir er fjárveiting til Búnaðarfélags Íslands svipuð og var í fjárlögum síðasta árs. Í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið (bls. 307) kemur hins vegar fram að af þeirri fjárveitingu sé Búnaðarfélaginu ætlað að bera kostnað vegna lífeyrisskuld-

bindinga starfsmanna sinna en þær nema tæpum 5 m.kr. Fyrir liggur að þessi kvöð er ekki í samræmi við fjárlagatillögur landbúnaðarráðuneytisins.

Á árinu 1988 höfðaði Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins dómsmál á hendur Búnaðarfélagi Íslands. Krafist var greiðslu á hækkunum lífeyris fyrir tímabilið frá ágúst 1987 til ágúst 1988. Þessari kröfu neitaði Búnaðarfélagið og urðu lyktir þær að málið var fellt niður með samkomulagi beggja aðila 22. júní 1989 og greiddi ríkissjóður kröfuna.

Þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan nefndarinnar kom ekkert fram sem rökstuddi breytingar á þessum greiðslum frá því sem verið hefur frá upphafi. Þess vegna ber ríkissjóði að standa skil á lífeyrisgreiðslum starfsmanna Búnaðarfélag Íslands til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

2. Jarðræktarlög og búfjárræktarlög, liður 04-288.

Að lokinni allvíðtækri umfjöllun um jarðræktarlög árið 1989 varð samkomulag við bændur um þá niðurstöðu sem leiddi til núgildandi jarðræktarlaga. Aðalatriði samkomulagsins er að framlög eru ekki háð ákvörðun fjárlaga hverju sinni og að framlög vegna ræktunar og skurðgraftar eru bundin við ákveðið hámark en aðrar framkvæmdir eru háðar samþykki landbúnaðarráðherra. Framlög til einstakra verkefna voru lækkuð og sum felld niður. Í framhaldi af þessu samkomulagi voru ógreidd framlög fyrri ára gerð upp. Þetta er ljóst af þeim málsskjölum sem fyrir liggja og ræðum þeirra alþingismanna sem að málinu unnu. Svo sem kunnugt er greinir Ríkisendurskoðun og ríkislögmann á um túlkun jarðræktarlaga.

Búnaðarfélag Íslands hefur farið þess á leit að bændur stilli ræktunarframkvæmdum sem mest í hóf þar til greiðslum þeirra skuldabréfa, sem ríkisjóður gaf út vegna uppgjörs jarðræktarframlaga samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi, lýkur árið 1993.

Ógreidd jarðræktarframlög frá síðasta ári nema 49.702 þús. kr. og framkvæmt hefur verið á þessu ári fyrir 74.421 þús. kr. Áfallin greiðsluskuldbinding er þannig 124.123 þús. kr. Til greiðslu eru eftirstöðvar af fjárveitingu samkvæmt fjárlögum 1991 að upphæð 41.295 þús. kr. og fjárveiting samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga að upphæð 35.000 þús. kr. eða 76.295 þús. kr. alls. Eftir standa því 47.828 þús. kr. Með fjárveitingu samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verður unnt að greiða áfallnar skuldbindingar þessa árs. Það má því segja að jarðræktarlögin búi við svipað ástand og var fyrir einu ári því ekkert fjármagn er fyrir hendi til greiðslu jarðræktarframkvæmda árið 1992.

Hafa ber í huga að skuldbindingum ríkissjóðs vegna útgefinna skuldabréfa til uppgjörs jarðræktarframlaga lýkur árið 1993. Það auðveldar að koma þessum málum í það horf sem samkomulag varð um við bændur landsins árið 1989.

Þá vill nefndin vekja athygli á að samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gerð breyting á uppsetningu fjárlagaliðar **04-288** frá því sem verið hefur, hliðstætt því sem var um launalið Búnaðarfélags Íslands og áður er getið. Í því felst að lögbundinn hlutur ríkissjóðs í launum héraðsráðunauta og sæðingarmanna taki ekki verðlagsbreytingum. Þessi áform eru andstæð því sem verið hefur um þessar greiðslur og samrýmast ekki gildandi lagaákvæðum. Þess vegna ber að færa þessi mál til fyrra horfs þannig:

04-288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög

		Þús.kr.	Þús.kr.
Viðfangsefni:			71.100
101	Búfjárrækt	26.100	
110	Ráðunautar	45.000	
Stofnkostnaður:			149.000
620	Jarðræktarframlög	105.000	
620	Búfjárræktarframlög	44.000	
	Gjöld samtals		216.400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71.100	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	149.000	
5	Gjöld samtals		**216.400**

Framlag vegna búfjárræktarlaga er óbreytt frá fjárlögum yfirstandandi árs. En til að tryggja eðlilega starfsemi á þeim vettvangi er óhjákvæmilegt að þau breytist milli ára eins og verðlag gefur tilefni til. Áður hefur staða jarðræktarlaga verið skýrð.

3. Niðurgreiðslur, liðir 04-290 og 12-201.

Þótt niðurgreiðslur á vöruverði, sem tengjast landbúnaðarframleiðslu, séu vistaðar undir viðskiptaráðuneyti féllu þær inn í umfjöllun nefndarinnar um búvörusamninga þar sem þær greiðslur eru þáttur í þeirri samningsgerð.

Samkvæmt nýjum samningi er ákveðið að hefja beinar greiðslur til sauðfjárbænda á næsta ári og að niðurgreiðslum á kindakjöti verði hætt 1. september 1992. Markmið fjárlagafrumvarpsins virðist vera í samræmi við þetta samkomulag.

Í búvörusamningnum er ákveðið að helmingur afurðaverðsins verði greiddur bændum beint og niðurgreiðslum verði hætt. Kindakjöt hefur verið niðurgreitt um 54% en svo virðist að þegar hin nýja skipan kemur til framkvæmda lækki niðurgreiðslur um 4% þar sem þær nema þá 50% afurðaverðs. Þetta er hins vegar í ósamræmi við markmið samningsins um lækkun vöruverðs nema verð til framleiðenda lækki meira en að var stefnt í nýjum búvörusamningi sem ólíklegt er að óbreyttum rekstrarskilyrðum í þessari grein.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi á ekki að greiða niður ársfjórungslega hækkun á mjólkurvörum. Af því leiðir að mjólkurvörur hækka í verði til neytenda sem er í ósamræmi við markmið nýs búvörusamnings.

Þá hefur enn fremur verið dregið úr niðurgreiðslum sem m.a. hefur örvað sölu á dilkakjöti. Fyrir liggur að hæpið er að treysta á stuðning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til þessara verkefna eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpinu (bls. 354) og nánar verður vikið að á eftir.

Niðurstaða umfjöllunar nefndarinnar um niðurgreiðslur á búvöruverði er því sú að hlutdeild þeirra í vöruverði samkvæmt fjárlagafrumvarpinu muni að óbreyttu minnka sem leiðir óhjákvæmilega til hækkana á verði þessara nauðsynjavara til neytenda.

4. Framleiðnisjóður landbúnaðarins, liður 04-291.

Á fjárlögum fyrir árið 1991 er fjárveiting til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins í samræmi við 37. gr. laga nr. 46/1985, sbr. lög nr. 29/1987, og hefur svo verið frá árinu 1985 þegar lög voru sett um þessi efni. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 er gerð tillaga um að fjárveiting til Framleiðnisjóðs verði 340.000 þús. kr. en framlagið hefði samkvæmt lögum átt að nema um 640.000 þús. kr.

Auk þeirra verkefna, er taka til eflingar nýgreina í landbúnaði, hafa ýmsar skuldbindingar verið lagðar á Framleiðnisjóð í tengslum við aðlögun búvöruframleiðslunnar að innanlandsmarkaði og einnig hefur sjóðnum verið gert að leggja fram fjármagn til framkvæmda sem heyra undir ríkissjóð þótt fyrir að slík ráðstöfun samrýmist ekki verkefnum Framleiðnisjóðs.

Nefndin hefur leitað eftir sem gleggstum upplýsingum um áfallnar greiðsluskyldur Framleiðnisjóðs og þau áform sem uppi eru um fjárframlög úr sjóðnum. Niðurstaðan er þessi:

Greiðsluafgangur 1991, u.þ.b.	155 m.kr.
Framlag ríkisins samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1992	340 m.kr.
Samtals til ráðstöfunar, u.þ.b.	495 m.kr.
Skuldbindingar, u.þ.b.	335 m.kr.
Óskir stjórnvalda 1992, u.þ.b.	105 m.kr.
Fjármunir til annarra verkefna, u.þ.b.	**55 m.kr.**

Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur haft umtalsverð áhrif til eflingar nýrra verkefna og starfa. Þörf er á auknum stuðningi sjóðsins þar sem enn á að draga úr framleiðslu í hefðbundnum landbúnaði. Fyrir liggur að í nýjum búvörusamningi eru færðar nýjar kvaðir á sjóðinn svo að fullyrða má að hann verður ekki sá búhnykkur nýjum verkefnum sem vænst er.

Ef ekki sýnist fært að hverfa frá áformuðum skerðingum sjóðsins hljóta óskir ráðherra og áform um framlag til samstarfshóps um sölu á lambakjöti að víkja því að ella er ljóst að stuðningur við ný verkefni í landbúnaði situr á hakanum.

5. Landgræðsla og skógrækt, liðir 04-231 og 04-235.

Tvær mikilvægar áherslur komu fram á síðasta ári varðaði landgræðslustörf. Í tilefni af ályktun Alþingis um stöðvun hraðfara gróðureyðingar fyrir aldamót var gerð áætlun sem allir þingflokkar áttu hlut að en hún fól í sér að 270.000 þús. kr. yrði varið til landgræðsluverkefna á næsta ári. Samfara nýjum búvörusamningi var gerð bókun um að til verkefna á sviði landgræðslu og skógræktar yrði á næstu sex árum varið 2.000 m.kr.

Í samráði við landgræðslu- og skógræktarstjóra telur nefndin eðlilegt að fjárlagafrumvarpsliðurinn 04-235 1 80, „Sérstök verkefni á uppblásturssvæðum“, að upphæð 84.000 þús. kr., og 35.000 þús. kr. af liðnum 04-231 1 70, „Skógræktarstörf bænda“, verði talin sem hluti af fjárveitingu til landgræðslu og skógræktar samkvæmt bókun VI með nýjum búvörusamningi.

Verður nú vikið sérstaklega að málefnum stofnananna:

a. Skógrækt ríkisins.

Eins og fjárlagafrumvarpið ber með sér hefur liðurinn „Nytjaskógar" verið felldur niður en þess í stað kemur nýr liður, Skógræktarstörf bænda. Nytjaskógrækt byggist á skógrækt á völdum landsvæðum og hafa þegar verið gerðir samningar um slíka ræktun. Skógarstörf bænda eru fremur skilgreind sem þátttaka skógræktar í landgræðslustörfum. Þess vegna er lagt til að liðurinn „Nytjaskógar" verði áfram á fjárlögum og að fjárveiting til þessara verkefna nemi 15.000 þús. kr. Liðurinn „Skógræktarstörf bænda" lækki um sömu upphæð og verði 35.000 þús. kr.

Með stóraukinni þátttöku bænda í skógræktarstarfi hefur hlutverk Skógræktar ríkisins breyst. Dregið hefur úr plöntuuppeldi en ráðgjafarstörf hafa að sama skapi aukist. Af þessu leiðir m.a. að sértekjur stofnunarinnar verða á þessu ári 8.000 þús. kr. minni en fjárlög 1991 greina. Fyrir liggur að eins mun verða um rekstur Skógræktar ríkisins á næsta ári. Eftir því sem næst verður komist má ætla að sértekjurnar verði um 56.000 þús. kr. Mikilvægt er að hér fáist leiðrétting á.

b. Landgræðsla ríkisins.

Miklar breytingar eiga sér nú stað á búrekstri í Gunnarsholti þar sem nautgripabúskapur til kjötframleiðslu var lagður af á þessu ári. Sú búgrein hefur átt mestan þátt í sértekjum stofnunarinnar á undanförnum árum. Lækkun sértekna frá fjárlögum 1991, úr 11.900 þús. kr. í 10.100 þús. kr. í fjárlagafrumvarpinu, tekur ekki mið af þeirri miklu breytingu á búrekstri í Gunnarsholti sem orðin er. Hér þarf því að verða breyting á þar sem sértekjur munu falla niður að mestu leyti.

Svo sem kunnugt er fer samstarf Landgræðslu ríkisins og bænda á sviði landgræðslumála stöðugt vaxandi. Einn merkasti þáttur þeirrar samvinnu er þátttaka bænda í frærækt sem er nýjung í búskaparháttum þeirra. Í þessu starfi er einkar hagkvæmt að tæki, sem þegar eru í eigu nokkurra bænda, eru notuð til þessara verkefna. Grundvöllur að þessu starfi byggist á rekstri fræverkunarstöðvarinnar í Gunnarsholti sem verið hefur í uppbyggingu hin síðari ár. Fjárveiting til fræverkunarstöðvarinnar er ekki fyrir hendi í fjárlagafrumvarpinu en eftir því hefur verðið leitað við Framleiðnisjóð landbúnaðarins að hann styðji þetta verkefni. Með því að hér er um að ræða þátttöku bænda er stuðningur Framleiðnisjóðs í samræmi við tilgang sjóðsins. En með hliðsjón af því sem áður er greint um fjárhag sjóðsins er óraunhæft að ætlast til að hann leggi fram það fjármagn sem nauðsynlegt er til þess að fræverkunarstöðin nýtist eins og til er ætlast á næsta ári. Það eru því eindregin tilmæli nefndarinnar að á þetta mál verði litið með velvild við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins.

Einar K. Guðfinnsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. nóv. 1991.

Egill Jónsson, form.
Árni M. Mathiesen.
Eggert Haukdal.
Guðni Ágústsson.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.
Ragnar Arnalds.
Sigurður E. Arnórsson.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á hennar málefnasviði skv. 2. mgr. 25. gr. þingskapa Alþingis. Við umfjöllun nefndarinnar hafa starfsmenn menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis setið fundi hennar. Fékk nefndin hjá þeim skýringar á helstu atriðum er vörðuðu menntamálakafla frumvarpsins.

Frá menntamálaráðuneytinu kom Örlygur Geirsson, skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu ráðuneytisins, auk Ólafs Darra Andrasonar og Friðriks H. Friðjónssonar frá fjármálaskrifstofu sama ráðuneytis. Frá fjármálaráðuneytinu sat fundina Ásdís Sigurjónsdóttir frá fjárlagaskrifstofu ráðuneytisins.

Meiri hluti nefndarinnar telur yfirferð þessa hafa verið gagnlega nefndarmönnum og að það hafi verið rétt skref sem stigið var á síðasta þingi að breyta þingskapalögunum í þá átt að heimila fagnefndum þingsins að fjalla um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á þeirra málefnasviði. Í ljósi fenginnar reynslu telur nefndin nauðsynlegt að undirbúningur að fjárlagavinnu nefndarinnar hefjist fyrr en nú varð og þá komi til greina að nefndin einbeiti sér sérstaklega að tilteknum þáttum í frumvarpinu.

Meiri hluti nefndarinnar ákvað að gera ekki athugasemdir við þennan hluta fjárlagafrumvarpsins. Einstakir nefndarmenn munu, ef þeir svo kjósa, lýsa viðhorfum sínum við framhaldsumræðu málsins.

Alþingi, 5. nóv. 1991.

Sigríður Anna Þórðardóttir, form.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Árni Johnsen.
Björn Bjarnason.
Ingi Björn Albertsson.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd Alþingis hefur á nokkrum fundum haft til athugunar þann kafla fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1992 sem snýr að menntamálaráðuneytinu. Undirritaðir nefndarmenn vilja koma á framfæri við fjárlaganefnd því áliti sem hér fer á eftir.

Frá því að börnum var gert skylt að sækja skóla í upphafi þessarar aldar hefur ríkt sú stefna í íslenskum menntamálum að það sé skylda samfélagsins að sjá til þess að allir fái notið þeirrar menntunar sem nauðsynleg er talin hverjum manni. Kostnaður við skólakerfið hefur verið greiddur úr sameiginlegum sjóðum okkar á öllum skólastigum. Einu undantekningarnar eru sérskólar og skólar sem reknir eru af einkaaðilum en þeir taka nokkur gjöld af nemendum sínum.

Nú bregður svo við að núverandi ríkisstjórn boðar afgerandi stefnubreytingu sem glöggt má sjá í því frumvarpi til fjárlaga sem menntamálanefnd hefur haft til athugunar að undanförnu. Fyrirhugað er að taka upp nemendaskatt á framhalds- og háskólastigi. Háskólanemar eiga að greiða allt að 17.000 kr. en nemendur í framhaldsskólum allt að 8.000 kr. Þar við bætist sú upphæð sem nemendur greiða til félagsstarfa sinna. Fjárveitingar til framhalds- og háskóla eru skornar niður og skólunum gert að mæta niðurskurðinum með nemendasköttum auk þess sem þeir eiga að hagræða og spara, m.a. með samdrætti í kennslu. Eins og kunnugt er streyma nemendur í framhaldsskóla og eru þeir flestir yfirfullir. Því mun skólunum reynast erfitt að skera niður kennslu og eiga því ekki annarra kosta völ en að innheimta skólagjöld til að standa undir rekstrinum sem þeir geta að vísu ekki að óbreyttum lögum.

Þeir nefndarmenn menntamálanefndar, sem undir þetta álit rita, eru alfarið á móti því að skólagjöld verði innheimt í ríkisskólum. Skólakerfið á að vinna að jöfnuði þegnanna og það þjónar velferð samfélagsins alls. Enginn á að þurfa að hverfa frá námi af þeirri ástæðu að hann geti ekki greitt fyrir nám sitt. Það er ekki sæmandi jafn vel stæðu samfélagi og okkar að ganga á vit fortíðar með þeim hætti sem ríkisstjórnin nú boðar. Hér er ekki um háar upphæðir að ræða fyrir ríkissjóð, en einstaklingana og fjölskyldurnar í landinu getur munað um þá peninga sem á að innheimta. Aðalatriðið er þó að nú á að hverfa frá þeirri jafnréttisstefnu sem ríkt hefur um áraraðir í íslensku skólakerfi og því er minni hluti nefndarinnar andvígur.

Á síðasta vetri voru samþykktar breytingar á grunnskólalögum, svo og lög um leikskóla sem bæta mjög aðstöðu yngstu barnanna og stefna í þá átt að aðlaga skólakerfið breyttu þjóðfélagi. Í fjárlögum ársins 1992 er gert ráð fyrir að nokkrum þeirra breytinga sem fyrirhugaðar voru, verði frestað í sparnaðarskyni og er það mjög miður. Þá vill minni hluti nefndarinnar benda á að Námsgagnastofnun, sem á að þjóna öllum grunnskólanemum landsins, fær enga aukningu á fjárveitingum og er allt of þröngur stakkur skorinn.

Þá má ekki láta hjá líða að nefna stöðu héraðsskólanna en frumvarpið ber með sér algjört stefnuleysi í málefnum þeirra.

Enn einu sinni er boðaður samdráttur í íslensku efnahagslífi vegna minnkandi afla. Enn einu sinni stöndum við frammi fyrir þeirri nöturlegu staðreynd hve íslenskt atvinnulíf er einhæft. Á slíkum tímum erum við rækilega minnt á hve nauðsynlegt er að efla

rannsóknir og tilraunir sem gætu orðið til þess að auðga atvinnulíf og efla menningu. Ríkisstjórn sú, sem nú situr, er greinilega ekki þeirrar skoðunar að rannsóknir þurfi að auka því að hún sker niður framlög til rannsóknastofnana og gerir þeim að auki skylt að afla sér aukinna sértekna. Þetta er að okkar dómi röng stefna og hættuleg og verður að leiðréttast. Í ýmsum tilfellum er um óraunhæfar sértekjuáætlanir að ræða, svo sem á tilraunastöðinni á Keldum, og því hætt við að viðkomandi stofnanir lendi í fjárþröng á næsta ári.

Menningarlífið fer ekki varhluta af þeim niðurskurði sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir. Minni hluti nefndarinnar bendir sérstaklega á samdrátt í stuðningi ríkisins við listasöfn, en þar eru þess dæmi að fjárveitingar séu skornar niður um allt að 62%. Þar á í hlut Listasafn Sigurjóns Ólafssonar en aðstandendur þess safns hafa lýst því yfir að safninu verði að loka fáist ekki úr bætt. Fleiri söfn mætti nefna en minni hluti nefndarinnar vill vekja sérstaka athygli á vanda Þjóðminjasafnsins og Þjóðskjalasafnsins. Eins og kunnugt er hefur hús Þjóðminjasafnsins verið í niðurníðslu og safnið allt þarfnast algjörrar endurskipulagningar. Á fjárlögum næsta árs eru aðeins 10 millj. kr. til viðgerða á húsi Þjóðminjasafnsins og ljóst að þar er verið að slá á frest vanda sem aðeins vex fyrir vikið. Þjóðskjalasafnið fékk fyrir nokkrum árum nýtt húsnæði sem gefur safninu nýja möguleika til varðveislu og skipulagningar skjalavörslu en allt of hægt gengur sökum naumra fjárveitinga að taka húsnæðið til fyrirhugaðra nota og koma skjalageymslum í horf. Þar er úrbóta þörf.

Af annarri menningarstarfsemi vill minni hluti nefndarinnar sérstaklega nefna hróplegan niðurskurð á fjárframlögum til frjálsrar leiklistarstarfsemi í landinu og óraunhæf framlög til Þjóðleikhússins. Alþýðuleikhúsið sem um árabil hefur fengið ákveðna fjárveitingu er þurrkað út. Þá kemur niðurskurðurinn harkalega niður á leikfélögum úti á landsbyggðinni en fátt er dreifðari byggð í landinu meira til stuðnings en öflug menningarstarfsemi.

Af ofansögðu má ljóst vera að undirritaðir nefndarmenn í menntamálanefnd fella sig ekki við þá stefnu sem núverandi ríkisstjórn hefur tekið upp í mennta- og menningarmálum. Þarna eru á ferð rangar áherslur. Skylt er þó að geta þess sem horfir í rétta átt og lýsum við yfir sérstakri ánægju með að framkvæmdum við Þjóðarbókhlöðu verður fram haldið í samræmi við lög.

Undirritaðir nefndarmenn menntamálanefndar vilja benda fjárlaganefnd sérstaklega á þau atriði sem að ofan eru tíunduð en áskilja sér jafnframt allan rétt til tillöguflutnings á síðari stigum málsins.

Alþingi, 8. nóv. 1991.

Hjörleifur Guttormsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. þingskapa. Vegna þessarar yfirferðar komu á fund nefndarinnar þeir Rúnar Guðjónsson frá samgönguráðuneytinu og Margeir Guðmundsson frá fjármálaráðuneytinu. Svöruðu þeir fyrirspurnum nefndarmanna og gáfu frekari skýringar á efni þessa kafla frumvarpsins. Einnig bárust nefndinni skrifleg svör við fyrirspurnum frá samgönguráðuneytinu.

Meiri hluti nefndarinnar telur að yfirferðin hafi verið gagnleg og hyggst fyrir sitt leyti stuðla að því að nefndin haldi áfram á sömu braut á næsta þingi. Verður hægt að skipuleggja það starf í ljósi þeirrar reynslu sem nefndarmenn búa að eftir yfirferðina í haust sem var nýmæli.

Nefndin ákvað að gera ekki athugasemdir við samgöngukafla frumvarpsins. Þó munu einstakir nefndarmenn, ef þeir svo kjósa, lýsa viðhorfum sínum við framhaldsumræðu málsins.

Alþingi, 7. nóv. 1991.

Árni M. Mathiesen, form.
Árni Johnsen.
Hjálmar Jónsson.
Sigurður E. Arnórsson.
Sturla Böðvarsson.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Vegna tilmæla fjárlaganefndar Alþingis að samgöngunefnd gefi umsögn um þátt samgöngumála í frumvarpi til fjárlaga vill minni hluti nefndarinnar taka eftirfarandi fram:

1. Að frumvarpið hefur ekki fengið þá umræðu og umfjöllun í samgöngunefnd sem æskilegt verður að teljast og ýmsu er enn ósvarað um þennan mikilsverða málaflokk.
2. Að lækka framkvæmdafé til samgöngumála frá því sem áður var ákveðið er andstætt okkar vilja.
3. Að í fjárlagafrumvarpinu eru kynntar hugmyndir að margvíslegri nýrri skattheimtu vegna þessa málaflokks þrátt fyrir að dregið er úr framkvæmdum til samgöngumála.
4. Að á sama tíma og beðið er um álit samgöngunefndar á fjárlagafrumvarpinu berast af því fréttir að nýjar tillögur séu komnar fram að breyttri vegáætlun.
5. Að fallið er frá þeirri samþykkt Alþingis að hraðari framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum komi ekki niður á framkvæmdum í almennri vegagerð, en nú eru áform uppi að taka á fjórða hundrað milljónir af fjármagni til almennrar vegagerðar til þessara framkvæmda.
6. Að samgönguráðherra hafi ekki gefið samgöngunefnd Alþingis kost á að fylgjast með þeirri endurskoðun vegáætlunar sem nú virðist næstum fullmótuð.

Minni hluti samgöngunefndar vill taka það sérstaklega fram að við umræðu og afgreiðslu fjárlaga munu einstakir nefndarmenn gera frekari grein fyrir afstöðu sinni í þeim þáttum frumvarpsins sem varða samgöngumál.

Alþingi, 12. nóv. 1991.

Stefán Guðmundsson.
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.
Jóhann Ársælsson.
Guðni Ágústsson.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarps 1992 sem eru á hennar málefnasviði. Nefndin ákvað í byrjun að takmarka umfjöllun sína við tiltekna þætti frumvarpsins þar sem sýnt þótti að ekki gæfist tími til að fjalla um þá alla. Yfirferð nefndarinnar beindist einkum að nýmælum í frumvarpinu og þeim atriðum sem nefndarmenn töldu að hefðu helst stefnumarkandi áhrif.

Til fundar við nefndina kom Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra. Enn fremur komu þeir Jakob Jakobsson forstjóri, Ólafur K. Pálsson og Gunnar Stefánsson frá Hafrannsóknastofnun.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemdir að svo stöddu við þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem að sjávarútvegsmálum lýtur. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að lýsa viðhorfum sínum við framhaldsumræðu málsins og viðhorfum til einstakra mála sem snúa beint eða óbeint að fjárlagafrumvarpinu.

Fulltrúi Kvennalistans hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 6. nóv. 1991.

Matthías Bjarnason, form.
Árni R. Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.
Vilhjálmur Egilsson.
Össur Skarphéðinsson.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins í sjávarútvegsnefnd geta ekki mælt með samþykki þeirra ákvæða fjárlagafrumvarpsins sem lúta að fénýtingu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs. Með slíkri ráðstöfun veiðiheimilda sjóðsins væri í fyrsta lagi kippt burtu einni meginforsendu þeirrar málamiðlunar sem lá til grundvallar afgreiðslu gildandi laga um fiskveiðistjórnun. Með veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs var skapað svigrúm til að taka á vandamálum einstakra byggðarlaga sem upp koma meðan við lýði er fyrirkomulag frjáls framsals veiðiheimilda. Slík breyting er að mati undirritaðra ekki heppilegt innlegg í þá endurskoðun laga um fiskveiðistjórn sem yfir stendur og brýna nauðsyn ber til að hraða.

Þá er ekki síður ástæða til að staðnæmast við það skref í átt til „sölu" veiðiheimilda sem í þessari breytingu felst. Því verður ekki á móti mælt að verði af þessum áformum yrði hluti veiðiheimilda á Íslandsmiðum boðinn til sölu af hinu opinbera og söluverðmætið tekið út úr rekstrarumsvifum sjávarútvegsins. Slíku skrefi í átt til veiðileyfasölu eru fulltrúar Alþýðubandalagsins andvígir og telja enn síður nú meðan endurskoðun fiskveiðistefnunnar stendur yfir réttlætanlegt að fara út í slíkar breytingar.

Að lokum má ekki gleyma sjálfum hagræðingarverkefnum sjóðsins sem hann dregur nafn sitt af, en ljóst er að með þeim breytingum, sem fjárlagafrumvarpið boðar, væri klippt á getu sjóðsins til að sinna þeim verkefnum.

Til að fyrirbyggja allan misskilning vill 1. minni hluti nefndarinnar taka skýrt fram að hann styður heils hugar að aukin áhersla verði lögð á hafrannsóknir og fagnar þeim nýju verkefnum sem boðað er að ráðast eigi í á sviði fjölstofnarannsókna. Fyrsti minni hluti telur hins vegar að verkefnin eigi að fjármagna með öðrum hætti en þeim að seilast í vasa sjávarútvegsins einnig í ljósi þess hvernig nú háttar til um afkomu í greininni.

Í orði kveðnu eru flestir sammála um að eitt meginverkefni ríkisins á sviði atvinnulífsins eigi að vera á sviði rannsókna og þróunar og leiðin til öflugra atvinnulífs og aukins hagvaxtar hljóti að liggja gegnum myndarleg framlög úr sameiginlegum sjóðum til slíkra verkefna. Hér sýnist eiga að halda í þveröfuga átt og því eru fulltrúar Alþýðubandalagsins andvígir.

Að öðru leyti sjá undirritaðir ekki ástæðu til að gera athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins enda varð það ofan á í sjávarútvegsnefnd að ræða fyrst og fremst þau atriði sem fælu í sér breytingar og væru stefnumarkandi á einhvern hátt.

Eins og áður sagði og með vísan til þess rökstuðnings, sem að ofan greinir, geta fulltrúar Alþýðubandalagsins í sjávarútvegsnefnd ekki mælt með samþykkt þess hluta frumvarpsins sem lýtur að fjárveitingum til sjávarútvegsmála og munu greiða atkvæði gegn þeirri fénýtingu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Alþingi, 11. nóv. 1991.

Jóhann Ársælsson.
Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn sjávarútvegsnefndar vilja taka fram að í nefndarstarfinu hefur ekki farið fram sú umræða og þau skoðanaskipti sem nauðsynleg eru til að hægt sé að glöggva sig nægjanlega á þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem snerta sjávarútveginn og stofnanir tengdar honum. Til að svo hefði verið hefðu fulltrúar frá hinum ýmsu sviðum sjávarútvegsins þurft að koma á fund sjávarútvegsnefndar og gefa nefndarmönnum sem gleggstar upplýsingar um starfsemi og framtíðaráform.

Annar minni hluti nefndarinnar styður eindregið að starfsemi Hafrannsóknastofnunar verði efld og bendir þar m.a. á fjölstofnarannsóknir sem eru eðlilegt framhald fiskirannsókna síðustu ára.

Mikilvægur grunnur þessara rannsókna var lagður í rannsóknaáætlun um sjávarspendýr sem ríkissjóður kostaði að litlu leyti og því eðlilegt að ríkissjóður leggi nú eitthvað að mörkum til að tryggja framhaldið.

Hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er nú unnið að margvíslegum verkefnum og væntir 2. minni hluti nefndarinnar þess að fjárlaganefnd taki tillit til þess við gerð fjárlaga hversu þýðingarmikill þessi þáttur er sjávarútveginum og þjóðinni allri.

Annar minni hluti nefndarinnar lýsir andstöðu og varar við þeim hugmyndum, sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu, að fénýta aflaheimildir Hagræðingarsjóðs og kippa þannig grunninum undan þeim meginmarkmiðum sjóðsins að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breyttra útgerðarhátta.

Annar minni hluti nefndarinnar mótmælir eindregið þeim áformum sem lesa má í fjárlagafrumvarpinu um stóraukna skattheimtu á sjávarútveginn og varar mjög alvarlega við þeim ásetningi ríkisstjórnarinnar að feta sig á leið veiðileyfasölu til að fjármagna ríkisútgjöld.

Við umræðu um afgreiðslu fjárlaga og fylgifrumvarpa þess munu undirritaðir nefndarmenn gera frekari grein fyrir einstökum þáttum þessara mála og annarra sem þeim tengjast.

Alþingi, 15. nóv. 1991.

Halldór Ásgrímsson.
Stefán Guðmundsson.

Fylgiskjal XV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á hennar málefnasviði, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. þingskapa. Vegna umfjöllunar nefndarinnar hafa eftirfarandi komið á fund hennar: Eiður Guðnason umhverfisráðherra, Magnús Jóhannesson, aðstoðarmaður ráðherra, Kristinn Sv. Helgason, skrifstofustjóri umhverfisráðuneytis, Jón Gunnar Ottósson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, Arnþór Garðarsson, formaður Náttúruverndarráðs, og Þóroddur Þóroddsson, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs. Fékk nefndin hjá þeim nánari skýringar á þeim kafla fjárlagafrumvarpsins sem fjallar um umhverfisráðuneyti og stofnanir þess.

Nefndin telur að umfjöllun hennar um fjárlagafrumvarpið hafi verið gagnlegt nýmæli og hyggst hún halda áfram á sömu braut á næsta þingi. Við skipulagningu starfsins næsta haust tekur nefndin mið af fenginni reynslu og mun hefja yfirferðina fyrr en nú var mögulegt.

Nefndin ákvað að gera ekki breytingartillögur við einstaka liði þess hluta fjárlagafrumvarpsins sem að henni snýr. Eigi að síður vill nefndin vekja athygli á brýnni fjárþörf til verkefna á sviði umhverfisráðuneytis eins og viðbótartillögur ráðuneytisins til fjárlaganefndar vitna um. Þá kom fram í gögnum sem Náttúruverndarráð lagði fram að fjölgun verkefna og stöðug eftirspurn eftir þjónustu ráðsins kalli á meiri fjárþörf af opinberu fé en verið hefur hingað til. Enn fremur vill nefndin minna á að umhverfisráðuneytið er yngsta ráðuneytið innan Stjórnarráðsins og því er brýnt að við fjárveitingar til ráðuneytisins verði nægilegt tillit tekið til uppbyggingar þess. Þýðing umhverfismála á alþjóðavísu fer ört vaxandi og það endurspeglast m.a. í auknum fjárframlögum til þessa málaflokks í nágrannalöndum okkar. Einstakir nefndarmenn munu, ef þeir svo kjósa, lýsa nánar viðhorfum sínum við framhaldsumræðu málsins og skoða málefni umhverfisráðuneytis í ljósi heildarniðurstöðu fjárlaga.

Alþingi, 7. nóv. 1991.

Gunnlaugur Stefánsson, form.
Árni R. Árnason.
Árni M. Mathiesen.
Hjörleifur Guttormsson.
Kristín Einarsdóttir.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Ólafur Ragnar Grímsson.
Valgerður Sverrisdóttir.

233. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (KSG, PJ, StB, GunnS, ÁJ, EKG).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 00-201 Alþingi. 101 Alþingiskostnaður.	
Fyrir „244.800“ kemur	237.800
2. Við 4. gr. 01-171 601 Byggðastofnun.	
Fyrir „200.000“ kemur	180.000
3. Við 4. gr. 02-101 Menntamálaráðuneyti. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „235.600“ kemur	239.600
4. Við 4. gr. 02-318 Almennir framhaldsskólar.	
a. Við 690 Byggingarframkvæmdir.	
Fyrir „305.000“ kemur	299.500
b. Sundurliðun viðfangsefna 590 Viðhald og 690 Byggingarframkvæmdir kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	7.500	
2. Menntaskólinn í Hamrahlíð, viðhald	7.500	
3. Menntaskólinn við Sund, viðhald	7.500	
4. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	10.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Ármúla, viðhald	5.000	
6. Iðnskólinn í Reykjavík, viðhald	5.000	
7. Nýr skóli, fyrsta fjárveiting	42.500	
		90.000
Reykjanes:		
1. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	5.000	
2. Framhaldsskólinn í Garðabæ	6.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	36.000	
4. Menntaskólinn í Kópavogi	45.000	
		92.000
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands		33.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vestfirðir:		
Menntaskólinn á Ísafirði		
viðhald	4.000	
byggingarframkvæmdir	8.000	
		12.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki		32.000
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	1.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri	35.000	
3. Framhaldsskólinn á Húsavík	10.000	
		51.000
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	5.000	
2. Verkmenntaskólinn á Neskaupstað	23.000	
3. Framhaldsskóli A-Skaftafellssýslu	2.000	
		35.000
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands	500	
2. Menntaskólinn á Laugarvatni (þar með talinn Héraðsskólinn), viðhald	25.000	
3. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	10.500	
		36.000
Héraðsskólar, viðhald		25.000
Óskipt, viðhald		18.500
		424.500

5. Við 4. gr. 02-720 Grunnskólar, almennt.
   a. Við 141 Landakotsskóli, rekstrarstyrkur.
      Fyrir „4.400“ kemur 5.400
   b. Við 190 Grunnskólar, óskipt.
      Fyrir „46.500“ kemur 36.500
6. Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands.
   a. Við 101 Almennur rekstur.
      Fyrir „56.000“ kemur 58.000

Þús. kr.

b. Við 590 Verndun gamalla húsa.
Fyrir „8.300“ kemur 10.300
7. Við 4. gr. 02-907 Listasafn Íslands. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „42.800“ kemur 43.800
8. Við 4. gr. 02-908 Kvikmyndasafn Íslands. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „6.900“ kemur 8.900
9. Við 4. gr. 02-919 Söfn, ýmis framlög.
a. Við 110 Listasafn ASÍ.
Fyrir „2.000“ kemur 3.000
b. Við 112 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.
Fyrir „2.000“ kemur 4.500
c. Við 120 Byggða- og minjasöfn.
Fyrir „10.000“ kemur 12.600
10. Við 4. gr. 02-973 Þjóðleikhús. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „226.500“ kemur 254.000
11. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.
a. Við 122 Starfsemi áhugaleikhópa.
Fyrir „12.000“ kemur 14.000
b. Við 176 Menningarsjóður félagsheimila.
Fyrir „6.100“ kemur 7.500
12. Við 4. gr. 02-988 Æskulýðsmál. 117 Starfsemi KFUM og KFUK.
Fyrir „2.200“ kemur 4.200
13. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál.
a. Við 110 Íþróttasamband Íslands.
Fyrir „25.000“ kemur 26.900
b. Við 111 Ólympíunefnd Íslands.
Fyrir „5.500“ kemur 8.000
c. Við 112 Ólympíunefnd fatlaðra.
Fyrir „1.200“ kemur 2.000
d. Við 116 Íþróttafélög, styrkir.
Fyrir „12.500“ kemur 16.000
e. Við 121 Skáksamband Íslands.
Fyrir „2.200“ kemur 4.400
f. Við 123 Skákmót, styrkir.
Liðurinn fellur brott.
g. Við 124 Skólaskákmót.
Liðurinn fellur brott.
14. Við 4. gr. 02-999 163 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna.
Fyrir „1.500“ kemur 2.700
15. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti. 153 Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins.
Fyrir „20.000“ kemur 30.000
16. Við 4. gr. 04-101 Landbúnaðarráðuneyti. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „71.500“ kemur 72.500
17. Við 4. gr. 04-202 Hagþjónusta landbúnaðarins. 101 Almennur rekstur.
Fyrir „12.100“ kemur 12.600

Þús. kr.

18. Við 4. gr. 04-290 Greiðslur vegna búvöruframleiðslu. 130 Beinar greiðslur til bænda.
Fyrir „1.770.000“ kemur 1.475.000
19. Við 4. gr. 04-299 Búnaðarmál, ýmis verkefni.
a. Nýr liður:
121 Landþurrkun 1.500
b. Við 122 Ýmis verkefni.
Fyrir „300“ kemur 1.700
20. Við 4. gr. 05-101 Sjávarútvegsráðuneyti. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „84.000“ kemur 85.000
21. Við 4. gr. 05-299 Sjávarútvegsmál. 132 Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi.
Fyrir „52.500“ kemur 42.500
22. Við 4. gr. 06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík. 120 Almenn löggæsla.
Fyrir „713.700“ kemur 703.700
23. Við 4. gr. 06-395 Landhelgisgæsla Íslands.
a. Við 121 V/s Ægir.
Fyrir „122.400“ kemur 112.200
b. Við 122 V/s Óðinn.
Fyrir „105.000“ kemur 96.200
c. Við 123 V/s Týr.
Fyrir „126.600“ kemur 114.600
d. Við 130 Fluggæsla.
Fyrir „227.000“ kemur 208.000
24. Við 4. gr. 06-701 Biskup Íslands. 115 Ýmis verkefni.
Fyrir „5.200“ kemur 5.700
25. Við 4. gr. 06-711 110 Prestar og prófastar.
Fyrir „309.200“ kemur 311.000
26. Við 4. gr. 06-790 Kirkjumál, ýmis kostnaður.
a. Við 190 Ýmislegt.
Fyrir „3.000“ kemur 5.400
b. Við 611 Hallgrímskirkja.
Fyrir „5.000“ kemur 7.000
c. Við 612 Hóladómkirkja.
Fyrir „1.000“ kemur 3.000
27. Við 4. gr. 07-101 Félagsmálaráðuneyti. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „74.100“ kemur 75.100
28. Við 4. gr. 07-700 Málefni fatlaðra. Nýr liður:
120 Vistun geðfatlaðra 35.000
29. Við 4. gr. 07-722 170 Vistheimilið að Sólheimum.
Fyrir „83.000“ kemur 87.500
30. Við 4. gr. 07-998 101 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra.
Fyrir „4.800“ kemur 5.000

Þús. kr.

31. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.
    a. Við 127 Slysavarnafélag Íslands.
       Fyrir „9.000“ kemur 16.500
    b. Við 132 Starfsmenntun í atvinnulífinu.
       Fyrir „58.000“ kemur 48.000
32. Við 4. gr. 08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. 101 Yfirstjórn.
    Fyrir „114.600“ kemur 117.100
33. Við 4. gr. 08-271 Tryggingastofnun ríkisins.
    a. Við 110 Lífeyristryggingar.
       Fyrir „14.677.000“ kemur 14.757.000
    b. Við 120 Sjúkratryggingar.
       Fyrir „8.809.000“ kemur 9.409.000
34. Við 4. gr. 08-273 101 Atvinnuleysistryggingasjóður.
    Fyrir „1.130.000“ kemur 1.280.000
35. Við 4. gr. 08-301 Landlæknir. 101 Yfirstjórn.
    Fyrir „33.900“ kemur 42.900
36. Við 4. gr. 08-325 Hollustuvernd ríkisins. 4 Sértekjur.
    Fyrir „17.800“ kemur 27.800
37. Við 4. gr. 08-350 Sjúkrahúsið Akranesi. 101 Almennur rekstur.
    Fyrir „456.800“ kemur 459.000
38. Við 4. gr. 08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. 101 Almennur rekstur.
    Fyrir „1.139.800“ kemur 1.136.000
39. Við 4. gr. 08-367 Sjúkrahúsið Keflavík. 101 Almennur rekstur.
    Fyrir „221.900“ kemur 223.500
40. Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.
    a. Við 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.
       Fyrir „290.000“ kemur 294.200
    b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:	
1. Akranes, H2	26.000
2. Akranes, sjúkrahús	6.000
3. Stykkishólmur, H2	8.500
4. Grundarfjörður, H2	13.300
5. Patreksfjörður, sjúkrahús	2.100
6. Ísafjörður, sjúkrahús	35.000
7. Bolungarvík, sjúkrahús	3.200
8. Blönduós, H2	19.300
9. Siglufjörður, sjúkrahús	9.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
10. Húsavík, H2	15.300	
11. Raufarhöfn, H1	500	
12. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H2	9.000	
13. Djúpivogur, H2	2.400	
14. Eskifjörður og Reyðarfjörður, H2	17.600	
15. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	10.000	
16. Þorlákshöfn, H1	1.500	
17. Selfoss, sjúkrahús	1.000	
18. Stokkseyri, H1	3.700	
19. Suðurnes, heilsugæslustöð	4.000	
20. Hafnarfjörður, H2	21.500	
21. Seltjarnarnes, H2	2.600	
22. Reykjavík, heilsugæslustöðvar	50.500	
		262.500
b. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Hella	9.000	
2. Grindavík	13.700	
3. Kirkjubæjarklaustur	1.000	
		23.700
c. Húsaleiga:		
Akureyri	8.000	
		8.000
		294.200
41. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.		
a. Við 131 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit.		
Fyrir „122.100“ kemur		103.100
b. Nýr liður:		
172 Bláalónsnefnd		7.000
c. Við 190 Ýmis framlög.		
Fyrir „10.000“ kemur		14.100
42. Við 4. gr. 08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól. 101 Almennur rekstur.		
Fyrir „258.000“ kemur		275.000
43. Við 4. gr. 08-500 110 Heilsugæslustöðvar, almennt.		
Fyrir „146.300“ kemur		81.700
44. Við 4. gr. 08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík. 4 Sértekjur.		
Fyrir „33.200“ kemur		17.500
45. Við 4. gr. 08-511 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík. 4 Sértekjur.		
Fyrir „60.300“ kemur		66.700

	Þús. kr.
46. Við 4. gr. 08-521 Heilsugæslustöðin Akranesi. 4 Sértekjur. Fyrir „8.800“ kemur	8.300
47. Við 4. gr. 08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi. 4 Sértekjur. Fyrir „13.600“ kemur	10.800
48. Við 4. gr. 08-523 Heilsugæslustöðin Stykkishólmi. 4 Sértekjur. Fyrir „5.300“ kemur	3.800
49. Við 4. gr. 08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík. 4 Sértekjur. Fyrir „10.800“ kemur	7.700
50. Við 4. gr. 08-525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði. 4 Sértekjur. Fyrir „4.300“ kemur	2.200
51. Við 4. gr. 08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal. 4 Sértekjur. Fyrir„6.500“ kemur	5.000
52. Við 4. gr. 08-531 Heilsugæslustöðin Patreksfirði. 4 Sértekjur. Fyrir „10.100“ kemur	5.400
53. Við 4. gr. 08-532 Heilsugæslustöðin Ísafirði. 4 Sértekjur. Fyrir „13.800“ kemur	6.800
54. Við 4. gr. 08-533 Heilsugæslustöðin Þingeyri. 4 Sértekjur. Fyrir „2.600“ kemur	1.400
55. Við 4. gr. 08-534 Heilsugæslustöðin Flateyri. 4 Sértekjur. Fyrir „3.900“ kemur	2.000
56. Við 4. gr. 08-535 Heilsugæslustöðin Bolungarvík. 4 Sértekjur. Fyrir „3.800“ kemur	2.900
57. Við 4. gr. 08-536 Heilsugæslustöðin Hólmavík. 4 Sértekjur. Fyrir „3.800“ kemur	2.000
58. Við 4. gr. 08-541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga. 4 Sértekjur. Fyrir „6.600“ kemur	4.600
59. Við 4. gr. 08-542 Heilsugæslustöðin Blönduósi. 4 Sértekjur. Fyrir „9.000“ kemur	6.000
60. Við 4. gr. 08-543 Heilsugæslustöðin Sauðárkróki. 4 Sértekjur. Fyrir „9.400“ kemur	4.400
61. Við 4. gr. 08-544 Heilsugæslustöðin Siglufirði. 4 Sértekjur. Fyrir „3.800“ kemur	3.600
62. Við 4. gr. 08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði. 4 Sértekjur. Fyrir „4.300“ kemur	3.200
63. Við 4. gr. 08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík. 4 Sértekjur. Fyrir „6.800“ kemur	6.000
64. Við 4. gr. 08-553 Heilsugæslustöðin Akureyri. 4 Sértekjur. Fyrir „53.100“ kemur	35.300
65. Við 4. gr. 08-554 Heilsugæslustöðin Húsavík. 4 Sértekjur. Fyrir „8.600“ kemur	3.900
66. Við 4. gr. 08-555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri. 4 Sértekjur. Fyrir „3.200“ kemur	1.200
67. Við 4. gr. 08-556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn. 4 Sértekjur. Fyrir „3.100“ kemur	1.200
68. Við 4. gr. 08-557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn. 4 Sértekjur. Fyrir „3.600“ kemur	1.200

Þús. kr.

69. Við 4. gr. 08-561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði. 4 Sértekjur.
Fyrir „6.300“ kemur 3.100
70. Við 4. gr. 08-562 Heilsugæslustöðin Egilsstöðum. 4 Sértekjur.
Fyrir „17.900“ kemur 12.400
71. Við 4. gr. 08-563 Heilsugæslustöðin Seyðisfirði. 4 Sértekjur.
Fyrir „2.800“ kemur 1.100
72. Við 4. gr. 08-564 Heilsugæslustöðin Neskaupstað. 4 Sértekjur.
Fyrir „6.600“ kemur 6.000
73. Við 4. gr. 08-565 Heilsugæslustöðin Eskifirði. 4 Sértekjur.
Fyrir „7.200“ kemur 6.300
74. Við 4. gr. 08-566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði. 4 Sértekjur.
Fyrir „4.200“ kemur 2.600
75. Við 4. gr. 08-567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi. 4 Sértekjur.
Fyrir „4.200“ kemur 1.800
76. Við 4. gr. 08-568 Höfn í Hornafirði. 4 Sértekjur.
Fyrir „8.100“ kemur 6.700
77. Við 4. gr. 08-571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri. 4 Sértekjur.
Fyrir „3.500“ kemur 1.500
78. Við 4. gr. 08-572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal. 4 Sértekjur.
Fyrir „3.000“ kemur 1.600
79. Við 4. gr. 08-573 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum. 4 Sértekjur.
Fyrir „10.600“ kemur 5.700
80. Við 4. gr. 08-574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli. 4 Sértekjur.
Fyrir „3.200“ kemur 2.900
81. Við 4. gr. 08-575 Heilsugæslustöðin Hellu. 4 Sértekjur.
Fyrir „4.200“ kemur 4.100
82. Við 4. gr. 08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási. 4 Sértekjur.
Fyrir „6.800“ kemur 5.100
83. Við 4. gr. 08-577 Heilsugæslustöðin Selfossi. 4 Sértekjur.
Fyrir „11.600“ kemur 10.300
84. Við 4. gr. 08-578 Heilsugæslustöðin Hveragerði. 4 Sértekjur.
Fyrir „2.700“ kemur 1.900
85. Við 4. gr. 08-579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn. 4 Sértekjur.
Fyrir „3.100“ kemur 4.700
86. Við 4. gr. 08-581 Heilsugæslustöðin Keflavík. 4 Sértekjur.
Fyrir „27.300“ kemur 19.600
87. Við 4. gr. 08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði. 4 Sértekjur.
Fyrir „24.400“ kemur 19.900
88. Við 4. gr. 08-583 Heilsugæslustöðin Garðabæ. 4 Sértekjur.
Fyrir „9.700“ kemur 7.800
89. Við 4. gr. 08-584 Heilsugæslustöðin Kópavogi. 4 Sértekjur.
Fyrir „24.800“ kemur 19.300
90. Við 4. gr. 08-585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi. 4 Sértekjur.
Fyrir „16.100“ kemur 13.400
91. Við 4. gr. 08-586 Heilsugæslustöðin Reykjalundi. 4 Sértekjur.
Fyrir „7.400“ kemur 4.300

Þús. kr.

92. Við 4. gr. 09-101 Fjármálaráðuneyti. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „271.000“ kemur 273.500
93. Við 4. gr. 09-261 101 Ríkistollstjóri. 4 Sértekjur.
Fyrir „12.300“ kemur 17.300
94. Við 4. gr. 09-262 101 Tollstjórinn í Reykjavík.
Fyrir „160.900“ kemur 155.900
95. Við 4. gr. 09-481 601 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.
Fyrir „475.000“ kemur 470.000
96. Við 4. gr. 09-995 Skýrsluvélakostnaður.
a. Við 102 Tekjubókhaldskerfi.
Fyrir „170.000“ kemur 168.000
b. Við 103 Skattavinnslukerfi.
Fyrir „140.000“ kemur 138.000
c. Við 104 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins.
Fyrir „47.000“ kemur 46.000
97. Við 4. gr. 09-999 Ýmislegt.
a. Við 117 Ýmis sameiginlegur kostnaður.
Fyrir „22.500“ kemur 14.000
b. Við 119 Ýmsar endurgreiðslur.
Fyrir „30.000“ kemur 20.000
c. Við 620 Ríkisbifreiðar, framlag.
Fyrir „6.500“ kemur 5.000
98. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál.
a. Við 630 Hafnamannvirki.
Fyrir „687.000“ kemur 762.300
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Hafnamannvirki (10-333 630).

	Þús. kr.	
Vesturland:		
1. Akranes	18.200	
2. Arnarstapi	2.000	
3. Rif	11.700	
4. Ólafsvík	4.500	
5. Grundarfjörður	5.200	
6. Stykkishólmur	18.900	
		60.500
Vestfirðir:		
1. Brjánslækur	3.300	
2. Patreksfjörður	10.200	
3. Flateyri	2.600	
4. Bolungarvík	84.800	
5. Ísafjörður	22.800	
6. Súðavík	2.300	
7. Norðurfjörður	6.900	

	Þús. kr.	Þús. kr.
8. Drangsnes	1.100	
9. Hólmavík	200	
		134.200
Norðurland vestra:		
1. Blönduós	19.900	
2. Skagaströnd	36.000	
3. Hvammstangi	2.300	
4. Sauðárkrókur	15.000	
5. Hofsós	3.500	
6. Haganesvík	400	
7. Siglufjörður	9.200	
		86.300
Norðurland eystra:		
1. Ólafsfjörður	11.000	
2. Dalvík	11.000	
3. Árskógssandur	1.100	
4. Akureyri	22.000	
5. Grenivík	4.900	
6. Grímsey	7.200	
7. Húsavík	64.500	
8. Tjörneshöfn	100	
9. Þórshöfn	5.200	
10. Raufarhöfn	400	
		127.400
Austurland:		
1. Bakkafjörður	6.900	
2. Vopnafjörður	9.100	
3. Borgarfjörður eystri	600	
4. Seyðisfjörður	10.900	
5. Neskaupstaður	2.500	
6. Eskifjörður	4.100	
7. Reyðarfjörður	25.900	
8. Fáskrúðsfjörður	6.800	
9. Stöðvarfjörður	8.500	
10. Breiðdalsvík	100	
11. Djúpivogur	2.900	
12. Höfn í Hornafirði	10.900	
		89.200
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	37.900	
2. Aðstaða fyrir Herjólf	141.000	
3. Þorlákshöfn	3.100	
		182.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjanes:		
1. Grindavík	31.700	
2. Sandgerði	22.100	
3. Keflavík–Njarðvík	2.400	
4. Vogar	13.000	
5. Hafnarfjörður	7.800	
		77.000
Óskipt		5.700
		762.300

99. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. Nýr liður:
639 Hafnarmannvirki, Sandgerði 47.700

100. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. 640 Sjóvarnargarðar. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Sjóvarnargarðar (10-333 640).

1. Ólafsvík	6.400	
2. Patreksfjörður	200	
3. Flateyri	4.500	
4. Ísafjörður	200	
5. Skagaströnd	200	
6. Hrísey	100	
7. Árskógshreppur	3.600	
8. Stokkseyri	2.700	
9. Eyrarbakki	600	
10. Selvogur	2.700	
11. Grindavík	10.100	
12. Hafnir	2.000	
13. Sandgerði	2.800	
14. Garður	2.500	
15. Njarðvík	2.700	
16. Bessastaðahreppur	3.700	
17. Seltjarnarnes	5.000	
		50.000

101. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. Nýr liður:
4 Sértekjur 125.000

102. Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög. Nýir liðir:
a. 126 Ýmislegt 3.000
b. 142 Ýmis ferðamál 2.000

103. Við 4. gr. 11-201 Iðntæknistofnun Íslands. Nýr liður:
601 Tæki og búnaður 9.000

104. Við 4. gr. 12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „64.600“ kemur 70.600

105. Við 4. gr. 12-201 101 Niðurgreiðslur á vöruverði.
Fyrir „4.575.000“ kemur 4.475.000

	Þús. kr.
106. Við 4. gr. 14-101 Umhverfisráðuneyti. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „48.900“ kemur	50.900
107. Við 4. gr. 14-190 Ýmis verkefni.	
a. Nýr liður:	
128 Átak í sorphirðumálum	5.000
b. Við 691 Náttúruhús í Reykjavík.	
Liðurinn fellur brott.	
108. Við 4. gr. 14-210 101 Veiðistjóri.	
Fyrir „23.600“ kemur	35.900
109. Við 4. gr. 14-301 101 Skipulagsstjóri.	
Fyrir „80.500“ kemur	85.000

110. Við 4. gr. Launaliðir rekstrarviðfangsefna lækki um 6,7% og önnur gjöld um 1,3%, nema liðurinn 09-801 110 *Ýmis lán ríkissjóðs, vextir*. Þó skulu fjárhæðir, sem eftir standa, vera í hundruðum þúsunda króna. Skulu tveir fimmtu hlutar lækkunarinnar fara yfir á sérstakan fjárlagalið í hverju ráðuneyti.

234. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á undanförnum árum hafa formenn allsherjarnefnda efri og neðri deilda farið yfir allar umsóknir ásamt starfsmanni nefndadeildar og borið síðan tillögu til breytinga undir nefndir sínar.

Nú var svipaður háttur hafður á. Formaður, tveir aðrir nefndarmenn og starfsmenn nefndadeildar fóru yfir allar umsóknir til að kanna hvort þær uppfylltu þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisfangs, sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi.

Við afgreiðslu á fyrra frumvarpinu um veitingu ríkisborgararéttar, sem jafnan er afgreitt á haustþingi, hefur nefndin haft að leiðarljósi fyrrgreindar reglur á þskj. 910. Umsóknir, sem ekki hljóta afgreiðslu nú, bíða þar til seinna frumvarpið er afgreitt á vorþingi, en þá koma allar óafgreiddar umsóknir aftur til skoðunar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. des. 1991.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.
Kristinn H. Gunnarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Össur Skarphéðinsson.

235. Breytingartillaga [88. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abu-Samra, Bassam Kemal Ghali Ali, matsveinn í Kópavogi, f. 1. janúar 1965 í Ísrael.
2. Andreasen, Olga, húsmóðir í Gnúpverjahreppi, f. 19. mars 1956 í Stykkishólmi.
3. Andy, Ruby Sheila Kumari, húsmóðir í Reykjavík, f. 3. maí 1958 í Singapúr.
4. D'Arcy, Julian Meldon, dósent í Reykjavík, f. 9. mars 1949 í Wales.
5. Browne, George Stuard, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. 5. júní 1938 á Írlandi.
6. Carteciano, Ana Bejec, húsmóðir á Egilsstöðum, f. 19. júlí 1958 á Filippseyjum.
7. Cashman, Mary Michelle, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. apríl 1961 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
8. Dunn, Charlotta Maria Madelaire, bókari á Blönduósi, f. 10. ágúst 1960 í Danmörku.
9. Eichmann, Charlotte Lido, nemi í Keflavík, f. 19. september 1975 í Hafnarfirði.
10. Eichmann, Guðlaug Hanna, nemi í Keflavík, f. 30. nóvember 1980 í Keflavík.
11. Frederiksen, Inge Margrethe, afgreiðslukona í Reykjavík, f. 5. október 1934 í Danmörku.
12. Fors, Karen Margaret, verkakona í Vestmannaeyjum, f. 20. september 1951 í Kanada.
13. Groeneweg, Adriaan Dick, verslunarstjóri í Garðabæ, f. 16. mars 1944 í Hollandi.
14. Groiss, Helmut, vefmeistari á Akureyri, f. 27. september 1941 í Austurríki.
15. Grytvik, Samúel, nemandi í Reykjavík, f. 21. maí 1963 í Vestmannaeyjum.
16. Guberska, Zofia, nemandi í Reykjavík, f. 2. ágúst 1955 í Póllandi.
17. Hanneck, Björn Sindri, barn í Reykjavík, f. 10. mars 1980 í Þýskalandi.
18. Hannigan, Nicholas Peter John, kennari í Reykjavík, f. 26. desember 1957 í Kanada.
19. Hansen, Sigurður Peter, verslunarmaður í Mosfellsbæ, f. 4. desember 1967 í Reykjavík.
20. Hinrichsen, Helmut, kennari í Mosfellsbæ, f. 23. ágúst 1953 í Þýskalandi.
21. Hockett, Allan Örn, nemi í Reykjavík, f. 3. júlí 1973 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
22. Hockett, Stephanie Sunna, nemi í Reykjavík, f. 2. október 1970 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
23. Ivanova, Olga Pavlovna, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. 13. apríl 1962 í Sovétríkjunum.
24. Ivanovic, Uros, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 19. maí 1939 í Júgóslavíu.
25. Johannsen, Hrönn, nemi í Borgarnesi, f. 27. febrúar 1975 í Reykjavík.
26. Kale, Mahesh Madhavrao, rafsuðumaður í Hafnarfirði, f. 8. júlí 1953 á Indlandi.
27. Kampp, Anne, leiðbeinandi á Egilsstöðum, f. 12. júlí 1955 í Danmörku.
28. Karl Bernhard Mýrdal, fjarskiptasérfræðingur í Reykjavík, f. 2. apríl 1954 í Reykjavík.
29. Khalifeh, Mohamad Farid, rafmagnsverkfræðingur á Seltjarnarnesi, f. 25. desember 1936 í Jórdaníu.
30. Kwaszenko, Soffia Kristin, ritari í Reykjavík, f. 26. febrúar 1953 í Englandi.

31. Labandero, Pinafrancia, póstmaður í Reykjavík, f. 17. september 1968 á Filippseyjum.
32. Macdonald, Mary Allyson, kennslufræðingur á Hólum í Hjaltadal, f. 29. október 1952 í Suður-Afríku.
33. Margrét Svava Jörgensdóttir, hárskeri í Reykjavík, f. 23. nóvember 1965 í Reykjavík.
34. Martinez, Rafael Vias, atvinnurekandi í Reykjavík, f. 11. október 1956 á Spáni.
35. Mondejar, Antonio Penalver, hafnarverkamaður í Keflavík, f. 1. september 1956 á Spáni.
36. Morales, Gabriela Rosa Escobar, sjúkraliði á Þórshöfn, f. 4. apríl 1965 í Síle.
37. Paran, Alma Unabia, iðnverkakona í Kópavogi, f. 13. júní 1971 á Filippseyjum.
38. Perry, Will Harrison, fyrrv. framkvæmdastjóri í Garðabæ, f. 7. mars 1926 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
39. Pettypiece, Victoria Ayn, verkakona í Vestmannaeyjum, f. 21. september 1954 í Englandi.
40. Silud, Merlita Maguicay, iðnverkakona í Reykjavík, f. 8. maí 1957 á Filippseyjum.
41. Smith, Marlisa Jean, aðstoðarmaður í Reykjavík, f. 21. janúar 1963 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
42. Telli, Elife, verkakona í Hafnarfirði, f. 15. maí 1965 í Tyrklandi.
43. Ulloa, Jose Gregorio Cruz, myndlistarmaður í Reykjavík, f. 27. nóvember 1961 í Kólumbíu.
44. Vaca, Eduardo Perez, aðstoðarmatsveinn í Reykjavík, f. 3. desember 1965 á Spáni.
45. Villegas, Helen Santasingh, húsmóðir í A-Landeyjum, f. 23. apríl 1959 á Filippseyjum.
46. Þórdís Súna Pétursdóttir, verkakona í Keflavík, f. 16. júlí 1967 í Keflavík.
47. Þórhildur Sylvía Magnúsdóttir, húsmóðir í Keflavík, f. 18. febrúar 1971 í Þýskalandi.

236. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „300.000“ í 3. mgr. 17. gr. laganna komi: 328.500.

2. gr.

27. gr. laganna, ásamt fyrirsögn, orðist svo:

Samvinnuhlutabréf.

Ákvæði laga þessara um hlutabréf og jöfnunarhlutabréf skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf, sbr. lög nr. 22/1991, um samvinnufélög, eftir því sem við á. Jafnframt skulu ákvæði laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum, um hlutabréf gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðanna „115.000“ og „230.000“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. komi: 126.000 og 252.000.
b. Í stað fjárhæðanna „86.000“ og „172.000“ í 2. málsl. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. komi: 94.000 og 188.000.
c. Í stað fjárhæðanna „18.200.000“ og „36.400.000“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: 21.000.000 og 42.000.000.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 31. gr. laganna:

a. 7. tölul. orðist svo: Eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu fimm árum á undan tekjuári, framreiknaðar samkvæmt ákvæðum 26. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.
b. 8. tölul. falli brott.

5. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „100.000“ í 41. gr. laganna komi: 115.000.

6. gr.

Í stað orðanna „27. gr. laga nr. 46/1937“ í 2. mgr. 56. gr. laganna komi: 78. gr. laga nr. 22/1991, um samvinnufélög.

7. gr.

57. gr. A laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 56. og 57. gr. skal rekstrartap, þar með taldar eftirstöðvar rekstrartaps frá fyrri árum, sbr. 7. tölul. 31. gr., hjá því félagi, sem slitið var, ekki flytjast til þess félags sem við tekur nema uppfyllt séu öll skilyrði þessarar greinar. Félag það, sem við tekur, skal hafa með höndum sams konar rekstur eða starfsemi og það félag sem slitið var. Tap flyst ekki milli félaga þegar það félag, sem slitið var, átti fyrir slitin óverulegar eignir eða hafði engan rekstur með höndum. Sameining félaganna verður og að vera gerð í rekstrarlegu hagræðingarskyni eða öðrum venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi. Hið yfirfærða tap verður að hafa myndast í sams konar rekstri og það félag, sem við tekur, hafði með höndum. Eigendur meiri hluta eignarhlutar þess félags, sem niður er lagt, skulu hafa átt eignarhluti sína í því félagi í a.m.k. þrjú ár á sameiningardegi og þeir skulu eftir sameiningu eiga hlutabréf eða eignarhlut í því félagi sem við tekur í samræmi við eignarhlutdeild sína í því félagi sem niður er lagt.

8. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „250.200“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna komi: 287.064.

9. gr.

B-liður 68. gr. laganna orðist svo:

Maður, sem stundar sjómennsku á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi, skal njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, sem koma skal til frádráttar reiknuðum tekjuskatti af þeim launum sem hann hafði fyrir sjómannsstörf.

Rétt til sjómannaafsláttar hafa þeir sem stunda sjómennsku, sbr. 4. mgr., og lögskráðir eru í skipsrúm á fiskiskipi. Sama rétt skulu þeir menn eiga sem ráðnir eru sem fiskimenn eða stunda fiskveiðar á eigin fari þó ekki sé skylt að lögskrá þá, enda uppfylli þeir skilyrði 4. mgr.

Enn fremur eiga rétt til sjómannaafsláttar lögskráðir sjómenn sem starfa, sbr. 4. mgr., á varðskipi, rannsóknaskipi, ferju eða farskipi sem er í förum milli landa eða er í strandsiglingum innan lands.

Sjómannaafsláttur skal vera 660 kr. á hvern dag sem sjómaður starfar á skipi á sjó.

Um ráðstöfun sjómannaafsláttar skulu ákvæði A-liðar gilda eftir því sem við getur átt.

Réttur til sjómannaafsláttar er háður því að útgerðaraðili haldi nákvæma skráningu yfir þá daga sem veita sjómanni rétt til sjómannaafsláttar.

Setja skal í reglugerð ákvæði um framkvæmd þessa stafliðar. Í henni skal m.a. kveða á um með hvaða hætti skuli ákvarða dagafjölda sem veitir rétt til afsláttar, skráningu, sbr. 6. mgr., og hvaða gagna megi krefjast í því sambandi.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á A-lið 69. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Barnabætur skulu árlega nema 8.886 kr. með fyrsta barni en 27.564 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 28.917 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir.
b. Í stað 1. og 2. málsl. 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 66.723 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 70.941 kr., en þó 28.917 kr. hærri sé það yngra en 7 ára.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á B-lið 69. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „59.860“ í 2. mgr. komi: 89.284.
b. Í stað fjárhæðanna „920.000“ og „613.000“ í 3. mgr. komi: 1.098.000 og 732.000.
c. Í stað fjárhæðanna „3.350.000“ og „5.025.000“ í 4. mgr. komi: 3.900.000 og 5.850.000.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á C-lið 69. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „2.555.000“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: 2.965.000.
b. Í stað fjárhæðarinnar „4.235.000“ í 4. málsl. 2. mgr. komi: 4.915.000.
c. Í stað fjárhæðanna „107.000“, „140.000“ og „174.000“ í 6. málsl. 2. mgr. komi: 123.000, 161.000 og 200.000.
d. Í stað fjárhæðanna „400.000“, „525.000“ og „650.000“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: 438.000, 575.000 og 712.000.

13. gr.

Í stað fjárhæðanna „1.080.000“ og „2.160.000“ í 1. mgr. 78. gr. laganna komi: 1.183.000 og 2.366.000.

14. gr.

Í stað fjárhæðanna „2.940.000“, „8.235.000“, „1.680.000“ og „840.000“ í 83. gr. laganna komi: 3.412.000, 9.550.000, 2.000.000 og 1.000.000.

15. gr.

89. gr. laganna orðist svo:

Ríkisskattanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um ákvörðun skattstofna og skatta eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Hefur nefndin aðsetur í Reykjavík.

Ríkisskattanefnd ákveður sektir við brotum á lögum þessum, sbr. 108. gr., og brotum á öðrum lögum sem vísa í það lagaákvæði.

Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur um gjöld sem skattstjórar leggja á samkvæmt ákvæðum laga og ákveða sektir, sbr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og 25. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt. Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart ríkisskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda, en við ákvörðun sekta kemur skattrannsóknarstjóri fram af hálfu hins opinbera. Ákvæði 100. gr. gilda um málsmeðferð fyrir ríkisskattanefnd eftir því sem við á.

Fjármálaráðherra skipar fimm menn í ríkisskattanefnd. Allir nefndarmenn skulu hafa nefndarstörfin að aðalstarfi og fullnægja skilyrðum sem sett eru í 86. gr. um embættisgengi skattstjóra. Ríkisskattanefndarmenn kjósa úr sínum hópi formann til tveggja ára í senn og varaformann til sama tíma. Varaformaður gegnir störfum formanns þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur.

Í hverju máli skulu þrír nefndarmenn úrskurða eftir nánari ákvörðun formanns nefndarinnar. Ætíð skal annaðhvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn hvers máls. Eigi má nefndarmaður taka þátt í meðferð máls ef honum bæri að víkja sæti í því sem dómari samkvæmt lögum um meðferð einkamála í héraði. Ætíð skal löglærður nefndarmaður úrskurða í hverju máli.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 100. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðist svo:

   Kærur skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Ef ríkisskattanefnd telur gögn ófullnægjandi, mál ekki nægilega upplýst eða kæru vanreifaða skal hún tilkynna málsaðilum um slíkt áður en hún kveður upp úrskurð í málinu og veita þeim færi á að koma að viðbótargögnum, greinargerð og skýringum innan þess tíma sem nefndin ákveður.

b. 7. mgr. falli niður.

c. 9. mgr., er verði 8. mgr., hljóði svo:

   Ríkisskattanefnd skal hafa lagt efnisúrskurð á allar kærur fimm mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir nefndarinnar skulu ítarlega rökstuddir og í forsendum þeirra skal koma skýrt fram á hvaða málsástæðum og skattheimildum er byggt.

d. 12. mgr. falli niður.

17. gr.

Í stað ártalsins „1991“ í 122. gr. laganna komi: 1993.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992 og gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1992 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1993 vegna tekna á árinu 1992 og eigna í lok þess árs.

Þó skulu ákvæði 1. gr., 3. gr., 5. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr. og 14. gr. koma til fram-

kvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og ákvörðun bóta á árinu 1992 vegna tekna á árinu 1991 og eigna í lok þess árs og ákvæði 10. gr. vegna ákvörðunar barnabóta á árinu 1992.

Ákvæði 15. gr. og 16. gr. koma til framkvæmda 1. júní 1992.

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum, svo og sá hluti 1. mgr. 25. gr. þeirra laga sem hefst á orðunum „en fjárhæðir".

Ákvæði til bráðabirgða.

Húsnæðisbætur, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 79/1989, skulu vera 61.600 kr. miðað við lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. desember 1991, þ.e. 3.198 stig.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem nauðsynlegar eru til að ná þeim tekjum sem áætlaðar eru af þessum sköttum í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992. Eins og fram kemur í greinargerð fjárlagafrumvarpsins er þetta fyrst og fremst gert með því að draga nokkuð úr afsláttarliðum skattkerfisins og endurgreiðslum til tekjuhærri skattgreiðenda. Breytingin felur í sér nokkuð meiri tekjujöfnun en áður var.

Auk breytinga á þessum liðum eru í frumvarpinu fólgnar ýmsar breytingar á ákvæðum um skattlagningu lögaðila og einstaklinga sem ástæða er til að gera nú þó áhrifa af þeim á tekjur ríkissjóðs gæti ekki fyrr en síðar.

Í fyrsta hluta greinargerðar þessarar er fjallað um breytingar á afsláttarliðum og endurgreiðslum. Í öðrum hluta hennar verður gerð grein fyrir breytingum á skattlagningu lögaðila og því næst öðrum breytingum sem frumvarpið felur í sér.

I. Um afslætti og endurgreiðslur.

Tekjuskattskerfi einstaklinga hér á landi einkennist öðru fremur af einföldum álagningarreglum, fáum undanþágum frá skattskyldu þegar frá eru taldar eignatekjur og tiltölulega háum endurgreiðsluliðum. Mynd 1 hér á eftir sýnir með einföldum hætti hvernig álagning tekjuskatta til ríkis og sveitarfélaga vegna tekna einstaklinga 1990 leit út.

Samtals voru lagðir um 36,8 milljarðar króna á tekjur einstaklinga 1990 áður en kom til sértækra afsláttarliða og bótagreiðslna sem voru alls um 8,2 milljarðar króna. Rúmlega 14 milljarðar króna runnu til sveitarfélaga og lítið eitt hærri fjárhæð kom í hlut ríkissjóðs sem almennar tekjur. Af þeirri fjárhæð, sem í hlut ríkisins kom, voru tekin sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld.

Eins og að framan segir var um 8,2 milljörðum króna eða nálægt 22% álagðra tekjuskatta ráðstafað til ýmissa verkefna sem ákveðin eru í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þar af eru barnabótaliðir stærstir eða samtals um 4,4 milljarðar króna. Lætur því nærri að með hverju barni til 16 ára aldurs hafi verið greiddar um 69 þús. kr. að jafnaði. Um ¾ hlutar þeirra greiðslna, þ.e. barnabæturnar, eru ákveðnir án tillits til tekna og efnahags foreldranna en um fjórðungur, barnabótaaukinn, er tekju- og eignatengdur.

Bætur tengdar öflun húsnæðis eru um 2,4 milljarðar króna. Meðalfjárhæð vaxtabóta var um 111 þús. kr. hjá hjónum, um 91 þús. kr. hjá einstæðum foreldrum og um 66 þús. kr. hjá einhleypum. Þrátt fyrir tekju- og eignatengingu eru meðalbætur til fólks með tekjur yfir meðallagi nokkru hærri en til hinna tekjulægri. Stafar það af hærri vaxtagjöldum

hinna fyrrnefndu. Húsnæðisbætur voru að jafnaði um 105 þús. kr. á hjón og um 61 þús. kr. á einstakling.

Að lokum er að nefna sjómannaafsláttinn en hann var um 1,4 milljarðar króna eða um 128 þús. kr. að jafnaði á tæplega 11 þúsund einstaklinga sem hans nutu.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að draga nokkuð úr þessum endurgreiðsluliðum. Verði það samþykkt lækka þeir um nálægt 700 m.kr. en yrðu eftir sem áður um 7,5 milljarðar króna eða 20% af álögðum tekjusköttum. Þeir liðir, sem ráðgert er að lækka, eru annars vegar greiðslur barnabóta til tekjuhárra foreldra og hins vegar sjómannaafsláttur með því að takmarka rétt til hans við þá sem stunda sjómennsku með miklum fjarvistum frá heimilum sínum og með því að miða eingöngu við þá daga sem sjósókn er stunduð.

Skattar einstaklinga vegna tekna 1990 og ráðstöfun þeirra

(millj. kr.)



1. Barnabætur og barnabótaauki.

Á árinu 1990 voru greiddir tæplega 3,3 milljarðar króna í barnabætur en þær verða í ár um 3,7 milljarðar króna. Barnabótaauki samkvæmt álagningu 1991 er um 1,1 milljarður króna. Tilgangur þessara bótaliða er tekjujöfnun annars vegar með tilliti til framfærslubyrði og hins vegar með tilliti til tekna. Eins og er hefur tillit til framfærslubyrði meira vægi en tekjur. Að sjálfsögðu er álitamál hvaða vægi á að gefa einstökum sjónarmiðum í þessu efni en frekari tekjutenging þessara liða í heild getur sparað ríkissjóði nokkur útgjöld og um leið gert tekjujöfnun kerfisins í heild meiri en nú er.

Við tekjutengingu er þó nauðsynlegt að hafa í huga áhrif hennar á virkan jaðarskatt. Jaðarskattur vegna tekjuskatts og útsvars er nú tæplega 40%. Við hann má bæta 4% iðgjaldi til lífeyrissjóðs þannig að áður en að tekjutengingu bótaliða kemur er jaðarskattur um 44%. Tekjutenging barnabótaauka er nú lægst 7% af tekjum fyrra árs en er hærri ef börn eru fleiri en eitt. Jaðarskattur að meðtalinni skerðingu bóta getur því orðið um og yfir 60%. Svo hár jaðarskattur verður að teljast vafasamur hvort sem er með tilliti til framboðs á vinnuafli eða tilhneigingar til undanskota frá skatti.

Í núverandi kerfi er heildarfjárhæð barnabótaliða háð fjölskyldugerð, fjölda barna og tekjum og eignum foreldra. Til þess að lýsa meginatriðum barnabótakerfisins verða tekin tvö dæmigerð tilvik. Annars vegar hjón með tvö börn, þar af er annað yngra en sjö ára og hins vegar einstætt foreldri með eitt barn yngra en sjö ára. Áhrif barnabótaliðanna í þessum tilvikum koma fram í eftirfarandi tölum. Miðað er við launatölur ársins 1991 og að hækkun milli áranna 1990 og 1991 hafi verið 8,2%.

	Hjón með tvö börn þús. kr.	Einst. foreldri með eitt barn þús. kr.
Greiðsla þar til skerðing hefst	236	153
Skerðing hefst þegar árstekjur eru	1.090	726
Skerðingu lýkur þegar árstekjur eru	2.319	1.774
Greiðsla eftir skerðingu er lokið	99	85

Á árinu 1991 voru barnabætur greiddar vegna tæplega 65.000 barna á aldrinum 15 ára og yngri á árinu 1991.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu barna eftir gerð fjölskyldu, aldri barna og barnafjölda í fjölskyldu. Aldursskipting er áætluð en að öðru leyti er byggt á úrvinnslu úr framtölum 1991.

Fjöldi	Hjón 0-6 ára	Hjón 7-15 ára	Einst. foreldri 0-6 ára	Einst. foreldri 7-15 ára	Samtals
Fyrsta barn	12.399	16.912	3.158	4.084	36.553
Barn umfram 1	10.795	14.725	1.218	1.575	28.313
Samtals	23.194	31.637	4.375	5.660	64.866

Tekjudreifing barnafjölskyldna er mjög mismunandi eftir því hvort um er að ræða hjón eða einstæða foreldra. Það sem mestu máli skiptir í því samhengi, sem hér um ræðir, er að af einstæðum foreldrum hafa u.þ.b. 25% það lágar tekjur að þeir fá óskertan barnabótaauka og nærri 90% þeirra fá einhvern barnabótaauka. Hins vegar fá einungis 4% hjóna óskertan barnabótaauka og yfir 60% þeirra eru með það háar tekjur að þau fá ekki barnabótaauka.

Hér og í þeim tölum, sem á eftir fara, er miðað við þær fjárhæðir sem í gildi voru á síðari árshelmingi 1991 og við álagningu á því ári. Þarf að gæta þess að þær eru frábrugðnar tölum frumvarpsins sem miðaðar eru við skattvísitöluna 100 og eru um 14,7% lægri vegna skattvísitölu í fjárlögum fyrir 1991 og hækkunar vegna lánskjaravísitölu í júlí 1991.

Barnabætur á hvert barn á árinu 1991 voru í krónum sem hér greinir eftir fjölskyldugerð, aldri barns og barnafjölda í fjölskyldu.

	Hjón 0-6 ára	Hjón 7-15 ára	Einst. foreldri 0-6 ára	Einst. foreldri 7-15 ára
Fyrsta barn	56.515	28.258	84.766	84.766
Barn umfram 1	70.646	42.389	113.034	84.766

Samkvæmt þeim fjölda barna, sem um getur hér að framan, má ætla að barnabætur ársins 1991 skiptist í milljónum króna þannig:

	Hjón 0-6 ára	Hjón 7-15 ára	Einst. foreldri 0-6 ára	Einst. foreldri 7-15 ára	Samtals
Fyrsta barn	701	478	268	346	1.793
Barn umfram 1	763	624	138	134	1.658
Samtals	1.464	1.102	406	480	3.451

Barnabótaauki við álagningu 1991 var 68.680 kr. á hvert barn. Sú fjárhæð skerðist um visst hlutfall af tekjum eftir að komið er yfir tiltekið tekjumark. Það mark var um 725 þús. kr. hjá einstæðum foreldrum og um 1.090 þús. kr. hjá hjónum.

Barnabótaaukinn skiptist í milljónum króna þannig samkvæmt álagningartölum 1991:

	Barnabóta-auki 1991
Hjón	623
Einstæðir foreldrar	493
Samtals	1.116

Barnabætur og barnabótaauki eru þannig samtals 4.567 m.kr.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir þeim breytingum á barnabótakerfinu að flytja stærri hluta bótanna í hinn tekjutengda hluta þess. Er það gert með þeim hætti að grunntala barnabótaaukans er hækkuð um 30% eða 20.604 kr., þ.e. úr 68.680 kr. í 89.284 kr. á ári. Á móti þeirri hækkun eru barnabætur lækkaðar um 19.574 kr. með fyrsta barni en um 15.435 kr. með börnum umfram eitt. Upphæðir í töflu eru því í krónum.

	Hjón 0-6 ára	Hjón 7-15 ára	Einst. foreldri 0-6 ára	Einst. foreldri 7-15 ára
Fyrsta barn	36.941	8.684	65.202	65.202
Barn umfram 1	55.193	26.963	97.581	69.323

Heildarfjárhæðir barnabóta að gerðri þessari breytingu yrðu sem hér segir í milljónum króna:

	Hjón 0-6 ára	Hjón 7-15 ára	Einst. foreldri 0-6 ára	Einst. foreldri 7-15 ára	Samtals
Fyrsta barn	458	147	206	266	1.077
Barn umfram 1	596	397	119	109	1.221
Samtals	1.054	544	325	375	2.298

Samkvæmt þessu munu barnabætur í heild lækka úr 3.451 m.kr. í 2.298 m.kr. eða um 1.153 m.kr.

Áhrif á heildarfjárhæð barnabótaauka hafa verið áætluð. Ætla má að barnabótaauki hjá hjónum muni hækka um 445 m.kr. og um 190 m.kr. hjá einstæðum foreldrum. Að gerðri breytingunni áætlast hann því þannig í milljónum króna:

	Barnabóta-auki 1992
Hjón	1.068
Einstæðir foreldrar	683
Samtals	1.751

Barnabótaaukinn mun samkvæmt þessari áætlun hækka úr 1.116 m.kr. í 1.751 m.kr. sem er hækkun um 635 m.kr.

Heildaráhrifin af breytingunum, þ.e. breyting barnabóta og barnabótaauka, eins og þau eru áætluð, eru eftirfarandi, þ.e. í milljónum króna:

	Hjón	Einst. foreldrar	Samtals
Barnabætur	-968	-185	-1.153
Barnabótaauki	445	190	635
Samtals	-523	5	-518

Barnabætur og barnabótaauki yrðu samtals 4.049 m.kr. í stað 4.567 m.kr. og lækka um 518 m.kr. ef frumvarpið verður að lögum.

Eins og áður segir hafa breytingar samkvæmt frumvarpinu þau áhrif að heildarfjárhæð bóta neðan þeirra tekjumarka, þar sem barnabótaauki er að fullu fallinn út, mun hækka lítillega en ofan þeirra marka skerðast bótaliðirnir. Eftirfarandi mynd sýnir í hnotskurn þau áhrif sem um ræðir fyrir hjón með eitt, tvö og þrjú börn.



2. Sjómannaafsláttur.

Upphaf sjómannaafsláttar má rekja til ársins 1954. Þá var með lögum nr. 41/1954 lögfestur annars vegar svonefndur hlífðarfatafrádráttur og hins vegar fæðisfrádráttur. Hlífðarfatafrádráttur náði til lögskráðra fiskimanna, þó ekki allra í áhöfn togara. Rökin, sem færð voru fyrir honum, voru að hann væri vegna kostnaðar sjómanna af hlífðarfötum umfram aðra launþega. Fæðisfrádrátturinn tók aftur á móti einungis til þeirra sjómanna á fiskiskipum sem þurftu að sjá sér fyrir fæði sjálfir.

Með lögum nr. 37/1957 var hlífðarfatafrádrátturinn aukinn þannig að hann tók til allra skipverja á togurum. Þá var og upp tekinn sérstakur frádráttur sem náði til allra lögskráðra fiskimanna. Breyting þessi var gerð í tengslum við kjarasamninga og einnig rökstudd með því að á þeim tíma var erfitt að manna flotann og talið að fiskiskipaflotinn væri þá nálægt þriðjungi mannaður erlendum sjómönnum.

Með lögum nr. 43/1967 er hlífðarfatafrádráttur og sérstaki frádrátturinn látinn ná til allra lögskráðra sjómanna, þ.e. líka til annarra en fiskimanna.

Með lögum nr. 7/1972 er tekinn upp nýr fiskimannafrádráttur, 8% af launum, sem tók í upphafi einungis til sjómanna á fiskiskipum en var ári síðar, með lögum nr. 60/1973, einnig látinn taka til hlutaráðinna landmanna sem fengu einnig með þeim lögum hlífðarfatafrádráttinn og sérstaka frádráttinn. Hundraðshluti fiskimannafrádráttar hækkaði í 10% 1975 og síðan í 12% 1984.

Með lögum nr. 40/1978 voru hlífðarfatafrádráttur og sérstakur frádráttur sameinaðir í einn sjómannafrádrátt sem þá tók til allra lögskráðra sjómanna og hlutaráðinna landmanna. Fæðisfrádráttur fyrir sjómenn á fiskiskipum, sem sáu sér sjálfir fyrir fæði, hélst óbreyttur. Fiskimannafrádráttur fyrir lögskráða sjómenn og hlutaráðna landmenn var með lögum nr. 9/1985 einnig látinn taka til sjómannsstarfa um borð í skipum sem ekki voru fiskiskip.

Með lögum nr. 49/1987 var þessum frádráttarliðum steypt saman og í stað þeirra kom einn sjómannaafsláttur.

Að því leyti sem séð verður af tiltækum gögnum að þessir frádráttarliðir hafi verið rökstuddir sérstaklega virðist fernt koma fram. Í fyrsta lagi kostnaður sjómanna vegna hlífðarfata umfram aðra launþega. Í öðru lagi ívilnun til þeirra sem sáu sér sjálfir fyrir fæði. Í þriðja lagi kostnaður vegna langra fjarvista frá heimili. Í fjórða lagi sérstök launahækkun til sjómanna eða hluta þeirra í tengslum við kjarasamninga.

Þessi rök höfðu vafasamt gildi þegar í upphafi og hafa þau enn rýrnað í tímans rás. Kostnaður vegna vinnufata er eðlilegur hluti af kostnaði launþega við að sinna starfi sínu og er að jafnaði borinn af honum. Þegar störf gera kröfu um sérstakan hlífðar- eða öryggisfatnað er algengt að í samningum sé kveðið á um að vinnuveitandi leggi slíkan búnað til eða tekið sé tillit til þess í launum. Engin rök eru fyrir mismunandi skattalegri meðferð í þessu efni eftir því hvort þau störf, sem sérstaks búnaðar krefjast, séu í tengslum við sjósókn eða ekki. Með hliðsjón af því að algengast er að vinnuveitendur beri kostnað af sérstökum hlífðarfatnaði má eins líta á skattfrádrátt af þessum ástæðum sem ívilnun þeim til handa en ekki til handa sjómönnum. Að því leyti sem sjómönnum er nú látinn í té hlífðarfatnaður eru forsendur skattaívilnunarinnar fallnar.

Um fæðiskostnað gildir í grundvallaratriðum hið sama og um hlífðarfötin. Að hluta til eru hinar upphaflegu forsendur þess efnis að sjómenn sjái sér sjálfir fyrir fæði brostnar og í annan stað er um að ræða kostnað sem er sambærilegur því sem fjöldi annarra launþega býr við.

Rökunum vegna fjarveru frá heimili hefur að því leyti sem þau voru fyrir hendi verið eytt, m.a. vegna þrýstings frá þeim sem þessarar ívilnunar hafa notið með því að teygja

gildissvið hennar yfir á fjölda aðila án þess að um langtímafjarveru frá heimili sé að ræða eða jafnvel nokkra fjarveru, sbr. hlutaráðna landmenn. Auk þess er að nefna að utan raða sjómanna er fjöldi launþega sem við slíka fjarveru búa án þess að það sé bætt með skattpeningum.

Um ívilnanir þessar sem launauppbætur í tengslum við kjarasamninga er tvennt að segja. Annars vegar er að á sínum tíma voru ívilnanirnar rökstuddar með tilvísun til sérstaks tímabundins ástands, skorts á sjómönnum o.s.frv. Þær forsendur, sem þá voru í því efni, eru ekki lengur fyrir hendi og ætti því ekki að vera ástæða til að halda bótunum áfram. Hins vegar og e.t.v. enn mikilvægara er að hér er um að ræða óeðlileg afskipti ríkisins af gerð kjarasamninga sem leiðir til óhagræðis í atvinnulífinu og mismunar launþegum jafnt sem fyrirtækjum.

Þá er þess að geta að í framkvæmd eru þessar skattaívilnanir og hafa í vaxandi mæli verið rýmri en lagabókstafurinn segir til um. Sú þróun er dæmigerð fyrir flest undanþágukerfi þar sem reynslan er að ein undanþágan elur af sér aðra. Er það í sjálfu sér rökrétt þar sem undanþágur eru í eðli sínu mismunun og leiða til viðvarandi togstreitu um það hvar eigi að draga línuna á milli þeirra sem eru jafnari en aðrir og hinna. Það er einnig athyglisvert að í því reiptogi er varpað fyrir róða þeim forsendum og rökum sem í upphafi voru notuð fyrir undanþágurnar. Sýnir það vel takmarkað gildi þessara forsendna og það að hagsmunaaðilarnir meta þær ekki mikils, enda er í reynd einfaldlega um það að ræða að andstæðar fylkingar hagsmunaaðila sameinast í sókn á hendur þriðja aðila og tekst að velta yfir á hann kostnaðinum af ávinningi sínum. Kemur það í þessu tilviki að sjálfsögðu fram í því að þriðji aðilinn, þ.e. aðrir skattborgarar, greiðir hærri skatta en ella væri.

Eftirfarandi tafla sýnir meðalskatthlutfall sjómanna annars vegar og þeirra sem vinna í landi hins vegar miðað við tilteknar árstekjur. Hjá hjónum er miðað við 80% nýtingu á persónuafslætti maka.

Meðalskatthlutfall hjóna Árstekjur, þús. kr.	Starf í landi %	Sjómaður %	Mismunur %
600	0	0	0
1.200	0	0	0
1.800	11,7	0	11,7
2.400	18,8	9,1	9,7
3.000	23,0	15,2	7,7
3.600	25,8	19,3	6,5
4.200	27,8	22,2	5,5
4.800	29,3	24,4	4,8

Meðalskatthlutfall einhleypra Árstekjur, þús. kr.	Starf í landi %	Sjómaður %	Mismunur %
600	0	0	0
1.200	16,4	0	16,4
1.800	24,2	11,3	12,9
2.400	28,1	18,4	9,7
3.000	30,4	22,7	7,7
3.600	32,0	25,6	6,5
4.200	33.1	27,6	5,5
4.800	34,0	29,1	4,8

Sjómannaafsláttinn ætti fremur að skoða sem niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði en sem ívilnun til sjómanna þó hann geti óneitanlega haft áhrif á starfskjör þeirra. Hann veld-

ur í senn óeðlilegri mismunun milli atvinnugreina og milli einstaklinga. Eðlilegt er að útgerðin beri þann launakostnað sem leiðir af því að kjör sjómanna eftir greiðslu á tekjuskatti séu þannig að manna megi flotann í samkeppni á vinnumarkaði. Því má reikna með að niðurfelling sjómannaafsláttar muni auka launakostnað útgerðar nokkuð. Ástand á vinnumarkaði sjómennsku og almennt bendir þó til að sú hækkun kunni að verða minni en fjárhæð afsláttarins gæti bent til. Í því sambandi er þróun launakjara sjómanna á síðustu árum athyglisverð.

Til viðbótar því að niðurgreiðsla útgerðarkostnaðar er varhugaverð frá almennu sjónarmiði er þversögn fólgin í því að ríkið greiði niður útgerðarkostnað á sama tíma og það gerir ráðstafanir til að draga úr sjósókn vegna verndunarsjónarmiða. Slíkum aðstæðum verður að bregðast við með hagræðingu, m.a. fækkun skipa og áhafna. Niðurgreiðsla á útgerðarkostnaði er engin lausn í því efni. Þvert á móti gera niðurgreiðslur það mögulegt að halda áfram útgerð sem ekki er arðbær þegar á allt er litið. Auka þær þannig sóknina, valda meiri dreifingu aflans og gera útgerð í heild óarðbærari en ella væri.

Sjómannaafsláttur mismunar einnig launþegum og hefur sú mismunun farið vaxandi bæði vegna breyttra starfshátta í útgerð og fiskvinnslu og vegna breytinga á framkvæmd sem m.a. stafar af þeirri tilhneigingu að útvíkka sífellt undanþágur. Sem dæmi um þessa mismunun má nefna að beitingarmenn, sem ekki fara á sjó, fá afslátt meðan annað landverkafólk nýtur hans ekki. Sjómenn, sem geta verið í landi og eru að jafnaði heima hjá sér að næturlagi, njóta afsláttar en ekki t.d. langferðabílstjórar eða verkafólk í vinnuflokkum fjarri heimili sínu. Áhafnir sumra fiskiskipa geta verið í landi stóran hluta ársins en njóta samt afsláttar eins og sjósókn og fjarvistir frá heimili væru alla daga ársins. Vinna að fiski um borð í frystitogurum á mjög góðum launum veitir rétt til afsláttar en sömu störf í frystihúsi á miklu lægri launum ekki. Viðurkennd grundvallarregla í réttarríkjum er að þegnarnir skuli njóta jafnræðis við álagningu skatta. Það er í eðli sínu í beinni andstöðu við þessa grundvallarreglu að ívilna einni starfsstétt umfram aðra með sérstökum skattafslætti sem þessum.

Auk þess er að geta að vaxandi vandkvæði eru á skynsamlegri framkvæmd sjómannaafsláttar. Stafar það m.a. af því að hlutlæg tengsl milli réttar til afsláttarins og þeirra markmiða, sem hann á að þjóna, eru torfundin.

Þrátt fyrir þau rök, sem færa má fram gegn sjómannaafslætti, er ekki í frumvarpinu gert ráð fyrir að fella hann niður. Tilvist hans er veigamikið atriði sem snertir kjör sjómanna og hag útgerðar sem ekki er unnt að taka burtu án fyrirvara.

Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að breyta reglum um afsláttinn á þann veg að þær verði í hátt við þau sjónarmið sem ætla verður að helst hafi verið höfð í huga þegar honum var komið á, þ.e. starf á sjó úti með þeim fjarvistum frá heimili o.fl. sem því fylgir. Fela þær í sér að meginatriðið, sem ræður rétti til sjómannaafsláttar, verður hvort um sé að ræða að starf um borð í skipi á sjó eða ekki. Að mestu leyti verður í því efni hægt að styðjast við lögskráningu en að öðru leyti þurfa til að koma upplýsingar frá útgerð.

Laun vegna sjómennsku samkvæmt framtali fyrir 1990 voru 17,7 milljarðar króna. Viðurkenndur dagafjöldi sem gaf rétt til sjómannaafsláttar var 2,3 millj. kr. og tekjutap ríkisins því um 1,4 milljarðar króna. Við álagningu tekjuskatts árið 1987 vegna ársins 1986 voru skráningardagar um 2,1 millj. kr. og hefur því fjölgað um nær 10%.

Afslátturinn á dag á árinu 1991 er 645 kr. að jafnaði sem gerir 232.200 kr. á ári fyrir þann sem hefur laun af sjómennsku allt árið. Heildarafsláttur hans að viðbættum persónuafslætti er því 512.718 kr. sem þýðir að skattleysismörkin liggja við tæplega 1,3 millj. kr. á ári eða rúm 108 þús. kr. á mánuði. Fyrir hjón, þar sem annar aðilinn stund-

ar sjó, er afslátturinn á bilinu rúmlega 737 þús. kr. upp í rúmlega 793 þús. kr. sem þýðir skattleysismörk á bilinu frá 1,85 m.kr. ef annar aðilinn aflar allra tekna og upp í rétt tæpar 2 millj. kr. ef báðir hafa tekjur yfir skattleysismörkum persónuafsláttar. Til samanburðar eru skattleysismörk þeirra sem starfa í landi rúmlega 700 þús. kr. hjá einstaklingi, en á bilinu frá tæplega 1,3 m.kr. upp í 1,4 m.kr. hjá hjónum.

Eins og að framan greinir voru þeir dagar, sem veittu rétt til sjómannaafsláttar á árinu 1990, um 2,3 milljónir talsins. Af þeim fjölda voru lögskráðir dagar um 1,6 milljónir, aðrir dagar á sjó um 400 þúsund og enn aðrir dagar um 340 þúsund. Í dagafjölda umfram lögskráða daga eru m.a. dagar vegna báta sem eru minni en 12 rúmlestir og ekki er skylt að lögskrá á, svo og dagar þeirra sem eru með eigin útgerð.

Áætla má að með þeim breytingum, sem lagðar eru til í frumvarpinu, muni þeim dögum, sem veita rétt til sjómannaafsláttar, fækka um nálægt 300 þúsund. Veittur sjómannaafsláttur mundi samkvæmt því eiga að lækka um 180–200 m.kr. frá því sem hann var við álagningu á þessu ári.

II. Skattlagning lögaðila.

Þau atriði í frumvarpi þessu, sem snerta skattlagningu lögaðila, eru ákvæði um skattalega nýtingu á rekstrarlegu tapi um frádrátt frá tekjum vegna útborgunar á arði. Auk þess eru í frumvarpinu ákvæði er snerta skattlagningu á söluhagnaði lögaðila og einstaklinga og ákvæði til að tryggja samvinnuhlutafélögum sömu skattalegu stöðu og hlutafélög hafa.

1. Skattaleg nýting á rekstrartapi frá fyrri árum.

Álagður tekjuskattur á lögaðila 1991 var alls tæpir 4 milljarðar króna. Af um 9.400 lögaðilum greiða einungis tæplega 3.500 tekjuskatt. 3.400 lögaðilar, eða um 36% heildarinnar, töldu fram rekstrartap frá fyrri árum. Nam tapið, framreiknað samkvæmt verðbreytingarstuðlum, samtals um 60 milljörðum króna. Skattaleg nýting þess alls svarar til þess tekjuskatts sem nú er greiddur af lögaðilum í sex til sjö ár.

Ljóst þykir að uppsafnað tap, sem nýst getur við skattlagningu, er hærra en eðlilegt virðist. Að sjálfsögðu stafar verulegur hluti þess af erfiðum rekstri og lélegri afkomu margra fyrirtækja á undanförnum árum. Fleira kemur þó til. Má þar m.a. nefna verðbólgu sem þrátt fyrir verðbreytingarkerfi skattalaganna hefur nokkur áhrif, auk þess sem það tap, sem fyrir var við upptöku þess kerfis, var að sjálfsögðu með stórum verðbólguþætti sem hefur verið verðbættur æ síðan og hefur nýst skattalega. Enn fremur má nefna að útgreiddur arður er dreginn frá tekjum við skattalegt uppgjör og hefur því eftir atvikum safnast upp í rekstrartöpum.

Algengt er í nálægum löndum að heimild til nýtingar á rekstrartöpum sé takmörkuð hvað tíma varðar. Er algengt að sú takmörkun sé við fimm ár eins og hér er lagt til.

Ekki er ljóst hvaða áhrif þessi breyting hefur í bráð. Talið er að þau rekstrartöp, sem nú eru fyrir hendi og eru eldri en fimm ára, séu 10–15 milljarðar króna og munu þau ekki nýtast ef frumvarpið verður samþykkt. Mun skattur af samsvarandi tekjum að einhverju leyti skila sér þegar til lengri tíma er litið en óvíst er um bein tekjuáhrif á allra næstu árum þar sem yngra tap er svo mikið að það virðist útiloka verulegar breytingar á skatti lögaðila á næstu árum.

Auk þess að takmarka nýtingu uppsafnaðs taps, eins og að framan greinir, felur frumvarpið í sér þrengingu á möguleikum til að nýta tap við sameiningu fyrirtækja. Í raun er þó aðeins um að ræða að herða á gildandi lagaákvæðum um þetta efni. Hér er hert á þeirri meginreglu sem nú er í 56. gr. laganna að nýting taps við sameiningu á einungis að vera möguleg þegar greiðsla fyrir það hlutafélag, sem lagt er niður, er að fullu gerð

með hlutabréfum í því félagi sem áfram starfar. Til að tryggja þetta ákvæði er hér lagt til að við verði bætt því skilyrði að eigendur meiri hluta í því félagi, sem slitið er við sameiningu, skuli hafa átt hann í a.m.k. þrjú ár við slitin. Ætti ákvæði þetta að vera veruleg hindrun á að keypt séu félög með uppsafnað rekstrartap í þeim tilgangi einum að nýta það skattalega.

2. Frádráttur útborgaðs arðs frá tekjum lögaðila.

Sú sérstaða er hér á landi miðað við það sem algengast er í nágrannalöndum okkar að arður af rekstri lögaðila er að vissu hámarki undanþeginn skattgreiðslum bæði hjá félaginu sem greiðir arðinn og hjá þeim einstaklingum sem fá hann greiddan. Í flestum löndum er arður skattlagður annaðhvort hjá fyrirtækinu eða hjá móttakanda og í sumum löndum er reyndar um að ræða tvísköttun, þ.e. skattlagningu hjá báðum aðilum. Tvísköttun kemur fram hér á landi að því er varðar þann arð sem er umfram það hámark sem að framan greinir.

Í þeirri þróun í skattlagningu bæði einstaklinga og félaga, sem átt hefur sér stað á síðustu árum, hefur það viðhorf verið ríkjandi að skattleggja eigi allar tekjur einstaklinga með sama hætti og jafnframt að forðast eigi tvísköttun. Að því er varðar skattlagningu arðs er í grundvallaratriðum um tvær leiðir að ræða. Í einn stað er unnt að heimila lögaðilum að draga útgreiddan arð frá tekjum fyrir skattlagningu og í annan stað má hafa arð skattfrjálsan hjá móttakanda. Síðari leiðin hefur þann ókost að hún tryggir ekki sömu skattlagningu arðs og annarra tekna og fyrri leiðin getur haft í för með sér verulega hættu á því að tapa skatttekjum úr landi, einkum ef ríkjandi er frelsi á fjármagnsmarkaði. Af þessum ástæðum hafa þjóðir í vaxandi mæli tekið upp svokallaða „ígildisaðferð" (imputation) sem er í því fólgin að skattleggja arðinn hjá fyrirtækinu og hjá innlendum eiganda hlutafjár. Eiganda hlutafjárins er hins vegar veittur sérstakur afsláttur af skatti sem svarar til þess skatts sem fyrirtækið hafði þegar greitt. Leiðir þetta til þess að í reynd er arðurinn aðeins skattlagður einu sinni með almennu skatthlutfalli einstaklings.

Upptaka ígildisaðferðar þarfnast verulegs undirbúnings og er talið ráðlegt að bíða með upptöku hennar þar til síðar eða samhliða þeim breytingum sem drepið er á í upphafi þessa kafla og í undirbúningi eru. Engu að síður þykir nú nauðsynlegt að taka fyrsta skref í þá átt að skattleggja arð með samræmdum hætti hvort sem það verður gert með ígildisaðferð eða ekki. Það skref er fólgið í því að afnema heimild til að draga útgreiddan arð frá tekjum fyrir skattlagningu. Sé þetta skref ekki tekið nú en látið bíða eftir öðrum þeim breytingum sem áformað er að gera kynni afnám þessarar heimildar að vera talið hafa í för með sér afturvirka skattheimtu.

Í framtölum fyrir árið 1990 töldu 9.398 hjón fram arð af hlutabréfum að fjárhæð um 435 m.kr. Þar af voru um 254 m.kr. undanþegnar skattskyldu. 5.420 einstaklingar töldu fram arð að fjárhæð um 126 m.kr. Þar af voru um 59 m.kr. undanþegnar skattskyldu. Framtalinn arður var því alls 561 m.kr., undanþágan nam alls um 313 m.kr. en skattlagðar voru um 248 m.kr.

Hinn undanþegni arður var frádráttarbær við skattlagningu viðkomandi hlutafélaga og hefur því verið skattfrjáls að fullu. Skattlagningu hans hjá hlutafélaginu, skattskylda þeirra hjá einstaklingunum og heimild til að draga þann skatt, sem fyrirtækið greiddi, frá skattkröfu hefði aukið tekjur ríkisins u.þ.b. 125 m.kr. Á móti hefði komið að fella niður tvísköttun á þeim 248 m.kr. arðgreiðslum sem skattlagðar voru hjá einstaklingum. Hafa verður í huga að ekki er ljóst hvað sú tvísköttun er mikil þar sem þessi arður kann að vera skattlaus hjá félaginu, t.d. ef það er skattlaust vegna nýtingar á tapi frá fyrri árum. Ekki er því séð nú hver áhrifin á tekjur ríkisins verða þegar þar að kemur en ákvæði þetta

mun ekki hafa áhrif á skattgreiðslur fyrr en við álagningu 1993.

III. Aðrar breytingar.

Aðrar breytingar í frumvarpinu snerta skattlagningu söluhagnaðar, skattlagningu samvinnuhlutafélaga, afnám frádráttar vegna fjárfestingar í atvinnurekstri og skipan og starfshætti ríkisskattanefndar.

1. Frestun á skattlagningu söluhagnaðar.

Í gildandi lögum er nú ákvæði þess efnis að sé hluti söluandvirðis, sem falið getur í sér skattskyldan söluhagnað, greiddur með skuldaviðurkenningu sé heimilt að telja söluhagnaðinn til tekna í hlutfalli við afborgunartíma þeirra. Þrátt fyrir þessa frestun er söluhagnaði, sem þannig er frestað, ekki breytt samkvæmt verðbreytingarstuðli.

Meginregla tekjuskattlagningar er að tekjur séu skattlagðar þegar þær verða til, þ.e. þegar þær eru greiddar viðkomandi eða koma fram sem eignaaukning hjá honum. Af tæknilegum ástæðum er ekki talið unnt að fylgja þessari reglu í öllum tilvikum, svo sem við eignaaukningu sem oft kemur ekki fram fyrr en við sölu viðkomandi eignar. Forsendur núverandi ákvæðis um enn frekari frestun á skattlagningunni byggðust á því að svo var litið á að greiðsla færi ekki fram fyrr en við innlausn skuldaviðurkenningar.

Nokkuð hefur verið óljóst hvaða greiðsluskuldbindingar á að fella undir hugtakið skuldaviðurkenning og hefur það m.a. orðið tilefni til ágreinings og með þeim breytingum, sem orðið hafa á fjármagnsmarkaði á síðustu árum, er orðið erfiðara en áður að gera aðgreiningu milli verðpappíra sem eru eða geta verið ígildi greiðslu með reiðufé og hinna sem fela í sér raunverulega frestun á greiðslu. Þá hefur ákvæði þetta verið gagnrýnt fyrir þá ívilnun sem felst í því að söluhagnaðurinn hefur ekki tekið verðbreytingum. Sá sem ákvæðið hefur notað fær því lækkun á skattgreiðslum fyrir áhrif verðbólgu á sama tíma og hann kann að hafa fengið verðbætur og vexti af þeirri skattgreiðslu sem frestað var.

Af þessum ástæðum er í frumvarpinu lagt til að afnema núverandi frestunarheimild og að um söluhagnað gildi hin almenna regla, þ.e. að hann komi til skattlagningar við sölu óháð því í hvaða formi endurgjaldið er. Breyting þessi kemur fram í því að núverandi texti 27. gr. laganna er felldur út en í stað hans kemur ákvæði um samvinnuhlutabréf, sbr. 2. lið hér að framan.

2. Samvinnuhlutafélög.

Ný lög um samvinnufélög taka gildi 1. janúar nk. en í þeim eru m.a. ákvæði um samvinnuhlutabréf. Ein af forsendum þeirrar lagasetningar var að með lögunum væri verið að skapa samvinnuhlutafélögum hliðstæð rekstrarskilyrði og almennum hlutafélögum, m.a. hvað skattalega meðferð varðar. Í þessu samhengi skipta máli ákvæði tekjuskattslaganna um hlutabréf og jöfnunarhlutabréf, svo og um frádrátt vegna kaupa á hlutabréfum. Í þessu frumvarpi er samræming að þessu leyti gerð með þeim hætti að inn í lögin er tekið ákvæði sem kveður á um að ákvæði laganna um jöfnunarhlutabréf, hlutabréf og kaup á hlutabréfum skuli einnig gilda um samvinnuhlutabréf eftir því sem við á.

3. Ríkisskattanefnd.

Ástæða þess að lagðar eru til breytingar á skipun og starfsháttum ríkisskattanefndar er að á síðustu árum hefur afgreiðsla skattamála eigi verið nægilega greið. Tafir hafa orðið á uppkvaðningu úrskurða bæði af hálfu skattstjóra og ríkisskattanefndar. Umsagnir ríkisskattstjóra og kærur hafa borist ríkisskattanefnd seint. Til að ráða bót á þessu ástandi þykir nauðsynlegt að gera skipulagsbreytingar á starfsháttum ríkisskattanefndar,

svo og skipan hennar. Samhliða því er nauðsynlegt að ríkisskattstjóri geri sérstakt átak til að flýta afgreiðslu umsagna um einstök kærumál til ríkisskattanefndar. Er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri fái heimild til að verkefnaráða starfsmann í eitt ár til að sinna þessu verki svo unnt verði að koma ástandinu í viðunandi horf.

Þá hefur að frumkvæði fjármálaráðuneytis verið unnið verulegt starf í skipulagsmálum skattstjóra og hefur fjármálaráðuneytið sett skattstjórum nýtt skipurit og í ráði er að efla starfsmenntun starfsmanna skattkerfisins. Þá hafa verið gerðar breytingar á skipulagi ríkisskattstjóra sem miða að því að efla eftirlit með atvinnurekstrarframtölum og eiga að flýta afgreiðslu á umsögn til ríkisskattanefndar og skatterindum.

Hvað ríkisskattanefnd varðar hefur skipan hennar verið óbreytt frá því á árinu 1980, svo og það fyrirkomulag hvernig hún hefur verið skipuð. Í núgildandi lögum eru aðeins tveir menn skipaðir í ríkisskattanefnd sem hafa það starf að aðalstarfi en auk þeirra eru fjórir menn í ríkisskattanefnd sem gegna því starfi samhliða öðrum störfum. Veigamikil rök þykja mæla gegn þessu fyrirkomulagi og að heppilegra sé að nefndin verði eingöngu skipuð mönnum sem hafi þau störf sem aðalstarf. Ætla má að meðferð mála verði greiðari ef nefndarmenn sinni ekki öðrum störfum samhliða nefndarstörfum.

Þá er þess að vænta að verkefni nefndarinnar muni aukast frá því sem verið hefur með upptöku á virðisaukaskatti. Enn fremur er ríkisskattanefnd ætlað með frumvarpi þessu að ákveða sektir vegna brota á lögum um staðgreiðslu. Sérstök sektanefnd sinnir nú þessu hlutverki, en ekki þykir vera ástæða til annars en að öll refsimeðferð hjá skattyfirvöldum sé hjá sama aðila. Er ljóst að verkefni ríkisskattanefndar muni því enn aukast og endurskoðun á skipan nefndarinnar orðin brýn.

Samhliða frumvarpi þessu mun fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, varðandi refsimeðferð, þar sem ríkisskattanefnd tekur við hlutverki sektanefndar skv. 31. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ætla má að þær breytingar, sem hér er lagt til að verði lögfestar, muni hraða mjög verulega gangi mála fyrir ríkisskattanefnd.

4. Verðlagsbreytingar.

Auk þeirra breytinga, sem gerð hefur verið grein fyrir, felst í frumvarpinu að fjárhæðir, sem tilgreindar eru í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eru færðar til verðlags sem miðar við að skattvísitala ársins 1992 sé 100.

Almennt eru fjárhæðir miðaðar við að skatta- og bótaliðir haldi raungildi sínu frá 1991 til 1992. Undantekningar eru þó barnabætur og barnabótaauki þar sem stefnt er að tilteknum breytingum, sbr. sérstakan kafla um það í greinargerðinni.

Rétt er að vekja athygli á því að breytingar á einstökum fjárhæðum eru misjafnar vegna ólíks eðlis þeirra og misjafnra verð- og launabreytinga milli 1990 og 1991 annars vegar og 1991 og 1992 hins vegar eins og þær eru áætlaðar. Eftirfarandi upptalning sýnir breytingar á viðmiðunarstærðum sem notaðar voru til að ákveða breytingar fjárhæðanna en þær eru í samræmi við þær forsendur sem finna má í fjárlagafrumvarpinu:

	1990-91	1991-92
Hækkun atvinnutekna	9,0%	2,7%
Lánskjaravísitala	7,6%	3,7%
Framfærsluvísitala	6,9%	5,1%
Byggingarvísitala	7,6%	3,3%

Skatta- og bótafjárhæðir, svo sem persónuafsláttur, vaxtabætur o.fl., voru, að frátöldum þeim liðum sem sérstakar breytingar voru gerðar á, látnar haldast óbreyttar frá því sem þær eru nú, en þær taka hækkun samkvæmt vísitölu á miðju ári. Eigna- og teknamörk sem notuð eru við ákvörðun skatta- og bótafjárhæða voru ákveðin með tilliti til þess að sem minnst breyting yrði á raungildi viðkomandi fjárhæðar milli ára.

IV. Niðurstöður o.fl.

1. Tekjuáhrif.

Eins og fram kemur fyrr í greinargerð þessari er frumvarpi þessu m.a. ætlað að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs til samræmis við þær forsendur sem gefnar voru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 og er það nú lagt fyrir Alþingi í samfloti með öðrum frumvörpum sem einnig er ætlað að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs 1992.

Þau ákvæði í þessu frumvarpi, sem áhrif hafa á tekjur ríkissjóðs 1992, eru breytingar á barnabótum og barnabótaauka sem áætlað er að skili um 500 m.kr. og breytingar á sjómannaafslætti sem gætu skilað 180–200 m.kr.

Önnur ákvæði hafa ekki tekjuáhrif fyrr en síðar og þá eftir atvikum í tengslum við frekari breytingar sem áformaðar eru.

2. Skattframkvæmd.

Sum þeirra ákvæða, sem í frumvarpi þessu eru, einkum þau sem lúta að skattlagningu fyrirtækja, hafa þann tilgang að einfalda skattkerfið og gera það skilvirkara. Má nefna sem dæmi breytingar á meðferð tapfrádráttar, afnám arðsfrádráttar og afnám frádráttar vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Náin tengsl eru á milli skattlagningarreglna og skattframkvæmdar og verður mikilvægi einfaldra skattareglna ekki of oft ítrekað.

Í framhaldi af þeirri einföldun á sköttum, sem náðst hefur hér á landi á síðustu árum, hefur yfirstjórn skattamála í vaxandi mæli beint kröftum að framkvæmdahliðinni. Stefnt er að því að beina starfsemi frá úrvinnslu úr framtölum einstaklinga í virkara eftirlit með skattframtölum lögaðila og eftirliti með virðisaukaskatti. Eru m.a. í undirbúningi breytingar á framtölum og nýtingu upplýsinga sem skattkerfið fær frá ýmsum aðilum þannig að skattskil einstaklinga verði einfölduð og unnin vélrænt að vissu marki. Mun það spara þeim og skattkerfinu tíma og kostnað og gera mögulegt að leggja enn meiri áherslu á þá þætti þar sem ætla má að bæta megi árangur skattheimtu.

Á síðustu mánuðum hafa verið gerðar ráðstafanir til að fylgja þessum markmiðum eftir. Starfsskipulagi hjá embætti ríkisskattstjóra hefur verið breytt á þann veg að tvær deildir embættisins, sem áður fjölluðu um skattlagningu einstaklinga, hafa verið sameinaðar en ný deild verið stofnuð til að sinna skattlagningu fyrirtækja sérstaklega. Á hún m.a. að samræma starf skattstofanna á þessu sviði og aðstoða þær við endurskoðun rekstrarframtala og undirbúa breytingar á framtölum lögaðila og úrvinnslu úr þeim. Enn fremur hefur embættið lagt aukna áherslu á eftirlit með skilum á skýrslum um virðisaukaskatt og endurskoðun þeirra.

Á Skattstofunni í Reykjavík hafa og verið gerðar skipulagsbreytingar með hliðstæð markmið í huga. Yfirstjórn hennar hefur verið styrkt og starfseminni verið skipt upp með tilliti til breyttra áherslna. Sérstakar deildir fara nú með skattlagningu fyrirtækja annars vegar og virðisaukaskatt hins vegar, þ.e. þau mál þar sem mest ástæða er talin til að styrkja framkvæmd og eftirlit.

Á öðrum skattstofum hefur starfsemin einnig verið endurskipulögð en vegna smæðar þeirra er torvelt að koma við þeirri starfsskiptingu og sérhæfingu sem æskileg væri. Verður reynt að ráða bót á því með aðstoð frá embætti ríkisskattstjóra, einkum á sviði endurskoðunar rekstrarframtala.

Þá er þess einnig að geta að hjá fjármálaráðuneytinu hefur eftirlit með innheimtu opinberra gjalda verið aukið. M.a. er verið er að koma á kerfi sem veita á reglulega upplýsingar um stöðu innheimtu í hverri gjaldategund og hjá hverju innheimtuembætti. Á þannig að vera hægt að fylgjast betur með þróun þessara mála og grípa til úrbóta fyrr en verið hefur ef ástæða er til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að skattvísitala verði ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1992 er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum laganna sem breytast eiga í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr. Allar fjárhæðir í þessu frumvarpi eru á verðlagi í desember 1991. Um frekari skýringar vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 2. gr.

Um næstu áramót, þ.e. 1. janúar 1992, taka gildi lög nr. 22/1991, um samvinnufélög. Í þessum lögum eru ný ákvæði um samvinnuhlutabréf. Hér er lagt til að samvinnuhlutabréf verði meðhöndluð með sama hætti og hlutabréf í hlutafélögum eftir því sem við getur átt.

Um 3. gr.

Um athugasemdir við þessa grein vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 4. gr.

Í þessari grein er annars vegar lagt til að gerð verði breyting á heimild til að færa á milli ára eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum. Um þetta er fjallað ítarlega í almennum athugasemdum.

Hins vegar er lagt til að heimild lögaðila til þess að draga frá tekjum fjárhæð þá, sem félög greiða eða úthluta í arð, verði felld niður.

Um þessi atriði vísast nánar til almennra athugasemda.

Um 5. gr.

Um athugasemdir við þessa grein vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 6. gr.

Um næstu áramót, þ.e. 1. janúar 1992, taka gildi lög nr. 22/1991, um samvinnufélög. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 46/1937, um samvinnufélög. Í 56. gr. laganna er vísað í lög nr. 46/1937 og þykir því rétt að leiðrétta umrædda tilvísun og vísa í hin nýju lög um samvinnufélög.

Um 7. gr.

Um skýringar við þessa grein vísast til almennra athugasemda.

Um 8. gr.

Um athugasemdir við þessa grein vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 9. gr.

Í þessari grein er lagt til að sjómannaafslætti verði breytt þannig að einungis verði reiknaður sjómannaafsláttur fyrir þá daga sem sjómaður vinnur um borð í skipi á siglingu eða við veiðar og að meðtöldum þeim dögum sem skip ásamt áhöfn er statt í annarri höfn en heimahöfn eða útgerðarhöfn af ástæðum sem beint tengjast útgerð viðkomandi skips, svo sem vegna móttöku eða losunar farms, bilana, veðurs eða í opinberum erindagjörðum hvað varðar varðskip og rannsóknaskip. Viðbótardagar af þeim ástæðum, sem hér eru raktar, fást aðeins vegna skammtímatafa sem verða í tiltekinni siglingu eða sjóferð, en ekki þegar skip er tekið í slipp eða til annarra lengri viðgerða. Réttur til sjómannaafsláttar nær til allra sjómanna fiskiskipa, varðskipa, rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunar og farskipa sem eru lögskráðir skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, og eru starfandi í áhöfn viðkomandi skips. Sama rétt eiga þeir sjómenn sem ráðnir eru sem fiskimenn á skip undir 12 rúmlestum brúttó eða stunda fiskveiðar á eigin fari og ekki er skylt að lögskrá. Samkvæmt greininni fellur niður réttur til sjómannaafsláttar til þeirra sem ekki eru starfandi í áhöfn skipa, sbr. framangreint, hlutaráðinna landmanna og annarra sem ekki eru starfandi á skipi á sjó.

Óbreytt er gildandi ákvæði um ráðstöfun sjómannaafsláttar til frádráttar reiknuðum tekjuskatti en bætt er inn ákvæði sem nú er í gildandi reglugerð um að sjómannaafsláttur komi aðeins til frádráttar reiknuðum tekjuskatti af launum af sjómannsstörfum, þar með talið reiknuðu endurgjaldi af eigin útgerð.

Samkvæmt 6. mgr. frumvarpsins er réttur sjómanns til sjómannaafsláttar háður því að útgerðaraðili skips haldi nákvæma skráningu yfir þá daga sem veitir sjómanni rétt til sjómannaafsláttar. Útgerðarmanni fiskiskips, sem jafnframt er sjómaður á eigin fari, ber skylda til að halda samsvarandi skrá um róðrardaga skipsins vegna eigin sjómannaafsláttar. Sjómaður getur misst rétt til sjómannaafsláttar ef útgerðaraðili gefur ekki skattstjórum fullnægjandi upplýsingar um réttindadaga til sjómannaafsláttar.

Um 10. og 11. gr.

Í 10. og 11. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á barnabótum og barnabótaauka. Eru barnabætur lækkaðar frá því sem er í dag en á móti er barnabótaaukinn hækkaður. Þessi breyting hefur það í för með sér að bætur til þeirra sem hafa lágar tekjur hækka en lækka hjá þeim sem hafa hærri tekjur. Ítarlega er gerð grein fyrir þessari breytingu í almennum athugasemdum með frumvarpinu og vísast til þess sem þar kemur fram.

Um breytingu á fjárhæð persónuafsláttar vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 12., 13. og 14. gr.

Um athugasemdir við þessar greinar vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 15. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að skipuð verði ný ríkisskattanefnd, skipuð fimm föstum nefndarmönnum. Þá er lagt til að nefndin velji úr sínum hópi formann og varaformann og sitji ætíð annar hvor þeirra í nefndinni þegar hún úrskurðar í deilumálum. Í hverju máli skulu þrír nefndarmenn úrskurða. Með því að nefndarmenn verði fimm ætti að vera tryggt að hún geti starfað óslitið allt árið þrátt fyrir orlof einstakra nefndarmanna. Í ákvæðinu er einnig getið helstu verkefna ríkisskattanefndar sem ákveðin eru með öðr-

um lögum. Tilgangur þess er að hafa heildarlagaákvæði um ríkisskattanefnd og verkefni hennar. Gert er ráð fyrir að ríkisskattanefnd úrskurði framvegis um skattsektir vegna brota á staðgreiðslulögum og samhliða verði sérstök sektanefnd staðgreiðslu lögð niður.

Loks er lokamálsgrein 100. gr. laganna flutt í 89. gr. og verður þar efnislega 3. mgr. ákvæðisins.

Um 16. gr.

Hér er lagt til það nýmæli að ríkisskattanefnd veiti málsaðila möguleika á að gera frekari grein fyrir kæruefni ef ríkisskattanefnd telur að málið varði frávísun vegna ónógra gagna og upplýsinga af hálfu málsaðila. Með ákvæðinu þannig breyttu er unnt að kveða upp endanlegan úrskurð um kæruefni í stað þess að frávísa kröfu vegna skorts á upplýsingum eða gögnum. Verður þannig meiri festa í skattframkvæmd og málsmeðferð skilvirkari.

Efnisákvæði 7. mgr. 100. gr. eru nú færð í talsvert breytt horf í 3. mgr. 100. gr. frumvarpsins.

Lagt er til í ákvæðinu að frestur ríkisskattanefndar til að kveða upp úrskurð verði fimm mánuðir í stað sex eins og er í núgildandi lögum. Með því að fastir nefndarmenn verði fimm í stað tveggja áður og fjögurra sem gegna öðrum störfum samhliða ættu mál að vinnast skipulegar og greiðar og því óhætt að stytta verulega þann frest sem nefndin hefur til að úrskurða um kærumál.

Loks er í ákvæði þessu lagt til að úrskurðir ríkisskattanefndar skuli vera ítarlega rökstuddir, en nokkuð hefur þótt á skorta að forsendur úrskurða ríkisskattanefndar væru að fullu skýrar.

Um 17. gr.

Um athugasemdir við þessa grein vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

237. Fyrirspurn [206. mál]

til iðnaðarráðherra varðandi Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

1. Er fyrirhugað að selja hlutabréf í Sementsverksmiðjunni á almennum markaði verði hún gerð að hlutafélagi?
2. Ef svo er, á hve löngum tíma er fyrirhugað að selja hlutaféð og kemur til greina að selja verksmiðjuna í einu lagi?
3. Hvaða breytingum er ætlað að ná fram með sölu hlutafjár í verksmiðjunni?

238. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Þar sem fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1992 er nú tekið til 2. umr. undir mjög óvenjulegum kringumstæðum vill minni hluti fjárlaganefndar láta eftirfarandi koma fram varðandi undirbúningsvinnu fjárlaganefndar við frumvarpið:

Samkvæmt starfsáætlun Alþingis átti 2. umr. fjárlaga að fara fram 3. desember, enda á 3. umr. samkvæmt lögum að fara fram eigi síðar en 15. desember ár hvert. Þrátt fyrir þetta fer 2. umr. ekki fram nú fyrr en 11. desember við kringumstæður sem minni hluti fjárlaganefndar gerir alvarlegar athugasemdir við.

Undirbúningsvinna að afgreiðslu fjárlaga hófst í september síðastliðnum og þegar í upphafi þings var ljóst að róttækar breytingar þyrfti að gera á frumvarpinu þar sem forsendur þess gátu engan veginn staðist. Þetta var rækilega undirstrikað af fulltrúum minni hlutans í fjárlaganefnd við 1. umr. fjárlaga.

Viðtöl í fjárlaganefnd við fulltrúa sveitarfélaga, ráðuneyta og stofnana voru með hefðbundnum hætti, en eftir að frekari úrvinnsla hófst var samráði við fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nefndinni í ýmsu ábótavant.

Minni hlutinn hefur gagnrýnt þessi vinnubrögð, en telur þó ekki að öllu leyti við meiri hluta nefndarinnar að sakast, heldur öllu fremur við ríkisstjórnina og vinnubrögð hennar.

Þó tók fyrst steininn úr þegar ríkisstjórnin tilkynnti uppskurð bæði á tekju- og gjaldahlið frumvarpsins daginn áður en 2. umr. átti að fara fram. Það hefur vissulega komið fyrir áður að ríkisstjórnir á hverjum tíma hafa lagt til breytingar á tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins með stuttum fyrirvara. Slíkar tillögur hafa þó hingað til snert einstaka og afmarkaða þætti fjárlagafrumvarpsins. Sá uppskurður, sem hér um ræðir, svo seint framkominn, er eins dæmi. Hér er um mjög víðtækar aðgerðir að ræða og skal hér aðeins drepið á nokkur atriði:

Ætlunin er að lækka launaliði um 6,7% og rekstrarliði frumvarpsins um 1,3%, og nemur lækkunin samtals um 2.455 milljónum króna. Til móts við þennan niðurskurð er varið til yfirstjórnar ráðuneytanna 955 milljónum króna til þess að greiða fyrir framkvæmd niðurskurðarins. Alla nánari útfærslu á þessum áformum vantar, en ljóst er að með þessu er ráðstöfunarfé ráðuneyta aukið og fjárveitingavaldið tekið af Alþingi sem því nemur.

Um 700 milljónum króna er velt yfir á sveitarfélögin auk þess sem áður var komið fram í frumvarpinu og er m.a. ætlunin að þau standi undir 400 milljóna króna útgjöldum til málefna fatlaðra. Þetta er breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem ekkert samráð hefur verið haft um við sveitarfélögin. Einnig er gert ráð fyrir að landsútsvar, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir og nemur um 300 milljónum króna, renni í ríkissjóð. Í stað þess hluta landsútsvarsins, sem átti að renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, eiga sveitarfélögin að leggja fram sem nemur 0,1% af útsvarstekjum sínum. Þetta er bein tekjuskerðing hjá sveitarfélögum og rýrir möguleika þeirra til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru ætluð.

Auk þeirrar miklu kjaraskerðingar sem áætlaður niðurskurður á launalið getur haft í för með sér og þeirrar almennu launastefnu sem boðuð er í frumvarpinu gera nýjar tillögur ríkisstjórnarinnar ráð fyrir breytingu á greiðslum barnabóta. Hún á að gefa ríkis-

sjóði 500 milljóna króna sparnað. Til viðbótar er sérstaklega vegið að tveimur atvinnustéttum í landinu. Gert er ráð fyrir að fresta beinum greiðslum til bænda tvo síðustu mánuði ársins 1992 og velta þeim yfir á árið 1993. Upplýst er að forustumönnum Stéttarsambands bænda var tilkynnt um þessa ákvörðun, en ekkert samráð haft við þá að öðru leyti. Þá er ætlunin að „skerpa reglur“ um sjómannafrádrátt og miða hann við úthaldsdaga. Hér er um skerðingu á réttindum að ræða sem sjómenn hafa náð í kjarasamningum. Viðbrögð þeirra hafa verið mjög hörð, enda ekkert samráð við þá haft.

Þá er áætlað að framkvæmdum við hluta Vestfjarðaganga verði frestað. Sú aðgerð á að spara ríkissjóði 250 milljónir króna. Með frestuninni er rift samningsbundnu verki sem leiða mun til fjárútláta fyrir ríkissjóð.

Hér er aðeins drepið á stærstu breytingarnar sem tillögur þær, sem ríkisstjórnin kynnti fjárlaganefnd 9. desember, fela í sér.

Beiðni minni hluta nefndarinnar um að fá fulltrúa þeirra aðila, sem þessi mál varða, til viðtals við nefndina var hafnað, en þó munu þau atriði, sem varða tekjuhlið, svo og nokkrir aðrir þættir, verða rædd milli 2. og 3. umr. frumvarpsins.

Af þessu má ljóst vera að minni hluti fjárlaganefndar hefur enga aðstöðu haft til þess að fá heildarsýn yfir fjárlagagerðina eða gera sér grein fyrir áhrifum breytinga, hvorki á tekju- né gjaldahlið. Því telur minni hlutinn þessa umræðu í raun ótímabæra og mun af þessum ástæðum ekki standa að breytingartillögum meiri hlutans, né flytja breytingartillögur við frumvarpið við 2. umr. Hins vegar mun minni hlutinn gefa út framhaldsnefndarálit fyrir 3. umr. og áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur við lokaumræðu málsins.

Í ljósi þess sem sagt hefur verið hér að framan mun minni hluti fjárlaganefndar sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins við 2. umr.

Guðrún Helgadóttir var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 11. des. 1991.

Guðmundur Bjarnason, frsm. Margrét Frímannsdóttir. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Jón Kristjánsson.

239. Svar [178. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um loðnuveiði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið hefur veiðst árlega í heild af loðnu á svæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen frá árinu 1986 að telja og hversu mikið hefur ár hvert komið í hlut einstakra ríkja og Evrópubandalagsins mælt í tonnum og sem hlutfall af heildarveiði?

Tafla 1.

Árlegar loðnuveiðar síðan 1986.

Ár	Heild	Ísland	%	Noregur	%	Færeyjar	%	Danmörk	%
1986	1164,7	894,3	76,8	199,7	17,2	65,4	5,6	5,3	0,4
1987	1019,1	811,9	79,7	142,0	13,9	65,2	6,4	-	-
1988	1028,6	912,0	88,7	68,1	6,6	48,5	4,7	-	-
1989	778,1	663,0	85,2	100,7	12,9	14,4	1,9	-	-
1990	798,0	695,7	87,2	84,4	10,6	17,9	2,2	-	-
1991[1]		202,6							

[1]Jan. – mars 1991

Tafla 2.

Veiðar á vertíð eftir samkomulag frá 1989.

Vertíð	Heild	Ísland	%	Noregur	%	Færeyjar	%
1989–1990	807,8	665,9	82,4	115,2	14,3	26,7	3,3
1990–1991	313,8	286,3	91,2	21,9	7,0	5,6	1,8

Athugasemdir:

1. Á árinu 1980 var gerður samningur milli Noregs og Íslands um skiptingu þess heildarmagns sem veiða mátti árlega á svæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Austur-Grænlands. Samkvæmt þessu samkomulagi komu 85% í hlut Íslands og 15% í hlut Noregs.

2. Auk Norðmanna og Íslendinga höfðu Færeyingar og Danir stundað veiðar úr þessum stofni við Austur-Grænland og á gráa svæðinu milli Austur-Grænlands og Jan Mayen samkvæmt heimild Grænlendinga. Grænlendingar úthlutuðu bæði Evrópubandalaginu og Færeyingum loðnukvótum sem voru utan þess heildarkvóta sem Íslendingar og Norðmenn komu sér saman um hverju sinni.

3. Í janúarmánuði 1989 tókst samkomulag milli Íslands, Grænlands og Noregs um nýtingu loðnustofnsins. Samkvæmt þessu samkomulagi komu 78% í hlut Íslands en 11% í hlut bæði Grænlands og Noregs. Samkomulag þetta gildir þrjár vertíðir eða til loka þeirrar vertíðar sem nú stendur yfir, þ.e. til maí 1992.

4. Á fyrstu vertíð á gildistíma samningsins var bráðabirgðakvóti ákveðinn 900 þús. lestir og skiptist hann þannig: Ísland 662 þús. lestir, Grænland 99 þús. lestir, Noregur 139 þús. lestir. Af þeim 139 þús. lestum sem komu í hlut Noregs voru 40 þús. lestir vegna uppbóta frá vertíðinni á undan samkvæmt ákvæðum samnings frá 1980 milli Íslands og Noregs.

Á þessari vertíð ráðstafaði Grænland kvóta sínum þannig: LÍÚ 21 þús. lestir, Einar Guðfinnsson hf. Bolungavík 10 þús. lestir, Noregur 10 þús. lestir og 47 þús. lestir voru framseldar til Evrópubandalagsins og Færeyja.

Veiðar á þessari vertíð gengu mjög illa og náði engin þjóð að veiða sinn kvóta, sbr. töflu 2 hér að ofan.

5. Á vertíðinni 1990–1991 var bráðabirgðakvótinn ákveðinn 600 þús. lestir sem skiptust þannig: Ísland 468 þús. lestir, Noregur 66 þús. lestir og Grænland 66 þús. lestir.

Grænlendingar ráðstöfuðu kvóta sínum á þeirri vertíð þannig: Evrópubandalagið 40 þús. lestir, Færeyjar 13 þús. lestir, Noregur 6,5 þús. lestir og Einar Guðfinnsson hf. 6,5 þús. lestir.

Veiðar þessar gengu mjög illa og voru stöðvaðar frá 5. desember til 13. febrúar 1991. Höfðu þá um haustið aðeins veiðst 111 þús. lestir. Eftir frekari loðnumælingar í janúar og byrjun febrúar var ákveðið að veiddar skyldu 185 þús. lestir frá 15. febrúar til áramóta. Vísast til töflu 2 um veiðimagn. Vegna ákvæðis í samningi um bann við veiðum erlendra loðnuskipa í fiskveiðilandhelgi Íslands eftir 15. febrúar veiddu íslensk loðnuskip allan kvótann sem ákveðinn var um miðjan febrúar.

6. Á þeirri vertíð, sem nú stendur yfir, var kvótinn 26. október ákveðinn 240 þús. lestir og var honum skipt í samræmi við samning. Engin erlend skip hafa hafið veiðar þegar þetta er ritað þar sem veiðar hafa gengið illa að síðustu dögum undanskildum. Fram er komin tillaga frá Hafrannsóknastofnun um 200 þús. lesta aukningu kvóta. Grænlendingar og Norðmenn hafa gert fyrirvara vegna hugsanlegra uppbóta á yfirstandandi vertíð vegna þess að þeir náðu ekki sinni hlutdeild úr heildarveiðinni á síðustu vertíð.

240. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á lánsfjárlögum fyrir árið 1991, nr. 26/1991.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið samhliða 30. máli, frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1992. Halldór Árnason og Jón Ragnar Blöndal frá fjármálaráðuneytinu fjölluðu sérstaklega um þetta mál á fundi með nefndinni.

Við endurskoðun lánsfjárþarfar ríkissjóðs fyrir árið 1991 hefur komið í ljós að heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs verður allmiklu meiri en gert var ráð fyrir í lánsfjárlögum fyrir árið 1991. Þá bætist við sá vandi að ekki mun takast að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs nema að hluta til á innlendum lánamarkaði. Með frumvarpinu er því sótt um heimild fyrir ríkissjóð til erlendrar lántöku að fjárhæð 12,8 milljarðar króna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga, en þrír nefndarmanna rita þó undir með fyrirvara.

Alþingi, 9. des. 1991.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Jón Helgason, með fyrirvara.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.	Sólveig Pétursdóttir.
Ingi Björn Albertsson.		Geir H. Haarde.

241. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 233 [Fjárlög 1992].

Frá Agli Jónssyni.

	Þús. kr.
Við 40,b bætist nýr undirliður:	
Hjúkrunarheimili, Höfn Hornafirði	15.000

242. Fyrirspurn [207. mál]

til samgönguráðherra um gjaldtöku Flugmálastjórnar.

Frá Sigbirni Gunnarssyni.

Hvaða breytingar hafa orðið á eftirtöldum gjöldum Flugmálastjórnar, sem innheimt eru af flugrekendum, á árunum 1987–1991:

a. lendingargjöldum,
b. aukaopnun á flugvöllum,
c. skoðunar- og eftirlitsgjöldum loftfara,
d. skoðunar- og eftirlitsgjöldum vegna nýskráningar loftfara,
e. endurnýjun lofthæfisskírteina loftfara,
f. útgáfu lofthæfisskírteina loftfara?

Óskað er eftir að tölur verði færðar til núvirðis.

Skriflegt svar óskast.

243. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á lánsfjárlögum fyrir árið 1991, nr. 26/1991.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingar á lánsfjárlögum fyrir árið 1991. Frumvarpið felur í sér heimild til ríkisstjórnarinnar um erlenda lántöku sem nemur 12,8 milljörðum króna til viðbótar því sem heimilað var í lánsfjárlögum þeim sem samþykkt voru í mars sl. Það er ljóst að lánsfjárþörf ríkisins hefur farið mjög úr böndum og einnig kemur til að lántaka á innlendum markaði hefur ekki gengið eftir, svo sem áformað var. Slík fjármálastjórn kann ekki góðri lukku að stýra og sannar enn einu sinni að ár eftir ár reynast áætlanir ríkisins byggðar á afar veikum grunni.

Síðastliðinn vetur gagnrýndu þingkonur Kvennalistans áherslur í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 en í áliti 2. minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar segir: „Annar minni hluti lítur svo á að þau lánsfjárlög, sem hér um ræðir, byggist á óraunsæi um þróun á lánamarkaðinum og augum lokað fyrir yfirvofandi áföllum eins og hruni mastra á Vatnsendahæð, en skollaeyrum skellt við hógværum beiðnum og andmælum fulltrúa hinna mjúku mála.“

Það má segja að þessi orð hafi ræst. Nefndarálit þetta var skrifað í desember 1990 en í óveðrinu mikla sem yfir gekk í febrúar hrundi langlínumastrið á Vatnsendahæð! Þá hefur ástandið á lánamarkaðinum þróast mjög til hins verra, með háum vöxtum og mikilli samkeppni um lánsfé sem ríkið á ekki hvað minnstan hlut í að skapa. Fulltrúar Kvennalistans sátu hjá við afgreiðslu lánsfjárlaga ársins 1991 og munu einnig gera það við afgreiðslu þessa viðbótarfrumvarps enda stendur Alþingi frammi fyrir gerðum hlut.

Alþingi, 10. des. 1991.

Kristín Ástgeirsdóttir.

244. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands og Sveinn Hjörtur Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti nefndarinnar.

Halldór Ásgrímsson og Vilhjálmur Egilsson voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1991.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.
Jóhann Ársælsson.	Stefán Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
	Össur Skarphéðinsson.	

245. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fjárlaganefnd fól nefndinni með bréfi dags. 19. nóvember 1991 að fjalla um frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 í samræmi við ákvæði 2. mgr. 25. gr. þingskapa. Þá barst nefndinni enn fremur ósk um að hún lyki afgreiðslu málsins til 2. umr.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Sigurgeir Jónsson og Pétur Kristinsson frá Lánasýslu ríkisins, Ólafur Ísleifsson frá Seðlabanka Íslands, Halldór Jónatansson, Örn Marinósson og Jóhann Már Maríusson frá Landsvirkjun, Jóhanna Ottesen frá Útflutningslánasjóði, Már Elísson, forstjóri Fiskveiðasjóðs, Guð-

mundur Malmquist, forstjóri Byggðastofnunar, Leifur Kr. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Bragi Hannesson, forstjóri Iðnlánasjóðs, Þorvarður Alfonsson, forstöðumaður Iðnþróunarsjóðs, Harald Andrésson frá Ríkisábyrgðasjóði, Pétur Einarsson, Haukur Hauksson og Ágúst Valgeirsson frá Flugmálastjórn, Sveinbjörn Óskarsson, fulltrúi fjármálaráðuneytisins í byggingarnefnd Herjólfs, Lárus Jónsson og Guðjón Valdimarsson frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Bjarni Bragi Jónsson aðstoðarseðlabankastjóri, Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, og Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins. Halldór Árnason og Jón Ragnar Blöndal frá fjármálaráðuneytinu sátu flesta fundi nefndarinnar um þetta mál. Gestir komu með ýmis gögn sem útbýtt var á fundum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar eru eftirtaldar:

1. Við 1. gr. Hækkun lántökuheimildar ríkissjóðs er í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í sumar um aðstoð við fiskeldisfyrirtæki.
2. Við 3. gr. Með þessari breytingu er tilgreint hvernig ráðstafa skuli þeirri viðbótarlántökuheimild sem kveðið er á um í breytingu við 1. gr.
3. Við 4. gr.
   a. Lækkun lántökuheimildar Landsvirkjunar er vegna frestunar á virkjunarframkvæmdum.
   b. Felldir eru brott 7.–10. tölul. 4. gr. Með þeirri breytingu er verið að fella niður ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Útflutningslánasjóðs frá og með 1. janúar 1992. Jafnframt er í öðrum breytingartillögum meiri hlutans bætt við nýjum greinum sem taka af allan vafa um að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum þessara sjóða sem stofnað er til eftir 31. desember 1991. Ekki er talin þörf á að breyta lögum um Útflutningslánasjóð. Þessi breyting er undirbúningur þess að gera þessa sjóði að hlutafélögum.
   c. Nýlega kom fram ósk frá Ferðamálasjóði um lántökuheimild að upphæð 130 m.kr. fyrir árið 1992. Lagt er til að fallist verði á þessa beiðni Ferðamálasjóðs.
4. Við 5. gr.
   a. Felld er niður ábyrgðarheimild handa Vatnsleysustrandarhreppi vegna hafnarframkvæmda þar sem frestun verður á framkvæmdum við álver á Keilisnesi.
   b. Gerð er tillaga um að fjármálaráðherra verði heimilt að ábyrgjast lántöku Hitaveitu Akureyrar og Bæjarveitna Vestmannaeyja. Um er að ræða skuldbreytingu á lánum sem koma til gjalda á næsta ári.
5. Við 6. gr. Breytingin er gerð til að setja hámark á þær lántökur sem fjármálaráðherra er heimilt að taka erlendis.
6. Við 7. gr. Lagt er til að greinin falli brott þar sem efni greinarinnar hefur verið fellt inn í 6. gr.

Rétt þykir að nefna að Flugmálastjórn óskaði eftir 70 m.kr. hækkun á lántökuheimild en meiri hluti nefndarinnar telur ekki þörf á slíkri breytingu í frumvarpinu þar sem Flugmálastjórn mun á næsta ári samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu geta notað vannýttar heimildir frá árinu 1991 sem svarar til þessarar þarfar.

Alþingi, 9. des. 1991.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Geir H. Haarde.

Ingi Björn Albertsson. Sólveig Pétursdóttir.

246. Breytingartillögur [30. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (MB, GHH, RG, IBA, SP).

1. Við 1. gr. Í stað „13.000 m.kr.“ komi: 13.150 m.kr.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað „4.545 m.kr.“ komi: 4.695 m.kr.
   b. Við greinina bætist nýr töluliður svohljóðandi: Fiskeldisfyrirtæki, allt að 150 m.kr.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað „6.650 m.kr.“ í 1. tölul. komi: 845 m.kr.
   b. 7.–10. tölul. falli brott.
   c. Við bætist nýr töluliður er orðist svo: Ferðamálasjóður, allt að 130 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með síðari breytingum.
4. Við 5. gr. Í stað 2. tölul. komi tveir nýir töluliðir er orðist svo:
   a. Hitaveita Akureyrar, allt að 356 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
   b. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 21 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
5. Á eftir 5. gr. komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (6. gr.)
      5. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum, orðist svo:
      Ríkissjóður beri eigi ábyrgð á þeim skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnar til eftir 31. desember 1991.
   b. (7. gr.)
      17. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum, orðist svo:
      Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldbindingum sem Iðnlánasjóður stofnar til eftir 31. desember 1991.
   c. (8. gr.)
      Heimilt er að afnema ábyrgð ríkissjóðs á nýjum skuldbindingum sem Iðnþróunarsjóður stofnar til eftir 31. desember 1991, enda sé leitað eftir staðfestingu ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðeigandi breytingu á samningi um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, sbr. lög nr. 9/1970, með síðari breytingum.

6. Við 6. gr. (er verði 9. gr.). Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð á lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2.–4. tölul. 4. gr. og í 5. gr. og endurlána til þeirra með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.
   Erlendar lántökur þeirra aðila, sem tilgreindir eru í 1. mgr., og ríkissjóðs mega nema allt að 7.400 m.kr. á árinu 1992.
7. Við 7. gr. Greinin falli brott.

247. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1968, um bókhald.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Verslunarráði Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, ríkisskattstjóra og Ríkisendurskoðun.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 11. des. 1991.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Jón Helgason.
Steingrímur J. Sigfússon.	Sólveig Pétursdóttir.	Ingi Björn Albertsson.
Geir H. Haarde.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

248. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Indriða Þorláksson og Snorra Olsen frá fjármálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 11. des. 1991.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Jón Helgason.
Steingrímur J. Sigfússon.	Geir H. Haarde.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Ingi Björn Albertsson.	Sólveig Pétursdóttir.

249. Tillaga til þingsályktunar [208. mál]

um flugmálaáætlun árin 1992–1995.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

Alþingi ályktar skv. I. kafla laga nr. 31/1987 að árin 1992–1995 skuli framkvæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1992	1993	1994	1995
1.1. Markaðar tekjur:				
*1. Flugvallagjald	331	348	366	385
*2. Eldsneytisgjald	43	45	47	49
3. Lendingargjöld	57	60	63	66
4. Loftferðaeftirlitsgjöld	22	23	24	25
5. Leigugjöld	54	56	59	62
6. Þjónustugjöld	46	48	50	52
7. Aðrar tekjur	17	18	19	20
	570	598	628	659
1.2. Önnur framlög:				
1. ICAO-tekjur	232	244	256	269
2. Framlag úr ríkissjóði	479	504	530	559
Samtals	1281	1346	1414	1487

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1992	1993	1994	1995
2.1. Rekstur:				
1. Yfirstjórn	72	76	80	84
2. Loftferðaeftirlit	33	35	37	39
3. Reykjavíkurflugvöllur	87	91	96	101
4. Flugvalladeild	178	187	196	206
5. Flugleiðsöguþjónusta	118	124	130	137
6. Flugumferðarþjónusta	174	183	192	202
7. Alþjóðaflugþjónusta	245	257	270	284
	907	953	1001	1053
2.2. Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	0	0	17	0
2. Byggingar	10	73	22	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	4	0	0
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	23	9	0
5. Snjóhreinsibúnaður	14	44	0	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	6	45	22	20
7. Ljósabúnaður	0	14	2	0
8. Bundið slitlag	200	18	0	73
	230	221	72	93
2.3. Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	11	0	0	0
2. Byggingar	27	0	14	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0	0	2
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	8	9	0	10
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	0	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	0	3	6	15
7. Ljósabúnaður	2	1	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	78	0
	48	13	98	27
2.4. Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	20	24	25	7
2. Byggingar	9	33	9	40
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0	0	0
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	28
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	0	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	4	0	7	0
7. Ljósabúnaður	0	0	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	0	0
	33	57	41	75
2.5. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:				
1. Óskipt	7	11	21	21
2.6. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta:				
1. Flugstjórnarmiðstöð og annað	56	63	60	21
2.7. Til leiðréttinga og brýnna verkefna:	0	28	121	197
Samtals	1281	1346	1414	1487

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1. Áætlunarflugvellir I.
Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur, Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók og Húsavíkurflugvöllur.

3.2. Áætlunarflugvellir II.
Ísafjarðarflugvöllur, Vestmannaeyjaflugvöllur, Patreksfjarðarflugvöllur og Hornafjarðarflugvöllur.

3.3. Áætlunarflugvellir III.
Grímseyjarflugvöllur, Siglufjarðarflugvöllur, Vopnafjarðarflugvöllur, Flateyrarflugvöllur, Bíldudalsflugvöllur, Norðfjarðarflugvöllur, Þingeyrarflugvöllur, Þórshafnarflugvöllur, Gjögursflugvöllur, Bakkafjarðarflugvöllur, Borgarfjarðarflugvöllur, Raufarhafnarflugvöllur, Breiðdalsvíkurflugvöllur, Kópaskersflugvöllur, Rifsflugvöllur, Blönduósflugvöllur, Stykkishólmsflugvöllur, Hólmavíkurflugvöllur og Reykjahlíðarflugvöllur.

3.4. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.
Arngerðareyri, Bakki, Búðardalur, Bær, Djúpivogur, Fáskrúðsfjörður, Grundarfjörður, Hella, Ingjaldssandur, Kirkjubæjarklaustur, Melgraseyri, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes, Sandskeið/Kapelluhraun, Selfoss, Suðureyri og Vík. Álftaver, Auðkúluheiði, Berjanesfitjar, Bolungarvík, Borgarnes, Breiðabólstaður, Búrfell, Dagverðará, Einholtsmelar, Fagurhólsmýri, Flúðir, Forsæti, Geysir, Grímsstaðir, Gunnarsholt, Herðubreiðalindir, Hrafnseyri, Hrísey, Húsafell, Hvammstangi, Hveravellir, Hvolsvöllur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Króksfjarðarnes, Melgerðismelar, Melanes, Múlakot, Narfastaðamelar, Núpur, Nýidalur, Sandármelar, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Steinasandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Tálknafjörður, Þórisós og Þórsmörk.

IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1992	1993	1994	1995
4.1. Reykjavík				
1. Tækjageymsla	6,0			
2. Aðflugshallasendir		9,5		
3. Slökkvibúnaður		7,4		
4. Endurnýjun aðflugsbúnaðar			18,8	
5. Girðing, öryggissvæði			16,5	
6. Endurbætur flugbrauta				72,7
	6,0	16,9	35,3	72,7
4.2. Akureyri				
1. Flugstöð, hönnun	2,0	21,0	22,0	
2. Radíóviti	6,0			
3. Snjóblásari	14,0			
4. Aðflugshallasendir				19,8
	22,0	21,0	22,0	19,8

	1992	1993	1994	1995
4.3. Egilsstaðir				
1. Bundið slitlag	200,0	17,9		
2. Flugstöð		52,5		
3. Slökkvibúnaður		15,8		
4. Snjóblásari		15,9		
5. Brautarsópur		14,6		
6. Vörubifreið með snjótönn		10,8		
7. Bremsumælir		2,9		
8. Aðflugshallasendir		17,9		
9. Skyggnismælir		1,2		
10. Skýjahæðarmælir		2,5		
11. Flugbrautarljós		8,0		
12. Leiðarljós		5,3		
13. Flugvallarljósviti		1,1		
	200,0	166,4	0,0	0,0
4.4. Sauðárkrókur				
1. Tækjageymsla	2,0			
2. Radíóviti, endurbætur		4,2		
3. Slökkvibúnaður			9,4	
4. Vararafmagn			2,8	
	2,0	4,2	12,2	0,0
4.5. Húsavík				
1. Aðflugshallasendir		12,6		
2. Flugbrautarljós, lenging			2,1	
	0,0	12,6	2,1	0,0
4.6. Ísafjörður				
1. Akbrautir og hlöð	5,7			
2. Slökkvibúnaður	8,0			
3. Vararafmagn		2,6		
	13,7	2,6	0,0	0,0
4.7. Vestmannaeyjar				
1. Hlað, bundið slitlag	5,0			
2. Tækjageymsla	16,8			
3. Slökkvibúnaður		9,1		
4. Stefnusendir				15,5
5. Vararafmagn			2,8	
6. Leifturljós	2,0			
7. Fjarskiptatæki			1,7	
	23,8	9,1	2,8	17,2
4.8. Patreksfjörður				
1. Bundið slitlag			77,9	
2. Tækjageymsla, innréttingar			3,3	
	0,0	0,0	81,2	0,0
4.9. Hornafjörður				
1. Tækjageymsla	10,0		11,0	
2. Slökkvibúnaður				10,0
3. Vararafmagn			2,8	
4. Leiðarljós		1,0		
	10,0	1,0	13,8	10,0

	1992	1993	1994	1995
4.10. Grímsey				
1. Flugbraut, lenging	3,0			
2. Tækjageymsla				7,0
3. Radíóviti			3,3	
4. Slökkvibúnaður				7,1
	3,0	0,0	3,3	14,1
4.11. Siglufjörður				
1. Flugbraut, ath. v/endurbóta			3,3	
	0,0	0,0	3,3	0,0
4.12. Vopnafjörður				
1. Flugbraut, lenging 1200 m			11,0	
	0,0	0,0	11,0	0,0
4.13. Bíldudalur				
1. Flugstöð		15,7		
2. Tækjageymsla			8,8	
	0,0	15,7	8,8	0,0
4.14. Norðfjörður				
1. Öryggissvæði		6,3		
2. Markviti	0,5			
	0,5	6,3	0,0	0,0
4.15. Þingeyri				
1. Flugbraut, samanburðarath.	2,0			
2. Flugbraut, hönnun		3,1		
	2,0	3,1	0,0	0,0
4.16. Þórshöfn				
1. Öryggissvæði	8,0			
2. Flugstöð	5,0	11,2		
3. Tækjageymsla	3,5			
4. Slökkvibúnaður				7,1
	16,5	11,2	0,0	7,1
4.17. Gjögur				
1. Öryggissvæði		10,5	11,0	
2. Tækjageymsla				13,1
3. Slökkvibúnaður				7,1
4. Markviti	1,0			
	1,0	10,5	11,0	20,2
4.18. Borgarfjörður eystri				
1. Slökkvibúnaður				7,1
	0,0	0,0	0,0	7,1
4.19. Raufarhöfn				
1. Öryggissvæði		3,7		
	0,0	3,7	0,0	0,0
4.20. Breiðdalsvík				
1. Radíóviti			3,3	
2. Tækjageymsla				3,5
	0,0	0,0	3,3	3,5

	1992	1993	1994	1995
4.21. Kópasker				
1. Hlað				7,0
2. Tækjageymsla				9,3
3. Markviti	1,0			
	1,0	0,0	0,0	16,3
4.22. Rif				
1. Öryggissvæði	4,0			
	4,0	0,0	0,0	0,0
4.23. Blönduós				
1. Tækjageymsla				3,5
	0,0	0,0	0,0	3,5
4.24. Stykkishólmur				
1. Tækjageymsla				3,5
2. Markviti	1,0			
	1,0	0,0	0,0	3,5
4.25. Hólmavík				
1. Hlað	3,3			
2. Tækjageymsla		6,3		
3. Markviti	1,0			
	4,3	6,3	0,0	0,0
4.26. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
1. Óskipt	7,2	10,9	21,0	21,0
	7,2	10,9	21,0	21,0
4.27. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta				
1. Flugstjórnarmiðstöð	55,0	57,7	60,7	
2. Aðflugsath. á Vestfjörðum	1,0	5,2		
3. Óskipt				21,0
	56,0	62,9	60,7	21,0
4.28. Til leiðréttinga og brýnna verkefna				
1. Óskipt		28,6	121,2	197,0
	0,0	28,6	121,2	197,0
Samtals	374,0	393,0	413,0	434,0

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. INNGANGUR

Eins og þessi tillaga til þingsályktunar er lögð fram er hún í samræmi við samþykkt flugráðs með þeim breytingum að liður til leiðréttinga og brýnna verkefna er hækkaður um 66,2 millj. kr. á árinu 1994 og um 139 millj. kr. á árinu 1995, en aðrir liðir eru lækkaðir til samræmis. Þetta er eðlilegt þar sem lög mæla fyrir um að flugmálaáætlun skuli endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Frá flugráði fylgdi svohljóðandi greinargerð tillögu þessari til þingsályktunar:

Samkvæmt I. kafla 1. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, er hér lögð fram flugmálaáætlun fyrir árin 1992–1995. Áætlun þessi er lögð fram í samræmi við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1992 og spá flugmálastjórnar um verðlagsþróun til ársloka 1995. Þannig er gert ráð fyrir 5% hækkun verðlags milli ára frá 1993–1995 og þar af leiðandi 5% hækkun tekna á sama tímabili.

Aðeins er gert ráð fyrir útgjöldum til framkvæmda í flugmálum samkvæmt mörkuðum tekjustofnum, þ.e. flugvallagjaldi og eldsneytisgjaldi.

Afkoma Flugmálastjórnar á undanförnum árum hefur verið mjög góð. Önnur rekstrargjöld og stofnkostnaður hafa nánast verið í samræmi við fjárheimildir, en laun hafa farið talsvert fram úr fjárheimildum og er skýringin fyrst og fremst sú að stofnunin hefur þurft að inna af hendi ýmsa þjónustu án þess að stöðuheimildir hafi verið til staðar og yfirvinna hefur verið talsvert meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Hins vegar hafa sértekjur vegna reksturs orðið nokkuð hærri en fjárlög ætluðu og hefur það bjargað afkomunni á undanförnum árum.

Horfur fyrir árið 1991 eru nokkuð góðar þegar borið er saman rekstur, stofnkostnaður og tekjur við fjárheimildir miðað við 31. ágúst 1991. Laun eru komin nokkuð fram yfir fjárheimildir en önnur rekstrargjöld eru töluvert undir fjárheimildum, stofnkostnaður er í jafnvægi.



Eins og áður er getið hefur yfirvinna verið nokkuð hærri á undanförnum árum en fjárlög gerðu ráð fyrir og er það fyrst og fremst vegna vanáætlana. Á árinu 1990 voru á fjárlögum 157.662 yfirvinnueiningar, en samkvæmt reikningi ársins urðu yfirvinnueiningarnar 176.125 eða 12% hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Skipting yfirvinnu, starfsmannafjölda og heildarlauna var þannig árið 1990:

	Ein.'90	%	Starfs-menn	%	Heildarlaun 1990	%
Yfirstjórn	9.776	6	17	8	32.289	7
Loftferðaeftirlit	6.118	3	8	4	18.832	4
Flugvallaþjónusta	55.426	31	69	34	115.196	24
Flugleiðsöguþjónusta	19.516	11	20	10	45.017	9
Flugumferðarþjónusta	85.289	49	90	44	265.490	56
Samtals	176.125	100	204	100	476.824	100





I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

Markaðar tekjur Flugmálastjórnar eru almennar rekstrartekjur og tekjur af flugvallagjaldi og eldsneytissölu sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987 um flugmálaáætlun. Tekjurnar eru því mjög háðar flutningum og umferð um flugvelli landsins.

Eftirfarandi súlurit sýna þróun farþegaflutninga á undanförnum sex árum:



	1985	1986	1987	1988	1989	1991
Flugvellir I	476.128	481.843	510.558	471.918	494.188	511.540
Flugvellir II	115.725	131.380	131.158	130.834	128.730	135.739
Flugvellir III	35.312	35.045	40.510	41.199	43.186	47.416
Flugvellir alls	627.165	648.268	682.226	643.951	666.104	694.695

Árið 1990 var metár í farþegaflutningum innan lands, en alls fóru 696.999 farþegar um innanlandsflugvellina og hafa flutningarnir verið jafnt og þétt stígandi frá árinu 1985.

Vöru- og póstflutningar virðast fara minnkandi frá því að vera 12.000 tonn fyrir árið 1980 en aðeins rúm 8.000 tonn 1990.

Eftirfarandi tafla sýnir þróunina frá árinu 1977–1990:

Heildarflutningar um íslenska áætlunarflugvelli 1977–1990.
(Keflavíkurflugvöllur undanskilinn.)

Ár	Flughreyfingar:	Farþegar:	Vörur/póstur (tonn):
1977	150.220	555.103	12.393
1978	149.724	590.120	11.821
1979	152.498	590.737	11.999
1980	167.223	600.111	9.569
1981	155.971	598.297	9.154
1982	176.939	580.291	8.443
1983	143.922	536.931	8.248
1984	162.704	566.073	8.253
1985	191.181	630.218	9.430
1986	176.584	650.477	8.487
1987	173.367	684.287	9.878
1988	173.141	646.790	9.332
1989	171.739	669.083	8.869
1990	181.214	696.999	8.246



	1985	1986	1987	1988	1989	1990
Reykjavík	287.221	286.151	304.980	275.563	297.299	306.627
Akureyri	109.756	119.463	130.499	121.268	120.305	120.877
Egilsstaðir	51.221	47.437	46.525	47.986	48.835	50.900
Sauðárkrókur	11.228	10.418	10.259	10.314	11.683	14.626
Húsavík	16.702	18.374	18.295	16.787	16.066	18.510
Samtals	476.128	481.843	510.558	471.918	494.188	511.540

Áætlunarflugvellir II
farþegafjöldi



	1985	1986	1987	1988	1989	1990
Ísafjörður	43.929	53.576	49.485	47.924	46.942	41.407
Vestmannaeyjar	50.079	54.790	59.030	61.109	61.101	71.962
Patreksfjörður	9.410	9.149	8.556	7.969	7.493	6.182
Hornafjörður	12.307	13.865	14.087	13.832	13.194	16.188
Samtals:	115.725	131.380	131.158	130.834	128.730	135.739



	1989	1990		1989	1990
Grímsey	3.369	3.638	Borgarfjörður Eystri	216	268
Siglufjörður	5.764	5.574	Raufarhöfn	1.235	1.050
Vopnafjörður	4.326	3.822	Breiðdalsvík	574	946
Flateyri	3.220	3.304	Kópasker	579	845
Bíldudalur	4.713	5.080	Rif	4.353	2.615
Norðfjörður	4.134	4.230	Blönduós	3.384	3.533
Þingeyri	1.739	5.867	Stykkishólmur	1.334	1.076
Þórshöfn	1.831	1.836	Hólmavík	1.414	1.439
Gjögur	801	765	Mývatn	0	1.318
Bakkafjörður	200	210	Samtals:	43.186	47.416

Þróun farþegaflutninga á undanförnum sex árum er mjög misjöfn eftir flugvöllum. Flutningarnir eru mjög svipaðir undanfarin sex ár á stærri flugvöllunum að Vestmannaeyjaflugvelli undanskildum þar sem flutningarnir hafa vaxið mjög mikið á undanförnum árum og er Vestmannaeyjaflugvöllur orðin þriðji stærsti innanlandsflugvöllurinn.

Á árinu 1990 var Ísafjarðarflugvöllur lokaður í þrjár vikur vegna framkvæmda og fóru farþegar um Þingeyrarflugvöll, en það skýrir þann mun sem verður milli ára á þessum flugvöllum.

Umferð um flugvelli á Snæfellsnesi, Stykkishólmi og Rif virðist fara minnkandi og er skýringin vafalaust bætt vegasamband við höfuðborgarsvæðið.

1.1. Markaðar tekjur vegna framkvæmda.

Samkvæmt lögum nr. 31/1987 um flugmálaáætlun eru tekjur af flugvallagjaldi og eldsneytissölu bundnar til framkvæmda í flugmálum.

Við áætlun um tekjur til framkvæmda er stuðst við farþegaspá sem byggð er á rauntölum undanfarandi ára. Samkvæmt reglugerð um flugvallagjald og eldsneytisgjald frá 1. október 1991 er flugvallagjald í utanlandsflugi 1.250 kr. á farþega og í innanlandsflugi 165 kr. á farþega.

Farþegaspá – Utanlandsflug 1992.
(2 börn = 1 farþegi)

	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Samtals
Flugleiðir	30.500	43.700	76.500	36.300	187.000
Aðrir	4.500	9.200	18.700	7.300	39.700
Alls	35.000	52.900	95.200	43.600	226.700

Farþegaspá – Innanlandsflug 1992.
(2 börn = 1 farþegi)

	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Samtals
Flugleiðir	55.600	61.300	73.100	52.600	242.600
Íslandsflug	4.100	4.200	3.600	3.500	15.400
Flugfélag Norðurlands	4.700	6.100	4.500	3.800	19.100
Flugfélag Austurlands	200	500	400	500	1.600
Flugfélagið Ernir	300	1.300	1.000	600	3.200
Aðrir	1.200	1.600	2.300	1.100	6.200
Alls	66.100	75.000	84.900	62.100	288.100

Utanlandsflug	226.700	× 1.250	= 283.375	þ.kr.
Innanlandsflug	288.100	× 165	= 47.536	þ.kr.
Samtals flugvallagjald			330.911	þ.kr.

Við áætlun á sölu á flugvélaeldsneyti er stuðst við rauntölur undanfarinna ára:

Spá vegna eldsneytissölu 1992.

	Flugbensín lítrar	Flugsteinolía lítrar
Janúar	140.000	2.670.000
Febrúar	170.000	2.750.000
Mars	135.000	2.780.000
Apríl	234.000	2.910.000
Maí	227.000	3.950.000
Júní	355.000	5.460.000
Júlí	369.000	6.980.000
Ágúst	278.000	6.610.000
September	229.000	5.120.000
Október	134.000	2.870.000
Nóvember	136.000	2.830.000
Desember	119.000	2.760.000
	2.526.000	47.690.000

Samkvæmt framangreindri reglugerð er eldsneytisgjald vegna flugbensíns 1.60 kr. á lítra og flugsteinolíu 0.80 kr. á lítra.

Flugbensín	2.526.000 × 1.60 =	4.041.600 kr.
Flugsteinolía	47.690.000 × 0.80 =	38.152.000 kr.
	Samtals	42.193.600 kr.



1.2. Rekstrartekjur.

Rekstrartekjur Flugmálastjórnar eru eftirfarandi: Lendingargjöld, Loftferðaeftirlitsgjöld, leigugjöld, þjónustugjöld og aðrar tekjur, sala eigna o.fl.

Skipting rekstrartekna á deildir 1992.

Yfirstjórn	24.560 þús. kr.
Loftferðaeftirlit	22.490 þús. kr.
Reykjavíkurflugvöllur	39.580 þús. kr.
Flugvalladeild	44.370 þús. kr.
Flugleiðsöguþjónusta	46.530 þús. kr.
Flugumferðarþjónusta	18.620 þús. kr.
Samtals	196.150 þús. kr.

1.3. Önnur framlög.

Önnur framlög til stofnunarinnar á árinu 1992 eru tekjur vegna Alþjóðaflugþjónustunnar 232.297 þús. kr. og framlag úr ríkissjóði 479.400 þús. kr.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

2.1. Rekstur.

Eins og fyrr er getið hefur rekstrarafkoma Flugmálastjórnar verið nokkuð góð á undanförnum árum, eða frá árinu 1984, að undanskildu árinu 1989 vegna vanáætlunar og óraunhæfs niðurskurðar á rekstrarfjárlögum.

Rekstrarútgjöld borin saman við rekstrarfjárheimildir að frádregnum sértekjum árin 1980–1990 (í þúsundum króna):

Ár	Rekstrarfjár-heimildir	Rekstrar-útgjöld	Hlutfall
1990	551.651	568.869	103
1989	411.427	499.337	121
1988	422.422	440.386	104
1987	343.088	343.810	100
1986	264.980	262.176	99
1985	222.044	220.655	99
1984	161.080	170.392	106
1983	82.830	102.739	124
1982	34.214	61.778	181
1981	24.319	38.959	160
1980	18.705	28.234	151

Eftirfarandi sýnir skiptingu reksturskostnaðar á hinar ýmsu deildir Flugmálastjórnar:



2.2. Framkvæmdir.

Við skiptingu útgjalda vegna framkvæmda var í meginatriðum stuðst við þá reglu sem skýrsla flugmálanefndar gerir ráð fyrir um forgangsröðun verkefna. Örfáar breytingar eru þó gerðar til hagræðis eins og að ljúka þeim verkefnum sem þegar er byrjað á. Þá er einnig að töluverðu leyti tekið tillit til umsagnar öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna að flýta endurbótum á aðflugsbúnaði einstakra flugvalla.

Á árinu 1994 er gert ráð fyrir að hefjast handa við 1. áfanga að lengingu Egilsstaðaflugvallar í 2.400 m. Áður hafði verið mörkuð sú stefna að flugvöllurinn yrði 2.700 m, en samkvæmt endurskoðun á forsendum, samþykkti flugráð að gera tillögu um að endanleg lengd flugvallarins verði 2.400 m.

Flugvellir eru flokkaðir í fjóra flokka:
Áætlunarflugvellir I yfir 1.800 m á lengd.
Áætlunarflugvellir II 1.200 – 1.799 m á lengd.
Áætlunarflugvellir III 800 – 1.199 m á lengd.
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir (án áætlunarflugs).

Frá síðustu flugmálaáætlun hafa orðið nokkrar breytingar á flokkun flugvalla. Hætt er að fljúga áætlunarflug á flugvellina á Grundarfirði, Fáskrúðsfirði, Ólafsfirði og Suðureyri og færast þeir því yfir í aðra flugvelli og lendingarstaði. Hafið er áætlunarflug yfir sumarmánuðina á Reykjahlíðarflugvöll og færist hann því upp í áætlunarflugvöll III. Þá hafa verið teknir út úr flokknum „aðrir flugvellir og lendingarstaðir“ af ýmsum ástæðum: Hólakot, Hrauneyjafoss, Sandur, Selárdalur, Seyðisfjörður og Svínafell.

Áætlunarflugvellir
skipting útgjalda
vegna framkvæmda



Skipting útgjalda á verkefni.

Verkefni (millj. kr.):	1992	Hlutf.	1993	Hlutf.	1994	Hlutf.	1995	Hlutf.
Flugbrautir og stæði	31	8.3%	24	6.1%	108	26.2%	76	17.5%
Byggingar	46	12.3%	106	27.0%	45	10.9%	40	9.2%
Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	–	4	1.1%	0	–	2	0.5%
Slökkvi- og björgunarbúnaður	8	2.1%	32	8.1%	9	2.2%	38	8.7%
Snjóhreinsibúnaður	14	3.8%	44	11.2%	0	–	0	–
Aðflugs- og rafmagnsbúnaður	10	2.7	48	12.2%	35	8.5%	35	8.2%
Ljósabúnaður	2	0.5%	15	3.8%	2	0.5%	0	–
Bundið slitlag	200	53.5%	18	4.6%	78	18.8%	143	32.9%
Aðrir flugvellir og lendingastaðir	7	1.8%	11	2.8%	21	5.1%	21	4.8%
Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta	56	15.0%	63	16.0%	60	14.5%	21	4.8%
Til leiðréttinga og brýnna verkefna	0	–	28	7.1%	55	13.3%	58	13.4%
Samtals	374	100%	393	100%	413	100%	434	100%

Forgangsröðun framkvæmda byggist á niðurstöðu sem öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna, Flugmálastjórn og flugráð urðu sammála um og flugmálanefnd ákvað að gera að sinni tillögu.

Forgangsröðun framkvæmda.

Forgangur:	Verkefni:
1.	Flugbraut og hlað með fullgerðu malaryfirlagi, en stærð þeirra verði í samræmi við hönnunarákvæði ICAO Annex 14.
2.	Öryggissvæði verði eftir því sem unnt er hættulaus og í samræmi við hönnunarákvæði ICAO Annex 14.
3.	Hindranir verði eftir því sem unnt er fjarlægðar eða merktar. Athafnasvæði flugvalla verði girt.
4.	Flugvallarbyggingar, þ.e. aðstaða fyrir flugumferðarþjónustu, tækjageymslu og farþegaskýli, verði byggð í áföngum.
5.	Búnaður flugumferðarþjónustu, þ.e. símasamband, VHF-fjarskiptatæki, vindmælir, loftþrýstimælir, hitamælir og segulband, verði fyrir hendi.
6.	Slökkvi- og björgunarbúnaður verði samkvæmt ákvæðum ICAO Annex 14.
7.	Snjóhreinsibúnaður, þ.e. snjóruðningstæki, sanddreifarar og hemlunarmælar, verði fyrir hendi eða tilsvarandi aðkeypt þjónusta.
8.	Blindaðflugsbúnaður með tilheyrandi monitorbúnaði og vararafmagni verði í samræmi við ákvæði ICAO Annex 10, Radíóviti (NDB) með markvitum og/eða fjarlægðarmæli (DME) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Stefnusendir (ILS eða tilsvarandi hluti MLS) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Aðflugshallasendir (GS eða tilsvarandi hluti MLS) þar sem æskileg eru blindflugsmörk undir 300 feta skýjahæð og 1,5 km flugskyggni og réttlætanlegt getur talist.
9.	Ljósabúnaður í samræmi við ákvæði ICAO Annex 14, eða PAPI- eða APAPI aðflugshallaljós, hindranaljós, flugbrautarljós og aðflugsljós í samræmi við tilsvarandi aðflug flugvallarins.
10.	Malbik eða tilsvarandi varanlegt yfirborð á öll athafnasvæði flugvéla.

Enn fremur var áætlunarflugvöllum raðað í forgangsröð eftir því hve mikilvægu hlutverki einhver tiltekinn flugvöllur gegnir í flugsamgöngukerfinu og voru þrír þættir notaðir til að ákvarða þess forgangsröð fyrir áætlunarflugvelli, þ.e.:

- Verkefnaþáttur, þar sem m.a. er tekið tillit til hlutverks vallarins sem tengipunkts í flugsamgöngukerfinu.
- Flutningur um flugvöllinn sem hlutfall af heildarloftflutningum á landinu.
- Einangrun svæðisins sem flugvöllurinn þjónar.

250. Svar [120. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Árna R. Árnasonar um byggingu félagslegra íbúða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig skiptast úthlutanir til byggingar félagslegra íbúða frá 1980 eftir árum, sveitarfélögum og landshlutum og eftir fjölda fjölskyldna í sveitarfélagi sem rétt teljast eiga til úthlutunar?

1. Úthlutun lána til félagslegra íbúða.

Óskað er eftir upplýsingum um úthlutun lána til félagslegra íbúða skipt eftir árum, sveitarfélögum og landshlutum. Meðfylgjandi er yfirlit um skiptingu úthlutunar lána til byggingar eða kaupa á félagslegum íbúðum tímabilið 1980–1991 skipt eftir landshlutum. Sundurliðun eftir sveitarfélögum liggur ekki fyrir en hún er viðurhlutamikil og þarf lengri tíma til úrvinnslu.

Framkvæmdalán til byggingar/kaupa á félagslegum íbúðum á árunum 1980–1991.

	1980-81	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Reykjavík	76	185		168		128	239	132	190	297	256
Reykjanes	59	20	44	5	74	49	84	162	176	219	132
Vesturland	4	9	19	1	16	14	9	45	15	20	8
Vestfirðir	4	15	12		15	4	4	68	31	22	10
N-Vestra	22	16	26		20	7	4	54	16	21	8
N-Eystra	78	40	38	1	29	22	36	122	79	112	80
Austurland	24	9	14		10	5	11	56	19	55	23
Suðurland	12	10	5	6	12	9	6	57	27	54	33
Óstaðsett							10		25	27	47
Samtals:	279	304	158	181	176	238	403	696	578	827	597

Samkvæmt ofanskráðu hefur verið úthlutað alls 4.437 framkvæmdalánum frá árinu 1980. Á árunum 1988 og 1989 og til júní 1990 voru lán til byggingar almennra kaupleiguíbúða veitt úr Byggingarsjóði ríkisins en eftir það úr Byggingarsjóði verkamanna. Undir heitinu „Óstaðsett" er um að ræða framkvæmdalán en ekki er vitað þegar úthlutun fer fram hvar á landinu lánin verða notuð. Á þetta einkum við framkvæmdalán til handa Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp.

2. Upplýsingar um fjölda fjölskyldna sem eiga rétt á úthlutun.

Samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 70/1990, er réttur einstaklinga til félagslegra íbúða bundinn við þá sem uppfylla skilyrði 80. gr. laganna. Meginskilyrði fyrir rétti einstaklinga til félagslegra íbúða eru bundin ákveðnum tekju- og eignamörkum. Tekjumörkin eru miðuð við meðaltekjur síðustu þrjú árin áður en úthlutun fer fram en eignamörk miðast við að viðkomandi eigi íbúð eða samsvarandi eign í öðru formi. Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um fjölda fjölskyldna sem uppfylla þessi skilyrði og

vandséð að hægt sé að afla slíkra upplýsinga öðruvísi en með mjög viðamiklum rannsóknum á skattframtölum landsmanna.

Samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun er það verkefni húsnæðisnefnda í hverju sveitarfélagi að gera áætlun fyrir sveitarfélagið um þörf á félagslegu húsnæði.

251. Lög [62. mál]

um nauðungarsölu.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 63.

252. Frumvarp til laga [61. mál]

um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði o.fl.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Í 4. gr. tilskipunar um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi, og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, falla niður orðin „er hann hefur stefnt löglega til þess, láta sýslumann kveðja til“, en í stað þeirra kemur: fá dómkvadda.

2. gr.

Á lögum um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík, nr. 1 12. janúar 1900, verða svofelldar breytingar:

1. Í 3. málslið 8. gr. falla brott orðin „bæjarfógetar og“.
2. Í sama ákvæði fellur brott orðið „landshöfðingi“, en í stað þess kemur: dómsmálaráðherra.

3. gr.

Á lögum um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42 13. nóvember 1903, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. gr. fellur niður orðið „lögreglustjórar“, en í stað þess kemur: sýslumenn.
2. Í 2. mgr. 3. gr. fellur niður orðið „landshöfðingja“, en í stað þess kemur: viðskiptaráðherra.
3. Í 5. gr. fellur niður orðið „Landshöfðingja“, en í stað þess kemur: Viðskiptaráðherra.

4. gr.

Á lögum um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, nr. 42 10. nóvember 1913, verða svofelldar breytingar:

1. 2. gr. fellur niður.
2. Í 3. mgr. 4. gr. falla niður orðin „sjódómur rannsakar málið“, en í stað þeirra kemur: sjópróf fer fram.

3. 2. mgr. 10. gr. fellur niður.
4. 13. gr. fellur niður.

5. gr.

Á lögum um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o.fl., nr. 75 14. nóvember 1917, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málslið 1. mgr. 2. gr. falla niður orðin „beiða lögreglustjóra hennar skriflega“, en í stað þeirra kemur: leita eignarnámsmats eftir almennum reglum um framkvæmd eignarnáms.
2. 3., 4. og 5. málsliður 1. mgr. 2. gr. falla niður.
3. 3. málsliður 1. mgr. 4. gr. fellur niður.
4. 5. gr. fellur niður.

6. gr.

Á lögum um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919, verða svofelldar breytingar:

1. Í 3. málslið 3. mgr. 1. gr. fellur niður „(bæjarfógeti)“.
2. Í 1. málslið 5. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
3. Í 1. málslið 1. mgr. 6. gr. fellur niður orðið „valdsmenn“, en í stað þess kemur: sýslumenn.
4. Í 2. málslið 1. mgr. 6. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
5. 2. mgr. 6. gr. verður svohljóðandi:
   Sýslumenn og hreppstjórar skulu gefa því gætur að ákvæðum þessara laga um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim efnum skal hann tilkynna það sýslumanni.
6. Við 6. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:
   Nú berst sýslumanni tilkynning skv. 2. mgr., og skal hann þá kveðja þann eða þá sem eiga hlut að máli á sinn fund og beina því til þeirra að ráða bót á. Komi í ljós að ágreiningur sé um landamerki skal sýslumaður leita sátta um hann. Ef þau lönd, sem óvissa um landamerki varðar, standa á mörkum umdæma sýslumanna eða mörkin liggja um fleira en eitt umdæmi ákveður dómsmálaráðherra hvor eða hver þeirra gegni þessu starfi.
7. II. kafli fellur niður.

7. gr.

Á lögum um verzlunarskýrslur, nr. 12 19. júní 1922, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 1. gr. fellur niður orðið „lögreglustjórum“, en í stað þess kemur: tollstjórum.
2. Í 3. mgr. 1. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: tollstjóri.
3. Í 1. málslið 2. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
4. Í 1. málslið 1. mgr. 4. gr. fellur tvívegis niður orðið „lögreglustjóra“, en í báðum tilvikum kemur í stað þess: tollstjóra.
5. Í 1. málslið 2. mgr. 4. gr. fellur tvívegis niður orðið „lögreglustjóra“, en í báðum tilvikum kemur í stað þess: tollstjóra.
6. Í 2. málslið 2. mgr. 4. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: tollstjóri.

7. Í 1. málslið 3. mgr. 4. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
8. Í 2. málslið 5. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: tollstjóri.

8. gr.

Á lögum um rétt til fiskiveiða í landhelgi, nr. 33 19. júní 1922, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 4. gr. falla niður orðin „gefa viðkomandi lögreglustjóra eða hreppstjóra eða umboðsmanni þeirra það til vitundar, en valdsmaður“, en í stað þeirra kemur: tilkynna það viðkomandi tollstjóra eða umboðsmanni hans, en hann.
2. Í 1. málslið 2. mgr. 4. gr. falla niður orðin „lögreglustjóra eða hreppstjóra“, en í stað þeirra kemur: tollstjóra eða umboðsmanni hans.
3. Í 1. málslið 10. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.

9. gr.

Á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, verða svofelldar breytingar:

1. 3. mgr. 139. gr. fellur niður.
2. Í 1. mgr. 152. gr. falla niður orðin „og bæjarfógetar“.

10. gr.

Á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, verða svofelldar breytingar:

1. Í 3. mgr. 8. gr. fellur brott orðið „fógetagerð“, en í stað þess kemur: aðfaragerð.
2. Í 1. mgr. 9. gr. fellur niður þrívegis orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur í öllum tilvikum orðið: sýslumaður.
3. Í 1. málslið 1. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
4. Í 2. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „valdsmanns“, en í stað þess kemur: sýslumanns.
5. Í 3. málslið 14. gr. fellur niður orðið „valdsmanns“, en í stað þess kemur: sýslumanns.
6. Í 4. málslið 1. mgr. 20. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
7. Í 22. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
8. Í upphafi 1. mgr. 78. gr. og síðan aftur í upphafi 2. málsliðar 1. tölul. sömu málsgreinar fellur niður orðið „Valdsmaður“, en í báðum tilvikum kemur þess í stað orðið: Sýslumaður.
9. Í 2. málslið 82. gr. falla niður orðin „kemur þá bæjarþing Reykjavíkur í þess stað“, en í stað þeirra kemur: má þá skrásetja kaupmálann í Reykjavík.
10. Í 2. málslið 1. mgr. 83. gr. fellur niður orðið „Valdsmanni“, en í stað þess kemur: Sýslumanni.

11. gr.

Á lögum um mælitæki og vogaráhöld, nr. 13 4. júní 1924, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 2. mgr. 5. gr. falla niður orðin „í kaupstöðum og hreppstjórar í kauptúnum og sveitum“.
2. 2. málsliður 2. mgr. 5. gr. fellur niður.

3. Í upphafi 3. mgr. 5. gr. falla niður orðin „Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið“, en í stað þeirra koma: Viðskiptaráðuneytið.
4. 1. mgr. 8. gr. fellur niður.

12. gr.

Á lögum um skipströnd og vogrek, nr. 42 15. júní 1926, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 1. mgr. 19. gr. falla orðin „10 kr. í“ brott.
2. 2. mgr. 19. gr. fellur niður.

13. gr.

2. málsliður 5. gr. laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45 15. júní 1926, fellur niður.

14. gr.

Á lögum um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, nr. 11 23. apríl 1928, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 4. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
2. Í 1. málslið 5. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
3. Í 1. málslið 1. mgr. 6. gr. fellur tvívegis brott orðið „lögreglustjóra“, en í báðum tilvikum kemur í stað þess: tollstjóra.

15. gr.

29. gr. hjúalaga, nr. 22 7. maí 1928, fellur niður.

16. gr.

Lög um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o.fl., nr. 43 19. maí 1930, falla úr gildi.

17. gr.

Í 2. mgr. 11. gr. laga um tilbúning og verzlun með smjörlíki o.fl., nr. 32 19. júní 1933, falla niður orðin „Lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík“, en í stað þeirra kemur: Tollstjórar.

18. gr.

Á víxillögum, nr. 93 19. júní 1933, verða svofelldar breytingar:

1. Á eftir orðinu „lögsókn“ í 17. gr. bætast við orðin: eða fjárnám.
2. Á eftir orðunum „án gagnsóknar“ í 1. málslið 1. mgr. 71. gr. bætast við orðin: beiðni um aðför fyrir víxli berst sýslumanni eða héraðsdómara.

19. gr.

Á lögum um tékka, nr. 94 19. júní 1933, verða svofelldar breytingar:

1. Á eftir orðinu „lögsókn“ í 22. gr. bætast við orðin: eða fjárnám.
2. Á eftir orðunum „án gagnsóknar“ í 1. málslið 1. mgr. 53. gr. bætast við orðin: beiðni um aðför fyrir tékka berst sýslumanni eða héraðsdómara.

20. gr.

Á lögum um bráðabirgðaútflutningsskýrslur, nr. 53 28. janúar 1935, verða svofelldar breytingar:

1. Í lokamálsgrein 3. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: tollstjóri.
2. Í 2. mgr. 8. gr. falla brott orðin „20–100 á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda“, en í stað þeirra kemur: sem Fiskifélagið ákveður, og má fullnægja kröfu um þær með fjárnámi.

21. gr.

Í 1. málslið 4. gr. laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, nr. 16 13. janúar 1938, fellur niður orðið „héraðsdómara“, en í stað þess kemur: sýslumanni.

22. gr.

Á lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74 11. júní 1938, verða svofelldar breytingar:

1. Í upphafi 1. gr. fellur niður orðið „Atvinnumálaráðuneytinu“, en í stað þess kemur: Dómsmálaráðherra.
2. Í 1. mgr. 4. gr. falla niður orðin „þeirra“ og „er getur í 8. kap. siglingalaganna“.
3. Í upphafi 6. gr. fellur niður orðið „Atvinnumálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: Dómsmálaráðherra.

23. gr.

Á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, verða svofelldar breytingar:

1. Í 3. mgr. 54. gr. fellur niður orðið „valdsmaður“, en í stað þess kemur: lögreglustjóri.
2. Í 3. málslið 2. mgr. 83. gr. b. falla niður orðin „XXI. kafla laga nr. 74/1974“, en í stað þeirra kemur: laga um meðferð opinberra mála.

24. gr.

Á lögum um hlutarútgerðarfélög, nr. 45 12. febrúar 1940, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málslið 1. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
2. Í 3. málslið 2. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: sýslumanni.
3. Í 1. málslið 3. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
4. Í 2. málslið 3. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „atvinnumálaráðherra“, en í stað þess kemur: viðskiptaráðherra.
5. Í 4. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
6. Í 5. málslið 1. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: sýslumanni.
7. 14. gr. verður svohljóðandi:
   Fjármálaráðherra ákveður gjöld vegna skrásetningar í reglugerð.

25. gr.

Í 1. málslið 1. mgr. 6. gr. landskiptalaga, nr. 46 27. júní 1941, fellur brott orðið „dómkveðja“, en í stað þess kemur: kveðja.

26. gr.

Í 3. gr. laga um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, nr. 99 16. desember 1943, fellur niður orðið „bæjarþingi“, en í stað þess kemur: héraðsdómi.

27. gr.

Á lögum um hvalveiðar, nr. 26 3. maí 1949, verða svofelldar breytingar:

1. Í upphafi 1. málsliðar 4. mgr. 10. gr. falla niður orðin „Lagt skal löghald á“, en í stað þeirra kemur: Kyrrsetja skal.
2. Í 2. málslið 4. mgr. 10. gr. falla niður orðin „að mati dómara“.

28. gr.

2. mgr. 2. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7 3. febrúar 1953, verður svohljóðandi:

Sveitarstjórnir skulu á þeim grunni láta gera skrá yfir þá hunda sem eru í sveitarfélaginu.

29. gr.

Á lögum um bæjarnöfn o.fl., nr. 35 18. febrúar 1953, verða svofelldar breytingar:

1. Í 4. málslið 6. gr. fellur niður orðið „Þinglýsingarvaldsmanni“, en í stað þess kemur: Þinglýsingarstjóra.
2. Í 5. málslið 8. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómara“, en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
3. 2. málsliður 1. mgr. 10. gr. fellur niður.

30. gr.

Á sóttvarnarlögum, nr. 34 12. apríl 1954, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. mgr. 3. gr. falla brott orðin „öðrum en Reykjavík bæjarfógeta“, en í stað þeirra kemur: og bæjum öðrum en Reykjavík tollstjóra. Síðar í sama ákvæði falla brott orðin „lögreglustjóra (hreppstjóra)“, en í stað þeirra kemur: tollstjóra.
2. 3. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:
   Tollstjórar eru hver í sínu umdæmi formenn sóttvarnarnefnda.

31. gr.

Á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 14. apríl 1954, verða svofelldar breytingar:

1. 5. mgr. 13. gr. verður svohljóðandi:
   Um dómara gilda sérákvæði laga.
2. Á undan orðinu „tollstjóri“ í 3. tölul. 2. mgr. 29. gr. bætist við: sýslumenn.

32. gr.

Í 6. mgr. 17. gr. laga um skógrækt, nr. 3 6. mars 1955, falla niður orðin „eða bæjarfógeti“.

33. gr.

Í 2. mgr. 25. gr. laga um laun starfsmanna ríkisins, nr. 92 24. desember 1955, falla niður orðin „(þ.e. sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómarinn, yfirborgardómarinn, yfirborgarfógetinn og tollstjórinn í Reykjavík)“.

34. gr.

Á lögum um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 26. gr. falla brott orðin „Saksóknari ríkisins“, en í stað þeirra kemur: Ríkissaksóknari.
2. Í 1. málslið 29. gr. falla brott orðin „samkv. VI. kafla laga nr. 27/1951“, en í stað þeirra kemur: eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Síðar í sama ákvæði fellur einnig brott orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: ríkissaksóknara.

35. gr.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum, nr. 32 22. maí 1957, falla úr gildi.

36. gr.

Í 1. málslið 1. mgr. 3. gr. laga um eyðingu refa og minka, nr. 52 5. júní 1957, falla brott orðin „og bæjarfógetar“.

37. gr.

Í 4. mgr. 2. gr. farsóttalaga, nr. 10 19. mars 1958, falla niður orðin „sýslumönnum, bæjarfógetum (lögreglustjórum)“, en í stað þeirra kemur: lögreglustjórum.

38. gr.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum, nr. 22 10. maí 1960, falla úr gildi.

39. gr.

Á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54 27. apríl 1962, verða svofelldar breytingar:

1. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. verður svohljóðandi: Skýrslur sýslumanna til Hagstofunnar um hjónavígslur, leyfi til skilnaðar að borði og sæng og leyfi til lögskilnaðar.
2. Í 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. falla brott orðin „leyfi til lögskilnaðar“.
3. Í 1. málslið 1. mgr. 6. gr. falla brott orðin „allt að 1000 kr. á dag“.
4. Við 1. mgr. 6. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kröfu um dagsektir má fullnægja með fjárnámi.
5. 3. mgr. 6. gr. fellur brott.

40. gr.

Á lögum um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið a-liðar 1. mgr. 2. gr. falla niður orðin „hæstaréttardómarar, fimm að tölu, yfirsakadómarinn“, en í stað þeirra kemur: þeir fimm dómarar við Hæstarétt sem hafa átt þar lengst sæti, dómstjórinn“.
2. Við 2. málslið a-liðar 1. mgr. 2. gr. Á eftir orðinu „varadómendur“ komi: aðra hæstaréttardómara og síðan.
3. 3. málsliður a-liðar 1. mgr. 2. gr. verður svohljóðandi: Varamaður dómstjórans í Reykjavík er sá héraðsdómari í Reykjavík sem hefur lengst gegnt því embætti.

4. 45. gr. verður svohljóðandi:
   Um fullnustu dóms fer eftir almennum reglum.

41. gr.

Í 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 39 19. maí 1964, fellur niður orðið „sakadómi“, en í stað þess kemur: dómi.

42. gr.

Í 3. málslið 1. mgr. 6. gr. girðingarlaga, nr. 10 25. mars 1965, falla niður orðin „lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn“, en í stað þeirra kemur: stjórnsýsluumdæma, tilnefna hlutaðeigandi sýslumenn.

43. gr.

Í 2. málslið 6. gr. laga um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965, fellur niður orðið „fógetagerðir“.

44. gr.

Á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 9. gr. falla niður orðin „þinghá eignarinnar“, en í stað þeirra kemur: því umdæmi þar sem réttindum yfir eigninni er þinglýst.
2. Í 1. málslið 9. gr. fellur niður orðið „dómara“, en í stað þess kemur: sýslumanni.
3. Í 2. málslið 9. gr. fellur niður orðið „dómarinn“, en í stað þess kemur: sýslumaður.

45. gr.

Á lögum um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21 16. apríl 1966, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málslið 1. mgr. 1. gr. fellur niður orðið „borgarfógetaembættið“, en í stað þess kemur: embætti sýslumannsins.
2. Í 2. mgr. 9. gr. fellur niður orðið „dómari“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
3. 14. gr. verður svohljóðandi:
   Um heimild til að kæra ákvörðun sýslumanns um skrásetningu til dómsmálaráðherra og til málshöfðunar um hana fer eftir reglum þinglýsingalaga.
4. Í 15. gr. fellur niður orðið „borgarfógeta“, en í stað þess kemur: sýslumanns.
5. Í 1. málslið 18. gr. fellur niður orðið „Borgarfógeti“, en í stað þess kemur: Sýslumaður. Í 2. málslið sama ákvæðis fellur niður orðið „borgarfógeti“, en í stað þess kemur: sýslumaður.
6. 37. gr. fellur niður.

46. gr.

Á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 26. apríl 1966, verða svofelldar breytingar:

1. 2. mgr. 9. gr. verður svohljóðandi:
   Sýslumenn skulu hver í sínu umdæmi halda skrá um æðarvörp sem hafa verið friðlýst. Fyrir 15. apríl ár hvert skal sýslumaður fá birta auglýsingu í Lögbirtingablaði um heiti þeirra landareigna í umdæmi sínu þar sem æðarvarp hefur verið friðlýst. Umráðamaður varplands ber ekki kostnað af þeirri auglýsingu.
2. 3. mgr. 9. gr. verður svohljóðandi:

Nú vill maður koma á fót æðarvarpi á landareign eða ábúðarjörð sinni eða fá friðlýst æðarvarp sem er þegar fyrir hendi, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það, þar sem greinir frá legu varplandsins, afstöðu þess og ummerkjum. Yfirlýsingu þessari skal fylgja vottorð tveggja áreiðanlegra manna, sem eru kunnugir staðháttum, um að hún sé rétt og jafnframt að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps sé verið að koma því á fót. Sýslumaður tekur þá varplandið á skrá skv. 2. mgr.

47. gr.

Í 2. málslið 1. mgr. 28. gr. laga um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52 13. maí 1966, fellur niður orðið „bæjarfógeta".

48. gr.

Á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 53 13. maí 1966, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 2. mgr. 13. gr. falla niður orðin „(í Reykjavík borgardómari)".
2. Í 1. málslið 27. gr. fellur brott orðið „valdsmanni", en í stað þess kemur: lögreglustjóra.
3. Í 4. mgr. 28. gr. falla niður orðin „samkv. 24. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961", en í stað þeirra kemur: eftir lögum um meðferð opinberra mála.
4. Í 1. málslið 2. mgr. 49. gr. fellur niður orðið „valdsmanns", en í stað þess kemur: lögreglustjóra.
5. Í 1. málslið 3. mgr. 53. gr. fellur niður orðið „fógeta", en í stað þess kemur: sýslumann.

49. gr.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd sín og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum, nr. 36 29. apríl 1967, falla úr gildi.

50. gr.

Á lögum um verzlunaratvinnu, nr. 41 2. maí 1968, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málslið 2. mgr. 9. gr. fellur niður orðið „Lögreglustjóra", en í stað þess kemur: Sýslumanni.
2. Í 1. málslið 1. mgr. 10. gr. falla niður orðin „Borgarfógeti í Reykjavík eða lögreglustjóri", en í stað þeirra kemur: Sýslumaður.
3. Í 2. málslið 1. mgr. 10. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóri", en í stað þess kemur: sýslumaður.
4. 2. mgr. 10. gr. fellur niður.
5. Í 1. málslið 3. mgr. 10. gr. fellur niður orðið „Lögreglustjóri", en í stað þess kemur: Sýslumaður.

51. gr.

Í 4. mgr. 37. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, falla niður orðin „Sjó- og verzlunardómi", en í stað þeirra kemur: héraðsdómi.

52. gr.

Á lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 62 28. maí 1969, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 1. mgr. 14. gr. falla brott orðin „allt að 5000 kr. á dag“.
2. Við 1. mgr. 14. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kröfu um dagsektir má fullnægja með fjárnámi.
3. 3. mgr. 14. gr. fellur niður.

53. gr.

Í 25. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969, fellur niður orðið „dómara“, en í stað þess kemur: lögreglu.

54. gr.

Í 3. málslið 1. gr. laga um gæðamat á æðardúni, nr. 39 11. maí 1970, falla niður orðin „sýslumaður (lögreglustjóri)“, en í stað þeirra kemur: lögreglustjóri.

55. gr.

Á lögum um skemmtanaskatt, nr. 58 12. maí 1970, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. málslið a-liðar undir fyrirsögninni „3. flokkur“ í 2. gr. fellur brott orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
2. 1. málsliður 5. gr. verður svohljóðandi: Tollstjóri innheimtir skemmtanaskattinn.

56. gr.

Í 4. málslið 2. mgr. 85. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, falla niður orðin „á manntalsþingi“.

57. gr.

Á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 6. apríl 1971, verða svofelldar breytingar:

1. 2. og 3. málsliður 2. tölul. 4. mgr. 5. gr. falla niður.
2. 4. tölul. 4. mgr. 5. gr. fellur niður.
3. Í 1. málslið 5. mgr. 5. gr. falla niður orðin „vinnur af sér meðlag eða barnalífeyri“.
4. 2. málsliður 7. gr. fellur niður.

58. gr.

Í niðurlagi 1. mgr. 28. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67 20. apríl 1971, falla niður orðin „fyrir rétti“.

59. gr.

Í 1. málslið 5. gr. laga um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, nr. 24 20. maí 1972, fellur niður orðið „Lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: Sýslumaður.

60. gr.

Í 3. mgr. 2. gr. laga um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp, nr. 40 24. maí 1972, falla niður orðin „Norður-Múlasýslu“.

61. gr.

Á lögum um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. gr. falla niður orðin „V. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961“, en

í stað þeirra kemur: lögum um meðferð opinberra mála.

2. 2. mgr. 2. gr. verður svohljóðandi:
   Í Reykjavík er sérstakur lögreglustjóri. Utan Reykjavíkur eru sýslumenn lögreglustjórar hver í sínu umdæmi.

62. gr.

Á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972, verða svofelldar breytingar:

1. 18. gr. verður svohljóðandi:
   Borgaralegar hjónavígslur framkvæma sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.
2. 43. gr. verður svohljóðandi:
   Leyfi til skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar veita sýslumenn, en skjóta má ákvörðun sýslumanns í þeim efnum til dómsmálaráðuneytisins innan mánaðar frá því aðila varð hún kunn. Fyrir dómstólum má leita skilnaðar að borði og sæng skv. 32. gr. og lögskilnaðar eftir öðrum ákvæðum en 34. gr. og er undanfarandi synjun stjórnvalds um leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar því ekki til fyrirstöðu.
3. Í 2. mgr. 81. gr. falla niður orðin „sbr. 39. gr. laga nr. 20/1923".

63. gr.

Í 2. málslið 13. gr. laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973, falla niður orðin „aðstoðar fógeta", en í stað þeirra kemur: aðfarargerðar án undangengins dóms eða sáttar.

64. gr.

Í 3. málslið 2. mgr. 2. gr. laga um jöfnun flutningskostnaðar af sementi, nr. 62 30. apríl 1973, falla niður orðin „tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar annars staðar á landinu", en í stað þeirra kemur: tollstjórar.

65. gr.

3. gr. laga um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni, nr. 17 10. apríl 1974, fellur niður.

66. gr.

Í 2. málslið 4. gr. laga um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 100 31. desember 1974, falla brott orðin „sýslumaðurinn í Gullbringusýslu dómkveður", en í stað þeirra kemur: sýslumaður skipar.

67. gr.

Í 2. málslið 2. mgr. 1. gr. laga um iðnaðarmálagjald, nr. 48 27. maí 1975, falla niður orðin „sbr. lög nr. 29 16. desember 1885".

68. gr.

Á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, verða svofelldar breytingar:

1. Á eftir orðinu „barnsfaðernismálum" í 1. málslið 2. mgr. 1. gr. bætist við: lögræðissviptingarmálum.
2. Í 21. gr. falla brott orðin „og bæjarfógetar".

69. gr.

Í 1. málslið 2. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976, fellur niður orðið „bæjarfógetum".

70. gr.

Á lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. desember 1976, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 3. gr. falla niður orðin „Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu", en í stað þeirra kemur: stjórnsýsluumdæmum Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar.
2. Í 2. mgr. 3. gr. falla niður orðin „Keflavík, Grindavík, Njarðvíkum, Gullbringusýslu og á Keflavíkurflugvelli", en í stað þeirra kemur: stjórnsýsluumdæmum Keflavíkur og Keflavíkurflugvallar.
3. Í 1. málslið 4. gr. falla niður orðin „og sakadómurum".
4. Í 2. mgr. 5. gr. falla niður orðin „sem tekin eru samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði".

71. gr.

14. gr. laga um skylduskil til safna, nr. 43 16. maí 1977, verður svohljóðandi:

Nú gerir skilaskyldur aðili ekki fullnaðarskil í tæka tíð, og getur þá Landsbókasafn Íslands lagt á hann dagsektir. Kröfu um dagsektir má fullnægja með fjárnámi.

72. gr.

Á lögum um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, verða svofelldar breytingar:

1. Í niðurlagi 2. mgr. 14. gr. falla niður orðin „beinni fógetagerð", en í stað þeirra kemur: aðfarargerð án undangengins dóms eða sáttar.
2. Í 1. málslið 3. mgr. 145. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra", en í stað þess kemur: sýslumanns.
3. Í 2. málslið 3. mgr. 145. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra", en í stað þess kemur: sýslumanni.

73. gr.

Á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44 1. júní 1979, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 18. gr. falla niður orðin „Hafi fógetaúrskurður gengið um útburð leigutaka er fógeta þó heimilt að ákveða", en í stað þeirra kemur: Gangi úrskurður um heimild til útburðar á leigutaka getur héraðsdómari eftir kröfu ákveðið.
2. 23. gr. fellur niður.

74. gr.

Á barnalögum, nr. 9 15. apríl 1981, verða svofelldar breytingar:

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:
   Með hugtakinu valdsmaður er í lögum þessum átt við sýslumenn.
2. Í 1. málslið 1. mgr. 28. gr. falla niður orðin „sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 29/1885".
3. Í 2. málslið 1. mgr. 40. gr. fellur brott orðið „dómsmálaráðuneytisins", en í stað þess kemur: valdsmanns. Síðar í sama ákvæði fellur brott orðið „ráðuneytið", en í stað þess kemur: hann.

4. Í 1. málslið 2. mgr. 40. gr. fellur brott orðið „dómsmálaráðuneytisins“, en í stað þess kemur: valdsmanns. Í 2. málslið sömu málsgreinar fellur brott orðið „dómsmálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: valdsmaður. Síðar í sama ákvæði fellur brott orðið „ráðuneytið“, en í stað þess kemur: valdsmaður.
5. Í 1. málslið 3. mgr. 40. gr. fellur brott orðið „dómsmálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: valdsmaður. Síðar í sama ákvæði falla niður orðin „allt að 200 króna“.
6. Í 1. málslið 4. mgr. 40. gr. fellur brott orðið „dómsmálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: valdsmaður. Í 2. málslið sömu málsgreinar fellur brott orðið „Ráðuneytið“, en í stað þess kemur: Valdsmaður.
7. Í 5. mgr. 40. gr. fellur brott orðið „dómsmálaráðuneytisins“, en í stað þess kemur: valdsmanns. Við þessa málsgrein bætist síðan nýr málsliður, svohljóðandi: Úrlausn valdsmanns má skjóta til dómsmálaráðuneytisins til endurskoðunar innan mánaðar frá því þeim, sem leitar endurskoðunar, varð kunnugt um efni úrlausnar, en ráðuneytið kveður upp úrskurð í málinu.
8. 1. mgr. 46. gr. fellur niður.
9. 54. gr. fellur niður.

75. gr.

Á lögum um horfna menn, nr. 44 26. maí 1981, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 6. gr. falla niður orðin „í Reykjavík borgardómara“.
2. 2. mgr. 21. gr. fellur niður.

76. gr.

Á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. mgr. 109. gr. fellur niður orðið „lögreglustjórar“, en í stað þess kemur: tollstjórar.
2. Í 1. málslið 2. mgr. 109. gr. fellur niður orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.

77. gr.

Í 4. mgr. 8. gr. laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, nr. 70 17. maí 1982, falla niður orðin „sbr. lög nr. 29 16. desember 1885“.

78. gr.

Á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 74 12. maí 1982, verða svofelldar breytingar:

1. 3. málsliður 2. mgr. 17. gr. fellur niður.
2. 3. málsliður 1. mgr. 26. gr. fellur niður.
3. Í 1. málslið 2. mgr. 26. gr. falla niður orðin „eða héraðsdómara“.

79. gr.

Á lögræðislögum, nr. 68 30. maí 1984, verða svofelldar breytingar:

1. 4. gr. fellur niður.
2. Í 1. málslið 1. mgr. 6. gr. falla niður orðin „(í Reykjavík borgardómara)“.
3. 1. mgr. 8. gr. fellur niður.
4. 2. mgr. 8. gr. verður svohljóðandi:

   Dómari skal senda sýslumanni endurrit úrskurðar um lögræðissviptingu, svo og

dómsmálaráðuneytinu, en það heldur spjaldskrá um lögræðissvipta menn hér á landi.

5. 1. mgr. 11. gr. fellur niður.
6. 1. málsliður 2. mgr. 11. gr. fellur niður.
7. Í 3. mgr. 11. gr. fellur niður orðið „þó“.
8. 1. mgr. 30. gr. verður svohljóðandi:

   Sýslumenn eru yfirlögráðendur hver í sínu umdæmi. Ákvörðun sýslumanns í þeim efnum má skjóta til dómsmálaráðuneytisins til endurskoðunar innan mánaðar frá því hlutaðeiganda varð hún kunn.
9. Í 2. mgr. 35. gr. fellur niður orðið „Dómsmálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: Yfirlögráðandi.
10. Í 1. mgr. 37. gr. fellur niður orðið „dómsmálaráðuneytisins“, en í stað þess kemur: yfirlögráðanda.
11. Í 1. mgr. 38. gr. fellur niður orðið „dómsmálaráðuneytisins“, en í stað þess kemur: yfirlögráðanda.
12. Í 2. mgr. 40. gr. falla niður orðin „með samþykki dómsmálaráðuneytisins“.

80. gr.

Á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112 31. desember 1984, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. mgr. 13. gr. falla brott orðin „tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi“, en í stað þeirra kemur: tollstjórum.
2. Í 1. málslið 14. gr. falla brott orðin „tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi“, en í stað þeirra kemur: tollstjóra.

81. gr.

Á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113 31. desember 1984, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 2. mgr. 9. gr. falla brott orðin „tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi“, en í stað þeirra kemur: tollstjórum.
2. Í 1. málslið 11. gr. falla brott orðin „tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi“, en í stað þeirra kemur: tollstjóra.

82. gr.

Á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, verða svofelldar breytingar:

1. Í 4. gr. fellur niður orðið „dómara“.
2. 2. mgr. 13. gr. verður svohljóðandi:

   Skipstjóri getur komið fram sem fyrirsvarsmaður útgerðarmanns í málum sem við koma skipinu án þess að afla sér sérstakrar heimildar til þess hverju sinni.
3. Í 2. mgr. 63. gr. falla niður orðin „kyrrsetningu eða“.
4. Í 1. málslið 2. mgr. 180. gr. falla niður orðin „getur dómstóll hafnað“, en í stað þeirra kemur: má hafna.
5. 1. mgr. 181. gr. fellur niður.
6. 188. gr. verður svohljóðandi:

   Þegar takmörkunarsjóður hefur verið stofnaður skipar dómari úthlutunarmann sem skal fullnægja skilyrðum til að gegna starfi skiptastjóra við gjaldþrotaskipti. Úthlutunarmaður annast úthlutun úr sjóðnum, en um aðdraganda úthlutunar og hana sjálfa, þar á meðal störf og stöðu úthlutunarmanns, innköllun, meðferð kröfulýsinga, fundi með kröfuhöfum, úthlutunina sjálfa og meðferð ágreiningsmála fer eftir reglum laga

um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem þær geta átt við.
7. 189., 190., 192., 193. og 194. gr. falla niður.
8. Í 1. mgr. 195. gr. fellur niður orðið „dómarinn".
9. 2. málsliður 2. mgr. 195. gr. fellur niður.
10. Í 1. mgr. 196. gr. falla niður orðin „dómari hefur ákvarðað skiptingu sjóðsins með dómi verða allar ákvarðanir dómsins", en í stað þeirra kemur: úthlutunarmaður hefur lokið úthlutunargerð vegna sjóðsins verða allar ákvarðanir sem hafa verið teknar.
11. 2. mgr. 196. gr. fellur niður.
12. Í 1. málslið 223. gr. falla niður orðin „á bæjarþingi eða aukadómþingi", en í stað þeirra kemur: fyrir héraðsdómi.
13. Í 4. málslið 2. mgr. 230. gr. falla niður orðin „Embættisdómurum eða lögreglustjórum", en í stað þeirra kemur: Lögreglustjórum.
14. Í 3. málslið 232. gr. falla niður orðin „sýslumönnum eða bæjarfógetum", en í stað þeirra kemur: héraðsdómurum.

83. gr.

Í 3. málslið 1. mgr. 72. gr. sjómannalaga, nr. 35 19. júní 1985, falla niður orðin „sýslumönnum eða bæjarfógetum", en í stað þeirra kemur: héraðsdómurum.

84. gr.

Á útvarpslögum, nr. 68 27. júní 1985, verða svofelldar breytingar:
1. 2. mgr. 29. gr. verður svohljóðandi:
   Lögtaksréttur er fyrir ógreiddum útvarpsgjöldum, álagi skv. 1. mgr., vöxtum og innheimtukostnaði.
2. 3. mgr. 30. gr. fellur niður.

85. gr.

Á lögum um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985, verða svofelldar breytingar:
1. Í e-lið 3. mgr. 1. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómurum", en í stað þess kemur: þinglýsingarstjórum.
2. Í 5. mgr. 6. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómara", en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
3. Í 1. málslið 1. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómara", en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
4. Í 2. málslið 1. mgr. 12. gr. fellur niður orðið „Þinglýsingardómari", en í stað þess kemur: Þinglýsingarstjóri.
5. Í 2. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómara", en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
6. Í 1. málslið 3. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómara", en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
7. Í upphafi 2. málsliðar 3. mgr. 13. gr. fellur niður orðið „Þinglýsingardómari", en í stað þess kemur: Þinglýsingarstjóri. Síðar í sama málslið fellur niður orðið „þinglýsingardómara", en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.
8. Í 1. málslið 16. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómara", en í stað þess kemur: þinglýsingarstjóra.

9. Í 17. gr. fellur niður orðið „þinglýsingardómurum“, en í stað þess kemur: þinglýsingarstjórum.
10. 2. mgr. 25. gr. fellur niður.

86. gr.

1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8 18. apríl 1986, verður svohljóðandi:

Sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga.

87. gr.

Á lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, verða svofelldar breytingar:

1. Við 2. mgr. 29. gr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hafnarstjóri skal tilkynna lögreglustjóra um þau mál sem hann lýkur með þessum hætti. Ríkissaksóknara er heimilt að fella slík málalok úr gildi eftir reglum laga um meðferð opinberra mála.
2. 3.–5. mgr. 29. gr. falla niður.
3. Í 6. mgr. 29. gr. falla niður orðin „þessari grein“, en í stað þeirra kemur: 2. mgr.

88. gr.

Í 2. gr. laga um Kjaradóm, nr. 92 31. desember 1986, falla niður orðin: „borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, sakadómara, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirsakadómara“. Þá fellur niður ákvæði til bráðabirgða við lögin.

89. gr.

Í 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94 31. desember 1986, falla niður orðin „borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, sakadómara, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirsakadómara“.

90. gr.

Í 1. málslið 8. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3 23. september 1987, falla niður orðin „lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri,“, en í stað þeirra kemur: tollstjórar.

91. gr.

Í 1. málslið 4. mgr. 11. gr. laga um orlof, nr. 30 27. mars 1987, falla niður orðin „sbr. l. nr. 29 16. desember 1885“.

92. gr.

Á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43 30. mars 1987, verða svofelldar breytingar:

1. 1. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi:

Tollstjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Utan aðsetursstaða sinna er tollstjórum heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar. Einnig er tollstjórum heimilt að skipa fulltrúa til að annast lögskráningar á aðsetursstöðum sínum ef þess gerist þörf.

2. Í 1. málslið 2. mgr. 3. gr. fellur tvívegis brott orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur í báðum tilvikum: tollstjóra.
3. Í 2. málslið 2. mgr. 3. gr. fellur brott orðið „lögreglustjóra“, en í stað þess kemur: tollstjóra.
4. Í 3. málslið 2. mgr. 3. gr. fellur brott orðið „Lögreglustjóri“, en í stað þess kemur: Tollstjóri.
5. Við 2. málslið 16. gr. bætast eftirfarandi orð: eftir sömu reglum og gilda um heimild til að bera rannsóknaraðgerðir í opinberu máli undir dóm.

93. gr.

Í 1. málslið 4. mgr. 25. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 30. mars 1987, fellur niður orðið „sakadóms“, en í stað þess kemur: héraðsdóms, en farið skal þá eftir reglum laga um meðferð opinberra mála eftir því sem á við.

94. gr.

Á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. mgr. 109. gr. falla niður orðin „málið verði, að tilteknum tíma liðnum, sent til meðferðar fógetaréttar eða uppboðsréttar“, en í stað þeirra kemur: krafist verði aðfarar eða nauðungarsölu að tilteknum tíma liðnum.
2. 4. mgr. 109. gr. fellur niður.

95. gr.

Á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987, verða svofelldar breytingar:

1. 27. gr. verður svohljóðandi:
   Landið skiptist í tollumdæmi með sama hætti og stjórnsýsluumdæmi sýslumanna eru mörkuð hverju sinni.
2. 2. málsliður 31. gr. verður svohljóðandi: Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri en sýslumenn eru annars tollstjórar í sínum umdæmum.

96. gr.

Í 2. mgr. 1. tölul. 5. gr. laga um Iðnlánasjóð, nr. 76 19. ágúst 1987, falla brott orðin „sbr. lög nr. 29 16. des. 1885“.

97. gr.

Á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, verða svofelldar breytingar:

1. a-liður 1. mgr. 13. gr. verður svohljóðandi: Sýslumenn og starfsmenn þeirra samkvæmt ákvörðun sýslumanna. Með samþykki dómsmálaráðuneytisins getur sýslumaður enn fremur falið öðrum að annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.
2. Í 2. mgr. 13. gr. falla brott orðin „og bæjarfógeta, yfirborgarfógeta í Reykjavík og lögreglustjóra utan Reykjavíkur“.
3. Í 17. gr. falla brott orðin „eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti)“.
4. Í 48. gr. falla brott orðin „eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti)“.
5. Í a-lið 1. mgr. 63. gr. falla brott orðin „eða bæjarfógeta, borgarfógeta í Reykjavík eða lögreglustjóra utan Reykjavíkur“.
6. Í 2. mgr. 66. gr. falla brott orðin „bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík borgarfógeta)“, en í stað þeirra kemur: sýslumannsins í þeim kaupstað.

98. gr.

Í 1. málslið 7. gr. laga um bifreiðagjald, nr. 39 20. maí 1988, falla niður orðin „lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri“, en í stað þeirra kemur: tollstjórar.

99. gr.

Í 1. málslið 5. mgr. 38. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988, fellur niður orðið „sakadóms“, en í stað þess kemur: héraðsdóms, en farið skal þá eftir reglum laga um meðferð opinberra mála eftir því sem á við.

100. gr.

2. málsliður 1. mgr. 13. gr. laga um eignarleigustarfsemi, nr. 19 4. apríl 1989, verður svohljóðandi: Skal ráðherra þá senda héraðsdómara á varnarþingi fyrirtækisins kröfu um að bú þess verði tekið til skipta, en um skilyrði til að verða við kröfunni, meðferð hennar og framkvæmd skipta fer eftir reglum um slit viðskiptabanka.

101. gr.

Í 2. málslið 2. mgr. 37. gr. þjóðminjalaga, nr. 88 29. maí 1989, fellur niður orðið „Þinglýsingardómari“, en í stað þess kemur: Þinglýsingarstjóri.

102. gr.

Á lögum um aðför, nr. 90 1. júní 1989, verða svofelldar breytingar:

1. Við 84. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:
   Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Hæstaréttar. Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.
2. Við 91. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:
   Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Hæstaréttar. Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.
3. Við 95. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:
   Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kæru til Hæstaréttar. Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.
4. 2. málsliður 1. mgr. 107. gr. verður svohljóðandi: Meðferð slíks máls skal lokið í héraði samkvæmt þeim reglum sem giltu fyrir gildistöku laga þessara.
5. Við 107. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:
   Hafi úrskurður gengið eða aðfarargerð farið fram í fógetarétti fyrir 1. júlí 1992, sem hefði sætt áfrýjun til æðra dóms eftir eldri lögum og aðili vill skjóta til Hæstaréttar eftir gildistöku laga þessara, skal það gert með kæru, enda hafi áfrýjunarstefna ekki þegar verið tekin út, almennur áfrýjunarfrestur ekki verið á enda og öðrum skilyrðum áfrýjunar verið fullnægt. Kærufrestur telst þá byrja að líða 1. júlí 1992. Hafi úrskurði eða aðfarargerð verið áfrýjað til Hæstaréttar fyrir 1. júlí 1992 en málið hefur þá ekki verið munnlega flutt skal farið með það sem kærumál upp frá því. Öðrum áfrýjunarmálum skal lokið að hætti eldri laga.

103. gr.

Við 16. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, bætast tvær nýjar málsgreinar, 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Þegar héraðsdómarar við héraðsdóm Reykjavíkur, Norðurlands eystra, Suðurlands og Reykjaness hafa verið skipaðir í fyrsta sinn skulu þeir gera tillögu til dómsmálaráðherra um dómstjóra og hann þegar skipaður.

Skipa skal dómnefnd skv. 2. mgr. 5. gr. þannig að hún geti fyrir gildistöku laganna fjallað um hæfi umsækjenda um embætti héraðsdómara. Reglur um störf nefndarinnar skulu gilda um störf hennar frá upphafi.

104. gr.

Lög um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74 27. apríl 1972, nr. 27 5. maí 1990, falla úr gildi.

105. gr.

Í 42. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90 13. ágúst 1990, falla niður orðin „sbr. lög nr. 29 1885".

106. gr.

Á lögum um einkaleyfi, nr. 17 20. mars 1991, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 50. gr. falla brott orðin „Bæjarþing Reykjavíkur", en í stað þeirra kemur: Áfrýjunarnefnd. Í 2. málslið sömu greinar fellur brott orðið „dómstóllinn", en í stað þess kemur: áfrýjunarnefndin.
2. Í 1. málslið 1. mgr. 63. gr. falla brott orðin „eða til að öðlast nauðungarleyfi".
3. Í 1. mgr. 64. gr. fellur brott orðið „bæjarþingi", en í stað þess kemur: héraðsdómi.

107. gr.

Á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, verða svofelldar breytingar:

1. Við 2. gr. bætist nýr stafliður, f-liður, svohljóðandi: meðferð erinda frá erlendum dómstólum og yfirvöldum um aðgerðir hér á landi í tengslum við opinber mál.
2. Í 28. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
   2. Ríkissaksóknara er enn fremur heimilt að fela lögreglustjórum ákæruvald í minni háttar málum vegna brota gegn öðrum lögum en getur í 1. mgr. Eldri 2. mgr. verður 3. mgr. 28. gr. og breytist tölusetning hennar í samræmi við það.
3. Við 44. gr. bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   2. Nú hefur dómi verið áfrýjað og verjandi skipaður, en fallið er frá áfrýjun eða mál fellt niður og ákveður þá ríkissaksóknari þóknun verjanda, sem greiðist úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar.
   Framan við núverandi 44. gr. kemur: 1.
4. Við 66. gr. bætist nýr töluliður, 4. tölul., svohljóðandi: Rannsóknari er sá starfsmaður lögreglu eða ákæruvalds sem rannsókn stýrir eða sinnir hverju sinni.
5. Í 1. mgr. 69. gr. falla brott orðin „Sá sem fer með rannsókn (rannsóknari)", en í stað þeirra kemur: Rannsóknari.
6. Við 108. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:
   3. Gæsluvarðhaldsfanga er heimilt að bera atriði sem varða gæsluvarðhaldsvist undir dómara eftir ákvæðum 75. gr.
7. Í 2. málslið 2. mgr. 115. gr. falla brott orðin „með undirskrift sinni", en í stað þeirra kemur: ásamt greiðslu sakarkostnaðar.
8. Í 1. málslið 3. mgr. 115. gr. falla brott orðin „skv. 2. mgr. en ekki greitt hana", en í stað þeirra kemur: og sakarkostnaðar skv. 2. mgr. en ekki greitt. Í sama málslið

fellur brott orðið „hennar“, en í stað þess kemur: ákvörðunar.

9. Í 2. málslið 1. mgr. 124. gr. falla brott orðin „ákærandi mótmælir þeim ekki“.
10. Í 1. mgr. 153. gr. fellur brott orðið „héraðsdómara“, en í stað þess kemur: hlutaðeigandi ákæranda eða ríkissaksóknara.
11. Við 197. gr. bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

    2. Nú hefur ákæra borist sakadómi eða sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum en ekki verið birt fyrir gildistöku laga þessara, og skal þá málið koma sjálfkrafa til meðferðar fyrir þeim dómi sem á við skv. 1. mgr. Fer þá dómari svo að sem segir í 119. og 120. gr. Hafi ákæra verið birt en mál ekki þingfest fyrir gildistöku laga þessara sætir málið meðferð fyrir viðeigandi dómi eftir þann tíma.

    Framan við núverandi 197. gr. kemur: 1.
12. Í 1. mgr. 198. gr. falla brott orðin „Opinber mál, sem þingfest hafa verið fyrir gildistöku laga þessara en hefur ekki verið lokið fyrir héraðsdómi fyrir þann tíma“, en í stað þeirra kemur: Þau mál sem um ræðir í 197. gr.

108. gr.

Á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991, verða svofelldar breytingar:

1. Í 1. málslið 1. mgr. 6. gr. falla brott orðin „Dómsmálaráðherra er heimilt að gera samninga fyrir hönd íslenska ríkisins við önnur ríki þannig að lagagildi hafi hér á landi“, en í stað þeirra kemur: Heimilt er að gera samninga við önnur ríki. Í 2. málslið sömu málsgreinar fellur brott orðið „dómsmálaráðherra“.

2. Í 4. tölul. 1. mgr. 38. gr. fellur niður „36. gr.“, en í stað þess kemur: 35. gr.

109. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992. Þó öðlast 103. gr. þegar gildi.

253. Frumvarp til laga [88. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abu-Samra, Bassam Kemal Ghali Ali, matsveinn í Kópavogi, f. 1. janúar 1965 í Ísrael.
2. Andreasen, Olga, húsmóðir í Gnúpverjahreppi, f. 19. mars 1956 í Stykkishólmi.
3. Andy, Ruby Sheila Kumari, húsmóðir í Reykjavík, f. 3. maí 1958 í Singapúr.
4. D'Arcy, Julian Meldon, dósent í Reykjavík, f. 9. mars 1949 í Wales.
5. Browne, George Stuard, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. 5. júní 1938 á Írlandi.
6. Carteciano, Ana Bejec, húsmóðir á Egilsstöðum, f. 19. júlí 1958 á Filippseyjum.
7. Cashman, Mary Michelle, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. apríl 1961 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
8. Dunn, Charlotta Maria Madelaire, bókari á Blönduósi, f. 10. ágúst 1960 í Danmörku.
9. Eichmann, Charlotte Lido, nemi í Keflavík, f. 19. september 1975 í Hafnarfirði.
10. Eichmann, Guðlaug Hanna, nemi í Keflavík, f. 30. nóvember 1980 í Keflavík.

11. Frederiksen, Inge Margrethe, afgreiðslukona í Reykjavík, f. 5. október 1934 í Danmörku.
12. Fors, Karen Margaret, verkakona í Vestmannaeyjum, f. 20. september 1951 í Kanada.
13. Groeneweg, Adriaan Dick, verslunarstjóri í Garðabæ, f. 16. mars 1944 í Hollandi.
14. Groiss, Helmut, vefmeistari á Akureyri, f. 27. september 1941 í Austurríki.
15. Grytvik, Samúel, nemandi í Reykjavík, f. 21. maí 1963 í Vestmannaeyjum.
16. Guberska, Zofia, nemandi í Reykjavík, f. 2. ágúst 1955 í Póllandi.
17. Hanneck, Björn Sindri, barn í Reykjavík, f. 10. mars 1980 í Þýskalandi.
18. Hannigan, Nicholas Peter John, kennari í Reykjavík, f. 26. desember 1957 í Kanada.
19. Hansen, Sigurður Peter, verslunarmaður í Mosfellsbæ, f. 4. desember 1967 í Reykjavík.
20. Hinrichsen, Helmut, kennari í Mosfellsbæ, f. 23. ágúst 1953 í Þýskalandi.
21. Hockett, Allan Örn, nemi í Reykjavík, f. 3. júlí 1973 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
22. Hockett, Stephanie Sunna, nemi í Reykjavík, f. 2. október 1970 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
23. Ivanova, Olga Pavlovna, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. 13. apríl 1962 í Sovétríkjunum.
24. Ivanovic, Uros, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 19. maí 1939 í Júgóslavíu.
25. Johannsen, Hrönn, nemi í Borgarnesi, f. 27. febrúar 1975 í Reykjavík.
26. Kale, Mahesh Madhavrao, rafsuðumaður í Hafnarfirði, f. 8. júlí 1953 á Indlandi.
27. Kampp, Anne, leiðbeinandi á Egilsstöðum, f. 12. júlí 1955 í Danmörku.
28. Karl Bernhard Mýrdal, fjarskiptasérfræðingur í Reykjavík, f. 2. apríl 1954 í Reykjavík.
29. Khalifeh, Mohamad Farid, rafmagnsverkfræðingur á Seltjarnarnesi, f. 25. desember 1936 í Jórdaníu.
30. Kwaszenko, Soffia Kristin, ritari í Reykjavík, f. 26. febrúar 1953 í Englandi.
31. Labandero, Pinafrancia, póstmaður í Reykjavík, f. 17. september 1968 á Filippseyjum.
32. Macdonald, Mary Allyson, kennslufræðingur á Hólum í Hjaltadal, f. 29. október 1952 í Suður-Afríku.
33. Margrét Svava Jörgensdóttir, hárskeri í Reykjavík, f. 23. nóvember 1965 í Reykjavík.
34. Martinez, Rafael Vias, atvinnurekandi í Reykjavík, f. 11. október 1956 á Spáni.
35. Mondejar, Antonio Penalver, hafnarverkamaður í Keflavík, f. 1. september 1956 á Spáni.
36. Morales, Gabriela Rosa Escobar, sjúkraliði á Þórshöfn, f. 4. apríl 1965 í Síle.
37. Paran, Alma Unabia, iðnverkakona í Kópavogi, f. 13. júní 1971 á Filippseyjum.
38. Perry, Will Harrison, fyrrv. framkvæmdastjóri í Garðabæ, f. 7. mars 1926 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
39. Pettypiece, Victoria Ayn, verkakona í Vestmannaeyjum, f. 21. september 1954 í Englandi.
40. Silud, Merlita Maguicay, iðnverkakona í Reykjavík, f. 8. maí 1957 á Filippseyjum.
41. Smith, Marlisa Jean, aðstoðarmaður í Reykjavík, f. 21. janúar 1963 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
42. Telli, Elife, verkakona í Hafnarfirði, f. 15. maí 1965 í Tyrklandi.
43. Ulloa, Jose Gregorio Cruz, myndlistarmaður í Reykjavík, f. 27. nóvember 1961 í Kólumbíu.

44. Vaca, Eduardo Perez, aðstoðarmatsveinn í Reykjavík, f. 3. desember 1965 á Spáni.
45. Villegas, Helen Santasingh, húsmóðir í Austur-Landeyjum, f. 23. apríl 1959 á Filippseyjum.
46. Þórdís Súna Pétursdóttir, verkakona í Keflavík, f. 16. júlí 1967 í Keflavík.
47. Þórhildur Sylvía Magnúsdóttir, húsmóðir í Keflavík, f. 18. febrúar 1971 í Þýskalandi.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

254. Lög [44. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 45.

255. Frumvarp til laga [209. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. gr.

1. tölul. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, orðast svo: Heilsuverndarstarf í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 44/1955 skal haldast óbreytt til ársloka 1992 en þá skulu heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það. Sérstök þriggja manna stjórn, skipuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, skal í umboði hans annast rekstur Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og vinna að endanlegri gerð áætlunar um framtíðarhlutverk stöðvarinnar. Í stjórninni skulu eiga sæti einn fulltrúi ráðherra, sem skal vera formaður, einn skipaður samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar og einn samkvæmt tilnefningu tryggingaráðs. Áætlunin skal koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1993. Frá þeim tíma falla heilsuverndarlög, nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, er

reiknað með að frá og með næstu áramótum verði heilsugæslustarfi þannig háttað í Reykjavík og starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur einnig að lög nr. 44/1955, heilsuverndarlög, með breytingu nr. 28/1957, verði óþörf og falli því úr gildi. Sérstök stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, sem starfar samkvæmt gildandi bráðabirgðaákvæði og á auk þess að annast rekstur stöðvarinnar að gera tillögur um framtíðarhlutverk hennar, hefur skilað tillögum sem unnar voru í samráði við héraðslækni og stjórnir heilsugæslustöðvanna í Reykjavík eins og mælt er fyrir um í ákvæðinu. Þar sem nokkurn tíma tekur að koma þeim í endanlega gerð og til framkvæmda er nauðsynlegt að gefa stjórnendum tíma til þess að koma þeim í framkvæmd. Þess vegna er lagt til að veittur verði eins árs frestur til viðbótar því sem upphaflega var ákveðið í lögunum.

256. Fyrirspurn [210. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslur bænda í Atvinnuleysistryggingasjóð.

Frá Elínu R. Líndal.

1. Hvers vegna hefur verið frestað að skipa nefnd til að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar, sbr. bréf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til Stéttarsambands bænda 7. október. sl.?
2. Verður staðið við það fyrirheit sem bændum var gefið fyrir ári síðan er þeir hófu að greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs að þeim verði tryggð bótaréttindi til jafns við aðra úr þeim sjóði?
3. Hafa verið settar fram tillögur þar sem skilgreind eru réttindi þeirra nýju aðila sem skyldaðir voru til að greiða í Atvinnuleysistryggingasjóð með lögunum um tryggingagjald?

257. Tillaga til þingsályktunar [211. mál]

um rekstur dagvistarstofnana fyrir börn á vegum sjúkrahúsa.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Einar K. Guðfinnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því á grundvelli laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að viðkomandi sveitarfélög taki við rekstri dagvistarstofnana fyrir börn sem nú eru reknar af sjúkrahúsum á kostnað ríkissjóðs.

Greinargerð.

Lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga tóku gildi 1. janúar árið 1990. Fyrir þann tíma greiddi ríkið 50% af byggingarkostnaði dagvistarheimila og sveitarfélögin greiddu hin 50% og sáu svo um reksturinn. Með nýjum lögum er sveitarfélögum gert að sjá um stofnkostnað og rekstrarkostnað með þeirri undantekningu þó að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga kemur fámennustu sveitarfélögunum til aðstoðar með framlögum.

Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnlaugs Stefánssonar um rekstur dagvistarheimila fyrir börn á vegum sjúkrahúsanna í Reykjavík kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Á árinu 1990 greiddu Ríkisspítalar 115 millj. kr. fyrir vistun á dagheimilum og 7,9

millj. kr. fyrir vistun hjá dagmæðrum. Borgarspítali greiddi 68,7 millj. kr. fyrir vistun á dagheimilum og 1,2 millj. kr. fyrir vistun hjá dagmæðrum. Ríkisspítalar reka átta leikskóla og skóladagheimili með samtals 250 rými í Reykjavík. Borgarspítali rekur þrjá leikskóla og eitt skóladagheimili eða 130 rými og Landakotsspítali rekur þrjú dagvistarheimili með 85 rými. Börnin, sem vistar njóta, eru nokkru fleiri en plássin segja til um og helgast þetta af því að sum börn mæta þrjá daga í viku og önnur fjóra eða fimm daga eftir því hversu mikið foreldrið vinnur á spítalanum. Landspítali og Landakotsspítali hafa borgað að fullu stofnkostnað dagvistarheimila sinna en Borgarspítali hefur ekki tekið þátt í stofnkostnaði dagvistarheimila spítalans. Reykjavíkurborg hefur greitt að fullu stofnkostnað heimilanna fyrir Borgarspítalann en ekki tekið þátt í öðrum stofnkostnaði dagvistarheimila spítala í Reykjavík og tekur engan þátt í rekstrarkostnaði. Sjúkrahúsin í Reykjavík hafa farið út í rekstur dagvistarstofnana fyrir börn til þess að laða að það starfsfólk sem er torfengið, einkum hjúkrunarfræðinga, og miðað við fjölda starfsmanna á þessum spítölum er fjöldi dagvistarrýma lítill. Sjúkrahúsin mundu ekki reka dagvistarheimili ef nægilegt framboð væri á dagvistarrými í Reykjavík fyrir börn."

Þá reka Ríkisspítalar einnig einn leikskóla og eitt skóladagheimili við Vífilsstaði, samtals með 40 rými, og við Kópavogshæli er leikskóli með 14 rými.

Af þessum upplýsingum má ljóst vera að ríkissjóður tekur mikinn þátt í rekstri dagvistarstofnana á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem gildi tóku 1. janúar 1990, er hér um að ræða að minnsta kosti 230 millj. kr. rekstrarkostnað á ári fyrir ríkissjóð. Það hlýtur að teljast eðlilegt að viðkomandi sveitarfélög taki við þessum rekstri af ríkissjóði. Hér sitja sveitarfélög í landinu ekki við sama borð gagnvart lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á meðan sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu sjá um svo umfangsmikinn dagheimilarekstur með framlögum úr ríkissjóði.

258. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Valgerði Sverrisdóttur, Hjörleifi Guttormssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. 4 Sértekjur. Fyrir „570.400" kemur	486.638
2. Við 4. gr. 02-210 Háskólinn á Akureyri. 4 Sértekjur. Fyrir „3.500" kemur	868
3. Við 4. gr. Kennaraháskóli Íslands. 4 Sértekjur. Fyrir „15.400" kemur	6.362
4. Við 4. gr. 02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð. 4 Sértekjur. Fyrir „12.900" kemur	9.755
5. Við 4. gr. 02-306 Menntaskólinn á Ísafirði. 4 Sértekjur. Fyrir „3.600" kemur	3.028
6. Við 4. gr. 02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum. 4 Sértekjur. Fyrir „2.400" kemur	1.828
7. Við 4. gr. 02-308 Menntaskólinn í Kópavogi. 4 Sértekjur. Fyrir „1.700" kemur	1.128

	Þús. kr.
8. Við 4. gr. 02-319 Framhaldsskólar, almennt. 4 Sértekjur. Liðurinn fellur brott.	
9. Við 4. gr. 02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. 4 Sértekjur. Fyrir „27.700“ kemur	22.211
10. Við 4. gr. 02-352 Flensborgarskóli, fjölbraut. 4 Sértekjur. Fyrir „3.200“ kemur	2.628
11. Við 4. gr. 02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja. 4 Sértekjur. Fyrir „3.500“ kemur	2.928
12. Við 4. gr. 02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi. 4 Sértekjur. Fyrir „6.200“ kemur	5.628
13. Við 4. gr. 02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. 4 Sértekjur. Fyrir „1.300“ kemur	1.014
14. Við 4. gr. 02-356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki. 4 Sértekjur. Fyrir „3.900“ kemur	3.328
15. Við 4. gr. 02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands. 4 Sértekjur. Fyrir „6.500“ kemur	5.642
16. Við 4. gr. 02-358 Verkmenntaskóli Austurlands. 4 Sértekjur. Fyrir „700“ kemur	414
17. Við 4. gr. 02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri. 4 Sértekjur. Fyrir „5.900“ kemur	4.453
18. Við 4. gr. 02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu. 4 Sértekjur. Fyrir „1.700“ kemur	1.471
19. Við 4. gr. 02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík. 4 Sértekjur. Fyrir „600“ kemur	486
20. Við 4. gr. 02-363 Framhaldsskólinn á Laugum. 4 Sértekjur. Fyrir „1.100“ kemur	986
21. Við 4. gr. 02-501 Tækniskóli Íslands. 4 Sértekjur. Fyrir „7.600“ kemur	1.031
22. Við 4. gr. 02-506 Vélskóli Íslands. 4 Sértekjur. Fyrir „600“ kemur	514
23. Við 4. gr. 02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík. 4 Sértekjur. Fyrir „900“ kemur	814
24. Við 4. gr. 02-514 Iðnskólinn í Reykjavík. 4 Sértekjur. Fyrir „12.500“ kemur	11.185
25. Við 4. gr. 02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði. 4 Sértekjur. Fyrir „1.100“ kemur	1.014
26. Við 4. gr. 02-523 Fósturskóli Íslands. 4 Sértekjur. Fyrir „1.100“ kemur	928
27. Við 4. gr. 02-581 Verslunarskóli Íslands. 4 Sértekjur. Fyrir „2.300“ kemur	13

259. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til. l. um meðferð einkamála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fundi nefndarinnar kom Markús Sigurbjörnsson prófessor. Einnig komu Hrafn Bragason, hæstaréttardómari og formaður réttarfarsnefndar, Gestur Jónsson, formaður Lögmannafélags Íslands, Valtýr Sigurðsson, formaður Dómarafélags Íslands, Garðar Gíslason, formaður Lögfræðingafélags Íslands, og Rúnar Guðjónsson, formaður Sýslumannafélags Íslands.

Frumvarpið er liður í heildarendurskoðun löggjafar um dómstólaskipan, réttarfar og meðferð framkvæmdarvalds í héraði. Því er einkum ætlað að koma í stað laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, en byggir að meginstefnu til á núgildandi réttarfarsreglum þeirra laga og laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973. Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á lögum nr. 85/1936 að frátöldum þeim breytingum sem lagðar eru til í þessu frumvarpi. Með því að fella þegar komnar breytingar og breytingar, sem tillaga er gerð um í frumvarpinu, inn í nýtt heildarfrumvarp til laga um meðferð einkamála eru lögin gerð aðgengilegri. Framsetning laga um meðferð einkamála er og samræmd við lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með þessu frumvarpi. Helstu breytingar, sem frumvarpið hefur í för með sér, eru þessar:

Í 25. gr. frumvarpsins eru tvenn nýmæli. Annars vegar er sóknaraðila veitt heimild til að leita dóms um viðurkenningu á réttindum sínum þótt þannig standi á að hann geti gert kröfu um að skyldu gagnaðila hans verði fullnægt með aðför. Hins vegar er veitt heimild handa félögum og samtökum til þess að höfða mál í eigin nafni þegar þau ætla að leita dóms um viðurkenningu á réttindum félagsmanna sinna.

Í 37. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um svokallað neytendavarnarþing. Yrði heimildinni einkum beitt við málsókn neytanda á hendur seljanda vöru eða þjónustu.

Varðandi sönnun og sönnunargögn má nefna það nýmæli í frumvarpinu að gert er ráð fyrir heimild til að afla þeirra í gegnum síma eða önnur fjarskiptatæki. Einnig er veitt heimild til að leita eftir öflun sönnunargagna fyrir dómi án þess að mál hafi verið höfðað.

Lögð er til sú breyting í frumvarpinu að sóknaraðili greini einungis í stefnu sinni frá þeim atriðum sem áður var greint frá bæði í stefnu og greinargerð, en nokkuð hefur verið á reiki í framkvæmd hvaða atriði eigi að koma fram í hvoru skjali um sig.

Ein veigamesta breytingin, sem lögð er til í frumvarpinu, varðar útivistarmál. Lagt er til að sömu reglur gildi um áskorunarmál skv. XX. kafla laga nr. 85/1936 og um önnur útivistarmál. Mundi þá almenna reglan vera sú að þegar stefndi mætir ekki fyrir dóm geti dómari lokið máli með áritun á stefnu að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Enn fremur er lagt til að í stað málskots til Hæstaréttar eigi stefndi þess kost að fá endurupptöku útivistarmáls fyrir héraðsdómi eftir reglum sem greindar eru í frumvarpinu. Á slík endurupptaka útivistarmáls sér hliðstæðu í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Í frumvarpinu er að finna nýmæli um svokallaða flýtimeðferð einkamála að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, en með henni er verið að opna leið til skjótari meðferðar en ella á málum sem varða athöfn eða ákvörðun stjórnvalds eða atriði í tengslum við vinnudeilur.

Loks eru í þessu frumvarpi reglur um málskot til Hæstaréttar. Er verið að hverfa að mestu frá þeirri stefnu laga nr. 75/1973 að reglur um málskotsheimildir komi þar fram ásamt heildarfyrirmælum um meðferð mála fyrir æðra dómi.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1991.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.	Ingi Björn Albertsson.	Jón Helgason.
Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	Ólafur Þ. Þórðarson, með fyrirvara.	Össur Skarphéðinsson.

260. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér að Framkvæmdasjóður Íslands verði undir stjórn Lánasýslu ríkisins. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Indriða H. Þorláksson og Snorra Olsen frá fjármálaráðuneytinu.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 12. des. 1991.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Geir H. Haarde.
Ingi Björn Albertsson.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Sólveig Pétursdóttir.

261. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar mun ekki leggjast gegn afgreiðslu þessa frumvarps og telur ekki óeðlilegt að þær breytingar verði gerðar á skipan mála sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Að vísu virðist yfirtaka Lánasýslunnar á málefnum Framkvæmdasjóðs lítt undirbúin og ekki hafa fengist mikil svör við þeim spurningum sem bornar hafa verið fram, t.d. um málefni þeirra aðila sem Framkvæmdasjóður hefur veitt þjónustu.

Fyrsti minni hluti telur sig knúinn til að mótmæla sérstaklega því moldroki sem núverandi forsætisráðherra hefur þyrlað upp, m.a. um málefni Framkvæmdasjóðs, þar sem hann hefur reynt að ata forvera sinn í starfi og ýmsa fleiri andstæðinga auri.

Staðreyndin er sú að þeir flokkar, sem að núverandi ríkisstjórn standa, bera öðrum fremur ábyrgð á þeim ákvörðunum á umliðnum árum sem leikið hafa fjárhag Framkvæmdasjóðs verst. Þetta var ítarlega rakið í ræðu sem 8. þm. Reyknesinga flutti við 1. umr. málsins.

Alþingi, 12. des. 1991.

Steingrímur J. Sigfússon.

262. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, Snorri Olsen, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, og Jón Ragnar Blöndal frá fjármálaráðuneytinu. Umsagnir og gögn bárust frá Gjaldheimtunni í Reykjavík, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytinu.

Með frumvarpinu er stefnt að hagræðingu í innheimtu á opinberum gjöldum. Stefnt er að því að sameina innheimtu nokkurra opinberra gjalda, þar á meðal tryggingagjalds, sem öll hafa sama gjalddaga þannig að gjaldandi fái einn gíróseðil í stað eins fyrir hvert gjald. Bæði næst með þessu sparnaður hins opinbera en mest vegur þó það hagræði sem gjaldendur hafa af því að geta greitt öll gjöldin með einum seðli.

Í frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til þess að ákveða að sameiginlegum gjaldheimtum ríkis og sveitarfélaga verði falið að innheimta tryggingagjald í stað innheimtumanna ríkissjóðs. Þar sem um er að ræða sameiginlega gjaldheimtu ríkis og sveitarfélaga liggur til grundvallar samningur á milli aðila um slíkt fyrirkomulag. Fjármálaráðherra mun því ekki einhliða geta ákveðið að þessi háttur verði hafður á innheimtu tryggingagjalds heldur ber honum að leita samninga um það við sveitarfélög. Þrátt fyrir að slíkur samningur liggi ekki fyrir við neitt sveitarfélag telur meiri hluti nefndarinnar mikilvægt að fjármálaráðherra sé veitt þessi heimild þegar í stað.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Geir H. Haarde sat fund nefndarinnar þegar málið var afgreitt í stað Sólveigar Pétursdóttur skv. 3. mgr. 17. gr. þingskapa.

Alþingi, 13. des. 1991.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Vilhjálmur Egilsson.

Ingi Björn Albertsson. Geir H. Haarde.

263. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

43. gr. falli brott.

264. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1992.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr. hljóðar svo:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**106 436 000**
Beinir skattar	20 674 000	
Óbeinir skattar	78 272 000	
Vaxtatekjur	3 815 000	
Aðrar tekjur	3 675 000	
Gjöld	**111 320 100**	
Samneysla	44 949 800	
Rekstrargjöld	42 163 400	
Viðhald	2 786 400	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	44 486 000	
Vaxtagreiðslur	9 900 000	
Fjárfesting	11 984 300	
Stofnkostnaður	6 951 200	
Fjármagnstilfærslur	5 033 100	
Gjöld umfram tekjur		**4 884 100**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		395 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	4 545 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-4 150 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		280 000
Viðskiptareikningar		-400 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**5 159 100**
Afborganir af teknum lánum		9 000 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**14 159 100**
Lántökur		13 000 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-1 159 100**

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1992 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1 069 600**
	Embætti forseta Íslands	54 000	
	Alþingi og stofnanir þess	827 800	
	Ríkisstjórn	57 600	
	Annað	130 200	
01	**Forsætisráðuneyti**		**365 600**
	Ráðuneyti	93 100	
	Annað	272 500	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**17 112 600**
	Ráðuneyti	242 600	
	Háskólar og rannsóknir	2 664 100	
	Framhaldsskólar	3 900 500	
	Héraðsskólar	102 800	
	Grunnskólar og sérskólar	5 417 400	
	Barnaverndarmál	111 100	
	Önnur fræðslumál	373 900	
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 220 000	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1 070 700	
	Ýmis framlög	1 009 500	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1 416 700**
	Ráðuneyti	398 700	
	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	140 200	
	Sendiráð og fastanefndir	436 700	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	441 100	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**5 688 100**
	Ráðuneyti	65 900	
	Búnaðarmál	4 973 800	
	Skógrækt og landgræðsla	445 200	
	Búnaðarskólar	203 200	
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**601 900**
	Ráðuneyti	86 000	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	401 900	
	Annað	114 000	
	Flutt		26 254 500

3. gr. hljóðar svo:

Árið 1992 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3 430 000**
4110	Eignarskattur einstaklinga	1 265 000	
41103	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	144 000	
4111	Eignarskattur félaga	975 000	
41113	Sérstakur eignarskattur félaga	221 000	
4116-7	Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	505 000	
4118	Erfðafjárskattur	320 000	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**16 830 000**
412	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	13 630 000	
4126	Tekjuskattur félaga	3 200 000	
413	**Aðrir beinir skattar**		**414 000**
4130	Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	414 000	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**3 750 000**
4200	Tollar	3 750 000	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**5 817 500**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 565 000	
42111	Innflutningsgjald af bensíni	4 000 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	14 500	
42153	Fóðurgjald, grunngjald	75 000	
42154	Kartöflugjald	105 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	28 000	
4217	Jöfnunartollur	30 000	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**400 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	360 000	
4221	Leyfisgjald af gjaldeyrissölu	40 000	
	Flutt		30 641 500

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		26 254 500
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**5 313 800**
	Ráðuneyti	190 400	
	Dómsmálastofnanir	453 000	
	Löggæslustofnanir og öryggismál	1 936 200	
	Sýslumenn	1 962 400	
	Fangelsismál	294 600	
	Kirkjumál	477 200	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**5 046 900**
	Ráðuneyti	75 000	
	Húsnæðismál	1 075 000	
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	178 700	
	Málefni fatlaðra	1 965 500	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 370 000	
	Annað	382 700	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**44 307 200**
	Ráðuneyti	123 000	
	Tryggingamál	26 545 100	
	Sjúkrahús	15 577 000	
	Heilsugæsla	1 465 900	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	260 500	
	Annað	335 700	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**15 663 300**
	Ráðuneyti	415 000	
	Skatta- og tollamál	1 317 700	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	2 280 000	
	Vextir	9 900 000	
	Annað	1 750 600	
10	**Samgönguráðuneyti**		**7 978 700**
	Ráðuneyti	61 700	
	Vegamál	5 830 000	
	Siglingamál	1 455 900	
	Flugmál	479 400	
	Annað	151 700	
	Flutt		104 564 400

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		30 641 500
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 531 000**
4235-6	Vörugjald	2 460 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	71 000	
425	**Virðisaukaskattur**		**42 970 000**
4250	Virðisaukaskattur	42 970 000	
426	**Skattar af orku**		**80 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	80 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6 805 500**
4271	Hluti af hagnaði ÁTVR	6 800 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	5 500	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**86 500**
42801	Skemmtanaskattur	75 000	
42802	Miðagjald	11 500	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**829 000**
4290	Aukatekjur	820 000	
42942	Samúðarskeyti Landsímans	9 000	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**8 900 000**
43001	Tryggingagjald	8 900 000	
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**6 102 500**
4310	Þinglýsingar	105 000	
4311	Stimpilgjald	2 400 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1 355 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	475 000	
43131	Bifreiðagjald	1 300 000	
43142	Vitagjald	44 500	
43143	Skipaskoðunargjald	69 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	280 000	
4317	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	74 000	
	Flutt		98 946 000

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		104 564 400
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1 085 000**
	Ráðuneyti	56 500	
	Iðnaðarmál	265 100	
	Orkumál	763 400	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**5 022 700**
	Ráðuneyti	74 500	
	Niðurgreiðslur	4 845 000	
	Annað	103 200	
13	**Hagstofa Íslands**		**147 800**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**500 200**
	Ráðuneyti	114 400	
	Náttúruvernd	73 100	
	Skipulagsmál	76 700	
	Rannsóknir o.fl.	236 000	
	Gjöld samtals		111 320 100

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		98 946 000
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**1 075 000**
4719	Sala eigna	1 075 000	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**3 815 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 815 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2 000 000	
482	**Arðgreiðslur**		**2 310 000**
48201	Afgjöld ríkisjarða	25 000	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	460 000	
48203	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	35 000	
48206	Póstur og sími	940 000	
4822	Arður af hlutabréfum	50 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	600 000	
4829	Aðrar arðgreiðslur	200 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**290 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	240 000	
4999	Óvissar tekjur	50 000	
	Tekjur samtals		106 436 000
	Gjöld umfram tekjur		4 884 100
	Samtals		111 320 100

Eftirtaldir liðir 4. gr. breytast og hljóða svo:

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			624 400
1 01	Alþingiskostnaður	237 800	
1 02	Aðalskrifstofa	51 600	
1 03	Þingmálaskrifstofa	116 900	
1 04	Rekstrarskrifstofa	134 800	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	30 000	
1 06	Norðurlandaráð	21 900	
1 07	Hús Jóns Sigurðssonar	6 100	
1 08	Hið íslenska þjóðvinafélag	500	
1 10	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	24 800	
Viðhaldsverkefni:			10 400
5 20	Fasteignir	10 400	
Stofnkostnaður:			18 200
6 01	Tæki og búnaður	18 200	
	Gjöld samtals		653 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	355 700	
52–58	Önnur gjöld	264 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	32 800	
5	Gjöld samtals	653 000	
4	Sértekjur	5 600	
	Mismunur		**647 400**

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			239 600
1 01	Yfirstjórn	239 600	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		242 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	123 100	
52–58	Önnur gjöld	119 500	
5	Gjöld samtals		**242 600**
02–318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			125 000
5 90	Viðhald[1])	125 000	
Stofnkostnaður:			352 500
6 40	Tæki og búnaður	41 000	
6 50	Tölvubúnaður	12 000	
6 90	Byggingarframkvæmdir[1])	299 500	
	Gjöld samtals		477 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	152 000	
52–58	Önnur gjöld	325 500	
5	Gjöld samtals		**477 500**
02–720 Grunnskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			219 700
1 12	Umferðarfræðsla í skólum	3 600	
1 20	Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	3 900	
1 30	Safnakennsla	3 000	
1 31	Sérstök fræðsluverkefni	6 900	
1 33	Þróunarsjóður leikskóla	3 700	

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 1.

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 34	Þróunarstarf í leikskólum	1 600	
1 41	Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	5 400	
1 42	Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	5 500	
1 43	Suðurhlíðaskóli, rekstrarstyrkur	4 700	
1 44	Tjarnarskóli, rekstrarstyrkur	4 300	
1 50	Orlof kennara	6 300	
1 51	Rannsóknasjóður grunnskólakennara	41 800	
1 60	Stjórnskipaðir prófdómarar	9 200	
1 70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	12 100	
1 80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	10 700	
1 82	Þróunarstörf í grunnskólum	9 900	
1 83	Starfsleikninám	10 000	
1 84	Námsstjórn og þróunarverkefni	10 700	
1 85	Námsráðgjöf í grunnskólum	6 600	
1 86	Endurmenntun sálfræðinga	2 800	
1 88	Réttindanám leiðbeinenda	4 900	
1 89	Leiðsögn nýliða	5 600	
1 90	Grunnskólar, óskipt	46 500	
	Stofnkostnaður:		8 000
6 90	Tölvuvæðing í grunnskólum	8 000	
	Gjöld samtals		227 700
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	162 700	
52–58	Önnur gjöld	25 300	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	19 900	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	19 800	
5	Gjöld samtals		**227 700**

02–902 Þjóðminjasafn Íslands

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		58 000
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	58 000	
	Viðhaldsverkefni:		10 300
5 90	Verndun gamalla húsa	10 300	
	Stofnkostnaður:		12 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 90	Húseign við Suðurgötu, endurbætur	10 000	
	Gjöld samtals		80 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 800	
52–58	Önnur gjöld	38 500	
5	Gjöld samtals	80 300	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**79 700**

02–907 Listasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 700
1 01	Listasafn Íslands	43 800	
1 02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	2 900	
Viðhaldsverkefni:			800
5 01	Fasteign	800	
Stofnkostnaður:			19 200
6 01	Listaverkakaup	12 000	
6 20	Fríkirkjuvegur 7	7 200	
	Gjöld samtals		66 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 900	
52–58	Önnur gjöld	36 800	
5	Gjöld samtals	66 700	
4	Sértekjur	8 300	
	Mismunur		**58 400**

02–908 Kvikmyndasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 900
1 01	Kvikmyndasafn Íslands	8 900	
	Gjöld samtals		8 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 600	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals		**8 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–919	**Söfn, ýmis framlög**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 000
1 10	Listasafn ASÍ	3 000	
1 11	Nýlistasafn	2 000	
1 12	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	4 500	
1 19	Listasöfn, styrkir	2 500	
1 20	Byggða- og minjasöfn	12 600	
1 21	Sjóminjasafn	6 000	
1 22	Nesstofa	5 000	
1 30	Sögusafn alþýðu	900	
1 31	Kvennasögusafn	1 000	
1 40	Amtsbókasafn	400	
1 49	Söfn, styrkir	2 100	
Stofnkostnaður:			8 000
6 11	Nýlistasafn	2 200	
6 20	Safnastofnun Austurlands	5 800	
	Gjöld samtals		48 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	48 000	
5	Gjöld samtals		**48 000**
02–973	**Þjóðleikhús**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			254 000
1 01	Þjóðleikhús	254 000	
	Gjöld samtals		254 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	254 000	
5	Gjöld samtals		**254 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–982 Listir, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			272 800
1 10	Listasjóður	18 900	
1 11	Launasjóður rithöfunda	37 700	
1 13	Höfundagreiðslur samkvæmt 21. gr. höfundalaga	400	
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	10 800	
1 15	Þýðingarsjóður	6 800	
1 16	Bókmenntakynningarsjóður	1 800	
1 20	Leikfélag Reykjavíkur	15 000	
1 21	Leikfélag Akureyrar	19 300	
1 22	Starfsemi áhugaleikhópa	14 000	
1 23	Bandalag íslenskra leikfélaga	2 500	
1 24	Starfsemi atvinnuleikhópa	12 000	
1 25	Leiklistarráð	300	
1 28	Kynning á íslenskri list erlendis	9 000	
1 30	Íslenska óperan	26 800	
1 32	Tónskáldasjóður	5 900	
1 33	Íslensk tónverkamiðstöð	4 600	
1 34	Sinfóníuhljómsveit æskunnar	2 800	
1 35	Íslenska hljómsveitin	2 000	
1 37	Tónlistarstarfsemi, styrkir	6 400	
1 40	Launasjóður myndlistarmanna	23 500	
1 42	Myndlistarskólinn í Reykjavík	4 000	
1 43	Myndlistarskólinn á Akureyri	6 500	
1 44	Samband íslenskra myndlistarmanna	1 000	
1 48	Listamiðstöð í Straumi	1 000	
1 70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	14 400	
1 72	Höfundasjóður myndlistarmanna	500	
1 73	Bandalag íslenskra listamanna	500	
1 74	Listkynning, styrkir	800	
1 75	Lista- og menningarmál, ýmis	9 000	
1 76	Menningarsjóður félagsheimila	7 500	
1 77	Samnorræn menningarkynning	800	
1 79	M-hátíð	1 100	
1 80	Listahátíð	3 000	
1 82	Ferðaleikhúsið	700	
1 83	Leikbrúðuland	1 500	
	Gjöld samtals		272 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	272 800	
5	Gjöld samtals		**272 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–988	**Æskulýðsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 300
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	1 800	
1 11	Æskulýðssamband Íslands	1 200	
1 12	Ungmennafélag Íslands	10 500	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	5 500	
1 14	Bandalag íslenskra skáta, Úlfljótsvatn	2 000	
1 16	Íslenskir ungtemplarar	1 200	
1 17	Starfsemi KFUM og KFUK	4 200	
1 18	Iðnnemasamband Íslands	4 000	
1 19	Æskulýðsmál, almennt	1 900	
Stofnkostnaður:			3 500
6 20	KFUM og KFUK, byggingarstyrkur	1 000	
6 21	Séra Friðrikskapella, byggingarstyrkur	2 500	
	Gjöld samtals		35 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	35 800	
5	Gjöld samtals		**35 800**
02–989	**Ýmis íþróttamál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 600
1 10	Íþróttasamband Íslands	26 900	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	8 000	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	2 000	
1 13	Íþróttamál fatlaðra	4 000	
1 15	Íþróttastarfsemi, almenn	1 000	
1 16	Íþróttafélög, styrkir	16 000	
1 18	Íþróttamiðstöð Íslands	2 500	
1 20	Glíma, kynning í skólum	2 000	
1 21	Skáksamband Íslands	4 400	
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	5 400	
1 25	Skákskóli Íslands	2 500	
1 30	Bridgesamband Íslands	900	
1 40	Ýmis framlög til íþróttamála	4 000	
Stofnkostnaður:			2 000
6 13	Íþróttasamband fatlaðra, vegna endurhæfingar	2 000	
	Gjöld samtals		81 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	76 200	
5	Gjöld samtals		**81 600**

02–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 500
1 24	Norræn ráðstefna um fullorðinsfræðslu	1 500	
1 43	Skriðuklaustur	500	
1 50	Landssamband hjálparsveita skáta	3 000	
1 63	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	2 700	
1 64	Þjóðræknisfélag Íslendinga	1 500	
1 92	Ýmis framlög	10 000	
1 93	Kvenfélagasamband Íslands	1 200	
1 97	Útvarpsréttarnefnd	1 500	
1 98	Félög, styrkir	600	
Stofnkostnaður:			3 000
6 20	Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu	3 000	
	Gjöld samtals		25 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	22 500	
5	Gjöld samtals		**25 500**

03 Utanríkisráðuneyti

03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			337 100
1 01	Yfirstjórn	168 700	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	24 700	
1 30	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	6 500	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	74 700	
1 51	Útflutningsráð Íslands	17 500	
1 52	Formennska Íslands í EFTA	15 000	
1 53	Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins	30 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		347 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	103 000	
52–58	Önnur gjöld	226 600	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	17 500	
5	Gjöld samtals		**347 100**

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 500
1 01	Yfirstjórn	72 500	
	Gjöld samtals		72 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 000	
52–58	Önnur gjöld	35 500	
5	Gjöld samtals	72 500	
4	Sértekjur	6 600	
	Mismunur		**65 900**
04–202 Hagþjónusta landbúnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 600
1 01	Hagþjónusta landbúnaðarins	12 600	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		13 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 700	
52–58	Önnur gjöld	6 900	
5	Gjöld samtals	13 600	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**13 100**

04–299 Búnaðarmál, ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 600
1 10	Mat á búvörum	8 900	
1 20	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	6 500	
1 21	Landþurrkun	1 500	
1 22	Ýmis verkefni	1 700	
	Gjöld samtals		18 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 100	
52–58	Önnur gjöld	5 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 200	
5	Gjöld samtals	18 600	
4	Sértekjur	8 900	
	Mismunur		**9 700**

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 000
1 01	Yfirstjórn	85 000	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		86 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 500	
52–58	Önnur gjöld	34 500	
5	Gjöld samtals		**86 000**

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–701 Biskup Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 100
1 01	Yfirstjórn	36 200	
1 05	Starfsþjálfun guðfræðikandídata	2 900	
1 11	Kirkjuráð	900	
1 12	Kirkjuþing	3 800	
1 14	Prestastefna	600	
1 15	Ýmis verkefni	5 700	
Viðhaldsverkefni:			500
5 01	Viðhald biskupsbústaðar	500	
	Gjöld samtals		50 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 800	
52–58	Önnur gjöld	17 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals	50 600	
4	Sértekjur	7 400	
	Mismunur		**43 200**
06–711 Prestaköll og prófastsdæmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			311 000
1 10	Prestar og prófastar	311 000	
	Gjöld samtals		311 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	249 800	
52–58	Önnur gjöld	61 200	
5	Gjöld samtals	311 000	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**310 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–790 Kirkjumál, ýmis kostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 900
1 11	Langamýri í Skagafirði	1 300	
1 12	Ráðgjöf í fjölskyldumálum	2 100	
1 13	Kirkjugarðaeftirlit	2 100	
1 90	Ýmislegt	5 400	
Viðhaldsverkefni:			500
5 11	Viðhald húseigna að Löngumýri	500	
Stofnkostnaður:			24 000
6 10	Skálholtsstaður	13 000	
6 11	Hallgrímskirkja	7 000	
6 12	Hóladómkirkja	3 000	
6 13	Snorrastofa	1 000	
	Gjöld samtals		35 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 000	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	26 000	
5	Gjöld samtals		**35 400**

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 100
1 01	Yfirstjórn	75 100	
	Gjöld samtals		75 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 600	
52–58	Önnur gjöld	33 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	200	
5	Gjöld samtals	75 100	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**75 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–700 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			248 500
1 01	Stjórnarnefnd	2 500	
1 02	Samráðsnefnd	1 400	
1 03	Samráðsnefnd um ferlimál	1 900	
1 04	Kostnaður samkvæmt 10. gr. laga um málefni fatlaðra	132 000	
1 05	Kostnaður samkvæmt 19. gr. laga um málefni fatlaðra	7 000	
1 10	Vistanir	13 000	
1 20	Vistun geðfatlaðra	35 000	
1 50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	8 900	
1 60	Félagslegar íbúðir fyrir fatlaða	18 600	
1 80	Starfsþjálfun	8 500	
1 81	Tölvumiðstöð fatlaðra	2 100	
1 99	Ný starfsemi, óskipt	17 600	
	Gjöld samtals		248 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	81 300	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	162 600	
5	Gjöld samtals		**248 500**
07–722 Sólheimar Grímsnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 500
1 70	Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	87 500	
	Gjöld samtals		87 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	87 500	
5	Gjöld samtals		**87 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–998 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			203 000
1 10	Meðlög samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga	10 900	
1 11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	59 800	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	16 500	
1 30	Sjómannastofur	1 100	
1 31	Félagasamtök, styrkir	18 400	
1 32	Starfsmenntun í atvinnulífinu	58 000	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	11 800	
1 41	Stígamót	5 000	
1 50	Framkvæmd laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga	4 000	
1 51	Ár fjölskyldunnar	3 000	
1 80	Snjóflóða- og skriðufallavarnir	6 400	
1 90	Ýmis framlög	8 100	
	Gjöld samtals		203 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	6 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	196 600	
5	Gjöld samtals		**203 000**

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			117 100
1 01	Yfirstjórn	117 100	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		127 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 400	
52–58	Önnur gjöld	60 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	300	
5	Gjöld samtals	127 100	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**123 000**
08–271	**Tryggingastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 239 400
1 01	Yfirstjórn	526 400	
1 10	Lífeyristryggingar	14 757 000	
1 20	Sjúkratryggingar	9 409 000	
1 30	Slysatryggingar	547 000	
Viðhaldsverkefni:			2 300
5 01	Viðhald húseignar	2 300	
Stofnkostnaður:			18 000
6 01	Tæki og búnaður	18 000	
	Gjöld samtals		25 259 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	276 200	
52–58	Önnur gjöld	270 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	24 713 000	
5	Gjöld samtals	25 259 700	
4	Sértekjur	151 600	
	Mismunur		**25 108 100**

08–273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 280 000
1 01	Atvinnuleysistryggingasjóður	1 280 000	
	Gjöld samtals		1 280 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 280 000	
5	Gjöld samtals		**1 280 000**

08–301 Landlæknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 600
1 01	Yfirstjórn	42 900	
1 10	Læknaráð	2 000	
1 20	Sjúkraflutningaráð	700	
	Gjöld samtals		45 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 200	
52–58	Önnur gjöld	13 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	9 000	
5	Gjöld samtals		**45 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–350 Sjúkrahúsið Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			459 000
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	459 000	
	Gjöld samtals		459 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	324 500	
52–58	Önnur gjöld	134 500	
5	Gjöld samtals	459 000	
4	Sértekjur	42 500	
	Mismunur		**416 500**
08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 136 000
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1 136 000	
Viðhaldsverkefni:			15 600
5 01	Viðhald húsnæðis	15 600	
Stofnkostnaður:			40 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 50	Nýbygging	30 000	
	Gjöld samtals		1 191 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	764 600	
52–58	Önnur gjöld	427 000	
5	Gjöld samtals	1 191 600	
4	Sértekjur	119 700	
	Mismunur		**1 071 900**
08–367 Sjúkrahúsið Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			223 500
1 01	Sjúkrahúsið Keflavík	223 500	
	Gjöld samtals		223 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	142 500	
52–58	Önnur gjöld	81 000	
5	Gjöld samtals	223 500	
4	Sértekjur	44 300	
	Mismunur		**179 200**

08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 200
1 20	Rekstur sjúkrahúsa, óskipt	79 200	
Viðhaldsverkefni:			27 000
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	27 000	
Stofnkostnaður:			334 700
6 60	Tækjakaup, óskipt	20 000	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða[1])	294 200	
6 91	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	9 000	
6 92	Heilsugæsla í Garðabæ samkvæmt samningi	1 500	
6 96	Heimili mænuskaddaðra við Grensásdeild	10 000	
	Gjöld samtals		440 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 300	
52–58	Önnur gjöld	71 900	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	295 700	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	19 000	
5	Gjöld samtals	440 900	
4	Sértekjur	77 900	
	Mismunur		**363 000**

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 2.

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			231 500
1 25	Neyslu- og manneldismál, manneldisráð	10 000	
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	103 100	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	9 000	
1 35	Hjartavernd, Monica-rannsóknir	3 600	
1 37	Hjartavernd	8 200	
1 40	Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	1 100	
1 42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	42 800	
1 53	Tóbaksvarnir	10 300	
1 60	Ljósmæðralaun	900	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	10 000	
1 72	Bláalónsnefnd	7 000	
1 90	Ýmis framlög	14 100	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 400	
	Gjöld samtals		231 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 400	
52–58	Önnur gjöld	43 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	180 900	
5	Gjöld samtals		**231 500**
08–409 Hjúkrunarheimilið Skjól			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			275 000
1 01	Hjúkrunarheimilið Skjól	275 000	
	Gjöld samtals		275 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	188 700	
52–58	Önnur gjöld	86 300	
5	Gjöld samtals	275 000	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**270 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 700
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	81 700	
Viðhaldsverkefni:			31 200
5 01	Viðhald, óskipt	31 200	
Stofnkostnaður:			17 300
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
6 10	Heyrnarmælingaklefar	5 300	
6 90	Tölvuvæðing	6 000	
	Gjöld samtals		130 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 800	
52–58	Önnur gjöld	70 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	13 100	
5	Gjöld samtals		**130 200**
08–510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			297 300
1 01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	297 300	
	Gjöld samtals		297 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	223 400	
52–58	Önnur gjöld	73 900	
5	Gjöld samtals	297 300	
4	Sértekjur	17 500	
	Mismunur		**279 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–511 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			214 700
1 10	Heilsugæslustöðin Árbæ	32 800	
1 20	Heilsugæslustöðin Mjódd	31 800	
1 30	Heilsugæslustöðin Fossvogi	23 400	
1 50	Heilsugæslustöðin Hlíðum	21 300	
1 60	Heilsugæslustöðin Miðbæ	35 300	
1 70	Heilsugæslustöðin Hraunbergi	34 800	
1 80	Heilsugæslustöðin Álftamýri	35 300	
Stofnkostnaður:			40 000
6 01	Tæki og búnaður	40 000	
	Gjöld samtals		254 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	163 800	
52–58	Önnur gjöld	90 900	
5	Gjöld samtals	254 700	
4	Sértekjur	66 700	
	Mismunur		**188 000**
08–521 Heilsugæslustöðin Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 200
1 01	Heilsugæslustöðin Akranesi	29 200	
	Gjöld samtals		29 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 000	
52–58	Önnur gjöld	8 200	
5	Gjöld samtals	29 200	
4	Sértekjur	8 300	
	Mismunur		**20 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 200
1 01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	30 200	
	Gjöld samtals		30 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 600	
52–58	Önnur gjöld	8 600	
5	Gjöld samtals	30 200	
4	Sértekjur	10 800	
	Mismunur		**19 400**
08–523 Heilsugæslustöðin Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 300
1 01	Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	15 300	
	Gjöld samtals		15 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 200	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	15 300	
4	Sértekjur	3 800	
	Mismunur		**11 500**
08–524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 300
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	22 300	
	Gjöld samtals		22 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 500	
52–58	Önnur gjöld	7 800	
5	Gjöld samtals	22 300	
4	Sértekjur	7 700	
	Mismunur		**14 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–525	**Heilsugæslustöðin Grundarfirði**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		11 100
1 01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	11 100	
	Gjöld samtals		11 100
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	7 700	
52–58	Önnur gjöld	3 400	
5	Gjöld samtals	11 100	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**8 900**
08–526	**Heilsugæslustöðin Búðardal**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		18 400
1 01	Heilsugæslustöðin Búðardal	18 400	
	Gjöld samtals		18 400
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	12 400	
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals	18 400	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**13 400**
08–531	**Heilsugæslustöðin Patreksfirði**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		22 000
1 01	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	22 000	
	Gjöld samtals		22 000
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	13 400	
52–58	Önnur gjöld	8 600	
5	Gjöld samtals	22 000	
4	Sértekjur	5 400	
	Mismunur		**16 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–532 Heilsugæslustöðin Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 400
1 01	Heilsugæslustöðin Ísafirði	42 400	
	Gjöld samtals		42 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 600	
52–58	Önnur gjöld	16 800	
5	Gjöld samtals	42 400	
4	Sértekjur	6 800	
	Mismunur		**35 600**
08–533 Heilsugæslustöðin Þingeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 300
1 01	Heilsugæslustöðin Þingeyri	7 300	
	Gjöld samtals		7 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 900	
52–58	Önnur gjöld	2 400	
5	Gjöld samtals	7 300	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**5 900**
08–534 Heilsugæslustöðin Flateyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 400
1 01	Heilsugæslustöðin Flateyri	9 400	
	Gjöld samtals		9 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 400	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	9 400	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**7 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–535 Heilsugæslustöðin Bolungarvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 200
1 01	Heilsugæslustöðin Bolungarvík	10 200	
	Gjöld samtals		10 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 200	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	10 200	
4	Sértekjur	2 900	
	Mismunur		**7 300**
08–536 Heilsugæslustöðin Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 400
1 01	Heilsugæslustöðin Hólmavík	10 400	
	Gjöld samtals		10 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 900	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals	10 400	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**8 400**
08–541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 100
1 01	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	13 100	
	Gjöld samtals		13 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	13 100	
4	Sértekjur	4 600	
	Mismunur		**8 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–542	**Heilsugæslustöðin Blönduósi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 700
1 01	Heilsugæslustöðin Blönduósi	21 700	
	Gjöld samtals		21 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 900	
52–58	Önnur gjöld	5 800	
5	Gjöld samtals	21 700	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**15 700**
08–543	**Heilsugæslustöðin Sauðárkróki**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 800
1 01	Heilsugæslustöðin Sauðárkróki	26 800	
	Gjöld samtals		26 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 500	
52–58	Önnur gjöld	9 300	
5	Gjöld samtals	26 800	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**22 400**
08–544	**Heilsugæslustöðin Siglufirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 400
1 01	Heilsugæslustöðin Siglufirði	12 400	
	Gjöld samtals		12 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 800	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	12 400	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**8 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 700
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	11 700	
	Gjöld samtals		11 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 000	
52–58	Önnur gjöld	3 700	
5	Gjöld samtals	11 700	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**8 500**
08–552 Heilsugæslustöðin Dalvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 800
1 01	Heilsugæslustöðin Dalvík	16 800	
	Gjöld samtals		16 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 700	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals	16 800	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**10 800**
08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			136 500
1 01	Heilsugæslustöðin Akureyri	136 500	
	Gjöld samtals		136 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	80 800	
52–58	Önnur gjöld	55 700	
5	Gjöld samtals	136 500	
4	Sértekjur	35 300	
	Mismunur		**101 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–554 Heilsugæslustöðin Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 400
1 01	Heilsugæslustöðin Húsavík	28 400	
	Gjöld samtals		28 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 500	
52–58	Önnur gjöld	7 900	
5	Gjöld samtals	28 400	
4	Sértekjur	3 900	
	Mismunur		**24 500**
08–555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 900
1 01	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	8 900	
	Gjöld samtals		8 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 000	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals	8 900	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**7 700**
08–556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 500
1 01	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	9 500	
	Gjöld samtals		9 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 100	
52–58	Önnur gjöld	2 400	
5	Gjöld samtals	9 500	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**8 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 300
1 01	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	11 300	
	Gjöld samtals		11 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 300	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	11 300	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**10 100**
08–561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 700
1 01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	15 700	
	Gjöld samtals		15 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 600	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals	15 700	
4	Sértekjur	3 100	
	Mismunur		**12 600**
08–562 Heilsugæslustöðin Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 200
1 01	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	35 200	
	Gjöld samtals		35 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 600	
52–58	Önnur gjöld	14 600	
5	Gjöld samtals	35 200	
4	Sértekjur	12 400	
	Mismunur		**22 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–563 Heilsugæslustöðin Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 500
1 01	Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	9 500	
	Gjöld samtals		9 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	9 500	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**8 400**
08–564 Heilsugæslustöðin Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 900
1 01	Heilsugæslustöðin Neskaupstað	12 900	
	Gjöld samtals		12 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 200	
52–58	Önnur gjöld	2 700	
5	Gjöld samtals	12 900	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**6 900**
08–565 Heilsugæslustöðin Eskifirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 400
1 01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	20 400	
	Gjöld samtals		20 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 300	
52–58	Önnur gjöld	7 100	
5	Gjöld samtals	20 400	
4	Sértekjur	6 300	
	Mismunur		**14 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 000
1 01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 800	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals	12 000	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**9 400**
08–567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 400
1 01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	13 400	
	Gjöld samtals		13 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	3 900	
5	Gjöld samtals	13 400	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**11 600**
08–568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 900
1 01	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	21 900	
	Gjöld samtals		21 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 500	
52–58	Önnur gjöld	7 400	
5	Gjöld samtals	21 900	
4	Sértekjur	6 700	
	Mismunur		**15 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–571	**Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 600
1 01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	9 600	
	Gjöld samtals		9 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 700	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals	9 600	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**8 100**
08–572	**Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 900
1 01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	8 900	
	Gjöld samtals		8 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 100	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals	8 900	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**7 300**
08–573	**Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 000
1 01	Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	28 000	
	Gjöld samtals		28 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 800	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals	28 000	
4	Sértekjur	5 700	
	Mismunur		**22 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	10 000	
4	Sértekjur	2 900	
	Mismunur		**7 100**
08–575 Heilsugæslustöðin Hellu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 800
1 01	Heilsugæslustöðin Hellu	10 800	
	Gjöld samtals		10 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 200	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	10 800	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**6 700**
08–576 Heilsugæslustöðin Laugarási			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 700
1 01	Heilsugæslustöðin Laugarási	16 700	
	Gjöld samtals		16 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 600	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	16 700	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**11 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–577 Heilsugæslustöðin Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 800
1 01	Heilsugæslustöðin Selfossi	32 800	
	Gjöld samtals		32 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 400	
52–58	Önnur gjöld	9 400	
5	Gjöld samtals	32 800	
4	Sértekjur	10 300	
	Mismunur		**22 500**
08–578 Heilsugæslustöðin Hveragerði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 900
1 01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	8 900	
	Gjöld samtals		8 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 900	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals	8 900	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**7 000**
08–579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 100
1 01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	10 100	
	Gjöld samtals		10 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 600	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	10 100	
4	Sértekjur	4 700	
	Mismunur		**5 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–581	**Heilsugæslustöðin Keflavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			97 000
1 01	Heilsugæslustöðin Keflavík	97 000	
	Gjöld samtals		97 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 300	
52–58	Önnur gjöld	41 700	
5	Gjöld samtals	97 000	
4	Sértekjur	19 600	
	Mismunur		**77 400**
08–582	**Heilsugæslustöðin Hafnarfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			91 400
1 01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	91 400	
	Gjöld samtals		91 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 700	
52–58	Önnur gjöld	42 700	
5	Gjöld samtals	91 400	
4	Sértekjur	19 900	
	Mismunur		**71 500**
08–583	**Heilsugæslustöðin Garðabæ**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 300
1 01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	28 300	
	Gjöld samtals		28 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 700	
52–58	Önnur gjöld	5 600	
5	Gjöld samtals	28 300	
4	Sértekjur	7 800	
	Mismunur		**20 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–584	**Heilsugæslustöðin Kópavogi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 600
1 01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	62 600	
	Gjöld samtals		62 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 800	
52–58	Önnur gjöld	14 800	
5	Gjöld samtals	62 600	
4	Sértekjur	19 300	
	Mismunur		**43 300**
08–585	**Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 100
1 01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	53 100	
	Gjöld samtals		53 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 900	
52–58	Önnur gjöld	12 200	
5	Gjöld samtals	53 100	
4	Sértekjur	13 400	
	Mismunur		**39 700**
08–586	**Heilsugæslustöðin Reykjalundi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 900
1 01	Heilsugæslustöðin Reykjalundi	21 900	
	Gjöld samtals		21 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 700	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	21 900	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**17 600**

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			273 500
1 01	Yfirstjórn	273 500	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		279 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	181 000	
52–58	Önnur gjöld	98 500	
5	Gjöld samtals	279 500	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**277 900**
09–261 Ríkistollstjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			99 300
1 01	Ríkistollstjóri	99 300	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Tæki og búnaður	7 000	
	Gjöld samtals		106 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 200	
52–58	Önnur gjöld	51 100	
5	Gjöld samtals	106 300	
4	Sértekjur	17 300	
	Mismunur		**89 000**
09–262 Tollstjórinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			267 000
1 01	Tollstjórinn í Reykjavík	155 900	
1 10	Tollgæsla	111 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		270 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	193 200	
52–58	Önnur gjöld	77 300	
5	Gjöld samtals	270 500	
4	Sértekjur	12 300	
	Mismunur		**258 200**

09–481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			470 000
6 01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	470 000	
	Gjöld samtals		470 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	470 000	
5	Gjöld samtals		**470 000**

09–995 Skýrsluvélakostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			440 000
1 01	Launagreiðslukerfi	73 000	
1 02	Tekjubókhaldskerfi	168 000	
1 03	Skattavinnslukerfi	138 000	
1 04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	46 000	
1 05	Innheimtuskilakerfi	15 000	
Stofnkostnaður:			60 000
6 03	Hugbúnaðargerð	60 000	
	Gjöld samtals		500 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	500 000	
5	Gjöld samtals		**500 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–999 Ýmislegt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			433 900
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	74 000	
1 13	Kjarasamningar	23 500	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	10 000	
1 15	Kjararannsóknir	6 100	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	14 000	
1 18	Styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	55 000	
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	20 000	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	162 000	
1 45	Ýmsar nefndir	3 200	
1 60	Dómkröfur	16 100	
1 70	Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka	25 000	
1 90	Óviss útgjöld	25 000	
Stofnkostnaður:			23 000
6 20	Ríkisbifreiðar, framlag	5 000	
6 30	Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	18 000	
	Gjöld samtals		456 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 700	
52–58	Önnur gjöld	162 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	262 000	
5	Gjöld samtals		**456 900**

10 Samgönguráðuneyti

10–333 Hafnamál		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 400
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	31 400	
Stofnkostnaður:			969 000
6 10	Tæki og búnaður	4 000	
6 20	Ferjubryggjur	10 000	
6 30	Hafnamannvirki[1])	762 300	
6 32	Lendingarbætur	5 000	

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 3.

		Þús. kr.	Þús. kr.
6 39	Hafnarmannvirki, Sandgerði	47 700	
6 40	Sjóvarnargarðar[1])	50 000	
6 70	Hafnabótasjóður, framlag	90 000	
	Gjöld samtals		1 000 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	35 400	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	90 000	
	5912 Til sveitarfélaga	875 000	
5	Gjöld samtals		**1 000 400**

10–485 Ýmis framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 300
1 10	Flugbjörgunarsveitir	2 000	
1 20	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	17 000	
1 21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	3 000	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	1 300	
1 26	Ýmislegt	3 000	
1 30	Rannsóknanefnd flugslysa	2 100	
1 33	Slysavarnaskóli sjómanna	29 500	
1 35	Skipulagsnefnd fólksflutninga	3 400	
1 41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1 000	
1 42	Ýmis framlög til ferðamála	2 000	
	Gjöld samtals		64 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52–58	Önnur gjöld	1 500	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	53 800	
5	Gjöld samtals		**64 300**

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 4.

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–201 Iðntæknistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			266 600
1 01	Iðntæknistofnun Íslands	255 600	
1 91	Samstarfsverkefni iðnaðar og sjávarútvegs	5 400	
1 93	Verkefni um nýsköpun í atvinnulífinu	5 600	
Stofnkostnaður:			9 000
6 01	Tæki og búnaður	9 000	
	Gjöld samtals		275 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	140 400	
52–58	Önnur gjöld	124 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	11 000	
5	Gjöld samtals	275 600	
4	Sértekjur	163 800	
	Mismunur		**111 800**

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 200
1 01	Yfirstjórn	70 600	
1 03	Icepro-nefnd	2 600	
1 91	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir	2 000	
	Gjöld samtals		75 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 000	
52–58	Önnur gjöld	34 100	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 100	
5	Gjöld samtals	75 200	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**74 500**

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 900
1 01	Yfirstjórn	50 900	
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		54 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 600	
52–58	Önnur gjöld	23 800	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
5	Gjöld samtals		**54 400**
14–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 800
1 11	Undirbúningur að umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna	4 500	
1 12	Uppgræðsla og gróðurvernd	3 000	
1 14	Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	8 700	
1 20	Alþjóðlegar skuldbindingar vegna ósonmála	2 500	
1 21	Gerð leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir	2 100	
1 22	Stefnumörkun í umhverfismálum	2 400	
1 23	Ýmis umhverfisverkefni	3 400	
1 24	Rannsóknir á loftmengun	1 100	
1 25	Umhverfismerkingar	500	
1 26	Stefnumörkun í frárennslismálum	1 100	
1 27	Útgáfu- og fræðslumál	3 500	
1 28	Átak í sorphirðumálum	5 000	
Stofnkostnaður:			18 500
6 90	Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir	15 000	
6 91	Náttúruhús í Reykjavík	3 500	
	Gjöld samtals		56 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	38 300	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	15 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**56 300**

14–210 Veiðistjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 900
1 01	Veiðistjóri	35 900	
	Gjöld samtals		35 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 700	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	22 000	
5	Gjöld samtals	35 900	
4	Sértekjur	3 500	
	Mismunur		**32 400**

14–301 Skipulagsstjóri ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 000
1 01	Skipulagsstjóri ríkisins	85 000	
	Gjöld samtals		85 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 100	
52–58	Önnur gjöld	38 900	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	25 000	
5	Gjöld samtals	85 000	
4	Sértekjur	80 500	
	Mismunur		**4 500**

5. gr.

Samhljóða 5. gr. á þskj. 1.

6. gr.

Samhljóða 6. gr. á þskj. 1.

SÉRSTÖK YFIRLIT

1. Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	7.500	
2. Menntaskólinn í Hamrahlíð, viðhald	7.500	
3. Menntaskólinn við Sund, viðhald	7.500	
4. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	10.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Ármúla, viðhald	5.000	
6. Iðnskólinn í Reykjavík, viðhald	5.000	
7. Nýr skóli, fyrsta fjárveiting	42.500	
		90.000
Reykjanes:		
1. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	5.000	
2. Framhaldsskólinn í Garðabæ	6.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	36.000	
4. Menntaskólinn í Kópavogi	45.000	
		92.000
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands		33.000
Vestfirðir:		
Menntaskólinn á Ísafirði		
viðhald	4.000	
byggingarframkvæmdir	8.000	
		12.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki		32.000
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	1.000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri	35.000	
3. Framhaldsskólinn á Húsavík	10.000	
		51.000
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	5.000	
2. Verkmenntaskólinn á Neskaupstað	23.000	
3. Framhaldsskóli A-Skaftafellssýslu	2.000	
		35.000
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands	500	
2. Menntaskólinn á Laugarvatni (þar með talinn Héraðsskólinn), viðhald	25.000	
3. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	10.500	
		36.000
Héraðsskólar, viðhald		25.000
Óskipt, viðhald		18.500
		424.500

2. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:	
1. Akranes, H2	26.000
2. Akranes, sjúkrahús	6.000
3. Stykkishólmur, H2	8.500
4. Grundarfjörður, H2	13.300
5. Patreksfjörður, sjúkrahús	2.100
6. Ísafjörður, sjúkrahús	35.000
7. Bolungarvík, sjúkrahús	3.200
8. Blönduós, H2	19.300
9. Siglufjörður, sjúkrahús	9.500
10. Húsavík, H2	15.300
11. Raufarhöfn, H1	500
12. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H2	9.000
13. Djúpivogur, H2	2.400
14. Eskifjörður og Reyðarfjörður, H2	17.600
15. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	10.000
16. Þorlákshöfn, H1	1.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
17. Selfoss, sjúkrahús	1.000	
18. Stokkseyri, H1	3.700	
19. Suðurnes, heilsugæslustöð	4.000	
20. Hafnarfjörður, H2	21.500	
21. Seltjarnarnes, H2	2.600	
22. Reykjavík, heilsugæslustöðvar	50.500	
		262.500
b. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Hella	9.000	
2. Grindavík	13.700	
3. Kirkjubæjarklaustur	1.000	
		23.700
c. Húsaleiga:		
Akureyri	8.000	
		8.000
		294.200

3. Hafnamannvirki (10-333 630).

Vesturland:		
1. Akranes	18.200	
2. Arnarstapi	2.000	
3. Rif	11.700	
4. Ólafsvík	4.500	
5. Grundarfjörður	5.200	
6. Stykkishólmur	18.900	
		60.500
Vestfirðir:		
1. Brjánslækur	3.300	
2. Patreksfjörður	10.200	
3. Flateyri	2.600	
4. Bolungarvík	84.800	
5. Ísafjörður	22.800	
6. Súðavík	2.300	
7. Norðurfjörður	6.900	
8. Drangsnes	1.100	
9. Hólmavík	200	
		134.200

	Þús. kr.	Þús. kr.
Norðurland vestra:		
1. Hvammstangi	2.300	
2. Blönduós	19.900	
3. Skagaströnd	36.000	
4. Sauðárkrókur	15.000	
5. Hofsós	3.500	
6. Haganesvík	400	
7. Siglufjörður	9.200	
		86.300
Norðurland eystra:		
1. Ólafsfjörður	11.000	
2. Dalvík	11.000	
3. Árskógssandur	1.100	
4. Akureyri	22.000	
5. Grenivík	4.900	
6. Grímsey	7.200	
7. Húsavík	64.500	
8. Tjörneshöfn	100	
9. Þórshöfn	5.200	
10. Raufarhöfn	400	
		127.400
Austurland:		
1. Bakkafjörður	6.900	
2. Vopnafjörður	9.100	
3. Borgarfjörður eystri	600	
4. Seyðisfjörður	10.900	
5. Neskaupstaður	2.500	
6. Eskifjörður	4.100	
7. Reyðarfjörður	25.900	
8. Fáskrúðsfjörður	6.800	
9. Stöðvarfjörður	8.500	
10. Breiðdalsvík	100	
11. Djúpivogur	2.900	
12. Höfn í Hornafirði	10.900	
		89.200
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	37.900	
2. Aðstaða fyrir Herjólf	141.000	
3. Þorlákshöfn	3.100	
		182.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjanes:		
1. Grindavík	31.700	
2. Sandgerði	22.100	
3. Keflavík–Njarðvík	2.400	
4. Vogar	13.000	
5. Hafnarfjörður	7.800	
		77.000
Óskipt		5.700
		762.300

4. Sjóvarnargarðar (10-333 640).

1. Ólafsvík	6.400	
2. Patreksfjörður	200	
3. Flateyri	4.500	
4. Ísafjörður	200	
5. Skagaströnd	200	
6. Hrísey	100	
7. Árskógshreppur	3.600	
8. Stokkseyri	2.700	
9. Eyrarbakki	600	
10. Selvogur	2.700	
11. Grindavík	10.100	
12. Hafnir	2.000	
13. Sandgerði	2.800	
14. Garður	2.500	
15. Njarðvík	2.700	
16. Bessastaðahreppur	3.700	
17. Seltjarnarnes	5.000	
		50.000

265. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

	Þús.kr.
Við 4. gr. 10-651 610 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985	
Fyrir „68.000“ kemur	184.000

266. Lög [61. mál]

um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 252.

267. Lög [88. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 253.

268. Þingsályktun [147. mál]

um fullgildingu samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 158.

269. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn eru samþykkir því að lánastofnanir verði sameinaðar. Eðlilegt er að Framkvæmdasjóður Íslands sé hluti af þeirri mynd. Hins vegar telur 2. minni

hluti að rétt sé að bíða með ákvörðun um Framkvæmdasjóð þar til niðurstöður um sameiningu fjárfestingarlánasjóða liggja fyrir.

Annar minni hluti óskaði eftir því að fá að ræða við stjórn Framkvæmdasjóðs um málefni sjóðsins. Ekki var orðið við þeirri beiðni.

Með tilliti til framanritaðs munu undirritaðir nefndarmenn sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1991.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

270. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130/1989.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Hallgrím Snorrason hagstofustjóra, Þorgeir Eyjólfsson frá Landssambandi lífeyrissjóða, Árna Guðmundsson frá Lífeyrissjóði sjómanna og Hrafn Magnússon frá Sambandi almennra lífeyrissjóða.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Tildrög breytingarinnar eru að Samband almennra lífeyrissjóða hefur samþykkt að breyta í reglugerð sinni ákvæðum um stigagrundvöll lífeyrisréttinda frá og með 1. janúar 1992 á þann hátt að í stað þess að miða stigagrundvöll við grundvallarlaun, sem breytast með kaupgjaldsbreytingum, verða lífeyrisréttindi miðuð við „grundvallarfjárhæð“ sem breytist með lánskjaravísitölu. Þessi breyting verður tekin upp hjá langflestum lífeyrissjóðum innan Sambands almennra lífeyrissjóða auk þess sem nokkrir aðrir lífeyrissjóðir hafa gert svipaðar breytingar á stigagrundvelli lífeyrisréttinda. Með tilliti til þess að þessir lífeyrissjóðir annast greiðslur á lífeyri þeirra sem njóta lífeyris samkvæmt lögum um eftirlaun aldraðra þykir rétt að breyta stigagrundvellinum í lögum um eftirlaun aldraðra til samræmis við ákvörðun Sambands almennra lífeyrissjóða. Ef ekki kæmi til slík breyting væri verið að beita tvenns konar reiknireglum við útreikning á lífeyri og gæti slíkt valdið misskilningi.

Alþingi, 16. des. 1991.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm. Lára Margrét Ragnarsdóttir. Finnur Ingólfsson.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Ingibjörg Pálmadóttir. Sigríður Anna Þórðardóttir.

Svavar Gestsson. Sólveig Pétursdóttir. Guðmundur Hallvarðsson.

271. Breytingartillögur [172. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130/1989.

Frá heilbrigðis- og tryggingganefnd.

1. Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 1. gr., og orðist svo:
   Í stað lokamálsliðar 6. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir er orðist svo: Frá 1. janúar 1992 skal í stað grundvallarlauna miða við grundvallarfjárhæð sem tengist lánskjaravísitölu þeirri sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, með síðari breytingum. Grundvallarfjárhæð í janúar 1992 er 45.602 kr. miðað við þá lánskjaravísitölu sem gildir í þeim mánuði og tekur fjárhæðin sömu hlutfallsbreytingu í mánuði hverjum og lánskjaravísitalan. Verði gerð breyting á grundvelli eða útreikningi lánskjaravísitölu skal ráðherra, að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna, ákveða hvernig stigagrundvelli og breytingum hans skuli háttað þaðan í frá.
2. Við 1. gr. er verði 2. gr. Á eftir orðunum „hundraðshluti af grundvallarlaunum“ í 2. og 4. efnismgr. komi: — frá 1. janúar 1992 grundvallarfjárhæð —.

272. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft til meðferðar frumvarp um tryggingagjald. Í því felst að innheimta opinberra gjalda verður einfölduð þannig að innheimt verða nokkur opinber gjöld, þar með talið tryggingagjald, á einum seðli í stað þess að gíróseðill var áður sendur út fyrir hvert gjald.

Þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp var gerður samningur milli fjármálaráðuneytisins og sveitarfélaganna í landinu um sameiginlega innheimtu. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur að verði af samþykkt þess frumvarps, sem hér um ræðir, sé um samningsbrot að ræða, enda ekkert samráð verið haft við sveitarfélögin um samningu frumvarpsins, sbr. fskj. I. Í bréfi fjármálaráðuneytisins, sem fylgir þessu nefndaráliti sem fskj. II, kemur fram að samkomulag verði að nást við sveitarfélögin eigi lögin að þjóna tilgangi sínum.

Undirritaðir nefndarmenn eru efnislega samþykkir því að innheimta verði einfölduð, en telja eðlilegra að samkomulag verði gert við sveitarfélögin áður en lögum er breytt svo að tryggt verði að markmið þess nái fram að ganga. Í því skyni að kostur gefist á að undirbúa málið betur í samráði við og með samþykki sveitarfélaga landsins leggur minni hluti nefndarinnar því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 16. des. 1991.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm. Halldór Ásgrímsson. Steingrímur J. Sigfússon.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

(12. desember 1991.)

Formaður og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga mættu á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gær og komu á framfæri athugasemdum við ofangreint þingmál nr. 134.

Í framhaldi af því hafa fulltrúar sambandsins átt fund með starfsmönnum fjármálaráðuneytis og Ríkisbókhalds um málið. Sá fundur breytti í engu afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem er algjörlega mótfallið því að heimilað verði að innheimta tryggingagjald til ríkisins með staðgreiðslu skatta til ríkis og sveitarfélaga.

Það er sveitarfélögunum mjög mikilvægt að skil til þeirra á útsvari, sem nema um 60% af öllum skatttekjum þeirra, séu skilvirk og glögg. Innheimta tryggingagjalds í staðgreiðslukerfinu leiðir til hins gagnstæða. Eðli tryggingagjalds er líka raunar allt annað en þeirra skatta sem innheimtir eru af launagreiðendum og skilað í staðgreiðslukerfið. Staðgreiðslukerfið er flókið og ástæðulaust að gera það enn flóknara.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tók málið fyrir á fundi sínum í gær og mótmælti því harðlega að Alþingi heimilaði að tryggingagjald yrði innheimt í staðgreiðslukerfinu.

Samkomulag.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga gera með sér svofellt samkomulag um uppgjör á staðgreiðslu við álagningu opinberra gjalda.

1. gr.

Aðilar eru sammála um að við álagningu opinberra gjalda verði staðgreiðsla vegna viðkomandi tekjuárs gerð upp með þeim hætti að ríkissjóður taki á sig vanskil á staðgreiðslufé í þeim tilvikum þar sem búið er að gera grein fyrir launagreiðslum með skilagreinum til skattyfirvalda þar sem laun eru sundurliðuð niður á einstaka launamenn. Ríkissjóður tryggir sveitarfélögunum með þessum hætti 100% innheimtu á innheimtuhlutfalli útsvars í staðgreiðslu vegna viðkomandi tekjuárs þar sem laun eru sundurliðuð með skilagreinum niður á launamenn óháð því hvort greiðsla hefur borist með skilagreininni eða ekki.

2. gr.

Á móti því að ríkissjóður tryggi sveitarfélögunum greiðslu á vangreiddri staðgreiðslu, sbr. 1. gr. þessa samkomulags, fær ríkissjóður í sinn hlut dráttarvexti og álag sem hefur innheimst og sem mun innheimtast vegna vangreiddrar staðgreiðslu viðkomandi tekjuárs.

3. gr.

Ríkissjóður heldur greiðslum þar sem ekki hefur verið gerð grein fyrir því með skilagreinum til skattyfirvalda hvernig launin, sem staðgreiðslan er dregin af, skiptast niður á einstaka launamenn.

4. gr.

Um leið og skilagreinum viðkomandi tekjuárs er skilað til skattyfirvalda eftir álagningu, þar sem sundurliðun kemur á einstaka launamenn, skal ríkissjóður greiða til viðkomandi sveitarfélags innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu vegna viðkomandi tekjuárs í samræmi við sundurliðunina.

5. gr.

Allt sem innheimt er af vangreiddri staðgreiðslu vegna viðkomandi tekjuárs eftir að uppgjör hefur farið fram samkvæmt þessu samkomulagi verður eign ríkissjóðs.

6. gr.

Aðilar þessa samkomulags eru sammála um það að ábyrgð á innheimtu á staðgreiðslu er hjá ríkissjóði þar sem ljóst er að vanskil hafa ekki áhrif á skil til sveitarfélaganna. Fjármálaráðuneytið fer því með yfirstjórn innheimtu á staðgreiðslu og getur gefið út fyrirmæli um innheimtuaðgerðir vegna innheimtu á staðgreiðslu.

7. gr.

Aðilar eru sammála um það að ef beiðni kemur frá sveitarfélagi um að innheimtuaðgerðum vegna vanskila á staðgreiðslu verði frestað sé fjármálaráðuneytinu heimilt að halda eftir við skil til viðkomandi sveitarfélags sömu fjárhæð og innheimtuaðgerðum er frestað á vegna umræddrar beiðni.

8. gr.

Endurgreiðslur vegna verðbóta á ofgreidda staðgreiðslu greiðast af rétthöfum staðgreiðslu í sömu hlutföllum og lögbundnir frádrættir tekjuskatts og útsvars sem koma til lækkunar á stofnum til álagningar tekjuskatts og útsvars sem koma fram á skattframtali viðkomandi gjaldanda.

9. gr.

Aðilar eru sammála um að staðgreiðslu vegna viðkomandi staðgreiðsluárs skuli skipt samkvæmt samkomulagi sem gert var 20. febrúar 1989 um skil á staðgreiðslufé þar til álagning vegna viðkomandi staðgreiðsluárs fer fram.

10. gr.

Aðilar eru sammála um að samkomulag þetta verði endurskoðað á hverju ári miðað við stöðu á innheimtri staðgreiðslu og hvernig samkomulag þetta kemur út fyrir samningsaðila. Gert er ráð fyrir því að samkomulagið verði endurskoðað með sama hætti og samkomulagið frá 6. júlí 1989 um sama efni. Skal þeirri endurskoðun lokið 1. mars ár hvert og sé þar með lokið fullnaðaruppgjöri vegna fyrra árs.

11. gr.

Samkomulag þetta öðlast þegar gildi og gildir í fyrsta sinn við álagningu opinberra gjalda á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989. Báðum aðilum er heimilt að segja þessu samkomulagi upp einhliða. Sá aðili, sem vill segja þessu samkomulagi upp, skal hafa gert það eigi síðar en 1. apríl það ár þegar viðkomandi aðili vill ekki að samkomulag þetta gildi við álagningu opinberra gjalda.

Samkomulag um gíróreikninga staðgreiðslu.

1. gr.

Aðilar þessa samkomulags eru Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og fjármálaráðuneytið f.h. ríkissjóðs.

2. gr.

Aðilar eru sammála um að innborganir á skilafé staðgreiðslu fari fram með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í 3. gr. samkomulags þessa og ráðstöfun fjár og vaxtagreiðslur verði síðan með þeim hætti sem kveðið er á um í 4.–7. gr. samkomulags þessa.

3. gr.

Innborganir á skilafé staðgreiðslu fara fram með tvenns konar hætti. Í fyrsta lagi er launagreiðendum í Reykjavík heimilt að greiða til Gjaldheimtunnar í Reykjavík eða inn á sérstakan gíróreikning Gjaldheimtunnar nr. 778899 við Landsbanka Íslands, aðalbanka. Í öðru lagi er launagreiðendum annars staðar en í Reykjavík heimilt að greiða til innheimtumanns í sínu umdæmi eða inn á gíróreikning nr. 025025 við Seðlabanka Íslands í Reykjavík.

Innborganir í greinda gíróreikninga eru háðar því að greiðslur séu inntar af hendi með sérstökum gíróseðlum sem ríkisskattstjóri hefur látið gera.

4. gr.

Gjaldheimtan í Reykjavík tekur alla fjármuni út af gíróreikningi nr. 778899 dag hvern. Ráðstafar hún áætluðum hlut Reykjavíkurborgar með þeim hætti sem Reykjavíkurborg ákveður, en það sem þá er eftir, hlutur ríkissjóðs og annarra sveitarfélaga, verði lagt inn á reikning nr. 025017 við Seðlabanka Íslands.

5. gr.

Ríkisbókhald tekur alla fjármuni út af reikningi nr. 025025 við Seðlabanka Íslands dag hvern þannig að hlut ríkissjóðs er ráðstafað inn á reikning ríkissjóðs í Seðlabanka en hlut sveitarfélaga annarra en Reykjavíkurborgar er ráðstafað samdægurs inn á bankareikning sem Samband íslenskra sveitarfélaga ákvarðar.

6. gr.

Vikulega, nánar tiltekið hvern fimmtudag eða næsta virkan dag þar á eftir ef fimmtudag ber upp á helgidag, skal Ríkisbókhald skipta til annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar þeim fjármunum sem fyrir hendi eru á bankareikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

7. gr.

Vöxtum af gíróreikningi 025025 skal skipta milli ríkissjóðs og allra sveitarfélaga nema Reykjavíkur einu sinni á ári hlutfallslega jafnt því sem þeir aðilar fengu í sinn hlut úr staðgreiðslu. Vextir til sveitarfélaga skulu vera þeir sömu og eru á bankareikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Vextir greiðast ekki Reykjavíkurborg.

8. gr.

Samkomulag þetta gildir til 1. júní 1991 og framlengist síðan ótímabundið eða þar til einhver samningsaðili segir samningunum upp með 3 mánaða fyrirvara.

Fylgiskjal II.

Bréf fjármálaráðuneytisins til Sambands ísl. sveitarfélaga.

(12. desember 1991.)

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 5. þ.m., og fundar í dag með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi hugmyndir um að sameinuð verði á einum gíróseðli innheimta staðgreiðslu af launum, innheimta staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og innheimta á tryggingagjaldi.

Í þessu sambandi vill ráðuneytið leiðrétta þann misskilning sem kemur fram í bréfi

yðar að ekki verði hægt að skila útsvarshluta staðgreiðslu til sveitarfélaga daglega eins og gert er í dag. Þessu til staðfestingar sendist yður bréf Ríkisbókhalds, dags. 11. þ.m., þar sem kemur fram að innheimta á staðgreiðslu og tryggingagjaldi með einum gíróseðli mun ekki seinka skilum til sveitarfélaga.

Jafnframt vill ráðuneytið benda á að í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilað að fela öðrum en innheimtumönnum ríkissjóðs að innheimta tryggingagjald, t.d. sameiginlegri gjaldheimtu ríkis og sveitarfélaga. Þar sem um er að ræða sameiginlega gjaldheimtu ríkis og sveitarfélaga liggur til grundvallar samningur á milli aðila. Það er augljóst að ekki verður gerð breyting að því er þetta varðar nema til komi samkomulag á milli viðkomandi aðila. Ráðuneytið mun því, ef umrætt frumvarp verður að lögum, óska eftir viðræðum við sveitarfélögin um að innheimta á tryggingagjaldi og staðgreiðslu verði sameinuð.

273. Svar [102. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um embættisbústaði.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hvaða embættisbústaðir, einbýlishús eða einstakar íbúðir, eru í eigu íslenska ríkisins eða stofnana (að hluta eða að öllu leyti) sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið?*
2. *Hvert er starfsheiti þeirra sem hafa afnot af embættisbústöðunum og hver er húsaleigan, sundurliðuð eftir bústöðum?*
3. *Hvernig er húsaleigan ákvörðuð?*
4. *Hver er stærð embættisbústaðanna og fasteignamat þeirra, sundurliðað eftir bústöðum?*
5. *Hvenær voru bústaðirnir keyptir eða byggðir og hvert var verð þeirra framreiknað til verðlags í dag, sundurliðað eftir bústöðum?*

Hér með fylgir yfirlit yfir embættisbústaði sem eru í eigu ríkisins og heyra undir landbúnaðarráðuneytið ásamt upplýsingum um starfsheiti þeirra sem hafa afnot af embættisbústöðunum, húsaleigu, stærð bústaðanna og fasteignamat þeirra, enn fremur upplýsingar um hvaða ár þeir voru byggðir eða keyptir, séu þær upplýsingar tiltækar. Ekki er unnt að svara 5. lið fyrirspurnarinnar að fullu.

Leiga fyrir embættisbústaði á vegum ráðuneytisins og stofnana þess hefur verið ákvörðuð samkvæmt reglugerð nr. 334/1982, sbr. lög nr. 27/1968, og framreiknuð árlega samkvæmt hækkunum sem hafa orðið á brunabótamati með nokkrum undantekningum þar sem sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Rétt er að taka fram að lög um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, nr. 27/1968, eiga ekki við um embættismenn sem búið hafa í sama embættisbústað frá því fyrir gildistöku laganna.

Embættisbústaðir í umsjá landbúnaðarráðuneytisins.

	Starfsheiti	Leiga 1. des. '91	Fermetrar (bifreiðageymsla ef við á)	Byggingarár	Fasteignamat 1. des. '90 (þús. kr.)
Bændaskólinn á Hvanneyri:					
Bárekssstaðir	Ekkja	7.845	195,1	1960	3.124
Ráðsmannshús, uppi	Kennari	6.044	76,5	1960	1.604
Ráðsmannshús, niðri	—	4.039	61,2	1960	1.407
Álfhóll	—	7.595	189,4	1957	3.238
Steinbær	—	8.958	156,7	1960	2.827
Skólastjórahús, 3. hæð	—	3.241	62,1	1920	842
Skólastjórahús, 2. hæð	—	5.922	91,3	1920	1.169
Íbúð á heimavist, uppi	—	2.687	43,0	1969	ekki sérmat
Íbúð á heimavist, niðri	Nemandi	2.687	43,0	1969	ekki sérmat
Íbúð bryta, heimavist	Stundakennari	5.451	60,0	1977	ekki sérmat
Kvennaloft 1	Matráðskona	1.701	22,0	1920	ekki sérmat
Kvennaloft 2	Fjósameistari	1.701	20,0	1920	ekki sármat
Skessuhorn	Fjármaður	1.535	12,0	1920	ekki sérmat
Fjósloft	Yfirkennari	1.972	40,5	1949	ekki sérmat
Garður	Loðdýrahirðir	7.102	102,0	1950	1.523
Tungutún	Verkstæðismaður	10.460	229,7	1938	2.901
Grenitún	Endurm.stjóri	11.473	125,4	1980–86	2.631
Bjarkartún	Skólastjóri	15.844	186,0	1980–85	4.016
Bændaskólinn á Hólum:					
Skólastjórabústaður	Skólastjóri	6.000	297,1	1947	4.956
Kennarabústaður II	Skólastjóri[1]	8.000	166,4	1958	3.232
Kennarabústaður I (hús endurnýjað 1990–91)	Forstöðumaður	20.000	227,8	1954	3.746
Starfsmannahús	Húsvörður	8.000	84,4	1970	1.966
Starfsmannahús	Bústjóri	6.000	84,4	1970	1.875
Starfsmannahús, íbúð notuð sem heimavist fyrir nema í endurmenntun:					
Raðhús	Verkefnisstjóri	6.000	77,2	1985	2.094
Raðhús	Fagdeildarstjóri	6.000	77,2	1985	2.094
Raðhús	Verkefnisstjóri	6.000	77,2	1985	2.094
Íbúð í orlofshúsi	Ræstingamaður	8.000	68,0	1986	
Hof I (ekki búið í húsinu)			198,0	1948	
Yfirdýralæknisembættið:					
Andakílshr., dýralæknisbústaður, Odda	Héraðsdýralæknir	14.712	243,6	1969	4.621
Laxárdalshr., Ægisbraut 19	—	11.560	0,0	1963	2.919
Ísafjörður, Urðarvegur 16	—	21.210	240,2	1970	8.185
Hólmavíkurhr., Borgarbraut 13 (húsið leigt Helgu B. Sigurðardóttur)		30.000	260,0	1964	5.033
Sauðárkrókur, Bárustígur 9	Héraðsdýralæknir	8.836	108,5	1949	2.669
Hvammstangahr., Hvammstangabraut 43	—	13.885	235,5	1967	4.706
Blönduós, dýralæknisbústaður	—	8.368	166,1	1960	4.558
Hofsós, Kirkjugata 13	—	15.002	201,6	1975	4.571
Húsavík, Baughóll 44	—	21.570	231,8	1982	8.825
Húsavík, Ketilsbraut 21	—	23.927	177,3	1960	6.466
Þórshafnarhr., Fjarðarvegur 49	—	14.751	196,0	1978	4.840
Egilsstaðir, Reynivellir 14	—	22.955	143,1	1972	5.465
Breiðdalshr., Ásvegur 31	—	10.225	218,5	1974	3.335
Höfn í Hornafirði, Hlíðartún 41	—	22.149	195,7	1969	6.862
Skaftárhr., Skriðuvellir 11	—	18.432	162,9	1977	4.659
Austur-Eyjafjallahr., dýralæknisbúst.	—	21.275	161,2	1975	4.007
Hvolhreppur, Öldugerði 16 (dýralæknisbústaður, leigður Rala)	Verkefnisstjóri	13.508	130,7	1972	3.837
Rangárvallahr., Þrúðvangur 8	Héraðsdýralæknir	26.612	280,9	1966	6.933
Biskupstungnahr., Laugarás	—	14.669	275,4	1955	5.139
Hríseyjarhr., Austurvegur 9	Bústjóri[2]	0	285,2	1955	4.059

	Starfsheiti	Leiga 1. des. '91	Fermetrar (bifreiðageymsla ef við á)	Byggingarár	Fasteignamat 1. des. '90 (þús. kr.)
Garðyrkjuskóli ríkisins:					
Fífilbrekka (sumarbústaður nýttur af nýráðnum starfsmönnum, leiga felst í umönnun húss og lóðar)		0	94,5	1940	3.609
Íbúðarhús (skrifstofuhúsnæði og skólastjórabústaður)[3]	Skólastjóri	0	750,0m³	1949	4.340
Axelshús (kennsluhúsnæði)		0	288,3	1960	7.612
Skógrækt ríkisins:					
Mógilsá, Kjalarneshr.	Ræktunarstjóri	12.061	400,0m³	1965	3.071
Sunnuvegur 8, Hafnarfirði (stendur autt)[4]		0	556,0m³	1935	6.385
Grundarhóll, Kjalarneshr.	Forstöðumaður	19.586	916,0m³	1977	6.700
Bakkakot, Skorradalshr. (óíbúðarhæft)		0	173,0m³	1931	130
Sarpur, Skorradalshr. (óíbúðarhæft)		0	173,0m³	1938	341
Sarpstún, Skorradalshr. (aðstaða fyrir starfsmenn vinnuflokka Skógræktarinnar)		0		1990	0
Hvammur, Skorradalshr. (mötuneyti og aðstaða fyrir starfsmenn)		0	259,0m³	1976	3.743
Hvammshlíð í Skorradal (Skógrækt ríkisins leigir húsið)	Skógarvörður	11.009	520,0m³	1979	
Skógarkot, Þverárhlíðarhr. (leigt FÍN og aðstaða starfsmanna)		0		1980	1.121
Litla-Skarð, Stafholtstungnahr. (aðstaða fyrir starfsmenn vinnuflokka Skógræktarinnar)		0			
Laxaberg, Haukadalshr. (gjöf til Skógræktarinnar)[5]		0			
Skógar, Fellsstrandarhr. (gjöf til Skógræktarinnar)		0			
Skógarstígur 6, Seyluhr.		19.389	594,0m³	1954	2.227
Þórðarstaðir, Hálsahr. (íbúðarhúsið nýtt af ábúanda jarðarinnar)		0	320,0m³	1937	548
Vaglar 1, Hálshr.		6.379	417,0m³	1912	606
Skógarsel, Hálshr. (leigt til 8 ára)		endurbætur	150,0m³		
Vaglar 2, Hálshr.	Skógarvörður	10.804	650,0m³	1967	4.271
Furuvellir, Hálshr. (mötuneyti og aðstaða starfsmanna)		0	168,0m³	1977	816
Ásbyrgi, Kelduneshr. (leigt starfsmannaf. Rarik Norðurl. til 1992)		endurbætur 0		1930	647
Hafursá, Vallahr. (hús mjög lélegt)		2.023	536,0m³	1928	1.457
Mörk, Vallahr. (mötuneyti og aðstaða starfsmanna)		0	250,0m³	1950	731
Hallormsstaður, Vallahr.	Skógræktarstjóri	10.863	538,0m³	1928	585
Akurgerði e.h., Vallahr.	Skógarvörður	7.467	395,0m³	1962	2.000
Akurgerði n.h., Vallahr.	Umdæmisfulltrúi	4.597	195,0m³	1962	1.048
Skriðufell, Gnúpverjahr. (nýtt af ábúanda)			491,0m³	1937	1.091
Kyrrþeyr, Gnúpverjahr. (mötuneyti og aðstaða starfsmanna)		0	556,0m³	1986	3.770
Lóuþræll, Gnúpverjahr. (svefnskáli)		0	39,0m³	1977	
Haukadalur, Biskupstungnahr. (aðstaða fyrir starfsmenn)		0	300,0m³	1981	7.698[6]
Mosfell, Grímsneshr. (lélegir skúrar, aðstaða starfsmanna)		0	85,0m³	1988	1.389

	Starfsheiti	Leiga 1. des. '91	Fermetrar (bifreiðageymsla ef við á)	Byggingarár	Fasteignamat 1. des. '90 (þús. kr.)
Kotmúli, Fljótshlíðarhr. (leiga til 15 ára)		endurbætur			
Tumastaðir, Fljótshlíðarhr.	Skógarvörður	6.061	450,0m³	1945	2.187
Kollabær 1, Fljótshlíðarhr. (aðstaða fyrir starfsmenn)			217,0m³	1935	500
Tunga, Fljótshlíðarhr. (nýkeypt, óráðstafað)			453,0m³		
Rannsóknastofnun landbúnaðarins:					
Smáratún, Hvanneyri	Yfirdeildarstjóri	16.688	166,6	1967	3.521
Hófatún, Hvanneyri	Rannsóknam.	18.673	162,4	1976	3.176
Hestur	Bústjóri	10.156	135,9	1956	3.213
Sámsstaðir[7]	Yfirdeildarstjóri	700		1945	1.444
Þormóðsdalur (leigt rannsóknalögreglum.)[8]		22.512		1935	1.028
Möðruvellir 2 (sérstakur samningur)	Ræktunarf. Norðurl.	0		1938	1.542
Skriðuklaustur 2 (sérstakur samningur)	Búnaðarsb. Austurl.	0		1967	3.327
Landgræðsla ríkisins:					
Gunnarsholt, íbúðarhús	Landgræðslustjóri	12.562	202,3	1967	3.538
Gunnarsholt, íbúðarhús	Verkstjóri	2.264	200,4	1929	2.538
Gunnarsholt, íbúðarhús (leigt Stóðhestastöð ríkisins)		10.450	57,3	1973	1.023
Gunnarsholt, íbúðarhús	Fulltrúi		57,3	1973	1.038
Gunnarsholt, íbúðarhús (til afnota fyrir flugmenn, sjálfboðaliða o.fl.)		0	57,3	1973	1.038
Gunnarsholt, starfsmannahús (mötuneyti, skrifstofur)		0	723,6	1979	10.849
Veiðimálastofnun:					
Hólar í Hjaltadal (íbúðar- og skrifstofuhúsnæði)	Deildarstjóri	10.000	286,9	1988–89	5.977
Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði:					
Hús 1 (engin leiga, sjá um viðhald)[9]	Eldismaður	0	90,2	1944	2.291
Hús 2 (engin leiga, sjá um viðhald)[9]	Eldismaður	0	76,3	1960	1.653
Hús 3 (engin leiga, sjá um viðhald)[9]	Stöðvarstjóri	0	177,4	1978	5.530

[1]Settur.
[2]Bústjóri tók við starfinu 1. september 1991. Eftir er að ganga frá leigumálum.
[3]Húsið einnig nýtt í þágu skólans.
[4]Er í sölu.
[5]Gefandi hefur afnot af húsinu til dauðadags.
[6]Brunabótamat.
[7]Endurskoðun húsaleigu fylgir skipulagsbreytingu í rekstri tilraunastöðvarinnar.
[8]Leigutaki hefur umsjón með hasshundum lögreglunnar.
[9]Hluti húss stöðvarstjóra notað sem skrifstofuhúsnæði.
Hús 1 og 2 – notendur sjá um helgar- og næturvaktir.
Allir notendur sjá um viðhald húsanna.

274. Nefndarálit [189. mál]

frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund hennar komu Indriði H. Þorláksson, Snorri Olsen og Jón Ragnar Blöndal frá fjármálaráðuneytinu og Ari Edwald frá dómsmálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Varða þær allar atriði sem áttu upphaflega að vera í frumvarpinu en höfðu fallið út á vinnslustigi þess. Veigamesta breytingin lýtur að því að við bætist ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um að ákvæði frumvarpsins, sem varða sýslumenn, skulu gilda um bæjar- og borgarfógeta fram til 1. júlí 1992 er lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði ganga í gildi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Geir H. Haarde tók þátt í afgreiðslu málsins í fjarveru Matthíasar Bjarnasonar, sbr. 3. mgr. 17. gr. þingskapa.

Alþingi, 16. des. 1991.

Rannveig Guðmundsdóttir, varaform., frsm.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.	Vilhjálmur Egilsson.
Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.	Ingi Björn Albertsson.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.	Geir H. Haarde.	Sólveig Pétursdóttir.

275. Breytingartillögur [189. mál]

við frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. 2. málsl. 6. gr. falli brott.
2. Við 9. gr. Í stað orðsins „arfleiðsluskrá“ í 2. mgr. komi: erfðaskrá.
3. Við 11. gr. Við 18. tölul. bætist nýr stafliður, er verði a-liður, og orðist svo:
   a. til 6 mánaða eða skemur kr. 20.000
4. Við 14. gr. Á eftir 4. tölul. bætist nýr tölul. svohljóðandi:
   Leyfi til skilnaðar að borði og sæng kr. 2.000
5. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Ákvæði þessara laga, er varða sýslumenn, gilda um bæjarfógeta og borgarfógeta eftir því sem við á til 1. júlí 1992.

276. Breytingartillögur [30. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 og brtt. á þskj. 246.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Á eftir 11. gr. kemur ný grein er orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að yfirtaka skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð allt að 1.700 m.kr.
2. Við b-lið 3. tölul. á þskj. 246. Liðurinn orðist svo: 8.– 10. tölul. falli brott.

277. Fyrirspurn [212. mál]

til utanríkisráðherra um samskipti varnarliðsins á Íslandi og íslenskra starfsmanna þess.

Frá Árna R. Árnasyni.

Hvað hyggst ráðherrann gera til að bæta samskipti varnarliðsins á Íslandi og íslenskra starfsmanna þess og eyða óvissu þeirra um atvinnuöryggi sem skapast hefur að undanförnu?

278. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 4. júní 1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér að dregið verði úr hlutverki Verðlagsráðs sjávarútvegsins í áföngum og frjálsræði við ákvarðanir á verði fersks sjávarafla verði aukið að sama skapi. Nefndin hefur fengið umsagnir um frumvarpið frá Fiskifélagi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjómannasambandi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda, Vélstjórafélagi Íslands og Íslenskum sjávarafurðum hf. Allir umsagnaraðilar taka jákvæða afstöðu til frumvarpsins að undanskildum Íslenskum sjávarafurðum hf.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Guðjón Guðmundsson tók þátt í afgreiðslu málsins í fjarveru Matthíasar Bjarnasonar, sbr. 3. mgr. 17. gr. þingskapa.

Anna Ólafsdóttir Björnsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi, sbr. 1. mgr. 14. gr. þingskapa.

Stefán Guðmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1991.

Össur Skarphéðinsson, varaform., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Árni R. Árnason.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.		Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

279. Lög [176. mál]

um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 193.

280. Frumvarp til laga [189. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

I. KAFLI

Dómsmálagjöld.

1. gr.

Við meðferð einkamáls í héraði skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

1. Fyrir útgáfu stefnu	1.000 kr.
2. Fyrir þingfestingu	3.000 kr.
3. Fyrir dómkvaðningu matsmanns	3.000 kr.
4. Fyrir endurrit og ljósrit á hverja síðu	100 kr.

Við meðferð einkamáls fyrir Hæstarétti skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

1. Fyrir kæru	10.000 kr.
2. Fyrir áfrýjunarleyfi	10.000 kr.
3. Fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu	10.000 kr.
4. Fyrir þingfestingu	3.000 kr.
5. Útivistargjald	10.000 kr.

Fyrir sjópróf og aðra sönnunarfærslu fyrir héraðsdómi án tengsla við rekstur máls fyrir hlutaðeigandi dómi skal greiða 5.000 kr. í ríkissjóð.

Gjöld skv. 1. og 2. mgr. skal einnig greiða fyrir sakaukasök, gagnsök, meðalgöngusök og framhaldssök.

Gjöld skv. 1.–3. mgr. greiðast ekki í eftirfarandi málum:
1. Málum til heimtu vinnulauna.
2. Barnsfaðernismálum.
3. Málum til vefengingar á faðerni barns.
4. Lögræðissviptingarmálum.
5. Kjörskrármálum.
6. Einkarefsimálum.
7. Gjafsóknarmálum að því leyti sem gjald yrði lagt á gjafsóknarhafa.

2. gr.

Í málum vegna aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu og nauðungarsölu skal greiða gjöld skv. 1. gr. fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir því sem átt getur við.

Fyrir meðferð aðfararbeiðni fyrir héraðsdómi, án þess að gerðarþoli verði kvaddur fyrir dóm, skal greiða 3.000 kr. í ríkissjóð. Gjald þetta skal greitt um leið og beiðni er afhent héraðsdómi, en ef gerðarþoli er síðan kvaddur fyrir dóm fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

3. gr.

Í málum, sem eru rekin fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um gjaldþrotaskipti, skal greiða gjöld skv. 1. gr. eftir því sem átt getur við.

Þá skal greiða 3.000 kr. í ríkissjóð fyrir eftirfarandi málefni fyrir héraðsdómi:
1. Fyrir kröfu um opinber skipti á dánarbúi.
2. Fyrir kröfu um opinber skipti til fjárslita milli hjóna eða við slit óvígðrar sambúðar.
3. Fyrir kröfu um opinber skipti til slita á félagi.
4. Fyrir beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, þar á meðal um framlengingu hennar.
5. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar.
6. Fyrir beiðni um heimild til að leita nauðasamnings.
7. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings.
8. Fyrir kröfu um staðfestingu nauðasamnings.
9. Fyrir kröfu um gjaldþrotaskipti.

Gjald skv. 2. mgr. skal greitt um leið og beiðni eða krafa er afhent héraðsdómi. Komi til rekstrar máls til að leysa úr ágreiningi um beiðni eða kröfu fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

Að því leyti sem héraðsdómari lætur birta kvaðningar vegna málefna skv. 2. mgr. með öðrum hætti en í pósti eða símskeyti skal sá sem beiðni eða krafa stafar frá bera kostnaðinn af því.

Gjöld skv. 1. mgr. og 2. mgr. verða ekki greidd ef um mál er að ræða sem ákvæði 5. mgr. 1. gr. taka til.

II. KAFLI
Gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti fyrir sýslumanni.

4. gr.

Þegar beiðni um fjárnám er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1%

þeirrar fjárhæðar sem fjárnáms er krafist fyrir, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, þó aldrei minna en 3.000 kr. eða meira en 10.000 kr. Gjald skal reiknað í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður. Ef fjárnáms er krafist hjá fleiri en einum gerðarþola í sömu beiðni skal greiða þetta gjald vegna hvers þeirra.

Þegar beiðni um kyrrsetningu eða löggeymslu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald skv. 1. mgr. sem tekur mið af fjárhæðinni sem gerðar er krafist fyrir.

Við lögbannsgerð eða aðfarargerð til fullnustu á öðru en skyldu til peningagreiðslu skal greiða 5.000 kr. í ríkissjóð um leið og beiðni um gerðina er afhent sýslumanni.

Gjöld skv. 1.–3. mgr. eru ekki endurkræf þótt beiðni sé afturkölluð eða ekki verði af framkvæmd gerðar af öðrum sökum. Sérstakt gjald verður ekki tekið við endurupptöku gerðar.

Gjöld skv. 1.–3. mgr. verða hvorki greidd vegna mála sem 5. mgr. 1. gr. tekur til né vegna fullnustu sektar eða kröfu um sakarkostnað í opinberu máli.

5. gr.

Þegar beiðni um nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem er krafist fullnustu á, að meðtöldum vöxtum og kostnaði. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á fasteign eða eign sem verður ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign skal þetta gjald aldrei vera minna en 9.000 kr. eða meira en 30.000 kr. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á lausafé skal gjaldið aldrei vera minna en 3.000 kr. eða meira en 10.000 kr. Ákvæði 4. og 5. mgr. 4. gr. gilda um skyldu til greiðslu þessa gjalds.

Þegar beiðni um nauðungarsölu í öðru skyni en til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald í ríkissjóð. Ef beiðnin er um nauðungarsölu á fasteign eða annarri eign sem verður ráðstafað með sama hætti og fasteign er gjaldið 15.000 kr., en ef beiðnin varðar annars konar eign 5.000 kr.

Þegar fasteign er seld á uppboði greiðist 1% söluverðs sem sölulaun í ríkissjóð. Það sama á við um aðrar eignir sem eru seldar eftir sömu reglum og gilda um nauðungarsölu fasteigna.

Þegar aðrar eignir en getur í 3. mgr. eru seldar á uppboði greiðast 5% söluverðs sem sölulaun í ríkissjóð.

Gjöld skv. 1.–4. mgr. skulu reiknuð í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður.

6. gr.

Þegar einkaskiptum á dánarbúi er lokið skal greiða 5.000 kr. sem skiptagjald í ríkissjóð samhliða greiðslu erfðafjárskatts. Skiptagjald greiðist þó ekki ef arfur rennur að öllu leyti til erfingja sem er undanþeginn skyldu til greiðslu erfðafjárskatts.

7. gr.

Við framkvæmd aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu, nauðungarsölu og skipti dánarbúa fyrir sýslumanni verður ekki krafist frekari greiðslna en segir í 4.–6. gr. nema fyrir:

1. Óhjákvæmilegan akstur sem sá sem krefst aðgerðar býður ekki fram með viðunandi hætti. Sé notað ökutæki starfsmanns sýslumanns reiknast aksturskostnaður eftir almennum reglum um afnot ríkisstarfsmanna á eigin ökutæki við rækslu starfa sinna.

2. Útlagðan kostnað úr ríkissjóði vegna óhjákvæmilegrar ferðar og dvalar sýslumanns eða starfsmanns hans utan umdæmis hans.
3. Þóknun eftir ákvörðun sýslumanns handa öðrum en starfsmönnum sínum sem eru kvaddir til að leysa af hendi nauðsynleg störf.
4. Ljósritun, en fyrir hana skal greiða með sama hætti og segir í 1. gr.

Greiðslur skv. 1. mgr. renna í ríkissjóð og verður þeirra krafist um leið og tilefni gefst til þeirra. Sýslumanni er heimilt að áskilja fyrirframgreiðslu þannig að frekari framkvæmd umbeðinnar aðgerðar falli niður ef hún verður ekki innt af hendi.

III. KAFLI
Gjöld fyrir þinglýsingar og lögbókandagerðir.

8. gr.

Fyrir þinglýsingu skjala skal greiða 1.000 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottnám lögræðissviptingar.

9. gr.

Fyrir afsagnargerðir, stefnubirtingar og aðrar slíkar gerðir er lögbókandi framkvæmir skal greiða 1.000 kr.

Fyrir lögbókandavottorð á erfðaskrá og á samninga skal greiða 2.000 kr.

Fyrir drátt í happdrætti skal greiða 3.000 kr.

IV. KAFLI
Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda.

10. gr.

Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skírteina skal greiða sem hér segir:

1.	Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	75.000 kr.
2.	Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	50.000 kr.
3.	Leyfi til að stunda almennar lækningar	5.000 kr.
4.	Leyfi til að stunda sérfræðilækningar	75.000 kr.
5.	Leyfi til að stunda almennar tannlækningar	50.000 kr.
6.	Leyfi til að stunda sérfræðitannlækningar	75.000 kr.
7.	Lyfsöluleyfi	75.000 kr.
8.	Leyfi til tæknifræðinga, verkfræðinga, arkitekta, lyfjafræðinga, viðskiptafræðinga og hagfræðinga	25.000 kr.
9.	Löggilding endurskoðenda	75.000 kr.
10.	Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkar, skjalaþýðendur, endurskoðendur o.fl.)	25.000 kr.
11.	Löggilding manns um óákveðinn tíma	5.000 kr.
12.	Meistarabréf	25.000 kr.
13.	Sveinsbréf	5.000 kr.
14.	Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A	11.000 kr.
15.	Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna B	13.000 kr.
16.	Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna C	14.000 kr.
17.	Vélstjórnarskírteini	13.000 kr.
18.	Fyrir endurnýjun leyfa skv. 14.–17. tölul.	3.000 kr.
19.	Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa	3.000 kr.

20. Flugnema- og svifflugmannsskírteini ..... 5.000 kr.
21. Einkaflugmannsskírteini ..... 6.000 kr.
22. Atvinnuflugmannsskírteini III. fl. ..... 15.000 kr.
23. Atvinnuflugmannsskírteini II. fl. ..... 20.000 kr.
24. Atvinnuflugmannsskírteini I. fl. ..... 25.000 kr.
25. Flugvéltækna-, flugvélstjóra- og flugumferðarstjóraskírteini ..... 25.000 kr.
26. Skírteini til kvikmyndasýninga
    a. staðbundin skírteini ..... 5.000 kr.
    b. sveinsskírteini ..... 5.000 kr.
    c. meistaraskírteini ..... 5.000 kr.
27. Naglabyssuskírteini ..... 5.000 kr.
28. Skírteini fyrir suðumenn ..... 5.000 kr.
29. Önnur leyfi af svipuðum toga er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum ..... 5.000 kr.

V. KAFLI
Leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi.

11. gr.

Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa skal greiða sem hér segir:

1. Heildsöluleyfi ..... 70.000 kr.
2. Umboðssöluleyfi ..... 50.000 kr.
3. Smásöluleyfi ..... 50.000 kr.
4. Lausaverslunarleyfi ..... 50.000 kr.
5. Endurnýjun verslunarleyfis ..... 20.000 kr.
6. Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki ..... 100.000 kr.
7. Leyfi til verðbréfamiðlunar ..... 50.000 kr.
8. Bráðabirgðaleyfi til verðbréfamiðlunar ..... 10.000 kr.
9. Leyfi til fasteignasölu ..... 100.000 kr.
10. Leyfi starfrækslu uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla ..... 50.000 kr.
11. Endurnýjun leyfis skv. 10. tölul. ..... 5.000 kr.
12. Leyfi til starfrækslu rækju- og hörpudiskvinnslu ..... 50.000 kr.
13. Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað ..... 50.000 kr.
14. Leyfi fyrir gistiheimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi ..... 20.000 kr.
15. Leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskálaleyfi, veisluþjónustuleyfi, veitingaverslunarleyfi ..... 15.000 kr.
16. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 13.–15. tölul. ..... 3.000 kr.
17. Leyfi til tækifærisveitinga ..... 3.000 kr.
18. Leyfi fyrir áfengisveitingastað
    a. til sex mánaða eða skemur ..... 20.000 kr.
    b. til eins árs eða skemur ..... 30.000 kr.
    c. til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára ..... 50.000 kr.
    d. til lengri tíma en tveggja ára ..... 100.000 kr.
19. Leyfi til áfengisveitinga (tækifærisveitinga) ..... 5.000 kr.
20. Leyfi til að framleiða áfenga drykki ..... 100.000 kr.

21. Almennt skemmtanaleyfi fyrir veitingastað
    a. til eins árs eða skemur ..... 100.000 kr.
    b. til lengri tíma en eins árs ..... 300.000 kr.
22. Iðju- og iðnaðarleyfi ..... 25.000 kr.
23. Önnur leyfi af svipuðum toga er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum ..... 5.000 kr.

VI. KAFLI

Ýmis leyfi varðandi heimild til að selja, kaupa og fara með hættuleg efni og tæki.

12. gr.

Greiða skal gjald fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa sem hér segir:

1. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni) ..... 3.000 kr.
2. Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum ..... 5.000 kr.
3. Endurnýjun leyfisskírteina skv. 2. tölul. ..... 3.000 kr.
4. Leyfi til að framleiða skotelda, skotvopn, skotfæri eða sprengiefni ..... 25.000 kr.
5. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, auk gjalds fyrir verslunarleyfi ..... 15.000 kr.
6. Endurnýjun leyfis skv. 5. tölul. ..... 3.000 kr.
7. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu ..... 3.000 kr.
8. Leyfi til kaupa á sprengiefni ..... 6.000 kr.
9. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar ..... 6.000 kr.
10. Önnur sambærileg leyfi nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum ..... 3.000 kr.

VII. KAFLI

Gjöld fyrir ýmsar skráningar.

13. gr.

Fyrir eftirfarandi skráningar skal greiða gjald sem hér segir:

1. Skráning hlutafélags og samvinnufélags ..... 100.000 kr.
2. Skráning erlendra félaga ..... 50.000 kr.
3. Skráning firma eins manns ..... 40.000 kr.
4. Skráning firma tveggja manna eða fleiri ..... 50.000 kr.
5. Aukatilkynningar og skráning breytinga ..... 1.000 kr.
6. Skráning loftfars til atvinnuflugs ..... 60.000 kr.
7. Skráning loftfars til einkaflugs ..... 30.000 kr.
8. Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.) ..... 5.000 kr.
9. Skráning kaupmála ..... 4.000 kr.
10. Lögskráning sjómanna ..... 500 kr.
11. Aðrar skráningar sem framkvæmdar eru af stjórnvöldum ..... 4.000 kr.

VIII. KAFLI
Ýmis vottorð og leyfi.

14. gr.

1.	Fyrir vegabréf til útlanda (18–66 ára)	4.000 kr.
2.	Fyrir vegabréf til útlanda fyrir aðra	1.500 kr.
3.	Fyrir borgaralega hjónavígslu	4.000 kr.
4.	Lögskilnaðarleyfi	2.500 kr.
5.	Leyfi til skilnaðar að borði og sæng	2.000 kr.
6.	Ættleiðingarleyfi	2.000 kr.
7.	Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu	1.000 kr.
8.	Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar	1.000 kr.
9.	Fyrir sakavottorð gefin út samkvæmt beiðni einstakra manna	1.000 kr.
10.	Fyrir veðbókarvottorð	800 kr.
11.	Fyrir önnur embættisvottorð	1.000 kr.

IX. KAFLI
Ljósrit og endurrit.

15. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit skal greiða 100 kr. fyrir hverja vélritaða síðu. Fyrir staðfestingu dómsgerða skal greiða 1.000 kr.

Í ritlaunum skv. 1. mgr. er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og lögbókandastaðfestingum.

X. KAFLI
Um innheimtu gjaldanna, gildistöku o.fl.

16. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum skulu renna í ríkissjóð.

Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum annast sýslumenn, héraðsdómarar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneyti eða önnur ráðuneyti í umboði þess.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjaldið er tekið fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

17. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður hvort ríkissjóður eða innheimtuaðilar opinberra gjalda skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum er þessa aðila varða.

18. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum eru grunngjöld og er heimilt að hækka þau um hver áramót í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á árinu á vísitölu vöru og þjónustu, í fyrsta sinn 1. janúar 1993. Grunnvísitalan er 161,1 stig.

Þegar gjald hefur verið reiknað út skv. 1. mgr. skal það hækkað eða eftir atvikum lækkað í næsta hundrað.

Fjármálaráðherra skal með auglýsingu í Stjórnartíðindum tilkynna breytingar skv. 1. mgr.

19. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1992. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, og reglugerðir sem settar voru samkvæmt heimild í þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þessara laga, er varða sýslumenn, gilda um bæjarfógeta og borgarfógeta eftir því sem við á til 1. júlí 1992.

281. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Steingrími Hermannssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-233 601 Rannsóknasjóður.	
Fyrir „110.000“ kemur	120.000
2. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál. Nýr liður:	
150 Til byrjunarframkvæmda við handboltahöll	50.000
Varatillaga:	
Við 6. gr. Nýr liður:	
1.4. Að taka lán að upphæð 50 millj. kr. til byrjunarframkvæmda við byggingu handboltahallar samkvæmt alþjóðlegum samningi um heimsmeistaramót í handbolta á Íslandi.	
3. Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.	
a. Við 690 Bygging heilsugæslustöðvar í Kópavogi.	
Fyrir „294.200“ kemur	299.200
b. Í sérstakt yfirlit (a-lið, Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar) bætist nýr liður:	
Kópavogur	5.000
4. Við 4. gr. 08-400 101 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.	
Fyrir „119.800“ kemur	239.800

282. Svar [11. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um fjölda leiðbeinenda í grunnskólum.

Hvert er hlutfall kennara og leiðbeinenda við grunnskóla í einstökum fræðsluumdæmum?

	Fjöldi	Stöðugildi	%
Reykjavík.			
Grunnskólakennarar	931	823,50	95,21
Leiðbeinendur	55	41,50	4,79
Reykjanesumdæmi.			
Grunnskólakennarar	685	610,09	88,06
Leiðbeinendur	111	82,73	11,94
Vesturlandsumdæmi.			
Grunnskólakennarar	191	167,36	79,46
Leiðbeinendur	61	43,26	20,54
Vestfjarðaumdæmi.			
Grunnskólakennarar	78	67,76	49,71
Leiðbeinendur	85	68,55	50,29
Norðurlandsumdæmi vestra.			
Grunnskólakennarar	120	94,29	63,40
Leiðbeinendur	86	54,44	36,60
Norðurlandsumdæmi eystra.			
Grunnskólakennarar	316	280,18	81,40
Leiðbeinendur	149	64,02	18,60
Austurlandsumdæmi.			
Grunnskólakennarar	149	121,84	60,33
Leiðbeinendur	98	70,35	39,67
Suðurlandsumdæmi.			
Grunnskólakennarar	274	212,76	79,37
Leiðbeinendur	101	55,31	20,63
Landið allt.			
Grunnskólakennarar	2744	2315,78	82,83
Leiðbeinendur	746	480,16	17,17

283. Tillaga til þingsályktunar [213. mál]

um staðfestingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samkomulag um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem undirritað var í Tammerfors 21. ágúst 1991.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samstarfssamningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar var undirritaður í Helsingfors 23. mars 1962. Breytingar á honum voru gerðar með samningum 13. febrúar 1971, 11. mars 1974, 15. júní 1983 og 6. maí 1985. Samninginn og breytingar er að finna í auglýsingum í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1962, 16/1971, 17/1975, 13/1983 og 16/1985, sbr. einnig auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1986.

Hinn 21. ágúst 1991 var undirritað í Tammerfors samkomulag um breytingar á 51., 52., 54., 56., 57. og 58. gr. samningsins. Eiður Guðnason umhverfisráðherra undirritaði samkomulagið fyrir Íslands hönd. Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Helstu breytingar á Helsingforssamningnum samkvæmt samkomulaginu eru þessar:

a. Gert er ráð fyrir því að hægt verði að boða til reglulegs þings Norðurlandaráðs oftar en einu sinni á ári (breyting á 2. mgr. 51. gr.).
b. Fulltrúum í stjórnarnefnd Norðurlandaráðs er fjölgað úr 10 í 11 (breyting á 52. gr.).
c. Stjórnarnefndinni og fastanefndum ráðsins verður heimilt að gera tillögur til ráðsins (breyting á 1. mgr. 55. gr.).
d. Stjórnarnefndinni verður heimilt að afgreiða tillögur til ráðsins án þess að vísa þeim til nefndar (breyting á 2. mgr. 55. gr.).
e. Fulltrúum í ráðinu verður heimilt að beina fyrirspurnum til ríkisstjórnar og ráðherranefndarinnar milli þinga ráðsins (breyting á 57. gr.).
f. Framvegis fellur það í verkahring stjórnarnefndarinnar að ákveða hvernig sameiginlegur kostnaður ráðsins skiptist milli deildanna (breyting á 2. mgr. 58. gr.).

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samkomulagsins frá 21. ágúst 1991.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG
um breytingu á samstarfssamningnum milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem með samkomulagi frá 13. febrúar 1971, 11. mars 1974, 15. júní 1983 og 6. maí 1985 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Norðurlandanna, og

sem telja ráðvænlegt að gera tilteknar breytingar á skipulagi og starfsháttum Norðurlandaráðs,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

51., 52., 54., 55., 56., 57. og 58. greinar samstarfssamningsins orðast svo:

51. grein

Þing Norðurlandaráðs skipa allir fulltrúar ráðsins.

Reglulegt þing er háð einu sinni á ári hið minnsta. Til aukaþings skal kvatt þegar stjórnarnefndin ákveður eða þegar að minnsta kosti tvær ríkisstjórnir eða eigi færri en 25 kjörnir fulltrúar æskja þess.

Vald ráðsins er í höndum þingsins, nema annað sé ákveðið.

Þingfundir eru háðir í heyranda hljóði nema þingið ákveði annað.

52. grein

Á fyrsta reglulegu þingi hvers árs kýs þingið stjórnarnefnd til eins árs í senn sem í eiga sæti forseti og flest tíu fulltrúar aðrir.

Hver deild ráðsins skal eiga eigi færri en tvo fulltrúa í stjórnarnefndinni. Þess skal gætt, svo sem unnt er, að mismunandi stjórnmálastefnur eigi fulltrúa í stjórnarnefndinni.

Fulltrúi í stjórnarnefndinni skal vera kjörinn fulltrúi í ráðinu. Losni starf fulltrúa í stjórnarnefnd milli tveggja reglulegra þinga skal deild sú, sem fulltrúinn átti sæti í, kjósa annan fulltrúa til setu í stjórnarnefndinni þar til ný stjórnarnefnd verður kosinn.

Stjórnarnefndin annast dagleg störf ráðsins og er að öðru leyti fulltrúi þess í samræmi við samning þennan og þingsköp ráðsins.

54. grein

Ráðinu til aðstoðar í störfum sínum er skrifstofa stjórnarnefndarinnar undir stjórn ritara stjórnarnefndarinnar sem stjórnarnefndin tilnefnir, svo og nefnd (ritaranefnd) sem í eiga sæti ritari stjórnarnefndarinnar og ritarar deilda landanna.

Sérhver deild ræður starfslið sér til aðstoðar.

55. grein

Sérhver ríkisstjórn, landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands, stjórn Álandseyja, ráðherranefndin, stjórnarnefndin og fastanefndir ráðsins, svo og sérhver fulltrúi, hafa tillögurétt í ráðinu.

Fastanefndir ráðsins eða stjórnarnefndin skal fjalla um sérhvert mál áður en ráðið tekur það til lokaafgreiðslu.

56. grein

Þingið gerir ályktun á grundvelli tillögu sem fram hefur komið.

Stjórnarnefndinni er rétt að bera fram önnur tilmæli á grundvelli tillögu sem fram hefur komið.

Þingið leggur fram álit sitt. Þegar stjórnarnefndin ber fram tilmæli leggur hún fram álit sitt.

Stjórnarnefndin skal tilkynna þinginu þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið samkvæmt 2. og 3. mgr.

57. grein

Kjörinn fulltrúi getur beint fyrirspurn til ríkisstjórnar eða ráðherranefndarinnar vegna skýrslu eða greinargerðar sem send hefur verið ráðinu eða um önnur mál sem varða norræna samvinnu.

58. grein

Hver deild ber kostnað af þátttöku sinni í ráðinu.

Stjórnarnefndin ákveður fyrir hvert fjárhagsár hvernig sameiginlegur kostnaður skiptist milli deildanna.

II.

Samkomulagið öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt það.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samkomulagið tekur gildi.

III.

Frumriti þessa samkomulags skal komið til vörslu hjá finnska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit af því til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Tammerfors 21. ágúst 1991 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

284. Frumvarp til laga [214. mál]

um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. KAFLI
Hlutverk og stjórn.

1. gr.

Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita námsmönnum námslán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

2. gr.

Lánasjóði er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 1. gr. enda hafi þeir náð 20 ára aldri á því almanaksári sem lán er veitt og stundi sérnám.

3. gr.

Miða skal við að námslán samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka tillit til annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns.

Stjórn sjóðsins setur nánari ákvæði um úthlutun námslána.

4. gr.

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnar en hinn varaformaður.

Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skal þó takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu sitji þeir skemur. Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk með samþykki sjóðstjórnar að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. ákvæði laga nr. 97/1974.

5. gr.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er:

1. að veita námsmönnum námslán,
2. að annast fjármál sjóðsins og gerð fjárhagsáætlana,
3. að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á námslánum,
4. að setja reglur um úthlutun námslána,

5. að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum,
6. að afla upplýsinga um námsskipan og námstíma þeirra skóla sem lánað er til,
7. að hafa eftirlit með árangri og ástundun námsmanna,
8. að annast útgáfustarfsemi og aðra kynningu á starfsemi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela bankastofnunum útborgun lána, innheimtu og aðra daglega afgreiðslu.

Bókhaldi skal haga samkvæmt fyrirmælum Ríkisbókhalds, sbr. lög nr. 52/1966.

II. KAFLI
Námslán.

6. gr.

Námslán skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju missiri meðan hann er við nám, þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla þar sem nám er stundað.

Námslán skal ekki veitt nema námsframvinda sé með eðlilegum hætti.

Námsmenn, sem fá lán úr sjóðnum, skulu undirrita skuldabréf við lántöku og leggja fram yfirlýsingu tveggja manna um að þeir taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess.

Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn skuli fullnægja. Ábyrgð ábyrgðarmanns, eins eða beggja, getur fallið niður enda setji námsmaður aðra tryggingu sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta lántökugjöld af veittum lánum.

7. gr.

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 13/1979. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt, eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

Verði breyting á grundvelli lánskjaravísitölunnar eða við útreikning hennar skal þriggja manna nefnd ákveða hvernig vísitölur samkvæmt nýjum breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Nefndin skal þannig skipuð að Seðlabanki Íslands tilnefnir einn mann, Hæstiréttur annan en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

Þegar nýtt skuldabréf er gefið út skulu eldri skuldabréf sameinuð þannig að á hverju nýju skuldabréfi komi fram upphæð heildarskuldar námsmanns eins og hún er á útgáfudegi skuldabréfsins. Endurgreiðsla fer fram á grundvelli síðasta skuldabréfs sem námsmaður gefur út.

Lánstími námsláns skal vera fjórfaldur eðlilegur tími þess náms sem lánað er til og skal lánstími tilgreindur í skuldabréfi. Ljúki námsmaður ekki námi skal lánstími vera tvöfaldur eðlilegur námstími. Endurgreiðsla hefst ári eftir námslok. Sjóðstjórn skilgreinir hvað telja beri námslok og endurgreiðslutíma samkvæmt lögum þessum og úrskurðar um vafatilfelli.

Lán úr sjóðnum skulu bera 3% ársvexti af höfuðstól skuldarinnar. Vextir reiknast frá námslokum.

8. gr.

Námslán skal endurgreitt með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana, jafngreiðslulán, að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu.

Árleg endurgreiðsla ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimt er á fyrri hluta ársins, óháð tekjum, og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimt er á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

Fasta ársgreiðslan nemur fjórðungi ársgreiðslu skv. 1. mgr. en viðbótargreiðslan nemur eftirstöðvum ársgreiðslu skv. 1. mgr., þó þannig ákvörðuð að heildarársgreiðslan sé að hámarki 4% af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári.

Ákvæði 3. mgr. gilda um afborganir af skuldabréfinu fyrstu fimm árin. Við næstu afborganir skal fastagreiðslan nema helmingi ársgreiðslu skv. 1. mgr. og heildarársgreiðslan nema að hámarki 8% af útsvarsstofni ársins á undan.

Það sem ekki greiðist af ársgreiðslu skv. 1. mgr. vegna ákvæða 3. og 4. mgr. um hámark árlegrar endurgreiðslu leggst við höfuðstól lánsins. Verði eitthvað ógreitt eftir að greitt hefur verið í fjórfaldan námstíma greiðir skuldari hámarksgreiðslu skv. 4. mgr. þar til skuldin er að fullu greidd.

Óski lánþegi eftir því að greiða fulla ársgreiðslu skv. 1. mgr. skal hann tilkynna það skriflega til Lánasjóðs.

Skuldara ber á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hverrar greiðslu.

Hundraðshlutinn, sem ákvarðar hámark árlegrar endurgreiðslu skv. 3. og 4. mgr., skal margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 1. mgr., að hluta eða öllu leyti, ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum skuldara, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að veita undanþágu frá ársgreiðslu skv. 1. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Skuldari, sem sækir um undanþágu skv. 7. mgr., skal leggja fyrir sjóðstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta.

Heimilt er að endurgreiða lán örar en mælt er fyrir í þessari grein.

9. gr.

Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól, verðbætur og vexti. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu skv. 7. gr. frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga.

Skuldari skuldbindur sig til að greiða 3% ársvexti af höfuðstól skuldarinnar þegar hann hefur verið reiknaður út skv. 1. mgr. Vextir reiknast frá námslokum og greiðast eftir á á sömu gjalddögum og afborganir.

Endurgreiðslur eru aðfararhæfar án undangengins dóms eða sáttar ef um vanskil er að ræða. Sama gildir um eftirstöðvar skuldar sem felld er í gjalddaga skv. 11. gr.

Endurgreiðslur, sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast, falla sjálfkrafa niður.

10. gr.

Verði á endurgreiðslutíma námslána breyting á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því er telst útsvarsstofn frá því sem nú er skal hámark árlegrar endurgreiðslu

skv. 8. gr. reiknað af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra tilnefnir einn nefndarmann, fjármálaráðherra annan en ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin leitast við að setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns sem geri hámark árlegrar endurgreiðslu hvers skuldara sem líkast því og orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

Sé skattþega áætlaður útsvarsstofn skal miða við hann. Komi í ljós að útsvarsstofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnstæðum.

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að telja fram tekjur sínar til Lánasjóðs og yrði hámark árlegrar endurgreiðslu ákveðið í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verði framtal hans ósennilegt og ekki unnt að sannreyna útsvarsstofn samkvæmt því verður árleg endurgreiðsla hans ákveðin skv. 1. mgr. 8. gr.

11. gr.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga.

Sömu heimild hefur sjóðstjórn ef í ljós kemur að lánþegi hefur vantalið tekjur á framtali sínu.

Sú hækkun, sem verður á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar lánþega, skal gjaldkræf þegar í stað og skulu reiknaðir af henni hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar viðbótargreiðslu sem hækkuð er.

12. gr.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild má veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf. Lán þessi eru veitt með sömu kjörum og almenn námslán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita venjuleg skuldabréfalán sem séu verðtryggð og beri vexti sem eru sambærilegir við almenna útlánavexti banka á hverjum tíma. Vextir skulu reiknast frá útborgun láns. Lánstími skal að hámarki vera 10 ár. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu lána samkvæmt þessari málsgrein.

13. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða að námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlendis, hafi rétt til námslána samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu.

Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

14. gr.

Umsækjendur um lán skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar sem sjóðstjórn telur máli skipta við ákvörðun um veitingu námsláns.

Umsækjendur skulu tilgreina í lánsumsókn hvort þeir óski eftir fullu láni samkvæmt reglum sjóðsins eða lægri fjárhæð.

Innlendum skólum, sem lög þessi taka til, er skylt að láta Lánasjóði í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjenda.

Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið með sem trúnaðarmál.

III. KAFLI
Ráðstöfunarfé o.fl.

15. gr.

Ráðstöfunarfé Lánasjóðs er:

1. Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum og vextir og afborganir af eldri námslánum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé.

Árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins og með lántökugjöldum, sbr. 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega gera fjárhagsáætlanir fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.

Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðstjórn og endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

16. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Sjóðstjórn setur reglur um önnur atriði er greinir í lögum þessum og reglugerð skv. 1. mgr. Stjórnin gefur árlega út þessar reglur sem skulu samþykktar af ráðherra.

Sjóðstjórn er heimilt, ef hagsmunasamtök námsmanna óska eftir, að draga félagsgjald frá láni enda komi ósk námsmanns þar að lútandi fram á lánsumsókn.

17. gr.

Skjöl samkvæmt lögum þessum skulu undanþegin stimpilgjöldum samkvæmt lögum nr. 36/1978.

18. gr.

Ef skuldari samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum getur hann annaðhvort greitt samkvæmt þeim lögum óháð og til viðbótar endurgreiðslum samkvæmt þessum lögum eða hann getur sameinað eldri skuld á skuldabréf sem hann gefur út samkvæmt þessum lögum og endurgreitt alla skuldina samkvæmt því, þó þannig að vextir reiknist eingöngu af lánum teknum samkvæmt þessum lögum.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla samtímis úr gildi lög nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 6. júní 1991 skipaði Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um námslán og námsstyrki. Í nefndina voru skipaðir Guðmundur K. Magnússon prófessor, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Árni M. Mathiesen alþingismaður, Jón Bragi Bjarnason prófessor, Sigurbjörn Magnússon héraðsdómslögmaður og Vilhjálmur Þorsteinsson kerfisfræðingur. Starfsmaður nefndarinnar var Ingólfur Bender hagfræðingur. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum til ráðherra 3. október sl. Ráðherra sendi hagsmunasamtökum námsmanna tillögurnar til umsagnar. Þegar umsagnir þeirra lágu fyrir var nefndinni falið að semja frumvarp þetta. Jafnframt skipaði ráðherra tvo fulltrúa námsmanna í nefndina, þau Pétur Þ. Óskarsson, fulltrúa samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna, og Elsu Valsdóttur, formann Vöku, félags lýðræðissinnaðara stúdenta. Fyrir nefndinni lágu auk ofangreinds nefndarálits hugmyndir samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna um breytingar á LÍN og tillögur Vöku í málefnum Lánasjóðsins.

Fulltrúar námsmanna kynntu sjónarmið samtaka sinna í nefndinni. Þeir standa ekki að frumvarpi þessu og skila séráliti, sbr. fskj. IV og VI, en meiri hluti nefndarinnar telur sig hafa tekið tillit til sjónarmiða þeirra og tillagna á ýmsan hátt, sérstaklega varðandi tekjutengt þak á endurgreiðslur.

Tilgangur þeirra breytinga, sem felast í frumvarpi þessu, er fyrst og fremst að treysta fjárhagslega stöðu Lánasjóðsins til frambúðar og draga úr þeirri byrði sem ríkissjóður hefur af sjóðnum. Hinn mikilvægi stuðningur þjóðfélagsins við menntun verður áfram verulegur. Lánin verða hins vegar dýrari og greiðast upp fyrr en áður enda verður framtíð sjóðsins ekki tryggð með öðrum hætti án aukinna ríkisframlaga.

Með þeim tillögum um breytingar á Lánasjóðnum, sem hér eru settar fram, næst það markmið að tryggja fjárhagsstöðu hans í framtíðinni, þ.e. eftir 10–15 ár miðað við svipað ríkisframlag og nú er til LÍN. Þessu má best lýsa með því að styrkhlutfall ríkisins lækkar úr um 65% nú í um 25% miðað við 6% ávöxtunarkröfu.

Vegna tekjutengingar á endurgreiðslu lána næst ekki það markmið að ríkisframlag nemi um 2,2 milljörðum króna næstu árin að óbreyttu lántökuhlutfalli sjóðsins (55%) og óbreyttum útlánareglum. Ef stemma á stigu við aukningu ríkisframlags á næstu árum án þess að til lækkunar á námslánum komi verður að draga úr fjárþörf sjóðsins með einum eða öðrum hætti. Þar kemur helst til greina að herða kröfur um námsframvindu, skilyrða útborgun námláns því að námsárangri hafi verið skilað eða taka aukin lán vegna bættrar stöðu sjóðsins í framtíðinni ef þetta frumvarp verður samþykkt. Gert er ráð fyrir að það verði verkefni stjórnar sjóðsins að setja reglur um ofangreind atriði í samráði við menntamálaráðherra.

Ljóst er að gildandi námslánakerfi, sem byggist á lögum nr. 72/1982, getur ekki til frambúðar tryggt Lánasjóði íslenskra námsmanna það ráðstöfunarfé sem hann þarf til þess að geta gegnt hlutverki sínu. Fjárþörf LÍN hefur aukist verulega á undanförnum árum. Þetta hefur valdið bæði auknum lántökum sjóðsins og vaxandi ríkisframlagi. Ef svo fer fram sem horfir mun spurn eftir námslánum vaxa á komandi árum. Á aukinni fjárþörf sjóðsins eru ýmsar skýringar: 1) Flest nám að loknum grunnskóla er nú talið lánshæft að einhverju leyti ef undan er skilið nám til stúdentsprófs. 2) Nemendum á háskólastigi og framhaldsskólastigi hefur fjölgað umtalsvert. 3) Við mat á lánsþörf er nú tekið tillit til

fleiri atriða en áður, yfirleitt til hækkunar. 4) Framfærslu- og námskostnaður almennt, þar með talin skólagjöld, hafa aukist verulega. 5) Kostnaður sjóðsins vegna eigin lántöku hefur aukist vegna þess m.a. að ríkisframlag hefur ekki aukist til jafns við útlán. 6) Lítill hvati er í núgildandi kerfi fyrir námsmann til að takmarka lántökur sínar.

Þrátt fyrir nýlega lækkun námslána þurfa framlög ríkissjóðs til LÍN að aukast á næstu árum ef komast á hjá frekari lækkun lánanna.

Endurgreiðslur núgildandi laga eru í aðalatriðum þessar: Lánin eru vaxtalaus en verðtryggð og veitt til 40 ára. Eftirstöðvar falla niður þegar greitt hefur verið í 40 ár. Afborganir hefjast þremur árum eftir námslok og greitt er að hámarki 3,75% af útsvarsstofni ársins á undan, þó að lágmarki 26.391 kr. á ári.

Ekki verður deilt um að þessar lánareglur eru ekki í samræmi við það sem almennt gerist í þjóðfélaginu. Þær hvetja ekki til ráðdeildar, jafnframt því sem skammta verður lán verulega vegna mikillar ásóknar í þau.

Núgildandi lög um námslán frá 1982 voru sett þegar aðrar aðstæður ríktu á fjármagnsmarkaði og lánskjör á öðrum sviðum, svo sem í húsnæðismálum, voru hagstæðari en nú er. Kostnaður ríkissjóðs hefur einnig aukist vegna hærri raunvaxta en áður.

Ríkisendurskoðun sendi til stjórnar LÍN og menntamálaráðuneytisins í apríl á þessu ári skýrslu er nefnist „Greinargerð um fjárhagsstöðu Lánasjóðs íslenskra námsmanna.“ Þar segir m.a.:

„Miðað við áframhaldandi starfsemi þarf sjóðurinn fyrirsjáanlega á miklum ríkisframlögum að halda á næstu árum vegna vaxtamunar inn- og útlána.

Ríkissjóður hefur lagt mikla fjármuni í Lánasjóðinn á undanförnum árum. Fyrirsjáanlegt er að framlög til sjóðsins þurfa að hækka á komandi árum vegna aukinnar fjárbindingar í sjóðnum og aukinnar ásóknar í námslán. Mikill vaxtamunur er á námslánum sem ekki bera vexti og þeim lánum sem sjóðurinn þarf að taka til þess að fjármagna útlán. Vaxtamunur þessi er í dag rúmlega sex af hundraði. Fjárbinding í námslánakerfinu er í dag rúmir 20 milljarðar króna í vaxtalausum námslánum að teknu tilliti til affalla vegna takmarkana á endurgreiðslum. Miðað við óbreytt útlán mun fjármagn, sem bundið er í þessu kerfi, verða um 40 milljarðar króna innan tíu ára og 60 milljarðar króna innan tuttugu ára.

Það er þó e.t.v. líklegra að útlán aukist nokkuð á komandi árum. Ef reiknað er með að útlán aukist um 2,5% á ári til ársins 2010 munu útistandandi námslán verða um 80 milljarðar króna eftir 20 ár sem er fjórföldun á því fjármagni sem er bundið í kerfinu í dag. Þar sem námslánin eru vaxtalaus fellur allur fjármagnskostnaður af þessari fjárhæð fyrr eða síðar á ríkissjóð.

Kostnaður ríkissjóðs við námslánakerfið er um 66% af veittum lánum miðað við að eigið fé sjóðsins á hverjum tíma nægi til að standa við skuldbindingar vegna lána. Er þá gert ráð fyrir að vextir af lánum sem sjóðurinn taki séu 6%.

Sem nálgun mætti segja að ríkisframlag verði að samsvara um 66% af lánveitingum Lánasjóðsins miðað við að eigið fé sjóðsins standi undir skuldbindingum en þær falli ekki síðar á ríkissjóð. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir að vextir af lánum sem sjóðurinn taki séu 6%. Ef ríkisframlagið er lægra er gengið á eigið fé sjóðsins og ef það er hærra er verið að auka við eigið fé sjóðsins. Ef veitt námslán yrðu árlega 3,8 milljarðar króna þyrfti ríkisframlag samkvæmt framansögðu að vera 2,5 milljarðar króna á ári og lántaka um 1,7 milljarðar króna miðað við óbreytt útlán.

Miðað við árlegt framlag úr ríkissjóði, 1,75 milljarða króna, sem er það sama og fjárlög gera ráð fyrir á árinu 1991 og að þeirri fjárþörf sem á vantar verði mætt með lán-

tökum (reiknað er með að slík lán séu til 10 ára og beri 6% vexti) fæst sú niðurstaða að Lánasjóðurinn mun stöðugt þurfa að taka hærri lán og verður svo komið árið 2014 að vaxtagjöld verða orðin 3,9 milljarðar króna sem er hærri fjárhæð en útlán. Þannig skapast í raun vítahringur stigaukinna lántaka og vaxtagjalda.

Kostnaður lækkar hins vegar ef gert er ráð fyrir að fjármagna útlán sjóðsins alfarið með ríkisframlögum án þess að tekin séu lán. Hér fæst sú niðurstaða að ríkissjóður þarf að leggja sjóðnum til 4,8 milljarða króna á árinu 1991. Stærsti hluti þessa fjár fer til fjármögnunar kerfisins og kemur þannig í stað lánsfjár. Framlög fara síðan smám saman lækkandi niður í um 800 milljónir króna. Þessi fjárhæð samsvarar árlegum kostnaði sjóðsins vegna rekstrar og affalla veittra námslána vegna takmarkana á endurgreiðslum.

Styrkir vegna takmarkana á endurgreiðslum.

Vegna endurgreiðslureglna eru námslán að hluta til styrkir. Endurgreiðsla er nú takmörkuð við 40 ár og 3,75% af tekjum. Þetta þýðir að um 19% af veittum námslánum eru í raun styrkir eða um 4,9 milljarðar króna af útistandandi lánum í árslok 1990.

Styrkir vegna vaxtaniðurgreiðslna.

Námslán eru verðtryggð en bera hins vegar enga vexti. Ef námslán eru borin saman við skuldabréf á almennum markaði kemur í ljós að vaxtaniðurgreiðsla ríkissjóðs á námslánum er veruleg. Ef gerð er 6% ávöxtunarkrafa til fjármagns verða afföll af útistandandi námslánum í árslok 1990 rúmir 9,8 milljarðar króna."

Meginbreytingin, sem felst í þessu frumvarpi, er sú að teknir eru upp vægir vextir á lánin, endurgreiðslur hefjast fyrr en áður og greitt er hraðar til baka. Eftirstöðvar falla ekki niður heldur skulu lánin greidd að fullu. Það skiptir því námsmanninn miklu máli að reyna að takmarka lántökur sínar sem kostur er því þá verður greiðslubyrðin minni að námi loknu. Í núgildandi kerfi skiptir ekki máli hversu hátt lán er tekið; greiðslubyrðin verður sú sama, þeir námsmenn sem taka hæst lán fá mesta styrki. Í frumvarpi þessu er þó gert ráð fyrir að greiðslubyrðin verði nánast sú sama fyrstu fimm endurgreiðsluárin og hún er nú.

Í frumvarpi þessu er lögð áhersla á að LÍN geti áfram auðveldað fólki að afla sér menntunar með því að veita hagstæð lán jafnframt því sem lánareglur verði á þann veg að hvatt sé til ráðdeildar af hálfu námsmanna og framlög úr ríkissjóði minnki með því að endurgreiðslur lána standi í ríkari mæli undir útlánum.

Reynt er að varðveita þá kosti sem núverandi námslánakerfi hefur, t.d. um að lána til næstum hvaða náms sem er að uppfylltum tilteknum almennum skilyrðum. Einnig er gert ráð fyrir að endurgreiðslur á hverju ári fari ekki fram úr tilteknu hlutfalli af tekjum fyrra árs.

Lögð er áhersla á að raska sem minnst reglum um útlán sjóðsins en lagðar eru til veigamiklar breytingar á endurgreiðslureglum til að tryggja fjármögnun sjóðsins, þó áfram sé gert ráð fyrir að námslán séu meðal hagstæðustu lána sem í boði eru í þjóðfélaginu.

Í frumvarpi þessu er lagt til að öll ákvæði um námsstyrki falli niður. Í því sambandi er rétt að taka fram að menntamálaráðherra mun beita sér fyrir endurskoðun laga nr. 51/1957, um Vísindasjóð, í þeim tilgangi að hann geti í ríkari mæli en nú veitt styrki til námsmanna í langskólanámi og til skólagjalda. Það leiðir til þess að þörf t.d. doktorsnema fyrir námslán ætti að minnka.

Helstu breytingar frá núgildandi lögum, sem lagt er til að gerðar verði samkvæmt frumvarpi þessu, eru eftirfarandi:

1. Námlán beri 3% vexti frá námslokum en séu vaxtalaus á námstíma.
2. Endurgreiðslur hefjist ári eftir námslok í stað þriggja.

3. Lánstími verði fjórfaldur námstími. Hámark árlegrar endurgreiðslu verði þó 4% af útsvarsstofni ársins á undan endurgreiðsluári fyrstu fimm árin en 8% eftir það. Greitt verði af láninu þar til það er fullgreitt.
4. Hætt verði að lána til sérnáms sem ekki er á háskólastigi, nema lánþegi verði 20 ára á því almanaksári sem lán er veitt.
5. Felld verði niður öll ákvæði um námsstyrki en gert ráð fyrir að Vísindasjóður verði efldur til þess að veita námsstyrki.
6. Felld verði niður ákvæði um lífeyrissjóðsgreiðslur.
7. Sjóðnum verði heimilt að innheimta lántökugjöld til þess að greiða reksturskostnað.
8. Gerð verði krafa um tvo ábyrgðarmenn í stað eins.
9. Gert er ráð fyrir að skuldabréf verði sameinuð jafnóðum svo að ekki séu í gildi margar skuldaviðurkenningar frá lánþegum.
10. Námsaðstoð verði aldrei greidd út fyrr en sýnt hefur verið fram á námsárangur.
11. Stjórn sjóðsins verði heimilt að veita almenn skuldabréfalán.
12. Heimild til að veita víxillán falli niður.

Um talnaleg áhrif þeirra breytinga, sem felast í frumvarpi þessu, er aðallega vísað til sérstaks fylgiskjals en þó skal hér drepið á nokkur atriði.

Með samþykkt þessa frumvarps mun að líkindum draga eitthvað úr spurn eftir námslánum þar sem þau verða ekki eins eftirsóknarverð og áður. Einnig er aðgangur að námslánum lítillega takmarkaður frá núgildandi lögum. Eins munu vextir, hertar endurgreiðslureglur, auknar kröfur um ábyrgðarmenn og lántökugjöld hvetja til varfærni og ráðdeildar. Í útreikningum þeim, sem fylgja frumvarpi þessu, er ekki gerð tilraun til þess að meta hve mikið gæti dregið úr spurn eftir námslánum.

Miðað við áætlanir um fjölgun nemenda og fjárþörf LÍN í framtíðinni valda hugmyndirnar um 3% vexti og lánstíma sem er fjórfaldur námstími, greiðslur sem hefjast ári eftir námslok, 1,2% lántökugjald og fleira um 138 millj. kr. lækkun ríkisframlags árið 1993, 310 millj. kr. lækkun þess árið 1997 og 2.332 millj. kr. lækkun þess árið 2010.

Stuðningur ríkisins (almennings) við menntun er áfram nauðsynlegur og er veittur með vaxtaleysi á námstíma og eftirgjöf á markaðsvöxtum. Árið 1992 er áætlað að þessi stuðningur ríkisins nemi 400 millj. kr. í formi vaxtaleysis á námstíma og 400 millj. kr. í formi vaxtaniðurgreiðslna. Samanlagður stuðningur ríkisins við menntun samkvæmt frumvarpi þessu yrði í heild nálægt einum milljarði króna árið 1992.

Hér er um nokkuð veigamiklar breytingar að ræða frá fyrri lögum og þótti því rétt að leggja fram frumvarp til nýrra laga sem leysa af hólmi lög nr. 72/1982, þó margt sé óbreytt frá núgildandi lögum eins og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar.

Enn fremur heitir frumvarpið „Frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna“ en núgildandi lög eru um námslán og námsstyrki.

Þá hafa verið tekin í lagatexta nokkur atriði úr reglugerð nr. 578/1982. Enn fremur hefur stjórn sjóðsins verið falið vald í vissum tilvikum sem ráðherra hafði áður. Það ætti að draga úr þörf á að ráðherra setji sérstaka reglugerð um starfsemi sjóðsins þó vissulega hafi hann heimild til þess. Úthlutunarreglur og aðrar reglur stjórnar, samþykktar af ráðherra, ættu að nægja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. laga nr. 72/1982.

Um 2. gr.

Lagt er til að ekki verði lánað til annars náms en fellur undir 1. gr. nema námsmaður verði 20 ára á því almanaksári sem lán er veitt og stundi sérnám. Gildir þetta um sérnám bæði innan lands og erlendis. Ástæða þessarar breytingar er sú að margt sérnám, t.d. iðnnám, hefur færst inn í fjölbrautaskólana sem liður í námi til stúdentsprófs, en ekki er lánað til slíks náms. Sanngjarnt hlýtur að vera að námsmenn sitji við sama borð á þessum árum og ógerlegt þykir að láta námslán taka til náms til stúdentsprófs. Þessi breyting snertir liðlega 300 lánþega hjá sjóðnum.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lítillega breytt þeirri skilgreiningu sem var á hugtakinu „opinber aðstoð við námsmenn“ og þess í stað gefin viðmiðun um það fyrir hverju skuli lánað. Ekki er gert ráð fyrir neinum verulegum breytingum á útlánum sjóðsins en stjórnin hefur með þessari breytingu rýmra svigrúm til ákvörðunar á því fyrir hvaða útgjöldum námsmanns skuli lánað og hvaða tillit skuli taka til fjölskyldustærðar hans, tekna o.s.frv. Sjá enn fremur 12. gr.

Þá er fellt niður ákvæði núgildandi laga um lífeyrissjóðsgreiðslur þar sem þau eru úrelt, m.a. vegna breyttra reglna um húsnæðislán. Námsmenn geta eftir sem áður keypt sér lífeyrisréttindi á frjálsum markaði.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 4. gr. laga 72/1982.

Lítilega er breytt orðalagi í síðustu málsgrein um að framkvæmdastjóri hafi heimild til að ráða starfsfólk. Er það í samræmi við það sem verið hefur í framkvæmd.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 5. gr. laga nr. 72/1982 nema bætt hefur verið inn nokkrum liðum sem eru í 8. gr. reglugerðar nr. 578/1982. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr þörf ráðherra til að setja reglugerð um starfsemi sjóðsins. Athygli er vakin á 5. tölul. en þar er stjórninni gert að afgreiða mál á formlegan hátt þannig að tryggt sé að lánþegar sitji við sama borð og fái sambærilega úrlausn mála sinna.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er gerð sú breyting að námslán séu ekki greidd út fyrr en eftir að sýnt hefur verið fram á fullnægjandi námsárangur. Þetta veitir stjórn sjóðsins rýmri heimild til þess að binda útborgun lánanna við framvindu náms. Þetta gildir nú um alla námsmenn en hefur hingað til einungis gilt um fyrsta árs nema.

Ábyrgðarmönnum er fjölgað úr einum í tvo. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn geri sömu kröfur til ábyrgðarmanna og aðrar lánastofnanir.

Þá er því bætt inn að sjóðurinn geti gert lántakendum að uppfylla tiltekin skilyrði sem eru sambærileg við þau skilyrði sem ábyrgðarmenn þurfa að uppfylla, t.d. að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn eða gjaldþrota.

Stjórn sjóðsins er veitt heimild til að innheimta lántökugjöld til að standa undir rekstrarkostnaði og lántökukostnaði líkt og tíðkast hjá öðrum lánastofnunum.

Ekki er tilgreint í lögunum hversu hátt lántökugjaldið skuli vera en ákvörðun um það falin stjórn sjóðsins. Þó er gert ráð fyrir að það verði töluvert lægra en samkvæmt gjaldskrá bankanna. Í útreikningum þeim, sem fylgja frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að lántökugjaldið nemi 1,2% og sé dregið frá lánsfjárhæð.

Um 7. gr.

Tekin er upp sú nýbreytni að á hverju nýju skuldabréfi, sem námsmaður gefur út, komi fram heildarskuld hans. Endurgreiðsla fer fram eftir síðasta skuldabréfi sem hann gefur út. Er þá eldra bréf eyðilagt um leið og nýtt er gefið út. Samkvæmt núgildandi lögum undirrita flestir lánþegar LÍN mörg skuldabréf sem falla öll í gjaldaga á sama tíma og væru þau innheimt samtímis yrði um margfalda greiðslubyrði að ræða. Þetta fyrirkomulag er enn fremur mjög óheppilegt þegar innheimta þarf vanskil. Hefur hér vafalaust verið um yfirsjón að ræða hjá löggjafanum þegar lög nr. 72/1982 voru sett því samkvæmt lögunum frá 1976 voru öll skuldabréf, sem námsmaður hafði gefið út meðan á námi stóð, sameinuð ári eftir námslok og fóru endurgreiðslur fram samkvæmt því skuldabréfi. Með frumvarpi þessu er horfið til þess fyrirkomulags sem gilti fyrir 1982, þó með öðru sniði.

Sú breyting er gerð að endurgreiðslur hefjist ári eftir námslok í stað þriggja ára áður.

Lánstíminn er skilgreindur sem fjórfaldur eðlilegur námstími og skal hann tilgreindur í skuldabréfi, þó með þeim fyrirvara að námsmaður ljúki því námi sem lánað er til annars endurgreiðist lánið á helmingi styttri tíma. Samkvæmt þessu yrði lánstími í þriggja ára BA-námi 12 ár óháð því í hversu mörg ár hann nýtti sér lánsrétt sinn enda ljúki hann viðkomandi námi. Haldi hann áfram til MA-gráðu eða lengra þá lengist lánstíminn fyrir allt lánið.

Lánstíminn kann þó í reynd að verða lengri en fjórfaldur námstími vegna ákvæða í 8. gr. um hámark árlegrar endurgreiðslu. Stjórn LÍN ákveður lánstíma og námslok í vafatilvikum.

Gert er ráð fyrir að námslán ber 3% ársvexti frá námslokum en séu vaxtalaus meðan á námi stendur.

Heimild til að veita víxillán er felld niður. Hún hefur ekki verið notuð hjá sjóðnum um alllangt skeið og má segja að hún sé úrelt.

Um 8. gr.

Endurgreiðslufyrirkomulag samkvæmt þessari grein er nokkurs konar sambland jafngreiðslu miðað við fjórfaldan námstíma og tekjutengdra endurgreiðslna eins og í núgildandi lögum.

Heildarendurgreiðsla á ári ákvarðast af upphæð láns og endurgreiðslutíma skv. 1. mgr. en síðan er sett hámark á árlega endurgreiðslu miðað við ákveðinn hundraðshluta af tekjum. Það sem er umfram hámarkið bætist við höfuðstólinn. Ef skuldin verður ekki upp greidd á fjórföldum námstíma samkvæmt þessu þá verða eftirstöðvar greiddar með ársgreiðslu sem svarar til 8% af útsvarsstofni ársins á undan.

Fasta greiðslan er ávallt innt af hendi án tillits til tekna eins og í núgildandi lögum. Hún er hins vegar ákveðin með öðrum hætti, þ.e. ákveðinn hundraðshluti af árlegri jafngreiðslu.

Í greininni er heimild fyrir skuldara að óska eftir því við sjóðinn að hámarkið gildi ekki gagnvart sér. Skal hann gera það skriflega og eru þá endurgreiðslur óháðar tekjum og greiðist því lánið fyrr upp og vaxtagreiðslur verða lægri.

Skuldara er gert að greiða kostnað við innheimtu hverrar afborgunar líkt og hjá öðrum lánastofnunum.

Ákvæðin um heimild stjórnar til að veita undanþágu frá afborgunum eru óbreytt.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Nánast samhljóða 10. gr. laga nr. 72/1982.

Um 11. gr.

Samhljóða 11. gr. laga nr. 72/1982.

Um 12. gr.

Felld eru niður ákvæðin um námsstyrki en vísað til þess sem sagt er um Vísindasjóð í athugasemdum við lagafrumvarp þetta. Heimild til aukaláns er óbreytt. Það skal einnig tekið fram að þótt ferðastyrkir falli niður samkvæmt þessri grein þá er stjórninni eftir sem áður heimilt að lána fyrir ferðakostnaði.

Tekið er upp það nýmæli að stjórninni er veitt heimild til að veita almenn skuldabréfalán á markaðsvöxtum. Ekki eru í lögunum mótaðar reglur um hvernig þessi heimild skuli nýtt en rétt þótti að stjórnin hefði þessa heimild. Stjórnin verður sjálf að móta reglur um notkun hennar. Gera verður strangar kröfur um endurgreiðslugetu og tryggingar.

Um 13. gr.

Þrengt er ákvæði um að lána erlendum ríkisborgurum öðrum en Norðurlandabúum og í raun sett það skilyrði að lánþegar, aðrir en Norðurlandabúar, séu íslenskir ríkisborgarar nema gagnkvæmir samningar séu fyrir hendi.

Um 14. gr.

Í greinina er tekið upp það nýmæli að námsmaður tilgreini hvort hann sækir um allt það lán sem hann á rétt á eða einungis hluta þess. Hann getur því tekið hlutalán sem ekki er kleift í núgildandi kerfi. Að öðru leyti er greinin samhljóða 14. gr. laga nr. 72/1982.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 15. gr. laga nr. 72/1982. Ákvæði um greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins er sett í þessa grein en var áður í 5. gr. núgildandi laga.

Um 16. gr.

Í greininni er ráðherra heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna en honum er það ekki skylt eins og í núgildandi lögum. Talið er nægilegt að stjórn sjóðsins setji sér starfsreglur sem ráðherra samþykkir.

Ákvæðinu um heimild til að innheimta félagsgjöld hagsmunasamtaka er lítilega breytt. Gert er ráð fyrir að stjórn sjóðins geti tekið slíka ákvörðun en ekki þurfi reglugerðar-

ákvæði. Enn fremur er það gert að skilyrði að námsmaður óski eftir að greiða viðkomandi félagsgjöld.

Um 17. gr.

Nú eru ekki greidd stimpilgjöld af skuldabréfum vegna námslána en fyrir því er engin lagastoð. Fjármálaráðuneytið hefur bent stjórn sjóðsins á það að þessi framkvæmd sé ekki ótvíræð. Því er nauðsynlegt að það séu tekin af öll tvímæli um það að skuldabréf vegna námslána séu undanþegin stimpilgjöldum.

Um 18. gr.

Námsmaður getur valið hvernig hann vill endurgreiða skuld samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum. Annars vegar getur hann greitt þá skuld algerleg óháð og til viðbótar skuld samkvæmt þessum lögum. Hins vegar getur hann sameinað eldri skuld lánum samkvæmt þessum lögum og endurgreitt samkvæmt því. Þó greiðir hann aldrei vexti af eldra láninu. Þetta þýðir að námsmaður þarf að velja um það hvort hann greiðir af lánunum óháð hvort öðru eða endurgreiði eldra lán samkvæmt endurgreiðslureglum þessara laga. Í hvorugu tilfellinu greiðir hann vexti af eldra láninu.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir að lög þessi taki þegar gildi og komi til framkvæmda við úthlutun námslána fyrir skólaárið 1992–1993.

Með frumvarpi þessu fylgja eftirfarandi fylgiskjöl:

1. Yfirlit um töluleg áhrif helstu breytinga frumvarpsins.
2. Yfirlit yfir námslánakerfi á Norðurlöndum í samanburði við Ísland.
3. Útreikningar á greiðslubyrði nokkurra hópa.
4. Sérálit fulltrúa samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna í nefnd um endurskoðun laga um LÍN.
5. Útreikningar á áhrifum tillagna námsmanna á sjóðstreymi LÍN með og án 3% vaxta.
6. Sérálit fulltrúa Vöku í nefnd um endurskoðun laga um LÍN.

Fylgiskjal I.

Áhrif helstu breytinga samkvæmt frumvarpinu.

Fylgiskjal með frumvapi til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna

1. Áhrif hærri tekjutengingar

Hér er sýnt hvaða áhrif það hefur að hækka tekjutenginguna úr 3,75% af útsvarsstofni, eins og hún er í gildandi kerfi, í hámark 4% fyrstu 5 ár afborgana en í hæst 8% eftir það.

---

1. tafla. Ríkisframlag m.v. breytta tekjutengingu

Fjárhæðir í millj. kr.

Ár	*Gildandi kerfi*	*Tekjutenging 4% fyrstu 5 árin 8% upp frá því*	*Lækkun í ríkis-framlagi*
1992	2,470	2,470	0
1993	2,605	2,605	0
1994	2,698	2,698	0
1995	2,835	2,835	0
1996	3,048	3,047	1
1997	3,210	3,207	3
1998	3,292	3,285	7
1999	3,424	3,413	11
2000	3,659	3,641	18
2005	4,302	3,750	551
2010	4,880	3,595	1,285
2015	4.955	3,132	1.822
2020	4.832	2.645	2.187
2025	4,556	2,163	2,393
2030	4,241	1,783	2,457

Aths. Fjárþörf sjóðsins er hér reiknuð án styrkveitinga. Einnig er miðað við að LÍN taki 55% fjárþarfar að láni með 6% vöxtum.

2. Áhrif styttingar greiðslufrests í eitt ár

Í gildandi kerfi er reglan sú að endurgreiðsla námslána hefst þremur árum eftir námslok. Hér er athuğað hverjar afleiðingarnar verða ef þessi tími er styttur í eitt ár. Í eftirfarandi útreikningum í 2. töflu er gengið út frá því að tekjutengingunni jafnframt væri háttað eins og í 1. töflu.

---

2. tafla. Ríkisfamlag m.v. styttingu greiðslufrests

Fjárhæðir í millj. kr.

Ár	*Gildandi kerfi*	*Endurgreiðslur hefjast ári eftir námslok*[1)]	*Lækkun í ríkis-framlagi*[2)]	*Samtals áhrif af liðum 1 & 2*
1992	2,470	2,470	0	0
1993	2,605	2,605	0	0
1994	2,698	2,682	16	16
1995	2,835	2,785	50	50
1996	3,048	2,958	89	90
1997	3,210	3,075	132	135
1998	3,292	3,105	180	187
1999	3,424	3,115	298	309
2000	3,659	3,233	408	426
2005	4,302	3,174	576	1,127
2010	4,880	2,924	671	1,956
2015	4.955	2,569	564	2,308
2020	4.832	2,135	510	2,697
2025	4,556	1,740	423	2,163
2030	4,241	1,378	405	2,862

Aths. Fjárþörf sjóðsins er hér reiknuð án styrkveitinga. Einnig er miðað við að LÍN taki 55% fjárþarfar að láni með 6% vöxtum.

1) Dálkurinn sýnir ríkisframlag ef hvorttveggja breytist í senn, tekjutenging verður skv. 1. töflu og greiðslufrestur er styttur í 1 ár.

2) Vegna styttingar greiðslufrest eingöngu.

3. Áhrif 3% vaxtaálags

Í núgildandi kerfi bera námslánin ekki vexti. Hér er sýnt hvaða afleiðingar það hefur það í för með sér að leggja 3% vexti á námslánin.

3. tafla. Ríkisframlag m.v. álagningu 3% vaxta

Fjárhæðir í millj. kr.

Ár	*Gildandi kerfi*	*Á lánin eru lagðir 3% vextir*[1)]	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Samtals áhrif af liðum 1 - 3*
1992	2,470	2,470	0	0
1993	2,605	2,605	0	0
1994	2,698	2,682	0	16
1995	2,835	2,785	0	50
1996	3,048	2,958	0	90
1997	3,210	3,075	0	135
1998	3,292	3,105	0	187
1999	3,424	3,115	0	309
2000	3,659	3,233	0	426
2005	4,302	3,174	0	1,128
2010	4,880	2,869	55	2,011
2015	4.955	1,955	614	2,922
2020	4.832	1,185	950	3,647
2025	4.556	411	1,330	4,146
2030	4,241	-318	1,904	4,766

Aths. Fjárþörf sjóðsins er hér reiknuð án styrkveitinga. Einnig er miðað við að LÍN taki 55% fjárþarfar að láni með 6% vöxtum.

1) Ríkisframlag ef breyting skv. 1.-3. lið ná fram að ganga

Á það er lögð sérstök áhersla að útreikningarnir eru reistir á meðaltölum. Ef tekið er mið af breyttum reglum varðandi tekjutengingu, 4% fyrstu 5 árin en 8% upp frá því, greiðist meðallánið upp á 16 árum. Eftir þessi 16 ár fara áhrif 3% vaxtaálags fyrst að gæta í spálíkaninu. Þetta er talsvert mikil einföldun, því að ljóst er að margir lánþegar koma til með að greiða lán sín upp á skemmri tíma og enn aðrir á lengri tíma en 16 árum. Áhrif vaxtaálags ætti því að fara að gæta mun fyrr en hér er gert ráð fyrir. Jákvæð áhrif vaxtaálagsins á stöðu sjóðsins eru því vanmetin í þessum útreikningum.

4. Lánin bundin 20 ára nemum og eldri

Nú eru um 320 lánþegar undir 20 ára aldursmarki. Hér er kannað hvaða áhríf það hefði ef þeir fengju ekki lán.

---

4. tafla. Ríkisfamlag m.v. 20 ára aldurstakmark lánþega

Fjárhæðir í millj. kr.

Ár	*Gildandi kerfi*	*Einungis 20 ára og eldri fá lán*[1)]	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Samtals áhrif af liðum 1 - 4*
1992	2,470	2,433	37	37
1993	2,605	2,564	41	41
1994	2,698	2,637	45	61
1995	2,835	2,735	49	100
1996	3,048	2,904	54	144
1997	3,210	3,016	59	194
1998	3,292	3,041	64	251
1999	3,424	3,044	70	380
2000	3,659	3,156	77	497
2005	4,302	3,071	103	1,231
2010	4,880	2,739	130	2,141
2015	4.955	1,807	148	3,148
2020	4.832	1,022	164	3,810
2025	4,556	235	175	4,321
2030	4,241	-835	310	5,076

Aths. Fjárþörf sjóðsins er hér reiknuð án styrkveitinga. Einnig er miðað við að LÍN taki 55% fjárþarfar að láni með 6% vöxtum.

1) Að teknu tilliti til breytinga skv. 1.-4. lið.

5. Felld verði niður ákvæði í 3. gr. laga um LÍN varðandi lífeyrissjóðsgreiðslur

Hér eru sýnd áhrif þess að fella niður ákvæði um lífeyrirssjóðsgreiðslur af námslánum. Í eftirfarandi útreikningum er gert ráð fyrir að fjöldi lánþega sem hefur nýtt sér þetta ákvæði haldist nokkuð stöðugur á komandi árum.

---

5. tafla. Ríkisfamlag m.v. niðurfellingu lífeyrissjóðsgreiðslna

Fjárhæðir í millj. kr.

Ár	*Gildandi kerfi*	*Lífeyrissjóðs-greiðslur látnar niður falla*[1)]	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Samtals áhrif af liðum 1 - 5*
1992	2,470	2,410	23	60
1993	2,605	2,541	23	64
1994	2,698	2,613	24	85
1995	2,835	2,711	24	124
1996	3,048	2,880	25	168
1997	3,210	2,991	26	219
1998	3,292	3,015	26	301
1999	3,424	3,017	27	407
2000	3,659	3,129	27	642
2005	4,302	3,040	31	1,262
2010	4,880	2,704	35	2,176
2015	4.955	1,772	35	3,183
2020	4.832	987	35	3,845
2025	4,556	200	35	4,356
2030	4,241	-870	35	5,111

Aths. Fjárþörf sjóðsins er hér reiknuð án styrkveitinga. Einnig er miðað við að LÍN taki 55% fjárþarfar að láni með 6% vöxtum.

1) Að teknu tilliti til breytinga skv. 1.-5. lið.

6. Áhrif lántökugjalds

Sú almenna regla útlánsstofnana að taka 1,8% lántökugjöld og 1,5% stimpilgjald hefur ekki tíðkast hjá LÍN. Útlánsstofnanir nota yfirleitt tekjur af lántökugjaldinu til að standa straum af rekstrar- og lántökukostnaði. Ríkið hefur hins vegar fjármagnað þessi útgjöld sjóðsins. Í frumvapinu er gerð tillaga um að sjóðurinn verði sjálfum sér nægur að þessu leyti. Skref í þá átt er fólgið í því að hann taki upp mildaða útgáfu af þessari reglu útlánsstofnanna, þ.e. að leggi á 1,2% lántökugjald.

---

6. tafla. Ríkisfamlag m.v. álagningu 1,2% lántökugjalds

Fjárhæðir í millj. kr.

Ár	*Gildandi kerfi*	*Á verði lagt lántöku-gjald 1,2%*[1)]	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Samtals áhrif af liðum 1 - 6*
1992	2,470	2,339	71	131
1993	2,605	2,467	74	138
1994	2,698	2,535	78	163
1995	2,835	2,629	82	206
1996	3,048	2,793	86	255
1997	3,210	2,900	91	310
1998	3,292	2,919	95	372
1999	3,424	2,917	100	507
2000	3,659	3,023	106	636
2005	4,302	2,910	130	1,392
2010	4,880	2,548	156	2,332
2015	4.955	1,604	168	3,350
2020	4.832	747	240	4,086
2025	4,556	-168	368	4,724
2030	4,241	-1,308	437	5,548

Aths. Fjárþörf sjóðsins er hér reiknuð án styrkveitinga. Einnig er miðað við að LÍN taki 55% fjárþarfar að láni með 6% vöxtum.

1) Tekið er tillit til breytinga skv. 1.-6. lið.

7. Samantekt á áhrifum mismunandi liða á lækkun ríkisframlags

Að öllu samanteknu má ætla að breytingarnar vegna þeirra breytinga sem felsast í 1.-6. lið hér að framan valdi eftirfarandi lækkun á framlagi ríkisins til LÍN:

7. tafla. Lækkun ríkisframlags til LÍN vegna breyttra reglna skv. frumvarpinu

Fjárhæðir í millj. kr.

	Áhrif af breytingum tilteknum í eftirfarandi liðum:						
Ár	*lið 1*	*lið 2*	*lið 3*	*lið 4*	*lið 5*	*lið 6*	*Samt. 1-6*
1992	0	0	0	37	23	71	131
1993	0	0	0	41	23	74	138
1994	0	16	0	45	24	78	163
1995	0	50	0	49	24	82	206
1996	1	89	0	54	25	86	255
1997	3	132	0	59	26	91	310
1998	7	180	0	64	26	95	372
1999	11	298	0	70	27	100	507
2000	18	408	0	77	27	106	636
2005	551	576	0	103	31	130	1.392
2010	1.285	671	55	130	35	156	2.332
2015	1.822	564	614	148	35	168	3.350
2020	2.187	510	950	164	35	240	4,086
2025	2,393	423	1,330	175	35	368	4,724
2030	2,457	405	1,904	310	35	437	5,549

Aths. Fjárþörf sjóðsins er hér reiknuð án styrkveitinga. Einnig er miðað við að LÍN taki 55% fjárþarfar að láni með 6% vöxtum.

Skýringar: Liður 1) Lækkun ríkisframlags v/hærri tekjutengingar. Tekutengin er hækkuð úr 3,75% í 4% fyrstu 5 árin en úr 3,75% í 8% upp frá því.

Liður 2) Lækkun ríkisframlags v/styttingar greiðslufrest úr 3 árum í 1 ár.

Liður 3) Lækkun ríkisframlags v/álagningar 3% vaxta.

Liður 4) Lækkun ríkisframlags v/20 ára aldurstakmarks lána LÍN.

Liður 5) Lækkun ríkisframlags v/niðurfellingar ákvæðis í 3. gr. laga LÍN um lífeyrissjóðsgreiðslur.

Liður 6) Lækkun ríkisframlags v/álagningar 1,2% lántökugjalds.

8. Stuðningur ríkisins við menntun

Hér verður tekið saman hver stuðningur ríkisins við menntun er. Þessi stuðningur er veittur með vaxtaleysi á námstíma, eftirgjöf á 3% vöxtum (m.v. 6% raunávöxtun) auk lægra lántökugjaldi en almennt gerist. Í eftirfarandi útreikningi er ekki tekinn með stuðningur ríkisins við námsmenn í formi styrkja til doktorsnema o.fl. skv. greinargerð með frumvarpi.

8. tafla. Námsstuðningur ríkisins í breyttu kerfi

Veitt lán árið 1992, 4,014 millj. kr.

Ávöxtunarkrafa	6 %	8%
Stuðningur í formi vaxtaleysis á námstíma (m.kr.)	404	500
Stuðningur í formi vaxtaniðurgeiðslna (m.kr.)	393	638
Stuðningur í formi vanskila (m.kr.)	65	57
Stuðningur í formi lægra lántökugjalds (m. kr.)	84	75
Samtals stuðningur ríkisins (m.kr.)	946	1,270
Stuðningur í %	23,57	31,63

Aths. Greiðslubyrði í núgildandi kerfi er hæst 3,75% af útsvarsstofni, en þó lægst 26.391 kr. á ári. Hér eru ekki teknir inní styrkir til doktorsnema o.fl. skv. hugmyndum nefndarinnar.

8. tafla á við breytt kerfi eitt út af fyrir sig. Í gildandi kerfi er þessi stuðningur talinn vera 66% miðað við 6% ávöxtunarkröfu. Hér er ekki gerð tilraun til þess að reikna hver námsstuðningur yrði að meðaltali í báðum kerfunum samtímis.

Fylgiskjal II.

Námsaðstoð á Norðurlöndum.

DANMÖRK

FYRIR HVERJA: Námsaðstoð er veitt öllum þeim er stunda nám í framhaldsskólum (þ.e.nám á mennta - og fjölbrautaskólastigi), lýðháskólum, iðnskólum og háskólum.
Ekki er veitt aðstoð nema námstími sé a.m.k. 3 mán. og um fullt nám sé að ræða.
Ekki er veitt aðstoð til þeirra sem stunda svok. rannsóknarnám (t.d. nám til PhD-gráðu).
Veitt er lán í hámark tvö (1992: þrjú) ár til þeirra er stunda nám **erlendis** ef námið er viðurkennt í Danmörku.

HVE LENGI: Veitt er aðstoð í sem samsv. svok. "norm." námstíma.

HVE MIKIÐ: Upphæð námsaðstoðar fer eftir því hvort námsmaður býr hjá foreldrum eða ekki, að öðru leyti er ekki tekið tillit til félagslegra aðstæðna.
Veittur styrkur er skattskyldur.

Grunntölur 1992:

	Styrkur	Lán	Samtals
Nemendur í foreldrahúsum:	1.826 DKK	1.439 DKK	3.265 DKK
Nemendur í leiguhúsnæði:	**3.198 DKK**	**1.439 DKK**	**4.637 DKK**

Veittur er styrkur vegna skólagjalda að hámarki 1.275 DKK á mán. (1991).
Óljóst er hvað verður veitt mikil aðstoð vegna skólagjalda erlendis 1992.

TEKJUTILLIT: Námsmaður má hafa allt að **3.198 DKK á mánuði á námstíma** og 10.338 DKK - 18.498 DKK á mán. í leyfi án þess að styrkur lækki. Námsmaður getur sótt um viðbótarlán sem samsv. lækkuninni á styrknum.
Frítekjumörk eru hærri ef námsmaður á barn á framfæri.
Eignir námsmanns hafa ekki lengur áhrif á veitta aðstoð.
Tekjur og eignir **foreldra** námsmanna yngri en 19 ára hafa áhrif á veittan námsstyrk.

KJÖR: Vextir á námslánum eru 4% á námstíma og 9,5% (1991) að loknu námi.
Endurgreiðslur hefjast **einu ár eftir að námi lýkur** og er **endurgreiðslutími 7 - 15 ár.** Lágmarksgreiðsla er 1.200 DKK á ári.

FINNLAND

FYRIR HVERJA: Námsaðstoð er veitt öllum þeim er stunda nám í framhaldsskólum (þ.e. nám á mennta - og fjölbrautaskólastigi), lýðháskólum, lönskólum og háskólum. Einnig er veitt aðstoð til þeirra er stunda nám erlendis.
Engin efri aldursmörk eru nema í sambandi við svokallaða fullorðinsaðstoð.
Ef um fullt nám er að ræða er ekki veitt aðstoð nema námstíminn sé a.m.k. 8 vikur. Það má veita aðstoð í hlutanám.

HVE LENGI: Veitt er aðstoð í hámark 7 ár til að ljúka sama prófi. Veitt er aðstoð í sem samsv. "norm." námstíma í hinum mismunandi námsgreinum.

HVE MIKIÐ: Upphæð námsaðstoðar fer eftir námi, aldri og félagslegum aðstæðum.

Grunntölur 1991 - 92:

	Styrkur	Lán	Samtals
Nemendur í háskólanámi:	640 FIM	1.800 FIM	2.440 FIM
Nemendur í framhaldsskóla, búa hjá foreldrum:	340 FIM	1.100 FIM	1.440 FIM
búa ekki hjá foreldrum:	470 FIM	1.650 FIM	2.120 FIM

Nemendur eiga einnig kost á aukastyrk vegna búsetu (staðaruppbót) sem nemur FIM 190, 420 eða 620 FIM á mánuði.
Veitt er hámark 380 FIM á mán. vegna framfærslu barns (hám. 3 börn).

Fullorðinsaðstoð:
Nemendur á aldrinum 30 - 54 ára sem ekki hafa verið í námi síðastliðin 5 ár og nemendur á aldrinum 25 - 29 ára sem ekki hafa verið í námi síðastliðin 8 ár, eiga rétt á styrk sem nemur 25% af föstum brúttómánaðarlaunum áður en nám hófst þó ekki minna en 1.200 FIM né meira en 2.800 FIM. á mán. ef þeir stunda fullt nám í a.m.k. 8 vikur.
Styrkurinn er í mesta lagi veittur í tvö ár (litið er á þennan styrk sem skattskyldar tekjur).
Veittur er styrkur í hámark 12 mán. til licentiat- og doktornáms.

TEKJUTILLIT: Námsaðstoð minnkar um 10% fyrir hver 300 FIM sem tekjur eru umfram 2.300 FIM á mánuði á námstímanum. Frítekjumarkið er hærra fyrir einstæða foreldra.
Ekkert tillit er tekið til tekna í sumarleyfi.
Námsaðstoð minnkar ef eignir námsmanna eru meiri en 230.000 FIM (gildir eingöngu um þá sem eru yngri en 30 ára).
Tekjur og eignir maka (ef námsmaður er yngri en 30 ára) og tekjur og eignir foreldra (ef námsmaður er einhleypur og yngri en 24 ára í foreldrahúsum) geta haft áhrif á veitta aðstoð.

Námsmaður sem fær fullorðinsaðstoð má hafa 2.000 FIM á mán. án þess að aðstoð skerðist. Tekjur og eignir maka hafa ekki áhrif á veitingu fullorðinsaðstoðar.

KJÖR: Lánin eru fengin í almennum bönkum (ríkistryggð). Lánin bera 4,5% vexti á meðan á námi stendur og í eitt og hálft ár eftir að námi lýkur, þó ekki lengur en samtals 14 ár. Eftir það bera þau almenna bankavexti (11% 1991). Ríkið greiðir bönkum vaxtamuninn á milli 4,5% og markaðsvaxta á hverjum tíma. Endurgreiðslur hefjast tveimur árum eftir að námi lýkur. Endurgreiðslutími er tvöföld lengd lánstíma, þó aldrei meir en 14 ár.

NOREGUR

FYRIR HVERJA: Námsaðstoð er veitt öllum námsmönnum á aldrinum 16 - 65 ára er stunda nám í framhaldsskólum (þ.e. nám á mennta- og fjölbrautaskólastigi), lýðháskólum, iðnskólum og háskólum. Einning er veitt lán til þeirra er stunda nám erlendis (Evrópu, Bandar., Kanada).
Mismunandi reglur eru fyrir námsmenn eldri og yngri en 19 ára.
Ef um fullt nám er að ræða er ekki veitt aðstoð nema námstíminn sé a.m.k. 3 mán. (innanlands) og hálft námsár (erlendis). Það má veita aðstoð í **hlutanám (50% nám)** innanlands ef námstíminn er a.m.k. 5 mán.

HVE LENGI: Veitt er aðstoð í hámark 5 ár til náms á mennta - og fjölbrautaskólastigi og **hámark 6 ár vegna náms á háskólastigi.** Veitt er aðstoð í sem samsv. svok. "norm." námstíma + 1 ár.

HVE MIKIÐ: Upphæð námsaðstoðar fer eftir námi, aldri og félagslegum aðstæðum.
Styrkur nemur 46% af reiknaðri námsaðstoð á bilinu 3.870 NOK - 8.320 NOK á mán. hjá þeim sem eru eldri en 19 ára og 88% af reiknaðri aðstoð á bilinu 1.930 NOK - 5.300 NOK á mán. hjá þeim sem eru yngri.

Grunntölur 1991 - 92:

	Styrkur	Lán	Samtals
Nemendur eldri en 19 ára, + nemendur yngri en 19 ára m/barn, giftir eða í háskólanámi:			
búa hjá foreldrum:		3.740 NOK	3.740 NOK
búa ekki hjá foreldrum:	700 NOK	**4.690 NOK**	**5.390 NOK**
Nemendur yngri en 19 ára,			
búa hjá foreldrum:	897 NOK	2.053 NOK	2.950 NOK
búa ekki hjá foreldrum:	2.450 NOK	2.350 NOK	4.600 NOK

Veita má aðstoð vegna framfærslu maka og barns(a) skv. ákveðnum reglum.
Ferðastyrkur:
Vegna náms innanlands og á Norðurlöndum: þrjár ferðir á námsári skv. taxta sjóðsins mínus 730 NOK.
Vegna náms erlendis utan Norðurlanda: Ein ferð á ári; 50% styrkur, 50% lán skv. taxta sjóðsins.
Skólagjöld:
Hámarksskólagjaldalán vegna náms á Norðurlöndum er 15.900 NOK á ári.
Vegna náms í ákveðnum greinum erlendis utan Norðurlanda er veittur styrkur vegna skólagjalda - hámark 34.000 NOK á ári. Ekki er veittur skólagjaldastyrkur vegna doktornáms.
Í listaskólum ýmiskonar er veittur 100% styrkur af reiknaðri námsaðstoð á bilinu 1.830 NOK - 6.530 NOK á mán.

TEKJUTILLIT: Námsmenn mega hafa 2.700 NOK í vinnutekjur á mán. **á námstíma** án þess að lán skerðist. 60% af vinnutekjum umfram þessa upphæð og 60% **af** öðrum tekjum **á námstíma** dregst frá reiknaðri námsaðstoð. Séu eignir námsmanns meiri en 130.000 NOK minnkar námsaðstoð.
Tekjur og eignir foreldra námsmanna yngri en 19 ára **og tekjur og eignir maka** námsmanna geta skert námsaðstoð.

KJÖR: Lánin bera **11,5% vextir** frá námslokum. Vextir eru **frádráttarbærir** til skatts.
Endurgreiðslutími er allt að **tuttugu ár.** Greiðslu skal vera lokið fyrir 65 ára aldur. Fyrstu þrjú árin eftir að námi lýkur eru endurgreiðslur lágar, eða sem nemur 5,25% af heildarskuld (lágmark 2.810 NOK x 2 á ári). Lánþegi borgar ákveðið gjald fyrir hverja tilkynningu/rukkun (45(1.) - 250(2.) - 350(3.) NOK).
Ríkisstjórn Noregs má breyta afborgunartíma og vöxtum.

Vegna veikinda og barnseignar á námstíma má breyta veittu láni í styrk (hámark 3 mán. á námsári).

Lánþegi getur sótt um niðurfellingu á vaxtagreiðslum vegna lágra tekna, veikinda o.fl.
Lánþegi búsettur í Noregi getur sótt um að ársgreiðsla verði lækkuð í 6% af brúttóárstekjum (hámark 7 ár).
Þeir sem lokið hafa mjög löngu námi (11 missera eða lengra) eiga rétt á að fá felld niður lán að einhverju leyti (28.400 NOK - 43.400 NOK). **Eins eiga þeir sem lokið hafa löngu námi á "normeruðum" eða styttri tíma rétt á ákveðinni niðurfellingu (hámark 18.000 NOK).**
Þeir sem setjast að í Norður-Noregi (Finnmark og Nord-Troms) eiga rétt á niðurfellingu lána upp að vissu marki (10% á ári; lágmark 1.000 NOK, hámark 15.000 NOK).

SVÍÐJÓÐ

FYRIR HVERJA: Sænskri námsaðstoð má skipta í fimm flokka:

1) námsaðstoð fyrir **nemendur 16 - 20 ára** sem stunda **fullt nám í framhaldsskóla** (þ.e. nám á mennta - og fjölbrautaskólastigi), lýðháskóla, iðnskóla og öldungadeildum grunnskóla og framhaldsskóla.

2) námsaðstoð fyrir **nemendur 20 - 45 ára** sem stunda **nám í háskólum**, menntaskólum, lýðháskólum og öldungadeildum. Veitt er aðstoð vegna hlutanáms og vegna náms erlendis sem er a.m.k. 3a mán. langt.

3) **fullorðinsaðstoð.** Fullorðinsaðstoð er ætluð lítt menntuðum nemendum yngri en 50 ára sem hafa verið í vinnu a.m.k. síðastliðin 4 ár. Veitt er aðstoð til náms í grunn- og fjölbrautaskóla og verkfræðingaskóla. Lágmarks námstími er 15 dagar (fullt nám) og 30 dagar (hlutanám) á misseri.

4) **fullorðinsaðstoð fyrir atvinnulaust fólk** 25 - 50 ára sem **hefur verið í vinnu** a.m.k. síðastliðin 4 ár. Veitt er aðstoð til náms í grunn - og fjölbrautaskóla.

5) **skammtímaaðstoð** er fullorðinsaðstoð ætluð þeim námsmönnum er stunda nám **með vinnu** og þ.a.l. lækki í launum. Lánshæft nám er t.d. fullorðinsfræðsla alls konar, kúrsar í grunn- og fjölbrautaskólum og lýðháskólum.

HVE LENGI: Námsmaður 20 - 45 ára getur fengið aðstoð í hámark **3 ár til náms á fjölbrautaskólastigi og hámark 6 ár vegna náms á háskólastigi.**

HVE MIKIÐ: Upphæð námsaðstoðar fer eftir námi, aldri og félagslegum aðstæðum.

Grunntölur 1991 - 92:

	Styrkur	Staðaruppbót	Lán	Samtals
Yngri en 20 ára:	1.085 - 1.585 SEK	1000 - 2010 SEK	5.345 SEK	
20 - 45 ára,				
fullt nám:	1.907 SEK		4.533 SEK	6.440 SEK
hlutanám:	954 SEK		2.266 SEK	3.220 SEK

Ekki er veitt aðstoð fyrir framfærslu barns(a).

Hægt er að sækja um aukalán að hámarki 11.592 SEK á misseri vegna skráningargjalda, daglegs ferðakostnaðar, ferðakostnaðar vegna náms erlendis, tvöfalds heimilishalds, námsferða og bóka- og efniskostnaðar.

Hámarkslán vegna **skólagjalda erlendis** er SEK 40.000 á námsári.

Fullorðinsaðstoð:	1.950 SEK (eftir skatt)	3.540 SEK	5.490 SEK

Veitt er aðstoð vegna framfærslu barns yngra en 16 ára: **900 SEK á mán.**

Skammtímaaðstoð:

Veittar eru 65 SEK (skattsk.) fyrir hvern tíma sem námsmaður þarf að vera frá vinnu og 290 SEK í dagpeninga á sólarhring ef hann þarf að gista (lýðháskólakúrsar).

TEKJUTILLIT: Lánin eru reiknuð hálfsárslega. Námsmenn yngri en 20 ára: Upphæð aukastyrks og láns er háð tekjum og eignum námsmanns og foreldra.

20 - 45 ára: Frítekjumarkið fer eftir lengd náms og eftir því hvort um fullt nám eða hlutanám er að ræða. Því styttra sem námið er, því hærra er frítekjumarkið. Vegna 4a mán. náms á haustönn 1991 er frítekjumarkið 27.370 SEK (tekjutímabil 01.07. - 31.12); vegna hlutanáms: 48.300 SEK. 50% af því sem er umfram frítekjumarkið dregst frá styrknum og láninu (30% af umframtekjunum dregst frá styrknum, 70% frá láninu).

KJÖR: Námslánin bera 8,3% vexti auk einhvers kostnaðar. Stjórnvöld ákveða vexti námslána einu sinni á ári. Vextir eru ekki frádráttarbærir til skatts. Endurgreiðslur hefjast **hálfu ári eftir að námi** lýkur (einu ári ef námi lýkur á haustönn) og eru **4% af tekjum.** Árleg endurgreiðsla lántaka búsettir erlendis og sjómanna, er 1/20 af heildarskuldinni þó lágmark 4.830 SEK (1991). Endurgreiðslan fyrstu árin er oft lág því þá er miðað við tekjur á námstíma. Hugsanlegar eftirstöðvar falla niður þegar lántaki hefur náð 65 ára aldri.

Vegna veikinda á námstíma má breyta veittu láni í styrk.

SAMANBURÐUR Á NÁMSAÐSTOÐ LÍN VIÐ NÁM Á NORÐURLÖNDUM ( )								
AÐSTOÐ SJÓÐA Í VIÐKOMANDI LÖNDUM VIÐ NÁMSMENN HVERS LANDS Í ÍSLENSKUM KRÓNUM								
EINSTAKLINGAR Í FULLU HÁSKÓLANÁMI, SEM BÚA Í LEIGUHÚSNÆÐI								
	DANMÖRK	LÍN	NOREGUR	LÍN	SVÍÞJÓÐ	LÍN	FINNLAND	LÍN
STYRKUR	16800		6370		18700		9340	
LÁN	13240	46300	42680	47420	44420	48390	26280	56250
SAMTALS	30040	46300	49050	47420	63120	48390	35620	56250
NÁMSMAÐUR Í FULLU NÁMI Í SAMBÚÐ MEÐ TVÖ BÖRN. MAKI EKKI Í NÁMI. BÚA Í LEIGUHÚSNÆÐI								
	DANMÖRK	LÍN	NOREGUR	LÍN	SVÍÞJÓÐ	LÍN	FINNLAND	LÍN
STYRKUR	16800		18370		18700		20440	
LÁN	13240	104180	56790	106700	44420	108890	26280	126570
SAMTALS	30040	104180	75160	106700	63120	108890	46720	126570
KJÖR								
Vextir á námstíma	4,00%	verðtrygg.	0%	verðtrygg.	8,30%	verðtrygg.	4,50%	verðtrygg.
Vextir á end.grt.	9,50%	verðtrygg.	11,50%	verðtrygg.	8,30%	verðtrygg.	11,00%	verðtrygg.
Endurgr. hefst	1 ár	3 ár	1 - 1,5 ár	3 ár	0,5 ár	3 ár	2 ár	3 ár
Lánstími	7 - 15 ár	40 ár	20 ár	40 ár	til 65 ára aldurs	40 ár	2 x námstími	40 ár
							hámark 14 ár	

Fylgiskjal III.

Dæmi um afborganir námslána í breyttu og núgildandi lánasjóðskerfi

Dæmin sem litið er á eru eftirfarandi:

1) Einstaklingur í leiguhúsnæði. Árslán 432.000 kr.

2) Einstætt foreldri með eitt barn. Árslán 648.000 kr.

3) Einstætt foreldri með tvö börn. Árslán 864.000 kr.

Þessi dæmi eru reiknuð fyrir mismunandi tekjuhópa og er þar stuðst við meðaltalstekjur í viðkomandi grein. Þessir tekjuhópar eru:

1) Viðskiptafræðingar

2) Verkfræðingar

3) Hjúkrunafræðingar

4) Framhaldsskólakennarar

Litið er á hvernig endurgreiðslum lána er háttað í þrem lánakerkum hjá þessum hópum. Þessi kerfi eru:

1) Breytt kerfi samkvæmt frumvarpinu - endurgreiðslur hefjast ári eftir námslok.

2) Breytt kerfi samkvæmt furmvarpinu - endurgreiðslur hefjast 2 árum eftir námslok.

3) Gildandi kerfi.

BREYTT KERFI
ENDURGREIÐSLUR HEFJAST ÁRI EFTIR NÁMSLOK

Dæmi 1. Einstaklingur í leiguhúsnæði. Árslán 432.000 kr.

Starfsgrein:	Viðskiptafræðingar				
Árslán:	432,000		*Tekjutenging*	*4,00%*	*fyrstu 5 árin*
Tekið lán:	1.728,000		*Tekjutenging*	*8,00%*	*eftir fyrstu 5 árin*
Námstími:	4 ár				
Vextir:	3%				

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfuðst*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,200				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				1.728,000
25	1.490,400	0,000	51,840	0,000	1.779,840
26	1.490,400	59,616	53,395	6,221	1.773,619
27	1.921,200	76,848	53,209	23,639	1.749,980
28	1.921,200	76,848	52,499	24,349	1.725,631
29	1.921,200	76,848	51,769	25,079	1.700,552
30	2.439,100	97,564	51,017	46,547	1.654,005
31	2.439,100	195,128	49,620	145,508	1.508,497
32	2.439,100	195,128	45,255	149,873	1.358,624
33	2.666,400	213,312	40,759	172,553	1.186,070
34	2.666,400	213,312	35,582	177,730	1.008,341
35	2.666,400	213,312	30,250	183,062	825,279
36	2.489,900	199,192	24,758	174,434	650,845
37	2.489,900	199,192	19,525	179,667	471,178
38	2.489,900	199,192	14,135	185,057	286,122
39	2.489,900	199,192	8,584	190,608	95,513
40	2.489,900	98,379	2,865	95,513	0,000
41	2.489,900	0,000	0,000	0,000	0,000
42	2.489,900	0,000	0,000	0,000	0,000
43	2.489,900	0,000	0,000	0,000	0,000
44	2.489,900	0,000	0,000	0,000	0,000
45	2.489,900	0,000	0,000	0,000	0,000
46	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
47	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
48	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
49	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
50	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
51	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
52	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
53	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
54	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
55	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
56	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
57	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
58	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
59	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
60	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
61	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
62	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
63	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
64	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
65	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
66	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein:	Verkfræðingar
Árslán:	432,000
Tekið lán:	1.728,000
Námstími:	4 ár
Vextir:	3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				1.728,000
25	1.624,700	0,000	51,840	0,000	1.779,840
26	1.649,400	65,976	53,395	12,581	1.767,259
27	2.169,000	86,760	53,018	33,742	1.733,517
28	1.971,700	78,868	52,006	26,862	1.706,654
29	2.348,000	93,920	51,200	42,720	1.663,934
30	2.424,700	96,988	49,918	47,070	1.616,864
31	2.402,800	192,224	48,506	143,718	1.473,146
32	2.315,100	185,208	44,194	141,014	1.332,132
33	2.771,800	221,744	39,964	181,780	1.150,352
34	3.120,600	249,648	34,511	215,137	935,215
35	3.239,400	259,152	28,056	231,096	704,119
36	2.659,400	212,752	21,124	191,628	512,491
37	2.989,100	239,128	15,375	223,753	288,738
38	2.891,400	231,312	8,662	222,650	66,088
39	4.156,300	68,071	1,983	66,088	0,000
40	3.193,700	0,000	0,000	0,000	0,000
41	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
42	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
43	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
44	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
45	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
46	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
47	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
48	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
49	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
50	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
51	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
52	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
53	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
54	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
55	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
56	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
57	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
58	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
59	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
60	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
61	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
62	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
63	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
64	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
65	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
66	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
67	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein: Hjúkrunarfræðingar
Árslán: 432,000
Tekið lán: 1.296,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				1.296,000
24	161,600	0,000	38,880	0,000	1.334,880
25	921,200	36,848	40,046	-3,198	1.338,078
26	842,400	33,696	40,142	-6,446	1.344,525
27	817,600	32,704	40,336	-7,632	1.352,156
28	849,900	33,996	40,565	-6,569	1.358,725
29	847,100	33,884	40,762	-6,878	1.365,603
30	863,800	69,104	40,968	28,136	1.337,467
31	859,100	68,728	40,124	28,604	1.308,863
32	877,900	70,232	39,266	30,966	1.277,897
33	866,100	69,288	38,337	30,951	1.246,946
34	847,800	67,824	37,408	30,416	1.216,530
35	854,300	68,344	36,496	31,848	1.184,682
36	905,100	72,408	35,540	36,868	1.147,815
37	969,400	77,552	34,434	43,118	1.104,697
38	1.013,900	81,112	33,141	47,971	1.056,726
39	972,300	77,784	31,702	46,082	1.010,644
40	930,600	74,448	30,319	44,129	966,515
41	919,500	73,560	28,995	44,565	921,950
42	950,000	76,000	27,659	48,341	873,609
43	980,500	78,440	26,208	52,232	821,377
44	980,500	78,440	24,641	53,799	767,579
45	980,500	78,440	23,027	55,413	712,166
46	963,200	77,056	21,365	55,691	656,475
47	954,500	76,360	19,694	56,666	599,809
48	954,500	76,360	17,994	58,366	541,443
49	954,500	76,360	16,243	60,117	481,327
50	954,500	76,360	14,440	61,920	419,407
51	954,500	76,360	12,582	63,778	355,629
52	954,500	76,360	10,669	65,691	289,938
53	954,500	76,360	8,698	67,662	222,276
54	954,500	76,360	6,668	69,692	152,584
55	954,500	76,360	4,578	71,782	80,802
56	954,500	76,360	2,424	73,936	6,866
57	954,500	9,290	0,206	9,084	-2,218
58	954,500	-2,012	-0,067	-1,946	-0,273
59	954,500	-0,339	-0,008	-0,331	0,058
60	954,500	0,050	0,002	0,048	0,010
61	954,500	0,012	0,000	0,011	-0,001
62	954,500	-0,001	0,000	-0,001	0,000
63	954,500	0,000	0,000	0,000	0,000
64	954,500	0,000	0,000	0,000	0,000
65	954,500	0,000	0,000	0,000	0,000
66	954,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	954,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Dæmi 2. Einstætt foreldri með eitt barn. Árslán 648.000 kr.

Starfsgrein: Framhaldsskólakennarar
Árslán: 432.000
Tekið lán: 1.296.000
Námstími: 3 ár
Vextir: 3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				1.296,000
24	161,600	0,000	38,880	0,000	1.334,880
25	984,100	39,364	40,046	-0,682	1.335,562
26	981,500	39,260	40,067	-0,807	1.336,369
27	1.007,000	40,280	40,091	0,189	1.336,180
28	973,200	38,928	40,085	-1,157	1.337,338
29	990,000	39,600	40,120	-0,520	1.337,858
30	985,600	78,848	40,136	38,712	1.299,146
31	1.046,500	83,720	38,974	44,746	1.254,400
32	1.050,600	84,048	37,632	46,416	1.207,984
33	1.087,200	86,976	36,240	50,736	1.157,248
34	1.065,100	85,208	34,717	50,491	1.106,757
35	1.075,900	86,072	33,203	52,869	1.053,888
36	1.095,300	87,624	31,617	56,007	997,880
37	1.113,900	89,112	29,936	59,176	938,705
38	1.148,700	91,896	28,161	63,735	874,970
39	1.147,100	91,768	26,249	65,519	809,451
40	1.171,600	93,728	24,284	69,444	740,006
41	1.184,700	94,776	22,200	72,576	667,431
42	1.214,500	97,160	20,023	77,137	590,294
43	1.239,600	99,168	17,709	81,459	508,834
44	1.241,300	99,304	15,265	84,039	424,795
45	1.227,700	98,216	12,744	85,472	339,323
46	1.233,500	98,680	10,180	88,500	250,823
47	1.222,300	97,784	7,525	90,259	160,564
48	1.206,200	96,496	4,817	91,679	68,885
49	1.203,100	70,951	2,067	68,885	0,000
50	1.209,400	0,000	0,000	0,000	0,000
51	1.199,700	0,000	0,000	0,000	0,000
52	1.162,300	0,000	0,000	0,000	0,000
53	1.210,200	0,000	0,000	0,000	0,000
54	1.222,000	0,000	0,000	0,000	0,000
55	1.237,900	0,000	0,000	0,000	0,000
56	1.160,200	0,000	0,000	0,000	0,000
57	1.104,900	0,000	0,000	0,000	0,000
58	1.158,400	0,000	0,000	0,000	0,000
59	1.216,900	0,000	0,000	0,000	0,000
60	1.264,400	0,000	0,000	0,000	0,000
61	1.238,900	0,000	0,000	0,000	0,000
62	1.199,300	0,000	0,000	0,000	0,000
63	1.210,600	0,000	0,000	0,000	0,000
64	1.251,000	0,000	0,000	0,000	0,000
65	1.223,000	0,000	0,000	0,000	0,000
66	1.111,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	1.111,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein:	Viðskiptafræðingar			
Árslán:	648,000	*Tekjutenging*	*4,00%*	*fyrstu 5 árin*
Tekið lán:	2.592,000	*Tekjutenging*	*8,00%*	*eftir fyrstu 5 árin*
Námstími:	4 ár			
Vextir:	3%			

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfuðst*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,200				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				2.592,000
25	1.490,400	0,000	77,760	0,000	2.669,760
26	1.490,400	59,616	80,093	-20,477	2.690,237
27	1.921,200	76,848	80,707	-3,859	2.694,096
28	1.921,200	76,848	80,823	-3,975	2.698,071
29	1.921,200	76,848	80,942	-4,094	2.702,165
30	2.439,100	97,564	81,065	16,499	2.685,666
31	2.439,100	195,128	80,570	114,558	2.571,108
32	2.439,100	195,128	77,133	117,995	2.453,113
33	2.666,400	213,312	73,593	139,719	2.313,394
34	2.666,400	213,312	69,402	143,910	2.169,484
35	2.666,400	213,312	65,085	148,227	2.021,257
36	2.489,900	199,192	60,638	138,554	1.882,703
37	2.489,900	199,192	56,481	142,711	1.739,992
38	2.489,900	199,192	52,200	146,992	1.592,999
39	2.489,900	199,192	47,790	151,402	1.441,597
40	2.489,900	199,192	43,248	155,944	1.285,653
41	2.489,900	199,192	38,570	160,622	1.125,031
42	2.489,900	199,192	33,751	165,441	959,590
43	2.489,900	199,192	28,788	170,404	789,185
44	2.489,900	199,192	23,676	175,516	613,669
45	2.489,900	199,192	18,410	180,782	432,887
46	2.586,100	206,888	12,987	193,901	238,986
47	2.586,100	206,888	7,170	199,718	39,267
48	2.586,100	40,445	1,178	39,267	0,000
49	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
50	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
51	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
52	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
53	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
54	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
55	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
56	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
57	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
58	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
59	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
60	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
61	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
62	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
63	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
64	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
65	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
66	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein:	Verkfræðingar
Árslán:	648,000
Tekið lán:	2.592,000
Námstími:	4 ár
Vextir:	3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				2.592,000
25	1.624,700	0,000	77,760	0,000	2.669,760
26	1.649,400	65,976	80,093	-14,117	2.683,877
27	2.169,000	86,760	80,516	6,244	2.677,633
28	1.971,700	78,868	80,329	-1,461	2.679,094
29	2.348,000	93,920	80,373	13,547	2.665,547
30	2.424,700	96,988	79,966	17,022	2.648,525
31	2.402,800	192,224	79,456	112,768	2.535,757
32	2.315,100	185,208	76,073	109,135	2.426,622
33	2.771,800	221,744	72,799	148,945	2.277,676
34	3.120,600	249,648	68,330	181,318	2.096,359
35	3.239,400	259,152	62,891	196,261	1.900,098
36	2.659,400	212,752	57,003	155,749	1.744,348
37	2.989,100	239,128	52,330	186,798	1.557,551
38	2.891,400	231,312	46,727	184,585	1.372,965
39	4.156,300	332,504	41,189	291,315	1.081,650
40	3.193,700	255,496	32,450	223,046	858,604
41	3.148,000	251,840	25,758	226,082	632,522
42	3.148,000	251,840	18,976	232,864	399,658
43	3.148,000	251,840	11,990	239,850	159,807
44	3.148,000	164,602	4,794	159,807	0,000
45	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
46	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
47	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
48	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
49	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
50	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
51	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
52	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
53	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
54	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
55	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
56	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
57	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
58	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
59	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
60	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
61	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
62	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
63	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
64	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
65	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
66	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
67	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein: Hjúkrunarfræðingar
Árslán: 648,000
Tekið lán: 1.944,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				1.944,000
24	161,600	0,000	58,320	0,000	2.002,320
25	921,200	36,848	60,070	-23,222	2.025,542
26	842,400	33,696	60,766	-27,070	2.052,612
27	817,600	32,704	61,578	-28,874	2.081,486
28	849,900	33,996	62,445	-28,449	2.109,935
29	847,100	33,884	63,298	-29,414	2.139,349
30	863,800	69,104	64,180	4,924	2.134,425
31	859,100	68,728	64,033	4,695	2.129,730
32	877,900	70,232	63,892	6,340	2.123,390
33	866,100	69,288	63,702	5,586	2.117,804
34	847,800	67,824	63,534	4,290	2.113,514
35	854,300	68,344	63,405	4,939	2.108,575
36	905,100	72,408	63,257	9,151	2.099,424
37	969,400	77,552	62,983	14,569	2.084,855
38	1.013,900	81,112	62,546	18,566	2.066,289
39	972,300	77,784	61,989	15,795	2.050,493
40	930,600	74,448	61,515	12,933	2.037,560
41	919,500	73,560	61,127	12,433	2.025,127
42	950,000	76,000	60,754	15,246	2.009,881
43	980,500	78,440	60,296	18,144	1.991,737
44	980,500	78,440	59,752	18,688	1.973,049
45	980,500	78,440	59,191	19,249	1.953,801
46	963,200	77,056	58,614	18,442	1.935,359
47	954,500	76,360	58,061	18,299	1.917,060
48	954,500	76,360	57,512	18,848	1.898,212
49	954,500	76,360	56,946	19,414	1.878,798
50	954,500	76,360	56,364	19,996	1.858,802
51	954,500	76,360	55,764	20,596	1.838,206
52	954,500	76,360	55,146	21,214	1.816,992
53	954,500	76,360	54,510	21,850	1.795,142
54	954,500	76,360	53,854	22,506	1.772,636
55	954,500	76,360	53,179	23,181	1.749,455
56	954,500	76,360	52,484	23,876	1.725,579
57	954,500	76,360	51,767	24,593	1.700,986
58	954,500	76,360	51,030	25,330	1.675,656
59	954,500	76,360	50,270	26,090	1.649,565
60	954,500	76,360	49,487	26,873	1.622,692
61	954,500	76,360	48,681	27,679	1.595,013
62	954,500	76,360	47,850	28,510	1.566,504
63	954,500	76,360	46,995	29,365	1.537,139
64	954,500	76,360	46,114	30,246	1.506,893
65	954,500	76,360	45,207	31,153	1.475,740
66	954,500	76,360	44,272	32,088	1.443,652
67	954,500	76,360	43,310	33,050	1.410,601

Starfsgrein: Framhaldsskólakennarar
Árslán: 648,000
Tekið lán: 1.944,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				1.944,000
24	161,600	0,000	58,320	0,000	2.002,320
25	984,100	39,364	60,070	-20,706	2.023,026
26	981,500	39,260	60,691	-21,431	2.044,456
27	1.007,000	40,280	61,334	-21,054	2.065,510
28	973,200	38,928	61,965	-23,037	2.088,547
29	990,000	39,600	62,656	-23,056	2.111,604
30	985,600	78,848	63,348	15,500	2.096,104
31	1.046,500	83,720	62,883	20,837	2.075,267
32	1.050,600	84,048	62,258	21,790	2.053,477
33	1.087,200	86,976	61,604	25,372	2.028,105
34	1.065,100	85,208	60,843	24,365	2.003,740
35	1.075,900	86,072	60,112	25,960	1.977,781
36	1.095,300	87,624	59,333	28,291	1.949,490
37	1.113,900	89,112	58,485	30,627	1.918,863
38	1.148,700	91,896	57,566	34,330	1.884,533
39	1.147,100	91,768	56,536	35,232	1.849,301
40	1.171,600	93,728	55,479	38,249	1.811,052
41	1.184,700	94,776	54,332	40,444	1.770,607
42	1.214,500	97,160	53,118	44,042	1.726,565
43	1.239,600	99,168	51,797	47,371	1.679,194
44	1.241,300	99,304	50,376	48,928	1.630,266
45	1.227,700	98,216	48,908	49,308	1.580,958
46	1.233,500	98,680	47,429	51,251	1.529,707
47	1.222,300	97,784	45,891	51,893	1.477,814
48	1.206,200	96,496	44,334	52,162	1.425,653
49	1.203,100	96,248	42,770	53,478	1.372,174
50	1.209,400	96,752	41,165	55,587	1.316,587
51	1.199,700	95,976	39,498	56,478	1.260,109
52	1.162,300	92,984	37,803	55,181	1.204,928
53	1.210,200	96,816	36,148	60,668	1.144,260
54	1.222,000	97,760	34,328	63,432	1.080,828
55	1.237,900	99,032	32,425	66,607	1.014,221
56	1.160,200	92,816	30,427	62,389	951,831
57	1.104,900	88,392	28,555	59,837	891,994
58	1.158,400	92,672	26,760	65,912	826,082
59	1.216,900	97,352	24,782	72,570	753,513
60	1.264,400	101,152	22,605	78,547	674,966
61	1.238,900	99,112	20,249	78,863	596,103
62	1.199,300	95,944	17,883	78,061	518,042
63	1.210,600	96,848	15,541	81,307	436,735
64	1.251,000	100,080	13,102	86,978	349,758
65	1.223,000	97,840	10,493	87,347	262,410
66	1.111,500	88,920	7,872	81,048	181,363
67	1.111,500	88,920	5,441	83,479	97,883

Dæmi 3. Einstætt foreldri með tvö börn. Árslán 864.000 kr.

Starfsgrein:	Viðskiptafræðingar			
Árslán:	864,000	*Tekjutenging*	*4,00%*	*fyrstu 5 árin*
Tekið lán:	3.456,000	*Tekjutenging*	*8,00%*	*eftir fyrstu 5 árin*
Námstími:	4 ár			
Vextir:	3%			

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfuðst*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,200				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				3.456,000
25	1.490,400	0,000	103,680	0,000	3.559,680
26	1.490,400	59,616	106,790	-47,174	3.606,854
27	1.921,200	76,848	108,206	-31,358	3.638,212
28	1.921,200	76,848	109,146	-32,298	3.670,510
29	1.921,200	76,848	110,115	-33,267	3.703,778
30	2.439,100	97,564	111,113	-13,549	3.717,327
31	2.439,100	195,128	111,520	83,608	3.633,719
32	2.439,100	195,128	109,012	86,116	3.547,602
33	2.666,400	213,312	106,428	106,884	3.440,718
34	2.666,400	213,312	103,222	110,090	3.330,628
35	2.666,400	213,312	99,919	113,393	3.217,235
36	2.489,900	199,192	96,517	102,675	3.114,560
37	2.489,900	199,192	93,437	105,755	3.008,805
38	2.489,900	199,192	90,264	108,928	2.899,877
39	2.489,900	199,192	86,996	112,196	2.787,681
40	2.489,900	199,192	83,630	115,562	2.672,120
41	2.489,900	199,192	80,164	119,028	2.553,091
42	2.489,900	199,192	76,593	122,599	2.430,492
43	2.489,900	199,192	72,915	126,277	2.304,215
44	2.489,900	199,192	69,126	130,066	2.174,149
45	2.489,900	199,192	65,224	133,968	2.040,182
46	2.586,100	206,888	61,205	145,683	1.894,499
47	2.586,100	206,888	56,835	150,053	1.744,446
48	2.586,100	206,888	52,333	154,555	1.589,891
49	2.586,100	206,888	47,697	159,191	1.430,700
50	2.586,100	206,888	42,921	163,967	1.266,733
51	2.586,100	206,888	38,002	168,886	1.097,847
52	2.586,100	206,888	32,935	173,953	923,895
53	2.586,100	206,888	27,717	179,171	744,723
54	2.586,100	206,888	22,342	184,546	560,177
55	2.586,100	206,888	16,805	190,083	370,094
56	2.081,500	166,520	11,103	155,417	214,677
57	2.081,500	166,520	6,440	160,080	54,598
58	2.081,500	56,235	1,638	54,598	0,000
59	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
60	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
61	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
62	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
63	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
64	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
65	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
66	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein:	Verkfræðingar
Árslán:	864,000
Tekið lán:	3.456,000
Námstími:	4 ár
Vextir:	3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				3.456,000
25	1.624,700	0,000	103,680	0,000	3.559,680
26	1.649,400	65,976	106,790	-40,814	3.600,494
27	2.169,000	86,760	108,015	-21,255	3.621,749
28	1.971,700	78,868	108,652	-29,784	3.651,534
29	2.348,000	93,920	109,546	-15,626	3.667,160
30	2.424,700	96,988	110,015	-13,027	3.680,187
31	2.402,800	192,224	110,406	81,818	3.598,368
32	2.315,100	185,208	107,951	77,257	3.521,111
33	2.771,800	221,744	105,633	116,111	3.405,000
34	3.120,600	249,648	102,150	147,498	3.257,502
35	3.239,400	259,152	97,725	161,427	3.096,076
36	2.659,400	212,752	92,882	119,870	2.976,206
37	2.989,100	239,128	89,286	149,842	2.826,364
38	2.891,400	231,312	84,791	146,521	2.679,843
39	4.156,300	332,504	80,395	252,109	2.427,734
40	3.193,700	255,496	72,832	182,664	2.245,070
41	3.148,000	251,840	67,352	184,488	2.060,582
42	3.148,000	251,840	61,817	190,023	1.870,560
43	3.148,000	251,840	56,117	195,723	1.674,837
44	3.148,000	251,840	50,245	201,595	1.473,242
45	3.148,000	251,840	44,197	207,643	1.265,599
46	3.148,000	251,840	37,968	213,872	1.051,727
47	3.148,000	251,840	31,552	220,288	831,439
48	3.148,000	251,840	24,943	226,897	604,542
49	3.148,000	251,840	18,136	233,704	370,838
50	3.148,000	251,840	11,125	240,715	130,123
51	3.148,000	134,027	3,904	130,123	0,000
52	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
53	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
54	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
55	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
56	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
57	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
58	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
59	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
60	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
61	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
62	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
63	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
64	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
65	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
66	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
67	3.148,000	.0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein: Hjúkrunarfræðingar
Árslán: 864,000
Tekið lán: 2.592,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				2.592,000
24	161,600	0,000	77,760	0,000	2.669,760
25	921,200	36,848	80,093	-43,245	2.713,005
26	842,400	33,696	81,390	-47,694	2.760,699
27	817,600	32,704	82,821	-50,117	2.810,816
28	849,900	33,996	84,324	-50,328	2.861,144
29	847,100	33,884	85,834	-51,950	2.913,095
30	863,800	69,104	87,393	-18,289	2.931,384
31	859,100	68,728	87,942	-19,214	2.950,597
32	877,900	70,232	88,518	-18,286	2.968,883
33	866,100	69,288	89,066	-19,778	2.988,661
34	847,800	67,824	89,660	-21,836	3.010,497
35	854,300	68,344	90,315	-21,971	3.032,468
36	905,100	72,408	90,974	-18,566	3.051,034
37	969,400	77,552	91,531	-13,979	3.065,013
38	1.013,900	81,112	91,950	-10,838	3.075,852
39	972,300	77,784	92,276	-14,492	3.090,343
40	930,600	74,448	92,710	-18,262	3.108,606
41	919,500	73,560	93,258	-19,698	3.128,304
42	950,000	76,000	93,849	-17,849	3.146,153
43	980,500	78,440	94,385	-15,945	3.162,097
44	980,500	78,440	94,863	-16,423	3.178,520
45	980,500	78,440	95,356	-16,916	3.195,436
46	963,200	77,056	95,863	-18,807	3.214,243
47	954,500	76,360	96,427	-20,067	3.234,310
48	954,500	76,360	97,029	-20,669	3.254,980
49	954,500	76,360	97,649	-21,289	3.276,269
50	954,500	76,360	98,288	-21,928	3.298,197
51	954,500	76,360	98,946	-22,586	3.320,783
52	954,500	76,360	99,623	-23,263	3.344,046
53	954,500	76,360	100,321	-23,961	3.368,008
54	954,500	76,360	101,040	-24,680	3.392,688
55	954,500	76,360	101,781	-25,421	3.418,109
56	954,500	76,360	102,543	-26,183	3.444,292
57	954,500	76,360	103,329	-26,969	3.471,261
58	954,500	76,360	104,138	-27,778	3.499,039
59	954,500	76,360	104,971	-28,611	3.527,650
60	954,500	76,360	105,829	-29,469	3.557,119
61	954,500	76,360	106,714	-30,354	3.587,473
62	954,500	76,360	107,624	-31,264	3.618,737
63	954,500	76,360	108,562	-32,202	3.650,939
64	954,500	76,360	109,528	-33,168	3.684,107
65	954,500	76,360	110,523	-34,163	3.718,271
66	954,500	76,360	111,548	-35,188	3.753,459
67	954,500	76,360	112,604	-36,244	3.789,702

Starfsgrein: Framhaldsskólakennarar
Árslán: 864,000
Tekið lán: 2.592,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				2.592,000
24	161,600	0,000	77,760	0,000	2.669,760
25	984,100	39,364	80,093	-40,729	2.710,489
26	981,500	39,260	81,315	-42,055	2.752,543
27	1.007,000	40,280	82,576	-42,296	2.794,840
28	973,200	38,928	83,845	-44,917	2.839,757
29	990,000	39,600	85,193	-45,593	2.885,350
30	985,600	78,848	86,560	-7,712	2.893,062
31	1.046,500	83,720	86,792	-3,072	2.896,134
32	1.050,600	84,048	86,884	-2,836	2.898,970
33	1.087,200	86,976	86,969	0,007	2.898,963
34	1.065,100	85,208	86,969	-1,761	2.900,724
35	1.075,900	86,072	87,022	-0,950	2.901,674
36	1.095,300	87,624	87,050	0,574	2.901,100
37	1.113,900	89,112	87,033	2,079	2.899,021
38	1.148,700	91,896	86,971	4,925	2.894,096
39	1.147,100	91,768	86,823	4,945	2.889,150
40	1.171,600	93,728	86,675	7,053	2.882,097
41	1.184,700	94,776	86,463	8,313	2.873,784
42	1.214,500	97,160	86,214	10,946	2.862,837
43	1.239,600	99,168	85,885	13,283	2.849,555
44	1.241,300	99,304	85,487	13,817	2.835,737
45	1.227,700	98,216	85,072	13,144	2.822,593
46	1.233,500	98,680	84,678	14,002	2.808,591
47	1.222,300	97,784	84,258	13,526	2.795,065
48	1.206,200	96,496	83,852	12,644	2.782,421
49	1.203,100	96,248	83,473	12,775	2.769,645
50	1.209,400	96,752	83,089	13,663	2.755,983
51	1.199,700	95,976	82,679	13,297	2.742,686
52	1.162,300	92,984	82,281	10,703	2.731,983
53	1.210,200	96,816	81,959	14,857	2.717,126
54	1.222,000	97,760	81,514	16,246	2.700,880
55	1.237,900	99,032	81,026	18,006	2.682,874
56	1.160,200	92,816	80,486	12,330	2.670,545
57	1.104,900	88,392	80,116	8,276	2.662,269
58	1.158,400	92,672	79,868	12,804	2.649,465
59	1.216,900	97,352	79,484	17,868	2.631,597
60	1.264,400	101,152	78,948	22,204	2.609,393
61	1.238,900	99,112	78,282	20,830	2.588,563
62	1.199,300	95,944	77,657	18,287	2.570,276
63	1.210,600	96,848	77,108	19,740	2.550,536
64	1.251,000	100,080	76,516	23,564	2.526,972
65	1.223,000	97,840	75,809	22,031	2.504,941
66	1.111,500	88,920	75,148	13,772	2.491,169
67	1.111,500	88,920	74,735	14,185	2.476,985

BREYTT KERFI
ENDURGREIÐSLUR HEFJAST 2 ÁRUM EFTIR NÁMSLOK

Dæmi 1. Einstaklingur í leiguhúsnæði. Árslán 432.000 kr.

Starfsgrein:	Viðskiptafræðingar		
Árslán:	432,000	*Tekjutenging*	*4,00% fyrstu 5 árin*
Tekið lán:	1.728,000	*Tekjutenging*	*8,00% eftir fyrstu 5 árin*
Námstími:	4 ár	*Endurgreiðslur hefjast 2 árum eftir námslok*	
Vextir:	3%		

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfuðst*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,200				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				1.728,000
25	1.490,400	0,000	51,840	-51,840	1.779,840
26	1.490,400	0,000	53,395	-53,395	1.833,235
27	1.921,200	76,848	54,997	21,851	1.811,384
28	1.921,200	76,848	54,342	22,506	1.788,878
29	1.921,200	76,848	53,666	23,182	1.765,696
30	2.439,100	97,564	52,971	44,593	1.721,103
31	2.439,100	97,564	51,633	45,931	1.675,172
32	2.439,100	195,128	50,255	144,873	1.530,299
33	2.666,400	213,312	45,909	167,403	1.362,896
34	2.666,400	213,312	40,887	172,425	1.190,471
35	2.666,400	213,312	35,714	177,598	1.012,873
36	2.489,900	199,192	30,386	168,806	844,067
37	2.489,900	199,192	25,322	173,870	670,197
38	2.489,900	199,192	20,106	179,086	491,111
39	2.489,900	199,192	14,733	184,459	306,653
40	2.489,900	199,192	9,200	189,992	116,660
41	2.489,900	120,160	3,500	116,660	0,000
42	2.489,900	0,000	0,000	0,000	0,000
43	2.489,900	0,000	0,000	0,000	0,000
44	2.489,900	0,000	0,000	0,000	0,000
45	2.489,900	0,000	0,000	0,000	0,000
46	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
47	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
48	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
49	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
50	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
51	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
52	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
53	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
54	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
55	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
56	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
57	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
58	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
59	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
60	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
61	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
62	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
63	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
64	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
65	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
66	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein:	Verkfræðingar
Árslán:	432,000
Tekið lán:	1.728,000
Námstími:	4 ár
Vextir:	3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				1.728,000
25	1.624,700	0,000	51,840	-51,840	1.779,840
26	1.649,400	0,000	53,395	-53,395	1.833,235
27	2.169,000	86,760	54,997	31,763	1.801,472
28	1.971,700	78,868	54,044	24,824	1.776,648
29	2.348,000	93,920	53,299	40,621	1.736,028
30	2.424,700	96,988	52,081	44,907	1.691,121
31	2.402,800	96,112	50,734	45,378	1.645,742
32	2.315,100	185,208	49,372	135,836	1.509,907
33	2.771,800	221,744	45,297	176,447	1.333,460
34	3.120,600	249,648	40,004	209,644	1.123,816
35	3.239,400	259,152	33,714	225,438	898,378
36	2.659,400	212,752	26,951	185,801	712,577
37	2.989,100	239,128	21,377	217,751	494,827
38	2.891,400	231,312	14,845	216,467	278,360
39	4.156,300	286,710	8,351	278,360	0,000
40	3.193,700	0,000	0,000	0,000	0,000
41	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
42	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
43	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
44	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
45	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
46	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
47	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
48	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
49	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
50	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
51	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
52	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
53	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
54	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
55	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
56	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
57	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
58	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
59	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
60	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
61	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
62	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
63	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
64	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
65	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
66	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
67	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein: Hjúkrunarfræðingar
Árslán: 432,000
Tekið lán: 1.296,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				1.296,000
24	161,600	0,000	38,880	-38,880	1.334,880
25	921,200	0,000	40,046	-40,046	1.374,926
26	842,400	33,696	41,248	-7,552	1.382,478
27	817,600	32,704	41,474	-8,770	1.391,249
28	849,900	33,996	41,737	-7,741	1.398,990
29	847,100	33,884	41,970	-8,086	1.407,076
30	863,800	34,552	42,212	-7,660	1.414,736
31	859,100	68,728	42,442	26,286	1.388,450
32	877,900	70,232	41,654	28,578	1.359,872
33	866,100	69,288	40,796	28,492	1.331,380
34	847,800	67,824	39,941	27,883	1.303,497
35	854,300	68,344	39,105	29,239	1.274,258
36	905,100	72,408	38,228	34,180	1.240,078
37	969,400	77,552	37,202	40,350	1.199,728
38	1.013,900	81,112	35,992	45,120	1.154,608
39	972,300	77,784	34,638	43,146	1.111,462
40	930,600	74,448	33,344	41,104	1.070,358
41	919,500	73,560	32,111	41,449	1.028,909
42	950,000	76,000	30,867	45,133	983,776
43	980,500	78,440	29,513	48,927	934,849
44	980,500	78,440	28,045	50,395	884,455
45	980,500	78,440	26,534	51,906	832,548
46	963,200	77,056	24,976	52,080	780,469
47	954,500	76,360	23,414	52,946	727,523
48	954,500	76,360	21,826	54,534	672,989
49	954,500	76,360	20,190	56,170	616,818
50	954,500	76,360	18,505	57,855	558,963
51	954,500	76,360	16,769	59,591	499,372
52	954,500	76,360	14,981	61,379	437,993
53	954,500	76,360	13,140	63,220	374,773
54	954,500	76,360	11,243	65,117	309,656
55	954,500	76,360	9,290	67,070	242,586
56	954,500	76,360	7,278	69,082	173,503
57	954,500	76,360	5,205	71,155	102,348
58	954,500	76,360	3,070	73,290	29,059
59	954,500	32,129	0,872	31,257	-2,199
60	954,500	-1,327	-0,066	-1,261	-0,938
61	954,500	-1,004	-0,028	-0,976	0,038
62	954,500	0,010	0,001	0,009	0,029
63	954,500	0,030	0,001	0,030	0,000
64	954,500	0,001	0,000	0,001	-0,001
65	954,500	-0,001	0,000	-0,001	0,000
66	954,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	954,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein: Framhaldsskólakennarar
Árslán: 432,000
Tekið lán: 1.296,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				1.296,000
24	161,600	0,000	38,880	-38,880	1.334,880
25	984,100	0,000	40,046	-40,046	1.374,926
26	981,500	39,260	41,248	-1,988	1.376,914
27	1.007,000	40,280	41,307	-1,027	1.377,942
28	973,200	38,928	41,338	-2,410	1.380,352
29	990,000	39,600	41,411	-1,811	1.382,162
30	985,600	39,424	41,465	-2,041	1.384,203
31	1.046,500	83,720	41,526	42,194	1.342,009
32	1.050,600	84,048	40,260	43,788	1.298,222
33	1.087,200	86,976	38,947	48,029	1.250,192
34	1.065,100	85,208	37,506	47,702	1.202,490
35	1.075,900	86,072	36,075	49,997	1.152,493
36	1.095,300	87,624	34,575	53,049	1.099,444
37	1.113,900	89,112	32,983	56,129	1.043,315
38	1.148,700	91,896	31,299	60,597	982,718
39	1.147,100	91,768	29,482	62,286	920,432
40	1.171,600	93,728	27,613	66,115	854,317
41	1.184,700	94,776	25,630	69,146	785,170
42	1.214,500	97,160	23,555	73,605	711,565
43	1.239,600	99,168	21,347	77,821	633,744
44	1.241,300	99,304	19,012	80,292	553,453
45	1.227,700	98,216	16,604	81,612	471,840
46	1.233,500	98,680	14,155	84,525	387,316
47	1.222,300	97,784	11,619	86,165	301,151
48	1.206,200	96,496	9,035	87,461	213,690
49	1.203,100	96,248	6,411	89,837	123,852
50	1.209,400	96,752	3,716	93,036	30,816
51	1.199,700	31,740	0,924	30,816	0,000
52	1.162,300	0,000	0,000	0,000	0,000
53	1.210,200	0,000	0,000	0,000	0,000
54	1.222,000	0,000	0,000	0,000	0,000
55	1.237,900	0,000	0,000	0,000	0,000
56	1.160,200	0,000	0,000	0,000	0,000
57	1.104,900	0,000	0,000	0,000	0,000
58	1.158,400	0,000	0,000	0,000	0,000
59	1.216,900	0,000	0,000	0,000	0,000
60	1.264,400	0,000	0,000	0,000	0,000
61	1.238,900	0,000	0,000	0,000	0,000
62	1.199,300	0,000	0,000	0,000	0,000
63	1.210,600	0,000	0,000	0,000	0,000
64	1.251,000	0,000	0,000	0,000	0,000
65	1.223,000	0,000	0,000	0,000	0,000
66	1.111,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	1.111,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Dæmi 2. Einstætt foreldri með eitt barn. Árslán 648.000 kr.

Starfsgrein:	Viðskiptafræðingar		
Árslán:	648,000	*Tekjutenging*	*4,00% fyrstu 5 árin*
Tekið lán:	2.592,000	*Tekjutenging*	*8,00% eftir fyrstu 5 árin*
Námstími:	4 ár	*Endurgreiðslur hefjast 2 árum eftir námslok*	
Vextir:	3%		

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfuðst*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,200				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				2.592,000
25	1.490,400	0,000	77,760	-77,760	2.669,760
26	1.490,400	0,000	80,093	-80,093	2.749,853
27	1.921,200	76,848	82,496	-5,648	2.755,500
28	1.921,200	76,848	82,665	-5,817	2.761,317
29	1.921,200	76,848	82,840	-5,992	2.767,309
30	2.439,100	97,564	83,019	14,545	2.752,764
31	2.439,100	97,564	82,583	14,981	2.737,783
32	2.439,100	195,128	82,133	112,995	2.624,789
33	2.666,400	213,312	78,744	134,568	2.490,220
34	2.666,400	213,312	74,707	138,605	2.351,615
35	2.666,400	213,312	70,548	142,764	2.208,851
36	2.489,900	199,192	66,266	132,926	2.075,925
37	2.489,900	199,192	62,278	136,914	1.939,011
38	2.489,900	199,192	58,170	141,022	1.797,989
39	2.489,900	199,192	53,940	145,252	1.652,737
40	2.489,900	199,192	49,582	149,610	1.503,127
41	2.489,900	199,192	45,094	154,098	1.349,028
42	2.489,900	199,192	40,471	158,721	1.190,307
43	2.489,900	199,192	35,709	163,483	1.026,825
44	2.489,900	199,192	30,805	168,387	858,437
45	2.489,900	199,192	25,753	173,439	684,998
46	2.586,100	206,888	20,550	186,338	498,660
47	2.586,100	206,888	14,960	191,928	306,732
48	2.586,100	206,888	9,202	197,686	109,046
49	2.586,100	112,318	3,271	109,046	0,000
50	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
51	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
52	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
53	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
54	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
55	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
56	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
57	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
58	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
59	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
60	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
61	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
62	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
63	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
64	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
65	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
66	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein:	Verkfræðingar
Árslán:	648,000
Tekið lán:	2.592,000
Námstími:	4 ár
Vextir:	3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu í lok árs*	*Höfuðstóll*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				2.592,000
25	1.624,700	0,000	77,760	-77,760	2.669,760
26	1.649,400	0,000	80,093	-80,093	2.749,853
27	2.169,000	86,760	82,496	4,264	2.745,588
28	1.971,700	78,868	82,368	-3,500	2.749,088
29	2.348,000	93,920	82,473	11,447	2.737,641
30	2.424,700	96,988	82,129	14,859	2.722,782
31	2.402,800	96,112	81,683	14,429	2.708,353
32	2.315,100	185,208	81,251	103,957	2.604,396
33	2.771,800	221,744	78,132	143,612	2.460,784
34	3.120,600	249,648	73,824	175,824	2.284,959
35	3.239,400	259,152	68,549	190,603	2.094,356
36	2.659,400	212,752	62,831	149,921	1.944,435
37	2.989,100	239,128	58,333	180,795	1.763,640
38	2.891,400	231,312	52,909	178,403	1.585,237
39	4.156,300	332,504	47,557	284,947	1.300,290
40	3.193,700	255,496	39,009	216,487	1.083,803
41	3.148,000	251,840	32,514	219,326	864,477
42	3.148,000	251,840	25,934	225,906	638,571
43	3.148,000	251,840	19,157	232,683	405,888
44	3.148,000	251,840	12,177	239,663	166,225
45	3.148,000	171,212	4,987	166,225	0,000
46	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
47	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
48	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
49	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
50	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
51	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
52	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
53	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
54	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
55	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
56	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
57	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
58	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
59	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
60	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
61	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
62	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
63	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
64	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
65	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
66	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
67	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein: Hjúkrunarfræðingar
Árslán: 648,000
Tekið lán: 1.944,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				1.944,000
24	161,600	0,000	58,320	-58,320	2.002,320
25	921,200	0,000	60,070	-60,070	2.062,390
26	842,400	33,696	61,872	-28,176	2.090,565
27	817,600	32,704	62,717	-30,013	2.120,578
28	849,900	33,996	63,617	-29,621	2.150,200
29	847,100	33,884	64,506	-30,622	2.180,822
30	863,800	34,552	65,425	-30,873	2.211,694
31	859,100	68,728	66,351	2,377	2.209,317
32	877,900	70,232	66,280	3,952	2.205,365
33	866,100	69,288	66,161	3,127	2.202,238
34	847,800	67,824	66,067	1,757	2.200,481
35	854,300	68,344	66,014	2,330	2.198,151
36	905,100	72,408	65,945	6,463	2.191,688
37	969,400	77,552	65,751	11,801	2.179,886
38	1.013,900	81,112	65,397	15,715	2.164,171
39	972,300	77,784	64,925	12,859	2.151,312
40	930,600	74,448	64,539	9,909	2.141,403
41	919,500	73,560	64,242	9,318	2.132,085
42	950,000	76,000	63,963	12,037	2.120,048
43	980,500	78,440	63,601	14,839	2.105,209
44	980,500	78,440	63,156	15,284	2.089,926
45	980,500	78,440	62,698	15,742	2.074,183
46	963,200	77,056	62,226	14,830	2.059,353
47	954,500	76,360	61,781	14,579	2.044,774
48	954,500	76,360	61,343	15,017	2.029,757
49	954,500	76,360	60,893	15,467	2.014,289
50	954,500	76,360	60,429	15,931	1.998,358
51	954,500	76,360	59,951	16,409	1.981,949
52	954,500	76,360	59,458	16,902	1.965,047
53	954,500	76,360	58,951	17,409	1.947,639
54	954,500	76,360	58,429	17,931	1.929,708
55	954,500	76,360	57,891	18,469	1.911,239
56	954,500	76,360	57,337	19,023	1.892,216
57	954,500	76,360	56,766	19,594	1.872,623
58	954,500	76,360	56,179	20,181	1.852,441
59	954,500	76,360	55,573	20,787	1.831,655
60	954,500	76,360	54,950	21,410	1.810,244
61	954,500	76,360	54,307	22,053	1.788,192
62	954,500	76,360	53,646	22,714	1.765,477
63	954,500	76,360	52,964	23,396	1.742,082
64	954,500	76,360	52,262	24,098	1.717,984
65	954,500	76,360	51,540	24,820	1.693,164
66	954,500	76,360	50,795	25,565	1.667,599
67	954,500	76,360	50,028	26,332	1.641,267

Starfsgrein: Framhaldsskólakennarar
Árslán: 648,000
Tekið lán: 1.944,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				1.944,000
24	161,600	0,000	58,320	-58,320	2.002,320
25	984,100	0,000	60,070	-60,070	2.062,390
26	981,500	39,260	61,872	-22,612	2.085,001
27	1.007,000	40,280	62,550	-22,270	2.107,271
28	973,200	38,928	63,218	-24,290	2.131,561
29	990,000	39,600	63,947	-24,347	2.155,908
30	985,600	39,424	64,677	-25,253	2.181,162
31	1.046,500	83,720	65,435	18,285	2.162,876
32	1.050,600	84,048	64,886	19,162	2.143,715
33	1.087,200	86,976	64,311	22,665	2.121,050
34	1.065,100	85,208	63,632	21,576	2.099,474
35	1.075,900	86,072	62,984	23,088	2.076,386
36	1.095,300	87,624	62,292	25,332	2.051,053
37	1.113,900	89,112	61,532	27,580	2.023,473
38	1.148,700	91,896	60,704	31,192	1.992,281
39	1.147,100	91,768	59,768	32,000	1.960,282
40	1.171,600	93,728	58,808	34,920	1.925,362
41	1.184,700	94,776	57,761	37,015	1.888,347
42	1.214,500	97,160	56,650	40,510	1.847,837
43	1.239,600	99,168	55,435	43,733	1.804,105
44	1.241,300	99,304	54,123	45,181	1.758,924
45	1.227,700	98,216	52,768	45,448	1.713,475
46	1.233,500	98,680	51,404	47,276	1.666,200
47	1.222,300	97,784	49,986	47,798	1.618,402
48	1.206,200	96,496	48,552	47,944	1.570,458
49	1.203,100	96,248	47,114	49,134	1.521,323
50	1.209,400	96,752	45,640	51,112	1.470,211
51	1.199,700	95,976	44,106	51,870	1.418,341
52	1.162,300	92,984	42,550	50,434	1.367,908
53	1.210,200	96,816	41,037	55,779	1.312,129
54	1.222,000	97,760	39,364	58,396	1.253,733
55	1.237,900	99,032	37,612	61,420	1.192,313
56	1.160,200	92,816	35,769	57,047	1.135,266
57	1.104,900	88,392	34,058	54,334	1.080,932
58	1.158,400	92,672	32,428	60,244	1.020,688
59	1.216,900	97,352	30,621	66,731	953,957
60	1.264,400	101,152	28,619	72,533	881,423
61	1.238,900	99,112	26,443	72,669	808,754
62	1.199,300	95,944	24,263	71,681	737,073
63	1.210,600	96,848	22,112	74,736	662,337
64	1.251,000	100,080	19,870	80,210	582,127
65	1.223,000	97,840	17,464	80,376	501,751
66	1.111,500	88,920	15,053	73,867	427,883
67	1.111,500	88,920	12,837	76,083	351,800

Dæmi 3. Einstætt foreldri með tvö börn. Árslán 864.000 kr.

Starfsgrein:	Viðskiptafræðingar		
Árslán:	864,000	*Tekjutenging*	*4,00% fyrstu 5 árin*
Tekið lán:	3.456,000	*Tekjutenging*	*8,00% eftir fyrstu 5 árin*
Námstími:	4 ár	*Endurgreiðslur hefjast 2 árum eftir námslok*	
Vextir:	3%		

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfuðst*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,200				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				3.456,000
25	1.490,400	0,000	103,680	-103,680	3.559,680
26	1.490,400	0,000	106,790	-106,790	3.666,470
27	1.921,200	76,848	109,994	-33,146	3.699,617
28	1.921,200	76,848	110,988	-34,140	3.733,757
29	1.921,200	76,848	112,013	-35,165	3.768,922
30	2.439,100	97,564	113,068	-15,504	3.784,425
31	2.439,100	97,564	113,533	-15,969	3.800,394
32	2.439,100	195,128	114,012	81,116	3.719,278
33	2.666,400	213,312	111,578	101,734	3.617,544
34	2.666,400	213,312	108,526	104,786	3.512,759
35	2.666,400	213,312	105,383	107,929	3.404,829
36	2.489,900	199,192	102,145	97,047	3.307,782
37	2.489,900	199,192	99,233	99,959	3.207,824
38	2.489,900	199,192	96,235	102,957	3.104,866
39	2.489,900	199,192	93,146	106,046	2.998,820
40	2.489,900	199,192	89,965	109,227	2.889,593
41	2.489,900	199,192	86,688	112,504	2.777,089
42	2.489,900	199,192	83,313	115,879	2.661,210
43	2.489,900	199,192	79,836	119,356	2.541,854
44	2.489,900	199,192	76,256	122,936	2.418,917
45	2.489,900	199,192	72,568	126,624	2.292,293
46	2.586,100	206,888	68,769	138,119	2.154,174
47	2.586,100	206,888	64,625	142,263	2.011,911
48	2.586,100	206,888	60,357	146,531	1.865,380
49	2.586,100	206,888	55,961	150,927	1.714,454
50	2.586,100	206,888	51,434	155,454	1.558,999
51	2.586,100	206,888	46,770	160,118	1.398,881
52	2.586,100	206,888	41,966	164,922	1.233,960
53	2.586,100	206,888	37,019	169,869	1.064,090
54	2.586,100	206,888	31,923	174,965	889,125
55	2.586,100	206,888	26,674	180,214	708,911
56	2.081,500	166,520	21,267	145,253	563,658
57	2.081,500	166,520	16,910	149,610	414,048
58	2.081,500	166,520	12,421	154,099	259,949
59	2.081,500	166,520	7,798	158,722	101,228
60	2.081,500	104,265	3,037	101,228	0,000
61	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
62	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
63	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
64	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
65	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
66	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein:	Verkfræðingar
Árslán:	864,000
Tekið lán:	3.456,000
Námstími:	4 ár
Vextir:	3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				3.456,000
25	1.624,700	0,000	103,680	-103,680	3.559,680
26	1.649,400	0,000	106,790	-106,790	3.666,470
27	2.169,000	86,760	109,994	-23,234	3.689,705
28	1.971,700	78,868	110,691	-31,823	3.721,528
29	2.348,000	93,920	111,646	-17,726	3.739,253
30	2.424,700	96,988	112,178	-15,190	3.754,443
31	2.402,800	96,112	112,633	-16,521	3.770,964
32	2.315,100	185,208	113,129	72,079	3.698,885
33	2.771,800	221,744	110,967	110,777	3.588,108
34	3.120,600	249,648	107,643	142,005	3.446,103
35	3.239,400	259,152	103,383	155,769	3.290,334
36	2.659,400	212,752	98,710	114,042	3.176,292
37	2.989,100	239,128	95,289	143,839	3.032,453
38	2.891,400	231,312	90,974	140,338	2.892,115
39	4.156,300	332,504	86,763	245,741	2.646,374
40	3.193,700	255,496	79,391	176,105	2.470,269
41	3.148,000	251,840	74,108	177,732	2.292,537
42	3.148,000	251,840	68,776	183,064	2.109,473
43	3.148,000	251,840	63,284	188,556	1.920,918
44	3.148,000	251,840	57,628	194,212	1.726,705
45	3.148,000	251,840	51,801	200,039	1.526,666
46	3.148,000	251,840	45,800	206,040	1.320,626
47	3.148,000	251,840	39,619	212,221	1.108,405
48	3.148,000	251,840	33,252	218,588	889,817
49	3.148,000	251,840	26,695	225,145	664,672
50	3.148,000	251,840	19,940	231,900	432,772
51	3.148,000	251,840	12,983	238,857	193,915
52	3.148,000	199,733	5,817	193,915	0,000
53	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
54	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
55	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
56	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
57	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
58	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
59	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
60	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
61	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
62	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
63	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
64	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
65	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
66	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
67	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein: Hjúkrunarfræðingar
Árslán: 864,000
Tekið lán: 2.592,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				2.592,000
24	161,600	0,000	77,760	-77,760	2.669,760
25	921,200	0,000	80,093	-80,093	2.749,853
26	842,400	33,696	82,496	-48,800	2.798,652
27	817,600	32,704	83,960	-51,256	2.849,908
28	849,900	33,996	85,497	-51,501	2.901,409
29	847,100	33,884	87,042	-53,158	2.954,567
30	863,800	34,552	88,637	-54,085	3.008,652
31	859,100	68,728	90,260	-21,532	3.030,184
32	877,900	70,232	90,906	-20,674	3.050,858
33	866,100	69,288	91,526	-22,238	3.073,095
34	847,800	67,824	92,193	-24,369	3.097,464
35	854,300	68,344	92,924	-24,580	3.122,044
36	905,100	72,408	93,661	-21,253	3.143,297
37	969,400	77,552	94,299	-16,747	3.160,044
38	1.013,900	81,112	94,801	-13,689	3.173,734
39	972,300	77,784	95,212	-17,428	3.191,162
40	930,600	74,448	95,735	-21,287	3.212,449
41	919,500	73,560	96,373	-22,813	3.235,262
42	950,000	76,000	97,058	-21,058	3.256,320
43	980,500	78,440	97,690	-19,250	3.275,569
44	980,500	78,440	98,267	-19,827	3.295,397
45	980,500	78,440	98,862	-20,422	3.315,818
46	963,200	77,056	99,475	-22,419	3.338,237
47	954,500	76,360	100,147	-23,787	3.362,024
48	954,500	76,360	100,861	-24,501	3.386,525
49	954,500	76,360	101,596	-25,236	3.411,761
50	954,500	76,360	102,353	-25,993	3.437,753
51	954,500	76,360	103,133	-26,773	3.464,526
52	954,500	76,360	103,936	-27,576	3.492,102
53	954,500	76,360	104,763	-28,403	3.520,505
54	954,500	76,360	105,615	-29,255	3.549,760
55	954,500	76,360	106,493	-30,133	3.579,893
56	954,500	76,360	107,397	-31,037	3.610,930
57	954,500	76,360	108,328	-31,968	3.642,897
58	954,500	76,360	109,287	-32,927	3.675,824
59	954,500	76,360	110,275	-33,915	3.709,739
60	954,500	76,360	111,292	-34,932	3.744,671
61	954,500	76,360	112,340	-35,980	3.780,651
62	954,500	76,360	113,420	-37,060	3.817,711
63	954,500	76,360	114,531	-38,171	3.855,882
64	954,500	76,360	115,676	-39,316	3.895,199
65	954,500	76,360	116,856	-40,496	3.935,695
66	954,500	76,360	118,071	-41,711	3.977,406
67	954,500	76,360	119,322	-42,962	4.020,368

Starfsgrein: Framhaldsskólakennarar
Árslán: 864,000
Tekið lán: 2.592,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 3%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				2.592,000
24	161,600	0,000	77,760	-77,760	2.669,760
25	984,100	0,000	80,093	-80,093	2.749,853
26	981,500	39,260	82,496	-43,236	2.793,088
27	1.007,000	40,280	83,793	-43,513	2.836,601
28	973,200	38,928	85,098	-46,170	2.882,771
29	990,000	39,600	86,483	-46,883	2.929,654
30	985,600	39,424	87,890	-48,466	2.978,120
31	1.046,500	83,720	89,344	-5,624	2.983,743
32	1.050,600	84,048	89,512	-5,464	2.989,208
33	1.087,200	86,976	89,676	-2,700	2.991,908
34	1.065,100	85,208	89,757	-4,549	2.996,457
35	1.075,900	86,072	89,894	-3,822	3.000,279
36	1.095,300	87,624	90,008	-2,384	3.002,663
37	1.113,900	89,112	90,080	-0,968	3.003,631
38	1.148,700	91,896	90,109	1,787	3.001,844
39	1.147,100	91,768	90,055	1,713	3.000,131
40	1.171,600	93,728	90,004	3,724	2.996,407
41	1.184,700	94,776	89,892	4,884	2.991,524
42	1.214,500	97,160	89,746	7,414	2.984,109
43	1.239,600	99,168	89,523	9,645	2.974,465
44	1.241,300	99,304	89,234	10,070	2.964,395
45	1.227,700	98,216	88,932	9,284	2.955,110
46	1.233,500	98,680	88,653	10,027	2.945,084
47	1.222,300	97,784	88,353	9,431	2.935,652
48	1.206,200	96,496	88,070	8,426	2.927,226
49	1.203,100	96,248	87,817	8,431	2.918,795
50	1.209,400	96,752	87,564	9,188	2.909,606
51	1.199,700	95,976	87,288	8,688	2.900,919
52	1.162,300	92,984	87,028	5,956	2.894,962
53	1.210,200	96,816	86,849	9,967	2.884,995
54	1.222,000	97,760	86,550	11,210	2.873,785
55	1.237,900	99,032	86,214	12,818	2.860,966
56	1.160,200	92,816	85,829	6,987	2.853,979
57	1.104,900	88,392	85,619	2,773	2.851,207
58	1.158,400	92,672	85,536	7,136	2.844,071
59	1.216,900	97,352	85,322	12,030	2.832,041
60	1.264,400	101,152	84,961	16,191	2.815,850
61	1.238,900	99,112	84,476	14,636	2.801,214
62	1.199,300	95,944	84,036	11,908	2.789,306
63	1.210,600	96,848	83,679	13,169	2.776,137
64	1.251,000	100,080	83,284	16,796	2.759,342
65	1.223,000	97,840	82,780	15,060	2.744,282
66	1.111,500	88,920	82,328	6,592	2.737,690
67	1.111,500	88,920	82,131	6,789	2.730,901

GILDANDI KERFI

ENDURGREIÐSLUR HEFJAST 3 ÁRUM EFTIR NÁMSLOK

Dæmi 1. Einstaklingur í leiguhúsnæði. Árslán 432.000 kr.

Starfsgrein:	Viðskiptafræðingar		
Árslán:	432,000	*Tekjutenging*	*3,75%*
Tekið lán:	1.728,000	*Tekjutenging*	*3,75%*
Námstími:	4 ár	*Endurgreiðslur hefjast 3 árum eftir námslok*	
Vextir:	0%		

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfuðst*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,200				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				1.728,000
25	1.490,400	0,000	0,000	0,000	1.728,000
26	1.490,400	0,000	0,000	0,000	1.728,000
27	1.921,200	0,000	0,000	0,000	1.728,000
28	1.921,200	72,045	0,000	72,045	1.655,955
29	1.921,200	72,045	0,000	72,045	1.583,910
30	2.439,100	91,466	0,000	91,466	1.492,444
31	2.439,100	91,466	0,000	91,466	1.400,978
32	2.439,100	91,466	0,000	91,466	1.309,511
33	2.666,400	99,990	0,000	99,990	1.209,521
34	2.666,400	99,990	0,000	99,990	1.109,531
35	2.666,400	99,990	0,000	99,990	1.009,541
36	2.489,900	93,371	0,000	93,371	916,170
37	2.489,900	93,371	0,000	93,371	822,799
38	2.489,900	93,371	0,000	93,371	729,428
39	2.489,900	93,371	0,000	93,371	636,056
40	2.489,900	93,371	0,000	93,371	542,685
41	2.489,900	93,371	0,000	93,371	449,314
42	2.489,900	93,371	0,000	93,371	355,943
43	2.489,900	93,371	0,000	93,371	262,571
44	2.489,900	93,371	0,000	93,371	169,200
45	2.489,900	93,371	0,000	93,371	75,829
46	2.586,100	75,829	0,000	75,829	0,000
47	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
48	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
49	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
50	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
51	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
52	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
53	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
54	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
55	2.586,100	0,000	0,000	0,000	0,000
56	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
57	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
58	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
59	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
60	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
61	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
62	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
63	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
64	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
65	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
66	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein:	Verkfræðingar
Árslán:	432,000
Tekið lán:	1.728,000
Námstími:	4 ár
Vextir:	0%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu í lok árs*	*Höfuðstóll*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				1.728,000
25	1.624,700	0,000	0,000	0,000	1.728,000
26	1.649,400	0,000	0,000	0,000	1.728,000
27	2.169,000	0,000	0,000	0,000	1.728,000
28	1.971,700	73,939	0,000	73,939	1.654,061
29	2.348,000	88,050	0,000	88,050	1.566,011
30	2.424,700	90,926	0,000	90,926	1.475,085
31	2.402,800	90,105	0,000	90,105	1.384,980
32	2.315,100	86,816	0,000	86,816	1.298,164
33	2.771,800	103,943	0,000	103,943	1.194,221
34	3.120,600	117,023	0,000	117,023	1.077,199
35	3.239,400	121,478	0,000	121,478	955,721
36	2.659,400	99,728	0,000	99,728	855,994
37	2.989,100	112,091	0,000	112,091	743,903
38	2.891,400	108,428	0,000	108,428	635,475
39	4.156,300	155,861	0,000	155,861	479,614
40	3.193,700	119,764	0,000	119,764	359,850
41	3.148,000	118,050	0,000	118,050	241,800
42	3.148,000	118,050	0,000	118,050	123,750
43	3.148,000	118,050	0,000	118,050	5,700
44	3.148,000	5,700	0,000	5,700	0,000
45	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
46	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
47	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
48	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
49	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
50	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
51	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
52	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
53	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
54	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
55	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
56	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
57	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
58	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
59	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
60	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
61	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
62	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
63	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
64	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
65	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
66	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
67	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein: Hjúkrunarfræðingar
Árslán: 432,000
Tekið lán: 1.296,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 0%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				1.296,000
24	161,600	0,000	0,000	0,000	1.296,000
25	921,200	0,000	0,000	0,000	1.296,000
26	842,400	0,000	0,000	0,000	1.296,000
27	817,600	30,660	0,000	30,660	1.265,340
28	849,900	31,871	0,000	31,871	1.233,469
29	847,100	31,766	0,000	31,766	1.201,703
30	863,800	32,393	0,000	32,393	1.169,310
31	859,100	32,216	0,000	32,216	1.137,094
32	877,900	32,921	0,000	32,921	1.104,173
33	866,100	32,479	0,000	32,479	1.071,694
34	847,800	31,793	0,000	31,793	1.039,901
35	854,300	32,036	0,000	32,036	1.007,865
36	905,100	33,941	0,000	33,941	973,924
37	969,400	36,353	0,000	36,353	937,571
38	1.013,900	38,021	0,000	38,021	899,550
39	972,300	36,461	0,000	36,461	863,089
40	930,600	34,898	0,000	34,898	828,191
41	919,500	34,481	0,000	34,481	793,710
42	950,000	35,625	0,000	35,625	758,085
43	980,500	36,769	0,000	36,769	721,316
44	980,500	36,769	0,000	36,769	684,548
45	980,500	36,769	0,000	36,769	647,779
46	963,200	36,120	0,000	36,120	611,659
47	954,500	35,794	0,000	35,794	575,865
48	954,500	35,794	0,000	35,794	540,071
49	954,500	35,794	0,000	35,794	504,278
50	954,500	35,794	0,000	35,794	468,484
51	954,500	35,794	0,000	35,794	432,690
52	954,500	35,794	0,000	35,794	396,896
53	954,500	35,794	0,000	35,794	361,103
54	954,500	35,794	0,000	35,794	325,309
55	954,500	35,794	0,000	35,794	289,515
56	954,500	35,794	0,000	35,794	253,721
57	954,500	35,794	0,000	35,794	217,928
58	954,500	35,794	0,000	35,794	182,134
59	954,500	35,794	0,000	35,794	146,340
60	954,500	35,794	0,000	35,794	110,546
61	954,500	35,794	0,000	35,794	74,753
62	954,500	35,794	0,000	35,794	38,959
63	954,500	35,794	0,000	35,794	3,165
64	954,500	3,165	0,000	3,165	0,000
65	954,500	0,000	0,000	0,000	0,000
66	954,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	954,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein: Framhaldsskólakennarar
Árslán: 432,000
Tekið lán: 1.296,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 0%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				1.296,000
24	161,600	0,000	0,000	0,000	1.296,000
25	984,100	0,000	0,000	0,000	1.296,000
26	981,500	0,000	0,000	0,000	1.296,000
27	1.007,000	37,763	0,000	37,763	1.258,238
28	973,200	36,495	0,000	36,495	1.221,743
29	990,000	37,125	0,000	37,125	1.184,618
30	985,600	36,960	0,000	36,960	1.147,658
31	1.046,500	39,244	0,000	39,244	1.108,414
32	1.050,600	39,398	0,000	39,398	1.069,016
33	1.087,200	40,770	0,000	40,770	1.028,246
34	1.065,100	39,941	0,000	39,941	988,305
35	1.075,900	40,346	0,000	40,346	947,959
36	1.095,300	41,074	0,000	41,074	906,885
37	1.113,900	41,771	0,000	41,771	865,114
38	1.148,700	43,076	0,000	43,076	822,038
39	1.147,100	43,016	0,000	43,016	779,021
40	1.171,600	43,935	0,000	43,935	735,086
41	1.184,700	44,426	0,000	44,426	690,660
42	1.214,500	45,544	0,000	45,544	645,116
43	1.239,600	46,485	0,000	46,485	598,631
44	1.241,300	46,549	0,000	46,549	552,083
45	1.227,700	46,039	0,000	46,039	506,044
46	1.233,500	46,256	0,000	46,256	459,788
47	1.222,300	45,836	0,000	45,836	413,951
48	1.206,200	45,233	0,000	45,233	368,719
49	1.203,100	45,116	0,000	45,116	323,603
50	1.209,400	45,353	0,000	45,353	278,250
51	1.199,700	44,989	0,000	44,989	233,261
52	1.162,300	43,586	0,000	43,586	189,675
53	1.210,200	45,383	0,000	45,383	144,293
54	1.222,000	45,825	0,000	45,825	98,467
55	1.237,900	46,421	0,000	46,421	52,046
56	1.160,200	43,508	0,000	43,508	8,539
57	1.104,900	8,539	0,000	8,539	0,000
58	1.158,400	0,000	0,000	0,000	0,000
59	1.216,900	0,000	0,000	0,000	0,000
60	1.264,400	0,000	0,000	0,000	0,000
61	1.238,900	0,000	0,000	0,000	0,000
62	1.199,300	0,000	0,000	0,000	0,000
63	1.210,600	0,000	0,000	0,000	0,000
64	1.251,000	0,000	0,000	0,000	0,000
65	1.223,000	0,000	0,000	0,000	0,000
66	1.111,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	1.111,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Dæmi 2. Einstætt foreldri með eitt barn. Árslán 648.000 kr.

Starfsgrein:	Viðskiptafræðingar		
Árslán:	648,000	*Tekjutenging*	*3,75%*
Tekið lán:	2.592,000	*Tekjutenging*	*3,75%*
Námstími:	4 ár	*Endurgreiðslur hefjast 3 árum eftir námslok*	
Vextir:	0%		

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfuðst*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,200				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				2.592,000
25	1.490,400	0,000	0,000	0,000	2.592,000
26	1.490,400	0,000	0,000	0,000	2.592,000
27	1.921,200	0,000	0,000	0,000	2.592,000
28	1.921,200	72,045	0,000	72,045	2.519,955
29	1.921,200	72,045	0,000	72,045	2.447,910
30	2.439,100	91,466	0,000	91,466	2.356,444
31	2.439,100	91,466	0,000	91,466	2.264,978
32	2.439,100	91,466	0,000	91,466	2.173,511
33	2.666,400	99,990	0,000	99,990	2.073,521
34	2.666,400	99,990	0,000	99,990	1.973,531
35	2.666,400	99,990	0,000	99,990	1.873,541
36	2.489,900	93,371	0,000	93,371	1.780,170
37	2.489,900	93,371	0,000	93,371	1.686,799
38	2.489,900	93,371	0,000	93,371	1.593,428
39	2.489,900	93,371	0,000	93,371	1.500,056
40	2.489,900	93,371	0,000	93,371	1.406,685
41	2.489,900	93,371	0,000	93,371	1.313,314
42	2.489,900	93,371	0,000	93,371	1.219,943
43	2.489,900	93,371	0,000	93,371	1.126,571
44	2.489,900	93,371	0,000	93,371	1.033,200
45	2.489,900	93,371	0,000	93,371	939,829
46	2.586,100	96,979	0,000	96,979	842,850
47	2.586,100	96,979	0,000	96,979	745,871
48	2.586,100	96,979	0,000	96,979	648,893
49	2.586,100	96,979	0,000	96,979	551,914
50	2.586,100	96,979	0,000	96,979	454,935
51	2.586,100	96,979	0,000	96,979	357,956
52	2.586,100	96,979	0,000	96,979	260,978
53	2.586,100	96,979	0,000	96,979	163,999
54	2.586,100	96,979	0,000	96,979	67,020
55	2.586,100	67,020	0,000	67,020	0,000
56	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
57	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
58	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
59	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
60	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
61	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
62	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
63	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
64	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
65	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
66	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000
67	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein:	Verkfræðingar
Árslán:	648,000
Tekið lán:	2.592,000
Námstími:	4 ár
Vextir:	0%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				2.592,000
25	1.624,700	0,000	0,000	0,000	2.592,000
26	1.649,400	0,000	0,000	0,000	2.592,000
27	2.169,000	0,000	0,000	0,000	2.592,000
28	1.971,700	73,939	0,000	73,939	2.518,061
29	2.348,000	88,050	0,000	88,050	2.430,011
30	2.424,700	90,926	0,000	90,926	2.339,085
31	2.402,800	90,105	0,000	90,105	2.248,980
32	2.315,100	86,816	0,000	86,816	2.162,164
33	2.771,800	103,943	0,000	103,943	2.058,221
34	3.120,600	117,023	0,000	117,023	1.941,199
35	3.239,400	121,478	0,000	121,478	1.819,721
36	2.659,400	99,728	0,000	99,728	1.719,994
37	2.989,100	112,091	0,000	112,091	1.607,903
38	2.891,400	108,428	0,000	108,428	1.499,475
39	4.156,300	155,861	0,000	155,861	1.343,614
40	3.193,700	119,764	0,000	119,764	1.223,850
41	3.148,000	118,050	0,000	118,050	1.105,800
42	3.148,000	118,050	0,000	118,050	987,750
43	3.148,000	118,050	0,000	118,050	869,700
44	3.148,000	118,050	0,000	118,050	751,650
45	3.148,000	118,050	0,000	118,050	633,600
46	3.148,000	118,050	0,000	118,050	515,550
47	3.148,000	118,050	0,000	118,050	397,500
48	3.148,000	118,050	0,000	118,050	279,450
49	3.148,000	118,050	0,000	118,050	161,400
50	3.148,000	118,050	0,000	118,050	43,350
51	3.148,000	43,350	0,000	43,350	0,000
52	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
53	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
54	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
55	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
56	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
57	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
58	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
59	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
60	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
61	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
62	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
63	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
64	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
65	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
66	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
67	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein: Hjúkrunarfræðingar
Árslán: 648,000
Tekið lán: 1.944,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 0%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu í lok árs*	*Höfuðstóll*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				1.944,000
24	161,600	0,000	0,000	0,000	1.944,000
25	921,200	0,000	0,000	0,000	1.944,000
26	842,400	0,000	0,000	0,000	1.944,000
27	817,600	30,660	0,000	30,660	1.913,340
28	849,900	31,871	0,000	31,871	1.881,469
29	847,100	31,766	0,000	31,766	1.849,703
30	863,800	32,393	0,000	32,393	1.817,310
31	859,100	32,216	0,000	32,216	1.785,094
32	877,900	32,921	0,000	32,921	1.752,173
33	866,100	32,479	0,000	32,479	1.719,694
34	847,800	31,793	0,000	31,793	1.687,901
35	854,300	32,036	0,000	32,036	1.655,865
36	905,100	33,941	0,000	33,941	1.621,924
37	969,400	36,353	0,000	36,353	1.585,571
38	1.013,900	38,021	0,000	38,021	1.547,550
39	972,300	36,461	0,000	36,461	1.511,089
40	930,600	34,898	0,000	34,898	1.476,191
41	919,500	34,481	0,000	34,481	1.441,710
42	950,000	35,625	0,000	35,625	1.406,085
43	980,500	36,769	0,000	36,769	1.369,316
44	980,500	36,769	0,000	36,769	1.332,548
45	980,500	36,769	0,000	36,769	1.295,779
46	963,200	36,120	0,000	36,120	1.259,659
47	954,500	35,794	0,000	35,794	1.223,865
48	954,500	35,794	0,000	35,794	1.188,071
49	954,500	35,794	0,000	35,794	1.152,278
50	954,500	35,794	0,000	35,794	1.116,484
51	954,500	35,794	0,000	35,794	1.080,690
52	954,500	35,794	0,000	35,794	1.044,896
53	954,500	35,794	0,000	35,794	1.009,103
54	954,500	35,794	0,000	35,794	973,309
55	954,500	35,794	0,000	35,794	937,515
56	954,500	35,794	0,000	35,794	901,721
57	954,500	35,794	0,000	35,794	865,928
58	954,500	35,794	0,000	35,794	830,134
59	954,500	35,794	0,000	35,794	794,340
60	954,500	35,794	0,000	35,794	758,546
61	954,500	35,794	0,000	35,794	722,753
62	954,500	35,794	0,000	35,794	686,959
63	954,500	35,794	0,000	35,794	651,165
64	954,500	35,794	0,000	35,794	615,371
65	954,500	35,794	0,000	35,794	579,577
66	954,500	35,794	0,000	35,794	543,784
67	954,500	35,794	0,000	35,794	507,990

Starfsgrein: Framhaldsskólakennarar
Árslán: 648,000
Tekið lán: 1.944,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 0%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				1.944,000
24	161,600	0,000	0,000	0,000	1.944,000
25	984,100	0,000	0,000	0,000	1.944,000
26	981,500	0,000	0,000	0,000	1.944,000
27	1.007,000	37,763	0,000	37,763	1.906,238
28	973,200	36,495	0,000	36,495	1.869,743
29	990,000	37,125	0,000	37,125	1.832,618
30	985,600	36,960	0,000	36,960	1.795,658
31	1.046,500	39,244	0,000	39,244	1.756,414
32	1.050,600	39,398	0,000	39,398	1.717,016
33	1.087,200	40,770	0,000	40,770	1.676,246
34	1.065,100	39,941	0,000	39,941	1.636,305
35	1.075,900	40,346	0,000	40,346	1.595,959
36	1.095,300	41,074	0,000	41,074	1.554,885
37	1.113,900	41,771	0,000	41,771	1.513,114
38	1.148,700	43,076	0,000	43,076	1.470,038
39	1.147,100	43,016	0,000	43,016	1.427,021
40	1.171,600	43,935	0,000	43,935	1.383,086
41	1.184,700	44,426	0,000	44,426	1.338,660
42	1.214,500	45,544	0,000	45,544	1.293,116
43	1.239,600	46,485	0,000	46,485	1.246,631
44	1.241,300	46,549	0,000	46,549	1.200,083
45	1.227,700	46,039	0,000	46,039	1.154,044
46	1.233,500	46,256	0,000	46,256	1.107,788
47	1.222,300	45,836	0,000	45,836	1.061,951
48	1.206,200	45,233	0,000	45,233	1.016,719
49	1.203,100	45,116	0,000	45,116	971,603
50	1.209,400	45,353	0,000	45,353	926,250
51	1.199,700	44,989	0,000	44,989	881,261
52	1.162,300	43,586	0,000	43,586	837,675
53	1.210,200	45,383	0,000	45,383	792,293
54	1.222,000	45,825	0,000	45,825	746,468
55	1.237,900	46,421	0,000	46,421	700,046
56	1.160,200	43,508	0,000	43,508	656,539
57	1.104,900	41,434	0,000	41,434	615,105
58	1.158,400	43,440	0,000	43,440	571,665
59	1.216,900	45,634	0,000	45,634	526,031
60	1.264,400	47,415	0,000	47,415	478,616
61	1.238,900	46,459	0,000	46,459	432,158
62	1.199,300	44,974	0,000	44,974	387,184
63	1.210,600	45,398	0,000	45,398	341,786
64	1.251,000	46,913	0,000	46,913	294,874
65	1.223,000	45,863	0,000	45,863	249,011
66	1.111,500	41,681	0,000	41,681	207,330
67	1.111,500	41,681	0,000	41,681	165,649

Dæmi 3. Einstætt foreldri með tvö böm. Árslán 864.000 kr.

Starfsgrein:	Viðskiptafræðingar		
Árslán:	864,000	*Tekjutenging*	*3,75%*
Tekið lán:	3.456,000	*Tekjutenging*	*3,75%*
Námstími:	4 ár	*Endurgreiðslur hefjast 3 árum eftir námslok*	
Vextir:	0%		

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfuðst*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,200				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				3.456,000
25	1.490,400	0,000	0,000	0,000	3.456,000
26	1.490,400	0,000	0,000	0,000	3.456,000
27	1.921,200	0,000	0,000	0,000	3.456,000
28	1.921,200	72,045	0,000	72,045	3.383,955
29	1.921,200	72,045	0,000	72,045	3.311,910
30	2.439,100	91,466	0,000	91,466	3.220,444
31	2.439,100	91,466	0,000	91,466	3.128,978
32	2.439,100	91,466	0,000	91,466	3.037,511
33	2.666,400	99,990	0,000	99,990	2.937,521
34	2.666,400	99,990	0,000	99,990	2.837,531
35	2.666,400	99,990	0,000	99,990	2.737,541
36	2.489,900	93,371	0,000	93,371	2.644,170
37	2.489,900	93,371	0,000	93,371	2.550,799
38	2.489,900	93,371	0,000	93,371	2.457,428
39	2.489,900	93,371	0,000	93,371	2.364,056
40	2.489,900	93,371	0,000	93,371	2.270,685
41	2.489,900	93,371	0,000	93,371	2.177,314
42	2.489,900	93,371	0,000	93,371	2.083,943
43	2.489,900	93,371	0,000	93,371	1.990,571
44	2.489,900	93,371	0,000	93,371	1.897,200
45	2.489,900	93,371	0,000	93,371	1.803,829
46	2.586,100	96,979	0,000	96,979	1.706,850
47	2.586,100	96,979	0,000	96,979	1.609,871
48	2.586,100	96,979	0,000	96,979	1.512,893
49	2.586,100	96,979	0,000	96,979	1.415,914
50	2.586,100	96,979	0,000	96,979	1.318,935
51	2.586,100	96,979	0,000	96,979	1.221,956
52	2.586,100	96,979	0,000	96,979	1.124,978
53	2.586,100	96,979	0,000	96,979	1.027,999
54	2.586,100	96,979	0,000	96,979	931,020
55	2.586,100	96,979	0,000	96,979	834,041
56	2.081,500	78,056	0,000	78,056	755,985
57	2.081,500	78,056	0,000	78,056	677,929
58	2.081,500	78,056	0,000	78,056	599,873
59	2.081,500	78,056	0,000	78,056	521,816
60	2.081,500	78,056	0,000	78,056	443,760
61	2.081,500	78,056	0,000	78,056	365,704
62	2.081,500	78,056	0,000	78,056	287,648
63	2.081,500	78,056	0,000	78,056	209,591
64	2.081,500	78,056	0,000	78,056	131,535
65	2.081,500	78,056	0,000	78,056	53,479
66	2.081,500	53,479	0,000	53,479	0,000
67	2.081,500	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein:	Verkfræðingar
Árslán:	864,000
Tekið lán:	3.456,000
Námstími:	4 ár
Vextir:	0%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu í lok árs*	*Höfuðstóll*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				
24	161,600				3.456,000
25	1.624,700	0,000	0,000	0,000	3.456,000
26	1.649,400	0,000	0,000	0,000	3.456,000
27	2.169,000	0,000	0,000	0,000	3.456,000
28	1.971,700	73,939	0,000	73,939	3.382,061
29	2.348,000	88,050	0,000	88,050	3.294,011
30	2.424,700	90,926	0,000	90,926	3.203,085
31	2.402,800	90,105	0,000	90,105	3.112,980
32	2.315,100	86,816	0,000	86,816	3.026,164
33	2.771,800	103,943	0,000	103,943	2.922,221
34	3.120,600	117,023	0,000	117,023	2.805,199
35	3.239,400	121,478	0,000	121,478	2.683,721
36	2.659,400	99,728	0,000	99,728	2.583,994
37	2.989,100	112,091	0,000	112,091	2.471,903
38	2.891,400	108,428	0,000	108,428	2.363,475
39	4.156,300	155,861	0,000	155,861	2.207,614
40	3.193,700	119,764	0,000	119,764	2.087,850
41	3.148,000	118,050	0,000	118,050	1.969,800
42	3.148,000	118,050	0,000	118,050	1.851,750
43	3.148,000	118,050	0,000	118,050	1.733,700
44	3.148,000	118,050	0,000	118,050	1.615,650
45	3.148,000	118,050	0,000	118,050	1.497,600
46	3.148,000	118,050	0,000	118,050	1.379,550
47	3.148,000	118,050	0,000	118,050	1.261,500
48	3.148,000	118,050	0,000	118,050	1.143,450
49	3.148,000	118,050	0,000	118,050	1.025,400
50	3.148,000	118,050	0,000	118,050	907,350
51	3.148,000	118,050	0,000	118,050	789,300
52	3.148,000	118,050	0,000	118,050	671,250
53	3.148,000	118,050	0,000	118,050	553,200
54	3.148,000	118,050	0,000	118,050	435,150
55	3.148,000	118,050	0,000	118,050	317,100
56	3.148,000	118,050	0,000	118,050	199,050
57	3.148,000	118,050	0,000	118,050	81,000
58	3.148,000	81,000	0,000	81,000	0,000
59	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
60	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
61	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
62	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
63	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
64	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
65	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
66	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000
67	3.148,000	0,000	0,000	0,000	0,000

Starfsgrein: Hjúkrunarfræðingar
Árslán: 864,000
Tekið lán: 2.592,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 0%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				2.592,000
24	161,600	0,000	0,000	0,000	2.592,000
25	921,200	0,000	0,000	0,000	2.592,000
26	842,400	0,000	0,000	0,000	2.592,000
27	817,600	30,660	0,000	30,660	2.561,340
28	849,900	31,871	0,000	31,871	2.529,469
29	847,100	31,766	0,000	31,766	2.497,703
30	863,800	32,393	0,000	32,393	2.465,310
31	859,100	32,216	0,000	32,216	2.433,094
32	877,900	32,921	0,000	32,921	2.400,173
33	866,100	32,479	0,000	32,479	2.367,694
34	847,800	31,793	0,000	31,793	2.335,901
35	854,300	32,036	0,000	32,036	2.303,865
36	905,100	33,941	0,000	33,941	2.269,924
37	969,400	36,353	0,000	36,353	2.233,571
38	1.013,900	38,021	0,000	38,021	2.195,550
39	972,300	36,461	0,000	36,461	2.159,089
40	930,600	34,898	0,000	34,898	2.124,191
41	919,500	34,481	0,000	34,481	2.089,710
42	950,000	35,625	0,000	35,625	2.054,085
43	980,500	36,769	0,000	36,769	2.017,316
44	980,500	36,769	0,000	36,769	1.980,548
45	980,500	36,769	0,000	36,769	1.943,779
46	963,200	36,120	0,000	36,120	1.907,659
47	954,500	35,794	0.000	35,794	1.871,865
48	954,500	35,794	0,000	35,794	1.836,071
49	954,500	35,794	0.000	35,794	1.800,278
50	954,500	35,794	0,000	35,794	1.764,484
51	954,500	35,794	0.000	35,794	1.728,690
52	954,500	35,794	0,000	35,794	1.692,896
53	954,500	35,794	0,000	35,794	1.657,103
54	954,500	35,794	0,000	35,794	1.621,309
55	954,500	35,794	0,000	35,794	1.585,515
56	954,500	35,794	0,000	35,794	1.549,721
57	954,500	35,794	0,000	35,794	1.513,928
58	954,500	35,794	0,000	35,794	1.478,134
59	954,500	35,794	0,000	35,794	1.442,340
60	954,500	35,794	0,000	35,794	1.406,546
61	954,500	35,794	0,000	35,794	1.370,753
62	954,500	35,794	0,000	35,794	1.334,959
63	954,500	35,794	0,000	35,794	1.299,165
64	954,500	35,794	0,000	35,794	1.263,371
65	954,500	35,794	0.000	35,794	1.227,578
66	954,500	35,794	0,000	35,794	1.191,784
67	954,500	35,794	0.000	35,794	1.155,990

Starfsgrein: Framhaldsskólakennarar
Árslán: 864,000
Tekið lán: 2.592,000
Námstími: 3 ár
Vextir: 0%

Lífsaldur í árum	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*
21	161,600				
22	161,600				
23	161,600				2.592,000
24	161,600	0,000	0,000	0,000	2.592,000
25	984,100	0,000	0,000	0,000	2.592,000
26	981,500	0,000	0,000	0,000	2.592,000
27	1.007,000	37,763	0,000	37,763	2.554,238
28	973,200	36,495	0,000	36,495	2.517,743
29	990,000	37,125	0,000	37,125	2.480,618
30	985,600	36,960	0,000	36,960	2.443,658
31	1.046,500	39,244	0,000	39,244	2.404,414
32	1.050,600	39,398	0,000	39,398	2.365,016
33	1.087,200	40,770	0,000	40,770	2.324,246
34	1.065,100	39,941	0,000	39,941	2.284,305
35	1.075,900	40,346	0.000	40,346	2.243,959
36	1.095,300	41,074	0,000	41,074	2.202,885
37	1.113,900	41,771	0,000	41,771	2.161,114
38	1.148,700	43,076	0,000	43,076	2.118,038
39	1.147,100	43,016	0,000	43,016	2.075,021
40	1.171,600	43,935	0,000	43,935	2.031,086
41	1.184,700	44,426	0,000	44,426	1.986,660
42	1.214,500	45,544	0,000	45,544	1.941,116
43	1.239,600	46,485	0,000	46,485	1.894,631
44	1.241,300	46,549	0,000	46,549	1.848,083
45	1.227,700	46,039	0,000	46,039	1.802,044
46	1.233,500	46,256	0,000	46,256	1.755,788
47	1.222,300	45,836	0,000	45,836	1.709,951
48	1.206,200	45,233	0,000	45,233	1.664,719
49	1.203,100	45,116	0,000	45,116	1.619,603
50	1.209,400	45,353	0,000	45,353	1.574,250
51	1.199,700	44,989	0,000	44,989	1.529,261
52	1.162,300	43,586	0,000	43,586	1.485,675
53	1.210,200	45,383	0,000	45,383	1.440,293
54	1.222,000	45,825	0,000	45,825	1.394,468
55	1.237,900	46,421	0,000	46,421	1.348,046
56	1.160,200	43,508	0,000	43,508	1.304,539
57	1.104,900	41,434	0,000	41,434	1.263,105
58	1.158,400	43,440	0,000	43,440	1.219,665
59	1.216,900	45,634	0,000	45,634	1.174,031
60	1.264,400	47,415	0,000	47,415	1.126,616
61	1.238,900	46,459	0,000	46,459	1.080,158
62	1.199,300	44,974	0,000	44,974	1.035,184
63	1.210,600	45,398	0,000	45,398	989,786
64	1.251,000	46,913	0,000	46,913	942,874
65	1.223,000	45,863	0,000	45,863	897,011
66	1.111,500	41,681	0,000	41,681	855,330
67	1.111,500	41,681	0,000	41,681	813,649

Fylgiskjal IV.

SÉRÁLIT
fulltrúa samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna í nefnd um endurskoðun laga um LÍN.

Pétur Þ. Óskarsson

Drög að frumvarpi til laga
um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

I. KAFLI
Hlutverk og stjórn.

1. gr.

Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita námsmönnum námslán til háskólanáms og sérnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til slíks náms hérlendis.

2. gr.

Greinin fellur niður.

3. gr.

Opinber aðstoð við námsmenn skv. lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett í reglugerð. Komi fram óskir eða tillögur um breytingar á útreiknuðum framfærslugrunni samkvæmt þessari grein er ráðherra skylt að láta þriggja manna nefnd fjalla um þær áður en slíkar breytingar eru gerðar. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndum sameiginlega af samtökum námsmanna, auk hagstofustjóra eða fulltrúa hans og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Þeir sem eiga rétt á láni skv. lögum þessum skulu eiga kost á aðild að lífeyrissjóði. Lánasjóður skal standa lífeyrissjóði skil á iðgjaldshluta lánþega ásamt mótframlagi sínu er telst viðbót við lán eins og það annars reiknast. Það rýrir ekki rétt námsmanns til lánafyrirgreiðslu úr Lánasjóði sem svarar þeim hluta, er nemur iðgjaldi að lífeyrissjóði, þótt hann taki ekki námslán til framfærslu sér eða námskostnaðar.

4. gr.

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn skv. tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn skv. tilnefningu Iðnnemasambands Íslands, einn skv. tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn skv. tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn skv. tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar en annar varaformaður.

Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skal þó takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra, sem skipuðu þá eða tilnefndu, sitji þeir skemur. Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk með samþykki sjóðsstjórnar að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. ákvæði laga nr. 97/1974.

5. gr.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er:

1. Að veita námsmönnum námslán.
2. Að annast fjármál sjóðsins og gerð fjárhagsáætlana.
3. Að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á námslánum.
4. Að setja reglur um úthlutun námslána.
5. Að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum, er almennt gildi hafa, með bókuðum samþykktum.
6. Að afla upplýsinga um námsskipan og námstíma þeirra skóla sem lánað er til.
7. Að hafa eftirlit með árangri og ástundun námsmanna.
8. Að annast útgáfustarfsemi og aðra kynningu á starfsemi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela bankastofnunum útborgun lána, innheimtu og aðra daglega afgreiðslu.

Bókhaldi skal haga skv. fyrirmælum ríkisbókhalds, sbr. lög nr. 52/1966.

II. KAFLI
Námslán.

6. gr.

Fyrsta námsaðstoð skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur á yfirstandandi skólaári. Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum víxillán, sbr. 6. mgr. 7. gr. Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju misseri meðan hann er við nám þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla þar sem nám er stundað.

Námslán skal að jafnaði veitt ef námsframvinda er sem nemur 75% af því sem skipulag skóla gerir ráð fyrir.

Námsmenn sem fá lán úr sjóðnum skulu undirrita skuldabréf við lántöku og leggja fram yfirlýsingu ábyrgðarmanns um að hann taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt verðtryggingu þess.

Ábyrgð ábyrgðarmanns getur fallið niður enda setji námsmaður aðra tryggingu sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

7. gr.

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 13/1979. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

Verði breyting á grundvelli lánskjaravísitölunnar eða við útreikning hennar skal þriggja manna nefnd ákveða hvernig vísitölur skv. nýjum breyttum grundvelli skuli tengdar eldri vísitölum. Nefndin skal þannig skipuð að Seðlabanki Íslands tilnefnir einn mann, Hæstiréttur annan en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

Þegar nýtt skuldabréf er gefið út skulu eldri skuldabréf endurnýjuð um leið þannig að á hverju nýju skuldabréfi komi fram upphæð heildarskuldar námsmanns eins og hún er á útgáfudegi skuldabréfsins.

Endurgreiðslur fara fram á grundvelli reglna sem gildu á þeim tíma er námsmaður eundirritaði einstök skuldabréf.

Endurgreiðsla lána hefst þremur árum eftir námslok en sjóðsstjórnin skal skilgreina nánar hvað skilgreina beri sem námslok í þessu sambandi.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum námsaðstoð til bráðabirgða með víxilkaupum gegn venjulegum víxilvöxtum og ábyrgð tveggja manna, sbr. 1. mgr. 6. gr., til að greina tímabundinn námskostnað, enda fullnægi námsmenn almennum skilyrðum til námsaðstoðar. Víxlarnir skulu annaðhvort endurgreiðast í reiðufé eða með námsaðstoð sem veitt verður síðar skv. almennum reglum.

8. gr.

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimt er á fyrri hluta ársins og hins vegar er viðbótargreiðsla sem innheimt er á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

Föst ársgreiðsla er kr. 34 000 miðað við lánskjaravísitölu 3205 nema eftirstöðvar láns, ásamt verðbótum, séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs.

Viðbótargreiðsla miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 4% af árstekjum alt að upphæð 1 200 000 miðað við lánskjaravísitölu 3205 en af tekjum umfram þá upphæð er hundraðshlutinn 6%.

Hundraðshlutinn, sem ákvarðar hámark árlegrar endurgreiðslu, skv. 3. mgr. skal margfaldaður skv. hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 1. mgr., að hluta eða öllu leyti, ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum skuldara, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn sjóðsins er ennfremur heimilt að veita undanþágu frá ársgreiðslu, skv. 1. mgr., ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Skuldari, sem sækir um undanþágu skv. 7. mgr. skal leggja fyrir sjóðsstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta.

Heimilt er að endurgreiða lán örar en mælt er fyrir í þessari grein. Skuldara ber á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hverrar greiðslu.

9. gr.

Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól og verðbætur. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga.

Endurgreiðslur sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast falla sjálfkrafa niður.

Endurgreiðslur eru lögtakskræfar ef um vanskil er að ræða. Sama gildir um eftirstöðvar skuldar sem felld er í gjalddaga, skv. 11. gr.

10. gr.

Verði á endurgreiðslutíma námslána breyting á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því er telst útsvarsstofn frá því sem nú er, skal hámark árlegrar endurgreiðslu skv. 8. gr.

reiknað af stofni sem þriggja manna nefnd ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra skipar einn nefndarmann, fjármálaráðherra annan en ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin leitast við að setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns sem geri hámark árlegrar endurgreiðslu hvers skuldara sem líkast því sem orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

Sé skattþegni áætlaður útsvarsstofns kal miða við hann. Komi í ljós að útsvarsstofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af verulegum sparisjóðsinnistæðum.

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að telja fram tekjur sínar til Lánasjóðs og yrði hámark árlegrar endurgreiðslu ákveðið í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verði framtal hans ósennilegt og ekki unnt að sannreyna útsvarsstofn skv. því skal stjórn Lánasjóðs áætla honum ríflegan útsvarsstofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu. Komi í ljós að áætlun þessi sé röng eiga ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eða 11. gr. við.

11. gr.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Sömu heimild hefur sjóðsstjórn ef í ljós kemur að lánþegi hefur vantalið tekjur á framtali sínu. Sú hækkun sem verður á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar lánþega skal gjaldkræf þegar í stað og skulu reiknaðir af henni hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar viðbótargreiðslu sem hækkuð er.

12. gr.

Stjórn Lánasjóðs er heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem verða að kosta sig fjarri eigin heimili sínu vegna náms sem er aðstoðarhæft skv. 1. gr. Jöfnunarstyrki til námsmanna á Íslandi skal ákveða með tilliti til ferðakostnaðar og húsnæðiskostnaðar á dvalarstað.

Fé því sem veitt er í fjárlögum til námsstyrkja skal m.a. varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka hjá þeim námsmönnum sem fara utan til náms og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir er stunda nám sem ekki verður stundað hérlendis.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðsstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild má veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær skv. gildandi tryggingarlöggjöf. Lán þessi eru veitt með sömu kjörum og almenn námslán.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að námsmenn frá Norðurlöndunum sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlendis hafi rétt til námslána skv. lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn, enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu.

Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

14. gr.

Umsækjendur um lán skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar sem sjóðsstjórn telur máli skipta við ákvörðun um veitingu námsláns.

Umsækjendum sem ekki vilja nýta sér að fullu sína lánsheimild skal gefinn kostur á að nýta sér þann hluta hennar sem þeir kjósa.

Innlendum skólum sem lög þessi taka til, er skylt að láta Lánasjóði í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjanda.

Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar sem Lánasjóði eru látnar í té skv. þessari grein skal farið sem trúnaðarmál.

III. KAFLI
Ráðstöfunarfé o.fl.

15. gr.

Ráðstöfunarfé Lánasjóðsins er:

1. Endurgreiðslur skv. lögum þessum og afborganir af eldri námslánum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé.

Árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal árlega gera fjárhagsáætlanir fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.

Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðsstjórn og endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

16. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Óski stjórnir hagsmunasamtaka námsmanna eftir því, skal Lánasjóðurinn draga félagsgjald til samtakanna af útborguðu láni til námsmanns. Gjald þetta skal vera hliðstætt hlut Stúdentaráðs Háskóla Íslands í innritunargjöldum Háskólans.

Sjóðsstjórn setur reglur um önnur atriði úthlutunar og skal gefa þær út samþykktar af ráðherra fyrir 1. febrúar ár hvert.

17. gr.

Skjöl skv. lögum þessum skulu undanþegin stimpilgjöldum skv. lögum nr. 36/1978.

18. gr.

Ef lánþegi Lánasjóðs skv. lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán skv. eldri lögum gildir ákvæði 4. mgr. 7. gr. um endurgreiðslur lánþega.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla samtímis út gildi lög nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Sú breyting er hér að lán til nema í sérnámi (starfstengdu námi) er sett í lög um Lánasjóðinn. Er hér fyrst og fremst verið að leggja til að sú framkvæmd sem viðhöfð er í dag verði bundin í lögum, en jafnframt felur breytingin í sér sambærilega viðurkenningu á lánshæfni sérnáms og er hvað varðar háskólanám. Þessi breyting eyðir einnig óvissu varðandi varanlega lánshæfni þess sérnáms sem ekki er á háskólastigi.

Um 2. gr.

Greinin er felld niður í samræmi við breytingu á 1. gr.

Um 3. gr.

Greinin er nánast samhljóða 3. gr. laga nr. 72/1982 nema hvað ekki er lengur skilyrt í lögum að lífeyrisgreiðslur skuli renna í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Nánari útfærsla skal sett fram í reglugerð.

Um 4. gr.

Lagt er til að Iðnnemasamband Íslands, heildarsamtök námsmanna með umbjóðendur meðal lánþega en engan fulltrúa í stjórn, fái einn fulltrúa í stjórn sjóðsins og til mótvægis verði ótilnefndum fulltrúum skipuðum af menntamálaráðherra fjölgað um einn.

Einnig er lítillega breytt orðalagi í síðustu málsgrein um að framkvæmdastjóri hafi heimild til að ráða starfsfólk. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið.

Um 5. gr.

Hér hefur verið bætt inn nokkrum liðum sem eru í 8. gr. reglugerðar nr. 578/1982.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 5. gr. laga nr. 72/1982. Þó er hér lagt til að sú framkvæmd sem viðhöfð hefur verið varðandi mat á eðlilegri námsframvindu verði skilgreind í lögum.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að sú breyting verði gerð að skuldabréf námsmanns verði sameinuð jafnóðum og komi því ávallt fram heildarskuld hans á skuldabréfi. Þessi tillaga er fyrst og fremst ætluð til einföldunar á innheimtum sjóðsins. Þó er sá fyrirvari settur að skuldabréf skv. mismunandi endurgreiðslureglum verði ekki sameinuð svo ekki geti komið til afturvirkni ákvæða varðandi breyttar endurgreiðslur eða aðrar breytingar á kjörum skuldabréfa Lánasjóðsins.

Um 8. gr.

Föst ársgreiðsla er hækkuð. Jafnframt er lágmarksendurgreiðsluhlutfall hækkað úr 3,75% í 4% sett er inn stigskipting endurgreiðslna þannig að lánþegi greiðir 6% af tekjum sínum umfram tiltekin viðmiðunarmörk. Lánþega er gert að greiða kostnað við innheimtu hverrar afborgunar.

Um 9. gr.

Greinin er nánast samhljóða 9. gr. laga nr. 72/1982.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. laga nr. 72/1982.

Um 11. gr.

Greinin er nánast samhljóða 11. gr. laga nr. 72/1982.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. laga nr. 72/1982.

Um 13. gr.

Þrengt er ákvæði um lánshæfni erlendra ríkisborgara annarra en Norðurlandabúa og er það skilyrði sett að miðað verði við rétt íslenskra námsmanna í viðkomandi landi.

Um 14. gr.

Sú breyting er hér gerð að gefa skal námsmanni kost á að taka einungis hluta þess láns sem hann hefur heimild til.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 15. gr. laga nr. 72/1982. Ákvæði um greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins er sett í þessa grein en var áður í 5. gr. núgildandi laga.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 16. gr. laga nr. 72/1982. Ákvæði um innheimtu félagsgjalda hagsmunasamtaka námsmanna er þó breytt lítillega og er það í samræmi við þá framkvæmd á núverandi lögum og reglugerð sem verið hefur.

Um 17. gr.

Þessi breyting er tilkomin fyrir áeggjan fjármálaráðuneytis þar sem ráðuneytið telur ekki vera til staðar skýra heimild til að undanþiggja námslán frá stimpilgjöldum.

Um 18. gr.

Hér er um að ræða ákvæði sem kemur í veg fyrir að breytingar á kjörum lána varðandi endurgreiðslur o.fl. geti verið afturvirkar.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 17. gr. laga nr. 72/1982. Þó er ekki gert ráð fyrir að lög þessi komi til framkvæmda fyrr en við úthlutun námslána skólaárið 1992–1993.

Greinargerð.

Þann 8. nóvember síðastliðinn bárust þau skilaboð til Samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna að henni yrði veittur einn fulltrúi í nefnd sem menntamálaráðherra skipaði til að vinna að endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna (hér eftir nefndur LÍN). Undirritaður fékk það hlutverk að vera þessi fulltrúi í téðri nefnd. Með þessari skipan litu námsmenn svo á að ætlunin væri að komast að einhvers konar samkomulagi um framtíðarskipan LÍN líkt og gert var 1982 þegar núgildandi lög voru sett um sjóðinn. Ráðherra hafði sagt það opinberlega að fullt tillit yrði tekið til sjónarmiða námsmanna og námsmenn höfðu lagt fram hugmyndir sem umræðugrundvöll en samkvæmt þeim mátti lækka ríkisframlagið til sjóðsins umtalsvert og minnka afföll þau sem eru á endurgreiðslunum. Undirritaður taldi því að út frá þeim hugmyndum yrði unnið í nefndinni auk þeirra hugmynda sem nefnd sem menntamálaráðherra skipaði í sumar um sama mál yrðu í umræðunni.

Það er skemmst frá því að segja að vinnubrögðin sem viðhöfð voru í nefndinni voru með algerum eindæmum. Ráðherra menntamála gaf nefndinni 9–10 daga til að hrista fram úr erminni frumvarp til laga um LÍN. Skal þess hér freistað að gera grein fyrir „störfum“ nefndarinnar.

Fyrsti fundur var haldinn föstudaginn 15. nóvember. Á þeim fundi sem var stuttur voru lagðar fram til kynningar hugmyndir Samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna um breytingar á gildandi námslánakerfi og tillögur Vöku í málefnum LÍN. Síðan var fundi slitið.

Annar fundur var haldinn mánudaginn 18. nóvemnber. Þar kastaði formaður nefndarinnar fram sínum hugmyndum sem voru ræddar mikið og sýndist sitt hverjum. Þessar hugmyndir eru grunnurinn að því frumvarpi sem meirihluti nefndarinnar stendur að.

Þriðji fundur var haldinn föstudaginn 22. nóvember. Þá brá svo við að einn nefndarmanna Sigurbjörn Magnússon mætti til fundarins með frumvarp til laga um námslán í farteskinu. Nefndin sem slík hafði aldrei falið nefndum Sigurbirni slíka heimavinnu og a.m.k. undirritaður kom þar hvergi nærri. Ákveðið var að gefa nefndarmönnum tækifæri til að koma með athugasemdir á næsta fundi.

Fjórði fundur var haldinn sunnudaginn 24. nóvember. Þar settu nefndarmenn fram gagnrýni sína á frumvarp Sigurbjörns.

Fimmti og síðasti fundur var svo haldinn mánudaginn 25. nóvember. Þar voru lögð fram drög að frumvarpi en endanleg útgáfa var þó ekki tilbúin þrátt fyrir að til stæði að leggja frumvarpið fyrir ríkisstjórn daginn eftir.

Þessi hefur sem sagt verið gangur málsins síðan nefndin var skipuð. Undirritaður fór að sjálfsögðu ítrekað fram á það að nefndin fengi lengri tíma en að sögn formanns var ráðherra ekki tilbúinn til að veita hann.

Vegna þessa reyndi aldrei á það hvort hægt hefði verið að ná einhvers konar málamiðlun innan nefndarinnar þannig að hún hefði getað sameinast um eitt álit. Eiginlegar samningaviðræður fóru ekki fram. Hér er undirritaður þó ekki að setja út á samnefndarmenn heldur þann æðibunugang sem ráðherra og aðstoðarmaður hans hafa sýnt í málinu.

Það meirihlutaálit sem nú liggur fyrir endurspeglar aðeins það markmið sem ráðherra setti sínum fulltrúum í nefndinni; nefnilega að ná ríkisframlagi til LÍN niður í ákveðna upphæð. Því markmiði hlutu þeir að vinna að en það er auðvitað alltaf á endanum pólitísk ákvörðun hve hátt ríkisframlagið hverju sinni er. Það hve skammur tími nefndinni var ætlaður kom að mati undirritaðs meðal annars í veg fyrir að hægt væri að samræma hugmyndir námsmanna annars vegar og ríkisstjórnar hins vegar.

Það er alveg ljóst að þær tillögur sem koma fram í séráliti þessu af hálfu námsmanna þýða hærra ríkisframlag til LÍN á ári en tillögur nefndarmeirihlutans. Þær miða að því að taka á þeim vanda LÍN sem snýr að þeim námsmönnum sem í dag eru að taka lán og munu gera það í framtíðinni. **Þeim er ekki ætlað að leysa heildarvanda LÍN.**

Segja má að sá vandi sé þríþættur. Í fyrsta lagi þá hafa þau lán sem veitt voru úr sjóðnum fyrir 1976 ekki skilað sér nema að litlu leyti til sjóðsins. Þau lán voru óverðtryggð og brunnu upp í verðbólgueldi þess tíma. Í öðru lagi hafa ríkisstjórnir undangenginna ára ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum. Sjóðurinn hefur í æ ríkara mæli verið fjármagnaður með lánum sem tekin hafa verið með háum raunvöxtum og notuð til að lána námsmönnum verðtryggt en raunvaxtalaust. Þarna hefur því hlaðist upp vaxtamunur og sífellt stærri hluti af fjárþörf sjóðsins fer í afborganir og vexti af lánum. Í þriðja lagi er það staðreynd að námslán skila sér að 85–90 af hundraði til baka í sjóðinn að fullu verðtryggt. Þarna eru því á ferðinni afföll upp á 10–15% og þó að þar sé ekki um stóran hluta að ræða þá er þarna engu að síður ákveðinn vandi á ferðinni. **Það er þessi tiltekni hluti vanda LÍN sem hægt er að ætlast til að námsmenn taki þátt í að leysa.** Sá er tilgangurinn með því að námsmenn leggja til breyttar endurgreiðslur.

Það er ekki sanngjarnt að ætla námsmönnum framtíðarinnar einum að borga uppsafnaðan vanda fortíðarinnar. Auðvitað má segja að það sé líka hluti vandans hve miklu fleiri njóta aðstoðar en áður en slíkt tengist því auðvitað beint að sífellt fleiri leita sér menntunar og undirritaður hneigist til að álíta þá þróun gleðilega.

Þau lög sem voru sett um LÍN 1982 voru góð lög. Að þeim var vel unnið í samvinnu fulltrúa allra flokka og námsmanna. Þar var komist að sameiginlegri niðurstöðu. Því miður voru ekki sömu vinnubrögð viðhöfð nú. Það heyrir til tíðinda að námsmenn sjálfir leggi til breytingar á lögum um LÍN því þau hafa reynst námsmönnum vel. Ástæða þess að það er gert

engu að síður, er að námsmenn gera sér grein fyrir vandanum og vilja bregðast við honum með það fyrir augum að treysta stöðu sjóðsins.

Þau drög að frumvarpi sem hér eru lögð fram eru ekki fullkomin. Helstu breytingarnar í þeim frá núgildandi lögum er að finna í kaflanum um endurreiðslur þar sem lagt er til að þeim verði breytt til hagsbóta fyrir sjóðinn. Lagt er til að fólk greiði mishátt hlutfall tekna sinna til LÍN eftir því hve háar tekjur fólk hefur að loknu námi. Þetta þýðir að fólk greiði 4% af tekjum upp að 100 þús. kr. á mánuði en 6% af tekjum umfram það.

Við getum tekið dæmi af manni með 150 þús. kr. á mánuði. Þá greiðir hann 4% af tekjum upp að 100 þús. kr. eða 4 000 kr. og 6% af þeim 50 þús. kr. sem umfram eru eða 3 000 kr. Heildargreiðslan yrði þá 7 000 kr. á mánuði eða um 4,6% af heildartekjum viðkomandi.

Þær tölur og þau þrep sem þarna eru nefnd eru til skýringar á þeirri meginhugsun sem þarna er á ferðinni. Þarna er verið að tryggja hraðari endurgreiðslur til sjóðsins en um leið gæta þess að greiðslubyrðin verði ekki óhófleg.

Hér eru því settar fram hugmyndir sem hafa tvö markmið. Annars vegar miða þær að því að tryggja stöðugleika hvað varðar framkvæmd sjóðsins og hins vegar fá endurgreiðslur hraðar inn. Í þeirri yfirlýsingu sem undirritaður setti fram á síðasta fundi nefndarinnar kemur fram hvaða þætti námsmenn vilja skoða frekar. Námsmenn telja að allri vinnu sé í raun ólokið í þessu máli. Þau drög að frumvarpi sem hér er sett fram bera keim af því. Námsmenn vilja setjast niður með fulltrúum ríkisvaldsins og komast að sameiginlegri niðurstöðu um þennan mikilvæga sjóð.

Fylgiskjal V.

Hr. menntamálaráðherra
Ólafur G. Einarsson
Menntamálaráðuneytinu
Sölvhólsgötu 4
Reykjavík
Fax: 623068

REYKJAVÍK 11 DESEMBER 1991

Eftirfarandi töflur sýna niðurstöður útreikninga á þróun ríkisframlags til LÍN byggðar á eftirfarandi forsendum um breyttar útlánareglur:

A. Tillögur námsmanna um 4% tekjutengingu á tekjur undir 1.200 þús. kr. og 6% tekjutengingu á tekjur umfram 1.200 þús. kr. að viðbætri tillögu um 3% vaxtaálag og:

a. endurgreiðslur hefjist ári eftir námslok.

b. endurgreiðslur hefjast tveim árum eftir námslok.

B. Tillögur frumvarps nefndarinnar óbreyttar nema að því leyti að endurgreiðslur hefjast tveim árum eftir námslok.

C. Upprunalegar tillögur nefndarinnar í eylítið breyttri mynd. Lánstími fjórfaldur námstími, endurgreiðslur hefjast ári eftir námslok, 3% vextir, 20 ára aldurstakmark lána, niðurfelling lífeyrissjóðsgreiðslna og 1,2% lántökugjald sem dregið er af láni við lánveitingu.

Ef þú hefur einhverjar spurningar um eftirfarandi töflur skaltu hafa sambandi við Ingólf H Bender í síma 694541.

Virðingarfyllst

Ingólfur H Bender

Ingólfur H Bender
Hagfræðistofnun HÍ
Oddi v/Sturlugötu
Fax: 354-1-26806

A.a

Ár	*Gildandi kerfi* *Ríkisframlag*	*4% tekjutenging á tekjur undir 1.200 þús. kr., 6% tekjutenging á tekjur umfram 1.200 þús. kr.* *Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Áhrif 3% vaxtaálags* *Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*
1991	2.341	2.341	0	2.341	0
1992	2.470	2.470	0	2.470	0
1993	2.605	2.605	0	2.605	0
1994	2.698	2.699	0	2.699	0
1995	2.835	2.834	0	2.834	0
1996	3.048	3.046	2	3.046	0
1997	3.210	3.207	4	3.207	0
1998	3.292	3.283	8	3.283	0
1999	3.424	3.412	12	3.412	0
2000	3.659	3.643	16	3.643	0
2001	3.854	3.811	44	3.811	0
2002	3.959	3.906	53	3.906	0
2003	4.078	4.016	62	4.016	0
2004	4.181	4.110	71	4.110	0
2005	4.302	4.220	82	4.220	0
2006	4.422	4.327	94	4.327	0
2007	4.537	4.429	108	4.426	3
2008	4.648	4.527	122	4.516	11
2009	4.764	4.628	137	4.606	22
2010	4.880	4.728	152	4.690	38
2011	4.913	4.746	167	4.687	59
2012	4.934	4.753	181	4.667	86
2013	4.948	4.754	194	4.635	119
2014	4.956	4.747	208	4.590	157
2015	4.955	4.732	223	4.529	203
2016	4.946	4.712	234	4.456	256
2017	4.929	4.681	248	4.369	312
2018	4.905	4.642	263	4.269	372
2019	4.872	4.595	277	4.159	437
2020	4.832	4.542	290	4.038	504
2021	4.783	4.350	434	3.776	574
2022	4.730	4.146	584	3.499	647
2023	4.674	3.933	741	3.210	723
2024	4.616	3.709	906	2.908	801
2025	4.556	3.477	1.079	2.595	882
2026	4.494	3.236	1.258	2.272	965
2027	4.432	2.988	1.443	1.944	1.044
2028	4.367	2.731	1.637	1.611	1.119
2029	4.304	2.466	1.838	1.276	1.190
2030	4.241	2.193	2.047	938	1.255
2031	4.174	1.908	2.266	593	1.315
2032	4.109	1.624	2.485	257	1.367
2033	4.043	1.340	2.703	-231	1.571
2034	3.993	1.072	2.921	-856	1.928
2035	3.929	791	3.138	-1.440	2.230
2036	3.738	384	3.354	-2.077	2.461
Samtal	190.104	107.584	32.085	136.843	22.652

A.a

Endurgreiðslur hefjast 1 ári eftir námslok *Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis- framlagi*	*Samanlögð áhrif breytinga- tillagna*
2.341	0	0
2.470	0	0
2.605	0	0
2.680	18	18
2.767	67	68
2.926	120	122
3.040	167	171
3.065	218	226
3.157	255	267
3.383	260	276
3.547	264	307
3.625	282	335
3.714	302	364
3.787	323	394
3.875	345	427
3.959	369	463
4.034	391	502
4.103	412	545
4.174	431	590
4.241	449	640
4.219	467	694
4.179	487	754
4.127	508	821
4.065	524	890
3.989	540	966
3.903	553	1.043
3.807	561	1.122
3.703	567	1.202
3.459	699	1.413
3.200	839	1.633
2.921	854	1.862
2.630	869	2.100
2.327	883	2.347
2.014	895	2.602
1.696	900	2.860
1.373	899	3.121
1.047	897	3.384
717	894	3.650
385	891	3.919
50	889	4.191
-628	1.221	4.802
-1.235	1.491	5.343
-1.768	1.537	5.811
-2.200	1.344	6.193
-2.605	1.165	6.533
-2.850	774	6.589
110.020	26.823	81.560

A.b

Ár	*Gildandi kerfi* *Ríkisframlag*	*4% tekjutenging á tekjur undir 1.200 þús. kr., 6% tekjutenging á tekjur umfram 1.200 þús. kr.* *Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Áhrif 3% vaxtaálags* *Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*
1991	2.341	2.341	0	2.341	0
1992	2.470	2.470	0	2.470	0
1993	2.605	2.605	0	2.605	0
1994	2.698	2.699	0	2.699	0
1995	2.835	2.834	0	2.834	0
1996	3.048	3.046	2	3.046	0
1997	3.210	3.207	4	3.207	0
1998	3.292	3.283	8	3.283	0
1999	3.424	3.412	12	3.412	0
2000	3.659	3.643	16	3.643	0
2001	3.854	3.811	44	3.811	0
2002	3.959	3.906	53	3.906	0
2003	4.078	4.016	62	4.016	0
2004	4.181	4.110	71	4.110	0
2005	4.302	4.220	82	4.220	0
2006	4.422	4.327	94	4.327	0
2007	4.537	4.429	108	4.426	3
2008	4.648	4.527	122	4.516	11
2009	4.764	4.628	137	4.606	22
2010	4.880	4.728	152	4.690	38
2011	4.913	4.746	167	4.687	59
2012	4.934	4.753	181	4.667	86
2013	4.948	4.754	194	4.635	119
2014	4.956	4.747	208	4.590	157
2015	4.955	4.732	223	4.529	203
2016	4.946	4.712	234	4.456	256
2017	4.929	4.681	248	4.369	312
2018	4.905	4.642	263	4.269	372
2019	4.872	4.595	277	4.159	437
2020	4.832	4.542	290	4.038	504
2021	4.783	4.350	434	3.776	574
2022	4.730	4.146	584	3.499	647
2023	4.674	3.933	741	3.210	723
2024	4.616	3.709	906	2.908	801
2025	4.556	3.477	1.079	2.595	882
2026	4.494	3.236	1.258	2.272	965
2027	4.432	2.988	1.443	1.944	1.044
2028	4.367	2.731	1.637	1.611	1.119
2029	4.304	2.466	1.838	1.276	1.190
2030	4.241	2.193	2.047	938	1.255
2031	4.174	1.908	2.266	593	1.315
2032	4.109	1.624	2.485	257	1.367
2033	4.043	1.340	2.703	-231	1.571
2034	3.993	1.072	2.921	-856	1.928
2035	3.929	791	3.138	-1.440	2.230
2036	3.738	384	3.354	-2.077	2.461
Samtal	190.104	107.584	32.085	136.843	22.652

A.b

Endurgreiðslur hefjast 2 árum eftir námslok *Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Samanlögð áhrif breytinga-tillagna*
2.341	0	0
2.470	0	0
2.605	0	0
2.699	0	0
2.816	18	19
2.997	49	51
3.136	71	75
3.187	96	104
3.290	122	134
3.510	133	149
3.683	128	171
3.770	136	189
3.870	146	208
3.954	156	227
4.053	166	248
4.149	179	273
4.235	190	301
4.315	201	334
4.394	211	370
4.470	220	411
4.458	229	455
4.428	239	505
4.386	249	562
4.331	259	625
4.263	265	691
4.182	274	764
4.090	279	839
3.987	282	917
3.875	284	998
3.623	415	1.209
3.352	423	1.431
3.068	431	1.662
2.772	438	1.902
2.464	445	2.152
2.145	450	2.410
1.822	450	2.672
1.495	449	2.936
1.164	448	3.204
830	446	3.474
493	445	3.748
160	433	4.014
-426	682	4.534
-1.057	826	5.100
-1.584	728	5.577
-2.073	633	6.001
-2.625	549	6.364
123.569	13.274	68.011

B	*Gildandi kerfi*	*Tekjutenging 4% fyrstu 5 árin, 8% upp frá því*		*Endurgr. hefjast 2 árum eftir námslok*		*Áhrif 3% vaxtaálags*	
Ár	*Ríkisframlag*	*Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*
1991	2.341	2.341	0	2.341	0	2.341	0
1992	2.470	2.470	0	2.470	0	2.470	0
1993	2.605	2.605	0	2.605	0	2.605	0
1994	2.698	2.698	0	2.682	16	2.682	0
1995	2.835	2.835	0	2.786	49	2.786	0
1996	3.048	3.047	1	2.976	71	2.976	0
1997	3.210	3.207	3	3.112	96	3.112	0
1998	3.292	3.285	7	3.163	122	3.163	0
1999	3.424	3.413	11	3.196	217	3.196	0
2000	3.659	3.641	18	3.422	219	3.422	0
2001	3.854	3.745	109	3.511	234	3.511	0
2002	3.959	3.751	208	3.500	251	3.500	0
2003	4.078	3.763	315	3.495	269	3.495	0
2004	4.181	3.752	429	3.466	286	3.466	0
2005	4.302	3.750	551	3.448	302	3.448	0
2006	4.422	3.740	681	3.423	318	3.423	0
2007	4.537	3.717	819	3.384	333	3.384	0
2008	4.648	3.683	965	3.335	347	3.335	0
2009	4.764	3.644	1.121	3.283	361	3.283	0
2010	4.880	3.595	1.285	3.282	313	3.227	55
2011	4.913	3.453	1.460	3.181	272	3.023	158
2012	4.934	3.350	1.584	3.074	276	2.808	266
2013	4.948	3.285	1.663	3.006	279	2.629	377
2014	4.956	3.213	1.743	2.933	281	2.440	493
2015	4.955	3.132	1.822	2.852	281	2.238	614
2016	4.946	3.045	1.900	2.766	279	2.095	671
2017	4.929	2.952	1.977	2.677	275	1.944	733
2018	4.905	2.853	2.051	2.584	269	1.785	800
2019	4.872	2.750	2.122	2.492	259	1.619	872
2020	4.832	2.645	2.187	2.399	247	1.449	950
2021	4.783	2.540	2.244	2.303	237	1.273	1.030
2022	4.730	2.440	2.290	2.211	230	1.103	1.108
2023	4.674	2.345	2.329	2.124	222	939	1.184
2024	4.616	2.253	2.363	2.040	213	781	1.259
2025	4.556	2.163	2.393	1.960	203	630	1.330
2026	4.494	2.077	2.417	1.883	194	486	1.398
2027	4.432	1.996	2.436	1.812	183	345	1.467
2028	4.367	1.918	2.449	1.745	173	112	1.634
2029	4.304	1.848	2.456	1.686	162	-138	1.824
2030	4.241	1.783	2.457	1.547	236	-357	1.904
2031	4.174	1.722	2.452	1.420	302	-466	1.886
2032	4.109	1.582	2.527	1.284	298	-553	1.837
2033	4.043	1.371	2.672	1.078	293	-680	1.758
2034	3.993	1.175	2.818	885	290	-749	1.634
2035	3.929	965	2.964	677	287	-821	1.498
2036	3.738	626	3.112	446	180	-998	1.444
Samtal	190.104	107.584	65.413	115.944	10.224	85.763	30.181

B. *Áhrif 20 ára reglunnar*		*Áhrif niðurfellingar lífeyrissjóðsgreiðslna*		*Áhrif álagningar 1,2% lántökugjalds*		*Heildar-*
Ríkisframlag	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*lækkun í ríkis-framlagi*
2.341	0	2.341	0	2.341	0	0
2.433	37	2.410	23	2.339	71	131
2.564	41	2.541	23	2.467	74	138
2.637	45	2.613	24	2.535	78	163
2.737	49	2.712	24	2.630	82	204
2.922	54	2.898	25	2.811	86	237
3.053	59	3.027	26	2.937	91	274
3.099	64	3.072	26	2.977	95	315
3.125	70	3.099	27	2.998	100	426
3.346	77	3.318	27	3.212	106	446
3.428	83	3.399	28	3.288	112	566
3.412	88	3.383	29	3.267	116	692
3.402	93	3.372	30	3.251	121	827
3.368	98	3.338	30	3.212	125	969
3.345	103	3.314	31	3.183	130	1.118
3.314	108	3.282	32	3.147	135	1.274
3.271	114	3.238	33	3.098	140	1.439
3.216	119	3.183	33	3.037	145	1.611
3.158	124	3.124	34	2.974	151	1.791
3.097	130	3.062	35	2.906	156	1.974
2.889	134	2.854	35	2.696	158	2.217
2.670	137	2.635	35	2.474	161	2.459
2.488	141	2.453	35	2.289	163	2.659
2.295	145	2.260	35	2.094	165	2.861
2.090	148	2.054	35	1.887	168	3.068
1.944	152	1.908	35	1.695	213	3.250
1.789	155	1.754	35	1.534	220	3.395
1.627	158	1.591	35	1.365	226	3.539
1.459	161	1.423	35	1.191	233	3.682
1.285	164	1.250	35	1.010	240	3.822
1.107	166	1.072	35	824	247	3.959
934	169	899	35	644	255	4.086
769	171	733	35	470	263	4.204
608	173	573	35	301	272	4.314
455	175	420	35	52	368	4.504
301	185	266	35	-256	522	4.750
12	334	-23	35	-526	502	4.957
-248	360	-283	35	-765	482	5.132
-474	335	-509	35	-969	460	5.273
-666	310	-701	35	-1.139	437	5.380
-750	284	-785	35	-1.199	414	5.373
-810	258	-846	35	-1.235	389	5.343
-911	231	-946	35	-1.309	363	5.352
-952	204	-988	35	-1.324	336	5.317
-997	176	-1.032	35	-1.340	308	5.269
-1.146	149	-1.182	35	-1.328	147	5.066
79.032	6.730	77.578	1.455	67.752	9.826	123.829

C	*Gildandi kerfi*	*Lánstími er fjórfaldur námstími*	*Endurgr. hefjast ári eftir námslok*			*Áhrif 3% vaxtaálags*	
Ár	*Ríkisframlag*	*Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*
1991	2.341	2.341	0	2.341	0	2.341	0
1992	2.470	2.470	0	2.470	0	2.470	0
1993	2.605	2.605	0	2.580	26	2.574	5
1994	2.698	2.698	0	2.593	105	2.571	22
1995	2.835	2.824	11	2.606	218	2.555	50
1996	3.048	2.989	59	2.672	317	2.585	87
1997	3.210	3.062	148	2.689	374	2.562	127
1998	3.292	3.036	255	2.627	410	2.456	171
1999	3.424	3.067	357	2.618	449	2.399	219
2000	3.659	3.190	469	2.699	491	2.427	272
2001	3.854	3.261	593	2.725	536	2.396	329
2002	3.959	3.229	730	2.644	585	2.252	392
2003	4.078	3.196	882	2.558	638	2.098	460
2004	4.181	3.131	1.050	2.438	693	1.904	535
2005	4.302	3.065	1.236	2.344	721	1.736	609
2006	4.422	2.980	1.442	2.289	691	1.613	676
2007	4.537	2.897	1.640	2.274	623	1.537	737
2008	4.648	2.848	1.800	2.278	570	1.485	794
2009	4.764	2.847	1.918	2.287	560	1.435	852
2010	4.880	2.866	2.014	2.295	571	1.384	911
2011	4.913	2.800	2.113	2.220	580	1.249	971
2012	4.934	2.722	2.212	2.136	586	1.104	1.031
2013	4.948	2.637	2.312	2.049	588	957	1.092
2014	4.956	2.546	2.410	1.963	583	812	1.151
2015	4.955	2.450	2.504	1.880	570	671	1.209
2016	4.946	2.354	2.592	1.804	550	539	1.264
2017	4.929	2.260	2.669	1.730	530	412	1.318
2018	4.905	2.170	2.735	1.657	513	287	1.370
2019	4.872	2.081	2.791	1.583	499	162	1.420
2020	4.832	1.992	2.840	1.508	484	-35	1.543
2021	4.783	1.899	2.884	1.432	467	-285	1.718
2022	4.730	1.808	2.922	1.361	447	-502	1.863
2023	4.674	1.721	2.953	1.295	426	-683	1.978
2024	4.616	1.639	2.977	1.236	402	-827	2.063
2025	4.556	1.563	2.992	1.185	378	-934	2.119
2026	4.494	1.495	2.999	1.139	356	-1.012	2.151
2027	4.432	1.434	2.998	1.096	337	-1.066	2.162
2028	4.367	1.377	2.990	1.055	322	-1.101	2.156
2029	4.304	1.325	2.979	1.017	308	-1.115	2.132
2030	4.241	1.276	2.965	982	294	-1.108	2.091
2031	4.174	1.226	2.948	947	279	-1.101	2.048
2032	4.109	1.179	2.930	914	265	-1.094	2.008
2033	4.043	1.135	2.909	883	252	-1.088	1.971
2034	3.993	1.107	2.886	868	239	-1.054	1.922
2035	3.929	1.067	2.862	841	226	-1.054	1.895
2036	3.738	902	2.836	687	215	-1.182	1.869
Samtal	190.104	107.584	86.811	85.497	19.272	33.735	51.762

C. *Áhrif 20 ára reglunnar*		*Áhrif niðurfellingar lífeyrissjóðsgreiðslna*		*Áhrif álagningar 1,2% lántökugjalds*		*Heildar-*
Ríkisframlag	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*lækkun í ríkis-framlagi*
2.341	0	2.341	0	2.341	0	0
2.433	37	2.410	23	2.339	71	131
2.534	41	2.511	23	2.437	74	168
2.529	43	2.505	24	2.428	76	270
2.512	44	2.487	24	2.409	78	426
2.540	45	2.515	25	2.435	80	613
2.516	45	2.491	26	2.409	82	801
2.410	46	2.384	26	2.300	84	991
2.353	47	2.326	27	2.241	85	1.184
2.380	47	2.353	27	2.266	87	1.393
2.348	48	2.320	28	2.231	89	1.623
2.207	46	2.178	29	2.089	89	1.871
2.055	43	2.025	30	1.936	89	2.142
1.864	40	1.833	30	1.745	89	2.436
1.699	37	1.667	31	1.579	88	2.722
1.578	35	1.546	32	1.457	89	2.964
1.503	34	1.470	33	1.381	89	3.156
1.451	33	1.418	33	1.327	91	3.321
1.403	32	1.369	34	1.277	92	3.488
1.353	31	1.318	35	1.225	93	3.655
1.221	29	1.186	35	1.094	91	3.819
1.078	26	1.043	35	954	90	3.980
934	23	899	35	811	88	4.137
791	20	756	35	670	86	4.286
654	18	619	35	535	84	4.420
524	15	489	35	407	82	4.539
400	12	365	35	284	81	4.645
277	10	242	35	163	79	4.742
155	7	120	35	42	78	4.830
-45	10	-80	35	-160	79	4.992
-289	4	-325	35	-400	75	5.183
-501	-1	-536	35	-608	72	5.338
-677	-6	-712	35	-781	69	5.455
-816	-10	-851	35	-918	66	5.533
-920	-14	-955	35	-1.019	64	5.575
-995	-17	-1.030	35	-1.093	62	5.587
-1.047	-19	-1.082	35	-1.142	61	5.574
-1.080	-21	-1.115	35	-1.175	59	5.542
-1.092	-23	-1.128	35	-1.186	58	5.490
-1.084	-24	-1.120	35	-1.177	58	5.418
-1.077	-24	-1.113	35	-1.170	58	5.344
-1.070	-24	-1.106	35	-1.163	58	5.272
-1.064	-24	-1.100	35	-1.157	58	5.201
-1.030	-24	-1.066	35	-1.123	58	5.116
-1.030	-24	-1.066	35	-1.123	58	5.052
-1.158	-24	-1.193	35	-1.251	58	4.989
33.063	673	31.608	1.455	28.164	3.444	163.416

Fylgiskjal VI.

Nefnd um endurskoðun laga Lánasjóðs íslenskra námsmanna:

SÉRÁLIT

Inngangur.

Þann 8. nóvember skipaði menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Undirritaðri bauðst óvænt sæti í þeirri nefnd sem ég þáði í þeirri trú að hlutverk nefndarinnar væri að reyna að sætta þau sjónarmið sem fram höfðu komið um breytingar á sjóðnum frá áðurskipaðri ráðherranefnd annars vegar og námsmönnum hins vegar. Sú trú reyndist á misskilningi byggð. Í stuttu máli sagt var lítið sem ekkert tillit tekið til hugmynda námsmanna og það frumvarp sem meirihluti hennar stendur að er að mestu óbreytt frá hugmyndum fyrri nefndarinnar. Af þeim sökum sé ég mér ekki fært að standa að því frumvarpi og skila því þessu séráliti.

Leiðir til úrbóta.

Námsmenn hafa aldrei farið leynt með það að þeir séu sáttir við núgildandi lög um LÍN. Það er því af illri nauðsyn sem þeir ljá máls á breytingum á þeim, en námsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem sjóðurinn stendur frammi fyrir. Ég tel lykilatriði varðandi allar breytingar að tryggt sé jafnrétti til náms óháð efnahag og að námsmönnum sé gefið svigrúm til að koma undir sig fótunum eftir að námi lýkur áður endurgreiðslur hefjast af þunga. Fyrir liggu að ríkisframlagið á ekki að verða hærra en 2,2 milljarðar næstu árin þó þörfin sé langt umfram það eins og fram kemur í niðurstöður meirihluta nefndarinnar. Lækka má þessa fjárþörf á eftirtalda vegu:

1) Herða endurgreiðslur (sjá tillögur VÖKU í þeim efnum).
2) Láta endurgreiðslur hefjast tveimur árum eftir námslok í stað þriggja.
3) Fella niður lífeyrissjóðsgreiðslur.
4) Leggja á lántökugjald.
5) Láta lánþega greiða kostnað við innheimtu.

Það er ljóst að þessar aðgerðir draga allar verulega úr fjárþörfinni en ekki sem nemur því marki sem ríkissjóður vil ná. Námsmenn eru engu að síður að taka á sig verulegar kjaraskerðingar.

Niðurlag.

Það er í sjálfu sér ánægjulegt að ríkisstjórnin skuli vilja taka á þeim vanda sem Lánasjóður íslenskra námsmanna á við að glíma. Vandi þessi hefur verið lengi að safnast upp og liggur fyrst og fremst í því að ríkið hefur ekki staðið við sínar skuldbindingar við sjóðinn. Námsmenn hafa ítrekað varað við þeirri stefnu að fjármagna sjóðinn að svo miklu leyti með lánum. Ég tel það hins vegar óraunsætt mat að hægt sé að leysa vanda LÍN í einu skrefi. Til þess þarf of róttækar breytingar, breytingar sem vitna að öllu leyti á þeim sem enga sök eiga í málinu. Vandanum er ekki hægt að varpa yfir á námsmenn framtíðarinnar á einu bretti, það þarf að leysa hann í áföngum. Fyrst og fremst þarf að hafa samráð við námsmenn þegar það er gert, aðeins þannig næst sátt um sjóðinn. Ég skora því á ríkisstjórnina að endurskoða það framlag sem hún er tilbúin til að leggja í LÍN og gefa sér betri tíma til að finna framtíðarlausn varðandi sjóðinn.

Elsa B. Valsdóttir.

285. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Við upphaf umfjöllunar um þetta frumvarp, sem felur í sér breytingu á allmörgum lögum sem eru á forræði ýmissa ráðuneyta, var ákveðið að vísa einstökum hlutum þess til umsagnar annarra fastanefnda þingsins ef þeir vörðuðu málefnasvið þeirra. Óskað var umsagnar menntamálanefndar um 1.–3. gr. frumvarpsins, landbúnaðarnefndar um 4. gr., sjávarútvegsnefndar um 5. gr., allsherjarnefndar um 6.–8. gr., félagsmálanefndar um 9.–14. gr., heilbrigðis- og tryggingarnefndar um 15.–22. gr. og iðnaðarnefndar um 24. gr. frumvarpsins. Einnig var óskað umsagnar samgöngunefndar um tillögur, er síðar komu fram, um breytingar á ákvæðum hafnalaga og laga um fjáröflun til vegagerðar. Þær umsagnir, sem efnahags- og viðskiptanefnd bárust, eru birtar sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar hefur tekið upp í sínar breytingartillögur þær tillögur sem allsherjarnefnd og heilbrigðis- og tryggingarnefnd lögðu til við nefndina að gerðar yrðu á frumvarpinu.

Á fund efnahags- og viðskiptanefndar komu Indriði H. Þorláksson og Snorri Olsen frá fjármálaráðuneytinu, Ásmundur Stefánsson og Lára V. Júlíusdóttir frá Alþýðusambandi Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Þórður Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón Gunnar Ottósson frá umhverfisráðuneytinu, Arnór Sigfússon frá embætti veiðistjóra, Svend Richter, Jón Ásgeir Sigurðsson og Börkur Thoroddsen frá Tannlæknafélagi Íslands, Hannes Valdimarsson frá Hafnasambandi sveitarfélaga, Ari Edwald frá dómsmálaráðuneytinu, Helgi Hallgrímsson frá Vegagerð ríkisins, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Haukur Halldórsson frá Stéttarsambandi bænda.

Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar gerir eftirfarandi tillögur til breytinga á frumvarpinu:

1. Felldir eru niður tveir stafliðir í 1. gr. frumvarpsins. Þeir varða annars vegar grunnskólaráð og hins vegar ráðingu aðstoðarskólastjóra. Ákvæðum laganna að því er þessi tvö atriði varðar verður því ekki frestað.
2. Síðasti málsliður 2. gr. fellur brott þar sem ákvæðið er óþarft.
3. Ákvæði 6.–8. gr., um breytingu á kosningalögum, falli brott þar sem allsherjarnefnd telur ekki brýnt að lögfesta þessi ákvæði nú en lýsir sig reiðubúna til að athuga málið í tengslum við endurskoðun á kosningalögum.
4. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein sem heimilar félagsmálaráðherra að ákveða með reglugerð hvaða vinnulaunakröfur og hversu háar njóti ábyrgðar hins nýja ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota sem gerð er tillaga um í 9. og 10. gr. frv. Í 2. mgr. hinnar nýju greinar, er verður 8. gr., eru sett meginefnisatriði reglugerðar að því er varðar lágmarksrétt launþega við gjaldþrot. Í 3. mgr. greinarinnar eru ákvæði um hvernig bregðast eigi við ef sjóðinn skortir fé til að standa við skuldbindingar sínar. Ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota er ætlað að leysa af hólmi beina ríkisábyrgð á launum frá og með 1. mars 1992. Í 13. tölul. breytingartillagnanna á þskj. 286 er ákvæði um gildistöku þessarar nýju greinar, en þá falla jafnframt úr gildi 1.–4. gr. laga nr. 88/1990, um ríkisábyrgð á launum. Er ákvæðum 9. og 10. gr. frumvarpsins, ásamt greininni sem gerð er tillaga um í 4. tölul. breytingartillagnanna, ætl-

að að koma í stað þessara greina. 5.–15. gr. laga nr. 88/1990, um ríkisábyrgð á launum, munu standa að efni óbreyttar, en frá 1. mars 1992 kemur ábyrgðasjóður í stað ríkissjóðs þar sem við á í lögunum. Í b-lið 13. tölul. breytingartillagna meiri hluta nefndarinnar er lagt til að þessi umræddu ákvæði verði gefin út að nýju sem samfelld lög með fyrirsögninni: Lög um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Er með þessum breytingartillögum verið að skilgreina umfang ábyrgðasjóðs og þá ábyrgð sem honum er ætlað að veita.

5. Samkvæmt tillögum heilbrigðis- og tryggingaráðherra geti ákveðið að gjald, sem sjúklingar greiða fyrir almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa, við komu til sérfræðings, vegna lyfjakostnaðar og röntgengreiningar, skuli vera hlutfallsgjald. Einnig það nýmæli að tiltaka megi hámark þess gjalds sem sjúklingi ber að greiða. Hámarkið getur hvort sem er tekið til einstakra læknisverka eða lyfjaafgreiðslna eða til heildargreiðslna yfir tiltekið tímabil. Er heimildin sameinuð í breytingartillögunni, en í frumvarpinu er kveðið á um hana varðandi hvern einstakan þátt.
6. Lagt er til að 17. gr. verði breytt til samræmis við tillögu heilbrigðis- og tryggingaráðherra. Sjúkratryggingar munu samkvæmt tillögunni að fullu greiða skoðun og fyrirbyggjandi tannlækningar barna og unglinga, en greiða 85% í öðrum almennum tannlækningum þessa hóps. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er ætlað að setja gjaldskrá fyrir skólatannlækningar sem miðuð verði við raunverulegan kostnað við þær. Lögð er til efnisbreyting á því ákvæði frumvarpsins að ekki skuli greiddur tannlæknakostnaður barna og unglinga hjá öðrum en skólatannlæknum þegar slík þjónusta (eða tannlækningar samkvæmt útboði) stendur til boða. Þetta ákvæði á samkvæmt breytingartillögunni einungis við skoðun og fyrirbyggjandi aðgerðir (enda hafi ekki verið um annað samið). Aftur á móti er nú annar almennur tannlæknakostnaður endurgreiddur enda þótt leitað sé til annarra tannlækna en skólatannlækna. Í þeim tilvikum skal þó einungis endurgreitt samkvæmt ámóta gjaldskrá og gildir um skólatannlækningar. Þar sem þær standa ekki til boða miðast endurgreiðsla þó alltaf við raunkostnað.
7. Samkvæmt tillögu heilbrigðis- og tryggingaráðherra er lagt til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafi samráð við þær stofnanir sem hlut eiga að máli þegar ákveðin eru daggjöld sjúkrahúsa sem ekki eru á föstum fjárlögum.
8. Vegna þeirra breytinga, sem lagt er til að verði á 17. gr. frumvarpsins, á 2. efnismálsl. 19. gr. þess ekki lengur við og því er lagt til að hann falli brott.
9. Samkvæmt 9. tölul. breytingartillaganna er lagt til að tekið verði svokallað sérstakt vörugjald og skal það renna í sérstaka deild við Hafnabótasjóð. Skal gjaldið vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjald. Þessu fé á að verja til að standa straum af framkvæmdum við almennar hafnargerðir.
10. Lagt er til að nýrri grein verði bætt við lög nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka. Samkvæmt greininni þurfa sveitarfélögin að senda sundurliðað reiknisyfirlit um kostnað við veiðar fyrir septemberlok sama ár og veiðarnar fara fram. Eins og nú háttar er sveitarfélögunum gert að skila skýrslum og reikningum um veiðarnar fyrir lok janúar ár hvert vegna veiða næsta árs á undan. Eftir þá breytingu á 13. gr. laga um eyðingu refa og minka, sem hér er lögð til, verður ljóst í upphafi árs hvaða fjármunir eru til ráðstöfunar í endurgreiðslu á hlut ríkissjóðs í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu. Endurgreiðsla á að berast sveitarfélögum sama ár og veiðarnar fara fram. Veiðistjóra er ætlað að úrskurða reikninga í stað sýslumanna,

en gera má ráð fyrir að hann sé betur í stakk búinn en sýslumenn til að meta reikningana heildstætt. Kostnaðarhlutur ríkissjóðs lækkar úr þremur fjórðu hlutum í helming af kostnaði við veiðarnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipulagi veiðanna verði breytt þannig að þær verði markvissari og kostnaðarminni fyrir sveitarfélögin. Þó er ljóst að þessi breyting á hlut ríkissjóðs í kostnaði við refa- og minkaveiðar mun hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir þau sveitarfélög þar sem ekki verður breyting á skipulagi veiðanna. Þessi aukakostnaður er áætlaður um 4 milljónir króna samanlagður og mun líklega leggjast á um 30 sveitarfélög. Þótt greiðsla berist fyrr en áður þykir rétt að ríkissjóður greiði hærra hlutfall af kostnaði við veiðarnar í þessum tilfellum, sbr. síðasta málslið greinarinnar.

11. Í 44. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögbundið framlag ríkissjóðs til skipulagsmála verði með öllu skert en hér er lagt til að framlagið verði 4.500 þús.kr.
12. Gerð er tillaga um að þrjár nýjar greinar bætist við II. kafla frumvarpsins.
    a. Lagt er til að 265 m.kr. af innheimtuðum mörkuðum tekjum, sbr. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, renni í ríkissjóð á næsta ári en verði ekki varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.
    b. Tjón af völdum refa og minka er mismikið eftir svæðum. Því er talið heppilegra að draga úr útgjöldum til þessa viðfangsefnis með því að heimila umhverfisráðherra, í samráði við veiðistjóra, að taka ekki þátt í kostnaði við eyðingu þeirra á svæðum þar sem þeir valda minnstum usla fremur en að lækka hlutfall endurgreiðslu umfram það sem gert er ráð fyrir í næstsíðasta málslið nýrrar greinar í frumvarpi þessu (verður 24. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 52/1957). Meðal þeirra svæða, þar sem til greina kemur að hætta grenjaleit, eru miðhálendið, þjóðgarðar og friðlönd. Rétt þykir að létta af sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga kvöð um grenja- og minkaleitir á þeim svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar.
    c. Gerð er tillaga um að sveitarfélög greiði hluta kostnaðar við löggæslu á árinu 1992 þannig að sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.850 kr. á hvern íbúa en minni sveitarfélög greiði 1.700 kr. á hvern íbúa.
13. Gerð er grein fyrir þessum breytingartillögum þar sem fjallað er um 4. lið þeirra hér að framan.
14. Að tillögu heilbrigðis- og tryggingaefndar er lagt til að c-, d-, og e-liðir 1. tölul. 17. gr. frumvarpsins (skólatannlækningar) taki ekki gildi fyrr en 1. mars 1992. Ráðherra er þó heimilt að fresta gildistökunni til 1. september 1992.
15. Tillagan varðar skil eldri laga og yngri um meðferð krafna sem til álita koma gagnvart ábyrgð á launum vegna gjaldþrots.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Ingi Björn Albertsson undirritar nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 17. des. 1991.

Rannveig Guðmundsdóttir, varaform., frsm. — Sólveig Pétursdóttir. — Vilhjálmur Egilsson.

Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara. — Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

13. desember 1991.

Hr. Matthías Bjarnason,
formaður efnahags- og viðskiptanefndar.

Með vísan til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar 9. desember sl. hefur heilbrigðis- og tryggingaefnd fjallað um þau ákvæði sem varða málefnasvið hennar í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, 167. mál. Þau ákvæði, sem um er að ræða, eru 15.–22. gr. frumvarpsins. Nefndin hefur einnig rætt við fjölda aðila um málið. Niðurstaða nefndarinnar er sú að æskilegt sé að fluttar verði breytingartillögur við nokkrar greinar frumvarpsins. Nefndin er sammála um eftirfarandi tillögur, en jafnframt áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma eftir meðferð málsins í efnahags- og viðskiptanefnd.

Þær breytingar, sem nefndin leggur til við efnahags- og viðskiptanefnd að gerðar verði á frumvarpinu, eru:

1. Við a-lið 16. gr. Orðin „Heimilt er að ákveða með reglugerð að gjaldið skuli vera hlutfallsgjald" falli niður.
   Við b-lið 16. gr. Orðin „og er heimilt að hafa gjaldið hlutfallsgjald" falli niður.
   Við c-lið 16. gr. Orðin „og er heimilt að hafa gjaldið hlutfallsgjald" falli niður.
   Við d-lið 16. gr. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er með reglugerð heimilt að ákveða að gjald skv. a-, b-, c- og d-liðum skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess gjalds sem sjúklingi ber að greiða.
2. 1. og 2. tölul. 17. gr. orðist svo:
   1. Um þátttöku í kostnaði við tannlækningar barna og unglinga 15 ára og yngri aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð fer eftir því sem hér segir:
      a. Sjúkratryggingar greiða að fullu skoðun og fyrirbyggjandi tannlækningar, svo sem tannfræðslu, tannhreinsun, flúorverndun tanna og skorufyllingar.
      b. Fyrir aðrar tannlækningar en þær sem tilgreindar eru í a-lið greiða sjúkratryggingar 85% kostnaðar.
      c. Ráðherra skal setja gjaldskrá fyrir skólatannlækningar. Skal gjaldskráin miðuð við raunverulegan kostnað vegna þeirra. Með skólatannlækningum er hér jafnt átt við tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera eða samkvæmt úboði.
      d. Þegar skólatannlækningar standa til boða skal ekki greiða fyrir tannlækningar skv. a-lið sé leitað til annarra tannlækna en skólatannlækna, nema um annað hafi verið samið. Í sömu tilvikum fer um hlutdeild sjúkratrygginga skv. b-lið eftir gjaldskrá sem ráðherra setur með hliðsjón af gjaldskrá fyrir skólatannlækningar eða raunverulegum kostnaði sé hann lægri.
      e. Sé þjónusta skólatannlækna ekki fyrir hendi fer um greiðslur sjúkratrygginga samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur og tekur mið af raunverulegum kostnaði.
   2. Fyrir 16 ára unglinga skal greiða 50% kostnaðar í samræmi við ákvæði 1. tölul.
3. Í c-lið 18. gr. komi á eftir „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra" orðin: að höfðu samráði við viðkomandi stofnanir.
4. Við 19. gr. 2. málsl. fellur niður.

5. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýtt ákvæði, sem verður I., og hljóðar svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga þessara öðlast c-, d- og e-liðir 1. tölul. 17. gr. gildi 1. mars 1992. Fram til 1. mars 1992 skal hlutdeild sjúkratrygginga miðast við gildandi gjaldskrá tannlækna. Ráðherra er þó heimilt að fresta gildistöku c-, d- og e-liða 17. gr. fram til 1. september 1992.
6. Í ákvæði til bráðabrigða II., sem verði III., komi í stað „I.“: II.

F.h. heilbrigðis- og trygginganefndar,

Sigbjörn Gunnarsson
formaður.

Fylgiskjal II.

11. desember 1991.

Til efnahags- og viðskiptanefndar.

Með vísan til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar 9. desember sl. hefur sjávarútvegsnefnd fjallað um það ákvæði sem varðar málefnasvið hennar í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, 167. mál. Ákvæði það, sem um er að ræða, er 5. gr. frumvarpsins, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990.

Meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er Matthíasi Bjarnasyni, Össuri Skarphéðinssyni, Guðmundi Hallvarðssyni og Árna R. Árnasyni, gerir ekki athugasemdir við ákvæðið. Minni hlutinn, sem skipaður er Steingrími J. Sigfússyni, Jóhanni Ársælssyni og Stefáni Guðmundssyni, er andvígur ákvæðinu. Anna Ólafsdóttir Björnsson, sem sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi, er andvíg ákvæði frumvarpsins. Vilhjálmur Egilsson og Halldór Ásgrímsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

F.h. sjávarútvegsnefndar,

Matthías Bjarnason
formaður.

Fylgiskjal III.

16. desember 1991.

Frú Rannveig Guðmundsdóttir,
varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar.

Samgöngunefnd tók til athugunar 4. tölul. og a-lið 7. tölul. breytingartillagna meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, sbr. bréf yðar dags. í dag, og hélt tvo fundi um málið þrátt fyrir að skammur tími væri gefinn til umfjöllunar. Á fund nefndarinnar komu Ólafur S. Valdimarsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri.

Meiri hluti nefndarinnar, sem í eiga sæti auk undirritaðs, Árni Johnsen, Sigbjörn Gunnarsson, Sigríður Anna Þórðardóttir (fyrir Pálma Jónsson) og Árni R. Árnason (fyrir Sturlu Böðvarsson), gerir ekki athugasemdir við framkomnar tillögur.

Minni hluti nefndarinnar, sem í eiga sæti Stefán Guðmundsson, Jóhann Ársælsson, Guðni Ágústsson og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, skila sérstakri umsögn.

F.h. meiri hluta samgöngunefndar,

Árni M. Mathiesen,
formaður.

Fylgiskjal IV.

10. desember 1991.

Hr. Matthías Bjarnason,
formaður efnahags- og viðskiptanefndar.

Menntamálanefnd hefur fjallað um þau ákvæði sem varða málefnasvið hennar í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, 167. mál, sbr. tilmæli efnahags- og viðskiptanefndar í bréfi dags. 9. des. 1991. Þau ákvæði, er hér um ræðir, eru 1.–3. gr. frumvarpsins og fela í sér breytingar á ákvæðum laga nr. 49/1991, um grunnskóla.

Nefndin hélt tvo fundi um málið og fékk á sinn fund Örlyg Geirsson, Sólrúnu Jensdóttur og Ólaf Darra Andrason frá menntamálaráðuneytinu og Svanhildi Kaaber og Birnu Sigurjónsdóttur frá Kennarasambandi Íslands. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er Rannveigu Guðmundsdóttur, Árna Johnsen, Árna Mathiesen, Birni Bjarnasyni og Tómasi Inga Olrich, gerir ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

F.h. meiri hluta menntamálanefndar,

Rannveig Guðmundsdóttir,
varaformaður.

Fylgiskjal V.

Umsögn landbúnaðarnefndar um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

(12. desember 1991.)

Að ósk efnahags- og viðskiptanefndar hefur landbúnaðarnefnd fjallað um frumvarp til laga umráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 að því er tekur til landbúnaðar.

Nefndin kynnti sér efni 31., 32., 33. og 34. gr. frumvarpsins. En þar sem nefndin fékk þau skilaboð að ekki væri leitað eftir tillögum varðandi II. kafla frumvarpsins tók hún ekki afstöðu til þeirra greina.

Við umfjöllun nefndarinnar um 4. gr. frumvarpsins, er varðar jarðræktarlög, náðist

ekki samstaða um sameiginlega afstöðu. Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar er eftirfarandi:

Vísað er til kafla úr áliti nefndarinnar til fjárlaganefndar Alþingis, fskj. 1., og umsagnar Búnaðarfélags Íslands um framkvæmd jarðræktarlaga, fskj. 2., en þar koma fram mikilvægar skýringar um stöðu þessara mála. Nefndin vekur athygli á að skv. 4. gr. frumvarpsins, ef að lögum verður, er tekinn upp sami háttur og árið 1988 þegar greiðslur ríkissjóðs vegna jarðræktarframlaga voru bundnar fjárveitingu á fjárlögum.

Vakin er athygli á að sú breyting, sem gerð var á jarðræktarlögum árið 1989, tók einkum mið af þeim vanda sem leiddi af vanskilum ríkissjóðs við bændur og um þá afgreiðslu náðist víðtækt samkomulag þegar málið var til umfjöllunar og afgreiðslu á Alþingi og þá þess vænst að friður yrði um þessi mál.

Eins og fram kemur í fskj. 2 hefur orðið mikill samdráttur í jarðræktarframlögum á síðustu árum. Árið 1984 voru þessi framlög (verðl. 1991) 506 millj. kr. Síðan hafa þau lækkað ár frá ári niður í 94,8 millj. kr. árið 1991. Þannig hafa bændur landsins mætt aðstæðum breyttra tíma með stórfelldum sparnaði. Samt á nú að höggva öðru sinni í sama knérunn.

Það er ríkt í fari menningarþjóða að vernda lendur sínar og bæta ræktunarlönd. Við erfiðari náttúrufarsleg skilyrði verður þessi þörf enn brýnni.

Ákvæði 4. gr. frumvarpsins eru andstæð þessum markmiðum og ganga gegn því samkomulagi sem gert var við bændur landsins við breytingu jarðræktarlaga árið 1989. Eins og reynslan sýnir þarf að endurskoða jarðræktarlögin öðru hvoru að kröfu breyttra tíma. Slík endurskoðun þarf vandaðan undirbúning og samráð við bændur landsins. Hér skortir á að svo sé. Þess vegna leggur meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er Agli Jónsyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Guðna Ágústssyni og Sigurði Hlöðvessyni, til að 4. gr. frumvarpsins um ráðstafanir í ríkisfjármálum verði ekki lögfest. Aðrir nefndarmenn, Geir H. Haarde, Árni Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson og Sigbjörn Gunnarsson, leggja til að 4. gr. verði óbreytt.

Egill Jónsson,
formaður.

Fskj. 1.

KAFLI ÚR ÁLITI LANDBÚNAÐARNEFNDAR TIL FJÁRLAGANEFNDAR

Jarðræktarlög og búfjárræktarlög, liður 04-288.

Að lokinni allvíðtækri umfjöllun um jarðræktarlög árið 1989 varð samkomulag við bændur um þá niðurstöðu sem leiddi til núgildandi jarðræktarlaga. Aðalatriði samkomulagsins er að framlög eru ekki háð ákvörðun fjárlaga hverju sinni, að framlög vegna ræktunar og skurðgraftar eru bundin við ákveðið hámark en aðrar framkvæmdir eru háðar samþykki landbúnaðarráðherra. Framlög til einstakra verkefna voru lækkuð og sum felld niður. Í framhaldi af þessu samkomulagi voru ógreidd framlög fyrri ára gerð upp. Þetta er ljóst af þeim málsskjölum sem fyrir liggja og ræðum þeirra alþingismanna sem að málinu unnu. Svo sem kunnugt er greinir Ríkisendurskoðun og ríkislögmann á um túlkun jarðræktarlaga.

Búnaðarfélag Íslands hefur farið þess á leit að bændur stilli ræktunarframkvæmdum sem mest í hóf þar til greiðslur þeirra skuldabréfa sem ríkissjóður gaf út vegna uppgjörs jarðræktarframlaga samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi lýkur árið 1993.

Ógreidd jarðræktarframlög frá síðasta ári nema 49.702 þús. kr. og framkvæmt hefur verið á þessu ári fyrir 74.421 þús. kr. Áfallin greiðsluskuldbinding er þannig 124.123 þús. kr. Til greiðslu eru eftirstöðvar af fjárveitingu samkvæmt fjárlögum 1991 að upphæð 41.295 þús. kr. og fjárveiting samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga að upphæð 35.000 þús. kr. eða 76.295 þús. kr. alls. Eftir standa því 47.828 þús. kr. Með fjárveitingu samkvæmt fjárlagafrumvarpi verður unnt að greiða áfallnar skuldbindingar þessa árs. Það má því segja að jarðræktarlögin búi við svipað ástand og var fyrir einu ári því ekkert fjármagn er fyrir hendi til greiðslu jarðræktarframkvæmda árið 1992.

Hafa ber í huga að skuldbindingum ríkissjóðs vegna útgefinna skuldabréfa til uppgjörs jarðræktarframlaga lýkur árið 1993. Það auðveldar að koma þessum málum í það horf sem samkomulag varð um við bændur landsins árið 1989.

Fskj. 2.

Greinargerð um jarðræktarlög og framkvæmd þeirra.

Jarðræktarlög voru fyrst sett árið 1923. Það er almennt viðurkennt að þau leiddu til byltingar í landbúnaði hér á landi. Eftir setningu þeirra hófst hér sú ræktunaralda sem á næstu þremur áratugum færði landbúnaðinn frá fleytingsbúskap yfir til þess að verða tæknivæddur ræktunarbúskapur.

Jarðræktarlögum hefur margoft verið breytt og þau löguð að ríkjandi aðstæðum. Á árunum 1979–1986 voru í gildi skerðingarákvæði þar sem framlög til ákveðinna framkvæmda voru skert um 50% en því fé, sem með því sparaðist, var veitt í Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Nokkurn veginn var staðið við þau framlög sem lögbundin voru á þessum árum og nutu þá nokkur nýmæli í búskap framlaga fyrir vikið.

Gagnger endurskoðun fór fram á jarðræktarlögum 1987 (lög nr. 56/1987). Hvort tveggja var að nokkur nýmæli voru tekin upp, svo sem framlög til loðdýrabygginga, til skjólbelta, til gróðurhúsa og garðávaxtageymslna og að takmarkanir voru settar á önnur framlög, svo sem til framræslu og grænfóðursræktar.

Nýmæli var í þessum lögum að ráðherra gat ákveðið að sótt skyldi um framlög til ákveðinna hluta. Því var beitt hvað allar byggingar varðaði, svo og um framræslu sem lengi hafði aðeins farið fram eftir pöntunum.

Lögin leiddu til verulegs sparnaðar fyrir ríkið, sjá meðfylgjandi tölur um framlög greidd 1987, 1988 og síðan, en þessi ár voru framlög greidd ári síðar en framkvæmdir voru unnar.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1988 (lög nr. 5 frá 14. jan. 1988, 23. gr.) var svo sett inn ákvæði svohljóðandi: „Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal greiðsla ríkissjóðs á framlagi til jarðabóta vegna framkvæmda á árinu 1987 ekki fara fram úr 141.000 þús. kr. á árinu 1988 en lokagreiðsla komi árið 1989."

Vegna framkvæmda, sem unnar voru 1987, hefði átt að greiða 217 millj. kr. árið 1988 en greiddar voru 142,5, sjá töflu.

Samsvarandi ákvæði var sett í lánsfjárlög fyrir árið 1989. Þar stóð að framlag úr ríkissjóði til jarðabóta skyldi ekki „fara fram úr 100.000 þús. kr. á árinu 1989. Þó er fjármálaráðherra heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988."

Jarðræktarlögin voru svo enn endurskoðuð árið 1989 (lög nr. 65 frá 1989). Þá urðu allviðamiklar breytingar á þeim en sú mest að öll framlög eru nú háð því skilyrði að sótt

hafi verið um að fá framlög árið áður en framkvæmd er fyrirhuguð. Umsóknarfrestur er nú til 15. sept. það ár.

BÍ hefur því getað gert fjárveitingavaldinu grein fyrir samanlögðum óskum bænda um framlög tímanlega fyrir frágang fjárlaga.

Í öðru lagi var sú breyting gerð að framlög skulu nú greiðast á sama hátt og framkvæmdir eru unnar, þ.e. fyrir 1. nóv., hafi úttekt þá borist en taka verðbætur mánaðarlega í samræmi við hækkanir jarðræktarvísitölu ef greiðsla dregst.

Þá voru felld niður framlög til ákveðinna framkvæmda og hámark sett á heildarframlag til endurræktunar túna og skal hún nema 2000 ha (sé um það magn sótt) og til viðhalds framræslu sem er 2 millj. m^3 og 500 km plógræsi.

Þá voru öll framlög lækkuð að krónutölu eða sem hlutfall af framkvæmdakostnaði, sbr. framræslu og vatnsveitur, sem svaraði áætluðum hagnaði bænda af því að nú áttu þeir að fá framlögin greidd verulega fyrr en áður, sbr. gjald 1. nóv.

Árið 1990 var fyrsta árið sem þessi lög komu til fullra framkvæmda. Haustið 1989 var safnað pöntunum í allar framkvæmdir. Alls bárust pantanir um framkvæmdir sem hefðu kostað 206 milljónir í framlögum (sótt var um 4.500 ha endurræktun og 2,6 millj. m^3 skurðhreinsun). Umsóknir innan stærðarmarka svöruðu til 160 millj. kr. framlaga. Fjárveiting ársins nam aðeins 50 millj. kr.

Saga ársins 1991 er hliðstæð þessu. 50 millj. kr. eru á fjárlögum. Sú fjárveiting fór því sem næst til að greiða skuldbindingar frá árinu 1990.

Af aukafjárveitingu í ár upp á 42,5 millj. kr. fóru 7,5 millj. kr. til að greiða hækkanir sem urðu á skuldabréfum er komu til greiðslu 1. ágúst sl. umfram það sem áætlað var.

Því eru nú til ráðstöfunar 35 millj. kr. Úttektir, sem bárust fyrir 15. nóvember, nema um 95 millj. kr. Af þeim eru nokkrar sem ekki fullnægja öllum formsatriðum en ljóst er að til viðbótar 35 milljónunum þarf alla þá fjárveitingu sem fyrirhuguð er á næsta ári, 50 millj. kr., til að greiða út á framkvæmdir 1991.

Er þá komið í það far sem áður var að ekki verður hægt að greiða framlögin fyrr en árið eftir framkvæmdir.

Skuldabréf. Sá greiðsluhali, sem myndast hafði vegna framkvæmda áranna 1988 og 1989, var „gerður upp" með útgáfu skuldabréfa. Skuldabréf vegna framkvæmda frá árinu 1988 voru send til bænda á miðju ári 1990. Þau skyldu taka hækkunum samkvæmt lánskjaravísitölu frá 1. ágúst 1989. Nafnverð þeirra var 96,3 millj. kr. Þau hafa nú verið greidd og námu á gjalddaga 118,9 millj. kr.

Skuldabréf vegna framlaga, sem greiðast áttu 1990 (framkvæmdir 1989), voru gefin út síðari hluta árs 1990. Þau miðast við verðlag (lánskjaravísitölu) 1. ágúst 1990 og eru með gjalddaga 1. ágúst 1992 og 1. ágúst 1993. Samanlögð upphæð þessara bréfa er 104,5 millj. kr. Skuldabréfin bera ekki vexti.

Jónas Jónsson.

Ríkisframlög til jarðabóta samkvæmt jarðræktarlögum árin 1984–1990.
(Í milljónum króna.)

Ár	Á verðlagi hvers árs	Á verðlagi 1991
1984	145,0	506,0
1985	169,5	440,6
1986	162,5	346,2
1987	217,5	387,1
1988	164,0	241,1
1989	126,1	150,0
1990	90,3	94,8



Skv. jarðræktarlögum

Framlög samkvæmt jarðræktarlögum árin 1984–1991.

	Framlags-skylda skv jarðræktar-lögum millj. kr.	Greitt í millj. kr. árin: 1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Ógreitt 1.12.91 af því sem greiðast ætti 1991	1992	1993
1984	145,0	145,0									
1985	169,5		169,5								
1986	162,5			162,5							
1987	217,0				142,5	75,5					
1988	164,0					30,9	36,8	96,3			
1989	126,1						24,8			50,7	50,6
1990	90,3						34,7	49,8	5,8		
1991	95,6								95,6		

Fylgiskjal VI.

10. desember 1991.

Hr. Matthías Bjarnason,
formaður efnahags- og viðskiptanefndar.

Með vísan til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar þann 9. des. sl. hefur iðnaðarnefnd fjallað um það ákvæði sem varðar málefnasvið hennar í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992, 167. mál. Ákvæði það, sem um er að ræða, er 24. gr. frumvarpsins.

Meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er Össuri Skarphéðinssyni, Tómasi Inga Olrich, Guðjóni Guðmundssyni, Birni Bjarnasyni og Árna R. Árnasyni, gerir ekki athugasemdir við ákvæðið.

F.h. meiri hluta nefndarinnar,

Össur Skarphéðinsson,
formaður.

Fylgiskjal VII.

10. desember 1991.

Hr. Matthías Bjarnason,
formaður efnahags- og viðskiptanefndar.

Með vísan til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar 9. desember sl. hefur allsherjarnefnd fjallað um þau ákvæði sem varða málefnasvið hennar í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, 167. mál. Ákvæðin, sem um er að ræða, eru 6.–8. gr. frumvarpsins og fela þau í sér breytingar á ákvæðum laga um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, í þá átt að draga úr auglýsingakostnaði ríkisins við alþingiskosningar.

Nefndin telur í sjálfu sér ekki brýnt að lögfesta þessi ákvæði nú og heppilegra væri að skoða málið í stærra samhengi. Lýsir nefndin sig reiðubúna til þess að athuga málið í tengslum við endurskoðun á kosningalögum.

Sólveig Pétursdóttir,
formaður.

Fylgiskjal VIII.

Umsögn minni hluta menntamálanefndar um I. kafla frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 167. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd sendi frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 til umsagnar menntamálanefndar sem hélt tvo fundi um málið. Á fundi nefndarinnar komu Örlygur Geirsson, Sólrún Jensdóttir og Ólafur Darri Andrason frá mennta-

málaráðuneytinu og Svanhildur Kaaber og Birna Sigurjónsdóttir frá Kennarasambandi Íslands. Samstaða varð ekki um málið í nefndinni og skilar minni hluti nefndarinnar sérstakri umsögn.

Með I. kafla frumvarpsins er verið að breyta grunnskólalögum í ýmsum grundvallaratriðum í skjóli ráðstafana í ríkisfjármálum. Þetta er gert án þess að breytingarnar feli í sér verulegan sparnað umfram þær heimildir sem ráðherra hefur til að fresta endurbótum. Önnur ákvæði, sem lagt er til að fresta eða afnema, snerta aðra en ríkið fjárhagslega. Margar breytingartillagnanna eiga því ekki heima í lögum um sparnað í ríkisrekstri.

Fjármálaráðuneyti telur að sparnaður, sem leiddi af breytingum á grunnskólalögum, geti á næsta ári í mesta lagi numið 40 milljónum króna og 100 milljónum króna á árinu 1993. Heildarútgjöld til grunnskóla á næsta ári eru talin verða um 5.400 milljónir þannig að sparnaðurinn á árinu 1992 er langt innan við 1%. Fulltrúar menntamálaráðuneytis, sem komu á fund nefndarinnar, töldu raunar að sparnaðaráhrifin umfram það sem væri á færi ráðuneytisins að ákvarða væru minni eða aðeins um 20 m.kr., þ.e. vegna frestunar á fækkun nemenda í 1. og 3. bekk. Hugsanlegur kostnaður umfram 40 m.kr. varði heimildir (aðstoðarskólastjórar) eða ákvæði sem ósamið væri um (varsla kennara í tengslum við skólamáltíðir).

Við 1. umr. um málið greindi menntamálaráðherra frá því að hann fyrirhugi að leggja fram frumvarp á yfirstandandi þingi um breytingar á grunnskólalögum.

Minni hluti menntamálanefndar telur engin frambærileg rök fyrir því að breyta áformum um framkvæmd grunnskólalaga í tengslum við ráðstafanir í ríkisfjármálum ársins 1992. Þær upphæðir, sem um er að ræða, eru smámunir bæði í heildarsamhengi útgjalda til grunnskóla og þess sparnaðar sem ríkisstjórnin hyggst knýja fram.

Sé það hins vegar ásetningur ríkisstjórnarinnar að láta niðurskurðinn bitna á starfi grunnskóla í landinu ber að takmarka breytingar í lögum sem þessum við slíkar fjármálalegar aðgerðir einvörðungu. Það nær engri átt að ætla Alþingi um leið að taka stórar og stefnumarkandi ákvarðanir varðandi framtíð grunnskólans. Það er því krafa minni hluta menntamálanefndar að öll ákvæði, sem lúta að slíku, verði felld út úr frumvarpinu við 2. umr. málsins. Þetta ætti að vera þeim mun sjálfsagðara sem menntamálaráðherra hefur í undirbúningi sérstakt frumvarp að efnislegum breytingum á grunnskólalögum.

Hér verður vikið nokkrum orðum að einstökum breytingum skv. I. kafla frumvarpsins:

1. gr. a-liður varðar málsverði á skólatíma sem kemur í hlut sveitarfélaga en ekki ríkisins að sjá um. Um framkvæmd þessa geta sveitarfélögin tekið ákvarðanir hvert á sínum forsendum.

1. gr. b-liður varðar grunnskólaráð sem vera á samstarfsvettvangur um málefni grunnskólans og á m.a. að fylgjast með framkvæmd grunnskólalaga og aðalnámskrár. Kostnaður við starfsemi þess er óverulegur, lauslega áætlað 100–200 þús. kr. að mati embættismanna menntamálaráðuneytis.

1. gr. c-liður varðar heimildarákvæði um ráðningu aðstoðarskólastjóra. Í þessu felst ekki sparnaður heldur pólitísk stefna.

1. gr. d-liður varðar vikulegan kennslutíma á nemanda í grunnskóla og skólaathvörf fyrir nemendur utan kennslutíma. Í bráðabirgðaákvæði gildandi laga er tiltekið að ákvæðin komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku. Hins vegar gat ráðherra tekið ákvörðun um frestun á næsta ári án lagabreytinga ef hugmyndin væri að standa við sett markmið um að skólabörn hérlendis séu svipaðan tíma í skólum og tíðkast í grannlöndum okkar. Hér er því verið að boða afturför í málefnum grunnskólans.

Síðara ákvæðið snertir sveitarfélögin kostnaðarlega en ekki ríkið. Þar er um að ræða mikilsvert hagsmunamál barna og foreldra, ekki síst í stórum sveitarfélögum. Þá er í lögunum heimild til gjaldtöku fyrir dvöl nemenda í skólaathvörfum. Ekki verður séð hvaða ástæða liggur að baki því að tengja þetta atriði „ráðstöfunum í ríkisfjármálum".

2. gr. er flutt til að taka af vafa um að sveitarfélög borgi allan kostnað við byggingu grunnskólahúsnæðis eins og ráð var fyrir gert þá samið var um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga fyrir nokkrum árum. Minni hluti nefndarinnar gerir ekki efnislega athugasemd við þetta atriði sem þó hefði mátt bíða boðaðs frumvarps menntamálaráðherra.

3. gr. Með henni eru gerðar miklar breytingar á bráðabirgðaákvæðum grunnskólalaga og allar til hins verra.

* Frestað er fækkun nemanda í neðstu bekkjum grunnskólans og er sparnaðurinn talinn nema um 20 m.kr. á árinu 1992.
* Fellt er niður ákvæði um námsráðgjafa við grunnskóla sem koma átti til framkvæmda á fimm árum.
* Fellt er niður að ákvæði 3. gr. grunnskólalaga um einsetinn skóla skuli að fullu koma til framkvæmda á 10 árum.
* Fellt er niður ákvæði um að málsverðir á skólatíma skuli koma til framkvæmda á þremur árum, en tillaga um frestun þess 1992 er fólgin í a-lið 1. gr. frumvarpsins.
* Sett er inn ákvæði þess efnis að ráðherra skuli með reglugerð kveða á um vikulegan kennslutíma á bekk í grunnskóla, þar með taldar valgreinar og um leyfilega aukningu nemendastunda vegna skiptitíma. Ákvæðið varðar svonefnda viðmiðunarstundaskrá og ekki er ljóst af orðalagi hvort því megi beita til að skerða með reglugerð lágmarkstímafjölda barna í grunnskólum. Slíkt væri óhæfa og því nauðsynlegt að enginn vafi leiki á um hvað í ákvæðinu felst að þessu leyti.

Eins og fram kemur af þessu yfirliti um efni I. kafla frumvarpsins fela ákvæði hans vart í sér meira en um 20 m.kr. sparnað á ríkisútgjöldum á árinu 1992. Þeim mun meira er hins vegar um skólapólitískar stefnuáherslur að ræða í 1. og 3. gr. frumvarpsins. Það er siðlaust að ætla Alþingi að taka á þeim málum efnislega í tengslum við fyrirliggjandi frumvarp.

Með vísan til þess sem að ofan greinir leggur minni hlutinn til að I. kafli verði felldur út úr frumvarpinu.

Alþingi, 10. des. 1991.

Hjörleifur Guttormsson. Kristín Ástgeirsdóttir. Valgerður Sverrisdóttir.
Ólafur Þ. Þórðarson.

Fskj. 1.

Bréf Kennarasambands Íslands til alþingismanna.

(3. desember 1991.)

Með bréfi, sem dagsett var 9. október sl., vakti Kennarasamband Íslands athygli á þeirri óvissu sem ríkti um framkvæmd nýrra grunnskólalaga. Þar var því beint til þing-

manna að standa vörð um sjálfsögð og mikilvæg ákvæði laganna og sjá til þess að skólastarfi grunnskólanna yrðu tryggðar fjárveitingar í samræmi við þau.

Nú hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að fresta eða fella niður flest ákvæði nýju grunnskólalaganna sem til framfara horfa.

Þegar nýju grunnskólalögin voru í undirbúningi og umfjöllun Alþingis á síðasta ári náðist um þau breið samstaða allra þingflokka. Þingmenn lýstu þannig vilja sínum til að tryggja farsælt skólastarf til framtíðar og festa í lög skipulag skólastarfs sem er í samræmi við þróun þjóðfélagsins á undanförnum árum.

Grundvallarmenntun þjóðarinnar er tryggð í lögum um grunnskóla. Framvinda skólastarfsins er háð því að festa ríki í skipulagi skólanna. Festa og ró í skólastarfinu er líka undirstaða þess að gagnkvæmt trúnaðartraust ríki milli þeirra sem starfa við skólana og hinna sem njóta þjónustu þeirra, nemenda og foreldra. Starfið í skólunum er því enn viðkvæmara en starf flestra annarra opinberra stofnana fyrir þeirri hentistefnu sem nú virðist ríkja hjá stjórnvöldum.

Með nýju grunnskólalögunum var m.a. stefnt að einsetnum grunnskóla, samfelldum sjö stunda skóladegi og fækkun nemenda í stórum bekkjardeildum. Þessi ákvæði laganna voru fyrst og fremst nemendum til hagsbóta og tryggðu þeim markvissari menntun en komu auk þess til móts við þarfir þjóðfélags sem byggir á vinnuframlagi beggja foreldra. Með frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum ráðgera núverandi stjórnvöld að fresta eða fella niður öll þessi mikilvægu ákvæði og mörg fleiri.

Við slíkt ábyrgðarleysi verður ekki unað. Kennarasamband Íslands mótmælir því harðlega að lagaákvæði, sem samþykkt hafa verið og kynnt foreldrum og kennurum, skuli gerð marklaus á þann hátt sem nú er ráðgert.

Kennarasamband Íslands heitir á alþingismenn að standa vörð um þær breytingar á grunnskólalögum sem allir þingflokkar voru sammála um á sl. vori og tryggja skólastarfinu fjárveitingar í samræmi við lög um grunnskóla frá 1991.

Með kveðju,
f.h. Kennarasambands Íslands,
Svanhildur Kaaber, formaður KÍ,
Birna Sigurjónsdóttir, formaður skólamálaráðs KÍ.

Fskj. 2.

Bréf Kennarafélags Reykjavíkur til alþingismanna.
(5. desember 1991.)

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur hefur á fundi sínum fjallað um kennaraskort og aukinn fjölda leiðbeinenda í skólum Reykjavíkur. Kennarar í Reykjavík hafa lýst yfir áhyggjum sínum vegna þess að ríkisvaldið virðist ekki gera sér grein fyrir því að ein forsenda farsæls skólastarfs eru vel menntaðir kennarar sem eru sáttir við laun sín og kjör. Miklu máli skiptir að stöðugleiki ríki í skólastarfinu ekki síst vegna breyttra aðstæðna og þarfa í nútímaþjóðfélagi.

Kennarar fögnuðu því að ný grunnskólalög voru samþykkt í vor en í þeim er einmitt tekið tillit til breytts þjóðfélags og stefnt að lengingu skóladags nemenda, skólamáltíð-

um, skólaathvarfi og fækkun nemenda í bekkjardeildum. Þegar fjallað er um fjölda nemenda í bekkjardeildum er yfirleitt talað um meðaltal sem er mjög villandi. Þó meðaltal nemenda í bekk í Reykjavík hafi lækkað um 0,43 nemendur þá eru nú 132 bekkjardeildir með yfir 25 nemendur en þær voru 92 á skólaárinu 1990–1991.

Kennarastarfið hefur tekið miklum breytingum vegna nýs og breytts þjónustuhlutverks skólanna við nemendur og foreldra. Samfélagið gerir nú meiri kröfur til skólanna og því þarf ríkisvaldið að koma til móts við nemendur og kennara með því að styrkja skólastarfið og fækka nemendum í bekkjardeildum, koma á einsetnum skóla og samfelldum skóladegi og síðast en ekki síst tryggja að kennarar komi til starfa í skólana. Því eru þau vinnubrögð, sem felast í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, óskiljanleg en þar eru felld úr gildi eða frestað þeim ákvæðum í lögum um grunnskóla sem samþykkt voru sl. vor sem eflt gætu og styrkt skólastarfið og hlýða kalli samfélagsins.

Eftirfarandi ályktanir voru samþykktar á fundi stjórnar Kennarafélags Reykjavíkur 2. nóvember 1991:

„Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur lýsir yfir þungum áhyggjum vegna fjölgunar leiðbeinenda í grunnskólum Reykjavíkur. Þegar skólar tóku til starfa í haust hafði ekki tekist að ráða kennara í allar kennarastöður og því var ýmist gripið til þess ráðs að ráða leiðbeinendur eða senda nemendur heim. Á skólaárinu 1990–1991 voru 24 leiðbeinendur í grunnskólum Reykjavíkur en eru 52 á þessu skólaári. Það er því ljóst að kennaraskorturinn, sem ríkt hefur á landsbyggðinni, hefur teygt sig inn í skóla höfuðborgarinnar.

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur skorar á yfirvöld að standa vörð um skólastarfið í landinu og bæta kjör kennara þannig að þeir komi til starfa í grunnskólum landsins."

„Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur mótmælir því harðlega að í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 er gert ráð fyrir að fresta eða fella út gildi ákvæði um málsverði í skólum, fjölgun vikulegra viðmiðunarstunda nemenda og fækkun nemenda í bekkjardeildum. Kennarar fögnuðu nýjum grunnskólalögum í vor einmitt m.a. vegna þessara ákvæða því þar með var komið til móts við breyttar þarfir nútímaþjóðfélags. Stjórnin mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem felast í því að samþykkja lög á einu þingi og ógilda á því næsta. Slík vinnubrögð eru ekki til að styrkja skólastarfið.

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur heitir á alþingismenn að standa vörð um skólastarfið í landinu og tryggja að grunnskólar starfi í anda laga um grunnskóla frá 1991."

Virðingarfyllst,
f.h. Kennarafélags Reykjavíkur,
Guðrún Ebba Ólafsdóttir.

Fylgiskjal IX.

12. desember 1991.

Hr. Matthías Bjarnason,
formaður efnahags- og viðskiptanefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um þau ákvæði sem varða málefnasvið hennar í frum-

varpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, sbr. tilmæli efnahags- og viðskiptanefndar í bréfi dags. 9. desember 1991. Þau ákvæði, er hér um ræðir, eru 9.–14. gr. frumvarpsins.

Nefndin hélt tvo fundi um málið og fékk á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur, Húnboga Þorsteinsson og Sturlaug Tómasson frá félagsmálaráðuneytinu, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Hilmar Þórisson og Hauk Sigurðsson frá húsnæðisstjórn. Þá var útbýtt gögnum frá Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Húsnæðisstofnun og skrifstofu Alþingis.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, sem skipaður er Rannveigu Guðmundsdóttur, Gunnlaugi Stefánssyni, Guðjóni Guðmundssyni, Einari K. Guðfinnssyni og Geir H. Haarde, gerir ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

F.h. meiri hluta félagsmálanefndar,

Rannveig Guðmundsdóttir,
formaður.

Fylgiskjal X.

Umsögn minni hluta félagsmálanefndar um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, 167. mál.

Minni hluti félagsmálanefndar hefur farið yfir þær greinar frumvarps um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 sem tengjast verksviði nefndarinnar og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Minni hlutinn mótmælir fyrirhuguðum breytingum á ríkisábyrgð á launum sem fram koma í 9. og 10. gr. frumvarpsins og athugasemdum um þær. Verði þessar breytingar að veruleika munu þær skerða verulega réttarstöðu launafólks sem er ekki síst alvarlegt núna þegar við blasa verulegir rekstrarerfiðleikar hjá fjölmörgum fyrirtækjum og vaxandi fjöldi gjaldþrota. Verður ekki betur séð en að með sjóðsstofnuninni verði réttur launafólks afleiddur af umfangi sjóðsins og fjölda gjaldþrota og því engin ábyrgð tekin á þessum rétti af ríkisins hálfu.
   Í athugasemdum við 10. gr. frumvarpsins er boðað að ákvæði núgildandi laga um ríkisábyrgð á launum verði þrengd verulega án þess þó að frumvarp um það efni hafi verið lagt fram á Alþingi. Telur minni hluti félagsmálanefndar algerlega óviðunandi að staðið sé að málum með þessum hætti.
   Þá vill minni hluti félagsmálanefndar vekja athygli á því að í umsögn frá VSÍ segir m.a. um fyrirhugað ábyrgðargjald: „Erfiðleikum í atvinnulífi fylgir að öðru jöfnu fjölgun gjaldþrota og það hlýtur a.m.k. að vera vafasöm hagfræði að auka á erfiðleika annarra í atvinnurekstrinum með auknum álögum af þessum toga.“
2. Í 10., 13., 23. og 44. gr. frumvarpsins er verið að leggja auknar álögur eða skerða tekjur sveitarfélaganna í landinu um upphæð sem nemur 220 m.kr. Þessu til viðbótar hefur ríkisstjórnin boðað tilflutning á verkefnum til sveitarfélaganna sem gætu, að öðru óbreyttu, haft í för með sér aukin útgjöld fyrir þau upp á a.m.k. 900 m.kr. Ekkert samráð hefur verið haft við sveitarfélögin um þennan verkefnaflutning sem er í hróplegri andstöðu við gildandi lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Minni hluti félagsmálanefndar mótmælir harðlega þessum vinnubrögðum og mun ekki taka afstöðu til þeirra breytinga sem lagðar eru til í þessu frumvarpi fyrr en heildarmyndin liggur fyrir.

3. Fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni, Jón Kristjánsson og Ingibjörg Pálmadóttir, eru andvígir þeim ákvæðum sem eru í 14. gr. frumvarpsins og varða lokun húsnæðislánakerfisins frá 1986. Fulltrúi Alþýðubandalagsins, Kristinn H. Gunnarsson, hefur fyrirvara um 14. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 12. des. 1991.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Jón Kristjánsson. Kristinn H. Gunnarsson.
Ingibjörg Pálmadóttir.

Fskj. 1.

Umsögn Alþýðusambands Íslands um ábyrgðasjóð launa.

Almennt um frumvarpið.

Ríkisstjórnin hefur nú lagt fram á Alþingi frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 þar sem í ýmsum atriðum er *vegið að grundvallarréttindum launafólks*. Þar má nefna kvöð um framlag sveitarfélaga til félagslegra íbúða sem líklegt er að dragi úr vilja sveitarfélaga til að fjölga félagslegum íbúðum. Einnig má nefna aukið sjálfdæmi ráðherra um greiðslur sjúklinga vegna læknisþjónustu og lyfja og útboð á heilbrigðisþjónustu.

Ríkisábyrgð á laun.

Um þessi atriði verður ekki fjallað hér heldur einvörðungu þá atlögu að ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot sem felst í frumvarpinu.

Afnám ábyrgða — hámarksfjárhæð á ári.

Í stað ríkisábyrgðar á laun er ætlunin að setja á fót ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Sjóðurinn skal fjármagnaður með 0,2% gjaldi atvinnurekenda af greiddum vinnulaunum. Áætlað er að gjaldið muni skila 374 millj. kr. á næsta ári en í byrjun nóvember 1991 höfðu verið greiddar rúmlega 400 millj. kr. vegna gjaldþrotauppgjöra á þessu ári. Fátt bendir til þess að gjaldþrot verði minni á næsta ári, fremur meiri. Hér er því augljóslega um alvarlega skerðingu að ræða.

Þar sem fjárhæðin er takmörkuð við hámark 0,2% atvinnurekendagjald er óvissa um hver réttur fólks yrði. Það færi eftir umfangi gjaldþrota hve mikið rétturinn skerist. Því væri ekki lengur um ábyrgð á ákveðnum rétti að ræða. Ábyrgðin færi eftir greiðslugetu sjóðsins og ásókn í sjóðinn.

Atvinnurekendagjald.

Víða um lönd er fjár til ríkisábyrgðar aflað með atvinnurekendagjöldum. Sú aðferð er ekki fordæmanleg. Hitt er ljóst að atvinnurekendagjald í hlutfalli af launum gætu at-

vinnurekendur jafnauðveldlega greitt út í kaupi. Þeir sem fylgst hafa með samningaviðræðum á liðnum árum hafa heyrt atvinnurekendur ítrekað bjóðast til að hækka kaup á kostnað launatengdra greiðslna. Í samningsstöðunni er nú ljóst að nýtt atvinnurekendagjald verður á kostnað launahækkunarmöguleika í samningum.

Ótilgreind skerðing. Engin ábyrgð gagnvart lífeyrissjóðsgjöldum.

Á síðasta ári var reglum breytt þannig að sett var hámark á greiðslur fyrir hvern mánuð, þrefaldar atvinnuleysisbætur eða um eitt hundrað og þrjátíu þúsund á mánuði. Einnig voru gerðar þær kröfur til lífeyrissjóðanna að þeir sýni fram á að þeir hafi beitt tiltækum innheimtuaðgerðum en ekki látið undir höfuð leggjast að ganga eftir iðgjöldum í trausti þess að ríkisábyrgðin greiddi þau.

Nú á að:

1. takmarka tímabilið sem ábyrgðin nær til,
2. setja þak á heildargreiðslur til hvers launþega,
3. greiða almenna innlánsvexti á bæturnar,
4. fella niður ábyrgðina á lífeyrissjóðsiðgjöldunum,
5. skerða greiðslur kostnaðar vegna innheimtukostnaðar.

Lífeyrisréttur fellur niður sem svarar þeim lífeyrisiðgjöldum sem ekki innheimtast.

Hverjir eiga að bera áföllin?

Það er yfirlýst efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar að fyrirtæki í rekstrarerfiðleikum eigi einfaldlega að fara á hausinn ef þau geta ekki sjálf bjargað sér út úr erfiðleikunum. Gjaldþrot fyrirtækja eru þannig í dag yfirlýst hagstjórnartæki. Í þeim efnahagserfiðleikum, sem nú blasa við, er fyrirsjáanlegt að mörg gjaldþrot eru fram undan.

Það ætti ekki að koma á óvart við þessar aðstæður að útgjöld vegna ríkisábyrgðar á laun vegna gjaldþrota hafa vaxið að undanförnu og líklegt er að þau muni enn vaxa á næsta ári. Það er hins vegar ótrúlegt að ríkisstjórnin skuli telja réttlætanlegt að ætla starfsfólki þeirra fyrirtækja sem verða gjaldþrota að taka þann kostnað á sig.

Það er áfall að missa vinnuna og starfsfólkið hefur fæst haft minsta möguleika til að hafa áhrif á þær aðstæður sem leiddu til gjaldþrots, oft jafnvel ekki haft upplýsingar um stöðuna fyrr en að gjaldþrotinu kom.

Nú þegar eru greiðslur vegna hvers mánaðar takmarkaðar við um 130 þúsund krónur á mánuði. Fólk með hærri laun fær því aðeins launatap bætt að hluta. Styttri bótatími kemur fyrst og fremst niður á því fólki sem ekki kemst í aðra vinnu eins og t.d. gerist á fámennum stöðum þegar meginvinnuveitandi staðarins verður gjaldþrota.

Lífeyrissjóðsiðgjöldin gefa rétt til lífeyris á elliárum. Séu þau ekki greidd tapast sá réttur sem áunnist hefði með greiðslu þeirra. Ef lífeyrissjóðurinn veitir réttinn eftir sem áður skerðist staða hans sem því nemur. Nú þegar er óvissa um stöðu lífeyrissjóða ASÍ-fólks til að standa við skuldbindingar sínar. Réttindi án iðgjalda skerða stöðu þeirra enn frekar. Lífeyrissjóðir ASÍ-fólks njóta ekki ríkisábyrgðar og það fólk, sem þangað greiðir, nýtur þrátt fyrir meiri greiðslur minni réttar en opinbera kerfi tryggir. Skerðing á lífeyri ASÍ-fólks veldur aukinni mismunun.

Alþjóðasamþykktir.

Um þessar mundir er af Íslands hálfu verið að yfirfara drög að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á skuldbindingu þjóða til að tryggja launafólk vegna gjaldþrota fyrirtækja sem síðan verður afgreidd á þingi ILO næsta sumar. Það er lygi líkast að á

sama tíma skuli ríkisstjórnin ætla að hlaupast frá skuldbindingum sínum.

Innan Evrópubandalagsins eru skýrar reglur um að launafólk skuli tryggt vegna launamissis við gjaldþrot fyrirtækja, sbr. tilskipun ráðsins frá 20. október 1980. Í nýgengnum dómi vegna máls á Ítalíu er því slegið föstu að sú ábyrgð hvíli á stjórnvöldum að bæta launafólki tjón vegna gjaldþrota hvort sem stjórnvöld hafa sett löggjöf eða ekki.

Í viðræðum við Evrópska efnahagssvæðið er kveðið á um að EFTA-löndin samræmi reglur sínar því sem gerist í Evrópubandalaginu. Ef af Evrópska efnahagssvæðinu verður er skuldbinding Íslands því ófrávíkjanleg.

Fskj. 2.

Umsögn Vinnuveitendasambands Íslands um ábyrgðasjóð launa.

Í framhaldi af beiðni um álit Vinnuveitendasambands Íslands á framkomnum tillögum í 9.–10. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, vill VSÍ láta eftirfarandi koma fram:

VSÍ er um það kunnugt að ýmislegt mætti betur fara í framkvæmd ríkisábyrgðar á laun og að tilefni er til endurskoðunar einstakra þátta þar um gildandi reglna. Sú tillaga, sem í frumvarpinu felst, að fela höfuðsamtökum vinnumarkaðarins nokkra ábyrgð á framkvæmd er því til bóta og líkleg til að skerpa og bæta framkvæmd. Að því er varðar fjármögnun þeirrar ábyrgðar á launum og skyldum kröfum við gjaldþrot fyrirtækja hefur hingað til verið talið eðlilegt að samfélagið axlaði þær byrðar sameiginlega fyrir milligöngu ríkissjóðs sem lög mæltu fyrir að létt skuli af þeim sem fyrir tjóni verða. Það fyrirkomulag að jafna tjóninu af gjaldþrotum í atvinnurekstri á „eftirlifandi" fyrirtæki er nálegt og til þess fallið að auka á erfiðleika í atvinnulífinu. Erfiðleikum í atvinnulífi fylgja að öðru jöfnu fjölgun gjaldþrota og það hlýtur a.m.k. að vera vafasöm hagfræði að auka á erfiðleika annarra í atvinnurekstrinum með auknum álögum af þessum toga. Frumvarpið miðar að 0,2% gjaldtöku af öllum launagreiðslum, en versni ástandið í atvinnulífinu enn er ráð fyrir því gert að þetta gjald geti enn hækkað. Þetta samhengi er augljóslega út í hött.

Vinnuveitendasambandið leitar um þessar mundir eftir framlengingu almennra kjarasamninga án launahækkana, þá á því byggt að viðmiðun gengisskráningar íslensku krónunnar verði haldið óbreyttri þrátt fyrir áætlaðan samdrátt þjóðartekna um allt að 6% og 8–10 milljarða samdrátt útflutningstekna. Við þessar aðstæður er þess engin von að fyrirtækin geti tekið á sig hækkun launa og sama gildir um hækkun launatengdra gjalda. Vinnuveitendasambandið mótmælir því eindregið þessum áformum um að veita einum kostnaðarlið ríkisvaldsins af erfiðleikum í atvinnulífi yfir á atvinnureksturinn og er þar sérstaklega fráleit opnun heimildar til hækkunar gjaldsins eftir því sem „þarfirnar" verða.

Þetta gjald hækkar raungengi krónunnar og gengur því þvert á það markmið að lækka raungengið með minni kostnaðarhækkunum hér á landi en meðal samkeppnislanda. Gjaldið mun lenda með fullum þunga á þeim fyrirtækjum sem um þessar mundir er verið að gera sérstakar ráðstafanir fyrir m.a. á vettvangi Atvinnutryggingarsjóðs.

Með vísan til alls þessa væntir Vinnuveitendasambandið þess að fallið verði frá umræddum áformum um álagningu nýs launaskatts.

Virðingarfyllst,
Þórarinn V. Þórarinsson.

Fskj. 3.

Bréf Húsnæðisstofnunar ríkisins um biðröðina í lánakerfinu frá 1986.
(6. desember 1991.)

Með lögum nr. 47, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, frá 27. mars 1991 er almenna lánakerfið frá 1986 lagt niður. Í bráðabirgðaákvæði var þó tekið fram m.a. að ákvæði laganna eins og þau voru skyldu halda gildi sínu til 1. mars 1994 gagnvart þeim umsækjendum sem fengið hafa svar almenns eðlis um að þeir eigi rétt á láni. Eftir myndun núverandi ríkisstjórnar var boðað að nú í haust mundi verða flutt frumvarp til laga þar sem umrætt bráðabirgðaákvæði yrði fellt niður og mun það frumvarp vera í undirbúningi.

Í þessari biðröð eru rúmlega 3.800 umsækjendur sem sótt hafa um lán til nýbygginga og til kaupa á notuðum íbúðum. Um 2.000 umsækjendur, sem sóttu um lán í lánakerfinu frá 1986 en fengu ekki afgreiðslu í því kerfi, hafa fengið afgreiðslu í húsbréfakerfinu. Ekki liggur endanlega fyrir hversu margir af þessum 3.800 umsækjendum hafa nú þegar gert fokhelt eða fest kaup á íbúð því að í þessu lánakerfi er nóg að tilkynna það þremur mánuðum fyrir tilkynntan útborgunardag lánsins. Þrátt fyrir það hafði stofnunin fengið fokheldisvottorð og kaupsamninga frá um 160 umsækjendum 15. nóvember 1991. Nýlega hefur verið sent bréf til umsækjenda í biðröðinni til að kanna hversu margir hafa þegar gert fokhelt eða gert kaupsamning og mundu vilja komast í húsbréfakerfið ef sá möguleiki væri fyrir hendi.

Eitt mikilvægasta ákvæðið í húsbréfalögunum er að umsækjendur hafi fengið mat á greiðslugetu sinni áður en kaup eru gerð eða bygging hafin. Í reglugerð um húsbréfaviðskipti nr. 217/1990 voru þó ákvæði til bráðabirgða sem heimiluðu umsækjendum í biðröðinni aðgang að því kerfi þótt kaup væru þegar gerð eða byggjendur búnir að gera fokhelt. Þessi bráðabirgðaákvæði giltu til 15. maí 1991. Um 350 umsækjendur notfærðu sér þennan möguleika en ljóst er að það gerðu ekki allir sem rétt höfðu til þess. Í umræddu frumvarpi, sem lagt verður væntanlega fram á næstu vikum, verður því að vera ákvæði til bráðabirgða sem ná til þessara umsækjenda.

Bréf Húsnæðisstofnunar ríkisins til þeirra sem hafa lánsrétt samkvæmt reglum frá 1986 en hafa ekki fengið lán.
(19. nóvember 1991.)

Með bréfi þessu er ætlunin að kanna hve margir þeirra sem hafa lánsrétt og keyptu eða byggðu án húsbréfaviðskipta mundu vilja komast í húsbréfakerfið ef sá möguleiki væri fyrir hendi.

Með lögum nr. 47 frá 27. mars 1991 var almenna lánakerfið frá 1986 lagt niður.

Í bráðabirgðaákvæði var þó tekið fram m.a. að ákvæði laganna eins og þau voru skyldu halda gildi sínu til 1. mars 1994 gagnvart þeim umsækjendum sem fengið hafa svar almenns eðlis um að þeir eigi rétt á láni.

Samkvæmt þessu var gert ráð fyrir að afgreiða lán til þeirra sem eru í biðröðinni á tímabilinu frá 1992 til 1. mars 1994.

Eftir myndun núverandi ríkisstjórnar var boðað að nú í haust mundi verða flutt frumvarp til laga þar sem umrætt bráðabirgðaákvæði yrði fellt niður. Það frumvarp mun vera í undirbúningi.

Eitt af frumatriðum húsbréfakerfisins er að umsækjendur hafi fengið mat á greiðslugetu sinni áður en kaup eru gerð eða bygging hafin.

Í reglugerð um húsbréfaviðskipti nr. 217/1990 voru þó ákvæði til bráðabirgða sem heimiluðu umsækjendum í biðröðinni aðgang að því kerfi þótt kaup væru þegar gerð eða byggjendur búnir að gera fokhelt.

Þessar heimildir giltu til 15. maí 1991. Ýmsir, sem eru í biðröðinni og höfðu keypt eða byggt á þessum tíma, notfærðu sér ekki fyrrgreindan möguleika og einnig hafa einhverjir keypt eða gert fokhelt síðan.

Þeir sem ofanritað á við og vilja eiga skuldabréfaviðskipti í húsbréfakerfinu ef þess væri kostur eru því beðnir að skila afritum af kaupsamningum sínum eða fokheldisvottorðum til Húsnæðisstofnunar ríkisins fyrir 15. des. nk.

Verði húsbréfaviðskipti heimiluð fyrir þá sem hér um ræðir og hafa greiðslugetu munu þeir fá bréf fljótlega á næsta ári þar sem tilkynnt verður um fyrirkomulag skuldabréfaskiptanna.

Bréf Húsnæðisstofnunar ríkisins til þeirra sem hafa lánsrétt vegna viðgerða og endurbóta.

(19. nóvember 1991.)

Með reglugerð nr. 467/1991 var veitt heimild fyrir skuldabréfaskiptum í húsbréfakerfinu vegna endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði, en sá lánaflokkur var felldur niður úr eldra lánakerfi í mars sl. Þessi reglugerð fylgir hér með til glöggvunar fyrir þá sem hafa lánsrétt.

Bent er sérstaklega á greinar 11, 12 og 34 í reglugerðinni hvað þetta varðar. Sérstök athygli er vakin á ákvæðum 34. gr. um afgreiðslutíma umsókna miðað við komutíma þeirra.

Umsækjendur skulu sýna fram á greiðslugetu sína vegna væntanlegrar lántöku. Verða þeir því að leggja fram greiðslumat frá banka, sparisjóði eða annarri viðurkenndri fjármálastofnun.

Lágmarksfjárhæð fasteignaveðbréfs, sem skipta má fyrir húsbréf samkvæmt reglugerðinni, er 650.000 kr. miðað við byggingarvísitölu 1. október 1991 187,0 stig.

Það táknar að lánshæfar endurbætur verða a.m.k. að nema einni milljón króna.

Framvísa verður greiðslumati sem fyrst til Húsnæðisstofnunar ríkisins og ekki seinna en 15. janúar næstkomandi.

Eins og gefur að skilja tekur nokkurn tíma að vinna úr þeim upplýsingum sem berast í framhaldi af þessu bréfi. Má því gera ráð fyrir að nokkur tími líði frá því greiðslumat er lagt inn og þar til úrvinnsla umsókna hefur farið fram og haft verður samband við umsækjendur. Á meðan eru þeir beðnir að sýna þolinmæði og athuga að skipti á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf hefjast ekki fyrr en eftir 1. febr. nk.

286. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (RG, SP, IBA, VE, GAK).

1. Við 1. gr. B- og c-liður greinarinnar falli brott.
2. Við 2. gr. Síðasti málsliður greinarinnar falli brott.
3. 6.–8. gr. falli brott.
4. Á eftir 10. gr. (er verði 7. gr.) komi ný grein, 8. gr., er orðist svo:

   Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vinnulaunakröfur og hversu háar, sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum, njóta ábyrgðar sjóðsins.

   Reglugerðin skal sett að fengnum tillögum stjórnar ábyrgðasjóðs. Með henni skal tryggja að launþegar njóti bóta að minnsta kosti vegna:
   a. vinnulaunakröfu fyrir síðustu þrjá starfsmánuði,
   b. orlofslauna sem áttu að koma til útborgunar á síðustu þremur starfsmánuðum,
   c. riftunar eða uppsagnar vinnusamnings í allt að þrjá mánuði enda skal sá sem krefst bóta samkvæmt þessum lið sýna fram á að hann hafi leitað eftir annarri vinnu með vottorði vinnumiðlunar,
   d. greiðslna sem vinnuveitanda ber að inna af hendi til launþega vegna tjóns af völdum vinnuslyss eða til þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launþega enda fylgi bótakröfunni forgangsréttur í bú vinnuveitanda.

   Skorti ábyrgðasjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum og reglugerð skal stjórn sjóðsins þegar í stað tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal útvega það fé sem sjóðinn vantar og skal það gert með láni eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Lánið skal endurgreitt með álagningu sérstaks aukagjalds á næsta almanaksári.
5. Við 16. gr. (er verði 14. gr.).
   a. Orðin „Heimilt er að ákveða með reglugerð að gjaldið skuli vera hlutfallsgjald“ í a-lið greinarinnar falli brott.
   b. Orðin „og er heimilt að hafa gjaldið hlutfallsgjald“ í b- og c-lið greinarinnar falli brott.
   c. Á eftir 1. málsl. d-liðar greinarinnar komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er með reglugerð heimilt að ákveða að gjald skv. a-, b-, c- og d-lið skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess gjalds sem sjúklingi ber að greiða.
6. Við 17. gr. (er verði 15. gr.). 1. og 2. tölul. 1. mgr. orðist svo:
   1. Um þátttöku í kostnaði við tannlækningar barna og unglinga 15 ára og yngri, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, fer eftir því sem hér segir:
      a. Sjúkratryggingar greiða að fullu skoðun og fyrirbyggjandi tannlækningar, svo sem tannfræðslu, tannhreinsun, flúorvernd tanna og skorufyllur.
      b. Fyrir aðrar tannlækningar en þær sem tilgreindar eru í a-lið greiða sjúkratryggingar 85% kostnaðar.
      c. Ráðherra skal setja gjaldskrá fyrir skólatannlækningar. Skal gjaldskráin miðuð við raunverulegan kostnað við þær. Með skólatannlækningum er jafnt átt við tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera eða samkvæmt útboði.

d. Þegar skólatannlækningar standa til boða skal ekki greiða fyrir tannlækningar skv. a-lið sé leitað til annarra tannlækna en skólatannlækna, nema um annað hafi verið samið. Í sömu tilvikum fer um hlutdeild sjúkratrygginga skv. b-lið eftir gjaldskrá sem ráðherra setur með hliðsjón af gjaldskrá fyrir skólatannlækningar eða raunverulegum kostnaði sé hann lægri.

e. Sé þjónusta skólatannlækna ekki fyrir hendi fer um greiðslur sjúkratrygginga samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur og tekur mið af raunverulegum kostnaði.

2. Fyrir 16 ára unglinga skal greiða 50% kostnaðar í samræmi við ákvæði 1. tölul.

7. Við 18. gr. (er verði 16. gr.). Á eftir orðunum „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í c-lið komi: að höfðu samráði við viðkomandi stofnanir.

8. Við 19. gr. (er verði 17. gr.). 2. efnismálsl. falli brott.

9. Á eftir 24. gr. (er verður 22. gr.) komi nýr undirkafli með fjórum nýjum greinum og fyrirsögninni: **Um breytingu á hafnalögum, nr. 69/1984.**

a. (23. gr.)

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, 6. tölul., er orðist svo: Sérstakt vörugjald.

b. (24. gr.)

Á eftir 5. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðist svo:

Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. skal renna í sérstaka deild við Hafnabótasjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjald, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr.

c. (25. gr.)

1. málsl. 26. gr. laganna orðist svo: Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs, að meðtöldu framlagi úr Hafnabótasjóði, skv. 38. gr., í hafnargerðum.

d. (26. gr.)

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 38. gr., og breytist greinatala samkvæmt því. Greinin orðist svo:

Tekjur af sérstöku vörugjaldi skulu renna í sérstaka deild við Hafnabótasjóð. Fé úr deildinni skal varið til að standa straum af framkvæmdum við almennar hafnargerðir eftir því sem nánar segir í lögum þessum og ákveðið er í fjárlögum ár hvert.

10. Á eftir 24. gr. bætist enn nýr undirkafli með einni grein og fyrirsögninni: **Um breytingu á lögum nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka**. Greinin, er verði 27. gr., orðist svo:

13. gr. laganna, sbr. 24. gr. laga nr. 108/1988 og 7. gr. laga nr. 47/1990, orðist svo:

Stjórnir sveitarfélaga eða aðrir, sem annast eyðingu refa og minka samkvæmt lögum þessum, skulu ár hvert fyrir septemberlok skila umhverfisráðuneyti reikningum og sundurliðuðu reikningsyfirliti um kostnað við starfsemi þessa. Veiðistjóri úrskurðar um reikningana. Nú úrskurðar veiðistjóri reikninga rétta og hóflega og endurgreiðir ríkissjóður þá sveitarfélögum helming útlagðs kostnaðar við framkvæmd laga þessara. Í sveitarfélagi, þar sem heildarkostnaður við refa- og minkaveiðar verður hærri en 3.000 kr. á hvern íbúa miðað við íbúafjölda 1. desember árið á undan, greiðir ríkissjóður þó allt að þremur fjórðu hlutum af kostnaði við framkvæmdina.

11. Við 44. gr. (er verði 47. gr.). Greinin orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, sbr. lög nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 4.500 þús. kr. á árinu 1992.
12. Á eftir 44. gr. (er verði 47. gr.) komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:
a. (48. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, skulu 265 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1992 en ekki vera varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.
b. (49. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 27. gr. laga þessara (13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka) er umhverfisráðherra heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum á árinu 1992. Umhverfisráðuneytið skal auglýsa fyrir 1. maí 1992 til hvaða landsvæða ákvörðunin tekur og hver séu mörk þeirra.
Þrátt fyrir ákvæði 3., 4. og 5. gr. laga nr. 52/1957 er sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga heimilt að fella niður grenja- og minkaleitir á árinu 1992 á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar.
c. (50. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 12. og 13. gr. laga nr. 56/1972, um lögreglumenn, skulu sveitarfélög greiða hluta kostnaðar við löggæslu á árinu 1992 sem hér segir:
Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.850 kr. á hvern íbúa, sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.700 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. desember 1991.
Framlög sveitarfélaga skulu greidd með jöfnum mánaðarlegum greiðslum samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.
13. Við 45. gr. (er verði 51. gr.).
a. Við greinina bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:
Ákvæði 8. gr. laga þessara um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota taka þó eigi gildi fyrr en 1. mars 1992. Frá þeim tíma falla úr gildi 1.–4. gr. laga nr. 88/1990, um ríkisábyrgð á launum. Þá verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 88/1990:
1. Í stað orðsins „ríkissjóður“ í 5.–7. gr., 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 8. gr., 9. gr., 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 11. gr., 12.–13. gr. og 1. málsl. 2. mgr. 14. gr. þeirra laga komi (í viðeigandi beygingarföllum): ábyrgðasjóður.
2. Í stað orðsins „ríkisábyrgð“ í 8. gr. og „ríkisábyrgðar“ í 10. gr. komi: ábyrgð og ábyrgðar.
3. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 13. gr. komi: stjórn sjóðsins og í stað orðanna „fjármálaráðherra“ og „hann“ í 2. mgr. 14. gr. komi: stjórn sjóðsins og stjórnin.
4. Orðin „skv. a- til d-liðum 1. mgr. 4. gr.“ í 5. gr. falli brott.
b. Við síðari málsgrein bætist nýr málsliður svohljóðandi: Jafnframt skal eftir 1. mars 1992 gefa út að nýju ákvæði 6.–8. gr. laga þessara, að viðbættum ákvæðum 5.–15. gr. laga nr. 88/1990, með áorðnum breytingum, með fyrirsögninni: **Lög um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.**

14. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, I, er orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 51. gr. laga þessara öðlast c-, d- og e-liðir 1. tölul. 17. gr. gildi 1. mars 1992. Fram til 1. mars 1992 skal hlutdeild sjúkratrygginga miðast við gildandi gjaldskrá tannlækna. Ráðherra er þó heimilt að fresta gildistöku c-, d- og e-liðar 17. gr. fram til 1. september 1992.
15. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, IV, er orðist svo:
Ákvæði 8. gr. laga þessara gilda um kröfur sem hlotið hafa umsögn skiptaráðanda 1. mars 1992 eða síðar.

287. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið um það umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Nefndinni barst jafnframt greinargerð frá sjávarútvegsráðuneytinu. Þá fékk nefndin á sinn fund Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þorstein Gíslason frá Fiskifélagi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Svein Hjört Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Árna Benediktsson frá Íslenskum sjávarafurðum hf., Sturlaug Sturlaugsson og Kristin Pétursson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Bjarka Bragason og Guðmund Malmquist frá Byggðastofnun, Snæ Karlsson frá Verkamannasambandi Íslands, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Magnús Gunnarsson og Þröst Ólafsson frá nefnd um stefnumótun í sjávarútvegi.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Meginbreytingin felst í því að Hagræðingarsjóði er heimilt að verja allt að fjórðungi þeirra aflaheimilda, sem honum hefur verið úthlutað, til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er standa höllum fæti.

Alþingi, 17. des. 1991.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm. Árni R. Árnason. Guðmundur Hallvarðsson.

Vilhjálmur Egilsson. Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

288. Breytingartillögur [124. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÖS, ÁRÁ, GHall, VE, GAK).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. gr. laganna orðast svo:
   Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk Hagræðingarsjóðs er að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð, koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga í útgerðarháttum og að efla hafrannsóknir.
   Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn veita styrki til úreldingar fiskiskipa, enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.
   Sjóðurinn skal koma til aðstoðar einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskips. Í því skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið aflaheimildir, enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   5. gr. laganna orðast svo:
   Hagræðingarsjóði skal á hverju fiskveiðiári úthlutað aflaheimildum er nema 12.000 þorskígildum í lestum talið. Skal þessum aflaheimildum skipt á þær botnfisktegundir sem sæta ákvæðum um leyfðan heildarafla og miðað við þau verðmætahlutföll er ráðherra ákveður. Skal allt að fjórðungi þessara aflaheimilda varið til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er höllum fæti standa, sbr. 7. gr., en aflaheimildum sjóðsins skal að öðru leyti ráðstafa samkvæmt ákvæðum 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. Taka skal tillit til aflaheimilda Hagræðingarsjóðs við ákvörðun aflamarks einstakra skipa.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   6. gr. laganna orðast svo:
   Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs gefa útgerðum þeirra skipa, er aflahlutdeild hafa af botnfisktegundum sem sjóðurinn fær úthlutað skv. 5. gr. og ekki eru boðnar byggðarlögum skv. 7. gr., kost á að fá framseldar til sín aflaheimildir sjóðsins gegn endurgjaldi. Skal forkaupsrétturinn boðinn í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim tegundum sem sjóðurinn hefur forræði á. Endurgjald skal miðað við almennt gangverð á sams konar heimildum að mati ráðherra. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari grein nær til.

4. Á eftir 4. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (7. gr.)
      Óski sveitarstjórn að fá forkaupsrétt að aflaheimildum sjóðsins skal umsókn þar að lútandi send Hagræðingarsjóði einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs. Skilyrði fyrir að sveitarstjórn fái forkaupsrétt að aflaheimildum sjóðsins er að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið straumhvörfum í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags þannig að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa og byggðaröskun sé yfirvofandi. Sjóðstjórn skal taka afstöðu til óska sveitarstjórna um forkaupsrétt að fengnum tillögum Byggðastofnunar.
      Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar að tilteknum aflaheimildum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skulu aflaheimildirnar framseldar fiskiskipi eða fiskiskipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Um endurgjald fyrir þær aflaheimildir, sem framseldar kunna að verða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, gilda ákvæði 3. málsl. 6. gr.
   b. (8. gr.)
      Þær aflaheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á skv. 6. og 7. gr. laga þessara, skal framselja hæstbjóðanda samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.
      Öllum tekjum Hagræðingarsjóðs af ráðstöfun aflaheimilda skal varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Hafrannsóknastofnunarinnar. Sjóðurinn skal standa stofnuninni jafnharðan skil á innheimtum tekjum.
5. Við 5. gr. Í stað orðanna „7. gr. laganna“ í fyrirsögn greinarinnar komi: 7. gr. laganna, er verður 9. gr.
6. Við 6. gr. Í stað orðanna „8. gr. laganna“ í fyrirsögn greinarinnar komi: 8. gr. laganna, er verður 10. gr.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   9. og 10. gr. laganna, svo og ákvæði til bráðabirgða II, falli brott.
8. Við 8. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 40/1990 og gefa þau út svo breytt.

289. Svar [98. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um verð á íbúðarhúsnæði.

Hvert var söluverð hvers fermetra notaðs íbúðarhúsnæðis, annars vegar í hinu félagslega íbúðakerfi og hins vegar á almennum íbúðamarkaði á árunum 1987–1991?
Svar óskast sundurliðað eftir kjördæmum og eftir stærðarflokkum húsnæðis.

Söluverð hvers fermetra notaðs íbúðarhúsnæðis í félagslega íbúðakerfinu.

Félagsmálaráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá félagsíbúðadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins um endursöluverð félagslegra íbúða tímabilið 1987–1991. Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar eru ekki fyrir hendi upplýsingar um endursöluverð félagslegra íbúða innan félagslega húsnæðiskerfisins en húsnæðisnefndir sveitarfélaga annast

endursölu félagslegra eignaríbúða. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur hins vegar unnið meðfylgjandi upplýsingar um söluverð þeirra íbúða sem keyptar hafa verið (á almennum fasteignamarkaði) inn í félagslega húsnæðiskerfið á árunum 1988–1990. Í meðfylgjandi yfirliti er íbúðunum skipt í fimm stærðarflokka og er verðlag þeirra miðað við vísitölu síðasta mánaðar (desembervísitölu) hvers árs.

Söluverð hvers fermtra notaðra íbúða árið 1988

	< 70 m²	70-90 m²	90-100 m²	110-130 m²	>130 m²
Reykjavík			34.900		48.000
Vestfirðir		32.300	31.500		
Meðaltal:		32.300	31.700		48.000

Söluverð hvers fermetra notaðra íbúða árið 1989:

	< 70 m²	70-90 m²	90-100 m²	110-130 m²	>130m²
Reykjavík	55.900	44.200	44.600	38.400	47.300
Reykjanes		43.600	71.900		68.700
Vestfirðir				63.100	47.900
N-Vestra			42.700		
Suðurland		44.700	37.900	38.900	38.300
Meðaltal:	55.900	44.700	49.300	46.800	50.500

Söluverð hvers fermetra notaðra íbúða árið 1990:

	< 70 m²	70-90 m²	90-100 m²	110-130 m²	>130m²
Reykjavík		56.400	54.200		49.300
Reykjanes		59.100	66.900		
Vesturland	39.700	39.000	39.200	37.000	
Vestfirðir				63.100	48.000
N-Eystra		51.600	53.200	42.000	
Austurland		30.500			
Meðaltal:	39.700	47.300	53.400	47.400	48.700

Söluverð hvers notaðs húsnæðis á almennum íbúðamarkaði 1987–1991.

Félagsmálaráðuneytið og Húsnæðisstofnun ríkisins leituðu eftir upplýsingum hjá Fasteignamati ríkisins um fermetraverð íbúðarhúsnæðis á almennum fasteignamarkaði sundurliðað eftir kjördæmum og stærðarflokkum tímabilið 1987–1991.

Í meðfylgjandi töflum er að finna yfirlit um söluverð íbúða á almennum fasteignamarkaði sem Fasteignamat ríkisins hefur tekið saman. Helstu forsendur þessarar úrvinnslu er að notaðar eru upplýsingar úr „gildum" sölusamningum, þ.e. kaupssamningum sem taldir eru nýtanlegir til tölfræðilegrar úrvinnslu. Upplýsingar um fermetraverð eru miðaðar við verð á séreignarfermetrum í fjölbýli og eru allar fjárhæðir á verðlagi viðkomandi árs. Í yfirlitinu er tilgreindur fjöldi sölusamninga í hverju tilviki þannig að leggja megi mat á gildi upplýsinganna.

Reykjavík

Verð á m² eftir stærðarflokkum.

Stærð	1987		1988		1989		1990		1991*	
herb.fj.	Fjöldi	kr/m²	Fjöldi	kr/m²	Fjöldi	kr/m²	Fjöldi	kr/m²	Fjöldi	kr/m²
1–2	528	39360	355	54233	469	64285	514	72377	323	79973
3	519	38021	381	51091	548	59370	496	67428	349	75108
4	417	36024	280	49271	402	57340	442	64024	277	69344
Fleiri	277	34319	179	47337	225	55421	333	61076	225	65564
Samtals:	1741	37360	1195	51036	1644	59735	1785	66825	1174	73258

*Ath.: tölur fyrir 1991 eru ekki endanlegar.

Reykjanes

Verð á m² eftir stærðarflokkum.

Stærð herb.fj.	1987 Fjöldi	1987 kr/m²	1988 Fjöldi	1988 kr/m²	1989 Fjöldi	1989 kr/m²	1990 Fjöldi	1990 kr/m²	1991* Fjöldi	1991* kr/m²
1–2	178	26530	138	49437	147	59491	182	71150	129	74395
3	272	25400	220	45373	308	51425	308	63238	212	68710
4	167	25605	119	42785	134	51154	208	63378	149	67651
Fleiri	87	23950	68	37412	87	50252	132	56827	90	62530
Samtals:	704	25555	545	44844	676	52974	830	63988	580	68743

*Ath.: tölur fyrir 1991 eru ekki endanlegar.

Vesturland

Verð á m² eftir stærðarflokkum.

Stærð herb.fj.	1987 Fjöldi	1987 kr/m²	1988 Fjöldi	1988 kr/m²	1989 Fjöldi	1989 kr/m²	1990 Fjöldi	1990 kr/m²	1991* Fjöldi	1991* kr/m²
1–2	9	20266	11	26703	10	33319	14	39834	3	36910
3	28	20224	15	22902	26	28125	24	35653	19	38130
4	24	19449	12	24022	30	28940	13	35169	11	37220
Fleiri	14	16812	11	23886	7	25706	14	32108	2	48530
Samtals:	75	19344	49	24251	73	28939	65	35693	35	38330

*Ath.: tölur fyrir 1991 eru ekki endanlegar.

Vestfirðir

Verð á m² eftir stærðarflokkum.

Stærð herb.fj.	1987 Fjöldi	1987 kr/m²	1988 Fjöldi	1988 kr/m²	1989 Fjöldi	1989 kr/m²	1990 Fjöldi	1990 kr/m²	1991* Fjöldi	1991* kr/m²
1–2	4	26034	6	31166	6	38329	4	40127	8	37251
3	12	22892	11	29306	6	31335	16	38883	13	44134
4	9	27976	6	26629	4	46317	7	42621	8	33952
Fleiri	3	17336	2	27422	1	22154	8	26795	3	35619
Samtals:	28	24380	25	28959	17	36789	35	37010	32	39069

*Ath.: tölur fyrir 1991 eru ekki endanlegar.

Norðurland vestra

Verð á m² eftir stærðarflokkum.

Stærð herb.fj.	1987 Fjöldi	1987 kr/m²	1988 Fjöldi	1988 kr/m²	1989 Fjöldi	1989 kr/m²	1990 Fjöldi	1990 kr/m²	1991* Fjöldi	1991* kr/m²
1–2	1	12000	0	0	0	0	1	52910	1	3511
3	4	15230	7	15830	3	33363	7	31624	4	2673
4	2	7675	2	14286	1	15598	2	26430	1	2532
Fleiri	1	20135	2	18033	1	15995	2	27838	1	2765
Samtals:	8	13550	11	15950	5	26337	12	31901	7	2786

*Ath.: tölur fyrir 1991 eru ekki endanlegar.

Norðurland eystra

Verð eftir stærðarflokkum.

Stærð herb.fj.	1987 Fjöldi	kr/m2	1988 Fjöldi	kr/m2	1989 Fjöldi	kr/m2	1990 Fjöldi	kr/m2	1991* Fjöldi	kr/m2
1–2	51	29458	34	39476	57	48159	56	56897	36	65225
3	74	30032	50	37536	71	43416	81	50805	53	61754
4	46	25343	40	36476	48	41741	54	49491	29	51412
Fleiri	19	22027	13	30228	18	34034	23	39523	16	38469
Samtals:	190	27943	137	37015	194	43525	214	50855	134	57668

*Ath.: tölur fyrir 1991 eru ekki endanlegar.

Austurland

Verð á m2 eftir stærðarflokkum.

Stærð herb.fj.	1987 Fjöldi	kr/m2	1988 Fjöldi	kr/m2	1989 Fjöldi	kr/m2	1990 Fjöldi	kr/m2	1991* Fjöldi	kr/m2
1–2	3	29561	3	36469	2	55944	2	36310	3	42480
3	5	22250	1	37634	6	31350	3	37871	6	39640
4	5	19112	1	32577	7	32820	2	32734	3	39700
Fleiri	1	14634	1	18694	1	37208	4	25680	3	31590
Samtals:	14	22152	6	33052	16	35433	11	32220	15	38610

*Ath.: tölur fyrir 1991 eru ekki endanlegar.

Suðurland

Verð á m^2 eftir stærðarflokkum.

Stærð herb.fj.	1987 Fjöldi	1987 kr/m^2	1988 Fjöldi	1988 kr/m^2	1989 Fjöldi	1989 kr/m^2	1990 Fjöldi	1990 kr/m^2	1991* Fjöldi	1991* kr/m^2
1–2	15	27746	19	35832	12	45001	16	49008	16	54750
3	21	21356	17	29297	14	34531	13	43145	15	43320
4	4	19848	4	33433	4	34025	6	45060	6	33680
Fleiri	9	18170	6	24844	4	26447	9	35709	7	42550
Samtals:	49	22604	46	31775	34	37215	44	44017	44	46040

*Ath.: tölur fyrir 1991 eru ekki endanlegar.

290. Frumvarp til laga [172. mál]

um breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130/1989.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Í stað lokamálsliðar 6. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir er orðist svo: Frá 1. janúar 1992 skal í stað grundvallarlauna miða við grundvallarfjárhæð sem tengist lánskjaravísitölu þeirri sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, með síðari breytingum. Grundvallarfjárhæð í janúar 1992 er 45.602 kr. miðað við þá lánskjaravísitölu sem gildir í þeim mánuði og tekur fjárhæðin sömu hlutfallsbreytingu í mánuði hverjum og lánskjaravísitalan. Verði gerð breyting á grundvelli eða útreikningi lánskjaravísitölu skal ráðherra, að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna, ákveða hvernig stigagrundvelli og breytingum hans skuli háttað þaðan í frá.

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaun skv. I. og II. kafla skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris í hverjum mánuði er hundraðshluti af grundvallarlaunum — frá 1. janúar 1992 grundvallarfjárhæð — eins og þau eru í byrjun hvers mánaðar og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem hlutaðeigandi hefur áunnið sér skv. 11. gr., margfölduðum með 1,8. Aldrei skal þó reiknað með færri stigum en 5. Til frádráttar ofangreindum stigafjölda skulu koma þau stig sem maðurinn hefur áunnið sér með greiðslum iðgjalda til lífeyrissjóðs, reiknuðum á sama hátt og segir í 2. mgr. 11. gr.

Fjárhæð örorkulífeyris, miðað við 100% örorku, reiknast á sama hátt og ellilífeyrir með þeirri breytingu að auk áunninna stiga skal reikna þau stig sem ætla má að öryrkinn hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin áður en hann varð öryrki. Sé orkutap minna en 100% greiðist örorkulífeyrir í hlutfalli við orkutapið. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Reiknast þá ellilífeyrir í samræmi við þann stigafjölda sem örorkulífeyrir miðast við.

Fjárhæð makalífeyris í hverjum mánuði er hundraðshluti af grundvallarlaunum — frá 1. janúar 1992 grundvallarfjárhæð — eins og þau eru í byrjun hvers mánaðar og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem hinum látna var reiknaður að viðbættum 5 stigum. Falli maður frá áður en hann nær 70 ára aldri skal auk áunninna stiga reikna þau stig sem ætla má að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin áður en hann féll frá. Til frádráttar ofangreindum stigafjölda skulu koma þau stig sem maðurinn hefur áunnið sér með greiðslum iðgjalda til lífeyrissjóðs, reiknuðum á sama hátt og segir í 2. mgr. 11. gr.

Verði það þriggja ára meðaltal stiga, sem um ræðir í 3. og 4. mgr., talið óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

Maður getur notið samtímis makalífeyris og elli- eða örorkulífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 4. mgr. er umsjónarnefnd eftirlauna heimilt að ákveða að í

sérstökum tilvikum skuli stig, sem eftirlaunaþegi hefur áunnið sér með greiðslum iðgjalds til lífeyrissjóðs, ekki dregin frá heildarstigafjölda hans eða frádráttur þeirra takmarkaður. Með sérstökum tilvikum er átt við að lífeyrissjóður sá, sem veitti iðgjaldi viðtöku, sé gjaldþrota eða gjaldþol hans svo rýrt að hann hafi gripið til skerðingar á lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga.

3. gr.

1. málsl. 14. gr. laganna orðist svo: Greiðslur eftirlauna úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum skv. 12. gr.

4. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Umsjónarnefnd eftirlauna úrskurðar eftirlaun samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu eftirlauna skv. I. kafla, en umsjónarnefnd eftirlauna skv. II. kafla.

Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur en tvö ár, reiknuð frá lokum næsta mánaðar áður en umsókn barst umsjónarnefnd eftirlauna.

5. gr.

4. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Kostnaði við störf nefndarinnar skal skipt á kostnaðaraðila í hlutfalli við útgjöld til greiðslu eftirlauna.

6. gr.

Í stað „samkvæmt 14. gr.“ í 2. mgr. 18. gr. laganna komi: skv. 12. gr.

7. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur til lífeyrissjóða og annarra aðila samkvæmt úthlutun og úrskurðum umsjónarnefndar eftirlauna, færir þau á viðskiptareikning nefndarinnar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og krefur ríkissjóð og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um útgjaldahluta þeirra.

8. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1997.

9. gr.

Í stað IV. og V. kafla laganna, 21.–26. gr., komi nýr kafli, IV. KAFLI, **Fjárhagsákvæði**:

a. (21. gr.)

Kostnaður af eftirlaunum skv. I. kafla greiðist að ¾ hlutum úr Atvinnuleysistryggingasjóði og að ¼ hluta úr ríkissjóði.

b. (22. gr.)

Kostnaður af eftirlaunum skv. II. kafla greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að ¼ hluta af Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hvorum um sig.

c. (23. gr.)

Þeim eftirlaunaþegum, sem njóta réttar skv. I. kafla laga þessara, skal greidd viðbót sem nemur þremur stigum umfram þann stigafjölda sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um. Viðbót þessi skal greidd úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Viðbót samkvæmt þessari grein skerðir ekki þann rétt sem kveðið er á um í 6. mgr. 12. gr.

Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laga þessara skal veita viðbót samkvæmt þessari grein í hlutfalli við þann rétt sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.

10. gr.

27. gr. laganna verði 24. gr. svohljóðandi:

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1992.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við endanlegt uppgjör á framlagi lífeyrissjóða til greiðslu sérstakrar uppbótar skv. I. kafla og greiðslur eftirlauna skv. II. kafla fyrir árið 1991 skal farið eftir áður gildandi reglum, sbr. lög nr. 2/1985 og 130/1989.

291. Svar [89. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um líkamlegt ofbeldi á heimilum.

Aflað hefur verið upplýsinga frá öllum lögreglustjórum landsins varðandi fyrirspurn þessa og fylgja svör þeirra við 1. og 2. spurningu.

Mikil vandkvæði eru því samfara að svara í samanteknu formi umbeðnum upplýsingum. Því veldur aðallega að tölvur eru ekki er til staðar nema hjá stærri embættum. Tölvukerfi hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins er þróað í þessu skyni og hefur verið útfært þannig að unnt er að nota það á landinu öllu.

Í tengslum við undirbúning að gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, sem öðlast gildi 1. júlí 1992, er starfandi nefnd sem vinnur að því að vinnubrögð við meðferð mála verði bætt og tölvutækni verði notuð að svo miklu leyti sem unnt er.

Varðandi opinber mál eru helstu markmið með tölvuskráningu og vinnslu eftirfarandi:

1. Að málaskrá og verkefnaskrá lögreglu, ríkissaksóknara og dómstóla verði samræmdar.
2. Að tekið verði upp samræmt kerfi varðandi flokkun á brotum og verkefnum lögreglu.
3. Að allar skýrslur (mál) verði aðeins skráðar einu sinni innan hvers embættis.
4. Að unnt verði að nýta kerfið sem virkt stjórntæki.
5. Að unnt verði að nota kerfið til tölfræðivinnslu um brot, verkefni lögreglu og afgreiðslu mála.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að samanburður milli embætta, sem búa ekki yfir samræmdri skráningu, getur ekki orðið áreiðanlegur. Til að mynda hafa flest embættin talið „líkamlegt ofbeldi á heimilum“ ná aðeins yfir líkamsmeiðingar, þ.e. brot gegn 217., 218.1, 218.2 og 219. gr. almennra hegningarlaga.

Nokkur embætti hafa einnig talið kynferðislegt ofbeldi með þótt hæpið sé að skilja fyrirspurnina svo rúmum skilningi. Ónákvæmni í skilgreiningu hugtaksins, sem spurt er um, veldur því að fullt samræmi er ekki fyrir hendi í svörum.

Hversu oft þurftu lögregluyfirvöld á landinu að hafa afskipti af líkamlegu ofbeldi á heimili á árunum 1988, 1989, 1990 og það sem af er árinu 1991?

	Fjöldi mála
Bæjarfógetinn á Akranesi:	
Árið 1988	2 mál
Árið 1989	2 mál
Árið 1990	1 mál
Árið 1991	ekkert mál
Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu:	
Árin 1988–1991	2 mál
Sýslumaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, bæjarfógetinn í Ólafsvík:	
Árið 1988	2 mál
Árið 1989	ekkert mál
Árið 1990	2 mál
Árið 1991	1 mál
Sýslumaðurinn í Dalasýslu:	
Árið 1988	1 mál
Árið 1989	1 mál
Árið 1990	1 mál
Árið 1991	1 mál
Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu:	
Árið 1988	4 mál
Árið 1989	5 mál
Árið 1990	6 mál
Árið 1991	5 mál
Bæjarfógetinn í Bolungarvík:	
Árin 1988–1991	1 mál
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Ísafirði:	
Árið 1988	ekki vitað
Árið 1989	3 mál
Árið 1990	1 mál
Árið 1991	4 mál
Sýslumaðurinn í Strandasýslu:	
Árin 1988–1991	ekkert mál
Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu:	
Árið 1988	2 mál
Árið 1989	1 mál
Árið 1990	2 mál
Árið 1991	2 mál
Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Sauðárkróki:	
Árið 1988	4 mál
Árið 1989	ekkert mál
Árið 1990	1 mál
Árið 1991	2 mál
Bæjarfógetinn á Siglufirði:	
Árið 1988	1 mál
Árið 1989	2 mál
Árið 1990	1 mál
Árið 1991	1 mál
Bæjarfógetinn í Ólafsfirði:	
Árin 1988–1991	ekkert mál

	Fjöldi mála
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Akureyri og Dalvík:	
Árið 1988	ekkert mál
Árið 1989	3 mál
Árið 1990	4 mál
Árið 1991	4 mál
Sýslumaður Þingeyjarsýslu, bæjarfógetinn á Húsavík:	
Árið 1988	5 mál
Árið 1989	8 mál
Árið 1990	1 mál
Árið 1991	ekkert mál
Sýslumaður Norður-Múlasýslu, bæjarfógetinn á Seyðisfirði:	
Árin 1988–1990	ekkert mál
Árið 1991	2 mál
Bæjarfógetinn í Neskaupstað:	
Árin 1988–1990	ekkert mál
Árið 1991	1 mál
Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu, bæjarfógetinn á Eskifirði:	
Árið 1988	4 mál
Árið 1989	2 mál
Árið 1990	3 mál
Árið 1991	ekkert mál
Sýslumaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu:	
Árið 1988	5 mál
Árið 1989	7 mál
Árið 1990	6 mál
Árið 1991	8 mál
Sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu:	
Árin 1988–1991	ekkert mál
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu:	
Árin 1988–1991	ekkert mál
Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum:	
Árið 1988	ekkert mál
Árið 1989	4 mál
Árið 1990	1 mál
Árið 1991	2 mál
Sýslumaðurinn í Árnessýslu, bæjarfógetinn á Selfossi:	
Árin 1988–1990	ekkert mál
Árið 1991	1 mál
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli:	
Árin 1988–1991	ekkert mál
Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu, bæjarfógetinn í Keflavík, Grindavík og Njarðvík:	
Árið 1988	22 mál
Árið 1989	18 mál
Árið 1990	11 mál
Árið 1991	10 mál
Bæjarfógetinn í Hafnarfirði:	
Árið 1988	24 mál
Árið 1989	32 mál
Árið 1990	23 mál
Árið 1991	26 mál
Bæjarfógetinn í Kópavogi:	
Árin 1988–1991	ekki vitað
Lögreglustjórinn í Reykjavík:	
Árið 1988	ekki vitað
Árið 1989	59 mál
Árið 1990	87 mál
Árið 1991	80 mál

Í hve mörgum tilvikum sendu lögregluyfirvöld þessi mál til nánari rannsóknar hjá
a. Rannsóknarlögreglu ríkisins,
b. rannsóknarlögregludeildum lögreglustjóraembættanna,
c. almennum deildum lögreglunnar í þeim tilvikum þar sem rannsóknarlögregludeildir eru ekki til staðar?

Bæjarfógetinn á Akranesi	Engar kærur lagðar fram.
Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	Engar kærur lagðar fram.
Sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	1 mál sent almennri deild, 3 mál send ríkissaksóknara.
Sýslumaðurinn í Dalasýslu	Engin mál send til ríkissaksóknara.
Sýslumaður Barðastrandarsýslu	Engin mál send ríkissaksóknara.
Bæjarfógetinn í Bolungarvík	Málið ekki rannsakað frekar.
Bæjarfógetinn á Ísafirði	4 mál send til ríkissaksóknara, 1 mál sent til RLR.
Sýslumaður Strandasýslu	Engin mál.
Sýslumaður í Húnavatnssýslu	2 mál rannsökuð hjá almennri lögreglu, 1 mál sent til ríkisaksóknara.
Sýslumaður í Skagafjarðarsýslu	6 mál rannsökuð hjá almennri deild, 4 mál síðan send ríkissaksóknara.
Bæjarfógetinn á Siglufirði	Ekkert vitað.
Bæjarfógetinn í Ólafsfirði	Engin mál.
Bæjarfógetinn á Akureyri	11 mál rannsökuð hjá rannsóknadeild.
Bæjarfógetinn á Húsavík	1 mál sent ríkissaksóknara.
Bæjarfógetinn á Seyðisfirði	Engin rannsókn.
Bæjarfógetinn í Neskaupstað	1 mál rannsakað hjá almennri lögreglu og sent til ríkisaksóknara.
Bæjarfógetinn á Eskifirði	Engin mál hafa sætt rannsókn.
Sýslumaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu	Engar formlegar kærur og því engin rannsókn.
Sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu	Engin mál.
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu	Engin mál.
Sýslumaðurinn í Árnessýslu	Í öllum tilvikum hefur rannsókn farið fram í rannsóknadeildum.
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	Engin mál.
Bæjarfógetinn í Keflavík	3 mál send til ríkissaksóknara.
Bæjarfógetinn í Hafnarfirði	Árið 1988: 1 mál sent sakadómi, 5 mál send til RLR. Árið 1989: 4 mál send sakadómi, 3 mál send til RLR. Árið 1990: 7 mál send sakadómi, 2 mál send til RLR. Árið 1991: 4 mál send sakadómi, 2 mál send til RLR.
Bæjarfógetinn í Kópavogi	Ekki vitað.
Lögreglustjórinn í Reykjavík	Árið 1988: Ekki vitað. Árið 1989: 10 mál kærð, 12 mál send til RLR, 2 mál send ríkissaksóknara. Árið 1990: 25 mál kærð, 18 mál send til RLR, 5 mál send ríkissaksóknara. Árið 1991: 16 mál kærð, 9 mál send til RLR, 9 mál send ríkissaksóknara.
Rannsóknarlögregla ríkisins	Vísað er til skýrslu frá RLR sem birtist við 2. spurningu.

Hversu margar kærur vegna líkamlegs ofbeldis á heimilum bárust Rannsóknarlögreglu ríkisins eða rannsóknarlögregludeildum lögreglustjóraembættanna á árunum 1988, 1989, 1990 og það sem af er árinu 1991:
a. frá lögregluyfirvöldum,
b. frá einstaklingum sem hlut áttu að máli?
Hversu margar kærur, í hvoru tilviki fyrir sig, voru sendar áfram til ríkissaksóknara að rannsókn lokinni?

Bæjarfógetinn á Akranesi	Engar kærur.
Bæjarfógetinn á Ísafirði	Engar kærur.
Bæjarfógetinn á Akureyri	Engar kærur.
Bæjarfógetinn á Eskifirði	Engar kærur.
Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum	Árið 1988: Engin kæra. Árið 1989: 3 kærur. Árið 1990: 1 kæra. Árið 1991: 1 kæra.
Sýslumaðurinn í Árnessýslu	Árið 1991: a. Engin kæra. b. Ein kæra send ríkissaksóknara.
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	Engin kæra
Bæjarfógetinn í Keflavík	Engin kæra
Bæjarfógetinn í Hafnarfirði	Engin kæra
Bæjarfógetinn í Kópavogi	Engin kæra
Lögreglustjórinn í Reykjavík	Engin kæra

Í eftirfarandi greinargerð er að finna svör við 1. og 2. spurningu frá Rannsóknarlögreglu ríkisins:

Áður en hafist verður handa við svör þykir enn nauðsynlegt að árétta þau vandkvæði sem því eru samfara að svara svo viðamiklum spurningum sem að ofan greinir með því að taka upp í texta þennan kafla úr svari við fyrirspurn á þskj. 595 frá 113. löggjafarþingi frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson til dómsmálaráðherra um meðferð Rannsóknarlögreglu ríkisins á málum er varða kynferðisafbrot gegn börnum, en þar sagði svo m.a.:

„Umræður á Alþingi vegna þessara mála bera það með sér að verulegum erfiðleikum hefur verið bundið að afla áreiðanlegra upplýsinga frá réttarvörslukerfinu varðandi tíðni og umfang brota af því tagi sem hér um ræðir. Á þetta reyndar við um flest önnur brot á almennum hegningarlögum, svo og sérrefsilögum, en þó helst að frátöldum brotum á umferðarlögum.

Mjög flókið er að halda utan um tölfræðilegar upplýsingar af ýmsu tagi varðandi brotastarfsemi jafnvel þótt fyrir hendi sé samræmd skráning á landsvísu, en slíku hefur ekki verið til að dreifa hér. Fyrirmæli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 14. ágúst 1981, þar sem lagt var fyrir sýslumenn og bæjarfógeta að taka upp samræmda innfærslu brota í kæruskrá, voru aðeins fyrsta skrefið í þá átt að gera samanburð á milli lögsagnarumdæma mögulegan að því er varðaði tíðni einstakra brota. Annað og meira varð ekki lesið úr þeim upplýsingum. Enginn vegur var til þess að framkvæma rannsókn á tíðni brota samkvæmt aldursdreifingu eða kynferði brotamanna nema með því að skoða hvert einstakt mál og skrá upplýsingar handvirkt. Af augljósum ástæðum girti þessi staðreynd í raun fyrir það að unnt væri að svara ýmiss konar fyrirspurnum sem beint var til stjórnvalda um þessi efni.

Hinn 1. febrúar 1989 samþykkti dómsmálaráðuneytið að upp yrði tekin ný skráning á brotaflokkum í samræmi við tillögur rannsóknarlögreglustjóra og var þess jafnframt óskað að kerfið yrði útfært þannig að hægt verði að nota það á landinu öllu og að samdar yrðu leiðbeiningar um notkun á því.

Tölvukerfi það sem RLR hefur þróað í þessu skyni nær til mála frá 1. janúar 1988 og er enn í stöðugri þróun. Um frekari lýsingu á því vísast til svars RLR við fyrirspurn frá Inga Birni Albertssyni á þskj. 770, árið 1990, um störf Rannsóknarlögreglu ríkisins."

Þann 6. september 1989 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að undirbúa gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, en þau öðlast gildi 1. júlí 1992.

Aðskilnaðarnefnd hefur lagt áherslu á að í tengslum við aðskilnað verði stefnt að því á sem flestum sviðum að bæta vinnubrögð við meðferð mála og að tölvuvinnsla verði notuð að svo miklu leyti sem unnt er.

Varðandi opinber mál eru helstu markmið með tölvuskráningu og vinnslu þessi:

a. að mála- og verkefnaskráning lögreglu, ríkissaksóknara og dómstóla verði samræmd.

b. að tekið verði upp samræmt kerfi varðandi flokkun á brotum og verkefnum lögreglu.

c. að allar skýrslur (mál) verði einungis skráðar einu sinni innan hvers embættis.

d. að hægt verði að nota kerfið sem virkt stjórntæki.

e. að hægt verði að nota kerfið til eftirlits.

f. að hægt verði að nota kerfið til tölfræðivinnslu um brot, verkefni lögreglu og afgreiðslu mála.

Til að gera tillögur og þróa tölvukerfi fyrir málaskráningu og vinnslu mála hjá lögreglu og lögreglustjóraembættum voru tilnefndir menn í sex vinnuhópa sem sumir hófu störf í maí 1991, en því miður stefnir í að aðhaldsaðgerðir stjórnvalda verði til þess að hægja á þeirri vinnu sem stefnt var að.

Samkvæmt þessu er ljóst að samanburður milli embætta, sem fjalla um sömu mál á ýmsum stigum, getur ekki orðið áreiðanlegur þar sem sameiginlegar skilgreiningar skortir á flestum sviðum.

Sem dæmi um þessi vandkvæði má nefna þá fyrirspurn sem að ofan greinir. Hvað er átt við með því sem nefnt er „líkamlegt ofbeldi á heimilum"? Sjálfsagt telja flestir sig vita við hvað er átt, en spurningin er sú hvort sá skilningur, sem lagður er í þetta fyrirbæri, sé sá sami hjá öllum. Svörin hljóta að ráðast af því.

Vafasamt er að skilja þessa fyrirspurn svo rúmum skilningi að verið sé að leita eftir upplýsingum um kynferðislegt ofbeldi sem þó ætti tvímælalaust að flokkast undir það sem spurt er um. Seinni tíma málvenja tekur þó af skarið í þessu efni þar sem umræðan um ofbeldi í þjóðfélaginu hefur annars vegar verið um almennt líkamlegt ofbeldi og svo hins vegar um kynferðislegt ofbeldi. Af þessum sökum mun svar Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) einskorðast við hið fyrrnefnda.

Þau brot, sem tekin voru til skoðunar í þessu skyni, varða aðallega ákvæði XXIII., XXIV. og XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Samkvæmt brotaflokkakerfi RLR eru brotaflokkarnir þessir:

1500 Manndráp og líkamsmeiðingar.
1501 Manndráp (211).
1502 Barnadráp (212).
1503 Líknardráp (213).
1504 Manndráp af gáleysi (215).
1505 Fósturdráp (216).
1506 Líkamsárás (217).
1507 Líkamsmeiðingar minni (218.1).
1508 Líkamsmeiðingar meiri (218.2).
1509 Líkamsmeiðingar — gáleysi (219).
1551 Manndráp — tilraun.
1599 Brot gegn lífi og líkama — ýmislegt.
1600 Brot gegn frjálsræði manna.
1601 Ólögmæt nauðung (225).
1602 Frelsissvipting (226).
1700 Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.
1701 Húsbrot (231).
1702 Ofsóknir (áminningar) (232).
1703 Hótanir (233).
1704 Ærumeiðingar (234).
1799 Brot gegn friðhelgi — ýmislegt.

Þótt tölvukerfi RLR geti með nokkrum tilfæringum veitt svör við ofangreindum spurningum var talið eðlilegt eftir að búið var að afmarka viðfangsefnið að freista þess að auka við svör við spurningunum og skoða eðli þessara brota nánar en áður hefur verið gert.

Niðurstaðan er sú að vandamálið samfara þessum brotum er ekki refsiréttarlegs eðlis heldur öllu fremur félagslegs eðlis. Þannig kemur í ljós að mál þessi tengjast langflest misnotkun áfengis, afbrýðisemi og félagslegum vandamálum af ýmsu tagi. Flest þessara mála teljast upplýst, þ.e. ljóst er hver sakborningur er. Hins vegar ganga mál þessi mjög á tíma og fé sem lögregla hefur til ráðstöfunar hverju sinni og væri betur varið í alvarlegri og brýnni verkefni. Þá er einnig áberandi að kærendur hafa ekki mikinn hug á að fylgja kærum sínum eftir og falla frá refsikröfu þegar af þeim rennur mesti móðurinn.

Við skoðun á málum þeim, sem RLR hefur haft til meðferðar, kemur í ljós að flest þeirra varða brot á 217., 231. og 232. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Lögbundnar saksóknarreglur varðandi þessi ákvæði, sbr. 2. mgr. 217. gr. og 2. tölul. a 242. gr. almennra hegningarlaga, svo og ákvæði 26. og 28. gr. sömu laga, hafa það hins vegar í för með sér að fæst þessara mála fara fyrir dómstóla. Hlutverki lögreglu má því lýsa sem væri hún eins konar friðargæslusveit. Í huga kærenda hefur kvaðning lögreglu á vettvang fyrst og fremst þann tilgang að afstýra frekari vandræðum. Þá er og fróðlegt að skoða í þessu sambandi sjónarmið sem fram koma í 205. gr. almennra hegningarlaga.

Er þá rétt að víkja að spurningum fyrirspyrjanda. Þó skal það tekið fram að 1. og 2. spurningu, sem báðar varða afskipti RLR af ofbeldismálum, verður svarað í einu lagi vegna þess að í raun fjalla þær hið sama að því er RLR varðar. Hins vegar má búast við því að svörum annarra lögregluembætta um það hversu margar kærur þau hafi sent RLR beri ekki saman við tölur þær sem RLR gefur upp og stafar það af mismunandi skilgreiningum á hugtakinu „líkamlegt ofbeldi á heimili“ sem áður var vikið að.

Hér að neðan fylgja töflur um ofbeldi á heimilum, sem RLR hefur haft til meðferðar á árunum 1988 - 1991.

OFBELDI Á HEIMILUM - 1988

BR.FL	Lákv	ALD.K	Kyn	ALD.Bþ	Kyn	KRÖFUG	T.K/BRÞ	LOK.RLR
1506	217.gr.	27	kvk	22	kvk	Ekki refsikr.	Kunningjar	LU
	217.gr.	39	kk	35	kvk	Ekki refsikr.	Sambúð	Rks
	217.gr.	40	kk	49	kvk	Ekki refsikr.	Kunningjar	LU
	217.gr.	29	kk	35	kvk	Ekki refsikr.	Sambúð	LU
	217.gr.	53	kk	35	kk	Refsikr.	Kunningjar	Rks
	217.gr.	60	kk	57	kvk	Ekki refsikr.	Hjón	LU
	217.gr.	26	kk	27	kvk	Ekki refsikr.	Fv.sambúð	LR
	217.gr.	43	kk	52	kk	Refsikr.	Óskyld	G
	217.gr.	47	kk	39	kk	Afturk.	Óskyld	LUA
	217.gr.	47	kk	52	kvk	Afturk.	Nágr.	LUA
	217.gr.	30	kk	29	kvk	Afturk.	Fv.sambúð	LUA
	217.gr.	32	kvk	31	kk	Ekki refsikr.	Mægðir	LU
	217.gr.	54	kk	50	kvk	Afturk.	Hjón	LUA
	217.gr.	43	kk	12	kk	Refsikr.	Feðgar	Rks
	217.gr.	32	kk	17	kvk	Refsikr.	Kunningjar	Rks
	217.gr.	31	kk	35	kk	Ekki refsikr.	Fv./Núv.maki	LU
	217.gr.	35	kk	34	kvk	Ekki refsikr.	Sambúð	ASK
	217.gr.	29	kk	27	kvk	Refsikr.	Fv.sambúð	Rks
	217.gr.	25	kk	22	kvk	Afturk.	Fv.sambúð	LUA
	217.gr.	24	kk	24	kvk	Afturk.	Sambúð	LUA
	217.gr.	43	kk	40	kvk	Refsikr.	Fv.eiginm.	Rks
	217.gr.	30	kk	31	kvk	Refsikr.	Sambúð	LU
	217.gr.	36	kk	24	kvk	Ekki refsikr.	Kunningjar	Rks
	217.gr.	40	kk	28	kvk	Refsikr.	Kunningjar	Rks
	217.gr.	49	kvk	45	kk	Ekki refsikr.	Óskyld	LU
1507	218.1	23	kk	22	kk	Ekki refsikr.	Kunningjar	LU
	218.1	22	kk	18	kvk	Ekki refsikr.	Kunningjar	LU
	218.1	28	kvk	29	kk	Ekki refsikr.	Sambúð	Rks
	218.1	58	kk	37	kk	Refsikr.	Nágr.	Rks
	218.1	46	kk	45	kvk	Ekki refsikr.	Hjón	LU
	218.1	28	kk	17	kk	Refsikr.	Mágur	LU
	218.1	21	kk	19	kvk	Refsikr.	Óskyld	LU
1508	218.2	32	kvk	49	kk	Ekki refsikr.	Sambúð	Rks
1509	219.gr.	28	kk	18	kvk	Ekki refsikr.	Kunningjar	Rks
1701	231.gr.	30	kk	29	kvk	Afturk.	Fv.sambúð	LUA
	231.gr.	36	kk	23	kvk	Ekki refsikr.	Fv.hjón	Rks
1702	232.gr.	41	kk	51	kk	Ekki refsikr.	Fv./Núv.maki	Rks
	232.gr.	30	kk	30	kvk	Ekki refsikr.	Fv.sambúð	LU
Meðaltal:		36		33				
Fjöldi:	6 38	38	38	38	38	38	38	38

ÞAR AF FRÁ LÖGREGLUNNI Í REYKJAVÍK - 1988

	BR.FL	Lákv	ALD.K	Kyn	ALD.BÞ	Kyn	KRÖFUG	T.K/BRÞ	LOK.RLR
Meðaltal:			39		37				
Fjöldi:	6	17	17		17	17	17	17	17

Niðurstöður: 1988 14 mál send ríkissaksóknara (RKS)
14 málum er lagt upp (LU)
7 málum er lagt upp v/ afturköllunar (LUA)
1 mál endursent lögreglunni í Reykjavík (LR)
1 mál sent Austur-Skafatfellssýslu (ASK)
1 mál sett í geymslu (G)

UPPHAF MÁLS - SKIPT EFTIR LÖGSAGNARUMDÆMUM - TÍMABILIÐ 1988 - 1991

UPPHAF MÁLS		MÁLNR
ASK		
	Fjöldi:	1
LH		
	Fjöldi:	3
LK		
	Fjöldi:	2
LR		
	Fjöldi:	57
RLR		
	Fjöldi:	51
Fjöldi:	5	114

OFBELDI Á HEIMILUM - 1989

BR.FL	Lákv	ALD.K	Kyn	ALD.BÞ	Kyn	KRÖFUG	T.K/BRÞ	LOK.RLR
1506	217.gr.	25	kk	41	kk	Ekki refsikr.	Óskyld	Rks
	217.gr.	32	kk	33	kvk	Refsikr.	Kunningjar	Rks
	217.gr.	20	kk	19	kk	Afturk.	Kunningjar	LUA
	217.gr.	30	kk	28	kvk	Afturk.	Fv.sambúð	LUA
	217.gr.	31	kk	28	kvk	Refsikr.	Fv.hjón	Rks
	217.gr.	31	kk	39	kk	Ekki refsikr.	Fv./Núv.maki	LU
	217.gr.	27	kk	30	kvk	Refsikr.	Sambúð	Rks
	217.gr.	39	kvk	23	kk	Refsikr.	Kunningjar	Rks
	217.gr.	34	kk	37	kvk	Refsikr.	Hjón	Rks
	217.gr.	33	kk	35	kvk	Ekki refsikr.	Kunningjar	Rks
	217.gr.	33	kk	39	kk	Ekki refsikr.	Kunningjar	LU
	217.gr.	45	kk	28	kvk	Ekki refsikr.	Kunningjar	LU
	217.gr.	15	kk	15	kvk	Afturk.	Kunningjar	LUA
1507	218.1	21	kvk	30	kk	Ekki refsikr.	Sambúð	Rks
	218.1	26	kk	23	kvk	Refsikr.	Óskyld	Rks
	218.1	30	kk	49	kk	Ekki refsikr.	Feðgar	LU
	218.1	27	kk	24	kvk	Refsikr.	Fv.sambúð	Rks
	218.1	43	kk	42	kvk	Refsikr.	Nágr.	Rks
	218.1	34	kk	33	kvk	Ekki refsikr.	Hjón	LU
	218.1	20	kk	15	kk	Ekki refsikr.	Kunningjar	Rks
1701	231.gr.	44	kk	37	kvk	Ekki refsikr.	Óskyld	LU
	231.gr.	31	kk	32	kvk	Ekki refsikr.	Fv.hjón	LU
	231.gr.	29	kk	29	kk	Ekki refsikr.	Óskyld	LU
	231.gr.	35	kk	48	kvk	Ekki refsikr.	Kunningjar	LU
1702	232.gr.	32	kk	28	kvk	Refsikr.	Fv.hjón	LÁM
	232.gr.	35	kvk	34	kvk	Afturk.	Óskyld	LUA
2101	257.gr.	30	kk	60	kvk	Ekki refsikr.	Óskyld	Rks
Meðaltal:		31		33				
Fjöldi: 5	27	27		27	27	27	27	27

ÞAR AF FRÁ LÖGREGLUNNI Í REYKJAVÍK - 1989

BR.FL	Lákv	ALD.K	Kyn	ALD.BÞ	Kyn	KRÖFUG	T.K/BRÞ	LOK.RLR
Meðaltal:		28		35				
Fjöldi: 4	12	12	12	12	12	12	12	12

Niðurstöður: 1989 13 mál send ríkissaksóknara (RKS)
9 málum er lagt upp (LU)
4 málum er lagt upp v/afturköllunar (LUA)
1 máli lokið með lögregluáminningu (LÁM)

OFBELDI Á HEIMILUM - 1990

BR.FL	Lákv	ALD.K	Kyn	ALD.BÞ	Kyn	KRÖFUG	T.K/BRÞ	LOK.RLR
1506	217.gr.	47	kvk	46	kvk	Afturk.	Kunningjar	LUA
	217.gr.	28	kk	28	kvk	Refsikr.	Fv.sambúð	G
	217.gr.	42	kk	22	kk	Afturk.	Óskyld	LUA
	217.gr.	33	kk	40	kk	Afturk.	Kunningjar	LUA
	217.gr.	34	kk	41	kvk	Afturk.	Kunningjar	LUA
	217.gr.	22	kk	45	kk	Refsikr.	Kunningjar	LU
	217.gr.	36	kk	35	kk	Refsikr.	Óskyld	Rks
	217.gr.	33	kk	42	kk	Ekki refsikr.	Fv./Núv.maki	Rks
	217.gr.	31	kk	35	kvk	Ekki refsikr.	Sambúð	LU
	217.gr.	33	kk	21	kvk	Afturk.	Kunningjar	LUA
	217.gr.	49	kk	43	kvk	Ekki refsikr.	Sambúð	LU
	217.gr.		kk	32	kvk	Ekki refsikr.	Óskyld	G
1507	218.1	42	kk	60	kvk	Ekki refsikr.	Mæðgin	Rks
	218.1		kk	78	kvk		Óskyld	G
	218.1	20	kk	23	kvk	Refsikr.	Kunningjar	Rks
	218.1	42	kk	36	kk	Ekki refsikr.	Svilar	LU
	218.1	43	kk	22	kk	Ekki refsikr.	Kunningjar	Rks
	218.1	43	kk	39	kvk	Ekki refsikr.	Gift	Rks
	218.1	32	kvk	35	kk	Ekki refsikr.	Sambúð	Rks
1508	218.2	28	kk	21	kvk	Refsikr.	Hjón	Rks
	218.2	19	kk	28	kk	Refsikr.	Óskyld	Rks
	218.2	45	kk	53	kvk	Refsikr	Sambúð	Rks
1601	225.gr.	29	kk	30	kk	Refsikr.	Óskyld	Rks
1701	231.gr	30	kk	30	kvk	Refsikr.	Sambúð	Rks
	231.gr.	33	kk	28	kvk	Ekki refsikr.	Fv.sambúð	LU
	231.gr.	34	kk	30	kk	Ekki refsikr.	Óskyld	LU
	231.gr.	33	kk	32	kk	Ekki refsikr.	Óskyld	LU
	231.gr.	46	kk	45	kvk	Refsikr.	Fv.hjón	Rks
1702	232.gr.	41	kk	36	kvk	Refsikr.	Fv.sambúð	G
	232.gr.	44	kk	33	kvk	Ekki refsikr.	Óskyld	Rks
1703	233.gr.	25	kvk	53	kvk	Ekki refsikr.	Mæðgur	Rks
2101	257.gr	36	kk	36	kvk	Refsikr.	Fv.Sambýli	Rks
Meðaltal:		35		37				
Fjöldi: 8	32	30	32	32	32	31	32	32

ÞAR AF FRÁ LÖGREGLUNNI Í REYKJAVÍK - 1990

BR.FL	Lákv	ALD.K	Kyn	ALD.BÞ	Kyn	KRÖFUG	T.K/BRÞ	LOK.RLR
Meðaltal:		37		39				
Fjöldi: 7	19	17	19	19	19	18	19	19

Niðurstöður: 1990 16 mál send ríkissaksóknara (RKS)
7 málum lagt upp (LU)
5 málum lagt upp v/afturköllunar (LUA)
4 mál sett í geymslu (G)

OFBELDI Á HEIMILUM - 1991

BR.FL	Lákv	ALD.K	Kyn	ALD.BÞ	Kyn	KRÖFUG	T.K/BRÞ	LOK.RLR
1506	217.gr.	24	kk	18	kvk	Afturk.	Fv.sambúð	Rks
	217.gr.	54	kk	60	kvk	Ekki refsikr.	Sambúð	
	217.gr.	15	kk	16	kk	Afturk.	Kunningjar	LUA
	217.gr.	30	kk	69	kk	Refsikr.	Kunningjar	LU
	217.gr.	17	kk	42	kvk	Refsikr.	Óskyld	Rks
	217.gr.	34	kk	33	kk	Ekki refsikr.	Kunningjar	
	217.gr.	33	kk	30	kk	Ekki refsikr.	Kunningjar	
	217.gr.	32	kk	50	kvk	Ekki refsikr.	Óskyld	LU
	217.gr.	41	kk	30	kvk	Ekki refsikr.	Fv.sambúð	LU
	217.gr.	41	kk	30	kvk	Refsikr.	Fv.sambúð	Rks
1507	218.1	26	kk	24	kk	Refsikr.	Óskyld	Rks
	218.1	34	kk	56	kk	Refsikr.	Kunningjar	Rks
1508	218.2	35	kvk	43	kk	Ekki refsikr.	Sambúð	Rks
1701	231.gr.			17	kvk	Ekki refsikr.	Óskyld	G
1702	232.gr.	21	kk	26	kvk	Ekki refsikr.	Fv.sambúð	LU
	232.gr.	31	kk	27	kvk	Ekki refsikr.	Óskyld	LU
Meðaltal:		31		36				
Fjöldi: 5	16	15	15	16	16	16	16	13

ÞAR AF FRÁ LÖGREGLUNNI Í REYKJAVÍK - 1991

BR.FL	Lákv	ALD.K	Kyn	ALD.BÞ	Kyn	KRÖFUG	T.K/BRÞ	LOK.RLR
Meðaltal:		30		37				
Fjöldi: 3	9	8	8	9	9	9	9	7

Niðurstöður: 1991 6 mál send ríkissaksóknara (RKS)
5 málum er lagt upp (LU)
1 máli lagt upp v/afturköllunar (LUA)
1 mál sett í geymslu (G)
3 málum ólokið

KYNJASKIPTING KÆRÐRA OG BROTAÞOLA 1988 - 1991

KONUR RÁÐAST Á KARLA 1988 - 1991

	BR.FL	MÁLNR	ALD.K	Kyn	ALD.BÞ	Kyn	LOK.RLR
Meðaltal:			32		38		
Fjöldi:	4	9	9	9	9	9	9

KONUR RÁÐAST Á KONUR 1988 - 1991

	BR.FL	MÁLNR	ALD.K	Kyn	ALD.BÞ	Kyn	LOK.RLR
Meðaltal:			34		39		
Fjöldi:	3	4	4	4	4	4	4

KARLAR RÁÐAST Á KONUR 1988 - 1991

	BR.FL	MÁLNR	ALD.K	Kyn	ALD.BÞ	Kyn	LOK.RLR
Meðaltal:			34		34		
Fjöldi:	7	67	65	67	67	67	66

KARLAR RÁÐAST Á KARLA 1988 -1991

	BR.FL	MÁLNR	ALD.K	Kyn	ALD.BÞ	Kyn	LOK.RLR
Meðaltal:			33		34		
Fjöldi:	6	33	33	33	33	33	31

YFIRLIT UM STÖÐU MÁLA HJÁ RLR OG RKS V/ÁRANNA 1988 - 1991

BR.FL	MÁLNR	KRÖFUG	LOK.RLR	LOK.RKS
1506	88-0003	Afturk.	LUA	
	88-0006	Afturk.	LUA	
	88-0185	Refsikr.	Rks	
	88-0623	Ekki refsikr.	ASK	
	88-0817	Ekki refsikr.	LU	
	88-1271	Refsikr.	Rks	FN
	88-1281	Refsikr.	Rks	FN
	88-1284	Afturk.	LUA	
	88-1510	Ekki refsikr.	LU	
	88-1725	Afturk.	LUA	
	88-1901	Ekki refsikr.	LU	
	88-2039	Refsikr.	Rks	FN
	88-2069	Ekki refsikr.	LU	
	88-2387	Afturk.	LUA	
	88-2421	Afturk.	LUA	
	88-2758	Ekki refsikr.	Rks	FN
	88-2786	Refsikr.	Rks	
	88-3279	Refsikr.	LU	
	88-3281	Ekki refsikr.	LU	
	88-3616	Ekki refsikr.	Rks	FN
	88-3993	Refsikr.	Rks	FN
	88-4066	Ekki refsikr.	LU	
	88-4329	Ekki refsikr.	LU	
	88-4524	Ekki refsikr.	LR	
	88-4582	Refsikr.	G	
	89-0150	Refsikr.	Rks	FN
	89-0463	Ekki refsikr.	LU	
	89-0487	Ekki refsikr.	LU	
	89-0653	Refsikr.	Rks	FN
	89-0660	Refsikr.	Rks	FN
	89-0743	Ekki refsikr.	Rks	FN
	89-1123	Afturk.	LUA	
	89-1242	Afturk.	LUA	
	89-1874	Afturk.	LUA	
	89-3454	Refsikr.	Rks	
	89-4201	Ekki refsikr.	LU	
	89-4876.	Refsikr.	Rks	FN
	89-5005	Ekki refsikr.	Rks	FN
	90-0670	Afturk.	LUA	
	90-0949	Ekki refsikr.	LU	
	90-1465	Ekki refsikr.	Rks	FN
	90-1925	Refsikr.	Rks	FN
	90-2452	Refsikr.	LU	
	90-2867	Afturk.	LUA	
	90-2943	Afturk.	LUA	
	90-3478	Afturk.	LUA	
	90-3959	Refsikr.	G	
	90-4238	Afturk.	LUA	
	90-4460	Ekki refsikr.	G	
	90-4591	Ekki refsikr.	LU	
	91-0362	Refsikr.	Rks	FN

BR.FL	MÁLNR	KRÖFUG	LOK.RLR	LOK.RKS
	91-0733	Refsikr.	LU	
	91-1085	Afturk.	LUA	
	91-1363	Ekki refsikr.	LU	
	91-2025	Refsikr.	Rks	
	91-2273	Afturk.	Rks	FN
	91-2342	Ekki refsikr.		
	91-2587	Ekki refsikr.	LU	
	91-3142	Ekki refsikr.		
	91-3337	Ekki refsikr.		
1507	88-1003	Ekki refsikr.	LU	
	88-1689	Refsikr.	Rks	FN
	88-2692	Refsikr.	LU	
	88-3264	Ekki refsikr.	Rks	
	88-3386	Ekki refsikr.	LU	
	88-3809	Ekki refsikr.	LU	
	88-4363	Refsikr.	LU	
	89-0589	Ekki refsikr.	Rks	FN
	89-0623	Ekki refsikr.	LU	
	89-1422	Refsikr.	Rks	
	89-1662	Ekki refsikr.	Rks	FN
	89-3188	Ekki refsikr.	LU	
	89-3275	Refsikr.	Rks	
	89-4181	Refsikr.	Rks	
	90-0009	Ekki refsikr.	Rks	
	90-0732	Ekki refsikr.	Rks	
	90-2089	Ekki refsikr.	LU	
	90-2862	Refsikr.	Rks	
	90-2877		G	
	90-3335	Ekki refsikr.	Rks	
	90-4842	Ekki refsikr.	Rks	FN
	91-0735	Refsikr.	Rks	
	91-1825	Refsikr.	Rks	Ákæra
1508	88-1619	Ekki refsikr.	Rks	Ákæra
	90-0185	Refsikr	Rks	Ákæra
	90-0994	Refsikr.	Rks	
	90-3100	Refsikr.	Rks	FN
	91-1116	Ekki refsikr.	Rks	Ákæra
1509	88-1813	Ekki refsikr.	Rks	
1599	89-2673	Ekki refsikr.	Rks	
1601	90-2808	Refsikr.	Rks	
1701	88-0016	Ekki refsikr.	Rks	FN
	88-2046	Afturk.	LUA	
	89-0423	Ekki refsikr.	LU	
	89-2807	Ekki refsikr.	LU	
	89-3001	Ekki refsikr.	LU	
	89-4442	Ekki refsikr.	LU	
	90-0519	Refsikr.	Rks	
	90-1417	Refsikr.	Rks	FN
	90-2613	Ekki refsikr.	LU	
	90-3602	Ekki refsikr.	LU	
	90-4110	Ekki refsikr.	LU	

BR.FL	MÁLNR	KRÖFUG	LOK.RLR	LOK.RKS
	91-1833	Ekki refsikr.	G	
1702	88-1781	Ekki refsikr.	Rks	FN
	88-4084	Ekki refsikr.	LU	
	89-2403	Afturk.	LUA	
	89-4672	Refsikr.	LÁM	LÁM
	90-0221	Ekki refsikr.	Rks	
	90-2696	Refsikr.	G	
	91-1875	Ekki refsikr.	LU	
	91-1935	Ekki refsikr.	LU	
1703	90-1376	Ekki refsikr.	Rks	
2101	89-2148	Ekki refsikr.	Rks	FN
	90-0532	Refsikr.	Rks	
Fjöldi: 10	114	113	111	30

O R Ð S K Ý R I N G A R

BR.FL	=	Brotaflokkur
Lákv	=	Lagaákvæði
ALD.K	=	Aldur kærða
ALD.BÞ	=	Aldur brotaþola
KYN	=	KK / KVK
KRÖFUG	=	Kröfugerð
T.K/BRÞ	=	Tengsl kærða og brotaþola
LOK.RLR	=	Niðurstaða rannsóknar RLR
LOK.RKS	=	Niðurstaða meðferðar ríkissaksóknara (RKS)
LR	=	Lögreglan í Reykjavík
LH	=	Lögreglan í Hafnarfirði (umdæmi sýslumanns)
LK	=	Lögreglan í Kópavogi
ASK	=	Lögreglan í Austur-Skaftafellssýslu
LU	=	Máli lagt upp
LUA	=	Máli lagt upp v/afturköllunar kröfu
FN	=	Mál fellt niður skv. ákvörðun RKS
LÁM	=	Lögregluáminning skv. 232. gr. alm.hgl.

Hversu margar kærur vegna líkamlegs ofbeldis á heimili bárust ríkissaksóknara á árunum 1988, 1989, 1990 og það sem af er árinu 1991?

a. Hversu margar þeirra leiddu til málshöfðunar og hversu margar enduðu með dómi?

b. Hvaða rök liggja til grundvallar ákvörðunum embættisins í þeim tilvikum þar sem kæra leiðir ekki til málshöfðunar?

Hér að neðan eru birt svör ríkissaksóknara við þessum spurningum.

Í málaskrá ríkissaksóknara liggja ekki fyrir tölur um fjölda líkamsárása í heimahúsum sérstaklega þar sem það er almennt ekki skilgreiningaratriði í skráningu mála eftir brotaflokkum hvar brot er framið. Fyrri hluta spurningarinnar, svo og a-lið hennar, er því ekki hægt að svara nákvæmlega.

Í þessu sambandi má benda á gögn sem fylgja svari Rannsóknarlögreglu ríkisins við öðrum spurningum í sömu fyrirspurn. Þar kemur fram að á árunum 1988–1991 hefur Rannsóknarlögregla ríkisins sent ríkissaksóknara alls 51 mál sem samkvæmt flokkun RLR eru vegna ofbeldis á heimilum. Afgreiðsla þessara tilteknu mála hefur verið skoðuð og eru niðurstöður þessar:

Ákæra gefin út, 20 mál.
Felld niður, 25 mál.
Dómsátt heimiluð, 2 mál.
Áminning/lögregluáminning, 2 mál.
Ólokið/annað, 2 mál.
Samtals 51 mál.

Almenna reglan er að málum, sem ákært er í, lýkur ekki nema með dómi. Gert er ráð fyrir að fyrirspyrjandi eigi við í hversu mörgum tilvikum málum hafi lokið með sakfellingu. Af sömu ástæðum og fyrr eru nefndar liggja upplýsingar um það ekki fyrir nema hvað varðar málin frá RLR. Af þeim 20 málum, sem ákært var í, voru kveðnir upp sýknudómar í þremur málum.

Samkvæmt málaskránni er heildarfjöldi líkamsárásarmála, sem borist hafa ríkissaksóknara á árunum 1988–1990, þessi:

	1988	1989	1990
Ákært	44	80	99
Ákærufrestun	1		3
Fellt niður	134	102	119
Dómsátt heimiluð	28	35	63
Áminning			2
Ólokið/enn í rannsókn	2		2
Samtals	**209**	**217**	**288**

Tölur frá árinu 1991 liggja enn ekki fyrir með nægilegri nákvæmni og eru þær því ekki birtar hér. Þá skal gerður sá fyrirvari varðandi fjöldatölur að þær byggjast á málsnúmerum sem á þessum árum gátu verið örlítið fleiri en sjálf málin þar sem hver einstakur kærður fékk númer þótt fleiri en einn væru kærðir í sama málinu.

Í b-lið spurningarinnar er spurt um rök til grundvallar því að kæra leiði ekki til málshöfðunar. Því er til að svara að ef ekki hefur komið til frekari aðgerða í málum af hálfu ákæruvalds voru helstu ástæður þess þær að það sem fram var komið var ekki talið ákæruhæft, þ.e. ekki talið nægilegt eða líklegt til sakfellis, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974.

292. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990 og lög nr. 105/1990.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1990 til athugunar. Frumvarp þetta er þriðja fjáraukalagafrumvarpið sem lagt er fyrir Alþingi til samþykktar á umframgreiðslum úr ríkissjóði frá heimildum fjárlaga 1990. Alþingi samþykkti á árinu 1990 tvenn fjáraukalög, nr. 72/1990 og nr. 105/1990, og voru greiðsluheimildir frá fjárlögum árið 1990 auknar um tæpa 2,5 milljarða króna. Með frumvarpi þessu er sótt um heimildir til endanlegs greiðsluuppgjörs A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990.

Í frumvarpinu kemur fram að greiðslur úr ríkissjóði séu 797,2 milljónum króna lægri en heimildir gerðu ráð fyrir. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 608,5 milljónir króna en á móti eru greiðsluheimildir lækkaðar um 1.405,7 milljónir króna.

Við afgreiðslu nefndarinnar á frumvarpinu gerðu fulltrúar fjármálaráðuneytisins grein fyrir einstaka viðbótargreiðsluheimildum sem óskað var eftir frekari skýringum á. Þá kallaði nefndin til fulltrúa Ríkisendurskoðunar sem gerði grein fyrir athugasemdum stofnunarinnar sem fram komu m.a. í skýrslu hennar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1990.

Að lokinni athugun fjárlaganefndar á frumvarpinu og að teknu tilliti til þeirra skýringa sem hún hefur fengið frá fjármálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun fellst hún á tillögur þær um viðbótargreiðsluheimildir sem fram koma í frumvarpinu. Nefndin gerir hins vegar tillögur um að í fjáraukalög árið 1990 verði tekin inn heimild á fjárlagalið 05-281, Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, framlag að fjárhæð 1.458.283 þús. kr.

Tillaga þessi á rætur að rekja til laga nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, en samkvæmt þeim var Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins m.a. lagður niður. Í ákvæðum til bráðabirgða í nefndum lögum er kveðið á um að ríkissjóður skuli taka við skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Meðal skulda, sem ríkissjóður yfirtók, var yfirdráttur á hlaupareikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 1.458.283 þús. kr. Þann 1. nóvember 1990 undirritaði þáverandi fjármálaráðherra skuldabréf til handa Seðlabanka Íslands að sömu fjárhæð til greiðslu á skuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá bankanum.

Að teknu tilliti til framangreindra breytinga er afkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990 eftirfarandi:

Fjárhæðir í m.kr.	Fjárlög 1990	Fjáraukalög 72/105/1990	Útkoma 1990	Mismunur
Tekjur	91.545	1.030	92.453	<122>
Gjöld	95.232	2.464	98.357	661
Gjöld umfram tekjur	**3.687**	**1.434**	**5.904**	**783**
Lánahreyfingar, útgreiðslur	**7.290**	**300**	**8.913**	**1.323**
Lánsfjárþörf	10.977	1.734	14.817	2.106
Lántökur	10.995	1.725	15.531	2.811
Greiðslujöfnuður	**18**	**<8>**	**714**	**705**

Allir nefndarmenn undirrita nefndarálit þetta, en fulltrúar Alþýðubandalagsins og Kvennalista þó með fyrirvara.

Alþingi, 18. des. 1991.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.
Guðmundur Bjarnason.
Pálmi Jónsson.

Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.
Jón Kristjánsson.
Einar K. Guðfinnsson.

Árni Johnsen.
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.
Sturla Böðvarsson.

Gunnlaugur Stefánsson.
Guðrún Helgadóttir, með fyrirvara.

293. Breytingartillaga [79. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990 og lög nr. 105/1990.

Frá fjárlaganefnd.

Við 3. gr. Nýr liður:	Þús. kr.
101 Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins	1.458.283

294. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (KSG, PJ, StB, GunnS, ÁJ, EKG).

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

B–HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríksieign

5. gr.

Árið 1992 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

22 Menntamálaráðuneyti

22-201	**Happdrætti Háskóla Íslands**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	34 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	220 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 026 000	
5,8	Gjöld samtals	1 280 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 650 000	
48	Fjármunatekjur	16 000	
4,7	Tekjur samtals	1 666 000	
	Mismunur		386 000
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	74 000	
32	Annað, greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	312 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	386 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	32 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	7 100	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	99 500	
571	Fjármagnskostnaður	6 800	
51-57	Viðhald	11 400	
593	Afskriftir	500	
5,8	Gjöld samtals	157 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	152 000	
48	Fjármunatekjur	9 000	
4,7	Tekjur samtals	161 000	
	Mismunur		3 700
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, fært á höfuðstól	4 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	3 700	
22-211	**Háskólabíó**		
51	Laun	35 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	42 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	87 400	
571	Fjármagnskostnaður	38 600	
51-57	Viðhald	18 000	
593	Afskriftir	29 800	
5,8	Gjöld samtals	250 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	215 000	
48	Fjármunatekjur	10 000	
49	Aðrar tekjur	26 000	
4,7	Tekjur samtals	251 000	
	Mismunur		200
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	3 600	
26	Afborgun lána	26 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	29 800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	200	

		þús.kr.	þús.kr.
22-233	**Rannsóknasjóður**		
59	Yfirfærslur	110 000	
5,8	Gjöld samtals	110 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	110 000	
4,7	Tekjur samtals	110 000	
22-235	**Vísindasjóður**		
59	Yfirfærslur	125 000	
5,8	Gjöld samtals	125 000	
48	Fjármunatekjur	2 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	20 000	
49	Aðrar tekjur	103 000	
4,7	Tekjur samtals	125 000	
22-276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna**		
571	Fjármagnskostnaður	3 500	
59	Yfirfærslur	25 000	
5,8	Gjöld samtals	28 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	74 000	
4,7	Tekjur samtals	74 000	
	Mismunur		45 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	37 500	
26	Afborgun lána	8 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	45 500	
22-679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	1 800	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	5 000	
593	Afskriftir	600	
5,8	Gjöld samtals	7 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 000	
4,7	Tekjur samtals	9 000	
	Mismunur		1 600

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 000	
32	Annað, fært á höfuðstól	1 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 600	
22-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	42 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	35 000	
571	Fjármagnskostnaður	825 000	
59	Yfirfærslur	77 000	
5,8	Gjöld samtals	979 000	
48	Fjármunatekjur	266 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	2 220 000	
4,7	Tekjur samtals	2 486 000	
	Mismunur		1 507 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	3 330 000	
18	Fjárfestingar	15 000	
26	Afborgun lána	1 452 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	475 000	
26	Tekin lán	2 815 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 507 000	
22-970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	17 000	
593	Afskriftir	97 000	
5,8	Gjöld samtals	114 000	
49	Aðrar tekjur	212 000	
4,7	Tekjur samtals	212 000	
	Mismunur		98 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	113 000	
26	Afborgun lána	82 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	97 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	98 000	
22-971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	376 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	390 000	
571	Fjármagnskostnaður	16 000	
593	Afskriftir	14 000	
59	Yfirfærslur	80 000	
5,8	Gjöld samtals	876 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	800 000	
48	Fjármunatekjur	32 000	
4,7	Tekjur samtals	832 000	
	Mismunur		−44 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	14 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−44 000	
32	Annað, millifært frá sjónvarpi	30 000	
22-972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	474 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	730 000	
571	Fjármagnskostnaður	31 000	
593	Afskriftir	38 000	
59	Yfirfærslur	132 000	
5,8	Gjöld samtals	1 405 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 320 000	
48	Fjármunatekjur	65 000	
49	Aðrar tekjur	12 000	
4,7	Tekjur samtals	1 397 000	
	Mismunur		−8 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, millifært til hljóðvarps	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	38 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−8 000	
22-973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	250 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	105 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	30 000	
571	Fjármagnskostnaður	5 500	
51-57	Viðhald	4 500	
593	Afskriftir	12 000	
5,8	Gjöld samtals	407 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	134 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	254 000	
49	Aðrar tekjur	7 000	
4,7	Tekjur samtals	395 500	
	Mismunur		−12 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	12 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−12 000	
22-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	132 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	57 000	
51-57	Viðhald	3 000	
5,8	Gjöld samtals	192 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	23 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	99 000	
49	Aðrar tekjur	71 500	
4,7	Tekjur samtals	194 000	
	Mismunur		2 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 000	

22-976	**Menningarsjóður**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	7 500	
52-57	Önnur rekstrargjöld	5 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 000	
571	Fjármagnskostnaður	4 000	
51-57	Viðhald	2 200	
593	Afskriftir	300	
59	Yfirfærslur	2 000	
5,8	Gjöld samtals	22 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	23 300	
48	Fjármunatekjur	200	
4910	Framlög úr ríkissjóði	6 000	
4,7	Tekjur samtals	29 500	
	Mismunur		7 500
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	7 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 500	

23 Utanríkisráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
23-101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	157 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	136 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 081 000	
593	Afskriftir	18 000	
5,8	Gjöld samtals	1 392 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 840 000	
48	Fjármunatekjur	11 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 852 000	
	Mismunur		460 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	18 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	460 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	18 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	460 000	
23-111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	137 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	57 000	
51-57	Viðhald	4 500	
593	Afskriftir	2 300	
59	Yfirfærslur	24 400	
5,8	Gjöld samtals	225 200	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	247 900	
48	Fjármunatekjur	400	
49	Aðrar tekjur	13 600	
4,7	Tekjur samtals	261 900	
	Mismunur		36 700

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	4 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	35 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	36 700	
23-114	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	130 000	
571	Fjármagnskostnaður	230 000	
51-57	Viðhald	44 500	
593	Afskriftir	114 000	
5,8	Gjöld samtals	518 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	293 000	
49	Aðrar tekjur	111 500	
4,7	Tekjur samtals	404 500	
	Mismunur		−114 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	114 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−114 000	
23-118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	241 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	410 000	
571	Fjármagnskostnaður	16 500	
593	Afskriftir	15 000	
5,8	Gjöld samtals	682 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	670 000	
48	Fjármunatekjur	2 200	
4,7	Tekjur samtals	672 200	
	Mismunur		−10 300
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	4 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−10 300	

23-121	**Sala varnarliðseigna**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	19 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	13 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	62 000	
51-57	Viðhald	1 600	
593	Afskriftir	3 400	
5,8	Gjöld samtals	99 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	113 000	
48	Fjármunatekjur	7 600	
49	Aðrar tekjur	3 000	
4,7	Tekjur samtals	123 600	
	Mismunur		24 600
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	28 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	24 600	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
24-171	**Jarðeignir ríkisins**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	30 000	
4,7	Tekjur samtals	30 000	
	Mismunur		30 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	30 000	
24-172	**Jarðasjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	100 000	
4,7	Tekjur samtals	100 000	
	Mismunur		100 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	96 000	
26	Afborgun lána	4 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	100 000	

		þús.kr.	þús.kr.
24-221	**Áburðarverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	286 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	312 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	339 000	
571	Fjármagnskostnaður	65 600	
51-57	Viðhald	53 000	
593	Afskriftir	222 600	
5,8	Gjöld samtals	1 278 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 230 000	
48	Fjármunatekjur	29 500	
4,7	Tekjur samtals	1 259 500	
	Mismunur		-19 300
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	60 000	
26	Afborgun lána	143 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	222 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-19 300	
24-245	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	11 700	
52-57	Önnur rekstrargjöld	7 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	3 100	
571	Fjármagnskostnaður	2 700	
51-57	Viðhald	3 500	
593	Afskriftir	6 300	
59	Yfirfærslur	16 100	
5,8	Gjöld samtals	51 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	18 600	
48	Fjármunatekjur	200	
4910	Framlög úr ríkissjóði	34 000	
4,7	Tekjur samtals	52 800	
	Mismunur		1 500

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	3 600	
26	Afborgun lána	4 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 500	
24-272	**Einangrunarstöð í Hrísey**		
51	Laun	7 700	
52-57	Önnur rekstrargjöld	6 200	
51-57	Viðhald	1 100	
5,8	Gjöld samtals	15 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 900	
4910	Framlög úr ríkissjóði	7 100	
4,7	Tekjur samtals	15 000	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
25-222	**Síldarverksmiðjur ríkisins**		
51	Laun	125 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	425 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	790 000	
571	Fjármagnskostnaður	142 000	
51-57	Viðhald	40 000	
593	Afskriftir	161 000	
5,8	Gjöld samtals	1 683 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 516 000	
48	Fjármunatekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	1 522 000	
	Mismunur		-161 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	-161 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	161 000	
25-272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	1 200	
52-57	Önnur rekstrargjöld	5 000	
51-57	Viðhald	8 600	
5,8	Gjöld samtals	14 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	24 800	
4910	Framlög úr ríkissjóði	25 000	
49	Aðrar tekjur	25 000	
4,7	Tekjur samtals	74 800	
	Mismunur		60 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	60 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	60 000	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
26-101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	4 500	
52-57	Önnur rekstrargjöld	28 500	
5,8	Gjöld samtals	33 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	33 000	
4,7	Tekjur samtals	33 000	
26-731	**Kristnisjóður**		
51	Laun	2 100	
52-57	Önnur rekstrargjöld	3 600	
59	Yfirfærslur	17 600	
5,8	Gjöld samtals	23 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 800	
48	Fjármunatekjur	1 400	
4910	Framlög úr ríkissjóði	18 100	
4,7	Tekjur samtals	23 300	
26-732	**Kirkjubyggingasjóður**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	400	
5,8	Gjöld samtals	400	
48	Fjármunatekjur	6 400	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 000	
4,7	Tekjur samtals	7 400	
	Mismunur		7 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	8 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 000	

26-733	**Kirkjugarðasjóður**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	200	
52-57	Önnur rekstrargjöld	3 000	
593	Afskriftir	200	
59	Yfirfærslur	28 000	
5,8	Gjöld samtals	31 400	
48	Fjármunatekjur	7 000	
49	Aðrar tekjur	25 500	
4,7	Tekjur samtals	32 500	
	Mismunur		1 100
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	700	
19	Afskriftir	200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 100	

27 Félagsmálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
27-271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	120 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	70 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 460 000	
5,8	Gjöld samtals	3 650 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	100 000	
48	Fjármunatekjur	3 310 000	
49	Aðrar tekjur	40 000	
4,7	Tekjur samtals	3 450 000	
	Mismunur		−200 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	820 000	
18	Fjárfestingar	15 000	
26	Afborgun lána	4 140 000	
32	Annað, útstreymi af sparimerkjareikningum	220 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 610 000	
26	Tekin lán	2 785 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−200 000	
27-272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	215 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 190 000	
5,8	Gjöld samtals	1 405 000	
48	Fjármunatekjur	330 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 075 000	
49	Aðrar tekjur	645 000	
4,7	Tekjur samtals	2 050 000	
	Mismunur		645 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	6 360 000	
26	Afborgun lána	825 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	900 000	
26	Tekin lán	5 640 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	645 000	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
28-273	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	71 000	
59	Yfirfærslur	1 624 000	
5,8	Gjöld samtals	1 695 000	
48	Fjármunatekjur	221 600	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 280 000	
49	Aðrar tekjur	1 400	
4,7	Tekjur samtals	1 503 000	
	Mismunur		-192 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	192 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-192 000	
28-311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	73 800	
52-57	Önnur rekstrargjöld	67 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	103 000	
593	Afskriftir	7 100	
5,8	Gjöld samtals	250 900	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	243 800	
4,7	Tekjur samtals	243 800	
	Mismunur		-7 100
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-7 100	

28-378	**Læknishéraðasjóður**	þús.kr.	þús.kr.
59	Yfirfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	

29 Fjármálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
29-101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	313 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	546 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 383 800	
571	Fjármagnskostnaður	1 600	
51-57	Viðhald	88 000	
593	Afskriftir	88 000	
5,8	Gjöld samtals	3 420 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	10 197 000	
48	Fjármunatekjur	11 000	
49	Aðrar tekjur	100	
4,7	Tekjur samtals	10 208 100	
	Mismunur		6 787 700
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	70 000	
26	Afborgun lána	5 700	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	6 800 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	88 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 787 700	

		þús.kr.	þús.kr.
29-102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	105 600	
52-57	Önnur rekstrargjöld	50 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	736 500	
571	Fjármagnskostnaður	18 100	
51-57	Viðhald	41 800	
593	Afskriftir	9 600	
5,8	Gjöld samtals	962 200	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 052 100	
48	Fjármunatekjur	26 300	
4,7	Tekjur samtals	1 078 400	
	Mismunur		116 200
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	63 900	
26	Afborgun lána, greiðsla á skuldum við ríkissjóð	61 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	9 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	116 200	
29-103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	47 200	
52-57	Önnur rekstrargjöld	26 300	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 560 100	
571	Fjármagnskostnaður	2 200	
51-57	Viðhald	1 800	
593	Afskriftir	1 700	
5,8	Gjöld samtals	1 639 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 626 800	
48	Fjármunatekjur	5 200	
49	Aðrar tekjur	7 300	
4,7	Tekjur samtals	1 639 300	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 700	

		þús.kr.	þús.kr.
29-931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	42 200	
52-57	Önnur rekstrargjöld	27 500	
51-57	Viðhald	26 600	
593	Afskriftir	6 500	
5,8	Gjöld samtals	102 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	102 800	
4,7	Tekjur samtals	102 800	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 500	
29-971	**Lánasýsla ríkisins**		
51	Laun	22 500	
52-57	Önnur rekstrargjöld	54 200	
571	Fjármagnskostnaður	11 000	
5,8	Gjöld samtals	87 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 200	
48	Fjármunatekjur	82 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	550 000	
49	Aðrar tekjur	42 500	
4,7	Tekjur samtals	678 700	
	Mismunur		591 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	600 000	
32	Annað	150 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	159 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	591 000	

29-981	**Fasteignir ríkissjóðs**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	11 300	
52-57	Önnur rekstrargjöld	63 400	
51-57	Viðhald	129 800	
5,8	Gjöld samtals	204 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	204 500	
4,7	Tekjur samtals	204 500	

30 Samgönguráðuneyti

30-101	**Póst- og símamálastofnunin**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	3 465 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	2 200 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	215 000	
571	Fjármagnskostnaður	30 000	
51-57	Viðhald	195 000	
593	Afskriftir	1 450 000	
5,8	Gjöld samtals	7 555 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 810 000	
48	Fjármunatekjur	50 000	
49	Aðrar tekjur	130 000	
4,7	Tekjur samtals	7 990 000	
	Mismunur		435 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 380 000	
26	Afborgun lána	30 000	
32	Annað, framlag til Intelsat	25 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	940 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 450 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	435 000	
32	Annað, greiðsluafgangur frá fyrra ári	490 000	

		þús.kr.	þús.kr.
30-211	**Vegagerð ríkisins, áhaldahús**		
51	Laun	677 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	897 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	426 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 000	
51-57	Viðhald	597 000	
593	Afskriftir	98 000	
5,8	Gjöld samtals	2 698 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 852 000	
4,7	Tekjur samtals	2 852 000	
	Mismunur		154 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	240 000	
26	Afborgun lána	12 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	98 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	154 000	
30-321	**Skipaútgerð ríkisins**		
51	Laun	77 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	82 000	
571	Fjármagnskostnaður	4 000	
51-57	Viðhald	10 000	
593	Afskriftir	30 000	
59	Yfirfærslur	65 000	
5,8	Gjöld samtals	268 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	90 000	
4,7	Tekjur samtals	90 000	
	Mismunur		−178 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	52 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	200 000	
19	Afskriftir	30 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−178 000	

		þús.kr.	þús.kr.
30-331	**Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	12 800	
52-57	Önnur rekstrargjöld	12 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	4 900	
51-57	Viðhald	6 100	
593	Afskriftir	2 400	
5,8	Gjöld samtals	38 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	39 100	
4,7	Tekjur samtals	39 100	
	Mismunur		300
Fjármunahreyfingar út:			
	Fært á höfuðstól	2 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	300	
30-333	**Hafnabótasjóður**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	1 600	
571	Fjármagnskostnaður	30 000	
59	Yfirfærslur	70 000	
5,8	Gjöld samtals	101 600	
48	Fjármunatekjur	41 600	
4910	Framlög úr ríkissjóði	90 000	
49	Aðrar tekjur	125 000	
4,7	Tekjur samtals	256 600	
	Mismunur		155 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	39 000	
26	Afborgun lána	65 000	
32	Annað, greitt til hafnaframkvæmda	125 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	74 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	155 000	

		þús.kr.	þús.kr.
30-471	**Alþjóðaflugþjónustan**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	518 200	
571	Fjármagnskostnaður	37 500	
593	Afskriftir	17 500	
5,8	Gjöld samtals	573 200	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	518 200	
48	Fjármunatekjur	12 100	
4910	Framlög úr ríkissjóði	55 000	
4,7	Tekjur samtals	585 300	
	Mismunur		12 100
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	486 000	
26	Afborgun lána	23 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	17 500	
26	Tekin lán	480 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	12 100	

31 Iðnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
31-231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	268 500	
52-57	Önnur rekstrargjöld	210 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	95 400	
571	Fjármagnskostnaður	44 800	
51-57	Viðhald	45 000	
593	Afskriftir	71 800	
5,8	Gjöld samtals	736 200	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	700 000	
49	Aðrar tekjur	8 700	
4,7	Tekjur samtals	708 700	
	Mismunur		−27 500
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 200	
18	Fjárfestingar	20 000	
26	Afborgun lána	53 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 200	
19	Afskriftir	71 800	
26	Tekin lán	29 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−27 500	

		þús.kr.	þús.kr.
31-321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	430 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	590 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 850 000	
571	Fjármagnskostnaður	50 000	
593	Afskriftir	850 000	
5,8	Gjöld samtals	3 770 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 220 000	
48	Fjármunatekjur	50 000	
49	Aðrar tekjur	20 000	
4,7	Tekjur samtals	3 290 000	
	Mismunur		−480 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	420 000	
26	Afborgun lána	40 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	90 000	
19	Afskriftir	850 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−480 000	
31-371	**Orkusjóður**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	2 100	
571	Fjármagnskostnaður	13 200	
5,8	Gjöld samtals	15 300	
48	Fjármunatekjur	7 300	
4910	Framlög úr ríkissjóði	79 200	
4,7	Tekjur samtals	86 500	
	Mismunur		71 200
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	95 000	
16	Veitt lán, jarðhitaleit	5 000	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	18 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	47 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	71 200	

295. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (KSG, PJ, StB, GunnS, ÁJ, EKG).

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Árið 1992 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3 394 000**
4110	Eignarskattur einstaklinga	1 360 000	
41103	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	144 000	
4111	Eignarskattur félaga	875 000	
41113	Sérstakur eignarskattur félaga	200 000	
4116-7	Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	495 000	
4118	Erfðafjárskattur	320 000	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**17 280 000**
412	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	14 050 000	
4126	Tekjuskattur félaga	3 230 000	
413	**Aðrir beinir skattar**		**414 000**
4130	Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	414 000	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**3 690 000**
4200	Tollar	3 690 000	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**6 249 000**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 615 000	
42111	Innflutningsgjald af bensíni	4 000 000	
4212	Jöfnunargjald	360 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	16 000	
42153	Fóðurgjald, grunngjald	90 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
42154	Kartöflugjald	110 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	28 000	
4217	Jöfnunartollur	30 000	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**370 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	345 000	
4221	Leyfisgjald af gjaldeyrissölu	25 000	
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 494 000**
4235-6	Vörugjald	2 425 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	69 000	
425	**Virðisaukaskattur**		**40 450 000**
4250	Virðisaukaskattur	40 450 000	
426	**Skattar af orku**		**80 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	80 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6 656 500**
4271	Hluti af hagnaði ÁTVR	6 650 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	6 500	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**86 500**
42801	Skemmtanaskattur	75 000	
42802	Miðagjald	11 500	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**774 000**
4290	Aukatekjur	765 000	
42942	Samúðarskeyti Landsímans	9 000	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**9 150 000**
43001	Tryggingagjald	9 150 000	
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**6 040 000**
4310	Þinglýsingar	103 000	
4311	Stimpilgjald	2 330 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1 370 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	460 000	
43131	Bifreiðagjald	1 310 000	
43142	Vitagjald	49 000	
43143	Skipaskoðunargjald	64 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	280 000	
4317	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	74 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**1 075 000**
4719	Sala eigna	1 075 000	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**3 990 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 815 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2 175 000	
482	**Arðgreiðslur**		**2 205 000**
48201	Afgjöld ríkisjarða	20 000	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	460 000	
48203	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	35 000	
48206	Póstur og sími	940 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	600 000	
4829	Aðrar arðgreiðslur	150 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**990 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	240 000	
4992	Þátttaka sveitarfélaga í löggæslukostnaði	700 000	
4999	Óvissar tekjur	50 000	
	Tekjur samtals		105 388 000

2. Reglur um arðgreiðslur ríkisfyrirtækja (4829) komi í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Reglur um útreikning arðgreiðslna ríkisfyrirtækja.

A: Eftirtalin ríkisfyrirtæki greiði arð í ríkissjóð sem nemi 20% af meðalhagnaði þriggja undanfarinna ára.

Lyfjabúð Háskóla Íslands
Lyfjaverslun ríkisins
Ríkisútvarpið, sjónvarp
Rafmagnsveitur ríkisins
Síldarverksmiðjur ríkisins
Hitaveita Suðurnesja (20%)
Háskólabíó
Ríkisútvarpið, hljóðvarp
Innkaupastofnun ríkisins
Sementsverksmiðja ríkisins
Orkubú Vestfjarða (40%)

B: Eftirtalin fyrirtæki ríkisins og fyrirtæki í hlutaeign ríkissjóðs greiði arð í hlutfalli við eigið fé í árslok síðasta árs 2%.

Landsbanki Íslands
Iðnlánasjóður
Fiskveiðasjóður
Búnaðarbanki Íslands
Iðnþróunarsjóður
SKÝRR (50%)

C: Eftirtalin hlutafélög í hlutaeign ríkissjóðs greiði arð í hlutfalli við nafnverð hlutafjár í árslok síðasta árs allt að 10%. Fyrirtæki með neikvætt eigið fé greiði ekki arð.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. (50%)
Gutenberg hf. (100%)
Jarðboranir hf. (50%)
Íslenska járnblendifélagið hf. (55%)
Endurvinnslan hf. (18%)
Ferðaskrifstofa Íslands hf. (33%)
Slippstöðin hf. (54%)
Kísiliðjan hf. (51%)
Steinullarverksmiðjan hf. (30,1%)

D: Landsvirkjun greiði hagnað í samræmi við ákvæði laga.

E: Kveðið verði á um arðgreiðslur eftirtalinna fyrirtækja í fjárlögum hvers árs:

Póst- og símamálastofnunin
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

F: Íslenskir aðalverktakar sf. greiði arð í samræmi við samþykktir félagsins.

296. Frumvarp til laga [215. mál]

um lánskjör og ávöxtun sparifjár.

Flm.: Eggert Haukdal.

1. gr.

Frá og með 1. júlí 1992 er óheimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar með lánskjaravísitölu, þar með talin inn- og útlán í bankakerfinu, skuldabréf, verðbréf o.s.frv.

2. gr.

Heimilt skal þó vera að verðtryggja spariskírteini ríkissjóðs, enda sé þá miðað við vísitölu vöru og þjónustu.

3. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði VII. kafla, 34.–47. gr., laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., svo og önnur lagaákvæði er kunna að stríða gegn lögum þessum.

4. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er hér flutt í fimmta sinn, síðast á 113. löggjafarþingi og fylgdi því þá svohljóðandi greinargerð:

Verðtrygging fjárskuldbindinga samkvæmt lánskjaravísitölu hefur þegar gengið sér til húðar, enda komið á daginn að atvinnuvegirnir þola hana ekki. Greiðslustöðvanir og gjaldþrot fyrirtækja, raunar einnig heimila, hafa farið hraðvaxandi. Áframhaldandi hrun og atvinnuleysi er fram undan ef ekki er gripið í taumana.

Fyrirheit, sem gefin voru með verðtryggingu fjárskuldbindinga, um samdrátt útlána, minni erlendar lántökur og aukinn sparnað hafa öll brugðist eins og hagskýrslur bera með sér.

Lánskjaravísitala er meiri verðbólguhvati en aðrar vísitölur þar sem byggingarkostnaður er innifalinn, en hann er háður mestum sveiflum í hagkerfinu. Vinnulaun eru og reiknuð í vísitölunni en ein afleiðing þess er sú að sérhver kjarabót launþega er jafnharðan af þeim tekin með sjálfkrafa hækkun skulda af íbúðalánum. Kaupgjaldsvísitalan hefur þegar verið afnumin með lögum og því ekki siðferðilega stætt á því að halda lánskjaravísitölunni. Afnám hinnar síðarnefndu var þess utan loforð ríkisstjórnar sem ekki er lengur unnt að víkjast undan, enda öll sett skilyrði fyrir hendi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi er gert ráð fyrir að viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar innlánsstofnanir, sem veita viðtöku fé til ávöxtunar, taki upp þá reglu, sem viðgengst í

öðrum vestrænum ríkjum, að greiða vaxtaauka á bundin spariinnlán til eins árs eða lengur ef gildandi vextir eru lægri en nemur verðbólgu. Útgjöld vegna vaxtaaukans eru þá fjármögnuð með fé sem inn kemur við vaxtalækkun á hlaupareikningum, ávísanareikningum og almennum sparisjóðsbókum er notast sem viðskiptareikningar. Talið er af sérfræðingum í banka- og peningamálum að 90–95% rekstrarkostnaðar í viðskiptabanka fari í að þjónusta þessa reikninga og fyrir þá þjónustu ber eigendum þeirra að greiða með lágum vöxtum af innlánum.

Um 2. gr.

Verðtryggð ríkisskuldabréf voru heimiluð á dögum viðreisnarstjórnarinnar og gáfust á ýmsan hátt vel. Bankar geta keypt þau og notað sem baktryggingu gegn innlánum með skilyrðum um vaxtaauka. Þau eru og önnur sparnaðarleið fyrir hinn almenna borgara en fjáröflunarleið fyrir ríkissjóð til þess að greiða niður erlendar skuldir sem nú þegar krefjast of þungrar árlegrar greiðslu afborgana og vaxta (20% útflutningstekna).

Í vestrænum ríkjum, sem verðtryggja fjárskuldbindingar að einhverju leyti (sum, t.d. aðeins eftirlaun), er notast við vísitölu neysluvöruverðs til viðmiðunar (Consumer Price Index). Hún samsvarar vísitölu vöru og þjónustu sem Hagstofa Íslands reiknar mánaðarlega. Lánskjaravísitalan er óhentug, varasöm og hættulegur verðbólguvaldur.

297. Tillaga til þingsályktunar [216. mál]

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1991–1994.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

Alþingi ályktar að árið 1992 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN.

(Fjárhæðir í m.kr.)

Markaðar tekjur 1992:		
1. Bensíngjald	4.000	
2. Þungaskattur km-gjald	1.355	
3. Þungaskattur árgjald	475	
	5.830	
Fært í ríkissjóð	−265	
Samtals	5.565	

II. SKIPTING ÚTGJALDA.

(Fjárhæðir í m.kr.)

2.1. Stjórn og undirbúningur		
1. Skrifstofukostnaður	136	
2. Tæknilegur undirbúningur	103	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	37	
4. Eftirlaunagreiðslur	8	284
2.2. Viðhald þjóðvega:		
1. Almenn þjónusta		
1. Sameiginlegt	250	
2. Malarvegir	278	
3. Vegir með bundnu slitlagi	150	
4. Brýr	28	706
2. Vetrarþjónusta		610
3. Viðhald		
1. Endurnýjun bund. slitlags	320	
2. Endurnýjun malarslitl.	152	
3. Styrkingar og endurbætur	198	
4. Viðhald brúa og varnargarða	78	
5. Vegmerkingar og öryggisaðg.	78	
6. Vatnaskemmdir	73	899
2.3. Til nýrra þjóðvega:		
1. Stofnbrautir		
1. Almenn verkefni og bundin slitl.	817	
2. Sérstök verkefni	353	
3. Höfuðborgarsvæðið	407	
4. Stórverkefni	537	
	2114	
2. Þjóðbrautir	277	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	0	
4. Girðingar og uppgræðsla	26	
		2417

2.4. Til brúagerða:			
1. Brýr 10 m og lengri		152	
2. Smábrýr		13	165
2.5. Til fjallvega o.fl.:			
1. Aðalfjallvegir		24	
2. Aðrir fjallvegir		11	
3. Þjóðgarðavegir o.fl.		15	
4. Vegir á Þingvöllum		2	
5. Reiðvegir		6	58
2.6. Til sýsluvega:			163
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum			234
2.8. Til tilrauna			29
	Samtals		5565

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Núgildandi vegáætlun fyrir árin 1991–1994 var samþykkt á Alþingi í mars 1991. Þar var gert ráð fyrir því að á árinu 1992 yrði aflað 6318 mkr. með mörkuðum tekjustofnum og var þá miðað við að verðlagshækkun milli áranna 1991 og 1992 yrði 8%.

Við fjárlagagerð fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir að verðlagshækkun frá yfirstandandi ári verði 3,5–4% og yrði tekjuöflun samkvæmt vegáætluninni og þeim verðlagsforsendum 6081 mkr.(miðað við tæplega 4% hækkun). Í fjárlagagerðinni er hins vegar gert ráð fyrir því að markaðir tekjustofnar gefi af sér 5830 mkr., og af þeim renni 265 mkr. í ríkissjóð.

Hinn 3. apríl síðastliðinn gerðu þáverandi fjármálaráðherra og borgarstjóri Reykjavíkur samning um greiðslu skuldar ríkisins, sem myndast hefur vegna framkvæmda við þjóðvegi í þéttbýli í Reykjavík. Samningur þessi gerir ráð fyrir töluvert hærri greiðslu vegna þessa liðar á árinu 1992 en vegáætlun gerði ráð fyrir.

Af framangreindum orsökum verður ekki hjá því komist að endurskoða áætlunina fyrir árið 1992, en regluleg endurskoðun vegáætlunar samkvæmt vegalögum á ekki að fara fram fyrr en á Alþingi 1992–1993.

0. Verðlagsforsendur.

Í gildandi vegáætlun var reiknað með að meðaltalsvísitala vegagerðar fyrir árið 1991 yrði 4560 stig. Gert var ráð fyrir 8% verðhækkun milli áranna 1991 og 1992, þannig að meðaltalsvísitalan fyrir 1992 yrði 4925 stig.

Spá um meðaltalsvísitölu fyrir 1991 upp á 4560 stig hefur staðist.

Miðað við áður nefndar forsendur fjárlagafrumvarps um hækkun milli ára er áætluð meðaltalsvísitala vegagerðar fyrir 1992 4740 stig.

1. Fjáröflun.

Hér að neðan er sýnd þróunin í bensínsölu undanfarin ár:

Tekjuár	sala m.ltr.	aukning í % f.f.á.
1985	129,6	2,8%
1986	136,8	5,6%
1987	153,8	12,4%
1988	164,8	7,1%
1989 (12 mán)	166,4	1,0%
(1989 (13 mán)	179,1)	
1990	169,4	1,7%

Nú stefnir í að bensínsalan 1991 verði um 175 milljónir lítra, sem er rúm 3% aukning milli ára. Langtíma umferðarspá gerir ráð fyrir um 2,5% aukningu umferðar á ári að jafnaði og er gert ráð fyrir að bensínsala fylgi þeirri aukningu þannig að áætluð bensínsala 1992 er 179 m.ltr.

Bensíngjald var síðast hækkað 1. september 1991 og nam hækkunin 5%. Bensingjald er nú kr. 23,35. Aðeins er fyrirhuguð ein hækkun á bensíngjaldi á árinu 1992, en það er 2% hækkun í upphafi ársins.

Afsláttur sá af bensíngjaldi af blýlausu bensíni, sem ákveðinn var 1989 af þáverandi ríkisstjórn og nemur 8,5% er enn við lýði. Hann nemur nú 1,98 kr. pr.l. Markaðshlutdeild blýlauss bensíns eykst stöðugt og er hún nú kominn upp undir 70% þannig að fullt bensíngjald er nú aðeins innheimt af 30% af bensínsölunni. Mestu munar um tilkomu 95 oct. blýlauss bensíns, en sala á því hófst hér á landi í febrúar 1991.

Gjaldskrár þungaskatts voru síðast hækkaðar í júní 1991 um 15% en gjaldskrár þungaskatts höfðu ekki hækkað eins mikið og bensíngjald undanfarin ár. Einnig er fyrirhuguð aðeins ein hækkun á gjaldskrám þungaskatts á árinu 1992 þ.e. um 2% í upphafi ársins.

Þungaskattskerfið er nú í athugun hjá vinnuhópi sem í eru starfsmenn frá Fjármálaráðuneytinu og Vegagerðinni. Meðal annars stendur til samvinna vegaeftirlitsmanna Vegagerðarinnar og starfsmanna Fjármálaráðuneytisins sem eftirlit hafa með ökumælum. Vonast er til að þessi samvinna og endurskoðun kerfisins tryggi betri skil á skattinum.

Miðað við ofangreindar forsendur er bensíngjald áætlað 4000 mkr. og þungaskattur alls 1830 mkr. Markaðar tekjur gefa þá 5830 mkr., en af þeirri upphæð renna 265 mkr. í ríkissjóð, og er það í samræmi við fjárlagagerð fyrir næsta ár. Til ráðstöfunar í vegáætlun 1992 verða því 5565 mkr.

2. Skipting útgjalda.

Í meðfylgjandi töflu er sýndur samanburður á gildandi vegáætlun, gildandi vegáætlun færðri á vegagerðarvísitölu 4740 og tillögu þeirri sem hér liggur fyrir.

		Gildandi vegáætlun 1992		Gildandi vegáætlun á vísit. 4740		Tillaga desember 1991	
		mkr.		mkr.		mkr.	
2.1.	Stjórn og undirbúningur		311		299		284
2.2.1.	Almenn þjónusta		734		706		706
2.2.2.	Vetrarþjónusta		634		610		610
2.2.3.	Viðhald		934		899		899
2.3.1.1.	Alm. verk og bund.slitl.	1049		1010		817	
2.3.1.2.	Sérstök verkefni	454		437		353	
2.3.1.3.	Höfuðborgarsvæðið	417		402		407	
2.3.1.4.	Stórverkefni	586		564		537	
2.3.2.	Þjóðbrautir	355		342		277	
2.3.4.	Girðingar og uppgr.	34	2895	32	2787	26	2417
2.4.	Til brúagerða		200		192		165
2.5.	Til fjallvega ofl.		69		67		58
2.6.	Til sýsluvega		209		201		163
2.7.	Til vega í kaupst.og kaupt.		300		289		234
2.8.	Til tilrauna		32		31		29
	Samtals		6318		6081		5565

Í töflunni kemur fram að gert er ráð fyrir að fjárveitingar til stjórnar og undirbúnings lækki um 15 mkr.. Er þar um að ræða hina almennu lækkun launa- og rekstrargjalda, sem við er miðað við gerð fjárlaga. Af upphæðinni eiga 2/5 hlutar eða 6 mkr. að renna aftur til samgönguráðuneytisins til ráðstöfunar. Fjárveitingar til viðhalds og þjónustu haldast óbreyttar, fjárveiting til greiðslu skuldar við Reykjavík hækkar, sem gerir að verkum að liðurinn Höfuðborgarsvæðið hækkar lítillega í heild þótt fjárveitingar til annarra liða innan hans lækki.

Við afgreiðslu vegáætlunar á s.l. vori var ljóst að fjárveitingar þær, sem áætlunin ætlar til framkvæmda við jarðgöng á Vestfjörðum nægja ekki til að halda uppi eðlilegum framkvæmdahraða miðað við verklok á árinu 1995 eins og samþykkt hafði verið á Alþingi. Var gert ráð fyrir lántökum á árunum 1992–1995 til að brúa bilið, og yrðu lán endurgreidd með framlögum á vegáætlun á árunum 1996–1998. Verksamningur sem gerður var við verktaka verksins s.l. sumar er í samræmi við þetta. Samkvæmt honum þurfti að afla 250 mkr. í viðbót við fjárveitingu í gildandi vegáætlun árið 1992.

Við fjárlagagerð er ekki gert ráð fyrir að þessa lánsfjár verði aflað, og við skiptingu fjár á verkefnaflokka í töflunni er miðað við, að fjárveiting til Vestfjarðaganga haldist óbreytt að verðgildi frá gildandi vegáætlun. Fjárvöntun til verksins verður því 250 mkr. og verður að semja við verktaka um að hægja á verkinu sem því nemur. Aðrir liðir innan stórverkefna lækka hlutfallslega eins og aðrar nýframkvæmdir. Fjárveiting til tilrauna er í samræmi við ákvæði vegalaga.

Allir aðrir liðir lækka hlutfallslega.

Sé fjármagn skv. þessari tillögu borið saman við undanfarin ár fæst eftirfarandi niðurstaða. Tölur eru á áætluðu meðalverðlagi 1992 (vísitala vegagerðar 4740).

Ár	Heildarútgjöld til vegamála mkr.	Þar af: Nýbygging vega, brúa og fjárv.til fjallvega mkr.	Þar af: Almenn þjónusta og viðhald mkr.
1982	5341	2578	1466
1983	4890	2235	1428
1984	5655	2629	1706
1985	5185	2326	1611
1986	5267	2320	1658
1987	4611	1995	1439
1988	4971	2326	1402
1989	5251	2372	1384
1990	5253	2461	1389
1991	5423	2668	1468
1992	5565	2638	1605

Tölur fyrir árin 1982 til 1990 eru niðurstöðutölur útgjalda samkvæmt skýrslu ráðherra. Tölur fyrir árið 1991 eru samkvæmt vegáætlun fyrir það ár að frádregnum 350 mkr. niðurskurði, þar af 250 mkr. á liðnum nýbyggingar vega og brúa.

Eins og fram kemur í töflunni er lagt til að á árinu 1992 verði varið svipuðu fjármagni til nýbygginga eins og mest hefur verið á undanförnum árum. Þrátt fyrir þetta hefur hin mikla þörf á fjármagni til stórverka og framkvæmda á Höfuðborgarsvæðinu það í för með sér að nokkuð dregur úr fjárveitingum til annarar vegagerðar.

298. Frumvarp til laga [217. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við gerð verðlagsgrundvallar skulu beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda teljast til tekna og koma til lækkunar á afurðaverði þeirra afurða sem beinar greiðslur taka til.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðlagsnefnd heimilt að víkja frá því að gera ársfjórðungslega breytingu á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda, að hluta eða öllu leyti. Þrátt fyrir ákvæði 8.–10. gr. er verðlagsnefnd heimilt við ákvörðun á nýjum verðlagsgrundvelli að semja um tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur á gildistíma grundvallarins. Verðlagsnefnd er heimilt við ákvörðun og breytingar á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda að víkja frá ákvæðum 8.–10. gr. og 1. mgr. 12. gr. og breyta einstökum liðum og verðum einstakra afurða, enda sé um það fullt samkomulag innan nefndarinnar. Jafnframt er nefndinni heimilt að ákveða slíkar verðbreytingar og gildistíma þeirra óháð ákvæðum 10. gr. og 1. mgr. 12. gr.

3. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr., svohljóðandi:

Fimmmannanefnd er, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimilt í samkomulagi um heildsöluverð að gera tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur til afurðastöðva, enda sé það samhljóða ákvörðun nefndarinnar.

4. gr.

Við 29. gr. laganna bætist þrjár nýjar málsgreinar sem orðist svo:

Á meðan ákvæði IX. kafla um beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda sauðfjárafurða eru í gildi eða ef samið hefur verið um slíkar greiðslur til framleiðenda mjólkur- og sauðfjárafurða samkvæmt heimild í a-lið 30. gr. gilda ákvæði þessarar greinar um greiðslur afurðastöðvar fyrir innlagðar afurðir allt að efri mörkum greiðslumarks lögbýlis. Sama gildir um slátur, gærur og ull vegna þeirrar framleiðslu.

Áður en afurðastöð kaupir eða tekur til sölumeðferðar sauðfjárafurðir umfram efri mörk greiðslumarks framleiðanda skal gert sérstakt samkomulag milli afurðastöðvar og framleiðanda um slátrun, afurðaverð og greiðslu þess, eftir því sem við á. Samsvarandi magn afurða skal markaðsfært erlendis á ábyrgð viðkomandi aðila. Þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu þeirra innan lands ef framleiðsla verður minni en sala.

Hafi verið tekin ákvörðun um verðskerðingu vegna birgðasöfnunar í lok verðlagsárs skv. 44. gr. er afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör til framleiðenda á næsta verðlagsári og standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á hinu innheimta verðskerðingarfé.

5. gr.

Við a-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist:

Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt í stað ofannefndra samninga að semja um beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda mjólkur- og sauðfjárafurða á lögbýlum.

6. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna komi nýr kafli, sem verði IX. kafli, með fyrirsögninni **Um aðlögun og stjórn framleiðslu sauðfjárafurða 1991–1998**, og orðist svo:

a. (39. gr.)

Frá 1. maí 1991 til 31. ágúst 1992 skal laga framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði með því að ríkissjóði er heimilt að greiða fyrir fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða allt að 3.700 tonnum og greiða förgunarbætur vegna fækkunar áa eftir nánari ákvörðun í reglugerð.

Framleiðendur sauðfjárafurða á lögbýlum geta fram til 31. ágúst 1992 haft aðilaskipti að fullvirðisrétti, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð. Ríkissjóði er við slík aðilaskipti heimilt samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fella niður allt að 20% fullvirðisréttarins gegn greiðslu eftir nánari ákvörðun í reglugerð.

Eigendum lögbýla er heimilt að leggja fullvirðisrétt/greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 án þess að það veiti hlutdeild í heildargreiðslumarki á tímabilinu og greiðir ríkissjóður þá förgunarbætur vegna fækkunar áa.

Fullvirðisréttur utan lögbýla, sem ekki hefur verið boðinn ríkissjóði skv. 1. mgr. fyrir 1. september 1992, skal falla niður.

Takist ekki eftir ofangreindum leiðum að laga fullvirðisréttinn að innanlandsmarkaði skal færa fullvirðisrétt miðað við 31. ágúst 1992 niður um það sem á vantar og komi greiðsla fyrir eftir nánari ákvörðun í reglugerð. Við lok aðlögunar fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði skal miða við að hann verði í samræmi við heildargreiðslumark verðlagsársins 1993/1994, sbr. þó 1. mgr. Landbúnaðarráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða að niðurfærsla skuli vera mismunandi eftir landsvæðum. Jafnframt er heimilt að undanþiggja einstaka framleiðendur niðurfærslu að því marki sem þegar gerðir samningar við ríkissjóð kveða á um.

Áður en greiðslur ríkissjóðs fyrir fullvirðisrétt og förgun bústofns verða inntar af hendi skal liggja fyrir staðfesting þess að ám hafi verið fargað og að ásetningur haustin 1991 og 1992 verði í samræmi við umsamda fækkun og niðurfærslu.

b. (40. gr.)

Heildargreiðslumark sauðfjárafurða er tiltekið magn kindakjöts, reiknað í tonnum, sem beinar greiðslur ríkissjóðs miðast við. Heildargreiðslumark skiptist í greiðslumark lögbýla. Það skal endanlega ákveðið fyrir 15. september ár hvert vegna framleiðslu næsta verðlagsárs, en verður 8.600 tonn verðlagsárið 1992–1993.

Við ákvörðun heildargreiðslumarks skal byggt á neyslu síðasta almanaksárs og söluþróun fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs. Heimilt er einnig að taka tillit til líklegrar neysluþróunar á komandi ári. Þá skal tekið tillit til birgða 1. september þannig að þær samsvari þriggja vikna sölu innan lands. Til neyslu telst öll sala kindakjöts frá afurðastöð á innlendum markaði, svo og það kindakjöt sem framleiðendur taka úr sláturhúsi.

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveða heildargreiðslumark fyrir hvert verðlagsár og setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu í greiðslumark lögbýla.

c. (41. gr.)

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega.

Greiðslumark hvers lögbýlis fyrir verðlagsárið 1992–1993 skal vera í hlutfalli við fullvirðisrétt þess eins og hann er að loknum 1. hluta aðlögunar fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði að teknu tilliti til aðilaskipta að fullvirðisrétti fram til 31. ágúst 1992.

Greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1993–1994 skal vera í hlutfalli við fullvirðisrétt þess að lokinni aðlögun að innanlandsmarkaði 31. ágúst 1992 að teknu tilliti til aðilaskipta að fullvirðisrétti.

Við ákvörðun greiðslumarks ofannefndra verðlagsára er heimilt að taka tillit til fullvirðisréttar sem bundinn er í samningum og heimtekins kjöts haustin 1990 og 1991.

Greiðslumark þaðan í frá breytist í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki.

Fari framleiðsla á lögbýlinu umfram efri mörk greiðslumarks þess, án sérstaks samkomulags við afurðastöð, skal það sem umfram er og ekki rúmast innan heildargreiðslumarks koma til lækkunar á greiðslumarki þess á næsta verðlagsári. Þá er heimilt að skerða greiðslumarkið um allt að 0,5 kg fyrir hvert framleitt kílógramm umfram efri mörk.

d. (42. gr.)

Frá 1. september 1992 eru heimil aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð. Slík aðilaskipti taka ekki gildi fyrr en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir aðilaskiptum að greiðslumarki frá lögbýli.

Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýlið og skal það skráð sérstaklega á nafn hans. Nú vill leiguliði selja slíkt greiðslumark og skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt að greiðslumarkinu. Tilkynna skal jarðareiganda um fyrirhugaða sölu, verð og greiðsluskilmála og hann skal hafa sagt til um það innan 30 daga frá því tilkynning barst honum hvort hann ætlar að neyta forkaupsréttar.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um aðilaskipti með greiðslumark og skráningu þess. Ef hætta skapast á að tilfærsla á greiðslumarki gangi gegn æskilegum landnýtingarsjónarmiðum er landbúnaðarráðherra heimilt að takmarka eða stöðva slík aðilaskipti að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið. Sama gildir ef fyrir liggur rökstutt álit Landgræðslu ríkisins um að hin fyrirhuguðu aðilaskipti fari í bága við gróðurverndarsjónarmið.

e. (43. gr.)

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda sauðfjárafurða og skal svara til 50% af framleiðslukostnaði kindakjöts. Það greiðist samkvæmt greiðslumarki hvers lögbýlis.

Beinar greiðslur skulu greiðast mánaðarlega á tímabilinu frá mars til desember fyrir það verðlagsár sem hefst 1. september það ár, í fyrsta sinn í mars 1992. Fullnaðargreiðsla

skal innt af hendi eigi síðar en 15. desember. Heimilt er að binda beinar greiðslur við tiltekinn ásetning sauðfjár á lögbýlinu.

Beinar greiðslur breytast ekki þegar framleiðsla á lögbýlinu er 80–105% af greiðslumarki þess verðlagsárið 1992–1993. Fráviksmörk þessi, þ.e. efri og neðri mörk greiðslumarks, skulu endurskoðuð árlega með hliðsjón af markaðsaðstæðum. Nái framleiðsla ekki tilskildu hlutfalli greiðslumarks skerðast beinar greiðslur ársins hlutfallslega frá því marki sem sett er hverju sinni. Heimilt er að telja sölu líffjár til framleiðslu. Heimilt er að skerða eða fella niður beinar greiðslur ef framleiðandi hefur gerst sekur um ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé.

Landbúnaðarráðherra skal að fengnum tillögum Framleiðsluráðs setja nánari reglur um beinar greiðslur, m.a. um framkvæmd þeirra, viðmiðun við framleiðslukostnað og gæðaflokkun, hlutfall nýtingar til að fá fulla beina greiðslu og greiðslutilhögun.

f. (44. gr.)

Framleiðsla innan heildargreiðslumarks skal notuð til að fullnægja þörfum innlenda markaðarins. Verði birgðir kindakjöts í lok verðlagsárs umfram þriggja vikna sölu skulu þær markaðsfærðar innan lands eða utan með markaðsstuðningi sem kostaður skal með innheimtu verðskerðingar hjá framleiðendum kindakjöts við slátrun og innlegg á því verðlagsári sem birgðirnar verða markaðsfærðar. Verðskerðing þessi má vera allt að 5% af afurðaverði kindakjöts til framleiðenda eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra í reglugerð sem hann setur að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, en það ákveður, að höfðu samráði við samtök sauðfjárframleiðenda og afurðastöðva, hvernig birgðunum skuli ráðstafað og er afurðastöðvum, framleiðendum og öðrum sem kunna að eiga umrætt kjöt skylt að lúta ákvörðun Framleiðsluráðs. Ákvæði 24., 26. og 27. gr. gilda um innheimtu verðskerðingar.

Þá er heimilt með samkomulagi landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda að ákveða sérstaka lækkun á heildargreiðslumarki næsta verðlagsárs til að koma birgðastöðu í jafnvægi á allt að tveimur árum. Fjármunum, sem sparast vegna þessa, skal varið til söluátaks á birgðunum innan lands.

Ríkissjóður ábyrgist að birgðir 1. september 1992 verði ekki umfram áætlaða þriggja vikna neyslu, þ.e. 500 tonn, og mun bera kostnað af markaðsfærslu á birgðum umfram þau mörk.

g. (45. gr.)

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki, rétt til beinna greiðslna og framkvæmd verðskerðingar samkvæmt þessum kafla og reglugerðum þar um er heimilt að skjóta til þriggja manna úrskurðarnefndar sem landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, einn án tilnefningar og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands. Ráðherra skipar einn úr þeirra hópi formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til ráðherra.

h. (46. gr.)

Allir þeir, sem hafa fullvirðisrétt til ráðstöfunar eða hagnýtingar eða hafa með höndum framleiðslu sauðfjárafurða, eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Með hugtakinu fullvirðisréttur í lögum þessum er átt við rétt í sérstakri fullvirðisréttarskrá Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sbr. reglugerð nr. 313/1991, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aðlögun og stjórn framleiðslu sauðfjárafurða og störf og málsmeðferð úrskurðarnefndar skv. 45. gr.

7. gr.

IX. kafli laganna (Um vinnslu og sölu búvara) verður X. kafli og X. kafli verður XI. kafli. Töluröð greina í lögunum breytist í samræmi við framantaldar breytingar, svo og tilvitnanir í þær greinar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 20., 21., 36.–38. gr. laga nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, falla úr gildi frá 1. september 1992. Ákvæði laga þessara um greiðslumark og beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda sauðfjárafurða á lögbýlum falla úr gildi 31. ágúst 1998, nema samningur hafi verið gerður á grundvelli a-liðar 30. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á eftir staflið H í ákvæðum til bráðabirgða kemur nýr stafliður, I, svohljóðandi:

I.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal bera kostnað við sölu á kindakjöti sem fellur til haustið 1992 vegna ákvæða reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur skv. 5. mgr. 39. gr. um mismunandi niðurfærslu eftir landsvæðum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan landbúnaðarráðherra. Hefur verið unnið að gerð þess í landbúnaðarráðuneytinu og haft samráð við Stéttarsamband bænda, en tilgangur frumvarpsins er einkum sá að gera nauðsynlegar lagabreytingar í framhaldi af svokölluðum „búvörusamningi“ sem undirritaður var af landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og samninganefnd Stéttarsambands bænda 11. mars 1991. Samningur þessi ber heitið „Stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt“ og fjallar um framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða á tímabilinu frá 1. september 1992 til 31. ágúst 1998. Með samningnum eru tveir viðaukar, annars vegar viðauki 1 um aðlögun fullvirðisréttar í sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði fram til 31. ágúst 1992 og hins vegar viðauki 2 um ýmsar stuðningsaðgerðir til að mæta áhrifum samningsins. Þá fylgja samningnum 12 bókanir um ýmis málefni sem tengjast samningnum. Um efni samningsins vísast til fskj. I með frumvarpi þessu.

Samningurinn tekur við að loknum gildistíma núverandi búvörusamnings 31. ágúst 1992. Umræður um gerð þessa samnings hófust fyrri hluta árs 1989 og í ágústmánuði það ár lögðu landbúnaðarráðherra og Stéttarsamband bænda fram hugmyndir um útlínur slíks samkomulags. Þá komu af hálfu beggja aðila fram hugmyndir um markaðstengdan samning til allt að 6 ára. Síðari hluta árs 1989 og framan af ári 1990 héldu viðræður áfram og unnið var að ýmiss konar gagnaöflun. Á aðalfundi Stéttarsambands bænda árið 1990 voru lögð fram sameiginleg efnisatriði til umræðu um grundvöll búvöruframleiðslunnar eftir 1. september 1992.

Í tengslum við febrúarsamningana svonefndu 1990 varð samkomulag um skipan nefndar, sjömannanefndarinnar svonefndu, sem hefði það hlutverk að „setja fram tillögur um stefnumörkun er miði að því að innlend búvöruframleiðsla verði hagkvæmari og kostnaður lækki á öllum stigum framleiðslunnar, í búrekstri bóndans, á vinnslu- og heildsölustigi og í smásöluverslun". Nefndin var skipuð fulltrúum frá landbúnaðarráðuneytinu, ASÍ, BSRB, Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Stéttarsambandi bænda.

Í september 1990 var samkomulag um að viðræðum þeim, sem í gangi höfðu verið milli landbúnaðarráðuneytis og Stéttarsambands bænda um nýja stefnumörkun, yrði slegið á frest þar til sjömannanefndin hefði lokið störfum. Áfangaskýrsla sjömannanefndar um framleiðslu sauðfjárafurða var afhent landbúnaðarráðherra 14. febrúar 1991, sbr. fskj. II, en hún lýsir þeim gögnum og hugmyndum sem liggja til grundvallar umræddri stefnumörkun í sauðfjárræktinni. Í kaflanum „Tillögur til úrbóta" koma fram fyrstu hugmyndir um aðgerðir. Þann 20. febrúar óskaði stjórn Stéttarsambands bænda eftir áframhaldandi viðræðum um búvörusamning sem byggðar yrðu á hugmyndum sjömannanefndar með þeim viðaukum sem nauðsynlegir væru. Þær viðræður leiddu til ofannefnds samnings. Af hálfu Stéttarsambands bænda var hann undirritaður með fyrirvara um samþykki fulltrúafundar, en þar var hann samþykktur 14. mars 1991. Af hálfu landbúnaðarráðherra var samningurinn undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis um nauðsynlegar lagabreytingar. Alþingi hefur samþykkt viðauka 1 með 38. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1991, nr. 26/1991. Viðauki 2 er háður samþykkt fjárlaga hverju sinni en að öðru leyti er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar lagabreytingar til framkvæmdar á þeim samningi með frumvarpi þessu.

Ákveðið hefur verið að taka búvörulögin til heildarendurskoðunar og mun landbúnaðarráðherra skipa nefnd til þess verkefnis. Nefndin mun gera tillögu um frumvarp til nýrra búvörulaga og er stefnt að því að frumvarp þar um verði lagt fyrir Alþingi haustið 1992. Landbúnaðarráðherra hefur óskað eftir því við svokallaða sjömannanefnd að hún haldi áfram störfum og skili lokaskýrslu sem fyrst sem höfð yrði til hliðsjónar við endurskoðun búvörulaga.

Helstu breytingar, sem felast í nýrri stefnumörkun í landbúnaði, eru einkum:

Útflutningsbætur eru felldar niður.

Ein stærsta breytingin er sú að stuðningi ríkissjóðs við útflutning landbúnaðarafurða verður hætt frá og með 1. september 1992 vegna afurða sem framleiddar verða eftir þann tíma. Útflutningsuppbætur gátu orðið að hámarki jafngildi 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar en með búvörulögunum voru þær lækkaðar á síðari hluta tímabilsins í 5% en 4% runnu til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til stuðningsaðgerða vegna samdráttar í hefðbundnum búskap. Vegna þessa er lagt til í 8. gr. frumvarpsins að 36. og 38. gr. falli brott 1. september 1992.

Verðábyrgð ríkissjóðs er felld niður.

Verðábyrgð ríkissjóðs á umsömdu ákveðnu magni sauðfjárafurða er numin úr gildi og felur það í sér mikla stefnubreytingu í landbúnaði. Framleiðslan verður eftir 1. september 1992 á ábyrgð framleiðenda og afurðastöðva og hefur það í för með sér að bændur verða að meta sína stöðu í nýju ljósi hvað varðar verðlagningu á framleiðslunni og sölu afurðanna þar sem ríkissjóður ber ekki lengur ábyrgð á umsömdu magni.

Beinar greiðslur til bænda koma í stað niðurgreiðslna.

Í stað niðurgreiðslna á heildsölustigi koma nú beinar greiðslur til bænda. Núverandi fyrirkomulag á niðurgreiðslum á verði kindakjöts fellur niður frá og með kjöti af haustslátrun 1992. Hins vegar er hvorki gert ráð fyrir að þessi breyting hafi áhrif á sérstakar niðurgreiðslur fjármálaráðuneytis á hluta virðisaukaskatts né gildandi reglur um niðurgreiðslu til ullariðnaðarins á vegum viðskiptaráðuneytisins. Beinar greiðslur verða inntar af hendi mánaðarlega, í fyrsta skipti í mars 1992.

Beinar greiðslur til bænda greiðast út á greiðslumark sem ákveðið verður árlega og byggist á innanlandsneyslu kindakjöts. Bændur, sem hafa haft fullvirðisrétt í núverandi kerfi, fá hlutfallslegan rétt miðað við innanlandsneyslu. Réttur þeirra til beinna greiðslna nefnist greiðslumark og er mælt í kjötmagni. Heildargreiðslumark hækkar eða lækkar í takt við breytingar á innanlandsneyslu kindakjöts eftir vissum reglum. Meginatriðið er að heildargreiðslumark er tengt innanlandsmarkaði. Verði framleiðsla kindakjöts eitthvert ár umfram sölu, þannig að birgðir aukast, kemur mismunur til lækkunar heildargreiðslumarki næsta árs og öfugt. Bændum verða heimiluð aðilaskipti að greiðslumarki sem ætti að stuðla að hagræðingu í greininni og auðvelda búháttabreytingar. Með þessu fyrirkomulagi greiða sláturleyfishafar fullt afurðaverð fyrir kindakjötið þar sem beinar greiðslur koma til lækkunar á afurðaverði kindakjöts til framleiðenda. Afurðaverð kindakjöts til framleiðenda verður því eftir þessar breytingar þeim mun lægra sem beinum greiðslum nemur en þeim er ætlað að svara til 50% af framleiðslukostnaði kindakjöts. Afurðalántökur sláturleyfishafa minnka stórlega og þar með fjármagnskostnaður. Auk þess ætti að draga úr þörf sauðfjárbænda fyrir rekstrarlán þar sem beinar greiðslur hefjast í mars og standa til hausts. Þessi háttur ásamt aðilaskiptum að greiðslumarki ætti að gera sauðfjárræktinni kleift að standast vaxandi samkeppni á kjötmarkaðnum.

Ákvörðun afurðaverðs.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að byggt verði áfram á núverandi verðlagningarkerfi. Í bókun II með búvörusamningi er gert ráð fyrir að verðlagskerfi sauðfjárafurða verði endurskoðað eftir tvö ár og þá m.a. kannaðir kostir umboðsviðskipta. Verðlagningu verður því fyrst um sinn hagað í samræmi við gildandi ákvæði 7.–12. gr. búvörulaga frá 1985, með þeim breytingum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Mjólkurframleiðsla.

Í þessu frumvarpi er ekki fjallað um mjólkurframleiðslu, en í 5. gr. frumvarpsins er á því byggt að landbúnaðarráðherra verði heimilt að semja um beinar greiðslur ríkissjóðs vegna mjólkurframleiðslu. Í 7. gr. búvörusamningsins er við það miðað að gerður verði sérstakur samningur um mjólkurframleiðsluna sem ljúka á fyrir árslok 1991, en í 7. gr. er á því byggt að stuðningur ríkissjóðs við framleiðslu á innanlandsmarkaði verði svipaður og verið hefur. Framleiðslustjórnun verði byggð á núverandi fullvirðisréttarkerfi, og skal framleiðsluréttur grundvallast á innanlandsmarkaði. Aðilaskipti að fullvirðisrétti verða heimiluð með ákveðnum takmörkunum. Útflutningsbótum á mjólkurafurðir verður hætt eins og áður er komið fram.

Þó hér hafi verið fjallað lauslega um kjarna þeirrar stefnumörkunar í landbúnaðarmálum sem samningurinn kveður á um er þar jafnframt fjallað um ýmis önnur mál sem snerta landbúnað. Nefna má t.d. bókanir I–XII þar sem lögð er áhersla á eflingu landgræðslu og skógræktar, aðlögun rannsókna og leiðbeininga að breyttum aðstæðum, skattamál, verðlagningu og ýmis félagsleg atriði. Stefnumörkun í málefnum sauðfjárræktar-

innar vegur þyngst í þeim breytingum sem gerðar eru. Stefnumörkun í mjólkurframleiðslu er ekki eins ítarleg, en sjömannanefnd, sem lagt hefur grunninn að þessari stefnumörkun, hefur ekki lokið þeim áfanga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að beinar greiðslur til framleiðenda teljist þeim til tekna í verðlagsgrundvelli og komi til lækkunar á afurðaverði til þeirra á þeim afurðum sem beinar greiðslur taki til. Með búvörusamningnum var samið um beinar greiðslur ríkissjóðs vegna framleiðslu kindakjöts og taka þær því ekki til annarra afurða sauðfjár, svo sem sláturs, gæra eða ullar. Afurðaverð á kindakjöti til bænda myndast því við að beinar greiðslur ríkissjóðs verða dregnar frá framleiðslukostnaði kjötsins. Grein þessi á einnig við ef samningar verða gerðir á grundvelli a-liðar 30. gr. um beinar greiðslur ríkissjóðs vegna mjólkurframleiðslu.

Um 2. gr.

Í ákvæði þessu eru verðlagsnefnd veittar heimildir til að víkja frá gildandi ákvæðum um verðlagningu búvara. Ákvæði þessarar greinar eru byggð á grein 5.1. í búvörusamningi og bókun II með honum. Þar er kveðið á um að verðlagningu skuli hagað í samræmi við gildandi ákvæði búvörulaga, með ákveðnum breytingum, og að tveimur árum liðnum skuli taka kerfi verðlagningar sauðfjárafurða til endurskoðunar og þá m.a. kannaðir kostir umboðsviðskipta. Í ljósi þess að framleiðendur hafa hagsmuni af því að framleiðsla þeirra seljist leiðir af sjálfu að verðlagsnefnd verður að hafa ákveðið svigrúm til verðlagningar og breytingar á verði framleiðslunnar með tilliti til þarfa markaðarins og eðlilegrar birgðastöðu.

Í fyrsta lagi er verðlagsnefnd heimilt að víkja frá því að gera ársfjórðungslegar breytingar á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda vegna breytinga á fjármagns- og rekstrarkostnaði og á launum eins og 12. gr. kveður á um. Ákvæði 5.1. í búvörusamningi kveður á um að breyta skuli búvörulögum þannig að horfið skuli frá ákvæðum um sjálfvirkan framreikning verðs. Verðlagsnefnd hefur frjálsar hendur um það hvort og að hve miklu leyti hún lætur hjá líða að gera ársfjórðungslegar breytingar vegna ofantalinna atriða. Ekki er áskilið samþykki allra nefndarmanna og nægir því einfaldur meiri hluti, þ.e. samþykki fjögurra nefndarmanna, til ákvörðunar á grundvelli þessa ákvæðis.

Í öðru lagi er verðlagsnefnd heimilt við ákvörðun á nýjum verðlagsgrundvelli að semja um tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur á gildistíma grundvallarins, þrátt fyrir ákvæði 8–10. gr. Ákvæði 5.1. í búvörusamningi kveður á um að breyta skuli búvörulögum þannig að heimilt verði að semja um tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur og að lokinni endurskoðun verðlagsgrundvallar haustið 1991 skuli verð fært niður um 2% frá því sem grundvöllurinn gefur tilefni til og þar til viðbótar skuli grundvallarverð haustið 1992 fært niður á sama hátt um 4%. Í bókun II segir að samningsaðilar séu sammála um að stefna beri að því að raunverð dilkakjöts lækki í áföngum um 20% á næstu 5–6 árum. Ekki er áskilið samþykki allra nefndarmanna og nægir því einfaldur meiri hluti, þ.e. samþykki fjögurra nefndarmanna til ákvörðunar á grundvelli þessa ákvæðis.

Í þriðja lagi er verðlagsnefnd heimilt við ákvörðun og breytingar á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda að breyta einstökum liðum og verðum einstakra af-

urða. Til að ákvörðun verði tekin á grundvelli þessa ákvæðis þarf að liggja fyrir samþykki allra nefndarmanna. Hér er verðlagsnefnd heimilað, hvenær sem er á gildistíma grundvallarins, að breyta einstökum liðum og verði einstakra afurða og hefur frjálsar hendur um það hvenær slík ákvörðun er tekin og til hverra vara hún nái svo framarlega að allir nefndarmenn standi bak við þá ákvörðun. Ekkert er í búvörusamningi sem tengist þessu ákvæði beint, en það hefur verið sett í frumvarpið að ósk verðlagsnefndar búvara með það að markmiði að verðlagning búvara geti orðið sveigjanlegri en verið hefur.

Um 3. gr.

Kveðið er á um að heimilt verði að gera tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur til framleiðenda skv. 2. gr. frumvarpsins. Hér er sett sams konar heimild fyrir fimmmannanefnd til að gera slíkar kröfur til afurðastöðva. Til að ákvörðun verði tekin á grundvelli þessa ákvæðis þarf að liggja fyrir samþykki allra nefndarmanna. Nefndin hefur frjálsar hendur um það hvort og hve miklar framleiðnikröfur hún gerir til afurðastöðva í samkomulagi um heildsöluverð, enda liggi fyrir samhljóða ákvörðun hennar um að gera slíka kröfu. Í bókun II með búvörusamningi kemur fram að samningsaðilar séu sammála um að markmið um lækkun afurðaverðs til framleiðenda séu bundin þeirri forsendu að sami árangur náist jöfnum höndum fram á vinnslu- og sölustigi.

Um 4. gr.

Hér er í 1. mgr. kveðið á um að afurðastöðvar greiði afurðaverð til framleiðanda á framleiðslu sem beinar greiðslur taka til á sama hátt og verið hefur og miðast greiðslur þeirra við efri mörk greiðslumarks lögbýlis. Eina breytingin er í raun sú að afurðaverð kindakjöts, sem afurðastöð greiðir, lækkar sem beinum greiðslum ríkissjóðs nemur. Ákvæði þessarar greinar byggir á því að afurðastöðvum sé með afurðalánum eða annarri lánafyrirgreiðslu gert kleift að uppfylla þessar skyldur. Samkvæmt 12. gr. kaupalaga, nr. 39/1922, er það meginregla í viðskiptum að þegar ekkert hefur verið ákveðið eða samið um hvenær kaupverð skuli greitt þá skuli líta svo á að kaupverðið beri að greiða hvenær sem krafist er. Með reglum 29. gr. voru lögfestar ákveðnar uppgjörsreglur og hafa þær í einstökum tilfellum þrengt rétt framleiðanda frá því sem áður var, en almennt var þessum reglum ætlað að flýta uppgjöri á greiðslum afurðaverðs til framleiðenda. Á sama hátt og verið hefur er aðilum þessara viðskipta frjálst að semja um annan hátt á greiðslum sín á milli eftir að beinar greiðslur ríkissjóðs koma til. Ákvæði þetta er í samræmi við greinar 5.3. og 5.3.1. í búvörusamningi.

Í 2. mgr. er kveðið á um meðferð og ráðstöfun afurða umfram efri mörk greiðslumarks. Um þær skal gert sérstakt samkomulag milli framleiðanda og afurðastöðvar. Afurðir þessar skulu seldar erlendis nema Framleiðsluráð landbúnaðarins heimili sölu þeirra innan lands. Enn sem komið er hafa ekki öll sláturhús heimild til útflutnings á kindakjöti. Geri slík sláturhús samkomulag samkvæmt grein þessari við framleiðanda þarf það áður að tryggja með samkomulagi við sláturhús sem hefur heimild til útflutnings um skipti á framleiðslu. Þess vegna er notað orðalagið samsvarandi magn afurða í frumvarpinu. Þetta ákvæði breytir þó ekki heimild manna til að taka kjöt út úr sláturhúsi til heimanota eftir þeim reglum sem um það verða settar. Þá gildir ákvæði þessarar greinar ekki um afurðir þeirra sem ekkert greiðslumark hafa. Ákvæði þetta er í samræmi við grein 5.3.2. í búvörusamningi.

Í 3. mgr. er kveðið á um að afurðastöð sé skylt að halda eftir verðskerðingu og standa

Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á henni. Ákvörðun um verðskerðingu er tekin á grundvelli f-liðar 6. gr. frumvarpsins. Ákvæði þetta er í samræmi við grein 5.3.3. og 6.2. í búvörusamningi.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra sé heimilt að semja við Stéttarsamband bænda um beinar greiðslur ríkissjóðs. Heimild ráðherra er bundin ákveðnum skilyrðum. Samningur um beinar greiðslur verður að koma í stað samnings um magn mjólkur- og sauðfjárafurða sem framleiðendum er ábyrgst fullt verð fyrir. Beinar greiðslur geta einungis tekið til afurða mjólkur og sauðfjár vegna framleiðslu sem fram fer á lögbýlum.

Þegar hefur verið gerður samningur á milli landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda um beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda sauðfjárafurða á lögbýlum á árunum 1992–1998, með fyrirvara um samþykki Alþingis um nauðsynlegar lagabreytingar, sbr. frumvarp þetta. Þar er við það miðað að beinar greiðslur komi í stað verðábyrgðar og greiðist vegna framleiðslu kindakjöts á lögbýlum. Þá er einnig við það miðað að beinar greiðslur komi í stað niðurgreiðslna. Hér er landbúnaðarráðherra á sama hátt veitt heimild til að semja um beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda mjólkur á lögbýlum.

Um 6. gr. a. (39. gr.).

Ákvæði þetta snertir fyrst og fremst viðauka 1 í búvörusamningi en Alþingi hefur fjallað um hann áður með lánsfjárlögum fyrir árið 1991 þar sem veittar voru fjárveitingar til þess að framkvæma viðauka 1. Aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði miðar að því að fullvirðisréttur allra framleiðenda (greiðslumark) verði sá sami og ákveðið heildargreiðslumark fyrir verðlagsárið 1993/1994. Núverandi fullvirðisréttur nemur um 12.000 tonnum kindakjöts, en lagt er til í frumvarpinu að heildargreiðslumark verðlagsársins 1992/1993 verði 8.600 tonn kindakjöts. Bil þetta á að brúa með eftirfarandi leiðum:

* Tilboð ríkissjóðs um að greiða fyrir allt að 3.700 tonn fullvirðisréttar og greiða förgunarbætur vegna fækkunar áa stendur til 1. september 1992. Tilboð ríkisins hófst 1. maí 1991, en greiðslur lækkuðu 1. september 1991. Þá voru eftir um 10.000 tonn fullvirðisréttar þannig að enn þá standa eftir um 1.400 tonn sem er umfram heildargreiðslumark verðlagsársins 1992/1993 og verður því náð út með neðangreindum leiðum og eru þær í samræmi við 1. tölul. í viðauka 1.
* Ríkissjóði er heimilt að fella niður 20% af fullvirðisrétti sem höfð eru aðilaskipti að á milli lögbýla.
* Eigendum lögbýla er heimilt að leggja fullvirðisrétt (greiðslumark) lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 og er þeim þá óheimilt að hefja framleiðslu á þeim tíma. Það fer síðan eftir þeim reglum sem í gildi verða við lok geymslutíma með hvaða hætti unnt verður að nýta slíkan rétt.
* Fullvirðisréttur utan lögbýla fellur niður 1. september 1992, en rétthafar slíks fullvirðisréttar eiga kost á að bjóða hann ríkissjóði fram til þess tíma.
* Niðurfærsla fullvirðisréttar. Nægi fyrrnefndar leiðir ekki til að ná jafnvægi verður fullvirðisréttur færður niður um það sem á vantar.

Um 6. gr. b. (40. gr.).

Heildargreiðslumark sauðfjárafurða er það magn kindakjöts sem beinar greiðslur ríkissjóðs til bænda miðast við. Hér er mælt fyrir um hvernig það er ákveðið og lagt til að það verði 8.600 tonn á verðlagsárinu 1992–1993. Það er sala á innanlandsmarkaði sem

heildargreiðslumarkið ræðst fyrst og fremst af. Minni sala og auknar birgðir kindakjöts koma til lækkunar á heildargreiðslumarki næsta árs og aukin sala til hækkunar á því. Heildargreiðslumark skiptist í greiðslumark lögbýla, en greiðslumark lögbýla á verðlagsárinu 1992–1993 verður ákveðið skv. c-lið 6. gr. frumvarpsins. Miðað er við að sá sem skráður er fyrir greiðslumarki lögbýlis fái beinar greiðslur úr ríkissjóði fyrir 50% af framleiðslukostnaði kindakjöts.

Grein þessi er í samræmi við 1. og 2. gr. í búvörusamningi. Við það er miðað að heildargreiðslumark verði í upphafi, þ.e. verðlagsárið 1992/1993, 8.600 tonn. Sú tala er fengin samkvæmt viðmiðun greinarinnar, þ.e. neysla kindakjöts 1990 og söluþróun janúar– júní 1991, en það er um 8.200 tonn. Síðan bætast við um 300 tonn vegna heimtekins kjöts haustið 1990 eins og ákvæði 2.2. í búvörusamningi kveður á um. Þá er tekið tillit til um 100 tonna sem er það magn sem ívilnun einstakra svæða frá fyrri niðurfærslu nemur, sbr. greinar 2.3. og 2.4. í viðauka 1 í búvörusamningi.

Um 6. gr. c. (41. gr.).

Heildargreiðslumarkið skiptist í greiðslumark lögbýla. Það er því forsenda fyrir beinum greiðslum ríkissjóðs að framleiðslan fari fram á lögbýlum. Fullvirðisréttur utan lögbýla fellur niður 1. september 1992 ef hann hefur ekki verið boðinn ríkissjóði og breytist sá fullvirðisréttur því ekki í greiðslumark.

Í greiðslumarki lögbýla felst í raun að lögbýlið öðlast hlutdeild í markaði kindakjöts innan lands og hlutdeild í fjárframlagi sem ríkissjóður leggur fram til að tryggja framleiðendum að hluta fullt verð fyrir framleiðsluna. Í hugtakinu felst því ekki framleiðsluheimild eða framleiðsluréttur vegna þess að ekkert stendur í vegi fyrir því samkvæmt búvörulögum eftir 1. september 1992 að framleiðendur og/eða afurðastöðvar geri samning um útflutning á framleiðslu sem er umfram greiðslumark lögbýla eða framleiðslu þeirra sem ekki hafa greiðslumark. Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við greinar 3.1., 3.2., 3.4. og 4.1 í búvörusamningi.

Samkvæmt 1. mgr. er við það miðað að greiðslumark verði bundið við lögbýli og telst því þeim einum til hagnýtingar eða ráðstöfunar sem er eigandi lögbýlis eða hefur heimild hans til að nýta lögbýlið. Miðað er við að leiguliði á lögbýli hafi rétt til að hagnýta sér greiðslumarkið til innleggs og beinna greiðslna. Ef í gildi er ábúðarsamningur um lögbýlið er hvorum um sig, eiganda eða ábúanda, óheimilt á grundvelli hans að ráðstafa greiðslumarki lögbýlisins til annars lögbýlis, sbr. d-lið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Á því er byggt að almenna reglan verði sú að aðeins einn aðili verði skráður handhafi beinna greiðslna á hverju lögbýli.

Samkvæmt 2. mgr. verður greiðslumark lögbýlis í upphafi, þ.e. verðlagsárið 1992/1993, í hlutfalli við fullvirðisrétt eins og hann er að loknum fyrsta hluta aðlögunar, þ.e. að lokinni fyrri niðurfærslu. Heildarfullvirðisréttur að henni lokinni er um 10.000 tonn og er því nokkru hærri en greiðslumark verðlagsársins 1992/1993 og er því ekki enn ljóst hvert hlutfall greiðslumarksins 1992/1993 verður af fullvirðisréttinum fyrr en tekið hefur verið tillit til fullvirðisréttar sem bundinn er í samningum við Sauðfjárveikivarnir og Framleiðnisjóð.

Að lokinni aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði breytist greiðslumark lögbýla ár frá ári í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki og með hliðsjón af aðilaskiptum að greiðslumarki. Heimilt er að lækka greiðslumark lögbýla ef framleiðsla fer umfram efri mörk og lækkar þá greiðslumark þess á næsta verðlagsári.

Um 6. gr. d. (42. gr.).

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við 4.2. og 4.3. í búvörusamningi auk bókunar III með honum. Hér er kveðið á um að heimilt verði frá 1. september 1992 að hafa aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla með þeim skilyrðum sem ráðherra kann að setja í reglugerð. Þau taka ekki gildi fyrr en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir en það verður að gæta allra formreglna um aðilaskiptin eins og lög og reglugerðir kveða á um, svo sem að aflað hafi verið samþykkis allra hlutaðeigandi aðila, eiganda og ábúanda lögbýlisins eftir því sem við á. Ekki er gert ráð fyrir því að heimiluð verði afnot (leiga) á greiðslumarki heldur þurfi þar að vera um að ræða varanlegt framsal. Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 6. gr. e. (43. gr.).

Hér er kveðið á um beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda sauðfjárafurða á lögbýlum og er viðmiðun þeirra 50% af framleiðslukostnaði kindakjöts miðað við greiðslumark lögbýlisins. Beinar greiðslur greiðast frá mars vegna framleiðslu á komandi hausti og er við það miðað að þær skerðast ekki ef framleiðsla á lögbýlinu nær neðri mörkum greiðslumarks sem verður 80% verðlagsárið 1992/1993. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ítarlegri ákvæði um beinar greiðslur.

Beinum greiðslum er ætlað að koma í stað niðurgreiðslna á kindakjöti og er tilgangur þeirra einkum sá að lækka vöruverð til neytenda, minnka útgjöld ríkissjóðs vegna framleiðslunnar ásamt afnámi útflutningsbóta og að vera nokkurs konar afkomutrygging fyrir sauðfjárbændur og tryggja með því búsetu í sveitum landsins.

Beinar greiðslur eru framlag úr ríkissjóði en ekki greiðsla fyrir afurðir og er því miðað við að virðisaukaskattur leggist ekki á þær. Beinar greiðslur skulu nema 50% af framleiðslukostnaði kindakjöts og koma til lækkunar á afurðaverði til framleiðenda við gerð verðlagsgrundvallar, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við greinar 3.3. og 5.2.1. í búvörusamningi.

Um 6. gr. f. (44. gr.).

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við 6. gr. í búvörusamningi og fjallar um hvernig fara skuli með birgðir kindakjöts. Hér er kveðið á um leiðir til að afsetja birgðir kindakjöts ef þær verða í lok verðlagsárs umfram þriggja vikna sölu. Birgðirnar geta safnast með tvennum hætti, annast vegar vegna aukinnar framleiðslu, t.d. að fleiri framleiða upp að efri mörkum greiðslumarksins og hins vegar að samdráttur verði í sölu kindakjöts. Við það er miðað að hægt sé að fara tvær leiðir vegna birgðasöfnunar, þ.e. verðskerðing og lækkun á heildargreiðslumarki næsta árs. Í ljósi þess að hér er um opinbera verðlagningu að ræða er talið nauðsynlegt að ráðherra taki ákvörðun um verðskerðinguna og að ákveðið sé í lögum að verðskerðingin verði ekki umfram 5% af afurðaverði kindakjöts til framleiðenda.

Um 6. gr. g. (45. gr.).

Hér er kveðið á um skipan sérstakrar úrskurðarnefndar sem hægt er að skjóta ágreiningi til. Nauðsynlegt er að setja í reglugerð nánari ákvæði.

Um 6. gr. h. (46. gr.).

Í 1. mgr. er kveðið á um að allir þeir, sem hafa fullvirðisrétt til ráðstöfunar eða hagnýtingar eða hafa með höndum framleiðslu sauðfjárafurða, séu háðir þeim breytingum á

réttarstöðu sem lög þessi hafi í för með sér. Allir þessir aðilar verða að lúta þeim breytingum sem felast í niðurfellingu fullvirðisréttar og upptöku greiðslumarks og geta ekki eftir 1. september 1992 byggt rétt sinn á öðru en lögum og reglugerðum um greiðslumark. Gildir það m.a. um þá sem gert hafa fjárskiptasamning við Sauðfjárveikivarnir og leigusamning við Framleiðnisjóð.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að frumvarpið taki þegar gildi. Samkvæmt 11. gr. búvörusamnings er við það miðað að hann gildi frá 1. september 1992 til 31. ágúst 1998. Hins vegar er nauðsynlegt að frumvarp þetta taki þegar gildi þar sem ýmis framkvæmdaratriði þurfa að liggja fyrir sem fyrst, t.d. um aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði og greiðslu beinna greiðslna sem eiga að hefjast í mars 1992. Þá er við það miðað að 36.–38. gr. falli úr gildi 1. sepember 1992 þar sem útflutningsbætur falla niður vegna framleiðslu eftir þann tíma. Af sömu ástæðum falla ákvæði 20. og 21. gr. úr gildi frá 1. september 1992.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta er í samræmi við grein 2.3. í viðauka 1 í búvörusamningi.

Fylgiskjal I.

Stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt.
Samningur landbúnaðarráðherra, f.h. ríkisstjórnar Íslands, og Stéttarsambands bænda um framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða.
(Mars 1991.)

SAMNINGUR

Landbúnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Stéttarsamband bænda, gera með sér eftirfarandi samning um framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða, sem hefur það að markmiði:

- að stuðla að því að í landinu geti þróast hagkvæmur og öflugur landbúnaður
- að lækka vöruverð til neytenda án þess að slaka á þeim gæðakröfum sem gerðar eru til þessara vara og án þess að það komi niður á afkomumöguleikum bænda
- að koma á og viðhalda jafnvægi í framleiðslu og sölu mjólkur- og sauðfjárafurða
- að lækka opinber útgjöld til þessarar framleiðslu
- að stuðla að því að búskapur verði í sem bestu samræmi við landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið.

I. KAFLI
SAUÐFJÁRAFURÐIR.

1. gr.
Um hugtök.

1.1. Heildargreiðslumark er tiltekið magn kindakjöts, mælt í tonnum, sem ákveðið er skv. 2. gr. og skiptist í greiðslumark lögbýla.

1.2. Greiðslumark lögbýla er tiltekið magn kindakjöts, mælt í kílóum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli, sbr. 3.2. og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði.

2. gr.
Heildargreiðslumark.

2.1. Heildargreiðslumark skal endanlega ákveðið fyrir 15. september ár hvert vegna framleiðslu næsta verðlagsárs. Við ákvörðun þess skal byggt á neyslu síðasta almanaksárs og söluþróun fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs. Heimilt er einnig að taka tillit til líklegrar neysluþróunar á komandi ári. Þá skal tekið tillit til birgða þann 1. september þannig að þær samsvari 3ja vikna sölu innanlands, sbr. þó 6. gr. Verði sala sauðfjárafurða undir heildargreiðslumarki ársins, þannig að birgðir aukast, kemur mismunur til lækkunar á heildargreiðslumarki næsta árs. Á sama hátt hækkar heildargreiðslumark ef sala eykst.

2.2. Við ákvörðun heildargreiðslumarks fyrir verðlagsárin 1992/1993 og 1993/1994 skal heimtekið kjöt haustin 1990 og 1991 metið til neyslu viðkomandi almanaksára.

2.3. Allt kindakjöt tekið úr sláturhúsi til heimanota, afhendingar eða sölu skal metið og skráð á framleiðendur og teljast með við ákvörðun heildargreiðslumarks.

3. gr.
Greiðslumark.

3.1. Greiðslumark er bundið við lögbýli. Skal einn framleiðandi vera skráður fyrir því, nema um fleiri sjálfstæða rekstraraðila sé að ræða, sem standa að búinu.

3.2. Greiðslumark hvers lögbýlis verður í upphafi, þ.e. fyrir slátrun haustið 1992, jafnt fullvirðisrétti þess, eins og hann verður að lokinni aðlögun að innanlandsmarkaði 31. ágúst 1992, sbr. viðauka I, að teknu tilliti til keypts og selds fullvirðisréttar. Síðan breytist greiðslumark í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki.

3.3. Greiðslumark hvers framleiðenda breytist ekki þótt framleiðsla hans verði allt að 20% undir eða 10% yfir greiðslumarki viðkomandi að teknu tilliti til keypts eða selds réttar. Þessi frávik gilda þó ekki um keypt greiðslumark tvö fyrstu ár samnings þessa. Verðlagsárið 1992/1993 skulu efri mörk þó vera 5%. Leyfileg fráviksmörk skulu endurskoðuð árlega með hliðsjón af markaðsaðstæðum.

3.4. Fari framleiðsla einstakra bænda umfram ytri ramma greiðslumarks, skal það sem umfram er og ekki rúmast innan heildargreiðslumarks, koma til lækkunar á greiðslumarki viðkomandi á næsta verðlagsári. Er heimilt að ákveða að greiðslumark ársins skerðist um allt að 0,5 kg fyrir hvert framleitt kg umfram 110% (105% árið 1992) af greiðslumarki viðkomandi og komi skerðingin til frádráttar síðustu beinu greiðslum ársins.

4. gr.

Skráning og viðskipti með greiðslumark.

4.1. Skráning.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, í umboði landbúnaðarráðuneytisins, halda skrá yfir rétthafa greiðslumarks og færa jafnóðum þær breytingar sem á því verða.
Viðskipti með greiðslumark skulu skráð hjá viðkomandi búnaðarsambandi (samböndum) og taka gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

4.2. Viðskipti.

Frá 1. september 1992 eru viðskipti með greiðslumark heimil. Frá sama tíma er þeim aðilum, sem skráðir eru fyrir greiðslumarki, heimilt að selja greiðslumark að því marki sem fullvirðisréttur/greiðslumark hefur verið virkur í framleiðslu næstliðin tvö ár fyrir sölu. Sé ábúandi annar en eigandi þarf samþykki beggja fyrir viðskiptum. Þeim sem hefja vilja sauðfjárframleiðslu á lögbýlum er heimilt að kaupa rétt til greiðslumarks.

4.3. Gróðurvernd.

Ef gróðurverndarsjónarmið mæla á móti því að sauðfjárrækt aukist á einstökum jörðum eða landssvæðum að mati Landgræðslu ríkisins og fyrir liggur rökstutt álit þar um, skal landbúnaðarráðherra takmarka eða stöðva kaup á greiðslumarki í slíkum tilvikum. Landbúnaðarráðuneytið mun leita eftir samráði við umhverfisráðuneytið um stefnumörkun í þessu sambandi.

5. gr.

Afurðaverð.

5.1. Ákvörðun afurðaverðs.

Verðlagningu skal hagað í samræmi við gildandi ákvæði 7. – 12. gr. laga nr. 46/1985. Ákvæðum um verðlagningu skal þó breytt þannig að heimilt verði að semja um tilteknar fyrirfram ákveðnar framleiðnikröfur og hverfa frá ákvæðum um sjálfvirkan framreikning verðs.
Að lokinni endurskoðun verðlagsgrundvallar haustið 1991 skal verð fært niður um 2% frá því sem grundvöllurinn gefur tilefni til. Þar til viðbótar skal grundvallarverð haustið 1992 fært niður á sama hátt um 4%.

5.2. Greiðslur ríkissjóðs.

5.2.1. Bein greiðsla er greiðsla úr ríkissjóði til framleiðanda, sem skráður er fyrir greiðslumarki og skal nema 50% grundvallarverðs.
Til að full greiðsla geti átt sér stað þarf framleiðandi að nýta að lágmarki 80% af greiðslumarki til framleiðslu. Nái framleiðsla ekki því hlutfalli skerðast beinar greiðslur hlutfallslega á þann hátt að greiðsla falli niður þegar framleiðslu er hætt. Skerðing þessi kemur til frádráttar síðustu beinu greiðslum ársins.
Tilhögun beinna greiðslna skal tryggja framleiðendum áþekka fjármögnun og verið hefur. Fullnaðaruppgjör til framleiðenda fari fram ekki síðar en 15. desember, þar sem tekið verði tillit til gæðaflokkunar framleiðslunnar. Beinar greiðslur skulu greiðast mánaðarlega. Greiddar verði fastar mánaðarlegar upphæðir frá 1. mars, í fyrsta sinn 1. mars 1992.
Heimilt er að skerða eða fella niður beinar greiðslur ef framleiðandi verður uppvís að ólöglegri sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé.

5.2.2. Niðurgreiðslur á ull verði hliðstæðar og verið hefur, en tilhögun þeirra endurskoðuð.

5.2.3. Ríkissjóður greiðir vaxta- og geymslugjald til afurðastöðva og verði tilhögun þess fyrst um sinn hagað með hliðstæðum hætti og verið hefur. Það greiðist vegna allrar framleiðslu innan ytri ramma heildargreiðslumarks á viðkomandi verðlagsári og vegna birgða sem nema allt að 6 vikna neyslu þann 1. september ár hvert. Greiðslur á vaxta- og geymslugjaldi vegna framleiðslu fyrra árs falla niður 30. nóvember ár hvert.

5.3. Greiðslur afurðastöðva.

Greiðslur afurðastöðva til framleiðenda skulu nema 50% grundvallarverðs, eins og það er skráð á hverjum tíma.

5.3.1. Um greiðslu afurðastöðva til framleiðenda (frumgreiðsla og fullnaðargreiðsla) fer eftir viðeigandi ákvæðum 29. gr. laga nr. 46/1985.

5.3.2. Afurðir umfram ytri ramma greiðslumarks (105% árið 1992) greiðast samkvæmt sérstöku samkomulagi afurðastöðvar og framleiðanda og skulu markaðsfærðar erlendis. Þó er heimilt að selja þær á innlendum markaði, komi í ljós að framleiðsla sé innan ytri ramma heildargreiðslumarks og þá að því marki samkvæmt nánari reglum.

5.3.3. Hafi ákvörðun um verðskerðingu vegna birgðasöfnunar verið tekin, sbr. 6. gr., kemur hún hlutfallslega til frádráttar uppgjöri afurðastöðvar.

5.3.4. Öll framleiðsla þeirra aðila sem falla undir ákvæði samnings þessa, þar með taldir þeir sem tekið hafa kauptilboðum ríkisins, skal lúta þeim reglum um ráðstöfun afurða og fjölda búfjár sem í samningnum felast eða kunna að verða settar á grundvelli hans.

5.3.5. Framleiðsla þeirra sem falla utan ákvæða samnings þessa skal teljast með við ákvörðun heildargreiðslumarks, sbr. 2.3.

6. gr.

Sala og birgðahald.

6.1. Öll framleiðsla innan heildargreiðslumarks (innan ytri ramma) skal fara á innlendan markað. Það sem óselt kann að verða í lok verðlagsárs skal markaðsfært sérstaklega innanlands eða utan með markaðsstuðningi, sem kostaður skal með hlutfallslegri lækkun á greiðslum afurðastöðva á því hausti. Heimilt er að ákveða heildargreiðslumark næsta árs þeim mun lægra, sem nemur þessum mun á framleiðslu og sölu. Með samkomulagi er heimilt að ákveða sérstaka lækkun á heildargreiðslumarki til að vega upp á móti birgðaaukningu með það fyrir augum að koma birgðastöðu í jafnvægi, þ.e. þriggja vikna birgðir 1. september, á allt að tveimur árum.

6.2. Leiði markaðssamdráttur til þess að sala nái ekki heildargreiðslumarki og birgðir kindakjöts verða umfram þriggja vikna sölu 1. september, skulu þær birgðir seldar á

innlendum markaði með markaðsstuðningi sem fjármagnaður skal með lækkun á greiðslum afurðastöðva vegna innleggs á því hausti. Þá er einnig heimilt að lækka heildargreiðslumark með það fyrir augum að ná birgðum niður í þriggja vikna neyslu á næstu tveimur árum. Þeim fjármunum sem sparast vegna skerðingar á heildargreiðslumarki skal varið til söluátaks innanlands.

6.3. Ríkissjóður ábyrgist að birgðir þann 1. september 1992 verði ekki umfram áætlaða þriggja vikna neyslu (500 tonn).

II. KAFLI
MJÓLKURAFURÐIR.

7. gr.

Á grundvelli eftirfarandi rammaákvæða eru samningsaðilar ásáttir um að á tímabilinu frá 1. september 1992 til 31. ágúst 1998 gildi eftirfarandi meginreglur um mjólkurframleiðsluna sem útfærðar verði nánar í sérstökum samningi, sem lokið skal fyrir árslok 1991:

7.1. Eftir lok núgildandi búvörusamnings haldi mjólkurframleiðslan hliðstæðum heildarstuðningi og verið hefur hlutfallslega, við það verðmæti og magn mjólkurafurða sem selt er á innanlandsmarkaði. Fyrirkomulag þessa stuðnings skal ákveðið nánar í samningi milli aðila.

7.2. Framleiðslustjórnun í mjólkurframleiðslu verði byggð á núverandi fullvirðisréttarkerfi, og hafi hver framleiðandi framleiðslurétt sem sé sama hlutfall af heildarrétti og nú er, að teknu tilliti til viðskipta með rétt. Heildarframleiðsluréttur skal grundvallast á innanlandsmarkaði að teknu tilliti til sveiflna í framleiðslu og neyslu og eðlilegs birgðahalds.

7.3. Frá 1. maí 1991 verða kaup og sala á fullvirðisrétti milli bænda heimil, þó ekki með gildistöku fyrr en 1. september 1991. Þessi viðskipti geta þó ekki tekið til réttar sem bundinn er í leigusamningum hjá Framleiðnisjóði og í leigusamningum sem gerðir voru fyrir gildistöku reglugerðar nr. 527/1988, þ.e. 22. desember 1988. Til þess að stuðla að nauðsynlegri aðlögun mjólkurframleiðslunnar að innlendum markaði er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða að við sölu falli allt að 20% af réttinum niður.
Rétthafa annars fullvirðisréttar en að ofan greinir er heimilt að hefja framleiðslu á ný eftir lok leigutíma, enda hafi hann til þess fullgilt starfsleyfi. Sé það gert og framleiðslu haldið úti full þrjú ár, er heimilt að selja réttinn að því marki sem rétturinn hefur verið nýttur til innleggs.

7.4. Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal leggja til fjármagn til að mæta aðlögun að innanlandsmarkaði í þeim mæli sem réttur leigður Framleiðnisjóði kann að verða tekinn í notkun á ný.

7.5. Í samningnum skal kveða nánar á um magn birgða og meðferð, fyrirkomulag heildarstuðnings og framleiðnimarkmið, útfærslu markaðstengingar og annað sem þörf er á.

III. KAFLI
UM ÚTFLUTNING OG INNFLUTNING.

8. gr.

Útflutningur.

8.1. Útflutningur mjólkur- og sauðfjárafurða og allur kostnaður vegna hans verður á ábyrgð bænda og afurðastöðva eftir 1. september 1992.

9. gr.

Innflutningur.

9.1. Aðilar eru sammála um að forsenda samnings þessa sé að reglum verði ekki breytt eða ákvarðanir teknar um innflutning búfjárafurða þannig að teflt verði í tvísýnu því jafnvægi og þeim árangri sem að er stefnt. Þetta hindrar þó ekki að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningum sem gerðir kunna að verða og snerta viðskipti með landbúnaðarvörur, enda samrýmist framkvæmd þeirra ofangreindum markmiðum um jafnvægi innlendrar framleiðslu og heimamarkaðar.

IV. KAFLI
ENDURSKOÐUN SAMNINGS.

10. gr.

10.1. Aðilar samnings þessa geta hvor um sig óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum hans. Að fjórum árum liðnum skulu samningsaðilar gera úttekt á framkvæmd samningsins með tilliti til markmiða hans. Í framhaldi af því skal hefja undirbúning viðræðna um áframhaldandi stefnumörkun á þessu sviði. Form á skuldbindingum ríkissjóðs er þó háð því að alþjóðasamningar, sem Ísland kann að gerast aðili að, kveði ekki á um aðra tilhögun.

V. KAFLI
FRAMKVÆMD OG GERÐARDÓMUR.

11. gr.

11.1. Samningur þessi er gerður á grundvelli ákvæða í a – lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 46/1985. Hann gildir fyrir verðlagsárin 1. september 1992 til 31. ágúst 1998, nema um annað verði samið sbr. bókun V. Ákvæði í viðauka I um aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði gilda frá 1. maí 1991 til 15. september 1992.

11.2. Samningsaðilar munu hafa reglubundið samráð um framkvæmd samnings þessa. Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessa samnings, eru aðilar sammála um að skipaður verði hverju sinni þriggja manna gerðardómur til að skera úr um ágreiningsatriði. Aðilar tilnefni hvor fyrir sig einn mann í dóminn. Leitað skal til Hæstaréttar Íslands um að tilnefna formann dómsins, nema aðilar komi sér saman um oddamann. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir samningsaðila.

11.3. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum. Skal landbúnaðarráðherra halda öðru en Stéttarsamband bænda hinu.

Reykjavík, 11. mars 1991.

F.h. Stéttarsambands bænda

(Með fyrirvara um samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda).

Haukur Halldórsson, form.
Guðmundur Lárusson
Jóhannes Kristjánsson
Þórarinn Þorvaldsson
Þórólfur Sveinsson

F.h. ríkisstjórnar Íslands

(Með fyrirvara um samþykki Alþingis við nauðsynlegar lagabreytingar).

Steingrímur J. Sigfússon
landbúnaðarráðherra

Viðauki 1.

Aðlögun fullvirðisréttar í sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði.

Aðilar samnings þessa eru sammála um eftirfarandi atriði til að laga núverandi fullvirðisrétt að innanlandsmarkaði.

Á tímabilinu frá 1. maí 1991 til 31. ágúst 1992 skuldbindur ríkissjóður sig til að kaupa fullvirðisrétt, eftir því sem framleiðendur óska, allt að 3.700 tonnum, með eftirfarandi hætti:

1. KAUP RÍKISSJÓÐS Á FULLVIRÐISRÉTTI, 1. HLUTI AÐLÖGUNAR.

1.1. Á tímabilinu frá 1. maí 1991 til 31. ágúst 1991 skuldbindur ríkissjóður sig til að kaupa fullvirðisrétt, allt að 3.700 tonnum.

1.2. Þegar keyptur er fullvirðisréttur sem er í framleiðslu, nýttur og ónýttur, og fullvirðisréttur samkvæmt riðuveikisamningi, sem ekki hefur verið leigður, skal greiða kr. 600 á kg. Við sölu á nýttum fullvirðisrétti skuldbindur framleiðandi sig til að minnka bústofn um tilsvarandi fjölda kinda og sölu nam. Þegar framleiðendur afsala sér öllum fullvirðisrétti (sjá *) skal ríkissjóður greiða þeim kr. 5.000 fyrir hverja fargaða kind, en annars kr. 3.500. Einnig ábyrgist ríkissjóður fullt verð afurða sem svarar minni ásetningsþörf haustið 1991, þ.e. 2,25 kg dilkakjöts fyrir hverja kind sem fækkað er um samkvæmt framanskráðu.

*) Hærra tilboðið gildir, enda þótt framleiðandi haldi eftir fullvirðisrétti fyrir allt að 10 kindum.

1.3. Þegar keyptur er fullvirðisréttur samkvæmt leigusamningi eða riðuveikisamningi, sem breytt hefur verið í leigusamning, skal greiða kr. 480 á kg, enda falli þá aðrar bóta- og leigugreiðslur niður frá sama tíma. Ríkissjóður gengur þá inn í gerða samninga.

1.4. Handhafa leigu- og riðuveikisamnings er heimilt að hefja framleiðslu við lok leigutíma og nýta rétt til greiðslumarks. Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins með tilskildum fyrirvara hvort hefja á framleiðslu. Sé það gert og framleiðslu haldið úti í full þrjú ár er viðkomandi heimilt upp frá því að selja rétt til greiðslumarks að því marki sem það hefurverið nýtt til framleiðslu.

2. FYRRI NIÐURFÆRSLA.

2.1. Til að ná því markmiði að framleiðsla haustsins 1992 verði í samræmi við þarfir innanlandsmarkaðar skal stefnt að um það bil 10% fækkun sauðfjár í haust frá ásetningi haustið 1990 og samdrætti í framleiðslu sem nemur um það bil 900 tonnum haustið 1992. Haustið 1991 kaupir ríkissjóður því allt að 55.000 kindur og komi afurðir af þeim ekki fram á innlendum markaði. Til að þessi markmið náist þarf fullvirðisréttur sem er í framleiðslu, nýttur og ónýttur, að lækka um að minnsta kosti 12%.

2.2. Það sem á kann að vanta að markmið um samdrátt í fullvirðisrétti (sbr. 2.1. að framan) á hverju búmarkssvæði/sýslu og bústofni náist með kaupum ríkissjóðs fyrir 1. september 1991 skal náð með niðurfærslu fullvirðisréttarins og komi greiðsla fyrir kr. 450 á kg. Við niðurfærsluna skal framleiðandi minnka bústofn um tilsvarandi fjölda kinda. Skal ríkissjóður greiða kr. 3.500 fyrir hverja fargaða kind. Einnig ábyrgist ríkissjóður fullt verð afurða sem svarar minni ásetningsþörf haustið 1991, þ.e. 2,25 kg dilkakjöts fyrir hverja kind sem fækkað er um samkvæmt framanskráðu. Seldur fullvirðisréttur sem bundinn er í riðuveikisamningum skal ekki telja við þessa niðurfærslu, en innlagður fullvirðisréttur telur innan hvers svæðis.

2.3. Niðurfærslan skal þó framkvæmd með eftirfarandi undantekningum:
Á búmarkssvæðum (sýslum) þar sem fullvirðisréttur til sauðfjárframleiðslu er yfir 90% af samanlögðum fullvirðisrétti til mjólkur- og sauðfjárframleiðslu á sl. verðlagsári skal niðurfærsla fullvirðisréttar að hámarki vera 60% af hlutfallslegri fækkunarþörf á landinu öllu.

Á búmarkssvæðum (sýslum) þar sem fullvirðisréttur til sauðfjárframleiðslu er á milli 70 90% af samanlögðum fullvirðisrétti til mjólkur- og sauðfjárframleiðslu á sl. verðlagsári skal niðurfærsla fullvirðisréttar að hámarki vera 80% af hlutfallslegri fækkunarþörf á landinu öllu.

Réttur sem bundinn er með leigusamningum hjá Framleiðnisjóði telur ekki við þessa flokkun. Kostnað sem hljótast mun af meiri framleiðslu vegna ákvæða þessarar greinar skal greiða úr Framleiðnisjóði.

2.4. Þeir framleiðendur sem þegar hafa tekið tilboðum ríkissjóðs um kaup á nýttum og ónýttum fullvirðisrétti, skulu undanþegnir niðurfærslu að því marki sem sölu nam. Þeir framleiðendur sem hafa fyrir 1. september 1991 selt a.m.k. 25% af fullvirðisrétti (sjá 1.2. í viðauka I) þurfa ekki að sæta frekari niðurfærslu á aðlögunartíma.

3. KAUP RÍKISINS Á FULLVIRÐISRÉTTI, 2. HLUTI AÐLÖGUNAR.

Á tímabilinu frá 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 skuldbindur ríkissjóður sig til að kaupa fullvirðisrétt, þar til fyrrnefndum markmiðum er náð, með eftirfarandi hætti:

3.1. Þegar keyptur er fullvirðisréttur sem er í framleiðslu, nýttur og ónýttur, og fullvirðisréttur samkvæmt riðuveikisamningi, sem ekki hefur verið leigður, skal greiða kr. 380 á kg. Við sölu á nýttum fullvirðisrétti skuldbindur framleiðandi sig til að minnka bústofn um tilsvarandi fjölda kinda og kaupum nam. Þegar framleiðendur afsala sér öllum fullvirðisrétti skal ríkissjóður greiða þeim kr. 3.500 fyrir hverja fargaða kind. Einnig ábyrgist ríkissjóður fullt verð afurða sem svarar minni ásetningsþörf haustið 1992, þ.e. 2,25 kg dilkakjöts fyrir hverja kind sem fækkað er um samkvæmt framanskráðu.

3.2. Þegar keyptur er fullvirðisréttur samkvæmt leigusamningi eða riðuveikisamningi, sem breytt hefur verið í leigusamning, skal greiða kr. 300 á kg, enda falli þá aðrar bóta- og leigugreiðslur niður frá sama tíma. Ríkissjóður gengur þá inn í gerða samninga.

3.3. Handhafa leigu- og riðuveikisamnings er heimilt að hefja framleiðslu við lok leigutíma og nýta rétt til greiðslumarks. Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins með tilskildum fyrirvara hvort hefja á framleiðslu. Sé það gert og framleiðslu haldið úti í full þrjú ár er viðkomandi heimilt upp frá því að selja rétt til greiðslumarks, að því marki sem það hefur verið nýtt til framleiðslu.

4. GREIÐSLUTILHÖGUN.

4.1. Greiðslur ríkissjóðs vegna kaupa á fullvirðisrétti og förgunar búfjár skulu inntar af hendi með 5 jöfnum árlegum greiðslum á eftirfarandi hátt:

4.2. Fyrsta greiðsla verður í janúar árið eftir, en gefið verði út skuldabréf fyrir hinum seinni. Það verður verðtryggt með lánskjaravísitölu og með 5% vöxtum, sem reiknast frá næstu áramótum eftir að samningar eru gerðir.

4.3. Allar fjárhæðir í samningi þessum skulu miðaðar við verðlag 1. maí 1991 og taka breytingum þaðan í frá samkvæmt lánskjaravísitölu.

5. SALA FULLVIRÐISRÉTTAR MILLI FRAMLEIÐENDA.

Á tímabilinu frá 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 er heimil sala á fullvirðisrétti milli framleiðenda með eftirfarandi skilyrðum:

5.1. Að fullvirðisrétturinn hafi verið í framleiðslu hjá viðkomandi framleiðanda næstliðin tvö ár fyrir sölu.

5.2. Sala verður þó fyrst heimil þegar kaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti hafa á hverju svæði náð helmingi þeirrar hámarksniðurfærslu innan hvers svæðis sem kveðið er á um í 2.3. í viðauka I.

5.3. Hverjum framleiðanda er heimilt að auka fullvirðisrétt sinn um allt að 15% frá því sem nú er með kaupum á fullvirðisrétti.

5.4. Ef gróðurverndarsjónarmið mæla á móti því að sauðfjárrækt aukist á einstökum jörðum eða landssvæðum að mati Landgræðslu ríkisins og fyrir liggur rökstutt álit þar um, skal landbúnaðarráðherra takmarka eða stöðva kaup á fullvirðisrétti í slíkum tilvikum. Landbúnaðarráðuneytið mun leita eftir samráði við umhverfisráðuneytið um stefnumörkun í þessu sambandi.

5.5. Ríkissjóður hefur heimild til að kaupa 20% af fullvirðisrétti í hverri sölu. Það hlutfall getur verið lægra eða ekkert á ákveðnum svæðum sem byggja afkomu sína nær eingöngu á sauðfjárrækt. Greiðsla ríkissjóðs skal vera kr. 380 á kg.

6. INNLAGÐUR FULLVIRÐISRÉTTUR (GREIÐSLUMARK).

6.1. Óski framleiðandi að halda fullvirðisrétti á lögbýli sínu fremur en að selja hann, getur hann fram til 31. ágúst 1992 lagt réttinn inn til geymslu út gildistíma þessa samnings, án þess að greiðsla komi fyrir. Framleiðandi skal farga bústofni sínum og greiðir ríkissjóður kr. 5.000 fyrir hverja fargaða kind umfram fullvirðisrétt. Réttur þessi skal sæta sömu breytingum og annar fullvirðisréttur / greiðslumark.

7. SEINNI NIÐURFÆRSLA.

7.1. Þann 15. september 1992 verður fullvirðisréttur (greiðslumark) á hverju búmarkssvæði/sýslu færður niður um það sem á vantar að kaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti nái settum markmiðum um aðlögun að innanlandsmarkaði og komi greiðsla fyrir kr. 380 á kg. Tekið skal tillit til fullvirðisréttar sem áfram verður bundinn í samningum og innlagðs fullvirðisréttar. Við niðurfærsluna skal, ef þörf er á, fækka bústofni þannig að ásetningur haustið 1992 verði í samræmi við ákveðið heildargreiðslumark. Þurfi að fækka bústofni skal ríkissjóður greiða kr. 3.500 fyrir hverja fargaða kind.

7.2. Fullvirðisréttur sem bundinn er í riðuveikisamningum og innlagður fullvirðisréttur telur innan hvers svæðis, en ekki fullvirðisréttur sem bundinn er í leigusamningum.

8. SKRÁNING FULLVIRÐISRÉTTAR.

8.1. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, í umboði landbúnaðarráðuneytisins, halda skrá yfir rétthafa fullvirðisréttar og færa jafnóðum þær breytingar sem á honum verða.

8.2. Viðskipti með fullvirðisrétt skulu skráð hjá viðkomandi búnaðarsambandi (sambönd-um) og taka gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

9. BROTTFALL FULLVIRÐISRÉTTAR.

9.1. Frá og með 1. september 1992 fellur fullvirðisréttur í sauðfjárrækt niður. Þegar um er að ræða fullvirðisrétt samkvæmt leigu- eða riðuveikisamningi, myndast réttur til greiðslumarks í lok þess samnings, sbr. 1.4. og 3.3 í viðauka I.

Reykjavík, 11. mars 1991.

F.h. Stéttarsambands bænda
(Með fyrirvara um samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda).

Haukur Halldórsson, form.

Guðmundur Lárusson
Jóhannes Kristjánsson

Þórarinn Þorvaldsson
Þórólfur Sveinsson

F.h. ríkisstjórnar Íslands
(Með fyrirvara um samþykki Alþingis við nauðsynlegar lagabreytingar).

Steingrímur J. Sigfússon,
landbúnaðarráðherra

Ólafur Ragnar Grímsson,
fjármálaráðherra

Viðauki 2.

Stuðningsaðgerðir.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim fjárhagslegu stuðningsaðgerðum sem ríkisvaldið mun grípa til í sambandi við samning þennan. Allar fjárhæðir sem hér eru nefndar eru í milljónum króna miðað við verðlag 1. maí 1991.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins.

Á fjárlögum hvers árs verði varið fjármagni til Framleiðnisjóðs sem nota skal til atvinnuuppbyggingar til sveita og verkefna sem stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum landbúnaði. Fjárframlög til hans verði á samningstímanum:

1992	1993	1994	1995	1996	1997
*)	300	250	250	200	200

Frá lögbundnum fjárveitingum fyrir 1992 skulu dragast ígildi skuldbindinga sem ríkissjóður yfirtekur vegna kauptilboða.

Jarðasjóður.

Til Jarðasjóðs renni til viðbótar árlegum framlögum ákveðið fjármagn í upphafi samningstímans, til að kaupa jarðir bænda sem afsalað hafa fullvirðisrétti og jarðir sem ekki seljast á frjálsum markaði. Leitað verði leiða til að Jarðasjóður geti aðstoðað þau sveitarfélög sem vilja sjálf fá jarðirnar til ráðstöfunar.

1992	1993	1994	1995	1996	1997
75	75				

Byggðastofnun.

Byggðastofnun verði útvegað fjármagn til að greiða fyrir annarri atvinnuuppbyggingu á þeim stöðum sem viðkvæmastir eru fyrir samdrætti í sauðfjárframleiðslu:

1992	1993	1994	1995	1996	1997
100	100	50	50	50	50

Lífeyrissjóður bænda.

Lífeyrissjóður bænda fái aukalega fjármagn út samningstímann.

1992	1993	1994	1995	1996	1997
10	10	10	10	10	10

Reykjavík, 11. mars 1991

F.h. Stéttarsambands bænda

(Með fyrirvara um samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda).

Haukur Halldórsson, form.
Guðmundur Lárusson
Jóhannes Kristjánsson
Þórarinn Þorvaldsson
Þórólfur Sveinsson

F.h. ríkisstjórnar Íslands

(Með fyrirvara um samþykki Alþingis við nauðsynlegar lagabreytingar).

Steingrímur J. Sigfússon,
landbúnaðarráðherra

Ólafur Ragnar Grímsson,
fjármálaráðherra

BÓKUN I

Vaxta- og geymslugjöld.

Greiðslur vaxta- og geymslugjalds verði tryggðar og hagað með hliðstæðum hætti og verið hefur. Kannað verði í samráði við afurðastöðvar hvernig unnt sé að beita þessum greiðslum til söluhvata. Meðal annnars verði athugað að færa vaxta- og geymslukostnað yfir í verðlagningu afurða. Sambærileg athugun fari fram á tilhögun niðurgreiðslna á ull.

BÓKUN II

Verðlagning.

Aðilar eru sammála um að stefna beri að því að raunverð dilkakjöts lækki í áföngum um 20% á næstu 5 – 6 árum. Til að ná þessu marki verður verð aðfanga og annar kostnaður við framleiðsluna að lækka svo sem kostur er. Að tveimur árum liðnum skal taka kerfi verðlagningar sauðfjárafurða til endurskoðunar og þá meðal annars kannaðir kostir umboðsviðskipta.

Aðilar eru sammála um að ofannefnd markmið um lækkun afurðaverðs til framleiðenda séu bundin þeirri forsendu að þessi árangur náist jöfnum höndum fram á vinnslu- og sölustigi. Skulu liggja fyrir tillögur um hagræðingu og endurskipulagningu á vinnslu- og sölustigi eigi síðar en 1. ágúst 1991.

BÓKUN III

Viðskipti með fullvirðisrétt og greiðslumark.

Aðilar eru sammála um að fylgjast náið með þróun viðskipta með fullvirðisrétt/greiðslumark. Ef hætta skapast á að tilfærsla á framleiðslurétti gangi gegn æskilegum landnýtingar- og hagræðingarsjónarmiðum, eða hafi umtalsverða byggðaröskun í för með sér, verði settar reglur um viðskiptin sem hindri slíkt með forkaupsréttarákvæðum eða öðrum hætti.

BÓKUN IV
Fimmmannanefnd.

Aðilar eru ásáttir um að gerð verði breyting á 13. gr. laga nr. 46/1985, sem kveður á um skipan fimmmannanefndar sem ákveður heildsöluverð búvara, á þann veg að hún verði 7 manna: verðlagsstjóri, 3 fulltrúar afurðastöðva, 1 frá Stéttarsambandi bænda, 1 frá BSRB og 1 frá ASÍ.

BÓKUN V
Verðlagsár / almanaksár.

Aðilar eru sammála um að breyta frá verðlagsári yfir til almanaksárs strax og unnt er og breytast þá ákvæði samnings þessa samkvæmt því.

BÓKUN VI
Landgræðsla og skógrækt.

Á liðnum árum hafa áherslur breyst í málefnum landgræðslu og landverndar. Meiri og almennari áhugi er fyrir því en áður að bæta umgengni um landið, græða örfoka land og þau landssvæði þar sem gróður er illa farinn og efla skógrækt á þeim svæðum landsins sem eru vel fallin til þeirrar ræktunar. Meðal starfandi bænda er vaxandi almennur áhugi á að sinna þessum málum í meira mæli en fyrr í góðri samvinnu og sátt við ráðuneyti landbúnaðar- og umhverfismála, áhugasamtök og Landgræðslu og Skógrækt ríkisins.

Í ljósi þeirrar lækkunar á ríkisútgjöldum sem verður til lengri tíma litið, ekki síst vegna afnáms útflutningsbóta, telja samningsaðilar eðlilegt að gera kröfu til þess að varið verði af hálfu ríkissjóðs, í tengslum við nýja landgræðsluáætlun, stórauknu fjármagni til þessara verkefna á komandi árum eða um 2 milljörðum króna út samningstímann. Slík fjárveiting kæmi til viðbótar við aðrar fjárveitingar til landgræðslu og skógræktar. Störf við þau verkefni gætu að nokkru leyti komið í stað þess samdráttar í atvinnu til sveita sem minni sauðfjárframleiðsla hefur í för með sér, enda verði bændum tryggður forgangur að störfum við landgræðslu, skógrækt og landbætur hvers konar.

BÓKUN VII
Rannsóknir og leiðbeiningar.

Með tilvísan í markmið um raunlækkun á verði búvara og aukna framleiðni landbúnaðarins eru aðilar sammála um að fjármagn til rannsókna og leiðbeiningaþjónustu þurfi að nýtast í samræmi við markmið þessa samnings. Verður því skoðað sérstaklega hvort og hvaða skipulagsbreytingar þarf að gera í þessu sambandi.

BÓKUN VIII
Félagslegar aðgerðir.

Aðilar munu beita sér fyrir því að bændur sem þess óska eigi kost á:

- ráðgjöf og leiðbeiningum um þá möguleika sem þeim standa til boða í samningi þessum
- endurmenntun og þjálfun til annarra starfa
- aðstoð við að koma jörðum sínum í verð.

BÓKUN IX
Ný atvinnutækifæri.

Aðilar munu beita sér fyrir samráði og samvinnu þeirra aðila sem vinna að atvinnusköpun í dreifbýli með það fyrir augum að sem best nýting verði á þeim fjármunum sem til þessara verkefna er varið.

BÓKUN X
Skattamál.

Skipuð verði nefnd fulltrúa samningsaðila og skattyfirvalda til að fjalla um á hvern hátt hagað verði skattalegri meðferð á sölu fullvirðisréttar til ríkissjóðs og viðskipta með fullvirðisrétt og greiðslumark á milli framleiðenda. Málum verði þannig fyrir komið að skattaleg meðferð standi ekki í vegi fyrir aðlögun framleiðslu að innanlandsmarkaði og hreyfanleika réttar. Nefnd þessi skal skila áliti fyrir 30. apríl næstkomandi.

BÓKUN XI
Ungir bændur.

Aðilar eru sammála um að landbúnaðarráðherra skipi sérstaka nefnd meðal annars með aðild Stofnlánadeildar landbúnaðarins til að kanna stöðu ungra bænda. Nefndin skal gera tillögur um lánafyrirgreiðslu og aðrar aðgerðir til að styrkja stöðu ungra bænda í ljósi fyrirsjáanlegra breytinga og auðvelda nauðsynlega nýliðun í bændastétt.

BÓKUN XII
Útgjöld.

Aðilar eru sammála um að nauðsynleg útgjöld vegna kynningar og umsjónar á framkvæmd samningsins skuli teljast til útgjalda við þá aðlögun að innanlandsmarkaði sem mælt er fyrir um í honum.

Reykjavík, 11. mars 1991.

F.h. Stéttarsambands bænda

(Með fyrirvara um samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda).

Haukur Halldórsson, form.
Guðmundur Lárusson
Jóhannes Kristjánsson
Þórarinn Þorvaldsson
Þórólfur Sveinsson

F.h. ríkisstjórnar Íslands

(Með fyrirvara um samþykki Alþingis við nauðsynlegar lagabreytingar).

Steingrímur J. Sigfússon,
landbúnaðarráðherra

Fylgiskjal II.

Áfangaskýrsla um framleiðslu sauðfjárafurða.
(Sjömannanefnd, febrúar 1991.)

Inngangur.

Þann 21. mars 1990 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd fulltrúa launþega, atvinnurekenda, bænda og stjórnvalda, sem fékk það hlutverk að leggja fram tillögur um stefnumörkun í landbúnaðarmálum. Samkvæmt skipunarbréfi hefði nefndin það hlutverk að:

> "setja fram tillögur um stefnumörkun, er miði að því að innlend búvöruframleiðsla verði hagkvæmari og kostnaður lækki á öllum stigum framleiðslunnar, í búrekstri bóndans, á vinnslu- og heildsölustigi og í smásöluverslun".

Í nefndinni eiga sæti eftirtaldir aðilar:

Guðmundur Sigþórsson, skrifstofustj,. formaður.
Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda.
Hákon Sigurgrímsson, framkvæmdastjóri Stéttars. bænda.
Þórólfur Sveinsson, varaform SB, varam.
Guðbjörn Árnason, hagfr., varam.
Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ.
Ólafur Hjálmarsson, hagfr., varam.
Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ.
Guðmundur Gylfi Guðmundsson, hagfr. varam.
Ögmundur Jónasson, formaður BSRB.
Björn Arnórsson, hagfr., varam.
Sigurður Jóhannesson, hagfr., varam.
Hjörtur Eiríksson, framkvæmdastjóri VMS
Árni Benediktsson, framkvæmdastj., varam.
Jóngeir Hlynason, hagfr. varam.

Gunnlaugur Júlíusson hagfræðingur í landbúnaðarráðuneytinu, hefur starfað með nefndinni.

Nefndin hefur haldið 34 formlega fundi, auk fjölmargra funda í undirhópum.

Landbúnaðarráðherra hefur setið á 4 fundi með nefndinni og á þeim fundum kom m.a. fram að starfsvið nefndarinnar skyldi vera rúmt en ekki afmarkast við ákveðna efnisþætti.

Eftirtaldir aðilar hafa mætt á fundi nefndarinnar:

Baldur Óskarsson, Verðlagsnefnd búvöru.
Bjarni Helgason, form. Félags garðyrkjubænda.
Bjarni Ásgeir Jónsson, form. Félags kjúklingabænda.
Brynjólfur Sandholt, yfirdýralæknir.
Eiríkur Einarsson, starfsm. Félags eggjaframleiðenda.
Gísli Karlsson, framkvstj. Framleiðsluráðs.
Guðmundur Lárusson, form. Landssambands kúabænda.
Gunnar Kristinsson, Hollustuvernd ríkisins.
Halldór Runólfsson, deildardýralæknir hjá Hollustuverndar ríkisins.

Jóhannes Torfason, form. stjórnar Framleiðnisjóðs.
Jón G. Guðbjörnsson, fulltrúi hjá Framleiðnisjóði.
Jón Viðar Jónmundsson, ráðunautur.
Kjartan Ólafsson, ráðunautur.
Kristinn G. Jónsson, form. Svínaræktarfélags Íslands.
Óskar H. Gunnarsson framkvstj., OSS.
Páll Guðbrandsson, form. Landssambands kartöflubænda.
Sveinbjörn Eyjólfsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu.
Steingrímur J. Sigfússon, landbúnaðarráðherra.
Valur Þorvaldsson, ráðunautur.
Þórarinn Þorvaldsson, stjórnarmaður S.B.

Þá hafa fulltrúar nefndarinnar leitað upplýsinga hjá fulltrúum fjármálaráðuneytisins.

Nefndin vill á þessu stigi leggja fram áfangaskýrslu og tillögur um fyrirkomulag í framleiðslu sauðfjárafurða.

Nefnin telur að mikið ósamræmi sé í framleiðslu og þó enn frekar framleiðslugetu sauðfjárafurða miðað við mögulegan markað innanlands. Aðdragandi framleiðslunnar er og mjög langur. Því er það mat nefndarinnar að mjög brýnt sé að tillögur um stefnumörkun í framleiðslu og sölumálum sauðfjárafurða komi fram hið allra fyrsta.

Nefndin hefur unnið greinargerð um þennan þátt málsins og fylgir hún hér á eftir ásamt tillögum um aðgerðir.

Nefndin áréttar, að tillögur um fjárhæðir ber að skoða sem ystu mörk opinberra útgjalda til stuðnings nauðsynlegri breytingu á sauðfjárframleiðslu á því tímabili, sem tillögurnar taka til, samanber yfirlit um áætluð hámarksútgjöld ríkissjóðs sem fylgir tillögum nefndarinnar.

Aðdragandi að skipun nefndarinnar.

Umræða um hátt verðlag innlendrar búvöruframleiðslu hefur verið allmikil á undanförnum árum. Þeim hefur fjölgað sem halda fram þeirri skoðun að auka beri innflutning matvæla frá því sem nú er,til þess að lækka matvælaverð og bæta á þann hátt hag neytenda. Aðrir hafa haldið því fram að meginátherslu beri að leggja á það að auka hagkvæmni í innlendri framleiðslu til að gera hana samkeppnisfærari. Benda má á eftirfarandi atriði í því samhengi:

1. Á aðalfundi Stéttarsambands bænda haustið 1989 var lögð mikil áhersla á nauðsyn þess að ná niður verðlagi landbúnaðarafurða í þeim tilgangi að styrkja stöðu innlendrar búvöruframleiðslu í samkeppni við aðrar vörur, svo og til að standa betur að vígi gegn kröfum um aukinn innflutning landbúnaðarafurða.

2. Í kjarasamningum sem undirritaðir voru þann 1.2. 1990, varð samkomulag um ákveðna markmiðssetningu varðandi verðlagningu landbúnaðarafurða. Stéttarsamband bænda varð þá í fyrsta sinn beinn aðili að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Samhliða þeim kjarasamningum gaf forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar yfirlýsingu um skipun þessarar nefndar.

3. Miklar umræður hafa orðið um málefni landbúnaðarins, skipan útflutningsbóta,

niðurgreiðslna og innflutningsmála í sambandi við Uruguay umferðina í GATT-viðræðunum , svo og í EB / EFTA viðræðum um evrópskt efnahagssvæði. Ríkisstjórnin lagði fram ákveðnar tillögur um þróun útflutningsbóta og heildarstuðnings við landbúnaðinn, þegar undirbúningur stóð yfir fyrir lokaviðræður GATT samninganna.

Almenn markmiðssetning.

Nefndin hefur haft eftirtalin meginmarkmið að leiðarljósi, þegar unnið hefur verið að útfærslu hugmynda um breytta landbúnaðarstefnu:

* Að lækka vöruverð til neytenda án þess að slaka á þeim gæðakröfum sem gerðar eru til búvara í dag.
* Að leita leiða til lækkunar vöruverðs án þess að það komi niður á afkomumöguleikum bænda.
* Niðurstaðan skal leiða til lækkunar opinberra útgjalda til landbúnaðarins.

Þau markmið sem um ræðir krefjast all víðtækra breytinga á skipulagi og rekstrartæknilegum atriðum búgreinanna. Til aðþær náist fram þarf landbúnaðurinn ákveðinn aðlögunartíma. Því miða tillögur nefndarinnar við að þær aðgerðir sem gerð er tillaga um nái til tímabilsins fram ársins til 1997.

Grundvallaratriði í þessu sambandi er að ekki verði í neinu hvikað frá þeim gæðakröfum sem gerðar eru til innlendrar búvöruframleiðslu í dag, þannig að lækkun vöruverðs sé ekki sótt til lélegri vöru.

Í starfi sínu hefur nefndin leitað leiða til að ná fram aukinni hagræðingu og hagkvæmni í rekstri í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins.

Nauðsynlegt er að landbúnaðurinn fái aðlögunartíma til að bæta stöðu sína. Eftir slíkan aðlögunartíma verður að endurmeta stöðuna, skera úr um hvort þau markmið, sem stefnt er að, hafi náðst eða ekki og ákveða síðan framhaldið.

Öll opinber skattlagning á aðföng og rekstur í landbúnaði verði endurskoðuð á tímabilinu með það fyrir augum að ná fram lækkuðu matvælaverði til neytenda.

Nefndin álítur að markmiðslýsing og mótun byggðastefnu eigi að vera á ábyrgð stjórnvalda, og leggur því ekki fram ákveðnar tillögur í þeim efnum. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að í þeim aðgerðum, sem hér er gerð tillaga um, felst víðtækur stuðningur við búsetu í sveitum. Nefndin gerir ekki tillögu um sérstakar aðgerðir til þess að treysta byggð á einstökum svæðum. Kjósi stjórnvöld að taka ákvörðun um sérstakar byggðaaðgerðir leggur nefndin áherslu á að þær vinni ekki gegn þeim markmiðum sem sett eru um aukna hagræðingu í landbúnaði.

Mikilvægt er að búfjárræktin geti á aðlögunartímabili starfað án þess að staða hennar sé veikt með einhverjum þeim aðgerðum stjórnvalda sem kunna að raska í grundvallaratriðum því jafnvægi og þeim árangri sem stefnt er að. Því lítur nefndin svo á að ein meginforsenda þess að sett markmið náist fram sé að reglum eða ákvörðunum varðandi innflutning kindakjöts verði ekki breytt af hálfu stjórnvalda frá því sem nú gildir umfram það sem hugsanlegir alþjóðasamningar um þau mál kveða á um.

Vinnutilhögun nefndarinnar.

Nefndin hefur skipt starfi sínu upp í ákveðna verkþætti.
Í upphafi miðaðist starfið við að fá samandregið yfirlit um sem flesta þætti landbúnaðarins, bæði stöðu einstakra búgreina, afurðastöðva, og þátttöku sjóða í þeirri þróun sem átt hefur sér stað í landbúnaðinum á liðnum árum.
Þar næst voru skipaðir undirhópar fyrir einstakar búgreinar, þar sem fulltrúar greinanna og nefndarinnar fóru yfir stöðu mála.
Þar var síðan dregið saman yfirlit um þau atriði sem mestu máli skipta varðandi hagræðingarmöguleika hverrar greinar á komandi árum.

Ljóst er að þótt skilað sé niðurstöðum varðandi frumframleiðslu sauðfjárafurða, þá er enn mikið starf óunnið varðandi skipan úrvinnslu og afurðastöðva, svo og sölumál afurðanna. Hins vegar er nauðsynlegt er að hrinda af stað ákveðinni vinnu varðandi framleiðsluþátt búgreinarinnar. Því leggur nefndin fram meðfylgjandi áfangaskýrslu um sauðfjárframleiðslu.

Reykjavík 14. febrúar, 1991

Ásmundur Stefánsson

Hjörtur Eiríksson

Haukur Halldórsson

Þórarinn V. Þórarinsson

Hákon Sigurgrímsson

Ögmundur Jónasson

Guðmundur Sigþórsson

SAUÐFJÁRFRAMLEIÐSLA.

Sjömannanefnd landbúnaðarráðuneytis, Stéttarsambands bænda og aðila vinnumarkaðarins, hefur fjallað um leiðir til þess að bæta samkeppnisstöðu sauðfjárræktarinnar, þannig að verð kindakjöts geti lækkað og staða þess á matvörumarkaðnum styrkst.
Fer hér á eftir mat nefndarinnar á stöðu búgreinarinnar og tillögur að stefnumörkun í málefnum sauðfjárræktarinnar.

BREYTINGAR Á FRAMLEIÐSLU OG MARKAÐI.

Stórfelldur samdráttur hefur á undanförnum árum orðið í kindakjötframleiðslu, kindakjötsneyslu innanlands og útflutningi kindakjöts. Hér verður leitast við að gera grein fyrir þessari þróun og þá fyrst breytingum á markaði.

Mynd 1



Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins M 231-1/10 Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins feb . 1990

Töluverðar sveiflur hafa einkennt framleiðsluna, þótt tímabilið í heild beri fyrst og fremst merki stöðugs framleiðslusamdráttar, eða úr 14.200 tonnum árið 1981 þegar mest lét í um 9.200 tonn 1990 eins og fram kemur á mynd 1. Framleiðslusamdrátturinn á þessu tímabili er því nærri 35% og kemur að mestu fram eftir 1986. Á þeim tíma hefur samdráttur í framleiðslu verið hraðari en samdráttur í neyslu innanlands, svo að dregið hefur úr útflutningi. Þó var framleiðsla árið 1990 eitt þúsund tonnum umfram innanlandsmarkað. Heildarsala innanlands fellur á tímabilinu úr nær 10.900 tonnum árið 1982 þegar hún var mest í 8.300 tonn árið 1988 eða um 24%, en síðan þá hefur salan haldist svo til óbreytt. Á mynd 1 er ekki getið um framleiðslu og neyslu kjöts utan fullvirðisréttar, en áætlað er að hún sé um 450 tonn á ári. Hinar miklu sveiflur í sölu innan tímabilsins skýrast m.a. af breytilegu hlutfalli niðurgreiðslna.

KJÖTNEYSLA OG HLUTUR KINDAKJÖTS

Á árunum 1980 til 1990 hefur heildarkjötneysla á íbúa dregist saman um 7% eða 5 kg á íbúa. Á sama tímabili hefur heildar kindakjötsneyslan dregist saman um 16% . Þar sem þjóðinni hefur fjölgað á tímabilinu hefur neysla kindakjöts á hvern íbúa í raun dregist meira saman en heildarneyslan eða úr 45,0 kg á ári 1980 í 34,3 kg árið 1990, það er tæplega 24% minnkun. Mynd 2 sýnir þróun kjötneyslu á íbúa á þessu tímabili.

Mynd 2



Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins 52-13-2/M-UÞL/jan. 91

Samdráttur í sölu kindakjöts er veginn upp af auknum hlut nauta- og svínakjöts, og munar þar mest um 6,1 kg aukningu á svínakjötsneyslu á íbúa á s.l. tíu árum sem er meira en tvöföldun. Hlutur nautakjöts hefur einnig aukist yfir sama tímabil.

Árið 1980 var kindakjötsneyslan nærri tveirþriðju hlutar kjötneyslunnar, en 1990 aðeins helmingur.

Fróðlegt er að bera heildarkjötneyslu Íslendinga saman við það sem gerist annars staðar. Á eftirfarandi mynd kemur fram hver neysla helstu 4ra kjöttegunda var að meðaltali á íbúa á tímabilinu 1985 til 1988 í nokkrum löndum í Evrópubandalaginu. Á þessum tölum sést að kjötneysla á Íslandi er nokkru minni en í Evrópubandalagslöndunum og neysla eftir kjöttegundum er afar ólík.

MYND 3



Heimild: Hagstofa Íslands/Eurostat

232-0/MI/UÞL/feb. 91

BREYTT VERÐHLUTFALL.

Minnkandi kindakjötsneyslu má fyrst og fremst rekja til óhagstæðrar verðlagsþróunar og breyttra neysluvenja fólks. Það á einnig sinn þátt í að markaðshlutdeild kindakjöts hefur minnkað, að vöruþróun hefur þar verið minni en almennt á matvörumarkaðnum. Ekki síst má ætla að verðsveiflur af völdum breytilegs niðurgreiðslustigs og ósveigjanlegrar verðlagningar hafi dregið úr markaðsmöguleikum sauðfjárframleiðslunnar.

Mynd 4 sýnir þróun á verði til bænda í 1. verðflokki á fjórum helstu kjöttegundunum á tímabilinu 1980 til 1990. Meðalverð til sauðfjárbænda hefur staðið í stað að raunvirði miðað við verð í september ár hvert. Meðalverð á nautakjöti til bænda hefur lækkað um 20%, verð til svínabænda um 18% og verð til kjúklingabænda um tæplega 30% á sama tímabili.

Mynd 4



Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins M Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins feb. 1990

Á mynd 5 sést að smásöluverð kindakjöts í heilum skrokkum hefur hækkað að raunvirði um 15%, lambalæri um 60% og lambakótilettur um nærri 40% á árunum 1980 til 1990. Af þessu má sjá að hækkun á smásöluverði hefur orðið tiltölulega mest á stykkjuðu og unnu kjöti.

Mynd 5



Heimild: Hagstofa Íslands/Þjóðhagsstofnun 213-0/M-UÞL/jan. 91

Aftur á móti hefur smásöluverð á svínakótilettum lækkað um 12%, verð á svínalæri hefur lækkað um 34%, nautahakk um 18%, en verð á kjúklingum hefur nánast haldist óbreytt á sama tímabili. Þessi þróun sést glöggt á myndum 5 og 6

Mynd 6



Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðhagsstofnun 213-9/M1/Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins, feb. 91

Á mynd 7 er dregin upp þróun slátur- og heildsölukostnaðar, niðurgreiðslna, óniðurgreidds heildsöluverðs og smásöluverðs á kg dilkakjöts í DIA í heilum og hálfum skrokkum á föstu verðlagi. Þar kemur fram að niðurgreiðsla á kg lækkaði að raunvirði um 75% frá árinu 1982 til ársins 1985 en þá varð hún lægst. Vegna upptöku á söluskatti í upphafi árs 1988 er breyttist í virðisaukaskatt árið 1990 hækkuðu niðurgreiðslur á kindakjöti verulega. Á tímabilinu 1980 til 1990 hækkuðu niðurgreiðslur á kg að raunvirði um 42%, slátur- og heildsölukostnaður um 25% og óniðurgreitt heildsöluverð um 6%.

Mynd 7



Heimild: Framleiðsluráð Íslands, Hagstofa Íslands M Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins feb. 1990

FÆKKUN BÆNDA.

Búum í hefðbundnum búgreinum hefur fækkað verulega undanfarin ár. Samkvæmt skýrslum sem Árni Jónasson erindreki, hefur tekið saman fækkaði búum í hefðbundnum búskap úr 4.977 árið 1976 í 4.033 árið 1988 eða um 19%.
Á þessu tímabili minnkaði mjólkurframleiðsla um 8% og framleiðsla kindakjöts um 25%. Frá 1988-1990 minnkaði kindakjötsframleiðsla enn um 12% en mjólkurframleiðsla jókst á ný um 4%. Á fyrra tímabilinu var komið á framleiðslutakmörkunum sem höfðu og hafa enn þann tilgang að aðlaga framleiðsluna að þörfum markaðarins. Framleiðslurétti bænda voru settar skorður.
Af þeim sökum eru hús, tæki, tún og mannafli víða vannýtt og enginn vafi er á því að margir bændur geta aukið framleiðslu sína umtalsvert án fjárfestinga og án þess að breytilegur kostnaður, þ.m.t.laun, hækki í hlutfalli við framleiðsluaukninguna. Ef lækka á meðalkostnað í búvöruframleiðslunni er það væntanlega fljótvirkasta aðferðin að gefa þeim hluta bænda sem auðveldast á með að auka framleiðsluna svigrúm til þess. Af því leiðir hins vegar að aðrir verða að draga úr framleiðslu sinni eða hætta framleiðslu.

Mynd 8



Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins M 252-1/10 Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins feb 1990

ÚTFLUTNINGUR.

Á undanförnum árum hefur útflutningsverð lækkað sem hlutfall óniðurgreidds heildsöluverðs. Nú er svo komið að útflutningsverð skilar aðeins verði sem svarar meðaltals slátur- og heildsölukostnaði, þannig að það kjöt sem flutt er út skilar í reynd engu til bænda, hvorki til greiðslu launaliðar, fastakostnaðar né keyptra aðfanga. Markaðir hafa einnig þrengst undanfarin ár þannig að það er erfiðleikum bundið að selja kjötið úr landi. Þessi þróun kemur fram á mynd 8.
Rétt er að taka fram að sú hækkun verðs síðustu ár sem fram kemur á mynd 8 á sér tvær megin skýringar. Önnur er sú að vegna samdráttar í útflutningi er nú einungis flutt út á þá markaði sem gefa skást verð. Hin ástæðan er að vaxandi hlutfall útflutts kjöts er læri og hryggir sem mun betra verð fæst fyrir en kjöt í heilum skrokkum. Á móti kemur að aðrir hlutar skrokksins hafa verið seldir á niðursettu verði. Heildarútkoma úr slíkum útflutningi er því að jafnaði lítið skárri en þegar flutt er út í heilum skrokkum.

Hvernig sem málið er skoðað er útflutningur í dag mjög óhagkvæmur kostur og óhjákvæmilegt er að miða landbúnaðarstefnuna við það að ekki sé framleitt umfram innanlandsmarkað.

VERÐLAGSHORFUR -NEYSLA NÆSTU ÁR.

Framleiðendur telja að með skipulegum aðgerðum, s.s. kynbótum, auknum sjúkdómavörnum og markvissari ráðgjöf megi ná fram 20-30% verðlækkun á kjúklingum á næstu árum og jafnframt töluverðri verðlækkun á bæði nautakjöti og svínakjöti. Til að halda hlutfallslegri markaðsstöðu kindakjöts við aðrar kjöttegundir þarf því verð á því að lækka verulega að raunvirði.

Útreikningar benda til þess að kindakjötsneyslan sé mjög næm fyrir verðbreytingum. Neyslan næstu árin er því háð því hver verðþróunin verður. Þó að niðurstöður útreikninga um verðáhrif á sölu kindakjöts séu of óvissir til að draga megi af þeim einhlíta ályktun um þróun markaðarins gefa þeir þó ótvírætt vísbendingu um hvers er að vænta. Samkvæmt reiknilíkani sem Guðbjörn Árnason, hagfræðingur, hefur unnið fyrir nefndina má ætla að árið 1996 verði neysla kindakjöts á mann um 2 kg minni en nú er, haldist kindakjötsverð óbreytt, samfara verðlækkun svínakjöts um 3% á ári. Vegna fjölgunar íbúa jafngildir það óverulegri breytingu á heildarneyslu. Ef kindakjöt lækkar hins vegar um 5% á ári en svínakjöt um 3% yrði 2 kg aukning á kindakjötsneyslu á mann, sem samsvarar um 500 tonna heildarneysluaukningu á ári, ef tekið er tillit til íbúafjölgunar. Þessir útreikningar eru ófullkomir að því leyti að ekki er tekið tillit til þess hvaða áhrif breyttur smekkur kann að hafa. Því verður að bæta við að einfaldur framreikningur sem tekur mið af neyslusamdrættinum frá árinu 1980 gefur þá niðurstöðu að vænta megi 24 kg neyslu af kindakjöti á íbúa á ári árið 1996 sem mundi samsvara um 6.500 tonna heildarneyslu á ári. Það miðast þó við að verðþróun kindakjöts sé jafn óhagstæð og áður er lýst, verð samkeppniskjöttegunda lækki hlutfallslega og ráðstöfunartekjur heimilanna standi í stað.

Miðað við þá verðþróun sem gæti orðið á öðrum kjöttegundum er líklegt að kindakjöt verði að raunvirði að lækka um að minnsta kosti 4% á ári til þess að heildarneysla þess haldist óbreytt.

ÞÁTTUR RÍKISVALDS Í ÞRÓUN BÚVÖRUFRAMLEIÐSLU.

Opinber afskipti af búvöruframleiðslu hafa verið afar mikil hér á landi svo sem víðar á sér stað. Um langt skeið miðuðu aðgerðir hins opinbera fyrst og fremst að aukinni framleiðslu í hefðbundnum búgreinum með fjárhagslegri hvatningu af ýmsu tagi. Á sl. áratug hefur landbúnaðarstefnan hins vegar fremur beinst að samdrætti framleiðslu.

Stefna stjórnvalda í málefnum landbúnaðarins er fest í lög nr. 46 frá 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Eins og heitið ber með sér eru þar lögfest ákvæði er varða flesta þættir viðvíkjandi búvöruframleiðslu og markaðsetningu búvara.

Hefðbundnar búvörur hafa áratugum saman verið verðlagðar í samræmi við opinber ákvæði, þannig að nefnd framleiðenda og neytenda hefur á grundvelli ítarlegra lagafyrirmæla ákveðið hvaða verð bónda ber fyrir framleiðsluna og hvernig skuli haga verðlagningu frá vinnslustöð. Þrátt fyrir þetta voru lengst af bein tengsl milli framleiðanda og markaðar, því að vinnslustöðvar tóku sauðfjárafurðir í umboðssölu, og endanlegt skilaverð til framleiðanda fór því eftir markaðsaðstæðum. Markaðurinn var þó mjög sveiflukenndur, m.a. vegna tíðra breytinga á niðurgreiðslustigi.

Um miðjan áttunda áratuginn höfðu framleiðsluhvetjandi aðgerðir hins opinbera leitt til mikillar umframframleiðslugetu og útflutningur fór vaxandi. Á sama tíma fór skilaverð

útfluttra sauðfjárafurða lækkandi vegna þróunar á heimsmarkaðsverði, lokunar á Noregsmarkaði og óhagstæðrar verðþróunar innanlands. Opinber umræða um sauðfjárframleiðsluna fór þá að beinast að nauðsynlegum samdrætti í framleiðslu og var fyrsta skrefið í þátt átt stigið með lagasetningu árið 1979.
Með búvörulögunum frá 1985 var enn stigið skref til að draga úr búvöruframleiðslu og samræma hana innanlandsneyslu. Þetta var gert með beinum samningum ríkis og bænda um verðábyrgð ríkisins á umsömdu framleiðslumagni fram til loka verðlagsársins 1991/1992.
Á þessu tímabili fór útflutingsbótaréttur skv. lögunum lækkandi úr 10 % af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða í 5 %, eða um helming.
Einstakir framleiðendur fengu hlutdeild í heildarframleiðslunni miðað við framleiðslu þeirra á tilteknu tímabili nokkrum árum fyrr. Þetta hlutfall var nefnt fullvirðisréttur og vísar til þess magns afurða, sem ríkisvaldið ábyrgðist að fullt verð komi fyrir skv. því opinbera verðlagningarkerfi, sem áður er lýst.
Samningur ríkisvalds og bænda nefnist búvörusamningur og skv. honum ábyrgist ríkisvaldið verð til bænda á um 12 þúsund tonnum af kindakjöti á ári. Samkvæmt sömu lögum er afurðastöðvum skylt að greiða framleiðendum fullt verð sauðfjárafurða sem til falla við haustslátrun fyrir 15. desember ár hvert. Með þessum ákvæðum var endir bundinn á umboðssölu sauðfjárafurða, sem fyrr var vikið að.
Í reynd er sláturhúsum nánast skylt að taka til slátrunar allt sláturfé hvers framleiðanda og greiða fullu verði, enda sé magnið innan fullvirðisréttar viðkomandi framleiðanda. Framleiðsla umfram það er tekin í umboðssölu og óheimilt er að selja hana á innlendum markaði. Ríkisvaldið hefur greitt niður vaxta- og geymslukostnað á kjötbirgðum innan fullvirðisréttar og ákveður niðurgreiðslur á framleiðsluna á sama hátt og áður. Takist ekki að selja framleiðsluna innanlands er ríkissjóður í reynd skuldbundinn til að gera aðrar ráðstafanir, hvort heldur er með því að flytja hana út eða afsetja hana með öðrum hætti, þar sem fullt verð fáist fyrir allt kjöt innan fullvirðisréttar. Búvörulögin frá 1985 og búvörusamningar, sem gerðir hafa verið á grundvelli þeirra og gilda til 31. ágúst 1992, höfðu að markmiði að draga úr framleiðslunni og aðlaga hana innlendum markaði, meðal annars með stuðningi Framleiðnisjóðs. Framleiðsla kindakjöts hefur minnkað úr um 13 þúsund tonnum í rúmlega 9 þúsund tonn, á gildistíma búvörulaganna en markaður innanlands hefur dregist saman umfram spár sem lágu til grundvallar samningagerðinni. Sá samdráttur sem orðið hefur í framleiðslu verður fyrst og fremst rakinn til tímabundinna leigusamninga á framleiðslurétti svo og niðurskurðar vegna riðuveiki svo sem nánar verður vikið að hér á eftir. Staðreynd er að stuðningur við sauðfjárframleiðslu miðast enn við nálega 12 þúsund tonna framleiðslurétt og hafa bændur tekjur í einhverri mynd af þeim stofni.

FJÁRFRAMLÖG RÍKISINS.

Framlög ríkisins til niðurgreiðslna, á kindakjöti, til sauðfjárveikivarna, útflutningsbóta og Framleiðnisjóðs hafa undanfarin ár numið um þremur og hálfum til fjórum milljörðum króna á verðlagi þessa árs.

Mynd 9



Heimild: Ríkisreikn.,Framleiðsluráð landb., Fram leiðnisj. 214-2/M1/ÚÞL7feb. 91

Framlög vegna sauðfjárafurða nema á fjárlögum 1991 um 4% heildarútgjalda ríkisins. Því er óraunhæft að reikna með auknum framlögum. Þvert á móti er almennt krafist niðurskurðar á þessum framlögum og hlýtur landbúnaðarstefnan að taka mið af því.
Hér að framan hefur verið rakið, hversu mikil opinber afskipti eru og hafa verið af búvöruframleiðslunni, þar sem flestir þættir hafa verið háðir opinberum ákvörðunum. Því er augljóst að ekki verður látið af opinberum afskiptum eða stuðningi í einni svipan, heldur hlýtur aðlögun þar að vera nauðsynleg. Ef sýnt verður fram á að aðgerðir muni á næstu árum leiða til endurskipulagningar og hagræðingar, þar sem saman fer lækkun vöruverðs, viðunandi afkoma bænda og samdráttur opinberra útgjalda til þessa málaflokks, ætti að vera unnt að ná víðtæku samkomulagi um hæga fjárhagslega aðlögun allra næstu ár.

STAÐA SAUÐFJÁRFRAMLEIÐSLUNNAR - STUTT YFIRLIT.

Í stuttu máli má segja að staða málsins sé þessi:

- Kindakjötsneysla hefur dregist saman undanfarin ár og líklegt er að svo muni verða áfram næstu ár ef ekki tekst að lækka verð til neytenda verulega, þar sem horfur eru á að verð annarra kjöttegunda lækki umtalsvert á næstu árum.

- Útflutningur kindakjöts er ekki réttlætanlegur við þær aðstæður á heimsmarkaði sem við búum við í dag og fyrirsjáanlegar eru á næstu árum, þ.e. að útflutningur skili aðeins andvirði slátur- og heildsölukostnaðar en engu upp í laun og kostnað bænda.

- Framlög ríkisins vegna sauðfjárafurða nema sem svarar 4 milljörðum króna á ári eða um 4% útgjalda ríkissjóðs. Á komandi árum þarf að draga úr þeim.

Eina sýnilega leiðin til að tryggja stöðu sauðfjárræktar til frambúðar er að auka afköst einstakra bænda og hagræða þannig að verð geti lækkað. Til þess að ná fljótt árangri í því efni þarf að

gefa þeim bændum, sem besta aðstöðu hafa, möguleika til að auka framleiðslu sína. Til þess að svo megi verða þurfa aðrir að draga úr framleiðslu eða hætta búskap. Til lengri tíma litið virðist það eina leiðin til þess að treysta sauðfjárbúskap í landinu og forðast algjört hrun í bændastétt. Eins og áður er komið fram sýna útreikningar að óbreytt framhald þeirrar þróunar sem verið hefur sl. 10 ár myndi leiða til þess að heildarneysla á kindakjöti yrði um 6500 tonn árið 1996. Valið stendur því engan veginn á milli þess að bændum fækki eða þeim fækki ekki. Málið snýst um það að auka hagkvæmnina svo að samkeppni frá öðrum vörum skaði ekki kindakjötneyslu enn frekar og eyðileggi þar með afkomumöguleika sauðfjárbænda.
Margir telja að æskilegt væri að búum yrði fækkað eftir samræmdri áætlun þar sem tekið yrði tillit til búskaparaðstæðna og byggðasjónarmiða. Þessi skoðun hefur verið ráðandi í almennum umræðum í áratugi. Það er hins vegar vandséð hvaða aðili muni treysta sér eða verða treyst til þess að ferðast um héruð og ákveða í boðhætti hvaða bændur skuli búa áfram og hverjir þeirra hætta. Því bendir allt til þess að óhjákvæmilegt sé að láta hvern bónda um að taka þessa ákvörðun út frá eigin mati á aðstæðum.

Landbúnaðarstefnan hlýtur eðlilega að miðast við það annars vegar að tryggja þeim bændum sem stunda búskap bærilega afkomu og hins vegar þeim bændum sem láta af búskap fjárhagslega aðstöðu til að hverfa frá búi sínu þar sem það er óhjákvæmilegt, eða draga saman og snúa sér að öðrum verkefnum í sveitum eða nálægu þéttbýli, sé þess kostur.
Almenna reglan, þegar samdráttur er í einhverri framleiðslugrein í þjóðfélagi okkar, er að greinin verði sjálf að axla þann kostnað sem aðlöguninni er samfara. Fólk missir störf sín og sé ekki hægt að færa framleiðslutækin til annarra nota verða þau verðlítil eða jafnvel verðlaus. Af félagslegum og pólitískum ástæðum og með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem leiða af landbúnaðarstefnu liðinna ára, er óhjákvæmilegt að taka með öðrum hætti á vanda landbúnaðar.

FULLVIRÐISRÉTTUR - FRAMLEIÐSLA - NEYSLA.

Landbúnaðarstefnan hefur undanfarin ár miðast við að takmarka framleiðslu hvers bónda með það fyrir augum að draga úr framleiðslu umfram þarfir á innlendum markaði. Fullvirðisréttur allra bænda á landinu nemur nú 12 þúsund tonnum á ári. Þessi takmörkun er fjarri því að skapa jafnvægi á milli framleiðslu og neyslu og til að minnka bilið hefur verið leitast við að kaupa bændur tímabundið frá framleiðslu með leigu á fullvirðisrétti eins og áður er að vikið. Hluti fullvirðisréttar er á riðusvæðum þar sem framleiðslu hefur tímabundið verið hætt skv. samningum og nokkur hluti fullvirðisréttar er ónotaður. Framleiðsla innan fullvirðisréttar var 9.200 tonn árið 1990 en hún er hins vegar enn um eitt þúsund tonnum meiri en nemur innanlandsneyslu. Það þarf því enn að draga úr framleiðslunni um eitt þúsund tonn miðað við óbreytta neyslu innanlands.
Þó að bilið milli framleiðslu og neyslu innanlands sé aðeins eitt þúsund tonn er vandinn mun meiri vegna þess að sá fullvirðisréttur sem fyrir hendi er og ekki er notaður í dag getur orðið virkur á næstu 2-3 árum. Niðurskurðarþörfin er því nærri 4 þúsund tonn eða um 1/3 réttarins. Þeir sem hafa leigt kvóta, framleiða ekki vegna riðu eða vegna þess að það hentar þeim ekki að nýta réttinn til fulls sem stendur, hafa jafnan rétt til síns fullvirðisréttar og hinir sem nýta hann til framleiðslu. Ef rétturinn verður skorinn niður er því óhjákvæmilegt að niðurskurðurinn komi einnig niður á óvirkum rétti. Til þess eins að minnka framleiðsluréttinn niður í það að samsvara framleiðslu síðasta árs þarf því á næstu tveimur árum að skerða réttinn um 2.700 tonn eða 23% og til að ná samræmi við innanlandsneysluna þarf að skerða réttinn um þúsund tonn til viðbótar, samanlagt um 3.700 tonn eða 31%.

RAUNHÆF LANDBÚNAÐARSTEFNA.

Framleiðslutakmarkanir undanfarinna ára hafa leitt til þess að afkastageta margra bænda er vannýtt og þeir gætu aukið framleiðsluna án umtalsverðs viðbótarkostnaðar. Þeir gætu því framleitt með töluvert lægri meðalkostnaði á kg ef þeim væri gefið svigrúm til þess. Framleiðslutakmarkanir hafa haldið framleiðslukostnaði á kg uppi og þar með verði á kindakjöti, þótt margir bændur hafa brugðist við þeim með því að draga úr aðföngum. Lengra verður hins vegar ekki gengið á þeirri braut. Hátt verðlag hefur aftur leitt til minni neyslu sem svo aftur, ef sama framleiðslustefna er rekin, leiðir til minni framleiðslu hvers bónda, verri nýtingar afkastagetu, aukins kostnaðar á kg og þar með hærra verðs. Þannig hlýtur hringurinn að ganga áfram ef reynt er að ná jafnvægi á milli innlendrar neyslu og heildarframleiðslu með því að skera niður framleiðslumagn hvers bónda. Niðurstaðan felur í sér flótta frá vandamálinu og mun óhjákvæmilega leiða til stöðugrar en skipulagslausrar fækkunar bænda, vaxandi óánægju almennings með hátt búvöruverð og aukins stuðnings við þá kröfu að öllum stuðningi við búskapinn verði hætt og innflutningur heimilaður. Þrátt fyrir þá aðlögun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum mun óbreytt ástand enn auka á vanda sauðfjárræktarinnar. Eina sýnilega lausnin er að lækka framleiðslukostnaðinn og þar með sporna gegn neyslusamdrættinum.

Almenn hagræðing án skipulagsbreytinga getur lækkað kostnað yfir lengri tíma. Framleiðslutakmarkanir undanfarinna ára hafa hins vegar, eins og áður sagði, leitt til þess að afkastageta er víða illa nýtt. Þess vegna er hægt að ná verulegri kostnaðarlækkun á stuttum tíma með því að heimila þeim sem það geta að nýta afkastagetuna til fulls á hagkvæman hátt. Að því er best verður séð er það eina fljótvirka aðferðin til þess að ná árangri.
Núverandi kerfi með fast framleiðslumagn hefur leitt til hnignunar og samdráttar í greininni og er vafasamt að eðlileg endurnýjun meðal framleiðenda geti orðið án verulegra breytinga.

Óhjákvæmilegt er að verðlagning vörunnar verði sveigjanlegri til þess að hægt verði að bregðast tímanlega við breytingum á markaði. Verðhækkun á kjötinu án tillits til markaðsaðstæðna getur leitt til minnkandi neyslu eins og dæmin sanna. Markaður sem einu sinni er tapaður vegna rangra eða sjálfvirkra verðákvarðana er vandunninn aftur. Verðhækkanir sem ekki eru í samræmi við verðþróun á markaðnum munu ekki skila sauðfjárbændum auknum tekjum í bráð né lengd. Útreikningar á því hvert stefnir í neyslu kindakjöts sýna að verð þyrfti að lækka um 4 - 5% á ári á næstu árum til þess að halda í horfinu.
Margt bendir til að mögulegt sé að uppfylla þá framleiðnikröfu. Athuganir sýna að afurðamagn og kostnaður er mjög breytilegur á milli búa.

Nefndin hefur ekki lagt sjálfstætt mat á það hve mikilli hagræðingu er hægt að ná með því að færa framleiðsluna á hagkvæmari búin þar sem upplýsingar um það efni liggja ekki fyrir. Miðað við þær athuganir sem gerðar hafa verið og nefndar eru að ofan er 4-5% framleiðniaukning á ári ekki óraunhæft markmið.
Til þess að gefa sumum svigrúm til framleiðsluaukningar verða aðrir að draga úr framleiðslu sinni eða hætta búskap, ef komast á hjá framleiðslu umfram innlenda þörf. Til að ná þeim árangri er í grundvallaratriðum um tvær leiðir að ræða. Önnur leiðin er sú að leyfa markaðnum að ráða, láta framleiðendur keppa um hylli neytenda á innlendum markaði, undirbjóða verð hver fyrir öðrum, þangað til nógu margir gefast upp til að jafnvægi náist. Samstaða virðist um það í þjóðfélaginu að firra bændastéttina því verðfalli eigna og þeirri tekjuskerðingu, sem sú lausn mundi leiða til. Því er leitað hinnar leiðarinnar sem er að auðvelda þeim sem vilja draga úr framleiðslu sinni eða hætta búskap að taka slíka ákvörðun jafnhliða því sem bændum verður tryggt verð fyrir afurðir sínar.

TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA.

1. Markmið.

Tilgangurinn með tillögum þessum er að bæta samkeppnisstöðu kindakjötsframleiðslunnar gagnvart öðrum matvælum, lækka verð til neytenda og draga úr opinberum framlögum. Jafnframt er að því stefnt að þeir sem vinna við framleiðsluna hafi hliðstæða afkomumöguleika og viðmiðunarstéttir hafa á hverjum tíma. Til þess að ná þessum markmiðum þurfa að verða miklar breytingar á skipulagi framleiðslunnar.

Í tillögum þessum er að því stefnt að fyrirhugaðar breytingar verði sem mest á frjálsan hátt, þannig að hver einstök bændafjölskylda taki ákvörðun um hvort og í hvaða mæli hún heldur áfram sauðfjárframleiðslu, eða hætti henni.

2. Sauðfjárframleiðsla við nýjar aðstæður.

Gert er ráð fyrir, að sauðfjárframleiðslunni verði settur nýr rammi til næstu 6 ára frá haustinu 1992 að telja. Þá kemur á markað fyrsta framleiðslan sem fellur utan ramma gildandi búvörusamnings.

Í stað fastrar verð- og söluábyrgðar ríkisins á tilteknu magni sauðfjárafurða og ósveigjanlegrar framleiðslutengingar komi beinar greiðslur til bænda sem miðaðar verði við spá um innanlandsneyslu kindakjöts á komandi ári. Bændur, sem haft hafa fullvirðisrétt í núverandi kerfi fái hlutfallslegan rétt miðað við slíka markaðsspá. Réttur þeirra til framlags nefnist greiðslumark er verði mælt í kjötmagni. Framlagið komi að mestu í stað niðurgreiðslna og greiðist óskert þótt framleiðsla bónda sveiflist innan sveigjanlegra marka. Verði framleiðsla kindakjöts eitthvert ár umfram sölu, þannig að birgðir aukist, kemur mismunur til lækkunar á heildargreiðslumarki næsta árs. Þá er ennfremur gert ráð fyrir, að bændum verði frjálst að eiga viðskipti með greiðslumark en slíkt stuðlar að hagræðingu við framleiðslu og auðveldar búháttabreytingar. Þá verði hverjum framleiðanda heimilt að kaupa rétt til greiðslumarks og öllum verði heimilt að framleiða og selja án opinbers stuðnings. Til undirbúnings þessum breytingum er gerð tillaga um sérstakar ráðstafanir til að draga hratt úr umframframleiðslu.

Við það er miðað að með þessum aðgerðum verði unnt að lækka framleiðslukostnað sauðfjárafurða og á þann veg styrkja stöðu kindakjöts á matvælamarkaði. Einnig að draga úr útgjöldum hins opinbera, auðvelda þeim sem það kjósa að láta af búskap og koma eigum sínum í verð, og gefa þeim sem bestar hafa aðstæður til sauðfjárframleiðslu aðstöðu til að nýta hana í samkeppni við aðra framleiðendur matvæla.

Nefndin telur óhjákvæmilegt að sauðfjárbændur fái svigrúm til aðlögunar að aukinni samkeppni. Tillögur um kvótakerfi og verðmyndun skoðast því sem tímabundin ráðstöfun og liður í undirbúningi búvöruframleiðslunnar að frjálslegri viðskiptaháttum. Því verði enginn réttur tryggður með þessu kerfi fram yfir þau tímamörk sem tillögur þessar miða við.

3. Beinar greiðslur.

Á árinu 1992 verði teknar upp beinar greiðslur til hvers framleiðanda vegna innleggs á því verðlagsári, um 50% grundvallarverðs á kg skráðs greiðslumarks viðkomandi bónda miðað við heilt ár.

Núverandi fyrirkomulag niðurgreiðslna á verði kindakjöts falli niður frá sama tíma. Hins vegar er hvorki gert ráð fyrir að þessi breyting hafi áhrif á sérstakar niðurgreiðslur fjármálaráðuneytis á hluta VSK né gildandi reglur um niðurgreiðslur til ullariðnaðarins á vegum viðskiptaráðuneytisins. Beinar greiðslur verði inntar af hendi mánaðarlega.

4. Aðlögun fullvirðisréttar að greiðslumarki.

Aðlögun sauðfjárframleiðslu að innlendum markaði kallar á margþættar aðgerðir, ef ekki á að leiða til ringulreiðar og efnahagslegs hruns meðal sauðfjárbænda. Nefndin leggur því til að fjármunum verði varið fyrstu tvö til þrjú árin, eftir að núverandi búvörusamningur rennur sitt skeið, til að auðvelda óhjákvæmilegan samdrátt í sauðfjárrækt. Frá og með árinu 1993 fari ríkisútgjöld til sauðfjárræktar lækkandi. Því er gerð tillaga um svofellda aðlögun sauðfjárræktarinnar að nýrri skipan, þar sem framlög miðist við innanlandsneyslu:

a. Á tímabilinu frá 1. maí 1991 til 31. ágúst 1992 kaupi ríkissjóður upp fullvirðisrétt í sauðfjárframleiðslu sem svarar allt að 3.700 tonna samkvæmt því sem hér segir:
Á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 1991 kaupi ríkissjóður virkan sem óvirkan fullvirðisrétt, þó að hámarki 3.700 tonn. Miðað skal við að heildarfækkun bústofns verði 13% og að samdráttur í virkum fullvirðisrétti í framleiðslu verði a.m.k. 900 tonn fyrir 1. október 1991. Við það er miðað að tilboð um kaup á virkum fullvirðisrétti fyrir haustið 1991 verði kr. 600 á kg. Þessi fjárhæð er ákveðin með hliðsjón af fyrri reynslu af tilraunum til að ná fram umtalsverðum uppkaupum.
Eigi að ná fram raunverulegum samdrætti í framleiðslu þarf að fækka ásettu sauðfé þegar haustið 1991 um 13% frá árinu áður. Til þess að minnka umframframleiðslu haustið 1992 og til að auðvelda óhjákvæmilegan samdrátt sauðfjárframleiðslunnar kaupi ríkissjóður því allt að 70.000 ær til slátrunar og láti afurðir af þeim ekki koma fram á innlendum markaði. Sölu á virkum fullvirðisrétti í framleiðslu skal því fylgja skuldbinding um tilsvarandi fækkun á bústofni veturinn 1991 – 1992 og skal þá við það miðað að uppkaupum á þessum rétti fylgi tilsvarandi fjöldi kinda.
Þeir framleiðendur, sem afsala sér öllum fullvirðisrétti, fái greiddar kr. 5.000 fyrir hverja vetrarfóðraða kind er þeir farga samkvæmt framanskráðu, en annars kr. 3750. Auk þessa ábyrgist ríkissjóður fullt verð afurða, sem svarar minni ásetningsþörf haustið 1991, þ.e. 2,25 kg dilkakjöts fyrir hverja kind sem fækkað er um skv. framanskráðu. Það sem á kann að vanta að markmið um samdrátt í virkum fullvirðisrétti og bústofni náist með frjálsum uppkaupum fyrir 1. september 1991 verði náð með niðurfærslu á rétti og komi greiðsla fyrir, kr. 500 á kg. Slík niðurfærsla á virkum rétti verði jafnt hlutfall á hverju búmarkssvæði að meðtöldum frjálsum uppkaupum sem höfðu í för með sér bústofnsfækkun á svæðinu.

b. Á tímabilinu frá 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 gefist bændum áfram kostur á frjálsum samningum um afsal fullvirðisréttar til ríkissjóðs og komi þá greiðsla fyrir, sem nemi kr. 400 á kg.

c. Frá 1. september 1991 verði heimiluð sala á fullvirðisrétti milli einstaklinga, með þeim skilmálum, sem í tillögum þessum felast.
Ríkissjóður hafi heimild til að kaupa 20% af fullvirðisrétti í hverri sölu. Þó er heimilt að hafa ofangreint hlutfall lægra eða ekkert á nánar tilgreindum svæðum sem byggja afkomu sína nær eingöngu á sauðfjárrækt. Greiðsla verði kr. 400 á kg. Það sem á vantar að kaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti nái 3700 tonnum samkvæmt framanskráðu, verði fullvirðisréttur færður niður að því marki, að teknu tilliti til óvirks réttar samkvæmt samningum, fyrir 15. september 1992 og komi greiðsla fyrir.
Á tímabilinu 1. sept. 1991 – 31. ágúst 1992 er hverjum bónda að hámarki heimilt að auka fullvirðisrétt sinn um 15% frá því sem nú er með kaupum á rétti.
Framangreindar takmarkanir á viðskiptum með fullvirðisrétt eða ígildi hans falla niður eigi síðar en 1. september 1992, að því er varðar fyrirkomulag það sem hér er rætt um.

d. Almennir skilmálar fyrir viðskipti með fullvirðisrétt og greiðslumark.
Heimilt er framleiðendum að eiga viðskipti sín á milli með fullvirðisrétt og greiðslumark skv. tillögum þessum að því marki, sem rétturinn hefur verið virkur í framleiðslu hjá viðkomandi framleiðenda næstliðin tvö ár fyrir sölu.

Við kaup ríkisins á óvirkum fullvirðisrétti skv. tillögum þessum skulu greiðslur fyrir hann nema 80% af greiðslum fyrir virkan rétt. Ríkissjóður gengur þá inn í leigusamninga, sem gerðir kunna að hafa verið um réttinn.

Rétthafa óvirks fullvirðisréttar er þó jafnan heimilt að hefja framleiðslu eftir lok leigutíma, og nýta rétt til greiðslumarks. Sé það gert og framleiðslu haldið úti í full 3 ár, er heimilt að afsala rétti til greiðslumarks án framangreindra takmarkana.

Fullvirðiréttur, sem er óvirkur vegna riðuniðurskurðar, hefur sömu stöðu og virkur fullvirðisréttur í framleiðslu enda hafi ekki verið samið um leigu á fullvirðisrétti í framhaldi af niðurskurði. Um leigðan rétt fer samkvæmt áður tilgreindu. Bændum, sem slíkan rétt eiga er fram til 31. ágúst 1992 heimilt að nýta sér kauptilboð ríkisins á fullvirðisrétti enda falli þá aðrar bóta- eða leigugreiðslur niður frá sama tíma.

e. Óski bóndi að halda fullvirðisrétti á jörð sinni fremur en að selja hann getur hann lagt réttinn inn til geymslu út gildistíma búvörusamnings, án þess að greiðsla komi fyrir. Réttur þessi sæti sömu breytingum og annar fullvirðisréttur.

Slíkur réttur verður aðeins endurvakinn á sömu jörð og skal tilkynna það tveim árum áður en nýting hans hefst.

f. Einn aðili skal skráður fyrir öllum framleiðslurétti á hverju lögbýli nema um sé að ræða fleiri sjálfstæða rekstraraðila.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, í umboði landbúnaðarráðuneytisins, haldi skrá yfir handhafa framleiðsluréttar og skrái jafnharðan þær breytingar sem verða.

5. Ákvörðun afurðaverðs.

Núverandi verðlagningarkerfi sauðfjárafurða verði viðhaldið næstu tvö ár. Verðlagningu skal því fyrst um sinn hagað í samræmi við gildandi ákvæði 7. – 12. greinar búvörulaga frá 1985. Ákvæðum þessum verði þó breytt þannig að heimilt verði að semja um tilteknar fyrirfram ákveðnar framleiðnikröfur og horfið verði frá ákvæðum um sjálfvirkan framreikning verðs.

Nefndin telur að dilkakjöt þurfi að lækka um a.m.k. 20% á næstu 5–6 árum til að halda samkeppnisstöðu sinni. Við það skal miðað að raunverð sauðfjárafurða geti lækkað í áföngum. Að lokinni endurskoðun verðlagsgrundvallar haustið 1991 skal verð fært niður um 2% frá því sem grundvöllurinn gefur tilefni til. Grundvallarverð, sem reiknað hefur verið á þann hátt og framreiknað haustið 1992, skal fært niður á sama hátt um 4%. Að þeim tíma loknum verði kerfi verðlagningar sauðfjárafurða tekið til endurskoðunar og þá m.a. kannaðir kostir umboðsviðskipta. Jafnframt þessu verði leitast við að lækka verð aðfanga svo sem kostur er. Stefnt skal að 4% raunlækkun á verði sauðfjárafurða að jafnaði á hverju ári út tímabilið.

6. Greiðsla afurðaverðs.

a. Greiðslur ríkissjóðs.

Heildargreiðslumark miðast við áætlaða markaðsþörf hvers árs, í fyrsta sinn jafngildi 8.300 tonna fyrir verðlagsárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993. Þessi viðmiðun skal tekin til endurmats fyrir 15. september 1991.

Heildargreiðslumark skal ákveðið fyrir 15. september ár hvert fyrir þá framleiðslu sem til fellur í sláturtíð næsta árs. Greiðslumark skal ár hvert miða við spá um innanlandsneyslu og skal við það miðað að birgðir 1. september verði ekki umfram 3ja vikna innanlandssölu og hámarksbirgðastaða ekki umfram 6 vikna sölu.

Greiðslumark hvers framleiðenda verði í upphafi, þ.e. fyrir slátrun haustið 1992, í hlutfalli við fullvirðisrétt hans, eins og sá réttur verður að lokinni niðurfærslu samkvæmt 4. tl. hér að framan.

Greiðslumark hvers framleiðenda breytist ekki þótt framleiðsla hans verði allt að 20% undir eða 10% yfir greiðslumarki hlutaðeigandi að teknu tilliti til keypts eða selds réttar. Verðlagsárið 1992 / 1993 skulu efri mörk þó vera 5%. Leyfileg fráviksmörk skulu endurskoðuð árlega með hliðsjón af markaðsaðstæðum og skal auka við efri mörk, fari markaður fyrir sauðfjárafurðir stækkandi frá því sem hér er miðað við, þannig að hlutur óstyrktrar framleiðslu geti aukist.

Öll framleiðsla innan ytri marka greiðslumarks (80% – 110%) fari á innlendan markað á verðlagsárinu. Það sem óselt kann að vera af þessu magni í lok verðlagsárs skal markaðsfært sérstaklega innanlands eða utan með markaðsstuðningi, sem kostaður verði af hlutfallslegri verðfellingu á greiðslum vegna afurða, sem til falla í sláturtíð ársins. Þó skal ákveða greiðslumark næsta árs þeim mun lægra, sem nemur þessum mun á framleiðslu og sölu, og er með samkomulagi heimilt að ákveða sérstaka lækkun á greiðslumarki til að vega á móti birgðum, með það fyrir augum að koma birgðastöðu í jafnvægi, þ.e. 3ja vikna birgðir 1. september, á allt að tveimur árum.

Leiði markaðssamdráttur til þess að sala nái ekki heildargreiðslumarki og birgðir kindakjöts fari umfram 3ja vikna sölu 1. september, skal það sem á vantar markaðsfært á innlendum markaði með markaðsstuðningi sem fjármagnaður sé með verðfellingu á greiðslu vegna slátrunar árið eftir. Í stað verðfellingar vegna birgða umfram 3ja vikna neyslu skal heimilt að lækka greiðslumark með það fyrir augum að ná birgðum niður í 3ja vikna neyslu á næstu tveimur árum. Þeir fjármunir sem ríkissjóður sparar vegna þessarar skerðingar á greiðslumarki skal notað til söluátaks innanlands til að flýta fyrir því að jafnvægi náist.

Til að draga úr áhrifum mikillar framleiðsluaukningar einstakra bænda á greiðslumark annarra, skal við það miðað að fari framleiðsla þeirra 10% (5% árið 1992) umfram greiðslumark, skuli það, sem umfram er þessi mörk og rúmast ekki innan heildargreiðslumarks, koma til lækkunar á greiðslumarki hlutaðeigandi á næsta verðlagsári. Er heimilt að ákveða að greiðslumark ársins skerðist tímabundið um allt að 0,5 kg fyrir hvert framleitt kg umfram 110% (105% árið 1992) af greiðslumarki viðkomandi og komi skerðingin til frádráttar síðustu greiðslum ársins.

Nái framleiðsla ekki tilskildu hlutfalli greiðslumarks skerðist greiðsla hlutfallslega miðað við tilskilið magn og komi til frádráttar síðustu greiðslum ársins.

Greiðslumark og heimiluð frávik frá því skulu endurskoðuð árlega. Heimilt er að ákveða að greiðslur ríkissjóðs taki mið af gæðaflokkun kjöts.

b. Greiðslur afurðastöðva.

Greiðsla afurðastöðvar til framleiðenda skal nema reiknuðum mismun á beinum greiðslu á kg kjöts samkvæmt greiðslumarki og skráðu verði til framleiðenda samkvæmt verðlagsgrundvelli.

Tilhögun greiðslu verði eftirfarandi:

* Um greiðslu afurðaverðs fari eftir meginefni ákvæða 29. gr. búvörulaga með þeim frávikum sem hér greinir. Þetta er háð því skilyrði að fullnægjandi fjármögnun sé tryggð á réttum tíma, miðað við skuldbindingar afurðastöðva.
* Afurðir, sem eru umfram ytri ramma greiðslumarks 110% (105% árið 1992) greiðast samkvæmt sérstöku samkomulagi afurðastöðvar og framleiðenda og skulu markaðsfærðar erlendis. Þó er heimilt að selja þær á innlendum markaði, komi í ljós að framleiðsla sé innan við ytri ramma heildargreiðslumarks, og þá að því marki samkvæmt nánari reglum.

* Þessi ákvæði skerða þó ekki rétt framleiðenda til að selja, án nokkurs opinbers verðstuðnings, sauðfjárafurðir í afurðastöð og fer þá um verðlagningu þeirra samkvæmt samningi framleiðenda og afurðastöðvar. Afurðir sem koma kunna í sölu samkvæmt þessu koma til viðbótar ytri mörkum greiðslumarks hverju sinni.
* Hafi ákvörðun um verðskerðingu vegna birgðasöfnunar verið tekin samkvæmt a) lið hér að aftan, komi verðskerðing hlutfallslega til frádráttar uppgjöri afurðastöðvar.
* Greiðslu vaxta- og geymslugjalds verði hagað með svipuðum hætti og verið hefur og greiðist vegna birgða allt að 6 vikna birgðum 1. september ár hvert.
* Útflutningur eftir 1. september 1992 verði á ábyrgð bænda og vinnslustöðva.

7. Skattar.

Forsenda er að opinber skattlagning virki ekki sem hindrun á viðskipti með fullvirðisrétt / greiðslumark á milli framleiðenda, og komi þannig í veg fyrir þá hagræðingu sem stefnt er að.

8. Sjóðagjöld.

Samhliða endurskoðun framleiðslukerfisins er nauðsynlegt að taka til endurmats ýmis framlög til sjóða og gjöld, sem lögð eru á sem kostnaðarliðir við framleiðsluna. Þessir liðir eru til endurskoðunar og munu tillögur um það efni birtast á næstu mánuðum.

9. Sala bújarða.

Nefndin telur rétt að kanna á hvern veg auðvelda megi bændum sem bregða búi að selja jarðir sínar. Í því sambandi verði hlutverk jarðakaupasjóðs athugað sérstaklega.

10. Verðlagsþróun.

Tillögur þessar eru á meðalverðlagi marsmánaðar 1991.

11. Tímabil.

Við það er miðað að skipan þessi gildi til ársloka 1997.

Fylgiskjal I.

Hámarksútgjöld ríkissjóðs vegna sauðfjárframleiðslu 1990–1997 skv. tillögu sjömannanefndar á áætluðu verðlagi í mars 1991 í milljónum króna

	1990	Áætl. 1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Samtals 92–97
Niðurgreiðslur	1.877	1.805							
Útflutningsbætur	788	621	276*						276
Förgunarkostnaður			35						35
Beinar greiðslur og niðurgreiðslur			1.769	1.701	1.636	1.573	1.513	1.454	9.647
Sauðjv., Framlsj. og kaupsamningar	497	402	570	480	480	480	480	15	2.505
Aðrar niðurgr., ull, vaxta- og geymslugj.	701	604	456	438	422	405	390	375	2.486
Samtals	3.865	3.432	3.106	2.619	2.538	2.458	2.382	1.844	14.949

* Að auki falla til 500 m.kr. í útflutningsuppbætur vegna gildandi búvörusamnings.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Með frumvarpi þessu eru gerðar nauðsynlegar lagabreytingar í framhaldi af undirritun búvörusamnings frá 11. mars 1991. Þá voru gerðar ítarlegar áætlanir um kostnað sem samningurinn myndi hafa í för með sér og breytingar á útgjöldum frá fyrra fyrirkomulagi. Hjálagt fylgja tvær töflur um kostnað ríkissjóðs vegna þessa frumvarps.

Útgjöld ríkissjóðs vegna búvörusamningsins eru með þrennum hætti, þ.e. samningurinn sjálfur sem kveður á um stjórn framleiðslunnar á tímabilinu 1991-1998 þar á meðal beinar greiðslur til framleiðenda sauðfjárafurða á lögbýlum, viðauki I sem kveður á um aðlögun fullvirðisréttar í sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði og viðauki II sem fjallar um ýmsar stuðningsaðgerðir í framhaldi af samningnum.

Frumvarp þetta tekur fyrst og fremst til samningsins sjálfs og viðauka I. Ákvæði viðauka II verða borin fyrir Alþingi með frumvarpi til fjárlaga og ráðast af samþykkt þeirra hverju sinni.

Með frumvarpi þessu er í 6. gr. a. vikið að þeim hluta búvörusamnings sem viðauki I fjallar um, þ.e. tilboð ríkissjóðs um að greiða fyrir allt að 3.700 tonn fullvirðisréttar í sauðfjárframleiðslu og allt að 55.000 ær. Alþingi hefur með 38. gr. lánsfjárlaga fyrir 1991 nr. 26/1991 heimilað fjármálaráðherra að stofna til skuldbindinga vegna þessa. Í töflu I er áætlun um kostnað ríkissjóðs vegna aðlögunar sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði. Þar er fyrst vikið að kostnaði vegna uppkaupanna á tímabilinu frá 1. maí 1991 til 1. september 1991, en þá lækkuðu greiðslur ríkissjóðs skv. tilboðinu, sem stendur til 1. september 1992. Kostnaður ríkissjóðs vegna kaupa á fullvirðisrétti á þessu tímabili nam um 996 milljónum. Þá var kostnaður vegna fyrri niðurfærslu fullvirðisréttar um 62.1 milljón, en hún er gerð til að ná settum markmiðum um aðlögun. Bætur til bænda vegna förgunar 40.000 fjár nema um 155 milljónum. Greiðslur vegna þessa á að inna af hendi til bænda 31. janúar 1992, þ.e. að 1/5 hluta og þá á að afhenda skuldabréf fyrir 4/5 hlutum, sem greiðast 31. janúar 1993–1996. Vegna sölu fullvirðisréttar fá bændur skv. búvörusamningum aukinn rétt til innleggs vegna minni ásetningsþarfar haustin 1991 og 1992 og er kostnaður vegna þess haustið 1991 um 40,5 milljónir. Kostnaður vegna slátrunar og afsetningar 40.000 fjár er talinn vera um 14.4 milljónir, sem er mismunur á því verði sem fæst við útflutning ærkjötsins og því sem sláturleyfishafar fá greitt fyrir slátrun fjárins. Kostnaður vegna förgunar um 40.000 fjár haustið 1991 er því um 195.5 milljónir.

Tilboð ríkissjóðs stendur til 1. september 1992 og er miðað við að greiða fyrir allt að 3.700 tonn fullvirðisréttar og 55.000 ær. Ríkissjóður hefur nú þegar gert samninga um að greiða fyrir 1.709 tonn fullvirðisréttar og 138 tonn vegna fyrri niðurfærslu fullvirðisréttar. Eftir standa 1.853 tonn sem þarf að ná út, annað hvort með samningum eða seinni niðurfærslu fullvirðisréttar haustið 1992. Kostnaður vegna þess getur mestur orðið 704 milljónir, en það ræðst af því hversu margir ganga að tilboði ríkissjóðs fram til 1. september 1992 og hvert verður heildargreiðslumark verðlagsársins 1993-1994, en greitt verður fyrir fullvirðisrétt

niður að því magni, sbr. 5. mgr. 6. gr. a. í frumvarpinu. Þá gerir áætlunin ráð fyrir því að förgunarkostnaður á árinu 1992 verði um 68 milljónir. Greiðslur vegna þessa á að inna af hendi til bænda á árunum 1993-1997.

Skv. töflu I er áætlaður kostnaður ríkissjóðs vegna aðlögunar fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði um 1.995.428 þús. kr. og dreifist sá kostnaður ríkisjóðs á 6 ár, þ.e. 31. janúar 1992-1997. Greiðslur ríkisjóðs til bænda eru verðtryggðar frá maí 1991 og skuldabréf bera auk þess 5% vexti frá 1. janúar 1992.

Auk útgjalda vegna aðlögunar að innanlandsmarkaði felast í frumvarpi þessu útgjöld vegna beinna greiðslna ríkissjóðs til framleiðenda sauðfjárafurða á lögbýlum, sbr. 6. gr. e. og b. Skv. töflu II er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs í formi beinna greiðslna verði 1.770.000 þús. kr. á árinu 1992 og fari síðan lækkandi allt til ársins 1997. Útgjöld vegna beinna greiðslna ráðast annars vegar af því hvert verður heildargreiðslumark hvers verðlagsárs og hins vegar af afurðaverði til framleiðenda. Í áætlun töflu II er miðað við að heildargreiðslumark allra áranna verði 8.600 tonn. Þá er gert ráð fyrir að afurðaverð til framleiðenda taki þeim breytingum sem grein 5.1. í búvörusamningi kveður á um, þ.e. að afurðaverð verði fært niður um 2% haustið 1991 og 4% haustið 1992. Auk þess er tekið mið af bókun II með samningnum þar sem fram kemur að aðilar séu sammála um að stefna beri að því að raunverð dilkakjöts lækki í áföngum um 20% á næstu 5-6 árum. Hins vegar falla niður niðurgreiðslur og svokölluð staðgreiðslulán ríkissjóðs vegna sauðfjárafurða. Fjármögnun afurðastöðva til greiðslu afurðaverðs verður því að vera með öðrum hætti framvegis. Gert er ráð fyrir að niðurgreiðsla á vaxta- og geymslukostnaði svo og niðurgreiðsla á ull verði með svipuðum hætti og verið hefur.

Í töflu II eru talin útgjöld útflutningsbætur vegna birgðalækkunar. Þetta er áætlaður kostnaður vegna 3. mgr. 6. gr. f. í frumvarpinu um að birgðir kindakjöts verði ekki umfram ákveðið magn 1. september 1992. Endanlegur kostnaður vegna þessa ræðst fyrst og fremst af því hve mikil framleiðsla sauðfjárafurða hafi verið haustið 1991 og hve mikið selst af þeirri framleiðslu fram til 1. september 1992.

Með 8. gr. frumvarpsins eru felldar úr gildi frá 1. september 1992 36. og 38. gr. laga nr. 46/1985, en 36. gr. kveður á um greiðslu útflutningsbóta. Útflutningsbætur á mjólkur- og sauðfjárafurðir falla því niður frá 1. september 1992, en útgjöld vegna þeirra á árinu 1990 voru um 829.632 þús. kr.

TAFLA I.

ÁÆTLUN UM KOSTNAÐ RÍKISSJÓÐS VEGNA AÐLÖGUNAR SAUÐFJÁRRÆKTAR AÐ INNANLANDSMARKAÐI Á SAMNINGSTÍMA (VIÐ UPPKAUP Á FULLVIRÐISRÉTTI, SEM BUNDINN ER Í LEIGUSAMNINGUM, RIÐUSAMNINGUM OG VIRKUR Í FRAMLEIÐSLU). ÁÆTLUNIN ER BUNDIN VIÐ VERÐLAG Í JANÚAR 1992.

KEYPTUR RÉTTUR:	TONN	UPPKAUP: FYRIR 1.9 MAGN	VERÐ	SEPT 1991 MAGN	VERÐ	1.9 1992 MAGN	VERÐ	
VIRKUR RÉTTUR,NÝTTUR	9,140	604	600	124	450	512	380	
VIRKUR RÉTTUR,ÓNÝTTUR	700	500	600			200	380	
RIÐUSAMNINGAR	900	110	600	14	450	550	380	HÁMARKSSALA
LEIGUSAMNINGAR	1,260	495	480			591	380	FULLVIRÐIS-
								RÉTTAR TONN
ALLS	12,000	1,709	966,000	138	62,100	1,853	704,140	3700

MAGN UPPKAUPA, TONN			3,700				
KOSTNAÐUR ALLS Í ÞÚS. KR			1,732,240				
			=========				
FÖRGUN:1991	5,000	3,500	KOSTN.	FÖRGUN:1992	3,500	KOSTN.	
FJÖLDI FJÁR	10,000	30,000	155,000	FJÖLDI FJÁR	15,000	52,500	
KJÖTMAGN	22,500	67,500	40,500	KJÖTMAGN	33,750	15,188	
FÖRGUNARKOSTN.			14,400	FÖRGUNARKOSTN.		5,400	
			-------			-------	
KOSTN.ALLS VEGNA FÖRGUNAR 1991 ÞÚS. KR			195,500	KOSTN. ALLS VEGNA FÖRGUNAR 1992 ÞÚS. KR		67,688	

		ÁR						
	=========	---	---	---	---	---	---	---
SAMANLAGÐUR KOSTNAÐUR, ÞÚS.KR	1,995,428	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1993/97
ÁRLEGUR KOSTNAÐUR, M.V. JANÚAR 1992	========	292,000	417,044	435,811	455,423	475,917	135,044	2,211,239
VEXTIR % OG ALLS AF HVERRI ÁRSGREIÐSLU	5.00%	0	20,852	43,581	68,313	95,183	27,009	254,939
KOSTN. ALLS VIÐ UPPKAUP OG FÖRGUN, ÞÚS.KR		292,000	437,897	479,392	523,736	571,100	162,053	2,466,178
=========		========	========	========	========	========	========	========

TAFLA II.

FRAMLÖG TIL AÐLÖGUNAR Á SAUÐFJÁRFRAMLEIÐSLU OG BEINAR GREIÐSLUR TIL FRAMLEIÐENDA SAUÐFJÁRAFURÐA Á LÖGBÝLUM, VERÐLAG JANÚAR 1992

ÁRTAL	1992	1993	1994	1995	1996	1997	SAMTALS
KOSTNAÐUR VIÐ UPPKAUP OG FÖRGUN	292,000	437,897	479,392	523,736	571,100	162,053	2,466,178
ÚTFLUTNINGSBÆTUR V. BIRGÐALÆKKUNAR	225,000						225,000
KOSTN. ALLS VIÐ UPPKAUP OG AÐLÖGUN ÞÚS. KR	517,000	437,897	479,392	523,736	571,100	162,053	2,691,178
BEINAR GR. TIL SAUÐFJÁRFRAMLEIÐSLU ÞÚS. KR	1,770,000	1,699,200	1,631,232	1,565,983	1,503,343	1,443,210	9,612,968
FRAMLÖG OG BEINAR GREIÐSLUR ALLS ÞÚS. KR	2,287,000	2,137,097	2,110,624	2,089,719	2,074,444	1,605,262	12,304,146

299. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur á þeim skamma tíma, sem gefist hefur, reynt eftir föngum að kanna efni frumvarpsins. Fallist var á þá tillögu stjórnarandstöðunnar við 1. umr. að helstu efnisköflum þessa safnfrumvarps (bandorms) yrði vísað til viðkomandi fagnefnda og verður í álitinu víða vísað í álit nefndanna eða álit meiri hluta (landbúnaðarnefndar) eða minni hluta eftir því sem við á. Þessi skoðun málsins í fagnefndum var þeim mun mikilvægari þar sem frumvarpið er þannig uppbyggt að þar ægir saman hreinum faglegum eða stefnumarkandi atriðum sem sum hver hafa engin áhrif á útgjöld ríkisins og öðrum sem eru meira fjármálalegs eðlis.

Í tveimur tilvikum (í heilbrigðisnefnd og allsherjarnefnd) náðist full samstaða um breytingar á frumvarpinu og sannar það gildi þess að viðkomandi nefndir fái í slíkum tilvikum að fjalla um málin á faglegum grundvelli.

Óhjákvæmilegt er að fjalla nokkuð um þær vinnuaðstæður sem nefndinni voru skapaðar. Ber þar auðvitað hæst þá staðreynd að ríkisstjórnin sjálf hafði ekki, þegar frumvarpið var tekið fyrir, komið sér saman um marga veigamikla þætti efnahags- og ríkisfjármálanna (og hefur reyndar ekki gert enn að því er best verður séð). Þetta leiddi til þess að fullkomin óvissa ríkti um stöðu mála. Frumvarpið, eins og það var lagt fram, fól í raun einungis í sér tilraun til útfærslu á þeim sparnaði sem boðaður var í forsendum og greinargerð fjárlagafrumvarpsins. Það var því þegar orðið löngu úrelt þegar það loks birtist í þinginu og enn frekar er það kom til umræðu.

Fréttir af nýjum ákvörðunum um viðbótarniðurskurð eða aðrar ráðstafanir bárust þingmönnum gegnum fjölmiðla eftir næturfundi og tóku síðan breytingum eða urðu að engu sumar hverjar á næstu sólarhringum. Þannig fór mikill tími í síðustu viku í umræður um ákvarðanir, sem teknar voru á hinum langa næturfundi ríkisstjórnarinnar, um að færa með einhliða ákvörðun yfir á sveitarfélögin verkefni á sviði málefna fatlaðra með tilheyrandi 400 millj. kr. kostnaði, auk um 300 millj. kr. upptöku á tekjustofnum sveitarfélaganna. Eftir hörð viðbrögð gaf ríkisstjórnin þessi áform upp á bátinn. Þess í stað fór það um síðustu helgi að kvisast að nú hygðist ríkisstjórnin leggja á nefskatt sem til málamynda yrði merktur útgjöldum ríkisins vegna löggæslu. Þessi áform ásamt fleira birtust svo nefndarmönnum stjórnarandstöðunnar í efnahags- og viðskiptanefnd í formi breytingartillagna frá meiri hlutanum á mánudagsmorgun, þ.e. fyrir réttum tveimur sólarhringum.

Þessi upptalning, ásamt þeirri augljósu og algeru upplausn sem ríkir á stjórnarheimilinu og birst hefur allri þjóðinni, ætti að nægja til að gefa mönnum hugmynd um þær óviðunandi aðstæður sem nefndinni hafa verið búnar.

Eitt megineinkenni vinnubragða ríkisstjórnarinnar í þessum málum öllum hefur verið að hunsa allt eðlilegt samráð og láta samskiptavenjur, sem við lýði hafa verið milli ríkisvaldsins og samtaka og hagsmunaaðila úti í þjóðfélaginu, lönd og leið. Ber þar öllum, sem koma til viðtals við nefndina, sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins, hagsmunasamtökum o.s.frv., saman um að ekkert hafi verið við þau talað, lögboðið samráð jafnvel einskis virt eins og á við um skyldu ríkisvaldsins til samráðs við sveitarfélögin.

Annað einkenni á málsmeðferð er að ríkisstjórnin telur sig ekki þurfa að virða samninga, sbr. búvörusamning og framkvæmdasamninga í vegamálum.

Þessum vinnubrögðum mótmælir minni hlutinn.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar hlýtur því að taka fram að hann vísar allri ábyrgð á þessum handahófskenndu vinnubrögðum á hendur ríkisstjórninni. Það er mat minni hlutans að málið hafi engan veginn verið þannig unnið að réttlætanlegt væri að taka það út úr nefnd að kvöldi 17. desember eins og fulltrúar meiri hlutans ákváðu að gera.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir afstöðu minni hlutans til einstakra efnisþátta frumvarpsins og þeirra breytingartillagna sem fyrir lágu af hálfu meiri hlutans eftir því sem kostur er.

Einstakir nefndarmenn og fulltrúar flokkanna munu gera nánari grein fyrir afstöðu sinni og sinna flokka í umræðum. Þeir áskilja sér og rétt til að flytja eða fylgja einstökum breytingartillögum.

1. Um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, 1.–3. gr. frumvarpsins.

Minni hlutinn er andvígur þessum breytingum og mótmælir því að slíkum grundvallarbreytingum í skólamálum sé lætt með í skjóli ráðstafana í ríkisfjármálum. Þessar breytingar hafa óveruleg kostnaðaráhrif og fylgir þeim í reynd lítill sparnaður umfram það sem hvort eð er væri hægt að ná fram á grundvelli heimilda. Ýmis önnur atriði, sem lagt er til að frestað verði eða felld niður með öllu, snerta aðra en ríkið.

Minni hluti telur að í þessum breytingum felist afturför í skólamálum og vísar í því sambandi til umsagnar minni hluta menntamálanefndar og bréfs frá Kennarasambandi Íslands og Kennarafélagi Reykjavíkur, sjá fskj. I.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar leggur því til að þessum hluta frumvarpsins, 1.–3. gr., verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Breytingartillaga meiri hlutans um að b- og c-liðir 1. gr. frumvarpsins falli brott og þar með fái ákvæðin um grunnskólaráð og heimild til ráðningar aðstoðarskólastjóra að vera í friði í grunnskólalögunum er vissulega til bóta. Þetta nær þó því miður svo skammt að engu breytir um kaflann í heild og andstöðu minni hlutans við hann.

2. Um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 56/1987.

Minni hlutinn vísar til umsagnar landbúnaðarnefndar, en meiri hluti nefndarinnar, skipaður þeim Agli Jónssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Guðna Ágústssyni og Sigurði Hlöðvessyni, leggur til að 4. gr. frumvarpsins verði ekki lögfest.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar leggur því til að þessum hluta frumvarpsins verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

3. Um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Þessi 5. gr. frumvarpsins felur í sér, ef að lögum verður, tvöföldun á svonefndu veiðieftirlitsgjaldi og mun það þá standa að fullu undir veiðieftirliti ráðuneytisins. Heildarkostnaður við veiðieftirlitið er samkvæmt fjárlagafrumvarpi áætlaður 80,7 millj. kr. þannig að þessum breytingum fylgir rúmlega 40 millj. kr. kostnaðarauki fyrir sjávarútveginn. Hér er því á ferðinni rétt ein tillagan enn sem felur í sér auknar álögur á sjávarútveginn og atvinnulífið. Við venjulegar aðstæður mundi breyting af þessu tagi ekki teljast stórvægilegt mál fyrir greinina né skipta sköpum. Við þær aðstæður sem sjávarútvegurinn býr við nú sem einkennist af miklum taprekstri og með hliðsjón af stórauknum álögum á sjávarútveginn og sjómenn sem ríkisstjórnin er með á prjónunum, treystir minni hlutinn sér ekki til að mæla með samþykkt þessa ákvæðis og leggur því til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

4. Um breytingu á lögum nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis.

Meiri hlutinn leggur til í breytingartillögum sínum að 6.–8. gr., sem snerta auglýsingakostnað í tengslum við alþingiskosningar, falli brott. Minni hlutinn er samþykkur þessari breytingartillögu en telur það athyglisvert að frá ríkisstjórninni sjálfri skyldu koma hugmyndir um að draga úr ríkisútgjöldum á næsta ári með því að breyta framkvæmdaratriðum varðandi alþingiskosningar.

5. Um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, breytingu á lögum nr. 88/1990, um ríkisábyrgð á launum.

Í frumvarpinu sjálfu var gert ráð fyrir að sett yrðu sjálfstæð lagaákvæði (lög) um nýjan ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Af uppsetningu frumvarpsins verður ekkert ráðið um það hvernig samspil hins nýja sjóðs við gildandi lög um ríkisábyrgð á launum átti að vera. Ekki væru heldur í frumvarpinu ákvæði um að fella þau lög úr gildi. Úr þessu hyggst meiri hlutinn nú bæta í breytingartillögum sínum þar sem gert er ráð fyrir að hluti laganna um ríkisábyrgð á launum gildi áfram.

Minni hlutinn er algerlega andvígur þessum breytingum og tekur undir hörð mótmæli aðila vinnumarkaðarins. Það kemur úr hörðustu átt að sjálf ríkisstjórnin, sem hefur gert gjaldþrot að aðalsmerki efnahagsstefnu sinnar, skuli um leið ætla að ráðast á þau réttindi sem launafólki eru tryggð þegar slíkar aðstæður skapast.

Búast má við því að holskefla gjaldþrota sé í vændum vegna versnandi efnahagsástands og úrræða- og aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar. Við slíkar aðstæður er sérstaklega alvarlegt að skerða nú stórlega réttindi launafólks í þessu tilliti og velta útgjaldaþunganum yfir á atvinnulífið og/eða launafólk.

Minni hlutinn leggur því til að þessum hluta frumvarpsins verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

6. Um breytingu á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

Ekki vannst tími til að taka fyrir málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra sérstaklega. Minni hlutinn treystir sér því ekki til að bera ábyrgð á áhrifum þeirra breytinga, sem lagðar eru til í 11. gr. frumvarpsins, á fjárhag og framkvæmdagetu sjóðsins.

Hins vegar mæla ýmis rök með því að skynsamlegt geti verið að ráðstafa meira fé til viðhalds og meiri háttar endurbóta og því mun minni hlutinn ekki leggjast gegn afgreiðslu þessara breytinga.

7. Um breytingu á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Minni hlutinn vísar í álit minni hluta félagsmálanefndar (fskj. III) en þar kemur fram að hér eru á ferðinni breytingar þar sem lagðar eru auknar álögur á sveitarfélögin. Byggingar félagslegra íbúða eru auðvitað mikið hagsmunamál og áhugamál sveitarfélaganna. Þess vegna hefði mátt ætla að sveitarfélögin tækju ekki illa í viðræður um aukna hlutdeild/þátttöku í þessum málaflokki ef til slíkra hefði verið boðað með eðlilegum hætti og ekkert annað kæmi til. En í ljósi þess að hér er í fyrsta lagi um einhliða aðgerðir ríkisvaldsins til íþyngingar sveitarfélögunum að ræða og ekkert var við þau rætt og í öðru lagi er ríkisstjórnin með á prjónunum margar aðrar aðgerðir sem fela í sér stórfelldan útgjaldaauka leggst minni hlutinn gegn því að þetta sé afgreitt við núverandi aðstæður og leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.** Er þá eðlilegt að það taki til allra greinanna sem fjalla um húsnæðismál, einnig 14. gr., en í greinargerð frumvarpsins er

einmitt fullyrt að húsbréfakerfið hafi „fyllilega“ leyst af hólmi almennar lánveitingar til húsnæðismála, þær sem áður tíðkuðust úr Byggingarsjóði ríkisins. Ekki virðist vanþörf á að hæstvirt ríkisstjórn stilli betur saman strengi sína í þessu máli eins og fleirum og það ætti því að vera í hennar þágu að fá málið aftur til skoðunar.

8. Um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, og lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

Varðandi þennan kafla frumvarpsins og 15.–21. gr. vísar minni hlutinn í álit heilbrigðis- og tryggingaráðnefndar og gerir það að sínu. Minni hlutinn leggst ekki gegn samþykkt þessa hluta frumvarpsins, 15.–21. gr., að báðum meðtöldum, að því tilskildu að breytingartillögur þær, sem heilbrigðis- og tryggingaráðnefnd leggur til, nái fram að ganga.

Minni hlutinn telur að þær tillögur frumvarpsins, sem snúa að tannréttingum, gangi of langt og þarfnist endurskoðunar.

9. Um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, skráningu og mat fasteigna og lögum um Iðnlánasjóð.

Minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við þennan hluta frumvarpsins, 22.–24. gr., en bendir á að sáralítill tími vannst til að huga að ákvæðum þeirra.

10. Um breytingu á hafnalögum, nr. 69/1984 (9. tölul. breytingartillagna meiri hlutans).

Með breytingum er lagt til að sérstakt álag komi ofan á vörugjöld sem hingað til hafa eingöngu runnið til hafnanna sjálfra. Þetta gjald verði í formi 25% álags á allar vörugjaldshafnir og renni í Hafnabótasjóð. Framlag ríkisins til hafnarframkvæmda lækkar þá að sama skapi og er sú upphæð áætluð 125 millj. kr. á næsta ári.

Ekkert samráð hefur verið haft við sveitarfélögin um vinnslu málsins og öllum spurningum er enn ósvarað um innheimtuna. Vitað er að vandkvæði geta orðið á þessari innheimtu til ríkisins fyrir sumar minni hafnir. Ekki verður séð að til standi á nokkurn hátt að koma í veg fyrir uppsöfnunaráhrif gjaldsins og engar upplýsingar liggja fyrir um áhrif gjaldtökunnar, t.d. á vöruverð úti á landsbyggðinni. Ekki er heldur ljóst í hvaða mæli þetta íþyngir útflutningsatvinnuvegunum, t.d. sjávarútveginum, en ljóst virðist að hann verður þolandi þessa í ríkum mæli hvað álag á vöruútflutninginn snertir.

Minni hlutinn telur því allan aðdraganda þessa máls óhæfan og leggur til að tillögunni verði vísað frá. Sjá einnig fskj. V, álit minni hluta samgöngunefndar, Hafnasambands sveitarfélaga og Reykjavíkurhafnar.

11. Um breytingu á lögum nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka (10. tölul. breytingartillagna meiri hlutans).

Minni hlutinn hefur fengið sáralítinn tíma til að athuga þær upplýsingar sem nefndinni bárust varðandi þetta efni. Ástæða er þó til að óttast um hag ýmissa minnstu sveitarfélaga landsins ef áform ríkisstjórnarinnar um nýjar álögur á sveitarfélögin ná fram að ganga. Með hliðsjón af þessu telur minni hlutinn eðlilegt að vísa þessum hluta málsins aftur til ríkisstjórnarinnar til frekari skoðunar.

12. Skerðing vegafjár (12. tölul. breytingartillagna meiri hlutans, a-liður).

Þessi breyting felur í sér skerðingu á tekjum Vegasjóðs um 265 millj. kr. og skulu þeir fjármunir renna í ríkissjóð. Minni hlutinn er þessari skerðingu vegafjár andvígur og mót-

mælir þeirri aðferð að tengja þennan niðurskurð einni tiltekinni framkvæmd og einu tilteknu sveitarfélagi á Vestfjörðum.

Upplýst var að skerðing vegafjár yrði samtals um 766 millj. kr. miðað við gildandi vegáætlun. Minni hlutinn telur svo harkalegan niðurskurð vegaframkvæmda mjög óskynsamlegan, hvort heldur litið er til ástands vegamála og samgangna eða atvinnuástands og framkvæmdastigs í landinu eins og nú horfir.

Það er kafli út af fyrir sig að ríkisstjórnin virðist í þessu tilviki eins og fleirum ekki telja það tiltökumál að brjóta gerða samninga, eins þótt þeir í tilviki Vestfjarðaganga séu að undangengnu alþjóðlegu útboði.

13. Nefskattur vegna löggæslukostnaðar (12. tölul. breytingartillagna meiri hlutans, c-liður).

Með þessum sakleysislega lið upp á tæpar sjö línur yrði skellt á sveitarfélögin í landinu nefskatti sem næmi mismunandi upphæðum á hvern íbúa þeirra eftir íbúafjölda sveitarfélaganna. Þessi tillaga leit dagsins ljós sem breytingartillaga frá meiri hlutanum í efnahags- og viðskiptanefnd á mánudagsmorgun fyrir rétt rúmum tveimur sólarhringum.

Í nefndinni hefur komið fram í viðræðum við forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga að ekkert samráð var haft við þá frekar en áður um þetta atriði, nema það sé kallað samráð að þeim var tilkynnt um þessa „ákvörðun" ríkisstjórnarinnar. Mótmæli sveitarfélaganna við þessum nýju álögum eru því í fullu gildi, sbr. samþykkt sambandsstjórnar frá 11. desember sl., sjá fskj. VII.

Ekki gafst kostur á að afla neinna teljandi upplýsinga um áhrif þessarar gjaldtöku á afkomu sveitarfélaga en ljóst virðist að annars vegar samsvarar álagning þessa nefskatts umtalsverðum hluta af heildartekjum sveitarfélaga, líklega í mörgum tilvikum á bilinu 2–5%, og hins vegar muni þetta hafa áhrif á tekjujöfnun milli sveitarfélaganna. Þegar liggur fyrir að einhver sveitarfélög munu grípa til þess ráðs að hækka skatta og nýta til fulls tekjustofna sína. Þar með munu þau öðlast rétt til greiðslna úr Jöfnunarsjóði ef þau lenda undir tilheyrandi viðmiðunarmörkum. Afleiðing þessa getur hins vegar orðið að þessar álögur bitni með tvöföldum þunga á ýmsum verst stöddu sveitarfélögum landsins sem mestrar tekjujöfnunar hafa notið úr Jöfnunarsjóði.

Samkvæmt upplýsingum fulltrúa dómsmálaráðuneytisins, sem mætti á fund nefndarinnar, er þar ekki á nokkurn hátt litið á þessa breytingu sem verkefnatilfærslu, enda tæki slíkt langan tíma, kannski eitt ár, og er auk þess umdeilt. Hér er því um hreina skatttöku að ræða án nokkurs samhengis við viðkomandi verkefni og án þess að nokkurt forræði fylgi með í viðkomandi málaflokki.

Áætlað er að „lögguskatturinn" kosti sveitarfélögin rúmlega 700 millj. kr., en útkoma hinna einstöku sveitarfélaga getur orðið nokkuð misjöfn. Augljóst er að hrópandi ósamræmi kemur upp, t.d. milli sveitarfélags með 299 íbúa sem borgar þá 299 x 1.700 kr. = 508.300 kr. og sveitarfélags með 300 íbúa sem greiðir 300 x 2.850 kr. = 855.000 kr. Þrjúhundruðasti íbúinn, sem bættist við í sveitarfélagi, yrði því ærið dýru verði keyptur í þessum skilningi eða á 346.700 kr. Álitamál hlýtur einnig að vera hvort svonefnd jafnræðisregla sé ekki brotin með þessari mismunun í skattlagningu.

Reynt var eftir föngum að afla gagna um þetta mál á þeim tveimur sólarhringum sem til stefnu voru og eru þau birt með áliti þessu sem fskj. VI. Einnig þótti minni hlutanum rétt að birta sem fskj. VII nýstaðfestan Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga.

Minni hlutinn mótmælir harðlega gerræðislegum og ólögmætum vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar í þessu máli og er því algerlega andvígur að þetta mál nái fram að ganga.

Minni hlutinn leggur því til að þessum hluta frumvarpsins verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar þaðan sem það kom.

14. Um II. kafla frumvarpsins.

Umfjöllun nefndarinnar um II. kafla frumvarpsins var sama marki brennd og vinnan að öðru leyti. Sáralítill tími gafst til að fara yfir þessi atriði. Efni barst frá nokkrum aðilum, svo sem Kvikmyndasjóði, og auk þess komu á fund nefndarinnar þeir Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda, og Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri.

Varðandi 34. gr. frumvarpsins, þar sem skert eru um u.þ.b. helming lögboðin framlög ríkisins í Framleiðnisjóð bænda, tók formaður Stéttarsambandsins það fram að þessi skerðing, ef hún næði fram að ganga, væri að sínu mati fyrstu eiginlegu vanefndir ríkisins á samningum þess við bændur frá 1985 ef frá væru talin minni háttar framkvæmdaratriði sem leyst hefðu verið með samkomulagi. Báðir viðmælendur nefndarinnar tóku fram að skerðing Framleiðnisjóðs nú kæmi á alversta tíma fyrir landbúnaðinn og sveitir landsins.

Að lokum vill minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar ítreka mótmæli sín gegn þeim vinnubrögðum sem ríkisstjórnin hefur beitt í þessu máli og lýsir miklum áhyggjum yfir þeim ólýðræðislegu starfs- og samskiptaháttum sem nýir stjórnarherrar hafa innleitt gagnvart þingi og þjóð.

Fulltrúi Kvennalistans í nefndinni vill taka fram eftirfarandi:

Lagasetning af því tagi sem hér um ræðir, þar sem blandað er saman alls óskyldum málum og tækifærið notað til að koma í gegnum þingið lagabreytingum, sem koma „ráðstöfunum í ríkisfjármálum“ ekkert við, er algjör óhæfa og óvirðing við löggjafarhlutverk Alþingis. Þá er tíðkað að gera „eyrnamerkta“ lögbundna tekjustofna upptæka að hluta til eða að fullu. Þar með er gengið þvert á fyrri samþykktir Alþingis og komið í veg fyrir að brýn mál nái fram að ganga. Lög á að virða en Alþingi þarf einnig að vanda sig betur og samþykkja ekki lög nema ljóst sé hvaða kostnað þau hafa í för með sér.

Alþingi, 18. des. 1991.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. | Halldór Ásgrímsson. | Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Fylgiskjal I.

1.–3. GR.: GRUNNSKÓLI

Umsögn minni hluta menntamálanefndar um I. kafla frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, 167. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd sendi frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 til umsagnar menntamálanefndar sem hélt tvo fundi um málið. Á fundi nefndarinnar komu Örlygur Geirsson, Sólrún Jensdóttir og Ólafur Darri Andrason frá menntamálaráðuneytinu og Svanhildur Kaaber og Birna Sigurjónsdóttir frá Kennarasambandi Íslands. Samstaða varð ekki um málið í nefndinni og skilar minni hluti nefndarinnar sérstakri umsögn.

Með I. kafla frumvarpsins er verið að breyta grunnskólalögum í ýmsum grundvallaratriðum í skjóli ráðstafana í ríkisfjármálum. Þetta er gert án þess að breytingarnar feli í sér verulegan sparnað umfram þær heimildir sem ráðherra hefur til að fresta endurbótum. Önnur ákvæði, sem lagt er til að fresta eða afnema, snerta aðra en ríkið fjárhagslega. Margar breytingartillagnanna eiga því ekki heima í lögum um sparnað í ríkisrekstri.

Fjármálaráðuneyti telur að sparnaður, sem leiddi af breytingum á grunnskólalögum, geti á næsta ári í mesta lagi numið 40 milljónum króna og 100 milljónum króna á árinu 1993. Heildarútgjöld til grunnskóla á næsta ári eru talin verða um 5.400 milljónir þannig að sparnaðurinn á árinu 1992 er langt innan við 1%. Fulltrúar menntamálaráðuneytis, sem komu á fund nefndarinnar, töldu raunar að sparnaðaráhrifin umfram það sem væri á færi ráðuneytisins að ákvarða væru minni eða aðeins um 20 m.kr., þ.e. vegna frestunar á fækkun nemenda í 1. og 3. bekk. Hugsanlegur kostnaður umfram 40 m.kr. varði heimildir (aðstoðarskólastjórar) eða ákvæði sem ósamið væri um (varsla kennara í tengslum við skólamáltíðir).

Við 1. umr. um málið greindi menntamálaráðherra frá því að hann fyrirhugi að leggja fram frumvarp á yfirstandandi þingi um breytingar á grunnskólalögum.

Minni hluti menntamálanefndar telur engin frambærileg rök fyrir því að breyta áformum um framkvæmd grunnskólalaga í tengslum við ráðstafanir í ríkisfjármálum ársins 1992. Þær upphæðir, sem um er að ræða, eru smámunir bæði í heildarsamhengi útgjalda til grunnskóla og þess sparnaðar sem ríkisstjórnin hyggst knýja fram.

Sé það hins vegar ásetningur ríkisstjórnarinnar að láta niðurskurðinn bitna á starfi grunnskóla í landinu ber að takmarka breytingar í lögum sem þessum við slíkar fjármálalegar aðgerðir einvörðungu. Það nær engri átt að ætla Alþingi um leið að taka stórar og stefnumarkandi ákvarðanir varðandi framtíð grunnskólans. Það er því krafa minni hluta menntamálanefndar að öll ákvæði sem lúta að slíku verði felld út úr frumvarpinu við 2. umr. málsins. Þetta ætti að vera þeim mun sjálfsagðara sem menntamálaráðherra hefur í undirbúningi sérstakt frumvarp að efnislegum breytingum á grunnskólalögum.

Hér verður vikið nokkrum orðum að einstökum breytingum skv. I. kafla frumvarpsins:

1. gr. a-liður varðar málsverði á skólatíma sem kemur í hlut sveitarfélaga en ekki ríkisins að sjá um. Um framkvæmd þessa geta sveitarfélögin tekið ákvarðanir hvert á sínum forsendum.

1. gr. b-liður varðar grunnskólaráð sem vera á samstarfsvettvangur um málefni grunnskólans og á m.a. að fylgjast með framkvæmd grunnskólalaga og aðalnámsskrár. Kostnaður við starfsemi þess er óverulegur, lauslega áætlað 100–200 þús. kr. að mati embættismanna menntamálaráðuneytis.

1. gr. c-liður varðar heimildarákvæði um ráðningu aðstoðarskólastjóra. Í þessu felst ekki sparnaður heldur pólitísk stefna.

1. gr. d-liður varðar vikulegan kennslutíma á nemanda í grunnskóla og skólaathvörf fyrir nemendur utan kennslutíma. Í bráðabirgðaákvæði gildandi laga er tiltekið að ákvæðin komi til framkvæmda á næstu þremur árum frá gildistöku. Hins vegar gat ráðherra tekið ákvörðun um frestun á næsta ári án lagabreytinga ef hugmyndin væri að standa við sett markmið um að skólabörn hérlendis séu svipaðan tíma í skólum og tíðkast í grannlöndum okkar. Hér er því verið að boða afturför í málefnum grunnskólans.

Síðara ákvæðið snertir sveitarfélögin kostnaðarlega en ekki ríkið, en þar er um að ræða mikilsvert hagsmunamál barna og foreldra, ekki síst í stórum sveitarfélögum. Þá er í lögunum heimild til gjaldtöku fyrir dvöl nemenda í skólaathvörfum. Ekki verður séð hvaða ástæða liggur að baki því að tengja þetta atriði „ráðstöfunum í ríkisfjármálum“.

2. gr. er flutt til að taka af vafa um að sveitarfélög borgi allan kostnað við byggingu grunnskólahúsnæðis eins og ráð var fyrir gert þá samið var um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga fyrir nokkrum árum. Minni hluti nefndarinnar gerir ekki efnislega athugasemd við þetta atriði sem þó hefði mátt bíða boðaðs frumvarps menntamálaráðherra.

3. gr. Með henni eru gerðar miklar breytingar á bráðabirgðaákvæðum grunnskólalaga og allar til hins verra.

* Frestað er fækkun nemanda í neðstu bekkjum grunnskólans og er sparnaðurinn talinn nema um 20 m.kr. á árinu 1992.
* Fellt er niður ákvæði um námsráðgjafa við grunnskóla sem koma átti til framkvæmda á fimm árum.
* Fellt er niður að ákvæði 3. gr. grunnskólalaga um einsetinn skóla skuli að fullu koma til framkvæmda á 10 árum.
* Fellt er niður ákvæði um að málsverðir á skólatíma skuli koma til framkvæmda á þremur árum, en tillaga um frestun þess 1992 er fólgin í a-lið 1. gr. frv.
* Sett er inn ákvæði þess efnis að ráðherra skuli með reglugerð kveða á um vikulegan kennslutíma á bekk í grunnskóla, þar með taldar valgreinar og um leyfilega aukningu nemendastunda vegna skiptitíma. Ákvæðið varðar svonefnda viðmiðunarstundaskrá og ekki er ljóst af orðalagi hvort því megi beita til að skerða með reglugerð lágmarkstímafjölda barna í grunnskólum. Slíkt væri óhæfa og því nauðsynlegt að enginn vafi leiki á um hvað í ákvæðinu felst að þessu leyti.

Eins og fram kemur af þessu yfirliti um efni I. kafla frumvarpsins fela ákvæði hans vart í sér meira en um 20 m.kr. sparnað á ríkisútgjöldum á árinu 1992. Þeim mun meira er hins vegar um skólapólitískar stefnuáherslur að ræða í 1. og 3. gr. frumvarpsins. Það er siðlaust að ætla Alþingi að taka á þeim málum efnislega í tengslum við fyrirliggjandi frumvarp.

Með vísan til þess sem að ofan greinir leggur minni hlutinn til að I. kafli verði felldur út úr frumvarpinu.

Alþingi, 10. des. 1991.

Hjörleifur Guttormsson. Kristín Ástgeirsdóttir. Valgerður Sverrisdóttir.
Ólafur Þ. Þórðarson.

Fskj. 1.

Bréf Kennarafélags Reykjavíkur til alþingismanna.

(5. desember 1991.)

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur hefur á fundi sínum fjallað um kennaraskort og aukinn fjölda leiðbeinenda í skólum Reykjavíkur. Kennarar í Reykjavík hafa lýst yfir áhyggjum sínum vegna þess að ríkisvaldið virðist ekki gera sér grein fyrir því að ein forsenda farsæls skólastarfs eru vel menntaðir kennarar sem eru sáttir við laun sín og kjör. Miklu máli skiptir að stöðugleiki ríki í skólastarfinu ekki síst vegna breyttra aðstæðna og þarfa í nútímaþjóðfélagi.

Kennarar fögnuðu því að ný grunnskólalög voru samþykkt í vor en í þeim er einmitt tekið tillit til breytts þjóðfélags og stefnt að lengingu skóladags nemenda, skólamáltíð-

um, skólaathvarfi og fækkun nemenda í bekkjardeildum. Þegar fjallað er um fjölda nemenda í bekkjardeildum er yfirleitt talað um meðaltal sem er mjög villandi. Þó meðaltal nemenda í bekk í Reykjavík hafi lækkað um 0,43 nemendur þá eru nú 132 bekkjardeildir með yfir 25 nemendur en þær voru 92 á skólaárinu 1990–1991.

Kennarastarfið hefur tekið miklum breytingum vegna nýs og breytts þjónustuhlutverks skólanna við nemendur og foreldra. Samfélagið gerir nú meiri kröfur til skólanna og því þarf ríkisvaldið að koma til móts við nemendur og kennara með því að styrkja skólastarfið og fækka nemendum í bekkjardeildum, koma á einsetnum skóla og samfelldum skóladegi og síðast en ekki síst tryggja að kennarar komi til starfa í skólana. Því eru þau vinnubrögð, sem felast í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, óskiljanleg en þar eru felld úr gildi eða frestað þeim ákvæðum í lögum um grunnskóla sem samþykkt voru sl. vor sem eflt gætu og styrkt skólastarfið og hlýða kalli samfélagsins.

Eftirfarandi ályktanir voru samþykktar á fundi stjórnar Kennarafélags Reykjavíkur 2. nóvember 1991:

„Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur lýsir yfir þungum áhyggjum vegna fjölgunar leiðbeinenda í grunnskólum Reykjavíkur. Þegar skólar tóku til starfa í haust hafði ekki tekist að ráða kennara í allar kennarastöður og því var ýmist gripið til þess ráðs að ráða leiðbeinendur eða senda nemendur heim. Á skólaárinu 1990–1991 voru 24 leiðbeinendur í grunnskólum Reykjavíkur en eru 52 á þessu skólaári. Það er því ljóst að kennaraskorturinn, sem ríkt hefur á landsbyggðinni, hefur teygt sig inn í skóla höfuðborgarinnar.

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur skorar á yfirvöld að standa vörð um skólastarfið í landinu og bæta kjör kennara þannig að þeir komi til starfa í grunnskólum landsins."

„Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur mótmælir því harðlega að í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 er gert ráð fyrir að fresta eða fella út gildi ákvæði um málsverði í skólum, fjölgun vikulegra viðmiðunarstunda nemenda og fækkun nemenda í bekkjardeildum. Kennarar fögnuðu nýjum grunnskólalögum í vor einmitt m.a. vegna þessara ákvæða því þar með var komið til móts við breyttar þarfir nútímaþjóðfélags. Stjórnin mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem felast í því að samþykkja lög á einu þingi og ógilda á því næsta. Slík vinnubrögð eru ekki til að styrkja skólastarfið.

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur heitir á alþingismenn að standa vörð um skólastarfið í landinu og tryggja að grunnskólar starfi í anda laga um grunnskóla frá 1991."

Virðingarfyllst,
f.h. Kennarafélags Reykjavíkur,
Guðrún Ebba Ólafsdóttir.

Fskj. 2.

Bréf Kennarasambands Íslands til alþingismanna.

(3. desember 1991.)

Með bréfi sem dagsett var 9. október sl. vakti Kennarasamband Íslands athygli á þeirri óvissu sem ríkti um framkvæmd nýrra grunnskólalaga. Þar var því beint til þingmanna að standa vörð um sjálfsögð og mikilvæg ákvæði laganna og sjá til þess að skólastarfi grunnskólanna yrðu tryggðar fjárveitingar í samræmi við þau.

Nú hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að fresta eða fella niður flest ákvæði nýju grunnskólalaganna sem til framfara horfa.

Þegar nýju grunnskólalögin voru í undirbúningi og umfjöllun Alþingis á síðasta ári náðist um þau breið samstaða allra þingflokka. Þingmenn lýstu þannig vilja sínum til að tryggja farsælt skólastarf til framtíðar og festa í lög skipulag skólastarfs sem er í samræmi við þróun þjóðfélagsins á undanförnum árum.

Grundvallarmenntun þjóðarinnar er tryggð í lögum um grunnskóla. Framvinda skólastarfsins er háð því að festa ríki í skipulagi skólanna. Festa og ró í skólastarfinu er líka undirstaða þess að gagnkvæmt trúnaðartraust ríki milli þeirra sem starfa við skólana og hinna sem njóta þjónustu þeirra, nemenda og foreldra. Starfið í skólunum er því enn viðkvæmara en starf flestra annarra opinberra stofnana fyrir þeirri hentistefnu sem nú virðist ríkja hjá stjórnvöldum.

Með nýju grunnskólalögunum var m.a. stefnt að einsetnum grunnskóla, samfelldum sjö stunda skóladegi og fækkun nemenda í stórum bekkjardeildum. Þessi ákvæði laganna voru fyrst og fremst nemendum til hagsbóta og tryggðu þeim markvissari menntun en komu auk þess til móts við þarfir þjóðfélags sem byggir á vinnuframlagi beggja foreldra. Með frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum ráðgera núverandi stjórnvöld að fresta eða fella niður öll þessi mikilvægu ákvæði og mörg fleiri.

Við slíkt ábyrgðarleysi verður ekki unað. Kennarasamband Íslands mótmælir því harðlega að lagaákvæði, sem samþykkt hafa verið og kynnt foreldrum og kennurum, skuli gerð marklaus á þann hátt sem nú er ráðgert.

Kennarasamband Íslands heitir á alþingismenn að standa vörð um þær breytingar á grunnskólalögum sem allir þingflokkar voru sammála um á sl. vori og tryggja skólastarfinu fjárveitingar í samræmi við lög um grunnskóla frá 1991.

Með kveðju,
f.h. Kennarasambands Íslands,
Svanhildur Kaaber, formaður KÍ,
Birna Sigurjónsdóttir, formaður skólamálaráðs KÍ.

Fskj. 3.

Bréf Kennarasamband Íslands til alþingismanna.

(13. desember 1991.)

Eftirfarandi ályktanir voru gerðar á fundi í stjórn Kennarasambands Íslands í dag:

Ályktun um niðurskurð í ríkisfjármálum.

Kennarasamband Íslands mótmælir harðlega þeim tillögum ríkisstjórnarinnar sem birtast í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þær auka á kjaraskerðingu launafólks, vega að starfsöryggi þess og draga úr þjónustu velferðarkerfisins. Með tillögum sínum ræðst ríkisstjórnin enn einu sinni á þá þjóðfélagsþegna sem búa við bágust kjör og eiga erfiðast með að verja sig árásum hennar í stað þess að sækja aukið fjármagn með skattlagningu á háar launatekjur og fjármagnsgróða.

Kennarasamband Íslands vísar á bug öllum tillögum um flatan niðurskurð á launa- og rekstrarkostnað ríkisstofnana sem nú þegar búa við allt of þröngan kost og geta margar hverjar ekki sinnt verkefnum sínum sem skyldi vegna fjárskorts. Einkum á þetta við um

skóla- og heilbrigðiskerfið en einmitt þar er lagt til að niðurskurðurinn verði mestur.

Nái tillögur ríkisstjórnarinnar um niðurskurð fram að ganga er augljóst að þær munu enn torvelda samningagerð og auka líkur á frekari átökum launafólks og vinnuveitenda.

Kennarasamband Íslands skorar á Alþingi að standa vörð um hagsmuni almennings, vernda og bæta félagslega þjónustu en láta ekki gróða- og markaðshyggju ráða ferðinni.

Ályktun um tillögur til breytinga á grunnskólalögum.

Í hugmyndum ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem nú liggja fyrir Alþingi, koma fram tillögur um breytingar á lögum um grunnskóla sem Alþingi samþykkti samhljóða sl. vor.

Kennarasamband Íslands varar eindregið við tillögunum sem þar koma fram og varða m.a. lengingu skóladags, fjölda nemenda í bekkjardeildum, stjórnun grunnskóla, námsráðgjöf o.fl. Ekki verður betur séð en með tillögum ríkisstjórnarinnar séu gerðar grundvallarbreytingar á grunnskólalögum í skjóli ráðstafana í ríkisfjármálum. Það á sérstaklega við um þær tillögur sem fram koma um að taka lögbundin ákvæði um fjölda kennslustunda út úr lögum en heimila ákvörðun þeirra með reglugerð. Þannig verður ákvörðun um kennslustundafjölda í höndum ráðherra og starfsmanna hans á hverjum tíma en ekki Alþingis eins og lög gera ráð fyrir og opin leið fyrir stjórnvöld til niðurskurðar í grunnskólum án samráðs við Alþingi.

Mjög hæpið er að þær tillögur, sem fyrir liggja, verði til sparnaðar í skólakerfinu þegar á heildina er litið, hættara er við að þær muni kalla á kostnaðarsamar hliðarráðstafanir, auk þess sem þær vega gróflega að hagsmunum nemenda og foreldra þeirra og gera skólunum enn erfiðara en nú er að sinna lögboðnum skyldum sínum.

Kennarasamband Íslands skorar á Alþingi að standa við ákvarðanir sínar frá sl. vori og koma í veg fyrir að gerðar verði breytingar á grunnskólalögum sem ríkisstjórnin gerir nú tillögu um.

Með kveðju,
f.h. Kennarasambands Íslands,
Svanhildur Kaaber, formaður.

Fylgiskjal II.

4. GR.: JARÐRÆKTARLÖG

Umsögn landbúnaðarnefndar
um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.
(12. desember 1991.)

Að ósk efnahags- og viðskiptanefndar hefur landbúnaðarnefnd fjallað um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 að því er tekur til landbúnaðar.

Nefndin kynnti sér efni 31., 32., 33. og 34. gr. frumvarpsins. En þar sem nefndin fékk þau skilaboð að ekki væri leitað eftir tillögum varðandi II. kafla frumvarpsins tók hún ekki afstöðu til þeirra greina.

Við umfjöllun nefndarinnar um 4. gr. frumvarpsins, er varðar jarðræktarlög, náðist ekki samstaða um sameiginlega afstöðu. Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar er eftirfarandi:

Vísað er til kafla úr áliti nefndarinnar til fjárlaganefndar Alþingis, fskj. 1., og umsagnar Búnaðarfélags Íslands um framkvæmd jarðræktarlaga, fskj. 2., en þar koma fram mikilvægar skýringar um stöðu þessara mála. Nefndin vekur athygli á að skv. 4. gr. frumvarpsins, ef að lögum verður, er tekinn upp sami háttur og árið 1988 þegar greiðslur ríkissjóðs vegna jarðræktarframlaga voru bundnar fjárveitingu á fjárlögum.

Vakin er athygli á að sú breyting, sem gerð var á jarðræktarlögum árið 1989, tók einkum mið af þeim vanda sem leiddi af vanskilum ríkissjóðs við bændur og um þá afgreiðslu náðist víðtækt samkomulag þegar málið var til umfjöllunar og afgreiðslu á Alþingi og þá þess vænst að friður yrði um þessi mál.

Eins og fram kemur í fskj. 2 hefur orðið mikill samdráttur í jarðræktarframlögum á síðustu árum. Árið 1984 voru þessi framlög (verðl. 1991) 506 millj. kr. Síðan hafa þau lækkað ár frá ári niður í 94.8 millj. kr. árið 1991. Þannig hafa bændur landsins mætt aðstæðum breyttra tíma með stórfelldum sparnaði. Samt á nú að höggva öðru sinni í sama knérunn.

Það er ríkt í fari menningarþjóða að vernda lendur sínar og bæta ræktunarlönd. Við erfiðari náttúrufarsleg skilyrði verður þessi þörf enn brýnni.

Ákvæði 4. gr. frumvarpsins eru andstæð þessum markmiðum og ganga gegn því samkomulagi sem gert var við bændur landsins við breytingu jarðræktarlaga árið 1989. Eins og reynslan sýnir þarf að endurskoða jarðræktarlögin öðru hvoru að kröfu breyttra tíma. Slík endurskoðun þarf vandaðan undirbúning og samráð við bændur landsins. Hér skortir á að svo sé. Þess vegna leggur meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er Agli Jónsyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Guðni Ágústssyni og Sigurði Hlöðvessyni, til að 4. gr. frumvarpsins um ráðstafanir í ríkisfjármálum verði ekki lögfest. Aðrir nefndarmenn, Geir H. Haarde, Árni Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson og Sigbjörn Gunnarsson, leggja til að 4. gr. verði óbreytt.

F.h. landbúnaðarnefndar,
Egill Jónsson,
formaður.

Fskj. 1.

KAFLI ÚR ÁLITI LANDBÚNAÐARNEFNDAR TIL FJÁRLAGANEFNDAR

Jarðræktarlög og búfjárræktarlög, liður 04-288.

Að lokinni allvíðtækri umfjöllun um jarðræktarlög árið 1989 varð samkomulag við bændur um þá niðurstöðu sem leiddi til núgildandi jarðræktarlaga. Aðalatriði samkomulagsins er að framlög eru ekki háð ákvörðun fjárlaga hverju sinni, að framlög vegna ræktunar og skurðgraftar eru bundin við ákveðið hámark en aðrar framkvæmdir eru háðar samþykki landbúnaðarráðherra. Framlög til einstakra verkefna voru lækkuð og sum felld niður. Í framhaldi af þessu samkomulagi voru ógreidd framlög fyrri ára gerð upp. Þetta er ljóst af þeim málsskjölum sem fyrir liggja og ræðum þeirra alþingismanna sem að málinu unnu. Svo sem kunnugt er greinir Ríkisendurskoðun og ríkislögmann á um túlkun jarðræktarlaga.

Búnaðarfélag Íslands hefur farið þess á leit að bændur stilli ræktunarframkvæmdum sem mest í hóf þar til greiðslum þeirra skuldabréfa, sem ríkissjóður gaf út vegna uppgjörs jarðræktarframlaga samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi, lýkur árið 1993.

Ógreidd jarðræktarframlög frá síðasta ári nema 49.702 þús. kr. og framkvæmt hefur verið á þessu ári fyrir 74.421 þús. kr. Áfallin greiðsluskuldbinding er þannig 124.123 þús. kr. Til greiðslu eru eftirstöðvar af fjárveitingu samkvæmt fjárlögum 1991 að upphæð 41.295 þús. kr. og fjárveiting samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga að upphæð 35.000 þús. kr. eða 76.295 þús. kr. alls. Eftir standa því 47.828 þús. kr. Með fjárveitingu samkvæmt fjárlagafrumvarpi verður unnt að greiða áfallnar skuldbindingar þessa árs. Það má því segja að jarðræktarlögin búi við svipað ástand og var fyrir einu ári því ekkert fjármagn er fyrir hendi til greiðslu jarðræktarframkvæmda árið 1992.

Hafa ber í huga að skuldbindingum ríkissjóðs vegna útgefinna skuldabréfa til uppgjörs jarðræktarframlaga lýkur árið 1993. Það auðveldar að koma þessum málum í það horf sem samkomulag varð um við bændur landsins árið 1989.

Fskj. 2.

Greinargerð um jarðræktarlög og framkvæmd þeirra.

Jarðræktarlög voru fyrst sett árið 1923. Það er almennt viðurkennt að þau leiddu til byltingar í landbúnaði hér á landi. Eftir setningu þeirra hófst hér sú ræktunaralda, sem á næstu þremur áratugum, færði landbúnaðinn frá fleytingsbúskap yfir til þess að verða tæknivæddur ræktunarbúskapur.

Jarðræktarlögum hefur margoft verið breytt og þau löguð að ríkjandi aðstæðum. Á árunum 1979–1986 voru í gildi skerðingarákvæði þar sem framlög til ákveðinna framkvæmda voru skert um 50% en því fé, sem með því sparaðist, var veitt í Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Nokkurn veginn var staðið við þau framlög sem lögbundin voru á þessum árum og nutu þá nokkur nýmæli í búskap framlaga fyrir vikið.

Gagnger endurskoðun fór fram á jarðræktarlögum 1987 (lög nr. 56/1987). Hvort tveggja var að nokkur nýmæli voru tekin upp, svo sem framlög til loðdýrabygginga, til skjólbelta, til gróðurhúsa og garðávaxtageymslna og að takmarkanir voru settar á önnur framlög, svo sem til framræslu og grænfóðursræktar.

Nýmæli var í þessum lögum að ráðherra gat ákveðið að sótt skyldi um framlög til ákveðinna hluta. Því var beitt hvað allar byggingar varðaði, svo og um framræslu sem lengi hafði aðeins farið fram eftir pöntunum.

Lögin leiddu til verulegs sparnaðar fyrir ríkið. (Sjá meðfylgjandi tölur um framlög greidd 1987, 1988 og síðan. En þessi ár voru framlög greidd ári síðar en framkvæmdir voru unnar.)

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1988 (23. gr. laga nr. 5 frá 14. jan. 1988) var svo sett inn ákvæði svohljóðandi: „Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal greiðsla ríkissjóðs á framlagi til jarðabóta vegna framkvæmda á árinu 1987 ekki fara fram úr 141.000 þús. kr. á árinu 1988 en lokagreiðsla komi árið 1989."

Vegna framkvæmda sem unnar voru 1987 hefði átt að greiða 217 millj. kr. árið 1988 en greiddar voru 142,5 (sjá töflu hér á eftir).

Samsvarandi ákvæði var sett í lánsfjárlög fyrir árið 1989. Þar stóð að framlag úr ríkissjóði til jarðabóta skyldi ekki „fara fram úr 100.000 þús. kr. á árinu 1989. Þó er fjármálaráðherra heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988."

Jarðræktarlögin voru svo enn endurskoðuð árið 1989 (lög nr. 65 frá 1989). Þá urðu allviðamiklar breytingar á þeim en sú mest að öll framlög eru nú háð því skilyrði að sótt hafi verið um að fá framlög árið áður en framkvæmd er fyrirhuguð. Umsóknarfrestur er nú til 15. sept. það ár.

BÍ hefur því getað gert fjárveitingavaldinu grein fyrir samanlögðum óskum bænda um framlög tímanlega fyrir frágang fjárlaga.

Í öðru lagi var sú breyting gerð að framlög skulu nú greiðast á sama hátt og framkvæmdir eru unnar. Það er fyrir 1. nóvember hafi úttekt þá borist en taka verðbótum mánaðarlega í samræmi við hækkanir jarðræktarvísitölu ef greiðsla dregst.

Þá voru felld niður framlög til ákveðinna framkvæmda og hámark sett á heildarframlag til endurræktunar túna og skal hún nema 2.000 ha (sé um það magn sótt) og til viðhalds framræslu sem er 2 millj. m^3 og 500 km plógræsi.

Þá voru öll framlög lækkuð að krónutölu eða sem hlutfall af framkvæmdakostnaði, sbr. framræslu og vatnsveitur, sem svaraði áætluðum hagnaði bænda af því að nú áttu þeir að fá framlögin greidd verulega fyrr en áður, sbr. gjald 1. nóvember.

Árið 1990 var fyrsta árið sem þessi lög komu til fullra framkvæmda. Haustið 1989 var safnað pöntunum í allar framkvæmdir. Alls bárust pantanir um framkvæmdir sem hefðu kostað 206 millj. kr. í framlögum. (Sótt var um 4.500 ha endurræktun og 2,6 millj. m^3 skurðhreinsun.) Umsóknir innan stærðarmarka svöruðu til 160 millj. kr. framlaga. Fjárveiting ársins nam aðeins 50 millj. kr.

Saga ársins 1991 er hliðstæð þessu. 50 millj. kr. eru á fjárlögum. Sú fjárveiting fór því sem næst til að greiða skuldbindingar frá árinu 1990.

Af aukafjárveitingu í ár upp á 42,5 millj. kr. fóru 7,5 millj. kr. til að greiða hækkanir sem urðu á skuldbréfum er komu til greiðslu 1. ágúst sl. umfram það sem áætlað var.

Því eru nú til ráðstöfunar 35 millj. kr. Úttektir, sem bárust fyrir 15. nóvember, nema um 95 millj. kr. Af þeim eru nokkrar sem ekki fullnægja öllum formsatriðum en ljóst er að til viðbótar 35 milljónunum þarf alla þá fjárveitingu sem fyrirhuguð er á næsta ári, 50 millj. kr., til að greiða út á framkvæmdir 1991. Er þá komið í það far sem áður var að ekki verður hægt að greiða framlögin fyrr en árið eftir framkvæmdir.

Skuldabréf. Sá greiðsluhali, sem myndast hafði vegna framkvæmda áranna 1988 og 1989, var „gerður upp" með útgáfu skuldabréfa. Skuldabréf vegna framkvæmda frá árinu 1988 voru send til bænda á miðju ári 1990. Þau skyldu taka hækkunum samkvæmt lánskjaravísitölu frá 1. ágúst 1989. Nafnverð þeirra var 96,3 millj. kr. Þau hafa nú verið greidd og námu á gjalddaga 118,9 millj. kr.

Skuldabréf vegna framlaga sem greiðast áttu 1990 (framkvæmdir 1989) voru gefin út síðari hluta árs 1990. Þau miðast við verðlag (lánskjaravísitölu) 1. ágúst 1990 og eru með gjalddaga 1. ágúst 1992 og 1. ágúst 1993. Samanlögð upphæð þessara bréfa er 104,5 millj. kr. Skuldabréfin bera ekki vexti.

Jónas Jónsson.

Ríkisframlög til jarðabóta samkvæmt jarðræktarlögum árin 1984–1990.
(Í milljónum króna.)

Ár	Á verðlagi hvers árs	Á verðlagi 1991
1984	145,0	506,0
1985	169,5	440,6
1986	162,5	346,2
1987	217,5	387,1
1988	164,0	241,1
1989	126,1	150,0
1990	90,3	94,8



Skv. jarðræktarlögum

Framlög skv. jarðræktarlögum árin 1984-1991

	Framlags-skylda skv jarðræktar-lögum millj. kr.	Greitt í millj. kr. árin: 1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	Ógreitt 1.12.91 af því sem greiðast ætti 1991	1992	1993
1984	145,0	145,0									
1985	169,5		169,5								
1986	162,5			162,5							
1987	217,0				142,5	75,5					
1988	164,0					30,9	36,8	96,3			
1989	126,1						24,8			50,7	50,6
1990	90,3						34,7	49,8	5,8		
1991	95,6								95,6		

Fylgiskjal III.

9.–10. GR.: ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA VEGNA GJALDÞROTA
12.–14. GR.: HÚSNÆÐISMÁL

Umsögn minni hluta félagsmálanefndar um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, 167. mál.

Minni hluti félagsmálanefndar hefur farið yfir þær greinar frumvarps um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 sem tengjast verksviði nefndarinnar og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Minni hlutinn mótmælir fyrirhuguðum breytingum á ríkisábyrgð á launum, sem fram koma í 9. og 10. gr. frumvarpsins og athugasemdum um þær. Verði þessar breytingar að veruleika munu þær skerða verulega réttarstöðu launafólks sem er ekki síst alvarlegt núna þegar við blasa verulegir rekstrarerfiðleikar hjá fjölmörgum fyrirtækjum og vaxandi fjöldi gjaldþrota. Verður ekki betur séð en að með sjóðstofnuninni verði réttur launafólks afleiddur af umfangi sjóðsins og fjölda gjaldþrota og því engin ábyrgð tekin á þessum rétti af ríkisins hálfu.

   Í athugasemdum við 10. gr. frumvarpsins er boðað að ákvæði núgildandi laga um ríkisábyrgð á launum verði þrengd verulega án þess þó að frumvarp um það efni hafi verið lagt fram á Alþingi. Telur minni hluti félagsmálanefndar algerlega óviðunandi að staðið sé að málum með þessum hætti.

   Þá vill minni hluti félagsmálanefndar vekja athygli á því að í umsögn frá VSÍ segir m.a. um fyrirhugað ábyrgðargjald: „Erfiðleikum í atvinnulífi fylgja að öðru jöfnu fjölgun gjaldþrota og það hlýtur a.m.k. að vera vafasöm hagfræði að auka á erfiðleika annarra í atvinnurekstrinum með auknum álögum af þessum toga“.
2. Í 10., 13., 23. og 44. gr. frumvarpsins er verið að leggja á auknar álögur eða skerða tekjur sveitarfélaganna í landinu um upphæð sem nemur 220 m.kr. Þessu til viðbótar hefur ríkisstjórnin boðað tilflutning á verkefnum til sveitarfélaganna, sem gætu, að öðru óbreyttu, haft í för með sér aukin útgjöld fyrir þau upp á a.m.k. 900 m.kr. Ekkert samráð hefur verið haft við sveitarfélögin um þennan verkefnaflutning sem er í hróplegri andstöðu við gildandi lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Minni hluti félagsmálanefndar mótmælir harðlega þessum vinnubrögðum og mun ekki taka afstöðu til þeirra breytinga sem lagðar eru til í þessu frumvarpi fyrr en heildarmyndin liggur fyrir.
3. Fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni, Jón Kristjánsson og Ingibjörg Pálmadóttir, eru andvígir þeim ákvæðum sem eru í 14. gr. frumvarpsins og varða lokun húsnæðislánakerfisins frá 1986. Fulltrúi Alþýðubandalagsins, Kristinn H. Gunnarsson, hefur fyrirvara um 14. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 12. des. 1991.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Jón Kristjánsson. Kristinn H. Gunnarsson.
Ingibjörg Pálmadóttir.

Fskj. 1.

Umsögn Vinnuveitendasambands Íslands um ábyrgðasjóð launa.

Í framhaldi af beiðni um álit Vinnuveitendasambands Íslands á fram komnum tillögum í 9.–10. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, vill VSÍ láta eftirfarandi koma fram:

VSÍ er um það kunnugt að ýmislegt mætti betur fara í framkvæmd ríkisábyrgðar á laun og að tilefni er til endurskoðunar einstakra þátta þar um gildandi reglna. Sú tillaga, sem í frumvarpinu felst, að fela höfuðsamtökum vinnumarkaðarins nokkra ábyrgð á framkvæmd er því til bóta og líkleg til að skerpa og bæta framkvæmd. Að því er varðar fjármögnun þeirrar ábyrgðar á launum og skyldum kröfum við gjaldþrot fyrirtækja hefur hingað til verið talið eðlilegt að samfélagið axlaði þær byrðar sameiginlega fyrir milligöngu ríkissjóðs sem lög mæltu fyrir að létt skuli af þeim sem fyrir tjóni verða. Það fyrirkomulag að jafna tjóninu af gjaldþrotum í atvinnurekstri á „eftirlifandi" fyrirtæki er nálegt og til þess fallið að auka á erfiðleika í atvinnulífinu. Erfiðleikum í atvinnulífi fylgir að öðru jöfnu fjölgun gjaldþrota og það hlýtur a.m.k. að vera vafasöm hagfræði að auka á erfiðleika annarra í atvinnurekstrinum með auknum álögum af þessum toga. Frumvarpið miðar að 0,2% gjaldtöku af öllum launagreiðslum, en versni ástandið í atvinnulífinu enn er ráð fyrir því gert að þetta gjald geti enn hækkað. Þetta samhengi er augljóslega út í hött.

Vinnuveitendasambandið leitar um þessar mundir eftir framlengingu almennra kjarasamninga án launahækkana. Þá á því byggt að viðmiðun gengisskráningar íslensku krónunnar verði haldið óbreyttri þrátt fyrir áætlaðan samdrátt þjóðartekna um allt að 6% og 8–10 milljarða króna samdrátt útflutningstekna. Við þessar aðstæður er þess engin von að fyrirtækin geti tekið á sig hækkun launa og sama gildir um hækkun launatengdra gjalda. Vinnuveitendasambandið mótmælir því eindregið þessum áformum um að veita einum kostnaðarlið ríkisvaldsins af erfiðleikum í atvinnulífi yfir á atvinnureksturinn og er þar sérstaklega fráleit opnun heimildar til hækkunar gjaldsins eftir því sem „þarfirnar" verða.

Þetta gjald hækkar raungengi krónunnar og gengur því þvert á það markmið að lækka raungengið með minni kostnaðarhækkunum hér á landi en meðal samkeppnislanda. Gjaldið mun lenda með fullum þunga á þeim fyrirtækjum sem um þessar mundir er verið að gera sérstakar ráðstafanir fyrir m.a. á vettvangi Atvinnutryggingarsjóðs.

Með vísan til alls þessa væntir Vinnuveitendasambandið þess að fallið verði frá umræddum áformum um álagningu nýs launaskatts.

Virðingarfyllst,
Þórarinn V. Þórarinsson.

Fskj. 2.

Umsögn Alþýðusambands Íslands um ábyrgðasjóð launa.

Almennt um frumvarpið.

Ríkisstjórnin hefur nú lagt fram á Alþingi frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 þar sem í ýmsum atriðum er *vegið að grundvallarréttindum launafólks.* Þar má nefna kvöð um framlag sveitarfélaga til félagslegra íbúða sem líklegt er að dragi úr vilja sveitarfélaga til að fjölga félagslegum íbúðum. Einnig má nefna aukið sjálfdæmi ráðherra um greiðslur sjúklinga vegna læknisþjónustu og lyfja og útboð á heilbrigðisþjónustu.

Ríkisábyrgð á laun.

Um þessi atriði verður ekki fjallað hér heldur einvörðungu þá atlögu að ríkisábyrgð á laun við gjaldþrot sem felst í frumvarpinu.

Afnám ábyrgða — hámarksfjárhæð á ári.

Í stað ríkisábyrgðar á laun er ætlunin að setja á fót ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Sjóðurinn skal fjármagnaður með 0,2% gjaldi atvinnurekenda af greiddum vinnulaunum. Áætlað er að gjaldið muni skila 374 millj. kr. á næsta ári en í byrjun nóvember 1991 höfðu verið greiddar rúmlega 400 millj. kr. vegna gjaldþrotauppgjöra á þessu ári. Fátt bendir til þess að gjaldþrot verði minni á næsta ári, fremur meiri. Hér er því augljóslega um alvarlega skerðingu að ræða.

Þar sem fjárhæðin er takmörkuð við hámark 0,2% atvinnurekendagjald er óvissa um hver réttur fólks yrði. Það færi eftir umfangi gjaldþrota hve mikið rétturinn skerist. Því væri ekki lengur um ábyrgð á ákveðnum rétti að ræða. Ábyrgðin færi eftir greiðslugetu sjóðsins og ásókn í sjóðinn.

Atvinnurekendagjald.

Víða um lönd er fjár til ríkisábyrgðar aflað með atvinnurekendagjöldum. Sú aðferð er ekki fordæmanleg. Hitt er ljóst að atvinnurekendagjald í hlutfalli af launum gætu atvinnurekendur jafnauðveldlega greitt út í kaupi. Þeir sem fylgst hafa með samningaviðræðum á liðnum árum hafa heyrt atvinnurekendur ítrekað bjóðast til að hækka kaup á kostnað launatengdra greiðslna. Í samningsstöðunni er nú ljóst að nýtt atvinnurekendagjald verður á kostnað launahækkunarmöguleika í samningum.

Ótilgreind skerðing. Engin ábyrgð gagnvart lífeyrissjóðsgjöldum.

Á síðasta ári var reglum breytt þannig að sett var hámark á greiðslur fyrir hvern mánuð, þrefaldar atvinnuleysisbætur eða um eitt hundrað og þrjátíu þúsund á mánuði. Einnig voru gerðar þær kröfur til lífeyrissjóðanna að þeir sýndu fram á að þeir hafi beitt tiltækum innheimtuaðgerðum en ekki látið undir höfuð leggjast að ganga eftir iðgjöldum í trausti þess að ríkisábyrgðin greiddi þau.

Nú á að:

1. takmarka tímabilið sem ábyrgðin nær til,
2. setja þak á heildargreiðslur til hvers launþega,
3. greiða almenna innlánsvexti á bæturnar,
4. fella niður ábyrgðina á lífeyrissjóðsiðgjöldunum,

5. skerða greiðslur kostnaðar vegna innheimtu.
   Lífeyrisréttur fellur niður sem svarar þeim lífeyrisiðgjöldum sem ekki innheimtast.

Hverjir eiga að bera áföllin?

Það er yfirlýst efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar að fyrirtæki í rekstrarerfiðleikum eigi einfaldlega að fara á hausinn ef þau geta ekki sjálf bjargað sér út úr erfiðleikunum. Gjaldþrot fyrirtækja eru þannig í dag yfirlýst hagstjórnartæki. Í þeim efnahagserfiðleikum sem nú blasa við er fyrirsjáanlegt að mörg gjaldþrot eru fram undan.

Það ætti ekki að koma á óvart við þessar aðstæður að útgjöld vegna ríkisábyrgðar á laun vegna gjaldþrota hafa vaxið að undanförnu og líklegt er að þau muni enn vaxa á næsta ári. Það er hins vegar ótrúlegt að ríkisstjórnin skuli telja réttlætanlegt að ætla starfsfólki þeirra fyrirtækja sem verða gjaldþrota að taka þann kostnað á sig. Það er áfall að missa vinnuna og starfsfólkið hefur fæst haft minsta möguleika til að hafa áhrif á þær aðstæður sem leiddu til gjaldþrots, oft jafnvel ekki haft upplýsingar um stöðuna fyrr en að gjaldþrotinu kom.

Nú þegar eru greiðslur vegna hvers mánaðar takmarkaðar við um 130 þúsund krónur á mánuði. Fólk með hærri laun fær því aðeins launatap bætt að hluta. Styttri bótatími kemur fyrst og fremst niður á því fólki sem ekki kemst í aðra vinnu eins og t.d. gerist á fámennum stöðum þegar meginvinnuveitandi staðarins verður gjaldþrota.

Lífeyrissjóðsiðgjöldin gefa rétt til lífeyris á elliárum. Séu þau ekki greidd tapast sá réttur sem áunnist hefði með greiðslu þeirra. Ef lífeyrissjóðurinn veitir réttinn eftir sem áður skerðist staða hans sem því nemur. Nú þegar er óvissa um stöðu lífeyrissjóða ASÍ-fólks til að standa við skuldbindingar sínar. Réttindi án iðgjalda skerða stöðu þeirra enn frekar. Lífeyrissjóðir ASÍ-fólks njóta ekki ríkisábyrgðar og það fólk, sem þangað greiðir, nýtur þrátt fyrir meiri greiðslur minni réttar en opinbera kerfi tryggir. Skerðing á lífeyri ASÍ-fólks veldur aukinni mismunun.

Alþjóðasamþykktir.

Um þessar mundir er af Íslands hálfu verið að yfirfara drög að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á skuldbindingu þjóða til að tryggja launafólk vegna gjaldþrota fyrirtækja sem síðan verða afgreidd á þingi ILO næsta sumar. Það er lygi líkast að á sama tíma skuli ríkisstjórnin ætla að hlaupst frá skuldbindingum sínum.

Innan Evrópubandalagsins eru skýrar reglur um að launafólk skuli tryggt vegna launamissis við gjaldþrot fyrirtækja, sbr. tilskipun ráðsins frá 20. október 1980. Í nýgengnum dómi vegna máls á Ítalíu er því slegið föstu að sú ábyrgð hvíli á stjórnvöldum að bæta launafólki tjón vegna gjaldþrota hvort sem stjórnvöld hafa sett löggjöf eða ekki.

Í viðræðum við Evrópska efnahagssvæðið er kveðið á um að EFTA-löndin samræmi reglur sínar því sem gerist í Evrópubandalaginu. Ef af Evrópska efnahagssvæðinu verður er skuldbinding Íslands því ófrávíkjanleg.

Fskj. 3.

Bréf Húsnæðisstofnunar ríkisins til þeirra sem hafa lánsrétt samkvæmt reglum frá 1986 en hafa ekki fengið lán.

(19. nóvember 1991.)

Með bréfi þessu er ætlunin að kanna hve margir þeirra sem hafa lánsrétt og keyptu eða byggðu án húsbréfaviðskipta mundu vilja komast í húsbréfakerfið ef sá möguleiki væri fyrir hendi.

Með lögum nr. 47 frá 27. mars 1991 var almenna lánakerfið frá 1986 lagt niður.

Í bráðabirgðaákvæði var þó tekið fram m.a. að ákvæði laganna eins og þau voru skyldu halda gildi sínu til 1. mars 1994 gagnvart þeim umsækjendum sem fengið hafa svar almenns eðlis um að þeir eigi rétt á láni. Samkvæmt þessu var gert ráð fyrir að afgreiða lán til þeirra sem eru í biðröðinni á tímabilinu frá 1992 til 1. mars 1994.

Eftir myndun núverandi ríkisstjórnar var boðað að nú í haust mundi verða flutt frumvarp til laga þar sem umrætt bráðabirgðaákvæði yrði fellt niður. Það frumvarp mun vera í undirbúningi.

Eitt af frumatriðum húsbréfakerfisins er að umsækjendur hafi fengið mat á greiðslugetu sinni áður en kaup eru gerð eða bygging hafin.

Í reglugerð um húsbréfaviðskipti nr. 217/1990 voru þó ákvæði til bráðabirgða sem heimiluðu umsækjendum í biðröðinni aðgang að því kerfi þótt kaup væru þegar gerð eða byggjendur búnir að gera fokhelt. Þessar heimildir giltu til 15. maí 1991. Ýmsir, sem eru í biðröðinni og höfðu keypt eða byggt á þessum tíma, notfærðu sér ekki fyrrgreindan möguleika og einnig hafa einhverjir keypt eða gert fokhelt síðan.

Þeir sem ofanritað á við og vilja eiga skuldabréfaviðskipti í húsbréfakerfinu, ef þess væri kostur, eru því beðnir að skila afritum af kaupsamningum sínum eða fokheldisvottorðum til Húsnæðisstofnunar ríkisins fyrir 15. desember næstkomandi. Verði húsbréfaviðskipti heimiluð fyrir þá sem hér um ræðir og hafa greiðslugetu munu þeir fá bréf fljótlega á næsta ári þar sem tilkynnt verður um fyrirkomulag skuldabréfaskiptanna.

Bréf Húsnæðisstofnunar ríkisins til þeirra sem hafa lánsrétt vegna viðgerða og endurbóta.

(19. nóvember 1991.)

Með reglugerð nr. 467/1991 var veitt heimild fyrir skuldabréfaskiptum í húsbréfakerfinu vegna endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði, en sá lánaflokkur var felldur niður úr eldra lánakerfi í mars sl. Þessi reglugerð fylgir hér með til glöggvunar fyrir þá sem hafa lánsrétt. Bent er sérstaklega á greinar 11, 12 og 34 í reglugerðinni hvað þetta varðar. Sérstök athygli er vakin á ákvæðum 34. gr. um afgreiðslutíma umsókna miðað við komutíma þeirra.

Umsækjendur skulu sýna fram á greiðslugetu sína vegna væntanlegrar lántöku. Verða þeir því að leggja fram greiðslumat frá banka, sparisjóði eða annarri viðurkenndri fjármálastofnun.

Lágmarksfjárhæð fasteignaveðbréfs, sem skipta má fyrir húsbréf samkvæmt reglugerðinni, er 650.000 kr. miðað við byggingarvísitölu 1. október 1991 187,0 stig. Það táknar að lánshæfar endurbætur verða a.m.k. að nema einni milljón króna.

Framvísa verður greiðslumati sem fyrst til Húsnæðisstofnunar ríkisins og ekki seinna en 15. janúar næstkomandi. Eins og gefur að skilja tekur nokkurn tíma að vinna úr þeim upplýsingum sem berast í framhaldi af þessu bréfi. Má því gera ráð fyrir að nokkur tími

líði frá því greiðslumat er lagt inn og þar til úrvinnsla umsókna hefur farið fram og haft verður samband við umsækjendur. Á meðan eru þeir beðnir að sýna þolinmæði og athuga að skipti á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf hefjast ekki fyrr en eftir 1. febrúar næstkomandi.

Bréf Húsnæðisstofnunar ríkisins um biðröðina í lánakerfinu frá 1986.
(6. desember 1991.)

Með lögum nr. 47, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, frá 27. mars 1991 er almenna lánakerfið frá 1986 lagt niður. Í bráðabirgðaákvæði var þó tekið fram m.a. að ákvæði laganna eins og þau voru skyldu halda gildi sínu til 1. mars 1994 gagnvart þeim umsækjendum sem fengið hafa svar almenns eðlis um að þeir eigi rétt á láni. Eftir myndun núverandi ríkisstjórnar var boðað að nú í haust mundi verða flutt frumvarp til laga þar sem umrætt bráðabirgðaákvæði yrði fellt niður og mun það frumvarp vera í undirbúningi.

Í þessari biðröð eru rúmlega 3.800 umsækjendur sem sótt hafa um lán til nýbygginga og til kaupa á notuðum íbúðum. Um 2.000 umsækjendur, sem sóttu um lán í lánakerfinu frá 1986 en fengu ekki afgreiðslu í því kerfi, hafa fengið afgreiðslu í húsbréfakerfinu. Ekki liggur endanlega fyrir hversu margir af þessum 3.800 umsækjendum hafa nú þegar gert fokhelt eða fest kaup á íbúð því að í þessu lánakerfi er nóg að tilkynna það þremur mánuðum fyrir tilkynntan útborgunardag lánsins. Þrátt fyrir það hafði stofnunin fengið fokheldisvottorð og kaupsamninga frá um 160 umsækjendum 15. nóvember 1991. Nýlega hefur verið sent bréf til umsækjenda í biðröðinni til að kanna hversu margir hafa þegar gert fokhelt eða gert kaupsamning og mundu vilja komast í húsbréfakerfið ef sá möguleiki væri fyrir hendi.

Eitt mikilvægasta ákvæðið í húsbréfalögunum er að umsækjendur hafi fengið mat á greiðslugetu sinni áður en kaup eru gerð eða bygging hafin. Í reglugerð um húsbréfaviðskipti nr. 217/1990 voru þó ákvæði til bráðabirgða sem heimiluðu umsækjendum í biðröðinni aðgang að því kerfi þótt kaup væru þegar gerð eða byggjendur búnir að gera fokhelt. Þessi bráðabirgðaákvæði giltu til 15. maí 1991. Um 350 umsækjendur notfærðu sér þennan möguleika en ljóst er að það gerðu ekki allir sem rétt höfðu til þess. Í umræddu frumvarpi, sem lagt verður væntanlega fram á næstu vikum, verður því að vera ákvæði til bráðabirgða sem ná til þessara umsækjenda.

Fylgiskjal IV.

12.–14. GR.: ALMANNATRYGGINGAR, HÚSNÆÐISMÁL

Umsögn heilbrigðis- og tryggingaNefndar um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

(13. desember 1991.)

Með vísan til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar 9. desember sl. hefur heilbrigðis- og tryggingaNefnd fjallað um þau ákvæði sem varða málefnasvið hennar í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, 167. mál. Þau ákvæði, sem um er að ræða, eru 15.–22. gr. frumvarpsins. Nefndin hefur einnig rætt við fjölda aðila um málið. Niðurstaða nefndarinnar er sú að æskilegt sé að fluttar verði breytingartillögur við nokkrar greinar frumvarpsins. Nefndin er sammála um eftirfarandi tillögur, en jafnframt áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma eftir meðferð málsins í efnahags- og viðskiptanefnd.

Þær breytingar, sem nefndin leggur til við efnahags- og viðskiptanefnd að gerðar verði á frumvarpinu, eru:

1. Við a-lið 16. gr. Orðin „Heimilt er að ákveða með reglugerð að gjaldið skuli vera hlutfallsgjald“ falli niður.
   Við b-lið 16. gr. Orðin „og er heimilt að hafa gjaldið hlutfallsgjald“ falli niður.
   Við c-lið 16. gr. Orðin „og er heimilt að hafa gjaldið hlutfallsgjald“ falli niður.
   Við d-lið 16. gr. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er með reglugerð heimilt að ákveða að gjald skv. a-, b-, c- og d-liðum skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess gjalds sem sjúklingi ber að greiða.
2. 1. og 2. tölul. 17. gr. orðist svo:
   1. Um þátttöku í kostnaði við tannlækningar barna og unglinga 15 ára og yngri aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð fer eftir því sem hér segir:
      a. Sjúkratryggingar greiða að fullu skoðun og fyrirbyggjandi tannlækningar, svo sem tannfræðslu, tannhreinsun, flúorverndun tanna og skorufyllingar.
      b. Fyrir aðrar tannlækningar en þær sem tilgreindar eru í a-lið greiða sjúkratryggingar 85% kostnaðar.
      c. Ráðherra skal setja gjaldskrá fyrir skólatannlækningar. Skal gjaldskráin miðuð við raunverulegan kostnað vegna þeirra. Með skólatannlækningum er hér jafnt átt við tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera eða samkvæmt útboði.
      d. Þegar skólatannlækningar standa til boða skal ekki greiða fyrir tannlækningar samkvæmt a-lið sé leitað til annarra tannlækna en skólatannlækna, nema um annað hafi verið samið. Í sömu tilvikum fer um hlutdeild sjúkratrygginga samkvæmt b-lið eftir gjaldskrá sem ráðherra setur með hliðsjón af gjaldskrá fyrir skólatannlækningar eða raunverulegum kostnaði sé hann lægri.
      e. Sé þjónusta skólatannlækna ekki fyrir hendi fer um greiðslur sjúkratrygginga samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur og tekur mið af raunverulegum kostnaði.
   2. Fyrir 16 ára unglinga skal greiða 50% kostnaðar í samræmi við ákvæði 1. tölul.
3. Í c-lið 18. gr. komi á eftir „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ orðin: að höfðu samráði við viðkomandi stofnanir.
4. Við 19. gr. 2. málsl. fellur niður.

5. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýtt ákvæði, sem verður I., og hljóðar svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga þessara öðlast c-, d- og e-liðir 1. tölul. 17. gr. gildi 1. mars 1992. Fram til 1. mars 1992 skal hlutdeild sjúkratrygginga miðast við gildandi gjaldskrá tannlækna. Ráðherra er þó heimilt að fresta gildistöku c-, d- og e-liða 17. gr. fram til 1. september 1992.
6. Í ákvæði til bráðabrigða II, sem verði III, komi í stað „I.“: II.

F.h. heilbrigðis- og tryggingaefndar,

Sigbjörn Gunnarsson,
formaður.

Fylgiskjal V.

ÁLAG Á VÖRUGJÖLD Í HÖFNUM
(9. tölul. breytingartillagna meiri hlutans.)

Umsögn minni hluta samgöngunefndar um breytingartillögu við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Við mótmælum harðlega þeim hugmyndum sem koma fram í tillögunum og snerta samgöngumál en ekki síður þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru.

25% hækkun á vörugjöldum í höfnum mun hækka vöruverð og auka margföldunaráhrif gjaldsins úti á landsbyggðinni. Einnig er óafsakanlegt að setja innheimtu slíks skatts í hendur sveitarfélaga án alls samráðs við þau, ekki síst þar sem ljóst er að mörg vandamál skjóta upp kollinum við að framkvæma þá innheimtu.

Mótmælt er sérstaklega stórkostlegri skerðingu framkvæmdafjár til vegagerðar til viðbótar þeim samdrætti sem lagður var til í fjárlagafrumvarpinu. Í fljótu bragði virðist niðurskurður á vegafé með þessari viðbót kominn á annan milljarð króna — en ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn um það atriði.

Nefndinni er ætlað að skila áliti á nokkrum klukkutímum um málið. Engar upplýsingar liggja fyrir um hvaða áhrif þessar breytingar hafa á framkvæmdir næsta árs. Ekkert samráð hefur verið haft við neina viðkomandi aðila um þessi mál.

Vinnubrögð af þessu tagi eru alls óviðunandi og er hér með mótmælt harðlega og þá ekki síst því að samgöngunefnd skyldi ekki gefast lágmarkstími til að veita heilsteypta faglega umsögn um málið.

Fskj. 1.

Umsögn stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga um tillögu í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1992.

Rætt var um tillögu í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1992 um að leggja sérstakt álag á vörugjöld sem eru einn af tekjustofnum hafnarsjóða. Tekjur af þessu gjaldi skulu renna til hafnarframkvæmda samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Stjórn Hafnasambandsins minnir á að 21. ársfundur Hafnasambandsins varaði haustið 1990 við að lagðir yrðu á nýir skattar á þennan hátt og gerði fyrirvara með hvaða hætti slíkir skattar verði útfærðir.

Stjórn Hafnasambandsins varar við fyrirliggjandi tillögu á þeim forsendum að óæskilegt sé að nota tekjustofna hafnasjóða sem grunn að skattlagningu fyrir ríkissjóð. Viðskiptavinir munu eiga erfitt með að greina á milli gjaldtöku hafna og álaga ríkissjóðs. Álagið gerir hafnasjóðum erfiðara um vik að koma fram leiðréttingum á gjaldskrá. Þá mun skattlagning af þessu tagi lenda eingöngu á sjóflutningum og skaða samkeppnishæfni þeirra við aðrar flutningsleiðir. Þá er ekki sanngjarnt að hafnir landsins taki að sér vinnu og ábyrgð við innheimtu skatts fyrir ríkissjóð.

Fskj. 2.

Umsögn hafnarstjórnar Reykjavíkur um tillögu meiri hluta fjárlaganefndar um framkvæmdagjald.

Hafnarstjórn Reykjavíkur mótmælir harðlega tillögu meiri hluta fjárlaganefndar Alþingis um að leggja skatt á tekjustofna hafnasjóða. Samkvæmt hafnalögum hafa hafnir tekjur af vöru-, afla- og skipagjöldum til að standa straum af hluta hafnasjóða af kostnaði við fjármögnun, rekstur og viðhald hafnarmannvirkja.

Mótmælt er að nota eigi þessa tekjustofna hafnasjóða sem grunn að skattlagningu fyrir ríkissjóð, m.a. af eftirfarandi ástæðum:

— Viðskiptamenn hafna munu ekki greina í milli annars vegar eðlilegra gjalda fyrir afnot hafna til hafnasjóða og hins vegar skattlagningar ríkissjóðs.
— Hætta er á að stjórnvöld muni í framtíðinni auka sinn hlut í þessari gjaldtöku á kostnað hafnasjóða.
— Minnt er á að markaðir tekjustofnar eins og þessi hafa tilhneigingu til að hækka og vera ráðstafað til annarra verkefna en upphafleg áform gerðu ráð fyrir.
— Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1991 var tillaga um skattlagningu í þessa veru. 21. ársþing Hafnasambands sveitarfélaga varaði við slíkum skatti haustið 1990 og var þá fallið frá þeim áformum.

Hafnarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að taka fullt tillit til afstöðu hafnarstjórnar Reykjavíkur og Hafnasambands sveitarfélaga í þessu máli.

Fylgiskjal VI.

NEFSKATTUR
(12. tölul. breytingartillagna meiri hlutans.)
Yfirlýsing stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna áforma ríkisstjórnarinnar um að brjóta samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tekjustofna og verkaskipti og stórfelldar álögur á sveitarfélögin.
(Samþykkt á stjórnarfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga 11. des. 1991.)

Ríkisstjórnin hefur nú einhliða og án alls samráðs við sveitarfélögin og samtök þeirra lagt fram tillögur um breytingar á tveimur af veigamestu tekjustofnum sveitarfélaganna, útsvari og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Jafnframt felast í tillögunum stórfelldar nýjar álögur á sveitarfélögin. Samtals leiða þessar tillögur til a.m.k. eins milljarðs króna útgjaldaauka eða tekjuskerðingar fyrir sveitarfélögin.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mótmælir harðlega þessum áformum ríkisstjórnarinnar og telur þau alvarlegt brot á nýgerðu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tekjustofna og verkaskipti.

Í tillögunum er enn fremur gert ráð fyrir misnotkun á sameiginlegu innheimtukerfi ríkis og sveitarfélaga, „staðgreiðslukerfinu“, og ganga þær hugmyndir þvert á samkomulag fjármálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. apríl 1990 um það efni.

Samráðsfundur stjórnar sambandsins með ríkisstjórninni var haldinn 18. nóvember sl. Árleg fjármálaráðstefna sambandsins var síðan haldin 21. og 22. nóvember sl. Á þessa fundi komu sex ráðherrar ríkisstjórnarinnar og gerðu grein fyrir stefnu sinna ráðuneyta og ríkisstjórnarinnar í heild í málefnum sveitarfélaganna. Þar kom ekkert fram sem benti til þess að ríkisstjórnin hefði í hyggju þær stórfelldu breytingar á tekjustofnum og verkaskiptum og fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem tillögurnar gera ráð fyrir.

Ekkert samráð hefur verið haft við forsvarsmenn sveitarfélaganna né Samband íslenskra sveitarfélaga um þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fram þrátt fyrir skýr ákvæði samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga um samráð þessara aðila varðandi sameiginleg hagsmunamál og ákvæði í 116. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, þar sem segir: „Ríkisstjórnin skal hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila.“

Samningsbundið og lögformlegt samstarf er þannig rofið og það einskis virt af ríkisstjórninni.

Slík vinnubrögð leiða til alvarlegs trúnaðarbrests milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins. Nú liggja fyrir nýjar hugmyndir um sameiningu sveitarfélaga og endurskoðun á verkefnum, tekjum og öðrum samskiptum þeirra við ríkisvaldið sem góð samstaða gæti náðst um. Framgangur þess máls byggist á því að trúnaður ríki milli aðila og að því sé hægt að treysta að samningar og lög um samskipti þeirra séu virt.

Mörg sveitarfélag standa nú frammi fyrir miklum fjárhagsvanda. Gerðar eru kröfur á hendur þeirra hringinn í kringum landið um fjárhagslega þátttöku í atvinnulífinu. Einnig hefur ríkisvaldið að undanförnu aukið fjárhagslegar skyldur sveitarfélaganna með lögbindingu nýrra verkefna og hertum reglugerðarákvæðum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur ríkisstjórnina til að falla frá áformum sínum og að efnt verði til samráðs ríkis og sveitarfélaga á jafnréttisgrundvelli svo sem samningar og lög gera ráð fyrir.

FJÖLDI ÍBÚA OG LÖGREGLUMANNA Á ÍSLANDI 1991, OG SÉRTEKJUR PR. EMBÆTTI

Lögreglu umdæmi	Fjöldi Íbúa	Fjöldi Lögr. M.	Íbúar pr. Lögr. M.	Sértekjur Pr. Emb.	Tollgæsla
Akranes	5.238	11	476,18	3.381	
Mýra- og Borgarfj.s	3.925	6	654,17	1.833	
Snæfellsnes	4.453	9	494,78	1.100	
Dalasýsla	918	1	918,00	231	
Barðastrandasýsla	2.268	4	567,00	355	
Bolungarvík	1.187	2	593,50	688	
Ísafjörður	5.268	12	439,00	2.219	289
Strandasýsla	1.066	1	1066,00	0	
Húnavatnasýsla	4.011	5	802,20	2.478	
Skagafj. sýsla	4.597	7	656,71	1.292	
Siglufjörður	1.820	6	303,33	965	
Ólafsfjörður	1.170	2	585,00	460	
Akureyri/Dalvík	18.322	33	555,21	11	534
Þingeyjarsýsla	6.639	9	737,67	952	
N-Múlasýsla	3.198	3	1066,00	564	
Neskaupstaður	1.721	2	860,50	697	
S-Múlasýsla	5.950	7	850,00	759	479
A-Skaftafellssýsla	2.368	3	789,33	923	
V-Skaftafellssýsla	1.209	1	1209,00	354	
Rangárvallarsýsla	3.267	4	816,75	762	
Vestannaeyjar	4.913	11	446,64	3.208	269
Árnessýsla	11.006	22	500,27	5.280	
Keflavík/Grindavík	15.188	38	399,68	647	1311
Hafnarförður	23.245	39	596,03	414	130
Kópavogur	16.211	24	675,46	2.000	
Reykjavík	106.697	260	410,37	15.750	
Rannsóknarlögr.		42			
Samtals Heild:	255.855	564	453,64	47.323	3.012

Íbúafjöldi miðast við Hagstofutölur frá 1. des. 1990

Sértekjur eru miðaðar við rauntölur 1990

KOSTNAÐUR SVEITARFÉLAGA VEGNA TILLAGNA UM ÞÁTTTÖKU ÞEIRRA Í LÖGGÆSLUKOSTNAÐI. TIL SAMANBURÐAR ER KOSTNAÐUR SVEITARFÉLAGA AF BRUNAMÁLUM OG ALMANNAVÖRNUM 1990

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des. '90	Löggæslukostnaður kr. pr. íbúa	Samtals	Kostnaður v. Brunamála og almannavarna kr. pr. íbúa	Samtals
REYKJAVÍK	97.569	2.850	278.071.650	533	52.004.277
KÓPAVOGUR	16.186	2.850	46.130.100	1.757	28.438.802
SELTJARNARNES	4.143	2.850	11.807.550	1.967	8.149.281
GARÐABÆR	6.954	2.850	19.818.900	1.434	9.972.036
HAFNARFJÖRÐUR	15.151	2.850	43.180.350	1.574	23.847.674
MOSFELLSBÆR	4.259	2.850	12.138.150	2.034	8.662.806
GRINDAVÍK	2.172	2.850	6.190.200	1.819	3.950.868
KEFLAVÍK	7.525	2.850	21.446.250	1.026	7.720.650
NJARÐVÍK	2.405	2.850	6.854.250	1.264	3.039.920
SANDGERÐI	1.253	2.850	3.571.050	2.460	3.082.380
AKRANES	5.230	2.850	14.905.500	876	4.581.480
BORGARNESBÆR	1.725	2.850	4.916.250	1.424	2.456.400
ÓLAFSVÍK	1.216	2.850	3.465.600	962	1.169.792
STYKKISHÓLMUR	1.209	2.850	3.445.650	1.808	2.185.872
BOLUNGARVÍK	1.187	2.850	3.382.950	1.537	1.824.419
ÍSAFJÖRÐUR	3.498	2.850	9.969.300	1.967	6.880.566
SIGLUFJÖRÐUR	1.815	2.850	5.172.750	1.491	2.706.165
SAUÐÁRKRÓKUR	2.534	2.850	7.221.900	1.741	4.411.694
BLÖNDUÓSBÆR	1.084	2.850	3.089.400	1.884	2.042.256
AKUREYRI	14.174	2.850	40.395.900	1.298	18.397.852
HÚSAVÍK	2.503	2.850	7.133.550	2.095	5.243.785
ÓLAFSFJÖRÐUR	1.171	2.850	3.337.350	1.083	1.268.193
DALVÍK	1.481	2.850	4.220.850	551	816.031
SEYÐISFJÖRÐUR	981	2.850	2.795.850	886	869.166
NESKAUPSTAÐUR	1.738	2.850	4.953.300	1.497	2.601.786

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des. '90	Löggæslukostnaður kr. pr. íbúa	Samtals	Kostnaður v. Brunamála og almannavarna kr. pr. íbúa	Samtals
ESKIFJÖRÐUR	1.056	2.850	3.009.600	1.256	1.326.336
EGILSSTAÐABÆR	1.457	2.850	4.152.450	1.043	1.519.651
HÖFN	1.668	2.850	4.753.800	1.152	1.921.536
VESTMANNAEYJAR	4.926	2.850	14.039.100	1.461	7.196.886
SELFOSS	3.915	2.850	11.157.750	1.613	6.314.895
HVERAGERÐI	1.596	2.850	4.548.600	912	1.455.552
Hreppar með yfir 300 íbúa.					
GERÐAHREPPUR	1.074	2.850	3.060.900	1.335	1.433.790
VATNSLEYSUSTR.HR.	646	2.850	1.841.100		
BESSASTAÐAHREPPUR	1.082	2.850	3.083.700		
KJALARNESHREPPUR	469	2.850	1.336.650	1.165	546.385
NESHREPPUR U.ENNIS	617	2.850	1.758.450		
GRUNDARFJÖRÐUR	817	2.850	2.328.450	887	724.679
LAXÁRDALSHREPPUR	388	2.850	1.105.800	1.611	625.068
REYKHÓLAHREPPUR	360	2.850	1.026.000		
PATREKSHREPPUR	926	2.850	2.639.100		
TÁLKNAFJARÐARHR.	371	2.850	1.057.350	1.463	542.773
BÍLDUDALSHREPPUR	372	2.850	1.060.200	1.220	453.840
ÞINGEYRARHREPPUR	487	2.850	1.387.950	253	123.211
FLATEYRARHREPPUR	396	2.850	1.128.600	2.374	940.104
SUÐUREYRARHREPPUR	365	2.850	1.040.250	1.943	709.195
HÓLMAVÍKURHREPPUR	475	2.850	1.353.750	364	172.900
HVAMMSTANGAHREPPUR	706	2.850	2.012.100	1.015	716.590
HÖFÐAHREPPUR	658	2.850	1.875.300	1.407	925.806
SEYLUHREPPUR	305	2.850	869.250	1.444	440.420
HOFSHREPPUR	423	2.850	1.205.550		
ÁRSKÓGSHREPPUR	368	2.850	1.048.800	3.240	1.192.320

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des. '90	Löggæslukostnaður kr. pr. íbúa	Löggæslukostnaður Samtals	Kostnaður v. Brunamála og almannavarna kr. pr. íbúa	Kostnaður v. Brunamála og almannavarna Samtals
EYJAFJARÐARSVEIT	977	2.850	2.784.450	1.494	1.459.638
SVALBARÐSSTR.HREPPUI	323	2.850	920.550	504	162.792
GRÝTUBAKKAHREPPUR	419	2.850	1.194.150	2.959	1.239.821
SKÚTUSTAÐAHREPPUR 1	515	2.850	1.467.750	1.451	747.265
REYKDÆLAHREPPUR	313	2.850	892.050	3.222	1.008.486
AÐALDÆLAHREPPUR	336	2.850	957.600	2.364	794.304
ÖXARFJARÐARHREPPUR	367	2.850	1.045.950	1.326	486.642
RAUFARHAFNARHR.	387	2.850	1.102.950	1.581	611.847
ÞÓRSHAFNAHREPPUR	399	2.850	1.137.150	1.073	428.127
VOPNAFJARÐARHREPPUI	908	2.850	2.587.800	891	809.028
FELLAHREPPUR	391	2.850	1.114.350	701	274.091
REYÐARFJARÐARHR.	727	2.850	2.071.950	1.133	823.691
BÚÐAHREPPUR	757	2.850	2.157.450	158	119.606
STÖÐVARHREPPUR	343	2.850	977.550	2.601	892.143
BREIÐDALSHREPPUR	351	2.850	1.000.350	880	308.880
BÚLANDSHREPPUR	456	2.850	1.299.600	428	195.168
NESJAHREPPUR	301	2.850	857.850	1.279	384.979
SKAFTÁRHREPPUR	612	2.850	1.744.200	546	334.152
MÝRDALSHREPPUR	599	2.850	1.707.150	2.214	1.326.186
HVOLHREPPUR	685	2.850	1.952.250		
RANGÁRVALLAHREPPUR	746	2.850	2.126.100	1.112	829.552
STOKKSEYRARHREPPUR	493	2.850	1.405.050	1.391	685.763
EYRARBAKKAHREPPUR	541	2.850	1.541.850	4.468	2.417.188
GNÚPVERJAHREPPUR	304	2.850	866.400	852	259.008
HRUNAMANNAHREPPUR	612	2.850	1.744.200	146	89.352
BISKUPSTUNGNAHR.	483	2.850	1.376.550	1.540	743.820
ÖLFUSHREPPUR	1.565	2.850	4.460.250		
Samtals hreppar > 300 íbúa	26.215	2.850	74.712.750		

Sveitarfélög með undir 300 íbúa.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des. '90	Löggæslukostnaður kr. pr. íbúa	Samtals	Kostnaður v. Brunamála og almannavarna kr. pr. íbúa	Samtals
KJÓSARHREPPUR	167	1.700	283.900		
HAFNAHREPPUR	127	1.700	215.900		
HVALFJARÐARSTR.HR.	158	1.700	268.600	942	148.836
SKILMANNAHREPPUR	152	1.700	258.400	7.162	1.088.624
I-AKRANESHREPPUR	138	1.700	234.600	1.293	178.434
LEIRÁR- OG MELAHR.	157	1.700	266.900	1.586	249.002
ANDAKÍLSHREPPUR	250	1.700	425.000	1.652	413.000
SKORRADALSHREPPUR	64	1.700	108.800		
LUNDARREYKJAD.HR.	101	1.700	171.700		
REYKHOLTSDALSHR.	265	1.700	450.500		
HÁLSAHREPPUR	93	1.700	158.100		
HVÍTÁRSÍÐUHREPPUR	73	1.700	124.100	2.128	155.344
ÞVERÁRHLÍÐARHREPPUR	78	1.700	132.600	1.430	111.540
NORÐURÁRDALSHR.	113	1.700	192.100	1.415	159.895
STAFHOLTSTUNGNAHR.	196	1.700	333.200	2.045	400.820
BORGARHREPPUR	144	1.700	244.800	1.655	238.320
ÁLFTANESHREPPUR	104	1.700	176.800	1.880	195.520
HRAUNHREPPUR	110	1.700	187.000	1.570	172.700
KOLBEINSSTAÐAHREPPU	128	1.700	217.600		
EYJAHREPPUR	65	1.700	110.500		
MIKLAHOLTSHREPPUR	112	1.700	190.400	1.113	124.656
STAÐARSVEIT	97	1.700	164.900		
BREIÐUVÍKURHREPPUR	59	1.700	100.300		
HELGAFELLSSVEIT	90	1.700	153.000		
SKÓGARSTRANDARHR.	57	1.700	96.900		
HÖRÐUDALSHREPPUR	45	1.700	76.500	385	17.325
MIÐDALAHREPPUR	100	1.700	170.000		

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des. '90	Löggæslukostnaður kr. pr. íbúa	Samtals	Kostnaður v. Brunamála og almannavarna kr. pr. íbúa	Samtals
HAUKADALSHREPPUR	48	1.700	81.600		
HVAMMSHREPPUR	91	1.700	154.700	364	33.124
FELLSSTRANDARHR.	82	1.700	139.400	531	43.542
SKARÐSHREPPUR	55	1.700	93.500		
SAURBÆJARHREPPUR	110	1.700	187.000	405	44.550
BARÐASTRANDARHR.	150	1.700	255.000		
RAUÐASANDSHREPPUR	92	1.700	156.400	65	5.980
MÝRAHREPPUR	77	1.700	130.900	0	
MOSVALLAHREPPUR	71	1.700	120.700		
SÚÐAVÍKURHREPPUR	229	1.700	389.300		
ÖGURHREPPUR	36	1.700	61.200	0	
REYKJAFJARÐARHR.	43	1.700	73.100	465	19.995
NAUTEYRARHREPPUR	59	1.700	100.300		
SNÆFJALLAHREPPUR	13	1.700	22.100		
ÁRNESHREPPUR	121	1.700	205.700	0	
KALDRANANESHREPPUR	167	1.700	283.900	2.299	383.933
KIRKJUBÓLSHREPPUR	57	1.700	96.900	1.845	105.165
FELLSHREPPUR	66	1.700	112.200	939	61.974
ÓSPAKSEYRARHREPPUR	46	1.700	78.200		
BÆJARHREPPUR	134	1.700	227.800	1.258	168.572
STAÐARHREPPUR V-HÚN	103	1.700	175.100	913	94.039
FR.-TORFUSTAÐAHR.	78	1.700	132.600	0	
YTRI - TORFUSTAÐAHR.	216	1.700	367.200	0	
KIRKJUHVAMMSHREPPUR	109	1.700	185.300		
ÞVERÁRHREPPUR	106	1.700	180.200		
ÞORKELSHÓLSHREPPUR	163	1.700	277.100	975	158.925
ÁSHREPPUR	111	1.700	188.700	1.333	147.963
SVEINSSTAÐAHREPPUR	106	1.700	180.200	1.237	131.122

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des. '90	Löggæslukostnaður kr. pr. íbúa	Samtals	Kostnaður v. Brunamála og almannavarna kr. pr. íbúa	Samtals
TORFALÆKJARHREPPUR	121	1.700	205.700		
SVÍNAVATNSHREPPUR	126	1.700	214.200		
BÓLSTAÐARHLÍÐARHR.	132	1.700	224.400		
ENGIHLÍÐARHREPPUR	87	1.700	147.900	1.620	140.940
VINDHÆLISHREPPUR	53	1.700	90.100		
SKAGAHREPPUR	64	1.700	108.800		
SKEFILSSTAÐAHREPPUR	48	1.700	81.600		
SKARÐSHREPPUR	115	1.700	195.500		
STAÐARHREPPUR SKAG.	117	1.700	198.900		
LÝTINGSSTAÐAHREPPUR	285	1.700	484.500	1.360	387.600
AKRAHREPPUR	271	1.700	460.700		
RÍPURHREPPUR	94	1.700	159.800		
VIÐVÍKURHREPPUR	95	1.700	161.500	1.185	112.575
HÓLAHREPPUR	143	1.700	243.100		
FJÓTAHREPPUR	178	1.700	302.600		
GRÍMSEYJARHREPPUR	121	1.700	205.700		
SVARFAÐARDALSHR.	270	1.700	459.000	1.615	436.050
HRÍSEYJARHREPPUR	264	1.700	448.800	251	66.264
ARNARNESHREPPUR	226	1.700	384.200	377	85.202
SKRIÐUHREPPUR	121	1.700	205.700		
ÖXNADALSHREPPUR	55	1.700	93.500	673	37.015
GLÆSIBÆJARHREPPUR	237	1.700	402.900		
HÁLSHREPPUR	197	1.700	334.900	299	58.903
LJÓSAVATNSHREPPUR	248	1.700	421.600	1.040	257.920
BÁRÐDÆLAHREPPUR	153	1.700	260.100	1.176	179.928
REYKJAHREPPUR	110	1.700	187.000	55	6.050
TJÖRNESHREPPUR	88	1.700	149.600	256	22.528
KELDUNESHREPPUR	122	1.700	207.400	664	81.008

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des. '90	Löggæslukostnaður kr. pr. íbúa	Samtals	Kostnaður v. Brunamála og almannavarna kr. pr. íbúa	Samtals
FJALLAHREPPUR	12	1.700	20.400		
SVALBARÐSHREPPUR	122	1.700	207.400		
SAUÐANESHREPPUR	48	1.700	81.600	694	33.312
SKEGGJASTAÐAHREPPUR	132	1.700	224.400		
HLÍÐARHREPPUR	98	1.700	166.600	1.245	122.010
JÖKULDALSHREPPUR	166	1.700	282.200	831	137.946
FLJÓTSDALSHREPPUR	118	1.700	200.600	0	
TUNGUHREPPUR	99	1.700	168.300		
HJALTASTAÐAHREPPUR	86	1.700	146.200		
BORGARFJARÐARHR.	215	1.700	365.500	559	120.185
SKRIÐDALSHREPPUR	110	1.700	187.000	745	81.950
VALLAHREPPUR	166	1.700	282.200	1.133	188.078
EIÐAHREPPUR	153	1.700	260.100	1.105	169.065
MJÓAFJARÐARHREPPUR	32	1.700	54.400	2.530	80.960
NORÐFJARÐARHREPPUR	85	1.700	144.500	0	
FÁSKRÚÐSFJARÐARHR.	95	1.700	161.500	772	73.340
BERUNESHREPPUR	79	1.700	134.300	559	44.161
GEITHELLNAHREPPUR	71	1.700	120.700		
BÆJARHREPPUR	51	1.700	86.700	1.577	80.427
MÝRAHREPPUR	92	1.700	156.400		
BORGARHAFNARHR.	115	1.700	195.500	387	44.505
HOFSHREPPUR	119	1.700	202.300	1.160	138.040
A-EYJAFJALLAHREPPUR	195	1.700	331.500		
V-EYJAFJALLAHREPPUR	211	1.700	358.700	1.858	392.038
A-LANDEYJAHREPPUR	210	1.700	357.000	2.231	468.510
V-LANDEYJAHREPPUR	186	1.700	316.200		
FJÓTSHLÍÐARHREPPUR	227	1.700	385.900	1.881	426.987
LANDMANNAHREPPUR	134	1.700	227.800	2.621	351.214
HOLTAHREPPUR	270	1.700	459.000	1.871	505.170

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des. '90	Löggæslukostnaður kr. pr. íbúa	Löggæslukostnaður Samtals	Kostnaður v. Brunamála og almannavarna kr. pr. íbúa	Kostnaður v. Brunamála og almannavarna Samtals
ÁSAHREPPUR	158	1.700	268.600	3.153	498.174
DJÚPÁRHREPPUR	245	1.700	416.500	2.254	552.230
GAULVERJAB.HREPPUR	146	1.700	248.200	2.076	303.096
SANDVÍKURHREPPUR	113	1.700	192.100	1.803	203.739
HRAUNGERÐISHREPPUR	194	1.700	329.800		
VILLINGAHOLTSHREPPUR	193	1.700	328.100	1.612	311.116
SKEIÐAHREPPUR	248	1.700	421.600	1.784	442.432
LAUGARDALSHREPPUR	237	1.700	402.900	2.551	604.587
GRÍMSNESHREPPUR	261	1.700	443.700		
ÞINGVALLAHREPPUR	46	1.700	78.200		
GRAFNINGSHREPPUR	51	1.700	86.700	6.005	306.255
Samtals hreppar undir 300	15.712		26.710.400		
Hreppar yfir 300 íbúum	26.215		74.712.750		
Kaupstaðir	213.781		609.275.850		
Landið allt samtals:	255.708		**710.699.000**		

ÁLÖGÐ SVEITARSJÓÐSGJÖLD 1991

	Íbúafjöldi 1.des. 1991	Samtals sveitarsj.gj. Í þús. kr.	Pr. íbúa	Hækkun frá fyrra ári % pr. íbúa	Hlutfall af Landsmeðaltali 1991.	1990.	1989.
Hreppar með undir 300 íbúa:	**15.712**	**1.085.760**	**69.104**	**15**	**76**	**74**	**71**
Reykjanes	294	34.674	117.939	9	129	133	113
Vesturland	3.335	233.877	70.128	17	77	74	70
Vestfirðir	1.361	99.285	72.950	22	80	73	67
Norðurland vestra	2.921	186.486	63.843	16	70	68	65
Norðurland eystra	2.394	164.943	68.898	11	75	76	74
Austurland	2.082	112.635	54.099	-3	59	68	67
Suðurland	3.325	253.860	76.349	22	83	77	76
Hreppar með yfir 300 íbúa:	**26.215**	**2.265.221**	**86.409**	**11**	**94**	**96**	**89**
Reykjanes	3.271	269.043	82.251	4	90	97	101
Vesturland	1.822	170.324	93.482	4	102	110	93
Vestfirðir	3.752	351.323	93.636	20	102	95	90
Norðurland vestra	2.092	194.805	93.119	4	102	110	91
Norðurland eystra	4.404	358.593	81.424	16	89	86	78
Austurland	4.234	371.027	87.630	14	96	95	85
Suðurland	6.640	550.106	82.847	7	91	95	89
Kaupstaðir:	**213.781**	**20.053.142**	**93.802**	**12**	**102**	**103**	**105**
Reykjavík	97.569	9.909.293	101.562	10	111	113	116
Aðrir kaupstaðir	116.212	10.143.849	87.287	14	95	94	95
Landið allt	**255.708**	**23.404.123**	**91.527**	**12**	**100**	**100**	**100**

ÁLAGT ÚTSVAR, FASTEIGNASKATTUR OG AÐSTÖÐUGJÖLD KAUPSTAÐA ÁRIÐ 1991.

KAUPSTAÐIR	ÍBÚA FJÖLDI 1.12. 1990.	ÚTSVAR fjárhæð þús. kr.	álagn. prós.	kr. pr. íbúa	FASTEIGNASKATTAR fjárhæð þús. kr.	nýting í % a-lið	b-lið	kr. pr. íbúa	AÐSTÖÐUGJALD fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa	LANDS-ÚTSVAR fjárhæð þús.kr.	SAMTALS fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa
REYKJAVÍK	97.569	5.333.845	6,7%	54.667	1.829.575	0,421	1,19	18.752	2.684.059	27.509	61.814	9.909.293	101.562
KÓPAVOGUR	16.186	848.811	6,7%	52.441	267.621	0,50	1,25	16.534	211.930	13.093	1.573	1.329.935	82.166
SELTJARNARNES	4.143	263.164	7,0%	63.520	51.669	0,375	1,00	12.471	25.256	6.096	1.904	341.993	82.547
GARÐABÆR	6.954	437.620	7,0%	62.931	88.201	0,375	0,75	12.683	54.922	7.898	753	581.496	83.620
HAFNARFJÖRÐUR 1)	15.151	781.338	6,7%	51.570	207.686	0,375	1,25	13.708	241.987	15.972	4.633	1.235.644	81.555
MOSFELLSBÆR	4.259	223.206	7,0%	52.408	52.182	0,375	1,00	12.252	30.123	7.073	483	305.994	71.846
GRINDAVÍK	2.172	125.835	6,99%	57.935	44.926	0,50	1,05	20.684	38.347	17.655	252	209.360	96.390
KEFLAVÍK	7.525	466.042	7,5%	61.932	78.200	0,36	0,90	10.392	62.591	8.318	4.500	611.333	81.240
NJARÐVÍK	2.405	138.774	7,2%	57.702	34.788	0,40	1,00	14.465	66.061	27.468	1.402	241.025	100.218
SANDGERÐI 2)	1.253	67.210	7,2%	53.639	47.209	0,35	0,90	37.677	32.071	25.595	1.998	148.488	118.506
AKRANES	5.230	303.290	7,5%	57.990	71.751	0,36	1,00	13.719	59.050	11.291	4.941	439.032	83.945
BORGARNESBÆR	1.725	93.229	7,5%	54.046	28.839	0,36	1,20	16.718	27.801	16.117	399	150.268	87.112
ÓLAFSVÍK	1.216	77.126	7,5%	63.426	25.671	0,45	1,25	21.111	24.116	19.832	486	127.399	104.769
STYKKISHÓLMUR	1.209	68.244	7,5%	56.447	17.031	0,40	1,15	14.087	17.577	14.538	79	102.931	85.137
BOLUNGARVÍK	1.187	74.390	7,5%	62.671	19.488	0,40	1,20	16.418	22.574	19.018	80	116.532	98.174
ÍSAFJÖRÐUR	3.498	239.577	7,5%	68.490	56.437	0,40	1,20	16.134	77.041	22.024	2.491	375.546	107.360

1) Innifallið í fjárhæð aðstöðugjalds er sérstök álagning vegna Íslenska Álfélagsins.
2) Innifallið í fjárhæð fasteignaskatts er álagning vegna flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

KAUPSTAÐIR	ÍBÚA FJÖLDI 1.12. 1990.	ÚTSVAR fjárhæð þús. kr.	álagn. prós.	kr. pr. íbúa	FASTEIGNASKATTAR fjárhæð þús. kr.	nýtlng í % a-lið	b-lið	kr. pr. íbúa	AÐSTÖÐUGJALD fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa	LANDS-ÚTSVAR fjárhæð þús.kr.	SAMTALS fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa
SIGLUFJÖRÐUR	1.815	101.916	7,5%	56.152	24.017	0,40	1,15	13.233	34.237	18.863	671	160.841	88.618
SAUÐÁRKRÓKUR	2.534	137.799	7,5%	54.380	41.774	0,43	1,15	16.485	42.009	16.578	1.919	223.501	88.201
BLÖNDUÓSBÆR	1.084	60.462	7,5%	55.777	18.476	0,43	1,06	17.044	17.636	16.269	260	96.834	89.330
AKUREYRI	14.174	768.498	7,2%	54.219	233.193	0,4275	1,25	16.452	262.948	18.551	8.235	1.272.874	89.803
HÚSAVÍK 1)	2.503	141.920	7,5%	56.700	37.236	0,38	1,14	14.877	47.972	19.166	311	227.439	90.867
ÓLAFSFJÖRÐUR	1.171	77.983	7,5%	66.595	17.052	0,375	1,15	14.562	23.674	20.217	98	118.807	101.458
DALVÍK	1.481	90.894	7,5%	61.373	21.545	0,375	1,00	14.548	31.120	21.013	199	143.758	97.068
SEYÐISFJÖRÐUR	981	60.482	7,5%	61.653	16.690	0,40	1,10	17.013	20.794	21.197	1.672	99.638	101.568
NESKAUPSTAÐUR	1.738	103.670	7,5%	59.649	31.302	0,45	1,25	18.010	31.857	18.330	747	167.576	96.419
ESKIFJÖRÐUR	1.056	63.481	7,5%	60.115	14.158	0,45	1,12	13.407	24.548	23.246	115	102.302	96.877
EGILSSTAÐABÆR	1.457	79.442	7,5%	54.524	22.957	0,425	1,15	15.756	22.401	15.375	299	125.099	85.861
HÖFN	1.668	107.807	7,2%	64.632	21.540	0,36	0,82	12.914	33.956	20.357	1.041	164.344	98.528
VESTMANNAEYJAR	4.926	302.669	6,7%	61.443	65.686	0,335	0,82	13.335	78.884	16.014	2.118	449.357	91.221
SELFOSS	3.915	216.728	7,5%	55.358	69.218	0,40	1,20	17.680	56.193	14.353	4.006	346.145	88.415
HVERAGERÐI	1.596	79.298	7,5%	49.685	32.088	0,475	1,25	20.105	16.713	10.472	259	128.358	80.425
1) Innifalið í fjárhæð aðstöðugjalds er sérstök álagning vegna kísilgúrverksmiðjunnar Celite h.f.													
Samtals kaupst.	213.781	11.934.750			3.588.206				4.420.448		109.738	20.053.142	93.802

ÁLÖGÐ ÚTSVÖR, AÐSTÖÐUGJÖLD OG FASTEIGNASKATTAR HREPPA YFIR 300 ÍBÚA ÁRIÐ 1991

HREPPAR	ÍBÚA-FJÖLDI 1.12. 1990.	ÚTSVAR fjárhæð þús. kr.	álagn. prós.	kr. pr. íbúa	FASTEIGNASKATTUR fjárhæð þús. kr.	nýting í % a-lið	b-lið	kr. pr. íbúa	AÐSTÖÐUGJALD fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa	LANDS-ÚTSVAR fjárhæð þús.kr.	SAMTALS fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa
GERÐAHREPPUR	1.074	64.710	7,5%	60.251	14.479	0,36	0,90	13.481	27.362	25.477	72	106.623	99.277
VATNSLEYSUSTR.HR.	646	36.756	7,5%	56.898	8.894	0,50	1,00	13.768	8.860	13.715	49	54.559	84.457
BESSASTAÐAHREPPUR	1.082	60.692	7,5%	56.092	10.741	0,40	1,00	9.927	2.432	2.248	0	73.865	68.267
KJALARNESHREPPUR	469	22.684	7,0%	48.367	5.219	0,30	0,72	11.128	6.092	12.989	1	33.996	72.486
NESHREPPUR U.ENNIS	617	36.479	7,5%	59.123	9.477	0,41	1,00	15.360	14.558	23.595	70	60.584	98.191
GRUNDARFJÖRÐUR	817	49.043	7,5%	60.028	11.107	0,36	0,90	13.595	15.983	19.563	67	76.200	93.268
LAXÁRDALSHREPPUR	388	21.009	7,5%	54.147	6.754	0,36	1,10	17.407	5.695	14.678	82	33.540	86.443
REYKHÓLAHREPPUR	360	16.348	7,5%	45.411	5.078	0,40	1,00	14.106	4.067	11.297	50	25.543	70.953
PATREKSHREPPUR	926	56.277	7,5%	60.774	25.308	0,40	1,00	27.330	16.609	17.936	86	98.280	106.134
TÁLKNAFJARÐARHR.	371	23.185	7,5%	62.493	5.822	0,36	0,90	15.693	7.095	19.124	31	36.133	97.394
BÍLDUDALSHREPPUR	372	22.604	7,5%	60.763	4.227	0,36	0,90	11.363	9.289	24.970	24	36.144	97.161
ÞINGEYRARHREPPUR	487	28.203	7,5%	57.912	4.474	0,40	1,00	9.187	8.697	17.858	52	41.426	85.064
FLATEYRARHREPPUR	396	24.021	7,5%	60.659	5.159	0,36	0,90	13.028	6.745	17.033	27	35.952	90.788
SUÐUREYRARHREPPUR	365	20.824	7,5%	57.052	5.706	0,40	1,00	15.633	8.097	22.184	18	34.645	94.918
HÓLMAVÍKURHREPPUR	475	29.339	7,5%	61.766	5.574	0,36	0,90	11.735	8.202	17.267	85	43.200	90.947
HVAMMSTANGAHREPPUR	706	37.942	7,5%	53.742	10.992	0,40	1,00	15.569	13.912	19.705	61	62.907	89.103

HREPPAR	ÍBÚA-FJÖLDI 1.12. 1990.	ÚTSVAR fjárhæð þús. kr.	álagn. prós.	kr. pr. íbúa	FASTEIGNASKATTUR fjárhæð þús. kr.	nýting í % a-lið	b-lið	kr. pr. íbúa	AÐSTÖÐUGJALD fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa	LANDS-ÚTSVAR fjárhæð þús.kr.	SAMTALS fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa
HÖFÐAHREPPUR	658	48.325	7,5%	73.442	9.600	0,45	1,00	14.590	22.370	33.997	67	80.362	122.131
SEYLUHREPPUR	305	14.296	7,5%	46.872	3.305	0,36	0,90	10.836	2.732	8.957	144	20.477	67.138
HOFSHREPPUR	423	18.539	7,5%	43.827	5.679	0,40	1,00	13.426	6.817	16.116	24	31.059	73.426
ÁRSKÓGSHREPPUR	368	21.696	7,5%	58.957	5.553	0,40	1,00	15.090	6.053	16.448	33	33.335	90.584
EYJAFJARÐARSVEIT	977	45.365	7,5%	46.433	9.265	0,40	1,25	9.483	6.014	6.156	32	60.676	62.104
SVALBARÐSSTR.HREPPUR	323	17.619	7,5%	54.548	4.404	0,40	1,00	13.635	5.713	17.687	6	27.742	85.889
GRÝTUBAKKAHREPPUR	419	22.958	7,5%	54.792	4.496	0,36	0,90	10.730	8.092	19.313	28	35.574	84.902
SKÚTUSTAÐAHREPPUR 1)	515	25.726	7,5%	49.953	10.109	0,40	1,25	19.629	14.309	27.784	75	50.219	97.513
REYKDÆLAHREPPUR	313	13.351	7,0%	42.655	2.771	0,37	1,00	8.853	1.470	4.696	18	17.610	56.262
AÐALDÆLAHREPPUR	336	15.863	7,5%	47.211	4.957	0,40	1,00	14.753	1.965	5.848	10	22.795	67.842
ÖXARFJARÐARHREPPUR	367	18.329	7,5%	49.943	5.396	0,40	1,00	14.703	3.174	8.649	25	26.924	73.362
RAUFARHAFNARHR.	387	24.220	7,5%	62.584	6.513	0,425	1,10	16.829	9.617	24.850	39	40.389	104.364
ÞÓRSHAFNAHREPPUR	399	24.425	7,5%	61.216	7.208	0,40	1,00	18.065	11.642	29.178	54	43.329	108.594
VOPNAFJARÐARHREPPUR	908	46.801	7,5%	51.543	12.393	0,40	1,00	13.649	9.886	10.888	88	69.168	76.176
FELLAHREPPUR	391	19.006	7,5%	48.609	4.255	0,40	1,00	10.882	7.403	18.934	0	30.664	78.425
REYÐARFJARÐARHR.	727	43.454	7,5%	59.772	9.923	0,36	1,00	13.649	19.146	26.336	105	72.628	99.901

1) Innifalið í fjárhæð aðstöðugjalds er sérstök álagning vegna kísilgúrverksmiðjunnar Cellte h.f.

HREPPAR	ÍBÚA-FJÖLDI 1.12. 1990.	ÚTSVAR fjárhæð þús. kr.	álagn. prós.	kr. pr. íbúa	FASTEIGNASKATTUR fjárhæð þús. kr.	nýting í % a-lið	b-lið	kr. pr. íbúa	AÐSTÖÐUGJALD fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa	LANDS-ÚTSVAR fjárhæð þús.kr.	SAMTALS fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa
BÚÐAHREPPUR	757	45.924	7,5%	60.666	10.611	0,40	1,00	14.017	18.881	24.942	72	75.488	99.720
STÖÐVARHREPPUR	343	18.686	7,5%	54.478	3.986	0,40	1,00	11.621	5.293	15.431	26	27.991	81.606
BREIÐDALSHREPPUR	351	20.805	7,5%	59.274	4.395	0,40	1,00	12.521	6.885	19.615	43	32.128	91.533
BÚLANDSHREPPUR	456	25.219	7,5%	55.305	4.923	0,40	1,00	10.796	11.214	24.592	51	41.407	90.805
NESJAHREPPUR	301	16.578	7,5%	55.076	2.770	0,36	0,90	9.203	2.172	7.216	33	21.553	71.605
SKAFTÁRHREPPUR	612	26.206	7,5%	42.820	6.391	0,45	1,00	10.443	6.359	10.391	141	39.097	63.884
MÝRDALSHREPPUR	599	28.642	7,5%	47.816	9.314	0,40	1,00	15.549	6.108	10.197	87	44.151	73.708
HVOLHREPPUR	685	37.328	7,5%	54.493	15.764	0,40	1,00	23.013	8.565	12.504	180	61.837	90.273
RANGÁRVALLAHREPPUR	746	38.858	7,5%	52.088	14.048	0,40	1,00	18.831	8.818	11.820	131	61.855	82.916
STOKKSEYRARHREPPUR	493	29.236	7,5%	59.302	6.585	0,36	1,00	13.357	7.533	15.280	44	43.398	88.028
EYRARBAKKAHREPPUR	541	30.820	7,5%	56.969	6.810	0,36	1,15	12.588	9.843	18.194	51	47.524	87.845
GNÚPVERJAHREPPUR	304	13.302	7,0%	43.757	15.587	0,40	0,75	51.273	2.576	8.474	30	31.495	103.602
HRUNAMANNAHREPPUR	612	27.225	7,5%	44.485	9.749	0,40	1,00	15.930	7.059	11.534	49	44.082	72.029
BISKUPSTUNGNAHR.	483	22.000	7,5%	45.549	9.866	0,40	0,90	20.427	5.295	10.963	53	37.214	77.048
ÖLFUSHREPPUR	1.565	79.851	6,7%	51.023	30.075	0,40	0,90	19.217	29.374	18.769	153	139.453	89.107
Samtals hreppar > 300 íbúar	26.215	1.430.769			395.712				436.073		2.667	2.265.221	86.409

ÁLÖGÐ ÚTSVÖR, AÐSTÖÐUGJÖLD OG FASTEIGNASKATTAR HREPPA UNDIR 300 ÍBÚA ÁRIÐ 1991

HREPPAR	ÍBÚA-FJÖLDI 1.12. 1990.	ÚTSVAR fjárhæð þús. kr.	álagn. prós.	kr. pr. íbúa	FASTEIGNASKATTUR fjárhæð þús. kr.	nýtlng í % a-lið	b-lið	kr. pr. íbúa	AÐSTÖÐUGJALD fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa	LANDS-ÚTSVAR fjárhæð þús.kr.	SAMTÆLS fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa
KJÓSARHREPPUR	167	8.343	7,5%	49.958	5.300	0,575	1,00	31.737	1.799	10.772	0	15.442	92.467
HAFNAHREPPUR	127	7.017	7,2%	55.252	3.402	0,40	1,0-1,25	26.787	8.112	63.874	701	19.232	151.433
HVALFJARÐARSTR.HR.	158	7.376	6,7%	46.684	7.504	0,4-0,5	1,00	47.494	3.848	24.354	110	18.838	119.228
SKILMANNAHREPPUR	152	3.157	3,0%	20.770	14.415	0,40	0,80	94.836	0	0	3.269	20.841	137.112
I-AKRANESHREPPUR	138	6.174	7,1%	44.739	892	0,40	0,00	6.464	675	4.891	0	7.741	56.094
LEIRÁR- OG MELAHR.	157	6.099	6,7%	38.847	1.650	0,47	0,00	10.510	1.037	6.605	0	8.786	55.962
ANDAKÍLSHREPPUR	250	11.555	7,5%	46.220	5.724	0,40	1,00	22.896	1.572	6.288	22	18.873	75.492
SKORRADALSHREPPUR	64	2.977	6,7%	46.516	2.394	0,45	0,90	37.406	0	0	1	5.372	83.938
LUNDARREYKJAD.HR.	101	3.918	7,1%	38.792	1.111	0,40	1,25	11.000	0	0	0	5.029	49.792
REYKHOLTSDALSHR.	265	12.008	7,5%	45.313	3.484	0,40	1,25	13.147	1.733	6.540	36	17.261	65.136
HÁLSAHREPPUR	93	3.103	7,1%	33.366	1.260	0,45	0,00	13.548	1.036	11.140	11	5.410	58.172
HVÍTÁRSÍÐUHREPPUR	73	3.032	7,0%	41.534	1.447	0,50	0,00	19.822	985	13.493	0	5.464	74.849
ÞVERÁRHLÍÐARHREPPUR	78	3.369	7,5%	43.192	1.091	0,43	0,46	13.987	1.067	13.679	0	5.527	70.859
NORÐURÁRDALSHR.	113	5.968	7,5%	52.814	1.659	0,50	0,40	14.681	893	7.903	91	8.611	76.204
STAFHOLTSTUNGNAHR.	196	8.475	7,5%	43.240	4.676	0,36	1,25	23.857	1.270	6.480	34	14.455	73.750
BORGARHREPPUR	144	5.996	7,5%	41.639	3.332	0,40	1,25	23.139	818	5.681	0	10.146	70.458

HREPPAR	ÍBÚA-FJÖLDI 1.12. 1990.	ÚTSVAR fjárhæð þús. kr.	álagn. prós.	kr. pr. íbúa	FASTEIGNASKATTUR fjárhæð þús. kr.	nýtlng í % a-lið	b-lið	kr. pr. íbúa	AÐSTÖÐUGJALD fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa	LANDS-ÚTSVAR fjárhæð þús.kr.	SAMTALS fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa
ÁLFTANESHREPPUR	104	4.925	7,5%	47.356	1.882	0,50	1,25	18.096	930	8.942	0	7.737	74.394
HRAUNHREPPUR	110	3.748	7,5%	34.073	901	0,36	1,25	8.191	507	4.609	0	5.156	46.873
KOLBEINSSTAÐAHREPPUR	128	4.932	7,5%	38.531	1.777	0,36	1,25	13.883	475	3.711	0	7.184	56.125
EYJAHREPPUR	65	2.274	6,9%	34.985	1.390	0,20	1,25	21.385	134	2.062	0	3.798	58.431
MIKLAHOLTSHREPPUR	112	4.373	7,5%	39.045	969	0,36	0,90	8.652	661	5.902	31	6.034	53.875
STAÐARSVEIT	97	3.626	7,5%	37.381	1.236	0,36	0,00	12.742	470	4.845	0	5.332	54.969
BREIÐUVÍKURHREPPUR	59	2.561	7,5%	43.407	1.363	0,40	0,00	23.102	314	5.322	4	4.242	71.898
HELGAFELLSSVEIT	90	3.201	7,5%	35.567	785	0,36	0,90	8.722	777	8.633	0	4.763	52.922
SKÓGARSTRANDARHR.	57	2.192	7,5%	38.456	649	0,40	0,00	11.386	294	5.158	5	3.140	55.088
HÖRÐUDALSHREPPUR	45	1.785	7,5%	39.667	401	0,40	1,00	8.911	246	5.467	0	2.432	54.044
MIÐDALAHREPPUR	100	5.210	7,5%	52.100	847	0,36	0,00	8.470	451	4.510	0	6.508	65.080
HAUKADALSHREPPUR	48	2.353	7,5%	49.021	461	0,36	1,00	9.604	264	5.500	0	3.078	64.125
HVAMMSHREPPUR	91	3.747	7,5%	41.176	508	0,40	0,00	5.582	351	3.857	0	4.606	50.615
FELLSSTRANDARHR.	82	3.390	7,5%	41.341	773	0,40	1,00	9.427	405	4.939	4	4.572	55.756
SKARÐSHREPPUR	55	1.995	7,5%	36.273	416	0,45	0,00	7.564	353	6.418	0	2.764	50.255
SAURBÆJARHREPPUR	110	5.417	7,5%	49.245	1.033	0,40	0,40	9.391	3.709	33.718	18	10.177	92.518

HREPPAR	ÍBÚA-FJÖLDI 1.12. 1990.	ÚTSVAR fjárhæð þús. kr.	álagn. prós.	kr. pr. íbúa	FASTEIGNASKATTUR fjárhæð þús. kr.	nýtlng í % a-lið	b-lið	kr. pr. íbúa	AÐSTÖÐUGJALD fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa	LANDS-ÚTSVAR fjárhæð þús.kr.	SAMTALS fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa
BARÐASTRANDARHR.	150	7.268	7,5%	48.453	1.663	0,36	0,90	11.087	2.261	15.073	27	11.219	74.793
RAUÐASANDSHREPPUR	92	3.426	7,5%	37.239	951	0,50	0,00	10.337	491	5.337	2	4.870	52.935
MÝRAHREPPUR	77	3.772	7,5%	48.987	670	0,36	0,00	8.701	317	4.117	0	4.759	61.805
MOSVALLAHREPPUR	71	2.835	7,5%	39.930	423	0,36	0,90	5.958	302	4.254	0	3.560	50.141
SÚÐAVÍKURHREPPUR	229	15.823	7,5%	69.096	3.121	0,40	1,00	13.629	6.929	30.258	30	25.903	113.114
ÖGURHREPPUR	36	1.377	7,5%	38.250	269	0,50	0,00	7.472	0	0	0	1.646	45.722
REYKJAFJARÐARHR.	43	2.285	7,5%	53.140	1.070	0,36	0,90	24.884	306	7.116	10	3.671	85.372
NAUTEYRARHREPPUR	59	2.574	7,5%	43.627	697	0,50	1,25	11.814	684	11.593	2	3.957	67.068
SNÆFJALLAHREPPUR	13	602	7,5%	46.308	120	0,50	0,50	9.231	80	6.154	0	802	61.692
ÁRNESHREPPUR	121	5.079	7,5%	41.975	1.162	0,50	1,00	9.603	618	5.107	8	6.867	56.752
KALDRANANESHREPPUR	167	9.088	7,5%	54.419	1.717	0,36	0,90	10.281	2.367	14.174	7	13.179	78.916
KIRKJUBÓLSHREPPUR	57	3.398	7,5%	59.614	455	0,36	0,90	7.982	316	5.544	0	4.169	73.140
FELLSHREPPUR	66	2.868	7,5%	43.455	330	0,36	0,00	5.000	187	2.833	0	3.385	51.288
ÓSPAKSEYRARHREPPUR	46	1.774	6,7%	38.565	255	0,25	0,25	5.543	517	11.239	3	2.549	55.413
BÆJARHREPPUR	134	6.354	7,5%	47.418	1.356	0,30	0,70	10.119	994	7.418	45	8.749	65.291
STAÐARHREPPUR V-HÚN	103	4.607	7,5%	44.728	967	0,36	0,90	9.388	1.029	9.990	105	6.708	65.126

HREPPAR	ÍBÚA-FJÖLDI 1.12. 1990.	ÚTSVAR			FASTEIGNASKATTUR				AÐSTÖÐUGJALD		LANDS-ÚTSVAR	SAMTALS	
		fjárhæð þús. kr.	álagn. prós.	kr. pr. íbúa	fjárhæð þús. kr.	nýtlng í % a-lið	b-lið	kr. pr. íbúa	fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa	fjárhæð þús.kr.	fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa
FR.-TORFUSTAÐAHR.	78	2.621	7,5%	33.603	1.573	0,36	1,00	20.167	524	6.718	0	4.718	60.487
YTRI - TORFUSTAÐAHR.	216	10.040	7,5%	46.481	2.647	0,36	1,00	12.255	1.637	7.579	22	14.346	66.417
KIRKJUHVAMMSHREPPUR	109	3.598	7,5%	33.009	832	0,36	0,00	7.633	476	4.367	0	4.906	45.009
ÞVERÁRHREPPUR	106	3.654	7,5%	34.472	1.168	0,40	1,25	11.019	620	5.849	3	5.445	51.368
ÞORKELSHÓLSHREPPUR	163	6.285	7,0%	38.558	1.965	0,36	0,90	12.055	1.424	8.736	26	9.700	59.509
ÁSHREPPUR	111	4.782	7,5%	43.081	1.522	0,36	0,90	13.712	593	5.342	0	6.897	62.135
SVEINSSTAÐAHREPPUR	106	4.342	7,0%	40.962	1.790	0,36	1,00	16.887	738	6.962	0	6.870	64.811
TORFALÆKJARHREPPUR	121	5.472	7,5%	45.223	4.028	0,34	0,85	33.289	618	5.107	4	10.122	83.653
SVÍNAVATNSHREPPUR	126	5.542	6,7%	43.984	5.146	0,50	1,00	40.841	11.852	94.063	3	22.543	178.913
BÓLSTAÐARHLÍÐARHR.	132	6.180	7,5%	46.818	680	0,25	0,65	5.152	767	5.811	9	7.636	57.848
ENGIHLÍÐARHREPPUR	87	3.955	7,5%	45.460	711	0,36	0,91	8.172	554	6.368	0	5.220	60.000
VINDHÆLISHREPPUR	53	2.054	7,5%	38.755	418	0,36	0,90	7.887	299	5.642	0	2.771	52.283
SKAGAHREPPUR	64	2.828	7,5%	44.188	466	0,40	0,90	7.281	346	5.406	0	3.640	56.875
SKEFILSSTAÐAHREPPUR	48	2.111	7,5%	43.979	608	0,40	0,00	12.667	251	5.229	0	2.970	61.875
SKARÐSHREPPUR	115	5.167	7,5%	44.930	1.025	0,36	0,90	8.913	430	3.739	0	6.622	57.583
STAÐARHREPPUR SKAG.	117	4.930	7,5%	42.137	1.225	0,38	0,00	10.470	987	8.436	0	7.142	61.043

HREPPAR	ÍBÚA-FJÖLDI 1.12. 1990.	ÚTSVAR fjárhæð þús. kr.	álagn. prós.	kr. pr. íbúa	FASTEIGNASKATTUR fjárhæð þús. kr.	nýting í % a-lið	b-lið	kr. pr. íbúa	AÐSTÖÐUGJALD fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa	LANDS-ÚTSVAR fjárhæð þús.kr.	SAMTALS fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa
LÝTINGSSTAÐAHREPPUR	285	9.633	7,5%	33.800	2.941	0,36	0,90	10.319	1.311	4.600	10	13.895	48.754
AKRAHREPPUR	271	10.404	7,5%	38.391	1.615	0,38	0,00	5.959	1.621	5.982	1	13.641	50.336
RÍPURHREPPUR	94	3.350	7,5%	35.638	899	0,36	0,00	9.564	793	8.436	0	5.042	53.638
VIÐVÍKURHREPPUR	95	3.203	7,5%	33.716	729	0,40	0,00	7.674	475	5.000	0	4.407	46.389
HÓLAHREPPUR	143	7.105	7,5%	49.685	1.321	0,36	0,90	9.238	448	3.133	21	8.895	62.203
FJÓTAHREPPUR	178	7.884	7,5%	44.292	2.485	0,36	1,00	13.961	1.967	11.051	14	12.350	69.382
GRÍMSEYJARHREPPUR	121	8.028	7,5%	66.347	1.325	0,40	1,00	10.950	2.706	22.364	0	12.059	99.661
SVARFAÐARDALSHR.	270	9.998	7,5%	37.030	2.200	0,50	1,00	8.148	2.188	8.104	0	14.386	53.281
HRÍSEYJARHREPPUR	264	14.938	7,5%	56.583	3.714	0,40	1,00	14.068	5.432	20.576	2	24.086	91.235
ARNARNESHREPPUR	226	11.264	7,5%	49.841	1.800	0,40	1,00	7.965	1.295	5.730	0	14.359	63.535
SKRIÐUHREPPUR	121	5.114	7,0%	42.264	844	0,40	0,00	6.975	883	7.298	0	6.841	56.537
ÖXNADALSHREPPUR	55	2.405	7,5%	43.727	439	0,43	0,43	7.982	434	7.891	0	3.278	59.600
GLÆSIBÆJARHREPPUR	237	11.858	7,5%	50.034	4.427	0,40	1,00	18.679	8.309	35.059	0	24.594	103.772
HÁLSHREPPUR	197	8.399	7,5%	42.635	1.872	0,40	0,00	9.503	790	4.010	9	11.070	56.193
LJÓSAVATNSHREPPUR	248	9.453	7,5%	38.117	1.663	0,36	1,00	6.706	1.509	6.085	21	12.646	50.992
BÁRÐDÆLAHREPPUR	153	5.690	7,5%	37.190	1.502	0,40	0,00	9.817	720	4.706	3	7.915	51.732

HREPPAR	ÍBÚA-FJÖLDI 1.12. 1990.	ÚTSVAR fjárhæð þús. kr.	álagn. prós.	kr. pr. íbúa	FASTEIGNASKATTUR fjárhæð þús. kr.	nýtlng í % a-lið	b-lið	kr. pr. íbúa	AÐSTÖÐUGJALD fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa	LANDS-ÚTSVAR fjárhæð þús.kr.	SAMTALS fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa
REYKJAHREPPUR	110	5.565	6,95%	50.591	2.477	0,36	1,00	22.518	1.162	10.564	4	9.208	83.709
TJÖRNESHREPPUR	88	3.392	7,5%	38.545	679	0,30	0,00	7.716	145	1.648	0	4.216	47.909
KELDUNESHREPPUR	122	5.852	7,5%	47.967	2.117	0,40	1,00	17.352	1.382	11.328	24	9.375	76.844
FJALLAHREPPUR	12	421	6,7%	35.083	106	0,45		8.833			5	532	44.333
SVALBARÐSHREPPUR	122	5.011	7,5%	41.074	1.279	0,40	0,90	10.484	502	4.115	0	6.792	55.672
SAUÐANESHREPPUR	48	2.765	7,5%	57.604	507	0,40	1,00	10.563	298	6.208	16	3.586	74.708
SKEGGJASTAÐAHREPPUR	132	7.191	7,5%	54.477	1.160	0,36	0,90	8.788	1.993	15.098	9	10.353	78.432
HLÍÐARHREPPUR	98	3.862	7,5%	39.408	866	0,45	0,00	8.837	623	6.357	0	5.351	54.602
JÖKULDALSHREPPUR	166	5.593	7,5%	33.693	737	0,36	0,00	4.440	1.056	6.361	11	7.397	44.560
FLJÓTSDALSHREPPUR	118	5.047	7,5%	42.771	416	0,36	0,00	3.525	511	4.331	4	5.978	50.661
TUNGUHREPPUR	99	4.027	7,5%	40.677	489	0,36	0,00	4.939	509	5.141	3	5.028	50.788
HJALTASTAÐAHREPPUR	86	3.086	7,5%	35.884	549	0,36	0,00	6.384	310	3.605	2	3.947	45.895
BORGARFJARÐARHR.	215	9.148	7,5%	42.549	1.655	0,36	0,90	7.698	2.330	10.837	11	13.144	61.135
SKRIÐDALSHREPPUR	110	3.670	7,5%	33.364	468	0,36	0,00	4.255	396	3.600	0	4.534	41.218
VALLAHREPPUR	166	8.772	7,5%	52.843	1.183	0,36	0,00	7.127	422	2.542	9	10.386	62.566
EIÐAHREPPUR	153	6.602	7,5%	43.150	1.266	0,36	0,90	8.275	529	3.458	0	8.397	54.882

HREPPAR	ÍBÚA-FJÖLDI 1.12. 1990.	ÚTSVAR fjárhæð þús. kr.	álagn. prós.	kr. pr. íbúa	FASTEIGNASKATTUR fjárhæð þús. kr.	nýting í % a-lið	b-lið	kr. pr. íbúa	AÐSTÖÐUGJALD fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa	LANDS-ÚTSVAR fjárhæð þús.kr.	SAMTALS fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa
MJÓAFJARÐARHREPPUR	32	1.522	7,5%	47.563	160	0,40	0,00	5.000	106	3.313	1	1.789	55.906
NORÐFJARÐARHREPPUR	85	2.954	6,7%	34.753	415	0,50	0,00	4.882	120	1.412	0	3.489	41.047
FÁSKRÚÐSFJARÐARHR.	95	3.806	7,5%	40.063	382	0,40	1,00	4.021	487	5.126	0	4.675	49.211
BERUNESHREPPUR	79	2.789	7,5%	35.304	576	0,40	0,00	7.291	392	4.962	4	3.761	47.608
GEITHELLNAHREPPUR	71	2.612	7,5%	36.789	405	0,40	0,00	5.704	575	8.099	4	3.596	50.648
BÆJARHREPPUR	51	2.187	7,5%	42.882	417	0,40	0,00	8.176	353	6.922	0	2.957	57.980
MÝRAHREPPUR	92	3.434	7,5%	37.326	680	0,36	0,00	7.391	528	5.739	5	4.647	50.511
BORGARHAFNARHR.	115	4.681	7,5%	40.704	664	0,36	0,00	5.774	595	5.174	7	5.947	51.713
HOFSHREPPUR	119	5.280	7,5%	44.370	1.083	0,36	0,90	9.101	869	7.303	27	7.259	61.000
A-EYJAFJALLAHREPPUR	195	9.373	7,5%	48.067	1.455	0,40	1,00	7.462	1.867	9.574	32	12.727	65.267
V-EYJAFJALLAHREPPUR	211	7.437	7,5%	35.246	1.667	0,40	1,00	7.900	1.233	5.844	0	10.337	48.991
A-LANDEYJAHREPPUR	210	7.922	7,5%	37.724	2.593	0,40	1,00	12.348	1.612	7.676	0	12.127	57.748
V-LANDEYJAHREPPUR	186	8.278	7,5%	44.505	2.276	0,40	0,00	12.237	1.165	6.263	0	11.719	63.005
FJÓTSHLÍÐARHREPPUR	227	8.416	7,5%	37.075	1.984	0,40	1,00	8.740	1.124	4.952	3	11.527	50.780
LANDMANNAHREPPUR	134	4.698	7,5%	35.060	2.049	0,4-0,5	1,00	15.291	1.128	8.418	6	7.881	58.813
HOLTAHREPPUR	270	12.545	7,5%	46.463	2.910	0,40	0,90	10.778	1.934	7.163	42	17.431	64.559

HREPPAR	ÍBÚA-FJÖLDI 1.12. 1990.	ÚTSVAR fjárhæð þús. kr.	álagn. prós.	kr. pr. íbúa	FASTEIGNASKATTUR fjárhæð þús. kr.	nýting í % a-lið	b-lið	kr. pr. íbúa	AÐSTÖÐUGJALD fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa	LANDS-ÚTSVAR fjárhæð þús.kr.	SAMTALS fjárhæð þús. kr.	kr. pr. íbúa
ÁSAHREPPUR	158	6.946	7,0%	43.962	13.792	0,40	0,70	87.291	2.014	12.747	0	22.752	144.000
DJÚPÁRHREPPUR 1)	245	11.265	6,5%	45.980	9.778	0,25	0,50	39.910	2.452	10.008	45	23.540	96.082
GAULVERJAB.HREPPUR	146	6.058	7,5%	41.493	1.792	0,40	0,00	12.274	1.113	7.623	0	8.963	61.390
SANDVÍKURHREPPUR	113	4.817	7,5%	42.628	895	0,30	0,00	7.920	0	0	0	5.712	50.549
HRAUNGERÐISHREPPUR	194	8.954	7,5%	46.155	3.104	0,50	1,20	16.000	2.434	12.546	0	14.492	74.701
VILLINGAHOLTSHREPPUR	193	6.713	7,5%	34.782	1.754	0,40	1,00	9.088	1.131	5.860	0	9.598	49.731
SKEIÐAHREPPUR	248	11.030	7,5%	44.476	3.094	0,40	0,00	12.476	2.178	8.782	43	16.345	65.907
LAUGARDALSHREPPUR	237	13.151	7,5%	55.489	5.743	0,50	1,00	24.232	2.658	11.215	41	21.593	91.110
GRÍMSNESHREPPUR	261	13.733	7,2%	52.617	16.384	0,50	1,00	62.774	1.413	5.414	48	31.578	120.989
ÞINGVALLAHREPPUR	46	1.658	7,5%	36.043	3.252	0,50	1,25	70.696	755	16.413	3	5.668	123.217
GRAFNINGSHREPPUR	51	2.390	6,7%	46.863	6.916	0,40	0,80	135.608	563	11.039	1	9.870	193.529
1) Innifalið í fjárhæð fjárhæð fasteignaskatts er álagning vegna virkjana.													
Samtals hreppar (11 alls). (undir 300 íbúum).	15.712	684.366			247.712				148.548		5.134	1.085.760	69.104
Hreppar samtals:	41.927	2.115.135			643.424				584.621		7.801	3.350.981	
Landið allt samtals:	255.708	14.049.885			4.231.630				5.005.069		117.539	23.404.123	91.527

REGLUGERÐ

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að greiða sveitarfélögunum framlög samkvæmt III. kafla reglugerðar þessarar, sbr. III. kafla laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, auk greiðslu bundinna framlaga skv 8. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins sem aflar upplýsinga á vegum hans, greiðir framlög úr sjóðnum og sér um bókhald hans. Handbært fé sjóðsins skal geymt í banka með ríkisábyrgð.

Ársreikningar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs og tekur ákvarðanir um úthlutun framlaga úr sjóðnum, annarra en bundinna framlaga skv. 8. gr., að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar skv. 4. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga, fræðsluskrifstofur og landshlutasamtök sveitarfélaga skulu annast upplýsingaöflun og útreikninga, sem úthlutun framlaga byggist á, eftir því sem við á.

Við úthlutun framlaga skv. b- og c-lið 10. gr. reglugerðar þessarar skal hafa samráð við menntamálaráðuneytið.

Heimilt er að greiða úr sjóðnum kostnað þann sem til kann að falla við upplýsingaöflun og útreikninga skv. 2. mgr.

4. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um framlög úr sjóðnum önnur en bundin framlög skv. 8. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr sjóðnum.

II. KAFLI
Tekjur Jöfnunarsjóðs.

5. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

a. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hvers árs. Skal framlagið nema 1,4% af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Skal framlagið greitt Jöfnunarsjóði mánaðarlega eftir á.
b. Landsútsvör skv. 6. gr.
c. Vaxtatekjur.

6. gr.

Landsútsvör greiða eftirtaldir aðilar:

a. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, 5% af hagnaði.
b. Áburðarverksmiðja ríkisins, Sementsverksmiðja ríkisins og Sala varnarliðseigna, 1,3% af heildarsölu. Ennfremur olíufélög sem flytja inn olíu og olíuvörur og annast sölu og dreifingu þessara vara innanlands, 1,3% af heildarsölu olíu og olíuvara annarra en gasolíu og svartolíu.
c. Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði, 0,5% af rekstrarútgjöldum.
d. Bankar og sparisjóðir, 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess sveitarfélags með þeirri undantekningu að landsútsvar skv. d-lið þessarar greinar rennur óskipt í Jöfnunarsjóð.

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara. Gjalddagi landsútsvara er 15. júlí á álagningarári og eindagi 15 dögum síðar. Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvör samkvæmt gjaldskrá sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té. Sé landsútsvar ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir samkvæmt ákvæðum vaxtalaga, nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

III. KAFLI
Framlög úr Jöfnunarsjóði.

7. gr.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru bundin framlög, sérstök framlög og jöfnunarframlög í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

8. gr.

Bundin framlög.

Bundin framlög eru svo sem hér greinir:

a. Framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,75% af vergum tekjum sjóðsins.
b. Framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af vergum tekjum sjóðsins, og skulu þau framlög skiptast jafnt milli allra landshlutasamtakanna.
c. Framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af vergum tekjum sjóðsins.
d. Framlag til Innheimtustofnunar sveitarfélaga skv. 4. gr. laga nr. 54/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 43/1984.

Greiðslur framlaga samkvæmt þessari grein skulu inntar af hendi mánaðarlega í samræmi við greiðsluáætlun sem gera skal í byrjun hvers árs. Áætlunin skal endurskoðuð þegar lokið er álagningu landsútsvara skv. 3. mgr. 6. gr.

9. gr.

Sérstök framlög.

Sérstökum framlögum skal úthlutað úr sjóðnum sem hér greinir:

a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. 114. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.
b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.
c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá fámennum sveitarfélögum, allt að 8% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 10. gr.
d. Til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 15,5% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 11. gr.
e. Til að bæta upp annan aukinn kostnað vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 7,3% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 12. gr.

Heimilt er að færa fjármagn milli c-, d- og e-liða.

10. gr.

Stofnframlög.

Framlögum skv. c-lið 9. gr. skal varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við eftirtaldar framkvæmdir:

a. allt að 50% af stofnkostnaði við meiriháttar vatnsveituframkvæmdir, þ.e. vatnstökuvirki, aðveituæðar og miðlunargeyma,
b. allt að 50% af stofnkostnaði skólamannvirkja og kostnaði við byggingu eða kaup á húsnæði fyrir dagvistun barna,
c. allt að 20% af byggingarkostnaði félagsheimila og íþróttamannvirkja annarra en skólamannvirkja.

Skilyrði þess að sveitarfélag fái framlag skv. 1. mgr. er að það hafi sótt um framlag til félagsmálaráðuneytisins til framkvæmdarinnar og ráðgjafarnefnd hafi samþykkt kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdina og styrkhæfni hennar. Nauðsynlegar upplýsingar og gögn skulu fylgja umsókn. Umsóknir þurfa að berast ráðuneytinu fyrir 1. nóvember ár hvert vegna framkvæmda á næsta ári.

Við úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein skal hafa hliðsjón af þörf sveitarfélags fyrir framkvæmdina, tekjumöguleikum, stærð þess og fjárhag, og að framlag nýtist til að stytta framkvæmdatíma.

Hundraðshluti framlaga skv. a-, b- og c-liðum 1. mgr. skal reiknaður af stofnkostnaði framkvæmdar framreiknuðum skv. byggingarvísitölu.

11. gr.

Framlög til rekstrar grunnskóla.

Framlögum skv. d-lið 9. gr. skal varið til að standa undir auknum rekstrarkostnaði grunnskóla sveitarfélaga með innan við 2000 íbúa vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, þ.e. kostnaði við akstur, heimavistir, mötuneyti og gæslu barna úr dreifbýli. Framlög skulu miðuð við fjölda starfsvikna í skóla og akstursvegalengd milli skóla og heimilis nemanda samkvæmt eftirfarandi reglu:

3–5 km	1 670 kr. á viku á nemanda.
5–15 km	2 742 kr. á viku á nemanda.
15–30 km	4 176 kr. á viku á nemanda.
Meira en 30 km	5 742 kr. á viku á nemanda.

Framangreindar fjárhæðir eru miðaðar við verðlag í júlí 1991 og breytast í samræmi við breytingar á aksturstöxtum sérleyfishafa.

Þegar nemendur ferðast með öðrum farartækjum en bifreiðum til og frá skóla má miða framlag samkvæmt þessari grein við áætlun fræðslustjóra um ferðakostnað.

Fræðslustjórar senda félagsmálaráðuneytinu við upphaf skólaárs upplýsingar og útreikninga um framlög samkvæmt þessari grein og áætlun um framlög næsta skólaár.

Framlög samkvæmt þessari grein skulu greidd sveitarfélögum eða byggðasamlögum um skóla og skulu greiðslur berast mánaðarlega á starfstíma skóla.

Heimilt er að leiðrétta útreiknað framlag til sveitarfélags samkvæmt þessari grein til samræmis við áðurgildandi reglur um kostnaðarþátttöku ríkis í rekstri viðkomandi skóla.

Heimilt er að greiða grunnskólaframlag til sveitarfélags er sendir frá sér nemendur í héraðsskóla vegna þess að ekki er grundvöllur fyrir að fullnægja skólaskyldu í sveitarfélaginu. Framlagið miðist við fjölda nemenda og viðmiðunartaxta menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

12. gr.

Framlög til rekstrar tónlistarskóla o.fl.

Sérstök framlög skv. e-lið 9. gr. skulu greidd dreifbýlissveitarfélögum sem standa að rekstri tónlistarskóla.

Sveitarfélög eða byggðasamlög um rekstur tónlistarskóla, sem óska framlaga skv. 1. mgr., skulu senda umsókn til félagsmálaráðuneytisins í maí og nóvember, þ.e. undir lok vorannar og haustannar. Umsókninni skal fylgja nemendaskrá sundurliðuð eftir sveitarfélögum.

Mánaðarleg framlög á nemanda í fullu námi skulu vera sem hér segir:

Á nemanda úr sveitarfélagi með innan við 500 íbúa . . . . . 2 000 kr.

Á nemanda úr sveitarfélagi með 500–700 íbúa . . . . . 1 000 kr.

Framangreindar fjárhæðir eru miðaðar við verðlag í júlí 1991 og breytast í samræmi við breytingar á launavísitölu.

Framlögin skulu greidd sveitarfélögum eða byggðasamlögum um rekstur tónlistarskóla í júní og desember ár hvert.

Komi í ljós að fjárhagur dreifbýlissveitarfélags hefur versnað vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga skal veita sveitarfélaginu framlag skv. e-lið 9. gr. að teknu tilliti til aukinna tekna sveitarfélagsins samkvæmt þessari reglugerð.

13. gr.

Tekjujöfnunarframlög.

Félagsmálaráðuneytið gerir árlega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skrá um skatttekjur sveitarfélaga á yfirstandandi reikningsári ásamt upplýsingum um nýtingu tekjustofna, þ.e. útsvara, fasteignaskatts, aðstöðugjalda og annarra sambærilegra tekna (aðstöðugjaldaígildi) og landsútsvara. Með útsvari er átt við álögð útsvör á yfirstandandi ári á tekjur fyrra árs. Á grundvelli skatttekjuskrár skal reikna út eftirtalin meðaltöl:

a. landsmeðaltal skatttekna á íbúa,
b. meðaltal skatttekna á íbúa í öllum sveitarfélögum með færri en 300 íbúa,
c. meðaltal skatttekna á íbúa í hverju sveitarfélagi.

Sé meðaltal skatttekna á íbúa í sveitarfélagi með fleiri en 300 íbúa og íbúa í þéttbýlissveitarfélagi með færri en 300 íbúa lægra en landsmeðaltal skatttekna á íbúa, sbr. a-lið 1. mgr., skal greiða sveitarfélaginu allt að mismuninum sem tekjujöfnunarframlag.

Sé meðaltal skatttekna á íbúa í sveitarfélagi með færri en 300 íbúa lægra en meðaltal skatttekna á íbúa í slíkum sveitarfélögum, sbr. b-lið 1. mgr., skal greiða sveitarfélaginu allt að mismuninum sem tekjujöfnunarframlag.

Upphæð tekjujöfnunarframlaga ræðst af því fé er Jöfnunarsjóðurinn hefur til greiðslu jöfnunarframlaga. Miða skal við að fé til greiðslu tekjujöfnunarframlaga verði eigi hærra en því sem nemur 65% af jöfnunarframlögum.

Skilyrði fyrir greiðslu tekjujöfnunarframlaga til sveitarfélaga er að þau hafi nýtt tekjustofna sína eðlilega. Í nóvember ár hvert gefur félagsmálaráðuneytið út reglur um eðlilega nýtingu tekjustofna sveitarfélaga á næsta ári samkvæmt reglugerð þessari. Reglurnar skulu gefnar út að fengnum tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga.

Hafi sveitarfélag, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., ekki nýtt tekjustofna sína eðlilega skal draga frá reiknuðu tekjujöfnunarframlagi fjárhæð sem nemur tvöföldum mismun álagðra skatttekna og þeirra skatttekna sem álagðar hefðu verið miðað við eðlilega nýtingu tekjustofna skv. 4. mgr. Skilyrði fyrir því að sveitarfélag fái tekjujöfnunarframlag er að það hafi fullnýtt heimild til útsvarsálagningar.

Tekjujöfnunarframlög skulu greidd sveitarfélögum án umsókna fyrir 1. nóvember ár hvert. Heimilt er ráðgjafarnefnd að endurreikna og leiðrétta tekjujöfnunarframlag síðasta árs komi í ljós verulegt frávik á rauntekjum sveitarfélags frá tekjum samkvæmt skatttekjuskrá.

14. gr.

Þjónustuframlög.

Þjónustuframlög skal greiða sveitarfélögum með færri en 3000 íbúa sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélög af þeirri stærð veiti.

Félagsmálaráðuneytið gerir árlega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skýrslu um þjónustu einstakra sveitarfélaga með færri en 3000 íbúa. Skulu sveitarfélögin flokkuð eftir þjónustustigi og afkomu svo sem hér greinir:

a. Sveitarfélög með allt að 1000 íbúa:
   - Þjónustustig A: framlag allt að 6 753 kr. á íbúa.
   - Þjónustustig B: framlag allt að 4 052 kr. á íbúa.
   - Þjónustustig C: framlag allt að 2 026 kr. á íbúa.
   - Þjónustustig D: ekkert framlag.
b. Sveitarfélög með 1001–2000 íbúa:
   - Þjónustustig A: allt að 4 502 kr. á íbúa.
   - Þjónustustig B: allt að 2 701 kr. á íbúa.
   - Þjónustustig C: allt að 1 351 kr. á íbúa.
c. Sveitarfélög með 2001–3000 íbúa:
   - Þjónustustig A: allt að 2 251 kr. á íbúa.
   - Þjónustustig B: allt að 1 351 kr. á íbúa.
   - Þjónustustig C: allt að 675 kr. á íbúa.

Við flokkun sveitarfélaga í þjónustustig skal hafa hliðsjón af félagslegri þjónustu, svo sem við börn, aldraða og fatlaða, heimaþjónustu og fjárhagsaðstoð, svo og af annarri þjónustu sem sveitarfélag veitir íbúum sínum, t.d. varðandi sorphirðu, snjómokstur, gatnagerð, vatnsveitu, íþróttir og tómstundastörf.

Fjárhæðir skv. 2. mgr. miðast við verðlag í júlí 1991 og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

Heimilt er að hækka eða lækka fjárhæðir skv. 2. mgr. með hliðsjón af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Umsóknir um framlög samkvæmt þessari grein skal senda félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert ásamt upplýsingum um þjónustu í sveitarfélaginu og eintaki af ársreikningi sveitarfélagsins fyrir næstliðið ár.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, og öðlast gildi þegar í stað. Þá fellur jafnframt úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 542 15. nóvember 1989, og reglugerð nr. 395 10. október 1990, um breytingu á þeirri reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið, 14. ágúst 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Fylgiskjal VII.

Tillaga til þingsályktunar

um fullgildingu Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga.

(Lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga sem gerður var í Strasborg 15. október 1985.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga sem gerður var í Strassborg 15. október 1985. Sáttmálinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

A. Tilurð sáttmálans.

Evrópusáttmálinn um sjálfsstjórn sveitarfélaga er árangur af frumkvæði ýmissa aðila og margra ára umræðum í Evrópuráðinu.

Það hafði lengi verið áhugamál sveitarstjórnarmanna að vernda og styrkja sjálfsstjórn sveitarfélaga í Evrópu með gerð samþykktar þar sem fram kæmu þær meginreglur sem eru í heiðri hafðar í öllum lýðræðisríkjum Evrópu.

Evrópuráðið var kjörinn vettvangur til að gera drög að slíkri samþykkt. Þegar árið 1957 viðurkenndi ráðið mikilvægi sveitarstjórna með því að setja á stofn, í þeirra þágu, evrópskt fulltrúaráð er síðan hefur haldið reglulega fundi um málefni sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu (CLRAE).

Árið 1981 ákvað CLRAE að senda til ráðherranefndar Evrópuráðsins drög að Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga.

Þau drög voru rædd á 5. ráðstefnu ráðherra Evrópuríkja, sem fara með sveitarstjórnarmál, sem haldin var í Luganó í októbermánuði 1982. Í niðurstöðum ráðherranna, sem sátu ráðstefnuna, kom fram að þeir

„telja að drögin að þessum Evrópusáttmála sé mikilvægt skref í því skyni að skilgreina meginreglur um sjálfsstjórn sveitarfélaga . . .;

fara þess á leit við ráðherranefnd Evrópuráðsins að hún feli nefnd um málefni héraðsstjórna og borga (CDRM) að gera, í samráði við ráðstefnuna um málefni sveitar- og héraðsstjórna í Evrópu, nauðsynlegar breytingar á drögum að Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga í samræmi við þær athugasemdir um form og efni hans sem fram komu á ráðstefnunni þannig að unnt verði að leggja þau fyrir næstu ráðstefnu þeirra til samþykktar".

Eftir að CDRM hafði endurskoðað drögin að sáttmálanum voru þau lögð fyrir 6. ráðstefnu ráðherra Evrópuríkja sem fara með sveitarstjórnarmál, en hún kom saman í Róm í nóvembermánuði 1984. Meginreglur í drögunum voru samþykktar einróma.

Með hliðsjón af áliti ráðherrafundarins í Róm samþykkti ráðherranefnd Evrópuráðsins Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga í júní 1985 og var hann undirritaður í Strasborg 15. október 1985 á 20. allsherjarfundi CLRAE. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd 20. nóvember 1985 með fyrirvara um fullgildingu. Sáttmálinn hefur verið undirritaður af 18 ríkjum og fullgiltur af eftirtöldum tíu ríkjum: Austurríki, Danmörku,

Grikklandi, Ítalíu, Kípur, Liechtenstein, Lúxemborg, Noregi, Spáni, Svíþjóð og Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur eindregið mælt með að sáttmálinn verði fullgiltur af Íslands hálfu.

B. Almennar athugasemdir.

Megintilgangur sáttmálans er að vernda réttindi sveitarstjórna og þannig veita íbúum sveitarfélaga tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta næsta umhverfi þeirra.

Meginreglur sáttmálans er að finna í fyrsta og öðrum hluta hans. Í fyrsta hluta er kveðið á um þær meginreglur sem sveitarstjórnir starfa eftir, þ.e. stjórnskipulegan og lagalegan grundvöll sjálfsstjórnar sveitarfélaga. Fjallað er um vernd staðarmarka sveitarfélaga, hvernig sveitarstjórnir geta ákveðið eigið stjórnkerfi, starfsskilyrði sveitarstjórnarmanna, eftirlit stjórnvalda með starfsemi sveitarstjórna, tekjustofna sveitarfélaga, rétt sveitarstjórna til að stofna samtök, svo og lögvernd sjálfsstjórnar sveitarfélaga.

Í öðrum hluta eru ýmis ákvæði sem varða umfang skuldbindinga aðila að sáttmálanum.

Í sáttmálanum er ekki gert ráð fyrir skipulegu kerfi til að fylgjast með framkvæmd hans að undanskilinni þeirri kröfu að aðilar veiti allar viðeigandi upplýsingar um lagasetningu eða aðrar ráðstafanir sem gerðar eru í því skyni að framfylgja ákvæðum hans.

C. Einstakar greinar sáttmálans.

Almennt eru ákvæði sáttmálans í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, og lög nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga. Hvað varðar meginregluna í 1. gr. sáttmálans vísast til 1. og 2. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. og 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 5. gr. sáttmálans segir að ekki megi breyta staðarmörkum sveitarfélaga án samráðs við viðkomandi sveitarfélag og vísast í því sambandi til 3. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 2. mgr. 2. gr. þeirra.

Í 2. tölul. 6. gr. sáttmálans er kveðið á um ráðningarkjör starfsmanna sveitarfélaga. Í 73. gr. sveitarstjórnarlaga eru ákvæði um starfsmenn sveitarfélaga en þar eru ekki settar fram sömu kröfur og fram koma í sáttmálanum og heldur ekki í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem getið er í þeirri grein. Launanefnd sveitarfélaga og Reykjavíkurborg gera kjarasamninga fyrir hönd sveitarfélaga. Ráðningarkjör eru þar af leiðandi alfarið á þeirra valdi en stefnt er að samræmingu launa og starfskjara.

Í 8. gr. sáttmálans er fjallað um eftirlit stjórnvalda. Í 2. gr. sveitarstjórnarlaga segir að félagsmálaráðuneytið fari með málefni sveitarfélaga. Í 118. gr. sömu laga er kveðið nánar á um eftirlitshlutverk ráðuneytisins.

Í 5. tölul. 9. gr. sáttmálans er kveðið á um fyrirkomulag til að leiðrétta áhrif ójafnrar tekjuskiptingar og útgjalda. Í lögum nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, er að finna ákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er ætlað það hlutverk að úthluta framlögum í þessu skyni.

Samkvæmt 12. gr. sáttmálans skulu aðilar að honum staðfesta minnst 20 ákvæði sáttmálans. Íslensk stjórnvöld telja rétt að öll ákvæði hans verði staðfest þar sem telja verður að íslensk lög uppfylli allar þær kröfur sem hann kveður á um.

Fylgiskjal.

EVRÓPUSÁTTMÁLI um sjálfsstjórn sveitarfélaga.

INNGANGUR

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa sáttmála þennan,

telja að markmið Evrópuráðsins sé að ná meiri einingu meðal aðildarríkja þess í því skyni að vernda og hrinda í framkvæmd þeim hugsjónum og grundvallarreglum sem eru sameiginleg arfleifð þeirra;

telja að ein leið til þess að ná þessu marki sé gerð samninga á sviði stjórnsýslu;

telja að sveitarstjórnir séu einn af helstu hornsteinum hvers lýðræðislegs stjórnarfars;

telja að réttur þegnanna til þátttöku í stjórnun opinberra mála sé ein af þeim lýðræðislegu meginreglum sem sameiginleg er öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins;

eru þess fullviss að eðlilegast er að njóta þessa réttar í sveitarfélögum;

eru sannfærð um að tilvist ábyrgra sveitarstjórna geti haft í för með sér stjórnsýslu sem bæði er virk og í nánum tengslum við þegnana;

vita að verndun og efling sveitarstjórna í hinum ýmsu löndum Evrópu er mikilvægt framlag til uppbyggingar þeirrar Evrópu sem byggir á meginreglum lýðræðis og valddreifingar;

staðhæfa að þetta hefur í för með sér tilvist sveitarstjórna sem hafa sér til fulltingis lýðræðislega skipaðar nefndir til ákvarðanatöku og sem hafa víðtækt sjálfsforræði að því er varðar verkefni þeirra, á hvern hátt þessi verkefni eru framkvæmd og hvernig þau eru fjármögnuð;

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að telja sig bundna af eftirfarandi greinum á þann hátt og að því marki sem fyrir er mælt í 12. gr. þessa sáttmála.

EUROPEAN CHARTER of Local Self-Government

PREAMBLE

The member States of the Council of Europe, signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its members for the purpose of safeguarding and realising the ideals and principles which are their common heritage;

Considering that one of the methods by which this aim is to be achieved is through agreements in the administrative field;

Considering that the local authorities are one of the main foundations of any democratic regime;

Considering that the right of citizens to participate in the conduct of public affairs is one of the democratic principles that are shared by all member States of the Council of Europe;

Convinced that it is at local level that this right can be most directly exercised;

Convinced that the existence of local authorities with real responsibilities can provide an administration which is both effective and close to the citizen;

Aware that the safeguarding and reinforcement of local self-government in the different European countries is an important contribution to the construction of a Europe based on the principles of democracy and the decentralisation of power;

Asserting that this entails the existence of local authorities endowed with democratically constituted decision-making bodies and possessing a wide degree of autonomy with regard to their responsibilities, the ways and means by which those responsibilities are exercised and the resources required for their fulfilment,

Have agreed as follows:

Article 1

The Parties undertake to consider themselves bound by the following articles in the manner and to the extent prescribed in Article 12 of this Charter.

I. HLUTI

2. gr.

Stjórnskipunarlegur og lagalegur grundvöllur sjálfsstjórnar sveitarfélaga.

Meginreglan um sjálfsstjórn sveitarfélaga skal viðurkennd í landslögum og í stjórnarskránni ef unnt er.

3. gr.

Hugtakið sjálfsstjórn sveitarfélaga.

1. Sjálfsstjórn sveitarfélaga gefur til kynna rétt og getu sveitarstjórna til að stjórna og annast lögum samkvæmt verulegan hluta opinberra mála á eigin ábyrgð og íbúum sveitarfélagsins til hagsbóta.

2. Þessi réttur skal vera í höndum ráða eða þinga skipuðum fulltrúum kjörnum í frjálsum og leynilegum kosningum, sem byggjast á milliliðalausum, jöfnum og almennum kosningarétti, og sem geta haft á að skipa framkvæmdanefndum ábyrgum gagnvart þeim. Þetta ákvæði skal á engan hátt rýra rétt þegnanna til að fjalla um mál á borgarafundum, í þjóðaratkvæðagreiðslum eða á hvern annan hátt sem lög leyfa beina þátttöku þegnanna.

4. gr.

Sjálfsstjórnarsvið sveitarfélaga.

1. Í stjórnarskrá eða lögum skal kveðið á um réttindi og skyldur sveitarstjórna í grundvallaratriðum. Þetta ákvæði skal þó ekki hindra það að sveitarstjórnum verði veitt vald og ábyrgð í sérstökum tilgangi samkvæmt lögum.

2. Sveitarstjórnir skulu lögum samkvæmt hafa heimild til þess að eigin frumkvæði að taka til meðferðar sérhvert mál sem ekki er undanþegið valdsviði þeirra eða falið öðru stjórnvaldi.

3. Opinber trúnaðarstörf skulu að öðru jöfnu vera innt af hendi af þeim stjórnvöldum sem næst standa þegnunum. Þegar trúnaðarstarf er falið öðru stjórnvaldi skal tekið tillit til umfangs og eðlis verkefnisins og þörf á aukinni virkni og hagkvæmni.

4. Það vald sem sveitarstjórn er veitt skal að öllu jöfnu vera fullt og óskorað. Það má annað stjórnvald ekki skerða eða takmarka, hvort sem um er að ræða ríkis- eða héraðsstjórnvald, nema samkvæmt heimild í lögum.

5. Þegar ríkis- eða héraðsstjórn felur sveitarstjórnum vald skal, eftir því sem unnt er, veita þeim svigrúm til að aðlaga framkvæmd þess aðstæðum í sveitarfélaginu.

6. Leita skal álits sveitarstjórna í tæka tíð og á

PART I

Article 2

Constitutional and legal foundation for local self-government

The principle of local self-government shall be recognised in domestic legislation, and where practicable in the constitution.

Article 3

Concept of local self-government

1. Local self-government denotes the right and the ability of local authorities, within the limits of the law, to regulate and manage a substantial share of public affairs under their own responsibility and in the interests of the local population.

2. This right shall be exercised by councils or assemblies composed of members freely elected by secret ballot on the basis of direct, equal, universal suffrage, and which may possess executive organs responsible to them. This provision shall in no way affect recourse to assemblies of citizens, referendums or any other form of direct citizen participation where it is permitted by statute.

Article 4

Scope of local self-government

1. The basic powers and responsibilities of local authorities shall be prescribed by the constitution or by statute. However, this provision shall not prevent the attribution to local authorities of powers and responsibilities for specific purposes in accordance with the law.

2. Local authorities shall, within the limits of the law, have full discretion to exercise their initiative with regard to any matter which is not excluded from their competence nor assigned to any other authority.

3. Public responsibilities shall generally be exercised, in preference, by those authorities which are closest to the citizen. Allocation of responsibility to another authority should weigh up the extent and nature of the task and requirements of efficiency and economy.

4. Powers given to local authorities shall normally be full and exclusive. They may not be undermined or limited by another, central or regional, authority except as provided for by the law.

5. Where powers are delegated to them by a central or regional authority, local authorities shall, insofar as possible, be allowed discretion in adapting their exercise to local conditions.

6. Local authorities shall be consulted, insofar

viðeigandi hátt, ef unnt er, varðandi skipulagningu og ákvarðanir í öllum málum sem þær varða.

5. gr.
Vernd staðarmarka sveitarfélaga.

Ekki skal gera breytingar á staðarmörkum sveitarfélaga án þess að leita fyrst álits viðkomandi sveitarfélaga svo sem með almennri atkvæðagreiðslu þar sem lög leyfa.

6. gr.
Viðeigandi stjórnkerfi og fjárráð sveitarstjórna vegna verkefna þeirra.

1. Sveitarstjórnir verða að geta ákveðið eigið stjórnkerfi til þess að aðlaga það staðbundnum þörfum og tryggja árangursríka stjórnun, enda brjóti það ekki á bága við almennari ákvæði í lögum.

2. Ráðningarkjör starfsmanna sveitarfélaga verða að vera slík að unnt sé að ráða hæfileikafólk á grundvelli verðleika og getu. Til þess að tryggja þetta verður að veita starfsmönnum viðunandi tækifæri til þjálfunar, laun og frama í starfi.

7. gr.
Starfsskilyrði sveitarstjórnarmanna.

1. Starfsskilyrði kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum skulu vera slík að þeir geti óhindrað framkvæmt skyldustörf sín.

2. Þau skulu gera ráð fyrir hæfilegu endurgjaldi vegna kostnaðar við framkvæmd þessara skyldustarfa og, þar sem það á við, hæfilegum bótum vegna tekjutaps eða greiðslu fyrir unnin störf og samsvarandi félagslega vernd.

3. Með lögum eða grundvallarreglum skal ákveða hvaða störf og athafnir skulu teljast ósamrýmanleg stöðu kjörins sveitarstjórnarmanns.

8. gr.
Eftirlit með starfsemi sveitarstjórna.

1. Allt eftirlit með starfsemi sveitarstjórna má einungis framkvæma á þann hátt og í þeim tilvikum sem mælt er fyrir í stjórnarskránni eða í lögum.

2. Allt eftirlit með starfsemi sveitarstjórna skal að jafnaði aðeins beinast að því að farið sé að lögum og grundvallarreglum stjórnskipunar. Þegar hentar geta æðri stjórnvöld þó haft eftirlit með

as possible, in due time and in an appropriate way in the planning and decision-making processes for all matters which concern them directly.

Article 5
Protection of local authority boundaries

Changes in local authority boundaries shall not be made without prior consultation of the local communities concerned, possibly by means of a referendum where this is permitted by statute.

Article 6
Appropriate administrative structures and resources for the tasks of local authorities

1. Without prejudice to more general statutory provisions, local authorites shall be able to determine their own internal administrative structures in order to adapt them to local needs and ensure effective management.

2. The conditions of service of local government employees shall be such as to permit the recruitment of high-quality staff on the basis of merit and competence; to this end adequate training opportunities, remuneration and career prospects shall be provided.

Article 7
Conditions under which responsibilities at local level are exercised

1. The conditions of office of local elected representatives shall provide for free exercise of their functions.

2. They shall allow for appropriate financial compensation for expenses incurred in the exercise of the office in question as well as, where appropriate, compensation for loss of earnings or remuneration for work done and corresponding social welfare protection.

3. Any functions and activities which are deemed incompatible with the holding of local elective office shall be determined by statute or fundamental legal principles.

Article 8
Administrative superivision of local authorities' activities

1. Any administrative supervision of local authorities may only be exercised according to such procedures and in such cases as are provided for by the constitution or by statute.

2. Any administrative supervision of the activities of the local authorities shall normally aim only at ensuring compliance with the law and with constitutional principles. Administrative super-

framkvæmd sveitarstjórna á verkefnum sem viðkomandi stjórnvöld hafa framselt sveitarstjórnum.

3. Eftirlit með sveitarstjórnum skal framkvæma á þann hátt að hægt sé að tryggja að íhlutun eftirlitsstjórnvalds sé í hlutfalli við mikilvægi þeirra hagsmuna sem því er ætlað að vernda.

9. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga.

1. Sveitarstjórnum skuli tryggðir fullnægjandi tekjustofnar innan ramma hinnar opinberu fjármálastefnu og skal þeim frjálst að ráðstafa þeim að eigin vild innan valdsviðs síns.

2. Tekjustofnar sveitarstjórna skulu vera í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin í stjórnarskránni og lögum.

3. Að minnsta kosti hluti af tekjum sveitarstjórna skal eiga rætur sínar að rekja til staðbundinna skatta og þjónustugjalda og hafa sveitarstjórnir vald til að ákveða upphæð þeirra eftir því sem kveðið er á um í lögum.

4. Fjármálakerfið sem tiltækar tekjur sveitarstjórna grundvallast á skal vera nægjanlega fjölþætt og sveigjanlegt í eðli sínu til þess að geta haldið í við raunverulega hækkun kostnaðar við framkvæmd verkefnanna, svo sem framast er unnt.

5. Til þess að tryggja hag sveitarstjórna, sem standa verr að vígi fjárhagslega, þarf að vera fyrir hendi fyrirkomulag um jöfnun tekna eða samsvarandi aðgerðir sem hafa það markmið að leiðrétta áhrif ójafnrar tekjuskiptingar og þeirra útgjalda sem þær þurfa að standa undir. Slíkar leiðir eða aðgerðir skulu ekki draga úr athafnafrelsi sveitarstjórna innan valdsviðs þeirra.

6. Á viðeigandi hátt skal leita álits sveitarstjórna á úthlutun jöfnunargreiðslna til þeirra.

7. Framlög til sveitarstjórna skal ekki, ef unnt er, eyrnamarka til fjármögnunar á sérstökum verkefnum. Veiting framlaga skal ekki skerða grundvallarrétt sveitarstjórna til athafnafrelsis innan staðarmarka þeirra.

8. Sveitarstjórnir skulu innan marka laganna hafa aðgang að innlenda lánsfjármarkaðnum til lántöku vegna fjárfestinga.

vision may however be exercised with regard to expediency by higher-level authorities in respect of tasks the execution of which is delegated to local authorities.

3. Administrative supervision of local authorities shall be exercised in such a way as to ensure that the intervention of the controlling authority is kept in proportion to the importance of the interests which it is intended to protect.

Article 9

Financial resources of local authorities

1. Local authorities shall be entitled, within national economic policy, to adequate financial resources of their own, of which they may dispose freely within the framework of their powers.

2. Local authorities' financial resources shall be commensurate with the responsibilities provided for by the constitution and the law.

3. Part at least of the financial resources of local authorities shall derive from local taxes and charges of which, within the limits of statute, they have the power to determine the rate.

4. The financial systems on which resources available to local authorities are based shall be of a sufficiently diversified and buoyant nature to enable them to keep pace as far as practically possible with the real evolution of the cost of carrying out their tasks.

5. The protection of financially weaker local authorities calls for the institution of financial equalisation procedures or equivalent measures which are designed to correct the effects of the unequal distribution of potential sources of finance and of the financial burden they must support. Such procedures or measures shall not diminish the discretion local authorities may exercise within their own sphere of responsibility.

6. Local authorities shall be consulted, in an appropriate manner, on the way in which redistributed resources are to be allocated to them.

7. As far as possible, grants to local authorities shall not be earmarked for the financing of specific projects. The provision of grants shall not remove the basic freedom of local authorities to exercise policy discretion within their own jurisdiction.

8. For the purpose of borrowing for capital investment, local authorities shall have access to the national capital market within the limits of the law.

10. gr.

Réttur sveitarstjórna til að stofna samtök.

1. Sveitarstjórnum skal heimilt í starfi sínu að hafa samvinnu við og innan marka laganna að stofna til samtaka með öðrum sveitarstjórnum í því skyni að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum.

2. Sérhvert ríki skal viðurkenna rétt sveitarstjórna til að eiga aðild að samtökum til verndunar og eflingar sameiginlegra hagsmuna og til að eiga aðild að alþjóðlegum samtökum sveitarstjórna.

3. Sveitarstjórnum skal heimilt, með þeim skilmálum sem settir kunna að vera í lögum, að eiga samvinnu við hliðstæða aðila í öðrum ríkjum.

11. gr.

Lögvernd sjálfsstjórnar sveitarfélaga.

Sveitarstjórnir skulu hafa rétt til að leita aðstoðar dómstóla til þess að tryggja sjálfsstjórn sína og til þess að haldnar séu í heiðri þær grundvallarreglur um sjálfsstjórn sem lögfestar eru í stjórnarskránni eða löggjöf landsins.

II. HLUTI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Skuldbindingar.

1. Sérhver aðili skuldbindur sig til að telja sig bundinn af a.m.k. tuttugu ákvæðum í I. hluta sáttmálans, þar af skulu a.m.k. tíu vera valin úr eftirfarandi ákvæðum:

2. grein
3. grein, 1. og 2. töluliðir
4. grein, 1., 2. og 4. töluliðir
5. grein
7. grein, 1. töluliður
8. grein, 2. töluliður
9. grein, 1., 2. og 3. töluliðir
10. grein, 1. töluliður
11. grein.

2. Sérhver aðili skal tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins um þau ákvæði sem hann hefur valið sér skv. 1. tl. þessarar greinar þegar hann afhendir fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal sitt.

3. Sérhver aðili getur hvenær sem er síðar tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum að hann telji sig bundinn af ákvæðum í sáttmála þessum sem hann hefur ekki þegar samþykkt í samræmi við 1. tl. þessarar greinar. Slíkar síðar gefnar skuldbindingar skulu taldar óaðskiljanlegur hluti fullgildingar, viðurkenningar eða samþykktar þess aðila sem

Article 10

Local authorities' right to associate

1. Local authorities shall be entitled, in exercising their powers, to co-operate and, within the framework of the law, to form consortia with other local authorities in order to carry out tasks of common interest.

2. The entitlement of local authorities to belong to an association for the protection and promotion of their common interests and to belong to an international association of local authorities shall be recognised in each State.

3. Local authorities shall be entitled, under such conditions as may be provided for by the law, to co-operate with their counterparts in other States.

Article 11

Legal protection of local self-government

Local authorities shall have the right to recourse to a judicial remedy in order to secure free exercise of their powers and respect for such principles of local self-government as are enshrined in the constitution or domestic legislation.

PART II
Miscellaneous provisions

Article 12

Undertakings

1. Each Party undertakes to consider itself bound by at least twenty paragraphs of Part I of the Charter, at least ten of which shall be selected from among the following paragraphs:

- Article 2,
- Article 3, paragraphs 1 and 2,
- Article 4, paragraphs 1, 2 and 4
- Article 5,
- Article 7, paragraph 1,
- Article 8, paragraph 2,
- Article 9, paragraphs 1, 2 and 3,
- Article 10, paragraph 1,
- Article 11.

2. Each Contracting State, when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, shall notify the Secretary General of the Council of Europe of the paragraphs selected in accordance with the provisions of paragraph 1 of this Article.

3. Any Party may, at any later time, notify the Secretary General that it considers itself bound by any paragraph of this Charter which it has not already accepted under the terms of paragraph 1 of this Article. Such undertakings subsequently given shall be deemed to be an integral part of the ratification, acceptance or approval of the Party so

tilkynninguna sendir og skulu þær taka gildi frá fyrsta degi þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra tók við tilkynningunni.

13. gr.

Stjórnvöld sem sáttmálinn tekur til.

Grundvallarreglur sjálfsstjórnar sveitarfélaga, sem sáttmáli þessi fjallar um, taka til allra flokka sveitarstjórna sem fyrir hendi eru á landsvæði aðila. Hver aðili getur þó, þegar hann afhendir fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal sitt, tiltekið þá flokka sveitar- eða héraðsstjórna sem hann ætlar að láta ákvæði sáttmálans taka til, eða þá flokka sem hann hyggst undanskilja ákvæðum sáttmálans. Hann getur einnig látið ákvæði sáttmálans taka til fleiri flokka sveitar- eða héraðsstjórna með síðari tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

14. gr.

Ákvæði um upplýsingar.

Sérhver aðili skal senda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins allar upplýsingar er máli skipta varðandi lagasetningu og aðrar aðgerðir sem hann hefur gert í þeim tilgangi að fullnægja ákvæðum þessa sáttmála.

III. HLUTI

15. gr.

Undirritun, fullgilding og gildistaka.

1. Aðildarríki Evrópuráðsins geta undirritað þennan sáttmála. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra ráðsins til vörslu.

2. Sáttmáli þessi gengur í gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að fjögur aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst samþykki sínu á að vera bundin af sáttmálanum samkvæmt undanfarandi tölulið.

3. Gagnvart hverju aðildarríki sem síðar lýsir samþykki sínu á að vera bundið af honum, tekur sáttmálinn gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjalið er afhent.

notifying, and shall have the same effect as from the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the receipt of the notification by the Secretary General.

Article 13

Authorities to which the Charter applies

The principles of local self-government contained in the present Charter apply to all the categories of local authorities existing within the territory of the Party. However, each Party may, when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the categories of local or regional authorities to which it intends to confine the scope of the Charter or which it intends to exclude from its scope. It may also include further categories of local or regional authorities within the scope of the Charter by subsequent notification to the Secretary General of the Council of Europe.

Article 14

Provision of information

Each Party shall forward to the Secretary General of the Council of Europe all relevant information concerning legislative provisions and other measures taken by it for the purposes of complying with the terms of this Charter.

PART III

Article 15

Signature, ratification and entry into force

1. This Charter shall be open for signature by member States of the Council of Europe. It is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. This Charter shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which four member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the Charter in accordance with the provisions of the preceding paragraph.

3. In respect of any member State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Charter shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

16. gr.
Ákvæði um landssvæði.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals síns að tilgreina það eða þau landssvæði sem þessi sáttmáli nær til.

2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið ákvæði þessa sáttmála ná til hvaða annars landssvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Sáttmálinn öðlast gildi gagnvart slíku landssvæði fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi töluliðum má afturkalla fyrir hvert það landssvæði, sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastóra berst tilkynningin.

17. gr.
Uppsögn.

1. Sérhver aðili getur sagt upp sáttmála þessum hvenær sem er eftir að liðin eru fimm ár frá þeim degi að sáttmálinn gekk í gildi hvað hann varðar. Veita skal aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins sex mánaða frest. Slík uppsögn hefur þó ekki áhrif á gildi sáttmálans hvað aðra aðila varðar, að því tilskildu að þeir séu aldrei færri en fjórir.

2. Í samræmi við ákvæði undanfarandi töluliðar getur sérhver aðili sagt upp hvaða ákvæði sem er, sem hann hefur samþykkt í 1. hluta sáttmálans, að því tilskildu að aðilinn verði áfram bundinn hvað varðar fjölda og eðli þeirra ákvæða sem 1. tl. 12. gr. áskilur. Sérhver aðili sem segir upp ákvæði og fullnægir þar með ekki lengur skilyrðum 1. tl. 12. gr. telst einnig hafa sagt upp sáttmálanum.

Article 16
Territorial clause

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Charter shall apply.

2. Any State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Charter to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Charter shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 17
Denunciation

1. Any Party may denounce this Charter at any time after the expiration of a period of five years from the date on which the Charter entered into force for it. Six months' notice shall be given to the Secretary General of the Council of Europe. Such denunciation shall not affect the validity of the Charter in respect of the other Parties provided that at all times there are not less than four such Parties.

2. Any Party may, in accordance with the provisions set out in the preceding paragraph, denounce any paragraph of Part I of the Charter accepted by it provided that the Party remains bound by the number and type of paragraphs stipulated in Article 12, paragraph 1. Any Party which, upon denouncing a paragraph, no longer meets the requirements of Article 12, paragraph 1, shall be considered as also having denounced the Charter itself.

18. gr.
Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins um

a) sérhverja undirritun,
b) afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals,
c) sérhvern gildistökudag sáttmála þessa samkvæmt 15. gr.,
d) sérhverja tilkynningu sem borist hefur um beitingu ákvæða 2. og 3. tl. 12. gr.,
e) sérhverja tilkynningu sem borist hefur um beitingu ákvæða 13. gr.,
f) sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu sem sáttmála þennan varðar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað sáttmála þennan.

Gjört í Strassborg 15. október 1985 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

Article 18
Notifications

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe of:

a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c. any date of entry into force of this Charter in accordance with Article 15;
d. any notification received in application of the provisions of Article 12, paragraphs 2 and 3;
e. any notification received in application of the provisions of Article 13;
f. any other act, notification or communication relating to this Charter.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Charter.

Done at Strasbourg, this 15th day of October 1985, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

300. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Sigríði Önnu Þórðardóttur, Árna Johnsen, Birni Bjarnasyni, Hjörleifi Guttormssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Tómasi Inga Olrich og Valgerði Sverrisdóttur.

Við 4. gr. 02-982 170 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis.

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Fyrir „14.400“ kemur		15.300
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).

1. Atli Heimir Sveinsson	850	
2. Árni Kristjánsson	850	
3. Finnur Jónsson	850	
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	850	
5. Halldór Laxness	850	
6. Hannes Pétursson	850	
7. Indriði G. Þorsteinsson	850	
8. Jakobína Sigurðardóttir	850	
9. Jón Nordal	850	
10. Jón úr Vör	850	
11. Jórunn Viðar	850	
12. Kristján Davíðsson	850	
13. María Markan	850	
14. Matthías Johannessen	850	
15. Sigfús Halldórsson	850	
16. Sigríður Hagalín	850	
17. Stefán Íslandi	850	
18. Thor Vilhjálmsson	850	
		15.300

301. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Fjárlaganefnd hefur haft fjárlagfrumvarpið til athugunar frá því 2. umr. fór fram 12. desember sl. Við umræðuna voru kallaðar aftur nokkrar breytingartillögur sem nefndin hafði flutt við þá umræðu. Vörðuðu þær eftirtalin viðfangsefni: framlag til Byggðastofnunar, óskiptan lið í grunnskólum, beinar greiðslur til bænda, starfsmenntun í sjávarútvegi, lögreglumál í Reykjavík, málefni Landhelgisgæslunnar, starfsmenntun í atvinnu-

lífinu, sértekjur Hollustuverndar, nýjar sértekjur til hafnamála, niðurgreiðslur á vöruverði og Náttúruhús í Reykjavík, auk hinnar almennu lækkunar á launaliðum og rekstrargjöldum.

Strax og frumvarpinu hafði verið vísað til 3. umr. hélt nefndin áfram athugun á frumvarpinu. Til viðræðna voru kallaðir forsvarsmenn B-hluta stofnana, þ.e. Pósts og síma, Rarik, Húsnæðisstofnunar ríkisins og Vegagerðar ríkisins. Þá var rætt við fulltrúa frá Ríkisspítölum, Borgarspítala og Landakoti um fyrirhugaða sameiningu sjúkrahúsa. Fulltrúar frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnun komu á fund nefndarinnar til viðræðu um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum. Í máli þeirra kom fram að í júlíbyrjun, þegar ríkisstjórnin markaði þá stefnu að fjárlagahalli ársins 1992 yrði ekki meiri en 4 milljarðar króna, lá fyrir spá Þjóðhagsstofnunar um að þjóðartekjur mundu dragast saman um 1,8% á næsta ári. Helstu ástæður þessa samdráttar voru minnkandi afli, erfiðleikar í útflutningsiðnaði og versnandi viðskiptakjör. Forsendur fjárlagafrumvarps voru heldur lakari þar sem þá var gert ráð fyrir 3% minnkun þjóðartekna árið 1992.

Í kjölfar frestunar álversframkvæmda og lakari viðskiptakjara hafa efnahagshorfurnar enn versnað. Samkvæmt þeirri þjóðhagsspá, sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir að þjóðartekjur minnki um allt að 6,1% á næsta ári eða þrisvar sinnum meira en í júlíspánni.

Þessi nýja þjóðhagsspá boðar meiri samdrátt í efnahagslífinu á næsta ári en reiknað var með í fjárlagafrumvarpinu og þrengir þar með enn frekar svigrúmið við fjárlagagerð. Þannig er fyrirsjáanlegt að útgjöld heimilanna dragast verulega saman á næsta ári sem aftur þýðir minni tekjur hjá ríkissjóði. Þá má reikna með að minni tekjubreytingar og aukið atvinnuleysi hafi sömu áhrif. Að öllu samanlögðu er talið að þessi samdráttur skerði tekjur ríkissjóðs um 3–3,5 milljarða króna á næsta ári. Þessu til viðbótar hefur virðisaukaskattur innheimst verr á yfirstandandi ári en áætlað var á fjárlögum, sérstaklega á allra síðustu mánuðum, en það hefur aftur áhrif á áætlun næsta árs.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps hefur nú verið endurskoðuð í ljósi aukins efnahagssamdráttar á næsta ári og fyrirsjáanlegs tekjusamdráttar á árinu 1991. Niðurstaða þessarar endurskoðunar er að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári lækki um rúmlega einn milljarð kr. frá fjárlagafrumvarpi, eða úr 106,4 milljörðum kr. í 105,4 milljarða kr. Skatttekjur lækka svipað eða úr 98,9 milljörðum kr. í 97,8 milljarða kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verða skatttekjur ríkissjóðs sem næst óbreyttar að raungildi á næsta ári frá því í ár, en skatthlutfallið hækkar hins vegar vegna mikils samdráttar í landsframleiðslu. Samdrátturinn í landsframleiðslu sést m.a. af því að hún lækkar í krónum talið um 4,5 milljarða kr. á næsta ári, en að raungildi nemur samdrátturinn 15 milljörðum króna.

Helstu frávik frá fjárlagafrumvarpi skýrast af fyrirsjáanlegri skerðingu tekna sem stafar af versnandi þjóðhagshorfum 1992 og endurskoðun á tekjugrunni 1991, en þetta tvennt er metið á nálægt 2 milljarða króna til lækkunar. Á móti vega sérstakar aðgerðir til tekjuöflunar sem samanlagt eru taldar skila 1 milljarði króna umfram áætlun frumvarpsins.

Fjárlaganefnd varð ekki sammála um afgreiðslu mála og mun minni hluti nefndarinnar skila séráliti. Meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hann gerir tillögur um á nokkrum þingskjölum.

SKÝRINGAR Á BREYTINGARTILLÖGUM VIÐ 4. GR.

01 Forsætisráðuneyti

101 Forsætisráðuneytið: Viðfangsefni 1.90 Ýmis verkefni hækkar um 1.500 þús. kr. og verður 3.700 þús. kr. Um er að ræða framlag til Þróunarfélags Reykjavíkur.

171 Byggðastofnun: Viðfangsefni 6.01 lækkar um 20.000 þús. kr. og verður 180.000 þús. kr., m.a. vegna lækkunar á rekstrarkostnaði stofnunarinnar.

02 Menntamálaráðuneyti

319 Framhaldskólar, almennt: Viðfangsefni 1.99 Rekstrarhagræðing í framhaldsskólum. Um er að ræða sértekjur sem felldar eru niður vegna ákvörðunar um að fallið verði frá áformum um hækkun efnis- og innritunargjalda.

601 Héraðsskólinn í Reykholti: Viðfangsefni 1.01 Kennsla hækkar um 5.900 þús. kr. og verður 14.800 þús. kr. og viðfangsefnið 1.02 Annað en kennsla hækkar um 2.800 og verður 7.900 þús. kr., hvort tveggja vegna ákvörðunar um áframhaldandi rekstur.

720 Grunnskólar, almennt: Viðfangsefni 1.90 Grunnskólar, óskipt lækkar um 10.000 þús. kr. og verður 36.500 þús. kr.

973 Þjóðleikhús: Tekinn er inn nýr liður: Viðfangsefni 6.50 Endurbætur 12.000 þús. kr. Um er að ræða kostnað vegna frágangs á sviðslyftu, fatahengi og ljósabúnaði.

982 Listir, framlög: Viðfangsefni 1.20 Leikfélag Reykjavíkur, framlag lækkar um 14.000 þús. kr. og verður 1.000 þús. kr. Viðfangsefni 1.30 Íslenska óperan hækkar um 15.000 þús. og verður 41.800 þús. kr., en þessar breytingar eru í samræmi við væntanlegan samning menntamálaráðherra og fjármálaráðherra við Íslensku óperuna.

999 Ýmislegt: Viðfangsefni 1.93 Kvenfélagasamband Íslands hækkar um 400 þús. kr. og verður 1.600 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður: Viðfangsefni 6.90 Kostnaður vegna handboltahallar 30.000 þús. kr., vegna uppgjörs á kostnaði við undirbúning vegna byggingar handboltahallar. Upphæðin skiptist þannig að 20.000 þús. kr. renna til HSÍ, en 10.000 þús. kr. til Kópavogskaupstaðar.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefni 1.50 Viðskiptaskrifstofa hækkar um 7.500 þús. kr. og verður 82.200 þús. kr. Viðfangsefni 1.51 Úflutningsráð lækkar um 7.500 þús. kr. og verður 10.000 þús. kr. Um er að ræða tilflutning á milli þessara viðfangsefna.

04 Landbúnaðarráðuneyti

201 Búnaðarfélag Íslands: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 83.500 þús. kr. Hækkunin er til að mæta greiðslum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna Búnaðarfélagsins.

289 Sérstakar greiðslur í landbúnaði: Viðfangsefni 1.10 Nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðir lækkar um 30.000 þús. kr. og verður 460.000 þús. kr.

290 Greiðslur vegna búvöruframleiðslu: Viðfangsefni 1.01 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Framlag lækkar um 40.000 þús. kr. og verður 1.020.000 þús. kr. Lækkunin er tilkomin vegna endurskoðunar sölu- og birgðaáætlana. Viðfangsefni 1.30 Beinar greiðslur til bænda lækkar um 295.000 þús. kr. og verður 1.475.000 þús. kr. Skýringin er sú að gert er ráð fyrir að þessar greiðslur dreifist á 12 mánuði í stað 10 á tímabilinu 1. mars 1992 til 1. febrúar 1993.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins: Viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn verður 1.01 Almenn starfsemi. Viðfangsefnið hækkar um 133.000 þús. kr. og verður 168.700 þús. kr.

vegna sameiningar við viðfangsefnin 1.10 Rannsóknasvið og 1.20 Útibú. Viðfangsefni 1.10 Rannsóknasvið fellur brott svo og Viðfangsefni 1.20 Útibú.

290 Veiðieftirlit: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 3.900 þús. kr. og verður 82.600 þús. kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík: Viðfangsefni 1.20 Almenn löggæsla lækkar um 10.000 þús. kr. og verður 703.700 þús. kr. vegna lækkunar á rekstrarkostnaði.

395 Landhelgisgæsla Íslands: Viðfangsefni 1.21 V/s Ægir lækkar um 10.200 þús. kr. og verður 112.200 þús. kr. Viðfangsefni 1.22 V/s Óðinn lækkar um 8.800 þús. kr. og verður 96.200 þús. kr. Viðfangsefni 1.23 V/s Týr lækkar um 12.000 þús. kr. og verður 114.600 þús. kr. Um er að ræða lækkun á ofangreindum viðfangsefnum vegna rekstrarkostnaðar skipa. Viðfangsefni 1.30 Fluggæsla lækkar um 19.000 þús. kr. og verður 208.000 þús. kr. vegna lækkunar á rekstrarkostnaði flugvéla.

07 Félagsmálaráðuneyti

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Viðfangsefni 1.10 hækkar um 27.000 og verður 1.397.000 þús. kr. vegna endurmats á tekjuútkomu 1991 og á tekjuáætlun fyrir 1992.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefni 1.32 Starfsmenntun í atvinnulífinu lækkar um 10.000 þús. kr. og verður 48.000 þús. kr. Viðfangsefni 1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík hækkar um 700 þús. kr. og verður 12.500 þús. kr. Viðfangsefni 1.41 Stígamót hækkar um 500 þús. kr. og verður 5.500 þús. kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

271 Tryggingastofnun ríkisins: Viðfangsefni 1.20 Sjúkratryggingar lækkar um 246.400 þús. kr. og verður 9.162.600 þús. kr. Annars vegar er stofnað nýtt viðfangsefni 399 1.50 Tannverndarsjóður, sem úthlutað er 10.000 þús. kr., og hins vegar verða framlög til Heilsuhælis Náttúrulækningafélagsins greidd af föstum fjárlögum af fjárlagalið 08-431, 236.400 þús. kr.

325 Hollustuvernd ríkisins: Fjárveiting lækkar um 10.000 þús. kr. vegna hækkunar sértekna á rannsóknastofu og heilbrigðiseftirliti. Sértekjur verða því 27.800 þús. kr. hjá stofnuninni.

370 Sjúkrahús í Reykjavík: Sértekjur á viðfangsefni 1.91 lækka um 40.000 þús. kr. og verða 82.000 þús. kr. þar sem áform í fjárlagafrumvarpi um lækkun á ferðakostnaði lækna nást ekki að fullu. Viðfangsefni 1.92 Kostnaður vegna endurskipulagningar fellur brott vegna flutnings fjárveitingarinnar á fjárlagalið 08-372 og 08-373. Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar. Framlag á þeim lið verður 195.500 þús. kr. vegna nauðsynlegra framkvæmda við endurskipulagningu sjúkrahúsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

371 Ríkisspítalar: Viðfangsefni 1.01 hækkar um 36.000 þús. kr. og verður 6.501.000 þús. kr. Hækkunin stafar af sérkjarasamningum við aðstoðarlækna. Viðfangsefni 6.60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður lækkar um 10.000 þús. kr. en viðfangsefni 6.70 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð hækkar um sömu fjárhæð vegna mjög viðkvæmrar stöðu byggingarmála.

372 Borgarspítalinn, nýr liður: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur verður 3.020.100 þús. kr., sértekjur verða 500.500 þús. kr., viðfangsefni 5.01 Viðhald verður 44.000 þús. kr. og viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður verður 25.000 þús. kr. Um er að ræða endurráðstöfun fjárlagaliðar 08-374.

373 St. Jósefsspítali, Landakoti, nýr liður: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur verður 981.100 þús. kr., sértekjur verða 150.000 þús. kr., viðfangsefni 5.01 Viðhald verður 6.500 þús. kr. og viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður verður 10.000 þús. kr. Um er að ræða endurráðstöfun fjárlagaliðar 08-374 auk 80.000 þús. kr. hækkunar fjárveitingar.
374 Borgarspítali og St. Jósefsspítali, Landakoti: Liðurinn fellur brott og er fjárveitingu ráðstafað til fjárlagaliða 08-372 og 08-373, svo sem að framan er rakið.
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Viðfangsefni 6.91 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi. Framlag hækkar um 15.000 þús. kr. og verður 24.000 þús. kr.
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Nýr liður, viðfangsefni 1.50 Tannverndarsjóður. Framlag verður 10.000 þús. kr. og lækkar viðfangsefni 08-271 1.20 um sömu fjárhæð.
400 St. Jósepsspítali, Hafnarfirði: Viðfangsefni 1.01 Almennur rekstur hækkar um 76.000 þús. kr. og verður 195.800 þús. kr. Sértekjur hækka um 16.000 þús. kr. og verða 20.300 þús. kr.
410 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun: Númer liðarins breytist og verður 08-430.
430 Vistun geðsjúkra afbrotamanna: Númer liðarins breytist og verður 08-490. Í staðinn færist fjárlagaliðurinn Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun af númer 410 yfir á þetta númer.
431 Náttúrulækningafélag Íslands, nýr liður: Viðfangsefni 1.01 Endurhæfingardeild. Framlag verður 186.400 þús. kr. Viðfangsefni 1.10 Heilsuhælisdeild. Framlag verður 50.000 þús. kr. Viðfangsefni 08-271 1.20 lækkar á móti um 236.400 þús. kr.
500 Heilsugæslustöðvar, almennt: Viðfangsefni 1.10 hækkar um 10.000 þús. kr. og verður 91.700 þús. kr. þar sem áform í fjárlagafrumvarpi um lækkun á ferðakostnaði lækna nást ekki að fullu.

10 Samgönguráðuneyti

211 Vegagerð ríksins: Viðfangsefni 6.10 Nýframkvæmdir lækkar um 250.000 þús. kr. og verður 2.597.400 þús. kr. Um er að ræða seinkun á framkvæmdum við Vestfjarðagöng.
333 Hafnamál: Tekinn er inn nýr liður 4 Sértekjur. Um er að ræða framkvæmdagjald til hafna að fjárhæð 125.000 þús. kr.
471 Flugmálastjórn: Viðfangsefni 1.70 Alþjóðaflugþjónustan hækkar um 12.500 þús. kr. og verður 257.200 þús. kr.
485 Ýmis framlög: Tekinn er inn nýr liður, 1.50 GPS-staðsetningarkerfi, og verður framlag til þess liðar 6.000 þús. kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

201 Iðntæknistofnun Íslands: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 2.500 þús. kr. og verður 253.100 þús. kr.
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 1.500 þús. kr. og verður 121.100 þús. kr.
240 Iðnaðarrannsóknir: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 12.500 þús. kr. og verður 18.600 þús. kr.
299 Iðja og iðnaður, framlög: Viðfangsefni 1.30 Evreka lækkar um 5.000 þús. kr. og

verður 9.300 þús. kr. Viðfangsefni 1.50 Iðnþróun og markaðsmál lækkar um 2.500 þús. kr. og verður 8.200 þús. kr.

301 Orkustofnun: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 6.000 þús. kr. og verður 345.100 þús. kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

201 Niðurgreiðslur á vöruverði: Viðfangsefni 1.01 lækkar um 100.000 þús. kr. og verður 4.475.000 þús. kr. Hér er að stærstum hluta um að ræða lækkun á niðurgreiðslum á mjólkurdufti.

14 Umhverfisráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Stofnað er nýtt viðfangsefni 1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum og verður framlag 3.000 þús. kr. Viðfangsefni 6.91 Náttúruhús í Reykjavík fellur niður vegna frestunar á framkvæmdum við byggingu hússins.

310 Landmælingar Íslands: Viðfangsefni 1.10 Stafræn kortagerð. Framlag hækkar um 8.000 þús. kr. og verður 27.700 þús. kr. Sértekjur lækka um 4.300 þús. kr. og verða 44.900 þús. kr.

Almenn lækkun rekstrargjalda.

Rekstrarliðir í 4. gr. frumvarpsins eru lækkaðir með almennum hætti í 45. tölul. breytingartillagnanna. Launagjöld lækka um 6,7% og önnur gjöld um 1,3%. Undan er skilinn liðurinn 09-801 1.10 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir. Tillagan felur í sér ákvörðun um að draga úr rekstrarkostnaði ríkisins, m.a. með því að hagræða starfsemi og fækka störfum. Til að veita ráðuneytum svigrúm til útfærslu hagræðingar og samdráttar í starfsemi eru tveir fimmtu hlutar lækkunarinnar færðir á sérstakan safnlið í hverju ráðuneyti til endurráðstöfunar. Í sama skyni eru fjárhæðir á tilteknum viðfangsefnum færðar inn á framangreinda safnliði til að skapa frekara svigrúm. Þá er í breytingartillögum við 6. gr. leitað heimilda (6.11 og 6.22) til að styrkja þessa ráðstöfun.

SKÝRINGAR Á BREYTINGARTILLÖGU VIÐ 5. GR. (B-HLUTA)

Þær breytingar, sem gerð er tillaga um vegna B-hluta fjárlagafrumvarpsins, eru einkum af þrennum toga. Í fyrsta lagi er um að ræða breyttar áætlanir vegna nýrra og áreiðanlegri upplýsinga um rekstrarniðurstöðu líðandi árs sem hefur áhrif á afkomu á árinu 1992. Í öðru lagi er um að ræða endurskoðun áætlana vegna breytinga á horfum í efnahagsmálum á næsta ári frá því sem gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrumvarps. Í þriðja lagi hefur áætlunum verið breytt til samræmis við útfærslu ríkisstjórnar og ráðherra á boðuðum aðgerðum í fjárlagafrumvarpi. Alls er gerð tillaga um breytingar á áætlunum 11 fyrirtækja og sjóða í B-hluta.

Vakin er sérstök athygli á að þessar breytingar hafa ekki í för með sér nein áform um breytingar á gjaldskrám umfram það sem gerð var grein fyrir í fjárlagafrumvarpi. Hér á eftir fara skýringar á þeim breytingum sem gerð er tillaga um við 3. umr. fjárlagafrumvarps.

22-973 Þjóðleikhús.

Framlag úr ríkissjóði hækkar um 27,5 m.kr. og er við það miðað að stofnunin dragi saman reksturinn og hagræði sem nemur um 55 m.kr. miðað við upphaflega áætlun hennar. Launagjöld hækka um 11 m.kr., eigin tekjur Þjóðleikhússins lækka um 11,5 m.kr. og rekstrargjöld hækka um 5 m.kr. Hækkun framlags úr ríkissjóði var tekin inn við 2. umr., en ekki var gerð breytingartillaga vegna B-hluta við það tækifæri.

23-114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur.

Ákvörðun liggur ekki fyrir hjá utanríkisráðuneyti um framtíðarskipan rekstursins þannig að rekstrarjafnvægi verði tryggt til frambúðar. Ráðuneytið mun á næstu mánuðum gera tillögur til ríkisstjórnar um framtíðarskipan rekstursins.

Fjárvöntun fyrirtækisins samkvæmt fjárlagafrumvarpi nemur um 23 m.kr. Þá er einungis reiknað með að fyrirtækið standi í skilum með vaxtagreiðslur af föstum lánum. Lagt er til að innritunargjald, sem er leigugjald Flugleiða fyrir aðstöðu í flugstöðinni, verði hækkað úr u.þ.b. 300 kr. í tæpar 400 kr. (5 USD í 6,5 USD) á hvern innritaðan farþega til þess að ná endum saman í rekstrinum miðað við framangreindar forsendur.

25-222 Síldarverksmiðjur ríkisins.

Áætlunum um breytingu á fyrirtækinu í hlutafélag hefur seinkað og er ekki á þessu stigi gert ráð fyrir að af henni geti orðið fyrr en um mitt næsta ár. Því þarf að setja fyrirtækið aftur í fjárlög. Forsendur áætlunarinnar eru að loðnuveiði verði um 600 þúsund tonn og að fjórðungur þess magns verði unninn í verksmiðjum fyrirtækisins. Þá er gert ráð fyrir að fyrirtækið fái skuldbreytt afborgunum af áhvílandi lánum.

27-271 Byggingarsjóður ríkisins.

Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir jafnvægi milli út- og innstreymis vegna skyldusparnaðar. Að mati stjórnenda Húsnæðisstofnunar ríkisins og í ljósi reynslu síðustu ára er talið að útstreymi umfram innstreymi vegna skyldusparnaðar verði 220 m.kr. Lagt er til að tekið verði tillit til þessa og lántökur hækkaðar sem því nemur.

28-273 Atvinnuleysistryggingasjóður.

Áætlað er að atvinnuleysi á næsta ári verði talsvert meira en gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrumvarps. Reiknað er með að kostnaðarauki Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna þessa nemi um 195 m.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Til þess að mæta þessum kostnaðarauka hækkar framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 150 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 45 m.kr. af áætluðu 400 m.kr. framlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs til Eftirlaunasjóðs aldraðra í fjárlagafrumvarpi geti runnið til atvinnuleysisbóta þar sem nýjar áætlanir gera ráð fyrir að þessar greiðslur til sjóðsins verði ekki hærri en 355 m.kr. Svigrúm Atvinnuleysistryggingasjóðs til greiðslu atvinnuleysisbóta á næsta ári nemur því samtals tæplega 1.270 m.kr.

29-971 Lánasýsla ríkisins.

Áætluð launagjöld Lánasýslu ríkisins eru lækkuð um 16,5 m.kr. en önnur rekstrargjöld hækkuð um sömu fjárhæð. Þetta er gert vegna þess að laun starfsmanna Ríkisábyrgðasjóðs eru greidd af Seðlabanka Íslands. Lánasýsla ríkisins endurgreiðir síðan Seðlabankanum þennan kostnað sem aðkeypta þjónustu.

30-101 Póst- og símamálastofnunin.

Endurskoðuð áætlun fyrirtækisins gerir ráð fyrir betri afkomu sem nemur 80 m.kr. Skýrist það einkum af að greiðsluafgangur á þessu ári verður meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Ætlunin er að þessu fé verði varið til fjárfestingar í tveimur jarðstöðvum fyrir fjarskiptasambönd við Grænland og Færeyjar fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO). Þessi fjarskipti hafa fram til þessa farið um svokallað NARS-kerfi sem bandarískt herinn hyggst leggja niður á fyrri hluta næsta árs. ICAO mun endurgreiða Pósti og síma þessa fjárfestingu með vöxtum á næstu 10 árum.

30-321 Skipaútgerð ríkisins.

Gert er ráð fyrir að fyrirtækið verði lagt niður á næsta ári og öðrum aðilum falið að sinna nauðsynlegri þjónustu eftir því sem stjórnvöld telja nauðsynlegt og ásættanlegt. Miðað er við að fyrirtækið verði í rekstri einhvern tíma á fyrri hluta næsta árs en starfsemi síðan lögð af og eignir seldar.

30-333 Hafnabótasjóður.

Samkvæmt breytingunum á frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, um breytingu á hafnalögum, nr. 69/1984, er gert ráð fyrir sérstöku 25% álagi á vörugjöld, önnur en vörugjald á sjávarafla. Áætlað er að gjald þetta nemi 125 m.kr. á næsta ári og að það renni í sérstaka deild við Hafnabótasjóð. Skal fé úr deildinni varið til að standa straum af framkvæmdum við almennar hafnargerðir eftir því sem segir í lögum og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Því er gerð tillaga um að tekjuáætlun Hafnabótasjóðs hækki um 125 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi og að þetta fé renni síðan til fyrrgreindra verkefna og færist sem sértekjur á Hafnaframkvæmdalið í A-hluta ríkissjóðs.

31-231 Sementsverksmiðja ríkisins.

Gert er ráð fyrir um 15% samdrætti í sementssölu miðað við áætlun fjárlagafrumvarps. Þetta þýðir að afkoma Sementsverksmiðjunnar verður lakari sem nemur um 29 m.kr. Ætlunin er að mæta því með skuldbreytingu sem feli í sér frestun á hluta afborgana af viðskiptaskuldum fyrirtækisins.

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins.

Endurskoðuð rekstraráætlun fyrirtækisins gerir ráð fyrir nokkurri aukningu í orkusölu miðað við forsendur fjárlagafrumvarps sem gefur svigrúm til um 64 m.kr. hækkunar á áætlun um fjárfestingu á næsta ári. Þannig geti fyrirtækið að einhverju leyti fjármagnað nauðsynlega fjárfestingu í sveitarafvæðingu sem undanfarin ár hefur verið kostuð af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum.

Alþingi, 18. des. 1991.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Pálmi Jónsson.	Sturla Böðvarsson.
Árni Johnsen.	Gunnlaugur Stefánsson.	Einar K. Guðfinnsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um 3. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði í haust á tveimur fundum um forsendur fjárlagafrumvarpsins. Þá komu til fundar við nefndina Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri, Eiríkur Guðnason aðstoðarseðlabankastjóri, Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, Jóhann Rúnar Björgvinsson og Björn Rúnar Guðmundsson frá Þjóðhagsstofnun, Ásmundur Stefánsson, Lára V. Júlíusdóttir og Guðmundur Gylfi Guðmundsson frá Alþýðusambandi Íslands, Ólafur Hjálmarsson og Hannes G. Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Ögmundur Jónasson og Rannveig Sigurðardóttir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 25. gr. þingskapa hefur nefndin fjallað um tekjugrein (3. gr.) fjárlagafrumvarpsins og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Ber nefndinni að gera fjárlaganefnd grein fyrir áhrifunum áður en 3. umr. fjárlagafrumvarps hefst. Við umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins komu á fund nefndarinnar Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, Jóhann Rúnar Björgvinsson frá Þjóðhagsstofnun og Indriði H. Þorláksson, Bolli Þór Bollason og Maríanna Jónasdóttir frá fjármálaráðuneytinu.

Nefndin hefur fengið til umfjöllunar fimm frumvörp sem taka til tekjuáætlunar fjárlaga fyrir árið 1992. Tvö þessara frumvarpa hafa fengið afgreiðslu úr nefndinni, lög um aukatekjur ríkissjóðs og um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði en sá skattur er talinn gefa 495 m.kr. og er sú tala nánast óbreytt frá tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1991. Þrjú frumvarpanna eru enn til umfjöllunar í nefndinni, en fjármálaráðherra hefur lýst því yfir að eitt þeirra, breyting á lögum um skattskyldu innlánsstofnana, skuli bíða afgreiðslu þar til eftir áramót og hefur nefndin því ekki fjallað um málið. Áhrif þess frumvarps eru því sett innan sviga í upptalningu hér á eftir. Áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs á árinu 1992 eru metin sem hér segir:

1. Aukatekjur ríkissjóðs, breyting ..... 350 m.kr.
2. Breyting á lögum um tekju- og eignarskatt ..... 720 m.kr.
3. Breyting á lögum um jöfnunargjald ..... 360 m.kr.
4. Breyting á l. um skattskyldu innlánsstofnana ..... (80 m.kr.)

Alþingi, 18. des. 1991.

Rannveig Guðmundsdóttir, varaform.
Ingi Björn Albertsson.
Vilhjálmur Egilsson.
Sólveig Pétursdóttir.
Guðjón A. Kristjánsson.

Fylgiskjal II.

Álit

um tekjuhlið fjárlaga.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt 25. gr. þingskapa vísar fjárlaganefnd frumvarpi til lánsfjárlaga og tekjugrein fjárlagafrumvarps til efnahags- og viðskiptanefndar. Nefndin skal skila fjárlaganefnd áliti og tillögum svo tímanlega fyrir 2. umr. fjárlaga sem fjárlaganefnd ákveður. Þegar 2. umr. fjárlaga fór fram hafði efnahags- og viðskiptanefnd lítið fjallað um tekjugrein fjárlagafrumvarpsins. Ástæða hefði verið til ítarlegrar umfjöllunar. Var málið ekki nægilega langt komið til að nefndin sæi ástæðu til að eyða miklum tíma í þau störf.

Minni hluti nefndarinnar benti á þetta mál og var að beiðni hans farið yfir forsendur tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins. Skv. 25. gr. þingskapa skal efnahags- og viðskiptanefnd gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr. Jafnframt kemur fram að álit og tillögur nefndanna skuli prenta sem fylgiskjöl með nefndaráliti fjárlaganefndar eða meiri hluti hennar. Á það var bent af minni hluta nefndarinnar að þessi umfjöllun hefði ekki farið fram. Var þá skyndilega boðað til fundar til þess að hægt væri að fara yfir þessi atriði að því er varðar tekjugrein fjárlagafrumvarpsins. Embættismenn fjármálaráðuneytisins og forstjóri Þjóðhagsstofnunar komu til fundar við nefndina og gerðu grein fyrir stöðu mála. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar gerði grein fyrir þjóðhagshorfum 1992 og vísast í því sambandi til fylgiskjals með nefndarálitinu.

Þar kemur fram að gert er ráð fyrir að þjóðartekjur minnki um 6,1% milli áranna 1991 og 1992. Þessari miklu rýrnun þjóðartekna fylgir veruleg rýrnun kaupmáttar en jafnframt mikill viðskiptahalli. Gert er ráð fyrir að viðskiptahallinn á árinu 1992 verði rúmir 15 milljarðar. Það sem er alvarlegast við þennan viðskiptahalla er að rætur hans er fyrst og fremst að rekja til neyslu í þjóðfélaginu en ekki fjárfestinga til uppbyggingar og aukningar framleiðslu. Við þessi skilyrði þrengist afkoma atvinnuveganna verulega og fram kom í máli forstjóra Þjóðhagsstofnunar að hagnaðarhlutfall atvinnuveganna er áætlað lægra á næsta ári en það hefur verið um langa hríð eða tæpum 2% lægra en á síðasta ári og nær 3% lægra en meðaltal síðustu 20 ára. Við þessi skilyrði er afkomurýrnun atvinnuveganna um 6–8 milljarðar. Það er ljóst að þessi þróun mun leiða til vaxandi atvinnuleysis og mikillar fjölgunar gjaldþrota.

Í áætlun Þjóðhagsstofnunar kemur fram að atvinnuleysi er áætlað 2,6% sem hlutfall af vinnuafli á árinu 1992 en ætla má að þessi tala geti hækkað verulega vegna tapreksturs í atvinnulífinu. Ekki er gert ráð fyrir verðhækkunum á helstu útflutningsafurðum og í reynd talið að nokkurrar verðlækkunar muni gæta. Um þessar mundir er mikill samdráttur í nær öllum útflutningi og má líklegast rekja þann samdrátt fyrst og fremst til minnkandi afla en jafnframt lélegrar afkomu atvinnulífsins og mjög hárra raunvaxta. Þannig er lítill sem enginn áhugi á að fjárfesta í atvinnulífinu og auka framleiðsluna. Háir vextir og taprekstur dregur þróttinn úr atvinnulífinu með þeim áhrifum að framleiðslan minnkar.

Þótt afkoma ríkissjóðs sé alvarlegt áhyggjuefni er hin mikla afkomurýrnun atvinnuveganna í reynd mun alvarlegra mál. Hætt er við að atvinnuleysi muni aukast af þeim

sökum, afkoma heimilanna versna og framleiðslan minnka. Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á leið gjaldþrota til að ná fram endurskipulagningu í atvinnulífinu sem í reynd leiðir til minnkandi framleiðslu og þróttminna atvinnulífs.

Við þessar aðstæður hefur ríkisstjórnin ákveðið að auka skattlagningu atvinnuveganna verulega. Er nú svo komið að samtök atvinnurekenda í landinu fullyrða að aðför sé gerð að atvinnuvegunum og fulltrúar launþega hafi tekið undir þau sjónarmið. Fulltrúar launþega eru að sjálfsögðu hræddir um atvinnu umbjóðenda sinna við þessar aðstæður og því sjá aðilar vinnumarkaðarins sameiginlega hagsmuni í að hrinda þessari vanhugsuðu árás á atvinnuvegi landsmanna. Í ljósi þessara aðstæðna mun fjárlaganefnd endurskoða tekjuáætlun fyrir árið 1992.

Á þeim stutta tíma, sem nefndin hefur haft til umráða, er erfitt að láta í ljós álit á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. Áætlað er að heildartekjur aukist sem hlutfall af landsframleiðslu úr 28% í 28½%. Skattheimta mun því aukast um tæpa tvo milljarða sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Auk þess gerir fjárlagafrumvarpið ráð fyrir margvíslegri gjaldtöku sem kemur til viðbótar þessum skattahækkunum. Má í því sambandi nefna verulega íþyngingu á sjávarútveginn en gert er ráð fyrir að hann standi undir öllum útgjöldum Hafrannsóknastofnunar. Auk þess er atvinnurekstrinum gert að greiða fleiri gjöld, m.a. 0,2% af öllum launaútgjöldum til að mæta áföllum launþega af völdum gjaldþrota.

Vegna hinnar miklu tekjurýrnunar atvinnulífsins er ljóst að þessi skattheimta mun auk mjög hárra vaxta draga allan þrótt úr atvinnulífinu og spilla samskiptum aðila vinnumarkaðarins sem nú eru að reyna að finna leið til að semja um kaup og kjör. Það er jafnframt alvarlegt að fulltrúar ríkisstjórnarinnar virðast ekkert samráð hafa við aðila vinnumarkaðarins um þessa stöðu. Mikil hætta er á að slík samskipti geti komið af stað miklum óróa á vinnumarkaði með tilheyrandi afleiðingum. Þjóðarbúið má alls ekki við að framleiðslan stöðvist um þessar mundir og því ber að gera allt sem hægt er til að tryggja afkomu atvinnuveganna og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar vill koma þessum áhyggjum á framfæri við fjárlaganefnd og hvetja hana til að endurskoða þau fljótræðislegu áform sem ríkisstjórnin hefur sett fram á ýmsum sviðum skattamála.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur að fjárlaganefnd verði að taka fullt tillit til þessara aðstæðna og endurskoða áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Með endurskoðun og nánari samvinnu við aðila vinnumarkaðarins má áreiðanlega koma í veg fyrir átök á vinnumarkaði og tryggja það að framleiðslan geti vaxið þannig að þjóðartekjur aukist á nýjan leik.

Varðandi einstaka liði í tekjugrein fjárlagafrumvarpsins vill minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar taka fram eftirfarandi:

1. Eignarskattar. Eignarskattar einstaklinga eru fyrst og fremst áætlaðir með tilliti til fasteignamats og gert er ráð fyrir nokkurri hækkun þeirra. Eignarskattur félaga mun lækka og má rekja þá stöðu til rýrnunar á eigin fé atvinnurekstrarins vegna taprekstrar. Minni hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemdir við þá áætlun sem gerð er um eignarskatta.
2. Tekjuskattur. Gert er ráð fyrir verulegri hækkun á tekjuskatti einstaklinga. Í efnahags- og viðskiptanefnd er til meðferðar frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt og er það mál til meðferðar í nefndinni og bíður þar afgreiðslu. Frumvarp þetta var mjög illa undirbúið af hálfu ríkisstjórnarinnar og er veruleg vinna eftir í sambandi við frumvarpið. Á þessu stigi er því ekki hægt að meta hvaða áhrif væntanlegar skattalagabreytingar muni hafa á tekjur ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að tekju-

skattur sjómanna verði hækkaður sérstaklega og barnabætur lækkaðar. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að ráðstöfunartekjur barnmargra fjölskyldna muni lækka á sama tíma og barnlausar fjölskyldur munu halda sínu. Minni hluti nefndarinnar telur óeðlilegt að taka sérstaklega fyrir eina stétt launþega, enda hefur ríkt um það sátt á vinnumarkaði að sjómenn nytu sérstaks frádráttar. Óeðlilegt er að skattbyrði barnafjölskyldna verði aukinn sérstaklega. Minni hluti nefndarinnar telur mun eðlilegra ef hækka þarf tekjuskatt að breytingarnar komi jafnt við alla en skattar verði ekki sérstaklega hækkaðir á barnafólki og sjómönnum. Minni hluti nefndarinnar mun taka afstöðu til þessa máls þegar meira liggur fyrir um áform ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Í því sambandi þarf að taka til athugunar athugasemdir launþega um skattleysismörk sem skipta verulegu máli í væntanlegum kjarasamningum. Í því sambandi vísast til athugasemda þar um í fylgiskjölum.

Verulegar breytingar eru fyrirhugaðar á ýmsum greinum er varðar skattlagningu atvinnurekstrarins. Hefur það vakið upp mikil mótmæli, enda margt af því sem fram kemur í þeim tillögum óframkvæmanlegt. Á þessu stigi er ekki hægt að meta hvaða áhrif breytingarnar hafa en rétt er að benda á að ekki er gert ráð fyrir að þær valdi verulegum tekjubreytingum fyrir ríkissjóð. Minni hluti væntir þess að takast muni að ná samstöðu um að falla frá ýmsum óskynsamlegum breytingum sem tillögur eru gerðar um í fullum ófriði við atvinnulífið. Í því sambandi vísast til umsagnar atvinnulífsins.

Þá er gert ráð fyrir að hlut sveitarfélaganna í staðgreiðslu verði haldið eftir sem nemur 700 millj. kr. Þessi gjöld á að leggja á sveitarfélögin í nafni löggæslukostnaðar. Þessi breyting hefur ekkert verið undirbúin og ekki verið leitað samráðs við sveitarfélögin um hana. Komið hefur í ljós að mörg sveitarfélög hyggjast ná inn samsvarandi tekjum með því að hækka útsvör. Með því munu mörg sveitarfélög fá framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem mun aftur verða til þess að minna verður til skiptanna til þeirra sveitarfélaga sem höllum fæti standa. Þessi skattlagning ríkisvaldsins kallar því fram skattahækkanir sveitarfélaganna auk þess að raska tekjuskiptingu milli þeirra. Minni hluti nefndarinnar er algerlega mótfallinn þessum hugmyndum og telur þær skapa meiri vandamál en þeim er ætlað að leysa.

3. Aðflutningsgjöld og gjöld af innflutningi. Vegna samdráttar í þjóðfélaginu má gera ráð fyrir verulegri lækkun aðflutnings- og innflutningsgjalda. Ekki eru gerðar athugasemdir við áætlanir um þessa skattheimtu en rétt er að benda á að í efnahags- og viðskiptanefnd bíður umfjöllunar frumvarp til laga um jöfnunargjald. Gert er ráð fyrir að gjald þetta muni skila 360 millj. kr. á næsta ári, enda verði það fellt niður um mitt næsta ár. Fram hefur komið að sumir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar telja gjald þetta ekki standast skuldbindingar landsins út á við en telja verður að ríkisstjórnin hafi sannreynt það áður en slíkar hugmyndir eru lagðar fram. Minni hluti nefndarinnar telur því að til greina komi að gjald þetta verði lagt á allt næsta ár þannig að það geti skilað álíka miklum tekjum og á árinu 1991, en þá voru tekjur af því 800 millj. kr.
4. Virðisaukaskattur. Samkvæmt meðfylgjandi minnisblaði um innheimtu virðisaukaskatts er gert ráð fyrir að innheimta hans á árinu 1992 verði 2½ milljarði minni en reiknað hafði verið með. Hér er um mjög alvarlega þróun að ræða sem hefur vissulega mikil áhrif á fjárlagafrumvarpið. Þessari þróun verður ekki mætt nema með almennu aðhaldi í rekstrarútgjöldum ríkisins en taka verður fullt tillit til þessa mikla tekjusamdráttar. Við þessar aðstæður er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að herða

mjög eftirlit með innheimtu virðisaukaskatts. Minni hluti nefndarinnar telur að auka megi tekjur af virðisaukaskatti með bættri innheimtu og hertu eftirliti. Slíkar aðgerðir ættu að geta skilað ríkissjóði a.m.k. 500 millj. kr. á árinu 1992.

5. Skattar af einkasöluvörum. Ekki er gert ráð fyrir því að vörur ÁTVR verði hækkaðar umfram almennt verðlag. Við þær aðstæður, sem nú eru í þjóðfélaginu, er ekki óeðlilegt að þessar vörur verði hækkaðar sérstaklega. Það mikilvægasta af öllu er að koma í veg fyrir hækkun helstu nauðsynjavara og verja ráðstöfunartekjur láglaunafólks. Ef þessar vörur væru hækkaðar sérstaklega um 6% mun það skila ríkissjóði 400 millj. kr. í tekjur á árinu 1992.
6. Aðrir skattar. Ekki er ástæða til að gera sérstaklega að umtalsefni aðra skatta en benda má á að aukatekjur ríkissjóðs hækka verulega en minni hluti nefndarinnar studdi þær hækkanir í ljósi þeirrar stöðu sem nú er í ríkisfjármálum.
7. Sala eigna. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að eignir skuli seldar fyrir rúman milljarð. Litlar sem engar upplýsingar hafa fengist um hvaða eignir skyldu seldar og samkvæmt hvaða skilmálum. Ríkisstjórnin hefur verið með tilviljanakenndar og óljósar yfirlýsingar í þessu máli. Það er mjög skaðlegt að tala óljóst um sölu ríkiseigna og getur slíkt háttalag haft veruleg áhrif á markaðsverð þeirra. Minni hluti nefndarinnar leggst ekki gegn því að athugun fari fram á því hvort hagkvæmt sé að selja ákveðnar ríkiseignir. Nauðsynlegt er að slíkt sé gert að vandlega yfirveguðu ráði og undirbúningur sé vandaður. Minni hluti nefndarinnar hvetur fjárlaganefnd til að fjalla betur um það mál og senda hugmyndir þar um til umfjöllunar efnahags- og viðskiptanefndar. Ríkisstjórnin hefur með yfirlýsingum sínum sýnt fram á að hún er ekki fær um að stýra þessu máli og má þar sérstaklega nefna yfirlýsingu fjármálaráðherra um að selja Búnaðarbanka Íslands fyrir lítið.
8. Aðrar skattabreytingar. Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar vill benda á að fjármagnstekjur eru nánast ekkert skattlagðar. Margir einstaklingar hafa verulegar tekjur með þessum hætti án þess að borga skatta og skyldur á sama tíma og launþegar með lækkandi kaupmátt mega sætta sig við skattahækkanir. Í því felst mikið óréttlæti sem verður að leiðrétta. Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur að nú þegar verði að eiga sér stað breytingar í þessu efni þannig að jafna megi skattlagningu launþega og fjármagnseigenda. Þrátt fyrir kröfu launþegasamtakanna og stjórnarandstöðunnar í þessu máli er ekkert gert. Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar lýsir sig reiðubúinn til samstarfs um breytingar í þessa átt þannig að þær megi taka gildi á árinu 1992. Slíkar breytingar eru mikilvægt skref í jöfnunarátt sem getur haft veruleg áhrif við gerð kjarasamninga á næstunni.

   Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar harmar hversu skammur tími hefur unnist til að fjalla um mál þetta en væntir þess að fá betra ráðrúm á næstu dögum til að fjalla um einstaka þætti þess. Það er ekki við það unandi að svo mikilvægt mál sem tekjuhlið fjárlaga sé undirbúið með þeim hætti sem fram hefur komið á undanförnum dögum. Slíkur undirbúningur samrýmist ekki þingsköpum Alþingis og tryggir ekki vandaða fjárlagagerð.

   Óvandaður fjárlagaundirbúningur getur haft mikil áhrif á rekstrarafkomu ríkissjóðs. Nauðsynlegt aðhald verður ekki skapað nema með vönduðum fjárlögum. Því miður vantar mikið á að þannig sé að málum staðið. Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur því breytt vinnubrögð mikilvæga forsendu bættrar afkomu ríkissjóðs. Þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins mun minni hluti nefndarinnar gera grein fyrir öðrum niðurstöðum sínum.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar væntir þess að tillit verði tekið til þessara ábendinga en mun gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum við 3. umr. fjárlagafrumvarpsins.

Alþingi, 18. des. 1991.

Halldór Ásgrímsson, frsm.
Steingrímur J. Sigfússon.
Kristín Ástgeirsdóttir.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

302. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (KSG, PJ, StB, GunnS, ÁJ, EKG).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. 190 Ýmis verkefni.	
Fyrir „2.200“ kemur	3.700
2. Við 4. gr. 01-171 601 Byggðastofnun.	
Fyrir „200.000“ kemur	180.000
3. Við 4. gr. 02-319 Framhaldsskólar, almennt. 4 Sértekjur.	
Liðurinn fellur brott.	
4. Við 4. gr. 02-601 Héraðsskólinn Reykholti.	
a. Við 101 Kennsla.	
Fyrir „8.900“ kemur	14.800
b. Við 102 Annað en kennsla.	
Fyrir „5.100“ kemur	7.900
5. Við 4. gr. 02-720 Grunnskólar, almennt.	
a. 190 Grunnskólar, óskipt.	
Fyrir „46.500“ kemur	36.500
6. Við 4. gr. 02-973 Þjóðleikhús. Nýr liður:	
650 Endurbætur	12.000
7. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.	
a. Við 120 Leikfélag Reykjavíkur.	
Fyrir „15.000“ kemur	1.000
b. Við 130 Íslenska óperan.	
Fyrir „26.800“ kemur	41.800
8. Við 4. gr. 02-999 Ýmislegt.	
a. Við 193 Kvenfélagasamband Íslands.	
Fyrir „1.200“ kemur	1.600
b. Nýr liður:	
Við 690 Kostnaður vegna handboltahallar	30.000
9. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.	
a. Við 150 Viðskiptaskrifstofa.	
Fyrir „74.700“ kemur	82.200

Þús. kr.

b. Við 151 Útflutningsráð Íslands.
Fyrir „17.500“ kemur 10.000
10. Við 4. gr. 04-201 101 Búnaðarfélag Íslands.
Fyrir „78.500“ kemur 83.500
11. Við 4. gr. 04-289 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. 110 Nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðir.
Fyrir „490.000“ kemur 460.000
12. Við 4. gr. 04-290 Greiðslur vegna búvöruframleiðslu.
a. Við 101 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.
Fyrir „1.060.000“ kemur 1.020.000
b. Við 130 Beinar greiðslur til bænda.
Fyrir „1.770.000“ kemur 1.475.000
13. Við 4. gr. 05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
a. Við 101 Yfirstjórn. Liðurinn orðist svo:
101 Almenn starfsemi 168.700
b. Við 110 Rannsóknasvið.
Liðurinn fellur brott.
c. Við 120 Útibú.
Liðurinn fellur brott.
14. Við 4. gr. 05-290 101 Veiðieftirlit.
Fyrir „78.700“ kemur 82.600
15. Við 4. gr. 06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík. 120 Almenn löggæsla.
Fyrir „713.700“ kemur 703.700
16. Við 4. gr. 06-395 Landhelgisgæsla Íslands.
a. Við 121 V/s Ægir.
Fyrir „122.400“ kemur 112.200
b. Við 122 V/s Óðinn.
Fyrir „105.000“ kemur 96.200
c. Við 123 V/S Týr.
Fyrir „126.600“ kemur 114.600
d. Við 130 Fluggæsla.
Fyrir „227.000“ kemur 208.000
17. Við 4. gr. 07-801 110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.
Fyrir „1.370.000“ kemur 1.397.000
18. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.
a. Við 132 Starfsmenntun í atvinnulífinu.
Fyrir „58.000“ kemur 48.000
b. Við 140 Kvennaathvarf í Reykjavík.
Fyrir „11.800“ kemur 12.500
c. Við 141 Stígamót.
Fyrir „5.000“ kemur 5.500
19. Við 4. gr. 08-271 Tryggingastofnun ríkisins. 120 Sjúkratryggingar.
Fyrir „9.409.000“ kemur 9.162.600
20. Við 4. gr. 08-325 Hollustuvernd ríkisins. 4 Sértekjur.
Fyrir „17.800“ kemur 27.800

Þús. kr.

21. Við 4. gr. 08-370 Sjúkrahús í Reykjavík.
    a. Við 192 Kostnaður vegna endurskipulagningar.
    Liðurinn fellur brott.
    b. Nýr liður:
    650 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar 195.500
    c. 4 Sértekjur.
    Fyrir „122.000“ kemur 82.000
22. Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar.
    a. 101 Yfirstjórn.
    Fyrir „6.465.000“ kemur 6.501.000
    b. Við 660 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður.
    Fyrir „110.000“ kemur 100.000
    c. Við 670 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð.
    Fyrir „164.000“ kemur 174.000
23. Við 4. gr. Nýr liður:
    08-372 Borgarspítalinn.
    a. 101 Almennur rekstur 3.020.100
    b. 501 Viðhald 44.000
    c. 601 Tæki og búnaður 25.000
    d. 4 Sértekjur 500.500
24. Við 4. gr. Nýr liður:
    08-373 St. Jósefsspítali, Landakoti.
    a. 101 Almennur rekstur 981.100
    b. 501 Viðhald 6.500
    c. 601 Tæki og búnaður 10.000
    d. 4 Sértekjur 150.000
25. Við 4. gr. 08-374 Borgarspítali og St. Jósefsspítali, Landakoti.
    Fjárlagaliðurinn fellur brott.
26. Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. 691 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi.
    Fyrir „9.000“ kemur 24.000
27. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Nýr liður:
    150 Tannverndarsjóður 10.000
28. Við 4. gr. 08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.
    a. Við 101 Almennur rekstur.
    Fyrir „119.800“ kemur 195.800
    b. Við 4 Sértekjur.
    Fyrir „4.300“ kemur 20.300
29. Við 4. gr. Í stað fjárlaganúmersins „08-410“ komi: 08-430.
30. Við 4. gr. Í stað fjárlaganúmersins „08-430“ komi: 08-490.
31. Við 4. gr. Nýr liður:
    08-431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands.
    a. 101 Endurhæfingardeild 186.400
    b. 110 Heilsuhælisdeild 50.000
32. Við 4. gr. 08-500 110 Heilsugæslustöðvar, almennt.
    Fyrir „81.700“ kemur 91.700

Þús. kr.

33. Við 4. gr. 10-211 Vegagerð ríkisins. 610 Nýframkvæmdir.
Fyrir „2.847.400“ kemur 2.597.400
34. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. Nýr liður:
4 Sértekjur 125.000
35. Við 4. gr. 10-471 Flugmálastjórn. 170 Alþjóðaflugþjónusta.
Fyrir „244.700“ kemur 257.200
36. Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög. Nýr liður:
150 GPS-staðsetningarkerfi 6.000
37. Við 4. gr. 11-201 101 Iðntæknistofnun Íslands.
Fyrir „255.600“ kemur 253.100
38. Við 4. gr. 11-203 101 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
Fyrir „122.600“ kemur 121.100
39. Við 4. gr. 11-240 101 Iðnaðarrannsóknir.
Fyrir „31.100“ kemur 18.600
40. Við 4. gr. 11-299 Iðja og iðnaður, framlög.
a. Við 130 Evreka.
Fyrir „14.300“ kemur 9.300
b. Við 150 Iðnþróun og markaðsmál.
Fyrir „10.700“ kemur 8.200
41. Við 4. gr. 11-301 101 Orkustofnun.
Fyrir „351.100“ kemur 345.100
42. Við 4. gr. 12-201 101 Niðurgreiðslur á vöruverði.
Fyrir „4.575.000“ kemur 4.475.000
43. Við 4. gr. 14-190 Ýmis verkefni.
a. Nýr liður:
129 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum 3.000
b. Við 691 Náttúruhús í Reykjavík.
Liðurinn fellur brott.
44. Við 4. gr. 14-310 Landmælingar Íslands.
a. Við 110 Stafræn kortagerð.
Fyrir „19.700“ kemur 27.700
b. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „49.200“ kemur 44.900
45. Við 4. gr. Launaliðir rekstrarviðfangsefna lækki um 6,7% og önnur gjöld um 1,3%, nema liðurinn 09-801 *110 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir*. Þó skulu fjárhæðir, sem eftir standa, vera í hundruðum þúsunda króna. Skulu tveir fimmtu hlutar lækkunarinnar í hverju ráðuneyti fara yfir á fjárlagalið 950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað í viðkomandi ráðuneyti.

Fjárveitingar á eftirfarandi viðfangsefnum lækka sem hér segir og koma til hækkunar á fjárlagalið 950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað í viðkomandi ráðuneyti.

	Þús. kr.	Þús. kr.
02 Menntamálaráðuneyti	**1.000**	
720-141 Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	300	
720-142 Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	300	

	Þús. kr.	Þús. kr.
720-143 Suðurhlíðaskóli, rekstrarstyrkur	200	
720-144 Tjarnarskóli, rekstrarstyrkur	200	
03 Utanríkisráðuneyti	**2.300**	
390-101 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.000	
391-110 Háskóli Sameinuðu þjóðanna	1.300	
04 Landbúnaðarráðuneyti	**10.700**	
201-101 Búnaðarfélag Íslands	4.000	
231-170 Skógræktarstörf bænda	2.500	
235-180 Sérstök verkefni á uppblásturssvæðum	4.200	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	**18.100**	
101-101 Yfirstjórn	2.100	
201-101 Yfirstjórn	7.000	
221-101 Verðlagsráð sjávarútvegsins	3.000	
299-120 Eldi sjávardýra	2.000	
299-121 Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur	4.000	
07 Félagsmálaráðuneyti	**7.300**	
701-101 Svæðisstjórn	100	
701-121 Sambýli Akurgerði 20	400	
701-131 Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands	300	
701-132 Verndaður vinnustaður	100	
701-133 Vinnustofa Blindrafélagsins	200	
701-164 Skammtímavistun Álfalandi 6	900	
701-180 Atvinnuleit	100	
702-169 Skammtímavistun, Reykjadal	100	
706-180 Atvinnuleit	100	
708-124 Sambýli Bitru	300	
708-125 Sambýli Hlíðartungu	300	
708-172 Skaftholt	300	
722-170 Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	4.100	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	**122.300**	
271-120 Sjúkratryggingar	120.000	
340-110 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	500	
340-120 Sjálfsbjörg Akureyri	200	
340-130 Sumardvalarheimili í Reykjadal	500	
340-140 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga	400	
340-160 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	200	
399-171 Norræni heilsugæsluskólinn	500	
Samtals		160.700

46. Við 6. gr.
    a. Við 4.1.
    Liðurinn fellur brott.
    b. Við 4.21.
    Liðurinn fellur brott.
    c. Við 4.25.
    Liðurinn fellur brott.
47. Við 6. gr. 4.27. Liðurinn orðist svo:
    4.27 Að selja eignir Skipaútgerðar ríkisins og verja andvirði þeirra til að greiða kostnað við rekstur útgerðarinnar á meðan hann varir og kostnað við að leggja fyrirtækið niður.
48. Við 6. gr. Nýir liðir:
    4.37 Að selja fasteignina Smyrlahraun 28, Hafnarfirði.
    4.38 Að selja fasteignina Norðurvang 32, Hafnarfirði.
    4.39 Að selja fasteignina Leynisbraut 10, Grindavík.
    4.40 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Staðarhrauni 10, Grindavík.
    4.41 Að selja fasteignina Unubakka 42–44, Þorlákshöfn.
    4.42 Að selja fasteignina Víkurbraut 21A, Vík í Mýrdal.
    4.43 Að selja fasteignina Kirkjuveg 22, Vestmannaeyjum.
    4.44 Að selja fasteignina Svarfaðarbraut 20, Dalvík.
    4.45 Að selja fasteignina Aðalgötu 20, Sauðárkróki.
    4.46 Að selja fasteignina Aðalstræti 55, Patreksfirði.
    4.47 Að selja fasteignina Vesturberg 11, Reykjavík.
    4.48 Að selja fasteignina Sæberg 15, Breiðdalsvík.
    4.49 Að selja fasteignina Miðvang 5, Hafnarfirði.
    4.50 Að selja fasteignina Furugrund 44, Kópavogi.
    4.51 Að selja jörðina Framnes, Reyðarfirði.
    4.52 Að selja jörðina Sómastaðagerði, Reyðarfirði.
    4.53 Að selja jörðina Sómastaði, Reyðarfirði.
    4.55 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Iðavöllum 1, Keflavík.
    4.56 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Seljalandsvegi 68, Ísafirði, og ganga til samninga við Ísafjarðarkaupstað um byggingu eða kaup á læknisbústað gegn því skilyrði að allt söluverðið verði látið ganga upp í kostnað við læknisbústað, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
    4.57 Að selja þann hluta húseignarinnar að Aðalstræti 51, Patreksfirði, sem er í eigu Sjúkrahúss Patreksfjarðar og verja andvirði söluverðs til þess að kaupa þann hluta húseignarinnar að Mýrum 11 sem Sjúkrahúsið á ekki nú þegar.
    4.58 Að selja fasteign Póst- og símamálastofnunarinnar að Arnarbakka 2, Reykjavík.
    4.59 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
    4.60 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf.
    4.61 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Jarðborunum hf.
    4.62 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Ferðaskrifstofu Íslands hf.
    4.63 Að selja húseignina Gunnlaugsgötu 6a, Borgarnesi.

49. Við 6. gr. 5.2. Liðurinn orðist svo:
    5.2 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
50. Við 6. gr. 5.3. Liðurinn orðist svo:
    5.3 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
51. Við 6. gr. Nýir liðir:
    5.19 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Háskólann á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
    5.20 Að kaupa eða leigja húsnæði og tæki til bóluefnaframleiðslu o.fl. fyrir Tilraunastöð Háskólans að Keldum.
    5.21 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir iðngreinakennslu í Reykjavík.
    5.22 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
    5.23 Að endurnýja lóðarleigusamning vegna núverandi sendiherrabústaðar í London eða festa kaup á nýju húsnæði og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
    5.24 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
    5.25 Að kaupa eða leigja fasteignina Rauðarárstíg 31 fyrir skrifstofur Ríkisspítala og taka til þess nauðsynleg lán.
    5.26 Að kaupa húseignina Húsið á Eyrarbakka í samvinnu við Eyrarbakkahrepp og taka til þess nauðsynleg lán.
    5.27 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir sóknarprest í Stykkishólmi og taka til þess nauðsynleg lán.
    5.28 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Reyðarfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
    5.29 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
    5.30 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Fáskrúðsfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
    5.31 Að kaupa húsnæði fyrir héraðslækni á Þórshöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
    5.32 Að kaupa flugskýli Flugfélags Austurlands hf. á Egilsstaðaflugvelli og taka til þess nauðsynleg lán.
52. Við 6. gr. 6.7. Liðurinn orðist svo:
    6.7 Að yfirtaka hluta af skuldum Hitaveitu Eyra enda verði það liður í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins og/eða sameiningu þess við aðrar veitustofnanir, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
53. Við 6. gr. 6.8. Liðurinn orðist svo:
    6.8 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum og stimpilgjald vegna lántöku Flugleiða hf. til byggingar flugskýlis á Keflavíkurflugvelli.
54. Við 6. gr. 6.10. Liðurinn orðist svo:
    6.10 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1992, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar.

55. Við 6. gr. 6.11. Liðurinn orðist svo:
    6.11 Að draga úr starfsemi ríkisstofnana í samráði við hlutaðeigandi ráðherra og fjárlaganefnd með því að staðfesta ekki ráðningarsamninga vegna nýráðninga eða endurráðninga nema um sé að ræða samninga við ríkisstarfsmenn sem þá láta af fyrra starfi hjá ríkinu. Því aðeins er fagráðherra og fjármálaráðherra heimilt að víkja frá þessu í undantekningartilvikum að fyrir liggi umsögn ráðningarnefndar ríkisins. Nefndin skal reglulega gera ríkisstjórn grein fyrir framgangi ráðningarstöðvunar.
56. Við 6. gr. Nýir liðir:
    6.12 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknatækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða eru keypt fyrir styrki.
    6.13 Að semja um ráðstöfun eigna og skulda Menningarsjóðs.
    6.14 Að semja við Reykjavíkurborg og aðra aðila um lausn á fjárhagsvanda Tónlistarfélags Reykjavíkur að höfðu samráði við menntamálaráðherra og að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
    6.15 Að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
    6.16 Að semja við Hafnarfjarðarbæ um húsbyggingu í miðbæ Hafnarfjarðar fyrir Héraðsdómstól Reykjaness og Sýslumannsembættið í Hafnarfirði.
    6.17 Að ákvarða og greiða, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, bætur vegna skerðingar veiði á árunum 1984–1987, að báðum meðtöldum, til eigenda jarðanna Bóndhóls, Holts og Brennistaða og Ölvaldsstaða í Mýrasýslu.
    6.18 Að ljúka samningum við Ölfushrepp um hlutdeild sveitarfélagsins eða hafnarsjóðs Þorlákshafnar í framkvæmdakostnaði við ferjuaðstöðu þar í höfninni og til að semja um eða ljúka uppgjöri vegna framkvæmdanna.
    6.19 Að semja um yfirtöku skulda Sjálfsbjargar í Reykjavík í samræmi við úttekt gerða á vegum félagsmálaráðuneytis og að uppfylltum skilyrðum téðrar úttektar.
    6.20 Að semja við Patrekshrepp um aðstoð til að ljúka framkvæmdum við skólabyggingu samhliða ákvörðun um nýtingu hússins til skólastarfs og annarra verkefna sem æskileg eru í tengslum við samning um Framhaldsskóla Vestfjarða.
    6.21 Að semja við Hafnarsjóð Ísafjarðar og hreppsnefnd Nauteyrarhrepps um kostnaðarhlut ríkissjóðs við byggingu ferjubryggja.
    6.22 Að ráðstafa, í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd, af fjárlagalið *950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað* til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna til launa og annarra gjalda. Viðbótarfjárheimild til einstakra viðfangsefna má þó eigi vera hærri en 7,2% af launagjöldum og 1,3% af öðrum gjöldum í fjárlögum 1992. Allar breytingar skal gera í hundruðum þúsunda króna.
    6.23 Að ganga til áframhaldandi samninga við Reykjavíkurborg og Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala um stofnun nýs sjúkrahúss, Sjúkrahúss Reykjavíkur. Samningurinn er háður samþykki heilbrigðisráðherra og fjárlaganefndar.
57. Á eftir 6. gr. komi ný grein er orðist svo:
    Skattvísitala árið 1992 skal vera hin sama og árið 1991.

303. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá samgöngunefnd.

Við 4. gr. 10-322 Flóabátar og vöruflutningar.

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Við 120 Stofn- og rekstrarstyrkir.		
Fyrir „173.200“ kemur		304.100
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		

Flóabátar, vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-321 120).

a. Flutningar á landi:

1. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	220
2. Til vetrarflutninga í Dalahéraði	440
3. Til vetrarsamgangna í Reykhólahreppi	540
4. Til mjólkurflutninga í V-Barðastrandarsýslu	320
5. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	140
6. Til vetrarsamgangna í Bíldudalshreppi	250
7. Til vetrarsamgangna í Þingeyrarhreppi	160
Stofnstyrkur	860
8. Til vetrarsamgangna í Mýrahreppi	670
9. Snjóbifreið í Önundarfirði	210
10. Snjóbifreið um Botnsheiði	540
11. Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga)	770
12. Til vetrarflutninga í Súðavíkurhreppi	160
13. Til vetrarflutninga í Ögurhreppi	110
14. Til vetrarflutninga í Reykjarfjarðarhreppi	110
15. Til vetrarflutninga í Nauteyrarhreppi	140
Stofnstyrkur	750
16. Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi	140
17. Til vetrarflutninga í Árneshreppi	1.560
18. Til vetrarsamganga í Kaldrananeshreppi	120
19. Til vetrarsamgangna í Kirkjubólshreppi	110
20. Hólmavíkurhreppur, stofnstyrkur	180
21. Óspakseyrarhreppur	110
22. Höfðahreppur, stofnstyrkur	750
23. Skefilsstaðahreppur	160
24. Snjóbifreið í Skagafirði	210
25. Til vetrarflutninga í Fljótahreppi	160
26. Til vetrarsamgangna í Ólafsfirði	140
27. Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	80
28. Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	140
29. Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	110

		Þús. kr.	Þús. kr.
30.	Til vetrarsamgangna, Akureyri–Grýtubakkahreppur	160	
31.	Snjóbifreið í Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu	110	
32.	Til vetrarsamgangna í Mývatnssveit	240	
33.	Til vetrarflutninga, Mývatn–Húsavíkurflugvöllur	240	
34.	Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	420	
35.	Snjóbifreið, Öxarfjörður–Kópasker	160	
36.	Snjóbifreið á Þórshöfn	140	
37.	Til vetrarflutninga á Bakkafirði	240	
38.	Til vetrarflutninga á Vopnafirði	240	
39.	Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystri	280	
40.	Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðarhreppi	110	
41.	Til vetrarsamgangna í Jökuldalshreppi	440	
42.	Til vetrarsamgangna í Eiðahreppi	210	
43.	Snjóbifreið á Egilsstöðum	210	
	Stofnstyrkur	430	
44.	Snjóbifreið á Fjarðarheiði	1.020	
45.	Snjóbifreið í Oddsskarði og Fagradal	1.180	
46.	Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík	240	
47.	Til vetrarflutninga, Djúpivogur–Hornafjörður	550	
48.	Svínafell í Nesjum	110	
49.	Til vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu	800	
50.	Mýrdalshreppur	1.070	
51.	Flugsamgöngur við Grímsey	1.020	
52.	Óráðstafað	6.420	
			26.400
b. Flóabátar:			
1.	Akraborg	50.800	
2.	Anný, Mjóafjarðarbátur	5.200	
3.	Baldur	90.400	
4.	Mýrabátur	100	
5.	Fagranes	31.000	
6.	Eyjafjarðarferjur	35.700	
7.	Herjólfur	64.500	
			277.700
Samtals a og b:			**304.100**

304. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga.

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um framlög á

fjárlögum til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum. Þessir bátar eru í förum á Faxaflóa, á Breiðafirði, á Ísafjarðardjúpi, frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja, milli hafna á Eyjafirði og til Grímseyjar og milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar. Er gerð sérstök grein fyrir styrkjum til einstakra báta og rekstrarstöðu þeirra síðar í áliti nefndarinnar.

Jafnframt hefur nefndin tekið fyrir og rætt erindi sem borist hafa vegna vetrarsamgangna á landi, svo sem beiðni um styrki til reksturs snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist fyrir viðkomandi byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði sem þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðar ríkisins. Þótt snjómokstursreglurnar hafi verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka eitthvað þennan aðstöðumun hafa framlög verið veitt á fjárlögum hvers árs til þeirra aðila sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti. Nefndin stefnir að því við úthlutun á næsta ári að styrkir vegna vetrarsamgangna verði ekki veittir einstaklingum heldur sveitarfélögum eða samtökum þeirra og stjórn sveitarfélags falið að ráðstafa veittu fjármagni. Hefur nefndin þegar hafist handa við að sameina styrki sem fara til margra aðila innan sama sveitarfélags og veita alla upphæðina til sveitarfélagsins í þeim tillögum sem nefndin gerir við fjárlög 1992.

Við úthlutun stofnstyrkja vegna samgangna á landi hefur að jafnaði verið við það miðað að styrkur verði ekki hærri samtals en helmingur kostnaðar við kaup á vélum og tækjum. Einnig miðar nefndin við það að sé stofnstyrkur veittur dreifist hann á þriggja ára tímabil en sé ekki veittur lengur en það. Af þessum sökum falla nokkrir stofnstyrkir út þar sem þeir hafa verið veittir í þrjú ár. Að þessu sinni leggur nefndin til að veittir verði tveir nýir stofnstyrkir, annars vegar til Hólmavíkurhrepps vegna tækjakaupa í snjóbíl og hins vegar stofnstyrkur til kaupa á snjóbíl í Höfðahreppi.

Mjóafjarðarbáturinn Anný.

Báturinn heldur uppi áætlunarferðum á milli Mjóafjarðar, Dalatanga og Neskaupstaðar. Farnar eru áætlunarferðir tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum. Farið er með fisk frá Mjóafirði en komið með ýmsar nauðsynjavörur til baka. Í Mjóafirði er lítill landbúnaður annar en til heimilisþarfa en fiskveiðar í smáum stíl eru aðalatvinnugreinin. Til Dalatanga er farið með vistir til vitavarðar. Þessar ferðir eru mjög tímafrekar og vegna þeirra hefur reynst nauðsynlegt að eiga jeppa til ferða á landi og gúmmíbát til að taka á land við vitann. Með viðdvöl í Neskaupstað fara á milli 10 og 12 klst. í hverja ferð. Ekki er um annan möguleika í vetrarsamgöngum að ræða fyrir Mjófirðinga.

Auk reglubundinna ferða fer Anný aukaferðir með ferðamenn og í sjúkraferðir þegar á þarf að halda.

Vélbáturinn Anny er 12 tonn og er notaður til fiskveiða á milli áætlunarferða. Á síðasta ári voru gerðar á honum töluverðar endurbætur. Stýrishús var stækkað og í hann sett ný aflvél. Sama ár keypti Jóhann Egilsson hlut Egils Jóhannssonar sem áður sá um þessa flutninga.

Jóhann Egilsson sækir um rekstrarstyrk að upphæð 4.140 þús. kr. og stofnstyrk til að kaupa hlut fyrri rekstraraðila að upphæð 1.000 þús. kr.

Anný — Rekstrarreikningur (í þús. kr.)	1991	1992
Tekjur:		
Stofnstyrkur	1.000	1.000
Rekstrarstyrkur	3.600	4.140
Aflaverðmæti	1.946	3.149
Póstferðir	924	1.100
Samtals	**7.470**	**9.388**
Gjöld:		
Laun og aflahlutir	3.298	4.800
Afborganir	1.853	1.580
Viðhald	1.133	1.078
Annað	1.598	1.931
Samtals	**7.882**	**9.389**

Fagranesið.

Fagranesið siglir á Ísafjarðardjúpi. Skipið er eina samgöngutæki ýmissa bæja við Djúpið stóran hluta ársins auk þess sem það þjónar þeim eyjum sem byggð er á. Skipið siglir reglulega frá Ísafirði, þaðan sem það er gert út, og inn Djúpið, leið sem á landi mælist um 220 km.

Fyrr á þessu ári var hætt að nota gamla Fagranesið sem var orðið um 25 ára gamalt. Í stað þess var farið að nota tæplega 300 tonna skip sem keypt var notað frá Noregi. Nýja skipið fullnægir nútímakröfum um aðbúnað og öryggi auk þess sem það er betur búið til að anna umferðaraukningu í kjölfar nýrra jarðganga á Vestfjörðum.

Á fyrstu tíu mánuðum þessa árs fór Fagranesið 132 ferðir. Í þeim flutti skipið um 3.900 farþega og 135 bíla. Mjólkurflutningar eru stór þáttur í þjónustu Fagranessins. Á umræddu tímabili flutti það um 84 þús. lítra af mjólk, að mestu til Ísafjarðar. Flestar ferðir eru farnar á tímabilinu júní–ágúst en á þeim tíma er mikið um að farnar séu aukaferðir með ferðamenn, m.a. inn í Jökulfirði. Sé miðað við rauntölur fyrstu tíu mánuði þessa árs og áætlun síðustu tveggja má gera ráð fyrir að hátt í 80% af rekstrartekjum skipsins sé aflað með aukaferðum.

Gert er ráð fyrir um 13,6% hækkun gjalda á milli áranna 1991 og 1992. Gjöld verði samkvæmt því um 30 m.kr. á næsta ári. Almennur útgerðarkostnaður hækkar þó meira eða um 39%. Veldur þar mestu að tryggingar eru töluvert hærri af stærra og fullkomnara skipi auk þess sem olíueyðsla nýja skipsins er ríflega helmingi meiri en þess gamla. Þessu til viðbótar var viðhaldskostnaður færður sem stofnkostnaður í ár en allt viðhald á næsta ári færist til gjalda.

Tekjur eru taldar hækka um 5% og verða um 10,5 m.kr. Ríkisframlag þarf því að vera, að mati rekstraraðila Fagranessins, um 19,5 m.kr. á næsta ári til að endar nái saman.

Að auki fer Djúpbáturinn hf., útgerðaraðili Fagranessins, fram á að veittur verði stofnstyrkur á næsta ári að upphæð 11,5 m.kr. vegna afborgana og vaxta af lánum sem tekin voru vegna nýja skipsins. Alls er því leitað eftir 31 m.kr. framlagi úr ríkissjóði.

Fagranesið — Rekstrarreikningur (í þús. kr.)	1991	1992
Tekjur	**10.049**	**10.521**
Gjöld:		
Laun áhafnar	12.338	13.128
Útgerðarkostnaður	6.321	8.791
Skrifstofa og afgreiðsla	5.598	5.878
Annað	2.180	2.223
Samtals	**26.437**	**30.021**
Afkoma án styrks	**-16.388**	**-19.500**
Styrkur	**17.600**	**19.500**

Baldur.

Ferjan heldur uppi föstum áætlunarferðum á milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey. Ávinningurinn af ferðum Baldurs er tvíþættur. Annars vegar styttist leiðin til Vestfjarða verulega. Landleiðin frá Stykkishólmi til Patreksfjarðar er til að mynda um 350 km. Frá Brjánslæk eru hins vegar um 50 km á Patreksfjörð. Á sama hátt styttist leiðin frá Reykjavík til Patreksfjarðar um tæpa 200 km.

Hins vegar er um lausn á samgöngumálum sunnan til á Vestfjörðum yfir vetrarmánuðina að ræða. Á leiðinni á milli Kollafjarðar í Austur-Barðastrandarsýslu og Vatnsfjarðar í Vestur-Barðastrandarsýslu er oft verulega snjóþungt. Vegum þar á milli er ekki haldið opnum lengur en fram á haustið enda auðveldari kostur að fara með Baldri yfir til Stykkishólms.

Snemma árs 1990 var tekin í notkun ný ferja á Breiðafirði. Hún var smíðuð hjá skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts á Akranesi og er 645 rúmlestir, um 38 m löng og um 9 m á breidd. Rúm er fyrir um 200 farþega og um 20 fólksbíla. Fyrirtækið sjálft er skráð eigandi skipsins og lán vegna þess eru tekin í þess nafni.

Rekstraraðili Baldurs gerir ráð fyrir að gjöld á næsta ári verði um 78 m.kr. Það er hækkun um tæp 11%. Tekjur eru taldar verða um 45,7 m.kr. en verða samkvæmt áætlun um 38,3 m.kr. á þessu ári. Til að brúa bil tekna og gjalda þarf því ríkisframlag að vera 32.428 þús. kr.

Lán þau, sem tekin voru vegna smíði Baldurs, nema samkvæmt efnahagsreikningi fyrirtækisins í lok september um 428 m.kr. Hugmyndir eru uppi um að heildarlánið verði endurgreitt á 12 árum og hefjist endurgreiðslur og greiðslur vaxta á árinu 1993.

Heildarríkisframlag til Baldurs þyrfti því að vera um 32,4 m.kr.

Baldur — Rekstrarreikningur (í þús. kr.)	1991	1992
Tekjur:		
Fargjöld	12.700	23.336
Bílar	16.800	13.936
Annað	8.800	8.418
Samtals	**38.300**	**45.690**
Gjöld:		
Laun	31.250	37.811
Rekstur og viðhald skips	38.100	35.257
Samtals	**69.350**	**73.068**
Vaxtagjöld	**1.200**	**5.050**
Afkoma án styrks	**-32.250**	**-32.428**
Styrkur	**24.400**	**32.428**

Sævar og Sæfari.

Sævar og Sæfari eru báðir reknir af Hríseyjarhreppi. Sævar siglir milli Hríseyjar og lands en Sæfari siglir um Eyjafjörðinn og til Grímseyjar. Sæfari var tekinn í notkun 21. maí 1990. Fyrir þann tíma sá Sævar um flutninga til Hríseyjar en eftir að Sæfari kom tók hann yfir alla þyngri flutninga.

Fram hefur komið í samtölum við forsvarsmenn Hríseyjarhrepps að tekjur af rekstri Sævars höfðu fyrir komu Sæfara dugað nokkurn veginn fyrir rekstrarkostnaði. Í innsendum gögnum má sjá að á árinu 1990, fyrsta ári Sæfara í rekstri, minnkaði flutt magn úr 3.155 tonnum, eins og það hafði verið 1989, í 1.337 tonn. Á árinu 1991 lítur út fyrir að magnið verði tæp 500 tonn. Farþegaflutningar hafa hins vegar aukist á móti, úr tæpum 47 þús. árið 1989 í rúm 56 þús. á þessu ári.

Í áætlun um rekstur næsta árs kemur fram að tap er talið verða um 7,7 m.kr. Á fjárlögum þessa árs eru veittar 6,8 m.kr. til Sævars.

Sæfari hefur nú verið í rekstri í rúmlega eitt ár. Sé miðað við rauntölur fyrstu tíu mánuði þessa árs og áætlun síðustu tveggja mánaða má reikna með að hann flytji um 12 þús. tonn af vörum og um 5 þús. farþega. Samanlagðar tekjur af farþega og vöruflutningum eru taldar verða um 25 m.kr.

Rekstraráætlun Sæfara gerir ráð fyrir 21,8 m.kr. tapi á næsta ári eftir greiðslu vaxta. Í ár er ríkisframlag til rekstrar 14,3 m.kr. en að auki var veittur stofnstyrkur til byggingar farþegahúss, 6 m.kr.

Í vanskilum hjá Ríkisábyrgðasjóði eru nú um 12,5 m.kr. og 1. desember bætast við aðrar 6 m.kr.

Afborganir lána og vextir verða á næsta ári um 21,6 m.kr.

Sæfari — Rekstrarreikningur (í þús. kr.)	1991	1992
Tekjur:		
Flutningstekjur	25.000	25.000
Vörusala	400	500
Samtals	**25.400**	**25.500**
Gjöld:		
Laun	21.400	22.000
Rekstur og viðhald skips	17.000	18.000
Annað	3.700	4.300
Samtals	**42.100**	**44.300**
Vaxtagjöld	**2.400**	**3.000**
Afkoma án styrks	**-19.100**	**21.800**
Styrkur	**14.300**	**21.800**

Sævar — Rekstrarreikningur (í þús. kr.)	1991	1992
Tekjur:		
Flutningstekjur	10.800	12.000
Samtals	**10.800**	**12.000**
Gjöld:		
Sameiginlegur kostnaður	11.100	12.400
Rekstur	5.700	6.300
Samtals	**16.800**	**18.700**
Vaxtagjöld	**900**	**1.100**
Afkoma án styrks	**-6.900**	**-7.700**
Styrkur	**6.500**	**7.700**

Herjólfur.

Um miðjan júnímánuð er ætlunin að taka í notkun nýja ferju á hinni 70 km leið milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Nýja skipið, sem smíðað er í Noregi, verður um 2.000 rúmlestir, um 70 m langt og um 16 m á breidd.

Rekstraráætlun sú, sem Herjólfur sendir frá sér fyrir næsta ár, ber merki þessa. Annars vegar er byggt á framreiknuðum rekstrartölum gamla skipsins en hins vegar á áætlun nýs skips. Áætlun gamla skipsins er gerð með hefðbundnum hætti en þó er gert ráð fyrir að viðhaldi verði haldið í lágmarki.

Rekstraráætlun nýja skipsins byggir á grunni rauntalna áranna 1986–1990. Frá þessum grunni er síðan reiknað með aukningu í flutningum. Farþega- og bifreiðaflutningar eru taldir aukast um 40% á árinu 1992, vöruflutningar um 60% og vöruafgreiðsla um 10% og veitingasala er talin verða um 21,5% af fargjaldatekjum eins og undanfarin ár. Forsendur aukins flutnings eru í megindráttum þær að eftir að nýja ferjan kemur er hægt að anna öllum fólks- og fólksbílaflutningum. Vísa þarf frá töluverðum fjölda fólks á fjórum umferðarþyngstu mánuðunum, þ.e. yfir sumarið. Þá er gert ráð fyrir að flutningar með ferjunni stóraukist frá því sem nú er. Núverandi Herjólfur tekur einungis sérsmíðaða gáma. Gert ráð fyrir að nýja skipið verði mikið notað til að flytja fisk til hafnar í landi í frystigámum þaðan sem hann yrði fluttur út í heim. Hægt verður að aka með frystigámana um borð. Heildartekjur eru taldar munu verða á ársgrundvelli um 200 m.kr. Samanborið við gömlu ferjuna er það um 58% hækkun. Heildargjöld eru áætluð um 187 m.kr. eða um 3% meira en hefði kostað að reka eldra skipið á næsta ári.

Á næsta ári mun þurfa um 57 m.kr. til reksturs Herjólfs. Á þessu ári er tapið talið verða um 5,2 m.kr. Um 25 m.kr tap mun verða á rekstri gömlu ferjunnar á næsta ári. Á næsta ári verða vextir 53,3 m.kr. vegna lána á byggingartíma. Um helmingur er talinn falla til eftir að ferjan hefur verið tekin í notkun og færist sem rekstrarkostnaður.

Tekið hefur verið 720 m.kr. lán vegna smíði skipsins. Ætlunin er að það verði fært á skuldabréf til 15 ára en greiðist á 12 árum. Áfallnir vextir munu þó þurfa að greiðast á næsta ári og miðað við 8% vaxtafót má ætla að þeir verði um 57,5 m.kr. Til frádráttar reiknast andvirði gamla skipsins en það er talið munu verða um 50 m.kr. Alls mun því verða þörf á um 64,5 m.kr. ríkisframlagi til Herjólfs á næsta ári. Í ár veitir ríkið 50 m.kr. til rekstrarins.

Herjólfur — Rekstrarreikningur (í þús. kr.)	Gamla skipið 1991	Gamla skipið 1992	Nýja skipið 1992
Tekjur:			
Farþegar	44.078	48.485	74.263
Bifreiðar	13.711	15.082	21.077
Flutningar	36.100	37.544	72.525
Veitingasala o.fl.	9.200	9.703	15.967
Vöruafgreiðslur	13.016	13.537	16.651
Aðrar tekjur	2.283	2.374	
Samtals	**118.388**	**126.725**	**200.483**
Gjöld:			
Laun	63.147	65.041	65.374
Olíur	16.247	17.141	27.067
Eldhús, kaffitería	11.571	12.207	16.338
Vöruafgreiðslur	32.995	34.637	16.651
Annað	47.239	49.589	61.852
Samtals	**171.199**	**178.615**	**187.282**
Vaxtagjöld	**2.341**	**2.470**	
Afkoma án styrks	**-55.152**	**-54.360**	**13.201**
Styrkur	**50.000**		**98.800**

Akraborgin.

Nokkur samdráttur hefur orðið í flutningum á milli Reykjavíkur og Akraness. Sé litið til fyrstu tíu mánaða áranna 1990 og 1991 hafa farþegaflutningar dregist saman um 4,7%, fólksbílaflutningur um 6,1% og flutningur á vöruflutningabifreiðum um 5,2%. Við samanburð á fyrstu átta mánuðum áranna 1990 og 1991 sést að tekjur standa að mestu leyti í stað þrátt fyrir umtalsverðar gjaldskrárhækkanir. Gjöld hækkuðu hins vegar um 12% aðallega vegna óhagstæðs olíuverðs og íþyngjandi áhrifa virðisaukaskatts eins og kemur fram í greinargerð frá forsvarsmönnum Skallagríms, rekstraraðila Akraborgarinnar.

Á næsta ári er reiknað með að tekjur verði um 140 m.kr. en gjöld um 151 m.kr. Gjöld munu þannig standa að mestu í stað á meðan tekjur munu aukast um 10 m.kr. eða 7,5%.

Miðað við lok ágústmánaðar sl. námu skuldir fyrirtækisins um 186 m.kr. en eignir rúmlega 51 m.kr. Skammtímaskuldir voru tæpar 53 m.kr. en veltufjármunir rúmlega 4 m.kr.

Á næsta ári mun þurfa 25 m.kr. rekstrarstyrk en það er sama upphæð og í ár. Þá mun lánum verða skuldbreytt og verða greiðslur vegna þess um 25,8 m.kr. eða alls um 50,8 m.kr.

Akraborgin — Rekstrarreikningur (í þús. kr.)	1991	1992
Tekjur	**130.268**	**140.075**
Gjöld:		
Rekstrargjöld Akraborgar	113.045	114.302
Stjórnun, afgreiðsla o.fl.	27.205	26.802
Samtals	**140.250**	**141.104**
Vaxtagjöld	**16.663**	**15.000**
Afkoma án styrks	**-26.645**	**-16.029**
Styrkur	**25.000**	**25.000**

Málefni annarra báta verða ekki rakin hér, enda er þar um smáar upphæðir að ræða.

Ekki verða heldur tilgreindar sérstakar umsóknir um fjárveitingar til vetrarsamgangna á landi. Ítarlega var fjallað um hverja umsókn og var samstaða í nefndinni um hverja fjárveitingu.

Um 52. lið, óráðstafað, er það að segja að hann er fyrst og fremst hugsaður sem sjóður sem hægt yrði að grípa til þegar samgöngur á landi teppast og notast þarf við dýrari flutningstæki. Slíkir flutningar yrðu síðan greiddir samkvæmt reikningi að höfðu samráði við formann samgöngunefndar Alþingis.

Rúnar Guðjónsson frá samgönguráðuneytinu mætti á fundi nefndarinnar og veitti henni margvíslegar upplýsingar um ferjur og flóabáta. Þá hafði samgöngunefnd samstarf við vinnuhóp fjárlaganefndar um afgreiðslu málsins.

Pálmi Jónsson og Sturla Böðvarsson voru fjarstaddir lokaafgreiðslu málsins en í þeirra stað sátu Sigríður A. Þórðardóttir og Árni R. Árnason fundinn, sbr. 3. mgr. 17. gr. þingskapa.

Samgöngunefnd gerir tillögu á sérstöku þingskjali um að á fjárlögum 1992 verði veittar samtals 304.100 þús.kr. í staðinn fyrir 173.200 þús.kr. samkvæmt fjárlögum 1991.

Alþingi, 16. des. 1991.

Árni M. Mathiesen, form., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.
Guðni Ágústsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Sigbjörn Gunnarsson.
Jóhann Ársælsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Árni R. Árnason.

305. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Finni Ingólfssyni.

Við 6. gr. Nýr liður:

5.19 Að kaupa eða taka á leigu húsnæði til uppbyggingar heilsugæslu í Reykjavík.

Greinargerð.

Nefnd, sem heilbrigðisráðherra skipaði til að gera tillögu um hvernig sameina megi

Borgarspítala og Landakotsspítala í eitt sjúkrahús, hefur gert tillögu um að heilsugæslustöðin í Borgarspítalanum verði flutt þaðan. Ekkert húsnæði er því til að taka á móti þeirri starfsemi sem nú er í heilsugæslustöðinni í Fossvogi. Undanfarin ár hefur verið inni í 6. gr. fjárlaga heimild handa fjármálaráðherra til að kaupa eða taka á leigu húsnæði til uppbyggingar heilsugæslu í Reykjavík. Nú er þetta ákvæði ekki í 6. gr. frumvarpsins og því engar heimildir fyrir fjármálaráðherra til að kaupa eða taka á leigu húsnæði fyrir heilsugæslu í Fossvogi þegar hún verður flutt úr Borgarspítalanum.

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 5. desember 1991 var eftirfarandi samþykkt gerð samhljóða:

„Borgarstjórn samþykkir að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir því að á fjárlögum ársins 1992 verði varið fé eða a.m.k. aflað heimildar í 6. gr. til áframhaldandi uppbyggingar heilsugæslustöðva í Reykjavík. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga er engu fé varið til uppbyggingar heilsugæslustöðva í borginni né heldur er heimildarákvæði í 6. gr.“

306. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um vatnsveitur sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta sem felur í sér endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um vatnsveitur og holræsi. Nefndin fékk umsögn um frumvarpið frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og mælir stjórn sambandsins með samþykkt þess. Jafnframt bárust nefndinni drög að reglugerð er sett yrði eftir samþykkt frumvarpsins. Þá fékk nefndin á sinn fund til viðræðna um málið Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, formann stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins en vill jafnframt lýsa þeirri skoðun sinni að skilja beri ákvæði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þannig að hreppsnefnd sé einungis heimilt að leggja í framkvæmdir við gerð vatnsveitu að fyrir liggi gögn er sýni að hagkvæmt þyki að leggja veituna og reka hana, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Alþingi, 18. des. 1991.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Ingibjörg Pálmadóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Eggert Haukdal.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.
Jón Kristjánsson.	Gunnlaugur Stefánsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

307. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Frá Finni Ingólfssyni, Svavari Gestssyni, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Ingibjörgu Pálmadóttur.

Við 17. gr. Á eftir 3. tölul. 1. mgr. bætist við nýr töluliður svohljóðandi: Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við tannréttingar hjá börnum og unglingum 16 ára og yngri samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn sem útfyllt er af viðkomandi tannlækni samkvæmt ósk Tryggingastofnunar og samþykki sjúkratrygginga.

308. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá fjárlaganefnd.

Við 6. gr. Nýr liður:

5.33 Að kaupa loðdýrahús og fylgifé þeirra á jörðunum Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfushreppi, Árnessýslu, m.a. með yfirtöku áhvílandi veðskulda, í samræmi við samning sem undirritaður var af landbúnaðarráðherra 20. mars 1991.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt að beiðni landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur í afstöðu til málsins.

309. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 og brtt. á þskj. 302.

Frá Kristínu Einarsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01-171 Byggðastofnun. Nýr liður: 602 Byggðastofnun, framlag til atvinnuþróunar fyrir konur á landsbyggðinni	50.000
2. Við 4. gr. 02-919 Söfn, ýmis framlög. 131 Kvennasögusafn. Fyrir „1.000“ kemur	1.500
3. Við 4. gr. 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Nýr liður: 162 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndunum, UNIFEM	10.000

	Þús. kr.
4. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.	
a. Við 140 Kvennaathvarf í Reykjavík.	
Fyrir „11.800“ kemur	15.000
b. Við 141 Stígamót.	
Fyrir „5.000“ kemur	7.000
5. Við brtt. á þskj. 302, 23. lið (Borgarspítalinn). Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi:	
102 Fæðingarheimili Reykjavíkur	50.000

310. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á nokkrum fundum en fengið lítinn tíma til umfjöllunar um málið. Frumvarp þetta verður að skoðast í ljósi þess að í ákvæði til bráðabirgða í núgildandi lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins kemur fram að ráðherra skuli fyrir árslok 1992 láta endurskoða lögin. Í því sambandi er honum skylt að hafa samráð við sjávarútvegsnefnd Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

Á árinu 1986 fór fram viðamikil endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Nefnd sú, sem vann að endurskoðuninni, lagði til að gamli Úreldingarsjóður fiskiskipa, sem stofnaður var árið 1980, yrði lagður niður. Ástæða þess var einkum sú að nefndin lagði til að útflutningsgjald af sjávarafurðum yrði lagt niður og við það hvarf aðaltekjustofn sjóðsins. Nefndin taldi jafnframt að þörf væri á því að gera starfsemi Úreldingarsjóðs og Aldurslagasjóðs fiskiskipa markvissari en verið hafði. Þótti sjóðurinn hafa unnið gegn upprunalegum tilgangi sínum því styrkveitingum úr sjóðnum var oftast ráðstafað til kaupa á nýjum og afkastameiri skipum í stað þeirra sem úrelt voru. Gerði nefndin ráð fyrir að síðar yrðu sett ný lög um starfsemi sjóðsins og jafnframt yrðu ákvæði um Aldurslagasjóð endurskoðuð.

Í framhaldi af þessari endurskoðun var lagt fram á 111. löggjafarþingi 1988–1989 frumvarp til laga um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Hinum nýja úreldingarsjóði var ætlað það hlutverk að kaupa fiskiskip, sem eru til sölu á frjálsum markaði, eyða þeim eða selja úr landi. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að sjóðurinn ráðstafaði veiðiheimildum þeirra skipa sem hann kaupir gegn endurgjaldi og standi með þeim hætti undir frekari skipakaupum. Þá var sjóðnum einnig heimilt að veita beina styrki til úreldingar skipa, enda sé tryggt að úreldingin leiði ekki til kaupa á nýjum skipum er bætist í flotann eða auki afkastagetu hans með öðrum hætti.

Þá var lagt til að stofnfé sjóðsins verði eignir eldra Úreldingarsjóðs fiskiskipa auk eigna Aldurslagasjóðs fiskiskipa sem námu þá rúmlega 300 millj. kr. en þá var gert ráð fyrir því að sjóðnum yrði markaður tekjustofn sem gæfi u.þ.b. 90 millj. kr. á ári. Auk þess var gert ráð fyrir því að sjóðurinn fengi tekjur af sölu veiðiheimilda sem hann eignaðist með kaupum á fiskiskipum en ekki gert ráð fyrir því að hann fengi veiðiheimildir í upphafi.

Þá var lagt til að sjóðnum yrði heimilað að yfirtaka áhvílandi lán á þeim fiskiskipum sem hann kaupir eða að öðrum kosti að taka lán fyrir allt að 80% af kaupverðinu. Þetta var gert til að skapa möguleika fyrir sjóðinn til að hafa raunveruleg áhrif á stærð fiskiskipaflotans strax á fyrstu starfsárunum. Við kaup á fiskiskipum átti sjóðurinn að gæta tveggja meginsjónarmiða. Annars vegar að skipakaupunum sé hagað á þann veg að sem hagkvæmust samsetning náist í fiskiskipaflotanum þannig að líklegt sé að afli dreifist á þá árganga nytjastofna sem hámarksafrakstur gefa. Hins vegar var stefnt að betri aflameðferð með því að kaupa þau skip sem ekki fullnægðu nýjustu kröfum um meðferð afla.

Í þessu frumvarpi var gert ráð fyrir að Úreldingarsjóður ráðstafaði gegn endurgjaldi veiðiheimildum þeirra skipa sem hann eignaðist. Það var gert til þess að sjóðurinn gæti staðið undir greiðslum afborgana og vaxta sem á hann féllu vegna kaupa á fiskiskipum til úreldingar. Gert var ráð fyrir við ráðstöfun veiðiheimilda að útgerðumr þeirra skipa, sem tilteknar veiðar stunda, væri gefinn forkaupsréttur á veiðiheimildum.

Jafnframt var gert ráð fyrir því að sjóðurinn hefði heimild til að styrkja aðila, sem vildu úrelda skip sín, með sérstökum fjárframlögum. Þar var gert ráð fyrir að slíkir styrkir væru ekki veittir nema til kæmi raunveruleg úrelding þannig að skipum væri eytt án þess að önnur kæmu í staðinn. Jafnframt var gert ráð fyrir að óheimilt væri að nýta endurnýjunarrétt til stækkunar nýrra skipa. Styrkjunum var einkum ætlað að hvetja eigendur fiskiskipa til að sameina veiðiheimildir og leggja niður óhagkvæm skip í flotanum.

Því voru sett tiltekin takmörk hversu miklar aflaheimildir sjóðurinn mátti eiga. Honum var ekki ætlað að kaupa aflaheimildir umfram það sem nauðsynlegt var til að ná tilgangi sínum. Gert var ráð fyrir að sjóðurinn hefði þau takmörk að hann mætti aldrei öðlast meiri ráðstöfunarrétt en á að 3% heildaraflaheimilda. Ef hlutdeild sjóðsins næði því marki mundu aflaheimildir þeirra skipa, sem sjóðurinn eignast, bætast hlutfallslega við aflaheimildir alls flotans og þannig stuðla að bættum rekstrargrundvelli hans. Gert var ráð fyrir að ráðherra hefði heimild til að lækka þetta hámark með reglugerð. Þannig var gert ráð fyrir að sjóðurinn ynni að aukinni hagræðingu í útgerð sem kæmi öllum flotanum til góða. Smátt og smátt hefði flotinn minnkað og aflaheimildir þeirra skipa sem eftir stóðu aukist.

Mikil umræða varð um frumvarp þetta samhliða þeirri viðamiklu umræðu sem fór fram um stjórn fiskveiða. Upphaflega höfðu verið settar fram hugmyndir um það að sjóðurinn eignaðist lítils háttar aflaheimildir þannig að hægt yrði að beita honum af meiri krafti til að minnka flotann. Það var almennt viðurkennt að flotinn væri of stór en á skorti að samþykktar væru aðgerðir til að ná því marki. Á þessum tíma komu upp vandamál í einstökum byggðarlögum vegna þess að fiskiskip voru seld þaðan í burtu. Háværar kröfur komu upp um að fiskveiðistefnunni yrði breytt til að koma til móts við þessi sjónarmið og stjórnvöld voru krafin um úrræði til að koma viðkomandi byggðarlögum til hjálpar. Ákveðnar kröfur komu fram á Alþingi um breytingar á stjórn fiskveiða til þess að koma til móts við þessi sjónarmið þar sem m.a. var gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fengi opna heimild til að stækka flotann í því skyni að tryggja hagsmuni byggðarlaga sem höfðu misst frá sér fiskiskip. Slík heimild hefði orðið til þess að flotinn hefði stækkað. Í atkvæðagreiðslu á Alþingi var slík tillaga felld með aðeins eins atkvæðis mun. Af þessu mátti ráða að sú krafa hafði mikið fylgi að meira tillit væri tekið til hagsmuna einstakra byggðarlaga að því er varðar stjórnun fiskveiða.

Í framhaldi af allri þessari umfjöllun var gerð tillaga um það að Úreldingarsjóðurinn fengi nýtt hlutverk og þjónaði byggðarlögum þar sem sérstakar aðstæður hefðu komið

upp. Jafnframt var ákveðið í ljósi þess nýja hlutverks að breyta nafni hans og nefndist hann eftir það Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Aðstoðarhlutverki sínu í þágu byggðarlaga, sem höllum fæti standa, átti sjóðurinn að sinna með því að ráðstafa aflaheimildum sem honum eru úthlutaðar í þessu skyni enda yrði honum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Samkvæmt núgildandi lögum verður ástæða vandans að vera sala fiskiskips eða fiskiskipa úr viðkomandi byggðarlagi sem leiðir til fyrirsjáanlegrar fækkunar starfa og byggðaröskun sé yfirvofandi af þeim sökum. Áður en ákvörðun er tekin um slíka aðstoð er ljóst að heildarúttekt á atvinnumálum í viðkomandi byggðarlagi verður að liggja fyrir og aðstoð sjóðsins að vera tímabundin hjálp meðan varanlegri úrræða er leitað. Hafi ákvörðun um aðstoð verið tekin skal fyrst og fremst veita sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi kost á að ráðstafa þeim aflaheimildum sem samþykkt hefur verið að verja í þessu skyni gegn greiðslu samkvæmt gangverði. Kjósi sveitarstjórn ekki að hafa slíka milligöngu skal stjórn sjóðsins ráðstafa aflaheimildum til einstakra skipa annaðhvort á almennu gangverði eða til hæstbjóðanda. Það ræðst því af aðstæðum á hverjum stað hvað útgerðir einstakra skipa eru tilbúnar til að greiða til að fá heimildir til að veiða viðbótarafla með því skilyrði að honum verði landað til vinnslu á staðnum. Séu skip, sem skortir aflaheimild, gerð út frá viðkomandi stað eða liggi hann vel við miðum og sé nærri heimahöfn annarra skipa er líklegt að útgerðaraðilar væru tilbúnir til að greiða eðlilegt verð fyrir viðbótarheimildir enda þótt þær væru bundnar slíku löndunarskilyrði. Séu aðstæður örðugri, t.d. um afskekkt byggðarlag er að ræða með lélega hafnaraðstöðu, mundi endurgjald, sem fengist fyrir aflaheimildirnar, verða lægra og í undantekningartilfellum getur stjórn sjóðsins fallið frá endurgjaldi að fengnu samþykki ráðherra. Ekki er talið líklegt að slík staða komi upp almennt þar sem mikil umframafkastageta er hjá fiskiskipaflotanum og ætti því að vera fremur auðvelt að fá skip til veiða.

Eftir mikla umfjöllun um þetta mál varð ekki samstaða um betri lausn til að koma til móts við þessi sjónarmið og tryggja visst öryggi fyrir þau byggðarlög í landinu sem byggja allt sitt á sjávarútvegi. Hér er um að ræða lausn sem byggir á því að nýta umframafkastagetu fiskiskipaflotans til að leysa tímabundin og staðbundin vandamál sem upp kunna að koma. Margvísleg önnur sjónarmið voru að sjálfsögðu um hvernig skyldi bregðast við þessum vandamálum en almennt var talið að hér væri um mikilvægt skref að ræða sem rétt væri að reyna í framkvæmd.

Þegar lögin voru samþykkt á Alþingi kom skýrt fram í umfjöllun um málið að frumvarpið væri svo nátengt frumvarpi um stjórn fiskveiða að það verði hvorki rætt né afgreitt nema samhliða því. Alþingi áréttaði þessa skoðun með því að setja sams konar endurskoðunarákvæði í lögin um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og lögin um stjórn fiskveiða. Með þessu hefur Alþingi samþykkt að endurskoðun laganna skuli vera samhliða og fjallað skuli um það í nánu samstarfi við hagsmunaaðila og sjávarútvegsnefnd Alþingis. Þetta lagaákvæði hefur ekki verið virt við undirbúning málsins og hefði því í reynd verið eðlilegast að engin umfjöllun færi fram um málið á Alþingi fyrr en ákvæði laganna hefði verið fullnægt. Það er til lítils fyrir Alþingi að samþykkja ákveðin fyrirmæli til framkvæmdarvaldsins og samþykkja síðan í reynd að ekki sé eftir þeim farið. Það hefur verið staðfest af hagsmunaaðilum í sjávarútvegi að ekkert samráð hefur verið haft við þá í þessu máli. Í samtölum við hina ýmsu aðila kom í ljós að þeim var ekki kunnugt um efni frumvarpsins.

Sú endurskoðunarnefnd, sem nú hefur verið skipuð til að fjalla um endurskoðun á fiskveiðistefnunni, hefur ekki fjallað um málið. Allir viðmælendur nefndarinnar mæltu gegn því að þetta mál verði tekið út úr með þessum hætti og fylgdi ekki annarri endurskoð-

un sem snerta fiskveiðistefnuna. Enginn aðili í sjávarútvegi hefur mælt með frumvarpinu. Flestir mæla gegn því en aðrir telja rétt að endurskoðun laganna fari fram í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í núgildandi lögum. Leitað var til Landshlutasamtaka sveitarfélaga en vegna tímaskorts gafst þeim lítið tækifæri til að fara yfir málið. Ljóst er af umsögum að annaðhvort hefur aðilum ekki gefist ráðrúm til að taka afstöðu til málsins eða vara við fljótfærnislegum breytingum á lögunum. Með þeim breytingum, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til, koma fram grundvallarbreytingar á lögum sem snerta fiskveiðistefnuna.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að þeim fjármunum, sem koma inn vegna sölu veiðiheimilda, verði varið til að fjármagna kostnað ríkissjóðs af hafrannsóknum. Hér er því stigið fyrsta skrefið til að afla tekna í ríkissjóð af sölu veiðiheimilda og að koma á auðlindaskatti. Óttast minni hluti nefndarinnar að svo sé.

Því er haldið fram að hér sé ekki um nýjar álögur á sjávarútveginn að ræða. Það er ekki rétt og er engan veginn sambærilegt við ráðstöfun fjárins til úreldingar fiskiskipa. Sú ráðstöfun hefði komið fljótt fram í auknum tekjum flotans vegna hagkvæmari reksturs. Sú skipan, sem tillaga er gerð um, eykur hins vegar tekjur ríkissjóðs en ekki sjávarútvegsins.

Í öðru lagi er ekki lengur mögulegt að koma til móts við byggðarlög vegna sérstakra aðstæðna. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að byggðarlög með ákveðnar aðstæður skuli hafa möguleika á að kaupa veiðiheimildir enda komi fullt verð fyrir. Á mörgum minni stöðum eru aðstæður þannig að ekki er líklegt að þau geti keppt um veiðiheimildir við ýmsa sterkari aðila. Með því að ekki er lengur mögulegt að lækka verð á veiðiheimildum við slíkar aðstæður er ljóst að hér er ekki um neina aðstoð að ræða.

Í þriðja lagi er ekki lengur gert ráð fyrir að fjármagn sjóðsins nýtist til úreldingar fiskiskipa. Vegna erfiðrar stöðu sjávarútvegsins er afar mikilvægt að verulegt átak verði gert í hagræðingu. Þar sem sjóðurinn hefur ekki lengur tekjur til að standa undir umtalsverðri úreldingu fiskiskipa né möguleika til að kaupa skip til að taka úr rekstri er dregið verulega úr möguleikum sjávarútvegsins til að bæta rekstur sinn.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar kemur fram að eðlilegra sé að Byggðastofnun eða öðrum stjórnvöldum sé falið að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu. Engar slíkar ráðstafanir virðast vera í sjónmáli enda gert ráð fyrir að skerða möguleika Byggðastofnunar í hvívetna. Forstjóri Byggðastofnunar upplýsti á fundi nefndarinnar að hann sæi enga möguleika fyrir Byggðastofnun að hjálpa til í málum sem þessum. Það er því ljóst að núverandi ríkisstjórn og fylgismenn hennar hafa ákveðið að virða að vettugi þau sjónarmið sem hafa verið uppi varðandi þennan viðkvæma þátt fiskveiðistefnunnar. Með þeim breytingum, sem nú á að keyra í gegn á Alþingi án eðlilegrar umfjöllunar, er samstöðu um breytingar á fiskveiðistefnunni stefnt í verulega hættu. Er með ólíkindum að svo stóru hagsmunamáli skuli vera stefnt í slíka óvissu. Meiri hluti nefndarinnar reynir að klóra yfir þessar staðreyndir með breytingartillögum sem litlu eða engu máli skipta. Það er krafa minni hluta nefndarinnar að máli þessu verði vísað frá og um það fjallað í samræmi við lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Það er því tillaga minni hlutans að málinu verði vísað frá eins og fram kemur á sérstöku þingskjali. Með því er virtur vilji Alþingis sem fram kemur í ákvæði til bráðabirgða í lögum um stjórn Hagræðingarsjóðs.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur flestum greinum frumvarpsins en getur fallist á að hækka hlutfall úreldingarstyrkja og að aflaheimildir Hagræðingarsjóðs komi til úthlutunar flotans í heild á fiskveiðiárinu 1991–1992 vegna hins lélega ástands í sjávar-

útveginum. Minni hluti nefndarinnar gæti fallist á að gera slíkar breytingar á lögunum um stjórn Hagræðingarsjóðs enda fela þær ekki í sér neinar grundvallarbreytingar á fiskveiðistefnunni. Minni hluti nefndarinnar harmar að meiri hluti nefndarinnar skuli ekki hafa leitast við að ná samkomulagi í svo mikilvægu máli. Af því má vera ljóst að núverandi stjórnarmeirihluti hyggst ekki leita eftir breiðri samstöðu um endurskoðun fiskveiðistefnunnar. Hér kemur fram eins og oft áður að samkomulag formanna stjórnarflokkanna í Viðey virðist vera allsráðandi í þessu máli.

Fulltrúi Samtaka um kvennalista, Anna Ólafsdóttir Björnsson, sótti fundi nefndarinnar og er sammála afstöðu minni hluta nefndarinnar.

Alþingi, 18. des. 1992.

Halldór Ásgrímsson, frsm. | Steingrímur J. Sigfússon. | Stefán Guðmundsson.

Jóhann Ársælsson.

311. Frávísunartillaga [124. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Stefáni Guðmundssyni, Jóhanni Ársælssyni og Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Alþingi samþykkir að fela sjávarútvegsráðherra að endurskoða lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins í samræmi við ákvæði til bráðabirgða II í lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Þegar sjávarútvegsráðherra hefur fullnægt þessari lagaskyldu leggi hann fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins ásamt lögum um stjórn fiskveiða. Með vísan til framanritaðs samþykkir Alþingi að vísa dagskrármálinu til ríkisstjórnarinnar.

312. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Valgerði Sverrisdóttur, Hjörleifi Guttormssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. 4 Sértekjur. Fyrir „570.400“ kemur	486.640
2. Við 4. gr. 02-210 Háskólinn á Akureyri. 4 Sértekjur. Fyrir „3.500“ kemur	870

	Þús. kr.
3. Við 4. gr. Kennaraháskóli Íslands. 4 Sértekjur.	
Fyrir „15.400“ kemur	6.360
4. Við 4. gr. 02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð. 4 Sértekjur.	
Fyrir „12.900“ kemur	9.780
5. Við 4. gr. 02-306 Menntaskólinn á Ísafirði. 4 Sértekjur.	
Fyrir „3.600“ kemur	3.030
6. Við 4. gr. 02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum. 4 Sértekjur.	
Fyrir „2.400“ kemur	1.830
7. Við 4. gr. 02-308 Menntaskólinn í Kópavogi. 4 Sértekjur.	
Fyrir „1.700“ kemur	1.130
8. Við 4. gr. 02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. 4 Sértekjur.	
Fyrir „27.700“ kemur	22.210
9. Við 4. gr. 02-352 Flensborgarskóli, fjölbraut. 4 Sértekjur.	
Fyrir „3.200“ kemur	2.630
10. Við 4. gr. 02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja. 4 Sértekjur.	
Fyrir „3.500“ kemur	2.930
11. Við 4. gr. 02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi. 4 Sértekjur.	
Fyrir „6.200“ kemur	5.630
12. Við 4. gr. 02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. 4 Sértekjur.	
Fyrir „1.300“ kemur	1.015
13. Við 4. gr. 02-356 Fjölbrautaskólinn Sauðárkróki. 4 Sértekjur.	
Fyrir „3.900“ kemur	3.330
14. Við 4. gr. 02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands. 4 Sértekjur.	
Fyrir „6.500“ kemur	5.640
15. Við 4. gr. 02-358 Verkmenntaskóli Austurlands. 4 Sértekjur.	
Fyrir „700“ kemur	415
16. Við 4. gr. 02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri. 4 Sértekjur.	
Fyrir „5.900“ kemur	4.455
17. Við 4. gr. 02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu. 4 Sértekjur.	
Fyrir „1.700“ kemur	1.470
18. Við 4. gr. 02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík. 4 Sértekjur.	
Fyrir „600“ kemur	490
19. Við 4. gr. 02-363 Framhaldsskólinn á Laugum. 4 Sértekjur.	
Fyrir „1.100“ kemur	990
20. Við 4. gr. 02-501 Tækniskóli Íslands. 4 Sértekjur.	
Fyrir „7.600“ kemur	1.030
21. Við 4. gr. 02-506 Vélskóli Íslands. 4 Sértekjur.	
Fyrir „600“ kemur	515
22. Við 4. gr. 02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík. 4 Sértekjur.	
Fyrir „900“ kemur	815
23. Við 4. gr. 02-514 Iðnskólinn í Reykjavík. 4 Sértekjur.	
Fyrir „12.500“ kemur	11.190
24. Við 4. gr. 02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði. 4 Sértekjur.	
Fyrir „1.100“ kemur	1.015
25. Við 4. gr. 02-523 Fósturskóli Íslands. 4 Sértekjur.	
Fyrir „1.100“ kemur	930

	Þús. kr.
26. Við 4. gr. 02-581 Verslunarskóli Íslands. 4 Sértekjur.	
Fyrir „2.300“ kemur	15

313. Frumvarp til laga [218. mál]

um Háskólann á Akureyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

Háskólinn á Akureyri skal vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun er veiti nemendum sínum menntun til að gegna ýmsum störfum í atvinnulífinu, öðrum ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu og stunda frekara háskólanám. Háskólanum er einnig heimilt að annast endurmenntun á vettvangi fræða sem kennd eru í deildum skólans, sbr. 9. gr.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Stjórn.

2. gr.

Háskólinn á Akureyri á stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneyti.

Í háskólanefnd eiga sæti:

a. Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
b. Forstöðumenn deilda háskólans.
c. Einn fulltrúi fastráðinna kennara og annar til vara, kjörnir til tveggja ára á almennum fundi þeirra.
d. Einn fulltrúi og annar til vara, kjörnir af starfsmönnum öðrum en fastráðnum kennurum til tveggja ára á almennum fundi þeirra.
e. Tveir fulltrúar nemenda og tveir til vara kjörnir til eins árs á almennum fundi þeirra.
f. Tveir fulltrúar tilnefndir til fjögurra ára. Annar fulltrúinn og varamaður hans eru tilnefndir af bæjarstjórn Akureyrar og hinn fulltrúinn ásamt varamanni af heildarsamtökum sveitarfélaga á Norðurlandi.
g. Framkvæmdastjóri, sbr. 4. gr., á sæti á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóri er ritari nefndarinnar.

Háskólanefnd kýs sér varaformann úr hópi forstöðumanna deilda til eins árs í senn og er hann jafnframt staðgengill rektors.

Rektor boðar til funda í háskólanefnd eftir þörfum. Skylt er að boða til fundar ef fjórir eða fleiri nefndarmenn krefjast þess. Varamenn sitja fundi nefndarinnar í forföllum aðalfulltrúa. Háskólanefnd er ályktunarhæf ef tveir þriðju hlutar nefndarmanna sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors.

Háskólanefnd, undir forsæti rektors, fer með yfirstjórn málefna er varða háskólann í heild, stuðlar að, skipuleggur og hefur umsjón með samvinnu deilda og samskiptum við aðila utan skólans, þar með talið samstarf við aðra skóla og rannsóknastofnanir. Enn

fremur afgreiðir háskólanefnd árlega fjárhagsáætlun fyrir skólann í heild og hefur að öðru leyti úrskurðarvald í málefnum háskólans eftir því sem lög mæla og nánar er ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans. Hann vinnur að mörkun heildarstefnu í málefnum háskólans og hefur eftirlit með rekstri hans, kennslu, rannsóknum, þjónustu og annarri starfsemi.

Rektor er skipaður af menntamálaráðuneyti til fimm ára. Skal staðan auglýst laus til umsóknar.

Háskólanefnd skipar hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu rektors. Menntamálaráðuneytið tilnefnir einn mann í nefndina en háskólanefnd Háskólans á Akureyri hina tvo og er annar þeirra formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa æðri prófgráðu við háskóla og öðlast stjórnunarreynslu á háskólastigi.

Hæfni umsækjanda um rektorsembætti skal metin eftir vísinda- og útgáfustörfum hans, ferli hans sem háskólakennara, stjórnunarreynslu og öðrum störfum sem á einhvern hátt lúta að háskólastjórn og æðri menntun. Engum manni má veita embætti rektors við Háskólann á Akureyri nema meiri hluti dómnefndar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess og meiri hluti háskólanefndar hafi mælt með honum.

Heimilt er að tillögu háskólanefndar að endurskipa sama mann rektor önnur fimm ár.

4. gr.

Rektor ræður framkvæmdastjóra að fengnum tillögum háskólanefndar. Framkvæmdastjóri stýrir í umboði rektors og í samvinnu við forstöðumenn deilda skrifstofuhaldi háskólans og annast fjárreiður hans. Með sama hætti undirbýr hann árlega fjárhagsáætlun og hefur eftirlit með því að rekstur skólans sé í samræmi við gildandi heimildir.

Rektor ræður annað starfslið við stjórnsýslu og rekstur eftir því sem fjárveitingar leyfa og heimildir standa til.

5. gr.

Forstöðumaður, í umboði deildarfundar, hefur yfirumsjón með starfsemi og rekstri deildar og vinnur að stefnumörkun í málefnum hennar. Hann á jafnframt sæti í háskólanefnd.

Forstöðumaður hverrar deildar er kjörinn á deildarfundi. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Kjörgengur er hver sá umsækjandi sem uppfyllir hæfnisskilyrði um stöðu háskólakennara, sbr. 10. gr. þessara laga, 11. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, eða 32. gr. laga nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, á vettvangi fræða sem annaðhvort eru kennd í viðkomandi deild eða tengjast viðfangsefnum hennar. Að fengnu samþykki háskólanefndar ræður rektor þann sem kjör hlýtur til þriggja ára. Deildarfundur kýs jafnframt staðgengil hans til þriggja ára úr hópi fastráðinna kennara við deildina. Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun við kjör forstöðumanns.

6. gr.

Á deildarfundum eiga sæti forstöðumaður deildar, prófessorar, dósentar og lektorar hvort sem þeir gegna fullu starfi eða hlutastarfi. Einnig eiga þar sæti tveir fulltrúar stundakennara og tveir fulltrúar nemenda viðkomandi deildar. Framkvæmdastjóra eða full-

trúa hans er heimilt að sitja deildarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Deildarfundur er ályktunarfær ef fund sækir meira en helmingur atkvæðisbærra manna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði forstöðumanns.

Deildarfundur fjallar um meginatriði í starfsemi viðkomandi deildar og ber ásamt forstöðumanni ábyrgð á að hún sé í samræmi við lög og gildandi reglur. Deildarfundur sker úr málum er varða skipulag kennslu og próf, kýs forstöðumann, leggur fram tillögu til háskólanefndar um árlega fjárhagsáætlun deildarinnar og sinnir að öðru leyti þeim verkefnum sem honum eru falin í lögum og reglugerð.

7. gr.

Nánar skal ákveðið í reglugerð um verksvið og starfsskyldur háskólanefndar, deildarfunda, rektors, framkvæmdastjóra, forstöðumanna deilda og annars starfsfólks háskólans.

8. gr.

Háskólinn á Akureyri og einstakar deildir hans skulu fyrir sitt leyti hafa samráð og samstarf við aðra skóla á háskólastigi til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttari menntunartækifærum. Í því skyni skulu samstarfsaðilar m.a. setja framkvæmdareglur um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Háskólanum er einnig heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir, sem tengjast starfssviði skólans, um kennslu, rannsóknir og ráðningu starfsfólks. Réttindi þess skulu skilgreind í reglugerð.

III. KAFLI
Kennarar, deildir og stofnanir háskólans.

9. gr.

Í Háskólanum á Akureyri eru þessar deildir: heilbrigðisdeild, rekstrardeild og sjávarútvegsdeild. Menntamálaráðuneytið getur samþykkt stofnun fleiri deilda og skiptingu deilda í námsbrautir að fengnum tillögum háskólanefndar og innan marka fjárveitinga í fjárlögum.

Deildir háskólans skulu hafa með sér náið samstarf. Þannig skal með samnýtingu mannafla, bókasafns, kennslutækja og annarrar aðstöðu stefnt að því að efla fjölbreytta menntunarkosti og tryggja hagkvæmni í rekstri. Í þessu skyni má nýta starfsskyldu þeirra sem ráðnir eru til starfa við einhverja deild háskólans í þágu annarra deilda eða skólans í heild.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um deildir háskólans, þar með talið mat á starfsemi þeirra.

10. gr.

Fastir kennarar háskólans eru lektorar, dósentar eða prófessorar. Einnig starfa stundakennarar við skólann. Dósents- eða prófessorsstöðu skal því aðeins stofna að forsendur séu fyrir því að staðan tengist rannsóknastörfum.

Forseti Íslands skipar prófessora, menntamálaráðuneyti skipar dósenta, en háskólanefnd ræður lektora. Rektor ræður stundakennara.

Þá eina má skipa fasta kennara sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri er þeir eiga að kenna.

Háskólanefnd skipar hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna fastri stöðu prófessors, dósents eða lektors. Menntamálaráðuneyti tilnefnir einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, háskólanefnd Háskólans á Akureyri hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar þegar embættið er veitt og má engum manni veita embætti prófessors, dósents eða lektors við Háskólann á Akureyri nema meiri hluti dómnefndar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess og að meiri hluti háskólanefndar hafi mælt með honum.

Um starfsskyldur og réttindi kennara fer eftir kjarasamningum og nánari ákvæðum í lögum og reglugerðum.

11. gr.

Háskólanefnd er heimilt að veita kennurum og öðrum fastráðnum starfsmönnum háskólans orlof um allt að eins árs skeið með föstum embættislaunum, enda liggi fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig umsækjandi hyggst verja orlofinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum rannsóknaverkefnum. Leita skal umsagnar rektors um orlofsumsókn.

Eftir því sem fjárlög heimila getur háskólanefnd veitt einstaklingi, sem orlof hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferða- og dvalarkostnaði í sambandi við orlofið.

Nánari reglur um orlof og styrkveitingar má setja í reglugerð.

12. gr.

Háskólanum er heimilt með samþykki menntamálaráðuneytis að koma á fót rannsóknastofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra aðila.

Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Í reglugerð skal m.a. kveða á um starfssvið og deildir stofnunarinnar, stjórn, tengsl við háskólanefnd og deildir skólans, samstarf við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins og aðrar stofnanir sem tengjast kennslu- og rannsóknasviði háskólans hverju sinni.

Háskólanefnd skal setja reglur um skipulag og ráðstöfun á rannsóknasjóðum sem háskólinn hefur til umráða.

13. gr.

Við háskólann er rannsókna- og sérfræðibókasafn sem tengist fræðasviðum skólans. Hlutverk þess er að veita nemendum og kennurum háskólans og öðrum lánþegum safnsins sérhæfða þjónustu vegna kennslu, náms og rannsókna.

Rektor ræður yfirbókavörð að fengnum tillögum háskólanefndar. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfrækslu bókasafns og tilhögun ráðninga yfirbókavarðar og annars starfsfólks safnsins.

IV. KAFLI
Nemendur, kennsla og próf.

14. gr.

Háskólaárið telst frá 15. ágúst til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár skiptist í tvö kennslumissiri, haustmissiri og vormissiri. Á kennslumissiri skulu vera eigi færri en 15 kennsluvikur, próf og leyfi koma þar til viðbótar. Missiraskipting, próftímabil, leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

15. gr.

Hver sá, sem staðist hefur stúdentspróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald. Háskólanefnd er heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en að ofan greinir ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur að um sé að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskólann. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um inntökuskilyrði.

Inntaka nemenda er í höndum háskólanefndar og getur hún að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis takmarkað fjölda þeirra sem hefja nám við deildir skólans. Setja skal í reglugerð ákvæði er mæla fyrir um árlega skráningu nemenda. Skrásetningargjöld skulu háð árlegu samþykki háskólanefndar og menntamálaráðuneytis.

16. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, fullnaðarpróf, einkunnir, prófdómara og annað er að prófum lýtur.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum háskólanefndar, reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 18/1988, um Háskólann á Akureyri.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Háskólinn á Akureyri var formlega stofnaður með lögum nr. 18/1988. Í 14. gr. laganna er kveðið á um endurskoðun þeirra áður en þrjú ár eru liðin frá setningu þeirra og niðurstöður lagðar fyrir Alþingi fyrir árslok 1991. Með bréfi dags. 28. júní 1990 skipaði Svavar Gestsson menntamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða umrædd lög. Í nefndina voru skipaðir Haraldur Bessason, rektor Háskólans á Akureyri, Lárus Ægir Guðmundsson framkvæmdastjóri, Skagaströnd, og Þorsteinn Gunnarsson, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneyti, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Ólafur Búi Gunnlaugsson, skrifstofustjóri Háskólans á Akureyri, var ritari nefndarinnar.

Nefndin sendi gildandi lög ýmsum aðilum til umsagnar, einkum með tilliti til æskilegra breytinga á þeim. Athugasemdir bárust frá rekstrardeild og sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri, bókasafnsnefnd og félagi starfsfólks háskólans, bæjarráði Akureyrar og Fjórðungssambandi Norðlendinga. Við samningu þessa frumvarps hafði nefndin of-

angreindar umsagnir til hliðsjónar en auk þeirra var einnig leitað fanga í núgildandi löggjöf og frumvörpum um aðra háskóla hér á landi. Einnig var stuðst við drög að framkvæmdaáætlun menntamálaráðuneytisins í skólamálum.

Þær tillögur um lagafrumvarp, sem hér liggja fyrir, voru einnig sendar til umsagnar framangreindra aðila og voru ræddar á fundi með fulltrúum þeirra. Flestir umsagnaraðilar skiluðu skriflegum ábendingum sem hafðar voru til hliðsjónar við lokafrágang á tillögum nefndarinnar. Í flestum tilvikum lýstu umsagnaraðilar yfir fylgi við tillögur nefndarinnar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er reist á grunni laga nr. 18/1988 en þó eru þar lagðar til ýmsar breytingar og viðbætur. Með hliðsjón af umfangi þeirra breytinga kaus nefndin að semja nýtt frumvarp fremur en að gera breytingartillögur við einstakar greinar gildandi laga.

Með bréfi dags. 18. júní 1991 sendi menntamálaráðuneytið drög að frumvarpi til laga um Háskólann á Akureyri eftirfarandi aðilum til umsagnar: háskólanefnd Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, bæjarstjórn Akureyrar, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknaráði ríkisins, Vísindaráði og Bandalagi háskólamanna.

Umsagnir bárust frá öllum þessum aðilum. Í flestum tilvikum virðast umsagnaraðilar vera sammála efni frumvarpsdraganna en nokkrir gera þó fyrirvara um einstök ákvæði. Við lokafrágang frumvarpsins var höfð hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram komu í ofantöldum umsögnum.

Helstu nýmæli, sem fram koma í frumvarpinu og breytingar frá núgildandi lögum, felast í eftirfarandi:

- Skýrar er kveðið á um rannsóknarhlutverk háskólans, sbr. 1. gr., og jafnframt er heimilað að koma á fót rannsóknastofnun við hann, sbr. 12. gr.
- Lagt er til að háskólinn tengist nágrenni sínu traustari böndum með því að einn fulltrúi tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrar og annar af heildarsamtökum sveitarfélaga á Norðurlandi eigi aðild að háskólanefnd, sbr. 2. gr.
- Lagt er til að skipaðar verði dómnefndir um hæfi umsækjenda um rektorsembætti, sbr. 3. gr.
- Ítarlegri ákvæði eru um verkaskiptingu og hlutverk stjórnsýslu háskólans, svo sem háskólanefndar, rektors, framkvæmdastjóra, forstöðumanna deilda og deildarfunda, sbr. 2.–6. gr. Þá er gert ráð fyrir skipan varamanna í háskólanefnd, staðgengli rektors og varamönnum forstöðumanna deilda, sbr. 2. og 5. gr.
- Gert er ráð fyrir samstarfi háskólans við aðrar háskóla- og rannsóknastofnanir, sbr. 8. og 12. gr. í því skyni að styrkja kennslu og rannsóknir í skólanum og gera menntunartækifæri fjölbreyttari.
- Sett eru ákvæði um samstarf einstakra deilda háskólans og einnig er tiltekið að sjávarútvegsdeild starfi við skólann, sbr. 9. gr.
- Lagt er til að háskólinn fái aukið forræði um mannaráðningar, sbr. 4., 10. og 13. gr., og inntöku nemenda, sbr. 15. gr.
- Sett eru ákvæði um rannsóknarorlof kennara og annarra fastráðinna starfsmanna háskólans, sbr. 11. gr.
- Sett eru ákvæði um að rannsókna- og sérfræðibókasafn starfi við skólann, sbr. 13. gr.
- Lagt er til að lengd kennslumissiris skuli vera 15 vikur, próf og leyfi koma þar til viðbótar, sbr. 14. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sú breyting er frá 1. gr. gildandi laga að kveðið er skýrt á um rannsóknarhlutverk háskólans. Rannsóknir eru undirstöðuþáttur í starfi nútímaháskóla og eins og fram kemur í áfangaskýrslu þróunarnefndar háskólans, fskj. I, hafa umtalsverðar rannsóknir farið þar fram allt frá stofnun hans. Gert er ráð fyrir að rannsóknirnar tengist einkum fræðasviðum skólans, sbr. 9. gr., og þeim rannsóknastofnunum sem starfa á Akureyri.

Önnur breyting frá 1. gr. gildandi laga er að gert er ráð fyrir að háskólinn annist endurmenntun en mikilvægi hennar fer sem kunnugt er ört vaxandi í nútímaþjóðfélagi þar sem auknar kröfur eru gerðar til samstarfs háskóla og atvinnulífs um þetta viðfangsefni.

Um 2. gr.

Greinin er að nokkru byggð á 2. og 4. gr. gildandi laga en í henni eru nokkur nýmæli.

Lagt er til að háskólinn tengist nágrenni sínu traustari böndum með því að einn fulltrúi tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrar og annar af heildarsamtökum sveitarfélaga á Norðurlandi eigi aðild að háskólanefnd. Rétt er að benda á að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 18/1988 áttu fulltrúar sambærilegra stofnana aðild að háskólanefnd frá 1988–1990. Þátttaka aðila utan háskóla í stjórn þeirra er vel þekkt bæði hérlendis og erlendis. Skólanefnd Tækniskóla Íslands er, auk rektors, eingöngu skipuð fulltrúum utan þess skóla. Sömu reglur gilda um Samvinnuháskólann Bifröst og Bændaskólann á Hvanneyri en búvísindadeild á háskólastigi starfar innan vébanda þess skóla. Samkvæmt frumvarpinu er greinin málamiðlun milli þeirra andstæðu skoðana að yfirstjórn háskóla eigi alfarið að vera á hendi aðila utan hans eða að starfsfólk háskóla eigi eingöngu að fara með stjórn viðkomandi stofnunar.

Gert er ráð fyrir eins og í gildandi lögum að fjöldi fulltrúa í háskólanefnd ráðist af fjölda háskóladeilda þar sem forstöðumenn þeirra taka sæti samkvæmt stöðu sinni. Miðað við fjölda deilda, sbr. 9. gr., verða nefndarmenn 11 að rektor og framkvæmdastjóra meðtöldum en samkvæmt gildandi lögum eru nefndarmenn átta. Vegna tiltekins lágmarksfjölda á fundum er ákvæði um varamenn nauðsynlegt. Þá er gert ráð fyrir að háskólanefnd kjósi sér varaformann sem jafnframt verði staðgengill rektors.

Lokamálsgreinin er nýmæli og skilgreinir háskólanefnd sem yfirstjórn skólans.

Um 3. gr.

Greinin byggist á 2. og 3. gr. gildandi laga og felur enn fremur í sér tvenns konar breytingar.

1. mgr. ræðir um hlutverk rektors sem ætlað er að hafa heildarsýn yfir málefni háskólans og yfirumsjón með starfsemi hans. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir sömu tilhögun um skipan rektors og í gildandi lögum, nema hvað lagt er til að dómnefnd fjalli um umsækjendur um rektorsembætti.

3. og 4. mgr. eru nýmæli og fjalla um dómnefndir um hæfi umsækjenda um rektorsembætti. Þar sem rektor er ekki kjörinn beinni kosningu af kennurum, öðrum starfsmönnum eða nemendum, eins og tíðkast við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, þykir eðlilegt að dómnefndir skili faglegum umsögnum um hæfi þeirra á svipaðan hátt og áskilið er þegar lektorar, dósentar og prófessorar eru skipaðir. Vegna þess að hér er um að ræða æðsta embættismann skólans er lagt til að háskólanefnd tilnefni meiri hluta dómnefndar um hæfi umsækjenda. Eftir því sem nemendum og kennurum fjölgar við há-

skólann kann að þykja nauðsynlegt að endurskoða ákvæði um ráðningu rektors og færa það til samræmis við löggjöf um kjör rektors við aðrar sambærilegar háskólastofnanir hér á landi.

Lokamálsgreinin er að mestu óbreytt frá 3. málsl. 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Greinin er að mestu nýmæli en samsvarandi ákvæði er þó að finna í 2. og 3. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Í stað gildandi laga sem kveða á um að menntamálaráðherra skipi skrifstofustjóra er rektor hér heimilað að ráða framkvæmdastjóra að háskólanum að fengnum tillögum háskólanefndar. Framkvæmdastjóri, í umboði rektors, hefur yfirumsjón með fjármálum og skrifstofuhaldi stofnunarinnar og hefur samráð við forstöðumenn deilda um gerð fjárhagsáætlana.

Um 5. gr.

Ákvæði um forstöðumenn deilda háskólans er að finna í 1. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. 5. gr. er starfssvið forstöðumanna skilgreint og er það nýmæli frá gildandi lögum. Í 2. mgr. er fjallað um ráðningu forstöðumanna. Gert er ráð fyrir að þeir séu kjörnir á deildarfundi en ráðnir af rektor og eru þeir einu starfsmenn skólans sem ráðnir eru með þeim hætti. Kjörgengur í embætti forstöðumanns er hver sá umsækjandi sem dómnefnd, er skipuð hefur verið skv. 10. gr. þessara laga, 11. gr. laga nr. 131/1990 eða 32. gr. laga nr. 29/1988, hefur talið hæfan til að gegna starfi prófessors, dósents eða lektors. Einnig er áskilið að fræðasvið viðkomandi tengist á einhvern hátt fræðasviði deildar. Ráðning er tímabundin til þriggja ára í senn og er háð umfjöllun sérstakrar dómnefndar, jafnframt því að leitað skal samþykkis háskólanefndar. Endurráðning er heimil, enda hafi staðan verið auglýst að nýju.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli og fjallar um skipan, hlutverk og helstu verkefni deildarfunda. Á deildarfundi, sem starfar undir forsæti forstöðumanns, en er að öðru leyti skipaður fastráðnum kennurum, fulltrúum stundakennara og nemenda, er fjallað um fagleg mál sem varða starfsemi deildar og kennsluhætti. Jafnframt er þar leyst úr ýmsum einstaklingsbundnum málum sem eðlilegt þykir að leggja undir úrskurð deildarfundar.

Um 7. gr.

Greinin er nánast óbreytt frá 7. gr. gildandi laga, nema hvað eðlilegt þykir að nánar sé fjallað um deildarfundi í reglugerð. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin er nýmæli.

Samvinna háskólans við aðra skóla og stofnanir, sem tengjast starfssviði hans, getur annars vegar aukið möguleika á fjölþættari kostum bæði hvað varðar menntun og rannsóknir og hins vegar leitt af sér hagkvæmni og sparnað. Háskólinn hefur þegar hafið umfangsmikið samstarf um rannsóknir við Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og hefur tekist samkomulag um að tiltekinn fjöldi sérfræðinga við þessar rannsóknastofnanir hafi kennsluskyldu við háskólann. Eðlilegt þykir að reglugerð skilgreini

nánar réttindi og skyldur þeirra sem ráðnir eru með þessum hætti, t.d. atkvæðisrétt á deildarfundum og þátttöku í stjórnun háskólans.

Um 9. gr.

Eins og í gildandi lögum er hér gert ráð fyrir að háskólinn skiptist í deildir og að í hverri deild geti verið námsbrautir. Greinin kveður á um þær deildir sem nú eru starfræktar við skólann, þ.e. heilbrigðisdeild, rekstrardeild og sjávarútvegsdeild. Ákvæði um sjávarútvegsdeild er nýmæli en hún var stofnuð með heimild menntamálaráðherra 4. janúar 1990.

2. mgr. er nýmæli en inniheldur nokkur þau atriði og markmið sem samstarf deilda háskólans á að beinast að. Í því sambandi er mikilvægt að nýtt verði þau tækifæri sem samvinna deildanna og skipuleg verkaskipting veitir til að auka fjölbreytni námstækifæra og koma í veg fyrir tvíverknað í kennslu. Að því lýtur m.a. heimild til að kveða á um að starfsskylda sé ekki takmörkuð við eina deild háskólans.

Lokamálsgreinin er að mestu óbreytt frá 2. mgr. 8. gr. gildandi laga nema hvað eðlilegt þykir að í reglugerð verði fjallað nánar um starfsemi deilda og mat á störfum þeirra.

Um 10. gr.

1. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Í 2. mgr. er lagt til að forræði háskólans varðandi ráðningu kennara verði aukið á þann hátt að tímabundin ráðning lektora verði í höndum háskólanefndar. Breyting þessi er í samræmi við stefnu menntamálaráðuneytis um að auka ábyrgð háskólastofnana í starfsmannahaldi.

3. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

4. mgr. er efnislega óbreytt frá fyrri lögum nema skýrt er tekið fram að háskólanefnd skipar dómnefndir um prófessora, dósenta og lektora.

5. og 6. mgr. eru efnislega óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 11. gr.

Greinin er nýmæli en sambærilegt ákvæði er að finna í 34. gr. laga nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands. Ákvæði frumvarpsins er sett til að tryggja starfsmönnum háskólans sambærilegan rétt til rannsóknarorlofa og tíðkast við aðrar háskólastofnanir hérlendis.

Um 12. gr.

Í samræmi við rannsóknarhlutverk skólans, sbr. 1. gr., heimilar þessi nýja grein háskólanum að koma á fót rannsóknastofnun þar sem rannsóknir á fræðasviðum skólans yrðu stundaðar. Um nauðsyn samvinnu rannsóknastofnunar við deildir skólans og aðrar rannsóknastofnanir vísast í athugasemdir við 8. og 9. gr. Eðlilegt má telja að nánari ákvæði um hlutverk, starfssvið og stjórn rannsóknastofnunar verði settar í reglugerð.

Um 13. gr.

Þessi nýja grein þarfnast naumast skýringar en leggja ber áherslu á mikilvægi vel búins rannsókna- og sérfræðibókasafns til að háskólinn geti rækt kennslu-, rannsóknar- og þjónustuhlutverk sitt. Auk þjónustu við aðila innan skólans er gert ráð fyrir að bókasafnið geti einnig veitt aðilum atvinnulífsins, sérfræðingum og fræðimönnum þjónustu og stuðlað þannig að auknum tengslum háskólans við atvinnulífið í nágrenni hans.

Í stað ákvæðis í gildandi lögum sem kveða á um að menntamálaráðherra skipi bókavörð er rektor heimilað að ráða yfirbókavörð að fengnum tillögum háskólanefndar.

Um 14. gr.

Greinin felur í sér breytingu frá 10. gr. gildandi laga. Í stað 1. september er háskólaárið talið hefjast 15. ágúst þannig að nægjanlegt svigrúm gefist til að undirbúa skólahald og ljúka 15 vikna kennslumissiri fyrir jólaleyfi. Lengd kennslumissiris er tiltekin í reglugerð nr. 405/1990 en eðlilegt þykir að slíkt grundvallaratriði sé ákveðið af löggjafarvaldinu. Ákvæði um 15 vikna kennslumissiri er sett með hliðsjón af þeirri vinnureglu sem beitt er á háskólastigi hérlendis sem víða erlendis að á bak við hverja einingu í háskólanámi sé a.m.k. ein full vinnuvika í námi. Til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika í starfsemi háskólans er honum þó heimilt að hafa fleiri en 15 kennsluvikur á missiri.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir eins og í gildandi lögum að stúdentspróf sé að meginreglu skilyrði til inngöngu í Háskólann á Akureyri en að önnur undirbúningsmenntun geti þó komið í þess stað ef hún telst fullnægjandi til að stunda nám við skólann. Eðlilegt þykir hins vegar að heimila yfirstjórn skólans að setja nánari inntökuskilyrði ef þörf krefur, m.a. heimild til almennrar takmörkunar á inntöku nemenda í skólann vegna óviðráðanlegs fjölda umsókna og heimild til að kveða á um lágmarkseinkunnir eða sérstakan undirbúning í einstökum greinum eða fyrir einstakar deildir háskólans.

Um 16. gr.

Greinin er óbreytt frá 12. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. og 18. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl.

1. Áfangaskýrsla þróunarnefndar Háskólans á Akureyri.
2. Kostnaðarumsögn menntamálaráðuneytis.
3. Kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis.

Fylgiskjal I.

Áfangaskýrsla þróunarnefndar Háskólans á Akureyri í október 1991.

(Endurskoðuð.)

1. Inngangur.

Í tengslum við endurskoðun laga nr. 18/1988, um Háskólann á Akureyri, var talið eðlilegt að vinna jafnhliða að þróunaráætlun fyrir háskólann og með bréfi dags. 31. maí 1991 skipaði Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra þróunarnefnd Háskólans á Akureyri.

Eins og segir í skipunarbréfi nefndarinnar er hlutverk hennar „að meta stöðu háskólans og gera tillögur að þróun hans næstu árin, þar á meðal um forgangsröð verkefna um uppbyggingu námsbrauta, gera spá um nemendafjölda, mannaflaþörf og þörf fyrir húsnæði og aðra aðstöðu. Þróunartillögunum skal fylgja kostnaðaráætlun".

Nefndin er þannig skipuð: Elsa Björk Friðfinnsdóttir lektor, Háskólanum á Akureyri, Halldór Jóhannsson arkitekt, Jón Hallur Pétursson viðskiptafræðingur, Þorsteinn Gunnarsson uppeldisfræðingur, menntamálaráðuneyti, og Þórir Sigurðsson lektor, Háskólanum á Akureyri, sem á fyrsta fundi nefndarinnar var valinn formaður hennar.

Starfsmaður nefndarinnar var ráðinn Þorleifur Þór Jónsson lektor, Háskólanum á Akureyri. Nefndin hefur haldið tíu fundi og á fund hennar hafa eftirtaldir mætt: rektor, skrifstofustjóri, forstöðumenn deilda og deildarstjóri bókasafns háskólans. Að auki mættu til viðtals Kristján Kristjánsson heimspekingur sem unnið hefur að undirbúningi kennaradeildar, Pétur Bjarnason, fulltrúi nefndar Akureyrarbæjar um málefni háskólans, og Tómas Ingi Olrich alþingismaður. Kristján var auk þess meðhöfundur og ráðgjafi við skýrslugerð.

2. Almennt yfirlit um skólann.

Umræður um stofnun háskóla á Akureyri hófust af fullri alvöru snemma á 9. áratugnum. Á vegum menntamálaráðuneytisins starfaði um hríð nefnd er sinnti undirbúningi málsins auk undirnefnda sem fjölluðu um einstakar námsgreinar. Frá því í nóvember 1985 vann svo nefnd á vegum Akureyrarbæjar að stofnun skólans í samvinnu við aðra undirbúningsaðila. Skilaði nefndin þremur skýrslum um væntanlegan háskóla á Akureyri á tímabilinu frá því hún var sett á fót og fram til febrúar 1987.

Háskólinn á Akureyri hóf starfsemi með kennslu á tveimur brautum, iðnrekstrar- og hjúkrunarbraut 5. september 1987, en var þó ekki formlega stofnaður með lögum frá Alþingi fyrr en vorið eftir. Reglugerð fyrir Háskólann á Akureyri var svo undirrituð af menntamálaráðherra 1. október 1990.

Samkvæmt núgildandi reglugerð eru þrjár deildir við Háskólann á Akureyri: heilbrigðisdeild, rekstrardeild og sjávarútvegsdeild. Tvær brautir eru við rekstrardeild, iðnrekstrarbraut og rekstrarbraut. Með eðlilegri námsframvindu útskrifast nemendur með BS-próf í hjúkrunarfræði eftir fjögurra ára nám (120 einingar), sem sjávarútvegsfræðingar eftir jafnlangt nám, en sem rekstrar- eða iðnrekstrarfræðingar eftir tveggja ára nám (70 einingar). Fyrstu iðnrekstrarfræðingarnir brautskráðust á vordögum 1989 en fyrstu hjúkrunarfræðingarnir nú í vor. Auk þessa námsframboðs heimilaði menntamálaráðherra með bréfi dags. 25. mars 1991 að nám á gæðastjórnunarbraut hæfist nú á haustmissiri en þar er um að ræða tveggja ára framhaldsnám í rekstrardeild sem lýkur með BS-prófi. Í haust hófu um 170 nemendur nám við skólann og er það töluverð fjölgun frá undanförnum árum. Auk fleiri beinna umsókna má einnig greina vaxandi fjölda fyrirspurna um þá námskosti sem skólinn býður upp á.

Háskólinn er nú til húsa á tveimur stöðum í bænum. Annars vegar hefur hann aðstöðu í mestöllum fyrri húsakynnum Verkmenntaskólans (áður Iðnskólans) á horni Þingvalla- og Þórunnarstrætis. Það hús er að hálfu í eigu Akureyrarbæjar en að hálfu í eigu ríkisins. Hins vegar léði Kaupfélag Eyfirðinga skólanum húsnæði í Glerárgötu 36, leigulaust til þriggja ára. Þar hefur sjávarútvegsdeild rúmar tvær hæðir til afnota en í húsnæðinu eru jafnframt útibú Hafrannsóknastofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og skrifstofa Fiskeldis Eyjafjarðar. Er sjávarútvegsdeildinni að sjálfsögðu mikill akkur í sambýli og samvinnu við þessar stofnanir.

Hafist var handa við að skipuleggja bókasafn Háskólans á Akureyri á útmánuðum 1988. Hefur það síðan byggst hratt upp, bæði í krafti bókagjafa frá ýmsum aðilum og eigin kaupa. Safnið á nú um 8000 bækur og tímarit. Auk þess er það tengt gagnabönkum bæði hér á landi og erlendis og leitast við að hafa forgöngu um tölvuvædda upplýsingaþjónustu, sjá nánar í kafla 3.3.1.

Félagsstofnun stúdenta hóf starfsemi upp úr áramótum 1989 og stóð þegar á því ári fyrir byggingu fyrsta stúdentagarðsins, Útsteins. Nú í ágústmánuði var síðan tekin fyrsta skóflustungan að nýjum görðum við Klettastíg og er stefnt að því að taka í notkun fyrsta áfanga þeirra á næsta ári. Tilvist Útsteins hefur þegar gert mörgum nemendum kleift að stunda nám við Háskólann á Akureyri sem ella hefðu þurft frá að hverfa vegna skorts á nægu húsnæði í bænum á viðráðanlegu verði. Nýju garðarnir munu bæta hér enn úr skák.

Frá upphafi hafa forráðamenn Háskólans á Akureyri hugað að nýjum kostum er eflt gætu skólann sem „vísindalega fræðslustofnun", eins og segir í lögunum um hann, og jafnframt rennt stoðum undir líf og starf fólks á landsbyggðinni. Þótt skólinn eigi vitaskuld að þjóna landinu öllu hafa forráðamenn hans frá byrjun verið þess sinnis að hann ætti ríkustum skyldum að gegna við landsbyggðina, atvinnuvegi hennar og menningu.

Skólaárið 1989–90 starfaði óformleg nefnd innan skólans er hugleiddi ýmsa kosti á stækkun hans og styrkingu. M.a. var rætt um nám í iðjuþjálfun og öðrum umönnunargreinum innan heilbrigðisdeildar, auk framhaldsnáms í hjúkrun. Imprað var á hugmyndum um áframhaldandi uppbyggingu hagfræði og markaðsfræðigreina í rekstrardeild og á möguleikanum að kenna matvæla- eða næringarfræði innan sjávarútvegsdeildar. Þá var brotið upp á hugmyndum um „húmaniska deild" innan skólans, kennaranám og ýmsa endurmenntunarkosti. Nefndin komst hins vegar ekki að neinni formlegri niðurstöðu. Í mars 1990 skipaði menntamálaráðherra hins vegar nefnd fjögurra manna til að kanna forsendur fyrir viðbótarnámi við rekstrardeild háskólans. Gerði nefndin í nóvember sama ár tillögur um fjórar námsbrautir, þ.e. gæðastjórnunar-, matvælafræði-, stjórnmálahagfræði- og markaðsfræðibraut sem lyki með BA- eða BS-prófi. Stofnun gæðastjórnunarbrautarinnar nú í haust er beinn ávöxtur af starfi þessarar nefndar.

Á Akureyri og í grennd hefur fólk í auknum mæli rætt nauðsyn þess að háskólinn láti nú þegar endurmenntun og almenningsfræðslu til sín taka. M.a. hefur borist formlegt erindi frá íslenskukennurum í framhaldsskólum um að haldin verði endurmenntunarnámskeið fyrir framhaldsskólakennara. Slíkur þrýstingur þarf ekki að koma á óvart. Í könnun menntamálaráðuneytisins 1990 á viðhorfum ýmissa aðila til tíu helstu forgangsverkefna í skólamálum á næsta áratug var endurmenntun kennara ofarlega á blaði.

Almenningur spyrst auk þess í vaxandi mæli fyrir um möguleika á að sækja einstök námskeið innan skólans, t.d. fólk sem lokið hefur stúdentsprófi á Akureyri á undanförnum árum en hefur af fjölskylduástæðum ekki átt þess kost að sækja frekari menntun suður yfir heiðar. Finnst þessu fólki oft sem núverandi nám við skólann sé of sérhæft og tæknilegt. Mest eftirspurn virðist eftir námi í „húmaniskum greinum". Af þessum sökum og mörgum öðrum spratt aftur fram á sl. vetri hugmynd um almenna kennaradeild við skólann. Samkvæmt tillögu sem samþykkt var á fundi háskólanefndar í apríl var ráðinn starfsmaður til að kanna möguleika á stofnun slíkrar deildar og sendi hann nýverið frá sér skýrslu um málið eins og nánar segir frá í kafla 4.8. Í framhaldi af henni samþykkti háskólanefnd á fundi 7. október sl. að stefna að stofnun kennaradeildar og fela rektor að vinna að framgangi málsins. Þá hefur verið rætt við endurmenntunarnefnd Háskóla Íslands um möguleika á samvinnu. Er í ráði að fara af stað nú á haustdögum með tvö endurmenntunarnámskeið á vegum skólans, annað í íslensku fyrir kennara á svæð-

inu og hitt fyrir aðila í viðskiptalífinu. Einnig verður athugað hvort einhver þeirra námskeiða sem nú eru á boðstólum á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands gætu nýst hér síðar á vetrinum.

Nú þegar Háskólinn á Akureyri hefur hafið sitt 5. starfsár er hollt að horfa um öxl og skyggnast í tillögur háskólanefndar Akureyrar frá febrúar 1987. Þar er gert ráð fyrir því að skólinn verði sjálfstæð stofnun „sem dreifir ekki um of kröftum sínum en sérhæfir sig í vissum greinum og lagar sig að þörfum atvinnuvega þjóðarinnar". Þess er vænst að skólinn skapi ný störf og styrki efnahagslegan og menningarlegan grundvöll Eyjafjarðarsvæðisins. Hann sé þó ekki fyrir Norðlendinga eina heldur eigi að hasla sér völl sem nýr kostur í skólakerfi þjóðarinnar og verða í þeim gæðaflokki að nemendur hvaðanæva af landinu sæki hann. Þannig stuðli hann að jafnvægi í byggðaþróun. Helsta menntunarmarkmið Háskólans á Akureyri átti samkvæmt þessum tillögum að vera að veita nemendum hagnýta menntun sem gerði þá „hæfa til að takast á hendur sérhæfð störf og stjórnunarstörf í þágu atvinnuveganna".

Hér kemur fram áhersla á fræðilega burði skólans, sérhæfingu, tengsl við atvinnuvegi og þátt hans í almennri byggðastefnu. Eðlilegt hlýtur að vera að velta því fyrir sér nú að hve miklu leyti þessum upphaflegu markmiðum hafi verið náð og að hverju skólinn skuli stefna í framtíðinni. Verða meginleiðarljós hans hin sömu og fyrr eða eiga önnur að koma í staðinn?

3. Stöðumat.

3.1. Stjórnun og fjármál.

Stjórn háskólans er falin háskólanefnd og rektor. Háskólanefnd hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans eftir því sem lög mæla fyrir og nánar er kveðið á um í reglugerð. Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans. Hann hefur daglegt eftirlit með rekstri skólans, kennslu og annarri starfsemi. Forstöðumenn deilda hafa umsjón með málefnum einstakra deilda og skrifstofustjóri stýrir skrifstofuhaldi skólans og annast fjárreiður hans.

Á aðalskrifstofu starfa auk skrifstofustjóra þrír fulltrúar. Tveir þeirra eru í hálfu starfi á aðalskrifstofu og auk þess í hálfu starfi sem deildarfulltrúar. Starfsmaður sá, sem hefur umsjón með aðstöðu í Glerárgötu, heyrir að hluta til undir aðalskrifstofu. Aðalskrifstofa hefur stöðuheimildir fyrir tveimur og hálfum fulltrúa. Skrifstofan annast m.a. einkunnabókhald og nemendaskráningu auk þess að halda utan um fjárreiður skólans. Undir aðalskrifstofu falla einnig þeir starfsmenn skólans sem sinna þjónustu við allar deildir hans. Eru það kerfisfræðingur skólans og húsvörður. Með húsverði starfa í hlutastarfi sjö ræstingarkonur. Þegar starfsemi aðalskrifstofu verður komin í fastar skorður, m.a. með tölvuvæddri námsferilsskrá, mun ekki þurfa að auka þar við, hvorki hvað varðar húsnæði né starfsmannafjölda. Talið er að tveir almennir fulltrúar á aðalskrifstofu og deildarfulltrúar í fullu starfi fyrir hverja deild nægi til að annast skrifstofuhald í nánustu framtíð þrátt fyrir fyrirsjáanlega fjölgun nemenda.

Fjárveitingar til háskólans eru ákveðnar á fjárlögum ár hvert. Á eftirfarandi töflu má sjá hvert framlag til skólans hefur verið á hverju ári, fært til verðlags 1991, ásamt fjölda nemenda. Árið 1987 var veitt sérstakri aukafjárveitingu til skólans.

	1988	1989	1990	1991
Til rekstrar	47.679	55.066	78.471	98.960
Þ.a. til launagreiðslna	36.250	37.880	55.573	69.220
Stofnframlag	14.725	9.100	32.100	31.100
Samtals í þús.kr. á verðlagi 1991	62.404	64.166	110.571	130.060
Nemendafjöldi	73	96	124	154

Fjöldi kennara auk rektors við Háskólann 1987/88 - 1991/92

Ár	Forstöðumenn	Lektorar	Stundakennarar[1]
1987/88	2	0	26
1988/89	2	8	35
1989/90	3	9	33
1990/91	3	13	42
1991/92	3	22	42[2]

1) Kennarar sem kennt hafa a.m.k. hálfan áfanga eða meira.
2) Áætlað.

Auk þess eru heimildir fyrir stöðum eins prófessors, þriggja dósenta og þriggja lektora sem ekki hefur verið ráðið í. Kennsluskyldu þeirra er gegnt af stundakennurum.

3.2. Húsnæðismál.

Í trausti þess að Háskólinn á Akureyri verði öflugur og margbrotinn þarf þegar að huga að framtíð húsnæðismála hans svo skortur á hentugu húsnæði verði ekki að hengingaról.

3.2.1. Núverandi húsakostur.

Skólinn fékk til umráða við stofnun iðnskólahús við Þingvallastræti sem er um 2000 m^2 á fjórum hæðum. Þar fer nú fram kennsla í rekstrar- og heilbrigðisdeild. Einnig eru þar skrifstofur skólans, bókasafn, tölvustofa og vinnuaðstaða kennara. Allt kennslurými þar, samtals sjö kennslustofur, er nú þegar fullnýtt fram til u.þ.b. kl. 14:00 hvern dag. Skólinn hefur einnig til umráða leigulaust til 1993 tvær 400 m^2 hæðir að Glerárgötu 36. Þar er nú aðsetur sjávarútvegsdeildar. Auk þessa fer kennsla í heilbrigðisdeild einnig fram á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Félagsstofnun stúdenta hóf starfsemi 1989. Þegar það ár stóð stofnunin fyrir byggingu stúdentagarðs, Útsteins. Þar eru tvær þriggja herbergja íbúðir, fjórar tveggja herbergja íbúðir, fjórar paríbúðir og fjórtán einstaklingsherbergi.

Þegar er hafin bygging nýrra garða. Stefnt er að því að taka 1. áfanga, sem er níu tveggja og þriggja herbergja íbúðir, í notkun 1992. 1993 til 1994 er vonast til að ljúki smíði níu íbúða og tólf einstaklingsherbergja til viðbótar.

3.2.2. Frambærilegt húsnæði á Akureyri.

Um þessar mundir er nokkuð af lausu og/eða vannýttu húsnæði á Akureyri sem hugsanlegt er að fá til afnota a.m.k. í skemmri tíma meðan unnið er að varanlegri lausn á húsnæðismálum skólans. Hér á eftir er upptalning á nokkrum möguleikum í því sambandi:

— Safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Þar er stór salur sem gæti hentað fyrir stærri fyrirlestra.
— Borgarbíó. Þar eru tveir salir sem standa auðir fram til kl. 17 hvern dag.
— Sjallinn. Stór salur sem er að jafnaði ekkert notaður virka daga.
— KA-heimilið. Tveir salir eða kennslustofur fyrri hluta dags.

Annað, sem kemur til greina en mun eflaust kosta einhverjar breytingar og/eða er í byggingu, er t.d.:
— Hæðir við Glerárgötu, t.d. 26, 28 og 34.
— Hafnarstræti 100.
— Verksmiðjuhús á Gleráreyrum.
— Listagilið — salir Akureyrarbæjar.
— Nýja Oddfellowhúsið, o.fl.

3.3. Bókasafn og rannsóknir.

3.3.1. Bókasafn.

Safnið hefur nú til umráða um 100 m^2 húsnæði á fyrstu hæð aðalbyggingar. Í safninu sjálfu er mjög takmörkuð les- og vinnuaðstaða, en í nærliggjandi lesstofu er pláss fyrir um 20 manns. Safnið hefur að geyma um 8.000 bindi. Í uppbyggingu safnsins hefur verið lögð megináhersla á að útvega þau gögn sem á hefur þurft að halda hverju sinni vegna rannsókna og kennslu. Vegna þess hve safnið er nýtt og hefur enn ekki allan þann bókakost sem nauðsynlegur er hefur verið notast við millisafnalán sem úrræði til öflunar upplýsinga og hefur það skilað árangri. Stöðuheimild við bókasafn er einungis ein, en í dag starfa þar auk deildarstjóra einn bókasafnsfræðingur og einn aðstoðarmaður. Bókasafnsfræðingur var ekki ráðinn fyrr en skólinn hafði verið starfandi í eitt ár og lá þá þegar fyrir mjög mikið uppsafnað verk til skráningar og upprööunar. Hefur mikill tími farið í að koma safninu í fastar skorður eftir þetta upphaf auk þess sem starfsemi þess hefur farið vaxandi frá ári til árs eins og sjá má af meðfylgjandi mynd sem sýnir útlán bóka frá safninu síðustu þrjú ár.



3.3.2. Rannsóknasjóður.

Í febrúar 1989 samþykkti menntamálaráðuneytið reglur fyrir Rannsóknasjóð Háskólans á Akureyri. Var það vonum seinna því að háskóli stendur ekki undir nafni nema þar séu stundaðar vísindalegar rannsóknir. Samkvæmt reglunum veitir sjóðurinn styrki til beinna rannsókna fastra kennara, stundakennara og bókasafnsfræðinga og styrki til ráðstefnuhalds og útgáfu fræðirita. Fé er veitt til sjóðsins á fjárlögum.

Úthlutað var úr sjóðnum haustið 1989, vor og haust 1990 og vorið 1991. Umsóknir voru samtals að upphæð tæplega 16 milljónir króna, en veitt var rúmlega 7 milljónum króna til 15 einstaklinga og 29 verkefna. Upphæðin skiptist eins og eftirfarandi myndrit sýna.

Rannsóknasjóður HA

Úthlutun eftir fræðasviðum.



Í þúsundum króna

Úthlutun eftir deildum 1989–91.



Upphæðir í þúsundum króna

Þegar einstakar umsóknir eru kannaðar vekur einkum tvennt athygli: fjölbreytt verkefnaval og lítið samstarf milli umsækjenda. Rannsóknastarfsemin virðist vera einkaframtak án sameiginlegra markmiða og samvinna við aðila utan skólans er algengari en innan hans. Einnig er unnið að rannsóknum án styrkja úr sjóðnum. Sjávarútvegsdeild hefur hér sérstöðu vegna samninga við Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um starfsmenn sem sinna rannsóknum við stofnanirnar og kenna við skólann.

Yfirlit um rannsóknarverkefni verður birt í lokaskýrslu.

3.4. Rekstrardeild.

3.4.1. Upphaf og markmið.

Um haustið 1987, þegar starfsemi Háskólans á Akureyri hófst, fór af stað kennsla í iðnrekstrarfræði samkvæmt námsskrá Tækniskóla Íslands. Þetta nám var skipulagt sem eitt og hálft ár eða 60 einingar.

Haustið 1988 var rekstrardeild formlega stofnuð með iðnrekstrarbraut og rekstrarbraut, námið lengt í tvö ár eða 70 einingar og kennt samkvæmt eigin námsskrá háskólans. Iðnrekstrarbrautin skiptist í tvö svið, framleiðslusvið og markaðssvið. Þess ber að

geta að samnýting námskeiða á þessum tveim brautum rekstrardeildar er umtalsverð. Námsár rekstrardeildar skiptist í fjórar annir fyrstu tvö árin og tvær annir á þriðja og fjórða ári.

Í nóvember 1990 skilaði nefnd, skipuð af Svavari Gestssyni, þáverandi menntamálaráðherra, tillögum um viðbótarnám við rekstrardeild Háskólans á Akureyri eins og frá var sagt í II. kafla. Ákveðið var að hefja kennslu á gæðastjórnunarbraut á þessu hausti og hófu 12 nemendur nám. Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1992 var lagt til að fé yrði veitt til þess að hefja kennslu í markaðsfræðum.

Markmið rekstrardeildar er að mennta einstaklinga til að gegna ýmsum ábyrgðar- og stjórnunarstörfum í atvinnulífinu.

3.4.2. Nám og kennsla.

Inntökuskilyrði í rekstrardeild er stúdentspróf eða sambærileg menntun og tekur deildin nemendur eingöngu inn á haustin. Áður en nemendur hefja nám í rekstrardeild verða þeir að taka stöðupróf í stærðfræði og ensku. Á fyrstu önn eru síðan haldin sérstök námskeið fyrir þá sem ekki standast þessi próf. Námi á fyrsta og öðru ári er skipt í tvær brautir, iðnrekstrarbraut og rekstrarbraut. Í iðnrekstrarfræði er meira af framleiðslu- og tæknigreinum en í rekstrarfræði meira af viðskipta- og hagfræðigreinum.

Nám á iðnrekstrar- og rekstrarbraut er 70 einingar og skiptist í eftirfarandi þætti:

— grunnnámsgreinar og lokaverkefni 12 og 5 einingar,
— stjórnun og samskipti 6 einingar,
— viðskipta- og hagfræðigreinar 21–40 einingar,
— framleiðslu- og tæknigreinar 7–26 einingar.

Nám á gæðastjórnunarbraut er á þriðja og fjórða ári og er 60 einingar. Lýkur því með BS-prófi. Megináhersla er lögð á gæðaeftirlit og gæðastjórnun fyrirtækja í víðum skilningi.

3.4.3. Nemendur og starfsfólk.

Fyrsta árið sem skólinn starfaði hófu 32 einstaklingar fullt nám við deildina og fimm sem sóttu valda fyrirlestra. Næstu tvö árin fækkaði þeim sem hófu nám við rekstrardeild, en skólaárið 1990/91 fjölgaði nemendum á ný og í ár hóf 31 nemandi fullt nám og fimm til viðbótar sem sækja valda áfanga. Í gæðastjórnun byrjuðu átta nemendur í fullu námi og fjórir sem hyggjast sækja valda áfanga. Í haust hófu því alls 48 nemendur nám við rekstrardeild. Bendir flest til þess að nemendum deildarinnar muni fjölga enn frekar í framtíðinni. Verulegt fráhvarf frá námi hefur orðið í deildinni á þessum fjórum árum sem hún hefur starfað. Komið hefur í ljós að nokkurn hóp nemenda skortir verulega almenna grunnþekkingu, einkum í íslensku, ensku og stærðfræði, sem ætla mætti að nemendur með stúdentspróf ættu að hafa tileinkað sér.

Þeir nemendur, sem rekstrardeild hefur útskrifað, hafa flestir fengið áhugaverðar stöður í fyrirtækjum og stofnunum, einkum á landsbyggðinni. Eru fyrirtæki í auknum mæli farin að leita til háskólans eftir vænlegum starfsmönnum.

Frá stofnun rekstrardeildarinnar hefur dr. Stefán G. Jónsson veitt deildinni forstöðu og stjórnun og uppbygging hennar hvílt að mestu leyti á hans herðum. Rekstrardeildin hefur allt frá stofnun verið undirmönnuð hvað varðar fasta kennara og starfsfólk og mikið þurft að reiða sig á stundakennara. Nú í ár telst hún í fyrsta skipti þokkalega skipuð föstum starfsmönnum, en þeir eru eftirfarandi: forstöðumaður, þrír lektorar í heilum stöðum, fjórir lektorar í hálfum stöðum og einn fulltrúi í hálfri stöðu.

Auk þessa hafa lektorar annarra deilda og annað fast starfsfólk við háskólann tekið að sér í auknum mæli kennslu í deildinni. Þetta hefur leitt til þess að minna hefur þurft að sækja til stundakennara utan skólans en áður og meiri festa hefur komist á skólastarfið.

Til þessa dags hefur vinna fastráðinna starfsmanna að mestu leyti farið í þróun og uppbyggingu deildarinnar. Að mati forstöðumanns telst nám í iðnrekstrarfræði og rekstrarfræði orðið nokkuð fullmótað, en nám í gæðastjórnun sem hófst í haust og nám í markaðsfræðum sem gæti hafist næsta haust er enn í mótun.

Rekstrardeildin hefur frá upphafi lagt mikið upp úr sterkum tengslum við atvinnulífið. Hafa nemendur deildarinnar unnið töluvert af verkefnum á vegum skólans í samvinnu við fyrirtæki á Norðurlandi og nær undantekningarlaust hafa lokaverkefni nemenda verið raunhæf verkefni í tengslum við tiltekin fyrirtæki eða stofnanir.

3.5. Heilbrigðisdeild.

3.5.1. Upphaf og markmið.

Þegar umræður um háskóla á Akureyri hófust var ekki gert ráð fyrir kennslu í heilbrigðisvísindum. Áhersla var lögð á að skólinn skapaði sér sérstöðu, þ.e. byði upp á aðrar námsbrautir en fyrir voru í skólum á háskólastigi á Íslandi.

Vegna skorts á hjúkrunarfræðingum hér norðan lands varð mikill þrýstingur á þá er unnu að undirbúningi háskóla á Akureyri að þar yrði námsbraut í hjúkrunarfræði. Gerðu menn sér vonir um að þeir hjúkrunarfræðingar, er hlotið hefðu menntun sína utan Reykjavíkur, mundu fremur setjast að á landsbyggðinni en þeir hjúkrunarfræðingar sem útskrifaðir eru frá Háskóla Íslands. Hjúkrunarfræði varð því önnur tveggja námsleiða er fyrstu nemendur skólans gátu valið haustið 1987.

Strax í upphafi var deildin nefnd heilbrigðisdeild, þannig að fjölga mætti námsbrautum á sviði heilbrigðismála þegar fram liðu stundir. Markmið heilbrigðisdeildar er „að mennta einstaklinga í undirstöðugreinum heilbrigðisfræða í samræmi við þarfir samfélagsins hverju sinni og þjálfa þá í beitingu faglegra vinnubragða í störfum á sviði heilbrigðismála og heilbrigðisþjónustu". (Samþykkt á deildarfundi heilbrigðisdeildar 17. júlí 1991.)

Enn sem komið er er hjúkrunarfræði eina námsbraut heilbrigðisdeildar.

3.5.2. Nám og kennsla.

Nám í hjúkrunarfræði er 120 einingar (4 námsár) og skiptist í eftirfarandi þætti:

— raunvísindi 39 einingar,
— hug- og félagsvísindi 14 einingar,
— læknisfræði 11 einingar,
— hjúkrunarfræði 58 einingar.

Nám í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri hefur nokkra sérstöðu í samanburði við námið í Háskóla Íslands. Helstu atriðin eru:

— önnur uppröðun námsefnis milli ára,
— vægi hjúkrunargreina aukið fyrstu 2 árin,
— valáfangi (2 einingar) á 4. ári,
— verkleg þjálfun nemenda hefst strax á 1. ári.

Verklegt nám í hjúkrunarfræði fer fram á ýmsum heilbrigðisstofnunum. Nemendur hafa stundað nám á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Heilsugæslustöðinni á Akureyri, Kristnesspítala, Sjúkrahúsi Húsavíkur, Sjúkrahúsi Ísafjarðar, Heilsugæslustöðinni á Dalvík, Landakotsspítala, Landspítala og Borgarspítala.

3.5.3. Nemendur og starsfólk.

Nemendur koma víða að en einkum þó af Norðurlandi. Af 20 nemendum er hófu nám 1987 voru 15 frá Akureyri og nágrenni. Af 31 nemenda er innrituðust 1991 voru 20 frá Akureyri og nágrenni, fimm af höfuðborgarsvæðinu og sex annars staðar frá. Haustið 1991 er fjöldi nemanda í hjúkrunarfræði: á fyrsta ári 21 nemandi, á öðru ári 17 nemendur, á þriðja ári 16 nemendur og á fjórða ári 9 nemendur.

Vorið 1991 útskrifuðust fyrstu hjúkrunarfræðingarnir frá Háskólanum á Akureyri, 11 talsins. Tveir þeirra fóru til starfa á höfuðborgarsvæðinu en hinir níu á landsbyggðinni, þar af sex á Akureyri. Til samanburðar má geta þess að af þeim 37 hjúkrunarfræðingum, sem útskrifuðust frá Háskóla Íslands vorið 1991, fóru níu til starfa á landsbyggðinni.

Í ársbyrjun 1991 voru starfsmenn við heilbrigðisdeild eftirfarandi: forstöðumaður, tveir lektorar í heilum stöðum, fjórir lektorar í hálfri stöðu, einn lektor í þriðjungs stöðu og einn fulltrúi í hálfri stöðu.

Í upphafi var Margrét Tómasdóttir, MSN, ráðin forstöðumaður deildarinnar og gegndi hún því starfi til ágústmánaðar 1991, en þá tók við Sigríður Halldórsdóttir hjúkrunarfræðingur, MSN.

3.6. Sjávarútvegsdeild.

3.6.1. Upphaf og markmið.

Sjávarútvegsdeild tók til starfa um áramót 1989–90. Nefnd sérfróðra manna hóf undirbúning í mars 1988 og skilaði skýrslu í nóvember sama ár. Í desember 1988 var Jón Þórðarson sjávarútvegsfræðingur ráðinn til að fylgja eftir verki nefndarinnar og varð hann síðar forstöðumaður deildarinnar sem hann er enn. Í febrúar 1989 fékk hann til liðs við sig þrjá aðra sérfræðinga, sem eins og hann höfðu lokið námi í Tromsö í Noregi, til að gera nánari áætlun um námið og hefur verið farið eftir henni í meginatriðum. Markmið deildarinnar er að mennta fólk til rannsókna og stjórnstarfa í fyrirtækjum og stofnunum sem fást við sjávarútveg.

3.6.2. Nám og kennsla.

Nám í sjávarútvegsfræði tekur fjögur ár og er 120 námseiningar. Námið skiptist í eftirfarandi þætti:

— viðskipta- og hagfræðigreinar	30 einingar
— matvælafræðigreinar	20 einingar
— félags- og skipulagsgreinar	13 einingar
— tæknigreinar	16 einingar
— líf- og fiskifræðigreinar	10 einingar
— grunnnámsgreinar og lokaritgerð	16 og 15 einingar

Aðal deildarinnar er samþætting raun-, viðskipta- og tæknigreina. Sambærilegt nám er ekki í boði við aðra skóla á Íslandi.

Bókleg kennsla fer ýmist fram í aðalbyggingu skólans við Þórunnarstræti eða í leigu-

húsnæðinu við Glerárgötu. Aðbúnaður verklegrar kennslu er þar góður undir sama þaki og Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem hafa gert samstarfssamning við Háskólann á Akureyri. Auk þess hafa fyrirtæki og samtök styrkt deildina með gjöfum án bindandi samkomulags. Sem dæmi um viðleitni deildarinnar til að tengja bókvit og verksvit má nefna að námskeið í veiðitækni fór fram á Ísafirði í fyrra undir stjórn sjávarútvegsfræðings og skipstjóra þar. Umræða um endurmenntun og ráðstefnur fer einnig fram innan deildarinnar.

3.6.3. Nemendur og starfsfólk.

Aðsókn að deildinni hefur ekki verið mikil og töluverð afföll: 12 hófu nám í ársbyrjun 1990, átta eru eftir. 13 byrjuðu haustið 1990, en aðeins þrír eru eftir (auk þriggja sem færðu sig í rekstrardeild). Tólf eru að byrja haustið 1991. Lítil reynsla er því komin á þetta nám, en grunngreinarnar, stærðfræði og efnafræði, hafa reynst mörgum erfiðar svo að sumir hafa hætt en aðrir tafist. Ekki er fyrirsjáanlegt að fleiri en 5–10 ljúki náminu fyrstu brautskráningarárin. Það virðist léleg nýting, en þá er þess að geta að samkennsla með rekstrardeild í stærðfræði, tölvunotkun og viðskiptagreinum og sameining tveggja árganga í sérgreinum minnkar einingarkostnað verulega.

Við sjávarútvegsbraut starfa nú: forstöðumaður, þrír lektorar í heilum stöðum, þrír sérfræðingar með hálfa kennsluskyldu, einn rannsóknamaður á efnafræðistofu í fullri stöðu, tveir sérfræðingar í hálfu starfi um takmarkaðan tíma og einn ritari á skrifstofu í hálfri stöðu.

4. Framtíðarsýn.

4.1. Stjórn og skipulag.

Allt frá stofnun Háskólans á Akureyri hefur a.m.k. í orði verið stefnt að því að gera hann öðruvísi háskóla en Háskóla Íslands. Ef hins vegar er litið á stjórnun og námsskipan virðist sá fyrrnefndi vera um of smækkuð mynd af þeim síðarnefnda þar sem háskólasamfélagið er aðgreint í deildir sem eiga fátt annað sameiginlegt en vera tengdar nafni stofnunarinnar. Fyrir jafn fámenna háskólastofnun og Háskólann á Akureyri er svo ósveigjanleg deildaskipting ónauðsynleg, óhagkvæm og auk þess erfið hindrun fyrir þekkingarleit nemenda og kennara. Sérstaða Háskólans á Akureyri, fámennur nemendahópur og þverfaglegt eðli fræðasviða skólans gefur honum kjörið tækifæri til að setja fram raunhæfan valkost gegn hefðbundinni hugmyndafræði íslenskrar háskólamenntunar þar sem upphafs og enda þekkingar er aðeins leitað innan fræðasviðs þeirrar starfsmenntunar sem nemandinn sérhæfir sig í. Stjórnun og skipulag náms við Háskólann á Akureyri á að vera djörf en öguð yfirlýsing um sammannlegt eðli vísindalegrar þekkingar.

Til að vinna gegn vaxandi einangrun deilda er mikilvægast að öllum deildum sé þjónað af aðalskrifstofu skólans en að ekki verði settar upp sérstakar skrifstofur fyrir hverja deild. Missiraskipting, kennsluvikur og próftímabil verði þau sömu fyrir allar deildir, en þannig er hægt að tryggja samnýtingu námskeiða á milli deilda og auka möguleika á fjölbreyttara námsvali fyrir nemendur. Varðandi skipulag rannsókna verði tekin sú afstaða að koma á fót einni rannsóknastofnun fyrir háskólann en ekki sérstökum rannsóknastofnunum fyrir hverja deild.

Viss sérhæfing er að sönnu nauðsynleg en þar sem heimur okkar er aðeins einn og sjónarhorn fræðigreinanna á þennan sammannlega heim takmörkuð þarf sönn háskólamenntun að fela í sér hæfni til að geta aðgreint, skilið og tengt saman sjónarhorn ólíkra fræðigreina. Í þessu samhengi eru eftirfarandi hugmyndir um framtíðarskipulag náms við

Háskólann á Akureyri settar fram til umræðu. Miðað er við nám í fjórum deildum: heilbrigðisdeild, menntadeild (kennaradeild), rekstrardeild og sjávarútvegsdeild.

1. missiri.
Efnisheimur og lífheimur: Sameiginlegt nám deilda heilbrigðis, mennta og sjávarútvegs.
Sérnám rekstrardeildar.
2. missiri.
Lífheimur og samfélag: Sameiginlegt nám deilda heilbrigðis, mennta og sjávarútvegs.
Sérnám rekstrardeildar.
3. missiri.
Vísindi, framleiðsla og rekstur: Sameiginlegt nám rekstrardeildar og sjávarútvegsdeildar.
Sérnám deilda heilbrigðis og mennta.
4. missiri.
Þekking, miðlun þekkingar, rannsóknir og stjórnun: Sameiginlegt nám allra deilda.
5.–8. missiri.
Sérhæfing einstakra deilda, einhver samkennsla námskeiða, einkum í deildum sjávarútvegs og rekstrar.

4.2. Skipulags- og byggingarmál.

Þegar hugað er að framtíð og „vaxtarlagi" skólans er rétt að huga að mismunandi hugmyndafræði í skipulagi og byggingarmáta sem hægt er að hafa til grundvallar. Hér á eftir fer stutt lýsing á þeim meginstefnum sem mögulegt er að fylgja við ákvarðanatöku varðandi húsnæðismál skólans í framtíðinni.

4.2.1. „Vetrarborgarskólinn" (winter city campus).

Við uppbyggingu er tekið mið af aðstæðum á norðlægri slóð. Lögð er áhersla á almenna mannlega vellíðan og þægindi við nám og skólasókn með sérstöku tilliti til veðurfars- og hegðunarfræði. Kennslu-, lestrar- og afþreyingarrými og jafnvel íbúðir eru öll samtengd undir þaki og/eða tengd með skýldum göngustígum. Lögð er áhersla á björt rými með gróðri og lit þar sem fólki líður vel þrátt fyrir erfitt veðurfar og skammdegi.

Auðvelt þarf að vera að komast að og frá skólanum fyrir þá sem ekki búa á skólasvæðinu. Þessu er t.d. náð með: góðu göngustíganeti um bæinn; góðum tengslum við almenningssamgöngunet; aðgengilegum, skjólgóðum bílastæðum; miðlægri staðsetningu.

Til að Háskólinn á Akureyri geti orðið að þvílíkum skóla þarf að byggja upp á stóru svæði þar sem vaxtarmöguleikar eru nægir. Hugsanlegt er að byggja upp þar sem skólinn er nú með aðalaðsetur og byggja smám saman yfir reitinn sem markast af Þórunnarstræti, Byggðavegi, Þingvallastræti og Hrafnagilsstræti. Núverandi byggingar, svo sem Húsmæðraskólinn, geta fallið inn í og tengst nýjum byggingum. Annað svæði, sem kemur til greina fyrir framtíðaruppbyggingu, er svæðið sunnan Verkmenntaskólans.

Helstu kostir „vetrarborgaruppbyggingar" eru þægindin sem slíku umhverfi fylgja. Áreynslan við að sækja námið er í lágmarki og möguleikar á samskiptum nemenda í ólíkum deildum eru óskertir. Rekstrarlega getur hlotist af mikil hagkvæmi, t.d. í samnýtingu húsnæðis, svo sem kennslustofa, stærri fyrirlestraraðstöðu, lestraraðstöðu, bókasafns, afþreyingarrýma, o.s.frv.; skrifstofuhaldi; samnýtingu kennara; o.fl. Einnig verða utanhússrými, svo sem bílastæði umfangsminni en þau þyrftu ella að vera. Helsti ókostur-

inn er að kostnaður við uppbyggingu, þ.e. tengirými, verður óhjákvæmilega nokkur.

4.2.2. Bæjarskólinn (city campus).

Einkenni slíkra skóla eru að deildir eru einatt hver með sitt hús, sbr. Háskóla Íslands, óháðar og jafnvel lítt tengdar öðrum deildum sama skóla. Ýmist er um markvissa uppbyggingu að ræða á stóru fyrir fram afmörkuðu svæði eða þá að aðliggjandi mannvirki hverju sinni eru yfirtekin og mótuð fyrir kennslu þegar þeirra er þörf.

Blöndun nemenda við samfélagið utan skólans verður oftast meiri ef kennslurými og íbúðir eru dreifðar um bæinn en hún verður í sambyggðum skóla. Veðurfar og ýmsir erfiðleikar, sem það getur skapað, gera þó oftast meira en að vega á móti þessum kosti. Óhjákvæmilega verður samgangur nemenda í ólíkum deildum einnig í lágmarki.

Kostir slíkrar uppbyggingar skóla eru helst að áfangar við byggingarframkvæmdir geta oft verið umfangsminni en í sambyggðu kerfi. Helstu ókostir eru að þegar uppbyggingin fer þannig fram er oftast mjög erfitt að mynda sterka heildarmynd og samkennd jafnt innan skólans sem út á við. Rekstrarlega verður skólaeiningin einnig óhagkvæm og erfitt að samnýta aðstöðu og vinnuafl.

4.3. Bókasafn.

Stækkunarmöguleikar safnsins eru í nánustu framtíð samtenging þess við lesstofu. Það er bráðabirgðalausn, en knýjandi er að safninu verði valinn staður þegar ákveðið verður endanlega hvernig skólinn þróast í húsnæðismálum, þ.e. hvort hann verður að mestu á sama stað eða hvort hann verður dreifður út um bæ. Verði það síðara ofan á er ljóst að þörf verður á útibúum frá safninu sem dreifast á þá staði þar sem helst er kennt.

Með bættri aðstöðu og aukinni getu til að sinna notendum utan háskólans er talinn góður möguleiki á að safnið verði meira notað af almenningi og fyrirtækjum í bænum. Það gefur einnig von um aukinn stuðning frá þeim fyrirtækjum sem sjá sér hag í að fyrir hendi sé gott tæknibókasafn sem geti þar með orðið lyftistöng við eflingu almennrar atvinnustarfsemi, auk þess sem gott bókasafn eflir starfsemi og uppbyggingu annarra skóla á svæðinu.

4.4. Rannsóknastofnun.

Fram kom í fyrri kafla að rannsóknastarf við skólann hefur ekki verið samhæft. Æskilegt er að marka því einhverja stefnu þótt áhugamál starfsmanna hljóti að ráða ferðinni. Síðan 1989 hefur legið fyrir í háskólanefnd uppkast að reglugerð fyrir Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Laganefnd gerir einnig ráð fyrir slíkri stofnun við endurskoðun laga nr. 18/1988. Heyrst hafa tillögur um fleiri en eina rannsóknastofnun, en þróunarnefnd hvetur til að sem fyrst verði tekin ákvörðun um eina stofnun sem skipuleggi rannsóknir við skólann og sjái um samskipti við innlenda og erlenda aðila á þeim vettvangi.

Þessi stofnun þyrfti fjárveitingu eins og núverandi Rannsóknasjóður, en gæti auk þess haft tekjur af styrkjum frá einkaaðilum og þjónustuverkefnum þegar fram í sækir. Háskólinn á Akureyri ætti líka að geta styrkt starfsmenn sína til að fara á námskeið og ráðstefnur erlendis eins og Sáttmálasjóður Háskóla Íslands í Reykjavík. Annað er augljós mismunun.

4.5. Rekstrardeild.

Miðað við núverandi fyrirkomulag í rekstrardeild og þær áætlanir, sem nú eru uppi um viðbótarnám við deildina, verður hægt að taka inn í reglulegt nám 50–60 manns á ári.

Deildin gæti því orðið á bilinu 120–140 nemendur innan fárra ára. Þó er fyrirséð að stærð núverandi kennslustofa gæti hamlað nokkuð fjölgun nemenda í fyrirlestrum.

Eftir því sem sjávarútvegsdeild háskólans vex fiskur um hrygg og gangi áætlanir um kennaradeild eftir gefur það ýmsa möguleika á samnýtingu kennsluáfanga og þar með fjölgun brauta og sviða við rekstrardeild á tiltölulega ódýran hátt. Gerðar hafa verið tillögur um fjórar mismunandi framhaldsbrautir á þriðja og fjórða ári við rekstrardeild, þ.e. gæðastjórnunar-, matvælafræði-, stjórnmálahagfræði- og markaðsfræðibraut, sem lyki með BA- eða BS-prófi. Gæðastjórnunarbrautin er sú eina sem nám hefur hafist á en stefnt er að því að markaðsfræðibraut taki til starfa haustið 1992.

4.6. Heilbrigðisdeild.

Eins og fram kom hér að framan var ætlunin strax í upphafi að fjölga námsbrautum innan heilbrigðisdeildar. Nokkrir valkostir hafa verið skoðaðir og þó tveir öðrum fremur.

Sjúkranudd hefur ekki verið kennt á Íslandi. Menntamálaráðherra skipaði 3. nóvember 1988 nefnd er átti að athuga hvort rétt væri að stofna til náms í sjúkranuddi innan heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri. Sú nefnd skilaði áliti 1. des. 1989. Ekki var talið tímabært að stofna til sérstaks náms í sjúkranuddi við Háskólann á Akureyri. Miðað við forsendur þeirrar niðurstöðu er álit nefndarinnar enn í fullu gildi.

Iðjuþjálfun þykir mörgum vænlegur kostur þar sem töluverð skörun yrði fyrstu tvö árin við grunnfög í hjúkrunarfræði. Mikil þörf er fyrir fólk með þessa menntun innan heilbrigðiskerfisins en öll menntun í faginu fer nú fram erlendis. Þó þykir ljóst að sérmenntaðir kennarar eru enn um sinn ekki nógu margir til að unnt sé að hefja hér nám í iðjuþjálfun. Nefndin leggur þó áherslu á að þessi möguleiki verði kannaður til hlítar.

Meðal hjúkrunarfræðinga er lokið hafa námi frá Hjúkrunarskóla Íslands (sem nú hefur verið lokað) hefur verið mikill vilji fyrir sérskipulögðu námi er leiði til BS-gráðu. Nú í haust hófst kennsla í slíku námi við Háskóla Íslands. Samkvæmt könnun, sem Sigríður Halldórsdóttir, þáverandi lektor Háskóla Íslands, gerði meðal hjúkrunarfræðinga árið 1990 hafa margir þeirra hjúkrunarfræðinga er starfa utan Reykjavíkur frekar áhuga á að stunda nám við Háskólann á Akureyri en Háskóla Íslands. Slíkt sérskipulagt BS-nám fyrir hjúkrunarfræðinga mundi aðeins krefjast 1–2 nýrra stöðuheimilda fyrir lektora í hjúkrunarfræði. Að öðru leyti yrði um samnýtingu að ræða með því grunnnámi sem fyrir er. Á deildarfundi heilbrigðisdeildar 9. september 1991 var samþykkt að stefnt skuli að því að kennsla í sérskipulögðu BS-námi fyrir hjúkrunarfræðinga áður útskrifaða úr Hjúkrunarskóla Íslands hefjist við Háskólann á Akureyri haustið 1992.

Vegna smæðar heilbrigðisstofnana á Akureyri og nágrenni, sem veita hjúkrunarfræðinemum verklega þjálfun, takmarkast nemendafjöldi í hjúkrunarfræði við 20–30 á ári. Hjúkrunarfræðingar í sérskipulögðu BS-námi þarfnast ekki verklegrar námsaðstöðu en reikna má með um 10–20 nemendum á hvoru ári, sbr. könnun SH. Samtals geta því nemendur í hjúkrunarfræði orðið um 120.

Mikil þörf er fyrir skipulagða endurmenntun meðal þeirra er starfa að heilbrigðismálum. Á það jafnt við um hjúkrunarfræðinga, lækna, sjúkraþjálfara, tannlækna og tannfræðinga. Endurmenntunardeild við Háskólann á Akureyri gæti haft þar miklu hlutverki að gegna.

4.7. Sjávarútvegsdeild.

Sambærilegt nám við það sem stundað er í sjávarútvegsdeild er ekki í boði við aðra

skóla hér á landi. Fyrirmyndin (með nokkrum áherslubreytingum) er Fiskerihögskolen við Háskólann í Tromsö þar sem nokkrir tugir Íslendinga hafa lært og komið heim til starfa. Álit þeirra er að mikil þörf sé á slíkri menntun hér á landi. Því veldur frekar dræm aðsókn vonbrigðum, en skýringin er ef til vill ónóg kynning á óvenjulegum menntunarkosti. Átak til að bæta úr þessu er í undirbúningi. Ýmsir aðilar í sjávarútvegi hafa stutt deildina, en samt virðist ekki vera almennur skilningur á mikilvægi menntunar í þessum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Þetta viðhorf breytist vonandi þegar námið vekur þá athygli sem vert er. Aðstaða hindrar ekki viðgang deildarinnar sem hæglega gæti tekið við 20–30 nýjum nemendum árlega í sjávarútvegsfræði. Enn fremur er auðvelt að skipuleggja nýjar námsbrautir, t.d. í matvælafræði. Að áliti forstöðumanns er ekki fráleitt að 100–200 manns gætu verið við nám í deildinni eftir 5–10 ára aðdraganda. Efla þarf tengsl við vinnustaði og stofnanir því að nauðsyn betri rekstrar, nákvæmara eftirlits og víðtækari rannsókna á veiðum, vinnslu og sölu íslenskra sjávarafurða er mikil.

4.8. Kennaradeild.

Eins og fram kom í II. kafla var samþykkt á fundi háskólanefndar í apríl að fá mann til að kanna möguleika á stofnun kennaradeildar við skólann. Var dr. Kristján Kristjánsson ráðinn til verksins og skilaði hann skýrslu um málið í lok september.

Í I. kafla skýrslunnar er rætt örlítið um sögu og núverandi stöðu Háskólans á Akureyri sem og vaxtarvonir hans — er helgast annars vegar af innri hagsmunum hans sjálfs og hins vegar þörf fólks á landsbyggðinni fyrir frekari námskosti. Sérstaklega er bent á mikla eftirspurn eftir endurmenntunarnámskeiðum og almennu „húmanisku“ námi frá fólki á svæðinu. Í II. kafla er lauslega greint frá sögu kennaranáms á Íslandi og núverandi skipan þess, einkum í Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. III. kafli kryfur þann alvarlega vanda sem stafar af skorti á réttindakennurum á landsbyggðinni og hugar að mögulegum lausnum. Í IV. kafla eru dregin fram helstu rökin fyrir stofnun kennaradeildar við Háskólann á Akureyri, kostur skólans á að greiða úr vanda landsbyggðarinnar með breyttum áherslum á ýmsum sviðum, völin á að auka í leiðinni almenningsfræðslu og endurmenntun og hin innri hagræðingarrök skólans sjálfs sem enn er of fámennur til að ná æskilegri hagkvæmni í rekstri. Þá er sagt frá undirtektum ólíkra aðila við hugmyndina um kennaradeild. Í V. kafla eru útskýrðar frumhugmyndir um námsskipan hinnar nýju deildar og undirstrikað á hvern hátt hún gæti skorið sig frá skipulaginu í Kennaraháskólanum — með auknu vægi sérsviðs, „kandídatsári“ sem að mestu yrði varið úti í skólunum á svæðinu og tilflutningi á meginþunga uppeldis- og kennslufræði frá fyrri stigum náms til hinna síðari. Í VI. kafla eru svo lögð fram drög að fjárhagsáætlun sem m.a. sýna að kostnaður á 1. ári yrði lítill og kostnaður á hvern nemanda þegar fram í sækir viðunandi miðað við aðrar háskólastofnanir.

Kristján lýsir því í lok skýrslunnar sem skoðun sinni að af öllu framansögðu megi draga þá ályktun að byggðapólitísk, skipulagsleg, fræðileg og fjárhagsleg rök hnígi að því að Háskólanum á Akureyri verði heimilað að stofna til almennrar kennaradeildar við skólann. Slík deild yrði að sníða sér stakk eftir vexti, segir Kristján, og verr væri af stað farið en heima setið nema litið yrði á kennaramenntun á landsbyggðinni sem samvinnuverkefni hinnar nýju deildar og móttökuskólanna er kæmu til með að verða starfsvettvangur útskrifaðra kennara. Tækist vel til með slíka samvinnu hefði hins vegar verið boðið upp á nýjan, öflugan og álitlegan kost í kennaramenntun á Íslandi.

Miklu varðar, að dómi Kristjáns, að því undirbúningsstarfi, sem þegar hefur verið hafið, verði haldið áfram og tengslin við þá aðila, er leitað hefur verið samráðs við, hald-

ist órofin. Því er það tillaga hans sem fram er borin í lokaorðum skýrslunnar að stefnt verði að stofnun kennaradeildar við Háskólann á Akureyri á næstu mánuðum svo að fyrstu nemarnir geti sest þar á bekk á haustdögum 1992.

5. Samantekt.

5.1. Starf nefndarinnar.

Vinna nefndarinnar skiptist lauslega í þrennt:

— viðtöl við forráðamenn skólans og fulltrúa annarra nefnda sem unnið hafa að málefnum hans,
— lestur skýrslna um aðra háskóla, hérlendis og erlendis,
— umræður á fundum.

Eftirfarandi samantekt er árangur tíu funda sem haldnir hafa verið til þessa dags. Hafa ber í huga að þetta er bráðabirgðaskýrsla. Lokaskýrslu er að vænta í febrúar 1992.

5.2. Stjórn skólans.

Nefndarmönnum og viðmælendum þeirra varð tíðrætt um „deildarmúra“ sem risið hafa innan skólans þótt nýr sé og smár. Það er ekki góðs viti og því ættu stjórnendur skólans að forðast þá þróun með sameiginlegu skrifstofuhaldi, samræmingu kennslu og prófa, samnýtingu kennara og samþættingu námskeiða á mismunandi námsbrautum án þess að fjölga deildum. Þetta er nauðsynlegt til að halda kostnaði í skefjum og vinna gegn of sérhæfðri menntun. Til greina kæmi að afnema núverandi deildaskiptingu og stokka upp í námsgreinaskorir. Þessum hugmyndum var lýst nánar í kafla 4.1.

Skólinn er einnig of einangraður. Gera þarf gagnkvæma samninga við aðra skóla, hér á landi og í útlöndum, um viðurkenningu námsáfanga og námsbrauta, nemenda- og kennaraskipti, rannsóknir o.fl. Slíkt samstarf er varla til enn.

5.3. Stærð skólans.

Eftir fjögurra ára starfsemi er fjöldi nemenda ekki nema um 150. Hann hefur því vaxið hægar en gert var ráð fyrir í upphafi. Spáð er mikilli fjölgun á háskólastigi á næstu árum. Það er í samræmi við alþjóðlega þróun sem stafar bæði af almennri menntaþrá og þörf fyrir starfsmenntun. Nú eru um 8.000 Íslendingar við háskólanám og af þeim eru um 5.500 innan lands, langflestir við Háskóla Íslands. Um aldamót er gert ráð fyrir yfir 10.000 námsmönnum og um 8.000 innan lands. Mörg fræðileg, fjárhagsleg og félagsleg rök mæla með því að Háskólinn á Akureyri taki við verulegum hluta þessarar fjölgunar. Nefndin telur eðlilegt og æskilegt að um það bil 1.000 nemendur verði í skólanum árið 2001. Starfsmenn verða þá væntanlega á bilinu 100–200.

5.4. Kennsla og rannsóknir.

Nú eru þrjár deildir við skólann sem greinast í fimm námsbrautir. Til að koma til móts við þarfir stærri nemendahóps er fjölbreytilegra námsframboð óhjákvæmilegt. Nefndin leggur þó ekki til nema eina nýja deild, „menntadeild“, sem m.a. sjái um kennaramenntun. Hún tekur undir niðurstöður Kristjáns Kristjánssonar sem skýrt var frá í kafla 4.8. Námsbrautum verði að öðru leyti fjölgað með því að tengja saman námskeið á annan hátt en nú er gert, ýmist innan deilda eða milli þeirra.

Endurmenntun gegnir lykilhlutverki í háskóla framtíðarinnar. Hún treystir innviðina og styrkir böndin við samfélagið, almenning og fyrirtæki. Ráða þarf nú þegar mann til að sjá um þessa starfsemi, ekki síst í tengslum við kennaranám. Stofnun kennaradeildar er nærtækasta aðferðin til að stækka skólann árið 1992.

Annað meginhlutverk háskóla er rannsóknastarf, bæði kennilegt og hagnýtt. Hingað til hefur kennsluhlutverkið gengið fyrir og rannsóknir verið ómarkvissar. Því verður að breyta með sjálfstæðri rannsóknastofnun sem haldi utan um starfsemina og tryggi starfsmönnun sambærilega aðstöðu og kjör og Háskóli Íslands. Á því er misbrestur nú. Meira að segja hafa kennarar ekki enn fengið kjarasamning. Slíkt ástand stenst varla lög.

5.5. Byggingar.

Húsakost verður að auka og bæta jafnt og þétt. Nefndin ræddi í kafla 4.2. tvo meginkosti í húsnæðismálum: „vetrarborg" og „bæjarskóla". Fyrri kosturinn, sem er sérhannað skólahverfi á einum stað, er æskilegri en dýrari. Seinni kosturinn nýtir byggingar sem eru til í bænum og hefur í för með sér dreifðari byggð. Báðum kostum fylgir sú kvöð að koma upp nemendahúsnæði til að gera námsdvölina auðveldari og ódýrari. Takmark gæti verið að um helmingur nemenda fengi þar inni.

Ekki er um að ræða eiginlega félagsaðstöðu við skólann nú. Hana þarf að skipuleggja í samræmi við framtíðaruppbyggingu hans.

5.6. Bókasafn.

Bókasafnið er bakhjarl bæði nemenda og kennara við nám og störf. Núverandi stefna safnsins, að bæta úr smæð sinni með millisafnalánum og aðgangi að tölvusöfnum, hefur gefið góða raun. Framfarir eru hraðar í rafeindatækni um þessar mundir og setja þær mark sitt á geymslu, vinnslu og miðlun upplýsinga. Hönnun nútímabókasafns er því erfitt verkefni. Nýr skóli hlýtur að grípa slík tækifæri fegins hendi, en þau nýtast ekki nema í höndum hæfra starfsmanna. Kunnáttufólk í bókasafnsfræði er því jafnmikilvægt og sérfræðikennarar. Safnið á líka að geta þjónað atvinnulífi og almenningi. Byggingarstefna skólans ræður hvort safnið verður á einum stað eða dreifist um skólasvæðið. Safnamál bæjarins eru enn fremur í deiglunni, en hugmyndir eru um rannsókna- og sérfræðibókasafn í „Jónasarhúsi" sem ætlað er að vera aðsetur Náttúrufræðistofnunar Norðurlands og e.t.v. fleiri aðila.

5.7. Kostnaður.

Þróunarnefnd hefur enn ekki gert vel sundurliðaða kostnaðaráætlun, svo að eftirfarandi tölur eru grófar heildarupphæðir, miðaðar við almenna reynslu og viðtekna staðla. Ef miðað er við að skólinn verði orðinn að 1.000 nemenda skóla um aldamót og hver nemandi þurfi að meðaltali 15 m^2 þarf að auka húsakost háskólans um samtals 12.000 til 15.000 m^2. Áætlaður kostnaður á hvern m^2 er u.þ.b. 100.000 kr. Samtals verður byggingarkostnaður við háskólabyggingu fyrir 1.000 nemendur 1.200 til 1.500 milljónir króna.

Bæjarskóli í húsnæði, sem keypt yrði á markaðsverði um þessar mundir, kostaði hins vegar um 500 milljónir. Jafnstórt leiguhúsnæði á núverandi markaðsverði kostar 40–60 milljónir króna á ári. Í báðum þessum tilfellum þyrfti að kosta til endurbóta og lagfæringa á húsnæðinu þannig að það hentaði skólanum. Fjárveitingavaldið verður að ákveða í samráði við stjórn skólans hvort hagkvæmast er að byggja, kaupa eða leigja, en lokamarkmið hlýtur að vera húsaþyrping á vel völdum stað.

Fram hefur komið að rekstrarkostnaður reiknaður á hvern nemanda er allhár, a.m.k.

750 þús. kr. á ári. Nefndin telur að með fjölgun nemenda og bættri nýtingu megi lækka þennan kostnað niður í um það bil 500 þús. kr. Þessi upphæð styðst við allnákvæma áætlun Kristjáns Kristjánssonar í skýrslunni um kennaranám. Er hún síst meiri en í háskólum í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. 1.000 manna skóli um aldamót mundi því kosta um 500 milljónir króna á ári.

Hér er ótalinn kostnaður við íbúðabyggingar á vegum Félagsstofnunar stúdenta við háskólann, en þær falla undir Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þessar fjárhæðir þykja e.t.v. miklar en „hér er ei stoð að stafkarlsins auð" eins og kveðið var um síðustu aldamót.

5.8. Lokaorð.

Þróunarnefnd Háskólans á Akureyri telur stofnun hans vera einn merkasta viðburðinn í menntamálum síðasta áratugar. Skólinn getur verið þungt lóð á byggðavog landsins og boðið nytsama námskosti í ákjósanlegu umhverfi. Með eflingu hans sameina stjórnmálamenn, menntamenn og athafnamenn krafta sína til að finna hinn gullna lykil að hæfileikum þjóðarinnar og auðlindum landsins fyrir næstu aldahvörf.

Í skýrslu þessari eru reifaðar hugmyndir nefndarinnar um framtíð skólans næsta áratug, fram að aldamótum. Nefndin hvetur alla, sem láta sig málefni hans varða, til að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri áður en hún skilar lokaskýrslu í febrúar 1992.

Viðauki.

FASTIR STARFSMENN 1. MARS 1991

Haraldur Bessason	rektor
Fastir kennarar:	
Björg Bjarnadóttir	lektor í sálarfræði[1)]
Elsa Friðfinnsdóttir	lektor í hjúkrunarfræði[1)]
Gunnar Karlsson	lektor í rekstrarhagfræði[1)]
Hafdís Skúladóttir	lektor í hjúkrunarfræði[1)]
Hermann Óskarsson	lektor í félagsfræði[1)]
Hólmfríður Kristjánsdóttir	lektor í hjúkrunarfræði[1)]
Dr. Ingvar Teitsson	lektor í sjúkdómafræði/lyfjafræði[1)]
Jón Þórðarson	forstöðumaður sjávarútvegsdeildar
Lilja Mósesdóttir	lektor í þjóðhagfræði
Margrét Árnadóttir	lektor í hjúkrunarfræði[1)]
Margrét Tómasdóttir	forstöðumaður heilbrigðisdeildar
Nicholas Cariglia	lektor í líffeðlisfræði[2)]
Regína Stefnisdóttir	lektor í hjúkrunarfræði
Dr. Sigþór Pétursson	lektor í efnafræði
Smári Sigurðsson	lektor í iðnrekstrarfræði[1)]
Dr. Stefán G. Jónsson	forstöðumaður rekstrardeildar
Dr. Steingrímur Jónsson	útibússtjóri[3)]
Valtýr Hreiðarsson	lektor í rekstrarhagfræði
Þórir Sigurðsson	lektor í stærðfræði
Öivind Kaasa	sérfræðingur[3)]

Aðrir starfsmenn:	
Agnes Eyfjörð	fulltrúi (í leyfi)[1]
Astrid M. Magnúsdóttir	bókasafnsfræðingur
Ása Guðmundsdóttir	fulltrúi[1]
Ásdís Loftsdóttir	fulltrúi[1]
Edda Kristjánsdóttir	fulltrúi
Gunnur Ringsted	fulltrúi
Halldór Árnason	kerfisfræðingur
Ingimar Friðfinnsson	umsjónarmaður
Kristín Pétursdóttir	fulltrúi (í leyfi)[1]
Ólafur Búi Gunnlaugsson	skrifstofustjóri
Sigrún Magnúsdóttir	deildarstjóri bókasafns
Torfhildur S. Þorgeirsdóttir	fulltrúi

1) Í 50% starfi.
2) Í 37% starfi.
3) Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar með 50% starfsskyldu við háskólann.

Fylgiskjal II.

Menntamálaráðuneyti,
fjármálaskrifstofa.

Kostnaðarumsögn vegna frumvarps til laga um Háskólann á Akureyri.
(8. nóvember 1991.)

Í frumvarpinu eru ný atriði sem hafa í för með sér kostnaðarauka. Fyrsta áætlun um aukakostnað miðað við ákveðnar forsendur kynni að verða eitthvað í þá áttina sem hér segir. Ekki er tekið tillit til kostnaðarauka vegna eldri ákvarðana (svo sem fjölgunar árganga í deildum), fjölgunar nemenda og starfsfólks eða annarra atriða sem gildandi lög gera ráð fyrir.

Háskólanefnd	180.000 kr.[1]
Rannsóknarorlof	9.240.000 kr.[2]
Rannsóknastofnun, rekstur	3.150.000 kr.[3]
Samtals	12.570.000 kr.

Rannsóknastofnun, stofnbúnaður	1.000.000 kr.[4]

1. Háskólanefnd, 2. gr.

Fjölgun verður í nefndinni um þrjá fulltrúa. Kostnaður við hvern er u.þ.b. 40.000 kr. á ári og því í heild 120.000 kr. Samkvæmt frumvarpinu skal nú boða varamann í forföllum og yrði kostnaður við það u.þ.b. 60.000 kr. á ári.

2. Rannsóknarorlof, 11. gr.

Ekki er kveðið á um í 11. gr. hve oft starfsmenn Háskólans á Akureyri eiga kost á að sækja um rannsóknarorlof og er því miðað við þær reglur sem í gildi eru við Háskóla Íslands. Þar eiga menn rétt á að sækja um rannsóknarorlof annaðhvort eftir sex missira starf og þá í eitt missiri eða eftir sex ár og þá í eitt ár. Við Háskólann á Akureyri eru nú tæplega 35 stöðugildi og mundu þá um 30 manns njóta þessara réttinda sem samsvarar 4,3 stöðum á ári. Skólinn er nú á fimmta starfsári og hefur enginn farið í rannsóknarorlof á þeim tíma því lög eða reglur um þau eru ekki fyrir hendi. Hér er því um að ræða afturvirkan vanda sem ekki er gert ráð fyrir í þessari áætlun.

Meðalárslaun (dagvinna) fastra starfsmanna með launatengdum gjöldum eru nú nálægt 1.400.000 kr. eða 6.020.000 kr. miðað við 4,3 starfsmenn. Ferðakostnað er ekki unnt að áætla nákvæmlega þar sem sumir vinna að rannsóknum sínum hérlendis og aðrir erlendis, en ef gert er ráð fyrir að tveir starfsmenn fari utan og tveir verði heima má áætla fargjöld u.þ.b. 280.000 kr. Dagpeningadæmið er erfiðara að áætla. Erlendis fá menn þjálfunardagpeninga í tvo mánuði eða 100 SDR á dag (gengi nú rúmar 80 krónur) og síðan 26,2% eftir það en þó ekki meir en í tíu og hálfan mánuð á ári. Sama formúla er svo notuð við útreikning á dvalarkostnaði innan lands, nema að þar er miðað við opinbera dagpeninga sem nú eru 6.760 kr. á sólarhring fyrstu tvo mánuðina og síðan 26,2% af því þann tíma sem eftir er. Hér verður því að búa til eftirfarandi dæmi um dvalarkostnað:

Einn maður erlendis í eitt ár gerir	1.130.000 kr.
Einn maður erlendis í hálft ár gerir	850.000 kr.
Tveir menn utan Akureyrar í eitt ár	960.000 kr.
Samtals	2.940.000 kr.

3. Rannsóknastofnun/rekstur, 12. gr.

Til að byrja með er gert ráð fyrir einum starfsmanni, þ.e. framkvæmdastjóra og fimm manna stjórn. Árslaun framkvæmdastjórans með einhverri yfirvinnu gætu verið um 2.000.000 kr. og hver nefndarmaður gæti haft um 50.000 kr. í nefndarlaun á ári. Launakostnaður yrði því um 2.250.000 kr. (launtengd gjöld innifalin). Miðað við að stofnunin starfaði í leiguhúsnæði gæti kostnaður vegna leigu numið u.þ.b. 400.000 kr. á ári. Annar rekstrarkostnaður, skilgreindur sem sérkostnaður stofnunarinnar, yrði varla sundurgreinanlegur frá rekstri skólans en er hér áætlaður 500.000 kr. Heildarrekstrarkostnaður yrði því u.þ.b. 3.150.000 kr.

Rétt er að geta þess að heildarkostnaður verður trúlega mun hærri en hér er gert ráð fyrir en ráðgert er að fjármagna þann mun með sértekjum, svo sem með útseldri þjónustu.

4. Rannsóknastofnun/stofnbúnaður, 12. gr.

Háskólinn telur að langmestan hluta stofnbúnaðar, sem skólinn á og mun eignast, muni rannsóknastofnun samnýta með honum. Samt er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að útvega þurfi búnað og tæki fyrir stjórn og framkvæmdastjóra. Hér er gert ráð fyrir að stofnun-

in þurfi 1.000.000 kr. í húsbúnað og tæki. Leggja ber áherslu á að hér er um eingreiðslu að ræða en ekki árlegan kostnað.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri.
(3. desember 1991.)

Með frumvarpinu fylgir kostnaðarumsögn frá menntamálaráðuneyti. Þar kemur fram að áætluð kostnaðaraukning ríkissjóðs verði á bilinu 12 til 14 m.kr.

Fjármálaráðuneytið gerir ekki athugasemdir við þetta mat en vill benda á að afar óæskilegt er að festa í lög fyrirmæli um kjör starfsmanna ríkisins með þeim hætti sem gert er í 11. gr. frumvarpsins.

314. Breytingartillaga. [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Agli Jónssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 08-381 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.	
a. Við 690 Stofnkostnaður.	
Fyrir „294.200“ kemur	309.200
b. Í b-lið sérstaks yfirlits bætist:	
Hjúkrunarheimili, Höfn Hornafirði	15.000

315. Frumvarp til laga [219. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

1. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar skal ráðinn af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, og skal hann fá sérstakt erindisbréf. Sóttvarnardýralækni er einungis heimilt að stunda lækningar dýra utan sóttvarnastöðvar með leyfi landbúnaðarráðherra og samkvæmt reglum sem yfirdýralæknir setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 54 16. maí 1990, um innflutning dýra, er sóttvarnardýralækni óheimilt að stunda lækningar dýra utan sóttvarnastöðvar. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að smitefni geti borist úr sóttvarnastöð í búfé eða önnur dýr utan stöðvarinnar. Ekki er ástæða til að ætla að sóttvarnardýralæknir geti ekki stundað lækningar annarra dýra en hann hefur eftirlit með þar sem smitefni verður að telja hættulaust öðrum dýrategundum en þeim sem eru í umsjá hans í stöðinni og viðurkenndum sóttvarnaraðferðum er beitt. Því er lagt til að landbúnaðarráðherra geti heimilað sóttvarnardýralækni að starfa utan sóttvarnastöðvar. Leyfi ráðherra er háð því að yfirdýralæknir setji sérstakar reglur um störf sóttvarnardýralæknis utan sóttvarnastöðvar. Reynst hefur erfitt að framkvæma lögbundið eftirlit í sóttvarnastöð eftir núgildandi ákvæði 2. mgr. 9. gr. Sé unnt að veita sóttvarnardýralækni leyfi til starfa utan stöðvar eins og hér er lagt til er augljóst að með því væri unnt að spara umtalsverða fjármuni þar sem hægt er að fela honum önnur störf án þess að dregið sé úr smitvörnum í stað þess að hann sinnti eingöngu því eftirliti sem lögin gera ráð fyrir. Jafnframt er fellt niður ákvæði um sérþekkingu dýralæknis í eggjaflutningi og sæðingu búfjár þar sem slíka sérþekkingu er auðvelt að fá utan stöðvarinnar og því óþarft að binda þá starfsþekkingu við sóttvarnardýralækni. Frumvarpið miðar að því að draga úr kostnaði ríkissjóðs af rekstri sóttvarnastöðvarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.

Frumvarpið miðar að því að draga úr kostnaði ríkissjóðs af rekstri sóttvarnastöðva með því að rýmka starfsreglur sóttvarnardýralæknis og hefur það því engan kostnaðarauka í för með sér.

316. Fyrirspurn [220. mál]

til félagsmálaráðherra um innheimtu skyldusparnaðar ungs fólks til íbúðabygginga.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver eru vanskil launagreiðenda við Húsnæðisstofnun ríkisins sundurliðuð eftir kjördæmum og hve mikið af vanskilunum er eldra en sex mánaða?
2. Hvernig er fylgst með því að launagreiðendur geri skil á skyldusparnaði, sbr. 116. gr. laga um Húsnæðistofnun og 15. gr. reglugerðar nr. 92/1985?

3. Hyggst félagsmálaráðherra beita sér fyrir aðgerðum sem tryggi betri skil á skyldusparnaði innan sex mánaða frá útborgun launa?

317. Lög [209. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 255.

318. Lög [29. mál]

um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1991, nr. 26/1991.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 29.

319. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, o.fl.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Ingimar Sigurðsson frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Helga Seljan og Gísla Helgason frá Öryrkjabandalaginu og Skúla Jónsson og Þorstein Ólafsson frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Í breytingartillögunni er lagt til að ákvæði um styrk, sem veittur er framfærendum fatlaðra og sjúkra barna sem dveljast í heimahúsi (barnaörorkustyrkur), verði áfram í lögum um almannatryggingar. Jafnframt er gert ráð fyrir að óbreytt haldist það ákvæði frumvarpsins að kveðið verði á um umönnunarbætur í lögum um almannatryggingar í stað laga um málefni fatlaðra. Varðandi styrkina er gert ráð fyrir að um framkvæmdina fari eins og verið hefur að því frátöldu að lagt er til að svæðisstjórnir um málefni fatlaðra geri tillögur um bæði styrkina og umönnunarbæturnar. Upphæð styrkja og umönnunarbóta tekur mið af þeirri hámarksupphæð sem greidd er um þessar mundir. Í breytingartillögu nefndarinnar felst að umönnunarbætur komi í stað styrks ef þjónusta við barn er yfir 40 klst. á mánuði og er það í samræmi við gildandi framkvæmd. Þá er lagt til að hægt verði við sérstakar aðstæður að hækka greiðslu umönnunarbóta í allt að 200 klst., en samtök fatlaðra hafa bent á nauðsyn þess að slíkt heimildarákvæði sé fyrir hendi. Nefndin telur ekki ástæðu til að dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerði styrk, enda

hefur slíkt ekki tíðkast. Hins vegar hafa umönnunarbætur verið skertar við slíka þjónustu og mun það gilda áfram samkvæmt breytingartillögunni.

Alþingi, 19. des. 1991.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ingibjörg Pálmadóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Svavar Gestsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Finnur Ingólfsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

320. Breytingartillaga [171. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, o.fl.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Við 3. gr. Fyrri stafliður orðist svo:

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein er verði 13. gr. og orðist svo:

Greiða skal framfærendum fatlaðra og sjúkra barna, sem dveljast í heimahúsi, styrk, allt að 9.092 kr., eða umönnunarbætur, allt að 47.111 kr. á mánuði, ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu. Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar og annast greiðslu styrks og umönnunarbóta, að fengnum tillögum svæðisstjórna, samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Greiðsla styrks skal miðuð við 10–40 klst. þjónustu á mánuði en greiðsla umönnunarbóta 40–175 klst. þjónustu á mánuði sem tryggingaráði er heimilt að hækka í allt að 200 klst. mæli sérstakar ástæður með því að mati svæðisstjórna. Dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerðir umönnunarbætur. Um framkvæmd greinarinnar fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í samráði við félgsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs.

321. Nefndarálit [213. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem felur í sér að Alþingi heimili ríkisstjórninni

að fullgilda fyrir Íslands hönd samkomulag um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda frá 23. mars 1962 sem undirritað var í Tammerfors 21. ágúst 1991.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 19. des. 1991.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Steingrímur Hermannsson.	Björn Bjarnason.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Páll Pétursson.
Geir H. Haarde.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

322. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 295 [Fjárlög 1992].

Frá fjármálaráðherra.

	Þús. kr.
Við 1. lið.	
a. Við 412 Tekjuskattur einstaklinga, nettó.	
Fyrir „14.750.000“ komi	14.050.000
b. Við bætist nýr liður:	
4992 Þátttaka sveitarfélaga í löggæslukostnaði	700.000

323. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1992 er nú komið til lokaumfjöllunar á Alþingi eftir mjög óvenjuleg vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar seinustu dagana sem málið var til umfjöllunar í fjárlaganefnd.

Örfáum klukkustundum áður en 2. umr. um frumvarpið var fyrirhuguð komu fram tillögur frá ríkisstjórn og stjórnarflokkunum um veigamiklar breytingar á tekju- og gjaldahlið frumvarpsins. Tillögur þessar voru að því leyti til óvenjulegar að þær fólu í sér veigamiklar skipulagsbreytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Auk þess er ráðgert að velta verulegum fjárhagsbyrðum yfir á sveitarfélögin og atvinnulífið í landinu.

Fyrir þessum hugmyndum var gerð ítarleg grein í nefndaráliti og ræðum fulltrúa minni hluta fjárlaganefndar við 2. umr. um frumvarpið. Þá var ítrekað að fulltrúar minni hlutans hefðu ekki haft nægan tíma til að fá heildaryfirsýn yfir þessar boðuðu aðgerðir og áhrif þeirra á ýmsa þætti þjóðlífsins. Þess vegna var lítið fjallað um frumvarpið sjálft og efnisþætti þess í því nefndaráliti en gert ráð fyrir útgáfu framhaldsnefndarálits við 3. umr.

Það kom líka fljótt í ljós að gífurleg óánægja var með ýmsa þætti boðaðra aðgerða ríkisstjórnarinnar, bæði hjá fulltrúum sveitarfélaganna og atvinnulífsins, sbr. fskj. I og II með nefndaráliti þessu, svo og hjá ýmsum stjórnarliðum sem keppst hafa við að lýsa and-

stöðu sinni við ýmsar breytingartillögur, bæði við tekjuöflun og niðurskurð útgjalda, svo sem jöfnunargjald, sbr. fskj. III, og sjómannaafslátt og fyrirhugaða frestun á framkvæmdum við Vestfjarðagöng.

Vegna þessarar miklu andstöðu í þjóðfélaginu hefur ríkisstjórnin verið að hopa og breyta tillögum sínum alveg fram á síðustu stundu og enn er óljóst hvort samstaða er í stjórnarliðinu um einstaka þætti skattalagabreytinga sem enn þá eru til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd. Því er óhætt að fullyrða að þótt fjárlagafrumvarpið sé komið til lokaumræðu og afgreiðslu eru enn margir þættir óljósir og endar lausir.

Ríkisstjórnin fullyrti á haustmánuðum þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1992 var lagt fram að hér væri „raunhæft" frumvarp á ferðinni enda hefði nýjum aðferðum verið beitt við undirbúning þess. Fagráðuneytin hefðu sjálf unnið grunnvinnuna og því væru áætlanir um fjárveitingar til ráðuneyta og stofnana nær raunveruleikanum en oft áður og fullyrt að nú mundi allt standast. Talað var um takmörkuð ríkisumsvif og að dregið skyldi úr ríkisútgjöldum.

Við nánari athugun kom þó fljótt í ljós að þessar fullyrðingar voru rangar. Fjölmargir útgjaldaliðir frumvarpsins voru vanáætlaðir og þó aðeins hafi verið reynt að berja í brestina með tillögum ríkisstjórnarinnar er það í flestum tilvikum gert með því að velta kostnaði og útgjöldum yfir á aðra aðila en ríkissjóð, svo sem að framan greinir, en ekki með raunverulegum sparnaði eða niðurskurði. Gleggsta dæmið um þetta eru „feluskattarnir", hin svokölluðu þjónustugjöld, þar sem kostnaði við menntakerfið og heilbrigðisþjónustuna er varpað á notendur þessarar þjónustu, þ.e. á barnafólk, unglinga, sjúka og aldraða. Hér er um algjörlega nýja stefnu að ræða þar sem gefist er upp við skipulags- og kerfisbreytingar sem leitt geta til hagræðingar og sparnaðar. Dregið er úr samfélagslegri ábyrgð og lagt inn á braut kaldrar markaðshyggju.

Í greinargerð frumvarpsins er státað af því að skatttekjur verði svipaðar eða heldur lægri að raungildi en á þessu ári. Þetta er auðvitað alrangt þegar tekið er tillit til „feluskattanna" eða þjónustugjaldanna sem dregnir eru frá útgjaldahlið frumvarpsins og lækka þannig heildartölu fjárlaganna í stað þess að færa þá tekna megin eins og aðra skatta.

Séu þjónustugjöldin lögð saman við skatttekjurnar í frumvarpinu kemur í ljós að heildarskattbyrðin er 99,8 milljarðar króna og hefur aukist um 5,9 milljarða króna eða 6,3% miðað við árið 1991 og er því heildarskattbyrðin 27% af vergri landsframleiðslu saman borið við 25,4% í ár samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjármálaráðuneytisins, dags. 17. desember 1991. Atvinnulífinu er gert að taka á sig stórar upphæðir, svo sem 525 millj. kr. til reksturs Hafrannsóknastofnunar og 278 millj. kr. vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota.

Þótt ef til vill megi færa viss rök fyrir því að atvinnuvegirnir greiði í auknum mæli fyrir þá þjónustu sem hið opinbera veitir þeim er jafnljóst að nú er ekki rétti tíminn fyrir auknar álögur á atvinnulífið í landinu. Þvert á móti þyrftu stjórnvöld að leita allra leiða til að létta af því álögum og aðstoða það við að fleyta sér yfir þá örðugleika sem nú er vissulega við að glíma. En ríkisstjórnin heldur sig fast við „kemur-mér-ekki-við-stefnu" forsætisráðherra og bætir stöðugt við klyfjarnar.

Ef litið er á hinar ýmsu stofnanir er víða vanáætlað. Kom það mjög glöggt í ljós í viðtölum fjárlaganefndar við fjölmarga forsvarsmenn ráðuneyta og ríkisstofnana. Hin „raunhæfa" fjárlagagerð virðist einkennast af vanáætlunum og óraunhæfum sparnaðarhugmyndum ráðherra sem forsvarsmennirnir áttu engar skýringar á og sáu fáar eða engar leiðir til úrbóta. Meiri hluti fjárlaganefndarinnar og ríkisstjórnin hafa skellt skollaeyrum við flestum þessum beiðnum og stefna því út í óvissuna. Hugsanlegt er að með svona

aðgerðum sé hægt að neyða fram einhvern sparnað en líklegra þó að draga þurfi úr þjónustu eða loka stofnunum. Þegar svo við þetta bætist flatur niðurskurður á launakostnað og önnur rekstrargjöld, 5% að jafnaði, er alveg ljóst að útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins er stórlega vanáætluð, trúlega svo milljörðum króna skiptir. Það mun koma í ljós áður en langt verður liðið á næsta ár.

Sé litið á tekjuhlið frumvarpsins kemur strax í ljós að þar er einnig við vanda að glíma. Vissir veikleikar eru í tekjuáætlun varðandi einstaka skatta fyrir utan óvissuna sem enn ríkir um stuðning nokkurra stjórnarliða við ákveðna þætti.

Á lokamínútum síðasta fundar nefndarinnar voru kynntar reglur um arðgreiðslur ríkisfyrirtækja og talið nægjanlegt að þær reglur væru staðfestar af Alþingi ásamt samþykkt á tekjugrein frumvarpsins. Arðgreiðslur þessar eiga að skila 150 millj. kr. í ríkissjóð.

Minni hluti telur vafasamt að hægt sé að ákveða greiðslur í ríkissjóð með þessum hætti og bendir á að bankastofnanir greiða að sjálfsögðu skatt samkvæmt lögum um skatt á innlánsstofnanir og arðgreiðslur hlutafélaga eru ákveðnar á aðalfundum félaganna samkvæmt tillögu stjórnar. Þá má benda á að ríkið er minni hluta eignaraðili að ýmsum þeim fyrirtækjum sem hér er ráðgert að greiði arð í ríkissjóð.

Samkvæmt 25. gr. þingskapa skal efnahags- og viðskiptanefnd gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr. Umsögn meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar barst á síðustu stundu á lokafund fjárlaganefndar og er í raun ekki annað en upptalning á frumvörpum sem fyrir nefndinni liggja.

Meiri hluti fjárlaganefndar taldi ekki ástæðu til að bíða eftir áliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar og ákvað að ljúka afgreiðslu frumvarpsins án þess að það nefndarálit lægi fyrir. Nú hefur það álit borist nefndarmönnum og er þar að finna ýmsar upplýsingar og ábendingar um þau frumvörp sem fyrir liggja og tillögur til viðbótartekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Minni hluti fjárlaganefndar getur tekið undir allt það sem þar kemur fram og vill til frekari áréttingar vitna til nokkurra atriða í því áliti. Þar segir m.a.:

„Tekjuskattur. Gert er ráð fyrir verulegri hækkun á tekjuskatti einstaklinga. Í efnahags- og viðskiptanefnd er til meðferðar frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt og er það mál til meðferðar í nefndinni og bíður þar afgreiðslu. Frumvarp þetta var mjög illa undirbúið af hálfu ríkisstjórnarinnar og er veruleg vinna eftir í sambandi við frumvarpið. Á þessu stigi er því ekki hægt að meta hvaða áhrif væntanlegar skattalagabreytingar muni hafa á tekjur ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að tekjuskattur sjómanna verði hækkaður sérstaklega og barnabætur lækkaðar. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að ráðstöfunartekjur barnmargra fjölskyldna muni lækka á sama tíma og barnlausar fjölskyldur munu halda sínu. Minni hluti nefndarinnar telur óeðlilegt að taka sérstaklega fyrir eina stétt launþega, enda hefur ríkt um það sátt á vinnumarkaði að sjómenn nytu sérstaks frádráttar. Óeðlilegt er að skattbyrði barnafjölskyldna verði aukin sérstaklega. Minni hluti nefndarinnar telur mun eðlilegra ef hækka þarf tekjuskatt að breytingarnar komi jafnt við alla en skattar verði ekki sérstaklega hækkaðir á barnafólki og sjómönnum. Minni hluti nefndarinnar mun taka afstöðu til þessa máls þegar meira liggur fyrir um áform ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Í því sambandi þarf að taka til athugunar athugasemdir launþega um skattleysismörk sem skipta verulegu máli í væntanlegum kjarasamningum. Í því sambandi vísast til athugasemda þar um í fylgiskjölum.

Verulegar breytingar eru fyrirhugaðar á ýmsum greinum er varða skattlagningu atvinnurekstrarins. Hefur það vakið upp mikil mótmæli, enda margt af því sem fram kemur í þeim tillögum óframkvæmanlegt. Á þessu stigi er ekki hægt að meta hvaða áhrif

breytingarnar hafa en rétt er að benda á að ekki er gert ráð fyrir að þær valdi verulegum tekjubreytingum fyrir ríkissjóð. Minni hluti væntir þess að takast muni að ná samstöðu um að falla frá ýmsum óskynsamlegum breytingum sem tillögur eru gerðar um í fullum ófriði við atvinnulífið. Í því sambandi vísast til umsagnar atvinnulífsins.

Þá er gert ráð fyrir að hlut sveitarfélaganna í staðgreiðslu verði haldið eftir sem nemur 700 millj. kr. Þessi gjöld á að leggja á sveitarfélögin í nafni löggæslukostnaðar. Þessi breyting hefur ekkert verið undirbúin og ekki verið leitað samráðs við sveitarfélögin um hana. Komið hefur í ljós að mörg sveitarfélög hyggjast ná inn samsvarandi tekjum með því að hækka útsvör. Með því munu mörg sveitarfélög fá framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem mun aftur verða til þess að minna verður til skiptanna til þeirra sveitarfélaga sem höllum fæti standa. Þessi skattlagning ríkisvaldsins kallar því fram skattahækkanir sveitarfélaganna auk þess að raska tekjuskiptingu milli þeirra. Minni hluti nefndarinnar er algerlega mótfallinn þessum hugmyndum og telur þær skapa meiri vandamál en þeim er ætlað að leysa.

Aðflutningsgjöld og gjöld af innflutningi. Vegna samdráttar í þjóðfélaginu má gera ráð fyrir verulegri lækkun aðflutnings- og innflutningsgjalda. Ekki eru gerðar athugasemdir við áætlanir um þessa skattheimtu en rétt er að benda á að í efnahags- og viðskiptanefnd bíður umfjöllunar frumvarp til laga um jöfnunargjald. Gert er ráð fyrir að gjald þetta muni skila 360 millj. kr. á næsta ári, enda verði það fellt niður um mitt næsta ár. Fram hefur komið að sumir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar telja gjald þetta ekki standast skuldbindingar landsins út á við en telja verður að ríkisstjórnin hafi sannreynt það áður en slíkar hugmyndir eru lagðar fram. Minni hluti nefndarinnar telur því að til greina komi að gjald þetta verði lagt á allt næsta ár þannig að það geti skilað álíka miklum tekjum og á árinu 1991, en þá voru tekjur af því 800 millj. kr.

Virðisaukaskattur. Samkvæmt meðfylgjandi minnisblaði um innheimtu virðisaukaskatts er gert ráð fyrir að innheimta hans á árinu 1992 verði 2½ milljarði króna minni en reiknað hafði verið með. Hér er um mjög alvarlega þróun að ræða sem hefur vissulega mikil áhrif á fjárlagafrumvarpið. Þessari þróun verður ekki mætt nema með almennu aðhaldi í rekstrarútgjöldum ríkisins en taka verður fullt tillit til þessa mikla tekjusamdráttar. Við þessar aðstæður er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að herða mjög eftirlit með innheimtu virðisaukaskatts. Minni hluti nefndarinnar telur að auka megi tekjur af virðisaukaskatti með bættri innheimtu og hertu eftirliti. Slíkar aðgerðir ættu að geta skilað ríkissjóði a.m.k. 500 millj. kr. á árinu 1992.

Skattar af einkasöluvörum. Ekki er gert ráð fyrir því að vörur ÁTVR verði hækkaðar umfram almennt verðlag. Við þær aðstæður, sem nú eru í þjóðfélaginu, er ekki óeðlilegt að þessar vörur verði hækkaðar sérstaklega. Það mikilvægasta af öllu er að koma í veg fyrir hækkun helstu nauðsynjavara og verja ráðstöfunartekjur láglaunafólks. Ef þessar vörur væru hækkaðar sérstaklega um 6% mun það skila ríkissjóði 400 millj. kr. í tekjur á árinu 1992.

Aðrir skattar. Ekki er ástæða til að gera sérstaklega að umtalsefni aðra skatta en benda má á að aukatekjur ríkissjóðs hækka verulega en minni hluti nefndarinnar studdi þær hækkanir í ljósi þeirrar stöðu sem nú er í ríkisfjármálum.

Sala eigna. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að eignir skuli seldar fyrir rúman milljarð. Litlar sem engar upplýsingar hafa fengist um hvaða eignir skyldu seldar og samkvæmt hvaða skilmálum. Ríkisstjórnin hefur verið með tilviljanakenndar og óljósar yfirlýsingar í þessu máli. Það er mjög skaðlegt að tala óljóst um sölu ríkiseigna og getur slíkt háttalag haft veruleg áhrif á markaðsverð þeirra. Minni hluti nefndarinnar leggst ekki

gegn því að athugun fari fram á því hvort hagkvæmt sé að selja ákveðnar ríkiseignir. Nauðsynlegt er að slíkt sé gert að vandlega yfirveguðu ráði og undirbúningur sé vandaður. Minni hluti nefndarinnar hvetur fjárlaganefnd til að fjalla betur um það mál og senda hugmyndir þar um til umfjöllunar efnahags- og viðskiptanefndar. Ríkisstjórnin hefur með yfirlýsingum sínum sýnt fram á að hún er ekki fær um að stýra þessu máli og má þar sérstaklega nefna yfirlýsingu fjármálaráðherra um að selja Búnaðarbanka Íslands fyrir lítið."

Af þessu má ljóst vera að í tekjuhlið frumvarpsins eru veikleikar sem benda til þess að hún muni ekki standast. Má í því sambandi sérstaklega árétta óljósar hugmyndir um sölu ríkisfyrirtækja, slaka innheimtu skatta, en þar er nauðynlegt að gera stórátak, og svo að lokum það ástand sem nú er í atvinnumálum. Það mun leiða til meira atvinnuleysis, tekjuskerðingar og kaupmáttarrýrnunar sem síðan hefur áhrif á tekjuöflunarleiðir ríkissjóðs. Núverandi ríkisstjórn fylgir þeirri efnahagsstefnu að ekki beri að hjálpa þeim atvinnugreinum sem eiga í erfiðleikum heldur láta þau einfaldlega fara á hausinn. Gjaldþrotastefnan er því í dag viðurkennd hagstjórnaraðferð til að ná fram endurskipulagningu í atvinnulífinu. Hún leiðir í reynd til minnkandi framleiðslu og þróttminna atvinnulífs ásamt gífurlegum erfiðleikum sem fylgja í kjölfar aukins atvinnuleysis.

Laun og kaupmáttur.

Þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1992 var lagt fram í byrjun október var boðað að vegna samdráttar í efnahagslífinu og lækkandi þjóðartekna mundi kaupmáttur ráðstöfunartekna lækka verulega, eða um 3% á milli ára. Boðað var lakara atvinnuástand og samdráttur í atvinnulífi. Í þeirri þjóðhagsáætlun, sem forsendur frumvarpsins byggðu á, var spáð að atvinnuleysi gæti farið í rúmlega 2% af vinnuafli á næsta ári. Samningar eru lausir en í frumvarpinu var ekki gert ráð fyrir neinum launahækkunum.

Þetta var fyrir tveimur mánuðum. Frá því að frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1992 var lagt fram hefur það tekið gífurlegum breytingum og eru þær ekki til bóta fyrir launafólk í landinu. Nú er gert ráð fyrir enn meiri samdrætti, enn minni kaupmætti launa, sem nemur um 5,5%, atvinnuleysi verði enn meira eða 2,6% af vinnuafli og þjóðartekjur dragist saman um 6,1% á móti á 3,1% eins og gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga. Ný spá Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagshorfur fyrir árið 1992 sýnir þessa þróun vel.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 17. desember 1991

Þjóðhagshorfur 1992.

	1992 milljónir króna	Magnbreytingar frá fyrra ári, % Þjóðhagsáætlun 1992	Nóvemberspá 1992	Desemberspá 1992
Einkaneysla	230985	-3,0	-5,5	-6,1
Samneysla	74473	0,5	0,5	-0,3
Fjárfesting	65300	0,5	-12,0	-12,4
Neysla og fjárfesting alls	370758	-1,5	-5,6	-6,3
Birgðabreytingar 2)	0	0,0	-0,2	-0,2
Þjóðarútgjöld, alls	370758	-1,5	-5,8	-6,4
Útflutningur vöru og þjónustu	122071	-3,6	-4,0	-4,0
Innflutningur vöru og þjónustu	123137	-3,3	-9,7	-10,1
Verg landsframleiðsla	369693	-1,5	-3,6	-4,1
Þjóðartekjur	-	-3,1	-5,7	-6,1
Vaxtajöfnuður 1)	-14043	-	-	-
Viðskiptajöfnuður 1)	-15109	-4,5	-4,2	-4,1
Viðskiptakjör, %				
Að meðaltali milli ára				
Í heild		-3,6	-5,6	-5,6
Án áls og kísiljárns		-4,7	-4,5	-4,5
Verðbólga, framfærsluvísitala, %				
Meðalhækkun milli ára		5,7	5,1	5,4
Laun á ársverk, %				
Meðalhækkun milli ára		3,5	2,7	2,7
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann, %				
Að meðaltali milli ára		-3,3	-4,7	-5,5
Raungengi krónunnar (verðlag), %				
Að meðaltali milli ára		1,5	0,8	1,1
Raungengi krónunnar (laun), %				
Að meðaltali milli ára		-1,4	-2,2	-2,2
Hagnaðarhlutfallið				
Vergur rekstrarafgangur, hlutfall af þáttatekjum		-	-	31,4
Atvinnuleysi, %				
Hlutföll af vinnuafli		2,0	2,6	2,6

1) Hlutföll af landsframleiðslu.
2) Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Skýringar á þessum miklu breytingum á þjóðhagshorfum eru m.a. að álver er ekki lengur á næsta leiti. Þetta hafði þær afleiðingar að stór göt mynduðust í fjárlagagerð og ríkisstjórnin settist á rökstóla eina nótt. Niðurstaða þeirrar vinnu liggur nú fyrir. Skerða á kjör launafólks enn meir en áður var ætlað. Hækka á skatta beina og óbeina enn meir en áður. Þó voru í frumvarpinu í október boðaðir hærri skattar en nokkru sinni. Barnabætur skulu skertar. Skattafsláttur sjómanna einnig. Fresta á greiðslum til bænda.

Stóraðgerð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er þó einkum fólgin í tvennu: Annars vegar flatur niðurskurður á laun og önnur gjöld upp á tæpa tvo og hálfan milljarð króna og fækkun starfa hjá ríkinu um 600 störf. Hin aðgerðin er að láta sveitarfélögin greiða skatt í ríkissjóð að fjárhæð 700 millj. kr.

Flatur niðurskurður á laun og annan kostnað um 5% er ráð sem gripið er til vegna úrræðaleysis ríkisstjórnarinnar. Niðurskurðurinn kemur misjafnlega niður á stofnunum ríkisins, t.d. sleppa sumar stofnanir sem fá greiðslur frá ríkinu í formi tilfærslna. Þannig munu flestar stofnanir menntamála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyta lenda í niðurskurði. Þá munu stofnanir fatlaðra sem heyra undir félagsmálaráðuneytið einnig lenda innan þessa flata niðurskurðar. Þessi niðurskurður á launalið mun bitna verulega á þessum málaflokkum.

Heildarskerðing á greiðslum til grunnskóla landsins nemur rúmum 300 millj. kr. sem samsvarar því að fimmtándi hver barnakennari í landinu hætti störfum. Laun starfsfólks heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa lenda líka að fullu í þessari skerðingu. Á móti þeirri upphæð, sem flati niðurskurðurinn á að skila, fær ríkisstjórnin um milljarð í ráðstöfunarfé til þess að mæta óhjákvæmilegum útgjöldum. Ekkert er enn vitað með hvaða hætti verður staðið að úthlutun þessara fjármuna eða með hvaða hætti ríkisstjórnin ætlar að standa að endurskipulagningu stofnana til að ná þeim niðurskurði sem áætlaður er. Til viðbótar má svo nefna að framlög á fjárlögum til þeirra stofnana, sem í niðurskurðinum lenda, höfðu í mörgum tilvikum verið skorin niður frá því sem áður var. Þessu til áréttingar eru hér birtar tvær töflur sem sýna hvernig þessi flati niðurskurður kemur við einstök ráðuneyti (tafla 1) svo og tíu stærstu ríkisstofnanirnar (tafla 2).

Tafla 1 **Flöt lækkun rekstrargjalda fjárlagafrumvarps 1992.**

	Laun í rekstri	Önnur gj. og eignak.	Launa-skerðing	Rekstrar-skerðing	Skerðing alls	Endur-ráðstafað	Skerðing nettó
Æðsta stjórn ríkisins	566.700	359.300	37.969	4.671	42.640	16.591	26.049
Forsætisráðuneyti	147.500	105.900	9.883	1.377	11.259	4.381	6.878
Menntamálaráðuneyti	10.742.700	2.036.100	719.761	26.469	746.230	290.357	455.873
Utanríkisráðuneyti	501.500	456.100	33.601	5.929	39.530	15.381	24.149
Landbúnaðarráðuneyti	497.300	360.600	33.319	4.688	38.007	14.788	23.218
Sjávarútvegsráðuneyti	600.100	510.600	40.207	6.638	46.844	18.227	28.617
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3.496.600	1.542.100	234.272	20.047	254.320	98.955	155.364
Félagsmálaráðuneyti	1.249.500	426.100	83.717	5.539	89.256	34.729	54.527
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	12.481.300	6.502.500	836.247	84.533	920.780	358.274	562.506
Fjármálaráðuneyti	1.307.500	1.615.200	87.603	20.998	108.600	42.256	66.344
Samgönguráðuneyti	996.900	653.100	66.792	8.490	75.283	29.292	45.990
Iðnaðarráðuneyti	532.200	417.100	35.657	5.422	41.080	15.984	25.096
Viðskiptaráðuneyti	112.700	69.900	7.551	909	8.460	3.292	5.168
Hagstofa Íslands	90.000	93.300	6.030	1.213	7.243	2.818	4.425
Umhverfisráðuneyti	329.200	292.300	22.056	3.800	25.856	10.061	15.796
Samtals	**33.651.700**	**15.440.200**	**2.254.664**	**200.723**	**2.455.387**	**955.387**	**1.500.000**

Tafla 2

Áhrif flatrar lækkunar á nokkrar stærstu ríkisstofnanir.

A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L
			Laun	Önnur rekst. gj.	Launa-skerðing brúttó D*6,7%	Skerðing annarra rekst.gj. brúttó E*1,3%	Endur-ráðstafað 40% af F+G	Laun eftir skerð. nettó D-F*0,6	Önnur rekst.gj. eftir skerð. nettó E-G*0,6	Skerðing, brúttó F+G	Skerðing, nettó F+G-H
02	201	Háskóli Íslands	1.290.200	492.500	86.443	6.403	37.138	1.238.334	488.659	92.846	55.708
02	514	Iðnskólinn í Reykjavík	331.900	50.300	22.237	654	9.156	318.558	49.908	22.891	13.735
05	202	Hafrannsóknastofnun	298.100	284.100	19.973	3.693	9.466	286.116	281.884	23.666	14.200
06	311	Lögreglustjórinn í Rvk.	733.200	188.400	49.124	2.449	20.629	703.725	186.930	51.574	30.944
08	271	Tryggingast. rík., rekst.	273.900	252.500	18.351	3.283	8.654	262.889	250.531	21.634	12.980
08	358	Fjórðungssjkh. á Ak.	764.600	371.400	51.228	4.828	22.423	733.863	368.503	56.056	33.634
08	371	Ríkisspítalar	4.165.000	2.244.000	279.055	29.172	123.291	3.997.567	2.226.497	308.227	184.936
08	374	Borgarsp. Landakot	2.532.800	1.300.500	169.698	16.907	74.642	2.430.981	1.290.356	186.604	111.962
10	471	Flugmálastjórn	559.600	347.100	37.493	4.512	16.802	537.104	344.393	42.006	25.203
11	301	Orkustofnun	205.200	184.500	13.748	2.399	6.459	196.951	183.061	16.147	9.688

Þessar tölur miðast við frumvarp til fjárlaga 1992.

Sveitarfélögin.

Við 2. umr. fjárlaga lágu fyrir tillögur um að færa ákveðin verkefni í málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna. Þessu var harðlega mótmælt af fulltrúum stjórnarandstöðunnar. Það kom líka fljótlega í ljós að ekkert samráð hafði verið haft við fulltrúa sveitarfélaganna eða fulltrúa fatlaðra. Ríkisstjórnin varð því að draga þessa tillögu sína til baka.

En þar með var ekki öll sagan sögð. Ný tillaga birtist stuttu fyrir 3. umr. fjárlaga. Nú á að færa hluta af löggæslukostnaði yfir á sveitarfélögin. 700 millj. kr. átti að halda eftir af staðgreiðsluskilum útsvars. En nú í dag, 19. desember, klukkustund áður en 3. umr. átti að hefjast, breyttist sú útfærsla. Hér verður um að ræða sérstakt framlag í formi fastrar krónutölu (nefskattur) á hvern íbúa frá sveitarfélögum til ríkis án tengingar við útsvarstekjur. Þessi skattheimta á sveitarfélögin mun snerta þau afar illa, sérstaklega minni sveitarfélögin sem hafa fullnýtt tekjustofna sína. Það er líka ljóst að stærri sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, sem ekki hafa fullnýtt útsvarsstofn sinn, munu nú einhver gera það. Þar með eiga þau rétt á framlagi úr Jöfnunarsjóði sem aftur mun skerða framlag sjóðsins til minni sveitarfélaganna. Þess eru jafnvel dæmi að tekjur lítilla sveitarfélaga skerðist um 20–30%.

Atvinnumálastefna fjárlagafrumvarps.

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá dragast þjóðartekjur saman um 6,1% á árinu 1992. Ljóst er að framkvæmdir hefjast ekki við nýtt álver á næsta ári né heldur virkjunarframkvæmdir þeim tengdar.

Undirstöðuatvinnuvegirnir, sjávarútvegur og landbúnaður, standa frammi fyrir miklum vanda vegna samdráttar og þær vonir, sem voru bundnar við iðnaðaruppbyggingu í stóriðju á næsta ári, hafa brugðist. Þetta leiðir til þess að Þjóðhagsstofnun spáir nú 2,6% atvinnuleysi á næsta ári.

Það er skoðun minni hluta fjárlaganefndar að við þessar aðstæður þurfi fjárlög ríkisins að miða að því að halda atvinnulífinu gangandi og stuðla að fullri atvinnu. Slíka atvinnustefnu er ekki að finna í frumvarpinu að dómi minni hluta fjárlaganefndar og gildir það bæði um tekju- og gjaldahlið þess.

Sjávarútvegsmál.

Sjávarútvegsráðuneytið gaf út í septembermánuði sl. aflaheimildir næsta kvótaárs. Þar var um 17–20% niðurskurð á aflaheimildum bolfisks að ræða miðað við tímabilið 1. janúar til 31. desember 1990, þar af í þorski um 17%. Einnig er vandi annarra greina í sjávarútvegi mikill vegna aflabrests á loðnuveiðum, verðfalls á rækju og markaðsörðugleika og tregrar veiði á síld. Þrátt fyrir þessar staðreyndir felur fjárlagafrumvarpið og hliðarráðstafanir þess í sér íþyngjandi ráðstafanir fyrir þennan atvinnuveg sem gerir erfiðara að bregðast við þessum sveiflum. Stærstu atriðin verða hér rakin:

— Gert er ráð fyrir að aflaheimildir Hagræðingarsjóðs, sem nema 12.000 þorskígildum, verði fénýttar í þágu ríkissjóðs og gangi andvirðið til hafrannsókna eða 525 millj. kr. samkvæmt frumvarpinu. Hlutverk Hagræðingarsjóðs var tvenns konar: 1) að stuðla að hagræðingu í sjávarútvegi og 2) að aðstoða einstök byggðarlög sem missa frá sér aflaheimildir. Hér er einnig um að ræða skref til auðlindaskatts að mati minni hlutans. Minni hluti fjárlaganefndar undirstrikar mikilvægi hafrannsókna en telur þessa aðferð til að fjármagna þær stórhættulega við núverandi aðstæður.
— Gert er ráð fyrir að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Ríkismat sjávarafurða hækki gjaldskrá til þess að standa undir útgjöldum. Þetta þýðir 104,6 millj. kr. sértekjur fyrir Rannsóknastofnunina og 37,2 millj. kr. fyrir Ríkismat sjávarafurða eða samtals 141,8 millj. kr. sem leggst á sjávarútvegsfyrirtæki sem eru viðskiptavinir þessara stofnana.
— Ríkisframlag fellur niður til Veiðieftirlits ríkisins og sértekjur þeirrar stofnunar eiga að nema 80,7 millj. kr.

Nýjar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar, sem kynntar voru við 2. umr. fjárlaga, gera ráð fyrir nýjum álögum á sjávarútveginn. Þar er innifalin skerðing sjómannaafsláttar en ákvæði um hana er að finna í frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þar er um 180 millj. kr. álögur að ræða:

— Gert er ráð fyrir að innheimta 125 millj. kr. í Hafnasjóð með vörugjaldi sem leggst m.a. á fullunnar sjávarafurðir.
— Framlag til starfsmenntunar í sjávarútvegi er lækkað um 10 millj. kr.
— Þar að auki er framlag til Landhelgisgæslunnar lækkað um 50 millj. kr. sem dregur úr öryggi og leiðir til verri þjónustu við sjávarútveginn.

Þessi atriði samanlögð leiða til aukinna útgjalda fyrir sjávarútveginn sem nema um 1 milljarði króna.

Minni hluti fjárlaganefndar er andvígur þessum álögum og telur þær rýra starfsskilyrði sjávarútvegsins stórlega og draga úr möguleikum þessa undirstöðuatvinnuvegar til þess að varðveita lífskjörin og atvinnuöryggi.

Landbúnaðarmálin.

Landbúnaðarnefnd Alþingis fjallaði um þau ákvæði sem snertu landbúnaðinn í fjárlagafrumvarpinu og skilaði samhljóða áliti eftir mjög ítarlega umfjöllun. Minni hluti fjárlaganefndar tekur undir það álit. Landbúnaðurinn á við mikla erfiðleika að etja sem stafa af markaðsörðugleikum og gerð hefur verið áætlun með búvörusamningnum um stór-

felldan samdrátt í framleiðslu sem stofnar byggð í sveitum í hættu og hefur gífurleg áhrif á atvinnuástand í þéttbýli vegna þess að þjónusta við landbúnaðinn dregst saman á þéttbýlisstöðum.

Við þessar aðstæður telur minni hluti fjárlaganefndar það mikilvægt að skerða ekki þá sjóði sem stuðla að nýjum atvinnugreinum í sveitum. Fjárlagafrumvarpið gengur í öfuga átt. Framleiðnisjóður landbúnaðarins er skorinn stórlega niður, en hlutverk hans var einmitt að stuðla að hagræðingu í búskap og efla nýjar atvinnugreinar í sveitum landsins. Fjárframlag til sjóðsins er 340 millj. kr., en hefði samkvæmt lögum átt að nema 640 millj. kr. Ljóst er að sjóðurinn veldur hvergi nærri verkefnum sínum með þessum fjármunum.

Fjárframlög til Búnaðarfélags Íslands til launagreiðslna eru nú þannig upp sett að þau munu eftirleiðis ekki taka verðlagsbreytingum. Framlag til jarðræktar og búfjárræktar er dregið saman. Með þessu er leiðbeiningar- og þjónustustarfseminni í landbúnaðinum stefnt í hættu en hún er forsenda fyrir að halda honum á þróunarbraut.

Dregið er úr niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum sem leiðir til enn meiri erfiðleika í sölu afurða. Þá er ótalin sú aðgerð ríkisstjórnarinnar að fresta beinum greiðslum til bænda tvo síðustu mánuði ársins 1992 og velta þeim á undan sér yfir á árið 1993. Þarna er tekin ákvörðun um að borga einni stétt manna ekki laun tvo síðustu mánuði ársins. Framlag til sveitarafvæðingar 10 millj. kr. er þurrkað út.

Minni hluti fjárlaganefndar er andvígur þessum aðgerðum og telur þær hættulegar landbúnaðinum og vandséð að þær leiði til sparnaðar fyrir ríkissjóð þegar afleiðingar þeirra fara að koma í ljós.

Iðnaður og þjónusta.

Ein af forsendunum fyrir blómlegum iðnaði í landinu er gott menntakerfi og rannsóknir. Undir iðnaðarráðuneytið fellur fjárlagaliðurinn framlög til iðju og iðnaðar. Sá liður lækkar um 22% og falla þar undir ýmis verkefni eins og smáiðnaður í dreifbýli, stuðningur við skipasmíðaiðnað, iðnþróunarverkefni, iðnþróun og markaðsmál o.fl. Laun iðnráðgjafa greiðast nú ekki af þessum lið heldur falla undir Byggðastofnun í samræmi við nýja löggjöf um stofnunina. Með því að fjárframlög til Byggðastofnunar eru skorin niður er málefnum iðnráðgjafa stefnt í stórhættu.

Ekki bólar heldur á því að vilji sé til að efla rannsóknastarfsemi sem einnig er forsenda iðnþróunar.

Byggðamál.

Eitt af því sem hættulegast er við fjárlagafrumvarpið er að það stóreykur hættuna á byggðaröskun í landinu. Byggðastofnun á að taka á sig aukin verkefni, en jafnframt eru fjármunir skornir niður til hennar svo að hún verður allsendis ófær um að sinna þeim. Íþyngjandi ráðstafanir fyrir sjávarútveg og landbúnað koma hart niður á landsbyggðinni. Fjöldi einstakra aðgerða hefur slæm áhrif á byggðamálin og nægir að nefna stórfelldar álögur á sveitarfélögin, álagningu hafnagjalda og áform um að leggja niður Skipaútgerð ríkisins. Með þessum aðgerðum er samkeppnisstaða verslunar og þjónustu á landsbyggðinni skert stórlega og verðmunur aukinn með beinum opinberum aðgerðum. Benda má á að með nýjum vörugjöldum í höfnum verða aðföng til landsbyggðarinnar margsköttuð. Í kjölfar þess að Skipaútgerð ríkisins verður lögð niður eftir þrjá mánuði eins og frumvarpið gerir ráð fyrir er algjör óvissa í flutningamálum á landsbyggðinni og hætta á því að flutningataxtar hækki verulega.

Hinar nýju álögur á sveitarfélögin í landinu veikja stöðu þeirra mjög til þess að veita þá þjónustu sem lögboðin er og skapa atvinnulífinu það umhverfi sem nú er höfuðnauðsyn á.

Heildarframlög til vegagerðar eru skorin niður úr 6.080 millj. kr. sem gildandi vegáætlun gerði ráð fyrir í 5.565 millj. kr. Þetta mun hafa í för með sér um 20% niðurskurð nýframkvæmda.

Áformað er að fresta hluta Vestfjarðaganga um eitt ár. Þetta setur framhald verksins í hættu, enda hafa þingmenn Vestfjarða mótmælt þessari aðgerð. Auk þess verður Vegagerð ríkisins fyrir fjárútlátum vegna þess að þetta verk er samningsbundið miðað við ákveðið fjárstreymi til verktaka.

Mennta- og menningarmál.

Í frumvarpi til fjárlaga er boðuð afgerandi stefnubreyting í skólamálum með álagningu skólagjalda. Þótt boðað hafi verið að tillögur um skólagjöld á framhaldsskólastigi verði að mestu dregnar til baka er enn fyrirhugað að taka upp nemendaskatt á háskólastigi og í öldungadeildum framhaldsskólanna. Eiga háskólanemar nú að greiða allt að 17.000 kr. til viðbótar þeirri upphæð sem nemendur greiða nú til félagsstarfa sinna.

Þeir nefndarmenn, sem undir þetta rita, eru alfarið á móti því að skólagjöld séu innheimt í ríkisskólum og telja það brjóta í bága við þá grundvallarreglu um jafnrétti til náms sem ríkt hefur í íslensku skólakerfi. Þá bendum við á að slíkt kallar á aukin námslán. Verra er þó að framlög til Háskóla Íslands eru skert verulega sem getur haft í för með sér að takmarka verður inntöku nýrra nemenda í skólann.

Sama gildir um framlög til framhaldsskóla. Þau eru einnig skert þrátt fyrir mikla aukningu nemenda og ekki séð hvernig hægt er að mæta því nema með því að vísa nemendum frá. Ekkert er bætt úr brýnni þörf iðnmenntunar í landinu þrátt fyrir yfirlýsta stefnu um að verk- og listgreinar þurfi að efla sem forsendur fyrir þróun íslensks iðnaðar á mörgum sviðum. Þeir framhaldsskólar, sem hyggjast auka framboð verkmenntagreina, geta það ekki sökum fjárskorts. Og ekki bólar á framkvæmdafé til uppbyggingar dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar í landinu. Þá er ekki í frumvarpinu mótuð nein stefna í málefnum héraðsskólanna, heldur er það alfarið undir ráðherra komið hver framtíð þeirra verður.

Gert er ráð fyrir að fresta að framkvæma breytingar á grunnskólalögum sem samþykktar voru á sl. vetri. Það teljum við mjög óeðlilegt þar sem hér er ekki um verulega fjármuni að ræða í heildarpakka fjárlaga en hins vegar mundu þessar breytingar horfa mjög til bóta fyrir allt skólastarf í grunnskólum. Einnig er í frumvarpinu verið að skerða lögbundinn tekjustofn Ríkisútvarpsins og stofnuninni þar með gert ókleift að sinna lögboðnu hlutverki sínu svo vel sé. Sömu sögu er að segja um Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn, byggðasöfnin og flestar aðrar menningarstofnanir í landinu. Menningarminjar verða einnig illa úti og virðast lítils virtar.

Ástæða væri til að gera áhugaleikfélögunum sérstök skil því að í engri listgrein í landinu er jafnalmenn þátttaka og víða eru leikfélögin uppistaða menningar- og félagslífs í hinum dreifðu byggðum landsins. Þessa starfsemi hefur ríkisstjórnin kosið að verðlauna með ónógum fjárveitingum til Bandalags íslenskra leikfélaga.

Tónlist og myndlist eru hvorki forgangsviðfangsefni þessarar ríkisstjórnar né meiri hluta fjárlaganefndar. Fé til kynningar á íslenskri list erlendis er lítið og seinlegt verk að sannfæra stjórnvöld um að list og menning þjóðar geti verið arðbær í beinhörðum peningum ef rétt er á málum haldið.

Mikilvægur þáttur í kynningu á íslenskri menningu er ferðaþjónusta í landinu. Í fjárlagafrumvarpinu er hún skorin niður að því marki að erfitt er að sjá hvað um það verk verður sem þegar hefur verið unnið.

Framlag til rannsóknastofnana er skert verulega og þeim gert að afla sér aukinna sértekna sem alls óvíst er að takist. Það mun verða til að draga úr nauðsynlegri tilrauna- og þróunarstarfsemi.

Ofan á þetta allt kemur svo flöt skerðing sem er 6,7% á launagreiðslur og 1,3% á annan kostnað. Er það til viðbótar þeirri skerðingu sem fyrir var og engin útfærsla á hvernig á að ná henni fram.

Við teljum að sú mennta- og menningarstefna, sem núverandi ríkisstjórn boðar, sé okkur hættuleg. Þar er ekki verið að laga skólastarf í landinu að þeim breytingum sem eiga sér stað í nútímaþjóðfélagi. Við teljum vaxtarbrodd þjóðfélagsins liggja í menntun æskunnar og auknum rannsóknum.

Með lögum nr. 72/1982, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, var jafnrétti íslenskra ungmenna til náms tryggt. Frá upphafi var ljóst að verulegt fjármagn þyrfti að koma til frá ríkinu fyrstu árin, en síðan yrði sjóðurinn sjálfum sér nógur þegar endurgreiðslur tækju að skila sér. Á sl. áratug hefur ríkisframlag sveiflast frá 50% til 90% og þess vegna verið gripið til lántöku. Mikill vaxtamunur er á námslánum sem einungis eru verðtryggð og lánum sem bera vexti og hefur það skaðað sjóðinn verulega. Er nú talið að 66% af námsaðstoðinni á næsta ári þurfi að koma frá ríkinu og því vantar enn 600 millj. kr. í fjárlögum svo að ekki þurfi að koma til frekari lántöku.

Nauðsynlegt er að það komi fram að Lánasjóður íslenskra námsmanna getur staðið undir öllum núverandi skuldbindingum sínum. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu sjóðsins frá því í apríl 1991 segir svo:

„Ef sjóðnum hefði verið lokað í árslok 1990 gæti hann staðið við allar sínar skuldbindingar án þess að þurfa á frekari ríkisframlögum að halda. Þar að auki gæti sjóðurinn endurgreitt ríkissjóði á nafnvirði rúma 9 milljarða af eigin fé sínu sem var rúmlega 13 milljarðar króna um síðustu áramót. Ef þessir 9 milljarðar eru færðir til núvirðis miðað við 6% ávöxtunarakröfu verður útkoman 3 milljarðar króna."

Lánasjóður íslenska námsmanna er því enginn þurfalingur og ætti að verða sjálfum sér nógur eftir örfá ár.

Núgildandi lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna eru dæmi um lög sem friður hefur verið um að mestu. Endurgreiðslur nema nú um 60%, eru tekjutengdar og því greiða menn skuldir sínar við sjóðinn betur en almennt gerist og eru skil um 91% af gjaldföllnum skuldum. Sjóðurinn þarfnast aðstoðar í örfá ár í viðbót og ef hún fengist hefði verið byggt upp í landinu eitt besta námslánakerfi í heiminum.

Fyrir Alþingi hefur nú verið lagt nýtt frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Með því, ef að lögum verður, eru kjör íslenskra námsmanna skert verulega, enda kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að höfundar þess vona að úr eftirspurn eftir námslánum verði dregið. Stjórnarandstaðan er einhuga um að verja sem kostur er Lánasjóð íslenskra námsmanna og lítur á hann sem forsendur öflugs mennta- og menningarlífs í landinu, grundvallarskilyrði fyrir rannsóknastarfi á öllum sviðum í þágu lands og lýðs. En sú deila bíður umræðu um það frumvarp.

Á erfiðleikatímum á ekki að ala á svartsýni heldur horfa fram á við og efla baráttu og viljaþrek þjóðarinnar. Það verður best gert með góðri og fjölbreyttri menntun þegnanna, stuðningi við menningu og listir og auknum rannsóknum í þágu atvinnuveganna. Það teljum við vegvísi til framtíðar.

Heilbrigðismál.

Ríkisstjórnin og heilbrigðisráðherra hafa haft uppi nokkra tilburði við að draga úr útgjöldum ríkisins til heilbrigðis- og tryggingamála. Mest hefur það þó verið í því formi að láta einstaklingana, notendur þjónustunnar, greiða kostnaðinn með nýjum þjónustugjöldum. Í fjárlagafrumvarpinu er haldið áfram á sömu braut. Tekin er á ný upp gjaldtaka fyrir þjónustu á heilsugæslustöðvum og þar með horfið frá þeirri stefnu að heilsuvernd og frumheilsugæslan sé ókeypis en það var liður í þeirri stefnu fyrrverandi heilbrigðisráðherra að leggja aukna áherslu á forvarnir og fyrirbyggjandi starf í heilbrigðisþjónustunni. Minni hluti er andvígur þessari nýju gjaldtöku.

Ekkert bólar á tillögum eða hugmyndum um breytingar á skipulagi lyfjainnflutnings og dreifingar. Þó er gert ráð fyrir enn frekari sparnaði í lyfjaútgjöldum svo hundruðum milljóna króna skiptir. Sá „sparnaður" hlýtur því að eiga að nást með aukinni gjaldtöku af sjúklingum. Minni hluti leggur áherslu á nauðsyn þess að grípa hið fyrsta til annarra aðgerða til að ná fram sparnaði í lyfjaútgjöldum en þeirra að auka kostnaðarþátttöku notendanna. Þar verða að koma til róttækar skipulagsbreytingar hvort heldur þær eru byggðar á fyrirliggjandi eldri tillögum eða nýjum hugmyndum um breytt skipulag.

Áætlað er að lækka útgjöld lífeyristrygginga um 250 millj. kr. Engin skýring hefur fengist á því hvernig þessum sparnaði skuli náð. Í fyrri ríkisstjórn voru uppi hugmyndir um tekjutengingu grunnlífeyris en þær náðu ekki fram að ganga vegna andstöðu þingflokks Alþýðuflokksins. Ef það viðhorf er enn óbreytt er ekki hægt að álykta annað en gert sé ráð fyrir almennri lækkun á lífeyri öryrkja og aldraðra til að ná fram þessum áætlaða sparnaði.

Þó tekur fyrst steininn úr þegar kemur að hugmyndum og tillögum um sparnað í rekstri sjúkrahúsa. Á undanförnum árum hafa verið uppi hugmyndir um sparnað í rekstri sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og hafa þær byggst á aukinni hagræðingu með samstarfi eða sameiningu stóru sjúkrahúsanna þriggja í Reykjavík. Slíkar breytingar taka því miður langan tíma og þarf að undirbúa vel svo að þær nái tilætluðum árangri. Með breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, sem samþykkt voru á Alþingi 21. desember 1990, var stofnað svokallað samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík og er hlutverk þess m.a. að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu sjúkrahúsanna, flokkun þeirra og starfssvið, þróunar- og fjárfestingaráætlanir og stuðla að sem hagkvæmastri verkaskiptingu þeirra. Í stað þess að þróa málin áfram eftir þessum farvegi ákveður heilbrigðisráðherra að skynsamlegasta leiðin til að ná fram skjótum sparnaði — svo hundruðum milljóna króna skiptir — sé að sameina Borgarspítala og St. Jósefsspítalann að Landakoti í eina stofnun. Sett er á laggirnar nefnd sem hefur það hlutverk eitt að kanna hvort þetta sé hægt og hvort ná megi fram þeim sparnaði sem fjárlagafrumvarpið ráðgerir. Niðurstaða nefndarinnar, sem kemur fram á síðustu stundu, rétt fyrir afgreiðslu fjárlaga, er í stuttu máli þessi orðrétt úr inngangi nefndarálitsins:

„Nefndin telur mögulegt að sameina rekstur Borgarspítala og St. Jósefsspítala undir eina stjórn og telur líklegt að það leiði til sparnaðar ef til lengri tíma er litið og aukinnar skilvirkni í þjónustu. Það skipulag, sem hér er sett fram, er algjörlega háð því að tryggt verði fé til þeirra framkvæmda sem gerð er grein fyrir í skýrslunni."

Síðar segir í nefndarálitinu að nauðsynlegar framkvæmdir árið 1992 muni kosta um 400 millj. kr. og jafnframt orðrétt:

„Þar sem mestur hluti ársins 1992 mun fara í almennan undirbúning og í stofnframkvæmdir, sem eru forsenda fyrir tilfærslum verkefna yfirleitt, er vart hægt að gera ráð fyrir sparnaði í rekstri á árinu 1992."

Af þessu má ljóst vera að áætlaður sparnaður frumvarpsins á næsta ári með sameiningu Borgarspítala og St. Jósefsspítala að Landakoti næst alls ekki en kallar þess í stað á viðbótarfjárframlög.

Það er skoðun fjölmargra aðila innan heilbrigðiskerfisins að sameining Borgarspítala og St. Jósefsspítala að Landakoti muni aldrei geta leitt til sparnaðar, jafnvel ekki á lengri tíma, ef litið er á heilbrigðisþjónustuna í heild. Jafnframt er fullyrt að sameining af þessu tagi muni leiða til stóraukinna útgjalda og þar með kostnaðar og tjóns fyrir alla aðila er fram í sækir. Er þessi skoðun studd af áliti erlendra rekstrarráðgjafa, Moret Ernst & Young, sem unnu að hagræðingarstörfum fyrir Ríkisspítala fyrr á þessu ári. Í skýrslu þeirra, sem birtist í september sl., kemur m.a. fram það álit að sameina beri Ríkisspítala og Borgarspítalann. Það sé skynsamlegasta leiðin og áhrifaríkust til að ná fram hagræðingu og sparnaði í rekstri sjúkrahúsanna. Jafnframt kemur fram það álit að fyrirhuguð sameining Borgarspítala og St. Jósefsspítala að Landakoti sé óskynsamleg því þá verði tvöföldunin mest, kostnaður muni hækka og sóun verða í hámarki.

Minni hluti varar því við hugmyndum af þessu tagi og lýsir undrun sinni á vinnubrögðum heilbrigðismálaráðherra er hann nánast neyðir fulltrúa St. Jósefsspítala til að samþykkja áframhaldandi samningagerð af þessu tagi með því að skerða framlag til spítalans um nær 400 millj. kr. eins og nú er gerð tillaga um, úr 1.214,4 millj. kr. miðað við óbreyttan rekstur í 831,1 millj. kr. samkvæmt breytingartillögum meiri hluta. Þetta mun algjörlega lama starfsemi spítalans, en í tillögum Ernst & Young kemur einnig fram það álit að hin minni sjúkrahús eigi fullkomlega rétt á sér og geti verið hagkvæmur kostur til að sinna ýmsum sérverkefnum við hliðina á einu stóru meginsjúkrahúsi.

Minni hluti nefndarinnar leggur því til að samstarfsráði sjúkrahúsanna í Reykjavík, ásamt fulltrúum heilbrigðisráðuneytis, verði falið að taka skýrslu þessara erlendu rekstrarráðgjafa til ítarlegrar umfjöllunar og leita allra leiða til að ná fram hagræðingu og sparnaði í rekstri sjúkrahúsanna með hliðsjón af þeim tillögum sem þar eru settar fram.

Lokaorð.

Af framansögðu má ljóst vera að frumvarpið var óraunhæft í upphafi, svo sem stjórnarandstæðingar hafa haldið fram, og er það enn. Frumvarpið er illa unnið og ýmis stefnumál, sem sett eru fram í greinargerð með frumvarpinu um nýja útgjaldastefnu og takmörkuð ríkisumsvif, eru ekki á rökum reist.

Tillögur frá ríkisstjórn seinustu daga hafa nánast skapað ringulreið í þjóðfélaginu og breyst dag frá degi. Ógjörningur hefur verið að átta sig á til hvers þær leiddu. Þær hafi ekki fengist ræddar í fjárlaganefnd svo neinu nemur. Ósk minni hlutans um að fá nokkra aðila til viðtals við nefndina til að ræða þessar tillögur, þegar þær komu fram, var hafnað og mun það fátítt í nefndum þingsins að beita þannig meiri hluta valdi gegn óskum stjórnarandstæðinga um eðlilegt upplýsingastreymi, sjá fskj. IV. Röksemdir um tímaskort til að geta orðið við slíkri beiðni eru ekki marktækar í svo viðamiklu og mikilvægu máli sem frumvarp til fjárlaga er og meira um vert að vanda vinnubrögð og gefa sér þann tíma sem þarf til verksins.

Minni hluti nefndarinnar flytur ekki sameiginlegar breytingartillögur við frumvarpið en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 19. des. 1991.

Guðmundur Bjarnason, frsm. Guðrún Helgadóttir. Jón Kristjánsson.

Margrét Frímannsdóttir. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsing stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna áforma ríkisstjórnarinnar um að brjóta samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tekjustofna og verkaskipti og stórfelldar álögur á sveitarfélögin.

(Samþykkt á stjórnarfundi 11. des. 1991.)

Ríkisstjórnin hefur nú einhliða og án alls samráðs við sveitarfélögin og samtök þeirra lagt fram tillögur um breytingar á tveimur af veigamestu tekjustofnum sveitarfélaganna, útsvari og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Jafnframt felast í tillögunum stórfelldar nýjar álögur á sveitarfélögin. Samtals leiða þessar tillögur til a.m.k. eins milljarðs króna útgjaldaauka eða tekjuskerðingar fyrir sveitarfélögin.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mótmælir harðlega þessum áformum ríkisstjórnarinnar og telur þau alvarlegt brot á nýgerðu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tekjustofna og verkaskipti.

Í tillögunum er enn fremur gert ráð fyrir misnotkun á sameiginlegu innheimtukerfi ríkis og sveitarfélaga, „staðgreiðslukerfinu“, og ganga þær hugmyndir þvert á samkomulag fjármálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. apríl 1990 um það efni.

Samráðsfundur stjórnar sambandsins með ríkisstjórninni var haldinn 18. nóvember sl. Árleg fjármálaráðstefna sambandsins var síðan haldin 21. og 22. nóvember sl. Á þessa fundi komu sex ráðherrar ríkisstjórnarinnar og gerðu grein fyrir stefnu sinna ráðuneyta og ríkisstjórnarinnar í heild í málefnum sveitarfélaganna. Þar kom ekkert fram sem benti til þess að ríkisstjórnin hefði í hyggju þær stórfelldu breytingar á tekjustofnum og verkaskiptum og fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem tillögurnar gera ráð fyrir.

Ekkert samráð hefur verið haft við forsvarsmenn sveitarfélaganna né Samband íslenskra sveitarfélaga um þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fram þrátt fyrir skýr ákvæði samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga um samráð þessara aðila varðandi sameiginleg hagsmunamál og ákvæði í 116. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, þar sem segir: „Ríkisstjórnin skal hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila.“

Samningsbundið og lögformlegt samstarf er þannig rofið og það einskis virt af ríkisstjórninni.

Slík vinnubrögð leiða til alvarlegs trúnaðarbrests milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins. Nú liggja fyrir nýjar hugmyndir um sameiningu sveitarfélaga og endurskoðun á verkefnum, tekjum og öðrum samskiptum þeirra við ríkisvaldið sem góð samstaða gæti náðst um. Framgangur þess máls byggist á því að trúnaður ríki milli aðila og að því sé hægt að treysta að samningar og lög um samskipti þeirra séu virt.

Mörg sveitarfélag standa nú frammi fyrir miklum fjárhagsvanda. Gerðar eru kröfur á hendur þeirra hringinn í kringum landið um fjárhagslega þátttöku í atvinnulífinu. Einnig hefur ríkisvaldið að undanförnu aukið fjárhagslegar skyldur sveitarfélaganna með lögbindingu nýrra verkefna og hertum reglugerðarákvæðum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur ríkisstjórnina til að falla frá áformum sínum og að efnt verði til samráðs ríkis og sveitarfélaga á jafnréttisgrundvelli svo sem samningar og lög gera ráð fyrir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt framkvæmdastjórnar VSÍ 16. desember 1991:

Aðför að atvinnurekstri.

Framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands varar alvarlega við því ákvæði í frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem miðar að sérstakri skattlagningu arðgreiðslna af hlutafé. Samþykkt þess væri hörmuleg mistök sem fæli í sér grófa aðför að atvinnurekstri og þeim þúsundum einstaklinga sem á liðnum árum hafa fest fé í fyrirtækjum.

Í athugasemdum með frumvarpinu er látið að því liggja að hér sé á ferðinni samræming skattlagningar í hátt við það sem gerist í öðrum löndum. Vinnuveitendasamband Íslands er því mjög fylgjandi að skattlagning atvinnurekstrar hér á landi verði samræmd því sem algengast er í Evrópu, en er algerlega mótfallið þeirri samræmingu sem takmarkast við íþyngjandi atriði ein. Sérstaða íslenska skattkerfisins felst ekki í því að arðgreiðslur að ákveðnu hámarki séu undanþegnar skatti heldur því að fjármagnstekjur almennt eru undanþegnar frá skatti og að skatthlutföll eru hærri en víðast gerist. Það þekkist heldur ekki að arður af hlutafé sé skattlagður þyngra en vaxtatekjur.

Fjármagnskostnaður telst til rekstrargjalda í skattauppgjöri fyrirtækja. Greiddur arður hefur með sama hætti talist til kostnaðar, en hefur þó lengst af verið bundinn við tiltekið hámark, 10% af nafnvirði hlutafjár. Síðasta ríkisstjórn beitti sér fyrir hækkun þessara marka úr 10% í 15%. Það var gert til að hvetja almenning til að leggja áhættufé í atvinnurekstur og auka þann veg eigið fé fyrirtækjanna. Þetta var einnig liður í því að draga úr skattalegri mismunun sparnaðarforma, en vaxtaberandi sparnaður hefur notið mikillar skattalegrar ívilnunar umfram hlutafé á liðnum árum. Þessar breytingar miðuðu þannig að því að styrkja hlutabréfamarkaðinn og efla trú fólks á því að fjárfesting í atvinnulífinu væri raunhæfur kostur. Til þess þyrftu fyrirtækin að geta greitt arð sem stæðist samanburð við aðra ávöxtun peninga og því var hámark frádráttarins hækkað. Fyrirtækin þyrftu þá ekki að gjalda þess í hærri sköttum ef þau væru fjármögnuð með hlutafé en ekki lánsfé.

Nú bregur svo við að ný ríkisstjórn leggur til að þessi takmarkaða heimild til að telja arðgreiðslur af hlutafé til rekstrargjalda verði felld niður með öllu. Með þeim hætti væri hlutafé enn sett skör lægra en lánsfé því að arðgreiðslur skattlegðust því í raun með skatthlutfalli fyrirtækja, 45%, meðan vextir af lánsfé eru með öllu skattfrjálsir. Lánsfé verður þannig ódýrari kostur en hlutafé og áhugi fyrirtækja á þessari fjármögnunarleið hlýtur að dofna verulega.

Arður af hlutafé er í reynd vextir sem þeim greiðast sem lagt hafa fé í hlutafélög, en þó því aðeins að reksturinn gangi vel. Ella gerðist ekkert því að hlutaféð er áhættufé sem engin veð tryggja andstætt því sem gildir um lánsfé í flestum tilvikum. Arðurinn er skattfrjáls að vissu marki en þó greiðist skattur af öllum arðgreiðslum umfram 115 þús. kr. hjá einstaklingi og eins af þeim arði sem umfram er 15% af nafnverði hlutafjár. Engin slík takmörk eru fyrir skattfrelsi vaxtatekna.

Í skýringum frumvarpsins kemur fram að af heildararðgreiðslum íslenskra fyrirtækja á síðasta ári hafi liðlega 44% verið skattlagðar hjá eigendum hlutafjár með tekjuskattshlutfallinu sem er tæp 40%. Þetta svarar til þess að tekjuskattsgreiðslur af arði hafi verið nær 17,5% á síðasta ári að meðaltali. Þar við bætast eignarskattar sem geta orðið allt að 2,2% af nafnverði hlutafjár. Eignarskattar hér á landi sem hlutfall af landsframleiðslu eru raunar með því alhæsta sem gerist enda hefur það um langt skeið verið viðurkennd nálgun að skattlagningu eignatekna. Sé miðað við þá arðgreiðslu sem algengust hefur verið, 10% af nafnverði hlutafjár, getur eignarskatturinn svarað til allt að 22% arðsins. Skatturinn getur þannig orðið yfir 60% þegar saman fara hæstu eignarskattar og tekjuskattur af arðinum. Ef arðgreiðslan er minni verður skatthlutfallið hærra því að eignarskatturinn greiðist án tillits til arðs. Sé arðurinn t.d. 5% getur skatturinn þannig orðið yfir 80%.

Á undanförnum mánuðum hefur veruleg tregða ríkt í viðskiptum með hlutabréf og verð farið lækkandi. Þar ber margt til, en mestu veldur mikil hækkun vaxta samfara versnandi horfum í atvinnulífinu. Fjárfestar horfa til þess að eignarskattsfrjáls skuldabréf ríkissjóðs, húsbréf o.fl. bera milli 8 og 9% raunvexti með ótakmörkuðu skattfrelsi og öruggum endurgreiðslum. Hlutabréf hafa átt undir högg að sækja í þessari samkeppni og augljóst er að nái tillögur fjármálaráðherra fram að ganga er mjög höggvið á möguleika fyrirtækja til að greiða hluthöfum arð.

Að öllu samanlögðu telur framkvæmdastjórnin umrædda tillögu hættulega aðför að tilraun undangenginna ára til að þróa hér eiginfjármögnun hlutafélaga á almennum markaði og undarlegt framlag til hugmynda ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu opinbers rekstrar í hlutafélagsformi. Raunar má fullyrða að samþykkt tillögunnar geti upprætt þessa möguleika ef allt fer á versta veg.

Vinnuveitendasamband Íslands telur brýnt að samræma skattareglur atvinnurekstrarins því sem annars staðar gerist. Skattlagning eigna- og fjármagnstekna hlýtur einnig að koma til endurskoðunar og að öllu þessu er Vinnuveitendasambandið reiðubúið að vinna. Þetta verk má þó ekki hefja með einstökum fljótræðislegum breytingum sem skaða atvinnulíf og koma illilega í bak þeirra þúsunda sem tekið hafa hvatningu stjórnvalda og keypt hlutabréf á liðnum árum. Kaupum á hlutabréfum fylgir vissulega áhætta um verðþróun hlutabréfa og viðgang fyrirtækjanna og það má kaupendum hlutabréfa vera ljóst. Kaupendur gátu hins vegar með engu móti búist við því að mögulegar arðgreiðslur yrðu skertar um allt að 45% vegna skyndilegrar hugdettu um nauðsyn þess að ráðast sérstaklega á þetta form sparnaðar.

Vinnuveitendasambandið varar því alvarlega við samþykkt þessarar tillögu og lítur á hana sem ógrundaða atlögu að atvinnurekstri, mistök sem ekki megi eiga sér stað.

Fylgiskjal III.

Umsögn Verslunarráðs Íslands.

(12. desember 1991.)

Framkvæmdastjórn Verslunarráðs Íslands fjallaði á fundi sínum í morgun um fram komið lagafrumvarp um framlengingu á jöfnunargjaldi um sex mánuði til 30. júní 1992.

Gjald þetta er í ósamræmi við þá fríverslunarsamninga sem Ísland hefur gert við EFTA og EB. Jöfnunargjald, sem leggst á innfluttar vörur, var hugsað til þess að vega upp á móti uppsöfnunaráhrifum söluskatts. Nú þegar virðisaukaskattur hefur þegar verið við lýði í nálægt tvö ár eru lagalegar forsendur fyrir gjaldinu löngu brostnar.

Verslunarráð Íslands sér ekki að greiðendur jöfnunargjalds eigi önnur úrræði verði gjaldið enn framlengt en að leita réttar síns fyrir dómstólum og láta reyna á það hvaða réttarstöðu fríverslunarsamningarnir veita. Verslunarráð Íslands mun veita félögum sínum aðstoð í þessu skyni.

Fylgiskjal IV.

Bréf fulltrúa stjórnarandstöðunnar til fjárlaganefndar.

(9. desember 1991.)

Vegna nýframkominna tillagna frá ríkisstjórninni um verulegar breytingar á tekju- og gjaldahlið frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1992 telja fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd nauðsynlegt að fulltrúar frá eftirtöldum aðilum komi til viðtals við nefndina fyrir 2. umr. um frumvarpið:

— Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
— Hafnasambandi sveitarfélaga,
— Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja,
— Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna,
— Stéttarsambandi bænda,
— Öryrkjabandalagi Íslands,
— Landssambandi íslenskra útvegsmanna,
— Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands,
— Sjómannasambandi Íslands,
— Landhelgisgæslunni,
— Vegagerð ríkisins.

Jafnframt telja fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd nauðsynlegt að fulltrúar tekjudeildar fjármálaráðuneytisins geri nánari grein fyrir útfærslu á breytingum á barnabótum, sértekjum Hafnamálastofnunar og áhrifum lækkaðra niðurgreiðslna og jöfnunargjalds á innflutt sælgæti á samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar og vísitölu framfærslukostnaðar.

Þá er óskað álits menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis á áhrifum niðurskurðar launa og rekstrarkostnaðar á þjónustu í viðkomandi málaflokkum.

Fylgiskjal V.

Bréf formanns Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
(19. desember 1991.)

Alþingi stendur frammi fyrir afdrifaríkum ákvörðunum þessa síðustu daga fyrir jól. Sú ríkisstjórn, sem nú situr, stefnir að því að minnka umsvif ríkisins á fjölmörgum sviðum og eru niðurskurðaráform hennar nú sem óðast að koma til kasta þingsins. Það er sjálfsagt og eðlilegt að fyllsta aðhalds sé jafnan gætt, en þá að því tilskildu að slíkar tiltektir komi réttlátlega niður á þjóðfélagsþegnana.

Hefur þú sett það niður fyrir þér, ágæti þingmaður, hversu mjög niðurskurður ríkisstjórnarinnar kemur við fjárhag venjulegs launafólks í landinu? Álögur á sjúklinga hafa verið auknar, barnabætur á að skerða þannig að meðaltekjufjölskylda með þrjú börn missir um 4.000 kr. á mánuði, skólagjöldum er komið á, námslán á að skerða og nú síðast berast fréttir um að persónuafsláttur hækki ekki 1. janúar þrátt fyrir loforð um hið gagnstæða, en með þessu eru skattleysismörk í raun lækkuð um áramótin.

BSRB snýr sér til þín, þingmaður góður, í trausti þess að þú hugleiðir þá röskun á kjörum almennings sem þessar aðgerðir hafa í för með sér. Ótal sparnaðaraðgerðir eru nærtækari en þær að seilast alltaf og ævinlega í vasa þess fólks sem gerir ekki meira en að komast af á launum sínum, svo sem hátekjuskattur, fleiri skattþrep og fjármagnsskattur.

Talsmönnum ríkisstjórnarinnar hefur orðið tíðrætt um að allir þurfi að axla sameiginlegar byrðar þjóðarinnar. Þær ráðstafanir, sem kynntar hafa verið, eru ekki í þessum anda. Þær byggja á mismunun í þágu hinna efnameiri í þjóðfélaginu.

324. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-233 Rannsóknasjóður.	
Fyrir „110.000“ kemur	130.000
2. Við 4. gr. 02-720 Grunnskólar, almennt.	
a. Við 134 Þróunarstarf í leikskólum.	
Fyrir „1.600“ kemur	5.600
b. Við 185 Námsráðgjöf.	
Fyrir „6.600“ kemur	12.000
3. Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands. 690 Húseign við Suðurgötu, endurbætur.	
Fyrir „10.000“ kemur	50.000
4. Við 4. gr. 02-919 Söfn, ýmis framlög. 131 Kvennasögusafn.	
Fyrir „1.000“ kemur	1.500
5. Við 4. gr. 02-976 Menningarsjóður.	
Fyrir „6.000“ kemur	12.000

Þús. kr.

6. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.
   a. Við 175 Lista- og menningarmál, ýmis.
      Fyrir „9.000“ kemur 20.000
   b. Við 179 M-hátíð.
      Fyrir „1.100“ kemur 2.100
7. Við 4. gr. 02-983 Ýmis fræðistörf. 130 Hið íslenska fornleifafélag.
   Fyrir „400“ kemur 1.400
8. Við 4. gr. 02-999 164 Þjóðræknisfélag Íslendinga.
   Fyrir „1.500“ kemur 3.000

325. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Svavari Gestssyni, Guðrúnu Helgadóttur og Hjörleifi Guttormssyni.

Þús. kr.

Við 4. gr. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.
Fyrir „2.220.000“ kemur 2.500.000

326. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Svavari Gestssyni, Ragnari Arnalds og Jóhanni Ársælssyni.

Þús. kr.

Við 4. gr. 02-884 101 Jöfnun á námskostnaði.
Fyrir „83.600“ kemur 100.000

327. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Svavari Gestssyni, Ragnari Arnalds og Guðrúnu Helgadóttur.

Þús. kr.

1. Við 4. gr. 02-919 Söfn, ýmis framlög. 112 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.
   Fyrir „4.500“ kemur 7.500
2. Við 4. gr. 02-973 101 Þjóðleikhús.
   Fyrir „254.500“ kemur 277.500
3. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög. 128 Kynning á íslenskri list erlendis.
   Fyrir „9.000“ kemur 20.000

328. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Svavari Gestssyni og Kristni H. Gunnarssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-989 140 Ýmis framlög til íþróttamála.	
Fyrir „4.000“ kemur	14.000

329. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Svavari Gestssyni, Ragnari Arnalds, Kristni H. Gunnarssyni, Jóhanni Ársælssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.	
a. Við 122 Starfsemi áhugaleikhópa.	
Fyrir „14.000“ kemur	18.000
b. Við 123 Bandalag íslenskra leikfélaga.	
Fyrir „2.500“ kemur	5.000

330. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 14-190 Ýmis verkefni.	
a. Við bætist nýr liður:	
130 Til undirbúnings byggingar Náttúruhúss	500
b. Við 690 Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir.	
Fyrir „15.000“ kemur	14.500

331. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01-171 Byggðastofnun. Nýr liður:	
602 Atvinnuráðgjöf	15.000

	Þús. kr.
2. Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands. Nýr liður:	
102 Minjaverðir	4.700
3. Við 4. gr. 14-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:	
117 Gróðurkortagerð	2.000
4. Við 4. gr. 14-201 Náttúruverndarráð. Nýir liðir:	
a. 111 Merking friðlýstra svæða	2.000
b. 150 Framkvæmdir við Geysi í Haukadal	2.000
c. 160 Verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða	1.000

332. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Ólafi Ragnari Grímssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.	
Fyrir „111.500“ kemur	150.000

333. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Ragnari Arnalds.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 04-291 Framleiðnisjóður landbúnaðarins.	
Fyrir „340.000“ kemur	680.000

334. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Jóhanni Ársælssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 05-290 Veiðieftirlit. 4 Sértekjur.	
Fyrir „80.700“ kemur	40.350

335. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 10-331 Vita- og hafnamálaskrifstofan. Nýr liður:	
102 Rannsóknir og undirbúningur að styrkingu Kolbeinseyjar	3.500
2. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð. Nýr liður:	
102 Til umhverfismála	20.000

336. Lög [186. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 205.

337. Lög [189. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 280.

338. Lög [172. mál]

um breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130/1989.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 290.

339. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Frá Páli Péturssyni, Valgerði Sverrisdóttur og Stefáni Guðmundssyni.

25. gr. falli brott.

340. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 og brtt. á þskj. 294 og 295.

Frá Páli Péturssyni og Valgerði Sverrisdóttur.

	Þús. kr.
1. Við brtt. á þskj. 295, 1. lið (412 Tekjuskattur einstaklinga, nettó).	
Fyrir „14.750.000“ kemur	14.050.000
2. Við brtt. á þskj. 295, 1. lið (4212 Jöfnunargjald).	
Fyrir „360.000“ kemur	720.000
3. Við brtt. á þskj. 295, 1. lið (4250 Virðisaukaskattur).	
Fyrir „40.450.000“ kemur	40.950.000
4. Við 4. gr. 01-171 601 Byggðastofnun.	
Fyrir „200.000“ kemur	250.000
5. Við brtt. á þskj. 294 (5. gr. 22-970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður). Nýr liður:	
4910 Framlög úr ríkissjóði	200.000
6. Við brtt. á þskj. 294 (5. gr. 29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, 43–46, 7 Seldar vörur og þjónusta).	
Fyrir „10.197.000“ kemur	10.597.000
7. Við brtt. á þskj. 294 (5. gr. 30-321 Skipaútgerð ríkisins). Nýr liður:	
4910 Framlög úr ríkissjóði	50.000

Greinargerð.

Með breytingartillögu þessari er lagt til að tekjur ríkissjóðs á árinu 1992 hækki um 1.260 millj. kr. og gjöld um 1.000 millj. kr.

Í 1. tölul. er lagt til að tekjuskattur einstaklinga lækki um 700 millj. kr. og sveitarfélög greiði ekki hluta kostnaðar við löggæslu eins og gert er ráð fyrir í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar.

Í 2. tölul. er lagt til að jöfnunargjald verði lagt á allt árið 1992 og skili því 720 millj. kr. tekjum í ríkissjóð í stað 360 millj. kr. samkvæmt breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar.

Í 3. tölul. er gert ráð fyrir að hert og bætt innheimta virðisaukaskatts skili ríkissjóði 500 millj. kr. meiri tekjum en breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar gera ráð fyrir.

5. tölul. er í samræmi við breytingartillögu við 25. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Nái hún fram að ganga skulu tekjur af aðflutningsgjöldum af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna til Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins á árinu 1992 í samræmi við 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985. Áætlað er að þessar tekjur nemi 200 millj. kr. á árinu 1992.

Samkvæmt 6. tölul. er gerð tillaga um að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hækki útsöluverð áfengis og tóbaks og skili þannig 400 millj. kr. meiri tekjum í ríkissjóð en samkvæmt breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar.

Í 7. tölul. er lagt til að ríkissjóður leggi fram 50 millj. kr. til Skipaútgerðar ríkisins til

að mæta hluta af rekstrarfjárþörf fyrirtækisins og greiða fyrir skipulagsbreytingum í rekstri þess.

341. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni og Guðna Ágústssyni.

1. Við 4. gr. Liðurinn 04-201 orðist svo:

04-201 Búnaðarfélag Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:			91.500
101	Yfirstjórn	29.000	
120	Ráðunautar	45.000	
130	Sérfræðiaðstoð við landbúnaðinn	17.500	
	Gjöld samtals		91.500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60.000	
52-58	Önnur gjöld	31.500	
	Gjöld samtals	91.500	
	Sértekjur	8.000	
	Mismunur		**83.500**

2. Við 4. gr. Liðurinn 04-288 orðist svo:

04-288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			71.100
1 01	Búfjárrækt	26.100	
1 10	Ráðunautar	45.000	
Stofnkostnaður:			149.000
6 20	Jarðræktarframlög	105.000	
6 20	Búfjárræktarframlög	44.000	
	Gjöld samtals		216.400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71.100	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	149.000	
5	Gjöld samtals		**216.400**

342. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 302 [Fjárlög 1992].

Frá Guðmundi Bjarnasyni.

Við 56. lið, 6.23. Heimildarliðurinn orðist svo:

6.23 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg og Sjálfeignarstofnun St. Jósefsspítala um nánara samstarf og/eða sameiningu Ríkisspítala, Borgarspítalans og St. Jósefsspítala, Landakoti. Samningsgerðin verði í höndum heilbrigðisráðherra og samstarfsráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík, auk fjármálaráðherra. Samningurinn er háður samþykki fjárlaganefndar.

343. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Við 6. gr. Nýr liður:

5.19 Að kaupa húsnæði fyrir tollgæslu á Seyðisfirði og taka til þess nauðsynleg lán.

344. Frumvarp til laga [221. mál]

um dýravernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til allra hryggdýra, en þó einkum til þeirra sem eru í vörslu eða umsjón manna.

Um meðferð og aðbúnað einstakra búfjártegunda skal að auki fara að fyrirmælum laga og reglugerða þar að lútandi.

II. KAFLI

Meðferð dýra, vistarverur og umhirða.

2. gr.

Skylt er að fara vel með dýr og forða þeim frá vanlíðan.

3. gr.

Eigendum eða umráðamönnum dýra ber að sjá þeim fyrir fullnægjandi vistarverum, nægilegu fóðri, vatni og umhirðu.

Vistarverur dýra skulu vera hreinar og hæfilega rúmgóðar. Tryggt skal að dýr hafi hæfilegt frelsi til hreyfinga með hliðsjón af eðlilegum þörfum þeirra samkvæmt viðurkenndri reynslu og þekkingu. Frelsi þeirra til hreyfinga má ekki skerða á þann hátt að það valdi þeim þjáningu eða meiðslum.

Haga skal lýsingu, upphitun, loftræstingu, rakastigi og öðrum atriðum í vistarverum dýra í samræmi við þarfir þeirra dýra sem þar eru. Forðast ber óþarfa hávaða.

Haga skal fóðrun og brynningu dýra með þeim hætti að ekki sé hætta á að þau þjáist eða bíði heilsutjón af.

4. gr.

Eigendur eða umráðamenn dýra skulu fylgjast með heilsu þeirra og ástandi svo að komast megi hjá ónauðsynlegri vanlíðan dýranna.

Sérstakt eftirlit skal haft með dýrum sem haldin eru á stórvirkum tæknibúum. Áður en slík bú eru tekin í notkun og að minnsta kosti árlega eftir það skal héraðsdýralæknir eða fulltrúi yfirdýralæknis skoða vistarverur og tæknibúnað sem ætlað er dýrum og fullvissa sig um að hvort tveggja sé í samræmi við lög og reglugerðir.

5. gr.

Að vetri til þegar búfé er látið ganga úti, er haldið til beitar eða látið liggja við opið er skylt að hafa á staðnum vistarverur við hæfi eða annað öruggt og hentugt skjól í öllum veðrum. Einnig skal vera þar nægilegt fóður og vatn og litið skal eftir búfénu daglega.

6. gr.

Umhverfisráðherra í samráði við landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um vistarverur og aðbúnað dýra. Þar skal m.a. setja skilyrði fyrir eða bann við lokun dýra í búrum, þröngum stíum og tjóðrun þeirra til langframa.

Settar skulu reglur um aðbúnað dýra á stórvirkum tæknibúum, eftirlit með þeim, tæknibúnað og öryggisatriði.

7. gr.

Óheimilt er að hrekkja eða meiða dýr. Þeim skal sýna vægð og nærgætni í brúkun og forðast skal að ofbjóða kröftum þeirra. Einungis má nota í keppni dýr sem eru heilbrigð og vel þjálfuð.

8. gr.

Mörkun dýra skal gerð á þeim sem yngstum og á þann hátt að valdi sem minnstum sársauka. Fullvaxin dýr skulu deyfð eða svæfð við mörkun þegar aðgerðin getur valdið sársauka.

9. gr.

Ökumenn skulu sýna dýrum á vegum fyllstu tillitssemi. Verði dýr fyrir ökutæki ber stjórnanda þess skylda að stöðva ökutækið strax og ganga úr skugga um hversu alvarlegt slysið er.

10. gr.

Verði maður var við að dýr sé sjúkt, lemstrað eða bjargarvana að öðru leyti er hon-

um skylt að veita því umönnun eftir föngum og gera eiganda eða umráðamanni, löggæslumanni eða dýralækni viðvart án tafar. Náist ekki til þessara aðila og sjúkdómur dýrs eða lemstur eru tvímælalaust banvæn og dýrið er mjög kvalið er viðkomandi skylt að deyða dýrið eða láta deyða það. Þeim sem deyðir dýr með þessum hætti er skylt að skýra eiganda, umráðamanni eða löggæslumanni frá því svo fljótt sem kostur er.

11. gr.

Ef dýr villast frá heimilum sínum, úr girðingum eða heimahögum skulu eigendur eða umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Löggæslan getur tekið slík dýr í vörslu sína. Skal hún þá geyma dýrið í a.m.k. 10 daga og auglýsa það. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða áfallinn kostnað annars skal dýrinu ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, selt fyrir áföllnum kostnaði eða aflífað.

Þegar búfé á í hlut skal fara að lögum um búfjárhald og reglum laga um afréttarmál og fjallskil.

12. gr.

Við flutning á dýrum skal þess gætt að útbúnaður farartækis sé góður og við hæfi hverju sinni og að gott eftirlit sé með dýrunum meðan á flutningi stendur.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum.

III. KAFLI
Sérstakt dýrahald í atvinnuskyni, annað en í landbúnaði.

13. gr.

Sérstakt leyfi þarf til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni og ekki fellur undir búfjárhald. Einnig þarf sérstakt leyfi til að setja á stofn dýragarða, dýrasýningar eða dýrahappdrætti. Sérstakt leyfi þarf einnig til veiða villtra dýra fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra.

Leyfi skv. 1. mgr. veitir viðkomandi lögreglustjóri. Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar skv. 1. mgr. og getur bundið leyfi þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að tryggja hæfilega meðferð dýranna, svo sem um aðbúnað þeirra, umhirðu, vistarverur og eftirlit með starfseminni. Undanþegnar eru sýningar samkvæmt búfjárræktarlögum.

Óheimilt er að temja dýr til sýnis almenningi eða taka af þeim kvikmyndir ef það veldur þeim sársauka eða ótta.

IV. KAFLI
Aðgerðir á dýrum og aflífun.

14. gr.

Dýrlæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó lyfjagjafir í samráði við dýralækni.

Þegar aðgerð á dýrum er sársaukafull skal ávallt nota deyfilyf eða svæfingu.

Dýralæknum einum er heimilt að gelda dýr með þeim undantekningum sem settar verða í reglugerð.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um aðgerðir á dýrum sem eru framkvæmdar án læknisfræðilegra ástæðna.

15. gr.

Sláturdýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og án þess að önnur dýr verði þess vör. Dýr skulu ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram. Umhverfisráðherra getur sett nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að aflífun dýra við slátrun.

V. KAFLI
Dýraveiðar.

16. gr.

Ávallt skal staðið að veiðum þannig að það valdi dýrunum sem minnstum sársauka. Skylt er veiðimönnum að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa dýr sem þeir hafa veitt áverka.

Um veiðar einstakra dýrategunda skal fara að fyrirmælum gildandi laga um vernd, friðun og veiðar dýra.

VI. KAFLI
Tilraunir á dýrum.

17. gr.

Óheimilt er að nota lifandi dýr við tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun lyfja og sjúkdómsgreiningu. Ef nauðsynlegt er talið að nota þurfi lifandi dýr við slíkt og ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sama árangri getur umhverfisráðherra veitt sérstaka undanþágu frá þessu ákvæði. Gæta skal þess við tilraunir á dýrum að þær baki þeim ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum.

VII. KAFLI
Skipan dýraverndarmála.

18. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða dýravernd.

Ráðherra til aðstoðar er dýraverndarráð sem umhverfisráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í ráðinu eiga sæti fimm menn. Einn er tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, einn af Dýralæknafélagi Íslands og einn af Sambandi dýraverndarfélaga Íslands. Umhverfisráðherra skipar einn mann í ráðið án tilnefningar og er hann jafnframt formaður. Í öllum tilfellum skal skipa annan mann til vara samkvæmt tilnefningu framangreindra félaga og sambanda.

Tillagna eða umsagna dýraverndarráðs skal ætíð leita við setningu reglugerða, leyfisveitinga og annarra stjórnvaldsfyrirmæla um dýravernd. Ráðinu ber að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu. Dýraverndarráð skal láta dýraverndarnefndum, héraðsdýralæknum, löggæslumönnum, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni er varða dýravernd. Ráðið skal auk þess beita sér fyrir því að auka þekkingu og skilning manna á dýravernd.

Kostnaður vegna starfsemi dýraverndarráðs greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Í hverju umdæmi héraðsdómstóls, sbr. lög nr. 92/1988, skal skipa sérstaka dýraverndarnefnd. Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um skipan nefnda þessara og val manna í þær. Hann setur nefndum starfsreglur.

Dýraverndarnefndir skulu vera almenningi til ráðuneytis í dýraverndarmálum og vera löggæslumönnum til aðstoðar við eftirlit með lögunum. Kostnaður við störf dýraverndarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

VIII. KAFLI
Eftirlit með framkvæmd laganna og viðurlög.

20. gr.

Leiki grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum ber þeim sem þess verða varir að tilkynna það til lögreglu í viðkomandi umdæmi, héraðsdýralækni, dýraverndarnefndar eða dýraverndarráðs.

Við eftirlit með lögum þessum er fulltrúa dýraverndarnefndar ásamt héraðsdýralækni eða löggæslumanni heimilt að fara á hvern þann stað innan umdæmis þar sem dýr eru höfð og kanna aðstæður þeirra og aðbúnað. Eigi er þó heimilt að fara inn í íbúðarhúsnæði án samþykkis umráðamanns nema að fengnum dómsúrskurði.

Telji dýraverndarnefnd, héraðsdýralæknir eða löggæsla að um minni háttar brot sé að ræða skulu þeir leggja fyrir eiganda eða umsjónarmann dýranna að bæta úr innan tiltekins tíma. Láti eigandi ekki skipast við tilmælum skal lögreglustjóri leggja á dagsektir, fyrirskipa úrbætur á kostnað viðkomandi eða beita þeim úrræðum sem mælt er fyrir í 4. mgr.

Telji dýraverndarnefnd, héraðsdýralæknir eða löggæsla að um sé að ræða alvarlegt brot á dýraverndarlögunum eða reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim geta þessir aðilar tekið dýr fyrirvaralaust úr vörslu eiganda eða umsjónarmans. Ber dýraverndarnefnd, héraðsdýralækni eða löggæslu að tilkynna slíkar aðgerðir til lögreglustjóra þegar í stað. Lögreglustjóri skal í framhaldi af því, að fenginni tillögu dýraverndarnefndar og umsögn héraðsdýralæknis, ákveða hvort dýrin skuli vera áfram í vörslu löggæslu þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið. Á meðan dýrin eru í vörslu löggæslu er viðkomandi sveitarstjórn skylt að útvega geymslustað, fóður og umhirðu fyrir dýrin á kostnað eiganda eða umsjónarmanns. Sé þess ekki kostur skal lögreglustjóri láta bjóða þau upp og selja til lífs eða slátrunar eða láta aflífa þau að öðrum kosti. Vilji eigandi eða umsjónarmaður dýra, sem hald er lagt á, ekki hlíta þeirri ákvörðun skal honum bent á að hann geti borið ágreiningsefnið undir dómara. Slík krafa frestar þó ekki að hald verði lagt á dýrið. Telji lögreglustjóri það nauðsynlegt, til að stöðva eða fyrirbyggja illa meðferð á dýrum, getur hann fyrirvaralaust svipt, til bráðabirgða, eiganda eða umsjónarmann heimild til að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 24. gr., enda hafi dýraverndarnefnd og/eða héraðsdýralæknir gert tillögur um það. Gildir þessi bráðabirgðaleyfissvipting þótt eigandi eða umsjónarmaður flytji dýrin í annað lögsagnarumdæmi.

Endurgreiðslur vegna útgjalda skv. 20. gr. eru lögtakskræfar.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum eða varðhaldi. Ef brot er stórfellt eða ítrekað getur það varðað fangelsi allt að tveimur árum.

Hlutdeild í brotum og tilraun til brota á lögum þessum er refsiverð.

22. gr.

Hafi maður gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim er unnt að svipta hann með dómi heimild til að hafa dýr í umsjá sinni, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting getur lotið að dýrum almennt eða einstökum tegundum og staðið tiltekið tímabil eða ævilangt. Heimildarsviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákæruvaldið getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í opinberu máli hvort sem krafist er refsingar á hendur sakborningi eða ekki. Aðili, sem sviptur er heimild samkvæmt þessari málsgrein og skeytir ekki ákvæði dóms um heimildarsviptingu, skal sæta sektum.

23. gr.

Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna er skylt að sjá til þess að þau börn, sem þau hafa forráð fyrir, hlýðnist fyrirmælum þessara laga. Fremji barn yngra en 16 ára brot á lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna skal þeim þá refsað fyrir brotið ef sannað er að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir það.

24. gr.

Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögum þessum fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

IX. KAFLI
Brottfallin lög og gildistaka.

25. gr.

Umhverfisráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum. Reglugerðir og aðrar stjórnvaldsreglur um dýravernd, sem settar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við þau uns nýjar reglur hafa verið settar.

Lög þessi öðlast gildi þremur mánuðum eftir að þau hafa verið birt. Frá sama tíma eru numin úr gildi lög nr. 21/1957, um dýravernd, sbr. lög nr. 38/1968.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 8. ágúst 1991 skipaði Eiður Guðnason umhverfisráðherra nefnd til að endurskoða frumvarp það til laga um dýravernd sem lagt var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1991.

Í nefndina voru skipuð: Jón Gunnar Ottósson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Árni M. Mathiesen alþingismaður, Margrét Haraldsdóttir menntaskólakennari, Páll Hersteinsson, veiðistjóri ríkisins, og Sigurður H. Richter dýrafræðingur. Þóri Ibsen, starfsmanni í umhverfisráðuneytinu, var falið að vera ritari nefndarinnar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á ellefu fundum og skilaði áliti til umhverfisráðherra 27. nóvember 1991. Samkomulag varð í nefndinni um það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Aðdragandi frumvarps þessa er orðinn alllangur. Með bréfi 26. febrúar 1974 fól menntamálaráðherra þáverandi dýraverndarnefnd að endurskoða lög um dýravernd, nr. 21/1957, með síðari breytingum. Í september 1981 skiluðu meiri hluti og minni hluti nefndarinnar hvor sínu frumvarpi ásamt greinargerðum. Hvorugt þessara frumvarpa var lagt fram á Alþingi. Hinn 28. mars 1983 fól menntamálaráðherra þá nýlega skipaðri dýraverndarnefnd að fjalla að nýju um fyrrgreind frumvörp og semja nýtt. Nefndin skilaði

frumvarpi í maí 1986 sem var sent út til umsagnar og var frumvarpinu breytt í framhaldi af því. Þetta frumvarp dýraverndarnefndar frá því í maí 1986 var aldrei lagt fram á Alþingi.

Með lögum nr. 47/1990 voru dýraverndarmálefni lögð til umhverfisráðuneytisins. Hinn 14. ágúst 1990 sendi dýraverndarnefnd umhverfisráðuneytinu endurskoðað frumvarp. Ráðuneytið taldi frumvarpið of viðamikið og að margt í því ætti fremur heima í reglugerð. Í framhaldi af því skilaði nefndin styttri útgáfu af frumvarpinu til ráðherra 6. janúar 1991. Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu í umhverfisráðuneytinu og var það síðan lagt fram á Alþingi til kynningar skömmu fyrir þinglok á 113. löggjafarþingi 1990–91. Umhverfisráðherra skipaði nefnd, eins og áður segir, 8. ágúst 1991 til að fara yfir þessa síðustu útgáfu frumvarps til laga um dýravernd.

Sú gerð frumvarpsins, sem hér liggur fyrir, tekur í aðalatriðum mið af tillögum dýraverndarnefndar frá 6. janúar 1991, greinargerð dýraverndarnefndar með frumvarpinu frá 14. maí 1986 og athugasemdum einstakra aðila sem fengið hafa málið til umsagnar.

Núgildandi lög um dýravernd eru lög nr. 21/1957, sbr. lög nr. 38/1968, um breytingu á þeim lögum, og er frumvarpinu ætlað að koma í þeirra stað. Helstu breytingarnar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, varða stjórn og skipulag dýraverndarmála og eftirlit með framkvæmd laganna. Þær eru þessar:

1. Sett verði á stofn sérstakt dýraverndarráð sem tekur til landsins alls. Ráðið kemur í stað dýraverndarnefndar samkvæmt núgildandi lögum. Hlutverk þess er sambærilegt hlutverki nefndarinnar.
2. Settar verði á stofn dýraverndarnefndir í héruðum landsins til að auka og tryggja eftirlit með framkvæmd laganna. Svæðaskipting tekur mið af skiptingu landsins í umdæmi héraðsdómstóla, sbr. lög nr. 92/1988. Opinberum aðilum er fengið aukið vald til að grípa til aðgerða vegna illrar meðferðar á dýrum.

Auk þessara meginbreytinga eru gerðar ýmsar breytingar á einstökum ákvæðum og þau gerð markvissari en samsvarandi ákvæði gildandi laga. Þá er aukið við mörgum nýjum ákvæðum. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Þar er gildissvið laganna afmarkað. Lögin taka til allra hryggdýra. Eðlilegt er þó að leggja sérstaka áherslu á þau dýr sem eru í vörslu manna eða umsjá. Ekki þykir framkvæmanlegt að láta lögin ná til allra dýra þótt augljóslega beri að fara vel með öll dýr og forða þeim frá vanlíðan.

Um 2. gr.

Greinin samsvarar 1. gr. núgildandi laga.

Um 3. gr.

Greinin svarar til 2. gr. núgildandi laga en er nokkru ítarlegri. Ákvæði 1. mgr. um skyldu eigenda eða umráðamanna til að sjá dýrum fyrir fullnægjandi vistarverum, nægilegu fóðri, vatni og umhirðu ber að skoða með tilliti til tegundar viðkomandi dýra, aldurs, aðlögunarhæfni og tamningar.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli og sérlega mikilvæg vegna verksmiðjubúskapar þar sem störf eru í ríkum mæli vélvædd, svo sem í búskap með hænsnfugla, svín, kálfa, loðdýr og fiska. Eftir því sem vélvæðing er meiri er beint eftirlit með líðan einstakra dýra minni. Því er þörf á að setja bein fyrirmæli í lög til að tryggja slíkt eftirlit.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að héraðsdýralæknir eða fulltrúi yfirdýralæknis skoði og samþykki vistarverur sem ætlaðar eru dýrum á stórvirkum tæknibúum.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um þarfir búfjár þegar það er látið ganga úti, er haldið til beitar eða látið liggja við opið að vetrarlagi. Skylt er að hafa á staðnum vistarverur við hæfi, að teknu tilliti til ólíkra þarfa hinna ýmsu tegunda, og er þá miðað við að dýrin hafi öruggt og hentugt skjól í öllum veðrum.

Um 6. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um aðbúnað dýra og umhirðu. Setja þarf slíkar reglur í samráði við landbúnaðarráðuneytið, sbr. lög um búfjárhald, nr. 46/1991.

Um 7. gr.

Greinin samsvarar 3. gr. núgildandi laga um dýravernd.

Um 8. gr.

Greinin samsvarar 5. gr. núgildandi laga. Fellt er burt sérákvæði um eyrnamörkun á fé, enda gildir almenna ákvæðið eftir sem áður um mörkun sauðfjár.

Um 9. gr.

Greinin er nýmæli í lögum um dýravernd og kemur til af því hversu algengt það er að skepnur verði fyrir ökutækjum. Hliðstætt ákvæði er í 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga, nr. 50 1987.

Um. 10. gr.

Greinin samvarar 6. og 16. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin er nýmæli. Eðlilegt þykir að leggja þá skyldu á herðar eigendum og umsjónarmönnum að þeir geri þegar ráðstafanir til að hafa upp á dýrum sem villast frá heimkynnum sínum. Kveðið er á um heimild löggæslu til að taka þessi dýr í sína vörslu. Það er áréttað að sérreglur um skil á sauðfé samkvæmt lögum um afréttamál og fjallskil ganga framar þessu ákvæði.

Um 12. gr.

Greinin samsvarar 7. gr. núgildandi laga. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning á dýrum.

Um 13. gr.

Greinin samsvarar að verulegu leyti 4. gr. núgildandi laga, en er ítarlegri. Dýrahald telst vera í atvinnuskyni ef tekjur af því ná lágmarki virðisaukaskattslaga samkvæmt gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar sem tilgreindar eru í 1. mgr. greinarinnar.

Um 14. gr.

Greinin svarar til 10. og 11. gr. núgildandi laga. Tekið er fram að ekki þurfi dýralækni til að framkvæma inndælingar með viðurkenndum lyfjum. Nýmæli er að dýralæknum einum skuli heimilt að gelda dýr. Jafnframt er dýralæknum gert skylt að nota deyfilyf eða svefnlyf við allar sársaukafullar aðgerðir. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um aðgerðir á dýrum sem eru framkvæmdar án læknisfræðilegra ástæðna. Skal þar m.a. kveðið á um lyfjagjöf, geldingar sem framkvæmdar eru af öðrum en dýralæknum og aðgerðir sem óheimilt er að framkvæma á dýrum án læknisfræðilegra ástæðna. Þar skal einnig setja fyrirmæli um erfðatæknilegar aðgerðir á dýrum, notkun hormóna eða annarra efna sem ætlað er að hafa áhrif á eiginleika dýra í öðrum tilgangi en að fyrirbyggja eða lækna sjúkdóma.

Um 15. gr.

Greinin samsvarar að mestu 9. gr. núgildandi laga. Umhverfisráðherra er heimilað að setja nánari fyrirmæli í reglugerð um hvernig staðið skuli að aflífun dýra við slátrun.

Um 16. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin svarar til 12. og 13. gr. núgildandi laga, sbr. lög nr. 38/1968. Helsta breytingin frá núgildandi lögum er að tilraunir með lifandi dýr eru bannaðar. Umhverfisráðherra er þó heimilað að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum.

Um 18. gr.

Greinin svarar til 17. gr. núgildandi laga. Lagt er til að í stað dýraverndarnefndar komi dýraverndarráð til aðgreiningar frá dýraverndarnefndum sem áformað er að skipa skv. 19. gr. Hlutverk dýraverndarráðs er sambærilegt hlutverki dýraverndarnefndar samkvæmt núgildandi lögum. Fellt er niður ákvæði um að störf dýraverndarnefndar skuli vera ólaunuð. Þetta er eðlilegt þar sem í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir auknu starfi þess frá því sem verið hefur.

Um 19. gr.

Stofnun dýraverndarnefnda er nýmæli. Eðlilegt sýnist að miða við að ein dýraverndarnefnd starfi í hverju umdæmi héraðsdómstóls, eins og þau eru afmörkuð í lögum nr. 92/1989. Þetta er liður í því að bæta og auka eftirlit með framkvæmd laganna.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 14. gr. núgildandi laga. Í 1. mgr. er lögð sú skylda á alla sem verða

varir við illa meðferð á dýrum að tilkynna það til viðkomandi aðila. Í 2., 3. og 4. mgr. er mælt fyrir um heimildir dýraverndarnefnda, héraðsdýralækna og löggæslumanna til að grípa til aðgerða vegna brota á lögunum.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Greinin samsvarar 19. gr. núgildandi laga.

Um 23. gr.

Greinin samsvarar 20. gr. núgildandi laga.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 22. gr. núgildandi laga.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um dýravernd.

Helstu breytingar miðað við gildandi lög varða stjórn og skipulag dýraverndarmála og eftirlit með framkvæmd laganna.

Kostnaðaráhrif frumvarpsins felast einnig í þessum breytingum og er ákvæði þar að lútandi að finna í 18. og 19. gr. frumvarpsins. Annars vegar er um að ræða skipan fimm manna dýraverndarráðs, auk jafnmargra varamanna. Hins vegar er gert ráð fyrir að skipaðar verði átta dýraverndarnefndir, ein í hverju umdæmi héraðsdómstóls. Samkvæmt frumvarpinu á kostnaður við dýraverndarráð og dýraverndarnefndir að greiðast úr ríkissjóði.

Dýraverndarráði er ætlað að taka við hlutverki núverandi dýraverndarnefndar sem er ólaunuð. Þá verður hlutverk dýraverndarráðs mun víðtækara en hlutverk núverandi dýraverndarnefndar sem gæti leitt til þess að ráðið þurfi starfsmann. Verði sú raunin má ætla að kostnaður við dýraverndarráð geti orðið á bilinu 3–4 m.kr. hið minnsta.

Dýraverndarnefndir eru ekki starfandi nú samkvæmt gildandi lögum. Ætla má að fulltrúar í hverri nefnd verði að lágmarki þrír og einn til vara. Þannig má reikna með að greiða þurfi um 30 manns þóknun fyrir setu og störf í þessum nefndum. Þá má ætla að ýmis annar kostnaður falli til vegna starfsemi nefndanna en þóknanir nefndarmanna, t.d. ferðakostnaður. Ekki er ólíklegt að kostnaður ríkissjóðs vegna dýraverndarnefnda verði á bilinu 1–2 m.kr.

Samkvæmt framansögðu má ætla að árleg útgjöld ríkissjóðs aukist um 4–6 m.kr. verði frumvarpið óbreytt að lögum.

345. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Steingrími Hermannssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 12-101 Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „70.600“ kemur	73.100

Greinargerð.

Hækkunin, 2.500 þús. kr., felur í sér að framlag til Neytendasamtakanna verði alls 5.000 þús. kr.

346. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni, Kristni H. Gunnarssyni og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

Við 6. gr. Nýr liður:

6.12 Að verja allt að 20 millj. kr. til að tryggja skólagöngu þeirra ungmenna á grunnskólastigi sem flosnað hafa upp úr skóla.

347. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, sbr. lög nr. 108/1990.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin ræddi á tveimur fundum frumvarp til laga um árlega framlengingu á jöfnunargjaldi sem hér hefur verið innheimt frá árinu 1979. Í frumvarpinu er lagt til að innheimta gjaldsins verði nú aðeins framlengd um sex mánuði. Jöfnunargjaldið nær til innflutnings á sams konar iðnaðarvörum og framleiddar eru hér á landi.

Í umræðum um jöfnunargjaldið hefur verið dregið í efa að áframhaldandi gjaldtaka samræmist þeim fríverslunarsamningum sem Íslendingar eru aðilar að og einnig hefur verið bent á að rök skorti til að framlengja þessa innheimtu. Undirritaðir nefndarmenn eru

á annarri skoðun. Þeir telja að enn séu gild rök til staðar fyrir innheimtu jöfnunargjaldsins.

Í fyrsta lagi gætir enn áhrifa uppsafnaðs söluskatts. Í öðru lagi er staða íslensks iðnaðar með þeim hætti að hann þolir ekki versnandi samkeppnisstöðu. Í þriðja lagi kallar mikill viðskiptahalli á aðgerðir sem draga mega úr innflutningi. Þá mætti bæta við að hér er um mikilvægan tekjustofn að ræða fyrir ríkissjóð og að jöfnunargjaldið er mun geðfelldari tekjulind en margt það sem ríkisstjórnin seilist í þessa dagana.

Meðan ekki sannast að um brot á samningum sé að ræða og helstu viðskiptaþjóðir okkar láta ógert að mótmæla þessari gjaldtöku er sjálfsagt að nýta þennan tekjustofn.

Undirritaðir nefndarmenn telja því rétt að halda innheimtu jöfnunargjaldsins áfram. Verði það gert á annað borð er eðlilegt að sú tilhögun gildi allt árið. Frumvarp ríkisstjórnarinnar er hálfkák og betra að fella gjaldið niður strax en að standa uppi um mitt ár án slíks tekjustofns. Treysti stjórnvöld sér til að rökstyðja sex mánaða framlengingu er vandséð að ekki sé hægt að bæta sex mánuðum þar við. Því leggur 1. minni hluti til að lögin verði framlengd um eitt ár og að 1. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að í stað „30. júní“ komi: 31. desember. Með þessari breytingu ættu 700–800 millj. kr. að renna í ríkissjóð.

Alþingi, 20. des. 1991.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm. Halldór Ásgrímsson. Steingrímur J. Sigfússon.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

348. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, sbr. lög nr. 108/1990.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Svein Á. Björnsson frá utanríkisráðuneytinu, Ólaf Davíðsson, framkvæmdastjóra Félags íslenskra iðnrekenda, Indriða H. Þorlaksson, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, og Jónas Friðrik Jónsson frá Verslunarráði Íslands. Erindi barst frá Verslunarráði Íslands.

Annar minni hluti nefndarinnar telur að sú álagning jöfnunargjalds, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, sé nauðsynleg vegna þeirra erfiðleika sem nú steðja að íslensku efnahagslífi og vegna þess að enn gætir uppsöfnunaráhrifa söluskatts. Því er lagt til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 20. des. 1991.

Rannveig Guðmundsdóttir, varaform., frsm. Sólveig Pétursdóttir. Guðjón A. Kristjánsson.

349. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, sbr. lög nr. 108/1990.

Frá 3. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Jöfnunargjald, sem fyrst var samþykkt með lögum nr. 83/1978 og lagt er á innfluttar iðnaðarvörur, var hugsað til þess að vega á móti uppsöfnunaráhrifum söluskatts. Gjaldið er enn við lýði tveimur árum eftir að virðisaukaskattur var tekinn upp í ársbyrjun 1990. Mikið hefur verið fjallað um jöfnunargjaldið á Alþingi svo að óþarfi er að rekja sögu þess eða fyrri umfjöllun á Alþingi.

Þriðji minni hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði fellt og byggir þá afstöðu á eftirfarandi röksemdum:

1. Jöfnunargjald er í ósamræmi við fríverslunarsamninga okkar við EFTA og EB og enginn nýr efnislegur rökstuðningur hefur verið lagður fram sem réttlætir framlengingu á gjaldinu. Þjóð, sem vill láta taka mark á sér í alþjóðlegum samskiptum, stendur við gerða samninga.
2. Framlenging á jöfnunargjaldi er afar óheppilegt innlegg í þær viðræður sem fram undan eru við EB vegna samninga um EES og tvíhliða samning um fiskveiðimál. Ríkisstjórn Íslands hefur gefið EB tilkynningu um niðurfellingu gjaldsins.
3. Framlenging á jöfnunargjaldi mun væntanlega hafa í för með sér málssókn af hálfu innlends greiðanda gjaldsins sem jafnframt gæti verið fylgt eftir af hálfu erlends þolanda við EB. Erlend fyrirtæki, sem spurst hafa fyrir um aðflutningsgjöld eftir að núgildandi lög um jöfnunargjald voru samþykkt, hafa fengið þau svör að það félli niður um næstu áramót. Innlendur greiðandi mun væntanlega láta reyna á það hvaða réttarstöðu fríverslunarsamningarnir veita.
4. Gjald eins og jöfnunargjald, sem leggst á innflutning, stuðlar að rangri skráningu gengis krónunnar. Íslenskur útflytjandi fær ekki alla þá upphæð sem innflytjandi greiðir til þess að fá til sín erlenda vöru. Slíkir skattar, sem gera innflutning óhagkvæmari án þess að gera útflutning jafnframt hagkvæmari, virka sem tæki til þess að viðhalda röngu gengi og lenda í raun á almenningi og útflutningsfyrirtækjum.

Það er skoðun þriðja minni hluta nefndarinnar að þótt vissulega séu miklir erfiðleikar í ríkisfjármálum muni framlenging gjaldsins stefna margföldum hagsmunum í hættu miðað við þá upphæð sem framlenging á að skila.

Alþingi, 20. des. 1991.

Vilhjálmur Egilsson, frsm.

Ingi Björn Albertsson.

350. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna Indriða H. Þorlákssson og Bolla Þór Bollason frá fjármálaráðuneytinu, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra, Þórarin V. Þórarinsson, Hannes G. Sigurðsson, Þórð Magnússon og Ólaf Nilsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Jóhann Þorvarðarson frá Verslunarráði Íslands, Árna Benediktsson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga, Ögmund Jónasson, Björn Arnórsson og Garðar Hilmarsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Pál Halldórsson og Birgi Björn Sigurjónsson frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Ásmund Stefánsson, Láru V. Júlíusdóttur og Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Benedikt Valsson og Ragnar Hermannsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Svein Hjört Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Rúnar B. Jóhannsson frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Guðmund Arnaldsson frá Landvara, Sigfús Bjarnason frá Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra, Gunnar Jóhannsson og Ólaf H. Ólafsson frá ríkisskattanefnd, Ólaf Davíðsson frá Félagi íslenskra iðnrekenda, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Unni Halldórsdóttur frá Samtökum foreldra og kennara, Hörð Svavarsson frá Foreldrasamtökunum, Gunnar Helga Hálfdanarson frá Landsbréfum, Sigurð B. Stefánsson frá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka og Eirík Guðnason frá Verðbréfaþingi Íslands. Bárust nefndinni margvísleg gögn frá þessum aðilum varðandi málið.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar, sem meiri hlutinn gerir tillögur um, eru eftirfarandi:

1. Breytingin á 2. gr. felur í sér að horfið er frá því að fella brott 27. gr. laganna sem felur í sér heimild til að fresta skattlagningu söluhagnaðar þegar greitt er með skuldaviðurkenningu. Með breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar er lagt til að ákvæði 27. gr. laganna verði látin standa með þeim breytingum að sá söluhagnaður, sem skattgreiðslu er frestað af, taki verðbreytingum samkvæmt almennum reglum laganna og að við sölu skuldaviðurkenningar, á þeim tíma sem heimilt er að dreifa söluhagnaði, falli niður heimildin til að fresta skattlagningu söluhagnaðar.

   Sú grein, sem samkvæmt frumvarpinu átti að verða 27. gr. laganna og fjallar um samvinnuhlutabréf, verður skv. 6. tölul. breytingartillagnanna ný grein í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 124. gr.
2. Breytingin á 6. gr. frumvarpsins felur í sér að samræming skattalegrar meðferðar samvinnufélaga og hlutafélaga verði nokkru meiri en frumvarpið gerði ráð fyrir með því að heimila flutning skattalegra réttinda og skyldna við sameiningu félaga með þessi mismunandi félagsform. Ekki er ástæða til að gera greinarmun á reglum um þetta efni eftir því hvort hlutafélag sameinast öðru hlutafélagi eða samvinnufélagi.
3. Breytingin á 7. gr. felur í sér nokkra rýmkun á þeim skilyrðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að sett verði fyrir yfirfærslu taps við sameiningu félaga.
4. Breytingin á 9. gr. varðar sjómannaafslátt. Í fyrsta lagi er bætt í upptalningu skipa,

sem falla undir ákvæði greinarinnar, sanddæluskipum, og er þar átt við þau skip sem notuð eru til efnistöku á sjó en ekki t.d. dýpkunarpramma sem notaðir eru innan hafna. Í öðru lagi er breytt skilgreiningu á þeim dögum sem veita afslátt. Í stað þess að miða við daga á sjó er nú miðað við þá daga sem skylt er að lögskrá áhöfn á skip og stærri báta. Sjómaður, sem skráður er í a.m.k. 260 daga á ári, fær reiknaðan afslátt fyrir allt árið, en að öðrum kosti hlutfallslega. Úthaldstímabil sjómanna á minni bátum miðast við almenna vinnudaga. Ef sjómaður á þeim bátum hefur minna en 30% tekna sinna af sjósókn á hann ekki rétt á skattafslætti.

5. Breytingin á 15. og 16. gr. felur í sér að ákvæði, er varða ríkisskattanefnd, eru felld brott úr frumvarpinu. Nefndin var sammála um að breyting á skipan og starfsháttum ríkisskattanefndar þurfi rækilegrar skoðunar við sem ekki var unnt að framkvæma samhliða afgreiðslu þessa frumvarps. Nefndin er einnig sammála um nauðsyn þess að taka til endurskoðunar ákvæði um ríkisskattanefnd á vorþinginu.
6. Lagt er til að á eftir 17. gr. komi ný grein. Hér er um að ræða breytingu á númeri greinar sem flyst til í frumvarpinu, sbr. 1. tölul. hér að framan.
7. Breytingin á 18. gr. felur í sér að gerð er tillaga um sérstakt gildistökuákvæði sem frestar gildistöku og framkvæmd ákvæðis b-liðar 4. gr. frumvarpsins um að útborgun arðs verði ekki frádráttarbær frá skattskyldum tekjum. Ákvæðið er, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, tengt fyrirhuguðum breytingum á skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga, þar á meðal þeirri breytingu að fjármagnstekjur verði skattskyldar. Talið er rétt að lögfesta nú ákvæði frumvarpsins um að útborgun arðs verði ekki frádráttarbær þar sem það eitt og sér er íþyngjandi og kynni að verða talið afturvirkt verði það lögfest um leið og aðrar áformaðar lagabreytingar sem tengjast þessari. Þær eru hins vegar ívilnandi að mestu og geta því dregist nokkuð án hættu á gagnrýni um afturvirkni því þörf er frekari undirbúnings. Lögð er áhersla á að tryggja samræmi í tímasetningu þeirrar breytingar sem lögin kveða á um og þeirrar löggjafar sem síðar kemur, þ.e. skattlagningar fjármagnstekna, og að komið verði í veg fyrir tvísköttun arðs. Auk þess að setja slíka tryggingu er breytingin ásamt upphaflegu ákvæði til þess fallin að eyða óvissu sem gæti reynst skaðleg í atvinnulífinu.
8. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér að a-liður 4. gr., sem takmarkar þann tíma sem unnt er að geyma uppsafnað tap, verður ekki til þess að áhrif ákvæðisins verði afturvirk.

Alþingi, 20. des. 1991.

Rannveig Guðmundsdóttir, varaform., frsm. Sólveig Pétursdóttir. Vilhjálmur Egilsson.

Ingi Björn Albertsson. Guðjón A. Kristjánsson.

351. Breytingartillögur [205. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (RG, GAK, IBA, SP, VE).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:
   a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Þó fellur þessi heimild niður ef skuldaviðurkenning er seld á þeim tíma sem heimilt er að dreifa söluhagnaði.
   b. 2. mgr. orðast svo:
      Þegar skattskyldum söluhagnaði er dreift samkvæmt þessari grein skal hækka hann eða lækka samkvæmt verðbreytingastuðli, sbr. 26. gr., fram til þess árs sem hann er tekjufærður.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 56. gr. laganna orðast svo:
   Þegar samvinnufélög sameinast, sbr. 78. gr. laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, eða hlutafélag sameinast samvinnufélagi, sbr. 81. gr. sömu laga, skal hið sameinaða félag taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum hinna fyrri félaga.
3. Eftirfarandi breytingar verði á 7. gr.:
   a. Í stað orðanna „sams konar“ í 2. efnismálsl. komi: skyldan.
   b. Orðin „rekstrarlegu hagræðingarskyni eða öðrum“ í 4. efnismálsl. falli brott.
   c. Lokamálsliður falli brott.
4. Við 9. gr.
   a. Á eftir orðinu „rannsóknaskipi“ í 3. efnismgr. komi: sanddæluskipi.
   b. 4. efnismgr. orðist svo:
      Sjómannaafsláttur skal vera 660 kr. á hvern dag. Við ákvörðun dagafjölda, sem veitir rétt til sjómannaafsláttar, skal miða við þá daga sem skylt er að lögskrá sjómenn skv. 4. og 5. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna. Séu dagar þessir 260 á ári eða fleiri skal sjómaður njóta afsláttar alla daga ársins og hlutfallslega séu lögskráningardagar færri en 260, þó aldrei fleiri daga en hann er ráðinn hjá útgerð. Hlutaráðnir beitningarmenn skulu eiga rétt á sjómannaafslætti þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti. Hjá mönnum á fiskiskipum undir 12 rúmlestum brúttó, sem ekki er skylt að lögskrá á samkvæmt framangreindum lögum, skal miða við almenna vinnudaga (mánudaga til föstudaga) á úthaldstímabili í stað lögskráningardaga, sbr. framangreint. Réttur þessara manna er þó háður því að laun fyrir sjómennsku séu a.m.k. 30% af tekjuskattsstofni þeirra. Þeir dagar á ráðningartíma hjá útgerð, sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu veita rétt til sjómannaafsláttar. Komi upp ágreiningur um þá daga sem veita rétt til sjómannaafsláttar má staðreyna dagafjöldann með staðfestingu stéttarfélags á greiddum stéttarfélagsgjöldum.
5. 15. og 16. gr. falli brott.

6. Á eftir 17. gr. (er verði 15. gr.) bætist við ný grein, 16. gr., er orðist svo:
   Við lögin bætist ný grein, er verður 124. gr., og orðast svo:
   Ákvæði laga þessara um hlutabréf og jöfnunarhlutabréf skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf, sbr. lög nr. 22/1991, um samvinnufélög, eftir því sem við á. Jafnframt skulu ákvæði laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, um hlutabréf gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf.
7. Við 18. gr. (er verði 17. gr.). 3. mgr. orðist svo:
   Ákvæði b-liðar 4. gr. öðlast gildi 1. janúar 1993 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1994 vegna tekjuársins 1993 enda taki gildi frá sama tíma lög um skattskyldu fjármagnstekna og arðs af hlutafé er komi í veg fyrir tvísköttun arðs.
8. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, II, er orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 4. gr. er heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa, eins og þær voru 31. desember 1990, frá skattskyldum tekjum næstu fimm ára talið frá gildistöku laga þessara.

352. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarp þetta á mjög mörgum fundum. Að mati minni hluta nefndarinnar er frumvarpið illa undirbúið og í ljós hefur komið að ekkert samráð hefur verið haft við aðila vinnumarkaðarins um málið. Það er mjög ámælisvert að ríkisstjórnin skuli ekki hafa kynnt frumvarpið þeim aðilum sem breytingarnar koma fyrst og fremst við. Þetta á jafnt við atvinnurekendur, sjómenn og alla aðra launþega. Á fundum nefndarinnar hefur komið fram að mikillar reiði hefur gætt meðal allra aðila vinnumarkaðarins. Þegar þessar staðreyndir eru skoðaðar í því ljósi að kjarasamningar eru á afar viðkvæmu stigi er engin leið að skilja hvað að baki býr. Greinilegt er að ríkisstjórnin telur sig ekki þurfa að hafa samráð við þessa aðila um úrræði í efnahagsmálum.

Að undanförnu hefur komið skýrt fram að ríkisstjórnin vill að engu hafa ráð minni hluta Alþingis. Minni hluti nefndarinnar hefur því reynt að gera sitt besta til að kalla fram viðbrögð hinna ýmsu aðila þjóðfélagsins við þessum vanhugsuðu ráðstöfunum. Þeir sem komið hafa til fundar við nefndina hafa í reynd staðfest framsöguræður aðila minni hlutans við 1. umr. frumvarpsins nema hvað þeir hafa notað mun sterkari orð til að tjá skoðanir sínar. Fram hefur komið í máli þeirra að þeir telja að ríkisstjórnin sýni beinan fjandskap við ýmsa hópa launafólks og atvinnulífið og hafa haft þau orð að hér væri um dæmalaust rugl að ræða.

Meiri hluti nefndarinnar hefur gert nokkrar leiðréttingar á frumvarpinu sem eru til bóta, en það er langt frá því að frumvarpið í núverandi mynd geti stuðlað að framförum í þjóðfélaginu og eðlilegum samskiptum á vinnumarkaði. Allt bendir til þess að samþykkt frumvarpsins muni torvelda gerð kjarasamninga og líklega skapa ófrið á vinnu-

markaði. Þrátt fyrir augljós merki þessa hefur meiri hlutinn hafnað því að fresta málinu og gefa sér betri tíma til undirbúnings. Jafnvel gengur meiri hlutinn svo langt að leggja til að ákvæði, sem engu máli skipta fyrir ríkissjóð, verði lögfest. Fulltrúar atvinnulífsins líta á lögfestingu þessara atriða sem staðfestingu á því að ríkisstjórnin vilji lögfesta vondan hug til atvinnurekstrarins í landinu. Þetta er svo alvarlegt mál að það má furðu sæta að ráðherrar í ríkisstjórninni skuli ekki taka rökum. Þvermóðska og jafnvel vankunnátta virðist stjórna gerðum þeirra.

Minni hluti nefndarinnar gerir ekki beinar breytingartillögur á frumvarpinu. Minni hlutinn telur að frumvarpið sé svo gallað að það sé engin leið að taka ábyrgð á því. Réttast er að vísa því aftur til ríkisstjórnarinnar þannig að hún geti lagt það fyrir á nýjan leik eftir eðlilegt samráð við launþega og atvinnurekendur í landinu. Það ætti að vera ríkisstjórninni kappsmál að ná skynsamlegri niðurstöðu í komandi kjarasamningum. Minni hlutinn telur að með því að afturkalla frumvarpið sýni ríkisstjórnin vilja til þess.

Minni hluti nefndarinnar vill þó gera grein fyrir sjónarmiðum að því er varðar einstaka efnisþætti frumvarpsins eftir þær breytingar sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að verði gerðar.

1. *Samvinnuhlutabréf.* Minni hlutinn telur að breytingartillaga, sem meiri hlutinn leggur fram að því er varðar samvinnuhlutabréf skv. 2. gr. frumvarpsins, sé til bóta. Mikilvægt er að hin mismunandi form félaga í íslensku atvinnulífi geti sameinast með eðlilegum hætti en breytingartillagan gerir ráð fyrir að greiða nokkuð fyrir því.

2. *Eftirstöðvar rekstrartapa.* Skv. 4. og 7. gr. frumvarpsins er hugmyndin að draga úr möguleikum til að draga frá tap fyrirtækja frá fyrri árum. Minni hluti nefndarinnar er sammála þeim sjónarmiðum að ekki eigi að vera hægt að framkvæma málamyndagjörninga til þess að lækka skatta einstakra fyrirtækja. Breytingar mega þó ekki koma í veg fyrir sameiningu fyrirtækja og hagræðingu í atvinnurekstri. Það er mikilvægt að skapa atvinnulífinu skilyrði til að bæta kjör þjóðarinnar. Það verður ekki síst gert með því að hagræða í atvinnulífinu, m.a. með því að sameina fyrirtæki. Skattalög eiga ekki að koma í veg fyrir slíka þróun. Fulltrúar atvinnulífsins hafa haldið því fram að ákvæði frumvarpsins muni koma í veg fyrir nauðsynlega framþróun á þessu sviði. Samkvæmt þeim breytingartillögum, sem meiri hlutinn leggur til, hafa upphaflegar hugmyndir verið lagfærðar verulega en þó liggur ekki ljóst fyrir hvaða afleiðingar breytingarnar muni hafa í för í sér. Nauðsynlegt er að fara betur yfir málið í samvinnu við fulltrúa atvinnulífsins. Hér er jafnframt um afturvirk ákvæði að ræða sem þarfnast betri lögfræðilegs undirbúnings.

3. *Sjómannaafsláttur.* Ákvæði frumvarpsins um sjómannaafslátt gengu út á að skerða hann verulega. Í greinargerð frumvarpsins koma fram furðuleg sjónarmið um eðli þessa frádráttar sem á sér langa sögu í skattalögum. Í viðtölum við nefndina hefur komið fram að fulltrúar launþega eru almennt sammála um sérstöðu sjómanna á þessu sviði. Minni hluti nefndarinnar hefur haldið uppi harðri gagnrýni á þessar fyrirætlanir í störfum nefndarinnar. Meiri hluti nefndarinnar hefur kosið að fjalla um breytingar á þessu atriði utan nefndarinnar.

Nú hafa verið lagðar fram breytingartillögur sem lagfæra nokkuð upphaflegar hugmyndir ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Dregið er úr þeirri miklu skerðingu sem ætlunin var að sjómenn yrðu fyrir. Þrátt fyrir það munu sjómenn verða fyrir sérstakri skerðingu þótt erfitt sé að gera sér grein fyrir fjárhæðum í því sambandi. Aðstæður sjómanna eru mjög misjafnar og því óljóst hvaða áhrif breytingarnar munu hafa.

Minni hlutinn telur að ekki eigi að rýra kjör sjómannastéttarinnar sérstaklega við þessar aðstæður. Afli hefur dregist mikið saman og því munu kjör sjómanna rýrna mikið á

næstunni. Kjarasamningar eru lausir um þessar mundir og ljóst að breytingarnar munu hafa þar veruleg áhrif. Minni hluti nefndarinnar telur rétt að koma í veg fyrir misnotkun þessara ákvæða en engin rök mæla með því að kjör sjómanna rýrni umfram það sem verður vegna minnkandi afla. Í ljósi þess sem að ofan greinir væri réttast að taka framkvæmd þessara mála til endurskoðunar og herða skilmála sem að þessum réttindum lúta. Virðist óhætt að áætla að þannig megi ná nokkrum sparnaði með sanngjörnum hætti.

4. *Almenn hækkun tekjuskatts og barnabætur.* Fulltrúar ASÍ halda því fram að vegna breytinga á skattleysismörkum muni tekjuskattur launþega hækka um 1.200 milljónir króna umfram það sem verðlagsþróun segir til um. Þessi ágreiningur við launþega mun áreiðanlega koma skýrar fram í þeim kjarasamningum sem nú standa yfir. Þar fyrir utan er ætlunin að skerða barnabætur sérstaklega um rúmar 500 milljónir króna. Þessi skerðing mun sérstaklega minnka ráðstöfunartekjur hjóna með miðlungstekjur og þar fyrir ofan. Ráðstöfunartekjur munu lækka í hlutfalli við barnafjölda.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur því að skerða ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna sérstaklega. Við þær aðstæður, sem nú eru í þjóðfélaginu, er nauðsynlegt að þeir sem hæstar tekjur hafa leggi nokkuð af mörkum við úrlausn mála. Það er hins vegar fráleitt að þeir sem hafa miðlungstekjur og hærri leggi sitt af mörkum í hlutfalli við barnafjölda. Þannig munu hjón með miðlungstekjur og hærri, sem ekki hafa fyrir börnum að sjá, ekki leggja sérstaklega af mörkum.

Ríkisstjórnin leggur þessa lausn fram til að reyna að fela hækkun á tekjuskatti. Stjórnarflokkarnir eru bundnir af fyrri yfirlýsingum en í stað þess að standa við þær eru fundnar leiðir til að blekkja almenning. Það er mjög alvarlegt að þessi blekkingarleikur skuli bitna sérstaklega á fjölskyldum sem hafa fyrir mörgum börnum að sjá.

5. *Ríkisskattanefnd.* Fallið hefur verið frá fyrirhuguðum breytingum á ríkisskattanefnd og var ákveðið að fjalla nánar um þetta atriði á næsta ári.

6. *Skattaleg meðferð á arði.* Samkvæmt frumvarpinu eru lagðar til verulegar breytingar á skattalegri meðferðs arð á hlutabréfum. Þessar tillögur hafa vakið sterk viðbrögð hjá fólki í atvinnulífinu. Meiri hluti nefndarinnar hefur ekki komið til móts við sjálfsagðar kröfur atvinnulífsins í þessu máli. Þessar hugmyndir hafa þegar haft slæm áhrif á hlutabréfamarkað og munu áreiðanlega verða til þess að stefna uppbyggingu þess markaðar í mikla hættu. Engin leið er að skilja samhengið í máli þessu þar sem breytingarnar munu ekki færa ríkissjóði tekjur og því útlátalaust að hverfa frá þessum fyrirætlunum.

Minni hluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að taka upp skattlagningu á fjármagnstekjum og telur sjálfsagt að þetta mál bíði þeirrar umfjöllunar. Minni hlutinn telur að samræmi þurfi að vera í skattlagningu fjármagnstekna og arðs. Því er haldið fram að hér sé stigið fyrsta skref í þá átt. Það er ekki rétt enda ganga hugmyndir um skattalega meðferð arðs þvert á þær hugmyndir sem uppi eru um skattlagningu fjármagnstekna. Þessi áform munu hafa það í för með sér að lífeyrissjóðir landsmanna munu ekki sjá sér fært að efla eiginfjárstöðu atvinnulífsins og jafnvel ganga svo langt að snúa sér að kaupum á hlutabréfum í erlendum fyrirtækjum. Þessar fyrirætlanir þjóna engum öðrum tilgangi en að eyðileggja viðkvæman markað sem hefur verið í uppbyggingu og draga fjármagn út úr landinu á erfiðum tímum.

Minni hluti nefndarinnar mun gera frekari grein fyrir áliti sínu í framsögu. Minni hlutinn telur frumvarpið vera svo gallað að það sé nánast ekki umræðuhæft þrátt fyrir nokkrar breytingar. Umfjöllun í máli þessu er staðfesting á því að ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar taka ekki rökum. Öll umfjöllun er staðfesting á þeim málflutningi stjórn-

arandstöðunnar á þessu hausti að ríkisstjórnin hafi engan vilja til að taka tillit til minni hlutans og rökstuddra skoðana sem fram koma af hálfu aðila vinnumarkaðarins. Þótt minni hluti nefndarinnar hafi að vísu takmarkað traust á því að ríkisstjórnin muni undirbúa þetta mál betur vill hann samt gera henni kleift að bæta ráð sitt. Í þeirri von að frumvarpið verði lagt fram að nýju a næsta ári í umfjöllunarhæfu formi leggur minni hluti nefndarinnar til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 20. des. 1991.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Fylgiskjal I.

Samþykkt framkvæmdastjórnar VSÍ:

Aðför að atvinnurekstri.

(16. des. 1991.)

Framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands varar alvarlega við því ákvæði í frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem miðar að sérstakri skattlagningu arðgreiðslna af hlutafé. Samþykkt þess væri hörmuleg mistök sem fæli í sér grófa aðför að atvinnurekstri og þeim þúsundum einstaklinga sem á liðnum árum hafa fest fé í fyrirtækjum.

Í athugasemdum með frumvarpinu er látið að því liggja að hér sé á ferðinni samræming skattlagningar í hátt við það sem gerist í öðrum löndum. Vinnuveitendasamband Íslands er því mjög fylgjandi að skattlagning atvinnurekstrar hér á landi verði samræmd því sem algengast er í Evrópu, en er algerlega mótfallið þeirri samræmingu sem takmarkast við íþyngjandi atriði ein. Sérstaða íslenska skattkerfisins felst ekki í því að arðgreiðslur að ákveðnu hámarki séu undanþegnar skatti heldur því að fjármagnstekjur almennt eru undanþegnar frá skatti og að skatthlutföll eru hærri en víðast gerist. Það þekkist heldur ekki að arður af hlutafé sé skattlagður þyngra en vaxtatekjur.

Fjármagnskostnaður telst til rekstrargjalda í skattauppgjöri fyrirtækja. Greiddur arður hefur með sama hætti talist til kostnaðar en hefur þó lengst af verið bundinn við tiltekið hámark, 10% af nafnvirði hlutafjár. Síðasta ríkisstjórn beitti sér fyrir hækkun þessara marka úr 10% í 15%. Það var gert til að hvetja almenning til að leggja áhættufé í atvinnurekstur og auka þannig eigið fé fyrirtækjanna. Þetta var einnig liður í því að draga úr skattalegri mismunun sparnaðarforma, en vaxtaberandi sparnaður hefur notið mikillar skattalegrar ívilnunar umfram hlutafé á liðnum árum. Þessar breytingar miðuðu þannig að því að styrkja hlutabréfamarkaðinn og efla trú fólks á því að fjárfesting í atvinnulífinu væri raunhæfur kostur. Til þess þyrftu fyrirtækin að geta greitt arð sem stæðist sam-

anburð við aðra ávöxtun peninga og því var hámark frádráttarins hækkað. Fyrirtækin þyrftu þá ekki að gjalda þess í hærri sköttum ef þau væru fjármögnuð með hlutafé en ekki lánsfé.

Nú bregður svo við að ný ríkistjórn leggur til að þessi takmarkaða heimild til að telja arðgreiðslur af hlutafé til rekstrargjalda verði felld niður með öllu. Með þeim hætti væri hlutafé enn sett skör lægra en lánsfé þar sem arðgreiðslur skattlegðust því í raun með skatthlutfalli fyrirtækja, 45% meðan vextir af lánsfé er með öllu skattfrjálst. Lánsfé verður þannig ódýrari kostur en hlutafé og áhugi fyrirtækja á þessari fjármögnunarleið hlýtur að dofna verulega.

Arður af hlutafé er í reynd vextir sem þeim greiðast sem lagt hafa fé í hlutafélög, en þó því aðeins að reksturinn gangi vel. Ella greiðist ekkert því hlutaféð er áhættufé sem engin veð tryggja andstætt því sem gildir um lánsfé í flestum tilvikum. Arðurinn er skattfrjáls að vissu marki, en þó greiðist skattur af öllum arðgreiðslum umfram 115 þús. kr. hjá einstaklingi og eins af þeim arði sem umfram er 15% af nafnverði hlutafjár. Engin slík takmörk eru fyrir skattfrelsi vaxtatekna.

Í skýringum frumvarpsins kemur fram að af heildararðgreiðslum íslenskra fyrirtækja á síðasta ári hafi liðlega 44% verið skattlagðar hjá eigendum hlutafjár með tekjuskattshlutfallinu sem er tæp 40%. Þetta svarar til þess að tekjuskattsgreiðslur af arði hafi verið nær 17,5% á síðasta ári að meðaltali. Þar við bætast eignarskattar sem geta orðið allt að 2,2% af nafnverði hlutafjár. Eignarskattar hér á landi sem hlutfall af landsframleiðslu eru raunar með því alhæsta sem gerist enda hefur það um langt skeið verið viðurkennd nálgun að skattlagningu eignatekna. Sé miðað við þá arðgreiðslu sem algengust hefur verið, 10% af nafnverði hlutafjár, getur eignarskatturinn svarað til allt að 22% arðsins. Skatturinn getur þannig orðið yfir 60% þegar saman fara hæstu eignarskattar og tekjuskattur af arðinum. Ef arðgreiðslan er minni verður skatthlutfallið hærra því eignarskatturinn greiðist án tillits til arðs. Sé arðurinn t.d. 5% getur skatturinn þannig orðið yfir 80%.

Á undanförnum mánuðum hefur veruleg tregða ríkt í viðskiptum með hlutabréf og verð farið lækkandi. Þar ber margt til en mestu veldur mikil hækkun vaxta samfara versnandi horfum í atvinnulífinu. Fjárfestar horfa til þess að eignarskattsfrjáls skuldabréf ríkissjóðs, húsbréf o.fl. bera milli 8 og 9% raunvexti með ótakmörkuðu skattfrelsi og öruggum endurgreiðslum. Hlutabréf hafa átt undir högg að sækja í þessari samkeppni og augljóst er að nái tillögur fjármálaráðherra fram að ganga er mjög höggvið á möguleika fyrirtækja til að greiða hluthöfum arð.

Að öllu samanlögðu telur framkvæmdastjórnin umrædda tillögu hættulega aðför að tilraun undangenginna ára til að þróa hér eiginfjármögnun hlutafélaga á almennum markaði og undarlegt framlag til hugmynda ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu opinbers rekstrar í hlutafélagsformi. Raunar má fullyrða að samþykkt tillögunnar geti upprætt þessa möguleika ef allt fer á versta veg.

Vinnuveitendasamband Íslands telur brýnt að samræma skattareglur atvinnurekstrarins því sem annars staðar gerist. Skattlagning eigna- og fjármagnstekna hlýtur einnig að koma til endurskoðunar og að öllu þessu er Vinnuveitendasambandið reiðubúið að vinna. Þetta verk má þó ekki hefja með einstökum fljótræðislegum breytingum sem skaða atvinnulíf og kemur illilega í bak þeirra þúsunda sem tekið hafa hvatningu stjórnvalda og keypt bréf á liðnum árum. Kaupum á hlutabréfum fylgir vissulega áhætta um verðþróun hlutabréfa og viðgang fyrirtækjanna og það má kaupendum hlutabréfa vera ljóst. Kaupendur gátu hins vegar með engu móti búist við því að mögulegar arðgreiðslur yrðu

skertar um allt að 45% vegna skyndilegrar hugdettu um nauðsyn þess að ráðast sérstaklega á þetta form sparnaðar.

Vinnuveitendasambandið varar því alvarlega við samþykkt þessarar tillögu og lítur á hana sem ógrundaða atlögu að atvinnurekstri — mistök sem ekki megi eiga sér stað.

Fylgiskjal II.

Bréf Samtaka fiskvinnslustöðva.

(21. des. 1991.)

Stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva mótmælir harðlega öllum áformum um aukna skattheimtu á fiskvinnsluna, jafnt frá ríki og sveitarfélögum.

Íslensk fiskvinnsla stendur höllum fæti í samkeppni við fiskvinnslu Evrópubandalagsins sem nýtur margs konar styrkja auk verndartolla og auknar álögur á fiskvinnsluna munu enn auka á þennan aðstöðumun.

Um þessar mundir er fiskvinnslan rekin með verulegum halla og eru líkur á því að staða hennar verði svo einnig á næsta ári. Fiskvinnslumenn binda vonir við að með samvinnu allra aðila, stjórnvalda, launþegasamtaka og atvinnurekenda takist að halda verðbólgu í algjöru lágmarki þannig að raungengi lækki á næstu missirum.

Allar kostnaðarhækkanir vinna gegn þessum áformum og stuðla að lakari afkomu og gildir einu hvort þær birtast í stórhækkun vörugjalda til ríkisins, hækkun gjaldskráa ríkisfyrirtækja, álagningu launatryggingargjalds vegna gjaldþrota eða hvers konar annarri gjaldtöku á atvinnureksturinn í landinu.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneytið,
efnahagsskrifstofa:

Minnisblað um skattleysismörk einstaklinga á árinu 1992.

(17. des. 1991.)

Í forsendum fjárlagafrumvarps var gengið út frá þeirri meginviðmiðun að skattbyrði tekjuskatts héldist óbreytt milli áranna 1991 og 1992. Þetta jafngildir því að persónuafsláttur og þar með skattleysismörk hækki um sama hlutfall og laun að meðaltali milli ára.

Í þjóðhagsspá er gengið út frá því að laun hækki um 2,5% á mann milli áranna 1991 og 1992. Eigi skattbyrði tekjuskatts að haldast óbreytt milli ára þarf að hækka skattleysismörkin samsvarandi, eða um 2,5%. Miðað við fyrirliggjandi spá um þróun lánskjaravísitölu mun persónuafslátturinn hækka sjálfkrafa um 1,2% um mitt ár 1992 sem þýðir strangt til tekið að lækka þyrfti persónuafsláttinn í upphafi næsta árs eigi meðalhækkun

hans frá fyrra ári að vera 2,5%.[1] Þetta er í raun afleiðing af tæplega 5% hækkun á skattleysismörkum tekjuskatts um mitt þetta ár sem kemur fram að fullu á næsta ári.

Í áætlun fjárlaga er hins vegar miðað við að persónuafsláttur haldist óbreyttur frá því sem hann er nú á fyrri hluta árs 1992, en hækki síðan um mitt ár um 1,2% eins og lög mæla fyrir. Þetta þýðir að skattleysismörkin hækka um tæp 3% milli ára. Í þeirri forsendu felst eilítið léttari skattbyrði hjá einstaklingi á næsta ári en í ár, sbr. meðfylgjandi dæmi:

Skattbyrði tekjuskatts hjá einstaklingum 1991–1992.

	Ársmeðaltöl (í kr.)		
	1991	1992	Breyting milli ára (%)
Mánaðarlaun	100.000	102.500	2,5
Tekjuskattur, brúttó	39.790	40.785	2,5
frá dregst persónuafsláttur	23.376	24.060	2,9
Tekjuskattur, nettó	16.414	16.725	1,9
Ráðstöfunartekjur	83.586	85.775	2,6
Skattbyrði	16,4%	16,3%	-0,1%
Skattleysismörk	58.750	60.470	2,9%

Á þessu ári er mánaðarlegur persónuafsláttur einstaklings 23.376 krónur að meðaltali sem þýðir að meðalmánaðarlaun undir 58.750 krónum hafi verið skattfrjáls 1991. Árétta þarf að hér er um að ræða meðaltöl en á síðari hluta ársins eru skattleysismörkin talsvert hærri eða 60.120 krónur á mánuði. Á næsta ári er gert ráð fyrir að skattleysismörkin verði 60.470 krónur á meðaltali og hækki þannig um tæp 3% milli ára.

Fylgiskjal IV.

Bréf formanns Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.

BHMR hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á tekjuskatti og eignarskatti. Afar stuttur tími hefur gefist til að kanna efni frumvarpsins og leggja mat á almenn skattaáhrif þess.

BHMR vill þó koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við hæstvirta þingnefnd:

1. Persónuafsláttur.

Með skattalagabreytingum í árslok 1988 var fallið frá því kerfi að binda grunntölur

[1]Samkvæmt gildandi lögum breytist persónuafsláttur um mitt ár í takt við lánskjaravísitölu, en frá því í árslok 1988 hefur ákvörðun persónuafsláttar um áramót verið sjálfstæð aðgerð, þ.e. án vélrænnar tengingar við lánskjaravísitölu.

skattalaga, svo sem persónuafslátt, barnabætur o.fl., við vísitölur og þess í stað voru upphæðirnar tengdar skattvísitölu fjárlaga. BHMR taldi sýnt að þetta mundi skerða þessar grunntölur og hefur sú spá ræst. Með fyrirliggjandi frumvarpi er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á persónuafslætti og vaxtabótum og er þá gengið enn þá lengra en fyrr í skerðingarátt á kjörum launamanna.

2. Barnabætur og barnabótaauki.

Tillagan felur í sér að barnabætur eru lækkaðar en barnabótaauki hækkaður að sama skapi. Þetta þýðir, vegna tekjutengingar og barnabótaaukans, að heildargreiðslur til barnafjölskyldna munu dragast saman. Upplýsingar með frumvarpinu um dreifingu tekna miðað við fjölskyldustærð gefa tilefni til að ályktа að skerðingin verði mjög almenn. Mat fjármálaráðuneytis er að skerðingin nemi rúmlega 500 millj. kr. en BHMR telur það vanáætlað.

3. Sjómannaafsláttur.

Fyrirhugaðar breytingar á sjómannaafslætti þýða að mati fjármálaráðuneytis 180–200 millj. kr. í hækkaðan tekjuskatt af sjómönnum. Mat sjómanna er verulega hærra. Af þessu tilefni vill BHMR taka fram að lækkun sjómannaafsláttar þýðir verulega tekjuskerðingu fyrir þessa einstaklinga og á slíka tekjuskerðingu verður ekki fallist. Hins vegar telur BHMR að það sé raunverulega útgerðarinnar að standa undir launakostnaði starfsmanna og því eðlilegt að þessi launakostnaður verði færður þangað.

4. Skattlagning lögaðila.

BHMR styður tilraunir ríkisstjórnarinnar í þá veru að draga úr möguleikum lögaðila að færa tap á milli fyrirtækja í því skyni að lækka með óeðlilegum hætti skatta. BHMR vill í þessu sambandi benda á að einungis 37% lögaðila greiða tekjuskatt.

5. Skattastefna.

BHMR ítrekar áður gerðar kröfur til Alþingis að tekið verði tillit til menntunarkostnaðar langskólagenginna annað tveggja með sérstökum námsafslætti eða með sérstökum frádrætti.

BHMR ítrekar einnig kröfur til Alþingis um að sérsköttun á launamenn linni og skattkerfið verði endurskoðað þannig að eigendur fjármagnstekna og fyrirtækja taki fullan þátt í rekstri samfélagsins.

BHMR hefur áður bent á að ríkisstarfsmenn hafa borið óeðlilega stóran hluta af tekjuskattsbyrðinni og krefst þess að Alþingi tryggi eðlilega og jafna skattheimtu af öllum þegnum þjóðfélagsins.

BHMR vill, vegna fyrirliggjandi frumvarps, mótmæla þeim áformum sem í því felast og leiða til lakari kjara almenns launafólks. Þar er sérstaklega mótmælt áformum um persónuafslátt og barnabætur. Allir hljóta að sjá óréttlætið sem flest í sérstöku „hátekjuskattþrepi“ barnafjölskyldna og BHMR varar við þessari aðför að barnafjölskyldum í landinu.

Fylgiskjal V.

Frétt frá Alþýðusambandi Íslands.

(16. des. 1991.)

Samkvæmt núgildandi skattalögum á persónuafsláttur og þar með skattleysismörk að hækka til samræmis við hækkun lánskjaravísitölu undangengna sex mánuði. Persónuafsláttur ætti samkvæmt þessari reglu að hækka um 3,4% 1. janúar nk. eða sem nemur 813. kr. á mánuði. Skattleysismörkin, sem nú eru 60.121 kr. á mánuði, ættu að hækka í 62.164 kr. um áramótin.

Í frumvarpi um tekjuskatt og eignarskatt, sem nú er til meðferðar á Alþingi, er hins vegar ekki gert ráð fyrir neinni hækkun persónuafsláttar eða skattleysismarka um áramótin. Ríkisstjórnin hefur þannig ákveðið að fyrsta skrefið í framkvæmd þeirra loforða, sem stjórnarflokkarnir gáfu fyrir kosningar um hækkun skattleysismarka, skuli vera að lækka skattleysismörkin að raungildi um rúmlega 2.000 kr. á mánuði miðað við óbreytt skattalög.

Fylgiskjal VI.

Bréf formanns Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

(19. des. 1991.)

Alþingi stendur frammi fyrir afdrifaríkum ákvörðunum þessa síðustu daga fyrir jól. Sú ríkisstjórn, sem nú situr, stefnir að því að minnka umsvif ríkisins á fjölmörgum sviðum og eru niðurskurðaráform hennar nú sem óðast að koma til kasta þingsins. Það er sjálfsagt og eðlilegt að fyllsta aðhalds sé jafnan gætt, en þá að því tilskildu að slíkar tiltektir komi réttlátlega niður á þjóðfélagsþegnana.

Hefur þú sett það niður fyrir þér, ágæti þingmaður, hversu mjög niðurskurður ríkisstjórnarinnar kemur við fjárhag venjulegs launafólks í landinu? Álögur á sjúklinga hafa verið auknar, barnabætur á að skerða þannig að meðaltekjufjölskylda með þrjú börn missir um 4.000 kr. á mánuði, skólagjöldum er komið á, námslán á að skerða og nú síðast berast fréttir um að persónuafsláttur hækki ekki 1. janúar þrátt fyrir loforð um hið gagnstæða, en með þessu eru skattleysismörk í raun lækkuð um áramótin.

BSRB snýr sér til þín, þingmaður góður, í trausti þess að þú hugleiðir þá röskun á kjörum almennings sem þessar aðgerðir hafa í för með sér. Ótal sparnaðaraðgerðir eru nærtækari en þær að seilast alltaf og ævinlega í vasa þess fólks sem gerir ekki meira en að komast af á launum sínum, svo sem hátekjuskattur, fleiri skattþrep og fjármagnsskattur.

Talsmönnum ríkisstjórnarinnar hefur orðið tíðrætt um að allir þurfi að axla sameiginlegar byrðar þjóðarinnar. Þær ráðstafanir, sem kynntar hafa verið, eru ekki í þessum anda. Þær byggja á mismunun í þágu hinna efnameiri í þjóðfélaginu.

Bréf Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

(17. des. 1991.)

BSRB mótmælir því að skattleysismörk skuli lækkuð að raungildi um áramótin. Þetta stríðir gegn loforðum um hið gagnstæða.

Ef verður af þeirri ákvörðun stjórnvalda að hækka ekki persónuafslátt 1. janúar í samræmi við hækkun lánskjaravísitölu mun það fela í sér lækkun skattleysismarka og þar með skattahækkun.

Persónuafsláttur hefur verið hækkaður tvisvar á ári og hafa samtök launafólks jafnan lagt áherslu á að lágmarkskrafa sé að hann hækki í samræmi við verðlag. Það vekur furðu að svo skuli ekki eiga að gera nú. Samkvæmt hækkun lánskjaravísitölu frá því á miðju þessu ári ætti persónuafsláttur að hækka nú um 3,4%. Að öðrum kosti rýrna kjörin.

Fylgiskjal VII.

Bréf framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands.

(12. des. 1991.)

Framkvæmdastjórn Verslunarráðs Íslands fjallaði á fundi sínum í dag um framkomið frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Í 4. gr. frumvarpsins eru gerðar tvær breytingar. Önnur breytingin felst í því að takmarka yfirfærslu rekstrartapa við fimm ár. Þetta mun koma afar illa við ýmis fyrirtæki, sérstaklega í sjávarútvegi og stóriðjurekstri, en í þessum greinum hefur jafnan verið þrálátur taprekstur. Má því búast við enn fleiri gjaldþrotum í sjávarútvegi, sem og öðrum atvinnugreinum, verði þessi breyting gerð.

Hin breytingin felst í því að frá og með næsta tekjuári mega félög í atvinnurekstri ekki draga útgreiddan arð frá tekjum. Í greinargerð kemur fram að hugmyndin sé að leggja síðar fram frumvarp sem komi í veg fyrir tvísköttun arðsins. Með þessari breytingu er verið að þrengja möguleika fyrirtækja til þess að afla sér eigin fjár og gera hlutafjáreign að enn þá lakari kosti en nú er. Því vill Verslunarráð Íslands vara sérstaklega við samþykkt breytingar af þessu tagi án þess að fyrir liggi jafnframt hvernig skattlagningu eigna og eignatekna í heild muni verða háttað.

Í 7. gr. frumvarpsins er þrengt mjög svigrúm til yfirfærslu rekstrartaps við sameiningu fyrirtækja. Ákvæði greinarinnar eru með mörgum skilyrðum og ýmsum svo óljósum en öðrum svo hörðum að ekki verður betur séð en að yfirfærsla rekstrartaps við sameiningu fyrirtækja sé ómöguleg. Með samþykkt slíkrar breytingar er verið að torvelda mjög eðlilega þróun atvinnulífs og fjölga gjaldþrotum í atvinnurekstri. Ljóst er að finna verður betri leiðir til þess að koma í veg fyrir misnotkun þessara heimilda til yfirfærslu rekstrartaps en fram kemur í frumvarpinu.

Fylgiskjal VIII.

Bréf Samtaka lífeyrissjóðanna.
(19. des. 1991.)

Samtök lífeyrissjóðanna mótmæla mjög eindregið þeim áformum stjórnvalda að þrengja ríkisábyrgð á launum eins og gert er ráð fyrir með stofnun sérstaks ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota, sbr. 9. og 10. gr. í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Ljóst er að með þrengingu ríkisábyrgðar lífeyrissjóðsiðgjalda er tryggingavernd sjóðfélaga stefnt í verulega óvissu. Í örorku- og makalífeyrismálum, þar sem öllu máli getur skipt að iðgjöld berist lífeyrissjóði vegna undanfarandi mánaða fyrir orkutap eða andlát, er ótvírætt um að ræða réttindamissi sjóðfélaga sem getur skipt verulegum fjárhæðum og í mörgum tilvikum svo milljónum króna skipti á einstakling.

Samtök lífeyrissjóðanna vilja því vara eindregið við ofangreindum áformum og benda jafnframt á að afnám ríkisábyrgðar á lífeyrissjóðsiðgjöldum munu m.a. geta komið í veg fyrir að samskipti stjórnvalda og sjóðanna geti þróast með eðlilegum hætti. Hitt er þó í reynd öllu alvarlegra að afnám ríkisábyrgðarinnar á lífeyrissjóðsiðgjöldum mun eins og áður segir geta haft í för með sér stórfelldan réttindamissi fyrir sjóðfélaga, einkum þó þeirra sem síst mega við því að verða af bótum, þ.e. örorku- og makalífeyrisþega.

Þá vilja samtök lífeyrissjóðanna lýsa yfir fullum stuðningi við þau eindregnu mótmæli fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands sem þeir hafa komið á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd.

Bréf stjórnar Lífeyrissjóðs byggingamanna.
(17. des. 1991.)

Á fundi sínum í dag fjallaði stjórn Lífeyrissjóðs byggingamanna m.a. um fram komið frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, sbr. þskj. 181.

Í 9. og 10. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot fyrirtækja.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a. svo um 10. gr.:

„Felld verði niður ábyrgð á kröfum lífeyrissjóða."

Þessari ætlan vill stjórn Lífeyrissjóðs byggingamanna mótmæla mjög harðlega, ekki síst þar sem fyrirsjáanlegt er að nú stefnir í mikla erfiðleika í rekstri margra byggingarfyrirtækja og því sýnilegt að auk mikils aukakostnaðar við hertar innheimtuaðgerðir sjóðsins vegna samdráttarins þá muni mikið af iðgjöldum beinlínis tapast við samþykkt þessa frumvarps.

Einnig er líklegt að sjóðfélagar Lífeyrissjóðs byggingamanna og annarra lífeyrissjóða verkafólks, sem starfar á almennum vinnumarkaði, muni verða fyrir verulegum áföllum vegna þessa. Hins vegar mun áhrifa þessa lítið gæta hjá sjóðfélögum annarra lífeyrissjóða og þar með væri enn aukið það misrétti sem viðhaldið er af opinberri hálfu í ávinnslu lífeyrisréttinda fólks eftir því hjá hvaða atvinnurekendum það starfaði.

Fylgiskjal IX.

Frá Vélstjórafélagi Íslands.

Almennur fundur vélstjóra á fiskiskipum haldinn 20. des. 1991 að Borgartúni 18, Reykjavík, mótmælir harðlega framkomnum hugmyndum ríkisstjórnarinnar um breytingar á sjómannaafslætti. Verði þær að veruleika er verið að skerða sjómannaafsláttinn a.m.k. um 10–11,5%, ekki bara til þeirra sem hafa sjómennsku að hlutastarfi, heldur einnig til hinna sem hafa hana að aðalstarfi, eru lögskráðir í 230–236 daga á ári sem er viðurkennt vinnuár.

Eins og áður hefur komið fram er sjómannaafslátturinn hluti af kjörum sjómanna. Verði hann skertur er verið að ganga á kjör þeirra umfram kjör annarra landsmanna. Því mótmælir fundurinn harðlega.

353. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (RG, SP, IBA, VE, GAK).

Við 28. gr. Við greinina bætist nýr málsliður er orðist svo: Þar af skulu 14.000 þús. kr. renna til norræns kvikmyndaverkefnis.

Greinargerð.

Í 28. gr. frumvarpsins er lagt til að framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs nemi eigi hærri fjárhæð en 91.500 þús. kr. á árinu 1992. Í breytingartillögu þessari er lagt til að 14.000 þús. kr. af framlaginu renni til norræns kvikmyndaverkefnis.

Við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1992 kom fram í máli formanns fjárlaganefndar að nefndin hefði fallist á að veita til norræns kvikmyndaverkefnis þá fjárhæð sem hér er gerð tillaga um og skyldi hún tekin af 91.500 þús. kr. fjárveitingu til Kvikmyndasjóðs.

354. Frumvarp til laga [222. mál]

um málefni fatlaðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

I. KAFLI

Markmið og skilgreining.

1. gr.

Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.

Við framkvæmd á markmiðum laganna skal tryggja heildarsamtökum fatlaðra og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðra.

2. gr.

Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.

II. KAFLI
Stjórn og skipulag.

3. gr.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn málefna fatlaðra samkvæmt lögum þessum. Skal félagsmálaráðuneytið annast stefnumótun, gerð heildaráætlana og eftirlit með framkvæmd laganna. Sérstök deild skal starfrækt innan ráðuneytisins sem hefur umsjón með málaflokknum og annast m.a. ráðgjöf, öflun og miðlun upplýsinga, rannsóknir og þróunarstarf.

4. gr.

Sérstök nefnd skal vera félagsmálaráðuneyti til ráðgjafar um málefni fatlaðra. Nefnist hún stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og skal hún skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar, þar af annan formann.

Stjórnarnefnd skal gera tillögur til félagsmálaráðherra um sérhæfða þjónustu við fatlaða á landsvísu sem er óháð skiptingu í starfssvæði skv. 5. gr. Þá fer stjórnarnefnd með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sbr. 39. gr.

5. gr.

Landinu skal skipt í starfssvæði málefna fatlaðra og fer svæðaskipting eftir kjördæmaskipan.

Heimilt skal að skipta starfssvæðum í sérstök þjónustusvæði. Þjónustusvæði geta miðast við einstök sveitarfélög, héraðsnefndir eða byggðasamlög sveitarfélaga, sbr. sveitarstjórnarlög, eða heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu.

6. gr.

Á hverju starfssvæði, sbr. 5. gr., skal starfa fimm manna svæðisráð í málefnum fatlaðra.

Svæðisráð skulu hafa eftirtalin verkefni:

1. Að gera tillögur til svæðisskrifstofu um þjónustu og stuðla að samræmingu hennar á svæðinu.
2. Að hafa eftirlit með að þjónusta, starfsemi og rekstur stofnana, samkvæmt lögum þessum, séu í samræmi við markmið laganna.
3. Að veita félagsmálaráðuneyti umsögn um svæðisáætlanir, sbr. 4. tölul. 13. gr., um uppbyggingu þjónustu fyrir fatlaða, sbr. 42. gr., og um nýja eða breytta starfsemi, sbr. 46. gr.

4. Að annast réttindagæslu fatlaðra skv. XV. kafla, þar á meðal að fatlaðir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.

Svæðisráð skulu skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið skulu tilnefna sinn fulltrúann hvor, svæðisbundin samtök sveitarfélaga tvo og félagsmálaráðuneyti einn fulltrúa. Svæðisráð skal kveðja fræðslustjóra, héraðslækni og félagsmálastjóra/fulltrúa sveitarfélaga á sinn fund þegar ástæða er til.

Svæðisráð kýs sér sjálft formann.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um störf svæðisráða.

III. KAFLI
Almenn þjónusta.

7. gr.

Fatlaðir skulu eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ávallt skal leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Reynist þjónustuþörf hins fatlaða meiri en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal hinn fatlaði fá þjónustu samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Í því skyni að tryggja rétt fatlaðra til þjónustu samkvæmt almennum lögum skal skipuð samráðsnefnd um málefni fatlaðra. Í nefndinni sitji fimm fulltrúar. Félagsmála-, menntamála- og heilbrigðisráðuneyti tilnefna einn fulltrúa hvert og Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands tilnefna sinn fulltrúa hvor. Fulltrúi félagsmálaráðuneytis skal vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal leggja fram tillögur til viðkomandi ráðuneytis um samræmingu í aðgerðum stjórnvalda í því skyni að efla þjónustu við fatlaða á sviði heilbrigðis-, mennta- og félagsmála.

Enn fremur skal nefndin fjalla um mál sem snerta tengsl laga þessara við önnur lög.

IV. KAFLI
Stoðþjónusta.

9. gr.

Veita skal fötluðum þjónustu sem miðar að því að gera þeim kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra. Stoðþjónustu þessa skal veita á hverju svæði með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Skal hún miðast við eftirtaldar þarfir fatlaðra:

1. Þarfir fatlaðra fyrir þjónustu á heimilum sínum sem felst í því að treysta möguleika þeirra til sjálfstæðs heimilishalds. Um þjónustu þessa fer m.a. samkvæmt ákvæðum X. kafla.
2. Þarfir fatlaðra til hæfingar, endurhæfingar og atvinnu sem m.a. felast í því að þeir geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu. Um þjónustu þessa fer m.a. samkvæmt ákvæðum XI. og XII. kafla.
3. Þarfir fatlaðra fyrir sálfræðiþjónustu, ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þar með talið að njóta tómstunda og menningarlífs. Um þjónustu þessa fer m.a. samkvæmt ákvæðum 10. tölul. 13. gr., 25. gr. og XIV. kafla.

4. Þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri aðstoð við fjölskyldur þeirra svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Þjónusta þessi er m.a. samkvæmt VIII. og IX. kafla.

V. KAFLI
Þjónustustofnanir.

10. gr.

Starfrækja skal þjónustustofnanir fyrir fatlaða í því skyni að koma til móts við sértækar þarfir þeirra svo að þeir geti lifað sjálfstæðu lífi.

Þjónustustofnanir þessar skulu starfræktar á hverju svæði eftir því sem þörf er á:

1. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar.
2. Dagvistarstofnanir fatlaðra.
3. Verndaðir vinnustaðir.
4. Þjónustumiðstöðvar.
5. Leikfangasöfn.
6. Skammtímavistun.

Félagsmálaráðherra er heimilt að bæta við þjónustustofnunum eða fella niður að fenginni umsögn stjórnarnefndar.

Félagsmálaráðherra veitir leyfi fyrir starfsemi nýrra stofnana, svo og fyrir meiri háttar breytingum á starfsemi stofnana að fengnum tillögum svæðisráða eða stjórnarnefndar.

VI. KAFLI
Búseta.

11. gr.

Fatlaðir skulu eiga kost á búsetu í samræmi við þarfir þeirra og óskir eftir því sem kostur er. Búseta fatlaðra, sem lög þessi taka til, getur verið:

1. Félagslegar íbúðir.
2. Verndaðar íbúðir.
3. Sambýli.
4. Vistheimili.
5. Heimili fyrir börn.
6. Áfangastaðir.

Félagsmálaráðherra veitir starfsleyfi skv. 3.–6. tölul. þessarar greinar.

Búseta fatlaðra samkvæmt lögum þessum skal vera í almennri íbúðabyggð.

12. gr.

Umsóknir um þjónustu á stofnunum skv. 1.–4. tölul. 10. gr., svo og um búsetu skv. 2.–6. tölul. 11. gr., skulu sendar viðkomandi svæðisskrifstofum í málefnum fatlaðra, sbr. 13. gr. Umsókn er gild þegar hinn fatlaði eða forráðamaður hans stendur að henni. Svæðisskrifstofur meta þörf hins fatlaða fyrir þjónustu eða ósk hans um búsetu í samráði við viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðila. Svæðisskrifstofur taka ákvarðanir um þjónustu og búsetuform. Sé um að ræða stofnanir, sem reknar eru af öðrum en ríkinu, þarf að koma til samþykki rekstraraðila. Óheimilt er að ákveða búsetuform skv. 2.–6. tölul. 11. gr. án þess að þörf fyrir þjónustu hafi verið metin.

Verði ágreiningur um afgreiðslu umsóknar fjallar svæðisráð um það mál.

VII. KAFLI
Framkvæmd þjónustunnar.

13. gr.

Á hverju starfssvæði, sbr. 5. gr., skal starfrækt skrifstofa fyrir málefni fatlaðra. Svæðisskrifstofur í málefnum fatlaðra skulu hafa með höndum eftirfarandi viðfangsefni:

1. Að annast rekstur stofnana fyrir fatlaða á vegum ríkisins, svo og aðra þjónustu og starfsemi fyrir fatlaða samkvæmt lögum þessum.
2. Að bera ábyrgð á framkvæmdum í málefnum fatlaðra sem veitt er fé til úr Framkvæmdasjóði, sbr. 41. gr.
3. Að safna upplýsingum um þörf fyrir þjónustu vegna fatlaðra samkvæmt lögum þessum.
4. Að annast gerð svæðisáætlunar til þriggja ára um uppbyggingu þjónustu við fatlaða og leggja fyrir svæðisráð til umsagnar.
5. Að veita svæðisráðum aðstoð og þjónustu til þess að þau geti sem best sinnt hlutverki sínu.
6. Að annast mat á þörf hins fatlaða fyrir þjónustu, sbr. 2. gr., í samráði við greiningaraðila.
7. Að eiga samstarf og samráð við héraðslækna og fræðslustjóra vegna málefna fatlaðra.
8. Að eiga samstarf við sveitarfélög vegna félagsþjónustu og ferlimála fatlaðra.
9. Að annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna samkvæmt lögum um almannatryggingar.
10. Að sjá til þess að fatlaðir fái sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf á svæðinu.

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa að fenginni umsögn svæðisráða. Annað starfsfólk ræður félagsmálaráðherra að fenginni tillögu framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjórum skal sett erindisbréf.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um starfsemi svæðisskrifstofa.

14. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal eiga frumkvæði að því, að höfðu samráði við svæðisráð, að unnið sé að samningum milli ríkis og sveitarfélaga um það að sveitarfélögin annist þjónustu við fatlaða að hluta til eða að öllu leyti, ýmist á vettvangi sveitarfélaga, byggðasamlaga eða héraðsnefnda. Skal ráðuneytið leita álits og umsagnar stjórnarnefndar um slíka samninga. Í þeim samningum skal kveðið á um þá þjónustu sem sveitarfélögunum er ætlað að inna af hendi, greiðslu kostnaðar úr ríkissjóði og framlög til stofnana úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, enda sé ráð fyrir slíku gert í heildaráætlun, sbr. 42. gr.

Þegar sveitarfélögin annast þjónustu við fatlaða að öllu leyti á sérstökum þjónustusvæðum, sbr. 5. gr., skulu greiðslur miðast við fjölda fatlaðra á svæðinu og þörf þeirra fyrir þjónustu annars vegar, svo og sannanlegan rekstrarkostnað einstakra stofnana hins vegar.

Þegar sveitarfélög annast einstaka þjónustuþætti skal miða greiðslur við sannanlegan rekstrarkostnað. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um samninga við sveitarfélögin samkvæmt grein þessari.

15. gr.

Leyfi til handa sveitarfélögum, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum til að setja á fót og reka stofnanir skv. 10. gr. eða heimili fyrir fatlaða skv. 3.–6. tölul. 11. gr. veit-

ir félagsmálaráðherra að fenginni umsögn viðkomandi svæðisráðs. Félagsmálaráðherra er heimilt að binda starfsleyfi til handa félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum til að starfrækja verndaða vinnustaði og vistheimili því skilyrði að félagsmálaráðherra eigi fulltrúa í stjórn þeirra.

16. gr.

Svæðisráð annast eftirlit með stofnunum fyrir fatlaða. Skylt er að veita fulltrúum svæðisráða aðgang að stofnunum og heimilum fatlaðra, sem leyfi hafa verið veitt til skv. 15. gr., til eftirlits og upplýsinga um allt er varðar starfsemi þeirra og rekstur. Svæðisráðum ber að leiðbeina um það sem betur má fara. Félagsmálaráðherra getur svipt rekstraraðila starfsleyfi að tillögu svæðisráðs hafi hann ekki uppfyllt kröfur þess eða ráðuneytis um það sem talið er ábótavant í rekstri innan ákveðinna tímamarka.

VIII. KAFLI
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

17. gr.

Á vegum ríkisins skal vera starfrækt ein greiningar- og ráðgjafarstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Verkefni hennar eru:

1. Athugun, rannsókn og greining á fötluðum sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði.
2. Gerð, prófun og mat viðeigandi meðferðar- og þjálfunaráætlana. Ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir foreldra/forráðamenn eða aðra meðferðaraðila.
3. Langtímameðferð fyrir þá einstaklinga, sem þarfnast hennar, enda sé hún ekki fáanleg á öðrum stofnunum eða annars staðar.
4. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi skjólstæðingur njóti þar þeirrar þjónustu og þjálfunar sem þörf er hverju sinni. Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda til að láta meðferðaraðilum í té leiðbeiningar og ráðgjöf þegar þess er óskað.
5. Starfræksla leikfangasafns. Útlán leikfanga til foreldra og forráðamanna ásamt ráðgjöf og leiðbeiningum. Enn fremur fagleg aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu og starfsemi annarra leikfangasafna á landinu.
6. Göngudeild fullorðinna. Athugun, greining og ráðgjöf fatlaðra sem komnir eru á fullorðinsár og ekki eiga hennar kost á öðrum stofnunum. Mat á starfshæfni, félagslegri aðlögun, ráðgjöf og tilvísun til viðeigandi aðila.
7. Fagleg aðstoð til svæðisráða og að veita umsögn um þjónustu og vistun á stofnunum þegar þess er óskað.
8. Skráning og varðveisla upplýsinga um fötlun einstaklinga í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.
9. Fræðilegar rannsóknir á sviði fötlunar og fagleg ráðgjöf varðandi kannanir á högum fatlaðra í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og svæðisstjórnir.

Félagsmálaráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og verkefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar skal hafa sérþekkingu á málefnum fatlaðra og skal hann bera ábyrgð á faglegri starfsemi og samskiptum við aðrar stofnanir. Framkvæmdastjóri skal bera ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar og hafa umsjón með daglegum rekstri. Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann og framkvæmdastjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Stjórn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins skipa fimm menn. Skulu Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna sinn aðilann hvor, stjórnarnefnd einn en ráðherra skipar tvo án tilnefningar, þar af annan formann.

IX. KAFLI
Málefni barna og fjölskyldna fatlaðra.

18. gr.

Komi í ljós einkenni eftir fæðingu er benda til þess að barn geti verið fatlað ber að hlutast til um að fram fari frumgreining. Leiði frumgreining í ljós að þörf sé frekari greiningar eða meðferðarúrræða skal tilkynna það Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem leitar heppilegra úrræða í samráði við foreldra, svæðisskrifstofu og aðra þá aðila er þurfa þykir.

19. gr.

Starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, skólakerfi og félagsþjónustu skulu sérstaklega gefa gaum andlegu og líkamlegu atgervi barna. Verði þeir þess áskynja að barn hafi einkenni um fötlun skal upplýsa forráðamenn um það. Fer um slíkt skv. 18. gr.

20. gr.

Fötluð börn skulu eiga rétt til leikskóladvalar á vegum sveitarfélaga og skal veita hana á almennum leikskólum með nauðsynlegri stuðningsþjónustu. Fötluð börn, sem ekki geta fært sér í nyt almenna dagvistarþjónustu að mati Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, skulu eiga kost á dvöl á sérdeildum við almenna leikskóla.

21. gr.

Fötluð börn skulu eiga kost á þjónustu leikfangasafna. Auk útlána úr leikfangasafni fer þar fram þroska- og leikþjálfun barna. Á leikfangasöfnum skal veitt uppeldisleg ráðgjöf og leiðbeiningar við notkun leikfanga í þjálfunarskyni.

22. gr.

Fjölskyldur fatlaðra barna skulu eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Dvöl fatlaðs einstaklings hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil. Um þjónustu þessa fer samkvæmt reglugerð.

23. gr.

Foreldrar skulu eiga kost á skammtímavistun fyrir fötluð börn sín þegar þörf krefur. Skammtímavistun er ætlað að veita fötluðum tímabundna dvöl til hvíldar eða vegna erfiðra heimilisaðstæðna, svo sem vegna veikinda eða annars álags.

24. gr.

Stuðla skal að því að fötluð börn eigi kost á sumardvöl þegar þörf er á. Sumardvöl er ætlað að gefa fötluðum kost á að skipta um umhverfi og dveljast utan heimilis síns sér til ánægju og tilbreytingar.

X. KAFLI
Liðveisla.

25. gr.

Sveitarfélög skulu eftir föngum gefa fötluðum kost á liðveislu þegar þörf er á. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

26. gr.

Í sérstökum tilvikum skal veita fötluðum einstaklingum frekari liðveislu sem felur í sér margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Að fenginni umsögn svæðisráðs gera sveitarfélög eða svæðisskrifstofur tillögur um slíka liðveislu til félagsmálaráðuneytis sem tekur ákvörðun í málinu.

XI. KAFLI
Félagsleg hæfing og endurhæfing.

27. gr.

Fatlaðir skulu njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni fatlaðra til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Starfrækja skal sérstakar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, svo og dagvistarstofnanir fyrir fatlaða sem geta veitt þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun. Iðju- og starfsþjálfun skal jafnframt veita á vernduðum vinnustöðum, sbr. 31. gr.

Um læknisfræðilega endurhæfingu fer samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

28. gr.

Heimilt er að veita fötluðum aðstoð vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Svæðisskrifstofur eða sveitarfélög, sbr. 14. gr., annast mat á þörf á aðstoð skv. 1.–2. tölul.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara ákvæða, svo sem skilyrði sem uppfylla þarf til að njóta aðstoðarinnar og viðmiðunarreglur um fjárhæð styrkja.

XII. KAFLI
Atvinnumál.

29. gr.

Á hverju starfssvæði skal starfrækt atvinnuleit sem hefur það markmið að afla fötluðum atvinnu við sitt hæfi. Í tengslum við atvinnuleit skal veita starfsráðgjöf. Þar sem sveitarfélög starfrækja sérstaka vinnumiðlun skal fela þeirri vinnumiðlun að annast atvinnuleit fatlaðra samkvæmt sérstökum samningi.

30. gr.

Veita skal fötluðum aðstoð til að sinna störfum á almennum vinnumarkaði þegar þess gerist þörf. Skal það gert með sérstakri liðveislu á vinnustað, svo og fræðslu og leiðbeiningum til annars starfsfólks.

Veita skal fötluðum starfsþjálfun í almennum fyrirtækjum eða stofnunum þar sem því verður við komið. Í þeim tilvikum skal gera sérstakan samning þar sem m.a. er kveðið á um þjálfunartímabil og greiðslu kostnaðar.

31. gr.

Á hverju starfssvæði skal fötluðum standa til boða vernduð vinna á almennum vinnumarkaði. Heimilt skal jafnframt að starfrækja verndaða vinnustaði fyrir fatlaða. Verndaðir vinnustaðir skulu annars vegar veita fötluðum starfsþjálfun svo að þeir geti starfað á frjálsum vinnumarkaði. Hins vegar skulu þeir veita fötluðum launuð störf.

32. gr.

Félagsmálaráðuneytið beitir sér fyrir, í samráði við samtök fatlaðra og aðila vinnumarkaðarins, að gerð sé könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðnum og í framhaldi af því gerðar tillögur um úrbætur. Slík könnun skal endurtekin eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

33. gr.

Fatlaðir skulu eiga forgang að atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Sé að mati svæðisráðs gengið á rétt fatlaðs manns við veitingu starfs getur það krafið veitingarvaldhafa um skriflega greinargerð fyrir ákvörðun sinni í sambandi við stöðuveitinguna.

XIII. KAFLI
Húsnæðismál.

34. gr.

Stuðla skal að því að fötluðum standi til boða félagslegar íbúðir, þ.e. félagslegar leiguíbúðir, kaupleiguíbúðir og félagslegar eignaríbúðir samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Heimilt er að ráðstafa fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra í því skyni að standa undir framlagi framkvæmdaraðila við byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum fyrir fatlaða sem ætlaðar eru til leigu, sbr. 4. tölul. 41. gr.

XIV. KAFLI
Ferlimál og ferðaþjónusta.

35. gr.

Sveitarstjórnir skulu sinna ferlimálum fatlaðra með skipulögðum hætti, m.a. með gerð áætlana um endurbætur á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana í samræmi við ákvæði byggingarlaga og byggingarreglugerðar, sbr. og skipulagslög og skipulagsreglugerð. Svæðisskrifstofur skulu koma á framfæri ábendingum til byggingarnefnda um úrbætur á sviði ferlimála.

Heimilt er sveitarstjórn að skipa samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra, með þátttöku samtaka fatlaðra, sem m.a. geri tillögur um forgangsröðun verkefna á sviði ferlimála.

36. gr.

Sveitarfélög skulu gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu. Markmið ferðaþjónustu fatl-

aðra er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda. Sveitarfélög setja reglur um rekstur ferðaþjónustu fatlaðra.

Jafnframt skulu fatlaðir eiga rétt á ferðaþjónustu á vegum ríkisins vegna aksturs á þjónustustofnanir skv. 1.–5. tölul. 10. gr. og vegna annarrar sértækrar þjónustu sem veitt er fötluðum sérstaklega.

XV. KAFLI
Réttindagæsla fatlaðra.

37. gr.

Svæðisráð í málefnum fatlaðra skulu standa vörð um rétt fatlaðra til þjónustu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum eftir því sem við á. Starfsmenn, sem sinna þjónustu við fatlaða og starfa á stofnunum fatlaðra, skulu standa vörð um hagsmuni þeirra og gæta þess að réttindi þeirra séu virt.

38. gr.

Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga á heimilum fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 11. gr. á sviði einkalífs og meðferðar fjármuna þeirra skulu svæðisráð skipa sérstakan trúnaðarmann fatlaðra á hverju svæði.

Trúnaðarmaður fylgist með högum hinna fötluðu og skulu forstöðumenn viðkomandi heimila veita honum nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Sé um að ræða skráðar upplýsingar um persónuleg atriði eða upplýsingar um einkafjármuni hins fatlaða skal leitað eftir samþykki hans.

Telji hinn fatlaði að réttur hans sé fyrir borð borinn getur hann tilkynnt það trúnaðarmanni sem veitir honum nauðsynlegan stuðning og kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun metur trúnaðarmaður hvort málið skuli lagt fyrir svæðisráð. Sama gildir telji trúnaðarmaður að réttur hins fatlaða sé ekki virtur.

Telji aðstandendur fatlaðra, hagsmunasamtök fatlaðra eða aðrir, sem láta sig hag fatlaðra varða, að réttur fatlaðra á heimili fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 11. gr. sé ekki virtur skal tilkynna það trúnaðarmanni sem kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun metur trúnaðarmaður hvort málið skuli lagt fyrir svæðisráð.

Svæðisráð sér um að mál samkvæmt þessari grein fái þá meðferð sem við á hverju sinni, lögum samkvæmt. Trúnaðarmaður veitir hinum fatlaða stuðning við meðferð málsins sé þess óskað.

XVI. KAFLI
Framkvæmdasjóður fatlaðra.

39. gr.

Framkvæmdasjóður fatlaðra, sem stofnaður var með lögum nr. 41/1983, skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytis og skal stjórnarnefnd annast stjórn sjóðsins, sbr. 4. gr. Þegar stjórnarnefnd fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis taka sæti í nefndinni.

Sjóðstjórn gerir tillögur til ráðherra um úthlutun.

40. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra eru:

1. Óskertar tekjur Erfðafjársjóðs.
2. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum hvers árs.

3. Sérstakt framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun Alþingis til uppbyggingar þjónustu í þágu geðfatlaðra næstu fimm ár frá gildistöku laga þessara.
4. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
5. Vaxtatekjur.

41. gr.

Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur eftirfarandi hlutverk:

1. Sjóðurinn skal fjármagna stofnkostnað þjónustustofnana fatlaðra, sbr. 10. gr., og heimila fatlaðra, skv. 3.–6. tölul. 11. gr., sem eru á vegum ríkisins.
2. Sjóðurinn fjármagnar þjónustustofnanir og heimili fatlaðra á vegum sveitarfélaga, sbr. 1. tölul., eftir því sem nánar er kveðið á um í samningum skv. 14. gr.
3. Heimilt er sjóðnum að veita félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum styrk til að koma á fót þjónustustofnunum og heimilum fatlaðra, sbr. 1. tölul.
4. Sjóðnum er heimilt að veita framkvæmdaraðilum félagslegra leiguíbúða og kaupleiguíbúða í leigu, sbr. lög um Húsnæðisstofnun ríkisins og 1. og 2. tölul. 11. gr. laga þessara, styrk til greiðslu framlags sem framkvæmdaraðilum ber að leggja fram samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Styrkur þessi má nema helmingi af framlagi framkvæmdaraðila þegar sveitarfélög eiga í hlut, en má ná til alls framlagsins þegar um aðra framkvæmdaraðila er að ræða. Framlag Framkvæmdasjóðs samkvæmt þessu ákvæði er endurkræft sé íbúð tekin til annarra nota en í þágu fatlaðra.
5. Heimilt er að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga með það að markmiði að hreyfihamlaðir og blindir geti athafnað sig með eðlilegum hætti. Framlag úr sjóðnum skal aldrei vera meira en sem nemur helmingi af kostnaði vegna hverrar einstakrar framkvæmdar.
6. Heimilt er að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhaldsframkvæmda, sem ekki falla undir rekstrarviðhald í skilningi fjárlaga, á þeim heimilum fatlaðra og þjónustustofnunum fatlaðra, sbr. 1.–3. tölul., sem byggðar/keyptar hafa verið og falla innan gildissviðs þessara laga. Úthlutun þess fjár sem varið er til viðhaldsframkvæmda skal vera í höndum félagsmálaráðuneytis.
7. Auk verkefna skv. 1.–6. tölul. er Framkvæmdasjóði fatlaðra heimilt að veita fé til annarra framkvæmda sem nauðsynlegar eru taldar í þágu fatlaðra, svo sem breytinga á almennum vinnustöðum þar sem fatlaðir starfa. Enn fremur er sjóðnum heimilt að veita fé til kannana og áætlana í málefnum fatlaðra.

XVII. KAFLI
Fjármögnun og rekstur.

Stofnkostnaður.

42. gr.

Svæðisskrifstofur í málefnum fatlaðra annast gerð svæðisáætlana um þjónustu við fatlaða og skulu svæðisráð veita umsögn um þær. Félagsmálaráðuneytið annast gerð heildaráætlunar á grundvelli svæðisáætlana ásamt tillögum stjórnarnefndar um framkvæmdir vegna sérhæfðrar þjónustu á landsvísu.

43. gr.

Stjórnarnefnd gerir árlegar tillögur um framlög úr Framkvæmdasjóði í samræmi við heildaráætlun skv. 42. gr.

44. gr.

Framkvæmdasjóður fatlaðra greiðir að fullu stofnkostnað þjónustustofnana skv. 10. gr. og heimila fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 11. gr. á vegum ríkisins og samkvæmt samningi við sveitarfélög skv. 14. gr.

45. gr.

Framlög úr Framkvæmdasjóði til sveitarfélaga, félaga fatlaðra og sjálfseignarstofnana skulu innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi við félagsmálaráðuneytið. Í slíkum samningi skal kveðið á um að óheimilt sé að ráðstafa húsnæðinu eða selja það nema með samþykki félagsmálaráðuneytis og skal kvöð um það þinglýst. Framlagið er afturkræft sé húsnæðinu ráðstafað til annarra en fatlaðra, sbr. 3. tölul. 41. gr.

Rekstur.

46. gr.

Svæðisskrifstofur skulu árlega gera fjárlagatillögur og senda þær til félagsmálaráðuneytis. Sé um rekstur á vegum sveitarfélaga að ræða, sbr. 14. gr., skulu þau senda fjárlagatillögur sínar til viðkomandi svæðisskrifstofu til umsagnar. Sama gildir um félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem hafa á hendi rekstur í þágu fatlaðra. Tillögur um nýja eða breytta starfsemi skal senda svæðisráðum til umsagnar.

47. gr.

Gera skal fjárlagatillögur um stoðþjónustu byggða á grundvelli 9. gr.

48. gr.

Fjárlagatillögur vegna þjónustustofnana skv. 10. gr. og heimila fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 11. gr. skulu miðast við mat á þjónustuþörf. Skal slíkt mat fara fram þegar starfsemi hefst og síðan árlega.

49. gr.

Þjónusta og annar rekstrarkostnaður samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Þó skulu sveitarfélög greiða kostnað vegna liðveislu, sbr. 25. gr., ferlimála, sbr. 35. gr., og ferðaþjónustu, sbr. 1. mgr. 36. gr. Um kostnað vegna leikskóladvalar fatlaðra barna, sbr. 20. gr., fer samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 48/1991.

50. gr.

Tekjur sem falla til vegna starfsemi stofnana, svo sem af atvinnurekstri, skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði þeirra.

51. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða gjaldtöku vegna þjónustu skv. 22. og 23. gr. enda njóti viðkomandi umönnunarbóta eða örorkulífeyris og tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar.

52. gr.

Ferðir fatlaðra til og frá þjónustustofnunum skv. 1.–5. tölul. 10. gr. og vegna annarrar nauðsynlegrar þjónustu, sem veitt er fötluðum sérstaklega, greiðist úr ríkissjóði. Ákvæði þetta á þó ekki við um akstur til og frá sumardvalarheimili og skammtímavistun.

Félagsmálaráðherra skal setja reglur um greiðslu kostnaðar við ferðir fatlaðra utan af landsbyggðinni til og frá Greiningarstöð ríkisins sem greiðist úr ríkissjóði. Skal þar höfð hliðsjón af reglum um ferðakostnað sjúklinga innan lands samkvæmt lögum um almannatryggingar, eftir því sem við á.

53. gr.

Kostnaður vegna starfsemi svæðisskrifstofa, svæðisráða og stjórnarnefndar greiðist úr ríkissjóði. Sama gildir um kostnað vegna samráðsnefndar skv. 8. gr.

54. gr.

Sjálfseignarstofnanir og stofnanir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka, sem reknar eru samkvæmt lögum þessum og njóta framlaga úr ríkissjóði, skulu skila félagsmálaráðuneyti, viðkomandi svæðisráði, Ríkisbókhaldi og Ríkisendurskoðun ársreikningi undirrituðum af löggiltum endurskoðanda ásamt skýrslu um starfsemi liðins árs.

XVIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

55. gr.

Sérhverjum, er starfar samkvæmt lögum þessum, ber að gæta fyllstu þagmælsku um það sem hann kemst að í starfi sínu.

56. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

XIX. KAFLI
Gildistaka.

57. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1992. Frá sama tíma falla úr gildi lög um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 87/1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 57. gr. skal ráðstöfun fjár úr Framkvæmdasjóði fatlaðra vera samkvæmt núgildandi lögum fram til ársloka 1992.

II.

Ákvæði 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, á við þar til ákvæði um umönnunarbætur fatlaðra barna hefur öðlast gildi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

III.

Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1989, um að ríkissjóður greiði þann kostnað sem er umfram almennar greiðslur

vegna fatlaðra barna í leikskóla, á við þar til ákvæði um sama efni hefur verið fellt inn í lög um leikskóla.

IV.

Þær stofnanir og heimili fatlaðra, er starfa við gildistöku laganna, skulu á næsta ári eftir gildistökuna senda umsókn um starfsleyfi í samræmi við 15. gr. laganna. Starfsleyfi skal veitt innan árs frá því að umsókn er lögð fram.

V.

Lög þessi skal endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra. Endurskoðun laganna skal m.a. miða að því að auka ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, skipaði 5. desember 1989. Nefndinni var í fyrsta áfanga ætlað að kanna reynsluna af gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 41/1983. Ef sú athugun leiddi í ljós þörf á nýrri lagasetningu skyldi nefndin semja frumvarp um það efni.

Í nefndina voru skipuð: Arnþór Helgason deildarstjóri, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokks, Ásta B. Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp, Helgi Seljan, fyrrv. alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Alþýðubandalagsins, sr. Jón Einarsson prófastur, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Páll Svavarsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af þingflokki Borgaraflokks (lét af störfum í nefndinni sumarið 1990), Rannveig Guðmundsdóttir alþingismaður, tilnefnd af þingflokki Alþýðuflokks, og Bragi Guðbrandsson félagsmálastjóri sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Þá var Margrét Margeirsdóttir deildarstjóri skipuð ritari nefndarinnar og Þorgerður Benediktsdóttir deildarstjóri lögfræðilegur ráðgjafi hennar. Í kjölfar ríkisstjórnarskipta varð 1991 tóku tveir nýir fulltrúar sæti í nefndinni, Sólveig Pétursdóttir alþingismaður, tilnefnd af þingflokki Sjálfstæðisflokksins, og Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri, en síðar Guðrún Halldórsdóttir skólastjóri, tilnefnd af þingflokki Kvennalista.

Leitað var til Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar, stjórnarnefndar í málefnum fatlaðra, svæðisstjórna í málefnum fatlaðra og samtaka framkvæmdastjóra svæðisstjórna til að kanna reynslu af lögunum. Umsagnir bárust frá öllum þessum aðilum, að undanskildum þremur svæðisstjórnum (á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi eystra), og skiluðu þær miklum fróðleik. Í þeim komu fram fjölmargar athugasemdir og ábendingar og athyglisvert var hversu samhljóða þær voru í veigamiklum atriðum. Lutu þær m.a. að skilgreiningu á fötluðum, yfirstjórn málaflokksins, stjórnarnefnd og Framkvæmdasjóði fatlaðra, hlutverki svæðisstjórna og rekstri stofnana, tengslum þjónustukerfis fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga, uppbyggingu sértækrar þjónustu, stöðu sjálfseignarstofnana og nauðsyn þess að samræma lögin ákvæðum annarra laga. Auk ofangreindrar gagnaöflunar gerði nefndin sér far um að afla upplýsinga um þróun málefna fatlaðra annars staðar á Norðurlöndum, m.a. aflaði formaður nefndarinnar gagna í Danmörku og Svíþjóð. Fyrri áfanga í störfum nefndarinnar lauk í maí 1990 með áfangaskýrslu til félagsmálaráðherra. Í þeirri áfangaskýrslu komu fram þeir annmarkar sem nefndin taldi að væru á fram-

kvæmd gildandi laga, svo og þær grundvallarhugmyndir sem frumvarp þetta byggir á.

Niðurstaða nefndarinnar var sú að brýnt væri orðið að endurskoða núgildandi lög. Studdist sú niðurstaða ekki síst við áðurgreindar umsagnir.

Vinna við frumvarpssmíð stóð yfir veturinn 1990–1991 og lágu fyrir drög að frumvarpi skömmu fyrir þinglok vorið 1991. Ekki tókst þó að leggja frumvarpið fyrir þingið, en ákveðið var að kynna frumvarpsdrögin opinberlega í því skyni að kalla eftir viðbrögðum við þeim. Efnt var til fundar um frumvarpsdrögin og voru til hans boðaðir m.a. fulltrúar frá hagsmunasamtökum fatlaðra og svæðisstjórnum í málefnum fatlaðra, auk þess sem fundurinn var auglýstur opinberlega. Á fundinum komu fram ýmsar gagnlegar ábendingar sem nefndin færði sér í nyt í störfum sínum.

Í störfum nefndarinnar haustið 1991 einbeitti hún sér einkum að umræðum um hlut sveitarfélaganna í þjónustu við fatlaða annars vegar og yfirstjórn málaflokksins hins vegar. Vegna fyrra viðfangsefnisins var ákveðið að leita samráðs við Samband íslenskra sveitarfélaga. Sat framkvæmdastjóri Sambandsins einn fund nefndarinnar vegna málsins jafnframt því sem formaður nefndarinnar og fulltrúi Sambandsins í nefndinni fóru á fund stjórnar þess til viðræðna um frumvarpsdrögin. Margar ábendingar komu fram viðvíkjandi þætti sveitarfélaganna í þjónustu við fatlaða og hugsanlegum verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga í málaflokknum sem nefndin tók sérstaklega tillit til.

Það sjónarmið átti fylgi að fagna innan nefndarinnar að æskilegast væri að sérlög um málefni fatlaðra væru óþörf og kveðið væri á um málefni fatlaðra í heildarlöggjöf í félagsmálum sem tæki til almennrar félagsþjónustu landsmanna. Hins vegar eru nefndarmenn sammála um að þjóðfélagslegar og stjórnmálalegar forsendur séu ekki enn þá fyrir hendi til að svo megi verða nú. Ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga eru fyrsta skrefið í átt til heildstæðrar félagsmálalöggjafar. Með þeim er lagður grunnur að almennri félagsþjónustu sem næði til allra landsmanna. Ljóst er þó að nokkur tími mun líða þar til því markmiði er náð. Það er mat nefndarinnar að þangað til sé óhjákvæmilegt að sérstök lög gildi sem tryggi hag fatlaðra.

Almennt yfirlit um framkvæmd laga um málefni fatlaðra.

Núgildandi lög um málefni fatlaðra mörkuðu tímamót í þjónustu við fatlaða og er nefndin sammála um að á þeim tíma, sem liðinn er frá setningu laganna, hafi þjónusta við fatlaða tekið stórstígum framförum, ekki síst á landsbyggðinni. Hinu er ekki að leyna að fjárveitingar til uppbyggingar þjónustunnar hafa ekki orðið í samræmi við áform löggjafans við setningu laganna. Tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra hafa rýrnað að raungildi frá ári til árs. Segja má að framlag ríkissjóðs í Framkvæmdasjóð sé nú ekkert orðið og ráðstöfunarfé sjóðsins nemi nú nokkurn veginn tekjum Erfðafjársjóðs eins. Á þetta er bent til áréttingar því að fjármagn er undirstaða þess að þjónusta sé tryggð í samræmi við þarfir óháð því í hvern farveg því er beint með löggjöf.

Þegar lög um málefni fatlaðra tóku gildi í ársbyrjun 1984 má segja að grunnurinn hafi þegar verið lagður með lögunum um aðstoð við þroskahefta frá 1979. Fyrirkomulag stjórnsýslunnar var þegar komið á laggirnar með skiptingu landsins í átta starfssvæði, svæðisstjórnir og stjórnarnefnd. Uppbyggingin á þjónustunni, sem hafin var fyrir gildistöku laga um málefni fatlaðra 1984, hélt áfram undir sömu formerkjum og í samræmi við hugmyndafræði um jafnrétti og að skapa fötluðum eðlileg lífsskilyrði í þjóðfélaginu eins og framast er unnt. Þessi þróun hefur haldið áfram sleitulaust síðan.

Leitast hefur verið við að framfylgja því grundvallaratriði að koma á fót fjölbreyttri þjónustu við fatlaða og aðstandendur þeirra í heimabyggð. Óhætt er að fullyrða að alger umskipti hafa orðið hvað þetta varðar á þessu tímabili sem liðið er frá því lögin tóku gildi. Nefna má í þessu sambandi búsetumál fatlaðra. Á undanförnum 10 árum hefur verið komið á fót um 50 sambýlum og meðferðarheimilum víðs vegar í landinu með 4–6 íbúum á hverju heimili.

Í atvinnu- og endurhæfingarmálum hefur tekist að koma upp aðstöðu á flestum svæðum landsins með atvinnuleit. Sú þjónusta var nýmæli í lögum um málefni fatlaðra og hefur verið að þróast jafnt og þétt síðan og er nú komin á öll svæðin. Einnig má nefna verndaða vinnustaði, dagvistar- og hæfingarstofnanir.

Þjónusta við börn og aðstandendur þeirra má segja að hafi verið byggð upp frá grunni sl. áratug og var hún nánast hvergi til fyrir þann tíma. Þar má nefna fjárhagslega aðstoð við framfærendur. Árið 1990 fengu 634 fjölskyldur slíka aðstoð.

Leikfangasöfn, en þau eru nú 14 alls, veita mikilvæga ráðgjöf og aðstoð við uppeldi fatlaðra barna.

Skammtímavistun og stuðningsfjölskyldur eru víðast hvar til staðar.

Ekki er hér um að ræða tæmandi upptalningu eða lýsingu á þeirri þjónustu sem hefur verið byggð upp í kjölfar laganna. Einn meginávinningurinn er sá hversu vel hefur tekist að dreifa henni um landið.

Helstu annmarkar gildandi laga.

Réttur fatlaðra til almennrar þjónustu.

Þótt ákvæði sé að finna um rétt fatlaðra til þjónustu á almennum stofnunum í núgildandi lögum (6. gr.) verður að segjast að lögin í heild sinni kveði að mestu á um sértæk úrræði í þjónustu við fatlaða. Enda þótt slíkt sé eðlilegt í sérlögum um fatlaða hefur reynslan sýnt fram á mikilvægi þess að skýrt sé kveðið á um rétt þeirra til að fá notið allrar almennrar þjónustu á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Hér er um grundvallaratriði að ræða miðað við þau markmið sem lúta að því að tryggja fötluðum jafnrétti á við aðra.

Stoðþjónusta.

Telja verður að núgildandi lög leggi ekki nægjanlega mikla áherslu á stoðþjónustu sem miði að því að gera fötluðum kleift að lifa í samfélagi við aðra. Þannig hefur skort ákvæði um rétt fatlaðra til heimaþjónustu, svo og annarrar stuðningsþjónustu, m.a. til að geta stundað nám og vinnu. Í nýjum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eru ákvæði um rétt fatlaðra til heimaþjónustu sem bætir nokkuð úr réttarstöðu þeirra. Hins vegar skortir á að kveðið sé á um sértæka stoðþjónustu fyrir fatlaða í lögum.

Ábyrgð og hlutverk sveitarfélaga.

Að mati nefndarinnar er einn mesti ágalli gildandi laga sá að í þeim er ekki kveðið á um skyldur og ábyrgð sveitarfélaganna varðandi þjónustu við fatlaða. Hins vegar er það svo að sveitarfélögin hafa almennar skyldur á sviði félagsþjónustu og mörg hver reka mjög fjölþætta og umfangsmikla þjónustu sem fatlaðir ættu að eiga rétt á. Raunar eru fatlaðir fjölmennur hópur neytenda hinnar almennu félagsþjónustu og hafa lengi verið. Með gildistöku núgildandi laga um málefni fatlaðra má segja að víða hafi dregið úr frumkvæði sveitarfélaga til að veita fötluðum þjónustu og eru jafnvel dæmi þess að svæðisstjórnir hafi tekið yfir þjónustu, sem sveitarfélög höfðu stofnað til og rekið, og þannig

hamlað gegn virkni sveitarfélaga á þessu sviði. Þessi þróun er á margan hátt varhugaverð þar sem hún stuðlar að því að aðskilja þjónustu við fatlaða frá almennri þjónustu við aðra íbúa sveitarfélagsins.

Skilgreining á fötluðum.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að fatlaðir séu þeir sem eru líkamlega eða andlega hamlaðir. Við framkvæmd laganna virðist sem þessi skilgreining sé ekki fullnægjandi, auk þess sem þar er ekki að finna afdráttarlaus ákvæði um hverjir eigi rétt á þjónustu. Þannig hefur t.d. verið dregið í efa hvort geðfatlaðir eigi tilkall til þeirrar þjónustu sem lögin kveða á um. Málefni geðfatlaðra hafa ekki vegið þungt í uppbyggingu þjónustu við fatlaða og hafa svæðisstjórnir haft lítil afskipti af þeim hópi. Ein skýring á þessu kann að vera sú að félagslegur styrkur þeirra er ekki til jafns á við aðra. En jafnframt ber hér að líta til fortíðar til þess hvernig unnið hefur verið að löggjöf um fatlaða stig af stigi, fyrst með lögum sem einskorðuðust við þroskahefta, síðan var það hugtak rýmkað mjög með orðinu fatlaður, sbr. núgildandi lög, og nú er sá tími kominn að skrefið skuli tekið til fulls og öllum hópum fatlaðra tryggður réttur samkvæmt sömu lögum. Í samræmi við þessa þróun hefur þannig fram til þessa ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu fremur verið beitt vegna uppbyggingar og reksturs þjónustu við geðfatlaða, t.d. sambýla og áfangastaða, en lögum um málefni fatlaðra. Þannig hafa áfangastaðir fyrir geðsjúka verið reknir undir heilbrigðisráðuneyti sem endurhæfingarstöðvar og sambýli sem sjúkrahúsdeildir. Nefndin telur nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það að geðfatlaðir eigi rétt til þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra til jafns við aðra fatlaða.

Yfirstjórn og samræming ráðuneyta.

Samkvæmt gildandi lögum heyra málefni fatlaðra undir þrjú ráðuneyti þótt félagsmálaráðuneyti annist þau málefni fatlaðra er lögin sjálf taka til. Yfirstjórnin er samkvæmt lögunum í höndum stjórnarnefndar sem er þó í störfum sínum í of ríkum mæli bundin af ráðstöfun fjár Framkvæmdasjóðs. Nefndin álítur að þetta fyrirkomulag standist tæplega enda sýnir reynslan að á vettvangi stjórnarnefndar fer meira fyrir samkeppni um fjármagn á milli ráðuneyta en starfi er lýtur að samræmingu og stefnumörkun í málaflokknum.

Hlutverk svæðisstjórna.

Samkvæmt núgildandi lögum eru meginviðfangsefni svæðisstjórna að afla upplýsinga um þarfir fatlaðra fyrir þjónustu og vinna að tillögum um það efni, auk þess að samræma þjónustu við fatlaða á svæðinu. Jafnframt er svæðisstjórnum ætlað að hafa eftirlit með rekstrinum. Í lögunum er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að svæðisstjórnir hafi með höndum rekstur á umfangsmikilli þjónustu við fatlaða. Hvað síðastnefnt atriði varðar hefur reyndin orðið önnur. Mestallur rekstur á þjónustu við fatlaða er á vegum svæðisstjórna. Ljóst er að illa fer á því að sami aðili hafi á sinni könnu rekstur, eftirlit og samræmingu. Raunar skortir mjög á ákvæði um rekstur í lögunum. Í annan stað er það athyglisvert að félagsmálaráðuneytið, sem ber fjárhagslega ábyrgð á framkvæmd laganna, á ekki sérstakan fulltrúa í svæðisstjórnum sem sjálfar kjósa sér formann og ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfslið. Hinum umfangsmikla rekstri er í reynd stýrt af framkvæmdastjórum svæðisstjórnanna, en um þá eða annað starfslið svæðisstjórna eru engin lagaákvæði.

Helstu nýmæli frumvarpsins.

Yfirstjórn málaflokksins.

Nefndin telur rétt að yfirstjórn málefna fatlaðra heyri undir eitt ráðuneyti, félagsmálaráðuneyti. Lögum samkvæmt fara heilbrigðis- og menntamálaráðuneyti með þau mál er lúta að heilbrigðisþjónustu og menntun fatlaðra, sem og annarra landsmanna. Tilgangur þessarar breytingar er að gera yfirstjórn skýrari, ábyrgð ljósari og eftirlit með málaflokknum markvissara. Í samræmi við þessa afstöðu eru lagðar til breytingar á skipan og verksviði stjórnarnefndar. Í stað þess að stjórnarnefnd skipi sjö fulltrúar er nú lagt til að þeim verði fækkað í fimm og að horfið verði frá þeirri skipan að ráðuneyti menntamála og heilbrigðismála eigi sæti í nefndinni. Breyting þessi er lögð til með hliðsjón af því að öll þjónusta, sem frumvarpið tekur til, heyrir undir félagsmálaráðuneyti þannig að óeðlilegt og óþarft er að önnur ráðuneyti komi að framkvæmd hennar. Hins vegar er sjálfsagt að búa svo um hnútana að samráð sé haft á milli ráðuneytanna um framkvæmd lagaákvæða í heilbrigðis-, mennta- og félagsmálum er varða fatlaða svo samræmis sé gætt. Jafnframt má telja eðlilegt að heildarsamtök fatlaðra eigi kost á að hafa áhrif á framkvæmd almennra lagaákvæða er varða fatlaða. Því er í frumvarpinu sérstaklega kveðið á um samráð í þessum efnum með skipan sérstakrar samráðsnefndar þar sem fulltrúar þessara aðila eigi sæti.

Meginhlutverk stjórnarnefndar verður, samkvæmt frumvarpinu, að fara með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra svo sem verið hefur. Þar sem lagt er til að málaflokkurinn verði óskiptur á ábyrgð félagsmálaráðuneytis er gert ráð fyrir því að fjárveitingu úr Framkvæmdasjóði verði eingöngu varið til þeirra verkefna sem lögin taka til og heyri þannig undir það ráðuneyti. Í því felst að í almennum fjárveitingum til stofnkostnaðar þeirra stofnana, sem ætlaðar eru fötluðum á vettvangi heilbrigðisþjónustu og menntamála, verður að gera ráð fyrir þeim útgjöldum. Telja verður þetta fyrirkomulag mun eðlilegra en það sem nú gildir þar sem ráðuneytum er att saman í togstreitu um takmarkaða fjármuni. Ríkjandi fyrirkomulag var réttmætt þegar til Framkvæmdasjóðs var stofnað enda aðstæður aðrar og réttur fatlaðra til almennrar þjónustu á sviði menntunar og heilbrigðisþjónustu ekki jafnsjálfsagður og nú. Gert er ráð fyrir því að fulltrúi úr fjárlaganefnd Alþingis taki sæti í nefndinni þegar stjórnarnefnd fjallar um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði, en með þeirri tilhögun getur fjárlaganefnd betur fylgst með ráðstöfun fjármagns en ella væri.

Svæðisráð og svæðisskrifstofur í málefnum fatlaðra.

Í frumvarpinu er lagt til að verkefni svæðisstjórna í málefnum fatlaðra verði greind í tvennt: framkvæmd þjónustu og rekstur annars vegar og eftirlit, samræmingu og réttindagæslu fatlaðra hins vegar. Þannig er lagt til að núverandi skrifstofur svæðisstjórna beri heitið Skrifstofur í málefnum fatlaðra og annist þær rekstur stofnana á vegum ríkisins, svo og aðra þjónustu og starfsemi fyrir fatlaða. Svæðisskrifstofur þessar lúta stjórn framkvæmdastjóra sem ráðinn er af félagsmálaráðuneytinu og starfar samkvæmt erindisbréfi. Hins vegar komi svæðisráð í stað núverandi svæðisstjórna, sem leggi fram tillögur um þjónustu, hafi eftirlit með framkvæmd hennar og samræmingu ásamt réttindagæslu fatlaðra. Svæðisráð verði skipuð fimm fulltrúum en svæðisstjórnir skipa sjö samkvæmt gildandi lögum. Tilgangur með þessum breytingum er sá að komast hjá því mótsagnakennda hlutverki sem nú hvílir á svæðisstjórnum og fólgið er í að meta þörf fyrir þjónustu, framkvæma hana og hafa eftirlit með þeirri sömu framkvæmd. Jafnframt verða framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa nú ráðnir af félagsmálaráðuneyti og bera þeir ábyrgð gagnvart því í stað þess að sækja umboð sitt til svæðisstjórna. Með þeirri breytingu má

ætla að stjórnunarleg og rekstrarleg ábyrgð ráðuneytisins verði auðveldari í framkvæmd en nú er.

Aukin ábyrgð sveitarfélaga.

Nefndin er sammála um að þjónusta við fatlaða þurfi, eftir því sem við verður komið, að falla að almennri félagsþjónustu sveitarfélaga. Þess vegna beri að auka ábyrgð og þjónustu sveitarfélaga í þessum efnum, enda verði þeim gert það kleift fjárhagslega með flutningi fjármagns frá ríki til sveitarfélaga. Annars staðar á Norðurlöndum hefur þróun í þjónustu við fatlaða verið í þessa veru og hafa viðamikil verkefni þannig verið færð frá ríki og millistjórnstigum (ömtum, fylkjum, landsþingum) til sveitarfélaganna. Á árinu 1988 var t.d. ákveðið í Noregi að frá ársbyrjun 1991 verði ábyrgð málaflokksins alfarið á vegum sveitarfélaganna og verður samhliða flutt fjármagn frá ríki til sveitarfélaganna til að standa undir þjónustunni. Athyglisvert er að þessi þróun er í beinu samhengi við aukna áherslu á stoðþjónustu, samhliða því að dregið er úr stofnanaþjónustu. Þannig hafa Norðmenn ákveðið að allar sólarhringsstofnanir fyrir fatlaða verði lagðar af árið 1996. Rök fyrir þessum breytingum eru einkum að með þeim sé enn frekar stuðlað að samskipun og jafnrétti fatlaðra á við aðra þjóðfélagsþegna. Með áherslu á ábyrgð sveitarfélagsins sé komið á nærþjónustu sem tryggi betur en ella að staðbundin þekking nýtist til hagsbóta fötluðum, jafnframt því sem áhrif þeirra sjálfra í eigin málum fái betur að njóta sín.

Á sama tíma og nefndin hóf störf tóku gildi lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989. Rétt þótti að hafa hliðsjón af þeim lögum varðandi hlut sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra. Þrátt fyrir það komu þau sjónarmið fram í nefndinni að í náinni framtíð bæri að stefna að yfirtöku sveitarfélaganna á þjónustu við fatlaða að mestu leyti. Hins vegar var nokkur skoðanamunur um það hversu stór skref væri unnt eða rétt að stíga í þá átt nú. Ljóst er að auðveldara verður að ná þessu markmiði fram ef sveitarfélög verða stækkuð til mikilla muna. Þessu markmiði má einnig ná fram með samvinnu sveitarfélaga í byggðasamlögum og á vettvangi héraðsnefnda. Þar sem mikil umræða fer nú fram um breytingar á skiptingu landsins í sveitarfélög þykir nefndinni rétt að bíða frekar átekta í þessum efnum.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lögin eru rammalög sem fela í sér að komið verði á ákveðinni skipan félagsþjónustunnar jafnframt því sem skyldur sveitarfélaganna eru afmarkaðar. Lögin taka til fjölmargra þjónustuþátta, einkum á sviði stoðþjónustu, sem hafa mikla þýðingu fyrir fatlað fólk. Þannig er t.d. kveðið á um skyldur sveitarfélaga til að veita fötluðum heimaþjónustu, auk þess sem lögin taka til fleiri málaflokka, svo sem félagsráðgjafar og atvinnu- og húsnæðismála. Búast má við að áhrifa hinna nýju laga fari ekki að gæta fyrr en að nokkrum tíma liðnum í hinum dreifðu byggðum þar sem aðgangur fólks að félagsþjónustu hefur verið lítill. Í hinum stærri sveitarfélögum, á Reykjavíkursvæðinu og á Akureyri, er að finna fjölþætta félagsþjónustu. Bent hefur verið á að óeðlilegt sé að til hliðar við hina almennu félagsþjónustu sveitarfélaga reki ríkið sérstaka þjónustu við fatlaða. Stríðir það gegn viðhorfum um blöndun að skilja fatlaða og aðra íbúa að með þeim hætti. Þá er augljóst að þetta fyrirkomulag veldur óhagræði og auknum kostnaði. Einnig má ætla að þjónustan verði ómarkvissari og óaðgengilegri fyrir fólk. Reikna má með að þessir ókostir verði ljósari í framtíðinni eftir því sem stoðþjónustu fatlaðra vex fiskur um hrygg og dregur úr vægi stofnanaþjónustu.

Nefndin athugaði einkum þrjá kosti sem til greina komu varðandi aukna ábyrgð sveit-

arfélaga í málefnum fatlaðra. Í fyrsta lagi kom til álita að flytja afmörkuð verkefni á sviði stoðþjónustu og þjónustu við börn, t.d. stuðningsfjölskyldur og skammtímavistun, frá ríki til sveitarfélaga. Um væri að ræða verkefni sem féllu vel að félagsþjónustu sveitarfélaga og væru ekki það umfangsmikil að erfiðleikar sköpuðust í framkvæmd. Horfið var frá þessari leið þar sem í henni felst frávik frá samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um verkaskiptingu og fyrir lá andstaða af hálfu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga við það. Annar kostur var sá að kveða á um tilflutning málaflokksins innan ákveðinna tímamarka samhliða því að unnin yrði áætlun í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga um að sveitarfélögin tækju yfir málaflokkinn. Kostur þeirrar leiðar væri sá að með henni yrði sveitarfélögum gefinn aðlögunartími, áhrifa laga um félagsþjónustu sveitarfélaga væri farið að gæta og nægur tími gæfist til að undirbúa tilflutninginn í samvinnu við sveitarfélögin og samtök þeirra. Ekki náðist samstaða í nefndinni um þessa leið, auk þess sem viðræður við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga bentu til að hún teldi eðlilegra að vinna að tilflutningi málaflokksins án lagaboða þar um. Hins vegar er það samdóma álit nefndarinnar að í lögunum verði kveðið á um endurskoðun þeirra innan fjögurra ára með það fyrir augum að auka ábyrgð sveitarfélaga. Við það verk verði höfð samvinna við Samband íslenskra sveitarfélaga og hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum.

Sú leið, sem nefndin valdi, var að draga fram skyldur og ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra umfram það sem lög um félagsþjónustu eða önnur lög kveða á um. Þetta er gert án þess að hróflað sé í neinu við núverandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægara er þó að í frumvarpinu er lagt til að félagsmálaráðuneytið hafi frumkvæði að því að unnið sé að samningum milli ríkis og sveitarfélaga um það að sveitarfélögin annist þjónustu við fatlaða að hluta til eða að öllu leyti. Reiknað er með að það sama geti gerst á vettvangi héraðsnefnda eða með myndun byggðasamlaga á sérstökum þjónustusvæðum. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði kostnaðinn til að standa undir þjónustunni. Einkum má búast við að fjölmenn sveitarfélög, þar sem rekin er fjölbreytt félagsþjónusta, sjái kosti þess að færa sér þetta ákvæði laganna í nyt.

Réttur fatlaðra til þjónustu. — Réttur geðfatlaðra.

Í frumvarpinu er með ótvíræðari hætti en í gildandi lögum kveðið á um hverjir eigi rétt til þjónustu. Þannig er kveðið á um að sá eigi rétt sem þarfnist sérstakrar þjónustu eða aðstoðar vegna fötlunar sinnar og er svæðisskrifstofum falið það verkefni að úrskurða í þeim efnum. Þá eru tekin af öll tvímæli um rétt geðfatlaðra til þjónustu en réttarstaða þeirra samkvæmt lögunum hefur verið mjög á reiki svo sem fyrr er vikið að. Þannig hafa geðfatlaðir ekki nema að takmörkuðu leyti getað notið þeirrar uppbyggingar í þjónustu við fatlaða sem átt hefur sér stað undanfarinn áratug. Af þeim sökum er gert ráð fyrir sérstöku átaki í málefnum geðfatlaðra og í því skyni er lagt til að Alþingi ákveði árlega sérstakt framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra næstu fimm árin til uppbyggingar þjónustu fyrir geðfatlaða. Þá er að finna í frumvarpinu ákvæði um áfangastaði sem eru ætlaðir geðfötluðum, en um er að ræða nýmæli í lögum verði frumvarpið samþykkt. Áfangastöðum er ætlað að auðvelda geðsjúkum að aðlagast samfélaginu að nýju að aflokinni sjúkrahúsdvöl og draga þannig úr endurteknum innlögnum.

Réttur til stoðþjónustu.

Með stoðþjónustu er átt við þjónustu sem gerir fötluðum kleift að búa í eðlilegu samfélagi við aðra, eiga heimili, stunda atvinnu, nám og geta notið tómstunda, allt til jafns

við annað fólk. Þannig er stoðþjónusta fötluðum nauðsynleg til að þeir geti notið almennra lífsgæða og er hún því forsenda samskipunar fatlaðra og ófatlaðra. Í frumvarpinu er fjallað sérstaklega um rétt fatlaðra til stoðþjónustu en um leið dregið úr þeirri áherslu sem núgildandi lög leggja á stofnanir. Þessa áherslubreytingu er að finna í mörgum köflum og einstökum greinum frumvarpsins, t.d. að því er varðar búsetu og húsnæðismál, atvinnumál, málefni barna, liðveislu og ferlimál.

Réttur fatlaðra til almennrar þjónustu.

Í frumvarpinu er lögð sérstök áhersla á rétt fatlaðra til almennrar þjónustu á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála. Sérstaklega er kveðið á um að ávallt skuli leitast við að veita fötluðu fólki þjónustu samkvæmt almennum lögum. Í því skyni að fylgjast með framkvæmd þessa ákvæðis er gert ráð fyrir sérstakri samráðsnefnd með aðild ráðuneytanna þriggja ásamt hagsmunasamtökum fatlaðra.

Segja má að réttur fatlaðra til almennrar þjónustu sé grundvallaratriði hvað lýtur að mannréttindum þeirra. Markmiði frumvarpsins um jafnrétti og sambærileg lífskjör fatlaðra við aðra þjóðfélagsþegna verður ekki náð án þess að þetta grundvallarsjónarmið sé virt. Blöndun fatlaðra og ófatlaðra hefur verið helsta baráttumál fatlaðs fólks undanfarna tvo áratugi. Stór skref hafa verið stigin í þessa átt en talsvert skortir enn á að framkvæmd almennrar þjónustu sé viðunandi í þessum efnum.

Réttindagæsla fatlaðra.

Eitt veigamesta nýmæli þessa frumvarps er ákvæði þess um réttindagæslu fatlaðra. Með réttindagæslu er átt við að fylgst sé með því að fatlaðir njóti lagalegs réttar síns, að ljóst sé hvernig með skuli fara leiki grunur á að brotinn sé réttur á hinum fatlaða og að hann fái notið aðstoðar til að leita réttar síns. Samkvæmt frumvarpinu er svæðisráðum í málefnum fatlaðra falið þetta veigamikla verkefni. Gert er ráð fyrir því að svæðisráð skipi sérstakan trúnaðarmann fatlaðra á hverju svæði, einkum í því skyni að tryggja réttindi fatlaðra er búa á stofnunum og sambýlum, hvað varðar einkalíf og meðferð fjármuna þeirra.

Réttur fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra.

Frumvarpið hefur að geyma mun skýrari ákvæði um réttindi fatlaðra barna og fjölskyldna fatlaðra en áður hefur verið. Stuðningsfjölskyldur eru hér eitt helsta nýmælið. Fötluðum börnum gefst kostur á að dveljast tímabundið hjá stuðningsfjölskyldum í því skyni að létta álagi af heimilum þeirra. Þjónusta stuðningsfjölskyldna hefur verið veitt um nokkurra ára skeið og á grundvelli heimildar í núgildandi lögum var sett reglugerð um stuðningsfjölskyldur árið 1985. Reynsla af þeirri þjónustu hefur verið afar góð og því full ástæða til að kveða sérstaklega á um hana í lögum.

Liðveisla.

Oft þarfnast fatlaðir persónulegs stuðnings ásamt þjónustu á heimili sínu eigi þeir að geta búið utan stofnana. Með setningu laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, fyrr á þessu ári, öðluðust fatlaðir í fyrsta sinn lagalegan rétt til heimaþjónustu. Í þessu frumvarpi eru hins vegar ákvæði um svonefnda liðveislu við fatlaða. Annars vegar er um að ræða liðveislu sem fólgin er í persónulegum stuðningi sem miðar að því meðal annars að rjúfa félagslega einangrun hins fatlaða. Þjónustu þessa hafa stærstu sveitarfélögin veitt fötluðum þó í mismiklum mæli sé, svonefnda tilsjón með fötluðum. Í frumvarpinu er ákvæði

sem hvetur sveitarfélögin til þess að bjóða upp á þessa þjónustu í auknum mæli. Hins vegar er um svonefnda „frekari" liðveislu að ræða en með henni er átt við margháttaða aðstoð, innan og utan heimilis, sem miðar að því að gera hinum fatlaða kleift að lifa utan stofnana. Reiknað er með að frekari liðveisla verði veitt mikið fötluðum einstaklingum og kemur hún til viðbótar heimaþjónustu og jafnvel heimahjúkrun. Ekki hefur slík „frekari" liðveisla verið veitt hér á landi þótt hún sé vel þekkt annars staðar á Norðurlöndum. Í frumvarpinu er heimildarákvæði sem gerir kleift að veita þessa þjónustu í sérstökum tilfellum.

Ný ákvæði um húsnæðismál.

Til að stuðla að jafnrétti fatlaðra við aðra þjóðfélagsþegna þykir rétt og sjálfsagt að auka valkosti þeirra hvað búsetu varðar. Það verði gert með því að gera þeim sem þess óska og til þess teljast færir kleift að búa í félagslegum íbúðum með sérstökum stuðningi. Hér eru fyrst og fremst félagslegar íbúðir til leigu hafðar í huga, en þær íbúðir eru ýmist byggðar og reknar á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana. Reiknað er með að algengt verði að fleiri en einn deili með sér íbúð þótt það sé að sjálfsögðu ekki einhlítt.

Til að ýta undir að félagslegum íbúðum fyrir fatlaða verði komið á fót er lagt til að Framkvæmdasjóði fatlaðra verði heimilt að greiða framlag framkvæmdaraðila þegar um íbúðir í leigu er að ræða, þ.e. að hálfu leyti þegar um sveitarélög eiga í hlut en að öllu leyti þegar um aðra framkvæmdaraðila er að ræða. Samkvæmt núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nemur framlag framkvæmdaraðila 10% af kostnaðarverði íbúðar.

Eins og áður er að vikið er skilyrði þess að sjálfstæð búseta fatlaðra í félagslegum íbúðum verði að raunveruleika það að fötluðum verði veittur nauðsynlegur stuðningur á heimilum sínum. Er þar fyrst og fremst átt við heimaþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, heimahjúkrun samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og liðveislu samkvæmt frumvarpi þessu.

Nýjar áherslur í atvinnumálum.

Í frumvarpinu er að finna ítarlegri ákvæði um atvinnumál fatlaðra en verið hefur. Jafnframt er þar að finna nýjar áherslur sem miða að því að auka möguleika fatlaðra til að starfa á almennum vinnumarkaði. Jafnframt er dregið úr áherslu á verndaða vinnustaði þannig að í stað þess að lög mæli fyrir um að verndaða vinnustaði skuli starfrækja á hverju svæði er nú einungis lagt til að heimilt sé að starfrækja verndaða vinnustaði fyrir fatlaða. Rökin fyrir þessum nýju áherslum eru þau að annars vegar hefur komið í ljós að verndaðir vinnustaðir eru mjög fjármagnsfrekir og líkur benda til að þeim fjármunum yrði betur varið með því að stuðla að því að fatlaðir fái atvinnu á óvernduðum vinnumarkaði. Hins vegar hafa margir orðið til að draga í efa raunverulegt gildi verndaðra vinnustaða til hæfingar þar sem athuganir benda til að mörgum þeirra sem útskrifast á almennan vinnumarkað vegnar ekki alltaf vel. Ljóst er þó að verndaðir vinnustaðir henta ákveðnum hópi fatlaðra sem undirbúningur undir störf á almennum vinnumarkaði og jafnframt að viss hluti fatlaðra kýs fremur að eiga kost á varanlegri atvinnu á vernduðum vinnustöðum en að reyna fyrir sér í óvernduðu starfsumhverfi.

Hinar nýju áherslur í atvinnumálum felast einkum í atvinnuleit, starfsráðgjöf, starfsþjálfun á almennum vinnustöðum og liðveislu á vinnustað. Kveðið er á um heimild til að gera samninga við fyrirtæki vegna starfsþjálfunar fatlaðra og greiðslu kostnaðar. Þá er kveðið á um liðveislu á vinnustað þannig að hinn fatlaði fái beina aðstoð til að inna störf

sín af hendi og enn fremur að samstarfsmönnum hans sé veitt fræðsla og leiðbeiningar um fötlun.

Ákvæði um ferlimál og ferðaþjónustu.

Í frumvarpinu er aukin áhersla lögð á aðgerðir í ferlimálum fatlaðra með ákvæðum um skyldur sveitarfélaga til að vinna að þeim málum með skipulögðum hætti. Þá er áhersla lögð á samstarf byggingarnefnda og svæðisskrifstofa um úrbætur á sviði ferlimála.

Mikilvægt nýmæli frumvarpsins er að lagðar eru skyldur á sveitarfélög um að veita fötluðum ferðaþjónustu þegar þeir ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki. Er þá miðað við ferðir til og frá vinnustað eða skóla eða vegna tómstunda. Fjölmennustu sveitarfélögin hafa veitt þessa þjónustu enda er það fyrst og fremst á þéttbýlisstöðum sem verulegt tilefni er til hennar. Ákvæði um skyldur ríkisins vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna sértækrar þjónustu eru óbreytt.

Breytt framkvæmd fjárhagsaðstoðar. — Umönnunarbætur.

Í 10. gr. núgildandi laga er ákvæði um fjárhagsaðstoð til framfærenda fatlaðra barna sem njóta takmarkaðrar þjónustu utan heimilis. Þannig er skilyrði fyrir aðstoð að hinn fatlaði þarfnist sérstakrar umönnunar eða gæslu. Greiðslur þessar eru misháar og ráðast af því hversu mikillar þjónustu á vegum hins opinbera hið fatlaða barn nýtur. Samkvæmt reglugerð, sem nú er í gildi um þennan málaflokk, eru greiðsluflokkar fjórir og miðast við greiðslur fyrir 40–175 klst. umönnun.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að ákvæðið um fjárhagsaðstoð skv. 10. gr. gildandi laga verði felld niður en þess í stað verði lögfest í lögum um almannatryggingar sérstakur bótaflokkur, umönnunarbætur fyrir fötluð og sjúk börn. Rökin fyrir þessari breytingu eru tvíþætt. Annars vegar er réttmætt að tryggja að framfærendur barna með langvinna sjúkdóma eigi rétt til sömu aðstoðar og framfærendur fatlaðra barna enda aðstæður þeirra sambærilegar. Raunar hafa þeir undanfarin ár notið þeirrar fjárhagsaðstoðar með sérstökum tímabundnum lagaákvæðum sem sett hafa verið árlega. Hins vegar þykir eðlilegt að lagaákvæði af þessu tagi sé að finna í lögum um almannatryggingar, m.a. vegna samræmingar á bótagreiðslum. Þá fer ekki vel á því að í sérlögum um málefni fatlaðra, sem eru í eðli sínu þjónustulög, sé kveðið á um greiðslur bóta enda hefur Tryggingastofnun ríkisins annast þær. Á hinn bóginn er eðlilegt að svæðisskrifstofum í málefnum fatlaðra sé falið að meta umönnunarþörf sem umönnunarbætur byggjast á, enda tengist sú umönnunarþörf þeirri þjónustu sem barn fær á vegum svæðisskrifstofa.

Efling Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Í frumvarpinu eru ákvæði sem styrkja Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins til að annast lögbundin verkefni sín. Meginviðfangsefni hennar er athugun, rannsókn og greining á fötluðum, sem og ráðgjöf til foreldra og þeirra sem annast þjálfun, kennslu og meðferð. Þjónusta hennar hefur hingað til nýst fyrst og fremst fötluðum börnum og ungmennum þar sem stofnunin hefur ekki haft bolmagn til að anna fötluðum sem komnir eru á fullorðinsár. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að komið verði á fót sérstakri göngudeild fyrir fullorðna þar sem m.a. fari fram greining, ráðgjöf og mat á starfshæfni. Að mati sérfræðinga Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar er nauðsynlegt að stofna sérstaka göngudeild, enda er þörf fyrir annars konar fagþekkingu þegar fullorðnum er veitt þessi þjónusta en þegar börn eiga í hlut.

Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir að skipuð verði sérstök stjórn Greiningar- og ráð-

gjafarstöðvarinnar. Þannig verði horfið frá þeirri skipan að stjórnarnefnd gegni því hlutverki, enda hefur reyslan sýnt að sú tilhögun fær tæplega staðist.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um markmið laganna sem eru í grundvallaratriðum þau að fatlaðir fái notið sömu lífsskilyrða og aðrir þjóðfélagsþegnar.

Segja má að æskilegt væri að ekki giltu sérstök lög um málefni fatlaðra heldur væru þeim tryggð nauðsynleg réttindi í almennum lögum. Almenn lög á sviði heilbrigðis-, mennta- og félagsmála eiga að tryggja að fatlaðir njóti sömu réttinda og aðrir landsmenn, enda þótt nokkuð skorti á við framkvæmd þeirra laga að því markmiði sé náð. Fatlaðir hafa sökum fötlunar sinnar þörf fyrir þjónustu og aðstoð á ýmsum sviðum umfram þau réttindi sem nú eru tryggð öllum landsmönnum í almennum lögum. Þetta á einkum við um félagslega þjónustu. Því er enn þörf fyrir sérstök lög sem hafa að markmiði að tryggja fötluðum jöfnuð og sömu lífsskilyrði og aðrir þjóðfélagsþegnar njóta.

Greinin felur ekki í sér efnislegar breytingar frá 1. gr. núgildandi laga heldur einungis einstaka orðalagsbreytingar.

Um 2. gr.

Í greininni er í fyrsta lagi tilgreint til hverra lög þessi taka. Þannig segir í greininni að sá heyri undir lögin sem er fatlaður í skilningi laganna og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings. Í 13. gr. frumvarpsins er svæðisskrifstofum í málefnum fatlaðra ætlað að úrskurða um rétt til þjónustu samkvæmt grein þessari. Í öðru lagi segir hvað átt er við með fötlun. Ekki er farið út í almenna skilgreiningu á orðinu fötlun. Þess í stað eru taldar upp þær hömlur og sjúkdómar sem valdið geta fötlun. Athygli er vakin á því að í texta frumvarpsins er notað hugtakið geðfatlaður. Með því er gerður greinarmunur á sjúkdómi annars vegar og ástandi hins vegar sem er afleiðing sjúkdómsins. Þannig þarf geðsjúkur maður ekki að vera fatlaður þótt fötlun geti hlotist af sjúkdómnum.

Mikilvægasta nýmæli þessarar greinar er að kveðið er sérstaklega á um rétt geðfatlaðra til þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Vísast um þetta atriði til almennra athugasemda frumvarpsins.

Um 3. gr.

Lögð er til sú veigamikla breyting að sérlög um málefni fatlaðra heyri undir eitt ráðuneyti í stað þriggja nú, þ.e. heilbrigðis-, menntamála- og félagsmálaráðuneyti. Talið var eðlilegt á þeim tíma sem núgildandi lög voru samin á (1983) að fella málaflokkinn undir þrjú ráðuneyti þar sem þróun í málefnum fatlaðra var þá skammt á veg komin og samræmingarstarf nauðsynlegt, m.a. vegna stofnana sem þá voru fyrir hendi, svo og vegna nýrra stofnana. Á þeim átta árum, sem liðin eru síðan lög um málefni fatlaðra tóku gildi, hafa hlutverk hinna þriggja ráðuneyta í málefnum fatlaðra verið skýrt skilgreind og afmörkuð. Þannig má t.d. benda á ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem veita fötluðum sama rétt og ófötluðum. Menntamálaráðuneytið hefur þannig markað skýra stefnu í menntamálum fatlaðra sem gerir ráð fyrir blöndun fatlaðra og ófatlaðra á öllum skólastigum og er í samræmi við þá stefnu sem félagsmálaráðuneytið hefur fylgt í uppbyggingu á félagslegri þjónustu við fatlaða á undanförnum árum. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eiga fatlaðir rétt á sömu þjónustu og ófatlaðir. Með framangreindar staðreyndir í huga er niðurstaðan sú að ekki sé lengur þörf á því að ráðuneytin þrjú hafi

sameiginlega ábyrgð á framkvæmd laga um málefni fatlaðra. Við þetta bætist að núverandi fyrirkomulag er í raun torvelt í framkvæmd og framandi íslenskri stjórnsýslu. Þannig hefur verið óljóst hvernig stjórnarnefnd í málefnum fatlaðra var ætlað að hafa yfirstjórn málaflokksins með höndum, þar á meðal að fara með samræmingu milli hinna þriggja ráðuneyta, jafnframt því sem félagsmálaráðuneyti var ætlað að hafa umsjón með málaflokknum, og þar með óljóst hvar skil milli ráðuneytis og stjórnarnefndar lágu. Verkefni stjórnarnefndar, sem felast í því að sjá um samræmingu og hafa sjóðstjórn undir höndum, hafa í aðalatriðum beinst að hinu síðarnefnda, þ.e. úthlutun fjár úr Framkvæmdasjóði. Þar er um viðamikið og vandmeðfarið verkefni að ræða. Slíkt verkefni leiðir eðli máls samkvæmt fremur til togstreitu milli ráðuneyta en samræmingar.

Í stað núverandi fyrirkomulags er því lagt til að málaflokkurinn um málefni fatlaðra, eins og hann er skilgreindur í frumvarpinu, verði óskiptur á ábyrgð félagsmálaráðuneytis. Þetta breytir ekki því að það er sjálfsagður hlutur að ráðuneytin þrjú hafi með sér samstarf og samráð, enda ráð fyrir því gert í 8. gr. frumvarpsins.

Um leið og lagt er til að málefni fatlaðra heyri undir félagsmálaráðuneyti leiðir af sjálfu sér að þau lög fjalla fyrst og fremst um félagslega hlið málaflokksins. Það er einnig í samræmi við þá lagaþróun sem hér hefur orðið og áður er vikið að, þ.e. fötluðum er nú tryggður réttur til menntunar og heilbrigðisþjónustu samkvæmt almennum lögum, en á hinn bóginn gilda engin slík almenn lög um hinn félagslega þátt. Eftir stendur því þörf á lögum til að tryggja fötluðum fjölbreyttan félagslegan stuðning og úrræði á vegum ríkis og sveitarfélaga, enda þótt nýleg lög um félagsþjónustu sveitarfélaga fylli nokkuð upp í þetta tómarúm viðvíkjandi skyldum sveitarfélaga. Enn um sinn telst því þörf á sérstökum lögum um málefni fatlaðra. Þó að hér sé þannig lagt til að lögin falli undir eitt ráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, og taki því til félagslegrar þjónustu við fatlaða skal áhersla á það lögð hve það hugtak er víðtækt og getur vitaskuld tengst mennta- og heilbrigðismálum og er þá nauðsynlegt að ráðuneytin hafi samráð, enda ráð fyrir því gert í frumvarpinu eins og áður hefur verið nefnt.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórnarnefnd í málefnum fatlaðra starfi áfram, en þó með breyttu móti. Eins og 3. gr. frumvarpsins ber með sér er nú gert ráð fyrir því að yfirstjórn málaflokksins verði hjá félagsmálaráðuneyti. Rökrétt afleiðing þess er að fulltrúar mennta-mála- og heilbrigðisráðuneytis hverfi úr nefndinni þannig að hún verði einvörðungu á ábyrgð félagsmálaráðuneytis. Í stjórnarnefnd eigi því sæti fimm fulltrúar í stað sjö nú, tveir skipaðir af félagsmálaráðherra, hagsmunasamtök fatlaðra tilnefna tvo og Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa.

Það liggur í hlutarins eðli að verkefni stjórnarnefndar taka breytingum til samræmis við hina breyttu stjórn á málefnum fatlaðra sem lögð er til í frumvarpinu. Viðfangsefnin verða nú skýrt afmörkuð og skilgreind. Þau eru:

- Vera félagsmálaráðuneyti til ráðgjafar í málefnum fatlaðra.
- Gera tillögur um sérhæfða þjónustu við fatlaða á landsvísu. Hér er höfð í huga sérhæfð þjónusta sem ólíklegt er að unnt sé að skipuleggja á hinum einstöku svæðum sökum fámennis.
- Fara með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Hvað síðastnefnt atriði varðar er ljóst að verði af þeim skipulagsbreytingum, sem hér eru lagðar til, skal fé Framkvæmdasjóðs fatlaðra eingöngu varið til verkefna sem lög þessi taka til. Um Framkvæmdasjóð vísast að öðru leyti til XVI. kafla frumvarpsins.

Um 5. gr.

Enn sem fyrr verður landinu skipt niður í starfssvæði. Einfaldast þykir að miða þá skiptingu við kjördæmaskipan svo sem verið hefur.

Nýmæli er hins vegar að heimila að hverju svæði verði skipt í þjónustusvæði. Þjónustusvæði geta miðast við einstök sveitarfélög, en einnig byggðasamlög eða héraðsnefndir. Sú hugsun býr hér að baki að þegar sveitarfélög annist þjónustu við fatlaða skv. 14. gr. frumvarpsins myndi þau sérstakt þjónustusvæði. Þjónustusvæðið er þá afmarkað innan starfssvæðisins, en svæðisskrifstofur skv. 13. gr. frumvarpsins fara með framkvæmd þjónustu á starfssvæðinu að öðru leyti.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að á hverju starfssvæði starfi svæðisráð í málefnum fatlaðra. Svæðisráðin leysa þar með núverandi svæðisskrifstofur í málefnum fatlaðra af hólmi að því er varðar tillögur um nýja þjónustu, samræmingu á þjónustu og eftirlit með þjónustunni. Á hinn bóginn verður rekstur og önnur framkvæmd á vegum svæðisskrifstofu, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Sú hugmynd liggur til grundvallar þessari breyttu tilhögun að aðskilja framkvæmd þjónustunnar annars vegar og mat á þjónustuþörf og eftirlit með framkvæmd hins vegar. Svæðisráðin bera því, eftir breytinguna, enga ábyrgð á framkvæmdinni og geta því sinnt eftirlitinu betur en ella væri.

Í greininni er kveðið á um einstök verkefni svæðisráða. Sérstök athygli skal vakin á ákvæði 4. tölul. um réttindagæslu fatlaðra, sbr. XV. kafla frumvarpsins sem fjallar sérstaklega um það efni.

Breytt yfirstjórn málaflokksins, svo og breytt viðfangsefni svæðisráða, í samanburði við verkefni svæðisstjórna samkvæmt gildandi lögum, leiðir til þess að svæðisráð verða skipuð með öðrum hætti en svæðisstjórnir hafa verið. Gert er ráð fyrir að í svæðisráði sitji fimm fulltrúar, tveir frá heildarsamtökum fatlaðra, tveir frá samtökum sveitarfélaga og einn frá félagsmálaráðuneyti. Þannig verði svæðisráðin skipuð tveimur færri fulltrúum en núverandi svæðisstjórnir. Ekki er gert ráð fyrir að héraðslæknar og fræðslustjórar eigi sæti í svæðisráðum. Rökin fyrir þeirri breytingu eru tvíþætt. Annars vegar hafa fræðslustjórar og héraðslæknar setið í svæðisstjórnum sem fulltrúar menntamálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en þau ráðuneyti bera ekki lengur ábyrgð á framkvæmd laganna samkvæmt frumvarpi þessu. Hins vegar bera viðkomandi embætti ábyrgð á framkvæmd mikilvægrar þjónustu sem fötluðum er ætlað að njóta. Af þeim sökum verður að telja að seta fræðslustjóra og héraðslækna í svæðisráðum geti alls ekki samræmst því viðfangsefni svæðisráðanna að sinna réttindagæslu fatlaðra. Í því tilviki yrðu viðkomandi embættismenn eftirlitsmenn sjálfra sín. Rétt er þó að taka fram að reynslan af setu fræðslustjóra og héraðslæknis í svæðisstjórnum í málefnum fatlaðra hefur verið mjög góð, einkum er varðar uppbyggingu og framkvæmd þjónustu við fatlaða. Mikilvægt er að reynsla og þekking þessara embætta nýtist áfram í málefnum fatlaðra. Því er gert ráð fyrir að svæðisskrifstofur hafi samstarf og samráð við embætti fræðslustjóra og héraðslækna, sbr. 7. tölul. 13. gr. frumvarpsins. Þá er tekið fram í þessari grein að svæðisráð skuli kveðja fræðslustjóra, héraðslækni og félagsmálastjóra/fulltrúa sveitarfélaga á sinn fund þegar ástæða er til.

Um 7. gr.

Rétt þykir að taka það sérstaklega fram að fatlaðir eigi aðgang að almennri þjónustu

með sama hætti og aðrir landsmenn. Fyrst ef í ljós kemur að hinn fatlaði hefur þörf fyrir aðra þjónustu en þá sem rúmast innan almennra laga skal honum veitt þjónusta samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Hér er verið að leggja áherslu á blöndun fatlaðra og ófatlaðra og framtíðarmarkmiðið er að sérlög um fatlaða verði óþörf.

Að öðru leyti þarfnast efni greinarinnar ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um samstarf ráðuneyta félags-, heilbrigðis- og menntamála annars vegar og hagsmunasamtaka fatlaðra hins vegar í því skyni að tryggja rétt fatlaðra til þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði félags-, mennta- og heilbrigðismála.

Nefnd þessari er jafnframt ætlað að vinna að tillögum um samræmingu í aðgerðum stjórnvalda um þjónustu við fatlaða á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála og leggja tillögur sínar um það efni fyrir viðkomandi ráðuneyti. Við framkvæmd laga getur komið í ljós skörun þeirra eða önnur álitamál sem rétt er að öll ráðuneyti ásamt heildarsamtökum fatlaðra eigi hlut í að leysa.

Um 9. gr.

Kafli þessi fjallar um stoðþjónustu. Með stoðþjónustu er átt við margháttaða þjónustu sem fötluðum er veitt í því skyni að gera þeim kleift að lifa eðlilegu lífi og koma í veg fyrir vist á sólarhringsstofnunum. Hér er um fjölbreytilega þjónustu að ræða, enda burðarás þessa frumvarps hvað þjónustu við fatlaða viðvíkur.

Eins og texti greinarinnar ber með sér á stoðþjónusta að taka mið af þörfum hvers og eins.

Í fyrsta lagi er sjónarhorninu beint að fötluðum á heimilum sínum. Auk almennrar heimaþjónustu, sem fatlaðir eiga rétt á samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, er lagt til að sveitarfélög og ríki veiti fötluðum liðveislu, sveitarfélög veiti almenna liðveislu skv. 25. gr., en ríki svonefnda „frekari liðveislu“ skv. 26. gr. Vísast um þau atriði til framangreindra tveggja greina.

Í öðru lagi skal miða þjónustu við þarfir fatlaðra til þess að þeir nái sem mestri færni í daglegu lífi og megi sem best njóta gæða lífsins án þess þó að stefnt sé að þátttöku á vinnumarkaði. Hér er átt við ýmiss konar þjálfun sem m.a. er veitt á hæfingarstöðvum og dagvistarstofnunum fatlaðra, sbr. 27. gr. (hæfing).

Í beinum tengslum við hæfingu felur stoðþjónusta í þriðja lagi í sér þjálfun sem hefur atvinnu að markmiði. Hér er átt við endurhæfingu og margháttaða iðju- og starfsþjálfun, sbr. 27. gr. Einnig kemur hér til fjárhagsaðstoð í tengslum við endurhæfingu skv. 28. gr. Bent skal á að engin skörp skil eru á milli hæfingar og endurhæfingar.

Í fjórða lagi er um að ræða aðstoð við fatlaða á vinnumarkaðnum, bæði þjálfun á vernduðum vinnustöðum og aðstoð á almennum vinnustöðum, sbr. 29.–33. gr., svo og fjárhagsaðstoð skv. 28. gr.

Í fimmta lagi hefur stoðþjónusta að geyma margháttaða sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf, sbr. 10. tölul. 13. gr.

Í sjötta lagi nær stoðþjónusta yfir stuðning til þess að fatlaðir megi njóta lífsins sem best, félagslegs samneytis, menningar og félagslífs. Sá stuðningur felst í almennri liðveislu á vegum sveitarfélaga skv. 25. gr., að aðgengi innan og utan opinberra stofnana taki mið af þörfum fatlaðra, sbr. 35. gr., og fötluðum sé veittur kostur á ferðaþjónustu, sbr. 36. gr.

Síðast en ekki síst beinast augun að þörfum barna fyrir fjölbreytilegri aðstoð. Má þar

nefna greiningu á fötlun barns á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, svo og leiðbeiningar, meðferð, þjálfun o.fl. á vegum þeirrar stofnunar, sbr. 17. gr. Jafnframt kemur hér til aðstoð við fjölskyldur barna, auk þeirrar sem Greiningar- og ráðgjafarstöðin veitir, þ.e. dvöl á leikskóla, aðgangur að leikfangasöfnum, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun og sumardvöl, sbr. 18.–24. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að starfrækja skuli þjónustustofnanir í því skyni að koma til móts við sérstakar þarfir fatlaðra til að þeir geti lifað sjálfstæðu lífi. Gert er ráð fyrir að þessar þjónustustofnanir verði fyrir hendi á hverju svæði eftir því sem þörf krefur.

Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar.

Á síðustu árum hefur mikil áhersla verið lögð á hæfingu fyrir fatlaða. Hér getur verið um að ræða félagslega hæfingu og starfshæfingu. Hlutverk hæfingarstöðvanna er að veita fötluðum alhliða þjálfun og búa þá undir störf á almenna vinnumarkaðnum eftir því sem unnt er.

Nokkrar hæfingarstöðvar eru nú starfandi. Má þar nefna Hæfingarstöðina að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði, og Hæfingarstöðina Bjarkarás í Reykjavík og Starfsþjálfun fatlaðra í Reykjavík.

Ekki er lengur um að ræða skörp skil á milli hæfingar og endurhæfingar en hvort tveggja getur átt við þegar markmiðið er að undirbúa fatlaða til starfa á vinnumarkaðnum. Starfsendurhæfing getur t.d. átt við um fólk sem fatlast vegna slysa og getur ekki stundað fyrri störf. Enn fremur hafa geðfatlaðir þörf fyrir starfsendurhæfingu.

Hér er ekki átt við læknisfræðilega endurhæfingu sem fer fram á sjúkrastofnunum eða á vegum annarra aðila samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Dagvistarstofnanir fyrir fatlaða.

Þessi þjónusta getur bæði átt við fullorðna og börn.

Dagvistarstofnanir fyrir fullorðna sinna einkum þeim sem eru alvarlega fatlaðir, bæði andlega og líkamlega, og eiga litla möguleika til starfa á vernduðum vinnustöðum eða almennum vinnumarkaði.

Á þessum stofnunum er gert ráð fyrir vistun daglangt eða hluta úr degi þar sem aðstaða er til iðju og afþreyingar ásamt einstaklingsbundinni þjálfun við hæfi hvers og eins. Sem dæmi um dagvistarstofnun af þessu tagi má benda á Lækjarás við Stjörnugróf í Reykjavík og dagvist Sjálfsbjargar.

Enda þótt dagvistun fyrir fötluð börn sé að jafnaði á vegum hins almenna dagvistarkerfis er rétt að gera ráð fyrir að dagvistun fyrir börn geti einnig heyrt undir lög um málefni fatlaðra. Þannig eru nú starfræktar slíkar stofnanir á nokkrum stöðum í samræmi við lög um málefni fatlaðra. Nærtækasta dæmið um slíka þjónustu er t.d. Lyngásheimilið við Safamýri í Reykjavík. Enn fremur má nefna heimilið Lambhaga á Selfossi. Á báðum þessum heimilum eru vistuð börn með mjög miklar fatlanir og er veitt mjög sérhæfð þjónusta og einstaklingsbundin þjálfun. Geta má þess að samstarf við almenna dagvistarkerfið hefur aukist á síðari árum og gefið góða raun.

Verndaðir vinnustaðir.

Á flestum svæðum landsins eru nú starfandi verndaðir vinnustaðir þar sem í boði eru launuð störf fyrir fatlaða sem ekki eiga kost á vinnu á almennum vinnumarkaði. Enn fremur er markmið verndaðra vinnustaða að veita hæfingu og starfsþjálfun til almennra starfa eftir því sem kostur er. Í þessu frumvarpi er dregið úr áherslu á uppbyggingu verndaðra vinnustaða frá því sem er í núgildandi lögum um málefni fatlaðra.

Þjónustumiðstöðvar.

Hér er um að ræða nýtt heiti á þjónustu sem ekki hefur verið áður í lögum um málefni fatlaðra en hefur náð að þróast og festa sig í sessi á undanförnum árum, einkum á landsbyggðinni. Þessa sér stað í fjárlögum undanfarinna ára, sbr. Þjónustumiðstöðina Vonarlandi, Egilsstöðum, og Þjónustumiðstöðina Bræðratungu, Ísafirði.

Á þessum stofnunum getur verið um margháttaða þjónustu að ræða. Má þar nefna langtímavistun, skammtímavistun, dagvistun og ráðgjöf.

Hlutverk þjónustumiðstöðva fer eftir aðstæðum og þörf hverju sinni. Þar er leitast við að skapa úrræði sem erfitt væri, t.d. sökum fámennis og skorts á sérmenntuðu fólki, að setja á fót annars staðar.

Leikfangasöfn.

Hér er um að ræða ráðgjöf og leiðbeiningar til foreldra og aðstandenda fatlaðra barna ásamt útláni á leikföngum í þjálfunarskyni. Enn fremur geta útlán leikfanga verið til annarra aðila, svo sem dagvistarheimila og skóla.

Margra ára reynsla er komin á starfsemi leikfangasafna og er sú þjónusta fyrir hendi á öllum svæðunum og sums staðar fleiri en eitt á hverju svæði. Alls eru leikfangasöfnin 14 sem eru starfrækt samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Skammtímavistun.

Sú þjónusta, sem veitt er í skammtímavistun, hentar bæði börnum og fullorðnum. Hún er annars vegar starfrækt sem sérstök stofnun en hins vegar í tengslum við aðra þjónustustarfsemi, þ.e. á þjónustumiðstöðvum. Skammtímavistun er ætlað að veita fötluðum tímabundna dvöl til hvíldar eða vegna erfiðra heimilisástæðna og annars álags. Skammtímavistun er því mikilvæg þjónusta bæði fyrir hinn fatlaða og aðstandendur hans. Hún getur varað allt frá einni helgi til nokkurra vikna dvalar.

Um 11. gr.

Hér eru ákvæði um mismunandi búsetuform fyrir fatlaða sem miðast við ólíkar þarfir og óskir.

Lögð er sérstök áhersla á mikilvægi þess að búseta fatlaðra sé í almennum íbúðahverfum nema fatlaðir sjálfir óski sérstaklega eftir öðru. Rétt þykir að vekja athygli á því að þessi réttur fatlaðra hefur verið dreginn nokkuð í efa að undanförnu. Vísað hefur verið til ákvæða í byggingarreglugerð þegar íbúar einstakra hverfa hafa verið mótfallnir starfsemi sambýla fatlaðra eða meðferðarheimila í eldri íbúðahverfum. Er þá gengið út frá því að ákvæði byggingarlaga um að samþykki byggingarnefnda þurfi að koma til vegna breyttrar notkunar, sbr. 9. gr. byggingarlaga.

Afstaða félagsmálaráðuneytis, en framkvæmd byggingarlaga hefur lengst af heyrt undir það ráðuneyti, hefur hins vegar verið að 9. gr. byggingarlaga eigi ekki við þegar um er að ræða heimili fólks sem sambýli eru (4–6 íbúar í hverju sambýli), heldur sé átt við

atvinnustarfsemi. Jafnframt var sá skilningur ljós við setningu núgildandi laga að sambýli fatlaðra skyldu vera í almennum íbúðahverfum. Þannig segir í greinargerð með frumvarpi að gildandi lögum um málefni fatlaðra um sambýli: „Slík heimili eiga að vera í almennum íbúðahverfum“ (þskj. 134, 105. löggjafarþing 1982). Á grundvelli þessa skilnings hefur verið í gildi ákvæði í reglugerð um sambýli frá ársbyrjun 1989, en þar segir: „Sambýli eru heimili fámennra hópa fatlaðra sem skulu vera í almennum íbúðahverfum eða annars staðar sem henta þykir og líkjast venjulegum heimilum.“ Þessi skilningur hefur enn fremur verið viðurkenndur við framkvæmd laganna. Þannig hefur verið komið á fót á fimmta tug sambýla og meðferðarheimila á Íslandi, flest staðsett í almennum íbúðahverfum. Ekki hefur komið til þess fyrr en nýlega að byggingarnefndir sveitarfélaga hafi álitið málið sig varða.

Í frumvarpinu er kveðið á um að búseta fatlaðra skuli vera í almennri íbúðabyggð í því augnamiði að taka af öll tvímæli um þetta atriði. Telja verður það til grundvallarmannréttinda fatlaðra að þeir geti átt heimili, með þeirri þjónustu sem þeim er nauðsynleg, í venjulegum íbúðahverfum. Má í þeim efnum vísa til skýrslu sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu sem Ísland hefur staðfest. Með hliðsjón af markmiðum frumvarpsins um jafnrétti fatlaðra og skilyrði til að lifa eðlilegu lífi er hér um ófrávíkjanlegt sjónarmið að ræða. Einungis má færa rök fyrir að starfræksla vistheimila (sólarhringsstofnana) geti heyrt undir 9. gr. byggingarlaga, en óþarft er að ætla að fleiri slíkar stofnanir rísi í framtíðinni, enda hafa engar slíkar stofnanir verið reistar frá og með gildistöku núgildandi laga sem skýrist af því að slíkt er í andstöðu við anda laganna, svo og þessa frumvarps.

Félagslegar íbúðir.

Um er að ræða íbúðir sem byggðar eru með þarfir fatlaðra í huga og fjármagnaðar samkvæmt ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um félagslegar íbúðir. Félagslegar íbúðir geta verið félagslegar eignaríbúðir (eingöngu á vegum sveitarfélaga) eða kaupleiguíbúðir, svo og félagslegar leiguíbúðir. Kaupleiguíbúðir geta verið ýmist félagslegar eða almennar, en eignarform býður upp á að hinn fatlaði geti keypt íbúð eða leigt eða jafnvel keypt eignarhlut í íbúðinni, allt eftir því sem hentar miðað við aðstæður hans.

Á síðustu árum hefur búseta fatlaðra þróast í þá átt að nýta félagslega húsnæðiskerfið og hafa félagasamtök og einstaklingar fengið lán til bygginga eða kaupa á íbúðum í samræmi við þær reglur sem gilda um lánveitingar. Í þessu sambandi má nefna að Hússjóður Öryrkjabandalags Íslands hefur verið mikilvirkur framkvæmdaraðili í húsnæðismálum fatlaðra bæði er varðar kaup á íbúðum og nýbyggingar. Enn fremur hafa Landssamtökin Þroskahjálp unnið að húsnæðismálum fatlaðra og keypt íbúðir sem síðan eru leigðar fötluðum. Þessi þróun virðist lofa góðu og er töluverð reynsla komin á þetta fyrirkomulag og allt bendir til að aukin áhersla verði lögð á búsetu af þessu tagi í framtíðinni. Nauðsynlegt er þó að veita stoðþjónustu í samræmi við þarfir íbúanna og hafa svæðisstjórnir málefna fatlaðra fengið heimild til að ráða starfsmenn í þessu skyni. Enn fremur má gera ráð fyrir aukinni heimaþjónustu í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Nánar er fjallað um félagslegar íbúðir í athugasemdum við 34. gr.

Verndaðar íbúðir.

Verndaðar íbúðir eru íbúðir þar sem margháttuð þjónusta við íbúa er innan seilingar. Um getur verið að ræða húsvörslu, aðgang að mötuneyti og tómstundarými, auk þess

sem þjónusta á borð við þvotta og þrif er veitt. Dæmi um verndaðar íbúðir eru íbúðir á vegum Hússjóðs Öryrkjabandalagsins í Hátúni, Reykjavík, eða þjónustuíbúðir fatlaðra á Selfossi.

Sambýli.

Margra ára reynsla er komin á starfrækslu sambýla og eru þau til staðar á öllum svæðum landsins. Samtals eru sambýli í landinu orðin 46 sem eru starfrækt í samræmi við lög um málefni fatlaðra og nokkur eru í undirbúningi. Núgildandi reglugerð um sambýli var gefin út af félagsmálaráðuneytinu 19. desember 1988. Þar kemur fram hlutverk sambýla og markmið, svo og rekstrarfyrirkomulag ásamt starfsmannahaldi.

Þetta frumvarp gerir ekki ráð fyrir breytingum hvað varðar sambýli og er því vísað til reglugerðar nr. 541/1988 fyrir sambýli.

Vistheimili.

Hér er átt við sólarhringsstofnanir eins og Skálatún, Sólheima og Sólborg. Mikil umræða hefur átt sér stað á undanförnum árum um breytt hlutverk þessara stofnana í þágu fatlaðra eða að leggja þær af. Vistun fatlaðra á slíkum stofnunum þykir ekki lengur í samræmi við hugmyndafræði samskipunar.

Hins vegar hefur ekki verið tekin ákvörðun í þessum málum nema varðandi vistheimilið Sólborgu á Akureyri, en þar er unnið markvisst að því að leggja stofnunina niður og flytja íbúa í sambýli og íbúðir. Um þessar mundir eru 14 vistmenn Sólborgar að flytja út og er það fyrsti áfangi en sá næsti er fyrirhugaður á næsta ári.

Þess skal getið að Tjaldanes heyrir undir heilbrigðisráðuneyti en ekki félagsmálaráðuneyti. Starfsemi Tjaldaness þykir þó standa nær þeim vistheimilum sem heyra undir félagsmálaráðuneyti en stofnunum á vegum heilbrigðsráðuneytis. Viðræður hafa því átt sér stað milli heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis um framtíð Tjaldaness og eru aðilar sammála um að eðlilegt sé að vistheimilið flytjist undir félagsmálaráðuneyti. Stefnt skal að því að sú breyting eigi sér stað við gildistöku laga þessara.

Rétt er að benda á að Kópavogshæli er rekið sem sjúkrahús samkvæmt reglugerð nr. 386/1985 og heyrir undir heilbrigðisráðuneyti. Stefnt er að því að Kópavogshæli verði sjúkrahús fyrir fatlaða en ekki vistheimili.

Heimili fyrir börn.

Nokkrum heimilum hefur verið komið á fót fyrir fötluð börn þar sem vistun er til langframa að ósk aðstandenda. Um er að ræða einhverf börn og fjölfötluð sem þarfnast sérhæfðrar umönnunar og þjálfunar. Hér má nefna meðferðarheimili einhverfra barna og heimili fjölfatlaðra barna við Holtaveg í Reykjavík.

Fleiri heimili fyrir börn eru í undirbúningi bæði á höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Áfangastaðir.

Hér er um nýmæli í lögum að ræða. Áfangastaðir eru ætlaðir geðfötluðum og miða að því að brúa bilið á milli sjúkrahússdvalar og eðlilegs lífs. Áfangastaðir auðvelda geðsjúkum að aðlagast samfélaginu á þann hátt að þar geti þeir dvalist í öryggi á meðan þeir ná fótfestu á vinnumarkaði og afla sér húsnæðis. Á áfangastöðum fer fram félagsleg hæfing að nokkru marki þar sem íbúar fá félagslegan stuðning og ráðgjöf. Fjöldi starfsfólks er þó í lágmarki og starfstími oft ekki nema fjórar stundir að kvöldlagi.

Nú eru reknir tveir áfangastaðir hér á landi, áfangastaðurinn að Norðurbrún, sem rek-

inn er af Reykjavíkurborg, og áfangastaðurinn í Álfalandi, Reykjavík, sem rekinn er af Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands. Góð reynsla er af þessari starfsemi og má leiða að því líkum að hún hafi dregið verulega úr innlögnum á sjúkrahús.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um það hvernig ákvörðun um þjónustu á þjónustustofnunum skv. 1.–4. tölul. 10. gr. og búsetu skv. 2.–6. tölul. 11. gr. verði tekin. Ákvörðunin er í höndum svæðisskrifstofu í stað svæðisstjórnar samkvæmt núgildandi lögum.

Nýjung er að tekið er sérstaklega fram að umsókn um þjónustu eða búsetu sé því aðeins gild að hinn fatlaði eða forráðamaður hans standi að henni. Nauðsynlegt þykir að taka þetta sérstaklega fram til að virða sjálfsákvörðunarrétt fatlaðra og koma í veg fyrir þann hugsanlega möguleika að sótt sé um þjónustu eða búsetu án vitundar fatlaðra eða forráðamanna þeirra.

Einnig er lagt til að tekið verði fram í lögunum að þörf fyrir þjónustu skuli metin áður en þjónusta eða búseta er ákveðin og að óheimilt sé að ákveða búsetuform án þess að þörf fyrir þjónustu hafi verið metin. Framkvæmdin hefur verið með þessum hætti en rétt þykir að þetta mikilvæga atriði sé lögfest.

Að öðru leyti er efni greinarinnar óbreytt frá gildandi lögum.

Um 13. gr.

Eins og fram hefur komið í almennum athugasemdum frumvarpsins, svo og í athugasemdum við 6. gr. þess, er gert ráð fyrir að skilja sundur hið tvöfalda hlutverk svæðisstjórna samkvæmt gildandi lögum sem er fólgið í framkvæmd þjónustu og eftirliti með þeirri sömu framkvæmd. Grein þessi kveður á um verkefni svæðisskrifstofa í málefnum fatlaðra sem sjá um framkvæmd þjónustunnar á vegum ríkisins samkvæmt frumvarpi þessu. Þannig eru viðfangsefni svæðisskrifstofa sundurliðuð og skýra þau sig að mestu leyti sjálf. Þó skal vakin athygli á nokkrum atriðum.

Svæðisskrifstofum er ætlað að safna upplýsingum um þörf fatlaðra fyrir þjónustu samkvæmt frumvarpinu og á grundvelli þeirra upplýsinga gera áætlun um uppbyggingu þjónustunnar. Gert er ráð fyrir að áætlanir svæðisskrifstofanna séu til þriggja ára og skulu þær sendar félagsmálaráðuneyti og svæðisráðum. Svæðisráð geri athugasemdir sínar við þær áætlanir. Á grundvelli áætlana svæðisskrifstofa og umsagna svæðisráða um þær geri félagsmálaráðuneytið heildaráætlun um framkvæmdir samkvæmt frumvarpinu, sbr. 3. gr.

Gert er ráð fyrir að svæðisskrifstofur veiti svæðisráðum aðstoð og þjónustu svo að þau geti sinnt verkefnum sínum. Sú hugsun býr að baki að ekki komi til þess að svæðisráð hafi eigin starfsliði á að skipa og þannig verði komið í veg fyrir tvöfalt stjórnkerfi á einstökum starfssvæðum. Telja verður að þetta fyrirkomulag hafi jafnframt þann kost að upplýsingar gangi greiðlega á milli aðila og samstarf verði nánara enda þótt verkefnin séu ólík.

Svæðisskrifstofum er ætlað að annast mat á þörf hins fatlaða fyrir þjónustu, sbr. 2. gr., í samráði við greiningaraðila. Hér er um mikilvægt ákvæði að ræða þar sem það lýtur að réttarstöðu hins fatlaða samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Ef hinn fatlaði eða aðstandendur hans sætta sig ekki við mat svæðisskrifstofu er sá kostur fyrir hendi að áfrýja til svæðisráðs. Þeir greiningaraðilar, sem átt er við, geta verið Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, aðrar stofnanir eða sérfræðingar.

Í greininni er kveðið á um skyldur svæðisskrifstofa til að eiga samstarf við aðra aðila sem veita fötluðum þjónustu og aðstoð. Sérstaklega er kveðið á um samstarf og sam-

ráð við fræðslustjóra, héraðslækna og sveitarfélög en reynslan hefur leitt í ljós mikilvægi þess. Þar sem fræðslustjórar og héraðslæknar eiga ekki lengur formlega aðild að framkvæmd laga um málefni fatlaðra er þeim mun brýnna að þetta samráð sé náið. Þá er full ástæða til að efla samstarf við félagsmálayfirvöld sveitarfélaganna vegna þeirrar félagsþjónustu sem sveitarfélögin reka og margir fatlaðir njóta. Einnig er full ástæða til að treysta samstarf svæðisskrifstofa og byggingarnefnda sveitarfélaganna.

Svo sem fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins er lagt til að fjárhagsaðstoð við framfærendur fatlaðra barna, sem nú er veitt skv. 10. gr. gildandi laga, verði lögfest í lögum um almannatryggingar, svonefndar umönnunarbætur. Um er að ræða bætur vegna umönnunar fatlaðra barna sem njóta takmarkaðrar þjónustu utan heimilis. Hins vegar er reiknað með því að mat á umönnunarþörf verði framkvæmt af svæðisskrifstofum í málefnum fatlaðra. Þetta er lagt til þar sem þær annast mat á þjónustuþörf hins fatlaða samkvæmt frumvarpinu og bera ábyrgð á að hinn fatlaði fái þá þjónustu sem hann á rétt á. Því verður að telja að svæðisskrifstofurnar séu eðlilegur vettvangur til að annast mat á umönnunarþörf sem er grundvöllur umönnunarbóta, enda þótt réttur til þeirra bóta fari eftir lögum um almannatryggingar. Að höfðu samráði við heilbrigðisráðuneyti er lagt til að sama eigi við um mat á umönnunarþörf sjúkra barna, þ.e. mat á umönnunarþörf þeirra verði hjá svæðisskrifstofum þannig að samræmis sé gætt hvort sem um fatlað eða sjúkt barn er að ræða.

Í greininni er kveðið á um að svæðisskrifstofur sjái til þess að fatlaðir fái notið sálfræðiþjónustu og félagsráðgjafar á svæðinu. Ekki er gengið út frá því að svæðisskrifstofur annist þá þjónustu sjálfar nema þar sem hana er ekki annars að hafa. Oft hefur verið bent á hversu miklir annmarkar eru fólgnir í því að sérfræðileg ráðgjöf og meðferð sé dreifð á marga aðila sem oft fást við sömu einstaklinga. Þannig er t.d. sálfræðiþjónustu og/eða félagsráðgjöf oft að finna á vegum sálfræðideilda skóla, félagsmálastofnana sveitarfélaga, svæðisstjórna í málefnum fatlaðra og jafnvel heilsugæslustöðva, auk sérhæfðra stofnana á borð við Greiningar- og ráðgjafarstöðina og Barna- og unglingageðdeildina.

Um 14. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum frumvarpsins er stefnt að því að auka hlut sveitarfélaga í þjónustu við fatlaða. Lagt er til að unnið verði að því máli á þann veg að teknir verði upp samningar milli ríkis og sveitarfélaga um það að sveitarfélög taki að sér þjónustu við fatlaða að hluta til eða að öllu leyti. Er félagsmálaráðuneytinu ætlað að hafa frumkvæði að þessum samningum.

Líklegt er að þau verkefni, sem með þessu móti flytjist til sveitarfélaga, verði fyrst um sinn á sviði stoðþjónustu og þjónustu við börn, t.d. stuðningsfjölskyldur og skammtímavistun, enda fellur sú þjónusta vel að almennri félagsþjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá geta sveitarfélög tekið yfir rekstur einstakra þjónustustofnana skv. 10. gr. og raunar eru dæmi þess að sveitarfélög séu handhafar rekstrarleyfis fyrir verndaða vinnustaði (Kópavogsbær og Akranes) og skammtímavistun (Reykjavík), enda þótt ríkissjóður greiði rekstrarkostnað. Sama gildir um vistheimili fyrir börn (Reykjavík).

Æskilegt er að sveitarfélög sinni þessum verkefnum í auknum mæli, ekki síst á sviði búsetumála, t.d. sambýla. Hins vegar er nauðsynlegt að framkvæmd þessara mála verði með þeim hætti að gerðir verði sérstakir þjónustusamningar þar sem fram komi greiðsla kostnaðar úr ríkissjóði, svo og ábyrgð og skyldur sveitarfélagsins. Rekstur verði í samræmi við þjónustusamning sem þó er háður ákvörðun fjárveitingavaldsins á hverjum tíma.

Sveitarfélög geri árlega fjárlagatillögur, sbr. 46. gr., og á grundvelli þeirra og mati félagsmálaráðuneytis á þeim verði kveðið á um greiðslur úr ríkissjóði. Verði rekstrarkostnaður umfram þann kostnað, sem tilgreindur er í samningi, hlýtur sveitarfélagið að bera hann. Rétt er í því sambandi að vekja athygli á svonefndum þjónustuframlögum sem sveitarfélög eiga kost á að fá úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Við úthlutun þessara framlaga skal m.a. hafa hliðsjón af þeirri félagslegu þjónustu sem sveitarfélag veitir, þar með talin þjónusta við fatlaða. Takist hins vegar að halda rekstrarkostnaði innan þess ramma er samningur kveður á um skal sveitarfélagið njóta þess. Láti sveitarfélag í té afnot af mannvirkjum, tækjum eða öðrum gæðum vegna rekstrar sem ekki hefur verið fjármagnaður úr Framkvæmdasjóði skal í samningi vera ákvæði um afgjald sem ríkissjóður greiði. Í þeim tilvikum skal réttur sveitarfélaga til framlaga úr Framkvæmdasjóði vegna viðhalds mannvirkja falla niður. Í samningi skal jafnframt kveða á um sjálfstæði rekstraraðila er til þjónustu tekur, þó innan gildandi laga um málefni fatlaðra.

Hafi tiltekið sveitarfélag, héraðsnefnd eða byggðasamlag hug á að yfirtaka þjónustu við fatlaða að öllu leyti skal við gerð samnings kveða á um greiðslu kostnaðar sem miðast við fjölda fatlaðra á svæðinu og mat á þjónustuþörf þeirra ásamt sannanlegum rekstrarkostnaði stofnana fatlaðra. Að öðru leyti skulu slíkir samningar taka til sömu atriða og samningar vegna einstakra þjónustuþátta.

Um 15. gr.

Með greininni er lögð til sú breyting að félagsmálaráðherra verði heimilt að binda starfsleyfi til handa félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum til að starfrækja verndaða vinnustaði og vistheimili því skilyrði að einn fulltrúi félagsmálaráðuneytis taki sæti í stjórn þeirra stofnana. Reiknað er með að heimild þessari verði einkum beitt þegar um er að ræða stofnanir og heimili fatlaðra sem eru að öllu leyti fjármagnaðar úr ríkissjóði, svo sem vistheimili. Ekki er jafnaugljóst að sú tilhögun, sem felst í þessu heimildarákvæði, eigi við þegar um er að ræða verndaða vinnustaði sem standa að hluta til undir rekstrinum með framleiðslustarfsemi.

Hér er höfð hliðsjón af lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, en þar kemur fram í 30. gr. að í stjórnum einkasjúkrahúsa skuli sitja einn fulltrúi tilnefndur af ráðherra.

Um 16. gr.

Efni greinarinnar er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Sú starfsemi, sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ætluð í þessu frumvarpi, er með svipuðu sniði og samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, en stofnunin hefur sýnt að hún fæst við mjög veigamikla starfsemi í málefnum fatlaðra. Nokkrar breytingar eru þó lagðar til með frumvarpi þessu sem eru nauðsynlegar til að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu enn betur en hingað til.

Helstu nýmæli eru þau að í 6. lið greinarinnar er gert ráð fyrir göngudeild fyrir fullorðna þar sem aðstaða mundi skapast til greiningar og ráðgjafar, einkum með tilliti til þess að meta starfshæfni og félagslega aðlögun, svo og ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir fatlaða og aðra hlutaðeigandi aðila. Hingað til hefur Greiningar- og ráðgjafarstöðin haft meira en nóg með að sinna fötluðum börnum og aðstandendum þeirra, en með þessari nýbreytni mundi skapast aðstaða til að veita fullorðnum þjónustu, bæði þeim sem dvelja á stofnunum og utan þeirra. Mikill skortur er á sérfræðiþjónustu af þessu tagi.

Önnur breyting varðandi Greiningar- og ráðgjafarstöðina felst í því að gert er ráð fyrir sérstakri stjórn sem skipuð verði fimm mönnum. Samkvæmt núgildandi lögum fer stjórnarnefnd málefna fatlaðra með stjórn Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar. Það fyrirkomulag hefur ekki reynst sem skyldi og því er þessi breyting lögð til.

Um 18. gr.

Grein þessi lýtur að því hvernig við skuli bregðast komi fötlunareinkenni barns í ljós strax eftir fæðingu. Mjög mikilvægt er að brugðist sé við sem fyrst í samráði við forráðamenn barns þannig að unnt sé að tryggja barninu þá greiningu og meðferð sem á við. Sambærilegt ákvæði er í gildandi lögum og er ekki um efnislega breytingu að ræða.

Um 19. gr.

Hér er lögð sú skylda á þá sem starfa sinna vegna umgangast og vinna með börnum að þeir gefi gaum andlegum og líkamlegum þroska þeirra. Þeir starfsmenn, sem hér um ræðir, eru m.a. læknar, hjúkrunarfræðingar í ungbarnaeftirliti eða skólum, fóstrur, dagmæður, kennarar, félagsráðgjafar og sálfræðingar. Verði þeir þess áskynja að barn hafi einkenni um fötlun ber þeim að upplýsa forráðamenn barns um það svo að þeir geti látið fara fram frumgreiningu barns, sbr. 18. gr. Grein þessi er að stofni til í núgildandi lögum, en þar er sú tilkynningarskylda takmörkuð við starfsmenn í heilbrigðisþjónustu og sálfræðiþjónustu skóla.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt fatlaðra barna til leikskóladvalar á vegum sveitarfélaga. Í nýjum lögum um leikskóla, nr. 48/1991, er gert ráð fyrir rétti allra barna til leikskóladvalar. Hins vegar er ljóst að nokkur tími mun líða þar til sá réttur verður raunverulegur þar sem leikskólarými á vegum sveitarfélaga er ekki til nema fyrir ríflega 40% barna á leikskólaaldri. Því verður að telja réttmætt að tryggja forgang fatlaðra barna til leikskóladvalar. Samkvæmt leikskólalögum eiga fötluð börn á leikskólaaldri, er þarfnast sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, „rétt á henni innan leikskólans“. Í greininni er þessi réttur áréttaður og tekið fram að geti barn ekki fært sér í nyt almenna dagvistarþjónustu, að mati Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, skuli það eiga kost á sérdeildum við almenna leikskóla. Samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra greiðir ríkissjóður umframkostnað vegna stuðnings við fatlað barn á leikskóla. Eðlilegra væri að kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins vegna þessa umframkostnaðar í lögum um leikskóla, enda hefur menntamálaráðuneytið annast þær greiðslur. Því er lagt til að gerð verði breyting á leikskólalögum varðandi þetta atriði.

Um 21. gr.

Hér er kveðið á um að fötluð börn skuli njóta þjónustu leikfangasafna. Tvö til þrjú leikfangasöfn eru nú starfrækt á flestum starfssvæðum í málefnum fatlaðra. Reynsluheimur fatlaðs barns er oft með öðrum hætti en annarra barna og því gegna leikfangasöfn fyrir fötluð börn þýðingarmiklu hlutverki. Í þeim er að finna úrval leikfanga til skynhreyfiþjálfunar, málörvunar, þjálfunar fínhreyfinga, samhæfingar augna og handa og félagslegra samskipta. Á leikfangasöfnum fer fram þroska- og leikþjálfun. Þar er foreldrum jafnframt veitt uppeldisleg ráðgjöf og leiðbeiningar við notkun leikfanga í þjálfunarskyni.

Um 22. gr.

Í greininni er kveðið á um að fjölskyldur fatlaðra barna skuli eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna. Hér er um nýmæli í lögunum að ræða enda þótt þessi þjónusta hafi verið veitt frá árinu 1985, en þá var sett reglugerð um þjónustu stuðningsfjölskyldna með heimild í gildandi lögum. Hlutverk stuðningsfjölskyldna er að taka fatlaðan einstakling í sólarhringsvistun í skamman tíma í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu hans. Miðað er við að samfelld dvöl fari að jafnaði ekki yfir þrjá sólarhringa í mánuði. Þess er ekki krafist að stuðningsfjölskyldur láti í té sérstaka þjálfun eða hæfingu. Þjónusta þessi er mjög mikilvægur þáttur stoðþjónustu enda má leiða að því líkum að hún geri sumum aðstandendum fatlaðra barna kleift að annast börn sín sem ella yrði þeim ofviða.

Um 23. gr.

Greinin fjallar um að foreldrar eigi rétt á skammtímavistun fyrir fötluð börn þegar þörf krefur. Skammtímavistanir eru reknar á nokkrum svæðum, en hlutverk þeirra er að veita fötluðum tímabundna dvöl vegna erfiðra heimilisaðstæðna, svo sem vegna veikinda eða annars álags. Þeirri þjónustu, sem veitt er í skammtímavistun, svipar því til þeirrar þjónustu sem stuðningsfjölskyldur veita. Þó er þar nokkur munur á. Í fyrsta lagi veitir skammtímavistun þroskaþjálfun auk umönnunar og tómstundaiðkunar. Því eru skammtímavistanir betur í stakk búnar til að sinna mikið fötluðum einstaklingum en stuðningsfjölskyldur eru. Í öðru lagi geta skammtímavistanir boðið upp á lengri og samfelldari vistanir en stuðningsfjölskyldur geta að öðru jöfnu. Börn og unglingar dvelja yfirleitt 3–7 daga í senn þótt lengri vistanir, allt að mánuði, þekkist. Loks geta skammtímavistanir veitt bráðaþjónustu, t.d. vegna skyndilegra veikinda foreldra, sem stuðningsfjölskyldur hafa ekki alltaf aðstöðu til að sinna.

Um 24. gr.

Í greininni er hvatt til þess að fötluðum börnum sé gefinn kostur á sumardvöl og megi með því móti skipta um umhverfi sér til ánægju og hressingar. Almennt er miðað við að sveitarfélög sinni þessu verkefni, enda eru á vegum félagsmálanefnda margra sveitarfélaga skipulagðar sumardvalir fyrir börn. Æskilegt er að fötluð börn fái að njóta sömu tækifæra í þessum efnum og önnur börn þannig að um blöndun fatlaðra og ófatlaðra barna geti verið að ræða.

Um 25. gr.

Í greininni felst hvatning til sveitarfélaga til að veita fötluðum liðveislu. Með hugtakinu liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum er ætlað að rjúfa félagslega einangrun hins fatlaða. Mörg sveitarfélög hafa veitt fötluðum slíka aðstoð og hefur hún verið nefnd „tilsjón“ með fötluðum. Hún hefur sérstaklega verið fólgin í því að fylgja fötluðum ungmennum t.d. á skemmtanir, í leikhús og kvikmyndahús og gera þeim þannig fært að taka þátt í tómstunda- og menningarlífi. Þá þekkist jafnframt að sveitarfélög hafi veitt fötluðum, ekki síst geðfötluðum, liðveislu sem, auk þess að rjúfa einangrun þeirra, er fólgin í stuðningi til að ráða fram úr ýmsum viðfangsefnum daglegs lífs. Rétt þykir að hvetja sveitarfélögin til dáða á þessu sviði, en þessi aðstoð hefur mikla þýðingu fyrir marga fatlaða.

Um 26. gr.

Í greininni er kveðið á um svonefnda „frekari liðveislu". Þeirri þjónustu er ætlað að koma í veg fyrir að fatlaður einstaklingur þurfi að vistast á stofnun og er hún því ætluð mikið fötluðum einstaklingum. Hún er fólgin í margháttaðri aðstoð við ýmsar athafnir og viðfangsefni daglegs lífs, t.d. að klæða sig, komast um og stunda nám eða atvinnu. Hún er því veitt til viðbótar heimaþjónustu og gjarnan að kvöldlagi og um helgar. Greinin heimilar að veita þessa þjónustu í sérstökum tilvikum. Gert er ráð fyrir að sótt sé um frekari liðveislu til félagsmálaráðuneytisins sem tekur ákvörðun í málinu að fenginni umsögn svæðisráðs. Hér á landi er um nýmæli í þjónustu við fatlaða að ræða, en góð reynsla hefur verið af henni annars staðar á Norðurlöndum.

Um 27. gr.

Í greininni er sérstök áhersla lögð á að fatlaðir skuli njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í því skyni að þeir verði hæfari til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Fram kemur að skylt er að starfrækja stofnanir þar sem iðjuþjálfun, starfsþjálfun og þroskaþjálfun skal vera fyrir hendi. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 10. gr. frumvarpsins hvað varðar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar sem veita skulu félagslega hæfingu og endurhæfingu.

Eins og greinin ber með sér tekur hún ekki til læknisfræðilegrar endurhæfingar sem fellur undir lög um heilbrigðisþjónustu.

Um 28. gr.

Hér er um að ræða heimildarákvæði um fjárhagslega aðstoð við fatlaða vegna hæfingar, sjálfstæðrar atvinnu og náms.

Þessi grein er samhljóða 19. gr. laga um málefni fatlaðra að öðru leyti en því að lagt er til að ákvæðið um fjárhagsaðstoð til framfærslu (1. tölul. 19. gr.) verði fellt brott, enda er það ákvæði óþarft þar sem umsækjendur um þessa aðstoð njóta undantekningarlaust örorkubóta. Í því sambandi skal einnig minnt á skyldur sveitarfélaga til að veita fjárhagsaðstoð. Auk þess er lögð til sú breyting að einungis er gert ráð fyrir styrkjum en ákvæði um lán eru felld út. Er þetta gert vegna þess að óraunhæft er í ljósi reynslunnar að gera ráð fyrir lánastarfsemi á vegum ráðuneytisins.

Margra ára reynsla er nú komin á framkvæmd 2. og 3. tölul. 19. gr. laga um málefni fatlaðra og er óhætt að fullyrða að mikil þörf virðist vera fyrir námsstyrki af ýmsu tagi, bæði vegna náms í framhaldsskólum og sérskólum, auk ýmiss konar námskeiða. Þá hefur einnig verið leitað töluvert mikið eftir styrkjum til að koma á fót sjálfstæðri atvinnu í heimahúsum og má í því sambandi nefna styrki til tölvukaupa en tölvuvinna virðist henta mörgum fötluðum vel.

Reglugerð um 19. gr. laga um málefni fatlaðra var gefin út af félagsmálaráðuneytinu í júní 1985.

Um 29. gr.

Atvinnuleit fyrir fatlaða var komið á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og var þá nýjung hér á landi. Sú reynsla, sem fengist hefur á undanförnum árum, er afar jákvæð og hefur mikil áhersla verið lögð á að efla þessa þjónustu á svæðunum. Öll svæðin hafa nýtt sér heimildir til að ráða fólk til þessara starfa og hefur þetta orðið til þess meðal annars að draga úr þörf á uppbyggingu verndaðra vinnustaða og hliðstæðra stofnana.

Hér er kveðið á um skyldu sveitarfélaga, sem starfrækja sérstaka vinnumiðlun, að ann-

ast atvinnuleit fatlaðra með sérstökum samningi. Fordæmi er fyrir slíkri tilhögun hvað varðar öryrkjadeild Vinnumiðlunar Reykjavíkurborgar.

Um 30. gr.

Hér er um nýmæli að ræða þar sem kveðið er á um að fötluðum skuli veitt aðstoð til að starfa á almennum vinnumarkaði með sérstakri liðveislu á vinnustaðnum. Engin reynsla er af slíku fyrirkomulagi hér á landi en sums staðar erlendis hafa verið gerðar tilraunir í þessa átt með góðum árangri. Þá er um nýmæli að ræða varðandi starfsþjálfun fatlaðra í almennum fyrirtækjum gegn sérstökum samningi. Hér er um mikilvægt atriði að ræða til að skapa fötluðum tækifæri til starfa á almennum vinnumarkaði sem er meginmarkmið laganna í atvinnumálum fatlaðra.

Um 31. gr.

Í samræmi við yfirlýst markmið 29. og 30. gr. er hér dregið úr vægi verndaðra vinnustaða þar sem nú er lagt til að einungis verði heimilt að starfrækja þá, en ekki lengur skylt að koma þeim á fót. Hlutverk þeirra er þó svipað og nú, þ.e. að veita starfsþjálfun annars vegar og hins vegar veita launuð störf.

Meiri áhersla er lögð á verndaða vinnu fatlaðra á almennum vinnumarkaði en slíkt fyrirkomulag er þegar byrjað að ryðja sér til rúms á nokkrum svæðum og hefur tekist vel. Má í þessu sambandi nefna Norðurland vestra þar sem komin er nokkur reynsla með góðum árangri.

Um 32. gr.

Efni þessarar greinar er nokkurn veginn samhljóða 23. gr. í lögum um málefni fatlaðra. Á undanförnum árum hafa verið gerðar kannanir um stöðu fatlaðra í atvinnulífinu, bæði á vernduðum vinnustöðum og á almennum vinnumarkaði, og settar fram tillögur til úrbóta. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 33. gr.

Grein þessi er nokkuð samhljóða 24. gr. laga um málefni fatlaðra.

Mjög sjaldan hefur reynt á þetta ákvæði og hefur það því breytt litlu í atvinnumálum fatlaðra en gert er ráð fyrir að sé fötluðum synjað um starf geti svæðisstjórn krafið veitingarvaldhafa um skriflega greinargerð um þá ákvörðun. Tilgangur þessa ákvæðis er að skapa veitingarvaldhafa aukið aðhald hvað viðvíkur ráðningu fatlaðra til starfa.

Um 34. gr.

Eins og greint er frá í almennum athugasemdum frumvarpsins er nú lögð rík áhersla á það að fötluðum sé gefinn kostur á að búa sjálfstætt í íbúðum með sérstökum stuðningi, eftir því sem kostur er. Þetta viðhorf endurspeglast í þessu frumvarpi. Því er sú skylda lögð á svæðisskrifstofur að þær stuðli að því að félagslegar íbúðir standi fötluðum til boða með sama hætti og fólki almennt. Gert er ráð fyrir því að félagslegar leiguíbúðir eða leiga á félagslegum kaupleiguíbúðum séu hér álitlegasti kostur í flestum tilvikum þar sem kjör eru þar viðráðanlegust. Sé um félagslega kaupleiguíbúð að ræða gefst kostur á að kaupa 10% eignarhluta í íbúðinni.

Framkvæmdaraðilar félagslegra íbúða eru sveitarfélög, félagasamtök eða sjálfseignarstofnanir. Lánveiting nemur 90% af kostnaðarverði eða kaupverði. Gert er ráð fyrir því að þegar íbúðir til leigu eiga í hlut verði Framkvæmdasjóði heimilt að veita framkvæmd-

araðila styrk fyrir framlagi sínu, að hálfu leyti þegar sveitarfélög eigi í hlut en að öllu leyti þegar um aðra framkvæmdaraðila er að ræða. Talið er að með þessu móti megi örva byggingu leiguíbúða fyrir fatlaða innan félagslega húsnæðiskerfisins. Lán til félagslegra íbúða í leigu eru nú til 50 ára og vextir 1%.

Samkvæmt útreikningum Húsnæðisstofnunar ríkisins er kostnaðarleiga félagslegra kaupleiguíbúða 4,39% á ári af stofnverði. Sé tekið dæmi um þriggja herbergja íbúð á 6.000.000 kr. (mars 1991) er heildarleiga á mánuði 21.950 kr., og er þá allur kostnaður með talinn, þ.e. afborganir og vextir af 90% láni, vextir af 10% framlagi framkvæmdaraðila, fasteignagjöld, viðhald og rekstur. Hafi 10% framlag framkvæmdaraðila verið fjármagnað af Framkvæmdasjóði fatlaðra lækkar leigan sem því nemur. Í því tilviki er kostnaðarleiga 3,94% á ári af stofnverði og heildarleiga á mánuði 19.700. kr. — Kaupi hinn fatlaði 10% hlutareign og tryggi sér með því móti búseturétt nemur leigan einnig 19.700 kr. á mánuði.

Um 35. gr.

Í greininni er sú skylda lögð á sveitarfélög að sinna ferlimálum með skipulögðum hætti. Skal það m.a. gert með því að vinna að áætlunum um þær endurbætur sem gera skal á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana samkvæmt byggingarlögum og byggingarreglugerð, svo og skipulagslögum. Bent skal á að með opinberum byggingum er m.a. átt við vinnustaði í eigu sveitarfélagsins.

Jafnframt er í greininni lögð áhersla á það að svæðisskrifstofur í málefnum fatlaðra hafi forgöngu um að koma á samskiptum við byggingarnefndir sveitarfélaga á svæðinu. Þannig hvíli sú skylda á svæðisskrifstofum að sjá til þess að upplýsingar um nauðsynlegar úrbætur í ferlimálum berist til byggingarnefnda á viðkomandi svæði.

Þá er í greininni tekið fram að sveitarstjórnum sé heimilt að skipa samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra. Slík nefndarskipun er að sjálfsögðu heimil án sérstaks lagaákvæðis en rétt þótti að taka þetta fram til hvatningar fyrir sveitarfélögin.

Tekið skal fram að samkvæmt skipulagslögum skal við gerð skipulagsuppdrátta gæta þess að hið skipulagða svæði geri fötluðu fólki auðvelt að komast leiðar sinnar og að tekið skuli að öðru leyti tillit til sérþarfa þess, svo sem varðandi götu, gangstéttir, bifreiðastæði og staðsetningu íbúðarhúsnæðis sem ætlað er fötluðum (3. mgr. 13. gr. laga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 31/1978). Í skipulagsreglugerð nr. 318/1985 er að finna nánari ákvæði um þessi atriði. Þar kemur m.a. fram að eftir því sem kostur er skuli deiliskipulag vera þannig úr garði gert að fatlað fólk komist leiðar sinnar um þau svæði sem tekin eru til skipulagningar. Einnig er tekið fram í reglugerðinni að við ljósastýrð gatnamót skuli koma fyrir útbúnaði sem gefur frá sér hljóðmerki fyrir blinda og sjónskerta þar sem slíkt þykir henta.

Um 36. gr.

Greinin fjallar um ferðaþjónustu fatlaðra annars vegar á vegum sveitarfélaga (1. mgr.) og hins vegar á vegum ríkisins (2. mgr.).

Skyldur sveitarfélaga hvað ferðaþjónustu fatlaðra viðvíkur taka til almennrar þjónustu við fatlaða, þ.e. ferða sem tengjast atvinnu, menningu, félagslífi og námi. Um akstur til og frá skóla skal tekið fram að samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 49/1991, er sveitarfélögum skylt að sjá um akstur skólabarna og gildir það jafnt um fötluð sem ófötluð börn. Öðru máli gegnir um framhaldsskóla, en lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, eru ekki jafnótvíræð varðandi akstur fatlaðra nemenda. Til að brúa þetta bil þykir því

nauðsynlegt að í lögum um málefni fatlaðra sé kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að bjóða upp á ferðaþjónustu vegna náms. Vart þarf að taka fram að auk náms í grunn- og framhaldsskóla getur hér verið um að ræða nám í háskóla, ýmis námskeið, símenntun o.fl.

Sveitarfélögin skulu setja reglur um ferðaþjónustu á þeirra vegum og geta í þeim reglum kveðið á um þátt hinna fötluðu í kostnaðinum, þó ekki vegna aksturs í grunnskóla.

Skyldur ríkisins í þessum efnum taka til ferða vegna sérstakrar þjálfunar og þjónustu við fatlaða. Viðmiðunin er sú að ferðirnar séu til og frá þjónustustofnunum skv. 1.–5. tölul. 10. gr. og vegna margvíslegrar sértækrar þjónustu sem fötluðum er veitt og skiptir í því efni ekki máli hvort sú þjónusta er á vegum opinbers aðila eða einkaaðila. Ferðaþjónusta þessi skal vera fötluðum algjörlega að kostnaðarlausu.

Um 37. gr.

Hér er lagt til það nýmæli að kveða sérstaklega á um réttindagæslu fatlaðra í lögum.

Í greininni er fjallað um réttindagæslu almenns eðlis. Þar er í raun ekki nýjung á ferðinni heldur er verið að lögfesta þann skilning sem ríkt hefur á gildandi lögum um málefni fatlaðra, þann að svæðisstjórnir (svæðisráð samkvæmt frumvarpinu) skuli gæta þess að fatlaðir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Rétt þykir að lögfesta þetta mikilvæga atriði, annars vegar til að taka af öll tvímæli um hverjum beri þetta verkefni og hins vegar til þess að leggja áherslu á það vægi sem verkefni þetta á að hafa hjá svæðisráði, sbr. einnig 4. tölul. 6. gr. frumvarpsins.

Auk svæðisráða er sá sjálfsagði hlutur tekinn fram að starfsmenn, sem vinna að málefnum fatlaðra, skuli gæta hagsmuna fatlaðra í hvívetna.

Að öðru leyti þarfnast efni greinarinnar ekki skýringa.

Um 38. gr.

Greinin felur í sér nýmæli í þjónustu við fatlaða sem búa á heimilum fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 11. gr. Vegna þeirrar sérstöðu, sem getur skapast við það að búa langdvölum í því lokaða umhverfi sem dvöl á slíkum heimilum kann að fela í sér, getur verið nauðsynlegt að hinn fatlaði hafi sérstakan trúnaðarmann að snúa sér til varðandi einkamál sín eða fjármál. Með þessu er með engu móti verið að kasta rýrð á starfsemi starfsfólks heimila fatlaðra heldur einungis að tryggja hag og öryggistilfinningu hins fatlaða sem best. Lagt er til að það verði gert með því að á hverju svæði sé að finna sérstakan trúnaðarmann, skipaðan af svæðisráði, sem fatlaðir geti leitað til ef þeir kjósa.

Til þess að trúnaðarmaður geti sinnt starfi sínu þarf hann að eiga aðgang að heimilum fatlaðra á svæðinu og geta þannig fylgst með högum hinna fötluðu. Þetta á þó ekki við um fatlaða einstaklinga sem sjálfir hafa valið sér sinn trúnaðarmann, svo sem aðstandanda eða vin, heldur einungis þá sem ekki eiga í nein hús að venda, utan heimilisins, með vandamál sín.

Lögð er rík áhersla á friðhelgi einkalífs hins fatlaða og skal ávallt leitað eftir samþykki hans þegar í hlut eiga upplýsingar um málefni persónulegs eðlis eða einkafjármuni. Einnig er lagt mikið upp úr því að það sé fyrst og fremst hinn fatlaði sem taki ákvörðun um að leita til trúnaðarmanns, en að öðrum kosti aðstandendur hans, hagsmunasamtök eða aðrir sem láta sig hag hins fatlaða varða.

Það er trúnaðarmanns að taka ákvörðun um, að lokinni könnun á málavöxtum, hvort málið sé þess eðlis að það skuli lagt fyrir svæðisráð.

Það fer síðan eftir eðli málsins hvaða meðferð það fær hjá svæðisráði í samræmi við gildandi lög.

Um 39. gr.

Greinin felur í sér tvær breytingar frá gildandi lögum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis taki sæti í stjórnarnefnd þegar málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra eru tekin fyrir þannig að ákvarðanir um stofn og rekstur fylgist að. Jafnframt eru rök fyrir þessu fyrirkomulagi þau að fjárlaganefnd eigi með þessu móti auðveldara með að fá upplýsingar um raunverulegar þarfir fyrir rekstrarkostnaði og hvernig komið verði til móts við þær þarfir. Er hér tekið upp sams konar fyrirkomulag og gildir um samstarfsnefnd málefna aldraðra, sbr. 11. gr. laga nr. 82/1989.

Í öðru lagi er lögð til sú breyting að sjóðstjórn geri tillögur til ráðherra um úthlutun, en það sé hans að taka endanlega ákvörðun í stað þess að sjóðurinn úthluti en viðkomandi ráðherra staðfesti úthlutun eins og nú er. Breytingu þessa verður að skoða í því ljósi að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að málaflokkurinn heyri undir eitt ráðuneyti í stað þriggja nú. Með þessu verður mikil breyting á starfsemi stjórnar sjóðsins sem endurspeglast m.a. í þessu atriði. Eftir þá breytingu er stjórnskipuleg staða Framkvæmdasjóðs fatlaðra sú sama og Framkvæmdasjóðs aldraðra, sbr. 4. gr. laga nr. 82/1989, og þykir rétt að hliðstæðar reglur gildi um úthlutanir úr báðum þeim sjóðum.

Um 40. gr.

Tekin eru af öll tvímæli um það að Erfðafjársjóður renni óskertur til málaflokksins.

Nýmæli greinarinnar felst í því að ríkissjóður veiti Framkvæmdasjóði sérstakt framlag á næstu fimm árum til að byggja upp þjónustu við geðfatlaða. Nefnd, sem skipuð var af félagsmálaráðherra í ársbyrjun 1991 og skilaði áliti til ráðherra í apríl sama ár, gerði könnun á húsnæðismálum og félagslegum högum alvarlega geðsjúkra sem útskrifast hafa af geðdeildum. Í ljós kom að um 120 geðfatlaðir einstaklingar búa við alls óviðunandi aðstæður, bæði hvað varðar húsnæði og nauðsynlegan stuðning. Því er lagt til að á næstu árum verði gert sérstakt átak í þágu geðfatlaðra. Til að tryggja að svo megi verða þykir nauðsynlegt að tryggja Framkvæmdasjóði sérstakt fjármagn til þessa veigamikla verkefnis.

Um 41. gr.

Höfuðverkefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra er óbreytt frá því sem nú er, þ.e. að fjármagna framkvæmdir stofnana og heimila fatlaðra, annars vegar þjónustustofnana skv. 10. gr. og hins vegar heimila fatlaðra, sbr. 3.–6. tölul. 11. gr. Þegar stofnanir og heimili fatlaðra eru á vegum ríkisins er um beina skyldu sjóðsins til fjármögnunar að ræða. Sama gildir þegar um er að ræða stofnanir og heimili fatlaðra á vegum sveitarfélaga sem sveitarfélög koma á fót samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið, sbr. 14. gr., en í því tilviki fer fjárhæð framlagsins eftir því sem fram kemur í samningunum. Óbreytt stendur að sjóðnum er heimilt að veita styrki til framkvæmda hjá félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum.

Þrjú mikilsverð nýmæli eru lögð til hvað verkefni sjóðsins áhrærir.

Í fyrsta lagi að sjóðnum verði heimilt að greiða framlag framkvæmdaraðila sem byggja eða kaupa félagslegar íbúðir til leigu í þágu fatlaðra, að hálfu leyti þegar sveitarfélög eiga í hlut en að fullu þegar um aðra framkvæmdaraðila er að ræða. Að öðru leyti vísast um þetta atriði til athugasemda við 34. gr.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að heimilt verði að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhaldsframkvæmda sem ekki falla undir rekstrarviðhald í

skilningi fjárlaga. Á undanförnum árum hafa komið í ljós ágallar þess að ekki hefur verið búið svo um hnútana að fjármagn sé ætlað til meiri háttar viðhaldsframkvæmda, hvorki í fjárlögum né úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Er nú svo komið að húsnæði margra stofnana og heimila fatlaðra þarfnast verulegra endurbóta og viðhalds og er því nú brýnt að með lögum sé tryggður tekjustofn til þessa verkefnis.

Í þriðja lagi er lagt til að sjóðnum verði heimilt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga. Með aðgengi er átt við aðkomu að mannvirkjum, svo og að innra skipulag taki mið af þörfum blindra og hreyfihamlaðra, svo sem að dyr séu nægjanlega rúmar fyrir hjólastóla og hreinlætisaðstaða fyrir fatlaða sé fyrir hendi. Eins og kunnugt er hafa sveitarfélög þær skyldur að sjá til þess að ákvæði byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgengi fatlaðra séu virt þegar nýbyggingar eiga í hlut. Reynslan hefur verið sú að þokkalega hefur gengið að framkvæma þessi ákvæði. Hins vegar má leiða að því rök að aðgengismál fatlaðra séu víða í ólestri í eldri byggingum. Það dregur mjög úr möguleikum fatlaðra til fullrar þátttöku í þjóðfélaginu og ekki síst til að njóta opinberrar þjónustu. Helsta hindrunin í þeim efnum er augljóslega fjárskortur en breytingar á eldri byggingum í þessa veru eru oft mjög dýrar. Í greininni er heimilað að veita framlag úr Framkvæmdasjóði í því skyni að hvetja til átaks á þessu sviði. Það skilyrði er sett að viðkomandi stofnun leggi sjálf fram a.m.k. helming af kostnaði við hverja einstaka framkvæmd.

Í núgildandi lögum er sjóðnum heimilt að ráðstafa 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til ýmissa verkefna sem ekki eru skilgreind nákvæmlega. Nauðsynlegt þykir að hafa slíka heimild áfram vegna ófyrirséðra þarfa fatlaðra fyrir þjónustu sem kunna að koma í ljós síðar. Ekki er þó talið ráðlegt að binda heimild þessa við ákveðinn hundraðshluta af fjármagni sjóðsins heldur verði það matsatriði sjóðstjórnar hverju sinni. Nýjung er að tekið er sérstaklega fram að innan þessarar heimildar sé ætlað fé til kannana og áætlana í málefnum fatlaðra.

Um XVII. kafla.

Fjármögnun og rekstur heyra að mestu leyti undir ríkið svo sem verið hefur. Þó er nú lagt til að sveitarfélögin komi nokkuð inn í myndina en með öðrum hætti en áður var, enda samaðild ríkis og sveitarfélaga á þessum vettvangi aflögð með nýrri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Í fyrsta lagi skal bent á að gert er ráð fyrir að sveitarfélög greiði að öllu leyti kostnað vegna almennrar liðveislu við fatlaða, sbr. 25. gr., enda er þar um að ræða verkefni sem alla tíð hefur verið á hendi sveitarfélaga. Í því sambandi skal tekið fram að sveitarfélög greiða kostnað af heimaþjónustu fatlaðra samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og því óþarft að kveða á um það í þessu frumvarpi.

Í öðru lagi greiði sveitarfélögin kostnað af ferlimálum, sbr. 35. gr., og ferðaþjónustu, sbr. 1. mgr. 36. gr.

Síðast en ekki síst felst það mikilsverða nýmæli í frumvarpinu að gert er ráð fyrir því að sveitarfélög geti tekið að sér að annast tiltekna þjónustu við fatlaða samkvæmt sérstökum samningi við félagsmálaráðuneytið. Í þeim tilvikum greiðist kostnaður af ríkinu eftir því sem kveðið er á um í samningnum. Um þetta atriði vísast til 14. gr. frumvarpsins.

Um 42. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er svæðisstjórnum ætlað að safna upplýsingum um þörf fyr-

ir þjónustu við fatlaða, hverri á sínu svæði. Hið sama er lagt til hér að breyttu breytanda, þ.e. það fellur í hlut svæðisskrifstofu að vinna að áætlun fyrir svæðið sem síðan skal lögð fyrir svæðisráð til umsagnar.

Sú breyting er lögð til að heildaráætlun fyrir landið allt verði á vegum félagsmálaráðuneytis í stað stjórnarnefndar nú. Breyting þessi er eðlileg afleiðing þeirrar grundvallarbreytingar sem lögð er til á stjórn og skipulagi málaflokksins, þ.e. að hann heyri undir eitt ráðuneyti í stað þriggja. Sú tilhögun hefur í för með sér mikla breytingu á viðfangsefnum stjórnarnefndar og vísast um það atriði til skýringa á ákvæðum II. kafla frumvarpsins.

Athygli skal vakin á því nýmæli að auk svæðisáætlana er gert ráð fyrir áætlunum á landsvísu vegna sérhæfðrar þjónustu. Þær landsáætlanir fléttast að sjálfsögðu inn í heildaráætlunina. Um sérhæfða þjónustu á landsvísu vísast að öðru leyti til 4. gr. frumvarpsins.

Um 43. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Óbreytt stendur frá gildandi lögum að Framkvæmdasjóður standi að fullu undir stofnkostnaði vegna stofnana fatlaðra sem ríkið kemur á fót. Þær stofnanir eru eftirfarandi þjónustustofnanir: Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, dagvistarstofnanir fatlaðra, verndaðir vinnustaðir, þjónustumiðstöðvar, leikfangasöfn og skammtímavistun. Auk þess stofnanir og heimili til búsetu, þ.e. sambýli, vistheimili, heimili fyrir börn og áfangastaðir.

Nýlunda er að gert er ráð fyrir samningi milli ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu stofnana fyrir fatlaða á vegum sveitarfélaga. Hafi slíkur samningur verið gerður skal þar tilgreint nákvæmlega hver hlutur ríkissjóðs er í kostnaðinum og greitt úr Framkvæmdasjóði í samræmi við það samningsákvæði, sbr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 45. gr.

Lagt er til að greiðslur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til sveitarfélaga, félaga fatlaðra og sjálfseignarstofnana verði einungis inntar af hendi samkvæmt sérstökum samningi. Ákvæði þess efnis er ekki að finna í gildandi lögum. Hins vegar hefur verið talið rétt að í framkvæmd sé þannig staðið að úthlutunum til ofangreindra aðila og sér þess stað í 11. gr. reglugerðar um stofnkostnað stofnana fatlaðra nr. 319/1986. Þrátt fyrir það reglugerðarákvæði hafa slíkir samningar ekki verið gerðir fram til þessa. Lagt er því til að þess háttar samningar verði lögfestir. Í samningnum verði kveðið á um að óheimilt sé að ráðstafa húsnæðinu án samþykkis félagsmálaráðuneytis. Er þetta gert til þess að tryggja það að húsnæðið sé eingöngu notað í þágu fatlaðra.

Um 46. gr.

Svæðisskrifstofur hafa með höndum fjárlagagerð fyrir sín svæði. Hafi aðrir aðilar rekstur í þágu fatlaðra á sínum vegum, þ.e. sveitarfélög, félagasamtök eða sjálfseignarstofnanir, er þeim skylt að senda fjárlagatillögur sínar til umsagnar hjá svæðisskrifstofu. Gert er ráð fyrir að svæðisskrifstofa búi yfir heildarsýn varðandi þörf fatlaðra fyrir þjónustu á svæðinu. Því er eðlilegt að þær veiti umsögn um fjárlagatillögur frá einstökum aðilum innan svæðisins.

Ekki þykir nauðsynlegt að fjárlagatillögur fari fyrir svæðisráð nema um sé að ræða

nýja eða breytta starfsemi. Í þeim tilvikum þarf svæðisráð nauðsynlega að fá allar upplýsingar enda eitt af verkefnum þess að stuðla að samræmingu þjónustu á svæðinu.

Um 47. gr.

Greinin fjallar um fjárlagatillögur vegna stoðþjónustu.

Eins og fram kemur í 9. gr. frumvarpsins er með stoðþjónustu m.a. átt við liðveislu, hæfingu og endurhæfingu, verndaða vinnu og liðveislu á almennum vinnumarkaði, sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf, ferlimál og ferðaþjónustu og ýmiss konar þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra, svo sem umönnunarbætur, leikfangasöfn, stuðningsfjölskyldur og skammtímavistun.

Fjárlagatillögur skulu vera rammatillögur um heildarupphæð fyrir stoðþjónustu á svæðinu. Það er síðan verkefni svæðisskrifstofa að færa til fjármagn milli einstakra þjónustuþátta stoðþjónustunnar eftir því sem þörf krefur innan fjárlagaársins.

Um 48. gr.

Nauðsynlegt er að svæðisskrifstofur meti árlega þjónustuþörf fatlaðra á stofnunum skv. 10. gr. og á heimilum fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 11. gr. og geri fjárlagatillögur í samræmi við þá þörf á þjónustu sem slíkt mat leiðir í ljós.

Um 49. gr.

Meginreglan er sú að allur rekstrarkostnaður þjónustu samkvæmt lögunum greiðist úr ríkissjóði. Undantekning frá því gildir aðeins um liðveislu skv. 25. gr., ferlimál skv. 35. gr. og ferðaþjónustu skv. 1. mgr. 36. gr. sem greiðist af sveitarfélögum. Um kostnað vegna leikskóladvalar fatlaðra barna fer samkvæmt lögum um leikskóla.

Um 50. gr.

Hafi stofnun fyrir fatlaða eigin tekjur skulu þær tekjur koma til frádráttar rekstrarkostnaði þeirra. Hér er fyrst og fremst átt við tekjur vegna atvinnustarfsemi á þjónustustofnunum skv. 1.–3. tölul. 10. gr., svo og á vistheimilum, sbr. 4. tölul. 11. gr.

Um 51. gr.

Greinin felur í sér nýmæli.

Samkvæmt gildandi lögum er öll þjónusta fötluðum og forráðamönnum þeirra að kostnaðarlausu. Svo verður áfram í meginatriðum. Rétt þykir þó að skyldleiki sá, sem er á milli umönnunarbóta, sbr. frumvarp um það efni, breytingu á lögum um almannatryggingar annars vegar, og þjónustu stuðningsfjölskyldu og skammtímavistun hins vegar, endurspeglist í frumvarpinu. Forráðamenn fatlaðra barna, sem njóta umönnunarbóta, eiga rétt á þeim af þeirri ástæðu að barn dvelst í heimahúsi og nýtur þar umönnunar. Sé barnið hins vegar sent tímabundið til stuðningsfjölskyldu eða í skammtímavistun er litið svo á að umönnunarbætur eigi að hluta til að renna upp í kostnað við þá vistun. Því er lagt til að heimilt verði að setja reglugerð sem kveði á um gjaldtöku í þeim tilvikum er að framan greinir. Jafnframt er lagt til að hið sama gildi þegar hinn fatlaði nýtur örorkulífeyris og tekjutryggingar.

Um 52. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að ferðakostnaður fatlaðra vegna ferða á þjónustustofnanir skv. 1.–5. tölul. 10. gr. skuli greiddur af ríkissjóði. Um er að ræða ferð-

ir til og frá hæfingar- og endurhæfingarstofnunum, dagvistarstofnunum fatlaðra, vernduðum vinnustöðum, þjónustumiðstöðvum og leikfangasöfnum.

Með ferðakostnaði er átt við ferðir hins fatlaða til og frá áfangastað.

Auk ferða á framangreindar þjónustustofnanir greiðir ríkið kostnað vegna annarrar nauðsynlegrar þjónustu sem veitt er fötluðum sérstaklega þótt hún sé veitt utan þeirra þjónustustofnana sem falla undir frumvarp þetta. Má þar nefna ferðir til og frá sjúkraþjálfum sem reka sjálfstæða starfsemi, svo og öðrum sérhæfðum starfsmönnum sem veita fötluðum þjónustu með sjálfstæðum rekstri.

Í takmarkatilfellum er viðmiðunin sú hvort um sértæka þjónustu fyrir fatlaða er að ræða eða ekki. Teljist svo ekki vera fellur kostnaðurinn á sveitarfélögin með sama hætti og almenn félagsþjónusta.

Í 2. mgr. er tekið fram að settar skuli reglur um ferðir fatlaðra utan af landi til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Í reglum þessum verði m.a. kveðið á um að hve miklum hluta ríkissjóður taki þátt í greiðslum, við hvaða vegalengd verði miðað og um kostnað vegna fylgdarmanns. Skal hér höfð hliðsjón af reglum um ferðakostnað sjúklinga samkvæmt lögum um almannatryggingar. Jafnframt komi fram í reglunum hvaða aðili beri kostnaðinn en þar skal meginreglan vera sú að saman fari ákvörðun um ferð og greiðsla kostnaðar.

Um 53. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 54. gr.

Gildandi lög hafa verið framkvæmd með þeim hætti, sem fram kemur í greininni, frá og með gildistöku reglugerðar um rekstrarkostnað stofnana fatlaðra, nr. 467/1990. Rétt þykir að þetta mikilvæga atriði sé beinlínis tekið fram í lögum, þ.e. að þeir aðilar, sem reka stofnanir fatlaðra sem eru að öllu leyti reknar með framlögum ríkissjóðs, sendi viðeigandi aðilum innan ríkisgeirans ársreikning sinn ásamt skýrslu um starfsemi liðins árs.

Um 55. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I.

Enda þótt lagt sé til að lögin öðlist gildi 1. júní 1992 er ljóst að sú gildistaka getur ekki átt við um þá ráðstöfun fjár úr Framkvæmdasjóði fatlaðra sem fara mun fram fyrri hluta árs 1992.

II.

Samhliða þessu frumvarpi mun lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um almannatryggingar þar sem lagt er til að greiddar verði sérstakar umönnunarbætur vegna fatl-

aðra barna, en þar er um nýmæli að ræða innan almannatrygginga. Umönnunarbætur þessar koma í stað fjárhagsaðstoðar við fötluð börn skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983.

Ákvæði þetta er því aðeins sett fram til öryggis ef svo færi að áðurgreint frumvarp um almannatryggingar hlyti ekki samþykki Alþingis um leið og þetta frumvarp.

III.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, greiðir ríkisjóður þann kostnað sem er umfram almennar greiðslur vegna fatlaðra barna í leikskóla. Með breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sbr. lög nr. 87/1989, var þessu fyrirkomulagi haldið óbreyttu. Lög um leikskóla, nr. 48/1991, taka hins vegar ekki til þessa atriðis, en þar hefði að réttu lagi átt að kveða á um það, enda eiga þau lög að hafa að geyma tæmandi ákvæði um leikskóla. Meðan svo er ekki um hnútana búið í þeim lögum þykir nauðsynlegt að taka sérstaklega fram í þessu frumvarpi að fyrrgeint ákvæði í lögum um málefni fatlaðra, sbr. lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, haldist óbreytt þar til ákvæði um það efni hefur verið fellt inn í lög um leikskóla.

IV.

Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði til bráðabirgða I í gildandi lögum.

Þegar lög þessi ganga í gildi er nauðsynlegt að stofnanir, sem starfræktar eru við gildistöku laganna, fái starfsleyfi sitt endurnýjað innan sanngjarns frests.

Eins og fram kemur í 15. gr. frumvarpsins er lagt til að félagsmálaráðherra verði heimilt að binda starfsleyfi til handa sveitarfélögum, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum því skilyrði að félagsmálaráðuneytið eigi fulltrúa í stjórn þeirra. Athygli skal vakin á því að þetta á ekki eingöngu við um þær stofnanir sem komið verður á fót eftir að lög þessi taka gildi, heldur einnig þær stofnanir sem starfræktar eru við gildistöku laganna. Hér er því veittur nokkur frestur til að stofnunum þessum gefist ráðrúm til að skipa nýja stjórn. Nægilegt er því að umsókn um nýtt starfsleyfi verði lögð fram á næsta ári eftir að lög þessi taka gildi.

V.

Lagt er til að við endurskoðun laganna, innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra, verði m.a. stefnt að því að auka ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra. Eins og rakið er í almennum athugasemdum frumvarpsins náðist ekki samstaða um að ganga lengra í því að flytja málaflokkinn til sveitarfélaga en fram kemur í 14. gr. Rétt þykir því að þessu atriði verði sérstakur gaumur gefinn við endurskoðun laganna, m.a. með hliðsjón af þróun málefna sveitarfélaga, einkum þeirri sameiningu sveitarfélaga sem kann að eiga sér stað á tímabilinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um málefni fatlaðra.

Á undanförnum árum hafa árleg framlög ríkisins til málefna fatlaðra farið ört vaxandi. Þannig voru framlög ríkisins á núverandi verðlagi 655 m.kr. árið 1983, 1.697 m.kr. árið 1988 og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 eru framlög áætluð 1.926 m.kr. Skyldur ríkisins og þar með réttur fatlaðra er samkvæmt frumvarpinu ótvíræðari en í gildandi lögum. Fjárhagsleg áhrif þess ganga raunar í báðar áttir. Hinn fatlaði á auðveldara með að sækja sinn rétt en réttur ríkisins til að synja beiðnum um þjónustu og fyrirgreiðslu er jafnframt skýrari. Með þeim breytingum á stjórnkerfinu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er verið að afnema bein afskipti hagsmunasamtaka af framkvæmd laganna. Möguleikar til aðhalds í rekstri og virkri fjármálastjórn eru því meiri.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim ákvæðum frumvarpsins sem valda munu breytingum á kostnaði ríkissjóðs.

Sú breyting er gerð á yfirstjórn málaflokks um fatlaða að hún heyrir undir eitt ráðuneyti, félagsmálaráðuneytið, í stað þriggja í núgildandi lögum, nr. 41/1983, sem eru auk félagsmálaráðuneytisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið. Þetta kemur fram í ýmsum greinum frumvarpsins, svo sem 4., 10., 11. og 39. gr. Kostnaðarlega mun þetta einkum hafa áhrif á úthlutun úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Samkvæmt frumvarpinu er sjóðnum einungis ætlað að standa undir framkvæmdum við stofnanir á vegum félagsmálaráðuneytisins, en þær fjárhæðir, sem úthlutað hefur verið til skóla og sjúkrastofnana á vegum ráðuneyta menntamála og heilbrigðismála, verða, að frumvarpinu samþykktu, að koma sem fjárveitingar af öðrum liðum fjárlaga. Hlutur heilbrigðisstofnana og skóla tímabilið 1988–1991 hefur numið 20 til 30% af úthlutun úr sjóðnum. Gera má ráð fyrir að árleg fjárþörf til framkvæmda stofnana á vegum heilbrigðis- og menntamálaráðuneytis sé um 20–30 m.kr. næstu árin auk viðhalds. Um þetta er þó erfitt að fullyrða því að sú framkvæmdaáætlun til þriggja ára, sem mælt er fyrir um í 2. málsl. 38. gr. núgildandi laga um málefni fatlaðra (nr. 41/1983), mun ekki hafa verið gerð.

Allnokkrar breytingar eru gerðar á ráðstöfun fjár úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Fyrst er að nefna nýmæli í 6. tölul. 41. gr. þar sem heimilt er að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhaldsframkvæmda[1], en þörfin fyrir viðhald á húseignum stofnana fatlaðra eykst með hverju ári sem líður. Verði þetta ákvæði notað mun draga úr byggingu og kaupum á nýju húsnæði fyrir fatlaða sem sjálfkrafa hefur leitt til aukins rekstrarkostnaðar. Sömu áhrif hefur ákvæði þess efnis að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga.

Þá er með þessari lagasetningu stefnt að því að auka áherslu á félagslegar íbúðir í stað sambýla. Þessi breyting léttir á rekstrarkostnaði ríkissjóðs frá núgildandi lögum. Á móti mun kostnaður sveitarfélaga aukast þar sem þau greiða stærsta hluta kostnaðarverðs fé-

[1]Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi 1992 er kveðið á um að þetta hlutfall verði allt að þriðjungur.

lagslegra íbúða og heimaþjónustu til íbúa samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Loks er í 3. tölul. 40. gr. nýtt ákvæði um „sérstakt framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun Alþingis til uppbyggingar þjónustu í þágu geðfatlaðra næstu 5 ár frá gildistöku laga þessara". Í athugasemdum við greinina kemur fram að um 120 geðfatlaðir einstaklingar búi við ófullnægjandi aðstæður. Þetta ákvæði er ekki metið til fjár í athugasemdinni, en nefndar hafa verið um 60 m.kr. á ári sem þurfi til þessarar uppbyggingar. Sé gert ráð fyrir að vandinn verði leystur með sambýlum fyrir þetta fólk og að fjárhæðin nægi til að byggja eða kaupa húsnæði fyrir 4–5 sambýli á ári má reikna með að árlegur rekstrarkostnaður hækki um 50–60 m.kr. vegna þessa í 5 ár. Á hinn bóginn verður að ætla að verulega dragi úr sjúkrahúsinnlögnum geðsjúkra.

Af öðrum nýjum ákvæðum frumvarpsins sem gætu valdið ríkissjóði auknum kostnaði má nefna ákvæði um samráðsnefnd (8. gr.), um stjórn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins (17. gr.) og um göngudeild fullorðinna við greiningarstöðina (6. tölul. 17. gr.). Félagsmálaráðuneytið gerir ráð fyrir því að ráðnir verði 4–5 sérfræðingar að göngudeildinni. Samkvæmt því má gera ráð fyrir rekstrarkostnaði við hana (laun, húsnæði, ræsting, ferðir o.fl.) og nefndakostnaði er nemur 10–12 m.kr. auk stofnkostnaðar.

Í frumvarpinu (38. gr.) er sú skylda lögð á svæðisráð að skipa sérstakan trúnaðarmann fatlaðra á hverju svæði. Þar sem um nýmæli er að ræða ríkir óvissa um hver þörf verður fyrir þessi störf. Að mati félagsmálaráðuneytisins ætti kostnaðarauki ríkissjóðs ekki að fara yfir 1–2 m.kr.

Tíundi kafli frumvarpsins er um liðveislu sem er nýmæli. Í 26. gr. er ákvæði um að í „sérstökum tilvikum skal veita fötluðum einstaklingum frekari liðveislu sem felur í sér margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun". Félagsmálaráðuneytið tekur ákvörðun í málinu að fenginni umsögn svæðisráðs og tillögum sveitarfélags eða svæðisskrifstofu. Erfitt er að meta aukinn kostnað vegna þess að svo stöddu, en eðlilegt er að líta svo á að fjárveitingar í fjárlögum hverju sinni ráði mestu um framkvæmdina.

Til lækkunar á kostnaði ríkisins er ákvæði í 31. gr. frumvarpsins um að fötluðum skuli standa til boða vinna á almennum vinnumarkaði. Þetta þýðir að ekki er lengur skylda að koma upp vernduðum vinnustöðum á hverju svæði. Þess í stað verði í ríkari mæli farið út í það að semja við ákveðna vinnustaði um að taka fatlaða í vinnu gegn greiðslu vinnulauna, t.d. eins verkstjóra til að leiðbeina fötluðum starfsmönnum. Þetta er mun ódýrari kostur.

Rétt er að vekja athygli á því að til lækkunar á kostnaði ríkissjóðs er í frumvarpinu heimild til að innheimta þjónustugjöld vegna skammtímavistunar fatlaðra og stuðningsfjölskyldna (49. gr.). Þá er í 14. gr. heimild til að semja við sveitarfélög um að annast einstaka þjónustuþætti við fatlaða sem gæti orðið til hagræðingar og lækkunar á kostnaði.

Að teknu tilliti til umræddra breytinga, sem af þessari lagasetningu leiðir, er það mat fjármálaráðuneytisins að árlegur kostnaður ríkissjóðs muni breytast næstu 5 árin sem hér segir:

Í fyrsta lagi má ætla að 20–30 m.kr. þurfi í árlegt viðbótarframlag til stofnkostnaðar stofnana fatlaðra sem heyra undir menntamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti.

Í öðru lagi gætu breytingar á kaflanum um Framkvæmdasjóð fatlaðra vegna geðfatlaðra aukið árlegt framlag til framkvæmda um allt að 60 m.kr. næstu 5 árin. Hins vegar er líklegt að viðbótarþörf fyrir rekstrarframlag sem afleiðing af ráðstöfun fjár úr Framkvæmdasjóði fatlaðra verði heldur minni en verið hefur.

Aðrar kostnaðarhækkanir eru metnar til 10–15 m.kr. Á móti kemur að vernduðum vinnustöðum verður ekki fjölgað eins og kveðið er á um í núgildandi lögum.

355. Þingsályktun [213. mál]

um staðfestingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 283.

356. Lög [45. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1968, um bókhald.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 46.

357. Frumvarp til laga [171. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, o.fl.

(Eftir 2. umr., 21. des.)

1. gr.

10. gr. laganna, eins og henni var síðast breytt með 2. gr. laga nr. 59/1978, orðast svo:

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, umönnunarbóta, makabóta, barnalífeyris, mæðralauna, ekkjubóta og ekkjulífeyris.

2. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna, eins og henni var síðast breytt með 2. gr. laga nr. 30/1981, orðast svo:

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim sem skortir a.m.k. helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti en því er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum). Örorkustyrk má enn fremur veita þeim sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki og skulu þær staðfestar af ráðherra.

3. gr.

a. Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein er verði 13. gr. og orðist svo:

Greiða skal framfærendum fatlaðra og sjúkra barna, sem dveljast í heimahúsi, styrk, allt að 9.092 kr., eða umönnunarbætur, allt að 47.111 kr. á mánuði ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu. Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar og annast greiðslu styrks og umönnunarbóta, að fengnum tillögum svæðisstjórna, samkvæmt lögum um málefni

fatlaðra. Greiðsla styrks skal miðuð við 10–40 klst. þjónustu á mánuði en greiðsla umönnunarbóta 40–175 klst. þjónustu á mánuði, sem tryggingaráði er heimilt að hækka í allt að 200 klst., mæli sérstakar ástæður með því að mati svæðisstjórna. Dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerðir umönnunarbætur. Um framkvæmd greinarinnar fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í samráði við félgsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs.

b. 13.–22. gr. verða 14. og 23. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. Frá sama tíma fellur úr gildi 3.–5. mgr. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983.

358. Breytingartillögur [197. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, sbr. lög nr. 108/1990.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Halldóri Ásgrímssyni,
Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „30. júní 1992“ í niðurlagi greinarinnar komi: 31. desember 1992.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „1. júlí 1992“ í síðari málsgrein komi: 1. janúar 1993.

Greinargerð.

Það er skoðun flutningsmanna að jöfnunargjald beri að leggja á allt næsta ár, sbr. nefndarálit 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar á þskj. 347, en flutningsmenn tillögunnar mynda 1. minni hluta nefndarinnar.

359. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1992 og brtt. á þskj. 295.

Frá fjármálaráðherra.

	Þús. kr.
1. Við brtt. á þskj. 295:	
a. Við 412 Tekjuskattur einstaklinga, nettó.	
Fyrir „14.750.000“ kemur	14.050.000
b. Við 4212 Jöfnunargjald.	
Fyrir „360.000“ kemur	535.000
c. Við bætist nýr liður:	
4992 Frá sveitarfélögum	600.000
2. Við 4. gr. 07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.	
Fyrir „1.370.000“ kemur	1.470.000

360. Breytingartillögur [197. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, sbr. lög nr. 108/1990.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „30. júní 1992“ í niðurlagi greinarinnar komi: 30. september 1992.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „1. júlí 1992“ í síðari málsgrein komi: 1. október 1992.

361. Framhaldsnefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um vatnsveitur sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin kom saman að nýju til að fjalla um 7., 8. og 14. gr. frumvarpsins. Nefndin fékk á sinn fund Húnboga Þorsteinsson, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með því að gerðar verði breytingar á framangreindum greinum og flytur um það tillögur á sérstöku þingskjali. Breytingar nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Við 7. gr. er gerð tillaga um orðalagsbreytingu til að taka af öll tvímæli um að upphæð vatnsgjalds skuli miðast við að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitna og því sé gjaldtaka umfram þann kostnað óheimil.
2. Við 8. gr. er bætt ákvæði um að hámark aukavatnsgjalds skuli tilgreint í reglugerð er félagsmálaráðherra setur.
3. Við 14. gr. er gerð tillaga um að fimm árum eftir gildistöku laganna beri sveitarstjórn að yfirtaka heimæð sé þess óskað af fasteignaeiganda, en fram að þeim tíma komi aðeins til yfirtaka sveitarstjórnar ef samkomulag verði um það milli hennar og fasteignaeiganda. Þó er kveðið á um að á þessu fimm ára tímabili skuli sveitarstjórn annast á eigin kostnað viðhald framangreindra heimæða. Breytingin er til að tryggja að þeir fasteignaeigendur, sem ekki ná samkomulagi við sveitarstjórn eða er ókunnugt um ákvæði laganna, verði ekki fyrir verulegu fjárhagstjóni vegna viðhalds heimæðar. Jafnframt er sett ákvæði í greinina er skyldar sveitarstjórn til að kynna fasteignaeigendum ákvæði hennar.

Einar K. Guðfinnsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. des. 1991.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Kristjánsson. Kristinn H. Gunnarsson. Eggert Haukdal.

Gunnlaugur Stefánsson. Guðjón Guðmundsson.

362. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um vatnsveitur sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 7. gr. 1. málsl. fyrri málsgreinar orðist svo: Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.
2. Við 8. gr. Við síðasta málslið 2. mgr. bætist: og skal hámark gjaldsins tilgreint í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.
3. Við 14. gr. Í stað síðari málsliðar síðari málsgreinar komi eftirfarandi tveir málsliðir: Næstu fimm ár frá gildistöku laga þessara skal sveitarstjórn annast á eigin kostnað viðhald heimæða, sbr. 1. málsl., og að þeim tíma loknum ber sveitarstjórn að yfirtaka framangreindar heimæðar sé þess óskað af fasteignaeiganda. Sveitarstjórn skal kynna fasteignaeiganda ákvæði þessarar greinar.

363. Breytingartillögur [205. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og brtt. á þskj. 351.

Frá fjármálaráðherra.

1. Á eftir 4. gr. frumvarpsins komi ný grein er verður 5. gr. og orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verða á 38. gr. laganna:
   a. Í stað „8%“ í 1. tölul. komi: að lágmarki 6%, að hámarki 8%.
   b. Í stað „8%“ í 2. tölul. komi: að lágmarki 6%, að hámarki 8%.
   c. Í stað „12%“ í 3. tölul. komi: að lágmarki 9%, að hámarki 12%.
   d. Í stað „20%“ í a-lið og „15%“ í b-lið 4. tölul. komi: að lágmarki 15%, að hámarki 20% og að lágmarki 11%, að hámarki 15%.
   e. Í stað „2%“ í 5. tölul. komi: að lágmarki 1,5%, að hámarki 2%.
   f. Í stað „20%“ í 7. tölul. komi: að lágmarki 15%, að hámarki 20%.
2. Við 4. tölul. brtt. á þskj. 351. Í stað „260“ komi: 245.

Greinargerð.

Sú takmörkun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði á vegna skattalegs taps, gerir það nauðsynlegt að fyrirtæki séu ekki skyldug til að afskrifa eignir eftir föstu hlutfalli heldur geti brugðist að nokkru við því með sveigjanlegri afskriftareglum. Því er lagt til í 1. tölul. að horfið verði frá föstu fyrningarhlutfalli eigna, sbr. 38. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, og þess í stað kveðið á um lágmark og hámark þess fyrningarhlutfalls sem nota má ár hvert.

Í 2. tölul. er lagt til að viðmiðunartala fjölda daga, sem veita rétt til fulls sjómannaafsláttar, breytist úr 260 dögum í 245 daga á ári. Er tillagan gerð á grundvelli endurskoðaðra útreikninga á áhrifum breytingartillagnanna á þskj. 351 en breytir ekki heildarfjárhæð sjómannaafsláttar frá því sem áður var áætlað. Verði um veruleg frávik að ræða munu reglur um sjómannaafslátt verða teknar til endurskoðunar.

364. Tillaga til þingsályktunar [223. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 22. desember 1991, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 6. janúar 1992.

365. Frumvarp til laga [173. mál]

um vatnsveitur sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr., 21. des.)

1. gr.

Í kaupstöðum og bæjum skal bæjarstjórn starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er.

Í hreppum er hreppsnefnd heimilt að starfrækja vatnsveitu, sbr. 1. mgr., og leggja í framkvæmdir við gerð hennar enda sýni rannsóknir og kostnaðaráætlanir að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana.

2. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn vatnsveitu í sveitarfélagi.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa sérstaka stjórn til að hafa yfirumsjón með starfsemi vatnsveitunnar og fara með þau verkefni, sem sveitarstjórn eru falin með lögum þessum, í umboði hennar. Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan vatnsveitustjóra til að annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

3. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að leggja og reka sameiginlega vatnsveitu. Sveitarstjórnir skulu gera með sér samkomulag um með hvaða hætti veitan skuli lögð og rekin. Um samvinnu sveitarstjórna á þessu sviði skulu gilda ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, um byggðasamlög, nema um annað sé sérstaklega samið.

4. gr.

Sveitarstjórn er eigandi vatnsveitu sveitarfélags og sér um lagningu allra vatnsæða hennar, þ.e. aðalæða, götuæða og heimæða. Sveitarstjórn annast og kostar viðhald vatnsæðanna.

5. gr.

Sveitarstjórn, sem lagt hefur vatnsveitu, hefur einkarétt á rekstri hennar og sölu vatns á því svæði sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins.

6. gr.

Eigandi fasteignar við veg eða opið svæði, þar sem götuæð liggur, á rétt á að fá heimæð lagða frá götuæð. Beiðni um lagningu heimæðar skal send til sveitarstjórnar. Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar. Sveitarstjórn ákveður fjárhæð heimæðargjalds og skal það miðað við rúmmál fasteignar. Gjalddagi þess skal vera 30 dögum eftir lagningu heimæðar.

Vatn, sem tekið er úr stofnkrana innan húss, er eingöngu heimilt að nota til venjulegra heimilisþarfa. Að öðrum kosti þarf leyfi sveitarstjórnar. Réttur eiganda til að nota vatn til heimilisþarfa skuldbindur ekki sveitarstjórn til þess að tryggja að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Hvers konar tenging dælubúnaðar við heimæð af hálfu eiganda, m.a. til að auka þrýsting vatns, er óheimil nema sveitarstjórn leyfi annað.

Þurfi að gera breytingar á heimæð vegna framkvæmda á vegum eiganda sjálfs skal hann sækja um leyfi til sveitarstjórnar. Eigandi ber sjálfur kostnað við breytingar sem þessar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar þar sem eigandi óskar eftir vatnsnotkun getur sveitarstjórn sett það skilyrði fyrir lagningu vatnsæða að fyrir fram ákveðinn hluti kostnaðar við lagningu þeirra skuli endurgreiddur af eiganda fasteignarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Álagningarstofn vatnsgjalds skal vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds sem má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 90/1990.

8. gr.

Af þeim fasteignum, þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum, skal sveitarstjórn auk vatnsgjalds, sbr. 7. gr., heimilt að innheimta sérstakt aukavatnsgjald er miðast við notkun mælda í rúmmetrum.

Sveitarstjórn lætur þeim er greiða skulu aukavatnsgjald í té löggilta vatnsmæla. Sveitarstjórn er eigandi vatnsmælanna og ákveður upphæð gjalds fyrir leigu á þeim. Auka-

vatnsgjald skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því eigi við komið ákveður sveitarstjórn aukavatnsgjaldið samkvæmt áætlaðri notkun. Aukavatnsgjald skal innheimta eftir á eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar og skal hámark gjaldsins tilgreint í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.

Endurgjald hafnarsjóðs til sveitarsjóðs vegna vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við mælda notkun og ákveður sveitarstjórn gjald fyrir hvern rúmmetra. Hafnarstjórn/sveitarstjórn ákveður verð fyrir hvern rúmmetra vatns sem seldur er til skipa og báta.

Í þeim tilvikum, þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu, er sveitarstjórn heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

9. gr.

Selji sveitarstjórn annarri sveitarstjórn vatn skal endurgjald fyrir það ákveðið með samkomulagi aðila eða mati dómkvaddra matsmanna náist eigi samkomulag. Við mat skal þess gætt að endurgjaldið verði aldrei minna en sannanlegur kostnaður vatnsveitunnar af vatnsvinnslu og dreifingu vegna vatnssölunnar, ásamt allt að 5% álagi af bundnu fjármagni.

10. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalds.

Vatnsgjald og heimæðargjald eru, ásamt áföllnum kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Ef hús brennur eftir að vatnsgjald eða heimæðargjald fellur í gjalddaga er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða aukavatnsgjald að undangenginni skriflegri aðvörun. Aukavatnsgjald og leigugjald fyrir vatnsmæli, ásamt áföllnum kostnaði, má taka fjárnámi.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem eyða vatni óhóflega og einnig þegar gera þarf við bilanir á vatnsæðum.

11. gr.

Sveitarstjórn skal setja sér sérstaka gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 7., 8. og 9. gr. laga þessara, sbr. og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga. Sveitarstjórn skal auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum sem renna skulu í sveitarsjóð nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

13. gr.

Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd vatnsveitumála, m.a. um stjórn og fjármál vatnsveitu, gjaldtökur, vatnsæðar o.fl.

14. gr.

Lög þessi skulu taka gildi 1. janúar 1992. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93/1947, svo og 20., 21., 23. og 28. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Þær heimæðar, sem fasteignaeigendur eiga við gildistöku laga þessara, sbr. ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, skulu vera eign þeirra áfram nema samkomulag verði um að sveitarstjórn yfirtaki þær. Næstu fimm ár frá gildistöku laga þessara skal sveitarstjórn annast á eigin kostnað viðhald heimæða, sbr. 1. málsl., og að þeim tíma loknum ber sveitarstjórn að yfirtaka framangreindar heimæðar sé þess óskað af fasteignaeiganda. Sveitarstjórn skal kynna fasteignaeiganda ákvæði þessarar greinar.

366. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, sbr. lög nr. 108/1990.

(Eftir 2. umr., 21. des.)

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1991“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna komi: 30. september 1992.

2. gr.

2. gr. laga nr. 108/1990 falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

Frá og með 1. október 1992 falla lög nr. 78/1980, um jöfnunargjald, með síðari breytingum, úr gildi.

367. Frumvarp til laga [205. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 21. des.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „300.000“ í 3. mgr. 17. gr. laganna kemur: 328.500.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Þó fellur þessi heimild niður ef skuldaviðurkenning er seld á þeim tíma sem heimilt er að dreifa söluhagnaði.

b. 2. mgr. orðast svo:

Þegar skattskyldum söluhagnaði er dreift samkvæmt þessari grein skal hækka hann eða lækka samkvæmt verðbreytingastuðli, sbr. 26. gr., fram til þess árs sem hann er tekjufærður.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðanna „115.000“ og „230.000“ í 1. málsl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 126.000 og 252.000.
b. Í stað fjárhæðanna „86.000“ og „172.000“ í 2. málsl. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 94.000 og 188.000.
c. Í stað fjárhæðanna „18.200.000“ og „36.400.000“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 21.000.000 og 42.000.000.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 7. tölul. orðast svo: Eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu fimm árum á undan tekjuári, framreiknaðar samkvæmt ákvæðum 26. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.
b. 8. tölul. fellur brott.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað „8%“ í 1. tölul. kemur: að lágmarki 6%, að hámarki 8%.
b. Í stað „8%“ í 2. tölul. kemur: að lágmarki 6%, að hámarki 8%.
c. Í stað „12%“ í 3. tölul. kemur: að lágmarki 9%, að hámarki 12%.
d. Í stað „20%“ í a-lið og „15%“ í b-lið 4. tölul. kemur: að lágmarki 15%, að hámarki 20% og að lágmarki 11%, að hámarki 15%.
e. Í stað „2%“ í 5. tölul. kemur: að lágmarki 1,5%, að hámarki 2%.
f. Í stað „20%“ í 7. tölul. kemur: að lágmarki 15%, að hámarki 20%.

6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „100.000“ í 41. gr. laganna kemur: 115.000.

7. gr.

2. mgr. 56. gr. laganna orðast svo:

Þegar samvinnufélög sameinast, sbr. 78. gr. laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, eða hlutafélag sameinast samvinnufélagi, sbr. 81. gr. sömu laga, skal hið sameinaða félag taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum hinna fyrri félaga.

8. gr.

57. gr. A laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 56. og 57. gr. skal rekstrartap, þar með taldar eftirstöðvar rekstrartaps frá fyrri árum, sbr. 7. tölul. 31. gr., hjá því félagi sem slitið var ekki flytjast til þess félags sem við tekur nema uppfyllt séu öll skilyrði þessarar greinar. Félag það sem við tekur skal hafa með höndum skyldan rekstur eða starfsemi og það félag sem slitið var. Tap flyst ekki milli félaga þegar það félag sem slitið var átti fyrir slitin óverulegar eignir eða hafði engan rekstur með höndum. Sameining félaganna verður og að vera gerð í venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi. Hið yfirfærða tap verður að hafa myndast í sams konar rekstri og það félag, sem við tekur, hafði með höndum.

9. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „250.200“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 287.064.

10. gr.

B-liður 68. gr. laganna orðast svo:

Maður, sem stundar sjómennsku á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi, skal njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, sem koma skal til frádráttar reiknuðum tekjuskatti af þeim launum sem hann hafði fyrir sjómannsstörf.

Rétt til sjómannaafsláttar hafa þeir sem stunda sjómennsku, sbr. 4. mgr., og lögskráðir eru í skipsrúm á fiskiskipi. Sama rétt skulu þeir menn eiga sem ráðnir eru sem fiskimenn eða stunda fiskveiðar á eigin fari þó ekki sé skylt að lögskrá þá, enda uppfylli þeir skilyrði 4. mgr.

Enn fremur eiga rétt til sjómannaafsláttar lögskráðir sjómenn sem starfa, sbr. 4. mgr., á varðskipi, rannsóknaskipi, sanddæluskipi, ferju eða farskipi sem er í förum milli landa eða er í strandsiglingum innan lands.

Sjómannaafsláttur skal vera 660 kr. á hvern dag. Við ákvörðun dagafjölda, sem veitir rétt til sjómannaafsláttar, skal miða við þá daga sem skylt er að lögskrá sjómenn skv. 4. og 5. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna. Séu dagar þessir 245 á ári eða fleiri skal sjómaður njóta afsláttar alla daga ársins og hlutfallslega séu lögskráningardagar færri en 245, þó aldrei fleiri daga en hann er ráðinn hjá útgerð. Hlutaráðnir beitningarmenn skulu eiga rétt á sjómannaafslætti þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti. Hjá mönnum á fiskiskipum undir 12 rúmlestum brúttó, sem ekki er skylt að lögskrá á samkvæmt framangreindum lögum, skal miða við almenna vinnudaga (mánudaga til föstudaga) á úthaldstímabili í stað lögskráningardaga, sbr. framangreint. Réttur þessara manna er þó háður því að laun fyrir sjómennsku séu a.m.k. 30% af tekjuskattsstofni þeirra. Þeir dagar á ráðningartíma hjá útgerð, sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu veita rétt til sjómannaafsláttar. Komi upp ágreiningur um þá daga, sem veita rétt til sjómannaafsláttar, má staðreyna dagafjöldann með staðfestingu stéttarfélags á greiddum stéttarfélagsgjöldum.

Um ráðstöfun sjómannaafsláttar skulu ákvæði A-liðar gilda eftir því sem við getur átt.

Réttur til sjómannaafsláttar er háður því að útgerðaraðili haldi nákvæma skráningu yfir þá daga sem veita sjómanni rétt til sjómannaafsláttar.

Setja skal í reglugerð ákvæði um framkvæmd þessa stafliðar. Í henni skal m.a. kveða á um með hvaða hætti skuli ákvarða dagafjölda sem veitir rétt til afsláttar, skráningu, sbr. 6. mgr., og hvaða gagna megi krefjast í því sambandi.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 69. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Barnabætur skulu árlega nema 8.886 kr. með fyrsta barni en 27.564 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 28.917 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir.
b. Í stað 1. og 2. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 66.723 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 70.941 kr., en þó 28.917 kr. hærri sé það yngra en 7 ára.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á B-lið 69. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „59.860“ í 2. mgr. kemur: 89.284.
b. Í stað fjárhæðanna „920.000“ og „613.000“ í 3. mgr. kemur: 1.098.000 og 732.000.
c. Í stað fjárhæðanna „3.350.000“ og „5.025.000“ í 4. mgr. kemur: 3.900.000 og 5.850.000.

13. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á C-lið 69. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „2.555.000“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 2.965.000.
b. Í stað fjárhæðarinnar „4.235.000“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: 4.915.000.
c. Í stað fjárhæðanna „107.000“, „140.000“ og „174.000“ í 6. málsl. 2. mgr. kemur: 123.000, 161.000 og 200.000.
d. Í stað fjárhæðanna „400.000“, „525.000“ og „650.000“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: 438.000, 575.000 og 712.000.

14. gr.

Í stað fjárhæðanna „1.080.000“ og „2.160.000“ í 1. mgr. 78. gr. laganna kemur: 1.183.000 og 2.366.000.

15. gr.

Í stað fjárhæðanna „2.940.000“, „8.235.000“, „1.680.000“ og „840.000“ í 83. gr. laganna kemur: 3.412.000, 9.550.000, 2.000.000 og 1.000.000.

16. gr.

Í stað ártalsins „1991“ í 122. gr. laganna kemur: 1993.

17. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verður 124. gr., og orðast svo:

Ákvæði laga þessara um hlutabréf og jöfnunarhlutabréf skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf, sbr. lög nr. 22/1991, um samvinnufélög, eftir því sem við á. Jafnframt skulu ákvæði laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, um hlutabréf gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992 og gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1992 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1993 vegna tekna á árinu 1992 og eigna í lok þess árs.

Þó skulu ákvæði 1., 3., 6., 12., 13., 14. og 15. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og ákvörðun bóta á árinu 1992 vegna tekna á árinu 1991 og eigna í lok þess árs og ákvæði 11. gr. vegna ákvörðunar barnabóta á árinu 1992.

Ákvæði b-liðar 4. gr. öðlast gildi 1. janúar 1993 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1994 vegna tekjuársins 1993 enda taki gildi frá sama tíma lög um skattskyldu fjármagnstekna og arðs af hlutafé er komi í veg fyrir tvísköttun arðs.

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum, svo og sá hluti 1. mgr. 25. gr. þeirra laga sem hefst á orðunum „en fjárhæðir".

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Húsnæðisbætur, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 79/1989, skulu vera 61.600 kr. miðað við lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. desember 1991, þ.e. 3.198 stig.

II.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 4. gr. er heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa, eins og þær voru 31. desember 1990, frá skattskyldum tekjum næstu fimm ára talið frá gildistöku laga þessara.

368. Lög [63. mál]

um breyting á lögum nr. 43 4. júní 1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 64.

369. Lög [171. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 357.

370. Lög [173. mál]

um vatnsveitur sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 365.

371. Lög [197. mál]

um breyting á lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, sbr. lög nr. 108/1990.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 366.

372. Lög [205. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 367.

373. Lög [71. mál]

um meðferð einkamála.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 72.

374. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 1992.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**105 463 000**
Beinir skattar	21 088 000	
Óbeinir skattar	76 215 000	
Vaxtatekjur	3 990 000	
Aðrar tekjur	4 170 000	
Gjöld		**109 574 700**
Samneysla	43 876 500	
Rekstrargjöld	41 081 200	
Viðhald	2 795 300	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	43 924 900	
Vaxtagreiðslur	9 900 000	
Fjárfesting	11 873 300	
Stofnkostnaður	6 815 200	
Fjármagnstilfærslur	5 058 100	
Gjöld umfram tekjur		**4 111 700**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		395 000
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	4 545 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-4 150 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		280 000
Viðskiptareikningar		-400 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**4 386 700**
Afborganir af teknum lánum		9 000 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**13 386 700**
Lántökur		13 400 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**13 300**

2. gr.

Árið 1992 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1 044 200**
	Embætti forseta Íslands	52 100	
	Alþingi og stofnanir þess	792 700	
	Ríkisstjórn	54 300	
	Annað	128 100	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	17 000	
01	**Forsætisráðuneyti**		**340 300**
	Ráðuneyti	91 900	
	Annað	243 900	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	4 500	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**16 835 400**
	Ráðuneyti	232 800	
	Háskólar og rannsóknir	2 519 800	
	Framhaldsskólar	3 816 400	
	Héraðsskólar	105 700	
	Grunnskólar og sérskólar	5 061 500	
	Barnaverndarmál	103 700	
	Önnur fræðslumál	365 800	
	Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 220 000	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1 068 800	
	Ýmis framlög	1 041 100	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	299 800	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1 392 800**
	Ráðuneyti	386 700	
	Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	131 300	
	Sendiráð og fastanefndir	418 100	
	Þróunarmál, alþjóðastofnanir o.fl.	438 400	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	18 300	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**5 305 400**
	Ráðuneyti	63 000	
	Búnaðarmál	4 593 200	
	Skógrækt og landgræðsla	429 600	
	Búnaðarskólar	193 800	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	25 800	
	Flutt		24 918 100

3. gr.

Árið 1992 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**3 394 000**
4110	Eignarskattur einstaklinga	1 360 000	
41103	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	144 000	
4111	Eignarskattur félaga	875 000	
41113	Sérstakur eignarskattur félaga	200 000	
4116-7	Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	495 000	
4118	Erfðafjárskattur	320 000	
412	**Tekjuskattur, nettó**		**17 280 000**
412	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	14 050 000	
4126	Tekjuskattur félaga	3 230 000	
413	**Aðrir beinir skattar**		**414 000**
4130	Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	414 000	
42-43	**Óbeinir skattar**		
420	**Aðflutningsgjöld**		**3 690 000**
4200	Tollar	3 690 000	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**6 424 000**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	1 615 000	
42111	Innflutningsgjald af bensíni	4 000 000	
4212	Jöfnunargjald	535 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	16 000	
42153	Fóðurgjald, grunngjald	90 000	
42154	Kartöflugjald	110 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	28 000	
4217	Jöfnunartollur	30 000	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**370 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	345 000	
4221	Leyfisgjald af gjaldeyrissölu	25 000	
	Flutt		31 572 000

Rekstrar-

Gjöld:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		24 918 100
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**577 500**
	Ráðuneyti	80 000	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	356 600	
	Annað	104 000	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	36 900	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**5 101 800**
	Ráðuneyti	183 500	
	Dómsmálastofnanir	435 400	
	Löggæslustofnanir og öryggismál	1 782 100	
	Sýslumenn	1 863 500	
	Fangelsismál	279 600	
	Kirkjumál	456 400	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	101 300	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**5 110 400**
	Ráðuneyti	71 800	
	Húsnæðismál	1 075 000	
	Stjórnsýslustofnanir o.fl.	168 200	
	Málefni fatlaðra	1 880 900	
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 497 000	
	Annað	373 800	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	43 700	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**43 972 700**
	Ráðuneyti	117 900	
	Tryggingamál	26 147 900	
	Sjúkrahús	15 241 900	
	Heilsugæsla	1 388 400	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	237 400	
	Annað	339 900	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	499 300	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**15 598 400**
	Ráðuneyti	394 800	
	Skatta- og tollamál	1 259 000	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	2 267 400	
	Vextir	9 900 000	
	Annað	1 733 900	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	43 300	
	Flutt		95 278 900

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		31 572 000
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 494 000**
4235-6	Vörugjald	2 425 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	69 000	
425	**Virðisaukaskattur**		**40 450 000**
4250	Virðisaukaskattur	40 450 000	
426	**Skattar af orku**		**80 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	80 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**6 656 500**
4271	Hluti af hagnaði ÁTVR	6 650 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	6 500	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**86 500**
42801	Skemmtanaskattur	75 000	
42802	Miðagjald	11 500	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**774 000**
4290	Aukatekjur	765 000	
42942	Samúðarskeyti Landsímans	9 000	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**9 150 000**
43001	Tryggingagjald	9 150 000	
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**6 040 000**
4310	Þinglýsingar	103 000	
4311	Stimpilgjald	2 330 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, km-gjald	1 370 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	460 000	
43131	Bifreiðagjald	1 310 000	
43142	Vitagjald	49 000	
43143	Skipaskoðunargjald	64 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	280 000	
4317	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	74 000	
	Flutt		97 303 000

Gjöld:

Rekstrar-

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		95 278 900
10	**Samgönguráðuneyti**		**7 707 800**
	Ráðuneyti	59 100	
	Vegamál	5 566 100	
	Siglingamál	1 446 000	
	Flugmál	449 800	
	Annað	156 600	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	30 200	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1 030 500**
	Ráðuneyti	53 300	
	Iðnaðarmál	223 600	
	Orkumál	737 200	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	16 400	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**4 917 500**
	Ráðuneyti	71 800	
	Niðurgreiðslur	4 745 000	
	Annað	97 300	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	3 400	
13	**Hagstofa Íslands**		**143 500**
14	**Umhverfisráðuneyti**		**496 500**
	Ráðuneyti	111 400	
	Náttúruvernd	70 400	
	Skipulagsmál	83 000	
	Rannsóknir o.fl.	221 300	
	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	10 400	
	Gjöld samtals		109 574 700

r e i k n i n g u r

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		97 303 000
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**1 075 000**
4719	Sala eigna	1 075 000	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**3 990 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 815 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	2 175 000	
482	**Arðgreiðslur** [1]		**2 205 000**
48201	Afgjöld ríkisjarða	20 000	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	460 000	
48203	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	35 000	
48206	Póstur og sími	940 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	600 000	
4829	Aðrar arðgreiðslur	150 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**890 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	240 000	
4992	Frá sveitarfélögum	600 000	
4999	Óvissar tekjur	50 000	
	Tekjur samtals		105 463 000
	Gjöld umfram tekjur		4 111 700
	Samtals		109 574 700

1) Sjá reglur um arðgreiðslur í sérstöku yfirliti 1.

Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–101 Embætti forseta Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 800
1 01	Yfirstjórn	42 400	
1 50	Fálkaorðan	2 400	
Viðhaldsverkefni:			7 300
5 20	Laufásvegur 72, viðhald	6 800	
5 21	Bessastaðir, viðhald	500	
	Gjöld samtals		52 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 200	
52–58	Önnur gjöld	29 900	
5	Gjöld samtals		**52 100**
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			598 000
1 01	Alþingiskostnaður	225 400	
1 02	Aðalskrifstofa	50 000	
1 03	Þingmálaskrifstofa	111 800	
1 04	Rekstrarskrifstofa	128 600	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	29 600	
1 06	Norðurlandaráð	21 400	
1 07	Hús Jóns Sigurðssonar	5 900	
1 08	Hið íslenska þjóðvinafélag	500	
1 10	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	24 800	
Viðhaldsverkefni:			10 400
5 20	Fasteignir	10 400	
Stofnkostnaður:			18 200
6 01	Tæki og búnaður	18 200	
	Gjöld samtals		626 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	332 600	
52–58	Önnur gjöld	261 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	32 800	
5	Gjöld samtals	626 600	
4	Sértekjur	5 600	
	Mismunur		**621 000**

00–301 Ríkisstjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 300
1 01	Ríkisstjórn	54 300	
	Gjöld samtals		54 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 900	
52–58	Önnur gjöld	10 400	
5	Gjöld samtals		**54 300**

00–401 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 100
1 01	Hæstiréttur	27 100	
	Gjöld samtals		27 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 400	
52–58	Önnur gjöld	700	
5	Gjöld samtals		**27 100**

00–510 Bessastaðir

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			82 000
6 01	Mannvirkjagerð	82 000	
	Gjöld samtals		82 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	82 000	
5	Gjöld samtals		**82 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–520 Opinberar heimsóknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 000
1 01	Opinberar heimsóknir	19 000	
	Gjöld samtals		19 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	19 000	
5	Gjöld samtals		**19 000**
00–610 Umboðsmaður Alþingis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 600
1 01	Umboðsmaður Alþingis	18 600	
	Gjöld samtals		18 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 300	
52–58	Önnur gjöld	8 300	
5	Gjöld samtals		**18 600**
00–620 Ríkisendurskoðun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			149 200
1 01	Ríkisendurskoðun	149 200	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		154 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	101 200	
52–58	Önnur gjöld	51 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 600	
5	Gjöld samtals	154 200	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**153 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–950	**Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 000
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	17 000	
	Gjöld samtals		17 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 100	
52–58	Önnur gjöld	1 900	
5	Gjöld samtals		**17 000**
	Samtals		1 044 200

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			83 200
1 01	Yfirstjórn	65 200	
1 20	Stjórnarráðshús	7 300	
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	2 700	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	900	
1 23	Hrafnseyri	1 600	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 800	
1 90	Ýmis verkefni	3 700	
Viðhaldsverkefni:			8 700
5 20	Stjórnarráðshús	2 300	
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	5 700	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	700	
	Gjöld samtals		91 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 700	
52–58	Önnur gjöld	58 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 900	
5	Gjöld samtals		**91 900**
01–102 Þjóðhagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 800
1 01	Þjóðhagsstofnun	87 800	
Stofnkostnaður:			1 400
6 01	Tæki og búnaður	1 400	
	Gjöld samtals		89 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 100	
52–58	Önnur gjöld	36 100	
5	Gjöld samtals	89 200	
4	Sértekjur	47 700	
	Mismunur		**41 500**

01–171 Byggðastofnun

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			180 000
6 01	Byggðastofnun	180 000	
	Gjöld samtals		180 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	180 000	
5	Gjöld samtals		**180 000**

01–901 Húsameistari ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 800
1 01	Húsameistari ríkisins	57 800	
Stofnkostnaður:			900
6 01	Tæki og búnaður	900	
	Gjöld samtals		58 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 700	
52–58	Önnur gjöld	12 000	
5	Gjöld samtals	58 700	
4	Sértekjur	69 400	
	Mismunur		**–10 700**

01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 200
1 01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	18 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			5 400
5 01	Þingvallabær o.fl.	3 300	
5 02	Þingvallakirkja	2 100	
Stofnkostnaður:			7 400
6 01	Aðalskipulag	5 000	
6 02	Svæðisskipulag	1 000	
6 11	Bifreiðakaup	1 400	
	Gjöld samtals		31 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 700	
52–58	Önnur gjöld	18 300	
5	Gjöld samtals	31 000	
4	Sértekjur	2 900	
	Mismunur		**28 100**

01–950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	4 500	
	Gjöld samtals		4 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52–58	Önnur gjöld	500	
5	Gjöld samtals		**4 500**

01–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
	Samtals		340 300

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			229 800
1 01	Yfirstjórn	229 800	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		232 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	114 800	
52–58	Önnur gjöld	118 000	
5	Gjöld samtals		**232 800**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 689 800
1 01	Yfirstjórn	99 600	
1 02	Sameiginleg útgjöld	254 400	
1 03	Rekstur fasteigna	173 700	
1 04	Háskólabókasafn	59 600	
1 05	Aðrar sérstofnanir og verkefni	59 600	
1 06	Kennslu- og vísindadeildir	1 042 900	
Viðhaldsverkefni:			60 000
5 50	Viðhald fasteigna	60 000	
Stofnkostnaður:			252 000
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	252 000	
	Gjöld samtals		2 001 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 233 800	
52–58	Önnur gjöld	768 000	
5	Gjöld samtals	2 001 800	
4	Sértekjur	570 400	
	Mismunur		**1 431 400**

02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 600
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	74 400	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	21 200	
Viðhaldsverkefni:			21 800
5 01	Viðhald húseigna	21 800	
	Gjöld samtals		117 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 600	
52–58	Önnur gjöld	52 800	
5	Gjöld samtals	117 400	
4	Sértekjur	41 900	
	Mismunur		**75 500**

02–203 Raunvísindastofnun Háskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			157 700
1 01	Yfirstjórn	14 000	
1 02	Rekstur fasteigna	11 300	
1 03	Rannsóknastofur	132 400	
	Gjöld samtals		157 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	105 600	
52–58	Önnur gjöld	52 100	
5	Gjöld samtals	157 700	
4	Sértekjur	47 800	
	Mismunur		**109 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–204 Stofnun Sigurðar Nordals			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 100
1 01	Stofnun Sigurðar Nordals	6 100	
1 11	Íslenskukennsla erlendis, óskipt	2 000	
	Gjöld samtals		8 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 900	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals		**8 100**
02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 400
1 01	Yfirstjórn	33 700	
1 20	Bókaútgáfa	5 700	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 02	Árnagarður, viðhald innan húss	1 000	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		41 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 200	
52–58	Önnur gjöld	13 200	
5	Gjöld samtals	41 400	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**38 900**
02–206 Orðabók Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 900
1 01	Orðabók Háskólans	34 900	
	Gjöld samtals		34 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 500	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals	34 900	
4	Sértekjur	21 000	
	Mismunur		**13 900**

02–207 Íslensk málstöð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 700
1 01	Íslensk málstöð	11 700	
	Gjöld samtals		11 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 500	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 400	
5	Gjöld samtals	11 700	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**10 400**

02–208 Örnefnastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 400
1 01	Örnefnastofnun	4 400	
	Gjöld samtals		4 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 300	
52–58	Önnur gjöld	1 100	
5	Gjöld samtals		**4 400**

02–210 Háskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			116 200
1 01	Háskólinn á Akureyri	116 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Tæki og búnaður	15 000	
6 02	Innréttingar	5 000	
	Gjöld samtals		136 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	85 000	
52–58	Önnur gjöld	46 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 700	
5	Gjöld samtals	136 200	
4	Sértekjur	3 500	
	Mismunur		**132 700**

02–221 Kennaraháskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			256 400
1 01	Yfirstjórn	27 800	
1 02	Rannsóknastarfsemi	16 900	
1 03	Rekstur fasteigna	37 500	
1 04	Bókasafn og gagnasmiðja	10 500	
1 05	Kennsla	128 900	
1 20	Endurmenntun	19 800	
1 30	Réttindanám	15 000	
Viðhaldsverkefni:			5 200
5 01	Fasteign	5 200	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Tæki og búnaður	7 000	
	Gjöld samtals		268 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	188 700	
52–58	Önnur gjöld	56 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 100	
5	Gjöld samtals	268 600	
4	Sértekjur	15 400	
	Mismunur		**253 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–222	**Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 200
1 01	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	74 200	
Viðhaldsverkefni:			1 600
5 01	Fasteign	1 600	
Stofnkostnaður:			2 800
6 01	Tæki og búnaður	800	
6 02	Lóðaframkvæmdir	2 000	
	Gjöld samtals		78 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 700	
52–58	Önnur gjöld	10 900	
5	Gjöld samtals	78 600	
4	Sértekjur	20 600	
	Mismunur		**58 000**
02–223	**Rannsóknastofnun uppeldismála**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 900
1 01	Rannsóknastofnun uppeldismála	7 900	
	Gjöld samtals		7 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 700	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals	7 900	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**7 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–232 Rannsóknaráð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 200
1 01	Yfirstjórn	13 900	
1 02	Erlend samskipti	2 100	
1 30	Rannsóknir og þróunarstarfsemi	4 200	
	Gjöld samtals		20 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 100	
52–58	Önnur gjöld	10 100	
5	Gjöld samtals		**20 200**
02–233 Rannsóknasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			110 000
6 01	Rannsóknasjóður	110 000	
	Gjöld samtals		110 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	110 000	
5	Gjöld samtals		**110 000**
02–234 Vísindaráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 100
1 01	Vísindaráð	11 100	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Bárugata 3	1 000	
	Gjöld samtals		12 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 800	
52–58	Önnur gjöld	6 300	
5	Gjöld samtals	12 100	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**10 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–235 Vísindasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Vísindasjóður	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**
02–276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			74 000
6 01	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	74 000	
	Gjöld samtals		74 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	74 000	
5	Gjöld samtals		**74 000**
02–299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 400
1 10	Rannsóknaleyfi sérfræðinga á vísindastofnunum	8 400	
1 11	Lektorsstaða við Lundúnaháskóla	1 100	
1 20	Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	1 300	
1 21	Styrkir til Cornell- og Manitobaháskóla	900	
1 30	Samtök um upplýsinganet rannsóknaaðila	1 100	
1 31	Samstarfsnefnd um upplýsingamál	200	
1 40	Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	9 600	
1 41	Styrkur til grænlenskra námsmanna	900	
1 42	Styrkur til námsmanna frá Austur-Evrópu	1 900	
1 50	Félagsstofnun stúdenta	5 400	
1 90	Háskólastarfsemi, óskipt	1 600	
	Gjöld samtals		32 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	22 000	
5	Gjöld samtals		**32 400**

02–301 Menntaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			123 600
1 01	Kennsla	97 400	
1 02	Annað en kennsla	26 200	
	Gjöld samtals		123 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	112 600	
52–58	Önnur gjöld	11 000	
5	Gjöld samtals		**123 600**

02–302 Menntaskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 700
1 01	Kennsla	66 900	
1 02	Annað en kennsla	33 800	
	Gjöld samtals		100 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	83 500	
52–58	Önnur gjöld	17 200	
5	Gjöld samtals		**100 700**

02–303 Menntaskólinn á Laugarvatni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 500
1 01	Kennsla	34 700	
1 02	Annað en kennsla	21 800	
	Gjöld samtals		56 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 800	
52–58	Önnur gjöld	9 700	
5	Gjöld samtals	56 500	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**55 000**

02–304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			173 200
1 01	Kennsla	130 800	
1 02	Annað en kennsla	42 400	
	Gjöld samtals		173 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	150 500	
52–58	Önnur gjöld	22 700	
5	Gjöld samtals	173 200	
4	Sértekjur	12 900	
	Mismunur		**160 300**

02–305 Menntaskólinn við Sund

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			125 300
1 01	Kennsla	95 400	
1 02	Annað en kennsla	29 900	
	Gjöld samtals		125 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	111 400	
52–58	Önnur gjöld	13 900	
5	Gjöld samtals	125 300	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**123 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–306 Menntaskólinn á Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 800
1 01	Kennsla	33 300	
1 02	Annað en kennsla	24 500	
	Gjöld samtals		57 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 300	
52–58	Önnur gjöld	15 500	
5	Gjöld samtals	57 800	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**54 200**
02–307 Menntaskólinn á Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 000
1 01	Kennsla	33 200	
1 02	Annað en kennsla	23 800	
	Gjöld samtals		57 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 900	
52–58	Önnur gjöld	14 100	
5	Gjöld samtals	57 000	
4	Sértekjur	2 400	
	Mismunur		**54 600**
02–308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 800
1 01	Kennsla	57 400	
1 02	Annað en kennsla	22 400	
	Gjöld samtals		79 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 200	
52–58	Önnur gjöld	9 600	
5	Gjöld samtals	79 800	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**78 100**

02–309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 400
1 01	Kennsla	34 100	
1 02	Annað en kennsla	14 300	
	Gjöld samtals		48 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 900	
52–58	Önnur gjöld	9 500	
5	Gjöld samtals	48 400	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**48 000**

02–318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			125 000
5 90	Viðhald[1]	125 000	
Stofnkostnaður:			352 500
6 40	Tæki og búnaður	41 000	
6 50	Tölvubúnaður	12 000	
6 90	Byggingarframkvæmdir[1]	299 500	
	Gjöld samtals		477 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	152 000	
52–58	Önnur gjöld	325 500	
5	Gjöld samtals		**477 500**

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 2.

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–319 Framhaldsskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			205 500
1 11	Sameiginleg þjónusta	5 800	
1 12	Orlof kennara	23 800	
1 13	Forfallakennsla	11 800	
1 14	Sérkennsla	25 900	
1 15	Prófkostnaður	21 400	
1 16	Nýjungar í skólastarfi	5 200	
1 17	Námsskrárgerð	14 600	
1 18	Námsefnisgerð	6 700	
1 19	Kennslueftirlit	3 300	
1 20	Framhaldsdeildir	21 500	
1 21	Tannsmíðanám	7 000	
1 22	Námskeið skipstjórnarmanna	4 800	
1 23	Stundaskrárgerð	14 900	
1 30	Endurmenntun	18 600	
1 40	Framhaldsskólar, óskipt	20 200	
	Gjöld samtals		205 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	178 100	
52–58	Önnur gjöld	8 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 600	
5	Gjöld samtals		**205 500**
02–350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			294 100
1 01	Kennsla	228 700	
1 02	Annað en kennsla	65 400	
	Gjöld samtals		294 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	254 600	
52–58	Önnur gjöld	39 500	
5	Gjöld samtals	294 100	
4	Sértekjur	27 700	
	Mismunur		**266 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–351 Fjölbrautaskólinn Ármúla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 100
1 01	Kennsla	85 400	
1 02	Annað en kennsla	27 700	
	Gjöld samtals		113 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	97 900	
52–58	Önnur gjöld	15 200	
5	Gjöld samtals		**113 100**
02–352 Flensborgarskóli, fjölbraut			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 800
1 01	Kennsla	64 900	
1 02	Annað en kennsla	23 900	
	Gjöld samtals		88 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	75 100	
52–58	Önnur gjöld	13 700	
5	Gjöld samtals	88 800	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**85 600**
02–353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 200
1 01	Kennsla	73 000	
1 02	Annað en kennsla	29 200	
	Gjöld samtals		102 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	83 900	
52–58	Önnur gjöld	18 300	
5	Gjöld samtals	102 200	
4	Sértekjur	3 500	
	Mismunur		**98 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			111 000
1 01	Kennsla	77 700	
1 02	Annað en kennsla	33 300	
	Gjöld samtals		111 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	89 100	
52–58	Önnur gjöld	21 900	
5	Gjöld samtals	111 000	
4	Sértekjur	6 200	
	Mismunur		**104 800**
02–355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			52 900
1 01	Kennsla	29 900	
1 02	Annað en kennsla	15 600	
1 03	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, kennsla	5 400	
1 04	Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, annað en kennsla	2 000	
	Gjöld samtals		52 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 400	
52–58	Önnur gjöld	9 500	
5	Gjöld samtals	52 900	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**51 600**
02–356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 600
1 01	Kennsla	47 700	
1 02	Annað en kennsla	28 900	
	Gjöld samtals		76 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 400	
52–58	Önnur gjöld	18 200	
5	Gjöld samtals	76 600	
4	Sértekjur	3 900	
	Mismunur		**72 700**

02–357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			123 500
1 01	Kennsla	85 100	
1 02	Annað en kennsla	24 100	
1 03	Fiskeldi, kennsla	6 400	
1 04	Fiskeldi, annað en kennsla	7 900	
	Gjöld samtals		123 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	104 000	
52–58	Önnur gjöld	19 500	
5	Gjöld samtals	123 500	
4	Sértekjur	6 500	
	Mismunur		**117 000**

02–358 Verkmenntaskóli Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 400
1 01	Kennsla	28 400	
1 02	Annað en kennsla	12 000	
	Gjöld samtals		40 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 000	
52–58	Önnur gjöld	7 400	
5	Gjöld samtals	40 400	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**39 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–359 Verkmenntaskólinn á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			191 900
1 01	Kennsla	132 200	
1 02	Annað en kennsla	45 400	
1 03	Sjávarútvegsbraut Dalvík, kennsla	7 800	
1 04	Sjávarútvegsbraut Dalvík, annað en kennsla	6 500	
	Gjöld samtals		191 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	157 500	
52–58	Önnur gjöld	34 400	
5	Gjöld samtals	191 900	
4	Sértekjur	5 900	
	Mismunur		**186 000**
02–360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 100
1 01	Kennsla	58 900	
1 02	Annað en kennsla	26 200	
	Gjöld samtals		85 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 600	
52–58	Önnur gjöld	17 500	
5	Gjöld samtals		**85 100**
02–361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 600
1 01	Kennsla	15 000	
1 02	Annað en kennsla	6 600	
	Gjöld samtals		21 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 400	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals	21 600	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**19 900**

02–362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 700
1 01	Kennsla	25 100	
1 02	Annað en kennsla	10 600	
	Gjöld samtals		35 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 700	
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals	35 700	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**35 100**

02–363 Framhaldsskólinn á Laugum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 600
1 01	Kennsla	18 500	
1 02	Annað en kennsla	11 100	
	Gjöld samtals		29 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 600	
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals	29 600	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**28 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–422	**Námsgagnastofnun**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			279 900
1 01	Skrifstofa	18 000	
1 10	Skólavörubúð	23 000	
1 11	Afgreiðsludeild	14 200	
1 20	Framleiðsludeild	122 500	
1 30	Fræðslumyndasafn	25 600	
1 40	Kennslumiðstöð	9 200	
1 60	Námsefnisgerð	67 400	
	Gjöld samtals		279 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 700	
52–58	Önnur gjöld	221 200	
5	Gjöld samtals	279 900	
4	Sértekjur	32 500	
	Mismunur		**247 400**
02–430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 700
1 01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	7 700	
	Gjöld samtals		7 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 300	
52–58	Önnur gjöld	1 400	
5	Gjöld samtals	7 700	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**6 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–440 Fullorðinsfræðsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 900
1 10	Fjarkennsla	9 200	
1 20	Bréfaskólinn	3 200	
1 30	Heimilisiðnaðarskólinn	1 400	
1 40	Fullorðinsfræðsla, almenn	2 100	
	Gjöld samtals		15 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 600	
52–58	Önnur gjöld	7 600	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 600	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 100	
5	Gjöld samtals		**15 900**
02–501 Tækniskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			169 100
1 01	Tækniskóli Íslands	169 100	
Viðhaldsverkefni:			2 100
5 01	Viðhald fasteigna	2 100	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		174 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	123 900	
52–58	Önnur gjöld	50 300	
5	Gjöld samtals	174 200	
4	Sértekjur	7 600	
	Mismunur		**166 600**
02–506 Vélskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 600
1 01	Kennsla	34 300	
1 02	Annað en kennsla	11 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		47 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 600	
52–58	Önnur gjöld	9 000	
5	Gjöld samtals	47 600	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**47 000**

02–507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 300
1 01	Kennsla	22 800	
1 02	Annað en kennsla	5 500	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		30 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 300	
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals	30 300	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**29 400**

02–514 Iðnskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			361 300
1 01	Kennsla	279 400	
1 02	Annað en kennsla	81 900	
	Gjöld samtals		361 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	309 600	
52–58	Önnur gjöld	51 700	
5	Gjöld samtals	361 300	
4	Sértekjur	12 500	
	Mismunur		**348 800**

02–516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 400
1 01	Kennsla	40 800	
1 02	Annað en kennsla	14 600	
	Gjöld samtals		55 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 900	
52–58	Önnur gjöld	8 500	
5	Gjöld samtals	55 400	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**54 300**

02–517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 600
1 01	Kennsla	15 600	
1 02	Annað en kennsla	25 000	
	Gjöld samtals		40 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 000	
52–58	Önnur gjöld	21 600	
5	Gjöld samtals		**40 600**

02–518 Fiskvinnsluskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 000
1 01	Kennsla	10 500	
1 02	Annað en kennsla	19 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		34 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 800	
52–58	Önnur gjöld	21 200	
5	Gjöld samtals	34 000	
4	Sértekjur	10 700	
	Mismunur		**23 300**

02–523 Fósturskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 200
1 01	Kennsla	38 900	
1 02	Annað en kennsla	13 800	
1 03	Fjarkennsla og námskeiðahald	13 500	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		68 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 200	
52–58	Önnur gjöld	11 000	
5	Gjöld samtals	68 200	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**67 100**

02–524 Þroskaþjálfaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 500
1 01	Kennsla	14 100	
1 02	Annað en kennsla	8 400	
	Gjöld samtals		22 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 400	
52–58	Önnur gjöld	7 100	
5	Gjöld samtals		**22 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–531	**Íþróttakennaraskóli Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 600
1 01	Kennsla	15 600	
1 02	Annað en kennsla	14 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 10	Sundlaug	10 000	
	Gjöld samtals		39 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 900	
52–58	Önnur gjöld	17 700	
5	Gjöld samtals	39 600	
4	Sértekjur	2 800	
	Mismunur		**36 800**
02–541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 900
1 01	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	8 900	
	Gjöld samtals		8 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 900	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals	8 900	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**7 200**
02–551	**Hússtjórnarskólinn Hallormsstað**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 100
1 01	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	8 100	
	Gjöld samtals		8 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 100	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals	8 100	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**7 000**

02–553 Hússtjórnarskólar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			600
1 01	Hússtjórnarskólar, almennt	600	
	Gjöld samtals		600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	600	
5	Gjöld samtals		**600**

02–561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			99 700
1 01	Kennsla	47 700	
1 02	Annað en kennsla	52 000	
Viðhaldsverkefni:			2 100
5 01	Fasteign	2 100	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		103 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 900	
52–58	Önnur gjöld	39 900	
5	Gjöld samtals	103 800	
4	Sértekjur	38 900	
	Mismunur		**64 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–562 Leiklistarskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 100
1 01	Kennsla	11 800	
1 02	Annað en kennsla	19 300	
	Gjöld samtals		31 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 200	
52–58	Önnur gjöld	10 900	
5	Gjöld samtals	31 100	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**30 600**
02–563 Tónlistarskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 600
1 10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	9 600	
	Gjöld samtals		9 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 600	
5	Gjöld samtals		**9 600**
02–571 Sjómannaskólahúsið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 600
1 01	Sjómannaskólahúsið	20 600	
Viðhaldsverkefni:			3 100
5 01	Fasteign	3 100	
Stofnkostnaður:			5 000
6 10	Lóðarframkvæmdir	5 000	
	Gjöld samtals		28 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 800	
52–58	Önnur gjöld	16 900	
5	Gjöld samtals	28 700	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**27 600**

02–580 Samvinnuskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 700
1 01	Kennsla	15 800	
1 02	Annað en kennsla	18 900	
	Gjöld samtals		34 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 500	
52–58	Önnur gjöld	16 200	
5	Gjöld samtals	34 700	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**33 200**

02–581 Verslunarskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			183 100
1 01	Kennsla	127 500	
1 02	Annað en kennsla	55 600	
	Gjöld samtals		183 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	144 900	
52–58	Önnur gjöld	38 200	
5	Gjöld samtals	183 100	
4	Sértekjur	2 300	
	Mismunur		**180 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–601	**Héraðsskólinn Reykholti**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 400
1 01	Kennsla	13 800	
1 02	Annað en kennsla	7 600	
	Gjöld samtals		21 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 700	
52–58	Önnur gjöld	4 700	
5	Gjöld samtals	21 400	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**20 700**
02–602	**Héraðsskólinn Núpi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 900
1 01	Kennsla	9 200	
1 02	Annað en kennsla	10 700	
	Gjöld samtals		19 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 200	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals	19 900	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**19 000**
02–603	**Héraðsskólinn Reykjanesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 800
1 01	Héraðsskólinn Reykjanesi	3 800	
	Gjöld samtals		3 800
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals		**3 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–604	**Héraðsskólinn Reykjum**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		14 000
1 01	Skólabúðir	14 000	
	Gjöld samtals		14 000
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	9 700	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals	14 000	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**13 800**
02–605	**Alþýðuskólinn Eiðum**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		31 100
1 01	Kennsla	17 600	
1 02	Annað en kennsla	13 500	
	Gjöld samtals		31 100
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	20 900	
52–58	Önnur gjöld	10 200	
5	Gjöld samtals	31 100	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**29 600**
02–606	**Héraðsskólinn Skógum**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		19 500
1 01	Kennsla	10 100	
1 02	Annað en kennsla	9 400	
	Gjöld samtals		19 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 800	
52–58	Önnur gjöld	6 700	
5	Gjöld samtals	19 500	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**18 800**

02–700 Grunnskólar, Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 222 400
1 01	Grunnskólar, Reykjavík	1 222 400	
	Gjöld samtals		1 222 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 222 400	
5	Gjöld samtals		**1 222 400**

02–701 Grunnskólar, Reykjanesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 024 900
1 01	Grunnskólar, Reykjanesi	1 024 900	
	Gjöld samtals		1 024 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 024 900	
5	Gjöld samtals		**1 024 900**

02–703 Grunnskólar, Vesturlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			309 800
1 01	Grunnskólar, Vesturlandi	309 800	
	Gjöld samtals		309 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	309 800	
5	Gjöld samtals		**309 800**

	Þús. kr.	Þús. kr.
02–704 Grunnskólar, Vestfjörðum		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		211 200
1 01 Grunnskólar, Vestfjörðum	211 200	
Gjöld samtals		211 200
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	211 200	
5 Gjöld samtals		**211 200**
02–705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		225 400
1 01 Grunnskólar, Norðurlandi vestra	225 400	
Gjöld samtals		225 400
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	225 400	
5 Gjöld samtals		**225 400**
02–706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		468 200
1 01 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	468 200	
Gjöld samtals		468 200
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	468 200	
5 Gjöld samtals		**468 200**
02–707 Grunnskólar, Austurlandi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		275 300
1 01 Grunnskólar, Austurlandi	275 300	
Gjöld samtals		275 300
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	275 300	
5 Gjöld samtals		**275 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–708 Grunnskólar, Suðurlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			392 000
1 01	Grunnskólar, Suðurlandi	392 000	
	Gjöld samtals		392 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	392 000	
5	Gjöld samtals		**392 000**
02–710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 100
1 01	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	43 100	
	Gjöld samtals		43 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 300	
52–58	Önnur gjöld	10 800	
5	Gjöld samtals		**43 100**
02–711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 000
1 01	Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	28 000	
	Gjöld samtals		28 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 400	
52–58	Önnur gjöld	7 600	
5	Gjöld samtals		**28 000**
02–713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 600
1 01	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	16 600	
	Gjöld samtals		16 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 100	
52–58	Önnur gjöld	5 500	
5	Gjöld samtals		**16 600**

02–714 Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 600
1 01	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	13 600	
	Gjöld samtals		13 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 600	
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals		**13 600**

02–715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 900
1 01	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	14 900	
	Gjöld samtals		14 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 800	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals		**14 900**

02–716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 600
1 01	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	24 600	
	Gjöld samtals		24 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 700	
52–58	Önnur gjöld	8 900	
5	Gjöld samtals		**24 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–717 Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 200
1 01	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	13 200	
	Gjöld samtals		13 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 700	
52–58	Önnur gjöld	4 500	
5	Gjöld samtals		**13 200**
02–718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 900
1 01	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	17 900	
	Gjöld samtals		17 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 200	
52–58	Önnur gjöld	6 700	
5	Gjöld samtals		**17 900**
02–719 Fræðsluskrifstofur, almennt			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			7 300
5 01	Viðhald, óskipt	7 300	
	Gjöld samtals		7 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 100	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals		**7 300**
02–720 Grunnskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			198 300
1 12	Umferðarfræðsla í skólum	3 500	
1 20	Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	3 600	
1 30	Safnakennsla	2 800	
1 31	Sérstök fræðsluverkefni	6 600	
1 33	Þróunarsjóður leikskóla	3 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 34	Þróunarstarf í leikskólum	1 500	
1 41	Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	5 100	
1 42	Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	5 200	
1 43	Suðurhlíðaskóli, rekstrarstyrkur	4 500	
1 44	Tjarnarskóli, rekstrarstyrkur	4 100	
1 50	Orlof kennara	5 900	
1 51	Rannsóknasjóður grunnskólakennara	39 000	
1 60	Stjórnskipaðir prófdómarar	8 800	
1 70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	12 100	
1 80	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt	10 000	
1 82	Þróunarstörf í grunnskólum	9 200	
1 83	Starfsleikninám	9 400	
1 84	Námsstjórn og þróunarverkefni	10 000	
1 85	Námsráðgjöf í grunnskólum	6 200	
1 86	Endurmenntun sálfræðinga	2 800	
1 88	Réttindanám leiðbeinenda	4 900	
1 89	Leiðsögn nýliða	5 200	
1 90	Grunnskólar, óskipt	34 400	
Stofnkostnaður:			8 000
6 90	Tölvuvæðing í grunnskólum	8 000	
	Gjöld samtals		206 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	142 500	
52–58	Önnur gjöld	25 100	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	18 900	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	19 800	
5	Gjöld samtals		**206 300**

02–750 Skólar fyrir fatlaða

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:			190 600
1 20	Sérdeild fyrir einhverf börn	10 900	
1 21	Sérdeild fyrir sjónskert börn	6 100	
1 22	Sérdeildir Hlíðaskóla	11 000	
1 37	Hvammshlíðarskóli	25 300	
1 40	Dagvist fatlaðra forskólabarna	82 400	
1 50	Sameiginleg þjónusta	47 000	
1 60	Almennt	7 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			3 600
5 90	Fasteignir	3 600	
	Gjöld samtals		194 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 300	
52–58	Önnur gjöld	37 100	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	82 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	17 400	
5	Gjöld samtals	194 200	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**192 800**

02–752 Öskjuhlíðarskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			103 000
1 10	Öskjuhlíðarskóli	90 100	
1 20	Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	7 700	
1 30	Skóladagheimilið Lindarflöt 41	5 200	
	Gjöld samtals		103 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	89 800	
52–58	Önnur gjöld	13 200	
5	Gjöld samtals	103 000	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**102 400**

02–754 Safamýrarskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 700
1 01	Safamýrarskóli	56 700	
	Gjöld samtals		56 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 300	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals		**56 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–755 Dalbrautarskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 200
1 01	Dalbrautarskóli	14 200	
	Gjöld samtals		14 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 500	
52–58	Önnur gjöld	1 700	
5	Gjöld samtals		**14 200**
02–756 Fullorðinsfræðsla fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 700
1 01	Skólinn við Kópavogsbraut	34 600	
1 02	Brautarskóli	18 700	
1 03	Skólinn að Sólheimum	3 300	
1 04	Skólinn að Tjaldanesi	3 100	
	Gjöld samtals		59 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 400	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
5	Gjöld samtals		**59 700**
02–798 Einholtsskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 700
1 01	Skóli Unglingaheimilis ríkisins	12 700	
	Gjöld samtals		12 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 000	
52–58	Önnur gjöld	3 700	
5	Gjöld samtals		**12 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–799 Heyrnleysingjaskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 500
1 01	Kennsla	29 800	
1 02	Annað en kennsla	20 700	
	Gjöld samtals		50 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 000	
52–58	Önnur gjöld	9 500	
5	Gjöld samtals	50 500	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**50 300**
02–802 Vernd barna og ungmenna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 700
1 30	Meðferðarheimili Torfastöðum	14 700	
	Gjöld samtals		14 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 700	
5	Gjöld samtals	14 700	
4	Sértekjur	6 900	
	Mismunur		**7 800**
02–804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 600
1 01	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	4 600	
	Gjöld samtals		4 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 500	
52–58	Önnur gjöld	1 100	
5	Gjöld samtals	4 600	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**1 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–806 Barnaverndarráð Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 400
1 01	Barnaverndarráð Íslands	10 400	
	Gjöld samtals		10 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 600	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals		**10 400**
02–870 Meðferðarheimilið Tindar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 500
1 01	Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur	42 900	
1 02	Eftirmeðferðardeild	4 600	
	Gjöld samtals		47 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 900	
52–58	Önnur gjöld	12 600	
5	Gjöld samtals		**47 500**
02–871 Unglingaheimili ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 200
1 01	Unglingaheimili ríkisins	73 200	
	Gjöld samtals		73 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 000	
52–58	Önnur gjöld	19 200	
5	Gjöld samtals	73 200	
4	Sértekjur	35 200	
	Mismunur		**38 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 220 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 220 000	
	Gjöld samtals		2 220 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 220 000	
5	Gjöld samtals		**2 220 000**
02–884 Jöfnun á námskostnaði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 100
1 01	Jöfnun á námskostnaði	83 600	
1 10	Skólaakstur	12 500	
	Gjöld samtals		96 100
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	12 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	83 600	
5	Gjöld samtals		**96 100**
02–901 Landsbókasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 300
1 01	Landsbókasafn Íslands	44 300	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Bókakaup o.fl.	7 000	
	Gjöld samtals		51 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 300	
52–58	Önnur gjöld	19 000	
5	Gjöld samtals	51 300	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**49 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–902	**Þjóðminjasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 000
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	55 000	
Viðhaldsverkefni:			10 300
5 90	Verndun gamalla húsa	10 300	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 90	Húseign við Suðurgötu, endurbætur	10 000	
	Gjöld samtals		77 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 000	
52–58	Önnur gjöld	38 300	
5	Gjöld samtals	77 300	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**76 700**
02–903	**Þjóðskjalasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 500
1 01	Þjóðskjalasafn Íslands	43 500	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Endurbætur	7 500	
6 02	Tæki og búnaður	2 500	
	Gjöld samtals		53 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 400	
52–58	Önnur gjöld	26 100	
5	Gjöld samtals	53 500	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**52 200**
02–904	**Safnahúsið við Hverfisgötu**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 700
1 01	Safnahúsið við Hverfisgötu	5 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Fasteign	2 000	
	Gjöld samtals		7 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 500	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals		**7 700**

02–906 Listasafn Einars Jónssonar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 400
1 01	Listasafn Einars Jónssonar	4 400	
Viðhaldsverkefni:			2 100
5 01	Fasteign	2 100	
	Gjöld samtals		6 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 500	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	6 500	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**6 100**

02–907 Listasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 500
1 01	Listasafn Íslands	41 800	
1 02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	2 700	
Viðhaldsverkefni:			800
5 01	Fasteign	800	
Stofnkostnaður:			19 200
6 01	Listaverkakaup	12 000	
6 20	Fríkirkjuvegur 7	7 200	
	Gjöld samtals		64 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 900	
52–58	Önnur gjöld	36 600	
5	Gjöld samtals	64 500	
4	Sértekjur	8 300	
	Mismunur		**56 200**

02–908 Kvikmyndasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 500
1 01	Kvikmyndasafn Íslands	8 500	
	Gjöld samtals		8 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 300	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals		**8 500**

02–909 Blindrabókasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 200
1 01	Blindrabókasafn Íslands	25 200	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 10	Lagfæring á húsnæði	1 000	
	Gjöld samtals		28 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 700	
52–58	Önnur gjöld	16 500	
5	Gjöld samtals		**28 200**

02–919 Söfn, ýmis framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 000
1 10	Listasafn ASÍ	3 000	
1 11	Nýlistasafn	2 000	
1 12	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	4 500	
1 19	Listasöfn, styrkir	2 500	
1 20	Byggða- og minjasöfn	12 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 21	Sjóminjasafn	6 000	
1 22	Nesstofa	5 000	
1 30	Sögusafn alþýðu	900	
1 31	Kvennasögusafn	1 000	
1 40	Amtsbókasafn	400	
1 49	Söfn, styrkir	2 100	
	Stofnkostnaður:		8 000
6 11	Nýlistasafn	2 200	
6 20	Safnastofnun Austurlands	5 800	
	Gjöld samtals		48 000
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	48 000	
5	Gjöld samtals		**48 000**

02–950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		299 800
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	299 800	
	Gjöld samtals		299 800
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	289 300	
52–58	Önnur gjöld	10 500	
5	Gjöld samtals		**299 800**

02–972 Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		42 100
1 01	Íslenski dansflokkurinn	31 600	
1 10	Listdansskólinn	10 500	
	Gjöld samtals		42 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 100	
52–58	Önnur gjöld	14 000	
5	Gjöld samtals	42 100	
4	Sértekjur	6 800	
	Mismunur		**35 300**

02–973 Þjóðleikhús

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			254 000
1 01	Þjóðleikhús	254 000	
Stofnkostnaður:			12 000
6 50	Endurbætur	12 000	
	Gjöld samtals		266 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	12 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	254 000	
5	Gjöld samtals		**266 000**

02–974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			99 000
1 01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	99 000	
	Gjöld samtals		99 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	99 000	
5	Gjöld samtals		**99 000**

02–976 Menningarsjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 01	Menningarsjóður	6 000	
	Gjöld samtals		6 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**

02–977 Þjóðarbókhlaða

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			335 000
6 01	Þjóðarbókhlaða	335 000	
	Gjöld samtals		335 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	335 000	
5	Gjöld samtals		**335 000**

02–979 Húsafriðunarsjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			10 500
6 10	Húsafriðunarsjóður	10 500	
	Gjöld samtals		10 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 500	
5	Gjöld samtals		**10 500**

02–980 Listskreytingasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Listskreytingasjóður	12 000	
	Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 000	
5	Gjöld samtals		**12 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–981 Kvikmyndasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			91 500
1 01	Kvikmyndasjóður	91 500	
	Gjöld samtals		91 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	91 500	
5	Gjöld samtals		**91 500**
02–982 Listir, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			274 700
1 10	Listasjóður	18 900	
1 11	Launasjóður rithöfunda	37 700	
1 13	Höfundagreiðslur samkvæmt 21. gr. höfundalaga	400	
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	10 800	
1 15	Þýðingarsjóður	6 800	
1 16	Bókmenntakynningarsjóður	1 800	
1 20	Leikfélag Reykjavíkur	1 000	
1 21	Leikfélag Akureyrar	19 300	
1 22	Starfsemi áhugaleikhópa	14 000	
1 23	Bandalag íslenskra leikfélaga	2 500	
1 24	Starfsemi atvinnuleikhópa	12 000	
1 25	Leiklistarráð	300	
1 28	Kynning á íslenskri list erlendis	9 000	
1 30	Íslenska óperan	41 800	
1 32	Tónskáldasjóður	5 900	
1 33	Íslensk tónverkamiðstöð	4 600	
1 34	Sinfóníuhljómsveit æskunnar	2 800	
1 35	Íslenska hljómsveitin	2 000	
1 37	Tónlistarstarfsemi, styrkir	6 400	
1 40	Launasjóður myndlistarmanna	23 500	
1 42	Myndlistarskólinn í Reykjavík	4 000	
1 43	Myndlistarskólinn á Akureyri	6 500	
1 44	Samband íslenskra myndlistarmanna	1 000	
1 48	Listamiðstöð í Straumi	1 000	
1 70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis [1]	15 300	
1 72	Höfundasjóður myndlistarmanna	500	
1 73	Bandalag íslenskra listamanna	500	
1 74	Listkynning, styrkir	800	
1 75	Lista- og menningarmál, ýmis	9 000	
1 76	Menningarsjóður félagsheimila	7 500	

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 3.

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 77	Samnorræn menningarkynning	800	
1 79	M-hátíð	1 100	
1 80	Listahátíð	3 000	
1 82	Ferðaleikhúsið	700	
1 83	Leikbrúðuland	1 500	
	Gjöld samtals		274 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	274 700	
5	Gjöld samtals		**274 700**

02–983 Ýmis fræðistörf

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 500
1 10	Vísinda- og fræðistörf	1 700	
1 11	Styrkur til útgáfustarfa	3 000	
1 20	Iðnsaga Íslands	5 000	
1 21	Tónlistarsaga Íslands	2 400	
1 22	Frönsk-íslensk orðabók	3 000	
1 30	Hið íslenska fornleifafélag	400	
	Gjöld samtals		15 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 500	
5	Gjöld samtals		**15 500**

02–984 Norræn samvinna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 100
1 10	Norrænt samstarf	1 100	
1 11	Norræna félagið	700	
1 17	Menningarsamskipti við Færeyinga	700	
1 18	Menningarsjóður Íslands og Finnlands	300	
1 21	Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni	900	
1 22	Norræna félagið, norræn atvinnumiðlun	700	
1 24	Norræna félagið, norræn nemendaskipti	700	
	Gjöld samtals		5 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 100	
5	Gjöld samtals		**5 100**

02–985 Alþjóðleg samskipti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 900
1 10	Evrópubandalagið, vísindasamstarf	14 300	
1 11	Kvikmyndasjóður Evrópu	1 700	
1 12	Evreka	4 600	
1 20	Þátttaka í starfi UNESCO	800	
1 90	Ýmsir alþjóðlegir samningar	15 500	
	Gjöld samtals		36 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	36 900	
5	Gjöld samtals		**36 900**

02–988 Æskulýðsmál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 300
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	1 800	
1 11	Æskulýðssamband Íslands	1 200	
1 12	Ungmennafélag Íslands	10 500	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	5 500	
1 14	Bandalag íslenskra skáta, Úlfljótsvatn	2 000	
1 16	Íslenskir ungtemplarar	1 200	
1 17	Starfsemi KFUM og KFUK	4 200	
1 18	Iðnnemasamband Íslands	4 000	
1 19	Æskulýðsmál, almennt	1 900	
Stofnkostnaður:			3 500
6 20	KFUM og KFUK, byggingarstyrkur	1 000	
6 21	Séra Friðrikskapella, byggingarstyrkur	2 500	
	Gjöld samtals		35 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	35 800	
5	Gjöld samtals		**35 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–989	**Ýmis íþróttamál**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		79 200
1 10	Íþróttasamband Íslands	26 900	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	8 000	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	2 000	
1 13	Íþróttamál fatlaðra	4 000	
1 15	Íþróttastarfsemi, almenn	1 000	
1 16	Íþróttafélög, styrkir	16 000	
1 18	Íþróttamiðstöð Íslands	2 500	
1 20	Glíma, kynning í skólum	2 000	
1 21	Skáksamband Íslands	4 400	
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	5 000	
1 25	Skákskóli Íslands	2 500	
1 30	Bridgesamband Íslands	900	
1 40	Ýmis framlög til íþróttamála	4 000	
	Stofnkostnaður:		2 000
6 13	Íþróttasamband fatlaðra, vegna endurhæfingar	2 000	
	Gjöld samtals		81 200
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	5 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	76 200	
5	Gjöld samtals		**81 200**
02–997	**Uppgjör við sveitarfélög**		
	Viðfangsefni:		
	Stofnkostnaður:		400 000
6 01	Uppgjör við sveitarfélög	400 000	
	Gjöld samtals		400 000
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	400 000	
5	Gjöld samtals		**400 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–998 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
02–999 Ýmislegt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 900
1 24	Norræn ráðstefna um fullorðinsfræðslu	1 500	
1 43	Skriðuklaustur	500	
1 50	Landssamband hjálparsveita skáta	3 000	
1 63	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	2 700	
1 64	Þjóðræknisfélag Íslendinga	1 500	
1 92	Ýmis framlög	10 000	
1 93	Kvenfélagasamband Íslands	1 600	
1 97	Útvarpsréttarnefnd	1 500	
1 98	Félög, styrkir	600	
Stofnkostnaður:			33 000
6 20	Gamli Stýrimannaskólinn við Öldugötu	3 000	
6 90	Kostnaður vegna handboltahallar	30 000	
	Gjöld samtals		55 900
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	52 900	
5	Gjöld samtals		**55 900**
	Samtals		16 835 400

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			327 300
1 01	Yfirstjórn	162 600	
1 21	Alþjóðaráðstefnur	24 400	
1 30	Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	6 400	
1 50	Viðskiptaskrifstofa	79 500	
1 51	Útflutningsráð Íslands	10 000	
1 52	Formennska Íslands í EFTA	14 800	
1 53	Þýðingar laga og reglugerða Evrópubandalagsins	29 600	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		337 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	96 100	
52–58	Önnur gjöld	231 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	10 000	
5	Gjöld samtals		**337 300**
03–102 Varnarmálaskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 900
1 01	Varnarmálaskrifstofa	35 900	
	Gjöld samtals		35 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 300	
52–58	Önnur gjöld	14 600	
5	Gjöld samtals	35 900	
4	Sértekjur	3 400	
	Mismunur		**32 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 900
1 01	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	11 900	
	Gjöld samtals		11 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 000	
52–58	Önnur gjöld	6 900	
5	Gjöld samtals		**11 900**
03–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Ráðstöfunarfé samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
03–201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			152 500
1 01	Yfirstjórn	18 200	
1 10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	42 100	
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	92 200	
Stofnkostnaður:			1 800
6 01	Tæki og búnaður	1 800	
	Gjöld samtals		154 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	115 700	
52–58	Önnur gjöld	38 600	
5	Gjöld samtals	154 300	
4	Sértekjur	23 000	
	Mismunur		**131 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–301 Sendiráð Íslands í Bonn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 200
1 01	Sendiráð Íslands í Bonn	23 200	
	Gjöld samtals		23 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 000	
52–58	Önnur gjöld	6 200	
5	Gjöld samtals		**23 200**
03–302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 400
1 01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	26 400	
	Gjöld samtals		26 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 800	
52–58	Önnur gjöld	10 600	
5	Gjöld samtals		**26 400**
03–303 Sendiráð Íslands í London			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 300
1 01	Sendiráð Íslands í London	32 300	
	Gjöld samtals		32 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 200	
52–58	Önnur gjöld	13 100	
5	Gjöld samtals		**32 300**
03–304 Sendiráð Íslands í Moskvu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 000
1 01	Sendiráð Íslands í Moskvu	31 000	
	Gjöld samtals		31 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 300	
52–58	Önnur gjöld	12 700	
5	Gjöld samtals		**31 000**

03–305 Sendiráð Íslands í Ósló

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 100
1 01	Sendiráð Íslands í Ósló	23 100	
	Gjöld samtals		23 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 400	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals		**23 100**

03–306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 000
1 01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	41 000	
	Gjöld samtals		41 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 700	
52–58	Önnur gjöld	18 300	
5	Gjöld samtals		**41 000**

03–307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 600
1 01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	22 600	
	Gjöld samtals		22 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 100	
52–58	Önnur gjöld	8 500	
5	Gjöld samtals		**22 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–308 Sendiráð Íslands í Washington			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 700
1 01	Sendiráð Íslands í Washington	33 700	
	Gjöld samtals		33 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 500	
52–58	Önnur gjöld	13 200	
5	Gjöld samtals		**33 700**
03–309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 300
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	41 300	
	Gjöld samtals		41 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 600	
52–58	Önnur gjöld	21 700	
5	Gjöld samtals		**41 300**
03–310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 800
1 01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	37 800	
	Gjöld samtals		37 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 100	
52–58	Önnur gjöld	15 700	
5	Gjöld samtals		**37 800**

	Þús. kr.	Þús. kr.
03–311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		37 100
1 01 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	37 100	
Gjöld samtals		37 100
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	22 100	
52–58 Önnur gjöld	15 000	
5 Gjöld samtals		**37 100**
03–312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		39 600
1 01 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	39 600	
Gjöld samtals		39 600
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	22 800	
52–58 Önnur gjöld	16 800	
5 Gjöld samtals		**39 600**
03–313 Sendiráð, almennt		
Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		19 000
5 90 Viðhald	19 000	
Stofnkostnaður:		10 000
6 90 Tæki og búnaður	10 000	
Gjöld samtals		29 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	29 000	
5 Gjöld samtals		**29 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			110 500
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	110 500	
	Gjöld samtals		110 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	110 500	
5	Gjöld samtals		**110 500**
03–391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 700
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	24 400	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	6 900	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	16 800	
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	8 200	
1 30	Ýmis framlög til þróunarmála	11 400	
	Gjöld samtals		67 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	67 700	
5	Gjöld samtals		**67 700**
03–399 Ýmis utanríkismál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 600
1 40	Samskipti við Vestur-Íslendinga	1 600	
1 70	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	500	
1 90	Til ráðstöfunar vegna hagræðingar	28 500	
	Gjöld samtals		30 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	28 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 100	
5	Gjöld samtals		**30 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–401	**Alþjóðastofnanir**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		229 600
1 10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	18 400	
1 11	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	6 500	
1 12	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	4 300	
1 13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	5 300	
1 15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	4 900	
1 16	Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT	2 000	
1 17	Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO	1 100	
1 18	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMCO	1 000	
1 23	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur, UNFICYP	800	
1 25	Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki, FAO	100	
1 28	Tollasamvinnuráðið, CCC	1 200	
1 29	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	500	
1 30	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	5 200	
1 31	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, ICNAF, NEAFC)	8 300	
1 32	Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga	100	
1 35	Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	1 100	
1 36	Bernarsambandið	600	
1 38	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	2 600	
1 39	Evrópuráðið	8 500	
1 40	Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	10 400	
1 41	Atlantshafsbandalagið, NATO	29 000	
1 42	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	47 600	
1 44	Alþjóðanáttúruverndarsambandið	400	
1 45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	800	
1 46	Alþjóðasamband um byggingarskipulag	100	
1 47	Óslóarsamningur um varnir gegn mengun	500	
1 48	Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	100	
1 49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	4 600	
1 50	Sameindalíffræðiþing Evrópu	400	
1 53	Parísarsamningur um varnir gegn mengun	500	
1 54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	200	
1 56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga	300	
1 57	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	2 300	
1 60	Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS	300	
1 61	Framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar	59 600	
	Gjöld samtals		229 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	229 600	
5	Gjöld samtals		**229 600**

03–950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 300
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	18 300	
	Gjöld samtals		18 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 500	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals		**18 300**
	Samtals		1 392 800

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 600
1 01	Yfirstjórn	69 600	
	Gjöld samtals		69 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 600	
52–58	Önnur gjöld	35 000	
5	Gjöld samtals	69 600	
4	Sértekjur	6 600	
	Mismunur		**63 000**
04–171 Jarðeignir ríkisins, framlög			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			30 000
6 01	Jarðeignir ríkisins	30 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**
04–172 Jarðasjóður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			100 000
6 01	Jarðasjóður	100 000	
	Gjöld samtals		100 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	100 000	
5	Gjöld samtals		**100 000**

04–201 Búnaðarfélag Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 500
1 01	Búnaðarfélag Íslands	79 500	
	Gjöld samtals		79 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	79 500	
5	Gjöld samtals		**79 500**

04–202 Hagþjónusta landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 100
1 01	Hagþjónusta landbúnaðarins	12 100	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		13 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 300	
52–58	Önnur gjöld	6 800	
5	Gjöld samtals	13 100	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**12 600**

04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			138 500
1 01	Aðalstöðvar	100 200	
1 90	Tilraunastöðvar	27 400	
1 95	Sérstök rannsóknarverkefni í landgræðslu	10 900	
Viðhaldsverkefni:			3 100
5 80	Viðhald fasteigna	3 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			17 800
6 01	Fasteignir	17 800	
	Gjöld samtals		159 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	96 100	
52–58	Önnur gjöld	63 300	
5	Gjöld samtals	159 400	
4	Sértekjur	19 200	
	Mismunur		**140 200**

04–231 Skógrækt ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			201 500
1 01	Yfirstjórn	112 700	
1 10	Rannsóknastöðin á Mógilsá	18 300	
1 70	Skógræktarstörf bænda	47 500	
1 82	Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt	6 000	
1 83	Tilraunir með ræktun iðnviðar	10 000	
1 84	Sérstakt rannsóknarverkefni	5 000	
1 90	Skógrækt einstaklinga, styrkir	2 000	
Viðhaldsverkefni:			6 200
5 01	Fasteignir	6 200	
Stofnkostnaður:			16 600
6 01	Tæki og búnaður	6 500	
6 32	Fasteignir, óskipt	10 100	
	Gjöld samtals		224 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	84 600	
52–58	Önnur gjöld	69 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	68 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 000	
5	Gjöld samtals	224 300	
4	Sértekjur	62 800	
	Mismunur		**161 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–235 Landgræðsla ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			199 600
1 10	Almenn landgræðsla	92 800	
1 50	Landgræðsluframkvæmdir Mývatnssveit	2 000	
1 80	Sérstök verkefni á uppblásturssvæðum	79 800	
1 90	Fyrirhleðslur	25 000	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 20	Viðhald, óskipt	4 200	
Stofnkostnaður:			16 900
6 01	Tæki og búnaður	4 900	
6 10	Gunnarsholt, viðbygging	12 000	
	Gjöld samtals		220 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 100	
52–58	Önnur gjöld	78 800	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	106 800	
5	Gjöld samtals	220 700	
4	Sértekjur	10 100	
	Mismunur		**210 600**
04–239 Skógrækt og landgræðsla, ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 500
1 10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	51 500	
1 20	Skógræktarfélag Íslands	3 000	
	Gjöld samtals		54 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	51 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**54 500**
04–243 Sauðfjárveikivarnir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			230 000
1 01	Sauðfjárveikivarnir	230 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			9 400
5 01	Varnargirðingar	9 400	
	Gjöld samtals		239 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 600	
52–58	Önnur gjöld	17 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	201 400	
5	Gjöld samtals		**239 400**

04–245 Laxeldisstöðin í Kollafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 000
1 10	Laxeldisstöðin í Kollafirði	34 000	
	Gjöld samtals		34 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	34 000	
5	Gjöld samtals		**34 000**

04–246 Veiðimálastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 400
1 01	Veiðimálastofnun	60 400	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		61 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 800	
52–58	Önnur gjöld	25 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	500	
5	Gjöld samtals	61 400	
4	Sértekjur	28 100	
	Mismunur		**33 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–247 Yfirdýralæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 600
1 01	Yfirstjórn	13 200	
1 20	Héraðsdýralæknar	45 200	
1 30	Dýralæknir fisksjúkdóma	4 100	
1 52	Eftirlit og eftirlitsferðir	1 100	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 90	Dýralæknisbústaðir, óskipt	4 200	
	Gjöld samtals		67 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 600	
52–58	Önnur gjöld	15 200	
5	Gjöld samtals	67 800	
4	Sértekjur	3 100	
	Mismunur		**64 700**
04–271 Landgræðslusjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Landgræðslusjóður	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
04–272 Einangrunarstöð í Hrísey			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 100
1 01	Einangrunarstöð í Hrísey	7 100	
	Gjöld samtals		7 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	7 100	
5	Gjöld samtals		**7 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 400
1 01	Kynbótastöðvar	26 100	
1 10	Héraðsbúnaðarsambönd	41 300	
Stofnkostnaður:			149 000
6 20	Jarðræktar- og búfjárræktarframlög	149 000	
	Gjöld samtals		216 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	216 400	
5	Gjöld samtals		**216 400**
04–289 Sérstakar greiðslur í landbúnaði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			494 000
1 10	Nauta-, svína-, hrossa- og alifuglaafurðir	460 000	
1 30	Loðdýrafóður	34 000	
	Gjöld samtals		494 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	494 000	
5	Gjöld samtals		**494 000**
04–290 Greiðslur vegna búvöruframleiðslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 787 000
1 01	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	1 020 000	
1 30	Beinar greiðslur til bænda	1 475 000	
1 40	Uppkaup á fullvirðisrétti	292 000	
	Gjöld samtals		2 787 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 787 000	
5	Gjöld samtals		**2 787 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–291 Framleiðnisjóður landbúnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			340 000
1 10	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	340 000	
	Gjöld samtals		340 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	340 000	
5	Gjöld samtals		**340 000**
04–299 Búnaðarmál, ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 900
1 10	Mat á búvörum	8 600	
1 20	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	6 100	
1 21	Landþurrkun	1 500	
1 22	Ýmis verkefni	1 700	
	Gjöld samtals		17 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 200	
5	Gjöld samtals	17 900	
4	Sértekjur	8 900	
	Mismunur		**9 000**
04–501 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 600
1 01	Bændaskólinn á Hvanneyri	94 600	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 01	Fasteignir	4 200	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Fasteignir og lóðir	10 000	
6 02	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		110 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 400	
52–58	Önnur gjöld	57 400	
5	Gjöld samtals	110 800	
4	Sértekjur	34 300	
	Mismunur		**76 500**

04–502 Bændaskólinn á Hólum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 800
1 01	Bændaskólinn á Hólum	67 800	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 01	Fasteignir	4 200	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Fasteignir og lóðir	5 000	
6 02	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		79 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 500	
52–58	Önnur gjöld	41 500	
5	Gjöld samtals	79 000	
4	Sértekjur	13 900	
	Mismunur		**65 100**

04–503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 400
1 01	Garðyrkjuskóli ríkisins	45 000	
1 10	Tilraunir og rannsóknastörf	3 400	
Viðhaldsverkefni:			5 200
5 01	Fasteignir	5 200	
Stofnkostnaður:			6 200
6 01	Fasteignir og lóðir	4 000	
6 02	Tæki og búnaður	2 200	
	Gjöld samtals		59 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 400	
52–58	Önnur gjöld	26 400	
5	Gjöld samtals	59 800	
4	Sértekjur	7 600	
	Mismunur		**52 200**

04–950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 800
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	25 800	
	Gjöld samtals		25 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 600	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals		**25 800**

04–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**
	Samtals		5 305 400

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 000
1 01	Yfirstjórn	79 000	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		80 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 000	
52–58	Önnur gjöld	32 000	
5	Gjöld samtals		**80 000**
05–201 Fiskifélag Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 200
1 01	Yfirstjórn	40 200	
	Gjöld samtals		40 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	40 200	
5	Gjöld samtals		**40 200**
05–202 Hafrannsóknastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			543 200
1 01	Yfirstjórn	53 100	
1 10	Rannsóknasvið	94 700	
1 11	Raftæknideild	8 300	
1 12	Tölvudeild	18 700	
1 19	Tímabundin verkefni	18 900	
1 20	Útibú	16 700	
1 31	R/s Bjarni Sæmundsson	66 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 32	R/s Árni Friðriksson	57 700	
1 33	R/s Dröfn	32 700	
1 36	Veiðarfærakostnaður	21 800	
1 39	Annar skiparekstur	43 800	
1 40	Hvalarannsóknir	18 900	
1 41	Lúðueldi á Reykjanesi	13 900	
1 42	Aflaskýrslur	7 200	
1 43	Fjölstofnarannsóknir	63 100	
1 50	Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands	6 900	
	Viðhaldsverkefni:		31 200
5 31	Viðhald skipa	31 200	
	Stofnkostnaður:		39 000
6 31	Tæki og búnaður í skip	22 000	
6 90	Tæki og búnaður deilda og útibúa	17 000	
	Gjöld samtals		613 400
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	277 900	
52–58	Önnur gjöld	335 500	
5	Gjöld samtals	613 400	
4	Sértekjur	545 500	
	Mismunur		**67 900**

05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		169 600
1 01	Almenn starfsemi	160 600	
1 25	Samstarfsverkefni sjávarútvegs og iðnaðar	9 000	
	Stofnkostnaður:		17 800
6 01	Tölvuvæðing	4 600	
6 10	Tæki og búnaður	13 200	
	Gjöld samtals		187 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	101 400	
52–58	Önnur gjöld	77 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	9 000	
5	Gjöld samtals	187 400	
4	Sértekjur	104 600	
	Mismunur		**82 800**

05–216 Ríkismat sjávarafurða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			103 300
1 01	Ríkismat sjávarafurða	103 300	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		108 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 500	
52–58	Önnur gjöld	56 800	
5	Gjöld samtals	108 300	
4	Sértekjur	37 200	
	Mismunur		**71 100**

05–221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 100
1 01	Verðlagsráð sjávarútvegsins	2 100	
	Gjöld samtals		2 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 500	
52–58	Önnur gjöld	600	
5	Gjöld samtals		**2 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			25 000
6 01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**
05–290 Veiðieftirlit			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 700
1 01	Veiðieftirlit	78 700	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		80 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 100	
52–58	Önnur gjöld	26 600	
5	Gjöld samtals	80 700	
4	Sértekjur	80 700	
	Mismunur		
05–299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 000
1 20	Eldi sjávardýra	18 700	
1 21	Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur	7 700	
1 31	Stjórn fiskveiða	21 300	
1 32	Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi	52 300	
	Gjöld samtals		100 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 200	
52–58	Önnur gjöld	29 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	68 800	
5	Gjöld samtals	100 000	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**98 900**

05–901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 300
1 01	Yfirstjórn	26 300	
1 30	Keldnaholt	35 000	
Viðhaldsverkefni:			10 400
5 30	Keldnaholt, viðhald	10 400	
	Gjöld samtals		71 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 300	
52–58	Önnur gjöld	47 400	
5	Gjöld samtals	71 700	
4	Sértekjur	2 100	
	Mismunur		**69 600**

05–950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 900
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	36 900	
	Gjöld samtals		36 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 900	
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals		**36 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–998 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
	Samtals		577 500

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 100
1 01	Yfirstjórn	88 100	
	Gjöld samtals		88 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 500	
52–58	Önnur gjöld	30 600	
5	Gjöld samtals		**88 100**
06–102 Stjórnartíðindi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 100
1 01	Stjórnartíðindi	23 100	
	Gjöld samtals		23 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 800	
52–58	Önnur gjöld	20 300	
5	Gjöld samtals	23 100	
4	Sértekjur	17 200	
	Mismunur		**5 900**
06–103 Lagasafn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 700
1 10	Útgáfa lagasafns	2 700	
	Gjöld samtals		2 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 700	
5	Gjöld samtals	2 700	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		

06–111 Kosningar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 300
1 10	Kosningar	13 300	
	Gjöld samtals		13 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 300	
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals		**13 300**

06–190 Ýmis kostnaður ráðuneytis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 900
1 11	Námsleyfi lögfræðinga	2 500	
1 21	Próf málflytjenda	400	
1 22	Próf skjalaþýðenda	700	
1 23	Próf fasteignasala	1 300	
1 31	Matsnefnd eignarnámsbóta	2 200	
1 32	Tölvunefnd	4 600	
1 33	Mannanafnanefnd	400	
1 41	Útgáfa norræns dómasafns	500	
1 42	Norræn samvinna á sviði sakfræði	400	
1 51	Innheimta meðlaga	2 000	
1 61	Orator, almenn lögfræðiaðstoð	300	
1 71	Framkvæmd aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði	25 600	
Stofnkostnaður:			30 000
6 71	Tölvuvæðing o.fl. vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði	30 000	
	Gjöld samtals		70 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 800	
52–58	Önnur gjöld	52 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	500	
5	Gjöld samtals	70 900	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**68 200**

06–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**

06–201 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 800
1 01	Yfirstjórn	16 200	
1 02	Útgáfa Hæstaréttardóma	10 600	
	Gjöld samtals		26 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 200	
52–58	Önnur gjöld	13 600	
5	Gjöld samtals	26 800	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**23 600**

06–203 Borgardómarinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 900
1 01	Borgardómarinn í Reykjavík	33 900	
	Gjöld samtals		33 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 600	
52–58	Önnur gjöld	7 300	
5	Gjöld samtals	33 900	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**33 500**

06–204 Borgarfógetinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 300
1 01	Borgarfógetinn í Reykjavík	44 300	
	Gjöld samtals		44 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 100	
52–58	Önnur gjöld	13 200	
5	Gjöld samtals		**44 300**

06–205 Sakadómur Reykjavíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 800
1 01	Sakadómur Reykjavíkur	32 800	
	Gjöld samtals		32 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 000	
52–58	Önnur gjöld	4 800	
5	Gjöld samtals		**32 800**

06–210 Héraðsdómarar samkvæmt lögum nr. 27/1990

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 700
1 91	Héraðsdómari á Suður- og Vesturlandi	2 700	
1 92	Héraðsdómari á Vestfjörðum	2 700	
1 93	Héraðsdómari á Norðurlandi	2 600	
1 94	Héraðsdómari á Austurlandi	2 700	
	Gjöld samtals		10 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 800	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals		**10 700**

06–211 Héraðsdómur Reykjavíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 000
1 02	Héraðsdómur Reykjavíkur	62 000	
	Gjöld samtals		62 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 700	
52–58	Önnur gjöld	14 300	
5	Gjöld samtals		**62 000**

06–212 Héraðsdómur Vesturlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 700
1 02	Héraðsdómur Vesturlands	5 700	
	Gjöld samtals		5 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 400	
52–58	Önnur gjöld	2 300	
5	Gjöld samtals		**5 700**

06–213 Héraðsdómur Vestfjarða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 300
1 02	Héraðsdómur Vestfjarða	4 300	
	Gjöld samtals		4 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 600	
52–58	Önnur gjöld	1 700	
5	Gjöld samtals		**4 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–214 Héraðsdómur Norðurlands vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 02	Héraðsdómur Norðurlands vestra	4 000	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 100	
52–58	Önnur gjöld	1 900	
5	Gjöld samtals		**4 000**
06–215 Héraðsdómur Norðurlands eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 800
1 02	Héraðsdómur Norðurlands eystra	9 800	
	Gjöld samtals		9 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals		**9 800**
06–216 Héraðsdómur Austurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 02	Héraðsdómur Austurlands	4 500	
	Gjöld samtals		4 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 500	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**4 500**
06–217 Héraðsdómur Suðurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 400
1 02	Héraðsdómur Suðurlands	10 400	
	Gjöld samtals		10 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 900	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals		**10 400**

06–218 Héraðsdómur Reykjaness

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 800
1 02	Héraðsdómur Reykjaness	20 800	
	Gjöld samtals		20 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 900	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals		**20 800**

06–231 Málskostnaður í opinberum málum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 500
1 10	Málskostnaður í opinberum málum	75 500	
	Gjöld samtals		75 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	200	
52–58	Önnur gjöld	75 300	
5	Gjöld samtals	75 500	
4	Sértekjur	10 700	
	Mismunur		**64 800**

06–232 Opinber réttaraðstoð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 800
1 10	Opinber réttaraðstoð	5 800	
	Gjöld samtals		5 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 800	
5	Gjöld samtals	5 800	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**5 400**

06–238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 400
1 01	Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	4 400	
	Gjöld samtals		4 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 800	
52–58	Önnur gjöld	600	
5	Gjöld samtals		**4 400**

06–290 Dómsmál, ýmis kostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 400
1 11	Meðdómsmenn	10 900	
1 12	Setu- og varadómarar	3 900	
1 13	Siglingadómur	600	
1 14	Óviss útgjöld	3 000	
	Gjöld samtals		18 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 000	
52–58	Önnur gjöld	400	
5	Gjöld samtals		**18 400**

06–291 Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Viðhald húseigna	1 000	
Stofnkostnaður:			75 000
6 13	Húsnæði héraðsdóms Vestfjarða	2 000	
6 15	Húsnæði héraðsdóms Norðurlands eystra	16 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
6 16	Húsnæði héraðsdóms Austurlands	10 400	
6 17	Húsnæði héraðsdóms Suðurlands	4 000	
6 18	Húsnæði héraðsdóms Reykjaness	10 000	
6 90	Húsgögn og stofnbúnaður héraðsdómstóla	32 000	
	Gjöld samtals		76 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	76 000	
5	Gjöld samtals		**76 000**

06–301 Ríkissaksóknari

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 200
1 05	Ríkissaksóknari	41 200	
	Gjöld samtals		41 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 100	
52–58	Önnur gjöld	10 100	
5	Gjöld samtals		**41 200**

06–302 Rannsóknarlögregla ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			150 000
1 02	Rannsóknarlögregla ríkisins	150 000	
Stofnkostnaður:			9 000
6 02	Tæki og búnaður	9 000	
	Gjöld samtals		159 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	117 300	
52–58	Önnur gjöld	41 700	
5	Gjöld samtals	159 000	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**156 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–305 Lögregluskóli ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 200
1 01	Lögregluskóli ríkisins	25 200	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		26 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 500	
52–58	Önnur gjöld	10 700	
5	Gjöld samtals		**26 200**
06–311 Lögreglustjórinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			862 500
1 01	Yfirstjórn	53 700	
1 05	Boðunardeild	28 900	
1 20	Almenn löggæsla	661 500	
1 30	Útlendingaeftirlit	17 000	
1 40	Mötuneyti	30 400	
1 60	Aðallögreglustöð	29 300	
1 80	Rekstur ökutækja	41 700	
Stofnkostnaður:			23 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
6 80	Endurnýjun ökutækja	18 000	
	Gjöld samtals		885 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	674 900	
52–58	Önnur gjöld	210 600	
5	Gjöld samtals	885 500	
4	Sértekjur	54 100	
	Mismunur		**831 400**
06–321 Almannavarnir ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 900
1 01	Almannavarnir ríkisins	22 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		25 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 200	
52–58	Önnur gjöld	14 700	
5	Gjöld samtals		**25 900**

06–331 Umferðarmál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 500
1 01	Umferðarráð	32 100	
1 10	Ökukennsla	32 400	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		66 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 100	
52–58	Önnur gjöld	36 400	
5	Gjöld samtals	66 500	
4	Sértekjur	47 900	
	Mismunur		**18 600**

06–341 Áfengis- og fíkniefnamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Matsnefnd vínveitingahúsa	1 200	
1 20	Fíkniefnamál	3 800	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 100	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	600	
5	Gjöld samtals		**5 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–390	**Ýmis löggæslukostnaður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 900
1 10	Ýmis löggæslukostnaður	13 900	
Stofnkostnaður:			41 000
6 10	Endurnýjun ökutækja	41 000	
	Gjöld samtals		54 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 600	
52–58	Önnur gjöld	47 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 800	
5	Gjöld samtals	54 900	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**49 900**
06–391	**Húsnæði löggæslustofnana**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			12 500
5 01	Viðhald húseigna	12 500	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Innrétting húsnæðis	5 000	
	Gjöld samtals		17 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	17 500	
5	Gjöld samtals		**17 500**
06–395	**Landhelgisgæsla Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			605 800
1 01	Yfirstjórn	61 500	
1 21	V/s Ægir	107 400	
1 22	V/s Óðinn	92 200	
1 23	V/s Týr	109 800	
1 30	Fluggæsla	200 400	
1 40	Sjómælingar og sjókortagerð	34 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			8 400
6 01	Tæki og búnaður	8 400	
	Gjöld samtals		614 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	311 000	
52–58	Önnur gjöld	303 200	
5	Gjöld samtals	614 200	
4	Sértekjur	4 200	
	Mismunur		**610 000**

06–411 Sýslumaðurinn Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 900
1 01	Yfirstjórn	48 900	
	Gjöld samtals		48 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 700	
52–58	Önnur gjöld	15 200	
5	Gjöld samtals		**48 900**

06–412 Sýslumaðurinn Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 300
1 01	Yfirstjórn	26 500	
1 20	Löggæsla	32 800	
	Gjöld samtals		59 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 300	
52–58	Önnur gjöld	13 000	
5	Gjöld samtals	59 300	
4	Sértekjur	2 300	
	Mismunur		**57 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–413 Sýslumaðurinn Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 500
1 01	Yfirstjórn	22 700	
1 20	Löggæsla	25 400	
1 30	Hreppstjórar	1 400	
	Gjöld samtals		49 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 400	
52–58	Önnur gjöld	11 100	
5	Gjöld samtals	49 500	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**47 500**
06–414 Sýslumaðurinn Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 300
1 01	Yfirstjórn	25 800	
1 20	Löggæsla	36 400	
1 30	Hreppstjórar	1 100	
	Gjöld samtals		63 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 900	
52–58	Önnur gjöld	15 400	
5	Gjöld samtals	63 300	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**62 000**
06–415 Sýslumaðurinn Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 600
1 01	Yfirstjórn	9 800	
1 20	Löggæsla	4 100	
1 30	Hreppstjórar	700	
	Gjöld samtals		14 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 600	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	14 600	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**14 500**

06–416 Sýslumaðurinn Patreksfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 100
1 01	Yfirstjórn	17 500	
1 20	Löggæsla	15 800	
1 30	Hreppstjórar	800	
	Gjöld samtals		34 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 800	
52–58	Önnur gjöld	8 300	
5	Gjöld samtals	34 100	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**33 200**

06–417 Sýslumaðurinn Bolungarvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 700
1 01	Yfirstjórn	11 000	
1 20	Löggæsla	8 700	
	Gjöld samtals		19 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 300	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals	19 700	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**19 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–418	**Sýslumaðurinn Ísafirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 600
1 01	Yfirstjórn	36 000	
1 20	Löggæsla	41 300	
1 30	Hreppstjórar	1 000	
1 40	Tollgæsla	1 300	
	Gjöld samtals		79 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 900	
52–58	Önnur gjöld	23 700	
5	Gjöld samtals	79 600	
4	Sértekjur	3 400	
	Mismunur		**76 200**
06–419	**Sýslumaðurinn Hólmavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 800
1 01	Yfirstjórn	9 800	
1 20	Löggæsla	4 300	
1 30	Hreppstjórar	700	
	Gjöld samtals		14 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 800	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	14 800	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**14 700**
06–420	**Sýslumaðurinn Blönduósi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 000
1 01	Yfirstjórn	21 600	
1 20	Löggæsla	23 000	
1 30	Hreppstjórar	1 400	
	Gjöld samtals		46 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 200	
52–58	Önnur gjöld	13 800	
5	Gjöld samtals	46 000	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**44 300**

06–421 Sýslumaðurinn Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 900
1 01	Yfirstjórn	22 400	
1 20	Löggæsla	24 400	
1 30	Hreppstjórar	1 200	
1 40	Tollgæsla	900	
	Gjöld samtals		48 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 900	
52–58	Önnur gjöld	11 000	
5	Gjöld samtals	48 900	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**48 400**

06–422 Sýslumaðurinn Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 900
1 01	Yfirstjórn	14 000	
1 20	Löggæsla	16 900	
	Gjöld samtals		30 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 800	
52–58	Önnur gjöld	6 100	
5	Gjöld samtals	30 900	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**30 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–423 Sýslumaðurinn Ólafsfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 800
1 01	Yfirstjórn	10 500	
1 20	Löggæsla	7 300	
	Gjöld samtals		17 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 100	
52–58	Önnur gjöld	4 700	
5	Gjöld samtals	17 800	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**17 600**
06–424 Sýslumaðurinn Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			176 000
1 01	Yfirstjórn	71 500	
1 20	Löggæsla	87 500	
1 25	Fangelsi	10 300	
1 30	Hreppstjórar	1 100	
1 40	Tollgæsla	5 600	
	Gjöld samtals		176 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	135 700	
52–58	Önnur gjöld	40 300	
5	Gjöld samtals	176 000	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**174 900**
06–425 Sýslumaðurinn Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 300
1 01	Yfirstjórn	32 100	
1 20	Löggæsla	37 200	
1 30	Hreppstjórar	2 000	
	Gjöld samtals		71 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 600	
52–58	Önnur gjöld	20 700	
5	Gjöld samtals	71 300	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**70 200**

06–426 Sýslumaðurinn Seyðisfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 000
1 01	Yfirstjórn	22 000	
1 20	Löggæsla	18 500	
1 30	Hreppstjórar	900	
1 40	Tollgæsla	3 600	
	Gjöld samtals		45 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 900	
52–58	Önnur gjöld	12 100	
5	Gjöld samtals	45 000	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**44 100**

06–427 Sýslumaðurinn Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 400
1 01	Yfirstjórn	12 800	
1 20	Löggæsla	8 600	
	Gjöld samtals		21 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 200	
52–58	Önnur gjöld	6 200	
5	Gjöld samtals	21 400	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**21 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–428 Sýslumaðurinn Eskifirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 600
1 01	Yfirstjórn	25 200	
1 20	Löggæsla	31 800	
1 30	Hreppstjórar	1 600	
	Gjöld samtals		58 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 500	
52–58	Önnur gjöld	16 100	
5	Gjöld samtals	58 600	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**57 300**
06–429 Sýslumaðurinn Höfn í Hornafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 900
1 01	Yfirstjórn	15 500	
1 20	Löggæsla	12 800	
1 30	Hreppstjórar	600	
	Gjöld samtals		28 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 900	
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals	28 900	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**28 000**
06–430 Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 500
1 01	Yfirstjórn	12 100	
1 20	Löggæsla	6 100	
1 30	Hreppstjórar	300	
	Gjöld samtals		18 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 700	
52–58	Önnur gjöld	4 800	
5	Gjöld samtals	18 500	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**18 100**

06–431 Sýslumaðurinn Hvolsvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 500
1 01	Yfirstjórn	16 900	
1 20	Löggæsla	16 500	
1 30	Hreppstjórar	1 100	
	Gjöld samtals		34 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 100	
52–58	Önnur gjöld	9 400	
5	Gjöld samtals	34 500	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**33 700**

06–432 Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 200
1 01	Yfirstjórn	31 500	
1 20	Löggæsla	32 900	
1 40	Tollgæsla	5 800	
	Gjöld samtals		70 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 400	
52–58	Önnur gjöld	15 800	
5	Gjöld samtals	70 200	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**65 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–433	**Sýslumaðurinn Selfossi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 600
1 01	Yfirstjórn	41 600	
1 20	Löggæsla	66 300	
1 30	Hreppstjórar	1 700	
	Gjöld samtals		109 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 300	
52–58	Önnur gjöld	27 300	
5	Gjöld samtals	109 600	
4	Sértekjur	6 200	
	Mismunur		**103 400**
06–434	**Sýslumaðurinn Keflavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			174 500
1 01	Yfirstjórn	57 300	
1 20	Löggæsla	109 500	
1 30	Hreppstjórar	500	
1 40	Tollgæsla	7 200	
	Gjöld samtals		174 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	137 800	
52–58	Önnur gjöld	36 700	
5	Gjöld samtals	174 500	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**170 500**
06–436	**Sýslumaðurinn Hafnarfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			209 200
1 01	Yfirstjórn	96 300	
1 20	Löggæsla	101 500	
1 30	Hreppstjórar	300	
1 40	Tollgæsla	11 100	
	Gjöld samtals		209 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	162 400	
52–58	Önnur gjöld	46 800	
5	Gjöld samtals	209 200	
4	Sértekjur	2 100	
	Mismunur		**207 100**

06–437 Sýslumaðurinn Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			130 900
1 01	Yfirstjórn	66 400	
1 20	Löggæsla	64 500	
	Gjöld samtals		130 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	102 900	
52–58	Önnur gjöld	28 000	
5	Gjöld samtals	130 900	
4	Sértekjur	2 100	
	Mismunur		**128 800**

06–490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 700
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	15 900	
1 20	Kostnaður vegna löggæslunáms	41 900	
1 21	Óviss útgjöld	4 900	
	Gjöld samtals		62 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 600	
52–58	Önnur gjöld	37 100	
5	Gjöld samtals		**62 700**

06–491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			17 700
5 01	Viðhald húseigna	17 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			146 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 11	Húsnæði sýslumannsins í Reykjavík	28 000	
6 12	Lögreglustöð Akranesi	24 400	
6 21	Húsnæði sýslumannsins á Sauðárkróki	6 000	
6 24	Húsnæði sýslumannsins á Akureyri	17 700	
6 26	Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði	4 200	
6 28	Lögreglustöð Egilsstöðum	19 200	
6 29	Húsnæði sýslumannsins á Höfn	3 600	
6 33	Lögreglustöð Selfossi	5 000	
6 34	Húsnæði sýslumannsins í Keflavík	7 900	
6 50	Breytingar á húsnæði, tölvulagnir o.fl.	20 000	
	Gjöld samtals		163 700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	163 700	
5	Gjöld samtals		**163 700**

06–501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 300
1 01	Fangelsismálastofnun ríkisins	25 300	
	Gjöld samtals		25 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 300	
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals		**25 300**

06–511 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			108 800
1 01	Yfirstjórn	3 900	
1 21	Hegningarhúsið í Reykjavík	45 200	
1 22	Fangelsið Síðumúla	31 300	
1 23	Fangelsið Kópavogsbraut	28 400	
	Gjöld samtals		108 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 100	
52–58	Önnur gjöld	38 700	
5	Gjöld samtals	108 800	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**107 800**

06–512 Fangelsið Litla-Hrauni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			129 500
1 01	Yfirstjórn	112 500	
1 21	Skiltaframleiðsla	3 400	
1 31	Hellugerð o.fl.	13 600	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		131 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 800	
52–58	Önnur gjöld	53 700	
5	Gjöld samtals	131 500	
4	Sértekjur	27 900	
	Mismunur		**103 600**

06–513 Fangelsið Kvíabryggju

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 400
1 01	Fangelsið Kvíabryggju	26 400	
	Gjöld samtals		26 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 300	
52–58	Önnur gjöld	11 100	
5	Gjöld samtals	26 400	
4	Sértekjur	5 500	
	Mismunur		**20 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–590 Fangamál, ýmis kostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 800
1 10	Fangahjálp	4 800	
1 11	Sjúkrakostnaður refsifanga	1 000	
1 12	Fangavarðaskóli	2 500	
1 13	Forföll fangavarða	2 500	
	Gjöld samtals		10 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 200	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 200	
5	Gjöld samtals		**10 800**
06–591 Fangelsisbyggingar			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			6 200
5 01	Viðhald bygginga	6 200	
Stofnkostnaður:			5 000
6 10	Stofnframkvæmdir	5 000	
	Gjöld samtals		11 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	11 200	
5	Gjöld samtals		**11 200**
06–701 Biskup Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 900
1 01	Yfirstjórn	34 500	
1 05	Starfsþjálfun guðfræðikandídata	2 700	
1 11	Kirkjuráð	900	
1 12	Kirkjuþing	3 700	
1 14	Prestastefna	600	
1 15	Ýmis verkefni	5 500	
Viðhaldsverkefni:			500
5 01	Viðhald biskupsbústaðar	500	
	Gjöld samtals		48 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 800	
52–58	Önnur gjöld	17 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals	48 400	
4	Sértekjur	7 400	
	Mismunur		**41 000**

06–711 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			293 500
1 10	Prestar og prófastar	293 500	
	Gjöld samtals		293 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	233 100	
52–58	Önnur gjöld	60 400	
5	Gjöld samtals	293 500	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**293 400**

06–712 Prestssetur

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			43 700
5 01	Viðhald prestssetra	43 700	
Stofnkostnaður:			9 000
6 10	Bygging prestssetra	5 000	
6 11	Kaup eigna á prestssetursjörðum	4 000	
	Gjöld samtals		52 700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	52 700	
5	Gjöld samtals		**52 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–721 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 500
1 01	Yfirstjórn	10 300	
1 10	Tónskóli þjóðkirkjunnar	6 200	
Stofnkostnaður:			500
6 10	Innrétting húsnæðis	500	
	Gjöld samtals		17 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 000	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals	17 000	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**15 100**
06–731 Kristnisjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 100
1 10	Kristnisjóður	18 100	
	Gjöld samtals		18 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	18 100	
5	Gjöld samtals		**18 100**
06–732 Kirkjubyggingasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 10	Kirkjubyggingasjóður	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–790	**Kirkjumál, ýmis kostnaður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 600
1 11	Langamýri í Skagafirði	1 200	
1 12	Ráðgjöf í fjölskyldumálum	2 000	
1 13	Kirkjugarðaeftirlit	2 000	
1 90	Ýmislegt	5 400	
Viðhaldsverkefni:			500
5 11	Viðhald húseigna að Löngumýri	500	
Stofnkostnaður:			24 000
6 10	Skálholtsstaður	13 000	
6 11	Hallgrímskirkja	7 000	
6 12	Hóladómkirkja	3 000	
6 13	Snorrastofa	1 000	
	Gjöld samtals		35 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 700	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	26 000	
5	Gjöld samtals		**35 100**
06–950	**Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			101 300
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	101 300	
	Gjöld samtals		101 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	93 800	
52–58	Önnur gjöld	7 500	
5	Gjöld samtals		**101 300**
	Samtals		5 101 800

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 900
1 01	Yfirstjórn	71 900	
	Gjöld samtals		71 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 800	
52–58	Önnur gjöld	32 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	200	
5	Gjöld samtals	71 900	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**71 800**
07–272 Byggingarsjóður verkamanna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			1 075 000
6 01	Byggingarsjóður verkamanna	1 075 000	
	Gjöld samtals		1 075 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 075 000	
5	Gjöld samtals		**1 075 000**
07–302 Ríkissáttasemjari			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 700
1 01	Ríkissáttasemjari	21 700	
	Gjöld samtals		21 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 300	
52–58	Önnur gjöld	7 400	
5	Gjöld samtals		**21 700**

07–700 Málefni fatlaðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			243 100
1 01	Stjórnarnefnd	2 400	
1 02	Samráðsnefnd	1 400	
1 03	Samráðsnefnd um ferlimál	1 900	
1 04	Kostnaður samkvæmt 10. gr. laga um málefni fatlaðra	132 000	
1 05	Kostnaður samkvæmt 19. gr. laga um málefni fatlaðra	7 000	
1 10	Vistanir	13 000	
1 20	Vistun geðfatlaðra	32 700	
1 50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	8 300	
1 60	Félagslegar íbúðir fyrir fatlaða	17 400	
1 80	Starfsþjálfun	8 500	
1 81	Tölvumiðstöð fatlaðra	2 100	
1 99	Ný starfsemi, óskipt	16 400	
	Gjöld samtals		243 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	75 900	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	162 600	
5	Gjöld samtals		**243 100**

07–701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			184 500
1 01	Svæðisstjórn	13 300	
1 20	Sambýli Drekavogi 16	8 300	
1 21	Sambýli Akurgerði 20	8 500	
1 22	Sambýli Stuðlaseli 2	11 200	
1 23	Sambýli Njörvasundi 2	13 800	
1 24	Sambýli Giljaseli 7	9 200	
1 25	Sambýli Bröndukvísl 17	10 400	
1 26	Sambýli Stigahlíð 71	12 000	
1 27	Sambýli Þverárseli 28	11 600	
1 28	Sambýli, óstaðsett	9 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 29	Sambýli Vesturbrún 17	10 300	
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands	5 300	
1 32	Verndaður vinnustaður	2 700	
1 33	Vinnustofa Blindrafélagsins	4 000	
1 64	Skammtímavistun Álfalandi 6	16 500	
1 73	Vistheimili við Holtaveg	19 700	
1 80	Atvinnuleit	2 300	
1 91	Sambýli Grundarlandi 17	10 500	
1 92	Sambýli, óstaðsett	5 200	
	Gjöld samtals		184 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	131 600	
52–58	Önnur gjöld	12 600	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	28 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 000	
5	Gjöld samtals		**184 500**

07–702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			138 700
1 01	Svæðisstjórn	9 400	
1 20	Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi	9 800	
1 21	Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði	9 100	
1 22	Sambýli Markarflöt 1, Garðabæ	6 800	
1 24	Sambýli Bakkaflöt, Garðabæ	500	
1 26	Sambýli Hrauntungu 54	9 600	
1 27	Sambýli Lyngmóum 10	10 700	
1 30	Verndaður vinnustaður, Örvi	18 900	
1 32	Verkstjórn	3 600	
1 40	Leikfangasafn Keflavík	1 100	
1 60	Skammtímavistun	13 700	
1 61	Dagvistun Keflavík	7 800	
1 62	Helgarvistun	3 400	
1 63	Skammtímavistun	3 000	
1 64	Hæfingarstöð Bæjarhrauni 2	14 600	
1 69	Skammtímavistun, Reykjadal	2 100	
1 72	Gistiheimili Kópavogi	3 200	
1 73	Vistheimili fyrir börn	11 400	
	Gjöld samtals		138 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	108 200	
52–58	Önnur gjöld	28 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 100	
5	Gjöld samtals	138 700	
4	Sértekjur	4 000	
	Mismunur		**134 700**

07–703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 200
1 01	Svæðisstjórn	7 200	
1 20	Sambýli Akranesi	13 600	
1 21	Sambýli Borgarnesi	6 600	
1 30	Verndaður vinnustaður Akranesi	8 800	
1 40	Leikfangasafn Borgarnesi	1 500	
1 41	Leikfangasafn Ólafsvík	1 400	
1 60	Dagvistun Akranesi	6 500	
1 61	Skammtímavistun	3 300	
1 70	Sumarbúðir	3 400	
1 80	Atvinnuleit	900	
	Gjöld samtals		53 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 900	
52–58	Önnur gjöld	12 300	
5	Gjöld samtals	53 200	
4	Sértekjur	5 400	
	Mismunur		**47 800**

07–704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 100
1 01	Svæðisstjórn	5 300	
1 20	Sambýli Ísafirði	1 800	
1 40	Leikfangasafn Ísafirði	1 000	
1 50	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	32 000	
	Gjöld samtals		40 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 100	
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals		**40 100**

07–705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 800
1 01	Svæðisstjórn	7 800	
1 20	Sambýli Siglufirði	9 000	
1 21	Sambýli Sauðárkróki	6 300	
1 22	Sambýli að Gauksmýri	7 800	
1 40	Leikfangasafn Siglufirði	2 100	
1 41	Leikfangasafn Blönduósi	2 000	
1 42	Leikfangasafn Sauðárkróki	2 000	
1 61	Dagvist Siglufirði	2 100	
1 70	Sumardvöl Egilsá	1 700	
1 80	Atvinnuleit	900	
1 90	Verkstjórn	1 100	
	Gjöld samtals		42 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 900	
52–58	Önnur gjöld	7 900	
5	Gjöld samtals		**42 800**

07–706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			231 300
1 01	Svæðisstjórn	10 300	
1 20	Sambýli Byggðavegi 91	36 900	
1 21	Sambýli Borgarhlíð 3	26 600	
1 30	Iðjulundur, verndaður vinnustaður	24 800	
1 31	Verndaður vinnustaður	17 100	
1 40	Leikfangasafn Akureyri	2 300	
1 60	Skammtímavistun	3 100	
1 70	Vistheimilið Sólborg	104 400	
1 71	Sumarbúðir í Botni	4 800	
1 80	Atvinnuleit	1 000	
	Gjöld samtals		231 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	173 800	
52–58	Önnur gjöld	56 500	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 000	
5	Gjöld samtals	231 300	
4	Sértekjur	25 100	
	Mismunur		**206 200**

07–707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 500
1 01	Svæðisstjórn	6 300	
1 20	Sambýli Egilsstöðum	7 700	
1 30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	6 600	
1 40	Leikfangasafn	2 100	
1 50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	32 200	
1 51	Endurhæfing	800	
1 60	Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði	2 100	
1 80	Atvinnuleit	1 700	
	Gjöld samtals		59 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	46 000	
52–58	Önnur gjöld	13 500	
5	Gjöld samtals	59 500	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**57 300**

07–708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			103 700
1 01	Svæðisstjórn	7 900	
1 20	Sambýli Árvegi 8, Selfossi	7 500	
1 21	Sambýli Vallholti 9	11 600	
1 22	Sambýli Vallholti 12-14	6 700	
1 24	Sambýli Bitru	5 900	
1 25	Sambýli Hlíðartungu	5 900	
1 26	Sambýli Vestmannaeyjum	6 500	
1 30	Verndaður vinnustaður Selfossi	6 700	
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	10 500	
1 40	Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 50	Vistheimili fyrir börn	6 300	
1 70	Lambhagi	11 800	
1 72	Skaftholt	5 900	
1 73	Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum	7 400	
1 80	Atvinnuleit	900	
1 81	Verkstjórn	600	
	Gjöld samtals		103 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 200	
52–58	Önnur gjöld	18 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 300	
5	Gjöld samtals	103 700	
4	Sértekjur	5 800	
	Mismunur		**97 900**

07–710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 200
1 70	Meðferðarheimili fyrir einhverf börn, Sæbraut 2	17 900	
1 71	Sambýli einhverfra, Trönuhólum 1	16 000	
1 72	Atvinnumál einhverfra	2 700	
1 73	Sambýli einhverfra	9 600	
	Gjöld samtals		46 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 100	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals		**46 200**

07–711 Styrktarfélag vangefinna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			190 900
1 20	Sambýli Háteigsvegi 6	5 700	
1 21	Sambýli Sigluvogi 5	7 400	
1 22	Sambýli Auðarstræti 15	7 100	
1 23	Sambýli Víðihlíð 11	7 600	
1 24	Sambýli Víðihlíð 7	5 700	
1 25	Sambýli Víðihlíð 5	6 200	
1 26	Sambýli Blesugróf 29	7 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 27	Styrktarfélag vangefinna, sambýli	3 200	
1 30	Vinnustofan Ás	23 500	
1 60	Dagvistun Lækjarási	24 600	
1 61	Dagvistun Bjarkarási	30 000	
1 62	Dagvistun Lyngási	38 800	
1 63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	13 000	
1 64	Skammtímavistun Blesugróf 31	10 300	
	Gjöld samtals		190 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	137 700	
52–58	Önnur gjöld	53 200	
5	Gjöld samtals	190 900	
4	Sértekjur	12 400	
	Mismunur		**178 500**

07–719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 700
1 70	Vistheimilið Tjaldanesi	34 700	
	Gjöld samtals		34 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 300	
52–58	Önnur gjöld	10 400	
5	Gjöld samtals		**34 700**

07–720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 800
1 70	Vistheimilið Skálatúni	102 800	
	Gjöld samtals		102 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	74 800	
52–58	Önnur gjöld	28 000	
5	Gjöld samtals	102 800	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**101 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–722 Sólheimar Grímsnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			83 400
1 70	Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	83 400	
	Gjöld samtals		83 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	83 400	
5	Gjöld samtals		**83 400**
07–750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			63 100
1 01	Yfirstjórn	63 100	
	Gjöld samtals		63 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 400	
52–58	Önnur gjöld	17 700	
5	Gjöld samtals	63 100	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**62 000**
07–795 Framkvæmdasjóður fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			320 000
6 01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	320 000	
	Gjöld samtals		320 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	320 000	
5	Gjöld samtals		**320 000**
07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 497 000
1 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 497 000	
	Gjöld samtals		1 497 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 497 000	
5	Gjöld samtals		**1 497 000**

07–950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 700
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	43 700	
	Gjöld samtals		43 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 400	
52–58	Önnur gjöld	2 300	
5	Gjöld samtals		**43 700**

07–951 Brunamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 800
1 01	Brunamálastofnun ríkisins	56 800	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		61 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 500	
52–58	Önnur gjöld	42 300	
5	Gjöld samtals	61 800	
4	Sértekjur	66 600	
	Mismunur		**–4 800**

07–953 Jafnréttisráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 200
1 01	Jafnréttisráð	17 900	
1 10	Vest-norrænt kvennaþing	3 300	
	Gjöld samtals		21 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 800	
52–58	Önnur gjöld	10 400	
5	Gjöld samtals	21 200	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**19 700**

07–954 Vinnueftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			136 600
1 01	Vinnueftirlit ríkisins	136 600	
Stofnkostnaður:			11 000
6 01	Fasteignakaup og tæki	11 000	
	Gjöld samtals		147 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 100	
52–58	Önnur gjöld	65 500	
5	Gjöld samtals	147 600	
4	Sértekjur	16 000	
	Mismunur		**131 600**

07–981 Vinnumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 900
1 10	Félagsdómur	2 200	
1 13	Sjómannasamtök, lögskráning	500	
1 51	Sjómannadagsráð	200	
1 60	Orlofsheimili launþegasamtakanna	5 000	
1 70	Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni	15 000	
1 90	Ýmislegt	33 000	
	Gjöld samtals		55 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	900	
52–58	Önnur gjöld	1 300	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	200	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	53 500	
5	Gjöld samtals		**55 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–982 Ríkisábyrgð á launum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 000
1 01	Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	80 000	
1 10	Ríkisábyrgð á orlofslaunum	20 000	
	Gjöld samtals		100 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100 000	
5	Gjöld samtals		**100 000**
07–985 Félagsmálaskóli alþýðu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 700
1 10	Almennur rekstur	12 400	
1 20	ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4 400	
1 30	ASÍ, norræni verkalýðsskólinn í Genf	200	
1 40	Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	1 700	
	Gjöld samtals		18 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 700	
5	Gjöld samtals		**18 700**
07–998 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			194 200
1 10	Meðlög samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga	10 900	
1 11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	59 800	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	16 500	
1 30	Sjómannastofur	1 100	
1 31	Félagasamtök, styrkir	18 400	
1 32	Starfsmenntun í atvinnulífinu	48 000	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	12 500	
1 41	Stígamót	5 500	
1 50	Framkvæmd laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga	4 000	
1 51	Ár fjölskyldunnar	3 000	
1 80	Snjóflóða- og skriðufallavarnir	6 400	
1 90	Ýmis framlög	8 100	
	Gjöld samtals		194 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	6 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	187 800	
5	Gjöld samtals		**194 200**
	Samtals		5 110 400

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			112 000
1 01	Yfirstjórn	112 000	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		122 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 900	
52–58	Önnur gjöld	59 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	300	
5	Gjöld samtals	122 000	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**117 900**
08–271	**Tryggingastofnun ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 851 400
1 01	Yfirstjórn	504 800	
1 10	Lífeyristryggingar	14 757 000	
1 20	Sjúkratryggingar	9 042 600	
1 30	Slysatryggingar	547 000	
Viðhaldsverkefni:			2 300
5 01	Viðhald húseignar	2 300	
Stofnkostnaður:			18 000
6 01	Tæki og búnaður	18 000	
	Gjöld samtals		24 871 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	257 800	
52–58	Önnur gjöld	267 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	24 346 600	
5	Gjöld samtals	24 871 700	
4	Sértekjur	151 600	
	Mismunur		**24 720 100**

08–273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 280 000
1 01	Atvinnuleysistryggingasjóður	1 280 000	
	Gjöld samtals		1 280 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 280 000	
5	Gjöld samtals		**1 280 000**

08–274 Eftirlaunasjóður aldraðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			127 800
1 01	Eftirlaunasjóður aldraðra	127 800	
	Gjöld samtals		127 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	127 800	
5	Gjöld samtals		**127 800**

08–277 Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 01	Atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–301	**Landlæknir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 900
1 01	Yfirstjórn	41 300	
1 10	Læknaráð	1 900	
1 20	Sjúkraflutningaráð	700	
	Gjöld samtals		43 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 700	
52–58	Önnur gjöld	13 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	9 000	
5	Gjöld samtals		**43 900**
08–311	**Héraðslæknir í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 200
1 01	Héraðslæknir í Reykjavík	15 200	
	Gjöld samtals		15 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 100	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals		**15 200**
08–315	**Héraðslæknir á Norðurlandi eystra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 600
1 01	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	6 600	
	Gjöld samtals		6 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 100	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals		**6 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–323 Tryggingaeftirlitið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 500
1 01	Tryggingaeftirlitið	25 500	
	Gjöld samtals		25 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 800	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals	25 500	
4	Sértekjur	30 600	
	Mismunur		**–5 100**
08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 700
1 01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	86 700	
	Gjöld samtals		86 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 100	
52–58	Önnur gjöld	17 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	40 900	
5	Gjöld samtals	86 700	
4	Sértekjur	17 200	
	Mismunur		**69 500**
08–325 Hollustuvernd ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 700
1 01	Hollustuvernd ríkisins	26 000	
1 02	Heilbrigðiseftirlit	13 900	
1 03	Rannsóknastofa	26 800	
1 04	Mengunarvarnaeftirlit	18 200	
1 05	Eiturefnaeftirlit	5 800	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		92 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 600	
52–58	Önnur gjöld	30 600	
5	Gjöld samtals	92 200	
4	Sértekjur	27 800	
	Mismunur		**64 400**

08–326 Sjónstöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 200
1 01	Sjónstöð Íslands	24 200	
	Gjöld samtals		24 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 600	
52–58	Önnur gjöld	5 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 800	
5	Gjöld samtals		**24 200**

08–327 Geislavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 400
1 01	Geislavarnir ríkisins	19 400	
Stofnkostnaður:			5 600
6 01	Tæki og búnaður	5 600	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 500	
52–58	Önnur gjöld	14 500	
5	Gjöld samtals	25 000	
4	Sértekjur	6 300	
	Mismunur		**18 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–340 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 400
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	10 900	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	5 400	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	9 700	
1 40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	8 600	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2 000	
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	4 400	
1 70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	1 000	
1 90	Ýmis starfsemi	3 400	
	Gjöld samtals		45 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	45 400	
5	Gjöld samtals		**45 400**
08–350 Sjúkrahúsið Akranesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			435 500
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	435 500	
	Gjöld samtals		435 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	302 700	
52–58	Önnur gjöld	132 800	
5	Gjöld samtals	435 500	
4	Sértekjur	42 500	
	Mismunur		**393 000**
08–352 Sjúkrahúsið Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 200
1 01	Sjúkrahúsið Patreksfirði	75 200	
	Gjöld samtals		75 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 200	
52–58	Önnur gjöld	26 000	
5	Gjöld samtals	75 200	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**72 200**

08–353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			185 300
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	185 300	
	Gjöld samtals		185 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	123 900	
52–58	Önnur gjöld	61 400	
5	Gjöld samtals	185 300	
4	Sértekjur	21 000	
	Mismunur		**164 300**

08–355 Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			117 200
1 01	Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	117 200	
	Gjöld samtals		117 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	88 000	
52–58	Önnur gjöld	29 200	
5	Gjöld samtals	117 200	
4	Sértekjur	7 700	
	Mismunur		**109 500**

08–356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			270 200
1 01	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	270 200	
	Gjöld samtals		270 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	194 900	
52–58	Önnur gjöld	75 300	
5	Gjöld samtals	270 200	
4	Sértekjur	17 600	
	Mismunur		**252 600**

08–357 Sjúkrahúsið Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			127 600
1 01	Sjúkrahúsið Siglufirði	127 600	
	Gjöld samtals		127 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	84 700	
52–58	Önnur gjöld	42 900	
5	Gjöld samtals	127 600	
4	Sértekjur	7 200	
	Mismunur		**120 400**

08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 079 900
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1 079 900	
Viðhaldsverkefni:			15 600
5 01	Viðhald húsnæðis	15 600	
Stofnkostnaður:			40 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 50	Nýbygging	30 000	
	Gjöld samtals		1 135 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	713 300	
52–58	Önnur gjöld	422 200	
5	Gjöld samtals	1 135 500	
4	Sértekjur	119 700	
	Mismunur		**1 015 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–359 Sjúkrahúsið Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			242 500
1 01	Sjúkrahúsið Húsavík	242 500	
	Gjöld samtals		242 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	169 900	
52–58	Önnur gjöld	72 600	
5	Gjöld samtals	242 500	
4	Sértekjur	23 800	
	Mismunur		**218 700**
08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 900
1 01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	85 900	
	Gjöld samtals		85 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 100	
52–58	Önnur gjöld	32 800	
5	Gjöld samtals	85 900	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**82 300**
08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			164 800
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	164 800	
	Gjöld samtals		164 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	112 200	
52–58	Önnur gjöld	52 600	
5	Gjöld samtals	164 800	
4	Sértekjur	13 500	
	Mismunur		**151 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			97 000
1 01	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	97 000	
	Gjöld samtals		97 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 100	
52–58	Önnur gjöld	30 900	
5	Gjöld samtals	97 000	
4	Sértekjur	4 700	
	Mismunur		**92 300**
08–365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			232 800
1 01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	232 800	
	Gjöld samtals		232 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	160 300	
52–58	Önnur gjöld	72 500	
5	Gjöld samtals	232 800	
4	Sértekjur	29 600	
	Mismunur		**203 200**
08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			180 200
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	180 200	
	Gjöld samtals		180 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	120 700	
52–58	Önnur gjöld	59 500	
5	Gjöld samtals	180 200	
4	Sértekjur	18 000	
	Mismunur		**162 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–367 Sjúkrahúsið Keflavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			212 900
1 01	Sjúkrahúsið Keflavík	212 900	
	Gjöld samtals		212 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	132 900	
52–58	Önnur gjöld	80 000	
5	Gjöld samtals	212 900	
4	Sértekjur	44 300	
	Mismunur		**168 600**
08–368 Sólvangur, Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			208 200
1 01	Sólvangur, Hafnarfirði	208 200	
	Gjöld samtals		208 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	163 100	
52–58	Önnur gjöld	45 100	
5	Gjöld samtals	208 200	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**204 600**
08–370 Sjúkrahús í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			98 900
1 01	Sjúkrahús í Reykjavík	98 900	
Stofnkostnaður:			195 500
6 50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	195 500	
	Gjöld samtals		294 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	98 900	
52–58	Önnur gjöld	195 500	
5	Gjöld samtals	294 400	
4	Sértekjur	82 000	
	Mismunur		**212 400**

08–371 Ríkisspítalar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 189 600
1 01	Ríkisspítalar	6 189 600	
Viðhaldsverkefni:			78 000
5 60	Stjórnarnefnd, viðhald	78 000	
Stofnkostnaður:			274 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	100 000	
6 70	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	174 000	
	Gjöld samtals		6 541 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 919 500	
52–58	Önnur gjöld	2 622 100	
5	Gjöld samtals	6 541 600	
4	Sértekjur	598 000	
	Mismunur		**5 943 600**

08–372 Borgarspítalinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 872 400
1 01	Borgarspítalinn	2 872 400	
Viðhaldsverkefni:			44 000
5 01	Viðhald	44 000	
Stofnkostnaður:			25 000
6 01	Tæki og búnaður	25 000	
	Gjöld samtals		2 941 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 874 200	
52–58	Önnur gjöld	1 067 200	
5	Gjöld samtals	2 941 400	
4	Sértekjur	500 500	
	Mismunur		**2 440 900**

08–373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			934 500
1 01	St. Jósefsspítali, Landakoti	934 500	
Viðhaldsverkefni:			6 500
5 01	Viðhald	6 500	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		951 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	585 300	
52–58	Önnur gjöld	365 700	
5	Gjöld samtals	951 000	
4	Sértekjur	150 000	
	Mismunur		**801 000**

08–378 Læknishéraðasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Læknishéraðasjóður	2 500	
	Gjöld samtals		2 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 200
1 20	Rekstur sjúkrahúsa, óskipt	75 200	
Viðhaldsverkefni:			27 000
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	27 000	
Stofnkostnaður:			349 700
6 60	Tækjakaup, óskipt	20 000	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða [1]	294 200	
6 91	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	24 000	
6 92	Heilsugæsla í Garðabæ samkvæmt samningi	1 500	
6 96	Heimili mænuskaddaðra við Grensásdeild	10 000	
	Gjöld samtals		451 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 600	
52–58	Önnur gjöld	71 600	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	295 700	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	34 000	
5	Gjöld samtals	451 900	
4	Sértekjur	77 900	
	Mismunur		**374 000**
08–385 Framkvæmdasjóður aldraðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			137 000
1 01	Kostnaður samkvæmt 3.-5. tl. 12. gr. laga um málefni aldraðra	137 000	
Stofnkostnaður:			277 000
6 01	Stofnkostnaður og endurbætur	277 000	
	Gjöld samtals		414 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	414 000	
5	Gjöld samtals		**414 000**

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 4.

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–393 Lyfjamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 200
1 31	Lyfsölusjóður	900	
1 41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	3 700	
1 51	Evrópska lyfjaskráin	300	
1 61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	300	
1 71	Samheitaverðskrá lyfja	1 000	
	Gjöld samtals		6 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	700	
52–58	Önnur gjöld	4 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	6 200	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**5 300**
08–395 Lyfjaeftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 900
1 01	Lyfjaeftirlit ríkisins	10 900	
	Gjöld samtals		10 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 700	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals	10 900	
4	Sértekjur	12 800	
	Mismunur		**–1 900**
08–396 Lyfjanefnd			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 300
1 01	Lyfjanefnd	14 300	
	Gjöld samtals		14 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 200	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals	14 300	
4	Sértekjur	17 200	
	Mismunur		**–2 900**

08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			239 900
1 25	Neyslu- og manneldismál, manneldisráð	9 700	
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	103 100	
1 32	Minningarsjóður Landspítalans	9 000	
1 35	Hjartavernd, Monica-rannsóknir	3 600	
1 37	Hjartavernd	8 200	
1 40	Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	1 000	
1 42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	42 400	
1 50	Tannverndarsjóður	10 000	
1 53	Tóbaksvarnir	10 300	
1 60	Ljósmæðralaun	800	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	9 500	
1 72	Bláalónsnefnd	7 000	
1 90	Ýmis framlög	14 100	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 200	
	Gjöld samtals		239 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 800	
52–58	Önnur gjöld	42 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	190 400	
5	Gjöld samtals		**239 900**

08–400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			185 600
1 01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	185 600	
	Gjöld samtals		185 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	133 100	
52–58	Önnur gjöld	52 500	
5	Gjöld samtals	185 600	
4	Sértekjur	20 300	
	Mismunur		**165 300**

08–401 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 300
1 01	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	102 300	
	Gjöld samtals		102 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71 000	
52–58	Önnur gjöld	31 300	
5	Gjöld samtals	102 300	
4	Sértekjur	7 300	
	Mismunur		**95 000**

08–402 Sjúkrahús Hvammstanga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 300
1 01	Sjúkrahús Hvammstanga	87 300	
	Gjöld samtals		87 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 500	
52–58	Önnur gjöld	25 800	
5	Gjöld samtals	87 300	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**84 700**

08–403 Sjúkrahús Bolungarvíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 800
1 01	Sjúkrahús Bolungarvíkur	40 800	
	Gjöld samtals		40 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 300	
52–58	Önnur gjöld	11 500	
5	Gjöld samtals		**40 800**

08–404 Sjúkraskýlið Hólmavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 100
1 01	Sjúkraskýlið Hólmavík	24 100	
	Gjöld samtals		24 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 500	
52–58	Önnur gjöld	6 600	
5	Gjöld samtals	24 100	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**23 800**

08–405 Sjúkraskýlið Þingeyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 500
1 01	Sjúkraskýlið Þingeyri	10 500	
	Gjöld samtals		10 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 900	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals		**10 500**

08–406 Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 500
1 01	Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	9 500	
	Gjöld samtals		9 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 700	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals		**9 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–407 Sundabúð II, Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 400
1 01	Sundabúð II, Vopnafirði	26 400	
	Gjöld samtals		26 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 800	
52–58	Önnur gjöld	7 600	
5	Gjöld samtals	26 400	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**24 600**
08–408 Sunnuhlíð, Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			114 300
1 01	Sunnuhlíð, Kópavogi	114 300	
	Gjöld samtals		114 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	84 300	
52–58	Önnur gjöld	30 000	
5	Gjöld samtals	114 300	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**109 900**
08–409 Hjúkrunarheimilið Skjól			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			261 200
1 01	Hjúkrunarheimilið Skjól	261 200	
	Gjöld samtals		261 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	176 000	
52–58	Önnur gjöld	85 200	
5	Gjöld samtals	261 200	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**256 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–411 Garðvangur, Garði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			89 800
1 01	Garðvangur, Garði	89 800	
	Gjöld samtals		89 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	62 500	
52–58	Önnur gjöld	27 300	
5	Gjöld samtals		**89 800**
08–420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			208 900
1 01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	208 900	
	Gjöld samtals		208 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	122 200	
52–58	Önnur gjöld	86 700	
5	Gjöld samtals	208 900	
4	Sértekjur	7 600	
	Mismunur		**201 300**
08–421 Víðines			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 800
1 01	Víðines	73 800	
	Gjöld samtals		73 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 100	
52–58	Önnur gjöld	36 700	
5	Gjöld samtals	73 800	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**71 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–422 Hlaðgerðarkot			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 800
1 01	Hlaðgerðarkot	37 800	
	Gjöld samtals		37 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 700	
52–58	Önnur gjöld	18 100	
5	Gjöld samtals		**37 800**
08–430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			181 000
1 01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	181 000	
	Gjöld samtals		181 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 200	
52–58	Önnur gjöld	52 800	
5	Gjöld samtals	181 000	
4	Sértekjur	23 700	
	Mismunur		**157 300**
08–431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			226 900
1 01	Endurhæfingardeild	176 900	
1 10	Heilsuhælisdeild	50 000	
	Gjöld samtals		226 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	121 700	
52–58	Önnur gjöld	55 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	50 000	
5	Gjöld samtals		**226 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–490 Vistun geðsjúkra afbrotamanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 800
1 01	Vistun geðsjúkra afbrotamanna	39 800	
	Gjöld samtals		39 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 000	
52–58	Önnur gjöld	13 800	
5	Gjöld samtals		**39 800**
08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 300
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	88 300	
Viðhaldsverkefni:			31 200
5 01	Viðhald, óskipt	31 200	
Stofnkostnaður:			17 300
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
6 10	Heyrnarmælingaklefar	5 300	
6 90	Tölvuvæðing	6 000	
	Gjöld samtals		136 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 700	
52–58	Önnur gjöld	70 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	23 100	
5	Gjöld samtals		**136 800**
08–510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			281 400
1 01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	281 400	
	Gjöld samtals		281 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	208 500	
52–58	Önnur gjöld	72 900	
5	Gjöld samtals	281 400	
4	Sértekjur	17 500	
	Mismunur		**263 900**

08–511 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			203 100
1 10	Heilsugæslustöðin Árbæ	31 000	
1 20	Heilsugæslustöðin Mjódd	30 100	
1 30	Heilsugæslustöðin Fossvogi	22 100	
1 50	Heilsugæslustöðin Hlíðum	20 100	
1 60	Heilsugæslustöðin Miðbæ	33 300	
1 70	Heilsugæslustöðin Hraunbergi	32 900	
1 80	Heilsugæslustöðin Álftamýri	33 600	
Stofnkostnaður:			40 000
6 01	Tæki og búnaður	40 000	
	Gjöld samtals		243 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	153 000	
52–58	Önnur gjöld	90 100	
5	Gjöld samtals	243 100	
4	Sértekjur	66 700	
	Mismunur		**176 400**

08–521 Heilsugæslustöðin Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 700
1 01	Heilsugæslustöðin Akranesi	27 700	
	Gjöld samtals		27 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 600	
52–58	Önnur gjöld	8 100	
5	Gjöld samtals	27 700	
4	Sértekjur	8 300	
	Mismunur		**19 400**

08–522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 600
1 01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	28 600	
	Gjöld samtals		28 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 100	
52–58	Önnur gjöld	8 500	
5	Gjöld samtals	28 600	
4	Sértekjur	10 800	
	Mismunur		**17 800**

08–523 Heilsugæslustöðin Stykkishólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 500
1 01	Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	14 500	
	Gjöld samtals		14 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 400	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	14 500	
4	Sértekjur	3 800	
	Mismunur		**10 700**

08–524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 200
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	21 200	
	Gjöld samtals		21 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 500	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals	21 200	
4	Sértekjur	7 700	
	Mismunur		**13 500**

08–525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 500
1 01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	10 500	
	Gjöld samtals		10 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 100	
52–58	Önnur gjöld	3 400	
5	Gjöld samtals	10 500	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**8 300**

08–526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 500
1 01	Heilsugæslustöðin Búðardal	17 500	
	Gjöld samtals		17 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 600	
52–58	Önnur gjöld	5 900	
5	Gjöld samtals	17 500	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**12 500**

08–531 Heilsugæslustöðin Patreksfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 000
1 01	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	21 000	
	Gjöld samtals		21 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 500	
52–58	Önnur gjöld	8 500	
5	Gjöld samtals	21 000	
4	Sértekjur	5 400	
	Mismunur		**15 600**

08–532 Heilsugæslustöðin Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 500
1 01	Heilsugæslustöðin Ísafirði	40 500	
	Gjöld samtals		40 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 900	
52–58	Önnur gjöld	16 600	
5	Gjöld samtals	40 500	
4	Sértekjur	6 800	
	Mismunur		**33 700**

08–533 Heilsugæslustöðin Þingeyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 900
1 01	Heilsugæslustöðin Þingeyri	6 900	
	Gjöld samtals		6 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 500	
52–58	Önnur gjöld	2 400	
5	Gjöld samtals	6 900	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**5 500**

08–534 Heilsugæslustöðin Flateyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 900
1 01	Heilsugæslustöðin Flateyri	8 900	
	Gjöld samtals		8 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 900	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	8 900	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**6 900**

08–535 Heilsugæslustöðin Bolungarvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 700
1 01	Heilsugæslustöðin Bolungarvík	9 700	
	Gjöld samtals		9 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 700	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	9 700	
4	Sértekjur	2 900	
	Mismunur		**6 800**

08–536 Heilsugæslustöðin Hólmavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 900
1 01	Heilsugæslustöðin Hólmavík	9 900	
	Gjöld samtals		9 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 400	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals	9 900	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**7 900**

08–541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 400
1 01	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	12 400	
	Gjöld samtals		12 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 800	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	12 400	
4	Sértekjur	4 600	
	Mismunur		**7 800**

08–542 Heilsugæslustöðin Blönduósi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 600
1 01	Heilsugæslustöðin Blönduósi	20 600	
	Gjöld samtals		20 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 900	
52–58	Önnur gjöld	5 700	
5	Gjöld samtals	20 600	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**14 600**

08–543 Heilsugæslustöðin Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 500
1 01	Heilsugæslustöðin Sauðárkróki	25 500	
	Gjöld samtals		25 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 300	
52–58	Önnur gjöld	9 200	
5	Gjöld samtals	25 500	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**21 100**

08–544 Heilsugæslustöðin Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 800
1 01	Heilsugæslustöðin Siglufirði	11 800	
	Gjöld samtals		11 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 200	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	11 800	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**8 200**

08–551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 100
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	11 100	
	Gjöld samtals		11 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 400	
52–58	Önnur gjöld	3 700	
5	Gjöld samtals	11 100	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**7 900**

08–552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 900
1 01	Heilsugæslustöðin Dalvík	15 900	
	Gjöld samtals		15 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 900	
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals	15 900	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**9 900**

08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			130 400
1 01	Heilsugæslustöðin Akureyri	130 400	
	Gjöld samtals		130 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	75 400	
52–58	Önnur gjöld	55 000	
5	Gjöld samtals	130 400	
4	Sértekjur	35 300	
	Mismunur		**95 100**

08–554 Heilsugæslustöðin Húsavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 900
1 01	Heilsugæslustöðin Húsavík	26 900	
	Gjöld samtals		26 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 100	
52–58	Önnur gjöld	7 800	
5	Gjöld samtals	26 900	
4	Sértekjur	3 900	
	Mismunur		**23 000**

08–555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 500
1 01	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	8 500	
	Gjöld samtals		8 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 600	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals	8 500	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**7 300**

08–556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 000
1 01	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	9 000	
	Gjöld samtals		9 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 600	
52–58	Önnur gjöld	2 400	
5	Gjöld samtals	9 000	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**7 800**

08–557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 800
1 01	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	10 800	
	Gjöld samtals		10 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 800	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	10 800	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**9 600**

08–561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 900
1 01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	14 900	
	Gjöld samtals		14 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 900	
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals	14 900	
4	Sértekjur	3 100	
	Mismunur		**11 800**

08–562 Heilsugæslustöðin Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 600
1 01	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	33 600	
	Gjöld samtals		33 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 200	
52–58	Önnur gjöld	14 400	
5	Gjöld samtals	33 600	
4	Sértekjur	12 400	
	Mismunur		**21 200**

08–563 Heilsugæslustöðin Seyðisfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 000
1 01	Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	9 000	
	Gjöld samtals		9 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 500	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	9 000	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**7 900**

08–564 Heilsugæslustöðin Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 200
1 01	Heilsugæslustöðin Neskaupstað	12 200	
	Gjöld samtals		12 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	2 700	
5	Gjöld samtals	12 200	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**6 200**

08–565 Heilsugæslustöðin Eskifirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 400
1 01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	19 400	
	Gjöld samtals		19 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 400	
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals	19 400	
4	Sértekjur	6 300	
	Mismunur		**13 100**

08–566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 400
1 01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	11 400	
	Gjöld samtals		11 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 200	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals	11 400	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**8 800**

08–567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 700
1 01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	12 700	
	Gjöld samtals		12 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 800	
52–58	Önnur gjöld	3 900	
5	Gjöld samtals	12 700	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**10 900**

08–568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 800
1 01	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	20 800	
	Gjöld samtals		20 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 500	
52–58	Önnur gjöld	7 300	
5	Gjöld samtals	20 800	
4	Sértekjur	6 700	
	Mismunur		**14 100**

08–571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 100
1 01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	9 100	
	Gjöld samtals		9 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 200	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals	9 100	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**7 600**

08–572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 500
1 01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	8 500	
	Gjöld samtals		8 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 700	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals	8 500	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**6 900**

08–573 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 500
1 01	Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	26 500	
	Gjöld samtals		26 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 400	
52–58	Önnur gjöld	7 100	
5	Gjöld samtals	26 500	
4	Sértekjur	5 700	
	Mismunur		**20 800**

08–574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 500
1 01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	9 500	
	Gjöld samtals		9 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 500	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	9 500	
4	Sértekjur	2 900	
	Mismunur		**6 600**

08–575 Heilsugæslustöðin Hellu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 300
1 01	Heilsugæslustöðin Hellu	10 300	
	Gjöld samtals		10 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 700	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	10 300	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**6 200**

08–576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 800
1 01	Heilsugæslustöðin Laugarási	15 800	
	Gjöld samtals		15 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 700	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	15 800	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**10 700**

08–577 Heilsugæslustöðin Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 100
1 01	Heilsugæslustöðin Selfossi	31 100	
	Gjöld samtals		31 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 800	
52–58	Önnur gjöld	9 300	
5	Gjöld samtals	31 100	
4	Sértekjur	10 300	
	Mismunur		**20 800**

08–578 Heilsugæslustöðin Hveragerði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 400
1 01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	8 400	
	Gjöld samtals		8 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 400	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals	8 400	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**6 500**

08–579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 600
1 01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	9 600	
	Gjöld samtals		9 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 100	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	9 600	
4	Sértekjur	4 700	
	Mismunur		**4 900**

08–581 Heilsugæslustöðin Keflavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			92 800
1 01	Heilsugæslustöðin Keflavík	92 800	
	Gjöld samtals		92 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 600	
52–58	Önnur gjöld	41 200	
5	Gjöld samtals	92 800	
4	Sértekjur	19 600	
	Mismunur		**73 200**

08–582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			87 600
1 01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	87 600	
	Gjöld samtals		87 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 500	
52–58	Önnur gjöld	42 100	
5	Gjöld samtals	87 600	
4	Sértekjur	19 900	
	Mismunur		**67 700**

08–583 Heilsugæslustöðin Garðabæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 700
1 01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	26 700	
	Gjöld samtals		26 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 200	
52–58	Önnur gjöld	5 500	
5	Gjöld samtals	26 700	
4	Sértekjur	7 800	
	Mismunur		**18 900**

08–584 Heilsugæslustöðin Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 200
1 01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	59 200	
	Gjöld samtals		59 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 600	
52–58	Önnur gjöld	14 600	
5	Gjöld samtals	59 200	
4	Sértekjur	19 300	
	Mismunur		**39 900**

08–585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 200
1 01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	50 200	
	Gjöld samtals		50 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 200	
52–58	Önnur gjöld	12 000	
5	Gjöld samtals	50 200	
4	Sértekjur	13 400	
	Mismunur		**36 800**

08–586 Heilsugæslustöðin Reykjalundi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 700
1 01	Heilsugæslustöðin Reykjalundi	20 700	
	Gjöld samtals		20 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 600	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals	20 700	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**16 400**

08–601 Ljósmæðraskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 400
1 01	Ljósmæðraskóli Íslands	2 400	
	Gjöld samtals		2 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 100	
52–58	Önnur gjöld	300	
5	Gjöld samtals		**2 400**

08–603 Lyfjatæknaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 500
1 01	Lyfjatæknaskóli Íslands	9 500	
	Gjöld samtals		9 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 000	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals		**9 500**

08–621 Áfengisvarnir og bindindismál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 200
1 10	Áfengisvarnaráð	8 300	
1 90	Annað	25 900	
	Gjöld samtals		34 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 600	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	26 600	
5	Gjöld samtals		**34 200**

08–950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			499 300
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	499 300	
	Gjöld samtals		499 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	455 800	
52–58	Önnur gjöld	43 500	
5	Gjöld samtals		**499 300**

08–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
	Samtals		43 972 700

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			260 200
1 01	Yfirstjórn	260 200	
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		266 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	168 900	
52–58	Önnur gjöld	97 300	
5	Gjöld samtals	266 200	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**264 600**
09–103 Ríkisbókhald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			84 600
1 01	Ríkisbókhald	84 600	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		87 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	62 800	
52–58	Önnur gjöld	24 800	
5	Gjöld samtals		**87 600**
09–104 Ríkisfjárhirsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 100
1 01	Ríkisfjárhirsla	25 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			500
6 01	Tæki og búnaður	500	
	Gjöld samtals		25 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 600	
52–58	Önnur gjöld	11 000	
5	Gjöld samtals		**25 600**

09–105 Ríkislögmaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 300
1 01	Ríkislögmaður	17 300	
	Gjöld samtals		17 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 700	
52–58	Önnur gjöld	6 600	
5	Gjöld samtals	17 300	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**17 000**

09–201 Ríkisskattstjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			308 600
1 01	Yfirstjórn	190 800	
1 10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	117 800	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		318 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	148 400	
52–58	Önnur gjöld	170 200	
5	Gjöld samtals		**318 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–202 Skattstofan í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			140 600
1 01	Skattstofan í Reykjavík	140 600	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		145 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	112 800	
52–58	Önnur gjöld	32 800	
5	Gjöld samtals		**145 600**
09–203 Skattstofa Vesturlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 800
1 01	Skattstofa Vesturlands	23 800	
	Gjöld samtals		23 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 600	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	23 800	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**23 500**
09–204 Skattstofa Vestfjarða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 000
1 01	Skattstofa Vestfjarða	18 000	
	Gjöld samtals		18 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 700	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals	18 000	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**17 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–205 Skattstofa Norðurlands vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 900
1 01	Skattstofa Norðurlands vestra	17 900	
	Gjöld samtals		17 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 100	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals	17 900	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**17 700**
09–206 Skattstofa Norðurlands eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 600
1 01	Skattstofa Norðurlands eystra	43 600	
	Gjöld samtals		43 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 000	
52–58	Önnur gjöld	6 600	
5	Gjöld samtals	43 600	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**43 200**
09–207 Skattstofa Austurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 200
1 01	Skattstofa Austurlands	22 200	
	Gjöld samtals		22 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 000	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	22 200	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**22 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–208 Skattstofa Suðurlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 500
1 01	Skattstofa Suðurlands	27 500	
	Gjöld samtals		27 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 000	
52–58	Önnur gjöld	5 500	
5	Gjöld samtals	27 500	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**26 700**
09–209 Skattstofa Vestmannaeyja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 400
1 01	Skattstofa Vestmannaeyja	10 400	
	Gjöld samtals		10 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 500	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals	10 400	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**10 300**
09–211 Skattstofa Reykjaness			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			68 300
1 01	Skattstofa Reykjaness	68 300	
	Gjöld samtals		68 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 300	
52–58	Önnur gjöld	11 000	
5	Gjöld samtals	68 300	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**67 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–212	**Skattamál, ýmis útgjöld**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 600
1 01	Ýmis sameiginleg útgjöld	3 500	
1 10	Atvinnurekstrarframtöl o.fl.	19 100	
Stofnkostnaður:			18 000
6 01	Tæki og búnaður	18 000	
	Gjöld samtals		40 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 000	
52–58	Önnur gjöld	29 600	
5	Gjöld samtals		**40 600**
09–214	**Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 400
1 01	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	22 400	
	Gjöld samtals		22 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 600	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals		**22 400**
09–251	**Gjaldheimtur og innheimtukostnaður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			174 500
1 01	Gjaldheimtan í Reykjavík	119 200	
1 02	Gjaldheimta Suðurnesja	13 200	
1 10	Ýmis innheimtukostnaður	32 100	
1 20	Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	4 800	
1 30	Þungaskattsálagning með ökumælum	5 200	
	Gjöld samtals		174 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 600	
52–58	Önnur gjöld	165 900	
5	Gjöld samtals		**174 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–261 Ríkistollstjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			95 000
1 01	Ríkistollstjóri	95 000	
Stofnkostnaður:			7 000
6 01	Tæki og búnaður	7 000	
	Gjöld samtals		102 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 500	
52–58	Önnur gjöld	50 500	
5	Gjöld samtals	102 000	
4	Sértekjur	17 300	
	Mismunur		**84 700**
09–262 Tollstjórinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			253 100
1 01	Tollstjórinn í Reykjavík	148 500	
1 10	Tollgæsla	104 600	
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		256 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	180 200	
52–58	Önnur gjöld	76 400	
5	Gjöld samtals	256 600	
4	Sértekjur	12 300	
	Mismunur		**244 300**
09–381 Uppbætur á lífeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 200 000
1 01	Uppbætur á lífeyri	1 200 000	
	Gjöld samtals		1 200 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 200 000	
5	Gjöld samtals		**1 200 000**

09–402 Fasteignamat ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			104 900
1 01	Fasteignamat ríkisins	104 900	
Stofnkostnaður:			28 600
6 01	Tæki og búnaður	28 600	
	Gjöld samtals		133 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	65 600	
52–58	Önnur gjöld	67 900	
5	Gjöld samtals	133 500	
4	Sértekjur	87 300	
	Mismunur		**46 200**

09–481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			470 000
6 01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	470 000	
	Gjöld samtals		470 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	470 000	
5	Gjöld samtals		**470 000**

09–801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 900 000
1 10	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	9 900 000	
	Gjöld samtals		9 900 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	9 900 000	
5	Gjöld samtals		**9 900 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–901	**Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 200
1 01	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	38 200	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		39 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 200	
52–58	Önnur gjöld	16 000	
5	Gjöld samtals	39 200	
4	Sértekjur	43 200	
	Mismunur		**–4 000**
09–950	**Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 300
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	43 300	
	Gjöld samtals		43 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 100	
52–58	Önnur gjöld	8 200	
5	Gjöld samtals		**43 300**
09–971	**Ríkisábyrgðir og tjónabætur**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			600 000
6 01	Ríkisábyrgðir	550 000	
6 10	Tjónabætur	50 000	
	Gjöld samtals		600 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	50 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	550 000	
5	Gjöld samtals		**600 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**		
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			6 200
5 01	Arnarhvoll, viðhald	6 200	
Stofnkostnaður:			262 200
6 05	Stjórnarráðshúsnæði	25 000	
6 23	Hafnarstræti, Akureyri, innrétting skattstofu	36 400	
6 40	Tollhúsið við Tryggvagötu	20 000	
6 50	Sölvhólsgata 7	30 000	
6 60	Sölvhóll	20 800	
6 70	Dómhús	120 000	
6 80	Listaskóli, hönnun	10 000	
	Gjöld samtals		268 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	268 400	
5	Gjöld samtals		**268 400**
09–989	**Launa- og verðlagsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			517 400
1 01	Rekstur	417 400	
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar	100 000	
Stofnkostnaður:			50 000
6 01	Stofnkostnaður	50 000	
	Gjöld samtals		567 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	121 300	
52–58	Önnur gjöld	346 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100 000	
5	Gjöld samtals	567 400	
4	Sértekjur	100 000	
	Mismunur		**467 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–995 Skýrsluvélakostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			434 300
1 01	Launagreiðslukerfi	72 100	
1 02	Tekjubókhaldskerfi	165 800	
1 03	Skattavinnslukerfi	136 200	
1 04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	45 400	
1 05	Innheimtuskilakerfi	14 800	
Stofnkostnaður:			60 000
6 03	Hugbúnaðargerð	60 000	
	Gjöld samtals		494 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	494 300	
5	Gjöld samtals		**494 300**
09–998 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**
09–999 Ýmislegt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			430 000
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	72 800	
1 13	Kjarasamningar	22 300	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	9 900	
1 15	Kjararannsóknir	5 800	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	13 600	
1 18	Styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	55 000	
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	20 000	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	162 000	
1 45	Ýmsar nefndir	3 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 60	Dómkröfur	15 900	
1 70	Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka	25 000	
1 90	Óviss útgjöld	24 700	
Stofnkostnaður:			23 000
6 20	Ríkisbifreiðar, framlag	5 000	
6 30	Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	18 000	
	Gjöld samtals		453 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 400	
52–58	Önnur gjöld	160 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	262 000	
5	Gjöld samtals		**453 000**
	Samtals		15 598 400

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 100
1 01	Yfirstjórn	58 000	
1 10	Flugeftirlitsnefnd	1 100	
	Gjöld samtals		59 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 800	
52–58	Önnur gjöld	29 300	
5	Gjöld samtals		**59 100**
10–211 Vegagerð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			289 700
1 01	Yfirstjórn	289 700	
Viðhaldsverkefni:			2 117 800
5 10	Viðhald vega	2 117 800	
Stofnkostnaður:			3 158 600
6 10	Nýframkvæmdir	2 597 400	
6 30	Fjallvegir	63 500	
6 40	Tilraunir	29 400	
6 51	Sýsluvegir	192 300	
6 52	Þéttbýlisvegir	276 000	
	Gjöld samtals		5 566 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	172 600	
52–58	Önnur gjöld	4 925 200	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	468 300	
5	Gjöld samtals		**5 566 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–322 Flóabátar og vöruflutningar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			304 100
1 20	Stofn- og rekstrarstyrkir [1]	304 100	
	Gjöld samtals		304 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	304 100	
5	Gjöld samtals		**304 100**
10–331 Vita- og hafnamálaskrifstofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 000
1 01	Vita- og hafnamálaskrifstofan	76 000	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		79 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	52 000	
52–58	Önnur gjöld	27 000	
5	Gjöld samtals	79 000	
4	Sértekjur	42 200	
	Mismunur		**36 800**
10–332 Vitastofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			98 200
1 10	Rekstur vita	94 600	
1 20	Sjómerki	3 600	
Stofnkostnaður:			19 500
6 01	Tæki og búnaður	4 500	
6 30	Vitabyggingar	15 000	
	Gjöld samtals		117 700

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 5.

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 500	
52–58	Önnur gjöld	53 200	
5	Gjöld samtals	117 700	
4	Sértekjur	17 400	
	Mismunur		**100 300**

10–333 Hafnamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 000
1 10	Hafnarannsóknir og mælingar	31 000	
Stofnkostnaður:			969 000
6 10	Tæki og búnaður	4 000	
6 20	Ferjubryggjur	10 000	
6 30	Hafnamannvirki [1]	762 300	
6 32	Lendingarbætur	5 000	
6 39	Hafnamannvirki, Sandgerði	47 700	
6 40	Sjóvarnargarðar [2]	50 000	
6 70	Hafnabótasjóður, framlag	90 000	
	Gjöld samtals		1 000 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	35 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	90 000	
	5912 Til sveitarfélaga	875 000	
5	Gjöld samtals	1 000 000	
4	Sértekjur	125 000	
	Mismunur		**875 000**

10–341 Siglingamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			131 800
1 01	Siglingamálastofnun ríkisins	118 000	
1 02	Mengunarmælingar í sjó	8 900	
1 03	Sérstök verkefni	4 900	

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 6.

2) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 7.

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			25 100
6 01	Mengunarvarnabúnaður	10 800	
6 05	Tæki og búnaður	4 300	
6 10	Húsnæði	10 000	
	Gjöld samtals		156 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 100	
52–58	Önnur gjöld	83 800	
5	Gjöld samtals	156 900	
4	Sértekjur	32 900	
	Mismunur		**124 000**

10–342 Rannsóknanefnd sjóslysa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 800
1 01	Rannsóknanefnd sjóslysa	5 800	
	Gjöld samtals		5 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 100	
52–58	Önnur gjöld	2 700	
5	Gjöld samtals		**5 800**

10–471 Flugmálastjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			875 600
1 01	Yfirstjórn	67 300	
1 20	Loftferðaeftirlit	31 900	
1 30	Reykjavíkurflugvöllur	82 600	
1 40	Flugvalladeild	171 600	
1 50	Flugleiðsöguþjónusta	113 500	
1 60	Flugumferðarþjónusta	164 000	
1 70	Alþjóðaflugþjónusta	244 700	
Viðhaldsverkefni:			1 500
5 01	Viðhald húsnæðis o.fl.	1 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			367 000
6 70	Ný flugstjórnarmiðstöð á Reykjavíkurflugvelli	55 000	
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	312 000	
	Gjöld samtals		1 244 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	553 600	
52–58	Önnur gjöld	635 500	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	55 000	
5	Gjöld samtals	1 244 100	
4	Sértekjur	794 300	
	Mismunur		**449 800**

10–485 Ýmis framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 000
1 10	Flugbjörgunarsveitir	2 000	
1 20	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	17 000	
1 21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	3 000	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	1 300	
1 26	Ýmislegt	3 000	
1 30	Rannsóknanefnd flugslysa	2 000	
1 33	Slysavarnaskóli sjómanna	29 500	
1 35	Skipulagsnefnd fólksflutninga	3 300	
1 41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1 000	
1 42	Ýmis framlög til ferðamála	2 000	
1 50	GPS-staðsetningarkerfi	5 900	
	Gjöld samtals		70 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 800	
52–58	Önnur gjöld	7 400	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	53 800	
5	Gjöld samtals		**70 000**

10–651 Ferðamálaráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 600
1 01	Ferðamálaráð	14 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			70 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 10	Ferðamál samkvæmt 8. gr. laga nr. 79/1985	68 000	
	Gjöld samtals		84 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	7 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	68 000	
5	Gjöld samtals		**84 600**

10–950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 200
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	30 200	
	Gjöld samtals		30 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 800	
52–58	Önnur gjöld	3 400	
5	Gjöld samtals		**30 200**

10–998 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
	Samtals		7 707 800

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 300
1 01	Yfirstjórn	44 300	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		46 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 700	
52–58	Önnur gjöld	19 600	
5	Gjöld samtals		**46 300**
11-102 Einkaleyfastofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 500
1 01	Einkaleyfastofan	22 500	
Stofnkostnaður:			700
6 01	Tæki og búnaður	700	
	Gjöld samtals		23 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 000	
52–58	Önnur gjöld	11 200	
5	Gjöld samtals	23 200	
4	Sértekjur	24 200	
	Mismunur		**–1 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
11–201 Iðntæknistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			253 200
1 01	Iðntæknistofnun Íslands	242 200	
1 91	Samstarfsverkefni iðnaðar og sjávarútvegs	5 400	
1 93	Verkefni um nýsköpun í atvinnulífinu	5 600	
Stofnkostnaður:			9 000
6 01	Tæki og búnaður	9 000	
	Gjöld samtals		262 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	131 000	
52–58	Önnur gjöld	120 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	11 000	
5	Gjöld samtals	262 200	
4	Sértekjur	163 800	
	Mismunur		**98 400**
11–203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			114 800
1 01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	114 800	
Stofnkostnaður:			7 200
6 01	Tæki og búnaður	7 200	
	Gjöld samtals		122 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 200	
52–58	Önnur gjöld	39 800	
5	Gjöld samtals	122 000	
4	Sértekjur	70 500	
	Mismunur		**51 500**

11–240 Iðnaðarrannsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 600
1 01	Iðnaðarrannsóknir	18 600	
	Gjöld samtals		18 600
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	18 600	
5	Gjöld samtals		**18 600**

11–299 Iðja og iðnaður, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 100
1 14	Iðnþróun og tækninýjungar	9 700	
1 15	Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	13 800	
1 21	Byggingarþjónustan	1 100	
1 26	Iðnþróunarverkefni	2 400	
1 30	Evreka	9 300	
1 40	Smáiðnaður í dreifbýli	10 700	
1 50	Iðnþróun og markaðsmál	8 100	
	Gjöld samtals		55 100
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	21 900	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	22 800	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 400	
5	Gjöld samtals		**55 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–301	**Orkustofnun**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			367 700
1 01	Orkustofnun	329 700	
1 92	Átak í vatnsorkurannsóknum	18 900	
1 95	Umhverfisáhrif jarðhita	8 000	
1 96	Virkjun jarðhita til raforkuvinnslu	11 100	
Stofnkostnaður:			7 700
6 01	Tæki og búnaður	7 700	
	Gjöld samtals		375 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	191 500	
52–58	Önnur gjöld	183 900	
5	Gjöld samtals	375 400	
4	Sértekjur	146 800	
	Mismunur		**228 600**
11–302	**Rafmagnseftirlit ríkisins**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			82 500
1 01	Rafmagnseftirlit ríkisins	82 500	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		85 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	53 100	
52–58	Önnur gjöld	32 400	
5	Gjöld samtals	85 500	
4	Sértekjur	13 700	
	Mismunur		**71 800**
11–371	**Orkusjóður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 900
1 01	Rekstur Orkusjóðs	2 100	
1 23	Notendur utan samveitna	2 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			77 100
6 14	Lánagreiðslur, framlög	53 400	
6 15	Lán til jarðhitaleitar	5 000	
6 21	Styrking dreifikerfis í sveitum	18 700	
	Gjöld samtals		82 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	79 200	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 800	
5	Gjöld samtals		**82 000**

11–399 Ýmis orkumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			354 800
1 13	Setlagarannsóknir	4 000	
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	340 800	
1 17	Markaðs- og skipulagsmál	10 000	
	Gjöld samtals		354 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	354 800	
5	Gjöld samtals		**354 800**

11–950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 400
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	16 400	
	Gjöld samtals		16 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 300	
52–58	Önnur gjöld	2 100	
5	Gjöld samtals		**16 400**
	Samtals		1 030 500

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 500
1 01	Yfirstjórn	67 900	
1 03	Icepro-nefnd	2 600	
1 91	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir	2 000	
	Gjöld samtals		72 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 700	
52–58	Önnur gjöld	33 700	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 100	
5	Gjöld samtals	72 500	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**71 800**
12–201 Niðurgreiðslur á vöruverði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 745 000
1 01	Niðurgreiðslur á vöruverði	4 475 000	
1 10	Lífeyrissjóður bænda	270 000	
	Gjöld samtals		4 745 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 475 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	270 000	
5	Gjöld samtals		**4 745 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–301 Löggildingarstofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 000
1 01	Löggildingarstofan	40 000	
Stofnkostnaður:			6 400
6 01	Tæki og búnaður	6 400	
	Gjöld samtals		46 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 900	
52–58	Önnur gjöld	25 500	
5	Gjöld samtals	46 400	
4	Sértekjur	27 700	
	Mismunur		**18 700**
12–902 Verðlagsstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 100
1 01	Verðlagsstofnun	62 100	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		64 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 000	
52–58	Önnur gjöld	19 100	
	Gjöld samtals		**64 100**
12–903 Skráning hlutafélaga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 500
1 01	Skráning hlutafélaga	11 500	
	Gjöld samtals		11 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 400	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals		**11 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–950	**Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 400
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	3 400	
	Gjöld samtals		3 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 100	
52–58	Önnur gjöld	300	
5	Gjöld samtals		**3 400**
12–998	**Ráðstöfunarfé**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 01	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
	Samtals		4 917 500

13 Hagstofa Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			113 800
1 01	Yfirstjórn	104 700	
1 02	Sérstakar kannanir	4 800	
1 03	Manntal 1991	4 300	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		119 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	62 300	
52–58	Önnur gjöld	57 000	
5	Gjöld samtals	119 300	
4	Sértekjur	7 500	
	Mismunur		**111 800**
13–102 Þjóðskráin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 300
1 01	Þjóðskráin	62 300	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		65 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 600	
52–58	Önnur gjöld	43 700	
5	Gjöld samtals	65 300	
4	Sértekjur	36 500	
	Mismunur		**28 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–950	**Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 900
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	2 900	
	Gjöld samtals		2 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 500	
52–58	Önnur gjöld	400	
5	Gjöld samtals		**2 900**
	Samtals		143 500

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 700
1 01	Yfirstjórn	48 700	
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		52 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 700	
52–58	Önnur gjöld	23 500	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
5	Gjöld samtals		**52 200**
14–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 500
1 11	Undirbúningur að umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna	4 400	
1 12	Uppgræðsla og gróðurvernd	3 000	
1 14	Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	8 600	
1 20	Alþjóðlegar skuldbindingar vegna ósonmála	2 500	
1 21	Gerð leiðbeininga fyrir heilbrigðisnefndir	2 100	
1 22	Stefnumörkun í umhverfismálum	2 400	
1 23	Ýmis umhverfisverkefni	3 400	
1 24	Rannsóknir á loftmengun	1 100	
1 25	Umhverfismerkingar	500	
1 26	Stefnumörkun í frárennslismálum	1 100	
1 27	Útgáfu- og fræðslumál	3 500	
1 28	Átak í sorphirðumálum	4 900	
1 29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	3 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			15 000
6 90	Mengunarvarnabúnaður fyrir hafnir	15 000	
	Gjöld samtals		55 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	37 500	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	15 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**55 500**

14–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 700
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 700	
	Gjöld samtals		3 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 700	
5	Gjöld samtals		**3 700**

14–201 Náttúruverndarráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 000
1 01	Yfirstjórn	20 000	
1 10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	24 200	
1 20	Friðlýsingarsjóður	1 100	
1 40	Rannsóknastöð við Mývatn	4 700	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Viðhaldsfé	1 000	
Stofnkostnaður:			6 000
6 10	Ýmsar framkvæmdir	6 000	
	Gjöld samtals		57 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 300	
52–58	Önnur gjöld	31 700	
5	Gjöld samtals	57 000	
4	Sértekjur	18 500	
	Mismunur		**38 500**

14–210 Veiðistjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 400
1 01	Veiðistjóri	35 400	
	Gjöld samtals		35 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 300	
52–58	Önnur gjöld	7 100	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	22 000	
5	Gjöld samtals	35 400	
4	Sértekjur	3 500	
	Mismunur		**31 900**

14–301 Skipulagsstjóri ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			83 100
1 01	Skipulagsstjóri ríkisins	83 100	
	Gjöld samtals		83 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 700	
52–58	Önnur gjöld	38 400	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	25 000	
5	Gjöld samtals	83 100	
4	Sértekjur	80 500	
	Mismunur		**2 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–310 Landmælingar Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			125 300
1 01	Landmælingar Íslands	98 000	
1 10	Stafræn kortagerð	27 300	
	Gjöld samtals		125 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 700	
52–58	Önnur gjöld	83 600	
5	Gjöld samtals	125 300	
4	Sértekjur	44 900	
	Mismunur		**80 400**
14–401 Náttúrufræðistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 400
1 01	Náttúrufræðistofnun Íslands	31 400	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tæki og búnaður	1 100	
	Gjöld samtals		32 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 200	
52–58	Önnur gjöld	12 300	
5	Gjöld samtals	32 500	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**31 400**
14–410 Veðurstofa Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			252 400
1 01	Almenn starfsemi	191 700	
1 70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	60 700	
Stofnkostnaður:			9 000
6 01	Tæki og búnaður	9 000	
	Gjöld samtals		261 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	168 300	
52–58	Önnur gjöld	93 100	
5	Gjöld samtals	261 400	
4	Sértekjur	71 500	
	Mismunur		**189 900**

14–950 Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 400
1 90	Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað	10 400	
	Gjöld samtals		10 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 900	
52–58	Önnur gjöld	1 500	
5	Gjöld samtals		**10 400**
	Samtals		496 500

B–HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1992 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

22 Menntamálaráðuneyti

22-201	**Happdrætti Háskóla Íslands**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	34 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	220 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 026 000	
5,8	Gjöld samtals	1 280 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 650 000	
48	Fjármunatekjur	16 000	
4,7	Tekjur samtals	1 666 000	
	Mismunur		386 000
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	74 000	
32	Annað, greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	312 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	386 000	

		þús.kr.	þús.kr.
22-202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	32 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	7 100	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	99 500	
571	Fjármagnskostnaður	6 800	
51-57	Viðhald	11 400	
593	Afskriftir	500	
5,8	Gjöld samtals	157 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	152 000	
48	Fjármunatekjur	9 000	
4,7	Tekjur samtals	161 000	
	Mismunur		3 700
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, fært á höfuðstól	4 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	3 700	
22-211	**Háskólabíó**		
51	Laun	35 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	42 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	87 400	
571	Fjármagnskostnaður	38 600	
51-57	Viðhald	18 000	
593	Afskriftir	29 800	
5,8	Gjöld samtals	250 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	215 000	
48	Fjármunatekjur	10 000	
49	Aðrar tekjur	26 000	
4,7	Tekjur samtals	251 000	
	Mismunur		200
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	3 600	
26	Afborgun lána	26 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	29 800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	200	

		þús.kr.	þús.kr.
22-233	**Rannsóknasjóður**		
59	Yfirfærslur	110 000	
5,8	Gjöld samtals	110 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	110 000	
4,7	Tekjur samtals	110 000	
22-235	**Vísindasjóður**		
59	Yfirfærslur	125 000	
5,8	Gjöld samtals	125 000	
48	Fjármunatekjur	2 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	20 000	
49	Aðrar tekjur	103 000	
4,7	Tekjur samtals	125 000	
22-276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna**		
571	Fjármagnskostnaður	3 500	
59	Yfirfærslur	25 000	
5,8	Gjöld samtals	28 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	74 000	
4,7	Tekjur samtals	74 000	
	Mismunur		45 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	37 500	
26	Afborgun lána	8 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	45 500	
22-679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	1 800	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	5 000	
593	Afskriftir	600	
5,8	Gjöld samtals	7 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 000	
4,7	Tekjur samtals	9 000	
	Mismunur		1 600

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 000	
32	Annað, fært á höfuðstól	1 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 600	
22-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	42 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	35 000	
571	Fjármagnskostnaður	825 000	
59	Yfirfærslur	77 000	
5,8	Gjöld samtals	979 000	
48	Fjármunatekjur	266 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	2 220 000	
4,7	Tekjur samtals	2 486 000	
	Mismunur		1 507 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	3 330 000	
18	Fjárfestingar	15 000	
26	Afborgun lána	1 452 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	475 000	
26	Tekin lán	2 815 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 507 000	
22-970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	17 000	
593	Afskriftir	97 000	
5,8	Gjöld samtals	114 000	
49	Aðrar tekjur	212 000	
4,7	Tekjur samtals	212 000	
	Mismunur		98 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	113 000	
26	Afborgun lána	82 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	97 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	98 000	
22-971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	376 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	390 000	
571	Fjármagnskostnaður	16 000	
593	Afskriftir	14 000	
59	Yfirfærslur	80 000	
5,8	Gjöld samtals	876 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	800 000	
48	Fjármunatekjur	32 000	
4,7	Tekjur samtals	832 000	
	Mismunur		−44 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	14 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−44 000	
32	Annað, millifært frá sjónvarpi	30 000	
22-972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	474 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	730 000	
571	Fjármagnskostnaður	31 000	
593	Afskriftir	38 000	
59	Yfirfærslur	132 000	
5,8	Gjöld samtals	1 405 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 320 000	
48	Fjármunatekjur	65 000	
49	Aðrar tekjur	12 000	
4,7	Tekjur samtals	1 397 000	
	Mismunur		−8 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, millifært til hljóðvarps	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	38 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−8 000	
22-973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	250 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	105 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	30 000	
571	Fjármagnskostnaður	5 500	
51-57	Viðhald	4 500	
593	Afskriftir	12 000	
5,8	Gjöld samtals	407 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	134 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	254 000	
49	Aðrar tekjur	7 000	
4,7	Tekjur samtals	395 500	
	Mismunur		−12 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	12 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−12 000	
22-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	132 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	57 000	
51-57	Viðhald	3 000	
5,8	Gjöld samtals	192 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	23 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	99 000	
49	Aðrar tekjur	71 500	
4,7	Tekjur samtals	194 000	
	Mismunur		2 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 000	

22-976	**Menningarsjóður**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	7 500	
52-57	Önnur rekstrargjöld	5 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 000	
571	Fjármagnskostnaður	4 000	
51-57	Viðhald	2 200	
593	Afskriftir	300	
59	Yfirfærslur	2 000	
5,8	Gjöld samtals	22 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	23 300	
48	Fjármunatekjur	200	
4910	Framlög úr ríkissjóði	6 000	
4,7	Tekjur samtals	29 500	
	Mismunur		7 500
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	7 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 500	

23 Utanríkisráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
23-101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	157 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	136 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 081 000	
593	Afskriftir	18 000	
5,8	Gjöld samtals	1 392 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 840 000	
48	Fjármunatekjur	11 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 852 000	
	Mismunur		460 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	18 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	460 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	18 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	460 000	
23-111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	137 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	57 000	
51-57	Viðhald	4 500	
593	Afskriftir	2 300	
59	Yfirfærslur	24 400	
5,8	Gjöld samtals	225 200	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	247 900	
48	Fjármunatekjur	400	
49	Aðrar tekjur	13 600	
4,7	Tekjur samtals	261 900	
	Mismunur		36 700

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	4 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	35 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	36 700	
23-114	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	130 000	
571	Fjármagnskostnaður	230 000	
51-57	Viðhald	44 500	
593	Afskriftir	114 000	
5,8	Gjöld samtals	518 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	293 000	
49	Aðrar tekjur	111 500	
4,7	Tekjur samtals	404 500	
	Mismunur		−114 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	114 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−114 000	
23-118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	241 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	410 000	
571	Fjármagnskostnaður	16 500	
593	Afskriftir	15 000	
5,8	Gjöld samtals	682 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	670 000	
48	Fjármunatekjur	2 200	
4,7	Tekjur samtals	672 200	
	Mismunur		−10 300
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	4 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−10 300	

23-121	**Sala varnarliðseigna**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	19 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	13 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	62 000	
51-57	Viðhald	1 600	
593	Afskriftir	3 400	
5,8	Gjöld samtals	99 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	113 000	
48	Fjármunatekjur	7 600	
49	Aðrar tekjur	3 000	
4,7	Tekjur samtals	123 600	
	Mismunur		24 600
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	28 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	24 600	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
24-171	**Jarðeignir ríkisins**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	30 000	
4,7	Tekjur samtals	30 000	
	Mismunur		30 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	30 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	30 000	
24-172	**Jarðasjóður**		
4910	Framlög úr ríkissjóði	100 000	
4,7	Tekjur samtals	100 000	
	Mismunur		100 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	96 000	
26	Afborgun lána	4 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	100 000	

		þús.kr.	þús.kr.
24-221	**Áburðarverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	286 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	312 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	339 000	
571	Fjármagnskostnaður	65 600	
51-57	Viðhald	53 000	
593	Afskriftir	222 600	
5,8	Gjöld samtals	1 278 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 230 000	
48	Fjármunatekjur	29 500	
4,7	Tekjur samtals	1 259 500	
	Mismunur		−19 300
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	60 000	
26	Afborgun lána	143 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	222 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−19 300	
24-245	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	11 700	
52-57	Önnur rekstrargjöld	7 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	3 100	
571	Fjármagnskostnaður	2 700	
51-57	Viðhald	3 500	
593	Afskriftir	6 300	
59	Yfirfærslur	16 100	
5,8	Gjöld samtals	51 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	18 600	
48	Fjármunatekjur	200	
4910	Framlög úr ríkissjóði	34 000	
4,7	Tekjur samtals	52 800	
	Mismunur		1 500

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	3 600	
26	Afborgun lána	4 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 500	
24-272	**Einangrunarstöð í Hrísey**		
51	Laun	7 700	
52-57	Önnur rekstrargjöld	6 200	
51-57	Viðhald	1 100	
5,8	Gjöld samtals	15 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 900	
4910	Framlög úr ríkissjóði	7 100	
4,7	Tekjur samtals	15 000	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
25-222	**Síldarverksmiðjur ríkisins**		
51	Laun	125 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	425 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	790 000	
571	Fjármagnskostnaður	142 000	
51-57	Viðhald	40 000	
593	Afskriftir	161 000	
5,8	Gjöld samtals	1 683 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 516 000	
48	Fjármunatekjur	6 000	
4,7	Tekjur samtals	1 522 000	
	Mismunur		−161 000
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	−161 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	161 000	
25-272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	1 200	
52-57	Önnur rekstrargjöld	5 000	
51-57	Viðhald	8 600	
5,8	Gjöld samtals	14 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	24 800	
4910	Framlög úr ríkissjóði	25 000	
49	Aðrar tekjur	25 000	
4,7	Tekjur samtals	74 800	
	Mismunur		60 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	60 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	60 000	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
26-101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	4 500	
52-57	Önnur rekstrargjöld	28 500	
5,8	Gjöld samtals	33 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	33 000	
4,7	Tekjur samtals	33 000	
26-731	**Kristnisjóður**		
51	Laun	2 100	
52-57	Önnur rekstrargjöld	3 600	
59	Yfirfærslur	17 600	
5,8	Gjöld samtals	23 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 800	
48	Fjármunatekjur	1 400	
4910	Framlög úr ríkissjóði	18 100	
4,7	Tekjur samtals	23 300	
26-732	**Kirkjubyggingasjóður**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	400	
5,8	Gjöld samtals	400	
48	Fjármunatekjur	6 400	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 000	
4,7	Tekjur samtals	7 400	
	Mismunur		7 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	8 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 000	

		þús.kr.	þús.kr.
26-733	**Kirkjugarðasjóður**		
51	Laun	200	
52-57	Önnur rekstrargjöld	3 000	
593	Afskriftir	200	
59	Yfirfærslur	28 000	
5,8	Gjöld samtals	31 400	
48	Fjármunatekjur	7 000	
49	Aðrar tekjur	25 500	
4,7	Tekjur samtals	32 500	
	Mismunur		1 100
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	700	
19	Afskriftir	200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 100	

27 Félagsmálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
27-271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	120 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	70 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 460 000	
5,8	Gjöld samtals	3 650 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	100 000	
48	Fjármunatekjur	3 310 000	
49	Aðrar tekjur	40 000	
4,7	Tekjur samtals	3 450 000	
	Mismunur		−200 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	820 000	
18	Fjárfestingar	15 000	
26	Afborgun lána	4 140 000	
32	Annað, útstreymi af sparimerkjareikningum	220 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 610 000	
26	Tekin lán	2 785 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−200 000	
27-272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	215 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 190 000	
5,8	Gjöld samtals	1 405 000	
48	Fjármunatekjur	330 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 075 000	
49	Aðrar tekjur	645 000	
4,7	Tekjur samtals	2 050 000	
	Mismunur		645 000

		þús.kr.	þús.kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	6 360 000	
26	Afborgun lána	825 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	900 000	
26	Tekin lán	5 640 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	645 000	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
28-273	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	71 000	
59	Yfirfærslur	1 624 000	
5,8	Gjöld samtals	1 695 000	
48	Fjármunatekjur	221 600	
4910	Framlög úr ríkissjóði	1 280 000	
49	Aðrar tekjur	1 400	
4,7	Tekjur samtals	1 503 000	
	Mismunur		−192 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	192 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−192 000	
28-311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	73 800	
52-57	Önnur rekstrargjöld	67 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	103 000	
593	Afskriftir	7 100	
5,8	Gjöld samtals	250 900	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	243 800	
4,7	Tekjur samtals	243 800	
	Mismunur		−7 100
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−7 100	

		þús.kr.	þús.kr.
28-378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Yfirfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlög úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	

29 Fjármálaráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
29-101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	313 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	546 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 383 800	
571	Fjármagnskostnaður	1 600	
51-57	Viðhald	88 000	
593	Afskriftir	88 000	
5,8	Gjöld samtals	3 420 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	10 197 000	
48	Fjármunatekjur	11 000	
49	Aðrar tekjur	100	
4,7	Tekjur samtals	10 208 100	
	Mismunur		6 787 700
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	70 000	
26	Afborgun lána	5 700	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	6 800 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	88 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 787 700	

		þús.kr.	þús.kr.
29-102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	105 600	
52-57	Önnur rekstrargjöld	50 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	736 500	
571	Fjármagnskostnaður	18 100	
51-57	Viðhald	41 800	
593	Afskriftir	9 600	
5,8	Gjöld samtals	962 200	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 052 100	
48	Fjármunatekjur	26 300	
4,7	Tekjur samtals	1 078 400	
	Mismunur		116 200
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	63 900	
26	Afborgun lána, greiðsla á skuldum við ríkissjóð	61 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	9 600	
39	Ráðstöfun eigin fjár	116 200	
29-103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	47 200	
52-57	Önnur rekstrargjöld	26 300	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 560 100	
571	Fjármagnskostnaður	2 200	
51-57	Viðhald	1 800	
593	Afskriftir	1 700	
5,8	Gjöld samtals	1 639 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 626 800	
48	Fjármunatekjur	5 200	
49	Aðrar tekjur	7 300	
4,7	Tekjur samtals	1 639 300	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 700	

		þús.kr.	þús.kr.
29-931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	42 200	
52-57	Önnur rekstrargjöld	27 500	
51-57	Viðhald	26 600	
593	Afskriftir	6 500	
5,8	Gjöld samtals	102 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	102 800	
4,7	Tekjur samtals	102 800	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 500	
29-971	**Lánasýsla ríkisins**		
51	Laun	22 500	
52-57	Önnur rekstrargjöld	54 200	
571	Fjármagnskostnaður	11 000	
5,8	Gjöld samtals	87 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 200	
48	Fjármunatekjur	82 000	
4910	Framlög úr ríkissjóði	550 000	
49	Aðrar tekjur	42 500	
4,7	Tekjur samtals	678 700	
	Mismunur		591 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	600 000	
32	Annað	150 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	159 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	591 000	

29-981	**Fasteignir ríkissjóðs**	þús.kr.	þús.kr.
51	Laun	11 300	
52-57	Önnur rekstrargjöld	63 400	
51-57	Viðhald	129 800	
5,8	Gjöld samtals	204 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	204 500	
4,7	Tekjur samtals	204 500	

30 Samgönguráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
30-101	**Póst- og símamálastofnunin**		
51	Laun	3 465 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	2 200 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	215 000	
571	Fjármagnskostnaður	30 000	
51-57	Viðhald	195 000	
593	Afskriftir	1 450 000	
5,8	Gjöld samtals	7 555 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 810 000	
48	Fjármunatekjur	50 000	
49	Aðrar tekjur	130 000	
4,7	Tekjur samtals	7 990 000	
	Mismunur		435 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 380 000	
26	Afborgun lána	30 000	
32	Annað, framlag til Intelsat	25 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	940 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 450 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	435 000	
32	Annað, greiðsluafgangur frá fyrra ári	490 000	

		þús.kr.	þús.kr.
30-211	**Vegagerð ríkisins, áhaldahús**		
51	Laun	677 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	897 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	426 000	
571	Fjármagnskostnaður	3 000	
51-57	Viðhald	597 000	
593	Afskriftir	98 000	
5,8	Gjöld samtals	2 698 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 852 000	
4,7	Tekjur samtals	2 852 000	
	Mismunur		154 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	240 000	
26	Afborgun lána	12 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	98 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	154 000	
30-321	**Skipaútgerð ríkisins**		
51	Laun	77 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	82 000	
571	Fjármagnskostnaður	4 000	
51-57	Viðhald	10 000	
593	Afskriftir	30 000	
59	Yfirfærslur	65 000	
5,8	Gjöld samtals	268 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	90 000	
4,7	Tekjur samtals	90 000	
	Mismunur		−178 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	52 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	200 000	
19	Afskriftir	30 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−178 000	

		þús.kr.	þús.kr.
30-331	**Vita- og hafnamálaskrifstofa, þjónustumiðstöð**		
51	Laun	12 800	
52-57	Önnur rekstrargjöld	12 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	4 900	
51-57	Viðhald	6 100	
593	Afskriftir	2 400	
5,8	Gjöld samtals	38 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	39 100	
4,7	Tekjur samtals	39 100	
	Mismunur		300
Fjármunahreyfingar út:			
	Fært á höfuðstól	2 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	300	
30-333	**Hafnabótasjóður**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	1 600	
571	Fjármagnskostnaður	30 000	
59	Yfirfærslur	70 000	
5,8	Gjöld samtals	101 600	
48	Fjármunatekjur	41 600	
4910	Framlög úr ríkissjóði	90 000	
49	Aðrar tekjur	125 000	
4,7	Tekjur samtals	256 600	
	Mismunur		155 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	39 000	
26	Afborgun lána	65 000	
32	Annað, greitt til hafnaframkvæmda	125 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	74 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	155 000	

30-471	**Alþjóðaflugþjónustan**	þús.kr.	þús.kr.
52-57	Önnur rekstrargjöld	518 200	
571	Fjármagnskostnaður	37 500	
593	Afskriftir	17 500	
5,8	Gjöld samtals	573 200	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	518 200	
48	Fjármunatekjur	12 100	
4910	Framlög úr ríkissjóði	55 000	
4,7	Tekjur samtals	585 300	
	Mismunur		12 100
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	486 000	
26	Afborgun lána	23 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	17 500	
26	Tekin lán	480 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	12 100	

31 Iðnaðarráðuneyti

		þús.kr.	þús.kr.
31-231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	268 500	
52-57	Önnur rekstrargjöld	210 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	95 400	
571	Fjármagnskostnaður	44 800	
51-57	Viðhald	45 000	
593	Afskriftir	71 800	
5,8	Gjöld samtals	736 200	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	700 000	
49	Aðrar tekjur	8 700	
4,7	Tekjur samtals	708 700	
	Mismunur		−27 500
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 200	
18	Fjárfestingar	20 000	
26	Afborgun lána	53 300	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 200	
19	Afskriftir	71 800	
26	Tekin lán	29 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−27 500	

		þús.kr.	þús.kr.
31-321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	430 000	
52-57	Önnur rekstrargjöld	590 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 850 000	
571	Fjármagnskostnaður	50 000	
593	Afskriftir	850 000	
5,8	Gjöld samtals	3 770 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 220 000	
48	Fjármunatekjur	50 000	
49	Aðrar tekjur	20 000	
4,7	Tekjur samtals	3 290 000	
	Mismunur		−480 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	420 000	
26	Afborgun lána	40 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	90 000	
19	Afskriftir	850 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−480 000	
31-371	**Orkusjóður**		
52-57	Önnur rekstrargjöld	2 100	
571	Fjármagnskostnaður	13 200	
5,8	Gjöld samtals	15 300	
48	Fjármunatekjur	7 300	
4910	Framlög úr ríkissjóði	79 200	
4,7	Tekjur samtals	86 500	
	Mismunur		71 200
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	95 000	
16	Veitt lán, jarðhitaleit	5 000	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	18 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	47 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	71 200	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1992 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1992 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Póst- og símamálastofnunin innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld (fastagjöld) síma árið 1992 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1992 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda

3.1 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum og tryggingarbréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

3.2 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að verða gefin vegna fiskiskipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán til kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

Ráðstöfun eigna

4.1 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.

4.2 Að selja húseignina Hafnargötu 11, Seyðisfirði.

4.3 Að selja íbúðir í eigu ríkissjóðs við Grænás á Keflavíkurflugvelli.

4.4 Að selja fasteignir í eigu Skógræktar ríkisins vegna flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað.

4.5 Að selja jörðina Straum í Hafnarfjarðarkaupstað í eigu Skógræktar ríkisins.

4.6 Að selja jörðina Hnjúkahlíð, Blönduósi.

4.7 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem nauðsynlegt verður vegna breytinga á starfsemi stofnunarinnar og skipulagi tilraunastarfseminnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.

4.8 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.

4.9 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Súðarvogi 2, Reykjavík.
4.10 Að selja svonefnt Hekluhús á Akureyri.
4.11 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Víkurbraut 42, Grindavík.
4.12 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Gránugötu 18, Siglufirði.
4.13 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík
4.14 Að selja núverandi prestsbústað á Skagaströnd og verja andvirði hans til þess að kaupa annan hentugri í staðinn.
4.15 Að selja prestsbústað í Þykkvabæ.
4.16 Að selja fyrrverandi prestssetur að Staðarfelli, Köldukinn.
4.17 Að selja núverandi sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði í Berlín.
4.18 Að selja núverandi sendiherrabústað í Stokkhólmi og kaupa annan í staðinn.
4.19 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Suðurgötu 7, Sauðárkróki.
4.20 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Gutenberg hf.
4.21 Að selja fasteignina Valhöll við Hringbraut í Reykjavík og láta andvirðið renna til byggingar nýs barnaheimilis á vegum Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands.
4.22 Að selja eignarhluta ríkisins í skólahúsi á Hjalteyri í Arnarneshreppi.
4.23 Að afhenda Laugardalshreppi til eignar húseignina Lindina, gamlan hússtjórnarskóla á Laugarvatni.
4.24 Að selja eignir Skipaútgerðar ríkisins og verja andvirði þeirra til að greiða kostnað við rekstur útgerðarinnar á meðan hann varir og kostnað við að leggja fyrirtækið niður.
4.25 Að selja húseignina Njörvasund 2, Reykjavík.
4.26 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Suðurgötu 8, Hafnarfirði.
4.27 Að selja húsnæði Sölu varnarliðseigna að Grensásvegi og verja andvirðinu til kaupa á húsnæði fyrir aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sbr. ákvæði 5.3.
4.28 Að selja húseignina Gagnheiði 20, Selfossi.
4.29 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í verkstæðishúsi við Skeið á Ísafirði.
4.30 Að selja fasteign að Lindargötu 46-48 í Reykjavík og verja andvirði hennar til kaupa á annarri eign til reksturs vínbúðar.
4.31 Að selja 2. hæð húseignarinnar Austurstræti 10a, Reykjavík.
4.32 Að selja húseignina Árholt 5, Ísafirði.
4.33 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík.
4.34 Að selja fasteignina Smyrlahraun 28, Hafnarfirði.
4.35 Að selja fasteignina Norðurvang 32, Hafnarfirði.
4.36 Að selja fasteignina Leynisbraut 10, Grindavík.
4.37 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Staðarhrauni 10, Grindavík.
4.38 Að selja fasteignina Unubakka 42–44, Þorlákshöfn.
4.39 Að selja fasteignina Víkurbraut 21A, Vík í Mýrdal.
4.40 Að selja fasteignina Kirkjuveg 22, Vestmannaeyjum.
4.41 Að selja fasteignina Svarfaðarbraut 20, Dalvík.
4.42 Að selja fasteignina Aðalgötu 20, Sauðárkróki.
4.43 Að selja fasteignina Aðalstræti 55, Patreksfirði.
4.44 Að selja fasteignina Vesturberg 11, Reykjavík.
4.45 Að selja fasteignina Sæberg 15, Breiðdalsvík.
4.46 Að selja fasteignina Miðvang 5, Hafnarfirði.

4.47 Að selja fasteignina Furugrund 44, Kópavogi.
4.48 Að selja jörðina Framnes, Reyðarfirði.
4.49 Að selja jörðina Sómastaðagerði, Reyðarfirði.
4.50 Að selja jörðina Sómastaði, Reyðarfirði.
4.51 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Iðavöllum 1, Keflavík.
4.52 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Seljalandsvegi 68, Ísafirði, og ganga til samninga við Ísafjarðarkaupstað um byggingu eða kaup á læknisbústað gegn því skilyrði að allt söluverðið verði látið ganga upp í kostnað við læknisbústað, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
4.53 Að selja þann hluta húseignarinnar að Aðalstræti 51, Patreksfirði, sem er í eigu Sjúkrahúss Patreksfjarðar og verja andvirði söluverðs til þess að kaupa þann hluta húseignarinnar að Mýrum 11 sem Sjúkrahúsið á ekki nú þegar.
4.54 Að selja fasteign Póst- og símamálastofnunarinnar að Arnarbakka 2, Reykjavík.
4.55 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
4.56 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf.
4.57 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Jarðborunum hf.
4.58 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Ferðaskrifstofu Íslands hf.
4.59 Að selja húseignina Gunnlaugsgötu 6a, Borgarnesi.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

5.1 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.2 Að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
5.3 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
5.4 Að kaupa húseignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
5.5 Að semja um aðild að byggingu eða kaup á skrifstofuhúsnæði á Akranesi til nota fyrir ýmsar stofnanir ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.6 Að kaupa húsnæði fyrir héraðsdómstóla og taka til þess nauðsynleg lán, að höfðu samráði við fjárlaganefnd.
5.7 Að kaupa húseignina Þjóðbraut 11 til nota fyrir lögreglu á Akranesi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.8 Að kaupa eignarhluta bæjarsjóðs Ísafjarðar í húseigninni Pólgötu 8, Ísafirði.
5.9 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
5.10 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Vopnafirði og umboðsskrifstofu sýslumanns þar og taka til þess nauðsynleg lán.
5.11 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Þórshöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.12 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.13 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu 19 og Eiríksgötu 27 til nota fyrir Ríkisspítala.
5.14 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir heilsugæslulækni á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.

5.15 Að kaupa eða taka á leigu húsnæði ásamt nauðsynlegum innréttingum fyrir ósakhæfa, geðsjúka afbrotamenn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.16 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
5.17 Að kaupa hlut Kaupfélags Austur-Skaftfellinga í þjónustumiðstöðinni við þjóðgarðinn í Skaftafelli og taka til þess nauðsynleg lán.
5.18 Að kaupa húseignina Gagnheiði 25 á Selfossi til nota fyrir Skógrækt ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.19 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Háskólann á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
5.20 Að kaupa eða leigja húsnæði og tæki til bóluefnaframleiðslu o.fl. fyrir Tilraunastöð Háskólans að Keldum.
5.21 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir iðngreinakennslu í Reykjavík.
5.22 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
5.23 1Að endurnýja lóðarleigusamning vegna núverandi sendiherrabústaðar í London eða festa kaup á nýju húsnæði og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.
5.24 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð á Akureyri og taka til þess nauðsynleg lán.
5.25 Að kaupa eða leigja fasteignina Rauðarárstíg 31, fyrir skrifstofur Ríkisspítala, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.26 Að kaupa húseignina Húsið á Eyrarbakka í samvinnu við Eyrarbakkahrepp og taka til þess nauðsynleg lán.
5.27 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir sóknarprest í Stykkishólmi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.28 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Reyðarfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.29 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.30 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni á Fáskrúðsfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.31 Að kaupa húsnæði fyrir héraðslækni á Þórshöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.32 Að kaupa flugskýli Flugfélags Austurlands hf. á Egilsstaðaflugvelli og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

6.1 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins, allt að 250 eintökum af hverju blaði.
6.2 Að greiða bætur til þeirra sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjöf hér á landi fyrir 1986. Bætur ákveðast af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
6.3 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sérbúnum bifreiðum fyrir fatlaða.
6.4 Af fella niður aðflutningsgjöld af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.
6.5 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunar. Fjármálaráðuneyti setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

6.6 Að fella niður allt að einni milljón króna afvanskilaskuldum Bakkafjarðarhafnar og Norðurfjarðarhafnar, að lokinni frekari athugun á fjármálum þessara hafna.

6.7 Að yfirtaka hluta af skuldum Hitaveitu Eyra enda verði það liður í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins og/eða sameiningu þess við aðrar veitustofnanir, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.

6.8 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum og stimpilgjald vegna lántöku Flugleiða hf. til byggingar flugskýlis á Keflavíkurflugvelli.

6.9 Að leita samninga um kaup á steinbrjót til að mylja nýrnasteina og gallsteina til nota á Ríkisspítölum og taka til þess nauðsynleg lán, að fengnu samþykki fjárlaganefndar.

6.10 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1992, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar.

6.11 Að draga úr starfsemi ríkisstofnana í samráði við hlutaðeigandi ráðherra og fjárlaganefnd með því að staðfesta ekki ráðningarsamninga vegna nýráðninga eða endurráðninga nema um sé að ræða samninga við ríkisstarfsmenn sem þá láta af fyrra starfi hjá ríkinu. Því aðeins er fagráðherra og fjármálaráðherra heimilt að víkja frá þessu í undantekningartilvikum að fyrir liggi umsögn ráðningarnefndar ríkisins. Nefndin skal reglulega gera ríkisstjórn grein fyrir framgangi ráðningarstöðvunar.

6.12 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknatækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða eru keypt fyrir styrki.

6.13 Að semja um ráðstöfun eigna og skulda Menningarsjóðs.

6.14 Að semja við Reykjavíkurborg og aðra aðila um lausn á fjárhagsvanda Tónlistarfélags Reykjavíkur að höfðu samráði við menntamálaráðherra og að fengnu samþykki fjárlaganefndar.

6.15 Að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæslu Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.

6.16 Að semja við Hafnarfjarðarbæ um húsbyggingu í miðbæ Hafnarfjarðar fyrir Héraðsdómstól Reykjaness og Sýslumannsembættið í Hafnarfirði.

6.17 Að ákvarða og greiða, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, bætur vegna skerðingar veiði á árunum 1984–1987, að báðum meðtöldum, til eigenda jarðanna Bóndhóls, Holts og Brennistaða og Ölvaldsstaða í Mýrasýslu.

6.18 Að ljúka samningum við Ölfushrepp um hlutdeild sveitarfélagsins eða hafnarsjóðs Þorlákshafnar í framkvæmdakostnaði við ferjuaðstöðu þar í höfninni og til að semja um eða ljúka uppgjöri vegna framkvæmdanna.

6.19 Að semja um yfirtöku skulda Sjálfsbjargar í Reykjavík í samræmi við úttekt gerða á vegum félagsmálaráðuneytis og að uppfylltum skilyrðum téðrar úttektar.

6.20 Að semja við Patrekshrepp um aðstoð til að ljúka framkvæmdum við skólabyggingu samhliða ákvörðun um nýtingu hússins til skólastarfs og annarra verkefna sem æskileg eru í tengslum við samning um Framhaldsskóla Vestfjarða.

6.21 Að semja við Hafnarsjóð Ísafjarðar og hreppsnefnd Nauteyrarhrepps um kostnaðarhlut ríkissjóðs við byggingu ferjubryggja.

6.22 Að ráðstafa, í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd, af fjárlagalið 950

Til ráðstöfunar í tengslum við rekstrarsparnað til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna til launa og annarra gjalda. Viðbótarfjárheimild til einstakra viðfangsefna má þó eigi vera hærri en 7,2% af launagjöldum og 1,3% af öðrum gjöldum í fjárlögum 1992. Allar breytingar skal gera í hundruðum þúsunda króna.

6.23 Að ganga til áframhaldandi samninga við Reykjavíkurborg og Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala um stofnun nýs sjúkrahúss, Sjúkrahúss Reykjavíkur. Samningurinn er háður samþykki heilbrigðisráðherra og fjárlaganefndar.

7. gr.

Skattvísitala árið 1992 skal vera hin sama og árið 1991.

SÉRSTÖK YFIRLIT.

1. Reglur um útreikning arðgreiðslna ríkisfyrirtækja.

a. Eftirtalin ríkisfyrirtæki greiði arð í ríkissjóð sem nemi 20% af meðalhagnaði þriggja undanfarinna ára.

Lyfjabúð Háskóla Íslands
Lyfjaverslun ríkisins
Ríkisútvarpið, sjónvarp
Rafmagnsveitur ríkisins
Síldarverksmiðjur ríkisins
Hitaveita Suðurnesja (20%)
Háskólabíó
Ríkisútvarpið, hljóðvarp
Innkaupastofnun ríkisins
Sementsverksmiðja ríkisins
Orkubú Vestfjarða (40%)

b. Eftirtalin fyrirtæki ríkisins og fyrirtæki í hlutaeign ríkissjóðs greiði arð í hlutfalli við eigið fé í árslok síðasta árs 2%.

Landsbanki Íslands
Iðnlánasjóður
Fiskveiðasjóður
Búnaðarbanki Íslands
Iðnþróunarsjóður
SKÝRR (50%)

c. Eftirtalin hlutafélög í hlutaeign ríkissjóðs greiði arð í hlutfalli við nafnverð hlutafjár í árslok síðasta árs allt að 10%. Fyrirtæki með neikvætt eigið fé greiði ekki arð.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. (50%)
Gutenberg hf. (100%)
Jarðboranir hf. (50%)
Íslenska járnblendifélagið hf. (55%)
Endurvinnslan hf. (18%)
Ferðaskrifstofa Íslands hf. (33%)
Slippstöðin hf. (54%)
Kísiliðjan hf. (51%)
Steinullarverksmiðjan hf. (30,1%)

d. Landsvirkjun greiði hagnað í samræmi við ákvæði laga.

e. Kveðið verði á um arðgreiðslur eftirtalinna fyrirtækja í fjárlögum hvers árs:

Póst- og símamálastofnunin
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

f. Íslenskir aðalverktakar sf. greiði arð í samræmi við samþykktir félagsins.

2. Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður (02-318 590 og 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík, viðhald	7.500	
2. Menntaskólinn í Hamrahlíð, viðhald	7.500	
3. Menntaskólinn við Sund, viðhald	7.500	
4. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	10.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Ármúla, viðhald	5.000	
6. Iðnskólinn í Reykjavík, viðhald	5.000	
7. Nýr skóli, fyrsta fjárveiting	42.500	
		90.000
Reykjanes:		
1. Flensborg, Hafnarfirði, viðhald	5.000	
2. Framhaldsskólinn í Garðabæ	6.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	36.000	
4. Menntaskólinn í Kópavogi	45.000	
		92.000
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands		33.000
	Þús. kr.	Þús. kr.
Vestfirðir:		
Menntaskólinn á Ísafirði		
viðhald	4.000	
byggingarframkvæmdir	8.000	
		12.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki		32.000
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	1.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri	35.000	
3. Framhaldsskólinn á Húsavík	10.000	
		51.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum		
viðhald	5.000	
byggingarframkvæmdir	5.000	
2. Verkmenntaskólinn á Neskaupstað	23.000	
3. Framhaldsskóli A-Skaftafellssýslu	2.000	
		35.000
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands	500	
2. Menntaskólinn á Laugarvatni (þar með talinn Héraðsskólinn), viðhald	25.000	
3. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	10.500	
		36.000
Héraðsskólar, viðhald		25.000
Óskipt, viðhald		18.500
		424.500

3. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	850	
2. Árni Kristjánsson	850	
3. Finnur Jónsson	850	
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	850	
5. Halldór Laxness	850	
6. Hannes Pétursson	850	
7. Indriði G. Þorsteinsson	850	
8. Jakobína Sigurðardóttir	850	
9. Jón Nordal	850	
10. Jón úr Vör	850	
11. Jórunn Viðar	850	
12. Kristján Davíðsson	850	
13. María Markan	850	
14. Matthías Johannessen	850	
15. Sigfús Halldórsson	850	
16. Sigríður Hagalín	850	
17. Stefán Íslandi	850	
18. Thor Vilhjálmsson	850	
		15.300

4. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Akranes, H2	26.000	
2. Akranes, sjúkrahús	6.000	
3. Stykkishólmur, H2	8.500	
4. Grundarfjörður, H2	13.300	
5. Patreksfjörður, sjúkrahús	2.100	
6. Ísafjörður, sjúkrahús	35.000	
7. Bolungarvík, sjúkrahús	3.200	
8. Blönduós, H2	19.300	
9. Siglufjörður, sjúkrahús	9.500	
10. Húsavík, H2	15.300	
11. Raufarhöfn, H1	500	
12. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H2	9.000	
13. Djúpivogur, H2	2.400	
14. Eskifjörður og Reyðarfjörður, H2	17.600	
15. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	10.000	
16. Þorlákshöfn, H1	1.500	
17. Selfoss, sjúkrahús	1.000	
18. Stokkseyri, H1	3.700	
19. Suðurnes, heilsugæslustöð	4.000	
20. Hafnarfjörður, H2	21.500	
21. Seltjarnarnes, H2	2.600	
22. Reykjavík, heilsugæslustöðvar	50.500	
		262.500
b. Hjúkrunarheimili aldraða:		
1. Hella	9.000	
2. Grindavík	13.700	
3. Kirkjubæjarklaustur	1.000	
		23.700
c. Húsaleiga:		
Akureyri	8.000	
		8.000
		294.200

5. Flóabátar, vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-322 120).

a. Flutningar á landi:

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	220	
2. Til vetrarflutninga í Dalahéraði	440	
3. Til vetrarsamgangna í Reykhólahreppi	540	
4. Til mjólkurflutninga í V-Barðastrandarsýslu	320	
5. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	140	
6. Til vetrarsamgangna í Bíldudalshreppi	250	
7. Til vetrarsamgangna í Þingeyrarhreppi	160	
Stofnstyrkur	860	
8. Til vetrarsamgangna í Mýrahreppi	670	
9. Snjóbifreið í Önundarfirði	210	
10. Snjóbifreið um Botnsheiði	540	
11. Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga)	770	
12. Til vetrarflutninga í Súðavíkurhreppi	160	
13. Til vetrarflutninga í Ögurhreppi	110	
14. Til vetrarflutninga í Reykjarfjarðarhreppi	110	
15. Til vetrarflutninga í Nauteyrarhreppi	140	
Stofnstyrkur	750	
16. Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi	140	
17. Til vetrarflutninga í Árneshreppi	1.560	
18. Til vetrarsamganga í Kaldrananeshreppi	120	
19. Til vetrarsamgangna í Kirkjubólshreppi	110	
20. Hólmavíkurhreppur, stofnstyrkur	180	
21. Óspakseyrarhreppur	110	
22. Höfðahreppur, stofnstyrkur	750	
23. Skefilsstaðahreppur	160	
24. Snjóbifreið í Skagafirði	210	
25. Til vetrarflutninga í Fljótahreppi	160	
26. Til vetrarsamgangna í Ólafsfirði	140	
27. Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	80	
28. Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	140	
29. Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	110	
30. Til vetrarsamgangna, Akureyri–Grýtubakkahr.	160	
31. Snjóbifreið í Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu	110	
32. Til vetrarsamgangna í Mývatnssveit	240	
33. Til vetrarflutninga, Mývatn–Húsavíkurflugvöllur	240	
34. Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	420	
35. Snjóbifreið, Öxarfjörður–Kópasker	160	
36. Snjóbifreið á Þórshöfn	140	
37. Til vetrarflutninga á Bakkafirði	240	
38. Til vetrarflutninga á Vopnafirði	240	
39. Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystri	280	

	Þús. kr.	Þús. kr.
40. Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðahreppi	110	
41. Til vetrarsamgangna í Jökuldalshreppi	440	
42. Til vetrarsamgangna í Eiðahreppi	210	
43. Snjóbifreið á Egilsstöðum	210	
Stofnstyrkur	430	
44. Snjóbifreið á Fjarðarheiði	1.020	
45. Snjóbifreið í Oddsskarði og Fagradal	1.180	
46. Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík	240	
47. Til vetrarflutninga, Djúpivogur–Hornafjörður	550	
48. Svínafell í Nesjum	110	
49. Til vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu	800	
50. Mýrdalshreppur	1.070	
51. Flugsamgöngur við Grímsey	1.020	
52. Óráðstafað	6.420	
		26.400

b. Flóabátar:

1. Akraborg	50.800	
2. Anný, Mjóafjarðarbátur	5.200	
3. Baldur	90.400	
4. Mýrabátur	100	
5. Fagranes	31.000	
6. Eyjafjarðarferjur	35.700	
7. Herjólfur	64.500	
		277.700
Samtals a og b:		**304.100**

6. Hafnamannvirki (10-333 630).

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vesturland:		
1. Akranes	18.200	
2. Arnarstapi	2.000	
3. Rif	11.700	
4. Ólafsvík	4.500	
5. Grundarfjörður	5.200	
6. Stykkishólmur	18.900	
		60.500
Vestfirðir:		
1. Brjánslækur	3.300	
2. Patreksfjörður	10.200	
3. Flateyri	2.600	

	Þús. kr.	Þús. kr.
4. Bolungarvík	84.800	
5. Ísafjörður	22.800	
6. Súðavík	2.300	
7. Norðurfjörður	6.900	
8. Drangsnes	1.100	
9. Hólmavík	200	
		134.200
Norðurland vestra:		
1. Blönduós	19.900	
2. Skagaströnd	36.000	
3. Hvammstangi	2.300	
4. Sauðárkrókur	15.000	
5. Hofsós	3.500	
6. Haganesvík	400	
7. Siglufjörður	9.200	
		86.300
Norðurland eystra:		
1. Ólafsfjörður	11.000	
2. Dalvík	11.000	
3. Árskógssandur	1.100	
4. Akureyri	22.000	
5. Grenivík	4.900	
6. Grímsey	7.200	
7. Húsavík	64.500	
8. Tjörneshöfn	100	
9. Þórshöfn	5.200	
10. Raufarhöfn	400	
		127.400
Austurland:		
1. Bakkafjörður	6.900	
2. Vopnafjörður	9.100	
3. Borgarfjörður eystri	600	
4. Seyðisfjörður	10.900	
5. Neskaupstaður	2.500	
6. Eskifjörður	4.100	
7. Reyðarfjörður	25.900	
8. Fáskrúðsfjörður	6.800	
9. Stöðvarfjörður	8.500	
10. Breiðdalsvík	100	
11. Djúpivogur	2.900	
12. Höfn í Hornafirði	10.900	
		89.200

	Þús. kr.	Þús. kr.
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	37.900	
2. Aðstaða fyrir Herjólf	141.000	
3. Þorlákshöfn	3.100	
		182.000
	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjanes:		
1. Grindavík	31.700	
2. Sandgerði	22.100	
3. Keflavík–Njarðvík	2.400	
4. Vogar	13.000	
5. Hafnarfjörður	7.800	
		77.000
Óskipt		5.700
		762.300

7. Sjóvarnargarðar (10-333 640).

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Ólafsvík	6.400	
2. Patreksfjörður	200	
3. Flateyri	4.500	
4. Ísafjörður	200	
5. Skagaströnd	200	
6. Hrísey	100	
7. Árskógshreppur	3.600	
8. Stokkseyri	2.700	
9. Eyrarbakki	600	
10. Selvogur	2.700	
11. Grindavík	10.100	
12. Hafnir	2.000	
13. Sandgerði	2.800	
14. Garður	2.500	
15. Njarðvík	2.700	
16. Bessastaðahreppur	3.700	
17. Seltjarnarnes	5.000	
		50.000

375. Þingsályktun [223. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 22. des.)

Samhljóða þskj. 364.

376. Skýrsla [224. mál]

félagsmálaráðherra um framkvæmd laga um húsbréfaviðskipti.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

Inngangsorð félagsmálaráðherra.

Með bréfi dagsettu 13. maí 1991 skipaði félagsmálaráðherra starfshóp til að gera úttekt á framkvæmd laga um húsbréfaviðskipti, nr. 76/1989. Í lögunum er bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að gerð skuli úttekt á framkvæmd laganna tveimur árum eftir gildistöku þeirra. Starfshópinn skipuðu eftirtaldir:

Yngvi Örn Kristinsson, formaður húsnæðismálastjórnar, formaður starfshópsins.
Grétar J. Guðmundsson , þjónustuforstjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins.
Þórólfur Halldórsson, formaður Félags fasteignasala.
Sigurður Geirsson, forstöðumaður húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.
Gunnar Helgi Hálfdánarson, forstjóri Landsbréfa hf.
Sigurður B. Stefánsson, framkvæmdastjóri Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka hf.
Gunnar S. Björnsson, byggingarmeistari.
Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, var starfsmaður starfshópsins.

Starfshópurinn hefur nú skilað skýrslu um reynsluna af húsbréfakerfinu fyrstu tvö starfsárin en áður hafði hann skilað áfangaskýrslu. Athugun starfshópsins bendir til þess að framkvæmd laga um húsbréfaviðskipti hafi í öllum meginatriðum gengið vel. Hann leggur ríka áherslu á að ekki verði gerðar breytingar á grundvallarþáttum húsbréfakerfisins á næstunni.

Starfshópurinn komst að sameiginlegri niðurstöðu um öll atriði skýrslunnar að undanskildu mismunandi mati á setningu og áhrifum reglugerðar nr. 467 um húsbréfaviðskipti frá október 1991. Í því sambandi skilaði Grétar J. Guðmundsson þjónustuforstjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins séráliti.

Meginniðurstöður og tillögur starfshópsins eru eftirfarandi:

1. Starfshópurinn telur að húsbréfakerfið hafi í meginatriðum reynst vel og bendir m.a. á eftirfarandi:

• Fasteignaverð hefur verið stöðugt síðastliðin tvö ár og engin merki eru um verðhækkun á fasteignamarkaði. Þvert á móti hefur fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu lækkað örlítið á síðastliðnum tveimur árum miðað við staðgreiðsluverð.

• Útborgun hefur lækkað úr 75% í um 45%.

• Innri fjármögnun er í samræmi við upphaflegar áætlanir. Um helmingur húsbréfa, sem gefin eru út í tengslum við kaup á notuðu húsnæði, er látinn ganga áfram í næstu kaup eða geymdur sem sparnaður.

• Flest bendir til að útgáfa húsbréfa vegna nýrra og notaðra íbúða á þessu ári verði svipuð og gert var ráð fyrir. Áætlað var að útgáfa húsbréfa eftir lokun lánakerfisins frá 1986 yrði um 12 milljarðar króna á ári.

2. Helstu vandamál húsbréfakerfisins má annars vegar rekja til uppsafnaðs vanda frá biðraðarkerfinu frá 1986 og að tvö lánakerfi hafa verið starfandi samtímis og hins vegar útgáfu húsbréfa vegna greiðsluerfiðleika. Bæði lánveitingum skv. lánakerfinu frá 1986 og fyrirgreiðslu vegna greiðsluerfiðleika mun ljúka á næsta ári (1992). Framundan er því fyrsta árið sem húsbréfakerfið getur starfað eins og ráð var fyrir gert í upphafi. Því verða starfsskilyrði húsbréfakerfisins betri en áður.

3. Starfshópurinn bendir á að grunnvextir verðtryggðra skuldbindinga hafi hækkað um 2% undanfarna 12 mánuði. Starfshópurinn telur fráleitt að telja útgáfu húsbréfa helsta orsakavald í þessum efnum og bendir á að neysla hafi farið vaxandi samfara vaxandi viðskiptahalla. Veigamestu ástæður fyrir aukinni neyslu og minni sparnaði séu almennar væntingar um vaxandi hagvöxt og lífskjarabata á miðju síðasta ári. Í öðru lagi hafi lánsfjárþörf ríkissjóðs verið meiri en ráð var fyrir gert.

4. Starfshópurinn bendir á að vaxtahækkunin hafi í raun hafist með vaxtahækkun spariskírteina í júní á síðasta ári (1990) en varla sé hægt að rekja þá hækkun til útgáfu húsbréfa enda var útgáfa þeirra þá lítið komin í gang. Jafnframt hafi stjórnmálaleg sjónarmið ráðið því að ávöxtun spariskírteina var óraunhæf á fyrri hluta þess árs.

5. Í skýrslu starfshópsins kemur fram að almenn útlán til húsnæðismála hafi ekki aukist á milli áranna 1990 og 1991. Hins vegar er talið að tilfærsla hafi orðið á lánveitingum til húsnæðismála frá innlánsstofnunum, lífeyrssjóðum og handhafaskuldabréfum yfir í fjármögnun með húsbréfum. Þannig má t.d. ætla að lánveitingar innlánsstofnana til húsnæðismála hafi dregist saman um rúmlega 2 miljarða kr. milli áranna 1989 og 1991.

6. Starfshópurinn telur að einhæfni fjármagnsmarkaðarins hér á landi, sterk staða lífeyrissjóðanna á honum og samráð, sérstaklega þegar um er að ræða fjárskuldbindingar til langs tíma, hafi skapað vandamál við sölu á húsbréfum.

7. Meiri hluti starfshópsins telur breytingar, sem gerðar voru á húsbréfakerfinu í október sl., óþarfar þar sem flest bendi til þess að draga muni úr fjárstreymi inn á húsnæðismarkaðinn á næsta ári.

8. Starfshópurinn mælir eindregið með því að frumvarp ríkisstjórnarinnar um endanlega lokun lánakerfisins frá 1986 verði samþykkt.

Helstu tillögur starfshópsins.

1. Starfshópurinn leggur til að ekki verði gerðar breytingar á grundvallarþáttum húsbréfakerfisins á næstunni.

2. Starfshópurinn telur mikilvægt að efla kynningar- og fræðslustarf um húsbréf og húsnæðismál.

3. Starfshópurinn leggur til að athugaðir verði möguleikar á því að koma á fót sérstöku sparnaðarhvetjandi fyrirkomulagi sem byggist á reglubundnum kaupum einstaklinga á húsbréfum. Lagt er til að kannað verði hvort heppilegt sé að veita þeim einstaklingum skattfríðindi sem kaupa húsbréf í verðbréfasjóðum (húsbréfasjóðum) sem fjárfesta eingöngu í húsbréfum.

4. Lagt er til að fyrirgreiðsla Seðlabanka við viðskiptavaka ríkistryggðra skuldabréfa verði aukin þar sem núverandi fyrirkomulag hefur ekki náð tilgangi sínum, þ.e. stuðlað að fjölgun viðskiptavaka með ríkistryggð verðbréf. Jafnframt leggur starfshópurinn til að heimild sú sem að Seðlabankinn veitti bönkum til að telja húsbréf til lausafjár verði framlengd til febrúar 1993 en núgildandi heimild gildir einungis til næstu áramóta (1991-92).

5. Starfshópurinn leggur til að ákvæði skattalaga um afföll verði endurskoðuð með tilliti til þess að tryggja jafnstöðu þeirra sem kaupa af byggingarverktökum og byggja á eigin vegum. Jafnframt verði skattaleg meðferð affalla í skattkerfinu lagfærð þannig að þau verði framreiknuð með verðbreytingum milli ára.

6. Lagt er til að á næsta ári (1992) verði hugað að því hvort ekki sé ástæða til að færa hámarksfjárhæðir fasteignaveðbréfa vegna nýrra og notaðra íbúða í fyrra horf og ákvæði reglugerðarinnar um hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfs (2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 467 1991) miðað við kaupverð eignar og hreinan eignarhluta í fyrri íbúð numið úr gildi.

7. Lagt er til að tekinn verði upp sá háttur í fasteignaviðskiptum að í kaupsamningi verði tilgreint bæði reiknað verð og markaðsverð þeirra húsbréfa sem notuð eru við kaupin. Jafnframt verði í kaupsamningi tilgreint bæði kaupverð og staðgreiðsluverð íbúðarinnar.

8. Lagt er til að nýttar séu heimildir til sölu húsbréfa til erlendra fjárfesta til að örva samkeppni á fjármagnsmarkaðinum.

Skýrsla starfshóps sem skipaður var af félagsmálaráðherra:

Reynslan af húsbréfakerfinu fyrstu tvö starfsárin.
(Desember 1991.)

Reykjavík, 6. desember 1991.

Bókun

Grétars J. Guðmundssonar

Ég undirritaður er sammála þeim niðurstöðum sem fram koma í skýrslu starfshóps sem skipaður var af félagsmálaráðherra til að meta reynsluna af húsbréfakerfinu fyrstu tvö starfsárin, nema hvað varðar umsögn um reglugerð um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti, sem félagsmálaráðherra gaf út í október 1991. Ég er ósammála meirihluta starfshópsins um að setning reglugerðarinnar hafi ekki verið tímabær og að hana þurfi að endurskoða sem fyrst og færa til fyrra horfs. Undirritaður er þeirrar skoðunar að setning reglugerðar um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipt í október sl. hafi bæði verið tímabær og nauðsynleg.

Með tilkomu húsbréfakerfisins varð mikil breyting á fasteignaviðskiptum hér á landi. Umsækjendur í húsbréfakerfinu þurfa að fá greiðslumat hjá viðurkenndri fjármálastofnun áður en þeir taka ákvörðun um fasteignaviðskipti eða húsbyggingu. Þetta hefur haft það í för með sér að meiri líkur eru á því en áður að íbúðarkaupendur og húsbyggjendur ráðist í kaup eða framkvæmdir sem taka mið af raunverulegum möguleikum hvers og eins.

Það hefur sýnt sig að lítil þörf er fyrir þá hámarksfjárhæð sem var í húsbréfakerfinu áður en hámarksfjárhæð var lækkuð með reglugerð félagsmálaráðherra í október sl. Lækkun hámarksfjárhæðar kemur fyrst og fremst niður á þeim sem hafa mjög háar tekjur eða eiga miklar eignir og vilja verða sér úti um há lán með ríkisábyrgð stundum án þess að þurfa á því að halda til íbúðarkaupa eða húsbygginga. Þess vegna er undirritaður sammála þeirri breytingu sem gerð var með reglugerð félagsmálaráðherra að lækka hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfs sem unnt er að skipta fyrir húsbréf. Það liggur ekki fyrir, eins og fram kemur í áliti meirihluta starfshópsins, að lækka hámarksfjárhæða hafi óæskileg áhrif á fasteignamarkaðinn.

Það ákvæði relugerðarinnar að ekki verði skipt á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf fyrir hærri fjárhæð en sem nemur mismun á kaupverði eða byggingarkostnaði og áætluðu söluverði fyrri eignar umsækjanda er nauðynlegt. Engin ástæða er til að auka framboð á húsbréfum á fjármagnsmarkaði vegna óska íbúðarkaupenda eða húsbyggjenda sem eiga nægar eignir til kaupa eða bygginga og þurfa ekki á þeirri fyrirgreiðslu að halda sem veitt er í húsbréfakerfinu.

Undirritaður er því ósammála meirihluta starfshópsins um að nauðsynlegt sé að færa reglugerð um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti til fyrra horfs. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsbréfakerfinu stuðla að betra og réttlátara húsnæðislánakerfi.

Inngangur.

Í lögum nr. 76/1989 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem fjalla um húsbréfaviðskipti, er bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að gerð skuli úttekt á framkvæmd laganna tveimur árum eftir gildistöku þeirra.

Í maí 1991 skipaði félagsmálaráðherra starfshóp til að gera úttekt á framkvæmd laganna og gera tillögur sem stuðli að meira jafnvægi á húsbréfamarkaði. Starfshópnum var falið að taka eftirfarandi atriði til athugunar:

1. Endurgreiðslu húsbréfa (útdrátt).
2. Markaðskynningu húsbréfa.
3. Hlutverk Seðlabanka Íslands.
4. Hlutverk viðskiptavaka.
5. Þátt lífeyrissjóðanna í fjármögnun húsbréfakerfisins.
6. Sölu húsbréfa á erlendum verðbréfamörkuðum.
7. Innri fjármögnun í húsbréfakerfinu.
8. Húsbréf og nýbyggingar.
9. Áhrif þess á fjármagns- og húsbréfamarkaðinn ef biðröðin í lánakerfinu frá 1986 verði afgreidd næstu 3 árin.

Starfshópurinn skilaði félagsmálaráðherra áfangaskýrslu 3. júlí 1991 þar sem gerð var grein fyrir framvindu úttektar á framkvæmd laganna. Þar kom fram m.a. það álit starfshópsins að ekki væri ástæða til að gera miklar breytingar á fyrirkomulagi húsbréfaviðskipta, að athuganir starfshópsins beindust aðallega að ýmsum tæknilegum atriðum og þáttum sem tengjast starfsskilyrðum húsbréfakerfisins.

Í starfshópnum voru Yngvi Örn Kristinsson, formaður húsnæðismálastjórnar, Grétar J. Guðmundsson þjónustuforstjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, Þórólfur Halldórsson formaður Félags fasteignasala, Sigurður Geirsson forstöðumaður húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins, Gunnar Helgi Hálfdánarsson forstjóri Landsbréfa hf., Sigurður B. Stefánsson framkvæmdastjóri Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka hf., Gunnar S. Björnsson byggingameistari og Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Formaður starfshópsins var Yngvi Örn Kristinsson.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR.

1. Athugun starfshópsins á framkvæmd laga um húsbréfaviðskipti bendir til þess að þetta fyrirkomulag hafi í öllum megin atriðum reynst vel og valdið verkefni sínu. Framundan er fyrsta árið sem húsbréfakerfið getur starfað eitt og sér í almenna húsnæðiskerfinu og eingöngu að skuldabréfaskiptum vegna nýbygginga, kaupa á notuðum íbúðum og vegna endurbóta á eldra húsnæði. **Starfshópurinn telur afar brýnt að ekki verði gerðar breytingar á grundvallarþáttum húsbréfakerfisins á næstu tveimur árum.**

Meirihluti starfshópsins telur breytingar þær sem gerðar voru í október síðastliðnum á framkvæmd húsbréfakerfisins með reglugerð nr. 467 um húsbréfaviðskipti, bæði óþarfar og ótímabærar þar sem flest bendir til þess að á næsta ári verði starfsskilyrði húsbréfakerfisins betri en áður og draga muni úr fjárstreymi inn á húsnæðismarkaðinn. Þær tillögur sem starfshópurinn setur fram um breytingar til athugunar á næstunni lúta allar að ýmsum tæknilegum atriðum og miða ekki að grundvallarbreytingum á húsbréfakerfinu.

2. Reynslan af notkun húsbréfa í fasteignaviðskiptum er í meginatriðum góð. Starfsemi húsbréfakerfisins hefur ekki haft í för með sér þenslu á fasteignamarkaðnum. Á síðastliðnum tveimur árum hefur ríkt jafnvægi á fasteignamarkaði, verðlag verið stöðugt og engin merki eru um hækkanir. Ekki verður séð að fjöldi viðskipta með íbúðir hafi verið óeðlilega mikill. Miðað við upplýsingar um fjölda kaupsamninga fyrstu níu mánuði þessa árs má ætla að fasteignakaup verði ívíð færri í ár en í fyrra.

Mikilvæg breyting hefur orðið á greiðslufyrirkomulagi á fasteignamarkaði. Útborgun hefur lækkað úr 75% í um 45% og eftirstöðvaskuldabréf eru orðin fátíð. Innri fjármögnun á fasteignamarkaði er í samræmi við það sem að var stefnt í upphafi en um helmingur húsbréfa sem gefin eru út í tengslum við kaup á notuðu húsnæði eru látin ganga áfram í næstu íbúðarkaup.

3. Sama gildir um nýbyggingar og notaðar íbúðir. Ekki hefur orðið merkjanleg aukning á nýsmíði íbúða í kjölfar húsbréfkerfisins. Útgáfa húsbréfa vegna nýbygginga virðast nokkuð meiri á þessu ári en ráð hafði verið fyrir gert og má rekja það til uppsafnaðrar þarfar frá fyrra ári. Skuldabréfaskipti vegna nýbygginga hófust í nóvember 1990 en voru lítið komin í gang fyrir áramót. Á fyrstu mánuðum þessa árs var útgáfa fasteignaveðbréfa mikil til nýbygginga en úr henni dró strax á vormánuðum og hefur fjöldi þeirra verið eðlilegur nú í sumar og haust.

4. Flest bendir til að útgáfa húsbréfa vegna nýrra og notaðra íbúða á þessu ári verði svipuð og gert var ráð fyrir í upphafi eða um 12 mrð.kr. Heimild til útgáfu húsbréfa vegna greiðsluerfiðleika raskar hins vegar þessum áætlunum nokkuð en útlit er fyrir að útgáfa húsbréfa vegna þeirra verði um 2.5 mrð.kr. og gæti því heildarútgáfa húsbréfa orðið um 14 -15 mrð.kr.

5. Árið sem er að líða er að öllum líkindum síðasta ár almennra lánveitinga úr Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt lögum nr. 54/1986. Almenn lán úr Byggingarsjóði ríkisins munu nema um 4,6 mrð.kr. á þessu ári, en voru um 8,8 mrð.kr. á síðasta ári. Almenn útlán úr Byggingarsjóði ríkisins samhliða húsbréfakerfinu ásamt útgáfu húsbréfa vegna greiðsluerfiðleika hefur magnað lánveitingar til húsnæðismála. Sú hækkun raunvaxta sem orðið hefur á síðustu tveimur misserum stafar þó ekki nema að litlu leyti af lánum til húsnæðismála. Sá samdráttur í sparnaði sem orðið hefur samfara mikilli lánsfjárþörf ríkissjóðs og vaxandi ásókn heimila í eyðslulán á einnig sinn þátt í þessari þróun. Líklegt má telja að vextir hefðu hækkað þó svo að engin húsbréf hefðu verið gefin út á síðastliðnum tveimur árum.

6. Horfur eru á því að á næsta ári dragi úr þörf húsnæðislánakerfins fyrir lánsfé.

Lánveitingum úr lánakerfinu frá 1986 er þá nánast lokið og heimild til útgáfu húsbréfa vegna greiðsluerfiðleika rennur út 14. janúar á næsta ári. Útlit er því fyrir að heildarútgáfa húsbréfa geti orðið um 12 mrð.kr. á næsta ári.

7. Nefndin hefur skoðað endurgreiðslufyrirkomulag húsbréfa og komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé æskilegt að gera breytingar á þessu stigi. Hins vegar komi til greina að fasteignaveðbréf sem skipt er fyrir húsbréf vegna meiri háttar endurbóta og viðhalds verði með styttri lánstíma en gilt hefur til þessa.

8. Einhæfni fjármagnsmarkaðarins hér á landi, sterk staða lífeyrissjóðanna á honum og samráð, sérstaklega þegar um er að ræða fjárskuldbindingar til langs tíma, hefur skapað vandamál við sölu á húsbréfum.

9. Starfshópurinn mælir eindregið með því að frumvarp ríkisstjórnarinnar sem kveður á um endanlega lokun lánakerfisins frá 1986 verði samþykkt. Húnæðisstofnun ríkisins vinnur nú að athugun á því, hve margir umsækjenda sem beðið hafa eftir láni úr Byggingarsjóði ríkisins, hafa þegar keypt eða byggt sér húsnæði. Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að taka afstöðu til þess með hvaða hætti þeir sem þegar hafa gert kaup fái fyrirgeiðslu í húsbréfakerfinu. Mikilvægt er að sú afgreiðsla verði með þeim hætti að hún valdi ekki röskun á húsbréfamarkaðnum.

TILLÖGUR STARFSHÓPSINS.

1. Starfshópurinn telur mikilvægt að efla kynningar- og fræðslustarf um húsbréf og húsnæðismál. Nauðsynlegt er að efla almennt fræðslustarf Húsnæðisstofnunar um lána- og íbúðamál. Lagt er til að efnt verði til sérstaks kynningarátaks um húsbréfaviðskipti. Átakið nái bæði til þeirrar hliðar sem lýtur að fasteignaviðskiptum og fjármagnsmarkaði. Settar eru fram hugmyndir um að koma á fót námskeiðum sem ljúki með prófverkefnum til að treysta kunnáttu þeirra aðila sem sinna húsbréfaviðskiptum með einum eða öðrum hætti.

2. Starfshópurinn leggur til að athugaðir verði möguleikar á því að koma á sérstöku sparnaðarhvetjandi fyrirkomulagi sem byggist á reglu-bundnum kaupum einstaklinga á húsbréfum. Lagt er til að kannað verði hvort heppilegt sé að veita þeim einstaklingum skattfríðindi sem kaupa húsbréf í verðbréfasjóðum (húsbréfasjóðum) sem fjárfesta eingöngu í húsbréfum. Skattfríðindin verði skilgreind á svipaðan hátt og með sömu fyrirvörum og nú gilda um húsnæðissparnaðarreikninga í innlánsstofnunum.

3. Starfshópurinn leggur til að komið verði á sérstakri skiptiþjónustu hjá húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar sem tæki að sér að skipta á smærri einingum húsbréfa, t.d. 10.000 og 100.000 kr. upp í stærri einingar t.d. 10 m.kr. bréf. Þessi þjónusta væri til hagsbóta fyrir stofnanafjárfesta á markaðnum en þeir vilja sem stærstar einingar. Þessu getur verið öfugt farið hjá einstaklingum sem oft hentar betur smærri húsbréfaeiningar og kjósa að skipta tærri einingum sem þeir fá í fasteignaviðskiptum í smærri.

4. Lagt er til að fyrirgreiðsla Seðlabanka við viðskiptavaka ríkistryggðra skuldabréfa verði aukin, þar sem núverandi fyrirkomulag hefur ekki náð tilgangi sínum þ.e. stuðlað að fjölgun viðskiptavaka með ríkistryggð verðbréf. Jafnframt leggur starfshópurinn til að heimild sú sem að Seðlabankinn veitti bönkum til að telja húsbréf til lausafjár verði framlengd til febrúar 1993 en núgildandi heimild gildir einungis til næstu áramóta.

5. Starfshópurinn leggur til að ákvæði skattalaga um afföll verði endurskoðuð með tilliti til þess að tryggja jafnstöðu þeirra sem kaupa af byggingarverktökum og byggja á eigin vegum. Jafnframt verði skattaleg meðferð affalla í skattkerfinu lagfærð, þannig að þau verði framreiknuð með verðbreytingum milli ára.

6. Lagt er til að á næsta ári verði hugað að því hvort ekki sé ástæða til að færa hámarksfjárhæðir fasteignaveðbréfa vegna nýrra og notaðra íbúða í fyrra horf og ákvæði reglugerðarinnar um hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfs (2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 467/1991) miðað við kaupverð eignar og hreinan eignarhluta í fyrri íbúð numið úr gildi.

7. Starfshópurinn leggur til að tekinn verði upp sá háttur í fasteignaviðskiptum að í kaupsamningi verði tilgreint bæði reiknað verð og markaðsverð þeirra húsbréfa sem notuð eru við kaupin. Jafnframt verði í kaupsamningi tilgreint bæði kaupverð og staðgreiðsluverð íbúðarinnar.

8. Til að örva samkeppni á fjármagnsmarkaðnum er nauðsynlegt að nýta heimildir til sölu húsbréfa og annarra langra fjárskuldbindinga til erlendra fjárfesta. Jafnframt er ástæða til að örva kaup einstaklinga á húsbréfum sbr. tillögu undir lið 2.

1. Yfirlit um húsbréfakerfið.

1.1 Yfirlit.

Lögin um húsbréfaviðskipti voru samþykkt á Alþingi í maí 1989. Afgreiðsla húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins hófst 15. nóvember 1989 og takmarkaðist fyrst í stað við þá aðila sem höfðu sótt um og biðu eftir láni úr Byggingarsjóði ríkisins til kaupa á notuðu húsnæði. Húsbréfakerfið var þannig tekið í notkun í áföngum og þann 15. maí 1990 voru síðan heimiluð húsbréfaviðskipti fyrir alla sem festu kaup á notuðu íbúðarhúsnæði. Einu ári eftir að lögin um húsbréfaviðskipti tóku gildi eða 15. nóvember 1990 var heimilað að nota húsbréfakerfið við fjármögnun á nýbyggingum.

Til ársloka 1989 var afgreidd samtals 21 umsókn og gefin út húsbréf að fjárhæð 12 m.kr. Fyrsta heila árið sem húsbréfakerfið starfaði, árið 1990, voru afgreiddar samtals 2272 umsóknir og húsbréf gefin út fyrir 5 509 milljónir króna. Þar af voru aðeins 105 milljónir vegna nýbygginga. Samkvæmt upplýsingum húsbréfadeildar voru 38,3% þeirra sem keyptu íbúð á árinu að eignast sína fyrstu íbúð.

Samkvæmt reglugerð nr. 217/ 1990 var heimilað, með bráðbirgðaákvæði, að taka við fasteignaveðbréfum vegna kaupsamninga þeirra aðila sem biðu eftir almennu láni úr Byggingarsjóði ríkisins. Bráðbirgðaákvæði I náði til þeirra sem keypt höfðu notaðar íbúðir á tímabilinu 1. janúar 1988 til 15. nóvember 1989 og bráðbirgðaákvæði II gilti um þá sem höfðu keypt eftir 15. nóvember 1989. Aðalskilyrði fyrir afgreiðslu í húsbréfakerfinu voru að viðkomandi aðilar hefðu sótt um lán úr Bygginarsjóði ríkisins og ættu lánsrétt skv. lögum nr.86/1988. Afgreiddar umsóknir samkvæmt þessum ákvæðum eru 201 talsins og nam andvirði fasteignaveðbréfa vegna þessara ákvæða 514 m. kr.

Í lok ársins 1990 var gerð breyting á lögum um húsbréfaviðskipti. Alþingi samþykkti að taka í lögin heimild til að hækka lánshlutfallið úr 65% í 75% vegna nýbygginga og til þeirra sem eru að eignast sína fyrstu íbúð. Samkvæmt lögunum getur ráðherra ákveðið með reglugerð hvert hlutfall þetta skuli vera. Þessi heimild hefur enn ekki verið notuð. Jafnframt var tekin í lög heimild til að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta eða endurnýjunar á notuðu húsnæði. Heimildin tók gildi 1. september 1991 og 8. október 1991 var gefin út reglugerð sem kveður á um framkvæmd hennar.

Í ákvæði til bráðabirgða var heimilað að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum í tengslum við greiðsluerfiðleika íbúðareigenda. Þessi heimild var nýtt með útgáfu reglugerðar nr. 44 í janúar 1991 og gildir hún fram til 14. janúar 1992. Fyrstu 9 mánuði ársins 1991 hafa verið afgreidd samtals 706 fasteignaveðbréf vegna greiðsluerfiðleika að fjárhæð rúmlega 2 milljarðar króna.

Á fyrstu níu mánuðum þessa árs hefur verið skipt á samtals 4004 fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf að fjárhæð samtals 12 365 m.kr. Heildarútgáfan á þessu ári skiptist þannig að rúm 23% eru vegna nýbygginga, um 60% vegna notaðra íbúða og tæp 17% vegna greiðsluerfiðleika.

Í maí 1991 var mat á greiðslugetu þeirra sem ætla að kaupa eða byggja, fært frá Húsnæðisstofnun ríkisins til fjármálastofnana. Frá því í nóvember 1989 og fram til maí 1991 hafði húsbréfadeild fengið alls 7808 umsóknir um greiðslumat en bankar, sparisjóðir og verðbréfafyrirtæki höfðu afgreitt um 2527 umsækjendur í lok september síðastliðinn.

Með reglugerð nr. 467/1991 um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti var opnuð heimild til skuldabréfaskipta vegna meiriháttar endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði. Einnig var gerð sú breyting á framkvæmd húsbréfaviðskipta að hámarksfjárhæðir fasteignaveðbréfa voru takmarkaðar með lækkun hámarksfjárhæða fasteignaveðbréfa og ákvæðum um skerðingu með hliðsjón af mismun kaup- og söluverðs í fasteignaviðskiptum einstaklinga.

1.2 Útgáfa húsbréfaflokka.

Fyrsti flokkur húsbréfa var gefinn út með reglugerð 7. nóvember 1989 og var fjárhæðin 2 miljarðar króna. Vextir voru 5.75% en þegar 2. flokkur húsbréfa 1990 var gefinn út með reglugerð 13. nóvember voru vextir hækkaðir í 6.0%. Hér fylgir yfirlit yfir útgáfu húsbréfaflokka:

TAFLA 1
Húsbréfaflokkar 1989 - 1991

	mrð.kr	Nafnvextir
1. flokkur húsbréfa, 15. nóvember 1989	2,0	5.75%
1. flokkur húsbréfa, 15. ágúst 1990	2,5	5.75%
2. flokkur húsbréfa, 15. nóvember 1990	3,5	6.00%
1. flokkur húsbréfa, 15. janúar 1991	5,0	6.00%
2. flokkur húsbréfa, 15. maí 1991	5,0	6.00%
3. flokkur húsbréfa, 15. október 1991	3,0	6.00%
Samtals	21,0	

1.3 Greiðslumat.

Forsenda fyrir því að húsbréfadeild samþykki skipti á fasteignaveðbréfi og húsbréfum er að fyrir liggi mat á greiðslugetu umsækjanda. Húsbréfadeild samþykkir ekki skipti á skuldabréfum í þeim tilvikum, sem áætluð greiðslubyrði allra skulda umsækjanda fer yfir 20% af áætluðum heildarlaunum hans á ári næstu fjögur árin, að teknu tilliti til vaxta- eða húsnæðisbóta.

Í fyrstu voru umsóknir um greiðslumat fáar enda aðgangur að skuldabréfaskiptum takmarkaður við þá sem höfðu sótt um almenn íbúðar-kaupalán úr Byggingarsjóði ríkisins. Fyrstu tvo mánuðina bárust aðeins 169 umsóknir og fyrstu 6 mánuðina var fjöldi umsókna 454 eða um 75 á mánuði. Þegar aðgangur að húsbréfakerfinu var heimilaður öllum vegna kaupa á notuðum íbúðum 15. maí 1990 kom mikill fjöldi umsókna um greiðslumat og voru nýjar umsóknir flestar 1100 á einum mánuði.

Heildarfjöldi umsókna um greiðslumat var 5230 árið 1990 eða um 435 umsóknir á mánuði. Fyrstu níu mánuði ársins 1991 hafa verið veittar samtals 4936 umsagnir eða tæplega 548 á mánuði.

Mat á greiðslugetu var fært til fjármálastofnana í maí 1991 með sérstökum samningi Húsnæðisstofnunar við fjármálastofnanir. Jafnframt var umsækjendum gert að greiða fyrir þá þjónustu en hún hafði áður verið veitt endurgjaldslaust hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Gildistími umsagna var 4 mánuðir fyrst í stað en eftir að greiðslumatið var fært í bankakerfið var gildistími lengdur í 12 mánuði. Endurgjald fyrir veitta umsögn er á bilinu 980 - 3600 krónur en gjaldið er mismunandi eftir stofnunum og þeirri vinnu sem þarf að inna af hendi í hverju tilviki.

1.4. Notaðar íbúðir.

Afgreidd fasteignaveðbréf vegna kaupa á notuðum íbúðum voru samtals 2090 talsins á árinu 1990 eða að meðaltali 174 á mánuði. Ef miðað er við tímabilið eftir að

húsbréfaviðskipti voru heimiluð öllum vegna notaðra íbúða (þ.e. júni til desember) var fjöldinn um 270 á mánuði. Fyrstu níu mánuði þessa árs er meðaltalið svipað eða 272 á mánuði en alls hafa verið afgreidd 2453 bréf.

Athyglisvert er að athuga meðalfjárhæðir fasteignaveðbréfa vegna kaupa á notuðu húsnæði sem gefin hafa verið út eftir að húsbréfakerfið hóf göngu sína. Í ljós kemur að lánsfjárhæðir hafa lækkað á þessu ári miðað við árið í fyrra. Þannig var meðallánsfjárhæðin á árinu 1990 tæpar 3.2 miljónir króna en fyrstu níu mánuði þessa árs er meðaltalið rúmlega 2.9 m.kr. Hæst náði meðaltalið í einstökum mánuðum í fyrra nærri 4 m.kr. en lægst er það 2.7 m.kr. í júlí 1991.

1.5. Nýbyggingar.

Skipti á fasteignaveðbréfum og húsbréfum var heimiluð í nóvember 1990 og fóru fyrstu afgreiðslur fram í desember eða samtals 55. Á fyrstu níu mánuðum ársins 1991 hafa verið afgreidd samtals 738 fasteignaveðbréf eða 82 á mánuði að meðaltali. Mjög fáir byggingarverktakar hafa nýtt sér möguleika húsbréfakerfisins en aðeins hafa verið afgreidd frumbréf til þeirra vegna 37 íbúða. Ástæðan er eflaust sú að þær tryggingar sem byggingaraðilar þurfa að leggja fram eru dýrar og líklegt að heppilegra sé að fá nauðsynlega fyrirgreiðslu í banakakerfinu. Meðalfjárhæð 55 fyrstu fasteignaveðbréfanna sem gefin voru út í desember 1990 var 4.6 m.kr. Miðað við fyrstu níu mánuði 1991 hefur meðallánið lækkað í 3.6 m.kr.

Í kjölfar breytinga sem gerðar voru á húsnæðislánakerfinu árið 1986 varð mikill samdráttur í byggingu íbúða m.a. vegna þess að biðraðir mynduðust eftir afgreiðslu lána og biðtími var langur. Hugsanlegir kaupendur nýbygginga voru ekki með lánsloforð og þegar um fjölbýlishús var að ræða var algengt að kaupendur væru ekki allir tilbúnir með lán úr Byggingarsjóði ríkisins á sama tíma. Þetta leiddi til erfiðleika hjá byggingarverktökum og dró verulega úr nýbyggingum fyrir almennan markað af þessum sökum. Þessi þróun sést vel á því að árið 1985 var 54.1% útlána Byggingarsjóðs ríkisins til nýbygginga en 1988 var hlutfallið komið niður í 34.6%.

Athuganir á þörf fyrir nýbygginar benda til að þörf sé á byggingu að meðaltali um 1400 íbúða á ári tímabilið 1988 til 1993. Íbúðaspá sem gerð var fyrir tímabilið 1986 - 1990 gerði ráð fyrir um 1700 íbúðum á ári miðað við óbreytta íbúðatíðni. Árið 1986 var byrjað á aðeins 1073 íbúðum en meðaltal næstu 5 ára á undan var rúmlega 1600 íbúðir. Árin 1989 og 1990 var byrjað á yfir 1800 íbúðum bæði árin og má rekja það að nokkru til þarfar sem hefur safnast saman þegar fáir einstaklingar með lánsloforð voru á nýbyggingamarkaði.

1.6 Greiðsluerfiðleikar.

Aðstoð vegna greiðsluerfiðleika hefur verið viðvarandi þáttur í húsnæðiskerfinu frá árinu 1985 en þá var stofnaður sérstakur lánaflokkur ætlaður einstaklingum sem voru í greiðsluerfiðleikum. Þessi vandi er m.a. ástæða þess að tekið var upp virkt greiðslumat með tilkomu húsbréfakerfisins.

Í lok árs 1990 var samþykkt á Alþingi heimild til fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu til handa þeim sem voru í greiðsluerfiðleikum og gátu létt greiðslubyrðina með skuldbreytingu. Þegar hætt var að taka við umsóknum 1. nóvember síðastliðinn höfðu Húsnæðistofnun borist alls 1768 umsóknir (bráðbirgðatölur) um fyrirgreiðslu vegna greiðsluerfiðleika en nærri helmingur þeirra barst fyrstu þrjá mánuði ársins. Húsbréfadeildin hafði 1. nóvember sl.

synjað 534 einstaklingum um afgreiðslu en samtals hefur 749 umsækjendum verið veitt fyrirgreiðsla í þessu sambandi, flestum í júlí og ágústmánuði. Heildarfjárhæð þessara lána er rúmir 2.2 mrð. og er meðallánið rúmar 2.9 m.kr. Þegar reglugerð um húsbréfaviðskipti var breytt í október síðastliðnum var hámarks fasteignaveðbréf vegna greiðsluerfiðleika ákveðið 2.5 m.kr. Afgreiðslu umsókna vegna greiðsluerfiðleika lýkur um næstu áramót en umsóknarfrestur rann út 1. nóvember sl..

1.7 Meiri háttar endurbætur og viðbygging.

Heimild til skuldabréfaskipta vegna meiri háttar endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði var samþykkt með lögum nr.124 í lok árs 1990 og var þar kveðið á um að gildistaka hennar væri 1. september 1991. Lánveitingar vegna slíkra þarfa hafa legið í láginni í langan tíma og rúmlega 300 umsóknir samkvæmt lögum nr. 56/ 1986 liggja fyrir óafgreiddar hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Með reglugerð nr. 467/1991 voru skuldabréfaskipti heimiluð í þessu skyni. Ákveðið var að þessi heimild kæmi til framkvæmda í áföngum. Á árinu 1992 verða einungis afgreiddar umsóknir þeirra sem eiga lánshæfar umsóknir hjá Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt almenna lánakerfinu frá 1986. Afgreiðsla nýrri umsókna hefst 1. janúar 1993. Stuðst er við sömu skilgreiningar og voru skilyrði fyrir lánveitingum til þessara mála úr Byggingarsjóði ríkisins. Lágmarksfjárhæð er 650 000 (byggingarvísitala október 1991) og lágmarkskostnaður vegna endurbóta þarf því að vera um 1000 þús. kr. Hámarkslán í þessu skyni er 3 milljónir kr.

1.8 Breytingar á húsbréfakerfinu í október 1991.

Með reglugerð nr. 467/1991 um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti sem gefin var út í október 1991 var auk fyrrnefndrar heimildar til skuldabréfaskipta vegna endurbóta og endurnýjunar, gerð breyting á fyrirkomulagi húsbréfaviðskipta. Helstu breytingar voru eftirfarandi:

1. Lækkun hámarksláns. Hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfs sem skipta má fyrir húsbréf var lækkuð úr 9.7 m.kr. í 6 m.kr. vegna nýrra íbúða og 5 m.kr. vegna notaðra íbúða. Einnig var ákveðið að lágmarksfjárhæð fasteignaveðbréfs yrði 650 000 kr. og hámarksfjárhæð vegna greiðsluerfiðleika skyldi vera 2.5 m.kr.

2. Mismunur kaupverðs og söluverðs. Þá var einnig kveðið á um að fasteignaveðbréf megi ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur mismun á áætluðu hreinu söluverði fyrri eignar og kaupverði þeirrar íbúðar sem sótt er um skuldabréfaskipti fyrir.

Tilgangur þessara breytinga var að draga úr útgáfu húsbréfa, en stjórnvöld höfðu áhyggjur af því að hún stefndi talsvert umfram þau mörk sem voru í lánsfjáráætlun. Talið var að lækkun lánsfjárhæða leiddi til samdráttar í útgáfu húsbréfa um 600 m.kr. á ársgrundvelli og takmarkanir skv. lið 2 hér að framan gætu lækkað útgáfuna um 800 m.kr. Þessi upphæð er hins vegar nokkuð óviss þar sem hún byggist á áætlunum íbúðarkaupenda um söluverð eigna sinna en ekki rauntölum um söluverð eigna. Þar sem reynslan sýnir að endanlegt söluverð er yfirleitt lægra en áætlað söluverð má telja líklegt að þessi fjárhæð sé í efri kantinum.

1.9 Heildarútlán - samantekt.

Frá því að afgreiðsla hóst hjá húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins í desember 1989 og fram að október 1991 hafa verið keypt samtals 6297 fasteignaveðbréf og gefin út húsbréf

fyrir samtals 17,0 mrð. kr. Þar af eru 12,3 mrð. vegna notaðra íbúða eða rúmlega 72%, 2.8 mrð. vegna nýbygginga (16.4%) og rúmlega 1.9 mrð. króna eða 11,2% vegna greiðsluerfiðleika.

Fyrstu níu mánuði ársins 1991 hafa verið gefin út húsbréf fyrir 11.5 mrð. Rúmlega helmingur eða 58.9% er vegna kaupa á notuðu húsnæði, 22.4% húsbréfanna voru vegna fjármögnunar á nýju húsnæði. Útgáfa húsbréfa vegna greiðsluerfiðleika er 1.8 mrð. eða 16.9% heildarútgáfu á þessu tímabili.

Þegar athuguð er þróun fjárhæða fasteignaveðbréfa frá því að húsbréfaviðskipti hófust, kemur í ljós, að meðalfjárhæðin hefur farið lækkandi. Á þessu tímabili hefur meðalfjárhæðin orðið allrahæst í einstökum mánuði í apríl 1990 eða tæpar 4.m.kr en næst hæst í janúar og mars 1990 eða 3.7 m.kr. Lægstar hafa meðalfjárhæðir orðið í júlí og ágúst síðastliðnum eða um 2.7- 2.8 m.kr. Meðalfjárhæð á árinu 1990 var 3.2 m.kr. en fyrstu níu mánuði ársins er meðaltalið tælpar 3.1 m.kr.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt almenna lánakerfinu frá 1986 voru hámarkslánsfjárhæðir (verðlag í október 1991) vegna nýbygginga 5 m.kr. ef um fyrstu íbúða var að ræða annars 3.5 m.kr. Vegna kaupa á notuðu húsnæði var hámarkslánsfjárhæð 3.5 m.kr. vegna fyrstu íbúðar annars var hámarkslánið 2.4 m.kr.

TAFLA 2
Útgáfa húsbréfa í millj.kr. á verðlagi hvers mánaðar
(Reiknað verð húsbréfa)

	jan.	feb.	mars	aprl.	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	smt.
1989													
Eldri íbúðir												12	12
Samtals												12	12
1990													
Nýbyggingar												105	105
Eldri íbúðir	81	77	100	97	193	192	593	554	468	994	1000	1055	5404
Samtals	81	77	100	97	193	192	593	554	468	994	1000	1160	5509
1991													
Nýbyggingar	489	422	398	247	230	152	310	252	222				2722
Eldri íbúðir	937	700	819	701	918	434	886	826	671				6892
Greiðsluerfið-leikalán		4	101	148	376	161	411	440	232				1873
Samtals	1426	1126	1318	1096	1524	747	1607	1518	1125				11487

2. Húsbréf og fasteignamarkaður.

Reynslan af húsbréfakerfinu í fasteignaviðskiptum er í meginatriðum góð. Kaupendur og seljendur hafa tekið húsbréfum vel og viðskipti ganga að mestu greiðlega. Nokkrir framkvæmdaerfiðleikar eru þó enn til staðar eins og rakið verður hér á eftir. Verðlag og greiðsluhættir hafa nú að mestu lagað sig að húsbréfakerfinu og virðast fasteignir almennt vera verðlagðar miðað við að viðskiptin eigi sér stað á grundvelli húsbréfa.

Þrátt fyrir hrakspár um að húsbréfakerfið myndi hleypa af stað skriðu fasteignaviðskipta og valda verðsprengingu á fasteignum hafa viðskipti og verðlag á fasteignamarkaði þróast með eðlilegum hætti síðastliðin tvö ár. Framboð notaðra íbúða hefur verið allmikið og stöðugt árin 1990 og 1991 og er ekki að merkja að húsbréfakerfið hafi á neinn hátt dregið úr því. Verðlag virðist einnig hafa verið stöðugra en fyrr og engin merki eru um óeðlilegar verðsveiflur á tímabilinu. Verður þetta að teljast af hinu góða því afar mikilvægt er að gott jafnvægi ríki á fasteignamarkaði.

Húsbréfakerfið hefur vafalaust sitt að segja hvað þetta varðar, en þó ber að hafa í huga að mikið framboð kann einnig að stafa af því að fjöldi íbúða fyrir aldraða hefur verið tekinn í notkun á tímabilinu, sem leiðir af sér aukið framboð á notuðum íbúðum. Þannig hefur mikið framboð íbúða trúlega haldið íbúðarverði niðri og um leið slegið á kröfur seljenda notaðra íbúða um að kaupendur greiði afföll af húsbréfum. Aðrir ytri þættir svo sem kaupmáttur launa hafa einnig stuðlað að þessum stöðugleika.

Í reynd hafa seljendur tekið við fasteignaveðbréfum og framseldum húsbréfum á reiknuðu verði án verulegra athugasemda. Þó hefur í seinni tíð borið á því að seljendur vilji ekki taka við þessum bréfum að fullu án affalla þegar samanlögð fjárhæð þeirra fer yfir 60-65% af kaupverði.

Starfshópurinn telur mikilvægt að kynningar og fræðslustarf um húsbréf og húsnæðismál verði aukið og endurbætt með hliðsjón af fenginni reynslu. Fasteignaviðskipti með húsbréfum eru nýlunda hér á landi og óneitanlega flóknari en viðskipti með beinum lánum samkvæmt almenna lánakerfinu frá 1986. Þetta á jafnt við íbúðarkaupendur, íbúðarseljendur og húsbyggjendur. Mikilvægt atriði í þessu sambandi eru spurningar um verðgildi húsbréfa þegar þau eru seld á fjármagnsmarkaði sem hingað til hefur verið flestum framandi.

Húsnæðisstofnun efndi til kynningar á húsbréfakerfinu fyrir fasteignasala þegar húsbréfaviðskipti hófust á árinu 1989. Jafnframt hélt stofnunin námskeið fyrir fjármálastofnanir þegar greiðslumat var fært til þeirra í maí 1991. Einnig hafa verið gefnir út kynningarbæklingar um húsbréfakerfið, birtar auglýsingar í blöðum og framleitt sérstakt myndband sem sýnt var í ríkissjónvarpinu. Myndbandið er hægt að fá lánað endurgjaldslaust á myndbandaleigum, bókasöfnum og víðar. Kynningin og fræðslan hefur að mestu leyti beinst að þeim sem vilja notfæra sér fyrirgreiðslu húsbréfadeildar vegna íbúðarkaupa eða -bygginga.

Það hefur sýnt sig að flestir kynna sér ekki húsbréfakerfið fyrr en komið er að fasteignaviðskiptum. Nauðsynlegt er hins vegar að efla almenna fræðslu um húsbréfin. Mikilvægt er jafnframt að auka kaup almennings á húsbréfum og kynna þau sem heppilegan kost fyrir sparnað. Kynna þarf húsbréfin jöfnum höndum sem fjármögnunar- og sparnaðarleið í húsnæðismálum. Forsenda þess er aukin þekking almennings á eðli húsbréfa og fjármagnsmarkaði. Þess vegna er nauðsynlegt að leggja meiri áherslu en áður á kynningar- og fræðslustarf til handa almenningi.

2.1 Húsbréf og fasteignaviðskipti.

Samkvæmt athugunum Fasteignamats ríkisins hefur tilkoma húsbréfa-kerfisins ekki haft merkjanleg áhrif á raunverð íbúðarhúsnæðis. Þetta kemur m.a. fram í fréttatilkynningu Fasteignamatsins frá 7. desember 1990 og í Markaðsfréttum fasteignamatsins sem komu út í ágúst og október 1991. Segja má að ríkt hafi stöðuleiki á fasteignamarkaði undanfarin tvö ári ólíkt því sem að gerðist þegar gerðar voru viðamiklar breytingar á húsnæðiskerfinu 1986. Yfirlit yfir þróun fermetraverðs á höfuðborgarsvæðinu tímabilið 1984 - 1990 miðað við lánskjaravísitölu, sem Fasteignamat ríkisins hefur gert, sýnir vel framvinduna á fasteignamarkaðnum.



Eins og fram kemur á yfirlitinu er verðþróun á höfuðborgarsvæðinu mjög svipuð bæði fyrir einbýlis- og fjölbýlishús. Frá árinu 1984 til 1986 lækkaði raunverð en síðan tók við tímabil hækkunar sem náði hámarki á miðju ári 1989. Árið 1990 einkenndist hins vegar af stöðugleika í verðlagi. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir 1991 virðist hafa verið áframhaldandi jafnvægi á fasteignamarkaði á fyrri árshelmingi 1991. Þannig hefur hækkun lánskjarvísitölu og söluverð íbúða á höfuðborgarsvæðinu haldist nokkurn veginn í hendur á tímabilinu frá fjórða rsfjórðungi 1990 til 2. ársfj. 1991 þegar söluverð er umreiknað til staðgreiðslu. Samkvæmt upplýsingum FMR hefur þróunin á höfuðborgarsvæðinu síðastliðin tvö ár verið sú að söluverð umreiknað til staðgreiðsluverðs hefur lækkað úr því að vera 89.5% söluverðsins í 86,5% þess, eða um 3% á þessu tímabili.

TAFLA 3
Fjöldi kaupsamninga og íbúðalána.*

	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990
Fjöldi kaupsamninga	4185	3730	4390	4720	3430	4380	4966
Fjöldi lána vegna notaðara íbúða;							
G- lán	2115	1956	2530	2521	1364	2272	1494
Húsbréf						21	2090
Húsbréf, bráðab. ák.							111
Byggingarlán:							
Almenna lánakerfið frá 1986	1479	1404	1206	845	707	1032	717
Húsbréf							17

* Lán til félagslegra íbúða eru ekki meðtalin.

Í töflu 3 er tekið saman yfirlit yfir fjölda kaupsamninga tímabilið 1984 - 1990, sem borist hafa Fasteignamati ríkisins og yfir fjölda almennra lána úr Byggingarsjóði ríkisins. Þar sést að fjöldi kaupsamninga er nokkuð breytilegur milli ára og hefur verið á bilinu 3400 - 5000 talsins á þesssu tímabili. Fjöldi kaupsamninga virðist hafa orðið með mesta móti á síðasta ári eða tæplega 5000 samningar. Skýringin á því er eflaust sú að á árinu var samtímis verið að lána almenn lán úr Byggingarsjóði ríkisins og veita fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu. Athyglisvert er að þrátt fyrir mikil viðskipti þetta ár skuli ekki hafa orðið raunhækkun á fasteignaverði.

Í töflu 4 er gefið yfirlit um veltuna á fasteignamarkaði.

TAFLA 4
Fjöldi kaupsamninga -kaupverð fasteigna- meðalverð

	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990
Fjöldi kaupsamninga	4185	3730	4390	4720	3430	4380	4966
Kaupverð alls, m.kr.							
verðlag hvers árs.	7056	7402	10761	15080	14474	21971	29868
Fast verðlag, okt. '91							
Kaupverð alls, m.kr.	25927	20782	23978	28575	23253	28872	32932
Meðalverð, þús.kr.	6195	5572	5462	6054	6779	6592	6632
Breytingar milli ára		-10,1	-2,0	10,8	12,0	-2,8	0,6

2.2 Greiðslufyrirkomulag.

Breytingar á greiðslufyrirkomulagi á fasteignamarkaði urðu nokkuð samhliða þróun fasteignaverðs á tímabilinu 1984 - 1988. Þannig lækkaði útborgunarhlutfall á tímabilinu 1984 - 1986, hækkaði upp úr miðju ári 1986 allt fram á mitt ár 1988 en hefur síðan farið lækkandi í kjölfar húsbréfakerfisins.

Á meðfylgjandi mynd er yfirlit yfir útborgunarhlutfall á tímabilinu 1984 - 1990. Útborgun í hefðbundnum skilning lækkar mjög snarlega með tilkomu húsbréfakerfisins. Þannig lækkar útborgunarhlutfallið úr 75,1% í árslok 1989 í 44,1% í árslok 1990 (Markaðsfréttir, Fasteignamat ríkisins, ágúst 1991).

ÚTBORGUNARHLUTFALL ÁRIN 1984-1990



Á árinu 1990 bárust Fasteignamati ríkisins (FMR) 4966 kaupsamningar og var heildarveltan á árinu 29.866.154 kr. Heildarkaupverðið skiptist þannig að útborgun var 56.5%, fasteignaveðbréf voru 15%, framseld húsbréf 6% og loks yfirtekin lán 21%. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri FMR fyrir fyrstu 9 mánuði þessa árs er fjöldi kaupsamninga 3205 talsins og heildarveltan rúmlega 20 miljarðar. Kaupverðið skiptist samkvæmt þessu uppgjöri þannig að útborgun var rúm 44%, fasteignaveðbréf voru rúmlega 21% og framseld húsbréf voru tæp 13%, yfirtekin lán rúm 19% en handhafaskuldabréf aðeins rúm 2%. Til samanburðar má nefna að á árinu 1986 voru handhafaskuldabréf rúm 9% kaupverðs íbúða á fasteignamarkaði.

2.3 Afgreiðsla fasteignaveðbréfa.

Á fyrstu mánuðum húsbréfakerfisins og síðar þegar álagstoppar hafa myndast, svo sem í maí 1990, hefur biðtími eftir afgreiðslu orðið óeðlilega langur. Gildir það bæði um mat á greiðslugetu og afgreiðslu kauptilboða.

Eftir að bankar og verðbréfafyrirtæki tóku að sér að meta greiðslugetu kaupenda hefur biðtími eftir mati á greiðslugetu styst verulega enda eru afgreiðslustaðir nú 170 í stað eins áður. Einnig hefur biðtími hjá Veðdeild Landsbankans eftir skuldabréfaskiptum styst mjög og er nú yfirleitt aðeins einn sólarhringur. Hins vegar er biðtími hjá húsbréfadeild eftir samþykki á kauptilboðum og útgáfu fasteignaveðbréfa ennþá allt of langur eða 2-3 vikur.

Eðlilegt mætti telja að 3-4 dagar liðu frá því að samþykkt kauptilboð með tilheyrandi gögnum er sent deildinni, þangað til fasteignaveðbréf er tilbúið til afgreiðslu.

Ekki er heimilt að ganga frá kaupsamningi fyrr en húsbréfadeild hefur samþykkt kauptilboð og gert endanlegt mat á greiðslubyrði vegna íbúðarkaupanna. Þá er útbúið fasteignaveðbréf vegna kaupanna. Þangað til eru kauptilboð samþykkt með fyrirvara um samþykki húsbréfadeildar. Þar sem fasteignaviðskipti mynda langar keðjur viðskipta er afar bagalegt fyrir aðila þegar langur tími líður frá samþykki kauptilboðs þar til unnt er að ganga frá kaupsamningi. Oft á tíðum treysta seljendur sér ekki til að gera bindandi kauptilboð í nýja eign fyrr en kaupsamningur vegna sölu fyrri eignar er frágenginn. Þetta getur skapað margvísleg vandamál sem ekki væru fyrir hendi með styttri biðtíma.

Vandamál vegna afhendingartíma eigna geta komið upp af þessum sökum. Einnig að kaupendur geti ekki staðið við tímasetningar (gjalddaga) á framsali húsbréfa sem þeir fá úr fyrri sölu. Þetta er sérstaklega erfitt viðureignar ef ávöxtunarkrafa húsbréfa breytist. Þegar seljandi sem með kauptilboði samþykkir að taka við greiðslu í framseldum húsbréfum, fær bréfin, getur verið að verðmæti greiðslunnar sé allt annað heldur en þegar hann samþykkti kauptilboðið. Við þær aðstæður þegar gengi húsbréfa hefur lækkað geta orðið deilur um það hvort kaupanda beri að greiða seljanda dráttarvexti eða afföll. Ef biðtíminn er einungis 3-4 dagar væru þessi vandamál ekki fyrir hendi í jafn miklum mæli. Hins vegar er ljóst að alltaf geta átt sér stað fyrirvaralitlar breytingar á ávöxtunarkröfu húsbréfa en mikilvægt er að húsbréfadeild haldi sig við ofannefnt mark, þ.e. að afgreiða kauptilboð innan 3-4 daga frá því þau berast deildinni.

Í reglugerð nr. 467/1991 um húsbréfaviðskipti eru ákvæði um veðheimildir fortakslaus þ.e. að húsbréfadeild veitir ekki veðheimildir á undan útgefnum fasteignaveðbréfum. Starfshópurinn telur rétt að athuga hvort heimila eigi húsbréfadeild að veita undanþágur frá þessu ákvæði þegar mistök hafa átt sér stað við útgáfu fasteignaveðbréf þegar láðst hefur að geta veðheimilda sem um var beðið í upphafi og ekki síður vegna þess að þetta ákvæði hefur nær ekkert verið kynnt almenningi. Almenna viðmiðun laganna um veðhæfni er 65% og hefur það fengið góða kynningu. All algengt virðist vera, að við útgáfu fasteignaveðbréfs, átti fólk sig ekki á að geta annarra lána sem það þarf að taka eða flytja með sér á nýju eignina. Þar sem yfirleitt eru gerðar mun strangari veðkröfur en 65% hjá öðrum aðilum, getur þetta athugunarleysi valdið stórkostlegum erfiðleikum. Hugsanlegt væri að heimildin væri bundin við 6 - 9 mánuði frá gerð kaupsamnings. Einnig að strax við útgáfu fasteignaveðbréfa verði getið veðheimilda fyrir óteknum lánum allt að þeirri fjárhæð, sem ásamt fjárhæð fasteingnaveðbréfs rúmast innan 65% veðmarkannna.

2.4 Tafir við útgáfu húsbréfaflokka.

Seinagangur ríkisstjórnarinnar við að veita félagsmálaráðherra heimild til útgáfu reglugerða vegna nýrra húsbréfaflokka hefur ítrekað tafið afgreiðslu mála hjá húsbréfadeild og um leið valdið fólki ónauðsynlegum erfiðleikum. Tryggja verður að reglugerð vegna útgáfu nýs húsbréfaflokks sé jafnan tilbúin það tímanlega að skráning hans á Verðbréfaþingi sé til reiðu áður en eldri flokkur er uppurinn.

Tafir á útgáfu nýrra húsbréfaflokka geta haft í för með óeðlilega bið eftir afgreiðslu sem getur leitt til ójafnvægis á fasteignamarkaði og ótímabærra og órökréttra verðsveiflna á íbúðarverði og ávöxtun húsbréfa.

Nauðsynlegt er að fasteignasölum sé tilkynnt með a.m.k. mánaðar fyrirvara hvenær nýr flokkur verður gefinn út. Er þetta afar brýnt við kauptilboðsgerð svo unnt sé að tilgreina

hvaða flokk er verið að framselja á reiknuðu verði ákveðinn dag. Veruleg vandræði sköpuðust á sl. ári í þessu sambandi þegar vextir voru hækkaðir úr 5,75% í 6% milli 1. og 2. flokks 1990. Þá var fjöldi kauptilboða í gangi, samþykkt og frágengin með 5,75% vöxtum - til baka frá húsbréfadeild komu fasteignaveðbréf með 6% vöxtum. Skilmálum samþykktra kauptilboða var breytt með einu pennastriki, og samningar manna ómerktir.

2.5 Staðgreiðsluverð í fasteignaviðskiptum.

Eins og nú háttar taka seljendur almennt við húsbréfum á reiknuðu verði þeirra sem greiðslu. Seljendum á þó að vera kunnugt um að markaðsverð húsbréfanna kann að vera annað en reiknað verð þeirra og sú skylda hvílir á fasteignasölum að upplýsa kaupendur og seljendur um markaðsverð og aðra eiginleika húsbréfa. Óhjákvæmilegt er að einhver tími líði frá gerð kauptilboðs til þess dags er seljandinn fær húsbréfin í hendur. Eins og rakið er á undan þarf að framkvæma endanlegt mat á greiðslugetu, gefa út fasteignaveðbréf, þinglýsa því og skipta því fyrir húsbréf.

Hámark er að þessi ferill taki viku og væri æskilegt að þessi afgreiðsla tæki aldrei lengri tíma. Ljóst er hins vegar að jafnvel á þeim tíma geta hæglega orðið breytingar á gengi húsbréfa á verðbréfamarkaðnum. Seljendur íbúða búa nú við þessa óvissu. Æskilegra væri að kaupendur íbúða tækju á sig þessa óvissu með því að festa í samningum hvert virði húsbréfanna skal vera í kaupsamningnum. Þetta væri hægt að gera með því móti að í kaupsamningi væri tilgreint hvað kaupandi ætti að greiða seljanda með húsbréfum samkvæmt markaðsverði þeirra eða peningum.

Breyting í þessa veru kallar trúlega á breytingar á verðlagningu íbúða, þannig að finna verður staðgreiðsluverð þeirra í hverju tilviki svo reikna megi rétt verð miðað við mismunandi greiðslufyrirkomulag.

Hér er hins vegar um talsverða breytingu að ræða á greiðsluháttum í fasteignaviðskiptum og má búast við að nokkurn tíma taki að koma á þessari skipan. Æskilegt væri að fyrsta skref í þessa átt, sem aðdragandi að þessari breytingu, væri að fasteignasalar gæfu seljendum bæði upplýsingar um staðgreiðsluverð og söluverð fasteigna miðað við núverandi greiðslukjör. Þetta myndi leiða til þess að almenningur gerði sér betur grein fyrir þeim mun sem er á greiðslufyrirkomulagi hverju sinni.

2.6 Áhrif breytinga á húsbréfakerfinu í október 1991.

Ljóst er að nokkrar þeirra breytinga sem gerðar voru á húsbréfakerfinu í október síðastliðnum geta haft óæskileg áhrif á fasteignamarkað verði þær viðvarandi. Gildir það einkum um lækkun hámarksfjárhæða og takmarkanir á grundvelli mismunar á kaup - og söluverði íbúða.

Við undirbúning húsbréfakerfisins var hámarksfjárhæð fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu miðuð við að 4 - 5 manna fjölskylda gæti fjármagnað kaup á meðalstóru raðhúsi með 65% fjármögnun úr húsbréfakerfinu. Lánskjör húsbréfa miðast við markaðsvexti, þó þannig að íbúðarkaupandi nýtur ríkisábyrgðar á láninu og eru vextir því lægri en ella. Niðurgreiðsla vaxta var færð yfir í skattkerfið og gilda þar ákveðin tekju- og eignamörk.

Lækkun hámarksfjárhæða í október síðastliðnum raskar þessum forsendum og skapar verulegan vanda við fjármögnun á stærri íbúðum. Jafnframt er hætta á að þessi breyting geti haft áhrif á verðlagningu á notuðum íbúðum og dragi verulega úr íbúðabyggingum. Sú nýbreytni að taka upp mismunandi takamarkanir fjárhæða eftir því hvort um er að ræða nýjar eða notaðar íbúðir kann einnig að skekkja fasteignamarkaðinn. Þessi breyting hefur

líklega fremur lítil áhrif á heildarútgáfu húsbréfa þar sem aðeins rúm 4% fasteignaveðbréfa voru yfir þeim efri mörkum sem sett voru í október.

Það ákvæði sem tekið var í reglugerðina með breytingunni í október, um að fyrirgreiðsla skyldi ekki nema hærri fjárhæð en sem svaraði til mismunar kaupverðs og hreins söluverðs (2. mgr. 13. gr. rgl), getur valdið því að aðstaða íbúðarkaupenda verður mismunandi eftir því hvort skuldir þeirra eru veðskuldir eða lausaskuldir. Eftir þessa breytingu er hagstæðara að skuldir séu á formi veðskulda. Allt mælir með því að þetta ákvæði verði fellt úr reglugerðinni hið fyrsta enda gildir það sama um þetta ákvæði og hertar fjárhæðatakmarkanir að ekki er um að ræða breytingu sem hefur mikil áhrif á útgáfu húsbréfa.

3. Húsbréf og fjármagnsmarkaður.

3.1 Yfirlit.

Við undirbúning að setningu laga um húsbréfaviðskipti og á fyrsta starfsári húsbréfadeildar voru gerðar sérstakar athuganir á líklegum áhrifum þess á fjármagnsmarkað. Meðal þeirra atriða sem komu til álita var áætluð útgáfa húsbréfa og hvaða áhrif húsbréfakerfið hefði á framboð lánsfjár. Í niðurstöðum skýrslu starfshóps sem skipaður var af ríkisstjórninni í ársbyrjun 1989 og skilaði áliti í febrúar 1989 var talið líklegt að útgáfa húsbréfa gæti orðið um 8 - 10 mrð.kr. þegar kerfið næði bæði til nýbygginga og notaðra íbúða. Framreiknað til verðlags á miðju þessu ári samsvarar það um 10 - 12,5 mrð.kr. Jafnframt áætlaði starfshópurinn að líklegt mætti telja að sala húsbréfa á fjármagnsmarkaðnum gæti numið um 4 - 5 mrð.kr. en það svarar til um 5 - 6 mrð.kr. á verðlagi þessa árs.

Þessar áætlanir hafa í megindráttum gengið eftir. Þetta ár er fyrsta heila árið sem húsbréfakerfið nær bæði til nýrra og notaðra íbúða. Útlit er fyrir að útgáfa húsbréfa vegna notaðra íbúða og nýbygginga gæti numið 12 mrð.kr. á yfirstandandi ári. Þó bendir margt til þess að útlán vegna nýbygginga á þessu ári séu nokkuð meiri en reikna má með við eðlilegar aðstæður vegna uppsafnaðrar þarfar frá fyrri árum, þar sem greinilegt er að lán til nýbygginga voru óeðlilega mikil á fyrstu mánuðum ársins.

Hins vegar er útlit fyrir að heildarútgáfa húsbréfa verði á þessu ári um 14 - 15 mrð.kr. og skýrist frávikið fyrst og fremst af útgáfu húsbréfa vegna greiðsluerfiðleika. Horfur á að útgáfa húsbréfa vegna greiðsluerfiðleika verði um 2,5 mrð.kr. á þessu ári. Sá vandi hefur fylgt útgáfu húsbréfa vegna greiðsluerfiðleika að þau húsbréf hafa leitað að miklu leyti út á fjármagnsmarkaðinn. Þessi bréf hafa að mestu leyti gengið til uppgreiðslu skulda í lánastofnunum og hjá lífeyrissjóðum sem hafa undantekningalítið selt þau beint á markaði.

Sala húsbréfa á fjármagnsmarkaði er hins vegar mun minni en heildarútgáfa þeirra. Reynslan til þessa bendir til þess að um 65% af útgefnum húsbréfum séu seld á markaði en seljendur íbúða haldi eftir um 35% húsbréfanna.

Samhliða því að húsbréfadeild hóf starfsemi sína var dregið úr almennum útlánum úr Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt lánakerfinu frá 1986. Það hefur þó ekki verið gert eins hratt og æskilegt hefði verið og áður nefndur starfshópur 1989 mælti með. Útlán sjóðsins námu um 8,8 mrð.kr. á síðasta ári en verða um 4,6 mrð.kr. á þessu ári, sem eru að öllum líkindum síðustu verulegu lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins en útlán á næsta ári eru aðeins áætluð um 600 m.kr. Ljóst er að útlán Byggingarsjóðs ríkisins og þá sérstaklega á þessu ári, hafa skapað spennu í fjármagnsmarkaðnum. Lánin úr Byggingarsjóði ríkisins hafa farið til að fjármagna íbúðaviðskipti og íbúðabyggingar sem þegar höfðu átt sér stað á árunum frá 1988 - 1990 en samhliða þessu hefur húsbréfakerfið fjármagnað ný viðskipti. Jafnframt hafa útlán úr Byggingarsjóði ríkisins haft í för með sér bindingu lánsfjár úr lífeyrissjóðunum sem takmarkað hefur svigrúm til sölu húsbréfa og annarra markaðsbréfa. Áætla má að þessi lán hafi á þessu ári bundið rösk 18% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða eða 4.9 mrð. kr. Þetta ástand er þó tímabundið og bendir flest til að betra jafnvægi ætti að skapast strax á næsta ári.

Vextir hafa farið hækkandi á innlendum fjármagnsmarkaði undanfarna 12 mánuði. Lætur nærri að grunnvextir verðtryggðra skuldbindinga hafi hækkað um 2% að jafnaði. Hafa ýmsir viljað rekja þá þróun til mikillar útgáfu húsbréfa. Ólíklegt er að útgáfa húsbréfa sé helsti orsakavaldur í þessum efnum þar sem aðrar ástæður koma einnig til. Í þessu sambandi má nefna eftirtalda þætti:

Í fyrsta lagi má nefna að svo virðist sem straumhvörf hafi átt sér stað á haustmánuðum síðasta árs hvað varðar myndun sparnaðar landsmanna. Neysla fór vaxandi samhliða vaxandi

viðskiptahalla. Þessi þróun hefur haldið áfram á þessu ári. Mun minni nýsparnaður hefur átt sér stað á þessu ári en á árinu 1990. Ástæður þessara breytinga eru ekki að fullu ljósar en veigamesta ástæðan er að líkindum almennar væntingar á miðju síðasta ári um vaxandi hagvöxt og lífskjarabata sem leiddu til aukinnar einkaneyslu. Í öðru lagi hefur lánsfjárþörf ríkissjóðs verið mikil og mun meiri en ráð var fyrir gert. Á síðasta ári var henni mætt að mestu leyti með lántökum á innlendum markaði og áformað var að gera það einnig á þessu ári. Strax á haustmánuðum síðasta árs var ljóst að það gæti vart gengið eftir án þess að vextir hækkuðu á innlendum lána-markaði.

Báðir þessir þættir ásamt því að starfandi voru samtímis tvö húsnæðislánakerfi og aðgerðir vegna greiðsluerfiðleika íbúðareigenda hafa stuðlað að spennu og vaxtahækkunum á lánamarkaðnum.

3.2 Þróun lána til húsnæðismála.

Í töflu 5 er gefið yfirlit um ný lán til húsnæðismála undanfarin ár. Um er að ræða lán frá Húsnæðisstofnun, lífeyrissjóðum, bönkum og seljendum íbúða (handhafabréf). Mikil aukning varð á þessum lánum milli áranna 1988 og 1989 og aftur milli áranna 1989 og 1990 en aukning á þessu ári er hins vegar nánast engin.

Með tilkomu húsbréfakerfisins hefur dregið verulega úr útgáfu handahafabréfa í fasteignaviðskiptum. Útlit er fyrir að ný handhafabréf verði á þessu ári um 550 m.kr. samanborið við tæpar 1600 m.kr. á árinu 1989, þ.e. áður en útgáfa húsbréfa hófst. Jafnframt hafa þau lán innlánsstofnana sem flokkuð eru sem íbúðarlán minnkað á árunum 1990 og 1991 og er útlit fyrir að þau hafi dregist saman að raungildi. Rétt er þó að taka fram að gögn um íbúðarlán innlánsstofnana eru ekki að fullu sambærileg við aðrar tölur í töflunni því þar er sýnd hrein útlánaaukning, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum. Húsbréfafyrirgreiðsla vegna greiðsluerfiðleika hefur jafnframt farið að stórum hluta til endurgreiðslu íbúðarlána í innlánsstofnunum. Þar sem innlánsstofnanir hafa í flestum tilfellum selt þessi húsbréf á markaði hefur þessi aðgerð dregið enn frekar úr íbúðalánum banka og sparisjóða.

TAFLA 5
ÚTLÁN TIL HÚSNÆÐISMÁLA 1987-1991
(nýlán)
Fast verðlag 1991=100

	1987	1988	1989	1990	Áætlun 1991
Byggingarsjóður ríkisins	8632	8661	9478	9517	4600
Húsbréfadeild-markaðsverð	-	-	63	4967	12300
Lífeyrissjóðir	2271	2454	3423	3451	3000
Innlánsstofnanir	799	857	1851	733	-285
Seljendur (handhafabréf)	2150	1210	1583	1278	550
Almenn lán samtals	13852	13182	16448	19946	20165
Byggingarsjóður verkamanna	2222	2763	3640	3814	4680

Lán lífeyrissjóða til einstaklinga á árinu 1990 hafa hins vegar lítið dregist saman, frekar staðið í stað miðað við árið 1989. Það er að vísu vandkvæðum bundið að sundurliða hve mikið af lánum lífeyrissjóða fara til íbúðafjárfestinga. Vera kann að stór hluti þessara lána fari til kaupa á varanlegum neysluvörum.

Eins og gert var ráð fyrir þegar starfsemi húsbréfakerfisins hófst hefur dregið verulega úr lánveitingum annarra aðila en Húsnæðisstofnunar til húsnæðismála. Þannig hafa lán banka til íbúðarkaupa dregist mjög saman og útgáfa handahafabréfa við sölu íbúða hefur minnkað stórlega. Lán lífeyrissjóða hafa einnig dregist saman að raungildi. Í heild er ekki um að ræða verulega aukningu á nýjum útlánum til húsnæðismála á árinu 1991. Hins vegar varð veruleg aukning á síðasta ári vegna þess fyrst og fremst að lánakerfið frá 1986 og húsbréfakerfið störfuðu samhliða. Líkur eru á að á næsta ári dragi hins vegar úr þessum lánum þegar lánakerfið frá 1986 hættir starfsemi.

3.3. Sala húsbréfa á lánamarkaði - innri fjármögnun.

Í tengslum við húsbréfakerfið hefur mikið verið rætt um innri fjármögnun fasteignaviðskipta. Með því hugtaki er átt við hversu mikið af útgefnum húsbréfum sem seljendur íbúða fá og velja að eiga áfram eða nota í önnur íbúðakaup. Með því eru íbúðarseljendur í raun að taka þátt í fjármögnun viðskiptanna.

Í töflu 6 er gerður samanburður á heildarútgáfu húsbréfa og sölu þeirra á markaði. Í töflunni er sýnt sérstaklega markaðsverð útgefinna húsbréfa en það er lægra en sem nemur nafnverði þeirra og svarar mismunurinn til affalla bréfanna. Þannig var heildarútgáfa húsbréfa á nafnverði 1990 um 5,5 mrð.kr. en um 5 mrð.kr. á markaðsverði. Tölur um sölu húsbréfa á markaði eru byggðar á upplýsingum frá verðbréfafyrirtækjum.

TAFLA 6
ÚTGÁFA HÚSBRÉFA OG SALA Á MARKAÐI

	1989	1990	Jan-Sept 1991
Heildarútgáfa, nafnverð	12	5509	11487
Heildarútgáfa, markaðsverð	11	4967	9592
Sala á markaði, markaðsverð	0	3400	6144
- þ.a. kaup lífeyrissjóða	0	2200	5104
Sala sem hlutfall af útgáfu	-	68%	64%

Samkvæmt lauslegum upplýsingum virðist sem húsbréf fyrir um 3,4 mrð.kr. hafi verið seld á markaði á árinu 1990. Af útgáfu ársins svarar það til um 68% en á fyrstu 9 mánuðum þessa árs virðast um 6,1 mrð.kr. eða 64% af útgáfu ársins hafa leitað út á markaðinn. Ef bæði þessi tímabil eru tekin saman má ætla að um 65% af útgefnum húsbréfa hafa verið seld á verðbréfamarkaði. Markaðsverð útgefinna húsbréfa frá upphafi til loka september er um 14,6 mrð.kr. Af því eru um 2,2 mrð.kr. vegna nýbygginga. Eðlilegt verður að teljast að langstærsti hluti þeirra húsbréfa leiti út á verðbréfamarkaðinn með einum eða öðrum hætti

þar sem íbúðarbyggjendur þurfa að standa verktökum og efnissölum skil á greiðslum í reiðufé. Taki verktakar við húsbréfum er líklegt að þau húsbréf séu jafnharðan seld á markaði.

Ef sala húsbréfa vegna fasteignaviðskipta með notaðar íbúðir er skoðuð sérstaklega, þ.e. útgáfa húsbréfa vegna nýbygginga og greiðsluerfiðleika dregin frá, kemur í ljós, að sala þeirra bréfa á verðbréfamarkaði er aðeins um 52% af útgefnum bréfum á þessu ári. Þannig virðist sem um helmingur húsbréfa sem gefin hafa verið út vegna viðskipta með notaðar íbúðir haldist í eigu íbúðarseljenda og er það nokkuð í samræmi við upphaflegar áætlanir.

Í eftirfarandi töflu er gefið yfirlit um lántökur Húsnæðisstofnunar á lánamarkaði og útgáfu húsbréfa undanfarin ár. Fram kemur að beinar lántökur hafa nánast staðið í stað í krónum talið frá 1989 og því dregist saman að raungildi. Kauphlutfall lífeyrissjóðanna við bein skuldabréfakaup lækkaði úr 55% á árinu 1989 í 45% á árinu 1990 og loks í 37% á þessu ári. Útlit er fyrir að þetta hlutfall verði um rösk 27% á næsta ári. Samhliða lækkun á skuldabréfakaupum hefur sala á húsbréfum á markaði farið vaxandi. Eins og áður hefur komið fram er áætlað að sala húsbréfa á fjármagnsmarkaði hafi numið um 3,4 mrð.kr. á síðasta ári og áætlað er að sala á þessu ári gæti numið um 8 mrð.kr.

TAFLA 7
Lántökur Húsnæðisstofnunar og sala húsbréfa á markaði

Í milljörðum króna.

			Áætlun	
	1989	1990	1991	1992
Skuldabréfasala til lífeyrissjóða	9,7	10,7	9,6	8,2
Sala húsbréfa á markaði	0,0	2,7	8,0	7,2
Samtals	9,7	12,7	17,6	15,4
Hlutfall af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða	49,7%	56,4%	67,7%	51,8%

Lífeyrissjóðir eru hins vegar ekki einu kaupendur húsbréfa á fjármagnsmarkaðnum þar sem bankar, verðbréfasjóðir og einstaklingar hafa keypt húsbréf í nokkrum mæli. Húsbréfakaup innlánsstofnana og verðbréfasjóða hafa numið um 1.5 mrð.kr. Rétt er að undirstrika að húsbréfakaup banka og verðbréfasjóða koma að líkindum í stað lána til íbúðarkaupenda. Eigi að síður er fróðlegt að bera samtölu skuldabréfakaupa lífeyrissjóðanna og sölu húsbréfa á markaði við ráðstöfunarfé lífeyrissjóða. Þetta hlutfall stefnir í rösklega 67% á þessu ári. Þessi staða endurspeglar þann vanda sem fylgir starfrækslu almenna lánakerfisins frá 1986 og húsbréfakerfisins samtímis á þessu ári.

3.4 Ávöxtun húsbréfa.

Í nóvember 1989 var gerður samningur við Landsbréf hf., dótturfyritæki Landsbanka Íslands um að það gerðist viðskiptavaki fyrir húsbréf og annaðist samskipti við

Verðbréfaþing Íslands vegna húsbréfa. Samkvæmt samningnum skyldi ávöxtunarkrafa fyrstu 500 m.kr. húsbréfa vera á bilinu 6,55% - 6,95%. Ávöxtunarkrafan hækkaði í nokkrum skrefum í 6,95% fram til júlíbyrjunar 1990 en lítil breyting átti sér stað frá þeim tíma fram að haustmánuðum 1990. Ávöxtun spariskírteina ríkissjóðs hækkaði hins vegar í júnímánuði þegar stórkaupendum, lífeyrissjóðum og innlánsstofnunum, voru boðin sérstök kjör sem fólu í sér að ávöxtun spariskírteina var á bilinu 6,7 - 7,05%. Á þessum tíma var því ávöxtun spariskírteina talsvert hærri en húsbréfa.

Um miðjan nóvember hætti viðskiptavakinn hins vegar kaupum í einn dag þar sem miklar birgðir höfðu safnast upp, en hóf viðskipti næsta dag með 7,45% ávöxtunarkröfu. Sala húsbréfa gekk vel fram yfir áramót en ójafnvægi gerði aftur vart við sig í febrúar 1991. Í september 1991 skaust ávöxtun húsbréfa upp í 9% en hefur aftur lækkað og er nú um 8,4%.

Í ársbyrjun 1991 gerði ríkissjóður, eða þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa, tilraun til að lækka ávöxtun á spariskírteinum. Þá var ávöxtun þeirra færð niður í 6-6,1% og voru þeir vextir óbreyttir fram í júnímánuð. Þessi vaxtalækkun reyndist hins vegar óraunhæf og sala spariskírteina gekk afar illa. Með aðgerðum nýrrar ríkisstjórnar var ávöxtun spariskírteina hækkuð í 7,9%-8,1% í júní síðastliðnum. Verulegt misvægi hafði hins vegar verið allt frá áramótum til þessa tíma á ávöxtun spariskírteina og húsbréfa og var ávöxtun húsbréfa talsvert hærri en vextir spariskírteina.

TAFLA 8
PRÓUN ÁVÖXTUNAR HÚSBRÉFA
Ávöxtun við kaup viðskiptavaka [1])

1989 - 1990		1991		1991	
Dagsetn. breyt.	Ávöxtun á ári %	Dagsetn. breyt.	Ávöxtun á ári %	Dagsetn. breyt.	Ávöxtun á ári %
21.12.89	6.55	01.02.91	7.40	03.09.91	8.80
23.04.90	6.75	12.02.91	7.60	12.09.91	9.00
25.05.90	6.85	14.02.91	7.70	24.09.91	8.80
05.07.90	6.95	26.03.91	7.90	21.10.91	8.60
06.11.90	7.05	12.04.91	8.10	7.11.91	8.50
16.11.90	7.45	23.04.91	8.40	15.11.91	8.40
16.11.90	7.35	08.05.91	8.50		
22.11.90	7.30	21.05.91	8.80		
28.11.90	7.25	27.05.91	8.70		
28.11.90	7.30	01.07.91	8.60		

1) Miðað við lánskjaravísitölu.

3.5 Þróun vaxta á lánamarkaði og áhrif húsbréfa.

Á undanförnum tveimur misserum hafa grunnvextir á verðtryggðum skuldbindingum hækkað um 2% eins og áður hefur verið vikið að. Þessi vaxtahækkun hófst í raun með vaxtahækkun spariskírteina í júní á síðasta ári og varla er hægt að rekja þá hækkun til útgáfu húsbréfa enda var útgáfa þeirra þá lítið komin í gang. Á þessu ári hafa hins vegar vextir húsbréfa frekar verið leiðandi og endurspeglar það þá afstöðu viðskiptavakans að láta vexti jafna framboð og eftirspurn, því sem næst, á hverjum tíma. Jafnframt leiddu stjórnmálaleg

sjónarmið til að þess að ávöxtun spariskírteina var óraunhæf á fyrri helmingi ársins. Við þessar aðstæður varð misgengi milli vaxta á húsbréfum og spariskírteinum en það ástand var viðvarandi allt fram í byrjun júní sl. er ávöxtun spariskírteina var hækkuð í 7,9 - 8,1%.

Eins og rakið hefur verið hér á undan virðist ekki stefna í mikla aukningu á nýjum lánum til húsnæðismála á þessu ári. Í raun virðast þau ætla að standa nokkurn veginn í stað. Hins vegar hefur orðið tilfærsla á lánum frá bönkum, lífeyrissjóðum og handhafaskuldabréfum yfir í fjármögnun með útgáfu húsbréfa. Þetta þarf engum að koma á óvart þar sem þessi breyting er beinlínis afleiðing af eiginleikum húsbréfakerfisins. Einnig er ljóst að húsnæðislán á þessu og reyndar síðasta ári eru með allra mesta móti og stafar það eins og áður hefur verið nefnt af samtenginu eldra og nýrra húsnæðiskerfis.

Vafasamt er því að skýra hækkun vaxta á þessu ári með aukningu húsnæðislána. Mikilvægasta skýring hækkunar vaxta er sú að dregið hefur úr sparnaði á þessu ári. Samkvæmt áætlun Seðlabanka er útlit fyrir að nýr peningalegur sparnaður verði um 28 mrð. kr. á þessu ári samanborið við 36 mrð. á síðasta ári. Samhliða minnkandi sparnaði hefur eftirspurn heimila eftir lánsfé farið vaxandi. Jafnframt hefur ekki tekist að draga úr lánsfjárþörf A- hluta ríkissjóðs eins og stefnt var að við gerð fjárlaga. Þetta eru meginatriðin, sem ásamt mikilli lánsfjárþörf húsnæðiskerfisins, hefur aukið spennu á lánsfjármarkaði og leitt til hækkunar raunvaxta.

3.6 Einkenni húsbréfamarkaðarins.

Til þessa hafa lífeyrissjóðir verið helstu kaupendur húsbréfa. Kaup annarra aðila svo sem banka og verðbréfasjóða hafa verið takmörkuð þó þau hafi nokkuð aukist á síðustu mánuðum. Enn sem komið er hafa kaup einstaklinga á húsbréfum á verðbréfamarkaðnum verið fremur lítil þó þau hafi einnig farið vaxandi á undanförnum mánuðum. Þessi staða hefur skapað lífeyrissjóðunum sterka stöðu á húsbréfamarkaðnum. Það eykur á þennan vanda að lífeyrissjóðir hafa samráð sín á milli um markaðsaðgerðir sínar og styrkir það enn frekar stöðu þeirra á húsbréfamarkaðnum. Rétt er einnig að hafa í huga að lífeyrissjóðirnir eru nú orðnir stærsta uppspretta nýs sparnaðar í landinu og verðbréfaeign þeirra samsvarar nú verðbréfaeign bankakerfisins. Fjárfestingastefna þeirra hefur nú þegar mótandi áhrif á ávöxtun fjárskuldbindinga með löngum binditíma og mun gera það enn frekar þegar fram líða stundir.

Það er því nauðsynlegt að skapa aukna samkeppni á þessum hluta fjármagnsmarkaðarins. Það er hægt að gera með tvennu móti. Í fyrsta lagi að auka samkeppni milli einstakra lífeyrissjóða. Slíkt væri bæði til hagsbóta fyrir sjóðfélaga og fjármagnsmarkaðinn. Ein leið til að ná þessu marki væri að gefa launþegum valfrelsi um til hvaða lífeyrissjóðs þeir kjósa að greiða, jafnframt því sem auknar skyldur væru lagðar á lífeyrissjóði að gera sjóðfélögum grein fyrir rekstri sínum. Í öðru lagi með því að fjölga aðilum á þessum markaði. Mikilvægt skref hefur þegar verið stigið með opnun íslenska fjármagnsmarkaðarins. Samkeppni frá erlendum fjárfestum mun vafalaust valda aukinni samkeppni á fjármagnsmarkaðnum og leiða til samræmingar vaxta og lánskjara við það sem gerist erlendis. Einnig er mikilvægt að örva kaup einstaklinga á húsbréfum. Í því skyni kæmi til greina að veita þeim einstaklingum, sem kaupa húsbréf í verðbréfasjóðum sem fjárfesta eingöngu í húsbréfum, skattfríðindi sambærileg og nú gilda um húsnæðissparnaðarreikninga í innlánsstofnunum. Eðlilegt væri að gera það skilyrði að um reglulegan og samningsbundinn sparnað væri að ræða svipað og gildir um húsnæðissparnaðarreikninga innlánsstofnana.

Þau tvö ár sem nú eru liðin frá því að húsbréfakerfinu var hleypt af stokkunum eru að sjálfsögðu ekki að fullu marktæk hvað varðar viðtökur húsbréfa á fjármagnsmarkaðnum. Í

fyrsta lagi má nefna að alltaf tekur nokkurn tíma að ryðja brautina fyrir nýjum tegundum fjárskuldbindinga. Eyða þarf tortryggni og skapa traust og þekkingu á hinu nýja formi. Langt er um liðið síðan skuldabréf með útdrætti voru síðast gefin út hér á landi og því er þekking á slíkum bréfum takmörkuð. Margir véfengdu að bréf af þessu tagi gætu orðið raunhæfur söluvarningur til almennings. Reynsla Dana af útdráttarskuldabréfum bendir hins vegar til hins gagnstæða. Aukinn áhugi einstaklinga á húsbréfakaupum nú bendir til þess að erfiðasti hjallinn sé ef til vill að baki í þessum efnum.

Það hefur jafnframt torveldað markaðssetningu húsbréfa að hún hefur átt sér stað samfara almennri raunvaxtahækkun. Væntingar hafa fram til þessa verið á þá leið að vaxtahækkanir væru framundan. Við þessar aðstæður sjá fjárfestar fram á gengislækkun húsbréfa og annarra fjárskuldbindinga með föstum vöxtum. Af þessum sökum hafa þeir fremur kosið að festa fé til skamms tíma svo sem á innlánsreikningum. Þessar aðstæður hafa dregið úr áhuga banka og verðbréfasjóða til að kaupa húsbréf og önnur bréf með föstum vöxtum. Reyndar hafa þessar aðstæður einnig haft þau áhrif að mjög hefur dregið úr sparnaði í verðbréfasjóðum síðastliðið ár og þeir því haft úr litlu eða engu að spila.

4. Endurgreiðsluform húsbréfa.

Í erindisbréfi starfshópsins er óskað eftir því að endurgreiðslufyrirkomulag húsbréfa verði athugað sérstaklega.

Húsbréf eru nú útdráttarbréf með hámarkslánstíma allt að 25 árum. Vextir eru ekki greiddir af húsbréfunum reglulega heldur safna þau á sig vöxtum þar til þau eru dregin út eða lánstíminn er á enda. Endurgreiðslur húsbréfa nú eru með þeim hætti að ársfjórðungslega er dreginn út ákveðinn fjöldi númera í hverjum flokki húsbréfa og þau bréf sem þannig veljast eru endurgreidd að fullu með vöxtum og verðbótum. Eigandi húsbréfs sem endurgreitt er snemma á lánstímanum getur hagnast vel þar sem afföll eru þá í reynd endurgreidd eftir skamman tíma. Sé húsbréf dregið út seint á lánstímanum er ávöxtun þess lægri en nemur auglýstri ávöxtunarkröfu á markaðnum.

Fyrirkomulag þetta snertir ekki mikið hag þeirra kaupenda húsbréfa sem varið hafa háum fjárhæðum til kaupanna og eiga mikinn fjölda húsbréfa. Útdráttur húsbréfa þeirra hlýtur að dreifast að jafnaði nokkuð jafnt á lánstímann þannig að raunávöxtun þeirra fjármuna verður nálægt auglýstri ávöxunarkröfu hverju sinni. Eftir að unnt varð að fela bönkum og sparisjóðum innheimtu húsbréfa þannig að fylgst sé með hverjum útdrætti þeirra ætti ávöxtun húsbréfa að vera eigandanum fyrirhafnarlaus þegar um nægilega háa fjármuni er að ræða til að dreifing útdráttar geti orðið sæmilega jöfn. Á þetta ekki hvað síst við lífeyrissjóði sem ætla má að löngum verði stærstu kaupendur húsbréfa.

En sama á almennt ekki við um einstaklinga sem eru að ávaxta sparifé í mun lægri fjárhæðum. Sú ávöxtun sem í vændum er hjá slíkum kaupanda getur verið mjög há ef hann lendir í útdrætti snemma og allt niður í að vera lægri en auglýst markaðskrafa hverju sinni ef útdráttur er seint á lánstímanum. Oft ætla einstaklingar sér að nota sparifé eftir tiltekinn tíma, t.d. eftir nokkur ár, og taka þess vegna gengisáhættu vegna þess að þeir þurfa að selja húsbréf sín. Þótt einum og einum falli þessi aukna áhætta húsbréfa umfram spariskírteini vel í geð (vegna ábatavonarinnar) hefur endurgreiðslufyrirkomulagið torveldað sölu húsbréfa til einstaklinga og það átti sinn þátt í þeirri tortryggni sem myndaðist í upphafi hjá almenningi gagnvart húsbréfakerfinu almennt.

Þessi vandamál voru öll rædd þegar húsbréfakerfið var á undirbúningsstigi. Segja má að það endurgreiðslufyrikomulag sem nú gildir hafi orðið fyrir valinu vegna hagsmuna húsbréfadeildarinnar. Endurgreiðslur af fasteignaveðbréfum hennar eru fjórum sinnum á

ári og til að ekki safnist upp fjármunir í sjóðum hennar þótti við hæfi að endurgreiðsla húsbréfa yrði ársfjórðungslega til jafns við endurgreiðslur af fasteignaveðbréfunum.

Aðrar aðferðir endurgreiðslu húsbréfa sem einkum kæmu til greina eru jafnar afborganir, t.d. árlega eða árfjórðungslega, svo og ein greiðsla höfuðstóls, vaxta og verðbóta í lok lánstímans (án útdráttar) en þannig að kaupandinn geti valið tímalengd (lánstíma) sér við hæfi. Jafnar afborganir henta einstaklingum ekki betur en núverandi fyrirkomulag nema síður sé. Með síðara fyrirkomulaginu (eingreiðslubréfum) yrði til mikill fjöldi húsbréfaflokka, hver með sínum gjalddaga. Formið á húsbréfum yrði þá svo til alveg það sama og á núverandi flokkum spariskírteina - nema flokkar væru miklu fleiri og miklu meira val um lánstíma (gjalddaga). Líklegt er í slíku fyrirkomulagi að lífeyrissjóðir sæktust eftir þeim gjalddögum sem fjarlægari eru en einstaklingar eftir styttri bréfunum (t.d. tveggja til sex eða átta ára bréfum).

Þrátt fyrir þá ókosti sem fylgja núverandi endurgreiðslufyrirkomulagi húsbréfa hefur starfshópurinn komist að þeirri niðurstöðu að breytingar nú væru ekki heppilegar. Ástæðurnar eru tvær. Gerbreyting á húsbréfaflokkum eftir aðeins tveggja ára reynslu mun valda ruglingi og grafa undan tiltrú almennings á kerfinu í heild. Ástæða er til að leyfa núverandi fyrirkomulagi að festast í sessi á lengri tíma en síðar meir mætti brjóta upp á nýjungum sem þá væru taldar við hæfi. Síðari ástæðan er sú að mikill fjöldi eingreiðsluflokka (sem væri eftirsóknarverðasta fyrirkomulagið frá sjónarmiði fjárfesta) er tæknilega erfiður viðureignar. Enginn flokkur væri með sama gengi, skráning á Verðbréfaþingi yrði flókin og hættur á villu í afgreiðslu og viðskiptum væru miklar.

Á næsta ári er áformað að hefja útgáfu húsbréfa vegna meiriháttar endurbóta á íbúðarhúsnæði. Ekki væri óeðlilegt að húsbréf vegna þessara þarfa væru til skemmri tíma en húsbréf vegna kaupa eða bygginga á íbúðarhúsnæði. Vel kæmi til greina að gefa út sérstakan flokk húsbréfa með styttri endurgreiðslutíma í þessu skyni. Til greina kæmi að endurgreiðslutími húsbréfa yrði t.d. 10 - 15 ár.

5. Viðskiptavakt húsbréfa.

5.1 Hlutverk viðskiptavaka.

Viðskiptavaki er sá aðili sem hefur skuldbundið sig eða er af eigin frumkvæði ávallt reiðubúinn að setja fram kaup- og sölutilboð í verðbréf úr tilteknum flokki verðbréfa á fyrirfram ákveðnum vettvangi. Með starfi sínu gera viðskiptavakar verðbréfamarkaðinn liðugri (meira „liquid"). Þeir skapa þó ekki beint kaupendur og seljendur verðbréfa sem verða fyrst og fremst til vegna almennra aðstæðna í efnahagskerfinu og fjármagnsmarkaðinum. Þessar aðstæður, sem geta verið breytilegar, gera það misáhættusamt að stunda verðbréfaviðskipti, einnig fyrir viðskiptavakann sem tekur áhættu með því að binda fé sitt í verðbréfum til skemmri og jafnvel undir vissum kringumstæðum til lengri tíma.

Fyrir þjónustu sína og áhættutöku fá viðskiptavakar „spread" eða mismun á sölu- og kaupgengi sem samkvæmt reynslu erlendis er þeim mun meiri sem markaðir eru þynnri (slitróttari) og einhæfari en einnig eftir því sem gengi viðkomandi verðbréfa er viðkvæmara fyrir vaxtabreytingum svo sem vegna langs binditíma. Mismunur á kaup- og sölugengi erlendis getur t.d. orðið um 5% eða jafnvel talsvert hærri við ófullkomnar aðstæður. Reynslan erlendis hefur sýnt að eftir því sem áhætta viðskiptavaka er meiri þeim mun færri taka þátt í að setja fram tilboð í viðkomandi flokk verðbréfa.

5.2 Reynslan af starfi viðskiptavakans.

Þegar umhverfi viðskiptavaka á Íslandi er skoðað er ljóst að það er gífurlega áhættusamt. Ber þar að nefna mjög ójafnt flæði fjármagns í hagkerfinu, einhæfni og samráð kaupendahópa. Jafnframt veldur hér erfiðleikum að stofnanafjárfestar eru margir hverjir vanþróaðir og að skipulag er ófullnægjandi á verðbréfamarkaðnum, t.a.m. er ekki hægt að stunda framvirk viðskipti auk þess sem nokkuð vantar á að samvinna sé sem skyldi á milli verðbréfafyrirtækjanna sjálfra.

Það þarf því kki að koma á óvart þó að á ýmsu hafi gengið við að finna húsbréfum markað og að ekki hafi verið auðvelt fyrir hinn samningsbundna viðskiptavaka að sinna þjónustu hlutverki sínu svo að öllum hafi líkað. Reynslan af starfi Landsbréfa sem viðskiptavaka er samt tæpast að fullu marktæk þegar rætt er um framtíðarskipan þessara mála. Aðstæður þessi tvö fyrstu byrjunarár húsbréfakerfisins hafa verið um margt óvenjulegar. Markaðurinn hefur verið að meðtaka þessi bréf en það tekur jafnan drjúgan tíma fyrir nýjungar á fjármagnsmarkaði að vinna sér sess, eyða tortryggni o.s.frv. á sama tíma og umhverfið á íslenskum verðbréfamarkaði er áhættusamt eins og áður sagði. Þótt hlutverk viðskiptavaka sé fyrst og fremst að sjá til þess að ávallt sé hægt að eiga viðskipti með þessi bréf lenda á honum ýmis önnur verkefni s.s. upplýsingagjöf um húsbréfakerfið í heild og fleira ótengt beinum verðbréfaviðskiptum.

Reynslan hefur sýnt að við áhættusamar aðstæður er það ekki á færi nema stærstu verðbréfafyrirtækja/banka að sinna hlutverki viðskiptavaka vegna þeirra háu fjárhæða sem renna í gegnum húsbréfakerfið árlega, þ.e.a.s. viðskiptavakinn verður að eiga aðgang að miklu fjármagni og vera reiðubúinn að líta til lengri tíma; að öðrum kosti myndu vextir spennast upp úr öllu valdi á þeim tímabilum þegar t.d. fjármagnsuppsprettan „þornar upp" í hagkerfinu. Má telja líklegt að ávöxtunarkrafa húsbréfa hefði orðið mun hærri á vissum tímabilum ef Landsbréf hefðu ekki notið þess sterka bakhjarls sem Landsbankinn er. Viðskiptavakar sem ekki hafa slíkan bakhjarl eiga ekki aðra kosti en að auka afföll snöggt þegar framboð vex mikið eða eftirspurn minnkar eða hreinlega að setja ekki fram tilboð til að komast hjá því að taka áhættu.

Viðskiptavaka er eins og áður sagði nauðsynlegt að hafa nokkurn gengismun á milli kaupa og sölu þ.e. áhættuþóknun vegna markaðssveiflna og fá eitthvað í sinn hlut fyrir þá þjónustu sem hann veitir markaðnum með viðskiptavaktinni. Í tilviki húsbréfa hefur þessi þóknun orðið hæst 3,3% af sölugengi en yfirleitt hefur verið talsvert lægri og neikvæð á stundum. Þetta samsvarar um 0,3-0.4 prósentustigum í ávöxtunarkröfu þegar mismunurinn hefur verið hæstur, en á tímum tíðra vaxtahækkana hefur viðskiptavakinn þurft að taka tapi þegar húsbréf hafa verið seld út með ávöxtun sem er hærri en bréfin voru keypt inn á m.a. vegna þeirrar sterku stöðu sem stofnanafjárfestar svo sem lífeyrissjóðir njóta á markaðnum í fjarveru annarra innlendra og erlendra fjárfesta. Því virðist í ljósi aðstæðna að þessi þóknun sé síst of há og hafi í reynd ekki dugað viðskiptavökum til að mæta kostnaði og áhættu af viðskiptunum.

Rétt er að ítreka að allir þingaðilar geta gerst viðskiptavakar með því einu að skrá kaup- og sölutilboð á Verðbréfaþingi Íslands. Hingað til hafa aðrir verðbréfamiðlarar sýnt þessu lítinn áhuga vegna áhættunnar og er það mjög sjaldan sem þeir gera tilboð á þinginu jafnvel þótt þá hafi skort bréf.

5.3 Hlutverk Seðlabanka og annarra opinberra aðila.

Æskilegt er að skilgreina betur hlutverk opinberra aðila svo sem Seðlabankans og Byggingarsjóðs ríkisins í húsbréfaviðskiptum. Aðgerðir Seðlabankans hingað til hafa verið

frekar ómarkvissar t.d. skilaði flókið lánakerfi hans sem tilkynnt var sl. vor til handa viðskiptavökum ekki tilætluðum árangri. Auk þess má ætla að vegna áhættunnar séu viðskiptavakar að öllu jöfnu ekki tilbúnir að stunda viðskiptavakt húsbréfa með lánsfé sem bakhjarl. Æskilegt væri e.t.v. að opinberir aðilar gætu komið inn til að jafna sveiflur sem koma til af tæknilegum ástæðum og óeðlilegt er að markaðurinn þ.e. íbúðarkaupendur eða -seljendur verði fyrir barðinu á. Þarna má t.d. nefna þegar bið verður á útgáfu nýs flokks í einhvern tíma, umsóknir safnast upp og Húsnæðisstofnun neyðist til að afgreiða mikið magn húsbréfa á skömmum tíma.

Þá er einnig mikilvægt til að gera markaðinn liprari að Byggingasjóður taki að sér að skipta smærri einingum húsbréfa, t.d. 10.000 kr. og 100.000 kr. upp í stærri einingar þar sem stofnanafjárfestar eru ráðandi á markaðinum en þeir vilja sem stærstar einingar. Einstaklingum hentar á hinn bóginn oft betur að eiga húsbréf í smáum einingum og hefðu því þörf fyrir að geta skipt stórum einingum í smærri.

Starfshópurinn telur mjög mikilvægt að bankar geti talið húsbréf til lausafjár á sama hátt og spariskírteini ríkissjóðs en Seðlabankinn hefur veitt heimild til þess fram að næstu áramótum. Mikilvægt er að þessi heimild verði framlengd til mars eða apríl 1993 en lausafjárstaða banka er jafnan verst í upphafi árs.

6. Biðröðin í lánakerfinu frá 1986.

Með lögum nr. 47 um breytingu á lögum um Húsnæðissstofnun ríkisins frá 27. mars 1991 er almenna lánakerfið frá 1986 lagt niður. Í bráðabirgðaákvæði var m.a. tekið fram, að ákvæði laganna eins og þau voru, skyldu halda gildi sínu til 1. mars 1994 gagnvart þeim umsækjendum, sem höfðu fengið svar almenns eðlis um að þeir eigi rétt á láni. Eftir myndun núverandi ríkisstjórnar var ákveðið að flytja frumvarp til laga þar sem umrætt bráðabirgðaákvæði yrði fellt niður og hefur frumvarpið verið lagt fram á Alþingi.

Í þessari biðröð eru rúmlega 3 800 umsækjendur sem sótt hafa um lán til nýbygginga og kaupa á notuðum íbúðum. Um 2000 umsækjendur, sem sóttu um lán í lánakerfinu frá 1986 en fengu ekki afgreiðslu, hafa notað fyrirgreiðslu húsbréfakerfisins. Ekki liggur endanlega fyrir hversu margir af þessum 3 800 umsækjendum hafa nú þegar fest kaup á íbúða eða hafið byggingu íbúðar enda er samkvæmt lánakerfinu frá 1986 nóg að tilkynna íbúðarkaup þremur mánuðum fyrir tilkynntan útborgunardag lánsins. Þrátt fyrir það hefur stofnuninni borist kaupsamningar og fokheldisvottorð frá 160 umsækjendum þann 15. nóvember síðastliðinn. Húsnæðisstofnunin hefur sent umsækjendum í biðröðinni bréf með það fyrir augum að athuga hve margir hafa þegar keypt íbúð eða hafið byggingu og óska eftir að fá fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu, ef þess er kostur.

Samkvæmt lögum um húsbréfaviðskipti er forsenda fyrir því að hægt sé að fá fyrirgreiðslu húsbréfadeildar að fyrir liggi mat á greiðslugetu umsækjanda. Í reglugerð um húsbréfaviðskipti nr. 217/1990 voru tvö ákvæði til bráðabirgða, sem heimiluðu umsækjendum í biðröðinni aðgang að fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu þrátt fyrir að kaup á íbúð hefði þegar átt sér stað eða byggingu lokið. Þessi bráðbirgðaákvæði giltu til 15. maí 1991. Um 350 umsækjendur notfærðu sér þennan möguleika en ljóst er að það gerðu ekki allir sem rétt höfðu til þess.

Starfshópurinn mælir með tillögum ríkisstjórnarinnar um að hætta um næsta ármót útlánum úr Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt lánakerfinu frá 1986. Starfshópurinn telur mikilvægt að þegar niðurstöður athugunar Húsnæðisstofnunar á biðröðinni liggja fyrir þá verði tekin afstaða til hvernig þeir sem þegar hafa keypt fái aðgang að fyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu. Mikilvægt er að haga þeirri afgreiðslu þannig að hún valdi ekki röskun á húsbréfamarkaðnum.

7. Skattaleg meðferð affalla af húsbréfum.

7.1 Álit ríkisskattstjóra.

Félagsmálaráðuneytið og Húsnæðisstofnun ríkisins óskuðu eftir því í maí síðastliðnum að ríkisskattstjóri gerði grein fyrir því hvenær afföll af húsbréfum teljast til vaxtagjalda við útreikning vaxtabóta. Ríkisskattstjóri svaraði erindi þessu með álitsgerð dagsettri 4. júlí sl. Niðurstaða ríkisskattstjóra er að afföll af skuldabréfum geti talist til vaxtagjalda ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

„1) Gjaldandi þarf að vera útgefandi (skuldari) viðkomandi bréfs.

2) Gjaldandi þarf að selja bréfið nafngreindum kaupanda, að aðalreglu gegn greiðslu í peningum. Það telst ekki sala skuldabréfs ef gjaldandi sem kaupandi íbúðarhúsnæðis gefur út skuldabréf til seljanda til greiðslu á kaupverði þess.

3) Gjaldandi verður sannanlega að verja söluandvirði skuldabréfsins til öflunar íbúðarhusnæðis til eigin nota."

Að auki getur ríkisskattstjóri í áliti sínu þeirra tímatakmarkana sem gilda varðandi skammtímalán og skuldbreytingalán.

Ofangreind niðurstaða er byggð á úrskurðum ríkisskattanefndar og túlkun ríkisskattstjóra á ákvæðum laga um tekju- og eignaskatt, sérstaklega 2.tl. 51. gr. laga nr. 75/1981 en hún er á þessa leið:

„2. Afföll af seldum verðbréfum,víxlum og sérhverjum öðrum skuldarviðurkenningum, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Afföllin skulu reiknuð til frádráttar með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma. Sé skuld yfirtekin af öðrum eða falli greiðsluskylda niður áður en afborgunartíma er lokið teljast eftirstöðvar affalla ekki til frádráttar tekjum. Hafi skuld verið yfirtekin í sambandi við eignasölu er seljanda þó heimilt að lækka söluverð eignarinnar um fjárhæð sem nemur eftirstöðvum affallanna, enda hafi hann verið upphaflegur skuldari hinnar yfirteknu skuldar."

Ekki er ljóst að skoðun á lagaákvæðinu renni stoðum undir fyrri tvö atriðin sem ríkisskattstjóri nefnir sem skilyrði fyrir því að afföll teljist til vaxtagjalda, þ.e. að íbúðarkaupandi þurfi að vera útgefandi skuldabréfs og að selja þurfi skuldabréf fyrir peninga. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu telur ríkisskattstjóri að afföll vegna sölu húsbréfa þegar um nýbyggingu er að ræða eða greiðsluerfiðleika teljist til vaxtagjalda og myndi stofn til útreiknings vaxtabóta. Sala húsbréfa í tengslum við kaup á notuðu húsnæði teljist hins vegar aldrei til vaxtagjalda. Ekki er ljóst á hverju þessi mismunandi túlkun er byggð enda enginn eðlismunur á þessum viðskiptum.

Til að afföll af húsbréfum sem íbúðarbyggjandi hefur eignast vegna útgáfu fasteignaveðbréfs teljist til vaxtagjalda þarf samkvæmt áliti ríkisskattstjóra :

1) Útgefið fasteignaveðbréf að vera á nafn íbúðarbyggjanda.

2) Selja þarf húsbréfin þegar eftir útgáfu þeirra gegn greiðslu í peningum.

Samkvæmt þessu skiptir því máli hvort nýbygging er byggð á eigin vegum eða keypt af verktaka. Ef íbúð er keypt af verktaka er fasteignaveðbréfið gefið út á nafn hans og húsbréfin einnig. Jafnframt verður húsbyggjandi að gæta sín á því að selja húsbréfin fyrir peninga og alls ekki nota þau beint til greiðslu fyrir efni og vinnu.

7.2 Meðferð útreiknaðra affalla.

Samkvæmt áður tilvitnaðri lagagrein skal afföllum jafnað á afborgunartíma skuldabréfs og mynda þannig árlega stofn til vaxtagjalda. Þessi stofn er ekki framreiknaður með verðlagsbreytingum. Eðlilegt verður að teljast að svo sé gert.

7.3 Fyrirkomulag húsbréfaviðskipta.

Rétt er að rifja upp helstu atriðin varðandi viðskipti með húsbréf. Þegar um viðskipti með notaðar íbúðir er að ræða gefur kaupandi út fasteignaveðbréf til seljanda með veði í hinn keyptu eign. Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréfið og greiðir það með húsbréfum. Húsbréfin eru markaðsbréf og þannig er frá hnútum gengið að á hverjum tíma liggja fyrir upplýsingar um markaðsverð þeirra. Þegar um nýbyggingu er að ræða geta tvö afbrigði komið upp. Í því fyrra er keypt af verktaka. Fasteignaveðbréfið er þá gefið út á nafn hans og hann skiptir því fyrir húsbréf hjá húsbréfadeild. Þessi viðskipti eru alveg hliðstæð viðskiptum með notaðar íbúðir. Í seinna afbrigðinu er kaupandi sjálfur íbúðarbyggjandi og þá gefur hann út fasteignaveðbréf á nafn Byggingarsjóðs ríkisins og fær í þess stað húsbréf sem eru útgefin á nafn hans sjálfs.

Rétt er að undirstrika að Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins er í öllum tilfellum útgefandi húsbréfanna. Íbúðarkaupandi eða íbúðarbyggjandi gefur hins vegar ávallt út fasteignaveðbréfið sem húsbréfadeild kaupir. Húsbréfakerfið er í eðli sínu kerfi skuldabréfaskipta þar sem íbúðarkaupandi eða -byggjandi selur fasteignaveðbréf og fær það greitt með húsbréfum, sem eru markaðsskuldabréf, sem gefin eru út af húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins. Húsbréfin notar íbúðarkaupandinn til greiðslu á hluta kaupverðs eða kostnaði við íbúðarbyggingu. Markaðsverð húsbréfanna liggur fyrir á hverjum tíma og því einnig afföll þeirra, bæði við kaup eða byggingu á nýju húsnæði og við kaup á notuðu húsnæði. Afföll þessi eru hluti af fjármagnskostnaði íbúðarkaupanda og íbúðarbyggjanda.

Hins vegar eru afföll af húsbréfum ekki í öllum tilfellum vaxtagjöld fyrir íbúðarkaupendur, heldur einungis þau afföll sem rekja má til þeirra húsbréfa sem samsvara því fasteignaveðbréfi sem hann sjálfur hefur gefið út. Gera verður greinamun á því hvort þau húsbréf sem notuð eru til greiðslu íbúðarverðs eru tilkomin vegna útgáfu íbúðarkaupenda eða -byggjanda á fasteignaveðbréfi eða hvort um er að ræða húsbréf sem hann hefur fengið við sölu á fasteign eða með öðrum hætti. Afföll af húsbréfum sem tekin hafa verið sem greiðsla á hluta íbúðarverðs eða keypt á verðbréfamarkaði geta ekki talist til vaxtagjalda enda hefur íbúðarkaupandinn í raun keypt eða tekið við bréfunum með afföllum.

7.4 Niðurstöður.

Niðurstöður ríkisskattstjóra sýna að núgildandi skattakerfi mismunar bæði kaupendum notaðs og nýs húsnæðis auk þess sem þeim sem er að eignast nýtt húsnæði er mismunað eftir því hvort um er að ræða eigin íbúðarbyggingu eða kaup af verktaka.

Ástæða er til að endurskoða núgildandi skattalög með það fyrir augum.að taka af öll tvímæli í þessum efnum. Ef farin verður sú leið að telja afföll af húsbréfaviðskiptum til vaxtagjalda væri eðlilegast að mismunur markaðsverðs húsbréfa, sem látin eru í skiptum fyrir fasteignaveðbréf og uppreiknaðs verðs fasteignaveðbréfs sem íbúðarkaupandi hefur gefið út, myndi stofn til vaxtagjalda. Jafnframt þarf að að tryggja að útjöfnuð afföll þannig reiknuð séu framreiknuð milli ára með verðlagsbreytingum.

Ljóst er að breyting sem þessi myndi auka útgjöld ríkissjóðs vegna vaxtabóta og væri því ef til vill eðlilegt að hún tengdist endurskoðun á skilgreiningu vaxtagjalda í þessu sambandi sem fæli það í sér að til vaxtagjalda teljist eingöngu raunvextir.

8. Framtíðarþróun húsbréfakerfins.

Starfshópurinn er sammála um að hvorki sé nauðsynlegt né skynsamlegt að gera miklar breytingar á fyrirkomulagi húsbréfaviðskipta í næstu framtíð. Rætt var um mögulega þróun húsbréfakerfisins í framíðinni og hugsanlegar breytingar þegar húsbréfin hafa skotið föstum rótum á fjármagnsmarkaði og í vitund almennings.

Tilkoma húsbréfakerfisins hafði það í för með sér að afnumin var bein niðurgreiðsla hins opinbera á vöxtum almennra húsnæðislána. Húsbréfakerfið felur hins vegar í sér óbeina ríkisábyrgð á lánum vegna fasteignaviðskipta. Ríkisábyrgðin hefur það í för með sér að vextir lánanna verða lægri en ella þar sem ríkisábyrgðin leiðir til þess að vaxtakjör eða ávöxtun bréfanna verður svipuð og þau lánskjör sem ríkissjóður nýtur að teknu tilliti til lánstíma og annarra endurgreiðsluskilmála. Raunar var það sjónarmið við mótun húsbréfakerfisins, að það að afnema niðurgreiðslu vaxta væri hóflegur áfangi í endurskipulagningu íbúðarlána. Of róttækt væri að flytja þau á þessu stigi til frjálsra lánastofnana.

Vegna þess eiginleika húsbréfanna að þau eru útdráttarbréf var við því búist þegar frá upphafi að ávöxtun þeirra yrði eitthvað hærri en spariskírteina með svipaðan lánstíma. Sú hefur einnig orðið reyndin. Ávöxtun húsbréfa virðist vera að jafnaði um 0,3% hærri en ávöxtun spariskírteina á eftirmarkaði.

8.1 Ríkisábyrgð á húsnæðislánum.

Ríkisábyrgð á húsnæðislánum er ekki nýtt fyrirbrigði. Að því marki sem opinberir lánasjóðir, þ.á.m. byggingarsjóðirnir, hafa lánað til íbúðarviðskipta hefur verið ríkisábyrgð á húsnæðislánum. Segja má að með húsbréfakerfinu hafi verið stiginn sá áfangi að bein niðurgreiðsla vaxta hafi verið afnumin en ríkisábyrgð viðhaldið. Aðild hins opinbera að húsnæðilánakerfinu byggist m.a. á því að öruggt húsnæði sé einn af hornsteinum velferðar þegnanna og því mikilvægt að lánakerfið standi á traustum grunni. Einnig eru þau sjónamið í þessu sambandi að mikilvægt geti verið að ríkisvaldið geti haft áhrif á og stýrt húsnæðislánkerfinu.

Alltaf má búast við að einhver lán tapist. Til að mæta því er lagaheimild til handa húsbréfadeildinni til að áskilja sér vaxtaálag milli vaxta fasteignaveðbréfs og húsbréfa. Jafnframt er deildinni heimilt að innheimta lántökugjald við hverja lánveitingu. Til þessa hefur deildin nýtt sér seinni heimildina, þ.e. innheimt lántökugjald en vextir húsbréfa og fasteignaveðbréfa hafa verið þeir sömu til þessa. Ástæða er þó til að undirstrika sérstaklega að áhætta ríkissjóðs vegna húsnæðislána er mun minni en vegna annarra lána með ríkisábyrgð svo sem lánum til atvinnurekstrar. Ástæðan er sú að lánsfjárhæðir eru tiltölulega lágar og allar fasteignaveðtryggðar.

Reynsla undanfarinna ára bendir til þess að útlánatöp hjá Byggingarsjóði ríkisins hafi verið lítil hlutfallslega. Áætlað hefur verið að þau hafi verið um 0,25% af veittum lánum. Á það er hins vegar að líta að áhætta fer vaxandi samfara hærri raunvöxtum. Lán Byggingarsjóðs ríkisins voru fram til 1974 óverðtryggð. Þá var tekin upp hlutfallsleg verðtrygging en full verðtrygging komst á 1979. Vextir fullverðtryggðra lána frá 1979 til júlí 1984 voru og eru 2,25%. Jafnframt voru lánsfjárhæðir á þessum tíma mun minni hlutur íbúðarverðs. Hækkun lána og vaxta gefur til kynna að búast megi við meiri útlánatöpum á næstu árum. Á hitt ber að líta að samkvæmt lögum um húsbréfaviðskipti hefur húsbréfadeild nokkuð svigrúm til að ákveða viðmiðunarreglur um mat á greiðslugetu umsækjenda og veðhæfni fasteigna. Í húsbréfakerfinu eru mun strangari reglur um mat á greiðslugetu og veðhæfni en gilt hafa um lánveitingar Byggingarsjóð ríkisins. Þessar ströngu reglur draga

mjög úr áhættu ríkissjóðs í þessu sambandi. Þriðja atriðið í lögum um húsbréfaviðskipti sem ætlað er til að minnka áhættu ríkissjóðs er heimild húsbréfadeildar til að áskilja sér sérstakt vaxtaálag til að mæta áætluðum útlánatöpum. Ástæða er til að huga að því að nýta sér þá heimild sem er í lögunum og taka upp vaxtaálag í húsbréfaviðskiptum.

8.2. Húsbréfalán til almennra lánastofnana.

Í starfshópnum var rætt um með hvaða hætti almennar lánastofnanir gætu tekið að sér að fjármagna langtímalán til íbúðaviðskipta og íbúðabygginga í framtíðinni. Tilgangur þess væri tvíþættur. Annars vegar að draga úr þeirri ábyrgð sem ríkissjóður veitir vegna þessarar starfsemi og hins vegar að draga úr ríkisumsvifum á þessu sviði og færa þjónustu á þessu sviði til frjálsra lánastofnana.

Ýmis atriði þarf að skoða í þessu sambandi, m.a. með tilliti til öryggis og traustleika þeirra stofnana sem myndu veita þessi lán. Reynsla annarra þjóða, svo sem Bandríkjanna, bendir til að vel þurfi að búa um hnútana til að tryggja að slys hendi ekki. Jafnframt þarf að skoða skattaleg sjónarmið þessu tengd svo sem hvort lánafyrirtæki á þessu sviði ættu að njóta einhverra skattfríðinda til að lækka fjármagnskostnað. Hugsanlegt er að setja þurfi sérstaka löggjöf um lánastarfsemi á þessu sviði á næstu árum. Einnig verður að hafa í huga að breytingar í þessa veru geta haft í för með sér vaxtahækkun og að vissir þjóðfélagshópar og jafnvel ákveðin landssvæði í dreifbýli geti átt erfiðar uppdráttar í lánakerfi á vegum almennra lánastofnana.

Samningar um Evrópskt Efnahagssvæði hljóta einnig að ýta undir að nauðsynlegt verður að skoða þessi mál. Samkvæmt þeim munu erlendar lánastofnanir, þ.á.m. húsnæðislánastofnanir, fá starfsréttindi hér á landi. Búa þarf svo um hnútana að innlendar stofnanir standi ekki höllum fæti í samkeppni við erlend fyrirtæki á þessu sviði.

Töfluviðauki.



Samþykkt skuldabréfaskipti alls

	Alls	Kauptiloð	Ákvæði I	Ákvæði II	Greiðslu-erfiðleikar	Ný-byggingar	Byggingar-aðilar
Janúar	457	274	17	14	1	148	3
Febrúar	552	424	5	8	8	106	1
Mars	321	182	11	3	49	76	0
Apríl	463	289	5	2	85	77	5
Maí	406	229	4	8	99	62	4
Júní	280	207	0	0	33	39	1
Júlí	719	411	4	2	216	83	3
Ágúst	410	189	0	1	144	72	4
September	396	248	0	2	71	75	0
Október	431	314	2	2	43	68	2
Nóvember	0						
Desember	0						
Alls	**4,435**	**2,767**	**48**	**42**	**749**	**806**	**23**



Nýbyggingar einstaklingar **Nýbyggingar byggingaraðilar**

	1990	1991	1990	1991
Janúar		148		3
Febrúar		106		1
Mars		76		0
Apríl		77		5
Maí		62		4
Júní		39		1
Júli		83		3
Ágúst		72		4
September		75		
Október		68		2
Nóvember				
Desember	55		16	
Alls	**55**	**806**	**16**	**23**



Kauptilboð

	1989	1990	1991
Janúar		28	274
Febrúar		30	424
Mars		41	182
Apríl		37	289
Maí		61	229
Júní		135	207
Júlí		231	411
Ágúst		133	189
September		350	248
Október		322	314
Nóvember	0	400	
Desember	21	322	
Alls	**21**	2,090	2,767



Umsagnir alls

	1989	1990	1991
Janúar		54	503
Febrúar		50	605
Mars		72	500
Apríl		60	571
Maí		241	712
Júní		494	385
Júlí		693	651
Ágúst		465	580
September		725	495
Október		715	545
Nóvember	49	783	
Desember	52	555	
Alls	**101**	**4,907**	**5,547**



Meðalfjárhæð fasteignaveðbréfa alls

	1989	1990	1991
Janúar		3,739,643	3,465,369
Febrúar		3,389,267	3,182,550
Mars		3,744,732	3,210,930
Apríl		3,979,811	3,143,309
Maí		3,668,787	3,155,299
Júní		3,284,378	2,961,723
Júlí		3,162,978	2,772,150
Ágúst		2,965,293	2,884,503
September		2,957,811	3,164,622
Október		3,201,940	2,900,047
Nóvember		3,155,240	
Desember	3,059,476	3,325,642	
Alls	**3,059,476**	**3,210,509**	**3,070,072**



Kauptilboð - meðalfjárhæð fasteignaveðbréfs

	1989	1990	1991
Janúar		3,739,643	3,104,306
Febrúar		3,389,267	3,116,458
Mars		3,744,732	3,099,966
Apríl		3,979,811	3,021,282
Maí		3,668,787	3,070,541
Júní		3,284,378	2,817,938
Júlí		3,162,978	2,701,577
Ágúst		2,965,293	2,752,576
September		2,959,363	3,066,791
Október		3,219,174	2,902,038
Nóvember		3,197,155	
Desember	3,059,476	3,208,671	
Alls	**3,059,476**	**3,197,990**	**2,962,833**



Nýbyggingar einstaklinga - meðalfjárhæð fasteignaveðbréfa

	1990	1991
Janúar		4,241,470
Febrúar		3,545,831
Mars		3,631,253
Apríl		3,334,449
Maí		3,541,657
Júní		3,680,162
Júlí		3,226,074
Ágúst		3,319,391
September		3,485,476
Október		3,076,791
Nóvember		
Desember	4,600,802	
Alls	**4,600,802**	**3,569,262**



Nýbyggingar byggingaraðila - meðalfjárhæð fasteignaveðbréfa

	1990	1991
Janúar		5,285,863
Febrúar		4,500,000
Mars		
Apríl		5,314,287
Maí		5,917,118
Júní		4,709,543
Júlí		5,474,340
Ágúst		3,860,137
September		
Október		5,313,330
Nóvember		
Desember	4,125,000	
Alls	**4,125,000**	**5,121,620**



Fjöldi umsókna um greiðslumat

	1989	1990	1991
Janúar		64	617
Febrúar		53	644
Mars		85	571
Apríl		83	560
Maí		1,102	493
Júní		633	345
Júlí		610	631
Ágúst		516	580
September		499	495
Október		678	545
Nóvember	96	602	
Desember	73	305	
Alls	**169**	**5,230**	**5,481**

377. Framhaldsnefndarálit [30. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin tók málið aftur til umfjöllunar er Alþingi kom saman eftir áramót, m.a. vegna þess að afgreiðsla fjárlaga kallar á breytingar á frumvarpinu. Nefndin kvaddi við þessa framhaldsumfjöllun gesti á sinn fund en þeir voru: Halldór Árnason og Jón Ragnar Blöndal frá fjármálaráðuneytinu, Ólafur Örn Ingólfsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri, Bjarni Bragi Jónsson og Eiríkur Guðnason frá Seðlabanka Íslands, Guðmundur Malmquist, forstjóri Byggðastofnunar, Benedikt Davíðsson og Hrafn Magnússon frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Þorgeir Eyjólfsson frá Landssambandi lífeyrissjóða, Tryggvi Pálsson, bankastjóri Íslandsbanka, Stefán Pálsson, bankastjóri Búnaðarbanka, Ásmundur Stefánsson og Guðmundur Gylfi Guðmundsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson og Ólafur Hjálmarsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Þórleifur Jónsson frá Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja og Kristmundur Halldórsson frá iðnaðarráðuneytinu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu og einnig á tillögum meiri hlutans, þskj. 246. Nýju tillögurnar eru:

1. Lagt er til að lántökuheimild fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, sbr. 1. gr. frumvarpsins, verði hækkuð um 400 m.kr. Upphæðin samsvarar auknum halla ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum þessa árs frá því sem fjárlagafrumvarp gerði ráð fyrir.
2. Vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að skuldbreyta lánveitingum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar falla niður afborganir af veittum lánum deildarinnar á árinu 1992 og er því lagt til að heimild fjármálaráðherra til þess að endurlána henni verði aukin um 400 m.kr.
3. Áætlað útstreymi umfram innstreymi á skyldusparnaðarreikningum ungmenna, sem eru í vörslu Byggingarsjóðs ríkisins, er 220 m.kr. á þessu ári og því er lagt til að lántökuheimild Byggingarsjóðs hækki um þá upphæð.
4. Lagt er til að fjármálaráðherra verði heimilt að ábyrgjast allt að 85 m.kr. lántöku Skallagríms hf. til skuldbreytingar eldri lána, en fyrirtækið annast rekstur Akraborgarinnar.
5. Vegna kaupa Rafmagnsveitna ríkisins á eignum Hitaveitu Seyðisfjarðar er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilt að ábyrgjast allt að 76 m.kr. lántöku Rafmagnsveitnanna.
6. Vegna þeirra breytinga, sem hér er lagt til að gerðar verði, er nauðsynlegt að hækka heimild til erlendrar lántöku um 1.181 m.kr. sem samsvarar aukinni lánsfjárþörf vegna breytinganna. Er lagt til að 6. tölul. brtt. á þskj. 246 verði breytt til samræmis við þetta.

Í nefndaráliti fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar um frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 var tekið fram að hluta af lánsfjárheimild Byggðastofnunar ætti að nota til endurlána vegna viðgerða og endurbóta skipa innan lands. Nefndin ræddi við Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, Þórleif Jónsson, framkvæmdastjóra Félags dráttarbrauta og skipasmiðja, og Kristmund Halldórsson, deildarstjóra fjármála- og rekstrarsviðs iðnaðarráðuneytisins, vegna þessa máls og framkvæmdar á þessu ári. Nefndin var

fullvissuð um að þessu verkefni yrði sinnt eftir þörfum eins og verið hefði miðað við fjárhagsramma Byggðastofnunar samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til nú á sérstöku þingskjali, auk breytingartillagna á þskj. 246 og 276.

Alþingi, 9. jan. 1992.

Rannveig Guðmundsdóttir, varaform., frsm. Sólveig Pétursdóttir. Vilhjálmur Egilsson.

Ingi Björn Albertsson. Guðjón A. Kristjánsson.

378. Breytingartillögur [30. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992 og brtt. á þskj. 246.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (RG, GAK, IBA, SP, VE).

1. Við 1. gr. Í stað „13.000 m.kr.“ komi: 13.950 m.kr.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað „4.545 m.kr.“ komi: 5.095 m.kr.
   b. Í stað „1.250 m.kr.“ í 3. tölul. komi: 1.650 m.kr.
3. Við 4. gr. Í stað „2.565 m.kr.“ í 2. tölul. komi: 2.785 m.kr.
4. Við 5. gr. Við bætist tveir nýir töluliðir er orðist svo:
   a. Skallagrímur hf., allt að 85 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
   b. Rafmagnsveitur ríkisins, allt að 76 m.kr. til kaupa á eignum Hitaveitu Seyðisfjarðar.
5. Við 6. tölul. á þskj. 246. Í stað „7.400 m.kr.“ í síðari efnismálsgrein komi: 8.581 m.kr.

379. Fyrirspurn [225. mál]

til heilbrigðisráðherra um gjafakort sem heimila líffæraflutninga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Mun ráðuneytið beita sér fyrir útgáfu og dreifingu á svokölluðum gjafakortum þar sem einstaklingur gefur samþykki til brottnáms líffæris úr eigin líkama? Ef svo er, hvenær má vænta þess að slík kort verði tilbúin? Verða settar ákveðnar reglur um dreifingu þeirra?

380. Framhaldsnefndarálit [30. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hluti nefndarinnar gat ekki mælt með afgreiðslu frumvarps til lánsfjárlaga í desember sl. eins og fram kemur í nefndaráliti hans. Þótt afgreiðsla fjárlaga hafi nú farið fram er enn veruleg óvissa um tekju- og gjaldahlið fjárlaga fyrir árið 1992. Minni hlutinn gerði grein fyrir afstöðu sinni að því er varðar tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins í sérstöku nefndaráliti, þskj. 226. Ríkisstjórnin er enn að fjalla um ýmsa þætti í útgjaldahlið fjárlaga og því ríkir veruleg óvissa um niðurstöðu fjárlaga ársins 1992.

Fyrirætlanir um niðurskurð byggjast að verulegu leyti á flötum niðurskurði sem almennt hefur tekist illa. Önnur atriði hafa valdið miklum deilum á Alþingi og við þá þjóðfélagshópa sem verða fyrir samdrætti í útgjöldum.

Samkvæmt þeim samtölum, sem nefndin hefur átt við ýmsa aðila í þjóðfélaginu, hefur komið fram að frumvarp til lánsfjárlaga skapar ekki forsendur til almennra vaxtalækkana. Aðilar vinnumarkaðarins eru þeirrar skoðunar að veruleg vaxtalækkun sé bæði forsenda skynsamlegra kjarasamninga og meira atvinnuöryggis launþega. Það er almennt mat að ekkert fyrirtæki í landinu þoli þá háu vexti sem nú eru á fjármagnsmarkaði. Af þessum sökum heldur atvinnureksturinn að sér höndum og því ríkir almenn kyrrstaða í þjóðfélaginu. Mikill fjármagnskostnaður hefur einnig fjölgað gjaldþrotum en lítið kemur í stað þeirra fyrirtækja sem hætta rekstri af þeim sökum. Í samtölum við fulltrúa viðskiptabankanna hefur komið fram að þeir telja sig ekki geta staðið fyrir raunvaxtalækkun; eini aðilinn, sem gæti beitt sér fyrir því, sé ríkissjóður. Í yfirlýsingum fjármálaráðherra að undanförnu kemur fram að ekkert slíkt stendur til. Aðilar vinnumarkaðarins telja að helsta leiðin til að lækka vexti sé að ríkissjóður ákveði raunvaxtalækkun á spariskírteinum og húsbréfum; skuldabréf verði ekki seld af hálfu ríkisins nema lægri vextir fáist.

Frumvarp til lánsfjárlaga skapar enga kjölfestu í þessum efnum. Ríkisstjórnin hefur með sundurlausum yfirlýsingum valdið slíkri óvissu á fjármálamarkaði og vinnumarkaði að af því stafar mikil hætta. Fulltrúar verkalýðsfélaganna eru staðráðnir í því að knýja á um breytingar á ýmsum ráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur gripið til. Ekkert samráð hefur verið haft við fulltrúa vinnumarkaðarins um þessar breytingar. Allri samvinnu hefur verið hafnað og með því verið kvatt til átaka. Við þessar aðstæður er ekki skynsamlegt að Alþingi ljúki umfjöllun um frumvarp til lánsfjárlaga. Það er eðlilegt að bíða með afgreiðslu frumvarpsins þar til línur hafa skýrst á vinnumarkaðinum. Viðskiptabankarnir munu ekki breyta sínum vöxtum fyrr en meiri vissa ríkir um hvað gerist á vinnumarkaði og áform ríkisstjórnarinnar í lækkun á raunvöxtum. Auk þess er engin niðurstaða komin um afgreiðslu frumvarps um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Margt af því sem þar kemur fram er óvissu háð og sumt óframkvæmanlegt.

Minni hluti nefndarinnar hefur því ekki breytt um skoðun frá því að nefndarálitið var samið 9. desember 1991 og vísar allri ábyrgð á afgreiðslu málsins frá sér og mun ekki greiða því atkvæði.

Minni hlutinn mun gera nánari grein fyrir afstöðu sinni við umræðu um málið.

Alþingi, 10. jan. 1992.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

381. Frumvarp til laga [124. mál]

um breyting á lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr., 13. jan.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk Hagræðingarsjóðs er að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð, koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga í útgerðarháttum og að efla hafrannsóknir.

Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn veita styrki til úreldingar fiskiskipa, enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

Sjóðurinn skal koma til aðstoðar einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskips. Í því skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið aflaheimildir, enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands skal jafnframt annast stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

Fiskveiðasjóður annast reikningshald og rekstur Hagræðingarsjóðs.

Fjárhagur Hagræðingarsjóðs skal aðskilinn fjárhag Fiskveiðasjóðs.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Hagræðingarsjóði skal á hverju fiskveiðiári úthlutað aflaheimildum er nema 12.000 þorskígildum í lestum talið. Skal þessum aflaheimildum skipt á þær botnfisktegundir sem sæta ákvæðum um leyfðan heildarafla og miðað við þau verðmætahlutföll er ráðherra ákveður. Skal allt að fjórðungi þessara aflaheimilda varið til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er höllum fæti standa, sbr. 7. gr., en aflaheimildum sjóðsins skal að öðru leyti ráðstafa samkvæmt ákvæðum 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. Taka skal tillit til aflaheimilda Hagræðingarsjóðs við ákvörðun aflamarks einstakra skipa.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs gefa útgerðum þeirra skipa, er aflahlutdeild hafa af botnfisktegundum sem sjóðurinn fær úthlutað skv. 5. gr. og ekki eru boðnar byggðarlögum skv. 7. gr., kost á að fá framseldar til sín aflaheimildir sjóðsins gegn endurgjaldi. Skal forkaupsrétturinn boðinn í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim tegundum sem sjóðurinn hefur forræði á. Endurgjald skal miðað við almennt gangverð á sams konar heimildum að mati ráðherra. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari grein nær til.

5. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar svohljóðandi:

a. (7. gr.)

Óski sveitarstjórn að fá forkaupsrétt að aflaheimildum sjóðsins skal umsókn þar að lútandi send Hagræðingarsjóði einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs. Skilyrði fyrir að sveitarstjórn fái forkaupsrétt að aflaheimildum sjóðsins er að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið straumhvörfum í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags þannig að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa og byggðaröskun sé yfirvofandi. Sjóðstjórn skal taka afstöðu til óska sveitarstjórna um forkaupsrétt að fengnum tillögum Byggðastofnunar.

Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar að tilteknum aflaheimildum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skulu aflaheimildirnar framseldar fiskiskipi eða fiskiskipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Um endurgjald fyrir þær aflaheimildir, sem framseldar kunna að verða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, gilda ákvæði 3. málsl. 6. gr.

b. (8. gr.)

Þær aflaheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á skv. 6. og 7. gr. laga þessara, skal framselja hæstbjóðanda samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

Öllum tekjum Hagræðingarsjóðs af ráðstöfun aflaheimilda skal varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Hafrannsóknastofnunarinnar. Sjóðurinn skal standa stofnuninni jafnharðan skil á innheimtum tekjum.

6. gr.

7. gr. laganna, er verður 9. gr., orðast svo:

Úreldingarstyrkur skal vera tiltekið hlutfall af húftryggingarverðmæti fiskiskips að hámarki 30%. Skal ráðherra ákveða styrkhlutfall fyrir upphaf hvers almanaksárs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Úreldingarstyrkur vegna hvers einstaks skips skal þó aldrei vera hærri en 50 m.kr. Sú fjárhæð er grunnfjárhæð sem breytist í sama hlutfalli og gjald til sjóðsins skv. 4. mgr. 4. gr.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru skv. 1. mgr. 4. gr. Skal styrkur miðaður við það hlutfall er gilti á því ári er umsókn um styrkinn barst og styrkur reiknaður af húftryggingarverðmæti skips í upphafi þess árs.

Komi í ljós að fjárhagur sjóðsins leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja skv. 1. mgr. þessarar greinar er ráðherra heimilt að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að lækka þegar ákveðið styrkhlutfall ársins. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

7. gr.

8. gr. laganna, er verður 10 gr., orðast svo:

Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði varanlega sameinaðar aflaheimildum annarra fiskiskipa.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá og yfirlýsing frá sjávarútvegsráðuneytinu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og að fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins.

8. gr.

9. og 10. gr. laganna, svo og ákvæði til bráðabirgða II, falla brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 40/1990 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á fiskveiðiárinu 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 skal þeim aflaheimildum, sem Hagræðingarsjóður fær til ráðstöfunar skv. 5. gr. laga nr. 40 15. maí 1990, varið til hækkunar á aflamarki einstakra skipa í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim fisktegundum sem sjóðurinn hefur til umráða.

382. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992.

Frá Jóni Kristjánssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Jóni Helgasyni, Guðna Ágústssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Á eftir 5. gr. komi ný grein er orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán, allt að 300 m.kr., til að greiða fyrir síldarviðskiptum við Rússland.

383. Framhaldsnefndarálit [167. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin tók málið til umræðu að nýju eftir að henni barst bréf forsætisráðherra 7. janúar sl. þar sem þess er farið á leit við nefndina að nokkrar breytingar yrðu gerðar á frumvarpinu umfram þær sem meiri hluti nefndarinnar hefur þegar lagt til að gerðar verði. Efnahags- og viðskiptanefnd ákvað að senda heilbrigðis- og trygginganefnd, menntamálanefnd og samgöngunefnd til umsagnar þær breytingartillögur sem varða þá mála-

flokka sem nefndirnar fjalla um. Eru svör nefndanna birt sem fylgiskjöl með þessu framhaldsnefndaráliti en samkomulag varð um það í nefndinni að minni hluti nefndarinnar birti með sínu áliti þau fylgiskjöl sem minni hluti heilbrigðis- og tryggingnefndar og menntamálanefndar sendu efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin kvaddi við þessa framhaldsumfjöllun eftirfarandi gesti á sinn fund: Indriða H. Þorlákssson, Halldór Árnason, Steingrím Ara Arason, Jón Ragnar Blöndal og Rúnu S. Geirsdóttur frá fjármálaráðuneytinu, Þorkel Helgason og Dögg Pálsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Ara Edwald frá dómsmálaráðuneytinu, Ásmund Stefánsson og Guðmund Gylfa Guðmundsson frá ASÍ, Björn Grétar Sveinsson frá Verkamannasambandi Íslands, Ögmund Jónasson og Björn Arnórsson frá BSRB, Pál Halldórsson og Birgi Björn Sigurjónsson frá BHMR, Ingvar Viktorsson, Jón G. Tómasson, Valgarð Hilmarsson, Ólaf Kristjánsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Húnboga Þorsteinsson og Inga Val Jóhannsson frá félagsmálaráðuneytinu, Unni Halldórsdóttur frá Samtökum foreldra og kennara, Sigurð Þórðarson vararíkisendurskoðanda, Grétar J. Guðmundsson og Hilmar Þórisson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Magnús H. Magnússon frá Samtökum aldraðra, Hilmar Björgvinsson frá Tryggingastofnun ríkisins og Árna Guðmundsson, forstöðumann Lífeyrissjóðs sjómanna. Margir þessara manna lögðu fram gögn á fundum eða sendu síðar en auk þess bárust nefndinni nokkrar aðrar umsagnir um frumvarpið.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu og einnig á tillögum meiri hlutans á þskj. 286. Þær nefndir, sem fengu málið til umsagnar, hafa mælt með nokkrum breytingum, ýmist meiri hluti nefndar eða nefndin í sameiningu, og eru þær teknar upp í breytingartillögur meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, sbr. og fylgiskjöl með nefndarálitinu. Breytingartillögur meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar eru þessar:

1. Í stað þess að fastákveða að 29 nemendur skuli vera í hverjum bekk í 3.–10. bekk eins og gert er í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að nemendur skuli vera 28 í bekk næsta skólaár og að fræðslustjóra verði heimilt að ákveða þegar sérstaklega stendur á að fjölga um allt að tvo nemendur í bekkjardeild.
2. Samkvæmt tillögum meiri hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar er lagt til að við frumvarpið bætist sex nýjar greinar er fjalla um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.
   a. Um breytingu á 11., 12. og 19. gr. laganna.

      Lagt er til að grunnlífeyrir verði skertur hjá þeim ellilífeyrisþegum sem hafa tekjur umfram ákveðin mörk. Skerðing hefst við þær tekjur þar sem tekjutryggingu lýkur, en það er við 65.847 kr. á mánuði. Tekjur úr lífeyrissjóðum valda ekki skerðingu. Skerðingarhlutfall verður 25%, þ.e. lífeyrir er skertur sem nemur fjórðungi þeirra tekna sem eru yfir tekjumarkinu. Lífeyririnn verður að fullu skertur þegar tekjur eru umfram 114.339 kr. á mánuði. Breyting þessi hefur í för með sér að grunnlífeyrir lækkar hjá 11,9% ellilífeyrisþega. Hlutfall þeirra sem missa lífeyrinn er 4,7%.

Þá er lagt til að heimild til frestunar lífeyrisaldurs verði afnumin. Samkvæmt núgildandi lögum eiga ellilífeyrisþegar kost á að fresta töku lífeyris og hljóta við það nokkra hækkun grunnlífeyris. Aftur á móti hækkar tekjutrygging eða heimilisuppbætur ekki við þessa frestun, en þessar síðarnefndu bætur eru nú orðnar helstu bætur tryggingakerfisins. Sárafáir nýta sér þennan rétt. Afnám heimildarinnar er nauðsynlegt til þess að ekki sé hægt að skjóta sér undan þeirri skerðingu sem tekjutenging lífeyris hefur í för með sér.

Að lokum er lagt til að grunnlífeyrir öryrkja skerðist ef árstekjur eru umfram 67.236 kr. á mánuði. Skerðingarhlutfall verður 25%. Þeir fjármunir, sem sparast með skerðingu grunnlífeyris öryrkja, gera það að verkum að unnt er að hækka grunnupphæð tekjutryggingar og hækka þannig tekjutryggingu öryrkja um 7.500 kr. á ári. Allir þeir, sem nú njóta einhverrar tekjutryggingar, munu verða þessarar hækkunar aðnjótandi, eða um 85–90% öryrkja.

b. Um breytingu á 14. gr. laganna.

Lagt er til að bætt verði við ákvæði þess efnis að skerðing elli- og örorkulífeyris skerði ekki barnalífeyri. Er það gert til að taka af öll tvímæli.

c. Um breytingu á 34. gr. laganna.

Lagt er til að kveðið sé beint á um það í lagatextanum að skerðingarákvæði örorkulífeyris eigi ekki að ná til þeirra sem fá lífeyri samkvæmt slysatryggingarákvæðum almannatryggingalaga. Óhjákvæmilegt er að þessir bótaþegar sleppi við skerðingu lífeyris ella skapast ósamræmi milli þeirra sem fá einskiptisbætur og hinna.

d. Um breytingu á 79. gr. laganna.

Lagt er til að láta ekki almenn ákvæði 79. gr. nægja til að heimila verðbreytingu skerðingarmarka heldur verði kveðið á um það beint í ákvæðinu.

3. Að tillögu heilbrigðis- og trygginganefndar er lagt til að orðalagi d-liðar 6. tölul. á þskj. 286, sem breytir 17. gr. frumvarpsins (44. gr. laga um almannatryggingar), verði breytt. Ekki er um efnisbreytingu að ræða heldur er orðalag gert skýrara til þess að ekki verði um villst við hvað er átt.
4. Í b-lið 9. tölul. brtt. á þskj. 286 er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 12. gr. hafnalaga og fjallar hún um hvert sérstakt vörugjald renni og um gjaldstofn. Hér er lagt til að auk hennar verði tveimur málsgreinum til viðbótar bætt við greinina. Í þeim er fjallað um innheimtu og skil á gjaldinu og uppgjörstímabil. Að tillögu samgöngunefndar er lagt til að skiladagur skuli vera fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabil. Ráðherra getur kveðið nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu og bendir samgöngunefnd í umsögn sinni til efnahags- og viðskiptanefndar á að mikilvægt sé að settar verði skýrar reglur um þetta atriði.
5. Lagt er til að í lög um aukatekjur ríkissjóðs verði bætt inn nýjum kafla sem fjallar um afgreiðslugjald skipa. Um er að ræða gjald fyrir afgreiðslu erlendra fiskiskipa sem hingað koma eingöngu vegna fiskveiða, vöru- og flutningaskipa er koma frá útlöndum og farþegaskipa og fyrir að láta skipunum í té þau skilríki sem þau eiga að fá hér. Farþegaskip greiða helmingi lægra gjald en önnur skip. Skip, sem leita hafnar í neyð, ásamt herskipum og spítalaskipum, eru undanþegin gjaldinu.

Þá er einnig lagt til að tekinn verði af allur vafi um að ákvæði laganna, sem fjalla um fjárnám, gildi einnig um lögtök fram til 1. júlí 1992 þegar ný lög um aðför o.fl. öðlast gildi samfara aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

6. Hér er lagt til að gerð verði sú breyting á lögum um eftirlit með ráðningu starfsmanna og með húsnæðismálum ríkisstofnana að ráðherra verði heimilt að tilnefna tilsjónarmenn ríkisstofnana ef sýnt þykir að rekstur þeirra fari fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög ákveða. Setning tilsjónarmanna samkvæmt þessu ákvæði, sem hér er lagt til að verði lögfest, takmarkar þó ekki þær almennu heimildir sem í gildi eru til þess að hafa afskipti af rekstri stofnana án þess að sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Afskipti tilsjónarmanna varða hinn fjármálalega þátt rekstursins og þar með t.d. umfang starfsmannahalds en ekki mat á umsækjendum um tilteknar stöður. Ítrekað er að tilsjónarmenn skulu hafa samráð við ráðherra um störf sín og að þeim skal sett erindisbréf þar sem verkefnum þeirra og ábyrgðarsviði er lýst nánar. Sjálfseignarstofnanir falla ekki undir þetta ákvæði sem hér er lagt til að verði lögfest.
7. Vegna lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár er lagt til að hlutur sveitarfélaga vegna kostnaðar við löggæslu á árinu 1992 lækki nokkuð.
8. Lagt er til að 100 m.kr. aukaframlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem ákveðið var á fjárlögum þessa árs, verði einvörðungu varið til jöfnunarframlaga skv. 14. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.
9. Að tillögu heilbrigðis- og tryggingaráðherra er lagt til að upphafsmálslið 1. gr. laga nr. 80/1991, um breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra, verði breytt til að taka af allan vafa um að átt sé við breytingu á 1. mgr. 6. gr. laga um eftirlaun til aldraðra.
10. Þörf er að breyta gildistökuákvæði laganna og er lagt til að þau öðlist þegar gildi að undanskildum 13.–18. gr. er öðlast gildi 1. febrúar 1992.
11. Lagt er til að við bætist tvö ákvæði til bráðabirgða. Það fyrra mælir fyrir um að svo lengi sem vextir, verðbætur og gengishagnaður séu frádráttarbærar tekjur við ákvörðun á tekjuskattsstofni séu þær ekki tekjur til skerðingar á elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu samkvæmt almannatryggingalögum. Þessar greiðslur samkvæmt almannatryggingalögum tengjast með öðrum orðum tekjuskattsstofni á hverjum tíma.

    Seinna ákvæðið tryggir að réttur þeirra haldist sem þegar hafa sótt um frestun á lífeyristöku þrátt fyrir afnám heimildarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstökum þingskjölum.

Einar K. Guðfinnsson tók þátt í afgreiðslu málsins í fjarveru Guðjóns A. Kristjánssonar, sbr. 3. mgr. 17. gr. þingskapa.

Alþingi, 14. jan. 1992.

Rannveig Guðmundsdóttir, varaform., frsm. | Sólveig Pétursdóttir. | Vilhjálmur Egilsson.

Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara. | Einar K. Guðfinnsson.

Fylgiskjal I.

Álit heilbrigðis- og trygginganefndar.

(13. jan. 1992.)

Heilbrigðis- og trygginganefnd fer þess hér með á leit við efnahags- og viðskiptanefnd að gerðar verði eftirfarandi breytingar við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992, 167. mál.

1. Lagt er til að gerðar verði breytingartillögur við breytingartillögur við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sbr. þskj. 286. Breytingarnar varða breytingar á lögum um almannatryggingar. Tillagan er eftirfarandi:

   Við 6. tölul., 1.d. Stafliðurinn verði svohljóðandi:

   Sé leitað til annarra tannlækna en skólatannlækna skal því aðeins greiða fyrir tannlækningar skv. a-lið að um það hafi verið samið. Hlutdeild sjúkratrygginga skv. b-lið fer eftir gjaldskrá sem ráðherra setur með hliðsjón af gjaldskrá fyrir skólatannlækningar eða raunverulegum kostnaði sé hann lægri.

   Í þessum breytingartillögum felast ekki efnislegar breytingar heldur er verið að leggja til skýrara orðalag þannig að ekki verði um villst hvað við er átt.

   Við 7. tölul. Á eftir orðunum „að höfðu" komi: nánu.

2. Lagt er til að bætt verði inn í frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum leiðréttingu á tilvísun í lögum nr. 80/1991, sem eru breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2/1985, sbr. lög nr. 130/1989, og samþykkt voru núna fyrir jólin. Tillagan er eftirfarandi:

   Upphafsmálsliður 1. gr. laganna orðist svo: Í stað lokamálsliðar 1. mgr. 6. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir er orðist svo.

Vísast til meðfylgjandi minnisblaðs frá 9. janúar sl. til skýringar.

Að tillögum þessum stendur heilbrigðis- og trygginganefnd.

F.h. heilbrigðis- og trygginganefndar,

Sigbjörn Gunnarsson,
formaður.

Fylgiskjal II.

Álit meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

(13. jan. 1992.)

Með vísan til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar 7. jan. sl. hefur heilbrigðis- og trygginganefnd fjallað um **2., 8.** og **9. tölul.** breytingartillagna dags. 6. jan. sl. sem ríkisstjórnin óskaði eftir að efnahags- og viðskiptanefnd gerði við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992. Til viðræðna við nefndina komu Þorkell Helgason, Páll Sigurðsson og Dögg Pálsdóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Arnþór Helgason og Helgi Seljan frá Öryrkjabandalagi Íslands, Ólafur Jónsson frá Lands-

sambandi aldraðra, Magnús H. Magnússon frá Samtökum aldraðra, Guðríður Ólafsdóttir frá Félagi eldri borgara, Sveinn Ragnarsson og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Björn Grétar Sveinsson frá Verkamannasambandi Íslands, Hilmar Björgvinsson og Haukur Haraldsson frá Tryggingastofnun ríkisins og Stefán Jansen frá Þjóðhagsstofnun.

Þær breytingar, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til við efnahags- og viðskiptanefnd að gerðar verði á breytingartillögunum frá 6. jan. sl., eru:

Breytingar við 2. tölul.:

a. Við a-lið. Í stað upphæðarinnar „790.164“ í 2. mgr. a-liðar komi: 790.160.
Tryggingastofnun ríkisins upphækkar tölur öðruvísi en ráð var fyrir gert í breytingartillögunum. Er rétt að breyta tölum til samræmis við það.

b. Við b-lið. Í stað upphæðarinnar „826.164“ í b-lið komi: 806.827.
Í breytingartillögunni er öryrkjum ívilnað með því að hækka frítekjumark í tekjutryggingu. Fram hafa farið viðræður við ýmsa forvígismenn öryrkja um þessa ívilnun, jafnframt því sem borist hefur bréf frá Öryrkjabandalagi Íslands. Hefur komið í ljós að talsmenn öryrkja kjósa aðra aðferð en þá sem felst í tillögunni. Leggja þeir til að upphæð tekjutryggingar verði hækkuð í staðinn. Þessi breyting kallar að vísu á eilitla lækkun skerðingarmarka grunnlífeyris hjá örorkulífeyrisþegum frá því sem áður hafði verið ráðgert. Er það í samræmi við þá hugsun að skerðing grunnlífeyris eigi að hefjast um leið og tekjutryggingu lýkur. Talið er rétt að verða við framangreindum óskum og er því lagt til að ákvæðið um lengingu frítekjumarks falli niður en þess í stað verði þeim fjármunum, sem sparast með skerðingu grunnlífeyris hjá öryrkjum, varið til hækkunar grunnupphæðar tekjutryggingar. Með því móti er unnt að hækka tekjutryggingu öryrkja um 7.500 kr. á ári. Allir þeir, sem nú njóta einhverrar tekjutryggingar, munu verða þessarar hækkunar aðnjótandi, eða um 85–90% öryrkja.

c. Nýr liður, er verði c-liður (15. gr.), bætist aftan við b-lið. Hann verði svohljóðandi:
Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hvorki skerðingarákvæði 2. mgr. 11. gr. né 6. mgr. 12. gr. takmarka rétt til barnalífeyris.
Ekki mun hafa verið ætlunin að skerða barnalífeyri. Er þessi breyting æskileg til þess að taka af öll tvímæli.

d. Við c-lið (sem nú verður d).
1. Í stað upphæðanna „231.360“ í b-lið komi: 195.360.
2. Í stað upphæðarinnar „267.660“ í b-lið komi: 275.160.
*Breytingin á sér sömu ástæður og um getur í skýringum við **b-lið** hér að ofan.*

e. Við c-lið (sem nú verður d). Aftan við b-lið bætist nýr liður, c-liður, svohljóðandi:
Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. mgr. (sem nú verður 3. mgr.) komi: 1. og 2. mgr.
*Breytingin á sér sömu ástæður og um getur í skýringum við **b-lið** hér að ofan.*

f. Við c-lið (sem nú verður d). Í c-lið (sem nú verður d) falla út orðin „breytist tilvísun í 1. málsl. úr 1.–4. málsgr.“.

g. Nýr liður, er verði e-liður (17. gr.) bætist aftan við d-lið. Hann verður svohljóðandi:
Eftirtaldar breytingar verði á 34. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „síðustu málsgr.“ í 1. mgr. komi: 5. mgr.
b. Við 1. mgr. bætist: Skerðingarákvæði 6. mgr. 12. gr. skulu ekki taka til örorkulífeyris samkvæmt þessari grein.

Skerðingarákvæði örorkulífeyris eiga ekki að ná til þeirra sem fá lífeyri samkvæmt slysatryggingaákvæðum almannatryggingalaga. Óhjákvæmilegt er að sleppa þessu fólki við skerðingu lífeyris ella skapast ósamræmi milli þeirra sem fá einskiptisbætur og hinna. Skýrast er að kveða á um þetta beint í lagatextanum.

h. Nýr liður, er verði f-liður (18. gr.), bætist við 2. tölul., svohljóðandi:
Eftirtaldar breytingar verði á 79. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „1. mgr. 19. gr.“ í 2. málsl. komi: 1. og 2. mgr. 19. gr.

b. Nýr málsliður bætist við greinina svohljóðandi: Heimilt er að breyta fjárhæðum skv. 2. mgr. 11. gr. svo og 6. mgr. 12. gr., þó þannig að aldrei komi til skerðingar lífeyris samkvæmt þessum málsgreinum hjá þeim sem rétt eiga á tekjutryggingu, skertri eða óskertri, samkvæmt ákvæðum 19. gr.

Talið er rétt að láta ekki almenn ákvæði 79. gr. laganna nægja til að heimila verðbreytingu skerðingarmarka.

Meiri hluta nefndarinnar skipa Sigbjörn Gunnarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir og Sólveig Pétursdóttir.

F.h. meiri hluta heilbrigðis- og tryggínganefndar,

Sigbjörn Gunnarsson,
formaður.

Fylgiskjal III.

Álit minni hluta heilbrigðis- og tryggínganefndar.

Minni hluti heilbrigðis- og tryggínganefndar Alþingis hefur fjallað um tillögur þær er nefndinni bárust 7. jan. sl. og snerta breytingar á frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992. Breytingartillögur þessar gera ráð fyrir tekjutengingu elli- og örorkulífeyris. Til fundar við nefndina komu Arnþór Helgason og Helgi Seljan frá Öryrkjabandalagi Íslands, Páll Sigurðsson, Þorkell Helgason og Dögg Pálsdóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Magnús H. Magnússon, fyrrverandi varaformaður Alþýðuflokksins og fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fyrir hönd Samtaka aldraðra, Björn Grétar Sveinsson, formaður Verkamannasambands Íslands, Hilmar Björgvinsson og Haukur Haraldsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Ólafur Jónsson frá Landssambandi aldraðra, Guðríður Ólafsdóttir frá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Sveinn Ragnarsson og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Stefán Jansen frá Þjóðhagsstofnun.

Minni hlutinn getur ekki fallist á breytingartillögur ríkisstjórnarinnar og mun greiða atkvæði gegn þeim. Ástæðurnar eru eftirfarandi.

1. Tillögurnar eru handahófskenndar, vanhugsaðar, illa undirbúnar og illframkvæmanlegar. Í meðförum nefndarinnar hafa tillögurnar verið að taka sífelldum breytingum vegna ábendinga minni hluta nefndarinnar og þeirra sem til fundar við nefndina hafa komið. Margt af því sem var í upphaflegum tillögum ríkisstjórnarinnar stóðst ekki og var óframkvæmanlegt. Það kom fram hjá þeim fulltrúum Tryggingastofnunar ríkisins sem nefndina heimsóttu að stofnunin getur ekki framkvæmt tillögurnar miðað

við að þær taki gildi 1. febrúar. Því var um tíma í starfi nefndarinnar gengið út frá því að gildistakan yrði 1. mars. Til að Tryggingastofnun ríkisins geti framkvæmt tillögurnar þá þarf hún verulegan viðbótarmannafla. Það kom fram hjá þeim fulltrúum Tryggingastofnunar sem komu til fundar við nefndina að ekkert samráð hafði verið haft við stofnunina um mótun og gerð þessara tillagna. Forráðamenn hennar heyrðu fyrst um tillögurnar sl. föstudag.

2. Tillögurnar eru sértækar og ekki liggur ljóst fyrir hvort og þá hversu víðtæk áhrif þær hafa á aðra bótaflokka almannatrygginganna sem tengjast elli- og örorkulífeyrinum. Þó er ljóst að ýmsar bætur til öryrkja, eins og bensínstyrkur og styrkur til kaupa á hjálpartækjum til að breyta bílum, munu falla niður nema komið verði í veg fyrir það hjá Tryggingastofnun ríkisins með sérstökum ráðstöfunum. Það orkar hins vegar tvímælis hvort stofnunin hafi lagaheimild til að beita slíkum innanhússráðstöfunum. Tryggingayfirlæknir sér um að úrskurða í ýmsum málum sem tengjast örorkulífeyrinum og því hefði verið eðlilegt að kalla hann á fund nefndarinnar eins og minni hluti nefndarinnar óskaði eftir en meiri hlutinn hafnaði. Af hálfu minni hluta nefndarinnar var lögð á það áhersla að horfið yrði frá þeirri fyrirætlan ríkisstjórnar að tekjutengja örorkulífeyrinn, en því var hafnað.
3. Með tillögunum er réttur sjómanna til töku lífeyris við 60 ára aldur nánast afnuminn. Það kom fram hjá Hilmari Björgvinssyni, deildarstjóra lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar, að langflestir þeirra 600 sjómanna, sem nú njóta sjómannalífeyris, munu verða fyrir verulegri skerðingu eða missa lífeyrinn að fullu. Alls munu um 2.500 ellilífeyrisþegar verða fyrir skerðingu og eru sjómenn á aldrinum 60–67 ára ⅕ hluti hópsins. Ríkisstjórnin hefur nýverið staðið fyrir skerðingu á sjómannaafslætti og nú leitar hún aftur fanga hjá þessari sömu þjóðfélagsstétt í viðleitni sinni til að draga úr ríkisútgjöldum. Af þessum sökum óskaði minni hlutinn eftir því að fulltrúar sjómanna yrðu boðaðir til fundar við nefndina, en meiri hlutinn sá sér ekki fært að verða við þeim tilmælum.
4. Tillögurnar leiða til þess að nýtt skattþrep verður til sem er hærra en skattþrepið í staðgreiðslu tekjuskatts eða í kringum 55%. Elli- og örorkulífeyrisþegar verða því þeir einu sem verða látnir greiða samkvæmt þessu háa skattþrepi á sama tíma og ríkisstjórnin hafnar tillögum um að leggja á hátekjuskatt og skattleggja eignatekjur.
5. Tillögurnar eru ekki hluti af heildarendurskoðun almannatryggingalaganna. Tekjutenging elli- og örorkulífeyris getur verið réttlætanleg, en þá er eðlilegt að það sé gert samtímis heildarendurskoðun almannatryggingalaganna og að sá sparnaður, sem af því hlytist, yrði notaður til þess að hækka bætur, auka bótarétt og tryggja hagsmuni þeirra sem mest þurfa á almannatryggingum að halda.
6. Tillögurnar munu gera flókið almannatryggingakerfi enn flóknara. Almannatryggingar þurfa að vera skýrar, einfaldar og auðveldar í framkvæmd þannig að almenningur geti gert sér grein fyrir rétti sínum.

Þær breytingar, sem ríkisstjórnin er að gera og hefur verið að gera að undanförnu á almannatryggingunum, eru gerðar án nokkurrar fyrirhyggju. Ríkisstjórnina skortir heildaryfirsýn yfir málaflokkinn og það er ámælisvert að hún skuli meðhöndla jafn flókinn og viðkvæman málaflokk með þeim flumbrugangi sem raun ber vitni. Ríkisstjórnin hyggst spara 260 milljónir króna á tekjutengingu elli- og örorkulífeyris á árinu 1992. Nú þegar er ljóst að a.m.k. ½ hluti þess sparnaðar muni ekki nást þar sem bætur janúarmánaðar hafa nú þegar verið greiddar út. Það er því með öllu óljóst hver sparnaðurinn muni

verða, ekki síst þegar haft er í huga að þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar munu án efa draga úr atvinnuþátttöku elli- og örorkulífeyrisþega. Það gæti aftur leitt til aukinna útgjalda á öðrum stöðum í almannatryggingum eins og í tekjutryggingu, heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót.

Af þessum ástæðum og öðrum, sem gerð verður grein fyrir í umræðum, mun minni hlutinn greiða atkvæði gegn frumvarpsákvæðum þeim sem heilbrigðis- og tryggingananefnd hefur fjallað um. Minni hlutinn vísar til umsagna sem nefndinni bárust og birtast þær með skilabréfi þessu.

Alþingi, 13. jan. 1992.

Finnur Ingólfsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Ingibjörg Pálmadóttir.
Svavar Gestsson.

Fylgiskjal IV.

Álit meiri hluta menntamálanefndar.

(9. jan. 1992.)

Menntamálanefnd hefur fjallað um bréf yðar, dags. 7. janúar 1992, þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um breytingartillögu sem ríkisstjórnin hefur sent efnahags- og viðskiptanefnd og óskað að flutt verði við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Ólaf G. Einarsson menntamálaráðherra, Örlyg Geirsson, skrifstofustjóra fjármálaskrifstofu menntamálaráðuneytisins, Svanhildi Kaaber og Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Kára Arnórsson frá Félagi skólastjóra í Reykjavík og Viktor Guðlaugsson frá Félagi skólastjóra og yfirkennara.

Meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er Sigríði Önnu Þórðardóttur, Birni Bjarnasyni, Tómasi Inga Olrich, Árna Johnsen og Rannveigu Guðmundsdóttur, leggur til að breytingartillagan verði samþykkt óbreytt.

Sigríður Anna Þórðardóttir,
formaður.

Fylgiskjal V.

Álit frá minni hluta menntamálanefndar um breytingartillögu við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Menntamálanefnd hefur haft til umsagnar breytingartillögu við fyrsta kafla frumvarps til laga um **ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992** (bandorminn) sem fram kom við 2. umr. um málið. Í fyrsta kafla bandormsins eru lagðar til breytingar á grunnskólalög-

um sem ganga þvert á mótaða skólastefnu og eiga að leiða til þess að „komið verði í veg fyrir um 40 millj. kr. kostnaðarauka“ að sögn ráðuneytismanna. Nefndin ræddi á sínum tíma fyrsta kafla frumvarpsins og skilaði minni hluti nefndarinnar ítarlegu nefndaráliti sem birt er í þskj. 299 þar sem lagt er til **að kaflinn verði felldur út úr frumvarpinu.**

Breytingartillagan, sem nú var rædd, þýðir um 40 millj. kr. sparnað til viðbótar þeim 40 millj. kr. niðurskurði sem frumvarpið felur í sér. Þar að auki er menntamálaráðuneytinu ætlað að skera niður um 180 millj. kr. í grunnskólum landsins vegna hins flata niðurskurðar sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar tóku inn í fjárlög ársins 1992. Samtals er hér því um að ræða niðurskurð upp á um 260 millj. kr., en honum fylgja margháttaðar neikvæðar breytingar á skólastarfi. Því má ljóst vera að grunnskólinn stendur frammi fyrir mjög alvarlegum niðurskurði sem á eftir að valda miklum skaða.

Tillagan var rædd á þremur fundum og komu á fund nefndarinnar Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra, Örlygur Geirsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Kári Arnórsson frá Skólastjórafélagi Reykjavíkur og Viktor Guðlaugsson frá Félagi skólastjóra og yfirkennara, ásamt þeim Svanhildi Kaaber og Eiríki Jónssyni frá Kennarasambandi Íslands.

Til að samhengið skiljist milli þeirra tillagna sem fyrir liggja og þeirra aðgerða sem boðaðar hafa verið í grunnskólum landsins er nauðsynlegt að rifja upp hvað felst í fyrsta kafla bandormsins. Megininntakið er að frestað er gildistöku nokkurra ákvæða í nýju grunnskólalögunum og vegur þar einna þyngst að frestað er fækkun nemenda í bekkjardeildum. Þá er að finna í 3. gr. frumvarpsins tillögu um varanlega heimild til ráðherra til að ákveða vikulegan kennslustundafjölda nemenda.

Nú er lagt til samkvæmt breytingartillögunni að fjöldi nemenda skuli miðast við 22 í 1. og 2. bekk og 28 nemendur í 3.–10. bekk skólaárið 1992–1993, en auk þess skuli heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að **fjölga nemendum upp í 30 í bekk.**

Samkvæmt grunnskólalögum á hámark nemenda í 3.–10. bekk að vera 28, en í bandorminum er gert ráð fyrir 29. Með breytingartillögunni er verið að opna fyrir fjölgun í bekkjardeildum í allt að 30 nemendur í stað gildandi lagaákvæða sem gera ráð fyrir þróun í þveröfuga átt. Bekkir með 28–30 nemendur eru allt of stórir. Með þessum tillögum er verið að veita menntamálaráðherra vald til að skera niður kennslu og fjölga í bekkjum frá því sem nú er. Þess ber að geta að meðalfjöldi nemenda, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, er 23 nemendur í bekk og meðalkennslustundafjöldi 32 stundir á viku, en þær á að skerða samkvæmt því sem boðað hefur verið. Þessar tillögur fela því í sér verri kennslu og verri skóla. Það er ekki það sem þjóðfélag okkar þarf á að halda.

Eftir að verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga var breytt standa mál í grunnskólakerfinu þannig að ríkið greiðir kennurum og öðru starfsfólki laun, en annað er í umsjá sveitarfélaganna. Ætli ríkið sér að spara í grunnskólakerfinu er um það eitt að ræða að skera launakostnaðinn niður. Að því er nú stefnt með því að:

1. Skera niður kennslustundafjölda.
2. Fjölga nemendum í bekkjum þannig að bekkjardeildir verði færri.
3. Velta kostnaði yfir á sveitarfélögin, m.a. með akstri á nemendum sem gert væri að nýta húsnæði annarra skóla.

Menntamálaráðherra hélt því fram er hann kom á fund nefndarinnar að kennslustundum yrði fækkað í efri bekkjum grunnskólans. Tók ráðherra dæmi af því að með því að fækka kennslustundum um tvær á viku í 7.–10. bekk næðist á haustmissiri sparnaður upp á 52 millj. kr.

Kennarasambandið metur dæmið svo að niðurskurður upp á 40 millj. kr. þýði að 33 bekkjardeildir mundu hverfa og eigi að ná áætluðum sparnaði á árinu 1992 gæti það þýtt að skera verði niður 260–270 kennarastöður. Til samanburðar má nefna að á Vestfjörðum eru stöðugildi kennara í grunnskólum 140!

Það er ljóst að framkvæmd þessara niðurskurðartillagna mun koma mjög misjafnlega niður á skólum og landshlutum. Erfitt mun reynast að fjölga nemendum í bekkjum í fámennum skólum og niðurskurðurinn mun því bitna harðar á þéttbýlisstöðum og þá einkum höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Ráðherra staðfesti á fundi menntamálanefndar að til umræðu væri að aka nemendum á milli skóla á höfuðborgarsvæðinu, en sá kostnaður lendir á viðkomandi sveitarfélögum. Í þessu sambandi ber að nefna að það mál hefur ekki verið rætt við sveitarfélögin. Hugmyndir ráðherrans um akstur á nemendum milli skóla sýna svo ekki verður um villst að til stendur að fækka bekkjum og flytja þá nemendur sem „afgangs" verða í aðra skóla þar sem þeim verður deilt niður á bekki.

Þetta er fyrirkomulag sem óverjandi er að bjóða börnum upp á. Þær spurningar vakna hvort yfirleitt séu kennslustofur fyrir svo stóra bekki í skólum landsins og hvort virkilega sé ætlunin að troða börnum inn í skólastofur eins og rollum í rétt. Við hljótum einnig að spyrja hvort það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að þvinga foreldra til að grípa til sinna ráða með stofnun einkaskóla. Ef svo er standa þeir verst að vígi sem verst hafa kjörin í samfélaginu.

Fulltrúar skólastjóra og kennara, sem ræddu við nefndina, lýstu harðri andstöðu við fyrirhugaðan niðurskurð og kom fram að verið væri að skapa neyðarástand í skólum og að búast mætti við miklum óróa meðal kennara, foreldra og nemenda. Þá var undirstrikað að alvarlegast væri að með þessum aðgerðum væri fyrst og fremst verið að skerða hag barnanna og verið að ganga þvert á framtíðarhagsmuni þeirra og þjóðfélagsins alls. Hér væri verið að stíga stórt skref til baka í skólamálum og þeim mun tilfinnanlegra þar sem áður hefði verið gripið til skerðinga og stofninn, sem af væri tekið, væri allt of veikburða. Að þessu sinni er seilst til svokallaðra viðbótarstunda sem skólarnir hafa til ráðstöfunar og notaðar eru til þeirra verkefna sem talin eru brýnust, svo sem eflingar kennslu í íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum.

Þá ber að nefna að þótt einkum sé hér um að ræða hagsmunamál barna þessa lands mun þetta einnig leiða til þess að kennarar verði fyrir verulegri kjaraskerðingu og uppsögnum. Kjör kennara eru til vansa og því óverjandi að ráðast á þá með þessum hætti.

Sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni hafa lýst áhyggjum vegna þess hvernig þetta mál horfir við þeim, en kjaraskerðing kennara kann að kalla á aukinn stuðning sveitarfélaga við kennara í dreifðum byggðum landsins.

Minni hluti menntamálanefndar mótmælir harðlega því tilræði við skólakerfið sem felst í fyrsta kafla frumvarpsins um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992 og þeirri breytingartillögu sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Þessar tillögur verður að fella! Það er hlutverk Alþingis að setja lög um grunnskóla og það á að vera í höndum þess að ákveða hvaða kennslu ber að veita. Vald til að fjölga eða fækka kennslustundum á ekki að vera í höndum ráðherra og ráðast af því hvernig vindurinn blæs í ríkisfjármálum.

Góð menntun er fjöregg þjóðarinnar og sá grundvöllur sem framtíð okkar byggist á. Því er niðurskurður af því tagi sem ríkisstjórnin stefnir að óverjandi og óþolandi!

Á samdráttartímum ber að efla menntun og rannsóknir vegna þess að þaðan er helst að vænta nýjunga og nýsköpunar í atvinnulífi. Víða í hinum iðnvædda heimi er verið að efla skóla og auka fjárveitingar til þeirra þar sem mönnum er ljóst að þannig má best búa í haginn fyrir komandi kynslóðir.

Því miður hefur núverandi ríkisstjórn markað stefnu sem gengur þvert á æskilega þróun. Hún situr við að saga af alla vaxtarbrodda og höggva á þær rætur sem eiga að næra íslenskt þjóðlíf. Að þessu sinni eru það börnin sem gjalda niðurskurðarins og er þar ráðist á garðinn þar sem hann lægstur. Hér er um ranga stefnu að ræða og aðgerðir sem verður að stöðva áður en alvarlegt tjón hlýst af. *Því leggur minni hlutinn til að allar niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar í skólamálum verði felldar út úr frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.*

Alþingi, 10. jan. 1992.

Kristín Ástgeirsdóttir.
Hjörleifur Guttormsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.
Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal VI.

Álit samgöngunefndar.

(8. jan. 1992.)

Nefndin hefur fjallað um bréf yðar, dags. 7. janúar 1992, þar sem óskað er umsagnar samgöngunefndar um breytingartillögu sem ríkisstjórnin hefur sent efnahags- og viðskiptanefnd og óskað að flutt verði við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Samgöngunefnd fékk á sinn fund til viðræðna um málið Snorra Olsen og Braga Gunnarsson frá fjármálaráðuneytinu og Hannes Valdimarsson, varaformann Hafnasambands sveitarfélaga. Nefndin vill koma eftirfarandi á framfæri:

1. Nefndin leggur til að ákvæði um skiladag uppgjörs vegna skila Hafnasjóðs á sérstöku vörugjaldi verði breytt. Því er lagt til að ákvæði 2. málsl. 2. efnismgr. í 3. tölul. breytingartillagnanna orðist svo: Skiladagur skal vera fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

2. Nefndin vill vekja athygli á því að fulltrúi Hafnasambands sveitarfélaga lýsti því yfir á fundi nefndarinnar að hafnasjóðir gætu ekki tekið ábyrgð á gjöldum sem ekki innheimtust, t.d. vegna gjaldþrota. Nefndin telur mikilvægt að settar séu skýrar reglur um innheimtu og skil á vörugjaldinu og vísar í því sambandi til þess að ráðherra á að vera heimilt samkvæmt breytingartillögunni að setja slíkar reglur.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni hafa fyrirvara um afgreiðslu málsins.

F.h. samgöngunefndar,

Árni M. Mathiesen,
formaður.

384. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 og brtt. á þskj. 286.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (RG, SP, IBA, VE, EKG).

1. 1. efnismgr. 3. gr. orðist svo:
   Greiðslur ríkissjóðs, sbr. 75. gr., skulu miðast við 22 nemendur í 1. og 2. bekk og 28 nemendur í 3.–10. bekk skólaárið 1992–1993. Þegar sérstaklega stendur á getur fræðslustjóri ákveðið fjölgun um allt að tvo nemendur í bekkjardeild.
2. Á undan 15. gr. komi sex nýjar greinar er orðist svo:
   a. (13. gr.)
      Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:
      a. 1. og 2. mgr. orðast svo:
         Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri og átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur ellilífeyrir, 145.476 kr., greiðist þeim einstaklingum sem átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs, sbr. þó 2. mgr. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við lögheimilistímann.
         Ellilífeyri skal skerða ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en 790.160 kr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða ellilífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður. Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né tekjur úr lífeyrissjóðum. Skerðing samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei ná til þess hluta ellilífeyris sem einstaklingur á rétt á vegna frestunar á töku ellilífeyris sem ákveðin var fyrir 1. janúar 1992.
      b. 3. og 5. mgr. falla brott.
   b. (14. gr.)
      Á 12. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:
      a. 5. mgr. orðast svo:
         Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera 145.476 kr. og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, sbr. þó 6. mgr. Við ákvörðun lögheimilistíma, sbr. 1. mgr. 11. gr., skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs umsækjanda.
      b. Ný málsgrein, sem verður 6. mgr., bætist við og orðast svo:
         Örorkulífeyri skal skerða ef árstekjur örorkulífeyrisþega eða hjóna, hvors um sig, sem bæði eru örorkulífeyrisþegar, eru hærri en 806.827 kr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða örorkulífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður. Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né tekjur úr lífeyrissjóðum.
   c. (15. gr.)
      Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hvorki skerðingarákvæði 2. mgr. 11. gr. né 6. mgr. 12. gr. takmarka rétt til barnalífeyris.
   d. (16. gr.)
      Eftirtaldar breytingar verða á 19. gr. laganna:
      a. 1. mgr. orðast svo:
         Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 195.360 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 267.660 kr.

á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 195.360 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., sem orðast svo:

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 195.360 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 275.160 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 195.360 kr. skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

c. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. mgr. (sem verður 3. mgr.) kemur: 1. og 2. mgr.

d. Í stað orðanna „1.–4. mgr.“ í 1. málsl. 5. mgr. (sem verður 6. mgr.) kemur: 1.–5. mgr.

e. Í stað orðanna „3. og 4. mgr.“ í 1. málsl. 6. mgr. (sem verður 7. mgr.) kemur: 4. og 5. mgr.

f. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. málsl. 6. mgr. (sem verður 7. mgr.) kemur: 1. og 2. mgr.

g. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 7. mgr. (sem verður 8. mgr.) kemur: 1. og 2. mgr.

e. (17. gr.)

Eftirtaldar breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „síðustu málsgr.“ í 1. mgr. kemur: 5. mgr.

b. Við 1. mgr. bætist: Skerðingarákvæði 6. mgr. 12. gr. skulu ekki taka til örorkulífeyris samkvæmt þessari grein.

f. (18. gr.)

Eftirtaldar breytingar verða á 79. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „1. mgr. 19. gr.“ í 2. málsl. kemur: 1. og 2. mgr. 19. gr.

b. Nýr málsliður bætist við greinina, svohljóðandi: Heimilt er að breyta fjárhæðum skv. 2. mgr. 11. gr., svo og 6. mgr. 12. gr., þó þannig að aldrei komi til skerðingar lífeyris samkvæmt þessum málsgreinum hjá þeim sem rétt eiga á tekjutryggingu, skertri eða óskertri, samkvæmt ákvæðum 19. gr.

3. Við brtt. á þskj. 286.

a. D-liður fyrri liðar 6. tölul. orðist svo:

Sé leitað til annarra tannlækna en skólatannlækna skal því aðeins greiða fyrir tannlækningar skv. a-lið að um það hafi verið samið. Hlutdeild sjúkratrygginga skv. b-lið fer eftir gjaldskrá sem ráðherra setur með hliðsjón af gjaldskrá fyrir skólatannlækningar eða raunverulegum kostnaði sé hann lægri.

b. Við 7. tölul. Á eftir orðunum „að höfðu“ komi: nánu.

4. Við brtt. á þskj. 286. B-liður 9. tölul. orðist svo:

Á eftir 5. mgr. 12. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. skal renna í sérstaka deild við Hafnabótasjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjald, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Innheimtuaðilar vörugjalds skv. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. skulu innheimta og standa skil á sérstöku vörugjaldi skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Uppgjörstímabil vegna skila hafnarsjóðs á sérstöku vörugjaldi skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. skulu vera sex á ári og taka yfir tvo mánuði hvert, janúar–febrúar, mars–apríl, maí–júní, júlí–ágúst, september–október og nóvember–desember. Skiladagur skal vera 5. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Ráðherra getur kveðið nán-

ar á um innheimtu og skil á gjaldinu og ákveðið hvernig skuli fara með vörslu og daglega afgreiðslu sérstaks vörugjalds samkvæmt lögum þessum.

5. Við I. kafla frumvarpsins bætist nýr undirkafli með tveimur greinum og fyrirsögninni **Um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.** Greinarnar, er verði 34. og 35. gr., orðist svo:

a. (34. gr.)

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli sem verður IX. kafli með fyrirsögninni **Afgreiðslugjald skipa,** með einni grein sem verður 15. gr. laganna, og breytist töluröð kafla og greina í lögunum til samræmis við það. Greinin orðast svo:

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða og vöru- og flutningaskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 30 kr. af hverri nettórúmlest skipsins. Hálf rúmlest eða þar yfir telst heil. Af farþegaskipum skal greiða helmingi lægra gjald.

Gjald þetta skal greiða í fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

b. (35. gr.)

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein er orðist svo:

Ákvæði þessara laga, sem fjalla um fjárnám, gilda með sama hætti um lögtök til 1. júlí 1992.

6. Við I. kafla frumvarpsins bætist nýr undirkafli með einni grein og fyrirsögninni **Um breytingu á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.** Greinin, er verði 36. gr., orðist svo:

Við 2. gr. laganna bætist ný málgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Hlutaðeigandi ráðherra er þó heimilt að setja mann eða nefnd manna, um tiltekinn tíma, til að vera tilsjónarmenn stofnana, einnar eða fleiri í senn, ef sýnt þykir að kostnaður við rekstur þeirra fari fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög ákveða. Starfssvið tilsjónarmanna er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um umfang starfsmannahalds, í samráði við ráðherra, eftir því sem nánar er lýst í erindisbréfi hverju sinni. Ráðherra skal enn fremur í erindisbréfi tilsjónarmanna kveða skýrt á um ábyrgðarsvið þeirra. Kostnaður við starf tilsjónarmanna greiðist af viðkomandi stofnun.

7. Við brtt. á þskj. 286, c-lið 12. tölul. 2. mgr. orðist svo:

Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.370 kr. á hvern íbúa, sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.420 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. desember 1991.

8. Við II. kafla frumvarpsins bætist ný grein er verði 60. gr. og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 12. og 13. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, skal því 100 millj. kr. aukaframlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem ákveðið var við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992, einungis varið til jöfnunarframlaga, sbr. 14. gr.

9. Við III. kafla frumvarpsins, á undan 45. gr., bætist ný grein er verði 61. gr. og orðist svo:
   Upphafsmálsliður 1. gr. laga nr. 80/1991, um breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130/1989, orðast svo: Í stað lokamálsliðar 1. mgr. 6. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir er orðast svo.
10. Við 45. gr. (er verði 62. gr.). 1. mgr. orðist svo:
    Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 13.–18. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. febrúar 1992.
11. Við bætist tvö ákvæði til bráðabirgða, er verði I og II, og orðist svo:
    a. (I.)
       Á meðan vextir, verðbætur og gengishagnaður eru frádráttarbærar tekjur við ákvörðun tekjuskattsstofns skulu þessar tekjur hvorki hafa áhrif á tekjur til skerðingar elli- og örorkulífeyris, sbr. 11. og 12. gr., né tekjutryggingar, sbr. 19. gr. laga um almannatryggingar.
    b. (II.)
       Þeir sem ákveðið hafa frestun ellilífeyris fyrir 1. janúar 1992, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, skulu halda rétti sínum. Tryggingastofnun ríkisins skal breyta fjárhæðum vegna frestunarinnar til samræmis við breytingar sem verða á fjárhæðum bóta almannatrygginga hverju sinni. Nú andast maður sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur fyrir 1. janúar 1992 og lætur eftir sig maka á lífi og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin lífeyri eiga rétt á þeirri hækkun sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar.

385. Fyrirspurn [226. mál]

til forsætisráðherra um samskipti ráðherra og sendimanna erlendra ríkja á Íslandi.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hafa forsætisráðherra, utanríkisráðherra og sjávarútvegsráðherra dvalist erlendis í boði sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi eins og fram kemur í viðtali við sendiherrann í Morgunblaðinu 9. janúar sl.? Ef svo er, þá hvenær?
2. Er forsætisráðherra kunnugt um önnur tilvik af þessu tagi á undanförnum árum, þ.e. að íslenskir ráðherrar hafi þegið slík boð sendimanna erlendra ríkja á Íslandi?

386. Fyrirspurn [227. mál]

til fjármálaráðherra um hlunnindatekjur á ríkisjörðum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hverjar eru hlunnindatekjur á ríkisjörðum? Hvernig skiptast þær milli helstu hlunnindaflokka? Hvernig skiptast hlunnindatekjur ríkisjarða milli skattumdæma?

2. Hver nýtur teknanna?
3. Hvernig skiptast hlunnindatekjur milli tegunda embætta?

Skriflegt svar óskast.

387. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsráðherra.

Við 8. gr. Orðin „svo og ákvæði til bráðabirgða II“ falli brott.

Greinargerð.

Við 2. umr. málsins var samþykkt að ákvæði til bráðabirgða II í lögunum félli brott. Ákvæðið varðar endurskoðun laganna og er svohljóðandi:

„Sjávarútvegsráðherra skal fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi við þá endurskoðun.“

Yfirlýsingar hafa verið gefnar við umræðurnar um að sú endurskoðun, sem kveðið er á um í lögunum, muni fara fram og til frekari áréttingar er hér lagt til að bráðabirgðaákvæðið standi áfram í lögunum.

388. Framhaldsnefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur unnið að frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992 nær samfellt frá því þing kom saman á nýju ári, 6. janúar sl. Þann 7. janúar barst nefndinni bréf frá forsætisráðherra þar sem lagðar voru til fjölmargar breytingar og/eða viðbætur við frumvarpið og fyrri breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar. Sannaðist því rækilega það sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar héldu fram fyrir jólaleyfi að málið væri á engan hátt hæft til afgreiðslu, sbr. nefndarálit minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar dagsett 18. desember sl. á þskj. 299.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan nefndin hóf að vinna að málinu á nýjan leik eftir jólaleyfi, hafa síðan enn bæst við tillögur um breytingar frá ríkisstjórninni og einnig hefur skoðun málsins í nefndum getið af sér allmargar tillögur um breytingar.

Óhjákvæmilegt er að vekja á nýjan leik athygli á þessum handahófskenndu vinnubrögðum, átelja framkomu ríkisstjórnarinnar við hagsmunaaðila og samtök úti í þjóðfélaginu sem ekkert samráð er haft við frekar en fyrr og mótmæla álögum og árásum á marga þá aðila sem síst skyldi. Að öðru leyti vísast til fyrra nefndarálits og frekari rökstuðnings í framsöguræðum.

Hér á eftir verður farið yfir helstu efnisþætti sem breyst hafa eða bæst við í formi breytingartillagna frá því málið var tekið út úr nefnd 17. desember og stjórnarliðið hugðist afgreiða það. Verður það gert í þeirri röð sem þessir þættir birtast eða raðast inn í hinn alræmda bandorm.

1. Um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla, 1.–3. gr. frumvarpsins og viðeigandi breytingartillögur.

Minni hlutinn er eins og áður hefur komið fram andvígur þessum breytingum á grunnskólalögunum í heild sinni og leggur til að fyrsta kafla frumvarpsins verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Sú viðbót, sem lögð er til í bréfi forsætisráðherra frá 7. janúar, er síst til að bæta úr en í henni felst að heimila fjölgun nemenda í tilteknum bekkjardeildum í 30.

Að öðru leyti vísast til álits minni hluta menntamálanefndar sem fer hér á eftir:

Álit minni hluta menntamálanefndar um breytingartillögu við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

(10. jan. 1992.)

Menntamálanefnd hefur haft til umsagnar breytingartillögu við fyrsta kafla frumvarps til laga um *ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992* (bandorminn), sem fram kom við aðra umræðu um málið. Í fyrsta kafla bandormsins eru lagðar til breytingar á grunnskólalögum sem ganga þvert á mótaða skólastefnu og eiga að leiða til þess að „komið verði í veg fyrir um 40 millj. kr. kostnaðarauka“ að sögn ráðuneytismanna. Nefndin ræddi á sínum tíma fyrsta kafla frumvarpsins og skilaði minni hluti nefndarinnar ítarlegu nefndaráliti sem birt er í þskj. 299 þar sem lagt er til *að kaflinn verði felldur út úr frumvarpinu.*

Breytingartillagan, sem nú var rædd, þýðir um 40 millj. kr. sparnað til viðbótar þeim 40 millj. kr. niðurskurði sem frumvarpið felur í sér. Þar að auki er menntamálaráðuneytinu ætlað að skera niður um 180 millj. kr. í grunnskólum landsins vegna hins flata niðurskurðar sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar tóku inn í fjárlög ársins 1992. Samtals er hér því um að ræða niðurskurð upp á um 260 millj. kr., en honum fylgja margháttaðar neikvæðar breytingar á skólastarfi. Því má ljóst vera að grunnskólinn stendur frammi fyrir mjög alvarlegum niðurskurði sem á eftir að valda miklum skaða.

Tillagan var rædd á þremur fundum og komu á fund nefndarinnar Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra, Örlygur Geirsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Kári Arnórsson frá Skólastjórafélagi Reykjavíkur og Viktor Guðlaugsson frá Félagi skólastjóra og yfirkennara, ásamt þeim Svanhildi Kaaber og Eiríki Jónssyni frá Kennarasambandi Íslands.

Til að samhengið skiljist milli þeirra tillagna sem fyrir liggja og þeirra aðgerða, sem boðaðar hafa verið í grunnskólum landsins, er nauðsynlegt að rifja upp hvað felst í fyrsta kafla bandormsins. Megininntakið er að frestað er gildistöku nokkurra ákvæða í nýju grunnskólalögunum og vegur þar einna þyngst að frestað er fækkun nemenda í bekkjardeildum. Þá er að finna í 3. gr. frumvarpsins tillögu um varanlega heimild til ráðherra til að ákveða vikulegan kennslustundafjölda nemenda.

Nú er lagt til samkvæmt breytingartillögunni að fjöldi nemenda skuli miðast við 22 í 1. og 2. bekk og 28 nemendur í 3.–10. bekk skólaárið 1992–1993, en auk þess skuli heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að *fjölga nemendum upp í 30 í bekk.*

Samkvæmt grunnskólalögum á hámark nemenda í 3.–10. bekk að vera 28, en í band-

orminum er gert ráð fyrir 29. Með breytingartillögunni er verið að opna fyrir fjölgun í bekkjardeildum í allt að 30 nemendur í stað gildandi lagaákvæða sem gera ráð fyrir þróun í þveröfuga átt. Bekkir með 28–30 nemendur eru allt of stórir. Með þessum tillögum er verið að veita menntamálaráðherra vald til að skera niður kennslu og fjölga í bekkjum frá því sem nú er. Þess ber að geta að meðalfjöldi nemenda, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, er 23 nemendur í bekk og meðalkennslustundafjöldi 32 stundir á viku, en þær á að skerða samkvæmt því sem boðað hefur verið. Þessar tillögur fela því í sér verri kennslu og verri skóla. Það er ekki það sem þjóðfélag okkar þarf á að halda.

Eftir að verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga var breytt standa mál í grunnskólakerfinu þannig að ríkið greiðir kennurum og öðru starfsfólki laun, en annað er í umsjá sveitarfélaganna. Ætli ríkið sér að spara í grunnskólakerfinu er um það eitt að ræða að skera launakostnaðinn niður. Að því er nú stefnt með því að:

1. Skera niður kennslustundafjölda.
2. Fjölga nemendum í bekkjum þannig að bekkjardeildir verði færri.
3. Velta kostnaði yfir á sveitarfélögin, m.a. með akstri á nemendum sem gert væri að nýta húsnæði annarra skóla.

Menntamálaráðherra hélt því fram er hann kom á fund nefndarinnar að kennslustundum yrði fækkað í efri bekkjum grunnskólans. Tók ráðherra dæmi af því að með því að fækka kennslustundum um tvær á viku í 4.– 10. bekk næðist á haustmissiri sparnaður upp á 52 millj. kr.

Kennarasambandið metur dæmið svo að niðurskurður upp á 40 millj. kr. þýði að 33 bekkjardeildir mundu hverfa og eigi að ná áætluðum sparnaði á árinu 1992 gæti það þýtt að skera verði niður 260–270 kennarastöður. Til samanburðar má nefna að á Vestfjörðum eru stöðugildi kennara í grunnskólum 140!

Það er ljóst að framkvæmd þessara niðurskurðartillagna mun koma mjög misjafnlega niður á skólum og landshlutum. Erfitt mun reynast að fjölga nemendum í bekkjum í fámennum skólum og niðurskurðurinn mun því bitna harðar á þéttbýlisstöðum og þá einkum höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Ráðherra staðfesti á fundi menntamálanefndar að til umræðu væri að aka nemendum á milli skóla á höfuðborgarsvæðinu, en sá kostnaður lendir á viðkomandi sveitarfélögum. Í þessu sambandi ber að nefna að það mál hefur ekki verið rætt við sveitarfélögin. Hugmyndir ráðherrans um akstur á nemendum milli skóla sýna svo ekki verður um villst að til stendur að fækka bekkjum og flytja þá nemendur sem „afgangs“ verða í aðra skóla þar sem þeim verður deilt niður á bekki.

Þetta er fyrirkomulag sem óverjandi er að bjóða börnum upp á. Þær spurningar vakna hvort yfirleitt séu kennslustofur fyrir svo stóra bekki í skólum landsins og hvort virkilega sé ætlunin að troða börnum inn í skólastofur eins og rollum í rétt. Við hljótum einnig að spyrja hvort það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að þvinga foreldra til að grípa til sinna ráða með stofnun einkaskóla. Ef svo er standa þeir verst að vígi sem verst hafa kjörin í samfélaginu.

Fulltrúar skólastjóra og kennara, sem ræddu við nefndina, lýstu harðri andstöðu við fyrirhugaðan niðurskurð og kom fram að verið væri að skapa neyðarástand í skólum og að búast mætti við miklum óróa meðal kennara, foreldra og nemenda. Þá var undirstrikað að alvarlegast væri að með þessum aðgerðum væri fyrst og fremst verið að skerða hag barnanna og verið að ganga þvert á framtíðarhagsmuni þeirra og þjóðfélagsins alls. Hér væri verið að stíga stórt skref til baka í skólamálum og þeim mun tilfinnanlegra þar sem áður hefði verið gripið til skerðinga og stofninn, sem af væri tekið, væri allt of veikburða. Að þessu sinni er seilst til svokallaðra viðbótarstunda sem skólarnir hafa til ráð-

stöfunar og notaðar eru til þeirra verkefna sem talin eru brýnust, svo sem eflingar íslenskukennslu, stærðfræði og tungumála.

Þá ber að nefna að þótt einkum sé hér um að ræða hagsmunamál barna þessa lands mun þetta einnig leiða til þess að kennarar verði fyrir verulegri kjaraskerðingu og uppsögnum. Kjör kennara eru til vansa og því óverjandi að ráðast á þá með þessum hætti.

Sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni hafa lýst áhyggjum vegna þess hvernig þetta mál horfir við þeim, en kjaraskerðing kennara kann að kalla á aukinn stuðning sveitarfélaga við kennara í dreifðum byggðum landsins.

Minni hluti menntamálanefndar mótmælir harðlega því tilræði við skólakerfið sem felst í fyrsta kafla frumvarpsins um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992 og þeirri breytingartillögu sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Þessar tillögur verður að fella! Það er hlutverk Alþingis að setja lög um grunnskóla og það á að vera í höndum þess að ákveða hvaða kennslu ber að veita. Vald til að fjölga eða fækka kennslustundum á ekki að vera í höndum ráðherra og ráðast af því hvernig vindurinn blæs í ríkisfjármálum.

Góð menntun er fjöregg þjóðarinnar og sá grundvöllur sem framtíð okkar byggist á. Því er niðurskurður af því tagi, sem ríkisstjórnin stefnir að, óverjandi og óþolandi!

Á samdráttartímum ber að efla menntun og rannsóknir vegna þess að þaðan er helst að vænta nýjunga og nýsköpunar í atvinnulífi. Víða í hinum iðnvædda heimi er verið að efla skóla og auka fjárveitingar til þeirra þar sem mönnum er ljóst að þannig má best búa í haginn fyrir komandi kynslóðir.

Því miður hefur núverandi ríkisstjórn markað stefnu sem gengur þvert á æskilega þróun. Hún situr við að saga af alla vaxtarbrodda og höggva á þær rætur sem eiga að næra íslenskt þjóðlíf. Að þessu sinni eru það börnin sem gjalda niðurskurðarins og er þar ráðist á garðinn þar sem hann lægstur. Hér er um ranga stefnu að ræða og aðgerðir sem verður að stöðva áður en alvarlegt tjón hlýst af. *Því leggur minni hlutinn til að allar niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar í skólamálum verði felldar út úr frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.*

Alþingi, 10. jan. 1992.

Kristín Ástgeirsdóttir.
Hjörleifur Guttormsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.
Valgerður Sverrisdóttir.

Fskj. 1.

Reykjavík, 20. desember 1991.

Kæri alþingismaður.

Kennarasamband Íslands vekur athygli þína á að ef fyrirhugaður niðurskurður til menntamála verður samþykktur jafngildir það því að:

2400 grunnskólanemendum í Reykjavík,
1750 grunnskólanemendum á Reykjanesi,
450 grunnskólanemendum á Vesturlandi,

300 grunnskólanemendum á Vestfjörðum,
350 grunnskólanemendum á Norðurlandi vestra,
700 grunnskólanemendum á Norðurlandi eystra,
400 grunnskólanemendum á Austurlandi og
600 grunnskólanemendum á Suðurlandi
yrði ekki kennt næsta skólaár.

Kennarasamband Íslands biður þig að hafa þetta í huga þegar gengið verður til atkvæða um fjárlagafrumvarpið og væntir þess að afstaða þín verði í samræmi við vilja foreldra í kjördæmi þínu.

Kennarasamband Íslands óskar þér gleðiríkrar og friðsællar jólahátíðar og farsældar á komandi ári.

Svanhildur Kaaber,
formaður.

Fskj. 2.

Reykjavík, 7. janúar 1992.

Ágæti þingmaður.

Við foreldrar höfum þungar áhyggjur af fyrirhuguðum breytingum á framkvæmd grunnskólalaga. Sérstaklega þykir okkur varasamt að fresta lengingu skóladagsins og að veita framkvæmdarvaldinu heimild til að ákveða með reglugerð vikulegan kennslustundafjölda í bekkjum grunnskólans. Það gengur erfiðlega að tryggja börnum okkar þann tímafjölda sem þeim ber samkvæmt þessum lögum og fráleitt að leggja viðmiðunarstundarskrá alfarið í hendur ráðuneyti/ráðherra.

Íslensk börn búa að mörgu leyti við lakari kjör en jafnaldrar þeirra annars staðar. Skólinn á Íslandi er eini skólinn í velferðarríki sem ekki er einsetinn. Skólaárið er mun styttra en gerist í nálægum löndum og skóladagurinn einnig, einkum hjá yngri börnum.

Það er mikilvægt að horfa á málefni barna í heildrænu samhengi. Samfélagið hefur tekið örum breytingum, því fylgir mikið rótleysi og streita. Skilnaðartíðni hefur aukist meira hér en í nálægum löndum og hér eru fleiri einstæðir foreldrar. Atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist úr 20% í 85% á 30 árum en á sama tíma hefur vikulegur skólatími barnanna þó dregist saman.

Í ljósi breyttra þjóðfélagsaðstæðna eru því æ meiri kröfur gerðar til skólans og birtist slíkt m.a. í aðalnámsskrá grunnskólans. Skólanum er ætlað að búa börnin undir þátttöku í afar flóknu samfélagi. Framtíð okkar sem þjóðar ræðst ekki síst af því hvernig börnin okkar verða í stakk búin til að takast á við verkefni 21. aldarinnar.

Samkvæmt könnun sem Samfok gerði í vor er lengdur skóladagur og einsetinn skóli eitt af brýnustu hagsmunamálum foreldra og allir stjórnmálaflokkar hafa það sömuleiðis á stefnuskrá sinni. Okkur er ljóst að á þessum erfiðu tímum verða allir að taka höndum saman til að leysa efnahagsvandann og börnin okkar geta þraukað án skólamáltíða enn um hríð. Það getur hins vegar orðið dýrkeypt að skera niður þá þjónustu sem skólinn veitir.

Við viljum með þessu bréfi minna ykkur alþingismenn á skyldur ykkar við börn þessa

lands og hvetja ykkur til að standa vörð um grunnskólann. Nýársávarp frú Vigdísar Finnbogadóttur ætti einnig að brýna okkur öll til dáða. Bætt uppvaxtarskilyrði íslenskra barna skila margföldum arði fyrir samfélagið í heild.

F.h. SAMFOKS,
Unnur Halldórsdóttir, formaður.

Fskj. 3.

MIÐLUN HF.
FJÖLMIÐLAVAKTIN — LJÓSVAKAHANDRIT
Frétt: Grunnskólalög.
Fréttamaður: Erna Indriðadóttir.
Dagsetning: 07.01.1992.
Miðill: Sjónvarpið — kvöldfréttir.

Formaður skólastjórafélags Reykjavíkur gagnrýnir harðlega hugmyndir um að fjölga í bekkjum og fækka kennslustundum í grunnskólum.

Menntamálaráðherra segist þurfa að fylgja fjárlögum og vinna að niðurskurðinum í samvinnu við m.a. skólastjóra.

Kári Arnórsson, formaður Skólastjórafélagsins, segir það einhverjar hrikalegustu fréttir sem skólamönnum hafi borist að fjölga eigi í bekkjum og fækka kennslustundum til að mæta niðurskurðinum í skólunum. Íslenskir grunnskólar séu með styttri skólatíma en nágrannalöndin og nú eigi enn að stytta hann og lengja þann tíma sem börn í þéttbýli þurfi að vera ein heima á daginn. Auknar kröfur séu gerðar til skólans og það hafi kostað harða baráttu að fá inn ákvæði um lágmarkskennslustundafjölda í grunnskólalögin.

Kári Arnórsson: Og það má bara ekki gerast að þetta verði tekið út og það verði lagt í hendur ráðherra á hverjum tíma og hann eigi að ákveða það eftir einhverjum hagsveiflum í samfélaginu hvað skólatíminn á að vera langur. Það er líka auðvitað hægt að geta þess að þær þjóðir aðrar sem hafa lent í efnahagsþrengingum, þær hafa nú verið fleiri en Íslendingar, en engin þeirra hefur látið sér detta það í hug að fara að skerða námstíma barnanna. Þvert á móti hafa þeir einmitt aukið fjármagn til skólans.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra lagði á það áherslu í samtali við fréttastofuna að engar ákvarðanir hefðu verið teknar um það enn þá hvernig farið yrði með málið. Hann sagði að í frumvarpinu, sem nú væri til meðferðar, fengi ráðherra heimild til að skerða vikulegan kennslutíma um allt að 2 klukkustundir hjá eldri bekkjunum en ekkert hjá þremur neðstu bekkjunum.

Ólafur G. Einarsson: Ég bendi líka á það að þótt ég fengi þessa heimild, þá mundi ég ekki nota hana til þess að skerða það sem námsskrá segir að skuli kennt. Það eru fjórir aukatímar sem eru til ráðstöfunar til þess að bæta við og það eru þá tveir þeirra sem skerðast hjá eldri bekkjunum.

Hámarksfjöldi í bekk er 22 í yngstu bekkjum grunnskólans en 28 í eldri bekkjunum, samkvæmt grunnskólalögunum. Nú er lagt til að hægt verði við sérstakar aðstæður að fjölga um allt að 2 í bekkjardeildum en með því gætu að sögn menntamálaráðherra sparast tugir milljóna króna í þéttbýlinu. En hvað segir ráðherrann um þá aðferð annarra þjóða að bregðast við efnahagserfiðleikum með því að efla skólana?

Ólafur G. Einarsson: Ég þekki það og vissulega væri það gott ef við gætum það. En nú er þetta mál einfaldlega svona að Alþingi hefur samþykkt fjárlög og mér ber sem ráðherra yfir þessum málaflokki að framfylgja því sem Alþingi hefur ákveðið og til þess þarf ég samstarf og samvinnu við þá embættismenn sem þarna þurfa að koma að verki og þar á meðal eru skólastjórarnir.

Fskj. 4.

MIÐLUN HF.
FJÖLMIÐLAVAKTIN — LJÓSVAKAHANDRIT
Frétt: Grunnskólar — niðurskurður.
Fréttamaður: Ásgeir Tómasson.
Dagsetning: 07.01.1992.
Miðill: Ríkisútvarpið — kvöldfréttir.

Samkvæmt fjárlögum þessa árs skerðast framlög ríkisins til grunnskóla landsins um 180 milljónir króna. Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra segir að enn sé ekki búið að ákveða hvort allur niðurskurðurinn kemur fram í haust.

Ólafur G. Einarsson: Mér sýnist allar líkur benda til að það verði að skipta þessu á skólaárið en ekki almanaksárið, einfaldlega vegna þess að skólinn hefur auðvitað verið skipulagður alveg fram á vor og mér sýnist þetta vera fullstór biti til þess að kyngja á haustmissirinu einu, en þó hefur þetta ekki verið athugað til hlítar. Það er náttúrlega ekki búið að samþykkja heimildirnar sem þarf til þess að bregðast við þessum markmiðum, en ég þykist þó vita hverjar þær verða. Þær verða heimildir til þess að stytta vikulegan kennslutíma og að færa saman í bekkjum.

Kennarar bíða þess með óþreyju að sjá til hvaða ráða verður gripið til að mæta 180 milljón króna niðurskurðinum. Hjá Kennarasambandi Íslands hefur verið reiknað út að ef hann kæmi allur fram á haustönn gæti hann þýtt að öll kennsla legðist niður í 10 grunnskólum landsins eða að kennslustundum hjá öllum grunnskólanemendum á landinu fækkaði um 3 á viku eða öll tungumálakennsla í grunnskólum félli niður eða kennslustundum í íslensku fækkaði um helming næsta haust eða að engin 6 ára börn og aðeins helmingur 7 ára barna kæmust í grunnskóla næsta haust. Þessi dæmi segir menntamálaráðherra að séu út í loftið og vísar þeim til föðurhúsanna. Hins vegar segist hann aldrei hafa borið á móti því að skera verði niður kennslu í kjölfar 180 milljóna króna niðurskurðarins.

Ólafur G. Einarsson: Í frumvarpinu núna er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra fái heimild til þess að ákveða vikulegan kennslutíma vegna þess að ákvæði 47. greinarinnar um hinn vikulega kennslutíma eru tekin úr sambandi fyrir skólaárið 1992–93. Ég get alveg sagt það að ég mun aldrei nota þessa heimild þannig að ég færi í það að skera niður t.d. kennslutíma í íslensku, svo ég taki dæmi, eða að útiloka kennslu í tungumálum eða að útiloka kennslu 6 ára barna. Ég veit ekki hvað ég á að telja fleira. Mér sýnist að það sem kæmi til greina væri að draga úr kennslu um 2 klukkustundir í efri bekkjunum, alls ekki snerta við yngstu þremur árgöngunum og það er svona mat okkar í ráðuneytinu eftir að hafa gert fyrstu útreikninga að við munum ná þessum markmiðum með slíkri aðgerð og raunar ýmsum aðhaldsaðgerðum sem eru bara sjálfsagðar.

Fskj. 5.

MIÐLUN HF.
FJÖLMIÐLAVAKTIN — LJÓSVAKAHANDRIT
Frétt: Skerðing — Grunnskólar.
Fréttamaður: Ásgeir Tómasson.
Dagsetning: 08.01.1992.
Miðill: Ríkisútvarpið hádegisfréttir.

Kennarar eru lítt hrifnir af hugmyndum Ólafs G. Einarssonar menntamálaráðherra um að skera niður kostnað í rekstri grunnskólanna um 180 milljónir króna með því að færa til í bekkjum og fækka kennslustundum um 2 á viku í efri bekkjum. Svanhildur Kaaber er formaður Kennarasambands Íslands.

Svanhildur Kaaber: Það er ekki hægt að spara í skólastarfi grunnskólanna öðruvísi en með því að minnka kennslu. Það er útilokað að gera það öðruvísi. Fjölgun nemenda í bekkjardeildum er auðvitað það sama og að minnka kennslu. Ráðherra tók dæmi og talaði um 2 stundir hjá efstu bekkjum, ef við lítum á það út frá barni sem er að hefja skólagöngu í 3. bekk, 9 ára gamalt, þá kostar það í rauninni að ef skerðing verður viðvarandi þá er verið að stytta skólagöngu þessa barns um hálft ár.

Menntamálaráðherra segist ekki hafa í hyggju að hreyfa við kennslustundum þriggja fyrstu árganga í grunnskólum og hann ætlar ekki að skerða tungumálakennslu þar með talda íslenskukennsluna. Hvað telur Svanhildur Kaaber að sé til ráða hjá ráðherra í þessu efni?

Svanhildur Kaaber: Í máli sínu í gær nefndi hann stundir til ráðstöfunar en hefur greinilega ekki áttað sig á hvað stundir til ráðstöfunar eru. Í reglugerð frá menntamálaráðuneytinu segir orðrétt um stundir til ráðstöfunar: „Hver skóli fyrir sig ákveður hvernig þessum stundum er ráðstafað til kennslu samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla". Stundir til ráðstöfunar eru til kennslu samkvæmt aðalnámsskrá og það verður þá að ákveða hvað það er sem á ekki að kenna samkvæmt aðalnámsskrá næsta vetur.

Ásgeir Tómasson: Getur þú ímyndað þér hvað það muni verða?

Svanhildur Kaaber: Nei, veistu það ég bara get hreint ekki ímyndað mér það því að ég get ekki séð að sé hægt að spara svona í skólastarfinu. Með því erum við að fara aðrar leiðir en nokkur önnur þjóð sem hefur látið sér detta í hug að spara. Það eru þeir liðir sem ekki er hægt að spara á. Ef það vantar 180 milljónir í grunnskólastarfið þá get ég ekki séð annað en þær verði þá bara að vera halli á fjárlögum.

Fskj. 6.

MIÐLUN HF.
FJÖLMIÐLAVAKTIN — LJÓSVAKAHANDRIT
Frétt: Grunnskólar — niðurskurður.
Fréttamaður: Óli Tynes.
Dagsetning: 06.01.1992.
Miðill: Bylgjan — 17:00.

Kennarasamband Íslands hefur reiknað út að ef niðurskurður á fjárlögum til grunnskóla kemur til framkvæmda á næstu haustönn samsvari það því að öll kennsla legðist af í sem nemur 10 grunnskólum.

Samkvæmt fjárlögum verður flatur niðurskurður á launaliði í grunnskólum 180 millj. kr. Ljóst er að þessi skerðing kemur ekki til framkvæmda nú á vorönn 1992. Þá er ekki eftir nema haustönnin, nema þá verið sé að taka einnig ákvörðun um niðurskurð á næsta ári. Svanhildur Kaaber, formaður Kennarasambands Íslands, er þeirrar skoðunar að talan ein, 180 milljónir króna, segi ekki alla söguna. Kennarasambandið hefur því reiknað út hvað þetta þýði í raun í minni kennslu.

Svanhildur Kaaber: Þá getum við líka sagt að þetta svarar til þess að ef allur niðurskurðurinn á að koma fram á haustönninni 1992, þá gæti hann t.d. þýtt að öll grunnskólakennsla legðist niður á ákveðnum stöðum á landinu, þá bara teljum við saman nógu mörg stöðugildi til þess að fylla þann skóla. Og við nefnum þarna — við tókum Akranes, Bolungarvík, Sauðárkrók, Siglufjörð, Húsavík, Eskifjörð, Hornafjörð, Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn og Grindavík, dreifðum þessu yfir landið.

Óli Tynes: Þetta samsvarar því að leggja niður þessa skóla.

Svanhildur Kaaber: Leggja niður grunnskólakennslu á þessum stöðum.

Fskj. 7.

Ályktun samþykkt á fundi skólastjóra í Reykjavík.

Fundur í Skólastjórafélagi Reykjavíkur haldinn í Hagaskóla fimmtudaginn 9. janúar 1992 ályktar harðlega þann niðurskurð á kennslustundum nemenda grunnskólans sem boðaður hefur verið í nýsamþykktum fjárlögum Alþingis. Fundurinn bendir á að þessi aðgerð kemur fyrst og fremst niður á nemendum auk þess sem skólunum eru skapaðir ómældir erfiðleikar.

Það er krafa fundarins og hlýtur að vera krafa foreldra að lágmarksstundafjöldi sé bundinn í lögum en verði ekki reglugerðarákvæði sem hægt sé að breyta með litlum fyrirvara. Þetta er nauðsynlegt fyrir grunnskólann sem ætlað er það stóra hlutverk að sjá um grunnmenntun þjóðarinnar. Á síðasta ári náðist, eftir mikla baráttu, að festa þetta lágmark í lögum. Nú er fyrirhugað að nema það burt um tíma. Með því er skapað fordæmi fyrir hvaða ríkisstjórn sem er að ógilda þetta grundvallarákvæði um lögbundinn lágmarksstundafjölda.

Frá því grunnskólalögin voru sett 1974 hefur stundafjöldi nemenda verið skertur í tvígang og skerðingin, með þeirri viðbót sem nú er fyrirhuguð, nálgast einn kennsludag á viku. Reynslan hefur sýnt að erfitt er að ná þessum stundum til baka. Við hljótum því

að spyrja: Hvernig á grunnskólinn að geta sinnt því hlutverki að halda hér uppi svipuðu menntunarstigi og gerist með nágrannaþjóðum okkar, ef slíkt nær fram að ganga?

Fjölgun nemenda í bekkjardeildum upp í 30 er ömurleg tilhugsun. Fjölgunin hefur tvöfalt vægi til tjóns þar sem hún á að koma á sama tíma og kennslustundum er fækkað. Flutningur nemenda milli hverfa, sem látið er í veðri vaka, er fráleitur.

Með þessum aðgerðum, sem boðaðar hafa verið, er horfið áratugi aftur á bak í skólastarfi á Íslandi. Slíkt hlýtur að veikja stöðu okkar í samkeppni þjóðanna.

Þessi ályktun var samþykkt samhljóða.

Upplýsingar um skerðinguna frá 1974.

	6 ára	7 ára	8 ára	9 ára	10 ára	11 ára	12 ára	13 ára	14 ára	15 ára
1974		22	23	27	33	35	37	39	39	39
1979		23	23	27	31	34	36	36	36	36
1991	24	24	24	27	29	32	34	35	35	35
1992	24	24	24	25	27	30	32	33	33	33

1974 og 1979 eru 6 ára ekki reiknaðir með því önnur viðmiðunarregla var notuð fyrir þau börn áður en þau urðu skólaskyld. Þó er ekki ofætlað að þær stundir hafi verið að jafnaði 18 á bekkjardeild.

Inni í þessum tölum eru stundir til ráðstöfunar svo og sundtímar.

Kári Arnórsson, form.

2. Um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, breytingu á lögum nr. 88/1990, um ríkisábyrgð á launum.

Þrátt fyrir ítrekuð mótmæli og endurteknar yfirlýsingar aðila vinnumarkaðarins, m.a. á fundum með efnahags- og viðskiptanefnd eftir áramótin, um að þessar breytingar torveldi gerð kjarasamninga, heldur ríkisstjórnin þeim til streitu.

Minni hlutinn ítrekar andstöðu sína við þessar breytingar og bendir á að þær eru enn fráleitari en ella nú á tímum gjaldþrota og vaxandi atvinnuleysis.

3. Um breytingu á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Í frekari viðræðum við sveitarfélögin hefur komið fram að ekkert samkomulag lá fyrir um það ákvæði 12. gr. frumvarpsins að sveitarfélögin skuli greiða sérstakt framlag sem nemi 3,5% af kostnaðarverði hverrar félagslegrar íbúðar. Þessi hugmynd hafði verið kynnt forsvarsmönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga en það enga afstöðu tekið enda ekki formlega eftir því leitað, sbr. bréf Þórðar Skúlasonar framkvæmdastjóra Sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar, dagsett 13. janúar, sem birt er hér á eftir. Samkvæmt upplýsingum í bréfi Þórðar er talið að þetta geti haft í för með sér 128 millj. kr. kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin en í minnisblaði frá félagsmálaráðuneytinu til efnahags- og viðskiptanefndar um áhrif frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga er talað um 116 millj. kr.

Minni hlutinn ítrekar því þá afstöðu sína að **vísa** beri öllum kaflanum um húsnæðismál, 12.–14. gr. frumvarpsins, **til ríkisstjórnarinnar**.

Áðurnefnt bréf Þórðar Skúlasonar, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, um þetta efni er svohljóðandi:

„Forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga komu í haust á fund félagsmálaráðherra þar sem óskað var eftir samráði við sambandið varðandi aukna kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í byggingarkostnaði félagslegra íbúða.

Þar var gert ráð fyrir að kostnaðaraukinn næmi 3,5% af byggingarkostnaði félagslegra íbúða til viðbótar því 10% láni er sveitarfélög veita Byggingarsjóði verkamanna. Rætt var um að aukin kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga næmi um 128 millj. kr. miðað við byggingu 600 félagslegra íbúða á ári.

Á fundi stjórnar sambandsins 13. desember sl. lá nánari útfærsla þessa máls ekki fyrir í formi lagafrumvarps, en málið var kynnt þar með sama hætti og á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga 18. nóvember sl. Þar gerði Þórður Skúlason grein fyrir málinu og sagði eftirfarandi orðrétt:

„Þessi hugmynd hefur verið kynnt fyrir forsvarsmönnum sambandsins og þá í því formi að sveitarfélögin féllu frá innheimtu gatnagerðargjalds af félagslegum íbúðum eða tækju á sig 3,5% kostnaðarhlutdeild í byggingunum með öðrum hætti. Sambandið hefur ekki tekið neina afstöðu til þessara hugmynda, enda ekki formlega eftir því leitað."

Í framhaldi þess var ekki um frekara samráð að ræða varðandi mál þetta, enda hafa samskipti ríkis og sveitarfélaga tekið aðra stefnu að undanförnu.

Að lokum er enn og aftur skorað á efnahags- og viðskiptanefnd að beita sér fyrir því að hætt verði við áform ríkisstjórnarinnar um að leggja 600 millj. kr. álögur á sveitarfélögin í formi „löggæsluskatts", *án nokkurs samráðs við sveitarfélögin.*

Gert í samráði við formann sambandsins."

4. Um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og viðeigandi breytingartillögur.

Í áðurnefndu bréfi forsætisráðherra til nefndarinnar 7. janúar komu fram tillögur ríkisstjórnarinnar um þann sparnað í almannatryggingakerfinu sem áður hafði verið boðaður. Eru þær í formi ákvæða sem skerða grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega, þó þannig að innan þess hóps sem örorkubótanna nýtur yrði um tilfærslu að ræða.

Við skoðun málsins, bæði í heilbrigðis- og trygginganefnd og í efnahags- og viðskiptanefnd, hafa fjölmörg álitamál komið upp og annmarkar við framkvæmd tillagna stjórnarinnar orðið flestum ljósir. Nokkur atriði hefur tekist að lagfæra, svo sem að tryggja að skerðing grunnlífeyris þessara hópa svipti þá ekki einnig barnalífeyri.

Einnig var orðið við óskum sem komu frá samtökum öryrkja um að nota það fé, sem skerðing grunnlífeyris öryrkja sparaði, til þess að hækka grunnupphæð tekjutryggingar fremur en frítekjumarkið eins og ætlunin var.

Eftir stendur það óhaggað að þessar tillögur munu skerða tekjur fjölda ellilífeyrisþega sem einhverjar launatekjur hafa en ekki verður hróflað við þeim sem haft geta margfaldar fjármagns- eða eignatekjur. Þessi breyting mun enn auka á aðstöðumun fólks í þessu sambandi.

Breytingar þessar hafa það enn fremur í för með sér að jaðarskattprósenta ellilífeyrisþega verður á allbreiðu tekjubili mun hærri en annarra eða 55%.

Eftirfarandi dæmi sýnir skerðingarprósentur einhleyps ellilífeyrisþega sem nýtur allra bóta fyrir viðkomandi tekjubil eftir að breytingar ríkisstjórnarinnar hafa náð fram að ganga:

Tafla.

0 til 5.215 kr. á mánuði	100%
5.215 kr. til 16.280 kr. á mánuði	0%
16.280 kr. til 20.630 kr. á mánuði	60%
20.630 kr. til 65.847 kr. á mánuði	76%
65.847 kr. til 114.339 kr. á mánuði	55%
114.339 kr. á mánuði eða meira	40%

Ein er sú stétt sem með alveg sérstökum hætti verður fyrir barðinu á þessari skerðingu á grunnlífeyri ellilífeyrisþega sem fyrirhuguð er en það eru sjómenn. Segja má að með þessum breytingum sé réttur sjómanna til töku lífeyris við 60 ára aldur, sem þeir njóta einir stétta, nánast afnuminn. Efnahags- og viðskiptanefnd aflaði viðbótargagna um þetta efni og ræddi við þá Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandinu og einnig Árna Guðmundsson, forstöðumann Lífeyrissjóðs sjómanna. Kom skýrt fram að þessar breytingar munu hitta þorra sjómanna á lífeyristökualdri mjög þungt þar sem verulegur hluti þeirra er með einhverjar launatekjur og það bætist svo við að lífeyrisréttindi eru mjög misjöfn og yfirleitt lítil hjá öllum sjómönnum sem verið hafa á minni fiskiskipum.

Þennan lífeyri verður að skoða í ljósi þeirrar staðreyndar að lífeyrisréttindi sjómanna eru almennt lakari en annarra stétta. Stærstur hluti sjómanna byrjaði ekki að greiða í lífeyrissjóð að fullu fyrr en 1985–1987.

Með þessari breytingu er Alþingi að taka til baka viðurkenningu á sérstöðu sjómanna í þessum efnum. Hér er því enn vegið að réttindamálum sjómanna sem eiga sér langa sögu.

Að öðru leyti vísast til álits minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar sem fer hér á eftir ásamt fjórum fylgiskjölum. Þar fyrir aftan eru svo birtar ýmsar upplýsingar sem efnahags- og viðskiptanefnd bárust um m.a. atvinnuþátttöku sjómanna á lífeyristökualdri, mismunandi lífeyrisréttindi sjómanna, skerðingarferli og jaðarskattprósentur ellilífeyrisþega, þörf fyrir viðbótarmannafla í Tryggingastofnun til að annast framkvæmd þessara mála o.fl.

Álit minni hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Minni hluti heilbrigðis- og tryggingaefndar hefur fjallað um tillögur þær er nefndinni bárust 7. jan. sl. og snerta breytingar á frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992. Breytingartillögur þessar gera ráð fyrir tekjutengingu elli- og örorkulífeyris. Til fundar við nefndina komu Arnþór Helgason og Helgi Seljan frá Öryrkjabandalagi Íslands, Páll Sigurðsson, Þorkell Helgason og Dögg Pálsdóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Magnús H. Magnússon, fyrrverandi varaformaður Alþýðuflokksins og fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fyrir hönd Samtaka aldraðra, Björn Grétar Sveinsson, formaður Verkamannasambands Íslands, Hilmar Björgvinsson og Haukur Haraldsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Ólafur Jónsson frá Landssambandi aldraðra, Guðríður Ólafsdóttir frá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Sveinn

Ragnarsson og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Stefán Jansen frá Þjóðhagsstofnun.

Minni hlutinn getur ekki fallist á breytingartillögur ríkisstjórnarinnar og mun greiða atkvæði gegn þeim. Ástæðurnar eru eftirfarandi.

1. Tillögurnar eru handahófskenndar, vanhugsaðar, illa undirbúnar og illframkvæmanlegar. Í meðförum nefndarinnar hafa tillögurnar verið að taka sífelldum breytingum vegna ábendinga minni hluta nefndarinnar og þeirra sem til fundar við nefndina hafa komið. Margt af því sem var í upphaflegum tillögum ríkisstjórnarinnar stóðst ekki og var óframkvæmanlegt. Það kom fram hjá þeim fulltrúum Tryggingastofnunar ríkisins sem nefndina heimsóttu að stofnunin getur ekki framkvæmt tillögurnar miðað við að þær taki gildi 1. febrúar. Því var um tíma í starfi nefndarinnar gengið út frá því að gildistakan yrði 1. mars. Til að Tryggingastofnun ríkisins geti framkvæmt tillögurnar þá þarf hún verulegan viðbótarmannafla. Það kom fram hjá þeim fulltrúum Tryggingastofnunar sem komu til fundar við nefndina að ekkert samráð hafði verið haft við stofnunina um mótun og gerð þessara tillagna. Forráðamenn hennar heyrðu fyrst um tillögurnar sl. föstudag.
2. Tillögurnar eru sértækar og ekki liggur ljóst fyrir hvort og þá hversu víðtæk áhrif þær hafa á aðra bótaflokka almannatrygginganna sem tengjast elli- og örorkulífeyrinum. Þó er ljóst að ýmsar bætur til öryrkja, eins og bensínstyrkur og styrkur til kaupa á hjálpartækjum til að breyta bílum, munu falla niður, nema komið verði í veg fyrir það hjá Tryggingastofnun ríkisins með sérstökum ráðstöfunum. Það orkar hins vegar tvímælis hvort stofnunin hafi lagaheimild til að beita slíkum innanhússráðstöfunum. Tryggingayfirlæknir sér um að úrskurða í ýmsum málum sem tengjast örorkulífeyrinum og því hefði verið eðlilegt að kalla hann á fund nefndarinnar eins og minni hluti nefndarinnar óskaði eftir en meiri hlutinn hafnaði. Af hálfu minni hluta nefndarinnar var lögð á það áhersla að horfið yrði frá þeirri fyrirætlan ríkisstjórnar að tekjutengja örorkulífeyrinn, en því var hafnað.
3. Með tillögunum er réttur sjómanna til töku lífeyris við 60 ára aldur nánast afnuminn. Það kom fram hjá Hilmari Björgvinssyni, deildarstjóra lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar, að langflestir þeirra 600 sjómanna, sem nú njóta sjómannalífeyris, munu verða fyrir verulegri skerðingu eða missa lífeyrinn að fullu. Alls munu um 2.500 ellilífeyrisþegar verða fyrir skerðingu og eru sjómenn á aldrinum 60–67 ára ⅕ hluti hópsins. Ríkisstjórnin hefur nýverið staðið fyrir skerðingu á sjómannaafslætti og nú leitar hún aftur fanga hjá þessari sömu þjóðfélagsstétt í viðleitni sinni til að draga úr ríkisútgjöldum. Af þessum sökum óskaði minni hlutinn eftir því að fulltrúar sjómanna yrðu boðaðir til fundar við nefndina, en meiri hlutinn sá sér ekki fært að verða við þeim tilmælum.
4. Tillögurnar leiða til þess að nýtt skattþrep verður til sem er hærra en skattþrepið í staðgreiðslu tekjuskatts eða í kringum 55%. Elli- og örorkulífeyrisþegar verða því þeir einu sem verða látnir greiða samkvæmt þessu háa skattþrepi á sama tíma og ríkisstjórnin hafnar tillögum um að leggja á hátekjuskatt og skattleggja eignatekjur.
5. Tillögurnar eru ekki hluti af heildarendurskoðun almannatryggingalaganna. Tekjutenging elli- og örorkulífeyris getur verið réttlætanleg, en þá er eðlilegt að það sé gert samtímis heildarendurskoðun almannatryggingalaganna og að sá sparnaður, sem af því hlytist, yrði notaður til þess að hækka bætur, auka bótarétt og tryggja hagsmuni þeirra sem mest þurfa á almannatryggingum að halda.
6. Tillögurnar munu gera flókið almannatryggingakerfi enn flóknara. Almannatrygg-

ingar þurfa að vera skýrar, einfaldar og auðveldar í framkvæmd þannig að almenningur geti gert sér grein fyrir rétti sínum.

Þær breytingar, sem ríkisstjórnin er að gera og hefur verið að gera að undanförnu á almannatryggingunum, eru gerðar án nokkurrar fyrirhyggju. Ríkisstjórnina skortir heildaryfirsýn yfir málaflokkinn og það er ámælisvert að hún skuli meðhöndla jafn flókinn og viðkvæman málaflokk með þeim flumbrugangi sem raun ber vitni. Ríkisstjórnin hyggst spara 260 milljónir króna á tekjutengingu elli- og örorkulífeyris á árinu 1992. Nú þegar er ljóst að a.m.k. 1/12 hluti þess sparnaðar muni ekki nást þar sem bætur janúarmánaðar hafa nú þegar verið greiddar út. Það er því með öllu óljóst hver sparnaðurinn muni verða, ekki síst þegar haft er í huga að þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar munu án efa draga úr atvinnuþátttöku elli- og örorkulífeyrisþega. Það gæti aftur leitt til aukinna útgjalda á öðrum stöðum í almannatryggingum eins og í tekjutryggingu, heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót.

Af þessum ástæðum og öðrum, sem gerð verður grein fyrir í umræðum, mun minni hlutinn greiða atkvæði gegn frumvarpsákvæðum þeim sem heilbrigðis- og tryggingananefnd hefur fjallað um. Minni hlutinn vísar til umsagna sem nefndinni bárust og birtast þær með skilabréfi þessu.

Alþingi, 13. jan. 1992.

Finnur Ingólfsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Ingibjörg Pálmadóttir.
Svavar Gestsson.

Fskj. 1.

Ályktun stjórnar Landssambands aldraðra.

(19. des. 1991.)

Landssamband aldraðra mótmælir þeim hugmyndum ríkisstjórnarinnar sem fram hafa komið um að hækka ekki skattleysismörk tekjuskatts um næstu áramót til samræmis við verðbólguna eins og föst venja hefur verið.

Stjórn landssambandsins minnir á að lífeyrisgreiðslur og eftirlaun úr lífeyrissjóðum eru í flestum tilfellum svo knappur lífeyrir að óverjandi er að fyrstu skattahækkanir við gerð nýrra fjárlaga komi á slíkar greiðslur.

Einnig er minnt á fulla samstöðu stjórnmálamanna fyrir síðustu kosningar um að brýn nauðsyn væri á því að hækka skattleysismörkin verulega.

Samþykkt samhljóða,
ÓJ.

Fskj. 2.

Alþýðusamband Íslands:

Ályktun fundar formanna landssambanda innan ASÍ.
(8. jan. 1992.)

Að undanförnu hafa stjórnvöld tekið ákvarðanir um skattahækkanir og verðhækkanir á opinberri þjónustu sem samanlagt skerða ráðstöfunartekjur um rúmlega 2%.

Hér er ekki aðeins um að ræða alvarlega almenna kaupmáttarskerðingu. Álögurnar leggjast með mestum þunga á barnafjölskyldur og sjúklinga. Á sama tíma er ekkert gert til þess að skattleggja fjármagnstekjur.

Fundur formanna landssambanda ASÍ ítrekar mótmæli sambandsins við þessum skattahækkunum og auknu álögum. Fundurinn mótmælir sérstaklega nýrri tillögu um skerðingu á ellilífeyri.

Síðustu árin hefur mjög þrengt að atvinnumöguleikum eldra fólks. Grunnlífeyririnn hefur komið sér vel fyrir fjöldamarga sem orðið hafa að draga úr vinnu vegna þverrandi starfsorku eða þrenginga á vinnumarkaði. Með nýju skattþrepi, 55%, er nú ráðist að þessu fólki áður en 66 þús. kr. tekjum er náð. Þessi aðgerð eykur enn á þá mismunun í almannatryggingakerfinu að launatekjur og tekjur úr lífeyrissjóðum umfram lágt mark skerða greiðslur tryggginganna en fjármagnstekjur hafa engin áhrif. Hér er augljóslega gengið til öfugrar áttar.

Fundurinn krefst þess að hætt verði við þessa árás á ellilífeyrisþega. Í stað þess verði hafist handa um heildarendurskoðun á lífeyriskerfinu eins og samtökin hafa ítrekað gert kröfu til.

Fskj. 3.

Félag eldri borgara:

Athugasemd vegna breytingartillagna við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1992.
(8. jan. 1992.)

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni mótmælir þeim hugmyndum sem uppi eru um tekjutengingu ellilífeyris almannatrygginga.

Félagið telur það orka tvímælis að tekjutengja grunnlífeyri þar sem eftirlaunafólk hefur greitt fast gjald um áratugaskeið til að öðlast rétt til ellilífeyris.

Verði ellilífeyrir samt sem áður tekjutengdur leggur félagið áherslu á að skerðing hans byrji ekki fyrr en aðrar launatekjur hafa náð 100.000 kr.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni,
Guðríður Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri.

Fskj. 4.

Öryrkjabandalag Íslands:

Bréf til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
(9. jan. 1992.)

Öryrkjabandalag Íslands mótmælir harðlega þeim handahófskenndu aðgerðum sem ríkisstjórnin beitir til þess að ná endum saman í ríkisfjármálum. Þessar aðgerðir miðast við skerðingu örorku- og ellilífeyris, þannig að lífeyrisþegar eru sviptir grunnlífeyri að hluta til eða að fullu.

Hvað öryrkja varðar þá hefur það verið grundvallarviðhorf, viðurkennt af samfélaginu, að greiða öryrkjum lífeyri sem nokkra uppbót vegna þeirrar hömlunar og aukakostnaðar sem örorkan veldur. Skerðing grunnlífeyris án tengsla við heildarskoðun tryggingakerfisins er því vægast sagt varhugaverð.

Ámælisvert er að tekjur fólks, sem eru langt innan við meðaltekjumörk, eru skertar verulega á meðan í engu er hróflað við þeim sem eru hátt yfir þessum meðaltalstekjum.

Öryrkjabandalag Íslands lýsir sig reiðubúið hvenær sem er til viðræðna um raunverulega jöfnun á kjörum örorkulífeyrisþega, m.a. tekjutengingu grunnlífeyris, ef annað kemur á móti, svo sem viðbótarskattþrep á hærri tekjur, svo og það að fjármagnstekjur séu teknar með, bæði í skattalegu tilliti og hvað varðar lífeyrisgreiðslur.

Hækkun frítekjumarks nú er góðra gjalda verð fyrir þann hóp öryrkja sem þar nýtur góðs af, en hins vegar er í engu komið til móts við þá sem mesta hafa þörfina, þ.e. þá sem einvörðungu verða að framfleyta sér af tryggingabótum.

Virðingarfyllst,
f.h. Öryrkjabandalags Íslands,
Arnþór Helgason, formaður.

Sjómannasamband Íslands:

Bréf til efnahags- og viðskiptanefndar.
(14. jan. 1992.)

Á fundi með nefndinni í morgun var þess farið á leit að nefndarmenn fengju upplýsingar um fjölda ellilífeyrisþega sjómanna sem enn stunda sjómennsku.

Samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði sjómanna eru miðað við október 1991 um 34% ellilífeyrisþega yngri en 65 ára sem enn stunda sjómennsku. 12% til viðbótar eru hættir til sjós en voru á sjó þegar þeir hófu töku ellilífeyris. 54% hafa ekki verið á sjó eftir að taka lífeyris hófst hjá sjóðnum. Ekki kemur fram í þessum tölum hve margir af þeim sem ekki stunda sjómennsku vinna önnur störf í landi.

Samkvæmt upplýsingum frá öðrum lífeyrissjóðum en Lífeyrissjóði sjómanna (SAL-sjóðunum), þar sem sjómenn eiga lífeyrisrétt, koma sambærilegar upplýsingar fram. Samkvæmt þeim upplýsingum eru tæp 35% lífeyrisþega á aldrinum 60 til 70 ára enn starfandi sjómenn. Tæp 32% eru hættir til sjós, en stunda önnur störf í landi. Rúmlega 33% sjómanna á aldrinum 60 til 70 ára, sem njóta ellilífeyris úr öðrum lífeyrissjóðum en Lífeyrissjóði sjómanna, eru hættir störfum.

Þessar tölur ættu að gefa nokkra mynd af því hve margir sjómenn, sem fá greiddan

grunnlífeyri, eru enn við störf. Þó getur einhver mismunur verið á tölum varðandi fjölda þeirra sem fá greiddan grunnlífeyri annars vegar og lífeyri úr lífeyrissjóði hins vegar. Skekkjan ætti hins vegar ekki að vera mikil.

Virðingarfyllst,
f.h. Sjómannasambands Íslands,
Hólmgeir Jónsson.

Lífeyrissjóður sjómanna:

Bréf til efnahags- og viðskiptanefndar.
(14. jan. 1992.)

Samkvæmt beiðni efnahags- og viðskiptanefndar upplýsist eftirfarandi um ellilífeyrisréttindi sjómanna í lífeyrissjóðum:

Lífeyrisréttindi sjómanna í lífeyrissjóðum eru mjög mismunandi, bæði eftir því í hvaða lífeyrissjóð greitt hefur verið og því hvaða tegund sjómennsku viðkomandi hefur stundað. Hér að neðan verða nefnd helstu atriðin sem skipta máli varðandi rétt sjómanna til ellilífeyris frá lífeyrissjóðum.

Lífeyrissjóður togarasjómanna (nú Lífeyrissjóður sjómanna) var stofnaður 1958, en bátasjómenn fengu ekki aðild að sjóðnum fyrr en 1970 og þá voru einnig stofnaðir lífeyrissjóðirnir innan Sambands almennra lífeyrissjóða, en innan SAL eru nokkrir lífeyrissjóðir sem sjómenn greiða til (t.d. Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Lífeyrissjóður Austurlands og Lífeyrissjóður Vestmannaeyinga). Sjómenn á bátum og öðrum skipum en stórum togurum og farskipum hafa því ekki átt aðild að lífeyrissjóði nema frá árinu 1970. Þar að auki voru iðgjöld bátasjómanna allt fram til ársins 1985 mjög lág og réttindamyndun því lítil, en sjómenn á togurum og farskipum hafa ávallt greitt iðgjöld af heildartekjum. Fjárhæð ellilífeyris fer eftir því hversu mikið greitt hefur verið til sjóðanna og því skipta framangreind atriði höfuðmáli í þessu sambandi. Ekkert þak er á þeim fjárhæðum sem sjóðfélagar geta fengið í lífeyri, því meira sem greitt er því hærri lífeyri fær sjóðfélagi.

Ellilífeyrir frá Lífeyrissjóði sjómanna er mjög mismunandi hár eins og gefur að skilja og er allt frá nokkur hundruðum króna á mánuði upp í rúmar 110.000 kr. Meðaltalsfjárhæð ellilífeyris frá sjóðnum er u.þ.b. 23.000 kr. á mánuði (ellilífeyrisþegar voru 687 í desember 1991).

Að lokum skal bent á að ekki gilda sömu reglur um almennan ellilífeyrisaldur í lífeyrissjóðum sjómanna. Samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð sjómanna er almennur ellilífeyrisaldur 65 ár, en samkvæmt reglugerðum SAL-sjóða er hann 70 ár. Hins vegar gilda sömu reglur hjá þessum sjóðum varðandi sérstakan ellilífeyrisrétt frá 60 ára aldri vegna 25 ára sjómennsku.

Virðingarfyllst,
f.h. Lífeyrissjóðs sjómanna,
Árni Guðmundsson.

1. dæmi: Hreinar bætur einhleyps ellilífeyrisþega sem nýtur heimilisbóta (Allar tekjur atvinnutekjur)



Lífeyrist[illegible]ggingakerfi			Tillaga ríkisstj[illegible]nar						
Einhleypur elliífeyrisþegi									
Mán.tekjur		Lífeyrir	Tekju-trygging	Heimilis-uppbót	Séruppbót	Heildar-tekjur	Skattur	Nettóbætur	Jaðar-skattur
	Grunnupph.	12 123	22 305	7 582	5 215		23 922		
	Skerð.byrjun	65 847	16 280	16 280	0				
	Skerð.hlutf.	25%	45%	15%	100%		39,85%		
0		12 123	22 305	7 582	5 215	47 225	0	47 225	
2 500		12 123	22 305	7 582	2 715	47 225	0	44 725	100%
5 000		12 123	22 305	7 582	215	47 225	0	42 225	100%
7 500		12 123	22 305	7 582	0	49 510	0	42 010	9%
10 000		12 123	22 305	7 582	0	52 010	0	42 010	0%
12 500		12 123	22 305	7 582	0	54 510	0	42 010	0%
15 000		12 123	22 305	7 582	0	57 010	0	42 010	0%
17 500		12 123	21 756	7 399	0	58 778	0	41 278	29%
20 000		12 123	20 631	7 024	0	59 778	0	39 778	60%
22 500		12 123	19 506	6 649	0	60 778	298	37 980	72%
25 000		12 123	18 381	6 274	0	61 778	697	36 081	76%
27 500		12 123	17 256	5 899	0	62 778	1 095	34 183	76%
30 000		12 123	16 131	5 524	0	63 778	1 494	32 284	76%
32 500		12 123	15 006	5 149	0	64 778	1 892	30 386	76%
35 000		12 123	13 881	4 774	0	65 778	2 291	28 487	76%
37 500		12 123	12 756	4 399	0	66 778	2 689	26 589	76%
40 000		12 123	11 631	4 024	0	67 778	3 088	24 690	76%
42 500		12 123	10 506	3 649	0	68 778	3 486	22 792	76%
45 000		12 123	9 381	3 274	0	69 778	3 885	20 893	76%
47 500		12 123	8 256	2 899	0	70 778	4 283	18 995	76%
50 000		12 123	7 131	2 524	0	71 778	4 682	17 096	76%
52 500		12 123	6 006	2 149	0	72 778	5 080	15 198	76%

	55 000		12 123	4 881	774	0	73 778	5 479	13 299	76%
	57 500		12 123	3 756	1 399	0	74 778	5 877	11 401	76%
	60 000		12 123	2 631	1 024	0	75 778	6 276	9 502	76%
	62 500		12 123	1 506	649	0	76 778	6 674	7 604	76%
	65 000		12 123	381	274	0	77 778	7 073	5 705	76%
	67 500		11 710	0	0	0	79 210	7 643	4 067	66%
	70 000		11 085	0	0	0	81 085	8 390	2 694	55%
	72 500		10 460	0	0	0	82 960	9 137	1 322	55%
	75 000		9 835	0	0	0	84 835	9 885	- 50	55%
	77 500		9 210	0	0	0	86 710	10 632	-1 422	55%
	80 000		8 585	0	0	0	88 585	11 379	-2 794	55%
	82 500		7 960	0	0	0	90 460	12 126	-4 166	55%
	85 000		7 335	0	0	0	92 335	12 873	-5 539	55%
	87 500		6 710	0	0	0	94 210	13 621	-6 911	55%
	90 000		6 085	0	0	0	96 085	14 368	-8 283	55%
	92 500		5 460	0	0	0	97 960	15 115	-9 655	55%
	95 000		4 835	0	0	0	99 835	15 862	-11 027	55%
	97 500		4 210	0	0	0	101 710	16 609	-12 400	55%
	100 000		3 585	0	0	0	103 585	17 357	-13 772	55%
	102 500		2 960	0	0	0	105 460	18 104	-15 144	55%
	105 000		2 335	0	0	0	107 335	18 851	-16 516	55%
	107 500		1 710	0	0	0	109 210	19 598	-17 888	55%
	110 000		1 085	0	0	0	111 085	20 345	-19 261	55%
	112 500		460	0	0	0	112 960	21 092	-20 633	55%
	115 000		0	0	0	0	115 000	21 906	-21 906	51%
	117 500		0	0	0	0	117 500	22 902	-22 902	40%
	120 000		0	0	0	0	120 000	23 898	-23 898	40%
	122 500		0	0	0	0	122 500	24 894	-24 894	40%
	125 000		0	0	0	0	125 000	25 891	-25 891	40%

Hreinar bætur einhleyps ellilífeyrisþega sem nýtur heimilisbóta



Tryggingastofnun ríkisins:

Bréf til efnahags- og viðskiptanefndar.
(14. jan. 1992.)

Í framhaldi af umræðum í dag varðandi framkvæmd lífeyristrygginga, ef fyrirhugaðar lagabreytingar á lögum nr. 67/1971 ná fram að ganga, vil ég taka fram eftirfarandi varðandi þörf á auknu starfsliði.

Ráða þarf tvo starfsmenn í sex mánuði að mínu mati vegna þessa.

Virðingarfyllst,
Tryggingastofnun ríkisins
— lífeyrisdeild —
Hilmar Björgvinsson.

Minni hlutinn er andvígur þeim aðferðum sem beita á við ofangreinda tekjutengda skerðingu grunnlífeyris elli- og örorkulífeyrisþega og mótmælir þeirri mismunun sem í þeim felst á launatekjum annars vegar og fjármagns- og eignatekjum hins vegar. Minni hlutinn mun því greiða atkvæði gegn þeim breytingartillögum meiri hlutans sem að þessu lúta (2. tölul. nýrra breytingartillagna meiri hlutans).

5. Um breytingu á hafnalögum, nr. 69/1984 (9. tölul. breytingartillagna meiri hlutans og 4. tölul. nýrra breytingartillagna meiri hlutans).

Stjórnarliðið virðist hafa vaknað upp við vondan draum í jólaleyfinu og áttað sig á því að kveða þyrfti með einhverjum hætti á um innheimtu hins sérstaka vörugjalds sem innheimt skal í höfnum landsins. Sem fyrr varð ríkisstjórninni það fyrst fyrir að fyrirskipa sveitarfélögunum eða höfnum þeirra að innheimta þetta fyrir ríkissjóð, að því er best verður séð, án þess að gert sé ráð fyrir nokkurri þóknun fyrir eða samningum um framkvæmdina. Óþarft er að taka fram að um þessa innheimtukvöð var samkvæmt venju, sem er að festast í sessi hjá ríkisstjórninni, ekkert samráð haft við sveitarfélögin.

Minni hlutinn telur sem fyrr að þetta mál sé í óhæfum búningi og vísast þar um til rökstuðnings í fyrra nefndaráliti. Sú lagfæring, sem samgöngunefnd leggur til varðandi uppgjörstímabil, er til bóta en breytir engu um andstöðu minni hlutans við aðalefni breytingartillagnanna um hið sérstaka vörugjald.

6. Um ráðherranna sérstaka fjárhaldsmenn eður tilsjónar: Breyting á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana (6. tölul. nýrra breytingartillagna meiri hlutans).

Í bréfi forsætisráðherra, dags. 7. janúar sl., var lagt til að eftirfarandi klausa bættist við 2. gr. ofannefndra laga um eftirlit með ráðningu ríkisstarfsmanna og húsnæðismál ríkisstofnana:

„Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að setja mann eða nefnd manna, um tiltekinn tíma, til að vera fjárhaldsmenn stofnana, einnar eða fleiri í senn. Starfssvið fjárhaldsmannanna

er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og áætlanagerð stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um starfsmannahald. Kostnaður við starf fjárhaldsmanna greiðist af viðkomandi stofnun."

Eins og sjá má var fjárhaldsmönnum þessum ætlað víðtækt verksvið og völd, þar með talið ákvarðanatökuvald um fjárskuldbindingar og starfsmannahald. Enga skilgreiningu var að finna á því við hvaða kringumstæður þessum ákvæðum yrði beitt, engin ákvæði um skörun verkefna eða hver bæri ábyrgð á hverju þegar hinir nýju fjárhaldsmenn hefðu ýtt til hliðar forstöðumönnum eða jafnvel kjörnum stjórnum.

Fátt var um svör þegar spurst var frekar fyrir um hugsunina á bak við þetta sérstæða ákvæði og engin lögfræðileg úttekt virðist liggja fyrir um skörun þessara ákvæða við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, starfslýsingar og ráðningarsamninga opinberra starfsmanna, ákvæði sérlaga um stjórnkerfi einstakra stofnana o.s.frv.

Eftir snarpar umræður um málið bæði innan nefndarinnar og utan hefur meiri hlutinn gert nokkrar atrennur að því að lagfæra ákvæðið og var það svohljóðandi í síðustu útgáfu sem minni hlutinn barði augum:

„Hlutaðeigandi ráðherra er þó heimilt að setja mann eða nefnd manna, um tiltekinn tíma, til að vera tilsjónarmenn stofnana, einnar eða fleiri í senn, ef sýnt þykir að kostnaður við rekstur þeirra fari fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög ákveða. Starfssvið tilsjónarmanna er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um umfang starfsmannahalds, í samráði við ráðherra, eftir því sem nánar er lýst í erindisbréfi hverju sinni. Ráðherra skal enn fremur í erindisbréfi tilsjónarmanna kveða skýrt á um ábyrgðarsvið þeirra. Kostnaður við starf tilsjónarmanna greiðist af viðkomandi stofnun."

Eins og sjá má hafa *fjárhaldsmenn* nú breyst í *tilsjónarmenn* og er innsetning þeirra nú miðuð við að sýnt þyki að kostnaður við rekstur viðkomandi stofnunar stefni fram úr fjárveitingum. Eftir stendur að tilsjónarmenn þessir eiga að hafa víðtæk völd til ákvarðanatöku og geta þeir í reynd tekið fram fyrir hendurnar á hinum hefðbundna stjórnanda. Minni hlutinn telur allan þennan málatilbúnað með ólíkindum og afar ólíklegan til að færa hæstvirtri ríkisstjórn bætt andrúmsloft meðal forsvarsmanna opinbers rekstrar og opinberra starfsmanna í hennar garð á næstunni. Enn þá síður munu þessi áform verða til að bæta samskipti ríkisvaldsins við opinbera starfsmenn almennt. Steininn tók úr þegar upplýstist á fundi með vararíkisendurskoðanda fyrir nokkrum dögum að ekkert hafði verið við Ríkisendurskoðun talað áður en þessu ákvæði var skellt fram. Sjá eftirfarandi bréf Ríkisendurskoðunar til efnahags- og viðskiptanefndar dags. 13. janúar 1992 og undirritað af Halldóri V. Sigurðssyni og Sigurði Þórðarsyni.

„Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettrar í dag, um að Ríkisendurskoðun geri skriflega grein fyrir þeim atriðum sem fulltrúi hennar reifaði á fundi með nefndinni í sambandi við umfjöllun um frumvarp til laga um ráðstöfun í ríkisfjármálum á árinu 1992, einkum þó hlutverk svonefndra „tilsjónarmanna" samkvæmt frumvarpinu.

Af þessu tilefni vill Ríkisendurskoðun benda á að einn mikilvægasti þátturinn í því að tryggja skilvirkni hins opinbera og stofnana þess felst m.a. í því að stjórnsýslan styðjist við skýrar reglur um boðleiðir og ábyrgð stjórnenda og starfsmanna. Hlutverki og skyldum stjórnenda opinberra stofnana er oft lýst í lögum um viðkomandi stofnanir, erindisbréfum, svo og sérstökum fyrirmælum æðra stjórnvalds. Svo þarf þó ekki ætíð að vera. Almennar reglur um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er að finna í sam-

nefndum lögum, nr. 38/1954. Almennt má segja að ríkisvaldið geti vikið þeim starfsmönnum sínum úr starfi sem ekki gegna starfsskyldum sínum og þá t.d. með vísan til ákvæða nefndra laga eða ráðningarsamninga, sbr. t.d. 3. málsl. 1. gr. þeirra. Hins vegar verður ætíð að tryggja að gætt sé réttra aðferða og sjónarmiða við lausn úr starfi, sbr. t.d. ákvæði III. kafla laga nr. 38/1954.

Reglur þær og fyrirmæli um hlutverk og ábyrgð forsvarsmanna ríkisstofnana, sem að framan greinir, eru engu að síður oftar en ekki um margt brotakenndar, sundurlausar og óljósar. Ríkisendurskoðun hefur í skýrslum sínum oft vakið athygli á þörf á skýrari reglum í þessu sambandi, einkum varðandi stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð yfirmanna ráðuneyta og stofnana.

Jafnframt má benda á að í frumvarpi til laga um greiðslur úr ríkissjóði, sem hefur verið lagt fyrir Alþingi á sl. tveim þingum án þess að vera afgreitt, er að finna ýmis ákvæði er stefna að því að efla fjárhagslega ábyrgð stjórnenda ráðuneyta, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Jafnframt miða ákvæði frumvarpsins að því að efla mjög fjárstjórnarvald og eftirlitshlutverk Alþingis með fjárreiðum framkvæmdarvaldsins.

Hlutverk svonefndra tilsjónarmanna samkvæmt ofangreindu frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 sýnist vera tvíþætt. Annars vegar að taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar stofnana, þar á meðal um umfang starfsmannahalds, og hins vegar að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gera fjárhagsáætlanir fyrir stofnanir.

Að mati Ríkisendurskoðunar er hæpið að fela nýjum aðila að fara með útgjaldaákvarðanir án þess að sá hinn sami taki ábyrgð á þeim en samkvæmt frumvarpinu er ekki nægjanlega skýrt hver ábyrgð „tilsjónarmanna“ verður í þessu tilliti. Jafnframt sýnist nokkur hætta á að þessi skipan geti valdið óöryggi og óvissu í daglegum rekstri stofnana. Á hinn bóginn telur stofnunin eðlilegt að forstöðumönnum sé veitt aðstoð við að bæta upplýsinga- og áætlanagerð sé þess þörf. Í þessu sambandi má benda á að þau áætlana- og bókhaldskerfi, sem langflestar ríkisstofnanir nota í dag, eru sameiginleg og hönnuð af fjármálaráðuneytinu ásamt Ríkisbókhaldi og starfsmannaskrifstofu ráðuneytisins o.fl. Það er fyrst og fremst í verkahring fjármálaráðuneytisins og stofnana þess að endurbæta umrædd kerfi, kynna einstökum ríkisstofnunum notkun þeirra og eiginleika. Hér má og minna á að ýmsir aðilar, bæði innan ríkiskerfisins og utan þess, vinna að úttekt á stjórnskipulagi ríkisstofnana og tillögugerð í því sambandi með það í huga að auka skilvirkni þeirra.

Að lokum þykir stofnuninni rétt að ítreka nokkur atriði sem hún telur mjög mikilvæga liði í aðgerðum er miða að bættum fjárreiðum ríkisins og stofnana þess en þau eru:

— að frumvarp um greiðslur úr ríkissjóði verði lögfest,
— að skýrt verði kveðið á um hver ábyrgð ber á umframkostnaði þeirra stofnana sem ríkið stendur undir að fullu án þess að fara með stjórn þeirra,
— að ábyrgð á framkvæmd fjárlaga sé fyrst og fremst í höndum viðkomandi fagráðuneytis og forstöðumanna ríkisstofnana,
— að tryggt sé að hin sameiginlegu upplýsingakerfi veiti allar nauðsynlegar upplýsingar til stofnana ríkisins svo að þau nýtist sem virk stjórnunartæki.

Tekið skal fram að mjög skammur tími gafst til þess að svara framangreindri beiðni og ber því að skoða umsögnina í því ljósi.“

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar er andvígur þessu ákvæði. Allan haldbæran rökstuðning fyrir því skortir. Því er lagt til að 6. tölul. nýrra breytingartillagna meiri hlutans verði felldur.

7. Nefskattur — íbúaskattur á sveitarfélög (c-liður 12. tölul. breytingartillagna meiri hlutans og 7. tölul. nýrra breytingartillagna meiri hlutans).

Við lokaafgreiðslu fjárlaga var ríkisstjórnin knúin til að færa hinn illræmda nefskatt eða íbúaskatt á sveitarfélögin niður um 100 millj. kr. frá fyrstu áformum. Skatturinn á nú að gefa 600 millj. kr. (reyndar rúmlega það samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga) og eru upphæðir á hvern íbúa nú miðaðar við það.

Hörð mótmæli sveitarstjórnanna í landinu standa hins vegar í fullu gildi og vitna bréfaskriftir Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytisins, sem birt eru hér aftan við, skýrt um það.

Í fyrra nefndaráliti var fjallað allítarlega um þetta mál og vísast til þess, svo og fylgiskjala hér aftan við.

Minni hlutanum þótti ástæða til að krefjast þess að gerð yrði úttekt á stöðu sveitarfélaganna sérstaklega og því var óskað eftir greinargerð þar um frá félagsmálaráðuneytinu. Minnisblað barst sem að vísu metur aðeins þröngt áhrifin af beinum áhrifum þessa frumvarps en staðfestir þó að samþykkt þessa frumvarps muni hafa í för með sér a.m.k. 650–670 millj. kr. útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin.

Bréfaskipti Sambands íslenskra sveitarfélaga
við félagsmálaráðherra:

Til Sambands íslenskra sveitarfélaga.

(18. des. 1991.)

Eins og yður mun kunnugt hafa a.m.k. tvö sveitarfélög í nágrenni Reykjavíkur ákveðið að hækka á næsta ári álagningarprósentu útsvara í 7,5%.

Þetta mun hafa veruleg áhrif á úthlutun tekjujöfnunarframlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á næsta ári. Í nóvember sl. var gerð athugun á því hver áhrif það hefði haft á tekjujöfnunarframlögin á yfirstandandi ári ef Kópavogur, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Garðabær og Seltjarnarnes hefðu lagt á 7,5% útsvar. Niðurstaðan var sú að þá hefði þurft um 300 millj. kr. hærri upphæð í tekjujöfnunarframlög en var til ráðstöfunar þannig að skerða hefði þurft framlögin um þá upphæð.

Af þessu tilefni er hér með leitað eftir afstöðu yðar til breytinga á þeim ákvæðum reglugerðar um Jöfnunarsjóðinn sem fjalla um tekjujöfnunarframlögin.

Jóhanna Sigurðardóttir.
Húnbogi Þorsteinsson.

Til félagsmálaráðherra.

(19. des. 1991.)

Reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Í bréfi yðar frá því í gær, 18. des. sl., kemur fram að a.m.k. tvö sveitarfélög í „nágrenni Reykjavíkur" hafi ákveðið að hækka álagningarprósentu útsvara á næsta ári.

Fram kemur í bréfinu að ef Kópavogur, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Garðabær og Seltjarnarnes hefðu lagt á 7,5% útsvar mundi það hafa veruleg áhrif á úthlutun tekjujöfnunarframlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á næsta ári.

Sambandinu er kunnugt um að tvö bæjarfélög í nágrenni Reykjavíkur, þ.e. Hafnarfjörður og Mosfellsbær, hafa ákveðið að leggja á 7,5% útsvar á næsta ári. Jafnframt hefur sambandið aflað sér upplýsinga um að borgarráð Reykjavíkur og bæjarráð Kópavogs, Garðabæjar og Seltjarnarness hafa lagt til að álagningarprósenta útsvara verði óbreytt frá því sem hún var í ár.

Með tilliti til ofangreindra staðreynda og þeirra viðhorfa, sem fram koma í bréfi yðar, er hér með spurst fyrir um það hvort félagsmálaráðherra muni beita sér fyrir því við afgreiðslu fjárlaga að framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði aukið þannig að Jöfnunarsjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu og greitt tekjujöfnunarframlög til sveitarfélaga á næsta ári eins og hann gerði í ár.

Æskilegt er að afstaða yðar til ofangreinds erindis liggi fyrir áður en stjórn sambandsins tekur efnislega afstöðu til þeirrar málaleitunar sem fram kemur í bréfi yðar, dags. 18. desember sl.

Að lokum skal minnt á að sveitarfélögin hafa lögvarinn rétt til að leggja á útsvar allt að 7,5% og þegar reglugerð Jöfnunarsjóðs var ákveðin voru engir fyrirvarar gerðir gagnvart einstaka sveitarfélögum, enda ekki heimilt að lögum.

Virðingarfyllst,
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður.
Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri.

Til Sambands íslenskra sveitarfélaga.

(19. des. 1991.)

Vísað er til bréfs yðar, dags. í dag, varðandi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Í bréfinu er spurst fyrir um það „hvort félagsmálaráðherra muni beita sér fyrir því við afgreiðslu fjárlaga að framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði aukið, þannig að Jöfnunarsjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu og greitt tekjujöfnunarframlög til sveitarfélaga á næsta ári eins og hann gerði í ár".

Af þessu tilefni vill félagsmálaráðherra taka fram að sjóðurinn mun á næsta ári fá það framlag úr ríkissjóði sem honum ber lögum samkvæmt þannig að hann á að geta greitt tekjujöfnunarframlög sem í heild eru svipuð að verðgildi og þau tekjujöfnunarframlög sem greidd voru á yfirstandandi ári. Öllum ætti hins vegar að vera ljóst að miðað við ástand ríkisfjármála og efnahagsmála almennt eru nú engar forsendur fyrir hækkun á ríkisframlagi til sjóðsins.

Í framhaldi af þeirri umræðu, sem nú hefur orðið um málefni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, óskar ráðuneytið eftir samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um endur-

skoðun á reglugerð Jöfnunarsjóðsins. Í því sambandi er rétt að minna á að við endurskoðun reglugerðarinnar á þessu ári taldi ráðuneytið rétt að taka til athugunar ákvæðin um jöfnunarframlögin. Þessi afstaða ráðuneytisins var vel ljós þeim sem unnu að þessari endurskoðun af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Niðurstaðan varð hins vegar sú að engar verulegar breytingar voru gerðar varðandi jöfnunarframlögin, enda bárust engar tillögur um slíkt frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

F.h. ráðuneytisins,
Berglind Ásgeirsdóttir.
Húnbogi Þorsteinsson.

Til Sambands íslenskra sveitarfélaga.

(27. des. 1991.)

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992 var samþykkt að á tekjuhlið bættist nýr liður „Frá sveitarfélögum" að upphæð 600 millj. kr. Jafnframt var samþykkt að framlag ríkissjóðs á árinu 1992 til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga yrði 100 millj. kr. hærra en lög um tekjustofna sveitarfélaga gera ráð fyrir.

Afgreiðslu frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 var frestað þar til nú í janúar en breytingartillaga við það frumvarp gerir ráð fyrir að sveitarfélög greiði á árinu 1992 hluta af kostnaði við löggæslu samtals um 700 millj. kr. Þessi upphæð verður lækkuð í 600 millj. kr. til samræmis við fjárlögin. Sveitarfélög með 300 íbúa og fleiri ættu þá að greiða um 2.440 kr. á hvern íbúa og sveitarfélög með færri en 300 íbúa um 1.460 kr. á hvern íbúa.

Áður en endanlega er frá þessu gengið af hálfu ríkisstjórnarinnar er þó hér með leitað eftir því hvort Samband íslenskra sveitarfélaga hafi aðrar tillögur um hvernig þessa fjár skuli aflað frá sveitarfélögum. Slíkar tillögur þyrftu þá að berast ráðuneytinu í síðasta lagi 3. janúar nk.

Með vísan til samtals við formann og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga í dag mun félagsmálaráðherra leggja til að 100 millj. kr. aukaframlaginu til Jöfnunarsjóðsins verði varið til jöfnunarframlaga.

Jóhanna Sigurðardóttir.
Húnbogi Þorsteinsson.

Til félagsmálaráðherra.

(30. des. 1991.)

Með vísan til bréfs yðar, dags. 27. desember sl., um íbúaskatt á sveitarfélög er hér með greint frá viðhorfi Sambands íslenskra sveitarfélaga til þess máls eins og það nú liggur fyrir og gerð er grein fyrir í áðurnefndu bréfi yðar.

Miðað við þá heildarniðurstöðu, sem íbúagjaldið á að færa ríkissjóði í tekjuöflun, er gjald það, sem tilgreint er í bréfinu, á hvern íbúa í sveitarfélögunum of hátt og gæfi ríkissjóði um 18 millj. kr. tekjur umfram þær 600 millj. kr. sem þar er gert ráð fyrir.

Varðandi innheimtu á slíku íbúagjaldi, ef til kæmi, er varað alvarlega við og mót-

mælt öllum hugmyndum um að nota staðgreiðslukerfi skatta til innheimtu þess hjá sveitarfélögunum.

Í bréfi yðar er leitað eftir því hvort Samband íslenskra sveitarfélaga hafi aðrar tillögur um hvernig þessa fjár, þ.e. 600 millj. kr., verði aflað frá sveitarfélögunum. Ekki verður séð hvaða tilgangi það þjónar á þessu stigi málsins að óska eftir slíkum tillögum frá sambandinu í framhaldi af þeirri staðreynd að allar grundvallarreglur um samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga hafa verið þverbrotnar í aðdraganda þessa máls. Ríkisvaldið virðist líta svo á að undir ákveðnum kringumstæðum geti það einhliða sniðgengið allar yfirlýsingar um samráð, samstarfssáttmála og ákvæði í sveitarstjórnarlögum um samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Ef ríkisstjórnin ætlar sér í framtíðinni að eiga alvörusamstarf við sveitarfélögin í landinu og hafa eðlilegt samráð við þau verða sveitarfélögin að geta treyst því að ríkisvaldið hagi sér í samræmi við þá samninga sem það hefur gert við sveitarfélögin.

Minnt er á samþykkt stjórnar sambandsins frá 13. des. sl. varðandi þetta mál sem margoft hefur verið ítrekuð af forustumönnum þess við fulltrúa ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórninni ætti að vera fullljóst að mörg sveitarfélög búa við mjög erfiða fjárhagsstöðu, m.a. vegna erfiðleika í atvinnulífi, gjaldþrota fyrirtækja og annarra utanaðkomandi áfalla. Á þessu ári hafa bein fjárframlög sveitarfélaga til atvinnulífsins numið hundruðum milljóna króna.

Samband íslenskra sveitarfélaga skorar á ríkisstjórnina og Alþingi að falla frá ákvörðun um að sveitarfélögin greiði á árinu 1992 hluta af kostnaði við löggæslu til viðbótar því sem áður hafði verið rætt um við sveitarfélögin og standa jafnframt við gerða samninga um fjármál sveitarfélaga og samskipti við þau.

Virðingarfyllst,
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður.
Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri.

Athugasemd.
Ekkert samráð var haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um 600 milljóna króna íbúaskatt á sveitarfélögin.
(9. jan. 1992.)

Í Morgunblaðinu í dag er haft eftir félagsmálaráðherra að samráð hafi verið haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um þá fyrirætlan ríkisstjórnarinnar að leggja svokallaðan lögregluskatt á sveitarfélögin að upphæð 600 millj. kr. Vitnar félagsmálaráðherra til funda ráðherra með forustumönnum sambandsins um málið.

Rétt er að forustumenn Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa mætt á fjóra fundi með ráðherrum þar sem umrætt mál var til umfjöllunar en sérkennilegt er að kalla þá fundi samráðsfundi.

Á fyrsta fundinum, 9. des. 1991, var forustumönnum sambandsins tilkynnt að ríkisstjórnin hefði ákveðið að færa hluta af málefnum fatlaðra yfir til sveitarfélaganna og taka til ríkissjóðs landsútsvar ÁTVR til Jöfnunarsjóðs en sveitarfélögin greiddu 0,1% af útsvarsstofni til Jöfnunarsjóðsins í staðinn. Samtals námu þessar álögur á sveitarfélögin 710 millj. kr. Strax á þessum fundi mótmæltu forustumenn sambandsins þessum hugmyndum mjög harðlega.

Annar fundurinn er haldinn daginn eftir. Þar er forustumönnum sambandsins gerð grein fyrir útfærslu félagsmálaráðuneytisins á hugmyndum ríkisstjórnarinnar um færslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna. Forustumenn sambandsins vöruðu mjög við þessum hugmyndum, fyrirvarinn væri allt of stuttur og að verkefnatilfærslu yrði að standa með öðrum hætti og enn var mótmælt hugmyndunum um einhliða inngrip ríkisins í sjálfstæða tekjustofna sveitarfélaganna.

Á þriðja fundinum, 13. des. 1991, var forustu sambandsins tilkynnt um það að ríkisstjórnin hefði hætt við verkefnatilfærslu og að krukka í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og tekjustofna þeirra, en í staðinn ákveðið að leggja á svokallaðan lögregluskatt sem næmi sömu upphæð eða um 700 millj. kr. Þessi ákvörðun mun hafa verið tekin í framhaldi af hörðum mótmælum sambandsins og annarra við ótímabærri og lítt grundaðri breytingu á verkaskiptum ríkis og sveitarfélaga og einhliða ákvörðun ríkisins um veigamiklar breytingar á sjálfstæðum tekjustofnum sveitarfélaganna. Enn mótmæltu forustumenn sambandsins þessum áformum ríkisstjórnarinnar og lögðu til að hætt yrði við skattlagningu sveitarfélaganna eða að álögurnar yrðu stórlega lækkaðar.

Fjórði fundurinn er haldinn 27. des. 1991. Þar er tilkynnt um að lögregluskatturinn hafi lækkað í 600 millj. kr. og að 100 millj. kr. aukaframlag yrði greitt til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þær breytingar áttu sér stað eftir langar og strangar umræður á Alþingi og að kröfu alþingismanna en ekki í framhaldi af fundum með forsvarsmönnum sambandsins. Á þessum fundi var leitað eftir því hvort Samband íslenskra sveitarfélaga hefði aðrar tillögur um innheimtu 600 millj. kr. upphæðarinnar af sveitarfélögunum og var það áréttað í bréfi til sambandsins sama dag.

Á ofangreindum fundum var forsvarsmönnum sambandsins einungis tilkynnt um ákvarðanir, sem ríkisstjórnin hafði tekið, um þungar álögur á sveitarfélögin og breytingar á útfærslu álaganna og var þar engu um þokað. Eftir stendur að álögurnar nema 600 millj. kr. Það er broslegt að kalla þessa fundi samráðsfundi og enn fáránlegra að ætlast til þess að sambandið leggi á ráðin um hvernig þessum peningum verði náð af sveitarfélögunum. Um er að ræða íbúaskatt er leggst á alla íbúa landsins og sveitarfélögunum er gert að reiða af hendi til ríkissjóðs. Engu máli skiptir hvort hann er kallaður lögregluskattur, alveg eins hefði verið hægt að kalla hann prestaskatt. Sveitarfélögin munu síðar, ef til þess kemur að þetta umdeilda íbúagjald verður lagt á, taka ákvörðun um það hvort það verður fært undir framfærslukostnað, fjárhagsaðstoð eða aðra útgjaldaliði í bókhaldi þeirra.

Þórður Skúlason,
framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Breytingar á útsvari sveitarfélaga.

	Var áður %	Verður %
Eftirfarandi sveitarfélög tilkynntu hækkun á innheimtuhlutfalli útsvars á staðgreiðslu 1992.		
Hafnarfjörður	6,7	7,5
Mosfellsbær	7,0	7,5
Grindavík	7,0	7,5
Njarðvík	7,2	7,5
Kjalarneshreppur	7,0	7,5
Reykholtshreppur	7,1	7,5
Innri-Akraneshreppur	7,1	7,5
Leirár- og Melahreppur	6,9	7,5
Lundarreykjadalshreppur	7,1	7,5
Hálsahreppur	7,1	7,5
Stafholtstungnahreppur	7,0	7,5
Rauðasandshreppur	6,7	7,5
Gnúpverjahreppur	7,0	7,5
Eftirfarandi sveitarfélög lækkuðu útsvar:		
Eyjarhreppur	6,9	6,25
Reykjafjarðarhreppur	7,5	7,0
Snæfjallahreppur	7,5	6,85
Ásahreppur	7,0	6,8

Minnisblað frá félagsmálaráðuneytinu.

(13. jan. 1992.)

Ráðuneytið hefur athugað lauslega hver áhrif samþykkt frumvarpsins hefði á fjárhag sveitarfélaga á árinu 1992. Er þá miðað við upphaflega frumvarpið, breytingartillögur frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar frá því í desember og breytingartillögur í bréfi forsætisráðuneytisins, dags. 7. janúar sl.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu um upphaflega frumvarpið kemur fram að kostnaðarauki sveitarfélaga vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota verði 23 millj. kr. og vegna þátttöku sveitarfélaga í kostnaðar- eða kaupverði félagslegra íbúða um 116 millj. kr. Kostnaður sveitarfélaga vegna þátttöku í löggæslukostnaði verður um 600 millj. kr. en þar á móti kemur 100 millj. kr. aukaframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til viðbótar þessu munu sveitarfélögin verða fyrir einhverjum útgjaldaauka vegna breytinga á lögum um eyðingu refa og minka, minni framlaga ríkissjóðs til skipulagsmála og breytinga á lögum um skráningu og mat fasteigna. Erfitt er á þessu stigi málsins að leggja nákvæmt tölulegt mat á áhrif þessara síðasttöldu breytinga en þar er ekki um háar upphæðir að ræða.

Með tilvísun til þess sem rakið er hér að framan má ætla að samþykkt umrædds frumvarps með breytingartillögum muni hafa í för með sér 650–670 millj. kr. útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin.

Minnisblað frá félagsmálaráðuneytinu.

(10. jan. 1992.)

Á árinu 1991 greiddi Jöfnunarsjóðurinn um 520 millj. kr. í tekjujöfnunarframlög til sveitarfélaga og nægði sú upphæð til að fullnægja þörf fyrir slík framlög samkvæmt ákvæðum tekjustofnalaga og reglugerðar um Jöfnunarsjóðinn.

Allmörg sveitarfélög hafa ekki fullnýtt heimild til útsvarsálagningar og því ekki komið til greina við úthlutun þessara framlaga. Þetta eru einkum sveitarfélögin á Reykjavíkursvæðinu. Á sl. ári var gerð athugun á því hver áhrif það hefði haft á tekjujöfnunarframlögin ef fimm sveitarfélög í nágrenni Reykjavíkur hefðu fullnýtt heimild til útsvarsálagningar á því ári og notið óskerts framlags.

Þetta voru: Kópavogur, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Garðabær og Seltjarnarnes.

Þessi sveitarfélög eru öll með miklu lægri skatttekjur á íbúa en Reykjavík og öll langt undir landsmeðaltalinu. (Sjá nánar álagningarskrá með nefndaráliti 299 frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.)

Niðurstaða þessarar athugunar var sú að þá hefði þurft um 825 millj. kr. til að fullnægja þörfinni fyrir slík framlög.

Á yfirstandandi ári ætti sjóðurinn að geta haft til ráðstöfunar um 700 millj. kr. í tekjujöfnunarframlög og er þá með talið 100 millj. kr. aukaframlag sem ákveðið var við afgreiðslu fjárlaga. Það er mat ráðuneytisins að sú upphæð ætti að nægja til að greiða fullt tekjujöfnunarframlag til þeirra sveitarfélaga sem á því munu eiga rétt samkvæmt núgildandi reglugerð Jöfnunarsjóðsins.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar vill að lokum ítreka enn og aftur mótmæli sín gegn þeirri atlögu að íslenska velferðarkerfinu sem felst í fjölmörgum ákvæðum þessa frumvarps og tillagna meiri hlutans.

Þá er ekki síður ástæða til að átelja þau ólýðræðislegu vinnubrögð sem ríkisstjórnin hefur tamið sér en það má heita regla fremur en undantekning að hefðbundnu samráði við utanaðkomandi aðila sé sleppt og góðar og gildar samskiptavenjur að engu hafðar.

Vonandi verður þess langt að bíða að annað eins frumvarp komi fyrir Alþingi bæði hvað aðdraganda og innihald snertir.

Alþingi, 15. jan. 1992.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Halldór Ásgrímsson. Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

389. Tillaga til þingsályktunar [228. mál]

um aðild Alþingis að 50 ára afmæli lýðveldisins.

Flm.: Svavar Gestsson, Jón Helgason, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu sjö manna nefnd er hafi það verkefni að undirbúa af hálfu Alþingis 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins 1994. Nefndin kýs sér sjálf

formann og kostnaður af störfum hennar skal greiddur af Alþingi.

Nefndin skal skila heildartillögum fyrir haustið 1992 þannig að tillögur hennar megi koma til umfjöllunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993.

Jafnframt samþykkir Alþingi að fela stjórnarskrárnefnd að skila á sama tíma tillögum um nýja stjórnarskrá þannig að unnt verði fyrir 50 ára afmælið að samþykkja nýja stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Greinargerð.

Aðeins liðlega tvö ár eru þar til lýðveldið Ísland á 50 ára afmæli. Nauðsynlegt er að hefjast þegar handa við að undirbúa afmælið með viðeigandi hætti. Alþingi hefur jafnan skipað öndvegi við undirbúning stærri hátíðahalda þjóðarinnar. Því er eðlilegt að Alþingi hafi forustu um hátíðahöld á 50 ára afmæli lýðveldisins.

Hér verður ekki gerð tilraun til þess að birta neins konar yfirlit yfir það sem gera mætti í tilefni hátíðarinnar. Benda má þó á átak í menningarmálum, bæði almennt og á einstökum sviðum menningar, átak í umhverfismálum o.fl.

Í tillögunni sjálfri er hins vegar kveðið á um það að flýtt verði af þessu tilefni endurskoðun stjórnarskrárinnar. Sá dráttur, sem orðið hefur á því verki, hlýtur að vera Alþingi áhyggjuefni. Því er lagt til að þannig verði á málum haldið að Alþingi nái að samþykkja nýja stjórnarskrá fyrir 50 ára afmælið. Hér er átt við almenn ákvæði stjórnarskrárinnar en ekki þau sem lúta að kosningalögunum. Um þau gilda allt önnur lögmál og reynslan sýnir að það er ekki affarasælt að blanda þessum málum saman.

Í framsögu verður greint frá ýmsum hugmyndum sem til greina koma við það að minnast 50 ára afmælis lýðveldisins. Í umræðum um tillöguna geta líka komið fram tillögur sem vafalaust geta orðið nefndinni, sem tillagan fjallar um, styrkur í starfi á komandi mánuðum.

390. Svar [170. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um árangur jafnréttisátaks í Stjórnarráðinu.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hefur orðið einhver mælanlegur árangur af jafnréttisátaki í Stjórnarráðinu sem félagsmálaráðherra átti frumkvæði að í tíð síðustu ríkisstjórnar? Óskað er upplýsinga m.a. um eftirfarandi, sundurliðað eftir ráðuneytum:*
   a. *Hversu margir karlar og hversu margar konur gegna stöðum yfirmanna í Stjórnarráðinu? Hefur konum fjölgað í þessum stöðum og ef svo er, hvaða stöður er þá um að ræða?*
   b. *Hver eru meðallaun karla og kvenna sem gegna stöðum yfirmanna? Hafa meðallaun yfirmanna breyst á því tímabili sem hér um ræðir og ef svo er, hver er breytingin hjá hvorum hóp fyrir sig?*
   c. *Hversu margir karlar og hversu margar konur njóta hlunninda í starfi? Hefur konum, sem njóta hlunninda, fjölgað umfram karla á þessu tímabili?*
2. *Voru viðbrögð við þessu átaki mismunandi eftir ráðuneytum og ef svo var, í hverju voru þau fólgin?*

3. *Verður jafnréttisátaki haldið áfram í tíð núverandi ríkisstjórnar og ef svo er, hvernig er þá fyrirhugað að standa að því?*
4. *Hefur félagsmálaráðherra áform um einhverjar aðrar aðgerðir til þess að auka áhrif kvenna við stjórn þjóðfélagsins?*

Svar við 1. spurningu.

Í fyrirspurninni er spurt um jafnréttisátak sem félagsmálaráðherra hafi beitt sér fyrir í Stjórnarráði Íslands í tíð síðustu ríkisstjórnar. Hér er væntanlega átt við samþykkt um gerð jafnréttisáætlana sem ríkisstjórn undir forsæti Þorsteins Pálssonar gerði í maí 1988 og beint var til allra ríkisstofnana þar sem starfa 20 manns eða fleiri. Samkvæmt samþykktinni skyldu jafnréttisáætlanirnar gilda frá 1. janúar 1989 til loka árs 1993. Enn fremur var ákveðið að meta árangurinn að tveimur árum liðnum, þ.e. á fyrri hluta árs 1991. Jafnréttisráð hefur framkvæmt þetta mat og birt niðurstöðuna í skýrslu sem send var ráðherra sl. haust. Vegna spurningarinnar um hækkun meðallauna kvenna sem gegna stöðum yfirmanna er rétt að taka fram að í jafnréttisáætlunum eru laun ekki gerð að sérstöku viðfangsefni.

Einnig er rétt að benda á að á þeim tíma, sem jafnréttisáætlanirnar hafa gilt, hefur verið lítil hreyfing á starfsmönnum Stjórnarráðsins þar sem ráðuneytin hafa búið við strangt aðhald að því er varðar launabreytingar og nýráðingar.

Árið 1991 höfðu samtals 107 karlar og 53 konur starfsheitið ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri, forstöðumaður deildar eða deildarstjóri. Það skal upplýst að samkvæmt áliti launaskrifstofu fjármálaráðuneytisins getur kostnaður við að gera úttekt á meðallaunum kvenna og karla í stöðum yfirmanna í Stjórnarráði Íslands numið allt að 250 þús. kr.

Þrátt fyrir ágalla á fyrirspurninni, sem m.a. snerta notkun hugtaka eins og „yfirmenn" og „meðallaun" sem ekki eru skilgreind, hefur verið reynt að afla þeirra upplýsinga frá ráðuneytunum sem fyrirspyrjandi óskar eftir. Hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum atriðum sem félagsmálaráðuneytinu sýnist helst ástæða til að nefna úr þeim svörum sem borist hafa frá einstökum ráðuneytum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti:

Við upphaf jafnréttisátaks í ársbyrjun 1989 gegndu tvær konur yfirmannsstöðu í ráðuneytinu. Nú eru þær fjórar. Á sama tíma hefur fjölgað um 0,75 stöðugildi yfirmanna.

Meðallaun hafa aðeins hækkað í samræmi við breytingar samkvæmt kjarasamningum og hafa meðallaun kvenna hækkað á sama hátt og meðallaun karla.

Yfirmenn í ráðuneytinu njóta engra þeirra hlunninda í starfi sem talin eru til hlunninda í hlunnindamati ríkisskattstjóra.

Kjör yfirmanna eru þau sömu hvort sem karl eða kona gegnir stöðunni.

Félagsmálaráðuneyti:

Á gildistíma jafnréttisáætlunar hefur yfirmannastöðum, sem konur gegna, fjölgað um tvær. Í ráðuneytinu er kona ráðuneytisstjóri og karl skrifstofustjóri. Sjö konur og fjórir karlar eru deildarstjórar.

Í samræmi við jafnréttisáætlun ráðuneytisins hefur sérstakt átak verið gert í að hækka laun starfsfólks sem ekki gegnir störfum yfirmanna en þar er einungis um konur að ræða.

Ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri fá bifreiðastyrk eftir sömu reglum og í öðrum ráðuneytum. Yfirmenn fá greitt fastagjald heimasíma.

Þróun meðallauna yfirmanna í ráðuneytinu hefur á gildistíma jafnréttisáætlunar verið í samræmi við kjarasamninga og þar er enginn munur á launum karla og kvenna.

Fjármálaráðuneyti:

Yfirmannastöðum kvenna hefur fjölgað um eina og er þar um að ræða deildarstjórastöðu á starfsmannaskrifstofu.

Ekki liggur fyrir nákvæmur útreikningur á breytingum meðallauna innan ráðuneytisins en fullyrða má að ef meðallaun hafa hækkað þá hefur sú hækkun komið jafnt á konur og karla.

Ekki njóta fleiri konur hlunninda eftir sem áður enda lítið sem ekkert um slíkar greiðslur í ráðuneytinu.

Forsætisráðuneyti:

Á tímabili jafnréttisáætlana hefur kona verið skipuð skrifstofustjóri forsætisráðuneytisins 1. september 1989.

Engar breytingar hafa orðið á meðallaunum yfirmanna á tímabili því sem hér um ræðir.

Framangreindur skrifstofustjóri hefur bílastyrk samkvæmt lokuðum aksturssamningi eins og aðrir skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands og fastagjald af heimasíma er greitt.

Hagstofa Íslands:

Yfirmenn, skilgreindir sem ráðuneytisstjóri, skrifstofustjórar og deildarstjórar, eru jafnmargir nú og þegar jafnréttisáætlun var gerð og skipting milli kynja óbreytt.

Laun yfirmanna hafa þróast með alveg sambærilegum hætti hvort sem um konur eða karla er að ræða.

Óvíst er hvað telja beri hlunnindi, en sé t.d. miðað við bílastyrki og símastyrki hefur engin breyting orðið á í þessu efni undanfarin missiri.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Á tímabilinu hefur konum fjölgað í stöðum yfirmanna í ráðuneytinu þannig að tveir deildarstjórar hafa orðið skrifstofustjórar. Meðallaun hafa hækkað sem svarar launaflokksbreytingu milli deildarstjóra og yfirmanna miðað við þessar tvær stöðubreytingar.

Meðallaun karla og kvenna, sem gegna yfirmannastöðum, eru í samræmi við samninga opinberra starfsmanna og kynskipting kemur þar ekki til greina. Meðallaun yfirmanna hafa á þessu tímabili aðeins breyst í samræmi við kjarasamninga og þar er enginn munur á launum karla og kvenna hvað breytingar snertir.

Engin hlunnindi eru greidd vegna þeirra starfa sem hér um ræðir.

Iðnaðarráðuneyti:

Konum hefur ekki fjölgað í stöðum yfirmanna það sem af er tímabili jafnréttisáætlana ráðuneytanna. Ekki er heldur um að ræða hlutfallslegar breytingar á launahlutföllum karla og kvenna í störfum hjá ráðuneytinu né á hlunnindagreiðslum hvers konar.

Landbúnaðarráðuneyti:

Konum hefur ekki fjölgað í stöðum yfirmanna á tímabili jafnréttisáætlunar.

Ekki hefur orðið nein hækkun á meðallaunum kvenna í stöðum yfirmanna umfram þær hækkanir sem orðið hafa á launum annarra.

Allir yfirmenn ráðuneytisins, konur jafnt og karlar, fá greitt fastagjald heimasíma og hefur svo verið um margra ára skeið.

Menntamálaráðuneyti:

Á gildistíma jafnréttisáætlunar hefur konum fjölgað í stöðum yfirmanna. Kona hefur verið skipuð skrifstofustjóri og konum hefur fjölgað um tvær í deildarstjórastöðum.

Laun skrifstofustjóra eru óbreytt en laun kvenna í deildarstjórastöðum hafa hækkað að meðaltali um þrjá launaflokka.

Ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri fá bifreiðastyrk samkvæmt þeim reglum er gilda annars staðar í Stjórnarráði Íslands. Allir yfirmenn fá greitt fastagjald heimasíma.

Samgönguráðuneyti:

Laun eru hliðstæð hjá körlum og konum þegar um sams konar stöður er að ræða.

Meðallaun kvenna og karla hafa ekki breyst á því tímabili sem jafnréttisáætlun hefur verið í gildi.

Ráðuneytisstjóri og sá skrifstofustjóri, sem er staðgengill hans, njóta bifreiðastyrks.

Ráðuneytisstjóri, skrifstofustjórar og deildarstjórar fá símastyrki.

Sjávarútvegsráðuneyti:

Frá gildistöku jafnréttisáætlunar 1. janúar 1989 hefur hvorki nokkur af fastráðnum yfirmönnum ráðuneytisins látið af störfum né nýir verið ráðnir. Fjöldi kvenna og karla í yfirmannastöðum er óbreyttur frá gildandi jafnréttisáætlun, svo og þau stöðuheiti sem starfsmenn bera.

Starfsmenn ráðuneytisins taka laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Laun þeirra hafa hækkað í samræmi við gildandi kjarasamninga og kemur kynskipting þar ekki til greina. Nákvæmur útreikningur á hækkun meðallauna liggur ekki fyrir.

Ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri fá bílastyrk eftir sömu reglum og í öðrum ráðuneytum. Yfirmenn frá greitt fastagjald heimasíma.

Umhverfisráðuneyti:

Þrjár konur hafa á síðustu þrettán mánuðum verið skipaðar deildarstjórar í umhverfisráðuneytinu. Er hér um að ræða deildarstjóra mengunarvarnadeildar, deildarstjóra almennrar skrifstofu og deildarstjóra almennrar lögfræðideildar.

Meðallaun þeirra kvenna og karla, sem nú skipa deildarstjórastöðu við ráðuneytið en gerðu það ekki á sl. ári, hafa hækkað vegna þeirra breytinga. Laun þeirra og annarra starfsmanna hafa því hækkað í samræmi við gildandi kjarasamninga.

Kjör kvenna í ráðuneytinu eru ákveðin með sama hætti og annarra starfsmanna þess. Ekki er gerður þar greinarmunur á. Meðallaun þeirra karla, sem skipaðir hafa verið í stöður hjá ráðuneytinu, hafa því hækkað með sama hætti og hjá konunum. Ekki er hægt að segja að fleiri konur njóti nú hlunninda en áður eins og spurt er um, en þess ber að geta að ráðuneytið tók til starfa á árinu 1990 og er því enn ungt að árum.

Utanríkisráðuneyti:

Kona var skipuð sendiherra í Stokkhólmi í upphafi árs 1991 og er hún fyrst kvenna til að gegna starfi sendiherra í utanríkisþjónustu Íslands.

Kona var skipuð deildarstjóri í upplýsinga- og menntadeild ráðuneytisins í upphafi árs 1991.

Kona var skipuð varamaður sendiherra í Brussel í mars 1991 og gegna nú þrjár konur slíkum stöðum í utanríkisþjónustunni.

Nákvæmur útreikningur á meðallaunum karla og kvenna í stöðum yfirmanna er ekki fyrirliggjandi, en meðallaun kvenna hafa hækkað miðað við karla, m.a. samkvæmt ofangreindu.

Utanríkisráðuneyti mun áfram vinna að jafnréttisátaki.

Viðskiptaráðuneyti:

Konum hefur ekki fjölgað í stöðum yfirmanna það sem af er tímabili jafnréttisáætlana ráðuneytanna. Ekki er heldur um að ræða hlutfallslegar breytingar á launahlutföllum karla og kvenna í störfum hjá ráðuneytinu né á hlunnindagreiðslum hvers konar.

Svar við 2. spurningu.

Ekki er merkjanlegur munur á viðbrögðum ráðuneytanna við jafnréttisátakinu.

Svar við 3. spurningu.

Samkvæmt upphaflegri samþykkt ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar er gert ráð fyrir að jafnréttisátakið standi til loka árs 1993. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhald átaksins eftir það.

Svar við 4. spurningu.

Vísað er til gildandi framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Framkvæmdaáætlunin var lögð fyrir Alþingi sl. vor og gildir til ársins 1995. Þessi framkvæmdaáætlun er nú í endurskoðun vegna ákvæða í nýjum jafnréttislögum.

Félagsmálaráðherra hefur ákveðið að gerð verði úttekt á heildarlaunum kvenna og karla innan BSRB og BHMR fyrir árið 1991 sundurliðað eftir:

a. launaflokkum,
b. yfirvinnu,
c. álagsgreiðslum, bílastyrkjum og öðrum kostnaði,
d. nefndarlaunum.

Á það skal minnt að árið 1988 samþykktu norrænu jafnréttisráðherrarnir jafnréttisáætlun til fimm ára. Eitt þýðingarmesta verkefnið innan ramma áætlunarinnar hefur það markmið að afla upplýsinga um launamun kynja og greina ástæður hans. Einnig verður þróun launamunar kynjanna á Norðurlöndunum rannsökuð, upplýsingum miðlað og umræðan um launajafnrétti efld. Markmið verkefnisins, sem nefnt er norræna jafnlaunaverkefnið, er einnig það að leita nýrra leiða til að ryðja ástæðum launamunar kynjanna úr vegi. Áætlað er að verkefninu ljúki í árslok 1993.

Samhliða því að félagsmálaráðherra ákvað að Ísland tæki þátt í norræna jafnlaunaverkefninu var ákveðið að ráða verkefnisstjóra sem hóf störf fyrir rúmu ári síðan. Skipuð var verkefnisstjórn en í henni eiga sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Vinnuveitendasambands Íslands, Jafnréttisráðs, norrænu embættismannanefndarinnar sem fjallar um jafnréttismál og félagsmálaráðuneytis.

Ráðherra skipaði vinnuhóp í september sl. á sviði tölfræði við norræna jafnlaunaverkefnið.

Hlutverk vinnuhópsins er að setja fram tillögur um úrbætur á sviði opinberrar tölfræðilegrar upplýsingaöflunar og þróa aðferðir við úrvinnslu svo að greina megi launamun karla og kvenna og afmarka áhrif kynferðis á þennan mun. Enn fremur að kanna hvort fylgni sé á milli hlutfalls kvenna í einstökum starfsgreinum og kjara.

Vinnuhópurinn skal einnig vera til ráðgjafar um framkvæmd kannana og athugana sem gerðar verða á vegum norræna jafnlaunaverkefnisins.

Loks skal vinnuhópurinn aðstoða við framsetningu á tölulegum upplýsingum á vegum norræna jafnlaunaverkefnisins.

Í þessum vinnuhópi eiga sæti fulltrúar Hagstofu Íslands, kjararannsóknarnefndar, kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna, norræna jafnlaunaverkefnisins og Þjóðhagsstofnunar.

391. Tillaga til þingsályktunar [229. mál]

um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Össur Skarphéðinsson, Sigbjörn Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, og miði sú endurskoðun m.a. að því að gefa fleiri aðilum kost á því að vinna að markaðsöflun og útflutningi á saltsíld.

Greinargerð.

Í lögum um síldarútvegsnefnd segir að hún skuli hafa eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar. Í 4. gr. laganna er kveðið á um að enginn megi „bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld sem íslensk skip veiða eða verkuð er hér á landi eða lögð á land verkuð, nema löggilding síldarútvegsnefndar komi til". Enn fremur segir í 8. gr.: „Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum síldarútvegsnefndar, að veita heildarsamtökum síldarsaltenda eða síldarútvegsnefnd einkarétt til útflutnings á saltaðri síld eða einkarétt til útflutnings á saltaðri síld sem verkuð er með tilteknum verkunaraðferðum eða seld til ákveðinna landa."

Ljóst má vera að heimild er í lögum um að aðrir flytji út saltaða síld en síldarútvegsnefnd. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin heldur hefur síldarútvegsnefnd alfarið séð um útflutning saltaðrar síldar í krafti einkaréttar er lögin kveða á um.

Enginn efast um að síldarútvegsnefnd hefur unnið gott starf bæði við stjórnun síldarsöltunar og við útflutning á síldarafurðum. Þótt einkaréttur á útflutningi saltsíldar verði afnuminn mun síldarútvegsnefnd hafa mikilvægu hlutverki að gegna, en með því að gefa fleiri útflytjendum kost á að flytja út saltaða síld hlýtur það að efla markaðsleit, tryggja betur sölu og verð og nýtingu markaða. Lagaákvæðin eru hins vegar úrelt orðin og tímabært að endurskoða þau.

Vaxandi erfiðleikar við útflutning og sölu saltsíldar á erlendum mörkuðum hljóta að kalla á endurskoðun laga er kveða á um þessi mál. Miklir hagsmunir eru í húfi. Síldarsöltun er stór þáttur í atvinnulífi landsbyggðarinnar og í þjóðartekjum. Brýnt er að leitað verði allra leiða til þess að tryggja hámarksafrakstur atvinnugreinarinnar. Efling útflutningsstarfseminnar er löngu tímabær sem gæfi fleiri útflytjendum kost á að spreyta

sig. Að veita fullt frelsi í útflutningi saltsíldar er tímabær aðgerð sem nú verður að framkvæma eins fljótt og auðið er.

392. Frumvarp til laga [230. mál]

um breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

1. og 2. málsl. a-liðar 1. mgr. 3. gr. orðast svo:

0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80–82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram 4.930.000 kr. Skattskylt mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1993 samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1993.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu sérstaks eignarskatts á árinu 1992 vegna eigna í lok ársins 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt núgildandi lögum skal skattskylt mark til sérstaks eignarskatts breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Skattvísitala er ákveðin í fjárlögum fyrir ár hvert. Skattvísitala var ekki ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1992 og hækkaði því ekki skattskylt mark til sérstaks eignarskatts á milli áranna 1991 og 1992. Hér er lagt til að umrætt mark verði hækkað um 6%.

393. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [124. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávútvegsins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Halldóri Ásgrímssyni, Stefáni Guðmundssyni, Jóhanni Ársælssyni og Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Fyrir liggur mjög hörð andstaða allra helstu hagsmunaaðila í íslenskum sjávarútvegi og margra talsmanna landsbyggðarinnar við þetta frumvarp og jafnframt að ekkert samráð var við þá haft frekar en sjávarútvegsnefnd við undirbúning málsins.

Nú þegar árið 1992 er gengið í garð, en á því ári á að ljúka endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og laga um Hagræðingarsjóð, er enn fráleitara en ella að taka málefni Hagræðingarsjóðs út úr með þeim hætti sem hér á að gera. Úr því sem komið er er langeðlilegast að hraða þessari endurskoðun og leiða hana til lykta á grundvelli gildandi lagaákvæða með tilheyrandi samráði við hagsmunaaðila og sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Fyrir liggur að stjórnarandstaðan er hvenær sem er tilbúin til að samþykkja þau ákvæði sem varða úthlutun á yfirstandandi fiskveiðiári og einnig hækkun á úreldingargreiðslum úr 10 í 30% af tryggingarverðmæti skipa. En meginefni frumvarpsins eru tillögumenn algjörlega andvígir og úr því það er ætlun ríkisstjórnarinnar að knýja það í gegn er lagt til að frumvarpinu sé vísað frá og fyrir tekið næsta mál á dagskrá.

394. Fyrirspurn [231. mál]

til utanríkisráðherra um Marshall-aðstoðina.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hvaða skuldbindingar tóku Íslendingar á sig vegna Marshall-aðstoðarinnar?

Hve há upphæð í dollurum kom í Mótvirðissjóðinn og hve há var sú tala í íslenskum krónum?

Hvernig var fjármunum Mótvirðissjóðs ráðstafað?

Hver urðu örlög sjóðsins?

Skriflegt svar óskast.

395. Fyrirspurn [232. mál]

til umhverfisráðherra um veðurathuganir við strönd Austurlands.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Með hvaða hætti verður staðið að fullnægjandi veðurathugunum við strönd Austurlands eftir að þeim hefur verið hætt á Kambanesi?

396. Beiðni um skýrslu [233. mál]

frá utanríkisráðherra um samning við Flugleiðir hf. um rekstur flugþjónustu á Keflavíkurflugvelli.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Finni Ingólfssyni, Páli Péturssyni, Jóni Kristjánssyni, Stefáni Guðmundssyni, Guðna Ágústssyni, Jóni Helgasyni og Valgerði Sverrisdóttur.

Með tilvísun til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er óskað eftir að utanríkisráðherra gefi Alþingi skýrslu um samning Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli við Flugleiðir hf. um þjónustu við allan flugrekstur til og frá landinu á flugvellinum.

Þess er farið á leit við ráðherra að samningurinn, sem dagsettur er 15. desember 1987 en framlengdur með bókun 30. desember 1991 til 15. apríl 1996, verði prentaður í skýrsl-

unni. Enn fremur komi fram hverjar forsendur samningsins voru af hálfu ráðherra og hvert markmiðið með honum var. Loks er beðið um að umfang starfseminnar samkvæmt samningnum verði skýrt, svo og allar greiðslur samkvæmt honum.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu er hún liggur fyrir.

397. Lög [124. mál]

um breyting á lögum nr. 40 15. maí 1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Alþingi 22. jan.)

Samhljóða þskj. 381 með þessari breytingu:

8. gr. hljóðar svo:
9. og 10. gr. laganna falla brott.

398. Frumvarp til lánsfjárlaga [30. mál]

fyrir árið 1992.

(Eftir 2. umr., 22. jan.)

I. KAFLI
Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 13.950 m.kr. á árinu 1992.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1992 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána allt að 5.095 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, allt að 2.815 m.kr.
2. Alþjóðaflugþjónustan, allt að 480 m.kr.
3. Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar, allt að 1.650 m.kr.
4. Fiskeldisfyrirtæki, allt að 150 m.kr.

II. KAFLI
Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1992, með þeim takmörkunum sem koma fram hér að neðan, sbr. 13. gr. laga nr.

84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 845 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 2.785 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 5.640 m.kr., sbr. 64. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 12.000 m.kr., sbr. 35. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 700 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 850 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóður, allt að 1.600 m.kr., sbr. 6. og 10. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Ferðamálasjóður, allt að 130 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með síðari breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur eftirtalinna aðila á árinu 1992:

1. Herjólfur hf., allt að 400 m.kr. til smíði á nýrri ferju.
2. Hitaveita Akureyrar, allt að 356 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
3. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 21 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
4. Skallagrímur hf., allt að 85 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
5. Rafmagnsveitur ríkisins, allt að 76 m.kr. til kaupa á eignum Hitaveitu Seyðisfjarðar.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

6. gr.

Fjármálaráðherra ákveður hvort lántaka samkvæmt lögum þessum fari fram innan lands eða utan, í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðli.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð á lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í II. kafla og endurlána til þeirra með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

8. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast,
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum,

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin voru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

9. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir II. kafla eða 8. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

10. gr.

Yfirtekin lán, ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila og milliganga um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytis, nú nr. 314/1990, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittra einstökum fyrirtækjum, teljast til lántöku og skulu rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

11. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

12. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að yfirtaka skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð allt að 1.700 m.kr.

13. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til veitingar ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla, gilda á árinu 1992. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. apríl 1993 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

399. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Við 4. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

400. Frumvarp til laga [167. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

(Eftir 2. umr., 22. jan.)

I. KAFLI
Um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla.

1. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna skulu ekki koma til framkvæmda á árinu 1992:

a. 3. mgr. 4. gr.
b. 1. og 6. mgr. 46. gr.

2. gr.

Við 72. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., er orðast svo:

Þar sem að mati sveitarstjórna er nauðsynlegt að ætla sérstakt húsnæði í skóla fyrir heilsugæslu og/eða tannlækningar telst byggingarkostnaður húsnæðis til stofnkostnaðar viðkomandi skóla. Um stærð þessa húsnæðis fer samkvæmt reglum (normum) er menntamálaráðuneytið setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

3. gr.

Í stað 1.–6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða koma þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Greiðslur ríkissjóðs, sbr. 75. gr., skulu miðast við 22 nemendur í 1. og 2. bekk og 28 nemendur í 3.–10. bekk skólaárið 1992–1993. Þegar sérstaklega stendur á getur fræðslustjóri ákveðið fjölgun um allt að tvo nemendur í bekkjardeild.

Til viðbótar því sem kveðið er á um í 78. og 79. gr. skulu þeir grunnskólar, sem ríkið rekur fyrir fötluð börn (sérskólar), vera reknir áfram á vegum þess þar til grunnskólar geta veitt fötluðum nemendum sambærilega eða betri þjónustu.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um vikulegan kennslutíma á bekk í grunnskóla, þar með taldar valgreinar, og leyfilega aukningu nemendastunda vegna skiptitíma.

Um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 56/1987.

4. gr.

Við 12. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 65/1989, bætist ný málsgrein, 3. mgr., sem orðast svo:

Allur réttur til framlaga samkvæmt lögum þessum er háður fjárveitingu Alþingis.

Um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 18. gr. laganna:

Orðin „að hálfu“ í lok 2. málsl. 1. mgr. falla niður.

Í stað hlutfallsins „0,2%“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: 0,4%.

Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: 2.000 kr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: 10.000 kr.

Um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

6. gr.

Setja skal á fót ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota sem ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launþega á hendur vinnuveitanda við gjaldþrot.

7. gr.

Sjóðurinn skal fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi hvaða nafni sem nefnist sem skattskylt er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.

Ábyrgðargjaldið skal vera allt að 0,2% af gjaldstofni. Hlutfallið skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur fyrir eitt ár í senn að fengnum tillögum þriggja manna stjórnar sem skipuð er af félagsmálaráðherra til fjögurra ára samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og sá þriðji án tilnefningar. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu.

Ábyrgðargjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því leyti sem það er ákvarðað af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

8. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vinnulaunakröfur og hversu háar, sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum, njóta ábyrgðar sjóðsins.

Reglugerðin skal sett að fengnum tillögum stjórnar ábyrgðasjóðs. Með henni skal tryggja að launþegar njóti bóta að minnsta kosti vegna:

a. vinnulaunakröfu fyrir síðustu þrjá starfsmánuði,
b. orlofslauna sem áttu að koma til útborgunar á síðustu þremur starfsmánuðum,
c. riftunar eða uppsagnar vinnusamnings í allt að þrjá mánuði enda skal sá sem krefst bóta samkvæmt þessum lið sýna fram á að hann hafi leitað eftir annarri vinnu með vottorði vinnumiðlunar,
d. greiðslna sem vinnuveitanda ber að inna af hendi til launþega vegna tjóns af völdum vinnuslyss eða til þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launþega enda fylgi bótakröfunni forgangsréttur í bú vinnuveitanda.

Skorti ábyrgðasjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum og reglugerð skal stjórn sjóðsins þegar í stað tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal útvega það fé sem sjóðinn vantar og skal það gert með láni eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Lánið skal endurgreitt með álagningu sérstaks aukagjalds á næsta almanaksári.

Um breytingu á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

9. gr.

Á eftir 3. mgr. 34. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Auk þess að leggja fé til framkvæmda, sbr. 2. og 3. mgr., er heimilt að verja allt að þriðjungi af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhalds á stofnunum fatlaðra, sbr. 3.–14. tölul. 7. gr., enda séu þær stofnanir eingöngu ætlaðar fötluðum.

Um breytingu á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

10. gr.

Við 58. gr. laganna, eins og henni var breytt með h-lið 3. gr. laga nr. 70/1990, bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðast svo:

Sveitarfélag skal auk þess leggja fram, sem sérstakt óafturkræft framlag, 3,5% af kostnaðarverði eða kaupverði hverrar félagslegrar íbúðar í sveitarfélaginu.

11. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna, eins og henni var breytt með s-lið 3. gr. laga nr. 70/1990 og 1. gr. laga nr. 24/1991, orðast svo:

Lán til félagslegra íbúða veitir húsnæðismálastjórn úr Byggingarsjóði verkamanna. Lánshlutfall má nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó aldrei meira en 90% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, að frádregnu 3,5% sérstöku framlagi sveitarfélaga til hverrar félagslegrar íbúðar, sbr. 2. mgr. 58. gr. Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun við kaup á íbúð ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður, enda sýni umsækjandi fram á greiðslugetu skv. c-lið 1. mgr. 80. gr.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 47/1991 orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. og 5.–7. gr. laga þessara skulu 1.–2. tölul. 11. gr. og 12., 13. og 14. gr. laga nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og nr. 70/1990, halda gildi sínu gagnvart þeim umsækjendum sem fengið höfðu lánsloforð á þeim tíma er lög nr. 47 27. mars 1991 öðluðust gildi.

Um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

13. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri og átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur ellilífeyrir, 145.476 kr., greiðist þeim einstaklingum sem átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs, sbr. þó 2. mgr. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við lögheimilistímann.

Ellilífeyri skal skerða ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en 790.160 kr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða ellilífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður. Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né tekjur úr lífeyrissjóðum. Skerðing samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei ná til þess hluta ellilífeyris sem einstaklingur á rétt á vegna frestunar á töku ellilífeyris sem ákveðin var fyrir 1. janúar 1992.

b. 3. og 5. mgr. falla brott.

14. gr.

Á 12. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

a. 5. mgr. orðast svo:

Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera 145.476 kr. og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, sbr. þó 6. mgr. Við ákvörðun lögheimilistíma, sbr. 1. mgr. 11. gr., skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs umsækjanda.

b. Ný málsgrein, sem verður 6. mgr., bætist við og orðast svo:

Örorkulífeyri skal skerða ef árstekjur örorkulífeyrisþega eða hjóna, hvors um sig, sem bæði eru örorkulífeyrisþegar, eru hærri en 806.827 kr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða örorkulífeyri um 25% þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður. Til tekna í þessu sambandi teljast hvorki bætur almannatrygginga né tekjur úr lífeyrissjóðum.

15. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hvorki skerðingarákvæði 2. mgr. 11. gr. né 6. mgr. 12. gr. takmarka rétt til barnalífeyris.

16. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 195.360 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 267.660 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 195.360 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., sem orðast svo:

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 195.360 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 275.160 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 195.360 kr. skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

c. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. mgr. (sem verður 3. mgr.) kemur: 1. og 2. mgr.

d. Í stað orðanna „1.–4. mgr.“ í 1. málsl. 5. mgr. (sem verður 6. mgr.) kemur: 1.–5. mgr.

e. Í stað orðanna „3. og 4. mgr.“ í 1. málsl. 6. mgr. (sem verður 7. mgr.) kemur: 4. og 5. mgr.

f. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. málsl. 6. mgr. (sem verður 7. mgr.) kemur: 1. og 2. mgr.

g. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 7. mgr. (sem verður 8. mgr.) kemur: 1. og 2. mgr.

17. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „síðustu málsgr.“ í 1. mgr. kemur: 5. mgr.

b. Við 1. mgr. bætist: Skerðingarákvæði 6. mgr. 12. gr. skulu ekki taka til örorkulífeyris samkvæmt þessari grein.

18. gr.

C-liður 1. mgr. 39. gr. laganna, eins og honum var breytt með 11. gr. laga nr. 87/1989 og 1. gr. laga nr. 122/1989, orðast svo:

c. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 44. gr. nær til, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum tryggingaráðs.

19. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 43. gr. laganna eins og henni var breytt með 14. og 15. gr. laga nr. 87/1989 og 3. gr. laga nr. 122/1989:

a. A-liður 1. mgr. orðast svo:

Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings sem Tryggingastofnunin hefur gert samning við. Með reglugerð má ákveða gjald sem hinn sjúkratryggði greiði fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun til sjúklings. Sjúkratryggingar hafa heimild til að ákveða að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu og endurgreiða sjúkratryggingar þá sjúklingi sinn hluta.

b. Lokamálsliður b-liðar 1. mgr. orðast svo: Fyrir hverja komu til sérfræðings greiði sjúklingur gjald sem ákveðið skal með reglugerð.

c. Annar málsliður c-liðar 1. mgr. orðast svo: Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður gjald sem ákveðið skal með reglugerð.

d. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum sjúkratryggðra samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga í lyfjaávísunum. Ráðherra er með reglugerð heimilt að ákveða að gjald skv. a-, b-, c- og d-lið skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess gjalds sem sjúklingi ber að greiða. Þá er ráðherra og heimilt með reglugerð að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratryggðra fyrir sérhæfða göngudeildarþjónustu skv. b-lið.

20. gr.

44. gr. laganna, sem síðast var breytt með 15. gr. laga nr. 87/1989 og 4. gr. laga nr. 122/1989, orðast svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, greiða sjúkratryggingar sem hér segir:

1. Um þátttöku í kostnaði við tannlækningar barna og unglinga 15 ára og yngri, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, fer eftir því sem hér segir:
   a. Sjúkratryggingar greiða að fullu skoðun og fyrirbyggjandi tannlækningar, svo sem tannfræðslu, tannhreinsun, flúorvernd tanna og skorufyllur.
   b. Fyrir aðrar tannlækningar en þær sem tilgreindar eru í a-lið greiða sjúkratryggingar 85% kostnaðar.
   c. Ráðherra skal setja gjaldskrá fyrir skólatannlækningar. Skal gjaldskráin miðuð við raunverulegan kostnað við þær. Með skólatannlækningum er jafnt átt við tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera eða samkvæmt útboði.
   d. Sé leitað til annarra tannlækna en skólatannlækna skal því aðeins greiða fyrir tannlækningar skv. a-lið að um það hafi verið samið. Hlutdeild sjúkratrygginga skv. b-lið fer eftir gjaldskrá sem ráðherra setur með hliðsjón af gjaldskrá fyrir skólatannlækningar eða raunverulegum kostnaði sé hann lægri.
   e. Sé þjónusta skólatannlækna ekki fyrir hendi fer um greiðslur sjúkratrygginga samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur og tekur mið af raunverulegum kostnaði.
2. Fyrir 16 ára unglinga skal greiða 50% kostnaðar í samræmi við ákvæði 1. tölul.

3. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð hjá börnum og unglingum, 16 ára og yngri, samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.
4. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Tryggingaráð ræður tannlækni sem hefur eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara er lúta að tannlækningum.

Greiðslur sjúkratrygginga samkvæmt þessari grein skulu vera í samræmi við samninga sem Tryggingastofnun gerir eða samkvæmt samningum sem leiða af útboði. Séu samningar ekki fyrir hendi skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur.

Ætíð skal framvísa reikningi á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

21. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 46. gr. laganna eins og henni var síðast breytt með 12. gr. laga nr. 112/1972 og 18. og 19. gr. laga nr. 87/1989:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Tryggingastofnun ríkisins gerir samninga um greiðslur samkvæmt þessum kafla.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Náist ekki samningar skal gerðardómur ákveða samningskjörin.
c. 3. mgr. orðast svo:
   Daggjöld sjúkrahúsa, sem ekki eru á föstum fjárlögum, svo og gjaldskrár fyrir slysa- og röntgendeildir, skulu ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að höfðu nánu samráði við viðkomandi stofnanir. Daggjöld og gjaldskrár skulu ákveðin þannig að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma miðað við þá þjónustu er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti.
d. 4. mgr. orðast svo:
   Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða jafngildir það samningi ef hlítt er ákvörðun ráðherra um daggjöld er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu. Að öðrum kosti getur Tryggingastofnun ákveðið, þrátt fyrir ákvæði 41. gr., að sjúklingum skuli greidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.
e. Hvarvetna þar sem í öðrum greinum laganna stendur „daggjaldanefnd“ kemur: heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

22. gr.

48. gr. laganna orðast svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að leita útboða um þá þjónustu sem henni ber að veita samkvæmt lögum þessum.

23. gr.

1. málsl. 57. gr. laganna orðast svo: Bætur skal greiða þriðja virkan dag hvers mánaðar.

24. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 79. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „1. mgr. 19. gr." í 2. málsl. kemur: 1. og 2. mgr. 19. gr.
b. Nýr málsliður bætist við greinina, svohljóðandi: Heimilt er að breyta fjárhæðum skv. 2. mgr. 11. gr., svo og 6. mgr. 12. gr., þó þannig að aldrei komi til skerðingar lífeyris samkvæmt þessum málsgreinum hjá þeim sem rétt eiga á tekjutryggingu, skertri eða óskertri, samkvæmt ákvæðum 19. gr.

Um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.

25. gr.

Við 42. gr. laga nr. 97/1990, sbr. lög nr. 128/1990, bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

42.2 Ráðherra er heimilt að leita útboða um rekstur heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum þessum.

Um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni.

26. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á lögum nr. 52/1988, sbr. lög nr. 103/1988:

a. 2. gr. laganna orðast svo:

Eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins skal vera ráðherra til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara.

Eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins gerir tillögur um röðun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni í samræmi við skaðleg áhrif og notkunarsvið þeirra. Ráðherra staðfestir tillögur eiturefnaeftirlitsins með reglugerð.

Eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins skal veita stjórnvöldum, einstaklingum eða fyrirtækjum upplýsingar um meðferð eiturefna og hættulegra efna svo sem eftir er leitað og kostur er á. Eftirlitið skal enn fremur gera tillögur um viðbrögð við slysum af völdum eiturefna og hættulegra efna eða við vá af þeirra völdum vegna hernaðar eða náttúruhamfara.

b. Fyrirsögn 2. gr. verður: *Eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins.*
c. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins setur, að fengnu áliti samtaka hlutaðeigandi seljenda, reglur um varðveislu hættulegra efna í matvöruverslunum. Sams konar reglur má og setja um varðveislu hættulegra efna í öðrum almennum verslunum.

d. Í stað „Hollustuverndar ríkisins og eiturefnanefndar" í síðasta málslið 16. gr. og í síðasta málslið 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins.
e. Í stað „Eiturefnanefnd og Hollustuvernd ríkisins" í 20. og 21. gr. laganna kemur: Eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins.
f. Í stað „eiturefnanefndar, Hollustuverndar ríkisins" í 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins.
g. Í stað „Hollustuvernd ríkisins" í a-lið 3. mgr. 23. gr. laganna kemur: Eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins.
h. Í 1. málsl. 6. mgr. 23. gr. laganna fellur niður orðið „eiturefnanefndar".

i. 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Eiturefnaeftirliti Hollustuverndar ríkisins er heimilt, ef skjótra aðgerða er þörf, að setja á lista tiltekin efni og efnasamsetningar og kveða á um notkun eða bann við notkun þeirra í allt að því eitt ár.
j. 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar samstarfsnefnd þeirra aðila sem tilgreindir eru í a–c-liðum 3. mgr. 23. gr.
k. 2. mgr. 28. gr. laganna fellur niður.
l. Hvarvetna þar sem í öðrum greinum laganna stendur „eiturefnanefnd“ kemur í viðeigandi beygingarfalli: eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins.

Um breytingu á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

27. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Fasteignamat ríkisins aflar og lætur í té upplýsingar og veitir þjónustu við úrvinnslu á þeim gegn gjaldi.

Gjaldskrá skv. 1. mgr. skal taka mið af því umfangi upplýsinga sem keyptar eru og þeim tekjum sem notendur hafa af þeim. Fjármálaráðherra staðfestir gjaldskrána.

Um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð.

28. gr.

Úr lögunum falla brott:

a. 2. tölul. 5. gr.
b. 3. tölul. 9. gr.

Um breytingu á hafnalögum, nr. 69/1984.

29. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, 6. tölul., er orðast svo: Sérstakt vörugjald.

30. gr.

Á eftir 5. mgr. 12. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. skal renna í sérstaka deild við Hafnabótasjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjald, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Innheimtuaðilar vörugjalds, skv. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr., skulu innheimta og standa skil á sérstöku vörugjaldi skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Uppgjörstímabil vegna skila hafnarsjóðs á sérstöku vörugjaldi skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. skulu vera sex á ári og taka yfir tvo mánuði hvert, janúar–febrúar, mars–apríl, maí–júní, júlí–ágúst, september–október og nóvember–desember. Skiladagur skal vera 5. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Ráðherra getur kveðið nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu og ákveðið hvernig skuli fara með vörslu og daglega afgreiðslu sérstaks vörugjalds samkvæmt lögum þessum.

31. gr.

1. málsl. 26. gr. laganna orðast svo: Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs, að meðtöldu framlagi úr Hafnabótasjóði, skv. 38. gr., í hafnargerðum.

32. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 38. gr., og breytist greinatala samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Tekjur af sérstöku vörugjaldi skulu renna í sérstaka deild við Hafnabótasjóð. Fé úr deildinni skal varið til að standa straum af framkvæmdum við almennar hafnargerðir eftir því sem nánar segir í lögum þessum og ákveðið er í fjárlögum ár hvert.

Um breytingu á lögum nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka.

33. gr.

13. gr. laganna, sbr. 24. gr. laga nr. 108/1988 og 7. gr. laga nr. 47/1990, orðast svo:

Stjórnir sveitarfélaga eða aðrir, sem annast eyðingu refa og minka samkvæmt lögum þessum, skulu ár hvert fyrir septemberlok skila umhverfisráðuneyti reikningum og sundurliðuðu reikningsyfirliti um kostnað við starfsemi þessa. Veiðistjóri úrskurðar um reikningana. Nú úrskurðar veiðistjóri reikninga rétta og hóflega og endurgreiðir ríkissjóður þá sveitarfélögum helming útlagðs kostnaðar við framkvæmd laga þessara. Í sveitarfélagi, þar sem heildarkostnaður við refa- og minkaveiðar verður hærri en 3.000 kr. á hvern íbúa miðað við íbúafjölda 1. desember árið á undan, greiðir ríkissjóður þó allt að þremur fjórðu hlutum af kostnaði við framkvæmdina.

Um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

34. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli sem verður IX. kafli með fyrirsögninni **Afgreiðslugjald skipa,** með einni grein sem verður 15. gr. laganna, og breytist töluröð kafla og greina í lögunum til samræmis við það. Greinin orðast svo:

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða og vöru- og flutningaskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 30 kr. af hverri nettórúmlest skipsins. Hálf rúmlest eða þar yfir telst heil. Af farþegaskipum skal greiða helmingi lægra gjald.

Gjald þetta skal greiða í fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

35. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ákvæði þessara laga, sem fjalla um fjárnám, gilda með sama hætti um lögtök til 1. júlí 1992.

Um breytingu á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

36. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Hlutaðeigandi ráðherra er þó heimilt að setja mann eða nefnd manna, um tiltekinn tíma, til að vera tilsjónarmenn stofnana, einnar eða fleiri í senn, ef sýnt þykir að kostnaður við rekstur þeirra fari fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög ákveða. Starfssvið tilsjónarmanna er að skipuleggja og hafa eftirlit með reikningshaldi og gerð fjárhagsáætlana stofnana og taka ákvarðanir um fjárskuldbindingar, þar á meðal um umfang starfsmannahalds, í samráði við ráðherra, eftir því sem nánar er lýst í erindisbréfi hverju sinni.

Ráðherra skal enn fremur í erindisbréfi tilsjónarmanna kveða skýrt á um ábyrgðarsvið þeirra. Kostnaður við starf tilsjónarmanna greiðist af viðkomandi stofnun.

II. KAFLI

37. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1992 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

38. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi vera hærra en 12.000 þús. kr. á árinu 1992.

39. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10.500 þús. kr. á árinu 1992.

40. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 91.500 þús. kr. á árinu 1992.

41. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi nema hærri fjárhæð en 6.000 þús. kr. á árinu 1992.

42. gr.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1992 heimilt að ráðstafa fé af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við Bessastaði.

43. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 60.000 þús. kr. á árinu 1992 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

44. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 32/1979 um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum falla þær greiðslur niður á árinu 1992.

45. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

46. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 37. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með 2. gr. laga nr. 29/1987, skal framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 1992 vera 340.000 þús. kr.

47. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1992.

48. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, sbr. lög nr. 89/1987, skal hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækka um 20% á árinu 1992.

49. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 1.000 þús. kr. á árinu 1992.

50. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1992.

51. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 36. gr. laga nr. 67/1971, almannatryggingalaga, skal framlag ríkissjóðs til varasjóðs slysatrygginga falla niður á árinu 1992.

52. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1965, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, skal framlag ríkissjóðs til Gæsluvistarsjóðs falla niður.

53. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 49/1978, lyfjalaga, skal framlag ríkissjóðs til Lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 900 þús. kr. á árinu 1992.

54. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, um Hafnabótasjóð, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 90.000 þús. kr. á árinu 1992.

55. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri upphæð en 68.000 þús. kr. á árinu 1992.

56. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, sbr. lög nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 4.500 þús. kr. á árinu 1992.

57. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, skulu 265 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1992 en ekki vera varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

58. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 33. gr. laga þessara (13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka) er umhverfisráðherra heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum á árinu 1992. Umhverfisráðuneytið skal auglýsa fyrir 1. maí 1992 til hvaða landsvæða ákvörðunin tekur og hver séu mörk þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 3., 4. og 5. gr. laga nr. 52/1957 er sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga heimilt að fella niður grenja- og minkaleitir á árinu 1992 á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar.

59. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. og 13. gr. laga nr. 56/1972, um lögreglumenn, skulu sveitarfélög greiða hluta kostnaðar við löggæslu á árinu 1992 sem hér segir:

Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.370 kr. á hvern íbúa, sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.420 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. desember 1991.

Framlög sveitarfélaga skulu greidd með jöfnum mánaðarlegum greiðslum samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

60. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. og 13. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, skal því 100 millj. kr. aukaframlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem ákveðið var við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992, einungis varið til jöfnunarframlaga, sbr. 14. gr.

III. KAFLI

61. gr.

Upphafsmálsliður 1. gr. laga nr. 80/1991, um breyting á lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, sbr. lög nr. 130/1989, orðast svo: Í stað lokamálsliðar 1. mgr. 6. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir er orðast svo.

62. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 13.–17. og 24. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. febrúar 1992.

Ákvæði 8. gr. laga þessara, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, taka þó eigi gildi fyrr en 1. mars 1992. Frá þeim tíma falla úr gildi 1.–4. gr. laga nr. 88/1990, um ríkisábyrgð á launum. Þá verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 88/1990:

1. Í stað orðsins „ríkissjóður“ í 5.–7. gr., 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 8. gr., 9. gr., 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 11. gr., 12.–13. gr. og 1. málsl. 2. mgr. 14. gr. þeirra laga kemur (í viðeigandi beygingarföllum): ábyrgðasjóður.
2. Í stað orðsins „ríkisábyrgð“ í 8. gr. og „ríkisábyrgðar“ í 10. gr. kemur: ábyrgð og ábyrgðar.

3. Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 13. gr. kemur: stjórn sjóðsins og í stað orðanna „fjármálaráðherra“ og „hann“ í 2. mgr. 14. gr. kemur: stjórn sjóðsins og stjórnin.
4. Orðin „skv. a- til d-liðum 1. mgr. 4. gr.“ í 5. gr. falla brott.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella ákvæði I. kafla inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt. Jafnframt skal eftir 1. mars 1992 gefa út að nýju ákvæði 6.–8. gr. laga þessara, að viðbættum ákvæðum 5.–15. gr. laga nr. 88/1990, með áorðnum breytingum, með fyrirsögninni: Lög um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á meðan vextir, verðbætur og gengishagnaður eru frádráttarbærar tekjur við ákvörðun tekjuskattsstofns skulu þessar tekjur hvorki hafa áhrif á tekjur til skerðingar elli- og örorkulífeyris, sbr. 11. og 12. gr., né tekjutryggingar, sbr. 19. gr. laga um almannatryggingar.

II.

Þeir sem ákveðið hafa frestun ellilífeyris fyrir 1. janúar 1992, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, skulu halda rétti sínum. Tryggingastofnun ríkisins skal breyta fjárhæðum vegna frestunarinnar til samræmis við breytingar sem verða á fjárhæðum bóta almannatrygginga hverju sinni. Nú andast maður sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur fyrir 1. janúar 1992 og lætur eftir sig maka á lífi og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin lífeyri eiga rétt á þeirri hækkun sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 62. gr. laga þessara öðlast c-, d- og e-liður 1. tölul. 20. gr. gildi 1. mars 1992. Fram til 1. mars 1992 skal hlutdeild sjúkratrygginga miðast við gildandi gjaldskrá tannlækna. Ráðherra er þó heimilt að fresta gildistöku c-, d- og e-liðar 20. gr. fram til 1. september 1992.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laga þessara (44. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum) skulu þeir sem njóta eiga endurgreiðslna á árinu 1991 samkvæmt reglum nr. 63/1991 um endurgreiðslur sjúkratrygginga af tannréttingakostnaði samkvæmt lögum um almannatryggingar njóta þess réttar áfram, enda teljist sannað að þeir hafi átt þennan rétt. Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir 15. janúar 1992 auglýsa með áberandi hætti eftir þeim aðilum sem telja sig eiga rétt samkvæmt framansögðu og ber þeim sem ekki hafa þegar sent inn umsóknir að gera það fyrir 15. febrúar 1992 á eyðublöðum sem stofnunin lætur í té. Að öðrum kosti fellur rétturinn niður. Greiðslum samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu skal ljúka 31. desember 1993.

V.

Teljist nauðsynlegt til þess að tryggja endurgreiðslur skv. II er ráðherra heimilt að setja sérstaka gjaldskrá.

VI.

Ákvæði 8. gr. laga þessara gilda um kröfur sem hlotið hafa umsögn skiptaráðanda 1. mars 1992 eða síðar.

401. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1992.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (RG, IBA, VE, EKG, SP).

1. Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (6. gr.)
   5. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum, orðast svo:
   Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnar til eftir 1. mars 1992.
   b. (7. gr.)
   Heimilt er að afnema ábyrgð ríkissjóðs á nýjum skuldbindingum sem Iðnþróunarsjóður stofnar til eftir gildistöku laga þessara, enda sé leitað eftir staðfestingu ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðeigandi breytingu á samningi um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, sbr. lög nr. 9/1970, með síðari breytingum.
2. Við 6. gr. (er verður 8. gr.). Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð á lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2.–4. tölul. 4. gr. og í 5. gr. og endurlána til þeirra með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.
   Erlendar lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í 1. mgr. og ríkissjóðs mega nema allt að 8.581 m.kr. á árinu 1992.
   Frá hámarki því, er um getur í 2. mgr., má víkja svo fremi að nettó innstreymi erlends lánsfjár sé í samræmi við forsendur fjárlaga og lánsfjárlaga.
3. Við 7. gr. Greinin falli brott.

Greinargerð.

Gerð er grein fyrir þeim breytingartillögum, sem hér er lagt til að verði samþykktar, í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar á þskj. 245.

Auk þess er lagt til að eftir 1. mars 1992 beri ríkissjóður ekki ábyrgð á þeim skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnar til. Þessi breyting hefur engin áhrif á eldri skuldbindingar sjóðsins sem ríkissjóður kann að ábyrgjast.

402. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (RG, EKG, IBA, SP, VE).

1. Við 40. gr. Við greinina bætist nýr málsliður er orðist svo: Þar af skulu 14.000 þús. kr. renna til norræns kvikmyndaverkefnis.
2. Við ákvæði til bráðabirgða IV. Í stað orðanna „15. janúar 1992“ og „15. febrúar 1992“ í 2. málsl. kemur: 15. febrúar 1992 og 15. mars 1992.

403. Lög [167. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

(Afgreidd frá Alþingi 23. jan.)

Samhljóða þskj. 400 með þessum breytingum:

40. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 91.500 þús. kr. á árinu 1992. Þar af skulu 14.000 þús. kr. renna til norræns kvikmyndaverkefnis.

Ákvæði til bráðbirgða IV hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laga þessara (44. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum) skulu þeir sem njóta eiga endurgreiðslna á árinu 1991 samkvæmt reglum nr. 63/1991 um endurgreiðslur sjúkratrygginga af tannréttingakostnaði samkvæmt lögum um almannatryggingar njóta þess réttar áfram, enda teljist sannað að þeir hafi átt þennan rétt. Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir 15. febrúar 1992 auglýsa með áberandi hætti eftir þeim aðilum sem telja sig eiga rétt samkvæmt framansögðu og ber þeim sem ekki hafa þegar sent inn umsóknir að gera það fyrir 15. mars 1992 á eyðublöðum sem stofnunin lætur í té. Að öðrum kosti fellur rétturinn niður. Greiðslum samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu skal ljúka 31. desember 1993.

404. Svar [94. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um embættisbústaði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða embættisbústaðir, einbýlishús eða einstakar íbúðir, eru í eigu íslenska ríkisins eða stofnana (að hluta eða að öllu leyti) sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið?*

2. *Hvert er starfsheiti þeirra sem hafa afnot af embættisbústaðnum og hver er húsaleigan, sundurliðuð eftir bústöðum?*
3. *Hvernig er húsaleigan ákvörðuð?*
4. *Hver er stærð embættisbústaðanna og fasteignamat þeirra, sundurliðað eftir bústöðum?*
5. *Hvenær voru bústaðirnir keyptir eða byggðir og hvert er verð þeirra framreiknað til verðlags í dag, sundurliðað eftir bústöðum?*

Svar:

Í yfirliti þessu eru u.þ.b. 160 eignir víðs vegar um landið sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Um er að ræða embættisbústaði, íbúðir og herbergi en í yfirlitinu kemur fram fermetrafjöldi hverrar eignar.

Fasteignamat allra eignanna í þessum lista er u.þ.b. 623 millj. kr. á verðlagi í nóvember 1991. Brunabótamat þeirra er u.þ.b. 1.258 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu 187,0. Örfáar íbúðir í heilsugæslustöðvum eru ekki meðtaldar þar sem þær voru ekki sérstaklega afmarkaðar í fasteigna- og brunabótamati. Samanlagt flatarmál allra eigna í þessum lista er rúmlega 21 þúsund fermetrar.

Samtals innheimtar leigutekjur eru u.þ.b. 15 millj. kr. en reiknuð leiga samkvæmt reglugerð er u.þ.b. 25 millj. kr.

Í yfirlitinu kemur fram hversu mörg prósent af reiknaðri leigu tekst að innheimta af hverri einstakri eign. Ástæðurnar að baki þess hversu mikið/lítið er innheimt eru ýmsar. Á nokkrum stöðum virðist brunabótamat ekki í samræmi við stærð og aldur eignanna og gæti þurft að óska eftir endurmati nokkurra eigna, m.a. vegna endurbóta eða breytinga. Þess má einnig geta að sumar eignirnar eru einungis í leigu hluta af árinu. Í útreikningi er ekki tekið tillit til þessa heldur einungis fundið út hvað innheimt hefur verið í leigu á árinu 1990 og borið saman við leigu reiknaða samkvæmt reglugerð.

Í fyrirspurninni er spurt hvernig húsaleigan sé ákvörðuð. Í þessu svari kemur fram hvernig húsaleigan ætti að vera ákvörðuð en það er samkvæmt reglugerð nr. 334/1982. Húsaleiga er ákvörðuð af rekstraraðilum stofnana en eins og svar þetta gefur til kynna virðist ekki alltaf farið eftir reglugerð.

Skýringar á dálkum í yfirliti:

Fyrri hluti:

(1) *Heiti lóðar.*

(2) *Skráður eigandi* — samkvæmt bókum Fasteignamats ríkisins.

(3) *Stærð húsnæðis í fermetrum* — samkvæmt bókum Fasteignamats ríkisins. Í þeim fáu tilfellum þegar ekki kom fram fermetrastærð í bókum Fasteignamatsins var upplýsinga leitað á annan hátt. Í þeim tilfellum gæti verið um að ræða einhver frávik.

(4) *Fasteignamat* — samkvæmt bókum Fasteignamats ríkisins á verðlagi í nóvember 1991. Innifalið í fasteignamatinu er mat fasteignar og lóðar og ef um er að ræða geymslu eða bílskúr er það meðtalið.

(5) *Brunabótamat* — er miðað við byggingarvísitölu 187,0. Ef upplýsingar um matið lágu fyrir samkvæmt eldri byggingarvísitölu var matið framreiknað. Ekki lágu alltaf fyrir matsupplýsingar um hverja einstaka íbúð ef hún var hluti af stærra húsi. Í þessum tilfellum var matið reiknað þannig að tekin var prósenta af heildarmatinu miðað við stærð íbúðar í fermetrum.

(6) *Byggingarár* — samkvæmt bókun Fasteignamats ríkisins.

Seinni hluti:

(1) *Heiti lóðar.*

(7) *Starfsheiti leigjanda.*

(8) *Greidd leiga á árinu 1990* — innheimtar heildarleigutekjur á árinu 1990 (óháð mánaðafjölda).

(9) *Reiknuð ársleiga samkvæmt reglugerð:* Brunabótamat x gildistala bústaðasvæðis x 5% x 171/187. Í útreikningi þessum er brunabótamatið miðað við meðalbyggingarvísitölu ársins 1991 sem var 171,0.

Þegar um lækni er að ræða er ársleigan reiknuð á eftirfarandi hátt: Brunabótamat x gildistala bústaðasvæðis x 5% x (stærð í fm – 15)/fm x 171/187.

(10) *Reiknuð leiga á mánuði* — ársleiga/12.

(11) *Hlutfall greiðslu miðað við reiknaða leigu* — sýnir hversu mörg prósent af reiknaðri leigu hafa verið innheimt á árinu 1990. Hlutfallið er reiknað út á eftirfarandi hátt: Dálkur (11) = (8)/(9).

Eins og áður kemur fram geta ástæður lágrar innheimtuprósentu m.a. legið í því að húsnæðið hefur ekki verið leigt út nema hluta af árinu.

Heiti lóðar (1)	Skráður eigandi (2)	Stærð húsnæðis í fm. (3)	Fasteigna-mat (4)	Brunabóta-mat bvt. 187.0 (5)	Byggingaár (6)	Athugasemdir (12)
91						
RÍKISSPÍTALAR						
RVK OG NÁGRENNI						
VÍFILSTAÐIR						
Rimma 1	Skrifst. ríkisspítala	65.0	2,280,828	4,240,080	1947	
Rimma 2	Skrifst. ríkisspítala	80.0	2,807,172	5,218,559	1947	
Herragarður 1	Skrifst. ríkisspítala	83.5	2,605,650	5,318,494	1939	
Herragarður 2	Skrifst. ríkisspítala	65.0	2,028,350	4,140,145	1939	
Læknisbústaður 1	Skrifst. ríkisspítala	146.1	7,140,836	8,740,504	1946	
Læknisbústaður 2	Skrifst. ríkisspítala	93.3	4,557,720	5,578,727	1946	
Hjúkrunarbústaður 1	Skrifst. ríkisspítala	58.2	2,254,500	3,579,556	1972	
Hjúkrunarbústaður 2	Skrifst. ríkisspítala	58.2	2,254,500	3,579,556	1972	
Yfirlæknishús	Skrifst. ríkisspítala	408.0	8,629,000	18,012,959	1920	
Íbúð 1	Skrifst. ríkisspítala	70.1	1,124,500	4,056,109	1926	
Íbúð 2	Skrifst. ríkisspítala	70.1	1,124,500	4,056,109	1926	
Íbúð 3	Skrifst. ríkisspítala	73.6	1,180,645	4,258,626	1926	
Íbúð 4	Skrifst. ríkisspítala	66.6	1,068,355	3,853,593	1926	
Ráðsmannabústaður 1	Skrifst. ríkisspítala	41.2	3,828,000	7,477,485	1948	
Ráðsmannabústaður 2	Skrifst. ríkisspítala	41.2	3,828,000	7,477,485	1948	
KLEPPUR						
Kleppur 1	Skrifst. ríkisspítala	87.3	1,433,000	4,908,651	1947	
Kleppur 3	Skrifst. ríkisspítala	87.3	1,433,000	4,908,651	1947	
Kleppur 5	Skrifst. ríkisspítala	87.3	1,433,000	4,908,651	1947	
Kleppur 7	Skrifst. ríkisspítala	87.3	1,433,000	4,908,651	1947	
Kleppur 9	Skrifst. ríkisspítala	87.3	1,433,000	4,908,651	1947	
Kleppur 11	Skrifst. ríkisspítala	87.3	1,433,000	4,908,651	1947	
Bólst. v/Laufásveg	Skrifst. ríkisspítala	220.7	7,049,000	11,333,253	1923	íbúð+sérbygging+geymsla
ÖNNUBORG						
Herbergi 37	Skrifst. ríkisspítala	20.7	621,250	819,822		
Herbergi 40	Skrifst. ríkisspítala	20.7	621,250	819,822		
Herbergi 41	Skrifst. ríkisspítala	20.7	621,250	819,822	1910/1935	
Herbergi 42	Skrifst. ríkisspítala	20.7	621,250	819,822		
Herbergi 44	Skrifst. ríkisspítala	20.7	621,250	819,822		
220 HAFNARFJÖRÐUR						
Hörðuvellir 2	Sólvangur, hjúkr.heim.	113	3,537,000	6,779,498	1914	

Heiti lóðar (1)	Skráður eigandi (2)	Stærð húsnæðis í fm. (3)	Fasteigna-mat (4)	Brunabóta-mat bvt. 187.0 (5)	Byggingaár (6)	Athugasemdir (12)
92						
230 KEFLAVÍK						
Sólvallagata 8	Jón P. Skarphéðinsson	294	11,180,000	13,046,094	1963	
245 SANDGERÐI						
Tjarnargata 11	Hgst. Suðurnesja/Fjárm.r	276.7	5,291,000	17,894,723	1944	íb.herb. + bílskúr
93						
300 AKRANES						
Heiðarbraut 31	Sjúkrah. Akranesi	87.5	2,203,286	4,076,000	1961	
Garðabraut 26		75.8	3,613,000	5,140,000	1973	
Heiðarbraut 32:	Sjúkrah. Akranesi	550.0	13,081,000	18,436,000	1956	
Starfsmannabúst.1-2						
Starfsm.búst. 3-12						
Starfsm.búst. kjall.						leigja sérfr.aðstöðu í starfsm.b.
310 BORGARNES						
Dílahæð 3	Hgst. Borgarnesi	177.7	6,789,000	13,546,000	1976	
Dílahæð 5	Hgst. Borgarnesi	201.7	8,205,000	16,001,000	1976	
Kleppjárnsreykir	Hgst. Borgarnesi	110.0	9,534,560	17,099,000		Læknisbústaður
345 FLATEY						
Læknishús		180.4	2,124,000	7,671,000		
350 GRUNDARFJÖRÐUR						
Fossahlíð 3	Ríkisfjárhirsla	174.1	4,574,000	13,464,000	1974	
355 ÓLAFSVÍK						
Sandholt 28	Ólafsvíkurkaupstaður	224.9	5,958,000	11,657,000	1974	
Túnbrekka 18	Ríkisfjárhirsla/Hgst. Ól	248.8	7,269,000	14,569,000	1982	
Hjarðartún 4-6	Hgst. Ólafsvík	142.5	4,879,000	26,385,000	1972	Fermetrar bílskúrs ekki inní stærð
Hjarðartún 7	Ólafsvíkurkaupstaður	109.2	2,845,000	5,902,000	1959	
370 BÚÐARDALUR						
Bakkahvammur 1	Hgst. Búðardal	172.9	4,540,000	12,421,430	1975	
Sunnubraut 7	Hgst. Búðardal	195.9	5,286,000	14,586,000	1975	með bílskúr

Heiti lóðar (1)	Skráður eigandi (2)	Stærð húsnæðis í fm. (3)	Fasteigna-mat (4)	Brunabóta-mat bvt. 187.0 (5)	Byggingaár (6)	Athugasemdir (12)
94						
400 ÍSAFJÖRÐUR						
Urðarvegur 20	Hgst. Ísafirði	236.9	8,739,000	14,037,000	1970	
Urðarvegur 34	Hgst. Ísafirði	240.2	8,898,000	14,037,000	1973	
Urðarvegur 80	Hgst. Ísafirði	93.8	3,980,000	6,971,000	1984	
Seljalandsvegur 73	Hgst. Ísafirði	247.9	10,258,000	13,642,000	1970	
Seljalandsvegur 68	Ísafj.bær/ráðun.	198.4	6,340,000	9,899,824	1959	ekki á vegum FSÍ fyrr en í júní '91
415 BOLUNGARVÍK						
Höfðastígur 17	Ríkisfjárhirsla/Bol.víku	210.6	7,878,000	14,775,000	1983	einb.hús
425 FLATEYRI						
Hrannargata 2	Flateyrarhreppur	115.7	3,720,000	7,720,000	1960	
450 PATREKSFJÖRÐUR						
Mýrar 17	Hgst. Patreksfirði	185.4	5,932,000	11,970,000	1967	
Aðalstræti 51	Hgst. Patreksfirði	74.9	1,690,000	2,768,000	1947	
Hjallar 4	Hgst. Patreksfirði	230.0	6,529,000	12,727,000	1972	íbúð standsett fyrstu 5 mán ársins
Urðargata 17	Ríkisfjárh./hgst. Patrek	200.6	5,402,000	11,849,000	1960	
Aðalstræti 90	Sjúkrah. Patreksfirði	106.1	2,981,000	5,548,000	1962	
465 BÍLDUDALUR						
Tjarnarbraut 3	Hgst. Patreksfirði	112.5	2,057,000	6,871,000	1940	íbúð í hgst sem ekki er notuð
470 ÞINGEYRI						
Aðalstræti 37	Ríkisbókhald	136.5	4,076,000	9,798,103	1978	
Aðalstræti 37	Ríkisbókhald	44.3	1,646,000	3,179,897	1978	stendur auð
95						
510 HÓLMAVÍK						
Borgabraut 11	Hgst. Hólmavík	200.3	4,646,000	15,159,000	1977	
530 HVAMMSTANGI						
Spítalastígur 1	Sj.hús Hvammstanga	150.0	1,522,000	6,453,529	1916	2/3 af mati alls hússins
Spítalastígur 5	Sj.hús Hvammstanga	212.2	4,640,000	15,780,000	1975	íbúð+bílskúr
Melavegur 15	Sj.hús Hvammstanga	104.0	2,630,000	7,195,000	1977	
Hvammstangabr. 13a	Sj.hús Hvammstanga	124.5	2,846,000	6,737,000	1966	
Strandgata 13	Sj.hús Hvammstanga	240.0	1,680,000	9,589,000	1967	

Heiti lóðar (1)	Skráður eigandi (2)	Stærð húsnæðis í fm. (3)	Fasteigna-mat (4)	Brunabóta-mat bvt. 187.0 (5)	Byggingaár (6)	Athugasemdir (12)
540 BLÖNDUÓS						
Þverbraut 1	Héraðshæli A-Húnv.	108.5	3,348,000	5,849,000	1991	keypt 28.02.91
Hnjúkabyggð 27 0301	Héraðshæli A-Húnv.	118.2	4,219,000	9,858,000	1976	
Hnjúkabyggð 27 0202	Héraðshæli A-Húnv.	59.1	2,313,000	5,350,000	1976	
Hnjúkabyggð 27 0101	Héraðshæli A-Húnv.	59.1	2,291,000	5,312,000	1976	
Flúðabakki 2	Héraðshæli A-Húnv.	406.5	11,782,000	23,429,883	1969	yfirlækn.bústaður
Flúðabakki 2	Héraðshæli A-Húnv.	210.0				íbúð í sjúkrahúsi óskilgreint
Brimslóð 8 /2 íbúðir	Héraðshæli A-Húnv.	179.3	2,951,000		1887	seld 3.jan. 1991
Brekkubyggð 14	Héraðshæli A-Húnv.	172.0	5,710,000	9,081,000	1971	
550 SAUÐÁRKRÓKUR						
Raftahlíð 35	Sj.hús Sauðárkróki	147.7	5,811,000	10,423,000	1976	
Raftahlíð 62	Sj.hús Sauðárkróki	111.4	4,454,000	8,017,000	1976	
Raftahlíð 62A	Sj.hús Sauðárkróki	55.7	2,462,000	3,997,000	1976	
Raftahlíð 62B	Sj.hús Sauðárkróki	55.7	2,462,000	3,997,000	1976	
Raftahlíð 64	Sj.hús Sauðárkróki	111.4	4,322,000	8,081,000	1977	
Raftahlíð 66	Sj.hús Sauðárkróki	111.4	4,482,000	8,081,000	1977	
Víðigrund 2	Sj.hús Sauðárkróki	43.4	1,579,000	3,190,000	1971	íbúð 01 02
Víðigrund 2	Sj.hús Sauðárkróki	94.8	3,262,000	5,907,000	1971	íbúð 03 01
Víðigrund 2	Sj.hús Sauðárkróki	76.8	2,677,000	4,998,000	1971	íbúð 03 02
Víðigrund 16	Sj.hús Sauðárkróki	56.3	2,310,000	4,195,027	1975	
Á Sauðárhæðum	Sj.hús Sauðárkróki	315.0	9,396,000		1968	ekki sérstaklega afmarkað
Suðurbraut 15 HOFSÓS	Bæjarfógetinn	151.2	3,082,000	6,186,000	1951	íbúð + bílskúr
96						
580 SIGLUFJÖRÐUR						
Hvanneyrarbraut 58	Sjúkrahús Siglufj.	85.6	2,136,000	3,938,000	1947	
Hvanneyrarbraut 58	Sjúkrahús Siglufj.	79.4	1,929,000	3,938,000	1947	
Hvanneyrarbraut 60	Sjúkrahús Siglufj.	79.4	1,983,000	3,938,000	1947	
Hvanneyrarbraut 64	Sjúkrahús Siglufj.	81.4	1,186,000	3,938,000	1947	
Ártún 1	Sjúkrahús Siglufj.	242.7	7,111,000	17,617,000	1979	
Ártún 3	Sjúkrahús Siglufj.	194.5	5,937,000	13,582,000	1985	
Ártún 5	Sjúkrahús Siglufj.	194.5	5,894,000	11,093,000	1985	

Heiti lóðar (1)	Skráður eigandi (2)	Stærð húsnæðis í fm. (3)	Fasteigna-mat (4)	Brunabóta-mat bvt. 187.0 (5)	Byggingaár (6)	Athugasemdir (12)
600 AKUREYRI - RÍKISSP.						
Kristnesspítali:						
hús 5	Ríkisbókhald	128.0	2,385,649	4,633,961	1948	Húsið í heild er 435 fm
hús 5	Ríkisbókhald	200.9	3,744,351	7,273,146	1948	
hús 6	Ríkisbókhald	87.1	873,948	2,352,221	1931	
hús 6	Ríkisbókhald	186.5	1,870,052	5,033,223	1931	
hús 7	Ríkisbókhald	144.0	2,645,000	5,077,870	1958	
hús 8	Ríkisbókhald	42.9	322,977	1,263,509	1944	
hús 8	Ríkisbókhald	129.6	975,023	3,814,361	1944	
hús 9	Ríkisbókhald	216.8	2,017,000	7,385,444	1938	
hús 10	Ríkisbókhald	191.3	4,242,000	10,285,503	1963	
hús 11	Ríkisbókhald	143.1	2,971,000	6,177,975	1964	
hús 11	Ríkisbókhald	134.3	2,811,000	5,798,058	1964	
hús 11	Ríkisbókhald	90.6	2,018,000	3,911,422	1964	
hús 12	Ríkisbókhald	46.7	1,238,000	2,075,624	1969	hús 12 - 10 fm ekki í notkun
hús 12	Ríkisbókhald	46.7	1,238,000	2,075,624	1969	
hús 12	Ríkisbókhald	93.3	2,337,000	4,146,803	1969	
hús 13.1	Ríkisbókhald	67.6	2,207,000	5,787,133	1974	
hús 13	Ríkisbókhald	45.5	1,555,000	3,895,186	1974	
hús 13.3	Ríkisbókhald	45.5	1,555,000	3,895,186	1974	
hús 13.4	Ríkisbókhald	67.6	2,207,000	5,787,133	1974	
hús 14	Ríkisbókhald	102.4	1,631,000	3,692,722	1955	mat á 1/2 húsi (1/2 er barnaheimil
einst.herb.12 samt.	Ríkisbókhald	150.5	3,259,000	6,689,109	1969	
einst.herb.13 samt.	Ríkisbókhald	117.0	3,076,000	10,016,192	1974	
620 DALVÍK						
Svarfaðarbraut 20	Fjárm.ráðun./Dalv.kaupst	277.8	8,880,000	18,714,000	1975	
Hjarðarslóð 3D	Hgst. Dalvík	117.2	4,282,000	8,503,000	1973	
625 ÓLAFSFJÖRÐUR						
Ægisbyggð 4	Ríkisbókh./Ólafsfj.kaups	198.7	6,413,000	12,737,000	1970	

Heiti lóðar (1)	Skráður eigandi (2)	Stærð húsnæðis í fm. (3)	Fasteigna-mat (4)	Brunabóta-mat bvt. 187.0 (5)	Byggingaár (6)	Athugasemdir (12)
640 HÚSAVÍK						
Garðarsbraut 71	Sjúkrah. Húsavík	45.9	2,075,000	4,138,000	1976	
Garðarsbr. 41 samt.					1967	
Íbúð 01 01	Sjúkrah. Húsavík	78.7	2,487,000	4,988,723		Brunab.mat 1.h. 9.516 þús.
Íbúð 01 02	Sjúkrah. Húsavík	42.2	1,416,000	2,675,020		
Íbúð 01 03	Sjúkrah. Húsavík	28.9	1,033,000	1,831,945		
Íbúð 02 01	Sjúkrah. Húsavík	115.8	4,023,000	8,043,897		Brunab.mat 2.h. 9.516 þús.
Íbúðarherb. 02 02	Sjúkrah. Húsavík	10.3	438,000	715,476		
Íbúðarherb. 02 03	Sjúkrah. Húsavík	10.6	448,000	736,315		
Fossvellir 16	Sjúkrah. Húsavík	194.2	6,530,000	8,403,000	1963	
Garðarsbraut 39	Sjúkrah. Húsavík	139.2	4,460,000	6,938,000	1964	
Höfðabrekka 12	Sjúkrah. Húsavík	170.1	6,001,000	8,892,978	1958	
Baldursbrekka 14	Sjúkrah. Húsavík	196.9	7,393,000	11,085,000	1970	Keypt 1991
Árholt 8	Sjúkrah. Húsavík	201.1	9,862,000	13,854,365	1977	
670 KÓPASKER						
Akurgerði 13	Hgst. Kópaskeri	166.4	3,146,000	10,753,000	1947	íbúð á efri hæð, hgst. á neðri hæð
Duggugerði 12	Hgst. Kópaskeri	181.0	4,570,000	9,129,000	1978	
97						
690 VOPNAFJÖRÐUR						
Kolbeinsgata 14	Vopnafj.hreppur	184.5	4,023,477	12,683,016	1963	með bílskúr
700 EGILSSTAÐIR						
Lagarás 16	Hgst. Egilsst.	292.5	8,179,000	15,396,000	1968	
Lagarás 20	Hgst. Egilsst.	178.8	4,912,000	8,364,000	1946	
Lagarás 22	Sjúkr. Egilsst.	176.8	5,834,000	12,729,000	1956	
Laufás 4	Hgst. Egilsst.	170.9	4,837,000	8,154,000	1951	
710 SEYÐISFJÖRÐUR						
Miðtún 7	Seyðisfj.kaupst.	163.1	5,291,000	11,247,000	1966	
Miðtún 10	Seyðisfj.kaupst.	352.2	10,150,000	19,659,000	1965	
735 ESKIFJÖRÐUR						
Strandgata 53	Eskifjarðarkaupst.				1964	ekki sér afmarkað frá hgst.
740 NESKAUPSTAÐUR						
Mýrargata 24	Neskaupstaður	165.0	8,174,000	15,920,000	1958	

Heiti lóðar (1)	Skráður eigandi (2)	Stærð húsnæðis í fm. (3)	Fasteigna-mat (4)	Brunabóta-mat bvt. 187.0 (5)	Byggingaár (6)	Athugasemdir (12)
750 FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR						
Hlíðargata 53 e-hæð	Búðahreppur	204.5	6,134,000	13,932,404	1973	
Hlíðargata 53 n-hæð	Búðahreppur	114.6	3,651,000	7,807,596	1973	
Hlíðargata 58		40.0	2,254,000		1980	stúdíoíbúð í hgst ekki sérafmarkað notuð í tengslum við komu sérfr.
765 DJÚPIVOGUR						
Hraun 2	Búlandshreppur	263.8	6,495,000	14,419,000	1961	íbúð í hgst. - ekki sér afmarkað
780 HÖFN						
Hrísbraut 11	Sýslunefnd A-Skaftaf.sýs	204.9	5,489,000	12,726,000	1975	með sólskála og bílskúr
Garðsbrún 2	A-Skaftafellssýsla	112.5	3,770,000	8,225,917	1961	
Garðsbrún 2	A-Skaftafellssýsla	138.2	4,668,000	10,105,083	1961	
Silfurbraut 6		79.6	2,811,000		1975	Selt 1991
Sunnubraut 3	Ríkisfjárh./Sýslunefnd A	239.2	8,526,000	16,754,162	1982	Keypt 1991
98						
800 SELFOSS						
Fossheiði 54 0101	Ríkisfjárhirsla/Hgst. Se	87.4	4,144,000	6,801,000	1976	keypt 1981
Fossheiði 54 0202	Ríkisfjárhirsla/Hgst. Se	52.9	2,571,000	4,588,000	1976	keypt 1981
Fossheiði 54 0203	Ríkisfjárhirsla/Sjúkr. S	50.0	2,359,000	3,988,469	1976	keypt 1990
Fossheiði 54 0204	Ríkisfjárhirsla/Sjúkr. S	53.8	2,587,000	3,870,720	1976	keypt 1990
850 HELLA						
Þrúðvangur 22	Hgst. Hellu	319.1	8,147,000	20,420,000	1955	
RÍKISSPÍTALAR:						
Gunnarsholt		144.7	2,237,000	5,394,044	1972	Akurhóll
Gunnarsholt		144.7	2,284,000	5,394,044	1972	Akurhóll
Gunnarsholt		129.5		6,518,000	1949	Kornbrekkur
870 VÍK						
emb.búst. samb. hgst		154.0	4,952,000	16,530,000	1980	
íbúð í hgst.		40.0			1976	ekki sér afmarkað
880 KIRKJUBÆJARKLAUSTUR						
Skriðuvellir 15	Hgst. Kirkjub.klaustri	249.6	4,511,000	9,039,664	1950	
íbúð í hgst.	Ríkisbókhald	40.0	1,033,277		1978	Stúdíóíbúð ekki sérafmörkuð í hgst

Heiti lóðar (1)	Starfsheiti leigjanda (7)	Greidd leiga á árinu 1990 (8)	Reiknuð leiga skv. reglugerð á ári (9)	á mánuði (10)	Hlutfall greiðslu m.v reikn. leigu (11)	Athugasemdir (12)
91						
RÍKISSPÍTALAR						
RVK OG NÁGRENNI						
VÍFILSTAÐIR						
Rimma 1	hjúkrunarfr.	139,981	193,865	16,155	72.21%	
Rimma 2	hjúkrunarfr.	137,684	238,603	19,884	57.70%	
Herragarður 1	hjúkrunarfr.	147,156	243,172	20,264	60.52%	
Herragarður 2	hjúkrunarfr.	113,636	189,295	15,775	60.03%	
Læknisbústaður 1	umsjónarmaður	246,208	399,633	33,303	61.61%	
Læknisbústaður 2	hjúkrunarfr.	157,152	255,070	21,256	61.61%	
Hjúkrunarbústaður 1	hjúkrunarfr.	134,316	163,664	13,639	82.07%	
Hjúkrunarbústaður 2	sjúkraþjálfari	78,279	163,664	13,639	47.83%	9 mán leiga
Yfirlæknishús	yfirlæknir	66,280	793,305	66,109	8.35%	
Íbúð 1	hjúkrunarfr.	90,476	185,453	15,454	48.79%	
Íbúð 2	hjúkrunarfr.	90,476	185,453	15,454	48.79%	
Íbúð 3	hjúkrunarfr.	95,060	194,713	16,226	48.82%	
Íbúð 4	hjúkrunarfr.	85,944	176,194	14,683	48.78%	
Ráðsmannabústaður 1	féstra	51,331	341,885	28,490	15.01%	11 mán leiga
Ráðsmannabústaður 2	sjúkraliði	55,840	341,885	28,490	16.33%	
KLEPPUR						
Kleppur 1	hjúkrunarfr.	120,012	224,433	18,703	53.47%	
Kleppur 3	hjúkrunarfr.	76,897	224,433	18,703	34.26%	
Kleppur 5	hjúkrunarfr.	88,608	224,433	18,703	39.48%	
Kleppur 7	hjúkrunarfr.	92,336	224,433	18,703	41.14%	
Kleppur 9	hjúkrunarfr.	64,808	224,433	18,703	28.88%	
Kleppur 11	hjúkrunarfr.	72,264	224,433	18,703	32.20%	
Bólst. v/Laufásveg	pípulagningam.	33,984	518,178	43,182	6.56%	6 mán leiga
ÖNNUBORG						
Herbergi 37	starfsmaður	14,003	37,484	3,124	37.36%	í öðrum helmingi hússins eru
Herbergi 40	starfsmaður	16,780	37,484	3,124	44.77%	6 íbúðir og eru 4 þeirra leigðar
Herbergi 41	starfsmaður	21,076	37,484	3,124	56.23%	út í dag.
Herbergi 42	starfsmaður	20,234	37,484	3,124	53.98%	
Herbergi 44	starfsmaður	20,614	37,484	3,124	54.99%	
220 HAFNARFJÖRÐUR						
Hörðuvellir 2	hjúkrfr/starfsst	313,400	309,972	25,831	101.11%	

Heiti lóðar (1)	Starfsheiti leigjanda (7)	Greidd leiga á árinu 1990 (8)	Reiknuð leiga skv. reglugerð á ári (9)	á mánuði (10)	Hlutfall greiðslu m.v reikn. leigu (11)	Athugasemdir (12)
92						
230 KEFLAVÍK						
Sólvallagata 8	yfirlæknir	184,325	566,028	47,169	32.56%	
245 SANDGERÐI						
Tjarnargata 11	hjúkrunarfr.	0	490,909	40,909	0.00%	
93						
300 AKRANES						
Heiðarbraut 31	læknakandidatar	59,400	93,181	7,765	63.75%	
Garðabraut 26	læknar	291,000	94,252	7,854	308.75%	
Heiðarbraut 32:			421,465	35,122	78.95%	
Starfsmannabúst.1-2	kennarar/-nemar	30,225	0	0		
Starfsm.búst. 3-12	hjúkrunarfræðing	295,273	0	0		
Starfsm.búst. kjall.	sérfræðingar	208,320	0	0		leigja sérfr.aðstöðu í starfsm.b.
310 BORGARNES						
Dílahæð 3	læknir	125,000	226,827	18,902	55.11%	
Dílahæð 5	læknir	15,000	270,876	22,573	5.54%	
Kleppjárnsreykir	bóndi sjá ath.se	142,000	312,720	26,060	45.41%	Læknisbústaður leigusamningur v/Snorra Kristleifss
345 FLATEY						
Læknishús	enginn	0	35,073	2,923	0.00%	
350 GRUNDARFJÖRÐUR						
Fossahlíð 3	læknir	0	225,025	18,752	0.00%	
355 ÓLAFSVÍK						
Sandholt 28	læknir	0	198,973	16,581	0.00%	
Túnbrekka 18	læknir	0	250,385	20,865	0.00%	
Hjarðartún 4-6	Ólafsv.bær/Sigl.	815,760	482,549	40,212	169.05%	
Hjarðartún 7	læknir	145,000	93,113	7,759	155.72%	
370 BÚÐARDALUR						
Bakkahvammur 1	yfirlæknir	120,000	207,464	17,289	57.84%	
Sunnubraut 7	læknir	145,668	246,334	20,528	59.13%	

Heiti lóðar (1)	Starfsheiti leigjanda (7)	Greidd leiga á árinu 1990 (8)	Reiknuð leiga skv. reglugerð á ári (9)	á mánuði (10)	Hlutfall greiðslu m.v reikn. leigu (11)	Athugasemdir (12)
94						
400 ÍSAFJÖRÐUR						
Urðarvegur 20	læknar	86,840	240,465	20,039	36.11%	5 mán. leiga
Urðarvegur 34	læknar	82,758	240,688	20,057	34.38%	5 mán. leiga
Urðarvegur 80	hjúkrfr/ljósm.	226,990	127,491	10,624	178.04%	
Seljalandsvegur 73	læknir	233,724	234,399	19,533	99.71%	
Seljalandsvegur 68	enginn - júní 91		181,056	15,088	0.00%	ekki á vegum FSÍ fyrr en í júní '91
BOLUNGARVÍK						
Höfðastígur 17	læknir	0	250,970	20,914	0.00%	
425 FLATEYRI						
Hrannargata 2	læknir	0	105,892	8,824	0.00%	
450 PATREKSFJÖRÐUR						
Mýrar 17	læknar	186,462	201,205	16,767	92.67%	10 mán leiga
Aðalstræti 51	ræstingakona	47,790	50,623	4,219	94.40%	
Hjallar 4	læknir/afleys.fó	73,312	232,761	19,397	31.50%	íbúð standsett fyrstu 5 mán ársins
Urðargata 17	læknir	0	200,499	16,708	0.00%	
Aðalstræti 90	gangastúlka	0	101,466	8,456	0.00%	
465 BÍLDUDALUR						
Tjarnarbraut 3	ekki í leigu	0	125,662	10,472	0.00%	íbúð í hgst sem ekki er notuð
470 ÞINGEYRI						
Aðalstræti 37	læknir	0	119,628	9,969	0.00%	engin leiga
Aðalstræti 37			43,617	3,635	0.00%	stendur auð
95						
510 HÓLMAVÍK						
Borgabraut 11	læknir	168,000	207,930	17,327	80.80%	
530 HVAMMSTANGI						
Spítalastígur 1	hjúkrunarfr.	97,503	88,520	7,377	110.15%	
Spítalastígur 5	læknir	152,852	201,147	16,762	75.99%	
Melavegur 15	hjúkrunarfr.	54,551	98,691	8,224	55.27%	6 mán leiga
Hvammstangabr. 13a	sjúkraþjálfari	83,504	92,409	7,701	90.36%	11 1/2 mán leiga
Strandgata 13	læknir	60,483	123,308	10,276	49.05%	7 1/2 mán leiga

Heiti lóðar (1)	Starfsheiti leigjanda (7)	Greidd leiga á árinu 1990 (8)	Reiknuð leiga skv. reglugerð á ári (9)	á mánuði (10)	Hlutfall greiðslu m.v reikn. leigu (11)	Athugasemdir (12)
540 BLÖNDUÓS						
Þverbraut 1			106,971	8,914	0.00%	keypt 28.02.91
Hnjúkabyggð 27 0301	hjúkrunarfr.	58,500	180,291	15,024	32.45%	8 mán leiga
Hnjúkabyggð 27 0202	hjúkrfr./læknar	81,500	97,845	8,154	83.30%	9 mán leiga
Hnjúkabyggð 27 0101	sjúkraþjálfari	103,000	97,150	8,096	106.02%	11 mán leiga
Flúðabakki 2	yfirlæknir	198,450	412,692	34,391	48.09%	
Flúðabakki 2	læknir	159,300	0	0		íbúð í sjúkrahúsi óskilgreint
Brimslóð 8 /2 íbúðir	sjúkrþj./sj.liði	282,000	0	0		**seld 3.jan. 1991**
Brekkubyggð 14	læknir	159,300	151,597	12,633	105.08%	
550 SAUÐÁRKRÓKUR						
Raftahlíð 35	Hjúkrunarfræðing	249,914	190,624	15,885	131.10%	
Raftahlíð 62	Hjúkrunarfræðing	179,761	146,621	12,218	122.60%	
Raftahlíð 62A	Læknir	30,040	53,414	4,451	56.24%	
Raftahlíð 62B	Hjúkrunarforstjó	31,341	73,100	6,092	42.87%	
Raftahlíð 64	Ljósmóðir	204,548	147,792	12,316	138.40%	
Raftahlíð 66	Ljósmóðir	204,548	147,792	12,316	138.40%	
Víðigrund 2	Hjúkrunarfræðing	30,000	58,341	4,862	51.42%	íbúð 01 02
Víðigrund 2	Hjúkrunarfræðing	167,931	108,032	9,003	155.45%	íbúð 03 01
Víðigrund 2	Hjúkrunarfræðing	5,800	91,407	7,617	6.35%	íbúð 03 02
Víðigrund 16	Sjúkraþjálfi	97,402	76,722	6,393	126.95%	
Sauðárhæðir	Læknir	152,182	0	0		Ekki sérst. afmarkað
Suðurbraut 15 HOFSÓS	Hjúkrunarfr.	0	101,911	8,493	0.00%	
96						
580 SIGLUFJÖRÐUR						
Hvanneyrarbraut 58	hjúkrunarfr.	131,800	72,021	6,002	183.00%	
Hvanneyrarbraut 58	hjúkrunarfr.	126,350	72,021	6,002	175.43%	
Hvanneyrarbraut 60	hjúkrunarfr.	131,800	72,021	6,002	183.00%	
Hvanneyrarbraut 64	hjúkrunarfr.	126,350	72,021	6,002	175.43%	
Ártún 1	læknir	117,250	302,280	25,190	38.79%	6 1/2 mán leiga
Ártún 3	læknir	231,718	229,241	19,103	101.08%	
Ártún 5	læknir	185,947	187,231	15,603	99.31%	10 1/2 mán leiga

Heiti lóðar (1)	Starfsheiti leigjanda (7)	Greidd leiga á árinu 1990 (8)	Reiknuð leiga skv. reglugerð á ári (9)	á mánuði (10)	Hlutfall greiðslu m.v reikn. leigu (11)	Athugasemdir (12)
600 AKUREYRI/EYJAF.SÝSLA						
Kristnesspítali:						
hús 5	hjúkrunarfr.	60,416	84,749	7,062	71.29%	
hús 5	yfirmatráðskona	33,307	133,017	11,085	25.04%	
hús 6	hjúkrunarforst.	40,963	43,019	3,585	95.22%	7 mán leiga
hús 6	læknir	24,120	84,646	7,054	28.50%	5 mán leiga
hús 7	rafvirki	60,039.	92,868	7,739	64.65%	
hús 8	yfirþvottak.	52,451	23,108	1,926	226.98%	
hús 8			69,760	5,813	0.00%	
hús 9	umsjónarmaður	70,123	135,071	11,256	51.92%	
hús 10	framkvæmdastj.	95,046	188,109	15,676	50.53%	
hús 11	yfirsjúkraþj.	73,678	112,988	9,416	65.21%	
hús 11	málari	73,678	106,039	8,837	69.48%	
hús 11	sjúkraliði	44,409	71,535	5,961	62.08%	
hús 12	sjúkraliði	52,795	37,961	3,163	139.08%	10 1/2 mán leiga
hús 12	sjúkraliði	16,772	37,961	3,163	44.18%	7 mán leiga
hús 12	sjúkraliði	11,980	75,840	6,320	15.80%	5 mán leiga
hús 13.1	hjúkr.fr./yfirlð	59,644	105,840	8,820	56.35%	6 mán + 5 mán leiga
hús 13	sjúkraliði	49,042	71,238	5,937	68.84%	
hús 13.3	sjúkraliði/lækni	17,166	71,238	5,937	24.10%	
hús 13.4	smiður	64,343	105,840	8,820	60.79%	
hús 14	hjúkrunarstj.	56,885	67,535	5,628	84.23%	
einst.herb.12 samt.	starfsm./sj.liði	86,489	122,336	10,195	70.70%	
einst.herb.13 samt.	sjúkraliði/stm.	64,284	183,184	15,265	35.09%	
620 DALVÍK						
Svarfaðarbraut 20	læknir	264,295	323,776	26,981	81.63%	
Hjarðarslóð 3D	læknir	88,607	135,606	11,301	65.34%	
625 ÓLAFSFJÖRÐUR						
Ægisbyggð 4	héraðslæknir	84,276	161,519	13,460	52.18%	

Heiti lóðar (1)	Starfsheiti leigjanda (7)	Greidd leiga á árinu 1990 (8)	Reiknuð leiga skv. reglugerð á ári (9)	á mánuði (10)	Hlutfall greiðslu m.v reikn. leigu (11)	Athugasemdir (12)
640 HÚSAVÍK						
Garðarsbraut 71	hjúkrunarfr.		75,679	6,307	0.00%	
Garðarsbr. 41 samt.		248,430	0	0	79.91%	
íbúð 01 01	afleysingalæknar		73,848	6,154		
íbúð 01 02	hjúkrunarfr.		48,923	4,077		
íbúð 01 03	hjúkrunarfr.		33,504	2,792		
íbúð 02 01	afleysingalæknar		128,057	10,671		
íbúðarherb. 02 02	hjúkrunarfr.		13,085	1,090		
íbúðarherb. 02 03	hjúkrunarfr.		13,466	1,122		
Fossvellir 16	læknar	162,000	141,810	11,818	114.24%	
Garðarsbraut 39	hjúkrunarfr.	166,320	126,887	10,574	131.08%	
Höfðabrekka 12	læknir	148,320	148,299	12,358	100.01%	
Baldursbrekka 14			202,731	16,894	0.00%	Keypt 1991
Árholt 8	læknir	190,410	234,480	19,540	81.21%	
670 KÓPASKER						
Akurgerði 13	hjúkrunarfr.	0	147,494	12,291	0.00%	íbúð á efri hæð, hgst. á neðri hæð
Duggugerði 12	læknir	136,932	114,841	9,570	119.24%	
97						
690 VOPNAFJÖRÐUR						
Kolbeinsgata 14	læknir	0	159,824	13,319	0.00%	íbúð + tannl.st.
700 EGILSSTAÐIR						
Lagarás 16	læknir	174,252	267,134	22,261	65.23%	
Lagarás 20			152,967	12,747	0.00%	
Lagarás 22	læknir	169,500	213,047	17,754	79.56%	
Laufás 4	læknir	104,600	136,038	11,336	76.89%	
710 SEYÐISFJÖRÐUR						
Miðtún 7	læknir	86,400	186,777	15,565	46.26%	
Miðtún 10	læknir	28,400	344,226	28,686	8.25%	3 mán leiga
735 ESKIFJÖRÐUR						
Strandgata 53	afleysingalæknar	0				ekki sér afmarkað frá hgst.
740 NESKAUPSTAÐUR						
Mýrargata 24	yfirlæknir	0	264,688	22,057	0.00%	

Heiti lóðar (1)	Starfsheiti leigjanda (7)	Greidd leiga á árinu 1990 (8)	Reiknuð leiga skv. reglugerð á ári (9)	á mánuði (10)	Hlutfall greiðslu m.v reikn. leigu (11)	Athugasemdir (12)
750 FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR						
Hlíðargata 53 e-hæð	læknir	151,431	177,087	14,757	85.51%	
Hlíðargata 53 n-hæð	hjúkr.fr.íbúð	48,051	107,094	8,924	44.87%	ekki starfandi hjúkrunarfræðingur
Hlíðargata 58	sérfræðingar	0				stúdíoíbúð í hgst ekki sérafmarkað notuð í tengslum við komu sérfr.
765 DJÚPIVOGUR						
Hraun 2	stendur autt	0	197,779	16,482	0.00%	
780 HÖFN						
Hrísbraut 11	læknir	46,000	215,705	17,975	21.33%	
Garðsbrún 2	læknir	38,400	130,383	10,865	29.45%	
Garðsbrún 2	sýslufulltr.	0	184,810	15,401	0.00%	
Silfurbraut 6	hjúkrunarfr.	0				Selt 1991
Sunnubraut 3						Keypt 1991
98						
800 SELFOSS						
Fossheiði 54 0101	hjúkrunarfr.	317,784	310,955	25,913	102.20%	keypt 1981
Fossheiði 54 0202	hjúkrunarfr.	192,348	209,772	17,481	91.69%	keypt 1981
Fossheiði 54 0203	hjúkrunarfr.	181,800	182,360	15,197	99.69%	keypt 1990
Fossheiði 54 0204	læknar	195,612	127,634	10,636	153.26%	keypt 1990
850 HELLA						
Þrúðvangur 22	læknir	333,420	355,902	29,658	93.68%	
RÍKISSPÍTALAR:						
Gunnarsholt	aðst.forstöðum.	58,936	98,650	8,221	59.74%	Akurhóll
Gunnarsholt	verkstjóri	56,212	98,650	8,221	56.98%	Akurhóll
Gunnarsholt	forstöðumaður	49,742	119,206	9,934	41.73%	Kornbrekkur
870 VÍK						
emb.búst. samb. hgst	læknir	192,000	302,313	25,193	63.51%	
íbúð í hgst.	sérfræðingar	0	0	0		ekki sér afmarkað
880 KIRKJUBÆJARKLAUSTUR						
Skriðuvellir 15	læknir	115,728	165,324	13,777	70.00%	
íbúð í hgst.			0	0		Stúdíóíbúð ekki sér afmörkuð í hgst

405. Lög [164. mál]

um breyting á lögum nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 23. jan.)

Samhljóða þskj. 178 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Lánasýsla ríkisins tekur frá sama tíma við umsjá allra eigna og skulda, krafna og skuldbindinga Framkvæmdasjóðs Íslands eins og þær standa við gildistöku laga þessara.

406. Lánsfjárlög [30. mál]

fyrir árið 1992.

(Afgreidd frá Alþingi 23. jan.)

I. KAFLI
Lántökur ríkissjóðs.
1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 13.950 m.kr. á árinu 1992.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1992 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána allt að 5.095 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, allt að 2.815 m.kr.
2. Alþjóðaflugþjónustan, allt að 480 m.kr.
3. Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar, allt að 1.650 m.kr.
4. Fiskeldisfyrirtæki, allt að 150 m.kr.

II. KAFLI
Ríkisábyrgðir.
4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1992, með þeim takmörkunum sem koma fram hér að neðan, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 845 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.

2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 2.785 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 5.640 m.kr., sbr. 64. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 12.000 m.kr., sbr. 35. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 700 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 850 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóður, allt að 1.600 m.kr., sbr. 6. og 10. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Ferðamálasjóður, allt að 130 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með síðari breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur eftirtalinna aðila á árinu 1992:

1. Herjólfur hf., allt að 400 m.kr. til smíði á nýrri ferju.
2. Hitaveita Akureyrar, allt að 356 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
3. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 21 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
4. Skallagrímur hf., allt að 85 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
5. Rafmagnsveitur ríkisins, allt að 76 m.kr. til kaupa á eignum Hitaveitu Seyðisfjarðar.

6. gr.

5. gr. laga nr. 44/1976, um Fisveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum, orðast svo:

Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnar til eftir 1. mars 1992.

7. gr.

Heimilt er að afnema ábyrgð ríkissjóðs á nýjum skuldbindingum sem Iðnþróunarsjóður stofnar til eftir gildistöku laga þessara, enda sé leitað eftir staðfestingu ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðeigandi breytingu á samningi um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, sbr. lög nr. 9/1970, með síðari breytingum.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að hluta eða öllu leyti í stað þess að veita ríkisábyrgð á lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2.–4. tölul. 4. gr. og í 5. gr. og endurlána til þeirra með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

Erlendar lántökur þeirra aðila sem tilgreindir eru í 1. mgr. og ríkissjóðs mega nema allt að 8.581 m.kr. á árinu 1992.

Frá hámarki því, er um getur í 2. mgr., má víkja svo fremi að nettó innstreymi erlends lánsfjár sé í samræmi við forsendur fjárlaga og lánsfjárlaga.

9. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast,
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum,
c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin voru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

10. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir II. kafla eða 9. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

11. gr.

Yfirtekin lán, ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila og milliganga um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytis, nú nr. 314/1990, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittra einstökum fyrirtækjum, teljast til lántöku og skulu rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

12. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

13. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að yfirtaka skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð allt að 1.700 m.kr.

14. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til veitingar ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla, gilda á árinu 1992. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. apríl 1993 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

407. Frumvarp til laga [234. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1990, um laun forseta Íslands.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

Orðin „og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum“ í 2. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1992.

Greinargerð.

Launakjör forseta Íslands eru ákveðin í sérlögum, nú lögum nr. 10/1990. Er það skv. 9. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að um greiðslur til forseta af ríkisfé skuli ákveðið í lögum. Launafjárhæðir eru svo ákveðnar af Kjaradómi.

Í lögunum um laun forseta Íslands segir að forsetinn sé undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum. Hann mun vera eini einstaklingurinn sem þeirra sérréttinda nýtur. Er alveg ljóst að þetta fyrirkomulag er ekki í anda ákvæða 78. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir að ekki megi leiða í lög nein sérréttindi sem bundin séu við aðal, nafnbætur eða lögtign.

Skattfrelsi forseta komst á strax þegar lýðveldið var stofnað 1944 og hafði raunar gilt um ríkisstjóra nokkur ár áður. Það blasir við hvaðan fyrirmyndin er sótt: til danska kóngsins. Frá alda öðli hafa kóngar og kóngafólk verið undanþegin sköttum og skyldum sem lögð hafar verið á þegnana. Þetta gilti líka um aðalinn, landaðalinn og síðar embættisaðalinn, en var afnumið þegar frelsishreyfingar tóku að móta þjóðfélagsskipunina á síðari hluta 18. aldar. Ákvæði 78. gr. íslensku stjórnarskrárinnar, sem er alveg hliðstæð 83. gr. dönsku stjórnarskrárinnar, eiga sér því augljósa sögulega skýringu í lýðræðisþróun síðustu alda. Í Bandaríkjunum, þar sem vagga lýðræðislegra stjórnarhátta stóð, greiðir forsetinn (eftir þeim upplýsingum sem flutningsmaður hefur) skatta og skyldur eins og aðrir landsmenn. Í Evrópu hefur jafnan verið umræða um að afnema bæri skattfrelsi kóngafólks og er skemmst að minnast þess að hún blossaði upp nú við 40 ára ríkisstjórnarafmæli Bretadrottningar.

Að dómi flutningsmanns ber að afnema úr lögum sérákvæði um skattfrelsi forseta lýðveldisins. Þau eru tímaskekkja og andstæð jafnréttishugmyndum þorra landsmanna.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að þessi breyting taki gildi 1. ágúst nk. til þess að ekki sé gengið gegn ákvæðum síðari málsliðar 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar um að óheimilt sé að lækka greiðslur til forseta á kjörtímabili hans.

408. Svar [231. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ólafs Þ. Þórðarsonar um Marshall-aðstoðina.

Hvaða skuldbindingar tóku Íslendingar á sig vegna Marshall-aðstoðarinnar?

Þær skuldbindingar voru mjög óverulegar. Þó fylgdu aðstoðinni almenn skilyrði sem allir, er aðstoðar nutu, þurftu að uppfylla. Marshall-aðstoðin var kennd við George C. Marshall, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Hún var veitt til viðreisnar og eflingar atvinnulífi Evrópulanda eftir síðari heimsstyrjöldina. Aðalskilyrðið, sem Bandaríkin settu fyrir aðstoðinni, var að Evrópuríkin tækju upp með sér samvinnu um viðreisn efnahagslífsins og notkun Marshall-aðstoðarinnar. Löndin, sem tóku boði Bandaríkjanna um aðstoð, mynduðu með sér samtök, Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (The Organization for European Economic Cooperation) OEEC, með aðsetri í París. Ísland gerðist aðili að þessum samtökum og uppfyllti þar með aðalskilyrði Bandaríkjanna fyrir aðstoð. Stofnskrá OEEC var undirrituð í París 16. apríl 1948. Í 1. gr. stofnskrárinnar er tilgangi samtakanna lýst svo:

„Samningsaðilar eru samþykkir því að hafa með sér nána samvinnu í efnahagsmálum. Þeir munu þegar í stað beita sér fyrir því að semja sameiginlega viðreisnaráætlun og framkvæma hana. Markmið áætlunar þessarar mun verða að ná sem fyrst og viðhalda fullnægjandi efnahagsafköstum án óvenjulegrar utanaðkomandi aðstoðar og mun því í áætluninni sérstaklega tekið tillit til þess að samningsaðilarnir þurfa að auka sem mest útflutning til þeirra ríkja sem ekki taka þátt í henni.“

Í samræmi við stofnskrá OEEC samdi Ísland framkvæmdaáætlun til fjögurra ára. Í henni var gert ráð fyrir kaupum á togurum, byggingu hraðfrystihúsa og fiskimjölsverksmiðja, byggingu áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju og tveggja virkjana, Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar, svo það helsta sé nefnt.

Hve há upphæð í dollurum kom í Mótvirðissjóðinn og hve há var sú tala í íslenskum krónum?

Efnahagsaðstoð Bandaríkjanna var þrenns konar: Óafturkræf framlög, lán og skilorðsbundin framlög.

Á tímabilinu frá 1948 til maí 1953, þegar efnahagsaðstoðinni lauk, létu Bandaríkjamenn Íslendingum í té samtals 38.650.000 dollara en reiknað á núgildandi gengi eru það 2.234,4 millj. kr.

Þessi upphæð skiptist þannig:

	Dollarar
Óafturkræf framlög	29.850.000
Lán	5.300.000
Skilorðsbundin framlög	3.500.000
Samtals	**38.650.000**

Notkun óafturkræfra framlaga eða gjafa var í stuttu máli með þessum hætti:

Að beiðni íslensku ríkisstjórnarinnar gáfu Bandaríkjamenn út innkaupaheimildir fyrir þeim vörum og verðmæti sem óskað var eftir að kaupa frá Bandaríkjunum og öðrum dollaralöndum. Samkvæmt þessum innkaupaheimildum fengu innflytjendur pöntunarheimildir hjá viðskiptaráðuneytinu, nokkurs konar ávísanir á Marshall-dollara, sem bandarískir bankar innheimtu gegn afhendingu tilskilinna sönnunargagna fyrir afgreiðslu vörunnar til Íslands. Landsbankinn og Útvegsbankinn seldu innflytjendum sem höfðu pöntunarheimild dollara á venjulegan hátt en jafnvirði þeirra, að frádregnum 5% og síðar 10%, var síðan greitt inn á sérstakan reikning hjá Landsbankanum, hinn svokallaða Mótvirðissjóð.

Alls voru greiddar inn í Mótvirðissjóð 433,7 millj. kr. eða 26.575.000 dollarar á þágildandi gengi. Á núgildandi gengi er hér um að ræða 1.536,3 millj. kr.

Hvernig var fjármunum Mótvirðissjóðs ráðstafað?

Fyrst og fremst var þeim fjármunum varið til þriggja stórframkvæmda: Til Sogsvirkjunar, Laxárvirkjunar og Áburðarverksmiðjunnar.

Alþingi heimilaði lánveitingu af mótvirðisfé til þessara þriggja stórframkvæmda. Var Framkvæmdabanki Íslands stofnaður árið 1953 til að sjá um þessar lánveitingar. Fé Mótvirðissjóðs skiptist sem hér segir:

	Millj. kr.
Sogsvirkjun	117,0
Laxárvirkjun	43,0
Áburðarverksmiðjan	76,0
Framkvæmdabanki — til útlána	7,0
Framkvæmdabanki — innstæða	128,7
Landsbanki Íslands — innstæða	62,0

Hver urðu örlög sjóðsins?

Örlög Mótvirðissjóðs urðu þau að Framkvæmdabankinn tók við fjármunum hans. Bankinn fékk sem stofnfé þau skuldabréf sem höfðu verið gefin út vegna lána til stórframkvæmdanna.

409. Fyrirspurn [235. mál]

til umhverfisráðherra um ósoneyðandi efni.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig hefur miðað samdrætti í notkun ósoneyðandi efna hérlendis með tilliti til Montreal-bókunar Vínarsáttmálans frá því Íslendingar undirrituðu sáttmálann 1989?
2. Hvaða áætlanir liggja nú fyrir um minnkandi notkun ósoneyðandi efna (klórflúorkolefna og halona) hérlendis?
3. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir strangari aðgerðum af Íslands hálfu en nú er kveðið á um í Montreal-bókuninni, t.d. stöðvun á notkun ósoneyðandi efna fyrir árið 1995?

410. Fyrirspurn [236. mál]

til menntamálaráðherra um kennslutíma í grunnskólum.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hvaða breytingar hafa orðið og hvenær á vikulegum kennslutíma (talið í mínútum) á hvern nemanda í hverjum árgangi í grunnskóla (barnaskóla, gagnfræðaskóla) frá árinu 1960 og fram á yfirstandandi skólaár?
2. Hve mikið á að skerða kennslutíma í hverjum árgangi skólaárið 1992–1993?
3. Hve mikla lækkun á fjárveitingum til menntamála er talið að sú skerðing hafi í för með sér á haustönn?

Greinargerð.

Í sjónvarpsviðtali 5. febrúar sl. sagði menntamálaráðherra að í ákveðnum tilvikum geti kennslutími í efstu bekkjum grunnskóla orðið skemmri eftir þá skerðingu sem nú er fyrirhuguð en hann var árið 1960. Ráðherra hefur ítrekað talað um að kennslutími nemenda í grunnskólum verði skertur á þessu ári með það að markmiði að ná fram sparnaði í ríkisrekstri.

Fyrirspurnin er borin fram til að fá upplýst hvort og þá hve mikið kennslutími grunnskólanema hefur styst sl. 30 ár og hve mikið skerðing á kennslutíma næsta skólaár „sparar“ ríkissjóði.

Skriflegt svar óskast.

411. Frumvarp til laga [237. mál]

um lögfræðiráðgjöf og aðstoð í hjúskapar-, sambúðar- og sifjaréttarmálum.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

Rétt til lögfræðiráðgjafar og lögfræðiaðstoðar samkvæmt lögum þessum eiga allir þeir sem eiga lögheimili hérlendis og hafa ekki hærri árstekjur en sem nemur tvöföldum þeim tekjuskattsstofni sem ekki greiðist tekjuskattur af, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt. Mæðralaun skulu í þessu tilviki ekki teljast til tekjuskattsstofns. Sá sem hefur barn eða börn á framfæri sínu hefur enn fremur rétt til að draga frá tekjuskattsstofni upphæð sem svarar til meðlags, barnabóta og barnabótaauka.

2. gr.

Einstaklingur, sem þarf á lögfræðiráðgjöf eða aðstoð að halda, skal framvísa afriti af síðasta skattframtali sínu eða sambærilegum gögnum til lögmanns til staðfestingar tekjum þannig að ljóst sé að hann eigi rétt á lögfræðiþjónustu skv. 1. gr.

3. gr.

Með lögfræðiráðgjöf er átt við ráðgjöf og upplýsingar varðandi réttarstöðu aðila í hjúskap og í óvígðri sambúð, svo sem við slit hjúskapar og við slit sambúðar.

Að jafnaði skal gengið út frá að ráðgjöfin miðist við eitt viðtal.

Það telst óvígð sambúð ef karl og kona stofna til sambúðar og hafa átt barn saman eða konan er þunguð af hans völdum eða ef sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

4. gr.

Með lögfræðiaðstoð er átt við aðstoð vegna mála er aðilar eiga í varðandi forsjár-, framfærslu- og umgengnisréttarmál, við minni háttar búskipti og önnur mál er á reynir í þessum málaflokkum.

Skal lögfræðiaðstoðin miða að því að endanleg niðurstaða eða samkomulag náist í málinu.

5. gr.

Öllum starfandi lögmönnum er skylt að veita þeim er til þeirra leita lögfræðilega ráðgjöf eins og hún er skilgreind í 3. gr.

Sama skylda hvílir ekki á starfandi lögmönnum varðandi lögfræðiaðstoð skv. 4. gr. laga þessara. Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá yfir starfandi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn sem gefa kost á sér til að veita almenningi lögfræðiráðgjöf og aðstoð samkvæmt lögum þessum.

Lögmenn skulu veita aðstoð og ráðgjöf nema þeir telji slíkt brjóta í bága við siðareglur lögmanna eða starfsannir þeirra banni.

Ef ekki er kostur á þjónustu starfandi lögmanna eða fulltrúa þeirra getur dómsmálaráðuneytið heimilað öðrum lögfræðingum að láta í té ráðgjöf skv. 3. gr.

6. gr.

Fyrir lögfræðiráðgjöf og aðstoð samkvæmt lögum þessum skal greitt í samræmi við gjaldskrá Lögmannafélags Íslands sem staðfest er af dómsmálaráðuneytinu, enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi sem dómsmálaráðherra ákveður, ásamt afriti af skattframtali skjólstæðings eða sambærilegum gögnum, sbr. 2. gr.

Fyrir lögfræðiráðgjöf samkvæmt lögum þessum greiðist föst þóknun er miðast við munnlegar álitsgerðir og lögfræðilegar leiðbeiningar, sbr. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og skal ríkissjóður greiða þrjá fjórðu hluta þóknunar en skjólstæðingur fjórðung.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd lögfræðiaðstoðar skv. 4. gr. Jafnan skal miðað við að ríkissjóður greiði þrjá fjórðu hluta þóknunarreiknings lögmanns en skjólstæðingur fjórðung. Dómsmálaráðherra getur ákveðið að lækka eða fella greiðslu skjólstæðings niður ef sérstakar ástæður mæla með því.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 112. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförnum áratugum og sífellt koma upp mál er benda til þess að almenningur sé mjög illa að sér um réttarstöðu sína í ýmsum málum. Þetta kemur ekki síst í ljós við hjónaskilnað og sambúðarslit. Því varðar miklu að fólk eigi greiðan aðgang að lögfræðiráðgjöf og aðstoð.

Þau atriði, sem oft valda deilum, snerta gjarnan lagalega stöðu aðila. Þetta á ekki eingöngu við atriði er snerta eignaskipti heldur einnig þau atriði er varða umgengni, framfærslu og forsjá barna. Erfiðleikar við skilnað og sambúðarslit bitna oft hart á börnum og því ætti að leitast við að gera þann feril eins auðveldan og mögulegt er.

Það er mat flutningsmanna að ekki þyrfti alltaf til skilnaðar eða sambúðarslita að koma ef fólk ætti kost á ráðgjöf þar sem því væri gerð ljós í tíma réttarstaða þess og leyst væri úr vandamálum sem geta virst óyfirstíganleg en eru ef til vill ekki eins flókin og hlutaðeigendur álíta.

Tryggja þarf að sérhver einstaklingur hafi tækifæri til að leita sér lögfræðiþjónustu án tillits til efnahags. Þeir sem ekki hafa fjárhagslega getu til að kaupa sér þjónustu lögmanna fullu verði eiga nú um tvo kosti að velja, að leita til ráðgjafar Orators, félags laganema, eða til Kvennaráðgjafarinnar. Eins og heiti Kvennaráðgjafarinnar ber með sér er hún sérstaklega hugsuð fyrir konur og þangað hefur mikill fjöldi kvenna leitað þau sex ár sem ráðgjöfin hefur verið starfrækt. Það eru ekki síst konur sem standa uppi varnarlausar gagnvart lagakrókum sem beitt er í forsjár-, skilnaðar- og sambúðarslitamálum. Þær hafa oft og tíðum ekki fjárhagslega getu til að leita sér lögfræðiþjónustu. Karlar hafa hærri tekjur en konur, svo sem kunnugt er, og geta því yfirleitt greitt fyrir lögfræðiþjónustu ef þeim sýnist svo. Það er óverjandi að fjárhagsleg staða ráði því hvort fólk leitar lögfræðiþjónustu þegar vanda ber að höndum og af þeim sökum er þetta frumvarp lagt fram.

Á löggjafarþinginu 1974–75 var lögð fram þingsályktunartillaga um lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk. Þeirri tillögu var vísað til ríkisstjórnarinnar. Á 102. löggjafarþingi, 1979–80, lagði þáverandi dómsmálaráðherra, Vilmundur Gylfason, fram frumvarp um lögfræðiaðstoð. Því var vísað til nefndar en ekki afgreitt þaðan. Í umræddu frumvarpi var gert ráð fyrir að efnalítið fólk gæti fengið niðurgreidda lögfræðiaðstoð í fleiri málaflokkum en lagt er til í því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Ástæða þess að flutningsmenn einskorða sig við mál er snerta hjúskapar-, sambúðar- og sifjaréttarmál er sú að þeir telja þau mál eiga að hafa forgang verði lögfræðiráðgjöf eða lögfræðiaðstoð komið á laggirnar. Mjög oft koma börn við sögu í þessum málum og þar sem þau eiga hlut í ber að stuðla að því að réttinda allra sé gætt og mál gangi svo greiðlega sem kostur er. Þá þótti flutningsmönnum rétt að benda á skjótvirka leið til að bæta úr brýnni þörf fyrir lögfræðiaðstoð. Í stjórnarfrumvarpi um fjölskylduráðgjöf, sem lagt var fram á Alþingi veturinn 1988–89, er lagt til að sett verði á stofn sérstök miðstöð fjölskylduráðgjafar þar sem sálfræðingar og lögfræðingar annast ásamt öðrum fræðslu um málefni barna í tengslum við sambúðarslit foreldra og leiðbeini um úrlausn í forsjár- og umgengnisréttarmálum. Þessu frumvarpi var vísað til nefndar en var ekki afgreitt þaðan. Í því frumvarpi, sem hér er lagt fram, er bent á greiðari leið til að bæta úr brýnustu þörfinni á lögfræðiráðgjöf og lögfræðiaðstoð í þessum málaflokkum. Það er þó skoðun flutningsmanna að fengur yrði að sérstakri stofnun sem veitti alhliða fjölskylduráðgjöf.

Samkvæmt frumvarpi þessu yrði um tvenns konar þjónustu að ræða, annars vegar *lögfræðiráðgjöf* og hins vegar *lögfræðiaðstoð*. Sambærileg þjónusta hefur verið í boði annars staðar á Norðurlöndum og í Bretlandi um alllangt skeið.

Lögfræðiráðgjöf og lögfræðiaðstoð, eins og lögð er til í þessu frumvarpi, má líta á sem neyðarhjálp þegar í óefni er komið. Hins vegar er ljóst að mikil þörf er á fyrirbyggjandi aðgerðum og má þar t.d. nefna fjölskylduráðgjöf. Þannig mætti hugsanlega koma í veg fyrir að mál þróuðust á þann veg að fólk teldi einu lausnina vera skilnað eða sambúðarslit. Flutningsmenn telja að ráðgjöf og aðstoð samkvæmt frumvarpinu ætti að vera auðvelt að koma á án langs undirbúnings. Væri þá tryggt að þeir sem þyrftu fengju þá aðstoð við málflutning sinn sem nauðsynleg er.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til barnalaga og samkvæmt því er gert ráð fyrir að möguleikar verði á sameiginlegri forsjá beggja foreldra með börnum sínum eftir skilnað. Því er enn brýnna en áður að foreldrar eigi kost á sem bestri ráðgjöf í skilnaðarmálum og frumvarpið er þáttur í þeirri viðleitni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er fjallað um hverjir skulu eiga rétt á lögfræðiráðgjöf og lögfræðiaðstoð. Markmiðið er að auðvelda tekjulágu fólki aðgang að þessari þjónustu. Vandasamt er að ákveða hvar setja skuli mörkin þegar ákveða á hverjir skuli njóta þjónustu eins og þeirrar er hér um ræðir. Gæta verður þess að viðmiðun sé ekki svo lág að þeir sem þurfa eigi ekki rétt á þessari þjónustu. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er ákvarðaður tekjuskattsstofn sem ekki greiðist tekjuskattur af. Sá skattstofn er svo lágur að mönnum er gert að greiða skatt af tekjum sem eru langt undir mörkum mannsæmandi framfærslu. Því er hér lagt til að miða við tvöfaldan tekjuskattsstofn sem ekki greiðist tekjuskattur af.

Lagt er til að mæðralaun teljist ekki til tekjuskattsstofns samkvæmt frumvarpinu. Enn fremur er lagt til að upphæð, sem svarar til meðlags, barnabóta og barnabótaauka, dragist frá tekjuskattsstofni. Þetta eru greiðslur sem ætlað er að kosta framfærslu barna og því óeðlilegt að þær teljist tekjur foreldra.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar miðast við að þeir njóti aðstoðarinnar sem fjárhags síns vegna þurfa á henni að halda miðað við þær forsendur sem gefnar eru í 1. gr. Á undanförnum árum hafa rauntekjur fólks farið lækkandi, einkum í þjónustustörfum, en þar eru konur langflestar. Til að þessi lagagrein nái tilgangi sínum verður að vera hægt að taka tillit til tekna á þeim tíma sem aðstoðarinnar er óskað. Skattframtal sl. árs er því ekki alltaf rétt viðmiðun. Launaseðlar yfirstandandi árs eða önnur gögn, sem sýna fram á lágar tekjur eða tekjuleysi, geta því verið nauðsynleg sönnun þess að viðkomandi eigi rétt á þjónustunni skv. 1. gr.

Um 3. gr.

Hér er tekið fram hvað felst í ráðgjöf og hverjir eiga rétt á að njóta hennar. Við ráðgjöfina er rétt að fólki sé gert ljóst hver kostnaður þess geti hugsanlega orðið kjósi það að reka mál sín lengra.

Almenningur á ekki greiðan aðgang að upplýsingum um réttarfarslega stöðu sína, hvorki í þeim málum sem hér um ræðir né öðrum. Lögum og reglum er sífellt breytt þannig að erfitt getur verið fyrir einstaklinga að átta sig á því hver réttur þeirra er. Það

getur því verið gagnlegt fyrir fólk að eiga möguleika á að hitta lögmann í eitt skipti til að fá upplýsingar um réttarfarslega stöðu sína. Með því móti má jafnvel koma í veg fyrir að mál þróist á þann veg að til skilnaðar eða sambúðarslita komi. Slík ráðgjöf ætti að geta nægt til þess að hver og einn þekkti réttindi sín og stöðu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fólk geti leitað til lögmanna og fengið slíka ráðgjöf niðurgreidda samkvæmt ákveðnum reglum. Þessa þjónustu eiga allir starfandi lögmenn að veita.

Ástæða þess að ráðgjöf miðast við eitt viðtal er sú að telja má að það nægi til að skýra réttarstöðu einstaklings í hjúskap eða sambúð og veita almennar ráðleggingar sem gætu nægt til að skýra þau mál sem viðkomandi þarf upplýsingar um.

Um 4. gr.

Í greininni er lögfræðiaðstoð skilgreind. Lögfræðiaðstoð tekur við eftir að ráðgjöf hefur farið fram vilji viðkomandi fylgja málum sínum eftir. Oft og tíðum enda mál vegna skilnaðar eða sambúðarslita fyrir dómstólum og þá er nauðsynlegt að tryggja að báðir aðilar málsins hafi lögmann til að annast mál sín.

Ef um efnalítið fólk er að ræða getur það reynst því ofviða og er því lagt til að ríkisvaldið komi til móts við það og greiði niður aðstoð vegna hjúskapar-, sambúðar- og sifjaréttarmála.

Þau minni háttar búskipti, sem tilgreind eru í lagagreininni, geta einnig tekið til erfðamála að því leyti er þau kunna að tengjast málum þeim er greinin fjallar um.

Um 5. gr.

Fyrsta málsgrein varðar það að öllum lögmönnum sé skylt að veita ráðgjöf, sé þess óskað, og almennar upplýsingar sem allir lögmenn kunna skil á.

Lögfræðiaðstoð varðandi þá málaflokka, sem frumvarpið fjallar um, er mun sérhæfðari og því ástæða til að sú skylda hvíli ekki á lögmönnum að láta hana í té, heldur að þeir einir sem áhuga hafa og óska þess fjalli um slík mál. Úti á landi er ekki alls staðar kostur á lögmannaþjónustu og er dómsmálaráðuneytinu gert að taka tillit til þess samkvæmt síðustu málsgrein þessarar greinar.

Þessa þjónustu munu þeir héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn veita sem hafa gefið kost á sér til þess. Skal dómsmálaráðuneytið halda skrá yfir þá lögmenn sem gefa kost á sér til að veita lögfræðiaðstoð í þeim málaflokkum sem þetta frumvarp fjallar um. Á þennan hátt er reynt að tryggja að þeir sem þurfa á þessari þjónustu að halda standi ekki frammi fyrir því að leita til lögmanns sem ef til vill hefur ekki áhuga á að sinna málinu en sér sig nauðbeygðan til þess vegna lagaboða.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um gjaldtöku vegna lögfræðiráðgjafar og aðstoðar samkvæmt frumvarpi þessu. Ekki þykir ástæða til að hafa aðra viðmiðun en staðfesta gjaldskrá Lögmannafélagsins og lagagreinin miðast við að gera endurkröfu lögfræðinga á dómsmálaráðuneytið eins einfalda og kostur er.

Flutningsmenn frumvarpsins telja æskilegt að notendur þessarar þjónustu greiði sjálfir hluta kostnaðar, en á hinn bóginn verður að gæta þess að sá kostnaður verði í engu tilviki notanda ofviða. Hlutur skjólstæðingsins fer m.a. eftir því hversu viðamikið málið er. Því er í lagagreininni heimild til ráðherra að lækka þessa greiðslu eða fella hana niður.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

412. Fyrirspurn [238. mál]

til félagsmálaráðherra um úrræði fyrir vegalaus börn.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hve mörg börn eru talin „vegalaus“ að mati félagsmálaráðuneytisins?
2. Hvar eru þau börn aðallega vistuð um þessar mundir?
3. Hvaða úrræði eru nauðsynleg að mati ráðherra til þess að koma til móts við þarfir þessara barna?
4. Hvaða áform eru á döfinni af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum?

413. Fyrirspurn [239. mál]

til félagsmálaráðherra um staðfestingu alþjóðasamþykktar um jafnrétti karla og kvenna.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum verði staðfest af ríkisstjórn Íslands?
2. Ef svo er, hvenær má vænta þess að samþykktin verði staðfest?
3. Hvaða lögum telur ráðherra óhjákvæmilegt að breyta verði Ísland aðili að þessari samþykkt?

414. Fyrirspurn [240. mál]

til sjávarútvegsráðherra um vanda rækjuiðnaðarins.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir aðgerðum til þess að bæta rekstrarstöðu rækjuvinnslunnar í landinu?

415. Fyrirspurn [241. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu táknmálstúlkunar.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

1. Hve mörg heyrnarskert ungmenni hafa útskrifast úr grunnskóla og bíða eftir að geta komist í framhaldsskólanám en komast ekki í námið vegna skorts á táknmálstúlkun?

2. Hve margir táknmálstúlkar eru starfandi í landinu?
3. Hvað líður kennslu fyrir táknmálstúlka við Háskóla Íslands? Hefur fé verið tryggt til þess að slík kennsla komist á hið fyrsta?

416. Fyrirspurn [242. mál]

til félagsmálaráðherra um úrræði fyrir fatlaða.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

1. Hve margir fatlaðir hafa misst atvinnu nú á síðustu atvinnuleysismánuðum?
2. Hvað hyggst ráðherra gera til þess að bæta stöðu þeirra fatlaðra sem standa uppi atvinnulausir og eiga því fáar færar leiðir?

417. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978, sbr. lög nr. 85 1. júní 1989.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Þorgeir Örlygsson prófessor.

Frumvarpið felur í sér að málskot úrlausna í þinglýsingarmálum verður borið undir héraðsdómara í lögsagnarumdæmi þinglýsingarstjóra. Úrskurði héraðsdómara verður skotið til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum um kæru úrlausna í einkamálum. Verður þinglýsing því dómsathöfn líkt og í núgildandi þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

Frumvarpið mælir fyrir um breytingu á lögum nr. 85/1989 sem breyttu þinglýsingalögum, nr. 39/1978. Lög nr. 85/1989 taka gildi 1. júlí nk. og eru sett í tengslum við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sbr. lög nr. 92/1989, og breyta reglum um málskot í úrlausnum þinglýsingarmála verulega þannig að þinglýsing verði stjórnvaldsathöfn í stað dómsathafnar áður. Með lögum nr. 85/1989 var gerð grundvallarbreyting á eðli þinglýsingar með því að gera hana að stjórnvaldsathöfn en þegar málið var skoðað betur kom í ljós að það fyrirkomulag, sem þetta frumvarp mælir fyrir um, mun þykja hentugra.

Samkvæmt lögum nr. 85/1989 á þinglýsingarbeiðandi, sem sættir sig ekki við úrlausn þinglýsingarstjóra, tvo kosti. Annars vegar getur hann kært úrlausnina til dómsmálaráðuneytisins með stjórnsýslukæru en ekki verður séð af nefndum lögum að dómsmálaráðuneytið geti almennt verið vettvangur þess mats sem þarf að fara fram ef leysa á úr efnisatvikum að baki skjali. Hins vegar getur þinglýsingarbeiðandi höfðað mál til ógildingar úrlausninni. Dómur héraðsdóms í máli til ógildingar verður borinn undir Hæstarétt með áfrýjun.

Það getur tekið mjög langan tíma að fá úrlausn um þinglýsingarágreining ef allra leiða er leitað sem lög nr. 85/1989 koma til með að heimila, allt að þremur til fjórum árum. Málskotsleiðin, sem frumvarpið mælir fyrir um, styttir þann tíma verulega. Gæti málsmeðferðin samkvæmt því tekið átta til tíu vikur. Málsmeðferðin mun verða einfaldari og horfir til aukins réttaröryggis.

Mælir meiri hluti nefndarinnar með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. febr. 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. | Anna Ólafsdóttir Björnsson. | Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson. | Ingi Björn Albertsson. | Jón Helgason.
Ólafur Þ. Þórðarson. | Össur Skarphéðinsson.

418. Svar [207. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Sigbjörns Gunnarssonar um gjaldtöku Flugmálastjórnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða breytingar hafa orðið á eftirtöldum gjöldum Flugmálastjórnar, sem innheimt eru af flugrekendum, á árunum 1987–1991:

a. lendingargjöldum,
b. aukaopnun á flugvöllum,
c. skoðunar- og eftirlitsgjöldum loftfara,
d. skoðunar- og eftirlitsgjöldum vegna nýskráningar loftfara,
e. endurnýjun lofthæfisskírteina loftfara,
f. útgáfu lofthæfisskírteina loftfara?

Óskað er eftir að tölur verði færðar til núvirðis.

Gjöld, sem um er spurt, eru fest í gjaldskrám sem gefnar eru út af samgönguráðuneytinu á hverjum tíma og voru þær notaðar sem heimild til að svara fyrirspurninni. Framreikningur til núvirðis er miðaður við framfærsluvísitölu eins og hún var á hverjum tíma uppreiknuð til verðlags gildistöku síðustu gjaldskráa en það var 1. janúar 1991.

Hér fara á eftir svör við einstökum liðum fyrirspurnarinnar:

a. Lendingargjöld.

Lendingargjöld eru tvíþætt í eðli sínu, annars vegar föst gjöld og hins vegar gjöld á 1.000 kg og er þá miðað við massa flugvéla. Lendingargjöld hafa tekið nokkrum breytingum í uppbyggingu á tímabilinu 1987–1991 og því ekki til samanburðartölur fyrir alla liði á öllum tímabilum.

Lendingargjöld innan lands	1.1.'91	1.1.'90	1.9.'89	1.9.'89	15.4.'88	1.1.'88	1.3.'86
2.000–4.999 kg[1]	570	590	684	772	760		
5.000–9.000 kg[1]	850	869					
9.000 kg og yfir	185	188	171[3]	166[3]	160[3]	97[2]	104[2]

[1]Fast gjald óháð þyngd.

[2]Loftfar knúið hverfilhreyflum.

[3]Fyrir öll loftför yfir 5.000 kg.

b. Aukaopnun á flugvöllum.

Aukaopnun á flugvöllum er reiknuð sem útkall flugvallareftirlitsmanns í launaflokki 235 en útkall er fjórir tímar.

Aukaopnun flugvalla	1.1.'91	1.1.'90	1.9.'89	1.6.'89	15.4.'88	1.1.'88	1.3.'86
Gjald alls	2.837	2.311	2.409	2.515	2.815	2.869	3.485

c. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.

Þessi gjöld eru eins og lendingargjöld tvíþætt, annars vegar fast gjald og hins vegar gjald á kg miðað við hámarksflugtaksþunga.

Skoðunar- og eftirlitsgjald loftfara	1.1'91	1.7'90	1.1.'90	1.6'89	1.1.'88	1.1.'86
>2.700 kg	10.400	10.211				
fast gjald á kg	7,10	6,90				
2.701–5.700	14.700	14.296	4.829	4.987		
fast gjald á kg	5,75	5,62	7,41	7,72	9,12	6,90
5.701–50.000	60.000	56.164	53.661	49.872	30.005	39.330
fast gjald á kg	5,75	5,62	5,90	5,58	4,12	3,11
yfir 50.000	351.000	331.881	332.669	308.737	234.682	176.870
fast gjald á kg	3,35	3,17	3,33	3,21	2,11	1,61

d. Skoðunar- og eftirlitsgjöld vegna nýskráningar loftfara.

Sama gjaldskrá gildir hér og fyrir c-lið.

e. Endurnýjun lofthæfisskírteina loftfara.

Endurnýjun lofthæfisskírteina loftfara	1.1.'91	1.7.'90	1.1.'90	1.6.'89	1.1.'88	1.3.'86
Gjöld alls	7.400	7.148	5.903	4.750	3.509	1.035

f. Útgáfa lofthæfisskírteina loftfara.

Fyrir þessa þjónustu er greitt samkvæmt c-lið.

419. Fyrirspurn [243. mál]

til landbúnaðarráðherra um stöðu leiguliða á bújörðum og greiðslur fyrir fullvirðisrétt.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hvaða reglur gilda um greiðslur til bænda fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar samkvæmt búvörusamningi þegar jörð er í leigu, annars vegar þegar um er að ræða ríkisjarðir og hins vegar aðrar jarðir?
2. Ef greiðsla til bænda fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar gengur til leiguliða getur þá landsdrottinn krafið leiguliða um greiðsluna?
3. Ef greiðslan gengur til leiguliða er hann þá bótaskyldur vegna rýrnunar fullvirðisréttar þegar hann stendur upp af jörðinni?
4. Ef greiðsla gengur til landsdrottins á þá ekki leiguliði rétt á lækkun jarðarleigu?
5. Er í undirbúningi að setja ákvæði í lög um kaup og sölu fullvirðisréttar og réttarstöðu ábúenda og leiguliða í því sambandi?

420. Fyrirspurn [244. mál]

til viðskiptaráðherra um verðmun á nauðsynjavörum.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

Hyggst ríkisstjórnin grípa til sérstakra ráðstafana til þess að hamla gegn verðmun á nauðsynjavörum á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar og í hverju yrðu slíkar ráðstafanir fólgnar?

421. Fyrirspurn [245. mál]

til iðnaðarráðherra um rannsóknir á háhitasvæði í Öxarfirði.

Frá Guðmundi Bjarnasyni.

1. Hvaða fjármunum hefur verið varið af hálfu ríkisins til rannsókna á háhitasvæðinu í Öxarfirði?
2. Hvaða fjármunum hefur verið varið af hálfu heimamanna (sveitarfélaga, fyrirtækja eða einstaklinga) til sömu rannsókna?
3. Er algengt að heimamenn leggi fram fjármuni til frumrannsókna af þessu tagi?
4. Hvernig var staðið að þessum rannsóknum á sl. ári og hverjar voru niðurstöður þeirra?

5. Er iðnaðarráðuneytið eða Orkustofnun með einhverjar áætlanir um áframhaldandi rannsóknir á þessu svæði, þar með talin athugun á uppruna lífræns gass sem upp kom við boranir í Öxarfirði árið 1988?

Skriflegt svar óskast.

422. Fyrirspurn [246. mál]

til fjármálaráðherra um skiptingu auglýsingakostnaðar í dagblöðum og sjónvarpi.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Hver var birtingarkostnaður auglýsinga í dagblöðum og sjónvarpi sem talinn er í 62 milljóna króna upphæð sem ráðstafað var á vegum Hvíta hússins og fram kom í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á þskj. 212.
2. Hvernig skiptist upphæðin á:
   a. Morgunblaðið,
   b. DV,
   c. Tímann,
   d. Þjóðviljann,
   e. Alþýðublaðið,
   f. Dag.
3. Hver var kostnaður við birtingu auglýsinga í:
   a. Ríkissjónvarpinu,
   b. Stöð 2.

423. Frumvarp til laga [247. mál]

um bann við sölu á eignum ríkisins án lagaheimilda.

Flm.: Páll Pétursson.

1. gr.

Fjármálaráðherra, eða viðkomandi ráðherra, er óheimilt að selja eftirtaldar eignir ríkissjóðs, ríkisstofnana eða sjóða í ríkiseign nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum:

a. fasteignir,
b. hlutabréf eða eignarhluti í félögum,
c. skip eða flugvélar,
d. listaverk, listmuni og söfn sem geyma menningarverðmæti,
e. aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 113. löggjafarþingi en varð eigi útrætt.

Fjármálaráðherra, eða þeim ráðherra sem með málaflokkinn fer, er óheimilt að selja fasteignir ríkissjóðs skv. 40. gr. stjórnarskrárinnar. Því er mjög óeðlilegt að ekki gildi sama regla um hlutabréf, eignarhluti í félögum, skip, flugvélar, listaverk, listmuni, menningarverðmæti eða aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi.

424. Fyrirspurn [248. mál]

til dómsmálaráðherra um viðskiptahætti í tengslum við gjaldþrot einstaklinga.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

1. Hvernig fylgjast stjórnvöld með því hvort fyrirtæki eða einstaklingar, sem stunda lánastarfsemi, hagnist á gjaldþrotum einstaklinga þannig að ekki geti talist samræmast eðlilegum viðskiptaháttum, t.d. með óeðlilegri lánafyrirgreiðslu þegar gjaldþrot blasir við?
2. Hve mörg slík mál hafa komið til kasta dómstóla sl. fjögur ár?

425. Tillaga til þingsályktunar [249. mál]

um alþjóðlega fjármálamiðstöð á Íslandi.

Flm.: Páll Pétursson, Finnur Ingólfsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö manna til þess að kanna hvort raunhæfir möguleikar séu á að koma upp alþjóðlegri fjármálamiðstöð á Íslandi.

Nefndin kýs formann úr sínum hópi og skilar skýrslu til Alþingis fyrir árslok 1992.

Greinargerð.

Lega Íslands kann að bjóða upp á ákveðna möguleika á því að koma hér upp alþjóðlegri kauphöll. Á Íslandi er fjármálastofnunum lokað síðar að deginum en í öðrum löndum Evrópu. Héðan væri unnt að gera viðskipti vestan hafs síðdegis eftir að hliðstæðum stofnunum hefur verið lokað í þeim löndum er liggja á austlægari breiddargráðum og hér eru stofnanir opnaðar fyrr að morgninum en í Ameríku. Með aukinni fjarskiptatækni býður lega landsins e.t.v. upp á möguleika til alþjóðlegra fjármálaviðskipta sem aðrir hafa ekki.

Íslendingum er mjög mikilvægt að standa bæði vörð um stjórnarfarslegt og efnahagslegt sjálfstæði sitt og vera sjálfbjarga í landi sínu. Þess vegna er okkur nauðsyn á að starfrækja hér fjölbreytt atvinnulíf.

Flutningsmenn telja að starfsemi sú, er hér er lagt til að könnuð verði, gæti stuðlað að því að skjóta nýrri stoð undir efnahagslíf landsmanna. Ástæða er til þess að leggja áherslu á mikilvægi þess að sú starfsemi, er hér um ræðir, yrði að vera undir stjórn Íslendinga og virkum yfirráðum og hlíta íslenskum lögkjörum.

426. Frumvarp til skaðabótalaga. [250. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Bætur fyrir líkamstjón.

Líkamstjón sem veldur ekki dauða.

1. gr.

Sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni skal greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur.

Ef líkamstjón hefur varanlegar afleiðingar skal einnig greiða bætur fyrir mein og bætur fyrir örorku, þ.e. varanlegan missi eða skerðingu á getu til að afla vinnutekna.

Verðmæti vinnu við heimilisstörf skal lagt að jöfnu við launatekjur.

Tímabundið atvinnutjón.

2. gr.

Bætur fyrir atvinnutjón skal ákveða fyrir tímann frá því að tjón varð þangað til tjónþoli getur hafið vinnu að nýju eða þar til ekki er að vænta frekari bata.

Frá skaðabótum skal draga laun í veikinda- eða slysaforföllum, dagpeninga og aðrar bætur frá opinberum tryggingum fyrir tímabundið atvinnutjón og vátryggingabætur þegar greiðsla vátryggingafélags er raunveruleg skaðabót, svo og sambærilegar greiðslur sem tjónþoli fær vegna þess að hann er ekki fullvinnufær.

Þjáningar.

3. gr.

Greiða skal þjáningabætur fyrir tímabilið frá því að tjón varð þar til ekki er að vænta frekari bata, 1.300 kr. fyrir hvern dag sem tjónþoli er rúmfastur og 700 kr. fyrir hvern dag sem tjónþoli er veikur án þess að vera rúmliggjandi. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé ekki veikur. Nemi bætur meira en 200.000 kr. er heimilt að víkja frá fjárhæðum þeim sem greinir í 1. málsl.

Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 1., 3. og 4. málsl. 4. mgr. 5. gr.

Varanlegt mein.

4. gr.

Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegt mein er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og til erfiðleika sem það veldur í lífi tjónþola. Mein skal metið til stiga sem orkuskerðing og skal miða við ástand tjónþola eins og það er þegar ekki er að vænta frekari bata. Þegar orkuskerðing er metin alger (100%) skulu bætur vera 4.000.000 kr. Við minni orkuskerðingu lækkar fjárhæð þessi í réttu hlutfalli. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að ákveða hærri bætur, þó ekki meiri en 6.000.000 kr. Engar bætur skal greiða þegar orkuskerðing er metin minni en 5%.

Hafi tjónþoli verið 60 ára eða eldri þegar tjón varð lækka bætur sem ákveðnar eru eftir 1. mgr. um 5% fyrir hvert aldursár tjónþola umfram 59 ár. Bætur lækka þó ekki frekar eftir 69. aldursár tjónþola.

Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 1., 3. og 4. málsl. 4. mgr. 5. gr.

Varanleg örorka.

5. gr.

Valdi líkamstjón, eftir að ekki er að vænta þess að tjónþoli nái frekari bata, varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna á tjónþoli rétt á bótum fyrir varanlega örorku.

Þegar tjón vegna örorku er metið skal líta til þeirra kosta sem tjónþoli á til að afla sér tekna með vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við.

Örorka tjónþola reiknast í hundraðshlutum (örorkustigum). Bætur greiðast ekki ef örorka er minni en 15%.

Greiðslur, sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, svo sem almannatryggingum, lífeyrissjóði eða vátryggingafélagi, dragast ekki frá skaðabótakröfu. Greiðslur frá samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega skulu þó dregnar frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysatrygginguna keypti. Bætur frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum skal einnig draga frá skaðabótakröfu. Sama gildir um bætur frá sams konar slysatryggingu farþega í ökutæki.

6. gr.

Bætur skal meta til fjárhæðar sem nemur sexföldum árslaunum tjónþola, sbr. 7. gr., margfölduðum með örorkustigi, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Bótafjárhæðin skal greidd í einu lagi.

7. gr.

Árslaun teljast vera heildarvinnutekjur tjónþola á næstliðnu ári fyrir þann dag er tjón varð.

Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi, t.d. breytingar á tekjum eða atvinnuhögum.

Ekki skal miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr.

8. gr.

Bætur til barna og tjónþola, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skal ákvarða á grundvelli orkuskerðingarstigs skv. 4. gr. Bætur skulu ákveðnar sem hundraðshluti af bótum fyrir varanlegt mein eftir reglum 1.–4. málsl. 1. mgr. 4. gr.

Þegar orkuskerðingarstig er minna en 15% greiðast engar örorkubætur. Þegar orkuskerðingarstig er 15%, 18% eða 20% skulu örorkubætur vera 130%, 135% eða 140% af bótum fyrir varanlegt mein.

Þegar orkuskerðingarstig er 25% eru örorkubætur 150% af bótum fyrir varanlegt mein. Þegar orkuskerðingarstig er 30%, 35%, 40%, 45% eða 50% skulu örorkubætur vera 160%, 170%, 180%, 190% eða 200% af bótum fyrir varanlegt mein.

Þegar orkuskerðingarstig er 55% eru örorkubætur 225% af bótum fyrir varanlegt mein. Þegar orkuskerðingarstig er 60%, 65%, 70%, 75%, 80% eða 85% skulu örorkubætur vera 250%, 275%, 300%, 325%, 350% eða 375% af bótum fyrir varanlegt mein. Þegar orkuskerðingarstig er 90%, 95% eða 100% skulu örorkubætur vera 400% af bótum fyrir varanlegt mein.

9. gr.

Ef tjónþoli var 56 ára eða eldri þegar tjón varð lækka örorkubætur um 7% fyrir hvert ár umfram 55 ár.

Ef ætla má að tjónþoli hefði verið vinnufær og stundað vinnu eftir að hann er orðinn fullra 70 ára að aldri má víkja frá reglu 1. mgr. að nokkru eða öllu.

Örorkunefnd.

10. gr.

Tjónþoli eða sá sem ábyrgð ber á tjóni getur hvor um sig óskað álits um ákvörðun orkuskerðingarstigs og örorkustigs hjá örorkunefnd.

Í örorkunefnd eiga sæti þrír menn sem skipaðir eru af dómsmálaráðherra til sex ára í senn. Skulu tveir nefndarmanna vera læknar, en einn lögfræðingur og er hann formaður nefndarinnar. Formaður skal fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti hæstaréttardómara.

Örorkunefnd skal semja töflur um orkuskerðingarstig.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu nefndarinnar. Í reglugerð skal og kveða á um gjald fyrir matsgerðir sem nefndin gerir.

Endurupptaka.

11. gr.

Að kröfu tjónþola er heimilt að taka upp að nýju ákvörðun um bætur fyrir varanlegt mein eða örorkubætur. Skilyrði endurupptöku er að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola þannig að ætla megi að orkuskerðingarstig eða örorkustig sé verulega hærra en áður var talið. Ef mál er endurupptekið er heimilt að skjóta ákvörðun um orkuskerðingarstig eða örorkustig aftur til úrlausnar örorkunefndar, sbr. 10. gr.

Missir framfæranda o.fl.

12. gr.

Sá sem skaðabótaábyrgð ber á dauða annars manns skal greiða hæfilegan útfararkostnað. Auk þess skal hann greiða þeim sem misst hefur framfæranda bætur fyrir tjón það er ætla má að af því leiði fyrir hann. Til framfærslu telst einnig verðmæti vinnu hins látna við heimilisstörf.

Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 4. mgr. 5. gr.

Bætur til maka eða sambúðarmaka.

13. gr.

Bætur fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka skulu vera 30% af bótum þeim sem ætla má að hinn látni mundi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku, sbr. 5.–8. gr. Bætur skulu þó nema ekki minni fjárhæð en 3.000.000 kr. nema sérstaklega standi á.

Hafi framfærandi verið orðinn 56 ára gamall lækka bætur eftir reglum 9. gr.

Bætur til barns.

14. gr.

Bætur fyrir missi framfæranda til eftirlifandi barns skulu vera jafnháar heildarfjárhæð þeirra barnalífeyrisgreiðslna er barnið á rétt á eftir lögum um almannatryggingar frá því að tjón varð til 18 ára aldurs. Hafi hinn látni verið eini framfærandi barns hækka bætur um 100%.

Reikna skal fjárhæð barnalífeyris eins og hann er við andlát framfæranda.

Verðlagsbreytingar.

15. gr.

Fjárhæðir bóta, sem greindar eru í 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 7. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 13. gr., breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna. Fjárhæð skal hverju sinni hækka eða lækka þannig að hún standi á heilu eða hálfu þúsundi króna. Bótafjárhæðir þær, sem greinir í 1. málsl. 3. gr., skulu þó hækka eða lækka svo að fjárhæð standi á heilum tug króna.

Bætur skv. 1. mgr. skal ákveða á grundvelli fjárhæða sem gilda þegar bótafjárhæð er ákveðin. Bætur fyrir varanlega örorku skal umreikna miðað við breytingar á lánskjaravísitölu frá því að tjón varð og þar til bótafjárhæð er ákveðin.

Vextir.

16. gr.

Bætur fyrir þjáningar, varanlegt mein, örorku og missi framfæranda bera vexti frá því að tjón varð. Vextirnir skulu nema 2% á ári, en dómsmálaráðherra getur í samráði við Seðlabanka Íslands breytt vaxtafætinum. Ákvörðun um slíka breytingu skal gilda í a.m.k. tvö ár.

Um dráttarvexti fer eftir reglum vaxtalaga.

Endurkrafa.

17. gr.

Endurkrafa vegna greiðslu bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar verður ekki gerð á hendur þeim sem er skaðabótaskyldur. Sama á við um bótagreiðslur lífeyrissjóða eða vátrygginga og skiptir ekki máli hvers eðlis vátryggingin er, sbr. 2. mgr. 22. gr.

Vinnuveitandi, sem greitt hefur slasaða eða þeim sem misst hefur framfæranda laun eða aðrar launatengdar greiðslur vegna líkamstjóns, getur krafið hinn skaðabótaskylda um endurgreiðslu að því marki sem vinnuveitandi hefur orðið fyrir fjártjóni vegna slíkra greiðslna.

Aðilaskipti að bótakröfu.

18. gr.

Ekki er heimilt að framselja kröfu um bætur fyrir líkamstjón nema hún sé viðurkennd eða dæmd.

Krafa um bætur fyrir þjáningar eða varanlegt mein erfist hafi hún verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða viðurkenningar eða hún hefur verið gerð fyrir dómi í opinberu máli.

Bætur, sem greindar eru í 1. mgr. og telja má að ekki hafi verið eytt, koma ekki til skipta við fjárslit milli hjóna. Bæturnar teljast hjúskapareign þegar eigandi bótanna andast nema þær séu séreign samkvæmt kaupmála.

Reglur 1. og 3. mgr. eiga ekki við um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón.

II. KAFLI

Skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem vátrygging tekur til.

19. gr.

Skaðabótaréttur stofnast ekki vegna tjóns sem munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging tekur til.

Regla 1. mgr. á ekki við ef
1. hinn skaðabótaskyldi hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða
2. tjóninu er valdið í opinberri starfsemi eða í einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri.

Hafi starfsmaður valdið tjóni sem munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til er starfsmaðurinn ekki skaðabótaskyldur nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis.

20. gr.

Um skaðabótarétt ríkissjóðs, sveitarfélags eða annars opinbers aðila, sem kaupir almennt ekki vátryggingu og hefur því hagsmuni sína í eigin áhættu, fer með sama hætti og vátrygging hefði verið keypt, sbr. 19. gr.

21. gr.

Ákvæði 19. og 20. gr. eiga ekki við um skaðabótakröfur samkvæmt
1. skaðabótareglum umferðarlaga,
2. lögum um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi,
3. lögum um loftferðir,
4. siglingalögum eða
5. alþjóðasamningi um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, gerðum í Brussel 29. nóvember 1969.

22. gr.

Stofnist skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem skaðatrygging tekur til öðlast vátryggingafélagið rétt tjónþola á hendur hinum skaðabótaskylda að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur.

Sé um líftryggingu, slysa- eða sjúkratryggingu að ræða á félagið enga kröfu á hendur hinum skaðabótaskylda og skiptir ekki máli hvers eðlis vátryggingin er.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Bótaábyrgð starfsmanns.

23. gr.

Bætur, sem vinnuveitandi hefur greitt vegna saknæmrar hegðunar starfsmanns, er því aðeins unnt að krefja starfsmanninn um að því marki sem telja má sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti.

Skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola má skerða eða fella niður ef það verður talið sanngjarnt þegar litið er til atvika sem getið er í 1. mgr. og hagsmuna tjónþola. Bætur, sem starfsmaður hefur greitt, getur hann krafið úr hendi vinnuveitanda að því marki sem bótaábyrgð hvílir endanlega á vinnuveitanda eftir 1. mgr.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um kröfu vinnuveitanda á hendur starfsmanni vegna tjóns sem starfsmaðurinn veldur vinnuveitanda í starfi sínu.

Almenn lækkunarregla.

24. gr.

Lækka má bótafjárhæð eða fella niður skaðabótaábyrgð ef ábyrgðin yrði hinum bótaskylda svo þungbær að ósanngjarnt má telja eða álíta verður að öðru leyti skerðingu eða

niðurfellingu sanngjarna vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Þegar metið er hvort ástæða sé til að beita heimildinni skal líta til þess hve mikið tjónið er, eðlis bótaábyrgðar, aðstæðna tjónvalds, hagsmuna tjónþola, vátrygginga aðila og annarra atvika.

Þegar skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi má að nokkru eða öllu líta fram hjá því að tjónþoli er meðvaldur að tjóni. Regla þessi á einnig við um kröfu manns er misst hefur framfæranda sem var meðvaldur að dauða sínum.

Fleiri en einn bótaábyrgir.

25. gr.

Beri tveir eða fleiri óskipta bótaábyrgð skal ábyrgð þeirra innbyrðis skiptast eftir því sem sanngjarnt þykir þegar litið er til eðlis skaðabótaábyrgðar þeirra og atvika að öðru leyti.

Taki ábyrgðartrygging eins eða fleiri hinna bótaábyrgu til tjónsins skal fara eftir ákvæðum 1. og 2. mgr. 19. gr. og 21. gr. Í tilvikum, sem nefnd eru í 1. eða 2. tölul. 2. mgr. 19. gr. eða 21. gr., má, þegar bótaábyrgð er deilt á hina bótaábyrgu, taka tillit til ábyrgðartrygginga sem þeir höfðu. Þetta gildir einnig þegar ákvæði 20. gr. eiga við.

Bætur fyrir miska.

26. gr.

Sá sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns skal greiða þeim sem misgert er við miskabætur. Ákvæði 1. og 2. mgr. 18. gr. eiga einnig við um miskabætur skv. 1. málsl. þessarar greinar.

Bann gegn því að víkja frá lögunum með samningi.

27. gr.

Eigi má, áður en tjón verður, víkja með samningi frá reglum 1.–16. gr., 2. mgr. 24. gr. eða 26. gr. laga þessara ef það er í óhag þeim sem á skaðabótarétt.

Eigi má, áður en tjón verður, víkja með samningi frá reglum 1. mgr. 17. gr., 1. eða 3. mgr. 19. gr., 20. gr., 2. mgr. 22. gr., 23. gr., 1. mgr. 24. gr. eða 25. gr. laga þessara ef það er í óhag hinum skaðabótaskylda. Þó má víkja frá 25. gr. að því er varðar tjón sem valdið er í opinberri starfsemi eða í einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri.

IV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992 og eiga við um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem verður eftir gildistöku laganna.

Brottfall lagaákvæða.

29. gr.

Eftirtalin lagaákvæði falla brott við gildistöku laganna:

1. 264. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.
2. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga.
3. 3. og 4. mgr. 133. gr. og 136. gr. loftferðalaga, nr. 34/1964.
4. 59. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.
5. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972, um lögreglumenn, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1987 og 2. gr. laga nr. 64/1989.

6. 16. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.
7. 1. mgr. 60. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Efnisyfirlit.

1. Inngangur.
2. Meginmarkmið frumvarpsins.
   2.1 Endurbætur á reglum um bætur fyrir líkamstjón.
   2.2 Tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða.
   2.3 Lagaákvæði sem heimila tilhliðrun vegna hagsmuna tjónvalds.
3. Nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu og athugasemdum með því.
4. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.
   4.1 Örorkumat.
   4.2 Almennt um bætur fyrir varanlega örorku.
   4.3 Varanlegt mein.
   4.4 Þjáningar.
   4.5 Annar miski.
   4.6 Bætur fyrir missi framfæranda.
   4.7 Stöðlun bótafjárhæða, verðbætur og vextir.
   4.8 Greiðslur, sem tjónþoli fær frá öðrum en hinum bótaskylda.
   4.9 Áhrif vátrygginga á skaðabótarétt. Endurkröfuréttur.
   4.10 Bótaábyrgð starfsmanns.
   4.11 Almenn lækkunarregla.
   4.12 Fleiri en einn skaðabótaskyldir.
   4.13 Eigin sök tjónþola.
5. Fjárhagsleg áhrif.
6. Efni frumvarpsins í hnotskurn.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra af Arnljóti Björnssyni prófessor. Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur gerði ýmsar tölulegar athuganir og útreikninga sem stuðst var við þegar frumvarpið var samið.

Önnur ríki Norðurlanda en Ísland hafa allt frá því um miðja þessa öld átt nána samvinnu um undirbúning löggjafar á sviði skaðabótaréttar utan samninga. Bar starf þetta mikinn árangur þótt ekki leiddi það til setningar samhljóða laga í ríkjunum fjórum. Skaðabótalög, sem fela í sér ýmsar almennar reglur, voru sett í Noregi 1969, Svíþjóð 1972, Finnlandi 1974 og Danmörku 1984. Við sum þessara laga hefur síðar verið aukið. Í lögunum eru ýmsar almennar reglur um stofnun skaðabótaábyrgðar, ákvörðun fjárhæðar skaðabóta vegna líkamstjóns o.fl. Lögin eru hins vegar ekki heildarlög í þeim skilningi að í þeim séu reglur um öll eða flest meginatriði almenns skaðabótaréttar. Þrátt fyrir það fela þau í sér mikilvægar almennar reglur er leysa úr óvissu sem ríkti um ýmis atriði.

Íslendingar tóku hvorki þátt í þessu samstarfi um löggjöf né settu hliðstæðar skaðabótareglur. Íslenskur skaðabótaréttur er að mestu ólögfestur og flestar settar lagareglur um skaðabætur utan samninga má telja til sérákvæða. Meðal þjóða, sem Íslendingum eru skyldastar að menningu, hefur ekki verið álitið nauðsynlegt að setja ítarleg heildarlög með meginreglum um skaðabætur utan samninga. Telja verður að ekki sé heldur þörf á slíkri

löggjöf hér á landi. Á sviði íslensks skaðabótaréttar er hins vegar nauðsyn vissra úrbóta sem ekki verða gerðar án þess að grípa til lagasetningar.

Brýnast virðist að setja reglur um ákvörðun bóta fyrir líkamstjón. Mál af því tagi eru einn mikilvægasti flokkur mála um skaðabætur utan samninga. Reglur um það efni eru nú að mestu ólögfestar og aðstaða dómstóla til að gera gagngerar breytingar á þeim er erfið. Við samningu nýrra reglna um ákvörðun bóta fyrir líkamsspjöll, þar á meðal um hvort eða að hve miklu leyti greiðslur frá þriðja manni eigi að draga frá skaðabótakröfu, verður naumast komist hjá að endurskoða reglur um endurkröfurétt þriðja manns á hendur hinum skaðabótaskylda.

Auk þess sýnist brýnt að lögleiða ákvæði sem veita svigrúm til þess að taka meira tillit til hagsmuna hins bótaskylda en nú er heimilt. Núgildandi reglur um þetta eru afar takmarkaðar og þeim verður ekki komið í viðunandi horf án atbeina löggjafans. Enn fremur má telja æskilegt að setja lagareglur um nokkur önnur atriði, svo sem nánar er rakið síðar. Í 4. kafla hér á eftir er vikið að rökum fyrir helstu breytingum sem felast í frumvarpinu.

Íslenskar réttarreglur eru reistar á norrænum grunni. Enginn vafi leikur á að heppilegustu fyrirmynda er að leita í norrænum rétti þegar semja þarf íslensk lög um skaðabótarétt utan samninga. Niðurstaða athugana á norrænu skaðabótalögunum varð sú að hin nýjustu þeirra hentuðu best, bæði að efni og formi, til þess að ná þeim markmiðum sem hér er talið nauðsynlegt að stefna að. Fyrirmynd þessa frumvarps er því dönsku skaðabótalögin frá 1984. Bótafjárhæðir frumvarpsins svara til danskra reglna. Bætur fyrir varanlegt mein eru þó miklu hærri en eftir dönsku lögunum. Reglur 9. gr. frumvarpsins um bætur vegna slysa á mönnum, sem eru 56 ára eða eldri, eru einnig hagstæðari tjónþola en eftir dönsku lögunum. Ef frumvarpið verður að lögum verða íslenskar reglur á því sviði skaðabótaréttar, sem hér um ræðir, í stórum dráttum í samræmi við danskar, finnskar, norskar og sænskar reglur, en þær eru ávöxtur nokkurra áratuga starfs margra sérfræðinga. Við samningu athugasemda með frumvarpinu var mikið stuðst við greinargerð sem fylgdi frumvarpi til dönsku laganna. Einkum á þetta við um athugasemdir við einstakar greinar. Meðal annarra rita, sem stuðst var við, má sérstaklega nefna „Erstatningsansvarsloven“ eftir Anders Vinding Kruse og Jens Møller, 2. útg. Kaupmannahöfn 1989, og „Erstatning og godtgørelse efter erstatningsansvarsloven og voldsofferloven“ eftir Bernhard Gomard og Ditlev Wad, útg. í Kaupmannahöfn 1986.

Í fylgiskjali eru nokkur dæmi um bótafjárhæðir eftir frumvarpinu og samanburður við danskar og sænskar reglur um ákvörðun fjárhæðar skaðabóta, svo og reglur sem myndast hafa með dómafordæmum hér á landi.

2. Meginmarkmið frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins eru þessi:

1. Að endurbæta reglur um ákvörðun bóta fyrir tjón á mönnum, þar á meðal tjón vegna missis framfæranda.

2. Að færa til nútímahorfs reglur um tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða.

3. Að setja lagaákvæði sem gera dómstólum kleift að taka eðlilegt tillit til hagsmuna þeirra sem valda tjóni eða bera af öðrum ástæðum skaðabótaábyrgð.

Auk þess eru í frumvarpinu ákvæði um nokkur önnur atriði sem tengjast greindum breytingum, t.d. reglur um skiptingu bótaábyrgðar milli aðila sem bera ábyrgð vegna sama tjóns, aðilaskipti að bótakröfu og bætur fyrir ófjárhagslegt tjón sem ekki verður rakið til líkamstjóns.

2.1. Endurbætur á reglum um bætur fyrir líkamstjón.

Enda þótt dómvenja hafi myndast um mörg atriði varðandi ákvörðun bótafjárhæðar fyrir líkamstjón gætir verulegrar óvissu og ósamræmis á þessu mikilvæga sviði réttarins. M.a. ríkir bagaleg óvissa um miskabætur, áhrif skattfrelsis á bótafjárhæð, fjárhæð örorkubóta til þeirra sem vinna heimilisstörf og ákvörðun dánarbóta til eftirlifandi maka og barna. Telja má að í ýmsum tilvikum séu bætur óeðlilega lágar, en í öðrum of háar. Reynt var að gera reglur frumvarpsins þannig úr garði að tjónþoli fái almennt, auk hæfilegra miskabóta, fullar bætur fyrir raunverulegt fjártjón sem hlýst af völdum líkamsmeiðsla. Jafnframt er með reglunum stefnt að því að menn öðlist ekki rétt til bóta fyrir fjártjón, nema slíkt tjón hafi í raun orðið eða fyrir liggi raunhæft mat um fjártjón á ókomnum árum. Ef frumvarpið verður að lögum ætti það að leiða til réttlátari niðurstöðu í bótamálum þeirra sem bíða tjón á líkama.

Tímabært þykir að draga úr vafa og ósamræmi með því að setja lagaákvæði um aðrar aðferðir en nú tíðkast við ákvörðun bóta. Frumvarpið felur m.a. í sér gerbreytingu á reglum um örorkumat og að reglur um að bótafjárhæðir verði í ríkum mæli staðlaðar. Þá eru ákvæði um lágmark og hámark bóta í nánar greindum tilvikum.

Í frumvarpinu eru skýrari reglur um bætur en nú tíðkast, sbr. t.d. ákvæði um stöðlun og nánar tilteknar reikningsaðferðir við ákvörðun fjárhæða. Einnig er veruleg einföldun fólgin í því að gert er ráð fyrir að tjónþoli eigi almennt kröfu á óskertum örorkubótum eða bótum fyrir missi framfæranda þótt hann hafi fengið greiðslur frá almannatryggingum, vátryggingafélagi eða lífeyrissjóði. Með frumvarpinu er enn fremur stefnt að því að bætur verði framvegis ákveðnar þannig að hverju sinni verði tilgreindur sérstaklega hver liður tjóns sem bæta skal. Reglur I. kafla frumvarpsins eru í heild einfaldari og skýrari en þær venjureglur sem nú er farið eftir. Einfaldari uppgjörsreglur ættu að leiða til sparnaðar og hagræðingar, greiða fyrir málsmeðferð og flýta fyrir því að tjónþolar fái bótafé í hendur. Reglur frumvarpsins eru einnig til þess fallnar að efla réttaröryggi, þannig að tjónþoli og hinn bótaskyldi og eftir atvikum lögmenn þeirra eða vátryggjendur eigi auðveldara með að gera sér grein fyrir hve miklar skaðabætur skuli greiða vegna líkamstjóns sem orðið hefur.

2.2. Tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða.

Eitt meginhlutverk skaðabótareglna er að bæta mönnum með fé tjón sem þeir hafa orðið fyrir. Sú skoðun er ríkjandi að ýmis önnur bótaúrræði, einkum vátryggingar og almannatryggingar, gegni þessu hlutverki að mörgu leyti betur en hinar hefðbundnu skaðabótareglur. Á þetta ekki síst við um tjón á mönnum og munum. Þjóðfélagslegt gildi skaðabótareglna þykir þó svo mikið að almennt hefur ekki verið álitið fært að fella þær niður og taka í þeirra stað upp önnur eða annað bótakerfi.

Í norrænum vátryggingarsamningalögum, sem sett voru fyrir mörgum áratugum, voru ákvæði er drógu úr skaðabótarétti tjónþola og endurkröfurétti vátryggingafélags á hendur þeim sem bótaskyldur er. Þessi ákvæði voru mikilvægt skref í þá átt að láta vátryggingar taka við bótahlutverki skaðabótaréttar. Skref þetta var að vísu ekki stórt því að samkvæmt ákvæðum þessum féll skaðabótaréttur á hendur tjónvaldi ekki niður, nema tjón hefði orðið á vátryggðum hagsmunum. Auk þess var brottfall bótaréttar miklum takmörkunum háð, sbr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, sem enn gilda á Íslandi. Það haggar því ekki að með setningu norrænu laganna um vátryggingarsamninga viðurkenndi löggjafinn að ekki væru í öllum tilvikum rök til þess að viðhalda rétti til skaðabóta eða endurkröfu þegar tjón fæst bætt af vátryggingu. Önnur norræn ríki en

Ísland stigu fyrir alllöngu annað skref í þessa átt með því að fella alveg niður rétt almannatrygginga til þess að endurkrefja þann sem skaðabótaábyrgð ber á tjóni er bætt hefur verið að einhverju eða öllu leyti úr kerfi almannatrygginga. Enn meira var dregið úr skaðabótarétti og endurkröfurétti vegna tjóns á vátryggðum hagsmunum þegar áðurgreind skaðabótalög voru sett í öðrum ríkjum á Norðurlöndum.

Vátryggingar og almannatryggingar hafa eflst og náð meiri útbreiðslu á þeim tíma sem liðinn er frá setningu laga um vátryggingarsamninga og fyrstu íslensku almannatryggingalaganna. Þessi þróun hefur dregið stórlega úr mikilvægi skaðabótaréttar, sérstaklega að því er varðar tjón á mönnum. Hér á landi skiptir endurkröfuréttur vátryggingafélaga og almannatrygginga óverulegu máli um fjárhagslega afkomu þessara tryggingakerfa. Réttur til að gera skaðabótakröfu á hendur tjónvaldi skiptir tjónþola yfirleitt engu máli ef hann á greiðan aðgang að fullum bótum fyrir tjón sitt úr hendi tryggjanda. Þykir því tímabært að laga skaðabótareglur að raunveruleikanum og leggja til að skaðabótaréttur verði takmarkaður í ríkara mæli en nú er. Einnig þykir ástæða til þess að takmarka með sama hætti skaðabótarétt opinberra aðila sem dreifa áhættu sinni án vátrygginga.

2.3. Lagaákvæði sem heimila tilhliðrun vegna hagsmuna tjónvalds.

Á síðastliðnum áratugum hefur réttarþróun orðið sú að skaðabótareglur hafa verið hertar til þess að koma til móts við kröfur er gerðar hafa verið í þjóðfélaginu um ríka vernd þeirra sem verða fyrir tjóni, sérstaklega að því er varðar tjón á mönnum og munum. Ekki hefur dregið úr þessum kröfum þótt ný og öflug bótaúrræði hafi verið tekin upp við hlið skaðabótaréttar. Jafnframt kröfum um víðtækar skaðabótareglur hefur talsvert verið fjallað um hina hlið málsins, nefnilega þá sem snýr að réttarvernd tjónvalds eða annarra sem bótaábyrgð bera á tjóni. Bent hefur verið á að í ýmsum tilvikum geti verið ósanngjarnt að tjónvaldur beri skilyrðislaust allt tjón sem hann hefur valdið af gáleysi.

Ljóst er að með breytingu á skaðabótareglum er ekki unnt að ná í senn andstæðum markmiðum, annars vegar að auka bótarétt en hins vegar að draga úr bótaskyldu. Á hinn bóginn geta önnur bótaúrræði veitt tjónþola fullnægjandi bætur án þess að sá sem valdið hefur tjóni verði fyrir fjárútlátum vegna skaðabótakröfu. Önnur bótaúrræði leysa þó ekki alltaf vandann því að oft verður tjón með þeim hætti að tjónþoli á ekki aðra leið til bóta en að krefja þann sem skaðabótaskyldur er að lögum. Þykir því nauðsynlegt að opna leið til þess að létta í undantekningartilvikum tjónsbyrði hins bótaskylda ef sérstakar og óvenjulegar ástæður eru fyrir hendi, t.d. þegar efnalítill maður veldur stórfelldu tjóni vegna lítils háttar yfirsjónar. Í frumvarpinu eru ákvæði þessa efnis og einnig regla um samsvarandi tilslökun þegar tjónþoli er meðvaldur að tjóni.

3. Nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu og athugasemdum með því.

Líkamstjón. Í frumvarpinu er orðið líkamstjón notað um tjón á mönnum. Ekki er einungis átt við meiðsli eða líkamsspjöll sem verða vegna slysa, heldur einnig annað heilsutjón (sjúkdóma). Reglur frumvarpsins taka jafnt til tjóns á líkama og geðræns tjóns. Með líkamstjóni er einnig átt við meiðsli sem leiða til dauða. Hugtakið líkamstjón tekur því til líftjóns og líkamsspjalla sem ekki valda dauða.

Lækkunarregla. Heitin lækkunarregla og lækkunarheimild eiga við bæði um lækkun bótafjárhæðar og eftir atvikum niðurfellingu skaðabótaábyrgðar. Lækkun eftir 24. gr. frumvarpsins eða sérstökum lækkunarheimildum í lögræðislögum, siglingalögum og fleiri lögum er annars eðlis en lækkun skaðabóta á grundvelli þess að tjónþoli er meðábyrgur fyrir tjóni vegna eigin sakar eða atvika sem jafngilda eigin sök.

Miskabætur. Það orð merkir fégjald fyrir ófjárhagslegt tjón. Ákvæði frumvarpsins um slíkt tjón má greina í tvennt. Annars vegar er tjón af völdum líkamsspjalla, þ.e. þjáningar eða varanlegt mein, sbr. 3. og 4. gr., og hins vegar tjón vegna ólögmætrar meingerðar gegn frelsi, friði, æru eða persónu manns, sbr. 26. gr.

Tjónvaldur merkir þann sem veldur tjóni. Orðið er þó stundum einnig notað um þann sem er bótaskyldur þótt hann hafi ekki sjálfur valdið tjóni.

Tjónþoli. Orðið tjónþoli er hér notað um þann sem verður fyrir tjóni, t.d. af því að hann slasast sjálfur, missir framfæranda af slysförum eða bíður tjón vegna þess að munir í eigu hans skemmast. Hins vegar er tjónþoli ekki notað um þriðja mann sem eignast endurkröfu („afleidda kröfu") við það að inna af hendi greiðslur til tjónþola vegna líkamstjóns.

Örorka. Orðið örorka er hér aðeins haft um varanlega örorku, þ.e. varanlega skerðingu á getu til að afla vinnutekna, sbr. 5. gr. Oft er talað um tímabundna örorku til aðgreiningar frá varanlegri örorku. Það er ekki gert í frumvarpinu. Í stað þess eru notuð orðin atvinnutjón eða tímabundið atvinnutjón, sbr. 2. gr.

4. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.

4.1. Örorkumat.

Bætur fyrir fjártjón vegna varanlegra afleiðinga líkamsspjalla (líkamlegra eða geðrænna) eru almennt metnar á grundvelli örorkumats. Unnt er að meta örorku með ýmsum hætti. Í skaðabótarétti er yfirleitt greint á milli tvenns konar örorkumats. Annars vegar er svonefnt *læknisfræðilegt* örorkumat og hins vegar svonefnt *fjárhagslegt* (félagslegt) örorkumat. Við læknisfræðilegt mat er stuðst við örorkumatstöflur þar sem ýmsar tegundir líkamsspjalla eru metnar til örorkustigs í hundraðshlutum. Í hreinu læknisfræðilegu mati felst að sams konar áverkar (eða eftir atvikum geðrænt tjón) eru metnir til sama hundraðshluta, án tillits til starfs eða menntunar tjónþola og án þess að líta til þess hver áhrif örorkan hefur á getu hans til þess að afla vinnutekna. Við fjárhagslegt örorkumat er hins vegar leitast við að meta til örorkustigs þau áhrif sem líkamsmeiðsli (eða geðrænt tjón) hafa á fjárhag eða nánar tiltekið hæfi hans til að afla tekna með vinnu.

Í skaðabótamálum hérlendis er almennt notað læknisfræðilegt örorkumat þegar ákveðnar eru bætur fyrir fjártjón vegna varanlegra afleiðinga líkamsspjalla. Í ýmsum tilvikum er þó vikið frá örorkumatstöflum að meira eða minna leyti. Annars staðar á Norðurlöndum hefur verið horfið frá læknisfræðilegu örorkumati þegar fjártjón er metið. Eftir norrænu skaðabótalögunum, sem fyrr var getið, skal miða bætur fyrir varanlega örorku við fjárhagslegt örorkumat.

Hér á landi hefur lengi verið rætt um að æskilegt væri að hverfa alveg frá læknisfræðilegu örorkumati í skaðabótamálum, en dómvenja hefur ekki breyst í þessu efni, enda má telja eðlilegt að svo veigamikil breyting verði gerð með lagasetningu. Rök með breytingu í þessa átt eru m.a. þau að töflur, sem notaðar eru við læknisfræðilegt örorkumat, miðist um of við áhrif líkamsspjalla á vinnugetu manna sem vinna erfiðisvinnu. Sú stöðlun, sem í því felst að meta fjártjón á grundvelli læknisfræðilegs mats, er talin valda því að tjónþolar á sama aldri og með sömu tekjur fyrir slys fái sömu eða sambærilegar bætur, ef örorkustig er hið sama, þótt áhrif örorku á getu til tekjuöflunar séu mjög mismunandi. Með breytingu á grundvelli örorkumats mælir enn fremur það að læknisfræðileg örorka hefur í fjölmörgum tilvikum ekki eins mikil áhrif á vinnutekjur tjónþola og ætla mætti eftir metnu örorkustigi. Rannsóknir á Norðurlöndum og víðar sýna að mikill meiri hluti tjónþola með litla læknisfræðilega örorku, t.d. 15% eða minni, nær fullum vinnu-

tekjum eftir slys. Hins vegar bendir margt til þess að þeir sem búa við mikla varanlega örorku, t.d. 75% eða meiri, fái ekki fullar bætur fyrir fjártjón það sem þeir verða fyrir vegna varanlegrar skerðingar á vinnugetu. Með því að taka upp fjárhagslegt örorkumat virðist vera unnt að ráða bót á helstu annmörkum sem fylgja læknisfræðilegu mati. Megintilgangur þess að taka upp fjárhagslegt mat í stað læknisfræðilegs er sá að með því má almennt fá raunhæfari grundvöll til að miða varanlegt tekjutap við. Breyting á réttarreglum á þessa lund leysir þó að sjálfsögðu ekki allan þann vanda sem er samfara því að meta til fjár tjón af völdum skerðingar á vinnugetu á ókomnum árum eða áratugum.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til grundvallar að bætur fyrir varanlegt fjártjón vegna líkamsspjalla skuli miða við fjárhagslega örorku, þ.e. varanlega „skerðingu á getu til að afla vinnutekna". Samkvæmt því á maður, sem hlotið hefur varanleg líkamsspjöll, ekki rétt á neinum örorkubótum ef sýnt þykir að þau dragi ekki úr getu hans til að afla sér tekna með vinnu. Hins vegar yrðu honum almennt dæmdar bætur fyrir annað tjón, sbr. það sem segir hér á eftir í kaflanum um varanlegt mein. Þessi regla 5. gr. er mjög frábrugðin gildandi rétti því að þess munu vart dæmi að íslenskir dómstólar hafi ekki talið ástæðu til að dæma örorkubætur auk bóta fyrir ófjárhagslegt tjón ef tjónþola, sem á skaðabótarétt, hefur verið metin varanleg læknisfræðileg örorka, sbr. þó H 1988, 267.

Þó að regla 5. gr. um fjárhagslegt örorkumat kunni oft að leiða til þess að bætur fyrir fjártjón af völdum varanlegrar læknisfræðilegrar örorku verði engar eða minni en bætur eftir núgildandi skaðabótareglum getur þessu verið öfugt farið. Læknisfræðileg örorka kann, eins og áður segir, að valda meiri skerðingu á getu til að afla vinnutekna en sem nemur þeim hundraðshluta sem hún er metin til. Í slíkum tilvikum mundu reglur frumvarpsins almennt veita meiri örorkubætur en reglur sem nú gilda. Dæmi: Skurðlæknir skaddast á hendi og er örorka eftir læknisfræðilegu mati 20%. Vegna meiðslanna verður hann að hætta skurðaðgerðum og á einungis kost á störfum sem fyrirsjáanlega gefa af sér 50% lægri tekur til frambúðar. Regla 5. gr. veitir í þessu tilviki rétt til bóta fyrir 50% örorku. Eftir núgildandi dómvenju mundi 20% matið væntanlega lagt til grundvallar, en litið yrði til þess til hækkunar á örorkubótum að fjártjón læknisins er í raun meira en 20%.

4.2. Almennt um bætur fyrir varanlega örorku.

Svo sem fyrr segir skal við ákvörðun örorkubóta samkvæmt reglum frumvarpsins miða við raunveruleg áhrif sem líkamstjón hefur á getu til að afla tekna. Þegar dæma skal um þetta ber að líta til þess hvaða tækifæri tjónþoli á til að afla sér tekna með vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við. Örorka tjónþola reiknast í hundraðshlutum (örorkustigum). Reglur um ákvörðun bóta eru miklu einfaldari en þær sem eru notaðar nú. Eftir frumvarpinu skal eins og áður ákveða bótafjárhæð með tiltekinni fjárhæð í eitt skipti fyrir öll (eingreiðslu).

Bætur skal meta til fjárhæðar sem reikna skal þannig að árslaun tjónþola eru margfölduð með 6 og síðan margfölduð með örorkustigi. Hér er með öðrum orðum lagt til að fastur margföldunarstuðull verði notaður við útreikning bóta. Rökin fyrir föstum stuðli eru tvíþætt. Annars vegar þau að einfalda ákvörðun bótafjárhæðar og hins vegar að komast hjá miklum og tíðum sveiflum á bótafjárhæðum vegna breytinga á vöxtum. Ástæða þess að lagt er til að margföldunarstuðullinn verði ekki hærri en 6 er m.a. sú að í frumvarpinu eru engin ákvæði um að greiðslur frá þriðja manni, t.d. bætur almannatrygginga, vátryggingarfé o.fl., séu dregnar frá skaðabótakröfu sem tjónþoli á gagnvart hinum bótaskylda, sbr. kafla 4.8. Lágur margföldunarstuðull vegur á móti því hagræði sem tjónþoli

hefur af því að greiðslur frá þriðja manni dragast ekki frá skaðabótakröfu hans.

Árslaun teljast almennt vera heildarvinnutekjur tjónþola á næstliðnu ári fyrir þann dag sem tjón varð. Þegar óvenjulegar ástæður eru fyrir hendi, t.d. breytingar á tekjum eða starfi, skal fjárhæð árslauna þó metin sérstaklega. Ekki skal miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr. Takmörkun þessi skiptir alltaf máli þegar árslaun tjónþola eru hærri en 4.500.000 kr., þ.e. einnig þótt varanleg örorka sé ekki alger. Rökin fyrir því að takmarka bætur við tiltekið hámark eru tvíþætt. Annars vegar þau að eðlilegt þykir að menn með óvenjuháar tekjur beri sjálfir það tjón sem stafar af missi þess hluta teknanna sem fara að miklum mun fram úr því sem venjulegt er meðal tekjuhárra manna. Tekjumiklir menn geta auðveldlega keypt vátryggingar sem tryggja þeim bætur fyrir tjón er þeir kunna að verða fyrir vegna þessarar takmörkunar. Hin rökin fyrir takmörkun bótafjárhæðar eru þau að leggja verður til grundvallar að því fylgi almennt talsverður ávinningur að almannatryggingabætur og aðrar greiðslur frá þriðja manni verða ekki dregnar frá bótakröfu.

Ýmsir tjónþolar nota vinnugetu sína þannig að þeir hafa engin eða óveruleg árslaun, t.d. þeir sem vinna við heimilisstörf án eiginlegra launatekna og unglingar sem stunda nám. Bætur til þessara tjónþola skal ákveða á grundvelli orkuskerðingarstigs, sbr. næsta kafla. Ef orkuskerðingarstig er 100% verða bætur 16.000.000 kr.

Í frumvarpinu eru sérstakar reglur um skerðingu bóta vegna aldurs tjónþola sem eru orðnir 56 ára gamlir.

Um áhrif greiðslna frá þriðja manni á fjárhæð skaðabótakröfu sjá kafla 4.8.

4.3. Varanlegt mein.

Sá sem á skaðabótarétt vegna spjalla á líkama getur samkvæmt reglum, sem nú gilda, krafist bóta fyrir ófjárhagslegt tjón (miska) auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta. Í frumvarpinu er ekki horfið frá þessari meginreglu. Hins vegar gerbreytast reglur um ákvörðun bóta fyrir tjón þetta ef frumvarpið verður að lögum. Með þeim er stefnt að meiri festu og samræmi við ákvörðun þessarar tegundar bóta. Í þessum kafla verður einungis fjallað um varanlegt ófjárhagslegt tjón sem í frumvarpinu er nefnt varanlegt mein. Reglur frumvarpsins um varanlegt mein koma í stað ákvæðisins um fégjald fyrir (varanleg) óþægindi, lýti og óprýði í 1. mgr. 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940. Um tímabundið ófjárhagslegt tjón er fjallað í næsta kafla hér á eftir.

Reglurnar um varanlegt mein eru að öllu leyti nýmæli hér á landi, en hliðstæðar reglur eru í norrænum skaðabótalögum. Bætur eru staðlaðar. Þær skal ákveða á grundvelli orkuskerðingarstigs samkvæmt sérstakri töflu, sbr. athugasemdir við 4. og 10. gr. frumvarpsins. Ákvæði um mein eru í 4. gr. frumvarpsins. Þau tengjast svo mjög reglum frumvarps um fjárhagslega örorku að um þetta tvennt verður ekki fjallað óháð hvort öðru. Svo sem fram kemur í kafla 4.1. hér á undan gæti regla 5. gr. frumvarpsins um að leggja beri fjárhagslega en ekki læknisfræðilega örorku til grundvallar mati á skerðingu á vinnugetu oft leitt til þess að engar örorkubætur greiðist þótt tjónþoli hljóti læknisfræðilega örorku til frambúðar. Veruleg örkuml, svo sem missir lima eða varanlegar hreyfingarhindranir, skerða ekki nærri alltaf getu til að afla vinnutekna. Þetta á einkum við um minni háttar læknisfræðilega örorku. Hins vegar er almennt talið að skaðabótareglum beri að haga þannig að slík líkamsspjöll beri að meta til bóta. Norrænu lagaákvæðin um mein eru m.a. sett til þess að unnt sé að veita bætur fyrir skerðingu á getu tjónþola til þess að njóta lífsins eins og heilbrigðir menn, t.d. þegar líkamsspjöll valda því að tjónþoli getur ekki stundað íþróttir, notið lista eða er ófær um að eignast börn. Bætur fyrir mein taka því við nokkru af hlutverki bóta fyrir læknisfræðilega örorku, þ.e. að vera greiðsla fyr-

ir ýmsar afleiðingar líkamstjóns sem ekki verða beinlínis taldar fjárhagslegar, en dómaframkvæmd hér á landi bendir til að í bótum fyrir læknisfræðilega örorku felist oft einhverjar bætur fyrir ófjárhagslegt tjón.

4.4. Þjáningar.

Í dómum um bætur fyrir spjöll á líkama er nú almennt ekki greint á milli bóta fyrir varanlegan miska og tímabundinn. Það er hins vegar gert í frumvarpinu. Um varanlegan miska, „mein", eru, eins og fyrr segir, reglur í 4. gr. frumvarpsins, en ákvæði um tímabundinn miska, „þjáningar", eru í 3. gr.

Meginbreytingin á reglum um tímabundinn miska er sú að bætur verða algerlega staðlaðar. Bætur skal greiða með nánar tiltekinni fjárhæð fyrir hvern dag sem tjónþoli er rúmfastur og helmingi lægri fjárhæð á dag þegar hann er veikur án þess að vera rúmfastur. Frá þessu eru tvær undantekningar sem grein er gerð fyrir í athugasemdum við 3. gr.

4.5. Annar miski.

Fyrrgreind ákvæði 3. og 4. gr. frumvarpsins varða einungis miskabætur vegna spjalla á líkama. Í 26. gr. frumvarpsins er regla um bætur fyrir miska í öðrum tilvikum, þ.e. þegar brotið hefur verið með ólögmætum hætti gegn frelsi, friði, æru eða persónu manns. Greind ákvæði frumvarpsins leysa af hólmi aðalreglu íslensks réttar um bætur fyrir miska, en hún er nú í 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940. Í reglu 26. gr. frumvarpsins felst sú mikilvæga breyting að ekki er lengur skilyrði miskabóta vegna brots gegn friði, æru eða persónu að brot sé refsivert. Eftir frumvarpinu nægir að brot sé ólögmætt. Rök fyrir breytingu þessari eru þau að þörf er á að vernda þessi gæði í ríkara mæli en nú er gert.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að sérstakar bætur komi í stað bóta fyrir röskun á stöðu og högum í dánarbótamálum, sbr. 3. málsl. 2. mgr. 264. gr. hegningarlaga. Réttur þess sem krefst bóta fyrir missi framfæranda á almennt að verða betri eftir frumvarpinu en núgildandi reglum um dánarbætur þrátt fyrir brottfall sérstakra bóta fyrir röskun á stöðu og högum.

4.6. Bætur fyrir missi framfæranda.

Margt er á huldu um hvernig ákveða skal fjárhæð bóta fyrir missi framfæranda og aðrar dánarbætur. Dómar um það efni eru fáir og þeir veita yfirleitt ekki nógu glögga mynd af því hvernig dómendur nota útreikninga tryggingastærðfræðinga við ákvörðun bótafjárhæðar. Ýmsum öðrum spurningum er ósvarað um vægi þeirra atriða sem áhrif hafa á mat dómara á tjóni því sem hér um ræðir. Ákvæðum 12.–14. gr. frumvarpsins er ætlað að leysa úr sem flestum óvissuþáttum varðandi bætur fyrir missi framfæranda.

Samkvæmt ákvæðum þessum eru dánarbætur í aðalatriðum staðlaðar. Ákvæðin fela í sér mjög mikla einföldun á reglum um dánarbætur. Bætur til maka vegna missis framfæranda skulu vera 30% af bótum sem ætla má að hinn látni hefði átt rétt á fyrir algera varanlega örorku, sjá 13. gr. Bætur til barna, sem eru yngri en 18 ára, skal að öllu leyti miða við barnalífeyri, sbr. 14. gr.

Dánarbótareglur frumvarpsins byggjast á jafnrétti kynja. Eftir frumvarpinu er heldur enginn munur á bótarétti eftirlifandi maka eftir því hvort um hjúskap eða óvígða sambúð var að ræða. Það er þó skilyrði bótaréttar sambúðarmaka að sambúð verði jafnað til hjúskapar.

Til þess að koma í veg fyrir að bætur til maka eða sambúðarmaka fyrir missi framfæranda verði í einstökum tilvikum úr hófi lágar er lagt til að þær skuli ekki nema minni

fjárhæð en 3.000.000 kr., nema sérstakar ástæður séu til að víkja frá því. Lágmark þetta skiptir t.d. máli við fráfall manns sem hefur lítil árslaun eftir reglum 7. gr. og einnig þegar hinn látni hafði tekjur sem ekki teljast til árslauna í merkingu 7. gr., svo sem lífeyri frá almannatryggingum eða eignatekjur.

Frumvarpið breytir ekki að neinu leyti reglum um bætur fyrir útfararkostnað.

Um áhrif greiðslna frá þriðja manni á skaðabótakröfu sjá kafla 4.8.

4.7. Stöðlun bótafjárhæða, verðbætur og vextir.

Eftir frumvarpinu er meginreglan sú að ákveða skal bætur fyrir varanlega örorku eftir því sem ætla má að tjón hvers einstaks tjónþola sé. Örorkustig á að miðast við raunverulega skerðingu á getu til að afla vinnutekna. Bætur fara einnig eftir fyrri tekjum tjónþola þess sem í hlut á. Að því er tekjur varðar er haldið í þá meginreglu, sem nú gildir, að sníða skal bætur eftir tjóni hvers einstaklings.

Hins vegar eru í frumvarpinu reglur er einfalda mjög útreikning bóta frá því sem nú er. T.d. skiptir aldur tjónþola ekki máli, nema hann sé orðinn a.m.k. 56 ára gamall er tjón verður. Einnig má nefna ákvæði um stöðlun fébóta til barna og tjónþola sem að verulegu leyti nýta starfsgetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur. Bætur til maka fyrir missi framfæranda eru miðaðar við sama grundvöll og örorkubætur. Framfærslutjónsbætur til yngri barna en 18 ára eru og staðlaðar, sbr. kafla 4.6. hér á undan. Í öllu þessu felst veruleg einföldun og hagræði sem ætti ekki aðeins að auðvelda mjög meðferð mála vegna örorkubóta heldur einnig mála vegna missis framfæranda.

Bætur fyrir atvinnutjón, sem nú er oft nefnt tímabundin örorka, eru hins vegar ekki staðlaðar eftir reglum frumvarpsins.

Áður var vikið að stöðlun miskabóta, sjá kafla 4.3. og 4.4.

Eins og vikið er að í athugasemdum hér að framan eru fjárhæðir ýmissa bóta fastákveðnar í frumvarpinu, svo og lágmark bóta fyrir missi framfæranda og hámarksárslaun sem miða skal örorkubætur o.fl. við. Allt eru þetta nýmæli og einnig það að fjárhæðir breytast eftir lánskjaravísitölu frá því að tjón varð og þar til bótafjárhæð er ákveðin. Bætur fyrir örorku breytast og í hlutfalli við breytingar á vísitölu, sjá nánar 15. gr. og athugasemdir við hana.

Í frumvarpinu er lagt til grundvallar að reglur um almenna vexti af bótum séu tvenns konar. Annars vegar er sérstök regla um vexti af bótum fyrir þjáningar, varanlegt mein, örorku og missi framfæranda. Hins vegar eru engin ákvæði í frumvarpinu um vexti af öðrum bótum og um þá gilda því almennar reglur, sbr. einkum vaxtalög, nr. 25/1987. Samkvæmt hinni sérstöku reglu um bætur fyrir þjáningar, varanlegt mein, örorku og missi framfæranda er bæði vikið frá reglum vaxtalaga um upphafstíma vaxta og vaxtafót. Í frumvarpinu eru engar sérreglur um dráttarvexti. Um þá fer því eftir reglum vaxtalaga, sjá nánar 16. gr. og athugasemdir við hana.

Reglum frumvarpsins um verðbætur, vexti og útreikning bóta fyrir örorku og missi framfæranda o.fl. er ætlað að gera meðferð bótamála og bótaákvörðun einfaldari, en reglur um afvöxtun (til slysdags) og ávöxtun (frá slysdegi til greiðsludags), sem nú er farið eftir við ákvörðun bóta fyrir líkamstjón, eru flóknar og mörgum torskildar.

4.8. Greiðslur sem tjónþoli fær frá öðrum en hinum bótaskylda.

Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli skal ekki fá hærri bætur en með þarf til þess að bæta raunverulegt tjón. Ein afleiðing þeirrar reglu er sú að fjárgreiðslur, sem tjónþoli hlýtur frá þriðja manni, þ.e. öðrum en hinum bótaskylda, ber að draga frá brúttó-

tjóni. Laun, sem tjónþoli fær í slysaforföllum, og almannatryggingabætur eru t.d. dregnar frá skaðabótakröfu hans. Frá þessu er sú undantekning að líf-, slysa- eða sjúkratryggingabætur frá vátryggingu, sem hvorki er skylt að kaupa samkvæmt lögum né kjarasamningi, dragast almennt ekki frá skaðabótakröfu, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Yfirleitt eru bætur, sem tjónþoli fær úr lífeyrissjóði, heldur ekki dregnar frá skaðabótakröfu hans. Um hina sérstöku reglu í 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 vísast til athugasemda við 17. og 22. gr. frumvarpsins.

Meðal nýmæla frumvarpsins eru gagngerar breytingar á þessum reglum. Breytingarnar skipta þó mestu máli um kröfur um örorkubætur skv. 5.–9. gr. og framfærslutjónsbætur skv. 12.–14. gr.

Eftir 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins skal draga frá skaðabótum fyrir tímabundið atvinnutjón laun í veikinda- og slysaforföllum, dagpeninga og aðrar bætur fyrir tímabundið atvinnutjón frá opinberum tryggingum, svo og vátryggingabætur og sambærilegar greiðslur sem tjónþoli fær vegna þess að hann er ekki fullvinnufær. Meðal vátryggingabóta, er draga ber frá skaðabótakröfu skv. 2. mgr., eru dagpeningar frá samningsbundinni atvinnuslysatryggingu launþega. Ákvæði 2. mgr. um frádrátt eru í fullu samræmi við núgildandi reglur. Óbreytt verður einnig það að greiðslur frá þriðja manni ber að draga frá skaðabótum fyrir útlagðan kostnað. T.d. ber að draga greiðslur almannatrygginga frá skaðabótakröfu sem tjónþoli gerir vegna kostnaðar við endurhæfingu eða tannviðgerð. Sama gildir um útfararkostnað. Hafi t.d. vátryggingafélag greitt eða tekið þátt í greiðslu hans lækkar skaðabótakrafa á hendur hinum bótaskylda að sama skapi. Frumvarpið leiðir heldur ekki til neinna breytinga á því að greiðslur frá almannatryggingum, vátryggingafélagi eða öðrum þriðja manni hafa almennt engin áhrif á rétt manna til bóta fyrir ófjárhagslegt tjón (þjáningar eða varanlegt mein). Um bætur, sem tjónþoli fær fyrir ófjárhagslegt tjón frá hinni sérstöku slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum eða hliðstæðri slysatryggingu farþega í ökutæki, vísast til athugasemda við 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr.

Nú verður gerð grein fyrir nýmælum um frádrátt greiðslna sem tjónþoli fær frá þriðja manni. Veigamikill þáttur í þeirri einföldun, sem frumvarpið felur í sér, er sá að almennt skal ekki draga frá bótum fyrir *varanlega örorku* eða *missi framfæranda* greiðslur er tjónþoli fær frá öðrum vegna líkamstjóns, t.d. bætur frá almannatryggingum eða slysatryggingu sem tjónþoli eða annar hefur keypt hjá vátryggingafélagi. Hér er með öðrum orðum lagt til að tekin verði upp sama regla um almannatryggingabætur og fleiri greiðslur frá þriðja manni og nú gildir skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 um greiðslur frá líf-, sjúkra- og slysatryggingum.

Helstu rök fyrir nýmæli þessu eru í fyrsta lagi að þegar um er að ræða bætur fyrir varanlega örorku eða missi framfæranda er alltaf umdeilanlegt hversu mikið fé þurfi til þess að gera hlut tjónþola jafnan því sem verið hefði ef tjónsatburðurinn hefði ekki gerst. Í flestum eða öllum tilvikum er þess vegna ekki unnt að slá því föstu að tjónþoli hagnist á því að eiga óskertan skaðabótarétt þótt hann njóti jafnframt greiðslna frá þriðja manni. Í öðru lagi er talin miklu minni hætta á að menn misnoti reglur um bætur fyrir líkamstjón en reglur um bætur fyrir tjón á munum því að sjaldgæft mun vera hér á landi að menn valdi viljandi sjálfum sér eða öðrum líkamstjóni í auðgunarskyni. Í þriðja lagi eru reglur frumvarpsins um margföldunarstuðul, sem nota skal við útreikning bóta fyrir varanlega örorku og missi framfæranda, öðrum þræði ákveðnar með hliðsjón af því að tjónþoli heldur almennt fullum rétti til skaðabótafjár samhliða óskertum rétti til greiðslna frá þriðja manni, t.d. bóta frá almannatryggingum og vátryggingum. Í fjórða lagi einfaldar

nýmæli þetta ákvörðun bótafjárhæðar og eyðir óvissu sem nú ríkir um suma frádráttarliði.

Tvær undantekningar eru frá umræddri reglu frumvarpsins um að almennt komi greiðslur, er tjónþoli fær frá öðrum vegna líkamstjóns, ekki til frádráttar skaðabótum fyrir varanlega örorku eða missi framfæranda. Önnur er sú að bætur frá slysatryggingu ökumanns samkvæmt umferðarlögum eða slysatryggingu farþega í ökutæki skal draga frá skaðabótum fyrir örorku eða missi framfæranda (og bótum fyrir annað tjón, ef því er að skipta, sbr. 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins). Hin er sú að greiðslur frá samnings- eða lögbundnum atvinnuslysatryggingum launþega skulu dregnar frá skaðabótakröfu fyrir tjón af varanlegri örorku eða missi framfæranda. (Um frádrátt þegar tjónþoli verður fyrir tímabundnu atvinnutjóni er áður rætt.) Ástæða fyrri undantekningarinnar er sú að bætur slysatryggingar ökumanns eða farþega eru í raun skaðabætur sem ákveðnar eru eftir almennum reglum skaðabótaréttar um ákvörðun bóta fyrir líkamsspjöll. Tjónþoli mundi því fá tvisvar greitt fyrir sama tjón eftir sömu bótareglum, ef hann gæti krafið hinn bótaskylda um fullar skaðabætur, án tillits til bóta frá slysatryggingu ökumanns eða farþega. Síðarnefnda undantekningin helgast af því að reglur um rétt launþega til bóta frá atvinnuslysatryggingu eru yfirleitt reistar á þeim forsendum að atvinnurekandi, sem annast kaup á slysatryggingunni, skuli njóta góðs af henni þegar líkamstjón verður rakið til atvika er hann ber skaðabótaábyrgð á. Þykir ekki ástæða til að skerða með lögum það frelsi sem samtök launþega og atvinnurekenda hafa til að semja um efni og gildissvið atvinnuslysatrygginga.

Þær greiðslur, sem draga skal frá skaðabótum samkvæmt umræddum undantekningarreglum, sbr. 2.–4. málsl. 4. mgr. 5. gr., eru í flestum tilvikum inntar af hendi í einu lagi en ekki sem lífeyrir.

4.9. Áhrif vátrygginga á skaðabótarétt. Endurkröfuréttur.

Lagt er til að 25. gr. laga nr. 20/1954 verði felld úr gildi og í stað hennar komi m.a. reglur er fylgi þeirri meginstefnu að skaðabótaréttur tjónþola eða endurkröfuréttur tryggingaraðila stofnist ekki að því marki sem tjón fæst bætt af vátryggingum eða öðrum tryggingarúrræðum.

Almennt ákvæði um að vátryggingafélag eigi endurkröfurétt er í 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins, en frá því eru ýmis mjög mikilvæg frávik. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skaðabótaréttur verði afnuminn vegna tjóns sem munatrygging, þ.e. vátrygging á hlut, eða vátrygging gegn rekstrarstöðvun tekur til. Frá því er vikið í 19. og 21. gr. Undantekningar 19. gr. helgast af því að út frá varnaðarsjónarmiðum þykir ekki heppilegt að afnema með lögum skaðabótaábyrgð eða endurkröfurétt þegar tjóni er valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða í atvinnurekstri eða opinberri starfsemi, enda þótt um einfalt gáleysi sé þar að ræða. Telja má að ef skaðabótaréttur og endurkröfuréttur yrði afnuminn að því er varðar tjón sem verður í slíkri starfsemi eða atvinnurekstri mundi vera hætt við að mjög drægi úr viðleitni til þess að koma í veg fyrir tjón á þeim vettvangi. Ýmsir álíta reyndar að þar sem margir atvinnurekendur eru ábyrgðartryggðir leiði það til hirðuleysis um ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón. Skipti því litlu hvort skaðabótaréttur á hendur þeim haldist eða verði numinn úr lögum ef tryggt er að tjónþoli fái bætur frá ábyrgðartryggingu eða annarri vátryggingu. Á þetta verður ekki fallist því að unnt er með ýmsum hætti að vinna gegn því að ábyrgðartrygging hafi skaðleg áhrif í þessu efni, t.d. með því að breyta iðgjöldum, ákvæðum um eigin áhættu vátryggðs eða vátryggingarskilmálum eftir tjónareynslu í tilteknum greinum rekstrar eða hjá einstökum vá-

tryggingartökum. Slíkt aðhald af hálfu vátryggingafélaga er hins vegar miklum erfiðleikum bundið í ábyrgðartryggingum einstaklinga þar sem skilmálar, iðgjöld og önnur vátryggingarkjör eru stöðluð.

Rök fyrir síðarnefndu undantekningunum, sbr. 21. gr., eru í fyrsta lagi þau að telja má notkun bifreiða, flug, siglingar o.s.frv. allhættulega starfsemi sem eðlilegt sé að beri það tjón sem af henni hlýst. Útgjöld vegna bótagreiðslna eigi því að falla á starfsemina og eftir atvikum þá sem njóta þjónustu hennar, en ekki aðra þegna þjóðfélagsins. Í öðru lagi helgast undantekningarnar af því að skaðabótareglur á flestum þessara sviða byggjast á alþjóðasamningum sem ekki er ástæða til að Ísland víki frá. Í einu tilviki er Ísland bundið af slíkum alþjóðasamningi, þ.e. um tjón af völdum olíumengunar, og getur því ekki einhliða breytt bótareglum um það efni. Í þriðja lagi má nefna að almennt er talið að endurkröfuréttur hafi meira raunhæft gildi á sviði farmtrygginga en flestra annarra vátrygginga á hlutum. Ef endurkröfurétti er almennt beitt gegn farmflytjendum sem ábyrgð bera á skemmdum eða glötun vöru færist tjónskostnaður (og kostnaður af vátryggingariðgjöldum) frá farmeigendum eða vátryggjendum þeirra á herðar farmflytjenda eða ábyrgðartryggjenda þeirra. Hér verður að gæta þess að haga íslenskri löggjöf þannig að Íslendingar búi almennt ekki við óhagstæðari bótareglur en gerist í öðrum ríkjum.

Í 19. gr. er sérstakt ákvæði þess efnis að starfsmaður ber ekki skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem vátrygging á hlut, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til. Fullyrða má að skaðabótakröfur séu aðeins í undantekningartilvikum hafðar uppi á hendur starfsmanni vegna tjóns sem hann veldur í starfi. Þegar á heildina er litið skiptir bótaréttur þessi í raun litlu máli fyrir tjónþola, en vegna varnaðarsjónarmiða er í 19. gr. kveðið svo á að starfsmaður sé þó bótaskyldur ef tjón verður rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis hans. Samkvæmt almennum skilmálum íslenskra ábyrgðartrygginga fyrir atvinnurekstur eru starfsmenn vátryggingartaka vátryggðir með sama hætti og ábyrgðartryggður vinnuveitandi þeirra. Vátryggður starfsmaður glatar rétti sínum á hendur ábyrgðartryggjanda ef tjónsatvik verður rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis hans, sjá nánar athugasemdir við 19. gr. Auk ákvæða 19. gr. bæta reglur 23. gr. að mun stöðu launþega sem valda tjóni af gáleysi við störf í þágu vinnuveitanda, sbr. næsta kafla hér á eftir.

Í 20. gr. frumvarpsins er það mikilvæga nýmæli að um skaðabótarétt ríkissjóðs, sveitarfélaga eða annars opinbers aðila, sem almennt kaupir ekki vátryggingu, fer með sama hætti og um skaðabótarétt vegna tjóns á vátryggðum hagsmunum. Meginreglan er því sú að bótaréttur stofnast ekki vegna tjóns opinbers aðila sem dreifir áhættu sinni án vátrygginga, þ.e. hefur „hagsmuni sína í eigin áhættu“. Nýmæli þetta styðst við þau rök að sanngjarnt þykir að réttarstaða tjónþola sé sú sama hvort sem tjón verður á vátryggðum hagsmunum eða óvátryggðum hagsmunum stórs aðila sem er svo fjársterkur að hagkvæmt er fyrir hann að dreifa áhættu sinni án vátrygginga.

Í samræmi við fyrrnefnda meginstefnu, að endurkröfuréttur stofnist ekki að því marki sem tjón fæst bætt af vátryggingum eða öðrum tryggingarúrræðum, eru í frumvarpinu reglur um að almannatryggingar, lífeyrissjóðir eða vátryggingafélög eigi ekki endurkröfu vegna greiðslu bóta vegna líkamstjóns, sjá 1. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Ákvæði þessi eru að sumu leyti aðeins staðfesting á framkvæmd sem fylgt hefur verið hér á landi í endurkröfumálum. Ákvæðin valda ekki gerbreytingu á reglum um endurkröfur. Hins vegar eru þau þáttur í þeirri þróun að ryðja skaðabótareglum úr vegi að meira eða minna leyti á sviðum þar sem auðvelt er að koma við öðrum bótaúrræðum sem talin eru hagkvæmari en hinar hefðbundnu skaðabótareglur.

4.10. Bótaábyrgð starfsmanns.

Reglur frumvarpsins um bótaábyrgð starfsmanns eru gerðar á grundvelli þess sjónarmiðs að meginreglan skuli vera sú að vinnuveitandi beri endanlega bótaábyrgð á tjóni sem starfsmaður hans veldur þegar hann er við vinnu í þágu vinnuveitandans. Í reynd er þetta svo hér á landi. Venjulega beinir tjónþoli bótakröfu að vinnuveitanda en gerir enga kröfu á hendur launþega sem veldur tjóni við vinnu. Fellur tjónsbyrði því á vinnuveitanda, enda heyrir það til undantekninga að hann endurkrefji starfsmann sem olli tjóni. Eftir gildandi rétti er staða starfsmanns þó formlega önnur og lakari. Starfsmaður ber persónulega bótaábyrgð á öllu tjóni sem rekja má til gáleysis eða ásetnings hans í starfi. Er almennt ekki heimilt að lækka eða fella niður bótaskyldu starfsmanns á grundvelli velferðarsjónarmiða. Sérstakar lækkunarheimildir eru að vísu til í örfáum lögum, en þær eiga aðeins við um starfsmenn á nánar tilteknum athafnasviðum (sjómenn, lögreglumenn, flugmenn o.fl.).

Í 23. gr. frumvarpsins er kveðið á um bótaskyldu starfsmanns. Grein þessi felur í sér nýmæli sem stefnir að sama marki og sérstakar lækkunarheimildir, en henni er ætlað að gilda um alla hópa launþega. Ákvæðið er orðað þannig að unnt verður að koma fram bótaábyrgð á hendur starfsmanni ef nauðsynlegt þykir af varnaðarástæðum.

Vegna reglu í 3. mgr. 19. gr., sem þrengir verulega svið bótaábyrgðar starfsmanns, reynir ekki á 23. gr. ef starfsmaður veldur með einföldu gáleysi tjóni sem munatrygging, vátrygging gegn rekstrarstöðvun eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til, sbr. næsta kafla hér á undan.

Eftir 23. gr. ber starfsmaður sjálfstæða bótaábyrgð gagnvart tjónþola. Bótakröfu tjónþola má lækka eða fella niður, en þegar afstaða er tekin til þess hvort efni séu til að beita heimild þessari ber að líta til ýmissa atvika sem nánar eru talin í greininni, m.a. hagsmuna tjónþola. Af hinu síðastnefnda leiðir að starfsmaður getur, ef vinnuveitandi hans er ógjaldfær, þurft að greiða tjónþola skaðabætur þótt starfsmaður eigi endurkröfu á hendur vinnuveitanda sínum eftir reglum sem skv. 23. gr. gilda um réttarstöðu þeirra tveggja innbyrðis. Ef vinnuveitandi er ógjaldfær geta atvik ýmist verið þannig að sanngjarnt sé talið að fella bótaskyldu á starfsmann eða eðlilegt þyki að tjónþoli beri tjónið sjálfur. Úr því verða dómstólar að skera í ljósi atvika eins og þau eru hverju sinni og á grundvelli reglna 23. gr.

4.11. Almenn lækkunarregla.

Eins og áður greinir er í frumvarpinu fylgt þeirri meginstefnu að skaðabótaábyrgð hins bótaskylda er að verulegu leyti afnumin í þeim tilvikum sem tjónþoli fær vátryggingabætur. Sama á við þegar tjónþoli er opinber aðili sem dreifir áhættu sinni án vátrygginga. Enn fremur er dregið að miklum mun úr bótaskyldu starfsmanns sem veldur tjóni í vinnu í þágu vinnuveitanda þótt tjónþoli njóti ekki tryggingagreiðslna. Nú á tímum getur hlotist mjög mikið tjón af einum atburði þótt orsök hans sé óverulegt gáleysi. Það er ekki aðeins svo að hver sem er getur hlotið tjón af gáleysi annars manns, heldur getur hver sem er orðið fyrir því að verða bótaskyldur. Annars staðar á Norðurlöndum hefur þess vegna þótt ástæða til að ganga enn lengra í þá átt að draga úr skaðabótaábyrgð en gert er eftir framansögðu. Lögfest hefur verið almenn lækkunarheimild sem ekki er bundin við tjón sem valdið er í starfi eins og fyrrgreind regla í 23. gr. frumvarpsins kveður á um.

Lækkunarheimild sú, sem tillaga er gerð um í 24. gr. frumvarpsins, veitir tækifæri til þess að milda áhrif skaðabótareglna, þ.e. draga úr eða fella bótaábyrgð niður, ef sérstök

rök eru til þess að víkja frá þeim reglum sem annars gilda um stofnun bótaábyrgðar. Rök þessi, sem eru félagslegs eðlis, hafa stundum verið nefnd velferðarsjónarmið. Sérstakar heimildir í lögum til að milda skaðabótaábyrgð styðjast að nokkru við sömu rök og lagaheimildir til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningsákvæðum, sbr. einkum 36. gr. laga nr. 7/1936 eins og henni var breytt með lögum nr. 11/1986. Hér er notað heitið lækkunarregla eða lækkunarheimild um þá hliðrunarreglu sem felst í 24. gr. frumvarpsins, sbr. 3. kafla hér að framan.

Þótt aðalrökin fyrir lögfestingu almennrar lækkunarheimildar séu bundin aðstæðum tjónvalds verður einnig að gera hana þannig úr garði að hagsmunir tjónþola séu ekki fyrir borð bornir. Eigi tjónþoli ekki kost á vátryggingarfé eða öðrum slíkum úrræðum til þess að fá tjón sitt bætt yrði hann að sjálfsögðu að bera tjón sitt að hluta eða bótalaust ef lækkunarheimild yrði beitt. Sú niðurstaða mundi oft verða álitin ósanngjörn. Lagaheimild um lækkun eða niðurfellingu bóta af velferðarástæðum verður því að vera þannig að bæði sé unnt að líta til hagsmuna tjónvalds og tjónþola þegar metið er hvort eða að hve miklu leyti beita skuli heimildinni. Auk þess að meta hagsmuni aðila sjálfra verður dómari að hafa svigrúm til þess að líta til þess hvort varnaðaráhrifum skaðabótareglna verði stefnt í hættu ef lækkunarreglu yrði beitt. Þótt ýmsir efist um að skaðabótareglur hafi veruleg varnaðaráhrif er hugsanlegt að mjög víðtæk lækkunarheimild geti ýtt undir kæruleysi eða dregið úr áhuga manna á því að gera eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón. Þess vegna er 24. gr. frumvarpsins orðuð þannig að til hennar verður ekki gripið nema í sérstökum tilvikum sem heyra til undantekninga.

Lækkunarheimildinni er bæði ætlað að gilda um skaðabótaábyrgð utan samninga og innan. Ljóst er að mikilvægt er fyrir öryggi í fjárhagslegum samskiptum manna að haga lögum þannig að menn baki sér ábyrgð ef þeir standa ekki við samninga sem þeir eru bundnir af. Lækkunarheimild yrði því almennt ekki beitt um bótaskyldu vegna vanefnda á samningi. Þó kunna að koma upp tilvik innan samninga þar sem þörf er fyrir heimildina, en að sjálfsögðu verður hún aðeins notuð að fullnægðum hinum þröngu skilyrðum sem talin eru í 24. gr.

4.12. Fleiri en einn skaðabótaskyldir.

Í 25. gr. frumvarpsins er almenn regla um skiptingu ábyrgðar milli þeirra er bera saman bótaábyrgð gagnvart tjónþola. Nú eru ekki almenn ákvæði um það efni í settum lögum hér á landi.

Ef frumvarpið verður að lögum verður bótaábyrgð skipt milli hinna bótaskyldu eftir mati á atvikum sem nefnd eru í grein þessari og eftir reglum 19.–22. gr. Eitt helsta nýmæli 25. gr. er það að ef einn eða fleiri hinna bótaskyldu eru ábyrgðartryggðir skal ábyrgðartryggingin bera tjónið eftir reglum frumvarpsins um ábyrgð á tjóni sem vátrygging tekur til, sbr. það sem greinir í kafla 4.9.

4.13. Eigin sök tjónþola.

Í frumvarpinu felast ekki breytingar á almennum reglum um eigin sök tjónþola eða sambærileg atvik sem leitt geta til meðábyrgðar tjónþola. Í 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins er þó lækkunarheimild í þágu tjónþola. Í henni felst að líta má alveg eða að nokkru fram hjá því að tjónþoli var meðvaldur að tjóni ef skilyrði hinnar almennu lækkunarheimildar í 1. mgr. 24. gr. eru fyrir hendi.

5. Fjárhagsleg áhrif.

Þótt reglur frumvarpsins leiði almennt til hækkunar á dánarbótum og bótum fyrir þá örorku sem skerðir í raun getu tjónþola til að afla vinnutekna má telja fullvíst að heildarútgjöld þjóðarinnar af skaðabótagreiðslum fyrir líkamstjón minnki verulega ef frumvarpið verður að lögum. Ástæða þess er sú að samkvæmt reglum frumvarpsins verða bætur fyrir minni háttar læknisfræðilega örorku, sem ekki veldur raunverulegu fjártjóni, mun minni en nú er. Slys, sem hafa í för með sér slíka minni háttar örorku, eru svo mörg að lækkun útgjalda vegna þeirra gerir meira en að vega upp útgjaldaaukningu af hærri dánarbótum og örorkubótum til þeirra sem í reynd bíða mikið fjárhagslegt tjón af slysi eða öðrum atvikum sem hafa líkamstjón í för með sér.

Reglur frumvarpsins um að draga úr eða fella brott endurkröfurétt vátryggingafélaga og Tryggingastofnunar ríkisins varða einungis tilfærslu tjónskostnaðar og auka því ekki heildarútgjöld sem falla á þjóðina vegna tjónsatburða. Sama á við um brottfellingu og skerðingu endurkröfuréttar ríkis og sveitarfélaga vegna tjóns á hagsmunum sem hið opinbera vátryggir ekki og hefur því í eigin áhættu. Þar við bætist að fé, sem innheimtist með endurkröfum, er óverulegur hluti heildarkostnaðar af skaðabótakröfum.

Kostnaður við örorkunefnd getur orðið meiri en kostnaður sem nú hlýst af greiðslum til lækna fyrir örorkumat, en það er þó engan veginn víst. Þeir sem bera bótaábyrgð á tjóni skulu bera kostnað þennan en ekki ríkissjóður. Verði frumvarpið að lögum fellur niður kostnaður við álitsgerðir og útreikninga tryggingastærðfræðinga. Einnig má gera ráð fyrir að kostnaður vegna þóknunar til lögmanna minnki.

Útgjöld vegna skaðabótakrafna eru í fyrstu borin af þeim sem bera skaðabótaábyrgð eða ábyrgðartryggingum. Þegar hinn skaðabótaskyldi er atvinnurekandi verður hann að reikna með kostnaði sínum af bótagreiðslum eða iðgjöldum ábyrgðartryggingar er hann ákveður endurgjald sitt fyrir vöru eða þjónustu. Sama gildir um ríki og sveitarfélög. Skattar eða önnur opinber gjöld verða m.a. að standa undir útgjöldum sem hið opinbera hefur af því að greiða skaðabætur eða vátryggingariðgjöld. Í þessum tilvikum fellur því beinn og óbeinn kostnaður af bótagreiðslum á neytendur og skattgreiðendur. Einstaklingar, sem ekki reka atvinnu, verða að jafnaði sjálfir að bera útgjöld af skaðabótagreiðslum og iðgjöldum ábyrgðartryggingar. T.d. verða þeir sjálfir að bera iðgjöld af ábyrgðartryggingu einkabifreiðar og heimilis- eða fjölskyldutryggingu án þess að geta varpað iðgjaldabyrðinni á aðra. Heildarkostnaður af skaðabótagreiðslum fellur því endanlega á almenning án tillits til þess hver greiðir skaðabótakröfu í fyrstu. Leiði lögfesting frumvarpsins til lækkunar á heildarkostnaði við tjón, eins og hér er gert ráð fyrir, mun almenningur njóta góðs af því án þess að dregið verði úr eðlilegum bótarétti þeirra sem verða fyrir tjóni.

6. Efni frumvarpsins í hnotskurn.

Í 4. kafla hér á undan er gefið alllangt yfirlit um helstu breytingar sem felast í frumvarpinu. Til hægðarauka skulu hér á eftir rakin meginatriði frumvarpsins í styttra máli en gert er í 4. kafla. Reglur frumvarpsins um tengsl skaðabótareglna og annarra bótaúrræða, þ.e. vátrygginga, almannatrygginga o.fl., eru allflóknar og er samantektin um þær því nokkuð fyrirferðarmikil, sbr. lið 6.9.

6.1. Örorkumat.

Grundvelli örorkumats er gerbreytt. Horfið er frá mati sem í meginatriðum er læknisfræðilegt. Í stað þess kemur raunhæft fjárhagslegt mat á þeim áhrifum sem líkamstjón

hefur á hæfi hins slasaða til að afla tekna með vinnu, sjá nánar 5. gr.

Örorkumat, sem nú er miðað við í skaðabótamálum, hefur eingöngu verið gert af læknum. Þessari skipan er breytt og hefur einn aðili, „örorkunefnd", með höndum mat á örorku, sjá nánar 10. gr.

6.2. Bætur fyrir varanlegt ófjárhagslegt tjón.

Breyting á grundvelli örorkumats veldur því að margir tjónþolar, sem hefðu eftir núgildandi reglum fengið örorkubætur, eiga ekki rétt á þeim. Í stað þess koma reglur um staðlaðar miskabætur, bætur fyrir „varanlegt mein". Eru þær ákveðnar á grundvelli taflna er líkjast töflum sem nú eru hafðar til hliðsjónar við svonefnt læknisfræðilegt örorkumat. Örorkunefnd semur töflur þessar og ákveður orkuskerðingarstig. Réttur til bóta fyrir varanlegt mein stofnast án tillits til þess hvort tjónþoli á rétt til bóta fyrir varanlega örorku, sjá nánar 4. gr.

6.3. Útreikningur örorkubóta.

Reglur frumvarpsins um ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku eru miklu einfaldari en nú. Gert er ráð fyrir að örorkubætur fyrir minni háttar „læknisfræðilega" örorku lækki almennt eða falli niður, en bætur fyrir mikla örorku hækka. Bætur skal almennt miða við árslaun, þ.e. heildarvinnutekjur tjónþola á næstliðnu ári fyrir þann dag sem tjón varð. Árslaun tjónþola eru margfölduð með 6 og síðan með örorkustigi. Þess vegna verður ekki þörf á útreikningi tryggingastærðfræðings. Ekki skal miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr.

Sérstakar staðlaðar reglur eru um grundvöll útreiknings bóta þegar tjónþoli hafði engar eða takmarkaðar vinnutekjur fyrir slys eða annað tjónsatvik.

Enginn frádráttur er gerður vegna skattfrelsis bóta eða „hagræðis af eingreiðslu". Deilur um það efni verða því úr sögunni. Greiðslur, sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, skal almennt ekki draga frá skaðabótakröfu. Frá því eru tvær undantekningar, sbr. 2.–4. málsl. 4. mgr. 5. gr.

Aldur tjónþola hefur ekki áhrif á fjárhæð örorkubóta, nema hinn slasaði sé orðinn 56 ára gamall. Bætur greiðast ekki ef örorka er minni en 15%, sjá nánar 5.–9. gr.

6.4. Þjáningabætur.

Bætur fyrir tímabundið ófjárhagslegt tjón, „þjáningar", eru staðlaðar eftir frumvarpinu. Viss fjárhæð reiknast fyrir hvern dag sem tjónþoli er rúmfastur og lægri fjárhæð fyrir hvern dag sem hann er veikur án þess að vera rúmfastur. Frá þessum meginreglum eru tvær undantekningar, sjá nánar 3. gr.

6.5. Dánarbætur.

Reglur um dánarbætur eru skýrari og einfaldari en þær ólögfestu reglur sem farið hefur verið eftir. Reglur um bætur fyrir útfararkostnað breytast þó eigi. Réttur til bóta fyrir röskun á stöðu og högum er felldur niður. Hins vegar eru bætur fyrir missi framfæranda samkvæmt frumvarpinu almennt mun hærri en nú gerist eftir dómvenju. Um greiðslur, sem tjónþoli fær frá þriðja manni fyrir líkamstjón, gildir sama meginregla og um örorkubótakröfur, þ.e. að tjónþoli heldur almennt óskertum rétti á hendur hinum bótaskylda þrátt fyrir greiðslur frá öðrum.

Bætur fyrir missi framfæranda eru að mestu staðlaðar. Bætur til eftirlifandi maka eða sambúðarmaka eru 30% af bótum sem ætla má að hinn látni hefði átt rétt á fyrir algera (100%) örorku.

Bætur til barns yngra en 18 ára skulu vera jafnháar heildarverðmæti barnalífeyris sem barnið á rétt á frá því að tjón varð til 18 ára aldurs samkvæmt lögum um almannatryggingar. Hafi hinn látni verið eini framfærandi barns hækka bætur um 100%.

Lágmark bóta til maka eða sambúðarmaka fyrir missi framfæranda er 3.000.000 kr. Um lækkun bóta vegna aldurs gilda sömu ákvæði og um örorkubætur, sjá nánar 12.–14. gr.

6.6. Áhrif verðlagsbreytinga á bótakröfu.

Bætur fyrir þjáningar og varanlegt mein skal ákveða á grundvelli fjárhæða sem gilda þegar bótafjárhæð er ákveðin eftir því sem nánar segir í frumvarpinu.

Fjárhæðir þessara bóta breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna. Sama á við um aðrar fjárhæðir sem nefndar eru í frumvarpinu, þ.e. hæstu árslaun sem örorkubætur miðast við og lágmark bóta til maka fyrir missi framfæranda. Örorkubætur skal umreikna miðað við breytingar á lánskjaravísitölu frá því að tjón varð og þar til bótafjárhæð er ákveðin með samningi eða dómi, sjá nánar 15. gr.

Aðrar bætur eru ákveðnar einstaklingsbundið og þarf því ekki sérstaka reglu um uppfærslu þeirra eftir verðlagsbreytingum.

6.7. Vextir.

Bætur fyrir þjáningar, varanlegt mein, örorku og missi framfæranda bera fastákveðna vexti frá því að tjón varð. Um vexti af öðrum bótum fer eftir almennum reglum, sbr. vaxtalög, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Engar sérstakar reglur um dráttarvexti eru í frumvarpinu, sjá nánar 15. og 16. gr.

6.8. Reglur um tilhliðrun vegna hagsmuna tjónvalds.

Reglur þessa efnis eru aðallega tvenns konar. Annars vegar er lækkunarregla í 24. gr. Samkvæmt henni er heimilt að lækka bótafjárhæð eða fella niður skaðabótaábyrgð ef ábyrgð yrði hinum bótaskylda svo þungbær að ósanngjarnt má telja eða álíta verður skerðingu eða niðurfellingu sanngjarna vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Heimild þessi er nýmæli í íslenskum lögum. Að vísu þekkjast sérstakar lækkunarheimildir hér, en gildissvið þeirra er afar takmarkað.

Hin reglan, sem hér um ræðir, er í 23. gr. Hún dregur mjög úr skaðabótaábyrgð starfsmanns sem veldur tjóni við starf í þágu vinnuveitanda síns. Regla þessi kemur í stað núgildandi heimilda í siglingalögum og fleiri lögum til að lækka eða fella niður skaðabætur vegna tjóns sem launþegi veldur í starfi.

6.9. Brottfall skaðabótaréttar vegna tjóns á vátryggðum hagsmunum o.fl. Endurkröfuréttur vátryggingafélags o.fl.

6.9.1. Tjón sem bætt er af líftryggingu, slysa- eða sjúkratryggingu, almannatryggingum eða lífeyrissjóði (1. mgr. 17..gr. og 2. mgr. 22. gr.).

Hvorki *tjónþoli* né *vátryggingafélag* (Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður) getur krafið hinn bótaskylda.

6.9.2. Tjón sem bætt er af munatryggingu eða vátryggingu gegn rekstrarstöðvun (19.–21. gr.).

Hvorki *tjónþoli* né *vátryggingafélag* getur krafið hinn bótaskylda.

Undantekningar: Skaðabótakrafa og endurkrafa stofnast, ef (1) tjóni er valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða (2) í opinberri starfsemi eða einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri (sérregla um skaðabótaábyrgð starfsmanns er í 3. mgr. 19. gr.) eða (3) þegar bótareglur umferðarlaga, loftferðalaga, siglingalaga, laga um ábyrgð við vöruflutninga á landi eða alþjóðasamnings um olíumengun eiga við.

6.9.3. Tjón á ótryggðum hagsmunum sem hið opinbera hefur í eigin áhættu (19.–21. gr.).

Tjónþoli (ríkissjóður, sveitarfélag eða aðrir opinberir aðilar) getur ekki krafið hinn bótaskylda.

Undantekningar: Skaðabótakrafa og endurkrafa stofnast ef (1) tjóni er valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða (2) í opinberri starfsemi eða einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri (sérregla um skaðabótaábyrgð starfsmanns er í 3. mgr. 19. gr.) eða (3) þegar bótareglur umferðarlaga, loftferðalaga, siglingalaga, laga um ábyrgð við vöruflutninga á landi eða alþjóðasamnings um olíumengun eiga við.

6.9.4. Tjón sem ábyrgðartrygging tekur til (2. mgr. 25. gr. og 3. mgr. 19. gr.).

Ef einn eða fleiri þeirra, sem bera óskipta bótaábyrgð, hafa ábyrgðartryggingu sem tekur til tjónsins fer um *réttarstöðu tjónvalda innbyrðis* eftir reglum 1. og 2. mgr. 19. og 21. gr. Þetta getur haft þau áhrif að ábyrgðartryggður tjónvaldur (eða vátryggjandi hans) geti ekki krafið tjónvald, sem ekki er ábyrgðartryggður, um neinn hluta tjónsins.

Heimilt er að skerða rétt ábyrgðartryggðs tjónvalds enn frekar en að framan segir, sjá 2. og 3. málsl. 2. mgr. 25. gr.

Hvorki *tjónþoli* né *vátryggingafélag* getur krafið *starfsmann* er veldur tjóni sem ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til, nema hann hafi valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

6.9.5. Tjón, sem önnur skaðatrygging en munatrygging, vátrygging gegn rekstrarstöðvun eða ábyrgðartrygging tekur til (1. mgr. 22. gr.).

Tjónþoli og *vátryggingafélag* geta krafið hinn bótaskylda.

Regla þessi er undantekningarlaus. Engin heimild er til að lækka eða fella niður skaðabótakröfu tjónþola eða endurkröfu vátryggingafélags.

Þess ber að gæta að reglan á ekki við um mikilvægustu flokka skaðatrygginga, þ.e. munatryggingar, vátryggingar gegn rekstrarstöðvun eða ábyrgðartryggingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

UM I. KAFLA

Í þessum kafla eru reglur um skaðabætur fyrir tjón af völdum líkamstjóns.

Um 1. gr.

Hér greinir frá þeim liðum sem bóta verður krafist fyrir vegna líkamstjóns sem veldur ekki dauða. Í framkvæmd eru bætur nú alloft ákveðnar í einu lagi fyrir tvo eða jafnvel fleiri kröfuliði. T.d. er algengt að bætur fyrir tímabundna og varanlega örorku séu dæmdar með einni fjárhæð. Eins eru bætur nokkuð oft dæmdar í einu lagi fyrir örorku og miska. Með frumvarpinu er stefnt að því að breyta þessu þannig að í dómum og við uppgjör utan réttar verði hverju sinni tilgreindur sérstaklega hver liður tjóns sem bæta skal. Liðirnir eru þessir:

1. atvinnutjón,
2. sjúkrakostnaður,
3. annað fjártjón,
4. þjáningar,
5. varanlegt mein og
6. örorka (varanlegur missir eða varanleg skerðing getu til að afla vinnutekna).

Með sjúkrakostnaði er í fyrsta lagi átt við útgjöld vegna eðlilegra og nauðsynlegra ráðstafana við lækningu tjónþola. Hér kemur einkum til kostnaður við læknishjálp, dvöl á sjúkrahúsi, endurhæfingu og sjúkraflutning. Einnig má nefna t.d. hjólastól, smíði á sérstökum skóm og útgjöld vegna þess að tjónþoli þarf að breyta um starf eftir slys. Tjónþoli getur þó ekki krafist bóta vegna síðastgreindra útgjalda ef bætur fyrir varanlega örorku eru ákveðnar án tillits til þess hvort hann á kost á að skipta um starf.

Með orðunum „annað fjártjón“ í 1. mgr. er átt við útgjöld sem falla á tjónþola strax eða fljótlega eftir að tjónsatvik bar að höndum en erfitt er að færa sönnur á, t.d. með því að leggja fram reikninga. Námsmönnum hafa verið dæmdar bætur fyrir röskun á stöðu og högum vegna tafa sem orðið hafa á námi vegna slyss, sbr. 1. mgr. 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, sem nú er lagt til að felld verði niður, sjá athugasemdir við 26. og 29. gr. hér á eftir. (Um bætur fyrir röskun á stöðu og högum í dánarbótamálum sjá athugasemdir við 12. gr.) Hér er ekki gert ráð fyrir neinni efnisbreytingu á þessu og yrði því heimilt að bæta slíkt sem „annað fjártjón“ (en ekki undir heitinu „röskun á stöðu og högum“) ef frumvarpið verður að lögum.

Ákvæðið um bætur fyrir „annað fjártjón“ er einnig sett til þess að veita svigrúm til þess að ákvarða bætur fyrir tjón sem ekki telst til sjúkrakostnaðar í þröngri merkingu þess orðs.

Frá skaðabótum til tjónþola skal draga bætur almannatrygginga og aðrar bótagreiðslur frá þriðja manni vegna framangreindra útgjalda hans, t.d. bætur úr slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bætur frá vátryggingafélagi sem selt hefur vátryggingu gegn sjúkrakostnaði.

Ákvæði 3. mgr. um að verðmæti vinnu við heimilisstörf skuli leggja að jöfnu við launatekjur skiptir máli þegar ákveða skal bætur fyrir atvinnutjón skv. 2. mgr. eða varanlega örorku skv. 2. mgr. 7. gr. Hér skal einnig bent á reglur 8. gr. um bætur vegna varanlegrar örorku tjónþola sem nýtir starfsgetu sína að verulegu leyti til annars en að afla vinnutekna.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. 2. gr. er í samræmi við það sem nú er almennt talið gilda um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón. Hér skal þó vakin athygli á því að nýmælið í 3. mgr. 1. gr. um verðmæti vinnu við heimilisstörf getur haft veruleg áhrif þegar bætur eru ákvarðaðar fyrir atvinnutjón. Um bætur fyrir útgjöld vegna sérstakrar aðstoðar á heimili, þegar heimavinnandi maki eða sambúðarmaki slasast, fer eftir reglunum um atvinnutjón. Tjónþoli getur þó aðeins krafist greiðslu á útlögðum kostnaði.

Með orðunum „getur hafið vinnu að nýju“ er átt við að tjónþoli geti byrjað aftur starf að verulegu leyti í sama mæli og áður.

Venjulega er ekki að vænta frekari bata þegar svo er komið að áliti lækna að ólíklegt er að tjónþoli læknist frekar af afleiðingum líkamstjóns.

Með 2. mgr. eru ekki gerðar breytingar frá gildandi rétti. Föst dómvenja er um að draga hvers kyns laun og dagpeninga, sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna slyss, frá skaðabótakröfu hans á hendur hinum bótaskylda. Sama regla er talin gilda um vátryggingabætur ef þær teljast „raunveruleg skaðabót“, sbr. 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Dagpeningar, sem vátryggingafélag skal greiða af samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega, nema venjulega fjárhæðum sem nánar eru tilteknar í vátryggingarsamningi án tillits til þess hve mikil daglaun tjónþola eru á því tímabili sem hann er óvinnufær. Þótt vera kunni að slíkir dagpeningar verði strangt tekið ekki taldir „raunveruleg skaðabót“ í merkingu greinds ákvæðis laga um vátryggingarsamninga er ekki stefnt að því með frumvarpinu að breyta þeirri almennu reglu að dagpeninga þessa skuli draga frá skaðabótakröfu á hendur þeim sem ber ábyrgð á slysi. Telja verður að dagpeningar samnings- og lögbundinna atvinnuslysatrygginga launþega séu „sambærilegar greiðslur sem tjónþoli fær vegna þess að hann er ekki fullvinnufær“. Samkvæmt þessu á reglan um frádrátt vátryggingabóta, sem eru raunveruleg skaðabót, nánast eingöngu við um greiðslur úr slysatryggingu ökumanns skv. 92. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, og hliðstæðri slysatryggingu farþega í ökutæki.

Um aðrar slysatryggingar og sjúkratryggingar gildir nú regla 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Samkvæmt henni hefur greiðsla, sem tjónþoli fær frá slysa- eða sjúkratryggingu, engin áhrif á rétt hans gegn hinum skaðabótaskylda. Tjónþoli getur með öðrum orðum krafist fullra og óskertra skaðabóta fyrir líkamstjón þótt slysatryggjandi hafi greitt honum vátryggingarfé vegna tjónsins. Þetta á þó ekki við ef greiðsla vátryggingafélags er raunveruleg skaðabót, sbr. 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, en hér á landi er helsta dæmi þess áðurnefnd slysatrygging ökumanns og sams konar slysatrygging farþega í ökutæki. Eftir 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins verða engar efnislegar breytingar á greindum reglum.

Ákvæði 2. mgr. um laun í veikinda- eða slysaforföllum tengist 2. mgr. 17. gr., en þar er kveðið á um að vinnuveitandi eigi endurkröfurétt á hendur hinum skaðabótaskylda vegna launa eða annarra greiðslna á forfallatímabili.

Um 3. gr.

Ákvæði um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón eru nú í 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940. Samkvæmt henni má m.a. dæma bætur fyrir þjáningar og óþægindi þegar maður á að lögum að svara bótum fyrir spjöll á líkama. Ákvörðun um bætur fer eftir mati dómara.

Í frumvarpinu er orðið „fégjald“ ekki notað um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón. Orðið fégjald er að vísu notað í þeirri merkingu í 264. gr. hegningarlaga, en hefur ekki náð festu í íslensku lagamáli. Í frumvarpinu er orðið bætur því notað hvort sem um er að ræða fjártjón eða ófjárhagslegt tjón.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir sérstökum bótum fyrir óþægindi, enda virðast dómstólar nánast líta á þjáningar og óþægindi sem samnefni, a.m.k. munu ekki vera skýr dæmi um óþægindi sem sérstakt tilefni bóta fyrir tímabundið ófjárhagslegt tjón. Eftir frumvarpinu koma þjáningabætur því í stað þess sem nú er nefnt bætur fyrir þjáningar og óþægindi.

Reglur þessarar greinar eru nýmæli. Hér er lagt til að bætur fyrir tímabundið ófjárhagslegt tjón, þ.e. þjáningar, verði staðlaðar, þannig að nánar tiltekin fjárhæð verði greidd fyrir hvern dag sem tjónþoli er rúmfastur, en lægri fjárhæð fyrir hvern dag sem hann er veikur án þess að vera rúmliggjandi. Fyrir tjónþola skiptir miklu að einföld og skýr regla sé til um ákvörðun bóta fyrir ófjárhagslegt tjón. Í þessu felst einnig veruleg hagræðing fyrir dómara, lögmenn og aðra sem vinna að málum um ákvörðun fébóta fyrir líkamstjón.

Þjáningabætur eru fégjald fyrir þjáningar í kjölfar líkamstjóns. Bætur greiðast aðeins fyrir tiltekið tímabil, þ.e. þar til ekki er að vænta þess að tjónþoli hljóti frekari bata. Samkvæmt frumvarpinu er almennt ekki heimilt að dæma þjáningabætur, nema tjónþoli sé veikur. Eftir það getur tjónþoli eftir atvikum átt rétt á bótum fyrir varanlegt ófjárhagslegt tjón, þ.e. mein, sbr. 4. gr.

Ákvæði frumvarpsins breyta í engu þeirri reglu sem nú gildir að réttur til þjáningabóta stofnast án tillits til þess hvort tjónþoli hefur orðið fyrir fjártjóni.

Í greininni eru tvær undantekningar frá meginreglunni um staðlaðar bætur. Önnur er sú að þegar sérstaklega stendur á er heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé ekki veikur. Dæmi um slík tilvik er það að líkamstjón valdi tímabundnum líkamlegum óþægindum eða trufli eðlilega líkamsstarfsemi án þess að sagt verði að tjónþoli sé veikur. Hin er þess efnis að ef bætur nema meira en 200.000 kr. má víkja frá ákvæðum um fastan taxta fyrir veikindadag. Undantekningarregla þessi veitir svigrúm til að ákveða að álitum lægri þjáningabætur til tjónþola ef veikindatímabil eftir líkamstjón er langt. Rök fyrir þessum undantekningum eru þau að ekki þykir rétt að binda hendur dómara um of í þessu efni vegna þess að sérstök tilvik kunna að koma upp þar sem staðlaða reglan leiðir til óeðlilegrar niðurstöðu.

Ákvæði 2. mgr. eru sett til þess að taka af öll tvímæli um að greiðsla, sem tjónþoli fær frá almannatryggingum, lífeyrissjóði, vátryggingafélagi eða öðrum þriðja manni vegna líkamstjóns, hefur engin áhrif á þjáningabótakröfu hans á hendur hinum bótaskylda. Sú undantekning felst þó í 2. mgr. að draga skal frá skaðabótakröfu þjáningabætur sem slysatrygging ökumanns eftir umferðarlögum eða sambærileg slysatrygging farþega greiðir, sbr. 3. og 4. málsl. 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Ástæðan fyrir þessari undantekningu er sú að greindum slysatryggingum ökumanns og farþega er ætlað að greiða að fullu bætur fyrir ófjárhagslegt tjón eftir þeim almennu reglum sem á hverjum tíma gilda um ákvörðun bótafjárhæðar fyrir líkamstjón. Undantekningarreglan, sem hér um ræðir, á því að koma í veg fyrir að tjónþoli fái hærri bætur fyrir þjáningar en kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar. Í 3. mgr. 4. gr. er ákvæði sem er samhljóða þessari 2. mgr. 3. gr.

Um 4. gr.

Bætur fyrir varanlegt mein er fjárgreiðsla er inna skal af hendi vegna ófjárhagslegs tjóns sem tjónþoli verður fyrir til frambúðar af völdum líkamsspjalla. Réttur til bóta fyrir varanlegt mein stofnast án tillits til þess hvort tjónþoli á rétt á bótum fyrir fjártjón.

Meginreglan um ákvörðun bóta fyrir varanlegt mein er í 1. mgr. þessarar greinar. Samkvæmt henni skal við ákvörðunina líta til þess hvert eðli og umfang líkamstjónsins er frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og erfiðleika sem afleiðingar tjónsatviks valda í lífi tjónþola.

Ákvörðun bótafjárhæðar fer fram á grundvelli orkuskerðingarstigs. Örorkunefnd, sbr. 10. gr., skal semja töflur þar sem algengustu tegundir orkuskerðingar eru látnar jafngilda tilteknum hundraðshlutum hliðstætt því sem gerist í örorkutöflum sem nú eru notaðar við örorkumat í skaðabótamálum og slysatryggingum. Við gerð taflnanna skal lagt til grundvallar að tiltekin orkuskerðing bitni jafnþungt á hverjum þeim sem fyrir henni verður þannig að sami áverki eða sams konar líkamsspjöll leiði að jafnaði til sama orkuskerðingarstigs. Töflurnar eiga því að sýna „læknisfræðilega“ orkuskerðingu, en ekki skerðingu á getu til að afla tekna. Eftir 10. gr. frumvarpsins er tjónþola eða hinum bótaskylda veitt heimild til að bera ágreiningsefni undir örorkunefnd. Til ágreinings kann einkum að koma ef ekki er unnt að heimfæra tiltekin líkamsspjöll undir ákveðinn lið í orkuskerðingartöflu.

Samkvæmt 1. mgr. skulu bætur nema 4.000.000 kr. þegar orkuskerðing er metin 100% og hlutfallslega lægri fjárhæð þegar skerðing er minni. T.d. verða bætur vegna 40% skerðingar 1.600.000 kr. Bætur skal þó aldrei greiða ef orkuskerðing er minni en 5%.

Í undantekningartilvikum kann fjárhæð bóta eftir 4.000.000 kr. markinu að þykja ófullnægjandi, einkum þegar tjónþoli hefur orðið fyrir margvíslegum líkamsspjöllum, t.d. bæði orðið fyrir mikilli sköddun á útlimum og misst sjón á báðum augum. Heimildin í næstsíðasta málslið 1. mgr. til að ákvæða hærri bætur, þegar sérstaklega stendur á, er sett í því skyni að unnt verði að veita hærri bætur í slíkum tilvikum.

Hér á eftir fara örfá dæmi um stigamat á varanlegu meini úr orkuskerðingartöflu sem lögð er til grundvallar í skaðabótamálum í Danmörku, sbr. Anders Vinding Kruse og Jens Møller: Erstatningsansvarsloven. 2. útg. Khöfn 1989, bls. 87 og áfram:

Fingur og hönd.
Missir þumalfingurs 25%.
Missir fremstu kjúku þumalfingurs 12%.
Missir hálfrar fremstu kjúku þumalfingurs 8%.
Missir vísifingurs 10%.
Missir tveggja fremstu kjúkna vísifingurs 10%.
Missir fremstu kjúku vísifingurs 5%.
Missir handar 60% (hægri), 55% (vinstri).
Staurliður í úlnlið 10%.

Útlimir.
Missir handleggs 70% (hægri), 65% (vinstri).
Aflimun á upphandlegg 65% (hægri), 60% (vinstri).
Alger lömun ölnartaugar 30% (hægri), 25% (vinstri).
Missir fótar 30–40%.

Missir fótleggs 65%.
Aflimun við hné eða á læri 50–65%.
Alger lömun dálkstaugar (nervus fibularis) 10–15%.
Alger lömun lærtaugar 20%.
Staurliður í hné (hentug staða) 25%.
Staurliður í mjöðm (hentug staða) 30%.

Höfuð.
Missir lyktarskyns 10%.
Einkenni eftir heilahristing (postcommot. syndrom) 8–10%.
Missir annars auga eða sjónar á öðru auga 20%.
Missir beggja augna eða sjónar á báðum augum 100%.
Missir heyrnar á öðru eyra 10%.
Alger missir heyrnar 75%.

Háls og hryggur.
Afleiðingar hryggþófahlaups (dicus prolaps) 12–40%.
Hreyfingarhindranir og/eða sársauki í hálsi 8%.
Hreyfingarhindranir og/eða sársauki í hálsi þó að hálskragi sé notaður, allt að 15%.
Taugaleiðniverkir vegna rótarertingar 12–15%.
Sársauki í hrygg 5–25%.

Kviðarhol.
Missir milta 5%.
Missir annars nýra 10%.

Í 2. mgr. er kveðið á um lægri bætur til þeirra sem orðnir eru 60 ára gamlir þegar þeir verða fyrir líkamstjóni. Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er regla sem er samhljóða ákvæði 2. mgr. 3. gr. um áhrif greiðslna frá þriðja manni. Samkvæmt því er meginreglan sú að greiðslur, sem tjónþoli kann að fá frá þriðja manni, hafa ekki áhrif á rétt tjónþola til bóta fyrir varanlegt mein. Sá sem skaðabóta-ábyrgð ber verður því að greiða bætur óskertar, enda þótt tjónþoli hafi t.d. fengið ör-orkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóði eða vátryggingafélagi sem selt hef-ur frjálsa, samnings- eða lögbundna slysatryggingu er tekur til slyss tjónþola, en nefnd-ir aðilar greiða ekki bætur fyrir ófjárhagslegt tjón. Slysatrygging ökumanns eftir um-ferðarlögum og sams konar slysatrygging farþega í ökutæki hafa þó þá sérstöðu að þær greiða bætur fyrir ófjárhagslegt tjón. Eiga þær það sammerkt með ábyrgðartryggingu. Þykir því rétt að bætur, sem tjónþoli fær fyrir varanlegt mein frá þessum slysatrygging-um, dragist að fullu frá skaðabótakröfu hans á hendur hinum bótaskylda. Að öðru leyti vísast til athugasemda með 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Sá grundvallarmunur er á 4. og 5. gr. að hin síðarnefnda varðar bætur fyrir fjártjón, en sú fyrrnefnda bætur vegna ófjárhagslegra afleiðinga líkamstjóns.

Bætur eftir 5. gr. greiðast ekki nema eigi sé lengur að vænta frekari bata eftir tjóns-atvik og að fyrir liggi að geta tjónþola til þess að afla sér tekna með vinnu sé varanlega

skert. Mat á því fer eftir fjárhagslegum mælikvarða. Samkvæmt þessu hefur það ekki sjálfstæð áhrif á rétt tjónþola til bóta hve miklar afleiðingar líkamstjóns hans eru metnar eftir hreinum læknisfræðilegum mælikvarða, sbr. þó sérreglu um börn o.fl. í 8. gr. Hins vegar skal fara eftir læknisfræðilegum sjónarmiðum þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegt mein er ákveðin.

Það sem ræður úrslitum við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku samkvæmt þessari grein er hvort tjónþoli tapar tekjum til frambúðar.

Í 2. mgr. segir í almennum orðum við hvað eigi að miða þegar tjón vegna varanlegrar örorku er metið. Annars vegar verður að meta hvaða atvinnutækifæri tjónþoli hefði átt ef hann hefði ekki orðið fyrir tjóni og hins vegar atvinnutækifæri eftir líkamstjón. Í því skyni verður hverju sinni að afla upplýsinga um atvinnu hans og tekjur fyrir og eftir tjónsatvik. Að því er varðar atvinnutækifæri eftir það skal vakin athygli á því að í 2. mgr. er berum orðum vikið að því að líta skuli til þess hvort ætla megi að tjónþoli eigi kost á vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við. Við slíkt sanngirnismat koma einkum til álita andlegir og líkamlegir hæfileikar tjónþola, verkkunnátta hans, menntun og aldur.

Mat á getu tjónþola til að afla tekna til frambúðar tekur oftast nær til margra ára. Slíkt mat er venjulega því auðveldara þeim mun lengra sem liðið er frá slysi eða öðru tjónsatviki. Í ýmsum tilvikum er ekki unnt að gera mjög nákvæmt mat á tjóni vegna missis eða skerðingar getu til tekjuöflunar fyrr en mörgum árum eftir að tjónsatvik bar að höndum. Til þess að endanleg ákvörðun bótafjárhæðar dragist ekki von úr viti af þessum sökum er lagt til í 1. mgr. að krafa um bætur fyrir örorku stofnist þegar tjónþoli getur ekki náð frekari bata. Af því leiðir að tjónþoli eða hinn bótaskyldi geta þá krafist örorkumats. Við örorkumat verður fyrst og fremst að leggja til grundvallar upplýsingar sem eru fyrir hendi þegar ljóst þykir að tjónþoli geti ekki náð frekari bata. Einnig er unnt að líta til upplýsinga sem síðar koma fram en áður en málinu er endanlega lokið. Hins vegar mundi ekki unnt að fresta máli til þess að bíða eftir árangri endurhæfingar eða því hvernig tjónþola gangi að afla sér tekna þegar hann hefur hafið störf að nýju eftir slys. Þegar örorka er metin ber því almennt ekki að líta til þess hvort unnt sé að koma við endurmenntun eða endurþjálfun er komi tjónþola að gagni. Hins vegar skal líta til endurhæfingar (endurmenntunar og endurþjálfunar) sem þegar hefur farið fram og enn fremur til þess ef telja má víst að fyrirhuguð endurhæfing beri árangur.

Hér skal vakin athygli á 10. gr. frumvarpsins, en samkvæmt henni getur tjónþoli eða hinn bótaskyldi krafist álits örorkunefndar um ákvörðun orkuskerðingarstigs og örorkustigs.

Samkvæmt 1. málsl. 3. mgr. reiknast örorka í hundraðshlutum (örorkustigum). Það nýmæli er í 2. málsl. 3. mgr. að bætur greiðast ekki ef örorka er minni en 15%. Ef tjónþoli heldur, þrátt fyrir slys eða annað tjónsatvik, a.m.k. 85% getu sinnar til að afla vinnutekna á hann samkvæmt þessu ekki kröfu til örorkubóta. Með ákvæði þessu er ætlað að koma í veg fyrir að örorkunefnd, sbr. 10. gr., þurfi að fjalla um tjón sem erfitt er að færa sönnur á og sem yfirleitt er smávægilegt. Tjónþoli, sem fær engar örorkubætur vegna umrædds ákvæðis um 15% lágmark, getur hins vegar átt rétt á bótum fyrir varanlegt mein skv. 4. gr.

Oft er miklum erfiðleikum bundið að meta vinnutekjutjón vissra hópa tjónþola, þ.e. barna, ungs fólks í skóla og þeirra sem vinna heimilisstörf. Er því lagt til í 8. gr. frumvarpsins að örorkubætur til tjónþola, sem nýta starfsgetu sína að verulegu leyti til annars en að afla vinnutekna, skuli ákveðnar eftir orkuskerðingarstigi skv. 4. gr. Þess vegna

skal ekki meta örorku þessara tjónþola á grundvelli örorkustigs skv. 5. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um áhrif þess að tjónþoli fær greiðslur frá þriðja manni vegna líkamstjóns. Aðalreglan er sú að frá skaðabótakröfu skal ekki draga greiðslur er tjónþoli fær frá öðrum, t.d. bætur frá almannatryggingum eða slysatryggingu sem tjónþoli eða annar hefur keypt hjá vátryggingafélagi. Frá þessari aðalreglu eru þó undantekningar, sbr. 2.–4. málsl. 4. mgr. Um þetta sjá nánar kafla 4.8. í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 6. gr.

Í þessari grein er almenn regla um útreikning bóta fyrir varanlega örorku. Gildir reglan um alla hópa tjónþola, nema þá sem greinir í 8. gr.

Aðferð við útreikning er einföld. Hún er sú að árslaun tjónþola, sbr. 7. gr., eru margfölduð með 6 og summan síðan margfölduð með örorkustigi. Dæmi: Tjónþoli, sem er alger (100%) varanlegur öryrki, hafði samtals 2 millj. kr. í vinnutekjur á síðasta ári fyrir slys. Bætur til hans vegna varanlegrar örorku verða því 12 millj. kr. Ef örorka tjónþola með sömu tekjur er 60% verða bætur 7.200.000 kr.

Um rök fyrir því að hér er lagt til að miða bætur við sexföld árslaun vísast til kafla 4.2. í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 7. gr.

Í þessu ákvæði eru reglur um ákvörðun árslauna sem eru skv. 6. gr. grundvöllur útreiknings bóta fyrir varanlega örorku.

Meginreglan um árslaun er í 1. mgr., en eftir henni teljast þau vera heildarvinnutekjur sem tjónþoli hafði á næstliðnu ári fyrir þann dag sem tjón bar að höndum. Hér skal því ekki leggja til grundvallar almanaksár, heldur tekjur á síðustu 12 mánuðum fyrir þann dag sem tjón varð. Með árslaunum er átt við brúttóárstekjur, þ.e. tekjur eins og þær eru áður en skattur er dreginn frá þeim. Með tekjum skal bæði telja venjulegt framlag vinnuveitanda og launþega til lífeyrissjóðs. Til tekna teljast einnig hlunnindi, t.d. endurgjaldslaus bifreiðarafnot sem fylgdu starfi tjónþola áður en hann varð fyrir líkamstjóni.

Regla 1. mgr. á fyrst og fremst við um launþega. Þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi hjá tjónþola að því er varðar tekjur eða starf eða annars stendur sérstaklega á skal ákveða árslaun eftir mati, sjá 2. mgr. Ákvæði 2. mgr. mundi t.d. beitt um sjálfstæða atvinnurekendur er hafa tekjur sem undirorpnar eru tíðum breytingum. Árslaun manna í þessum hópi er almennt ekki unnt að ákveða á grundvelli tekna á næstliðnu 12 mánuðum fyrir tjónsdag. Tekjur þeirra eru venjulega ekki bundnar ákveðnum tímabilum eins og gerist um launþega sem fá mánaðar- eða vikulaun. Árslaun sjálfstæðra atvinnurekenda eða annarra manna með sveiflukenndar tekjur er rétt að ákveða á grundvelli meðaltekna sem tjónþoli hefur haft á síðustu árum fyrir tjón. Varðandi sjálfstæða atvinnurekendur skal þess einnig getið að í ýmsum tilvikum nægir ekki að meta sjálfar tekjurnar. Ef tjónþoli rekur t.d. stórt fyrirtæki með mörgum starfsmönnum er oft unnt að reka fyrirtækið án skerðingar á tekjum þótt tjónþoli sé óvinnufær, en í mörgum tilvikum þyrfti fyrirtækið þó á einhverjum hjálparmanni eða mönnum að halda í stað tjónþola. Þegar þannig stendur á getur verið réttara að leggja til grundvallar kostnað við aðkeypta hjálp fremur en árlegan hagnað tjónþola.

Hafi tjónþoli verið í hlutastarfi mundi fjárhæð árslauna einnig verða ákveðin með mati. Ef kona eða karl hefur t.d. unnið hálfan daginn utan heimilis, en að öðru leyti notað starfsorku sína til þess að sinna börnum sínum og öðrum heimilisstörfum, skal ákveða árslaun eins og þau mundu hafa orðið ef tjónþoli hefði verið í fullu launuðu starfi utan

heimilis, sbr. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í öðrum tilvikum verður við matið m.a. að líta til þess hvort líklegt er að tjónþoli hefði farið í fullt starf.

Bætur fara enn fremur eftir mati þegar tjónþoli var atvinnulaus er hann varð fyrir líkamstjóni. Hafi tjónþoli þá notið bóta frá atvinnuleysistryggingum skal ætíð lagt til grundvallar að tjónþoli hefði síðar fengið vinnu. Árslaun skulu þá vera talin jöfn venjulegum árslaunum sem greidd voru í starfsgrein tjónþola á síðustu 12 mánuðum fyrir tjón. Í öðrum tilvikum getur verið erfitt að meta hvort tjónþoli hefði fengið vinnu ef hann hefði ekki slasast. Hér verður t.d. að líta til aldurs tjónþola og þess hvort horfur voru á að tjónþoli hefði, ef tjónsatvik hefði ekki komið til, nýtt sér endurmenntun eða endurþjálfun í því skyni að fá vinnu í annarri starfsgrein.

Ef tjónþoli hefur fyrir tjón ekki eða aðeins að hluta notað getu sína til þess að afla sér tekna með vinnu ber einnig að ákveða árslaun eftir mati. Hér er m.a. átt við menn sem eru í rannsóknarleyfi eða hafa tekið sér leyfi án launa til að auka þekkingu sína eða verklega starfsfærni. Oft mundi rétt að miða árslaun við venjulegar tekjur manna sem gegna starfi sambærilegu fyrra starfi tjónþola. Stundi tjónþoli nám þegar líkamstjón ber að höndum og þiggi laun í tengslum við það, t.d. iðnnám, verður venjulega að miða árslaun við tekjur sem tjónþoli mundi hafa haft ef hann hefði verið nýbúinn að ljúka námi.

Um tjónþola, sem ekki fá laun í tengslum við nám, fer eftir ákvæðum 8. gr. frumvarpsins. Þar eru sérstakar reglur um útreikning bóta til barna, unglinga í skóla og þeirra sem vinna heimilisstörf. Þörf er á þeim vegna þess að ekki er unnt að miða við árslaun þegar þessir tjónþolar eiga hlut að máli.

Samkvæmt 3. mgr. skal ekki miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr. þegar fjárhæð bóta er ákveðin. Þetta hámark á við hvort sem árslaun eru ákveðin eftir reglu 1. mgr. eða eftir mati skv. 2. mgr.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru reglur um ákvörðun bóta til tjónþola sem nýta starfsgetu sína þannig að í mörgum tilvikum er ekki um neinar atvinnutekjur að ræða og þess vegna er ekki unnt að nota árslaun til þess að ákveða bætur skv. 6. og 7. gr.

Þeir sem 8. gr. tekur til eru börn og tjónþolar sem að verulegu leyti nýta starfsgetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur. Bætur til þeirra skulu ákveðnar á grundvelli orkuskerðingarstigs skv. 4. gr. Auk barna á 8. gr. við um maka eða sambúðarmaka sem vinna heimilisstörf, sbr. 3. mgr. 1. gr., og ungt fólk sem stundar nám. Maki eða sambúðarmaki, sem hefur með höndum hlutastarf auk vinnu á heimili, getur fallið undir 2. mgr. 7. gr., sbr. athugasemdir við hana. Síðastgreint ákvæði tekur þó ekki til hverra hlutastarfa sem er. Þegar draga skal mörkin milli 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. verður almennt að telja að 2. mgr. 7. gr. verði beitt um þann sem vinnur hálft launað starf eða meira utan heimilis en 8. gr. um þann sem vinnur minna en hálft starf utan heimilis. Reglum 8. gr. skal beitt um ungt námsfólk þótt það afli tekna í vinnu með námi og án tillits til tekna af þess konar vinnu, svo framarlega sem nemandinn stundar í reynd nám með eðlilegum hætti. Bætur til námsmanna sem þiggja laun í tengslum við nám, svo sem iðnnema eða læknastúdenta, skal ákveða eftir 2. mgr. 7. gr. eins og vikið er að í athugasemdum við 7. gr. Reglum 2. mgr. 7. gr., en ekki 8. gr., verður beitt um þá sem eru atvinnulausir þegar tjón verður.

Börn eru nefnd berum orðum í 8. gr. til þess að taka af öll tvímæli um að ákvæðið eigi við um þau. Bætur til barna ber að ákveða eftir 8. gr. hvort sem þau hafa vinnutekjur eða ekki.

Í 2.–4. mgr. eru tæmandi reglur um fjárhæð bóta fyrir varanlega örorku þeirra tjónþola sem 8. gr. tekur til. Fjárhæð örorkubóta fer eftir orkuskerðingarstigi og reiknast eftir nánar tilteknum hlutfallstölum af því (frá 130% til 400%).

Um 9. gr.

Hér eru ákvæði um lækkun örorkubóta vegna aldurs tjónþola. Hafi hann náð 56 ára aldri þegar tjón varð lækka örorkubætur um 7% fyrir hvert ár sem hann var eldri en 55 ára á tjónsdegi, sbr. 1. mgr. Eftir 2. mgr. má víkja frá þessari reglu ef ætla má að tjónþoli hefði verið vinnufær og stundað vinnu eftir að hann náði 70 ára aldri.

Efni þessarar greinar er í samræmi við hina almennu reglu um að aðeins skuli greiða örorkubætur fyrir þann tíma sem talið er að tjónþoli hefði stundað vinnu á ef líkamstjón hefði ekki komið til. Rétt þykir að miða við að örorkubætur reiknist almennt eingöngu til 70 ára aldurs tjónþola. Hér á landi halda þó ýmsir störfum sínum áfram eftir það. Þegar allar líkur benda til þess að svo verði mundi skv. 2. mgr. vera heimilt að víkja frá meginreglunni í 1. mgr. Dæmi: Sjálfstæður atvinnurekandi slasast þegar hann er 69 ára gamall. Ef ekkert bendir til að hann hafi ætlað sér að setjast í helgan stein í nánustu framtíð gæti hann krafist bóta fyrir lengri tíma en eitt ár. Sama á t.d. við um starfsmann sem ekki er skylt samkvæmt lögum eða vinnusamningi að láta af starfi þegar hann verður sjötugur. Hér ræður úrslitum hvort telja megi sennilegt að tjónþoli haldi áfram að vinna eftir að hann nær 70 ára aldri.

Þegar ungir eða miðaldra menn slasast verður almennt að leggja til grundvallar að tjónþoli hefði látið af starfi fyrir aldurs sakir 70 ára gamall og þess vegna mundu sjaldan vera rök til að beita 2. mgr. um þá.

Reglur 9. gr. veita rosknum tjónþola mun betri rétt en danskar reglur. Samkvæmt dönsku skaðabótalögunum lækka örorkubætur um 8,5% fyrir hvert aldursár umfram 55 ár, þannig að tjónþoli, sem orðinn er 67 ára, fær engar örorkubætur. Sama regla á við um bætur til maka fyrir missi framfæranda því að skv. 13. gr. frumvarpsins miðast framfærslutjónsbætur við örorkubætur.

Um 10. gr.

Eftir gildandi rétti er örorkumat gert af læknum. Venja er að einn læknir meti örorku tjónþola hverju sinni. Mörg örorkumöt, sem stuðst er við í skaðabótamálum, eru gerð af læknum Tryggingastofnunar ríkisins, m.a. tryggingayfirlækni, en hann er aðallæknir stofnunarinnar. Fáeinir læknar aðrir gera örorkumöt sem notuð eru í skaðabótamálum innan réttar eða utan. Sé örorkumat læknis vefengt er unnt að bera það undir dómkvadda matsmenn (lækna) eða læknaráð, sbr. lög nr. 14/1942.

Ef frumvarpið verður að lögum verður gerbreyting á forsendum og grunni örorkumats. Horfið verður frá mati sem í aðalatriðum er talið læknisfræðilegt. Í stað þess kemur svonefnt fjárhagslegt örorkumat sem felur í sér álit á því hvort og að hve miklu leyti geta tjónþola til að afla vinnutekna hefur skerst varanlega. Vegna þess er nauðsynlegt að örorkumat verði ekki einungis í höndum lækna. Einnig þykir sjálfsagt að hér á landi sé aðeins einn aðili sem hefur með höndum mat á varanlegri örorku. Hér er því lagt til að þriggja manna nefnd, „örorkunefnd“, verði falið að meta örorku þeirra sem hafa uppi skaðabótakröfur fyrir varanlegt fjártjón vegna líkamsspjalla. Sú skipan, sem hér er gerð tillaga um, er í grundvallaratriðum í samræmi við það sem gerist í nágrannaríkjunum.

Þessi grein frumvarpsins veitir aðilum bótamáls vegna líkamstjóns rétt til að leita álits örorkunefndar um orkuskerðingarstig eða örorkustig. Hvor aðila um sig á slíkan rétt og

getur hinn aðilinn því ekki komið í veg fyrir að nefndin fjalli um málið. Búast má við að framkvæmdin verði sú að mjög mörgum málum verði skotið til örorkunefndar.

Niðurstaða örorkunefndar er ekki bindandi, en gera má ráð fyrir að málsaðilar sætti sig yfirleitt við hana. Uni aðili eða aðilar ekki niðurstöðunni verður sá sem vill fá henni breytt eða hrundið að leita til dómstóla.

Örorkunefnd er ætlað mikilvægt hlutverk í málum um skaðabætur fyrir líkamstjón. Er því þörf á að settar verði nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar, sbr. 4. mgr.

Um 11. gr.

Eftir frumvarpinu má að kröfu tjónþola taka upp að nýju ákvörðun um bætur fyrir varanlegt mein eða örorkubætur ef ófyrirsjáanlegar breytingar verða á heilsu tjónþola, þannig að ætla má að orkuskerðingarstig eða örorkustig sé verulega hærra en áður var talið. Við endurupptöku má aftur leita álits örorkunefndar, sbr. 10. gr. Ákvæði 11. gr. verður aðeins beitt um mál sem lokið er með endanlegum dómi eða samningi málsaðila. Ákvæðinu er ekki ætlað að takmarka úrræði sem beita má samkvæmt réttarfarsreglum til endurupptöku dæmdra mála þegar sérstaklega stendur á.

Þessi grein veitir aðeins heimild til endurupptöku ef tjónþoli krefst þess. Hinn bótaskyldi á ekki rétt á að krefjast þess að mál sé tekið upp til nýrrar ákvörðunar. Þess vegna er ekki heimilt að taka mál upp aftur að kröfu tjónvalds þótt síðar komi í ljós að heilsa tjónþola reynist betri en gert var ráð fyrir þegar máli var endanlega lokið.

Svo sem fyrr segir er skilyrði endurupptöku eftir frumvarpinu að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola. Ekki er því heimilt að beita ákvæði þessu þótt örorkustig reynist hærra en áður var gert ráð fyrir ef ástæða þess er ekki breytingar á heilsu tjónþola.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru meginreglur um dánarbætur, þ.e. bætur fyrir missi framfæranda og kostnað við útför. Ekki verður heimilt að dæma sérstakar bætur fyrir röskun á stöðu og högum vegna andláts ef frumvarpið verður að lögum. Hins vegar verður áfram á valdi dómstóla að dæma bætur fyrir annað fjártjón en missi framfæranda og útfararkostnað ef efnisleg rök eru til þess.

Í 13. og 14. gr. eru nánari reglur um ákvörðun bóta fyrir missi framfæranda.

Dómstólar hafa lengi dæmt bætur fyrir kostnað við útför þótt ekki hafi verið til þess sérstök heimild í settum lögum. Hér er lagt til að lögfestur verði réttur til þess að krefja þann sem ábyrgð ber á dauða annars manns um útfararkostnað. Ekki er þó ætlast til að af því hljótist breyting á núgildandi reglum um ákvörðun bóta vegna kostnaðar af útför. Réttur til slíkra bóta stofnast án tillits til þess hvort einhver missir framfæranda við frá-fall hins látna.

Í 13. og 14. gr. er einungis getið um bætur til maka, sambúðarmaka og barna. Frá þessum ákvæðum ber ekki að gagnálykta þannig að aðrir en þeir sem hér voru nefndir teljist ekki geta átt bótakröfu fyrir missi framfæranda. Verði frumvarpið að lögum yrði það áfram á valdi dómstóla að dæma slíkar bætur til annarra á grundvelli 12. gr. ef nægilega rökstuddar kröfur koma fram. T.d. mundi, eins og nú, vera unnt í sérstökum tilvikum að dæma bætur til foreldra sem notið hafa fjárhagslegs stuðnings frá barni. Einnig mundi vera heimilt sem fyrr að dæma bætur fyrir missi framfæranda til barna er hinum látna var ekki skylt að framfæra. Það mundi t.d. eiga við þegar barn er eldra en 17 ára ef leitt er í ljós að hinn látni hafi í raun framfært það að öllu eða nokkru leyti. Enn frem-

ur mundi eftir atvikum koma til greina að dæma bætur til fyrrverandi maka hins látna ef sýnt er fram á að hann hafi beðið fjártjón vegna andlátsins.

Í 3. málsl. 1. mgr. er berum orðum tekið fram að framfærsla taki einnig til verðmætis vinnu hins látna við heimilisstörf. Er ákvæðið í samræmi við meginstefnu laganna um að meta heimilisstörf til jafns við önnur störf, sbr. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. segir að um greiðslur frá þriðja manni fari eftir ákvæðum 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Ákvæði 2. mgr. eiga við um allar tegundir dánarbóta, þar á meðal útfararkostnað. Ekki skiptir máli um frádrátt hvort bætur fyrir missi framfæranda eru staðlaðar, t.d. bætur til maka, eða ekki, t.d. bætur til foreldra. Skv. 2. mgr. skal almennt ekki draga frá skaðabótum greiðslur sem tjónþoli fær frá öðrum vegna tjónsins. Greiðsla frá líf- eða slysatryggingu, barnalífeyrir o.s.frv. hefur því ekki nein áhrif á fjárhæð skaðabóta. Sama á við um arf. Tilteknar greiðslur þriðja manns ber þó að draga frá skaðabótakröfu, sbr. 2.–4. málsl. 4. mgr. 5. gr. Um frádrátt greiðslna þriðja manns vísast að öðru leyti til athugasemda með 5. gr. og kafla 4.8. í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar um ákvörðun bóta til maka eða sambúðarmaka gera ekki mun á því hvort hinn látni er karl eða kona. Ekkjur og ekklar eru því jafnrétthá.

Einnig njóta þeir er bjuggu í óvígðri sambúð með þeim sem krafist er bóta eftir réttarstöðu eins og um hjúskap væri að ræða. Eigi er það skilyrði bótaréttar sambúðarmaka að sambúð hafi staðið tiltekinn lágmarkstíma eða sambúðarmaki hafi átt barn með hinum látna, sbr. hins vegar 52. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar. Það sem skiptir sköpum í þessu efni er hins vegar hvort sambúð hins látna og bótakrefjanda á þeim tíma, er tjón bar að höndum, var þess eðlis að rök séu til að jafna henni til hjúskapar.

Það er skilyrði réttar til bóta að hinn látni hafi verið framfærandi bótakrefjanda. Hér ræður almennt úrslitum hvort sá sem krefst bóta hafi raunverulega verið á framfæri hins látna. Hér skiptir minna máli hvort hinn látni var að lögum framfærsluskyldur. Þess verður ekki fortakslaust krafist að um framfærslu hafi verið að ræða á tjónsdegi. Ef verulegar líkur eru á að bótakrefjandi hefði síðar notið fjár til framfærslu úr hendi hins látna mundi hann geta átt kröfu til bóta fyrir missi framfæranda. Að þessu leyti er ekki um að ræða breytingu frá gildandi rétti.

Samkvæmt þessari grein og 14. gr. skiptir ekki máli hversu mikil framfærsla er. Í greinum þessum eru staðlaðar reglur um bótafjárhæð þannig að ekki þarf að taka afstöðu til þess hve mikið framfærandi hefur stutt bótakrefjanda.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. skulu bætur til maka eða sambúðarmaka nema 30% af bótum þeim sem ætla má að hinn látni hefði fengið ef hann hefði verið 100% varanlegur öryrki. Almennt skal þó lágmark bóta vera 3.000.000 kr., sbr. 2. málsl. 1. mgr. Greiðsla á lágmarksbótum eftir þessu ákvæði kemur þó að sjálfsögðu ekki til álita, nema fjártjón sé sannað samkvæmt framansögðu. Þegar reikna skal út bætur fyrir missi framfæranda verður samkvæmt þessu að kanna hve miklar bætur hinn látni hefði fengið ef hann hefði lifað en verið metinn alger öryrki til frambúðar. Dæmi: Ef árslaun hins látna voru 2.000.000 kr. fyrir slys hefðu bætur til hans vegna 100% varanlegrar örorku átt að vera 6 x 2.000.000 eða 12.000.000 kr., sbr. 6. gr. Bætur fyrir missi framfæranda verða 30% af 12.000.000 kr. eða 3.600.000 kr. Hafi árslaun hins látna hins vegar verið 1.000.000 kr. ættu bætur fyrir missi framfæranda að vera 30% af 6.000.000 kr. eða 1.800.000 kr., sbr. 1. málsl. 1. mgr. Í síðara dæminu leiðir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. um lágmark bóta þó til þess að bætur verða 3.000.000 kr., nema sérstakar ástæður séu til að

víkja frá lágmarkinu. Síðastgreint ákvæði skiptir máli þegar hinn látni hefur haft árslaun undir 1.666.667 kr. Með ákvæðinu er ætlað að tryggja tjónþola sanngjarnar bætur fyrir missi framfæranda sem innti af hendi framfærslu en hafði þó litlar eða jafnvel engar vinnutekjur (árslaun, sbr. 7. gr.), t.d. af því að framfærslan var látin í té með tekjum af öðru en vinnu. Ætlast er til að þegar fjártjón verður skuli bætur jafnan vera a.m.k. 3.000.000 kr., nema ekki hafi verið um neina framfærslu að ræða eða aðeins óverulega framfærslu. Sé svo er heimilt skv. 2. málsl. 1. mgr. að ákveða lægri bætur en 3.000.000 kr.

Fjárhæð bóta mundi miðast við dánardægur framfæranda, sbr. 3. mgr. 15. gr. og athugasemdir við 28. gr.

Um greiðslur, sem tjónþoli fær frá þriðja manni, sjá athugasemdir við 12. gr.

Í 2. mgr. er kveðið svo á að lækka skuli bætur eftir reglum 9. gr. ef framfærandi var orðinn 56 ára. Regla þessi tekur einnig til bóta sem ákveðnar eru 3.000.000 kr. eftir 2. málsl. 1. mgr. Um rök fyrir ákvæðum 2. mgr. vísast til athugasemda við 9. gr.

Um 14. gr.

Hér er mælt fyrir um rétt eftirlifandi barna til bóta fyrir missi framfæranda.

Greinin tekur til allra barna sem hinum látna var lögskylt að framfæra. Ákvæðinu verður því ekki beitt um börn sem hinum látna bar ekki samkvæmt lögum að framfæra en voru í raun á framfæri hans. Þau gætu átt bótarétt eftir 12. gr. að sama marki og nú tíðkast eftir dómvenju, sbr. athugasemdir við 12. gr.

Samkvæmt 14. gr. eru bætur til eftirlifandi barna staðlaðar og skiptir því ekki máli hve mikil framfærsla var. Hér þykir rétt að miða við að bætur verði jafnháar heildarfjárhæð barnalífeyris sem tjónþoli á rétt á eftir almannatryggingalögum. Bótafjárhæð eftir þessari reglu er fundin með einfaldri samlagningu, en ekki með því að reikna höfuðstólsverðmæti greiðslna.

Ef frumvarpið verður að lögum nýtur barn óskerts barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins og auk þess skaðabóta eftir þessari grein. Munurinn á þessum bótum er sá að tryggingabæturnar greiðast mánaðarlega þar til barn nær 18 ára aldri, en bætur fyrir missi framfæranda eftir þessari grein eru greiddar í einu lagi (með eingreiðslu sem svo er kölluð). Auk greindra bóta getur barn átt rétt á bótum úr lífeyrissjóði og koma þær ekki til frádráttar skaðabóta eftir þessari grein. Samkvæmt þessu verða bætur til barns vegna missis framfæranda eftir 14. gr. almennt mun hærri en nú er.

Í greininni segir að reikna skuli bætur frá þeim degi er tjón varð. Hér er átt við dánardægur, en ekki slysdag. Sjaldnast mundi þetta þó skipta máli. Deyi hinn látni framfærandi hins vegar löngu eftir að atvik það, sem olli dauða hans, bar að höndum getur það breytt miklu um bótafjárhæð við hvort tímamarkið er miðað. Fjárhæð bóta miðast samkvæmt þessu við andlát framfæranda, sbr. 2. mgr. 15. gr. og athugasemdir við 28. gr.

Um greiðslur sem tjónþoli fær frá þriðja manni, sjá athugasemdir við 12. gr.

Í 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. er kveðið svo á að bætur skuli tvöfalda ef hinn látni var eini framfærandi barns þess sem hlut á að máli. Ákvæðið er í samræmi við eðli máls og þarfnast vart sérstaks rökstuðnings.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um áhrif verðlagsbreytinga á bætur. Í 1. mgr. er fjallað um breytingar á fjárhæðum sem sérstaklega eru greindar í frumvarpinu. Fjárhæðir þessar varða bætur fyrir þjáningar (3. gr.) og varanlegt mein (1. mgr. 4. gr.), hæstu árslaun (3. mgr. 7. gr.)

og minnstu bætur fyrir missi framfæranda (2. málsl. 1. mgr. 13. gr.). Breytingar á fjárhæð bóta fyrir varanlegt mein, sbr. 1. mgr. 4. gr., valda skv. 8. gr. hliðstæðum breytingum á örorkubótum á grundvelli orkuskerðingarstigs og bótum fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka vegna látins manns sem 8. gr. tekur til, sbr. 13. gr.

Bætur fyrir varanlega örorku eftir reglum 5.–6. gr. og 1. og 2. mgr. 7. gr. eru ákveðnar einstaklingsbundið á grundvelli árslauna tjónþola og taka ákvæði 1. mgr. ekki til þeirra. Það er hins vegar sameiginlegt þessum bótum fyrir varanlega örorku og bótum sem greindar eru í 1. mgr. að þær breytast í hlutfalli við breytingar sem verða á lánskjaravísitölu. Hér þykir eðlilegt að miða við lánskjaravísitölu sem er nú almennur mælikvarði sem farið er eftir þegar verðtryggja skal fjárskuldbindingar.

Ákvæði 15. gr. um breytingar eftir verðlagi gilda ekki um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað tjón, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. Bætur til barna vegna missis framfæranda reiknast skv. 14. gr. á grundvelli barnalífeyris almannatrygginga og á 15. gr. því ekki við um þær.

Í 1. málsl. 2. mgr. er sú regla að bætur skal ákveða á grundvelli fjárhæða sem gilda skv. 1. mgr. þegar bótafjárhæð er ákveðin. Hliðstæð regla er í 2. málsl. 2. mgr. um bætur fyrir varanlega örorku eftir reglum 5.–6. gr. og 1. og 2. mgr. 7. gr. Ákvæðum 2. mgr. er ætlað að tryggja að bætur rýrni ekki að verðgildi frá því að tjón varð þar til bótafjárhæð er ákveðin með samningi eða dómi. Hér skal vakin athygli á 16. gr., en samkvæmt henni á tjónþoli kröfu til vaxta af bótum frá því að tjón varð.

Um 16. gr.

Þessi grein tekur aðeins til vaxta af bótum fyrir þjáningar, varanlegt mein, örorku og missi framfæranda. Þær bætur bera vexti frá því að tjón varð. Þetta á við þótt ekki sé unnt að gera bótakröfu að fullu upp fyrr en síðar, t.d. vegna þess að tjónþoli er enn undir læknishendi og óvíst er hve langan tíma meðferð tekur. Í slíkum tilvikum er fyrst unnt að ákveða endanlega bótafjárhæð þegar ekki er lengur að vænta breytinga á heilsu tjónþola, sbr. 2.–5. gr. frumvarpsins. Með reglu 16. gr. er annars vegar stefnt að því að tjónvaldur hagnist ekki á því að mál dregst á langinn og hins vegar að vextir bæti tjónþola það upp að einhverju eða öllu leyti að hann fær ekki höfuðstól skaðabótanna fyrr en nokkur tími er liðinn frá því að tjón varð. Ljóst er samkvæmt framansögðu að samkvæmt þessari grein skiptir ekki máli um upphafstíma vaxta hvenær bótakrafa telst falla í gjalddaga.

Vextir skv. 1. mgr. þessarar greinar reiknast frá því að „tjón varð“. Oftast hlýst tjón af einstökum skyndilegum atburði. Ef svo er eiga hin auðkenndu orð við sjálft slysið eða annað það atvik sem orsakar tjón, en ekki tímamarkið þegar allar afleiðingar slyssins eru komnar fram. Sé hins vegar um að ræða atvinnusjúkdóm eða annað tjón sem rakið verður til orsaka er valda skaða smám saman, t.d. mengunar, verður að telja að tjón í merkingu 16. gr. hafi ekki orðið fyrr en hinar skaðlegu afleiðingar koma í ljós, sbr. athugasemdir við 28. gr. Ef slys veldur því að slasaði deyr nokkru síðar ber krafa um bætur fyrir missi framfæranda vexti frá því að andlát bar að höndum, en ekki frá slysdegi.

Ákvæði 16. gr. frumvarpsins um upphafstíma vaxta er ekki sama efnis og regla 1. málsl. 7. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, en þar segir að skaðabótakröfur skuli bera vexti „frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað“. Yfirleitt mundi upphafstími vaxta þó vera hinn sami eftir 16. gr. og greindu ákvæði vaxtalaga, t.d. þegar maður verður örkumla af einstökum skyndilegum atburði.

Bætur fyrir þjáningar, varanlegt mein, örorku og missi framfæranda eru verðtryggð-

ar eftir því sem nánar segir í 15. gr. frumvarpsins. Regla 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. leiðir til þess að vextir leggjast á verðbættan höfuðstól þessara bóta frá þeim tíma að tjón varð. Rétt þykir að miða vexti af verðtryggðum bótum við 2% ársvexti. Eru það heldur lægri vextir en núverandi meðalvextir af 6 mánaða verðtryggðum reikningum í innlánsstofnunum. Eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, bera skaðabætur vexti sem miðast við óbundna óverðtryggða innlánsreikninga. Samkvæmt frumvarpinu eru bætur þær, sem 16. gr. tekur til, verðtryggðar og er greindur vaxtafótur valinn með hliðsjón af því. Gert er ráð fyrir að tjónþoli eigi rétt á vaxtavöxtum þegar vextir eru reiknaðir eftir þessari grein.

Eins og fyrr segir á tjónþoli rétt á vöxtum skv. 1. mgr. án tillits til þess hvenær bótakrafa fellur í gjalddaga. Ekki er lagt til að gerðar verði breytingar á reglum um upphafstíma dráttarvaxta eða öðrum ákvæðum vaxtalaga um dráttarvexti, sbr. 2. mgr. Ákvæði 15. gr. vaxtalaga um að skaðabótakröfur beri dráttarvexti að liðnum mánuði frá gjalddaga, þ.e. þeim degi er kröfuhafi lagði fram upplýsingar sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, gildir því fullum fetum um bætur fyrir þjáningar, varanlegt mein, örorku og missi framfæranda þó að frumvarpið verði að lögum. Af því leiðir að krafa um slíkar bætur ber vexti eftir reglum 1. mgr. 16. gr. frumvarpsins til gjalddaga, en frá þeim degi getur tjónþoli krafist dráttarvaxta eftir vaxtalögum. Eftir 2. málsl. 15. gr. vaxtalaga geta dómstólar þó ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta. Þá má og minna á 13. gr. vaxtalaga um tímabundið brottfall skyldu til að greiða dráttarvexti ef atvik, sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt, valda því að greiðsla fer ekki fram.

Ekki þykir ástæða til að hafa í skaðabótalögum sérstakar reglur um upphafstíma vaxta af öðrum bótum en hér greinir, t.d. bótum fyrir atvinnutjón skv. 2. gr. eða læknishjálp og annan kostnað, sbr. 1. mgr. 1. gr., enda ber að ákveða fjárhæð bóta fyrir slíkt tjón á grundvelli verðlags eins og það var á hverjum tíma eftir tjónsatvikið. Regla 16. gr. tekur ekki heldur til bóta fyrir miska skv. 26. gr., en fjárhæð þeirra fer eftir mati dómstóla. Um upphafstíma vaxta af bótum þeim, sem 16. gr. tekur ekki til, fer eftir almennum reglum um vexti, sbr. eftir atvikum 2. málsl. 7. gr. vaxtalaga. Dráttarvaxtareglur vaxtalaga eiga að sjálfsögðu einnig við um bótakröfur sem 16. gr. frumvarpsins tekur ekki til.

Í frumvarpinu eru ekki heldur sérstök ákvæði um önnur atriði varðandi vexti af öðrum bótakröfum en þeim sem 1. mgr. tekur til. Um þær fer því eftir almennum reglum um vexti.

Um 17. gr.

Í 17. gr. eru reglur um endurkröfurétt á hendur hinum skaðabótaskylda ef tjónþoli fær greiðslur frá þriðja manni vegna líkamstjóns.

Í 1. mgr. segir að endurkrafa verði ekki gerð vegna bóta frá almannatryggingum, hverju nafni sem þær nefnast. Skv. 59. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, á Tryggingastofnun ríkisins nú allvíðtækan endurkröfurétt á hendur þeim sem skaðabótaábyrgð ber vegna atviks sem leitt hefur til greiðslu bóta frá almannatryggingum. Í reynd er þessum endurkröfurétti þó aðeins beitt þegar almannatryggingar greiða bætur fyrir umferðarslys sem skylt er að bæta af lögmæltri ábyrgðartryggingu bifreiðar. Telja má að endurkröfuréttur þessi skipti litlu máli og þess vegna er hér lagt til að hann verði afnuminn. Í samræmi við þetta segir í 29. gr. frumvarpsins að 59. gr. laga nr. 67/1971 falli niður.

Í 1. mgr. er einnig kveðið svo á að lífeyrissjóðir eða vátryggingafélög eigi ekki endurkröfurétt gagnvart hinum bótaskylda vegna greiðslu bóta fyrir líkamstjón. Er það ákvæði í samræmi við almennar reglur sem farið hefur verið eftir hér á landi. Að einu leyti er þó um breytingu að ræða frá gildandi réttarreglum. Tekið er fram í 1. mgr. að endurkrafa verði ekki gerð vegna vátryggingabóta og skipti ekki máli hvers eðlis vátryggingin sé. Hér er átt við að eftir gildistöku laganna skuli sama regla gilda um allar slysa- og sjúkratryggingar hvort sem greiðsla félagsins er „raunveruleg skaðabót“ í merkingu 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, eða ekki. Nú gildir sú undantekningarregla eftir síðastgreindu lagaákvæði að vátryggingafélag á endurkröfurétt á hendur hinum skaðabótaskylda vegna greiðslna úr slysa- eða sjúkratryggingu á beinum kostnaði o.fl. vegna vátryggingaratburðar. Undantekning þessi skiptir litlu sem engu máli í reynd og er því lagt til að hún verði afnumin. Um greiðslur vátryggingabóta sjá nánar athugasemdir við 22. gr.

Samkvæmt 2. mgr. getur vinnuveitandi endurkrafið hinn skaðabótaskylda um laun eða aðrar launatengdar greiðslur sem sá fyrrnefndi hefur innt af hendi vegna líkamstjóns. Endurkröfurétturinn nær samkvæmt orðanna hljóðan bæði til beinna launa og annarra gjalda sem vinnuveitanda ber að greiða í tengslum við forföll vegna líkamstjóns, t.d. orlofsfjár, framlags í lífeyrissjóð og skatts af launum (tryggingagjalds). Endurkrafa stofnast aðeins að því leyti sem vinnuveitandi hefur beðið tjón vegna slíkra greiðslna. Krafa vinnuveitanda getur heldur ekki orðið hærri en krafa sú sem tjónþoli (launþegi) átti á hendur hinum skaðabótaskylda. Hinn síðarnefndi getur borið fyrir sig sömu mótbárur gegn endurkröfunni og hann átti gagnvart tjónþola sjálfum, t.d. vegna eigin sakar tjónþola. Ákvæði 2. mgr. eru í samræmi við reglur þær sem nú gilda. Endurkröfuréttur samkvæmt þessari málsgrein getur skipt verulegu máli fyrir atvinnurekendur, ekki síst þá sem reka lítil fyrirtæki og hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að dreifa þessari áhættu. Ákvæði 2. mgr. um endurkröfurétt taka ekki til þess er tjónþoli fær bætur úr lífeyrissjóði vegna líkamstjóns, t.d. örorkulífeyri, sjá 2. málsl. 1. mgr.

Um 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjalla um að hve miklu leyti aðrir en tjónþoli sjálfur geti eignast skaðabótakröfu fyrir líkamstjón með samningi eða að arfi. Einnig fjallar greinin um stöðu þessara krafna hjóna á milli.

Um 1. mgr.

Í 1. mgr. segir að óheimilt sé að framselja kröfu um bætur vegna líkamstjóns, nema hún sé viðurkennd eða dæmd. Ákvæði þetta tekur bæði til fjártjóns og ófjárhagslegs tjóns og er því víðtækara en núgildandi regla í 2. málsl. 3. mgr. 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, sem aðeins tekur til ófjárhagslegs tjóns.

Í frumvarpinu eru ekki bein ákvæði um heimild skuldheimtumanna til að leita fullnustu í bótakröfum eða bótafé. Um það efni eru reglur í réttarfarslögum sem nú verða raktar í örstuttu máli. Um aðför í skaðabótakröfum til fullnustu peningakröfu eiga við ákvæði laga um aðför, nr. 90/1989, en þau öðlast gildi 1. júlí 1992. Skv. 46. gr. þeirra verður fjárnám ekki gert í bótakröfu vegna örorku eða missis framfæranda eða kröfu um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón sem slíkum kröfum tengist ef bótakrafan tilheyrir tjónþola sjálfum. Skýra verður ákvæði 46. gr. svo að það taki bæði til kröfu um bætur fyrir tímabundna og varanlega örorku. Ef frumvarpið verður að lögum mun ákvæði þetta því taka til bótakröfu fyrir atvinnutjón og varanlega örorku, svo og kröfu um bætur fyrir varanlegt mein skv. 4. gr. og þjáningabóta skv. 3. gr.

Hafi tjónþola verið greidd skaðabótakrafa er almenna reglan sú, sbr. upphafsákvæði 41. gr. laga nr. 90/1989, að taka má féð fjárnámi, nema um sé að ræða eingreiðslu bóta fyrir varanlega örorku gerðarþola eða fyrir missi hans á framfæranda ef féð er sérgreint í vörslum hans og sá tími ókominn sem bótafénu er ætlað að bæta tjón hans fyrir, sbr. 2. tölul. 41. gr. Skv. 3. tölul. 41. gr. er peningaeign undanþegin fjárnámi ef hún er „nauðsynleg til að standa straum af kostnaði um skamman tíma af framfærslu gerðarþola og þeirra, sem hann er framfærsluskyldur við". Ákvæði þetta getur eftir atvikum átt við um greiddar bætur fyrir atvinnutjón.

Um 2. mgr.

Ákvæði 2. mgr. er sama efnis og núgildandi regla 3. mgr. 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940. Ákvæðið tekur aðeins til skilyrða þess að krafa um þjáningabætur eða bætur fyrir varanlegt mein gangi í arf. Ákvæðið varðar því ekki skilyrði þess að bótakrafa fyrir fjártjón vegna líkamsspjalla erfist. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingu á gildandi reglum um það. Samkvæmt dómum, sem gengið hafa, erfist slík krafa a.m.k. ef hún hefur verið gerð fyrir dómi áður en slasaði lést, sbr. t.d. H 1961, 432, og H 1989, 131.

Um 3. mgr.

Í 3. mgr. eru sérreglur sem ekki eru til nú í settum íslenskum lögum. Almennt má telja óeðlilegt að skaðabótafé vegna líkamstjóns, fjárhagslegs og ófjárhagslegs, skiptist við fjárslit milli hjóna, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna. Á þetta sérstaklega við um örorkubætur sem ætlað er að bæta tjónþola tekjumissi eða skerðingu tekna til frambúðar. Sama gildir um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, en þær eru mjög persónulegs eðlis. Í samræmi við þetta er kveðið svo á í 3. mgr. að bætur vegna líkamstjóns komi ekki til skipta við fjárslit milli hjóna. Hér er eingöngu átt við bæturnar sjálfar, en ekki síðari tíma vexti eða annan arð af fénu eða verðaukningu þess. Hafi tjónþoli t.d. keypt fasteign fyrir bæturnar og verðmæti fasteignarinnar eykst síðar skal skipta verðaukningunni eftir almennum reglum um fjárskipti milli hjóna. Skilyrði þess að 3. mgr. eigi við er að bótum hafi ekki verið eytt. Ef féð hefur runnið til almennrar neyslu hjónanna getur tjónþoli ekki krafist þess við skipti að fá af óskiptu fé sem svarar til skaðabótanna. Til þess að tryggja að í þessu efni komi ekki upp deilur um sönnun getur tjónþoli t.d. lagt bæturnar inn á sérstakan reikning í innlánsstofnun. Verji hann skaðabótum til kaupa á verðbréfum eða fasteign má geta þess með áritun á bréf eða afsal að eignin sé keypt fyrir bæturnar.

Umrædd regla í 1. málsl. 3. mgr. varðar einungis hvernig fara skuli með bætur við skipti vegna fjárslita. Ef eftirlifandi maki, sem fengið hefur bætur vegna missis framfæranda, stofnar að nýju til hjúskapar öðlast síðari maki heldur ekki rétt til bótafjárins. Sama á við um börn sem fengið hafa bætur og eru í hjúskap eða stofna til hjúskapar. Orðin „við fjárslit" taka til skipta á óskiptu búi þótt skiptin fari ekki fram fyrr eftir að langlífari maki hefur um tíma setið í óskiptu búi eftir andlát skammlífari maka.

Deyi eigandi bótanna (þ.e. slasaði sjálfur eða maki eða börn sem fengið hafa bætur fyrir missi framfæranda) koma bætur til skipta eftir almennum reglum eins og hjúskapareign dánarbús hans, sbr. 2. málsl. 3. mgr. Ástæða þess er sú að ekki eru lengur rök fyrir því að halda bótum sérgreindum þegar tjónþoli, sem bæturnar fékk, er látinn. Hér koma einnig til hagsmunir eftirlifandi maka tjónþola af því að makinn fær samkvæmt ákvæði þessu tækifæri til þess að sitja í óskiptu búi sem skaðabótafé rennur þá til eftir almennum reglum. Umrætt ákvæði í 2. málsl. 3. mgr. á þó ekki við ef bætur hafa verið gerðar að séreign með kaupmála.

Fyrsti kafli frumvarpsins fjallar eingöngu um bætur sem greiða skal þegar skaðabóta-

ábyrgð er fyrir hendi. Ekki þykir ástæða til að fara út fyrir gildissvið kaflans og leggja til að ákvæði 3. mgr. verði víðtækara en nú hefur verið rakið, t.d. þannig að ákvæðið taki til annarra greiðslna en skaðabóta, svo sem vátryggingarfjár. Hins vegar verður ekki gagnályktað frá 3. mgr. um slíkar greiðslur frá þriðja manni.

UM II. KAFLA

Þessi kafli fjallar um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem vátrygging tekur til, þar á meðal endurkröfu vátryggingafélags gegn þeim sem er skaðabótaskyldur.

Um 19. gr.

Um rök fyrir reglum þessarar greinar vísast til almennra athugasemda í köflum 2.2. og 4.9. hér að framan.

Um 1. mgr

Samkvæmt 1. mgr. fellur skaðabótaábyrgð niður ef munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging tekur til tjónsins. Með munatryggingu er átt við vátryggingu á hlut, sbr. 54. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Munatrygging er skaðatrygging þar sem fjárhæð vátryggingabóta ákvarðast af verðmæti hlutarins sjálfs. Rekstrarstöðvunartrygging er skaðatrygging sem greiðir bætur fyrir tjón er hlýst af því að hlutur eða hlutir verða ekki notaðir á þeim tíma eða með þeim hætti sem til var ætlast, t.d. vegna missis leigu af hlut sem skemmist í eldsvoða.

Beri tveir eða fleiri skaðabótaábyrgð á sama tjóni og sé einn eða fleiri hinna bótaskyldu ábyrgðartryggður skal fara eftir ákvæðum 1. og 2. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins, sjá nánar athugasemdir við síðarnefnda grein.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við ef vátryggingafélag greiðir bætur fyrir tjón þótt því sé ekki skylt að gera það eftir reglum vátryggingarsamningsins. Beri vátryggður einhvern hluta tjóns sjálfur samkvæmt skilmálum um eigin áhættu vátryggðs stofnast skaðabótaréttur fyrir þeirri fjárhæð sem eigin áhættu nemur. Ef vátryggt er undir verði ber hinn bótaskyldi skaðabótaábyrgð vegna þess hluta tjónsins sem ekki fæst bætt vegna undirtryggingar. Eigi vátryggingartaki rétt á iðgjaldsafslætti (bónus) vegna þess að vátryggingafélag hefur ekki þurft að greiða tjónsbætur vegna vátryggingar hans um tiltekinn tíma tekur vátryggingin til tjónsins. Í slíku tilviki stofnast því ekki skaðabótaréttur þó að missir iðgjaldsafsláttarins kunni að vera meiri en fjárhæð tjónsins.

Ákvæði 1. mgr. á bæði við um skaðabótaábyrgð innan samninga og utan, en vegna reglunnar í 2. tölul. 2. mgr. mundi oftar reyna á 1. mgr. um bætur utan samninga.

Ekki skiptir máli um gildi ákvæðisins hvort bótaábyrgð er reist á sakarreglunni eða víðtækari bótareglu. Reglur 2. tölul. 2. mgr. 19. gr. og 21. gr. leiða þó til þess að 1. mgr. 19. gr. mundi í reynd ekki verða beitt um ýmis tjónstilvik sem víðtækar bótareglur eiga við um.

Af 1. mgr. leiðir að ef munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging tekur til tjóns stofnast hvorki skaðabótaréttur til handa tjónþola né endurkröfuréttur vátryggingafélags. Tjónþoli verður því að beina kröfu sinni að vátryggingafélagi, en getur ekki valið þann kost að krefja hinn bótaskylda.

Þegar skaðabótamál varðar hagsmuni, sem tengdir eru fleiri en einu ríki, fer um réttarsamband aðila málsins eftir lögum þess ríkis er dæma skal eftir um skaðabótaábyrgð, þótt lög annars ríkis eigi við um réttarstöðu aðila vátryggingarsamnings. Ákvæðinu ber því að beita í öllum tilvikum þar sem um sjálfa skaðabótaábyrgðina skal dæma eftir íslenskum rétti, jafnvel þótt um réttarsamband tjónþola og vátryggingafélags hans fari eftir er-

lendum rétti. Beri tjónsatvik að höndum á Íslandi er almenna reglan sú að skaðabótaábyrgð ræðst af íslenskum rétti hvort sem vátrygging sú, sem greiðir bætur vegna tjónsins, er keypt hjá íslensku eða erlendu félagi. Þær takmarkanir á skaðabótaábyrgð og þar með endurkröfurétti vátryggingafélaga, sem hér er gerð tillaga um, munu því eiga jafnt við um innlenda og erlenda vátryggjendur. Reglur þessar veita því erlendum félögum ekki betri rétt en íslenskum.

Vátryggingafélag getur ekki með því að semja við vátryggingartaka öðlast betri rétt en leiðir af reglum 19. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. og athugasemdir við þá grein. Samningur vátryggingartaka og vátryggingafélags þess efnis að vátrygging á hlut eða rekstrarstöðvunartrygging taki ekki til tjóns ef hinn bótaskyldi hefur fjárhagslegt bolmagn til að bæta það, er því ógildur. Hugsanlegt er að undanþáguákvæði í vátryggingarsamningi væri orðað svo að vátryggingin „taki ekki til“ tjóns sem hér um ræðir, þannig að undanþáguákvæðið væri formlega ekki andstætt 1. mgr. 19. gr. Þannig orðað samningsákvæði teldist ógilt eftir ákvæðum 2. mgr. 27. gr.

Um 2. mgr.

Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 19. gr. á regla 1. mgr. ekki við ef hinn skaðabótaskyldi hefur valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Dómstólar skera úr um hvort gáleysi teljist stórfellt. Gáleysi getur verið stórfellt þótt það sé ekki vísvitandi. Ekki er gert ráð fyrir að hugtakið stórfellt gáleysi í ákvæði þessu verði skýrt á annan hátt en samsvarandi hugtak í núgildandi endurkröfuákvæði 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga.

Eftir 2. tölul. 2. mgr. á 1. mgr. 19. gr. ekki við ef tjóni er valdið í opinberri starfsemi eða einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri. Þessi takmörkun veldur því að gildissvið 1. mgr. er einskorðað við tjón sem valdið er í einkalífi.

Ákvæði 2. tölul. 2. mgr. nær til alls kyns starfsemi í opinberri sýslu eða einkaatvinnurekstri, án tillits til þess hvort starfsemin er rekin af ríki, sveitarfélögum, einkaaðilum eða öðrum. Tilgangur ákvæðisins er sá að binda gildissvið 1. mgr. við skaðaverk í einkalífi. Til að taka af öll tvímæli um það þykir heppilegt að nefna einnig berum orðum rekstur sem er sambærilegur við opinbera starfsemi eða einkaatvinnurekstur. Ætlast er til að ákvæðið nái til athafna manna sem vinnuveitandi ber ábyrgð á eftir hinni almennu reglu skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð. Ákvæðið tekur þó ekki til starfa sem unnin eru utan eiginlegs atvinnurekstrar. Þess vegna mundi ákvæðinu t.d. ekki verða beitt um ábyrgð foreldra sem eru bótaskyldir vegna þess að stúlka, sem fengin er til þess að gæta barns þeirra, veldur þriðja manni tjóni við það starf. Bótaábyrgð vinnuveitanda er eftir íslenskum rétti takmörkuð við tjón sem starfsmaður veldur við framkvæmd þess starfs sem hann gegnir í þágu vinnuveitandans eða í nánum tengslum við það. Ábyrgð utan samninga fellur því ekki á vinnuveitanda vegna tjóns sem starfsmaður veldur með svo óvenjulegum eða afbrigðilegum hætti að almennt verði ekki gert ráð fyrir að menn hegði sér þannig við vinnu sína. Í slíkum undantekningartilfellum getur tjónvaldur notið góðs af 1. mgr. 19. gr., nema skaðaverkið verði metið honum til ásetnings eða stórfellds gáleysis, sbr. 1. tölul. 2. mgr.

Um 3. mgr.

Regla 3. mgr. um að starfsmaður beri ekki ábyrgð á tjóni ef vátrygging tekur til tjónsins varðar menn sem vinnuveitandi ber ábyrgð á eftir reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Ef starfsmaður veldur tjóni með svo óvenjulegum eða afbrigðilegum hætti að almennt verði ekki gert ráð fyrir að menn hegði sér þannig við vinnu sína verður 3. mgr. ekki beitt. Þess í stað verður að dæma um atvikið eftir 1. og 2. mgr.

Til þess að 3. mgr. eigi við verður munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging tjónþola að taka til tjónsins. Skilyrðið um munatryggingu eða rekstrarstöðvunartryggingu er samhljóða því sem greinir í 1. mgr. Bótaábyrgð gagnvart tjónþola fellur einnig niður skv. 3. mgr. ef vinnuveitandi tjónvalds er bótaskyldur og ábyrgðartrygging vinnuveitandans tekur til tjónsins. Starfsmaður er þá hvorki bótaskyldur gagnvart tjónþola né vinnuveitanda nema tjón verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis starfsmannsins. Valdi starfsmaður tjóni af einföldu gáleysi felur regla 3. mgr., sbr. 2. tölul. 2. mgr., í sér að hann ber ekki bótaábyrgð ef munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging tekur til tjónsins. Þá skiptir ekki máli hvort vinnuveitandinn er ábyrgðartryggður. Starfsmaður er ekki heldur bótaskyldur þótt tjónþoli sé ekki vátryggður ef vinnuveitandi hefur ábyrgðartryggingu er tekur til tjónsins, sbr. það sem áður segir. Loks er launþegi ekki skaðabótaskyldur þótt hann valdi í starfi vinnuveitanda sínum tjóni í öðrum tilvikum ef munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging hins síðarnefnda tekur til tjónsins. Ef vátrygging er ekki fyrir hendi á ákvæði þetta ekki við. Um ábyrgð launþega fer þá eftir 23. gr.

Eins og vikið er að í kafla 4.9. hér að framan er kveðið svo á í almennum skilmálum ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur að starfsmenn vátryggingartaka séu ábyrgðartryggðir með sama hætti og vátryggður vinnuveitandi þeirra. Ábyrgðartryggður launþegi glatar þó rétti sínum á hendur vátryggingafélagi þegar vátryggingaratburður verður rakinn til ásetnings, stórfellds gáleysis, ölvunar hans eða neyslu hans á ávana- eða fíkniefnum. Umrætt ákvæði 3. mgr. samrýmist vel þessum skilmálum ábyrgðartryggingar að öðru leyti en því að í ýmsum tilvikum verður vátryggingaratburður ekki metinn manni til stórfellds gáleysis þótt hann hafi verið ölvaður er hann olli tjóninu. Einnig er hugsanlegt að skaðaverk, sem maður veldur undir áhrifum ávana- eða fíkniefna, teljist í einhverjum tilvikum ekki vera af völdum stórfellds gáleysis hans.

Það leiðir af 3. mgr. 19. gr. og 20. gr. að launþegi í þjónustu opinbers aðila, sem ekki hefur keypt vátryggingu og ber því sjálfur alla áhættu af hinum óvátryggðu hagsmunum sínum, er því aðeins skaðabótaskyldur að hann hafi valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Um 20. gr.

Reglur 19. gr. eiga því aðeins við að vátrygging hafi í raun verið keypt. Ef starfsemi er svo umfangsmikil að unnt er, þegar til lengdar lætur, að dreifa áhættu af tjóni á hliðstæðan hátt og gerist í vátryggingum kann að vera hagkvæmt fyrir þann sem starfsemina rekur að vátryggja ekki hagsmuni sína. Í slíkum tilvikum eru rök til þess að láta sömu reglu gilda um tjón sem verður á óvátryggðum hagsmunum.

Ákvæði 20. gr. varða tilvik þar sem vátrygging tekur ekki til tjóns, en staða tjónþola verður sú sama og vátrygging hefði verið keypt. Samkvæmt grein þessari er réttarstaða ríkissjóðs, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila gagnvart tjónvaldi sú sama og eftir 19. gr. ef tjónþoli kaupir almennt ekki vátryggingu og hefur því hagsmuni sína í eigin áhættu. Þegar skilyrði þessarar greinar eru fyrir hendi öðlast hið opinbera því engan skaðabótarétt á hendur tjónvaldi.

Núgildandi lækkunarregla í 2. málsl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, hefur verið skýrð svo að henni verði einungis beitt ef vátrygging tekur til tjóns. Þessu ákvæði 25. gr. laga um vátryggingarsamninga verður því t.d. ekki beitt um tjón sem ríkissjóður verður fyrir, en ríkið kaupir almennt ekki vátryggingar á hagsmunum sínum, sbr. reglur nr. 74/1974. Á þessu verður breyting ef frumvarpið verður að lögum. Breytingin mun væntanlega fyrst og fremst snerta ríkissjóð og ríkisstofnanir því að

sveitarfélög, a.m.k. ekki hin stærri, fylgja yfirleitt ekki þeirri stefnu ríkissjóðs að hafa hagsmuni sína í eigin áhættu.

Hér er farin sú leið að takmarka gildissvið hinnar nýju reglu við opinbera aðila. Tiltölulega fáir einkaaðilar reka svo mikla starfsemi að þeir geti dreift áhættu nægilega þannig að þeir hafi hag af því að vera sínir eigin vátryggjendur. Mun því vera sjaldgæft að einkafyrirtæki fylgi í þessu efni sömu stefnu og ríkissjóður.

Til þess að 20. gr. verði beitt verður að sýna fram á að tjónþoli kaupi „almennt" ekki vátryggingu. Hér ræður úrslitum hvort sá opinberi aðili, sem hlut á að máli, fylgir í reynd þeirri stefnu að dreifa tjónsáhættu sinni án vátrygginga. Hitt skiptir ekki máli hvort formleg ákvörðun hefur verið tekin um þetta. Ákvæðið tekur ekki til tjónþola sem aðeins hefur hluta af hagsmunum sínum í eigin „vátryggingu", t.d. þannig að hann kaupir vátryggingar á munum en ekki rekstrarstöðvunartryggingu. Ákvæðið nær heldur ekki til tjónþola sem kaupir vátryggingu með þeim skilmálum að hann beri mjög mikla áhættu sjálfur. Það leiðir enn fremur af orðinu „almennt" að ákvæðinu verður beitt þótt tjónþoli, sem dreifir áhættu sinni án vátrygginga, kaupi vátryggingu í einstakt skipti ef um er að ræða sérstakt undantekningartilvik.

Reglu 20. gr. verður ekki beitt nema að uppfylltu því skilyrði 19. gr. að tjón hafi orðið á hlut eða vegna rekstrarstöðvunar eða hinn opinberi aðili hafi greitt skaðabætur vegna tjóns sem starfsmaður hans olli með saknæmri og ólögmætri hegðun.

Um 21. gr.

Í grein þessari eru veigamiklar undantekningar frá reglum 19. og 20. gr. um að skaðabótaréttur stofnist ekki vegna tjóns sem nánar tilteknar vátryggingar taka til. Undantekningarnar varða hinar sérstöku skaðabótareglur sem gilda á sviði umferðar, loftferða og siglinga. Um rök fyrir undantekningum þessum vísast til almennra athugasemda í kafla 4.9. hér að framan.

Að bótareglum umferðarlaganna undanskildum eru lagaákvæði þau, sem hér um ræðir, reist á alþjóðasamningum að meira eða minna leyti. Verður að telja óæskilegt að Ísland lögfesti sérreglur sem víkja í grundvallaratriðum frá samræmdum alþjóðlegum bótareglum á sviði flutningaréttar.

Skaðabótareglur umferðarlaga, nr. 50/1987, er að finna í 88.–90. gr. þeirra. Hér er ekki eingöngu um að ræða þær reglur umferðarlaga sem eru frábrugðnar almennum bótareglum. Ákvæði 21. gr. tekur einnig til tjóns sem ber að greiða bætur fyrir eftir almennum skaðabótareglum, sbr. 3. mgr. 90. gr. umferðarlaga.

Bótareglur laga um loftferðir, nr. 34/1964, eru tvíþættar. Í fyrsta lagi eru reglur í IX. kafla laganna um bótaskyldu flytjanda farþega, farangurs og farms. Í öðru lagi eru reglur X. kafla um bótaskyldu utan samninga, en þær taka til tjóns á mönnum eða munum sem eru utan loftfars.

Reglur siglingalaga um skaðabætur varða sumar bótaskyldu utan samninga en aðrar skaðabótaskyldu sem stofnast á grundvelli samnings. Helstu bótareglur siglingalaga eru í 68.–73. gr. þeirra, sbr. 118. gr. (um ábyrgð farmflytjanda), 137.–150. gr. (um ábyrgð farsala á farþegum og farangri), 158.–162. gr. (um ábyrgð vegna tjóns af árekstri skipa) og 171.–183. gr. (um ábyrgð útgerðarmanns).

Alþjóðasamningur um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sem gerður var í Brussel 29. nóvember 1969, hefur lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 14/1979 og auglýsingu nr. 10/1980 sem birt er í C-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt 3. gr., sbr. 1. gr. samningsins, er meginreglan sú að eigandi skips, er flytur umbúðalausa olíu sem farm, ber

hlutlæga ábyrgð á mengunartjóni af völdum olíu er hefur lekið eða verið losuð úr skipi.

Með ákvæðum 21. gr. frumvarpsins er stefnt að því að breyta ekki skaðabótareglum þeim sem nú gilda á sviði samgangna og flutninga. Endurkröfuréttur helst því alltaf án tillits til þess hvort um er að ræða ábyrgð á sakargrundvelli eða víðtæka bótaábyrgð. Getur tjónþoli því gert bótakröfu og vátryggingafélag endurkröfu vegna alls tjóns sem skaðabótareglur greindra laga taka til.

Um 22. gr.

Í þessari grein er almennt ákvæði um endurkröfur vátryggingafélags á hendur þriðja manni sem skaðabótaskyldur er við vátryggðan tjónþola. Greininni er ætlað að koma í stað 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Endurkröfuregla 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins takmarkast þó verulega af reglum 19. og 20. gr. Ef frumvarpið verður að lögum stofnast endurkröfuréttur þess vegna í miklu færri tilvikum en nú. Endurkröfuréttur verður þó áfram fyrir hendi á nokkrum mikilvægum sviðum, sbr. 21. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir fullum endurkröfurétti á hendur þeim sem bera bótaábyrgð eftir reglum umferðarlaga, siglingalaga o.fl.

Ákvæði 1. mgr. tekur almennt til skaðatrygginga. Að því er varðar vátryggingar á hlut eða rekstrarstöðvunartryggingar kemur 22. gr. þó aðeins til álita þegar skaðabótaábyrgð fellur ekki niður vegna ákvæða 1. mgr. 19. gr., sbr. 20. gr. Í 1. málsl. 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins er hliðstæð regla um ábyrgðartryggingar. Falli bótaábyrgð ekki niður eftir reglum II. kafla frumvarpsins öðlast vátryggingafélag endurkröfurétt á hendur hinum bótaskylda skv. 1. mgr. 22. gr. Langflestar skaðatryggingar eru munatryggingar, ábyrgðartryggingar eða rekstrarstöðvunartryggingar, þannig að endurkröfuréttur skv. 1. mgr. verður í raun mjög takmarkaður. Skaðatryggingar, sem 1. mgr. tekur til, eru t.d. málskostnaðartrygging, vanskilatrygging og vátrygging gegn fjárdrætti.

Í 2. mgr. 22. gr. er undantekning frá almennu reglunni í 1. mgr. um endurkröfurétt. Undantekningin kemur einnig fram í 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins, en samkvæmt síðarnefndu ákvæði verður sá sem ber bótaábyrgð á líkamstjóni ekki endurkrafinn um vátryggingabætur sem greiddar hafa verið vegna þess. Má því segja að 2. mgr. 22. gr. sé ofaukið. Rétt þykir þó að taka umrædda reglu einnig upp hér til þess að hún sé með öðrum ákvæðum sem varða endurkröfu í II. kafla frumvarpsins. Kemur þá skýrt og greinilega fram að 1. mgr. 22. gr. á ekki við um líftryggingu, slysa- eða sjúkratryggingu.

Í 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 22. gr. segir að ekki skipti máli „hvers eðlis vátryggingin er“. Hér er átt við að eftir ákvæðum þessum skiptir engu hvort bætur vátryggingafélagsins eru ákveðnar eftir reglum um skaðatryggingar eða svonefndar summutryggingar. Endurkröfuréttur félags, er greitt hefur slysatryggingabætur sem teljast „raunverulegt skaðabót“, sbr. 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, verður því ekki lengur fyrir hendi ef frumvarpið nær fram að ganga. Helstu dæmi um slysatryggingar, er nú greiða bætur sem eru „raunverulegt skaðabót“, eru slysatrygging ökumanns samkvæmt umferðarlögum og sams konar slysatrygging farþega í ökutæki. Vátryggingafélög, sem annast slysatryggingar þessar, hafa til þessa ekki beitt endurkröfurétti þeim sem þau eiga eftir núgildandi lögum.

Skilja ber 1. og 2. mgr. 22. gr. þannig að þær eigi eingöngu við um vátryggingar í skilningi laga nr. 20/1954.

UM III. KAFLA

Í þessum kafla eru reglur um ábyrgð starfsmanna, almenn heimild til að lækka skaðabætur eftir sanngirnis- og velferðarsjónarmiðum, svo og regla um heimild til þess að líta í sérstökum tilvikum fram hjá því að tjónþoli er sjálfur meðvaldur að tjóni. Enn fremur eru í kaflanum reglur um hvernig skipta ber ábyrgð innbyrðis milli tveggja eða fleiri aðila sem bótaskyldir eru vegna sama tjóns. Loks er í kafla þessum regla um bætur fyrir miska og ákvæði um að hve miklu leyti semja megi um að víkja frá reglum laganna.

Um 23. gr.

Greinin varðar skaðabótaábyrgð starfsmanns, annars vegar gagnvart þriðja manni og hins vegar gagnvart vinnuveitanda.

Yfirleitt mun aðeins reyna á grein þessa þegar munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda tekur ekki til tjóns þess sem starfsmaður hans veldur. Greiði hins vegar einhver þessara vátrygginga bætur gildir regla 3. mgr. 19. gr., sbr. 21. gr., þannig að starfsmaður ber almennt ekki bótaábyrgð, nema hann hafi valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Um þetta vísast til athugasemda við 3. mgr. 19. gr.

Ákvæði 1. mgr. varðar þá stöðu sem oftast reynir á hér, þ.e. þegar tjónþoli tekur þann kost að krefja vinnuveitanda tjónvalds. Samkvæmt ákvæðinu á vinnuveitandi einungis endurkröfu á hendur launþega ef telja má þá niðurstöðu sanngjarna þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti.

Í 2. mgr. er regla um þau fremur fátíðu tilvik er tjónþoli fer þá leið að krefjast bóta úr hendi starfsmannsins. Skv. 1. málsl. 2. mgr. má skerða eða fella niður ábyrgð launþega gagnvart tjónþola. Þegar ákvörðun er tekin um hvort svo skuli gert skal ekki aðeins líta til aðstæðna tjónvalds heldur einnig til hagsmuna tjónþola. Þessi regla í 1. málsl. 2. mgr. gæti orðið til þess að starfsmaður verði að greiða tjónþola hærri fjárhæð en hann hefði átt að greiða ef vinnuveitandi hefði greitt tjónþola og síðan endurkrafið starfsmanninn eftir 1. mgr. Reglunni í 2. málsl. 2. mgr. er ætlað að koma í veg fyrir að starfsmaður skaðist með þessum hætti. Samkvæmt henni getur starfsmaður krafið vinnuveitanda um bætur, er hann hefur greitt, að því marki sem bótaábyrgð hvílir endanlega á vinnuveitanda eftir reglu 1. mgr.

Í 3. mgr. er almenn regla um bótaábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda þegar sá síðarnefndi hefur orðið fyrir tjóni án þess að bótaábyrgð hafi stofnast gagnvart þriðja manni. Ábyrgð starfsmanns er hér takmörkuð í sama mæli og endurkröfuréttur eftir 1. mgr.

Lækkunarreglur 23. gr. gilda, eins og fram hefur komið, um ábyrgð starfsmanns. Þeim og reglu 3. mgr. 19. gr. verður beitt um menn sem vinnuveitandi ber ábyrgð á eftir hinni almennu reglu um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna. Hugtakið starfsmaður er því notað í víðtækri merkingu í frumvarpinu. Lækkunarreglurnar eiga m.a. við um opinbera starfsmenn.

Eins og getið er í almennu athugasemdunum hér að framan getur ákvæði 2. mgr. valdið því að starfsmaður geti, ef vinnuveitandi er ógjaldfær, þurft að greiða þriðja manni bætur án þess að reglur 23. gr. um endurkröfurétt starfsmanns á hendur atvinnurekanda komi starfsmanni að haldi. Um það er fjallað nánar í kafla 4.10. hér að framan.

Ákvæði 3. mgr. varðar tjón sem starfsmaður veldur í starfi sínu á hagsmunum vinnuveitanda. Hér er fyrst og fremst haft í huga að starfsmaður skemmi eða eyðileggi hluti í eigu vinnuveitanda, t.d. verkfæri eða vörur. Orðalag ákvæðisins er hins vegar almennt

og tekur einnig til ábyrgðar sem stofnast ef starfsmaður vanefnir vinnusamning, t.d. með því að hverfa á brott án þess að gæta ákvæða um uppsagnarfrest. Hér er um að ræða vægari bótareglu en nú gildir um ábyrgð starfsmanna eftir almennum bótareglum. Ekki er þó líklegt að ákvæðið leiði til verulegra breytinga því að í reynd skiptir skaðabótaréttur vinnuveitenda á hendur starfsmönnum litlu máli.

Hér er ekki gerð tillaga um að breyta lækkunarheimildum í 2. mgr. 132. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, eða 96. gr. laga nr. 22/1991, um samvinnufélög. Haldast þær því óbreyttar.

Um 24. gr.

Í þessari grein er almenn lækkunarheimild, þ.e. heimild til að skerða eða fella niður skaðabótarétt ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Greinin á við um alls konar tjón: tjón á mönnum (þar á meðal ófjárhagslegt tjón), munum og almennt fjártjón. Ekki skiptir máli hvort bótaskylda hvílir á almennum reglum eða sérreglum í lögum eða hvort hún er reist á sakarreglunni eða víðtækari bótareglum, t.d. reglunni um óðs manns víg í 8. kap. Mannhelgisbálks Jónsbókar. Reglan gildir jafnt um skaðabótaskyldu utan samninga og bótaábyrgð sem styðst við samning.

Gildissvið þessa ákvæðis er samkvæmt framansögðu svo víðtækt að það verður með réttu nefnt „almenn“ lækkunarheimild. Jafnframt verður að leggja áherslu á að heimildin er „sérstök“ í þeim skilningi að ætlast er til að henni verði eingöngu beitt þegar skaðabótareglur mundu annars leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu. Ákvæðið er með öðrum orðum eins konar öryggisregla sem notuð verður í sérstökum undantekningartilvikum.

Fyrsta málsgrein er tvíþætt. Í fyrsta lagi felst í henni regla þess efnis að úr ábyrgð má draga eða fella hana niður ef bótaábyrgð yrði hinum bótaskylda svo þungbær að ósanngjarnt má telja að hann greiddi fullar bætur. Þessari reglu yrði beitt þegar talið yrði óviðunandi, í ljósi félagslegra viðhorfa og mannúðarsjónarmiða, að leggja þá byrði á tjónvald að gera honum að greiða fullar bætur. Eftir þessu er það fyrst og fremst fjárhagur tjónvalds sem skiptir máli þegar meta skal hvort beita eigi heimildinni. Önnur atriði, sem talin eru í greininni: stærð (fjárhæð) tjóns, eðli bótaábyrgðar, hagsmunir tjónþola og vátryggingar sem fyrir hendi voru, hafa einnig áhrif þegar meta skal hvort ósanngjarnt sé að leggja tjónsbyrðina á tjónvald. Þar sem reglu þessari er ætlað að vera öryggisúrræði ef félagsleg viðhorf og mannúðarsjónarmið gera nauðsynlegt að víkja frá almennum reglum á þó ekki að vera alveg girt fyrir að bætur verði lækkaðar þótt tjón verði rakið til stórfellds gáleysis tjónvalds eða jafnvel ásetnings hans. Þegar efni þykja til að beita heimildinni mundi yfirleitt vera álitið rétt að fella ekki alveg niður bætur, heldur lækka þær og dæma greiðslu sem ekki telst svo þungbær að ósanngjarnt yrði talið.

Í öðru lagi felur 1. mgr. í sér reglu um að skerða megi eða fella niður bótaskyldu ef það þykir sanngjarnt vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Þessari reglu verður því beitt þótt ekki sé fyrir hendi umrætt skilyrði um bótaábyrgð sem yrði tjónvaldi óeðlilega þungbær ef það telst af öðrum ástæðum ósanngjarnt að hann greiði nokkrar eða fullar bætur. Með orðalaginu „vegna mjög óvenjulegra aðstæðna“ er áhersla lögð á að reglan kemur aðeins til álita í sjaldgæfum undantekningartilvikum.

Sem dæmi um tilvik, þar sem beita mætti lækkunar- og niðurfellingarheimildinni, má nefna að slasaður maður eða þeir sem misst hafa framfæranda séu jafn vel settir fjárhagslega og þeir voru áður en tjónsatvik bar að höndum, t.d. vegna arfs eða greiðslu vátryggingarfjár. Sé tjónvaldur ábyrgðartryggður mundi bótaskylda ekki vera þungbær og væri þá ekki unnt að beita heimildinni.

Svo sem fram kemur í kafla 4.11. í almennu athugasemdunum hér að framan er gert ráð fyrir að lækkunarheimildinni yrði fyrst og fremst beitt um skaðabætur utan samninga. Í 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. lög nr. 11/1986, felst hliðrunarregla sem heimilar að efni samnings eða samningsákvæðis sé breytt í þá átt að samningurinn verði í heild ekki ósanngjarn. Heimild frumvarpsins til að lækka eða fella niður bótaábyrgð kemur ekki í stað hliðrunarreglu samningalaga. Ekki er ætlast til að heimildin verði notuð til að víkja ákvæðum samnings til hliðar. Þetta á ekki síst við um skaðabótaábyrgð sem stofnast af því að aðili samnings vænrækir að inna af hendi umsamda greiðslu. Á hinn bóginn er ekki fyrir það girt að bætur verði lækkaðar þegar svo stendur á, t.d. ef tjónsbyrði er óvenjumikil og þungbær þegar litið er til bótagrundvallar sem ábyrgð vegna vanefnda hvílir á.

Samkvæmt 24. gr. skal líta til vátrygginga sem aðilar höfðu. Það að tjónþoli var ekki vátryggður, þótt hann hefði átt kost á að vátryggja hagsmuni sína, hefur ekki áhrif á réttarstöðu aðila samkvæmt þessari grein.

Eftir 2. mgr. má, að fullnægðum skilyrðum 1. mgr., líta alveg eða að nokkru fram hjá því að tjónþoli var meðvaldur að tjóni. Sama á við í dánarbótamálum þegar hinn látni átti sjálfur sök.

Ákvæði þetta veldur því að reglum 1. mgr. um skerðingu eða brottfall bótaréttar má einnig beita um eigin sök tjónþola. Dómari getur því ákveðið að lækka ekki bætur eftir þeim reglum sem ella gilda um eigin sök tjónþola. Tjónþoli getur þannig annaðhvort fengið fullar bætur eða stærri hlut bóta en hann hefði fengið eftir almennum reglum um eigin sök. Skilyrði þess er, sbr. 1. mgr., að það mundi annaðhvort vera tjónþola of þungbært að beita reglum um eigin sök eða það þætti að öðru leyti sanngjarnt vegna mjög óvenjulegra aðstæðna að veita tjónþola hærri bætur þrátt fyrir eigin sök. Heimild 2. mgr. verður eins og reglu 1. mgr. aðeins beitt í undantekningartilvikum.

Orðið „meðvaldur“ í 2. mgr. tekur ekki aðeins til eigin sakar í þrengstu merkingu heldur einnig til tilvika þar sem maður fyrirgerir skaðabótarétti með áhættutöku, þ.e. því að taka þátt í háttsemi sem hefur mjög mikla hættu í för með sér.

Þegar tveir valda hvor öðrum tjóni við sama atvik og ábyrgðartrygging tekur til tjóns getur þurft að beita svonefndri tveggja kröfu (brúttó) aðferð til þess að heimildarákvæði 1. og 2. mgr. gagnist tjónvaldi. Uppgjör eftir tveggja kröfu aðferðinni fer þannig fram að kröfurnar eru greiddar óháð hvor annarri. Í slíku tilviki getur vátryggingafélag því ekki notað einnar kröfu (nettó) aðferðina og borið fyrir sig skuldajöfnuð gagnvart kröfu tjónþola með þeim rökum að vátryggður (tjónvaldur) eigi kröfu á tjónþola.

Um 25. gr.

Grein þessi fjallar um hvernig skipta skal tjónsbyrði endanlega milli hinna skaðabótaskyldu þegar fleiri en einn bera óskipta ábyrgð vegna sama tjóns. Hins vegar leysir greinin ekki það álitamál hvort hinir skaðabótaskyldu beri óskipta ábyrgð eða á hvaða grundvelli. Ákvæði þetta varðar því ekki réttarstöðu tjónþola gagnvart hinum bótaskyldu. Reglur greinarinnar eiga bæði við um skaðabótaskyldu innan samninga og utan.

Í 1. mgr. er sú meginregla að ábyrgð skal endanlega skipta á hina bótaskyldu eftir því sem sanngjarnt þykir. Með 1. mgr. er ætlað að slá því föstu berum orðum í settum lögum að líta skuli til fleiri atriða en sakarstigs þegar tjóni er jafnað niður á fleiri en einn bótaskyldan aðila. Þegar annar (einn) hinna bótaskyldu ber ábyrgð eftir sakarreglunni en hinn (hinir) eftir reglu um ábyrgð án sakar er ekki alltaf eðlilegt að hinn (hinir) síðarnefndi eigi fortakslaust (fulla) endurkröfu á þann sem bótaábyrgð ber eftir sakarregl-

unni. Í slíkum tilvikum getur verið ástæða til að líta til „eðlis skaðabótaábyrgðar“. Orðin „atvika að öðru leyti“ veita m.a. svigrúm til að líta til áhættusjónarmiða og félagslegra viðhorfa þegar skipting bótaábyrgðar er ákveðin.

Ákvæði 1. mgr. eiga við þegar annaðhvort enginn (annar) eða allir (báðir) hinna bótaskyldu eru ábyrgðartryggðir. Á opinbera aðila, sem dreifa áhættu sinni án vátrygginga, ber hér að líta eins og ábyrgðartryggðir væru, sbr. 20. gr. Um skiptingu ábyrgðar milli hinna skaðabótaskyldu þegar einn eða fleiri, en ekki allir þeirra, eru ábyrgðartryggðir eða opinberir aðilar er dreifa áhættu sinni án vátrygginga, fer eftir tveimur reglum sem eru í 2. mgr.

Í 2. mgr. felst að við skiptingu tjónsbyrðar skal taka tillit til þess hvort einn eða fleiri hinna bótaskyldu voru ábyrgðartryggðir. Skv. 1. málsl. 2. mgr. eiga ákvæði 1. og 2. mgr. 19. gr. og 21. gr. beint við ef annar eða einn tjónvalda er ábyrgðartryggður. Regla þessi felur í sér mun víðtækara brottfall skaðabótaskyldu en nú er gert ráð fyrir í 2. málsl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Ef tveir bera bótaábyrgð vegna sama tjóns og aðeins annar þeirra hefur ábyrgðartryggingu sem greiðir tjónþola bótakröfuna tekur 1. mgr. 19. gr. til endurkröfu ábyrgðartryggingafélagsins. Leiðir það til þess að bótaábyrgð hins tjónvaldsins fellur niður nema hann sé ábyrgur eftir einhverri bótareglu sem getið er í 21. gr. eða eitthvert skilyrða 2. mgr. 19. gr. sé fyrir hendi, þ.e. að tjóni sé valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða í opinberri starfsemi, einkarekstri eða þess háttar. Hafi sá tjónvaldur, sem ekki er ábyrgðartryggður, greitt tjónþola bætur á hinn fyrrnefndi almennt fullan endurkröfurétt á hendur ábyrgðartryggjanda þess tjónvalds sem ábyrgðartryggður er. Séu báðir (allir) tjónvaldar ábyrgðartryggðir skal ekki beita 1. mgr. 19. gr.

Ef 1. mgr. 19. gr. á ekki við vegna reglna í 2. mgr. 19. gr. eða 21. gr. er heimilt að taka tillit til ábyrgðartrygginga þegar tjónsbyrði er skipt milli hinna bótaskyldu, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. Í þessu felst að þó að ábyrgð tjónvalds, sem ekki er ábyrgðartryggður, falli ekki niður, sbr. ákvæði 2. mgr. 19. gr. og 21. gr., er samt sem áður heimilt að líta til ábyrgðartrygginga(r) sem taka (tekur) til tjónsins. Skv. 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. mundi t.d. mega fella tjónsbyrði endanlega á ábyrgðartryggðan atvinnurekanda í einkarekstri eða á opinberan aðila nema rétt þyki vegna varnaðarsjónarmiða að dæma tjónvald þann, sem ekki hefur ábyrgðartryggingu, bótaskyldan. Þessi regla í 2. málsl. getur því í mörgum tilvikum orðið til þess að skaðabótakrafan greiðist endanlega af ábyrgðartryggingunni.

Í 3. málsl. 2. mgr. kemur fram að reglur 2. mgr. (bæði 1. og 2. málsl.) eiga einnig við ef svo stendur á sem lýst er í 20. gr., þ.e. þegar tjónvaldur (opinber aðili) er ekki ábyrgðartryggður en dreifir áhættu sinni án vátrygginga.

Þegar vinnuveitandi og starfsmaður bera óskipta ábyrgð skal fara eftir reglum 3. mgr. 19. gr. og 23. gr. Þau ákvæði eiga hins vegar ekki einungis við um réttarstöðu tjónþola gagnvart hinum bótaskyldu heldur einnig réttarstöðu tjónvalda innbyrðis.

Til eru í einstökum lögum sérstakar reglur um hvernig skipta beri skaðabótum milli þeirra sem bera óskipta ábyrgð, sjá einkum 3. mgr. 158. gr. siglingalaga, nr. 34/1985. Frumvarp þetta haggar ekki slíkum sérákvæðum.

Um 26. gr.

Aðalregla íslensks réttar um bætur fyrir (1) spjöll á líkama eða frelsi manna, (2) refsiverða meingerð gegn persónu, friði eða æru og (3) aðra meingerð, sem telja má drýgða af illfýsi, er í 1. mgr. 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940. Í sömu grein er einnig megin-

regla um dánarbætur, sbr. 2. mgr. Ákvæðum 1., 2., 5.–9. og 12.–14. gr. frumvarpsins er ætlað að koma í stað þeirra réttarreglna sem nú gilda um fjártjón vegna líkamsspjalla, þar á meðal dauða, en 3. og 4. gr. frumvarpsins í stað ákvæða 264. gr. um ófjárhagslegt tjón vegna líkamsspjalla.

Með 26. gr. er stefnt að því leysa af hólmi reglur 264. gr. hegningarlaga um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón vegna meingerðar gegn frelsi, persónu, friði eða æru. Auk bóta fyrir ófjárhagslegt tjón eftir 26. gr. yrði áfram unnt samkvæmt almennum skaðabótareglum að dæma bætur fyrir fjártjón af slíkum réttarbrotum.

Í greininni er ekki ákvæði er svarar til núverandi heimildar til að dæma bætur fyrir „aðra meingerð sem telja má drýgða af illfýsi“. Hálfrar aldar reynsla af heimildinni bendir ekki til að mikil þörf sé á sérstakri reglu í skaðabótalögum um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón af slíkum atvikum. Nægilegt þykir að setja ákvæði um skyldu til að greiða miskabætur fyrir meingerð sem telst ólögmæt. Um aukna réttarvernd sem leiðir af 26. gr. frumvarpsins sjá hér á eftir. Brottfall heimildar til að dæma miskabætur fyrir meingerð, sem álíta má drýgða af illfýsi, mundi að sjálfsögðu ekki girða fyrir rétt til bóta eftir almennum skaðabótareglum vegna fjártjóns sem rekja mætti til slíkrar meingerðar.

1. og 2. mgr. 264. gr. hegningarlaga eru heimildarákvæði, en eftir 26. gr. er skylt að dæma bætur ef bótaskilyrði eru að öðru leyti fyrir hendi.

Samkvæmt 264. gr. skal meingerð vera refsiverð til þess að réttur stofnist til bóta fyrir ófjárhagslegt tjón vegna meingerðar gegn persónu, friði eða æru. Sú mikilvæga breyting felst í 26. gr. að fallið er frá því skilyrði. Nægilegt er að meingerðin sé ólögmæt. Ef frumvarpið verður að lögum veitir breyting þessi stóraukna réttarvernd gegn brotum af þessu tagi, t.d. brotum gegn friðhelgi einkalífs.

Á hinn bóginn er bótaréttur að formi til þrengdur að því er varðar bætur fyrir ófjárhagslegt tjón vegna skerðingar á frelsi. Eftir 264. gr. nægir að spjöll á frelsi verði rakin til atviks sem hefur skaðabótaskyldu í för með sér eftir einhverri skaðabótareglu, þar á meðal reglum um bótaskyldu án sakar. Samkvæmt 264. gr. er það því ekki skilyrði ákvörðunar miskabóta fyrir frelsisskerðingu að tjónsatvik sé ólögmætt. Ætla verður að þessi þrenging á bótaskilyrðum skipti þó ekki máli í raun því að vandfundin munu tilvik frelsiskerðingar sem bóta verður krafist fyrir eftir 264. gr. hegningarlaga en ekki eftir reglum frumvarpsins. Hér verður og að hafa í huga að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingu á sérstökum ákvæðum í réttarfarslögum um heimild til greiðslu miskabóta, sbr. það sem greinir í lok athugasemda með þessari grein.

Þeim sem valdið hefur líkamsmeiðingum, framið kynferðisbrot eða önnur álíka afbrot getur eftir atvikum verið skylt að greiða þeim sem misgert er við miskabætur eftir 26. gr. frumvarpsins auk bóta fyrir líkamstjón.

Í skilyrði 26. gr. um ólögmæta meingerð felst að um saknæma hegðun sé að ræða. Gáleysi mundi þó þurfa að vera verulegt til þess tjónsatvik yrði talið ólögmæt meingerð. Hugtak þetta mundi t.d. ekki taka til smávægilegra hrekkja eða stríðni.

Eftir ákvæði þessu fellur skylda til greiðslu miskabóta á þann sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð. Ekki er nauðsynlegt að viðkomandi sé sjálfur sekur um meingerðina. T.d. mundi unnt að sækja bætur fyrir ófjárhagslegt tjón úr hendi vinnuveitanda starfsmanns sem gerist sekur um ólögmæta meingerð þótt vinnuveitandinn eigi sjálfur enga sök, enda séu fyrir hendi öll skilyrði reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Hins vegar mundi bóta eftir 26. gr. ekki verða krafist á grundvelli reglna um bótaskyldu án sakar (hreina hlutlæga ábyrgð).

Ekki er stefnt að því að greinin leiði til breytinga á reglum um ákvörðun fjárhæðar bóta.

Ákvæði 2. málsl. er sett til þess að skýrt komi fram að reglur 1. og 2. mgr. 18. gr. um aðilaskipti að kröfum um bætur fyrir líkamstjón eigi einnig við um bótakröfur vegna meingerða þeirra sem hér um ræðir.

Í nokkrum lögum eru sérákvæði um bætur fyrir miska, sbr. t.d. 38. gr. laga nr. 47/1968, um vörumerki, 2. mgr. 56. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, 58. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, 22. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og ýmis ákvæði í lögum á sviði réttarfars. Ákvæði þessi breytast ekki þótt frumvarpið verði að lögum.

Um 27. gr.

Greinin felur í sér reglur um að hve miklu leyti víkja megi með samningi frá ákvæðum laganna. Ákvæði greinarinnar takmarka að verulegu leyti rétt manna til semja sig frá reglum laganna áður en tjón verður. Tekur 1. mgr. til samninga sem eru í óhag tjónþola en 2. mgr. samninga sem eru í óhag hinum bótaskylda.

Þörf þykir vera á slíkri takmörkun vegna þess að án hennar verður tilgangi margra af reglum laganna naumast náð. Hætt er við að sá sem kann að verða fyrir tjóni og sá sem hugsanlega getur orðið bótaskyldur geti oft ekki gert sér grein fyrir afleiðingum samnings sem gerður er fyrir fram, jafnvel löngu áður en tjón ber að höndum. Yfirleitt gegnir allt öðru máli um samning sem gerður er eftir að tjón er orðið. Þá eiga menn þess almennt kost að kanna allrækilega fjárhagslegar afleiðingar sem samningsákvæði um skaðabætur hafa fyrir báða aðila. Ef slíkur samningur telst ósanngjarn er þó heimilt að víkja honum til hliðar í heild eða að hluta eða breyta honum skv. 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986.

Samkvæmt 1. mgr. er ekki heimilt, áður en tjón verður, að víkja í óhag tjónþola frá reglum 1.–16. gr. (um bætur fyrir tjón á mönnum), 2. mgr. 24. gr. (um tilhliðrun þegar tjónþoli er meðvaldur) og 26. gr. (um bætur fyrir miska). Samningur um lakari réttarstöðu tjónþola um efni, sem þessi ákvæði taka til, er því ógildur. Óþarft er að nefna hér 18. gr. af því að 18. gr. er samkvæmt efni sínu ófrávíkjanleg, hvort heldur er áður en eða eftir að tjón ber að höndum.

Ákvæði 1. mgr. 27. gr. breyta engu um gildi sérstakra ákvæða í lögum um takmarkaða ábyrgð, t.d. reglna siglingalaga og laga um loftferðir.

Fyrsta málsgrein 27. gr. tekur ekki til undanþáguákvæða í samningi ef þau snerta ábyrgðargrundvöllinn. Um samningsskilmála þess efnis fer eftir reglum þeim sem nú gilda. Hér má nefna að nú ríkir almennt sú skoðun að mönnum sé óheimilt að undanþiggja sig bótaábyrgð á tjóni sem rakið verður til stórfellds gáleysis. Sá sem veldur líkamstjóni með þeim hætti mundi því ekki geta borið fyrir sig slíkt undanþáguákvæði.

Ákvæði 2. mgr. eru, svo sem áður er vikið að, gerð til þess að tryggja hagsmuni hins bótaskylda. Það að 1. og 3. mgr. 19. gr. og 20. gr. eru ekki frávíkjanlegar hefur t.d. í för með sér að áður en tjón verður má eigi semja svo um að skaðabótaskylda stofnist ef vátrygging er fyrir hendi og að sá sem dreifir áhættu sinni án vátrygginga geti ekki með samningi áskilið sér betri rétt en tjónþoli sem keypt hefur vátryggingu. Sé samningur af þessu tagi gerður eftir að tjón er orðið hefur hann að sjálfsögðu aðeins áhrif gagnvart hinum skaðabótaskylda að hann sé aðili að samningnum.

Engar skorður eru settar við því að vikið sé með samningi frá reglum 1. mgr. 22. gr., enda þurfa hagsmunir tjónvalds eða tjónþola ekki neinnar sérstakrar verndar þegar sú grein á við.

Hin almenna lækkunarregla er í 1. mgr. 24. gr. Ástæða þess að ekki má víkja frá henni með samningi er sú að hlutverk hennar er að vernda hinn bótaskylda fyrir kröfum sem leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu.

Í 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. segir að víkja megi frá 25. gr. að því er varðar tjón sem valdið er í opinberri starfsemi eða í einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri. Ástæða þessarar undanþágu frá reglu 1. málsl. er m.a. sú að 25. gr. á einnig við um bótaskyldu innan samninga, en þar kann að vera sanngjarnt og hagnýtt að ákveða fyrir fram með samningi hvernig bótaskylda skuli skiptast milli aðila sem bera óskipta ábyrgð á tjóni.

UM IV. KAFLA

Í kaflanum segir hvenær lögin taki gildi. Þar er og kveðið á um brottfall nokkurra lagaákvæða sem frumvarpið leysir af hólmi.

Um 28. gr.

Hér er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1992 og að hinar nýju reglur taki til skaðabótaábyrgðar vegna tjóns sem verður eftir gildistöku laganna.

Frumvarpið hefur ekki áhrif á skaðabótarétt vegna tjóns sem verður áður en lögin öðlast gildi. Um tjón, sem ber að höndum fyrir 1. júlí 1992, fer því eftir núgildandi reglum. Skipt getur verulegu máli hvenær tjón er talið hafa orðið. Ekki verður deilt um hvenær tjón varð þegar tjónsatvik er skýrt afmarkaður skyndilegur atburður og skaðvænar afleiðingar hans koma strax í ljós.

Hins vegar getur það orkað tvímælis ef orsök tjóns er langvarandi áhrif eða ástand sem stendur nokkra hríð. Sama á t.d. við ef afleiðingar tjónsatviks koma ekki strax fram og nokkurn tíma tekur að staðreyna eftirköst þess. Í slíkum tilvikum ber að skilja ákvæði þessarar greinar svo að reglur frumvarpsins um ákvörðun bóta fyrir líkamstjón eigi við þegar skaðlegar afleiðingar ber að höndum 1. júlí 1992 eða síðar, án tillits til þess hvenær hin skaðvæna hegðun hefst eða gerist eða hve lengi hún hefur staðið. Hafi t.d. ólögmætt ástand varað langa hríð og smám saman valdið heilsutjóni skal hinn bótaskyldi greiða bætur eftir reglum frumvarpsins ef líkamlegar afleiðingar koma ekki fram fyrr en 1. júlí 1992 eða síðar. Sama á við þótt hinu ólögmæta ástandi sé lokið fyrir 1. júlí 1992 og áhrifa þess gæti þá ekki lengur. Tjón, sem gerist hægt eða smám saman, verður almennt talið hafa orðið þegar skaðlegar afleiðingar verða greinilega sannreyndar. Ekki verður talið að tjón, sem rakið verður til vanrækslu á að gera lögmæltar öryggisráðstafanir eða þess háttar, hafi orðið strax og vanrækslan hófst, heldur þegar skaðlegar afleiðingar vanrækslunnar koma í ljós.

Í sumum tilvikum verður að telja að tjónþoli hafi orðið fyrir tjóni sínu við ákveðinn skyndilegan atburð þótt skaðlegar afleiðingar hans verði eða komi í ljós að einhverju eða öllu leyti síðar. Til dæmis kann að vera að aðeins sjáist minni háttar áverkar á farþega strax eftir árekstur bifreiða, en síðar kemur fram að hann hefur orðið fyrir miklu varanlegu líkamstjóni. Hér mundi tjónið verða talið hafa orðið við áreksturinn.

Þegar hins vegar er um að ræða kröfu um bætur fyrir missi framfæranda vegna andláts sem ber ekki að höndum fyrr en nokkru eftir slys má telja að tjónið hafi orðið við andlátið, sbr. athugasemdir við 13. og 14. gr.

Lækkunarreglu 24. gr. verður beitt um tjón sem verður eftir gildistöku laganna þótt það sé afleiðing skaðaverks sem unnið er áður en þau öðluðust gildi.

Um 29. gr.

Samkvæmt þessari grein falla úr gildi nokkur lagaákvæði sem frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi.

Ýmis ákvæði I. kafla og reglur 26. gr. frumvarpsins koma í stað 264. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Reglur 19. og 22. gr. frumvarpsins, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 17. gr., koma í stað 25. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. kemur í stað 59. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Í 3. og 4. mgr. 133. gr. loftferðalaga, nr. 34/1964, eru ákvæði um bætur fyrir þjáningar og lýti, varanlega örorku, missi framfæranda og útfararkostnað. Eru ákvæði þessi í samræmi við 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, og almennar ólögfestar reglur skaðabótaréttar og hafa því lítið sem ekkert sjálfstætt gildi. Er því lagt til að þessi ákvæði loftferðalaga verði felld niður.

Ákvæði 23. gr. frumvarpsins um bótaábyrgð starfsmanna koma í stað lækkunarheimilda í lögum um loftferðir, siglingalögum, sjómannalögum og lögum um lögreglumenn.

Lækkunarheimildir í 2. mgr. 24. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984, 2. mgr. 132. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, og 96. gr. laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, fela í sér reglur sem lækkunarheimildir frumvarpsins koma ekki í staðinn fyrir. Eru því ekki efni til að hagga við þeim þótt frumvarpið verði að lögum.

Í 2. og 3. mgr. 95. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, er kveðið á um sérstakan endurkröfurétt vátryggingafélags á hendur hverjum þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur tjóni er lögboðin ábyrgðartrygging ökutækis greiðir bætur fyrir. Heimilt er að lækka endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjóns eða öðrum atvikum. Skv. 96. gr. sömu laga kveður sérstök nefnd á um hvort beita skuli endurkröfurétti þessum. Greind ákvæði eru meðal lagaúrræða sem ætlað er að hafa varnaðaráhrif á vettvangi umferðarslysa. Þykir ekki rétt að leggja til að þeim verði breytt.

Fylgiskjal I.

I. SAMANBURÐUR VIÐ DANSKAR OG SÆNSKAR REGLUR

Í þessum kafla eru skaðabætur í Svíþjóð og Danmörku bornar saman við bætur sem ætla má að greiddar hefðu verið fyrir líkamstjón eftir núgildandi íslenskum reglum, svo og bætur sem frumvarpið gerir ráð fyrir að greiddar verði. Dæmi eru valin úr norrænni skýrslu frá apríl 1989, en þar var slíkur samanburður gerður í því skyni að lýsa muninum á bótaákvörðunum annars staðar á Norðurlöndunum (Bergsåker, von Eyben, Roos og Wilhelmsson: Udviklingen af reglerne om erstatning for personskade. Rapport afgivet til den nordiske embedsmandskomité for lovgivningsspørgsmål). Fjárhæðum staðlaðra bóta í Svíþjóð og Danmörku hefur verið breytt til samræmis við bótafjárhæðir sem nú gilda þar, en þær bætur, sem miðast við kauplag, eru óbreyttar. Þessar fjárhæðir eru umreikn-

aðar í íslenskar krónur miðað við gengi í byrjun nóvember 1991. Þegar vísað er til krónutölu er átt við íslenskar krónur, nema annað sé tekið fram.

1. dæmi.

Í fyrsta dæminu er um að ræða 52 ára gamlan fulltrúa sem slasaðist mjög alvarlega í umferðarslysi. Hann skaddaðist á heila, en það leiddi til lömunar ganglima, auk þess sem hann er verulega skertur andlega. Hann lá á sjúkrahúsi í þrjá mánuði og síðan var hann í meðferð og endurþjálfun í rúma níu mánuði. Orkuskerðing og örorka hans var metin 100% til frambúðar. Vinnutekjur á slysdegi námu 2.102.000 kr. en gert var ráð fyrir að þær mundu hækka í 2.285.000 kr. á næsta ári. Hann fékk greiddar um 1.005.000 kr. á fyrsta ári eftir slysið og síðan nam heildarlífeyrir hans 868.000 kr. á ári í Danmörku og Svíþjóð, en hér á landi er miðað við að tjónþoli fengi greiddan örorkulífeyri með fullri tekjutryggingu.

Bætur í *Danmörku* mundu nema eftirfarandi fjárhæðum:

Þjáningabætur	260.000
Varanlegt mein	2.459.000
Tímabundið atvinnutjón	1.280.000
Varanleg örorka	12.612.000
Samtals	**16.611.000**

Þjáningabæturnar eru reiknaðar eftir dagstaxta en síðan lækkaðar um 7,5% þar sem þær eru nokkru hærri en hámarkið samkvæmt dönsku skaðabótalögunum (sem nemur um 183.000 kr.) og því yrði heimildarlækkun væntanlega beitt.

Þegar varanlegt mein er metið er hámarksfjárhæðin 269.000 DKK eða 2.459.000 kr.

Tímabundið atvinnutjón er ákveðið sem mismunurinn á þeim tekjum sem hann hefði haft og þeim tekjum sem hann hafði eða 2.285.000 kr. að frádregnum 1.005.000 kr.

Tjón vegna varanlegrar örorku ákvarðast sem sexföld árslaun hans fyrir slysið, þ.e. 6 x 2.102.000 kr. eða 12.612.000 kr.

Í *Svíþjóð* yrðu bæturnar sem hér segir:

Þjáningabætur og bætur fyrir varanlegt mein	2.580.000
Tímabundið atvinnutjón	1.280.000
Varanleg örorka, lífeyrir á ári	1.417.000
Annað	585.000

Hér eru bætur fyrir þjáningar og varanlegt mein staðlaðar og reiknast hjá Svíum í einu lagi. Tímabundið atvinnutjón reiknast á sama hátt og hjá Dönum en bætur fyrir varanlega örorku eru greiddar með lífeyri þannig að tjónþoli fær á hverju ári greitt það tekjutap sem ætla má að hann hafi orðið fyrir (lífeyririnn getur breyst ef aðstæður breytast hjá tjónþola). Þá eru hér greiddar bætur fyrir annað óhagræði (olägenheter iövrigt) og nema þær tæpum 5.000 SEK á ári. Með núvirðingu nema bæturnar 585.000 kr.

Á *Íslandi* má ætla að bætur mundu við þessar aðstæður verða sem hér segir:

Miskabætur	1.400.000
Tímabundið atvinnutjón og varanleg örorka	11.950.000
Samtals	**13.350.000**

Verðmæti varanlegs atvinnutjóns er þá reiknað 23.124.000 kr. og síðan eru dregin frá því 31% vegna skattfrelsis og vegna hagræðis við eingreiðslu. Loks eru dregnar um það

bil 4 millj. kr. frá þeirri fjárhæð sem þá fæst, en það er verðmæti örorkulífeyris almannatrygginga með fullri tekjutryggingu. Miskabætur eru áætlaðar með hliðsjón af nýlegum dómum og bótum sem samið hefur verið um utan réttar.

Hins vegar mundu bætur *samkvæmt ákvæðum frumvarpsins* verða sem hér segir:

Þjáningabætur	283.000
Varanlegt mein	4.000.000
Tímabundið atvinnutjón	1.280.000
Varanleg örorka	12.612.000
Samtals	**18.175.000**

Þjáningabætur eru miðaðar við 90 daga á sjúkrahúsi og 270 daga veikindi heima og heimildarlækkun frá hámarkinu 200.000 kr., sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Bætur vegna varanlegs meins eru hámarksbætur skv. 4. gr. frumvarpsins. Tímabundið atvinnutjón er metið á sama hátt og hjá Dönum og sama gildir um bætur fyrir varanlega örorku en það eru sexföld árslaun fyrir slysið.

2. dæmi.

Í þessu dæmi er um að ræða 25 ára gamlan sjómann sem varð fyrir því að missa annað augað í ryskingum. Hann var háseti þegar slysið varð, en fyrir lá að hann mundi hafa átt kost á stýrimannsstöðu ef hann hefði ekki slasast. Hann starfaði áfram sem háseti og námu laun hans 1.305.000 kr. á ári. Stýrimannslaun hefðu hins vegar verið 20% hærri eða 1.566.000 kr. á ári.

Bætur *í Danmörku* mundu nema eftirfarandi fjárhæðum:

Varanlegt mein	492.000
Varanleg örorka	1.566.000
Samtals	**2.058.000**

Þjáningabæturnar eru ekki greiddar, enda var sjómaðurinn ekki veikur eftir slysið.

Varanlegt mein er 20% af hámarksfjárhæðinni, 53.800 DKK eða 492.000 kr. Danir meta orkuskerðingu vegna missis auga 20% og er það hið sama og við missi sjónar á öðru auga. Í þessu dæmi reikna Danir ekki bætur vegna tímabundins atvinnutjóns þar sem talið er að ástand tjónþola hafi strax eftir slysið orðið varanlegt.

Sjómaðurinn er talinn hafa orðið fyrir varanlegri 20% örorku þar sem hann getur ekki vænst þess tekjuauka sem stýrimannsstaða hefði leitt til. Bætur fyrir varanlega örorku ákvarðast því sem 20% af 1.305.000 kr. margfölduð með 6 eða 1.566.000 kr.

Í *Svíþjóð* yrðu bæturnar sem hér segir:

Varanlegt mein	630.000
Tímabundið atvinnutjón	108.000
Varanleg örorka, lífeyrir á ári	320.000
Annað	514.000

Bætur vegna varanlegs meins eru staðlaðar. Svíar mundu bæta tímabundið atvinnutjón sem mismuninn á launum sjómannsins sem stýrimanns og bóta og launa sem hann fékk eftir slys. Ekki er alveg ljóst hversu langt tímabil er um að ræða hér. Varanleg örorka er bætt með lífeyri þannig að tjónþoli fær á hverju ári greitt það tekjutap sem ætla má að hann hafi orðið fyrir (lífeyririnn getur breyst ef aðstæður breytast hjá tjónþola).

Á *Íslandi* má ætla að bætur mundu við þessar aðstæður verða sem hér segir:

Miskabætur	200.000
Tímabundið atvinnutjón og varanleg örorka	2.900.000
Samtals	**3.100.000**

Hér yrði varanleg örorka metin 25% og tekjutap yrði áætlað sem 25% af tekjum fyrir slysdag. Höfuðstólsverðmæti slíks áætlaðs tjóns yrði um 5.025.000 kr. en síðan má búast við að um 42% yrðu dregin frá þeirri fjárhæð vegna skattfrelsis og vegna hagræðis við eingreiðslu. Miskabætur eru áætlaðar með hliðsjón af nýlegum dómum og bótum sem samið hefur verið um utan réttar.

Hins vegar mundu bætur *samkvæmt ákvæðum frumvarpsins* verða sem hér segir:

Varanlegt mein	800.000
Tímabundið atvinnutjón (áætlað)	108.000
Varanleg örorka	1.566.000
Samtals	**2.474.000**

Varanleg orkuskerðing yrði væntanlega metin 25% samkvæmt venju hér og bætur vegna varanlegs meins mundu því nema 25% af hámarksfjárhæðinni skv. 4. gr. frumvarpsins. Varanleg örorka sjómannsins yrði að líkindum metin hin sama og í Danmörku eða 20%. Bætur vegna varanlegrar örorku mundu því verða ákveðnar sem 20% af árslaunum fyrir slysið margfölduð með 6.

3. dæmi.

Um er að ræða laganema sem er um það bil hálfnaður í námi þegar hann missir annan fót rétt fyrir ofan hné í umferðarslysi. Hann notar gervifót með góðum árangri. Vegna slyssins tefst hann um eitt ár í námi en að því loknu hefur hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu en hugur hans stóð til þess. Laun hans á fyrsta starfsári nema 2.056.000 kr. Varanleg orkuskerðing yrði væntanlega metin 55% í Danmörku og á Íslandi en aðeins 25% í Svíþjóð.

Bætur í *Danmörku* mundu verða sem hér segir:

Varanlegt mein	1.352.000
Varanleg örorka	3.042.000
Annað fjártjón	300.000
Samtals	**4.694.000**

Auk þess greiðast þjáningabætur, en ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til þess að reikna þær. Bætur vegna varanlegs meins nema 55% af hámarksfjárhæðinni 269.000 DKK, þ.e. 147.950 DKK eða 1.352.000 kr.

Bætur fyrir varanlega örorku ákvarðast hér í samræmi við hliðstæða reglu við þá sem er að finna í 8. gr. frumvarpsins, en þar er regla um ákvörðun bóta þegar tjónþoli aflaði ekki tekna eða hafði óverulegar tekjur fyrir slysið. Í slíkum tilvikum skal greiða bætur fyrir varanlega örorku með ákveðnu hlutfalli af þeim bótum sem greiðast vegna varanlegs meins. Ef orkuskerðingin er 55% nema bætur vegna varanlegs tekjutaps 225% af bótum vegna varanlegs meins eða 3.042.000 kr.

Bætur fyrir „annað fjártjón“ eru fyrir útgjöld og óhagræði vegna tafa í námi.

Í *Svíþjóð* yrðu bæturnar sem hér segir:

Þjáningabætur og varanlegt mein	698.000
Tímabundið atvinnutjón	2.056.000
Varanleg örorka	0
Annað	617.000
Samtals	**3.371.000**

Hér eru þjáningabætur og bætur fyrir varanlegt mein staðlaðar og reiknast hjá Svíum í einu lagi. Þeir meta orkuskerðinguna 25% sem þeir bæta með 72.000 SEK. Tímabundið atvinnutjón bætist með eins árs launum vegna þess að tjónþoli kemur einu ári síðar til starfa. Svíar mundu hins vegar ekki greiða neinar bætur vegna varanlegrar örorku þar sem þeir leggja til grundvallar að hér sé ekki um að ræða tekjutap til frambúðar. Hins vegar eru bætur vegna útgjalda og óhagræðis að öðru leyti (kostnader og olägenheter iövrigt) miðaðar við 3.600 SEK á ári sem er núvirt með margföldunarstuðli 17,7.

Á *Íslandi* má ætla að bætur mundu við þessar aðstæður verða sem hér segir:

Miskabætur	400.000
Tímabundið atvinnutjón	1.780.000
Varanleg örorka	8.400.000
Samtals	**10.580.000**

Hér er tímabundið atvinnutjón metið miðað við tekjumissi í eitt ár og núvirt til slysdags. Bætur fyrir varanlega örorku miðast við að árlegt vinnutekjutap verði 55% af launum lögmannsfulltrúa, núvirt til slysdags, að frádregnum um 42% vegna skattfrelsis og hagræðis við eingreiðslu. Miskabætur eru áætlaðar með hliðsjón af nýlegum dómum og umsömdum miskabótum.

Hins vegar mundu bætur *samkvæmt ákvæðum frumvarpsins* verða sem hér segir auk bóta fyrir þjáningar:

Varanlegt mein	2.200.000
Varanleg örorka	4.950.000
Annað fjártjón	300.000
Samtals	**7.450.000**

Bætur vegna varanlegs meins nema 55% af hámarksfjárhæð skv. 4. gr. eða 2.200.000 kr.

Bætur fyrir varanlega örorku ákvarðast hér í samræmi ákvæði 8. gr. frumvarpsins, en þar er fjallað um ákvörðun bóta þegar tjónþoli aflaði ekki tekna eða hafði óverulegar tekjur fyrir slysið. Í slíkum tilvikum skal bæta varanlega örorku með ákveðnu hlutfalli af þeim bótum sem greiðast vegna varanlegs meins. Ef orkuskerðingin er 55% nema bætur vegna varanlegrar örorku 225% af bótum vegna varanlegs meins eða 4.950.000 kr.

Bætur fyrir „annað fjártjón“ eru fyrir útgjöld og óhagræði vegna tafa í námi.

Niðurstöður dregnar saman.

Til glöggvunar eru ofangreind dæmi sýnd hér á eftir í töfluformi.

1. dæmi. Fulltrúi, 52 ára, alger (100%) öryrki eftir höfuðmeiðsli í umferðarslysi.

	DKK	ISK
Laun á slysdegi	230.000	2.102.000
Framtíðarlaun	250.000	2.285.000

Varanleg orkuskerðing: 100%.
Varanleg örorka: 100%.

	DK	SV	IS	Frv.
Þjáningabætur	260.000	2.580.000	1.400.000	283.000
Varanlegt mein	2.459.000			4.000.000
Tímabundið atvinnutjón	1.280.000	1.280.000	11.950.000	1.280.000
Varanleg örorka	12.612.000	1.417.000[1]		12.612.000
Annað		585.000		
Samtals	**16.611.000**		**13.350.000**	**18.175.000**

[1]Árlegur lífeyrir.

2. dæmi. Sjómaður, 25 ára, missti annað augað og þess vegna átti hann ekki kost á stýrimannsstöðu.

	DKK	ISK
Laun á slysdegi	142.800	1.305.000
Framtíðarlaun	171.360	1.566.000

Varanleg orkuskerðing: DK og SV 20%, ÍS 25%.
Varanleg örorka: DK 20%, SV 0%, ÍS 25%, frv. 20%.

	DK	SV	IS	Frv.
Varanlegt mein	492.000	630.000	200.000	800.000
Tímabundið atvinnutjón		108.000		108.000
			2.900.000	
Varanleg örorka	1.566.000	320.000[1]		1.566.000
Annað		514.000		
Samtals	**2.058.000**		**3.100.000**	**2.474.000**

[1]Árlegur lífeyrir.

3. dæmi. Laganemi, um það bil hálfnaður í námi, missti annan fót rétt fyrir ofan hné. Hann tafðist í námi um eitt ár en hóf að því loknu störf sem fulltrúi lögmanns.

	DKK	ISK
Laun á slysdegi	0	0
Framtíðarlaun	225.000	2.056.000

Varanleg orkuskerðing: DK 55%, SV 25%, ÍS 55%.
Varanleg örorka: DK og SV 0%, ÍS 55%, frv. 0% (bætur í DK og frv. þó skv. 8. gr.).

	DK	SV	IS	Frv.
Varanlegt mein	1.352.000	698.000	400.000	2.200.000
Tímabundið atvinnutjón		2.056.000	1.780.000	
Varanleg örorka	3.042.000		8.400.000	4.950.000
Annað	300.000	617.000		300.000
Samtals	**4.694.000**	**3.371.000**	**10.580.000**	**7.450.000**

II. SAMANBURÐUR Á BÓTUM EFTIR FRUMVARPINU OG GILDANDI REGLUM

Hér á eftir verða sýnd nokkur dæmi um bætur sem ákveðnar hafa verið hér á landi fyrir líkamstjón annaðhvort með samningi eða dómi og til samanburðar dæmi um bætur sem ætla má að tjónþoli hefði fengið greiddar ef frumvarpið hefði verið í gildi. Bótafjárhæðir eru þó umreiknaðar til þess tíma sem bætur voru ákveðnar.

1. dæmi.

Fimmtán ára unglingur slasaðist á hendi í júlí 1988. Örorka hans var metin í janúar 1991, 100% í tvo mánuði og síðan varanleg 5%. Samkvæmt læknisvottorði var hann óvinnufær í 106 daga. Hann fékk greidd laun fyrir þann tíma. Samið var um bætur í júní 1991. Hér er gert ráð fyrir að orkuskerðing hefði verið ákveðin 5%, en samkvæmt ákvæðum frumvarpsins yrðu engar bætur greiddar fyrir varanlega örorku. (Hér hefði komið til álita að beita ákvæði 8. gr. frumvarpsins en þar sem örorka er minni en 15% greiðast engar örorkubætur.) Í töflunni eru sýndar annars vegar bætur þær sem ákveðnar voru með samningi og hins vegar bætur eftir ákvæðum frumvarpsins:

	Umsamið	Frumvarp
Þjáningabætur		72.000
Miskabætur	50.000	
Varanlegt mein		193.000
Varanleg örorka	545.000	0
Samtals	**595.000**	**265.000**
Vextir	112.000	16.000
Samtals með vöxtum	**707.000**	**281.000**

2. dæmi.

Skrifstofumaður, 55 ára að aldri, slasaðist í umferðarslysi í mars 1990. Örorka hans var metin í mars 1991, 100% í þrjár vikur, 50% í sex vikur og varanleg örorka 10%. Hér er gert ráð fyrir að við ákvörðun bóta samkvæmt frumvarpinu hefði orkuskerðing verið 10% en örorka engin. Laun voru greidd meðan tjónþoli var óvinnufær og því ekki um bætur að ræða vegna tímabundins atvinnutjóns. Samið var um bótafjárhæð í apríl 1991. Hér á eftir eru sýndar þær bætur sem ákveðnar voru, svo og bætur samkvæmt frumvarpinu:

	Umsamið	Frumvarp
Þjáningabætur		14.000
Miskabætur	100.000	
Varanlegt mein		378.000
Varanleg örorka	1.209.000	0
Samtals	**1.309.000**	**392.000**
Vextir	112.000	8.000
Samtals með vöxtum	**1.421.000**	**400.000**

3. dæmi.

21 árs gamall maður hlaut mjög slæmt fótbrot í umferðarslysi í júní 1988. Í gögnum kemur ekkert fram um hvaða starfi hann gegndi fyrir og eftir slys, en örorka hans var metin 100% í fjóra og hálfan mánuð, 50% í tvo mánuði og síðan 20% varanleg örorka. Um bætur var samið í apríl 1991. Tjónþoli fékk ekki greidd laun allan þann tíma sem hann var óvinnufær og því voru honum greiddar bætur vegna tímabundins atvinnutjóns. Sama fjárhæð mundi verða greidd skv. 2. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að orkuskerðing sé metin 20% en örorka sé hins vegar ekki metin. Þessar bætur eru sýndar hér á eftir:

	Umsamið	Frumvarp
Þjáningabætur		101.000
Miskabætur	200.000	
Varanlegt mein		759.000
Tímabundið atvinnutjón	128.000	128.000
Varanleg örorka	2.013.000	0
Samtals	**2.341.000**	**988.000**
Vextir	536.000	57.000
Samtals með vöxtum	**2.877.000**	**1.045.000**

4. dæmi.

Fertugur iðnaðarmaður stórslasaðist í umferðarslysi í nóvember 1987. Hlaut hann mikil örkuml og var örorka hans metin 100% í rúm tvö ár og síðan 75% til frambúðar. Þegar litið er til þess sem segir í örorkumatinu sýnist ljóst að á grundvelli frumvarpsins mundi orkuskerðing verða metin 75% en örorka 100% þar sem læknirinn telur engin líkindi til þess að tjónþoli stundi vinnu í framtíðinni. Um bætur var samið í febrúar 1991. Þjáningabætur reiknaðar samkvæmt ákvæðum 3. gr. frumvarpsins eru verulega hærri en hámarkið sem þar er greint og því eru bætur lækkaðar um 12%. Hér er gert ráð fyrir greiðslu sömu fjárhæðar samkvæmt frumvarpinu og uppgjöri vegna tímabundins atvinnutjóns örorku. Bætur eru sýndar í töflunni hér á eftir:

	Umsamið	Frumvarp
Þjáningabætur		691.000
Miskabætur	1.500.000	
Varanlegt mein		2.817.000
Tímabundið atvinnutjón	1.423.000	1.423.000
Varanleg örorka	6.143.000	9.671.000
Samtals	**9.066.000**	**14.062.000**
Vextir	4.158.000	982.000
Samtals með vöxtum	**13.224.000**	**15.584.000**

5. dæmi.

Þann 4. desember 1991 var kveðinn upp í Hæstarétti dómur um skaðabætur til manns sem slasaðist á árinu 1984 og hlaut mikil örkuml. Tryggingayfirlæknir mat örorku hans 100% í átta mánuði og síðan varanlega 75%. Miðað við upplýsingar, sem fram koma í dóminum, má ætla að orkuskerðing hans yrði metin 75% og örorka 100% eftir ákvæðum frumvarpsins.

Þegar svo langt er um liðið frá slysdegi og þar til samið er um bætur eða dómur kveðinn upp um þær vega vextir mjög þungt í heildarfjárhæð bóta. Stafar það af því að bætur eru miðaðar við slysdag og vextir reiknast frá þeim degi til ákvörðunardags. Í þessu tilviki féll héraðsdómur í nóvember 1988 og nokkru áður (29. ágúst 1988) var gerður útreikningur á fjártjóni hins slasaða. Ekki kemur fram hvort sá útreikningur var lagður til grundvallar í dómi Hæstaréttar, en nýr útreikningur lá fyrir eins og greint er frá hér á eftir.

Í útreikningnum frá ágúst 1988 var fjártjón á slysdegi metið 5.507.000 kr. en á móti var verðmæti örorkulífeyris almannatrygginga metið 1.120.000 kr. og verðmæti tekjutryggingar 1.975.000 kr. Í öllum tilvikum eru vaxtaforsendur þær að miðað er við 6% vexti eftir útreikningsdag en einfalda almenna innlánsvexti frá slysdegi til útreikningsdags.

Útreikningur, sem lagður var fyrir Hæstarétt og er dagsettur 27. nóvember 1991, er mun ítarlegri og samkvæmt honum nemur verðmæti höfuðstóls örorkutjóns 7.605.000 kr. á slysdegi. Verðmæti örorkulífeyris er metið 1.416.000 kr. og tekjutryggingar 2.588.000 kr. Í þessum útreikningi er einnig greint frá því að tjónþoli njóti örorkulífeyris úr lífeyrissjóði og er verðmæti þess lífeyris til 70 ára aldurs reiknað 3.576.000 kr. Hins vegar er tekið fram að sá lífeyrir muni skerða tekjutrygginguna að einhverju marki en hins vegar liggur ekki fyrir útreikningur á skerðingunni.

Niðurstaða Hæstaréttar er sú að tjón tjónþola þyki hæfilega metið 2.500.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til verðmætis bóta sem hann nýtur frá Tryggingastofnun ríkisins og höfð hliðsjón af skattfrelsi örorkubóta og hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi, svo og litið til verðmætis lífeyris úr lífeyrissjóði. Þá er dregið frá verðmæti greiðslna sem ábyrgðartryggingafélag hins bótaskylda hafði áður innt af hendi, svo og laun og sjúkradagpeningar, en þessir þrír síðasttaldir þættir eru í kröfugerð taldir nema 544.000 kr.

Þá dæmir Hæstiréttur tjónþola 800.000 kr. í miskabætur og tekur fram að tillit sé tekið til þess að bæturnar bera vexti í rúm sjö ár, svo og til verðbótaþáttar vaxta. Í dómsorði er kveðið á um einfalda vexti til 29. ágúst 1988 en um dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags. Þegar vextir eru reiknaðir á bæturnar verður *heildarniðurstaða samkvæmt hæstaréttardóminum* eftirfarandi:

Bætur vegna varanlegrar örorku	3.044.000	
Til frádráttar, þegar greitt	544.000	2.500.000
Miskabætur		800.000
Vextir og dráttarvextir		9.200.000
Samtals		**12.500.000**

Bætur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins yrðu væntanlega sem hér segir:

Þjáningabætur	240.000
Bætur vegna varanlegs meins	3.000.000
Bætur vegna varanlegrar örorku (6 x 315.584 x 3.198 : 929)	6.518.000
Samtals	**9.758.000**
Vextir	1.478.000
Bætur alls með vöxtum	**11.236.000**

Þjáningabætur eru reiknaðar í 140 daga miðað við rúmlegu og 100 daga miðað við fótavist. Þannig reiknaðar nema bæturnar 252.000 kr. og þar sem þær eru 26% umfram viðmiðunarmarkið í 3. gr. frumvarpsins eru þær lækkaðar lítillega. Bætur vegna varanlegs meins nema 75% af 4.000.000 kr. Bætur vegna varanlegrar örorku eru sexföld launin næstu tólf mánuði fyrir slys og framreiknaðar miðað við breytingu á lánskjaravísitölu (vísitala var 929 stig á slysdegi en 3.198 stig þegar dómur var kveðinn upp). Bætur vegna tímabundinnar örorku eru ekki reiknaðar hér.

Bætur eftir frumvarpinu eru nokkru lægri en samkvæmt dóminum og veldur þar mestu hve mikil áhrif dráttarvaxta eru í þessu sambandi. Ef bætur vegna slyss, eins og hér hefur verið fjallað um, væru ákveðnar með samningi mjög fljótlega eftir slys má ætla að niðurstaðan yrði á þessa lund og er þá gert ráð fyrir að árslaun væru 1.086.400 kr.

Bætur eftir núgildandi reglum:		
Vegna tímabundins atvinnutjóns		710.000
Vegna varanlegrar örorku		11.685.000
Samtals		**12.395.000**
Frá dregst:		
Verðmæti örorkulífeyris og tekjutryggingar	6.190.000	
Greiðslur úr lífeyrissjóði koma ekki til frádráttar enda skerða þær tekjutryggingu.		
Vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu, 20% af mismun	1.241.000	
Bætur vegna varanlegrar örorku		4.964.000
Miskabætur		2.000.000
Bætur alls		**6.964.000**
Bætur samkvæmt frumvarpi:		
Þjáningabætur		240.000
Bætur vegna varanlegs meins		3.000.000
Bætur vegna varanlegrar örorku (1.086.400 x 6)		6.518.000
Bætur alls		**9.758.000**

6. dæmi.

Tæplega fertugur maður lést í umferðarslysi í ágúst 1988. Hann lét eftir sig ekkju og fjögurra ára dóttur. Um bætur var samið í júní 1989 og voru þá ákveðnar í einu lagi bætur vegna missis framfæranda og bætur vegna röskunar á stöðu og högum. Í ágúst 1988 nam barnalífeyrir almannatrygginga 5.865 kr. á mánuði. Umreiknaðar meðaltekjur ekkjunnar námu um 70% af tekjum mannsins. Bætur til ekkjunnar, reiknaðar samkvæmt ákvæðum í 1. málsl. 13. gr. frumvarpsins, nema 1.424.000 kr. og þess vegna gilda ákvæði 2. málsl. um lágmark bóta. Bætur eru sýndar hér á eftir:

	Umsamið	Frumvarp
Framfærslutjón maka	500.000	3.000.000
Framfærslutjón barns	500.000	1.093.000
Samtals	**1.000.000**	**4.093.000**
Vextir	86.000	70.000
Samtals með vöxtum	**1.086.000**	**4.163.000**

7. dæmi.

Rúmlega fimmtugur maður lést af slysförum í ágúst 1990 og lét eftir sig ekkju sem var ári eldri. Umreiknaðar meðaltekjur ekkjunnar voru tæpur helmingur tekna hans. Um bætur var samið í nóvember 1990 og eru þær sýndar hér á eftir ásamt bótum samkvæmt frumvarpinu:

	Umsamið	Frumvarp
Framfærslutjón maka	2.948.000	3.305.000
Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	300.000	
Samtals	**3.248.000**	**3.305.000**
Vextir	26.000	18.000
Samtals með vöxtum	**3.274.000**	**3.323.000**

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til skaðabótalaga.

Frumvarpið varðar greiðslur skaðabóta vegna líkamstjóna almennt og hefur ekki bein áhrif á fjárútlát ríkissjóðs. Að vísu fellir það úr gildi eða skerðir endurkröfurétt Tryggingastofnunar ríkisins vegna tjóns á hagsmunum sem hið opinbera vátryggir ekki. Þar er hins vegar eingöngu um að ræða tilfærslu tjónskostnaðar því að slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er með sjálfstæðan fjárhag og er rekin fyrir iðgjöld. Um það bil 30–40 m.kr. innheimtast árlega með endurkröfum og er það hlutfallslega lítill hluti heildarkostnaðarins.

Eins og getið er um í athugasemdum með frumvarpinu má reikna með að heildarútgjöld þjóðarinnar af skaðabótagreiðslum fyrir líkamstjón lækki verulega ef það verður að lögum því að við bótamat er meginhersla lögð á getu tjónþola til að afla vinnutekna í stað læknisfræðilegs mats á örorku. Slys, sem hafa í för með sér minni háttar örorku samkvæmt læknisfræðilegu mati, eru svo mörg að lækkun skaðabóta vegna þeirra hefur verulega útgjaldalækkun í för með sér. Heildarútgjöld munu því samkvæmt frumvarpinu lækka þrátt fyrir hærri dánarbætur og örorkubætur til þeirra sem bíða raunverulegt fjárhagslegt tjón. Verði frumvarpið að lögum má því reikna með að iðgjöld bifreiðatrygginga og heimilis- eða fjölskyldutrygginga lækki í tímans rás þegar ákvæði frumvarpsins eru orðin virk.

427. Fyrirspurn [251. mál]

til félagsmálaráðherra um réttindi heimavinnandi fólks.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Eru fyrirhugaðar af hálfu ríkisstjórnarinnar einhverjar ráðstafanir sem tryggja réttindi heimavinnandi fólks til jafns við þá er stunda launaða vinnu utan heimilis?

Ef svo er, hverjar eru þær ráðstafanir og hvenær koma þær til framkvæmda?

428. Lög [116. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978, sbr. lög nr. 85 1. júní 1989.

(Afgreidd frá Alþingi 18. febr.)

Samhljóða þskj. 119.

429. Fyrirspurn [252. mál]

til menntamálaráðherra um kennaranám með fjarkennslusniði.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

Hvað líður framkvæmd þess að koma á kennaranámi með fjarkennslusniði við Kennaraháskóla Íslands?

430. Fyrirspurn [253. mál]

til heilbrigðisráðherra um stöðugildi í heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hversu mörg stöðugildi eru í heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum og hversu mörg voru ómönnuð 1. janúar sl.?

2. Verður þeim heilbrigðisstofnunum, þar sem stöður voru ekki fullmannaðar á síðasta ári, gert að draga úr launakostnaði á þessu ári í samræmi við áform um flatan niðurskurð á launalið fjárlaga?

431. Fyrirspurn [254. mál]

til samgönguráðherra um rekstur eigin vinnuflokka Vegagerðar ríkisins.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hver er fjöldi ársverka fastra starfsmanna eigin vinnuflokka Vegagerðarinnar eftir umdæmum árin 1990, 1991 og samkvæmt áætlun 1992?
2. Hver er fjöldi vinnuvéla og bíla eigin vinnuflokka Vegagerðarinnar eftir umdæmum á sama tíma?
3. Hverjar eru tekjur og hver eru rekstrargjöld eigin vinnuflokka eftir umdæmum á sama tíma?
4. Hversu margar vinnuvélar, bílar og tæki hafa verið endurnýjuð eða keypt árin 1990 og 1991 eða er áætlað að kaupa 1992 fyrir eigin vinnuflokka Vegagerðarinnar?

Skriflegt svar óskast.

432. Frumvarp til laga [255. mál]

um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Flutningskostnaður á olíuvörum innan lands skal jafnaður eins og nánar greinir í lögum þessum.

Jöfnun flutningskostnaðar nær til flutninga með olíuskipum á gasolíu, svartolíu, öðrum milliþykkum brennsluolíum, bifreiðabensíni og flugvélaeldsneyti til innanlandsflugs, þó ekki á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga og millilandaflugs og erlendra skipa og flugvéla.

Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til flutningskostnaðar frá innflutningshöfnum til annarra hafna á landinu sem jafnframt teljast aðaltollhafnir við tollafgreiðslu skipa. Heimilt er viðskiptaráðherra að ákveða með reglugerð að jöfnun á flutningskostnaði skuli einnig ná til annarra hafna en aðaltollhafna að því er varðar einstakar bensín- og olíutegundir, enda þyki heppilegt eða nauðsynlegt að dreifa olíuvörum frá viðkomandi höfn.

2. gr.

Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allt bensín og olíu sem flutt er til landsins og ætlað er til nota innan lands, sbr. 1. gr., og rennur gjaldið í sérstakan sjóð, Flutningsjöfnunarsjóð olíuvara.

Verðlagsráð ákveður gjald skv. 1. mgr. fyrir minnst þrjá mánuði í senn og skal upphæð þess við það miðuð að tekjur af gjaldinu nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af framangreindum olíuvörum sem flytja þarf frá innflutningshöfnum til þeirra hafna sem jöfnun flutningskostnaðar nær til svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þeim olíuvörum sem dreift er þaðan.

3. gr.

Innflytjendur, sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, sbr. 1. gr., skulu greiða flutningsjöfnunargjaldið til Flutningsjöfnunarsjóðs af sölu í hverjum mánuði, eigi síðar en á síðasta virka degi að tveimur mánuðum liðnum frá lokum sölumánaðar.

Aðrir innflytjendur bensíns og olíu, sbr. 1. gr., skulu greiða gjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda.

Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast innheimtu gjaldsins og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins sem skilar því til Flutningsjöfnunarsjóðs.

4. gr.

Greiða skal úr Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara kostnað við flutning olíu með olíuskipum frá innflutningshöfn til þeirra hafna sem jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til.

Mynda skal innan Flutningsjöfnunarsjóðs sérstakan reikning fyrir hverja olíutegund sem verðjöfnun nær til. Skal færa tekjur af flutningsjöfnuði hverrar olíutegundar á reikninginn og sömuleiðis útgjöld af jöfnun flutningskostnaðar af sömu tegund. Stefnt skal að því að ná jafnvægi milli álagðs flutningsjöfnunargjalds og útgjalda vegna flutningsjöfnunar á hverri olíutegund innan almanaksársins.

5. gr.

Verði tekjuafgangur á Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara í árslok skal hann yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins á almanaksári hrökkva ekki fyrir útgjöldum skal greiða það sem á vantar af fyrstu tekjum sjóðsins á næsta ári.

6. gr.

Verðlagsstofnun annast greiðslur úr Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara í samræmi við lög þessi, reglugerð settri samkvæmt þeim og ákvörðunum stjórnar sjóðsins.

Í reglum skv. 1. mgr. er heimilt að ákveða tímabundna greiðslu úr Flutningsjöfnunarsjóði til reksturs innflutningsstöðva sem reistar kunna að verða utan Faxaflóasvæðisins ef ætla má að það leiði til heildarlækkunar flutningskostnaðar á olíuvörum til þeirra hafna sem jöfnun kostnaðar nær til samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara skal skipuð þremur mönnum sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn. Er verðlagsstjóri eða fulltrúi hans formaður nefndarinnar en jafnframt sitja í henni nefndarmaður tilnefndur sameiginlega af þeim olíufélögum sem annast olíudreifingu í öllum landshlutum og nefndarmaður sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Stjórn sjóðsins og Verðlagsstofnun sjá um daglega framkvæmd á jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara úrskurðar hvað teljast skuli flutningskostnaður. Er stjórninni m.a. heimilt að ákveða að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinna hafna skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum sem ódýrastir eru á hverjum tíma. Sömuleiðis skal stjórninni heimilt að synja um greiðslu tiltekins kostnaðar úr sjóðnum að hluta til eða að fullu ef stjórnin telur að um misnotkun á jöfnunarkerfinu sé að ræða.

9. gr.

Allur kostnaður af starfsemi Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara greiðist af tekjum sjóðsins og skal tekið tillit til þess við ákvörðun flutningsjöfnunargjalds.

Fé sjóðsins skal ávaxta á sérstökum bankareikningi eða eftir nánari fyrirmælum fjármálaráðuneytisins.

10. gr.

Að undanteknum fyrirmælum um jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum skal um verðlagningu á olíuvörum fara eftir lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum.

Þó skal við það miðað að auglýst verð hvers innflytjanda gildi á öllum almennum afgreiðslustöðum hans um land allt. Hið sama gildir um gasolíu og bensín sem afgreitt er í birgðageyma við lögheimili aðila er þar stunda fasta staðbundna starfsemi.

11. gr.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Þar er því m.a. heimilt að fella niður flutningsjöfnunargjald af olíuvörum í sérstökum tilvikum sem byggjast á samningum um rekstur orkufrekra iðjuvera hér á landi. Flutningsjöfnunarsjóður jafnar ekki flutningskostnað í slíkum tilvikum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81 4. júlí 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara tekur frá gildistöku laga þessara við eignum og skuldbindingum Flutningsjöfnunarsjóðs olíu og bensíns, sbr. lög nr. 81 4. júlí 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákveðið hefur verið að gefa allan innflutning á olíuvörum frjálsan frá 1. janúar 1992 að telja. Kemur sú skipan í stað fyrra fyrirkomulags þar sem innflutningur gasolíu og svartolíu var bundinn leyfum og hefur í raun verið stýrt á þann veg að viðskiptaráðuneytið hefur samið um olíukaup við sovéska ríkisolíufélagið Soyuznefteexport og síðan framselt samninginn í hendur olíufélaganna þriggja sem starfa hér á landi. Sama gilti um bensín, en því var hætt frá 1. janúar 1991 enda voru Sovétmenn þá ekki aflögufærir um þá vöru.

Innflutningur á olíuvörum frá Sovétríkjunum hefur staðið frá árinu 1953 og hafa innflutningshömlur á olíu frá öðrum framleiðslusvæðum byggst á útflutningshagsmunum Íslendinga. Aðstæður eru nú breyttar og því var ákveðið að fella innflutningstakmarkanirnar úr gildi og gefa olíuviðskiptin frjáls.

Verðlagsyfirvöld hafa af þessu tilefni fellt úr gildi hámarksverð á olíuvörum, en þess

í stað munu þau beita ákvæðum verðlagslaga um bann við samráði um verðlagningu. Þá hljóta ákvæði um innkaupajöfnun að missa gildi sitt.

Jafnframt hlýtur jöfnun flutningskostnaðar olíu að koma til endurskoðunar. Er í frumvarpi þessu lagt til að flutningsjöfnunin nái einungis til flutninga með skipum frá innflutningshöfn til aðaltollhafna og að ráðherra geti jafnframt ákveðið að hún nái til annarra hafna sem eðlilegt þykir að dreifa olíu frá. Er þá gert ráð fyrir að dreifingarkostnaður olíu greiðist að öðru leyti af álagningu dreifingaraðila. Gert er ráð fyrir að auglýst verð hvers innflytjanda gildi á öllum almennum afgreiðslustöðvum hans sem þó kemur ekki í veg fyrir að hann veiti einstökum viðskiptavinum afslátt frá skráðu verði, t.d. við útboð á olíukaupum.

Það er skoðun viðskiptaráðuneytisins að sú einföldun á jöfnun flutningskostnaðar, sem hér er lögð til, muni leiða til aukinnar hagkvæmni í dreifingu olíuvara og lægri kostnaðar þegar á heildina er litið.

Flutningsjöfnunargjald er nú 1,04 kr. af hverjum bensínlítra sem er 1,75% af útsöluverði 92 oktana bensíns. Flutningsjöfnunargjald af gasolíu er 1,08 kr. á hvern lítra sem er 5,8% af útsöluverði. Flutningsjöfnunargjald af svartolíu er 1.080 kr. á hvert tonn, en það nemur 9,2% af útsöluverði olíunnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að jöfnun flutningskostnaðar á olíuvörum nái framvegis til flutningskostnaðar með olíuskipum milli innflutningshafna og annarra hafna sem jafnframt eru aðaltollhafnir svo og annarra hafna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra enda þyki heppilegt eða nauðsynlegt að dreifa olíuvörum frá viðkomandi höfn.

Þetta kemur í stað núgildandi skipunar þar sem jöfnun flutningskostnaðar nær jafnt til flutninga á sjó og landi, til dreifingarstaða á hálendinu jafnt sem á ystu nesjum.

Um 2. gr.

Hér er lögð til svipuð skipun og verið hefur. Breytt er um nafn á flutningsjöfnunarsjóði til aðgreiningar frá fyrri sjóði og ákvörðun um jöfnunargjald er falin verðlagsráði.

Um 3.–5. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Lagt er til að Verðlagsstofnun annist greiðslur úr Flutningsjöfnunarsjóði eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Einnig að heimilt verði að ákveða í slíkum reglum tímabundna greiðslu til innflutningsstöðva utan Faxaflóasvæðisins ef ætla má að flutningur á olíuvörum til þeirra leiði til heildarlækkunar á flutningskostnaði olíuvara til þeirra hafna sem jöfnun kostnaðar nær til samkvæmt lögunum.

Um 7.–9. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í þessari grein er ítrekað að lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti gildi um olíuviðskipti með því fráviki sem af jöfnun flutningskostnaðar sam-

kvæmt lögum þessum leiðir. Það er því í höndum verðlagsráðs að fjalla um verðlagningu olíuvara.

Gert er ráð fyrir að auglýst verð hvers innflytjanda gildi á öllum afgreiðslustöðvum hans og við afgreiðslu á birgðatanka notenda er þar stunda fasta staðbundna starfsemi. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að hann veiti einstökum kaupendum afslátt í samningum, t.d. við útboð á olíukaupum eða hann krefji sérstaklega um kostnað vegna flutnings á olíuvörum, t.d. til verktaka inni á hálendinu.

Um 11. og 12. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að samkvæmt samningum um álverið í Straumsvík skal álverið undanþegið álagningu flutningsjöfnunargjalds af olíuvörum. Árlega flytur álverið inn nokkuð magn af olíuvörum til starfsemi sinnar og þykir æskilegt að hafa almenna heimild til að gera ráð fyrir slíkum samningsbundnum undanþágum í reglugerð.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara taki við eignum og skuldbindingum flutningsjöfnunarsjóðs samkvæmt núgildandi lögum í ársbyrjun 1992 og er það gert til að auðvelda breytingar á framkvæmd flutningsjöfnunar á olíuvörum við gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ
um flutningsjöfnun olíuvara.

1. gr.

Jafna skal flutningskostnað með olíuskipum á gasolíu, svartolíu, öðrum milliþykkum brennsluolíum, flugvélaeldsneyti og bifreiðabensíni, þó ekki á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga eða á flugvélaeldsneyti. Kostnaður við að flytja olíuvörur frá innflutningshöfn til eftirtalinna hafna er greiddur af Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara:

a. Almennt til eftirtalinna hafna sem jafnframt eru aðaltollhafnir við tollafgreiðslu skipa:

Reykjavík	Akureyri	Eskifjörður
Akranes	Húsavík	Vestmannaeyjar
Ísafjörður	Seyðisfjörður	Keflavík
Sauðárkrókur	Neskaupstaður	Hafnarfjörður
Siglufjörður		

b. Bensín til framangreindra aðaltollhafna, auk þess til eftirtalinna hafna:

Stykkishólmur	Blönduós
Patreksfjörður	Þórshöfn
Tálknafjörður	Höfn í Hornafirði

c. Gasolía til framangreindra aðaltollhafna, auk þess til eftirfarandi hafna:

Rifshöfn	Suðureyri	Ólafsfjörður	Reyðarfjörður
Ólafsvík	Bolungarvík	Dalvík	Fáskrúðsfjörður
Grundarfjörður	Súðavík	Hrísey	Stöðvarfjörður
Stykkishólmur	Drangsnes	Grímsey	Breiðdalsvík
Patreksfjörður	Hólmavík	Raufarhöfn	Djúpivogur
Tálknafjörður	Hvammstangi	Þórshöfn	Höfn í Hornafirði
Bíldudalur	Blönduós	Vopnafjörður	Þorlákshöfn
Þingeyri	Skagaströnd	Borgarfjörður eystri	
Flateyri	Hofsós	Mjóifjörður	

d. Svartolía til framangreindra aðaltollhafna, auk þess til eftirtalinna hafna:

Ólafsvík	Skagaströnd	Reyðarfjörður
Patreksfjörður	Ólafsfjörður	Fáskrúðsfjörður
Þingeyri	Raufarhöfn	Djúpivogur
Flateyri	Þórshöfn	Höfn í Hornafirði
Bolungarvík	Vopnafjörður	

2. gr.

Tekjur af flutningsjöfnunargjaldi skal leggja í sérstakan reikning fyrir hverja olíutegund. Þeir aðilar, sem gera kröfur á hendur sjóðnum, skulu haga bókhaldi sínu þannig að fullnægjandi sé að mati sjóðstjórnar með tilliti til jöfnunar flutningskostnaðar.

Úr reikningi hverrar olíutegundar skal greiða flutningskostnað á bensíni og olíum frá innflutningshöfn til annarra hafna sem jöfnun flutningskostnaðar nær til, svo sem vegna

1. útskipunar,
2. flutningsgjalds,
3. sjótryggingar,
4. uppgufunar og leka,
5. uppskipunar og
6. vörugjalda.

Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara greiðir eigi kostnað við flutning innan aðaltollhafna skv. a-lið 1. gr. almennt, skv. b-lið 1. gr. bensíns, skv. c-lið 1. gr. gasolíu og skv. d-lið 1. gr. svartolíu þessarar reglugerðar né til annarra hafna sem ekki er getið í 1. gr., en hann skal kostaður af álagningu viðkomandi dreifingaraðila.

3. gr.

Stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara úrskurðar hvað teljast skuli flutningskostnaður, sbr. 2. gr. Stjórninni er m.a. heimilt að ákveða að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinna hafna skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum sem eru ódýrastir á

hverjum tíma. Sömuleiðis skal stjórninni heimilt að synja um greiðslu tiltekins kostnaðar úr sjóðnum að hluta eða fullu ef um misnotkun á jöfnunarkerfinu sýnist vera að ræða í tilteknum viðskiptum.

4. gr.

Kostnaður við starfsemi sjóðsins, stjórn, skrifstofuhald, endurskoðun o.fl. greiðist af fé sjóðsins og skal tekið tillit til þess við ákvörðun flutningsjöfnunargjaldsins. Fé það, sem á hverjum tíma er í Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara, skal ávaxta í banka á sérstökum reikningi. Stjórn sjóðsins skal skila viðskiptaráðuneytinu árlega endurskoðuðu uppgjöri fyrir sjóðinn.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. ... 1992, um flutningsjöfnun olíuvara, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið,

433. Tillaga til þingsályktunar [256. mál]

um heildaráætlun um nýtingu vatnsorku.

Flm: Páll Pétursson, Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera heildaráætlun um nýtingu vatnsorku á Íslandi. Áætlunin sé þannig unnin að unnt sé að bera saman nýtanlega virkjunarkosti með tilliti til umhverfisverndar, hagkvæmni og fyrirhugaðrar nýtingar.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur Landsvirkjun einkum annast og kostað virkjunarrannsóknir. Landsvirkjun hefur byggt og rekur allar okkar stærri virkjanir þannig að segja má að þetta fyrirkomulag hafi verið eðlilegt. Landsvirkjun hefur enda eitt fyrirtækja í landinu haft burði til að reisa stórvirkjanir.

Nú eru stjórnvöld að gera gælur við það að einkavæða Landsvirkjun og kljúfa fyrirtækið þannig að búast má við að hún búi ekki við neinn einkarétt á hagkvæmustu virkjunarkostum í framtíðinni og komi til með að eiga í samkeppni. Ef verður af aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði verður ekki unnt að halda nýtingu orkulindanna í höndum Íslendinga til frambúðar. Þannig er ekki sanngjarnt að leggja allan kostnað af heildaráætlun um nýtingu vatnsorkunnar á Landsvirkjun og þar með láta þá sem nú kaupa raforku af Landsvirkjun bera allan undirbúningskostnaðinn. Eðlilegra er að frumáætlanir um virkjanaröð séu kostaðar af almannafé þótt sjálfsagt sé að nýta mannafla og þekkingu Landsvirkjunar til þessa verkefnis að einhverju leyti. Á hinn bóginn er sjálfsagt að Landsvirkjun annist hönnun og fullnaðarundirbúning þeirra virkjana sem fyrirtækið kemur til með að reisa.

Á undarförnum árum hafa Íslendingar fjárfest mikið í virkjunarframkvæmdum. Þessi fjárfesting hefur í sumum tilfellum verið tilviljanakennd, bæði hvað varðar markaðssetningu orkunnar og val virkjunarstaða og stundum hefur ekki verið leitað umhverfisvænstu virkjunarkosta. Þá hefur reynslan leitt í ljós að fram hafa komið nýjar og miklu vænlegri leiðir hvað snertir tilhögun virkjananna eftir að þær hafa verið ákveðnar og jafnvel verið komnar á framkvæmdarstig. Nægir þar að nefna Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Hvað Blönduvirkjun varðar gjörbreyttist virkjunartilhögun frá frumáætlun og veituleið var breytt eftir að langt var liðið á framkvæmdatímann. Þá var heppilegasta virkjunartilhögun ekki valin með tilliti til náttúruverndar þar sem vistvænni virkjunarkostum var hafnað að óathuguðu máli þar sem „ekki ynnist tími til“ að gera nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings raunhæfs kostnaðarsamanburðar.

Hvað Fljótsdalsvirkjun áhrærir var upphaflega áformað að ráðast í virkjun Bessastaðaár, en síðan voru sett lög 1981 á grundvelli tilhögunar sem Orkustofnun og Landsvirkjun töldu heppilegasta. 1989 gerðu norskir verkfræðingar tillögur um gjörbreytingu á veitukerfi virkjunarinnar og lögðu til að í stað ógnarlegra veituskurða og stíflugerða yrðu boruð göng til að veita vatninu að virkjuninni. Þetta var miklu umhverfisvænni og hagfelldari lausn en sú sem áður hafði verið talin fullrannsökuð og talin sú besta. Þetta hefur verið staðfest með útboðum. Því miður eru horfur á að virkjun í Fljótsdal dragist vegna frestunar á byggingu álvers. Nú hafa komið fram hugmyndir sem benda til þess að ekki sé endilega enn þá fundið heppilegasta frambúðarfyrirkomulag virkjunar í Fljótsdal.

Settar hafa verið fram hugmyndir um Austurlandsvirkjun af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Þessar hugmyndir snerta Fljótsdalssvirkjun mjög og benda á margar leiðir til virkjunar Jökulsár á Brú og Jöklulsár á Fjöllum, m.a. niðri í Fljótsdal. Þá eru uppi hugmyndir um Hraunavirkjun sem nýtti vatn af hálendinu austan Fljótsdals. Auk ofantaldra virkjunarhugmynda eru uppi lauslegar hugmyndir um virkjanir sem til greina gætu komið, í Jökulsánum í Skagafirði, Skjálfandafljóti og í neðri hluta Þjórsár. Áætlanir um virkjanir á efra Þjórsársvæðinu eru lengra komnar.

Flutningsmenn taka að svo stöddu ekki afstöðu til einstakra hugmynda, enda eru umhverfissjónarmið einungis að litlu leyti athuguð. Þó er óhjákvæmilegt að kanna þessar hugmyndir nánar og í samhengi við aðrar virkjunarframkvæmdir á viðkomandi svæðum. Mikilvægt er, áður en í virkjun er ráðist, að hafa sæmilega heildarmynd af framtíðarfyrirkomulagi nýtanlegs vatns þannig að með einum virkjunaráfanga sé ekki komið í veg fyrir aðra og ætíð sé leitað umhverfisvænstu leiða, enda standist þær eðlilegan kostnaðarsamanburð.

Höfuðáherslu ber að leggja á það að haga virkjunum þannig að þær spilli umhverfinu sem allra minnst. Okkur ber að umgangast landið með siðlegum hætti og vinna því ekki tjón ef unnt er að komast hjá því. Uppistöðulón eyðileggja sums staðar gróðurlendi og það ber að forðast ef unnt er. Við verjum miklum fjármunum til uppgræðslu á Íslandi og er almennur skilningur á nauðsyn þess. Því er sárt að eyða gróðurlendi í stórum stíl vegna virkjunarlóna. Sumarið 1991 eyddist meira gróðurlendi vegna virkjunarframkvæmda á Íslandi en gerst hefur áður af mannavöldum á einu sumri. Þá ber að hafa hliðsjón af varðveislu fagurra fossa og annarra merkilegra náttúrusmíða. Umhverfismál varðandi línulagnir verður einnig að gaumgæfa vandlega og leita bestu leiða. Umfjöllun um virkjunarkosti tekur tíma og kanna verður öll sjónarmið. Sennilega er óhjákvæmilegt að afskrifa alveg suma fjárhagslega hagkvæma virkjunarkosti vegna umhverfisverndarsjónarmiða.

Á undanförnum árum hefur stundum gleymst að gera ráð fyrir því á fullnægjandi hátt hvar og til hvers eigi að nota orkuna frá þeim orkuverum sem byggð hafa verið eða ákveðið hefur verið að byggja. Þetta leiðir til mikils óþarfakostnaðar við flutning orkunnar og þó sérstaklega til mjög mikils aukakostnaðar á raforku til almennra notenda vegna tímabundinnar offjárfestingar í virkjunum (Reykvíkingar þurfa að borga 15% hærra raforkuverð vegna Blönduvirkjunar samkvæmt úttekt tímaritsins Vísbendingar).

Þetta er ekki skynsamlegt háttarlag. Á sínum tíma hefði verið réttara að ráðast í 35 MW virkjun hjá Villinganesi í Skagafirði á undan Blönduvirkjun, enda væri virkjað fyrir innlendan markað. Samningar um sölu á raforku til stóriðju á framleiðslukostnaðarverði eru enn ekki í höfn. Vonandi tekst okkur að selja raforku til stóriðju á a.m.k. því verði er kostar að framleiða hana innan allt of langs tíma. Þjóðarbúið þarf á því að halda að framleiðsla aukist í landinu, fiskstofnar eru flestir fullnýttir, útflutningsiðnaður á erfitt uppdráttar og ekki blæs byrlega með útflutning landbúnaðarframleiðslu.

Þá hafa verið settar fram athyglisverðar hugmyndir um útflutning raforku um sæstreng. Verðmæti skapast fyrst og fremst þar sem raforkan er nýtt, ekki þar sem hún er framleidd. Þrátt fyrir það getur raforkuútflutningur, skattlagður til ríkisins, orðið raunhæfur kostur innan fárra áratuga. Ef virkjað er til útflutnings raforku ber að virkja austan lands og norðan þar sem það er styttra að flytja orkuna. Þar er a.m.k. þriðjungur hagkvæmustu vatnsorkunnar. Þá er ástæða til að leggja áherslu á mikilvægi þess að stjórnvöld velji stóriðjuverum stað með hliðsjón af æskilegri byggðaþróun, umhverfismálum og öðrum aðstæðum en láti staðarvalið ekki í hendur erlendra fyrirtækja. Heppi-

legur undirbúningstími virkjana er talinn 12–15 ár. Þótt nú sé hlé um sinn á virkjunarframkvæmdum er mikilvægt að halda áfram rannsóknum og undirbúningi og nýta þekkingu og mannafla sem tiltækur er þannig að ekki þurfi að rasa um ráð fram þegar úr rætist. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Fylgiskjal I.

19/2/92

Landsvirkjun:

VATNSAFL

STÆRÐ NÚVERANDI VIRKJANA OG ÁÆTLUÐ STÆRÐ FYRIRHUGAÐRA VIRKJANA

STÆRÐ NÚVERANDI VIRKJANA	MW	GWh/ÁRI
SOGSVIRKJANIR	89	480
LAXÁRVIRKJANIR	23	180
BÚRFELLSVIRKJUN	210	1.460
SIGÖLDUVIRKJUN	150	660
HRAUNEYJAFOSSVIRKJUN	210	940
KVÍSLAVEITA MINNI OG SULTARTANGASTÍFLA		420
BLÖNDUVIRKJUN	150	650
ÝMSAR SMÆRRI VIRKJANIR	43	90
ALLS	875	4.880

STÆRÐ FYRIRHUGAÐRA VIRKJANA	MW	GWh/ÁRI
STÆKKUN BÚRFELLS & KVÍSLAVEITA	100	530
VATNSFELLSVIRKJUN	100	430
BJALLAVIRKJUN	70	330
SULTARTANGAVIRKJUN	110	660
BÚÐARHÁLSVIRKJUN	110	580
NORÐLINGAÖLDUVIRKJUN	28	130
GLJÚFURLEITARVIRKJUN	264	1.140
NÚPSVIRKJUN	94	590
BÚÐAFOSSVIRKJUN	85	520
URRIÐAFOSSVIRKJUN	150	980
ÁBÓTAVIRKJUN	38	210
STÓRAVERSVIRKJUN	189	170
HAUKHOLTSVIRKJUN	58	340
HESTVATNSVIRKJUN	41	260
STÆKKUN BLÖNDULÓNS		110
VILLINGANESVIRKJUN	30	190
STAFNSVATNAVIRKJUN	178	940
ÍSHÓLSVATNSVIRKJUN	100	520
HAFRAHVAMMAVIRKJUN	485	2.970
BRÚARVIRKJUN	937	5.810
FLJÓTSDALSVIRKJUN	210	1.400
LAGARFOSS (STÆKKUN)	71	380
FJARÐARÁRVIRKJUN	20	100
ÝMSAR VIRKJANIR (MARKARFLJÓT, SKAFTÁ O.FL.)	1557	5.830
ALLS	5025	25.120
SAMTALS	5900	30000

Yfirlit yfir helstu virkjunarstaði er á meðfylgjandi korti

VATNSORKA Á ÍSLANDI

HELSTU VIRKJANASTAÐIR



VESTURLAND	1	TWh/a
NORÐURLAND	3	TWh/a
AUSTURLAND	11	TWh/a
SUÐURLAND	15	TWh/a
SAMTALS	30	TWh/a

LANDSVIRKJUN

NEÐRI ÞJÓRSÁRVIRKJANIR

Núpur, Búðafoss, Urriðafoss

N = 328,5 MW, E = 2080 GWh/a

Ár til gangsetningar

	12	11	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	
Rannsóknir og kortagerð													
Frumhönnun													
Verkhönnun													
Undirbúningsframkvæmdir													
Aðalframkvæmdir													
Gangsetning												*	
Kostnaðardreifing Mkr/a	30	35	75	160	325	650	1.245	2.275	3.895	6.040	7.890	7.065	1.610
Framkvæmdakostnaður Mkr	30	65	140	300	625	1.275	2.520	4.795	8.690	14.730	22.620	29.685	31.295



VERKTAKAKOSTNAÐUR	26.190	Mkr
Hönnunar- og umsjónark.	3.405	Mkr
Undirbúningskostnaður	625	Mkr
Annar verkkaupakostnaður	1.075	Mkr
FRAMKVÆMDAKOSTNAÐUR	31.295	Mkr
Fjármagnskostnaður	4.585	Mkr
HEILDARKOSTNAÐUR	35.880	Mkr

Verðlag f desember 1990

VST 91-12-11

LANDSVIRKJUN

SKAGAFJARÐARVIRKJANIR

Villinganes og Stafnsvötn

N = 175 MW, E = 890 GWh/a



Kostnaðardreifing Mkr/a	15	15	35	75	150	305	580	1.060	1.815	2.815	3.675	3.295	750
Framkvæmdakostnaður Mkr	15	30	65	140	290	595	1.175	2.235	4.050	6.865	10.540	13.835	14.585



VERKTAKAKOSTNAÐUR	12.185	Mkr
Hönnunar- og umsjónark.	1.610	Mkr
Undirbúningskostnaður	295	Mkr
Annar verkkaupakostnaður	495	Mkr
FRAMKVÆMDAKOSTNAÐUR	14.585	Mkr
Fjármagnskostnaður	2.110	Mkr
HEILDARKOSTNAÐUR	16.695	Mkr

Verðlag í desember 1990

VST 91-12-11

LANDSVIRKJUN

AUSTURLANDSVIRKJUN

Tilhögun 5 B, N = 1406 MW, E = 8435 GWh/h

	År til gangsetningar												
	12	11	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	
Rannsóknir, kortagerð													
Frumhönnun													
Verkhönnun													
Undirbúningsframkvæmdir													
Útboð jarðganga						*							
Aðalútboð								*					
Jarðgangagerð													
Aðrar framkvæmdir													
Gangsetning												*	
Kostnaðardreifing Mkr/a	95	115	240	505	1.030	2.055	3.935	7.200	12.340	19.120	24.975	22.360	5.100
Framkvæmdakostnaður Mkr	95	210	450	955	1.985	4.040	7.975	15.175	27.515	46.635	71.610	93.970	99.070



VERKTAKAKOSTNAÐUR	83.940	Mkr
Hönnunar- og umsjónark.	9.625	Mkr
Undirbúningskostnaður	1.775	Mkr
Annar verkkaupakostnaður	3.730	Mkr
FRAMKVÆMDAKOSTNAÐUR	99.070	Mkr
Fjármagnskostnaður	15.930	Mkr
HEILDARKOSTNAÐUR	115.000	Mkr

Verðlag í desember 1990

VST 91-12-11

Fylgiskjal II.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.,
Almenna verkfræðistofan hf.,
Rafhönnun hf.:

Bréf til Landsvirkjunar.

(27. desember 1991.)

Nýlega áttu undirritaðir fund með aðstoðarforstjóra og forstöðumanni verkfræðideildar Landsvirkjunar.

Tilefni fundarins var að ræða viðbrögð við því að verkefni þeirra sem staðið hafa að undirbúningi og hönnun vatnsorkuvera muni að óbreyttu dragast stórlega saman á næstu mánuðum. Ástand þetta verður án efa tímabundið en ekki verður með neinni vissu sagt fyrir um hversu lengi það muni vara.

Viðkomandi hafa því velt fyrir sér spurningunni um í hve ríkum mæli væri réttlætanlegt að sinna áframhaldandi undirbúningi að vatnsorkunýtingu þannig að tiltæk vitneskja og nægur mannafli yrði fyrir hendi þegar að nýju skapast verulega aukin þörf fyrir raforku.

Ástæður eru til að nýta það lag, sem nú virðist ætla að skapast, til að sinna ýmsum þáttum virkjunarundirbúnings sem í mismunandi mæli hafa orðið út undan undanfarin ár. Verður minnst á nokkur atriði þar að lútandi hér á eftir.

Vandi þeirra sem unnið hafa að áætlunargerð um orkunýtingu skapast nú af frestun á bygginu álvers á Keilisnesi. Orkuþörf þess yrði um það bil 3 TWh/a og telja má að undirbúningur að því að láta þá orku í té hafi að mestu verið á útboðsgagna- og samningsstigi. Látið hefur verið að því liggja að þar hafi einungis verið um að ræða fyrri áfanga og tvöfalda þyrfti afkastagetu til að fullri hagkvæmni yrði náð. Þá eru uppi hugmyndir um stórfellda orkusölu um sæstreng til Evrópu strax í upphafi næstu aldar og að slíkur orkuflutningur þurfi að nema minnst 7 TWh/a svo hagkvæmt yrði að selja orku á þennan hátt. Samtals yrði þá um að ræða 10 TWh/a til viðbótar, en áætlanir um orkuver til að fullnægja þeirri þörf eru nú einungis á forathugunar- og frumhönnunarstigi.

Í grófum dráttum má gera ráð fyrir að taka muni allt að 12 ár að undirbúa og byggja síðastnefnd orkuver. Verður því ekki annað séð en að strax þurfi í raun að hefjast handa við slíkan undirbúning ef tryggja á að jafnvel einungis hluti orkunnar yrði tiltækur laust eftir aldamót. Í því sambandi má einnig hafa í huga að náttúruverndar- og umhverfissjónarmið geta tafið undirbúning virkjana og haft í för með sér breytta tilhögun og kostnað.

Vafi um það hvort af slíkri orkusölu geti orðið hefur að sjálfsögðu áhrif á ákvörðun um nefndan undirbúning. Rétt er hins vegar í því tilliti að benda á að kostnaður fyrstu tvö ár undirbúningstímans verður einungis lítið brot af heildarkostnaði. Miðað við að byrjað væri á undirbúningi að því að nýta u.þ.b. 5 TWh/a yrði lauslega áætlaður kostnaður 60 millj. kr. á fyrra ári og 75 millj. kr. á hinu síðara. Vinna þessi kæmi að notum síðar þótt frekari frestun yrði á framkvæmdum.

Mikilvægt er að skapa traustan grundvöll að áætlunum um kostnað við áframhaldandi vatnsorkunýtingu. Hér kemur m.a. til álita að hagnýta reynslu af framkvæmdum við Blönduvirkjun og einnig tilboð í Fljótsdalsvirkjun og stækkun Búrfellsvirkjunar. Óvissa

ríkir nú helst um ýmsa þætti verkkaupakostnaðar og þá ekki síst um stærsta hluta hans, fjármagnskostnað.

Fyrir útboð á neðanjarðarvirkjum Blönduvirkjunar töldu margir að áætlanir um framkvæmdakostnað fengjust trauðla staðist og hætta væri á óvæntum erfiðleikum við jarðgangagerðina. Mönnum yfirsást að jarðgöng höfðu áður verið sprengd á Íslandi án þess að óyfirstíganlegir erfiðleikar hefðu komið upp. Erfitt reyndist hins vegar að staðfesta hvort og þá í hve ríkum mæli kostnaður hefði farið úr böndum þar sem vanrækt hafði verið að halda til haga og hagnýta reynslu af fyrri framkvæmdum. Dæmi þetta sýnir þörf á því að reynsla af jarðgangagerð við Blöndu og veggangagerð í Ólafsfjarðarmúla verði skjalfest tryggilega með hliðsjón af því sem vænta megi við síðari jarðgangagerð.

Ný tækni við jarðgangagerð ryður sér nú til rúms, nafargöng (heilboruð eða vélboruð göng). Mikilvægt er að kanna hver áhrif þessa eru á áætlaðan kostnað við vatnsorkunýtingu og þá e.t.v. ekki síst á áætlaðan kostnað við virkjun Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú (Austurlandsvirkjun) sem er langálitlegasti virkjunarkosturinn ef ráðist verður í stórfellda orkusölu um sæstreng til Evrópu. Hér kæmi m.a. til álita að hagnýta upplýsingar sem liggja fyrir í tilboðum í jarðgöng Fljótsdalsvirkjunar.

Góður undirbúningur, sem stuðlar að hagkvæmri hönnun mannvirkja og áreiðanlegri áætlunargerð um kostnað, er að sjálfsögðu mikilvægur þáttur í virkjunarundirbúningi, en vel grundvallaðar áætlanir um orku virkjananna eru þó ekki síður mikilvægar. Ákvarðanir á orku einstakra virkjana hafa á undanförnum árum verið of sundurleitar til að vekja almennt traust á niðurstöðum þar að lútandi. Brýna nauðsyn ber því til að gaumgæfa þetta atriði, en vandinn virðist fólginn í því að lítt breyttar forsendur hafa óeðlilega mikil áhrif á niðurstöður. Tekið skal fram að sami vandi virðist ekki vera uppi á teningnum þegar um er að ræða orku heilla virkjunarkerfa.

Hér að framan hefur verið fjallað um nokkur atriði er varða undirbúning að vatnsorkunýtingu. Fleira mætti tína til, en í stuttu máli gæti það allt falist í samræmdum hönnunarforsendum um þessi efni. Unnið hefur verið að gerð slíkra forsendna en langur vegur er frá því að þær hafi hlotið viðurkenningu hvað þá heldur staðfestingu allra aðila sem um þessi mál fjalla. Samning hönnunarforsendna er yfirgripsmikið verk en mikilvægi þeirra er óumdeilanlegt. Má í því tilliti benda á þann kostnaðarauka við virkjunarframkvæmdir sem í ýmsum tilvikum hefur átt sér stað vegna óljósra krafna um öryggi og notagildi. Síðastnefnt atriði leiðir hugann að sérstakri athugun á því hvernig lækka mætti virkjunarkostnað almennt.

Til þessa hefur einungis verið fjallað um þann þátt er lýtur að orkuöflun. Að því er varðar orkuflutning má benda á að engar fullnægjandi áætlanir liggja fyrir um heildarfyrirkomulag á meginflutningskerfi landsins. Forsendur slíkrar áætlunargerðar eru að sjálfsögðu stærð og dreifing orkuvera á landshluta svo og staðsetning framtíðarbyggðarkjarna, stóriðju og landtökustaða sæstrengja. Brýna nauðsyn virðist bera til að bera saman mismunandi tilhögun hér að lútandi með lágmörkun á kostnaði í huga.

Markmið með þessum hugleiðingum er að sýna fram á þörf á áframhaldandi undirbúningi að nýtingu vatnsorkunnar þannig að virkjunaraðilar verði betur í stakk búnir til að koma til móts við væntanlega stóraukna þörf fyrir raforku. Um leið væri unnt að leysa fyrirsjáanlegan vanda þeirra sem undanfarið hafa unnið að þessum málum.

Vér vonum að þér séuð oss sammála um þörf á áframhaldandi undirbúningi að nýtingu vatnsorku á Íslandi og erum reiðubúnir til nánari tillögugerðar þar að lútandi sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
Svavar Jónatansson, AV hf.
Gunnar Ámundason, Rafhönnun hf.
Loftur Þorsteinsson, VST hf.

Áætlaður stofnkostnaður starfræktra og fyrirhugaðra virkjana.
(Verðlag í desember 1990.)

Orkuvirki	Afl N MW	Orka E GWh/a	Stofnkostn. K M.kr.	Samr.kostn. Ks M.kr.	Einingarkostn. Ks/E kr/(kWh/a)
*Kvíslaveita, Þórisvatnsmiðlun	–	–	9.075	–	–
Stórasjávarmiðlun	–	–	4.250	–	–
**Vatnsfellsvirkjun	100,0	385	6.835	6.111	15,87
Bjallavirkjun	70,0	330	8.115	7.832	23,73
*Sigölduvirkjun	150,0	795	14.160	15.010	18,88
*Hrauneyjafossvirkjun	210,0	1.085	12.520	13.500	12,44
**Búðarhálsvirkjun	110,0	545	10.520	10.859	19,92
**Norðlingaölduvirkjun	28,0	130	30.850	28.286	22,36
**Gljúfurleitarvirkjun	264,0	1.135			
**Sultartangavirkjun[1]	110,0	795	15.080	17.290	21,75
*Búrfellsvirkjun[2]	317,3	2.345	21.270	28.032	11,95
**Núpsvirkjun	94,0	585	10.300	11.482	19,63
**Búðafossvirkjun	84,5	520	10.050	11.069	21,29
**Urriðafossvirkjun	150,0	975	15.530	17.727	18,18
Ábótavirkjun	37,7	210	6.180	21.893	17,10
Stóraversvirkjun	189,3	1.070	15.980		
Haukholtavirkjun	58,5	340	6.500	6.490	19,09
Hestvatnsvirkjun	41,0	265	6.950	7.099	26,79
*Blönduvirkjun	150,0	780	12.630	12.070	15,47
**Stafnsvatnavirkjun	140,0	665	12.990	12.101	18,20
**Villinganesvirkjun	35,0	225	3.705	3.825	17,00
**Íshólsvatnsvirkjun	73,0	465	8.015	8.240	17,72
**Hafrahvammavirkjun[3]	485,0	2.965	116.935	119.667	13,64
**Brúarvirkjun[3]	937,0	5.810			
*Fljótsdalsvirkjun	210,0	1.300	19.865	20.292	15,61
**Lagarfossvirkjun[4]	70,8	385	7.585	7.419	19,27
Fjarðarárvirkjun	20,0	100	3.140	3.042	30,42
*Sogsvirkjanir	88,8	490	9.945	9.778	19,96
*Laxárvirkjanir	20,5	155	4.355	4.560	29,42
*Smávirkjanir	35,8	150	6.670	6.326	42,17
Samtals	**4.280,2**	**25.000**	**410.000**	**410.000**	**16,40**

1) Stífla og virkjun,
2) með aflaukningu,
3) Jökulsárveita og dýpkun á farvegi Lagarfljóts meðtalin,
4) með núverandi virkjun, 50 GWh/a.
*Núv. + álver (3 TWh/a) ≈ 7,2 TWh/a.
**Viðb. (3+7 = 10 TWh/a) ≈ 15,2 TWh/a — hér þarf að velja og hafna og athuga fleiri kosti (Hraunav. o.fl.).

Fylgiskjal III.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.:

AUSTURLANDSVIRKJUN

VIRKJUN JÖKULSÁR Á FJÖLLUM OG JÖKULSÁR Á BRÚ

SAMANBURÐARÁÆTLANIR

INNGANGUR

Bornar eru saman mismunandi leiðir til orkunýtingar á vatnasviðum Jökulsár á Brú og Jökulsár á Fjöllum. Athuguð eru átta mismunandi kerfi, bæði virkjun ánna sameiginlega og hvorrar fyrir sig. Lauslegt mat er lagt á rennsli, orku og stofnkostnað. Orkumatið er byggt á rekstrareftirlíkingum Verk- og kerfisfræðistofunnar Strengs, en niðurstöður þeirra birtust í viðauka við skýrslu Orkustofnunar: "Virkjunarkostir í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal. Samanburður með tilliti til umhverfis." Skýrslan var unnin fyrir Samstarfsnefnd Iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um orkumál (SÍNO) og hefur aðeins komið út í bráðabirgðaútgáfu. Stærð helstu miðlunarlóna er einnig að miklu leyti byggð á þessari skýrslu. Að því er varðar orku mismunandi kerfa er hér byggt á línuriti um áhrif miðlunar á orku Jökulsár á Dal með Jökulsárveitu, mynd 9 í viðaukanum. Afl hvers virkjanakerfis miðast við nýtingartíma 6000 h/a. Rennslisáætlanir eru að mestu byggðar á rennslisröðum frá Verkfræðistofunni Streng.

Kostnaðaráætlanir eru á verðlagi í des. 1990. Þær eru mjög lauslegar og eru fyrst og fremst ætlaðar til samanburðar. Áætlanir um stíflur og vatnsvegi eru byggðar á reiknuðu efnismagni, en reynslujöfnur eru notaðar til nálgunar á kostnaði við önnur mannvirki, vélar og rafbúnað.

Hér á eftir fer stutt lýsing á hverju virkjanakerfi um sig, og þar á eftir yfirlit um niðrstöður og skrár með einkennistölum virkjana og miðlunarlóna ásamt niðurstöðum áætlana um rennsli, orku og stofnkostnað.

TILHÖGUN 1

Jökulsárveita og miðlun í Fagradal.

Jökulsá á Fjöllum er veitt frá Vaðöldu austur yfir Krepputunguhraun í Kreppu. Miðlunarlón er í Fagradal og Kreppufarvegi með hæsta vatnsborði í 636 m y.s. og miðlun 610 Gl. Vatnshæðin er valin með tilliti til verndunar Hvannalinda. Vatni úr þessu lóni er veitt eftir göngum austur á vatnasvið Jökulsár á Brú.

Hafrahvammavirkjun, 515 MW

Jökulsá á Brú er stífluð við nyrðri Kárahnjúk. Ofan stíflu, í Brúardölum, myndast lón með 1750 Gl nýtanlegri miðlun miðað við hæsta vatnsborð 620 m y.s. Virkjað er úr lóninu niður í 390 m y.s. neðan Dimmugljúfra.

Brúarvirkjun, 862 MW

Jökla og Eyvindará eru stíflaðar hvor í sínu lagi ofan ármótanna. Yfirfallshæð er 390 m y. s. og nýtanleg miðlun 300 Gl. Virkjað með göngum (tvenn boruð göng) austur í farveg Bessataðaár, en inntakslón er myndað með stíflu í henni. Virkjað er niður í 22 m y.s. í Jökulsá í Fljótsdal.

TILHÖGUN 2.

Jökulsárveita og Arnardalsmiðlun.

Jökulsá á Fjöllum er veitt í Kreppu norðan við Upptyppinga. Kreppa er stífluð nálægt brúnni og veitt inn í Arnardal, þar sem miðlunarlón er myndað með stíflum í Arnardalsá, á Grjótunum þar fyrir austan og í skarði í Þorlákslindahryggjum. Hæsta vatnsborð er ráðgert 552 m y.s., en það svarar til 1725 Gl miðlunar. Úr lóninu er vatninu veitt um göng austur í Laugarvalladal.

Veita Jöklu í Laugarvalladal.

Jökulsá á Brú er stífluð við Nyrðri Kárahnjúk, og er hæsta vatnsborð ráðgert 560 m y.s. Miðlun verður þá aðeins 320 Gl en Arnardalsmiðlun nýtist að hluta til sem viðbótarmiðlun fyrir Jökulsá á Brú. Úr lóninu í Brúardölum er vatninu veitt um göng í Laugarvalladal.

Nónhnjúksvirkjun, 507 MW

Reykjará er stífluð á milli Múla og Nónhnjúks. Í Laugarvalladal og Fiskidal myndast þá lón, sem verður 465 Gl með hæsta vatnsborði í 550 m y.s. Virkjað er niður í 354 m y.s. í farvegi Jöklu neðan Reykjarár.

Brúarvirkjun, 828 MW

Jökulsá á Brú er stífluð upp í 354 m y.s. neðan ármótanna við Eyvindará og þaðan eru aðrennslisgöng (tvenn boruð göng) austur í Bessastaðaá. Tilhögun Brúarvirkjunar er annars eins og við tilhögun 1.

TILHÖGUN 3

Jökulsárveita og Fagradalsmiðlun er eins og við tilhögun 1.

Fljótsdalsvirkjun II, 1273 MW

Jökulsá á Brú er stífluð við Syðri Kárahnjúk. Með hæsta vatnsborði í 624 m y.s. verður nýtanleg miðlun í lóninu 1750 Gl. Virkjað er austur í Fljótsdal með tvennum boruðum aðrennslisgöngum og yrði stöðvarhúsið rétt norðan við stöðvarhús Fljótsdalsvirkjunar. Virkjað er niður í 25 m y.s. í Jökulsá í Fljótsdal.

TILHÖGUN 4.

Jökulsárveita og Arnardalsmiðlun er eins og við tilhögun 2, en hæsta vatnsborð í Arnardal er nú 550 m y.s. og miðlun 1550 Gl.

Arnardalsvirkjun, 246 MW

Virkjað er úr Arnardalslóni með göngum austur í Jökulsá á Brú neðan ármóta við Reykjará. Nýtt er fallið niður í 354 m y.s.

Brúarvirkjun, 527 MW, er hagað eins og við tilhögun 2, en vatnsmagn er mun minna vegna þess að Jökulsá á Brú er virkjuð ein sér austur í Fljótsdal.

Fljótsdalsvirkjun II, 700 MW, er eins og við tilhögun 3, en aðeins með einum göngum vegna þess að Jökulsá á Fjöllum er ekki með.

TILHÖGUN 5A

Jökulsárveita, Arnardalsmiðlun og Arnardalsvirkjun, 246 mw, er eins og við tilhögun 4.

Hafrahvammavirkjun, 322 MW

Jökulsá á Brú er stífluð við Nyrðri Kárahnjúk. Stífluhæð og miðlun (1750 Gl) er eins og við tilhögun 1. Virkjað er með göngum út í Meljaðrafjall og þaðan niður í farveg Jöklu í 360 m y.s.

Brúarvirkjun, 894 MW er hagað eins og við tilhögun 2.

TILHÖGUN 5B

Þessi tilhögun er eins og tilhögun 5A að öðru leyti en því, að miðlun í Arnardal er aukin í 1905 Gl (vb. 554 m y.s.) og miðlun í Brúardölum minnkuð í 1015 Gl (vb. 600 m y.s.). Afl virkjana breytist einnig.

Hafrahvammavirkjun, 298 MW

Arnardalsvirkjun, 248 MW

Brúarvirkjun, 860 MW

TILHÖGUN 6.

Jökulsárveita og miðlun ofan Upptyppinga.

Jökulsá á Fjöllum er stífluð á milli suðurenda Upptyppinga og Lónshnjúks og Kreppa við norðurenda Lónshnjúks. Lónið er með hæsta vatnsborði í 614 m y.s. og 145 Gl miðlun. Vatninu er veitt um göng í Álftadal.

Þríhyrningsvirkjun, 329 MW

Með stíflum í Álftadalsá, Fremramynni og Ytramynni er myndað lón í Álftadal og við Þríhyrningsvatn. Lónin eru tengd saman með göngum. Yfirfallshæð er 612 m y.s. og miðlun 1080 Gl. Virkjað er úr lóninu með göngum austur í Jökulsá á Brú og nýtt fallið niður í 354 m y.s.

Hafrahvammavirkjun, 299 MW, og Brúarvirkjun, 835 MW, er hagað eins og við tilhögun 5A, en yfirfallshæð við Kárahnjúka er 612 m y.s. og miðlun 1420 Gl í Brúardölum.

TILHÖGUN 7

Hafrahvammavirkjun, 322 MW, og Brúarvirkjun, 436 MW, ásamt miðlun í Jökulsá á Brú er með sama sniði og við tilhögun 5A. En Brúarvirkjun er án veitu úr Jökulsá á Fjöllum.

Jökulsá á Fjöllum er virkjuð í eigin farvegi í þremur orkuverum.

Arnardalsvirkjun, 110 MW, og -miðlun.

Miðlunarvirki eru eins og við tilhögun 5B. Stíflur við lónið eru þó lægri, hæsta vatnsborð er 446 m y.s. og miðlun 1220 Gl. Virkjunin nýtir fallið niður í 470 m y.s. í farvegi Arnardalsár.

Lambafjallavirkjun, 74 MW, og -miðlun.

Jökulsá á Fjöllum er stífluð við Lambafjöll og Skarðsá við Núpaskot. Yfirfallshæð er 444 m y.s. og miðlun 710 Gl. Virkjað er frá stíflu í Skarðsá niður í 395 m y.s. í farvegi Jökulsár.

Hólsfjallavirkjun, 550 MW

Jökulsá er stífluð við Sauðaklifshöfða upp í 367 m y.s. Virkjað er með 33,6 km löngum aðrennslisskurði austur á Bæjarás og um 8 km löngum frárennslisgöngum þaðan út í Jökulsá í 34 m y.s. við Austara Land. Virkjunartilhögun er hin sama og ráðgerð var í drögum að áætlun frá 1976 (OS-ROD 7612). Þar var þó gert ráð fyrir miðlun við Sauðaklifshöfða, sem að mestu er sleppt hér.

TILHÖGUN 8

Jökulsá á Fjöllum er virkjuð á sama hátt og við tilhögun 7, en Jökulsá á Brú er virkjuð í eigin farvegi í fjórum þrepum.

Hafrahvammavirkjun, 322 MW, og -miðlun er eins og við tilhögun 7.

Grundarvirkjun, 134 MW

Stíflað er á sama stað og fyrir Brúarvirkjun. Yfirfallshæð er 360 m y.s. og virkjað niður í 275 m y.s. um 700 m neðan stíflu.

Arnórsstaðavirkjun, 183 MW

Jökla er stífluð við Arnórsstaði. Yfirfallshæð er 275 m y.s. og virkjað með göngum austan ár niður í 135 m y.s. á móts við Hofteig. Vatnsvegur er um 15 km.

Hrólfsstaðavirkjun, 129 MW

Stíflað er við eyðibýlið Hrólfsstaði. Yfirfallshæð er 135 m y.s. og virkjað niður í 40 m y.s. Vatnsvegur er um 8 km.

YFIRLIT UM NIÐURSTÖÐUR

Þegar yfirlitsskráin hér á eftir er skoðuð kemur í ljós, að einingarverð orku er svipað við flestar þær virkjunarleiðir, sem athugaðar hafa verið, eða um 13 kr/(kWh/a). Þó er virkjun ánna í eigin farvegi nokkru dýrari en aðrar leiðir, og munar um 20 % á dýrustu og ódýrustu tilhögun. Orka virkjanakerfa er nokkuð mismunandi, mest 9010 GWh/a (tilh. 8) og minnst 7640 GWh/a (tilh. 3). Mismunurinn er um 18 %.

Virkjun Jökulsár á Brú er ekki hagkvæm nema með talsverðri miðlun í Brúardölum. Við tilhögun 2 er því sveði þó hlíft að mestu leyti (hæsta vb. 560 m y.s.), en á móti kemur allstórt lón í Laugarvalladal og Fiskidal. Við tilhögun 5B er vatnshæð í Brúardölum takmörkuð við 600 m y.s. og við tilhögun 6 við 612 m y.s., en annars er yfirfallshæðin þar 620 eða 624 m y.s. eftir því hvort stíflað er við Nyrðri eða Syðri Kárahnjúk.

Í Jökulsá á Fjöllum eru helstu miðlunarmöguleikar í Fagradal og Kreppufarvegi ofan Lónshnjúks, í Arnardal og við Lambafjöll. Í Arnardal eru miklir miðlunarmöguleikar og miðlun þar er að ýmsu leyti álitlegust fyrir Jökulsá á Fjöllum og Kreppu. Miðlun í Fagradal er aðeins ráðgerð við tilh. 1 og tilh. 3, miðlun í Álftadal og Þríhyrningsdal við tilh. 6, en annars er alltaf gert ráð fyrir að miðla í Arnardal. Auk þess er reiknað með miðlun við Lambafjöll í tilh. 7 og 8. Sú miðlun er ódýr en ekki nothæf þegar Jökulsá er virkjuð austur í Fljótsdal.

Yfirleitt er gert ráð fyrir lokuðum vatnsvegum (jarðgöngum) við allar virkjanir. Undantekning er Hólsfjallavirkjun (tilh. 7 og 8), en þar er byggt á drögum að áætlun frá

1976 þar sem reiknað er með löngum aðrennslisskurði. Rétt er að hafa það í huga þegar rekstraröryggi mismunandi virkjunarleiða er borið saman.

Einingarverð orku verður lægst þegar báðar Jökulsárnar eru virkjaðar saman og veitt austur í Fljótsdal. Reiknað er þá með kostnaði við að rýmka farveg Lagarfljóts til þess að koma í veg fyrir vatnsborðshækkun vegna aukins vatnsmagns.

Hér er ekki ætlunin að bera hinar ýmsu virkjunarleiðir saman í smáatriðum. Þegar litið er í senn á orku, einingarverð orku og umhverfisáhrif miðlunarlóna má þó benda á tilhögun 5B sem álitlegan kost. Þar eru tvö miðlunarlón, í Brúardölum þar sem vatnshæð er takmörkuð við 600 m y.s. og í Arnardal. Orka er áætluð 8435 GWh/a og einingarverð orku 13,0 kr/(kWh/a).

Mest orka á lágu einingarverði fæst með tilhögun 6, 8740 GWh/a á 13,0 kr/(kWh/a). Þá er gert ráð fyrir vatnsborðshæð 612 m y.s. í Brúardölum, 614 m y.s. í Fagradal og 612 m y.s. í Álftadal og Þríhyrningsdal.

FRAMHALDSATHUGANIR

Til þess að unnt sé að bera mismunandi virkjunarleiðir nánar saman þarf að meta umhverfisáhrif þeirra, og ennfremur að huga betur að rennsli og orkuvinnslu. Sérstaklega skal bent á að áætlanir um rennsli Jökulsár á Fjöllum við Vaðöldu eru óvissu bundnar þar sem talsvert lindavatn fellur til Jökulsár frá stíflustæðinu við Vaðöldu niður að vhm 162 við Upptyppinga. Hér hefur verið gert ráð fyrir að mismunur á rennslinu í Fagradalslón og samanlögðu rennsli Jökulsár og Kreppu við vhm 162 og 163 sé um það bil 540 Gl/a eða um 17 m^3/s. Rennsli Jökulsár á Brú við Kárahnjúka er einnig óöruggt, en það er áætlað út frá mældu rennsli við Hjarðarhaga (vhm 110).

Hér hefur ekki verið gerð tilraun til að gera greinarmun á jarðfræðilegum aðstæðum við mismunandi virkjunarleiðir, t.d. eru allar áætlanir um jarðgöng miðaðar við þokkalegar jarðfræðilegar aðstæður. Ekki hefur heldur verið gerður greinarmunur á stíflustæðum að þessu leyti né heldur varðandi tiltækt efni til stíflugerðar. Öll þessi atriði þurfa nánari athugunar við áður en valdar eru virkjunarleiðir til nánari samanburðar.

AUSTURLANDSVIRKJUN

YFIRLITSSKRÁ

Virkjunar-tilhögun nr.	Rennslis-orka Er GWh/a	Orka miðlunar Em GWh	Orka virkjunar E GWh/a	Afl N MW	Stofnkostnaður, verðlag í des.1990 K Mkr	K/E kr/(kWh/a)	K/N Mkr/MW
1	9.772	3.490	8.260	1.377	106.047	12,84	77,03
2	9.783	3.077	7.995	1.332	104.206	13,03	78,23
3	9.048	3.211	7.640	1.273	98.563	12,90	77,41
4	10.121	4.259	8.840	1.473	121.439	13,74	82,44
5A	10.045	4.221	8.770	1.462	115.364	13,15	78,93
5B	9.921	3.637	8.435	1.406	109.900	13,03	78,17
6	10.475	3.553	8.740	1.457	113.927	13,04	78,19
7	10.296	4.214	8.950	1.492	128.634	14,37	86,24
8	10.393	4.202	9.010	1.502	145.525	16,15	96,91

AUSTURLANDSVIRKJUN TILH 1 - 3

LAUSLEG KOSTNAÐARÁÆTLUN

Kostnaðartölur eru í Mkr á verðlagi í des. 1990

	Tilhögun 1		Tilhögun 2		Tilhögun 3
	Hafrahv.	Brúarv.	Nónhnjúksv.	Brúarv.	Fljótsdalur II m. Jökulsá á Fj.
Jökulsárveit[illegible] miðlun	6.784		9.927		6.784
Veita Jöklu í L[illegible]arvalladal			4.922		
Stífluvirki, botnrásir	9.832	4.710	4.628	1.806	9.217
Inntak í gö[illegible]öa veitu		422		313	718
Boruð göng		9.387		10.084	18.880
Sprengd g[illegible]	1.728	1.490	1.126	930	1.050
Þrýstijöfnun	100	500	50	450	300
Stöðvarinntak, ristar, lokur	741	671	686	601	360
Fallgöng	620	1.245	625	1.230	1.829
Stöðvarhús	2.071	2.732	2.125	2.737	3.487
Aðkomugöng	260	348	161	348	300
Vélar og rafbúnaður	6.585	9.399	6.635	9.220	12.658
Frárennslisskurður	[illegible]25	120	160	140	200
Stöðvarbyggð	[illegible]0	205	147	199	272
Lagarfljót. Farvegur lagfærður		1.000		1.000	1.000
Vegagerð	[illegible]0	400	300	300	500
Samtals	[illegible]6	32.629	31.492	29.358	57.555
Óvissuálag 25%		8.157	7.873	7.340	14.389
Verktakakostnaður	[illegible].6	40.786	39.365	36.698	71.944
Samtals hver tilhögun		77.406		76.063	71.944
Verkkaupakostnaður 37%		28.640		28.143	26.619
Heildarkostnaður		106.047		104.206	98.563

EINKENNISSTÆRÐIR OG SAMANBURÐUR Á HAGKVÆMNI

Rennsli til virkjunar	Gl/a	6.650	7.424	7.602	8.206	6.650
Yfirfallshæð	m y.s.	620	390	550	354	624
Yfirvatn, meðalhæð	m y.s.	608	388	545	352	611
Undirvatn, meðalhæð	m y.s.	390	22	352	22	25
Hönnunarfallhæð	m	210	340	190	304	538
Afl	MW	515	862	507	825	1.273
Rekstrarfallhæð H*	m	215	355	191	319	566
Rennslisorka	GWh/a	3.437	6.335	3.490	6.293	9.048
Heildarmiðlun	Gl	2.360	2.660	2.510	2.510	2.360
Rennslisorka alls	GWh/a		9.772		9.783	9.048
Orka miðlunar alls	GWh		3.490		3.077	3.211
Miðlunarhlutfall			0,357		0,315	0,355
Afl	MW		1.377		1.332	1.273
Orka	GWh/a		8.260		7.995	7.640
Nýtingartími	h/a		6.000		6.000	6.000
Stofnkostnaður	Mkr		106.047		104.206	98.563
Einingarverð orku	kr/(kWh/a)		12,8		13,0	12,9

AUSTURLANDSVIRKJUN TILH. 4

LAUSLEG KOSTNAÐARÁÆTLUN

Kostnaðartölur eru í Mkr á verðlagi í des. 1990

Tilhögun 4			
	Fljótsd. II	Arnardalsv.	Brúarvirk.
Stífluvirki, botnrásir	9.217	6.166	1.806
Inntak í göng eða veitu	445	405	183
Boruð göng	9.945	3.728	7.971
Sprengd göng	798	528	725
Þrýstijöfnun	250	150	450
Stöðvarinntak, lokur, ristar	223	202	420
Fallgöng	1.013	290	806
Stöðvarhús	1.939	1.052	1.771
Aðkomugöng	300	260	348
Vélar og rafbúnaður	7.272	3.400	6.095
Frárennslisskurður	120	300	100
Stöðvarbyggð	179	105	151
Lagarfljót. Farvegur lagfærður			1.000
Vegagerð	200	300	300
Samtals	31.901	16.886	22.126
Ófyrirséð 25%	7.975	4.222	5.532
Verktakakostnaður	39.876	21.108	27.658
Samtals, tilhögun 4			88.641
Verkkaupakostnaður 37%			32.797
Heildarkostnaður			121.439

EINKENNISSTÆRÐIR OG SAMANBURÐUR Á HAGKVÆMNI

Rennsli til virkjunar	Gl/a	3.512	3.920	4.694
Yfirfallshæð	m y.s.	624	550	354
Yfirvatn, meðalhæð	m y.s.	611	545	352
Undirvatn, meðalhæð	m y.s.	25	352	22
Hönnunarfallhæð	m	538	175	304
Afl	MW	700	246	527
Rekstrarfallhæð H*	m	566	185	319
Rennslisorka	GWh/a	4.778	1.743	3.599
Heildarmiðlun	Gl	1.750	1.550	1.550
Rennslisorka alls	GVh/a			10.121
Orka miðlunar alls	GWh			4.259
Miðlunarhlutfall				0,421
Afl	MW			1473
Orka	GWh/a			8.840
Nýtingartími	h/a			6.000
Stofnkostnaður	Mkr			121.439
Einingarverð orku	kr/(kWh/a)			13,7

AUSTURLANDSVIRKJUN TILH. 5A

LAUSLEG KOSTNAÐARÁÆTLUN

Kostnaðartölur eru í Mkr á verðlagi í des. 1990

	Tilhögun 5A		
	Hafrahvv.	Arnardalsv.	Brúarvirk.
Stífluvirki, botnrásir	9.832	6.166	1.806
Inntak í göng eða veitu		405	234
Boruð göng	2.395	3.728	10.566
Sprengd göng	242	528	973
Þrýstijöfnun	150	150	450
Stöðvarinntak, lokur, ristar	474	202	641
Fallgöng	325	290	1.329
Stöðvarhús	1.276	1.052	2.936
Aðkomugöng	172	260	348
Vélar og rafbúnaður	4.243	3.400	9.896
Frárennslisskurður	225	300	140
Stöðvarbyggð	117	105	210
Lagarfljót. Farvegur lagfærður			1.000
Vegagerð	200	300	300
Samtals	19.651	16.886	30.829
Ófyrirséð 25%	4.913	4.222	7.707
Verktakakostnaður	24.564	21.108	38.536
Samtals, tilhögun 5A			84.208
Verkkaupakostnaður 37%			31.157
Heildarkostnaður			115.364

EINKENNISSTÆRÐIR OG SAMANBURÐUR Á HAGKVÆMNI

Rennsli til virkjunar	Gl/a	3.512	3.920	8.206
Yfirfallshæð	m y.s.	620	550	354
Yfirvatn, meðalhæð	m y.s	608	545	352
Undirvatn, meðalhæð	m y.s.	360	352	22
Hönnunarfallhæð	m	230	175	304
Afl	MW	322	246	894
Rekstrarfallhæð H*	m	238	185	319
Rennslisorka	GWh/a	2.009	1.743	6.293
Heildarmiðlun	Gl	1.750	1.550	3.300
Rennslisorka alls	GWh/a			10.045
Orka miðlunar alls	GWh			4.221
Miðlunarhlutfall				0,420
Afl	MW			1462
Orka	GWh/a			8.770
Nýtingartími	h/a			6.000
Stofnkostnaður	Mkr			115.364
Einingarverð orku	kr/(kWh/a)			13,2

AUSTURLANDSVIRKJUN TILH. 5B

LAUSLEG KOSTNAÐARÁÆTLUN

Kostnaðartölur eru í Mkr á verðlagi í des. 1990

	Tilhögun 5B		
	Hafrahvv.	Arnardalsv.	Brúarvirkj.
Stífluvirki, botnrésir	5.978	7.787	1.806
Inntak í göng eða veitu		405	228
Boruð göng	2.395	3.728	10.404
Sprengd göng	242	528	947
Þrýstijöfnun	150	150	450
Stöðvarinntak	450	202	621
Fallgöng	325	290	1.279
Stöðvarhús	1.228	1.053	2.838
Aðkomugöng	172	260	348
Vélar og rafbúnaður	4.048	3.412	9.563
Frárennslisskurður	225	300	140
Stöðvarbyggð	113	105	205
Lagarfljót. Farvegur lagfærður			1.000
Vegagerð	200	300	300
Samtals	15.526	18.520	30.129
Ófyrirséð 25%	3.882	4.630	7.532
Verktakakostnaður	19.408	23.150	37.661
Samtals, tilhögun 5B			80.219
Verkkaupakostnaður 37%			29.681
Heildarkostnaður			109.900

EINKENNISSTÆRÐIR OG SAMANBURÐUR Á HAGKVÆMNI

Rennsli til virkjunar	Gl/a	3.512	3.920	8.206
Yfirfallshæð	m y.s.	600	554	354
Yfirvatn, meðalhæð	m y.s.	590	548	352
Undirvatn, meðalhæð	m y.s.	360	352	22
Hönnunarfallhæð	m	212	178	304
Afl,	MW	298	248	860
Rekstrarfallhæð H*	m	220	188	319
Rennslisorka	GWh/a	1.857	1.772	6.293
Heildarmiðlun	Gl	1.015	1.905	2.920
Rennslisorka alls	GWh/a			9.921
Orka miðlunar alls	GWh			3.637
Miðlunarhlutfall				0,367
Afl	MW			1.406
Orka	GWh/a			8.435
Nýtingartími	h/a			6.000
Stofnkostnaður	Mkr			109.900
Einingarverð orku	kr/(kWh/a)			13,0

AUSTURLANDSVIRKJUN TILH. 6

LAUSLEG KOSTNAÐARÁÆTLUN

Kostnaðartölur eru í Mkr á verðlagi í des. 1990

	Tilhögun 6		
	Hafrahvv.	Þrihyrnvirkj.	Brúarvirk.
Jökulsárveita		3.533	
Stífluvirki, botnrásir	8.012	5.939	1.806
Inntak í göng eða veitu			225
Boruð göng	2.320	1.416	10.243
Sprengd göng	233	1.616	930
Þrýstijöfnun	150	150	450
Stöðvarinntak, lokur, ristar	443	409	607
Fallgöng	305	325	1.230
Stöðvarhús	1.187	1.207	2.766
Aðkomugöng	172	260	348
Vélar og rafbúnaður	3.953	4.082	9.318
Frárennslisskurður	220	300	140
Stöðvarbyggð	113	118	201
Lagarfljót. Farvegur lagfærður			1.000
Vegagerð	200	300	300
Samtals	17.308	19.655	29.564
Ófyrirséð 25%	4.327	4.914	7.391
Verktakakostnaður	21.635	24.569	36.955
Samtals, tilhögun 6			83.159
Verkkaupakostnaður 37%			30.769
Heildarkostnaður			113.927

EINKENNISSTÆRÐIR OG SAMANBURÐUR Á HAGKVÆMNI

Rennsli til virkjunar	Gl/a	3.512	3.830	8.116
Yfirfallshæð	m y.s.	612	612	354
Yfirvatn, meðalhæð	m y.s.	602	606	352
Undirvatn, meðalhæð	m y.s.	360	352	22
Hönnunarfallhæð	m	224	241	304
Afl	MW	299	329	835
Rekstrarfallhæð H*	m	232	249	319
Rennslisorka	GWh/a	1.959	2.292	6.224
Heildarmiðlun	Gl	1.420	1.225	2.645
Rennslisorka alls	GWh/a			10.475
Orka miðlunar alls	GWH			3.553
Miðlunarhlutfall				0,339
Afl	MW			1457
Orka	GWh/a			8.740
Nýtingartími	h/a			6.000
Stofnkostnaður	Mkr			113.927
Einingarverð orku	kr/(kWh/a)			13,0

AUSTURLANDSVIRKJUN TILH. 7

LAUSLEG KOSTNAÐARÁÆTLUN

Kostnaðartölur eru í Mkr á verðlagi í des. 1990

	Tilhögun 7				
	Jökulsá á Brú		Jökulsá á Fjöllum		
	Hafrahvv.	Brúarvirkj.	Arnardalsv	Lambafjv.	Hólsfjvirkj.
Stífluvirki, botnrásir	9.832	1.806	4.828	2.432	1.936
Inntak í göng eða veitu		115			176
Aðrennslisskurður					7.177
Boruð göng	2.395	5.202			
Sprengd göng	242	657	1.259		3.159
Þrýstijöfnun	150	450	80		50
Stöðvarinntak, ristar, lokur	474	357	462	460	386
Fallgöng	325	681	97	80	849
Stöðvarhús	1.276	1.503	692	576	1.826
Aðkomugöng	172	348	150		436
Vélar og rafbúnaður	4.243	5.185	2.003	1.729	6.302
Frárennslisskurður	225	100	200	160	
Stöðvarbyggð	117	136	83	77	159
Lagarfljót. Farvegur lagfærður		500			
Vegagerð	200	200	200	100	100
Samtals	19.651	17.240	10.054	5.614	22.556
Ófyrirséð 25%	4.913	4.310	2.514	1.404	5.639
Verktakakostnaður	24.564	21.550	12.568	7.018	28.195
Samtals, tilhögun 7					93.894
Verkkaupakostnaður 37%					34.741
Heildarkostnaður					128.634

EINKENNISSTÆRÐIR OG SAMANBURÐUR Á HAGKVÆMNI

Rennsli til virkjunar	Gl/a	3.512	4.286	3.920	5.034	5.034
Yfirfallshæð	m y.s.	620	354	546	444	367
Yfirvatn, meðalhæð	m y.s.	608	352	542	440	366
Undirvatn, meðalhæð	m y.s.	360	22	470	395	44
Hönnunarfallhæð	m	230	304	64	41	310
Afl	MW	322	436	110	74	550
Rekstrarfallhæð H*	m	238	319	67	43	318
Rennslisorka	GWh/a	2.009	3.287	631	520	3.848
Heildarmiðlun	Gl	1.750	1.750	1.220	1.930	1.930
Rennslisorka alls	GWh/a					10.296
Orka miðlunar alls	GWh					4.214
Miðlunarhlutfall						0,409
Afl	MW					1.492
Orka	GWh/a					8.950
Nýtingartími	h/a					6.000
Stofnkostnaður	Mkr					128.634
Einingarverð orku	kr/(kWh/a)					14,4

AUSTURLANDSVIRKJUN TILH. 8

LAUSLEG KOSTNAÐARÁÆTLUN

Kostnaðartölur eru í Mkr á verðlagi í des. 1990

	Tilhögun 8						
	Jökulsá á Brú				Jökulsá á Fjöllum		
	Hafrahvv.	Grundarvirkj	Arnórsstv.	Hrólfsstv.	Arnardalsv	Lambafjv.	Hólsfjvirkj.
Stífluvirki, botnrásir	9.832	2.256	1.908	1.971	4.828	2.432	1.936
Inntak í göng eða veitu	474		338	343			176
Aðrennslisskurður							7.177
Boruð göng	2.395		3.985				
Sprengd göng	242	217	313	3.801	1.259		3.159
Þrýstijöfnun	150		150	100	80		50
Stöðvarinntak		332	169	100	462	460	386
Fallgöng	325	135	255	121	97	80	849
Stöðvarhús	1.276	724	925	721	692	576	1.826
Aðkomugöng	172	100	128	106	150		436
Vélar og rafbúnaður	4.243	2.165	2.885	2.137	2.003	1.729	6.302
Frárennslisskurður	225	50	100		200	160	
Stöðvarbyggð	117	87	95	86	83	77	159
Vegagerð	200	100	100	100	200	100	100
Samtals	19.651	6.166	11.351	9.586	10.054	5.614	22.556
Ófyrirséð 25%	4.913	1.542	2.838	2.397	2.514	1.404	5.639
Verktakakostnaður	24.564	7.708	14.189	11.983	12.568	7.018	28.195
Samtals, tilhögun 8							106.223
Verkkaupakostnaður 37%							39.302
Heildarkostnaður							145.525

EINKENNISSTÆRÐIR OG SAMANBURÐUR Á HAGKVÆMNI

Rennsli til virkjunar	Gl/a	3.512	4.226	4.450	4.700	3.920	5.034	5.034
Yfirfallshæð	m y.s.	620	360	275	135	546	444	367
Yfirvatn, meðalhæð	m y.s.	608	358	274	134	542	440	366
Undirvatn, meðalhæð	m y.s.	360	274	134	40	470	395	44
Hönnunarfallhæð	m	230	91	122	84	64	41	310
Afl	MW	322	134	183	129	110	74	550
Rekstrarfallhæð H*	m	238	93	133	90	67	43	318
Rennslisorka	GWh/a	2.009	945	1.423	1.017	631	520	3.848
Heildarmiðlun	Gl	1.750	1.750	1.750	1.750	1.220	1.930	1.930
Rennslisorka alls	GWh/a							10.393
Orka miðlunar alls	GWh							4.202
Miðlunarhlutfall								0,404
Afl	MW							1.502
Orka	GWh/a							9.010
Nýtingartími	h/a							6.000
Stofnkostnaður	Mkr							145.525
Einingarverð orku	kr/(kWh/a)							16,2

AUSTURLANDSVIRKJUN

YFIRLIT UM MIÐLUNAR- OG INNTAKSLÓN

Tilhögun 1		Jökulsá á Fj.	Jökulsá á Brú	
		Fagridalur	Brúardalir	Brúarlón
Innrennsli, eigið	Gl/a	3138	3512	4286
Rennsli veitna	Gl/a	0	3138	3138
Rennsli alls	Gl/a	3138	6650	7424
Yfirfallshæð	m y. s.	636	620	390
Lægsta vatnsborð	m y. s.	610	550	365
Miðlun	Gl	610	1750	300
Rekstrarfallhæð	m	570	570	355
Orka miðlunar	GWh	836	2.398	256

Tilhögun 2		Jökulsá á Fj.		Jökulsá á Brú	
		Arnardalur	Laugarvallad.	Brúardalir	Brúarlón
Innrennsli, eigið	Gl/a	240	170	3512	4286
Rennsli veitna	Gl/a	3680	7432	0	3920
Rennsli alls	Gl/a	3920	7602	3512	8206
Yfirfallshæð	m y. s.	552	550	560	354
Lægsta vatnsborð	m y. s.	525	523	525	350
Miðlun	Gl	1725	465	320	0
Rekstrarfallhæð	m	510	510	510	319
Orka miðlunar	GWh	2.115	570	392	0

Tilhögun 3		Jökulsá á Fj.	Jökulsá á Brú
		Fagridalur	Brúardalir
Innrennsli, eigið	Gl/a	3138	3512
Rennsli veitna	Gl/a	0	3138
Rennsli alls	Gl/a	3138	6650
Yfirfallshæð	m y. s.	636	624
Lægsta vatnsborð	m y. s.	610	550
Miðlun	Gl	610	1750
Rekstrarfallhæð	m	566	566
Orka miðlunar	GWh	830	2.381

Tilhögun 4		Jökulsá á Fj.	Jökulsá á Brú	
		Arnardalur	Brúardalir	Brúarlón
Innrennsli, eigið	Gl/a	240	3512	4286
Rennsli veitna	Gl/a	3680	0	3920
Rennsli alls	Gl/a	3920	3512	8206
Yfirfallshæð	m y. s.	550	624	354
Lægsta vatnsborð	m y. s.	525	525	350
Miðlun	Gl	1550	1750	0
Rekstrarfallhæð	m	504	566	319
Orka miðlunar	GWh	1.878	2.381	0

AUSTURLANDSVIRKJUN

YFIRLIT UM MIÐLUNAR- OG INNTAKSLÓN

Tilhögun 5A		Jökulsá á Fj.	Jökulsá á Brú	
		Arnardalur	Brúardalir	Brúarlón
Innrennsli, eigið	Gl/a	240	3512	4286
Rennsli veitna	Gl/a	3680	0	3920
Rennsli alls	Gl/a	3920	3512	8206
Yfirfallshæð	m y. s.	550	620	354
Lægsta vatnsborð	m y. s.	525	550	350
Miðlun	Gl	1550	1750	0
Rekstrarfallhæð	m	504	557	319
Orka miðlunar	GWh	1.878	2.343	0

Tilhögun 5B		Jökulsá á Fj.	Jökulsá á Brú	
		Arnardalur	Brúardalir	Brúarlón
Innrennsli, eigið	Gl/a	240	3512	4286
Rennsli veitna	Gl/a	3680	0	3920
Rennsli alls	Gl/a	3920	3512	8206
Yfirfallshæð	m y. s.	554	600	354
Lægsta vatnsborð	m y. s.	525	550	350
Miðlun	Gl	1905	1015	0
Rekstrarfallhæð	m	507	539	319
Orka miðlunar	GWh	2.322	1.315	0

Tilhögun 6		Jökulsá á Fj.		Jökulsá á Brú	
		Upptyppingar	Álftad. Þrihyrnv.	Brúardalir	Brúarlón
Innrennsli, eigið	Gl/a	3680	150	3512	4286
Rennsli veitna	Gl/a	0	3680	0	3920
Rennsli alls	Gl/a	3680	3830	3512	8206
Yfirfallshæð	m y. s.	614	612	612	354
Lægsta vatnsborð	m y. s.	605	585	550	350
Miðlun	Gl	145	1080	1420	0
Rekstrarfallhæð	m	568	568	551	319
Orka miðlunar	GWh	198	1.475	1.881	0

AUSTURLANDSVIRKJUN

YFIRLIT UM MIÐLUNAR- OG INNTAKSLÓN

Tilhögun 7		Jökulsá á Fjöllum			Jökulsá á Brú	
		Arnardalur	Lambafjöll	Hólsfjöll	Brúardalir	Brúarlón
Innrennsli, eigið	Gl/a	240	5034	5034	3512	4286
Rennsli veitna	Gl/a	3680	0	0	0	3920
Rennsli alls	Gl/a	3920	5034	5034	3512	8206
Yfirfallshæð	m y. s.	546	444	367	620	354
Lægsta vatnsborð	m y. s.	525	430	365	550	350
Miðlun	Gl	1220	710	0	1750	0
Rekstrarfallhæð	m	428	361	318	557	319
Orka miðlunar	GWh	1.255	616	0	2.343	0

Tilhögun 8		Jökulsá á Brú				Jök. á Fjöllum
		Brúardalir	Grund	Arnórsst.	Hrólfsst.	
Innrennsli, eigið	Gl/a	3512	4286	4450	4700	Sjá
Rennsli veitna	Gl/a	0	0	0	0	tilhögun 7
Rennsli alls	Gl/a	3512	4286	4450	4700	
Yfirfallshæð	m y. s.	620	360	275	135	
Lægsta vatnsborð	m y. s.	550	355	270	130	
Miðlun	Gl	1750	0	0	0	
Rekstrarfallhæð	m	554	316	223	90	
Orka miðlunar	GWh	2.331	0	0	0	1871

ÁÆTLAÐ MEÐALRENNSLI Í SAFNPUNKTUM, Gl/a

Jökulsá á Fjöllum og Kreppa við Upptyppinga (vhm 162 + vhm 163)	3680
Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði (vhm 102)	5034
Jökulsá á Fjöllum og Kreppa í Fagradalslón	3138
Álftadalsá og Þríhyrningsá á stíflustæðum	150
Arnardalsá á stíflustæði	240
Jökulsá á Brú við Hjarðarhaga (vhm 110)	4670
Jökulsá á Brú við Kárahnjúka	3512
Jökulsá á Brú neðan Eyvindarár	4306
Reykjará á stíflustæði	170
Bessastaðaá til Brúarvirkjunar	60
Veitur af vatnasviði Jökulsár á Brú til Fljótsdalsvirkjunar	80

AUSTURLANDSVIRKJUN

ORKA Í MIÐLUNARLÓNUM OG MIÐLUNARKOSTNAÐUR

	MIÐLUN Í BRÚARDÖLUM							
Jöfnur	M = D + B * (H - Ho) ^A				K = G + F * M ^ E			
	Ho	A	B	D	E	F	G	
Stuðlar	550	2,25	0,1383	423	1,35	0,3376	4615	
Yfirfallshæð, H	m y. s.	600	604	608	612	616	620	624
Miðlun	Gl	1.014	1.139	1.275	1.422	1.581	1.752	1.933
Rekstrarfallhæð, H*	m	551	554	557	560	563	566	569
Orka miðlunar, M	GWh	1.342	1.516	1.707	1.915	2.140	2.383	2.644
Stofnkostn. K	Mkr	10.252	11.259	12.411	13.720	15.195	16.849	18.692
Meðalkostn. K / M	Mkr / GWh	7,64	7,43	7,27	7,17	7,10	7,07	7,07
Jaðarkostn. dK / dM	Mkr / GWh	5,67	5,92	6,17	6,42	6,67	6,93	7,19

	MIÐLUN OFAN STÍFLU VIÐ BRÚ							
Jöfnur	M = D + B * (H - Ho) ^A				K = G + F * M ^ E			
	Ho	A	B	D	E	F	G	
Stuðlar	365	1,6	1,346	24	1,2	3,3	5502	
Yfirfallshæð, H	m y. s.	384	386	388	390	392	394	396
Miðlun	Gl	206	236	267	300	334	370	407
Rekstrarfallhæð, H*	m	350,5	352	353,5	355	356,5	358	359,5
Orka miðlunar, M	GWh	174	200	227	256	287	318	352
Stofnkostn. K	Mkr	7.109	7.402	7.721	8.065	8.434	8.829	9.249
Meðalkostn. K / M	Mkr / GWh	40,94	37,08	33,99	31,49	29,43	27,73	26,31
Jaðarkostn. dK / dM	Mkr / GWh	11,11	11,42	11,72	12,01	12,28	12,54	12,79

AUSTURLANDSVIRKJUN

ORKA Í MIÐLUNARLÓNUM OG MIÐLUNARKOSTNAÐUR

	MIÐLUN Í FAGRADAL							
Jöfnur	M = D + B * (H - Ho) ^A				K = G + F * M ^ E			
	Ho	A	B	D	E	F	G	
Stuðlar	610	2,2	0,442	256	0,6	107,8	2127	
Yfirfallshæð, H	m y. s.	632	634	636	638	640	642	644
Miðlun	Gl	480	541	610	684	765	853	948
Rekstrarfallhæð, H*	m	566	566	566	566	566	566	566
Orka miðlunar, M	GWh	653	737	829	931	1.041	1.161	1.290
Stofnkostn. K	Mkr	7.394	7.789	8.206	8.642	9.096	9.567	10.053
Meðalkostn. K / M	Mkr / GWh	11,32	10,57	9,90	9,28	8,73	8,24	7,79
Jaðarkostn. dK / dM	Mkr / GWh	4,84	4,61	4,40	4,20	4,02	3,84	3,69

	MIÐLUN Í ARNARDAL							
Jöfnur	M = D + B * (H - Ho) ^A				K = G + F * M ^ E			
	Ho	A	B	D	E	F	G	
Stuðlar	525	1,6	9,655	212	1,5	0,0907	3168	
Yfirfallshæð, H	m y. s.	542	544	546	548	550	552	554
Miðlun	Gl	928	1.071	1.222	1.382	1.549	1.724	1.906
Rekstrarfallhæð, H*	m	498	499,5	501	502,5	504	505,5	507
Orka miðlunar, M	GWh	1.110	1.285	1.472	1.669	1.877	2.095	2.323
Stofnkostn. K	Mkr	6.524	7.348	8.289	9.353	10.545	11.868	13.326
Meðalkostn. K / M	Mkr / GWh	5,88	5,72	5,63	5,60	5,62	5,66	5,74
Jaðarkostn. dK / dM	Mkr / GWh	4,53	4,88	5,22	5,56	5,89	6,23	6,56

AUSTURLANDSVIRKJUN

ORKA Í MIÐLUNARLÓNUM OG MIÐLUNARKOSTNAÐUR

	MIÐLUN OFAN UPPTYPPINGA							
Jöfnur	M = D + B * (H - Ho) ^A				K = G + F * M ^ E			
	Ho	A	B	D	E	F	G	
Stuðlar	605	1,6	5,55	9	0,8	28,71	1574	
Yfirfallshæð, H	m y. s.	610	612	614	616	618	620	622
Miðlun	Gl	61	100	145	197	255	318	386
Rekstrarfallhæð, H*	m	557	558,6	560,2	561,8	563,5	565	566,6
Orka miðlunar, M	GWh	82	134	196	266	345	432	525
Stofnkostn. K	Mkr	2.548	3.017	3.529	4.077	4.654	5.257	5.884
Meðalkostn. K / M	Mkr / GWh	31,12	22,54	18,04	15,31	13,48	12,18	11,20
Jaðarkostn. dK / dM	Mkr / GWh	9,52	8,63	7,99	7,52	7,14	6,82	6,56

	MIÐLUN VIÐ LAMBAFJÖLL							
Jöfnur	M = D + B * (H - Ho) ^A				K = G + F * M ^ E			
	Ho	A	B	D	E	F	G	
Stuðlar	430	1,85	4,42	32	0,7	21,08	2275	
Yfirfallshæð, H	m y. s.	438	440	442	444	446	448	450
Miðlun	Gl	279	401	544	709	893	1.097	1.320
Rekstrarfallhæð, H*	m	356,5	358	359,5	361	362,5	364	365,5
Orka miðlunar, M	GWh	239	345	470	615	779	960	1.160
Stofnkostn. K	Mkr	3.250	3.535	3.840	4.164	4.502	4.855	5.219
Meðalkostn. K / M	Mkr / GWh	13,59	10,25	8,16	6,77	5,78	5,06	4,50
Jaðarkostn. dK / dM	Mkr / GWh	2,85	2,56	2,33	2,15	2,00	1,88	1,78

AUSTURLANDSVIRKJUN

ORKA Í MIÐLUNARLÓNUM OG MIÐLUNARKOSTNAÐUR

	MIÐLUN Í ÁLFTADAL OG ÞRÍHYRNINGSDAL							
Jöfnur	M = D + B * (H - Ho) ^A				K = G + F * M ^ E			
	Ho	A	B	D	E	F	G	
Stuðlar	585	1,4	13,43	113	1,2	0,8864	7027	
Yfirfallshæð, H	m y. s.	600	602	604	606	608	610	612
Miðlun	Gl	529	612	699	789	883	979	1.078
Rekstrarfallhæð, H*	m	557	558,6	560,2	561,8	563,5	565	566,6
Orka miðlunar, M	GWh	708	822	942	1.066	1.196	1.330	1.468
Stofnkostn. K	Mkr	9.359	9.817	10.310	10.838	11.400	11.995	12.621
Meðalkostn. K / M	Mkr / GWh	13,22	11,94	10,95	10,17	9,53	9,02	8,60
Jaðarkostn. dK / dM	Mkr / GWh	3,95	4,07	4,18	4,29	4,39	4,48	4,57

	MIÐLUN Í LAUGARVALLADAL							
Jöfnur	M = D + B * (H - Ho) ^A				K = G + F * M ^ E			
	Ho	A	B	D	E	F	G	
Stuðlar	523	1,6	2,663	51	0,85	22,62	2953	
Yfirfallshæð, H	m y. s.	542	544	546	548	550	552	554
Miðlun	Gl	286	328	372	417	465	515	567
Rekstrarfallhæð, H*	m	504	505,5	507	508,5	510	511,5	513
Orka miðlunar, M	GWh	347	398	453	510	570	633	699
Stofnkostn. K	Mkr	6.218	6.624	7.047	7.483	7.934	8.397	8.872
Meðalkostn. K / M	Mkr / GWh	17,92	16,62	15,56	14,67	13,91	13,26	12,69
Jaðarkostn. dK / dM	Mkr / GWh	8,00	7,83	7,68	7,55	7,42	7,31	7,20


SKÝRINGAR
Lón, stífla
Jarðgöng
Stöðvarhús
Opinn skurður
Y.V 620 Yfirfallshæð 620 m.y.s.
20 km
LANDSVIRKJUN


SKÝRINGAR
Lón, stífla
Jarðgöng
Stöðvarhús
Opinn skurður
YV620 Yfirfallshæð 620 m.y.s.
0
10
20 km
LANDSVIRKJUN
AUSTURLANDSVIRKJUN
JÖKULSÁ Á FJÖLLUM OG JÖKULSÁ Á BRÚ
TILHÖGUN 2


SKÝRINGAR
Lón, stífla
Jarðgöng
Stöðvarhús
Opinn skurður
Yfirfallshæð 620 m.y.s.
20km
LANDSVIRKJUN
AUSTURLANDSVIRKJUN
JÖKULSÁ Á FJÖLLUM OG JÖKULSÁ Á BRÚ
TILHÖGUN 3
OKT. 1991


SKÝRINGAR
Lón, stífla
Jarðgöng
Stöðvarhús
Opinn skurður
YV620 Yfirfallshæð 620 m.y.s.
20 km
LANDSVIRKJUN


SKÝRINGAR
Lón, stífla
Jarðgöng
Stöðvarhús
Opinn skurður
Y.V.620 Yfirfallshæð 620 m.y.s.
0
10
20 km
LANDSVIRKJUN
AUSTURLANDSVIRKJUN
JÖKULSÁ Á FJÖLLUM OG JÖKULSÁ Á DAL
TILHÖGUN SÁ


Árnardalsvirkjun
248 MW
Brúarlón
YV 354
Árnardalslón
1905 61 YV 554
Hafrahvammavirkjun
258 MW
Brúarvirkjun
Lón í Brúardölum
1815 61 YV 600
SKÝRINGAR
Lón, stífla
Jarðgöng
Stöðvarhús
Opinn skurður
Y.V 620 Yfirfallshæð 620 m y.s.
10
0
10
20km
VST
LANDSVIRKJUN
AUSTURLANDSVIRKJUN
JÖKULSÁ Á FJÖLLUM OG JÖKULSÁ Á BRÚ
TILHÖGUN 58
CKT 1991


SKÝRINGAR
Lón, stífla
Jarðgöng
Stöðvarhús
Opinn skurður
Y.V.620 Yfirfallshæð 620 m.y.s.
20 km
LANDSVIRKJUN

434. Tillaga til þingsályktunar [257. mál]

um íslenskt sendiráð í Japan.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Gunnlaugur Stefánsson, Jón Helgason, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót íslensku sendiráði í Japan á árinu 1993. Jafnframt undirbúningi þar að lútandi verði unnið að endurskipulagningu á starfsemi sendiráða og fastanefnda Íslands til að stofnun nýs sendiráðs leiði ekki til teljandi kostnaðarauka í utanríkisþjónustunni í heild.

Greinargerð.

Oft hefur komið til tals að rétt væri fyrir Íslendinga að opna sendiráð utan Evrópu og Norður-Ameríku, en ekkert íslenskt sendiráð er í þremur heimsálfum: Asíu, Afríku og Ástralíu. Vegna vaxandi samskipta og markaðsmöguleika í fjölmennum ríkjum Austur-Asíu er tímabært að koma á fót íslensku sendiráði í þeim heimshluta og hlýtur Japan að vera þar efst á blaði. Efnahagsveldi Japana hefur vaxið hröðum skrefum undanfarin ár þannig að þeir keppa nú við fremstu stórveldi um forustu í heimsviðskiptum.

Ísland og Japan tóku upp stjórnmálasamband á árinu 1956. Eins og fram kemur í fylgiskjölum með tillögunni hafa komist á traust viðskipti milli Íslands og Japans hin síðari ár og hefur Japan að undanförnu verið í fjórða til fimmta sæti að því er varðar verðmæti útflutnings héðan til einstakra landa. Það er flestra álit að viðskipti landanna geti vaxið mikið frá því sem nú er ef vel er að málum staðið. Í því sambandi getur starfræksla íslensks sendiráðs í Japan skipt verulegu máli til að kynna ímynd Íslands og greiða götu viðskipta og annarra samskipta. Slíkt er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga, ekki síst þegar samkeppni fer harðnandi um markaði. Þá er og æskilegt að rækta samskipti sem víðast, m.a. til að geta brugðist við breyttum markaðsaðstæðum.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur starfrækt söluskrifstofu í Tókíó síðan haustið 1990. Með tillögunni er birt sem fylgiskjal IV nýlegt viðtal við forstöðumann hennar þar sem ýmislegt kemur fram um möguleika á viðskiptum með íslenskar sjávarafurðir og samkeppnisstöðu okkar.

Þótt fjarlægð milli landanna sé mikil er sitthvað skylt með Japönum og Íslendingum. Japan er eyríki eins og Ísland. Einnig þar er sjávarútvegur mikilvæg atvinnugrein og fiskneysla hefðbundin og vaxandi, sbr. fylgiskjöl. Bæði löndin hafa stundað hvalveiðar og haft samvinnu um þá hagsmuni, m.a. í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Eldvirkni er mikil í Japan eins og hér, jarðskjálftar tíðir og jarðvarmi hagnýttur, m.a. til raforkuframleiðslu. Í Tókíó eru aðalstöðvar Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna en útibú frá þeirri stofnun er starfrækt í Reykjavík.

Samskipti í menningarmálum hafa verið nokkur og farið vaxandi síðustu árin. Ísland var kynnt á mörgum stöðum í Japan árið 1987 ásamt öðrum ríkjum á Norðurlöndum á sýningunni Scandinavia today. Á árunum 1990–1991 var Japan kynnt hér á landi með listviðburðum og sýningum undir fyrirsögninni „Japan today in Iceland".

Forseti Íslands hefur heimsótt Japan nokkrum sinnum, m.a. í nóvember 1990. Í tengslum við þá heimsókn stóð Útflutningsráð fyrir kynningu í Tókíó á íslenskum útflutningsafurðum, Íslandi sem ferðamannalandi og íslenskri menningu. Japönsk þingmannanefnd kom hingað í boði Alþingis haustið 1989. Sú heimsókn var endurgoldin af forsætisnefnd

Alþingis haustið 1991. Forseti fulltrúadeildar japanska þingsins, Yoshihiko Tsuchiya, er jafnframt formaður vináttufélags þarlendra þingmanna sem rækta vilja tengsl við Ísland.

Með stofnun sendiráðs ætti að mega styrkja frekar þennan góða grundvöll og auka enn frekar gagnkvæm samskipti Íslands og Japans. Jafnframt hefði íslenskt sendiráð í Tókíó allt aðra aðstöðu til að gæta íslenskra hagsmuna í þessum heimshluta en unnt er héðan eða frá sendiráðum okkar á Norðurlöndum. Nú fer sendiráð Íslands í Moskvu formlega með samskiptin við Japan. Minna má á að viðskipti hafa aukist verulega undanfarið við fleiri lönd í austanverðri Asíu eins og við Suður-Kóreu og Tævan.

Talsverður kostnaður er því fylgjandi að koma á fót sendiráði og reka það. Í Tókíó er húsnæðiskostnaður líka hærri en gerist víða annars staðar. Til að vega upp á móti þessum tilkostnaði er lagt til að jafnhliða undirbúningi að stofnun sendiráðs í Japan verði unnið að endurskipulagningu á sendiráðsstarfsemi okkar annars staðar, m.a. með það fyrir augum að heildartilkostnaður við utanríkisþjónustuna vaxi sem minnst þótt stofnað verði til nýs sendiráðs.

Gert er ráð fyrir að undirbúningur að því að opna sendiráð í Japan taki um það bil eitt ár og því er í tillögunni gert ráð fyrir að sendiráðið verði opnað á árinu 1993.

Fylgiskjal I.

Listi yfir íslensk sendiráð og starfsmannafjölda þeirra, unninn upp úr handbók utanríkisráðuneytisins.

(Desember 1991.)

1. Íslensk sendiráð eru í Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmi, London, París, Moskvu, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir eru í Brussel, Genf og New York.
2. Umdæmi stofnana þeirra, sem nefndar eru í 1. lið hér að framan, eru:
   a. Kaupmannahöfn. Í starfsliði eru sendiherra, sendifulltrúi, viðskiptafulltrúi, sendiráðsprestur og þrír ritarar. Auk Danmerkur falla Kína, Ítalía, Tyrkland, Ísrael og Litáen undir umdæmi sendiráðsins.
   b. Ósló. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari og tveir ritarar. Auk Noregs falla Pólland og Tékkóslóvakía undir umdæmi sendiráðsins.
   c. Stokkhólmur. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari, sendiráðsfulltrúi og ritari. Auk Svíþjóðar falla Finnland, Júgóslavía, Albanía, Eistland, Lettland og Saúdí-Arabía undir umdæmi sendiráðsins.
   d. London. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsfulltrúi, menningarfulltrúi, sendiráðsprestur og tveir ritarar. Auk Stóra-Bretlands og Norður-Írlands falla Lýðveldið Írland, Holland og Nígería undir umdæmi sendiráðsins.
   e. París. Í starfsliði eru sendiherra, tveir sendiráðsritarar og þrír ritarar. Auk Frakklands falla Grænhöfðaeyjar, Spánn og Portúgal undir umdæmi sendiráðsins. Forstöðumaður sendiráðsins er fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Evrópuráðinu.
   f. Moskva. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari og ritari. Auk Rússlands falla Búlgaría, Rúmenía, Alþýðulýðveldið Mongólía og Japan undir umdæmi sendiráðsins. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort önnur ríki en Rússland í Sam-

veldi sjálfstæðra ríkja falli undir umdæmi sendiráðsins í Moskvu.

g. Bonn. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari, viðskiptafulltrúi og tveir ritarar. Sendiráðið er með útibú í Berlín og hefur viðskiptafulltrúinn aðsetur þar. Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands falla Austurríki, Sviss, Grikkland og Ungverjaland undir umdæmi sendiráðsins.

h. Brussel. Tvær skrifstofur eru í Brussel:
   1. Fyrir sendiráðið í Belgíu. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðunautur, sendiráðsritari, fiskimálafulltrúi, sendiráðsfulltrúi og tveir ritarar. Auk Belgíu fellur Lúxemborg undir umdæmi sendiráðsins. Forstöðumaður sendiráðsins er sendiherra hjá Efnahagsbandalagi Evrópu.
   2. Fyrir fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu. Í starfsliði eru fastafulltrúi (sendiherra), varafastafulltrúi, sendiráðsritari og tveir ritarar.

i. Washington. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðunautur og tveir ritarar. Auk Bandaríkja Norður-Ameríku falla Kanada, Mexíkó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Kólumbía, Venesúela, Úrúgvæ og Barbados undir umdæmi sendiráðsins.

j. Genf. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðunautur, sendiráðsritari og tveir ritarar. Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf er fastafulltrúi hjá Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf. Hann er einnig fastafulltrúi hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og auk þess sendiherra í Keníu, Tansaníu, Egyptalandi og Eþíópíu.

k. New York. Í starfsliði eru, að meðtöldu starfsliði aðalræðisskrifstofunnar í New York, sendiherra, sendifulltrúi, sendiráðsritari, viðskiptafulltrúi og tveir ritarar. Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York er fastafulltrúi Íslands í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna og auk þess sendiherra á Kúbu og Bahamaeyjum.

Fylgiskjal II.

Utanríkisráðuneytið,
viðskiptaskrifstofa:

Vöruútflutningur til Japans 1989, 1990 og 1991.
(FOB-verðmæti í millj. kr. — Gengi hvers tíma.)

	1989			1990			1991*		
Vörutegundir	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
Sjávarafurðir	**41.514,7**	**4.341,7**	**76,5**	**34.467,1**	**4.394,6**	**79,2**	**37.468,3**	**6.100,6**	**84,5**
Fryst fiskflök	530,8	72,1	1,3	856,8	120,7	2,2	626,0	91,4	1,3
Frystur fiskur, heill	33.595,6	2.693,3	47,5	27.328,7	2.892,8	52,2	28.079,3	3.809,2	52,8
Ferskur fiskur, heill	6,7	1,1	0,0	105,3	7,8	0,1	0,0	0,0	0,0
Fersk fiskflök	36,0	2,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Rækja, fryst	3.065,8	1.083,9	19,1	2.361,4	754,7	13,6	4.280,4	1.502,0	20,8
Humar, frystur	0,0	0,0	0,0	12,0	1,1	0,0	8,6	3,6	0,0
Hörpudiskur, frystur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	18,0	11,4	0,2
Hrogn	3.855,7	443,4	7,8	2.711,7	341,4	6,2	4.412,4	674,7	9,3
Hvalafurðir	0,0	0,0	0,0	1.057,6	264,0	4,8	0,0	0,0	0,0
Mjöl	360,0	12,7	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Lagmeti (fiskmeti)	53,2	30,5	0,5	7,8	6,1	0,1	6,3	4,9	0,1
Sjávarafurðir ót.a.	10,9	2,3	0,0	25,8	6,0	0,1	37,3	3,4	0,0
Landbúnaðarafurðir	**399,4**	**145,9**	**2,6**	**188,4**	**109,5**	**2,0**	**424,4**	**63,6**	**0,9**
Kindakjöt, fryst	18,4	0,5	0,0	16,7	0,3	0,0	318,7	11,3	0,2
Lax og silungur	305,7	92,0	1,6	105,3	32,7	0,6	3,4	1,0	0,0
Dúnn	1,2	40,7	0,7	1,5	66,9	1,2	0,4	20,8	0,3
Landbúnaðarafurðir ót.a.	74,1	12,7	0,2	64,9	9,6	0,2	101,9	30,5	0,4
Iðnaðarvörur	**23.521,1**	**1.179,1**	**20,8**	**26.962,2**	**1.022,3**	**18,4**	**28.324,4**	**1.052,7**	**14,6**
Ullar- og prjónavörur; annar fatnaður	16,7	63,8	1,1	18,4	65,1	1,2	33,4	83,6	1,2
Þang- og þaramjöl	252,0	8,1	0,1	332,0	10,8	0,2	292,1	10,5	0,1
Kísiljárn	22.691,8	1.102,7	19,4	26.610,7	946,2	17,1	27.992,6	949,6	13,2
Vélar til vinnslu sjávarafurða	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	2,4	6,2	0,1
Aðrar iðnaðarvörur ót.a.	560,6	4,5	0,1	1,1	0,2	0,0	3,9	2,8	0,0
Aðrar vörur	**0,8**	**8,2**	**0,1**	**2,8**	**19,3**	**0,3**	**0,4**	**1,0**	**0,0**
Vöruútflutningur alls	**65.436,0**	**5.674,9**	**100**	**61.620,5**	**5.545,7**	**100**	**66.217,5**	**7.217,9**	**100**
% af heildarvöruútflutningi	6,9	7,1		7,0	6,0		9,2	7,9	

*Bráðabirgðatölur fyrir árið 1991.

Vöruinnflutningur frá Japan 1989, 1990 og 1991.
(CIF-verðmæti í millj. kr. — Gengi hvers tíma.)

	1989		1990		1991*	
Vörutegundir	Verðmæti	%	Verðmæti	%	Verðmæti	%
Vélar og tæki, þ.m.t. flutningatæki	**3.318,2**	**84,7**	**4.716,2**	**87,0**	**6.541,8**	**87,7**
Bifreiðar	2.080,8	53,1	3.121,0	57,6	4.459,2	59,8
Önnur flutningatæki	4,8	0,1	2,1	0,0	0,8	0,0
Ýmsar vélar til atvinnurekstrar	104,8	2,7	125,9	2,3	230,1	3,1
Skrifstofuvélar og skýrsluvélar	268,8	6,9	373,9	6,9	369,4	5,0
Fjarskiptatæki, hljóðupptökutæki, hljómflutningstæki	406,9	10,4	524,3	9,7	647,4	8,7
Vísinda- og mælitæki	152,9	3,9	114,3	2,1	115,1	1,5
Rafmagnsvélar og tæki, ót.a.	218,4	5,6	227,4	4,2	272,7	3,7
Aflvélar og tilheyrandi búnaður	47,3	1,2	173,4	3,2	251,8	3,4
Vélar til sérstakra atvinnugreina	30,4	0,8	48,2	0,9	191,0	2,6
Málmsmíðavélar	3,1	0,1	5,7	0,1	4,3	0,1
Ýmsar vörur	**598,5**	**15,3**	**702,6**	**13,0**	**919,9**	**12,3**
Lífræn kemísk efni	8,7	0,2	15,6	0,3	14,1	0,2
Lyfja- og lækningavörur	9,1	0,2	12,4	0,2	6,4	0,1
Unnar gúmvörur, ót.a	32,5	0,8	38,8	0,7	39,3	0,5
Pappír, pappi og vörur úr slíku	22,6	0,6	22,8	0,4	33,3	0,4
Spunagarn, vefnaður, tilbúnir vefnaðarmunir o.fl.	131,7	3,4	131,7	2,4	148,4	2,0
Unnar vörur úr ómálmkenndum jarðefnum ót.a.	12,9	0,3	14,8	0,3	20,9	0,3
Unnar málmvörur, ótaldar annars	38,0	1,0	39,4	0,7	57,1	0,8
Ljósmyndavörur og sjóntæki ót.a., úr og klukkur	154,3	3,9	182,8	3,4	200,7	2,7
Aðrar vörur	188,7	4,8	244,3	4,5	399,7	5,4
Vöruinnflutningur alls	**3.916,7**	**100**	**5.418,8**	**100**	**7.461,7**	**100**
% af heildarvöruinnflutningi	4,9		5,6		7,3	

* Bráðabirgðatölur fyrir árið 1991.

Fylgiskjal III.

„Japan's Agricultural Review", febrúar 1991,
Changes in Japan's food consumption:

Breyting á daglegri prótínneyslu (á mann) í Japan, flokkað eftir fæðutegundum.



Fylgiskjal IV.

Frost, 1. tbl. 1992.
Viðtal við Helga Þórhallsson, Tókíó:

Margvíslegir möguleikar á Japansmarkaði.

Helgi Þórhallsson, sem stýrir söluskrifstofu SH í Tókíó, auglýsti á verkstjórafundinum eftir karfaflökum fyrir Japansmarkað vegna aukinnar eftirspurnar eftir unnum karfa. „Næst á eftir heilfrystum karfa koma auðvitað flökin. Það væri ágætt ef hægt væri að senda okkur meira af flökuðum karfa," sagði Helgi.

„Japanir vilja fá flökin nánast óunnin, með sérstöku lagi," sagði Helgi þegar tíðindamanni Frosts tókst að króa hann af í stutta stund á verkstjórafundinum. „Japanir handflaka allan karfa og það er spurning hvort við stöndumst þeim snúning við að flaka hann eftir þeirra höfði. Það er áreiðanlega þess virði að reyna þetta. Ég sé þetta sem ágætt þróunarverkefni."

Á sl. ári seldist fjórðungi meira af karfa í Japan en árið áður, eða 4.137 tonn af karfa en 3.300 árið áður. Af djúpsjávarkarfa seldust 373 tonn en 344 árið áður, þ.e. 8% aukning. „Þarna held ég að við getum gert miklu meira. Við vitum að það verður mikil sókn í þennan karfa og höfum hreinlega ekki fengið nóg af honum. Úthafskarfi líkar mjög vel í Japan, sérstaklega ef hann er vel flokkaður. Þá er úthafskarfi talinn mjög góður fiskur og tekinn fram yfir allan smákarfann. Ég á heldur von á því að dragi úr framboði á honum. Hann er mikið veiddur við Kanada.

En sl. ár var eitt besta ár okkar þarna eystra. Það er fyrst og fremst að þakka heilfrystum karfa og grálúðu og við erum tiltölulega bjartsýnir á framhaldið. Ráðgert er að takmarka aðgang erlendra fiskiskipa við strendur Kanada, en þar er veruleg karfaveiði. Þá dregur úr framboði og verð hækkar. Japansmarkaður er næmur fyrir sveiflum. Ef framboð dregst saman um 10% hækkar verðið hæglega um 30% og öfugt."

Vonir bundnar við frysta smáloðnu.

Árið hefst með loðnuvertíð. Kvótinn hefur verið aukinn og óttast menn jafnvel að ekki muni takast að veiða leyfilegt magn á vertíðinni.

„Eins og með annan árstíðabundinn afla berst mikið af henni í skamman tíma inn á markaðinn," segir Helgi. „Horfur eru nokkuð góðar með sölu á loðnu. Eftirspurn er mikil og nánast engar birgðir til. Mestur skortur er á stórri loðnu sem Japanir þurrka og grilla samkvæmt japanskri hefð. Við gerum okkur litlar vonir um að geta boðið slíka loðnu og Japanir vænta þess ekki heldur. Þeir gera ráð fyrir að fá þá loðnu frá Noregi, enda var loðnan frá Noregi ágæt í fyrra. En það er líka markaður fyrir smærri loðnu en hann er mun minni. Engar birgðir eru til af slíkri loðnu og getum við þar af leiðandi tekið við nokkru magni. Þessi loðna er þídd upp og lausfryst fyrir djúpsteikingu."

Loðnuhrognamarkaður í ójafnvægi.

„Þá er næst að nefna loðnuhrogn, en markaðurinn fyrir þau er mjög erfiður. Enn eru til óseldar birgðir og framleiðsla Íslendinga og Norðmanna í fyrra nam tvöfaldri ársneyslu Japana. Aðstaðan er því erfið. Bæði löndin geta framleitt áfram álíka mikið magn. Það verður ekkert vit í þessu fyrr en aftur kemst á jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar, þ.e. ef menn vilja fá viðunandi verð fyrir hrognin. Vel getur verið að náist einhver samstaða við Norðmenn um magnið ef ekki verður um verðstríð að ræða. Þeir sem hafa bestu aðstöðuna, eiga bátana o.s.frv., geta staðið í að bjóða niður, aðrir ekki. Í Noregi væru það helst frystitogarar sem gætu staðist slíka verðlækkun, landfrystingin getur það ekki. Endanlegt verð ræðst eftir á og verður háð því hversu margir yrðu reiðubúnir að taka áhættuna."

Krydduð þorskhrogn.

„Mjög áhugaverð tilraun var gerð á síðasta ári með krydduð þorskhrogn fyrir Japansmarkað. Þau eru þídd, kryddblönduð og pökkuð fyrir kaupanda í Japan sem matbýr þetta næstum að segja á borð neytenda. Þá er þetta orðið sambærilegt hrognum Alaska-ufsans sem eru mjög dýr og skortur er á. Við vitum ekki enn hvert framhaldið verður, en trúlega verður ekki selt eins mikið magn og á sl. ári. Á móti held ég að við gætum selt meira af frystum iðnaðarhrognum."

Meiri markaður fyrir blástursfrysta síld.

„Um síldina er það að segja að markaðsstaðan var mjög erfið þegar við fórum í samn-

ingana í september sl. Það var svo mikið framboð frá Íslandi í fyrra. Birgðir voru til alveg fram á sumar og þær voru að lokum seldar á niðursettu verði. Í fyrra var offramboð. Nú er framboð of lítið og í haust held ég að verði komið gott jafnvægi og að verðið verði vel viðunandi. Einn framleiðandi blástursfrystir fyrir okkur síld. Ég vildi gjarnan sjá meira af síld sem þannig er fryst því markaður fyrir pönnufrysta síld er eiginlega mettaður. Það er bara ákveðinn markaður fyrir pönnufrysta síld og sá markaður er mettaður. Ef við viljum auka magn af síld á Japansmarkað verðum við að blástursfrysta hana. Þetta er möguleiki sem Norðmenn hafa nýtt sér vel. Það er leitt að menn hafa ekki séð þennan möguleika hér. Ástæðan er hugsanlega sú að menn hafa ekki not fyrir slík frystitæki nema fyrir síldina. Einnig má nefna ágætan markað fyrir síldarflök, svokölluð fiðrildi. Menn vilja nákvæma stærðarflokkun og raðað í öskjurnar. Við erum alltaf í samkeppni við Norðmenn sem kunna að gera þetta."

Nýjar tegundir.

Hvernig ætli Helga lítist á að selja nýjar fisktegundir á Japansmarkaði?

„Í aðalatriðum tekur markaðurinn í Japan við öllum tegundum fisks. Við getum eflt markaðinn fyrir flatfisk og aðstaða okkar er góð til þess að sinna þessu þótt magnið sé e.t.v. ekki mikið til að byrja með. Langhali gæti t.d. vel komið til greina vegna þess hve holdið er hvítt. Við höfum sent dálítið á markaðinn í tilraunaskyni. Og gulllax gæti verið ágætur sem súrimi. Nú er orðið þægilegra að koma í verð ýmislegu af þessum toga eftir að opnuð var söluskrifstofa hér. Við getum tekið inn alls kyns tegundir á eigin nafni, sett í vörugeymslur. Með því að leyfa mörgum að prófa gætum við fikrað okkur áfram með markaðinn. Þetta er kannski kostur sem við höfum fram yfir aðra. Hafi einhver framleiðandi hug á að róa á ný mið, vinna nýjar fisktegundir, er sjálfsagt að reyna fyrir sér á Japansmarkaði."

Tævan.

„Á Tævan er sterkur markaður fyrir grálúðu sem reynir að klípa í Japansmarkaðinn. Þeir hafa ekki keypt 1–2 kílóa grálúðu, en ef þeir fara að gera það er hætt við að mjög dragi úr framboði í Japan. Þetta er nánast spurning um markaðsstefnu því markaðurinn í Japan er auðvitað mjög mikilvægur. Mjög mikilvægt er að flokka og raða vel grálúðu sem fara á til Tævans. Þar er samkeppni við lúðu frá Spáni sem hefur líkað mjög vel og borist í umtalsverðu magni."

Það er í ýmsu að snúast hjá Helga. Eftir 24 klukkustundir verður hann lagður af stað til Japans og því ekki vert að tefja hann lengur.

435. Fyrirspurn [258. mál]

til menntamálaráðherra um kennara og leiðbeinendur í framhaldsskólum.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?

2. Hve margir leiðbeinendur á framhaldsskólastigi starfa við stundakennslu?

Skriflegt svar óskast.

436. Skýrsla [259. mál]

um norrænt samstarf frá janúar 1991 til febrúar 1992.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1.1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild og fastanefndir Norðurlandaráðs.

Alþingi kýs fulltrúa til setu í Norðurlandaráði til eins árs í senn og gildir kosningin frá kjördegi og þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu þingi að því tilskildu að fulltrúar sitji á Alþingi þann tíma. Þann 28. nóvember 1990 voru eftirtaldir þingmenn kosnir til setu í Norðurlandaráði: Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Sighvatur Björgvinsson, Þorsteinn Pálsson, Hjörleifur Guttormsson, Jón Kristjánsson og Hreggviður Jónsson. Varamenn voru kosnir Valgerður Sverrisdóttir, Friðrik Sophusson, Rannveig Guðmundsdóttir, Birgir Ísleifur Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Guðni Ágústsson og Ingi Björn Albertsson. Á fundi 23. janúar 1991 skipti Íslandsdeild þannig með sér verkum að Ólafur G. Einarsson var endurkjörinn formaður Íslandsdeildar og fulltrúi í fjárlaga- og eftirlitsnefnd ráðsins auk þess sem hann var tilnefndur í forsætisnefnd. Páll Pétursson var endurkjörinn varaformaður Íslandsdeildar og í félags- og umhverfismálanefnd auk þess sem hann var tilnefndur í forsætisnefnd. Þorsteinn Pálsson og Hjörleifur Guttormsson voru endurkjörnir í efnahagsmálanefnd, Jón Kristjánsson kjörinn í menningarmálanefnd, Hreggviður Jónsson endurkjörinn í samgöngunefnd og Sighvatur Björgvinsson kjörinn í laganefnd. Hjörleifur Guttormsson og Jón Kristjánsson voru tilnefndir í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt og Ólafur G. Einarsson í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans fyrir tímabilið frá maí 1991 til maí 1993.

Að loknum Alþingiskosningum 20. apríl 1991 og að lokinni myndun ríkisstjórnar urðu þær breytingar að Ólafur G. Einarsson, Sighvatur Björgvinsson, Þorsteinn Pálsson og Hreggviður Jónsson gengu úr Íslandsdeild. Í stað Ólafs G. Einarssonar, Þorsteins Pálssonar og Hreggviðs Jónssonar tilnefndi þingflokkur sjálfstæðismanna í maí 1991 Geir H. Haarde, Árna M. Mathiesen og Sigríði Önnu Þórðardóttur og þingflokkur Alþýðuflokks Rannveigu Guðmundsdóttur í stað Sighvats Björgvinssonar. Í ágúst tilnefndi þingflokkur framsóknarmanna Halldór Ásgrímsson í stað Páls Péturssonar. Við kjör í Íslandsdeild, sem fór fram 24. október 1991, voru þeir sömu sem þegar höfðu verið tilnefndir auk Hjörleifs Guttormssonar og Kristínar Einarsdóttur kosnir fulltrúar í Íslandsdeild. Varamenn voru þá kosnir Sturla Böðvarsson, Karl Steinar Guðnason, Árni Johnsen, Ingi Björn Albertsson, Valgerður Sverrisdóttir, Svavar Gestsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar Íslandsdeildar 5. nóvember 1991 skipti hún þannig með sér verkum að formaður var kosinn Geir H. Haarde og varaformaður Hjörleifur Guttormsson sem einnig var kosinn í efnahagsmálanefnd. Í forsætisnefnd Norðurlandaráðs voru tilnefndir Geir H. Haarde og Halldór Ásgrímsson sem einnig var kosinn í félagsmálanefnd. Sigríður Anna Þórðardóttir var kosin í menningarmálanefnd, Kristín Einarsdóttir í umhverfismálanefnd, Rannveig Guðmundsdóttir í laganefnd og Árni M. Mathiesen í fjárlaganefnd. Geir H. Haarde var tilnefndur í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans út kjörtímabilið í stað Ólafs G. Einarssonar. Árni M. Mathiesen og Kristín Einarsdóttir voru tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. Á fundi Íslandsdeildar 5. desember 1991 var Hjörleifur Guttormsson tilnefndur í kjörnefnd. Á fyrsta fundi deildarinnar voru bókuð þakkarorð til fráfarandi formanns og varaformanns fyrir unnin störf í þágu norræns samstarfs og deildarinnar.

2.2. Fundir Íslandsdeildar og störf.

2.2.1.

Á síðasta starfsári var skipuð nefnd *(skipulagsnefnd Norðurlandaráðs)* af forsætisnefnd Norðurlandaráðs til að gera tillögur um bætt skipulag á starfsemi ráðsins. Formaður nefndarinnar var Bjarne Mörk Eidem sem þá sat í Norðurlandaráði. Fulltrúi Íslandsdeildar í nefndinni var Páll Pétursson. Nefndin skilaði áliti í október 1990. Tillögur hennar voru lagðar fyrir laganefnd Norðurlandaráðs og komu til afgreiðslu á 39. þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn um mánaðamót febrúar og mars 1991. Íslandsdeild hafði fylgst grannt með starfi nefndarinnar og stutt tillögur hennar í aðalatriðum. Á Norðurlandaráðsþinginu gerðist það hins vegar í fyrsta sinn að enginn Íslendingur var tilnefndur formaður í nokkurri af fastanefndunum sex. Í reglum ráðsins höfðu ekki verið ákvæði um að landsdeildirnar fimm skyldu sitja við sama borð hvað það varðar, en nánast verið litið á það sem óskráð lög. Hins vegar kom það skýlaust fram í Helsinki-samningnum að hver landsdeild ætti tvo hinna tíu fulltrúa sem skipuðu forsætisnefnd. Meðal áðurnefndra tillagna skipulagsnefndar voru tillögur um breytingar á Helsinki-sáttmálanum þess efnis að tala fulltrúa í forsætisnefnd yrði eigi lægri en tíu án þess að kveðið yrði á um hver hún yrði hæst. Í ljósi þess að nú var lagt til að nefndarformennska félli ekki í hlut neins Íslendings gerði Íslandsdeild sér ljóst að komið gæti til þess að fulltrúum í forsætisnefnd yrði í framtíðinni fjölgað til muna án þess að Íslendingum þar yrði fjölgað. Íslenski samstarfsráðherrann taldi sér því ekki fært að undirrita þær breytingar á Helsinki-samningnum sem skipulagsnefnd hafði lagt til fyrr en sátt næðist um að binda í reglur ráðsins annars vegar að allar landsdeildir ættu fulltrúa meðal nefndarformanna ráðsins og hins vegar að lögfesta í Helsinki-sáttmálanum að fjöldi fulltrúa í forsætisnefnd væri tíu eða ellefu auk áðurnefndra ákvæða um tvo fulltrúa frá hverri landsdeild. Ákvæðið um að hægt væri að fjölga fulltrúum í forsætisnefnd upp í ellefu var sett inn til að unnt yrði fyrir flokkahóp með minnst sex fulltrúa, sem hefði ekki atkvæðastyrk í neinni landsdeild til að hljóta tilnefningu fulltrúa í forsætisnefnd, að fá þar fulltrúa eigi að síður. Á fundi forseta Alþingis með formanni og varaformanni Íslandsdeildar var staða þessi rædd. Forsetarnir tóku það síðan upp á fundi forseta norrænu þjóðþinganna.

Samkomulag um málið náðist ekki fyrr en um miðjan júní 1991 að undangenginni heimsókn aðalritara forsætisnefndar Norðurlandaráðs til Íslands. Hluti þess samkomulags var þess efnis að forsætisnefnd batt það í reglur kjörnefndar Norðurlandaráðs að allar landsdeildirnar fimm skyldu fá fulltrúa meðal nefndarformanna fastanefnda ráðsins.

Umræddar breytingar á Helsinki-samningnum voru staðfestar á Alþingi með þingsályktun 21. desember 1991 og gengu þær í gildi um mánaðamót janúar og febrúar 1992. Sjá nánar um tillögur skipulagsnefndar í skýrslu Íslandsdeildar um starfsemina 1991, tölulið 2.2.9.

2.2.2.

Að tillögu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs bauð Alþingi Íslendinga *formanni utanríkismálanefndar Litáen, Emannuelis Zingieris,* til Íslands til viðræðna í janúar 1991. Þann 23. janúar átti hann fund með Íslandsdeild. Tilefni heimsóknarinnar var að kynna málstað Litáens í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Hann lýsti á fundinum aðgerðum fulltrúa Sovétríkjanna til að koma í veg fyrir frjálsa fjölmiðlun í Litáen. Hann kvað stuðning Íslendinga við málstað þjóðar sinnar mikilvægan þar sem hann gæti leitt til þess að fleiri fylgdu á eftir. Hann kvað menningarlegt samstarf Eystrasaltsríkjanna við Norðurlönd áhugaverðara en við stærri ríki og vísaði til sögulegrar reynslu því til stuðnings. Þess vegna sæktu þeir á um samstarf við Norðurlandaráð og hefðu mikinn áhuga á að senda fólk til náms á Norðurlöndum. Hann lagði ríka áherslu á nauðsyn þess að Norðurlönd ásamt öðrum Vestur-Evrópuríkjum ynnu að því að lýðræðisöflin fengju að þróast alls staðar í Sovétríkjunum.

2.2.3.

Vegna alþingiskosninganna 20. apríl 1991 stóð Íslandsdeild Norðurlandaráðs að *kosningafundi í Kaupmannahöfn* 24. febrúar 1991. Var það gert að beiðni íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn. Frummælendur voru einn frá hverjum flokki og fundargestir um 40. Fundurinn stóð í fjórar klukkustundir.

2.2.4.

Húsnæðismál Norrænu eldfjallastöðvarinnar í Reykjavík voru til umræðu bæði á fundi Íslandsdeildar með Júlíusi Sólnes samstarfsráðherra og á öðrum fundum. Ástæður þess voru þær að forstöðumaður stöðvarinnar hafði lýst áhyggjum sínum yfir því að íslenska ríkið stæði ekki við þau loforð sem ráðherranefnd Norðurlanda hefðu verið gefin um hentugt húsnæði. Náðst hefði samkomulag um að eldfjallastöðin fengi aðstöðu í jarðfræðahúsi því sem til hefði staðið að hefja framkvæmdir við á árinu. Nú væri ljóst að framkvæmdir við jarðfræðahúsið drægjust og því engin lausn í sjónmáli á vanda eldfjallastöðvarinnar. Hætta gæti jafnvel verið á því að ráðherranefndin drægi til baka fjárveitingar vegna þessa. Íslandsdeild lagði áherslu á að ríkisstjórnin leysti vandamál þetta.

2.2.5.

Túlkun af og á íslensku á fundum og þingum Norðurlandaráðs var til umræðu á fundum deildarinnnar á starfsárinu og voru fulltrúar sammála um að ekki væri rétt að taka upp þá almennu reglu að túlka af og á íslensku á þingum og fundum ráðsins en það ætti hins vegar að vera mögulegt hvenær sem þess væri óskað. Málið er nú komið í það horf að íslenska verður túlkuð verði þess óskað í tæka tíð fyrir þing ráðsins og gildir það sama væntanlega um nefndarfundi.

2.2.6.

Fulltrúi frá Íslandsdeild sótti 16. maí 1991 fund sem haldinn var í Norræna húsinu til kynningar á *starfsemi NORDJOBB* árið 1991 hér á landi. 110 íslenskir unglingar fóru til

annarra norrænna landa á síðasta ári og 101 unglingur kom hingað til starfa. Starfsemin gengur vel og er framkvæmdin á hendi Norræna félagsins, en norræna ráðherranefndin styrkir starfsemina með árlegum fjárframlögum auk þess sem fjárframlag er veitt á fjárlögum allra norrænu ríkjanna.

2.2.7.

Til Íslandsdeildar sem og annarra landsdeilda Norðurlandaráðs var vísað tillögum, sem lagðar höfðu verið fyrir Norðurlandaráð, um *nýjar reglur um ritstjórn tímaritsins Nordisk Kontakt*. Eftir umfjöllun í landsdeildum var þó ákveðið að breyta í engu núverandi skipan þess efnis að landsdeildir ráði ritstjóra.

2.2.8.

Þann 13. janúar 1992 bauð *Eiður Guðnason*, samstarfsráðherra Norðurlanda, Íslandsdeild Norðurlandaráðs til fundar til að ræða stöðu samstarfsins. Einnig sótti fundinn Matthías Á. Mathiesen sem er fulltrúi forsætisráðherra í nefnd skipaðri fulltrúum forsætisráðherra Norðurlanda sem á að gera úttekt á norrænu samstarfi í ljósi breyttra tengsla Norðurlandaríkjanna við Evrópubandalagið. Matthías skýrði frá því starfi sem þegar hefði verið unnið í nefndinni. Aðalumræðuefni fundarins var *ráðherranefndartillagan „Norden efter 1992"* sem lögð verður fyrir næsta Norðurlandaráðsþing.

Á fundinum kom einnig fram að norræn upplýsingaskrifstofa í Vilnius yrði opnuð formlega af Eiði Guðnasyni 23. janúar 1992. Þeirri hugmynd var hreyft að hagkvæmt gæti orðið fyrir Íslendinga að gera norrænu upplýsingaskrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum að sameiginlegum sendiráðum norrænu ríkjanna þar.

2.2.9.

Norrænir fréttamannastyrkir voru á starfsárinu veittir fréttamönnum á Norðurlöndum að venju. Úthlutað var til fréttamanna hér jafnvirði 70.000 SEK. Styrkirnir voru auglýstir í fréttabréfi Blaðamannafélagsins, Blaðamanninum. Eftirtaldir fréttamenn fengu styrki: Ragnar Karlsson 18.000 SEK, Ágúst Ingi Jónsson 20.000 SEK, Sævar Guðbjörnsson 13.000 SEK og Árni Þórður Jónsson 13.000 SEK.

2.2.10.

Í tilefni 40 ára afmælis Norðurlandaráðs á árinu 1992 var ákveðið að gera *sameiginlegt kynningarátak* í skólunum í samstarfi við samtök sem starfa í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og hafa það markmið að auka notkun dagblaða við kennslu í skólum. Þar sem slík samtök eru ekki til á Íslandi hefur skrifstofa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs tekið upp samstarf um verkefni þetta við nýskipaðan norrænan skólaráðgjafa sem starfar í Norræna húsinu. Verkefnið hefur þegar verið kynnt fræðslustjórum landsins og í vor, þegar efnið liggur fyrir, verður farið í öll fræðsluumdæmi landsins og kennurum kynnt notkun þess.

2.2.11.

Á starfsárinu leituðu kennarar og aðrir nokkuð til skrifstofu Íslandsdeildar um *námsgögn um ýmsa þætti norræns samstarfs og um almennar upplýsingar*, aðallega varðandi norrænar styrkveitingar. Það háir upplýsingastarfinu helst að framleiðsla upplýsingagagna hjá aðalskrifstofu Norðurlandaráðs í Stokkhólmi er ekki nægileg. Leitað er og til skrifstofunnar um fyrirlestrahald bæði fulltrúa og starfsfólks Íslandsdeildar og er slík-

um umleitunum sinnt eftir bestu getu. Ritari Íslandsdeildar tók þátt í kynningu á norrænu samstarfi og starfsemi Norðurlandaráðs á vegum stjórnsýslufræðslunnar 7. nóvember sl. Þar var jafnframt stutt kennsla í notkun dönsku, norsku og sænsku í norrænu samstarfi.

2.2.12.

Tvær fastanefndir héldu fundi á Íslandi sumarið 1991, efnahagsmálanefnd í Vestmannaeyjum dagana 25.–28. júní og menningarmálanefnd á Akureyri 6.–10. ágúst.

Skrifstofa Íslandsdeildar undirbjó og skipulagði fundi þessa.

2.2.13.

Í byrjun febrúar 1992 var gefinn út lítill kynningarbæklingur um Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Honum verður m.a. dreift til þeirra aðila sem fá námsefni það sem útgefið er sem hluti þess sameiginlega norræna kynningarátaks sem fjallað er um undir lið 2.2.11.

2.2.14.

Dagana 22. og 23. janúar 1992 hélt *dómnefnd um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs* fund á Íslandi til að ákveða hver hlyti verðlaunin árið 1992. Ákveðið var að Fríða Á. Sigurðardóttir rithöfundur hlyti verðlaunin fyrir bók sína „Meðan nóttin líður". Var sá fundur einnig skipulagður af skrifstofu Íslandsdeildar.

Íslensku fulltrúarnir í dómnefndinni, sem báðir eru skipaðir af menntamálaráðherra, voru Dagný Kristjánsdóttir lektor og Sigurður A. Magnússon rithöfundur.

Verðlaunin verða afhent af forseta Norðurlandaráðs við hátíðlega athöfn í tengslum við 40. þing Norðurlandaráðs.

3. Störf Norðurlandaráðs árið 1991.

3.1. Inngangur.

Umræður um Evrópumálin og áhrif þróunarinnar í Evrópu á framtíð Norðurlandaráðs hafa einkennt störf ráðsins öðru fremur á árinu 1991. Tengsl Norðurlandaráðs við aðrar alþjóðlegar stofnanir hafa aukist. Forsætisnefnd gerði starfsáætlun um samstarfið við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu og var sú áætlun lögð fyrir 39. þing ráðsins í Kaupmannahöfn. Fyrir 4. aukaþing ráðsins í nóvember 1991 lagði forsætisnefnd fram tillögur sínar um framtíðarverkefni Norðurlandaráðs. Þær tillögur lágu til grundvallar almennu umræðunum á aukaþinginu.

3.2. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

3.2.1.

Í forsætisnefnd Norðurlandaráðs sátu 10 fulltrúar síðasta ár, tveir frá hverri landsdeild. Síðan á 38. þingi ráðsins hefur einnig átt þar sæti áheyrnarfulltrúi frá flokkahópi vinstri sósíalista.

Á 39. þingi ráðsins í Kaupmannahöfn var Anker Jørgensen kjörinn forseti Norðurlandaráðs. Þar voru og Páll Pétursson og Ólafur G. Einarsson kjörnir í forsætisnefnd í samræmi við tilnefningu Íslandsdeildar. Aðrir í forsætisnefnd voru Ivar Hansen frá Danmörku, Elsi Hetemäki-Olander og Mats Nyby frá Finnlandi, Kirsti Kolle Grøndahl og Jan P. Syse frá Noregi, Grethe Lundblad og Karin Söder frá Svíþjóð. Sumarið 1991 tók Geir H. Haarde við sæti Ólafs og Halldór Ásgrímsson við sæti Páls, sjá nánar um það í lið 1.1.

Forsætisnefnd hélt 13 fundi á árinu 1991. Auk þess tók nefndin þátt í tveimur fundum með forsætisráðherrum Norðurlanda, þeim fyrri í tengslum við 39. þing ráðsins og þeim síðari í tengslum við 4. aukaþing þess í Mariehamn. Aðalefni fundanna var þróunin í Evrópu og áhrif hennar á norrænt samstarf. Á síðari fundinum tilkynntu forsætisráðherrarnir að þeir mundu skipa nefnd til að kanna og leggja fram tillögur um framtíð norræns samstarfs. Fulltrúi forsætisráðherra Íslands í nefndinni er Matthías Á. Mathiesen fyrrv. utanríkisráðherra og fyrrv. forseti Norðurlandaráðs.

3.2.2.

Forsætisnefnd áréttaði á starfsárinu bæði bréflega og munnlega á fundum með samstarfsráðherrum og forsætisráðherrum þörf þess að *í drögin að samningi um Evrópskt efnahagssvæði yrðu sett ákvæði sem tryggðu að norrænt samstarf yrði mögulegt þrátt fyrir samningana um Evrópskt efnahagssvæði.* Forsætisnefnd átti á starfsárinu þrjá fundi með norrænu samstarfsráðherrunum. Á þeim var að venju fjallað um þær samþykktir sem ráðið gerði á síðasta þingi og um undirbúning þess næsta. Á þessum fundum var einnig lögð rík áhersla á Evrópumálin, framtíð norræns samstarfs, samstarf við Eystrasaltsríkin og framtíðarskipan Norðurlandaráðs.

3.2.3.

Fyrir aukaþing Norðurlandaráðs í Mariehamn samþykkti forsætisnefnd *ályktun um norrænt samstarf eftir 1992.* Þessi ályktun lá ásamt nokkrum tillögum til grundvallar umræðnanna á aukaþinginu þar sem samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um Norðurlönd eftir 1992 var ekki fram komin. Það mat forsætisnefndar kom fram í samþykktinni að eitt meginmarkmið norræns samstarfs ætti að vera að skapa sameiginlegan norrænan heimamarkað á sviði efnahags- og orkumála og samgöngumála, auk menningar- og menntamála í þeim tilgangi að styrkja Norðurlönd inn á við. Þar kom og fram að markmið norræns samstarfs ætti að vera að auka áhrif Norðurlanda á þróun mála í Evrópu. Forsætisnefnd telur því að sérstaka áherslu beri að leggja á samstarf um menningarmál, réttindi norrænna borgara, stefnu í Evrópumálum, atvinnumál og umhverfismál. Rík áhersla er lögð á að norrænu ríkin hafi sameiginlega afstöðu á alþjóðavettvangi og auki samstarf sitt við önnur svæði í Evrópu, t.d. Eystrasaltsríkin, nyrstu svæði Evrópu og Ameríku og Benelúx-löndin. Til að ná þessum markmiðum taldi forsætisnefnd nauðsynlegt að norrænu fjárlögin yrðu hækkuð. Forsætisnefnd taldi og nauðsynlegt að forsætisráðherrar norrænu ríkjanna tækju meiri þátt í norræna samstarfinu og héldu reglubundið sameiginlega fundi. Forsætisnefnd beindi þeim tilmælum til forsætisráðherranna að þeir tækju afstöðu til þess hvernig koma ætti í framkvæmd þeim tilmælum ráðsins að utanríkis- og utanríkisviðskiptaráðherrar landanna héldu fundi sem norræn ráðherranefnd. Forsætisnefnd taldi og eðlilegt að samræma starf skrifstofu forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi og skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda í Kaupmannahöfn. Í áðurnefndri ályktun kom fram sú skoðun forsætisnefndar að Norðurlandaráð ætti að hafa ákvörðunarvald um skiptingu norrænu fjárlaganna innan þess ramma sem ráðherranefndin setti. Forsætisnefnd telur í ályktuninni að utanríkis- og varnarmál, að því marki sem hagsmunir ríkjanna falla saman, skuli vera norræn samstarfsmál. Forsætisnefnd telur eðlilegt að þær tillögur, sem hún lagði fram í ályktuninni, leiði til breytinga á Helsinki-samningnum.

3.2.4.

Dagana 14. og 15. október 1991 hélt forsætisnefnd Norðurlandaráðs *alþjóðlega þing-*

mannaráðstefnu um orkumál Evrópu, m.a. með þátttöku frá Austur-Evrópuríkjunum. Ráðstefnan var haldin í Ósló. Hana sóttu fulltrúar 20 þjóðþinga auk fulltrúa ýmissa alþjóðastofnana. Meðal umræðuefna ráðstefnunnar var sameiginlegur orkumarkaður í Evrópu, umhverfisáhrif orkunotkunar og evrópsk orkuáætlun. Samþykkt var ítarlegt lokaskjal frá ráðstefnunni.

Af hálfu Íslands sóttu alþingismennirnir Hjörleifur Guttormsson og Tómas Ingi Olrich ráðstefnuna. Hjörleifur flutti á ráðstefnunni tillögu um að horfið yrði frá framleiðslu og notkun kjarnorku í orkubúskap fyrir árið 2020, en hún fékk ekki hljómgrunn meiri hluta á ráðstefnunni.

3.2.5.

Á starfsárinu jukust *alþjóðleg samskipti forsætisnefndar* og var það í samræmi við starfsáætlun forsætisnefndar um alþjóðlegt samstarf ráðsins 1990–1992.

Í febrúar og mars 1991 voru fulltrúar frá Norðurlandaráði í Eystrasaltsríkjunum þegar *þjóðaratkvæðagreiðslur fóru þar fram um sjálfstæði ríkjanna.*

Í september 1991 hitti *forsætisnefnd fulltrúa þjóðþinga Eystrasaltsríkjanna.* Voru þar m.a. ræddir möguleikar þess að stofna Eystrasaltsríkjaráð sem þingmenn ættu sæti í.

Ákveðið var að stofnaður yrði sameiginlegur vinnuhópur til að undirbúa *samstarf Norðurlandaráðs og hins fyrirhugaða Eystrasaltsríkjaráðs.*

Í maí 1991 var haldinn fundur forsætisnefndar og fulltrúa nefndar Evrópuþingsins um samstarf við Ísland, Svíþjóð, Finnland og Norðurlandaráð.

Í júní 1991 stóðu *Norðurlandaráð og Evrópuráðið* sameiginlega að *ráðstefnu um byggðamál.*

Í janúar 1992 sóttu fulltrúar Norðurlandaráðs stofnfund hins nýja *Eystrasaltsríkjaráðs* í Riga. Fulltrúar ráðsins voru þingmennirnir Halldór Ásgrímsson og Jan P. Syse.

3.2.6.

Fjárveitingar til skrifstofu Norðurlandaráðs í Stokkhólmi námu árið 1991 u.þ.b. 34 milljónum sænskra króna. Þar eru nú 34 starfsmenn. Greiðslur landanna fara eftir hlutdeild þeirra í vergri þjóðarframleiðslu landanna í heild. Hlutdeild Íslands var árið 1991 1,1%.

3.3.

Þingmenn í Norðurlandaráði starfa flestir í *norrænum þingflokkum* eða *flokkahópum.* Þessir norrænu flokkahópar eru nú fimm talsins, hópur sósíaldemókratískra flokka, hópur miðflokka, hópur íhaldsflokka, hópur vinstri sósíalista og flokkahópur frjálslyndra. Flokkahóparnir fá fjárveitingar af fjárlögum Norðurlandaráðs, annars vegar ákveðna grunnupphæð á hvern hóp og hins vegar upphæð í hlutfalli við fjölda fulltrúa. Hver flokkahópur hefur ritara sér til aðstoðar.

3.4. Nefndir ráðsins.

3.4.1. Laganefnd.

Í laganefnd sitja 13 fulltrúar. Formaður nefndarinnar til loka 39. þings ráðsins var Sighvatur Björgvinsson alþingismaður og varaformaður danski þingmaðurinn Helge Adam Møller. Á 39. þingi var Helge Adam Møller kosinn formaður og sænski þingmaðurinn Lennart Andersson varaformaður. Lahja Exner tók við varaformennsku af Lennart Andersson í nóvember 1991 þar eð hann lét af þingmennsku.

Að loknum alþingiskosningum í apríl 1991 tók Rannveig Guðmundsdóttir sæti Sighvats í nefndinni.

Laganefnd hélt sjö fundi á starfsárinu auk eins fundar með norrænu dómsmálaráðherrunum. Á þeim fundi, sem haldinn var 12. nóvember 1991, var m.a. rætt um aðgerðir til að halda norræna samningnum um frjálsa för án vegabréfs milli Norðurlanda í gildi eftir að landamærin milli Evrópubandalagsríkjanna hafa verið opnuð. Einnig var rætt um hvaða áhrif samningur um Evrópskt efnahagssvæði hefði fyrir norrænt löggjafarsamstarf og kynntu dómsmálaráðherrar áætlun sína um fyrirhugað löggjafarsamstarf næstu ár. Einnig tók nefndin til umræðu hvert væri skipulag samstarfs lögregluyfirvalda á Norðurlöndum þegar slys bæri að höndum sem tengdust fleiri löndum en einu eða við leit að brotamönnum sem komist hefðu til annars lands en þess sem brotið hefði verið framið í. Þar kom fram að samstarf lögreglunnar byggðist m.a. á samningi milli norrænu ríkjanna frá 1972 og að það væri víðtækt og gengi vel. Samkvæmt samningnum væri heimilt að lögreglan í viðkomandi umdæmi hefði beint samband við lögregluna í umdæmi annars lands. Á fundinum með dómsmálaráðherrunum var einnig fjallað um möguleika þess að samræma löggjöf landanna um aðgerðir gegn ofbeldi gagnvart börnum. Það var samdóma álit að frekari aðgerða væri þörf til að sporna við ofbeldi gagnvart börnum og að gæta þyrfti þess að öll börn án tillits til þjóðernis hlytu sams konar vernd. Umfjöllun um tillögur skipulagsnefndar Norðurlandaráðs var aðalverkefni nefndarinnar fram að 39. þingi ráðsins. Nefndin lagði m.a. til að áhrif Norðurlandaráðs á fjárlögin yrðu aukin, ákveði um alþjóðlegt samstarf yrðu færð inn í Helsinki-samninginn og að embætti norræns umboðsmanns yrði stofnað.

Eftir 39. þing ráðsins hefur aukið alþjóðastarf Norðurlandaráðs einnig mótað störf laganefndar. Nefndin hefur fylgst með samningaviðræðunum um Evrópskt efnahagssvæði að því marki sem þær hafa verið innan starfsvettvangs nefndarinnar. Þróunin í Eystrasaltsríkjunum hefur og verið ofarlega á baugi.

Nefndin fjallaði á starfsárinu m.a. um þingmannatillögur um skipulag samstarfsins, um að halda skyldi tvö regluleg þing á ári, um barnavernd á Norðurlöndum, um aðild Eystrasaltsríkjanna að Norðurlandaráði og um að Norðurlönd tækju upp stjórnmálasamband við Eystrasaltsríkin, um norrænt samstarf á sviði gentækni og um norrænan milliríkjasamning um líf- og gentækni og um að norrænir ríkisborgarar fengju rétt til að taka þátt í þingkosningum í því norræna landi þar sem þeir eru búsettir.

Á dagskrá nefndarinnar voru tvær ráðherranefndartillögur sem hlutu stuðning nefndarinnar. Önnur var um stofnun rannsóknaráðs á sviði Evrópuréttar og hin um að haldið yrði norrænt kvennaþing, NORDISK FORUM, árið 1994.

Formaður og varaformaður laganefndar heimsóttu skrifstofur Evrópuþingsins í Brussel í janúar 1991 til að kynna sér hvernig nefndastörf Evrópuþingsins færu fram.

Í desember 1991 heimsóttu formaður og varaformaður nefndarinnar þjóðþing Eystrasaltsríkjanna og áttu fundi með löggjafarnefndum þingsins. Þingmenn í Eystrasaltsríkjunum höfðu mikinn áhuga á samstarfi um löggjafarmál.

3.4.2. Menningarmálanefnd.

Í menningarmálanefnd sitja 13 fulltrúar. Formaður nefndarinnar til loka 39. þings ráðsins var danski þingmaðurinn J.K. Hansen og Jón Kristjánsson varaformaður. Þá tók norski þingmaðurinn Thea Knutzen við formennsku og sænski þingmaðurinn Gunnar Björk við varaformennsku. Í nóvember tók Marianne Andersson við varaformennsku er

Gunnar Björk varð staðgengill samstarfsráðherra Svíþjóðar. Sigríður Anna Þórðardóttir tók sæti Jóns Kristjánssonar í nefndinni 5. nóvember 1991.

Menningarmálanefnd hélt sjö fundi á starfsárinu auk eins fundar með menningar- og menntamálaráðherrum Norðurlanda. Á fundi nefndarinnar hafa einnig komið sérfræðingar sem gefið hafa upplýsingar um ýmis verkefni og áætlanir bæði á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og Evrópubandalagsins. Á fundi nefndarinnar í september bauð nefndin fulltrúum allmargra norrænna stofnana sem kynntu starfsemi sína.

Í samræmi við efni tillögu frá Norðurlandaráði samþykkti ráðherranefndin á árinu 1991 samstarfsáætlun um breytingar á fjármögnun og skipulagi norrænna stofnana o.fl. Samkvæmt áætluninni mun Norðurlandaráð fylgjast með starfinu og fær m.a. til umfjöllunar skýrslu þá sem gerð verður um allt tímabilið 1991–1994. Leiði starfið til þess að ákvörðun þurfi að taka um að leggja niður einhverjar norrænar stofnanir verður tillaga þess efnis lögð fyrir Norðurlandaráð sem ráðherranefndartillaga.

Á fundi nefndarinnar með menntamálaráðherrum landanna lagði nefndin til að í stað nýrrar áætlunar um menningarmál, þegar sú áætlun, sem nú er starfað eftir, rennur út 1992, yrði gerður forgangslisti um þau verkefni sem unnið yrði að. Á árinu 1991 hefur ráðherranefndin unnið að gerð skýrslu um framkvæmd menningarmálaáætlunarinnar og forgangslista sem síðan verður unnið eftir.

Menningarmálanefnd ákvað á sumarfundi sínum á Íslandi að skipta sér í þrjá vinnuhópa og skyldi einn þeirra kynna sér sérstaklega samstarfsmöguleika við þær nefndir Evrópuþingsins sem fjalla um sömu málaflokka og menningarmálanefnd, annar skyldi kynna sér störf Evrópuráðsins á sviði menningar, rannsókna, menntunar og fjölmiðla og sá þriðji samstarf við Eystrasaltsríkin. Vinnuhóparnir skulu hafa lokið starfi sínu í janúar 1993. Sá vinnuhópur, sem skyldi kynna sér störf Evrópuþingsins, fór í kynnisför til höfuðstöðva Evrópubandalagsins og ræddi hópurinn m.a. við menningarmálanefnd Evrópuþingsins og fulltrúa annarra nefnda þess sem fara með sömu mál og menningarmálanefnd. Einnig ræddi hópurinn við sendiherra Íslands, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hjá Evrópubandalaginu. Sigríður Anna Þórðardóttir, sem starfar í vinnuhópnum um samstarf við nefndir Evrópuþingsins, tók þátt í ferðinni.

Menningarmálanefnd lagði á starfsárinu eins og undanfarin ár áherslu á mikilvægi norræns samstarfs um sjónvarpssendingar milli landanna. Nefndin lýsti eftir pólitískum vilja menntamálaráðherra landanna til að leysa þau vandamál, sérstaklega varðandi höfundarétt, sem koma í veg fyrir að unnt sé að senda sjónvarpsefni í einhverjum mæli milli landanna. Því var haldinn í janúar 1992 samráðsfundur sem fulltrúar sjónvarpsstöðva, höfundaréttarhafa, embættismannanefndarinnar sem fjallar um mál þessi og menningarmálanefnd sátu til að varpa ljósi á við hvaða vanda væri að etja.

Nefndin fjallaði um sex þingmannatillögur á starfsárinu. Efni þeirra varðaði m.a. samstarf náttúrufræðisafna á Norðurlöndum, markvissari umferðarfræðslu í grunnskólum, höfundarétt við sjónvarpssendingar milli Norðurlanda og auknar sjónvarps- og útvarpssendingar milli Norðurlanda. Til nefndarinnar var vísað einni ráðherranefndartillögu og var hún um aukna fullorðinsfræðslu.

3.4.3. Félagsmálanefnd.

Nafn nefndarinnar breyttist í maí 1991 úr félags- og umhverfismálanefnd í félagsmálanefnd samhliða því sem meðferð umhverfismála fluttist frá henni til þeirrar nefndar sem fram að þeim tíma hafði heitið samgöngumálanefnd, en fékk þá nafnið umhverfismálanefnd. Voru þessar breytingar hluti þeirra tillagna skipulagsnefndar Norðurlanda-

ráðs sem samþykktar voru á 39. þingi ráðsins. Í nefndinni sitja 13 þingmenn. Formaður nefndarinnar til loka 39. þings ráðsins var finnski þingmaðurinn Marjatta Väänänen en þá tók sænski þingmaðurinn Lena Öhrsvik við. Varaformaður allan tímann var norski þingmaðurinn Svein Alsaker.

Páll Pétursson sat í nefndinni fram að 17. maí 1991 þegar Sigríður Anna Þórðardóttir tók við sæti hans. Þann 5. nóvember sama ár tók síðan Halldór Ásgrímsson við sæti Sigríðar Önnu í nefndinni.

Nefndin hélt fjóra fundi á árinu 1991 auk eins fundar með umhverfisráðherrum Norðurlanda og eins með atvinnumálaráðherrum.

Nefndin lauk umfjöllun sinni um *umhverfismál* með því að leggja til að þing Norðurlandaráðs samþykkti þingmannatillögur sem legið höfðu fyrir nefndinni um m.a. aukið norrænt samstarf um tölfræði á sviði umhverfismála og um mat á þjóðarframleiðslu með tilliti til umhverfisþátta og náttúruauðlinda. Fyrsti flutningsmaður tillögu þessarar var Hjörleifur Guttormsson. Nefndin lagði og til við þingið samþykkt fimm tillagna um skuldbindandi samstarf um umhverfismál á Eystrasaltssvæðinu. Þessar tillögur áttu að stórum hluta rót sína að rekja til ferðar sem fulltrúar nefndarinnar fóru í nóvember 1990 til Eystrasaltsríkjanna og svæðisins kringum Sankti Pétursborg. Á sumarfundi sínum í júní 1991 fór öll nefndin í stutta heimsókn til Kólaskaga þar sem hún kynnti sér þau skaðlegu áhrif á heilsu og umhverfi sem námagröftur þar hefur.

Nefndin hefur og beitt sér fyrir auknu samstarfi við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu á *sviði félags- og heilbrigðismála* og fjallaði á árinu um þingmannatillögu þar sem m.a. var lagt til að Norðurlönd gerðust sameiginlega aðilar að starfsáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, EUROHEALTH, og að þau stuðluðu með beinum aðgerðum að nauðsynlegum fjárfestingum á heilbrigðissviði í Eystrasaltsríkjunum og Austur-Evrópu.

Á 39. þingi ráðsins voru samþykkt tilmæli um staðla fyrir lágmarksþjónustu við fatlaða, norrænt gigtarár 1992 og sameiginlegar norrænar reglur um brunavarnir.

Nefndin starfar eftir eigin starfsáætlun um þjónustu við fatlaða og á í því sambandi samstarf við samtök fatlaðra á Norðurlöndum. Á fyrsta ársfjórðungi 1992 stendur til að nefndin eigi fundi með öðrum nefndum ráðsins til að fjalla sameiginlega um þær tillögur varðandi fatlaða sem heyra undir fleiri nefndir en félagsmálanefnd.

Á 40. þingi ráðsins leggur nefndin m.a. fram tillögu um stofnun fyrir rannsóknir um kynhverfa.

Nýtt svið, sem færðist til félagsmálanefndar samtímis því sem nafn hennar breyttist, var *húsnæðissvið*. Ráðherranefnd hefur lagt fram samstarfsáætlun um húsnæðis- og byggingarmál sem er til umfjöllunar í félagsmálanefnd en verður lögð fyrir 40. þing ráðsins í Helsinki. Tvær þingmannatillögur, sem liggja fyrir nefndinni, önnur um norrænt samstarf um stefnu í húsnæðismálum og hin um úttekt á húsnæðismálum og samkeppni á byggingarmarkaðnum á Norðurlöndum, verða lagðar fyrir 40. þing ráðsins.

Á sumarfundi nefndarinnar var kynning á málefnum varðandi *atvinnumarkaðinn á Norðurlöndum* og var þá sérstök áhersla lögð á upplýsingar um atvinnuleysi meðal ungs fólks. Á fundi nefndarinnar með atvinnumálaráðherrum Norðurlanda var rætt sérstaklega um atvinnuleysi meðal ungs fólks og vandamál samfara langvarandi atvinnuleysi. Þeirri spurningu var þá beint til ráðherranna hvort aðgerðir gegn atvinnuleysi á Norðurlöndum drægjust ekki saman þegar norræna samstarfsáætlunin um efnahagsmál félli úr gildi 1992. Af hálfu ráðherranna var því svarað til að fjárveitingum til slíkra aðgerða yrði þá fundinn staður á norrænu fjárlögunum 1993.

Þingmannatillaga um „gott atvinnulíf", sem hefur verið til umfjöllunar hjá nefndinni, kemur til afgreiðslu á 40. þingi ráðsins. Í tillögunni er m.a. lagt til að réttur til þátttöku í fullorðinsfræðslu o.fl. verði felldur inn í samninginn um norrænan vinnumarkað. Einnig er lagt til að fengnar verði sameiginlegar tölfræðiupplýsingar um atvinnusjúkdóma, veikindaforföll, eftirlaunamál o.fl. í þeim tilgangi að unnt verði að bregðast sameiginlega við þeim vandamálum. Tvær aðrar tillögur á þessu sviði koma fyrir þingið.

Þingmannatillaga um að styrkja norræna velferðarkerfið, sem nefndin hefur fjallað um á árinu, verður lögð fyrir 40. þing ráðsins. Þar er lagt til að norrænt samstarf um félags- og heilsuverndarmál, atvinnumarkaðsmál og aðbúnað á vinnustöðum verði styrkt í þeim tilgangi að hafa áhrif á þróunina í Evrópu á þessum sviðum. Jafnframt er lagt til í þingmannatillögunni að ráðherranefnd leggi fram samstarfsáætlun um réttindi Norðurlandabúa. Nefndin styður tillögu þessa. Fyrir nefndinni liggur og tillaga um réttindi Norðurlandabúa. Þar er lagt til að ráðherranefndin láti gera lista yfir réttindi Norðurlandabúa, geri könnun á samstarfi yfir landamæri ríkjanna og vinni að því að rutt sé úr vegi hindrunum fyrir slíku samstarfi. Nefndin hefur ekki lokið umfjöllun um þessa tillögu.

Eitt af mikilvægari málum 40. þings ráðsins verður nýr Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi sem ætlunin er að komi í stað samningsins frá 1981 um sama mál. En endurskoðun hans hefur verið gerð með tilliti til fyrirhugaðra samninga um Evrópskt efnahagssvæði.

3.4.4. Umhverfismálanefnd.

Nafn nefndarinnar breyttist í maí 1991 úr samgöngumálanefnd í umhverfismálanefnd samhliða því að meðferð umhverfismála fluttist til hennar frá nefnd þeirri sem þá hét félags- og umhverfismálanefnd. Umhverfismálanefnd fjallar eftir sem áður um umferðar-, öryggismál og samgöngu- og fjarskiptamál. Samfara umhverfismálunum fluttust til nefndarinnar landbúnaðar-, fiskveiði- og byggðamál. Fjöldi fulltrúa í nefndinni er 13.

Nefndin hélt sex fundi á starfsárinu. Formaður fram til 1. mars var sænski þingmaðurinn Elver Jonsson og varaformaður finnski þingmaðurinn Sakari Knuuttila, en þá tók danski þingmaðurinn Dorte Bennedsen við formennsku og Elver Jonsson við varaformennsku.

Hreggviður Jónsson sat í nefndinni fram í apríl er hann lét af þingmennsku og 17. maí tók Páll Pétursson við sæti hans þar. Kristín Einarsdóttir tók síðan sæti í nefndinni 1. nóvember 1992.

Á 39. þingi ráðsins voru afgreiddar átta tillögur sem nefndin hafði fjallað um. Þær voru m.a. um bætta samskiptamöguleika heyrnarskertra, norrænar járnbrautarsamgöngur, strangari reglur um varnir gegn mengun frá umferð, samræmda stefnu Norðurlanda í samgöngumálum og samstarf á sviði samgangna við Eystrasaltsríkin. Allar ofangreindar tillögur voru samþykktar.

Nefndin bauð á árinu ýmsum sérfræðingum og forsvarsmönnum norrænna stofnana til funda sinna og ræddi m.a. við þá um samgöngur yfir Stórabelti, járnbrautarsamgöngur, hreinsun skolps og hafrannsóknastofnunina í Hirtshals.

Í janúar hitti nefndin fulltrúa Helsinki-nefndarinnar sem fer með sáttmála um málefni Eystrasalts, en umhverfismálanefndin hefur ákveðið að mengunarvarnir þar verði forgangsverkefni á umhverfissviði næsta starfsár. Nefndin hélt einnig fundi með umhverfis- og sjávarútvegsráðherrum Norðurlanda í sameiningu þar sem rædd voru ýmis mál sem skarast á þessum tveimur málasviðum. Umhverfisnefndin hefur lagt áherslu á samvinnu milli þessara tveggja ráðherranefnda varðandi verndun og nýtingu auðlinda

hafsins. Á sérstökum fundi með umhverfisráðherrunum var rætt m.a. um mengunarvarnir í Eystrasalti og framkvæmdaáætlun ráðherraráðsins um mengun andrúmslofts. Á fundi með sjávarútvegsráðherrunum var samvinnuáætlun ráðherranna rædd en hana á að leggja fyrir þingið í Helsinki í mars. Samgönguráðherrar Norðurlanda héldu einnig fund með nefndinni og voru rædd ýmis samgöngumál, m.a. um hvernig draga mætti úr mengandi áhrifum umferðar.

Af þingmannatillögum, sem nefndin hefur fjallað um á árinu, koma m.a. til afgreiðslu á 40. þingi ráðsins tillögur um aukna áherslu á svæðisbundið samstarf, um fleiri fríhafnarsvæði á Norðurlöndum og um framtíð Eystrasaltsins. Einnig kemur til afgreiðslu ráðherranefndartillaga um endurskoðaða samstarfsáætlun um sjávarútveg.

3.4.5. Efnahagsmálanefnd.

Samfara þeim breytingum, sem urðu í maí á skiptingu málefna á nefndir ráðsins, fluttust landbúnaðar- og skógræktarmál, sjávarútvegsmál, byggðamál og húsnæðismál frá efnahagsmálanefnd og fulltrúum fækkaði úr 21 í 13. Formaður nefndarinnar fram að lokum 39. þings ráðsins var norski þingmaðurinn Anders Talleraas og varaformaður sænski þingmaðurinn Hans Gustavsson. Þá tók við formennsku finnski þingmaðurinn Gustav Björkstrand og við varaformennsku norski þingmaðurinn Thor-Erik Gulbrandsen. Þann 25. apríl tók finnski þingmaðurinn Anneli Jäätteenmäki við formennsku. Fulltrúar Íslands í nefndinni voru Þorsteinn Pálsson og Hjörleifur Guttormsson. Fulltrúum Íslands fækkaði í einn með þeim skipulagsbreytingum sem gengu í gildi 1. maí og síðan þá hefur Hjörleifur Guttormsson verið fulltrúi landsins þar.

Nefndin hefur nú m.a. það verkefni að fjalla um og samræma sjónarmið ráðsins um Evrópumálin. Umræður um framtíð norræns samstarfs í ljósi þróunarinnar í Evrópu hafa því verið umfangsmiklar á starfsárinu.

Önnur mál, sem hafa verið ofarlega á baugi, eru samstarfið við Eystrasaltsríkin, orkumál og efnahagssamstarf Norðurlanda.

Á fundi nefndarinnar í Vestmannaeyjum í júní 1992 var settur á fót fimm manna vinnuhópur, skipaður einum fulltrúa frá hverju landi og jafnmörgum flokkahópum, til að undirbúa tillögu um eflingu norræns samstarfs eftir 1992. Að loknu umfangsmiklu undirbúningsstarfi lögðu fjórir úr hópnum fram þingmannatillögu um þetta efni. Tillaga þessi lá ásamt nokkrum öðrum tillögum til grundvallar umræðunum á 4. aukaþingi ráðsins í Mariehamn um framtíð norræns samstarfs.

Í janúar 1992 lagði ráðherranefndin fram tillögu um Norðurlönd eftir 1992 og er hún nú til umfjöllunar í efnahagsmálanefnd og öðrum nefndum ráðsins. Skoðanir eru skiptar í efnahagsnefnd um Evrópumálin, áhrif þeirra á norrænt samstarf og viðbrögð Norðurlanda. Í umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram sú skoðun að nota ætti hið sameiginlega norræna gildismat og hina löngu samstarfsreynslu til að styrkja stöðu Norðurlanda í breyttri Evrópu. Eins ætti að styrkja efnahagslegt samstarf landanna því að sterk efnahagsleg staða sé forsenda styrkrar stöðu gagnvart ríkjum meginlandsins. Taka beri meira tillit til umhverfismála, félagsmála og neytendamála við þróun efnahagslífsins en hingað til. Rannsóknir og efling innra skipulags norrænna stofnana, sem starfa á sviði efnahagsmála, séu mikilvægar til að ná settum markmiðum.

Nefndin hefur talið mikilvægt að Norðurlandaráð tæki utanríkismál, þar á meðal markaðsmál, á dagskrá. Því hefur hún lagt til að á þingum ráðsins verði hér eftir sérstakar utanríkismálaumræður sem færu fram á grundvelli skýrslu ráðherranefndar um þau mál.

Efnahagsnefnd hélt á starfsárinu fund með utanríkisviðskiptaráðherrum Norðurlanda og ræddi þá um áhrif samnings um Evrópskt efnahagssvæði á Norðurlönd.

Hjörleifur Guttormsson var annar af tveimur fulltrúum nefndarinnar sem heimsóttu Evrópuþingið og framkvæmdanefnd Evrópubandalagsins á starfsárinu sem fulltrúi nefndarinnar.

Nefndin ræddi á fundi með fjármálaráðherrum Norðurlanda efnahagsástand á Norðurlöndum og framtíð efnahagssamstarfs landanna. Fjármálaráðherrarnir skýrðu frá því að efnahagssamstarfið mundi í framtíðinni ekki byggjast á samstarfsáætlunum heldur verða óformlegt og sveigjanlegt. Áhersla yrði lögð á vandamál sem t.d. varða uppbyggingu atvinnumarkaðsins, rannsóknir og landbúnað.

Nefndin hefur stutt hækkun stofnfjár Norræna fjárfestingarbankans.

Nefndin ræddi á fundi með orkumálaráðherrum landanna í janúar 1991 *stefnu í orkumálum*. Þar komu bæði til umræðu notkun jarðgass og fjármálahlið orkusamstarfsins.

Nefndin tók þátt í alþjóðaráðstefnu forsætisnefndar um orkumál Evrópu í október 1991, sjá einnig lið 3.2.4.

Fram að 39. þingi ráðsins hafði nefndin til meðferðar nokkrar þingmannatillögur um *samstarf við Eystrasaltsríkin*. Nefndin studdi tillögur um aukið samstarf við þau á sviði landbúnaðar-, menningar- og efnahagsmála. Hún taldi og rétt að samþykkt væri starfsáætlun um umhverfismál fyrir Eystrasaltsríkin og að kannað yrði hvernig Norðurlönd gætu tekið þátt í að styðja fjárfestingar þar.

Nefndin studdi tillögu sem lá fyrir um að Norðurlandaríkin beittu sér fyrir stofnun fjárfestingarbanka fyrir Eystrasaltsríkin (BIB). Á áðurnefndum fundi nefndarinnar með fjármálaráðherrunum kom fram að ráðherrarnir hefðu að svo stöddu fallið frá áformum um stofnun slíks banka, en frekari kannanir færu fram. Fyrir nefndinni liggur enn þá þingmannatillaga um fjárfestingarbankann og kemur hún til afgreiðslu á 40. þingi ráðsins.

Samþykkt var á 39. þingi ráðsins með naumum meiri hluta þingmannatillaga um samræmda norræna löggjöf um norrænt samstarf stéttarfélaga hjá fyrirtækjum sem hafa starfsemi í fleiri en einu Norðurlandaríki. Um tillögu þessa hafa staðið flokkspólitískar deilur og á fundi nefndarinnar í janúar 1992 var samþykkt með naumum meiri hluta að leggja til við 40. þing ráðsins að ekki verði fleira aðhafst á grundvelli samþykktar síðasta þings í þessu efni og tillagan afskrifuð.

Nefndin hefur haldið fimm fundi á starfsárinu.

3.4.6. Fjárlaganefnd.

Fjárlaganefnd hélt tíu fundi á starfsárinu auk fundar með fulltrúum hinna fastanefnda ráðsins og tveggja funda með fulltrúum samstarfsráðherra Norðurlanda. Sænsku þingmennirnir Viggo Komstedt og Per Olof Håkansson voru formaður og varaformaður fram að 1. mars 1991, en þá tók finnski þingmaðurinn Lauri Metsämäki við formennsku og norski þingmaðurinn Pål Atle Skjervengen við varaformennsku. Ólafur G. Einarsson sat í nefndinni til 17. maí 1991 en þá tók Árni M. Mathiesen sæti hans þar. Í nefndinni sitja 13 fulltrúar.

Á starfsárinu hefur nefndin haft til meðferðar ársskýrslu ráðherranefndar (C1/1991) og áætlun ráðherranefndar um störfin næstu ár (C2/1991).

Í nefndaráliti sínu um C2/1991 lagði nefndin m.a. áherslu á mikilvægi samstarfs við Eystrasaltsríkin, umhverfismálasamstarf, að starfsáætlun ráðherranefndar næði til lengri tíma en hingað til og að ljóst væri af starfsáætluninni hvaða verkefni hefðu forgang.

Á fyrra fundi nefndarinnar með fulltrúum samstarfsráðherra Norðurlanda 27. febrúar var m.a. rætt um meðferð norrænu fjárlagatillagnanna, norrænu stofnanirnar, samnorræn verkefni og skráningu þeirra. Á fundi nefndarinnar 27. september með fulltrúa samstarfsráðherranna var rætt um fjárlagatillögurnar, meðferð starfsáætlunar ráðherranefndarinnar, nýmæli í norrænni fjárlagagerð og úttekt á árangri samstarfsins.

Nefndin bauð sérfræðingi til fundar í september til umræðu um norrænt samstarf eftir 1992. Þann 12. nóvember hélt nefndin fund með fulltrúa í nefnd þeirri hjá Evrópuráðinu sem fer með mannréttindamál og lagaleg mál. Rætt var um störf nefndarinnar og meðferð fjárlaga Evrópuráðsins.

Auk norrænu fjárlaganna heyrir undir nefndina eftirlit með starfsemi ráðherranefndarinnar. Hún velur sér árlega afmörkuð verkefni og lætur gera sérstaka könnun á þeim. Árið 1991 gerði nefndin sérstaka úttekt á verkefni ráðherranefndarinnar sem nefnt hefur verið „Brjótum múrana" og á ábyrgð ráðherranefndar sem vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum aðalskrifstofu sinnar í Kaupmannahöfn og starfsmönnum annarra norrænna stofnana. Skýrslur nefndarinnar um úttektirnar verða lagðar fyrir 40. þing ráðsins.

Nefndin fjallaði á árinu sérstaklega um forgangsröðun norrænna samstarfsverkefna. Álit nefndarinnar var að norrænt samstarf yrði mikilvægt í framtíðinni en augljóst væri að þróunin í Evrópu hefði í för með sér breytingar á samstarfinu og mundi mikilvægi sumra sviða aukast og annarra minnka. Nefndin taldi að ríkasta áherslu ætti að leggja á þau svið þar sem Norðurlönd gætu sameiginlega haft áhrif á þróunina í Evrópu og þar sem samstarf þeirra styrkir þau í alþjóðlegri samkeppni.

4. Þing Norðurlandaráðs.

4.1. 39. þing Norðurlandaráðs.

4.1.1. Almennu umræðurnar.

Norðurlandaráð hélt 39. þing sitt í Kaupmannahöfn dagana 26. febrúar til 1. mars. Það hófst að venju með almennum umræðum sem stóðu í átta og hálfa klukkustund. Að þeim loknum tóku við umræður og atkvæðagreiðslur um málefni fastanefndanna. Fráfarandi forseti, *Páll Pétursson*, setti þingið. Því næst var kosið í forsætisnefnd og *Anker Jørgensen* kosinn forseti næsta starfsár. Hann þakkaði í upphafi þann trúnað sem nýkjörnum fulltrúum í forsætisnefnd hefði verið sýndur, þakkaði Páli Péturssyni fyrir forsetastörf á árinu sem vissulega hefðu oft verið erfið en Páll hefði sinnt þeim af lipurð og samstarfsvilja, og bauð síðan þingfulltrúa, ráðherra, heiðursgesti, starfsmenn og fréttamenn velkomna. Hann tók fram að það væri sérstök ánægju að hafa í fyrsta sinn sem heiðursgesti fulltrúa frá Eystrasaltsríkjunum þremur, en þeir voru forsetar Eistlands og Lettlands, Arnold Rüüttel og Anatolij Gorbunovs, og varaforseti Litáens, Bornisolvas Kuzmikas. Anker Jørgensen kvað Norðurlandaráð styðja af alhug þá sem ynnu að því að efla lýðræði og þingræði í Eystrasaltsríkjunum og annars staðar og fordæma alla valdbeitingu og hótanir. Hann kvað þróunina á alþjóðavettvangi hafa verið hraða undanfarið og sá hraði hefði endurspeglast í störfum ráðsins sem hefði sýnt að þegar þörf væri á og pólitískur vilji fyrir hendi gæti það tekið skjótar ákvarðanir. Síðan tóku við kosning-

ar og að þeim loknum tók til máls *Thor Pedersen*, formaður ráðherranefndar Norðurlanda, samstarfsráðherranna, og hafði framsögu um ársskýrslu nefndarinnar (C1/1991), en hún liggur ásamt áætlun ráðherranefndarinnar næstu ár (C2/1991) og ársskýrslu forsætisnefndar til grundvallar almennu umræðunum.

Að lokinni ræðu Thor Pedersens tók til máls *Páll Pétursson* sem talaði fyrir hönd forsætisnefndar. Hann hóf ræðuna með því að minna á að alþjóðamál hefðu verið ofar á baugi í Norðurlandaráði síðasta ár en nokkru sinni, enda væri það eðlilegt í ljósi þeirra hröðu breytinga sem nú ættu sér stað í Evrópu. Þannig hefði hluti þeirra breytinga, sem skipulagsnefnd Norðurlandaráðs undir formennsku Bjarne Mørk Eidem hefði lagt til, þegar komist til framkvæmda. Hann kvað það brýnt að halda áfram að gera starfsreglur ráðsins þannig að starfið yrði skilvirkara og pólitískur vilji þess næði betur fram að ganga. Hann harmaði að ráðherranefndin hefði ekki viljað taka þátt í starfi skipulagsnefndar og að hún hefði svo neikvæða afstöðu sem raun bæri vitni til tillagna hennar, t.d. varðandi skiptingu norrænu fjárlaganna. Hann kvað skiljanlegt að ráðherranefndin vildi ákveða upphæð fjárlaganna, en eiga erfiðara með að skilja af hverju hún vildi ekki láta ráðinu eftir skiptingu fjárlaganna innan setts ramma.

Hann kvað Evrópuþróunina hafa sett mark sitt á norrænt samstarf og hugsanagang á árinu. Óljóst væri hver tengsl Norðurlandaþjóðir mundu hafa við aðrar Evrópuþjóðir en þeim mun ljósara að norræns samstarfs væri og yrði þörf. Tími væri kominn til að bæta inn í Helsinki-samninginn ákvæðum sem kvæðu skýrt á um að alþjóðamál væru eitt samstarfssviða ráðsins. Hann kvað það miður að ríkisstjórnir landanna hefðu efasemdir um það en vonaðist til að þær endurskoðuðu afstöðu sína.

Hann kvað þróunina í Austur-Evrópu hafa verið í brennidepli og þá sérstaklega þróunina í Eystrasaltsríkjunum. Engin vafi væri á að þjóðir Eystrasaltsríkjanna vildu sjálfstæði og því ættu norrænu ríkin að styðja þær eftir allrabestu getu. Norðurlandaráð hefði hafið samstarf við Eystrasaltsríkin og aflað upplýsinga til að geta lagt grunn að styrku samstarfi við þau. Hann kvað það vera heiður fyrir ráðið að taka á móti þeim virtu gestum frá Eystrasaltsríkjunum sem sætu þingið.

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra kvað Norðurlandaráð standa á mikilvægum krossgötum og það væri skiljanlegt þar sem eins væri ástatt um öll ríki Evrópu. Þó að utanríkismál hefðu ekki formlega heyrt undir Norðurlandaráð hefðu þau verið þar til umræðu árum saman og því mundi hann skýra afstöðu Íslands til þeirra mála sem nú væru að gjörbreyta Evrópu. Hann kvað Íslendinga leggja á það áherslu að samningar næðust um Evrópskt efnahagssvæði. Hve vel samstarfsformið hentaði færi að vísu eftir því hvort fríverslunarsamningar næðust um fisk og fiskafurðir. Hann kvað Íslendinga þegar vera farna að undirbúa sig, m.a. með því að lögleiða reglur sem veittu mun meira frelsi en áður hefði verið um fjármagnsflutninga milli Íslands og annarra landa. Þó yrði þess gætt að sjávarútvegur og orkulindir yrðu áfram á hendi Íslendinga. Hann kvað það álit Íslendinga að full aðild að Evrópubandalaginu hentaði þeim ekki og fyrir því lægju margar ástæður.

Hann fjallaði um atburðina í Austur-Evrópu, þar á meðal sjálfstæðisbaráttu þjóða Eystrasaltsríkjanna og tengsl þeirra við Ísland. Hann kvaðst vonast til að Norðurlönd gætu starfað áfram saman í Norðurlandaráði þó að þau veldu mismunandi leiðir varðandi tengsl við Evrópubandalagið. Hann kvað þó ljóst að Norðurlandaráð þyrfti að breytast. Einnig þyrftu þjóðirnar, sem byggja löndin í Norðvestur-Atlantshafi, að standa saman enda væri aðstaða þeirra um margt lík.

Að lokinni ræðu forsætisráðherra gerði *Sighvatur Björgvinsson* þá athugasemd að þó aðild Íslands að Evrópubandalaginu væri ekki á dagskrá væru þau sjónarmið til á Íslandi, t.d. í sínum flokki, að kanna bæri kosti og galla aðildar og ekki bæri að útiloka að til aðildar gæti komið síðar. Þá gerði *Hjörleifur Guttormsson* þá athugasemd að það hafi vakið furðu sína að forsætisráðherra hefði ekki gert ákveðnari fyrirvara um þann samning um Evrópskt efnahagssvæði sem gæti orðið vegna þeirra ákveðnu fyrirvara sem Evrópubandalagið hefði gert um sjávarafurðir.

Hjörleifur Guttormsson benti í ræðu sinni á að eftir þá jákvæðu þróun, sem átt hefði sér stað fyrri hluta ársins 1990 á sviði alþjóðastjórnmála, hefði lýðræðisþróunin í Sovétríkjunum staðnað og vopnavaldi verið beitt í Eystrasaltsríkjunum auk þess sem stríðsástand ríkti við Persaflóa. Hann kvað ábyrgð Norðurlanda þunga og kvað menn biðja um frumkvæði norrænu ríkisstjórnanna þegar á þinginu. Hann lýsti ánægju með tengsl Norðurlandaráðs við Eystrasaltsríkin og að heiðursgestir þaðan sætu þingið. Hann fór hörðum orðum um árásina á Írak 16. janúar 1991 og taldi að eðlilegra hefði verið að beita efnahagsþvingunum og pólitískum aðgerðum þó að sjálf árás Íraks á Kúvæt hefði verið ófyrirgefanleg.

Hann kvað stöðu Norðurlanda gagnvart þróuninni í Vestur-Evrópu enn mjög óvissa. Samningaviðræðurnar um Evrópska efnahagssvæðið hefðu ekki leitt til niðurstöðu og væri ástandið nú enn óvissara en fyrr þar sem Svíar hefðu ákveðið að sækja um aðild að EB. Hann kvað samning um Evrópskt efnahagssvæði aldrei hafa verið girnilegan kost fyrir Ísland og bein aðild að Evrópubandalaginu jafngilti efnahagslegu sjálfsmorði fyrir Ísland. Þess í stað ættu Íslendingar að ganga til tvíhliða viðræðna. Ísland ætti ekki að gerast aðili að efnahagsbandalögum heldur eiga góð samskipti við ríki Evrópu, Ameríku og annarra heimshluta.

Jón Kristjánsson kvað Norðurlönd standa frammi fyrir vali í samskiptum við aðrar þjóðir Evrópu og því hefðu utanríkismál verið meira til umræðu í Norðurlandaráði en fyrr og nú væru uppi tillögur um stofnun ráðherranefndar utanríkisráðherra landanna. Sameiginleg afstaða landanna til þróunarinnar í Evrópu væri ekki auðveld því að taka þyrfti tillit til ólíkrar aðstöðu ríkjanna. Í þessu efni ætti Norðurlandaráð að vísa veginn. Í samstarfi þess hefðu ríkin haldið fullu sjálfstæði og því mætti ekki breyta. Jafnframt því sem Norðurlönd þyrftu að hafa vakandi auga með þróuninni þyrfti að standa vörð um grunn samstarfsins, samstarfið á sviði menningar og menntunar, þó að ný verkefni bætist við.

Hann minnti á að Íslendingar eru evrópsk þjóð og menning þeirra stendur á evrópskum grunni þótt þeir byggi meira á auðlindum sjávar en aðrir Evrópubúar og þurfi að hafa full yfirráð yfir þeim og til þessa þurfi að taka tillit í samningum um Evrópskt efnahagssvæði.

Hann minnti og á mikilvægi norræns samstarfs um umhverfismál. Það þyrfti að muna að jafnvægi í náttúrunni væri mikilvægt og náttúrufriðunarsjónarmið mættu ekki leiða til röskunar á samspili mannsins við náttúruna. Hann áréttaði mikilvægi þess að norræna samstarfsáætlunin um umhverfismál tæki til rannsókna á hafinu og andrúmsloftinu á Norður-Atlantshafssvæðinu. Eins væri mikilvægt að afvopnun í Evrópu leiddi ekki til aukins magns vopna í Norður-Atlantshafi.

Steingrímur J. Sigfússon landbúnaðarráðherra minnti í upphafi ræðu sinnar á það óvissuástand sem ríkti vegna Persaflóastríðsins og þróunarinnar í Austur-Evrópu og kvað engan eiga að vera í vafa um að Eystrasaltsríkin ættu stuðning Norðurlandabúa.

Hann rakti stuttlega sögu vestnorræns samstarfs, stofnun Vestnorræna þingmannaráðsins, vestnorrænu nefndarinnar og vestnorræna sjóðsins. Hann skýrði frá því að eftir ráðstefnu, sem norræna nefndin um rannsóknir á hagkvæmni samgangna (NKTF) hefði haldið í Nuuk 1988, hefðu samgönguráðherrar vestnorrænu ríkjanna ákveðið að styrkja samstarf sitt um samgöngur og ferðamál, m.a. með því að skiptast á sérþekkingu og upplýsingum. Brýnust væri þörfin á sviði flugsamgangna. Ákveðið hefði verið af samgönguráðherrum Danmerkur, Færeyja, Grænlands og Íslands að stofna embættismannanefnd skipaða átta mönnum til að vinna að bættum samgöngum á Vestur-Norðurlöndum. Steingrímur kvaðst þess fullviss að þetta samstarf styrkti ekki bara samgöngur á Vestur-Norðurlöndum heldur einnig við önnur svæði Norðurlanda.

4.1.2. Samþykktir þingsins.

Samþykktum þingsins verður útbýtt með þessari skýrslu.

4.2. Fjórða aukaþing Norðurlandaráðs.

4.2.1. Almennar umræður þingsins.

Norðurlandaráð hélt 4. aukaþing sitt 13. nóvember 1991 í Mariehamn á Álandseyjum. Þingið var haldið til að ræða um framtíð norræns samstarfs og stóð í átta klukkustundir. Eins og fram hefur komið áður í skýrslu þessari lágu til grundvallar umræðum þingsins samþykkt forsætisnefndar og þingmannatillögur þær sem lagðar höfðu verið fram um framtíð norræns samstarfs og þróunina í Evrópu. Forsætisráðherrar Norðurlanda héldu fund með forsætisnefnd ráðsins daginn fyrir þingið og lögðu þá fram yfirlýsingu um framtíð norræns samstarfs og var efni hennar einnig grundvöllur umræðnanna. Þar upplýstu forsætisráðherrarnir og að þeir mundu skipa nefnd náinna samstarfsmanna sinna sem legðu fram tillögur um framtíð norræns samstarfs. Þar yrði m.a. fjallað um hvernig norrænt samstarf gæti orðið þegar fleiri ríki hefðu gengið í Evrópubandalagið.

Á þinginu töldu margir að taka yrði tillit til breyttra aðstæðna í Evrópu við uppbygginu og innihald norræns samstarfs. Því þyrfti að gera róttækar breytingar á grunni samstarfsins með það í huga að gera Norðurlandaráð hæfara til að takast á við ný vandamál og afgreiða mál á mun skilvirkari hátt en fyrr. Aðrir töldu að með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og inngöngu einstakra Norðurlanda í EB á næstu árum væri verið að kippa grundvellinum undan norrænu samstarfi. Ýmsir þingfulltrúar lögðu áherslu á nauðsyn þess að ráðið gæti tekist á við alþjóðleg mál, þar á meðal utanríkis- og varnarmál. Einnig töldu ýmsir að samræma ætti störf skrifstofu forsætisnefndar í Stokkhólmi og skrifstofu ráðherranefndar í Kaupmannahöfn.

Tillögur ráðherranefndar um norræn fjárlög 1992 lágu fyrir þinginu og verða fjárlögin fyrir 1992 627,3 milljónir sænskra króna. Formaður fjárlaganefndar hélt því fram í ræðu sinni að fjárlögin hefðu í raun lækkað frá árinu áður en ekki staðið í stað eins og komið hefði fram af hálfu ráðherranefndar.

Fyrir þinginu lágu einnig sex þingmannatillögur, fjórar þeirra voru felldar en hinar tvær leiddu til samþykktar tvennra tilmæla. Auk þess voru fjárlagatillögurnar samþykktar. Samþykktir þingsins fylgja með þessari skýrslu.

Íslensku ráðherrarnir Ólafur G. Einarsson og Eiður Guðnason og þingmennirnir Geir H. Haarde, Hjörleifur Guttormsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Halldór Ásgrímsson og Kristín Einarsdóttir tóku þátt í almennu umræðunum.

Geir H. Haarde kvað óvissu ríkja um framtíð samstarfsins sem um árabil hefði skilað góðum árangri, ekki síst vegna þess að ljóst væri að Norðurlönd mundu velja mis-

munandi leiðir varðandi tengsl sín við Evrópubandalagið. Hann kvað ríkin hafa náð það góðum árangri í samstarfi sínu innbyrðis að nú þyrfti í ríkara mæli að beina sjónum út á við. Samræmingarstörf á sviði verslunar og atvinnulífs færu í framtíðinni vonandi fram innan Evrópska efnahagssvæðisins og þar yrði ekki þörf á samnorrænum lausnum, heldur aðlögun og samræmingu. Þetta geta orðið krefjandi verkefni fyrir Norðurlandaráð.

Stöðuna kvað hann þannig að í fyrsta lagi þyrftum við að standa vörð um hið hefðbundna samstarf sem byggði á traustum grunni þó að ætíð væri nauðsynleg endurskoðun vissra þátta. Í öðru lagi þyrftu þau ríki, sem yrðu aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, að leysa þau vandamál, sem kæmu upp þar, á þeim vettvangi því að það yrði ekki gert á norrænum vettvangi eingöngu. Í þriðja lagi hefði þetta í för með sér að Norðurlönd þyrftu sameiginlega að beina kröftum sínum meira út á við en gert hefði verið, ekki bara í evrópsku samstarfi heldur einnig annars staðar á alþjóðlegum vettvangi, þar á meðal gagnvart Eystrasaltsríkjunum. Utanríkismál þyrftu því mun nánari umræðu við í Norðurlandaráði og innan ráðherranefndar Norðurlanda. Það þyrfti að stofna ráðherranefnd utanríkisráðherra landanna. Utanríkisráðherrar eða forsætisráðherrar eiga að bera meiri ábyrgð á norrænu samstarfi. Um þau svið, þar sem leiðir landanna munu skilja, kvað hann ekki síður þörf á samráði og samræmingu.

Norrænu þjóðirnar hafa haft mikið gagn af norrænu samstarfi, en það er skylda okkar að bæta það og gera störfin skilvirkari. Eðlilegt er að Norðurlandaráð hafi ákvörðunarvald um skiptingu norrænu fjárlaganna innan þess ramma sem ráðherranefndin setti. Hins vegar kvaðst hann ekki styðja þær hugmyndir að ráðherranefndin gæti tekið bindandi meirihlutaákvarðanir. Aðalatriðið kvað hann vera að þeir sem kostuðu samstarfið, borgarar landanna, gætu treyst að það fleytti þeim áleiðis í því gjörbreytta samfélagi þjóðanna sem fram undan er.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra minnti á að í þau átta ár, sem hann hefði setið í Norðurlandaráði, hefðu þrjár umfangsmiklar skýrslur verið gerðar um breytingar á samstarfinu.

Aðalmarkmið nefndastarfanna hefði verið að koma á flokkspólitísku jafnvægi og styrkja flokkastarfið á kostnað landsdeildanna. Fulltrúar í Norðurlandaráði væru kosnir hver af sínu þjóðþingi og í samræmi við styrkleikahlutföll flokkanna þar. Þetta væri sá lýðræðisgrundvöllur sem samstarfið byggði á og þannig teldi hann að það ætti að vera.

Hann minnti og á að innan Evrópubandalagsins og hins fyrirhugaða Evrópska efnahagssvæðis væru áhrif þjóðþinganna lítil. Skilvirkni og hraði væru keypt því verði að lýðræðið væri takmarkaðra en við ættum að venjast. Norrænt samstarf byggði hins vegar á lýðræði og þingræði og því væri það seinvirkara en við óskuðum. Þingfulltrúar í Norðurlandaráði ættu að koma þar sjónarmiðum á framfæri við fulltrúa ríkisstjórnanna um stefnu í Evrópumálunum. Ef endurskoðun Helsinki-sáttmálans leiddi til að heilu samstarfssviðin féllu út væri það skaði. Gera þyrfti nákvæma könnun á því hvort fyrirhugaðir samningar um Evrópskt efnahagssvæði hindruðu norrænt samstarf á einhverjum sviðum. Að því loknu væri hægt að mynda sér skoðun um nýtt form og innihald starfsins. Hann kvaðst efins um að til bóta væri að innleiða meirihlutaákvaðanir hjá ráðherranefndinni en vildi þó ekki útiloka það.

Hjörleifur Guttormsson kvað þingið standa frammi fyrir þeirri spurningu hvort þau spor, sem ríkisstjórnir landanna væru að stíga í Evrópumálunum, leiddu til þess að Norðurlandaráð ætti sér enga framtíð. Fyrirhugaðir samningar um Evrópskt efnahagssvæði hefðu það í för með sér að allar meiri háttar ákvarðanir yrðu teknar í Brussel. Fara þyrfti í gegnum alla norræna samninga til að kanna hvort evrópskum þegnum væri þar

mismunað. Það bryti í bága við fyrirhugaða EES-samninga að hluti aðildarríkjanna stæði saman um sérhagsmuni. Markmið Maastricht-samninganna væri að gera Evrópubandalagið að pólitísku stórveldi. Þróunin innan Evrópubandalagsins mun hafa víðtæk áhrif á forsendur samstarfs norrænu ríkjanna, ekki síst þar sem ljóst er að þau munu velja mismunandi leiðir. Oft heyrist að best væri að öll norrænu ríkin gengju í bandalagið því að þá mundi svæðisbundið samstarf þeirra blómstra. Hann kvað svo ekki vera og benti á að samstarf Benelúx-landanna væri nú hverfandi. Hann kvað menn þó ekki mega missa vonina um norrænt samstarf sem hefði sannað að unnt væri að starfa vel saman án yfirþjóðlegs valds. Nú væri nauðsyn á að styrkja það sem við hefðum á grundvelli þess sem væri pólitískt mögulegt. Þingmannatillögu þá um eflingu norræns samstarfs, sem liggur fyrir þinginu frá vinnuhópi efnahagsmálanefndar, þar sem hann er einn af flutningsmönnum, kvað hann vera málamiðlunartillögu sem efnahagsmálanefnd leggi til að ráðherranefndin byggi á við gerð ráðherranefndartillögu um Norðurlönd eftir 1992. Þar er lagt til að efnahagssamstarfið verði aukið en einnig að áhersla verði lögð á samstarf á sviði menningar, rannsókna og umhverfismála. Líta bæri á fjárframlög í norrænu fjárlögunum sem fjárfestingu í framtíðarvelferð íbúa Norðurlanda.

Eiður Guðnason, samstarfsráðherra Norðurlanda, lýsti ánægju með þróunina í Eystrasaltsríkjunum og minnti á að Ísland hefði verið í fararbroddi þeirra ríkja sem viðurkennt hefðu sjálfstæði þeirra. Hann minnti á þá ákvörðun ráðherranefndar að stofna upplýsingaskrifstofur í ríkjunum þremur. Einnig ítrekaði hann nauðsyn þess að starfa með Eystrasaltsríkjunum að umhverfismálum. Hann kvað þó mikilvægt að vestnorræna samstarfið félli ekki í skuggann. Ríkin í útnorðri væru fámenn og þjóðir þeirra útverðir í norðri og vestri. Tillit þyrfti að taka til þeirra erfiðleika sem fjarlægð þeirra hefði í för með sér, ella væri hætta á einangrun þeirra og það skaðaði norrænt samstarf bæði inn og út á við. Norrænu húsin á Íslandi og í Færeyjum ásamt norrænu stofnuninni á Grænlandi væru dæmi um mikilvæg spor sem stigin hefðu verið. Eins væri vert að nefna vestnorræna sjóðinn, vestnorrænu nefndina o.fl. Hann minnti og á hugmyndir um að stofna sérstaka vestnorræna skrifstofa í einu landanna og upplýsingaskrifstofur í hinum til að breikka og dýpka samstarfið.

Hann kvað nauðsynlegt að leggja ríkari áherslu á samstarf um umhverfismál og sjávarútvegsmál, ekki síst í Norður-Atlantshafi þar sem ríkustu fiskimið jarðar væru.

Rannveig Guðmundsdóttir kvað Norðurlandabúa snúa sér til Evrópu og leita svara um það hverja stefnu norrænt samstarf ætti að taka. Svarið væri það sama og svar við því hvort norrænt samstarf sé til gagns fyrir ríkin bæði sameiginlega og hvert fyrir sig. Því lengra í vestur sem haldið er þeim mun veikari verði böndin við Evrópu, en það sama gilti ekki um hin norrænu bönd því að þau byggist á sameiginlegum menningararfi. Sterkt norrænt samstarf geti haft mikil áhrif í Evrópu. Norðurlönd hefðu oft verið fyrirmynd annarra ríkja og nú væri talað um Evrópu þegnanna, en það væri einmitt á Norðurlöndum sem áherslan hefði verið ríkust á félags- og neytendamál, menningu og umhverfismál. Grasrótarsamstarf það, sem á sér stað á Norðurlöndum milli fjölmargra norrænna hópa, styrkti og grunn samstarfsins.

Rannveig kvað vert að spyrja hvers vegna umræðan um breytt hlutverk Norðurlandaráðs komi nú fremur en þegar Danmörk gekk í Evrópubandalagið. Þá voru ekki uppi efasemdir um réttmæti samstarfsins og sama ætti að gilda nú þegar sterkt norrænt samstarf gæti haft mikil áhrif á Evrópumálin. Meirihlutaákvarðanir hjá ráðherranefnd Norðurlanda kvað hún vera óæskilegar. Sámfara nánara samstarfi við Eystrasaltsríkin þyrfti að efla vestnorræna samstarfið.

Sigríður Anna Þórðardóttir kvað gagnrýnendur norræns samstarfs gjarnan segja að það sýndi þreytumerki og fulltrúar í Norðurlandaráði og embættismenn þess þeystust milli landanna til að ræða eigin hlutverk og fullvissa hver annan um mikilvægi sitt. Hún kvað gagnrýnendurna kannski hafa eitthvað til síns máls, en reynslan af samstarfinu sl. áratug væri góð og það hefði haft í för með sér margvíslegan árangur, svo sem sameiginlegan vinnumarkað og aukna ferðamöguleika, og styrkt mannleg tengsl á ýmsum sviðum. Sigríður lagði sérstaka áherslu á menningarsamstarfið sem hefði lengi verið með blóma og benti á norrænar stofnanir víðs vegar um Norðurlönd sem dæmi. Hún kvað nauðsynlegt að finna lausn á höfundaréttarvandamálinu sem stæði í vegi fyrir æskilegri dreifingu sjónvarpsefnis um Norðurlönd. Hún minnti einnig á sameiginlega menningararfleifð Norðurlandaþjóðanna og taldi að leggja bæri áherslu á að norrænu þjóðirnar stæðu saman sem sterk heild í gjörbreyttu samfélagi Evrópuþjóða.

Hún taldi að vinna bæri markvisst að sameiginlegum hagsmunum Norðurlandanna í Evrópu og setja þar skýr og háleit markmið. Norrænu þjóðirnar yrðu að finna að þær hefðu hag af slíku samstarfi annars hefði það engan tilgang.

Halldór Ásgrímsson minnti á að þjóðir Norðurlanda væru smáar og samstarf þeirra væri mikilvægt, ekki bara vegna sameiginlegs menningararfs heldur ekki síður til að styrkja þær út á við, á alþjóðavettvangi. Þörf væri þó á að breyta formi samstarfsins. Hann kvað rétt að líta á Norðurlönd sem eitt svæði og sagði þróun efnahagsmála vera háða því hver þróunin yrði innan þess svæðis. Í umræðunni kvað hann oft gleymast að þörf væri á að styrkja samstarfið til norðurs og vesturs. Hann kvað líklega þörf á sérstakri norrænni Evrópustofnun til að sinna rannsóknum og menntunarmálum. Eins þyrfti að fela einni núverandi nefnda eða nýrri nefnd meðferð Evrópumála og málefna Evrópsks efnahagssvæðis. Styrkja þyrfti samstarfið við heimskautssvæðið og koma á fót stofnun fyrir það samstarf. Stór svæði á Norðurlöndum væru innan þessa svæðis. Styrkt samstarf á þessu svæði, ekki síst með tengsl við Kanada, Bandaríkin og Rússland í huga, gæti gefið mikla möguleika.

Halldór sagði öryggi Norðurlanda vera sameiginlegt hagsmunamál og nú væri svo komið að ekki yrði komist hjá því að fjalla um það í Norðurlandaráði. Sú umræða krefðist breytinga á formi samstarfsins. Einnig þyrfti að auka möguleika á rannsóknum og samræmingu, t.d. með stofnun norrænnar öryggismálastofnunar.

Hann kvað kominn tíma til að styrkja norrænt samstarf, ekki með nýjum könnunum og skýrslugerðum, heldur með pólitískum ákvörðunum sem byggðust á þeim nýja raunveruleika sem blasti við m.a. í Norður-Atlantshafsbandalaginu, Evrópubandalaginu, Evrópska efnahagssvæðinu og Sameinuðu þjóðunum.

Kristín Einarsdóttir áréttaði að þegar talað væri um Norðurlönd sem hluta Evrópu væri gengið út frá að þau stæðu saman. Spurningin væri hins vegar um hvað þau stæðu saman og hve lengi. Líklegt er að þau ríki, sem ganga í Evrópubandalagið, eigi ekki eins hægt með þátttöku í norrænu samstarfi og margir hafa haldið vegna andstöðu annarra aðildarríkja. Norrænt samstarf má ekki verða að einhvers konar undirleik við Evrópubandalagsmarsinn um að Norðurlönd skuli öll gerast aðilar bandalagsins.

Framtíð Evrópu er óviss sé litið til næstu aldamóta og óvíst að stefnan í átt að stórum ríkjaheildum verði eins skýr og nú virðist. Það er óskynsamlegt að endurskoða Helsinki-samninginn fyrr en ljóst verður hvað næsta framtíð ber í skauti sér varðandi tengsl norrænu ríkjanna við Evrópubandalagið. Raunin gæti orðið sú að flestöll ríkin gengju í Evrópubandalagið innan örfárra ára og þá yrðu möguleikar á norrænu samstarfi

mjög takmarkaðir nema á afmörkuðum sviðum. Gæta þarf þess að halda í sem mest af því sem hefur gengið vel því að sá tími kemur að pendúllinn sveiflast til baka.

4.2.2. Samþykktir þingsins.

Samþykktum þingsins verður útbýtt með þessari skýrslu.

5. Tillögur lagðar fram af fulltrúum í Íslandsdeild á tímabilinu frá lokum 39. þings Norðurlandaráðs og fram í febrúar 1992.

Hjörleifur Guttormsson er einn af fjórum flutningsmönnum þingmannatillögu um eflingu norræns samstarfs.

Rannveig Guðmundsdóttir er meðflutningsmaður þingmannatillögu sem varðar réttindi Norðurlandabúa.

Hjörleifur Guttormsson er fyrsti flutningsmaður þingmannatillögu um þjóðfélagshópa sem standa höllum fæti á Norðurlöndum.

Halldór Ásgrímsson er einn flutningsmaður þingmannatillögu um samstarf á norðurheimskautssvæðinu.

Hjörleifur Guttormsson er fyrsti flutningsmaður þingmannatillögu um sjálfbæra skipulagningu í orkumálum á Norðurlöndum.

Hjörleifur Guttormsson er meðflutningsmaður þingmannatillögu um hækkað hitastig á jörðinni og tækni til bættrar orkunýtingar og um endurnýjanlega orkugjafa.

Árni M. Mathiesen og *Geir H. Haarde* eru meðflutningsmenn tillögu um alþjóðlegar reglur um aðgerðir til umhverfisverndar.

Sigríður Anna Þórðardóttir er meðflutningsmaður þingmannatillögu um aðgerðir til að stuðla að nýsköpun í atvinnulífinu.

6. Fyrirspurnir íslenskra fulltrúa á 39. og 40. þingi ráðsins.

Á 39. þingi ráðsins bar *Hjörleifur Guttormsson* fram fyrirspurn til ráðherranefndar um flutninga á notuðu geislavirku eldsneyti.

Fyrir 40. þingi ráðsins liggja þegar þrjár fyrirspurnir íslenskra fulltrúa. Tvær þeirra eru bornar fram af *Hjörleifi Guttormssyni*, önnur um að hætta notkun á ósoneyðandi efnum, hin um þýskar tillögur um að geyma notað geislavirkt eldsneyti í Dounreay. Frá *Kristínu Einarsdóttur* er fyrirspurn um losum klórsambanda í hafið.

Alþingi, 14. febr. 1992.

Geir H. Haarde, form.	Hjörleifur Guttormsson, varaform.	Halldór Ásgrímsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Árni M. Mathiesen.	Sigríður Anna Þórðardóttir.
	Kristín Einarsdóttir.	

437. Skýrsla [260. mál]

um störf Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1991.

Frá Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

Á fundi í sameinuðu Alþingi 28. nóvember 1990 voru eftirtaldir fulltrúar kjörnir til

setu í Vestnorræna þingmannaráðinu: Alexander Stefánsson, Birgir Ísleifur Gunnarsson, Árni Gunnarsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Ragnar Arnalds og Ásgeir Hannes Eiríksson. Varamenn voru kjörnir Stefán Guðmundsson, Pálmi Jónsson, Eiður Guðnason, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Kosningin gilti þar til ný kosning fór fram á næsta reglulegu þingi að því tilskildu að fulltrúar sætu á Alþingi þann tíma. Íslandsdeild þingmannaráðsins kaus Árna Gunnarsson formann.

Í febrúar 1991 lét Birgir Ísleifur Gunnarsson af þingmennsku og við alþingiskosningar 20. apríl 1991 létu þingmennirnir Alexander Stefánsson, Árni Gunnarsson, Málmfríður Sigurðardóttir og Ásgeir Hannes Eiríksson af þingmennsku. Þingflokkar tilnefndu þá eftirgreinda þingmenn til setu í ráðinu þar til ný kosning færi fram á næsta reglulegu þingi: Árna Johnsen, Jón Helgason, Gunnlaug Stefánsson og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur. Steingrímur J. Sigfússon settist þá einnig í þingmannaráðið, tilnefndur af þingflokki Alþýðubandalagsins í stað Ragnars Arnalds. Á fundi 17. júlí kaus Íslandsdeild þingmannaráðsins Árna Johnsen formann og Steingrím J. Sigfússon varaformann.

Kosning á Alþingi til setu í ráðinu fór fram á ný 24. október 1991. Kosningu hlutu Árni Johnsen, Jón Helgason, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Þann 7. nóvember sama ár kaus Íslandsdeild þingmannaráðsins Steingrím J. Sigfússon formann og Árna Johnsen varaformann.

2. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins.

Störf Íslandsdeildar á árinu hafa markast nokkuð af undirbúningi *Vestnorræna ársins 1992*. Ákveðið var að afla upplýsinga og fá yfirlit yfir helstu þætti vestnorrænnar samvinnu í byrjun starfsins og hefur Íslandsdeildin í því skyni fjallað um starfsemi *vestnorrænu nefndarinnar, Vestnorræna sjóðsins* og *vestnorrænu ferðamálanefndarinnar* og kynnt sér *samgöngur* á vestnorræna svæðinu.

Á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Stykkishólmi 1989 var ákveðið að árið 1992 yrði sérstakt vestnorrænt ár. Í því tilefni var ákveðið á sama þingi að þrjár ráðstefnur yrðu haldnar, ein í hverju landi: um umhverfismál á Grænlandi, um æskulýðsmál í Færeyjum og um jafnréttismál á Íslandi. Undirbúningsnefnd fyrir kvennaráðstefnuna var skipuð á árinu af félagsmálaráðherra og starfsmaður nefndarinnar, Ragnheiður Harðardóttir, kom á fund nefndarinnar 17. júlí og lýsti þeim undirbúningi sem þá var hafinn. Ritari Íslandsdeildar hefur síðan haft samstarf við framkvæmdastjóra ráðstefnunar, Guðrúnu Ágústsdóttur sem var ráðin haustið 1991.

Til að kynna Vestnorræna þingmannaráðið, Vestnorræna árið og kvennaráðstefnuna lét Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins prenta bækling sem kemur út í febrúar 1992. Einnig stóð Íslandsdeild undir kostnaði við gerð merkis og bréfsefnis fyrir kvennaráðstefnuna. Fyrirhugað er svo kynningarátak um störf ráðsins og um ráðstefnuna í mars 1992. Ráðstefnan *vestnorrænt kvennaþing* verður haldin á Egilsstöðum 20.–23. ágúst nk. og verða atvinnumál kvenna höfuðviðfangsefni hennar. Áætluð er þátttaka 150 íslenskra kvenna, 100 færeyskra og 50 grænlenskra kvenna.

Ákveðið hefur verið að halda *vestnorrænt æskulýðsþing í Færeyjum* í september 1992 með þátttöku 30 fulltrúa æskulýðssambanda og stjórnmálasamtaka í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Viðfangsefni þingsins verður opinber stefna í æskulýðsmálum, þýðing félagsstarfsemi ungmenna og atvinnuleysi meðal unglinga.

Einnig hefur verið ákveðið að halda *vestnorrænt umhverfisþing* í Qaqortoq 6.–11. ágúst nk. með þátttöku 60–70 stjórnmálamanna, sjómanna og vísindamanna. Aðalviðfangsefni þingsins verður samspil manns og náttúru og nýting lífrænna auðlinda.

Til fundar við Íslandsdeild komu á starfsárinu stjórnarformaður Vestnorræna sjóðs-

ins, Jónas Hallgrímsson, og forstjóri sjóðsins, Steinar Jakobsson, Bjarni Einarsson, formaður vestnorrænu nefndarinnar, og Reynir Adolfsson, starfsmaður vestnorrænu ferðamálanefndarinnar. Kom þar m.a. fram að stofnfé sjóðsins væri 13,5 milljónir Bandaríkjadala en helstu vandkvæði á starfsemi hans væri að óheimilt er að veita úr honum áhættulán, en erfitt væri að fá veð í eignum með nægilega háu markaðsverði til tryggingar flestum þeim verkefnum sem sótt er um til og því væru lánveitingar mjög fáar þótt umsóknir væru margar. Þess vegna ákvað Íslandsdeild að leggja fyrir ársfund þingmannaráðsins tillögu um að reglum sjóðsins yrði breytt þannig að unnt yrði að veita áhættulán úr honum.

Fram kom að *vestnorrænar ferðakaupstefnur* hefðu verið haldnar fimm sinnum, þær hafi verið mikilvægur þáttur í starfi vestnorrænu ferðamálanefndarinnar og gefið góða raun. Upplýst var að framhald yrði á þessari starfsemi þótt óvisst væri um framtíð starfsemi ferðamálanefndarinnar en kaupstefnurnar yrðu ef til vill hér eftir haldnar annað hvert ár. Fram kom að mikilvægt væri að gerðar yrðu sameiginlegar markaðskannanir því að hagkvæmt væri í sumum tilvikum að kynna Ísland, Færeyjar og Grænland sameiginlega.

Fjárskortur háir starfi *ferðamálanefndarinnar* og framtíð hennar er óljós en rætt hefur verið um að ferðamálaráðin í löndunum þremur tækju að sér þau störf sem ferðamálanefndin hefur sinnt.

Fram kom að viðskipti milli Íslands, Færeyja og Grænlands hafa aukist mikið undanfarin ár en að þeim væri þannig háttað að Íslendingar hefðu haft langmestan hag af.

Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins hefur ákveðið að kynna sér *samgöngumál* á vestnorræna svæðinu og hefur því boðið á fundi sína fulltrúum ýmissa samgöngufyrirtækja og hefur þegar hitt nokkra þeirra.

Á fundi með nefndinni hafa komið fulltrúar flugfélagsins Óðins, Flugfélags Norðurlands og Skipaútgerðar ríkisins til að kynna og ræða við Íslandsdeild þingmannaráðsins um þessi mál. Í þeim umræðum kom fram að skipaflutningar Skipaútgerðar ríkisins milli Færeyja og Íslands hefðu skilað hagnaði og flutningar farið vaxandi. Talsverðir flutningar hafi verið milli Akureyrar og Sauðárkróks og Færeyja, bæði með laxafóður og tæki vegna útgerðar og landbúnaðar. Ljóst væri þó að þessum flutningum lyki um áramót 1991/1992. Upplýst var að Skipaútgerð ríkisins hefði ekki gert athugun á möguleikum á skipaflutningum til og frá Grænlandi.

Flugfélagið Óðinn heldur uppi vikulegum ferðum milli Íslands og austurstrandar Grænlands á veturna en tíðari ferðum á sumrin. Flugfélagið býður og upp á fraktflug þangað. Nýtingin er léleg á veturna en góð á sumrin. Það hefur háð starfinu að verslun á Grænlandi er enn þá í raun einokunarverslun. Nú mun grænlenska landsstjórnin hafa í hyggju að gefa hana frjálsa. Allar mjólkurvörur á Grænlandi eru innfluttar og öll mjólk, sem kemur frá Danmörku, er geymsluþolin mjólk. Frá Íslandi væri hins vegar hægt að flytja nýmjólk og ferskar mjólkurafurðir.

Flugfélag Norðurlands flýgur aðallega til svæðisins kringum Scoresbysund. Félagið hefur flogið mikið fyrir danskar stofnanir og með ferðamenn. Þetta eru nyrstu byggðir austurstrandarinnar og þar er veðurathugunarstöð og dönsk herstöð og skip kemur þangað einu sinni á ári. Flugfélag Norðurlands er eina félagið sem flýgur til þessara svæða í einhverjum mæli. Fluginu er sinnt í samstarfi við Grønlandsfly enda óheimilt að sinna áætlunarflugi þangað án samstarfs við þá. Grænlandsflugið er upp undir fjórðungur veltu félagsins og er það mest vegna leiguflugs.

Til að ræða við Íslandsdeild þingmannaráðsins um þá könnun, sem var verið að gera á möguleikum þess að styrkja vestnorrænt samstarf á vegum norrænu ráðherranefndarinnar, kom *Eiður Guðnason*, samstarfsráðherra Norðurlanda, á fund Íslandsdeildar þing-

mannaráðsins ásamt Einari Karli Haraldssyni sem hefur sinnt verkefnum tengdum þessari könnun. Tilgangur fundarins var annars vegar að fá upplýsingar frá Íslandsdeild um óskir um uppbyggingu starfsins og afstöðu til tillagna þeirra sem til umræðu voru og hins vegar var tilgangurinn að skýra samstarfsráðherranum frá þeim tilmælum sem Vestnorræna þingmannaráðið hefur samþykkt, að samstarfsráðherrar Norðurlanda verði einnig vestnorrænir samstarfsráðherrar og sinni vestnorrænum málefnum betur en hingað til.

Þann 21. nóvember 1991 var haldinn í Reykjavík fundur formanna landsdeilda Vestnorræna þingmannaráðsins. Þann fund sátu formaður Íslandsdeildar, Steingrímur J. Sigfússon, og Jón Helgason, formaður Grænlandsdeildar, Jonathan Motzfeldt, og formaður Færeyjadeildar, Henrik Old, og Signar Hansen ásamt embættismönnum. Fundurinn var haldinn til samráðs um undirbúning ráðstefnanna þriggja til að ræða um hvernig samþykktum ráðsins hefði verið fylgt eftir og fleira sem varðar framgang vestnorrænnar samvinnu.

Í tilefni Vestnorræna ársins fór Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins þess á leit við stjórn Pósts og síma að gefið yrði út sameiginlega sérstakt frímerki af póst- og símamálastjórnunum á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Íslandsdeild fór þess á leit við hinar landsdeildirnar að sams konar erindi yrði sent til póst- og símamálastjórnanna þar. Það svar hefur borist frá Pósti og síma að erindið hafi komið það seint að ekki væri unnt að sinna því að svo stöddu en að ákveðið hefði verið að sérstakur póststimpill verði notaður á pósthúsinu á Egilsstöðum í tilefni af og til heiðurs vestnorræna kvennaþinginu í sumar.

3. Sjöundi ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1991.

Sjöundi ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins var haldinn í Qaqortoq á Grænlandi 7. ágúst 1991. Hann sóttu af hálfu Íslandsdeildar þingmannaráðsins eftirtaldir þingmenn: Árni Johnsen, Steingrímur J. Sigfússon, Jón Helgason, Sigbjörn Gunnarsson og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Í allt sóttu hann 16 vestnorrænir þingmenn. Grænlenski þingmaðurinn Jonathan Motzfeldt tók við formennsku í ráðinu af færeyska þingmanninum Karin Kjölbo. Sjálfur þingfundurinn stóð í átta klukkustundir. Þar voru samþykkt sex tilmæli og tvær yfirlýsingar. Íslandsdeildin lagði 6. desember 1991 fram tillögu til þingsályktunar um að skorað verði á ríkisstjórnina að hrinda í framkvæmd ályktunum þeim sem Vestnorræna þingmannaráðið samþykkti í Qaqortoq 7. ágúst 1991. Tillögurnar voru eftirfarandi:

1. að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að því að reglum þeim, sem gilda um Þróunarsjóð Vestur-Norðurlanda, verði breytt í því skyni að unnt verði að veita áhættulán til atvinnustarfsemi í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi,
2. að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að því að áframhaldandi starfsemi ferðamálanefndar Vestur-Norðurlanda verði tryggð með norrænum fjárframlögum og fjárframlögum frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi,
3. að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands stuðli að því að staða vestnorrænu nefndarinnar innan skipulags norræns samstarfs verði metin í því skyni að gera nefndina eins hæfa og mögulegt er til að sinna þeim störfum sem fylgja auknu samstarfi Vestur-Norðurlanda,
4. að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands feli þeim ráðherrum, sem fara með norræn samstarfsmál, meðferð vestnorrænna samstarfsmála ríkis- og landsstjórnanna og framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins,
5. að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands tryggi fjármögnun vegna þeirra þriggja ráðstefna sem Vestnorræna þingmannaráðið ályktaði

árið 1989 um að haldnar yrðu árið 1992. Vísað er til ályktunar Vestnorræna þingmannaráðsins nr. 4/1989, en þar ályktaði Vestnorræna þingmannaráðið um að árið 1992 yrði vestnorrænt ár og þá yrði sérstök áhersla lögð á jafnrétti kvenna og karla, umhverfismál og ungt fólk. Ráðstefnur yrðu haldnar um jafnréttismál á Íslandi, um umhverfismál á Grænlandi og ungmennaráðstefna yrði haldin á Færeyjum. Fjármagn til þessa yrði tryggt og fulltrúar landanna þriggja tilnefndir til að undirbúa Vestnorræna árið,

6. að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands mundu sjá um að samningur sá, sem samgönguráðherrar Færeyja, Grænlands og Íslands gerðu í desember 1990 um samstarf um samgöngumál, kæmi strax til framkvæmda.

Efni yfirlýsinga ráðsins var:

1. að þeirri reglu yrði fylgt að sú stofnun eða atvinnustarfsemi, sem umhverfismengun berst frá, greiði það tjón sem af mengun hlýst, en ekki sá sem fyrir tjóni verður,
2. að með tilliti til samningsviðræðna EFTA- og Evrópubandalagsríkjanna væri þörf á frekari beinum viðræðum milli vestnorrænu landanna um lausn vandamála tengdum fiskveiðum og aðgangi að mörkuðum Evrópubandalagsins þar sem fiskveiðar væru undirstöðuatvinnugrein í þeim löndum sem aðild eiga að Vestnorræna þingmannaráðinu. Vestnorræna þingmannaráðið fól, með tilliti til þess hve umræður um þessi mál milli ríkisstjórna og þingmanna landanna væru nauðsynlegar, skrifstofu sinni að kanna möguleika á því að ráðstefna verði haldin um þá þýðingu og þau áhrif sem „innri markaðurinn“ muni hafa fyrir vestnorrænu löndin með sérstakri hliðsjón af sjávarútvegi. Þátttakendur ráðstefnunnar skyldu vera jafnt úr hópi utanríkis- og sjávarútvegsráðherra sem og fulltrúa í þeim þingnefndum sem fjalla um samskiptin við Evrópubandalagið, ásamt öðrum aðilum sem hafa þekkingu og áhuga á þessum málum hvort sem þeir eru með eða á móti tengslum við Evrópubandalagið.

Það kemur nú á þessu ári í þriðja sinn í hlut Íslands að halda ársfund Vestnorræna þingmannaráðsins og hefur þegar verið ákveðið að hafa fundinn á Akureyri 14.–16. júní 1992.

Alþingi, 21. febr. 1992.

Steingrímur J. Sigfússon, form. | Árni Johnsen, varaform. | Jón Helgason.

Rannveig Guðmundsdóttir. | Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

438. Skýrsla [261. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins um 43. þing þess.

1. Inngangur.

Gífurlegar breytingar eru að verða í Evrópu. Múrar milli austurs og vesturs eru horfnir. Stjórnskipulag Sovétríkjanna er hrunið og á rústum þess eru ný ríki að sækja fram og afla sér viðurkenningar. Þessi þróun hefur áhrif á samstarf Evrópuþjóðanna og þær stofnanir sem um það hafa verið myndaðar. Evrópuráðið er ein þessara stofnana. Því hefur verið líkt við hlið sem þjóðir á leið til lýðræðislegra stjórnarhátta verða að fara í gegnum til

að geta orðið virkir þátttakendur í Evrópusamstarfinu almennt fyrir utan Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE).

Þessi þróun setti svip á 43. ráðgjafarþing Evrópuráðsins sem hófst í apríl 1991 og lauk í febrúar 1992. Á þessum tíma kom til borgarastyrjaldar í Júgóslavíu og leiddi það til þess að sambandi ráðsins við Júgóslavíu var slitið. Eftir upplausn Sovétríkjanna var fulltrúum Rússlands boðin seta á gestabekk Evrópuráðsþingsins.

Hrun Sovétríkjanna hefur m.a. leitt til umræðna um það hvort setja eigi aðild að Evrópuráðinu landfræðileg mörk í austri. Er ekki fengin niðurstaða í þeim umræðum sem óneitanlega mótast einnig af því að siðir og menning breytast eftir því sem austar dregur. Á vettvangi RÖSE hafa landfræðileg mörk ekki verið dregin, t.d. við Úral-fjöll. Í því sambandi má minna á að RÖSE-samstarfið nær til ríkja í Norður-Ameríku, Bandaríkjanna og Kanada.

Um það ætti ekki að vera neinum blöðum að fletta að Evrópuráðið gegnir mikilvægu hlutverki fyrir hinar nýfrjálsu þjóðir. Innan vébanda þess er að finna samþykktir og stofnanir sem eiga að stuðla að lýðræði, vernd mannréttinda og tryggingu félagslegra réttinda. Ekkert er brýnna fyrir friðsamlega þróun innan þjóðríkja og í samskiptum ríkja en virðingin fyrir lögum og rétti. Þar kemur sérstaklega til álita hvernig réttur minnihlutahópa er tryggður. Það er brýnt og víða sársaukafullt verkefni í Mið- og Austur-Evrópu.

Þeir sem kynna sér listann yfir tillögur og ályktanir 43. þingsins, sem birtur er í fskj. I með þessari skýrslu, sjá að störf þingsins hafa að verulegu leyti snúist um afleiðingar atburðanna í Mið- og Austur-Evrópu. Önnur mál hefur hins vegar einnig borið hátt og er sérstök ástæða til að minnast á umhverfismál, landbúnaðarmál og félagsmál.

Á þessari stundu er ekki unnt að fullyrða neitt um það hvaða áhrif breytingarnar í Evrópu eiga eftir að hafa á Evrópuráðið. Ef aðildarþjóðunum fjölgar í um það bil 40 mun það gjörbreyta starfsháttum þings Evrópuráðsins og hafa veruleg áhrif á starfsemina í höfuðstöðvunum í Strassborg.

Í þessari skýrslu er ekki farin sú leið að rekja efni einstakra tillagna og ályktana á 43. þinginu. Yfirlit yfir tillögur og ályktanir þingsins er birt í fskj. I. Jafnframt er minnt á að í lok hverrar fundalotu þingsins hefur Íslandsdeildin dreift frásögn af framvindu mála til Alþingis.

2. Almennt um Evrópuráðið.

Stofnskrá Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 er mótuð af þeirri von að Evrópuríkin geti með því að bindast fastari böndum staðið að því að varðveita lýðræði, mannréttindi og frið í heiminum. Í inngangi stofnskrárinnar segjast ríkin staðfesta á ný trú sína á þau verðmæti, andleg og siðferðileg, sem eru hin sameiginlega arfleið þessara þjóða og hin sönnu upptök einstaklingsfrelsis, stjórnmálalegs frjálsræðis og skipunar laga og réttar.

Í 3. gr. stofnskrárinnar segir um skilyrði til þess að verða aðili að Evrópuráðinu að sérhvert þátttökuríki verði að viðurkenna grundvallarreglurnar um skipun laga og um að öllum einstaklingum innan umdæmis þess skuli tryggð mannréttindi og grundvallarfrelsi. Ríkin verði og í orði og verki að taka þátt í samvinnu til að ná markmiði ráðsins eins og það er skilgreint í fyrsta kafla stofnskrárinnar.

Hinn 7. febrúar 1950 var þingsályktunartillaga samþykkt á Alþingi um að Ísland gerðist aðili að Evrópuráðinu og kom hún til framkvæmda 1951.

Frá stofnun Evrópuráðsins hafa fjölmargir Evrópusáttmálar verið settir um ýmis svið þjóðlífsins og er mikilvægastur þeirra Mannréttindasáttmáli Evrópu sem var undirritaður árið 1950. Evrópuráðið hefur því reynst kjörinn vettvangur til þess að styðja þjóðir Mið- og Austur-Evrópu á leið þeirra til lýðræðis og breytts þjóðskipulags, laga og réttar.

Aðildarríki og gestaaðild.

Frá upphafi hefur aðildarríkjum Evrópuráðsins fjölgað úr 12 í 26, aðallega á allra síðustu missirum eftir mikil umbrot í Mið- og Austur-Evrópu. Aðildarríkin eru nú 26 (innan sviga er getið aðildarárs nýjustu ríkjanna): Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland (1989), Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kípur, Liechtenstein (1978), Lúxemborg, Malta, Noregur, Portúgal, Pólland (1991), San Marínó (1988), Spánn (1977), Sviss, Svíþjóð, Tékkóslóvakía (1991), Tyrkland, Ungverjaland (1990) og Þýskaland. Hinn 11. maí 1989 var samþykkt á þinginu ályktun um að veita ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, að vissum skilyrðum uppfylltum, gestaaðild að ráðinu. Hefur slík aðild jafnan verið undanfari þess að ríkin fengju fulla aðild að ráðinu. Gestaaðild hafa nú Albanía, Búlgaría, Eistland, Lettland, Litáen, Rúmenía, Slóvenía og Rússland.

Skipulag þinghaldsins.

Evrópuráðsþingið starfar sem ráðgjafarþing fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins en í henni sitja utanríkisráðherrar allra aðildarríkja eða fulltrúar þeirra. Albert Guðmundsson, sendiherra í París, er nú fulltrúi utanríkisráðherra í ráðherranefndinni fyrir hönd Íslands.

Þingið er umræðuvettvangur Evrópuráðsins og því er falið að fjalla um þau mál sem heyra undir starfssvið þess samkvæmt stofnskránni og leggur það niðurstöður sínar fyrir ráðherranefndina í formi tillagna. *Tillaga* (recommendation) er skilgreind sem tillaga þingsins til ráðherranefndarinnar en framkvæmd hennar er í höndum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Þingið getur og skilað ráðherranefndinni áliti á málefnum sem hafa verið borin undir það. *Álit* (opinion) þingsins geta einnig verið í formi ályktana. *Ályktun* (resolution) er skilgreind sem ákvörðun í mikilvægu málefni sem þingið hefur vald til að framkvæma eða álit sem það eitt ber ábyrgð á. Þingið getur gefið skrifstofu eða öðrum stofnunum þess *fyrirmæli* (order).

Mikilvægastar þessara ákvarðana eru tillögur til ráðherranefndarinnar um að samþykkja ákvarðanir þingsins svo að fela megi ríkisstjórnum aðildarríkjanna að hrinda þeim í framkvæmd.

Evrópuráðsþingið er haldið þrisvar á ári í Strassborg auk sumarþings í einhverju aðildarríkjanna. Nýtt þing hefst að vori en aðalþingið er haldið að hausti. Á sumarþingi í einu aðildarríkja Evrópuráðsins er jafnan lögð höfuðáhersla á nefndarfundi og undirbúning fyrir haustþingið.

Skipan sendinefndar hverrar þjóðar á þinginu endurspeglar þingstyrk flokkanna í heimalandinu. Á þinginu starfa þingflokkar þar sem tekin er sameiginleg afstaða til þeirra mála sem eru á dagskrá þingsins hverju sinni. Þessir þingflokkar eru Socialist Group, þ.e. jafnaðarmenn (Alþýðuflokkur), European Democratic Group, þ.e. hægri flokkar (Sjálfstæðisflokkur), Liberal Democratic and Reformers Group, þ.e. frjálslyndir (Framsóknarflokkur), European People's Party, þ.e. kristilegir flokkar og United European Left, þ.e. flokkar til vinstri við jafnaðarmenn. Fulltrúar Alþýðubandalags og Kvennalista hafa ekki tekið þátt í störfum þingflokka á Evrópuráðsþinginu.

3. 43. þing Evrópuráðsins.

a. Fulltrúar Íslands á Evrópuráðsþinginu.

Í samræmi við stofnskrá Evrópuráðsins eru þrír fulltrúar af hálfu Íslands á þingi þess og þrír til vara. Á fyrri hluta ársins 1991 voru þau Ragnhildur Helgadóttir, formaður, Guðmundur G. Þórarinsson, varaformaður, Eiður Guðnason, Ragnar Arnalds, Þórhildur Þorleifsdóttir og Guðmundur Ágústsson í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins. Eftir alþingiskosningar í apríl 1991 var skipuð ný sendinefnd skv. 35. gr. þingskapalaga. Þá völdust

í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins: Björn Bjarnason, formaður, Guðmundur Bjarnason, varaformaður, Sigbjörn Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir. Á haustfundi þingsins 1991 tók Þóra Guðnadóttir við starfi ritara Íslandsdeildarinnar af Ólafi Ólafssyni, varaskrifstofustjóra Alþingis.

b. Þingfundir á 43. þingi.

Fyrsti hluti 43. þings Evrópuráðsins var 22.–26. apríl 1991 í höfuðstöðvum þess í Strassborg. Þá komu: Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson og Ragnar Arnalds. Ragnhildur Helgadóttir fylgdi eftir skýrslu heilbrigðis- og félagsmálanefndar til þingsins sem framsögumaður. Hún lét af embætti varaforseta þingsins sem hún gegndi á 42. þinginu og forsetinn Anders Björck þakkaði henni sérstaklega og íslensku sendinefndinni fyrir störf í þágu Evrópuráðsþingsins.

Sumarþing Evrópuráðsins var að þessu sinni haldið í Helsinki í Finnlandi dagana 25.–29. júní 1991. Nýja sendinefndin, fyrir utan formann, sótti þingið ásamt ritara.

Annar hluti þingsins og jafnframt aðalþing ráðsins var haldið dagana 18.–25. september 1991 í Strassborg. Það sóttu Björn Bjarnason, Guðmundur Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson, Ragnar Arnalds og ritari.

Þriðji og síðasti hluti 43. þingsins fór fram í Strassborg dagana 3.–7. febrúar 1992 og sóttu þá fundi Björn Bjarnason, Guðmundur Bjarnason, Sigbjörn Gunnarsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir auk ritara.

c. Nýr forseti Evrópuráðsþingsins.

Forseti Evrópuráðsþingsins, Sviinn Anders Björck, lét af embætti 26. nóvember 1991 er hann hafði tekið við embætti varnarmálaráðherra Svíþjóðar. Breski hægri maðurinn Sir Geoffrey Finsberg var kosinn forseti þingsins í upphafi þriðja hluta 43. þingsins fram að næstu reglulegu kosningum í upphafi 44. þings í maí nk.

d. Ný ríki og gestaaðild.

Á haustþinginu fengu Eystrasaltsríkin Eistland, Lettland og Litáen gestaaðild að Evrópuráðinu og var það fyrsta alþjóðastofnunin sem veitti þeim slíka viðurkenningu. Þá áttu Búlgaría, Rúmenía og Sovétríkin einnig gestaaðild. Júgóslavía var svipt gestaaðild 25. nóvember 1991 þar sem talið var að hún uppfyllti ekki lengur kröfur Evrópuráðsins um lýðræðislega stjórnarhætti. Hinn 26. nóvember 1991 fékk Pólland fulla aðild að Evrópuráðinu og er það 26. aðildarríki þess. Á síðasta hluta þingsins, 3.–7. febrúar, var ákveðið að veita Albaníu og Slóveníu gestaaðild en Rússland hefur tekið við af Sovétríkjunum eftir upplausn þeirra. Þá eru umsóknir Makedóníu, Armeníu, Hvíta-Rússlands, Moldóvu og Úkraínu í athugun. Ísrael hefur haft áheyrnarfulltrúa á þingi Evrópuráðsins síðan 1957 en Ísraelar mega aðeins taka þátt í umræðum með samþykki forseta.

e. Ræður þjóðarleiðtoga á 43. þinginu.

Venja er að á hverju reglulegu þingi Evrópuráðsins ávarpi þjóðarleiðtogar þingmenn og svari fyrirspurnum þeirra. Vorþingið í apríl 1991 sóttu Constantin Mitsotakis, forsætisráðherra Grikklands, og Francesco Cossiga, forseti Ítalíu. Á haustþinginu í september 1991 voru Flavio Cotti, forseti Sviss, og Poul Schlüter, forsætisráðherra Danmerkur. Í febrúar 1992 ávörpuðu Lech Walesa, forseti Póllands, og Chaim Herzog, forseti Ísraels, þingið.

f. Ályktanir og tillögur samþykktar á 43. þingi.

Á 43. þingi Evrópuráðsins voru samþykktar 34 tillögur og 22 ályktanir fyrir utan álit

og fyrirmæli. Í fskj. I er birt yfirlit yfir þær. Í þingtíðindum Evrópuráðsins er unnt að kynna sér alla texta og ræður á þinginu.

4. Nefndastörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Íslandsdeildin skiptist þannig í nefndir:

1. Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd	Björn Bjarnason.
2. Stjórnarnefnd	Björn Bjarnason.
3. Stjórnmálanefnd	Björn Bjarnason.
4. Laganefnd	Ragnar Arnalds,
til vara	Björn Bjarnason.
5. Efnahagsnefnd	Guðmundur Bjarnason,
til vara	Ragnar Arnalds.
6. Umhverfis-, skipulags- og sveitarstjórnarmálanefnd	Guðmundur Bjarnason,
til vara	Kristín Ástgeirsdóttir.
7. Þingskapanefnd	Guðmundur Bjarnason.
8. Landbúnaðarnefnd	Sigbjörn Gunnarsson.
9. Fjárlaganefnd	Sigbjörn Gunnarsson.
10. Mennta- og menningarmálanefnd	Ragnar Arnalds,
til vara	Guðmundur Bjarnason.
11. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd	Lára Margrét Ragnarsdóttir,
til vara	Guðmundur Bjarnason.
12. Nefnd um samskipti við lönd utan Evrópuráðsins	Kristín Ástgeirsdóttir,
til vara	Björn Bjarnason.
13. Vísinda- og tækninefnd	Lára Margrét Ragnarsdóttir,
til vara	Sigbjörn Gunnarsson.
14. Nefnd um almannatengsl þingsins	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
15. Flóttamannanefnd	Kristín Ástgeirsdóttir.

b. Þátttaka í nefndarfundum utan þinga.

Utan reglulegra þinga tóku fulltrúar Íslandsdeildarinnar þátt í eftirfarandi nefndafundum:

Björn Bjarnason sótti fund stjórnarnefndar og sameiginlegan fund með ráðherranefndinni 25.– 26. nóvember 1991 í höfuðstöðvum ráðsins í Strassborg en þá var ákveðið að veita Póllandi aðild að ráðinu og tilkynnt að Sir Geoffrey Finsberg tæki við embætti forseta sem fyrr greinir.

Guðmundur Bjarnason sótti fundi þingskapanefndar 8.–9. janúar 1992 í Lúxemborg en þá voru rædd ýmis vandamál vegna þeirrar fjölgunar sem hefur orðið í Evrópuráðinu, svo og hugsanlegar takmarkanir á ræðutíma og aðrar aðgerðir til hagræðingar þinghalds.

Sigbjörn Gunnarsson sótti fund undirnefndar landbúnaðarnefndar um fiskveiðar 14. júní í París. Á fundinum var rætt m.a. um framtíð fiskveiða Evrópuþjóða og hugsanlega sameiginlega fiskveiðistefnu.

Ragnar Arnalds sótti fund mennta- og menningarmálanefndar í París 5.–6. desember 1991. Þar var m.a. fjallað um skýrslur nefndarinnar um bóka- og skjalasöfn í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og um rétt manna til trúfrelsis.

Lára Margrét Ragnarsdóttir fór á fundi heilbrigðis- og félagsmálanefndar í Prag 11.–14.

nóvember 1991. Voru breytingar á heilbrigðiskerfi Tékkóslóvakíu kynntar og farið í vettvangskannanir á sjúkrastofnanir. Þá var Láru Margréti falið að vera framsögumaður nefndarinnar um skýrslu til þingsins um ástandið eftir kjarnorkuslysið í Tsjernóbíl.

Kristín Ástgeirsdóttir sótti fund flóttamannanefndar 28.–30. október 1991 í Vín. Bar þar hæst málefni Júgóslavíu, fólksflutninga frá Albaníu, flóttamanna- og fólksflutningamál í Austurríki.

c. Störf fyrir nefndir.

Eins og áður greinir hefur Lára Margrét Ragnarsdóttir verið valin framsögumaður skýrslu heilbrigðis- og félagsmálanefndar til þings Evrópuráðsins um afleiðingar kjarnorkuslyssins í Tsjernóbíl.

Sigbjörn Gunnarsson hefur verið kosinn varaformaður undirnefndar landbúnaðarnefndar um fiskveiðar sem mun standa fyrir ráðstefnu um sjávarspendýr í Reykjavík dagana 25.–27. maí nk. Hann hefur jafnframt verið valinn framsögumaður skýrslu landbúnaðarnefndar til þingsins um málið að lokinni ráðstefnunni. Undirbúningur ráðstefnunnar er hafinn í samráði við aðalskrifstofu Evrópuráðsins, viðkomandi ráðuneyti og Hafrannsóknastofnun.

5. Annað.

a. Tilnefning Íslands í nefnd um meðferð frelsissviptra manna.

Í samræmi við skyldur sínar skv. 5. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu nr. 19 28. júní 1990 hefur Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins sent forseta þingsins tillögu með þremur nöfnum um einn fulltrúa Íslands í Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Tilnefnd voru sr. Jón Bjarman, Margrét Heinreksdóttir lögfræðingur og Guðrún Agnarsdóttir, læknir og fyrrverandi alþingismaður, en í tillögunni fólst að sr. Jón Bjarman yrði fulltrúi Íslands í nefndinni.

b. Undirbúningur RÖSE-fundar sumarið 1992.

Hinn 1.–3. apríl 1991 var efnt til þingmannafundar í Madríd til að leggja drög að stofnun RÖSE-þings, þ.e. í tengslum við Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu. Þrír þingmenn, Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur G. Þórarinsson og Matthías Á. Mathiesen, sóttu fundinn. Alþingi voru tryggð þrjú sæti á RÖSE-þinginu en upphaflega var gert ráð fyrir að þingfulltrúar á þinginu yrðu 259. Þar sem aðildarríki RÖSE eru nú orðin 48 hafa komið fram tillögur um að fækka fulltrúum og verður ákvörðun tekin um það á næstunni.

Hinn 13. janúar 1992 var fyrsti fundur formanna sendinefnda á RÖSE-þingið í Madríd. Þar sem ekki er starfandi Íslandsdeild RÖSE-þingsins ákvað forsætisnefnd að fela Birni Bjarnasyni að sækja fundinn í Madríd. Á grundvelli skýrslu hans ákvað forsætisnefndin að fela aðalmönnum í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins að sækja fyrsta RÖSE-þingið, sem verður í Búdapest í byrjun júlí, í beinu framhaldi af sumarþingi Evrópuráðsins þar.

c. Strassborgarráðstefna um lýðræði.

Dagana 16.–18. september 1991 var haldin þriðja Strassborgarráðstefnan um þingræði og lýðræði. Ráðstefnuna sóttu Björn Bjarnason, formaður Íslandsdeildarinnar, auk ritara. Til ráðstefnunnar var stofnað 1983 og er hún haldin á fjögurra ára fresti. Að þessu sinni tóku um 400 þingmenn frá yfir 80 þjóðþingum þátt í henni. Hlutverk ráðstefnunnar er einkum þríþætt:

— að efla tengsl milli lýðræðisríkja,
— að afla og miðla upplýsingum um þróun lýðræðis á þjóðlegum og alþjóðlegum vettvangi og stuðla að eflingu nýrra lýðræðislegra stofnana,
— að finna leiðir til að efla lýðræðislega stjórnarhætti.

Á vetrarþinginu nú í febrúar var Björn Bjarnason kjörinn í stjórnarnefnd Strassborgarráðstefnunnar.

d. Alþjóðalýðræðisstofnunin.

Hinn 17. september 1991 var haldinn í Strassborg fyrsti aðalfundur Alþjóðalýðræðisstofnunarinnar sem Alþingi á aðild að, en störf hennar hófust formlega 1. október 1990. Alls eru tuttugu þjóðþing aðilar að stofnuninni auk Evrópuráðsins, Evrópubandalagsins, Lýðræðisstofnunarinnar í Washington og Norðurlandaráðs. Stjórnarformaður hennar er forseti Evrópuráðsþingsins en auk hans eru sex menn í stjórn, kjörnir til sex ára af aðalfundi. Stofnunin hefur unnið að því að auðvelda þingmönnum og starfsmönnum þjóðþinga frá Mið- og Austur-Evrópu að tileinka sér lýðræðislega stjórnarhætti. Störf hennar hafa beinst í auknum mæli að Eystrasaltslöndunum.

e. Eftirlit með kosningum í Austur-Evrópu.

Evrópuráðið sendi eftirlitsnefndir til þess að fylgjast með þingkosningum sem fram fóru í Búlgaríu 13. október 1991 og í Póllandi 27. sama mánaðar.

f. Starfsreglur Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins.

Íslandsdeild Evrópuráðsins samþykkti 16. janúar 1992 skv. 35. gr. þingskapalaga að senda tillögur að starfsreglum deildarinnar til umfjöllunar hjá forsætisnefnd og formönnum þingflokka. Tillöguna er að finna í fskj. II, en skv. 35. gr. þingskapalaga setur forseti Alþingis reglur um störf alþjóðanefnda.

Alþingi, 20. febr. 1992.

Björn Bjarnason, form.	Guðmundur Bjarnason, varaform.	Sigbjörn Gunnarsson.
Ragnar Arnalds.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Kristín Ástgeirsdóttir.

Fylgiskjal I.

Samþykktir 43. þings Evrópuráðsins.

Tillögur:

Recommendation 1146: on equal opportunities and equal treatment for women and men on the labour-market,
um jöfn atvinnutækifæri og jafnrétti kvenna og karla á atvinnumarkaðinum.

Recommendation 1147: on parliamentary responsibility for the democratic reform of broadcasting,
um ábyrgð þjóðþinga á lýðræðislegum umbótum á útvarpi.

Recommendation 1148: on Europe of 1992 and migration policies,
um Evrópu 1992 og stefnu í fólksflutningum.
Recommendation 1149: on Europe of 1992 and refugee policies,
um Evrópu 1992 og stefnu í flóttamannamálum.
Recommendation 1150: on the situation of the Iraqi Kurdish population and other persecuted minorities,
um aðstæður írakskra Kúrda og annarra ofsóttra minnihlutahópa.
Recommendation 1151: on the reception and settlement of refugees in Turkey,
um móttöku og aðbúnað flóttamanna í Tyrklandi.
Recommendation 1152: on the situation of the Palestine refugees and the immigration of the Soviet Jews to Israel,
um aðstæður palestínskra flóttamanna og flutning sovéskra gyðinga til Ísrael.
Recommendation 1153: on concerted European policies for health,
um sameiginlega evrópska heilbrigðisstefnu.
Recommendation 1154: on North African migrants in Europe,
um innflytjendur frá Norður-Afríku í Evrópu.
Recommendation 1155: on the powers of the Assembly in budgetary matters,
um sjálfræði Evrópuráðsþingsins í fjárhagsmálum.
Recommendation 1156: on recent activities of the Social Development Fund of the Council of Europe,
um starfsemi Félagsmálaþróunarsjóðs Evrópuráðsins.
Recommendation 1157: on preservation and management of freshwater resources in Europe,
um varðveislu og nýtingu ferskvatnsauðlinda í Evrópu.
Recommendation 1158: on security and co-operation in Europe,
um öryggi og samvinnu í Evrópu.
Recommendation 1159: on the harmonisation of autopsy rules,
um samræmdar reglur um krufningar.
Recommendation 1160: on the preparation of a convention on bioethics,
um undirbúning sáttmála um siðfræði í raun- og læknavísindum.
Recommendation 1161: on the crisis in the Soviet Union,
um neyðarástandið í Sovétríkjunum.
Recommendation 1162: on the contribution of the Islamic civilisation to European culture,
um framlag íslamskrar siðmenningar til evrópskrar menningar.
Recommendation 1163: on the arrival of asylum-seekers at European airports,
um komu manna til evrópskra flughafna í leit að hæli.
Recommendation 1164: on demographic imbalances between the countries of the Mediterranean basin,
um lýðfræðilegt ójafnvægi milli ríkja á Miðjarðarhafssvæðinu.
Recommendation 1165: on the follow-up to the European Campaign for the Countryside,
um framhald evrópsks átaks í þágu sveita.
Recommendation 1166: on prospects for European integration and *détente* in the Mediterranean,
um horfur á einingu Evrópu og slökun á Miðjarðarhafssvæðinu.
Recommendation 1167: on the crucial role of food supply in helping to consolidate democracy in Central and Eastern Europe,
um lykilhlutverk matvælaaðstoðar til að styrkja lýðræðisþróunina í Mið- og Austur-Evrópu.

Recommendation 1168: on the future of the Social Charter of the Council of Europe,
um framtíð félagsmálasáttmála Evrópuráðsins.
Recommendation 1169: on education for health and drugs misuse in the member states of the Council of Europe and the European Community,
um kennslu á sviði heilbrigðis og misnotkun lyfja í aðildarríkjum Evrópuráðsins og Evrópubandalagsins.
Recommendation 1170: on strengthening the European Convention on the Suppression of Terrorism,
um eflingu Evrópusáttmála um útrýmingu hryðjuverka.
Recommendation 1171: on the situation of hospitals in Albania: priority needs of the Paediatric Institute in Tirana,
um ástandið á sjúkrahúsum í Albaníu: forgangsþarfir barnalækningastofnunarinnar í Tírana.
Recommendation 1172: on the situation of the cultural heritage in Central and Eastern Europe,
um menningararfleið Mið- og Austur-Evrópuríkja.
Recommendation 1173: on the preservation of libraries and scientific archives in the countries of Central and Eastern Europe,
um varðveislu bóka- og skjalasafna í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.
Recommendation 1174: on pan-European co-operation in the field of agriculture,
um evrópska samvinnu á sviði landbúnaðar.
Recommendation 1175: on the situation in Yugoslavia,
um ástandið í Júgóslavíu.
Recommendation 1176: on the crisis in Yugoslavia: displaced populations,
um neyðarástandið í Júgóslavíu: heimilislaust fólk.
Recommendation 1177: on the rights of minorities,
um réttindi minnihlutahópa.
Recommendation 1178: on sects and new religious movements,
um sértrúarsöfnuði og nýja sértrúarhópa.
Recommendation 1179: on the exodus of Albanian nationals,
um landflótta Albaníumanna.
Recommendation 1180: on citizen's participation in politics,
um þátttöku almennings í stjórnmálum.

Ályktanir:
Resolution 958: on the duration of the term office of committee chairmen,
um lengd kjörtímabils nefndarformanna.
Resolution 959: on increasing the number of Vice-Presidents of the Assembly from fourteen to seventeen,
um fjölgun varaforseta þingsins úr fjórtán í sautján.
Resolution 960: on the amendment of Rule 55*a* of the Assembly's Rules of Procedure (special guest status),
um breytingu á grein 55a þingskapa Evrópuráðsins (um gestaaðild).
Resolution 961: on food aid and food security policies,
um matvælaaðstoð og stefnu í dreifingu og framleiðslu matvæla.
Resolution 962: on „1992", Europe and the world — Consequences of the completion of the European Community's internal market,
um „1992", Evrópa og umheimurinn — Afleiðingar innri markaðar Evrópubandalagsins.

Resolution 963: on Europe's role in a future „new world order" after the Gulf war,
um hlutverk Evrópu í „nýrri heimsskipan" eftir Persaflóastríðið.
Resolution 964: on European air transport policies,
um evrópska stefnu í loftflutningum.
Resolution on 965: EFTA activities in 1989 and 1990: a changing EFTA in a changing Europe,
um starfsemi EFTA 1989 og 1990: breytt EFTA í breyttri Evrópu.
Resolution 966: on East Timor,
um Austur-Tímor.
Resolution on 967: renewal of the Council of Europe's Social Charter,
um endurnýjun félagsmálasáttmála Evrópuráðsins.
Resolution 968: in reply to the report of the activities of the Organisation for Economic Co-operation and Development (OECD) in 1990,
svar við starfsskýrslu OECD 1990.
Resolution 969: on the crisis in Yugoslavia,
um neyðarástandið í Júgóslavíu.
Resolution 970: on the situation in Albania,
um ástandið í Albaníu.
Resolution 971: on Europe and the state of world population,
um Evrópu og fólksfjölgun í heiminum.
Resolution 972: on the future of ocean fisheries,
um framtíð fiskveiða í úthöfum.
Resolution 973: on Mr Raoul Wallenberg and Mr Vilmos Langfelder,
um Raoul Wallenberg og Vilmos Langfelder.
Resolution 974: on renewable energy sources and solar hydrogen,
um endurnýjanlegar orkulindir og vetnisorku.
Resolution 975: on the organisation of Assembly debates: references to committees and presentation of amendments,
um umræður á Evrópuráðsþinginu: vísun til nefnda og umfjöllun um breytingartillögur.
Resolution 976: on special guest status,
um gestaaðild.
Resolution 977: on European transport problems,
um flutningamál innan Evrópu.
Resolution 978: on European space policy,
um evrópska geimáætlun.
Resolution 979: on agriculture's contribution to enhancing energy security and saving the global environment,
um þátt landbúnaðar í orkusparnaði og umhverfisvernd.
Resolution 980: on citizen's participation in politics,
um þátttöku almennings í stjórnmálum.

Fylgiskjal II.

Starfsreglur fyrir Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

1. gr.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins (La délégation islandaise de l'Assemblée parlementaire du Conseil de l'Europe) er skipuð þremur alþingismönnum sem aðalmönnum og þremur til vara, sbr. 23. gr. laga Evrópuráðsins. Íslandsdeildin starfar í samræmi við lög Evrópuráðsins og samþykktir Evrópuráðsþingsins.

2. gr.

Þingflokkar skulu tilnefna í Íslandsdeildina eftir hverjar alþingiskosningar og gildir tilnefningin út kjörtímabilið, nema þingflokkar ákveði annað.

3. gr.

Þingflokkar skulu tilnefna sameiginlega sex þingmenn til setu í Íslandsdeildinni. Þingflokkur skal tilnefna eftir hlutfallsreglu jafnmarga þingmenn og hann á rétt til samkvæmt stærð flokksins. Þeir þrír þingmenn, er hæsta atkvæðatölu hafa, skulu teljast aðalmenn en þó skal hver þingflokkur eigi hafa rétt til nema eins aðalmanns. Aðrir teljast varamenn í þeirri röð sem atkvæðatala þeirra segir til um. Þingflokki, sem ekki hefur styrkleika til að hljóta fulltrúa í Íslandsdeildina, skal heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum deildarinnar. Áheyrnarfulltrúi skal hafa rétt til þátttöku í starfi Evrópuráðsþingsins samkvæmt almennum reglum 7. gr.

4. gr.

Fulltrúi stærsta þingflokksins kallar Íslandsdeildina saman til fyrsta fundar og skal þá kjósa formann og varaformann deildarinnar fyrir kjörtímabilið.

Formaður situr í stjórnarnefnd (bureau), fastanefnd (commission permanente) og samstarfsnefnd (comité mixte) Evrópuráðsþingsins, sbr. 8., 42. og 51. gr. starfsreglna þingsins (réglement de l'Assemblée). Að öðru leyti kemur Íslandsdeildin sér saman um þátttöku í þrettán málefnanefndum þingsins og skulu aðal- og varamenn hafa jafnan rétt til starfa í nefndunum.

5. gr.

Íslandsdeildin hefur ritara sem er nefndinni til aðstoðar, sbr. 3. mgr. 35. gr. þingskapa Alþingis.

6. gr.

Íslandsdeildin skal árlega leggja fyrir forsætisnefnd Alþingis, innan þess frests sem nefndin ákveður, tillögur um fjárveitingar til starfsemi deildarinnar. Tillagan skal við það miðuð að fjárveiting nægi til að greiða ferðakostnað fulltrúa og annan kostnað sem af starfsemi deildarinnar leiðir. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti og önnur útgjöld Alþingis.

7. gr.

Í upphafi hvers árs ákveður Íslandsdeildin þátttöku deildarinnar í starfi Evrópuráðsþingsins samkvæmt þeirri fjárveitingu sem deildin hefur. Formaður deildarinnar skal að jafnaði sækja öll þau þing sem Íslandsdeildin tekur þátt í. Við val á öðrum þátttakend-

um á þingin skal miða við stærð þingflokka og beita hlutfallsreglu d'Hondts, þó þannig að alltaf falli niður réttur eins þingmanns af þeim lista sem þingflokkur formanns á aðild að. Þegar þingflokkur formanns á ekki rétt á fulltrúa í sendinefnd samkvæmt hlutfallsreglunni skal í fjárlagabeiðni deildarinnar gert ráð fyrir aukakostnaði sem af þátttöku formanns hlýst. Þátttaka í nefndafundum, sem haldnir eru utan reglulegra þingfunda, skal miðast við að unnt sé að sinna þeim skyldum sem í starfi nefndanna felast og fjárveitingar leyfa.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu tilnefningar í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins á þessu kjörtímabili haldast óbreyttar.

439. Skýrsla [262. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 1991.

Í maí 1991, við upphaf nýs kjörtímabils, tilnefndu þingflokkarnir fimm þingmenn í nýja stjórn Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins í samræmi við 3. gr. starfsreglna Íslandsdeildarinnar. Af hálfu Sjálfstæðisflokksins voru tilnefndir Geir H. Haarde og Einar K. Guðfinnsson, Framsóknarflokkurinn tilnefndi Ólaf Þ. Þórðarson, Alþýðuflokkurinn tilnefndi Gunnlaug Stefánsson og Alþýðubandalagið Margréti Frímannsdóttur. Á fyrsta fundi stjórnarinnar var Geir H. Haarde kjörinn formaður og Ólafur Þ. Þórðarson varaformaður. Þá var jafnframt samþykkt ósk þingflokks Kvennalistans um að Anna Ólafsdóttir Björnsson yrði áheyrnarfulltrúi á fundum stjórnarinnar.

Á árinu 1991 tók Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins þátt í 86. þingi Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldið var dagana 7.–12. október 1991 í Santíagó í Síle. Þingið í Síle var hið síðara af þeim tveimur þingum sem haldin eru á ári hverju á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins. Þátttaka Íslandsdeildarinnar í vorþinginu í Pyongyang í Norður-Kóreu féll niður vegna kosninga til Alþingis sem haldnar voru á sama tíma. Þá tók Íslandsdeildin þátt í RÖSE-ráðstefnu Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldin var í Vín 1.–3. júlí 1991. Einnig var haldinn í Reykjavík 20. september 1991 samráðsfundur norrænu þjóðdeildanna í Alþjóðaþingmannasambandinu.

A. RÖSE-RÁÐSTEFNA ALÞJÓÐAÞINGMANNASAMBANDSINS Í VÍN

Dagana 1. til 3. júlí 1991 var haldin í Vínarborg ráðstefna um málefni RÖSE (ráðstefna um öryggi og samvinnu í Evrópu) á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins. Afskipti Alþjóðaþingmannasambandsins af þessum málum má rekja allt til 1970 þegar þing sambandsins hvatti stjórnvöld í austri og vestri til að efna til fundar um samvinnu og öryggi í Evrópu. Alþjóðaþingmannasambandið steig sjálft fyrsta skrefið í þessa átt með því að halda slíka ráðstefnu í Helsinki 1973 tveimur árum áður en hið fræga Helsinki-samkomulag var undirritað 1975. Alþjóðaþingmannasambandið hefur síðan 1973 haldið reglulega ráðstefnur um málefni RÖSE og hafa þær verið sóttar af þingmönnum frá ríkjunum sem aðild eiga að Helsinki-samkomulaginu. Það hefur verið skoðun Alþjóðaþingmannasambandsins að mikilvægt væri að þingmenn ræddust við um þessi mál sín í milli samhliða hinum opinberu viðræðum stjórnvalda.

Ráðstefna Alþjóðaþingmannasambandsins í Vínarborg var hin sjöunda í röðinni og sótt af þingmönnum frá þeim 35 ríkjum sem aðild eiga að RÖSE-samstarfinu. Af hálfu

Íslandsdeildar sambandsins sóttu ráðstefnuna Geir H. Haarde, formaður Íslandsdeildarinnar, og Ólafur Þ. Þórðarson varaformaður, auk Þorsteins Magnússonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Ráðstefnan var haldin í skugga innanlandsátakanna í nágrannaríkinu Júgóslavíu og settu atburðirnir þar mjög svip á alla umræðu á ráðstefnunni. Sérstök ályktun var gerð um Júgóslavíumálið þar sem m.a. var hvatt til þess að ráðherraráð RÖSE kæmi saman til aukafundar til að fjalla um ófriðarástandið sem skapast hefur þar í landi. Í ræðum margra þingmanna kom fram beinn og óbeinn stuðningur við sjálfstæðiskröfur Slóvena og annarra þjóða Júgóslavíu. Þá samþykkti ráðstefnan einnig ítarlega ályktun um RÖSE-samstarfið þar sem m.a. var voru settar fram ýmsar ábendingar um þau verkefni sem fjalla þyrfti um á vettvangi RÖSE.

Sérstök ávörp fluttu á ráðstefnunni Franz Vranitsky, kanslari Austurríkis, Jósef Antall, forsætisráðherra Ungverjalands, Alois Mock, utanríkisráðherra Austurríkis, Félix Pons Irazazabal, forseti spænska þingsins, og Claudio Vitalone sem flutti ræðu Andreottis, utanríkisráðherra Ítalíu, sem forfallaðist á síðustu stundu. Þeir þrír fyrstnefndu fjölluðu um RÖSE og stjórnmálaþróunina í Evrópu en sá síðastnefndi ræddi um hlutverk þingmannasamkundu RÖSE sem aðildarríki RÖSE hafa samþykkt að koma á fót og sem hefja mun störf á næsta ári. Formaður íslensku sendinefndarinnar, Geir H. Haarde, tók þátt í umræðum á ráðstefnunni. Hann fjallaði m.a. um framhald RÖSE-samstarfsins og málefni Eystrasaltsríkjanna og sagðist vona að þau gætu sem fyrst tekið fullan þátt í RÖSE-samstarfinu sem fullvalda ríki. Þá ræddi hann einnig um ástandið í Júgóslavíu og lagði á það áherslu að allar þjóðir, litlar sem stórar, ættu rétt á að ákvarða sjálfar framtíð sína.

Á ráðstefnunni varð nokkur umræða um RÖSE-starf Alþjóðaþingmannasambandsins í framtíðinni. Ljóst er að eftir að sérstök þingmannasamkunda RÖSE hefur árlega fundi (sbr. skýrslu Björns Bjarnasonar til Alþingis 14. janúar 1992) er ekki lengur grundvöllur fyrir reglulegum ráðstefnum Alþjóðaþingmannasambandsins um RÖSE-málefni. Í þeim kafla Vínarályktunar er varðar RÖSE-starf Alþjóðaþingmannasambandsins í framtíðinni er þó gert ráð fyrir að á þingum sambandsins haldi sendinefndir frá RÖSE-ríkjunum einn fund til að skiptast á skoðunum um málefni RÖSE líkt og verið hefur. Jafnframt er lögð áhersla á náið samstarf Alþjóðaþingmannasambandsins við væntanlegt RÖSE-þing og bent á að sambandið geti verið mikilvægur tengiliður milli RÖSE-þingsins og þinga í öðrum heimsálfum þar sem enn er glímt við vandamál sem hugsanlega mætti leysa á svipaðan hátt og með RÖSE-samstarfinu. Í þessu sambandi er sérstaklega lagt til að ráð Alþjóðaþingmannasambandsins kanni möguleika á að komið verði á fót stofnun fyrir Miðjarðarhafssvæðið er byggi á reynslu RÖSE-ríkjanna. Þá er í ályktuninni hvatt til að sambandið fái áheyrnarfulltrúa á þingi RÖSE líkt og Evrópuráðsþingið og Norður-Atlantshafsþingið.

B. NORRÆNT SAMSTARF

1. Stuðningur við Eystrasaltsríkin.

Í janúar 1991 beitti Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, er þá fór með forustu í norræna samstarfinu, sér fyrir sameiginlegum aðgerðum norrænu þjóðdeildanna til að mótmæla valdbeitingu sovéskra stjórnvalda í Litáen. Formenn norrænu deildanna skrifuðu Ivan D. Laptev, formanni Sovétdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, bréf þar sem atburðirnir í Litáen voru harðlega fordæmdir og hann og aðrir sovéskir þingmenn voru hvattir til að beita áhrifum sínum til að stöðva blóðbaðið í landinu og stuðla að friðsamlegri lausn er tryggði sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna.

Í apríl 1991 stóðu norrænu deildirnar fyrir ráðstefnu í Stokkhólmi til að kynna þingmönnum í Eystrasaltsríkjunum starf Alþjóðaþingmannasambandsins. Talið var að slík ráðstefna gæti verið gagnleg í ljósi þess að farið væri að styttast í það að Eystrasalts-

ríkin hlytu sjálfstæði og gætu þar með tekið þátt í starfi sambandsins. Ráðstefnan stóð frá 10.–12. apríl og var sótt af þingmönnum og embættismönnum frá öllum þremur þingunum í Eystrasaltsríkjunum auk þingmanna og embættismanna frá norrænu þingunum. Þar sem þingmenn á Íslandi voru bundnir af undirbúningi alþingiskosninganna sótti Þorsteinn Magnússon, ritari Íslandsdeildarinnar, ráðstefnuna af hálfu íslensku deildarinnar.

2. Samráðsfundur norrænu deildanna í Reykjavík.

Föstudaginn 20. september 1992 var samráðsfundur norrænu þjóðdeildanna í Alþjóðaþingmannasambandinu haldinn í Reykjavík. Slíkir fundir eru ætíð haldnir stuttu fyrir þing Alþjóðaþingmannasambandsins og þar er farið yfir þau mál er liggja fyrir þinginu hverju sinni. Á Reykjavíkurfundinum var farið yfir dagskrá Santíagó-þingsins og rætt um afstöðu Norðurlandaþinganna til einstakra mála. Fundinn sátu formenn allra norrænu þjóðdeildanna, Ole Espersen frá Danmörku, Eino Siuruainen frá Finnlandi, Sigurd Holemark frá Noregi og Sture Ericson frá Svíþjóð auk starfsmanna. Af hálfu Íslandsdeildar sátu fundinn Geir H. Haarde, er stjórnaði honum, Einar K. Guðfinnsson og Þorsteinn Magnússon, ritari Íslandsdeildarinnar.

C. ÞING ALÞJÓÐAÞINGMANNASAMBANDSINS Í SANTÍAGÓ

I. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið hélt sitt 84. þing í Santíagó í Síle dagana 7.–12. október 1991. Þingið sóttu fulltrúar frá 95 þjóðþingum, en aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu eiga þingmenn á þjóðþingum 116 ríkja auk tveggja fjölþjóðaþinga, Evrópuþingsins og Andes-þingsins. Á þinginu voru einnig áheyrnarfulltrúar frá fjölmörgum alþjóðasamtökum, þar á meðal ýmsum stofnunum Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðinu. Forseti Síle, Patricio Aylwin Azocar, var við setningu þingsins og flutti ræðu.

Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sóttu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður deildarinnar, Gunnlaugur Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir og Einar K. Guðfinnsson, auk Þorsteins Magnússonar, ritara Íslandsdeildarinnar.

Síleska þinginu var veitt aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu 1990 þegar lýðræðislegir stjórnarhættir voru teknir upp að nýju, en aðild þess að sambandinu féll niður í kjölfar valdaráns hersins 1973 þegar þingið var leyst upp. Með því að velja Santíagó sem fundarstað vildi Alþjóðaþingmannasambandið styrkja og lýsa stuðningi við lýðræðisþróunina í Síle.

Skýrslan um þingið í Síle skiptist í fjóra meginþætti. Fyrst er fjallað um störf og ályktanir þingsins. Þá er gerð grein fyrir störfum og ákvörðunum ráðs sambandsins sem fundaði tvívegis meðan á þinginu stóð. Síðan er fjallað um störf óformlegra hópa á þinginu. Að síðustu eru nokkrar stuttar fréttir frá þinginu.

II. Störf og ályktanir þingsins.

1. Umræðuefni þingsins.

Á dagskrá þingsins í Santíagó voru að vanda tvö aðalumræðuefni. Hið fyrra var lýðræði sem almenn forsenda hagþróunar. Seinna umræðuefnið var aðgerðir til að koma í veg fyrir þjóðarmorð í ríkjum þar sem þjóðarbrot og minnihlutakynþættir sæta ofsóknum. Fyrir þinginu lágu jafnframt tillögur um viðbótarumræðuefni, en þingið getur tekið á dagskrá eitt viðbótarumræðuefni sem ákveðið er á þinginu sjálfu. Tillaga Ástrala um að fjallað yrði um mikilvægi fríverslunar í heiminum hlaut mest fylgi og var samþykkt. Þá voru einnig að vanda almennar stjórnmálaumræður.

Almennt mótuðust umræður á þinginu mjög af þeim breytingum sem átt hafa sér stað í alþjóðastjórnmálum, ekki síst lýðræðisbyltingunni í Austur-Evrópu og framsókn lýð-

ræðishreyfinga í öðrum heimsálfum. Íslenska sendinefndin tók virkan þátt í þessum umræðum sem og öðrum störfum þingsins. Nefna má m.a. að Geir H. Haarde flutti ræðu í umræðum um lýðræði og hagþróun og Gunnlaugur Stefánsson og Einar K. Guðfinnsson fluttu ræður í almennu stjórnmálaumræðunum. Geir ræddi m.a. um tengslin milli lýðræðislegra stjórnarhátta og velmegunar þegnanna og tók undir kröfu Eystrasaltsríkjanna um að sovéskur her hyrfi úr löndunum. Einar fjallaði m.a. um viðskiptafrelsi í heiminum og þá þýðingu sem það hefur fyrir bætt samskipti ríkja. Gunnlaugur fjallaði í ræðu sinni um mannréttindamál og kom sérstaklega inn á málefni pólitískra fanga í Síle en hann hafði áður átt fund með síleskum mannréttindasamtökum um það mál. Þá flutti Geir einnig ræðu í almennu stjórnmálaumræðunum fyrir hönd forsætisnefndar Norðurlandaráðs, auk þess sem það kom í hans hlut að gegna um tíma störfum þingforseta.

2. *Nefndastörf og ályktanir þingsins.*

Fyrir þinginu lágu frá ýmsum þjóðdeildum fjölmargar álitsgerðir og drög að ályktunum um tvö áðurgreind aðalefni sem þingið fjallaði um. Þá lágu einnig fyrir drög að ályktun frá Áströlum um viðbótarumræðuefnið. Að loknum löngum almennum umræðum um aðalumræðuefnin var ályktunardrögum og álitsgerðum vísað til hlutaðeigandi nefnda. Með hliðsjón af þeim gögnum gengu nefndirnar frá ályktunartillögum sem samþykktar voru einróma á síðasta degi þingsins. Við gerð ályktunarinnar um þjóðarmorð var lögð til grundvallar tillaga frá norrænu þjóðdeildunum sem danska deildin hafði haft veg og vanda af að undirbúa. Þeim sem áhuga hafa á að kynna sér þessar ályktanir, sem og aðrar ályktanir og gögn frá þinginu, er bent á að hafa samband við ritara Íslandsdeildarinnar.

Um viðbótarumræðuefnið, fríverslun, urðu ekki almennar umræður, enda ekki venja, heldur var því strax vísað til einnar af fastanefndum þingsins. Að lokinni umræðu um málið í nefndinni var kjörin undirnefnd (drafting committee) til að vinna að ályktun nefndarinnar um málið. Geir H. Haarde var kjörinn í undirnefndina sem skipuð var fulltrúum tíu þinga. Undirnefndin kaus Geir formann og framsögumann sinn. Ályktunartillaga nefndarinnar var samþykkt af þinginu án mótatkvæða. Í ályktuninni voru ríkisstjórnir m.a. hvattar til að ljúka fyrir áramót hinum svokölluðu Úrúgvæ-viðræðum um nýjar GATT-reglur.

Auk þeirra ályktana, sem nefndar hafa verið, voru samþykktar sérstakar ályktanir um ástand mála á Haíti og í Júgóslavíu.

3. *Kosningar í framkvæmdastjórn.*

Framkvæmdastjórn sambandsins, sem skipuð er tólf þingmönnum, auk forseta ráðsins, fundaði einnig meðan þingið stóð yfir. Veruleg breyting varð á skipan hennar á þinginu því að kjörtímabil fimm framkvæmdastjórnarmanna rann út á þinginu og voru nýir kjörnir í þeirra stað. Þeir voru frá Síle, Þýskalandi, Marokkó, Indónesíu og Japan.

III. Störf og ákvarðanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði tvívegis meðan þingið stóð yfir en á meðan lágu þingfundir niðri. Ráðið er hin formlega stjórn sambandsins og eiga í því sæti tveir fulltrúar frá hverri þjóðdeild. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sátu Geir H. Haarde og Gunnlaugur Stefánsson í ráðinu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu málum sem komu til umræðu og ákvörðunar ráðsins.

1. Ný aðildarþing.

Ráðið samþykkti að veita sex þjóðþingum, sem áður höfðu verið aðilar að sambandinu, aðild að því á ný. Þar var um að ræða þjóðþing Eystrasaltsríkjanna, Eistlands, Lettlands og Litáen, auk þjóðþinga Kúvæt, Líberíu og Gana. Jafnframt var þingi Madagaskar vikið úr Alþjóðaþingmannasambandinu þar sem það uppfyllti ekki lengur aðildarskilyrði sambandsins. Eru aðildarþing sambandsins nú 116 en auk þess eiga Evrópuþingið og Andes-þingið aukaaðild að sambandinu. Eystrasaltsþingin sendu hvert einn fulltrúa á þingið og í ræðum, sem þeir fluttu við þetta tækifæri, var Norðurlöndum sérstaklega þakkaður stuðningur þeirra í sjálfstæðisbaráttunni og athygli vakti að Ísland var þar nefnt fyrst.

2. Kosning forseta Alþjóðaþingmannasambandsins.

Á þinginu rann út þriggja ára kjörtímabil D. Sow (frá Senegal), forseta ráðsins og þar með sambandsins. Í framboði voru tveir menn, annars vegar Sir Michael Marshall frá Bretlandi og Gohar Ayab Khan frá Pakistan. Sir Michael, sem einkum naut stuðnings fulltrúa Evrópu- og Ameríkuríkja, var kjörinn forseti með 60% atkvæða.

3. Næstu þing og ráðstefnur.

Ráðið tók ákvörðun um næstu þing og ráðstefnur á vegum sambandsins.

a. Þing Alþjóðaþingmannasambandsins.

Næstu þing verða sem hér segir:

87. þing: Í Yaoundé í Kamerún 6.–11. apríl 1992.
88. þing: Í Stokkhólmi 7.–12. september 1992.
89. þing: Væntanlega í apríl 1993. Staður ekki ákveðinn.
90. þing: Í Ástralíu, væntanlega í október 1993.
91. þing: Í París 21.–26. mars 1994.
92. þing: Í Kaupmannahöfn 12.–17. september 1994.
93. þing: Í Madríd í apríl 1995.

b. Ráðstefna um öryggi og samvinnu á Miðjarðarhafssvæðinu.

Ráðstefna um öryggi og samvinnu á Miðjarðarhafssvæðinu verður haldið í Malaga á Spáni 22.–27. júní 1992. Ekki er fyrirhuguð þátttaka á vegum Íslandsdeildar í þessari ráðstefnu.

c. Umhverfisráðstefna í Brasilíu.

Ráðstefna Alþjóðaþingmannasambandsins um umhverfismál er fyrirhuguð í október í Brasilíu. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þátttöku Íslandsdeildarinnar í þeirri ráðstefnu. Benda má hins vegar á að annað aðalumræðuefni þings sambandsins í Yaoundé í apríl 1992 verður umhverfismál og mun Íslandsdeildin senda fulltrúa á það þing.

4. Mannréttindamál þingmanna.

Á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins starfar sérstök fastanefnd sem hefur það verkefni að fylgjast með mannréttindabrotum gagnvart þingmönnum og reyna að fá þingmenn leysta úr haldi hafi þeir verið fangelsaðir án dóms og laga. Hefur verulegur árangur náðst í þessu efni á undanförnum árum. Í ráðinu var lögð fram ítarleg skýrsla þessarar nefndar og gerð grein fyrir fangelsunum, ofsóknum og morðum, sem nefndin hefur haft til rannsóknar, á þingmönnum í átta ríkjum . Ríkin, sem hér er um að ræða, eru Síle, Kólombía, Miðjarðarbaugs-Gínea, Hondúras, Indónesía, Maldív-eyjar, Mjanma (áður Burma) og Tyrkland. Þeim sem vilja kynna sér skýrslu mannréttindanefndarinnar sem er 95 síður er bent á að hafa samband við ritara Íslandsdeildarinnar.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra Alþjóðaþingmannasambandsins.

Framkvæmdastjóri Alþjóðaþingmannasambandsins lagði að vanda fram ítarlega ársskýrslu um störf sambandsins. Skýrslan er fróðleg lesning fyrir alla þá er vilja kynna sér starfsemi sambandsins.

6. Fjárhagsáætlun Alþjóðaþingmannasambandsins.

Á fundi ráðsins var lögð fram fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 1991 og var hún samþykkt samhljóða. Í áætluninni er m.a. kveðið á um nýjar reglur við ákvörðun árgjalds einstakra aðildarþinga og er gert ráð fyrir að þær taki gildi smátt og smátt á næstu sex árum. Samkvæmt nýju reglunum lækkar framlag Alþingis úr 0,27% í 0,23%. Framlag Alþingis til rekstrar sambandsins á árinu 1992 er 21.252 svissneskir frankar sem næst 850.000 íslenskar krónur.

7. Skýrslur sérnefnda.

Fyrir ráðinu lágu skýrslur ýmissa sérnefnda. Þar er um að ræða skýrslu um ástand mála á Kípur, skýrslu um ástand mála í Mið-Austurlöndum og skýrslu um fjárhagsvanda og skuldir þriðja heimsins. Þessar skýrslur má fá hjá ritara Íslandsdeildarinnar.

8. Samskipti við Sameinuðu þjóðirnar.

Framkvæmdastjórn sambandsins lagði fram skýrslu um tengsl sambandsins við stofnanir Sameinuðu þjóðanna.

9. Lagabreyting.

Ráðið samþykkti breytingu á reglum er gilda varðandi fastanefndir þingsins. Sett var inn ákvæði þess efnis að við val í þær skuli reynt að gæta þess að þær séu skipaðar jafnmörgum konum sem körlum.

10. Rannsókn á þátttöku kvenna í stjórnmálum.

Á fundi ráðsins voru kynntar fyrstu niðurstöður rannsóknar á þátttöku kvenna í stjórnmálum. Þær niðurstöður, sem kynntar voru, vörðuðu hlut kvenna á þjóðþingum. Skýrsluna má fá hjá ritara Íslandsdeildarinnar.

IV. Störf óformlegra hópa á þinginu.

Á þingum Alþjóðaþingmannsambandsins er mikið um fundi óformlegra hópa sem þingfulltrúar skiptast í. Verður hér gerð grein fyrir fundum þessara hópa og þátttöku Íslandsdeildarinnar eftir því sem við á.

1. Fundir Norðurlandahópsins.

Þjóðdeildir Norðurlanda í Alþjóðaþingmannasambandinu hafa með sér náið samstarf og skiptast á um að stýra þessu samstarfi. Íslendingar höfðu á hendi formennsku í hópnum frá haustþinginu 1990 í Punta del Este og fram til loka haustþingsins í Santíagó 1991. Sendinefndir Norðurlanda, samtals um 35 norrænir þingmenn, hittust tvívegis á meðan þingið í Santíagó stóð yfir og stýrði Geir H. Haarde þeim fundum. Í lok þingsins tóku Svíar við formennsku í norræna hópnum.

2. Fundir Vesturlandahópsins (12-plúshópsins).

Íslenska sendinefndin tók virkan þátt í störfum Vesturlandahópsins sem fundaði bæði helgina fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samráðsfundum var afstaða til einstakra mála og þátttaka í nefndastarfi rædd.

Við lok þingsins tóku Tyrkir við formennsku í hópnum en Svisslendingar höfðu þar formennsku á hendi á árinu 1991.

Á fundi Vesturlandahópsins var lögð fram skýrsla nefndar sem falið var að gera tillögur um skipulag og starfshætti hópsins, sem og hvernig best megi aðstoða nýju lýðræðisþingin í Austur-Evrópu. Sumir þættir tillagnanna voru samþykktir en ákvörðun um aðra þætti var frestað til næsta þings.

3. Fundir alþjóðasamtaka stjórnmálaflokka.

Venja er að aðilar að alþjóðasamböndum stjórnmálaflokka hittist meðan þing sambandsins stendur. Á þessu þingi boðuðu bæði íhaldsmenn og jafnaðarmenn til slíks fundar. Geir H. Haarde og Einar K. Guðfinnsson sóttu fund þingmanna íhaldsflokka og Gunnlaugur Stefánsson sótti fund Alþjóðasambands jafnaðarmanna.

4. Fundur kvenfulltrúa á þinginu.

Konur, sem sitja þing Alþjóðaþingmannasambandsins, hafa síðan 1975 haldið með sér sérstakan fund á þinginu til að ráða ráðum sínum. Hópur sá, sem stendur fyrir þessum fundum, hefur með árunum orðið æ betur skipulagður og látið meira að sér kveða í starfi sambandsins. Á þinginu í Santíagó hélt hópurinn að venju fund með flestum kvenfulltrúanna.

V. Ýmislegt.

1. Fundur um umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Í tengslum við þingið var efnt til sérstaks fundar með Maurice Strong, framkvæmdastjóra umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í Rio De Janeiro í júní á þessu ári. Maurice Strong flutti fróðlegt erindi um umhverfismál og undirbúning ráðstefnunnar og svaraði fyrirspurnum þingmanna. Af hálfu íslensku sendinefndarinnar sóttu Margrét Frímannsdóttir og Gunnlaugur Stefánsson fundinn. Nefna má í þessu sambandi að þingið samþykkti tillögu frá norrænu þjóðdeildunum um að á næsta þingi sambandsins í Yaoundé í apríl nk. yrðu umhverfismál annað meginumræðuefna þingsins. Fyrirhugað er að þingið ályktí um efnið og komi á framfæri við ráðstefnuna í Rio De Janeiro sjónarmiðum þingmanna í umhverfimálum.

2. Ritari Íslandsdeildar í stjórn Rannsókna- og fræðslustofnunar sambandsins.

Á fundinum í Santíagó skipaði framkvæmdastjórn sambandsins Þorstein Magnússon, ritara Íslandsdeildarinnar, í stjórn Rannsókna- og fræðslustofnunar sambandsins (Centre for Parliamentary Documentation), en í nefndinni sitja tveir þingmenn og fjórir embættismenn frá aðildarþingunum.

3. Fjölmenn samkunda.

Þing Alþjóðaþingmannasambandsins eru fjölmennustu þingmannasamkundur sem haldnar eru. Á þinginu í Santíagó voru saman komnir 460 þingmenn frá 95 þjóðþingum. Starfsmenn og aðrir fylgdarmenn voru 297 þannig að í heild sóttu þingið 757 manns.

4. Umræður þýddar á spænsku.

Á þinginu var samþykkt að umræður verði framvegis túlkaðar á spænsku. Fram að þessu hafa aðeins enska og franska verið hin opinberu tungumál sambandsins en þeir sem

hafa viljað láta túlka umræður á öðrum tungumálum hafa orðið að gera það á eigin kostnað og hafa Japanir, Kínverjar, Rússar og Arabar gert slíkt. Gert er ráð fyrir að Arabar muni sækja það stíft á næstunni að arabíska verði einnig eitt af opinberum tungumálum sambandsins.

Alþingi, 20. febr. 1992.

Geir H. Haarde, form. Ólafur Þ. Þórðarson. Margrét Frímannsdóttir.

Gunnlaugur Stefánsson. Einar K. Guðfinnsson.

440. Frumvarp til fjáraukalaga [79. mál]

fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990 og lög nr. 105/1990.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1990 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1990 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990 og lög nr. 105/1990:

Rekstrarreikningur

	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		-121 769
Gjöld		661 117
Gjöld umfram tekjur		**782 886**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		12 000
Veitt lán	99 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-87 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		-57 000
Viðskiptareikningar		1 519 000
Útstreymi umfram innstreymi	1 519 000	
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**2 256 886**
Afborganir af teknum lánum		-151 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**2 105 886**
Lántökur		2 811 283
Innlend verðbréfaútgáfa	1 745 283	
Erlend verðbréfaútgáfa	1 066 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		705 397

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1990, sbr. 2. gr. laga nr. 72/1990 og 2. gr. laga nr. 105/1990, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	13 148	
01 Forsætisráðuneyti	-5 550	
02 Menntamálaráðuneyti	53 692	
03 Utanríkisráðuneyti	-70 565	
04 Landbúnaðarráðuneyti	-9 489	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1 463 560	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 639	
07 Félagsmálaráðuneyti	-47 756	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-131 793	
09 Fjármálaráðuneyti	-4 710	
10 Samgönguráðuneyti	24 980	
11 Iðnaðarráðuneyti	-96 967	
12 Viðskiptaráðuneyti	3 960	
13 Hagstofa Íslands	-2 925	
14 Umhverfisráðuneyti	4 588	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	-536 695	
Samtals öll ráðuneyti		661 117

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins		
101 Embætti forseta Íslands	3 358	
201 Alþingi	4 871	
301 Ríkisstjórn	147	
401 Hæstiréttur	4 192	
510 Bessastaðir	1 724	
520 Opinberar heimsóknir	3 972	
Óhafnar fjárveitingar	-5 116	
Samtals ráðuneyti		13 148
01 Forsætisráðuneyti		
Óhafnar fjárveitingar	-5 550	
Samtals ráðuneyti		-5 550
02 Menntamálaráðuneyti		
201 Háskóli Íslands	2 010	
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	20 552	
203 Raunvísindastofnun Háskólans	5 817	
208 Örnefnastofnun	83	
221 Kennaraháskóli Íslands	7 486	

	Þús. kr.	Þús. kr.
222 Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands	3 481	
223 Rannsóknastofnun uppeldismála	204	
231 Náttúrufræðistofnun Íslands	938	
232 Rannsóknaráð ríkisins	494	
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	20	
301 Menntaskólinn í Reykjavík	2 237	
302 Menntaskólinn á Akureyri	1 205	
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	560	
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	12 154	
306 Menntaskólinn á Ísafirði	15	
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	685	
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	92	
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	45 580	
351 Fjölbrautaskólinn í Ármúla	3 874	
352 Flensborgarskóli, fjölbraut	2 354	
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1 200	
354 Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	4 145	
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	1 850	
357 Fjölbrautaskóli Suðurlands	17	
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	7 600	
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	2 529	
422 Námsgagnastofnun	668	
431 Iðnfræðsluráð	104	
506 Vélskóli Íslands	65	
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1 524	
515 Iðnnám, almennt	57	
516 Iðnskólinn í Hafnarfirði	665	
523 Fósturskóli Íslands	2 020	
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	99	
571 Sjómannaskólahúsið	4 199	
602 Héraðsskólinn Núpi	30	
603 Héraðsskólinn Reykjanesi	7	
604 Héraðsskólinn Reykjum	753	
605 Alþýðuskólinn Eiðum	28	
621 Skálholtsskóli	201	
700 Grunnskólar, Reykjavík	1 154	
701 Grunnskólar, Reykjanesi	306	
703 Grunnskólar, Vesturlandi	109	
705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra	2 923	
706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	860	
708 Grunnskólar, Suðurlandi	105	
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	136	
713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	489	
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	744	
716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	141	
752 Öskjuhlíðarskóli	765	

	Þús. kr.	Þús. kr.
753 Þjálfunarskóli ríkisins, Bjarkarási	419	
754 Þjálfunarskóli ríkisins, Safamýri	996	
761 Sameiginleg þjónusta fyrir þroskahefta	4 124	
766 Sérdeild fyrir einhverf börn	1 425	
804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins	397	
806 Barnaverndarráð	736	
870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur	14 092	
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	3 221	
883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla	33	
901 Landsbókasafn Íslands	314	
902 Þjóðminjasafn Íslands	10 274	
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	1 429	
906 Listasafn Einars Jónssonar	983	
908 Kvikmyndasafn Íslands	928	
931 Náttúruverndarráð	6 656	
973 Þjóðleikhús	8 239	
974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	1 640	
975 Vísindasjóður	277	
976 Menningarsjóður, framlag	465	
978 Endurbótasjóður menningarstofnana	420	
982 Listir, framlög	1 319	
999 Ýmislegt	101	
Óhafnar fjárveitingar	-150 130	
Samtals ráðuneyti		53 692
03 Utanríkisráðuneyti		
101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	2 471	
301 Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	8 650	
302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	1 677	
303 Sendiráð Íslands í London	1 127	
305 Sendiráð Íslands í Ósló	207	
310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	2 558	
311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	1 375	
312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	1 545	
313 Sendiráð, óskipt	1 122	
401 Alþjóðastofnanir	1 711	
Óhafnar fjárveitingar	-93 008	
Samtals ráðuneyti		-70 565
04 Landbúnaðarráðuneyti		
101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	453	
171 Jarðeignir ríkisins, framlög	267	

	Þús. kr.	Þús. kr.
205 Veiðistjóri	982	
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	186	
231 Skógrækt ríkisins	6 532	
232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins	981	
235 Landgræðsla ríkisins	1 073	
242 Mat á landbúnaðarafurðum	17	
243 Sauðfjárveikivarnir	550	
246 Veiðimálastofnun	7 272	
247 Yfirdýralæknir	2 490	
272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	879	
290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	6 772	
299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi	815	
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	2 449	
Óhafnar fjárveitingar	-41 207	
Samtals ráðuneyti		-9 489
05 Sjávarútvegsráðuneyti		
101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	1 955	
202 Hafrannsóknastofnun	2 653	
216 Ríkismat sjávarafurða	2 992	
281 Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins	1 458 283	
299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	116	
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	201	
Óhafnar fjárveitingar	-2 640	
Samtals ráðuneyti		1 463 560
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		
102 Stjórnartíðindi	171	
203 Borgardómarinn í Reykjavík	2 410	
204 Borgarfógetinn í Reykjavík	9 718	
205 Sakadómur Reykjavíkur	696	
212 Bæjarfógeti Akranesi	931	
214 Sýslumaður Stykkishólmi	239	
215 Sýslumaður Búðardal	10	
216 Sýslumaður Patreksfirði	23	
217 Bæjarfógeti Bolungarvík	76	
218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	139	
219 Sýslumaður Hólmavík	39	
221 Sýslumaður Blönduósi	1 916	
222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	103	
223 Bæjarfógeti Siglufirði	421	
225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri	26	
226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	1 022	
230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði	66	
232 Sýslumaður Hvolsvelli	38	

	Þús. kr.	Þús. kr.
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	1 648	
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	1 012	
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	1 990	
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	3 879	
237 Bæjarfógeti Kópavogi	1 729	
238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	111	
239 Fangelsismálastofnun	186	
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	42	
243 Vinnuhælið Kvíabryggju	31	
251 Landhelgisgæsla Íslands	8 050	
253 Almannavarnir ríkisins	204	
262 Löggildingarstofan	7 101	
282 Ýmis löggæslukostnaður	51	
302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	640	
304 Ýmis kirkjuleg málefni	1 295	
Óhafnar fjárveitingar	-42 374	
Samtals ráðuneyti		3 639
07 Félagsmálaráðuneyti		
301 Skipulagsstjóri ríkisins	8 184	
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	1 817	
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	936	
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	2 867	
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	680	
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	1 148	
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	570	
722 Sólheimar, Grímsnesi	610	
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	1 115	
954 Vinnueftirlit ríkisins	143	
Óhafnar fjárveitingar	-65 826	
Samtals ráðuneyti		-47 756
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		
273 Atvinnuleysistryggingasjóður	40	
301 Landlæknir	772	
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	429	
371 Ríkisspítalar	54	
372 Borgarspítalinn	1 511	
394 Lyfjaverðlagsnefnd	279	
396 Lyfjanefnd	6 294	
397 Eiturefnanefnd	692	
398 Daggjaldanefnd	90	
502 Þroskaþjálfaskóli Íslands	1 050	
505 Lyfjatæknaskóli Íslands	1 797	

	Þús. kr.	Þús. kr.
510 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík	1 176	
533 Heilsugæslustöð Þingeyri	98	
621 Bindindisstarfsemi	148	
Óhafnar fjárveitingar	-146 223	
Samtals ráðuneyti		-131 793
09 Fjármálaráðuneyti		
102 Launaskrifstofa ríkisins	224	
103 Ríkisbókhald	247	
206 Skattstofa Norðurlands eystra	40	
209 Skattstofa Vestmannaeyja	18	
250 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	11 003	
251 Gjaldheimtan í Reykjavík	20 141	
259 Gjaldheimta Suðurnesja	6 990	
381 Uppbætur á lífeyri	6 180	
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	5 507	
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	123 846	
989 Launa- og verðlagsmál	7 691	
996 Kjaradómur og kjaranefnd	776	
Óhafnar fjárveitingar	-187 028	
Samtals ráðuneyti		-4 710
10 Samgönguráðuneyti		
101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	1 775	
321 Strandferðir, framlög	413	
322 Flóabátar og vöruflutningar	816	
331 Vita- og hafnamálaskrifstofan	7 011	
333 Hafnamál	9 729	
341 Siglingamálastofnun ríkisins	118	
471 Flugmálastjórn	412	
485 Ýmis framlög	3 126	
487 Arnarflug hf., aðstoð	3 639	
652 Veðurstofa Íslands	866	
656 Landmælingar Íslands	507	
Óhafnar fjárveitingar	-3 432	
Samtals ráðuneyti		24 980
11 Iðnaðarráðuneyti		
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	296	
209 Sjóefnavinnslan hf.	2 065	
289 Jöfnunargjald	1 495	
298 Kostnaður vegna samninga um nýtt álver	4 263	
301 Orkustofnun	4 076	
Óhafnar fjárveitingar	-109 162	
Samtals ráðuneyti		-96 967

		Þús. kr.	Þús. kr.
12 Viðskiptaráðuneyti			
201 Niðurgreiðslur á vöruverði		10 722	
903 Skráning hlutafélaga		7 308	
Óhafnar fjárveitingar		-14 070	
	Samtals ráðuneyti		3 960
13 Hagstofa Íslands			
102 Þjóðskráin		335	
Óhafnar fjárveitingar		-3 260	
	Samtals ráðuneyti		-2 925
14 Umhverfisráðuneyti			
101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa		4 588	
	Samtals ráðuneyti		4 588
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
Óhafnar fjárveitingar		-536 695	
	Samtals ráðuneyti		-536 695

441. Fyrirspurn [263. mál]

til forsætisráðherra um ferðakostnað ráðherra.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hver var ferðakostnaður hvers ráðherra vegna ferðalaga til útlanda frá 1. maí 1991 til 25. febrúar 1992?

Óskað er eftir svofelldri sundurliðun:

a. Hve margar ferðir hver ráðherra fór, hvert farið var og hve lengi ráðherra dvaldist samtals erlendis,
b. fargjöld,
c. samanlagður hótelkostnaður (gisti- og fæðiskostnaður),
d. risna,
e. dagpeningagreiðslur, þar með talið álag á þær,
f. heildargreiðslur til maka, sundurliðað í ferðakostnað, dagpeninga og annan kostnað.

Skriflegt svar óskast.

442. Skýrsla [264. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, fyrir árið 1991.

I. ALMENN STARFSEMI ÞINGMANNANEFNDAR EFTA ÁRIÐ 1991

Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, hefur á undanförnum árum aukið verulega gildi sitt innan EFTA og hafa verkefni nefndarinnar stöðugt aukist. Meginverkefni nefndinnar á árinu 1991 voru tvö. Hið fyrra var að fylgjast með samningagerð EFTA og Evrópubandalagsins, EB, um myndun Evrópska efnahagssvæðisins, EES, og gera tillögur að samstarfi þingmanna EFTA og EB á grundvelli samningsins í samvinnu við þingmenn Evrópuþingins í Strassborg. Hið síðara var að koma á samstarfi við þingmenn í þeim ríkjum Mið- og Austur-Evrópu sem EFTA hefur gert eða hyggst gera fríverslunarsamninga við á grundvelli samstarfsyfirlýsinga þessara ríkja og EFTA.

Á 113. löggjafarþingi áttu Matthías Á. Mathiesen og Jón Sæmundur Sigurjónsson sæti í Íslandsdeild þingmannanefndarinnar og var Matthías jafnframt varaformaður þingmannanefndar EFTA. Á 114. löggjafarþingi voru Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Páll Pétursson, Vilhjálmur Egilsson og Össur Skarphéðinsson tilnefnd af þingflokkum til setu í Íslandsdeildinni á yfirstandandi kjörtímabili. Vilhjálmur Egilsson var kjörinn formaður deildarinnar. Eftir þessa breytingu eiga allir þingflokkar fulltrúa í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA, en deildin má senda fimm aðalmenn og tvo áheyrnarfulltrúa á fundi þingmannanefndarinnar þótt heimildin sé alla jafna ekki nýtt til fulls. Ritari Íslandsdeildarinnar er Þórður Bogason nefndaritari.

Jón Helgason sat 22. fund þingamannanefndarinnar í Vínarborg þar sem ekki höfðu verið tilnefndir fulltrúar til setu í Íslandsdeildinni fyrir þann fund.

Vilhjálmur Egilsson var á fundi þingmannanefndarinnar, sem haldinn var í Vínarborg í maí, kjörinn varaformaður nefndarinnar í stað Matthíasar Á. Mathiesen og mánuði síðar, á aðalfundi sem haldinn var í Reykjavík, var hann kjörinn formaður til eins árs.

1. 20. fundur nefndarinnar og ráðstefna um samstarf Evrópuríkja.

Dagana 4.–5. febrúar 1991 hélt þingmannanefnd EFTA ráðstefnu þingmanna frá EFTA-ríkjunum, EB og lýðræðisríkjum Austur-Evrópu þar sem fjallað var um þróun samstarfs ríkja í Evrópu. Bar ráðstefnan heitið „Europe in Transition from Co-operation to Integration“. Til ráðstefnunnar var einnig boðið fulltrúum tíu alþjóðastofnana sem starfa í Evrópu. Fulltrúar Austur-Evrópuríkjanna fjögurra lýstu ástandi efnahagsmála í sínum ríkjum. Öll þessi ríki eiga við verulegan efnahagsvanda að etja og kom fram ósk þeirra eftir aðstoð Vestur-Evrópuríkja, bæði fjárhagslegri sem og tæknilegri. Fyrir ráðstefnuna var haldinn 20. fundur þingmannanefndarinnar. Á honum var Herbert Schmidtmeier frá Austurríki kosinn formaður nefndarinnar í stað dr. Peter Jankowitsch en hann tók sæti í ríkisstjórn Austurríkis í desember 1990. Í millitíðinni gegndi Matthías Á. Mathiesen, varaformaður nefndarinnar, störfum formanns. Á þeim fundi var ákveðið að senda formanni utanríkisviðskiptanefndar Evrópuþingsins, REX-nefndarinnar (the European Parliament's Committee on External Economic Relations), bréf þar sem stungið var upp á stofnun vinnuhóps sem kannaði hvernig samstarfi þingmanna EFTA og EB innan EES gæti verið háttað. Er gerð nánari grein fyrir störfum þessa vinnuhóps í lið 3.

Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Matthías Á. Mathiesen, Jón Sæmundur Sigurjónsson og Þórður Bogason ritari.

2. 21. fundur nefndarinnar og 5. fundur með ráðherrum EFTA-ráðsins.

Á fundi EFTA-ráðsins í desember 1989 var ákveðið að auka samráð ráðsins við þing-

mannanefndina með því að halda sameiginlega fundi eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Árið 1990 voru þessir samráðsfundir haldnir ársfjórðungslega. Fimmti samráðsfundur EFTA-ráðsins og þingmannanefndarinnar var haldinn í Genf 1. mars 1991. Meginefni fundarins var sem fyrr staða samningaviðræðna EFTA og EB um myndun Evrópska efnahagssvæðisins og samskipti EFTA við ríki Mið- og Austur-Evrópu. Var ráðherrum gerð grein fyrir niðurstöðum ráðstefnu þingmannanefndarinnar sem haldin var 4.–5. febrúar. Þingmannanefndin kom á framfæri við ráðherrana tillögu um stofnun sameiginlegs EFTA-sjóðs til að styrkja umhverfisverndandi framkvæmdir í Mið- og Austur-Evrópu vegna brýnnar nauðsynjar þessara landa á efnahagslegu og tæknilegu samstarfi við þjóðir Vestur-Evrópu. Einnig benti þingmannanefndin á nauðsyn þess að styrkja stöðu og hlutverk nefndarinnar innan EFTA með því að setja ákvæði um hana inn í Stokkhólmssáttmálann, stofnsamning EFTA, við næstu endurskoðun hans.

Á 21. fundi þingmannanefndarinnar, sem haldinn var sama dag og ráðherrafundurinn, voru fundir vinnuhóps nefndarinnar og Evrópuþingsins um samstarf þingmanna innan EES undirbúnir.

Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Matthías Á. Mathiesen og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

3. Vinnuhópur um samstarf þingmanna innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í framhaldi af bréfi þingmannanefndarinnar til formanns REX-nefndarinnar í byrjun febrúar var ákveðið að koma á fót vinnuhópi sem móta átti tillögur til samningamanna EFTA og EB um hvernig haga mætti ákvæðum EES-samningsins um samstarf þingmanna. Í vinnuhópnum áttu sæti fulltrúar þingmannanefndarinnar, REX-nefndarinnar og stjórnmálanefndar Evrópuþingsins (European Parliament's Political Affairs Committee). Vinnuhópurinn hittist tvisvar í Strassborg dagana 18. apríl og 16. maí 1991. Kom hópurinn sér saman um tillögur til þess að leggja fyrir þingmannanefndina og nefndir Evrópuþingsins. Í tillögunum var gert ráð fyrir að inn í EES-samninginn yrðu sett ákvæði um þingmannaráðstefnu EES (The Parliamentary Conference for the EEA). Meginefni tillagnanna gerði ráð fyrir því að ráðstefnan kæmi saman fjórum sinnum á ári og skyldi hún skipuð jafnmörgum þingmönnum frá hvorum samningsaðila. Helsta hlutverk hennar átti að vera að tryggja lýðræðislegt eftirlit með framkvæmd EES-samningsins og vera EES-ráðinu til ráðgjafar.

Vegna kosninga til Alþingis sótti Þórður Bogason, ritari Íslandsdeildarinnar, fundina sem áheyrnarfulltrúi.

4. 22. fundur nefndarinnar og 6. fundur með ráðherrum EFTA-ráðsins.

Á 22. fundi nefndarinnar, sem og 6. ráðherrafundinum, voru aðalumræðuefnin staða EES-samningaviðræðnanna og tillögur vinnuhóps nefndarinnar um samstarf þingmanna EFTA og EB. Voru tillögur vinnuhópsins samþykktar á fundi þingmannanefndarinnar og þær kynntar á ráðherrafundinum. Á sérstökum fundi með þingmannanefndinni flutti dr. Heinz Fischer, forseti austurríska þingsins, erindi um stjórnmál þar í landi og uppbyggingu þingsins.

Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sóttu fundina Vilhjálmur Egilsson, Jón Helgason og Þórður Bogason ritari.

5. Vinnuhópur um landbúnað, fisk og unnin matvæli.

Í tengslum við fundi þingmannanefndarinnar í Vínarborg kom vinnuhópurinn um landbúnað, fisk og unnin matvæli saman. Vinnuhópurinn ákvað að kanna sérstaklega landbúnaðarákvæði EES-samningsins og fylgjast með framgangi GATT-samningavið-

ræðna að því er þennan málaflokk varðar. Þá ákvað vinnuhópurinn einnig að fylgjast sérstaklega með gerð fríverslunarsamninga milli EFTA-ríkjanna og ríkja Mið- og Austur-Evrópu.

Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sóttu fundinn Vilhjálmur Egilsson, Jón Helgason og Þórður Bogason ritari.

6. 23. fundur, aðalfundur nefndarinnar, og 6. fundur með Evrópuþingmönnum.

Aðalfundur þingmannanefndarinnar var haldinn í Reykjavík dagana 18.–20. júní 1991. Í upphafi fundarins var Viljálmur Egilsson kjörinn formaður þingmannanefndarinnar til eins árs og Lennart Pettersson frá Svíþjóð varaformaður. Því næst fjallaði Berndt Olof Johansson, varaframkvæmdastjóri EFTA, um stöðu EES-samninganna og starfsmenn EFTA lýstu helstu þáttum samningsins. Rætt var um samstarf þingmanna EFTA og EB sérstaklega með tilliti til komandi fundar með Evrópuþingmönnum. Nefndin ræddi að lokum um vinnuhóp hennar um landbúnaðarmál, fisk og unnin matvæli. Að tillögu formanns vinnuhópsins, Johan C. Løken frá Noregi, var ákveðið að endurnýja umboð hópsins í samræmi við þær ákvarðanir sem hann tók á fundinum í Vínarborg mánuði áður. Sama dag og þessi fundur fór fram funduðu ráðherrar EFTA og EB í Lúxemborg um EES. Sendi þingmannanefndin EFTA-ráðherrum skeyti þar sem ítrekuð var afstaða nefndarinnar til ákvæða EES-samningsins er varða samstarf þingmanna.

Þann 19. júní var haldinn fundur með þingmönnum Evrópuþingsins. Fyrst var rætt um samstarf þingmanna EFTA og EB en Evrópuþingið samþykkti ályktun um það 14. júní 1991. Sú ályktun var ekki í fullu samræmi við niðurstöður vinnuhópsins sem kom saman um vorið og þótti þingmannanefnd EFTA nokkuð vanta á til þess að þingmannasamstarf innan EES hefði eitthvert gildi. Náðist sameiginleg niðurstaða um atriði sem bæta þyrfti við ályktun Evrópuþingsins til þess að báðir aðilar gætu vel við unað og gerði formaður þingmannanefndarinnar forseta Evrópuþingsins bréflega grein fyrir því. Berndt Olof Johansson, varaframkvæmdastjóri EFTA, og Robert Cohen, skrifstofustjóri EFTA-málefna hjá framkvæmdastjórn EB, fóru því næst yfir niðurstöður ráðherrafundar EFTA og EB frá því deginum áður. Á fundinum var nokkuð rætt um samstarf við ríki Mið- og Austur-Evrópu og þingmenn Evrópuþingsins reifuðu hugmyndir um breytingar á EB. Í lok fundarins var samþykkt að senda ályktun til ráðherra EFTA og EB til að ítreka samstöðu fundarmanna um nauðsyn samstarfs þingmanna innan EES.

Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar sóttu fundinn Vilhjálmur Egilsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Páll Pétursson, Össur Skarphéðinsson og Þórður Bogason ritari.

Að fundum loknum fóru fundargestir í eins dags skoðunarferð. Fjölmargir aðilar lögðu sitt af mörkum til þess að þessir fundir heppnuðust sem best og er óhætt að fullyrða að vel hafi tekist til varðandi skipulag fundanna. Einnig ríkti almenn ánægja með efnislega niðurstöðu þeirra. Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA vill þakka þeim mörgu sem lögðu sitt af mörkum til þess að fundirnir heppnuðust sem best. Ekki spillti fyrir að alla þrjá dagana var einstaklega fallegt sumarveður á Íslandi.

7. Aukafundur dagskrárnefndar.

Í dagskrárnefnd þingmannanefndarinnar mega sitja tveir fulltrúar frá hverju landi og er hlutverk nefndarinnar, eins og nafnið bendir til, að gera tillögur að dagskrá og verkefnum þingmannanefndarinnar. Ástæða þótti til að kalla dagskrárnefndina saman til aukafundar 9. september. Farið var yfir stöðu mála frá Reykjavíkurfundi og rætt um bréf sem formaður þingmannanefndarinnar ritaði formanni EFTA-ráðsins í júlí og ágúst en í þeim var bent á mikilvægi þess að farið yrði að tillögum þingmannanefndarinnar þegar geng-

ið yrði frá ákvæðum EES-samningsins um samstarf þingmanna. Rætt var um þann samningstexta sem var fyrirliggjandi og mættu fulltrúar samningahóps V, sem fjallar um stofnanamál EES, á fundinn og fjölluðu um ákvæðin. Nokkur umræða spannst um rétt til tilnefningar af hálfu EFTA til setu í þingmannanefnd EES. Þingmannanefnd EFTA hafði mælt með því að nefndin tilnefndi menn til setu í samstarfsnefndinni þar sem svo náin tengsl yrðu milli þingmannanefndar EFTA og væntanlegrar þingmannanefndar EES að nauðsynlegt væri að sömu þingmenn sætu í báðum nefndum af hálfu EFTA. Þessu höfnuðu samningamenn EFTA og gerðu ráð fyrir því í samningstexta að hvert þjóðþing tilnefndi þingmenn í nefndina. Studdu finnsku þingmennirnir þessa niðurstöðu en aðrar þjóðdeildir vildu halda sig við fyrri texta. Fundarmenn voru þó sammála um að nauðsynlegt væri að þjóðþing EFTA-ríkjanna tilnefndu sömu þingmenn bæði í þingmannanefnd EFTA og EES. Þingmannanefnd EFTA lýsti á fundinum þeirri skoðun sinni að þar sem hún hefði átt áralangt samstarf við þingmenn Evrópuþingsins og væri eðlilegur mótaðili þeirra bæri ríka nauðsyn til þess að nefna hana á nafn í EES-samningnum. Á fundinum var einnig rætt um hauststarf þingmannanefndarinnar.

Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson og Guðrún Helgadóttir.

8. 24. fundur nefndarinnar og fundur með formanni EFTA-ráðsins.

Fimmtudaginn 24. október 1991 var 24. fundur þingmannanefndar EFTA haldinn í aðalstöðvum samtakanna í Genf í Sviss. Fyrir fundinn kom dagskrárnefnd saman til að undirbúa fundinn. Í beinu framhaldi af 24. fundinum átti nefndin fund með Pertti Salolainen, formanni EFTA-ráðsins. Á fundi þingmannanefndarinnar var rætt um niðurstöðu samningaviðræðna um Evrópskt efnahagssvæði, EES, að því er varðar samstarf þingmanna EFTA og EB. Var lögð áhersla á að sömu þingmenn verði tilnefndir af hálfu EFTA-ríkjanna til setu í báðum nefndunum samtímis þar sem starf nefndanna verður samofið og augljóst það óhagræði sem hlýst af því ef tveir mismunandi þingmannahópar fjalla um sömu málefnin. Í framhaldi af þessum umræðum var nokkuð rætt um framtíðarstöðu nefndarinnar innan EFTA og hugsanlega breytingu á Stokkhólmssáttmálanum. Þá var rætt um undirbúning fyrir fund sem nefndin mun eiga með REX-nefndinni í desember. Var samþykkt að gera ekki frekari athugasemdir við ákvæði EES-samningsins um samstarf þingmanna en hefja viðræður við þingmenn Evrópuþingsins um fundarsköp fyrir þingmannanefnd EES. Á fundinum var einnig rætt um samskipti EFTA við önnur ríki en þau sem aðild eiga að Evrópubandalaginu. Samtökin höfðu skömmu fyrir þennan fund ritað undir fríverslunarsamning við Tyrkland og unnið er að gerð fríverslunarsamninga við Pólland, Tékkóslóvakíu og Ungverjaland. Þingmannanefndin hefur átt fundi með þingmönnum frá þremur síðastnefndu ríkjunum og hyggst auka samstarf við þá á grundvelli yfirlýsingar sem EFTA-ríkin og þessi ríki gáfu í Gautaborg 1990 og fríverslunarsamningarnir eru byggðir á. Rætt var um að í framtíðinni gætu fylgt tengsl þingmannanefndarinnar við Eystrasaltsríkin og önnur lönd sem EFTA kann að gera fríverslunarsamninga við. Undir liðnum önnur mál var rætt um niðurstöður nýafstaðinna kosninga í Sviss og Svíþjóð. Á fundinum var Nic Grönvall frá Svíþjóð kjörinn varaformaður nefndarinnar í stað Lennart Pettersson sem ekki gaf kost á sér í kjöri til sænska þingsins.

Á fundi nefndarinnar með Pertti Salolainen, formanni EFTA-ráðsins, gerði hann grein fyrir þeirri niðurstöðu sem náðst hafði í samningum um EES og því starfi sem fram undan væri varðandi samþykkt samningsins í hinum einstöku EFTA-ríkjum. Salolainen var ánægður með hlut EFTA í samningunum þegar EES-samningur væri metinn í heild sinni. Að loknum fyrirspurnum til Salolainen og umræðum tók Antti Hynninen sendiherra,

fastafulltrúi Finnlands hjá EFTA, til máls og lýsti tengslum EFTA við önnur ríki en EB-ríkin og hvers væri að vænta í því sambandi. Auk þeirra fríverslunarsamninga, sem áður voru tilgreindir, við Tyrkland, Pólland, Tékkóslóvakíu og Ungverjaland er unnið að samningum við Ísrael og samningaumleitanir hafa þegar hafist við Búlgaríu og Eystrasaltsríkin. Vegna ófriðar í Júgóslavíu hefur ekki verið unnt að vinna að frekara samstarfi í bili.

Fundina sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, Páll Pétursson, Össur Skarphéðinsson og Þórður Bogason ritari.

9. *25. fundur nefndarinnar, 7. fundur með þingmönnum EB, 7. fundur með ráðherrum EFTA-ráðsins og fundur með þingmönnum frá Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi.*

Þingmannanefndin hélt dagana 9. og 10. desember 1991 nokkra fundi þar sem fjallað var annars vegar um samstarf þingmanna EFTA og Evrópuþingsins með tilkomu Evrópska efnahagssvæðisins og hins vegar um aukið samstarf við þingmenn frá Mið- og Austur-Evrópu með tilkomu fríverslunar- eða samstarfssamninga EFTA við æ fleiri ríki á þessu svæði. Fyrsti fundur nefndarinnar var óformlegur og haldinn til undirbúnings fyrir fund með þingmönnum frá Evrópuþinginu. Georg Reisch, framkvæmdastjóri EFTA, gaf nefndarmönnum skýrslu um nýjustu stöðu samningamála og umfjöllun dómstóls Evrópubandalagsins um samninginn. Strax að loknum þessum fundi hófst 7. samráðsfundur þingmannanefndarinnar og REX-nefndarinnar í Strassborg. Aðalumræðuefni fundarins voru nýgerður samningur um Evrópskt efnahagssvæði og samstarf þingmanna innan svæðisins. Auk nefndarmanna í þessum tveimur nefndum sátu fundinn Pertti Salolainen, formaður ráðherraráðs EFTA, Georg Reisch, framkvæmdastjóri EFTA, Robert Cohen frá framkvæmdastjórn EB, Marie Jepsen, talsmaður stjórnmálanefndar Evrópuþingisins í málefnum EFTA, og nokkrir embættismenn. Rætt var sérstaklega um þá grein samningsins um EES sem fjallar um samstarf þingmanna Evrópuþingsins og þingmanna EFTA-ríkjanna. Þingmenn EFTA og EB höfðu rætt um á Reykjavíkurfundi sínum hvernig þessi grein skyldi orðuð og formaður þingmannanefndar EFTA kom athugasemdum nefndarinnar á framfæri við aðalsamningamenn um EES. Eins og fram hefur komið áður var ekki tekið tillit til allra þeirra athugasemda sem þingmenn komu á framfæri en á 24. fundi sínum samþykkti þingmannanefndin að gera ekki athugasemdir við ákvæði um samstarf þingmanna EFTA og EB í endanlegri mynd sinni. Ákvað nefndin enn fremur að hefja viðræður við REX-nefndina um reglur fyrir þingmannanefnd EES. Efni fundarins 9. desember snerist hins vegar meira um efni ákvæðis EES-samningsins um samstarf þingmanna og voru skoðanir Evrópuþingmanna um ágæti greinarinnar og samningsins í heild mjög skiptar. Þingmannanefnd EFTA breytti ekki afstöðu sinni til þessa ákvæðis samningsins á fundinum með Evrópuþingmönnum enda var ekki unnt að fá fram samræmda afstöðu Evrópuþingsmanna. Töldu þingmenn frá EFTA-ríkjunum að leiðtogafundur EB í Maastricht sem fram fór um svipað leyti og sú ákvörðun dómstóls EB að taka stofnanaþátt EES-samningsins til endurskoðunar gætu hafa valdið einhverju um ómarkvissa afstöðu þingmanna Evrópuþingsins. Í lok fundarins var ákveðið að halda næsta fund nefndanna í Linköping í Svíþjóð 23.–25. júní 1992. Einnig var skipaður samstarfshópur nefndanna til að vinna að reglum um samstarf þingmanna innan EES. Evrópuþingmenn tilnefndu talsmann REX-nefndarinnar um EFTA-málefni, Giorgio Rosetti, og Marie Jepsen, en þingmannanefnd EFTA tilnefndi formann nefndarinnar, Vilhjálm Egilsson, varaformann hennar, Nic Grönvall frá Svíþjóð, og fyrrverandi formann, Herbert Schmidtmeier frá Austurríki.

Daginn eftir, 10. desember, hélt þingmannanefndin sinn 25. fund og var hann haldinn í Genf. Aðalumræðuefni þess fundar var tillögur að breytingu á störfum nefndarinn-

ar með tilliti til aukinnar umfjöllunar um málefni EES og EFTA. Samkvæmt tillögunum gegnir nefndin enn sem fyrr ráðgefandi hlutverki innan EFTA en unnt verður að afgreiða ályktanir um efnisatriði með meiri hluta atkvæða nefndarmanna en álit minni hluta skal fylgja áliti meiri hluta. Áður þurfti samþykki allra. Breyting á skipulagi nefndarinnar og fundarsköpum þarf hins vegar samþykki tveggja þriðju hluta þeirra sendinefnda frá þjóðþingum sem sæti eiga í nefndinni. Samkvæmt tillögunum mun Íslandsdeildin eiga þrjá aðalmenn og þrjá til vara í nefndinni, en heimilt verður að hafa tvo áheyrnarfulltrúa á fundum. Tillögurnar voru samþykktar og framsendar EFTA-ráðinu með ósk um að ákvæðin yrðu tekin upp í Stokkhólmssáttmála EFTA. Einnig var á þessum fundi fjallað um þau málefni sem efst voru á baugi á fundinum með Evrópuþingmönnum og undirbúning undir fund með ráðherrum EFTA-ráðsins síðar um daginn.

Á fundi þingmannanefndarinnar með ráðherrum EFTA-ráðsins var fjallað nokkuð um EES-samninginn og þátt þingmanna í eftirliti með framkvæmd samningsins. Einnig var fjallað um samstarf EFTA við ríki sem ekki eru í EB en nefndin ræddi þessi mál á 24. fundi sínum.

Síðdegis 10. desember átti þingmannanefndin fund með þingmönnum frá Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi, en þess er vænst að ríkin undirriti bráðlega fríverslunarsamninga við EFTA. Var rætt um hvernig auka mætti samstarf milli þingmannanefndar EFTA og þingmanna frá þessum ríkjum. Var samþykkt að þingmenn samtakanna og þingmenn frá Tékkóslóvakíu, Ungverjalandi og væntanlega Póllandi hittist tvisvar á ári á samráðsfundum.

Fundina sátu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Páll Pétursson og Þórður Bogason ritari.

II. ÖNNUR STARFSEMI

1. Ráðstefna þingmanna um samvinnu á Eystrasaltssvæðinu.

Finnska þingið bauð til ráðstefnu þingmanna um samvinnu á Eystrasaltssvæðinu (Parliamentary Conference on Co-operation in the Baltic Sea Area) dagana 7.–9. janúar 1991. Sat Matthías Á. Mathiesen ráðstefnuna fyrir hönd þingmannanefndar EFTA.

2. Aukaþing Norðurlandaráðs í Maríuhöfn.

Þingmannanefnd EFTA átti áheyrnarfulltrúa á aukaþingi Norðurlandaráðs í Maríuhöfn á Álandseyjum sem haldið var 13. nóvember 1991.

3. Ráðstefna Kengúruhópsins í Madríd.

Innan Evrópuþingsins starfar svokallaður Kengúruhópur (The Kangaroo Group, The Movement for Free Movement) sem vinnur að frjálsum flutningum á sem flestum sviðum innan Evrópu. Hópurinn hélt 6. ársfund sinn í Madríd 4. og 5. nóvember 1991. Bauð hópurinn Vilhjálmi Egilssyni, formanni þingmannanefndarinnar, til fundarins og hélt hann fyrirlestur um Evrópska efnahagssvæðið.

Alþingi, 24. febr. 1992.

Vilhjálmur Egilsson, form.	Eyjólfur Konráð Jónsson.	Guðrún Helgadóttir.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Páll Pétursson.	Össur Skarphéðinsson.

443. Skýrsla [265. mál]

Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins fyrir árið 1991.

1. Almennt um Norður-Atlantshafsþingið.

Árið 1949 undirrituðu utanríkisráðherrar þeirra tólf ríkja er stóðu að stofnun öryggisbandalags Vestur-Evrópuríkja og ríkja Norður-Ameríku, Atlantshafsbandalagsins, Atlantshafssáttmálann í Washington.

Í þingmannasamtökum Norður-Atlantshafsþjóðanna, sem voru stofnuð árið 1955, eru 188 þingmenn frá öllum aðildarríkjum bandalagsins en samtökin eru vettvangur þar sem þingmenn frá Norður-Ameríku og Evrópu koma saman til að ræða mál er varða sameiginlega hagsmuni. Hefur það jafnframt verið eina samkoman þar sem fulltrúar þessara heimsálfa koma saman reglulega. Með stofnun RÖSE-þings bætist ein slík stofnun við en þing hennar kemur saman í fyrsta sinn í júlí á þessu ári.

Ráðherrar eða aðrir, sem eiga beina aðild að ríkisstjórnum, mega ekki vera fulltrúar í samtökunum. Fulltrúatala aðildarríkja er í hlutfalli við mannfjölda og eru þeir tilnefndir af þjóðþingum í samræmi við starfsreglur þingsins. Samkoman endurspeglar því breitt pólitískt svið og sem dæmi um það má nefna að Ítalía og Frakkland hafa um árabil sent fulltrúa kommúnistaflokka á þingið.

Aðildarríki Norður-Atlantshafsþingsins eru: Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Grikkland, Holland, Ísland, Ítalía, Kanada, Lúxemborg, Noregur, Portúgal, Sambandslýðveldið Þýskaland, Spánn og Tyrkland.

a. Tengsl Norður-Atlantshafsþingsins við Atlantshafsbandalagið.

Með árunum hafa samskipti þingsins við NATO tekið á sig fastara form. Meðal formlegra samskipta má nefna að framkvæmdastjóri bandalagsins skilar formlegu svar fyrir hönd Atlantshafsráðsins við öllum samþykktum þingsins. Framkvæmdastjórinn ávarpar þingið á aðalfundi þess að hausti og að frumkvæði Carringtons lávarðar, fyrrum framkvæmdastjóra NATO, er efnt til fundar milli helstu fastafulltrúa á þinginu og fulltrúa Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

Eins og Atlantshafsbandalagið sjálft verður þingið að bregðast við örum breytingum á alþjóðavettvangi. Þörfin fyrir slíkt bandalag, sem sameinar þjóðir beggja vegna Atlantshafs, er enn fyrir hendi þrátt fyrir að ekki sé lengur þörf á því að verjast sameiginlegum óvinum í austri sem voru ríki Varsjárbandalagsins. Breytinga og aðlögunar er nú þörf í ljósi þess að skýr og yfirvofandi ógnun er ekki lengur til staðar. Umfram allt kallar þetta á þróun varnarfyrirkomulags sem byggir á samvinnu frekar en árekstrum. Öryggi á grundvelli samstarfs mun krefjast aukinna viðræðna milli þeirra aðila sem áður stóðu í andstæðum fylkingum. Norður-Atlantshafsþingið hefur tekið forustuna í tilraunum til að koma á slíkum tengslum og viðræðum. Árið 1990 samþykkti þingið á fundi sínum í Róm ályktun um að það skyldi starfa sem vettvangur beinna samskipta við þingmenn frá Varsjárbandalagsríkjum til að skiptast á hagnýtri reynslu og hugmyndum um hlutverk löggjafarþinga í mótun innanríkis- og utanríkisstefnu og eftirlit með framfylgd hennar samkvæmt þingræðislegum reglum.

b. Meginverkefni þingsins.

Meginverkefni Atlantshafsþingsins er að upplýsa og efla samstöðu. Þingið gerir löggjöfum kleift að koma á framfæri áhugaefnum ríkja sinna og skiptast á upplýsingum um þau mismunandi viðhorf sem uppi eru í hinum ýmsu löndum og svæðum varðandi mikilvæg sameiginleg hagsmunamál. Enn fremur er Atlantshafsþingið mikilvægur tengilið-

ur milli bandalagsins og þjóðþinga aðildarríkja þess. Fulltrúar á þinginu geta nýtt sér á þjóðþingum upplýsingar og reynslu sem þeir fá með þátttöku sinni í störfum þingsins og tryggt þannig að málefni og áhugaefni bandalagsins fái sem mesta umfjöllun og athygli.

Þingið er jafnframt mikilvægur vettvangur til að meta viðhorf þjóðþinga og almennings til málefna bandalagsins. Það liggur í augum uppi að stuðningur almennings er lífsnauðsynlegur fyrir framtíðarvelgengni bandalagsins og að viðhorf almennings er grunnþáttur í umræðum um framtíðarfyrirkomulag varnarmála. Með umræðum sínum veitir Atlantshafsþingið góða innsýn í álit almennings og þingmanna á málefnum bandalagsins. Á þennan hátt má segja að þingið gegni mikilvægu hlutverki í stefnumótun þótt áhrif þess séu óbein.

c. Skipulag þinghaldsins.

Norður-Atlantshafsþingið heldur tvo fundi árlega, auk stjórnarfundar, svokallaðan vorfund og allsherjarþing að hausti. Þingin eru haldin í aðildarríkjum bandalagsins. Innan Norður-Atlantshafsþingsins starfa fimm fastanefndir en þær eru stjórnmálanefnd, efnahagsmálanefnd, félagsmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd og vísinda- og tæknimálanefnd. Óski nefnd að kanna til hlítar einstök málefni sem fram koma á nefndarfundum og heyra undir starfssvið hennar skipar hún undirnefnd eða vinnuhóp sem er falið að gera vettvangskönnun og skila nefndinni skýrslu um málið. Á grundvelli þeirra eru gerð drög að ályktunum (tillögur, samþykktir, álitsgerðir og tilmæli) sem eru lögð fyrir þingið fái þau samþykki nefndarinnar. Þannig er enginn texti lagður fyrir þingið nema hann hafi áður hlotið samþykki viðkomandi nefndar. Ályktunum, samþykktum á þinginu, er vísað til Atlantshafsráðsins eða viðkomandi ríkisstjórna, þjóðþinga eða alþjóðastofnana eftir eðli þeirra.

d. Stjórn Atlantshafsþingsins.

Í stjórn Atlantshafsþingsins 1991–1992 eru:

Forseti	Charlie Rose, Bandaríkjunum.
Varaforsetar	Robert Hicks, Kanada, Sir Geoffrey Johnson Smith, Bretlandi, José Lello, Portúgal.
Féhirðir	Robert Laucournet, Frakklandi.
Framkvæmdastjóri	Peter Corterier, Samveldislýðveldinu Þýskalandi.

Stjórnarnefnd þingsins:

Bandaríkin: Charlie Rose, William V. Roth og Dante B. Fascell.
Belgía: Lambert Kelchtermans.
Bretland: Sir Geoffrey Johnson Smith.
Danmörk: Jan Trøjborg. *Varamaður:* Grethe Fenger Møller.
Frakkland: Jean-Michel Boucheron.
Grikkland: Spilios Spiliotopoulos.
Holland: Ton Frinking.
Ísland: Karl Steinar Guðnason. *Varamaður:* Sólveig Pétursdóttir.
Ítalía: Giulio Orlando.
Kanada: Robert Hicks.
Lúxemborg: Mathias Greisch.
Noregur: Jan Petersen.
Portúgal: Angelo Correia.

Sambandslýðveldið Þýskaland: Klaus Francke. *Varamaður:* Volker Kröning.
Spánn: Pedro Moya.
Tyrkland: Zeki Yavuztürk.

2. Fulltrúar Alþingis á Norður-Atlantshafsþinginu.

Fulltrúar Alþingis á fundum Norður-Atlantshafsþingsins hafa frá upphafi verið tilnefndir af þeim þingflokkum sem stóðu að samþykkt Alþingis um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, þ.e. Alþýðuflokkur, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur. Eru tilnefndir þrír aðalmenn og þrír til vara. Á fyrri hluta ársins 1991 voru þau Guðmundur H. Garðarsson, formaður, Jóhann Einvarðsson, varaformaður, Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir, Ingi Björn Albertsson og Ásgeir Hannes Eiríksson í Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins. Eftir alþingiskosningar í apríl 1991 var skipuð ný sendinefnd skv. 35. gr. þingskapalaga. Þá völdust í Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþinsins: Karl Steinar Guðnason, formaður, Alþýðuflokki, Sólveig Pétursdóttir, varaformaður, Sjálfstæðisflokki, Jón Kristjánsson Framsóknarflokki, Ingi Björn Albertsson Sjálfstæðisflokki, Tómas Ingi Olrich Sjálfstæðisflokki og Finnur Ingólfsson Framsóknarflokki. Þá tók Þóra Guðnadóttir við starfi ritara Íslandsdeildarinnar af Aðalheiði Birgisdóttur.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þingsins í samræmi við vilja og ákvörðun viðkomandi sendinefnda. Vegna smæðar hefur Ísland þó aðeins fullan atkvæðisrétt í þremur nefndum auk stjórnarnefndar.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Íslandsdeildin skiptist þannig í nefndir:

Karl Steinar Guðnason á sæti í stjórnarnefnd þingsins en varamaður hans er Sólveig Pétursdóttir.

1. Stjórnmálanefnd	Sólveig Pétursdóttir,
til vara	Karl Steinar Guðnason.
2. Efnahagsmálanefnd	Jón Kristjánsson,
til vara	Finnur Ingólfsson.
3. Félagsmálanefnd	Karl Steinar Guðnason,
til vara	Tómas Ingi Olrich.
4. Varnar- og öryggismálanefnd	Ingi Björn Albertsson.
5. Vísinda- og tæknimálanefnd	Enginn.

3. Þátttaka Íslandsdeildarinnar í störfum þingsins árið 1991.

Á árinu 1991 var þátttaka Íslandsdeildarinnar í störfum Norður-Atlantshafsþingsins óvenjulítil, einkum vegna alþingiskosninganna í apríl.

Haldinn var stjórnarfundur 5.–6. apríl 1991 í Key West í Bandaríkjunum. Hann var ekki sóttur af hálfu Íslandsdeildarinnar.

Vorþingið var haldið 23.–27. maí 1991 í Rotterdam. Þingið sóttu Jóhann Einvarðsson, Karl Steinar Guðnason, Ásgeir Hannes Eiríksson og ritari Íslandsdeildarinnar. Ein meginniðurstaða þingsins var stofnun svokallaðs „Rose-Roth" framtaks (Rose-Roth initiative) sem eru tvíhliða viðræður milli Norður-Atlantshafsþingsins og Austur-Evrópu og nefndar eftir núverandi forseta Norður-Atlantshafsþingsins Charlie Rose og bandaríska öldungadeildarþingmanninum William Roth. Þessar viðræður miða aðallega að því að veita aðstoð við lýðræðisþróun og eflingu lýðræðis í Austur-Evrópu. Í þessu felst í fyrsta lagi að auðvelda á fulltrúum austur-evrópskra þjóðþinga að taka þátt í störfum Norður-Atlantshafsþingsins. Í öðru lagi er um að ræða stofnun sérstakrar samstarfsnefndar sem skipuð er fulltrúum Norður-Atlantshafsþingsins og áheyrnarfulltrúum frá Austur-Evr-

ópu. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um uppbyggingu nýs öryggiskerfis í Evrópu. Þá hefur verið efnt til sérstakra funda með þingum í Austur-Evrópu og aðalskrifstofa samtakanna hefur tekið við starfsfólki frá Austur-Evrópu til starfsþjálfunar.

Dagana 10.–14. júní fór undirnefnd vísinda- og tæknimálanefndar um sannprófun og tækni í vettvangskönnun til Þýskalands. Markmið ferðarinnar var að rannsaka framkvæmd og eftirlit afvopnunar í Þýskalandi, svo og sameiningu herja Vestur-Þýskalands og fyrrum Austur-Þýskalands. Farið var í höfuðstöðvar fyrrum varnarmálaráðuneytis Austur-Þýskalands í Strausberg en þar var Varsjárbandalagið stofnað fyrir rúmlega 40 árum. Ferðina fóru Salome Þorkelsdóttir, varamaður Íslandsdeildarinnar, og ritari.

Allsherjarþing samtakanna var haldið 18.–22. október 1991 í Madríd. Sóttu það Karl Steinar Guðnason, formaður, Sólveig Pétursdóttir, Jón Kristjánsson, Ingi Björn Albertsson og ritari. Þá var Eystrasaltsríkjunum Eistlandi, Lettlandi og Litáen veitt áheyrnarfulltrúastaða og flutti einn fulltrúi frá hverju landi stutt ávarp. Umræða síðasta daginn í sameinuðu þingi bar yfirskriftina „Staða NATO eftir hrun Sovétríkjanna“ en allt starf þingsins snerist að mestu leyti um þetta málefni að þessu sinni, þ.e. stöðu samtakanna í breyttri heimsskipan og þær breytingar sem sameining Evrópu hefði í för með sér á sviði öryggis- og varnarmála. Undirbúin var skýrsla um viðbrögð Bandaríkjanna við sameiningu Evrópu og breytt hlutverk varnarbandalagsins í ljósi þess. Efnahagsaðgerðir og aðstoð við Austur-Evrópuþjóðir, sem væru að þróa lýðræðislega stjórnarhætti, voru ræddar, svo og mikilvægi efnahagsmála í mótun nýs pólitísks landakorts. Þá var fjallað um nýtt öryggis- og varnarumhverfi í Evrópu og aðgerðir til að tryggja virkt vopnaeftirlit.

Eins og venja er á aðalfundi þingsins flutti Manfred Wörner, framkvæmdastjóri NATO, ræðu þar sem hann lagði mikla áherslu á að þótt NATO þyrfti ekki lengur að glíma við erkióvininn í austri væru verkefnin næg og ekki síður þörf fyrir samtökin og sérþekkingu þeirra.

Alþingi, 24. febr. 1992.

Karl Steinar Guðnason, form.	Sólveig Pétursdóttir, varaform.	Jón Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

Samþykktir Norður-Atlantshafsþingsins á vorfundi í Rotterdam í maí 1991 og aðalfundi í Madríd í október 1991.

Resolution 225: on the Establishment of a Multilateral Arms Suppliers Regime,
um setningu alþjóðlegra reglna um vopnasölu.

Resolution 226: on the National Question and European Stability,
um innanríkjadeilur og stöðugleika í Evrópu.

Resolution 227: on Security and Co-operation in the Mediterranean Basin,
um öryggi og samvinnu á Miðjarðarhafssvæðinu.

Resolution 228: on Nuclear Arms Control,
um eftirlit með kjarnorkuvopnum.

Resolution 229: on CSCE and the New European Security Order,
um RÖSE og nýtt öryggiskerfi í Evrópu.
Resolution 230: on Climate Change,
um veðurfarsbreytingar.
Resolution 231: on the Political and Environmental Problems of Chemical Weapons,
um pólitísk og umhverfisleg vandamál er varða efnavopn.
Resolution 232: on NATO after the Soviet Union,
um Atlantshafsbandalagið eftir hrun Sovétríkjanna.

Fylgiskjal II.

ATLANTSHAFSSÁTTMÁLINN

Atlantshafssáttmálinn var undirritaður 4. apríl 1949 í Washington og hljóðar svo:

Inngangsorð.

Aðilar samnings þessa lýsa yfir að nýju tryggð sinni við markmið og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ósk sinni um að lifa í friði við allar þjóðir og allar ríkisstjórnir.

Þeir eru staðráðnir í því að varðveita frelsi þjóða sinna, sameiginlega arfleifð þeirra og menningu er hvíla á meginreglum lýðræðis, einstaklingsfrelsi og lögum og rétti.

Þeir leitast við að efla jafnvægi og velmegun á Norður-Atlantshafssvæðinu.

Þeir hafa ákveðið að taka höndum saman um sameiginlegar varnir og varðveislu friðar og öryggis.

Þeir hafa því orðið ásáttir um Norður-Atlantshafssamning þennan.

1. gr.

Aðilar takast á hendur, svo sem segir í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, að leysa hvers konar milliríkjadeilumál, sem þeir kunna að lenda í, á friðsamlegan hátt, þannig að alþjóðafriði, öryggi og réttlæti sé eigi stofnað í hættu og að beita ekki hótunum né valdi í milliríkjaskiptum á nokkurn þann hátt sem ósamrýmanlegur er markmiðum Sameinuðu þjóðanna.

2. gr.

Aðilir munu stuðla að frekari þróun friðsamlegra og vinsamlegra milliríkjaviðskipta með því að styrkja frjálsar þjóðfélagsstofnanir sínar, með því að koma á auknum skilningi á meginreglum þeim, sem þær stofnanir eru reistar á, og með því að auka möguleika jafnvægis og velmegunar. Þeir munu gera sér far um að komast hjá árekstrum í efnahagslegum milliríkjaviðskiptum sínum og hvetja til efnahagssamvinnu sín á milli, hvort heldur er við einstaka samningsaðila eða alla.

3. gr.

Í því skyni að ná betur markmiðum samnings þessa munu aðilar hver um sig og í sameiningu, með stöðugum og virkum eigin átökum og gagnkvæmri aðstoð, varðveita og efla möguleika hvers um sig og allra í senn til þess að standast vopnaða árás.

4. gr.

Aðilar munu hafa samráð sín á milli hvenær sem einhver þeirra telur friðhelgi landsvæðis einhvers aðila, pólitísku sjálfstæði eða öryggi ógnað.

5. gr.

Aðilar eru sammála um að vopnuð árás á einn þeirra eða fleiri í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þá alla; fyrir því eru þeir sammála um ef slík vopnuð árás verður gerð að þá muni hver þeirra í samræmi við rétt þann til eigin varnar og sameiginlegrar, sem viðurkenndur er í 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, aðstoða aðila þann eða þá, sem á er ráðist, með því að gera þegar í stað hver um sig og ásamt hinum aðilunum þær ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar, og er þar með talin beiting vopnavalds til þess að koma aftur á og varðveita öryggi Norður-Atlantshafssvæðisins.

Tilkynna skal öryggisráðinu tafarlaust allar þvílíkar vopnaðar árásir og allar ráðstafanir sem gerðar eru vegna þeirra. Hætta skal slíkum ráðstöfunum þegar öryggisráðið hefur gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að koma á aftur og varðveita alþjóðafrið og öryggi.

6. gr.*

Ákvæði 5. gr. um vopnaða árás á einn eða fleiri samningsaðila skulu taka til vopnaðrar árásar:

i. á lönd hvaða aðila sem vera skal í Evrópu eða Norður-Ameríku,** á Tyrklandi eða eyjar undir lögsögu hvers aðila sem vera skal í Norður-Atlantshafi norðan hvarfbaugs krabbans.
ii. á lið, skip eða loftför hvers aðila sem vera skal á eða yfir þessum yfirráðasvæðum eða öðru svæði í Evrópu þar sem hernámslið einhvers aðilans hafði setu þegar samningurinn gekk í gildi, eða Miðjarðarhafinu eða Norður-Atlantshafinu norðan hvarfbaugs krabbans.

7. gr.

Samningur þessi breytir engu um réttindi og skyldur þeirra aðila, sem eru meðlimir Sameinuðu þjóðanna, samkvæmt sáttmála þeirra né frumskyldu öryggisráðsins til varðveislu alþjóðafriðar og öryggis, og má á engan hátt túlka hann á þann veg.

8. gr.

Hver aðili um sig lýsir yfir því að engar milliríkjaskuldbindingar, sem nú eru í gildi milli þess aðila og nokkurs annars aðila samnings þessa eða nokkurs þriðja ríkis, brjóti í bága við ákvæði samnings þessa og lofar að gerast ekki aðili að nokkurri milliríkjaskuldbindingu sem brjóta mundi í bága við samning þennan.

9. gr.

Með samningi þessum setja aðilar á stofn ráð og skal hver þeirra eiga þar sæti til þess að athuga mál sem varða framkvæmd samnings þessa. Haga skal svo skipun ráðsins að það geti komið til funda tafarlaust hvenær sem er. Ráðið skal setja á stofn þær undirnefndir sem nauðsynlegar kunna að þykja; fyrst og fremst skal það stofnsetja þegar í stað varnarnefnd er geri tillögur um ráðstafanir til framkvæmdar 3. og 5. gr.

10. gr.

Aðilar geta, ef þeir eru allir sammála um það, boðið hverju öðru Evrópuríki, sem vera skal og aðstöðu hefur til að vinna að framgangi meginreglna samnings þessa og stuðla

að öryggi Norður-Atlantshafssvæðisins, að gerast aðili að honum. Ríki, sem boðin er þátttaka, getur orðið aðili að samningnum með því að afhenda ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku staðfestingarskjal sitt. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku mun tilkynna hverjum aðila um afhendingu hvers slíks staðfestingarskjals.

11. gr.

Samning þennan skal fullgilda og skulu ákvæði hans framkvæmd af aðilum í samræmi við stjórnlagaákvæði hvers um sig. Fullgildingarskjölin skulu afhent ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku svo fljótt sem unnt er en hún tilkynnir síðan öllum öðrum ríkjum, sem undirritað hafa, um afhendingu hvers skjals. Samningurinn skal ganga í gildi milli þeirra ríkja, sem hafa fullgilt hann, jafnskjótt sem fullgildingarskjöl meiri hluta þeirra ríkja, sem undirritað hafa, þar á meðal Bandaríkjanna, Belgíu, Bretlands, Frakklands, Hollands, Kanada og Lúxemborgar, hafa verið afhent, og að því er önnur ríki varðar skal hann ganga í gildi þann dag sem fullgildingarskjöl þeirra eru afhent.

12. gr.

Þegar tíu ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, eða hvenær sem er eftir það, skulu aðilar ráðgast um endurskoðun hans ef einhver þeirra óskar þess. Skal þá höfð hliðsjón af þeim atriðum, sem þá hafa áhrif á frið og öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu, þar á meðal framvindu almennra samninga og svæðissamninga samkvæmt sáttmála hinna Sameinuðu þjóða til varðveislu alþjóðafriðar og öryggis.

13. gr.

Þegar tuttugu ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa getur hver aðili sagt honum upp með eins árs fyrirvara, talið frá afhendingu tilkynningar þess efnis til ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, en hún skýrir ríkisstjórnum annarra aðila frá afhendingu slíkra tilkynninga.

14. gr.

Samningur þessi er gerður á ensku og frönsku og skulu báðir textar jafngildir. Skulu þeir varðveittir í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Skal hún senda staðfest eftirrit af samningnum til ríkisstjórna annarra ríkja er undirritað hafa.

Sáttmálinn tók gildi 24. ágúst 1949 (fullgildingardagur) þegar öll aðildarríki höfðu staðfest hann.

*Eins og hún hljóðar nú, eftir inngöngu Grikklands og Tyrklands í bandalagið (1952).

**Hér er felld úr upptalningunni „hin frönsku héruð í Algier", en er Alsír fékk sjálfstæði lýstu Frakkar yfir því að landsvæði þessi teldust eigi lengur til samningssvæðisins. Atlantshafsráðið ákvað að sú breyting miðaðist við 3. júlí 1962.

Fylgiskjal III.

SKIPAN NORÐUR-ATLANTSHAFSÞINGSINS

Aðildarlönd hafa eftirfarandi fjölda þingfulltrúa:

Bandaríki Norður-Ameríku	36
Frakkland	18
Sambandslýðveldið Þýskaland	18
Ítalía	18
Stóra-Bretland	18
Kanada	12
Spánn	12
Tyrkland	12
Belgía	7
Grikkland	7
Holland	7
Portúgal	7
Danmörk	5
Noregur	5
Ísland	3
Lúxemborg	3

444. Fjáraukalög [79. mál]

fyrir árið 1990, sbr. lög nr. 72/1990 og lög nr. 105/1990.

(Afgreidd frá Alþingi 25. febr.)

Samhljóða þskj. 440.

445. Tillaga til þingsályktunar [266. mál]

um rannsóknir á botndýrum í Breiðafirði.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Ingibjörg Pálmadóttir,
Jóhann Ársælsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta fara fram rannsókn á botndýrum í Breiðafirði í samvinnu við vinnslustöðvar og útgerðir skelbáta við Breiðafjörð.

Tilgangur rannsókna verði að leita nýrra hörpudiskmiða á Breiðafirði, meta betur en gert hefur verið hörpudiskmiðin og kanna aðrar dýrategundir sem nýtanlegar kunna að vera.

Greinargerð.

Með minnkandi veiðiheimildum skipa, sem stunda bolfiskveiðar, verður stöðugt mikilvægara að auka rannsóknir annarra fiskstofna og nýtanlegra botndýra.

Skelveiðar hafa verið stundaðar á Breiðafirði í rúma tvo áratugi með ágætum árangri. Hafrannsóknastofnun hefur lagt til verulegan samdrátt veiða á hörpudiski án þess að rannsóknir hafi verið auknar. Aðrar botndýrategundir hafa ekki verið rannsakaðar að nokkru marki. Sjómenn, sem stunda skelveiðar, telja nauðsynlegt að auka rannsóknir og hafa lýst vilja sínum til þess að taka þátt í rannsóknaverkefni sem miðist við að rannsaka veiðisvæði hörpudisksins og annarra botndýra.

Að beiðni þingmanna Vesturlands tók Hrafnkell Eiríksson fiskifræðingur saman stutta greinargerð um botndýrarannsóknir í Breiðafirði. Fylgir sú greinargerð með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Hrafnkell Eiríksson fiskifræðingur:

Auknar botndýrarannsóknir í Breiðafirði.
(10. desember 1991.)

Sem kunnugt er hefur Hafrannsóknastofnunin lagt til að hörpudiskveiði í Breiðafirði verði takmörkuð við 8.500 tonn árið 1992 en undanfarinn áratug hafa tillögur stofnunarinnar hins vegar hljóðað upp á 10–11 þús. tonna hámarksafla á ári. Rekja má þennan samdrátt til minnkandi hlutdeildar af skel yfir 70 mm í stofninum en nýliðun virðist aftur á móti góð í smáskel undir 70 mm samkvæmt niðurstöðum stofnmælingar 1991 (1. og 2. mynd).

Vegna minni veiða á ýmsum helstu nytjategundum á næsta ári eða jafnvel árum er því enn frekari ástæða nú en áður að huga að nýjum möguleikum í fiskveiðum hérlendis. Til þess að svo geti orðið þarf auknar rannsóknir og eitt af líklegri svæðum til árangurs er Breiðafjörður, a.m.k. hvað varðar skeldýr og önnur botndýr. Hér á eftir verður fjallað lauslega um nokkra nýja möguleika með auknum rannsóknum í Breiðafirði.

Hörpudiskur. Talið er mjög tímabært í ljósi núverandi samdráttar að leita nýrra hörpudiskmiða á þessu svæði. Undirritaður hefur rætt við nokkra skelveiðiskipstjóra nú í haust um að hver bátur gefi dagsvinnu eða svo í slíkt verkefni sem yrði skipulagt og

stjórnað frá rannsóknaskipinu Dröfn í tengslum við aðrar rannsóknir skipsins á svæðinu. Fyrstu viðbrögð manna hafa verið góð en fylgja þarf málinu eftir.

Ígulker. Hugsanlega má kanna útbreiðslu og stofnstærð ígulkera með hörpudiskplóg í tengslum við ofangreinda leit. Hafa ber þó í huga að þroski (gæði) ígulkerahrogna getur verið mjög ólíkur eftir svæðum þannig að það dýpi, sem vænta má hörpudisks á, sé utan við bestu ígulkerasvæðin sem eru líklega grynnra. Skollakoppur er mjög vænlegur kostur með þekkta markaði í Japan og Frakklandi. Hvað Frakkland varðar er þó enn ógengið frá samningi milli landanna ef hugsað er til útflutnings á lifandi ígulkerum.

Sæbjúga. Kanna má útbreiðslu og magn sæbjúgna með hörpudiskplóg í tengslum við hörpudiskleitina. Markaðir fyrir sæbjúgu, að vísu ekki okkar tegund, eru þekktir í Suðaustur-Asíu og Japan.

Aða. Þessi skel hefur fengist í umtalsverðu magni í hörpudiskplóga þó að ekki sé hægt að ná til nema hluta útbreiðslusvæðisins með því veiðarfæri. Hins vegar er markaður lítt eða ekki þekktur í stóru skelfiskneyslulöndunum í Evrópu, Frakklandi, Spáni og Ítalíu. Könnun, sem gerð var í haust á Hollandsmarkaði, reyndist neikvæð.

Beitukóngur. Þessir kuðungar fást yfirleitt ekki í miklu magni í hefðbundna hörpudiskplóga, enda eru þeir fremur smáir og halda sig á öðru dýpi/botnlagi en t.d. hörpudiskur. Rannsóknir með gildrum eru því nauðsynlegar í þessu tilviki en þær eru fremur seinlegar og því dýrar. Lágt verð á beitukóngi hefur þó fram til þessa staðið veiðum og vinnslu fyrir þrifum. Um **hafkóng** gildir svipað og um beitukóng nema hvað vinnsla hans er vandasamari vegna eitraðra meltingarkirtla.

Trjónukrabbi. Tilraunaveiðar á trjónukrabba, sem hófust haustið 1983, tókust þá þegar með ágætum. Verð og markaðsmál hafa hins vegar verið í flöskuhálsinum í þessu máli enda virðist trjónukrabbi dæmigerður súpu- eða kæfukrabbi vegna smæðar. Góða vísbendingu um útbreiðslu og magn trjónukrabba má þó fá með hörpudiskplóg, t.d. í tengslum við hörpudiskleit.

Kúfskel, sandskel, krókskel og báruskel er að líkindum aðeins hægt að magnmæla með sérstökum vatnsþrýstings- eða dæluplógum sem aðeins eru að hluta til staðar hérlendis. Tvær fyrrnefndu tegundirnar eru þekktar sem markaðsvara en hinar eru náskyldar t.d. hjartaskel sem veidd er í stórum stíl í Evrópu.

Mynd 1. Afli á sóknareiningu(bátar) og vísitölur(rannsóknir) árin 1982-1990



Mynd 2. Magnvísitala 75-90 mm hörpudisks 1983-1991



Mynd 3. Magnvísitala 45-65 mm hörpudisks 1983-1991



446. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Til fundar við nefndina komu Ari Edwald, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, Einar Torfason, forstöðumaður Bifreiðaprófa ríkisins, Óli H. Þórðarson, framkvæmdastjóri Umferðarráðs, og Birgir Hákonarson og Jón Baldur Þorbjörnsson frá Bifreiðaskoðun Íslands hf. Nefndinni bárust enn fremur skriflegar umsagnir og bréf frá Áhugahópi um bætta umferðarmenningu, Bandalagi íslenskra leigubílstjóra, Bindindisfélagi ökumanna, Bílgreinasambandinu, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, landlækni, Landssambandi íslenskra akstursíþróttafélaga, Landssambandi vörubifreiðastjóra, lögreglustjóranum í Reykjavík, menntamálaráðuneytinu, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Slysavarnafélagi Íslands, Umferðarráði, Vegagerð ríkisins, Ökukennarafélagi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að Umferðarráð skuli hafa með höndum umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu og annast ökupróf undir yfirstjórn dómsmálaráðuneytisins. Það samræmist hlutverki stofnunarinnar og þeirri þekkingu á umferðarmálum sem hún hefur yfir að ráða. Þessi tilhögun skapar og tengsl milli stofnunarinnar og ökunema, foreldra og ökukennara og eykur þannig möguleika hennar á að ná árangri í starfi sínu. Í dómsmálaráðuneytinu er nú unnið að setningu reglugerðar um ökuskírteini, ökukennslu, próf ökumanna o.fl. Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að þar verði kveðið á um þær gæðakröfur sem gera á til ökunámsins, m.a. að því er varðar námsskrár og námsefni og þær kröfur sem þeir aðilar verða að uppfylla sem ætla að annast ökukennslu. Auk faglegra sjónarmiða mæla rekstrarleg sjónarmið með því að færa umsjón ökukennslu frá Bifreiðaprófum ríkisins til Umferðarráðs. Fjárhagslega hagkvæmara er að starfrækja eina stofnun á þessu sviði en tvær.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að Áhugahópur um bætta umferðarmenningu fái sæti í Umferðarráði. Þau samtök hafa auk þess félagsskapar sem getið er í 2. gr. frumvarpsins óskað eftir að eiga fulltrúa í Umferðarráði. Þykja engar ástæður mæla gegn því. Umferðarráð er fyrst og fremst vettvangur umræðu um umferðarmál og er eftirsóknarvert að sem flestir sem hlut eiga að máli eigi rödd í ráðinu. Eðlilegt er að það verði athugað við almenna endurskoðun á umferðarlögum sem nú stendur yfir.
2. Lagt er til að síðasti málsliður 3. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins falli brott. Niðurlag þess málsliðar, sem kveður á um að samþykki dómsmálaráðuneytisins þurfi til ráðningar starfsfólks Umferðarráðs, hefur sætt nokkurri gagnrýni. Bent hefur verið á að heppilegra sé að Umferðarráð geti ráðið til sín starfsfólk án samþykkis ráðuneytisins. Nefndin styður það sjónarmið. Ef niðurlagi málsliðarins er sleppt þykir rétt að fella hann allan niður. Í ákvæðinu er þá einungis getið um frávik frá því sem annars mundi vera, þ.e. að skipun framkvæmdastjóra megi vera tímabundin, en um annað fer eftir almennum stjórnsýslureglum.

3. Lagt er til að lögin taki gildi 1. maí 1992. Ákvæði 5. gr. frumvarpsins um gildistöku á ekki lengur við.

Alþingi, 25. febr. 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson, með fyrirvara.	Björn Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Ingi Björn Albertsson.	Össur Skarphéðinsson.

447. Breytingartillögur [60. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SP, AÓB, BBj, EKJ, IBA, ÖS).

1. Við 2. gr. Á undan orðunum „Landssamband íslenskra akstursíþróttafélaga“ í síðari málsgrein komi: Áhugahópur um bætta umferðarmenningu og.
2. Við 3. gr. Síðasti málsliður 3. efnismgr. falli brott.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1992.

448. Fyrirspurn [267. mál]

til forsætisráðherra um ferðakostnað ráðherra.

Frá Eggert Haukdal.

Hver var ferðakostnaður hvers ráðherra vegna ferðalaga til útlanda:
1. árið 1989,
2. árið 1990,
3. 1. jan.–30. apríl 1991?

Óskað er eftir svofelldri sundurliðun:
a. Hve margar ferðir hver ráðherra fór, hvert farið var og hve lengi ráðherra dvaldist samtals erlendis,
b. fargjöld,
c. samanlagður hótelkostnaður (gisti- og fæðiskostnaður),
d. risna,
e. dagpeningagreiðslur, þar með talið álag á þær,
f. heildargreiðslur til maka, sundurliðað í ferðakostnað, dagpeninga og annan kostnað.

Skriflegt svar óskast.

449. Fyrirspurn [268. mál]

til utanríkisráðherra um aðild Íslands að alþjóðasamningum.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hvaða gildandi alþjóðasamningar eða sáttmálar hafa verið undirritaðir af Íslands hálfu og hverjir þeirra hafa hlotið staðfestingu Alþingis?
2. Hverjir þeirra hafa verið þýddir á íslensku og/eða gefnir úr af stjórnvöldum þannig að þeir séu aðgengilegir almenningi?

Samningarnir óskast sundurliðaðir eftir málefnasviðum ráðuneytanna.

Skriflegt svar óskast.

450. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Með frumvarpinu eru gerðar róttækar breytingar á Umferðarráði, bæði lagalegar og í framkvæmd með stefnu í fjárlögum.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Bifreiðaskoðun Íslands hf. skuli tilnefna fulltrúa í Umferðarráð í stað Bifreiðaeftirlits ríkisins. Bifreiðaskoðun Íslands er nú að hálfu í eigu ríkisins, en ríkisstjórnin hefur tilkynnt ákvörðun um sölu á sínum hluta. Jafnframt hefur dómsmálaráðherra óskað eftir að fyrirtækið falli frá einkarétti sínum til bifreiðaskoðunar og taldi aðstoðarmaður ráðherra allar líkur á að sú beiðni yrði samþykkt. Það virtist því ljóst að innan skamms verður Bifreiðaskoðun Íslands hf. algjört einkafyrirtæki og eitt af mörgum sem hefði rétt til slíkrar starfsemi. Það er því ljóst að með breytingu 2. gr. er farið inn á nýja braut um skipan Umferðarráðs.

Segja má þó að þessi breyting skipti ekki meginmáli vegna ákvæða 3. gr. sem gjörbreytir eðli Umferðarráðs. Í stað framkvæmdanefndar, sem að meiri hluta er valin af fulltrúum í Umferðarráði, skal dómsmálaráðherra skipa henni stjórn að meiri hluta án tilnefningar. Þar með er ljóst að Umferðarráð verður að algjörri ríkisstofnun sem vafalaust er eðlilegt með tilliti til ákvæða 1. gr. um nýtt hlutverk stofnunarinnar, þ.e. umsjón með ökukennslu og framkvæmd bifreiðaprófa, en stjórn og skipulag stofnunarinnar tekur þannig fyrst og fremst mið af hinu nýja hlutverki sem henni verður fengið. Þar með hafa ráðin verið tekin af hinum frjálsu áhugasamtökum sem átt hafa aðild að Umferðarráði og endanlega komið í veg fyrir það sem landlæknir leggur mikla áherslu á í umsögn sinni til nefndarinnar að fá inn í Umferðarráð fulltrúa nýrra aðila og samtaka. Slíkt hefði takmarkaða þýðingu þegar áhrifin yrðu hverfandi lítil.

Alvarlegust er þó framkvæmdin sem dómsmálaráðherra hefur markað stefnuna um. Í núgildandi fjárlögum er framlag ríkisins til Umferðarráðs lækkað frá síðasta ári úr 23.990.000 kr. niður í 18.600.000 kr. en sértekjur hækkaðar í staðinn. Það var gert með reglugerð í lok síðasta árs sem kvað á um 50% hækkun prófgjalda. Er það í samræmi

við stefnumörkun sem fram kemur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 þar sem segir: „Til að bera uppi hluta af kostnaði Umferðarráðs er reiknað með auknum tekjum af prófgjöldum. Í því augnamiði verður gerð breyting á reglugerð um dómsmálagjöld o.fl.“

Í greinargerð frá dómsmálaráðuneytinu, sem allsherjarnefnd fékk, er reyndar gefið í skyn að þessar tekjur séu mjög vanáætlaðar svo að nægja mundi að greiða kostnaðinn við starfsemi Umferðarráðs að fullu. Í stað framlaga úr ríkissjóði til að standa undir starfsemi Umferðarráðs eins og verið hefur hingað til er því fundið upp það snjallræði að láta 17 ára unglingana borga brúsann ef nýja stofnunin á þá að halda áfram fyrri verkefnum Umferðarráðs. En það er einmitt þetta sem Umferðarráð varar sterklega við í umsögn sinni til allsherjarnefndar.

Þessi tekjuöflun ríkisstjórnarinnar er að sjálfsögðu í takt við þau úrræði ríkisstjórnarinnar sem komið hafa fram á mörgum öðrum sviðum að gott sé að sækja fjármagn sérstaklega til nemenda til að bæta stöðu ríkissjóðs.

Við undirritaðir nefndarmenn erum algjörlega andvígir þessari stefnu og teljum að fremur þurfi að efla þátttöku áhugafólks í átaki til að draga úr umferðarslysum en að gera það að aukastarfi í ríkisstofnun. Við teljum því nauðsynlegt að þetta sé athugað miklu betur í tengslum við almenna endurskoðun á umferðarlögunum sem kveðið var á um að gerð skyldi árið 1991. Það kemur vel fram í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík til nefndarinnar þar sem hann bendir á fjölmörg önnur atriði sem þarf að lagfæra í umferðarlögunum. Leggjum við því til að þessu frumvarpi verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 25. febr. 1992.

Jón Helgason, frsm. Kristinn H. Gunnarsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

Fylgiskjal I.

Úr athugasemdum við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1992.

*331 **Umferðarmál.*** Undir þessum fjárlagalið eru sameinuð fjárlagaviðfangsefnin *Umferðarráð* og *Ökukennsla*. Gert er ráð fyrir að skipulagi ökunáms og ökuprófa verði breytt frá því sem nú er og Umferðarráði verði falin umsjón þessa málaflokks. Til að svo megi verða er óhjákvæmilegt að breyta lögum nr. 50/1987 og reglugerð um ökunám, próf ökumanna o.fl., nr. 787/1983. Til að bera uppi hluta af kostnaði Umferðarráðs er reiknað með auknum tekjum af prófgjöldum. Í því augnamiði verður gerð breyting á reglugerð um dómsmálagjöld o.fl.

Fylgiskjal II.

Ólafur Ólafsson landlæknir:

Umsögn varðandi frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

1. gr.

Sammála.

2. gr.

Ég tel of hátt hlutfall hagsmunaaðila í Umferðarráði. Of mikill tími Umferðarráðs fer í umfjöllun um ástand ökutækja. Allir vita þó að bilun í ökutæki er sárasjaldan orsakavaldur slysa. Legg ég til að eftirfarandi fulltrúar fái sæti í ráðinu: Fulltrúar framhaldsskólanema, kennara, foreldrafélaga, Læknafélags Íslands, hjúkrunarfræðinga, Félags sjúkraþjálfara, áhugafólks um umferðarmenningu og fjölmiðla.

Meðalaldur í Umferðarráði er líklega of hár. Ungt fólk, sem hefur langhæstu slysatíðnina, á engan fulltrúa í ráðinu.

Heilbrigðisstarfsfólk, sem tekur við og annast þá slösuðu, á einungis einn fulltrúa.

Með tilliti til þess að kostnaður samfélagsins vegna slysa er vart undir 10 milljörðum á ári sýnist mér mega bæta við nokkrum launalausum aðilum í ráðið. Ráðið í heild þarf ekki að kalla saman oftar en 2–3 sinnum á ári.

Tillögur um úrbætur á starfi Umferðarráðs
eftir Ólaf Ólafsson landlækni.

Síðasta áratug hefur verið varið í að setja reglur um öryggi í umferð og má fullyrða að allvel hafi gengið þó að viðbrögð stjórnmálamanna hafi stundum verið treg.

Nú sýnist mér brýnt að huga frekar að:

1. Áhættuferli manna í umferðinni. Hverjir valda slysum í umferð (manngerð)?
2. Hvers konar fræðslu- eða kennslutækni þarf að beita til þess að vekja áhuga barna og unglinga svo að þau temji sér áhættuminna hátterni í umferðinni?
3. Skipulagsmál borga og bæja. Í ljós hefur komið í vel gerðum margra ára samanburðarrannsóknum að skipulag borga ræður miklu um tíðni slysa á börnum í umferðinni (Linköbing–Odense-rannsóknin 1989). Slysatíðni barna reyndist helmingi minni í Linköbing en Odense. Skýringa var helst að leita í færri „slysagildrum“ og betri umferðarmenningu í Linköbing en Odense. Foreldrar í fyrrnefndri borg fylgdust betur með öryggismálum en í þeirri síðarnefndu.
4. Undirritaður hefur ásamt öðrum lagt til verulegar breytingar á skipan Umferðarráðs sem ekki fann náð fyrir augum Alþingis.

Lagt er til að:

1. Yngra fólk en nú er fái skipan í ráðið.
2. Of hátt hlutfall hagsmunaaðila er meðal ráðamanna. Of mikill tími og umsvif ráðsins fara í umfjöllun um ástand ökutækja. Flestum er ljóst að bilun í ökutækjum er

sárasjaldan orsakavaldur slysa. Brestir í hegðunarmynstri manna er orsakavaldur nær 90% slysatilfella.

3. Í ráðið vantar t.d. fulltrúa skólanema, kennara, foreldrafélaga, félagasamtaka kvenna, húsmæðra, félagsmálastofnana, fjölmiðlafólks, áhugafólks um umferðarmenningu og fleiri fulltrúa heilbrigðisstétta svo að eitthvað sé nefnt. Það er þversögn að heilbrigðisstéttir, sem taka við og annast þá slösuðu, eigi aðeins einn fulltrúa í ráðinu. Fjölga þarf konum í ráðinu. Í ráðinu þyrftu einnig að starfa fulltrúar úr héruðum landsins.
4. Rétt er að fjölga í ráðinu og kalla það saman 2–3 sinnum á ári og þar af einu sinni til umferðarþings.

Fylgiskjal III.

Dómsmálaráðuneytið:

Greinargerð um áætlaðar sértekjur Umferðarráðs.

(20. febrúar 1992.)

Sértekjur Umferðarráðs eru áætlaðar 47,9 milljónir króna í fjárlögum fyrir árið 1992. Þær skiptast þannig að 8,8 milljónir eru vegna „gamla“ umferðarráðsins og 39,1 milljón vegna ökukennslu. Í fjárlögum fyrir árið 1991 voru þessar tölur 7,2 milljónir og 23,8 milljónir.

Því lítur út fyrir að um mikla hækkun áætlaðara sértekna af ökukennslu sé að ræða, en svo er þó ekki í raun. Í fjárlögum hafa sértekjur af ökukennslu og gjöld samtals staðist á, starfsemin hefur staðið undir sér. Hins vegar hefur hvort tveggja verið vanáætlað í fjárlögum.

Þannig var þessi upphæð 22,7 milljónir í fjárlögum fyrir 1990, en samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1990 námu sértekjur 34,6 milljónum og gjöld samtals 31,5 milljónum. Rekstrarafgangur það ár var því 3,1 milljón á verðlagi 1990. Í fjárlögum fyrir árið 1991 er talan 23,8 milljónir svo sem að framan segir, en samkvæmt nýju yfirliti um sértekjur sl. árs námu þær 38,1 milljón.

Áætlun um sértekjur á yfirstandandi ári er því ekki of há miðað við óbreytta starfsemi eftir sameiningu. Hins vegar er gert ráð fyrir að stofnunin bjóði ekki upp á undirbúningsnámskeið fyrir meirapróf eftir breytingu og kann vel að vera að því verði hætt á síðari helmingi ársins. Þá mundi upphæð sértekna lækka og kostnaðurinn líka vegna þess að kostnaður vegna þessara námskeiða er að mestu breytilegur, t.d. lausráðnir kennarar.

Þótt námskeiðsgjöld af meiraprófsnámskeiðum hafi staðið undir kostnaði við prófdæmingu í þeim prófum auk kostnaðar við kennslu er ekki sérstök ástæða til að ætla að jafnvægið í tekjum og gjöldum þessarar starfsemi raskist þó að kennslu yrði hætt. Gjald fyrir þann hluta starfseminnar, sem Umferðarráð sinnti, þyrfti þá að innheimtast sjálfstætt.

Varðandi tekjur af almennum prófum hafa gjöld fyrir próf ökumanna verið færð sem sértekjur á Bifreiðapróf ríkisins frá því að þau hófu sjálfstæða starfsemi. Þessar tekjur námu á síðasta ári 17 milljónum sem er hluti af 38,1 milljón króna samtölunni að ofan. Þessi gjöld voru almennt hækkuð um 50% með reglugerð sem dómsmálaráðherra setti 30.

desember 1991, en ekki er gert ráð fyrir því að fullu í áætlunum fyrir árið 1992. Verður að hafa í huga að nokkur óvissa er enn um hvenær breytingin á starfsemi Umferðarráðs gengur í garð.

Fylgiskjal IV.

Lögreglustjórinn í Reykjavík:

Nokkur atriði sem mætti athuga við endurskoðun umferðarlaga.

5. gr.

Í 3. mgr. greinarinnar er fjallað um skyldu ökumanna til þess að fara eftir leiðbeiningum lögreglu. Í 3. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1968 var kveðið fastar að orði, en þar er vegfarendum skylt að fara eftir fyrirmælum lögreglu og stöðva ef lögreglan krefst þess. Ávinningur væri að ákveðnara orðalagi í 5. gr. svo sem áður var.

17. gr.

3. mgr. greinarinnar á við og lýsir æskilegum akstursmáta við aðstæður sem ekki eru fyrir hendi hér á landi. Eðlilegt er að ökumenn á aðalbraut leitist við eins og þeim er unnt að greiða fyrir umferð af aðrein inn á götuna en óvarlegt að tala um skyldu vegna biðskyldumerkisins sem einnig er við aðalbrautina.

22. gr.

Það hefur reynst vafasamt að leyfa framúrakstur á gatnamótum, sbr. d-lið 22. gr. Þótt gata hafi forgang gagnvart hliðargötum skapar framúrakstur á gatnamótum hættu gagnvart þeim sem beygja á gatnamótunum. Í greininni eru létt bifhjól sett í flokk með reiðhjólum. Á þessum flokkum ökutækja er mikill munur hér á landi. Fólk má aka reiðhjólum um gangstíga en létt bifhjól skulu fylgja annarri akandi umferð og er eðlilegt að sömu reglur gildi um þau og bifhjól í umferðinni.

23. gr.

23. gr. fjallar um framúrakstur í þéttri umferð. Greinin er afar óaðgengileg en tilgangur hennar virðist vera að koma í veg fyrir að ökumenn skipti sífellt um akreinar vegna framúraksturs. Óljóst er hvernig þessu ákvæði skuli framfylgt og hefur ekki reynt á það þau tæpu fjögur ár sem lögin hafa verið í gildi.

25. gr.

Í umferðarlögum, nr. 40/1968, var tekið sérstaklega fram í 48. gr. sem fjallaði um forgang í umferð að ökumenn skyldu skilyrðislaust stöðva við stöðvunarskyldumerki og einnig við biðskyldumerki ef útsýn var takmörkuð. Að sjálfsögðu felst þetta í skilgreiningu og þýðingu merkjanna og hefur eflaust verið fellt úr lögunum þess vegna en vegna mikilvægis þessa ákvæðis er ávinningur að hafa það í lögunum til áréttingar svo sem áður var. Í 6. mgr. er lögð sú skylda á þann sem beygir á gatnamótum að veita þeirri umferð forgang sem á móti kemur. Hann skal og veita gangandi vegfarendum og þeim sem eru á reiðhjólum og léttum bifhjólum forgang ef þeir eru á leið yfir götuna sem hann er að

beygja inn á. Hér eru létt bifhjól flokkuð með gangandi umferð og þeim sem eru á reiðhjólum og mega fara um gangstéttir. Létt bifhjól skulu fylgja akandi umferð á götunni og því óþarft að taka þau fram á þann hátt sem gert er í greininni.

41. og 42. gr.

Ekki verður annað séð en að 1. og 2. mgr. 42. gr. gildi einnig um bifhjól og því er þar eingöngu 3. mgr. sem er undantekning hvað varðar létt bifhjól. Eðlilegt er að þessi ákvæði séu í sömu grein og varði bæði bifhjól og létt bifhjól með þeirri undantekningu sem kemur fram í 3. mgr. 42. gr. hvað varðar létt bifhjól.

45. gr.

Nú á síðustu árum hafa verið teknir í notkun öndunarsýnismælar sem í sumum löndum, t.d. Bretlandi, hafa leyst blóðsýnatöku og blóðrannsókn af hólmi að mestu leyti. Rétt er að gera ráð fyrir því í lögum að slíkir mælar verði teknir í notkun hér á landi sem sönnun fyrir alkóhóli í blóði á sama hátt og blóðsýnið er nú.

50. gr.

Í 50. gr. er rætt um skilyrði til þess að mega stjórna stórum og þungum bifreiðum. Þar er mælt fyrir um meirapróf til þess að mega stjórna vörubifreið sem skráð er fyrir 5.000 kg farm eða meira. Þessi viðmiðun er afar óheppileg vegna þess að í umferð eru ökutæki sem sjálf eru stór og þung án þess að þau séu skráð fyrir farm, t.d. stórir kranar og lyftubílar alls konar. Eðlilegra er að miða meirapróf við heildarþunga ökutækis ef ökutækið er stórt og þungt þarf aukin réttindi af hverju sem þyngdin stafar.

53. gr.

Fyrsta málsgrein fjallar um afturköllun ökuréttinda vegna þess að handhafi þeirra fullnægir ekki lengur skilyrðum til þess að öðlast ökuleyfi. Í greininni mætti koma skýrar fram að handhafi ökuréttindanna getur misst skilyrði skv. c-lið 48. gr. og þurfi að sanna hæfni sína og þekkingu þess vegna.

Í 57. gr. segir að sá sem sviptur er ökuréttindum megi ekki byrja að æfa sig í akstri fyrr en einum mánuði áður en sviptingartíminn rennur út. Eðlilegt er að menn geti í þessu tilfelli æft sig undir handleiðslu ökukennara í lok sviptingartímans og taki síðar próf að honum loknum en ekki allt að mánuði fyrr eins og 2. mgr. 53. gr. heimilar.

55. gr.

Af 2. mgr. 55. gr. mætti ráða að einu skilyrðin til þess að mega stjórna vinnuvél séu þau að vera orðinn 17 ára og hafa bifreiðastjóranpróf, a.m.k. ef vinnuvél ekur um vegi. Um árabil hefur verið í gildi reglugerð um kennslu og próf á vinnuvélum þar sem frekari skilyrði eru sett en fram koma í greininni og væri því eðlilegt að vísa þar til reglugerðarinnar.

73. gr.

Í lögunum nr. 40/1968 var sérstakt ákvæði um að aldrei mætti flytja fleiri farþega eða þyngri farm á ökutæki er skráð var í skráningarskírteini. Þessu skal samkvæmt núgildandi umferðarlögum skipa með reglugerð. Hér er um svo mikilvægt atriði að ræða að nauðsynlegt er að kveða á um það í lögum svo sem áður var gert.

102. gr.

Nauðsynlegt er að breyta ákvæðum í 102. gr. þar sem fjallað er um sviptingu öku-

leyfis fyrir ölvun við akstur svo unnt verði að svipta mann rétti til að öðlast ökuleyfi svo sem áður var, sbr. 81. gr. laga nr. 40/1968.

103. gr.

Samkvæmt nýgengnum hæstaréttardómi missir bráðabirgðaökuleyfissvipting marks ef hún er ekki framkvæmd í framhaldi af broti. Eins og framkvæmdin hefur verið er algengt að menn séu sviptir ökuleyfi til bráðabirgða 1–2 mánuðum eftir að brot hefur verið framið. Hér er um varúðarráðstöfun að ræða sem þarf að koma til framkvæmda strax í framhaldi af broti. Þannig hefur framkvæmdin verið varðandi sviptingu ökuréttinda til bráðabirgða fyrir ökuhraða og hefur það gefist vel.

Sérstaklega með tilkomu alkóhólmæla, sem eru mjög nákvæmir, mætti vel hugsa sér að sama framkvæmd yrði varðandi bráðabirgðasviptingu vegna ölvunaraksturs. Eins og málum er háttað nú mundi framkvæmdin þó væntanlega stranda á birtingu sviptingarinnar, a.m.k. ef ökumaður er verulega undir áhrifum áfengis og þá vantar lagaheimild til þess að vista hann í fangageymslu þegar svo stendur á uns hann hefur náð því standi að unnt sé að birta honum ökuleyfissviptingu til bráðabirgða.

106. gr.

Lagt er til að heimildin til endurveitinga ökuréttinda samkvæmt greininni verði í höndum lögreglustjóra. Ákvörðun hans má skjóta til dómsmálaráðuneytis.

108. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óaðgengileg. Mikið er um upptalningar, ákvæðið er í mörgum liðum þar sem vitnað er til hinna ýmsu ákvæða laganna. Æskilegt væri að einfalda ákvæði laganna að þessu leyti með því að leggja á gjald að meginstefnu til þar sem stöðvun eða lagning ökutækisins skapar ekki augljósa hættu eða veruleg óþægindi, t.d. þar sem lagt er öfugu megin miðað við aksturssstefnu. Breyta mætti upptalningu og áherslum í greininni með því að leggja einungis áherslu á þau atriði þar sem ekki er unnt að beita gjaldi. Þau atriði yrðu að margra mati færri og ljósari og greinin því aðgengilegri varðandi framkvæmd.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þau ökuskírteini, sem samkvæmt lögum kallast almenn og voru í gildi 1. mars 1988, skulu samkvæmt ákvæðum í 51. gr. vera í gildi uns handhafi þeirra er fullra 70 ára. Eðlilegast hefði verið að ákveða að meiraprófsskírteini, sem í gildi voru nefndan dag, skyldu gilda í 10 ár frá útgáfudegi sem er gildistími slíkra ökuréttinda samkvæmt lögum í dag.

451. Skýrsla [269. mál]

samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1991–92.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. Skrifstofa Norðurlandamála

Í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, sem tók við völdum 30.apríl 1991, var Eiður Guðnason umhverfisráðherra jafnframt útnefndur samstarfsráðherra Norðurlanda, en í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem tók við völdum 10. september 1989, fór Júlíus Sólnes umhverfisráðherra með málaflokk norræns samstarfs. Á sama tíma gegndi Jón Júlíusson, skrifstofustjóri skrifstofu Norðurlandamála í utanríkisráðuneytinu starfi staðgengils samstarfsráðherra. Með honum á skrifstofunni starfaði Áslaug Skúladóttir deildarstjóri til 1. september fyrra árs er hún lét af störfum en við starfi hennar tók Ásta Erlingsdóttir deildarsérfræðingur.

Á núverandi starfsári, sem lýkur með 40. þingi Norðurlandaráðs og haldið verður í Helsingfors 2. til 6. mars 1992, hefur samgönguráðherra Finnlands, Ole Norrback, haft formennsku ráðherranefndarinnar með höndum, en eftir 6. mars kemur formennskan í hlut Noregs, Kjell Borgens samstarfsráðherra.

Samkvæmt fjárlögum ársins 1991 var framlag Ísland til norrænu fjárlaganna 70.370 þús. kr. Á fjárlögum ársins 1992 nemur framlagið 59.600 þús. kr., en 11.900 þús. kr. eru ætlaðar til reksturs skrifstofu Norðurlandamála. Framlag Íslands til Norðurlandasamstarfsins fellur undir greiðslur utanríkisráðuneytisins til alþjóðastofnana.

Á þessu starfsári héldu norrænu samstarfsráðherrarnir sjö fundi sem hér segir:

25. febrúar 1991 í Kaupmannahöfn,
13. maí 1991 í Bergen,
21. ágúst 1991 í Tammerfors,
25. september 1991 í Kaupmannahöfn,
12. nóvember í Mariehamn,
11. desember 1991 í Helsingfors,
17. janúar 1992 í Kaupmannahöfn.

1.2. Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Norðmaðurinn Fridtjov Clemet hefur verið framkvæmdastjóri skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn undanfarin rúm sex ár en mun láta af störfum 1. september 1992. Við starfi hans tekur Finninn Pär Stenbäck, fyrrum utanríkisráðherra Finna og núverandi framkvæmdastjóri Alþjóða rauða krossins í Genf.

Fjárveiting til skrifstofunnar var á árinu 1991 70.011 d.kr. en lækkar á árinu 1992 í 68.698 d.kr. í samræmi við sparnaðaraðgerðir ráðherranefndarinnar.

Átta íslendingar störfuðu á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn sl. ár, þar af voru tveir, þeir Ólafur Kvaran og Tryggvi Felixson, ráðnir til starfa á árinu 1991 og einn, Hrafn Hallgrímsson, lét af störfum. Aðrir Íslendingar á skrifstofunni eru: Davíð Stefánsson, Hróbjartur Einarsson, Kristín Gjöe, Ingimar Einarsson og Erla Sigurðardóttir.

2. Norrænu fjárlögin

Fjárhagsáætlun norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 1992 er óbreytt að raungildi frá árinu 1991. Niðurstöðutölur bæði árin eru 627.271 milljónir d.kr. Þar við bætast 50.719 milljónir d.kr. vegna Framkvæmdaáætlunar í efnahagsmálum (1989–1992) — Öflugari Norðurlönd — en til hennar var varið 70.565 milljónum d.kr. samkvæmt fjárlögum ársins 1991. Heildarútgjöldin árið 1992 nema samkvæmt þessu 677.990 milljónum d.kr. en 697.836 milljónum d.kr. samkvæmt fjárlögunum 1991. Ísland greiðir 1% af heildarútgjöldum.

Vegna tilfærslna innan fjárlaganna verður útgjaldaaukning á nokkrum sviðum. Menningarmálin fá 2,3 milljónir d.kr. í aukningu, stefnumótun í tölvumálum 1,2 milljónir d.kr. og viðbótarfé er varið til undirbúnings nýrrar ráðstefnu kvenna undir nafninu „Nordisk forum". Þá fá rannsóknir í Evrópurétti og verkefnið Norrænt gigtarár verulegt framlag og ekki er dregið úr áherslu á umhverfismál miðað við 1991. Nokkur aukning verður einnig á framlagi til fiskveiðimála að frumkvæði Eiðs Guðnasonar samstarfsráðherra og hins norska starfsbróður hans, Kjell Borgen.

Framlög til margvíslegra samskipta og stuðningsaðgerða við Eystrasaltslöndin munu nema 32,7 milljónum d.kr. á árinu 1992 og er það ívið meira en á síðasta ári. Þá hafa samstarfsráðherrarnir svigrúm til þess að verja 2,2 milljónum d.kr. til brýnna nýrra verkefna og óvæntra útgjalda. Fyrir liggur tillaga um að hækka þá upphæð í 4,3 milljónir d.kr. vegna vestnorrænna samstarfsins.

Stöðugt er unnið að meiri hagræðingu í rekstri skrifstofu ráðherranefndarinnar og er gert ráð fyrir að framlög til hennar lækki um 5%, en það hefur í för með sér að fækkað verður í föstu starfsliði um þrjár deildarsérfræðingastöður og fjórar ritarastöður.

Framlögum samkvæmt norrænu fjárlögunum 1992 má skipta í fjögur höfuðsvið:

1. Stofnanir 39,2%
2. Verkefnafé og styrkjakerfi 43,5%
3. Framkvæmdaáætlun í efnahagsmálum . . . 7,5%
4. Skrifstofa ráðherranefndarinnar 9,8%

Sé verkefnafé sem felst í framlögum til stofnana talið með, vex hlutur verkefnafjár í 61,8% af fjárlögunum, en það er þriggja prósentustiga hækkun frá árinu 1991. Hlutfall verkefnafjár er mælikvarði á þann sveigjanleika sem norrænu fjárlögin hafa að forminu til.

Skipting framlaga landanna fer eftir „norræna lyklinum" sem hefur verið ákveðinn svo:

	1989	1990	1991	1992
Danmörk	20,9%	21,8%	21,3%	20,6%
Finnland	20,4%	20,7%	21,2%	22,4%
Ísland	1,0%	1,0%	1,1%	1,0%
Noregur	20,5%	19,4%	18,3%	18,3%
Svíþjóð	37,2%	37,1%	38,1%	37,7%

2.1. Endurskoðun á fjárlagagerð.

Verulegar endurbætur eru nú gerðar á allri fjárlagagerð innan norræna kerfisins. Tilraunir eru gerðar með einföldun launaáætlana og markmiðs- og rammastjórnun nokkurra stofnana. Meðal annars hafa stofnanir nú heimild til að færa af launalið til annarra verkefna og ráða sjálfar mannahaldi sínu innan ákveðinna marka. Þá verður á næstunni reynt að bæta meðferð lausafjármuna og verkefnafjár. Einnig verður leitast við að taka upp aðrar aðferðir við fjármögnun en bein framlög af norrænu fjárlögunum.

Fjárhagsáætlanagerð hjá opinberum stofnunum hefur verið undir smásjá á síðustu árum.

Í stuttu máli má segja að einkum sé gagnrýnt að meira skuli vera lagt upp úr formlegum fyrirmælum, fjárlagatillögum, skilagreinum, ársskýrslum og pappírssamskiptum milli stofnana, en að fjárhagsáætlanagerðin skili tilætluðum markmiðum. Hin hefðbundna fjárlagagerð er kostnaðarsöm. Ekki er spurt nægilega um árangur og hún byggir ekki á nægilega traustum grunni. Verst er þó að kerfið heftir oft og tíðum breytingar og kemur þannig í veg fyrir að fjármunir séu notaðir á sem hagkvæmastan hátt til þörfustu verkefnanna.

Samstarfsráðherrarnir eru þeirrar skoðunar að norrænar stofnanir eigi að laga sig að nýjum hugmyndum sem nú ryðja sér til rúms í opinberri stjórnsýslu. Raunar eru þeir þeirrar skoðunar að hófleg stærð þeirra og sérhæfing geri þær einkar heppilegar í þessu skyni. Þess vegna verður nú í veigamiklum atriðum horfið frá fyrirmælastjórnun og meira lagt upp úr árangri og hagkvæmni miðað við framlög. Þá munu framlög framvegis miðast meira við afköst og árangur en útgjaldastig. Loks er þess krafist að í auknum mæli sé tekið tillit til langtímasjónarmiða við gerð fjárhagsáætlana.

Haldið er áfram tilraunum með ramma- og markmiðsstjórnun norrænna stofnana. Samningur hefur verið gerður til nokkurra ára við fimm stofnanir og miðar hann að því að koma til leiðar betri pólitískri stýringu, meiri tengslum milli verkefna og stöðugri eftirfylgni. Stofnanirnar sem hér um ræðir eru Norræni heilsuverndarháskólinn í Gautaborg (NHV), norræna hagfræðiráðið í Lundi, Norræna stofnunin fyrir framhaldsmenntun á vinnumarkaði í Helsingfors (NIVA), Norræna stofnunin fyrir efnisprófun til tannlækninga í Osló (NIOM) og NORDTEST í Esbo.

Ljóst er að breyta verður forgangsröðun og losa um fjármuni ef takast á að standa við ýmis ný áform á sviði menningarmála. Það kann að koma til niðurskurðar og jafnvel gæti þurft að leggja einhverjar stofnanir eða starfsemi með öllu niður. Einnig kemur til greina að afla fjár til norrænnar menningarstarfsemi með öðrum hætti en beinum framlögum af norrænu fjárlögunum. Í fyrsta áfanga er stefnt að því að losa fé á árunum 1992–94, þannig að 30 milljónir d.kr., um það bil 13% af framlögum til menningarsamstarfs, verði til frjálsrar ráðstöfunar við lok tímabilsins. Í fyrirliggjandi fjárlagatillögum hefur verið losað um 6,3 milljónir d.kr. til þess að auka framlög vegna Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins, NORDMÅL/NORDPLUS, og til þess að standa undir kostnaði við norræna námsakademíu vísindamanna, svo og áætlun um umhverfisrannsóknir.

Yfirlit yfir fjárhagsáætlun fyrir árin 1990, 1991 og 1992.
(Í þúsundum danskra króna.)

Samstarfssvið	Fjárlög 1992	Fjárlög 1991	Fjárlög 1990
1. Menningarmálasjóðurinn	13.283	13.283	12.650
2. Fjárveitingasjóður	5.926	11.364	12.113
3. Almenn menningarmál	73.095	69.481	62.336
4. Fræðslumál	54.622	50.429	40.689
5. Rannsóknir	81.748	81.748	76.312
6. Líftækni	23.909	25.988	24.750
7. Orkumál	8.065	8.766	9.368
8. Umhverfismál	30.354	30.354	26.909
9. Vinnumarkaðsmál	17.231	17.912	14.644
10. Félags- og heilbrigðismál	39.917	40.529	37.449
11. Jafnréttismál	3.961	3.110	2.813
12. Iðnaðarmál	74.640	80.152	84.121
13. Efnahags- og fjármál	3.486	3.652	3.736
14. Norræna hagstofan	2.418	2.628	2.548
15. Húsnæðis- og byggingarmál	6.586	7.159	6.970
16. Viðskiptamál	13.812	15.013	15.708
17. Byggðamál	26.600	27.510	25.538
18. Samgöngumál	3.600	3.885	3.755
19. Umferðaröryggismál	4.200	4.200	3.937
20. Ferðamál	2.000	2.100	1.955
21. Landbúnaðar- og skógræktarmál	22.000	23.413	21.553
22. Sjávarútvegsmál	7.056	6.624	5.389
23. Neytendamál	5.050	5.250	5.123
24. Matvælamál	3.300	3.465	3.324
25. Löggjöf	1.740	516	500
26. Styrkir til félagsstarfsemi	2.689	2.788	2.707
27. Embættismannaskipti	1.763	1.916	1.859
28. Varasjóður ráðherranefndar	2.174	1.050	9.861
29. Varasjóður framkvæmdastjóra	300	480	806
30. Launavarasjóður stofnana	6.900	10.500	12.119
31. Rekstrarkostnaður skrifstofu NMR	66.311	70.011	67.258
32. Upplýsingastarfsemi vegna Evrópuáætlunar	2.035	1.995	–
33. Eystrasaltsríkin–Austur Evrópa	15.300	–	–
34. Tölvuvæðing	1.200	–	–
Áður veitt			2.500
Samtals	627.271	627.271	601.300
35. Efnahagsáætlunin	50.719	70.565	76.652
Heildarniðurstaða	677.990	697.836	677.952

3. Árið 1991 í megindráttum

Samningar EFTA og Evrópubandalagsins um Evrópskt efnahagssvæði og breytingarnar í Austur-Evrópu, sérstaklega árangursrík frelsisbarátta Eystrasaltsríkjanna, hafa sett svip sinn á norræna samvinnu á árinu.

Um næstu áramót verða þáttaskil í evrópskri efnahagssamvinnu þegar áform Evrópubandalagsins um innri markað koma til framkvæmda. Þá er þess að vænta að norrænu ríkin taki þátt í efnahagssamstarfi með nýjum og virkari hætti innan ramma Evrópska efnahagssvæðisins, EES. Svíar hafa auk þess sótt um aðild að Evrópubandalaginu og Finnar íhuga að fara að dæmi þeirra.

Þessi nýju viðhorf hafa knúið fram öflugar umræður um viðfangsefni og form opinbers norræns samstarfs eftir árið 1992. Samstarfsráðherrarnir hafa skilað forsætisráðherrunum skýrslu um stöðu og þróun norræns samstarfs ríkisstjórna. Framtíðarþróun samstarfsins, sem hefur haft forgang í störfum ráðherranefndarinnar, var til umræðu á sérstakri hugmyndaráðstefnu í Kaupmannahöfn 25. september 1991 og fjallað var um framtíðarviðhorfin á aukafundi Norðurlandaráðs í Maríuhöfn á Álandseyjum 12.–13. nóvember 1991 og á ráðstefnu Norræna félagsins og Norræna hússins í Reykjavík 8. febrúar 1992. Á vegum samstarfsráðherranna hefur verið unnið að áætlun um norrænt samstarf eftir 1992. Niðurstaða ráðherranefndarinnar um þetta efni verður lögð fram í tillöguformi á 40. þingi Norðurlandaráðs í Helsingfors.

Samstarf norrænu ríkisstjórnanna tekur til 20 mismunandi stjórnsýslusviða. Komið hefur verið á fót 40 norrænum stofnunum sem annast m.a. samstarf í menningar-, kennslu-, vísinda- og viðskiptamálum. Svo víðtækt er samstarfið að jafnaðarlega er unnið að um 800 verkefnum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar auk þess sem stuðlað er að norrænu samstarfi einstaklinga og samtaka, sem einstakt er í sinni röð, með margvíslegri styrkja- og stuðningsstarfsemi. Norræni menningarsjóðurinn, Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn, NORDJOBB, NORDPLUS og norræn námsakademía vísindamanna eru góð dæmi um þessa starfsemi.

Hér verða aðeins nefnd nokkur verkefni sem ákveðin voru eða miðaði vel á veg 1991.

Í maí var gefin út skýrsla um framvindu framkvæmdaáætlunarinnar „Öflugri Norðurlönd 1989–1992". Þar er um að ræða 48 átaksverkefni á 16 samstarfssviðum. Samkvæmt framvinduskýrslunni eru flest verkefnin komin vel á veg og farin að skila árangri. Of snemmt er hins vegar að leggja mat á heildaráhrif.

Upplýsingaskrifstofur Norðurlanda í Tallin, Rigu og Vilnius eru teknar til starfa og hafa forstöðumenn þeirra verið ráðnir til tveggja ára.

Á árinu 1991 fengu 230 ungmenni í Eystrasaltsríkjunum styrki til námsdvalar eða starfsþjálfunar á Norðurlöndum. Ráðherranefndin hefur varið um 30 milljónum d.kr. til hjálpar og stuðningsaðgerða í Eystrasaltslöndunum og í Austur-Evrópu á árinu 1991.

Norrænt rannsóknarráð í Evrópurétti hefur hafið starfsemi sína og m.a. efnt til námsstefnu um áhrif Evrópubandalagsréttar á Norðurlöndin.

Ráðherranefndin tók ásamt forsætisnefnd Norðurlandaráðs þátt í að kosta rannsóknarverkefnið „Norðurlönd í nýrri Evrópu" sem utanríkismálastofnanir Norðurlandanna og Háskóli Íslands önnuðust. Aðalskýrslan var lögð fram í ágúst 1991.

Í nýrri verkefnalýsingu fyrir Norræna iðnaðarsjóðinn er lögð áhersla á norræn rannsóknarfélög og norræn sérsvið sem geta komið atvinnulífinu að gagni. Þá hafa verið gerðar áætlanir um iðnaðarsamstarf við Eystrasaltsríkin.

Á árinu hafa verið samþykktar reglur um notkun norræna umhverfismerkisins sem ákveðið var að taka upp 1989 og útbúnir skilmálar fyrir umhverfismerkingu ýmissa vöruflokka.

Í framhaldi af ákvörðun samstarfsráðherranna í febrúar1991 um að verja 20 milljónum d.kr. á verðlagi ársins 1990 til Norrænu lista- og menningarmiðstöðvarinnar í Nuuk á

Grænlandi var á árinu gengið frá samningi milli menntamálaráðherra Norðurlanda annars vegar og grænlensku heimastjórnarinnar og bæjarstjórnarinnar í Nuuk hins vegar um fjármögnun byggingarinnar og rekstur miðstöðvarinnar í framtíðinni. Framlagið á að skiptast á fjárlagaárin 1995 og 1996.

Ráðherranefndin hefur ákveðið að stofna *Norræna listamannamiðstöð*, Dalsåsen í Fjaler í Noregi, þar sem verða vinnustofur og listastarfsemi, en um skeið hefur verið óráðið hvernig háttað yrði notkun á þessari eign sem gefin var í þágu norræns samstarfs. Á árinu 1991 voru staðfestar reglur fyrir *Dalsåsen* og er gert ráð fyrir að vinnustofur, sem þar verða reistar, komist í not á síðari hluta ársins 1992. Í samræmi við það er veitt fé til starfseminnar í fyrsta sinn í norrænu fjárlögunum.

Á árinu hefur verið unnið í samræmi við framkvæmdaáætlun um norræna málsamvinnu, NORDMÅL, að því að skipuleggja námskeið fyrir kennara og framleiða kennsluefni.

Áhugi á NORDPLUS-styrkjunum, sem eru veittir stofnunum á háskólastigi vegna hluta náms annars staðar á Norðurlöndunum, hefur verið mikill og á árinu varð NORDPLUS-junior að sjálfstæðri styrkveitingu. NORDPLUS-junior þykir hafa farið vel af stað.

Norræn námsakademía vísindamanna hóf starfsemi sína á árinu, en henni er ætlað að veita styrki til menntunar vísindamanna og til þess að auðvelda norræn samskipti þeirra. Miklu fleiri umsóknir um fjárveitingar bárust á árinu en akademían hafði bolmagn til að sinna.

Ráðherranefndin hefur ákveðið að efnt verði til nýrrar ráðstefnu undir heitinu „Nordisk Forum" sumarið 1994 í Åbo í Finnlandi. Viðfangsefnið verður „Líf og starf kvenna". Á árinu var ráðinn starfsmaður til þess að safna upplýsingum og hafa frumkvæði að norrænum kvenna- og jafnréttisrannsóknum. Ráðningin er í tilraunaskyni til ársloka 1993.

Á 40. þingi Norðurlandaráðs verður lögð fram ráðherranefndartillaga um breytta samstarfsáætlun á sviði fiskveiða. Þar er lögð þung áhersla á tengsl fiskveiða á Norðurlöndum við fiskveiðar annars staðar í Evrópu.

Nú stendur yfir endurskoðun á menningarmálasviði norræns samstarfs sem miðar að því að losa fjármuni og verja þeim til brýnna verkefna og nýsköpunar á næstu árum. Þrír sérfræðingahópar vinna að þessum verkefnum á sviði almennra menningarmála, menntamála og rannsókna og nefnast þeir FINAL, FINUT og FINFORSK.

Stöðugt er unnið að hagræðingu í starfsemi ráðherranefndarinnar, svo og við að endurskoða framkvæmdaáætlanir og vinnulag.

Útgáfumálin hafa verið stokkuð upp og NÚ-ritröðin lögð niður, svo og allar undirdeildir í NORD-ritröðinni. Ókeypis dreifingu hefur verið hætt og í staðinn verður um þriggja ára skeið gerð tilraun með að ná árangri í sölu NORD-rita á bókamarkaði. Í staðinn hefur verið komið á fót tveimur ritröðum sem dreift verður ókeypis í ljósriti. Þar er annars vegar um að ræða norrænar námsstefnu- og vinnuhópaskýrslur og hins vegar verkefna- og heimilsfangalista. Þá birtist reglulega í Nordisk Kontakt, tímariti Norðurlandaráðs, yfirlit um nýútkomin norræn rit.

Ráðherranefndin ákvað að meta gagnsemi norræns samstarfs til þess að geta tekið afstöðu til framtíðarþróunar þess á traustum grunni. Tekin var saman skýrsla þar sem lýst var þróun norrænu fjárlaganna á níunda áratugnum, farið í saumana á hagræðingaraðgerðum og úttektum fyrr og síðar og fjallað um framkvæmdaáætlanir í efnahagsmálum. Þá hafa verið gerðar úttektir á ákveðnum stofnunum, samstarfssviðum og styrkjakerfum. Niðurstaða þessa mats er sú að endurskoða þurfi markmið, áherslur, skipulag og stjórnun stofnana og verkefna í norrænu samstarfi.

3.1. Ráðherranefndartillögur til 40. þings Norðurlandaráðs.

Stefnt er að því að leggja fram eftirfarandi ráðherranefndartillögur á 40. þingi Norðurlandaráðs í Helsingfors í byrjun mars 1992:

Ráðherranefndartillaga um:
— norrænt samstarf eftir 1992,
— hækkun á stofnfé Norræna fjárfestingarbankans (NIB),
— samstarfsáætlun í atvinnumálum 1993–95,
— nýja samstarfsáætlun í efnahags- og fjármálum,
— samstarfsáætlun í fiskveiðimálum,
— hækkun á stofnfé Norræna þróunarsjóðsins (NDF),
— endurskoðun Kaupmannahafnarsáttmálans,
— norræna samstarfsáætlun um fullorðinsfræðslu,
— að gera Norrænu áætlunina um menntun í félagsmálaþjónustu, NOPUS, að fastri starfsemi,
— endurnýjaða áætlun um samstarf við Eystrasaltslöndin og Austur-Evrópu,
— stofnun fjárfestingarbanka fyrir Eystrasaltslöndin (BIB),
— norrænan almannatryggingasáttmála.

3.2. Frumkvæði forsætisráðherra Norðurlanda.

Forsætisráðherrar Norðurlanda áttu með sér fund í Maríuhöfn þann 12. nóvember 1991 og ákváðu að skipa persónulega fulltrúa sína í nefnd um nýsköpun norræns samstarfs. Ráðherrarnir taka fyrstu tillögur nefndarinnar til umfjöllunar á fundi í Helsingfors 2. mars 1992 og hafa ákveðið að efna til norrænnar ráðstefnu forsætisráðherra síðar á þessu ári. Nefndinni er falið að skila lokaskýrslu í ágúst 1992.

Af hálfu Íslands sat Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra fund forsætisráðherranna, en Davíð Oddsson forsætisráðherra skipaði Matthías Á. Mathiesen, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem persónulegan fulltrúa sinn í nefndina. Honum til aðstoðar er Jón Júlíusson, skrifstofustjóri Norðurlandaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Í Maríuhafnaryfirlýsingu forsætisráðherranna segir meðal annars að vænst sé virkrar þátttöku Norðurlanda í uppbyggingu nýrrar Evrópu. Þess vegna séu nú gerðar nýjar kröfur til norræns samstarfs. Ráðherrarnir fagna samkomulagi um Evrópska efnahagssvæðið og benda á að hin pólitíska og efnahagslega samrunaþróun í Evrópu muni hafa veruleg áhrif á Norðurlöndum. EES-samningurinn leiði til vaxandi svæðisbundinnar samvinnu ríkja og nánara samstarfs milli norrænu ríkjanna fimm. Ráðherrarnir telja einnig þörf á að endurmeta samstarf og samráð norrænu ríkjanna í alþjóðamálum og alþjóðasamtökum í ljósi nýrra viðhorfa.

Í fyrirmælum til nefndarinnar um nýsköpun í norrænu samstarfi segir að hún skuli fjalla um áhrif Evrópuþróunarinnar á hin ýmsu svið norrænnar samvinnu og þörfina fyrir breytingar á formi og innihaldi. Enn fremur á hún að fjalla um samstarf Norðurlanda við Eystrasaltsríkin og önnur lönd og svæði við Eystrasalt. Loks á hún að meta þörfina á frekari breytingum á Helsingforssamningnum í ljósi væntanlegra tillagna um nýsköpun norræns samstarfs.

3.3. Starfssvið samstarfsráðherranna — Breytingar á Helsingforssamningnum.

Samstarfsráðherrarnir lögðu fram tvær ráðherranefndartillögur á 39. þingi Norðurlandaráðs í Kaumannahöfn. Önnur þeirra, Norræn samstarfsáætlun um umhverfisrannsóknir 1993–97, var flutt í félagi við menntamála- og menningarmálaráðherrana. Ráðherranefndin hefur nú staðfest áætlunina og ákveðið hvernig staðið verður að framkvæmd hennar.

Hin tillagan snerist um breytingar á Helsingforssamningnum og var borin upp að tilhlutan forsætisnefndar Norðurlandaráðs. Helsingforssamningurinn er samstarfssamningur Norðurlanda frá því 23. mars 1962, með síðari breytingum. Eiður Guðnason samstarfsráð-

herra undirritaði fyrir Íslands hönd samning milli norrænu ríkisstjórnanna um breytingarnar í Tammerfors 21. ágúst 1991. Samningurinn hefur verið lagður fyrir Alþingi til fullgildingar. Breytingarnar ná til greina nr. 51, 52, 54, 55, 56, 57 og 58 og gera þær meðal annars kleift að halda reglulegt þing Norðurlandaráðs oftar en einu sinni á ári. Þá fá forsætisnefnd Norðurlandaráðs og fastanefndir þess tillögurétt á við ríkisstjórnir. Enn fremur fær forsætisnefndin tækifæri til að beina eigin tillögum beint til ráðherranefndarinnar án þess að þurfa að leggja þær fyrir nefndir eða þing áður. Stjórnarnefndin getur og eftir breytingarnar komið á framfæri tilmælum og birt álit án nokkurra takmarkana.

Samstarfsráðherrarnir samræma starfsemi hinna ýmsu stjórnsýslusviða í opinberu norrænu samstarfi, raða verkefnum í forgangsröð og bera — þegar annað er ekki ákveðið — ábyrgð á málefnum sem snerta fleiri en eitt málasvið, svo sem meiri háttar skipulagsmálum. Þeir taka ákvarðanir um mál sem hafa grundvallarþýðingu fyrir norrænt samstarf. Samstarfsráðherrarnir eru norrænir fjárlagaráðherrar og bera einnig ábyrgð á málefnum Norræna fjárfestingarbankans og Norræna þróunarsjóðsins.

Staðgenglanefndin er samstarfsráðherrunum til ráðuneytis í öllum almennum málum. Auk þess hafa ráðherrarnir sér til fulltingis ýmsar ráðgefandi nefndir, svo sem launa- og starfsmannanefnd, nefnd fjárlagasérfræðinga, verkefnastjórn líffræðiáætlunar og vinnuhóp um tölvuvæðingu.

Samstarfsráðherrarnir og staðgenglanefndin bera ábyrgð á því að tilmæli og samþykktir Norðurlandaráðs fái viðeigandi meðferð, hver í sínu landi.

4. Norðurlönd í Evrópu

Verkefnaáætlunin „Norðurlönd í Evrópu til 1992" var áfram möndullinn í starfi ráðherranefndarinnar vegna vaxandi efnahagssamvinnu í Evrópu. Náðst hefur áþreifanlegur árangur í flestum þeim 20 verkefnum sem ljúka átti á árinu 1991 samkvæmt áætluninni.

Það hefur orðið æ mikilvægara verkefni fyrir ráðherranefndina að samræma norræn sjónarmið við gerð evrópskra staðla og tekur þessi samræmingarvinna nú til nokkurra greina stjórnsýslunnar. Fyrst og fremst er hér um að ræða umhverfismál og aðbúnað á vinnustöðum, byggingarmál, útbúnað til lækninga og málefni neytenda.

Almennt séð hafa Norðurlöndin í verulegum mæli notað ráðherranefndarkerfið sem vettvang til þess að bera saman bækur sínar og samræma sjónarmið vegna aukinnar samvinnu í Vestur-Evrópu.

Á árinu 1991 hafa lokasamningar EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði 19 ríkja verið í brennidepli, og hér verða væntanlegar afleiðingar EES-samninganna fyrir norrænt samstarf sérstaklega til umfjöllunar. EES-samningurinn á að taka gildi 1. janúar 1993 með — í flestum tilfellum tveggja ára — aðlögunartíma á nokkrum sviðum. Öll EFTA- og EB-ríkin taka þátt í samstarfi um Evrópskt efnahagssvæði. EES-samningurinn gildir ekki fyrir Færeyinga og Grænlendinga.

EES-samningurinn hefur það í för með sér að EFTA-ríkin fella um 1.400 atriði úr gildandi EB-rétti inn í sína eigin löggjöf; það er hið svo kallaða „acquis communautaire". Þessi lagasetning á fyrst og fremst að ryðja braut fjórfrelsinu fyrir vörur, þjónustu, fjármagn og fólk. Samningurinn getur tekið breytingum í samræmi við samhliða þróun lagasetningar innan Evrópska efnahagssvæðisins og EB á þeim sviðum sem hann nær til.

4.1. Áhrif EES-samningsins á norræna samvinnu.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði kemur ekki í staðinn fyrir norræna samvinnu. Niðurstöður norrænna embættismannanefnda, sem hver á sínu sviði hafa farið yfir áhrif samningsins, eru á þann veg að rammarnir um norræna samvinnu séu það rúmir að hún eigi að

geta dafnað á Evrópsku efnahagssvæði. Þessi niðurstaða er meðal annars skýrð með því að samstarfið eigi sér stað í formi verkefna innan ramma víðtækra framkvæmda- og samstarfsáætlana. Verkefnin sé auðvelt að aðlaga nýjum kröfum og í áætlununum sé þegar svigrúm fyrir alþjóðlega vídd.

Ljóst er að með EES-samningnum hljóta að verða breytingar á norrænu samstarfi. Þar getur þó allt eins verið um að ræða breyttar áherslur og forgangsröðun á hverju sviði samstarfsins eins og að einhver svið þess hverfi eða ný verði tekin upp. Þungamiðjan mun hvað sem öðru líður flytjast frá lagasamræmingu til nýtingar á norræna samstarfskerfinu til þess að samstilla sjónarmið í því skyni að hafa sameiginleg áhrif á samvinnuna innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Það er þekkt vandamál að norræn samvinna er ekki áberandi hvort heldur er í löndunum sjálfum eða í Evrópu utan Norðurlanda. Ef skapa á forsendur til þess að ljá norrænni samvinnu meiri sóknarstíl, bæði inn á við og út á við, er nauðsynlegt að beina því sem úr er að spila með markvissari hætti að þeim meginmarkmiðum sem samstarfinu eru sett.

Norðurlönd eru evrópsk svæðisheild. Það er staðfest í EES-samningnum (127. gr.) að hann útiloki ekki norræna samvinnu. Þetta er í samræmi við grundvallarregluna um verkefnadreifingu (subsidiaritetsprincipen) sem skrifa á inn í Rómarsamning Evrópubandalagsríkjanna. Þar segir að eingöngu skuli leysa verkefni og vinna að markmiðum á vettvangi Evrópubandalagsins svo fremi að ekki sé hægt að sinna þeim betur í héraði, á vegum einstakra þjóðríkja eða í samstarfi ríkja á sama svæði. Samningurinn gefur, almennt séð, nýja möguleika á því að Norðurlönd komi sameiginlegum markmiðum og sjónarmiðum á framfæri í Evrópu.

EES-samningurinn snertir nálega öll norræn samstarfssvið, en á mjög mismunandi hátt. Hugtök eins og „Norðurlöndin sem heimamarkaður" og „norrænn samgöngumarkaður" verða miklu nær veruleikanum með EES-samningnum en án hans. Gildandi reglur um fríverslun verða bæði ítarlegri og rýmri, og í samningnum felast ný stjórntæki til þess að leysa vandamál vegna viðskiptatálma milli norrænu ríkjanna. Þörfin fyrir sérstaka norræna samvinnu á þessu sviði mun því minnka, en ekki hverfa.

Í samningnum felst ekki tollabandalag, sameiginleg viðskiptastefna, fríverslun með búvörur eða samræming óbeinna skatta. Það verður því ekki um að ræða algert afnám formsatriða og eftirlits við landamæri þó að í vissum tilfellum náist fram einföldun. Þess vegna þarf að halda áfram norrænu samstarfi á þessu sviði. EES-samningurinn hefur í för með sér aukna möguleika á norrænum samskiptum í banka- og tryggingaþjónustu, flutningamálum og í sjónvarps- og myndbandamálum.

Norræn samvinna hefur náð lengst í að tryggja Norðurlandabúum sama rétt og frelsi til ferða og athafna hvar sem er á Norðurlöndum. Að verulegu leyti snýst EES-samningurinn um að tryggja aðildarríkjunum sama rétt og fyrir löngu hefur náðst á Norðurlöndum. En í einstökum greinum ná hinir norrænu samningar lengra og gefa Norðurlandabúum réttindi umfram aðra aðila að EES. Þess vegna verður áfram þörf fyrir sérstaka norræna samninga, enda þótt suma þurfi að endurskoða. Það á til að mynda við um samninginn um félagsleg réttindi. EES-reglur yfirtaka efnisatriði sumra annarra norrænna samninga, t.d. samningsins um sameiginlegan vinnumarkað hjúkrunarfólks. Frjáls vinnumarkaður Evrópsks efnahagssvæðis mun að verulegu leyti taka við hlutverki norræna vinnumarkaðarins.

Vegabréfsskyldu er enn viðhaldið innan Evrópubandalagsins, en tryggt hefur verið að vegabréfsskyldu verður ekki þvingað upp á Norðurlandabúa að nýju. Sérstök yfirlýsing verður tengd landamærasamþykkt EB þar sem tekið er fram að eftirlit með ytri EB-landamærum Danmerkur muni verða þannig háttað að það samrýmist norræna samkomulaginu um afnám vegabréfsskyldu í förum milli norrænu ríkjanna. Reglurnar fela í sér að ekki einungis dönskum þegnum heldur þegnum allra Norðurlandanna og Efnahagsbandalagslandanna verður búið nýtt „ferðasvæði". Þannig geta íbúar annarra Norðurlanda ferðast um

Danmörku til eins hinna EB-landanna án vegabréfsskoðunar, en verða að hafa vegabréf ef ferðast er áfram til annarra Evrópulanda. Sama grundvallarregla gildir fyrir þegna EB-landanna sem ferðast um Danmörku til annarra Norðurlanda.

Fyrir utan fjórfrelsið nær EES-samningurinn til nokkurra aðliggjandi sviða. Þar er meðal annars um að ræða félagsmálastefnu, vinnuumhverfi, neytendavernd, umhverfismál, rannsóknir og þróunarmálefni og loks menntamál. Evrópubandalagið hefur ekki mótað heildstæða stefnu í þessum efnum, en fyrir hendi eru fjölmörg tilmæli með sameiginlegum ákvæðum, oftast lágmarkskröfum, og nokkrar sameiginlegar framkvæmdaáætlanir.

EES-reglurnar munu á þessum aðliggjandi sviðum ekki draga teljandi úr þörf á norrænni samvinnu eða skerða möguleika hennar. Einnig er vert að árétta að EES-samningurinn tekur ekki til menningarmála, en um þau snýst norrænt samstarf að verulegu leyti eins og kunnugt er.

4.2. Upplýsingar til Evrópu.

Átak hefur verið gert til kynningar á Norðurlöndum og norrænni samvinnu annars staðar í Evrópu. Tilgangurinn er að kynna norræna samvinnu sem velheppnaða og viðvarandi starfsemi sem stendur á eigin fótum í samrunaþróuninni innan Evrópu og getur bæði verið veitandi og þiggjandi hugmynda um víðtækara samstarf.

Fylgt er þriggja ára áætlun um upplýsingar til Evrópu en henni lýkur 1992. Samkvæmt áætluninni er lögð höfuðáhersla á námsstefnur og heimsóknir til Norðurlanda. Markhóparnir eru fyrst og fremst blaðamenn og ákvarðendur í stjórnsýslu, atvinnulífi og félagasamtökum. Upplýsingum er helst dreift til nærsvæða í Evrópu og til að mynda er mánaðarlega gefið út fréttabréf á þýsku og fyrir tilstuðlan norrænu ráðherranefndarinnar er kominn út fyrsti árgangur af nýju þýsku tímariti, „Nordeuropa-forum".

Meðal þeirra námsstefna og heimsókna sem ráðherranefndin bauð til á árinu má nefna heimsókn blaðamanna frá Frakklandi og Lúxemborg til Íslands sl. vor, en þar var lögð áhersla á norræna samvinnu og Evrópustefnu landanna, svo og efnahags- og atvinnulíf Íslendinga.

Eftirspurn eftir fréttabréfi ráðherranefndarinnar, sem nú kemur út reglulega á ensku, þýsku og frönsku, hefur aukist verulega.

4.3. Samvinna við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu.

Norðurlöndin hafa sameiginlega tekið upp víðtæka samvinnu við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu í samræmi við framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar sem gengið hefur vel.

Upplýsingaskrifstofur hafa tekið til starfa í Tallin, Rigu og Vilnius og styrkja- og menningarsamstarf hefur farið vel af stað. Skrifstofurnar lúta sérstakri stjórn staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda, og ákveðið hefur verið að þær verði starfræktar næstu tvö árin. Á hverri skrifstofu er forstöðumaður ásamt ritara frá viðkomandi landi. Aðsóknin og álagið á þessum útstöðvum norrænnar samvinnu er gífurlegt og stjórn upplýsingaskrifstofanna, sem heimsótti löndin þrjú í október 1991, var sannfærð um það að stjórnvöld í Eistlandi, Lettlandi og í Litáen mætu þessa starfsemi mikils og væru þess fýsandi að henni yrði haldið áfram, enda þótt Eystrasaltsríkin hefðu endurheimt sjálfstæði sitt.

Eiður Guðnason samstarfsráðherra opnaði fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar upplýsingskrifstofuna í Vilnius í Litáen við hátíðlega athöfn 21. janúar 1992. Í ræðu sem hann flutti við það tækifæri sagði ráðherrann meðal annars:

„Við eigum í sannleika sagt heilmikið sameiginlegt. Á heimsvísu eru bæði þjóðir Norðurlanda og Eystrasaltslandanna smáþjóðir. Þjóðir okkar búa að eigin menningu, tala eigin þjóðtungur, sem eru, vil ég leyfa mér að segja, einstaklega hljómfagrar og eiga að baki sér langa sögu. Við höfum fylgst með því og dáðst að því hvernig ykkur í Eystrasaltsríkjunum,

og þá ekki síst hér í Litáen, hefur tekist að varðveita þjóðarvitund ykkar, menningu og þjóðtungu, þrátt fyrir óheyrilegar tilraunir Sovétkerfisins, sem nú hefur sjálft hrunið eins og spilaborg, til þess að uppræta og kæfa þjóð og tungu með skipulögðum hætti. Þessi reynsla miðlar okkur öllum miklum sannleik sem hefur ómetanlegt gildi fyrir smáþjóðir. Hún er staðfesting á því að ekkert getur upprætt eða útrýmt þjóðarvitund á meðan hún bærist í brjóstum fólks sem getur fundið til samkenndar. Þess vegna er ég sannfærður um að samruninn í Evrópu mun ekki verða sá bræðslupottur er gerir okkur öll meira eða minna eins. Þvert á móti mun verða til fögur mósaík, eða, svo notuð sé norræn líking, fjölbreytt hlaðborð ólíkra tungumála og menningarsvæða sem leggja sinn skerf til heildarjafnvægis í nýrri Evrópu þar sem frelsi einstaklingsins, málfrelsi, fjölmiðlafrelsi, mannréttindi og virðing fyrir manngildinu eru í heiðri höfð."

Á árinu 1991 hlutu 230 námsmenn frá Eystrasaltsríkjunum styrki til námsdvalar eða starfsmenntunar á Norðurlöndum. Áhuginn er mikill og ekki hefur tekist að sinna öllum umsóknum. Þetta styrkjakerfi er nú að komast í fast form og sjá styrkveitandi aðilar í hverju landi að mestu um að úthluta styrkjum.

Ráðherranefndin hefur á árinu varið um 30 milljónum d.kr. til stuðnings og hjálparaðgerða í Eystrasaltsríkjum og Austur-Evrópu. Hér um bil 25 verkefni með norrænni þátttöku hafa verið styrkt sérstaklega og í mörgum tilfellum hafa þau notið góðs af þekkingu, reynslu og mannafla samnorrænna stofnana. Meðal annars hefur ráðherranefndin staðið straum af kostnaði við námskeið við Norrænu mál- og upplýsingamiðstöðina í Helsingfors og námskeið í blaðamennsku sem norræna blaðamannamiðstöðin í Árósum efndi til í Eystrasaltsríkjunum. Þá hefur námsáætlun í heilsuvernd á vegum norræna heilsuverndarháskólans í Gautaborg og samstarfsáætlun um fræðilega eðlisfræði fengið norrænan fjárhagsstuðning. Síðastnefndu áætlanirnar tvær ná til fleiri landa í Austur- Evrópu en Eystrasaltsríkjanna.

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) hefur lengi haft umsvif í Austur-Evrópu. Sovétríkin voru meðal stærri lánþega í PIL-lánaflokknum en það eru fjárfestingarlán til verkefna í ríkisverslunarlöndum. Lánarammi þessa lánaflokks var hækkaður úr 700 í 1.000 milljónir SDR á árinu 1991. NIB hefur haft með höndum verkefnisstjórn í ýmsum umhverfisrannsóknum í Eystrasaltsríkjunum og norðvesturhlutum Rússlands. NIB á einnig aðild að þeim hópi sem undirbýr enduruppbyggingu málmiðnaðar á Kólaskaga.

Verkefnaútflutningssjóðurinn, NOPEF, hefur einnig staðið fyrir ýmsum umhverfisrannsóknum í Austur-Evrópu.

NEFCO, norræna fjármögnunarfélagið í umhverfismálum, tók til starfa á árinu 1991 og hefur tekið ákvörðun um þátttöku í sameiginlegum verkefnum í Eystrasaltsríkjunum og víðar í Austur-Evrópu.

5. Tillögur norrænu ráðherranefndarinnar til 40. þings Norðurlandaráðs 1992

Hér á eftir verður drepið á helstu atriði í þeim tíu ráðherranefndartillögum, sem væntanlega verða lagðar fram á þinginu í Helsingfors, og greint frá hvaða áhrif samþykkt þeirra hefur á norrænu fjárlögin.

5.1. Norræn samstarfsáætlun í húsnæðis- og byggingarmálum.

Samstarfsáætlunin spannar tímabilið 1992–1996 og nær til fjögurra sviða:

1) Hið byggða umhverfi, þar sem miðað er við að þróun byggingariðnaðarins standist kröfur um umhverfisvernd. Eitt áherslumálanna er nýsköpun í bæjarsamfélögum, endurgerð, viðgerðir og viðhald eldri byggðar. Annað svið er umhverfisvænar byggingar sem lagaðar eru að veðurlagi.

2) Framkvæmdaáætlun um mótun húsnæðisstefnu sem tekur mið af samanburðarrannsóknum á áhrifum mismunandi stjórnunaraðferða.

3) Öryggi, heilsa og gæði. Stjórnunaraðferðir og byggingarstaðlar yfirvalda munu í auknum mæli miðast við gagnsemiskröfur sem gerðar verða til fullbúinna bygginga, en evrópskir staðlar munu koma í stað fyrirmæla um minni atriði. Um leið verða vörugæði sett í brennidepil með því að setja vöruna sjálfa undir smásjá, með því að skapa traust á seljanda vörunar og með gæðum og hæfni þeirra stofnana sem sjá um prófun, eftirlit og viðurkenningu. Þá verður kynnt sérstök áætlun um um bætt inniloft í húsum.

4) Alþjóðleg samvinna. Þýðing norrænnar samvinnu í sambandi við afnám tæknilegra viðskiptatálma og eflingu útflutnings á byggingarvörum frá Norðurlöndum mun minnka vegna efnahagssamrunans í Evrópu. Þýðing þess að norrænna áhrifa gæti á Evrópuvísu í tengslum við álitamál um stöðlun, tæknilegt eftirlit og byggingarreglur mun hins vegar aukast. Ráðherranefndin hefur í hyggju að gera eigin framkvæmdaáætlun um samræmingu norrænnar stefnu í sambandi við byggingarreglugerðir og stöðlun með tilheyrandi rannsóknum sem tengjast evrópskri efnahagssamvinnu.

Í tillögunni er gerð grein fyrir framkvæmdaáætlun um þátt byggingariðnaðarins í aðstoð og samvinnu við Eystrasaltsríkin.

Álitið er að kostnaður við samstarfsáætlunina verði á árunum 1992 til 1996 8 miljónir d.kr. Húsnæðismálaráðherrarnir hafa lagt til að framlög til byggingarsviðs verði áfram á svipuðu stigi og nú, þ.e. 7–7,5 milljónir d.kr. á ári.

5.2. Hækkun á stofnfé Norræna þróunarsjóðsins (NDF).

Norræni þróunarsjóðurinn var stofnaður 1989 sem liður í norrænni samvinnu um þróunaraðstoð. Stofnfé sjóðsins var 100 milljónir SDR, eða um það bil 8 milljarðar íslenskra króna. Sjóðurinn veitir vaxtalaus lán sem endurgreiðast á löngum tíma. Lánin eru ætluð til þess að standa straum af aðstoðarverkefnum þar sem norrænir hagsmunir koma við sögu. Lánveitingar eru oftast í tengslum við lánafyrirgreiðslu alþjóðlegra fjármálastofnana eins og Alþjóðabankans og þróunarbanka í ýmsum heimshlutum. Ákveðið var að Norræni þróunarsjóðurinn starfaði í fimm ár og að tekin yrði ákvörðun um framhald starfseminnar eigi síðar en fjórum árum eftir að hún hófst.

Á árinu 1991 lét ráðherranefndin fara fram mat á Norræna þróunarsjóðnum og starfsemi hans. Það leiddi til þess að fram voru settar margvíslegar tillögur, meðal annars þess efnis að starfsemin ætti að halda áfram eftir 1993, að sjóðurinn fengi meira úr að spila og að færa bæri ýmislegt í starfseminni til betri vegar.

Í desember síðastliðnum tók norræna ráðherranefndin ákvörðun um að Norræni þróunarsjóðurinn skuli starfa áfram eftir 31. janúar 1994 og að stofnfé sjóðsins skuli aukið um 150–250 milljónir SDR (12 til 20 milljarða íslenskra króna) frá og með 1. janúar 1993.

Ráðherranefndartillagan um Norræna þróunarsjóðinn mun ekki hafa áhrif til hækkunar á norrænu fjárlögunum.

5.3. Endurskoðun á samstarfsáætlun um fiskveiðimál.

Ný samstarfsáætlun um fiskveiðimál, með nýjum markmiðum og breyttri forgangsröðun verkefna á tímabilinu 1993–1996, verður lögð fram á þinginu í Helsingfors.

Í grófum dráttum má framvegis skipta norrænni fiskveiðisamvinnu í þrennt:

— norræna samvinnu tengda EB og EFTA,
— norræna landshlutasamvinnu,
— svæðisbundna norræna samvinnu.

Eftirfarandi efnisatriði munu hafa forgang:

— hagsmunir sjávarútvegsins í alþjóðlegri samvinnu um umhverfismál (sjávarmengun) og hagkvæm stjórnun allra sjávarauðlinda sem byggir á grundvallarsjónarmiðinu um (sjálfbæra) nýtingu sem ekki heggur nærri nýliðun;
— norræn ítök á alþjóðavettvangi þar sem stefna í sjávarútvegsmálum er mótuð, sérstaklega í tengslum við EES og mótun nýrrar fiskveiðistefnu EB;
— kynning á því hvílíka úrslitaþýðingu veiðar og vinnsla hafa víða á Norðurlöndum;
— samvinna við Austur-Evrópuríkin;
— vinna að markmiðinu um norræna svæðisstjórnun á öllum flökkustofnum;
— efling samstarfsins milli samtaka sjávarútvegsins á Norðurlöndum.

Samstarfið á fiskveiðasviði fær 8,4 milljónir d.kr. á fjárlögum 1992 og er gert ráð fyrir að sú upphæð, sem er aukning frá fyrri framlögum, dugi til þess að hrinda áætluninni í framkvæmd.

5.4. Endurskoðun Kaupmannahafnarsáttmálans.

Ráðherranefndin hefur falið embættismannanefndinni um þróunaraðstoð að fara í gegnum Kaupmannahafnarsáttmálann með það í huga að þörf kunni að vera á endurskoðun hans eða uppsögn. Þessari vinnu er ekki lokið en miðað er við að leggja fram tillögu áður en endanlegur frestur rennur út.

Ráðherranefndartillagan mun ekki hafa áhrif á norrænu fjárlögin.

5.5. Norræna samstarfsáætlunin um eflingu fullorðinsfræðslu í framtíðinni — VOKS FREM — (1992–1996).

Samstarfsáætluninni er ætlað að efla norrænt samstarf á sviði fullorðinsfræðslu. Unnið verður að rannsóknum, komið á fót samskiptanetum og starfsmannaskiptum. Í áætluninni felast meðal annars eftirtalin verkefni:

— Rannsóknir á hæfniskröfum sem gerðar verða í þjóðfélagi morgundagsins.
— Framtíðaraðferðir í fullorðinsfræðslu og almennri fræðslu.
— Menntastofnanir sem hæfileikabankar í ljósi minnkandi árganga skólabarna á næstunni.
— Samstarf almennrar fullorðinsfræðslu og endurmenntunar fyrir atvinnulífið og upplýsingagjöf um þau efni um samskiptanetið VOKS-UT.
— Samstarf um eftir- og framhaldsmenntun í samræmi við ráðherranefndartillögu sem verið er að undirbúa.
— Samstarf milli aðila í fullorðins- og alþýðufræðslu á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum.
— Alþjóðahyggja — valddreifing. Rannsaka á hvort reynsla Evrópubandalagsins getur nýst á norrænum vettvangi.
— Upplýsingastarfsemi um norræna alþýðufræðslu og fullorðinsfræðslu.

Ráðherranefndartillagan mun ekki hafa áhrif á norrænu fjárlögin.

5.6. NOPUS-verkefnið verður að fastri starfsemi.

Norræna menntunaráætlunin um þróun félagsmálaþjónustu (NOPUS) hefur verið á verkefnaskrá síðan 1988.

Félagsmálaráðherrar Norðurlanda hafa samþykkt sem meginstefnu að NOPUS eigi að verða föst starfsemi frá og með 1. janúar 1993. Lagt hefur verið mat á starfsemina til þessa og er það jákvætt. Endanleg akvörðun hefur ekki verið tekin enn.

NOPUS er falið að koma á eftir- og framhaldsmenntun fyrir lykilfólk sem hefur áhrif á ólíkum stigum, kennir, tekur ákvarðanir eða stjórnar þróunarstarfi á félagsmálasviðinu. NOPUS er til húsa í Norræna heilsuverndarháskólanum (NHV), og verður þar lítil eining

(þrír starfsmenn) með samtals fjóra menntunarstjóra, í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Ekki er stefnt að því að stofnunin ráði til sín fjölda fastra kennara, heldur ráði sér sérfræðinga til þess að skipuleggja námskeið og kenna á þeim. Nauðsynlegt er talið að hafa þennan hátt á vegna þess hve víðfeðmt félagsmálasviðið er og hve þróun þess er ör.

Gert er ráð fyrir fjórum löngum námskeiðum á ári, þremur námsstefnum og einni ráðstefnu sem kostuð verður af öðrum.

Fjárhagsáætlun NOPUS hljóðar upp á 3,9 milljónir s.kr., og hefur heilbrigðissviðið bent á leiðir til þess að standa straum af þeim kostnaði. NOPUS-stofnunin fær 1,5 milljónir d.kr. frá verkefnaframlögum til félags- og heilbrigðismála til þess að greiða laun, vörur og þjónustu hjá NHV. Það sem á vantar greiða ríkin af eigin fjárlögum.

5.7. Stofnun fjárfestingarbanka fyrir Eystrasaltslöndin (BIB).

Málið er enn til umfjöllunar hjá embættismananefndinni um fjármál. Sérfræðingahópi hefur verið falið að meta tillöguna.

Ekki er gert ráð fyrir að tillagan íþyngi norrænu fjárlögunum.

5.8. Tillaga um nýjan almannatryggingasamning.

Með EES-samningnum munu gildandi EB-reglur, EB-tilskipun 1408/71, um félagslegar tryggingar, koma að verulegum hluta í staðinn fyrir norræna sáttmálann um félagslegt öryggi. Norræni félagsmálasamningurinn er hins vegar víðtækari í mörgum greinum en EB-reglurnar, og þess vegna er ástæða til þess að viðhalda norrænum viðbótarreglum á félagsmálasviðinu.

EB-reglurnar gilda í meginatriðum eingöngu fyrir ríkisborgara í aðildarlöndunum og aðeins fyrir starfandi fólk og fjölskyldur þeirra. Þess vegna er mikilvægt að viðhalda norrænum reglum vegna atvinnulausra og vegna íbúa Grænlands og í Færeyja og vegna ríkisborgara þriðja lands. Samningstillagan snýst að verulegu leyti um það að EB-reglurnar komi þessu fólki að sambærilegum notum.

Mesta breytingin við það að skipt er yfir í EB-reglur verður hvað varðar grunnlífeyri. Famvegis á að greiða út lífeyri að hluta frá fyrra búsetulandi í staðinn fyrir að jafnan sé greiddur út fullur lífeyrir í búsetulandinu. Samkvæmt aðlögunarreglum sem setja á mun verða gengið úr skugga um að enginn fái lægri lífeyri samkvæmt nýju reglunum en viðkomandi hefur fengið hingað til.

Núverandi félagsmálasamningur hefur að geyma ákvæði sem ganga lengra að efni til en EB-reglurnar. Greiðsla á aukakostnaði vegna heimferðar af völdum sjúkdóms og fyrirframgreiðslur á meðlögum milli norrænu ríkjanna eru dæmi um slík atriði sem EES-samningurinn tekur ekki til. Í nýja félagsmálasamningnum er þessum réttindum Norðurlandabúa viðhaldið.

En nýi samningurinn takmarkast á hinn bóginn í grundvallaratriðum eins og EB-tilskipun 1408/71 við almennar tryggingar, gagnstætt núverandi samningi sem einnig tekur til félagslegrar aðstoðar og félagsmálaþjónustu. Óskir hafa komið fram um að gera norræn samstarfsákvæði um þessi efni víðtækari. Þess vegna hefur verið ákveðið að vinna áfram að þessum málum í því skyni að koma á nýjum norrænum samningi um félagslega aðstoð og félagsmálaþjónustu. Meðan beðið er eftir gildistöku slíks samnings gilda núverandi reglur um félagslega aðstoð meðal annars fyrir tilstuðlan aðlögunarákvæðis í samningnum um almennar tryggingar.

Nýi samningurinn mun ekki hafa áhrif á norrænu fjárlögin.

5.9. Norræn samvinna eftir 1992.

Ríkisstjórnir Norðurlanda leggja verulega áherslu á öflugt, svæðisbundið norrænt samstarf í nýrri Evrópu. Nákvæm greining á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og

áhrifum hans á norrænt samstarf leiðir í ljós að þörf er á aðlögun að nýjum kröfum og aðstæðum.

Þetta kemur meðal annars fram í ráðherranefndartillögu um norræna samvinnu eftir 1992 sem samstarfsráðherrarnir samþykktu á fundi sínum í Kaupmannahöfn 17. janúar 1992. Ráðherrarnir vilja að þeir þættir í samstarfinu fái forgang sem hafa augljósa pólitíska þýðingu eða skipta máli í viðleitni til þess að auka áhrif norrænna stefnumiða í Evrópu. Þar er einkum átt við umhverfis-, neytenda- og jafnréttismál, vinnuumhverfi og umferðaröryggi og félagsmála-, byggða- og fjölmiðlastefnu.

Í tillögunni er gerð grein fyrir almennum forsendum norræns samstarfs í náinni framtíð, rakin framvinda mála á þeim vettvangi hin síðari ár og greint frá heildarmarkmiðum samstarfsins. Í tillögunni er gengið út frá samþykktum Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í mars 1991 og á aukaþingi ráðsins í Maríuhöfn á Álandseyjum í nóvember. Norðurlandaráð hvatti þá ráðherranefndina til þess að leggja fram áætlun um norrænt samstarf eftir 1992 fyrir fertugasta þing Norðurlandaráðs í Helsingfors.

Þörfin á norrænni áætlun er sprottin af aðlögun Norðurlanda að Evrópubandalaginu, einkum í ljósi EES-samningsins og vegna þróunarinnar í Mið- og Austur-Evrópu. Einnig hefur það sín áhrif að ýmsir þættir samstarfsins hafa að undanförnu verið til endurskoðunar á vegum stofnana Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Í ráðherranefndartillögunni er bent á að efni hennar endurspegli aðeins hluta af þeirri tillögugerð sem unnið er að um þessar mundir. Vísað er til þess að forsætisráðherrar Norðurlanda hafa falið sérlegum fulltrúum sínum að gera tillögur um þróun samstarfsins til lengri tíma litið.

Ýmsar norrænar framkvæmdaáætlanir renna út á árinu 1992, meðal annars framkvæmdaáætlun í efnahagsmálum og starfsáætlunin „Norðurlönd í Evrópu til 1992". Einnig vekja ráðherrarnir athygli á því að framkvæmdaáætlanir til margra ára, eins og tíðkast hafa í norrænu samstarfi, muni ekki hafa til að bera þann sveigjanleika sem krafist mun verða af ráðherranefndinni í framtíðinni.

Samstarfsráðherrarnir setja norrænu samstarfi fjögur höfuðmarkmið:

1. Að efla sameiginlegan grunn norrænnar samvinnu — menningu, lýðræði, tungumál og lífshætti.
2. Að gera Norðurlönd án landamæra að veruleika.
3. Að leysa þau verkefni sameiginlega sem smáríkjum reynist erfitt að leysa hverju um sig.
4. Að efla hlutverk og áhrif Norðurlanda út á við, sérstaklega í Evrópusamstarfi en einnig í öðru alþjóðasamstarfi.

Ráðherranefndin reynir einnig að greina áhrif EES-samkomulags á einstök stjórnsýslusvið norræns samstarfs, en þau eru 20 talsins. Í 127. gr. EES-samningsins eru tekin af öll tvímæli um að „ákvæði þessa samnings útiloka ekki samvinnu innan ramma norræns samstarfs að því tilskildu að slíkt samstarf raski ekki framkvæmd þessa samnings" („to the extent that such cooperation does not impair the good functioning of this agreement"). Samningurinn hefur áhrif á nánast öll svið norræns samstarfs. Þannig er til að mynda gert ráð fyrir því að markmiðin um norrænan heimamarkað og norrænan samgöngumarkað muni nást betur innan ramma Evrópsks efnahagssvæðis en ella hefði verið, og hið sama gildir um frjálst vöruflæði. Landamæraeftirlit verður þó ekki afnumið þar sem EES-samningurinn felur ekki í sér tollabandalag.

Í úttekt ráðherranefndarinnar er stjórnsýslusviðum skipt í þrjá flokka eftir því hvernig talið er að samstarfinu verði háttað framvegis á viðkomandi sviði:

A. „Stjórnsýslusvið þar sem fyrir hendi er sérstök norræn stefnumótun sem mikilvægt er að vinna stuðning við í Evrópu og á áfram að hafa forgang á norrænum vettvangi. Hér er meðal annars átt við umhverfis-, vinnuumhverfis- og neytendamál, fjölmiðla-, jafnréttis- og vinnumarkaðsmál og byggða-, félags- og heilbrigðismál, ásamt vissum þáttum sem lúta að stöðlunarmálum."

B. „Önnur stjórnsýslusvið þar sem sú evrópska stefna sem ákveðin er mun hafa mikla þýðingu fyrir Norðurlönd en dregið verður úr umsýslu á innan ramma norrænu ráðherranefndarinnar. Þetta á við um mestan hluta samstarfs í viðskipta- og atvinnuvegamálum og sömuleiðis um hluta vinnumarkaðsmála og almannatrygginga þar sem EES-samningurinn verður ráðandi."

C. „Stjórnsýslusvið sem eru norrænu heildinni mikilvæg og EES-samningurinn snertir lítið eða ekkert. Hér er er um að ræða meginhluta menningar- og menntamálasamstarfsins, rannsóknir í vissum greinum og verulegan hluta löggjafarsamstarfsins. Þessi samstarfssvið njóta sama forgangs og áður."

Í lok tillögunnar gefa samstarfsráðherrarnir níu vísbendingar um hvernig laga beri norrænt samstarf að EES-samningnum:

1. Norræn samvinna innan ramma EES-samnings með höfuðáherslu á samstarf sem hefur skýra pólitíska þýðingu.
2. Einbeiting að færri verkefnum inn á við og sterkri norrænni ímynd út á við.
3. Efling norrænna samskiptaneta.
4. Efling vestnorrænnar samvinnu.
5. Áhersla á samstarf við nágrenni Norðurlanda (Eystrasaltsríkin og löndin við Eystrasalt).
6. Aukin áhrif og efling ímyndar Norðurlandabúa á alþjóðavettvangi.
7. Skipulagsbreytingar og aðlögun fjárhagsramma í samræmi við væntanlegt álit forsætisráðherra Norðurlanda.
8. Leit að starfsháttum sem einfalda og auðvelda samskipti þingmanna og tryggja áhrif þeirra á norrænt samstarf ríkisstjórna.

Í ráðherranefndartillögunni felst umboð staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda til að gera beinar tillögur um framkvæmd áætlunarinnar og leggja fram grundvöll að ákvörðunum um forgangsröðun verkefna til langframa.

5.10. Endurnýjun áætlunar um samstarf við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu.

Norðurlandaráð samþykkti á 39. þingi sínu fjölda tillagna um aukna samvinnu við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu. Forsætisnefnd ráðsins hefur á árinu bæði samþykkt samstarfsáætlun við Eystrasaltsríkin og áætlun um Eystrasaltið og hefur hvatt ráðherranefndina til þess að auka umsvif sín vegna beggja þessara áætlana. Rætt hefur verið um það í staðgenglanefndinni og meðal samstarfsráðherranna að taka tillit til hinna ýmsu sjónarmiða Norðurlandaráðs í endurskoðaðri áætlun um samstarf við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu.

6. Vestnorræna samstarfið

Á árinu hefur verið unnið að endurmati á vestnorræna samstarfinu, en svo er samstarf Íslands, Grænlands og Færeyja nefnt þegar um það er rætt á norrænum vettvangi.

Á vegum norrænu embættismannanefndarinnar um byggðamál (NÄRP) hefur verið gerð úttekt á störfum vestnorrænu nefndarinnar, og fjallað hefur verið um málefni Þróunarsjóðs Vestur-Norðurlanda á vegum NÄRP og stjórnar sjóðsins. Þá hefur nefnd staðgengla samstarfsráðherra Finnlands, Noregs, Íslands, Færeyja og Grænlands undir formennsku Jóns Júlíussonar skrifstofustjóra gert tillögur sem fyrst og fremst lúta að nýju skipulagi vestnorræna samstarfsins.

Skýrsla nefndarinnar var lögð fyrir fund samstarfsráðherra Norðurlanda í Helsingfors 11. desember 1991 og tekin til umræðu á fundi þeirra 17. janúar í Kaupmannahöfn. Þegar hefur fengist viðbótarfjárveiting sem nemur 1,8 milljónum d.kr. vegna tillagna nefndarinnar, en þær eru þessar helstar:

— Stofnuð verði vestnorræn ráðherranefnd, skipuð samstarfsráðherrum landanna þriggja sem verði frumkvæðis- og samræmingaraðili bæði gagnvart opinberu norrænu samstarfi og í innbyrðis norrænu samstarfi færeyskra, grænlenskra og íslenskra stjórnvalda. — Skrifstofa vestnorrænnar ráðherranefndar verði á Íslandi.
— Vestnorræna ráðherranefndin fái til ráðstöfunar eða umsagnar þá hluta af norrænu fjárlögunum sem tengjast vestnorræna svæðinu.
— Vestnorræna ráðherranefndin gefi vestnorræna þingmannaráðinu árlega skýrslu um hið opinbera vestnorræna samstarf og tengsl þess við norrænt samstarf innan vébanda norrænu ráðherranefndarinnar.
— Sömu fulltrúar vestnorrænu ríkjanna sitji í framkvæmdanefnd Þróunarsjóðs hinna vestlægu Norðurlanda og í framkvæmdastjórn vestnorrænu nefndarinnar. Stefnt verði að verkaskiptingu þar sem nefndin kosti undirbúning áhugaverðra og arðvænlegra verkefna og sjóðurinn fjármagni þau að því búnu. Finna þarf slíkri verkaskiptingu heppilegt form.
— Stjórnir Norræna hússins í Reykjavík, Norðurlandahússins í Þórshöfn og Norrænu menningarmiðstöðvarinnar í Nuuk verði sameinaðar í eina.
— Styrkir til nemendaskipta og íþróttasamstarfs milli vestnorrænu landanna verði efldir og Grænlendingum og Færeyingum gert kleift að taka þátt í norrænum embættismannaskiptum og NORDPLUS (styrkur til hlutanáms á Norðurlöndum).
— Efla ber skrifstofu staðgengils samstarfsráðherra Grænlands í Nuuk.
— Koma skal á fót upplýsingaskrifstofu um norrænt samstarf í Færeyjum.
— Gera þarf vestnorrænt samstarf sýnilegt með útgáfustarfsemi og kynningu bæði heima fyrir og annars staðar á Norðurlöndum.
— Stofna þarf sérstakan ferðasjóð til þess að auðvelda ferðalög milli Íslands, Grænlands og Færeyja.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu á síðasta fundi sínum í Kaupmannahöfn að verja 1 milljón d.kr. til þess að mæta aukakostnaði Færeyinga og Grænlendinga við að sækja norræna fundi. Nemendaskipti milli vestnorrænu landanna fengu 300 þúsund d.kr. til viðbótar og skrifstofa staðgengils grænlenska samstarfsráðherrans í Nuuk fékk 500 þúsund d.kr. til þess meðal annars að gera þriggja ára tilraun með NORDJOBB á Grænlandi.

Samstarfsráðherrarnir munu fjalla um skipulagsbreytingar á vestnorræna samstarfinu á fundi sínum í apríl.

6.1. Norrænt samstarf um byggðastefnu.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar fer fram umfangsmikið samstarf á sviði byggðamála enda hefur byggðaþróun verið erfitt vandamál á Norðurlöndum, sérstaklega í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Í fjóra áratugi hafa þessar þrjár þjóðir rekið ákveðna byggðastefnu með misjöfnum árangri. Á árinu 1964 fékk Ísland, fyrir atbeina OECD, faglega aðstoð Norðmanna við gerð Vestfjarðaáætlunar sem var fyrsta byggðaþróunaráætlun hér á landi. Efti það höfðu þeir íslenskir aðilar, sem að byggðamálum unnu, talsvert samband við norska sérfræðinga og stjórnvöld. Hins vegar gerðust Íslendingar ekki aðilar að norræna byggðamálastarfinu fyrr en 1988.

Íslenskur fulltrúi tók sæti í norrænu embættismannanefndinni um byggðastefnu (NÄRP) og við nánari kynni af samstarfinu var ákveðið að Ísland gerðist aðili að Norrænu rannsóknastofnuninni um byggðamál, NORDREFO.

Einn þáttur í norræna byggðamálasamstarfinu hefur haft sérstaka þýðingu fyrst fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins og síðan Byggðastofnun. Það eru byggðaþróunarlán Norræna fjárfestingarbankans, NIB. NÄRP átti frumkvæði að þessum lánveitingum sem tilraunastarfsemi. Þessi lán reyndust íslenskum stofnunum mjög hagkvæm og þægileg. Því var af Íslands hálfu lagt til að þessi lán yrðu gerð að varanlegum þætti í starfsemi NIB og var það samþykkt.

Byggðastofnun hefur að verulegu leyti notað þessi lán sem grundvöll fyrir fjármögnun stofnunarinnar.

6.2. Vestnorræna nefndin.

Snar þáttur í starfi NÄRP er rekstur norrænna samstarfssvæða sem ganga þvert á landamæri. Bjarni Einarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Byggðastofnunar, lagði á sínum tíma fram þá tillögu í embættismannanefndinni að stofnað yrði til hliðstæðs samstarfs milli Færeyja, Íslands og Grænlands. Þetta var samþykkt og hófst samstarfið 1980, fyrst sem samvinna Færeyinga og Íslendinga en eftir að Grænland fékk heimastjórn bættust Grænlendingar í hópinn. Þetta var fyrsta formlega samstarf þessara þjóða. Það fór hægt af stað og var heldur ekki úr miklu að spila fyrsta hálfa áratuginn. Með samþykkt framkvæmdaáætlunar um eflingu vestnorræna samstarfsins á vegum norrænu ráðherranefndarinnar rættist nokkuð úr.

Í upphafi voru veittir styrkir til tiltölulega fárra verkefna, svo sem fiskeldisverkefna í Færeyjum, hafbeitarverkefna á Íslandi og til þróunar á skipulegum veiðum vatnasilungs hér á landi eftir norskri fyrirmynd. Strax eftir að Grænlendingar voru gengnir til samstarfsins var veruleg áhersla lögð á verkefni á Grænlandi.

Meðal einstakra verkefna, sem auðvelt hefur reynst að vinna að þó að fjárhagur væri þröngur, má nefna: Reynt hefur verið að fá flutningaskip Grænlandsverslunarinnar til að koma við í Færeyjum og á Íslandi til þess að draga úr flutningskostnaði til Grænlands. Nefndin og starfsmenn hennar aðstoðuðu Útflutningsmiðstöð iðnaðarins ræki lega við uppbyggingu og framkvæmd markaðsátaks fyrir íslenskar vörur í Færeyjum. Þá skipulagði nefndin ferðir grænlenskra og færeyskra atvinnurekenda á iðnsýningu og fiskveiðisýningar hér á landi og skipulagði tengsl þeirra við íslenska aðila. Einnig var komið á sambandi milli útvarps- og sjónvarpsstöðva í löndunum. Að undanförnu hefur verið lögð mest rækt við verkefni sem stuðla að aukinni fjölbreytni vestnorræns atvinnulífs og auknum hagvexti. Með þetta í huga hefur verið reynt að styrkja verkefni sem tengjast nýtingu og sölu sjávardýra sem ekki hafa verið nýtt í nægum mæli enn, svo sem ígulkerja.

Vestnorræna nefndin hafði 3,3 milljónir d.kr. til ráðstöfunar árið 1991 (17,6% af heildarfjármagni til norrænnar landshlutasamvinnu). Á tímabilinu 1985–91 veitti nefndin 10,9 milljónir d.kr. í styrki til 58 ólíkra verkefna. Þrír fjórðu hlutar styrkjanna runnu til þróunar nýrrar atvinnustarfsemi, um 10% til vísinda- og rannsóknastarfsemi og 14% tengjast samskiptum og upplýsingastarfsemi. Aðeins tíu verkefnanna náðu til allra landanna þriggja, og helmingur þeirra tengdist aðeins einu landi.

Vestnorræna nefndin og verkefnisstjóri hennar í Færeyjum hafa átt frumkvæðið að flestum þeim verkefnum sem stofnað hefur verið til. Nefndin leggur fram 32% af kostnaðinum við þau verkefni sem unnið er að um þessar mundir, aðrar opinberar stofnanir 52% og fyrirtæki í atvinnulífinu 16%. Þessi skipting sannar þá kenningu að norræn framlög laði fram mótframlög frá öðrum aðilum á vestnorræna svæðinu. Umsvif vestnorrænu nefndarinnar eru 2% á Íslandi, 4% í Færeyjum og 9% í Grænlandi af heildarfjárveitingum í þessum löndum til sams konar þróunarstarfsemi.

Starfsemin hefur haft mesta þýðingu á Grænlandi þar sem yfirfærsla á þekkingu frá Íslandi og Færeyjum hefur komið í góðar þarfir, fjármunir frá nefndinni hafa hlutfallslega mikið vægi og tengsl eru góð við innlenda þróunarstarfsemi.

Á Íslandi og í Færeyjum eru vestnorræn verkefni ekki unnin í sérstöku samráði við Byggðastofnun eða þróunarstarfsemi annarra aðila. Þau hafa hins vegar haft þýðingu eins og best sést á þeim tengslum sem myndast hafa milli Austurlands og Færeyja með reglubundnum ferðum ferjunnar „Norröna“ á vegum Smyril Line.

Af Íslands hálfu sitja Guðmundur Árnason, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu, og Sturlaugur Þorsteinsson, bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði, í vestnorrænu nefndinni.

6.3. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda tók til starfa í Reykjavík í nóvember 1987. Markmið hans er að efla fjölbreytt og samkeppnisfært atvinnulíf í Færeyjum og á Grænlandi og Íslandi með því að veita lán, styrki og ábyrgðir í tengslum við framfaraverkefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Jafnframt er sjóðnum ætlað að stuðla að aukinni iðnaðar- og tæknisamvinnu, bæði milli hinna vestlægu Norðurlanda innbyrðis, svo og samvinnu þeirra við önnur norræn lönd.

Stofnfé sjóðsins kemur frá ríkisstjórnum Norðurlanda og landsstjórnum Færeyja og Grænlands og nemur 14,1 milljón Bandaríkjadala. Það verður að fullu greitt 1995.

Norræni þróunarsjóðurinn fyrir hin vestlægu Norðurlönd (sem er hið opinbera heiti sjóðsins) er til húsa hjá Byggðastofnun í Reykjavík. Hjá sjóðnum starfar forstjóri og ritari í hálfu starfi en til að auðvelda störfin í Færeyjum og á Grænlandi hefur sjóðurinn fulltrúa í Þórshöfn og Nuuk.

Sjóðurinn veitir lán með sömu skilmálum og bankar. Ákvörðun um mynt og vexti er tekin í hverju tilfelli og reynt er að laga lánstíma og afborganir sem best að þörfum verkefnisins og markaðsgildi þess þannig að lánið verði sem hagkvæmast fyrir lántakandann.

Samkvæmt samþykktum sjóðsins ber honum að krefjast mjög öruggra trygginga fyrir lánum, þar með talið fasteignaveð, bankaábyrgð eða ábyrgð frá öðrum sjóði. Tryggingakröfurnar eru ein af ástæðum þess hve margar umsóknir hafa strandað á undirbúningsstigi, einkum frá íslenskum aðilum, þar sem mörg fyrirtæki á Íslandi eiga í verulegum fjárhagserfiðleikum svo sem alkunna er.

Alls hefur sjóðurinn borgað út fjórtán lán. Fjögur lán og einn styrkur hafa verið samþykkt nýverið. Þrettán lán og einn styrkur hafa verið samþykkt til Íslands. Tvö lán hafa verið samþykkt til Færeyja og þrjú til Grænlands. Erfitt hefur reynst að finna lánshæf samvinnuverkefni landanna þriggja eða milli tveggja þeirra.

Öll lán voru í skilum í lok nóvember þótt stundum hafi þurft að ýta duglega við einstökum aðilum, einkum á Íslandi, vegna gjaldfallinna greiðslna. Eitt lánamál hefur þó sýnt merki þess að áform og fyrirrætlanir fái ekki staðist og tekur annar lánsumsækjandi væntanlega við þessu máli. Taphætta sjóðsins er talin lítil, enda hefur hann sæmilegt veð og einfalda ábyrgð frá sveitarstjórn að auki.

Alls hefur sjóðurinn greint rekstrarefnahag eða unnið úr rúmlega fimmtíu umsóknum frá upphafi, en meiri hluti þeirra hefur ekki verið lánshæfur vegna lélegra trygginga (veða) eða óraunhæfra markaðstengsla. Starfsemi sjóðsins gekk nokkuð treglega fyrstu árin. Á árinu 1991 fjölgaði þó raunhæfum umsóknum verulega, en langflestar umsóknir berast frá Íslandi.

Hin daglega starfsemi sjóðsins er háð markaðsskilyrðum og nær hann til nýrra viðskiptavina með auglýsingum og ummælum fyrri viðskiptavina. Auglýsingar sjóðsins í blöðum og tímaritum hafa reynst vel á Íslandi, en hafa haft dræm áhrif í Færeyjum og nánast engin á Grænlandi. Árið 1990 sendi sjóðurinn kynningarblað á færeysku til tæplega 200 færeyskra fyrirtækja og stofnana. Jukust þá fyrirspurnir frá Færeyjum eitthvað.

Af Íslands hálfu situr Sturlaugur Þorsteinsson, bæjarstjóri á Höfn, í stjórn sjóðsins. Varamaður hans er Guðmundur Árnason, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu. Forstjóri sjóðsins er Steinar Bendt Jakobsson.

6.4. Vestnorræna ferðamálaráðið.

Á árinu 1991 var gengið frá framtíðarskipulagi á starfsemi vestnorræna ferðamálaráðsins. Ferðamálaráð fara framvegis með málefni ráðsins án beinna afskipta vestnorrænu nefndarinnar. Þrír fulltrúar frá hverju landanna verða í ráðinu og fara Íslendingar með formennsku fyrstu þrjú árin. Formaður vestnorræna ferðamálaráðsins frá og með áramótum 1991–92 er Birgir Þorgilsson ferðamálastjóri.

Auk undirbúnings að mjög víðtækri markaðsrannsókn fyrir löndin þrjú, sem Félagsvísindastofnun Háskólans tók að sér framkvæmd á, var unnið að fjölmörgum verkefnum á árinu.

Í janúar 1991 var sameiginlega staðið að kynningu á ferðakaupstefnu, „Rejseliv", í Osló.

Í febrúar var sameiginleg kynning og sölustarfsemi á sýningu sem nefndist „Ferie 91" í Kaupmannahöfn. Þá var og haldin ráðstefna í Færeyjum um hugsanleg áhrif Evrópubandalagsins á ferðaþjónustuna í löndunum þremur. Ferðamálafulltrúi, sem starfað hefur á vegum vestnorræna ferðamálaráðsins um árabil með aðsetur hjá Byggðastofnun á Akureyri, hætti störfum í október síðastliðnum. Meðal verkefna hans á árinu 1991 var að vinna að könnun á beinu áætlunarflugi milli Akureyrar og borga á meginlandi Evrópu. Jafnframt hófust dagsferðir frá Akureyri til Grænlands.

Vestnorræna ferðakaupstefnan var haldin í Færeyjum í september. Þar var meðal annars kynnt áfangaskýrsla vestnorrænu markaðskönnunarinnar sem Félagsvísindastofnun vinnur að, en í henni er skýrt frá niðurstöðum í hinum íslenska hluta könnunarinnar.

Nýr starfsmaður hefur verið ráðinn til vestnorræna ferðamálaráðsins og hefur hann aðsetur hjá Ferðamálaráði Íslands næstu þrjú ár.

6.5. Vestnorræn nemendaskipti.

Í árslok 1990 fór menntamálaráðuneytið þess á leit við Norræna félagið að það tæki að sér milligöngu varðandi nemendaskipti í svokallaðri „Vest-Norden"-áætlun norrænu ráðherranefndarinnar. Nú hefur verið ákveðið að framlengja fjárveitingu til nemendaskiptanna til loka ársins 1995, en sú ákvörðun felur í sér árlegan styrk til Íslendinga að upphæð 100 þúsund d.kr. Menntamálaráðuneytið hefur síðan lagt til viðbótarframlag vegna þessa verekfnis sem nemur um það bil sömu upphæð í íslenskum krónum.

Á fundi samstarfsráðherra Norðurlanda í Kaupmannahöfn 17. janúar var fjallað um tillögur sérstaks starfshóps, um eflingu vestnorræns samstarfs og bætt tengsl þess við annað norrænt samstarf. Samþykkt var viðbótarframlag að upphæð 300 þúsund d.kr. til vestnorrænna nemendaskipta.

Norræna félagið og menntamálaráðuneytið hafa gert samkomulag um tilhögun nemendaskiptanna, en þar er gert ráð fyrir að Norræna félagið leggi til starfskraft í um það bil 20–30% starf er sjái um að miðla upplýsingum til skóla og annast aðra fyrirgreiðslu vegna nemendaskiptanna.

Norræna félagið hefur falið skólanefnd sinni að kynna þennan styrk í skólum landsins, taka við umsóknum um hann og vinna úr þeim. Endanleg ákvörðun um styrkveitingu er síðan tekin af úthlutunarnefnd sem í eiga sæti fulltrúi menntamálaráðuneytisins, framkvæmdastjóri Norræna félagsins og formaður skólanefndar Norræna félagsins.

Gífurlegur áhugi er á Íslandi fyrir nemendaskiptunum, enda eru ferðir þessar einkar vel fallnar til þess að styrkja stöðu norrænna tungumála á Íslandi og efla tengsl milli æskufólks á Norðurlöndum.

Frá því þessar styrkveitingar hófust árið 1988 hafa 36 bekkjardeildir í 35 skólum hlotið ferðastyrki úr sjóðnum til þess að heimsækja jafnaldra sína á Norðurlöndum. Flestar bekkjardeildirnar hafa farið til Danmerkur, eða 22. Sjö hafa farið til Noregs, þrjár til Finnlands, tvær til Svíþjóðar og ein til Álandseyja.

Norræna félagið á Íslandi hefur litið á það sem eitt af mikilvægustu verkefnum sínum að hlúa að þessari starfsemi, sem og að stuðla að bréfaskiptum milli nemenda í íslenskum skólum og skólum annars staðar á Norðurlöndum.

7. Menningar- og menntamál

Framkvæmdaáætlun sú um norrænt menningarmálasamstarf sem samþykkt var 1988 tók í meginatriðum til tímabilsins fram til ársloka 1991. Að ýmsum samstarfsverkefnum, sem hafist var handa við á þeim tíma, verður unnið áfram næstu ár. Ekki er ráðgert að efna til nýrrar framkvæmdaáætlunar með sama sniði að sinni, en á vegum ráðherranefndar menningar- og menntamála hefur verið unnið að skýrslu þar sem gerð verður grein fyrir framkvæmd einstakra þátta áætlunarinnar frá 1988 og sett fram stefnumið um áhersluverkefni á næstu árum. Fyrirhugað er að þessi skýrsla verði meðal annars lögð til grundvallar umræðum á samráðsfundi ráðherranefndarinnar og menningarmálanefndar Norðurlandaráðs í tengslum við þing ráðsins.

Ráðherranefnd menningar- og menntamála lagði fyrir Norðurlandaráðsþing 1991 drög að vinnuáætlun um endurskoðun á fjármögnun og skipulagi stofnana og annarra fastra samstarfsverkefna sem kostuð eru af menningarmálahluta norrænu samstarfsfjárlaganna. Að lokinni umfjöllun Norðurlandaráðs staðfesti ráðherranefndin áætlunina. Til að vinna að endurskoðuninni voru skipaðir þrír starfshópar sérfróðra manna, einn fyrir hvert svið sem eru almenn menningarmál, fræðslumál og vísinda- og háskólamál. Starfshópunum, sem skipaðir eru einum fulltrúa frá hverju Norðurlandaríki, er ætlað að fara ofan í saumana á hverri einstakri stofnun og föstu samstarfsverkefni innan síns sviðs og kanna forsendur fyrir fjármögnun þeirra að einhverju eða öllu leyti utan norrænu fjárlaganna í því skyni að losa um fé þar til nýrra verkefna. Hóparnir tóku til starfa vorið 1991 og er ætlað að skila tillögum sínum smám saman á tveimur árum.

7.1. Menningarmál.

Dagana 2. og 3. desember 1991 var haldin í Ósló ráðstefna um norrænt menningarsamstarf eftir 1992 í ljósi evrópskrar þróunar. Að ráðstefnunni stóð norræna ráðherranefndin í samvinnu við norska menningarmálaráðuneytið. Þátttakendur voru um 130, hvaðanæva af Norðurlöndum, meðal þeirra norrænir ráðherrar menningar- og menntamála, menningarmálanefnd Norðurlandaráðs og fulltrúar ýmissa aðila sem vinna að menningarmálum og menningarsamstarfi á Norðurlöndum. Meðal frummælenda á ráðstefnunni var Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands. Hún ræddi um hlutverk og framtíð menningarþáttarins í norrænni samvinnu. Sjónarmið og ábendingar, sem fram komu á ráðstefnunni, verða höfð til hliðsjónar við stefnumótun um forgangsverkefni í menningarmálasamstarfi á vegum ráðherranefndarinnar á næstu árum.

Á vegum ráðherranefndar menningar- og menntamála starfar sérstök stjórnarnefnd um norræna menningarkynningu erlendis. Á árinu 1991 var með atbeina hennar efnt til viðamikillar sýningar á verkum tólf norrænna samtímalistamanna, þar á meðal þriggja Íslendinga, í nokkrum löndum Suður-Ameríku. Forseti Íslands opnaði sýninguna í Montevideo, höfuðborg Úrúgvæ. Á árinu verður meðal annars efnt til víkingaaldarsýningar í París og Berlín og norrænnar menningarhátíðar í Lundúnum.

7.2. Menntamál.

Á fundi ráðherranefndar menningar- og menntamála í maí 1991 var samþykktur samningur milli Norðurlandaríkjanna um *„norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi“*. Áður höfðu samningsdrögin sætt umfjöllun Norðurlandaráðs og ráðið mælt með samþykkt þeirra. Meginatriði samningsins er að sérhvert ríki á Norðurlöndum skuldbindur sig til að veita nemendum með fasta búsetu í öðru Norðurlandaríki aðgang að lögstuddum framhaldsskólum sínum með sömu skilmálum og gilda fyrir eigin ríkisþegna og án þess að greiðslu sé krafist fyrir námsvistina af hendi heimalands nemanda. Samningurinn tekur bæði

til almenns framhaldsskólanáms og starfsmenntunar, að því marki sem hún fer fram í starfsmenntaskóla. Jafnframt skuldbinda aðilar sig til að stefna að því, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, að starfsþjálfun, sem er áskilinn þáttur í starfsmenntun á framhaldsskólastigi, sæti gagnkvæmri viðurkenningu milli landanna. Vonir standa til að samningur þessi nýtist Íslendingum þegar á skólaárinu 1991–1992 í sambandi við námsvist íslenskra flugvirkjanema í Svíþjóð.

Í mars 1991 staðfesti ráðherranefnd menningar- og menntamála, eftir umfjöllun í Norðurlandaráði, *samstarfsáætlun um háskólamenntun* á Norðurlöndum. Áætlunin felur meðal annars í sér áform um að efla styrkjakerfið NORDPLUS og framlengja gildistíma þess til 1996, en núverandi reynsluskeiði lýkur 1993. Styrkjakerfi þetta á að stuðla að nemenda- og kennaraskiptum á grundvelli samstarfssamninga milli menntastofnana á háskólastigi, en svipað umfangsminna kerfi er einnig við lýði á framhaldsskólastigi. Samkvæmt samstarfsáætluninni er einnig unnið að undirbúningi Norðurlandasamnings um aðgang að háskólum og athugun á hvernig greiða megi fyrir gagnkvæmri viðurkenningu hlutaprófa og námsþátta.

Á árinu 1991 hófst að fullu starfsemi samkvæmt framkvæmdaáætlun þeirri um *málsamvinnu* á Norðurlöndum sem samþykkt var 1990. Samtals var á árinu varið um 3,7 milljónum d.kr. til ýmissa verkefna á grundvelli áætlunarinnar. Meðal annars var ráðið í stöðu málráðunautar við Norræna húsið. Samþykkt hefur verið að veita fé til þeirrar stöðu um þriggja ára skeið í reynsluskyni. Hlutverk málráðunautar er að veita aðstoð við kennslu í tungu og menningu Norðurlandaþjóða, einkum á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, svo og að miðla fróðleik um íslenska tungu og menningu til skóla annars staðar á Norðurlöndum. Meðal annarra verkefna sem framkvæmdaáætlunin NORDMÅL tekur til má nefna námskeið í íslensku og öðrum Norðurlandamálum og samstarf um námsefnisgerð.

Árið 1986 ákvað ráðherranefnd menningar- og menntamála að setja á laggirnar nefnd til að skipuleggja og stýra norrænu samstarfi um notkun tölvutækni í skólum, einkum að því er varðar gerð hugbúnaðar í því skyni. Gerð var úttekt á þessu samstarfi 1990 og niðurstaða hennar varð sú að það hefði tekist mjög vel og skilað góðum árangri. Ráðherranefndin ákvað því að framlengja umboð samstarfsnefndarinnar til ársloka 1994. Íslendingar hafa tekið virkan þátt í þessari samvinnu og talið sig hafa gott gagn af henni, meðal annars í sambandi við þekkingaröflun á þessu sviði og hagkvæman aðgang að kennsluforritum.

Undirbúið hefur verið norrænt samvinnuverkefni um *jafnrétti kynjanna og kennaramenntun*. Markmiðið er að hvetja til aðgerða á sviði kennaramenntunar er séu til þess fallnar að gera kennara betur hæfa til þess að sinna þessum þætti í skólastarfi. Áætlað er að verkefnið taki þrjú ár og verði kostað af hálfu af samnorrænu fé.

7.3. Vísindamál.

Norræni vísindaháskólinn (Nordisk Forskeruddannelsesakademi), sem settur var á stofn árið 1990, hóf starfsemi sína í ársbyrjun 1991. Hér er ekki um eiginlega háskólastofnun að ræða heldur stuðningskerfi sem ætlað er að efla rannsóknamenntun á Norðurlöndum og stuðla að samvinnu um nýtingu þeirrar aðstöðu sem völ er á til vísindalegrar þjálfunar hvarvetna á Norðlöndum. Í þessu skyni styrkir Norræni vísindaháskólinn meðal annars sérhæfð námskeið á ýmsum sviðum vísinda og veitir vísindamönnum styrki til dvalar við rannsóknastofnanir utan heimalands.

Hér á landi hefur Vísindaráð gerst samstarfsaðili Norræna vísindaháskólans um fjármögnun sérstakra starfsþjálfunarstyrkja handa ungum vísindamönnum.

Starfshópur á vegum Norræna vísindaráðsins hefur lagt fram drög að norrænni samstarfsáætlun um *heimskautarannsóknir* sem miðast við tímabilið 1993–1997. Ráðherranefnd menningar- og menntamála tók í desember 1991 stefnuákvörðun um að vinna að því að tilteknir þættir áætlunardraganna, sem varða menningu og sögu íbúa á heimskautaslóðum Norðurlanda, komist til framkvæmda.

7.4. Norræna húsið.

Norræna húsið hóf starfsemi sína árið 1968 til þess að efla tengslin milli Íslands og annarra Norðurlanda á sem flestum sviðum. Innan veggja hússins fer því fram fjölþætt starfsemi sem miðar að því að kynna Íslendingum það sem efst er á baugi hverju sinni í menningarlífi annars staðar á Norðurlöndum, atvinnulífi og samfélagi yfirleitt.

Norræna húsinu ber einnig að kynna íslenska menningu annars staðar á Norðurlöndum og er því hlutverki nú sinnt í sívaxandi mæli, meðal annars með því að standa fyrir íslenskum sýningum og kynningardagskrám víða um Norðurlönd, meðal annars á Álandseyjum og í Gautaborg, Árósum, Norrköping og Alta. Fréttabréf á sænsku og finnsku um íslenskt samfélag og menningu hefur komið út tíu sinnum.

Í Norræna húsinu eru bókasafn, samkomusalur og kaffistofa og sýningarsalir í kjallara hússins. Auk eiginlegrar starfsemi í húsinu hafa Norræna félagið á Íslandi og norrænir sendikennarar við Háskóla Íslands aðsetur í húsinu fyrir starfsemi sína.

Samþykkt var 1991 að veita af ráðstöfunarfé ráðherranefndar menningar- og menntamála jafnvirði 500 þúsunda d.kr. til að kosta brýna viðgerð á þaki hússins og áformað er að veita svipaða fjárhæð af ráðstöfunarfé 1992 til þess að ljúka verkinu. Kaffistofa Norræna hússins hefur verið endurnýjuð að hluta og hafa viðskiptin farið vaxandi.

Um 130 þúsund gestir komu í Norræna húsið 1991 og má hiklaust halda því fram að engin norræn stofnun taki á móti fleiri gestum á ári hverju en Norræna húsið í Reykjavík.

Kostnaður við rekstur hússins er greiddur sameiginlega af Norðurlöndunum undir umsjá skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Stjórn hússins leggur drög að starfseminni. Hún er skipuð sjö fulltrúum, þrem Íslendingum og einum frá hverju hinna landanna. Um daglegan rekstur sér forstjóri sem ráðinn er til fjögurra ára, auk fastráðins starfsliðs.

Stjórnarformaður er Matti Gustafson frá Finnlandi og forstjóri er Sviinn Lars Åke Engblom.

8. Umhverfismál

8.1. Almennt.

Umhverfismálin verða sífellt viðameiri innan hins norræna samstarfs hvort heldur sem litið er til fjárveitinga eða þess fjölda nefnda og verkefna sem tengjast málaflokknum. Í fjárlögum norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 1991 voru umhverfismálum ætlaðar rúmlega 30 milljónir d.kr., en í forsendum fjárlagagerðarinnar hafa málefni sem tengjast Evrópuáætluninni, umhverfismálum og menningargeiranum fengið forgang. Er þetta í samræmi við þá stefnu Norðurlandanna sem fram kemur í norrænu umhverfisáætluninni, en þar hafa þjóðirnar skuldbundið sig til að samræma aðgerðir sínar í umhverfismálum og hafa um langt skeið unnið markvisst að því að hvetja til umhverfisverndar á háu stigi.

Á árinu 1991 tók norræna embættismannanefndin þá veigamiklu ákvörðun að endurskipuleggja norrænt samstarf á umhverfissviðinu til að auka skilvirkni samstarfsins þannig að betur megi ná þeim markmiðum sem fram koma í norrænu umhverfisáætluninni. Var sú ákvörðun tekin í framhaldi af bréfi samstarfsráðherra Norðurlandanna til forsætisráðherranna frá 5. ágúst 1991. Á fundi sínum 21. október 1991 ákvað embættismannanefndin á sviði umhverfismála (EK-M) að setja á fót nefnd til að fjalla um uppbyggingu norræns samstarfs á umhverfissviðinu í framtíðinni. Skal nefndin skila tillögum sínum fyrir 1. apríl 1992. Umhverfisráðuneytið hefur tekið þátt í nefndarstarfinu með það fyrir augum að auka áhrif Íslands í norrænu samstarfi á sviði umhverfismála.

Gert er ráð fyrir, að endurskoðun norræns samstarfs á sviði umhverfismála muni m.a. leiða til a) fækkunar vinnuhópa, b) markvissara starfs að undirbúningi fyrir pólitíska

ákvarðanatöku og c) aukinnar áherslu á undirbúningsvinnu fyrir alþjóðlegt samstarf, ekki síst aukins samstarfs við EB.

Á fundi sínum í Maríuhöfn á Álandseyjum 13. nóvember 1991 áréttuðu umhverfisráðherrar Norðurlandanna að EES-samvinnan mundi krefjast aukins norræns samstarfs og að aðlaga þyrfti samvinnuna þannig að hún yrði ekki hlutlaus heldur virk og framsækin.

Til að fullnægja þessum áherslubreytingum í norrænu samstarfi er gert ráð fyrir, að skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar verði efld. Rætt hefur verið um að í hverju Norðurlandanna verði starfsmaður sem sjái um samræmingu á norrænu samstarfi á umhverfissviðinu, hver í sínu landi. Verði kostnaður við þennan starfsmann greiddur af skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar. Slík tilhögun mun vafalítið hafa mjög jákvæða þýðingu fyrir þátttöku Íslands í þessu mikilvæga samstarfi, ef af verður.

Til að gefa yfirlit yfir umfang norrænnar samvinnu á sviði umhverfismála má geta þess að undir norrænu embættismannanefndinni á sviði umhverfismála eru í dag eftirtaldar nefndir:

— 13 fastanefndir,
— 4 hópar með sérstök, afmörkuð verkefni,
— 2 samstarfsnefndir við önnur svið en umhverfismál,
— 49 undirnefndir eða verkefnanefndir.

Hver hinna 49 undirnefnda getur stýrt fleiri en einu verkefni. Samkvæmt yfirliti frá skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar voru í gangi á síðasta ári 79 verkefni á þessu sviði.

Eins og sjá má af ofangreindri upptalningu er norrænt samstarf á sviði umhverfismála orðið mikið að vöxtum. Ein meginástæða þess að nú er talin þörf á því að endurmeta samstarfið er einkum sú að erfitt er að hafa stjórnunarlegt eða faglegt heildaryfirlit yfir þau verkefni sem í gangi eru. Þetta lýsir sér m.a. í því að fleiri en ein vinnunefnd og fleiri en eitt svið geta án samráðs verið að vinna að sömu verkefnum. Einnig virðist sem upplýsingar um árangur eða niðurstöður verkefna berist ekki um hið norræna samstarfsnet, heldur e.t.v. eingöngu á milli vísindamanna eða embættismanna á viðkomandi fagsviði. Vegna þessa hefur reynst erfitt að mæla raunverulegan árangur af samstarfinu.

Til þessa hafa aðaláherslurnar á umhverfissviðinu einkum verið þær að nota tæknilegar lausnir til að draga úr áhrifum t.d. iðnaðar, landbúnaðar og flutninga á umhverfið, svo nokkuð sé nefnt. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að áherslan verði einkum á skipulagslegar lausnir og verði aðgerðunum beint að einstökum fagsviðum. Má þar nefna eftirfarandi:

— aukna notkun hagstjórnartækja í þágu umhverfismála,
— aukna áherslu á rannsóknir,
— umhverfismat vegna framkvæmda/aðgerða,
— skipulagsleg markmið og stefnumörkun innan mikilvægustu fagsviðanna, orku, iðnaðar, samgangna, landbúnaðar og viðskipta.

Fram undan er því aukin samvinna einstakra fagsviða á þessu sviði til að bæta árangur starfsins. Má t.d. nefna að settur hefur verið á fót sameiginlegur starfshópur umhverfis- og fjármálasviða til að fjalla um aukna notkun hagtækja í þágu umhverfismála. Má því segja að með slíkri samvinnu sé verið að innleiða sjónarmið Brundtlands-skýrslunnar um aðlögun umhverfismála að öðrum stefnumiðum.

8.2. Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfismála.

Árið 1991 var fyrsta heila starfsár hins nýja norræna fjármögnunarfélags á sviði umhverfismála (NEFCO). Er félaginu ætlað að leggja fram fé til umhverfisbóta í Mið- og Austur-Evrópu svo að draga megi úr mengun frá þessum löndum. Á þessu fyrsta starfsári félagsins var m.a. unnið að gerð starfsreglna fyrir starfsemi þess.

8.3. Starfsáætlanir.

Í framhaldi af samþykkt umhverfisáætlunar Norðurlanda á árinu 1989 voru á árinu 1990 unnar þrjár starfsáætlanir á sviði umhverfismála, til nánari útfærslu á stefnumiðum Norðurlandanna á viðkomandi fagsviðum. Á árinu 1991 hefur gerð starfsáætlana verið haldið áfram og er nú um það bil að ljúka gerð starfsáætlunar um umhverfisvöktun. Einnig er áformað að ljúka við gerð starfsáætlunar á sviði náttúruverndar á árinu 1994 og starfsáætlunar um umbúðir á árinu 1993.

Á árinu 1991 var áfram unnið að skýrslu um stöðu umhverfismála á Norðurlöndunum og að því stefnt að gerð hennar lyki um áramótin 1991–92.

8.4. Yfirlit yfir störf fastanefnda árið 1991.

Loftmengun.

Fastanefndin um loftmengunarmálefni hefur það verkefni að afla upplýsinga, leita leiða og styðja við aðgerðir sem eru líklegar til að draga úr loftmengun. Starf nefndarinnar beinist einnig talsvert að alþjóðlegri samvinnu til að draga úr losun mengunarefna. Ísland hefur tekið þátt í starfi nefndarinnar frá því árið 1986.

Norræn framkvæmdaáætlun um varnir gegn loftmengun var unnin af fastanefndinni árið 1989 og samþykkt af ráðherranefndinni í mars 1990. Áætlunin inniheldur markmið, tillögur um aðgerðir og áætlanir sem beinast að því að draga úr alþjóðlegri, svæðisbundinni og staðbundinni mengun fram á næsta áratug. Árið 1991 var kannað hvernig Norðurlandaþjóðunum hefði gengið að fylgja eftir framkvæmdaáætluninni. Talsvert hefur þegar áunnist og var skýrsla um framgang áætlunarinnar send ráðherranefndinni í janúar 1992.

Fastanefndin veitir árlega fjárhæðir til ýmissa verkefna á sviði loftmengunar. Meðal mikilvægustu verkefnanna sem unnið er að má nefna: Rannsóknir og upplýsingaöflun um eyðingu ósonlagsins og um gróðurhúsaáhrif, rannsóknir á áhrifum og samvinna um aðgerðir til að draga úr ósoneyðingu og gróðurhúsaáhrifum og rannsóknir og upplýsingaöflun um mengun sem berst langar leiðir milli landa. Um árabil hefur verið unnið að því að kanna og draga úr losun brennisteinsdíoxíðs. Undanfarin ár hefur í auknum mæli verið unnið að því að kanna losun köfnunarefnisoxíða og rokgjarnra, lífrænna efnasambanda og unnið er að samræmdum, alþjóðlegum aðgerðum til að draga úr losun þessara efna. Íslendingar íhuga nú að undirrita alþjóðlega samninga þar að lútandi. Verkefni sem tengjast staðbundinni mengun beinast einkum að því að kanna áhrif af mengun frá farartækjum og iðnfyrirtækjum. Helstu aðgerðir eru samræmdar kröfur um notkun fullkomnustu tækni og hreinsibúnaðar sem völ er á.

Árið 1991 var veitt fjármagn í þrjú íslensk verkefni, þ.e. til úrvinnslu úr eldri veðurfarsgögnum, til öflunar upplýsinga um losun CO2, CH4 og N2O á Íslandi og til að rannsaka árstíðabundið flæði koldíoxíðs milli lofts og sjávar og bindingu koldíoxíðs í Atlantshafinu.

Undir fastanefndinni starfa þrjár ráðgefandi vinnunefndir og eiga Íslendingar fulltrúa í tveimur þeirra, þ.e. í nefnd sem fjallar um ósonmálefni og gróðurhúsaáhrif og í nefnd sem fjallar um áhrif loftmengunar.

Vatnsmengun.

Á árinu 1991 lauk þriggja ára verkefnatímabili fastanefndar á sviði vatnsmengunar, þar sem áherslan var lögð á verkefni sem miðuðu að því að ná fram markmiðum áætlunar Norðurlanda gegn mengun hafsins. Unnið var að gerð verkefnaáætlunar fyrir næstu þrjú árin. Þar verður lögð áhersla á verkefni sem varða eftirfarandi svið:

— mengun hafsins,
— fráveitur sveitarfélaga,

— fráveitur frá iðnaði,
— fráveitur frá landbúnaði.

Verkefnum verður fækkað frá því sem áður var, en þau verða stærri. Aukin áhersla verður lögð á hið vestnorræna svæði, með verkefni um umhverfisvöktun á Norður-Atlantshafi og einnig hugsanlega verkefni um smá og meðalstór skolphreinsiver.

Önnur verkefni sem getur verið áhugavert fyrir Íslendinga að taka þátt í eru verkefni um umhverfisendurskoðun (miljørevision) og um bestu fáanlegu tækni sem völ er á í iðnaði auk verkefnis um leka í skolplögnum.

Árið 1991 tóku Íslendingar þátt í tveimur verkefnum innan vatnshópsins. Var það verkefnahópur um fiskeldi, sem lýkur störfum á þessu ári, og verkefnahópur um umhverfisendurskoðun. Gert er ráð fyrir aukinni þátttöku Íslendinga í verkefnum vatnshópsins á næsta þriggja ára tímabili.

Sjávarmengun.

Á sviði sjávarmengunar starfar samstarfshópur sem fjallar um mengun hafsins. Gegnir hópurinn a.m.k. þremur mikilvægum hlutverkum. Í fyrsta lagi er verkefni hópsins að koma á sambandi milli Norðurlanda á sviði mengunarvarna hafsins og móta samnorræna stefnu í þeim málum, í öðru lagi að samræma stefnu Norðurlanda á alþjóðavettvangi á þessu sviði og í þriðja lagi að þróa og fylgja eftir norrænu áætlununum til varnar mengun hafsins en þar er umhverfisvöktun að verða sífellt mikilvægari þáttur.

Engin undirverkefni heyra beint undir samstarfshópinn, nema endurskoðun á norrænu áætluninni um varnir gegn mengun hafsins.

Að mati fulltrúa Íslands í samstarfshópnum er mun meira hlustað á tillögur sem Norðurlöndin bera fram sem heild á alþjóðavettvangi en tillögur sem þau bera fram hvert fyrir sig. Störf hópsins séu mikilvæg til að koma sjónarmiðum Íslands og annarra Norðurlanda á framfæri, að því er varðar verndun hafsins.

Hættuleg efni.

Forsendur fyrir flokkun og merkingu umhverfisskaðlegra efnasambanda liggur fyrir og unnið er að því að útbúa lista yfir umhverfisskaðleg efni. Í framhaldi af því verður unnið að drögum að sambærilegri flokkun á samsettum efnavörum.

Hafin er samræming á kröfum um hvaða upplýsinga þarf að afla vegna skráningar fúavarnarefna, bæði með tilliti til heilsu og umhverfis. Rannsökuð eru eiturefna- og umhverfiseiturefnafræðilegir eiginleikar 8–10 varnarefna (pesticid) á ári til að auðvelda áhættumat við notkun efnanna. Ítarlegum gögnum hefur verið safnað um efni sem hafa verið flokkuð á mjög ólíkan hátt innan landanna út frá heilsufarshættu í því augnamiði að draga úr þessum mun með sameiginlegu mati á þessum gögnum. Unnin hafa verið drög að flokkun efna sem geta valdið snertiofnæmi út frá því hve kröftug verkunin er.

Til þess að draga úr notkun ósoneyðandi efna hefur verið unnið að bæklingi um notkun á tækni án klórflúorkolefna. Kannaðar hafa verið mögulegar leiðir til notkunar á tækni án klórflúorkolefna og leiðir til þess að draga úr notkun HCFC-efna (klórflúorkolefna sem innihalda vetni). Undirbúin hefur verið ráðstefna um 1,1,1-tríklóretan og athugað hvernig má safna, endurvinna og eyða CFC-efnum (klórflúorkolefnum) og halonum.

Sérstakt verkefni hefur verið sett á laggirnar til að minnka notkun og útbreiðslu skaðlegra efna. Í byrjun verður lögð áhersla á kadmíum, kvikasilfur, blý, glýkóletra og skaðleg efni í þvotta- og hreinsiefnum. Fleiri efni verða tekin fyrir síðar í ljósi reynslunnar af þessum efnum.

Úrgangur og endurvinnsla.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar starfar fastanefnd um hreinni tækni í iðnaði, sorpeyðingu og endurvinnslu og fellur hún undir embættismannanefndina um umhverfismál.

Nefndin fjallar um og undirbýr ýmis stefnumarkandi mál fyrir embættismannanefndina á sviði hreinnar tækni í iðnaði, sorpeyðingu og endurvinnslu. Á síðasta ári vann nefndin t.d. drög að norrænni áætlun vegna umbúða og fjallaði um CEN-staðla um umhverfis- og umbúðamálefni. Jafnframt vann hún að stefnu að norrænni áætlun um hreinni tækni í iðnaði, sorpeyðingu og endurvinnslu.

Á vegum nefndarinnar eru ýmis verkefni í gangi sem eru styrkt eða kostuð af því fjármagni sem nefndin hefur yfir að ráða. Meðal verkefna, sem eru í gangi og styrkt eru af nefndinni, eru eftirfarandi:

Fyrirbyggjandi umhverfisvöktun á Norðurlöndum. Verkefni sem leggur áherslu á hreinni tækni í iðnaði og að úrgangsefni verði í lágmarki.

Meðferð sorps í eysamfélögum. Hér á að taka mið af því hvernig úrgangur fellur til eftir atvinnustarfsemi og þá sérstaklega gerð spilliefna og hvernig hægt sé að minnka magn þeirra og hvernig eigi að meðhöndla þau.

Vörur/efni sem hindra endurvinnslu. Verkefnið á að leggja áherslu á hvaða vörur og/eða efni þurfi að flokka frá sorpinu til þess að unnt sé að stuðla að aukinni endurvinnslu og hreinlegri sorpmeðhöndlun. Unnið er að forverkefni.

Fulltrúar Færeyja og Íslands stóðu ásamt ritara nefndarinnar fyrir vinnufundi um sorpmál eysamfélaga á Norðurlöndum í desember sl. á Borgundarhólmi. Þátttakendur voru frá Grænlandi, Færeyjum, Álandseyjum, Borgundarhólmi og Íslandi. Þarna var skipst á upplýsingum og ræddir möguleikar á hugsanlegri samvinnu á þessu sviði. Sérstaklega voru tekin fyrir málefni er vörðuðu þessi eysamfélög sem eiga það sameiginlegt að vera fámenn en jafnframt er byggð á Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum dreifð, samgöngur oft erfiðar og ekki er ýkja langt síðan farið var að huga að sorpmálum. Unnin var áætlun varðandi stefnumörkun og lausn sorpmála sem byggist á norrænu áætluninni um hreinni tækni í iðnaði, sorpeyðingu og endurvinnslu.

Náttúruvernd og útivistarmál.

Á árinu 1991 var gerð sú breyting á fastanefnd um náttúruvernd að henni er nú einnig ætlað að fjalla um útivistarmál og tengsl á milli þessara þátta. Ákveðið var að á árinu 1992 yrði hafin vinna að aðgerðaáætlun um náttúruvernd á Norðurlöndunum. Sem hluta af þeirri áætlun er fulltrúa Íslands ætlað að sjá um gagnasöfnun og framsetningu efnis í efnisflokki er varðar fiskveiðar og fiskeldi.

Á vegum vinnuhóps um náttúruvernd var hafist handa við verkefni til að styrkja framkvæmd vöktunar á villtum dýrum og plöntum og búsvæðum á Norðurlöndunum. Var hafin vinna á árinu 1991 við skýrslu um stöðu vöktunar á Norðurlöndunum, hvaða vöktunarverkefni séu í gangi, hverjir annist þau og hvaða lífverustofnar séu undir eftirliti. Áformað er að halda ráðstefnu á árinu 1992 þar sem skipuleggjendum og umsjónarmönnum sem flestra vöktunarverkefna verður stefnt saman til frekari umræðu um þessi mál.

Fulltrúi Íslands hefur einnig tekið þátt í vinnuhópi sem fjallar um skipulegar og reglubundnar fuglatalningar á Norðurlöndunum. Mikið vantar á að fuglatalningar séu eins víðtækar og æskilegt er hér á landi, en þær eru hentug aðferð til að meta lífríkisbreytingar. Brýnt er, að mati ráðuneytisins, að samræmd vöktun hefjist á fuglalífi landsins og mun ráðuneytið beita sér fyrir því á næstu árum í tengslum við endurskoðun á fyrirkomulagi umhverfisrannsókna og umhverfisvöktunar almennt.

Umhverfisrannsóknir.

Fastanefndin um samvinnu á sviði umhverfisrannsókna heyrir stjórnsýslulega undir þau ráðuneyti sem fara með rannsóknir almennt á Norðurlöndunum. Hér á landi er það menntamálaráðuneytið sem fer með yfirstjórn þeirra mála.

Meginverkefni nefndarinnar á árinu 1991 hafa verið fjögur og fjalla þau um landnotkun og umhverfi, samræmingu hafrannsókna, samband heilsu fólks og umhverfisgæða og umhverfisvandamál framtíðarinnar.

Tengsl umhverfis- og efnahagsmála.

Nú síðustu árin hefur í vaxandi mæli verið rætt um aukna notkun hagtækja í þágu umhverfismála. Er þá reiknað með að hagtæki verði notuð með reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum til að auka áhrifamátt þeirra í þágu umhverfismála. Dæmi um þetta eru skilagjöld og mengunarskattar svo að nokkuð sé nefnt. Umhverfisráðuneytið hefur eftir fremsta megni reynt að fylgjast með þeirri þróun, bæði á Norðurlöndunum og einnig í tengslum við fyrirhugaða samninga um Evrópskt efnahagssvæði. Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar hefur starfað vinnuhópur um þessi mál og skilaði hann af sér skýrslu í lok ársins 1991. Á því ári var einnig samþykkt af hálfu embættisnefnda á umhverfis- og fjármálasviðum að setja á fót sameiginlega nefnd til að halda áfram starfi á þessu sviði.

Norðurlönd og Evrópubandalagið.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar hefur starfað vinnuhópur sem fylgst hefur með þróun mála í Evrópu á umhverfissviðinu og þá sérstaklega með tilliti til væntanlegs EES-samnings.

Norrænt umhverfismerki.

Í undirbúningi er að taka í notkun norrænt umhverfismerki fyrir framleiðsluvörur sem teljast visthæfar. Nú er unnið að gerð staðla og krafna sem slíkar vörur þurfa að uppfylla. Í samráði við viðskiptaráðuneytið var ákveðið að umhverfisráðuneytið færi með umsjón þessara mála hér á landi þótt verkefnið sé víða á Norðurlöndunum í umsjón þeirra ráðuneyta sem fara með neytendamál.

Umhverfisráðuneytið ásamt mengunarvarnasviði Hollustuverndar ríkisins hafa í framhaldi af þeirri ákvörðun starfað að framgangi þessa máls. Vonast er til að norræna umhverfismerkið verði tekið í notkun á árinu 1992, en nú standa yfir viðræður á milli Norðurlandanna og Evrópubandalagsins um samræmingu á kröfum þessara aðila að því er varðar umhverfismerkið.

Norrænt umhverfisár.

Norræna umhverfisárinu (NU) lauk formlega þann 14. júní 1991 með athöfn á ráðstefnunni „Miljö 91". Við það tækifæri voru norræn umhverfisverðlaun afhent í fyrsta skipti. Þau komu í hlut Skógræktarfélags Íslands og tók Hulda Valtýsdóttir, formaður félagsins, við þeim úr hendi forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur, formanns aðalnefndar NU.

Ýmsir viðburðir áttu sér stað undir merkjum NU á seinni hluta ársins 1991. Má nefna ráðstefnu í Norræna húsinu undir nafninu, „Umhverfisímynd og hagsæld á Íslandi" og útgáfu á sameiginlegu umhverfismálablaði framhaldsskólanemenda, „Eitt eilífðar smáblóm". Í samráði við LÍÚ og Landvernd var farið út í hönnun og uppsetningu á skiltum við hafnir landsins með boðskap um verndun hafsins. Skiltin voru sett upp við nánast allar hafnir landsins á sjómannadaginn. Verkefnið „Grænar fjölskyldur" stóð frá 3. febrúar – 2. júní 1991 og vakti talsverða athygli. Undir lok verkefnisins hittust grænar fjölskyldur af Norðurlöndunum í Danmörku og báru saman bækur sínar.

Íslandsnefnd NU veitti íslensk umhverfisverðlaun í maí. Þau voru tvenns konar. Annars vegar var um verðlaun að ræða til einstaklings fyrir fórnfúst starf að umhverfismálum og hins vegar viðurkenningu til handa fyrirtæki fyrir starfsemi í anda sjálfbærrar þróunar. Fyrrnefndu verðlaunin hlaut Björn Guðbrandsson læknir fyrir framlag sitt til verndar arnarstofninum en

þau síðarnefndu fékk Gúmmívinnustofan á Akureyri fyrir árangursríka framleiðslu og sölu á vörum úr úrgangsgúmmíi. Verðlaunin afhenti Eiður Guðnason umhverfisráðherra við athöfn í Norræna húsinu.

9. Samgöngumál

Norrænt samstarf um samgöngumál fer fyrst og fremst fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NET) sem í eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndum ásamt aðstoðarfólki. NET er jafnframt með fasta undirnefnd, norræna nefnd um samgöngurannsóknir (NKTF), en hún vinnur að skipulagi fyrir NET hvað snertir samgöngurannsóknir og fær jafnframt til ráðstöfunar umtalsverðan hluta þess fjármagns sem NET hefur yfir að ráða frá norrænu ráðherranefndinni. Auk þess starfa á vegum NET tvær aðrar undirnefndir. Önnur þeirra er Evrópunefndin sem fylgist með og kannar alþjóðlega þróun á flutningasviði og kemur með tillögur um aðgerðir. Hin undirnefndin hefur það verkefni að vinna að umhverfismálum, tengdum samgöngum.

Norræna embættisnefndin um samgöngumál vann á þessu ári að tíu tillögum Norðurlandaráðs og af þeim snerta eftirtaldar Ísland á einhvern hátt: *Samgöngu- og umhverfisverndarmál í borgum; umhverfisáhrif samgangna á vegum; norræn stefna í samgöngumálum, samgöngurannsóknir á Norðurlöndum og breyting á norræna samgöngusamningnum.*

9.1. Ferðamál.

Sérstök embættismannanefnd (EK-T), sem samgönguráðuneytið á fulltrúa í, starfar einnig að ferðamálum. Munurinn á henni og NRT er fyrst og fremst sá að ferðamál heyra undir önnur ráðuneyti en samgönguráðuneyti annars staðar á Norðurlöndum.

Nefndin ber ábyrgð á framkvæmd norræna ferðamálasamningsins og er þar að auki vettvangur fyrir skoðanaskipti og umræður um eflingu ferðamála á Norðurlöndum. Einnig vinnur nefndin að samræmingu á vinnu Norðurlanda að ferðamálum á alþjóðlegum vettvangi.

Í fjöldamörg ár hafa ferðamálaráð landanna átt samstarf í gegnum norræna ferðamálaráðið (NT). Enda þótt þjóðirnar séu af eðlilegum ástæðum í samkeppni hefur komið í ljós að hægt er að vinna saman á mörgum sviðum eins og að markaðsrannsóknum, markaðssetningu, rannsóknum á sviði ferðamála og þess háttar. Einnig hafa löndin sameiginlegar ferðamálaskrifstofur í nokkrum löndum, ýmist öll saman eða flest. Embættismannanefndin og NT halda öðru hverju sameiginlega fundi til þess að skiptast á upplýsingum og ræða stefnu í ferðamálum og starfa að ákveðnum verkefnum og fleira. Viss verkefni eru greidd sameiginlega af báðum þessum aðilum.

10. Norrænt samstarf á sviði landbúnaðar

Norrænt samstarf hefur lengi verið fjölþætt í starfi stofnana landbúnaðarins. Margir þeirra sem vinna við rannsóknir, leiðbeiningar og fræðslu í þágu landbúnaðarins hafa numið við norræna háskóla og þekkja því vel til manna og málefna annars staðar á Norðurlöndum. Mikilvægt er í þessu tilliti að löng hefð er fyrir samstarfi milli landbúnaðarmanna á Norðurlöndunum í samtökunum NJF, Nordisk Jordbruksforskares Förening, sem stofnuð voru árið 1918. Í þessari starfsemi er meginhersla lögð á að stuðla að námskeiðum á hinum ýmsu fagsviðum, en auk þess eru iðulega stofnaðir vinnuhópar um einstök verkefni. Hliðstætt samstarf hefur jafnframt verið á sviði skógræktar á vegum SNS. Á grundvelli þessarar löngu samstarfshefðar hefur verið unnið að margvíslegum samstarfsverkefnum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar.

10.1. Samstarfsáætlun um landbúnaðarmál.

Unnið er samkvæmt áætlun til tíu ára sem samþykkt var árið 1985 á 33. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík. NEJS (Nordisk embedsmandskomité for jord- og skogbruksspörgsmål) vinnur að framgangi þeirrar áætlunar auk annarra verkefna sem upp koma. Auk þeirra verkefna á sviði landbúnaðar og skógræktar, sem áætlunin nær til, er einnig samstarf við önnur ráðuneyti og stofnanir um málefni sem eru náið tengd landbúnaði. Má þar nefna umhverfismál, ýmis viðfangsefni tengd iðnaði, manneldismál og byggðamálefni. Á árinu 1989 var unnin sérstök úttekt á framgangi áætlunarinnar og áherslur endurmetnar. Áætlunin fyrir árin 1990–1995 á grundvelli þessa endurmats var samþykkt 1990. Í þessari nýju áætlun er áhersla á ný svið, einkum umhverfismál og erlend samskipti.

Forgangsverkefni þessa tímabils eru:
— umhverfismál í landbúnaði,
— norðursvæði Norðurlanda,
— erfðaefni og erfðabreytileiki,
— samræming og aðlögun að reglugerðum EB,
— rannsóknir.

Íslendingar taka virkan þátt í sjö verkefnum innan samstarfsáætlunar um landbúnaðarmál. Heiti þeirra eru:
— Samræming á sviði stefnumörkunar í landbúnaði (NKJS).
— Norræni erfðabankinn fyrir nytjaplöntur — NGB.
— Norrænar jurtakynbætur (SNP).
— Norræna samstarfsráðið um búvísindi (NKJ).
— Plöntusjúkdómar og flutningur á plöntum og plöntuhlutum milli landa.
— Norræni erfðabankinn fyrir búfé.
— Bútækni (NTS).

10.2. Þátttaka Íslands í norrænu samstarfi á sviði skógræktar.

Árið 1972 stofnuðu skógræktaraðilar á Norðurlöndum samstarfsnefnd um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS) og var hún eins konar yfirnefnd margra norrænna vinnuhópa í ýmsum greinum skógræktarrannsókna. Árið 1978 var SNS síðan tekið á fjárlög Norðurlandaráðs og hefur fengið fjárveitingar síðan.

Íslenskir skógræktarmenn eru nú virkir þátttakendur í sjö vinnuhópum á vegum samstarfsnefndarinnar:
— Norrænu trjásafnanefndinni.
— Norrænu trjákynbótanefndinni.
— Norræna skógvinnuráðinu (NSR).
— Norrænu trjámeindýranefndinni.
— Norrænu fjölnytjaskóganefndinni.
— Svepprót í nýskógrækt.
— Tímarit um skógvísindi (Scandinavian Journal of Forest Research).

10.3. Samvinna á sviði eftirlits.

Jafnframt því að stuðla að því að efla samstarf innan Norðurlandanna er einnig unnið að því að marka sameiginlega stefnu gagnvart samvinnu og samræmingu starfsins við önnur ríki Evrópu. Helstu verkefnin eru:
— Eftirlit með fræi og útsæði.
— Eftirlit með plöntusjúkdómum.
— Skráning og mat á eiturefnum í landbúnaði.

— Landbúnaðarefnagreiningar.
— Útrýming meindýra.
— Samræmt gæðamat á skógarafurðum.
— Samstarf á sviði dýralækninga.
— Búvélaprófanir og eftirlit með vinnuvélum.
— Samstarf á sviði verslunar í landbúnaði.
— Aukið flæði upplýsinga um markaðsmál.
— Könnun á samstarfi um markaðssetningu landbúnaðarvöru.
— Afnám tæknilegra viðskiptahindrana.

10.4. Rannsóknir og framhaldsmenntun.

Norræna embættismannanefndin um landbúnað og skógrækt, NEJS, hefur frumkvæði að verkefnum í samstarfi við fastanefndir norrænu ráðherranefndarinnar. Dæmi um slíka samvinnu er samstarf um upplýsingakerfi og líftækni sem fjallað er um annars staðar í þessari skýrslu. Á árinu 1991 var stofnað til sérstaks samstarfs landbúnaðarráðuneytanna við umhverfisráðuneytin á Norðurlöndunum varðandi áhrif landbúnaðar á umhverfi.

Mikil áhersla er lögð á ýmis rannsóknarverkefni og starfsáætlanir þeirra verkefnishópa og stofnana sem undir NEJS heyra. Meðal verkefna er að efla námskeið sem tengjast framhaldsmenntun þjóðanna innan landbúnaðar, skógræktar og dýralækninga. Vinnuhópi um landbúnað og umhverfi er meðal annras ætlað að marka stefnu í umhverfismálum innan landbúnaðar og skógræktar. Vinnuhópi um orkumatskerfi fyrir fóður hefur verið falið að leggja mat á grundvöll þess að koma á sameiginlegu norrænu orkumatskerfi fyrir fóður handa jórturdýrum. Þá er unnið að verkefnum sem tengjast steinefnaþörf í loðdýrarækt, þróun ræktunarkerfis með lífrænum vörnum til þess að minnka eiturnotkun við ræktun kálplantna, samræmdu plöntueftirliti og samræmingu á aðferðum í jarðvegsefnafræði innan og milli norrænna ríkja.

11. Norrænt samstarf um sjávarútvegsmál

Fyrsta norræna samstarfsáætlunin á sviði sjávarútvegsmála var staðfest af norrænu ráðherranefndinni (sjávarútvegsráðherrunum) á árinu 1989, eftir umfjöllun á 37. þingi Norðurlandaráðs. Norræna embættismannanefndin um sjávarútvegsmál (NEF) ber ábyrgð á framkvæmd samstarfsáætlunarinnar. Gerði nefndin sérstaka áætlun vegna áranna 1990–92 til að tryggja framkvæmd hennar. Settur var á fót vinnuhópur sérfræðinga (NAF) sem hefur verið embættismannanefndinni til ráðuneytis um val verkefna.

Á árinu 1991 fékk sjávarútvegurinn til ráðstöfunar 6.624 þúsund d.kr. Auk þess var ráðstafað til verkefna á því sviði 1.103 þúsund d.kr. af norrænu efnahagsmálaáætluninni og 250 þúsund d.kr. af fjárveitingum til samvinnu við Eystrasaltsríkin.

Á árinu 1991 áttu sjávarútvegsráðherrar Norðurlanda tvo fundi. Var annar fundurinn haldinn í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn en síðari fundurinn í Sisimiut á Grænlandi og var það fyrsti fundur norrænu ráðherranefndarinnar á Grænlandi. Á fundum sínum ræddu ráðherrarnir meðal annars breyttar áherslur í samstarfi á sviði sjávarútvegsmála, sérstaklega í ljósi stjórnmálaþróunar í Evrópu og samninganna milli EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði. Ráðherrarnir ákváðu að láta vinna nýja áætlun um samstarf landanna á sviði sjávarútvegsmála, og verður hún lögð fyrir 40. þing Norðurlandaráðs í Helsingfors.

Ráðherrarnir fjölluðu enn fremur um þau vandamál sem tengjast skynsamlegri nýtingu sjávarspendýra. Var sérstaklega rætt um mismunandi sjónarmið landanna um þetta málefni sem birtist í afstöðu landanna á ársfundum Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þá var rætt um

undirbúning fyrir alþjóðaumhverfismálaráðstefnuna sem haldin verður í Brasilíu á þessu ári. Gáfu ráðherrarnir út sameiginlega yfirlýsingu um drög að skýrslu sem lögð verður fyrir ráðstefnuna um auðlindir og umhverfismál hafsvæða.

Samtök hagsmunaaðila og embættismenn á sviði sjávarútvegsmála (Nordisk kontaktorgan for fiskerispörgsmål) héldu sinn árlega fund í Visby á Gotlandi í maímánuði. Á þessum fundum er skipst á upplýsingum um stöðu og þróun sjávarútvegsmála í löndunum.

Á árinu 1991 var veittur fjárstyrkur til að byggja upp rannsóknaaðstöðu við pólska rannsóknastofnun til að vinna úr gögnum og sýnum sem aflað var í alþjóðahafrannsóknaverkefninu SKAGEX 90. Tvö önnur verkefni, sem unnin eru í samvinnu við ríki Austur-Evrópu, voru styrkt. Annað varðar skráningu á aflaupplýsingum í Eystrasalti en hitt kjörhæfni veiðarfæra og miðar að því að draga úr meðalafla á smásíld við veiðar með botnfisksvörpu.

Haustið 1991 var haldin fiskimálaráðstefna í Tallin í Eistlandi og Esbo í Finnlandi. Tilgangur ráðstefnunnar var að koma á samstarfsverkefnum við ríki Austur-Evrópu á sjávarútvegssviðinu.

Tvö verkefni á sviði markaðsrannsókna voru styrkt á árinu 1990. Annað verkefnið er fólgið í því að greina útflutning Norðurlanda á mikilvægustu markaði fyrir sjávarafurðir og hitt verkefnið að greina þróun á fiskmörkuðum Evrópu fram til aldamóta. Verkefnin eru unnin með samræmdum hætti og eiga að gera góða grein fyrir líklegri markaðsþróun fyrir sjávarafurðir í Evrópu sem er mikilvægasti markaður landanna fyrir sjávarafurðir.

Á undanförnum árum hafa verið styrkt rannsóknarverkefni á vistkerfi Skageraks og Kattegats. Þá var veittur styrkur til áframhaldandi rannsókna á stærð og útbreiðslu hvalastofna í Norður-Atlantshafi. Að frumkvæði ráðherranna var í tengslum við hinn árlega undirbúningsfund fulltrúa landanna fyrir ársfund Alþjóðahvalveiðiráðsins haldin ráðstefna um sjávarspendýr. Ráðstefnuna sátu fulltrúar frá sjávarútvegs- og umhverfisráðuneytum landanna auk fulltrúa rannsóknastofnana.

Með styrk frá norrænu efnahagsmálaáætluninni hefur verið unnið að samstarfsverkefni á sviði fjölstofnarannsókna á undanförnum árum. Tilgangur verkefnisins er að auka samstarf vísindamanna og rannsóknastofnana við að þróa rannsóknaraðferðir á þessu sviði. Er þess vænst að niðurstöður slíkra rannsókna geti komið að notum við fiskveiðistjórnun.

Á árinu 1990 var haldin ráðstefna um þorskeldi í sjó. Var á ráðstefnunni gerð grein fyrir stöðu og reynslu landanna af rannsóknum á þessu sviði. Í framhaldi af ráðstefnunni hafa verið sett á fót tvö sameiginleg rannsóknarverkefni. Þá hefur nefndin haldið áfram stuðningi sínum við tvö rannsóknarverkefni á sviði fiskeldis en hlutur fiskeldis í styrkveitingum hefur farið minnkandi á síðustu árum.

Viðamikið rannsóknarverkefni varðandi kjörhæfni veiðarfæra hófst á árinu 1991. Tilgangur þess er að minnka meðalafla í rækjutrolli og draga úr veiðum á smárækju. Þá var og haldin ráðstefna um kjörhæfni veiðarfæra og þau vandamál sem tengjast óæskilegum meðafla og smáfiskadrápi. Ákveðið hefur verið að styrkja verkefni á þessu sviði og hefst vinna við það á þessu ári.

12. Norðurlandasamstarf um heilbrigðis- og almannatryggingamál

Samvinna á sviði heilbrigðis- og almannatryggingamála er ríkur þáttur í norrænu samstarfi. Samstarfið byggist nú á áætlun sem ráðherrarnir samþykktu á árinu 1988.

Sérstök umsjónarnefnd, norræna félagsmálanefndin, hefur yfirumsjón með þeim verkefnum sem hér um ræðir. Félagsmálanefndin heldur að jafnaði þrjá fundi á ári.

Sex norrænar stofnanir eru reknar samkvæmt sérstöku samkomulagi og eru þær þessar: *Norræni Heilsuverndarháskólinn í Gautaborg (NHV).*

Skólinn hefur það hlutverk að veita viðbótarmenntun starfsfólki í heilbrigðisþjónustu. Hann veitir meistararéttindi í heilbrigðisfræðum og doktorsnám er að hefjast þar. Skólinn sinnir einnig rannsóknum, aðallega í faraldsfræði. Íslendingar eiga fulltrúa bæði í stjórn skólans og námsráði.

Norræna stofnunin til prófunar efna til tannlækninga (NIOM).

Stofnunin annast stöðlun, rannsóknir og upplýsingastarfsemi um efni til tannviðgerða. Íslendingar eiga einn mann í stjórn stofnunarinnar.

Norræna lyfjanefndin (NLN).

Þessi nefnd vinnur að samræmingu og upplýsingamiðlun í sambandi við lyfjamál á Norðurlöndumn. Nú er ofarlega á baugi í nefndinni vinna vegna samvinnu við Evrópubandalagið. Íslendingar eiga tvo fulltrúa í þessari nefnd.

Norræna nefndin um rannsóknir á áfengi og lyfjum (NAD).

Þessi nefnd annast samvinnu Norðurlanda í sambandi við fíkniefni, bæði lögleg og ólögleg. Þrír Íslendingar hafa tekið þátt í starfi þessarar nefndar.

Norræna nefndin um málefni fatlaðra (NNH).

Hér er um að ræða annars vegar starfsemi til að auka gæði hjálpartækja með prófun og upplýsingastarfi og hins vegar að reyna að nýta möguleika tölvutækni í sambandi við ný hjálpartæki. Íslendingar eiga tvo fulltrúa í þessari nefnd.

Norræna menntasetrið fyrir starfsfólk sem annast blinda og heyrnarlausa (NUD).

Setrið starfar í nánum tengslum við Norrænu nefndina um málefni fatlaðra og mun á næstunni tengjast þeirri nefnd enn betur.

Tvær fastar nefndir starfa á vegum Norðurlanda:

Norræna hagskýrslunefndin (NOSOSKO).

Nefndin hefur það hlutverk að afla sambærilegra upplýsinga um hagskýrslur félagsmála á Norðurlöndum og sér um útgáfu bókar um þau mál. Þrír fulltrúar eru frá Íslandi í nefndinni, þar af einn frá Hagstofu Íslands.

Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (NOMESKO).

Nefndin útbýr sambærilegar heilbrigðisskýrslur fyrir Norðurlönd og starfa margar undirnefndir á hennar vegum.

Auk þeirra nefnda, sem hér hefur verið rætt um, má geta um eftirfarandi samvinnu:

1. Samvinna um málefni er varða alnæmi.
2. Nefnd sem annast framkvæmdaáætlun Norðurlanda um krabbamein.
3. Nefnd sem fylgist með samningum um sameiginlegan vinnumarkað.
4. Nefnd sem endurskoðar og hefur eftirlit með norræna samningnum um félagslegt öryggi. Mikil vinna hefur farið fram á vegum þessarar nefndar vegna þeirra breytinga sem gera þarf á samningnum í sambandi við hugsanlega aðild Norðurlanda að EES-samningnum.
5. Tvær fastanefndir starfa vegna matvæla, norræna fastanefndin um matvæli (PNUN) og norræna embættismannanefndin um matvælamálefni (EK-LIVS).

Ljóst er af umræðum, sem orðið hafa í norrænu félagsmálanefndinni, að menn búast við verulegum breytingum á norrænu samstarfi þegar EES-samvinnan samkvæmt samningi er komin á fullt skrið.

13. Norrænn vinnumarkaður

Grundvöllurinn að norrænu samstarfi á sviði vinnumarkaðsmála var lagður með gerð samningsins um sameiginlegan norrænan vinnumarkað sem gerður var árið 1954, milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Þessi samningur var endurskoðaður á árinu 1982 og tók nýr samningur gildi 1. ágúst 1983. Gerðist Ísland aðili að þeim samningi samkvæmt ályktun Alþingis, samanber auglýsingu nr. 6 22. júní 1982.

Samkvæmt samningnum er grundvallarréttur ríkisborgara norrænu landanna að vera frjálst að starfa og taka sér búsetu í öðru norrænu landi. Áhersla er lögð á að slíkir flutningar eigi sér stað við efnahagslega og félagslega tryggar aðstæður og að fólksflutningar milli landanna raski ekki jafnvægi á vinnumarkaði einstakra landa.

Í sérstakri bókun með samningnum er tekið fram að íslensk stjórnvöld geti í sérstökum tilvikum og að höfðu samráði við hin samningslöndin áskilið atvinnuleyfi í því skyni að koma í veg fyrir röskun jafnvægis vegna hópflutninga sem beinast að ákveðnum svæðum eða starfsgreinum. Þá er og í bókuninni ákvæði sem heimilar einstökum löndum aðgerðir til hagsbóta eigin ríkisborgurum. Samkvæmt 8. gr. samningsins um sameiginlegan norrænan vinnumarkað hefur framkvæmd samningsins verið í höndum norrænu vinnumarkaðsnefndarinnar (NAUT) og undirnefnda hennar.

Á fundi norrænu vinnumálaráðherranna í febrúar 1991 var ákveðið að taka skipulag og starfshætti hins norræna vinnumarkaðar til gagngerrar endurskoðunar í því skyni að fá fram meiri skilvirkni, draga úr skrifræði og fækka nefndum og fundum. Jafnframt var ákveðið að sameina vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismálin undir eina yfirstjórn.

Þessari endurskoðun er nú lokið og tók ný skipan gildi 1. janúar 1992. Samkvæmt hinu nýja skipulagi tekur embættismannanefnd, skipuð ráðuneytisstjórum eða staðgenglum þeirra, við yfirstjórn vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála. Nefndinni er ætlað að undirbúa fundi vinnumálaráðherranna og ræða stefnumarkandi málefni. Síðan er gert ráð fyrir sex málefnanefndum, skipuðum sérfræðingum sem munu fjalla um einstaka málaflokka. Auk þess sem þessi tilhögun fækkar verulega nefndum og ráðum er henni ætlað að tryggja að menn með sérþekkingu fjalli um hvern málaflokk.

Af öðrum málum má nefna að norræna vinnumarkaðsnefndin gekkst fyrir ráðstefnu með vinnumarkaðsstjórnvöldum í Eystrasaltslöndunum, en þau höfðu látið í ljós mikinn áhuga á því að fá tækifæri til að kynnast framkvæmd þessara mála á Norðurlöndum. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að ráðherranefndin hefur veitt 5,4 milljónir d.kr. til ýmissa verkefna sem stutt geta endurreisn atvinnumála þessara landa.

Í nóvember 1991 komu fulltrúar norrænu vinnumarkaðsnefndarinnar og fulltrúar upplýsingaþjónustu Evrópubandalagsins saman til skrafs og ráðagerða í Kaupmannahöfn. Tilangur þessa fundar var að fá samanburð á þeim upplýsingakerfum um vinnumarkaðinn sem annars vegar væru í gildi á Norðurlöndum og hins vegar innan EB.

Loks er þess að geta að á lögþingi Færeyja hefur verið lögð fram tillaga um að Færeyjar gerist aðili að samningnum um sameiginlegan norrænan vinnumarkað.

14. Jafnréttismál

Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál (Äk-Jäm) hélt tvo fundi á árinu 1991. Fulltrúi Íslands í nefndinni er Elsa Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs. Nefndin starfar samkvæmt sérstakri framkvæmdaáætlun til fimm ára, tímabilið 1989 til og með 1993. Samkvæmt þeirri áætlun verða unnin 22 misviðamikil verkefni á þessu sviði.

14.1. Norrænt jafnlaunaverkefni.

Norræna jafnlaunaverkefnið er viðamesta verkefnið sem unnið er að á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar. Tilgangur þess er að draga úr launamun kvenna og karla, meðal annars með því að sýna launamyndun og launaþróun á Norðurlöndum, að skoða og gera tillögur um lög, reglur og meðferð kærumála vegna meints launamisréttis og afla og miðla upplýsingum um laun kvenna og karla. Sérstök áhersla verður lögð á að skilgreina og kynna það ákvæði í löggjöf Norðurlanda sem fjallar um að greiða skuli sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Norræna jafnlaunaverkefnið hófst á árinu 1989 með upplýsingasöfnun um launamun kvenna og karla. Á árinu 1990 voru ráðnir verkefnisstjórar í hverju landi og gegnir Hildur Jónsdóttir því starfi hér á landi. Jafnframt hefur verið skipuð innlend verkefnisstjórn sem í eiga sæti fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, félagsmálaráðuneytisins og Jafnréttisráðs og fulltrúi Íslands í norrænu embættismannanefndinni um jafnréttismál.

Hvað varðar aðgerðir innan lands var á árinu 1991 unnið að kynningarriti um meðferð kærumála vegna meints launamisréttis og er það væntanlegt innan skamms. Þá voru unnar og birtar auglýsingar fyrir dagblöð og útvarp til þess að hvetja til umræðu um launamun kynja. Í tengslum við verkefnið er starfandi vinnuhópur og er hann skipaður sérfræðingum á sviði tölfræði. Hlutverk vinnuhópsins er meðal annars að gera tillögur um hvernig opinberri upplýsingaöflun um launamun kynja og úrvinnsla þeirra gagna skuli háttað og hófst sú vinna á árinu. Jafnframt skal hópurinn vera til ráðgjafar um framkvæmd kannana sem gerðar verða á vegum verkefnisins.

14.2. Karlar og fæðingarorlof.

Megintilgangur verkefnisins er að benda á leiðir til að gera feðrum auðveldara að notfæra sér þann rétt til fæðingarorlofs eða fjarvista frá vinnu vegna umönnunar barna sinna sem þeir hafa samkvæmt lögum, reglugerðum og/eða samningum. Ráðinn hefur verið norrænn verkefnisstjóri og skipaðir tengiliðir sem mynda verkefnisstjórn. Stefanía Traustadóttir, félagsfræðingur Jafnréttisráðs, er fulltrúi Íslands í verkefnisstjórninni. Hlutverk hennar er að safna innlendum upplýsingum og vera til ráðgjafar við úrvinnslu gagna. Vinna við verkefnið hófst á árinu 1990 og er stefnt að því að lokaskýrsla ásamt tillögum að aðgerðum liggi fyrir í apríl 1992.

Verkefnið menntun og framamöguleikar kvenna í tölvuiðnaði hófst á árinu 1990. Markmið þess er að kanna menntun og framamöguleika kvenna í tölvuiðnaði, en norrænar kannanir sýna að fáar konur eru þar í stjórnunar- og ábyrgðarstörfum. Leitað verður skýringa og bent á færar leiðir til úrbóta. Áhersla verður lögð á að kanna eftir hvaða leiðum einstaklingar koma inn í þessi störf og vinna sig áfram. Ráðinn hefur verið norrænn verkefnisstjóri og skipaðir tengiliðir. Fulltrúi Íslands í verkefnisstjórninni er Ragnheiður Harðardóttir, fræðslufulltrúi Jafnréttisráðs. Hlutverk verkefnistjórnar er að safna innlendum upplýsingum og vera til ráðgjafar við úrvinnslu gagna. Vinna við gerð skýrslunnar er á lokastigi.

14.3. Norrænar kvennarannsóknir.

Norræna framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir sérstökum stuðningi við kvennarannsóknir á Norðurlöndum. Ráðinn hefur verið norrænn starfsmaður til að hafa umsjón með útgáfu kynningarrits um norrænar kvennarannsóknir, sjá um útgáfu fréttabréfs og fleira. Norræn verkefnisstjórn hefur verið skipuð og á hvert Norðurlandanna einn fulltrúa i henni. Auk þess situr formaður norrænu embættismannanefndarinnar um jafnréttismál í verkefnisstjórninni. Fulltrúi Íslands er Guðrún Ólafsdóttir, lektor við Háskóla Íslands.

14.4. Nýtt norrænt kvennaþing.

Ákveðið hefur verið að halda nýtt norrænt kvennaþing í Åbo í Finnlandi árið 1994. Undirbúningur fyrir þingið er þegar hafinn og norrænn verkefnisstjóri tók til starfa 1. janúar 1992. Ákveðið hefur verið að yfirskrift þingsins verði „Líf og starf kvenna".

Jafnréttisráðherrar Norðurlanda hafa samþykkt að tilgangur og markmið með nýju norrænu kvennaþingi sé meðal annars:

— að styrkja þann mikla áhuga sem er á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á Norðurlöndum, ásamt því að virkja nýja hópa, einkum yngri konur,

— að ræða framvinduna á sviði jafnréttismála frá kvennaþinginu í Ósló árið 1988 og hugmyndir kvenna og karla um þjóðfélag jafnréttis árið 2000,
— að vera hluti af undirbúningi Norðurlanda fyrir næstu alþjóðakvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður árið 1995,
— að skapa tengsl milli kvenna og kvennahópa á Norðurlöndum við konur og kvennahópa í nálægum löndum, svo sem Samveldisríkjunum, Eystrasaltslöndunum og Póllandi.

Að lokum skal þess getið að Norðurlandaráð hefur samþykkt að kvennaþingið 1994 skuli fjalla um tengsl fjölskyldu- og atvinnulífs. Í því felst að ræða þarf meðal annars um breytta stöðu og breytt hlutverk karla, stöðu barna og launajafnrétti kynja.

15. Norræna líftækniáætlunin

Norrænu líftækniáætluninni var hrundið af stað eftir samþykkt 36. þings Norðurlandaráðs sem haldið var í Ósló 1988. Í stjórn áætlunarinnar situr einn fulltrúi hvers lands og er Eiríkur Baldursson, deildarstjóri Rannsóknaráðs, fulltrúi Íslands. Varamaður hans er Jakob K. Kristjánsson, deildarstjóri við Iðntæknistofnun Íslands. Formennsku Íslands í stjórninni lauk á árinu.

Samkvæmt samþykkt þings Norðurlandaráðs skyldi áætlunin standa frá 1988 til loka 1992. Með vísun til umfjöllunar FPR (Forskningspolitiska rådet) frá árinu 1990 samþykktu staðgenglar samstarfsráðherra á síðastliðnu ári að framhaldi norræns líftæknisamstarfs eftir 1992 skuli vísað til annarra aðila í Norðurlandasamstarfinu, til dæmis Norræna iðnaðarsjóðsins, norrænu landbúnaðar- og skógarnytjanefndarinnar og til landanna sjálfra.

Stjórn norrænu líftækniáætlunarinnar (NPB) þótti sl. vor, þegar þessi niðurstaða varð kunn, að ekki hefðu þá legið efnisleg rök fyrir henni. Því var ákveðið að gera úttekt á stöðu mála um miðbik áætlunarinnar. Í ljósi þessarar úttektar komst stjórn norrænu líftækniáætlunarinnar (NPB) að þeirri niðurstöðu að það væri misráðið að hætta skipulegu norrænu átaki þegar árangur hefði orðið jafngóður og raun ber vitni og án þess að kannað væri til hlítar hvort tekist hefði að ná þeim markmiðum sem fólust í samþykkt Norðurlandaráðs um áætlunina. Stjórn NPB ákvað því í framhaldi af niðurstöðu úttektarinnar að beina því til ráðherranefndarinnar að hlutast til um framhald í einhverri mynd. Í ábendingum sínum leggur NPB meðal annars áherslu á eftirtalin atriði:

— Verkefni hafa ákveðið ferli. Sum verkefnanna í áætluninni fóru seint af stað vegna langs en óhjákvæmilegs faglegs undirbúnings. Tryggja þarf eðlilegan tíma til þeirra um leið og eðli vísindarannsókna er viðurkennt. Að öðrum kosti verður allt mat á því hvernig til tókst erfiðleikum bundið.
— Aukin Evrópusamvinna um rannsóknir og þróun er haldgóð röksemd fyrir framhaldi. Norðurlöndin í samvinnu eru í mun sterkari samningsaðstöðu gagnvart aðilum innan EB en hvert land fyrir sig. Góð reynsla er þegar af slíku samráði Norðurlandanna um þátttöku í starfi á alþjóðavettvangi.
— Allmargir þættir innan líftæknisamvinnunnar eru þess eðlis að hreinn og beinn ávinningur er af áframhaldandi samvinnu. Nefna má erfðatækniátakið sem kostað hefur verið af NPB. Þessir þættir falla ekki með neinum eðlilegum hætti á önnur verksvið en NPB.
— Allmörg verkefnanna í líftæknisamvinnunni hafa vakið verðskuldaða athygli utanaðkomandi vísindamanna, m.a. HUGO sem er heiti á alþjóðlegu samstarfi um að kortleggja erfðamengi mannsins, verkefni sem lýtur að þróun vistvænna og lífrænna aðferða við hreinsun skolps og verkfræði eggjahvituefna.

Ljóst er að Norðurlönd hafa ýmislegt fram að færa í vísindalegu tilliti. Óskynsamlegt virðist vera að draga úr slíku samstarfi.

Skipulag um framkvæmd áætlunarinnar hefur tekist vel. Reynsluna af starfi NPB er hægt að nýta áfram og einnig á öðrum sviðum rannsókna- og þróunarsamstarfs. Tilvera NPB sem stjórnarnefndar þarf ekki að vera sá kostur sem menn sjá vænstan fyrir framhaldið. Meiru skiptir að það hlutverk, sem NPB hefur gegnt, verði rækt áfram og beitt verði aðferðum þar sem mikil áhersla er lögð á faglegar kröfur.

NPB mun leita eftir afstöðu og áformum næstu ára í líftækni hjá Norræna iðnaðarsjóðnum og norrænu landbúnaðar- og skógarnytjanefndinni og leggja heildstæða tillögu fyrir ráðherranefndina á þingi Norðurlandaráðs. Tillagan mun fela í sér verulegan niðurskurð frá því sem nú er, en áhersla verður lögð á að halda því áfram sem best hefur verið gert.

Rétt er að líta sérstaklega til íslenskra hagsmuna í þessu sambandi. Íslenskir vísindamenn hafa með þátttöku sinni í verkefnum norrænu líftækniáætlunarinnar komist í samstarf við starfsbræður sína í fyrirtækjum og stofnunum á Norðurlöndum í slíkum mæli að óhugsandi hefði verið án þess að áætlunin væri í gangi. Þannig hafa þeir fengið aðgang að tækniþekkingu og aðstöðu sem ekki hefur verið til staðar hér á landi. Þeir hafa jafnframt getað lagt þessu samstarfi til þá sérfræðikunnáttu sem hér hefur orðið til og ekki er tiltæk annars staðar. Íslenskir vísindamenn hafa með ágætum staðist þann stranga faglega samanburð sem gerður var við val verkefna sem eru hluti af þessu norræna átaki.

Meðan sífellt hefur dregið úr framlögum til Rannsóknasjóðs, sem hefur verið stærsti einstaki styrktaraðili íslenskra líftæknirannsókna, hefur tekist að afla 20–30 milljóna króna árlega til þessara rannsókna af verkefnafé norrænu líftækniáætlunarinnar. Nú horfir því miður þannig að þessi möguleiki rýrist til muna. Rétt er að beina athygli að þeirri staðreynd að Íslendingar eiga ef til vill meira í húfi en hinar þjóðirnar í samstarfinu vegna smæðar og fjárskorts Háskólans og rannsóknastofnana.

16. Norrænt samstarf um neytendamál

Á árinu 1991 hefur norræna embættismannanefndin um neytendamál (NEK) lagt mesta áherslu á öryggi neytenda, efnahagslegan hag þeirra, neytendafræðslu og upplýsingar til neytenda, svo og áhrif þeirra. Þetta er í samræmi við norræna áætlun á sviði neytendamála og einnig áætlun EB um neytendamál.

Undirbúningur væntanlegs EES-samnings hefur haft mikil áhrif á störf norrænu embættismannanefndarinnar. Fylgst hefur verið vel með þróuninni innan EB og áhersla lögð á að Norðurlöndin haldi þeim árangri sem náðst hefur á sviði neytendaverndar eftir að EES er orðið að veruleika og að reynt verði að hafa áhrif á þá vinnu sem enn er á byrjunarstigi hjá EB.

Í lok október 1991 var haldin ráðstefna á vegum NEK með þátttöku EFTA- og EB-landa þar sem rætt var um markaðseftirlit á norrænum og evrópskum vettvangi og hvernig haga eigi samstarfi á þessu sviði í framtíðinni.

Varðandi öryggi neytenda hefur langmest áhersla verið lögð á aukna þátttöku neytenda í staðlavinnunni, bæði heima fyrir og í alþjóðlegu samstarfi og heyra hér undir mál eins og leikföng, hættulegar eftirlíkingar og björgunarvesti.

Mikið starf hefur verið unnið við að koma norrænu umhverfismerki á markaðinn og hillir nú loksins undir árangur. Má vænta þess að fljótlega fari vörur með þessu merki að sjást í verslunum á Norðurlöndum.

Norræna embættismannanefndin um neytendamál hefur ekki bara lagt áherslu á samstarfið við EB heldur er nú einnig litið til austurs og hefur þegar verið ákveðið að halda ráðstefnu á vegum nefndarinnar með Eystrasaltslöndunum næsta vor þar sem Norðurlöndin munu miðla af reynslu sinni og þekkingu á sviði neytendaverndar.

Á árinu hafa íslenskir fulltrúar tekið aukinn þátt í verkefnum á vegum nefndarinnar og að auki er hagfræðistofnun Háskóla Íslands umsjónaraðili með viðamiklu verkefni sem fjallar um landbúnaðarstefnuna og afkomu heimilanna.

17. Norrænt samstarf um húsnæðis- og byggingarmál

Embættismannanefndin um húsnæðis- og byggingarmál (Äk-bygg) hefur starfað frá árinu 1972. Nefndin hefur á sínum vegum samræmingu samstarfs Norðurlandanna um byggingarrannsóknir, samræmingu byggingarlaga og reglugerða, byggingarstaðla og gæðaeftirlits auk rannsóknarsamstarfs á sviði stefnumótandi þáttar húsnæðismálanna.

Norrænt samstarf á vegum embættismannanefndarinnar fer fram á vegum sérstakra samstarfsnefnda. Samstarf um byggingarrannsóknir er á vegum samstarfsnefndar norrænna byggingarrannsóknastofnana (NBS). Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er aðili að þessari nefnd og mun annast umsjón með starfi samstarfsnefndarinnar tímabilið 1990–1993.

Norræna nefndin um byggingarlög og reglur (NKB) er stofnun sem annast um samræmingu á lögum og reglum um byggingar og umhverfi þeirra. Skipulag ríkisins er aðili að þessari nefnd. Undirnefnd stofnunarinnar vinnur að samræmingu á reglum um gæðaeftirlit og byggingarstaðla. Norrænu húsnæðismálaráðuneytin og stjórnsýslustofnanir húsnæðismála vinna saman að rannsóknarverkefnum er lúta að stefnumótandi þáttum húsnæðismálanna.

Á árinu 1991 hefur undirbúningur að nýrri samstarfsáætlun Norðurlanda í húsnæðis- og byggingarmálum verið meginviðfangsefni embættismannanefndarinnar. Á Norðurlandaráðsþingi í febrúar 1991 var til umfjöllunar úttekt á norrænu samstarfi á þessu sviði og voru niðurstöður á þann veg að samstarfið væri bæði gagnlegt og mikilvægt.

Á húsnæðisráðherrafundi, sem haldinn var í kjölfar þingsins í febrúar 1991, var embættismannanefndinni falið að undirbúa nýja samstarfsáætlun. Á ráðherrafundi í Helsingfors 29. október sl. var samþykkt tillaga um samstarfsáætlun fyrir tímabilið 1992–1996. Þar er gert ráð fyrir breyttu skipulagi samstarfsins og lagt til að það grundvallist á verkefnasviðum sem ráðherrar ákveða hverju sinni. Þrjú meginsvið nýju samstarfsáætlunarinnar, sem kynnt eru í kafla um ráðherranefndartillögur, eru: hið byggða umhverfi, húsnæðispólitík og öryggi, heilsa og gæði.

Á ráðherrafundinum í Helsingfors var einnig samþykkt að auka samstarf við Eystrasaltslöndin á sviði húsnæðismála. Samþykkt var að koma á samvinnu, aðstoð og miðlun þekkingar varðandi fjármögnunarkerfi húsnæðismála, lög og reglugerðir og stjórnun húsnæðismála.

18. Afnám tæknilegra viðskiptahafta

Stjórnarnefnd um afnám tæknilegra viðskiptahafta hélt þrjá fundi á árinu 1991. Á fundum nefndarinnar, sem eru færri en lengri en áður, er meðal annars fjallað um raunhæf vandamál varðandi viðskiptahöft milli Norðurlandanna, haft samráð um mál á þessu sviði og skipst á skoðunum um þróun viðskiptahafta á alþjóðavettvangi. Á grundvelli nýs erindisbréfs frá samstarfsráðherrum Norðurlanda 21. ágúst 1991 eru nú gleggri skil á milli starfs nefndarinnar og norrænu embættismannanefndarinnar um viðskiptamál. Nefndin um afnám tæknilegra viðskiptahafta ber nú ábyrgð á öllum málum sem snerta tæknileg viðskiptahöft milli Norðurlanda.

Starf nefndarinnar mun einnig breytast með hliðsjón af þróun mála í Evrópu og taka mið af evrópsku samræmingarstarfi á þessu sviði. Þá hefur nefndinni verið ætlað meira hlutverk en áður varðandi staðlamál á Norðurlöndum og skal meðal annars undirbúa skýrslu um norræna staðla- og prófunarstarfsemi. Nefndin á að gefa út rit um sambærilegar reglur til að draga úr viðskiptahöftum á Norðurlöndum, þó ekki árlega eins og áður var heldur eftir þörfum. Nefndin gerir og ársskýrslu. Mörg mál, sem nefndin hefur haft til meðferðar á liðnum árum, hafa verið leyst en sum þeirra mála munu verða leyst á grundvelli nánara samstarfs milli Evrópuríkjanna. Nefndin mun huga að því í þessu sambandi hvernig norrænum sjónarmiðum verði komið á framfæri í Evrópusamstarfinu.

19. Norrænt samstarf um jarðskjálftarannsóknir

SIL-verkefnið er mikilsverðasta samstarfsverkefni Norðurlanda á sviði jarðskjálftafræði. Viðfangsefnið er mælingar og rannsóknir sem miða að því að skapa undirstöðu undir jarðskjálftaspár. Suðurlandið varð fyrir valinu vegna jarðskjálftahættu þar.

Árangur slíkra rannsókna hefur þó gildi víðar. Alþjóðlega er nú litið á Suðurlandsundirlendið sem „tilraunasvæði" þar sem aðstæður eru fyrir hendi til þess að prófa tæki og aðferðir sem miða að jarðskjálftaspám. Það er einmitt talið mikilsvert fyrir þróun jarðskjálftaspár að einbeita kröftum, þekkingu og tækni að slíkum svæðum.

Norræna ráðherranefndin og vísindasjóðir á Norðurlöndum hafa stutt þetta verkefni. Í ársbyrjun 1988 hafði tekist að tryggja fjármagn til uppbyggingar mælakerfis og rannsókna í fimm ár, um það bil 45 milljónir íslenskra króna á núvirði, og íslenska ríkið hafði heitið því að standa undir rekstrarkostnaði vegna verkefnisins. Var þá hafist handa við að byggja upp sjálfvirkt mælakerfi á Suðurlandi.

Mælakerfið, sem byggt hefur verið upp á Suðurlandi, er nefnt SIL-kerfið. Innan 5–10 mínútna frá því að jarðskjálfti verður gefur kerfið upplýsingar um staðsetningu hans, stærð, tíðniinnihald bylgjuhreyfingarinnar og fleira. Innan tíu mínútna til viðbótar fást upplýsingar um stærð og stefnu brotahreyfingarinnar sem jarðskjálftinn olli.

Árið 1991 mældi kerfið 10 þúsund jarðskjálfta á Suðurlandi, en þá var þar tiltölulega mikið um jarðskjálftahrinur. Margir þessara skjálfta eru mjög smáir. Hver og einn þeirra gefur þó nokkrar upplýsingar um spennuástand svæðisins og hvernig það er að þróast. Mjög mikilsverðar upplýsingar fengust frá kerfinu varðandi Heklugosið sem hófst 17. janúar 1991. Verið er að byggja inn í kerfið og þróa hugbúnað sem nemur sítitring eða gosóróa í nálægum eldfjöllum og gæti þannig gefið viðvörun um byrjun goss.

Rannsóknir innan verkefnisins hafa hingað til fyrst og fremst miðað að því að skapa og bæta hæfni SIL-mælanetsins. Nú eru hafnar eða áformaðar rannsóknir sem miða að því að lesa út úr mælingunum upplýsingar um ýmsa eðliseiginleika svæðisins. Þessar rannsóknir eru kostaðar að einhverju leyti af því litla fé sem enn er afgangs af 45 milljónunum, en einnig hefur fengist styrkur úr sænska vísindasjóðnum.

Auk þess að vera sjálfvirkt kerfi til úrvinnslu jarðskjálftamælinga er SIL-kerfið hannað með tilliti til þess að auðvelt sé að tengja inn í það mælingar á ýmsum öðrum þáttum sem tengjast landbreytingum og hugsanlegum forboðum stórra jarðskjálfta eða eldgosa. Þegar er búið að tengja inn í kerfið ýmsar slíkar mælingar. Miðstöð SIL-kerfisins er á Veðurstofu Íslands.

Stjórnarfundur SIL-verkefnisins var haldinn á Íslandi 12. júní 1991 í sambandi við ráðstefnu norrænna jarðskálftafræðinga sem hér var haldin 9.–11. júní. Þá ráðstefnu sóttu 60 manns, 27 Íslendingar og 33 annars staðar af Norðurlöndum. Þess má geta að þessar ráðstefnur eru ekki tengdar starfi ráðherranefndar eða Norðurlandaráðs. Stofnanir viðkomandi þátttakenda borga ferðakostnað.

20. Stefnumótun á sviði upplýsingavinnslu

Norræn samráðsnefnd um stefnumótun á sviði upplýsingavinnslu (KO-data) hefur lagt fram tillögur um skipulag og fjármögnun sameiginlegra verkefna sem tengd eru upplýsingatækni og snerta fleiri en eitt svið atvinnulífsins. Tillögurnar gera ráð fyrir að Norðurlandaþjóðirnar samræmi aðgerðir sínar í þremur málaflokkum þar sem samvinna kæmi að mestu gagni en þeir eru:

1) Norræn samvinna í ljósi sameiningar Evrópu.
2) Upplýsingatækni og skilvirkni í opinberum rekstri.
3) Öryggismál tengd upplýsingatækni.

Í ljósi þess hve ríka áherslu Evrópubandalagið leggur á þróun upplýsingakerfa og þjónustu tengda þeim telur nefndin að þörf sé fyrir aukið norrænt samráð varðandi upplýsingatækni og upplýsingastefnu. Lagt er til að komið verði á fót til næstu þriggja ára norrænum vinnuhópi um upplýsingatækni sem í sitji einn fulltrúi frá hverju landi. Þessi nýi vinnuhópur á að:

— stuðla að samræmingu norrænna sjónarmiða og aðgerða með tilliti til þess sem er að gerast í EB, einkum hvað varðar notkun upplýsingatækni í opinberri stjórnsýslu,
— hafa frumkvæði að úttektar- og þróunarverkefnum, ráðstefnum o.fl. varðandi mikilvæg álitamál tengd upplýsingastefnu,
— veita norrænum samtökum og stofnunum stuðning og ráðgjöf varðandi upplýsingastefnu.

Vinnuhópurinn skal ráða tengilið í hlutastarf. Verkefni hans verður meðal annars að fylgjast með upplýsingatækni í opinberri stjórnsýslu innan EB, einkum þróun opinna kerfa og sameiginlegra evrópskra tölvuneta, og kynna sér öryggi upplýsingakerfa og framvindu IMPACT-áætlunarinnar um að byggja upp markað fyrir upplýsingaþjónustu.

Nefndin leggur til að í norrænni samvinnu verði sett af stað tilraunaverkefni í þeim tilgangi að endurbæta aðferðir við mælingu og greiningu árangurs af því að beita upplýsingatækni í stjórnsýslunni.

Nefndin leggur til að samvinna hagsýslufólks á upplýsingasviðinu verði aukin og fé veitt til samvinnuverkefna í því skyni, meðal annars um stöðlun í opinberri þjónstu. Loks er það tillaga nefndarinnar að gerð verði könnun á stöðu öryggismála upplýsingakerfa á Norðurlöndum og að hugað verði að þeim álitamálum sem upp kunna að koma í tengslum við þróun rafeindamarkaða, rafeindamyntar og upplýsinganeta fyrir rannsóknastofnanir.

Vinnuhópurinn um stefnumótun á sviði upplýsingavinnslu er nú fullskipaður og er Jóhann Gunnarson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, fulltrúi Íslands. Vinnuhópurinn fær um 4.500 þúsund d.kr. á næstu þremur árum til þess að sinna verkefnum sínum.

Af verkefnalista nýja vinnuhópsins má ráða að megináherslan í starfi hans mun lögð á málefni tengd hagsýslu í upplýsingatækni, nánar tiltekið hvernig henni verði beitt með hagkvæmari hætti hvarvetna í stjórnsýslunni. Íslenskar ríkisstofnanir verja nú 2–3 milljörðum króna árlega til upplýsingatækni. Útgjöld til þessa málaflokks munu nema hækkandi hlutfalli af rekstrargjöldum ríkisins á komandi árum. Er því mikilvægt að hafa sífellt vakandi auga með því hvernig þessum útgjaldalið verði haldið í skefjum án þess að dregið verði úr notagildi upplýsingatækninnar fyrir stjórnsýsluna. Það tækifæri, sem hér gefst til að taka þátt í markvissum hagsýsluverkefnum í samstarfi við bestu sérfræðinga nágrannalandanna, verður án efa bæði lærdómsríkt og gagnlegt. Endanlegur árangur veltur þó á því hvernig hinum íslensku þátttakendum tekst að vekja áhuga hvarvetna í íslenska stjórnkerfinu á þeim hugmyndum, lausnum eða upplýsingum sem heim berast.

21. Norræni þróunarsjóðurinn

Norræni þróunarsjóðurinn tók formlega til starfa 1. febrúar 1989. Hann hefur aðsetur hjá Norræna fjárfestingarbankanum í Helsingfors og nýtur samrekstrar með honum að mörgu leyti. Stofnfé sjóðsins er 100 milljónir SDR (um 8 milljarðar íslenskra króna) sem greiðast á fimm árum af Norðurlöndunum í samræmi við „norræna deililykilinn“ og kemur síðasti hlutinn til greiðslu um áramót 1992–1993.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Fyrst og fremst er lánað til fátækustu ríkja heims. Lánskjörin eru með þeim bestu sem þekkjast. Lánin eru til 40 ára, afborgunarlaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus en með 0,75% þjónustugjaldi á ári.

Í stofnsamningi Norræna þróunarsjóðsins er kveðið á um að norræna ráðherranefndin skuli í síðasta lagi 1. desember 1991 taka afstöðu til áframhaldandi starfsemi sjóðsins eftir

fyrstu fimm árin. Norræna ráðherranefndin (samstarfsráðherrarnir) ákvað í desember 1991 að sjóðurinn skuli halda áfram starfsemi eftir 31. janúar 1994 án tímamarka. Jafnframt ákvað ráðherranefndin að stofnfé sjóðsins skuli aukið um 150 milljónir SDR (12 milljarða íslenskra króna) og er miðað við að ríkissjóðir Norðurlandanna greiði nýtt stofnfé inn á fimm árum frá 1994 til 1998.

Fram til desember 1991 hefur stjórn sjóðsins veitt vilyrði fyrir lánum til 18 verkefna í 16 þróunarlöndum að upphæð 61,6 milljónir SDR (um 4,9 milljarðar íslenskra króna). Þar af hafa verið undirritaðir 10 lánasamningar að upphæð 35,7 milljónir SDR (um 2,8 milljarðar íslenskra króna). Auk þess eru 10 lánaverkefni komin á ákvörðunarstig. Umbeðin lán vegna þeirra eru samanlagt um 37 milljónir SDR (um 3 milljarðar íslenskra króna). Þegar þau lán hafa verið afgreidd verður búið að lofa mestum hluta upprunalegs stofnfjár sjóðsins (100 milljónir SDR).

Eitt lán hefur verið undirritað þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Það er lán til fiskveiðiverkefnis í Malawi og er lánsupphæðin 2,8 milljónir SDR (um 233 milljónir íslenskra króna). Sjóðurinn tekur þátt í verkefninu ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands og Alþjóðabankanum. Hluti verkefnisins er bygging skips til fiskirannsókna á Malawivatni. Samið hefur verið við íslenska skipasmiðastöð um byggingu rannsóknaskipsins og einnig er búist við að fiskiskip af svipaðri stærð verði byggt á Íslandi. Íslensk fyrirtæki náðu einnig samningum um spil og rafmagnstöflur í skipin eftir útboð á Norðurlöndum. Alls er gert ráð fyrir að íslensk fyrirtæki fái samninga að upphæð um 78 milljónir íslenskra króna auk um 6 milljóna íslenskra króna sem greiðslu fyrir hönnun skipanna og eftirlit á byggingartíma.

Veitt hefur verið vilyrði fyrir öðru láni til verkefnis þar sem íslensk fyrirtæki eiga hagsmuna að gæta. Það er fiskveiðistjórnunarverkefni í Chile og er lánsupphæðin 2,5 milljónir SDR (um 200 milljónir íslenskra króna). Norræni þróunarsjóðurinn mun taka þátt í verkefninu ásamt Norræna fjárestingarbankanum og Alþjóðabankanum. Íslenskt ráðgjafarfyrirtæki hefur undirbúið verkefnið á vegum Alþjóðabankans. Íslensk ráðgjafarfyrirtæki standa vel að vígi til að ná samningum að upphæð um 80 milljónir íslenskra króna og samningar um íslenskan hugbúnað og vogakerfi eru taldir geta numið 20 milljónum íslenskra króna.

Sjóðurinn hefur sex starfsmenn. Meðal þeirra er einn íslendingur, Engilbert Guðmundsson hagfræðingur, en hann tók til starfa við sjóðinn vorið 1991.

Í stjórn sjóðsins situr einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Stjórnarformaður nú er fulltrúi Finnlands, Jorma Paukku. Fulltrúi Íslands í stjórninni er dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en varamaður dr. Björn Dagbjartsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

22. Norræni fjárfestingarbankinn

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) hefur nú starfað um 15 ára skeið, en bankinn hóf starfsemi sína árið 1976. Fullyrða má að starfsemi bankans sé einn þýðingarmesti og árangursríkasti þátturinn í norrænu samstarfi. Lánveitingar bankans hafa að jafnaði verið á hagstæðum kjörum og hafa íslenskir lántakendur notið góðs af. Fyrsta lánveiting bankans var til Íslands þegar samþykkt var lán til Járnblendifélagsins á Grundartanga. Útistandandi lán bankans til Íslands nema nú rúmlega 20 milljörðum króna.

Erlendar skuldbindingar íslenska þjóðarbúsins námu alls 188,6 miljörðum króna í lok september 1991 og um 11% þeirra má því rekja til lántöku hjá NIB. Af heildarskuldbindingum þjóðarbúsins eru 61,2 milljarðar í formi beinna erlendra bankalána og þar af eru lán NIB rúmlega 20 milljarðar eða um 33% af beinum erlendum bankalánum. NIB er stærsti einstaki erlendi lánveitandinn til Íslands.

Lán NIB til Íslands í lok september 1991 samsvara rúmlega 8% af heildarútlánum NIB til Norðurlandanna en eignarhlutur Íslands í bankanum er 1%. Þessi útlán greinast hlutfallslega þannig milli atvinnugreina:

Raforkuframleiðsla	26%
Hitaveita	8%
Orkufrekur iðnaður	4%
Annar iðnaður	21%
Fiskveiðar/vinnsla	13%
Byggðaverkefni	16%
Samgöngur og ferðamál	11%
Umhverfismál	1%

Á árinu 1991 voru samþykkt tíu lán til íslenskra aðila að upphæð jafnvirði 37,5 milljóna SDR eða rúmlega 3 milljarða íslenskra króna. Útborguð lán til Íslands nema 36,5 milljónum SDR í ár. Eftirtaldir aðilar fengu samþykkt lán hjá NIB á árinu 1991:

Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins	ISK	52,0 millj.	(SDR 0,5 millj.)
Hitaveita Suðurnesja	USD	4,0 millj.	(SDR 3,0 millj.)
Fiskveiðasjóður	CHF	7,8 millj.	(SDR 3,8 millj.)
Iðnlánasjóður	USD	5,2 millj.	(SDR 3,9 millj.)
Byggðastofnun	USD	10,0 millj.	(SDR 7,4 millj.)
Iðnþróunarsjóður	DEM	7,1 millj.	(SDR 3,1 millj.)
Ríkissjóður (Vestmannaeyjarferja)	USD	12,4 millj.	(SDR 9,2 millj.)
Sandgerðisbær	ISK	40,0 millj.	(SDR 0,5 millj.)
Hitaveita Reykjavíkur	ISK	450,0 millj.	(SDR 5,6 millj.)
Flugleiðir hf	USD	5,5 millj.	(SDR 4,0 millj.)

Á undanförnum árum hefur NIB samkvæmt ákvörðun Norðurlandaráðs veitt svokölluð byggðalán. Núgildandi lánarammi fyrir þennan lánaflokk er 200 milljónir SDR (16,3 milljarðar króna). Af aðildarlöndunum hefur Ísland fengið mest úr þessum lánaflokki eða 23,3% sem samsvarar 3,8 milljörðum króna.

Snemma á árinu 1991 hófst undirbúningur að öflun íslensks fjár til útlána til viðskiptavina bankans á Íslandi. Í fyrstu var ráðgert að reyna að selja skuldabréf bankans í íslenskum krónum á innlendum verðbréfamarkaði, en þar sem vextir voru mjög háir á innlendum skuldabréfamarkaði og engar líkur á lækkun í bráð þótti sýnt að ekki væri grundvöllur til að bjóða viðskiptavinum bankans upp á þau kjör. Bankinn hafði áður (1988 og 1989) aflað um 700 milljóna íslenskra króna til endurlána með sérstökum skuldaskiptasamningum (SWAP) við Seðlabanka Íslands sem endurlánuð voru fjárfestingarlánasjóðum iðnaðarins. Ekki reyndist grundvöllur fyrir frekari viðskiptum af því tagi á árinu 1991. Því var sú leið farin að meta hvað vextir þyrftu að vera í íslenskum krónum til þess að lán í íslenskum krónum þættu eftirsóknarverð. Það markmið var sett að reyna að afla íslensks fjár með sölu skuldabréfa á alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum. Jafnframt var haft náið samstarf við íslensk stjórnvöld sem studdu aðgerðir bankans dyggilega.

Þann 31. október sl. hófst síðan sala á skuldabréfum í íslenskum krónum í fyrsta skipti á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum. Samtals voru gefin út skuldabréf að upphæð 2,7 milljarðar íslenskra króna, þ.e. 1,5 milljarðar í vísitölutryggðum skuldabréfum með 6,75% vöxtum og 1,2 milljarðar í óverðtryggðum skuldabréfum með 13% vöxtum.

Með hliðsjón af gildandi raunvaxtastigi á Íslandi má fullyrða að lántakan hafi verið mjög hagstæð og kemur þar til sögunnar meðal annars það sterka lánstraust sem NIB nýtur á alþjóðamarkaði auk vaxandi trausts erlendra fjárfestingaraðila á íslensku krónunni.

NIB er nú eini lánveitandinn sem getur boðið íslenskum viðskiptavinum sínum upp á erlend lán í íslenskum krónum þannig að engin gengisáhætta er lengur til staðar fyrir lántakandann. Um 800 milljónum króna af áðurnefndu útboði hefur þegar verið ráðstafað til lánveitinga til viðskiptavina bankans á Íslandi. Er þar um að ræða óverðtryggð útlán á föstum vöxtum, en um árabil hefur ekki verið unnt að afla langtímalánsfjármagns í íslenskum krónum á föstum vöxtum án verðtryggingar.

Afkoma NIB er góð og bankinn hyggur á aukin umsvif. Starfsmenn bankans eru nú alls 91. Aðalbankastjóri er Norðmaðurinn Jannik Lindbæk. Þrír íslendingar starfa nú hjá NIB, tveir í Helsingfors, þeir Þorsteinn Þorsteinsson og Guðmundur Kr. Tómasson, og einn á skrifstofu bankans í Kaupmannahöfn, Theódór Agnar Bjarnason.

Í bankaráði NIB sitja tíu fulltrúar, tveir frá hverju aðildarlandi. Fulltrúar Íslands í bankaráðinu eru þeir Þórhallur Ásgeirsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, og Guðmundur Magnússon prófessor. Fulltrúar Íslands í eftirlitsnefnd bankans eru Björn Björnsson bankastjóri og Geir H. Haarde alþingismaður. Annar endurskoðandi bankans er Helgi V. Jónsson endurskoðandi.

23. Norræna eldfjallastöðin

Norræna eldfjallastöðin er samnorræn stofnun sem starfað hefur frá 1973. Hún heyrir undir norrænu ráðherranefndina og er kostuð af henni. Stjórn hennar er skipuð fulltrúum Norðurlandanna auk þriggja fulltrúa íslenskra stofnana á sviði jarðvísinda. Stjórnarformaður er prófessor Carl Ehlers, Finnlandi, en dr. Guðmundur E. Sigvaldason prófessor veitir stöðinni forstöðu.

Rannsóknir stofnunarinnar beinast að því að svara spurningum um eðlis- og efnafræðilegar forsendur eldvirkni. Stofnunin leggur áherslu á að birta niðurstöður rannsókna í alþjóðlegum tímaritum sem setja strangar gæðakröfur. Frá upphafi hafa um 100 slíkar greinar verið birtar. Minni áhersla er lögð á birtingu áfangaskýrslna, en um 60 skýrslur hafa verið gefnar út. Rit stofnunarinnar eru gefin út á ensku. Stofnunin hefur einnig lagt áherslu á að kynna eldfjallafræði í ritum og sjónvarpsþáttum fyrir almenning, bæði á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum.

Ásókn í rannsóknarstöður við Norrænu eldfjallastöðina er langt umfram getu stofnunarinnar til að veita styrki. Að jafnaði eru umsóknir þrisvar til fimm sinnum fleiri en hægt er að sinna.

Norræna eldfjallastöðin hefur brugðist við breytingum á samfélögum Austur-Evrópu með því að óska eftir tveimur stöðum fyrir styrkþega frá Eystrasaltslöndunum í eitt ár til að byrja með. Þetta er gert í trausti þess að bágborin húsnæðisaðstaða stofnunarinnar verði bætt í nánustu framtíð.

Úrlausn margra verkefna stofnunarinnar þarfnast dýrra tækja sem ekki eru til á Íslandi. Náin samvinna við stofnanir í öðrum löndum leysir þennan vanda og Norræna eldfjallastöðin hefur stofnað til samvinnu við marga háskóla, einkum í Evrópu. Tíu slíkum samvinnuverkefnum er lokið með útgáfu ritgerða í alþjóðlegum tímaritum.

Síaukin samvinna við erlendar og innlendar stofnanir ásamt góðum undirtektum norrænu ráðherranefndarinnar við beiðnum um fé til tækjakaupa og sérverkefna hefur leitt til stöðugs vaxtar Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

24. Starfsemi norræna sjávarlíffræðiráðsins (Nordisk kollegium för marinbiologi, NKMB)

Tilgangur norræna sjávarlíffræðiráðsins (NKMB) er að efla samvinnu og samskipti á sviði sjávarlíffræðirannsókna. Ráðið hefur lagt áherslu á norræna samvinnu nemenda í framhaldsnámi (t.d. meistaranámi, cand. scient. námi, doktorsnámi) og þeirra sem nýlega hafa lokið framhaldsnámi en hafa enn litla möguleika á þátttöku í norrænu samstarfi eftir öðrum leiðum.

Námskeiðahald.

Til að ná fram þessum markmiðum stendur ráðið m.a. fyrir námskeiðum sem fjalla um eitthvert af sérsviðum sjávarlíffræðinnar. Haldin eru 4–5 námskeið árlega og vara námskeiðin í viku til fjórtán daga og eru í umsjón sérfræðinga á viðkomandi sviði. Alls hefur NKMB staðið fyrir um 136 námskeiðum frá upphafi og þátttakendur hafa verið alls 1.630.

Hérlendis hafa námskeið verið haldin annað hvert ár frá árinu 1983. Á síðasta ári (1991) var haldið hálfsmánaðar námskeið í Vestmannaeyjum í umsjón kennara við Háskóla Íslands og með þátttöku innlendra og erlendra sérfræðinga. Námskeiðið fjallaði um lífríki á klettabotni og lifnaðarhætti einstakra tegunda sem þar lifa. Alls tóku sex Íslendingar, fjórir Danir, þrír Finnar, þrír Svíar og tveir Norðmenn þátt í námskeiðinu og komust færri að en vildu. Námskeiðið þótti mjög vel heppnað. Námskeið af þessu tagi eru mikilvæg til að auka tengsl íslenskra sjávarlíffræðinga við norræna starfsbræður þeirra.

Námsdvalir.

Annar mikilvægur þáttur í starfsemi norræna sjávarlíffræðiráðsins er að stuðla að amvinnu við rannsóknir. Nemendum í framhaldsnámi gefst þannig kostur á að dvelja í tvo til tólf mánuði í senn við rannsóknir á rannsóknastofnunum í einhverju hinna Norðurlandanna. Alls hafa 167 styrkþegar dvalist við rannsóknir um lengri eða skemmri tíma við aðrar rannsóknastofnanir á Norðurlöndunum. Nokkrum Íslendingum hefur á liðnum árum þannig gefist kostur á að dveljast við helstu rannsóknastofnanir á Norðurlöndunum, en á síðasta ári bárust ekki umsóknir um slíkt frá Íslendingum.

Kynnisferðir og fleira.

Mikilvægur þáttur í starfsemi norræna sjávarlíffræðiráðsins er að stuðla að vinnufundum, minni ráðstefnum og kynningarferðum. Á síðasta ári gafst dr. Guðmundi Guðmundssyni sjávarlíffræðingi færi á að dveljast í stuttan tíma við Riksmuseét í Stokkhólmi og kynna sér dýrafræðisafnið þar.

Önnur starfsemi.

Norræna sjávarlíffræðiráðið hafði forgöngu um að Norðurlöndin settu á laggirnar rannsóknaverkefnið BIOFAR á árunum 1987–1990. Tilgangur með BIOFAR-rannsóknunum var að kanna botndýralíf við Færeyjar, en þar var lífríki botnsins mjög illa þekkt. Nú hefur svipað verkefni verið sett á laggirnar við Ísland fyrir forgöngu umhverfisráðuneytisins. Það er rannsóknaverkefnið Botndýr á Íslandsmiðum (BIOICE) sem er samstarfsverkefni margra innlendra aðila. Norræna sjávarlíffræðiráðinu voru á síðasta ári kynntar áætlanir um verkefnið og er mikill áhugi á því innan ráðsins. Líkur eru taldar á að norræna sjávarlíffræðiráðið muni efna til vinnufunda vegna verkefnisins hérlendis á næstu árum og veita ferða- og dvalarstyrki fyrir erlenda þátttakendur í þessu verkefni.

452. Fyrirspurn [270. mál]

til forsætisráðherra um flutning stofnana á vegum ríkisins út á landsbyggðina.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

Hvenær má búast við því að ríkisstjórnin hefjist handa við framkvæmd starfsáætlunar sinnar um að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins eftir því sem hagkvæmt þykir?

Hvaða þjónusta og stofnanir verða í upphafi fluttar af höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina?

453. Fyrirspurn [271. mál]

til menntamálaráðherra um fræðslu í íslensku fyrir innflytjendur.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við sívaxandi fræðsluþörf í íslensku fyrir þann fjölmenna og fjölbreytta hóp innflytjenda á Íslandi, bæði af innlendum og erlendum stofni og á öllum aldri, sem þegar hefur flust til landsins og mun leita hingað á næstu árum?

454. Fyrirspurn [272. mál]

til menntamálaráðherra um frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

1. Hvernig miðar undirbúningi þess að lagt verði fram á Alþingi frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu?
2. Hvenær hyggst ráðherra leggja frumvarpið fram?
3. Hvernig og í hve miklum mæli hyggst ráðherra nýta fræðsluvarpið sem kennslumiðil í fullorðinsfræðslu?

455. Fyrirspurn [273. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni innflytjenda.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

1. Hvaða vandamál hafa sprottið upp við komu hins fjölmenna og fjölbreytta hóps útlendinga sem nú er að flykkjast til landsins?
2. Hvernig hefur verið brugðist við þeim vandamálum?
3. Hvernig gætir ráðherra þess að atvinnuréttindi og félagsleg réttindi þessa fólks verði ekki fyrir borð borin?

456. Frumvarp til laga [274. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Calderon, Emie Soon, húsmóðir, f. 17. júní 1969 á Filippseyjum.
2. Cartwright, Lorna, verslunarmaður, f. 4. ágúst 1971 í Englandi.
3. Cartwright, Raymond, kjötiðnaðarmaður, f. 28. desember 1947 í Englandi.
4. Darna, I. Nengah, verkamaður, f. 2. febrúar 1954 í Indónesíu.
5. Dobreva, Veska Ivanova, húsmóðir, f. 14. júlí 1961 í Búlgaríu.
6. Dyer, Sigurjón Pálmi, filmuklippari, f. 28. febrúar 1959 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
7. Joensen, Niels Alvinus, sjómaður, f. 1. júlí 1944 í Færeyjum.
8. Hammer, Súsanna, húsmóðir, f. 8. október 1965 á Akureyri.
9. Poulsen Park, Elín, verslunarmaður, f. 1. apríl 1952 í Færeyjum.
10. Wilson, Susan Anna, nemi, f. 16. júlí 1972 í Reykjavík.
11. Zalewski, Annel Jón, nemi, f. 9. júlí 1976 í Reykjavík.
12. Zalewski, Jenný Heiða, nemi, f. 7. janúar 1978 í Reykjavík.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefnd Alþingis.

Frumvarp þetta er annað frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á yfirstandandi 115. löggjafarþingi. Hið fyrra var borið fram á haustþingi og var samþykkt í desember.

457. Svar [119. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Árna R. Árnasonar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

1. *Hefur ráðherra sett stjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vinnureglur eða viðmiðunarreglur umfram fyrirmæli laga nr. 91/1989 og reglugerðar nr. 542/1989 um úthlutanir? Ef svo er, hverjar? Hefur stjórn sjóðsins sjálf sett sér slíkar reglur?*

Rétt er að vekja athygli á að lögin um tekjustofna sveitarfélaga eru nú nr. 90/1990 og reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 390/1991.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar hefur félagsmálaráðherra á hendi yfirstjórn Jöfn-

unarsjóðs og tekur ákvarðanir um úthlutun framlaga úr sjóðnum, annarra en bundinna framlaga skv. 8. gr. að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar skv. 4. gr.

Það er einkum við úthlutun stofnframlaga skv. 10. gr. reglugerðarinnar sem nauðsynlegt hefur verið að setja nokkuð ítarlegri vinnureglur eða viðmiðunarreglur en fram koma í reglugerðinni en að sjálfsögðu eru þær grundvallaðar á henni. Ráðgjafarnefndin hefur gert tillögur um slíkar reglur og ráðherra staðfest þær við viðkomandi úthlutun.

Helstu vinnureglur við úthlutun stofnframlaga hafa verið eftirfarandi:

— Sveitarfélög með innan við 500 íbúa fá úthlutað allt að því hlutfalli sem tilgreint er í reglugerðinni.
— Sveitarfélög með 500–800 íbúa fá allt að 40% vegna stofnkostnaðar skv. a- og b-lið 10. gr. reglugerðarinnar og allt að 20% af stofnkostnaði skv. c-lið.
— Sveitarfélög með 800–2.000 íbúa fá allt að 20% af framkvæmdum skv. a-lið og til skólamannvirkja skv. b-lið.

Framlög til vatnsveitna miðast við þátttöku í meiri háttar vatnsveituframkvæmdum, þ.e. vatnstökuvirkjum, aðveituæðum og miðlunargeymum. Framlag er því aðeins veitt að fyrirsjáanlegt sé að sveitarfélag geti ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofn- og rekstrarkostnaði veitunnar.

Við mat á umsóknum er tekið tillit til eftirfarandi atriða:

1. Álagðs vatnsskatts. Miðað er við að almennur vatnsskattur ætti að geta verið allt að 0,17% af álagningarstofni og lagður væri á eðlilegur aukavatnsskattur.
2. Fjárhags sveitarfélagsins.
3. Umfangs framkvæmdar í hlutfalli við stærð sveitarfélags.
4. Skuldastöðu vatnsveitu.
5. Tekjuafgangs vatnsveitu sem hlutfalls af framkvæmdakostnaði og þá miðað við eðlilegan vatnsskatt, sbr. 1. lið.

Framlög til vatnsveituframkvæmda greiðast eftir á þannig að framlög vegna framkvæmda á árinu 1990 komi til greiðslu 1991.

2. *Er við úthlutun stjórnar sjóðsins tekið tillit til skuldsetningar sveitarsjóðs? Ef svo er, vegur það þyngra en þörf fyrir verkefni í sveitarfélaginu eða íbúafjöldi þess?*

Framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. sveitarstjórnarlög, eru að sjálfsögðu háð skuldsetningu sveitarfélaga. Sama getur einnig átt við um framlög vegna sameiningar sveitarfélaga. Þetta getur líka átt við um stofnframlög skv. 10. gr. reglugerðarinnar en í þeirri grein stendur:

„Skilyrði þess að sveitarfélag fái framlag skv. 1. mgr. er að það hafi sótt um framlag til félagsmálaráðuneytisins til framkvæmdarinnar og ráðgjafarnefnd hafi samþykkt kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdina og styrkhæfni hennar. Nauðsynlegar upplýsingar og gögn skulu fylgja umsókn. Umsóknir þurfa að berast ráðuneytinu fyrir 1. nóvember ár hvert vegna framkvæmda á næsta ári.

Við úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein skal hafa hliðsjón af þörf sveitarfélags fyrir framkvæmdina, tekjumöguleikum, stærð þess og fjárhag og að framlag nýtist til að stytta framkvæmdatíma."

Varðandi svar við þessari spurningu vísast einnig til svars við spurningu nr. 1.

3. *Hvernig flokkast úthlutanir stjórnar sjóðsins á sl. ári eftir sveitarfélögum og verkefnum?*

Sjá meðfylgjandi yfirlit yfir úthlutanir úr sjóðnum á árinu 1990 eftir sveitarfélögum og tegundum framlaga.

4. *Hvernig skiptast, á sama hátt og í 3. tölul., fyrirliggjandi óafgreidd erindi og erindi sem synjað hefur verið?*

Sjá meðfylgjandi yfirlit yfir umsóknir sem ekki hlutu afgreiðslu eða var synjað við úthlutun stofnframlaga 1990 eftir sveitarfélögum og tegundum framkvæmda.

5. *Hverjar eru helstu ástæður fyrir synjum erinda og fyrir því að erindi hafi ekki hlotið afgreiðslu?*

Ástæður fyrir synjun umsókna eru fyrst og fremst að úthlutanir hefðu þá ekki samrýmst úthlutunarreglum sjóðsins en sjóðurinn hefur yfir takmörkuðu fjármagni að ráða. Synjanir varðandi úthlutanir stofnframlaga eru algengastar, sjá svar við 1. spurningu.

Ástæður fyrir frestun á afgreiðslu eru einkum að nauðsynleg gögn og upplýsingar liggja ekki fyrir á réttum tíma og undirbúningur því ófullnægjandi. Einnig hefur verið lögð á það áhersla að sveitarfélag fengi ekki framlög til margra framkvæmda samtímis. Frestun á afgreiðslu umsókna á því nær eingöngu við um stofnframlög.

Framlög til sveitarfélaga á árinu 1990

Sveitarfélög	Tekjujöfn. framlög	Þjónustu- framlög	Stofnkostn. framlög	Grunnskóla framlög	Tónl.skóla framlög	Sameining sveitarfél.	Fjárhags- erfl.svfél.	Samtals
Reykjanes:								
Grindavík		5.084.617						5.084.617
Keflavík	56.234.653							56.234.653
Njarðvík *1		5.628.137			202.000			5.830.137
Miðneshreppur		2.956.904		92.978				3.049.882
Gerðahreppur	5.093.050	3.008.892	3.000.000					11.101.942
Vatnsleysustr.hr.	3.986.372	2.764.737		527.475				7.278.584
Bessastaðahreppur	16.339.297	4.022.205	3.000.000	217.464				23.578.966
Mosfellsbær *2					528.000			528.000
Kjalarneshreppur		914.760		1.770.326				2.685.086
Kjósarhreppur				2.494.260				2.494.260
Vesturland:								
Akranes	33.230.459							33.230.459
Ólafsvík		5.706.801		551.560		200.000		6.458.361
Andakílshreppur		565.373						565.373
Reykholtsdalshr.		575.960						575.960
Þverárhlíðarhreppur	117.648							117.648
Stafholtstungnahr.	3.494							3.494
Borgarhreppur	362.300							362.300
Borgarnes	3.076.402	8.016.809	200.000					11.293.211
Hraunhreppur	1.695.776							1.695.776
Miklaholtshreppur	943.581							943.581
Staðarsveit	507.023		1.916.000					2.423.023
Neshreppur		1.246.884			303.000			1.549.884
Eyrarsveit		3.509.903	3.100.000					6.609.903
Helgafellssveit	733.656							733.656
Stykkishólmur *1		5.763.258	3.000.000	2.351.954	15.200			11.130.412
Skógarstrandarhr.	385.421							385.421
Hörðudalshreppur	443.729							443.729
Miðdalahreppur *2	831.967		300.000					1.131.967
Haukadalshreppur	570.407							570.407
Laxárdalshreppur *3		2.872.443	600.000	1.110.951				4.583.394

Sveitarfélög	Tekjujöfn. framlög	Þjónustu- framlög	Stofnkostn. framlög	Grunnskóla framlög	Tónl.skóla framlög	Sameining sveitarfél.	Fjárhags- erfl.svfél.	Samtals
Vesturland frh.:								
Hvammshreppur	518.871							518.871
Fellsstrandarhreppur	564.535							564.535
Skarðshreppur	229.441					18.900		248.341
Grunnskólar:								
Heiðarskóli *4				10.197.209				10.197.209
Andakílsskóli *5				941.970				941.970
Kleppjárnsreyksk.*6				9.070.099				9.070.099
Varmalandsskóli *7				18.457.154				18.457.154
Laugagerðisskóli *8				10.516.404				10.516.404
Grunnsk. Staðarsv.				1.250.202				1.250.202
Grunnsk. Eyrarsv.				1.045.429				1.045.429
Laugaskóli *9				10.630.590				10.630.590
Tónlistarskólar:								
Tónlsk. Borgarfj.*10					1.704.000			1.704.000
Tónlsk. Dalasýslu*11					1.389.000			1.389.000
Vestfirðir:								
Bolungarvík	5.946.453	5.716.211	3.000.000	26.526				14.689.190
Reykhólahreppur	7.536.380	760.183	1.000.000	3.938.605		2.379.703		15.614.871
Barðastrandarhreppur	58.814			939.453				998.267
Rauðasandshreppur	1.038.953			694.157				1.733.110
Patrekshreppur	2.889.688	6.500.050	1.000.000					10.389.738
Tálknafjarðarhreppur		1.545.374			434.000			1.979.374
Bíldudalshreppur	1.131.664	1.613.116	500.000	465.081	790.000			4.499.861
Þingeyrarhreppur	3.067.533	2.044.974		446.548	1.031.000	2.200.000		8.790.055
Mýrahreppur				417.744				417.744
Mosvallahreppur *1	1.113.756			573.146				1.686.902
Flateyrarhreppur		2.787.752			652.000			3.439.752
Suðureyrarhreppur	1.775.455	1.659.689		288.955	599.000			4.323.099
Súðavíkurhreppur		489.016		32.777	180.019			701.812
Nauteyrarhreppur	1.086.299							1.086.299
Árneshreppur	1.262.436		1.200.000	1.760.926				4.223.362
Kaldrananeshreppur			1.569.000	183.121				1.752.121
Hólmavíkurhreppur	1.954.040	1.943.360	3.619.000	983.423		200.000		8.699.823
Kirkjubólshreppur				582.845				582.845
Bæjarhreppur				1.964.976				1.964.976

Sveitarfélög	Tekjujöfn. framlög	Þjónustu-framlög	Stofnkostn. framlög	Grunnskóla framlög	Tónl.skóla framlög	Sameining sveitarfél.	Fjárhags-erfi.svfél.	Samtals
Vestfirðir frh.:								
Grunnskólar:								
Reykjanesskóli *2				1.659.252				1.659.252
Klúkuskóli				452.568				452.568
Grsk. Broddanesi *3				1.535.356				1.535.356
Norðurland vestra:								
Sauðárkrókur	2.200.770	5.901.073						8.101.843
Siglufjörður	2.638.024	8.496.688		230.162				11.364.874
Staðarhreppur Hrútf.	631.489			1.621.858				2.253.347
Fremri Torfust.hr.	705.200							705.200
Ytri-Torfustðahrp. *1	1.051.477		2.000.000					3.051.477
Hvammstangahrp. *2	3.408.408	4.799.168	3.600.000		1.394.000			13.201.576
Kirkjuhvammshrp.	1.947.776							1.947.776
Þverárhreppur *3	1.169.202			1.899.771				3.068.973
Áshreppur	591.962							591.962
Blönduós *4	3.820.307	5.076.371	4.500.000		868.000			14.264.678
Bólstaðarhlíðarhr.	932.442							932.442
Engihlíðarhreppur	309.540							309.540
Vindhælishreppur	641.094							641.094
Höfðahreppur		2.448.987						2.448.987
Skagahreppur	393.978			335.402				729.380
Skefilsstaðahreppur	282.334			495.315				777.649
Staðarhreppur Skagfj	450.072			679.582				1.129.654
Seyluhreppur	669.891	1.257.468						1.927.359
Lýtingsstaðahreppur	5.054.351	622.545		3.942.826				9.619.722
Akrahreppur	3.025.516			1.840.063				4.865.579
Rípurhreppur	866.831			994.765				1.861.596
Viðvíkurhreppur	1.683.058							1.683.058
Hólahreppur	565.013							565.013
Hofshreppur	4.684.723	1.786.706				5.500.000		11.971.429
Grunnskólar:								
Laugarbakkaskóli *5				9.826.951				9.826.951
Húnavallaskóli *6			2.600.000	11.440.963				14.040.963
Varmahlíðarskóli *7			1.500.000	10.738.912				12.238.912
Grunnsk. Hólum *8				2.231.649				2.231.649
Grunnskólinn Hofsós				3.258.849				3.258.849
Sólgarðaskóli				1.553.888				1.553.888

Sveitarfélög	Tekjujöfn. framlög	Þjónustu- framlög	Stofnkostn. framlög	Grunnskóla framlög	Tónl.skóla framlög	Sameining sveitarfél.	Fjárhags- erfl.svfél.	Samtals
Norðurl. vestra. frh.:								
Tónlistarskólar:								
Tónlsk. Skagafj. *9					2.723.000			2.723.000
Norðurland eystra:								
Ólafsfjörður		5.612.707	1.391.000	157.507				7.161.214
Dalvík *1		6.859.453	6.000.000		478.000			13.337.453
Húsavík		5.851.662						5.851.662
Grímseyjarhreppur				364.738				364.738
Svarfaðardalshreppur	2.209.555	590.783		2.537.737				5.338.075
Hríseyjarhreppur		1.164.323	1.555.500	131.788				2.851.611
Árskógshreppur		755.948		1.467.114				2.223.062
Arnarneshreppur	1.063.826							1.063.826
Oxnadalshreppur	493.078							493.078
Glæsibæjarhreppur		495.495						495.495
Hrafnagilshreppur	6.497.485	671.248		1.678.303				8.847.036
Saurbæjarhreppur	271.162			2.607.095				2.878.257
Öngulsstaðahreppur	11.298.154		700.000	2.925.238				14.923.392
Svalbarðsstrhrp. *2	2.497.100	1.308.275		807.727				4.613.102
Grýtubakkahreppur	3.865.723	1.786.706	3.500.000	1.033.474				10.185.903
Hálsahreppur	1.778.947							1.778.947
Ljósavatnshreppur	3.032.893	548.433						3.581.326
Bárðdælahreppur	1.953.204			1.583.475				3.536.679
Skútustaðahreppur	8.295.944	2.324.411	6.000.000	6.768.726	506.000			23.895.081
Reykdælahreppur	4.650.682	681.835	700.000	829.482	697.000			7.558.999
Aðaldælahreppur	8.385.196		100.000					8.485.196
Reykjahreppur			500.000					500.000
Tjörneshreppur	1.656.290							1.656.290
Kelduneshreppur *3				417.117				417.117
Oxarfjarðarhreppur *4				3.043.889				3.043.889
Fjallahreppur				309.429				309.429
Presthólahreppur *5	2.525.027	552.668		925.192	667.000		21.359.460	26.029.347
Raufarhafnarhreppur		1.672.391						1.672.391
Svalbarðshreppur *6	1.152.898		1.200.000	1.491.792				3.844.690
Þórshafnarhreppur*7		810.792	736.000	1.096.911	456.000			3.099.703
Sauðaneshreppur	339.255							339.255

Sveitarfélög	Tekjujöfn. framlög	Þjónustu-framlög	Stofnkostn. framlög	Grunnskóla framlög	Tónl.skóla framlög	Sameining sveitarfél.	Fjárhags-erfl.svfél.	Samtals
Norðurland eystra frh.:								
Grunnskólar:								
Þelamerkurskóli *8				7.808.252				7.808.252
Hrafnagilsskóli *9			3.500.000	5.490.575				8.990.575
Stórutjarnarskóli *10				5.129.513	469.000			5.598.513
Hafralækjarskóli *11				9.438.694	710.000			10.148.694
Tónlistarskólar:								
Tónlsk.Eyjafjsýsl.*12					2.919.000			2.919.000
Austurland:								
Seyðisfjörður		7.036.427	2.500.000	541.996		2.200.000		12.278.423
Neskaupstaður		8.252.044						8.252.044
Eskifjörður		5.151.647	7.500.000					12.651.647
Skeggjastaðahreppur				473.000				473.000
Vopnafjarðarhreppur	7.975.501	3.924.825	2.577.000	3.663.350				18.140.676
Hlíðarhreppur *1	1.273.823			2.004.995				3.278.818
Jökuldalshreppur	2.573.275		1.300.000	2.644.881				6.518.156
Fljótsdalshreppur *2	2.295.485		2.913.000					5.208.485
Fellahreppur	4.533.352	764.418		773.505	197.000			6.268.275
Tunguhreppur	1.230.284							1.230.284
Hjaltastaðahreppur	1.439.040							1.439.040
Borgarfjarðarhreppur	4.803.383	451.028		147.699	178.000			5.580.110
Skriðdalshreppur	2.304.780							2.304.780
Vallahreppur *3	864.484			5.425.908	516.000			6.806.392
Egilsstaðir	5.571.855	6.516.010		148.436				12.236.301
Eiðahreppur *4	1.498.483		500.000	2.608.866				4.607.349
Mjóafjarðarhreppur	64.106			46.204				110.310
Norðfjarðarhreppur				369.768				369.768
Reyðarfjarðarhreppur		5.074.414	4.700.000	161.418				9.935.832
Fáskrúðsfjarðarhr.	751.901			1.371.879				2.123.780
Búðahreppur		3.171.191						3.171.191
Stöðvarhreppur	2.856.582	1.460.696	300.000		658.000			5.275.278
Breiðdalshreppur	816.894	1.545.374	1.200.000	2.155.276	261.000			5.978.544
Beruneshreppur	1.121.074			1.197.477				2.318.551
Búlandshreppur	4.795.106	940.170	826.000		903.000			7.464.276
Geithellnahreppur	627.122			622.034				1.249.156
Bæjarhreppur	376.834							376.834
Nesjahreppur *5		628.898	1.500.000	4.306.278				6.435.176

Sveitarfélög	Tekjujöfn. framlög	Þjónustu-framlög	Stofnkostn. framlög	Grunnskóla framlög	Tónl.skóla framlög	Sameining sveitarfél.	Fjárhags-erfl.svfél.	Samtals
Austurland frh.:								
Höfn Hornafirði		7.748.641						7.748.641
Mýrahreppur	431.718			425.779				857.497
Borgarhafnarhreppur	1.592.733			772.784				2.365.517
Hofshreppur	301.233			182.927				484.160
Tónlistarskólar:								
Sýslun. A-Skaft. *6					1.053.000			1.053.000
Suðurland:								
Selfoss * 1	18.862.610			823.294				19.685.904
Skaftárhreppur	16.705.355	1.359.435		3.820.229	577.000	1.100.000		23.562.019
Mýrdalshreppur	9.485.694	2.603.849	676.000	2.823.477	470.000			16.059.020
A-Eyjafjallahreppur				1.362.688				1.362.688
V-Eyjafjallahreppur	3.639.538	442.558	800.000	2.684.390				7.566.486
A-Landeyjahreppur*2	1.602.277			1.426.024				3.028.301
V-Landeyjahreppur	298.193			1.063.458				1.361.651
Fljótshlíðarhreppur	2.246.234	474.320		1.039.133				3.759.687
Hvolhreppur		2.874.818		131.610				3.006.428
Rangárvallahreppur	3.468.452	3.158.489	500.000	2.724.309				9.851.250
Landmannahreppur	137.964							137.964
Holtahreppur	350.598							350.598
Djúpárhreppur				1.439.382				1.439.382
Gaulverjabæjarhr.	796.808			1.900.104				2.696.912
Stokkseyrarhreppur	2.920.212	2.201.628	230.000	220.563				5.572.403
Eyrarbakkahreppur		2.201.628						2.201.628
Sandvíkurhreppur	732.520		546.000					1.278.520
Hraungerðishreppur	227.446		693.000	2.199.858				3.120.304
Villingaholtshreppur	2.732.855		651.000	3.457.495				6.841.350
Skeiðahreppur				2.833.990				2.833.990
Gnúpverjahreppur		671.248		4.832.088				5.503.336
Hrunamannahreppur	11.248.301	1.308.615	1.940.000	3.710.085				18.207.001
Biskupstungnahrp.*3	6.185.844	1.037.575	4.800.000	8.252.291				20.275.710
Laugardalshreppur		999.200		883.282				1.882.482
Grímsneshreppur		273.158						273.158
Hveragerði *4	9.327.652	7.494.587		2.738.037				19.560.276
Ölfushreppur		7.141.735	3.000.000					10.141.735

Sveitarfélög	Tekjujöfn. framlög	Þjónustu-framlög	Stofnkostn. framlög	Grunnskóla framlög	Tónl.skóla framlög	Sameining sveitarfél.	Fjárhags-erfl.svfél.	Samtals
Grunnskólar:								
Kirkjubæjarskóli				5.911.970				5.911.970
Gagnfrsk.Hvolsv.*5				4.398.788				4.398.788
Laugalandsskóli *6				8.299.760				8.299.760
Ljósafossskóli *7				5.407.827				5.407.827
Tónlistarskólar:								
Tónlsk. Rangæinga*8					2.792.000			2.792.000
Tónlsk. Árnessýslu*9					2.413.000			2.413.000
Sveitarfél. í Eyjafirði						660.810		660.810
Óhafin framlög			43.242.500				25.000.000	68.242.500
Framlög alls	395.487.031	226.682.170	149.981.000	301.734.800	29.732.219	14.459.413	46.359.460	1.164.436.093

JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

FRAMLÖG TIL SVEITARFÉLAGA Á ÁRINU 1990 - SKÝRINGAR

Reykjanes:

1. **Njarðvík:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Hafnahreppi og Vatnsleysustrandarhreppi.

2. **Mosfellsbær:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi.

Vesturland:

1. **Stykkishólmur:**
Grunnskólaframlag og tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Helgafellssveit.

2. **Miðdalahreppur:**
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Hörðudalshrepps, Miðdalahrepps og Haukadalshrepps.

3. **Laxárdalshreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Haukadalshreppi og Laxárdalshreppi.

4. **Heiðarskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Hvalfjarðarstrandarhreppi, Skilmannahreppi, Innri-Akraneshreppi og Leirár- og Melahreppi.

5. **Andakílsskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Andakílshreppi og Skorradalshreppi.

6. **Kleppjárnsreykjaskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Andakílshreppi, Skorradalshreppi, Lundarreykjadalshreppi, Reykholtsdalshreppi og Hálsahreppi.

7. **Varmalandsskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Hvítársíðuhreppi, Þverárhlíðarhreppi, Norðurárdalshreppi, Stafholtstungnahreppi, Borgarhreppi, Álftaneshreppi og Hraunhreppi.

8. **Laugagerðisskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Kolbeinsstaðahreppi, Eyjarhreppi, Miklaholtshreppi, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppi og Skógarstrandarhreppi.

9. **Laugaskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Hörðudalshreppi, Miðdalahreppi, Haukadalshreppi, Laxárdalshreppi, Hvammshreppi, Fellsstrandarhreppi, Skarðshreppi og Saurbæjarhreppi.

10. **Tónlistarskóli Borgarfjarðar:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Innri-Akraneshreppi, Leirár- og Melahreppi, Andakílshreppi, Skorradalshreppi, Laundarreykjadalshreppi, Reykholtsdalshreppi, Hálsahreppi, Hvítársíðuhreppi, Þverárhlíðarhreppi, Norðurárdalshreppi, Stafholtstungnahreppi, Borgarhreppi, Álftaneshreppi og Hraunhreppi.

11. **Tónlistarskóli Dalasýslu:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr öllum sveitarfélögum Dalasýslu.

JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Framlög til sveitarfélaga á árinu 1990 - skýringar frh.:

Vestfirðir:

1. **Mosvallahreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Mosvallahreppi og Flateyrarhreppi.

2. **Reykjanesskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Ögurhreppi, Reykjarfjarðarhreppi, Nauteyrarhreppi og Snæfjallahreppi.

3. **Grunnskólinn Broddanesi:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Fellshreppi og Óspakseyrarhreppi.

Norðurland vestra:

1. **Ytri-Torfustaðahreppur:**
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Staðarhrepps, Fremri-Torfustaðahrepps, Ytri-Torfustaðahrepps, Kirkjuhvammshrepps, Þverárhrepps og Þorkelshólshrepps.

2. **Hvammstangahreppur:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr öllum sveitarfél. V-Húnavatnssýslu.

3. **Þverárhreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Kirkjuhvammshreppi og Þverárhreppi.

4. **Blönduós:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr öllum hreppum A-Húnavatnssýslu.

5. **Laugarbakkaskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Bæjarhreppi, Fremri-Torfustaðahreppi, Ytri-Torfustaðahreppi, Kirkjuhvammshreppi, Þverárhreppi og Þorkelshólshreppi.

6. **Húnavallaskóli:**
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Áshrepps, Sveinsstaðahrepps Torfalækjarhrepps, Svínavatnshrepps, Bólstaðarhlíðarhrepps, Engihlíðarhrepps og Vindhælishrepps.

Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr ofantöldum sveitarfélögum.

7. **Varmahlíðarskóli:**
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Skarðshrepps, Staðarhrepps, Seyluhrepps, Akrahrepps, Viðvíkurhrepps, Hólahrepps og Fljótahrepps.

Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Bólstaðarhlíðarhreppi, Skefilsstaðahreppi, Skarðshreppi, Staðarhreppi, Seyluhreppi, Lýtingsstaðahreppi, Akrahreppi, Viðvíkurhreppi, Hólahreppi og Fljótahreppi.

8. **Grunnskólinn Hólum:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Viðvíkuhreppi og Hólahreppi.

9. **Tónlistarskóli Skagafjarðar:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Skarðshreppi, Staðarhreppi, Seyluhreppi, Lýtingsstaðahreppi, Akrahreppi, Viðvíkurhreppi, Hólahreppi, Hofshreppi, Fellshreppi og Fljótahreppi.

JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Framlög til sveitarfélaga á árinu 1990 - skýringar frh.:

Norðurland eystra:

1. **Dalvík:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Svarfaðardalshreppi.

2. **Svalbarðsstrandarhreppur:**
Grunnskólaframlag vegna nemenda úr Svalbarðsstrandarhreppi og Grýtubakkahreppi.

3. **Kelduneshreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Kelduneshreppi og Öxarfjarðarhreppi.

4. **Öxarfjarðarhreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Kelduneshreppi, Öxarfjarðarhreppi og Presthólahreppi.

5. **Presthólahreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Öxarfjarðarhreppi og Presthólahreppi.

Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Kelduneshreppi, Öxarfjarðarhreppi og Presthólahreppi.

6. **Svalbarðshreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Svalbarðshreppi og Sauðaneshreppi.

7. **Þórshafnarhreppur:**
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Svalbarðshrepps, Þórshafnarhrepps og Sauðaneshrepps.

Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Svalbarðshreppi og Sauðaneshreppi.

Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Svalbarðshreppi, Þórshafnarhreppi og Sauðaneshreppi.

8. **Þelamerkurskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Arnarneshreppi, Skriðuhreppi, Öxnadalshreppi og Glæsibæjarhreppi.

9. **Hrafnagilsskóli:**
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Hrafnagilshrepps, Saurbæjarhrepps, Öngulsstaðahrepps og Svalbarðsstrandarhrepps.

Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Hrafnagilshreppi, Saurbæjarhreppi, Öngulsstaðahreppi, Svalbarðsstrandarhreppi og Grýtubakkahreppi.

10. **Stórutjarnarskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Hálshreppi, Ljósavatnshreppi, Bárðdælahreppi og Reykdælahreppi.

Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Grýtubakkahreppi, Hálshreppi, Ljósavatnshreppi og Bárðdælahreppi.

JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Framlög til sveitarfélaga á árinu 1990 - skýringar frh.:

11. **Hafralækjarskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Ljósavatnshreppi, Reykdælahreppi, Aðaldælahreppi, Reykjahreppi og Tjörneshreppi.

Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Ljósavatnshreppi, Aðaldælahreppi og Tjörneshreppi.

12. **Tónlistarskóli Eyjafjarðar:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Hríseyjarhreppi, Arnarneshreppi, Skriðuhreppi, Glæsibæjarhreppi, Hrafnagilshreppi, Saurbæjarhreppi, Öngulsstaðahreppi, Svalbarðsstrandarhreppi og Grýtubakkahreppi.

Austurland:

1. **Hlíðarhreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Hlíðarhreppi og Tunguhreppi.

2. **Fljótsdalshreppur:**
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Fljótsdalshrepps, Skriðdalshrepps og Vallahrepps.

3. **Vallahreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Fljótsdalshreppi, Skriðdalshreppi og Vallahreppi.

Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr sömu sveitarfélögum.

4. **Eiðahreppur:**
Stofnkostnaðarframlag er vegna sameiginlegra framkvæmda Hjaltastaðarhrepps og Eiðahrepps.

Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Hjaltastaðarhreppi og Eiðahreppi.

5. **Nesjahreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Bæjarhreppi, Nesjahreppi, Mýrahreppi, Borgarhafnarhreppi og Hofshreppi.

6. **Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Nesjahreppi, Mýrahreppi og Borgarhafnarhreppi.

Suðurland:

1. **Selfoss:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Sandvíkurhreppi.

2. **Austur-Landeyjahreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Austur-Landeyjahreppi og Vestur-Landeyjahreppi.

3. **Biskupstungnahreppur:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Biskupstungnahreppi og Grímsneshreppi.

4. **Hveragerði:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Ölfushreppi.

JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Framlög til sveitarfélaga á árinu 1990 - skýringar frh.:

Suðurland frh.:

5. **Gagnfræðaskólinn Hvolsvelli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Austur-Landeyjahreppi, Vestur-Landeyjahreppi, Fljótshlíðarhreppi og Hvolhreppi.

6. **Laugalandsskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Landmannahreppi, Holtahreppi og Ásahreppi.

7. **Ljósafossskóli:**
Grunnskólaframlag er vegna nemenda úr Grímsneshreppi, Þingvallahreppi og Grafningshreppi.

8. **Tónlistarskóli Rangæinga:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Austur-Eyjafjallahreppi, Vestur-Eyjafjallahreppi, Austur-Landeyjahreppi, Vestur-Landeyjahreppi, Fljótshlíðarhreppi, Hvolhreppi, Landmannahreppi, Holtahreppi, Ásahreppi og Djúpárhreppi.

9. **Tónlistarskóli Árnessýslu:**
Tónlistarskólaframlag er vegna nemenda úr Gaulverjabæjarhreppi, Stokkseyrarhreppi, Eyrarbakkahreppi, Sandvíkurhreppi, Hraungerðishreppi, Villingaholtshreppi, Skeiðahreppi, Gnúpverjahreppi, Hrunamannahreppi, Biskupstungnahreppi, Laugardalshreppi, Grímsneshreppi, Þingvallahreppi og Grafningshreppi.

JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

ÚTHLUTUN STOFNFRAMLAGA 1990
Óafgreiddar umsóknir og umsóknir sem var synjað

Sveitarfélög	Vatnsvframk.	Skólamannv.	Íþrhús skóla	Dagvistarst.	Önnur íþrmv.	Félagsheim.	Samtals	Athugasemdir
Reykjanes:								
Gerðahreppur	5.000.000						5.000.000	Óafgreitt
Vatnsleysustrhreppur	3.000.000						3.000.000	Óafgreitt
Bessastaðahreppur	1.400.000						1.400.000	Óafgreitt
Samtals	***9.400.000***	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***	***9.400.000***	
Vesturland:								
Ólafsvíkurkaupstaður	2.000.000						2.000.000	Óafgreitt
Eyrarsveit		1.000.000					1.000.000	Synjað
Stykkishólmsbær					26.903.400		26.903.400	Synjað
Samtals	***2.000.000***	***1.000.000***	***0***	***0***	***26.903.400***	***0***	***29.903.400***	
Vestfirðir:								
Bolungarvíkurkaupst.	3.000.000				2.600.000		5.600.000	Óafgreitt
Ísafjarðarkaupstaður	7.027.000						7.027.000	Synjað
Hólmavíkurhreppur						2.780.000	2.780.000	Óafgreitt
Samtals	***10.027.000***		***0***	***0***	***2.600.000***	***2.780.000***	***15.407.000***	
Norðurland -vestra:								
Sauðárkrókskaupst.	819.000	Ótilgreint		Ótilgreint	Ótilgreint		819.000	Synjað
Hvammstangahreppur	8.700.000						8.700.000	Óafgreitt
Samtals	***9.519.000***	***0***	***0***	***0***	***0***	***0***	***9.519.000***	

Sveitarfélög	Vatnsvframk.	Skólamannv.	Íþrhús skóla	Dagvistarst.	Önnur íþrmv.	Félagsheim.	Samtals	Athugasemdir
Norðurland-eystra:								
Ólafsfjarðarbær	2.500.000				2.500.000		5.000.000	Óafgr./Synjað
Dalvíkurkaupstaður					500.000		500.000	Synjað
Hríseyjarhreppur					393.000		393.000	Synjað
Saurbæjarhreppur	750.000						750.000	Óafgreitt
Svalbarðsstrandarhrp.						1.950.000	1.950.000	Óafgreitt
Oxarfjarðarhreppur	3.780.000						3.780.000	Óafgreitt
Þórshafnarhreppur					284.600	151.240	435.840	Synjað
Samtals	***7.030.000***	***0***	***0***	***0***	***3.677.600***	***2.101.240***	***12.808.840***	
Austurland:								
Seyðisfjarðarkaupst.	2.000.000						2.000.000	Óafgreitt
Neskaupstaður	1.750.000						1.750.000	Óafgreitt
Eskifjarðarkaupst.		1.830.000	2.300.000	1.111.400	1.840.000		7.081.400	Synjað/Óafgr.
Fellahreppur		4.500.000			200.000		4.700.000	Synjað/Óafgr.
Fljótsdalshreppur		4.000.000					4.000.000	Synjað
Egilsstaðabær					2.500.000		2.500.000	Synjað
Eiðahreppur		600.000					600.000	Synjað
Breiðdalshreppur		Ótilgreint						Óafgreitt
Búlandshreppur	1.965.786				200.000		2.165.786	Óafgr./Synjað
Höfn Hornafirði	12.500.000						12.500.000	Óafgreitt
Samtals	***18.215.786***	***10.930.000***	***2.300.000***	***1.111.400***	***4.740.000***	***0***	***37.297.186***	
Suðurland:								
Vestmannaeyjar		Ótilgreint						Synjað
Austur-Eyjafjallahrp	1.400.000						1.400.000	Óafgreitt
Vestur-Landeyjahrp.		3.000.000					3.000.000	Óafgreitt
Rangárvallahreppur				2.500.000			2.500.000	Synjað
Samtals	***1.400.000***	***3.000.000***	***0***	***2.500.000***	***0***	***0***	***6.900.000***	
SAMTALS	57.591.786	14.930.000	2.300.000	3.611.400	37.921.000	4.881.240	121.235.426	

458. Nefndarálit [180. mál]

um till. til þál. um fráveitumál sveitarfélaga.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna samhliða þingsályktunartillögu um skolphreinsun, 194. mál. Fékk nefndin á sinn fund Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, og ræddi við hann um efni tillagnanna. Einnig bárust umsagnir frá Fjórðungssambandi Norðlendinga, Hollustuvernd ríkisins, Iðntæknistofnun Íslands, Landvernd, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Báðar þær þingsályktunartillögur, sem hér um ræðir, voru lagðar fram á haustþingi. Tillagan um fráveitumál sveitarfélaga, 180. mál, gerði ráð fyrir því að umhverfisráðherra yrði falið að gera úttekt á stöðu fráveitumála hjá sveitarfélögum í landinu, meta kostnað við úrbætur og gera tillögur um hvernig sveitarfélögum yrði auðveldað að standa undir kostnaði við úrbætur. Tillagan um skolphreinsun, 194. mál, gerði ráð fyrir hönnun skolphreinsibúnaðar sem hæfði íslenskum aðstæðum og möguleika á framleiðslu slíks búnaðar hérlendis.

Þann 12. febrúar 1992 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að gera úttekt á ástandi fráveitumála, móta stefnu og gera tillögur um bætta skipan fráveitumála í landinu, svo og semja kostnaðaráætlun þar að lútandi. Nefndinni er ætlað að kanna ástand fráveitumála um land allt og benda á leiðir til úrbóta sem bæði taka mið af sérstöðu Íslands og þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Íslendingar hafa tekið á sig eða líklegt er að þeir muni gera. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar umhverfisráðuneytis, Siglingamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, Samtaka tæknimanna sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndinni er ætlað að skila áfangaskýrslu fyrir 15. september 1992 og tillögum um nauðsynlegar úrbætur ásamt greinargerð í upphafi árs 1993.

Umhverfisnefnd fagnar því að umhverfisráðherra hafi skipað starfshóp til að gera úttekt á ástandi fráveitumála sem byggir m.a. á efni þeirra tillagna sem fyrir umhverfisnefnd lá að afgreiða. Nefndin telur þó nauðsynlegt að árétta nokkur atriði um leið og hún vill styðja þetta framtak með því að leggja til að Alþingi ályktu um það. Hefur verið valin sú leið að flytja breytingartillögu við 180. mál en með hliðsjón af efni 194. máls og lítur nefndin svo á að afgreiðslu beggja þessara mála sé þar með lokið.

Umhverfisnefnd vill benda á nauðsyn þess að nefnd sú, sem gerir úttekt á ástandi fráveitumála, skili tillögum sínum í upphafi árs 1993. Einnig að nefndin kanni hvaða íslensk tækniþekking og útbúnaður er fyrirliggjandi varðandi skolphreinsun. Þá telur umhverfisnefnd mjög mikilvægt að metinn verði kostnaður við úrbætur og að gera þurfi tillögur um hvernig megi auðvelda sveitarfélögum að standa undir honum. Umhverfisnefnd leggur sérstaka áherslu á að úrbótatillögur nefndarinnar taki mið af að fráveitumál byggðanna verði leyst til frambúðar frá sjónarhóli umhverfisverndar.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. febr. 1992.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Hjörleifur Guttormsson.
Árni Ragnar Árnason.	Valgerður Sverrisdóttir.	Kristín Einarsdóttir.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Árni M. Mathiesen.

459. Breytingartillaga [180. mál]

við till. til þál. um fráveitumál sveitarfélaga.

Frá umhverfisnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að hraða úttekt á ástandi fráveitumála sveitarfélaga. Kannað verði hvaða íslensk tækniþekking og útbúnaður er fyrirliggjandi varðandi skolphreinsun, metinn kostnaður við úrbætur og hvernig auðvelda megi sveitarfélögum að standa undir honum. Áhersla verði lögð á úrbætur sem leysi fráveitumál byggðanna til frambúðar frá sjónarhóli umhverfisverndar.

460. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið en sökum þess að samkvæmt búvörusamningi er gert ráð fyrir að beinar greiðslur hefjist 1. mars nk. var umfjöllun hraðað eins og kostur var. Gafst því ekki ráðrúm til eins víðtæks samráðs við þá sem hér eiga hagsmuna að gæta eins og æskilegt hefði verið. Á fund nefndarinnar komu Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda, Gísli Karlsson, framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins, og Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra. Þá barst nefndinni umsögn milliþinganefndar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um búvörulög.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi að merking þeirra nýju hugtaka, sem notuð eru í þessu frumvarpi, verði skýrð og bætist við þá grein laganna sem fjallar um orðskýringar. Nánari merking hugtakanna kemur fram í viðeigandi greinum frumvarpsins. Eigi að síður er nauðsynlegt að hafa almenna skýringu fremst í lögunum þar sem hugtökin koma oft fyrir í texta frumvarpsins án frekari skýringa.

Breytingar, sem lagðar eru til á 2. gr. frumvarpsins, varða ekki efni hennar. Í fyrsta lagi er lagt til að notuð verði eintala orðsins verð þegar rætt er um heimild verðlagsnefndar búvara til að breyta verði einstakra afurða. Í öðru lagi er lagt til að lokamáls-

liður 2. gr. falli brott. Verðlagsnefndinni er skv. 3. málsl. greinarinnar veitt heimild til að víkja frá ákvæðum 10. gr. og 1. mgr. 12. gr. laganna sé um það full samstaða í nefndinni. Er það næg heimild til að víkja frá ákvæðum umræddra greina um verðbreytingar og gildistíma þeirra. Því er um óþarfatvítekningu að ræða í lokamálslið 2. gr. frumvarpsins og eðlilegt að liðurinn falli brott.

Meginefni frumvarpsins er í 6. gr. þess og gerir meiri hluti nefndarinnar nokkrar breytingartillögur við greinina. Í fyrsta lagi er texti 7. gr. frumvarpsins felldur inn í inngangsmálsgrein 6. gr., þ.e. að kafla- og greinatala frumvarpsins breytist í samræmi við það að bætt er nýjum kafla inn í lögin. Eðli málsins samkvæmt breytast tilvitnanir greina sem vísa til annarra greina laganna til samræmis við þetta. Vegna þessarar breytingar fellur 7. gr. frumvarpsins brott. Í öðru lagi er lögð til orðalagsbreyting á 1. mgr. a-liðar 6. gr. þar sem nákvæmara orðalag er notað, þ.e. að laga fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði í stað orðanna að laga framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði. Í þriðju breytingunni, sem lögð er til, er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra leiti eftir tillögum Stéttarsambands bænda áður en ákvörðun er tekin um að niðurfærsla fullvirðisréttar skuli vera mismunandi eftir landsvæðum. Í fjórða lagi er lögð til breyting á 2. mgr. c-liðar 6. gr. Hér er um að ræða hliðstætt ákvæði um greiðslumark og er fyrir hendi í frumvarpinu varðandi beinar greiðslur, sbr. síðasta málslið 2. mgr. e-liðar 6. gr. frumvarpsins. Að síðustu eru lagðar til breytingar á e-lið 6. gr. Vegna þeirra miklu breytinga sem nú verða á fullvirðisrétti (greiðslumarki) í sauðfjárrækt, bæði vegna uppkaupa og niðurfærslu á fullvirðisrétti einstakra framleiðenda, þykir eðlilegt að hafa samræmi á milli framleiðsluréttar og beinna greiðslna á þessu fyrsta framleiðsluári. Einnig er lagt til að heimilt verði að undanþiggja skerðingu þá framleiðendur sem hafa gert riðusamninga við ríkissjóð þótt framleiðslan nái ekki 80% af greiðslumarki, sbr. 3. mgr. e-liðar 6. gr. frumvarpsins. Þessar heimildir eru innan þeirra greiðslumarka beinna greiðslna til bænda sem miðast við 8.600 ærgildi, sbr. 1. mgr. b-liðar 6. gr. frumvarpsins.

Við 8. gr. frumvarpsins eru lagðar til tvær breytingar. Lagt er til að 1. mgr. 37. gr. búvörulaganna haldi gildi sínu, en greinin kveður á um hvernig því fjármagni skuli varið sem ríkissjóður leggur í Framleiðnisjóð landbúnaðarins til að mæta áhrifum samdráttar í framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða samkvæmt viðauka II með búvörusamningnum frá 11. mars 1991. Þá er lagt til að eftir brottfall nokkurra greina laganna 1. september 1992 verði lögin endurútgefin í heild sinni vegna þeirra miklu breytinga sem nú eru gerðar á lögunum.

Að lokum er lagt til að við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Er þar gert ráð fyrir heimild til handa landbúnaðarráðherra að fresta allt að ⅙ hluta beinna greiðslna úr ríkissjóði fyrir þetta ár til janúar–febrúar 1993. Er þetta í samræmi við þær ákvarðanir um frestun á hluta af beinum greiðslum til bænda sem teknar voru við afgreiðslu fjárlaga. Um þetta efni komst milliþinganefnd bændasamtakanna að eftirfarandi niðurstöðu: „Verði þær leiðir valdar sem breyta samhljóða ákvæðum frumvarpsins og búvörusamningsins um skil á beinum greiðslum til bænda er það eindregin krafa að um þær leiðir verði samið við samtök bænda“. Sú áhersla sem fram kemur í breytingartillögu nefndarinnar að haft skuli samráð við Stéttarsamband bænda er til áréttingar þeim sjónarmiðum sem fram koma í framangreindri tilvitnun í umsögn bændasamtakanna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. febr. 1992.

Egill Jónsson, form., frsm. Sigbjörn Gunnarsson. Eggert Haukdal.

Árni M. Mathiesen. Einar K. Guðfinnsson.

461. Breytingartillögur [217. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (EgJ, ÁMM, SigG, EH, EKG).

1. Á undan 1. gr. bætist við ný grein svohljóðandi:
   Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:
   Efri og neðri mörk greiðslumarks eru leyfileg fráviksmörk framleiðslu á lögbýli frá greiðslumarki býlisins án þess að frávikið valdi breytingu á beinum greiðslum úr ríkissjóði.
   Greiðslumark lögbýlis er tiltekið magn kindakjöts, mælt í kílógrömmum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli samkvæmt búvörusamningi og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði.
   Heildargreiðslumark sauðfjárafurða er tiltekið magn kindakjöts, mælt í tonnum, sem ákveðið er samkvæmt búvörusamningi með tilliti til heildarneyslu innan lands, og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „verðum einstakra afurða“ í 3. málsl. efnismgr. komi: verði einstakra afurða.
   b. Lokamálsliður greinarinnar falli brott.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „og orðist svo“ í inngangsmálsgrein greinarinnar komi: og breytist kafla- og greinatala í lögunum til samræmis við það. Kaflinn orðast svo:
   b. Í stað orðanna „skal laga framleiðslu“ í 1. mgr. a-liðar greinarinnar komi: skal laga fullvirðisrétt til framleiðslu.
   c. 3. málsl. 5. mgr. a-liðar greinarinnar orðist svo: Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að höfðu samráði við Stéttarsamband bænda, að niðurfærsla skuli vera mismunandi eftir landsvæðum.
   d. Við 2. mgr. c-liðar greinarinnar bætist nýr málsliður er orðist svo: Heimilt er að binda greiðslumark verðlagsársins 1992–1993 við tiltekinn ásetning sauðfjár á hverju lögbýli.
   e. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. e-liðar greinarinnar bætist við nýr málsliður svohljóðandi: Þó er heimilt að greiða beinar greiðslur út á framleiðslu allt að efri mörkum greiðslumarks við lokauppgjör enda rúmist þær greiðslur innan heildargreiðslumarks ársins.

f. Á eftir 3. málsl. 3. mgr. e-liðar greinarinnar bætist við nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er að víkja frá framangreindu ákvæði vegna fjárskiptasamninga á vegum sauðfjárveikivarna.

4. 7. gr. falli brott.
5. Við 8. gr. Í stað 2. málsl. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Ákvæði 20., 21. og 36. gr., 2. mgr. 37. gr. og 38. gr. laga nr. 46/1985 falla úr gildi 1. september 1992. Eftir þann tíma skal gefa lögin út í heild að nýju með áorðnum breytingum.
6. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Í stað I-liðar ákvæða til bráðabirgða koma tvö ný ákvæði er orðast svo:

a. (I)

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal bera kostnað við sölu á kindakjöti sem fellur til haustið 1992 vegna ákvæða reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur skv. 5. mgr. 39. gr. laganna um mismunandi niðurfærslu eftir landsvæðum.

b. (J)

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 43. gr. laganna er landbúnaðarráðherra heimilt að fresta allt að ⅙ hluta greiðslna ársins 1992 til janúar–febrúar 1993 að höfðu samráði við Stéttarsamband bænda.

462. Tillaga til þingsályktunar [275. mál]

um EES-samning og íslenska stjórnskipun.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur Hermannsson,
Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi ályktar að setja á fót nefnd sex sérfróðra manna sem athugi hvort aðild að Evrópsku efnahagssvæði í því formi sem fyrir liggur í samningsdrögum nú eða síðar brjóti með einhverjum hætti gegn íslenskri stjórnskipun eða hvort gera þurfi breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins vegna fyrirhugaðs EES-samnings.

Leitað verði eftir tilnefningu tveggja manna í nefndina frá hverjum eftirtalinna aðila: Dómarafélagi Íslands, lagadeild Háskóla Íslands og Lögmannafélagi Íslands. Lagadeild tilnefni annan sinna fulltrúa til að gegna formennsku í nefndinni. Nefndinni er heimilt að ráða sér starfsmann.

Þingflokkum og einstökum alþingismönnum gefist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina. Hún skili áfangaáliti til Alþingis um athuganir sínar fyrir 15. maí 1992 og skýrslu um niðurstöður fyrir 1. júlí 1992.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist af Alþingi.

Greinargerð.

Þann 22. október 1991 náðu EFTA og Evrópubandalagið pólitísku samkomulagi um samning um Evrópskt efnahagssvæði. Þann 14. desember 1991 gaf EB-dómstóllinn í Lúxemborg út álit, eftir að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hafði beint til hans tilteknum spurningum, einkum varðandi réttarfarshluta samningsins og ráðgerðan EES-dómstól, um að samningurinn væri ekki samrýmanlegur ákvæðum Rómarsáttmálans.

Enn settust aðilar að samningaborði og 14. febrúar sl. náðist samkomulag milli EFTA og EB um breytingar á samningsdrögunum. Samdægurs samþykkti Evrópuþingið í Strassborg ályktun þar sem því var beint til framkvæmdastjórnar EB að hún sendi samninginn þannig breyttan á ný til EB-dómstólsins til umsagnar. Framkvæmdastjórnin varð við

þessum tilmælum 19. febrúar og bíður samningurinn undirritunar ráðherra uns það álit liggur fyrir. Talið er að það geti orðið að 6–8 vikum liðnum þannig að samningurinn gæti legið fyrir í apríl eða snemma í maí 1992. Að því búnu yrði hann sendur til þjóðþinga EFTA- og EB-ríkja, svo og til Evrópuþingsins, til staðfestingar.

Á meðan samningaviðræður stóðu yfir og samningurinn var í mótun heyrðust öðru hvoru raddir um það að óvíst væri hvort samningurinn stæðist ákvæði íslenskrar stjórnskipunar. Utanríkisráðuneytið hefur leitað til lögfróðra manna við samningsgerðina og af hálfu utanríkisráðherra hefur tilgátum um að samningurinn gæti stangast á við stjórnarskrá lýðveldisins verið vísað á bug.

Í öðrum EFTA-ríkjum hafa komið fram efasemdir í sömu átt, m.a. í Sviss. Í Noregi er ekki deilt um að samningurinn þurfi að fá stuðning ¾ hluta atkvæða í Stórþinginu vegna ákvæða 93. gr. norsku stjórnarskrárinnar. Stjórnarskrá okkar er frábrugðin stjórnarskrám annarra EFTA-ríkja og því er ekki ótvírætt hægt að draga sjálfstæðar ályktanir um íslenska stjórnskipan út frá mati eða athugunum sem þar kunna að vera gerðar á samningnum.

Engar opinberar greinargerðir liggja fyrir af hálfu íslenskra stjórnvalda eða sérfræðinga á þeirra vegum um stöðu samningsins með tilliti til stjórnarskrárinnar. Hins vegar hafa virtir lögfræðingar, þar á meðal dr. Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur, bent á að eðlilegt sé að gerð verði lögfræðileg athugun á því hvort Ísland megi fullgilda þennan samning að óbreyttri stjórnarskrá. *Í fylgiskjali með tillögunni eru birt orðrétt ummæli* Guðmundar Alfreðssonar úr viðtalsþætti í Ríkisútvarpinu 2. desember 1991.

Stefán Már Stefánsson lagaprófessor, sem mikið hefur fjallað um samningsgerðina á mótunarstigi, sagði í sama viðtalsþætti í Ríkisútvarpinu 2. desember 1991 að erfitt væri að svara af eða á um það hvort samningurinn stæðist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Hann væri frekar á því að samningsdrögin, eins og þau þá lágu fyrir, brytu ekki í bága við stjórnarskrána. Hins vegar yrði að líta til þess að svið samningsins sé efnahagslega vítt og að stjórnarskrá okkar sé gömul og geri tæpast ráð fyrir samningi sem þessum.

Frá því þessir virtu lögfræðingar tjáðu sig um málið hafa verið gerðar talsverðar breytingar á réttarfarskafla samningsdraganna í því skyni að koma til móts við athugasemdir EB-dómstólsins. Ekkert skal hér fullyrt um hvort þessar breytingar eru líklegri en fyrri skipan til að ganga á svig við íslenska stjórnskipan.

Með tillögunni er gert ráð fyrir að tvö gróin félög íslenskra lögfræðinga tilnefni menn í nefnd á vegum Alþingis til athugunar á þessu máli, svo og lagadeild Háskólans. Þykir eðlilegt að þessir aðilar tilnefni tvo einstaklinga hver þannig að hugsanlega ólík viðhorf geti komið fram og fleiri fái tækifæri til að tjá sig á slíkum vettvangi. Tilnefning þykir og eðlilegri en t.d. kosning sérfróðra manna af hálfu Alþingis. Með þessum hætti ætti að vera ótvírætt að um hlutlæga athugun sé að ræða sem fram geti farið án þess að til komi óeðlilegur þrýstingur af hálfu stjórnmálaflokka. Hins vegar er eðlilegt að þingflokkarnir og einstakir alþingismenn geti komið upplýsingum og sjónarmiðun sínum á framfæri við nefndina.

Með tilliti til framvindu samningsgerðar um Evrópskt efnahagssvæði er nauðsynlegt að nefndin geti sem fyrst hafið störf og skili lokaáliti áður en efnisleg umfjöllun hæfist um samninginn á Alþingi.

Fylgiskjal.

Kafli úr viðtali Árna Þórs Árnasonar fréttamanns við dr. Guðmund Alfreðsson þjóðréttarfræðing í Ríkisútvarpinu.

(2. desember 1991.)

– *Svo við snúum okkur aðeins að hlutum sem fólk hefur tekið meira eftir en kannski stjórnarskrármáli upp á síðkastið, þ.e. umræðunni um Evrópskt efnahagssvæði. Það stefnir nú allt í að við gerumst aðilar að því og það hefur verið mikið rætt um mögulegt fullveldisafsal við þann gerning. Hver er skoðun þín á því máli?*

– Þetta er flókið mál, langur samningur eða löng samningsdrög með mörgum viðaukum og fylgiskjölum sem ég hef verið að blaða í en ekki haft kannski tækifæri til að kynna mér mjög ítarlega. Ég held að það sé samt enginn vafi á því að það vakna ýmsar spurningar í þessu sambandi og það sé kannski full ástæða til að skoða þetta mál í stjórnskipulegu samhengi, faglega og lögfræðilega, burt séð frá öllum stjórnmálahagsmuna- og tilfinningaumræðum. Og ég get nefnt nokkur dæmi af þessu tagi til umhugsunar.

Í fyrsta lagi mælir stjórnarskráin fyrir um að löggjafarvaldið sé í höndum Alþingis og forseta og er það þá nóg í ljósi þessara ákvæða stjórnarskrárinnar að við förum með formlegt neitunarvald vegna nýrra reglna, viðbóta eða breytinga á þessu EES-sviði á meðan efnislega löggjafarvaldið verður að miklu leyti í höndum annarra aðila, þar á meðal stofnana EB þar sem við erum ekki aðilar? Þetta er ein spurning, fyrsta spurningin.

Í öðru lagi, líka í tengslum við löggjafarvaldið. Það segir í þessum EES-samningsdrögum, í 6. gr. að mig minnir, að dómum eða úrskurðum Evrópudómstólsins, þ.e. dómstóls EB, sem hafa verið kveðnir upp í gegnum árin eða áður en EES-samningurinn er undirskrifaður, skuli beitt við túlkun og notkun EES-samningsins. Þá er það spurning: Getur Alþingi samþykkt slíka tilvísun án þess að viðkomandi gögn séu lögð fram? Margt af þessum gögnum snýst um grundvallaratriði. Er það hægt stjórnskipunarlega að samþykkja þetta allt saman óséð og óskoðað? Þetta er ein spurning.

Í þriðja lagi, og kannski ljúkum við upptalningunni þar, er spurning sem lýtur bæði að framkvæmdar- og dómsvaldinu og er kannski besta dæmið í þessari upptalningu um hugsanlegt valdaafsal og þessi spurning snýst um vald eftirlitsstofnunar EFTA og EES-dómstólsins í sambandi við samkeppnisreglur samningsins. Þarna virðist útlent vald, hvort sem það er framkvæmdar- eða dómsvaldið hjá EFTA eða EES, fá heimild til þess að taka ákvarðanir sem þá gildi ekki bara að þjóðarétti heldur líka að landsrétti. Og það eina sem kemur í hlut innlendra aðila er þá að fullnægja niðurstöðunni að utan og maður spyr: Er þetta hægt? Er þetta leyfilegt miðað við ákvæði stjórnarskrárinnar um innlent framkvæmdar- og dómsvald? Og það er ekki rétt að bera þetta vald, sem þarna yrði framselt til EES, saman við það sem við höfum fengið í hendur öðrum alþjóðastofnunum því að ákvarðanir þeirra, t.d. Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg, eru einvörðungu bindandi fyrir okkur samkvæmt þjóðaréttinum og ekki samkvæmt landsréttinum eins og við vorum að segja áðan. Og þetta held ég að sé þriðja spurningin í þessari upptalningu sem hægt er að velta fyrir sér.

Fáeinir punktar í spurningaformi sem ég held að tvímælalaust ekki bara réttlæti heldur kalli á lögfræðilega stjórnskipulega umræðu um þetta mál allt saman.

– *Þú vilt meina það að þessi samningur, ef af verður, sé í eðli sínu öðruvísi en aðrir alþjóðasamningar sem við höfum gert?*

– Að þessu leyti, já.

– *En er þá einhver raunverulegur munur á því hvort við göngum í EES, Evrópskt efnahagssvæði, eða í sjálft Evrópubandalagið hvað afsalið varðar?*

– Já, það er raunverulegur og náttúrlega verulegur munur á þessu tvennu. Samstarfið í EB og fullveldisafsal aðildarríkjanna í EB til bandalagsins er miklu víðtækara en það er fyrirhugað í EES. Ég held að það fari ekki á milli mála og kannski sérstaklega þá með tilliti til þeirra umræðna og samningaviðræðna sem nú eru í gangi og hafa sífellt verið í gangi og halda áfram innan EB um útvíkkun á valdsviði bandalagsins á kostnað aðildarríkjanna. Á hinn kantinn, eins og ég lýsti áðan, þá er sumt líkt með þessum samtökum og samningunum og það er vegna slíkra ákvæða í EES-samningnum og mér finnst rétt að það fari fram fagleg, lögfræðileg umræða óháð allri pólitík um hvort við getum og megum fullgilda þennan samning að óbreyttri stjórnarskrá. Og ef við viljum samt gera samninginn, það er annað mál, þá er bara að breyta stjórnarskránni, t.d. á sama hátt og þegar hefur verið gert í sumum ríkjum Norðurlanda og í samræmi við ákvæði sem þar hafa verið viðtekin. Það er hægt að gera svona samninga en þá þarf bara aukinn meiri hluta á þingi til þess að fullgilding verði samþykkt. Mér finnst tvímælalaust að svona umræða þurfi að fara fram hérna heima og að þessi mál öll verði skoðuð ofan í kjölinn á lögfræðilegum og stjórnskipunarlegum grundvelli eins og ég sagði, óháð eða til viðbótar stjórnmálaumræðunni sem fer fram.

463. Skýrsla [276. mál]

um ríkisfjármál árið 1991.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1 Afkoma ríkissjóðs 1991 - Helstu niðurstöður

Heildaryfirlit. Í fjárlögum fyrir árið 1991, sem samþykkt voru á Alþingi í desember 1990, var gert ráð fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs yrði 4,1 milljarður króna. Heildartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 101,7 milljarðar króna, en heildargjöld 105,8 milljarðar. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. nýjar lántökur að frádregnum afborgunum eldri lána, var áætluð heldur meiri, eða 5,9 milljarðar króna.

Nú liggur fyrir reikningsuppgjör ársins 1991. Helstu niðurstöður eru þessar:

* Halli á rekstri ríkissjóðs nam um 12,5 milljörðum króna og hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs varð 14,6 milljarðar króna. Þetta er þrisvar sinnum meiri halli en fjárlög gerðu ráð fyrir og lánsfjárþörfin var ríflega tvöfalt meiri. Rekstrarhallinn svarar til 3,3% af landsframleiðslu samanborið við 1,3% árið 1990. Þetta er mesti halli sem orðið hefur á ríkissjóði síðustu fjörutíu ár.

* Frávik í rekstrarhalla milli fjárlaga og endanlegrar niðurstöðu árið 1991 nam tæplega 8,5 milljörðum króna og skiptist þannig að tekjur voru tæplega 1,8 milljörðum króna undir fjárlagaáætlun og útgjöld 6,7 milljörðum króna yfir henni. Þessi frávik skýra einnig að langmestu leyti mismuninn á lánsfjárþörf milli fjárlaga og útkomu.

* Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1991 námu tæplega 100 milljörðum króna og lækkuðu að raungildi um 0,8% frá árinu 1990. Hlutfall heildartekna af landsframleiðslu lækkaði einnig milli ára, úr 26,9% árið 1990 í 26,4% árið 1991. Hlutfall skatttekna lækkaði úr 25,1% árið 1990 í 24,7% árið 1991. Þetta var 1,5% lægra en gert var ráð fyrir á fjárlögum.

* Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 1991 námu tæplega 112,5 milljörðum króna og jukust um 6,5% að raungildi frá árinu 1990. Þessi aukning kemur einnig fram í hlutfalli útgjalda af landsframleiðslu sem hækkar úr 28,2% árið 1990 í 29,7% árið 1991, en það er hæsta útgjaldahlutfall sem mælst hefur.

* Hækkun útgjalda kemur að stærstum hluta fram í auknum greiðslum til almannatrygginga og menntamála, en einnig í greiðslum uppbóta vegna útflutnings búvara og í fasteignakaupum.

* Almenn rekstrarútgjöld ríkisstofnana í A-hluta námu 42,4 milljörðum króna árið 1991, samanborið við 37,6 milljarða króna árið 1990. Hækkunin milli ára nemur 13,0%, eða um 3,7% að raungildi. Aukningin kemur fyrst og fremst fram í útgjöldum skóla og heilbrigðisstofnana.

* Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila í heild nam rúmlega 40 milljörðum króna árið 1991 sem jafngildir 10,6% af landsframleiðslu. Í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir að lánsfjárþörfin yrði um 24 milljarðar króna. Auk meiri halla á ríkissjóði stafar aukin lánsfjárþörf af mikilli fjárþörf húsbréfakerfisins á síðasta ári.

Afkoma ríkissjóðs 1989 – 1991

Í milljónum króna	1989	1990	Fjárlög 1991	Útkoma 1991
Tekjur	80.001	92.453	101.698	99.953
Gjöld	86.056	96.899	105.767	112.487
Rekstrarafkoma	**-6.055**	**-4.446**	**-4.069**	**-12.534**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-2,0	-1,3	-1,1	-3,3
Lánveitingar, nettó	-1.541	-2.724	-1.810	-2.114
Hrein lánsfjárþörf	**7.596**	**7.170**	**5.879**	**14.648**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	2,5	2,1	1,6	3,9
Lántökur, nettó	**5.470**	**7.884**	**5.900**	**8.535**
Innlend lántaka - afborganir	5.837	7.175	8.120	3.216
Erlend lántaka - afborganir	5.181	2.740	-1.405	6.074
Lán í Seðlabanka - afborganir	-5.548	-2.031	-815	-755
Greiðsluafkoma	**-2.126**	**714**	**21**	**-6.113**

Skýringar á frávikum. Hér á eftir er stuttlega gerð grein fyrir helstu skýringum á frávikum tekna og gjalda frá áformum í fjárlögum, en nánari umfjöllun er að finna í viðkomandi köflum.

Tekjuhlið. Ýmsar skýringar eru á því að tekjur ríkissjóðs urðu tæplega 1.800 m.kr. undir fjárlagaáætlun. Til einföldunar er hægt að skipta þeim í þrennt:

Í fyrsta lagi var horfið frá ýmsum áformum um tekjuöflun sem gert var ráð fyrir á fjárlögum eða þeim breytt. Helstu atriðin eru þessi:

- Fallið frá áformum um sérstaka verðhækkun áfengis og tóbaks	300 m.kr.
- Fallið frá áformum um álagningu jöfnunartolls á innflutt matvæli	200 m.kr.
- Arðgreiðslu Íslenskra aðalverktaka flýtt til ársins 1990	400 m.kr.
- Tekjuskattur fyrirtækja lækkaður með lögum	500 m.kr.
Samtals	1.400 m.kr.

Í öðru lagi má nefna áhrif aukinna umsvifa í efnahagslífinu sem skilaði sér í auknum tekjum af veltusköttum, einkum innflutningsgjöldum, tryggingagjaldi og tekjuskatti einstaklinga.

Í þriðja lagi og á móti áhrifum aukinnar veltu vega ýmsir þættir svo sem lakari innheimta, einkum í virðisaukaskatti, sem meðal annars má rekja til versnandi árferðis. Auk þess má nefna áhrif lakari afkomu fyrirtækja og mikil hlutabréfakaup einstaklinga í árslok 1990 sem komu fram í minni tekjuskatti árið 1991. Ennfremur voru gerðar breytingar á uppgjöri staðgreiðslu sem lækkuðu skattskil á síðasta ári um 600 m.kr.

Gjaldahlið. Það gildir líkt um gjaldahlið og tekjuhlið að skýringar eru margvíslegar á rúmlega 6.700 m.kr. hækkun útgjalda umfram fjárlög. Þannig hafði samþykkt lánsfjárlaga í mars 1991 í för með sér ákveðnar breytingar á útgjaldaáformum fjárlaga. Endurskoðuð áætlun í ríkisfjármálum frá því fyrir stjórnarskiptin síðastliðið vor benti ennfremur til þess að útgjöld ríkissjóðs færu verulega fram úr fjárlögum. Með aðhaldsaðgerðum nýrrar ríkisstjórnar á miðju ári var nokkuð dregið úr fjárþörf ríkissjóðs. Við afgreiðslu fjáraukalaga var hins vegar orðið ljóst að fjárhagsstaða ýmissa stofnana og sjóða var verri en áður var áætlað og að útgjöldin myndu fara 6,5 milljarða króna fram úr fjárlögum. Hér á eftir eru talin upp helstu frávik á gjaldahlið frá fjárlögum:

-	Hækkun útgjalda við afgreiðslu lánsfjárlaga í mars 1991	1.000 m.kr.
-	Sparnaðaráform fyrri ríkisstjórnar á sviði heilbrigðismála sem hún náði ekki fram	800 m.kr.
-	Aukin fjárþörf Lánasjóðs íslenskra námsmanna, almannatrygginga og ríkisábyrgðar á laun	2.000 m.kr.
-	Skuldbindingar umfram fjárlög (fasteignakaup, Atvinnutryggingasjóður, endurbætur Þjóðleikhúss, samgönguframkvæmdir o.fl.) .	2.200 m.kr.
-	Skuldbindingar sem ekki var áætlað fyrir í fjárlögum (uppbætur á lífeyri, afurðalán o.fl.)	300 m.kr.
-	Aukin útgjöld og framlög til sjúkrahúsa, útflutningsuppbóta, skýrsluvélakostnaðar, strandflutninga o.fl.	1.400 m.kr.
-	Útgjaldaákvarðanir nýrrar ríkisstjórnar (útflutningsuppbætur o.fl.)	700 m.kr.
-	Sérstakar sparnaðaraðgerðir nýrrar ríkisstjórnar	-1.700 m.kr.
	Samtals	6.700 m.kr.

Samanburður við fyrri ár. Eins og áður er fram komið var hallinn á rekstri ríkissjóðs 1991 sá mesti sem hér hefur orðið í nær hálfa öld. Árið í fyrra var sjöunda árið í röð sem ríkissjóður er rekinn með halla. Á þessu sjö ára tímabili hefur ríkissjóður verið rekinn með rúmlega 7 milljarða króna halla að meðaltali á ári. Þetta er svipuð fjárhæð og fer árlega til samgöngumála. Lánsfjárþörf ríkissjóðs hefur verið enn meiri á undanförnum árum, eða sem nemur að jafnaði rúmlega 10 milljörðum króna á ári. Þessi þróun sést glöggt á meðfylgjandi línuriti.

Afkoma A-hluta ríkissjóðs
1986 - 1991



2 Framvinda efnahagsmála árið 1991

Forsendur fjárlaga 1991. Í þeirri þjóðhagsspá sem lögð var til grundvallar fjárlögum ársins 1991 var gert ráð fyrir að samdráttarskeiði undanfarinna þriggja ára væri um það bil að ljúka og að hagvöxtur tæki að glæðast á nýjan leik. Þannig var gert ráð fyrir að þjóðartekjur myndu aukast um tæplega 2% árið 1991, en þær höfðu dregist saman um 3½% á árunum 1988 til 1990. Spáin um auknar þjóðartekjur var byggð á forsendu um aukna sjávarafurðaframleiðslu og hækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum. Jafnframt var gert ráð fyrir að innlendri eftirspurn yrði haldið í skefjum, jafnt útgjöldum opinberra aðila og fyrirtækja sem heimila. Viðskiptahallinn gagnvart útlöndum var því talinn geta minnkað verulega á árinu 1991 samkvæmt forsendum fjárlaga.

Raunbreytingar milli ára, %	1990	Fjárlög 1991	Bráðab.[1] 1991
Einkaneysla	0,0	1,5	5,7
Samneysla	4,0	2,0	3,5
Fjárfesting	3,1	0,0	3,6
Þjóðarútgjöld	1,4	1,2	5,4
Útflutningur vöru og þjónustu	-1,0	1,2	-7,2
Innflutningur vöru og þjónustu	0,8	0,6	4,3
Verg landsframleiðsla	0,7	1,5	1,2
Vergar þjóðartekjur	-0,3	1,9	2,7
Viðskiptahalli, % af landsframleiðslu	-2,8	-1,6	-5,1

1) Tölur fyrir árið 1991 eru byggðar á áætlunum fjármálaráðuneytisins.

Útkoma ársins 1991. Þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um efnahagsþróun síðasta árs sýna umtalsverð frávik frá forsendum fjárlaga. Tvö atriði skera sig úr. Annars vegar minni fiskafli og hins vegar meiri eftirspurn innan lands, meðal annars vegna aukins kaupmáttar. Þessi frávik birtast í minnkandi útflutningstekjum, vaxandi þjóðarútgjöldum og þrefalt meiri viðskiptahalla en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga.

Niðurstaðan er því sú að landsframleiðsla er talin hafa aukist heldur minna en fjárlög gerðu ráð fyrir, eða um rúmlega 1%, samanborið við 1½% í forsendum fjárlaga. Þjóðartekjur jukust hins vegar meira vegna batnandi viðskiptakjara, eða um rúmlega 2½% samanborið við tæplega 2% í fjárlögum. Þrátt fyrir meiri aukningu þjóðartekna en búist hafði verið við versnaði skuldastaða þjóðarbúsins erlendis enn frekar vegna vaxandi viðskiptahalla.

Samanburður við OECD-ríki. Eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti hefur orðið verulegur samdráttur í efnahagsmálum hér á landi upp á síðkastið. Á fyrri hluta

síðasta áratugar var hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu á mann svipaður hér á landi og í öðrum OECD-ríkjum, eða í kringum 2–3% að jafnaði á ári. Á síðari hluta áttunda áratugarins fór hins vegar að verða breyting þar á. Á sama tíma og hagvöxtur í OECD-ríkjunum hefur verið um það bil 3% á ári hefur ríkt stöðnun og jafnvel samdráttur hér á landi.

Hagvöxtur á mann 1980 - 1991



Þáttaskil í verðlagsmálum. Þjóðarsáttarsamningarnir sem gerðir voru í ársbyrjun 1990 marka þáttaskil í verðlagsmálum hér á landi. Eftir nálægt tveggja áratuga óðaverðbólgu, sem nam að meðaltali um 35% á ári og fór hæst í meira en 100% á árinu 1983, er verðbólgan nú komin niður í eins stafs tölu miðað við heilt ár. Á fyrsta ári þjóðarsáttar, þ.e. frá upphafi til loka árs 1990, hækkaði framfærsluvísitalan aðeins um 7,2%, en næstu tólf mánuði á undan hafði vísitalan hækkað um 25,2%. Hækkun verðlags á síðari hluta þjóðarsáttartímabilsins var svipuð, eða 7,5% innan ársins 1991 og 6,8% að meðaltali milli áranna 1990 og 1991. Þetta er í fyrsta sinn síðan 1972 sem árshækkun framfærsluvísitölunnar fer undir 10%.

Árshraði verðbólgunnar 1989 - 1991



Verðlagsþróunin á síðasta ári var þegar á heildina er litið í takt við forsendur fjárlaga. Þróunin innan ársins var hins vegar nokkuð skrykkjótt. Þannig var árshraði verðbólgunnar á mælikvarða framfærsluvísitölu rétt um 5% á fyrsta ársfjórðungi, en um og eftir mitt árið var verðbólguhraðinn kominn í 10–11%. Það eru ýmsar skýringar á þessari auknu verðbólgu. Þyngst vegur að á þessu tímabili urðu talsverðar launahækkanir. Þannig hækkuðu launataxtar þrívegis frá desember 1990 til júní 1991, alls um rúmlega 8%. Jafnframt kom til framkvæmda talsverð hækkun á opinberum gjöldum og gjaldskrárliðum í samræmi við forsendur fjárlaga ársins 1991. Þetta tvennt var í reynd fyrirsjáanlegt og því kom ekki á óvart að verðbólga ykist á þessu tímabili. Til viðbótar má svo nefna áhrif hækkunar vaxta og bifreiðatrygginga. Á síðustu mánuðum hefur hins vegar hægt verulega á verðbólgu á nýjan leik og var hún komin niður í 6% í árslok 1991.

Laun og kaupmáttur. Þjóðarsáttarsamningarnir hafa ráðið mestu um þróun launa og kaupmáttar undanfarin tvö ár. Þrátt fyrir heldur meiri verðhækkanir en gert var ráð fyrir í forsendum samninganna má telja að kaupmáttarmarkmið þeirra hafi náðst þar sem hækkun verðlags umfram viðmiðunarmörk var bætt í launum. Þannig hækkuðu launataxtar um 11,7% frá upphafi til loka samningstímabilsins í ágúst 1991, eða um nákvæmlega sama hlutfall og verðlag.

Breytingar milli ára, %	1990	Fjárlög 1991	Bráðab. 1991
Atvinnutekjur á mann	11,0	8½	10
Ráðstöfunartekjur á mann	10,7	8½	10
Kaupmáttur atvinnutekna á mann	-3,3	1½	3
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-3,5	1½	3
Framfærsluvísitala	14,8	7	7
Verðvísitala landsframleiðslu	13,2	7	9

Reyndar eru ýmsar vísbendingar um að kaupmáttur dagvinnulauna hafi heldur aukist á þessu tímabili. Samkvæmt sérstakri könnun fjármálaráðuneytisins hækkuðu dagvinnulaun ríkisstarfsmanna um 13–14% frá áramótum 1989/1990 til loka samningstímabilsins í ágúst 1991. Þetta þýðir að kaupmáttur launa hafi í reynd aukist um allt að 2% yfir þetta tímabil. Þar af má rekja um það bil 1% til samningsbundinna ákvæða, svo sem starfsaldurshækkana og flokkatilfærslna. Upplýsingar um launaþróun á almenna markaðnum benda til svipaðrar niðurstöðu þegar á heildina er litið.

Upplýsingar úr staðgreiðslugögnum ríkisskattstjóra virðast staðfesta nokkra hækkun tekna umfram almennar taxtabreytingar þar sem atvinnutekjur í heild hækkuðu um 12% milli áranna 1990 og 1991. Þetta jafngildir rúmlega 10% hækkun á mann, eða 1½% umfram forsendur fjárlaga. Kaupmáttur atvinnutekna á mann jókst samkvæmt þessu um allt að 3% að meðaltali á árinu 1991. Kaupmáttur ráðstöfunartekna, þ.e. kaupmáttur tekna að teknu tilliti til breytinga á beinum sköttum milli ára, er talinn hafa aukist um svipað hlutfall. Til samanburðar má nefna að kaupmáttur þjóðartekna á mann er talinn hafa aukist um 1½% á sama tíma.

Eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti hefur þróun kaupmáttar þjóðartekna og atvinnutekna verið svipuð allan síðasta áratug. Sveiflurnar eru þó heldur meiri í launum, jafnt upp á við sem niður á við.

Vinnumarkaður. Það samdráttarskeið sem gengið hefur yfir íslenskt efnahagslíf að undanförnu hefur óhjákvæmilega komið fram í auknu atvinnuleysi, bæði vegna minnkandi umsvifa og erfiðleika í ýmsum atvinnugreinum. Þannig var meðalfjöldi atvinnulausra um og yfir 2.000 manns árin 1989 og 1990, eða sem jafngildir um 1,7% af mannafla í landinu, samanborið við 700–800 manns næstu ár á undan. Árið 1991 dró nokkuð úr atvinnuleysi í takt við aukin umsvif í efnahagslífinu. Heildarfjöldi skráðra atvinnulausra nam þá að meðaltali um 1.900 manns, eða sem svarar til 1,5% af heildarmannafla.

Þróun þjóðartekna og launa 1980 - 1991

Vísitölur 1980 = 100



Utanríkisviðskipti. Haldi þjóðarútgjöld áfram að aukast á sama tíma og þjóðartekjur minnka kemur það óhjákvæmilega fram í vaxandi viðskiptahalla. Þetta er það sem hefur verið að gerast undanfarin tvö ár. Frá árinu 1989 hafa þjóðarútgjöld aukist um 6-7% að raungildi á sama tíma og þjóðartekjur hafa aukist um 2½%. Afleiðingin er sú að viðskiptahalli hefur fjórfaldast á síðustu tveimur árum, úr 4,6 milljörðum króna árið 1989 í rúmlega 19 milljarða króna samkvæmt áætlun fyrir árið 1991, eða sem nemur 5% af landsframleiðslu. Það er mesti halli sem orðið hefur á viðskiptajöfnuði í tíu ár, eða frá árinu 1982. Til samanburðar má nefna að í forsendum fjárlaga fyrir árið 1991 var gert ráð fyrir tæplega 6 milljarða króna viðskiptahalla.

Vöruskiptajöfnuður versnaði verulega á árinu 1991 og snerist úr tæplega 5 milljarða króna afgangi árið 1990 í 3 milljarða króna halla á árinu 1991. Endanlegt uppgjör á þjónustujöfnuði liggur ekki fyrir, en talið er að hann hafi orðið neikvæður um allt að 16 milljarða króna. Þar af nema vaxtagreiðslur umfram vaxtatekjur um 14 milljörðum króna.

Meginskýringin á auknum viðskiptahalla á árinu 1991 er veruleg lækkun útflutningstekna, bæði að raungildi og í krónum talið. Þannig lækkuðu útflutningstekjur af sjávarafurðum um nálægt 6% milli ára, eða sem nemur um 4 milljörðum króna að raungildi. Þrátt fyrir þetta hækkaði útflutningsverðmæti sjávarafurða í krónum talið milli áranna 1990 og 1991. Þetta má rekja til umtalsverðrar verðhækkunar sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Á móti vegur lækkun útflutningstekna af áli og kísiljárni vegna mikillar verðlækkunar erlendis. Heildarvöruútflutningur dróst því saman um 9% að raungildi. Þjónustutekjur lækka minna þannig að heildarútflutningur vöru og þjónustu minnkaði um rúmlega 7% að raungildi á árinu 1991.

Önnur skýring á auknum viðskiptahalla á þessu ári er stóraukinn innflutningur. Mest var aukningin á fyrstu mánuðum ársins. Síðan dró nokkuð úr, meðal annars í kjölfar

vaxtahækkunar síðastliðið vor, og á síðustu mánuðunum varð samdráttur frá sama tíma í fyrra. Í heild jókst vöruinnflutningur um rúmlega 3½% að raungildi á síðasta ári. Þjónustuútgjöld jukust enn meira, eða um tæp 6%, og heildaraukning vöru- og þjónustuinnflutnings milli áranna 1990 og 1991 er því talin hafa numið rúmlega 4% að raungildi.

Ýmsar skýringar eru á aukinni innflutningseftirspurn á þessu ári. Meiri kaupmáttur heimilanna á hér einhvern hlut að máli, en auk þess virðist hafa gengið á sparnað, sérstaklega framan af árinu. Þá sýna tölur úr bankakerfinu að heildarútlán til heimila hafa aukist um 20% í krónum talið á síðasta ári.

Viðskiptajöfnuður 1981 - 1991



Þróun á peningamarkaðnum. Haustið 1990 urðu nokkur umskipti á peningamarkaðnum. Eftir tímabil, sem einkenndist af mikilli aukningu sparnaðar, snerist þróunin við. Almenn útlán bankanna jukust á sama tíma og dró úr innlánum. Hér gætti vafalaust áhrifa væntinga um skattalækkanir og launahækkanir í aðdraganda kosninga auk lækkunar raunvaxta. Við þetta dró úr nýjum sparnaði og svigrúm til lántöku þrengdist.

Í kjölfar vaxtahækkunar síðastliðið vor snerist þróunin aftur við. Það dró úr útlánum og innlán jukust á ný. Lausafjárstaða bankanna batnaði að sama skapi og var í lok ársins orðin um 15 milljarðar króna, 3 milljörðum króna betri en í lok ársins 1990. Endanlegt uppgjör á heildarsparnaði á síðasta ári liggur ekki fyrir. Hins vegar er talið að peningalegur sparnaður hafi orðið 32–33 milljarðar króna árið 1991, eða 3–4 milljörðum meiri en áætlað var síðastliðið haust og 6–7 milljörðum króna hærri en áætlanir Seðlabankans bentu til síðastliðið vor.

3 Tekjur ríkissjóðs árið 1991

Þróun innlendrar eftirspurnar ræður mestu um niðurstöður á tekjuhlið ríkissjóðs. Í þeirri spá, sem lögð var til grundvallar tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1991, var gert ráð fyrir 1-1½% aukningu þjóðarútgjalda á liðnu ári. Endurskoðuð áætlun bendir hins vegar til þess að aukningin hafi verið mun meiri, eða rúmlega 5%. Þessi þróun endurspeglast ekki að fullu í tekjum ríkissjóðs þar sem á móti koma ýmsir þættir sem leiða til þess að heildarinnheimtan varð talsvert minni á árinu 1991 en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum.

Á árinu 1991 námu innheimtar tekjur ríkissjóðs tæpum 100 milljörðum króna. Þar af nam innheimta skatta 93,5 milljörðum króna samanborið við 86,1 milljarð árið 1990. Hækkunin milli ára nemur því 8,6%. Á sama tíma hækkaði verðvísitala landsframleiðslu um 9%. Skatttekjur ríkissjóðs haldast því nær óbreyttar að raungildi milli áranna 1990 og 1991, en heildartekjur dragast saman um 0,8%.

Heildarskattbyrði, þ.e. skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, lækkar hins vegar um 0,4% frá árinu 1990 og hlutfall heildartekna ívið meira, eða um 0,5%. Þessi lækkun jafngildir því að heildartekjur ríkissjóðs hafi dregist saman um tæpa 2 milljarða króna á árinu 1991.

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Tekju- og eignarskattar	**17.690**	**20.167**	**19.263**	**-904**	**8,9**
Einstaklingar	13.677	14.865	15.055	190	10,1
Fyrirtæki	4.013	5.302	4.208	-1.094	4,9
Óbeinir skattar	**68.448**	**75.228**	**74.240**	**-988**	**8,5**
Innflutnings- og vörugjöld	8.354	8.718	9.460	742	13,2
Virðisaukaskattur	37.086	41.550	38.954	-2.596	5,0
Hagnaður ÁTVR	5.920	6.700	6.487	-213	9,6
Launa- og tryggingagjöld	7.327	8.380	9.130	750	24,6
Bifreiðagjöld	5.471	6.030	6.404	374	17,1
Aðrir skattar	4.290	3.850	3.805	-45	-11,3
Aðrar tekjur	**6.315**	**6.303**	**6.450**	**147**	**2,1**
Vaxtagreiðslur	4.096	3.700	3.947	247	-3,6
Arðgreiðslur	1.904	2.328	1.814	-514	-4,7
Sala eigna o.fl.	315	275	689	414	118,7
Heildartekjur ríkissjóðs	**92.453**	**101.698**	**99.953**	**-1.745**	**8,1**
Skatttekjur ríkissjóðs	**86.138**	**95.395**	**93.503**	**-1.892**	**8,6**
Skatttekjur ríkissjóðs sem % af VLF	**25,1**	**26,2**	**24,7**	**-1,5**	**-0,4**
Heildartekjur ríkissjóðs sem % af VLF	**26,9**	**28,0**	**26,4**	**-1,6**	**-0,5**

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir helstu frávikum frá niðurstöðutölum fyrra árs og áætlun fjárlaga 1991.

Tekjur ríkissjóðs 1991
Hlutfallsleg skipting



Tekju- og eignarskattar einstaklinga. Innheimta á tekju- og eignarsköttum einstaklinga nam um 15,1 milljarði króna á árinu 1991. Þar af var tekjuskattur að frádregnum afsláttarliðum og bótagreiðslum 12,9 milljarðar króna, eða tæplega 13% af heildartekjum ríkissjóðs. Það er svipað hlutfall og árið 1990.

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Tekjuskattur	12.060	12.850	12.900	50	7,0
Eignarskattar	1.062	1.385	1.449	64	36,4
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	315	370	378	8	20,0
Erfðafjárskattur	240	260	328	68	36,7
Samtals	**13.677**	**14.865**	**15.055**	**190**	**10,1**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**14,8**	**14,6**	**15,1**	**0,5**	**0,3**

Innheimta á tekjuskatti einstaklinga, nettó, hækkaði um 7% milli áranna 1990 og 1991. Tekjubreytingar voru hins vegar talsvert meiri á sama tímabili samkvæmt tölum úr staðgreiðslukerfi tekjuskatts, eða nær 12% eins og áður var nefnt. Tvennt má nefna til skýringa á þessum mun. Annars vegar varð gífurleg aukning í sölu hlutabréfa í lok árs 1990 sem leiddi til nær fjórföldunar á skattafslætti einstaklinga vegna fjárfestingar í hlutabréfum. Þessi afsláttur nam nálægt 600 m.kr. á síðasta ári, en í áætlun fjárlaga var

gert ráð fyrir að hann yrði nálægt 150 m.kr, eða svipaður og á árinu 1990. Hins vegar var staðgreiðslu af desemberlaunum ríkisstarfsmanna ekki skilað fyrr en í janúar, en hún var áður tekjufærð í sama mánuði. Þessi breyting er gerð til samræmis við skil annarra atvinnurekenda og leiðir til þess að innheimta tekjuskatts lækkar um rúmar 600 m.kr. á árinu 1991 frá því sem orðið hefði að óbreyttum reglum.

Í meðfylgjandi töflu er birt nánari sundurliðun á staðgreiðslu tekjuskatts til að auðvelda mönnum að glöggva sig á vægi einstakra afsláttarliða.

Greiðslugrunnur	Áætlun 1991 m.kr.	Hlutfall af tekjum einstaklinga %
Staðgreiðsla án frádráttar	**79.900**	**39,8**
Persónuafsláttur	-43.524	-21,7
Sjómannaafsláttur	-1.500	-0,7
Staðgreiðsla, nettó	**34.876**	**17,4**
Útsvar sveitarfélaga [1]	-14.036	-7,0
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-1.128	-0,6
Barnabætur	-4.819	-2,4
Vaxtabætur, húsnæðisbætur	-2.545	-1,3
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu	**12.348**	**6,2**
Afsláttur vegna kaupa á hlutabréfum árið 1990	-575	-0,3
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu, nettó	**11.773**	**5,9**
Innheimta á eftirstöðvum fyrri ára	1.127	-
Tekjuskattur einstaklinga alls	**12.900**	**-**

1) Þess ber að geta að skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga voru 500 m.kr. lægri á síðasta ári en hér greinir vegna uppgjörs á staðgreiðslu fyrra árs. Í þessu uppgjöri fellur sú fjárhæð undir tekjur ríkissjóðs af innheimtu eftirstöðva.

Innheimta eignarskatta varð talsvert betri á síðasta ári en reiknað hafði verið með. Þannig hækkaði álagning eignarskatta að frádregnum persónuafslætti um 11-12% milli áranna 1990 og 1991, en á sama tíma hækkaði innheimtan um 36%. Hér kann þó að gæta tilfærslu á innheimtu milli einstakra tekjuliða. Þá skilaði erfðafjárskattur talsverðum tekjum umfram áætlun fjárlaga, en áætlun þessa skattstofns er alltaf mjög óviss.

Tekju- og eignarskattar fyrirtækja. Innheimta á tekjuskatti fyrirtækja varð rúmlega 1 milljarði króna minni á síðasta ári en gert var ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga, eða 2,7 milljarðar í stað 3,7 milljarða króna. Þannig dróst tekjuskattur fyrirtækja saman um tæp 10% að raungildi milli ára. Skýringin er þríþætt. Í fyrsta lagi var lögum um tekjuskatt fyrirtækja breytt síðastliðið vor, þannig að skatthlutfallið var lækkað úr 50% í 45%. Jafnframt var sérstakt framlag í fjárfestingarsjóði lækkað úr 15% í 10%. Þá voru sérstakar fyrningarheimildir verðbreytingarfærslu rýmkaðar. Talið er að þessar breytingar hafi lækkað álagningu tekjuskatts um allt að 500 m.kr. Í öðru lagi virðist afkoma fyrirtækja hafa orðið lakari á árinu 1990 en búist var við sem kemur fram í minni skattgreiðslum

árið 1991. Í þriðja lagi varð innheimta skattsins lakari á síðasta ári en árið áður sem líklega má rekja til versnandi árferðis.

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Tekjuskattur	2.681	3.665	2.652	-1.013	-1,1
Eignarskattar	1.332	1.637	1.556	-81	16,8
Samtals	**4.013**	**5.302**	**4.208**	**-1.094**	**4,9**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**4,3**	**5,2**	**4,2**	**-1,0**	**-0,1**

Innheimta á eignarsköttum fyrirtækja var 80 m.kr. undir áætlun á síðasta ári, en þar kann sem fyrr segir að gæta versnandi afkomu fyrirtækja.

Innflutnings- og vörugjöld. Heildarinnheimta innflutnings- og vörugjalda nam tæplega 9,5 milljörðum króna á síðasta ári samanborið við 8,4 milljarða á árinu 1990. Hækkunin milli ára nam því um 13%. Hér er um talsverða raunaukningu að ræða í ljósi þess að innflutningsverð hækkaði um 4-5% á sama tíma.

Hækkunin er afar misjöfn eftir tekjustofnum. Þannig jukust tekjur af innflutningsgjaldi bifreiða um meira en helming og skilaði það ríkissjóði um 500 m.kr. í viðbótartekjur frá áætlun fjárlaga. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1991 var gert ráð fyrir að fluttir yrðu inn 9.000 bílar, eða svipaður fjöldi og árið 1990. Reyndin varð hins vegar sú að fluttir voru inn tæplega 12.000 bílar á liðnu ári. Þessi aukning endurspeglast einnig í meiri tolltekjum, en þær jukust um 17% milli ára en ekki 5% eins og reiknað var með í fyrri áætlun. Þar á aukinn vöruinnflutningur einnig hlut að máli. Tekjur af jöfnunargjaldi drógust aftur á móti saman, en gjaldhlutfall þess lækkaði tvisvar á árinu 1991, í upphafi árs úr 5% í 4% og síðan í 3% í september. Þó skilaði jöfnunargjaldið heldur meiri tekjum en áætlað var vegna meiri vöruinnflutnings.

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Tollar	3.324	3.480	3.872	392	16,5
Innflutningsgjald af bifreiðum	1.328	1.500	1.999	499	50,5
Jöfnunargjald	1.079	800	899	99	-16,7
Vörugjald	2.191	2.380	2.406	26	9,8
Önnur innflutningsgjöld	432	558	284	-274	-34,3
Samtals	**8.354**	**8.718**	**9.460**	**742**	**13,2**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**9,0**	**8,6**	**9,5**	**0,9**	**0,5**

Við afgreiðslu fjárlaga í lok árs 1990 ákváðu stjórnvöld að beita sér fyrir sérstakri tekjuöflun í upphafi árs 1991 og ná þannig inn 500 m.kr. Þar af var áformað að innheimta 200 m.kr. af sérstöku jöfnunargjaldi á innflutt matvæli og 300 m.kr. með sérstakri hækkun á verði áfengis og tóbaks. Ekkert varð úr þessum áformum og skýrir það að stærstum hluta þá lækkun sem kemur fram í innheimtu annarra innflutningsgjalda frá áætlun fjárlaga. Minni tekjur af kjarnfóðurgjaldi og framleiðslugjaldi Íslenska álversins skýra aftur á móti þriðjungs samdrátt í innheimtu þessara gjalda frá árinu 1990.

Virðisaukaskattur. Við gerð tekjuáætlunar fjárlaga í lok árs 1990 voru neysluútgjöld heimilanna, sem ráða mestu um tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti, talin aukast um 1½% að raungildi á árinu 1991 og almenn verðbreyting var áætluð um 7%. Endurskoðun á þessum forsendum bendir hins vegar til þess að neyslan hafi aukist um 5½% á síðasta ári, en verðlagsþróunin var í samræmi við fyrri spá. Í ljósi þessarar þróunar hefðu tekjur af virðisaukaskatti átt að aukast nokkuð frá fjárlagaáætlun að öðru óbreyttu. Raunin varð hins vegar önnur.

Innheimta virðisaukaskatts var áætluð 41,6 milljarðar króna í fjárlögum ársins 1991. Þar af voru áform um að afla um 800-900 m.kr. með hertri innheimtu og eftirliti. Niðurstaðan varð 39 milljarðar króna innheimta virðisaukaskatts á liðnu ári og er frávik frá áætlun fjárlaga því um 2,6 milljarðar. Hækkunin frá árinu 1990 er því 5%. Á sama tíma hefur verðlag á mælikvarða landsframleiðslu hækkað um 9%. Þetta þýðir að innheimta virðisaukaskatts hefur dregist saman um 4% að raungildi milli áranna 1990 og 1991.

Að baki minni tekjum af virðisaukaskatti á árinu 1991 liggja vafalaust margvíslegar ástæður. Í fyrsta lagi hefur frádráttarbær virðisaukaskattur af aðföngum (innskattur) hækkað meira hlutfallslega en endanleg álagning (útskattur). Af því leiðir að nettóskil á skattinum aukast talsvert minna en almenn velta. Hér kann að gæta áhrifa frá aukinni fjárfestingu fyrirtækja á liðnu ári, en hún jókst um 13% að raungildi frá árinu 1990 að frátöldum skipum og flugvélum. Þar af jókst fjárfesting í bílum, vélum og tækjum um 24% milli ára, metin á föstu verði.

Í öðru lagi urðu beinar endurgreiðslur virðisaukaskatts, meðal annars vegna hráefnakaupa fiskvinnslu, aðkeyptrar þjónustu sveitarfélaga og vinnu við íbúðarhúsnæði, talsvert meiri en reiknað hafði verið með. Þær fjárhæðir ættu að óbreyttu að skila sér síðar í formi útskatts, en ekki liggja fyrir haldbærar upplýsingar um þessi skil. Til fróðleiks er þessum endurgreiðslum fyrir árið 1991 stillt upp í meðfylgjandi töflu, en þær námu samtals um 8,5 milljörðum króna.

Beinar endurgreiðslur á virðisaukaskatti árið 1991

	Milljónir króna
Hráefnakaup fiskvinnslu	5.700
Vinna við nýbyggingu og viðhald íbúðarhúsnæðis	1.400
Endurgreiðslur til sveitarfélaga	625
Endurgreiðslur til ríkisstofnana	70
Lægra skatthlutfall matvæla	665
Samtals	**8.460**

Í þriðja lagi virðist innheimtan hafa orðið talsvert lakari en reiknað hafði verið með í tekjuáætlun fjárlaga. Lausleg athugun sýnir að innheimta sem hlutfall af álagningu hefur lækkað nokkuð á fyrstu 10 mánuði ársins frá sama tímabili árið 1990. Samdráttur í innheimtu virðisaukaskatts á sama tíma og innlend eftirspurn eykst rennur einnig stoðum undir þetta. Þessar tölur benda einnig til þess að sá tekjuauki, sem áform voru uppi um að afla með hertri innheimtu og auknu eftirliti og reiknað var með í fjárlögum, hafi ekki skilað sér að fullu. Hér þarf að hafa í huga að erfitt árferði í atvinnurekstri kunna að hafa haft áhrif á skattskilin, einkum þegar líða tók á árið. Fyrstu átta mánuði ársins voru tekjur af virðisaukaskatti í takt við áætlun fjárlaga sem bendir til þess að áhrif af aukinni veltu hafa vegið upp slaka í innheimtu framan af ári. Þegar draga tók úr eftirspurn á síðustu mánuðum ársins komu áhrif af lakari innheimtu og versnandi árferðis í ljós í minni tekjum af virðisaukaskatti en áætlað hafði verið.

Tekjur af áfengi og tóbaki. Í fjárlögum ársins 1991 voru skil ÁTVR á tekjum í ríkissjóð áætluð 6,7 milljarðar króna. Niðurstaðan varð hins vegar tæplega 6,5 milljarðar, eða 200 m.kr. lægri fjárhæð en reiknað hafði verið með. Lækkunin skýrist eingöngu af því sem áður var komið fram, þ.e. ekki var ráðist í þá sérstöku tekjuöflun sem að var stefnt í upphafi síðasta árs. Hækkunin frá fyrra ári nemur tæpum 10% í krónum talið sem skýrist af 7-8% hækkun á verði áfengis og tóbaks og breyttri samsetningu í neyslu. Salan dróst hins vegar lítillega saman að magni til.

Tryggingagjald. Í ársbyrjun 1991 var tekið upp eitt tryggingagjald í stað fimm mismunandi gjalda (launaskatts, lífeyristryggingagjalds, slysatryggingagjalds, atvinnuleysistryggingagjalds og vinnueftirlitsgjalds) sem lögð voru á launagreiðslur. Þessi gjöld voru ýmist lögð á laun líðandi eða liðins árs, en nýja gjaldið er hins vegar innheimt með sama hætti og staðgreiðsla tekjuskatts hjá einstaklingum. Þessi breyting hefur verulegt hagræði í för með sér, bæði fyrir skattgreiðendur og skattyfirvöld og skilar sér meðal annars í mun betri innheimtu nýja gjaldsins en gömlu launagjaldanna.

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Launaskattur	4.067	-	-	-	.
Lífeyristryggingagjald	2.471	-	-	-	.
Slysatryggingagjald	530	-	-	-	.
Atvinnuleysistryggingagjald	259	-	-	-	.
Tryggingagjald	-	8.380	9.130	750	.
Samtals	**7.327**	**8.380**	**9.130**	**750**	**24,6**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**7,9**	**8,2**	**9,1**	**0,9**	**1,2**

Niðurstöður ársins 1991 sýna að innheimta nýja gjaldsins að meðtöldum eftirstöðvum eldri gjalda varð 750 m.kr. meiri en áætlað var í fjárlögum. Meginskýringar á þessu fráviki eru tvær. Annars vegar eru tekjubreytingar meiri en búist var við. Hins vegar varð innheimta á eftirstöðvum eldri gjalda talsvert umfram forsendur fjárlaga. Þar gætir í

einhverjum mæli skuldajöfnunar á móti endurgreiðslum virðisaukaskatts, meðal annars í útflutningsgreinunum. Aukin innheimta eftirstöðva skýrir einnig tæplega fjórðungs hækkun þessa tekjustofns frá árinu 1990, en þar vegur skilvirkari innheimta á hinu nýja gjaldi líklega þyngra.

Bifreiðagjöld. Innheimta á bensíngjaldi og þungaskatti varð tæplega 5,2 milljarðar króna á árinu 1991. Hækkunin frá fyrra ári nam um 15%, eða 7% umfram almennt verðlag. Aukninguna má fyrst og fremst rekja til verulegrar hækkunar á þessum gjöldum, en bensíngjaldið hækkaði um 13% á liðnu ári og þungaskattur um 25%. Auk þess jókst sala á bensíni nokkuð umfram forsendur fjárlaga.

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.	Frávik frá fjárlögum 1991 m.kr.	Breyting 1990-1991 %
Bensíngjald	3.171	3.570	3.632	62	14,5
Þungaskattur, km-gjald	1.019	1.105	1.104	-1	8,3
Þungaskattur, árgjald	311	345	428	83	37,6
Markaðar tekjur til vegagerðar	**4.501**	**5.020**	**5.154**	**134**	**14,7**
Bifreiðagjald	970	1.010	1.240	230	27,8
Samtals	**5.471**	**6.030**	**6.404**	**374**	**17,1**
Sem hlutfall af heildartekjum, %	**5,9**	**5,9**	**6,4**	**0,5**	**0,5**

Innheimta bifreiðagjalds varð fjórðungi meiri á liðnu ári en áætlað var sem skilaði ríkissjóði um 230 m.kr. í viðbótartekjur. Þar endurspeglast fyrst og fremst aukinn innflutningur bifreiða á síðasta ári eins og áður er komið fram.

Aðrir skattar. Undir þennan lið falla ýmis þjónustu- og afgreiðslugjöld auk skatta af erlendum gjaldeyri og stimpilgjöldum. Heildarinnheimta þessara tekjustofna var áætluð um 3,8 milljarðar króna á árinu 1991 og gekk sú áætlun eftir. Breytingar eru nokkuð misjafnar eftir tekjustofnum. Þyngst vega minni tekjur af gjaldeyrissköttum, en þær urðu talsvert undir áætlun sem rekja má til breytinga á leyfisgjaldi í kjölfar frjálsari gjaldeyrisviðskipta. Sama skýring liggur að baki þriðjungs samdrætti þessa tekjuliðar frá 1990.

Aðrar tekjur. Þegar á heildina er litið skila þessir tekjuliðir svipuðum tekjum á síðasta ári og áætlað var í fjárlögum. Nokkur frávik eru þó á einstökum liðum. Þannig nam innheimta vaxtatekna tæpum 4 milljörðum króna, eða 150 m.kr. lægri fjárhæð en árið 1990. Þetta jafngildir 10% samdrætti að raungildi milli ára. Í forsendum fjárlaga var hins vegar reiknað með að hann yrði meiri, eða 15%. Þá má nefna tekjur af sölu eigna, samtals um 360 m.kr., sem ekki var reiknað með í áætlun fjárlaga. Þetta er að stærstum hluta eignir sem gengu upp í fasteignakaup við Laugarnes. Aftur á móti verða arðgreiðslur ríkissjóðs rúmlega 500 m.kr. minni en áætlað var í fjárlögum. Þann mismun má nær eingöngu rekja til þess að í fyrri áætlun var gert ráð fyrir að Íslenskir aðalverktakar skiluðu 400 m.kr. greiðslu í ríkissjóð á árinu 1991 vegna breytinga á eignarhaldi fyrirtækisins á árinu 1990. Ákveðið var að flýta innheimta þessarar greiðslu þannig að hún færðist á árið 1990.

4 Gjöld ríkissjóðs

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 námu alls 112,5 milljörðum króna, samanborið við 96,9 milljarða króna árið 1990. Aukning milli ára er um 16%. Að teknu tilliti til launa- og verðbreytinga sem áætlaðar eru 9% á mælikvarða landsframleiðslu, svarar það til 6,5% hækkunar útgjalda frá árinu á undan, eða um 6,3 milljarða króna. Séu útgjöldin borin saman við fjárlög ársins eins og þau voru afgreidd í árslok 1990 þá fóru þau um 6,7 milljarða króna fram úr fjárlögum. Verulegar breytingar urðu þannig á gjaldahlið frá því sem áætlað var.

Þegar við afgreiðslu lánsfjárlaga í marsmánuði voru útgjaldaheimildir hækkaðar um 1 milljarð króna. Við mat á stöðu ríkissjóðs í lok apríl höfðu komið fram enn frekari útgjaldatilefni sem metin voru á 3,2 milljarða króna. Þar vó þyngst 1,6 milljarða króna aukin fjárþörf almannatrygginga og sjúkrahúsa. Eins þótti sýnt að fjárvöntun Lánasjóðs íslenskra námsmanna yrði að minnsta kosti 0,7 milljarðar króna og ríkisstjórnin hafði gefið fyrirheit um 0,9 milljarða króna viðbótarfjárveitingar af ýmsu tagi. Ný ríkisstjórn endurmat stöðuna og greip til viðnámsaðgerða í maímánuði, sem ætlað var að draga úr útgjöldum um 1,8 milljarða króna, og hafa þær að mestu gengið eftir. Upp úr miðju ári kom í ljós enn frekari fjárvöntun til ýmissa þátta sem ríkissjóður er skuldbundinn af og fjárhagsstaða ýmissa stofnana var veikari en talið var við samþykkt fjárlaga.

Frumvarp til fjáraukalaga var lagt fram á Alþingi í október og afgreitt í byrjun desember þar sem leitað var útgjaldaheimilda upp á 6,5 milljarða króna umfram fjárlög. Frávik frá áætlunum sem gerðar voru í maí skýrast einkum af bundnum liðum eins og auknum útflutningsuppbótum, framlagi vegna ríkisábyrgðar á laun við gjaldþrot, framlagi til Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og hallarekstri stofnana. Þá reyndist staða Lánasjóðs íslenskra námsmanna 300 m.kr. lakari en áður var talið. Loks eru fasteignakaup skv. heimildum í 6. gr. fjárlaga að fullu færð til gjalda á meðan fjárveiting í fjárlögum var miðuð við greiðslur sem inntar yrðu af hendi á árinu. Í meðfylgjandi töflu koma fram heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 1991 og samanburður við árið 1990.

	1990	Fjárlög 1991	Fjáraukalög	Útkoma 1991	Frávik frá fj.aukal.	Breyting 90-91
Rekstrargjöld	37.529	41.439	42.430	42.418	12	13,0
Tryggingargr., niðurgr., framlög	39.408	41.751	45.390	45.109	281	14,5
Vextir	8.274	9.400	9.400	9.875	-475	19,3
Viðhald	2.362	2.534	2.545	2.287	258	-3,2
Stofnkostnaður	9.326	10.643	12.485	12.798	-313	37,2
Samtals	**96.899**	**105.767**	**112.250**	**112.487**	**-237**	**16,1**

Útkomu ársins þarf bæði að skoða með tilliti til fjárlaga ársins og greiðsluheimilda sem veittar voru á árinu. Komið hefur fram að útgjöld fóru alls um 6,7 milljarða króna umfram fjárlög ársins. Liðurinn tryggingagreiðslur, framlög o.fl. skýra stærsta partinn af

útgjaldaaukningunni umfram fjárlög eða um 3,4 milljarða króna. Rekstur stofnana ríkisins kallaði á um eins milljarðs króna hækkun heimilda. Hér koma margir liðir til skýringar sem getið er hér að neðan. Þá liggur fyrir að vaxtagreiðslur reyndust 0,5 milljörðum króna hærri en áætlað var í fjárlögum meðal annars vegna mikillar innlausnar spariskírteina og aukins yfirdráttar í Seðlabanka. Ennfremur hækkuðu útgjöld til viðhalds og fjárfestingar um tæpa 2 milljarða króna, einkum vegna fasteignakaupa, framlags til Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar, til hafnarmála, til RARIK vegna óveðurstjóns og framkvæmda hjá ríkisspítölum. Á hitt ber að líta að útgjöldin alls urðu aðeins rúmlega 0,2 milljörðum króna umfram formlegar heimildir til útgjalda sem veittar voru í fjárlögum og fjáraukalögum.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir niðurstöðum á gjaldahlið 1991 í samanburði við fjárlög og útkomu ársins 1990.

Rekstrargjöld. Launa- og rekstrargjöld stofnana í A-hluta ríkissjóðs námu 42,4 milljörðum króna, samanborið við 37,5 milljarða króna árið 1990. Hækkunin milli ára er um 13,0% eða um 3,7% að raungildi. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun rekstrarútgjalda ársins 1991 á ráðuneyti í samanburði við fjárlög 1991 og útkomu ársins 1990.

	1990	Fjárlög 1991	Útkoma 1991	Frávik frá fjárlögum 1991	Breyting 90-91
Æðsta stjórn ríkisins	835	889	905	-16	8,4
Forsætisráðuneyti	130	114	136	-22	4,6
Menntamálaráðuneyti	10.280	11.416	11.679	-263	13,6
Utanríkisráðuneyti	883	964	958	6	8,5
Landbúnaðarráðuneyti	742	746	798	-52	7,5
Sjávarútvegsráðuneyti	689	794	792	2	14,9
Dómsmálaráðuneyti	4.186	4.584	4.665	-81	11,4
Félagsmálaráðuneyti	1.125	1.444	1.463	-19	30,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	14.687	16.391	16.573	-182	12,8
Fjármálaráðuneyti	2.202	2.249	2.486	-237	12,9
Samgönguráðuneyti	1.035	704	749	-45	-27,6
Iðnaðarráðuneyti	488	520	558	-38	14,3
Viðskiptaráðuneyti	121	137	138	-1	14,0
Hagstofa Íslands	97	133	120	13	23,7
Umhverfisráðuneyti	29	354	398	-44	-
Samtals	**37.529**	**41.439**	**42.418**	**-979**	**13,0**

Rekstrargjöld ríkisstofnana urðu tæpum 1 milljarði króna hærri en heimildir upphaflegra fjárlaga, eða sem nemur 2,3%, en um 13% hærri en í reikningi 1990.

Æðsta stjórn ríkisins. Rekstrargjöld reyndust 905 m.kr., en það er 16 m.kr. umfram fjárlög. Frávik koma einkum fram á rekstri Alþingis vegna kostnaðar sem tengdist breyt-

ingu á starfsskipulagi þess og biðlaunagreiðslum til fyrrverandi þingmanna. Óverulegar breytingar verða á útgjöldum mælt á föstu verðlagi milli ára.

Forsætisráðuneyti. Rekstrargjöld voru alls 136 m.kr., eða 22 m.kr. umfram fjárlög. Frávik skýrast einkum af auknum nefndakostnaði hjá aðalskrifstofu. Á föstu verðlagi lækka útgjöld frá fyrra ári um 4,0% sem tengist einkum uppgjöri við embætti Húsameistara ríkisins á árinu 1990.

Menntamálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 11.679 m.kr., eða 263 m.kr. hærri en fjárlög. Rekstur framhaldsskóla varð 200 m.kr. umfram áætlun sem má að mestu rekja til mikillar fjölgunar nemenda umfram forsendur fjárlaga. Þá voru rekstrargjöld stofnana og skóla á háskólastigi 150 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir. Að nokkru er ástæða þess meiri fjölgun nemenda en áður var talið, en mestu valda nýjar reglur um röðun stundakennara í launaflokka og samningar við kennarafélögin. Að öðru leyti skýrast frávik einkum af hallarekstri tilraunastöðvarinnar að Keldum. Útgjöld ríkisins við rekstur grunnskóla reyndist 120 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum og vegna skóla fatlaðra 30 m.kr. Þá var rekstur safna og meðferðarheimila um 30 m.kr. umfram fjárlög. Frávik útgjalda annara málefnaflokka reyndust óveruleg.

Útgjaldahækkun milli ára mælt á föstu verðlagi er um 545 m.kr., eða 4,9% að teknu tilliti til flutnings stofnana til umhverfisráðuneytis, þar af eru 230 m.kr. vegna stofnana og skóla á háskólastigi, 140 m.kr. vegna framhaldsskóla og 70 m.kr. vegna grunnskóla.

Utanríkisráðuneyti. Rekstrargjöld voru innan fjárheimilda. Ferðakostnaður aðalskrifstofu reyndist töluvert meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, þar sem samningaviðræður um EES drógust á langinn. Á móti vegur að rekstrargjöld annarra stofnana ráðuneytisins voru innan heimilda fjárlaga, meðal annars vegna hagstæðrar gengisþróunar. Í samanburði við fyrra ár er óveruleg breyting á útgjöldum.

Landbúnaðarráðuneyti. Rekstrargjöld voru 798 m.kr. sem er 52 m.kr. umfram fjárlög, eða 7%. Frávik komu fram á flestum stofnunum ráðuneytisins frá áætlun fjárlaga. Þar vegur þyngst rekstur Skógræktar ríkisins sem fór 21 m.kr. umfram fjárlög. Þá fór rekstur Veiðimálastofnunar 10 m.kr. umfram áætlun og Bændaskólinn á Hvanneyri 8 m.kr. Frávik skýrast af ýmsum óvæntum útgjöldum svo og af minni sértekjum en ætlað var. Reiknað á föstu verðlagi verða óverulegar breytingar á rekstrarútgjöldum milli ára.

Sjávarútvegsráðuneyti. Rekstrargjöld voru 792 m.kr. og er það í samræmi við fjárlög.

Útgjöld milli ára hækka um 5,5% að raungildi sem einkum skýrist af auknum kostnaði við rekstur Hafrannsóknastofnunar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 4.665 m.kr. sem er 81 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Útgjöld við rekstur embætta sýslumanna og bæjarfógeta voru 40 m.kr. umfram fjárlög og útgjöld ríkisins vegna málsvarnarlauna urðu einnig 40 m.kr. umfram áætlun. Loks má nefna að útgjöld vegna Alþingiskosninga fór 11 m.kr. umfram áætlun og greiðslur til Þjóðkirkjunnar 6 m.kr. Á móti vegur að rekstur lögregluembætta og Landhelgisgæslu varð 39 m.kr. innan áætlunar.

Miðað við fast verðlag er útgjaldahækkun milli ára 2,2% sem eru um 100 m.kr. Aukinn kostnaður kemur einkum fram í rekstri embætta sýslumanna og fógeta svo og hjá Landhelgisgæslu.

Félagsmálaráðuneyti. Rekstrargjöld ársins voru 1.463 m.kr. sem er 19 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Stærsta frávik er hjá Vinnueftirliti ríkisins sem fer 30 m.kr. umfram áætlun, en á móti því stendur aukning markaðra tekna. Stofnanir fatlaðra voru innan marka fjárlaga á árinu.

Hækkun útgjalda milli ára er 19,3% á föstu verðlagi, eða 236 m.kr., og skýrist annars vegar af því að markaðar tekjur Vinnueftirlits ríkisins færast á tekjuhlið fjárlaga 1991 en voru áður færðar sem sértekjur stofnunar. Hins vegar aukast útgjöld við rekstur stofnana fatlaðra um 70 m.kr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Greiðslur urðu 16.573 m.kr. sem er 182 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Til ríkisspítala voru greiddar 135 m.kr. umfram fjárlög og til reksturs Tryggingastofnunar ríkisins 45 m.kr. Greiðslur til annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva voru innan ramma fjárlaga.

Útgjöld hækkuðu milli ára um 3,5% að raungildi, eða um 570 m.kr. Þar af koma fram í rekstri ríkisspítala 280 m.kr. og í rekstri heilsugæslustöðva 270 m.kr.

Fjármálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 2.486 m.kr. og er það 237 m.kr. umfram fjárlög. Skýrist það að mestu af auknum útgjöldum við rekstur gjaldheimtna og skýrsluvélakostnaði sem fór 154 m.kr. umfram áætlun. Ýmiss sameiginlegur kostnaður stjórnarráðs sem færður er á fjármálaráðuneyti fór 30 m.kr. umfram fjárlög. Rekstur stofnana ráðuneytisins er hins vegar að mestu innan ramma fjárlaga. Útgjaldahækkun á föstu verðlagi er 3,4% milli ára, eða um 80 m.kr. Hækkunin skýrist einkum af hærri útgjöldum við rekstur innheimtuembætta og af aðkeyptri tölvuþjónustu.

Samgönguráðuneyti. Rekstrarútgjöld voru 749 m.kr. sem er 45 m.kr. umfram fjárlög. Umframútgjöld ráðuneytisins skýrast að mestu af auknum launakostnaði hjá Flugmálastjórn. Útgjöld, að teknu tilliti til flutnings stofnana til umhverfisráðuneytis, lækka um 9,2% að raungildi, eða um 75 m.kr. Lækkunin skýrist að fullu af hærri sértekjum Flugmálastjórnar.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Rekstrarútgjöld urðu 696 m.kr. sem er 39 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Frávik skýrist af því að Orkustofnun skilaði ekki þeim sértekjum sem áætlað var. Útgjöld hækka milli ára um 4,9% að raungildi, eða um 32 m.kr. Aukningin skýrist af hækkun á rekstrarútgjöldum Orkustofnunar.

Hagstofa Íslands. Rekstrarútgjöld urðu 120 m.kr. sem er 13 m.kr. undir heimildum fjárlaga. Hækkun útgjalda milli ára er 13,5% að raungildi, eða um 14 m.kr. Aukningin skýrist af hærri húsaleigu vegna flutninga og ýmsum sérstökum verkefnum, svo sem vinnu við nýtt manntal og vinnu vegna Alþingiskosninga á árinu 1991.

Umhverfisráðuneyti. Rekstrarútgjöld urðu 398 m.kr. sem er 44 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Umframgjöld koma fram á flestum stofnunum. Þannig fór rekstur Náttúruverndarráðs 15 m.kr. umfram áætlun, Skipulagsstjóri 14 m.kr., Veiðistjóraembættið 8 m.kr. og Náttúrufræðistofnun fór 5 m.kr. umfram fjárlög.

Að teknu tilliti til flutnings stofnana milli ráðuneyta lækka útgjöld milli ára um 6,7%, eða 28 m.kr. sem skýrist af auknum sértekjum Veðurstofu Íslands.

Á meðfylgjandi mynd er sýnd hlutfallsleg skipting rekstrargjalda eftir málefnaflokkum.

Rekstrarkostnaður ríkissjóðs 1991
Hlutfallsleg skipting



Áætlað er að launagjöld ríkisstofnana í A-hluta hafi numið 29,8 milljörðum króna. Í eftirfarandi töflu hefur vinnumagn í dagvinnu og yfirvinnu, sem greitt er af starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, verið umreiknað í fjölda stöðugilda og er gerður samanburður við árið 1990.

	Ársverk 1990	Ársverk 1991	Breyting milli ára Ársverk	%
Dagvinna	14.628	14.900	272	1,9
Yfirvinna	2.839	3.135	296	10,4
Samtals	**17.467**	**18.035**	**568**	**3,3**

Fjöldi reiknaðra ársverka jókst um 3,3% í heild. Þessi viðbót kemur bæði fram í yfirvinnu sem jókst um 10,4% og dagvinnu sem hækkar um 1,9%.

Í fjárlögum ársins 1991 var gert ráð fyrir að fjölgun starfa í A-hluta ríkissjóðs yrði um 600 á árinu. Stærstur hluti þessarar aukningar, eða 500 störf, tengjast yfirtöku ríkissjóðs á rekstri í tengslum við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, einkum vegna heilbrigðismála. Breyting á starfsmannafjölda og yfirvinnu er skipt niður eftir ráðuneytum í eftirfarandi yfirliti.

	Hlutfallsleg skipting starfa 1991 %	Breyting starfsmagns eftir ráðuneytum		
		Dagvinna %	Yfirvinna %	Samtals %
Æðsta stjórn ríkisins	1,5	-0,4	14,0	0,3
Forsætisráðuneyti	0,3	-6,7	0,0	-5,4
Menntamálaráðuneyti	39,1	4,0	24,0	6,9
Utanríkisráðuneyti	1,1	4,9	3,1	4,5
Landbúnaðarráðuneyti	2,6	2,2	3,1	2,3
Sjávarútvegsráðuneyti	2,4	1,6	13,9	3,5
Dómsmálaráðuneyti	11,5	1,0	1,8	1,1
Félagsmálaráðuneyti	5,2	1,2	0,1	0,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	22,3	0,5	8,0	2,0
Fjármálaráðuneyti	4,5	0,8	3,4	1,0
Samgönguráðuneyti	5,7	-0,3	-5,5	-1,4
Iðnaðarráðuneyti	1,8	-1,2	6,4	-0,1
Viðskiptaráðuneyti	0,4	2,3	23,2	5,2
Hagstofa Íslands	0,3	0,8	3,4	1,4
Umhverfisráðuneyti	1,3	4,0	19,8	4,6
Samtals	**100,0**	**1,9**	**10,4**	**3,3**

Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur og framlög. Útgjöld vegna þessa málaflokks námu 45,1 milljarði króna samanborið við 41,8 milljarða í fjárlögum 1991 og 39,4 milljarða króna útgjöld árið 1990. Hækkun milli ára er 14,5%. Á sambærilegu verðlagi er hækkunin 5%. Stærstu útgjaldaliðirnir eru eftirfarandi:

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 90-91 %
Lífeyristryggingar	12.510	13.895	14.406	-511	15,2
Sjúkratryggingar	9.756	10.060	10.496	-436	7,6
Slysatryggingar	443	426	524	-98	18,2
Atvinnuleysistryggingar	1.031	1.280	1.266	14	22,8
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.174	1.730	2.432	-702	11,9
Niðurgreiðslur búvöru	5.740	5.470	5.267	203	-8,2
Útflutningsuppbætur	830	1.427	2.426	-999	192,3
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	591	676	666	10	12,7
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.207	1.366	1.366	-	13,2
Uppbætur á lífeyri	672	788	1.083	-295	61,2
Annað	4.454	4.656	5.117	-572	17,4
Samtals	**39.408**	**41.774**	**45.109**	**-3.335**	**14,5**

Í fjárlögum 1991 var gert ráð fyrir að bætur lífeyristrygginga yrðu tekjutengdar með einum eða öðrum hætti og við það mundu sparast allt að 250 m.kr. Af þessu varð ekki og er það ein skýringin á því að bætur lífeyristrygginga fóru 511 m.kr. fram úr fjárlögum. Þá voru útgjöld vegna fæðingarorlofs nokkuð umfram áætlun. Greiðslur til sjúkratrygginga urðu 436 m.kr. umfram fjárlög. Stærsta frávikið var vegna lækniskostnaðar 340 m.kr. Hækkunin stafar meðal annars af því að á árinu 1991 var áformað að ná lækniskostnaði niður um 150 m.kr. með breyttum greiðslureglum. Þetta kom ekki til framkvæmda. Þess í stað voru gerðir kjarasamingar við lækna, sem við samningsgerð var sagt að mundu kosta 30 - 40 m.kr., en kostuðu í raun mun meira. Því til viðbótar jókst umfang læknisþjónustunnar. Útgjöld við kaup á hjálpartækjum fóru 184 m.kr. fram úr áætlun. Fjárlög gerðu ráð fyrir að ná fram sparnaði í lyfjakostnaði, um 500- 600 m.kr. Út frá þeim forsendum var áætlað að lyfjakostnaður næmi alls 2,3 milljörðum króna á árinu. Í reynd fór kostnaðurinn 100 m.kr. fram úr áætlun, en til sparnaðaraðgerða var ekki gripið fyrr en á miðju ári. Hins vegar urðu vistgjöld sjúkrastofnana 120 m.kr. undir áætlun og tannlæknakostnaður um 80 m.kr. Það stafaði meðal annars af því að greiðslum vegna tannréttinga var frestað til ársins 1992 þar sem samningar við tannlækna voru ófrágengnir. Þá fóru útgjöld slysatrygginga fram úr áætlun um 98 m.kr., einkum vegna umferðarslysa.

Þrátt fyrir sérstakar aðgerðir sem ný ríkisstjórn beitti sér fyrir til þess að lækka fjárþörf Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 300 m.kr., urðu greiðslur 700 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Niðurgreiðslur voru innan ramma fjárlaga þar sem sala á búvörum var minni en gert hafði verið ráð fyrir. Greiðslur útflutningsbóta reyndust aftur á móti um 1 milljarði króna hærri en áætlun fjárlaga. Það skýrist í fyrsta lagi af sérstakri ákvörðun um útflutning á kindakjöti til Mexíkó í tengslum við uppkaup fullvirðisréttar vegna nýgerðs búvörusamnings og í öðru lagi reyndist útflutningsþörf á mjólkurafurðum meiri en gert var ráð fyrir. Loks voru greiðslur skuldbindinga frá fyrri árum meiri en áætlað var. Uppbætur á lífeyri reyndust hærri en ráð var fyrir gert. Annars vegar vegna uppgjörs á skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins frá fyrri árum og hins vegar vegna lífeyrisgreiðslna sem tengjast fyrrverandi starfsmönnum Útvegsbanka Íslands. Af öðrum skýringum á frávikum umfram fjárlög má nefna 195 m.kr. hækkun rekstrarframlags til Skipaútgerðar ríkisins og annarra flóabáta. Þá urðu greiðslur vegna ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot fyrirtækja 230 m.kr. hærri. Loks má nefna að greiðslur til Bjargráðasjóðs urðu 60 m.kr. umfram áætlun fjárlaga.

Alls voru samþykktar viðbótarheimildir vegna rekstrartilfærslna að fjárhæð 3,6 milljarðar króna með fjáraukalögum í byrjun desember.

Á meðfylgjandi mynd er sýnd hlutfallsleg skipting rekstrartilfærslna eftir helstu málefnaflokkum.

Skipting rekstrartilfærslna 1991



Vaxtagjöld. Vaxtagjöld A-hluta ríkissjóðs námu 9,9 milljörðum króna á árinu 1991 samanborið við 8,3 milljarða króna 1990. Í fjárlögum voru vaxtagreiðslur áætlaðar 9,4 milljarðar króna. Á sambærilegu verðlagi nemur hækkun vaxtagjalda 10,2%. Innlausn spariskírteina ríkissjóðs reyndist meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir þannig að vaxtagjöld hækka um 111 m.kr. umfram áætlun af þeim sökum. Vextir af yfirdrætti ríkissjóðs hjá Seðlabanka reyndust einnig mun hærri vegna meiri rekstrarhalla en gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða um 550 m.kr. Aðrar vaxtagreiðslur urðu innan áætlunar.

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyt. 90-91 %
Vextir af löngum erlendum lánum	4.777	4.800	4.736	64	-0,9
Vextir og lánt.kostn. af spariskírteinum	514	1.100	1.211	-111	135,6
Vextir af öðrum löngum innlendum lánum	684	1.100	978	122	43,0
Vextir af skammtímalánum	2.299	2.400	2.950	-550	28,3
Samtals	**8.274**	**9.400**	**9.875**	**-475**	**19,3**

Viðhald. Útgjöld vegna viðhalds námu 2,3 milljörðum króna á árinu 1991 samanborið við 2,4 milljarða króna á árinu á undan. Fjárlög 1991 gerðu ráð fyrir 2,5 milljörðum króna til viðhalds á árinu þannig að útgjöldin urðu í reynd 9% lægri. Lækkunin kemur öll fram í lægri viðhaldsútgjöldum hjá Vegagerð ríkisins.

Stofnkostnaður. Útgjöld vegna fjárfestingar námu 12,8 milljörðum króna samanborið við 9,3 milljarða króna á árinu á undan. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 10,6 milljörðum til þessa útgjaldaliðar. Til vegagerðar var varið 3.215 m.kr. sem er 90 m.kr. hærra en fjárlög gerðu ráð fyrir. Við afgreiðslu vegaáætlunar voru heimildir hækkaðar um 170 m.kr., en vegna niðurskurðar í ríkisfjármálum voru þær lækkaðar síðar um 350 m.kr. Útgjöld skv. heimild í 6. grein fjárlaga til fasteignakaupa urðu alls 1.328 m.kr. samanborið við 491 m.kr. heimild í fjárlögum. Frávik skýrast einkum af kaupum á tveimur stórum eignum, dómhúsi við Lækjartorg og húsi Sláturfélags Suðurlands í Laugarnesi. Einnig þurfti ríkið að leysa til sín eignir á uppboðum. Á móti þessum kaupum kemur sala eigna að fjárhæð 356 m.kr. sem færðar eru á teknahlið fjárlaga. Útgjöld til hafnamála urðu umfram áætlum fjárlaga sem nam framkvæmdum við Hornafjarðarós. Í meðfylgjandi yfirliti sést skipting stofnkostnaðar árin 1990 og 1991.

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 90-91 %
Vegagerð ríkisins	2.599	3.125	3.215	-90	23,7
Húsnæðisstofnun	534	900	900	-	68,5
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	339	491	1.378	-887	306,5
Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar	836	1.181	1.217	-36	45,6
Hafnamál	678	728	888	-160	30,9
Skólabyggingar	672	753	722	31	7,4
Annað	3.668	3.465	4.478	-1.013	22,1
Samtals	**9.326**	**10.643**	**12.798**	**-2.155**	**37,2**

Aðrar greiðslur stofnkostnaðar urðu 1.013 m.kr. umfram fjárlög. Þar má nefna 357 m.kr. framlag til Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og 250 m.kr. til endurbóta Þjóðleikhússins. Vegna tjóns af völdum óveðurs sem gekk yfir landið í byrjun árs varð ríkissjóður fyrir 250 m.kr. útgjaldaauka.

Ónýttar fjárheimildir eru ekki sundurliðaðar hér, en þær verða í greinargerð með fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 1991 sem lagt verður fram á Alþingi á næstunni.

5 Lánahreyfingar ríkissjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir lánahreyfingum A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991. Útkoma ársins er borin saman við fjárlög 1991 og útkomu ársins 1990. Fyrst er fjallað um lánsfjárþörf ríkissjóðs og síðan um lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs 1991

Í fjárlögum 1991 var ráðgert að mæta áætluðum greiðsluhalla ríkissjóðs, að fjárhæð um 4,1 milljarður króna og útstreymi á lánahreyfingum ríkissjóðs að fjárhæð um 1,8 milljarðar króna með nýrri lántöku ríkissjóðs að fjárhæð um 5,9 milljarðar króna. Lánsfjárlög 1991 voru afgreidd frá Alþingi í mars 1991. Með þeim hækkaði lánsfjárþörf ríkissjóðs um 1,7 milljarða króna, þ.e. útgjaldaheimildir um 1 milljarð og heimildir ríkissjóðs til endurlána um 0,7 milljarða. Reyndin varð hins vegar sú að greiðsluhalli ríkissjóðs varð 12,5 milljarðar króna og útstreymi á lánahreyfingum að fjárhæð 2,1 milljarður króna. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1991 nam því alls 14,6 milljörðum króna eða sem svarar til um 3,9% af vergri landsframleiðslu. Þetta hlutfall hefur ekki í annan tíma verið hærra. Árið 1990 var þetta hlutfall 2,1% og 2,6% árið 1989.

Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöðutölur ríkisfjármála á árinu 1991 samanborið við fjárlög 1991 og útkomu ársins 1990:

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.
Rekstrarafkoma	**-4.446**	**-4.069**	**-12.534**
Veitt lán, nettó	-522	-1.040	-1.627
Eignfærð framlög	-123	-270	-234
Viðskiptareikningar	-2.079	-500	-253
Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-7.170**	**-5.879**	**-14.648**
Afborganir af teknum lánum	-6.189	-7.700	-7.623
Verg lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-13.359**	**-13.579**	**-22.271**
Tekin ný lán	14.073	13.600	16.158
Greiðsluafkoma	**714**	**21**	**-6.113**

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs. Á árinu 1991 varð útstreymi á þessum lið, þ.e. veitt ný lán umfram innheimtar afborganir af eldri lánum, að fjárhæð 1,6 milljarðar króna í stað 1 milljarðs króna eins og ætlað var í fjárlögum. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána:

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**3.127**	**3.350**	**3.243**
Bundnar innlendu verðlagi	1.713	1.920	2.085
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	1.414	1.430	1.158
Veitt ný lán	**3.649**	**4.390**	**4.870**
Skv. 1 gr. fjárlaga	**2.860**	**4.390**	**3.637**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.330	3.000	3.000
Hafnabótasjóður	20	240	275
Alþjóðaflugþjónustan	180	500	162
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	300	550	200
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	30	-	-
Annað	-	100	-
Skv. 15 gr. lánsfjárlaga	**352**	**-**	**823**
Hitaveita Eyra	11	-	-
Bæjarsjóður Siglufjarðar	50	-	-
Bæjarveitur Vestmannaeyja	56	-	28
Bæjarsjóður Neskaupstaðar	15	-	-
Hríseyjarhreppur	80	-	-
Skallagrímur hf., Akranesi	80	-	11
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	30	-	709
Baldur hf., Stykkishólmi	30	-	-
Djúpbáturinn hf., Ísafirði	-	-	45
Hitaveita Egilsstaða og Fella	-	-	20
Hitaveita Hveragerðis	-	-	6
Útgerðarfélag Akureyrar hf.	-	-	4
Skv. 6. gr. fjárlaga o.fl.	**437**	**-**	**410**
Vegna fasteignaviðskipta o.fl.	437	-	410
Veitt lán, nettó	**- 522**	**-1.040**	**-1.627**

Innheimtar afborganir. Innheimtar afborganir voru áætlaðar 3.350 m.kr. í fjárlögum en urðu ívið lægri eða 3.243 m.kr. Mismunurinn skýrist að stærstum hluta af lægra gengi Bandaríkjadals en gengið var út frá í fjárlögum.

Veitt lán. Í fjárlögum voru lánveitingar áætlaðar 4.390 m.kr. Í reynd urðu lánveitingar ríkissjóðs samtals 4.870 m.kr. Skipta má lánveitingum ríkissjóðs í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru almenn lán veitt skv. 1. gr. fjárlaga. Í öðru lagi eru lán veitt skv. 6. gr. fjárlaga sem tengjast aðallega fasteignaviðskiptum ríkissjóðs. Loks eru lán veitt skv. 15. gr. lánsfjárlaga. Hér er um að ræða ýmsar heimildir sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra til lántöku með ríkisábyrgð sem ríkissjóður nýtir sjálfur og endurlánar síðan. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða tiltölulega lágar fjárhæðir, er oft hagkvæmara að ríkissjóður hafi milligöngu um útvegun fjárins. Aðeins lánveitingar skv. 1. gr. fjárlaga koma fram í greiðsluyfirliti fjárlaga sem m.a. útskýrir það mikla frávik sem kemur fram í heildarlánveitingum ríkissjóðs.

Frávik á einstökum liðum skýrast á eftirfarandi hátt. Í fyrsta lagi ákvað ný ríkisstjórn að veita Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar fjárveitingu í stað lánsfjár eins og áður hafði verið ákveðið. Var þetta gert með tilliti til slæmrar fjárhagsstöðu deildarinnar. Í annan stað var frestað framkvæmdum við nýja flugstjórnarmiðstöð á vegum Alþjóðaflugþjónustunnar sem dró

úr lánsfjárþörf hennar. Loks skal þess getið að af 700 m.kr. lánveitingu til Herjólfs hf. voru 470 m.kr. veittar samkvæmt lántökuheimild frá árinu 1990.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1991 voru heimildir ríkissjóðs til endurlána auknar um 735 m.kr. frá því sem gert hafði verið ráð fyrir. Þannig voru Fiskveiðasjóði ætlaðar 200 m.kr. til að endurlána loðnuverksmiðjum vegna úreldingar og Byggðastofnun voru einnig ætlaðar 200 m.kr. til að endurlána rækjuverksmiðjum. Ný ríkisstjórn féll frá nýtingu beggja þessara heimilda. Þá var heimild til að endurlána Síldarverksmiðjum ríkisins 300 m.kr. Það lán var tekið af SR um bankakerfið og hafði því engin áhrif á greiðsluhreyfingar ríkissjóðs á árinu 1991.

Eignfærð framlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum. Í fjárlögum voru eignfærð framlög áætluð 270 m.kr. en urðu í reynd 234 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sundurliðar eignfærð framlög ríkissjóðs á árinu 1991:

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.
Hlutafélög	**19**	**-**	**19**
Bifreiðaskoðun Íslands hf.	10	-	10
Stofnfiskur hf.	-	-	9
Steinullarverksmiðjan hf.	9	-	-
Alþjóðafjármálastofnanir	**104**	**270**	**215**
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington	16	16	17
Alþjóðabankinn, IBRD & IDA, Washington	61	125	111
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	10	5	6
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	14	7	7
Alþjóðlegur gengisvarasjóður fyrir Pólland	-	25	28
Evrópubankinn, EBRD, London	-	45	44
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Reykjavík	3	2	2
Þróunarsjóður EFTA fyrir Júgóslavíu	-	5	-
Annað	-	40	-
Eignfærð framlög alls	**123**	**270**	**234**

Viðskiptareikningar, nettó. Útgreiðslur umfram inngreiðslur af viðskiptareikningi voru áætlaðar 500 m.kr. í fjárlögum en reyndust 253 m.kr. Skýrist þetta frávik af ýmsum skammtímahreyfingum. Þá er rétt að geta tveggja færslna í sitt hvora áttina. Annars vegar var Húsnæðisstofnun ríkisins veitt skammtímalán að fjárhæð 1.500 m.kr. Var þetta fé m.a. notað til að gera upp skammtímalán stofnunarinnar við Seðlabanka Íslands frá árinu 1990. Hins vegar varð innstreymi að fjárhæð 1.029 m.kr. vegna breytts uppgjörs á staðgreiðslu tekjuskatts í árslok, þar af voru rúmar 400 m.kr. hluti sveitarfélaga í staðgreiðslu. Nánar er skýrt frá þessu í tekjukafla skýrslunnar.

Greiddar afborganir. Afborganir ríkissjóðs voru áætlaðar 7.700 m.kr. í fjárlögum 1991. Í reynd urðu afborganir ívið lægri eða 7.623 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sundurliðar greiddar afborganir ríkissjóðs á árinu 1991:

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.
Innlausn spariskírteina	1.451	3.400	3.421
Önnur innlend lán	3.512	3.020	2.937
Erlend lán	1.226	1.280	1.265
Afborganir alls	**6.189**	**7.700**	**7.623**

Lánsfjáröflun ríkissjóðs

Í fjárlögum var gert ráð fyrir að mæta allri lánsfjárþörf ríkissjóðs með lántökum á innlendum markaði. Það gekk hins vegar ekki eftir. Rekja má það til þrenns. Í fyrsta lagi var lánsfjárþörf ríkissjóðs mun meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir eins og fram hefur komið. Í annan stað varð aukning peningalegs sparnaðar á árinu 1991 nokkru minni en áætlað var. Við afgreiðslu fjárlaga var talið að nýr sparnaður yrði 36 milljarðar en nú er talið að nýr sparnaður hafi numið 32-33 milljörðum króna. Loks varð veruleg aukning á framboði húsbréfa. Afgreidd húsbréf á árinu 1990 námu 5,5 milljörðum króna á meðan afgreidd húsbréf á árinu 1991 námu samtals 15,1 milljarði króna. Allt þetta torveldaði innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs og leiddi til verulegs yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands og til erlendrar lántöku. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun á lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.
Innlend lán	**10.107**	**13.600**	**8.819**
Sala spariskírteina ríkissjóðs	7.484	-	5.844
Sala ríkisvíxla	1.963	-	-28
Sala ríkisbréfa	77	-	1.395
Önnur innlend lán	583	-	1.608
Erlend lán	**3.966**	**-**	**7.339**
Tekin lán, alls	**14.073**	**13.600**	**16.158**

Hér á eftir verður nánari grein gerð fyrir lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu 1991.

Spariskírteini ríkissjóðs. Uppistaðan í innlendri lánsfjáröflun ríkissjóðs var sem fyrr sala spariskírteina ríkissjóðs. Á árinu voru seld ný spariskírteini fyrir samtals 5,8 milljarða króna. Á fyrstu mánuðum ársins voru vextir á spariskírteinum undir markaðsvöxtum og hafði sala þeirra nánast stöðvast. Þannig var innlausn eldri bréfa um 200 m.kr. umfram sölu nýrra bréfa á fyrsta ársþriðjungi. Ný ríkisstjórn hækkaði vexti spariskírteina með tilliti til markaðsvaxta í 7,9%. Áskrifendum að spariskírteinum ríkissjóðs var að auki boðið sérstakt 0,2% vaxtaálag. Þrátt fyrir þessa vaxtahækkun gekk sala spariskírteina treglega og má rekja það til mikils framboðs húsbréfa enda voru kaupendur þessara tveggja verðbréfaforma að stórum hluta hinir sömu.

Ríkisbréf. Síðla árs 1990 hóf ríkissjóður útgáfu nýrrar tegundar ríkisverðbréfa er hlutu nafnið Ríkisbréf. Þessi bréf bjóða sparifjáreigendum upp á ávöxtun sparifjár til lengri tíma en ríkisvíxlar en til skemmri tíma en spariskírteini. Bréfin eru óverðtryggð en vextir þeirra taka mið af meðaltali skuldabréfavaxta innlánsstofnana. Sala þeirra gekk vel seinni hluta árs. Í árslok 1991 voru útistandandi ríkisbréf samtals 1.470 m.kr. og höfðu aukist um 1.395 m.kr. á árinu.

Ríkisvíxlar. Ríkisvíxlar eru skammtímabréf ríkissjóðs. Megnið af þeim er í eigu banka og sparisjóða og ræðst sala þeirra því að verulegu leyti af lausafjárstöðu innlánsstofnana. Á árinu 1990 óx stofn ríkisvíxla um 2 milljarða króna og nam um 8 milljörðum króna í árslok 1990. Stefnt var að því að viðhalda þessum stofni á árinu 1991. Fyrri hluta árs var innlausn þeirra verulega umfram sölu en eftir vaxtahækkun í maí sl. tók sala ríkisvíxla verulegan kipp og voru útistandandi ríkisvíxlar um 8 milljarðar króna í árslok. Því verður að telja að upprunanlegu markmiði hafi verið náð. Þá má gera ráð fyrir að ákveðnir fjárfestar hafi fært fjármagn frá ríkisvíxlum í ríkisbréf eftir tilkomu þeirra.

Önnur innlend lán. Auk útgáfu markaðsverðbréfa aflaði ríkissjóður lánsfjár að fjárhæð 1.608 m.kr. innan lands á árinu 1991. Hér er um að ræða tvo liði. Annars vegar tók ríkissjóður um 1.200 m.kr. að láni hjá Framkvæmdasjóði Íslands, en sjóðsstaða hans var mjög góð í byrjun árs. Hins vegar tók ríkissjóður um 400 m.kr. að láni í tengslum við fasteignaviðskipti o.fl.

Þá skal þess getið að ríkissjóður yfirtók 1.200 m.kr. af skuldum Byggðastofnunar og 100 m.kr. af skuldum Sigló hf. á árinu. Þessar yfirtökur hafa engin áhrif á greiðsluhreyfingar ríkissjóðs á árinu 1991.

Erlend lán. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1991 var ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður tæki nein erlend lán. Í lánsfjáraukalögum var hins vegar veitt heimild til erlendrar lántöku að fjárhæð 12.800 m.kr. vegna aukins halla og erfiðleika við innlenda lánsfjáröflun.

Ríkissjóður tók erlend lán samtals að fjárhæð 7.339 m.kr. á árinu 1991. Skammtímavíxlar voru gefnir út fyrir 33 milljónir dala í tengslum við Euro Commercial Paper Programme ríkissjóðs. Þá var dregið á veltilán ríkissjóðs að fjárhæð 39 milljónir dala. Loks fóru fram tvö útboð á skuldabréfum ríkissjóðs erlendis. Annað að fjárhæð 30 milljónir dala og hitt að fjárhæð 15 milljónir dala. Eftirstöðvar lántökuheimildarinnar verða nýttar á árinu 1992 til að gera upp yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann.

Staðan gagnvart Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands er viðskiptabanki ríkissjóðs. Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs, heimilt að taka skammtímalán í Seðlabankanum til að fjármagna sveiflur í tekjum og gjöldum ríkissjóðs innan ársins. Skuld ríkissjóðs sem reynast kann að vera á viðskiptareikningum í lok árs ber að gera upp innan þriggja mánaða frá lokum viðkomandi fjárhagsárs.

Greiðsluhreyfing ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands var neikvæð um 5 milljarða króna á árinu 1991. Yfirdráttur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1991 nam 6,1 milljarði króna en á móti koma afborganir ríkissjóðs af áður teknum lánum að fjárhæð 1,1 milljarður króna.

Fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabanka við A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 nam um 9 milljörðum króna að jafnaði á mánuði. Á árinu 1990 var fyrirgreiðsla Seðlabankans hins vegar um 4,5 milljarðar króna að meðaltali á mánuði. Eins og nefnt var hér að framan stafar aukin fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabankans fyrst og fremst af meiri rekstrarhalla ríkissjóðs og erfiðleikum í fjármögnun hans á innlendum lánamarkaði, einkum á fyrri hluta ársins.

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.
Greiðsluafkoma	**714**	**21**	**-6.113**
Afborganir af lánum í Seðlabanka	3.065	855	755
Uppgjör skammtímaskulda í Seðlabanka	1.903	327	327
Lántaka í Seðlabanka	-9	-	-
Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu	**5.673**	**1.203**	**-5.031**
Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka	-66	-	20
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	**5.607**	**1.203**	**-5.011**

6 Lánsfjármál opinberra aðila og sjóða

Í þessum kafla er gerð sérstök grein fyrir lánsfjármálum opinberra aðila og sjóða á árinu 1991. Fjallað er um lánsfjárþörf þeirra, hvernig öflun lánsfjár var háttað og greint frá helstu frávikum frá upphaflegri lánsfjáráætlun. Loks er sýnt yfirlit yfir greiðslustreymi stærstu fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Í töfluviðauka er birt yfirlit um greiðslustreymi húsbyggingasjóðanna undanfarin 10 ár.

Lánsfjáráætlun er hér skilgreind sem lántökur og afborganir opinberra aðila eins og forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Þannig eru viðbótarheimildir til lántöku sem Alþingi samþykkti við afgreiðslu lánsfjárlaga í mars 1991 ekki meðtaldar í upphaflegri lánsfjáráætlun. Rétt er að taka fram að innlendum lánum sveitarfélaga er sleppt og að því leyti er áætlunin ekki tæmandi.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1991 voru heildarlántökur ríkissjóðs, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs, sveitarfélaga og opinberra lánastofnana áætlaðar 42,2 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð var ráðgert að taka 7 milljarða króna að láni erlendis og 35,2 milljarða króna á innlendum markaði. Hrein innlend fjármögnun, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, var áætluð 22,9 milljarðar króna eða 6,2% af landsframleiðslu. Hreint innstreymi erlends fjár á vegum þessara aðila var áætlað 0,4 milljarðar króna eða 0,1% af landsframleiðslu.

	Lánsfjáráætlun 1991			Útkoma 1991		
Milljarðar króna	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	**35,2**	**7,0**	**42,2**	**34,8**	**21,6**	**56,4**
Opinberir aðilar	13,6	3,5	17,1	8,8	18,0	26,8
Ríkissjóður A-hluti *	13,6	-	13,6	8,8	13,5	22,3
Ríkisfyrirtæki	-	3,0	3,0	-	3,8	3,8
Sveitarfélög	-	0,5	0,5	-	0,7	0,7
Opinberar lánastofnanir	21,6	3,5	25,1	26,0	3,6	29,6
Byggingarsjóðir	10,7	-	10,7	9,7	-	9,7
Húsbréf	10,0	-	10,0	15,1	-	15,1
Aðrir	0,9	3,5	4,4	1,2	3,6	4,8
Afborganir	**12,3**	**6,6**	**18,9**	**11,8**	**4,4**	**16,2**
Opinberir aðilar	6,3	4,4	10,7	6,3	2,8	9,1
Ríkissjóður	6,3	1,4	7,7	6,3	1,3	7,6
Ríkisfyrirtæki	-	2,5	2,5	-	1,0	1,0
Sveitarfélög	-	0,5	0,5	-	0,5	0,5
Opinberar lánastofnanir	6,0	2,2	8,2	5,5	1,6	7,1
Byggingarsjóðir	3,0	-	3,0	2,5	-	2,5
Húsbréf	0,1	-	0,1	0,1	-	0,1
Aðrir	2,9	2,2	5,1	2,9	1,6	4,5
Hrein lánsfjárþörf	**22,9**	**0,4**	**23,3**	**23,0**	**17,2**	**40,2**
Hlutfall af landsframleiðslu	6,2%	0,1%	6,3%	6,1%	4,6%	10,7%

*Yfirdráttur í Seðlabanka Íslands er flokkaður sem erlend lántaka.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum námu heildarlántökur 56,4 milljörðum króna á árinu 1991 samanborið við 42,2 milljarða króna á árinu 1990. Þar af eru innlendar lántökur 34,8 milljarðar króna eða tæplega hálfum milljarði króna undir upphaflegri áætlun. Mikil frávik eru hins vegar í erlendri lánsfjáröflun. Erlendar lántökur voru áætlaðar 7 milljarðar króna í upphafi ársins en urðu í reynd samtals 21,6 milljarðar króna. Hrein lánsfjáröflun þessara aðila, þ.e. nýjar lántökur að frádregnum afborgunum eldri lána, nam 40,2 milljörðum króna eða sem svarar til 10,7% af landsframleiðslu. Á árinu 1990 var þetta hlutfall 8% og hefur því hækkað verulega milli ára. Hrein lánsfjáröflun á innlendum markaði nemur 23 milljörðum króna. Það svarar til um 70% af áætlaðri aukningu innlends sparnaðar, en hún er áætluð um 32-33 milljarðar króna á árinu 1991.

Lánsfjárþörf hins opinbera hefur aukist verulega á undanförnum árum. Árið 1986 nam hrein lánsfjárþörf um 4% af landsframleiðslu, 1988 var hlutfallið komið í tæplega 7%, 1990 í tæplega 8% og árið 1991 í 10,7%. Lánsfjárþörf hins opinbera hefur því meira en tvöfaldast á síðustu fimm árum, eða úr tæplega 15 milljörðum króna árið 1986 (reiknað á verðlagi 1991) í 40 milljarða króna árið 1991.

Tvo þriðju hluta þessarar aukningar má rekja til húsnæðislánakerfisins, en fjárþörf þess hefur farið úr tæplega 5 milljörðum króna árið 1986 í rúmlega 22 milljarða króna árið 1991, reiknað á föstu verðlagi. Aukningin er veruleg, jafnvel þótt tekið sé tillit til þess að framlag úr ríkissjóði hafi lækkað úr 3,6 milljörðum króna 1986 í tæplega 1 milljarð króna 1991 og lánveitingar banka og lífeyrissjóða hafi einnig dregist saman.

Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila og sjóða
1986 - 1991



Eftirfarandi yfirlit gefur heildarmynd af lántökum þeirra er lánsfjáráætlun 1991 náði til.

Milljónir króna	Sala ríkis-verðbréfa	Verðbréfa-kaup lífeyrissjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
Opinberir aðilar	**7.211**	**-**	**1.608**	**8.819**	**17.989**	**26.808**
Ríkissjóður, A-hluti *	7.211	-	1.608	8.819	13.452	22.271
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	-	-	-	-	3.800	3.800
Sveitarfélög	-	-	-	-	737	737
Húsbyggingasjóðir	**15.113**	**9.233**	**446**	**24.792**	**-**	**24.792**
Byggingarsjóður ríkisins	-	4.982	137	5.119	-	5.119
Byggingarsjóður verkamanna	-	4.251	309	4.560	-	4.560
Húsbréf	15.113	-	-	15.113	-	15.113
Lánastofnanir	**-**	**343**	**1.356**	**1.699**	**3.630**	**5.329**
Byggðastofnun, atvinnutryggingardeild	-	-	274	274	-	274
Byggðastofnun	-	31	29	60	619	679
Fiskveiðasjóður	-	-	374	374	1.526	1.900
Framkvæmdasjóður	-	-	-	-	-	-
Iðnlánasjóður	-	60	-	60	1.045	1.105
Iðnþróunarsjóður	-	50	49	99	389	488
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	202	500	702	-	702
Útflutningslánasjóður	-	-	-	-	51	51
Landflutningasjóður	-	-	5	5	-	5
Ferðamálasjóður	-	-	125	125	-	125
Heildarlántökur	**22.324**	**9.576**	**3.410**	**35.310**	**21.619**	**56.929**

* Yfirdráttur í Seðlabanka er flokkaður sem erlend lántaka.

Opinberar lánastofnanir. Framar í þessari skýrslu er ítarleg umfjöllun um lánsfjármál ríkissjóðs. Lántökur sveitarfélaga og fyrirtækja með eignaraðild ríkisins voru innan ramma lánsfjáráætlunar að teknu tilliti til hækkunar lántökuheimildar Landsvirkjunar í lánsfjárlögum. Því verður hér einungis fjallað um lánsfjármál opinberra lánastofnana.

Heildarlántökur opinberra lánastofnana á árinu 1991 námu 29,6 milljörðum króna eða jafngildi 7,9% af landsframleiðslu. Að frádregnum afborgunum af eldri lánum námu lántökurnar tæpum 22,5 milljörðum króna eða sem svarar til 6% af landsframleiðslu, samanborið við 5% árið 1990. Hrein lánsfjáröflun þessara aðila á innlendum markaði nam 20,5 milljörðum króna og tengist að öllu leyti húsnæðiskerfinu.

Stærsti lántakandinn á innlendum markaði var sem fyrr Húsnæðisstofnun ríkisins. Gert var ráð fyrir að lántökur Húsnæðisstofnunar næmu samtals 20,7 milljörðum króna. Í reynd urðu þær 24,8 milljarðar króna. Rekja má þessar umframlántökur alfarið til húsbréfakerfisins. Í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir að húsbréf yrðu afgreidd fyrir 10 milljarða króna á árinu. Útgáfa þeirra nam hins vegar 15,1 milljarði króna. Aukningin skýrist einkum af veitingu lána vegna greiðsluerfiðleika, en heimild til þess var veitt eftir að fjárlög voru samþykkt. Þessi lán námu 2,4 milljörðum króna á árinu 1991. Þá komu til afgreiðslu eftirstöðvar útgáfu bréfa frá árinu 1990 að fjárhæð 2 milljarðar króna.

Lántökur Byggðastofnunar, þ.m.t. atvinnutryggingardeildar, voru verulega lægri en gert var ráð fyrir. Í lánsfjáráætlun voru þær áætlaðar samtals 1.550 m.kr., en urðu um 950 m.kr. Ástæðurnar eru tvær. Annars vegar ákvað ríkisstjórnin sl. sumar að takmarka lántökur

Byggðastofnunar um 300 m.kr. samtímis því sem ríkissjóður yfirtók skuldir Byggðastofnunar að fjárhæð 1,2 milljarðar króna. Hins vegar var ákveðið að veita Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar fjárveitingu í stað lánsfjár að fjárhæð um 360 m.kr. Var þetta gert til að mæta töpuðum kröfum deildarinnar.

Lántökur fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna voru í samræmi við lánsfjáráætlun nema hvað Fiskveiðasjóð snertir. Erlend lántaka sjóðsins nam 1.525 m.kr. en hafði verið áætluð 1.200 m.kr. Frávikið skýrist m.a. af því að sjóðnum var heimilað að taka lán sem nam hluta þeirrar fjárhæðar sem flokkuð hafði verið undir "Atvinnufyrirtæki" í lánsfjáráætlun. Þá tók sjóðurinn 375 m.kr. að láni innan lands, m.a. með yfirtöku lána fiskeldisstöðva, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir.

Að lokum er birt yfirlit sem sýnir greiðslustreymi stærstu fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Greiðsluyfirlit húsbyggingasjóðanna er að finna í töfluviðauka.

Milljónir króna	Framkvæmdasjóður	Iðnlánasjóður	Fiskveiðasjóður	Iðnþróunarsjóður	Atvinnutryggingarsjóður	Byggðastofnun	Samtals
Innstreymi	**6.295**	**3.195**	**6.705**	**2.215**	**1.240**	**3.090**	**22.740**
Sjóðslækkun	1.075	100	-	445	30	70	1.720
Innheimtar afborganir	3.180	1.180	2.435	605	140	1.010	8.550
Innheimtir vextir	2.010	600	2.370	645	425	980	7.030
Framlög	-	180	-	-	360	250	790
Aðrar tekjur	30	30	-	30	10	100	200
Tekin lán	-	1.105	1.900	490	275	680	4.450
Útstreymi	**6.295**	**3.195**	**6.705**	**2.215**	**1.240**	**3.090**	**22.740**
Sjóðsaukning	-	-	265	-	-	-	265
Rekstrarkostnaður	95	105	120	65	15	140	540
Fjárfesting	-	20	5	-	-	65	90
Greiddar afborganir	1.630	540	3.210	55	370	680	6.485
Greiddir vextir	2.150	620	1.830	340	645	610	6.195
Annað	5	65	490	205	45	60	870
Veitt lán	2.415	1.845	785	1.550	165	1.535	8.295

7 Rekstraruppgjör - greiðsluuppgjör

Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992 voru kynntar reglur ríkisreikningsnefndar um framsetningu fjárlaga til samræmis við þær breytingar sem gerðar hafa verið á upppgjöri ríkisreiknings. Tilgangur þessara breytinga er að draga fram með skýrari hætti en áður afleiðingar ákvarðana í ríkisfjármálum. Reglurnar fela í fyrsta lagi í sér að ná sem mestu samræmi milli ríkisreiknings og fjárlaga. Í öðru lagi er ekki talið fullnægjandi að áfallnar en ógreiddar skuldbindingar ríkissjóðs séu færðar í ríkisreikningi eftir lok fjárhagsársins. Nauðsynlegt er að þær skuldbindingar sem ákveðnar eru eða falla á ár hvert sem hluti eða afleiðing af ríkisstarfseminni séu sýndar í fjárlögum. Annars næst ekki yfirsýn yfir raunveruleg ríkisumsvif og breytingar þeirra frá einu ári til annars. Eftir sem áður verða fjárlög að sýna innheimtar tekjur og greiðslur úr ríkissjóði, bæði vegna þess að ákvarðanir Alþingis um greiðslur ráða mestu um umsvif ríkisaðila á fjárhagsárinu og hins að raunhæfri stjórn og eftirliti með útgjöldum verður ekki við komið nema fjárlög sýni ákvarðanir um greiðsluheimildir.

Á þessum forsendum hefur ríkisreikningsnefnd lagt til að framsetningu fjárlaga verði breytt. Í stað þess að þau séu eingöngu á greiðslugrunni eins og verið hefur verði þau sýnd bæði á greiðslugrunni og rekstrargrunni. Í þessu felst að hvort tveggja verði lagt fram og afgreitt: Greiðslur á árinu vegna viðkomandi fjárlagaliða og skuldbindingar sem þeim tengjast.

Greiðslugrunnur er skilgreindur sem hreint sjóðsstreymi, en rekstrargrunnur nær yfir allar kröfur og skuldbindingar á fjárhagsárinu eins og fram kemur í ríkisreikningi. Í tillögum ríkisreikningsnefndar er reynt að halda til haga báðum uppgjörsaðferðum því að þær þjóna hvor um sig ákveðnum tilgangi, en breytingunni er ætlað að tengja saman og skýra frávikið milli þeirra. Fullt samræmi verður því milli fjárlaga og ríkisreiknings. Í þessu felst enn fremur að fyrir Alþingi verður lagt til ákvörðunar að veita greiðsluheimildir og skuldbindingar sem fjárhagsárinu tengjast.

Gróft mat hefur verið lagt á þær kröfur og skuldbindingar sem stofnað var til á árinu 1991 en komu ekki til greiðslu á því ári. Inn í það mat koma allar skuldbindingar sem á ríkissjóð falla umfram greiðsluheimildir, en frá dragast greiðslur verkefna sem þegar hafa verið færðar til gjalda í ríkisreikningi eins og t.d. uppgjör skólabygginga til sveitarfélaga samkvæmt verkaskiptalögum. Á teknahlið er í rekstrarreikningi færð álagning skatta að frádregnum afskriftum álagðra gjalda. Álagningartölur tekna vegna ársins 1991 liggja ekki fyrir. Hins vegar er vitað um ýmsar breytingar sem hafa áhrif á rekstraruppgjörið. Hér ná nefna áhrif samdráttar í innheimtu virðisaukaskatts auk ýmissa tæknilegra atriða svo sem breytinga á uppgjöri staðgreiðslu, áhrif upptöku tryggingagjalds í ársbyrjun 1991 í stað fimm annarra gjalda og innheimtu virðisaukaskatts í 11½ mánuð á árinu 1991. Í eftirfarandi töflu eru sýnd frávik milli greiðslu- og rekstraruppgjörs á gjaldahlið:

	Greiðslu-uppgjör m.kr.	Mismunur m.kr.	Áætlað rekstraruppgjör m.kr.
1. Eldri og nýjar skuldbindingar meðtaldar í greiðsluframsetningu			
01-172 Atvinnutryggingadeild Byggðastofnunar	0	1.200	1.200
02-997 Uppgjör við sveitarfélög skv. verkaskiptalögum	390	-390	0
04-288 Jarðræktarframlög	233	-125	108
04-290 Uppkaup á fullvirðisrétti	0	1.300	1.300
04-290 Útflutningsuppbætur	420	-420	0
09-381 Uppbætur á lífeyri	1.020	1.480	2.500
09-486 Heimildir skv. 6. gr. fjárlaga	630	-600	1.230
09-801 Vaxtagjöld	9.880	1.100	10.980
10-333 Hafnagerð, skuldagreiðslur	840	350	1.190
11-220 Hita- og rafveita Siglufjarðar	0	100	100
2. Yfirteknar skuldbindingar fyrri ára sem áhrif hafa á greiðsluuppgjör			
05-281 Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins	760	-760	0
11-xxx Skuldir orkuveitna	130	-130	0
09-100 Afborganir lána	890	-890	0

Gróft reiknað má ætla að gjaldahliðin geti hækkað um allt að fjóra milljarða frá greiðslugrunni. Á móti vegur hækkun á tekjuhlið. Það er rétt að ítreka að hér er um afar lauslegt mat á skuldbreytingum umfram greiðslur á gjaldahlið að ræða. Nánari grein verður gerð fyrir þessu í fjáraukalagafrumvarpi sem lagt verður fyrir Alþingi á næstu vikum.

Tafla 1 Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs 1982-1991 [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab. 1991
Tekjur	10 053	16 354	22 093	28 861	38 113	48 957	64 382	80 001	92 453	99 953
Gjöld	9 771	17 216	21 433	31 142	40 111	51 688	71 583	86 056	96 899	112 487
Rekstrarafkoma	282	- 862	660	-2 281	-1 998	-2 731	-7 201	-6 055	-4 446	-12 534
Veitt lán, nettó	..	..	..	..	322	- 99	- 779	- 722	- 522	-1 954
Hlutafé og stofnfjárframlög	..	..	..	..	- 89	- 873	- 116	70	- 123	- 233
Viðskiptareikningar, nettó	..	..	..	..	- 964	-1 818	- 211	- 889	-2 079	73
Hrein lánsfjárþörf	..	..	..	..	-2 729	-5 521	-8 307	-7 596	-7 170	-14 648
Innlend lántaka	..	..	..	..	1 886	2 728	1 526	5 837	7 184	3 216
Ný lán	..	..	..	..	3 617	4 485	4 882	10 386	10 107	8 819
Afborganir	..	..	..	..	-1 731	-1 757	-3 356	-4 549	-2 923	-5 603
Erlend lántaka	..	..	..	..	3 756	1 119	3 198	5 181	2 740	6 074
Ný lán	..	..	..	..	5 004	2 155	4 230	6 663	3 966	7 339
Afborganir	..	..	..	..	-1 248	-1 036	-1 032	-1 482	-1 226	-1 265
Seðlabanki Íslands, nettó	..	..	..	..	-2 188	954	- 646	-5 548	-2 040	- 755
Greiðsluafkoma	..	..	..	..	**725**	**- 720**	**-4 229**	**-2 126**	**714**	**-6 113**
Hlutfall af VLF, %										
Tekjur	26,4	24,8	25,2	24,2	24,0	23,5	25,3	26,6	26,9	26,4
Gjöld	25,6	26,1	24,5	26,1	25,3	24,8	28,1	28,6	28,2	29,7
Rekstrarafkoma	0,7	-1,3	0,8	-1,9	-1,3	-1,3	-2,8	-2,0	-1,3	-3,3
Hrein lánsfjárþörf	..	..	..	..	-1,7	-2,7	-3,3	-2,5	-2,1	-3,9
Greiðsluafkoma	..	..	..	..	0,5	-0,3	-1,7	-0,7	0,2	-1,6

1) Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagreiðslum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1982-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

Tafla 2 Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1982-1991 [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab. 1991
Beinir skattar	**1 485**	**2 386**	**2 875**	**3 280**	**5 508**	**6 103**	**9 437**	**13 251**	**17 690**	**19 263**
Einstaklingar	1 188	1 780	2 087	2 404	3 904	4 420	6 772	9 552	13 677	15 055
Fyrirtæki	297	606	788	876	1 604	1 683	2 665	3 699	4 013	4 208
Óbeinir skattar	**7 904**	**12 244**	**17 057**	**22 794**	**29 468**	**39 920**	**51 255**	**61 239**	**68 448**	**74 240**
Innflutningsgjöld	2 270	3 261	4 277	5 090	5 786	7 810	5 261	7 395	8 354	9 460
Virðisaukaskattur/söluskattur	3 387	5 600	7 689	10 725	14 444	19 972	29 522	34 179	37 086	38 954
Hagnaður ÁTVR	579	724	1 202	1 923	2 431	3 204	4 280	5 370	5 920	6 487
Launa- og tryggingagjöld	704	1 030	1 509	2 019	2 653	3 543	4 908	5 820	7 327	9 130
Bifreiðagjöld [2]	416	717	1 042	1 348	2 144	2 739	3 770	4 732	5 471	6 404
Aðrir skattar	548	912	1 338	1 689	2 010	2 652	3 514	3 743	4 290	3 805
Aðrar tekjur	**664**	**1 724**	**2 161**	**2 787**	**3 137**	**2 934**	**3 690**	**5 511**	**6 315**	**6 450**
Vaxtatekjur	592	1 572	1 893	2 530	2 549	2 438	3 012	4 261	4 096	3 947
Ýmsar tekjur, þ.m.t. arðgreiðslur	72	152	268	257	588	496	678	1 250	2 219	2 503
Heildartekjur ríkissjóðs	**10 053**	**16 354**	**22 093**	**28 861**	**38 113**	**48 957**	**64 382**	**80 001**	**92 453**	**99 953**
Hlutfall af VLF, %										
Beinir skattar	3,9	3,6	3,3	2,8	3,5	2,9	3,7	4,4	5,2	5,1
Óbeinir skattar	20,7	18,6	19,5	19,1	18,6	19,2	20,1	20,4	19,9	19,6
Skatttekjur	**24,6**	**22,2**	**22,8**	**21,9**	**22,1**	**22,1**	**23,8**	**24,8**	**25,1**	**24,7**
Aðrar tekjur	1,7	2,6	2,5	2,3	2,0	1,4	1,4	1,8	1,8	1,7
Heildartekjur ríkissjóðs	**26,4**	**24,8**	**25,2**	**24,2**	**24,0**	**23,5**	**25,3**	**26,6**	**26,9**	**26,4**

1) Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af veittum endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtatekjum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1982-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við tölur ríkisreiknings að þessu leyti.

2) Bensíngjald er hér talið með bifreiðasköttum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 3 Útgjöld ríkissjóðs eftir málaflokkum 1982-1991 [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab. 1991
Almenn mál	**977**	**1 698**	**1 912**	**2 808**	**3 791**	**5 291**	**7 258**	**8 211**	**9 900**	**11 657**
Almenn þjónusta og löggæsla	877	1 495	1 681	2 524	3 410	4 816	6 699	7 509	8 942	10 527
Utanríkisþjónusta	100	203	231	284	381	475	559	702	958	1 130
Félagsmál	**5 319**	**9 483**	**11 568**	**17 392**	**23 091**	**31 576**	**41 941**	**49 708**	**59 297**	**68 085**
Mennta-, menningar- og kirkjumál	1 532	2 653	3 142	5 003	6 432	8 572	11 816	13 784	15 388	17 619
Heilbrigðismál	821	1 783	2 063	2 989	4 283	8 256	11 129	12 933	15 311	17 628
Velferðarmál	2 966	5 047	6 363	9 400	12 376	14 748	18 996	22 991	28 598	32 838
Atvinnumál	**2 559**	**4 163**	**5 257**	**6 890**	**8 532**	**9 459**	**14 056**	**17 944**	**18 156**	**20 931**
Niðurgreiðslur	804	1 035	813	1 013	1 343	1 567	3 673	4 663	5 344	5 064
Landbúnaður	376	625	943	1 325	1 649	1 980	2 848	3 839	3 564	5 362
Sjávarútvegur	136	257	387	939	1 197	1 240	1 715	2 295	1 025	1 240
Iðnaðar- og orkumál	316	736	1 062	1 155	1 359	1 058	1 158	1 417	1 162	1 259
Samgöngur	927	1 510	2 052	2 458	2 984	3 614	4 662	5 730	7 061	7 525
Umhverfismál	-	-	-	-	-	-	-	-	-	481
Ýmis mál, þ.m.t. vextir	**916**	**1 872**	**2 696**	**4 052**	**4 697**	**5 362**	**8 328**	**10 193**	**9 546**	**11 814**
Gjöld samtals	**9 771**	**17 216**	**21 433**	**31 142**	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %										
Almenn mál	10,0	9,9	8,9	9,0	9,5	10,2	10,1	9,5	10,2	10,4
Félagsmál	54,4	55,1	54,0	55,8	57,6	61,1	58,6	57,8	61,2	60,5
Atvinnumál	26,2	24,2	24,5	22,1	21,3	18,3	19,6	20,9	18,7	18,6
Ýmis mál	9,4	10,9	12,6	13,0	11,7	10,4	11,6	11,8	9,9	10,5

1) Á árinu 1986 var framsetningu ríkisreiknings breytt þannig að vextir af teknum endurlánum ríkissjóðs eru frá og með því ári taldir með vaxtagjöldum.
Í töflunni hefur niðurstöðutölum áranna 1982-1985 verið breytt til samræmis og koma þær því ekki heim og saman við ríkisreikning að þessu leyti.

Tafla 4 **Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1982-1991**

	Rekstrargrunnur							Greiðslugrunnur		
Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1982	1983 [1]	1984	1985	1986 [1]	1987	1988	1989	1990 [2]	1991
Æðsta stjórn ríkisins	94	154	192	285	347	526	670	825	1 052	1 090
Forsætisráðuneyti	73	99	117	135	183	197	426	897	731	778
Menntamálaráðuneyti	1 539	2 659	3 181	4 982	6 577	8 579	11 848	13 556	15 144	17 357
Utanríkisráðuneyti	123	243	299	353	496	693	834	1 009	1 322	1 540
Landbúnaðarráðuneyti	394	667	917	1 472	1 763	2 034	3 036	3 889	3 621	5 426
Sjávarútvegsráðuneyti	140	223	350	923	1 053	1 225	1 548	2 123	923	1 040
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	573	973	1 080	1 675	2 069	2 849	3 625	3 987	4 536	5 022
Félagsmálaráðuneyti	247	623	718	1 817	2 381	2 251	3 157	3 009	3 760	4 977
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	3 503	6 310	7 805	11 289	15 131	21 004	27 517	32 313	39 765	45 095
Fjármálaráðuneyti	1 084	2 392	3 090	4 391	5 538	6 851	10 283	12 534	12 099	15 374
Samgönguráðuneyti	958	1 628	2 165	2 546	3 022	3 673	4 765	5 770	7 118	7 589
Iðnaðarráðuneyti	342	792	1 129	1 235	1 295	1 905	1 372	1 453	1 205	1 303
Viðskiptaráðuneyti	849	1 160	883	1 063	1 413	1 740	4 253	4 596	5 478	5 224
Hagstofa Íslands	7	11	15	24	40	57	81	95	110	142
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	-	-	-	-	-	34	533
Samtals	9 926	17 934	21 941	32 190	41 308	53 584	73 415	86 056	96 899	112 487

1) Ríkissjóður yfirtók skuldir frá orkufyrirtækjum árið 1983 að fjárhæð 735 m. kr. og árið 1986 að fjárhæð 5.081 m. kr. Þær tölur eru undanskildar í ofangreindu uppgjöri.

2) Í upphafi árs 1990 breyttist verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sem olli auknum útgjöldum hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Tafla 5 Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1982-1991

	Rekstrargrunnur							Greiðslugrunnur		
Hlutfallsleg skipting, %	1982	1983 [1]	1984	1985	1986 [1]	1987	1988	1989	1990 [2]	1991
Æðsta stjórn ríkisins	0,9	0,9	0,9	0,9	0,8	1,0	0,9	1,0	1,1	1,0
Forsætisráðuneyti	0,7	0,6	0,5	0,4	0,4	0,4	0,6	1,0	0,8	0,7
Menntamálaráðuneyti	15,5	14,8	14,5	15,5	15,9	16,0	16,1	15,8	15,6	15,4
Utanríkisráðuneyti	1,2	1,4	1,4	1,1	1,2	1,3	1,1	1,2	1,4	1,4
Landbúnaðarráðuneyti	4,0	3,7	4,2	4,6	4,3	3,8	4,1	4,5	3,7	4,8
Sjávarútvegsráðuneyti	1,4	1,2	1,6	2,9	2,5	2,3	2,1	2,5	1,0	0,9
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5,8	5,4	4,9	5,2	5,0	5,3	4,9	4,6	4,7	4,5
Félagsmálaráðuneyti	2,5	3,5	3,3	5,6	5,8	4,2	4,3	3,5	3,9	4,4
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	35,3	35,2	35,6	35,1	36,6	39,2	37,5	37,5	41,0	40,1
Fjármálaráðuneyti	10,9	13,3	14,1	13,6	13,4	12,8	14,0	14,6	12,5	13,7
Samgönguráðuneyti	9,7	9,1	9,9	7,9	7,3	6,9	6,5	6,7	7,3	6,7
Iðnaðarráðuneyti	3,4	4,4	5,1	3,8	3,1	3,6	1,9	1,7	1,2	1,2
Viðskiptaráðuneyti	8,6	6,5	4,0	3,3	3,4	3,2	5,8	5,3	5,7	4,6
Hagstofa Íslands	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	-	-	-	-	-	0,0	0,5
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

1) Ríkissjóður yfirtók skuldir frá orkufyrirtækjum árið 1983 að fjárhæð 735 m. kr. og árið 1986 að fjárhæð 5.081 m. kr. Þær tölur eru undanskildar í ofangreindu uppgjöri.

2) Í upphafi árs 1990 breyttist verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sem olli auknum útgjöldum hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Tafla 6 Verðlags- og launaþróun 1982-1991

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab.[1] 1991
Vísitölur (1980 = 100)										
Framfærsluvísitala	228	420	542	718	871	1 034	1 297	1 571	1 804	1 927
Byggingarvísitala	237	403	505	668	832	979	1 153	1 420	1 673	1 801
Lánskjaravísitala	227	408	546	713	888	1 043	1 287	1 524	1 760	1 893
Meðalgengi	210	386	448	573	659	684	781	982	1 094	1 094
Verðvísitala samneyslu	229	380	462	623	790	1 004	1 243	1 442	1 603	1 733
Verðvísitala einkaneyslu	230	421	558	740	889	1 038	1 299	1 572	1 805	1 929
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	232	416	533	702	871	1 051	1 296	1 551	1 759	1 918
Atvinnutekjur á mann	240	376	481	685	911	1 303	1 607	1 816	2 015	2 212
Ráðstöfunartekjur á mann	248	395	505	743	977	1 424	1 737	1 937	2 144	2 354
Kaupmáttur atvinnutekna	105	90	89	95	105	126	124	116	112	115
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	109	94	93	103	112	138	134	123	119	122
Breyting milli ára, %										
Framfærsluvísitala	51,0	84,3	29,2	32,4	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8
Byggingarvísitala	53,7	70,4	25,3	32,2	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6
Lánskjaravísitala	49,8	79,4	33,8	30,6	24,6	17,4	23,4	18,4	15,4	7,6
Meðalgengi	57,1	83,4	16,3	27,9	15,0	3,8	14,2	25,7	11,4	0,0
Verðvísitala einkaneyslu	52,1	83,0	32,5	32,6	20,1	16,8	25,1	21,0	14,8	6,8
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	53,7	79,3	28,1	31,7	24,1	20,7	23,3	19,7	13,4	9,0
Atvinnutekjur á mann	53,8	56,7	27,9	42,4	33,0	43,0	23,3	13,0	11,0	9,8
Ráðstöfunartekjur á mann	55,4	59,3	27,8	47,1	31,5	45,8	22,0	11,5	10,7	9,8
Kaupmáttur atvinnutekna	1,1	-15,0	-1,0	7,6	9,7	20,4	-1,7	-6,7	-3,4	2,8
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	3,3	-13,6	-1,0	11,1	8,4	22,7	-2,8	-7,9	-3,6	2,8

1) Áætlun fjármálaráðuneytisins.

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 7 **Þjóðhagsyfirlit 1982-1991**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab.[1] 1991
1. Einkaneysla	22 939	39 418	53 886	74 705	96 933	131 712	158 200	181 000	207 800	234 855
2. Samneysla	6 644	11 559	14 056	20 136	27 291	36 791	47 468	56 368	65 270	73 150
3. Fjárfesting	9 251	14 127	18 356	24 460	29 684	41 042	48 032	55 510	66 440	75 103
4. Neysla og fjárfesting alls	38 834	65 104	86 298	119 301	153 908	209 545	253 700	292 878	339 510	383 108
5. Birgðabreytingar	913	-1 070	786	- 978	-2 094	- 416	1 850	- 578	-1 787	-
6. Þjóðarútgjöld alls	**39 747**	**64 034**	**87 084**	**118 323**	**151 814**	**209 129**	**255 550**	**292 300**	**337 723**	**383 108**
7. Útflutningur vöru og þjónustu	12 714	27 078	34 295	49 819	63 125	73 466	84 131	108 968	125 604	126 292
8. Innflutningur vöru og þjónustu	14 329	25 275	33 871	49 051	56 342	74 496	85 042	100 366	120 213	131 100
9. Verg landsframleiðsla	**38 132**	**65 837**	**87 508**	**119 091**	**158 597**	**208 099**	**254 639**	**300 902**	**343 114**	**378 300**
10. Vaxtajöfnuður o.fl.	-1 495	-3 066	-4 554	-5 584	-6 229	-6 203	-8 333	-13 217	-14 610	-14 318
11. Viðskiptajöfnuður (7-8+10)	-3 110	-1 263	-4 130	-4 816	554	-7 233	-9 244	-4 615	-9 219	-19 126
12. Verg þjóðarframleiðsla (9+10)	**36 637**	**62 771**	**82 954**	**113 507**	**152 368**	**201 896**	**246 306**	**287 685**	**328 504**	**363 982**
13. Magnbreyting VLF, %	2,2	-3,9	3,7	3,2	7,4	8,9	-0,8	-1,3	0,7	1,2
14. Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-8,2	-1,9	-4,7	-4,0	0,3	-3,5	-3,6	-1,5	-2,7	-5,1

1) Áætlun fjármálaráðuneytisins.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 8 Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða 1982-1991

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab.[1] 1991
Vísitölur 1980 = 100										
Einkaneysla	113	106	109	114	123	144	138	130	130	137
Samneysla	114	119	120	127	136	144	150	154	160	166
Fjármunamyndun	101	88	96	98	97	115	114	104	107	111
Þjóðarútgjöld alls	112	102	108	111	117	135	134	126	128	135
Útflutningur vöru og þjónustu	92	101	104	115	123	128	124	126	124	115
Innflutningur vöru og þjónustu	106	100	109	120	120	148	143	129	130	136
Verg landsframleiðsla	**106**	**102**	**106**	**109**	**118**	**128**	**127**	**125**	**126**	**128**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	122	150	165	184	194	194	214	223	222	218
Verg þjóðarframleiðsla	**104**	**101**	**104**	**107**	**116**	**126**	**124**	**122**	**123**	**124**
Vergar þjóðartekjur	**105**	**102**	**106**	**109**	**119**	**132**	**130**	**127**	**127**	**130**
Breyting milli ára, %										
Einkaneysla	5,2	-6,1	3,1	4,6	8,0	16,4	-4,0	-5,4	0,0	5,7
Samneysla	6,2	4,7	0,2	6,2	6,9	6,1	4,2	2,4	4,0	3,5
Fjármunamyndun	-0,5	-12,3	9,2	2,0	-1,1	19,0	-1,3	-8,5	3,1	3,6
Þjóðarútgjöld alls	5,1	-8,8	6,0	3,1	5,0	15,9	-1,0	-5,6	1,3	5,4
Útflutningur vöru og þjónustu	-9,7	10,3	3,0	11,0	6,2	4,0	-2,7	1,3	-1,0	-7,2
Innflutningur vöru og þjónustu	-0,7	-5,6	9,3	9,8	0,2	22,9	-3,2	-9,9	0,8	4,3
Verg landsframleiðsla	**2,0**	**-3,9**	**3,8**	**3,3**	**7,5**	**8,6**	**-0,7**	**-1,3**	**0,6**	**1,2**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	17,7	22,5	9,7	11,7	5,4	0,0	10,4	4,3	-0,3	-2,0
Verg þjóðarframleiðsla	**0,1**	**-4,7**	**3,6**	**3,0**	**7,5**	**9,0**	**-1,2**	**-1,6**	**0,7**	**1,0**
Vergar þjóðartekjur	**0,5**	**-3,4**	**3,6**	**2,8**	**9,3**	**10,7**	**-1,2**	**-2,4**	**-0,3**	**2,7**

1) Áætlun fjármálaráðuneytisins.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 9

Utanríkisviðskipti 1982-1991

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab.[1] 1991
Vöruútflutningur	**8 479**	**18 623**	**23 557**	**33 750**	**44 968**	**53 053**	**61 667**	**80 072**	**92 452**	**91 542**
Sjávarafurðir	6 361	12 667	15 833	25 232	34 627	40 322	43 826	55 354	67 621	72 635
Ál	852	3 274	3 426	3 340	4 125	5 080	6 626	10 146	9 636	8 270
Kísiljárn	243	614	1 016	1 220	1 334	1 473	2 418	3 303	2 331	1 794
Annar vöruútflutningur	1 023	2 068	3 282	3 958	4 882	6 178	8 797	11 269	12 864	8 843
Vöruinnflutningur	**10 364**	**18 156**	**23 889**	**33 760**	**40 988**	**55 020**	**61 996**	**72 603**	**87 652**	**94 665**
Skip og flugvélar	399	587	654	959	1 862	3 268	5 405	5 841	7 970	6 296
Olía	1 591	3 012	3 683	5 282	3 693	3 724	3 658	5 990	8 343	7 406
Annar vöruinnflutningur	8 374	14 557	19 552	27 519	35 433	48 028	52 933	60 772	71 339	80 963
Vöruskiptajöfnuður	**-1 885**	**467**	**- 332**	**- 10**	**3 980**	**-1 967**	**- 329**	**7 469**	**4 800**	**-3 123**
Útflutt þjónusta án vaxta	4 235	8 455	10 738	16 069	18 157	20 413	22 464	28 896	33 152	34 751
Innflutt þjónusta án vaxta	3 965	7 119	9 982	15 291	15 354	19 476	23 046	27 763	32 561	36 436
Þjónustujöfnuður án vaxta	**270**	**1 336**	**756**	**778**	**2 803**	**937**	**- 582**	**1 133**	**591**	**-1 685**
Vaxtajöfnuður o.fl.	**-1 495**	**-3 066**	**-4 554**	**-5 584**	**-6 229**	**-6 203**	**-8 333**	**-13 217**	**-14 610**	**-14 318**
Viðskiptajöfnuður	**-3 110**	**-1 263**	**-4 130**	**-4 816**	**554**	**-7 233**	**-9 244**	**-4 615**	**-9 219**	**-19 126**
Hlutfall af VLF, %										
Vöruskiptajöfnuður	-4,9	0,7	-0,4	0,0	2,5	-0,9	-0,1	2,5	1,4	-0,8
Þjónustujöfnuður án vaxta	0,7	2,0	0,9	0,7	1,8	0,4	-0,2	0,4	0,2	-0,4
Vaxtajöfnuður o.fl.	-3,9	-4,7	-5,2	-4,7	-3,9	-3,0	-3,3	-4,4	-4,3	-3,8
Viðskiptajöfnuður	-8,2	-1,9	-4,7	-4,0	0,3	-3,5	-3,6	-1,5	-2,8	-5,0

1) Áætlun fjármálaráðuneytisins.

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 10 Fjárfesting 1986-1991

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1989	1990	Bráðab. 1991	1986	1987	Magnvísitölur -1980=100 1988	1989	1990	Bráðab. 1991
Fjárfesting alls	**55 510**	**66 440**	**72 600**	**97,0**	**115,4**	**113,9**	**104,2**	**107,3**	**111,1**
Atvinnuvegirnir	**24 696**	**29 685**	**31 580**	**133,4**	**160,9**	**148,2**	**118,5**	**127,4**	**130,8**
Landbúnaður [1]	2 448	1 790	1 690	166,7	154,6	139,3	104,9	63,4	59,0
Fiskveiðar	3 360	2 361	2 700	152,1	212,4	249,8	112,4	68,2	72,4
Vinnsla sjávarafurða	1 265	1 730	1 330	113,5	106,8	93,9	62,8	75,6	57,4
Annar iðnaður	5 865	5 387	6 140	147,5	157,2	151,2	149,8	119,8	128,7
Flutningstæki	3 846	9 640	9 300	63,3	73,1	50,2	99,3	215,3	202,6
Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	4 700	4 721	5 300	183,5	283,5	211,4	192,6	180,7	188,1
Ýmsar vélar og tæki	3 212	4 056	5 120	240,5	299,3	293,5	188,2	233,9	284,2
Íbúðarhúsnæði	**12 740**	**15 100**	**15 920**	**73,8**	**84,2**	**93,2**	**95,3**	**95,8**	**93,9**
Fjárfesting hins opinbera	**18 074**	**21 655**	**25 100**	**72,1**	**85,7**	**89,5**	**94,3**	**93,0**	**101,0**
Rafvirkjanir og rafveitur	3 103	4 880	6 000	21,9	24,5	33,1	44,6	61,2	71,5
Hita- og vatnsveitur	2 340	1 645	1 550	39,0	36,3	54,7	63,3	39,7	34,1
Samgöngumannvirki	6 288	7 160	9 150	121,1	153,8	121,3	115,1	105,9	126,8
Byggingar hins opinbera	6 343	7 970	8 400	138,4	162,6	204,1	209,1	207,6	203,0
Til samanburðar									
Verg landsframleiðsla	300 902	343 114	378 300	117,8	127,7	126,8	125,1	127,4	126,9

1) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 11 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1982-1991

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab. 1991
Rafvirkjanir og rafveitur	1 159	1 510	1 550	991	899	1 177	1 882	3 103	4 880	6000
Hitaveitur	260	275	457	663	630	690	1 330	1 970	1 040	750
Vatnsveitur	70	100	113	208	210	240	320	370	605	800
Vegir og brýr	329	504	653	874	955	1 027	1 537	1 728	2 290	2600
Götur og holræsi	393	640	670	973	950	1 456	1 947	2 221	2 565	3050
Hafnir og vitar	127	177	214	232	206	508	785	913	960	1520
Flugvellir	31	81	220	431	712	1 528	388	521	340	530
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	181	362	472	552	802	1 115	752	905	1 005	1450
Skólar og íþróttamannvirki	272	487	611	797	907	1 532	2 038	2 723	2 720	2950
Sjúkrahús	271	370	401	558	798	754	1 234	1 336	1 490	1915
Félagsheimili og kirkjur	46	90	88	182	292	149	189	217	280	320
Aðrar byggingar hins opinbera	86	148	232	389	463	966	1 565	2 067	3 480	3215
Samtals	**3 225**	**4 744**	**5 681**	**6 850**	**7 824**	**11 142**	**13 967**	**18 074**	**21 655**	**25 100**
Hlutfallsleg skipting, %										
Rafvirkjanir og rafveitur	35,9	31,8	27,3	14,5	11,5	10,6	13,5	17,2	22,5	23,9
Hitaveitur	8,1	5,8	8,0	9,7	8,1	6,2	9,5	10,9	4,8	3,0
Vatnsveitur	2,2	2,1	2,0	3,0	2,7	2,2	2,3	2,0	2,8	3,2
Vegir og brýr	10,2	10,6	11,5	12,8	12,2	9,2	11,0	9,6	10,6	10,4
Götur og holræsi	12,2	13,5	11,8	14,2	12,1	13,1	13,9	12,3	11,8	12,2
Hafnir og vitar	3,9	3,7	3,8	3,4	2,6	4,6	5,6	5,1	4,4	6,1
Flugvellir	1,0	1,7	3,9	6,3	9,1	13,7	2,8	2,9	1,6	2,1
Póstur, sími, hljóðvarp og sjónvarp	5,6	7,6	8,3	8,1	10,3	10,0	5,4	5,0	4,6	5,8
Skólar og íþróttamannvirki	8,4	10,3	10,8	11,6	11,6	13,7	14,6	15,1	12,6	11,8
Sjúkrahús	8,4	7,8	7,1	8,1	10,2	6,8	8,8	7,4	6,9	7,6
Félagsheimili og kirkjur	1,4	1,9	1,5	2,7	3,7	1,3	1,4	1,2	1,3	1,3
Aðrar byggingar hins opinbera	2,7	3,1	4,1	5,7	5,9	8,7	11,2	11,4	16,1	12,8
Samtals	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 12 Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1982-1991[1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Bráðab. 1990	Áætlun 1991
Tekin lán	**10 190**	**18 941**	**26 913**	**37 570**	**44 287**	**52 026**	**68 273**	**97 182**	**112 189**	**122 500**
Seðlabanki Íslands	278	915	1 897	3 683	1 693	3 059	3 448	3 221	1 453	700
Spariskírteini	1 912	3 310	3 244	5 165	8 541	11 775	16 659	21 717	30 946	34 700
Ríkisvíxlar	-	-	-	-	-	931	725	5 892	8 068	8 030
Ríkisbréf	-	-	-	-	-	-	-	-	75	1 470
Aðrir innlendir aðilar	1 268	2 234	2 275	3 092	4 749	6 306	7 236	7 840	11 868	11 600
Erlend lán[2]	6 732	12 482	19 497	25 630	29 304	29 955	40 205	58 512	59 779	66 000
Lánveitingar	**9 909**	**15 149**	**21 414**	**29 839**	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**52 946**	**57 700**
Veitt lán	8 703	13 048	18 182	24 737	22 985	24 182	29 967	34 433	33 664	36 700
þ.a. lán tengd innlendu verðlagi	2 168	3 114	4 168	10 517	11 596	13 476	15 795	16 331	18 154	21 200
þ.a. gengisbundin lán	6 535	9 934	14 014	14 220	11 389	10 706	14 172	18 102	15 510	15 500
Viðskiptareikningar, nettó	1 206	2 101	3 232	5 102	6 728	11 450	17 602	14 789	19 282	21 000
Tekin lán umfram lánveitingar	**281**	**3 792**	**5 499**	**7 731**	**14 574**	**16 394**	**20 704**	**47 960**	**59 243**	**64 800**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	97,2	80,0	79,6	79,4	67,1	68,5	69,7	50,6	47,2	47,1
Hlutfall af VLF, %[3]										
Tekin lán	20,9	25,1	26,2	28,2	27,3	24,1	25,0	30,0	33,5	31,4
þ.a. erlendar skuldir	13,7	17,1	18,5	19,5	18,3	14,5	14,7	17,9	17,4	17,5
Veitt lán	17,8	17,4	17,7	18,0	14,0	11,0	11,0	10,4	15,8	14,9
þ.a. gengisbundin lán	13,3	13,6	13,3	10,3	6,9	5,2	5,2	5,5	4,5	4,1
Viðskiptareikningar, nettó	2,5	2,5	3,4	3,7	4,0	5,0	6,4	4,6	5,6	5,4
Tekin lán umfram lánveitingar	0,6	5,2	5,1	6,5	9,3	8,0	7,6	15,0	16,9	16,7

1) Langtímaskuldbindingar ríkissjóðs eru ekki meðtaldar.

2) Yfirtekin lán Byggðastofnunar að fjárhæð 1200 m.kr. innifalin 1991.

3) Reiknað til meðalverðlags hvers árs með lánskjaravísitölu og meðalgengi.

Tafla 13 Löng erlend lán flokkuð eftir lánnotendum 1982-1991

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Áætlun [1] 1991
Lántökur	**3 633**	**5 577**	**7 509**	**9 932**	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 103**	**26 585**	**33 500**
Opinberir aðilar	2 267	3 705	4 111	5 727	5 816	3 213	4 949	9 771	8 419	19 800
Lánastofnanir	585	908	1 982	1 945	2 106	3 187	3 670	4 968	4 722	3 500
Einkaaðilar	781	964	1 416	2 260	4 120	6 419	8 013	11 364	13 444	10 200
Afborganir	**1 230**	**2 674**	**4 278**	**4 456**	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 378**	**15 300**
Opinberir aðilar	494	1 084	1 546	1 791	2 680	2 534	1 978	2 973	3 293	4 155
Lánastofnanir	166	351	491	658	603	455	459	630	1 029	2 110
Einkaaðilar	570	1 239	2 241	2 007	2 654	2 788	4 162	5 501	7 056	9 035
Nettó hreyfing	**2 403**	**2 903**	**3 231**	**5 476**	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 999**	**15 207**	**18 200**
Opinberir aðilar	1 773	2 621	2 565	3 936	3 136	679	2 971	6 798	5 126	15 645
Lánastofnanir	419	557	1 491	1 287	1 503	2 732	3 211	4 338	3 693	1 390
Einkaaðilar	211	- 275	- 825	253	1 466	3 631	3 851	5 863	6 388	1 165
Vaxtagreiðslur	**1 541**	**2 974**	**4 177**	**5 259**	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 376**	**14 600**
Opinberir aðilar	975	2 013	2 894	3 656	4 382	4 258	4 918	7 218	7 642	7 750
Lánastofnanir	132	298	449	692	806	880	1 247	2 372	2 868	3 050
Einkaaðilar	434	663	834	911	964	1 020	1 429	2 705	3 866	3 800
Staða í árslok	**14 904**	**32 127**	**42 559**	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 471**	**151 098**	**178 514**	**201 100**
Opinberir aðilar	9 847	21 973	29 475	42 293	50 755	52 294	62 813	86 324	98 470	116 500
Lánastofnanir	1 439	3 400	5 693	8 735	11 778	14 943	20 264	30 247	35 876	38 000
Einkaaðilar	3 618	6 754	7 391	9 829	12 549	16 569	22 394	34 527	44 168	46 600
Gengisforsendur: SDR = Krónur	13,7	26,6	32,4	42,2	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	81,8
Meðalvextir	**11,8**	**9,9**	**10,4**	**9,3**	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**7,9**
Opinberir aðilar	11,6	10,1	10,6	9,3	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,6
Lánastofnanir	10,8	9,6	9,6	8,9	7,6	6,8	7,0	8,8	8,7	8,2
Einkaaðilar	12,5	9,6	10,4	9,5	8,4	7,4	7,3	9,0	9,8	8,4

1) Bráðabirgðatölur fyrir árið 1991 lágu ekki fyrir.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 14 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði 1982-1991

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Áætlun [1] 1991
Löng erlend lán	-14 904	-32 127	-42 559	-60 857	-75 082	-83 806	-105 470	-151 098	-178 514	-201 100
Erlend skammtímastaða nettó	-1 290	-1 343	-2 606	-9 339	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-7 130	-8 900
Gjaldeyrisstaða	1 101	2 280	1 763	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	30 500
Nettó staða við útlönd	**-15 093**	**-31 190**	**-43 402**	**-62 899**	**-71 362**	**-84 154**	**-106 349**	**-142 386**	**-161 771**	**-179 500**
Hlutfall af VLF, %										
Löng erlend lán	39,1	48,8	48,6	51,1	47,3	40,3	41,4	50,2	52,0	53,2
Nettó staða	39,6	47,4	49,6	52,8	45,0	40,4	41,8	47,3	47,1	47,4
Greiðslubyrði erlendra lána:										
Afborganir af löngum erlendum lánum	1 230	2 674	4 278	4 456	5 937	5 777	6 599	9 104	11 378	15 300
Vaxtagreiðslur af löngum lánum	1 541	2 974	4 177	5 259	6 152	6 158	7 594	12 295	14 376	14 600
Samtals	2 771	5 648	8 455	9 715	12 089	11 935	14 193	21 399	25 754	29 900
Nettó vaxtagreiðslur	1 475	3 050	4 555	5 605	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 100
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af löngum erlendum lánum	9,4	9,7	12,3	8,8	9,3	7,7	7,7	8,2	8,9	11,8
Vaxtagreiðslur af löngum lánum	11,8	10,8	12,0	10,4	9,6	8,3	8,9	11,1	11,2	11,2
Samtals	21,2	20,6	24,3	19,2	18,9	16,0	16,6	19,3	20,1	23,0
Nettó vaxtagreiðslur	11,3	11,1	13,1	11,1	9,7	8,3	9,6	11,7	11,2	10,8
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	20,7	20,8	25,4	19,9	19,0	16,1	17,3	19,9	20,1	22,6
Verg landsframleiðsla	38 132	65 837	87 508	119 091	158 597	208 099	254 639	300 902	343 114	378 300
Útflutningstekjur	13 063	27 456	34 792	50 490	63 938	74 544	85 266	110 838	127 865	130 132

1) Bráðabirgðatölur fyrir árið 1991 lágu ekki fyrir.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 15 **Byggingarsjóður ríkisins 1982-1991**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab. 1991
Innstreymi	**529**	**957**	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**11 380**
Ríkissjóður	70	147	245	966	1 300	1 000	1 125	550	44	-
Lífeyrissjóðir	129	268	356	691	1 730	3 705	5 684	7 317	7 279	4 982
Skyldusparnaður, nettó	29	- 8	- 82	- 17	22	85	15	- 164	- 161	- 163
Önnur lán	52	150	827	703	150	157	-	-	1 329	351
Afborganir, vextir og verðbætur	203	377	459	799	1 238	1 681	2 495	3 334	4 413	5 979
Byggingarsj. verkamanna, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	-	175	-	81	19
Tekjur tæknideildar	5	14	11	23	36	38	57	56	52	85
Annað	5	3	17	17	15	10	146	29	31	34
Sjóðsminnkun	36	6	108	-	-	59	-	496	459	93
Útstreymi	**529**	**957**	**1 941**	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**11 380**
Rekstrarkostnaður o.fl.	17	30	48	96	118	178	245	278	294	253
Afborganir, vextir og verðbætur	114	234	339	676	944	1 490	2 416	3 272	4 102	6 603
Lán til Byggingarsjóðs verkamanna	-	-	-	73	153	334	123	203	97	84
Annað	5	1	2	59	-	-	141	354	178	161
Sjóðsaukning	-	-	-	248	432	-	914	-	-	-
Veitt lán, samtals	393	692	1 552	2 030	2 844	4 733	5 858	7 511	8 856	4 279
Til nýbygginga og eldri íbúða	264	558	1 297	1 550	1 943	4 109	4 920	6 000	7 192	3 637
Greiðsluerfiðleikalán	-	-	-	235	540	155	310	284	207	19
Lán vegna kaupleiguíbúða	-	-	-	-	-	-	55	525	892	60
Framkv.lán til nýbygg. og dvalarheimila	89	88	107	89	223	354	421	510	333	417
Aðrir lánaflokkar			148	156	138	115	152	192	232	146

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 16 Byggingarsjóður verkamanna 1982-1991

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	Bráðab. 1991
Innstreymi	**240**	**438**	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 463**
Ríkissjóður	105	158	200	282	300	300	600	600	490	900
Framlag sveitarfélaga	21	38	38	44	68	71	102	150	172	173
Kaupendur eldri íbúða	11	23	23	22	38	47	35	48	49	84
Lífeyrissjóðir	67	118	140	333	580	490	1 440	2 375	2 973	4 251
Afborganir, vextir og verðbætur	34	49	48	98	118	141	244	530	610	630
Verðbætur á framkv.lán við uppgjör	-	-	-	136	85	46	61	89	415	186
Byggingarsjóður ríkisins	-	-	-	73	153	334	123	203	116	180
Annað	-	-	61	1	1	-	2	5	10	59
Sjóðsminnkun	2	52	-	-	-	147	-	-	116	-
Útstreymi	**240**	**438**	**510**	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 463**
Rekstrarkostnaður o.fl.	6	10	9	16	30	36	60	82	109	170
Afborganir, vextir og verðbætur	3	19	40	88	182	316	498	794	986	1 666
Byggingarsj. ríkisins, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	-	175	-	81	19
Annað	-	-	-	-	2	6	-	-	-	-
Sjóðsaukning	-	-	52	113	35	-	5	208	-	84
Veitt lán, samtals	231	409	409	772	1 094	1 218	1 869	2 916	3 775	4 524
Verkamannabústaðir og leiguíbúðir	182	333	284	538	722	837	1 468	2 246	2 612	2 397
Kaupleiguíbúðir	-	-	-	-	-	-	6	121	483	1 489
Endursöluíbúðir	49	76	125	234	372	381	395	549	680	638

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 17 **Útgáfa húsbréfa 1989-1991**

Milljónir króna á verðlagi hvers mánaðar	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	**Samtals**
1989:													
Eldri íbúðir	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	12	**12**
Samtals	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	12	**12**
1990:													
Nýbyggingar	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	105	**105**
Eldri íbúðir	81	77	100	97	193	192	593	554	468	994	1 000	1 055	**5 404**
Samtals	**81**	**77**	**100**	**97**	**193**	**192**	**593**	**554**	**468**	**994**	**1 000**	**1 160**	**5 509**
1991:													
Nýbyggingar	489	422	398	247	230	152	310	252	222	207	293	257	**3 479**
Eldri íbúðir	937	700	819	701	918	434	886	826	671	677	981	656	**9 206**
Greiðsluerfiðleikar	-	4	101	148	376	161	411	440	232	136	242	177	**2 428**
Samtals	**1 426**	**1 126**	**1 318**	**1 096**	**1 524**	**747**	**1 607**	**1 518**	**1 125**	**1 020**	**1 516**	**1 090**	**15 113**

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

464. Tillaga til þingsályktunar [277. mál]

um fréttaflutning og upplýsingaskyldu um slysfarir og harmraunir fólks.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til þess að móta starfsreglur um fréttaflutning og upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir og harmraunir fólks.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að koma á fót samráðsvettvangi þeirra aðila og stofnana sem næst koma upplýsingamiðlun af slysförum og harmraunum fólks. Mikilvægt er að samræmdar viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar geti ríkt við slíkar aðstæður er taki mið af mannhelgi, virðingu og hluttekningu en um leið af nauðsynlegri upplýsingaskyldu svo að ekki verði vegið að fjölmiðlafrelsi í landinu.

Fréttaflutningur af slysförum og harmraunum fólks er vandmeðfarið og viðkvæmt mál. Íslenskir fjölmiðlar hafa í áranna rás leitast við að fjalla um slík mál af tillitssemi og varkárni. Þó má greina þá þróun að ágengni fjölmiðla gagnvart einstaklingum sem hlut eiga að máli, björgunarsveitum að störfum og öðrum viðkomandi aðilum verði æ meiri og óvægnari. Aukin samkeppni fjölmiðla um fréttaöflun af atburðum og málavöxtum getur orðið til þess að misbjóða mannvirðingu og siðrænum gildum. Hér er ekki verið að leggja til lagasetningu né opinbera reglugerð heldur að þeir aðilar og stofnanir, sem nærri aðstæðum koma, geti sameinast um samræmdar starfsreglur. Þá er einnig mikilvægt að greina betur upplýsingaskyldu viðkomandi stofnana, samtaka og starfsstétta gagnvart fjölmiðlum.

Í tillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra sjái um skipan slíkrar nefndar er lagt gæti grundvöll að samráðsvettvangi og styrkt og eflt gagnkvæman trúnað og skilning viðkomandi aðila og stofnana. Í starfi nefndarinnar er eðlilegt að hafa náið samráð m.a. við eftirtalda aðila: Slysavarna- og björgunarsveitir, Blaðamannafélag Íslands, Prestafélag Íslands, Lögreglufélag Íslands, Rannsóknastofnun Háskólans í siðfræði, Samtökin um sorg og sorgarviðbrögð, Læknafélag Íslands og barnaverndarráð Íslands.

465. Svar [245. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Bjarnasonar um rannsóknir á háhitasvæði í Öxarfirði.

1. *Hvaða fjármunum hefur verið varið af hálfu ríkisins til rannsókna á háhitasvæðinu í Öxarfirði?*

Rannsóknir Orkustofnunar í Öxarfirði til þessa hafa verið af þrennum toga:

a. Rannsóknir á háhita.

b. Rannsóknir á náttúrulegum aðstæðum til fiskeldis.

c. Rannsóknir á uppruna jarðgass í setlögum Öxarfjarðar.

Hér verður eingöngu fjallað um rannsóknir Orkustofnunar á háhita og það sem þeim tengist. Rannsóknir á háhita hófust 1973 og héldu áfram nokkuð óslitið út árið 1977. Á

þessum tíma var megináhersla lögð á viðnámsmælingar vítt og breitt um Öxarfjörð. Þessi áfangi rannsóknanna var í einu og öllu fjármagnaður af almennum fjárveitingum ríkisins til Orkustofnunar, en upplýsingar um kostnað þessa áfanga rannsóknanna eru ekki aðgengilegar.

Árið 1984 var aftur hafist handa um rannsóknir á háhita í Öxarfirði og hafa rannsóknir staðið yfir fram á árið 1990. Hluti þessa síðari áfanga rannsóknanna tengdist fiskeldi (sbr. b-lið hér að framan), þ.e. borun 70 m rannsóknarholu B-1 við Bakkahlaup og viðbót við viðnámsmælingar áranna 1973–1977. Var sá hluti áfangans því að nokkru fjármagnaður af framlagi frá heimamönnum. Á verðlagi miðs árs 1991 nam heildarkostnaður rannsókna þessara 19,6 millj. kr.

2. *Hvaða fjármunum hefur verið varið af hálfu heimamanna (sveitarfélaga, fyrirtækja eða einstaklinga) til sömu rannsókna?*

Framlag heimamanna til framangreindra rannsókna hefur numið 351 þús. kr. Þeir hafa einnig lagt fram hærri fjárhæð til rannsókna á lághita.

3. *Er algengt að heimamenn leggi fram fjármuni til frumrannsókna af þessu tagi?*

Mjög algengt er að fyrirtæki, sveitarfélög og jafnvel einstaklingar fjármagni að talsverðu leyti frumrannsóknir á jarðhita innan sinna áhrifasvæða, marka sveitarfélagsins eða landareigna. Má þar nefna framlög Hitaveitu Reykjavíkur til rannsókna í Henglinum og á Ölkelduhálsi, Hitaveitu Suðurnesja á Reykjanesi og Lindarlax hf. í Tröllladyngju. Hlutdeild slíkra aðila hefur farið vaxandi á síðari árum eftir því sem framlag ríkisins til jarðhitarannsókna hefur minnkað.

4. *Hvernig var staðið að þessum rannsóknum á sl. ári og hverjar voru niðurstöður þeirra?*

Ekki var með beinum hætti unnið að háhitarannsóknum í Öxarfirði á sl. ári, en hins vegar var varið fé til þess að kanna með borun uppruna lífræns gass. Til þess var varið 11,2 millj. kr. Þessi borun gaf einnig upplýsingar um eðli jarðhita í Öxarfirði. Unnið hefur verið að gerð heildarskýrslu um rannsóknir háhitans í Öxarfirði, en henni er ekki lokið.

5. *Er iðnaðarráðuneytið eða Orkustofnun með einhverjar áætlanir um áframhaldandi rannsóknir á þessu svæði, þar með talin athugun á uppruna lífræns gass sem upp kom við boranir í Öxarfirði árið 1988?*

Samstarfsverkefni, sem að standa Landsvirkjun, Hitaveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Orkustofnun, er í uppsiglingu í ár. Áætlað er að verkið nái til nokkurra ára og beinist að kerfisbundinni rannsókn háhitasvæða landsins með vinnslu raforku í huga. Á þessu ári eru veittar 5,3 millj. kr. af fjárveitingu til Orkustofnunar í þetta verkefni og er gert ráð fyrir 5,9 millj. kr. framlagi frá framangreindum orkufyrirtækjum til verksins. Auk þess er gert ráð fyrir að nokkrum hluta almennrar fjárveitingar Orkustofnunar verði varið beint til verkefnisins. Í áætlunum fyrir þetta verkefni er gert ráð fyrir að næsta stig rannsókna í Öxarfirði verði borun djúprar rannsóknarholu í meint háhitasvæði við Bakkahlaup.

Ekki er áformað að halda áfram rannsóknum á uppruna lífræns gass úr setlögum Öxarfjarðar á þessu ári að öðru leyti en því að ljúka skýrslu um niðurstöður sl. árs. Búist er við að hún verði tilbúin til útgáfu í mars næstkomandi. Tillögur Orkustofnunar um fram-

hald rannsókna, er tengjast lífrænu gasi, verða síðan gerðar á grundvelli framangreindrar skýrslu.

466. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á þremur fundum. Farið hefur verið yfir frumvarpið með fulltrúum Stéttarsambandsins og landbúnaðarráðuneytis o.fl.

Minni hlutinn er samþykkur meginefni frumvarpsins. Efnislega fjallar það um að breyta búvörulögunum til samræmis við búvörusamninginn frá síðasta ári. Minni hlutinn styður þær breytingartillögur sem meiri hlutinn leggur fram að undanskildu heimildarákvæði um að fresta ⅙ af beinum greiðslum til sauðfjárbænda fram í janúar–febrúar 1993.

Minni hluti bendir á að sú frestun brýtur í bága við búvörusamninginn frá mars 1991. Verið er að svipta sauðfjárbændur launalið sínum á tveimur síðustu mánuðum ársins. Minni hlutinn bendir auk þess á að þarna er ekki um að ræða sparnað fyrir ríkissjóð. Einungis er verið að fresta lögboðnum greiðslum um nokkra mánuði. Að mati minni hlutans er hér ekki um að ræða ákvæði sem skiptir höfuðmáli fyrir ríkissjóð en kemur mjög illa við þá bændur sem fyrir þessu verða.

Þá minnir minni hlutinn á margítrekaðar yfirlýsingar ráðherra ríkisstjórnarinnar um að staðið verði við samninginn. Minni hlutinn mun því greiða atkvæði gegn frestunarákvæðinu en lýsir um leið yfir vonbrigðum sínum að ekki reyndist unnt að ná samstöðu um málið í heild. Enn fremur bendir minni hlutinn á að ekkert liggur fyrir um að málið verði leyst með lántöku þannig að hægt væri að standa við gerðan samning.

Alþingi, 27. febr. 1992.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, frsm. Ragnar Arnalds. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Þuríður Bernódusdóttir.

467. Fyrirspurn [278. mál]

til sjávarútvegsráðherra um störf nefndar sem endurskoðar lög um stjórn fiskveiða.

Frá Þuríði Bernódusdóttur.

1. Hvenær mun nefnd sú, sem ráðherra skipaði til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða, skila tillögum sínum?
2. Hvenær er að vænta tillagna frá nefndinni til stuðnings sjávarútvegi og fiskvinnslu sem ráðherra hefur einnig falið henni að gera?

468. Frumvarp til laga [279. mál]

um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. KAFLI
Orðskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Vernd: að veiðum eða öðrum aðgerðum, sem geta haft áhrif á viðkomu eða vanhöld dýra af tiltekinni tegund, sé hagað á þann hátt að henni sé ekki stefnt í útrýmingarhættu.

Friðun: bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu dýra af tiltekinni tegund.

Veiðar: að handsama eða drepa villt dýr. Þegar um er að ræða fuglaveiðar er einnig átt við eggjatöku.

Villt dýr: allir fuglar og spendýr, önnur en hvalir, gæludýr og bústofn. Dýr, sem er handsamað og haft í haldi, telst villt dýr.

Stýring á stofnum villtra dýra: aðgerðir af opinberri hálfu er miða að því að hafa áhrif á útbreiðslu eða stærð tiltekins stofns villtra dýra.

Tjón af völdum villtra dýra: fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfénaðar og tjón á náttúru landsins.

Lífsvæði: landsvæði sem dýr nota sér til framfærslu og viðkomu eða sem farleið.

Grenjatími: tímabilið 1. maí til 31. júlí.

Netlög: hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hólmum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.

Landareign: jörð eða annað landsvæði sem er háð beinum eignarrétti einstaklings eða lögaðila, þar með talið sveitarfélag eða ríki.

2. KAFLI
Markmið og gildissvið.

2. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra, svo og skipulag á aðgerðum til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda.

Lögin ná til efnahagslögsögu Íslands.

3. KAFLI
Umsjón.

3. gr.

Umhverfisráðherra hefur umsjón með öllum málum er varða villt dýr.

Ráðherra til ráðgjafar við umsjón þessara mála er dýranefnd. Umhverfisráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn og skal hún skipuð sjö mönnum, einum tilnefndum af Náttúruverndarráði, einum af Búnaðarfélagi Íslands, einum af Líffræðistofnun Háskóla Íslands, einum af Náttúrufræðistofnun Íslands, einum af Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands, einum af Skotveiðifélagi Íslands og einum af veiðistjóraembættinu. Varamenn

skulu skipaðir með sama hætti. Umhverfisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi fulltrúa frá stofnunum umhverfisráðuneytis.

Tillagna eða umsagnar dýranefndar skal leitað við setningu allra reglugerða, leyfisveitingar, veitingar undanþágna og við önnur stjórnvaldsfyrirmæli um villt dýr.

4. gr.

Umhverfisráðherra skipar veiðistjóra að fengnum tillögum dýranefndar. Veiðistjóri skal vera líffræðingur með sérþekkingu er nýtist honum í starfi.

Veiðistjóraembættið hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af þeirra völdum, sbr. 6. kafla. Skulu þær aðgerðir ávallt byggjast á bestu þekkingu á hverjum tíma.

Á vegum veiðistjóraembættisins skulu stundaðar hagnýtar rannsóknir á villtum dýrum í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands eftir því sem um semst milli þessara stofnana. Einnig skal höfð samvinna um rannsóknir við aðrar stofnanir og einstaklinga eftir því sem þörf krefur.

Veiðistjóraembættið leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Veiðistjóraembættið skal reka hundabú til ræktunar og þjálfunar minkaveiðihunda.

Veiðistjóraembættið skal vera umhverfisráðuneyti og dýranefnd til ráðuneytis og gera tillögur um hvaðeina er varðar starfssvið embættisins.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til merkinga samkvæmt reglum sem hún setur og samþykktar eru af umhverfisráðherra.

5. gr.

Ísland er aðili að Alþjóðafuglaverndarráðinu (The International Council for Bird Protection). Í reglugerð skal ákveðið að fulltrúaráð skipað fulltrúum nefnda, samtaka og stofnana, sem hafa fuglavernd á stefnuskrá sinni, komi fram fyrir Íslands hönd í Alþjóðafuglaverndarráðinu. Umhverfisráðherra ákveður hvaða aðilar eigi rétt á að tilnefna í fulltrúaráðið og setur því starfsreglur.

4. KAFLI
Friðun, vernd og veiðar.

6. gr.

Villt dýr, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim. Um innflutning dýra gilda lög nr. 54/1990.

Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfatruflun. Við skipulag byggðar og aðra landnýtingu skal tekið tillit til villtra dýra, villtra fugla og lífsvæða þeirra, sbr. lög nr. 47/1971.

7. gr.

Ákvörðun um að aflétta friðun skv. 6. kafla skal fyrst og fremst byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða og að með veiðum sé verið að nytja verðmæti í kjöti, skinnum eða öðrum afurðum. Einnig er heimilt að taka tillit til þess hvort viðkomandi dýr valdi tjóni.

Umhverfisráðherra setur reglugerðir um friðun, vernd og veiðar villtra dýra, að fengn-

um tillögum dýranefndar. Reglugerðir skulu m.a. kveða á um hvaða tegundir eru alfriðaðar, hverjar er heimilt að veiða, hvar megi veiða þær, í hve miklum mæli, gerð vopna, aðrar veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, umgengni við hreiður fágætra fugla og annað sem máli skiptir.

Þar sem talið er að villt dýr valdi tjóni á árstíma eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru ella friðaðar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim getur umhverfisráðherra veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón enda telji dýranefnd að aðrar aðgerðir henti ekki. Í reglugerð skal kveðið á um hvaða tegundir skuli ávallt undanskildar þessu ákvæði.

Umhverfisráðherra skal setja reglugerð um sölu, inn- og útflutning villtra dýra og hluta þeirra, svo og egg. Þar skulu einnig vera reglur um ham- og skinnatöku og uppsetningu villtra dýra og kveðið nánar á um starfsemi hamskera.

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar í rannsóknarskyni, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis.

Dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að láta veiða friðaða sem ófriðaða fugla og safna eggjum handa stofnuninni hvar sem er og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrir fram og sýni skilríki sín verði því viðkomið. Dýranefnd ákveður hvaða tegundir séu undanskildar þessu ákvæði.

Umhverfisráðherra getur ákveðið að stefnt skuli að útrýmingu stofns eða tegundar sem flust hefur til Íslands af mannavöldum, enda telji dýranefnd það bæði æskilegt og gerlegt.

8. gr.

Öllum íslenskum ríkisborgurum og mönnum með lögheimili hér á landi eru dýraveiðar heimilar í almenningum, á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, og í íslenskri landhelgi utan netlaga landareigna. Skulu þeir hafa aflað sér leyfis til þess samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Landeigendum einum eru heimilar dýraveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni nema lög mæli öðruvísi fyrir.

Eigi má skilja rétt til veiða að nokkru eða öllu leyti frá landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til veiða við landareign um tiltekið tímabil er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

Þar sem stöðuvötn, firðir, vogar eða sund, sem ekki eru 230 m á breidd, skipta landareignum eiga landeigendur veiðirétt út að miðlínu, svo og í ám og lækjum. Í stöðuvötnum, sem eru breiðari en 230 m, eru landeigendum, sem land eiga að vatninu, einum heimilar veiðar í almenningi þess og eru þær þeim öllum jafnheimilar.

Umhverfisráðherra getur sett reglugerð um veiðar erlendra ferðamanna, enda fullnægi þeir sambærilegum skilyrðum um kunnáttu í veiðum og meðferð skotvopna og kröfur eru gerðar um hér á landi.

9. gr.

Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta fríhendis frá öxl með þeim undantekningum sem upp eru taldar í liðum 3, 4, 7 og 16 hér á eftir og nánar er kveðið á um í reglugerðum. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12. Við veiðar er m.a. óheimilt að nota:

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.

3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða því um líkt. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls- og skarfsungum og kópum.
4. Net, nema til kópaveiða og háf til lundaveiða. Fugla, er drepast í netum sem lögð eru til fisk- eða kópaveiða, má ekki nýta á nokkurn hátt nema að fengnu leyfi umhverfisráðuneytis. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótboga eða gildrur, nema til músaveiða, rottuveiða, minkaveiða og til að ná tófuyrðlingum við greni. Gerðir fótboga og gildra skulu hafa hlotið samþykki dýranefndar.
8. Rafbúnað sem getur drepið eða rotað.
9. Segulbandstæki og aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Tilbúna ljósgjafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Hálfsjálfvirk eða sjálfvirk skotvopn með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð nema við minkaveiðar.
17. Vélknúin farartæki, nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 50 metra.

Óheimilt er að veiða fugla í sárum.

Umhverfisráðherra getur heimilað notkun ofangreindra veiðiaðferða í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

10. gr.

Veiðar skulu óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. Umhverfisráðherra getur rift þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund ef dýranefnd mælir með því og Náttúruverndarráð samþykkir.

Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína. Særi veiðimaður dýr ber honum að elta það strax uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur. Ákvæði þetta gildir einnig þótt sært dýr fari inn á landareign sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og er þá bráð eign landeiganda nema annað sé tekið fram í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

5. KAFLI
Veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.

11. gr.

Umhverfisráðherra ákveður með reglugerð að allir þeir, sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, skuli afla sér veiðikorts, gegn gjaldi sem umhverfisráðherra ákveður. Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, svæðis sem kortið gildir á, gildistímabils, tegunda og fjölda dýra af hverri tegund sem viðkomandi hefur leyfi til að

veiða. Korthafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum, svo og á leið til og frá veiðum. Hann skal framvísa því ef þess er óskað. Korthafi skal árlega skila skýrslu um veiðar sínar á gildistíma korts áður en nýtt kort er útgefið. Gjald þetta skal renna í sjóð er notaður verði til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra.

Umhverfisráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð um veiðikort að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða.

6. KAFLI
Sérákvæði um veiðar.

12. gr.
Refir.

Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjatímanum. Varast skal einnig að hafa þar óþarfaumgang. Stjórnir sveitarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá veiðistjóraembættinu.

Á svæðum, þar sem friðun refa hefur verið aflétt, sbr. 7. gr., eru refaveiðar utan grenjatíma öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum eftir þeim.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að refaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum refa er sveitarstjórn skylt að ráða skotmenn til grenjavinnslu árlega og er þeim einum heimilt að veiða refi á grenjatíma. Skylt er skotmanni að hafa aðstoðarmann við grenjavinnslu. Þar sem veiðistjóraembætti og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiði að vetrarlagi í stað grenjavinnslu. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón refaveiða samkvæmt málsgrein þessari.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og verðlauna fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 3. mgr. Stjórnir viðkomandi sveitarfélaga skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær hver á sínu svæði og endurgreiðir ríkissjóður þá ¼ hluta kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. geta sauðfjárbændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem sauðfé eða æðarvarpi stafar bein hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum ráðnum skv. 3. mgr. um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

13. gr.
Minkar.

Á svæðum, þar sem friðun minka hefur verið aflétt, sbr. 7. gr., eru minkaveiðar öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum eftir þeim.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða menn til minkaveiða árlega.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og verðlauna fyrir unna minka sem veiddir eru skv. 2. mgr. Stjórnir viðkomandi sveitarfélaga skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um minkaveiðar og kostnað við þær hver á sínu svæði og endurgreiðir ríkissjóður þá ¼ hluta kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum.

14. gr.

Hreindýr.

Telji veiðistjóraembættið að hreindýrastofninn þoli veiði og að æskilegt sé að veiða úr honum getur umhverfisráðherra sett reglugerð um veiðar á hreindýrum. Í reglugerðinni verði kveðið á um tilhögun og framkvæmd veiðanna og gjald fyrir veiðiheimildir. Skal hluti arðs af hreindýraveiðum renna til rannsókna á hreindýrum en hluti til sveitarfélaga þar sem hreindýr ganga. Ráðherra ákveður árlega fjölda, kyn og aldur þeirra dýra sem fella má úr hverri hjörð í samræmi við tillögur veiðistjóraembættisins.

Veiðar á hreindýrum eru heimilar öllum er til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum eftir þeim. Eignarréttur á landi, þar sem hreindýr halda sig, veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum.

15. gr.

Mýs og rottur.

Veiðar á rottum og músum eru öllum heimilar í samræmi við lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim.

Heilbrigðisnefndir hafa umsjón með fækkun á músum og rottum eftir því sem nánar er kveðið á um í heilbrigðisreglugerð sem hlotið hefur samþykki umhverfisráðherra.

16. gr.

Selir og rostungar.

Umhverfisráðherra getur í reglugerð aflétt friðun landsels, útsels, blöðrusels og vöðusels á tilteknum svæðum og árstímum samkvæmt tillögum sjávarútvegsráðherra. Sjávarútvegsráðherra stjórnar nýtingu selastofna og hefur umsjón með þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela eða tjón af þeirra völdum.

Skotveiði skal ætíð bönnuð í látrum. Öll skot eru bönnuð nær friðlýstum látrum en 2 km nema brýna nauðsyn beri til. Eigi má án leyfis eiganda láturs leggja net í sjó nær friðlýstu látri samkvæmt lögum þessum en ½ km frá stórstraumsfjörumáli.

17. gr.

Hvítabirnir.

Ekki má veiða hvítabirni á hafís eða á sundi.

Gangi hvítabjörn á land þar sem fólki eða búfénaði er ekki talin stafa bráð hætta af er umhverfisráðherra heimilt að fela veiðistjóraembættinu að fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar af honum hætta.

Fella má hvítabjörn sem gengið hefur á land og fólki eða búfénaði er talin stafa hætta af. Sé þess nokkur kostur skal nota til þess riffil af stærðinni cal. 243 eða stærri.

Hvítabjörn, sem felldur er skv. 2. mgr., skal færður til Náttúrufræðistofnunar Íslands og er henni heimilt, að loknum athugunum, að ráðstafa honum til safns eða skóla í byggðarlaginu þar sem hann var felldur.

18. gr.

Fuglar.

Umhverfisráðherra getur í reglugerð aflétt friðun eftirtalinna fuglategunda innan þeirra tímamarka er hér segir, sbr. 7. gr.

1. Allt árið: svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, kjói, hrafn.

2. Frá 20. ágúst til 31. mars: fýll, dílaskarfur, toppskarfur, súla, grágæs, heiðagæs, blesgæs, helsingi, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, hvítmáfur, bjartmáfur, hettumáfur, rita, skúmur.
3. Frá 1. september til 1. maí: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.
4. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.

Óheimilt er að þeyta flautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg. Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum.

7. KAFLI
Nýting hlunninda.

19. gr.

Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en ½ km frá stórstraumsfjörumáli.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um hvernig staðið skuli að skilgreiningu og friðlýsingu æðarvarps og selaláturs samkvæmt lögum þessum.

Í varpi kríu, silfurmáfs, hvítmáfs og hettumáfs skal heimilt að taka egg þessara fugla en þó aldrei eftir 15. júní ár hvert.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem kópaveiði, eggja- eða ungataka súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmáfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið, skal veiðirétthafa heimilt að taka andaregg en við eggjatökuna skulu ávallt skilin eftir minnst fjögur egg í hverju hreiðri. Undanþága þessi tekur ekki til gargandar, skeiðandar, skutulandar, hrafnsandar, straumandar eða gulandar. Þá skal og taka grágæsar- og heiðagæsareggja heimil en þó skal ávallt skilja eftir í hreiðri eigi færri en tvö egg. Egg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

Telji eigandi veiðiréttar sig hafa heimild til nýtingar hlunninda skv. 4. eða 5. mgr. skal hann afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum. Neiti þessir aðilar að staðfesta heimild veiðirétthafa sker umhverfisráðuneytið úr þeim ágreiningi.

8. KAFLI
Refsiákvæði og réttarfar.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis. Virða skal það refsingu til þyngingar ef um sjaldgæfar eða fágætar fuglategundir er að ræða, sbr. 7. gr. Sama gildir um æðarfugl og æðaregg, svo og stórfelldar ólögmætar fuglaveiðar og spjöll á friðlýstum varpstöðvum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, sæta refsingu sem fullframið brot eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Gera má upptækt til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, egg eða eggjaskurn, veiðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, svo og hagnað af ólöglegri

veiði og sölu framangreindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur reynst um brot á lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. laga nr. 19/1940.

21. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

9. KAFLI
Almenn ákvæði, gildistaka og brottfallin lög.

22. gr.

Reglugerðir og aðrar stjórnvaldsaðgerðir um spendýrastofna og fugla, sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við þau uns nýjar reglur hafa verið settar.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Frá sama tíma eru numin úr gildi:

1. Ákvæði í Jónsbók er fjalla um seli, rostunga og hvítabirni.
2. Ákvæði í tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 sem fjalla um veiðar á fuglum og spendýrum öðrum en hvölum.
3. Lög um selaskot á Breiðafirði og uppidráp, nr. 30/1925.
4. Lög um útrýmingu sels í Húnaósi, nr. 29/1937.
5. Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, nr. 28/1940, með áorðnum breytingum.
6. Lög um eyðing á rottum, nr. 27/1945, með áorðnum breytingum.
7. Lög um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, með áorðnum breytingum.
8. Lög um eyðingu svartbaks nr. 50/1965, með áorðnum breytingum.
9. Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, með áorðnum breytingum.
10. Kafli XII um ófriðun sels í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.
11. Ákvæði í öðrum lögum sem brjóta í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 13. september 1990, skipaði umhverfisráðherra þriggja manna nefnd til þess að undirbúa frumvarp til laga um stýringu á stofnstærðum villtra dýra. Í nefndinni áttu sæti Páll Hersteinsson veiðistjóri, formaður, Sigurður H. Richter dýrafræðingur og Ævar Petersen dýrafræðingur. Ritari nefndarinnar var Arnór Þ. Sigfússon dýrafræðingur.

Í skipunarbréfi ráðuneytisins segir m.a.:

„Umhverfisráðherra fyrirhugar að samræma löggjöf á þessu sviði og leggja fram frumvarp/frumvörp til laga um stjórn á stofnstærð villtra dýra á 113. löggjafarþingi sem kemur saman 10. október nk. Eðlilegt virðist að í slíkri löggjöf verði fjallað um öll villt dýr saman og ýmis sérlög, svo sem fyrir refi og minka og svartbak, svo dæmi séu tekin, verði felld úr gildi. Einnig þarf að huga að hvernig lög um fuglaveiðar og fuglafriðun falla inn í slíka löggjöf. Um er því að ræða að setja rammalög um vernd og eftirlit með villtum dýrum og veiðar þeirra. Hins vegar er gert ráð fyrir að með reglugerðum verði settar nánari reglur um einstakar dýrategundir."

Með tilliti til þess að tími var naumur og frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun hafði áður verið samið af nefnd skipaðri af menntamálaráðuneyti ákvað nefndin

að mest væri aðkallandi að semja frumvarp til laga um friðun og veiðar á landspendýrum. Taldi nefndin að síðar væri hægt að laga lög um fuglaveiðar og fuglafriðun að frumvarpi um landspendýr ef tími ynnist til og ráðuneytið teldi það æskilegt. Með samþykki umhverfisráðherra var sú leið valin.

Er nefndin hafði lokið við drög að frumvarpi til laga um landspendýr var ljóst að ekki þyrfti að breyta því í grundvallaratriðum til þess að lög um fuglaveiðar og fuglafriðun gætu rúmast innan sama ramma. Að beiðni umhverfisráðherra var því ráðist í það verk að láta frumvarpsdrögin ná einnig yfir fugla.

Nefndin skrifaði eftir upplýsingum um sambærilega löggjöf í Danmörku (Skov- og Naturstyrelsen, Miljøministeriet), Noregi (Direktoratet for Naturforvaltning) og Svíþjóð (Statens Naturvårdsverk). Svör bárust frá Danmörku og Noregi. Þótt gagnlegt væri fyrir nefndina að hafa lög þessara þjóða til hliðsjónar reyndist ekki unnt að byggja mikið á þeim því að þau eru ekki rammalög, heldur geyma mjög svo ítarleg ákvæði um alla framkvæmd.

Frumvarp, sem byggt var á fyrstu tillögum nefndarinnar um vernd landspendýra, var lagt fram á Alþingi skömmu fyrir þinglok á 113. löggjafarþingi 1990–91, en kom ekki til meðferðar þingsins.

Með bréfi, dags. 4. júlí 1991, fór Eiður Guðnason umhverfisráðherra fram á það við nefndina sem unnið hafði að málinu að hún tæki málið að nýju til meðferðar og skilaði „sem fyrst heildarfrumvarpi um verndun landspendýra, fuglaveiðar og fuglafriðun.“ Á síðari stigum nefndarvinnu voru drögin send Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Náttúruverndarráði, Fuglafriðunarnefnd, Dýraverndarnefnd ríkisins og Skotveiðifélagi Íslands til umsagnar. Margar gagnlegar ábendingar bárust frá þessum aðilum.

Ráðherra fól Jóni Gunnari Ottóssyni að vera tengiliður milli ráðuneytisins og nefndarinnar og starfaði hann náið með nefndinni á síðari stigum starfsins.

Nefndin hélt alls 30 fundi, þar af 15 eftir endurnýjun umboðs ráðherra. Samkomulag varð í nefndinni um það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir töluverðum breytingum á skipan þessara mála frá því sem verið hefur. Hvað frumvarpið í heild varðar er fyrst og fremst áberandi breyting á almennri afstöðu til villtra spendýra. Fyrri lög hafa byggt á nokkru virðingarleysi gagnvart tilverurétti þeirra og miðað að eyðingu þeirra eða útrýmingu að hreindýrum og selum undanskildum. Hér er sú grundvallarafstaða tekin að öll villt dýr skuli njóta verndar og að veiðar séu í raun aðeins heimilar til nytja ef viðkomandi stofn er talinn þola veiðar eða til þess að koma í veg fyrir tjón.

Í frumvarpinu er mikil áhersla lögð á reglugerðir. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við þá staðreynd að í tímans rás breytist staða einstakra stofna í vistkerfinu, þekking og afstaða manna til villtra dýra og nytja af þeim. Setning rammalaga og reglugerða leyfir meiri sveigjanleika við stýringu einstakra stofna og stjórn veiða en verið hefur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra skuli setja eða geti sett reglugerðir um eftirtalin atriði:

1. Aðild að Alþjóðafuglaverndarráðinu (5. gr.).
2. Friðun, vernd, veiðar og hefðbundnar nytjar villtra spendýra og fugla (7. gr.).
3. Víðtækari friðun fágætra tegunda (7. gr.).
4. Sölu, inn- og útflutning villtra dýra, hluta þeirra, egg og starfsemi hamskera (7. gr.).
5. Veiðar erlendra ferðamanna á Íslandi (8. gr.).
6. Veiðikort, veiðigjald og hæfnispróf veiðimanna (11. gr.).
7. Refaveiðar (12. gr.).

8. Minkaveiðar (13. gr.).
9. Hreindýraveiðar (14. gr.).
10. Selveiðar (16. gr.).
11. Fuglaveiðar (18. gr.).
12. Friðlýsingu æðarvarpa og selalátra (19. gr.).

Sum ofantalinna atriða má sameina við setningu reglugerða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru gefnar skýringar á nokkrum orðum sem notuð eru í frumvarpinu en mörg þeirra hafa óljósa merkingu í hugum fólks. Ekki á það síst við um orðið vernd sem margir rugla saman við friðun.

Um 2. gr.

Markmið laganna er að skapa grundvöll þess að maðurinn geti lifað í landinu í sátt við villt dýralíf þess. Auk þess að vera friðunarlög taka lögin til atriða sem valdið geta árekstrum við hagsmuni mannsins, sem og nytja af villtum dýrum.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er staðfesting þess að umhverfisráðherra hafi umsjón allra mála er varða villta fugla og spendýr, að hvölum undanskildum. Fyrir stofnun umhverfisráðuneytis var umsjón með málum þessum komið fyrir í þrem ráðuneytum, þ.e. landbúnaðarráðuneyti (refur, minkur, svartbakur), menntamálaráðuneyti (fuglar, hreindýr) og heilbrigðisráðuneyti (rottur, mýs). Segja má að málefni sela hafi verið utan ráðuneyta þótt bæði landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti hafi talið málið sér skylt vegna hlunninda bænda og meints tjóns af völdum sela við laxveiðiár annars vegar og vegna hringorma í sjávarafla hins vegar. Með færslu þessara málaflokka undir umhverfisráðuneyti má ætla að meira samræmi myndist í afstöðu hins opinbera gagnvart hinum ýmsu og ólíku tegundum.

Nauðsynlegt er talið að setja ákvæði í frumvarpið um ráðgjafarnefnd fyrir umhverfisráðherra sem ynni að ýmsum málum er tengjast stefnumörkun og stýringu villtra dýrastofna, sérstaklega hvað varðar setningu reglugerða, leyfisveitinga og undanþágur frá lögunum. Svokallaðri dýranefnd er ætlað að koma í stað fuglafriðunarnefndar sem lögð yrði niður en starfssviðið yrði víðtækara þar eð hún næði bæði yfir fugla og spendýr. Þar sem ákvarðanir og stefnumið (önnur en þau sem eru skýrgreind í 2. gr. frumvarpsins) eru oft hagsmunalegs fremur en faglegs eðlis er gert ráð fyrir að auk fagmanna fái hagsmunaaðilar fulltrúa í ráðgjafarnefndinni. Skýrt er kveðið á um það í frumvarpinu að ætíð skuli leita tillagna og umsagnar dýranefndar við setningu reglugerða, leyfisveitingar, veitingar undanþágna og við önnur stjórnvaldsfyrirmæli um villt dýr.

Dýranefnd mun taka að sér þau verkefni sem fuglafriðunarnefnd hefur nú að frátalinni beinni þátttöku Íslands í Alþjóðafuglaverndunarráðinu.

Um 4. gr.

Þessi grein kemur í stað þess hluta laga um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, sem fjallar um hlutverk veiðistjóra. Veiðistjóraembættið er fagleg stofnun og því er gert ráð fyrir að veiðistjóri hafi sérmenntun á sínu sviði. Veiðistjóra er ætlað að annast fyrir hönd umhverfisráðherra stýringu á stofnum villtra dýra sem valdið geta tjóni og aflétta má friðun á skv. 6. kafla frumvarpsins. Veiðistjóraembættið á einnig að stjórna öðrum að-

gerðum sem komið geta í stað veiða til þess að forða tjóni.

Áhersla er lögð á að bæta þurfi þekkingu á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra sem tjóni geta valdið, sem og eðli og umfangi tjóns og leiðum til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Þetta verður aðeins gert með auknum rannsóknum. Eðlilegt er að þessi rannsóknastarfsemi sé stunduð af veiðistjóraembættinu í nánu samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Mikilvægt er að sem styst boðleið sé frá þeim sem rannsóknirnar stunda til þeirra sem nýta niðurstöður þeirra til þess að koma í veg fyrir tjón. Á sama hátt er mikilvægt að boðleiðin sé stutt í hina áttina, þ.e. frá þeim sem skilgreina tjónið til þeirra sem skipuleggja og stunda rannsóknir á tjóni og dýrunum sem valda því. Til þess að ávallt sé leitað til færustu sérfræðinga vegna mismunandi rannsóknarþátta er tekið sérstaklega fram að samvinna skuli höfð við aðrar rannsóknastofnanir og aðra sérfróða aðila eftir því sem þörf krefur og um semst milli þessara aðila. Í gildandi lögum og reglugerðum er engum opinberum aðila ætlað að stunda rannsóknir á tjóni af völdum villtra dýra og hvernig koma megi í veg fyrir tjón af þeirra völdum. Lögin eiga að bæta úr því.

Mikilvægt er að boðleið sé stutt milli rannsóknaraðila og þeirra sem leiðbeina um veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón. Af þessum sökum er veiðistjóraembættinu falin umsjón með leiðbeiningum handa þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón. Við minkaveiðar er fátt mikilvægara en góðir veiðihundar og því er kveðið á um að veiðistjóraembætti skuli reka hundabú eins og það hefur reyndar gert undanfarna áratugi.

Þá er eðlilegt að veiðistjóri sem framkvæmdaraðili sé í nánu sambandi við bæði dýranefnd og ráðuneyti og því er kveðið á um það í 5. mgr. þessarar greinar.

Fuglamerkingar hafa um áratuga skeið verið ein mikilvægasta aðferð við rannsóknir á villtum fuglum. Gert er ráð fyrir að þær verði eins og áður í höndum Náttúrufræðistofnunar Íslands einnar.

Um 5. gr.

Með tilliti til þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fuglafriðunarnefnd verði lögð niður en í hennar stað komi dýranefnd með aukin umsvif þykir rétt að kveðið sé á um fulltrúaráð sem komi fram fyrir Íslands hönd gagnvart Alþjóðafuglaverndarráðinu, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 5. maí 1948. Dýranefnd er ekki talin fullnægja þeim skilyrðum sem gera verður til þeirra fulltrúa sem koma fram fyrir hönd Íslands í Alþjóðafuglaverndarráðinu, heldur þykir rétt að slíkt fulltrúaráð verði skipað fulltrúum nefnda, samtaka og stofnana sem hafa fuglavernd á stefnuskrá sinni.

Um 6. gr.

Hér er sett sú grundvallarregla að allir villtir fuglar og villt spendýr á Íslandi og innan íslenskrar landhelgi njóti verndar. Þetta á einnig við um þá fugla og spendýr sem hingað kunna að berast af sjálfsdáðum. Um vísvitandi innflutning dýra gilda lög um innflutning dýra, nr. 47/1971.

Önnur grundvallarregla, sem kemur fram í þessari grein, er sú að menn skuli sýna villtum dýrum og lífsvæðum þeirra nærgætni og forðast óþarfatruflanir. Tekið skuli tillit til villtra dýra og lífsvæða þeirra við gerð aðalskipulags, svæðaskipulags og aðra landnýtingu.

Um 7. gr.

Tvennt skal liggja til grundvallar því að heimilt sé að veiða villt dýr. Í fyrsta lagi skal gæta þess að viðkoma stofns vegi upp á móti veiðum að því marki að ekki sé hætta á útrýmingu. Í öðru lagi skal vera gild ástæða til veiðanna, annaðhvort að verið sé að nytja afurðir dýranna eða að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum. Auk þess getur umhverfisráðherra heimilað takmarkaðar veiðar í rannsóknarskyni, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis, sbr. 5. og 6. mgr.

Hægt er að setja eina eða fleiri reglugerðir um friðun, vernd eða heimildir til veiða á villtum dýrum. Í 6. kafla eru talin upp öll þau dýr sem heimilt er að aflétta friðun á með reglugerð. Þar skal koma fram til hvaða tegunda reglugerðin nær, á hvaða tímabili, hvar og í hve miklum mæli megi veiða þær og hvaða veiðiaðferðum megi beita. Einnig skal í reglugerðum kveðið á um hefðbundnar nytjar, svo sem æðarrækt, kópaveiði, lunda- og fýlaveiðar, eggnytjar á bjargfugli o.s.frv., og eru þær tegundir, sem þetta ákvæði á við, taldar upp í 7. kafla frumvarpsins.

Reglugerðir kveði á um aukna friðun fágætra tegunda, t.d. dvöl manna og myndatökur við hreiður, sbr. gildandi reglugerð nr. 97/1968, skrá yfir fágætar tegundir sem unnt er að vísa til þegar refsing er metin, sbr. 20. gr., skráningu og merkingu á sjaldgæfum dýrum sem eru til uppsett frá því fyrir gildistöku nýrra laga, skylduskil til opinberra náttúrugripasafna á dýrum sem finnast dauð eða ósjálfbjarga og skilgreiningu á hvað teljist opinber náttúrugripasöfn.

Umhverfisráðuneytið hefur samkvæmt grein þessari umsjón með útflutningi á villtum dýrum, enda var útflutningur villtra fugla undir stjórn menntamálaráðuneytis fyrir stofnun umhverfisráðuneytis. Sjálfsagt er að umhverfisráðuneyti hafi einnig umsjón með innflutningi í samráði við landbúnaðarráðuneyti, sbr. lög um innflutning dýra, nr. 54/1990, ef um er að ræða dýr sem gætu sest hér að eða dýr sem eru í útrýmingarhættu annars staðar í heiminum. Því er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglugerð um inn- og útflutning villtra fugla og villtra spendýra eða afurða þeirra, sem og um ham- og skinnatöku og uppsetningu dýra.

Eðlilegt er að í reglugerð verði tiltekið hvaða kröfur séu gerðar til þeirra sem hafa heimild til skinnatöku, hamtöku og uppsetningar villtra dýra. Í reglugerð verði einnig kveðið á um hvaða tegundir má setja upp, skráningu og auðkenningu skinna og hama villtra dýra, hamtöku og uppsetningu fágætra tegunda, skylduskil til safna og annað sem við á.

Mikilvægt er að umhverfisráðherra hafi heimild til þess að veita undanþágu frá friðunarákvæðum vegna vísindalegra rannsókna og þarfnast það ekki frekari skýringa. Þótt vitað sé að dýragarðar eða önnur söfn lifandi dýra hafi í mörgum tilvikum leitt hörmungar yfir þau dýr sem þar dvelja vegur þungt að dýragarðar geta haft mikið fræðslugildi, enda sé framfylgt ströngum reglum um starfsemi þeirra. Þá eru þess og allmörg dæmi erlendis frá að dýragarðar hafi orðið til þess að bjarga tegundum frá útrýmingu.

Vegna eðlis þess starfs við söfnun, skráningu og öflun almennra upplýsinga um dýralíf á Íslandi sem fram fer við dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands er nauðsynlegt að deildin hafi heimild til þess að veiða fugla, friðaða sem ófriðaða, án sérstakra heimilda líkt og nú er skv. 2. mgr. 12. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966. Reynslan sýnir að þær aðstæður koma upp annað slagið að ekki er ráðrúm til að afla slíkra heimilda.

Víða um heim eru þekkt dæmi þess að dýrategundir, sem menn hafa flutt til nýrra heimkynna, hafi valdið miklum usla á náttúrunni þar sem lífríki var ekki lagað að til-

vist þeirra. Þrátt fyrir grundvallarsjónarmið frumvarpsins um vernd villtra fugla og villtra spendýra getur sú staða komið upp að rétt þyki að útrýma tegund eða stofni dýra á Íslandi, sem ekki teljist til íslenska dýraríkisins, vegna tjóns sem hún valdi á náttúru landsins eða heilsu manna og dýra. Síðasta málsgrein 7. gr. heimilar umhverfisráðherra að taka ákvörðun um að stefnt skuli að útrýmingu tegundar sem flust hefur til Íslands af mannavöldum, enda telji dýranefnd það bæði æskilegt og gerlegt. Hugsanlegt er t.d. að villiminkur fylli þennan flokk síðar ef tekst að finna aðferð til þess að útrýma honum.

Um 8. gr.

Ekki er talin ástæða til þess að breyta núgildandi reglum um aðgang almennings að veiðilendum eða veiðirétt landeigenda. Eignarréttarmál í almenningum og afréttum taka til mun fleiri þátta en nytjaréttar á dýrum. Taka þarf á þeim málum í heild, en til þess að nytjaréttarþátturinn verði ekki til þess að tefja framgang þessa frumvarps eru ákvæði greinarinnar efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

Í greininni er einnig heimild fyrir umhverfisráðherra að setja reglugerð um veiðar erlendra ferðamanna. Það hefur færst í vöxt að útlendingar komi til Íslands í því skyni að stunda hér skotveiðar og því er tæplega verjandi annað en að settar verði skýrar reglur í þessum efnum.

Um 9. gr.

Hér eru taldar upp þær veiðiaðferðir sem óheimilar eru og byggist upptalningin að mestu á ákvæðum *Alþjóðasamþykktar um fuglaverndun* (Parísarsáttmálans) sem Íslendingar hafa verið aðilar að síðan árið 1956 og *Samnings Evrópuráðsins um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu* (Bernarsáttmálans). Gert er ráð fyrir að undanþágur megi veita vegna veiða í vísindaskyni eða ef dýr valda tjóni og er það í samræmi við þessa sáttmála.

Um 10. gr.

Sú grundvallarregla er sett fram í þessari grein að veiðar á villtum fuglum og landspendýrum séu óheimilar á svæðum sem hafa verið friðlýst vegna dýralífs, sbr. lög um náttúruvernd, nr. 47/1971. Þó má rifta þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund ef ráðgjafarnefnd ráðherra, dýranefnd, mælir með því og Náttúruverndarráð samþykkir.

Sú regla skal og gilda að veiðimenn hirði bráð sína hvort sem dýr hefur verið veitt vegna afurðanna eða til þess að koma í veg fyrir tjón. Það mannúðarsjónarmið skal einnig gilda að veiðimaður geri allt sem í hans valdi standi til þess að aflífa særð dýr, jafnvel þótt hann þurfi að fara af því tilefni inn á landareign þar sem hann hefur ekki heimild til þess að veiða. Til þess að ákvæði þetta verði ekki notað sem skálkaskjól til veiðiþjófnaðar er talið rétt að veiðiréttareigandi verði eigandi bráðarinnar í þeim tilvikum.

Um 11. gr.

Íslendingar eru langt á eftir nágrannaþjóðum hvað varðar eftirlit með stofnum dýra sem veiðar eru stundaðar á. Hér á landi ætti að nægja að nefna dæmi af rjúpunni sem um árabil hefur verið tilefni deilna um áhrif veiða á stofnstærð. Vandinn er m.a. sá að engar upplýsingar eru fyrir hendi um árlega veiði eða fjölda þeirra veiðimanna sem stunda rjúpnaveiðar.

Erlendis er eftirlit m.a. fólgið í því að þeir sem vilja stunda veiðar skuli árlega afla sér veiðikorts sem er sönnun þess að þeir hafi skilað skýrslu um veiðar síðasta árs og greitt gjald í veiðisjóð. Veiðiskýrslur veita upplýsingar um heildarveiði og breytingar á veiði milli ára. Veiðisjóður yrði notaður til þess að standa straum af kostnaði við rannsóknir á villtum dýrum og til stýringar stofnum villtra dýra.

Rétt er að minna á að veiðidagbækur eru skylda við alla aðra veiði og ekki að ástæðulausu, sbr. lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og lög og reglur um fiskveiðar í sjó.

Brýnt er að útgáfu veiðikorta og veiðiskráningu verði komið á hér á landi hið allra fyrsta og því er ákvæði í þessari grein um að umhverfisráðherra skuli gera það. Í reglugerð verði m.a. ákvæði um að veiðigjald geti verið mishátt eftir því hve víðtækt veiðikortið er, þ.e. hvaða tegundir veiðimaður hyggst veiða á gildistímabili veiðikorts.

Íslendingar hafa einnig dregist aftur úr að því er varðar kröfur til hæfni veiðimanna. Hér á landi hefur löngum verið litið svo á að menn séu fæddir veiðimenn og þurfi eingöngu lágmarkstilsögn í meðhöndlun skotvopna, en hæfni veiðimanna er fólgin í fleiri atriðum en því að kunna að skjóta af byssu.

Árin 1990 og 1991 voru haldin í Reykjavík námskeið að tilstuðlan dómsmálaráðuneytisins þar sem tilsögn var m.a. veitt í vistfræði og náttúruvernd. Einnig hefur kennsla í meðferð skotvopna verið aukin. Hér hafa verið stigin skref í framfaraátt og námskeið af þessu tagi ber að efla enn frekar. Því er gert ráð fyrir heimild til handa umhverfisráðherra að gera kröfu um að allir þeir, sem heimild fái til að stunda veiðar, hafi sótt námskeið og lokið prófi er lýtur að þekkingu á villtum dýrum og umhverfi þeirra, sem og í hæfni til veiða.

Um 6. kafla.

Vegna ólíkra lífshátta íslenskra spendýra og mismunandi hagsmuna mannsins gagnvart þeim er nauðsynlegt að hafa sérákvæði um einstakar tegundir. Gert er ráð fyrir að hægt sé að setja reglugerðir fyrir hverja tegund eða eina reglugerð fyrir tvær eða fleiri tegundir, sbr. ákvæði 7. gr. Einnig eru taldar upp þær fuglategundir sem heimilt er að aflétta friðun á.

Um 12. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er óheimilt að eyðileggja greni. Ástæðan er tvíþætt. Í fyrsta lagi má líta á eyðileggingu grenja sem náttúruspjöll, enda hafa mörg þeirra sennilega verið í notkun öldum eða jafnvel árþúsundum saman. Í öðru lagi gerir það grenjaskyttum erfitt um vik ef þekkt greni eru eyðilögð því að þá aukast líkur á að tófan notfæri sér óþekkt greni. Truflun af öllu tagi, sérstaklega með hundum, er einnig á allan hátt óæskileg og því er bann við truflun á grenjum sérstaklega áréttað hér. Þá er gert ráð fyrir að stjórnir sveitarfélaga haldi skrár um þekkt greni líkt og núgildandi lög um eyðingu refa og minka, nr. 52/1957, mæla fyrir um.

Samkvæmt 2. mgr. er það grundvallarregla að refir skuli friðaðir á grenjatíma þótt friðun hafi verið aflétt.

Í 3. mgr. er fjallað um þau svæði þar sem hætta á tjóni af völdum refa er slík, að mati umhverfisráðherra, að refaveiðar eru taldar nauðsynlegar. Þar skal grenjavinnsla stunduð á líkan hátt og gert er samkvæmt gildandi lögum og endurgreiðir þá ríkissjóður ¼ kostnaðar við veiðarnar eftir viðmiðunartöxtum. Sums staðar háttar svo til að hægt er að ná sama árangri með miklu minni tilkostnaði með veiðum að vetrarlagi. Þetta á einkum við um heiðalönd og önnur svæði fjarri byggð þar sem refir hafa ekki aðgang að smá-

lömbum og því tiltölulega lítil hætta á að refir bíti. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir að sveitarstjórn og veiðistjóri geti komið sér saman um að innan tiltekinnar fjarlægðar frá byggð verði stunduð grenjaleit og grenjavinnsla en fjær byggð verði skipulagðar vetrarveiðar.

Þá er gert ráð fyrir að aðrir en veiðimenn, sem til þess séu ráðnir, fái ekki að veiða refi á grenjatíma. Ástæðan er m.a. sú að oft hefur orðið mikill kostnaður af því er menn skjóta dýr af grenjum án vitundar grenjaskyttna. Þó telur nefndin nauðsynlegt að sauðfjárbændur og æðarræktendur geti veitt hlauparefi sem þeir telja að stofni sauðfé eða æðarvarpi í hættu.

Um 13. gr.

Ákvæði um minkaveiðar eru að mestu í samræmi við gildandi lög en þó sveigjanlegri. Þannig verður ekki lengur skylt að leita minka um allt land. Með því móti verður væntanlega hægt að beina mestu fjármagni þangað sem tjón af völdum minka er mest.

Ákvæðum um ýmis framkvæmdaratriði er sleppt frá fyrri lögum og gert ráð fyrir að þau verði í reglugerð.

Um 14. gr.

Hreindýr hafa nokkra sérstöðu í lífríki Íslands þar eð í upphafi voru þau gjöf til Íslendinga. Samkvæmt áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands, dags. 12. apríl 1991, sem unnin var að frumkvæði umhverfisráðuneytis, er hreindýrastofninn á Íslandi „ekki háður beinum eignarrétti í einkaréttarlegum skilningi, hvorki ríkisins né annarra". Þá hefur löggjafinn „víðtækar heimildir til að setja reglur um meðferð og nýtingu hreindýrastofnsins, þar á meðal að kveða á um skipulag á veiðum. Réttur, sem sveitarfélög á Austurlandi hafa haft til nýtingar stofnsins í skjóli reglna sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 28/1940, sbr. lög nr. 75/1954, setur löggjafanum ekki skorður í því efni." Loks segir í ályktunum Lagastofnunar að samkvæmt íslenskum rétti verði „bótaskylda ríkisins af völdum hreindýra ekki reist á víðtækari eða strangari bótareglum en leiða má af sakarreglunni".

Sérstakar reglur þurfa að gilda um veiðar og rannsóknir á hreindýrum, sem og um tjón og arð af hreindýrum. Í 1. mgr. er ákvæði þess efnis að arður af hreindýrum renni að hluta til rannsókna á hreindýrunum og hluti til sveitarfélaga. Um er að ræða nýbreytni því samkvæmt þeim reglum, sem gilt hafa undanfarna áratugi og settar hafa verið með stoð í lögum um friðun hreindýra, nr. 28/1940, sbr. lög nr. 75/1954, hefur allur arður af hreindýraveiðum runnið til sveitarfélaga, enda hefur verið litið svo á að um greiðslu skaðabóta vegna ágangs hreindýra hafi verið að ræða.

Í 2. mgr. eru nytjaréttur á hreindýrum og eignarréttur lands aðskilin og er það frávik frá meginreglu þeirri sem gildir um nytjarétt, sbr. 8. gr. Þetta er nauðsynlegt að gera m.a. í ljósi þess að tjón af völdum hreindýra er fyrst og fremst að vetrarlagi, en hreindýrin halda sig oft á öðrum svæðum þá en á haustin þegar æskilegt er að veiða þau.

Um 15. gr.

Veiðar á rottum og músum með gildrum verða öllum heimilar eins og áður, en þó er gert ráð fyrir að dýranefnd þurfi að samþykkja hvaða gerðir af gildrum sé heimilt að nota, sbr. 9. gr.

Einnig er gert ráð fyrir að heilbrigðisnefnd sjái um skipulega fækkun á rottum og músum eins og áður en sú breyting gerð á að umhverfisráðherra verði að samþykkja þau ákvæði heilbrigðisreglugerða er fjalla um notkun eiturs til þeirra verka.

Um 16. gr.

Engin heildarlöggjöf er í gildi um seli og rostunga eða veiðar á þeim við Ísland. Samkvæmt frumvarpinu eru rostungar alfriðaðir en ráðherra getur samkvæmt tillögum sjávarútvegsráðherra sett reglugerð sem heimilar skotveiðar á fjórum tegundum sela. Ætlast er til að í reglugerð verði tilgreind þau svæði og árstímar þegar veiði er heimiluð á hverri tegund fyrir sig, að teknu tilliti til hefða og staða þar sem selur getur valdið tjóni í og við laxveiðiár. Um hefðbundna kópaveiði er fjallað í 19. gr.

Sjávarútvegsráðherra er ætlað að hafa umsjón með og stjórna þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela eða tjón af þeirra völdum. Veiðistjóraembættið annast fyrir hönd umhverfisráðherra stýringu á stofnum annarra villtra dýra sem valdið geta tjóni og aflétta má friðun á skv. 6. kafla frumvarpsins.

Um 17. gr.

Eftirlit með veiðum á ísbjörnum í þeim löndum, þar sem þeir eiga heimkynni, er mjög strangt og gerðu Norðmenn, Danir (fyrir hönd Grænlendinga), Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Sovétmenn með sér samkomulag um vernd þeirra árið 1973. Ísbirnir slæðast stundum með hafís til Íslands þótt þeir gangi ekki alltaf á land. Rétt þykir að styrkja viðleitni fyrrgreindra þjóða með því að banna veiðar á ísbjörnum á hafís eða á sundi með tilliti til þess að í flestum tilvikum má gera ráð fyrir að þeir hverfi á braut án þess að valda hættu hér á landi.

Gangi ísbirnir á land gegnir öðru máli. Þá er eðlilegt að heimilt sé að fella þá en áhersla er á það lögð að til veiðanna séu notuð heppileg vopn eftir því sem hægt er.

Með tilliti til þess að þær aðstæður geta skapast að umhverfisráðherra telji heppilegra að fanga ísbjörn sem gengið hefur á land og flytja þangað sem mönnum og búfénaði stafar ekki hætta af honum er nauðsynlegt að hafa í frumvarpinu ákvæði um heimild til slíkra aðgerða.

Ólíkt því sem gilt hefur til þessa er felldur ísbjörn eign þjóðarinnar og skal samkvæmt því færður Náttúrufræðistofnun til rannsóknar. Stofnunin getur hins vegar ráðstafað honum að rannsókn lokinni til safns eða skóla í því byggðarlagi þar sem hann veiddist.

Um 18. gr.

Tilgreindar eru þær fuglategundir sem aflétta má friðun á og setja allstranga ramma um þann tíma árs sem umhverfisráðherra er heimilt að aflétta friðun. Rammi þessi er að mestu sniðinn eftir gildandi lögum um veiðitíma fugla. Gert er ráð fyrir því að um þetta verði sett reglugerð þar sem í ýmsum tilvikum verði leyfður styttri veiðitími en heimilaður er samkvæmt frumvarpinu.

Þá þykir rétt að ítreka að sýnd skuli varúð og nærgætni í grennd við fuglabjörg.

Um 19. gr.

Hlunnindi ýmiss konar hafa frá alda öðli verið mikilvægur þáttur í lífsafkomu Íslendinga og skipt sköpum fyrir sum byggðarlög. Flest þessara hlunninda skipta litlu máli fyrir afkomu manna nú á tímum. Þrátt fyrir það er ekki ástæða til að afnema rétt veiðirétt-

hafa til þeirra, enda er ekkert sem bendir til þess að hefðbundin nýting hafi stefnt umræddum stofnum í hættu sé litið til landsins í heild þótt staðbundin vandamál vegna ofnýtingar kunni að vera til staðar.

Í 1. mgr. er fjallað um friðlýst æðarvarp. Breytingar frá 9. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, eru fólgnar í því að bannað er, án leyfis varpeiganda, að leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ½ km frá stórstraumsfjörumáli en var áður ¼ km. Þá er ætlunin að í reglugerð verði ákvæði um framkvæmd friðlýsingar og skilgreiningu æðarvarps.

Um töku andar- og gæsareggja gilda þau ákvæði að minnst skuli skilin eftir fjögur egg í andarhreiðri og tvö í gæsarhreiðri. Auk skeiðandar, skutulandar og straumandar, sem eru undanskildar þessu ákvæði samkvæmt gildandi lögum, eru samkvæmt frumvarpinu gargönd, hrafnsönd og gulönd einnig undanskildar þessu heimildarákvæði. Þá er heimilt að taka heiðagæsaregg samkvæmt þessari grein, en það er ekki heimilt samkvæmt lögum nr. 33/1966.

Bann er lagt við því að veiðirétthafi dreifi eggjum þessum til annarra hvort sem er með sölu eða gjöfum. Þetta er breyting frá gildandi lögum en til þessa hefur fáeinum aðilum verið heimilt að flytja út andaregg en þó ekki æðaregg.

Gert er ráð fyrir óbreyttum heimildum til hefðbundinnar nýtingar ýmissa fuglategunda, sem og til hefðbundinnar veiði landsels- og útselskópa, en eigandi veiðiréttar skal afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að dómarar líti til skýrgreininga í reglugerðum á því hvað teljist vera sjaldgæf eða fágæt tegund við ákvörðun refsingar fyrir brot á lögunum, en ákvæðið er nýtt.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Æskilegt er að lögin taki gildi í ársbyrjun 1993. Þannig verður hjá því komist að ný lög taki gildi á helstu veiðitímum fugla eða á grenja- og hreindýraveiðitíma. Um leið gefur sú tímasetning frest til þess að semja og setja reglugerðir í samræmi við lögin.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

Helstu breytingar frá gildandi lögum samkvæmt frumvarpinu felast í að hér er á ferðinni heildarlöggjöf um stýringu á veiðum og eftirliti með villtum spendýrum og fuglum

á Íslandi og að þannig falli niður ákvæði fjölmargra laga er varða ofangreint málefni.

Kostnaðaráhrif frumvarpsins fyrir ríkissjóð eru af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða breytingar á skuldbindingum um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs vegna veiða á refum og minkum, aukin umsvif embættis veiðistjóra vegna aukinna rannsókna á villtum dýrum í samráði og samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og stofnun sjö manna nefndar, dýranefndar, sem verði umhverfisráðherra til ráðuneytis um málefni er snerta framkvæmd laganna. Hins vegar er um að ræða tekjuöflun með sölu veiðileyfakorta og gjaldtöku fyrir veiðar á hreindýrum.

Ákvæði 12. og 13. gr. frumvarpsins, sem fjalla um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við veiðar á refum og minkum, breytast þannig frá gildandi lögum að hlutur ríkissjóðs í kostnaðinum lækkar úr 75% í 25%. Þá er gert ráð fyrir meiri stýringu á þessum veiðum í framtíðinni sem gæti leitt til frekari lækkunar á kostnaði. Þetta felur í sér að kostnaður ríkissjóðs vegna veiðanna verður líklega á bilinu 8–10 m.kr. Það verður þó ekki fyrr en á árinu 1993 þar sem ekki er gert ráð fyrir að lögin taki gildi fyrr en 1. janúar það ár.

Ákvæði 4. gr. frumvarpsins um auknar rannsóknir á villtum dýrum og fuglum fela að líkindum í sér að kostnaður við rekstur embættis veiðistjóra hækki á næstu árum. Ekki er um formlega skuldbindingu að ræða heldur verður framlag hverju sinni ákveðið sérstaklega í fjárlögum.

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins um skipun sjö manna dýranefndar hefur að líkindum einhvern kostnað í för með sér þótt á móti komi að fuglafriðunarnefnd verði lögð niður.

Ákvæði 11. gr. frumvarpsins um að allir, sem veiðar ætli að stunda, þurfi til þess tilskilið leyfi gegn greiðslu fyrir veiðikort felur í sér tekjuöflun. Erfitt er að leggja mat á um hversu háar fjárhæðir er að ræða. Ef t.d. gert er ráð fyrir að 15.000 manns kaupi kort og að kortið kosti 1.000 kr. verða tekjur 15 m.kr. Á móti hlýst nokkur kostnaður við eftirlit með veiðum og skráningu og úrvinnslu upplýsinga sem skilað er inn vegna kvaða þar að lútandi við endurnýjun veiðikorts. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins skal verja tekjunum til að standa undir rannsóknum og stýringu á veiðum. Að mati fjármálaráðuneytisins er óæskilegt að marka tekjustofna með þessum hætti, fremur skuli ákvarða í fjárlögum hverju sinni framlag til tiltekinna verkefna.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta má ætla að skuldbindingar ríkissjóðs vegna þessa málaflokks lækki um 30–32 m.kr. frá og með árinu 1993. Þessi lækkun skýrist að mestu af að kostnaðarþátttaka ríkissjóðs vegna veiða á refum og minkum lækkar úr 75% í 25% auk þess sem gert er ráð fyrir aukinni stýringu á veiðunum. Aðrar breytingar hafa óverulegt nettókostnaðaráhrif í för með sér fyrir ríkissjóð.

469. Frumvarp til laga [280. mál]

um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Óheimilt er að kveikja í sinu og brenna nema leyfi sýslumanns komi til og fylgt sé ákvæðum í reglugerð sem umhverfisráðherra setur skv. 3. gr.

2. gr.

Ábúendur einstakra jarða og umráðamenn óbyggðra jarða geta einir fengið leyfi til að brenna sinu á jörðum sínum.

Slíkt leyfi má því aðeins veita að eigi stafi af almannahætta, hætta á eyðingu náttúruminja, lyng- og trjágróðurs, mannvirkja o.s.frv.

Leyfi skal bundið við ákveðinn einstakling sem ber þá alla ábyrgð á að farið sé að lögum við sinubrennu.

3. gr.

Í reglugerð, sem umhverfisráðherra setur að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Náttúruverndarráðs, skal mælt fyrir um hver skilyrði leyfishafa skv. 2. gr. skuli sett, t.d. hvenær sinubrenna megi fara fram, um skyldu til að tilkynna hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra, hvenær sinubrenna er fyrirhuguð, eftirlit með brennu og annað sem nauðsynlegt þykir.

4. gr.

Óheimilt er að spilla gróðri, t.d. með því að kveikja í trjágróðri, kjarri, hrísi, lyngi eða mosa.

Hverjum þeim, sem ferðast um, er skylt að sýna ýtrustu varkárni við hvers konar notkun elds þannig að gróðri eða dýralífi stafi ekki hætta af eða stefnt sé í almannahættu.

Sá sem verður þess var að eldur er laus í gróðri skal, svo fljótt sem verða má, gera aðvart umráðamanni lands og/eða hlutaðeigandi yfirvaldi. Skylt er honum þó, eftir því sem honum er unnt sjálfum, að slökkva eld eða koma í veg fyrir útbreiðslu hans, þar á meðal kveðja aðra til aðstoðar.

5. gr.

Sá sem veldur tjóni með sinubrennu eða meðferð elds á víðavangi þannig að saknæmt sé ber fébótaábyrgð á því tjóni sem hlýst af.

6. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 8/1966, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allt frá upphafi landnáms munu menn hafa brennt sinu, mosa og jafnvel lyng að vorlagi til að létta komandi gróðri leið og gera beit betri og notadrýgri. Þetta ásamt brennslu á kjarri, einkum til kolagerðar, sem lengi tíðkaðist hefur vafalítið átt sinn þátt í að breyta gróðurfari landsins, sérstaklega að því er tekur til skóg- og kjarrlendis.

Þegar á þjóðveldistímanum voru fest í lög ákvæði um sinubrennslu. Til fróðleiks skulu þau rakin.

Í Konungsbók Grágásar segir svo í Landbrigðaþætti:

„Nv vill maðr brenna sino ísino landi þa scal hann biðia lofs þa er næstir bva oc lavnd eigo við fyrir utan oc bǫta þeim þo ef af geriz. En ef eldr rennr ihvs þeirra manna er eigi hafa lofat eða lönd eða brenna fyrir þeim scógar þa varðar fiorbavgs garð."

Í annarri gerð Grágásar (Staðarhólsbók) eru ákvæðin um sinubrennslu á þessa leið í Landbrigðisþætti:

„Ef maðr vill brenna sino i lande sino. þa scal hann biðia lofs at. þa menn er næst bua. oc verþr hann þo utlagr iii. mörcom ef eldr rennr i lond þeirra. oc scal böta scaða. en fiorbavgs garð varðar ef hann brenner scóg. eða hús. þat varþar oc fiorbaugs garð ef hann það eigi lofs at. ef eldrenn rennr i annara mana lond. en scogang ef þeim verðr kugildis scaðe at. Þat ero allt stefno sakar. oc scal queðia til heimilis bva ix. aþingi þess er sottr er til fior bavgs garðs en .v. til utlegðar."

Slík ákvæði hafa gilt uns Járnsíða var lögtekin á árunum 1271–1273 og þjóðveldislöggjöfin þar með afnumin. Samsvarandi ákvæði voru ekki tekin þar upp.

Eins og kunnugt er var Járnsíða mjög sniðin eftir norskri löggjöf, lögbókum, sem kenndar voru við Gulaþing (1267) og Frostaþing (1269). Hvorki í þeim lögbókum né í landslögum Magnúsar konungs lagabætis, sem samin voru á árunum 1274–1277 er minnst sérstaklega á sinubrennslu. Má af því ætla að sinubrennsla hafi ekki tíðkast í Noregi a.m.k. ekki á þeirri tíð eða ekki þannig að ástæða þætti til að setja um slíkt sérstakar lagareglur.

Traustar heimildir bera með sér að Járnsíða sætti töluverðri gagnrýni af hálfu Íslendinga. Var hún því tekin til endurskoðunar og ýmsu breytt til samræmis við þjóðveldislögin.

Hin endurskoðaða lögbók, Jónsbók, sem lögtekin var á Alþingi 1281, hefur að geyma ákvæði um sinubrennslu í Landleigubálki 29. kap.

Þar segir á þessa leið:

„Brenna má maðr sinu af jorðu sinni, þar sem hann vill, ok bæta skaða þann allan, er oðrum monnum verðr af, ok landnám með, ef hann hefir þá eigi orlofs til beðit er næstir búa."

Þessi ákvæði reyndust harla endingargóð því að þau giltu nær 700 ár. Árið 1966 samþykkti Alþingi lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi sem enn gilda. Enn tíðkast það töluvert að sina, sem er visnaðar gróðurleifar frá fyrri tíð, sé brennd á vorin. Hér er einkum um að ræða gras- og stargróður á votlendi og mýrum, en algengastir eru taldir sinubrunar á Suður- og Vesturlandi. Sinubrennsla hefur bæði kost og galla. Hafa þeir verið raktir svo sem hér segir:

Askan, sem myndast við brunann, hefur dálítið áburðargildi fyrir nýgræðing, einkum varðandi steinefni. Aftur á móti tapast eitthvað af köfnunarefni og öðrum efnum við brunann. Brennt land þiðnar heldur fyrr á vorin og fyrir bragðið getur gróður orðið nokkuð fyrri til en á óbrenndu landi. Á brenndu landi verður nýgræðingurinn aðgengilegri fyrir beitarfé, sérstaklega þar sem sina er mikil vegna lítillar eða engrar beitar árið áður. Í sumum tilvikum má bæta beitiland með sinubruna.

Af brennslu getur hlotist varanlegur skaði á sumum tegundum gróðurs, einkum trjágróðri, lyngi og mosa. Á undanförnum árum hafa t.d. orðið skógarbrunar á ýmsum stöðum vegna ógætilegrar meðferðar elds. Hefur þá oft áratuga landgræðslustarf orðið eldi að bráð. Í kjölfar sinubruna eykst hætta á gróður- og jarðvegseyðingu sem kann að or-

saka uppblástur á þurrlendi. Það getur tekið náttúruna hundruð ára að bæta slíka jarðvegseyðingu. Þess eru dæmi að kviknað hafi í þurrum móajarðvegi við sinubruna. Eftir að fuglar eru farnir að verpa á vorin er sinubrennsla mikill bölvaldur. Sömuleiðis er hætta á því að smádýralíf bíði tjón af þegar eldur svíður landið, einkum þegar það er mjög þurrt. Mikil sinubrennsla veldur reykmengun andrúmslofts og getur byrgt útsýni á vegum og þannig skapað slysahættu. Tjón getur hlotist á mannvirkjum, t.d. byggingum, girðingum, síma- og rafmagnsstaurum.

Af þessu er ljóst að ókostir sinubrennslu virðast veigameiri en kostirnir.

Sérfróðir menn hafa bent á að þótt viss ávinningur geti verið af sinubrennu á beitilandi, einkum á grasgefnum mýrum, sé hægt að ná sama árangri með hóflegri og skipulagðri beit. Það virðist á allan hátt skynsamlegra og geðfelldra að nýta gróður með þessu móti, en láta hann ganga upp í eldi.

Full ástæða virðist til að þrengja verulega heimild og undanþágur til sinubrennu. Reynslan hefur sýnt að bæði almannahætta og verulegt tjón bæði á gróðurlendi og mannvirkjum getur leitt af sinubrennu eins og áður er nefnt.

Þótt sinubrennur séu óheimilar í þéttbýli er varla vafi á því að vitneskjan um sinubrennur víða um land verður til þess að vekja áhuga á slíku „tómstundagamni". Bæði af hálfu lögreglunnar í Reykjavík og slökkviliðs er sá brennufaraldur sem gengur yfir árlega töluvert vandamál. Með nýrri lagasetningu og markvissri framkvæmd lagaákvæða í kjölfar hennar um allt land ætti að vera hægt að hafa hemil á brennufaraldri sem einnig er vandamál utan Reykjavíkur þótt ástandið þar sé sérstaklega nefnt. Slökkvilið Hornafjarðar var t.d. kvatt út níu sinnum eitt árið, þar af sex sinnum vegna sinubruna í þrem hreppum. Fylgdi þessu mikill kostnaður. Á þessum vetri hafa borist kvartanir út af sinubrennum úti um land.

Hinn 1. október 1991 var að tilhlutan umhverfisráðuneytis haldinn fundur um sinubruna. Fundinn sóttu auk fulltrúa ráðuneytisins fulltrúar frá Búnaðarfélagi Íslands, landbúnaðarráðuneyti, Landgræðslu ríkisins, Líffræðistofnun Háskólans, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarráði, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Stéttasambandi bænda.

Fundurinn var sammála um eftirfarandi meginatriði:

1. Full ástæða er til að takmarka sinubruna frá því sem verið hefur.
2. Rétt er að banna sinubruna en hafa heimild til undanþágu á svæðum utan þéttbýlis og fjarri skógræktarsvæðum.

Bent var á að nauðsynlegt er að fræða bændur um kosti og galla sinubrennslu og um leiðir til að draga úr sinumyndun. Í framhaldi af þessu er frumvarp þetta samið.

Við samningu þessa frumvarps hefur verið stuðst við eftirfarandi heimildir:

1. Frumvarp til laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi þskj. 56 á löggjafarþingi 1965–1966.
2. Sinubrennur eftir Árna Snæbjörnsson, Búnaðarblaðið, 3. tbl. 1973.
3. Sinubrunar eftir Andrés Arnalds og Ólaf Dýrmundsson, Freyr, 8. tbl. 1981.
4. Kostir og gallar sinubrennslu eftir Pál og Ragnar Imsland, Eystrahorn, 26. mars 1987, og Austri, 7. maí 1987.
5. Grágás, Konungsbók, Kaupmannahöfn 1852.
6. Grágás, Staðarhólsbók, Kaupmannahöfn 1879.
7. Jónsbók, Kaupmannahöfn 1907.
8. Járnsíða, Kaupmannahöfn 1847.
9. Ólafur Lárusson: Grágás og lögbækurnar, Reykjavík 1923.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir með vísun til þess sem fram kemur í greinargerð að leyfi til að brenna sinu sé háð undanþágum sem sýslumaður einn geti veitt samkvæmt ákveðnum reglum.

Ástæðulaust þykir að setja í lög nákvæmar reglur um framkvæmd eins og gert er í núgildandi lögum heldur verði slíkt ákveðið í reglugerð.

Um 2. gr.

Samkvæmt frumvarpinu má eingöngu veita ábúendum einstakra jarða og umráðamönnum óbyggðra jarða leyfi til að brenna sinu. Rétt þykir að leyfi og þar með öll ábyrgð sé bundin við ákveðinn einstakling.

Um 3. gr.

Eins og fram kemur í 1. gr. þykir eðlilegt að þau atriði, sem snerta framkvæmd sinubrennu, séu í reglugerð sem umhverfisráðherra setur. Þar þarf í senn að gæta landbúnaðarhagsmuna og náttúruverndarhagsmuna auk nauðsynlegra öryggisatriða. Vegna mismunandi staðhátta í landinu þykir varla rétt að lögbinda leyfi til sinubrennu við ákveðna mánaðardaga.

Í reglugerð mætti ákveða að ábúandi (umráðamaður) tiltekinnar jarðar gæti fengið leyfi til lengri tíma en eins árs að öllum skilyrðum fullnægðum.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar ganga í svipaða átt og ákvæði 7. og 8. gr. núgildandi laga. Nánar er þó kveðið á um skyldur einstaklinga en í þeim ákvæðum.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 9. gr. núgildandi laga.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

470. Frumvarp til laga [217. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 27. febr.)

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:

Efri og neðri mörk greiðslumarks eru leyfileg fráviksmörk framleiðslu á lögbýli frá greiðslumarki býlisins án þess að frávikið valdi breytingu á beinum greiðslum úr ríkissjóði.

Greiðslumark lögbýlis er tiltekið magn kindakjöts, mælt í kílógrömmum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli samkvæmt búvörusamningi og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði.

Heildargreiðslumark sauðfjárafurða er tiltekið magn kindakjöts, mælt í tonnum, sem ákveðið er samkvæmt búvörusamningi með tilliti til heildarneyslu innan lands og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

2. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við gerð verðlagsgrundvallar skulu beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda teljast til tekna og koma til lækkunar á afurðaverði þeirra afurða sem beinar greiðslur taka til.

3. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðlagsnefnd heimilt að víkja frá því að gera ársfjórðungslega breytingu á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda, að hluta eða öllu leyti. Þrátt fyrir ákvæði 8.–10. gr. er verðlagsnefnd heimilt við ákvörðun á nýjum verðlagsgrundvelli að semja um tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur á gildistíma grundvallarins. Verðlagsnefnd er heimilt við ákvörðun og breytingar á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda að víkja frá ákvæðum 8.–10. gr. og 1. mgr. 12. gr. og breyta einstökum liðum og verði einstakra afurða, enda sé um það fullt samkomulag innan nefndarinnar.

4. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr., svohljóðandi:

Fimmmannanefnd er, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimilt í samkomulagi um heildsöluverð að gera tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur til afurðastöðva, enda sé það samhljóða ákvörðun nefndarinnar.

5. gr.

Við 29. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Á meðan ákvæði IX. kafla um beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda sauðfjárafurða eru í gildi eða ef samið hefur verið um slíkar greiðslur til framleiðenda mjólkur- og sauðfjárafurða samkvæmt heimild í a-lið 30. gr. gilda ákvæði þessarar greinar um greiðslur afurðastöðvar fyrir innlagðar afurðir allt að efri mörkum greiðslumarks lögbýlis. Sama gildir um slátur, gærur og ull vegna þeirrar framleiðslu.

Áður en afurðastöð kaupir eða tekur til sölumeðferðar sauðfjárafurðir umfram efri mörk greiðslumarks framleiðanda skal gert sérstakt samkomulag milli afurðastöðvar og framleiðanda um slátrun, afurðaverð og greiðslu þess, eftir því sem við á. Samsvarandi magn afurða skal markaðsfært erlendis á ábyrgð viðkomandi aðila. Þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu þeirra innan lands ef framleiðsla verður minni en sala.

Hafi verið tekin ákvörðun um verðskerðingu vegna birgðasöfnunar í lok verðlagsárs skv. 44. gr. er afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör til framleiðenda á næsta verðlagsári og standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á hinu innheimta verðskerðingarfé.

6. gr.

Við a-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist: Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt í stað ofannefndra samninga að semja um beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda mjólkur- og sauðfjárafurða á lögbýlum.

7. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli, sem verður IX. kafli, með fyrirsögninni **Um aðlögun og stjórn framleiðslu sauðfjárafurða 1991–1998**, og breytist kafla- og greinatala í lögunum til samræmis við það. Kaflinn orðast svo:

a. (39. gr.)

Frá 1. maí 1991 til 31. ágúst 1992 skal laga fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði með því að ríkissjóði er heimilt að greiða fyrir fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða allt að 3.700 tonnum og greiða förgunarbætur vegna fækkunar áa eftir nánari ákvörðun í reglugerð.

Framleiðendur sauðfjárafurða á lögbýlum geta fram til 31. ágúst 1992 haft aðilaskipti að fullvirðisrétti, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð. Ríkissjóði er við slík aðilaskipti heimilt samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fella niður allt að 20% fullvirðisréttarins gegn greiðslu eftir nánari ákvörðun í reglugerð.

Eigendum lögbýla er heimilt að leggja fullvirðisrétt/greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 án þess að það veiti hlutdeild í heildargreiðslumarki á tímabilinu og greiðir ríkissjóður þá förgunarbætur vegna fækkunar áa.

Fullvirðisréttur utan lögbýla, sem ekki hefur verið boðinn ríkissjóði skv. 1. mgr. fyrir 1. september 1992, skal falla niður.

Takist ekki eftir ofangreindum leiðum að laga fullvirðisréttinn að innanlandsmarkaði skal færa fullvirðisrétt miðað við 31. ágúst 1992 niður um það sem á vantar og komi greiðsla fyrir eftir nánari ákvörðun í reglugerð. Við lok aðlögunar fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði skal miða við að hann verði í samræmi við heildargreiðslumark verðlagsársins 1993/1994, sbr. þó 1. mgr. Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að höfðu samráði við Stéttarsamband bænda, að niðurfærsla skuli vera mismunandi eftir landsvæðum. Jafnframt er heimilt að undanþiggja einstaka framleiðendur niðurfærslu að því marki sem þegar gerðir samningar við ríkissjóð kveða á um.

Áður en greiðslur ríkissjóðs fyrir fullvirðisrétt og förgun bústofns verða inntar af hendi skal liggja fyrir staðfesting þess að ám hafi verið fargað og að ásetningur haustin 1991 og 1992 verði í samræmi við umsamda fækkun og niðurfærslu.

b. (40. gr.)

Heildargreiðslumark sauðfjárafurða er tiltekið magn kindakjöts, reiknað í tonnum, sem beinar greiðslur ríkissjóðs miðast við. Heildargreiðslumark skiptist í greiðslumark lögbýla. Það skal endanlega ákveðið fyrir 15. september ár hvert vegna framleiðslu næsta verðlagsárs, en verður 8.600 tonn verðlagsárið 1992–1993.

Við ákvörðun heildargreiðslumarks skal byggt á neyslu síðasta almanaksárs og sölu- þróun fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs. Heimilt er einnig að taka tillit til líklegrar neysluþróunar á komandi ári. Þá skal tekið tillit til birgða 1. september þannig að þær samsvari þriggja vikna sölu innan lands. Til neyslu telst öll sala kindakjöts frá afurðastöð á innlendum markaði, svo og það kindakjöt sem framleiðendur taka úr sláturhúsi.

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveða heildargreiðslumark fyrir hvert verðlagsár og setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu í greiðslumark lögbýla.

c. (41. gr.)

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega.

Greiðslumark hvers lögbýlis fyrir verðlagsárið 1992–1993 skal vera í hlutfalli við full- virðisrétt þess eins og hann er að loknum 1. hluta aðlögunar fullvirðisréttar að innan- landsmarkaði að teknu tilliti til aðilaskipta að fullvirðisrétti fram til 31. ágúst 1992. Heimilt er að binda greiðslumark verðlagsársins 1992–1993 við tiltekinn ásetning sauð- fjár á hverju lögbýli.

Greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1993–1994 skal vera í hlutfalli við full- virðisrétt þess að lokinni aðlögun að innanlandsmarkaði 31. ágúst 1992 að teknu tilliti til aðilaskipta að fullvirðisrétti.

Við ákvörðun greiðslumarks ofannefndra verðlagsára er heimilt að taka tillit til full- virðisréttar sem bundinn er í samningum og heimtekins kjöts haustin 1990 og 1991.

Greiðslumark þaðan í frá breytist í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki.

Fari framleiðsla á lögbýlinu umfram efri mörk greiðslumarks þess, án sérstaks sam- komulags við afurðastöð, skal það sem umfram er og ekki rúmast innan heildargreiðsl- umarks koma til lækkunar á greiðslumarki þess á næsta verðlagsári. Þá er heimilt að skerða greiðslumarkið um allt að 0,5 kg fyrir hvert framleitt kílógramm umfram efri mörk.

d. (42. gr.)

Frá 1. september 1992 eru heimil aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð. Slík aðilaskipti taka ekki gildi fyrr en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir aðilaskiptum að greiðslumarki frá lögbýli.

Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýlið og skal það skráð sérstaklega á nafn hans. Nú vill leiguliði selja slíkt greiðslumark og skal jarðareigandi eiga forkaups- rétt að greiðslumarkinu. Tilkynna skal jarðareiganda um fyrirhugaða sölu, verð og greiðsluskilmála og hann skal hafa sagt til um það innan 30 daga frá því tilkynning barst honum hvort hann ætlar að neyta forkaupsréttar.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um aðilaskipti með greiðslumark og skrán- ingu þess. Ef hætta skapast á að tilfærsla á greiðslumarki gangi gegn æskilegum land-

nýtingarsjónarmiðum er landbúnaðarráðherra heimilt að takmarka eða stöðva slík aðilaskipti að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið. Sama gildir ef fyrir liggur rökstutt álit Landgræðslu ríkisins um að hin fyrirhuguðu aðilaskipti fari í bága við gróðurverndarsjónarmið.

e. (43. gr.)

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda sauðfjárafurða og skal svara til 50% af framleiðslukostnaði kindakjöts. Það greiðist samkvæmt greiðslumarki hvers lögbýlis.

Beinar greiðslur skulu greiðast mánaðarlega á tímabilinu frá mars til desember fyrir það verðlagsár sem hefst 1. september það ár, í fyrsta sinn í mars 1992. Fullnaðargreiðsla skal innt af hendi eigi síðar en 15. desember. Heimilt er að binda beinar greiðslur við tiltekinn ásetning sauðfjár á lögbýlinu.

Beinar greiðslur breytast ekki þegar framleiðsla á lögbýlinu er 80–105% af greiðslumarki þess verðlagsárið 1992–1993. Þó er heimilt að greiða beinar greiðslur út á framleiðslu allt að efri mörkum greiðslumarks við lokauppgjör enda rúmist þær greiðslur innan heildargreiðslumarks ársins. Frávíksmörk þessi, þ.e. efri og neðri mörk greiðslumarks, skulu endurskoðuð árlega með hliðsjón af markaðsaðstæðum. Nái framleiðsla ekki tilskildu hlutfalli greiðslumarks skerðast beinar greiðslur ársins hlutfallslega frá því marki sem sett er hverju sinni. Heimilt er að víkja frá framangreindu ákvæði vegna fjárskiptasamninga á vegum sauðfjárveikivarna. Heimilt er að telja sölu líffjár til framleiðslu. Heimilt er að skerða eða fella niður beinar greiðslur ef framleiðandi hefur gerst sekur um ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé.

Landbúnaðarráðherra skal að fengnum tillögum Framleiðsluráðs setja nánari reglur um beinar greiðslur, m.a. um framkvæmd þeirra, viðmiðun við framleiðslukostnað og gæðaflokkun, hlutfall nýtingar til að fá fulla beina greiðslu og greiðslutilhögun.

f. (44. gr.)

Framleiðsla innan heildargreiðslumarks skal notuð til að fullnægja þörfum innlenda markaðarins. Verði birgðir kindakjöts í lok verðlagsárs umfram þriggja vikna sölu skulu þær markaðsfærðar innan lands eða utan með markaðsstuðningi sem kostaður skal með innheimtu verðskerðingar hjá framleiðendum kindakjöts við slátrun og innlegg á því verðlagsári sem birgðirnar verða markaðsfærðar. Verðskerðing þessi má vera allt að 5% af afurðaverði kindakjöts til framleiðenda eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra í reglugerð sem hann setur að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, en það ákveður, að höfðu samráði við samtök sauðfjárframleiðenda og afurðastöðva, hvernig birgðunum skuli ráðstafað og er afurðastöðvum, framleiðendum og öðrum sem kunna að eiga umrætt kjöt skylt að lúta ákvörðun Framleiðsluráðs. Ákvæði 24., 26. og 27. gr. gilda um innheimtu verðskerðingar.

Þá er heimilt með samkomulagi landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda að ákveða sérstaka lækkun á heildargreiðslumarki næsta verðlagsárs til að koma birgðastöðu í jafnvægi á allt að tveimur árum. Fjármunum, sem sparast vegna þessa, skal varið til söluátaks á birgðunum innan lands.

Ríkissjóður ábyrgist að birgðir 1. september 1992 verði ekki umfram áætlaða þriggja vikna neyslu, þ.e. 500 tonn, og mun bera kostnað af markaðsfærslu á birgðum umfram þau mörk.

g. (45. gr.)

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki, rétt til beinna greiðslna og framkvæmd verðskerðingar samkvæmt þessum kafla og reglugerðum þar um er heimilt að skjóta til þriggja manna úrskurðarnefndar sem landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, einn án tilnefningar og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands. Ráðherra skipar einn úr þeirra hópi formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til ráðherra.

h. (46. gr.)

Allir þeir, sem hafa fullvirðisrétt til ráðstöfunar eða hagnýtingar eða hafa með höndum framleiðslu sauðfjárafurða, eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Með hugtakinu fullvirðisréttur í lögum þessum er átt við rétt í sérstakri fullvirðisréttarskrá Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sbr. reglugerð nr. 313/1991, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aðlögun og stjórn framleiðslu sauðfjárafurða og störf og málsmeðferð úrskurðarnefndar skv. 45. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 20., 21. og 36. gr., 2. mgr. 37. gr. og 38. gr. laga nr. 46/1985 falla úr gildi 1. september 1992. Eftir þann tíma skal gefa lögin út í heild að nýju með áorðnum breytingum. Ákvæði laga þessara um greiðslumark og beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda sauðfjárafurða á lögbýlum falla úr gildi 31. ágúst 1998, nema samningur hafi verið gerður á grundvelli a-liðar 30. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í stað I-liðar ákvæða til bráðabirgða koma tvö ný ákvæði er orðast svo:

a. (I)

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal bera kostnað við sölu á kindakjöti sem fellur til haustið 1992 vegna ákvæða reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur skv. 5. mgr. 39. gr. laganna um mismunandi niðurfærslu eftir landsvæðum.

b. (J)

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 43. gr. laganna er landbúnaðarráðherra heimilt að fresta allt að ⅙ hluta greiðslna ársins 1992 til janúar–febrúar 1993 að höfðu samráði við Stéttarsamband bænda.

471. Fyrirspurn [281. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtu virðisaukaskatts.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hver var álagður virðisaukaskattur árið 1991?
2. Hverjar eru innheimtar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti árið 1991, sundurliðað á hvern mánuð ársins?
3. Hverjar hefðu tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti átt að verða árið 1991 ef miðað

er við að neysluútgjöld jukust um 5,5% á árinu, en í forsendum fjárlaga þess árs var talið að þau mundu aukast um 1,5%?
4. Ef um veruleg frávik frá áætlaðri innheimtu er að ræða, hvenær ársins koma þau frávik fram og hver er ástæðan?
5. Hver voru vanskil á álögðum virðisaukaskatti árið 1991? Er um aukningu að ræða samanborið við árið 1990?

Skriflegt svar óskast.

472. Fyrirspurn [282. mál]

til sjávarútvegsráðherra um verðlagningu á veiðireynslu.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðherra kynnt sér hvaða brögð eru að því að veiðireynsla á fisktegundum utan kvóta sé verðlögð við sölu og samruna fyrirtækja í sjávarútvegi þar sem opinberir sjóðir eiga hlut að máli?
2. Hafa stjórnvöld mótað afstöðu til slíkra viðskipta?

473. Tillaga til þingsályktunar [283. mál]

um skattlagningu fjármagnstekna.

Flm.: Ragnar Arnalds, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Svavar Gestsson, Steingrímur J. Sigfússon, Guðrún Helgadóttir, Jóhann Ársælsson, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fram frumvarp um skattlagningu fjármagnstekna eigi síðar en 15. apríl nk.

Stefnt skal að því að skattur sé lagður á greidda raunvexti innan ramma núverandi tekjuskatts- og eignarskattslaga en þó ekki á vexti sem féllu til áður en skattskylda kom á. Minni háttar raunvaxtatekjur hjá hverjum einstaklingi, þ.e. tekjur sem eru innan vissra hóflegra marka, skulu þó ekki skattlagðar.

Greinargerð.

Fjármagnstekjur einstaklinga eru annars vegar arður af hlutafjáreign, söluhagnaður hlutabréfa og leigutekjur en hins vegar vaxtatekjur, þar með talin afföll. Í íslenskum skattalögum er almenna reglan sú að tekjur af hlutafé og leigu eru skattskyldar með vissum undantekningum en vaxtatekjur eru svo til allar skattfrjálsar.

Á löngu skeiði í hagsögu Íslendinga, þegar vextir voru oftast neikvæðir, var hvorki raunhæft né þörf á að skattleggja vaxtatekjur. Fyrst eftir að verðtrygging fjárskuldbindinga fór almennt að tíðkast og raunvextir voru aðeins 3–4% var heldur ekki til umræðu að skattleggja tekjur af ávöxtun fjármagns því að mestu skipti að efla innlenda spari-

fjármyndun. Eftir að raunvextir þrefölduðust á skömmum tíma um miðjan seinasta áratug fóru kröfur um skattlagningu vaxtatekna eins og annarra tekna hins vegar að gerast háværari.

Á árunum 1985–1987 flutti fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu nokkrum sinnum þingsályktunartillögu um skattlagningu vaxtatekna en þær náðu ekki fram að ganga. Fyrrverandi fjármálaráðherra, Ólafur Ragnar Grímsson, skipaði 18. janúar 1989 nefnd til að gera tillögur um skattlagningu fjármagnstekna og var Már Guðmundsson, efnahagsráðgjafi fjármálaráðherra, skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði áfangaskýrslu 28. apríl 1989 þar sem gerð var tillaga um að skattur á fjármagnstekjur yrði lagður á um leið og skattur á atvinnutekjur utan ramma laganna um tekjuskatt og eignarskatt.

Miklar umræður urðu um þessar tillögur og mættu þær harðri andstöðu hagsmunaaðila og stórs hluta stjórnarandstöðunnar á sínum tíma. Nefndin hélt þó áfram störfum og haustið 1990 kynnti þáverandi fjármálaráðherra tillögur um staðgreiðsluskatt á greidda vexti ársins 1991. Þessar tillögur byggðu m.a. á starfi nefndarmanna og var talið að framkvæmd þeirra yrði gagnlegur undirbúningur undir samræmda skattlagningu fjármagnstekna innan ramma laganna um tekjuskatt og eignarskatt. Þáverandi fjármálaráðherra lagði því til að flutt yrði stjórnarfrumvarp um slíka skattlagningu. Af því varð ekki vegna andstöðu ráðherra Alþýðuflokksins. Nefndin hélt áfram störfum og lét semja á sínum vegum drög að frumvörpum um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þessi drög að frumvörpum hafa legið fyrir í fjármálaráðuneytinu síðan.

Ljóst er að talsverðan tíma tekur að undirbúa framkvæmd þessarar skattlagningar eftir að lögin hafa hlotið afgreiðslu á Alþingi og á það bæði við skattyfirvöld og þá sem falin verður innheimta skattsins, þ.e. banka og verðbréfafyrirtæki. M.a. mun óhjákvæmilegt að breyta tölvukerfum ef innheimta á skattinn í staðgreiðslu. Því má ekki dragast lengur að Alþingi fái frumvörpin til meðferðar ef ætlunin er að skattur verði lagður á fjármagnstekjur ársins 1993. Þess vegna er tillaga þessi flutt.

Í áfangaskýrslu nefndarinnar 28. apríl 1989 var ráð fyrir því gert að þegar útgefnir flokkar spariskírteina ríkissjóðs yrðu skattfrjálsir áfram þar sem stjórnvöld hefðu lýst því yfir að svo yrði, en vaxtatekjur á nýjum spariskírteinaflokkum yrðu skattlagðir með sama hætti og aðrar vaxtatekjur.

Haustið 1989 var skattstofn vaxtatekna einstaklinga á árinu 1988 án greiddra vaxta af spariskírteinum áætlaður um 4,8 milljarðar kr. á verðlagi ársins 1989. Miðað við skatthlutfall tekjuskatts hefðu skatttekjur af þessum stofni orðið 1,7 milljarðar kr.

Flutningsmenn telja hyggilegt að minni háttar raunvaxtatekjur hjá hverjum einstaklingi upp að vissu marki verði ekki skattlagðar til að ekki dragi úr sparnaðarviðleitni fólks almennt. Skatttekjur minnka þá sem því nemur, en miðað við verðlagsþróun frá 1989 má reikna með að tekjur af fjármagnsskatti gætu numið tæpum 2 milljörðum kr.

Eins og kunnugt er eru fjármagnstekjur skattlagðar eins og aðrar tekjur í flestum löndum. Upplýsingar um fyrirkomulag skattlagningar í öðrum löndum eru hér birtar sem fskj. I og II, en þar er um að ræða gögn frá fjármagnstekjuskattsnefnd fyrrverandi ríkisstjórnar sem m.a. voru notuð af fyrrverandi fjármálaráðherra sem kynningarefni haustið 1989.

Fylgiskjal I.

Skattlagning vaxtatekna í nokkrum löndum.

Danmörk.

Nafnvaxtatekjur eru hluti af skattstofni tekjuskatts hjá einstaklingum í Danmörku með þeirri undantekningu þó að verðbætur á vísitölutryggðum lánum mynda ekki skattstofn. Vextir af skyldusparnaði eru einnig undanþegnir skattlagningu. Skatturinn er ekki tekinn í staðgreiðslu. Vaxtagjöld einstaklinga, hvort sem er vegna húsnæðiskaupa eða neyslulána, hafa verið frádráttarbær frá skatti. Af þessum sökum urðu raunvextir eftir skatt hjá lántakendum ekki jákvæðir fyrr en 1985 og hafa síðan legið á bilinu 1–2½%. Raunvextir innlánseigenda eru auðvitað enn lægri eftir skatt. Fyrir hátekjufólk urðu raunvextir ekki jákvæðir fyrr en 1987 vegna þess að það er skattlagt í hærra skattþrepi. Á undanförnum árum hefur verið reynt að draga úr frádráttarbærni vaxta og var hinn svokallaði kartöflukúr hluti af þeirri viðleitni. Eignarskattar eru 2,5%. Reiknaðar leigutekjur af eigin húsnæði eru skattlagðar. Fasteignagjöld eru á bilinu 0,6–3,4%. Lífeyrissjóðir og tryggingafélög eru skattlögð með svokallaðri raunvaxtaskattlagningu (realrenteafgift) sem lagðist á raunvexti umfram 3,5% hjá þessum stofnunum árið 1984. Að öllu samanlögðu má segja að raunveruleg skattlagning raunvaxtatekna sé mjög stíf í Danmörku.

Noregur.

Að mörgu leyti er skattlagning vaxtatekna lík í Noregi og Danmörku. Tekjuskattur í Noregi er lagður á í tveimur hlutum, annars vegar brúttóskattur sem innifelur iðgjöld til heilsugæslukerfis og almannatrygginga og ákveðinn skatt til ríkisins og hins vegar nettóskattur sem er venjulegur tekjuskattur. Nafnvaxtatekjur eru hluti af skattstofni tekjuskatts einstaklinga við álagningu svokallaðs nettóskatts. Þó eru ákveðnar lágmarksupphæðir undanþegnar skatti en þær eru ekki háar. Skatturinn er ekki tekinn með staðgreiðslu. Vaxtagjöld, hvort sem er vegna húsnæðiskaupa eða neyslulána, eru frádráttarbær við álagningu nettóskatts. Af þessum sökum voru raunvextir eftir skatt hjá lántakendum neikvæðir fyrir meðaltekjufólk fram til 1984 en voru enn neikvæðir fyrir hátekjufólk á árinu 1988. Eignarskattar eru á bilinu 1,2–2,3% eftir stærð eigna. Reiknaðar leigutekjur af eigin húsnæði eru skattlagðar.

Japan.

Vaxtatekjur eru yfirleitt skattlagðar nema eldri borgarar, börn og öryrkjar geta haft skattfrjálsar tekjur af sparireikningum og ákveðnum tegundum skuldabréfa upp að ákveðnum mörkum. Launafólk getur einnig haft skattfrjálsar tekjur af sparnaði innan ákveðinna marka. Skatturinn er innheimtur í staðgreiðslu og skattgreiðendur geta valið um að hafa hann endanlegan nema á skuldabréfalánum. Reiknaðar leigutekjur eru ekki skattlagðar. Vaxtagjöld vegna íbúðaöflunar eru frádráttarbær upp að ákveðnu marki en vaxtagjöld af neyslulánum ekki.

Sviss.

Vaxtatekjur eru að jafnaði skattlagðar. Þó eru vextir af sparireikningum undanþegnir tekjuskatti kantóna. Skatturinn er innheimtur í staðgreiðslu nema af skuldabréfalánum. Vaxtagjöld eru yfirleitt frádráttarbær. Reiknaðar leigutekjur eru skattlagðar.

Heimildir:
Vito Tanzi (ritstj.): *Taxation, Inflation and Interest Rates.* IMF 1984.
Endurnýjun á töflum í Tanzi (1984), sent frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 21. nóvember 1989.
Gögn af fundi norrænna seðlabankahagfræðinga á Þingvöllum í september 1988.
Viðtal við starfsmenn Internal Revenue í Bretlandi.

Fylgiskjal II.

Skattlagning fjármagnstekna einstaklinga í aðildarlöndum OECD.

VAXTATEKJUR

1. Ríkisskuldabréf:

Skattlagt: Ástralía, Kanada, Danmörk, Frakkland, Þýskaland, Írland, Holland, Noregur, Spánn, Svíþjóð, Bretland og Bandaríkin.
Skattlagt að hluta: Belgía.
Skattfrjálst: Austurríki, Finnland, Grikkland, Ítalía[1] og Ísland.

2. Vissir sparifjárreikningar:

Skattlagt: Ástralía, Austurríki, Kanada, Danmörk, Frakkland, Þýskaland, Írland, Ítalía, Holland, Noregur, Spánn, Svíþjóð, Bandaríkin og Bretland.
Skattlagt að hluta: Belgía.
Skattfrjálst: Finnland, Grikkland og Ísland.

3. Lífeyrissparnaðarreikningar:

Skattlagt: Ástralía, Austurríki, Kanada, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Írland, Holland, Noregur, Svíþjóð og Bandaríkin.
Skattlagt að hluta: Belgía og Spánn.
Skattfrjálst: Danmörk, Finnland, Grikkland, Bretland og Ísland.

4. Aðrir bankareikningar:

Skattlagt: Ástralía, Austurríki, Kanada, Danmörk, Frakkland, Þýskaland, Írland, Ítalía, Holland, Noregur, Spánn, Svíþjóð, Bretland og Bandaríkin.
Skattlagt að hluta: Belgía.
Skattfrjálst: Finnland, Grikkland og Ísland.

5. Aðrar vaxtatekjur:

Skattlagt: Ástralía, Austurríki, Kanada, Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Írland, Ítalía, Holland, Noregur, Spánn, Svíþjóð, Bretland og Bandaríkin.
Skattlagt að hluta: Belgía.
Skattfrjálst: Ísland.

[1] Skattlagt í framtíðinni.

ARÐUR

Skattlagt:	Ástralía, Austurríki, Kanada, Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Írland, Ítalía, Holland, Noregur, Spánn, Svíþjóð, Bretland og Bandaríkin.
Skattlagt að hluta:	Belgía og Ísland.

Heimild: OECD Studies in Taxation: *The Personal Income Tax Base: A Comparative Survey*. OECD. París 1990.

Aths.: Hér vantar Sviss, Japan, Nýja-Sjáland, Portúgal og Tyrkland. Samkvæmt öðrum heimildum er það regla í þessum löndum að vaxtatekjur og arður eru skattlögð hjá einstaklingum. Þó eru nokkrar undantekningar varðandi vaxtatekjur, sbr. Japan hér að framan.

474. Fyrirspurn [284. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur af erfðafjárskatti.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hve miklar tekjur hefur erfðafjárskatturinn gefið síðastliðin tíu ár?
Hvað má gera ráð fyrir að hann gefi í tekjur á næstu tíu árum?
Óskað er eftir svörum á verðlagi þessa árs.

Skriflegt svar óskast.

475. Lög [217. mál]

um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. febr.)

Samhljóða þskj. 470.

476. Svar [236. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um kennslutíma í grunnskólum.

1. Útgefnar auglýsingar skiptingu kennslustunda 1960 - 1991

	ALDUR NEMENDA/VIKUSTUNDIR									
ÁR	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15 ára
1960		19	21	24	29	31	32	31	32	
1971		21	23	25	32	33	36	35	37	
1972		22	23	25	32	34	36	39	40	
1973		22	23	25	32	34	36	39	39	
1974		21	23	25	32	33	36	38	38	
1975		21	22	26	32	34	36	38	38	38
1976		21	22	26	32	34	36	38	38	34/38
1977		21	22	27	32	34	36	38	38	34/38
1978		23	23	29	34	37	39	40	41	32/38
1979		23	23	27	30	33	35	36	36	32/36
1984		23	23	27	30	33	35	36	36	32/36
1989		22	22	26	29	32	34	35	35	31/35
1990	23	23	23	26	29	32	34	35	35	31/35
1991	24	24	24	27	29	32	34	35	35	35

Skýringar:
Frá 1960 til 1972 eru kennslustundir hjá 7 - 12 ára nemendum reiknaðar 40 mínútur en 45 mínútur hjá 13 - 14 ára.
Frá og með skólaárinu 1972-73.eru 40 mín. kennslustundir í öllum bekkjum
Í töflunni frá 1960 sem birtist í þágildandi námskrá, er hér tekið lágmark stunda alls á hvern bekk.
Áður en sex ára börn urðu skólaskyld, 1990, lagði ríkið til eina stund á hvern nemanda eða u.þ.b. 4000 st. á ári. Þær eru ekki reiknaðar með.
Frá 1976-1990 tóku 15 ára nemendur kjarnafög en gátu til viðbótar valið sér valgreinar þar til tilgreindu lágmarki eða hámarki stunda var náð.
Sundkennsla (að jafnaði 1 vikust. á bekk) er reiknuð með frá 1972.

Breytingar milli auglýsinga:
1971 Aukning alls um 23 vikustundir í 8 árgöngum.
1972 Aukning hjá 7, 11 13 og 14 ára nemendum, alls um 9 vikustundir
1973 Lækkun um 1 vikustund hjá 14 ára nemendum.
1974 Lækkun hjá 7, 11 13 og 14 ára nemendum, alls um 4 vikustundir.
1975 Lækkun hjá 8 ára (1 st), aukning hjá 9 ára (1 st) og 11 ára (1 st).
1976 Breyting verður á vali hjá 15 ára nemendum. Þeir fá að velja um námsgreinar þannig að vikustundir mega vera minnst 34 en mest 38.
1977 Aukning hjá 9 ára nemendum um 1 vikustund.
1978 Aukning hjá 7-14 ára nemendum, alls um 18 vikust. Lækkun á lágmarki hjá 15 ára um 2 st. Hámark óbreytt.
1979 Lækkun hjá 9-14 ára nemendum, alls um 23 vikust. Lækkun á hámarki 15 ára nem. um 2 st.

1984 9. bekkur verður skylda. Engar breytingar á vikustundafjölda samtals en breytt er innbyrðis hlutföllum milli námsgreina.
1989 Lækkun um eina stund í 9 árgöngum.
1990 Sex ára börn verða skólaskyld. 1 st. bætist við 7 og 8 ára nemendur.
1991 Aukning hjá 6,7, 8 og 9 ára, alls um 4 vikustundir. Horfið frá mismunandi skólatíma í 10. bekk.

Frá 1960-74 eru starfræktar landsprófs- og gagnfræðadeildir. Erfitt er að finna heildartímafjölda á þær. Hann gat verið mismunandi eftir skólum, deildum innan sama skóla og jafnvel kynjum.

Í dæmunum hér á eftir verður fylgt eftir þremur nemendum sem byrjuðu í skóla 7 ára gamlir 1960, 1970 og 1980. Miðað er við þann tímafjölda á viku sem þeir áttu að fá samkvæmt viðmiðunarstundaskrám sem giltu á hverjum tíma.

Tekið skal fram að hér er ekki reiknað með tíma sem þessir nemendur kunna að hafa fengið þegar þeir voru sex ára. Ekki er heldur tekið tillit til fjölda kennsluvikna eða lengdar skólaársins. Þá er ekki heldur reiknað með viðbótarkennslukvóta sem skólar fá vegna sérkennslu, skiptistunda, kennslu á skólasöfnum, umsjónar bekkja eða árganga- og fagstjórnar. Samanburður á dæmunum á því einungis við um nemendastundir alls á viku eins og þær birtust í auglýsingum menntamálaráðuneytisins um fjölda kennslustunda á hverjum tíma.

Dæmi um nemanda sem byrjar 7 ára í skóla 1960.

	ALDUR NEMANDA								
	7	8	9	10	11	12	13	14	15 ára
1960/61	19								
1961/62		21							
1962/63			24						
1963/64				29					
1964/65					31				
1965/66						32			
1966/67							31*)		
1967/68								32*)	
1968/69									35*)**)
Mínútur	760	840	960	1160	1240	1280	1395	1440	1575 á viku

*) 45 mín. stundir.
Nemandinn hefur fengið kennslu í alls 9075 mínútur á 8 árum.
**) Ef gert er ráð fyrir að nemandinn hafi verið í hópi þeirra sem fór í landsprófsdeild bætast við u.þ.b. 35 45 mínútna stundir eða 1575 mínútur. (ATH. Þessar tölur er erfitt að fá nákvæmar).
Nemandinn hefur þá fengið kennslu í alls 10650 mínútur á 9 árum.

Dæmi um nemanda sem byrjar 7 ára í skóla 1970.

	ALDUR NEMANDA								
	7	**8**	**9**	**10**	**11**	**12**	**13**	**14**	**15 ára**
1970/71	19								
1971/72		23							
1972/73			25						
1973/74				32					
1974/75					33				
1975/76						36			
1976/77							38		
1977/78								38	
1978/79									35**)
Mínútur	760	920	1000	1280	1320	1440	1520	1520	1400 á viku

Nemandinn hefur fengið kennslu í alls 9760 mínútur á 8 árum.
**) Ef hann hefur farið í þáverandi 9. bekk (sem um 90% árgangs tóku þótt hann væri ekki skylda) og tekið 35 st á viku með valgreinum, bætast við 1400 mínútur.
Nemandinn hefur þá fengið kennslu í alls 11160 mínútur á 9 árum.

Dæmi um nemanda sem byrjar 7 ára í skóla 1980.

	ALDUR NEMANDA								
	7	**8**	**9**	**10**	**11**	**12**	**13**	**14**	**15 ára**
1980/81	23								
1981/82		23							
1982/83			27						
1983/84				30					
1984/85					33				
1985/86						35			
1986/87							36		
1987/88								36	
1988/89									35**)
Mínútur	920	920	1080	1200	1320	1400	1440	1440	1400 á viku

Nemandinn hefur fengið kennslu í alls 9720 mínútur á 8 árum.
**) Eftir 1984 er þáverandi 9. bekkur orðinn skyldunám. Ef nemandinn hefur tekið hámrksfjölda stunda í vali (alls 35 st. á viku 1988/89), bætast við 1400 mínútur.
Nemandinn hefur þá fengið kennslu í alls 11120 mínútur á 9 árum.

Samanburður á vikulegum kennslutíma 1960 og 1991



Á þessu súluriti hafa 45 mínútna kennslustundir hjá 13 og 14 ára nemendum 1960 verið umreiknaðar í 40 mínútna stundir.

Samanburður á vikulegum kennslutíma 1975 og 1991



Hér er borinn saman kennslutími samkvæmt viðmiðunarstundaskrá 1975, ári eftir gildistöku grunnskólalaga 1974, og samkvæmt gildandi viðmiðunarstundaskrá frá 1991.

Árið 1978 verður mikil aukning á kennslutíma 7 - 14 ára nemenda en 1979 fækkar kennslustundum aftur og þá meira en nam aukningunni árið áður.

Samanburður á vikulegum kennslutíma 1978 og 1991



Samanburður á vikulegum kennslutíma 1979 og 1991



2. Hugsanleg skerðing kennslutíma 1992 - 93.

Menntamálaráðuneytinu er gert að ná fram 180 milljón króna sparnaði í grunnskólum á árinu 1992. Til þess að ná sparnaðinum fram hefur verið rætt um tvær leiðir og er fengin heimild fyrir því að fara þær í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, 3. gr. Annars vegar að fækka bekkjardeildum/námshópum, sbr 3. gr með fjölgun nemenda um allt að 2 í bekk. Heimild þessi er veitt fræðslustjórum. Hins vegar að fækka kennslustundum.

Um þessar mundir eru fræðslustjórar að kanna hversu margar bekkjardeildir verða væntanlega í grunnskólum næsta haust. Þegar sú tala liggur fyrir, kemur í ljós hve miklum sparnaði til viðbótar þarf að ná fram með fækkun vikustunda. Líkur eru á því að fækkað verði um 2 stundir í 4. - 10. bekk eða alls um 14 vikustundir.

Samanburður á vikulegum kennslutíma 1960 og 1992 ef skerðing verður um 2 vikust. í 4. - 10. bekk



Samanburður á vikulegum kennslutíma 1991 og 1992 ef fækkað verður um 2 st. í 4.-10. bekk.



Á þessari mynd hafa 6 ára nemendur og 15 ára nemendur verið teknir með.

3. Lækkun fjárveitinga á haustönn.

Eins og fram kemur í svari við 2. tölulið, er rætt um að skerða skólatíma í grunnskóla næsta skólaár um 14 stundir þótt endanleg ákvörðun hafi ekki verið tekin. Þessi skerðing sparar 120 - 130 milljónir á skólaári en haustið 1992 myndu sparast 50 - 55 milljónir.

477. Tillaga til þingsályktunar [285. mál]

um veiðiheimildir í lögsögu annarra ríkja.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika Íslendinga á veiðiheimildum í fiskveiðilögsögu annarra ríkja, einkum þeirra sem eiga lögsögu í Barentshafi, auk annarra þjóða í Rússneska sambandslýðveldinu, Suður-Ameríku, Asíu og Afríku.

Greinargerð.

Mælingar vísindamanna á ástandi fiskstofna í Barentshafi benda til að þorskstofnar í hafinu séu á örri uppleið og gert er ráð fyrir að veiðiheimildir margfaldist á þessum áratug.

Nú þegar hafa bæði Færeyingar og Grænlendingar náð samningum um heimildir til þorskveiða í Barentshafi. Ljóst er af mælingum á ástandi stofna við Ísland að illa horfir um viðgang þorsks í íslenskri fiskveiðilögsögu á allra næstu árum. Með hliðsjón af því er rökrétt að Íslendingar leiti hófanna um heimildir til veiða á þorski í Barentshafi og feti þannig í fótspor granna okkar.

Jafnframt er ljóst að miklir vannýttir fiskstofnar eru fyrir ströndum margra ríkja í Suður-Ameríku, Afríku og Asíu, auk ríkja sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Til skamms tíma hefur erlendum þjóðum að langmestu leyti verið meinað að veiða í landhelgi þessara ríkja. Á síðustu árum hafa hins vegar viðhorf til veiða erlendra aðila breyst þar verulega. Ráðamenn þeirra gera sér í vaxandi mæli grein fyrir að með því að heimila erlendum þjóðum veiðar, annaðhvort gegn gjaldi eða gegn því að aflinn verði lagður upp í viðkomandi landi, er verið að flytja inn atvinnu, fjármagn og dýrmæta tækniþekkingu. Til dæmis um þetta má nefna lönd á borð við Kólumbíu í Suður-Ameríku, Angóla og Namibíu í Afríku, Burma og Óman í Asíu og Kamtsjatka í Rússneska sambandslýðveldinu. Í flestum þessum löndum eru nú útgerðarfyrirtæki frá Norður-Evrópu að leita hófanna með veiðiheimildir.

Hér á landi er þróun í útgerð með þeim hætti að veiðiheimildir safnast á færri skip en áður. Sífellt fleiri skip, sem ekki hafa neinar heimildir til veiða, falla til af þeim sökum. Markaður fyrir þau er nær enginn. Það þjónar því augljóslega hagsmunum íslensku þjóðarinnar ef í öðrum heimsálfum er hægt að finna þeim hlutverk sem skila tekjum heim.

Enn fremur er líklegt að í kjölfar sigldi sala á alhliða tækniþekkingu úr íslenskum sjávarútvegi. Þannig væri enn frekar stuðlað að því að nýta innlend tæki og þekkingu til að afla okkur gjaldeyris.

Rétt er að minna á að með þjóðum þriðja heimsins njóta Íslendingar víða mikillar vildar og sjávarútvegur okkar er þar talinn eftirbreytni verður. Að líkindum mundi okkur því ekki ganga verr en öðrum þjóðum að afla þar veiðiheimilda. Jafnframt mundi sala til þjóða þriðja heimsins á þekkingu okkar á veiðum og vinnslu ekki aðeins skapa Íslendingum tekjur heldur líka efla atvinnu með viðkomandi þjóðum, stuðla þar að uppbyggingu innlends sjávarútvegs og þar með efla sjálfshjálp og verðmætasköpun.

478. Nefndarálit [33. mál]

um till. til þál. um gæðamál og sölumeðferð á ferskum fiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Ríkismati sjávarafurða, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjómannasambandi Íslands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Í tillögunni er hreyft mikilsverðu og vandasömu máli sem þörf er á að athuga vegna þess samdráttar sem nú er í fiskveiðum. Finna þarf allar leiðir til þess nýta hráefnið og gera afla sem verðmætastan.

Sjávarútvegsnefnd telur rétt að mál þetta verði tekið til ítarlegrar skoðunar í tengslum við endurskoðun á stefnu í sjávarútvegsmálum sem á að ljúka fyrir árslok 1992. Í trausti þess er lagt til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti nefndarinnar. Árni R. Árnason og Guðmundur Hallvarðsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins. Magnús Jónsson sat fund nefndarinnar þegar málið var afgreitt í stað Össurar Skarphéðinssonar skv. 3. mgr. 17. gr. þingskapa.

Alþingi, 26. febr. 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson.	Jóhann Ársælsson.
Magnús Jónsson.	Stefán Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
	Vilhjálmur Egilsson.	

479. Nefndarálit [117. mál]

um till. til þál. um útfærslu togveiðilandhelginnar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að nauðsynlegt sé að kanna hvort þjóðhagslegur ávinningur sé af útfærslu togveiðilandhelginnar.

Alþingi samþykkti árið 1976 lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, en nú hefur komið í ljós að fyllsta þörf er á því að endurskoða þau lög með tilliti til togveiðiheimilda. Í ljósi þess beinir sjávarútvegsnefnd því til sjávarútvegsráðherra að hann láti vinna að endurskoðun fyrrnefndrar löggjafar svo fljótt sem verða má.

Með tilliti til þess að slík endurskoðun verði framkvæmd leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, hefur setið fundi nefnd-

arinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti nefndarinnar. Árni R. Árnason og Guðmundur Hallvarðsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins. Magnús Jónsson sat fund nefndarinnar þegar málið var afgreitt í stað Össurar Skarphéðinssonar skv. 3. mgr. 17. gr. þingskapa.

Alþingi, 26. febr. 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson.	Jóhann Ársælsson.
Magnús Jónsson.	Stefán Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
	Vilhjálmur Egilsson.	

480. Nefndarálit [83. mál]

um till. til þál. um þorskeldi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að þar sé tekið á mikilvægu máli sem nauðsynlegt er að gefa gaum.

Eldi á seiðum laxfiska hefur verið stundað hér á landi áratugum saman og með góðum árangri. Matfiskeldi til útflutnings hófst svo um miðbik síðasta áratugar. Erlendis hefur tilraunaeldi verið hafið síðustu árin á fjölmörgum tegundum fiska, hryggleysingja og þörunga og í kjölfarið hefur kviknað áhugi hér á landi á eldi annarra tegunda en laxfiska eingöngu. Þannig hófst lúðueldi á tilraunastigi á Akureyri og Reykjanesi síðla síðasta áratugar. Tilraunir með krækling í Hvalfirði skiluðu mjög góðum árangri og hafnar eru tilraunir með ræktun hörpudisks í Breiðafirði. Enn má nefna að kannanir hafa verið gerðar á eldi hryggleysingjans sæeyra í heitu vatni og nú eru fyrirhugaðar tilraunir með eldi annarra heitsjávartegunda á Íslandi.

Ísland á aðild að samnorrænu verkefni um hafbeit á þorski en tilraunir með þorskeldi í Noregi og Danmörku þykja lofa góðu. Því telja nú margir vænlegt að hefja tilraunir með eldi á þorski hér á landi. Á nokkrum stöðum á landinu eru fiskeldisfyrirtæki sem hafa hætt starfsemi og ef til vill er möguleiki á að nýta þá aðstöðu sem þau fyrirtæki hafa skilið eftir sig. Mundi sú nýting e.t.v. geta orðið framlag þeirra opinberu sjóða sem aðstöðuna eiga.

Í ljósi þess sem að ofan greinir og aðhafst hefur verið og í trausti þess að möguleikar á eldi þorsks og annarra sjávarfiska verði kannaðir áfram leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti nefndarinnar. Árni R. Árnason og Guðmundur Hallvarðsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins. Magnús Jónsson sat fund nefndarinnar þegar málið var afgreitt í stað Össurar Skarphéðinssonar.

Alþingi, 26. febr. 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson.	Jóhann Ársælsson.
Magnús Jónsson.	Stefán Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
	Vilhjálmur Egilsson.	

481. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Birgi Ísl. Gunnarsson seðlabankastjóra, Bjarna Braga Jónsson aðstoðarseðlabankastjóra og Má Guðmundsson, forstöðumann í hagfræðideild Seðlabanka Íslands. Að auki barst erindi frá viðskiptaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að tvær breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi að kveðið verði á um það í lögum um Seðlabanka að gjaldeyrisvarasjóður skuli varðveittur, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum og gjaldeyri sem nota má til greiðslu hvar sem er. Því er gerð tillaga um að ný grein bætist við frumvarpið. Í öðru lagi er lagt til að orðalagi 2. gr. frumvarpsins verði breytt að hluta og jafnframt að við hana verði aukið ákvæðum. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að taka ákvörðun um að gengi krónunnar skuli skilgreint gagnvart einum gjaldmiðli, meðaltali erlendra gjaldmiðla eða samsettum gjaldmiðli og skal ákvörðunin birt í Stjórnartíðindum. Unnt verði að ákveða sérstakt hámarks- og lágmarksgengi íslensku krónunnar gagnvart þeirri erlendu gengisviðmiðun sem valin hefur verið. Auk þessa er lögð til breyting á 2. og 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Geir H. Haarde tók þátt í afgreiðslu málsins í stað Sólveigar Pétursdóttur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 26. febr. 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Guðrún J. Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Geir H. Haarde.
Ingi Björn Albertsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.

482. Breytingartillögur [31. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   B-liður 3. gr. laganna orðist svo:
   Að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við. Gjaldeyrisvarasjóðurinn skal varðveittur, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum og gjaldeyri sem nota má til greiðslu hvar sem er.
2. 2. gr. orðist svo:
   18. gr. laganna orðist svo:
   Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið. Heimilt er að ákveða að gengi krónunnar skuli skilgreint gagnvart einum erlendum gjaldmiðli, meðaltali erlendra gjaldmiðla eða samsettum gjaldmiðli, svo sem evrópsku myntein-ingunni (ECU) og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). Ákvörðun þar að lútandi skal birt með auglýsingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er heimilt að ákveða sérstakt hámarks- og lágmarksgengi íslensku krónunnar gagnvart þeirri erlendu gengisviðmiðun sem valin hefur verið. Seðlabankinn kaupir og selur erlendan gjaldeyri eða beitir öðrum aðgerðum sem hann telur nauðsynlegar og hlutast með þeim hætti til um að gengi krónunnar sé innan þeirra marka sem þannig kunna að verða ákveðin.
   Seðlabankinn skal hvern þann dag, sem bankastofnanir eru almennt opnar til viðskipta, skrá sérstaklega, á þeim tíma dagsins sem hann ákveður, gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Það skal notað til viðmiðunar í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin.
   Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn fellt niður eigin gengisskráningu og takmarkað eða stöðvað viðskipti á skipulögðum gjaldeyrismarkaði.
   Seðlabankanum er heimilt að setja nánari reglur um gengisskráningu og viðskipti á gjaldeyrismarkaði.

483. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 63 31. maí 1979.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin fjallaði um frumvarp þetta samhliða 31. máli. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Geir H. Haarde tók þátt í afgreiðslu málsins í fjarveru Sólveigar Pétursdóttur.

Alþingi, 26. febr. 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Guðrún J. Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Geir H. Haarde.
Ingi Björn Albertsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.

484. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Nefndin hefur óskað eftir greinargerð fjármálaráðuneytisins um hvernig tekjum af sérstökum eignarskatti hafi verið varið frá setningu laga nr. 83/1989 og hver sé staða framkvæmda við þær byggingar sem fengið hafa fé af þessum skattstofni.

Geir H. Haarde tók þátt í afgreiðslu málsins í fjarveru Sólveigar Pétursdóttur.

Alþingi, 26. febr. 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Halldór Ásgrímsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Guðrún J. Halldórsdóttir.	Geir H. Haarde.
Ingi Björn Albertsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

485. Fyrirspurn [286. mál]

til samgönguráðherra um undirbúning stjórnarfrumvarpa um ferðaþjónustu.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvað líður undirbúningi boðaðra frumvarpa ríkisstjórnarinnar um málefni ferðaþjónustu?
2. Hvernig er staðið að undirbúningi þessara mála?
3. Hvernig er háttað samráði við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og á sviði náttúruverndar við þennan undirbúning?

486. Fyrirspurn [287. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslu ferðakostnaðar vegna tannréttinga.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvaða reglur gilda um þátttöku ríkisins í ferðakostnaði barna og aðstandenda þeirra vegna tannréttinga og hvernig er kynningu háttað á þessum reglum?
2. Áformar ráðherra að beita sér fyrir breytingu til að draga úr aðstöðumun barna og aðstandenda þeirra vegna tannréttingaþjónustu með tilliti til búsetu?
3. Ef svo er, hverjar eru þær breytingar og hvenær má vænta þess að þær komi til framkvæmda?

487. Fyrirspurn [288. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um símaþjónustu Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá Þuríði Backman.

Hvað veldur því að Tryggingastofnun ríkisins hefur ekki tekið upp svonefnt „grænt" símanúmer í því skyni að tryggja jafna aðstöðu allra landsmanna til að hafa samband við stofnunina?

488. Fyrirspurn [289. mál]

til sjávarútvegsráðherra um þorskveiði og úthlutun á þorskkvóta.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver var úthlutun þorskkvóta samtals á hverju tímabili árið 1990, 1. janúar til 31. ágúst 1991 og 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 til eftirtalinna skipaflokka:
   a. togara, lengri en 39 metra,
   b. togara, 39 metra og styttri,
   c. frystitogara,
   d. báta, 10 brl. og stærri,
   e. báta, minni en 10 brl.?

   Enn fremur er óskað sundurliðunar á eftirtalin svæði fyrir sömu tímabil:
   a. Norðurfjörð til og með Þórshöfn,
   b. Bakkafjörð til og með Djúpavogi,
   c. Höfn til og með Vestmannaeyjum,
   d. Stokkseyri til og með Grindavík,
   e. Hafnir til og með Akranesi,
   f. Arnarstapa til og með Patreksfirði,
   g. Tálknafjörð til og með Súðavík.
2. Hver hefur þorskveiðin verið á fyrrnefndum svæðum samtals hvort tímabil fyrir sig, árið 1990 og 1. janúar til 31. ágúst 1991 á hvern eftirtalinn skipaflokk:

a. togara, lengri en 39 metra,
b. togara, 39 metra og styttri,
c. frystitogara,
d. báta, 10 brl. og stærri,
e. báta, minni en 10 brl.?

Skriflegt svar óskast.

489. Frumvarp til laga [290. mál]

um afnám laga nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Lög nr. 45 7. maí 1946, um beitumál, og lög nr. 13 28. febrúar 1947, um breyting á lögum nr. 45 7. maí 1946, um beitumál, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í apríl 1946 voru samþykkt á Alþingi lög um beitumál. Samkvæmt þessum lögum skyldi skipa þriggja manna nefnd og var það verkefni hennar „að sjá um, eftir því sem unnt er, að ávallt sé í öllum verstöðvum landsins næg og góð beita við eðlilegu verði".

Enda þótt beitunefnd hafi starfað síðan hafa afskipti nefndarinnar af beitusölu og beituöflun aldrei verið eins mikil og lögin heimila og hafa farið minnkandi á síðari árum enda hefur framboð af beitu oftast verið nægilegt. Má segja að afskipti nefndarinnar hafi einkum beinst að eftirgreindum þáttum: Innflutningi á beitu, ákvörðun verðs á beitu framleiddri innan lands og könnun á beitubirgðum í landinu.

Á árum síldarleysis og síðar síldveiðibanns var beituþörf að mestu fullnægt með innflutningi á smokkfiski. Þessi innflutningur fór fram ýmist fyrir tilstilli nefndarinnar eða í samráði við hana. Á síðari árum hefur mjög dregið úr þessum innflutningi og nefndin hefur haft takmörkuð afskipti af honum. Er það skoðun nefndarmanna að miðað við þá þróun, sem orðið hefur á undanförnum árum, sé óþarft að láta opinbera nefnd stjórna framboðinu.

Nefndin hefur á síðari árum ákveðið verð á frystri síld og loðnu til beitu eftir að Verðlagsráð sjávarútvegsins eða yfirnefnd hefur ákveðið hráefnisverð til skipa. Síðari ár hefur verðlagning á loðnu og síld verið gefin frjáls. Þegar verð hefur verið gefið frjálst er rökrétt að verð á beitu sé það einnig og því óþarft að nefndin ákveði það.

Beitunefnd hefur reynt að fylgjast með beitubirgðum í landinu og ber Fiskifélagi Íslands að annast upplýsingasöfnun fyrir nefndina, skv. 4. gr. áðurnefndra laga. Æskilegt er að upplýsingasöfnun þessari verði haldið. Alltaf er þó vandkvæðum bundið að safna upplýsingum um beitubirgðir og beituþörf þar eð oft er um að ræða að beita sé fryst fyrir eigin viðskiptabáta og er þá engin hvatning til að skrá framleiðsluna hjá opinberum aðilum. Einnig er beitusíld stundum frákast frá annarri vinnslu og kemur ekki fram í skýrslum um ráðstöfun afla.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið voru nefndarmenn í beitunefnd sammála um að leggja það til að lög um beitumál yrðu afnumin og nefndin lögð niður. Er þetta frumvarp því flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

Með frumvarpi þessu er áformað að leggja niður svokallaða beitunefnd er haft hefur það verkefni að fylgjast með að beita sé til í öllum verstöðvum landsins.

Nefnd þessari voru greiddar um 120 þús. kr. í nefndarlaun á sl. ári. Sú fjárhæð mundi sparast við að nefndin verði lögð niður. Önnur bein kostnaðaráhrif eru ekki sjáanleg.

490. Svar [258. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um kennara og leiðbeinendur í framhaldsskólum.

1. Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?

	Fjöldi	Stöðugildi	
Reykjavík:			
Framhaldsskólakennarar	457	565,59	75,10%
Leiðbeinendur	236	187,53	24,90%
Reykjanesumdæmi:			
Framhaldsskólakennarar	119	151,10	69,33%
Leiðbeinendur	87	66,83	30,67%
Vesturlandsumdæmi:			
Framhaldsskólakennarar	22	27,28	55,26%
Leiðbeinendur	22	22,08	44,74%
Vestfjarðaumdæmi:			
Framhaldsskólakennarar	6	7,68	31,73%
Leiðbeinendur	26	16,53	68,27%
Norðurlandsumdæmi vestra:			
Framhaldsskólakennarar	9	10,89	36,54%
Leiðbeinendur	26	18,92	63,46%
Norðurlandsumdæmi eystra:			
Framhaldsskólakennarar	77	93,54	52,45%
Leiðbeinendur	103	84,82	47,55%
Austurlandsumdæmi:			
Framhaldsskólakennarar	15	12,66	27,89%
Leiðbeinendur	43	32,74	72,11%

	Fjöldi	Stöðugildi	
Suðurlandsumdæmi:			
Framhaldsskólakennarar	51	61,51	59,48%
Leiðbeinendur	50	41,92	40,52%
Landið allt:			
Framhaldsskólakennarar	756	930,25	66,37%
Leiðbeinendur	593	471,37	33,63%

ATHUGASEMDIR:
— Tónlistarskólar eru ekki teknir með vegna sérstöðu þeirra innan skólakerfisins. Ekki heldur þeir skólar sem heyrðu undir heilbrigðisráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið árið 1991.
— Hlutfall framhaldsskólakennara hefur hækkað úr 63,59% skólaárið 1990–1991 í 66,37% skólaárið 1991–1992.

2. Hve margir leiðbeinendur á framhaldsskólastigi starfa við stundakennslu?

Samtals starfa 593 leiðbeinendur við framhaldsskóla landsins. Af þeim eru 203 í minna en 30% starfi.

491. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Þórður Ólafsson og Ragnar Hafliðason frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og Björn Líndal, aðstoðarbankastjóri Landsbanka Íslands. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá bankaeftirliti Seðlabankans, fjármálaráðuneytinu, Íslandsbanka hf., Sambandi íslenskra bankamanna, Sambandi íslenskra sparisjóða og Sambandi íslenskra viðskiptabanka.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að viðskiptaráðherra geti veitt erlendum hlutafélagsbönkum leyfi til að starfrækja útibú hér á landi og er þá gert ráð fyrir því að lög um viðskiptabanka gildi um starfsemi slíkra útibúa eins og við getur átt, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Nefndin leggur á það mikla áherslu að starfsskilyrði íslenskra banka og útibúa erlendra banka verði þau sömu og íslensk lög og reglugerðir gildi einvörðungu á þessu sviði.

Nefndin leggur til að gerðar verði tvær breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins, sem fjallar um eigið fé viðskiptabanka, verði skipt í þrjár málsgreinar og einnig að orðalagi verði breytt lítils háttar frá upphaflegu frumvarpi. Það sem áður hét „hreint eigið fé“ og „blandað eigið fé“ heitir nú „eiginfjárþáttur A“ og „eiginfjárþáttur B“ og er þar með komið til móts við athugasemdir sem komið hafa fram um að upphaflegar nafngiftir kunni að vera óheppilegar. Athygli skal vakin á því að þessi heiti á „eiginfjárþáttum“ verða einungis notuð við útreikning á eiginfjárhlutfalli en munu ekki verða notuð sem heiti efnahagsliða í efnahagsreikningi, enda teljast ekki allir þeir liðir, sem koma inn í eiginfjárútreikninginn, meðal eiginfjárliða í efnahagsreikningi, sbr. t.d. víkjandi lán. Afskriftareikningur almennrar útlánaáhættu hefur verið fluttur úr eiginfjárþætti B í eiginfjárþátt A til samræmis við breytingar sem nýlega voru gerðar á svonefndum BIS-reglum. Orðalagi þessa töluliðar hefur verið breytt lítillega til að gera það enn skýrara en áður að afskriftareikningur útlána sem á einhvern

hátt endurspeglar rýrnun á verðmæti útlána á uppgjörsdegi skal ekki talinn með eigin fé við útreikning á eiginfjárhlutfalli.

Í öðru lagi hefur orðalagi 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða verið breytt lítillega.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðmundur Stefánsson tók þátt í afgreiðslu málsins í stað Halldórs Ásgrímssonar og Magnús Jónsson í stað Rannveigar Guðmundsdóttur.

Alþingi, 4. mars 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Magnús Jónsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Vilhjálmur Egilsson.	Ingi Björn Albertsson.	Guðmundur Stefánsson.

492. Breytingartillögur [22. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Í stað 2. efnismgr. komi þrjár nýjar málsgreinar er orðist svo:

   Við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. 1. mgr., skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, eiginfjárþætti A og eiginfjárþætti B, sbr. 3. og 4. mgr. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár.

   Eiginfjárþáttur A telst vera:

   1. Innborgað hlutafé.
   2. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.
   3. Varasjóðir og annað eigið fé samkvæmt ársreikningi sem ekki fellur undir eiginfjárþátt B.
   4. Afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu að hámarki 1,25% af áhættugrunni. Með afskriftareikningi útlána vegna almennrar útlánaáhættu er ekki átt við þau framlög, almenn og sérstök, sem lögð hafa verið til hliðar vegna útlánatapa og sérstaklega hafa verið metin eða talin eru hugsanleg á uppgjörsdegi með hliðsjón af tapreynslu í útlánastofninum og endurspegla rýrnun á verðmæti útlánanna.
   5. Frá eiginfjárþætti A skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra mögu-leika bankans til að mæta tapi.

   Eiginfjárþáttur B telst vera víkjandi lán sem viðskiptabanki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot bankans eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur bankanum en endurgreiðslu hlutafjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist nið-

ur með jöfnum afborgunum á tímabilinu. Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.

b. Í stað orðanna „greindir eru í 2. mgr.“ í lokamálsgrein komi: greindir eru í 3. og 4. mgr.

2. Fyrri málsgrein ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Viðskiptabanki skal uppfylla ákvæði um eigið fé skv. 4. gr. eigi síðar en í árslok 1992.

493. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þetta frumvarp samhliða 22. máli, um viðskiptabanka, enda gera bæði frumvörpin ráð fyrir að upp verði teknar svonefndar BIS-reglur er fjalla um lágmark og útreikning eigin fjár innlánastofnana. Hefur nefndin kallað á sinn fund sömu aðila og komu vegna 22. máls og sömu umsagnir hafa verið hafðar til hliðsjónar. Þó hefur umsögn Sambands íslenskra sparisjóða verið sérstaklega könnuð með tilliti til þessa máls.

Nefndin leggur til sömu breytingar á heitum þeirra þátta sem eigið fé innlánsstofnunar skal samsett úr við útreikning á eiginfjárhlutfalli og lagðar eru til í 22. máli, að notuð verði heitin „eiginfjárþáttur A“ og „eiginfjárþáttur B“ í stað orðanna „hreint eigið fé“ og „blandað eigið fé“. Að sama skapi er lagt til að afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu verði fluttur úr eiginfjárþætti B í eiginfjárþátt A. Þá er lagt til að í upptalningu á eiginfjárþætti A verði ekki notað orðið „hlutabréf“ heldur orðið „stofnfjárhluti“ þar sem hér er um sparisjóð en ekki hlutafélag að ræða.

Í b- og c-liðum 1. tölul. breytingartillagnanna eru lagðar til breytingar sem varða eignarhlut sparisjóða í Lánastofnun sparisjóðanna. Hefur að nokkru verið tekið tillit til athugasemda frá Sambandi íslenskra sparisjóða með því að eignarhlutur sparisjóðs umfram 10% af hlutafé í Lánastofnun sparisjóða er undanskilinn skyldu til frádráttar eigin fé eins og var í upphaflega frumvarpinu. Eignarhlutir í Lánastofnun sparisjóðanna koma hins vegar til frádráttar samkvæmt ákvæði 3. tölul. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins hvort sem þeir eru yfir eða undir 10% af hlutafé Lánastofnunar sparisjóðanna.

Að lokum er lögð til orðalagsbreyting á ákvæði til bráðabirgða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðmundur Stefánsson tók þátt í afgreiðslu málsins í stað Halldórs Ásgrímssonar og Magnús Jónsson í stað Rannveigar Guðmundsdóttur.

Alþingi, 4. mars 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Magnús Jónsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Vilhjálmur Egilsson.	Ingi Björn Albertsson.	Guðmundur Stefánsson.

494. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað 2. efnismgr. komi þrjár nýjar málsgreinar er orðist svo:
   Við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. 1. mgr., skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, eiginfjárþætti A og eiginfjárþætti B, sbr. 3. og 4. mgr. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár.
   Eiginfjárþáttur A telst vera:
      1. Innborgað stofnfé.
      2. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.
      3. Varasjóðir og annað eigið fé samkvæmt ársreikningi sem ekki fellur undir eiginfjárþátt B.
      4. Afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu að hámarki 1,25% af áhættugrunni. Með afskriftareikningi útlána vegna almennrar útlánaáhættu er ekki átt við þau framlög, almenn og sérstök, sem lögð hafa verið til hliðar vegna útlánatapa og sérstaklega hafa verið metin eða talin eru hugsanleg á uppgjörsdegi með hliðsjón af tapreynslu í útlánastofninum og endurspegla rýrnun á verðmæti útlánanna.
      5. Frá eiginfjárþætti A skal draga eigin stofnfjárhluti, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika sparisjóðsins til að mæta tapi.

   Eiginfjárþáttur B telst vera víkjandi lán sem sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot sparisjóðsins eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur sparisjóðnum en endurgreiðslu stofnfjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist niður með jöfnum afborgunum á tímabilinu. Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.
   b. Fyrri málsliður 1. tölul. 3. efnismgr. orðist svo: Eignarhlutur í félögum, öðrum en Lánastofnun sparisjóðanna, þar sem eignarhlutir sparisjóðsins nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga.
   c. Við fyrri málslið 3. tölul. 3. efnismgr. bætist: svo og eignarhlutur í Lánastofnun sparisjóðanna.
   d. Í stað orðanna „en greindir eru í 2. mgr.“ í 4. efnismgr. komi: en greindir eru í 3. og 4. mgr.
2. Fyrri málsgrein ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:
   Sparisjóður skal uppfylla ákvæði um eigið fé skv. 1. gr. eigi síðar en í árslok 1992.

495. Nefndarálit [66. mál]

um till. til þál. um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Eirík Guðnason aðstoðarseðlabankastjóra og Þorkel Sigurlaugsson frá Eimskipum hf.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Guðmundur Stefánsson tók þátt í afgreiðslu málsins í stað Halldórs Ásgrímssonar og Magnús Jónsson í stað Rannveigar Guðmundsdóttur.

Alþingi, 4. mars 1992.

Matthías Bjarnason, form.	Vilhjálmur Egilsson, frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Ingi Björn Albertsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Magnús Jónsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Guðmundur Stefánsson.

496. Fyrirspurn [291. mál]

til landbúnaðarráðherra um milliliðakostnað í sölu landbúnaðarafurða.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

Hyggst landbúnaðarráðherra beita sér fyrir aðgerðum sem dragi úr milliliðakostnaði í vinnslu og sölu landbúnaðarafurða, t.d. í mjólkuriðnaði, til hagsbóta fyrir bændur og neytendur?

497. Tillaga til þingsályktunar [292. mál]

um könnun á gerð jarðganga á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

Flm.: Hrafnkell A. Jónsson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta fara fram könnun á hagkvæmni þess að gerð verði jarðgöng á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Við það verði miðað að jarðgöngin verði þáttur í gerð hringvegarins.

Greinargerð.

Uppbygging vegakerfis landsins er sú byggðastefna sem líklegust er til að skila árangri. Á síðustu mánuðum hefur ríkisvaldið lagt nýjar áherslur í byggðamálum. Í því samhengi er mjög nauðsynlegt að ekki sé eingöngu bent á það sem miður hefur farið heldur sé jafnframt bent á nýjar leiðir til þess að treysta byggð. Flutningur þingsályktunartillögunnar miðar að því að fundin verði hagkvæm lausn við uppbyggingu hring-

vegarins, lausn sem jafnframt gæti treyst byggð á Mið-Austurlandi.

Áætlað er að með gerð jarðganga megi stytta vegalengd á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar um u.þ.b. 32 km þannig að eftir styttinguna yrði hún um 20 km. Þessi leið er nú 52 km.

Við þessa framkvæmd mundu skapast gjörbreytt búsetuskilyrði á þessu svæði. Jarðgöng mundu tengja í eitt atvinnu- og þjónustusvæði sex sveitarfélög sem höfðu 1. desember 1991 3.323 íbúa:

Eskifjörður	1.038
Reyðarfjörður	746
Búðahreppur	757
Fáskrúðsfjarðarhreppur	92
Stöðvarhreppur	340
Breiðdalshreppur	350

Öll samvinna sveitarfélaga á þessu svæði mundi taka miklum stakkaskiptum og þjónusta ríkisins á öllum sviðum hefði möguleika á að verða betri og ódýrari.

Þegar rætt er um uppbyggingu hringvegarins á þessu svæði hefur lengst af verið rætt um tvær leiðir: annars vegar lagningu vegarins með ströndinni fyrir ystu nes og inn í fjarðarbotna. Þessi leið hefur þá annmarka að vera verulega lengri en jarðgangaleiðin og skapar ekki þá möguleika sem stytting leiðarinnar gerir. Hin leiðin, sem helst er rætt um, er uppbygging vegar yfir Breiðdalsheiði. Þar er á sá annmarki helstur að það þarf að leggja veginn yfir fjallveg, auk þess sem byggðirnar norðan Breiðdals verða afskiptar.

Á síðustu vikum hefur verið rætt nokkuð um þriðju leiðina sem er lagning vegar upp úr Berufirði og yfir Öxi. Hér er vissulega um að ræða umtalsverða styttingu hringvegarins sem hins vegar mundi nýtast illa fyrir þá sem búa norðan Berufjarðar, auk þess sem um fjallveg er að fara.

Hér ber allt að sama brunni. Það verður að taka gerð jarðganga á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar inn í myndina þegar línurnar verða lagðar um uppbyggingu hringvegarins. Það fellur að þeim hugmyndum sem eru uppi um skynsamlega byggðastefnu.

498. Tillaga til þingsályktunar [293. mál]

um íbúðaverð á landsbyggðinni.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Halldór Ásgrímsson,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er leiti leiða til þess að efla almennan íbúðamarkað á landsbyggðinni. Nefndinni verði sérstaklega gert að skoða hver áhrif lög og reglur um félagslegt íbúðarhúsnæði hafi á stöðu íbúðamarkaðarins.

Greinargerð.

Þróun íbúðaverðs á landsbyggðinni er víðast hvar mikið áhyggjuefni. Fyrir margt löngu er orðið ljóst að markaðsverð íbúarhúsnæðis er langt undir framreiknuðum stofnkostnaði þess. Verðmæti þessa húsnæðis hefur þannig brunnið upp og skert eignir fólks á landsbyggðinni svo að nemur gríðarlegum fjárhæðum.

Sú var tíðin að eini sparnaðarkostur fólks var fjárfesting í íbúðarhúsnæði. Margir lögðu afrakstur lífsstarfs síns í íbúðarhúsnæði. Öruggt húsaskjól og eigið húsnæði var trygging þessa fólks fyrir bærilegri afkomu á efri árum.

Þó svo að fleiri sparnaðarmöguleikar séu nú fyrir hendi en áður er ljóst að hjá venjulegu fólki er öflun eigin íbúðarhúsnæðis helsta fjárfestingin sem það tekst á hendur á lífsleiðinni. Íbúðarhúsnæðið er yfirgnæfandi hluti eignamyndunarinnar í lífi fólks.

Það eru því býsna kaldranalegar aðstæður sem blasa við fólki á landsbyggðinni þegar afrakstur lífsstarfsins verður að engu. Sums staðar er líka svo komið að erfitt er fyrir fólk að selja húsnæði sitt. Til viðbótar við hið almenna fjárhagstjón, sem fólk verður fyrir vegna hruns íbúðaverðs, er ljóst að þetta ástand skapar öryggisleysi hjá íbúum dreifbýlisins og hefur orðið til þess að girða fyrir allar íbúðabyggingar á almennum fasteignamarkaði á landsbyggðinni.

Á sama tíma og auknar þrengingar hafa orðið á almenna íbúðamarkaðnum á landsbyggðinni hefur hlutur félagslegs íbúðarhúsnæðis aukist. Það gefur augaleið að sú þróun hlýtur að hafa sitt að segja um stöðu hins almenna íbúðamarkaðar á landsbyggðinni. Víða um land háttar nefnilega svo til að íbúum fjölgar ekki, jafnvel fækkar, á sama tíma og íbúðum innan hins félagslega íbúðakerfis fjölgar. Því er augljóst að þar þrengir mjög að hinum almenna íbúðamarkaði.

Þar sem fólk á einhverja völ í því efni kýs það frekar að kaupa íbúðir í félagslega íbúðakerfinu á landsbyggðinni. Ástæðan er einföld. Á sveitarfélögunum hvílir sú kvöð að leysa til sín slíkar íbúðir á verðbættu stofnverði. Fólk, sem á þann kost að eignast þannig húsnæði, býr því við öryggi sem eigendur almenns íbúðarhúsnæðis geta ekki einu sinni látið sig dreyma um. Við þær aðstæður, sem nú ríkja á landsbyggðinni, er það því ofur skiljanlegt að fólk kjósi fremur öryggi hins félagslega íbúðakerfis en hið fullkomna öryggisleysi almenna íbúðamarkaðarins.

Í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um íbúðaverð kom fram að úti á landi er fermetraverð félagslegs íbúðarhúsnæðis hærra en húsnæðis á almenna markaðnum. Getur þar munað mjög verulegum upphæðum.

Taka má einfalt dæmi frá Vestfjörðum til þess að varpa ljósi á stöðu málsins. Samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins skulu félagslegar íbúðir „aldrei vera stærri en 130 fermetrar brúttó“ eins og segir í lagatextanum. Meðalverð á fermetra í félagslegu íbúðakerfi var 63.100 kr. árið 1990. Samkvæmt þessum forsendum var heildarverð 130 fermetra íbúðar í félagslega íbúðakerfinu á Vestfjörðum árið 1990 um 8,2 millj. kr. Söluverð hvers fermetra notaðs húsnæðis á almennum markaði á Vestfjörðum var hins vegar 37.010 kr. Með hliðsjón af þeim forsendum var heildarverð 130 fermetra íbúðar á almennum markaði árið 1990 um 4,8 millj. kr. Mismunur á þessum tveimur íbúðum var því 3,4 millj. kr.

Þessar upplýsingar sýna okkur að skekkja á íbúðamarkaðnum er, sums staðar að minnsta kosti, orðin mjög alvarleg. Hún endurspeglar það almenna verðhrun sem er staðreynd á landsbyggðinni og sýnir svart á hvítu hið alvarlega ástand sem nú ríkir og er fullkomlega óviðunandi.

499. Fyrirspurn [294. mál]

til fjármálaráðherra um skattsvik.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Til hvaða ráðstafana hyggst fjármálaráðherra grípa til að stemma stigu við skattsvikum?

500. Fyrirspurn [295. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um samræmingu á tryggingalöggjöfinni.

Frá Hrafnkatli A. Jónssyni.

Hefur ráðherra uppi áform um samræmingu á tryggingalöggjöfinni sem miði að því að allir landsmenn búi við sömu lífeyrisréttindi og samræmda löggjöf sem tæki til greiðslna almannatrygginga á sjúkra- og slysadagpeningum, greiðslna vinnuveitenda vegna veikinda og slysa, greiðslna tryggingafélaga og greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga varðandi sömu tilvik?

Greinargerð.

Mörg þung orð hafa fallið á síðustu mánuðum um það sem ýmsir hafa kallað árásir á velferðarkerfið. Af þeirri ástæðu er þessi fyrirspurn lögð fram þar sem ekkert hefur verið rætt um ýmsa veigamikla þætti í velferðarkerfinu og það geysimikla fjármagn sem þar er á ferðinni. Við lauslega athugun eru þar til ráðstöfunar á milli 30 og 40 milljarðar króna sem skiptast þannig:

	Milljarðar króna
Greiðslur sjúkra- og slysadagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins	9,3
Greiðslur fyrirtækja vegna veikinda og slysa	8,0
Úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga	0,8
Iðgjöld í lífeyrissjóði	15,7
Samtals	**33,8**

Það skal ítrekað hér að um mjög grófa áætlun er að ræða. Reynt hefur verið að færa allar tölur til verðlags ársins í ár. Það er skoðun fyrirspyrjanda að hér sé um svo mikla fjármuni að ræða að þeim verði að verja á sem allra bestan hátt. Það er mjög nauðsynlegt, ekki síst fyrir láglaunafólk í landinu, að þess sé gætt að þessi þáttur velferðarinnar sé við það miðaður að þeir njóti sem helst þurfa þess með.

Skriflegt svar óskast.

501. Fyrirspurn [296. mál]

til félagsmálaráðherra um vaxtabótakerfið.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvaða breytinga á vaxtabótakerfinu er að vænta og hvenær, sbr. ummæli ráðherra í fjárlagaumræðunni fyrir árið 1992?

502. Fyrirspurn [297. mál]

til félagsmálaráðherra um húsaleigubætur.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvað líður áformum ríkisstjórnarinnar um að koma á húsaleigubótum?
2. Hvernig hugsar ríkisstjórnin sér að útfæra reglur um húsaleigubætur?

503. Fyrirspurn [298. mál]

til umhverfisráðherra um losun eiturefna í norðanvert Atlantshaf.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvaða upplýsinga hafa íslensk stjórnvöld aflað sér um losun austur-þýskra skipa á eiturefnum í norðanvert Atlantshaf sem fjölmiðlar greindu nýlega frá?

504. Fyrirspurn [299. mál]

til umhverfisráðherra um umhverfisslys.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að bregðast við umhverfisslysum við strendur landsins í framhaldi af þeim atburðum sem gerðust á Ströndum sl. sumar?
2. Er fyrirhugað að setja upp eins konar náttúruvarnakerfi náttúrunni til aðstoðar þannig að hægt verði að grípa til skyndiaðgerða er umhverfisslys ber að höndum?

505. Fyrirspurn [300. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárhagsaðstoð félagsmálastofnana.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Er skjólstæðingum félagsmálastofnana kynnt að telja beri veitta fjárhagsaðstoð fram til skatts?
2. Hvers vegna eru skattar af veittri fjárhagsaðstoð ekki staðgreiddir?
3. Hvernig er fólki, sem fengið hefur óvænta bakreikninga frá skattyfirvöldum, ætlað að leysa það vandamál sé fjárhagsstaða óbreytt?

506. Fyrirspurn [301. mál]

til utanríkisráðherra um auglýsingar utanríkisráðuneytisins í Alþýðublaðinu.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hversu háa upphæð greiddi utanríkisráðuneytið fyrir auglýsingar í Alþýðublaðinu frá 1. maí 1991 til 1. mars 1992?
2. Hvað var auglýst?

Skriflegt svar óskast.

507. Fyrirspurn [302. mál]

til heilbrigðisráðherra um auglýsingar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í Alþýðublaðinu.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hversu háa upphæð greiddi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fyrir auglýsingar í Alþýðublaðinu frá 1. maí 1991 til 1. mars 1992?
2. Hvað var auglýst?

Skriflegt svar óskast.

508. Fyrirspurn [303. mál]

til félagsmálaráðherra um auglýsingar félagsmálaráðuneytisins í Alþýðublaðinu.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hversu háa upphæð greiddi félagsmálaráðuneytið fyrir auglýsingar í Alþýðublaðinu frá 1. maí 1991 til 1. mars 1992?
2. Hvað var auglýst?

Skriflegt svar óskast.

509. Frumvarp til laga [304. mál]

um jöfnun verðlags.

Flm.: Ragnar Arnalds, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að lífskjör þjóðarinnar verði sem jöfnust óháð búsetu. Í þeim tilgangi ber að tryggja, eftir því sem kostur er, að algengustu lífsnauðsynjar og almenn þjónusta verði boðnar á sama verði hvar sem er á landinu.

2. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977, komi ný málsgrein er orðist svo:

Eigi síðar en 1. maí 1992 skal samgönguráðherra ákveða að landið allt sé eitt gjaldsvæði og öll símtöl innan lands séu verðlögð á sama hátt óháð vegalengdum milli notenda.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, komi ný grein svohljóðandi:

Eigi síðar en 1. júlí 1992 skal Landsvirkjun bjóða raforku í heildsölu til dreifiveitna á sama verði um land allt miðað við afhendingu orkunnar í spennistöð hjá viðkomandi dreifiveitu.

Ríkisstjórnin skal vinna að samræmingu raforkuverðs í smásölu með ákvörðun hámarksverðs sem komi til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1993. Í því skyni að gera dreifiveitum raforku kleift að laga sig að samræmdu orkuverði er ríkissjóði heimilt að yfirtaka hluta af skuldum þeirra og leggja fast gjald á alla raforkuvinnslu til að standa undir viðhaldi og afskriftum af sveitalínum.

4. gr.

a. Við 1. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978, með síðari breytingum, bætist nýr stafliður svohljóðandi:
   c. að vinna að því að jafna vöruverð í landinu.

b. Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Í reglum þessum skal stuðla að því að heildsölufyrirtæki bjóði smásöluverslunum vörur á sama verði um land allt og undirboð á einum stað séu ekki fjármögnuð með hærra verði annars staðar.

5. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Löngu er orðið tímabært að algengustu lífsnauðsynjar og almenn þjónusta séu boðin á sama verði hvar sem er á landinu svo að lífskjör þjóðarinnar séu sem jöfnust óháð búsetu en staðreyndin er sú að verulegur munur er á verðlagi eftir landshlutum. Má þar nefna rafmagns- og hitunarkostnað, símakostnað, smásöluverð í verslunum, svo og verð á ýmiss konar þjónustu sem háð er flutningskostnaði. Í frumvarpi þessu er leitast við að jafna þennan mun að nokkru á þremur sviðum, þ.e. hvað varðar símakostnað, raforkuverð og heildsöluverð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 2. gr.

Engin rök mæla með því og enn síður nokkur sanngirni að dýrara sé fyrir símnotanda í einum landsfjórðungi en öðrum að hringja á höfuðborgarsvæðið þar sem langflestar ríkisstofnanir eru ásamt meiri hluta landsmanna. Mishá gjöld eftir svæðisnúmerum eru leifar frá liðnum tíma þegar símaþjónusta var handvirk. Þessa úreltu mismunun ber því tafarlaust að afnema.

Ódýrustu þriggja mínútna samtöl kosta nú 5,60 kr. en 21,20 kr. þegar taxtinn er hæstur. Hlutfallið er 1:3,8. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi á undanförnum árum og var fyrir tæpum áratug um 1:11. Póst- og símamálastofnunin greiðir 940 millj. kr. til ríkisins á þessu ári í arð eða um 11% af tekjum en greiddi árin þar á undan 500–550 millj. kr. Þess er að vænta að eitthvert lát verði á þessari miklu skattheimtu á símnotendur og enginn vafi á því að svigrúm er til að láta fullan jöfnuð símgjalda verða að veruleika.

Um 3. gr.

Jöfnun raforkuverðs er miklu flóknara mál vegna þess hve skipulag raforkumála er flókið. Fullri jöfnun raforkuverðs má þó ná með ýmsum leiðum. Í þessu frumvarpi er við það miðað að vandinn verði leystur með sameiginlegu átaki Landsvirkjunar og ríkissjóðs, svo og einhverju framlagi orkuneytenda í formi orkugjalds, ef hjá því verður ekki komist.

Rafmagnsverð til ljósa og heimilisnotkunar er nú um 20% hærra hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Talið er að árssala Rarik til ljósa og almennrar heimilisnotkunar mundi lækka um 116 millj. kr. ef taxtinn yrði hliðstæður taxta Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Meginástæða þessa mikla munar er sú að Rarik ber kostnað af viðhaldi og afskriftum af dreifikerfinu um sveitir landsins og nema afskriftirnar af dreifilínum í sveitum um 300 millj. kr. árlega en Rarik fær ekki nema brot af þessum kostnaði greiddan úr ríkissjóði — á þessu ári 15 millj. kr. Hliðstætt gildir um Orkubú Vestfjarða. Af þessum tölum má sjá að fengju Rafmagnsveitur ríkisins helming af afskriftum sveitalínanna greiddan af almannafé árlega ætti fyrirtækið auðvelt með að bjóða raforku til heimilisnota á hliðstæðu verði og Rafmagnsveita Reykjavíkur.

Um 4. gr.

Nýlega kannaði Verðlagsstofnun verð í á annað hundrað matvöruverslunum um land allt. Í þessum könnunum kom í ljós að smásöluverð á landsbyggðinni hefur farið hækkandi síðustu tvö árin í samanburði við verðlag í Reykjavík. Það reyndist t.d. 9% hærra á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu en var 6% hærra fyrir tveimur árum. Svipuð þróun hafði átt sér stað á Vesturlandi, Norðurlandi og Suðurlandi.

Í fréttatilkynningu Verðlagsstofnunar, sem hér er birt sem fskj. III, eru dregnar fram ýmsar hugsanlegar skýringar á þessari þróun. Þar segir m.a.:

„Dæmi eru um að heildverslanir og innlendir framleiðendur hafi veitt stórmörkuðum mun meiri afslátt á síðustu misserum en áður tíðkaðist. Hefur það í sumum tilvikum leitt til þess að innkaupsverð minni verslana, m.a. á landsbyggðinni, hefur verið hærra en smásöluverð í stórmörkuðum. Ýmsir kaupmenn halda því fram að víða sé afslátturinn til stórmarkaða orðinn óeðlilega mikill og mun Verðlagsstofnun kanna það nánar."

Augljóst er að samkeppni stórmarkaða á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist mjög í seinni tíð og leitt til lægra vöruverðs þar. Því ber að fagna, en á hinn bóginn leikur sterkur grunur á að í mörgum tilvikum hafi landsbyggðin verið látin borga herkostnaðinn af verðstríðinu í Reykjavík.

Nauðsynlegt er að Verðlagsstofnun sé falið að setja reglur sem stuðlað geti að sem jöfnustu vöruverði í landinu og landsbyggðin sé ekki látin njóta verri kjara en gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Fylgiskjal I.

GREINARGERÐ UM GJALDSKRÁ LANDSÍMANS INNAN LANDS

Jöfnun símakostnaðar innan lands hefur lengi verið eitt af baráttumálum þeirra sem vilja jafna búsetuskilyrði í landinu þar sem langlínukostnaðurinn þótti áður mjög hár í samanburði við innanstöðvargjaldið. Þeim hefur orðið mikið ágengt því að gjaldskrárbreytingar Pósts og síma undanfarin ár hafa miðað í þá átt að jafna símakostnað landsmanna. Þessi þróun hófst þegar Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu árið 1973 þar sem ríkisstjórninni var falið að endurskoða gjaldskrá Landsímans með það fyrir augum að jafna kostnaði við notkun símans á höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina. Ekki var þó gripið til aðgerða strax því að á næstu árum hækkuðu skrefagjöld meira en afnotagjöldin vegna þess að afnotagjöldin voru inni í vísitölunni með þeim afleiðingum að langlínan hækkaði enn frekar. Sameining lægri gjaldflokka leiddi þó til þess að skrefin voru lengd 1978 og dýrari flokkar voru sameinaðir á næstu árum sem gerði langlínuna eitthvað ódýrari. Stórt skref í áttina til jöfnunar símakostnaðar var tekið 1981 en frá þeim tíma voru öll innanstöðvarsímtöl að degi til tímamæld, eins og langlínan, og greitt fyrir í samræmi við lengd þeirra. Frá 1987 voru öll staðarsímtöl tímamæld en veittur var afsláttur með kvöldtaxta og nætur- og helgartaxta. Auk þess var símakostnaður milli landsbyggðar og höfuðborgar gerður jafnari með því að fleiri skref voru látin vera innifalin í afnotagjaldi á landsbyggðinni.

Talsmenn jöfnunarinnar hafa lagt áherslu á það að landsbyggðarfólk ætti ekki að þurfa að bera hærri kostnað af því að ná sambandi við opinberar stofnanir sem eru í Reykjvík. Nýjung, sem kynnt var árið 1990, svokölluð græn númer, ætti að geta leyst þetta mál á fljótvirkan hátt. Með því að fá sér grænt símanúmer tekur stofnunin eða fyrirtækið að sér

að greiða langlínugjaldið fyrir viðskiptavini sína utan af landi en hann þarf aðeins að greiða innanstöðvargjald. Margar opinberar stofnanir, lánastofnanir og þjónustufyrirtæki hafa fengið sér grænt númer.

Þróun í gjaldskrármálum síðustu ár.

Gjöld fyrir símaþjónustu hækkuðu í janúar og júlí á árinu 1987. Fyrst hækkaði síminn að meðaltali um 10% en gjöld fyrir símaþjónustu höfðu þá ekki hækkað síðan árið 1983, hins vegar höfðu þau lækkað um 10% árið 1985. Síðari hækkunin var 1. júlí og var hún 9,5% að meðaltali fyrir símaþjónustu innan lands. Með hækkuninni 1. júlí var gerð grundvallarbreyting á uppbyggingu gjaldskrár fyrir símaþjónustu innan lands en hún fólst í því að minnka muninn á verði langlínusímtala og staðarsímtala. Breytingin hafði það í för með sér að símagjöld færðust nær raunkostnaði og var til hagsbóta fyrir alla þá sem nota langlínuna mikið.

Auk beinna gjaldskrárbreytinga og breytinga á skrefatalningu má ná fram lægri símakostnaði á landsbyggðinni með því að sameina og stækka gjaldsvæði og gera þannig símnotendum kleift að hringja til nágrannabyggða án þess að greiða langlínugjald fyrir. Þetta hefur verið gert víða um landið og árið 1987 var farið að taka gjald fyrir símtöl milli allra stöðva innan sama hnútssvæðis eftir lægsta gjaldflokki.

Á árinu 1988 hækkuðu gjöld fyrir símaþjónustu tvisvar. Fyrst var það 15. janúar og þá að meðaltali um 19%. Síðari hækkunin var 16. júlí en þá var meðaltalshækkun á gjöldum fyrir símaþjónustu um 15%.

Séu bornar saman meðaltalshækkanir á símakostnaði innan lands og framfærsluvísitölu frá 1982–1988 kemur í ljós að framfærsluvísitala hækkaði um 469%, en símakostnaður um 238%.

Kostnaður meðalnotanda vegna símaþjónustu innan lands hækkaði ekki á árinu 1989. Aftur á móti var gerð breyting 1. júlí á uppbyggingu gjaldskrár fyrir símaumferð innan lands en hún fól í sér verulega lækkun á taxta fyrir langlínusímtöl. Til þess að halda tekjum stofnunarinnar óbreyttum þurfti að hækka frá sama tíma afnotagjald, skrefaverð og taxta fyrir staðarsímtöl.

Símakostnaður innan lands **lækkaði** að meðaltali að raungildi um 49% frá nóvember 1981 til nóvember 1990 ef miðað er við framfærsluvísitölu. Þessa þróun má sjá í línuriti.

1. nóvember 1990 varð veruleg lækkun á langlínusamtölum og símtölum til nokkurra landa auk þess sem tekinn var upp sérstakur næturtaxti á símtöl til útlanda. Langlínusímtöl innan lands lækkuðu um 18–22% miðað við þriggja mínútna símtal. Auk beinnar lækkunar á langlínutaxta innan lands var haldið áfram á þeirri braut að sameina gjaldsvæði sem leiddi til lægri símakostnaðar fyrir íbúa á þeim svæðum.

Símtöl til nokkurra Evrópulanda og Bandaríkjanna lækkuðu og farið var að veita 30% afslátt af utanlandssímtölum með sérstökum næturtaxta sem gildir frá kl. 23 til átta á morgnana. Á sama tíma voru póstburðargjöld hækkuð til að minnka hallarekstur á póstinum og vega upp á móti lækkun símagjalda.

Breytingar í gjaldmálum hafa sl. áratug verið á þann veg að lækka langlínusamtöl en hækka staðarsímtöl. Þetta hefur verið í samræmi við stefnu stjórnvalda en auk þess hefur á síðustu árum orðið breyting á gerð gjaldskrár að því leyti að gjöld fyrir nýja þjónustu hafa verið ákveðin meira með hliðjón af kostnaði en áður var gert og verður svo gert áfram. Að öðru jöfnu mun þessi stefna hafa í för með sér lægri langlínugjöld fyrir talsíma, en önnur þjónusta mun hækka hlutfallslega. Auk þess munu stofngjöld hækka fyrir þær þjónustugreinar sem krefjast mikils stofnfjár af stofnuninni.

Þá þróun, sem orðið hefur í jöfnun símakostnaðar, má glöggt sjá á eftirfarandi tölum sem sýna hlutfall kostnaðar á staðarsímtölum og langlínusímtölum. Í nóvember 1981 var þetta hlutfall 1/10,7 og hélst það þangað til í júlí 1987 að það varð 1/8,2. Í júlí 1989 varð það 1/4,9 og er nú 1/3,8. Þarna er miðað við þriggja mínútna símtöl með svarskerfi á staðartaxta og dýrari langlínu á dagtaxta. Þessa þróun má einnig lesa úr súluriti.

Símtöl til útlanda munu líklega lækka enn frekar að raungildi á næstu árum, bæði vegna ódýrari tæknibúnaðar og aukinnar umferðar sem hefur í för með sér stærri rekstrareiningar. Líklega mun gjaldskrá í ríkari mæli miðast við að gefa stórum notendum betri heildarlausnir en áður og þetta verður sérstaklega áberandi þegar samnetið, ISDN, kemur til sögunnar, væntanlega milli 1995 og 2000.

Fylgiskjal II.

Póst- og símamálastofnunin, hagdeild:

Símakostnaður innan lands.

(22. jan. 1991.)

Símakostnaður innan lands hefur lækkað að meðaltali um 49% að raungildi frá nóvember 1981 til nóvember 1990 ef miðað er við framfærsluvísitölu.

Hlutfall langlínu og staðarsímtals í nóvember 1981 er 1:10,7.

Hlutfall langlínu og staðarsímtals í febrúar 1983 er 1:10,7.

Hlutfall langlínu og staðarsímtals fyrir breytingu 1987 (júní) er 1:10,7.

Hlutfall langlínu og staðarsímtals eftir breytingu í júlí 1989 er 1:4,9.

Hlutfall langlínu og staðarsímtals eftir breytingu í nóvember 1990 er 1:3,8.

Hér er miðað við hlutfall milli þriggja mínútna staðarsímtals og þriggja mínútna símtals á dýrari langlínu, með svarskerfi á dagtaxta. Fyrsta júlí 1987 var tekinn upp næturtaxti fyrir þann tíma giltu dagtaxti og kvöldtaxti.

Fylgiskjal III.

Fréttatilkynning frá Verðlagsstofnun:

Verðlag í matvöruverslunum.
Verðmunur á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar eykst.

(4. febrúar 1992.)

Í október sl. kannaði Verðlagsstofnun verð á yfir 400 vörutegundum í hátt á annað hundrað matvöruverslunum um land allt. Var verðið kannað á mat- og drykkjarvörum og

hreinlætis- og snyrtivörum. Við úrvinnslu var vörunum gefið vægi í samræmi við almenna neyslu á þeim. Samsvarandi kannanir hafa verið gerðar á undanförnum árum og eru þær umfangsmestu verðkannanir sem Verðlagsstofnun gerir.

Höfuðborgarsvæðið — landsbyggðin — verðmunur fer vaxandi.

Samkvæmt könnunum Verðlagsstofnunar hefur verðlag á landsbyggðinni farið hækkandi á síðustu tveimur árum í samanburði við verðlag í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu.

Verðlag á landsbyggðinni hærra en á höfuðborgarsvæðinu:	
Október 1989	3,8%
Júní 1990	4,5%
Október 1991	4,9%

Aukin samkeppni stórmarkaða — meiri verðmunur.

Skýringin á vaxandi verðmun á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins felst að hluta í minni verðbólgu. Vafalaust vegur þó þyngst hin aukna samkeppni stórmarkaða á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega eftir að Bónus-verslanir náðu þar fótfestu. Hin aukna samkeppni stórmarkaða hefur ekki aðeins aukið verðmuninn á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins heldur hefur verðmunur á milli stórmarkaða og minni verslana á höfuðborgarsvæðinu einnig aukist. Dæmi eru um að heildverslanir og innlendir framleiðendur hafi veitt stórmörkuðum mun meiri afslátt á síðustu missirum en áður tíðkaðist. Hefur það í sumum tilvikum leitt til þess að innkaupsverð minni verslana, m.a. á landsbyggðinni, hefur verið hærra en smásöluverð í stórmörkuðum. Ýmsir kaupmenn halda því fram að víða sé afslátturinn til stórmarkaða orðinn óeðlilega mikill og mun Verðlagsstofnun kanna það nánar.

Sem dæmi um verðlagsþróunina á síðustu árum má nefna að verðlag á landsbyggðinni var 7% hærra en verðlag í stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu í júní 1990 en 10% hærra í október 1991.

Hæsta verðlag á landinu á Vestfjörðum.

Ef litið er á einstaka landshluta í samanburði við höfuðborgarsvæðið var verðlag hærra á landsbyggðinni sem hér segir:

	Í okt. 1989	Í okt. 1991
Vesturland	2,2%	3,8%
Vestfirðir	6,1%	9,0%
Norðurland vestra	2,5%	4,2%
Norðurland eystra	3,4%	3,9%
Austurland	6,2%	6,2%
Suðurland	3,1%	4,8%
Suðurnes	2,3%	1,0%

Munurinn á verðlagi á Vestfjörðum og höfuðborgarsvæðinu hefur aukist mest á umræddu tveggja ára tímabili. Hins vegar hefur munurinn á Suðurnesjum minnkað m.a. vegna aukinnar samkeppni stórmarkaða. Fjölgun heildsala og umboðsmanna á landsbyggðinni og aukin umsvif þeirra hafa vakið athygli á sama tíma og þeim fækkar á höfuðborgarsvæðinu. Starfsemi þeirra hefur án efa dregið úr kostnaði smásöluverslana á landsbyggðinni. Hins vegar má leiða að því líkur að starfsemi þeirra hafi dregið úr samkeppni

á landsbyggðinni og kostnaður vegna rekstrar umboðs- og heildverslana lagst ofan á vöruverð þar. Hyggst Verðlagsstofnun rannsaka sérstaklega áhrif heildsala á landsbyggðinni á vöruverð.

510. Fyrirspurn [305. mál]

til dómsmálaráðherra um forsjárdeilur.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hversu mörg forsjárdeilumál hafa verið tekin fyrir í sifjadeild dómsmálaráðuneytisins sl. fimm ár og hversu mörg mál af því tagi bíða þar úrskurðar?
2. Hvað tekur það sifjadeild að jafnaði langan tíma að úrskurða í forsjármálum frá því erindi berst?
3. Mat hverra er lagt til grundvallar úrskurðum ráðuneytisins?
4. Hefur umboðsmaður Alþingis haft afskipti af starfi sifjadeildar og ef svo er, hvaða áhrif hefur það haft?

511. Fyrirspurn [306. mál]

til iðnaðarráðherra um auglýsingar iðnaðarráðuneytisins í Alþýðublaðinu.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hversu háa upphæð greiddi iðnaðarráðuneytið fyrir auglýsingar í Alþýðublaðinu frá 1. maí 1991 til 1. mars 1992?
2. Hvað var auglýst?

Skriflegt svar óskast.

512. Fyrirspurn [307. mál]

til viðskiptaráðherra um auglýsingar viðskiptaráðuneytisins í Alþýðublaðinu.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hversu háa upphæð greiddi viðskiptaráðuneytið fyrir auglýsingar í Alþýðublaðinu frá 1. maí 1991 til 1. mars 1992?
2. Hvað var auglýst?

Skriflegt svar óskast.

513. Tillaga til þingsályktunar [308. mál]

um framþróun sjávarútvegsbyggða.

Flm.: Sveinn Þór Elinbergsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta stefnu um framþróun sjávarútvegsbyggða sem byggð verði á samnýtingu þeirra á aflaauðlindinni annars vegar og framleiðslu- og þjónustuframboði strandbyggða sem að henni liggja hins vegar.

Stefnt skal að því að leggja stefnumótun þessa fram við upphaf 116. löggjafarþings.

Greinargerð.

Miklir erfiðleikar steðja nú að mörgum sjávarútvegsbyggðum þar sem sjávarútvegsfyrirtæki hafa orðið gjaldþrota og önnur eiga í talsverðum rekstrarerfiðleikum. Þetta ástand samhliða sífellt þrengri aflaheimildum skapar víða mikla óvissu og stöðnun í nauðsynlegri framþróun höfuðatvinnugreinar þessara byggða við þær nýju aðstæður í markaðs- og efnahagsmálum sem fram undan eru. Markmið nýrrar stefnumörkunar ríkisvaldsins og nýrra áherslna væri að mæta núverandi erfiðleikum margra sjávarútvegsbyggða og fyrirtækja ásamt því að stuðla að tímabærum breytingum til aðlögunar að nýjum aðstæðum í atvinnu-, efnahags- og markaðsmálum.

Öllum er ljóst að vandi þessi er ekki einasta vandi viðkomandi fyrirtækja heldur um leið þess sveitarfélags er í hlut á og þar af leiðandi þess fólks sem þar býr og byggir flest lífsafkomu sína á veiðum og vinnslu. Ný stefnumörkun og nýjar áherslur í framþróun í þessum höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar hljóta því fyrst að byggjast á núverandi ástandi og horfum. Því er rétt að hún taki jafnt til fyrirtækjanna og þeirra sveitarfélaga sem byggja afkomu sína nær einvörðungu á veiðum og úrvinnslu aflans ásamt þeirri þjónustu er í kringum það skapast. Nú er svo komið víða í strandbyggðinni að mikill vandi steðjar að sveitarfélögum og um leið búsetuskilyrðum fólks því að gjaldþrotum og lokunum sjávarútvegsfyrirtækja fjölgar stöðugt.

Mörg sveitarfélög hafa brugðist við þessu ástandi á ýmsa vegu, m.a. með því að breyta skuldum þessara fyrirtækja í hlutafé og eru þau þannig orðnir þátttakendur í atvinnulífinu á viðkomandi stað. Dæmi eru um sveitarfélög sem gerst hafa beinir þátttakendur með kaupum á skipum og aflaheimildum til að halda aflaheimildum í byggðinni, önnur hafa veitt ábyrgðir og lán til fyrirtækja, enn önnur bíða átekta. Slík þróun, að sveitarfélög neyðist til þátttöku í atvinnulífinu með einum eða öðrum hætti, hlýtur að teljast óæskileg.

Í þessum sveitarfélögum eru og hafa verið drýgstu þættir í verðmætasköpun undanfarinna áratuga. Víða blasir nú hins vegar við að réttur fólks til atvinnu er orðinn aðþrengdur. Því þarf nú þegar að grípa til ráðstafana sem duga til frambúðar. Þess vegna er þörf á stefnumörkun sem taki mið af nýjum og breyttum aðstæðum í þessu tilliti.

Markmið þeirrar stefnumörkunar hljóta því að mótast af samnýtingu fjárfestinga í mannvirkjum, vélum og tækjum, höfnum og þeim þjónustuþáttum sem fyrir eru ásamt stækkun atvinnusvæða stéttarfélaga samhliða rýmkaðri og breyttri svæðaskiptingu sveitarfélaga til að skjóta styrkari stoðum undir sterka og vaxandi byggðarkjarna þar sem svo háttar til. Slíkt hefði í för með sér fækkun fyrirtækja en tæki um leið tillit til nýrra möguleika í framleiðsluháttum og markaðssetningu. Síðast en ekki síst næði slík stefnumörkun til nýrra áherslna í samgöngumálum hvað varðaði hafnarmannvirki, vega- og flugsamgöngur sem gerði stærri og sameinuð svæði hæfari og betur í stakk búin til betri nýt-

ingar hráefnis og framleiðsluþátta sinna um leið og þau nýttu sér frekari kosti í markaðsvæðingu þar sem eru fiskmarkaðir og góð vega- og flugsamgöngumannvirki.

Því má segja að saman fari frekari uppstokkun atvinnufyrirtækja til aukinnar og tímabærrar hagræðingar ásamt því að losa um þá stöðnun er nú ríkir og auðvelda sjávarútvegsbyggðunum nauðsynlega aðlögun að nýjum aðstæðum er kunna að skapast á næstu árum í efnahags- og markaðsmálum til aukins hagvaxtar í formi meiri verðmætasköpunar í íslenskum sjávarútvegi.

514. Tillaga til þingsályktunar [309. mál]

um rannsókn á umfangi skattsvika.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar kanna í samvinnu við skattyfirvöld:

1. hvert umfang skattsvika hér á landi sé miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum og framtaldar tekjur í skattframtölum,
2. umfang virðisaukaskattssvika og hvaða áhrif undanþágur, sem veittar hafa verið, hafa á tekjur ríkissjóðs af skatti þessum og hvort þær séu misnotaðar.

Niðurstöður skulu liggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. október 1992.

Greinargerð.

Á Alþingi í maí 1984 var samþykkt áþekk þingsályktunartillaga. Þáverandi fjármálaráðherra, Albert Guðmundsson, skipaði síðan á haustdögum það ár vinnuhóp til að vinna þetta verkefni og lagði hópurinn fram skýrslu yfir störf sín og niðurstöður á 108. löggjafarþingi 1985–1986. Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að hér á landi ættu sér stað víðtæk skattsvik og ekki síst með undanskoti á söluskattsinnheimtu. Áætlað var að þannig yrði ríkissjóður af umtalsverðum tekjum sem stolið væri m.a. af þeim sem lögin gerðu ráð fyrir að væru innheimtuaðilar ríkissjóðs. Talið var að þarna væri um að ræða yfir 20 milljarða króna á verðlagi í dag.

Nú þegar virðisaukaskattur, sem leysti hið hripleka söluskattskerfi af hólmi, hefur verið við lýði síðan 1. janúar 1990 er nauðsynlegt að gera nákvæma könnun á því hvort sú skilvirkni, sem virðisaukaskattinum átti að fylgja, hafi orðið sem skyldi. Einnig hafa reglur um tekjuskattsframtöl og reikningsuppgjör fyrirtækja tekið nokkrum breytingum á síðustu árum sem áttu að einfalda eftirlit skattyfirvalda með hvers konar fjármagnsumsvifum fyrirtækja og einstaklinga.

Þar sem stór hluti af fjárþörf í sameiginlegan sjóð landsmanna er borinn uppi af þessari skattlagningu er mjög brýnt að kanna hvort eðlileg skil séu jafnan gerð og rétt fram talið til skatts. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga fram borin og óskað eftir skjótum viðbrögðum.

515. Fyrirspurn [310. mál]

til samgönguráðherra um fjarskipti og sjónvarpsútsendingar á Vestfjarðamið.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hafa farið fram athuganir á því með hvaða hætti hægt sé að nýta ratsjárstöð varnarliðsins á Bolafjalli við Djúp til betri fjarskipta við skip á Vestfjarðamiðum og til sjónvarpsútsendinga á sömu slóðir?

516. Fyrirspurn [311. mál]

til fjármálaráðherra um „svarta atvinnustarfsemi".

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvað áætlar fjármálaráðuneytið að miklu fé sé skotið undan skatti vegna „svartrar atvinnustarfsemi":
   a. í virðisaukaskatti,
   b. í tekjuskatti,
   c. í öðru?
2. Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa til að koma í veg fyrir „svarta atvinnustarfsemi"?

517. Fyrirspurn [312. mál]

til utanríkisráðherra um kostnað íslenska ríkisins við samningsgerðina um Evrópskt efnahagssvæði.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hver er beinn launakostnaður og fjöldi þeirra starfsmanna hér heima og erlendis sem hafa að aðalstarfi sinnt samningsgerðinni frá upphafi árs 1989 til loka febrúar 1992?
2. Hver er kostnaður við ráðgjafastörf hér heima og erlendis vegna samningsgerðarinnar á sama tíma?
3. Hver er ferðakostnaður vegna samningsgerðarinnar? Kostnaðurinn óskast sundurliðaður í:
   a. ferðakostnað og fjölda ferða utanríkisráðherra,
   b. ferðakostnað og fjölda ferða annarra embættismanna,
   c. dagpeningagreiðslur til utanríkisráðherra,
   d. dagpeningagreiðslur til annarra embættismanna,
   e. risnukostnað utanríkisráðuneytisins og þeirra sendiráða sem tengjast samningsgerðinni.

Skriflegt svar óskast.

518. Fyrirspurn [313. mál]

til iðnaðarráðherra um framleiðslu og nýtingu raforku.

Frá Guðmundi Stefánssyni.

1. Hve mikil var framleiðslugeta raforkuvera hér á landi í árslok 1991, skipt eftir raforkuverum?
2. Hve mikil er áætluð raforkunotkun hér á landi 1992, skipt í heimilisnotkun og notkun í atvinnuskyni?
3. Hvert er söluverð Landsvirkjunar til einstakra rafveitna miðað við orkueiningu?
4. Hvað líður áformum ríkisstjórnarinnar um jöfnun raforkukostnaðar og hve langt er gert ráð fyrir að slík jöfnun nái?

Skriflegt svar óskast.

519. Fyrirspurn [314. mál]

til utanríkisráðherra um fríverslunarsamning við Færeyjar.

Frá Guðmundi Stefánssyni.

1. Hvenær er gert ráð fyrir að gerð fríverslunarsamnings við Færeyjar ljúki?
2. Hverjar voru helstu útflutningsvörur Íslendinga til Færeyja eftir vöruflokkum árin 1989, 1990 og 1991?
3. Hvert var verðmæti þessa útflutnings (fob)?
4. Er gert ráð fyrir að allir þessir vöruflokkar rúmist innan væntanlegs fríverslunarsamnings?

Skriflegt svar óskast.

520. Fyrirspurn [315. mál]

til dómsmálaráðherra um gjaldþrota einstaklinga.

Frá Guðmundi Stefánssyni.

1. Hversu margir einstaklingar voru lýstir gjaldþrota hér á landi á árunum 1987, 1988, 1989, 1990 og 1991?
2. Hve mörg þessara gjaldþrota stöfuðu af því að viðkomandi einstaklingar voru í ábyrgðum fyrir aðra einstaklinga eða fyrirtæki gagnvart bönkum eða öðrum lánastofnunum?
3. Hafði ríkissjóður einhvern beinan kostnað af þessum gjaldþrotum og þá hve mikinn?

4. Hyggst ríkisstjórnin með lagasetningu eða á annan hátt tryggja betur stöðu ábyrgðarmanna en nú er?

Skriflegt svar óskast.

521. Fyrirspurn [316. mál]

til menntamálaráðherra um svæðisútvarp á Vesturlandi.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

1. Er fyrirhugað að auka þjónustu Ríkisútvarpsins á Vesturlandi? Mega Vestlendingar eiga von á að fá svæðisútvarp?
2. Ef svo er, hvenær má vænta þess að það komi til framkvæmda?

522. Fyrirspurn [317. mál]

til menntamálaráðherra um beitingu lögregluvalds í forræðismálum.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Telur ráðherra þörf á að fram fari sérstök rannsókn á því hvernig staðið var að valdbeitingu lögreglu til þess að taka ellefu ára gamlan dreng frá móður sinni í Sandgerði 5. febrúar 1992?
2. Fóru aðgerðir fram með fullu samþykki fulltrúa barnaverndarnefnda í Sandgerði og á Akureyri?
3. Hver stjórnaði aðgerðum lögreglunnar í þessu máli og hver ber ábyrgð á þeim?
4. Er það algengt að beita þurfi lögregluvaldi í forræðismálum? Hefur það gerst áður að móðir hafi verið handtekin við töku barns með valdi úr umsjá hennar?

523. Fyrirspurn [318. mál]

til menntamálaráðherra um auglýsinga- og kynningarkostnað menntamálaráðuneytis.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður menntamálaráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?
2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?
3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?

4. Fyrir hvað var greitt?
5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Skriflegt svar óskast.

524. Fyrirspurn [319. mál]

til utanríkisráðherra um auglýsinga- og kynningarkostnað utanríkisráðuneytis.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður utanríkisráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?
2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?
3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?
4. Fyrir hvað var greitt?
5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Skriflegt svar óskast.

525. Fyrirspurn [320. mál]

til forsætisráðherra um auglýsinga- og kynningarkostnað forsætisráðuneytis.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður forsætisráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?
2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?
3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?
4. Fyrir hvað var greitt?
5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Skriflegt svar óskast.

526. Fyrirspurn [321. mál]

til viðskiptaráðherra um auglýsinga- og kynningarkostnað viðskiptaráðuneytis.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður viðskiptaráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?
2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?
3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?
4. Fyrir hvað var greitt?
5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Skriflegt svar óskast.

527. Fyrirspurn [322. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um auglýsinga- og kynningarkostnað dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður dóms- og kirkjumálaráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?
2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?
3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?
4. Fyrir hvað var greitt?
5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Skriflegt svar óskast.

528. Fyrirspurn [323. mál]

til landbúnaðarráðherra um auglýsinga- og kynningarkostnað landbúnaðarráðuneytis.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður landbúnaðarráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?
2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?

3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?
4. Fyrir hvað var greitt?
5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Skriflegt svar óskast.

529. Fyrirspurn [324. mál]

til samgönguráðherra um auglýsinga- og kynningarkostnað samgönguráðuneytis.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður samgönguráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?
2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?
3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?
4. Fyrir hvað var greitt?
5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Skriflegt svar óskast.

530. Fyrirspurn [325. mál]

til sjávarútvegsráðherra um auglýsinga- og kynningarkostnað sjávarútvegsráðuneytis.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður sjávarútvegsráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?
2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?
3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?
4. Fyrir hvað var greitt?
5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Skriflegt svar óskast.

531. Fyrirspurn [326. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um auglýsinga- og kynningarkostnað heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?
2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?
3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?
4. Fyrir hvað var greitt?
5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Skriflegt svar óskast.

532. Fyrirspurn [327. mál]

til félagsmálaráðherra um auglýsinga- og kynningarkostnað félagsmálaráðuneytis.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður félagsmálaráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?
2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?
3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?
4. Fyrir hvað var greitt?
5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Skriflegt svar óskast.

533. Fyrirspurn [328. mál]

til iðnaðarráðherra um auglýsinga- og kynningarkostnað iðnaðarráðuneytis.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður iðnaðarráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?
2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?

3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?
4. Fyrir hvað var greitt?
5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Skriflegt svar óskast.

534. Fyrirspurn [329. mál]

til umhverfisráðherra um auglýsinga- og kynningarkostnað umhverfisráðuneytis.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður umhverfisráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?
2. Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?
3. Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?
4. Fyrir hvað var greitt?
5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Skriflegt svar óskast.

535. Þingsályktun [180. mál]

um fráveitumál sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars.)

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að hraða úttekt á ástandi fráveitumála sveitarfélaga. Kannað verði hvaða íslensk tækniþekking og útbúnaður er fyrirliggjandi varðandi skolphreinsun, metinn kostnaður við úrbætur og hvernig auðvelda megi sveitarfélögum að standa undir honum. Áhersla verði lögð á úrbætur sem leysi fráveitumál byggðanna til frambúðar frá sjónarhóli umhverfisverndar.

536. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

Á eftir j-lið 1. mgr. 112. gr. komi nýr stafliður, svohljóðandi:

k. að hafa með höndum umsjón með ökunámi, eftirlit með ökukennslu og að annast ökupróf.

2. gr.

Í stað „Bifreiðaeftirlit ríkisins“ í 2. mgr. 113. gr. komi: Bifreiðaskoðun Íslands hf.

Við sömu málsgrein bætist í stafrófsröð: Áhugahópur um bætta umferðarmenningu og Landssamband íslenskra akstursíþróttafélaga.

3. gr.

Í stað 1.–4. mgr. 114. gr. komi þrjár málsgreinar, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skipar stjórn Umferðarráðs. Skal stjórnin skipuð formanni ráðsins og varaformanni og auk þess þremur ráðsmönnum sem ráðherra skipar til eins árs í senn, tvo þeirra samkvæmt tilnefningu Umferðarráðs.

Stjórnin hefur með höndum yfirstjórn á starfsemi Umferðarráðs, boðar fundi í ráðinu, undirbýr dagskrá funda þess og leggur fyrir það skýrslu um starfsemi ráðsins.

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs að fengnum tillögum stjórnar þess. Skipunin má vera tímabundin.

4. gr.

Í stað „framkvæmdanefndar“ í 1. mgr. 115. gr. komi: stjórnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1992.

537. Fyrirspurn [330. mál]

til menntamálaráðherra um skólagjöld.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hvernig samræmist hækkun skráningargjalda í Háskóla Íslands í 17 þús. kr. því ákvæði 6. gr. laga um skólakerfi, nr. 55/1974, að kennsla sé veitt ókeypis í öllum opinberum skólum?
2. Hvernig samræmist áðurnefnt lagaákvæði því að hafa skráningargjöld í framhaldsskólum?
3. Eru einhver takmörk fyrir því hve skráningargjöld geti verið há eða til hvers þau eru notuð?

Skriflegt svar óskast.

538. Fyrirspurn [331. mál]

til menntamálaráðherra um störf nefndar sem endurskoðar lög um grunnskólann og framhaldsskólann.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hvenær mun nefnd sú, sem ráðherra skipaði til að endurskoða lögin um grunnskól-

ann og framhaldsskólann, skila tillögum sínum? Hverjir eru í nefndinni og hvaða forsendur réðu vali þeirra?
2. Hverjar eru forsendur þær eða markmið sem nefndin vinnur út frá? Hvaða ákvæði í núgildandi lögum á nefndin að endurskoða?

Skriflegt svar óskast.

539. Fyrirspurn [332. mál]

til menntamálaráðherra um niðurskurð á þjónustu í grunnskólum og framhaldsskólum skólaárið 1992–1993 og um áætlanir um að koma á einsetnum skóla.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hvernig verður niðurskurði hagað í grunnskólum og framhaldsskólum skólaárið 1992–1993 í öllum fræðsluumdæmum?
2. Hvenær má ætla að ákvæði núgildandi grunnskólalaga um einsetinn grunnskóla komi til framkvæmda?

Greinargerð.

Varðandi síðari spurninguna er vísað til niðurfellingar á ákvæðum til bráðabirgða í grunnskólalögunum skv. 3. gr. laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992. Ekki er ljóst hvort bráðabirgðaákvæðið hefur verið fellt varanlega úr gildi eða hvort ætlunin er að það öðlist gildi á ný um næstu áramót. Ástæða spurningarinnar er ekki síst sú niðurstaða skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands að þjóðhagslegur ábati þeirrar ráðstöfunar að gera grunnskólann einsetinn og lengja kennslutíma í 35 kennslustundir geti verið á bilinu 1–2,5 milljarðar króna árlega.

Skriflegt svar óskast.

540. Fyrirspurn [333. mál]

til fjármálaráðherra um áætlanir í ríkisfjármálum fram í tímann.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hvers vegna fylgdi ekki áætlun um meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992?
2. Hvernig hafa þær þriggja ára áætlanir reynst sem fylgt hafa fjárlagafrumvörpum frá því að ákvæði 70. gr. laga um ríkisbókhald kom inn í lög (1985)?

3. Er áðurnefnt lagaákvæði fullnægjandi til að skapa festu í stefnumörkun ríkisfjármála fram í tímann að mati ráðherra eða telur hann æskilegra að slík stefnumörkun sé ákvörðuð með þingsályktunum á fleiri sviðum en nú tíðkast, sbr. t.d. vegáætlun (lög nr. 6/1977, 10. gr.) og flugmálaáætlun (lög nr. 31/1987, 1. gr.), t.d. á sviði mennta- og menningarmála?
4. Telur fjármálaráðherra æskilegt og raunhæft að gera langtímafjárhagsáætlanir fyrir íslenska ríkið eins og tíðkast t.d. hjá Evrópubandalaginu?

Greinargerð.

Það er skoðun fyrirspyrjanda að ein mikilvæg leið til að fá festu í ríkisfjármálin sé að gera áætlanir fram í tímann. Slíkt ætti bæði að auðvelda alla áætlanagerð í ríkisstofnunum og að koma í veg fyrir þá árlegu óvirðingu við löggjafarvaldið og landsmenn að kippa mörgum ákvæðum landslaga úr gildi við gerð fjárlaga og meðfylgjandi laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Í 70. gr. laga um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga segir að með fjárlagafrumvarpi ár hvert skuli leggja fram áætlun er lýsir í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Fróðlegt þykir að fá upplýst hvernig þetta lagaákvæði hefur reynst og hvort ástæða þykir að breyta lagaákvæðum eða framkvæmd á þessu sviði.

Skriflegt svar óskast.

541. Frumvarp til laga [334. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Maki eða sá sem heldur heimili með og annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki stundað nema takmarkaða vinnu utan heimilis á rétt á umönnunarbótum er nemi allt að 47.111 kr. á mánuði. Bæturnar eru heimildabætur og því háðar öðrum tekjum bótaþega.

2. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Einhleypingi, sem nýtur óskertrar uppbótar (tekjutryggingar) skv. 1. mgr. og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót, 7.582 kr. á mánuði. Sé um aðra heimilismenn að ræða skulu bæturnar greiddar enda séu þeir undir 20 ára aldri. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 13. gr. gildandi laga getur aðeins maki elli- og örorkulífeyrisþega fengið umönnunarbætur leggi hann niður störf vegna hjúkrunar hans. Foreldrar fatlaðra og alvarlega sjúkra barna geta fengið umönnunarbætur þar til þau verða 16 ára, sbr. lög nr. 79 frá 23. desember 1991. Þá fá börnin sjálf örorkubætur og umönnunarbætur falla niður, þó svo að umönnunar sé áfram þörf.

Mun fleiri en makar lífeyrisþega vinna umönnunarstörf á heimilum og geta ekki stundað vinnu utan heimilis vegna þess. Nú þegar legurúmum á sjúkrahúsum fækkar og erfiðara er að fá vistun fyrir þá sem þurfa á henni að halda verða heimilismenn og aðrir aðstandendur sjúkra og fatlaðra að taka að sér þessi störf og því er úrelt að miða aðeins við greiðslu til maka þess sem er umönnunarþurfi.

Fólk annast uppkomin börn sín, foreldra, tengdafólk eða aðra ættingja en á ekki rétt á neinum greiðslum frá hinu opinbera samkvæmt lögum um almannatryggingar. Það samræmist ekki anda laganna að fólki sé mismunað eftir tengslum við þann sem það annast.

Í 2. mgr. 19. gr. er bætt nýjum málslið: „Sé um aðra heimilismenn að ræða skulu bæturnar greiddar enda séu þeir undir 20 ára aldri.“

Í framkvæmd er þessi lagagrein túlkuð á þann veg að sá einn eigi rétt á heimilisuppbót sem býr einn. Öllum, sem eru með fleiri í heimili, er synjað um heimilisuppbót sæki þeir um, þó svo að þeir hafi ekki *fjárhagslegt hagræði af sambýlinu*. Nefna má sem dæmi einstæða móður sem verður öryrki. Hún fær ekki heimilisuppbót þar sem hún býr með barni sínu. Ekkill, ellilífeyrisþegi, sem enn er með barn heimilisfast hjá sér og það er t.d. í námi, fær ekki heimilisuppbótina þótt hann hafi engan framfærslueyri annan en bæturnar frá Tryggingastofnun.

Sé málsliðnum „Sé um aðra heimilismenn að ræða skulu bæturnar greiddar enda séu þeir undir 20 ára aldri“ bætt í málsgreinina opnast sá möguleiki að einhleypir lífeyrisþegar með barn/börn á framfæri geti fengið heimilisuppbótina. Tuttugu ára viðmiðunin er í samræmi við annað í lögunum. Þá hættir barn t.d. að fá greiddan menntunarbarnalífeyri og/eða menntunarmeðlag.

Ekki er sanngjarnt að líta á meðlagsgreiðslur, barnalífeyri og mæðralaun sem fjárhagslegt hagræði fólks af sambýli við börn sín eins og gert er nú við framkvæmd laganna. Því ætti einhleypur lífeyrisþegi í sambýli við börn sín undir 20 ára aldri að geta notið heimilisuppbótar, uppfylli hann önnur skilyrði sem sett eru í lögunum um uppbótina, verði þetta frumvarp samþykkt.

Það var áreiðanlega ekki tilgangurinn með lagasetningunni í upphafi að einstæðir foreldrar bæru hér skarðan hlut frá borði.

542. Tillaga til þingsályktunar [335. mál]

um mat á skólastarfi.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna reynslu erlendis frá af mati á skólastarfi og móta tillögur um hvernig best verði staðið að þessum málum hér á landi. Í nefndinni eigi sæti m.a. fulltrúar Kennarasambands

Íslands, Hins íslenska kennarafélags, Félags háskólakennara, fræðslustjóra og Rannsóknastofnunar uppeldismála, auk menntamálaráðuneytis. Úttekt þessi nái yfir öll skólastig.

Greinargerð.

Mjög hefur færst í vöxt erlendis að skólar geri úttekt eða láti fara fram mat á starfi sínu og þeirri þjónustu sem þeir bjóða upp á. Hér á landi eru þessi mál stutt á veg komin. Þó hefur á síðustu árum verið unnið að greiningu og mati á skólastarfi í grunnskólum með skólaþróunarstarfi í tengslum við aðalnámsskrá og gerð skólanámsskráa. Úttekt eða gæðamat er þekkt greiningartæki í stjórnunarfræði og er beitt á fyrirtæki, stofnanir og samtök. (Á ensku er oft talað um „review", „assessment" eða „evaluation".)

Tilgangur með mati á skólastarfi.

Á Norðurlöndum hefur á síðustu árum verið unnið að því að móta og koma í framkvæmd mati á skólastarfi á öllum skólastigum. Í Bandaríkjunum hafa lengi tíðkast úttektir á háskólum og háskóladeildum, einstökum starfsþáttum, sem og rannsóknum og kennslu og jafnvel starfsmenntun, kennurum og starfsmönnum í stjórnunarstöðum. Tilgangur skólaúttekta getur verið nokkuð breytilegur en í flestum tilfellum er hann að meta gæði þess starfs og þeirrar þjónustu sem fram fer á vegum viðkomandi skóla.

Markmið úttektar er hvatning og leiðsögn fyrir þann sem hún beinist að. Hún er einnig hugsuð til þess að styrkja það sem vel er gert. Slíkt getur t.d. leitt til endurskoðunar á námsleiðum og stefnu skóla.

Önnur ástæða úttektar er stjórnsýslulegs eðlis. Er þá átt við að yfirstjórn skóla þurfi að vita sem best um stöðu og gang mála í ýmsum deildum eða námsbrautum, m.a. með tilliti til þess hvernig skuli ráðstafa fé, mannafla og húsnæði.

Þriðji tilgangur með úttektum er nokkuð sérstæður og takmarkast helst við háskóla og fagskóla en hann er að öðlast viðurkenningu sérstakra fagsamtaka sem hafa að markmiði að veita hana einungis þeim skólum sem ná fagkröfum samtakanna. Slík viðurkenning er að sjálfsögðu mikilvægur gæðastimpill.

Í fjórða lagi má segja að skóli, sem gengst undir sjálfsmat, sýni með því fram á faglega ábyrgð á starfi sínu.

Auk þess að þykja sjálfsagður hluti af starfsemi hverrar stofnunar má einnig færa sterk rök fyrir mikilvægi úttekta. T.d. hefur fjöldi athugana sýnt að skólastarf, sem sýnir alhliða góðan árangur, einkennist mjög af samkennd og samvinnu milli kennara, sameiginlegri stefnumótun innan skólans um markmið og leiðir, skýrum kennslumarkmiðum, forustu í kennslumálum, stöðugleika og samfellu í skólastarfinu, góðum tengslum við nemendur og virku sjálfsmatskerfi.

Ýmsar leiðir og aðferðir til úttektar.

Oft er greint á milli úttekta eftir því hver gerir þær. Í fyrsta lagi má tala um eigin úttekt eða sjálfsmat. Námsleiðir, kennsluhættir, verkefni og starfsmenn eru oftast viðfangsefni slíkra úttekta. Yfirmenn deilda eða námsbrauta skólans geta gert þessar úttektir.

Í öðru lagi má nefna úttektir aðila utan stofnunar. Það geta verið þeir sem hagsmuna eiga að gæta eins og menntamálaráðuneyti eða fræðsluskrifstofur sem hafa þekkingu og yfirsýn til að bera viðkomandi skóla og námsleiðir hans saman við aðra sambærilega skóla. Slíkar úttektir skulu þó unnar í samstarfi við starfsfólk viðkomandi skóla.

Skiptar skoðanir eru á því hvort úttektir ættu að byggja á sjálfsmati eða athugun aðila utan stofnunar. Ef miðað er við blandaða úttekt gengur hún oft þannig fyrir sig að

fyrst í stað metur skóli sjálfan sig og leggur síðan fram sína skýrslu. Þar kemur fram stefna skólans og leiðir, ýmsar tölulegar upplýsingar um þróun og vöxt skólans, lýsing á uppbyggingu kennslu og annarri starfsemi ásamt mati skólans á starfseminni og hvað betur mætti fara. Síðan styðst nefnd utanaðkomandi aðila við skýrsluna í mati sínu á skólanum. Hins vegar eru þær úttektir einnig algengar sem byggja eingöngu á sjálfsmati skóla. Í því tilfelli vinna skólar gjarnan að úttektinni í náinni samvinnu við t.d. menntamálaráðuneytið.

Tillögur til úrbóta.

Talið er að skólakerfið hér á landi sé orðið mjög umfangsmikið og yfirgripsmikið og erfitt sé fyrir menntamálaráðuneytið að fylgjast með gæðum kennslu og námi í hverjum skóla fyrir sig hvort sem er á grunnskóla-, framhaldsskóla- eða háskólastigi. Skýrsla OECD um menntastefnu á Íslandi frá 1987 gefur í skyn að þörf sé á aðhaldi og samræmingu í skólamálum og tengslum milli skólastiga. Með því að beita matsaðferðum á skólakerfið væri betur hægt að tryggja gæði skólans. Því er talin nauðsyn að skipuð verði nefnd til að meta þörf á að tekið verði upp mat á skólastarfi í skólakerfi landsins á öllum skólastigum og komi nefndin með tillögur um fyrirkomulag og leiðir til úrbóta.

543. Fyrirspurn [336. mál]

til menntamálaráðherra um textavarp.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Hver er kostnaður Ríkisútvarpsins af textavarpi?
2. Hve margir notendur eiga kost á því að njóta textavarps?
3. Hver eru áform um eflingu textavarps á næstunni?

544. Tillaga til þingsályktunar [337. mál]

um afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum.

Flm.: Hrafnkell A. Jónsson, Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem leiði til afnáms tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum og jafnræðis í skattalegri meðferð vaxtahluta lífeyrisins.

Greinargerð.

Þegar staðgreiðslu skatta var komið á var um leið tekin upp tvísköttun lífeyrisgreiðslna. Þær höfðu áður verið undanþegnar tekjuskatti. Eftir breytinguna var tekjuskattur lagður á þær tekjur sem launþegi greiddi sem iðgjald í lífeyrissjóð (4%) og síðan er lífeyririnn skattlagður á nýjan leik þegar hann er greiddur út. Eins kom upp skattaleg mismunun hvað varðar ávöxtun launþegahluta lífeyrisiðgjaldsins þar sem tekinn er tekjuskattur af lífeyrisgreiðslunum á sama tíma og ávöxtun annars sparifjár er skattfrjáls. Hér er um óviðunandi ástand að ræða. Tvísköttun tekna af þessu tagi er óþolandi og

sömuleiðis mismunun í skattlagningu fjármagnstekna með þeim hætti sem hér er bent á.

Það skal áréttað að hér er eingöngu farið fram á breytta skattalega meðferð iðgjaldshluta launþega í lífeyrissjóði.

Á 113. löggjafarþingi var samþykkt tillaga frá Guðmundi H. Garðarssyni svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu."

Í greinargerð með þingsályktunartillögu Guðmundar H. Garðarssonar er vakin athygli á margsköttun iðgjalda sjóðfélaga til lífeyrissjóðanna. Iðgjaldið er skattlagt sem tekjur þegar launþeginn vinnur til þeirra, í annað skiptið þegar lífeyrir er greiddur til sjóðfélaga og síðan má segja að þessar tekjur séu skattlagðar í þriðja sinn þegar þær valda skerðingu á tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins.

545. Tillaga til þingsályktunar [338. mál]

um skoðun og skráningu ökutækja.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að endurskoða samning um skoðun og skráningu ökutækja við Bifreiðaskoðun Íslands hf. frá 10. ágúst 1988. Markmið endurskoðunarinnar er að tryggja hag bifreiðaeigenda á gildistíma samningsins. Stefnt skal að verulegri styttingu samningstímans og að frjálsri samkeppni milli viðurkenndra aðila við skoðun og skráningu ökutækja þegar samningurinn rennur út.

Greinargerð.

Mjög skiptar skoðanir hafa verið í þjóðfélaginu á Bifreiðaskoðun Íslands og samningi dómsmálaráðherra við félagið um einkarétt á skoðun og skráningu ökutækja. Nú hefur fengist nokkur reynsla af þessu fyrirkomulagi og hefur hún staðfest að einokunaraðstaða einkaaðila er mjög varasöm, jafnvel þótt ríkið eigi hlut að henni. Það ber þess vegna að koma á frjálsri samkeppni í þessari starfsemi sem allra fyrst. Þó verður hið opinbera að sjá til þess, áður en það selur hlut sinn í Bifreiðaskoðun Íslands, að hinum óhóflega gróða, sem hefur myndast í skjóli einokunar, verði skilað til neytenda í formi lækkunar þjónustugjalda.

Hinn mikli gróði félagsins í skjóli einkaréttarins hefur verið réttlættur með því að skynsamlegt sé að byggja fyrirtækið upp og síðar muni neytendur fá til baka tilkostnaðinn í lægri þjónustugjöldum. Þessar röksemdir standast ekki vegna þess að jöfnunarhlutabréf hafa verið gefin út fyrir þeim hagnaði fyrirtækisins sem ekki hefur verið greiddur út sem arður.

Nú hefur Alþingi heimilað fjármálaráðherra að selja hlut ríkisins í Bifreiðaskoðun Íslands. Nýti fjármálaráðherra þessa heimild er augljóst, að óbreyttum samningi milli dómsmálaráðherra og Bifreiðaskoðunar Íslands hf., að gróða fyrirtækisins verður enn síður skilað til neytenda í formi lægri þjónustugjalda þar sem nýir eigendur hlutafjár

munu telja sig eiga kröfu á arði af bréfum sínum og þess vegna hlutast til um að þjónustugjöld verði miðuð við fyllstu arðsemiskröfur. Það er í hæsta máta óeðlilegt að einkaaðilar hafi slíkan einkarétt, sem hér um ræðir, án ábyrgðar hins opinbera eins og yrði eftir að ríkið hefði selt sinn hlut í fyrirtækinu.

Með samningnum um „skoðun og skráningu ökutækja" var stefnt að einkavæðingu þessarar starfsemi. Hið opinbera verður því að tryggja að eðlileg samkeppni geti þróast á þessu sviði. Það er þess vegna rétt að fjármálaráðherra nýti sér ekki heimild til að selja hlut ríkisins í Bifreiðaskoðun Íslands hf. fyrr en viðunandi lausnir hafa verið fundnar á fyrirkomulagi skoðunar og skráningar ökutækja sem tryggi hag bæði bifreiðaeiganda og hins opinbera.

Fylgiskjal I.

65. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 62/1988.

Bifreiðaeftirlit ríkisins.

65. gr.

Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit.

Dómsmálaráðherra skipar bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra. Við bifreiðaeftirlitið skulu starfa eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, sem hafa lögregluvald á starfssviði sínu. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög og reglur er um þau gilda.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfnisskilyrði bifreiðaeftirlitsmanna. Hann setur og reglur um starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins og starfssvið bifreiðaeftirlitsmanna. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu við eftirlit og framkvæmd lögregluvalds starfa í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra.

[Fela má hlutafélagi, sem ríkissjóður á hlut í, að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, sbr. 1. mgr., enda verði settar upp skoðunarstöðvar í öllum kjördæmum landsins. Tekur hlutafélagið þá við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun dómsmálaráðherra sem einnig fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélaginu.]*

* Lög nr. 62/1988.

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR
um skoðun og skráningu ökutækja.
(10. ágúst 1988.)

Dómsmálaráðherra samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 62 frá 24. maí 1988, um breyting á umferðarlögum, nr. 50 frá 30. mars 1987, annars vegar og Bifreiðaskoðun Íslands hf. hins vegar gera með sér svohljóðandi:

s a m n i n g

1. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. tekur að sér skoðun ökutækja, sbr. 67. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Framkvæmir félagið skoðun ökutækja í skoðunarstöðvum sínum, en er jafnframt heimilt að veita viðurkenndum aðilum með skoðunaraðstöðu heimild til að annast almenna skoðun eða tiltekna þætti skoðunar samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins. Félagið mun sjá um að settar verði upp stöðvar fyrir skoðun ökutækja í öllum kjördæmum landsins.

2. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. tekur að sér að uppfæra og annast rekstur á ökutækjaskrá sem er í eigu ríkisins og í umsjá dómsmálaráðuneytisins. Skráin er tölvuskráð og varðveitt hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. er heimilt að selja aðgang að bifreiðaskrá og upplýsingar úr skránni samkvæmt reglum sem dómsmálaráðuneytið staðfestir til annarra en þeirra stofnana ríkisins er fara með löggæslu, innheimtu og hagtölugerð, en þær skulu hafa ókeypis aðgang að skránni.

3. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. annast eða hefur eftirlit með nýskráningu ökutækja og félagið annast sölu á númeraskiltum ökutækja sem framleidd verða á vegum dómsmálaráðuneytisins. Er þá miðað við að ökutæki beri sama skrásetningarnúmer frá nýskráningu til þess tíma er notkun bifreiðarinnar er endanlega hætt. Fyrirtækið tekur einnig að sér aflestur á ökumælum fyrir dísilbifreiðir eftir nánara samkomulagi við fjármálaráðuneytið og því er ætlað að taka að sér önnur eftirlits- og skoðunarverkefni eftir nánari ákvörðun stjórnar félagsins.

4. gr.

Markmið félagsins er að byggja upp fullkomnustu skoðunaraðstöðu fyrir aðalskoðun ökutækja sem völ er á og að veita eigendum þeirra aukna þjónustu jafnframt því sem unnið sé að auknu umferðaröryggi í landinu.

Félagið mun í upphafi byggja nýja skoðunarstöð á höfuðborgarsvæðinu og sjá til þess að settar verði upp skoðunarstöðvar í kjördæmum utan þess. Jafnframt verður kappkost-

að að bæta þjónustu við bifreiðaeigendur með þjónustusamningum við aðila sem aðstöðu og búnað hafa til þess að framkvæma bifreiðaskoðun undir eftirliti starfsmanna félagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins ákveður gjaldskrá þess fyrir veitta þjónustu, en gjald fyrir aðalskoðun ökutækja skal þó háð staðfestingu dómsmálaráðherra.

Skal við það miðað að rekstrartekjur fyrirtækisins nægi fyrir eðlilegum rekstrarútgjöldum og að hluthöfum skuli árlega greiddur eigi lægri en 10% arður af hlutafjáreign sinni að teknu tilliti til heimilaðrar útgáfu jöfnunarhlutabréfa.

Hagnaði félagsins skal að öðru leyti varið til þess að byggja upp skoðunaraðstöðu fyrir ökutæki og efla almennt umferðaröryggi í landinu.

6. gr.

Dómsmálaráðherra hefur fyrir sitt leyti samþykkt stofnsamning og samþykktir fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf. þar sem ríkissjóður á helming hlutafjár.

7. gr.

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til ársloka árið 2000. Er þá reiknað með að fyrirtækið hefji starfsemi að fullu eftir nánara samkomulagi um leið og gengið hefur verið frá fullnægjandi skoðunaraðstöðu á vegum félagsins. Verði samningnum eigi sagt upp við lok samningstíma með a.m.k. 1 árs fyrirvara framlengist hann um 10 ára tímabil í senn.

Fylgiskjal III.

STOFNSAMNINGUR
fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf.

1. Heiti hlutafélagsins er Bifreiðaskoðun Íslands.
2. Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.
3. Tilgangur félagsins er að hafa með höndum eftirlit með ástandi og búnaði ökutækja og varðveisla og viðhald ökutækjaskrár í samvinnu við yfirvöld og að vinna að auknu umferðaröryggi í landinu. Nánar tiltekið eru verkefni félagsins sem hér segir:
   a. Árleg skylduskoðun skoðunarskyldra ökutækja.
   b. Gerðarskoðun ökutækja.
   c. Nýskráning ökutækja í samvinnu við bifreiðaumboð
   d. Aðrar skoðanir á ökutækjum í samræmi við reglugerðir.
   e. Varðveisla og viðhald ökutækjaskrár, sem er í eigu ríkisins.
   f. Tölvuskráning upplýsinga og útgáfa á tölfræðilegum upplýsingum um ökutæki á Íslandi.
   g. Sala númeraskilta á ökutæki.
   h. Aðgerðir í því skyni að auka umferðaröryggi.
   i. Ýmis eftirlitsverkefni skv. nánari ákvörðun stjórnar félagsins.
   j. Aflestur ökumæla í dieselbifreiðum eftir nánara samkomulagi við fjármálaráðuneytið.

Félagið er stofnað á grundvelli samnings við dómsmálaráðherra um yfirtöku á skoðun ökutækja fyrir hönd hins opinbera á tímabilinu 1989-2000, en stjórn félagsins getur einnig ákveðið að félagið taki að sér fleiri eftirlitsverkefni, jafnt fyrir hið opinbera sem og fyrir einkaaðila.

4. Hlutafé félagsins er 80 milljónir króna og skiptist það í 500 þús. króna og 50 þúsund króna hluti. A.m.k. fjórðung hlutafjár skal greiða við stofnun félagsins, en afganginn síðar skv. nánari ákvörðun stjórnar. Hlutafjársöfnun er lokið.

5. Stofnendur félagsins eru eftirtaldir aðilar:
Ríkissjóður Íslands
Almennar Tryggingar hf., Reykjavík
Brunabótafélag Íslands, Reykjavík
Samvinnutryggingar g.t., Reykjavík
Sjóvátryggingarfélag Íslands hf., Reykjavík
Tryggingamiðstöðin hf., Reykjavík
Ábyrgð hf.-tryggingafélag bindindismanna, Reykjavík
Hagtrygging hf., Reykjavík
Trygging hf., Reykjavík
Íslensk endurtrygging, Reykjavík
Félag bifvélavirkja, Reykjavík
Guðjón Hannesson, Patreksfirði
Guðjón og Ólafur, Akranesi
Brautin hf., Akranesi
Bifreiðaverkstæði Halldórs Á. Guðmundssonar, Akranesi
Bifreiðaverkstæði Jóns Þorgrímssonar, Akranesi
Guðlaugur Ketilsson, Akranesi
Kaupfélag Árnesinga, Selfossi
Þórhamar, Akureyri
Pardus, Hofsósi
Bílaþjónustan, Blönduósi
Jón Hermannsson, Hvolsvelli.
Ræsir hf.
Bifreiðaverkstæðið Berg, Keflavík
Bílbót sf., Njarðvík
Bifreiðaverkstæði Steinars, Keflavík
Bílasprautun - réttingar BG, Keflavík
Ísarn hf.,
P. Samúelsson & Co hf.
Bíla- og vélaverkstæði Hjalta Sigfússonar, Árskógsströnd
Kaupfélag Rangæinga, Hvolsvelli
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki
Bílaborg hf., Reykjavík
Bifreiðaverkstæði Ragnars Guðmundssonar, Siglufirði
Borgþór Gunnarsson bifreiðaverkstæði, Egilsstöðum
Bílabót hf., Egilsstöðum
Benni & Svenni hf., Eskifirði
Lúkasverkstæðið, Reykjavík

Bifreiðar- og landbúnaðarvélar hf., Reykjavík
Bifreiðaverkstæðið Lykill, Reyðarfirði
Bílaábyrgð hf., Reykjavík
Jöfur hf., Kópavogi
Kraftur hf., Reykjavík
Sveinn Egilsson hf., Reykjavík
Réttingarmiðstöðin, Reykjavík
Norðurleið hf., Reykjavík
Vélsmiðjan Þór, Ísafirði
Bílanaust hf., Reykjavík
Ventill hf., Reykjavík
Brimborg hf., Reykjavík
Globus hf., Reykjavík
Ingvar Helgason hf., Reykjavík
Hekla hf., Reykjavík
Kristinn Guðnason hf., Reykjavík
Bílvangur sf., Reykjavík
Félag bifreiðasmiða, Reykjavík
Bílgreinasambandið, Reykjavík
Félag ísl. bifreiðaeigenda, Reykjavík

6. Stofnendur munu eigi veita ábyrgð á bráðabirgðalánum til uppbyggingar á skoðunarstöðvum félagsins.
7. Félagið greiðir sjálft þann kostnað, sem af stofnun þess leiðir svo sem skrásetningarkosnað, stimpilgjald af hlutabréfum og lögmannsaðstoð.
8. Hlutabréf skulu hljóða á nafn. Eigi eru lagðar hömlur á sölu eða veðsetningu þeirra af hálfu félagsins.
   Eigi fylgja nein sérréttindi hlutafjáreign í félaginu önnur en réttur til þess að skrá sig fyrir nýjum hlutabréfum í hlutfalli við hlutafjáreign sína í félaginu. Hverjum 50 þúsund króna hlut í félaginu fylgir eitt atkvæði.
9. Á stofnfundi félagsins eru lagðar fram til meðferðar samþykktir fyrir félagið, sem stofnendur hafa komið sér saman um.

Stofnsamningur þessi er gerður í einu eintaki, sem afhent verður hlutafélagaskrá, en allir stofnendur fá í hendur afrit samningsins.

Framangreindu til staðfestu, eru undirskriftir aðila.

Reykjavík, 21. júlí 1988.

SAMÞYKKTIR
fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf.

1. Heiti félagsins, heimili og tilgangur.

1.01. Félagið er hlutafélag. Nafn þess er: **Bifreiðaskoðun Íslands.**

1.02. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

1.03. Tilgangur félagsins er að hafa með höndum eftirlit með ástandi og búnaði ökutækja og skráningu þeirra í samvinnu við yfirvöld og að vinna að auknu umferðaröryggi í landinu. Nánar tiltekið eru verkefni félagsins sem hér segir:

a. Árleg skylduskoðun skoðunarskyldra ökutækja.
b. Gerðarskoðun ökutækja.
c. Nýskráning ökutækja í samvinnu við bifreiðaumboð.
d. Aðrar skoðanir á ökutækjum í samræmi við reglugerð.
e. Varðveisla og viðhald ökutækjaskrár, sem eru í eigu ríkisins.
f. Tövuskráning upplýsinga og útgáfa á tölfræðilegum upplýsingum um ökutæki á Íslandi.
g. Sala númeraskilta á ökutæki.
h. Aðgerðir í því skyni að auka umferðaröryggi.
i. Ýmis eftirlitsverkefni skv. nánari ákvörðun stjórnar félagsins.
j. Aflestur ökumæla í dieselbifreiðum eftir nánara samkomulagi við fjármálaráðuneytið.

Félagið er stofnað á grundvelli samnings við dómsmálaráðherra um yfirtöku á skoðun ökutækja og viðhaldi ökutækjaskrár fyrir hönd hins opinbera á tímabilinu 1989-2000, en stjórn félagsins getur ákveðið að félagið taki að sér fleiri eftirlitsverkefni, jafnt fyrir hið opinbera sem og fyrir einkaaðila.

Í því skyni að ná tilgangi sínum skal félagið sjá um að settar verði upp skoðunarstöðvar fyrir ökutæki í öllum kjördæmum landsins. Félaginu er jafnframt heimilt að veita viðurkenndum aðilum með skoðunaraðstöðu heimild til að annast almenna skoðun eða tiltekna þætti skoðunar undir eftirliti starfsmanna félagsins skv. nánari ákvörðun sjórnar félagsins.

2. Hlutafé félagsins.

2.01. Hlutafé félagsins er kr. 80 000 000 og skiptist það í 500 þús. króna og 50 þúsund króna hluti.

2.02. Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu skal honum afhent hlutabréf, sem stjórnin gefur út og veitir honum full réttindi, sem lög eða samþykktir félagsins mæla fyrir um.

2.03. Hlutabréf félagsins skulu vera tölusett með áframhaldandi númerum. Þau skulu hljóða á nafn.

Yfir hlutabréfin skal halda hlutaskrá í löggiltu formi. Skal hún ætíð geymd á skrifstofu hlutafélagsins og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar. Í hlutaskrá skal greina:

2.03.01. Nöfn eigenda hlutabréfa
2.03.02. Heimilsfang eigenda og kennitölu.
2.03.03. Fjölda hluta og númera á hlutabréfum.
2.03.04. Útgáfudag hlutabréfs.
2.03.05. Breytingar, sem verða kunna á skiptum félagsins og eigenda einstakara bréfa svo sem ef bréfið er ógilt með dómi.

Hlutabréf skal árita um þau atriði, sem talin eru upp í 21. gr. hlutafélagalaganna. Skulu stjórnarmenn félagsins allir setja nöfn sín undir hlutabréf og einn þeirra að minnsta kosti skal rita nafn sitt eigin hendi.

Gagnvart félaginu skal hutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa á hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um breytingar á heimilisfangi. Nú glatast hlutabréf og skal þá eigandi fá nýtt bréf, jafnskjótt og félagsstjórninni hafa verið færðar sönnur á, að fenginn hafi verið ógildingardómur á hinu glataða bréfi. Ef hlutabréf skemmist, en þó verður eigi villst á tölu þess og efni getur eigandi þess fengið nýtt hlutabréf á sinn kostnað gegn því að skila aftur hinu skemmda bréfi.

2.04. Engar skorður eru á framsali hlutabréfa milli íslenskra aðilja skv. samþykktum þessum.

2.05. Hver hluthafi skal tilkynna stjórninni utanáskrift sína og má senda til hans allar tilkynningar um félagsmálefni með þeirri utanáskrift. Láti einhver hluthafi hjá líða að skýra frá slíkri utanáskrift, á hann ekki heimtingu á að fá tilkynningar, sem stjórnin kynni að ákveða að senda hluthöfum einum, nema því aðeins, að stjórn félagsins sé kunnugt um heimilisfang hans. Eigi á hann þá heldur rétt á, að fá arðgreiðslur sendar sér. Arðs getur hann hins vegar vitjað í skrifstofu félagsins innan þriggja ára frá því að hann varð gjaldkræfur, en geri hann það ekki, fellur arðurinn til félagsins.

2.06. Hver hluthafi er skyldur til án sérstakrar skuldbindingar að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða þeim síðar kann að verða breytt á löglegan hátt.
Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með ályktunum hluthafafundar.

3. Stjórnskipulag.

3.01. Með stjórn félagsins fara:
3.01.01. Hluthafafundir
3.02.02. Stjórn félagsins
3.01.03. Framkvæmdastjóri

4. Hluthafafundir.

4.01. Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka, sem samþykktir þess og landslög setja er í höndum lögmætra félagsfunda. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en 5 ár frá dagsetningu þess. Hluthafi má sækja fund ásamt ráðgjafa, en ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

4.02. Aðalfund skal halda fyrir lok apríl mánaðar ár hvert. Fundinn skal halda í Reykjavík eða á þeim stað, er stjórnin ákveður á hverjum tíma.

Til aðalfundar skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, með símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Fundarefnis skal getið með minnst einnar viku fyrirvara. Boðun skal ná til allra þeirra hluthafa, sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá.

Aðalfundur er lögmætur, ef hann sækja fulltrúar, sem hafa yfir að ráða helmingi hlutfjárins hið minnsta. Nú reynist aðalfundur ólögmætur og skal þá kvatt til nýs fundar innan mánaðar með a.m.k. 7 daga fyrirvara og þess skal þá getið í fundaboði, að fundurinn sé haldinn í stað þess fyrri fundar, sem ekki varð lögmætur. Er hinn síðari fundur þá lögmætur til ákvarðana um þau mál, er ræða átti á fyrri fundi, hversu fáir sem sækja hann.

4.03. Stjórn félagsins skal kveðja til félagsfundar, þegar hún telur þess þörf svo og skv. fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða fyrir minnst tíunda hluta hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Stjórnin tilkynnir hluthöfum fundarefnið með fundarboðinu. Slíkir aukafundir sem og aðrir venjulegir hluthafafundir skulu boðaðir á sama hátt og aðalfundur þ.e. með minnst einnar viku fyrirvara. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin, skal stjórninni skylt að boða til fundar í síðasta lagi innan tveggja vikna frá því, er henni barst krafan. Hafi félagsstjórnin eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að ráðherra sá, er fer með málefni hlutafélaga, láti boða til fundarins. Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til þess að hægt sé að setja málið á dagskrá fundarins.

4.04. Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál til afgreiðslu:

4.04.01. Skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins s.l. starfsár.

4.04.02. Rekstrar- og efnahagsreikning félagsins fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum endurskoðenda, en reikningar skulu lagðir fram til staðfestingar fundarins.

4.04.03. Kosningu stjórnar sbr. gr. 5.01.

4.04.04. Kosningu endurskoðenda sbr. gr. 7.02.

4.04.05. Ákvörðun um þóknun til stórnarmanna.

4.04.06. Ákvörðun um þóknun til endurskoðenda.

4.04.07. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.

4.04.08. Önnur mál.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/5 hluta hlutafjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðunum um liði 4.04.02 og 4.04.07. til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frest er ekki unnt að krefjast.

4.05. Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða umboðsmanna þeirra eða lögfróðra manna, sem stjórnin stingur upp á. Formaður félagsstjórnar eða annar fulltrúi, sem stjórnin tilnefnir í hans stað setur fundinn og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá hluthafa og umboðsmenn hluthafa, er fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð, þar til hluthafafundur samþykkir breytingar á henni. Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðarbók. Í fundargerðarbók skal skrá allar fundarsamþykktir og gagnorðar fundargerðir. Þá er fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt, skal fundarstjóri undirrita hana ásamt fundarritara.

Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um fundi. Hluthafa og fundarstjóra skal jafnan fengið í hendur eintak hlutafélagalaganna og eintak af samþykktum þessum.

4.06. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum 50 þús. króna hlut í félaginu. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og móti telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal menn til starfa fyrir félagið skal hlutkesti ráða. Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ráða til lykta málefnum þeim er greinir í 77. grein hlutafélagalaganna nr. 32/1978, sbr. þó grein 9.02. samþykkta þessara.

4.07. Rétt til að sitja hluthafafundi hafa, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra framkvæmdastjóri og endurskoðendur félagsins, þótt eigi séu

þeir hluthafar. Hafa þeir fullt málfrelsi og tillögurétt. Einnig er stjórninni heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

5. Stjórn félagsins.

5.01. Aðalfundur kýs árlega 7 menn í stjórn félagsins. Einnig 7 varamenn. Stjórnarmenn þurfa ekki að vera hluthafar í félaginu. Þeir skulu allir hafa búsetu hér á landi.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/4 hlutafjárins krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stórnarmanns. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir aðalfund. Ef atkvæði falla jöfn við stjórnarkjör, skal beita hlutkesti.

5.02. Stjórnin kýs sér fomann og varaformann úr sínum hópi. Formaður boðar stórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær, sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Stjórnarfundir eru ákvörðunarbærir, þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru o.þ.h. skal varamanni veittur kostur á þátttöku í stjórnarfundum meðan forföllin standa.

Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.

Stjórnin skal halda gerðarbók um það, sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

Hún skal einnig halda sérstaka bók um hlutafjáreign stjórnarmanna, og framkvæmdastjóra, ef um það er að ræða, og hún skal færa í hana yfirlýsingar þær er um getur í hlutafélagalögum nr. 32/1978.

5.03. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Meginskyldur hennar eru:

5.03.01. Að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör, ákvarða starfsskipulag, setja erindisbréf, þar sem m.a. er kveðið á um tæknimenntun skoðunarmanna, veita

prókúruumboð og skera úr um ágreining, sem upp kynni að koma milli framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

5.03.02. Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins, sjá um að fylgt sé settum reglum, jafnt lagareglum sem reglum er hluthafafundir eða stjórn hafa ákeðið og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur félagsins til skemmri og lengri tíma.

Sérstaklega skal stjórnin gæta þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð og hún skal taka ákvarðanir um þau framtíðarmarkmið, sem stefnt skal að á hverjum tíma.

5.03.03. Að koma fram fyrir félagsins hönd gagnvart dómstólum og stjórnvöldum.

5.03.04. Að taka ákvörðun um gjaldskrá félagsins fyrir veitta þjónustu. Ákvörðun stjórnar um gjald fyrir skoðun ökutækja þarf þó að hljóta samþykki dómsmálaráðherra hverju sinni.

5.03.05. Að ráða fram úr öðrum málum, sem hún telur nauðsyn á hverju sinni og þeim málum, sem vísað er til sérstakrar úrlausnar hennar af hluthafafundi.

5.04. Stjórn félagsins hefur heimild til að skuldbinda það og er undirskrift 5 stjórnarmanna nægileg, þ. á m. til veðsetningar og sölu einstakra eigna félagsins. Ákvarðanir um sölu á meginhluta eða öllum eignum félagsins þurfa staðfestingar hluthafafundar.

6. Framkvæmdastjóri.

6.01. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert skv. sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsmenn félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félgsins, hafa skal hann samráð við stjórnina um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstörf. Hann segir og upp starfsmönnum og fjallar um launamál þeirra.

6.02. Framkvæmdastjóri er skyldur að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Hann skal veita henni og skoðunarmönnum allar þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

Framkvæmdastjóri er ekki kjörgengur í stjórn félagsins.

7. Ársreikningar og endurskoðun.

7.01. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skal gerð ársreiknings lokið og hann lagður fyrir skoðunarmenn félagsins eigi síðar en einum og hálfum mánuði fyrir aðalfund.

7.02. Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn til eins árs í senn og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfirma. Skoðunarmenn mega þó ekki vera stjórnarmenn félagsins, framkvæmdastjóri eða aðrir stjórnendur né í þjónustu þeirra.

Skoðunarmenn skulu rannsaka allt reikningshald, meðferð fjármuna og samræmi milli rekstrarárangurs annars vegar og settra markmiða, áætlana og ákvarðana stjórnar hins vegar. Halda skal sérstaka endurskoðunarbók í samræmi við 39. gr. hlutafélagalaganna og skal þar skrá ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra.

Skoðunarmenn skulu gera endurkoðunarskýrslu í samræmi við 68. gr. hlutafélagalaga og skal hún vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi 10 dögum fyrir aðalfund.

7.03. Ársreikningar skulu samdir fyrir hvert reikningsár og skulu þeir hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning og uppsetningu þeirra hagað svo sem fyrir er mælt í XII. kafla hlutafélagalaga.

8. Eigið hlutafé félagsins.

8.01. Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10% - tíu af hundraði - en leitast skal stjórnin við að losa félagið á heilbrigðan hátt við þau hlutabréf, sem eðlilegt væri talið að kaupa innan félagsins. Óheimilt er að taka eigin hlutabréf að veði til tryggingar lánum til hluthafa.

Aldrei má nota atkvæði þau, sem fylgja hlutum, er félagið kynni að eiga sjálft og skulu þau talin frá við ákvörðun atkvæðamagns í félaginu.

9. Breytingar á samþykktum félagsins.

9.01. Samþykktum félagsins má breyta á löglegan boðuðum hluthafafundum félagsins enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum. Á fundinum þurfa að vera mættir hluthafar, er fara með umboð fyrir 3/4 hlutafjárins og með breytingunni þurfa að greiða atkvæði hluthafar, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

9.02. Ákvæðum samþykkta þessara um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti sín á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki meira en 9/10 hluta atkvæða allra hluthafa sbr. 77. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978.

10. Slit á félaginu.

10.01. Nú þykir nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um lagabreytingar, sbr. 2. mgr. 114. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess. Fundur sá sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslum skulda í samræmi við XIV. kafla hlutafélagalaga.

11. Önnur ákvæði.

11.01. Ákvæði samþykkta þessara eru sett í samræmi við hlutafélagalög nr. 32/1978 og í mörgum tilvikum til nánari útfærslu á ákvæðum þeirra, en um öll vafaatriði vísast til ákvæða laganna. Verði lögum nr. 32/1978 breytt á einhvern þann hátt, að það geti hugsanlega raskað gildi samþykkta þessara eða breytt efni þeirra frá birtingardegi, skal stjórn félagsins tafarlaust láta kanna áhrif lagabreytinganna og ef ástæða þykir til breytinga á samþykktum þessum að mati eins eða fleiri stjórnarmanna, skal taka málið til meðferðar á næsta aðalfundi félagsins.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins, hinn 21. júlí 1988 og með breytingum samþykktum á aðalfundi 10. mars 1989.

Fylgiskjal IV.

Bifreiðaskoðun Íslands:

Aðalfundur 1990.

Aðalfundur Bifreiðaskoðunar Íslands hf. fyrir árið 1989 var haldinn í fundarsal félagsins 27. apríl 1990. Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóri gerði grein fyrir starfseminni.

Ársreikningur 1989.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 1989 nam hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnskostnað 96,6 millj. kr. Afskriftir námu 16,1 millj. kr. og fjármagnskostnaður 18,4 millj. kr. Að þessu tvennu frádregnu varð hagnaður fyrir skatta 62,1 millj. kr. Reiknaðir skattar voru 23,1 millj. kr. Að þeim frádregnum nam hagnaður 39 millj. kr.

Eigið fé félagsins var 114,2 millj. kr. í árslok að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 80 millj. kr.

Aðalfundur samþykkti að greiða 10% arð af hlutafé en yfirfæra hagnaðinn að öðru leyti til næsta árs.

Hlutafé.

Á aðalfundi kom fram að þegar er lokið innköllun helmings hlutafjár og fyrirhugað er að innkalla fjórðung hlutafjár á árinu. Enn fremur kom fram að ekki hefðu allir stofnaðilar staðið við gefin hlutafjárloforð og mun félagið reyna að innleysa til sín hlutafé þessara aðila og endurselja það á almennum markaði. Félagið innleysti til sín hlutafé Bílaborgar hf.

Samþykktir aðalfundar.

Á aðalfundinum var samþykkt að leita hagkvæmra lausna varðandi húsnæðismál og starfsaðstöðu Bifreiðaskoðunar. Áríðandi væri að hraða tæknivæðingu skoðunarinnar um allt land, en þess gætt að halda fjárfestingarkostnaði í lágmarki.

Þá var samþykkt að kjósa einn eða tvo skoðunarmenn til eins árs í senn. Skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfirma. Kveðið er á um að endurskoðendur megi ekki vera úr hópi stjórnenda félagsins. Skoðunarmönnum er ætlað að fara yfir reikningshald og meðferð fjármuna, halda endurskoðunarbók og skrá athugasemdir sem komið er á framfæri við framkvæmdastjóra. Skýrsla skoðunarmanna skal berast stjórn félagsins í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund.

Stjórn og endurskoðendur.

Í aðalstjórn félagsins voru kjörnir: Þorsteinn Geirsson formaður, Einar Sveinsson, Friðjón Guðröðarson, Ingi R. Helgason, Stefán O. Magnússon, Björn Ómar Jónsson og Guðmundur Hilmarsson.

Endurskoðandi félagsins var kjörinn Guðjón Eyjólfsson löggiltur endurskoðandi. Framkvæmdastjóri er Karl Ragnars verkfræðingur.

Aðalfundur 1991.

Aðalfundur Bifreiðaskoðunar Íslands hf. var haldinn í fundarsal félagsins 30. apríl 1991. Þorsteinn Geirsson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnarinnar og Karl Ragnars framkvæmdastjóri gerði grein fyrir starfseminni á árinu 1990. Samkvæmt rekstrarreikningi fyrir árið 1990 nam hagnaður fyrir tekjuskatt og eignarskatt 141,2 millj. kr. Reiknaðir skattar voru 55,4 millj. kr. og hagnaður að frádregnum sköttum 85,7 millj. kr.

Eigið fé félagsins var 249,5 millj. kr. í árslok að meðtöldu 80 millj. kr. hlutafé. Aðalfundurinn samþykkti að greiða 10% arð af innborguðu hlutafé en yfirfara hagnaðinn að öðru leyti til næsta árs. Þá samþykkti aðalfundurinn að heimila stjórninni að gefa út jöfnunarhlutabréf að því marki sem lög leyfa. Á aðalfundi kom fram að lokið var innköllun þriggja fjórðu hluta hlutafjár og áformað að innheimta síðasta fjórðung hlutafjárins á árinu 1991. Enn fremur kom fram að ekki hefðu allir stofnfélagar staðið við gefin hlutafjárloforð og félagið hefði leyst til sín hluta þess. Áformar félagið að endurselja þessi bréf á frjálsum hlutabréfamarkaði.

Í aðalstjórn félagsins voru kjörnir: Þorsteinn Geirsson formaður, Friðjón Guðröðarson, Stefán O. Magnússon, Ingi R. Helgason, Einar Sveinsson, Björn Ómar Jónsson og Guðmundur Hilmarsson.

Endurskoðandi félagsins var kjörinn Guðjón Eyjólfsson löggiltur endurskoðandi. Framkvæmdastjóri er Karl Ragnars verkfræðingur.

Fylgiskjal V.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til Neytendasamtakanna.

(10. ágúst 1990.)

Vegna bréfs frá Neytendasamtökunum, dags. 25. júlí sl., þar sem beðið er um skýringar á gjaldskrá Bifreiðaskoðunar Íslands hf. tekur ráðuneytið eftirfarandi fram:

Bifreiðaskoðun Íslands hf. er hlutafélag. Hlutaféð er í eigu ríkissjóðs að hálfu og annarra aðila að hálfu. Félagið var stofnað á grundvelli heimildar í 3. gr. laga nr. 62/1988, um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, og tók það 1. janúar 1989 við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins að því er varðar skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, sbr. auglýsingu nr. 530/1988. Sú yfirtaka byggðist á sérstökum samningi milli dómsmálaráðherra og Bifreiðaskoðunar Íslands hf. Hér má vísa til frumvarps til laga um breyting á umferðarlögum sem lagt var fyrir Alþingi 1987–1988 og síðar varð að lögum nr. 62/1988.

Hlutverk Bifreiðaskoðunar Íslands hf. kemur fram í samþykktum þess og áðurgreindum samningum. Það er einkum að annast skoðun ökutækja í skoðunarstöðvum sem það á eða leigir, en stefnt skal að því að settar verði upp skoðunarstöðvar í öllum kjördæmum, sbr. 3. gr. laga nr. 62/1988. Þá annast félagið skráningu ökutækja og það skal halda við ökutækjaskrá.

Eins og þegar hefur komið fram er Bifreiðaskoðun Íslands hf. hlutafélag. Það hefur sérstakan fjárhag. Tekjur félagsins þurfa að standa undir rekstri þess og uppbyggingu. Til

þess nýtur það ekki framlaga úr ríkissjóði að öðru leyti en nemur hlutafjárframlagi. Tekjuliðir koma í meginatriðum fram í gjaldskrá fyrir félagið, en gjöld eru háð ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, sbr. 64. og 67. gr. umferðarlaga. Auk þessa hefur félagið nokkrar aðrar tekjur, svo sem fyrir aðgang að upplýsingum úr ökutækjaskrá.

Gjaldskrár Bifreiðaskoðunar Íslands hf. eru byggðar á fjárhagsáætlun fyrir félagið og við það miðað að tekjur hrökkvi fyrir gjöldum. Við þá ákvörðun er og höfð hliðsjón af því að fyrirtækið er ekki opinber stofnun. Þá hefur verið haft í huga að um er að ræða upphaf nýrrar og endurbættrar starfsemi þótt starfsemin sé að öðru leyti framhald opinberrar þjónustu. Starfsemin er með sjálfstæðan fjárhag sem ekki er gert ráð fyrir að njóti framlaga á fjárlögum hvorki vegna rekstrar né uppbyggingar, heldur hefur félagið tekjur eingöngu af þeirri þjónustu sem í té er látin. Enn fremur hefur verið tekið tillit til þess að skila þarf í ríkissjóð virðisaukaskatti, áður söluskatti, af þjónustunni.

Gjaldskrá sú, sem sett var í ársbyrjun 1989, bar þess að sjálfsögðu merki og voru þá einstakir liðir gjaldskrárinnar metnir að nýju með tilliti til umfangs, svo sem vegna skoðunar stórra bifreiða og breyttra ökutækja. Sama er um verð skráningarmerkja sem þá voru af nýrri gerð. Jafnframt er rétt að taka fram að gjald fyrir almenna skoðun er nú ekki tekið við skráningu bifreiðar og gjald vegna umskráningar hefur verið fellt niður. Gjaldskráin í upphafi þessa árs byggði í meginatriðum á 23% hækkun vegna verðlagsbreytinga nema hækkun skráningarmerkja en þar var tekið tillit til hækkunar framleiðslugjalda samkvæmt forsendum fjárlaga.

Varðandi yfirlit það, sem fylgdi bréfi samtakanna, er þörf á að koma að athugasemdum. Tilgreint gjald fyrir skráningarskoðun búslóðarbifreiðar er fyrir skráningu og skráningarskoðun. Samanburður á gjaldi fyrir skoðun breytts ökutækis varðar skoðun sem fram fer samtímis aðalskoðun. Þá er rétt að taka fram að gjald fyrir skoðun ökutækis fyrir aksturskeppni var 600 kr.

Fylgiskjal VI.

Bréf Neytendasamtakanna til dómsmálaráðherra.

(25. júlí 1990.)

Neytendasamtökin hafa í samvinnu við verðlagseftirlit verkalýðsfélaganna kannað gjaldskrá Bifreiðaskoðunar Íslands fyrir árið 1989 og 1990 og borið saman við gjaldskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins fyrir árið 1988.

Athygli vekur mikil hækkun á flestum liðum milli áranna 1988 og 1989. Sérstaklega viljum við benda á að skoðunargjald á stærri bílum hækkaði um 216,7% en á minni bílum um 58,3%, skoðun breytts ökutækis um 138,1% og skráningarmerki hækkaði um 153,3%. Hins vegar lækkaði skoðun ökutækis fyrir aksturskeppni um 44,4%. Á milli áranna 1989 og 1990 vekur athygli 31,6% hækkun á skráningarmerkjum.

Til samanburðar hækkaði vísitala framfærslukostnaðar frá janúar 1988 til janúar 1989 um 18,2% og frá janúar 1989 til janúar 1990 um 23,7%.

Neytendasamtökin óska eftir skýringum ráðuneytisins á þessum hækkunum. Þar sem

til stendur að birta þessa töflu opinberlega er þess óskað að þessu erindi verði svarað sem allra fyrst og eigi síðar en 10. ágúst nk.

Fylgiskjal VII.

Neytendasamtökin, fréttatilkynningar:

Neytendasamtökin fara fram á lækkun á gjaldskrá Bifreiðaskoðunar Íslands.

(7. maí 1991.)

Neytendasamtökin hafa sent Þorsteini Pálssyni dómsmálaráðherra formlegt erindi þar sem farið er fram á að gjaldskrá Bifreiðaskoðunar Íslands hf. verði lækkuð. Samtökin telja sig hafa ríka ástæðu til þess að ætla að ráðherra taki erindinu vel.

Á síðasta ári könnuðu Neytendasamtökin gjaldskrá Bifreiðaskoðunar Íslands og báru saman við gjaldskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins síðasta starfsár þess. Þar kom eftirfarandi í ljós: Skoðunargjald á fólksbílum hafði hækkað um 57,3%, skoðun vörubíla hafði hækkað um 214,6%, um 100% af léttum bifhjólum og um 137% af breyttum ökutækjum. Á sama tímabili (janúar 1988 til janúar 1990) hafði framfærsluvísitala hækkað um 46,2% og almenn laun minna. Í þessum útreikningum hefur verið tekið tillit til þess að virðisaukaskattur er á þjónustu Bifreiðaskoðunar Íslands, en enginn söluskattur var á þjónustu Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Í síðustu viku bárust svo fréttir af því að tæplega 90 millj. kr. hagnaður varð af rekstri Bifreiðaskoðunar Íslands á síðasta ári, þrátt fyrir byggingu tveggja skoðunarstöðva. Á þessu ári hyggst fyrirtækið byggja fjórar nýjar skoðunarstöðvar, en engu að síður þykir einsýnt að verulegur hagnaður verði af rekstri fyrirtækisins í ár einnig.

Að mati Neytendasamtakanna er því tvímælalaust svigrúm til þess að lækka gjaldskrá fyrirtækisins án þess að dregið verði úr uppbyggingu á þjónustu þess.

Hækkanir á gjaldskrá Bifreiðaskoðunar Íslands.

(28. ágúst 1990.)

Neytendasamtökin hafa í samvinnu við verðlagseftirlit verkalýðsfélaganna kannað breytingu á gjöldum Bifreiðaskoðunar Íslands milli áranna 1989 og 1990 og jafnframt borið saman við gjaldskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins fyrir árið 1988, en um áramótin 1988–1989 var Bifreiðaeftirlitið lagt niður og Bifreiðaskoðunin tók við.

Í töflu má sjá hvað einstakir liðir kosta og hækkanir í prósentum milli ára. Til samanburðar má geta þess að vísitala framfærslukostnaðar hækkaði á tímabilinu janúar 1988 til janúar 1989 um 18,2%. Á tímabilinu janúar 1989 til janúar 1990 hækkaði hún um 23,7%, en laun almennt um 10–14%. Sérstaka athygli vekur eftirfarandi:

1. Við þá breytingu er Bifreiðaskoðun Íslands tekur við af Bifreiðaeftirliti ríkisins verður veruleg hækkun á gjaldskránni, í sumum tilvikum langt umfram almennar

verðhækkanir. Þannig hækkar gjald fyrir skoðun á fólksbíl um 58%, en á stærri bílum svo sem vörubílum um 217%, en þetta hljóta einmitt að vera mikilvægustu tekjuliðir Bifreiðaskoðunar. Skoðun breytts ökutækis samtímis aðalskoðun hækkar um 138%. Í öllum tilgreindum gjaldaliðum er hækkunin meiri en sem nemur hækkun vísitölu framfærslukostnaðar.

2. Á milli áranna 1989–1990 eru breytingar á gjaldskránni í flestum tilvikum í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar, en töluvert meiri ef miðað er við breytingar á launum. Athygli vekur allnokkur hækkun á skráningarmerkjum sem framleidd eru á vinnuhælinu Litla-Hrauni og verð því ákveðið af dómsmálaráðuneytinu, en þau hækka um 32%. Einnig má benda á að um síðustu áramót var tekin upp sérstök mengunarmæling sem kostar 350 kr. á hvern bíl. Skoðunargjaldið fyrir hvern bíl hækkar því í reynd um 42%.
3. Á síðasta ári var um verulegan hagnað að ræða hjá Bifreiðaskoðun Íslands. Þannig var hagnaður til ráðstöfunar rétt tæplega 39 millj. kr. Því er enn meiri ástæða til að gagnrýna þær miklu hækkanir sem áttu sér stað í upphafi hjá þessu fyrirtæki.
4. Neytendasamtökin skrifuðu dómsmálaráðherra bréf þar sem óskað var skýringa á þessum hækkunum. Í meðfylgjandi bréfi má sjá skýringar ráðuneytisins.
5. Það skal tekið fram að Neytendasamtökin gera sér vel grein fyrir að þjónusta Bifreiðaskoðunar Íslands með tilkomu skoðunarstöðvar hefur batnað mikið frá því sem áður var. Það er því eðlilegt að þjónustan kosti eitthvað meira, en Neytendasamtökin efast hins vegar um hvort áðurnefndar hækkanir, jafnmiklar og þær eru, séu réttlætanlegar þrátt fyrir þessa auknu þjónustu.
6. Bifreiðaskoðun Íslands hefur einkarétt á sinni þjónustu. Því hlýtur aðhald að vera enn mikilvægara en ella og eðlilegt að gerð sé krafa um eðlilegar hækkanir á þjónustu þessa fyrirtækis.

	1988	1989	1990	Hækkun á milli árana 1988 og 1989	Hækkun á milli árana 1989 og 1990	Hækkun á milli árana 1988 og 1990
Gjald fyrir skráningu						
Nýskráning	2900	3600	4400	24.1%	22.2%	51.7%
Skráning eigendaskipta	1500	1500	1850	0.0%	23.3%	23.3%
Skráningarmerki	1500	3800	5000	153.3%	31.6%	233.3%
Gjald fyrir almenna skoðun						
Bifreið minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd	1200	1900	2350	58.3%	23.7%	95.8%
Bifreið 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira	1200	3800	4700	216.7%	23.7%	291.7%
Mengunarmæling			350			
Bifhjól	1200	1900	2350	58.3%	23.7%	95.8%
Létt bifhjól	300	600	750	100.0%	25.0%	150.0%
Eftirvagn minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd	1200	1900	2350	58.3%	23.7%	95.8%
Eftirvagn 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira	1200	3800	4700	216.7%	23.7%	291.7%
Gjöld fyrir endurskoðun						
Bifreið minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd	600	950	950	58.3%	0.0%	58.3%
Bifreið 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira	600	1900	1900	216.7%	0.0%	216.7%
Bifhjól	600	950	950	58.3%	0.0%	58.3%
Létt bifhjól	200	300	300	50.0%	0.0%	50.0%
Sérskoðun ökutækja						
Skoðun breytts ökutækis, samtímis aðalskoðun	4200	10000	12400	138.1%	24.0%	195.2%
Sérskoðun vegna aksturskeppni	600	1000	1200	66.7%	20.0%	100.0%

Enn um Bifreiðaskoðun Íslands.

(3. september 1990.)

Nýverið birtu Neytendasamtökin yfirlit yfir hækkanir á þjónustugjöldum hjá Bifreiðaskoðun Íslands undanfarin tvö ár og báru saman við sömu gjöld síðasta árið sem Bifreiðaeftirlit ríkisins starfaði. Í ljós kom að um verulega miklar hækkanir var að ræða. Vegna ummæla Óskars Eyjólfssonar, fjármálastjóra Bifreiðaskoðunar Íslands, er nauðsynlegt að koma eftirfarandi athugasemdum að:

1. Fullyrt er að fyrir utan söluskatt (nú virðisaukaskatt), sem lagður var á þessa þjónustu er Bifreiðaskoðun Íslands tók til starfa, hafi gjaldskráin að öðru leyti hækkað í samræmi við verðlag. Neytendasamtökin benda á að framfærsluvísitala hækkaði á tímabilinu janúar 1988 til janúar 1990 um 46,2% og almenn laun talsvert minna. Ef virðisaukaskatturinn er dreginn frá hækkunum hækkar samt skoðunargjald á fólksbílum og bifhjólum um 57,3%, á vörubílum um 214,6%, á léttum bifhjólum um 100%, á breyttum ökutækjum um 137% og á sérskoðun vegna aksturskeppni um 60,6%. Fullyrðing um eðlilegar hækkanir standast því engan veginn.
2. Bifreiðaskoðun Íslands bendir á að nú sé greitt fyrir umfang skoðunar og taki mun lengri tíma að skoða t.d. stærri bíla en fólksbíla. Neytendasamtökin telja eðlilegt að svo sé gert. En ef ekki er um neina raunhækkun að ræða hjá Bifreiðaskoðun Íslands eins og fullyrt er hvers vegna hækkar þá ekki skoðunargjald fólksbíla minna en sem nemur almennu verðlagi þar sem skoðun stærri bíla og ýmsar sérskoðanir hækkuðu langt umfram verðlag?
3. Bifreiðaskoðun Íslands telur að skoða þurfi heildarkostnað bifreiðaeigenda, en ekki einungis að skoða einstaka liði gjaldskrárinnar. Þannig þurfi ekki lengur að láta ljósaskoða bíla á verkstæðum. Reyndar er það nú svo að víða úti á landi þarf enn að fara með bílana á verkstæði vegna þessa, en þrátt fyrir það þurfa þessir bíleigendur að borga sama skoðunargjald eins og aðrir. Samkvæmt upplýsingum Bifreiðaskoðunar eru ljósin stillt þar ef það er hægt að gera með skrúfjárni. Ef meira er að þarf að leita til verkstæðis. Neytendasamtökin fagna að sjálfsögðu þessari auknu þjónustu, en efast þó stórlega um að umfang hennar sé það mikið að það réttlæti neina verulega hækkun á gjaldskránni.
4. Af hálfu Bifreiðaskoðunar er bent á að annar stór liður sé nú horfinn af útgjöldum bifreiðaeigenda, þ.e. gjald vegna umskráningar við eigendaskipti. Þó það nú væri að Bifreiðaskoðun færi ekki að innheimta gjald vegna þessa þegar Alþingi hefur ákveðið að umskráningar heyri nú sögunni til.
5. Staðreynd er að um 39 millj. kr. hagnað var að ræða hjá Bifreiðaskoðun Íslands á síðasta ári. Þetta gerist þrátt fyrir að þá var verið að reisa langstærstu skoðunarstöðina, skoðunarstöð sem raunar var byrjað að fjármagna á árinu 1988 með tæplega 9 millj. kr. framlagi á þávirði á fjárlögum þess árs.

Neytendasamtökin ítreka því þá skoðun að gjaldskrá Bifreiðaskoðunar Íslands hefur hækkað óeðlilega mikið frá því að Bifreiðaeftirlit ríkisins var lagt niður um áramótin 1988–1989. Fullyrðingar um eðlilegar hækkanir standast ekki eins og rakið hefur verið hér að framan.

En það er fleira sem þróast hefur á verri veg frá því að Bifreiðaeftirlitið var lagt niður. Þannig kostar bifreiðastjóraprór 900 kr. á árinu 1988 þegar Bifreiðaeftirlitið annaðist þessa þjónustu. Nú þegar önnur ríkisstofnun hefur yfirtekið þessa þjónustu, Bifreiðaprór ríkisins, kostar þessi þjónusta 3.000 kr. og hefur því hækkað um 233% á tveimur árum.

Einnig hefur Neytendasamtökunum verið bent á að nú nýverið hækkaði svokölluð gerðarviðurkenning á bíl úr 12.400 kr. í 56.000 kr. hjá Bifreiðaskoðun Íslands. Að sögn Bifreiðaskoðunar er þetta vegna aukinnar vinnu vegna nýrrar reglugerðar um gerð og búnað ökutækja. Gerðarviðurkenning er skoðun á nýrri týpu af bifreið sem ekki hefur verið flutt inn áður. Þessa auknu gjaldtöku borga neytendur að sjálfsögðu þegar upp er staðið.

Þess má að lokum geta að í Svíþjóð kostar skoðun á fólksbíl 1.622 ísl. kr. miðað við gengi í dag. Þessi skoðun er því 45% dýrari hér á landi.

546. Svar [301. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um auglýsingar utanríkisráðuneytisins í Alþýðublaðinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu háa upphæð greiddi utanríkisráðuneytið fyrir auglýsingar í Alþýðublaðinu frá 1. maí 1991 til 1. mars 1992?*
2. *Hvað var auglýst?*

Svar:

1. 442.880 kr.
2. Auglýstir voru kynningarfundir með utanríkisráðherra um EES og GATT. Einu sinni var auglýst laus staða til umsóknar.

547. Lög [230. mál]

um breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 392.

548. Fyrirspurn [339. mál]

til menntamálaráðherra um háskólamenntun í listum.

Frá Valgerði Gunnarsdóttur.

1. Hvenær er að vænta formlegrar ákvörðunar og framkvæmda um listmenntun á háskólastigi?

2. Hver er afstaða ráðherra til tillagna nefndar á vegum menntamálaráðuneytisins um skipan háskólamenntunar í listum?

549. Fyrirspurn [340. mál]

til menntamálaráðherra um málefni leikskólans.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hvernig verður því fylgt eftir að framkvæmt verði ákvæði 3. gr. laga um leikskóla um að sveitarfélög geri könnun á óskum foreldra um leikskólavistun og setji fram áætlanir til a.m.k. tveggja ára í senn? Hvaða sveitarfélög hafa gert slíka könnun síðan lögin voru samþykkt?
2. Hvert er mat ráðherra á þeirri niðurstöðu úr skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans frá því í desember 1991 að þjóðhagslegur ábati eflingar leikskólans geti verið á bilinu 1–1,5 milljarðar kr. árlega?
3. Er ætlun ríkisstjórnarinnar að stuðla að eflingu leikskólans á kjörtímabilinu í ljósi ofannefndrar niðurstöðu?
4. Að hverju er stefnt með þeirri endurskoðun á lögum um leikskóla sem boðuð er í stefnuáætlun ríkisstjórnarinnar og hvað líður framkvæmdum?

Greinargerð.

Þegar leikskólalögin voru samþykkt á sl. þingi náðist því miður ekki samkomulag um að skylda stjórnvöld til að taka markvisst á uppbyggingu leikskólans, þessu mikla hagsmunamáli barna á aldrinum sex mánaða til sex ára og foreldra þeirra. Samkvæmt gildandi lögum er uppbygging og rekstur leikskólans að öllu leyti málefni sveitarfélaga þó að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn málaflokksins.

Nú þegar Hagfræðistofnun Háskólans hefur skilað skýrslu þeirri, sem unnin var fyrir menntamálaráðuneytið, m.a. um leikskólann, eru komnar fram nýjar upplýsingar. Í skýrslunni *Þjóðhagsleg hagkvæmni eflingar leikskóla og lengri skóladags í grunnskóla* kemur m.a. fram að þjóðhagslegur ábati af því að efla leikskólann þannig að 40% barna frá sex mánaða til tveggja ára og 80% eldri barna eigi kost á dagvistun er talinn á bilinu 1–1,5 milljarðar króna árlega. Því þykir fróðlegt að athuga hvort ráðherra er samþykkur þessari niðurstöðu skýrslunnar og ef svo er hvort vænta má framkvæmdaráætlunar á þessu sviði með endurskoðun laganna, jafnvel á vegum ríkisins.

Skriflegt svar óskast.

550. Fyrirspurn [341. mál]

til samgönguráðherra um Fjarskiptaeftirlitið.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Í hvers þágu er hin nýja stofnun, Fjarskiptaeftirlitið, sett á fót, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 173 frá 16. apríl 1991?
2. Hvað er ráðgert að margir starfsmenn vinni við Fjarskiptaeftirlitið?
3. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður stofnunarinnar á ári?
4. Hverjum er ætlað að bera kostnað af starfsemi stofnunarinnar sem mun fá einkaréttarstöðu á sínu sviði? Er ríkissjóði ætlað að bera allan kostnaðinn? Ef ekki, eftir hvaða reglum verður þjónustugjöldum skipt og hverjir eiga að bera þau?

551. Tillaga til þingsályktunar [342. mál]

um tvöföldun Reykjanesbrautar.

Flm.: Árni R. Árnason, Salome Þorkelsdóttir, Árni M. Mathiesen, Sigríður A. Þórðardóttir, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta nú þegar hefja undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Lögð verði ný akbraut við hlið hinnar gömlu þannig að Reykjanesbraut verði fullkomin hraðbraut með aðskildum aksturs stefnum og tveimur akreinum til hvorrar áttar.

Greinargerð.

Á fjórum undangengnum þingum fram að vorþingi 1991 hafa verið fluttar þingsályktunartillögur um tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar við Keflavíkurflugvöll. Fyrst var tillaga flutt af Kolbrúnu Jónsdóttur og Júlíusi Sólnes á 110. löggjafarþingi 1987–1988, þá af Júlíusi Sólnes og Hreggviði Jónssyni 1988–1989, síðan af Hreggviði Jónssyni og Inga Birni Albertssyni 1989–1990 og enn af Hreggviði Jónssyni, Inga Birni Albertssyni og Ellert Eiríkssyni 1990–1991. Tillagan er nú flutt í fimmta sinn, enda er það mat flutningsmanna að mjög brýnt sé að bæta öryggi umferðar og vegfarenda um Reykjanesbraut.

Reykjanesbraut, allt frá Reykjavík til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, er sérstæð meðal þjóðvega landsins. Hún tengir höfuðborgina við eina alþjóðaflugvöllinn í áætlunarflugi milli landa, liggur gegnum þrjá af fjölmennustu kaupstöðum landsins og er notuð af því sem næst öllum ferðalöngum sem koma til landsins og fara frá því, innlendum sem erlendum.

Reykjanesbraut frá Hafnarfirði til Keflavíkur er fyrsti vegur í þjóðvegakerfi landsins með bundnu slitlagi. Lagning hennar á árunum 1963 og 1965 markaði tímamót í sögu vegagerðar á Íslandi. Sú framkvæmd var svar við mjög brýnni þörf því að umferð milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins var þá þegar orðin svo mikil að gamli malarvegurinn var með öllu ófullnægjandi.

Með tilkomu brautarinnar varð mikil breyting til batnaðar. Flutningsgeta jókst gífurlega og öll umferð varð miklu greiðfærari. Þetta olli straumhvörfum í öllum samskipt-

um íbúa Suðurnesja við höfuðborgarsvæðið og átti sinn þátt í því að efla atvinnulíf á Suðurnesjum. Um svipað leyti og brautin var tekin í notkun var öllu millilandaflugi beint til Keflavíkurflugvallar sem var þá og er enn meðal best búnu og öruggustu flugvalla við norðanvert Atlantshaf. Allar götur síðan hafa allir flugfarþegar til og frá Íslandi átt leið um Reykjanesbraut. Hún er því þjóðvegur allra landsmanna og um leið fyrsti og síðasti áfangi í ferð langflestra erlendra ferðamanna um Ísland. Öryggi vegfarenda á Reykjanesbraut ræður því miklu um hvernig þeir minnast dvalar sinnar hér á landi og hvort þeir hyggjast koma hingað aftur eða ekki.

Bættar samgöngur eru höfuðforsenda þess að tengja saman atvinnulíf á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu sem er eftirsóknarvert af efnahagslegum ástæðum og enn fremur frá sjónarmiði vinnumarkaðarins. Mikilvægi þessa má marka af því að ríkisstofnun, sem fjallar um atvinnuástand og leiðir til úrbóta, hefur nýlega ályktað að ekki sé ástæða til aðgerða þó að atvinnuástand á Suðurnesjum sé langverst á landinu og langvarandi atvinnuleysi miklu meira þar en í öðrum landshlutum því að Suðurnesjabúar geti sótt vinnu til Reykjavíkur. Nú er talið að nærfellt 1.000 manns aki brautina daglega til og frá vinnu milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins, langmest til vinnu á Keflavíkurflugvelli. Ef þessi fjöldi tvöfaldast vegna atvinnusóknar Suðurnesjabúa til höfuðborgarsvæðisins má búast við gríðarlegri aukningu umferðar um Reykjanesbraut því að ekki er að vænta mikillar samnýtingar ökutækja þess fólks.

Bættar samgöngur skipta höfuðmáli fyrir byggðaþróun á Suðurnesjum og möguleika til þess að nýta til fullnustu þá kosti sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Lengi hefur verið talað um tollfrjáls atvinnusvæði, fríiðnaðarsvæði, í námunda við flugstöðina og virðist nú loks hilla undir að úr verði. Einnig hefur komið til tals að skapa miðstöð fyrir erlend viðskipti sem raunar má telja nauðsynlega í tengslum við fríiðnaðarsvæði. Flugleiðir byggja þar nú geysistórt flugskýli og munu flytja þangað viðhald flugflota félagsins og ráðgera að annast þar viðhaldsverkefni fyrir önnur fyrirtæki í alþjóðlegri flugstarfsemi. Vænta má aukningar á umsvifum Íslendinga í ferðaþjónustu og ráðgera Suðurnesjabúar að taka vaxandi þátt í henni. Atvinnulíf á Suðurnesjum hefur átt erfitt uppdráttar seinni árin. Mikill samdráttur hefur verið í útgerð og iðnaður og verslun hafa engan veginn styrkst þar á móti. Á Suðurnesjum er þó einstæð aðstaða til útflutnings því að hvergi annars staðar á landinu er jafnstutt milli hafna sem liggja vel að fiskimiðum og flugvallar sem getur annast vöruflug hvert sem þarf. Með byggingu og starfrækslu stóriðjuvers á Keilisnesi verður mikilvægi Reykjanesbrautar enn meira og umferð og flutningar um hana munu stóraukast. Því er nú ástæða til að huga að ástandi brautarinnar, öryggi vegfarenda um hana og getu hennar til að annast aukna umferð og flutninga. Tvöföldun Reykjanesbrautar mundi gjörbreyta allri aðstöðu fyrir Suðurnesjamenn og bæta stórum möguleika þjóðarinnar til að ná umtalsverðri aukningu arðvænlegra starfa og er það næg réttlæting fyrir því að hraða þessari framkvæmd.

Umferð um Reykjanesbraut hefur aukist jafnt og þétt, einkum vegna aukinna vöruflutninga í flugi, einnig vegna aukins samstarfs fyrirtækja og með aukinni atvinnusókn milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins. Umferðaróhöppum og slysum á brautinni hefur fjölgað að sama skapi. Áhyggjur af öryggi vegfarenda um Reykjanesbraut hafa komið fram í vaxandi mæli í hlustendaþáttum og lesendadálkum fjölmiðla, svo og í ályktunum sveitarstjórna. Hinn 25. janúar sl. var samgönguráðherra afhent áskorun um 4.000 einstaklinga um nákvæma athugun á hugmynd nokkurra aðila um tvöföldun Reykjanesbrautar.

Reykjanesbraut í núverandi mynd fullnægir hvergi nærri þeim kröfum sem gera verður til einu samgönguæðar Suðurnesja og eina alþjóðaflugvallar þjóðarinnar við höfuð-

borgarsvæðið. Einkenni umferðar um Reykjanesbraut er hin mikla næturumferð allan ársins hring, svo og tímatakmörk sem næturferðirnar eru bundnar við, þ.e. upphaf vinnudags eða morgunvaktar og brottfarartíma áætlunarflugs. Vaxandi atvinnusókn um Reykjanesbraut mundi auka næturumferðina. Aksturseiginleikar á brautinni eru oft mjög slæm og versna oft mjög skyndilega vegna tíðra og snöggra umhleypinga með miklum sveiflum í hita og úrkomu. Í rigningu og þoku eru umferðaróhöpp tíð. Á veturna myndast oft mikil hálka á örskammri stund. Umferðarslys má oft rekja til þessara skyndibreytinga á aksturseiginleikum, svo og orsakast þau af framúrakstri og útafakstri vegna þess að á veginum er umferð í báðar áttir. Með vaxandi umferð hefur slysum farið mjög fjölgandi. Á þessum 50 km af 8.300 km þjóðvegakerfi Íslands, þ.e. á 0,6% allra þjóðvega landsins, verða 12,3% allra umferðarslysa, enda hefur Reykjanesbrautin verið nefnd svartasti vegarkafli landsins á Íslandi. Því er deginum ljósara hve brýnt er að bæta öryggi umferðar og vegfarenda um Reykjanesbraut. Einnig það er næg réttlæting fyrir því að hraða framkvæmd þessari.

Sérfræðingar Vegagerðar ríkisins hafa talið að þegar mesta umferð nemi um 8.000–10.000 bifreiðum á sólarhring þurfi að aðskilja aksturstefnur. Ljóst er að óðfluga dregur að því að umferðarþunginn nái þessum mörkum. Þá er ekki tekið tillit til þess hvert er hlutfall þungra bifreiða í umferð um Reykjanesbraut. Aðalfundur Sambands sveitarstjórna á Suðurnesjum 1991 benti á í ályktun um olíuflutninga um Reykjanesbraut að um hana eru árlega flutt um 80.000 tonn af flugvélabensíni auk annarra bensín- og olíuflutninga. Greining Vegagerðar ríkisins leiðir í ljós að hlutfall þungra bifreiða á Reykjanesbraut muni vera 10–11% á virkum dögum og 4–5% um helgar. Þetta er hærra hlutfall en almennt á þjóðvegum landsins. Hærra hlutfall þungaflutninga en almennt gerist er skýr ábending um að almennir arðsemisútreikningar vegaframkvæmda eru ófullnægjandi til að meta arðsemi og þörf á að tvöfalda Reykjanesbraut.

Á fyrsta umferðarþingi í nóvember 1990 flutti Lára Margrét Ragnarsdóttir, hagfræðingur hjá Ríkisspítölunum, erindi um kostnað þjóðfélagsins af völdum umferðarslysa 1989 á verðlagi í nóvember 1990. Forsendur hennar eru birtar í skýrslu um störf þingsins. Þar kemur fram að telja megi að um 4.000 manns hafi slasast í umferðinni 1989 en 28 létust. Niðurstöður hennar, einnig birtar í skýrslunni, eru að samtals hafi kostnaður þjóðfélagsins numið 5.239 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins voru umferðarslys á Reykjanesbraut 12,3% allra umferðarslysa á árinu 1987, síðasta heila árið sem lögregluskýrslur voru gerðar um öll umferðaróhöpp. 12,3% af fyrrgreindri fjárhæð framreiknaðri til verðlags ársins 1991 (meðaltal) eru um 695 millj. kr. Sú fjárhæð er óyggjandi vísbending um kostnað þjóðfélagsins af umferðarslysum á Reykjanesbraut á ári hverju meðan ekki er bætt öryggi umferðar og vegfarenda um hana og um þann ávinning sem þjóðfélagið getur vænst af þeirri framkvæmd. Þessi vísbending er enn sem komið er ekki viðhöfð við athuganir Vegagerðar ríkisins á arðsemi vegaframkvæmda.

Af fylgiskjölum með greinargerðinni má sjá að íbúar á Suðurnesjum voru 1. desember sl. 15.355 auk um 5.000 íbúa í varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Einnig að um Keflavíkurflugvöll fara alls um 700 þúsund farþegar árlega og nærfellt 20 þúsund tonn af vörum og pósti. Þessir flutningar eru jafnmiklir og um alla aðra flugvelli á Íslandi.

Kostnaður við tvöföldun Reykjanesbrautar er í janúar 1992 gróflega áætlaður um 1,5 milljarðar króna. Íbúar á Suðurnesjum að meðtöldum íbúum Keflavíkurflugvallar eru um 19.000. Daglegir notendur Reykjanesbrautar eru auk þeirra fyrrnefndu þeir nærfellt 1.000 íbúar höfuðborgarsvæðisins sem stunda atvinnu á Keflavíkurflugvelli. Þá er Reykjanesbraut þjóðvegur allra landsmanna sem ferðast til og frá landinu, svo og allra erlendra ferðamanna sem hingað koma og um hana eru miklir þungaflutningar. Til samanburðar

má nefna: Íbúar Ólafsfjarðar eru um 1.150. Kostnaður við gerð ganga um Ólafsfjarðarmúla var síðast áætlaður um 1,3 milljarðar króna. Íbúar vestan Ísafjarðar allt til Patreksfjarðar eru samtals um 3.000 og kostnaður við gerð jarðganga undir Breiðadalsheiði milli Ísafjarðar, Suðureyrar og Flateyrar er talinn munu nema um 1,3 milljörðum króna.

Fylgiskjal I sýnir hvar slys hafa orðið á Reykjanesbraut á árunum 1980–1989.

Fylgiskjal II sýnir upplýsingar um banaslys á Reykjanesbraut.

Fylgiskjal III sýnir upplýsingar um umferðarþunga og umferðarslys á Reykjanesbraut frá því að brautin var fullgerð eins og hún er nú, en án þeirra lagfæringa sem verið er að gera við vegamót að henni og við vegaraxlir.

Fylgiskjal IV sýnir samanburð umferðarslysa á Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi og ályktanir um ástæður mismunar.

Fylgiskjal V sýnir íbúafjölda á Suðurnesjum.

Fylgiskjal VI sýnir umferð um Keflavíkurflugvöll.

Fylgiskjal I.



Fylgiskjal II.

Umferðarráð:

Banaslys á Reykjanesbraut.

(13. febrúar 1992.)

Á árunum 1968 til ársloka 1991 hafa orðið 33 umferðarslys á Reykjanesbraut sem leitt hafa til dauða eins eða fleiri vegfarenda.

Alls hafa 40 manns látist í þessum slysum. Í árekstrum hafa farist 21, í bílveltum 4, í útafkeyrslum 7, fyrir bíl hafa orðið 5. Samtals eru látnir 40, þ.e. 25 karlmenn, 12 konur og 3 börn. Tvö urðu fyrir bíl sem gangandi vegfarendur og kornabarn, sem var farþegi í bíl, lést.

Þetta er eingöngu yfirlit yfir banaslysin sem orðið hafa á Reykjanesbraut. Þar við bætist mikill fjöldi annarra slysa og hafa sum þeirra verið mjög alvarleg.

Fylgiskjal III.

Umferð og umferðarslys á Reykjanesbraut.

Ár[1]	MDU	ÁDU	SDU	VDU	Slys
1965		1.340			
1966			1.530		
1967		1.500			
1968		1.540			
1969		1.630			
1975		2.820	3.220		
1976			3.310		
1977		3.250	3.540		
1978		3.240	3.710		
1979		3.240	3.460		
1980		3.120	3.530		
1981		3.130	3.550		
1982	4.000	3.070	3.590		90
1983	3.900	3.010	3.670		110
1984	4.100	3.180	3.930		107
1985	5.300	3.610	4.170		100
1986	5.547	3.663	4.308		124
1987	7.802	4.663	5.428		172
1988[2]	8.632	4.974	4.728		152
1989	7.806	4.789	5.642	3.862	131
1990	7.733	4.894	5.771	3.945	107
1991[3]	7.850	5.226	6.029	4.468	

Athugasemdir:

[1] MDU táknar mesta fjölda bíla á sólarhring yfir árið, eða MestaDagsUmferð.
ÁDU táknar meðalfjölda bíla á sólarhring yfir árið, eða ÁrsDagsUmferð.
SDU táknar meðalfjölda bíla á sólarhring yfir sumarmánuðina, eða SumarDagsUmferð.
VDU táknar meðalfjölda bíla á sólarhring yfir vetrarmánuðina, eða VetrarDagsUmferð.

[2] Vegna breytinga á skráningu umferðarslysa eru tölur árið 1988 og síðar ekki sambærilegar við tölur fyrri ára sem eru allar úr lögregluskýrslum. Tölur ársins 1988 og síðar fela aðeins í sér þau tilvik þar sem lögregla er tilkvödd, en á fyrri hluta árs 1988 var tekinn upp nýr háttur á skýrslugerð um umferðaróhöpp og umferðarslys með tilkomu sérstakra eyðublaða tryggingafélaganna sjálfra.

[3] Ekki eru fyrirliggjandi tölur úr lögregluskýrslum um slys á Reykjanesbraut á árinu 1991.

Heimild: Vegagerð ríkisins.

Fylgiskjal IV.

Samanburður umferðaróhappa, slysa og dauðaslysa á Reykjanesbraut og á Suðurlandsvegi árin 1984–1988, fjöldi og tíðni.

	Öll óhöpp		Slys (meiðsl)		Dauðaslys
	Fjöldi	Tíðni	Fjöldi	Tíðni	
Vegur — Kafli	Meðaltal		Meðaltal		Alls
Suðurlandsvegur:					
Árbær — Hafravatnsvegur	9	1,07	2	0,24	0
Hafravatnsvegur — sýslumörk	7	0,71	2	0,16	0
Sýslumörk — Þrengslavegur	8	1,05	2	0,22	1
Þrengslavegur — Hveragerði	20	1,18	5	0,30	3
Suðurlandsvegur	44	1,00	11	0,23	4
Reykjanesbraut:					
Krýsuvíkurvegur — Kúagerði	23	1,31	7	0,39	2
Kúagerði — Grindavíkurvegur	26	1,39	8	0,47	2
Grindavíkurvegur — Víknavegur	10	1,32	3	0,38	0
Reykjanesbraut	59	1,34	18	0,41	4

	Öll óhöpp		Slys (meiðsl)	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Suðurlandsvegur:				
Útafakstur	54	30,9	25	58,1
Ekið aftan á bifreið	42	27,4	6	14,0
Ekið framan á bifreið	22	12,6	6	14,0
Ekið á hlið á bifreiðar	37	21,1	5	11,6
Ekið á kyrrstæðan hlut	6	3,4	1	2,3
Ekið á gangandi vegfaranda	0	0,0	0	0,0
Ekið á skepnu	7	4,0	0	0,0
Rúðubrot	1	0,6	0	0,0
Alls	**175**		**43**	
Reykjanesbraut:				
Útafakstur	112	37,8	60	65,9
Ekið aftan á bifreið	52	17,7	10	11,0
Ekið framan á bifreið	20	6,8	10	11,0
Ekið á hlið á bifreiðar	46	15,6	11	12,1
Ekið á kyrrstæðan hlut	17	5,8	0	0,0
Ekið á gangandi vegfaranda	0	0,0	0	0,0
Ekið á skepnu	41	13,9	0	0,0
Rúðubrot	7	2,4	0	0,0
Alls	**294**		**91**	

Tíðni umferðaróhappa eftir árum.

Vegur	1984	1985	1986	1987	1988	Meðaltal
Suðurlandsvegur	0,35	0,18	0,21	0,26	0,16	0,23
Reykjanesbraut	0,47	0,55	0,31	0,26	0,48	0,41

Óhöpp, sem verða þegar ekið er aftan á bifreið og á hlið bifreiðar, verða flest við gatnamót. Um 24% fleiri slík óhöpp verða á Reykjanesbraut og afleiðingarnar þar verða miklu verri því að um 90% fleiri slík óhöpp með slysum (meiðslum) verða á Reykjanesbraut en Suðurlandsvegi.

Slys (meiðsl) verða í 70% fleiri tilvikum árekstra (ekið framan á bifreið) á Reykjanesbraut en á Suðurlandsvegi þó að slík óhöpp verði ívið fleiri á Suðurlandsvegi.

Útafakstur er 100% tíðari á Reykjanesbraut og slys (meiðsl) í þeim verða 140% fleiri þar en á Suðurlandsvegi. Útafakstur af Reykjanesbraut er því miklu hættulegri vegfarendum, auk þess sem þar verða meiri skemmdir á ökutækjum. Mun skýringar að leita í næsta umhverfi brautarinnar ásamt hinni miklu næturumferð um hana.

Suðurlandsvegi hefur verið betur við haldið, bæði slitlagi og vegaröxlum.

Framúrakstur á Suðurlandsvegi er auðveldari en á Reykjanesbraut, bæði vegna betri legu og nokkurra framúrakstursreina á Suðurlandsvegi.

Heimild: Vegagerð ríkisins: Október 1989 og 11. maí 1990.

Fylgiskjal V.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum:

Íbúafjöldi á Suðurnesjum:

Sveitarfélag	Íbúar 1.12.88	Íbúar 1.12.87	Íbúar 1.12.88	Íbúar 1.12.89	Íbúar 1.12.90	Íbúar 1.12.91*
Keflavík	7.014	7.133	7.305	7.423	7.525	7.572
Njarðvík	2.248	2.352	2.443	2.392	2.405	2.494
Grindavík	2.005	2.047	2.132	2.161	2.172	2.170
Sandgerði	1.256	1.253	1.273	1.257	1.253	1.278
Gerðahreppur	1.064	1.060	1.065	1.066	1.074	1.076
Vatnleysustrandarhreppur	628	644	624	653	646	651
Hafnahreppur	119	114	107	130	127	114
Samtals	**14.334**	**14.603**	**14.949**	**15.082**	**15.202**	**15.355**
Fjölgun milli ára (í prósentum)	1,00	1,02	1,02	1,01	1,01	1,01

*Bráðabirgðatölur.

Íbúafjöldi 1990 og hlutfall:

Sveitarfélag	Íbúar 1.12.90	Hlutfall %
Keflavík	7.525	49,50
Njarðvík	2.405	15,82
Grindavík	2.172	14,29
Miðneshreppur	1.253	8,24
Gerðahreppur	1.074	7,06
Vatnleysustrandarhreppur	127	0,84
Hafnahreppur	646	4,25
Samtals	**15.202**	**100,00**

Fylgiskjal VI.

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja hf.:

Umferð um Keflavíkurflugvöll.

ÁR	LEND-INGAR	FARÞEGAR				VÖRUR Í TONNUM				PÓSTUR Í TONNUM			
		HÉÐAN	HINGAÐ	ÁFRAM	SAMTALS	HÉÐAN	HINGAÐ	ÁFRAM	SAMTALS	HÉÐAN	HINGAÐ	ÁFRAM	SAMTALS
1959 ..	1,304	878	728	60,652	62,258	28	51	1,389	1,468	6	16	186	208
1960 ..	1,291	713	768	43,119	44,600	32	30	1,664	1,726	4	17	113	134
1961 ..	1,169	2,037	1,950	34,851	38,838	33	110	842	985	6	15	49	70
1962 ..	1,146	2,711	1,971	33,822	38,504	89	213	817	1,119	21	29	30	80
1963 ..	1,061	2,777	2,598	30,570	35,945	27	112	414	553	17	17	34	68
1964 ..	1,548	9,633	10,081	73,120	92,834	78	213	567	858	35	39	23	97
1965 ..	2,389	22,633	22,225	133,725	178,583	167	517	906	1,590	55	105	67	227
1966 ..	2,480	29,963	27,518	155,698	213,179	176	614	367	1,157	92	176	71	339
1967 ..	2,654	45,982	45,702	177,758	269,442	282	946	374	1,602	214	250	45	509
1968 ..	2,967	49,787	53,084	209,474	312,345	300	1,172	638	2,110	248	355	52	655
1969 ..	3,329	55,829	54,045	251,109	360,983	566	1,461	1,414	3,441	231	392	98	721
1970 ..	3,294	65,941	66,619	304,237	436,797	639	1,533	1,800	3,972	169	446	76	691
1971 ..	3,838	83,795	81,347	374,874	540,016	740	1,910	2,712	5,362	185	458	97	740
1972 ..	4,043	98,606	98,412	346,326	543,344	924	2,229	3,188	6,341	214	509	81	804
1973 ..	3,823	115,055	110,543	284,483	510,081	1,066	2,623	4,355	8,044	275	499	33	807
1974 ..	3,664	130,053	119,013	249,627	498,693	809	2,731	3,967	7,507	275	463	36	774
1975 ..	3,268	117,659	118,342	237,342	473,343	744	2,296	2,638	5,678	315	519	29	863
1976 ..	3,281	123,309	123,463	258,921	505,693	900	2,043	4,872	7,815	303	500	21	824
1977 ..	3,553	137,416	137,487	254,927	529,830	993	2,239	5,403	8,635	327	483	20	830
1978 ..	3,795	146,537	145,330	267,267	559,134	1,226	2,711	5,972	9,909	348	470	31	849
1979 ..	3,825	144,475	147,562	261,343	553,380	1,305	3,483	4,836	9,624	382	414	36	832
1980 ..	3,299	128,777	129,097	138,372	396,246	1,485	2,610	3,215	7,310	384	474	37	895
1981 ..	3,477	142,511	141,483	147,866	431,860	1,707	2,484	2,347	6,538	413	450	18	881
1982 ..	3,580	150,887	152,411	169,489	472,787	2,538	2,672	1,887	7,097	568	504	37	1,109
1983 ..	3,269	145,557	144,628	165,698	455,883	3,014	2,726	2,404	8,144	507	558	46	1,111
1984 ..	3,466	165,276	168,470	170,435	504,181	2,277	3,466	4,101	9,844	433	769	45	1,247
1985 ..	4,045	182,393	183,469	201,374	567,236	2,178	3,907	3,048	9,133	472	849	53	1,374
1986 ..	4,337	213,056	211,539	179,292	603,887	2,571	4,405	1,703	8,679	511	961	71	1,543
1987 ..	5,342	263,441	258,857	226,476	748,774	3,708	6,026	2,043	11,777	527	1,041	210	1,778
1988 ..	5,719	266,264	266,077	203,867	736,208	5,476	6,113	3,000	14,589	503	1,094	340	1,937
1989 ..	5,908	262,651	259,507	135,938	656,096	7,741	5,199	12,233	25,173	630	1,077	166	1,873
1990 ..	6,262	271,888	271,592	155,965	699,445	7,989	5,386	3,313	16,688	529	1,217	130	1,876
1991 ..	6,441	278,380	278,756	130,080	687,216	7,943	6,460	2,235	16,638	546	1,272	102	1,920

Heimild: Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.

552. Frumvarp til laga [343. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson,
Kristín Einarsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

1. gr.

6. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal ákvarðaður af ráðherra eftir tillögum barnalífeyrisnefndar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar, einn tilnefndur af ráðherra og er hann jafnframt formaður, einn tilnefndur af tryggingaráði, einn tilnefndur af Félagi einstæðra foreldra, einn tilnefndur af dómsmálaráðherra og einn tilnefndur af Hagstofu Íslands. Nefndin skal meta kostnað við framfærslu barns að frádregnum bótum til einstæðra foreldra og miða tillögu sína við að barnalífeyrir nemi ekki lægri upphæð en sem nemur helmingi af kostnaði við framfærslu barns samkvæmt mati nefndarinnar. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna er njóta örorkulífeyris.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 113. löggjafarþingi og var fyrsti flutningsmaður þá Málmfríður Sigurðardóttir. Ekki tókst að mæla fyrir frumvarpinu fyrir þinglok og því er það nú endurflutt svo til óbreytt.

Ákvörðun barnalífeyris fer enn eftir reglum sem settar voru þegar lög um almannatryggingar tóku gildi fyrir meira en 50 árum. Þessar reglur eru löngu úreltar og meira en tímabært að taka upp aðrar aðferðir við mat á lífeyri, þ.e. taka mið af kostnaði við framfærslu eins og hún er nú. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að skv. 2. mgr. 16. gr. barnalaga skal meðlagsgreiðsla taka mið af barnalífeyri og hvorugt er í neinu samræmi við kostnað af framfærslu barns.

Barnalífeyrir, og þar með meðlag, er í dag 7.425 kr. á mánuði. Færa má sterk rök fyrir því að foreldri sem greiðir lágmarksmeðlag með barni sínu — í flestum tilvikum faðir — leggi talsvert minna af mörkum til framfærslu barnsins en það mundi gera ef það væri í sambúð með barninu. Það getur tæpast verið vilji löggjafans að draga með þessum hætti úr framfærsluskyldu við sambúðarslit.

Með þessu frumvarpi er lögð á það áhersla að barnalífeyrir og meðlag sé í samræmi við þann kostnað sem fylgir framfærslu barns. Lagt er til að skipuð verði nefnd sem meti þennan kostnað og geri tillögu til ráðherra um árlegan barnalífeyri á grundvelli þess mats.

Í fylgiskjali eru birtar niðurstöður könnunar á kostnaði við framfærslu barna árið 1986 sem Félag einstæðra foreldra lét gera. Þar kemur í ljós sá munur sem er á raunverulegum útgjöldum vegna barna og þeim greiðslum sem hið opinbera ákvarðar til framfærslu þeirra. Þó að einstakar tölur hafi breyst nokkuð frá því könnunin var gerð virðast hlutföll ekki hafa raskast svo nokkru nemi og enn gefur hún því góða hugmynd um stöðu mála. Rétt er að hafa í huga þegar könnunin er skoðuð að vísitala vöru og þjónustu var að meðaltali 172,2 árið 1986 en var 401,8 1. mars 1992. Tölur í könnuninni þarf því að margfalda með 2,333 til að framreikna þær til dagsins í dag.

Fylgiskjal.

Félag einstæðra foreldra:

Könnun félags einstæðra foreldra
á kostnaði við framfærslu barna 0–18 ára.

Könnun þessari var lokið í febrúar 1987 og miðast hún við framfærslukostnað á árinu 1986. Hvergi er tekinn með kostnaður við húsnæði, né heldur rafmagns-, hita- eða símakostnaður. Við áætlun fæðiskostnaðar er stuðst við meðaltal úr heimilisbókhaldi DV.

Þar sem nauðsyn tannréttinga og gleraugnanotkun er svo algeng sem raun ber vitni eru þeir liðir hér með.

Fatnaði öllum er í hóf stillt og stuðst við meðalverð.

Það kom í ljós í þessari könnun að meðlagsgreiðandi greiðir að meðaltali aðeins $^1/_4$ af því sem kostar að framfæra barnið. Þar kemur berlega í ljós framkvæmd barnalaganna um jafna framfærsluskyldu foreldra.

BARN 0-6 MÁNAÐA:
****

Útgjöld:

Fæðiskostn. heima fyrstu 3 mán.	kr	1.240
Fæðiskostn. heima næstu 3 mán.	kr	4.053
Dagheimilisgjald í 3 mánuði	kr	10.860
Barnarúm	kr	4.640
Sæng/koddi	kr	2.910
Burðarrúm	kr	3.800
Barnavagn	kr	18.956
Leikgrind	kr	5.400
Ungbarnastóll	kr	2.456
Hreinlætisvörur	kr	2.472
Pelar og snuð	kr	852
Rúmfatnaður	kr	4.974
Ungbarnaflíkur	kr	11.941
Útigallar (í vagninn)	kr	1.598
Hettupeysa	kr	549
Handklæði	kr	1.600
Baðbali og koppur	kr	1.099
Mataráhöld	kr	500
Pappírsbleyjur	kr	12.360
Lækniskostnaður	kr	975
Samtals	kr	93.235
Mismunur, vantar til framfærslu		
	kr	93.235

ATH.:
EKKI er reiknað með :
Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis,
ljóss, hita, þvotta,
barnagæslu heima,
skírnar barnsins.
****

Tekjur:

Frá meðlagsgreiðanda	kr	21.816
Frá forráðamanni	kr	21.816
	kr	43.632
	kr	49.603
	kr	93.235

Samkvæmt þessu vantar kr 24.801,50 á meðlagsgreiðsluna til að báðir foreldrar leggi jafnt af mörkum til framfærslu barnsins fyrstu sex mánuðina í lífi þess.
Þ.e. kr 4.133 pr. mán.

****

Ef mæðra/feðralaun og þær barnabætur sem einstætt foreldri fær umfram aðra foreldra er reiknað með tekjum barnsins lítur dæmið þannig út:

Gjöld:			Tekjur:		
			Frá foreldrum jafnt	kr	43.632
			Mæðra/feðralaun	kr	13.674
Útgjöld skv. ofanskráðu	kr	93.235	Barnabætur	kr	5.100
	kr	93.235		kr	62.406
Mismunur, vantar til framfærslu				kr	30.829
	kr	93.235		kr	93.235

Vantar þá samt sem áður kr 15.414,50 á meðlagsgreiðsluna.

BARN TVEGGJA ÁRA (-allt árið 1986-)
****

Útgjöld:

Fæðiskostn. heima		kr	30.000
Dagheimilisgjald		kr	42.000
Kerra	kr 7.500		
+ seldur notaður vagn	kr 5.000	kr	2.500
Kerrupoki		kr	1.990
Barnastóll		kr	3.200
Þríhjól		kr	3.525
Handkl., hreinlætisv. og rúmf.		kr	6.400
Gúmmílak + pappírsbleyjur		kr	18.600
Úlpa		kr	2.000
Útigalli		kr	3.800
Pollagalli		kr	800
Stígvél		kr	800
Kuldaskór		kr	900
Sérsmíðaðir skór		kr	2.550
Tvennir skór		kr	2.973
Jólaflíkur		kr	4.700
Annar fatnaður		kr	16.300
Barnagæsla heima 3 klst. einu sinni í viku		kr	15.600
Lækniskostnaður		kr	4.500
Samtals		kr	163.138
Mismunur, vantar til framfærslu			
		kr	163.138

ATH.:
EKKI er reiknað með:
Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis, ljóss, hita þvotta, barnið fær engin leikföng.
****

Tekjur:

Frá meðlagsgreiðanda	kr	43.631
Frá forráðamanni	kr	43.631
	kr	87.262
	kr	75.876
	kr	163.138

Samkvæmt þessu vantar kr 37.938 á meðlagsgreiðsluna til að báðir foreldrar leggi jafnt af mörkum til framfærslu barnsins.

Þ.e. kr 3.162 pr. mán.

****

Ef mæðra/feðralaun og þær barnabætur sem einstætt foreldri fær umfram aðra foreldra er reiknað með tekjum barnsins lítur dæmið þannig út:

Gjöld:		Tekjur:	
		Frá foreldrum jafnt	kr 87.262
		Mæðra/feðralaun	kr 27.348
Útgjöld skv. ofanskráðu	kr 163.138	Barnabætur	kr 10.200
	kr 163.138		kr 124.810
Mismunur vantar til framfærslu			kr 38.328
	kr 163.138		kr 163.138

Vantar þá samt sem áður kr 19.164 á meðlagsgreiðsluna.

BARN SEX ÁRA (-allt árið 1986-)
****

Útgjöld:

Fæðiskostnaður heima	kr	45.600	ATH.:		
Dagheimilisgjald	kr	42.000	EKKI er reiknað með:		
Sæng/koddi	kr	3.500	Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis,		
Lítið tvíhjól	kr	7.347	ljóss, hita, þvotta,		
Rúmf./handkl., sjampó	kr	5.687	barnið fær engin		
Úlpa	kr	2.463	leikföng.		
Tvenn stígvél	kr	1.648			
Kuldaskór	kr	1.633			
Þrennir skór	kr	4.661			
Jólaflíkur	kr	5.000			
Annar fatnaður	kr	11.486			
Skólataska	kr	1.493			
Pennaveski	kr	430			
Dansnám í 6 mánuði	kr	5.143			
Tónmennt, forskóli	kr	5.200			
Gleraugu	kr	4.767			
Skólaúr	kr	1.004			
Bíó/vasapeningar	kr	6.000			
Barnagæsla heima 3 klst. einu sinni í viku	kr	15.600			
Sumarbúðir 1 vika	kr	4.900	Tekjur:		
Klipping	kr	2.108	Frá meðlagsgreiðanda	kr	43.631
Lækniskostn.	kr	1.050	Frá forráðamanni	kr	43.631
Samtals	kr	178.720		kr	87.262
Mismunur, vantar til framfærslu				kr	91.458
	kr	178.720		kr	178.720

Samkvæmt þessu vantar kr 45.729 á meðlagsgreiðsluna til að báðir foreldrar leggi jafnt af mörkum til framfærslu barnsins.

Þ.e. kr 3.810 pr. mán.

****

Ef mæðra/feðralaun og þær barnabætur sem einstætt foreldri fær umfram aðra foreldra er reiknað með tekjum barnsins lítur dæmið þannig út:

Gjöld:		Tekjur:		
		Frá foreldrum jafnt	kr	87.262
		Mæðra/feðralaun	kr	27.348
Útgjöld skv. ofanskráðu	kr 178.720	Barnabætur	kr	10.200
	kr 178.720		kr	124.810
Mismunur, vantar til framfærslu			kr	53.910
	kr 178.720		kr	178.720

Vantar þá samt sem áður kr 26.955 á meðlgsgreiðsluna.

BARN TOLF ARA (-allt árið 1986-)
****

Útgjöld:

Fæðiskostn.	kr	63.000	ATH.:		
Sæng/koddi	kr	9.190	EKKI er reiknað		
Svefnbekkur	kr	10.300	Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis,		
Hjól	kr	12.500	ljóss, hita, þvotta.		
Rúmfatn.	kr	3.300	**********		
Handklæði	kr	765			
Hreinlætisvörur	kr	2.400			
Ullpa	kr	2.835			
Stígvél	kr	1.200			
Kuldaskór	kr	2.100			
Þrennir skór	kr	6.000			
Jólaflíkur	kr	6.030			
Fisvindgalli	kr	1.620			
Íþróttafatnaður	kr	2.500			
Annar fatnaður	kr	14.785			
Skólamjólk	kr	1.350			
Skólagjald	kr	500			
Skólataska	kr	1.850			
Dans/íþróttir	kr	4.900			
Tónmennt	kr	16.500			
Gleraugu	kr	4.500			
Úr	kr	2.000			
Skrifborð/stóll	kr	6.500			
Skíði/útbúnaður	kr	10.500			
Skautar	kr	2.450			
Bíó/vasapeningar	kr	6.720			
Strætisvagnferðir	kr	3.000			
Myndavél	kr	4.800	Tekjur:		
Klipping	kr	3.300	Frá meðlagsgreiðanda	kr	43.631
Tannréttingar 50%	kr	65.000	Frá forráðamanni	kr	43.631
Lækniskostn. og meðöl	kr	1.930	Laun v. blaðburðar	kr	10.500
Samtals	kr	289.110		kr	97.762
Mismunur, vantar til framfærslu				kr	191.348
	kr	289.110		kr	289.110

Samvkæmt þessu vantar kr 95.674 á meðlagsgreiðsluna til að báðir foreldrar leggi jafnt af mörkum til framfærslu barnsins.

Þ.e. kr 7.972 pr. mán.

****

Ef mæðra/feðralaun og barnabætur sem einstætt foreldri fær umfram aðra foreldra er reiknað með tekjum barnsins: 289.110 + 135.310= 153.800, og vantar þá samt sem áður kr 76.900 á meðlagsgreiðsluna.

BARN FJÓRTÁN ÁRA (-allt árið 1986-)
****

Útgjöld:

Fæðiskostnaður	kr	84.000	ATH.:		
Úlpa/jakki	kr	10.100	EKKI er reiknað með:		
Stígvél	kr	1.350	Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis,		
Kuldaskór	kr	3.450	ljóss, hita, þvotta.		
Þrennir skór	kr	8.400			
Kostn. v. fermingar, þ.m.t.föt	kr	29.450			
Íþróttafatnaður og skór	kr	7.000			
Annar fatnaður	kr	26.600			
Skólataska	kr	3.450			
Bókakostnaður	kr	1.500			
Skólatölva	kr	640			
Ritvél	kr	18.250			
Dans/íþróttafélgj.	kr	5.500			
Tónmennt	kr	16.500			
Gleraugu	kr	6.500			
Skautar	kr	2.540			
Skemmtanir/vasapeningar	kr	20.500			
Strætisvagnakostn.	kr	12.000	Tekjur:		
Klipping/hársnyrtivörur	kr	6.200	Frá meðlagsgreiðanda	kr	43.631
Tannréttingar 50%	kr	65.000	Frá forráðamanni	kr	43.631
Lækniskostnaður	kr	1.780	Laun barns	kr	11.000
Samtals	kr	330.710		kr	98.262
Mismunur, vantar til framfærslu				kr	232.448
	kr	330.710		kr	330.710

Samkvæmt þessu vantar kr 116.224 á meðlagsgreiðsluna til að báðir foreldrar leggi jafnt af mörkum til framfærslu barnsins.

Þ.e. kr. 9.685 pr. mán.

****

Ef mæðra/feðralaun og barnabætur sem einstætt foreldri fær umfram aðra foreldra er reiknað með tekjum barnsins: kr 330.710 - kr 135.810 = kr 194.900, og vantar þá samt sem áður kr 97.450 á meðlagsgreiðsluna.

BARN ATJAN ÁRA - í fjölbraut - (- allt árið 1986-)
****

Útgjöld:

Fæðiskostn.	kr	102.000
Rúmfatnaður/handklæði	kr	3.400
Endurnýjuð sæng	kr	4,100
Svefnbekkur	kr	8.200
Jakki	kr	4.500
Úlpa	kr	4.500
Kuldaskór	kr	3.450
Þrennir skór	kr	7.800
Spariflíkur	kr	6.500
Íþróttafatnaður	kr	3.500
Annar fatnaður	kr	32.300
Skólataska	kr	3.900
Bókakostnaður	kr	15.500
Skólatölva (skylda)	kr	4.000
Tómstundaiðkun	kr	5.000
Íþróttaiðkun	kr	2.800
Úr	kr	5.000
Skrifborð	kr	7.500
Skrifborðsstóll	kr	5.800
Skíðaútbúnaður	kr	17.500
Skemmtanir/vasapeningar	kr	24.000
Strætisvagnaferðir	kr	27.375
Klipping/snyrting	kr	4.100
Tannlækniskostnaður	kr	5.000
Lækniskostnaður	kr	550
Samtals	kr	308.275
Mismunur, vantar til framfærslu		
	kr	308.275

ATH.:
EKKI er reiknað með:
Kostnaður vegna íbúðarhúsnæðis, ljóss, hita, þvotta,
Ekki gert ráð fyrir að barnið fái bílpróf, en það mun kosta kr 15.000.
****

Tekjur:

Laun f. sumarvinnu	kr	75.000
Selt eldraskrifb/stóll	kr	6.600
Seldur eldri svefnb.	kr	4.100
Seld eldri skíði	kr	8.000
	kr	93.700
	kr	214.575
	kr	308.275

Barnið verður sjálft að sækja um meðlag frá meðlagsgreiðanda, sé hann á lífi.

Sé um meðlag að ræða: Gjöld kr 308.275 + tekjur kr 93.700 + jafnt tillag frá báðum foreldrum kr 87.262 = vantar til framfærslu kr 127.313, eða kr 63.656 frá meðlagsgreiðanda.

Mjög er misjafnt hvort börn geta innheimt meðlagið.

Ef meðlagsgreiðandi er látinn er ekki um neitt menntunarmeðlag að ræða.
Erfitt getur reynst að fá menntunarmeðlag í gegn ef meðlagsgreiðandi er búsettur erlendis.

553. Fyrirspurn [344. mál]

til umhverfisráðherra um skipulag á hálendi Íslands.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvað líður undirbúningi frumvarps til laga um tilhögun stjórnsýslu á Miðhálendi Íslands að því er tekur til skipulags- og byggingarmála?

554. Frumvarp til laga [345. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir. Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

II. kafli útvarpslaga, 9.–13. gr., um Menningarsjóð útvarpsstöðva, fellur brott.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Eignir Menningarsjóðs útvarpsstöðva skulu við gildistöku laga þessara renna til Sinfónínuhljómsveitar Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Greinargerð.

Í umræðum á Alþingi um frumvarp til útvarpslaga og Menningarsjóð útvarpsstöðva árið 1985 kom skýrt fram að tilgangurinn með Menningarsjóði útvarpsstöðva væri tvíþættur. Í fyrsta lagi að létta af Ríkisútvarpinu kostnaði sem það hafði af rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þ.e. 25% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar umfram tekjur, sbr. lög nr. 36/1982, 11. gr., og í öðru lagi að veita fjárframlög til eflingar innlendri dagskrárgerð sem verða mætti til menningarauka og fræðslu.

Í 11. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, segir:

„Tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem skal vera 10% og leggjast á allar auglýsingar í útvarpi.

Af gjaldi þessu skal greiðast hlutur Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. lög nr. 36/1982, áður en til úthlutunar á styrkjum til útvarpsstöðva kemur.“

Í lögum og reglugerð um sjóðinn frá 1986 er kveðið á um að framlög úr sjóðnum skuli aðeins veitt útvarpsstöðvum. Framlög megi veita til dagskrárgerðar viðkomandi útvarpsstöðvar sjálfrar og til kaupa útvarpsstöðvar á efni til flutnings frá öðrum innlendum aðilum sem annast dagskrárgerð.

Rekstrarfé útvarpsstöðva er auglýsingatekjur. Þær starfa á frjálsum markaði í samkeppni við aðra fjölmiðla. Tíu prósenta skattur á auglýsingaverð veikir samkeppnisstöðu útvarpsstöðva á auglýsingamarkaði þar sem aðrir fjölmiðlar bera ekki slíkan skatt.

Þann 9. apríl 1991 var gerð breyting á reglugerðinni þar sem hlutverk sjóðsins er skil-

greint að nýju og er það nú að veita íslenskum útvarpsstöðvum eða íslenskum framleiðendum dagskrárefnis framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða megi til menningarauka og fræðslu. Þetta ákvæði í reglugerðinni stangast á við lögin um Menningarsjóðinn þar sem kveðið er á um að úthluta skuli til útvarpsstöðva eftir að hlutur Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur verið greiddur. Nú eru það ekki útvarpsstöðvarnar heldur einnig framleiðendur efnis sem fá úthlutanir, þ.e. þeir sem útvarpsstöðvarnar e.t.v. keyptu efni af. Þá eru útvarpsstöðvarnar að tvígreiða fyrir efnið af auglýsingatekjum sínum, fyrst með styrknum úr Menningarsjóðnum og síðan aftur þegar þær kaupa efnið af framleiðanda. Sé yfirlit yfir greiðslur og styrki úr sjóðnum undanfarið skoðað er ljóst að hann hefur ekki náð að gegna því hlutverki sem honum var upphaflega ætlað.

Ríkisútvarpið hefur staðið undir megintekjustofni sjóðsins og þar með hluta sjóðsins í kostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ríkisútvarpið hefur greitt í sjóðinn 337.210 þús. kr. frá upphafi en Sinfóníuhljómsveitin hefur fengið úr sjóðnum 135.513 þús. kr. frá upphafi samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í júní 1988 segir orðrétt:

„Ljóst er að sú fyrirætlan með lögum um Menningarsjóð útvarpsstöðva að létta af Ríkisútvarpinu hluta af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur ekki náð tilgangi sínum þau tvö ár sem sjóðurinn hefur starfað. Ríkisendurskoðun telur rétt að fram fari endurskoðun á tilverurétti sjóðsins."

Erfitt er að sjá hvaða rök væru fyrir því að láta Menningarsjóð útvarpsstöðva færa fé frá Ríkisútvarpinu til Sinfóníuhljómsveitarinnar ef uppruni þess ætti að vera óbreyttur. Sú var heldur ekki ætlun löggjafans eins og Alþingistíðindi sýna glöggt. Ríkisendurskoðun fær ekki séð að tilkoma sjóðsins hafi orðið til að efla innlenda dagskrárgerð umfram það sem samkeppni stöðvanna leiðir af sér og leggur því eindregið til í þessari skýrslu að lög og reglur, sem um sjóðinn gilda, verði endurskoðuð eða hann lagður niður.

Frá því að þessi skýrsla var gerð hafa engar breytingar orðið á sjóðnum nema til hins verra, sbr. reglugerðarbreytingu í júní 1991 þar sem styrkir til dagskrárgerðar dreifast nú víðar en til útvarpsstöðva. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er því í fullu gildi.

Fylgiskjal.

Ríkisútvarpið, hagdeild:

Menningarsjóður útvarpsstöðva.
Framlög og gjöld Ríkisútvarpsins í þús. kr. á verðlagi 1991, árin 1986–1991.
(6. mars 1992.)

Ár	Gjald í Menningarsj.	Framlög úr Menningarsj.
1986	71.208	0
1987	53.592	15.430
1988	49.330	45.039
1989	49.535	0
1990	54.497	24.725
1991	59.048	25.000
Samtals	**337.210**	**110.194**

555. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, Gunnar Bergsteinsson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, Þorleifur Jónsson, framkvæmdastjóri Landssambands iðnaðarmanna, og Jakob Magnússon frá Hafrannsóknastofnun. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda, Landhelgisgæslunni, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Sambandi málm- og skipasmiðja, Samtökum fiskvinnslustöðva, sjávarútvegsráðuneytinu, Sjómannasambandi Íslands, Verkamannasambandi Íslands, Verslunarráði Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Enn fremur barst nefndinni umsögn utanríkismálanefndar.

Sjávarútvegsnefnd leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins verði breytt í þá átt að erlendum veiðiskipum verði bannað að veiða úr sameiginlegum nytjastofnum sem ekki hefur verið samið um nýtingu á. Sjávarútvegsráðherra verði heimilt að víkja frá banninu þegar sérstaklega stendur á.
2. Lagt er til að 4. gr. frumvarpsins kveði á um að erlend fiskiskip, sem koma til íslenskrar hafnar, tilkynni Landhelgisgæslu Íslands komu sína í stað hafnaryfirvalda eins og mælt er fyrir um í ákvæðinu. Er það nauðsynlegt vegna löggæsluþáttar skipa-

komunnar. Bæði innlend og erlend skip þurfa eðli málsins samkvæmt ávallt að tilkynna viðkomandi hafnaryfirvöldum um komu til hafnar vegna bryggjupláss.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum þessum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti nefndarinnar.

Alþingi, 12. mars 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.
Halldór Ásgrímsson.	Hjálmar Jónsson.	Jóhann Ársælsson.
Stefán Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Össur Skarphéðinsson.

556. Breytingartillögur [135. mál]

við frv. til l. um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Erlendum veiðiskipum er heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skipsins.
   Þetta er þó ekki heimilt þegar um er að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis. Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að víkja frá ákvæði þessarar málsgreinar þegar sérstaklega stendur á.
   Erlendum veiðiskipum er ávallt heimilt að koma til hafnar þurfi þau á neyðarþjónustu að halda.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Erlent veiðiskip, sem leitar hafnar á Íslandi, skal tilkynna Landhelgisgæslu Íslands fyrirætlan sína við komu inn í íslenska efnahagslögsögu. Jafnframt skal tilkynna Landhelgisgæslunni hvaða veiðar skipið hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til hafnar.
   Landhelgisgæslan skal tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um komu erlends fiskiskips sem ætla má að falli undir ákvæði 2. mgr. 3. gr.

557. Svar [320. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesens um auglýsinga- og kynningarkostnað forsætisráðuneytis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður forsætisráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?*

2. *Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?*
3. *Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?*
4. *Fyrir hvað var greitt?*
5. *Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?*

Samkvæmt færslum í ríkisbókhaldi nam auglýsingakostnaður forsætisráðuneytisins 69.982 kr. á árinu 1990. Fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 nam þessi kostnaður 25.661 kr.

Meginhluti þessa kostnaðar á árinu 1990 var greiddur Lögbirtingablaðinu og dreifast greiðslurnar tiltölulega jafnt yfir árið. Að þeim greiðslum undanskildum var greiddur einn reikningur frá Stjórnartíðindum að upphæð 9.000 kr. (greiðsla dags. 16. október) og reikningur frá samtökunum Vímulaus æska að fjárhæð 7.500 kr. (greiðsla dags. 31. desember).

Fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 voru allir reikningar fyrir auglýsingar greiddir Lögbirtingablaðinu, nema einn reikningur var greiddur Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sá reikningur var að fjárhæð 15.563 kr. (greiðsla dags. 26. mars).

Engar sérstakar reglur eru í gildi í forsætisráðuneytinu um auglýsinga- og kynningarkostnað, en leitast er við að halda þessum kostnaði í lágmarki.

558. Fyrirspurn [346. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ferða- og uppihaldskostnað landsbyggðarfólks vegna glasafrjóvgunar.

Frá Hrafnkatli A. Jónssyni.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins greiði að hluta eða öllu leyti ferða- og uppihaldskostnað þeirra sem leita til sérfræðings í Reykjavík vegna glasafrjóvgunar eftir sömu reglum og gilda um endurgreiðslu ferðakostnaðar vegna sjúkdóma.

Greinargerð.

Fyrir skömmu voru glasafrjóvganir teknar upp við Landspítalann. Um leið var hafin gjaldtaka fyrir meðferð á glasafrjóvgunardeild Landspítalans. Með því að flytja glasafrjóvgun inn í landið átti að auðvelda þeim sem leita þurftu til læknis af þessum orsökum meðferðina, m.a. kostnaðarlega. Fyrir þá sem búa utan Stór-Reykjavíkursvæðisins hefur þetta í för með sér umtalsverðan kostnað hvað varðar ferðir og uppihald, til viðbótar hinni föstu greiðslu sem allir þurfa að inna af hendi sem meðferðina nota. Vinnutap þeirra sem sækja þurfa þessa meðferð er umtalsvert og verulega meira en þeirra sem búa næst Landsítalanum. Það hlýtur því að koma til álita að Tryggingastofnun taki þátt í því að jafna þennan aðstöðumun með greiðslu kostnaðar af ferðum og uppihaldi.

Skriflegt svar óskast.

559. Svar [303. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um auglýsingar félagsmálaráðuneytisins í Alþýðublaðinu.

1. *Hversu háa upphæð greiddi félagsmálaráðuneytið fyrir auglýsingar í Alþýðublaðinu frá 1. maí 1991 til 1. mars 1992?*

Ráðuneytið greiddi fyrir auglýsingar í Alþýðublaðinu á tímabilinu 1. maí 1991 til 1. mars sl. alls 105.078 kr.

2. *Hvað var auglýst?*

11. september 1991: Lokun aðalskrifstofu frá hádegi 11. september vegna jarðarfarar Hannibals Valdimarssonar, fyrrverandi félagsmálaráðherra.

24. september 1991: Auglýsing um viðtalstíma félagsmálaráðherra á Norðurlandi vestra. Félagsmálaráðherra heimsótti kjördæmið dagana 24.–27. september sl. Haldnir voru fundir með sveitarstjórnarmönnum og vinnustaðir heimsóttir. Tilgangur ferðarinnar var að kynna heimamönnum þau verkefni sem ráðuneytið vinnur að á sviði húsnæðismála og sveitarstjórnarmála og kynnast viðhorfum heimamanna.

11. október 1991: Auglýstir kynningarfundir með öllum sveitarstjórnum um áfangaskýrslu nefndar um breytingar á skiptingu landsins í sveitarfélög.

29. október 1991: Lokun aðalskrifstofu frá hádegi 29. október vegna jarðarfarar Hjálmars Vilhjálmssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins.

31. janúar 1992: Orðsending til atvinnurekenda þar sem athygli er vakin á ákvæði 55. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála. (Samkvæmt lagagrein þessari er atvinnurekendum skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og viðkomandi verkalýðsfélagi með tveggja mánaða fyrirvara ráðgerðan samdrátt eða aðrar þær varanlegar breytingar á rekstri er leiða til uppsagnar fjögurra starfsmanna eða fleiri.)

22. febrúar 1992: Auglýstar umsóknir um Evrópuráðsstyrki á sviði félags- og vinnumála.

560. Fyrirspurn [347. mál]

til menntamálaráðherra um starfsemi skóla.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Eru uppi áform um að leggja niður starfsemi einstakra skóla (grunnskóla, framhaldsskóla, sérskóla) á þessu ári og ef svo er, hvaða skóla er um að ræða og hvers vegna?
2. Telur menntamálaráðherra sig hafa heimild til þess að leggja niður starfsemi einstakra skóla um lengri eða skemmri tíma og ef svo er, hvar er þá heimild að finna?

561. Fyrirspurn [348. mál]

til fjármálaráðherra um vanskil á staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver eru samtals vanskil á staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars:
   a. af launum ársins 1990 eða eldri,
   b. af launum ársins 1991,
   c. af launum í janúar 1992,
   sundurliðað eftir mánuðum og innheimtumönnum?
2. Hyggst fjármálaráðherra grípa til aðgerða til að tryggja betri skil staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars og ef svo er, þá hverra?

Skriflegt svar óskast.

562. Fyrirspurn [349. mál]

til viðskiptaráðherra um verslunarálagningu.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hverju nemur samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum heildarálagning heildsöluverslunar, í krónum talin, á þessu ári, 1992?
2. Hver er á sama hátt heildarálagning smásöluverslunar á þessu ári?
3. Hvert er hlutfall verslunarálagningar samtals sem hlutfall af vergri landsframleiðslu?

563. Fyrirspurn [350. mál]

til viðskiptaráðherra um hagnað banka og sparisjóða árið 1991.

Frá Svavari Gestssyni.

Hverju nemur samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum heildarhagnaður banka, þar með taldir Seðlabanki og sparisjóðir, fyrir skatta árið 1991?

564. Fyrirspurn [351. mál]

til menntamálaráðherra um innheimtu og ráðstöfun sérstaks eignarskatts.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hve mikið innheimtist árlega gjaldárin 1987–1989 af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögum um þjóðarátak til byggingar Þjóðarbókhlöðu?

2. Hvernig var því fé varið sem innheimtist skv. 1. tölul., sundurliðað eftir árum?
3. Hve mikið innheimtist árlega árin 1990 og 1991 af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga?
4. Hvernig var því fé varið sem innheimtist skv. 3. tölul., sundurliðað eftir árum og verkefnum?
5. Hvað er áætlað að bygging Þjóðarbókhlöðu kosti á núgildandi verðlagi og hve miklu hefur verið varið til byggingarinnar frá 1987, framreiknað til sama verðlags?
6. Hvað er áætlað að kostnaður sé mikill við endurbætur þeirra bygginga sem fengið hafa fé af sérstökum eignarskatti skv. 4. tölul., sundurliðað eftir byggingum, og hvað er áætlað að kostnaður sé mikill við óunnar framkvæmdir, einnig sundurliðað eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

565. Fyrirspurn [352. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslu opinberra gjalda með skuldabréfi.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvaða aðilar í atvinnurekstri hafa fengið að greiða opinber gjöld með skuldabréfi síðan 1. janúar 1984? Hver var upphæð skuldabréfsins í hverju tilviki og útgáfudagur þess, hvaða opinber gjöld voru greidd með þessum hætti, hver var lánstíminn, fjöldi gjalddaga og fyrsti gjalddagi hvers skuldabréfs, og hver eru vanskil nú (og frá hvaða gjalddaga) og hverjar eru eftirstöðvar í skilum?

Skriflegt svar óskast.

566. Fyrirspurn [353. mál]

til fjármálaráðherra um Héraðsskólann í Reykjanesi.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvenær ákvað fjármálaráðherra að beita heimild 6.11 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1991 og leggja niður starfsemi Héraðsskólans í Reykjanesi síðastliðið haust?
2. Var leitað samþykkis ríkisstjórnarinnar og fjárveitinganefndar (fjárlaganefndar) fyrir þeirri ákvörðun og ef svo er hvenær lá fyrir samþykki þeirra?
3. Telur fjármálaráðherra að ráðherrar, hver fyrir sig, aðrir en fjármálaráðherra, hafi á árinu 1991 haft heimild til þess að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi stofnana sem heyra undir ráðuneyti þeirra?
4. Telur fjármálaráðherra heimilt að hefja á ný starfsemi Héraðsskólans í Reykjanesi á þessu ári?

567. Breytingartillaga [31. mál]

við brtt. á þskj. 482 [Seðlabanki Íslands].

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Orðin „svo sem evrópsku mynteiningunni (ECU) og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR)“ í 2. tölul. falla brott.

568. Fyrirspurn [354. mál]

til sjávarútvegsráðherra um ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hverjar eru þær aflaheimildir sem Hagræðingarsjóður hefur til ráðstöfunar á yfirstandandi fiskveiðiári skv. 5. gr. laga nr. 40/1990, sundurliðaðar eftir fisktegundum og umreiknaðar í þorskígildi?
2. Hvernig skiptast aflaheimildir skv. 1. tölul. reiknað í þorskígildum milli einstakra skipa og báta, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 4/1992?
3. Hvers vegna er ákveðið í 7. gr. reglugerðar nr. 89/1992 að forkaupsréttur útgerða fiskiskipa falli niður ef samanlagðar aflaheimildir, sem útgerð fiskiskipa á forkaupsrétt á, eru minna en 7 þorskígildislestir og hvers vegna er ekki miðað við 3 þorskígildislestir eins og var skv. 9. gr. reglugerðar nr. 156/1991?
4. Hvað er áætlað að þær aflaheimildir, mældar í þorskígildislestum, verði samtals á næsta fiskveiðiári sem forkaupsréttur fellur niður á skv. 7. gr. reglugerðar nr. 89/1992 og hvernig verður þeim aflaheimildum ráðstafað?

Skriflegt svar óskast.

569. Frumvarp til laga [355. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Flm.: Elín R. Líndal, Steingrímur Hermannsson, Jón Helgason.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Enginn getur verið eigandi að réttindum yfir fasteign skv. 3. gr. nema eiga lögheimili hér á landi þegar aðilaskipti að réttindunum fara fram og hafa átt lögheimili hér á landi a.m.k. sjö ár á sl. 14 árum. Fyrirtæki getur ekki verið eigandi að réttindum yfir fasteign skv. 3. gr. nema það sé að meiri hluta í eigu aðila sem fullnægja skilyrðum 1. málsl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að sporna við eignarhaldi útlendinga á jörðum, jarðahlutum, afréttum, öræfum og landspildum, svo og réttindum og hlunnindum sem þeim eru tengd.

Lagt er til að við 1. gr. jarðalaganna bætist skilyrði um lögheimili hér á landi til þess að viðkomandi geti orðið eigandi að réttindum yfir fasteignum þeim sem jarðalögin taka til. Samkvæmt frumvarpinu geta aðeins þeir einstaklingar eignast réttindi yfir fasteign samkvæmt jarðalögum sem eiga lögheimili hér á landi þegar aðilaskipti að réttindum fara fram. Einnig verða þeir að hafa átt lögheimili hér á landi í a.m.k. sjö ár á sl. 14 árum. Ákvæði þetta er við það miðað að Íslendingar, sem dvalist hafa tímabundið við nám eða störf erlendis, glati ekki með því rétti til að eignast fasteignir sem jarðalög taka til.

Í 2. málsl. 1. gr. er fjallað um fyrirtæki og það skilyrði sett fyrir því að fyrirtæki geti verið eigandi að réttindum yfir fasteign samkvæmt jarðalögum að fyrirtækið sé a.m.k. að meiri hluta í eigu aðila sem fullnægja skilyrðum 1. málsl.

570. Breytingartillaga [60. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Frá allsherjarnefnd.

Við 3. gr. Við 1. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þess skal gætt að einhver stjórnarmanna hafi þekkingu á sviði ökukennslu.

571. Svar [295. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hrafnkels A. Jónssonar um samræmingu á tryggingalöggjöfinni.

Hefur ráðherra uppi áform um samræmingu á tryggingalöggjöfinni sem miði að því að allir landsmenn búi við sömu lífeyrisréttindi og samræmda löggjöf sem tæki til greiðslna almannatrygginga á sjúkra- og slysadagpeningum, greiðslna vinnuveitenda vegna veikinda og slysa, greiðslna tryggingafélaga og greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga varðandi sömu tilvik?

Ráðherrar heilbrigðis- og tryggingamála og fjármála fólu á sl. sumri tveimur mönnum að athuga samræmingu á greiðslum almannatrygginga annars vegar og lífeyrissjóða hins vegar vegna elli og örorku. Vinnu þessari er ekki lokið. Í kjölfar niðurstaðna þessarar athugunar munu ráðherrarnir ákveða hvort undirbúnar verði nauðsynlegar lagabreytingar sem samræming af þessu tagi kallar á.

572. Svar [306. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um auglýsingar iðnaðarráðuneytisins í Alþýðublaðinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu háa upphæð greiddi iðnaðarráðuneytið fyrir auglýsingar í Alþýðublaðinu frá 1. maí 1991 til 1. mars 1992?*
2. *Hvað var auglýst?*

Auglýsingar iðnaðarráðuneytisins í Alþýðublaðinu voru sem hér segir:

Efni auglýsingar	Fjárhæð	Dags. greiðslu
Viðtalstími ráðherra	14.442	7. ágúst '91
Viðtalstími ráðherra	18.053	1. sept. '91
Viðtalstími ráðherra	15.239	4. febr. '92
Samtals	**47.734**	

573. Svar [307. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um auglýsingar viðskiptaráðuneytisins í Alþýðublaðinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu háa upphæð greiddi viðskiptaráðuneytið fyrir auglýsingar í Alþýðublaðinu frá 1. maí 1991 til 1. mars 1992?*
2. *Hvað var auglýst?*

Auglýsingar viðskiptaráðuneytisins í Alþýðublaðinu voru sem hér segir:

Efni auglýsingar	Fjárhæð	Dags. greiðslu
Starf ritara	16.247	25. júní '91
Námskeið í verðbréfamiðlun	19.049	12. nóv. '91
Kynningarfundur á IBRD í Háskóla Íslands	19.049	14. nóv. '91
Fundur Luis Olivares IBRD	19.049	14. nóv. '91
Viðtalstími ráðherra	15.239	27. jan. '92
Viðtalstími ráðherra	15.239	27. jan. '92
Viðtalstími ráðherra	15.239	27. jan. '92
Samtals	**119.111**	

574. Svar [323. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um auglýsinga- og kynningarkostnað landbúnaðarráðuneytis.

1. *Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður landbúnaðarráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?*
   1.434.376 kr.
2. *Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?*
   Sjá meðfylgjandi lista.
3. *Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?*
   Sjá meðfylgjandi lista.
4. *Fyrir hvað var greitt?*
   Stjórnartíðindi: Birtingar á reglugerðum og samþykktum.
   Aðrir miðlar: Auglýsingar vegna funda á vegum ráðuneytisins eða um lausar stöður hjá stofnunum sem undir ráðuneytið heyra, svo og auglýsingar til kynningar á lagaákvæðum ef þörf krefur.
5. *Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?*
   Meginreglan hefur verið að auglýsingakostnaði væri stillt í hóf og eingöngu auglýst þegar nauðsyn bæri til og þá í þeim tilvikum sem lýst er í 4. lið.

	Fjöldi auglýsinga	Kr.	Dags. greiðslu og/eða tímabils
Stjórnartíðindi	31	622.100	31.01.90–24.04.92
Lögbirtingablaðið	6	9.537	23.03.90–31.12.90
Ríkisútvarpið	3	208.789	21.08.90–26.02.91
Morgunblaðið	2	48.174	30.01.90–20.11.90
Þjóðviljinn	4	83.130	20.03.90–30.04.91
Tíminn	4	67.355	31.07.90–30.04.91
Auglýsingastofa Þórhildar	1	43.018	06.02.90
Austurland	2	23.310	06.02.90–20.02.90
Prentverk Austurlands	1	11.957	06.02.90
Austri	1	8.532	06.02.90
Gott fólk	1	47.801	06.02.90
Auglýsingastofan	1	16.048	20.02.90
Dagur	2	22.400	24.04.90–21.08.90
Gættin	1	8.000	28.05.90
Freyr, Búnaðarfélag Íslands	1	16.185	24.07.90
Víkurblaðið	1	4.706	18.12.90
Blað hf.	2	36.154	31.07.90–06.11.90
Bændasynir	3	37.364	21.08.90–04.12.90
Samtök um kvennaathvarf	1	10.000	15.01.91
Norðurland	1	22.475	15.01.91
Norðurland vestra	1	9.900	19.02.91
Liðsauki	1	8.342	23.04.91
Samtals		**1.437.277**	

575. Beiðni um skýrslu [356. mál]

frá sjávarútvegsráðherra um afstöðu ríkisstjórnarinnar til lausnar á rekstrarvanda sjávarútvegsfyrirtækja og um störf nefndar sem falið var að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða og gera tillögur um aðgerðir vegna yfirvofandi rekstrarstöðvunar fjölda fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Jóhanni Ársælssyni, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Auði Sveinsdóttur, Þuríði Backman, Kristni H. Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur og Svavari Gestssyni.

Með tilvísun til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er óskað eftir því að sjávarútvegsráðherra gefi Alþingi skýrslu, skriflega eða munnlega, um stöðu fyrirtækja í sjávarútvegi og áform ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að styrkja rekstrargrundvöll þeirra.

Í skýrslunni komi fram m.a.:

1. Lýsing á rekstrarstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi, útgerð og fiskvinnslu. Fjallað verði um sannleiksgildi frétta þar sem lýst hefur verið yfirvofandi gjaldþroti hjá fjölda fyrirtækja í sjávarútvegi. Í lýsingu á stöðu fyrirtækjanna verði þau flokkuð eftir stærð, skuldastöðu og landshlutum.
2. Lýsing á stefnu ríkisstjórnarinnar hvað snertir aðgerðir á næstu mánuðum, eða einu til tveimur missirum, til að bæta og styrkja rekstrargrundvöll fyrirtækja í sjávarútvegi. Greint verði frá því hvort yfirlýsingar aðstoðarmanns utanríkisráðherra, sem ríkisstjórnin fól að gegna formennsku í sjávarútvegsnefnd ríkisstjórnarinnar, túlki stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum sjávarútvegsins.
3. Lýsing á störfum nefndar sem ríkisstjórnin fól að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða, hvenær áformað er að nefndin skili tillögum um það efni og hvenær sé að vænta tillagna nefndarinnar um rekstrarvanda sjávarútvegsfyrirtækja, en nefndinni var einnig falið að gera tillögur um slíkar aðgerðir.
4. Hvort þær tillögur og hugmyndir, sem sjávarútvegsráðherra kynnti á Akureyri 14. mars, eru persónulegar skoðanir ráðherrans eða hvort þær endurspegla stefnu ríkisstjórnarinnar og hvernig er ætlunin að hrinda þeim í framkvæmd.
5. Hvernig hefur hingað til verið háttað samráði endurskoðunarnefndar ríkisstjórnarinnar við samtök útgerðar og fiskvinnslu, verkalýðshreyfinguna, sveitarfélögin og sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Þess er óskað að skýrslan verði lögð fram eða flutt munnlega innan tveggja vikna og hún verði tekin til umræðu strax að loknum flutningi. Verði skýrslan lögð fram sem sérstakt þingskjal er þess óskað að skýrslubeiðnin verði prentuð með skýrslunni þannig að samhengi skýrslu og skýrslubeiðni verði ljóst er málið kemur til umræðu á Alþingi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum á að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða fyrir lok þessa árs. Ríkisstjórnin hefur skipað sérstaka nefnd til þess að gera tillögur um endurskoðun laganna og framtíðarstefnu í útgerð og fiskvinnslu. Til þessarar nefndar hefur einnig verið vísað að gera tillögur um hinn mikla og almenna rekstrarvanda sjávarútvegsins sem hefur verið til ítarlegrar umræðu að undanförnu. Ríkisstjórnin hefur kosið að fara þá leið að fela nefnd, sem skipuð er á þröngan hátt, að fjalla um þessi mikilvægu málefni. Þess vegna er nauðsynlegt til að auðvelda Alþingi að lýsa skoðunum á meðferð málsins að taka það til sérstakrar umfjöllunar á Alþingi svo fljótt sem kostur er.

Þess vegna höfum við ákveðið að óska eftir skýrslu frá sjávarútvegsráðherra þar sem hann greini frá stöðu mála í umfjöllun nefndarinnar. Þar sem um alvarlegan bráðavanda í sjávarútvegi er að ræða er nauðsynlegt að skýrslan verði flutt hið fyrsta, hvort heldur skriflega eða munnlega, og hún komi þá þegar til umræðu á Alþingi. Við höfum því óskað eftir því að skýrslan verði flutt Alþingi innan tveggja vikna.

Sérstaklega er brýnt að fjalla um málið vegna þess að á síðustu dögum og vikum hefur komið fram alvarlegur ágreiningur milli forustumanna ríkisstjórnarflokkanna í málefnum sjávarútvegsins. Aðstoðarmaður utanríkisráðherra, sem er annar tveggja formanna í þeirri nefnd sem ríkisstjórnin hefur falið að gera tillögur um rekstrarvanda og framtíðarskipan málefna í sjávarútvegi, hefur á undanförnum vikum lýst afdráttarlausum skoðunum um nauðsyn fjöldagjaldþrota í sjávarútvegi. Sjávarútvegsráðherra lýsti því hins vegar yfir á Alþingi í síðustu viku að þessi formaður nefndarinnar talaði alls ekki fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Hann væri eingöngu að túlka sínar persónulegu skoðanir.

Ágreiningurinn milli forustumanna ríkisstjórnarflokkanna virðist ekki síst snúast um það hvort einhverjar ráðstafanir skuli gera til þess að bæta rekstrargrundvöllinn í sjávarútvegi eða hvort stórfelld hrina gjaldþrota eigi að ganga yfir atvinnugreinina. Með aðgerðarleysi sínu á næstu mánuðum væri ríkisstjórnin í reynd að framkvæma þá stefnu gjaldþrota sem aðstoðarmaður utanríkisráðherra hefur talið að ætti að fylgja í málefnum greinarinnar þótt sjávarútvegsráðherra hafi lýst því yfir að hann sé ekki fylgjandi slíkri stefnu.

Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að sjávarútvegsráðherra geri Alþingi grein fyrir hver er hin raunverulega stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum sjávarútvegsins. Einnig þarf að koma skýrt fram með hvaða hætti sú nefnd, sem ríkisstjórnin hefur falið að fjalla um málefni sjávarútvegsins, eigi að starfa á næstu mánuðum og hvenær sé að vænta tillagna frá henni bæði hvað snertir endurskoðun laga um fiskveiðistjórnun og aðgerðir vegna yfirvofandi rekstrarstöðvunar fjölda fyrirtækja í sjávarútvegi.

Á fundi á Akureyri 14. mars sl. lýsti sjávarútvegsráðherra einnig fjölmörgum hugmyndum um framtíðarskipan mála í sjávarútvegi og hvernig breyta ætti eignarhaldi fyrirtækja í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er að fá fram hvort hér er um að ræða persónulegar skoðanir ráðherrans eða hvort ríkisstjórnin hefur mótað slíka stefnu.

Það er nauðsynlegt að á Alþingi skapist innan tíðar tækifæri til þess að ræða ítarlega málefni grundvallaratvinnugreinar þjóðarinnar. Þessi beiðni um skýrslu er lögð fram til þess að stuðla að því að slík umræða geti farið fram.

576. Fyrirspurn [357. mál]

til heilbrigðisráðherra um endurskoðun laga um tóbaksvarnir.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvernig gengur endurskoðun laga um tóbaksvarnir frá 1984?
2. Hverjir annast endurskoðunina?
3. Verður frumvarp til nýrra tóbaksvarnalaga lagt fram á yfirstandandi þingi?

Greinargerð.

Þegar lög um tóbaksvarnir voru samþykkt á Alþingi árið 1984 vöktu þau athygli víða um heim og þóttu til fyrirmyndar í baráttunni gegn reykingum. Þó ekki séu nema rúm sjö ár síðan lögin tóku gildi þarf að herða ýmis ákvæði þeirra og bæta við nýjum umræðum til að nálgast það markmið, sem sett hefur verið, að draga úr og síðar útrýma reykingum. Af þeirri reynslu, sem fengist hefur af heilbrigðisfræðslu, ekki síst í skólum, er varla að vænta öllu meiri árangurs af tóbaksvarnastarfi meðal barna og unglinga, nema fastar sé tekið á þeim málum í þjóðfélaginu. Umhverfi barna og unglinga þarf að breytast og kemur þar til kasta löggjafans að hafa frumkvæði um enn víðtækari og markvissari löggjöf um takmarkanir á tóbakssölu og tóbaksneyslu. Tóbaksvarnalöggjöfin er einnig viðspyrna gegn sterkari fíkniefnaneyslu.

Skriflegt svar óskast.

577. Fyrirspurn [358. mál]

til heilbrigðisráðherra um fræðslu fyrir almenning um kynferðismál.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvernig er staðið að fræðslu og ráðgjöf fyrir almenning um kynlíf og barneignir, sbr. lög nr. 25/1975 um þau efni?
2. Hvað hefur ráðherra gert til að efla fræðslu og ráðgjöf um kynlíf og barneignir, sbr. samþykkt Alþingis um þau efni frá 19. mars 1987?

578. Fyrirspurn [359. mál]

til forsætisráðherra um embætti húsameistara ríkisins.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Er það mat forsætisráðherra að hagkvæmara sé fyrir ríkið að reka eigin teiknistofu en að bjóða út hönnun nýbygginga og viðgerðir á vegum hins opinbera?
2. Áformar ríkisstjórnin að breyta eða leggja niður embætti húsameistara ríkisins?

579. Fyrirspurn [360. mál]

til forsætisráðherra um embætti húsameistara ríkisins.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu mörgum verkefnum sinnti embætti húsameistara ríkisins árin 1990 og 1991:
   a. við hönnun nýbygginga,
   b. viðhaldsverkefnum?
2. Hvernig stóðust þær verk- og kostnaðaráætlanir sem gerðar voru um þau verkefni sem unnin voru?
3. Sinnti embætti húsameistara ríkisins verkefnum fyrir aðra en opinbera aðila árin 1990 og 1991? Ef svo var, hvaða verkefni var um að ræða?

580. Fyrirspurn [361. mál]

til forsætisráðherra um viðhald opinberra bygginga.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvernig er háttað eftirliti með ástandi opinberra bygginga og áætlanagerð um nauðsynlegt viðhald húsa í eigu ríkisins?

581. Fyrirspurn [362. mál]

til forsætisráðherra um þúsund ára afmæli kristnitöku á Íslandi.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvað líður undirbúningi fyrir þúsund ára afmælishátíð kristnitöku á Íslandi, sbr. þingsályktun frá 17. apríl 1986 og 26. mars 1990?
2. Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar nú þegar um framkvæmdir, útgáfu og hátíðahöld til að minnast kristnitökunnar?

582. Frumvarp til laga [363. mál]

um breytingu á lögum um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974.

Flm.: Auður Sveinsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson,
Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 4. gr., og breytist greinatala í samræmi við það. Greinin orðast svo:

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald sem varið skal til framkvæmda við gerð göngustíga, hjólreiðastíga, leiksvæða og annarra opinna svæða.

2. gr.

Í stað „skv. 1. og 3. gr.“ í 1. málsl. 5. gr. (er verður 6. gr.) kemur: skv. 1., 3. og 4. gr.

3. gr.

Við 6. gr. (er verði 7. gr.) bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Sérstakt gjald skv. 4. gr. skal gjaldkræft þegar lokið er þeim framkvæmdum sem tilgreindar eru í 4. gr. Þó skal sveitarstjórn heimilt að ákveða með samþykkt að greiðslu slíkra gjalda sé dreift á tiltekið árabil eftir því sem nánar er tiltekið í samþykktinni.

4. gr.

Í stað „skv. 1. og 3. gr.“ í 7. gr. (er verður 8. gr.) kemur: skv. 1., 3. og 4. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 51/1974, um gatnagerðargjöld. Markmið þeirra er að hvetja sveitarfélög til þess að ganga frá göngustígum, hjólreiðastígum, leiksvæðum og öðrum opnum svæðum innan íbúðabyggðar. Telja verður það mikið öryggismál að tryggja öryggi vegfarenda og stuðla að því að börn séu að leik utan gatna. Þessari tegund svæða er hvergi markaður neinn tekjustofn innan sveitarfélaganna eins og nú er.

Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarráði fer slysum á gangandi og hjólandi vegfarendum fjölgandi. Einkum á þetta við um börn á aldrinum 7–14 ára. Af upplýsingum um slysatíðni barna á Norðurlöndum kemur fram að á Íslandi eru börn 12% slasaðra í umferðinni, þar af flest gangandi eða hjólandi, en annars staðar á Norðurlöndum eru börn 7–8,9% slasaðra. Árið 1991 varð mikil fjölgun slysa í áðurnefndum aldurshópi og á það jafnt við um Reykjavík og landið allt. Af því er varla hægt að draga aðra ályktun en þá að umhverfi barna sé víða hættulegt. Vegna skorts á leiksvæðum og/eða öruggum leiðum, bæði að skólum og opnum svæðum, eru umferðargötur oft einu svæðin sem börnum er gert að fara um og jafnvel leika sér á. Frágangur göngustíga, hjólreiðastíga, leiksvæða og annarra opinna svæða innan íbúðabyggðar á að vera jafnmikilvægur við gerð nýrra byggingarsvæða og gatna- og gangstéttagerð. Framkvæmdir sveitarfélaga við frágang umræddra svæða eru fremur tilviljanakenndar og oft látnar aftast í framkvæmdaröð. Því er mikilvægt að sveitarfélögum sé gert kleift að nota hluta af gatnagerðargjaldi til slíkra framkvæmda og að opin svæði fái jafnt vægi og gatnagerð þegar um framkvæmdir er að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er sveitarstjórnum heimilað að leggja á sérstakt gjald til þess að standa straum af kostnaði við þær framkvæmdir sem tilteknar eru og enn fremur er kveðið á um hámark gjaldsins.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um álagningarstofn sérstaks gjalds skv. 1. gr. frumvarpsins og lagt til að hann verði sá sami og nú er skv. 3. gr. laganna.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja ákvæði um hvenær sérstakt gjald skv. 1. gr. frumvarpsins er gjaldkræft og er það hliðstætt því sem nú er í 6. gr. laganna.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að lögveðsréttur í viðkomandi fasteign fylgi sérstöku gjaldi skv. 1. gr. frumvarpsins og er það sami réttur og fylgir gjöldum skv. 1. og 3. gr.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Umferðarráð:

Úr skýrslum lögreglu.





583. Frumvarp til laga [364. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Tryggingaráð skipa sjö menn. Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og fimm til vara. Þá skipar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tvo fulltrúa og jafnmarga til vara samkvæmt tilnefningu frá Landssambandi aldraðra annars vegar og frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp sameiginlega hins vegar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna. Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nær samhljóða frumvarp var flutt á 109. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Flutningsmaður var Helgi Seljan.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á skipan tryggingaráðs að til viðbótar hinum fimm þingkjörnu fulltrúum, sem þar sitja nú, komi tveir fulltrúar jafnréttháir, þ.e. annar frá Landssambandi aldraðra og hinn sameiginlega frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp.

Yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins er í höndum tryggingaráðs sem setur m.a. reglur um fjölmargt á grundvelli laga um almannatryggingar. Auk þess er ýmsu því vísað til tryggingaráðs sem málsaðilum þykir ekki hafa fengist viðunandi úrlausn á. Fjölmörg vandasöm úrlausnarefni, sem lenda á borði tryggingaráðs, eru á þann veg að þau snerta þá aðila beint og óbeint sem lagt er til að eigi fulltrúa til viðbótar í tryggingaráði. Telja verður bæði eðlilegt og sanngjarnt að fulltrúar þessara samtaka setjist þarna inn til ákvörðunar ásamt þeim þingkjörnum fulltrúum sem fyrir eru. Þar munu koma til verks aðilar sem nákunnugir eru málefnum umbjóðenda sinna.

Tryggingastofnun ríkisins hefur með höndum viðamikla og vandasama starfsemi sem snertir flesta einstaklinga innan þeirra samtaka sem hér er gerð tillaga um að fái fulltrúa í tryggingaráði. Benda má á að í fjárlögum 1992 er gert ráð fyrir að útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins verði tæplega 25 milljarðar króna eða u.þ.b. 23% ríkisútgjalda. Líf-eyristryggingar eru þar áætlaðar um 14,8 milljarðar króna og sjúkratryggingar liðlega 9 milljarðar króna.

Flutningsmaður leggur áherslu á að ekki er verið að kasta rýrð á þá fulltrúa sem sitja nú og setið hafa í tryggingaráði. Hins vegar er það skoðun flutningsmanns að tryggingaráð verði enn betur í stakk búið til þess að fjalla um og taka ákvarðanir á sviði umbjóðenda þeirra fulltrúa sem lagt er til að bætist í tryggingaráð.

Allnokkur fordæmi eru fyrir því að hagsmunasamtök eigi aðild að ákvörðunum sem snerta hagsmuni einstaklinga og félaga innan þeirra. Má þar nefna stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og svæðisstjórnir um málefni fatlaðra, en þar eiga Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp fulltrúa og verður ekki annað ráðið af þeirri reynslu en að farsællega hafi til tekist.

584. Fyrirspurn [365. mál]

til fjármálaráðherra um lækkun ríkisútgjalda.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hver er lækkun útgjalda hvers ráðuneytis fyrir sig á verðlagi ársins 1992 frá niðurstöðu reiknings 1991 til fjárlaga 1992?
2. Hvað er gert ráð fyrir mikilli fækkun ríkisstarfsmanna 1992 eftir ráðuneytum samkvæmt fjárlögum?

Skriflegt svar óskast.

585. Fyrirspurn [366. mál]

til sjávarútvegsráðherra um sölu á veiðiheimildum.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að ákvæðum 11. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, um forkaupsrétt sveitarfélaga verði breytt á þann veg að sveitarfélög hafi í öllum tilvikum forkaupsrétt þegar um er að ræða sölu á veiðiheimildum skipa út úr byggðarlagi?

586. Fyrirspurn [367. mál]

til félagsmálaráðherra um framlag sveitarfélaga til félagslegra íbúða.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hvenær er áformað að ákvæði 10. gr. laga nr. 1/1992 (bandorms) um 3,5% óafturkræft framlag sveitarfélaga af kaup- eða kostnaðarverði félagslegra íbúða komi til framkvæmda?
2. Verður innheimt gjald af íbúðum sem eru í byggingu við gildistöku laganna?
3. Hvenær á byggingartímanum á að greiða gjaldið?
4. Verður krafist gjalds af byggingu stúdentagarða?

587. Breytingartillögur [280. mál]

við frv. til l. um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Óheimilt er að kveikja í sinu og brenna í þéttbýli eða á þéttbyggðum svæðum, svo sem í sumarbústaðahverfum. Þó getur lögreglustjóri veitt leyfi til sinubrennu á afmörkuðum svæðum innan slíkra staða ef sérstakar ástæður liggja til, enda verði öruggri gæslu við komið.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eigendum og umráðamönnum jarða utan þéttbýlissvæða er heimilt að brenna sinu á landi sínu með þeim takmörkunum sem lög þessi kveða á um. Þeir bera alla ábyrgð á að framkvæmd verksins sé í samræmi við lög.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Aldrei má kveikja í sinu þar sem hætta getur stafað af fyrir náttúruminjar, fuglalíf, lyng- og trjágróður eða mannvirki.
   Skal sinubrenna því aðeins heimil að hindranir, svo sem árfarvegir, melar, skurðir, vegir eða votlendi, komi í veg fyrir að eldur geti breiðst út fyrir það land sem ætlunin er að brenna.
   Óheimilt er að kveikja í sinu eftir 1. maí ár hvert. Þó getur sýslumaður að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið ákveðið aðra dagsetningu ef sérstakar veðurfarslegar aðstæður mæla með.
4. Við 4. gr. 1. og 2. málsgr. orðist svo:
   Skylt er hverjum þeim sem ferðast um að gæta ýtrustu varkárni við notkun elds og ganga tryggilega frá því að hann sé slökktur áður en eldstæði er yfirgefið.
   Óheimilt er að kveikja eld á víðavangi þar sem hætta getur stafað af fyrir gróður, dýralíf, mannvirki eða almannaheill.

588. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Lyfjatæknaskóla Íslands, lögum um sjúkraliða, lögum um Ljósmæðraskóla Íslands og á ljósmæðralögum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Ingibjörg Magnúsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Eggert Eggertsson, skólastjóri Lyfjatæknaskóla Íslands, og stjórn Lyfjatæknafélags Íslands, Anna Sveinsdóttir, Kristín Dagbjartsdóttir og Elín Theódórsdóttir.

Nefndin leggur til að 3. gr. frumvarpsins verði breytt í þá átt að lög um Ljósmæðraskóla Íslands, nr. 35/1964, falli úr gildi 1. júlí 1994. Ljóst þykir að Ljósmæðraskólinn verður ekki lagður niður nú í haust. Þeir nemendur, sem innritast þá, munu ljúka námi sínu vorið 1994. Þykja ekki efni til þess að leggja skólann niður fyrr.

Í tengslum við síðari efnismálsgrein 1. gr. frumvarpsins vill nefndin benda á að æskilegt er að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið geri lyfjatækninemum kleift að vistast hjá apótekum sjúkrahúsanna, lyfjaframleiðslufyrirtækjum og lyfjaheildsölum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. mars 1992.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Sigríður Þórðardóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.
Svavar Gestsson.	Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

589. Breytingartillaga [56. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Lyfjatæknaskóla Íslands, lögum um sjúkraliða, lögum um Ljósmæðraskóla Íslands og á ljósmæðralögum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Við 3. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1994.

590. Lög [60. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Afgreidd frá Alþingi 18. mars.)

Samhljóða þskj. 536 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:
Í stað 1.–4. mgr. 114. gr. komi þrjár málsgreinar, svohljóðandi:
Dómsmálaráðherra skipar stjórn Umferðarráðs. Skal stjórnin skipuð formanni ráðsins og varaformanni og auk þess þremur ráðsmönnum sem ráðherra skipar til eins árs í senn, tvo þeirra samkvæmt tilnefningu Umferðarráðs. Þess skal gætt að einhver stjórnarmanna hafi þekkingu á ökukennslu.
Stjórnin hefur með höndum yfirstjórn á starfsemi Umferðarráðs, boðar fundi í ráðinu, undirbýr dagskrá funda þess og leggur fyrir það skýrslu um starfsemi ráðsins.
Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs að fengnum tillögum stjórnar þess. Skipunin má vera tímabundin.

591. Fyrirspurn [368. mál]

til utanríkisráðherra um mengun frá bandaríska hernum.

Frá Auði Sveinsdóttur.

Hefur íslenska ríkið afsalað sér skaðabótarétti vegna grunnvatnsmengunar í Keflavík og nágrenni með vatnsveitusamningi við bandaríska herinn?

592. Fyrirspurn [369. mál]

til utanríkisráðherra um kostnað við fundaherferðir og kynningar innan lands á vegum utanríkisráðuneytisins.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver var heildarkostnaður við fundaherferðir og kynningar utanríkisráðherra hér innan lands frá 1. maí 1991 til 1. mars 1992?
   Auk heildarkostnaðar er óskað eftirfarandi sundurliðunar:
   a. Heildarkostnaður við auglýsingar í dagblöðum.

b. Heildarkostnaður við auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi.
c. Heildarkostnaður við aðrar auglýsingar.
d. Heildarkostnaður við leigu á fundasölum og annan beinan kostnað við fundahald.
e. Heildarferðakostnaður utanríkisráðherra, aðstoðarmanns hans og embættismanna.
f. Annar kostnaður.

2. Hver var hlutur funda- og kynningarkostnaðar skv. 1. tölul. vegna GATT-samninga í heild og sundurliðaður skv. a–f-liðum 1. tölul.?
3. Hver var hlutur funda- og kynningarkostnaður skv. 1. tölul. vegna EES-samninga í heild og sundurliðaður skv. a–f-liðum 1. tölul.?

593. Svar [321. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um auglýsinga- og kynningarkostnað viðskiptaráðuneytisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður viðskiptaráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?*
2. *Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?*
3. *Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?*
4. *Fyrir hvað var greitt?*
5. *Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?*

Í fyrirspurninni er spurt um hvort einhverjar reglur séu í gildi í ráðuneytunum varðandi þessi atriði. Ekki er um formlegar reglur að ræða, en brýnt er fyrir starfsmönnum að gæta fyllsta sparnaðar í þessu efni.

1. janúar 1990 til 31.12 91

DAGSETNING GREIÐSLU	MIÐILL	EFNI AUGLÝSINGAR	UPPHÆÐ
02.03.90	Morgunblaðið	Starf rítara	10,308
06.03.90	Stjórnartíðindi	Breyt á reglug. 287/1987	5,000
06.03.90	Lögbirtingarblað	Augl. um niðurf. verðbr. miðl. leyfi	935
06.04.90	Ríkisútvarpið	Sérprentun hlutafélagalaga	36,366
24.04.90	Lögbirtingarblað	Augl. um niðurf. verðbr. miðl. leyfi	935
24.04.90	Stjórnartíðindi	Augl. um flutningsj. sjóð	9,000
24.04.90	Stjórnartíðindi	Reikn tr. sjóðs viðsk. banka	10,000
03.05.90	Alþýðublaðið	Sérprentun hlutafélagalaga	26,000
17.05.90	Gættin, bl. stjórnm.fr.	Styrktarlína	8,000
17.05.90	Stjórnartíðindi	Reglur um verðbr. þing Íslands	20,000
14.06.90	Stjórnartíðindi	Augl. um flutningsj. sjóð	9,000
02.07.90	Lögbirtingarblað	Augl. til stjórnenda hlutafél.	5,235
23.08.90	Lögbirtingarblað	Niðurfelling leyfis	748
31.08.90	Stjórnartíðindi	Augl. um erl. lántökur og leigus.	36,000
31.08.90	Stjórnartíðindi	Augl. um innfl og gjaldeyrisl.	12,000
31.08.90	Stjórnartíðindi	Reglur um skipan gjaldeyrism.	60,000
31.08.90	Stjórnartíðindi	R. um námsk. fyrir lögg. viktarm.	5,000
10.09.90	Stjórnartíðindi	Skrá um samvinnufél.	5,000
10.09.90	Stjórnartíðindi	Skrá yfir firmatilk.	130,000
10.09.90	Stjórnartíðindi	Skrá yfir tilk. um ný hlutafél.	50,000
23.09.90	Stjórnartíðindi	Augl. um ársreikn. viðsk.banka	14,400
13.11.90	Tíminn	Staða sérfr. v. Lögg. stofu	21,663
14.11.90	Þjóðviljinn	Staða sérf. v. Lögg. stofu	24,371
22.11.90	Pressan	Staða sérfr. v. Lögg. stofu	21,663
04.12.90	Morgunblaðið	Staða sérfr. v. Lögg. stofu	49,874
04.12.90	Þjóðviljinn	Staða sérfr.v.Lögg. stofu	25,274
05.12.90	Tíminn	Staða sérfr.v. Lögg. stofu	21,663
05.12.90	Dagur	Staða sérfr.v.Lögg. stofu	20,760
07.12.90	D V	Staða sérfr.v. Lögg. stofu	21,663
12.12.90	Alþýðublaðið	Staða sérfr.v. Lögg. stofu	22,566
		Samtals	**683,424**

1. janúar 1991 til 30. apríl 1991

DAGSETNING GREIÐSLU	MIÐILL	EFNI AUGLÝSINGAR	UPPHÆÐ
08.01.91	Dagur	Staða sérfr. v. Lögg. stofu	21,663
08.01.91	D V	Staða sérfr.v. Lögg. stofu	21,663
08.01.91	Morgunblaðið	Staða sérfr.v. Lögg. stofu	26,493
16.01.91	Stjórnartíðindi	Augl nr 313/1990	5,000
19.01.91	Stjórnartíðindi	Augl. um gj. til trygg.sj. viðskb.	9,000
08.03.91	Ríkisútvarpið	Orkusparnaður	10,503

14.03.91	Stjórnartíðindi	Augl um ársreikn. viðsk.banka	9,000
14.03.91	Stjórnartíðindi	Augl. um flutningsj. sj. sements	9,000
05.04.91	Ríkisútvarpið	Orkusparnaður	429,114
22.04.91	Ísl. útvarpsfélagið	Orkusparnaður	100,203
22.04.91	Ísl. útvarpsfélagið	Orkusparnaður	67,740
22.04.91	Aðalstöðin	Orkusparnaður	100,000
		Samtals	**809,379**

594. Svar [328. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um auglýsinga- og kynningarkostnað iðnaðarráðuneytisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður iðnaðarráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?*
2. *Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?*
3. *Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?*
4. *Fyrir hvað var greitt?*
5. *Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?*

Í fyrirspurninni er spurt um hvort einhverjar reglur séu í gildi í ráðuneytunum varðandi þessi atriði. Ekki er um formlegar reglur að ræða, en brýnt er fyrir starfsmönnum að gæta fyllsta sparnaðar í þessu efni. Varðandi stærstu fjárhæðina í yfirliti iðnaðarráðuneytisins er rétt að taka fram að þar var um lið í sérstöku landkynningarátaki að ræða sem ráðuneytið greiddi að hálfu á móti Landsvirkjun.

Iðnaðarráðuneytið

1. janúar 1990 til 31.desember 1990

DAGSETNING GREIÐSLU	MIÐILL	EFNI AUGLÝSINGAR	UPPHÆÐ
31.01.90	Stjórnartíðindi	Gjaldskrárbreyting	4,000
31.01.90	Stjórnartíðindi	Gjaldskrárbreyting	4,000
20.02.90	Gula línan	Skráningargjald	9,213
20.03.90	Orator, félag laganem:	Kveðja	8,500
10.04.90	Iceland Review	Augl. í 1. heftiri 1990	106,713
30.04.90	Lögbirtingarblaðið	Staða forstj. Iðntæknist.	935
22.05.90	Vélabrögð, bl verkfrn	Augl. v/greinar um einkaleyfi	45,000
28.05.90	Gættin, blað stjórnm.	Auglýsing	6,000
31.05.90	Lögbirtingarblaðið	Breyting á veituleið Blönduvirkj.	4,114
17.07.90	Arab Buisness Report	Hlutur iðnrn. á móti LV.	366,929
31.08.90	Stjórnartíðindi	Gjaldskrárbreyting	5,000
16.10.90	Export útgáfan	Uppl í Export directory 1991-92	168,000
31.12.90	Stjórnartíðindi	Augl. um tæknil. tengiskilm.	48,000
31.12.90	Stjórnartíðindi	Augl. um styrkveit. úr Orkusjóði	9,000
31.12.90	Stjórnartíðindi	Gjaldskrárbreyting	9,000
31.12.90	Stjórnartíðindi	Gjaldskrárbreyting	3,000
31.12.90	Stjórnartíðindi	Gjaldskrárbreyting	5,000
		Samtals	**802,404**

1. janúar 1991 til 30. apríl 1991

DAGSETNING GREIÐSLU	MIÐILL	EFNI AUGLÝSINGAR	UPPHÆÐ
31.01.91	Stjórnartíðindi	Gjaldskrárbreyting	9,000
31.01.91	Stjórnartíðindi	Gjaldskrárbreyting	5,000
31.01.91	Stjórnartíðindi	Gjaldskrárbreyting	5,000
31.01.91	Stjórnartíðindi	Gjaldskrárbreyting	9,000
26.02.91	Guðjón Ó (gula línan	Skráning	21,850
		Samtals	**49,850**

595. Svar [289. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um þorskveiði og úthlutun á þorskkvóta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var úthlutun þorskkvóta samtals á hverju tímabili árið 1990, 1. janúar til 31. ágúst 1991 og 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 til eftirtalinna skipaflokka:*
   a. togara, lengri en 39 metra,
   b. togara, 39 metra og styttri,
   c. frystitogara,
   d. báta, 10 brl. og stærri,
   e. báta, minni en 10 brl.?
   Enn fremur er óskað sundurliðunar á eftirtalin svæði fyrir sömu tímabil:
   a. Norðurfjörð til og með Þórshöfn,
   b. Bakkafjörð til og með Djúpavogi,
   c. Höfn til og með Vestmannaeyjum,
   d. Stokkseyri til og með Grindavík,
   e. Hafnir til og með Akranesi,
   f. Arnarstapa til og með Patreksfirði,
   g. Tálknafjörð til og með Súðavík.
2. *Hver hefur þorskveiðin verið á fyrrnefndum svæðum samtals hvort tímabil fyrir sig, árið 1990 og 1. janúar til 31. ágúst 1991 á hvern eftirtalinn skipaflokk:*
   a. togara, lengri en 39 metra,
   b. togara, 39 metra og styttri,
   c. frystitogara,
   d. báta, 10 brl. og stærri,
   e. báta, minni en 10 brl.?

Upplýsingar um úthlutaðan þorskkvóta eru unnar úr kvótabókhaldi sjávarútvegsráðuneytisins. Enn fremur upplýsingar um þorskafla nema um þorskafla báta minni en 10 brl. á árinu 1990 en þær upplýsingar eru unnar af Fiskifélagi Íslands.

Í töflu 1.0 koma fram upplýsingar um úthlutað aflamark af þorski eftir þeirri flokkun sem fyrirspyrjandi óskar. Togurum er skipt í þrjá flokka. Togarar lengri en 39 metrar, togarar 39 metrar og styttri og loks frystitogarar. Hvað varðar frystitogarana er rétt að benda á að hér er byggt á flokkun ráðuneytisins á því hvað telst frystitogari. Er hér um að ræða togara sem hafa búnað um borð til að frysta afla en ekki hvort og að hve miklu leyti skipin vinna afla um borð. Sumir þessara togara frysta einungis hluta aflans um borð en landa öðrum hluta hans til vinnslu í landi. Enn fremur er rétt að benda á að á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að vinnsla og frysting á fiski hafi verið tekin upp um borð í togbátum. Þessir bátar eru ekki flokkaðir sem frystitogarar í gögnum ráðuneytisins heldur eru þeir flokkaðir með öðrum bátum. Upplýsingarnar sýna því ekki hve stórum hluta þorskkvótans er ráðstafað til skipa sem vinna allan afla um borð.

Bátunum er einnig skipt upp í þrjá flokka. Bátar 10 brl. og stærri, bátar minni en 10 brl. sem stunda veiðar með aflahlutdeild og loks bátar minni en 6 brl. sem stunda veiðar með línu og handfærum auk dagatakmarkana. Síðastnefndu bátarnir sæta ekki sérstöku aflahámarki en þeir áttu allir kost á í upphafi árs 1991 að velja á milli þess að stunda veiðar með aflahlutdeild eða veiðar með línu og handfærum auk dagatakmarkana. Eru sýndar upplýsingar um þann samanlagða aflamarkskost sem þessir bátar áttu kost á 1. janúar 1991 og 1. september 1991 eða við upphaf þess fiskveiðiárs. Eins og kunn-

ugt er var aflamarki í fyrsta sinn úthlutað til báta minni en 10 brl. í upphafi árs 1991 en fyrir þann tíma stunduðu þessir bátar annaðhvort netaveiðar með tilteknu aflahámarki eða veiðar með línu og handfærum auk dagatakmarkana.

Í töflu 1.1 koma fram upplýsingar um skiptingu úthlutaðs þorskaflamarks milli svæða í samræmi við fyrirspurnina. Er þá miðað við skráða heimahöfn allra þeirra fiskiskipa sem stunda veiðar með aflahlutdeild. Samanlagður aflamarkskostur báta minni en 6 brl. sem stunda svokallaðar krókaveiðar er sýndur í einni tölu fyrir fiskveiðitímabilið sem hófst 1. janúar 1991 og fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.

Í töflum 2.0 og 2.1 er sýnd skipting þorskaflans annars vegar á milli svæða og hins vegar á milli útgerðarflokka. Er miðað við sömu svæði og útgerðarflokka og hér að ofan nema hvað upplýsingar um afla báta minni en 10 brl. eru í einni tölu á tillits til þess hvort þeir stundi veiðar með aflahlutdeild eða línu og handfærum. Rétt er að benda á að þessar upplýsingar segja ekki til um það hversu miklum þorskafla hefur verið landað innan þessara svæða þar sem einstök skip landa oft afla utan þeirrar verstöðvar sem þau eru skráð í. Til að glöggva allan samanburð eru upplýsingar um þorskafla miðað við framangreinda skiptingu sýndar fyrir fyrstu átta mánuðina 1990 og 1991 í stað þess að birta upplýsingar um aflann á öllu árinu 1990.

Rétt er að taka fram að allar upplýsingar eru miðaðar við óslægðan afla en eins og kunnugt er er árlegu aflahámarki úthlutað til skipa miðað við slægðan afla. Þar sem þetta hefur oft valdið misskilningi er sú framsetning valin hér að miða allar upplýsingar við óslægðan afla.

Tafla 1.0 Úthlutað aflamark af þorski eftir útgerðarflokkum (m.v. ósl. afla)

Tímabil Útgerðarflokkur		1990 lestir	1991 lestir	1991-1992 lestir
a. togarar, lengri en 39 metra		93.079	67.569	79.890
b. togarar, 39 metra og styttri		9.191	7.460	7.955
c. frystitogarar		29.454	21.613	28.611
d. bátar 10 brl. og stærri		119.575	113.513	105.751
e. bátar, minni en 10 brl.	1)	-	28.930	23.200
f. krókabátar minni en 10 brl.	2)	-	5.437	5.472
Samtals		251.299	244.522	250.879

1) Bátar minni en 10 brl. fengu aflamark í fyrsta sinn 1. janúar 1991
2) Samanlagður aflamarkskostur krókabáta

Tafla 1.1 Úthlutað aflamark eftir svæðum (m.v. ósl. afla)

Tímabil Svæði		1990 lestir	1991 lestir	1991-1992 lestir
a. Norðurfjörður til og með Þórshöfn		72.205	63.901	69.955
b. Bakkafjörður til og með Djúpivogur		26.376	26.697	27.436
c. Höfn til og með Vestmannaeyjar		28.336	27.465	27.397
d. Stokkseyri til og með Grindavík		23.709	21.172	20.309
e. Hafnir til og með Akranes		44.344	46.206	44.682
f. Arnarstapa til og með Patreksfirði		22.625	24.035	23.132
e. Tálknafjörður til og með Súðavík		33.704	29.609	32.496
g. krókabátar	3)	-	5.437	5.472
Samtals		251.299	244.522	250.879

3) Krókabátar eru bátar minni en 6 brl. sem stunda línu- og handfæraveiðar með dagatakmörkunum en án aflahámarks

Tafla 2.0 Þorskafli eftir svæðum og útgerðarflokkum
(m. v. ósl. afla)

Tímabilið 1. janúar 1990 til 31. ágúst 1990

	Togarar			Bátar		
Útgerðarflokkur / Svæði	Lengri en 39 metra lestir	39 metra og styttri lestir	Frysti-skip lestir	10 brl. og stærri lestir	Minni en 10 brl. lestir	Samtals lestir
a. Norðurfjörður til og með Þórshöfn	25.728	2.470	16.449	15.311	6.584	66.542
b. Bakkafjörður til og með Djúpivogur	13.706	1.675	2.051	3.339	5.978	26.749
c. Höfn til og með Vestmannaeyjar	5.853	1.069	1.138	19.974	1.640	29.674
d. Stokkseyri til og með Grindavík	2.939	0	939	19.770	816	24.464
e. Hafnir til og með Akranes	12.371	1.129	6.591	18.706	9.019	47.816
f. Arnarstapa til og með Patreksfirði	905	511	0	19.864	4.203	25.483
e. Tálknafjörður til og með Súðavík	16.453	0	2.390	7.634	2.960	29.437
Samtals	77.955	6.854	29.558	104.598	31.200	250.165

Tafla 2.1 Þorskafli eftir svæðum og útgerðarflokkum
(m. v. ósl. afla)

Tímabilið 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991

	Togarar			Bátar		
Útgerðarflokkur / Svæði	Lengri en 39 metra lestir	39 metra og styttri lestir	Frysti-skip lestir	10 brl. og stærri lestir	Minni en 10 brl. lestir	Samtals lestir
a. Norðurfjörður til og með Þórshöfn	23.094	3.433	17.701	19.684	5.926	69.838
b. Bakkafjörður til og með Djúpivogur	11.685	1.091	2.749	2.738	3.873	22.136
c. Höfn til og með Vestmannaeyjar	4.387	675	955	19.426	1.736	27.179
d. Stokkseyri til og með Grindavík	2.245	0	1.157	17.485	922	21.809
e. Hafnir til og með Akranes	10.420	2.118	5.135	18.977	9.087	45.737
f. Arnarstapa til og með Patreksfirði	1.677	918	0	20.560	4.825	27.980
e. Tálknafjörður til og með Súðavík	18.234	0	2.262	6.761	3.037	30.294
Samtals	71.742	8.235	29.959	105.631	29.406	244.973

596. Svar [267. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Eggerts Haukdals um ferðakostnað ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var ferðakostnaður hvers ráðherra vegna ferðalaga til útlanda:

1. *árið 1989,*
2. *árið 1990,*
3. *1. janúar til 30. apríl 1991?*

Óskað er eftir svofelldri sundurliðun:

a. *Hve margar ferðir hver ráðherra fór, hvert farið var og hve lengi ráðherra dvaldist samtals erlendis,*
b. *fargjöld,*
c. *samanlagður hótelkostnaður (gisti- og fæðiskostnaður),*
d. *risna,*
e. *dagpeningagreiðslur, þar með talið álag á þær,*
f. *heildargreiðslur til maka, sundurliðað í ferðakostnað, dagpeninga og annan kostnað.*

Fyrirspurnin var send öllum ráðuneytum í Stjórnarráði Íslands með ósk um upplýsingar. Fara svör ráðuneytanna hér á eftir.

Athygli er vakin á að fjárhæðir hafa ekki verið verðbættar. Hafi ráðuneytin séð ástæðu til að geta sérstaklega um tilefni ferða koma þær upplýsingar fram innan sviga á eftir upplýsingum um áfangastað, en samkvæmt skilningi forsætisráðuneytisins var ekki beðið sérstaklega um upplýsingar um tilefni ferða í fyrirspurninni.

Rétt er að taka fram að skattur af dagpeningagreiðslum til ráðherra og maka er innifalinn í tölum þar um. Þá fylgir svari þessu greinargerð utanríkisráðuneytisins um ferðakostnað utanríkisráðherra.

Forsætisráðuneyti

Ferðir Steingríms Hermannssonar, forsætisráðherra, árið 1989, árið 1990 og 1. jan. 1991 til 30. apríl 1991.

a. Fjöldi ferða, 1989: 10
Fjöldi ferða, 1990: 9
Fjöldi ferða, 1991: 2

- Hvert farið 1989: Holland (Íslandskynning); Svíþjóð (Norðurlandaráðsþing); Noregur (forsætisráðherrafundur EFTA); Danmörk (Fundur alþjóðsamtaka frjálslyndra flokka); Ungverjaland (boðsferð); Belgía (fundur Atlantshafsbandalagsins); Finnland (fundur forsætisráðherra Norðurlanda); Frakkland (fundur um málefni EB og EFTA, fundur um málefni Austur-Evrópu); Álandseyjar og Sviss (aukaþing Norðurlandaráðs, ráðstefna um málefni EB og EFTA); Belgía (fundur Atlantshafsbandalagsins).

- Hvert farið 1990: Sviss (fundur alþjóðasamtaka frjálslyndra flokka); Lichtenstein og Belgía (opinber heimsókn, fundir vegna EB); Egyptaland, Tékkóslóvakía og Noregur (opinberar heimsóknir og umhverfismálafundur í Björgvin); Svíþjóð (ráðherrafundur EFTA); Bretland (fundur Atlantshafsbandalagsins í Lundúnum); Bretland (Ólympíuleikar fatlaðra í Glasgow); Bandaríkin (leiðtogafundur Sþ, heimsókn til Alumax o.fl.); Bretland (fundur alþjóðasamtaka frjálslyndra flokka og fundur um orkusamning); Frakkland og Bretland (leiðtogafundur RÖSE og fundur um málefni EFTA og EB).

- Hvert farið 1991: Noregur (útför Noregskonungs); Danmörk og Svíþjóð (Norðurlandaráðsþing og fundur í Stokkhólmi).

Dagafjöldi erlendis, 1989: 52
Dagafjöldi erlendis, 1990: 66
Dagafjöldi erlendis, 1991: 11

b.	Fargjöld, 1989:	645.330 kr.
	Fargjöld, 1990:	1.015.576 kr.
	Fargjöld, 1991:	171.010 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður, 1989:	711.553 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1990:	1.207.257 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1991:	309.795 kr.
d.	Risna, 1989:	179.016 kr.
	Risna, 1990:	410.485 kr.
	Risna, 1991:	132.452 kr.
e.	Dagpeningar, 1989:	734.778 kr.
	Dagpeningar, 1990:	1.047.579 kr.
	Dagpeningar, 1991:	191.247 kr.

f. Greiðslur til maka 1989:

Fargjöld	545.110 kr.
Dagpeningar	316.172 kr.
Annað	
Maki samtals	861.608 kr.

Greiðslur til maka 1990:

Fargjöld	705.915 kr.
Dagpeningar	477.308 kr.
Annað	
Maki samtals	1.183.223 kr.

Greiðslur til maka 1991:

Fargjöld	46.250 kr.
Dagpeningar	67.143 kr.
Annað	
Maki samtals	113.393 kr.

Utanríkisráðuneytið

Ferðir Jóns Baldvins Hannibalssonar, utanríkisráðherra, árið 1989, árið 1990 og 1. jan. til 30. apríl 1991.

a. Fjöldi ferða 1989: 18
Fjöldi ferða 1990: 15
Fjöldi ferða 1991: 2

- Hvert farið 1989: Frakkland og Noregur; Austurríki; Noregur, Belgía og Danmörk; Svíþjóð og Belgía; Færeyjar; Belgía og Finnland; Noregur; Svíþjóð; Belgía og Þýskaland; Bretland og Frakkland; Kanada; Tyrkland; Frakkland; Bandaríkin; Sviss, Noregur og Írland; Belgía, Bretland og Ungverjaland; Frakkland; Noregur, Belgía, Frakkland og Þýskaland.

- Hvert farið 1990: Danmörk; Kanada; Finland og Svíþjóð; Portúgal; Sviss; Belgía og Svíþjóð; Írland og Svíþjóð; Bretland; Belgía; Belgía og Lúxemborg; Bandaríkin; Frakkland og Belgía; Sviss og Belgía.

- Hvert farið 1991: Finnland og Litháen; Genf.

Dagafjöldi erlendis 1989: 68
Dagafjöldi erlendis 1990: 131
Dagafjöldi erlendis 1991: 10

b. Fargjöld 1989: 1.503.176 kr.
Fargjöld 1990: 1.362.736 kr.
Fargjöld 1991: 258.926 kr.

c. Samanlagður hótelkostnaður 1989: 1.948.874 kr.
Samanlagður hótelkostnaður 1990: 1.499.500 kr.
Samanlagður hótelkostnaður 1991: 111.143 kr.

d. Risna 1989: 132.773 kr.
Risna 1990: 8.793 kr.
Risna 1991:

e. Dagpeningar 1989: 1.705.872 kr.
Dagpeningar 1990: 1.342.012 kr.
Dagpeningar 1991: 154.379 kr.

f. Greiðslur til maka 1989:
Fargjöld 785.780 kr.
Dagpeningar 533.329 kr.
Annað
Maki samtals 1.319.109 kr.

Greiðslur til maka 1990:
Fargjöld 876.436 kr.
Dagpeningar 571.368 kr.
Annað
Maki samtals 1.447.804 kr.

Greiðslur til maka 1991: - engar

Landbúnaðarráðuneyti

Ferðir Steingríms J. Sigfússonar, landbúnaðarráðherra, árið 1989, 1990 og 1. jan. 1991 til 30. apríl 1991.

a. Fjöldi ferða, 1989: 2
Fjöldi ferða, 1990: 5
Fjöldi ferða, 1991: 0

- Hvert farið, 1989: Finnland (fundur um GATT); Þýskaland (boðsferð).

- Hvert farið, 1990: Svíþjóð (ráðherrafundur); Sviss (vegna GATT); Grænland (boðsferð); Sviss (vegna GATT); Noregur (ráðherrafundur).

- Hvert farið, 1991:

Dagafjöldi erlendis, 1989: 13
Dagafjöldi erlendis, 1990: 16
Dagafjöldi erlendis, 1991: 0

b.	Fargjöld, 1989:	151.450 kr.
	Fargjöld, 1990:	326.017 kr.
	Fargjöld, 1991:	
c.	Samanlagðir hótelkostnaður, 1989:	23.822 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1990:	107.311 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1991:	
d.	Risna, 1989:	33.937 kr.
	Risna, 1990:	
	Risna, 1991:	
e.	Dagpeningar, 1989:	169.589 kr.
	Dagpeningar, 1990:	265.318 kr.
	Dagpeningar, 1991:	

f. Greiðslur til maka 1989:

Fargjöld	41.750 kr.
Dagpeningar	47.524 kr.
Annað	
Maki samtals	89.274 kr.

Greiðslur til maka 1990:

Fargjöld	24.160 kr.
Dagpeningar	30.456 kr.
Annað	
Maki samtals	54.616 kr.

Greiðslur til maka 1991: - engar.

Umhverfisráðuneyti

Ferðir Júlíusar Sólnes, umhverfis- og samstarfsráðherra, árið 1989, 1990 og 1. jan. 1991 til 30. apríl 1991.

a. Fjöldi ferða, 1989: 3
Fjöldi ferða, 1990: 11
Fjöldi ferða, 1991: 3

- Hvert farið, 1989: Danmörk; Danmörk, Svíþjóð og Álandseyjar; V-Þýskaland.

- Hvert farið, 1990: Holland; Bandaríkin og Kanada; Sviss; Noregur og Finnland; Bretland; Bretland og Kenya; Danmörk; Belgía og Svíþjóð; Finnland; Frakkland, Sviss og Danmörk; Bandaríkin og Kanada.

- Hvert farið, 1991: Danmörk; Svíþjóð og Frakkland; Danmörk.

Dagafjöldi erlendis, 1989: 14
Dagafjöldi erlendis, 1990: 81
Dagafjöldi erlendis, 1991: 14

b.	Fargjöld, 1989:	204.880 kr.
	Fargjöld, 1990:	1.155.206 kr.
	Fargjöld, 1991:	296.600 kr.
c.	Samanlagðir hótelkostnaður, 1989:	129.103 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1990:	750.894 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1991:	226.901 kr.
d.	Risna, 1989:	24.948 kr.
	Risna, 1990:	53.329 kr.
	Risna, 1991:	25.525 kr.
e.	Dagpeningar, 1989:	218.269 kr.
	Dagpeningar, 1990:	1.204.332 kr.
	Dagpeningar, 1991:	215.979 kr.
f.	Greiðslur til maka 1989:	
	Fargjöld	77.100 kr.
	Dagpeningar	94.541 kr.
	Annað	
	Maki samtals	171.641 kr.
	Greiðslur til maka 1990:	
	Fargjöld	595.393 kr.
	Dagpeningar	484.023 kr.
	Annað	
	Maki samtals	1.079.416 kr.
	Greiðslur til maka 1991:	
	Fargjöld	173.890 kr.
	Dagpeningar	92.612 kr.
	Annað	
	Maki samtals	266.502 kr.

Samgönguráðuneyti

Ferðir Steingríms J. Sigfússonar, samgönguráðherra, árið 1989, 1990 og 1. jan. 1991 til 30. apríl 1991.

a. Fjöldi ferða, 1989: 6
Fjöldi ferða, 1990: 7
Fjöldi ferða, 1991: 2

- Hvert farið, 1989: Lúxemborg (Íslandskynnning); Svíþjóð og Bretland (Þing Norðurlandaráðs og umhverfismálaráðstefna); Bandaríkin (boðsferð); Egyptaland (opinber ferð); Frakkland (vegna ferðamálaárs Evrópu).

- Hvert farið, 1990: Þýskaland og Ungverjaland (ferðakaupstefna og opinber ferð); Þýskaland (ráðstefna um ferðamál); Bandaríkin; Grænland (ráðstefna um ferðamál á Norðvestursvæðinu); Bandaríkin (ferðamálaráðstefna); Grænland (ráðstefna um ferðamál á Norðvestursvæðinu); Svíþjóð (ráðherrafundur).

- Hvert farið, 1991: Danmörk (Þing Norðurlandaráðs); Lúxemborg (vegna ferðamálaráðs Evrópu).

Dagafjöldi erlendis, 1989: 27
Dagafjöldi erlendis, 1990: 31
Dagafjöldi erlendis, 1991: 8

b. Fargjöld, 1989: 313.269 kr.
Fargjöld, 1990: 562.055 kr.
Fargjöld, 1991: 165.080 kr.

c. Samanlagðir hótelkostnaður, 1989: 67.846 kr.
Samanlagður hótelkostnaður, 1990: 121.148 kr.
Samanlagður hótelkostnaður, 1991: 27.300 kr.

d. Risna, 1989: 50.445 kr.
Risna, 1990:
Risna, 1991:

e. Dagpeningar, 1989: 388.511 kr.
Dagpeningar, 1990: 475.311 kr.
Dagpeningar, 1991: 125.621 kr.

f. Greiðslur til maka 1989:

Fargjöld	60.898 kr.
Dagpeningar	78.685 kr.
Annað	
Maki samtals	139.583 kr.

Greiðslur til maka 1990:

Fargjöld	169.420 kr.
Dagpeningar	91.543 kr.
Annað	
Maki samtals	260.963 kr.

Greiðslur til maka 1991:

Fargjöld	82.120 kr.
Dagpeningar	60.433 kr.
Annað	
Maki samtals	142.553 kr.

Sjávarútvegsráðuneyti

Ferðir Halldórs Ásgrímssonar, sjávarútvegsráðherra, árið 1989, 1990 og 1. jan. 1991 til 30. apríl 1991.

a. Fjöldi ferða, 1989: 7
Fjöldi ferða, 1990: 7
Fjöldi ferða, 1991: 2

- Hvert farið, 1989: Svíþjóð (fundur NIB); Svíþjóð og Belgía (Þing Norðurlandaráðs og fundir með EB; Þýskaland (opinber heimsókn); Banmörk (fundur vegna EB); Bandaríkin (ársfundur IWC); Sovétríkin (opinber heimsókn); Þýskaland (ANUGA sýning).

- Hvert farið, 1990: Þýskaland (matvælasýning); Japan (opinber heimsókn); Holland (ársfundur IWC); Danmörk (norræn fiskimálaráðstefna); Grænland (opinber heimsókn); Frakkland (SIAL-sýning, viðræður við sjávarútvegsráðherra Frakklands); Noregur (ráðstefna um umhverfismál).

- Hvert farið, 1991: Þýskaland (matvælasýning); Danmörk (ráðherrafundur).

Dagafjöldi erlendis, 1989: 47
Dagafjöldi erlendis, 1990: 50
Dagafjöldi erlendis, 1991: 11

b.	Fargjöld, 1989:	432.990 kr.
	Fargjöld, 1990:	601.770 kr.
	Fargjöld, 1991:	140.930 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður, 1989:	470.070 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1990:	458.416 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1991:	145.407 kr.
d.	Risna, 1989:	52.626 kr.
	Risna, 1990:	20.700 kr.
	Risna, 1991:	86.080 kr.
e.	Dagpeningar, 1989:	686.298 kr.
	Dagpeningar, 1990:	774.000 kr.
	Dagpeningar, 1991:	168.369 kr.
f.	Greiðslur til maka 1989:	
	Fargjöld	106.570 kr.
	Dagpeningar	116.359 kr.
	Annað	
	Maki samtals	222.929 kr.
	Greiðslur til maka 1990:	
	Fargjöld	420.275 kr.
	Dagpeningar	330.935 kr.
	Annað	
	Maki samtals	751.210 kr.
	Greiðslur til maka 1991:	
	Fargjöld	98.770 kr.
	Dagpeningar	114.674 kr.
	Annað	
	Maki samtals	213.444 kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Ferðir Halldórs Ásgrímssonar sem dóms- og kirkjumálaráðherra árið 1989.

a. Fjöldi ferða: 2
- Hvert farið: Svíþjóð (Norðurlandaráðsþing); Holland (fundur dómsmálaráðherra Evrópuráðsríkja).
Dagafjöldi erlendis: 9

b. Fargjöld: 178.417 kr.

c. Samanlagður hótelkostnaður 20.732 kr.

d. Risna:

e. Dagpeningar: 55.212 kr.

f. Greiðslur til maka:

Fargjöld	80.683 kr.
Dagpeningar	27.606 kr.
Annað	
Maki samtals	108.289 kr.

Ferðir Óla Þ. Guðbjartssonar dóms- og kirkjumálaráðherra árið 1989, árið 1990 og 1.jan. til 30. apríl 1991.

a. Fjöldi ferða, 1989: 1
Fjöldi ferða, 1990: 2
Fjöldi ferða, 1991:

- Hvert farið, 1989: Álandseyjar (fundur Norðurlandaráðs).

- Hvert farið, 1990: Tyrklandi (fundur dómsmálaráðherra Evrópuríkja); Finnland (fundur dómsmálaráðherra).

Dagafjöldi erlendis, 1989: 4
Dagafjöldi erlendis, 1990: 13

b.	Fargjöld, 1989:	90.700 kr.
	Fargjöld, 1990:	264.830 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður, 1989:	22.404 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1990:	337.998 kr.
d.	Risna, 1989:	20.038 kr.
	Risna, 1990:	
e.	Dagpeningar, 1989:	80.325 kr.
	Dagpeningar, 1990:	295.278 kr.

f. Greiðslur til maka 1989:

Fargjöld	50.210 kr.
Dagpeningar	40.163 kr.
Annað	
Maki samtals	90.373 kr.

Greiðslur til maka 1990:

Fargjöld	216.140 kr.
Dagpeningar	147.640 kr.
Annað	
Maki samtals	359.450 kr.

Menntamálaráðuneyti

Ferðir Svavars Gestssonar menntamálaráðherra árið 1989, árið 1990 og 1. jan. 1991 til 30. apríl 1991.

a. Fjöldi ferða, 1989: 11
Fjöldi ferða, 1990: 7
Fjöldi ferða, 1991: 1

- Hvert farið 1989: Svíþjóð; Danmörk; Danmörk; Austurríki og Finnland; Kanada; Svíþjóð; Danmörk; Frakkland; Frakkland; Bretland; Danmörk.

- Hvert farið 1990: Grænland; Danmörk; Ítalía og Sovétríkin; Svíþjóð og Portúgal; Frakkland; Finnland; Svíþjóð og Danmörk.

- Hvert farið 1991: París og Kaupmannahöfn.

Dagafjöldi erlendis, 1989: 59
Dagafjöldi erlendis, 1990: 40
Dagafjöldi erlendis, 1991: 5

b.	Fargjöld, 1989:	811.040 kr.
	Fargjöld, 1990:	725.850 kr.
	Fargjöld, 1991:	140.530 kr.
c.	Samanlagðir hótelkostnaður, 1989:	241.529 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1990:	217.390 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1991:	21.473 kr.
d.	Risna, 1989:	17.750 kr.
	Risna, 1990:	
	Risna, 1991:	
e.	Dagpeningar, 1989:	805.346 kr.
	Dagpeningar, 1990:	583.720 kr.
	Dagpeningar, 1991:	61.112 kr.
f.	Greiðslur til maka 1989:	
	Fargjöld	222.650 kr.
	Dagpeningar	49.672 kr.
	Annað	
	Maki samtals	272.322 kr.

Greiðslur til maka, 1990: - engar.

Greiðslur til maka, 1991:		
	Fargjöld	70.850 kr.
	Dagpeningar	36.113 kr.
	Annað	
	Maki samtals	106.963 kr.

Fjármálaráðuneyti

Ferðir Ólafs Ragnars Grímssonar, fjármálaráðherra, árið 1989, 1990 og 1. jan. 1991 til 30. apríl 1991.

a. Fjöldi ferða, 1989: 3
Fjöldi ferða, 1990: 3
Fjöldi ferða, 1991: 1

- Hvert farið, 1989: Sovétríkin og Noregur; Mexíkó; Bretland.

- Hvert farið, 1990: Finnland; Bandaríkin; Danmörk.

- Hvert farið, 1991: Bandaríkin.

Dagafjöldi erlendis, 1989: 19
Dagafjöldi erlendis, 1990: 17
Dagafjöldi erlendis, 1991: 7

b.	Fargjöld, 1989:	155.890 kr.
	Fargjöld, 1990:	129.615 kr.
	Fargjöld, 1991:	91.510 kr.
c.	Samanlagðir hótelkostnaður, 1989:	98.076 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1990:	137.636 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1991:	34.361 kr.
d.	Risna, 1989:	28.439 kr.
	Risna, 1990:	56.076 kr.
	Risna, 1991:	17.177 kr.
e.	Dagpeningar, 1989:	215.792 kr.
	Dagpeningar, 1990:	252.844 kr.
	Dagpeningar, 1991:	118.409 kr.
f.	Greiðslur til maka, 1989:	
	Fargjöld	75.400 kr.
	Dagpeningar	94.450 kr.
	Annað	
	Maki samtals	169.850 kr.
	Greiðslur til maka, 1990:	
	Fargjöld	123.895 kr.
	Dagpeningar	99.749 kr.
	Annað	
	Maki samtals	223.644 kr.

Greiðslur til maka, 1991: - engar.

Heilbrigðisráðuneyti

Ferðir Guðmundar Bjarnasonar, heilbrigðisráðherra, árið 1989, 1990 og 1. jan. 1991 til 30. apríl 1991.

a. Fjöldi ferða, 1989: 5
Fjöldi ferða, 1990: 4
Fjöldi ferða, 1991: 1

- Hvert farið, 1989: Sviss; Noregur; Bretland; Frakkland og Bretland; Þýskaland og Lúxemborg.

- Hvert farið, 1990: Sviss; Álandseyjar; Danmörk; Kýpur.

- Hvert farið, 1991: Danmörk.

Dagafjöldi erlendis, 1989: 36
Dagafjöldi erlendis, 1990: 27
Dagafjöldi erlendis, 1991: 3

b.	Fargjöld, 1989:	349.010 kr.
	Fargjöld, 1990:	338.456 kr.
	Fargjöld, 1991:	88.270 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður, 1989:	393.015 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1990:	356.665 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1991:	30.188 kr.
d.	Risna, 1989:	26.718 kr.
	Risna, 1990:	
	Risna, 1991:	
e.	Dagpeningar, 1989:	564.581 kr.
	Dagpeningar, 1990:	429.352 kr.
	Dagpeningar, 1991:	164.460 kr.
f.	Greiðslur til maka, 1989:	
	Fargjöld	198.370 kr.
	Dagpeningar	229.962 kr.
	Annað	
	Maki samtals	428.332 kr.
	Greiðslur til maka, 1990:	
	Fargjöld	241.536 kr.
	Dagpeningar	153.897 kr.
	Annað	
	Maki samtals	395.433 kr.

Greiðslur til maka, 1991: - engar.

Félagsmálaráðuneyti

Ferðir Jóhönnu Sigurðardóttur, félagsmálaráðherra, árið 1989, 1990 og 1. jan. 1991 til 30. apríl 1991.

a. Fjöldi ferða, 1989: 5
Fjöldi ferða, 1990: 2
Fjöldi ferða, 1991: 0

- Hvert farið, 1989: Finnland; Svíþjóð; Sviss; Austurríki; Danmörk.

- Hvert farið, 1990: Þýskaland; Danmörk.

Dagafjöldi erlendis, 1989: 19
Dagafjöldi erlendis, 1990: 8

b.	Fargjöld, 1989:	307.200 kr.
	Fargjöld, 1990:	142.920 kr.
c.	Samanlagðir hótelkostnaður, 1989:	93.473 kr.
	Samanlagður hótelkostnaður, 1990:	48.468 kr.
d.	Risna, 1989:	8.270 kr.
	Risna, 1990:	
e.	Dagpeningar, 1989:	263.725 kr.
	Dagpeningar, 1990:	123.318 kr.

f. Greiðslur til maka, 1989, 1990 og 1991: - engar.

Iðnaðarráðuneyti[1]

Ferðir Jóns Sigurðssonar, iðnaðarráðherra, árið 1989, 1990 og 1. jan. 1991 til 30. apríl 1991.

a. Fjöldi ferða, 1989: 5
Fjöldi ferða, 1990: 8
Fjöldi ferða, 1991: 1

- Hvert farið, 1989: Svíþjóð; Finnland; Sviss; Svíþjóð og Noregur; Danmörk.

- Hvert farið, 1990: Frakkland (vegna stofnunar EBRD); Finnland, Frakkland, Bretland (norrænn ráðherrafundur og fundir vegna EBRD); Danmörk (norrænn ráðherrafundur); Kanada (viðræður við ráðamenn vegna stóriðjumála); Holland og Bretland (fundir vegna stóriðjumála); Frakkland (undirritun stofnskrár EBRD og ráðherrafundur OECD); ársfundir IMF og IBRD); Ungverjaland og Bandaríkin (opinber heimsókn og fundur vegna stóriðjumála).

- Hvert farið, 1991: Bandaríkin (vegna stóriðjumála).

Dagafjöldi erlendis, 1989: 25
Dagafjöldi erlendis, 1990: 46
Dagafjöldi erlendis, 1991: 5

b.

Fargjöld, 1989:	421.760 kr.
Fargjöld, 1990:	646.055 kr.
Fargjöld, 1991:	109.260 kr.

c.

Samanlagðir hótelkostnaður, 1989:	410.351 kr.
Samanlagður hótelkostnaður, 1990:	499.066 kr.
Samanlagður hótelkostnaður, 1991:	35.608 kr.

d.

Risna, 1989:	
Risna, 1990:	5.845 kr.
Risna, 1991:	

e.

Dagpeningar, 1989:	438.362 kr.
Dagpeningar, 1990:	720.896 kr.
Dagpeningar, 1991:	83.234 kr.

f. Greiðslur til maka fyrir árið 1989 eru færðar sameiginlega með greiðslum til ráðherra.

Greiðslur til maka, 1990:

Fargjöld	203.485 kr.
Dagpeningar	180.090 kr.
Annað	
Maki samtals	383.575 kr.

Greiðslur til maka, 1991: - engar.

---

[1] Nokkrar af ferðum ráðherra hafa verið farnar á vegum bæði viðskiptaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Í þessari samantekt hafa ferðirnar verið færðar hjá iðnaðarráðuneyti.

Viðskiptaráðuneyti

Ferðir Jóns Sigurðssonar, viðskiptaráðherra, árið 1989, 1990 og 1. jan. 1991 til 30. apríl 1991.

a. Fjöldi ferða, 1989: 3
Fjöldi ferða, 1990: 8
Fjöldi ferða, 1991: 2

- Hvert farið, 1989: Bandaríkin (fundir IMF og IBRD); Frakkland (ráðherrafundur OECD); Bandaríkin (ársfundir IMF og IBRD og ráðstefna ísl.- ameríska verslunarráðsins).

- Hvert farið, 1990: Frakkland (vegna stofnunar EBRD); Frakkland (vegna stofnunar EBRD); Belgía (fundir með framkvæmdastjórn EB); Frakkland og Þýskaland (vegna EBRD og CSCE); Bandaríkin (fundir IMF og IBRD og viðræður við Alumax); Finnland og Danmörk (vegna heimsóknar forseta Íslands og viðskiptaviðræður í Danmörku); Spánn og Svíþjóð (viðræður EB/EFTA samning og fundur neytendamálaráðherra EFTA); Frakkland og Bretland (fundir OECD og IBRD).

- Hvert farið, 1991: Danmörk (ráðherrafundur og fundur Norðurlandaráðs); Bretland (stofnfundur EBRD).

Dagafjöldi erlendis, 1989: 19
Dagafjöldi erlendis, 1990: 41
Dagafjöldi erlendis, 1991: 8

b. Fargjöld, 1989: 389.150 kr.
Fargjöld, 1990: 875.020 kr.
Fargjöld, 1991: 188.780 kr.

c. Samanlagðir hótelkostnaður, 1989: 211.166 kr.
Samanlagður hótelkostnaður, 1990: 468.923 kr.
Samanlagður hótelkostnaður, 1991: 149.957 kr.

d. Risna, 1989: 36.375 kr.
Risna, 1990: 71.199 kr.
Risna, 1991:

e. Dagpeningar, 1989: 435.901 kr.
Dagpeningar, 1990: 658.748 kr.
Dagpeningar, 1991: 125.742 kr.

f. Greiðslur til maka fyrir árið 1989 eru færðar með greiðslum til ráðherra.

Greiðslur til maka, 1990:
Fargjöld 69.420 kr.[2]
Dagpeningar 193.571 kr.
Annað
Maki samtals 262.991 kr.

Greiðslur til maka, 1991:
Fargjöld 103.390 kr.
Dagpeningar 62.871 kr.
Annað
Maki samtals 166.261 kr.

---

[2]. Hluti fargjalda er færður sameiginleg með ferðakostnaði ráðherra og kemur því ekki fram hér.

Greinargerð utanríkisráðuneytisins um ferðakostnað utanríkisráðherra.
(10. mars 1992.)

Vegna fyrirspurna frá alþingismönnunum Kristni H. Gunnarssyni og Eggert Haukdal um ferðakostnað ráðherra er eftirfarandi tekið fram með svari utanríkisráðuneytisins vegna ferðakostnaðar utanríkisráðherra.

Á því tímabili sem fyrirspurnirnar eiga við, þ.e. 1. janúar 1989 til 25. febrúar 1992, hafa tvö svæðabundin/alþjóðleg samninga- og viðræðuferli staðið sem hæst. Hér er um að ræða viðræður EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði, EES, og Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE. Þátttaka utanríkisráðherra þar um er óumflýjanleg.

Á árinu 1989 telst heildarferðakostnaður utanríkisráðherra vera 5.291 þús. kr. Síðari hluta þess árs gegndi utanríkisráðherra formennsku í ráðherraráði EFTA og leiddi því ríkjahópinn í samningum um EES gagnvart EB. Formennskuhlutverkinu fylgdu viðræður við alla forsvarsaðila frá EB-ríkjunum auk sameiginlegra viðræðna beggja ríkjahópanna. Ferðakostnaður vegna formennsku utanríkisráðherra nam 2.891 þús. kr. og alls á árinu 1989 vegna viðræðna um EES 3.629 þús. kr.

Ferðakostnaður utanríkisráðherra vegna RÖSE á árinu 1989 nam 621 þús. kr., þátttaka í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 275 þús. kr., kostnaður vegna opinberra heimsókna 561 þús. kr. og vegna Norðurlandasamstarfs 215 þús. kr.

Á árinu 1990 telst heildarferðakostnaður utanríkisráðherra vera 4.213 þús. kr. Ferðakostnaður utanríkisráðherra vegna EES og annarra EFTA- og EB-málefna er þar af 1.603 þús. kr. Kostnaður vegna RÖSE á árinu 1990 nam 724 þús. kr., þátttaka í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 527 þús. kr., kostnaður vegna opinberra heimsókna nam 404 þús. kr. og vegna Norðurlandasamstarfs 502 þús. kr. og annar óflokkaður ferðakostnaður 453 þús. kr.

Á árinu 1991 telst heildarferðakostnaður utanríkisráðherra vera 3.981 þús. kr. Ferðakostnaður utanríkisráðherra vegna EES og annarra EFTA- og EB-málefna 2.086 þús. kr. Kostnaður vegna RÖSE 301 þús. kr., þátttaka í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 478 þús. kr., kostnaður vegna opinberra heimsókna 145 þús. kr. og vegna Norðurlandasamstarfs 272 þús. kr. og annar óflokkaður ferðakostnaður 699 þús. kr.

Það sem af er árinu 1992 telst ferðakostnaður utanríkisráðherra vera 858 þús. kr. Kostnaður vegna einnar ferðar til Litáen, til Brussel og Genf vegna EB/EFTA-málefna nam 398 þús. kr. og kostnaður vegna ferðar til Moskvu á fjölþjóðaráðstefnu um frið í Mið-Austurlöndum og Prag, ráðherrafundur RÖSE, nam 460 þús. kr.

597. Svar [263. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um ferðakostnað ráðherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var ferðakostnaður hvers ráðherra vegna ferðalaga til útlanda frá 1. maí 1991 til 25. febrúar 1992?

Óskað er eftir svofelldri sundurliðun:

a. Hve margar ferðir hver ráðherra fór, hvert farið var og hve lengi ráðherra dvaldist samtals erlendis,
b. fargjöld,
c. samanlagður hótelkostnaður (gisti- og fæðiskostnaður),
d. risna,

e. dagpeningagreiðslur, þar með talið álag á þær,
f. heildargreiðslur til maka, sundurliðað í ferðakostnað, dagpeninga og annan kostnað.

Fyrirspurnin var send öllum ráðuneytum í Stjórnarráði Íslands með ósk um upplýsingar. Fara svör ráðuneytanna hér á eftir. Ekki var farið fram á að getið væri um tilefni ferða, en hafi ráðuneytin tilgreint það í svörum sínum kemur það fram innan sviga. Skattur af dagpeningagreiðslum er innifalinn í tilgreindum greiðslum dagpeninga til ráðherra og maka þeirra. Þá fylgir svari þessu greinargerð utanríkisráðuneytis um ferðakostnað utanríkisráðherra.

Félagsmálaráðuneyti

Ferðir Jóhönnu Sigurðardóttur, félagsmálaráðherra, frá 30. apríl 1991 til 25. febrúar 1992.

a. Fjöldi ferða: 5

Hvert var farið: Noregur; Sviss; Finnland; Frakkland; Belgía.

Dagafjöldi erlendis: 25

b.	Fargjöld:	383.040 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður:	214.743 kr.
d.	Risna:	
e.	Dagpeningar:	416.331 kr.
f.	Greiðslur til maka: - engar.	

Sjávarútvegsráðuneyti

Ferðir Þorsteins Pálssonar, sjávarútvegsráðherra, frá 30. apríl 1991 til 25. febrúar 1992.

a. Fjöldi ferða: 8

Hvert var farið: Noregur (fundur með norskum ráðamönnum); Lúxemborg (ráðherrafundur EB og EFTA); Grænland (fundur með norrænum sjávarútvegsráðherrum); Spánn (ráðstefna sjávarútvegsráðherra); Þýskaland (ANUGA-sýning); Lúxemborg (ráðherrafundur EB og EFTA); Bandaríkin (heimsókn til íslenskra útflutningsfyrirtækja); Svíþjóð (fundir um hvalveiðimál).

Dagafjöldi erlendis: 31

b.	Fargjöld:	558.120 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður:	145.823 kr.
d.	Risna:	12.223 kr.
e.	Dagpeningar:	502.762 kr.
f.	Greiðslur til maka:	
	Fargjöld	
	Dagpeningar	41.338 kr.
	Annað	
	Maki samtals	41.338 kr.

Fjármálaráðuneyti

Ferðir Friðriks Sóphussonar, fjármálaráðherra, frá 30. apríl 1991 til 25. febrúar 1992.

a. Fjöldi ferða: 4

Hvert var farið: Stokkhólmur og Frakkland; Thailand[1]; Álandseyjar og Finnland; Bretland.

Dagafjöldi erlendis: 19

b.	Fargjöld:	317.000 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður:	163.185 kr.
d.	Risna/annað:	48.239 kr.
e.	Dagpeningar:	215.882 kr.
f.	Greiðslur til maka:	
	Fargjöld	297.351 kr.
	Dagpeningar	108.403 kr.
	Annað	
	Maki samtals	405.754 kr.

[1]. Kostnaður vegna þessarar ferðar var endurgreiddur af IMF og kemur endurgreiðslan til lækkunar á fargjöldum, hótelkostnaði, risnu og dagpeningum ráðherra og maka.

Heilbrigðisráðuneyti

Ferðir Sighvatar Björgvinssonar, heilbrigðisráðherra, frá 30. apríl 1991 til 25. febrúar 1992.

a. Fjöldi ferða: 4

Hvert var farið: Sviss; Portúgal; Álandseyjar; Svíþjóð.

Dagafjöldi erlendis: 24

b.	Fargjöld:	463.200 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður:	245.883 kr.
d.	Risna:	
e.	Dagpeningar:	395.297 kr.
f.	Greiðslur til maka:	
	Fargjöld	308.920 kr.
	Dagpeningar	173.734 kr.
	Annað	
	Maki samtals	482.654 kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Ferðir Þorsteins Pálssonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, frá 30. apríl 1991 til 25. febrúar 1992.

a. Fjöldi ferða: 1
Hvert var farið: Danmörk.
Dagafjöldi erlendis: 3

b.	Fargjöld:	68.170 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður:	20.983 kr.
d.	Risna:	
e.	Dagpeningar:	50.760 kr.
f.	Greiðslur til maka:	
	Fargjöld	41.800 kr.
	Dagpeningar	25.380 kr.
	Annað	
	Maki samtals	67.180 kr.

Menntamálaráðuneyti

Ferðir Ólafs G. Einarssonar, menntamálaráðherra, frá 30. apríl 1991 til 25. febrúar 1992.

a. Fjöldi ferða: 8

Hvert var farið: Danmörk og Holland; Lettland og Litháen; Kýpur, Austurríki og Frakkland; Noregur; Álandseyjar; Austurríki; Noregur; Danmörk og Frakkland.

Dagafjöldi erlendis: 46

b.	Fargjöld:	897.230 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður:	478.710 kr.
d.	Risna:	
e.	Dagpeningar:	773.738 kr.
f.	Greiðslur til maka:	
	Fargjöld	245.780 kr.
	Dagpeningar	173.369 kr.
	Annað	
	Maki samtals	419.149 kr.

Umhverfisráðuneyti

Ferðir Eiðs Guðnasonar, umhverfis- og samstarfsráðherra, frá 30. apríl 1991 til 25. febrúar 1992.

a. Fjöldi ferða: 10

Hvert var farið: Finnland; Tékkóslóvakía og Danmörk; Bretland, Nýfundnaland og Bandaríkin; Sviss; Álandseyjar; Frakkland; Finnland; Danmörk; Danmörk og Eistland; Kenýa, Svíþjóð og Bretland.

Dagafjöldi erlendis: 50

b.	Fargjöld:	1.093.887 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður:	375.511 kr.
d.	Risna:	167,801 kr.
e.	Dagpeningar:	797.846 kr.
f.	Greiðslur til maka:	
	Fargjöld	385.933 kr.
	Dagpeningar	256.675 kr.
	Annað	
	Maki samtals	642.608 kr.

Iðnaðarráðuneyti

Ferðir Jóns Sigurðssonar, iðnaðarráðherra, frá 30. apríl 1991 til 25. febrúar 1992.

a. Fjöldi ferða: 6 (þar af 2 ferðir sem staðgengill utanríkisráðherra).

Hvert var farið: Bretland (stofnfundur EBRD og viðræður vegna sæstrengs); Sviþjóð (ráðherrafundur); Noregur og Sviþjóð (viðræður við ráðherra); Holland og Sviþjóð (vegna orkusáttmála Evrópu og funda um stóriðjumál); Bandaríkin (vegna ferðar forseta Íslands); Bandaríkin (fundur vegna aðstoðar við fyrrum Sovétríki).

Dagafjöldi erlendis: 23

b.	Fargjöld:	610.140 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður:	88.802 kr.
d.	Risna:	22.506 kr.
e.	Dagpeningar:	307.197 kr.
f.	Greiðslur til maka:	
	Fargjöld	165.410 kr.
	Dagpeningar	42.415 kr.
	Annað	
	Maki samtals	207.825 kr.

Viðskiptaráðuneyti

Ferðir Jóns Sigurðssonar, viðskiptaráðherra, frá 30. apríl 1991 til 25. febrúar 1992.

a. Fjöldi ferða: 2

Hvert var farið: Frakkland (ráðherrafundur OECD); Bandaríkin og Thailand (með forseta vegna móttöku víkingaskips og ársfundur IMF og IBRD).

Dagafjöldi erlendis: 12

b.	Fargjöld:	179.754
c.	Samanlagður hótelkostnaður:	218.938
d.	Risna:	54.148
e.	Dagpeningar:	203.859
f.	Greiðslur til maka:	
	Fargjöld	151.914
	Dagpeningar	101.929
	Annað	
	Maki samtals	253.843

Landbúnaðarráðuneyti

Ferðir Halldórs Blöndal, landbúnaðarráðherra, frá 30. apríl 1991 til 25. febrúar 1992.

a. Fjöldi ferða: 2

Hvert var farið: Bretland (landbúnaðarsýning og fundir með embættismönnum); Ítalía (fundur FAO).

Dagafjöldi erlendis: 14

b.	Fargjöld:	231.630 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður:	82.360 kr.
d.	Risna:	
e.	Dagpeningar:	235.485 kr.
f.	Greiðslur til maka:	
	Fargjöld	70.130 kr.
	Dagpeningar	82.360 kr.
	Annað	
	Maki samtals	117.724 kr.

Samgönguráðuneyti

Ferðir Halldórs Blöndal, samgönguráðherra, frá 30. apríl 1991 til 25. febrúar 1992.

a. Fjöldi ferða: 3

Hvert var farið: Sviss (ráðstefna Telecom); Holland (boðsferð); Danmörk (fundur norrænna samgönguráðherra).

Dagafjöldi erlendis: 10

b.	Fargjöld:	90.890 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður:	31.310 kr.
d.	Risna:	
e.	Dagpeningar:	94.454 kr.
f.	Greiðslur til maka:	
	Fargjöld	
	Dagpeningar	13.810 kr.
	Annað	
	Maki samtals	13.810 kr.

Forsætisráðuneyti

Ferðir Davíðs Oddssonar, forsætisráðherra, frá 30. apríl 1990 til 25. febrúar 1992.

a. Fjöldi ferða: 5

Hvert var farið: Ísrael og Bretland (opinber heimsókn og viðræður við breska ráðamenn); Ítalía (leiðtogafundur NATO); Noregur (opinber heimsókn); Frakkland og Bandaríkin (fundur EDU, fundur með bandaríkjaforseta og móttaka víkingaskipa); Noregur (fundur með forsætisráðherra Noregs); Austurríki (leiðtogafundur EFTA og EB).

Dagafjöldi erlendis: 32

b.	Fargjöld:	960.586 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður:	766.327 kr.
d.	Risna:	15.245 kr.
e.	Dagpeningar:	532.969 kr.
f.	Greiðslur til maka:	
	Fargjöld	611.566 kr.
	Dagpeningar	224.423 kr.
	Annað	
	Maki samtals	835.989 kr.

Utanríkisráðuneyti

Ferðir Jóns Baldvins Hannibalssonar, utanríkisráðherra, frá 30. apríl 1991 til 25. febrúar 1992.

a. Fjöldi ferða: 16

Hvert var farið: Belgía; Belgía og Austurríki; Noregur; Kaupmannahöfn, Lúxemborg, Ítalía, Þýskaland og Austurríki; Austurríki; Belgía; Danmörk; Finnland; Bandaríkin; Írland; Lúxemborg; Ítalía; Bretland; Sviss; Litháen og Belgía; Sviss og Svíþjóð; Samveldi fyrrum Sovétlýðvelda og Tékkóslóvakía.

Dagafjöldi erlendis: 82

b.	Fargjöld:	1.707.994 kr.
c.	Samanlagður hótelkostnaður:	1.215.078 kr.
d.	Risna:	176.921 kr.
e.	Dagpeningar:	1.326.477 kr.
f.	Greiðslur til maka:	
	Fargjöld	633.550 kr.
	Dagpeningar	338.931 kr.
	Annað	
	Maki samtals:	927.481 kr.

Greinargerð utanríkisráðuneytisins um ferðakostnað utanríkisráðherra.
(10. mars 1992.)

Vegna fyrirspurna frá alþingismönnunum Kristni H. Gunnarssyni og Eggert Haukdal um ferðakostnað ráðherra er eftirfarandi tekið fram með svari utanríkisráðuneytisins vegna ferðakostnaðar utanríkisráðherra.

Á því tímabili sem fyrirspurnirnar eiga við, þ.e. 1. janúar 1989 til 25. febrúar 1992, hafa tvö svæðabundin/alþjóðleg samninga- og viðræðuferli staðið sem hæst. Hér er um að ræða viðræður EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði, EES, og Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE. Þátttaka utanríkisráðherra þar um er óumflýjanleg.

Á árinu 1989 telst heildarferðakostnaður utanríkisráðherra vera 5.291 þús. kr. Síðari hluta þess árs gegndi utanríkisráðherra formennsku í ráðherraráði EFTA og leiddi því ríkjahópinn í samningum um EES gagnvart EB. Formennskuhlutverkinu fylgdu viðræður við alla forsvarsaðila frá EB-ríkjunum auk sameiginlegra viðræðna beggja ríkjahópanna. Ferðakostnaður vegna formennsku utanríkisráðherra nam 2.891 þús. kr. og alls á árinu 1989 vegna viðræðna um EES 3.629 þús. kr.

Ferðakostnaður utanríkisráðherra vegna RÖSE á árinu 1989 nam 621 þús. kr., þátttaka í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 275 þús. kr., kostnaður vegna opinberra heimsókna 561 þús. kr. og vegna Norðurlandasamstarfs 215 þús. kr.

Á árinu 1990 telst heildarferðakostnaður utanríkisráðherra vera 4.213 þús. kr. Ferðakostnaður utanríkisráðherra vegna EES og annarra EFTA- og EB-málefna er þar af 1.603 þús. kr. Kostnaður vegna RÖSE á árinu 1990 nam 724 þús. kr., þátttaka í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 527 þús. kr., kostnaður vegna opinberra heimsókna nam 404 þús. kr. og vegna Norðurlandasamstarfs 502 þús. kr. og annar óflokkaður ferðakostnaður 453 þús. kr.

Á árinu 1991 telst heildarferðakostnaður utanríkisráðherra vera 3.981 þús. kr. Ferðakostnaður utanríkisráðherra vegna EES og annarra EFTA- og EB-málefna 2.086 þús. kr. Kostnaður vegna RÖSE 301 þús. kr., þátttaka í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 478 þús. kr., kostnaður vegna opinberra heimsókna 145 þús. kr. og vegna Norðurlandasamstarfs 272 þús. kr. og annar óflokkaður ferðakostnaður 699 þús. kr.

Það sem af er árinu 1992 telst ferðakostnaður utanríkisráðherra vera 858 þús. kr. Kostnaður vegna einnar ferðar til Litáen, til Brussel og Genf vegna EB/EFTA-málefna nam 398 þús. kr. og kostnaður vegna ferðar til Moskvu á fjölþjóðaráðstefnu um frið í Mið-Austurlöndum og Prag, ráðherrafundur RÖSE, nam 460 þús. kr.

598. Svar [314. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Stefánssonar um fríverslunarsamning við Færeyjar.

1. *Hvenær er gert ráð fyrir að gerð fríverslunarsamnings við Færeyjar ljúki?*

Gert er ráð fyrir að undirskrift fríverslunarsamnings Íslendinga og Færeyinga verði í apríl nk. Samningsaðilar hafa náð samkomulagi um gildistöku samningsins 1. júlí 1992.

2. *Hverjar voru helstu útflutningsvörur Íslendinga til Færeyja eftir vöruflokkum árin 1989, 1990 og 1991?*

Hjálagt fylgir tafla yfir vöruviðskipti Íslendinga og Færeyinga árin 1989, 1990 og 1991. Til glöggvunar má benda á að fiskfóður hefur verið um 50% af vöruútflutningi Íslendinga til Færeyja og fryst kindakjöt um 10%. Árið 1989 var fersk loðna til bræðslu um 14% af vöruútflutningnum til Færeyja en hefur ekki verið nein síðan, það orsakast m.a.

af minni loðnuafla. Árið 1990 var útflutningurinn til Færeyja meiri en venjulega sem skýrist af sölu á gömlum skipum fyrir 367,4 millj. kr. og miklum útflutningi á fiskfóðri.

3. *Hvert var verðmæti þessa útflutnings (fob)?*
Sjá meðfylgjandi töflu.

4. *Er gert ráð fyrir að allir þessir vöruflokkar rúmist innan væntanlegs fríverslunarsamnings?*
Meginmál samningsdraganna gerir ráð fyrir fríverslun með afurðir sem falla undir kafla 25 til 97 í sameiginlegu tollskránni, þ.e. iðnaðarvörur. Að auki eru samningsaðilar sammála um algera fríverslun með sjávarafurði. Færeyingar bjóða einnig einhliða fríverslun með flestar landbúnaðarafurðir (með heimild til verðjöfnunargjalda), að undanskildu kinda- og geitakjöti, mjólk og jógúrt. Íslendingar munu áfram hafa möguleika á því að selja kindakjöt til Færeyja þar sem Færeyingar bjóða tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir íslenskt lambakjöt en enn hefur ekki náðst samkomulag um magn. Á móti gera Færeyingar kröfu um að Íslendingar opni markað sinn fyrir vatni og bjór frá Færeyjum.

Allar þær afurðir, sem Íslendingar hafa flutt út til Færeyja undanfarin ár, rúmast því innan væntanlegs fríverslunarsamnings.

Utanríkisráðuneytið
viðskiptaskrifstofa

08/03/1992/HA

Vöruviðskipti Íslands og Færeyja
1989, 1990 og 1991

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

Útflutningur (Fob)

	1989.			1990.			1991.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
Sjávarafurðir	**34.664,2**	**280,6**	**26,9%**	**7.175,4**	**55,6**	**3,9%**	**676,0**	**84,2**	**10,9%**
Ferskur fiskur, heill	1.057,3	64,3	6,2%	6.917,6	29,0	2,0%	177,7	11,7	1,5%
Fersk fiskflök	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%	198,7	21,0	2,7%
Ferskur fiskur til bræðslu	31.118,4	148,7	14,3%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Frystur fiskur, heill	102,0	15,1	1,4%	14,3	0,7	0,0%	59,7	16,6	2,1%
Fryst fiskflök	46,3	7,5	0,7%	153,2	18,7	1,3%	168,2	29,7	3,8%
Hrogn, fryst	8,5	0,3	0,0%	37,6	2,5	0,2%	61,0	4,0	0,5%
Síld, söltuð	7,1	0,5	0,0%	2,3	0,2	0,0%	9,4	0,8	0,1%
Loðnulýsi	2.007,7	26,4	2,5%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Loðnumjöl	193,7	8,4	0,8%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Aðrar sjávarafurðir	123,2	9,4	0,9%	50,4	4,5	0,3%	1,3	0,4	0,1%
Landbúnaðarafurðir	**1.382,1**	**107,1**	**10,3%**	**1.261,7**	**131,2**	**9,1%**	**1.206,8**	**114,2**	**14,8%**
Kindakjöt fyrst	620,4	87,4	8,4%	640,2	107,6	7,5%	546,9	89,6	11,6%
Ostur	2,8	0,4	0,0%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Hross, lifandi	0,0	0,0	0,0%	17,0	2,2	0,2%	4,4	2,6	0,3%
Aðrar landbúnaðarafurðir	758,9	19,3	1,9%	604,5	21,4	1,5%	655,5	22,0	2,8%
Iðnaðarvörur og annað	**9.317,7**	**654,8**	**62,8%**	**15.441,5**	**1.251,7**	**87,0%**	**9.357,7**	**574,0**	**74,3%**
Málning, lökk o.þ.h.	3,2	1,5	0,1%	0,0	0,0	0,0%	0,0	0,0	0,0%
Óáfengir drykkir	102,9	3,5	0,3%	101,4	5,2	0,4%	167,5	8,1	1,0%
Fiskfóður	7.871,9	498,5	47,8%	12.251,9	738,3	51,3%	8.248,1	456,7	59,1%
Fiskkassar, trollrúllur, netahringir	96,7	22,5	2,2%	64,4	15,7	1,1%	19,9	5,8	0,8%
Pappaumbúðir	338,1	32,0	3,1%	122,8	18,1	1,3%	221,0	25,0	3,2%
Fiskinet og -línur, kaðlar o.þ.h.	90,1	33,6	3,2%	50,7	20,4	1,4%	7,0	3,5	0,5%
Steinull	410,4	14,7	1,4%	322,1	13,0	0,9%	238,4	10,0	1,3%
Rafeindavogir	0,2	2,9	0,3%	0,4	3,5	0,2%	0,2	1,5	0,2%
Vélar til fiskverkunar	0,5	1,3	0,1%	144,9	37,5	2,6%	147,1	30,1	3,9%
Gömul skip	0,0	0,0	0,0%	1.564,3	367,4	25,5%	0,0	0,0	0,0%
Aðrar vörur	403,7	44,3	4,2%	818,6	32,6	2,3%	308,5	33,3	4,3%
Samtals	**45.364,0**	**1.042,5**	**100%**	**23.878,6**	**1.438,5**	**100%**	**11.240,5**	**772,4**	**100%**
% af heildarvöruútflutningi	4,76%	1,30%		2,73%	1,55%		1,57%	0,84%	

Innflutningur (CIF)

	1989.			1990.			1991.		
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
Fiskur og unnið fiskmeti		15,7	80,1%		34,3	73,4%		26,8	11,6%
Rokgjarnar olíur; snyrtivörur, sápa o.þ.h.		0,5	2,6%		0,7	1,5%		0,7	0,3%
Spunagarn, vefnaðarvörur o fl.		0,6	3,1%		0,0	0,0%		0,0	0,0%
Vélar og tæki		0,4	2,0%		8,1	17,3%		0,0	0,0%
Skip og bátar		0,0	0,0%		0,0	0,0%		195,8	84,8%
Aðrar vörur		2,4	12,2%		3,6	7,7%		7,5	3,2%
Samtals		19,6	100%		46,7	100%		230,8	100%
% af heildarvöruinnflutningi		0,02%			0,05%			0,23%	

599. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 18. mars 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Árni R. Árnason.	Halldór Ásgrímsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Stefán Guðmundsson.	Jóhann Ársælsson.	Hjálmar Jónsson.

600. Tillaga til þingsályktunar [370. mál]

um velferð barna og unglinga.

Flm.: Jón Helgason, Björn Bjarnason, Gunnlaugur Stefánsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jóhann Ársælsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Hjálmar Jónsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt og semja skýrslu um orsakir vaxandi erfiðleika og hættur fyrir börn og unglinga sem koma m.a. fram í aukinni neyslu vímuefna, sjálfsvígum, ofbeldi og öðrum afbrotum.

Til að vinna að þessu verkefni skipi ríkisstjórnin nefnd með fulltrúum frá öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi. Í starfi sínu leiti nefndin upplýsinga hjá þeim stofnunum, félagasamtökum og öðrum aðilum sem um þetta málefni hafa fjallað.

Nefndin skili skýrslu sinni og ábendingum um úrbætur svo fljótt að taka megi málið til meðferðar á næsta Alþingi í samræmi við þá niðurstöðu sem nefndin kemst að í starfi sínu.

Greinargerð.

Flestum mun ljóst að sívaxandi fjöldi barna og unglinga lendir í miklum erfiðleikum áður en þau hafa náð fullorðinsaldri. Margvíslegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma þeim sem þannig hefur farið fyrir til hjálpar og beina þeim aftur á rétta braut. Hins vegar virðist minni áhersla hafa verið lögð á að gera sér grein fyrir hvaða ytri aðstæður í þjóðfélaginu eiga þátt í þessari uggvænlegu þróun, enda þótt allir eigi að vita að það eru ekki börnin og unglingarnir sem skapa það umhverfi sem þau alast upp í. Þvert á móti er það auk heimilanna þjóðfélagið í heild og þá ekki síst ríkisvaldið. Það er því algjörlega óverjandi að Alþingi horfi aðgerðalaust á þegar segja má að nær daglega berist fréttir sem staðfesti í hvert óefni er komið í þjóðfélaginu.

Bent hefur verið á ýmsar ástæður fyrir þessari óheillaþróun, svo sem aukið lífsgæðakapphlaup með skemmri tíma foreldra með börnum sínum. Oft má líka rekja aðdragandann til neyslu áfengis og annarra vímuefna þó að stundum virðist tilhneiging til að draga

fjöður yfir þá staðreynd. Til þess að geta komið í veg fyrir að áfram sígi á ógæfuhliðina og snúa málum til betri vegar er hins vegar nauðsynlegt að gera sér undanbragðalaust grein fyrir því hverjar orsakirnar eru. Margvíslegar staðreyndir liggja fyrir hjá þeim aðilum sem fást við afleiðingarnar, svo sem lögreglu, læknum, félagsmálastofnunum, prestum og mörgum fleiri.

Með þessari tillögu er því ekki ætlast til að farið verði út í tímafrekar vísindalegar rannsóknir heldur að safnað verði saman fyrirliggjandi upplýsingum og mat lagt á þær. Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir hlýtur Alþingi að grípa til áhrifaríkra aðgerða. Það getur enginn og allra síst alþingismenn vikist undan þeirri ábyrgð sem þeir bera á velferð barna og unglinga í þjóðfélaginu. Þótt oft sé bent á að aukið fjármagn geti komið að gagni við að reyna að bjarga einhverju þegar slysin hafa gerst er það áreiðanlega fyrst og fremst hugarfarsbreyting og vilji til að sýna hana í verki, sérstaklega hjá þeim sem forræði hafa í þjóðfélaginu, sem vega þyngst í baráttunni við að koma í veg fyrir hin margvíslegu andlegu og líkamlegu slys.

601. Svar [302. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um auglýsingar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í Alþýðublaðinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu háa upphæð greiddi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fyrir auglýsingar í Alþýðublaðinu frá 1. maí 1991 til 1. mars 1992?*
2. *Hvað var auglýst?*

Vegna þessarar fyrirspurnar hefur ráðuneytið tekið saman allar auglýsingar sínar frá 1. maí 1991 til 1. mars 1992 og skiptast þær niður á blöð svo sem hér greinir:

Auglýsingar í Alþýðublaði		Upphæð
1991:		
16. maí	Evrópuráðsstyrkir	25.274
23. júlí	Viðtalstími ráðherra á Ísafirði	14.442
23. júlí	Staða geðlæknis	18.053
30. júlí	Tvö lyfsöluleyfi	23.468
12. nóv.	Viðtalstími ráðherra á Patreksfirði	16.191
12. nóv.	Lyfsöluleyfi á Patreksfirði	20.953
12. nóv.	Staða forstöðumanns Lyfjaeftirlits ríkisins	20.953
2. des.	Umsóknarfrestur vegna löggildingar fótaaðgerðafræðinga	19.049
13. des.	Lyfsöluleyfi á Seyðisfirði	20.001
1992:		
5. febr.	Löggildingarnámskeið fyrir læknaritara	32.382
25. febr.	Lyfsöluleyfi á Blönduósi	20.953
	Samtals	**231.719**

Auglýsingar í Degi		Upphæð
1991:		
7. ágúst	Lyfsöluleyfi	16.247
7. ágúst	Staða geðlæknis	16.247
5. des.	Umsóknarfrestur vegna löggildingar fótaaðgerðafræðinga	17.144
5. des.	Staða forstöðumanns Lyfjaeftirlits ríkisins	18.096
5. des.	Lyfsöluleyfi á Patreksfirði	17.144
1992:		
7. jan.	Lyfsöluleyfi á Seyðisfirði	13.334
10. mars	Lyfsöluleyfi á Blönduósi	15.239
10. mars	Löggildingarnámskeið fyrir læknaritara	29.525
	Samtals	**142.976**

Auglýsingar í DV		Upphæð
1991:		
5. júní	Evrópuráðsstyrkir	24.371
7. ágúst	Lyfsöluleyfi	16.247
7. ágúst	Staða geðlæknis	15.345
5. nóv.	Fjórar auglýsingar: Lyfsöluleyfi, staða forstöðumanns Lyfjaeftirlits ríkisins og viðtalstími ráðherra (2)	57.146
6. des.	Umsóknarfrestur vegna löggildingar fótaaðgerðafræðinga og lyfsöluleyfi	33.335
1992:		
5. mars	Löggildingarnámskeið læknaritara og lyfsöluleyfi á Blönduósi	48.574
	Samtals	**195.018**

Auglýsingar í Morgunblaðinu		Upphæð
1991:		
18. júní	Evrópuráðsstyrkir	23.468
7. ágúst	Lyfsöluleyfi og staða geðlæknis	34.299
5. nóv.	Fjórar auglýsingar: Lyfsöluleyfi, staða forstöðumanns Lyfjaeftirlits ríkisins, viðtalstími ráðherra (2)	59.416
5. des.	Umsóknarfrestur vegna löggildingar fótaaðgerðafræðinga	15.238
1992:		
9. jan.	Framlengdur frestur vegna lyfsöluleyfis á Seyðisfirði	29.424
4. febr.	Vegna ráðherra (reikn. 244090)	19.521
4. mars	Löggildingarnámskeið fyrir læknaritara og lyfsöluleyfi	45.987
	Samtals	**227.353**

Auglýsingar í Tímanum		Upphæð
1991:		
7. maí	Evrópuráðsstyrkir	25.274
11. júlí	Staða geðlæknis	18.355
19. júlí	Viðtalstími ráðherra á Ísafirði	14.442
24. júlí	Tvö lyfsöluleyfi (Efra-Breiðholt og Hveragerði)	18.053
24. okt.	Staða forstöðumanns Lyfjaeftirlits ríkisins	16.247
24. okt.	Lyfsöluleyfi á Patreksfirði	16.247
24. okt.	Viðtalstími ráðherra á Patreksfirði	14.442
28. nóv.	Umsóknarfrestur vegna löggildingar fótaaðgerðafræðinga	18.053
5. des.	Lyfsöluleyfi á Seyðisfirði	18.053
1992:		
12. febr.	„Velferð á varanlegum grunni" (17. jan. á Flateyri)	21.663
12. febr.	„Velferð á varanlegum grunni" (18. jan. á Flateyri)	21.663
27. febr.	Lyfsöluleyfi á Blönduósi	18.053
27. febr.	Löggildingarnámskeið fyrir læknaritara	37.008
	Samtals	**257.553**

Auglýsingar í Þjóðviljanum		Upphæð
1991:		
7. maí	Evrópuráðsstyrkir	19.858
16. júlí	Viðtalstími ráðherra á Ísafirði	15.345
16. júlí	Staða geðlæknis	21.663
23. júlí	Tvö lyfsöluleyfi	23.468
24. okt.	Lyfsöluleyfi á Patreksfirði	18.053
24. okt.	Staða forstöðumanns Lyfjaeftirlits ríkisins	18.053
24. okt.	Viðtalstími ráðherra á Patreksfirði	14.442
29. okt.	Viðtalstími ráðherra á Patreksfirði	14.442
28. nóv.	Umsóknarfrestur vegna löggildingar fótaaðgerðafræðinga	19.858
5. des.	Lyfsöluleyfi á Seyðisfirði	14.442
1992:		
6. febr.	Löggildingarnámskeið fyrir læknaritara	23.468
	Samtals	**203.092**

602. Svar [324. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um auglýsinga- og kynningarkostnað samgönguráðuneytis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður samgönguráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?*
2. *Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?*
3. *Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?*
4. *Fyrir hvað var greitt?*
5. *Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?*

Svör við 1.–4. spurningu er að finna í meðfylgjandi yfirliti. Svar við 5. spurningu er neitandi. Engar reglur hafa verið í gildi í ráðuneytinu varðandi umrædd atriði.

Auglýsinga- kynningakostnaður samgönguráðuneytisins árið 1990									
Lögbirtingablaðið			**Morgunblaðið**			**Ríkisútvarpið**			
501	Lausar stöður	1800	501	Augl. um atvinnuleyfi	6600	902	Augl. um fundi	89295	
703	Lausar stöður	8415	203	Laus staða	13744	1506	Leigub.leyfi á Ísaf.	4613	
2404	Lausar stöður	2057	409	Leyfi t. áætlunarflugs	13147	**Ríkisútvarpið samtals**		**93908**	
1705	Lausar stöður	5984		Veiting leyfis	43774				
106	Lausar stöður	2057	**Morgunblaðið samtals**		**77265**	**Dagur**			
507	Lausar stöður	6545				703	Laus staða	13147	
2707	Lausar stöður	5610	**Tíminn**			310	Leyfi t. áætlunarflugs	23008	
2908	Lausar stöður	4114	2302	Laus staða	14791	310	Veiting leyfis	18899	
1409	Lausar stöður	1496	2805	Laus staða	10682	**Dagur samtals**		**55054**	
1210	Lausar stöður	12155	1709	Leyfi t. áætlunarflugs	21364				
2011	Lausar stöður	6480	210	Veiting leyfis	20543				
1412	Lausar stöður	2244	210	Veiting leyfis	23829				
Lögbirtingabl. samtals		**58957**	**Tíminn samtals**		**91209**				
DV			**Alþýðublaðið**						
1010	Veiting leyfis +		2302	Laus staða	16434				
	Leyfi t. áætlunarflugs	36155	1306	Laus staða	13147				
DV	**samtals**	**36155**	210	Veiting leyfis	21364				
			2410	Veiting leyfis	24651				
Vestf.Fréttabl.+ Bæjarins besta			**Alþýðublaðið samtals**		**75596**				
2706	Leigub.leyfi á Ísaf.	11454							
2706	Leigub.leyfi á Ísaf.	10956	**Þjóðviljinn**						
Vestfirska Fréttablaðið +			1402	Laus staða	14791				
Bæjarins besta samtals		**61201**	2805	Laus staða	10682	**Samtals auglýingakostnaður**			
			1409	Leyfi t. áætlunarflugs	23829	**samgönguráðuneytis árið 1990**			
			210	Veiting leyfis	25473			**942965**	
			Þjóðvilinn samtals		**74775**				

Auglýsinga- kynningakostnaður samgönguráðuneytisins fyrstu 4 mánuði ársins 1991									
Lögbirtingablaðið			**Ríkisútvarpið**			**Norðurland**			
2401	Lausar stöður	5236	108	Augl. um fundi	108316	603	Auglýsing um fund	30000	
2202	Lausar stöður	4301	504	Augl. um fundi	141464				
2203	Lausar stöður	2057	**Ríkisútvarpið samtals**		**249780**				
1604	Lausar stöður	748							
Lögbirtingablaðið samtals		**12342**				**Dagur**			
						504	Auglýsing um fund	37350	
						Norðurland og Dagur samtals		67350	
			Samtals auglýingakostnaður						
			samgönguráðuneytis fyrstu fjóra mánuði ársins 1991						
					329472				

Útgáfa skýrslna á vegum nefnda samgönguráðuneytisins á árinu 1990 og fyrstu 4 mánuði ársins 1991									
	1990			1991			1991		
Greinargerð tölfræðihóps			Stærra samgöngusvæði			Lífæðar lands og þjóðar,			
ferðamálanefndar samgöngurn.			betra mannlíf.			samgöngur og fjarskipti á nýrri öld			
2102	Fjölritunarst. Dan. Halld.	30571	2102	Fjölritunarstofa Dan. Halld.	22913	1204	Athygli, umsj., eftirl.,textav.,		
			1503	Fjölritunarstofa Dan. Halld.	22913		ljósm., akstur og aðkeypt		
Ferðamálastefna, áfangaskýrsla				Samtals	45826		hönnun frá Hvíta húsinu	1159483	
ferðamálanefndar samgöngurn.							Ól. Bragason, ljósm.	54700	
Tillögur og greinargerð			Reykjavíkurflugvöllur				Oddi, prentun	2740244	
2803	Stensill	58465	- sambýli flugs og byggðar -			705	Athygli, aðkeypt v. frá Hvíta		
2604	Stensill	47614	803	Landkostir, umbrotsvinna	169320		húsinu og ljósm.kostn.	1170691	
	Samtals	106079	1204	Landkostir, breytingar	121014	2609	Mats W. Lund. ljósm.	43986	
				Ól. Bragason, forsíðuljósm.	8715	910	Bragi, ljósmyndun	11828	
Hagnýtar upplýsingar fyrir smábáta			205	Gutenberg, prentun	454196	1804	Samband sveitarfél.	-100000	
705	Myndróf, prentm.stofa	61827	305	Morgunblaðið, ljósmynd	3735	1804	Flugmálastjórn	-300000	
705	Rún hf. prentsmiðja	155501		Samtals	756980	305	Póstur og sími	-500000	
	Samtals	217328				305	Vegagerð ríkisins	-500000	
						2404	Vita-og hafnamálastofnun	-200000	
Skýrsla nefndar til undirbúnings STCW							1992		
1105	Fjölritunarst. Dan. Halld.	18923				1601	Landvari	-40000	
							Samtals	3540932	
	Samtals árið 1990	372901			Samtals f. 4. mánuði ársins 1991			4343738	

603. Fyrirspurn [371. mál]

til landbúnaðarráðherra um fjölda leiguliða og fullvirðisrétt.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hve margir starfandi bændur eru leiguliðar og hve stórt hlutfall eru þeir af bændum landsins?
2. Hve margir þeirra eru leiguliðar á ríkisjörðum og hve margir leigja af öðrum aðilum?
3. Hve mikinn fullvirðisrétt hefur ríkið keypt af leiguliðum á ríkisjörðum og hve mikinn af öðrum leiguliðum?
4. Hve hátt hlutfall er fullvirðisréttur sem keyptur hefur verið af leiguliðum af þeim fullvirðisrétti sem keyptur hefur verið í heild?

604. Fyrirspurn [372. mál]

til heilbrigðisráðherra um ferðakostnað lækna.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða reglur gilda um greiðslur á ferðakostnaði lækna?
2. Hve miklum upphæðum er varið samanlagt til þessa þáttar á hverju ári?
3. Hver er hámarksgreiðsla til hvers læknis?
4. Njóta einhverjar aðrar starfsstéttir heilbrigðisgeirans svipaðra hlunninda?

605. Fyrirspurn [373. mál]

til sjávarútvegsráðherra um alþjóðlega sjávarútvegsstofnun.

Frá Sigbirni Gunnarssyni.

Telur ráðherra vænlegra að alþjóðlegri sjávarútvegsstofnun verði fremur fundinn staður í Reykjavík en í tengslum við sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri?

606. Skýrsla [374. mál]

félagsmálaráðherra um 78. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1991.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. INNGANGUR

Skipulag og starfshættir Alþjóðavinnumálaþingsins hafa lítið breyst frá því fyrsta Alþjóðavinnumálaþingið var haldið í Washington D.C. í október 1919. Á seinni árum hafa heyrst raddir um að tímabært sé að huga að breytingum. Meðal tillagna, sem fram hafa komið, er stytting þingtímans sem venjulega er þrjár vikur. Þessi tillaga hefur ekki hlotið almennar undirtektir. Á það hefur verið bent að verði þingtíminn verulega styttur leiði það til þess að boða verði til ýmiss konar undirbúningsfunda á milli þinga. Af því muni leiða aukinn kostað fyrir aðildarríkin vegna þátttöku í fleiri fundum í Genf. Þetta skerði tækifæri smáríkja og þróunarríkja til að hafa áhrif á gang mála vegna þess að þau muni ekki senda fulltrúa til þessara aukafunda.

Í maí 1991 samþykkti stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að skipa vinnuhóp til að endurskoða skipulag og starfshætti Alþjóðavinnumálaþingsins. Í honum eiga sæti 28 fulltrúar, 14 fulltrúar ríkisstjórna, sjö fulltrúar atvinnurekenda og sjö fulltrúar launafólks. Vinnuhópurinn hefur á sl. ári fjallað um fjölmargar hugmyndir sem allar miða að því að draga úr kostnaði við þinghaldið án þess að það leiði til þess að aðildarríkin hafi misjafnlega góð tækifæri til áhrifa. Við því má búast að ýmsar tillögur um breytingar líti dagsins ljós á næstu missirum.

Framvinda 78. Alþjóðavinnumálaþingsins var með líkum hætti og næsta ár á undan. Breytingar í alþjóðastjórnmálum, einkum í Austur-Evrópu, hafa valdið kaflaskiptum í starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Hefðbundin flokkaskipun aðildarríkjanna hefur riðlast. Samstarf og samvinna hefur í flestum tilvikum aukist. Ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs er það sem einkum varpar skugga á annars jákvæða þróun mála.

Helstu viðfangsefni þingsins voru drög að nýrri alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði á hótelum, veitingastöðum og í hliðstæðum stofnunum. Markmiðið með samþykktinni er að samræma kjör og aðstæður þeirra sem vinna í þessari grein atvinnulífsins. Mikill ágreiningur aðila vinnumarkaðarins einkenndi afgreiðslu samþykktarinnar.

Á 78. Alþjóðavinnumálaþinginu átti sér stað fyrri umræða um drög að alþjóðasamþykkt um ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekenda. Samkvæmt drögunum er gert ráð fyrir samþykktin verði í tveimur hlutum. Í öðrum hlutanum er gert ráð fyrir að launakröfur njóti forgangs í þrotabú atvinnurekanda. Í hinum er byggt á stofnun ábyrgðarsjóðs sem greiði launakröfu. Aðildarríki geta valið á milli þess að fullgilda hvorn hlutann um sig eða báða. Í ljósi þeirrar gjaldþrotahrinu sem riðið hefur yfir, a.m.k. á Vesturlöndum, er hér um að ræða málefni sem er mjög tímabært að tekið sé til umfjöllunar á vettvangi Alþjóðavinnumálaþingsins. Gert ráð fyrir að ný alþjóðasamþykkt um þetta efni verði afgreidd á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu.

Umræða um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum ILO er ætíð fyrirferðarmikil á Alþjóðavinnumálaþinginu. Að þessu sinni kom fram hörð gagnrýni á ríkisstjórnir

Panama og Tælands fyrir alvarleg brot á alþjóðasamþykktum um félagafrelsi. Kærumál Breska alþýðusambandsins (TCU) vakti mesta athygli á þinginu. Málið snertir takmarkanir á rétti starfsmanna í fjarskiptamiðstöð breska ríkisins í Cheltenham til að gerast félagar í stéttarfélagi að eigin vali.

Meðan þingið sat voru afhent skjöl vegna fullgildingar Íslands á tveimur alþjóðasamþykktum ILO. Um er að ræða samþykkt nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini, og nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi. Ísland hefur þar með fullgilt samtals 18 alþjóðasamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 78. Alþjóðavinnumálaþingið og birt alþjóðasamþykkt sem þingið afgreiddi.

Í þessari skýrslu er öðru sinni gerð grein fyrir athugasemdum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. Ástæðan er samkomulag sem félagsmálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gerðu í árslok 1987 um að fyrrnefnda ráðuneytið taki að sér umsjón með framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmálanum. Í því felst að félagsmálaráðuneytið hefur tvívegis tekið saman skýrslur um framkvæmd Íslands á ákvæðum sáttmálans. Síðast var tekin saman skýrsla um framkvæmd félagsmálasáttmálans er tók til áranna 1988 og 1989. Hún var send Evrópuráðinu haustið 1990. Félagsmálaráðuneytinu barst álit sérfræðinganefndar Evrópuráðsins í janúar 1992. Efnisleg samantekt á athugasemdum sérfræðinganefndarinnar við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans er að finna í viðauka III. Ýmsar athugasemdir sérfræðinganefndarinnar eru þess eðlis að hyggja þarf að lagasetningu eða breytingu gildandi laga. Því þykir rétt að gera Alþingi formlega grein fyrir þessum athugasemdum.

2. 78. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1991

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Alþjóðavinnumálaþingið, hið 78. í röðinni, var haldið dagana 5.–25. júní 1991. Þingstaðurinn var sá sami og mörg undanfarin ár, þ.e. höll Þjóðabandalagsins í Genf í Sviss. Samtals sóttu þingið tæplega 2.000 fulltrúar ríkisstjórna og samtaka aðila vinnumarkaðarins frá 141 af 148 aðildarríkjum stofnunarinnar. Aðildarríkjum fækkaði um tvö frá árinu á undan, m.a. vegna sameiningar Þýskalands. Hins vegar sendu tveimur fleiri aðildarríki fulltrúa á þingið en árið 1990. Hlutfall kvenna af samanlögðum fjölda þingfulltrúa var það sama og á 77. Alþjóðavinnumálaþinginu eða 15%.

Vinnumálaráðherra Indónesíu, Cosmas Batubara, var kosinn forseti þingsins. Kosnir voru þrír varaþingforsetar. Úr hópi ríkisstjórnarfulltrúa var kosinn Lajos Hethy frá Ungverjalandi. Einnig voru kosnir atvinnurekendafulltrúinn Jones Santos Neves frá Brasilíu og fulltrúi launafólks, John Svenningsen frá Danmörku.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, hafði boðið tveimur gestum að ávarpa Alþjóðavinnumálaþingið. Þeir voru Mikhail Gorbatsjov, forseti Sovétríkjanna, og Camdessus, forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Á síðustu stundu varð Mikhail Gorbatsjov að afþakka boðið.

Sendinefnd Íslands á þinginu skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra og Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Frá utanríkisráðuneyti: Kjartan Jóhannsson sendiherra. Varamenn voru Kristinn F. Árnason og Stefán Jóhannsson, báðir sendifulltrúar hjá fastanefnd Íslands í Genf. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands. Varamaður hennar var Jón Magnússon, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúi launafólks: Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands. Varamaður hans var Þráinn Hallgrímsson, skrifstofustjóri Alþýðusambands Íslands.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjármál.
3. Upplýsingar og skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Vinnuskilyrði á hótelum og veitingastöðum (síðari umræða).
5. Ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekanda (fyrri umræða).
6. Hagnýting nýrrar tækni í landbúnaði (almenn umræða).
7. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku.
8. Tillögur til þingsályktunar.

Fjallað var um dagskrárliði 2–8 í þingnefndum. Einnig var fjallað um kjörbréf og málefni sem snertu framvindu þingsins í sérstökum þingnefndum. Fulltrúar Íslands tóku þátt í fjárhagsnefnd, nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta, nefnd um vinnuskilyrði á hótelum og veitingastöðum og ályktunarnefnd.

2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, er aðalumræðuefnið á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins. Umræður á allsherjarþinginu fara fram samhliða störfum í þingnefndum. Að þessu sinni varð sú breyting að ræðutími um skýrsluna var styttur þannig að hver ræðumaður fékk til umráða 10 mínútur í stað 15 mínútna áður. Þessi breyting mæltist vel fyrir og leiddi til þess að hægt var að ljúka þinginu degi fyrr en upphaflega var gert ráð fyrir.

Skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skiptist í tvo hluta. Í fyrri hluta skýrslunnar er brotið til mergjar afmarkað viðfangsefni sem er ofarlega á baugi á sviði vinnumála. Í seinni hlutanum er að finna skýrslu um starfsemi stofnunarinnar í Sviss og öðrum löndum.

Í fyrri hluta skýrslu sinnar til 78. Alþjóðavinnumálaþingsins kaus forstjórinn að fjalla um hinn óformlega hluta atvinnulífsins (The Informal Sector), einkum í þróunarlöndunum.

Hugtakið hinn óformlegi hluti atvinnulífsins kom fyrst fram árið 1972 þegar nefnd á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fór í kynnisferð til Keníu. Eitt af því sem vakti athygli fulltrúa í nefndinni var að stór hluti þeirra launamanna sem lakast stóðu í þjóðfélaginu hafði lífsviðurværi af atvinnustarfsemi sem fór fram utan hins hefðbundna atvinnulífs. Hér var um að ræða litlar framleiðslueiningar í verslun og þjónustu sem kröfðust einfaldrar tækni og lítillar fjárfestingar. Þessar framleiðslueiningar voru í flestum tilvikum óskráðar og framlag þeirra til þjóðarframleiðslunnar kom ekki fram í opinberum gögnum. Launafólk í þessum hluta atvinnulífsins bjó við léleg launakjör og svo til ekkert félagslegt öryggi.

Umræðan um hinn óformlega hluta atvinnulífsins hefur komið upp öðru hverju frá árinu 1972. Það hefur hins vegar vafist fyrir mönnum að skilgreina og afmarka þetta hugtak. Því má raunar bæta við að erfitt er að finna hentuga þýðingu á hugtakinu sem lýsir því sem við er átt. Starfsemi launafólks í þessum geira atvinnulífsins er oft ruglað saman við glæpastarfsemi og verður það því oft fyrir barðinu á stjórnvöldum.

Í skýrslu forstjórans kemur fram að þeim fjölgar stöðugt sem hafa lífsviðurværi sitt af starfsemi sem fer fram í óformlega hluta atvinnulífsins og er talið er að þeir séu nú 300 milljónir. Í fæstum tilvikum njóta þeir lágmarksréttinda til orlofs, eftirlauna eða greiðslna í veikindum.

Enda þótt hinn óformlega hluti atvinnulífsins hafi fyrr verið á dagskrá vinnumálaþingsins og raunar verið alllengi til umfjöllunar í stofnunum atvinnulífsins voru skilgreiningar ræðumanna á hugtakinu enn sem fyrr nokkuð mismunandi. Þetta gefur til kynna að ef til vill sé þörf á frekari rannsóknum á þeirri þróun sem hér á sér stað. Með þeim hætti verði skapaðar forsendur fyrir aðgerðum ILO á þessu sviði.

Það voru einkum fulltrúar launafólks sem lýstu yfir áhyggjum sínum af þróuninni og voru frekar andsnúnir hugmyndum um að viðurkenna þennan þátt atvinnulífsins þar sem skipulögð samtök aðila vinnumarkaðarins hafa takmörkuð eða engin tækifæri til að hafa áhrif á gang mála.

Í ræðu aðalritara Heimssambands frjálsra verkalýðsfélaga kom fram ótti við að viðurkenna óformlega hluta atvinnulífsins. Það gæti leitt til þess að árangur glatist sem hefur náðst í að bætta vinnuumhverfið og auka félagslegan rétt launafólks. Við endurskipulagningu atvinnulífsins, sem á sér stað á mörgum stöðum í heiminum, verði að leita leiða til að laga óformlega hlutann að öðrum hlutum atvinnulífsins. Að öðrum kosti eykst atvinnuleysi, óheilsusamlegum vinnustöðum fjölgar og félagsleg réttindi launafólks skerðast. Aðalritarinn lagði áherslu á samvinnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við að sporna gegn þeirri þróun.

Fulltrúar atvinnurekanda viðurkenndu að þróunin í sambandi við óformlega hluta atvinnulífsins feli í sér vanda en vöktu samtímis athygli á því að óþörf lagasetning og reglugerðasmíð hefti athafnafrelsið, einkum í þróunarlöndunum.

Forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Camdessus, gerði grein fyrir viðhorfum sjóðsins til þeirrar endurskipulagningar atvinnulífsins sem á sér stað í ýmsum ríkjum. Hann sagði hana nauðsynlega en kvað Alþjóðagjaldeyrissjóðinn reiðubúinn til samstarfs við Alþjóðavinnumálastofnunina um aðgerðir til að tryggja þríhliða samstarf á vinnumarkaði, endurbætur löggjafar á sviði vinnuréttar og tilvist samtaka aðila vinnumarkaðarins við efnahagslega endurskipulagningu.

Samtals tóku um 275 ræðumenn til máls um skýrslu forstjóra og stjórnarnefndar ILO, þar af voru ráðherrar rúmlega 100. Í þeim hópi var félagsmálaráðherra Íslands.

Félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, sagði í ræðu sinni mikilvægt að veita óformlega hluta atvinnulífsins athygli vegna þess að launafólk í þessum hluta atvinnulífsins búi við léleg launakjör og svo til ekkert félagslegt öryggi. Það sé berskjaldað fyrir sveiflum í

atvinnu- og efnahagslífi. Það þurfi að reiða sig á sjálfsbjargarbúskap en búi ekki við vernd laga og réttar með sama hætti og aðrir þættir atvinnulífsins. Raunar sé það svo að þessum hluta sé oft ruglað saman við glæpastarfsemi þannig að hann verði fyrir barðinu á stjórnvöldum.

Fram kom í ræðu ráðherra að á Íslandi hafi málefni hins óformlega hluta atvinnulífsins verið lítið til umfjöllunar. Ástæðan væri einföld. Stærsti hluti atvinnurekenda og nær allt launafólk sé skipulagt í stéttarfélögum atvinnurekenda og launafólks. Af þessu leiddi að félagslegt öryggi sé mjög almennt og þar af leiðandi væri umræða um hinn óformlega hluta atvinnulífsins lítið á dagskrá. Hins vegar hafi meira verið fjallað um svonefnda „svarta atvinnustarfsemi" þar sem reynt væri með ólögmætum hætti að komast hjá að taka þátt í fjármögnun þess velferðarkerfis sem byggt hefur verið upp á Íslandi. Félagsmálaráðherra nefndi að ef til vill væri ekki úr vegi að taka þetta málefni til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu. Einnig vakti ráðherra athygli á stöðu heimavinnandi fólks sem oft vildi gleymast þrátt fyrir mikið vinnuframlag í sérhverju þjóðfélagi. Staða þeirra varðandi félagslegt öryggi væri alls ekki nógu góð. Einnig væri athugandi fyrir Alþjóðavinnumálaþingið að taka þetta málefni til umfjöllunar.

Ráðherra gerði einnig að umtalsefni umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin verður í Brasilíu á árinu 1992 og lagði áherslu á gildi þess að vernda lífríki hafsins, einkum fiskstofna. Félagsmálaráðherra vakti athygli að því að með fjölgun fullgildinga á hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna væru skapaðar forsendur til að vinna markvisst að verndun lífríkis hafsins og þar með tryggð afkoma þeirra sem lifa af fiskveiðum.

Að venju hélt forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ræðu næstsíðasta þingdaginn þar sem hann dró saman helstu atriðin sem fram höfðu komið í umræðum á allsherjarþinginu. Hann benti á grundvallarbreytingar sem eiga sér stað á atvinnuháttum margra ríkja. Þetta skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni tækifæri til endurnýjunar í því skyni að framfylgja grundvallarstefnumálum á annan hátt en áður. Hann vakti athygli á þörf á samvinnu iðnríkja og landa í Austur- og Mið-Evrópu. Það væri mikilvægt að þessi ríki fengju tafarlausa aðstoð við endurskipulagningu atvinnu- og efnahagslífs og lausn aðsteðjandi vandamála.

Forstjórinn lagði á það áherslu að í umræðum um hinn óskiplagða hluta atvinnulífsins hafi komið fram breið samstaða um að draga úr sveiflum og einangrun hans frá öðrum hlutum efnahagsstarfseminnar. Hefja yrði grundvallarendurbætur á hagkerfinu sem einnig taki til landbúnaðar.

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Kjörbréfanefnd er fámennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hún skipuð þremur fulltrúum. Að þessu sinni voru eftirtaldir kosnir til setu í nefndinni: Formaður var kjörinn ríkisstjórnarfulltrúi frá Japan, K. Sato. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins voru þeir sömu og mörg undanfarin ár. Fulltrúi atvinnurekenda var Erik Hoff frá Noregi og fulltrúi launafólks John Svenningsen frá Danmörku.

Yfirleitt berast nefndinni tvenns konar kærur. Í fyrsta lagi er um að ræða kærur vegna þess að aðildarríki greiða ekki ferðakostnað og dagpeninga fyrir fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefndum á Alþjóðavinnumálaþinginu. Einnig er oft kært vegna þess að skipun fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefndir er ekki í samræmi við reglur ILO, þ.e. ekki er haft samráð við helstu samtök á vinnumarkaði eða það vantar fulltrúa annaðhvort atvinnurekenda eða launafólks í sendinefndirnar og þær eru þar með ekki fullskipaðar.

Nefndinni bárust kærur vegna skipunar fulltrúa launafólks í sendinefndir Bangladess, Benin, Ekvador, Haítí, Madagaskar, Marokkó og Nikaragva.

Að þessu sinni snerust kærurnar fyrst og fremst um deilur um það hvaða samtök launafólks í hlutaðeigandi ríki teldust vera stærst. Einnig var kært vegna brota á samkomulagi á milli samtaka launafólks um að skiptast á að tilnefna fulltrúa í sendinefnd.

Nefndin var sammála um að taka öll kjörbréf gild. Hún minnti hlutaeigandi á nauðsyn þess að leggja fram eins áreiðanlegar upplýsingar um fjölda félagsmanna og hægt er þannig að hún geti lagt á það mat hvaða samtök teljist stærstu samtök aðila vinnumarkaðarins. Nefndin var einnig sammála um að vekja á því athygli að ríkisstjórnum beri að virða rétt aðila vinnumarkaðarins til að velja fulltrúa sína í sendinefndir á Alþjóðavinnumálaþingið. Önnur skipan, sem víkur frá almennt viðteknum reglum sem gilda um það val, verður að byggjast á frjálsu samkomulagi stéttarfélaganna innbyrðis.

Þess skal getið að þegar kjörbréfanefnd er sammála um að viðurkenna kjörbréf getur allsherjarþingið ekki breytt þeirri niðurstöðu.

2.4. FJÁRMÁL

Í fjármálanefnd eru rædd fjármál Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í þessari nefnd á sæti einn fulltrúi frá sérhverri ríkisstjórn sem aðild á að stofnuninni. Fyrir nefndinni lá fjárhagsáætlun fyrir árin 1992 og 1993 að upphæð 405,7 milljónir Bandaríkjadala. Hér er um að ræða 70 milljóna dala hækkun frá fyrri fjárhagsáætlun sem tók til áranna 1990 og 1991. Ástæðan fyrir hækkuninni er fyrst og fremst lækkun Bandaríkjadals gagnvart svissneska frankanum. Nokkur lækkun verður á framlögum til verkefna í einstökum löndum og það er nokkuð sem forstjóranum þykir miður. Ræðumenn í nefndinni töldu hins vegar ekki óeðlilegt að um nokkurn niðurskurð verði að ræða hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni. Þetta sé það sem fjölmargar ríkisstjórnir þurfi að horfast í augu við um þessar mundir. Hækkun fjárhagsáætlunarinnar vakti minnsta hrifningu í röðum fulltrúa sem komu frá Suður-Ameríku en gjaldmiðlar ríkja í heimsálfunni eru nátengdir gengi Bandaríkjadals. Þeir lögðu því fram skrá yfir tillögur sem miðuðu að sparnaði og samdrætti útgjalda. Þessi skrá hafði áður verið kynnt í stjórnarnefndinni. Tillögur um minni háttar sparnað náðu fram að ganga og á allsherjarþinginu var fjárhagsáætlunin samþykkt með 393 atkvæðum. Ekkert mótatkvæði kom fram og enginn sat hjá. Hlutdeild Íslands í heildarútgjöldum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er 0,03%. Árgjald Íslands á árinu 1992 er því 94.039,00 svissneskir frankar.

Norðurlöndin flytja venjulega sameiginlega ræður í nefndum á Alþjóðavinnumálaþinginu. Í fjárhagsnefndinni var það fulltrúi Noregs sem hafði orð fyrir hópnum. Í samræmi við samkomulag Norðurlandanna lagði hann áherslu á starf ILO að jafnréttismálum. Í ræðunni var einnig hvatt til meiri framlaga í þágu þeirra þátta umhverfismála sem falla innan verksviðs Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Vandasamasta viðfangsefni fjárhagsnefndarinnar var framlag í sérstakan lífeyrissjóð starfsmanna alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Hér er um að ræða flókið deilumál sem kom til umfjöllunar á mörgum fundum stjórnarnefndar á árunum 1990 og 1991 og leiddi meðal annars til umfangsmikilla verkfallsaðgerða í nóvember 1990 þegar nefndin hélt fund. Kjarni þessa vandamáls felst í því hvort heildarframlag að upphæð 4,8 milljónir Bandaríkjadala í framangreindan lífeyrissjóð, sem á að efla með frjálsum framlögum starfsmanna, brýtur í bága við sameiginlegar reglur stofnana Sameinuðu þjóðanna um laun og lífeyrisgreiðslur. Nokkrir fulltrúar kröfðust þess að fulltrúi frá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York yrði kallaður á fundinn til að skera úr þessu viðkvæma deilumáli. Um þetta voru greidd atkvæði. Niðurstaðan varð sú að 21 greiddi atkvæði á móti en 19 með. Atkvæðagreiðslan var ekki gild vegna þess að tilskilinn lágmarksfjöldi fulltrúa tók ekki þátt í atkvæðagreiðslunni. Fulltrúar Norðurlandanna greiddu atkvæði gegn tillögunni.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Í samræmi við þingsköp Alþjóðavinnumálaþingsins starfaði á þinginu nefnd sem fjallaði um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum og tillögum ILO. Þessi nefnd er fjölmennasta þingnefndin. Á 78. Alþjóðavinnumálaþinginu sátu 192 fulltrúar með atkvæðis-

rétti í nefndinni. Árið 1990 voru þeir 177. Ríkisstjórnarfulltrúar voru 109, 27 fulltrúar atvinnurekenda og 56 fulltrúar launafólks. Samtals sátu 144 áheyrnarfulltrúar fundi nefndarinnar. Loks voru 31 fulltrúi ýmissa samtaka sem eiga áheyrnarfulltrúa á þinginu. Yfirleitt sátu tæplega 350 fulltrúar fundi nefndarinnar. Hún hélt samtals 21 fund. Nefndarformaður var kosinn Jean-Jacques Elmiger, ríkisstjórnarfulltrúi frá Sviss. Hann gegndi þessu erfiða starfi með jafn miklum ágætum og árið 1989 á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu. Þetta var því í annað skiptið sem hann gegndi formennskustarfinu. Það er vert að taka fram að mjög mikilvægt er að vel takist til um val nefndarformanns vegna þess að verkefni nefndarinnar eru með þeim hætti að starfið verður að geta gengið tiltölulega snurðulaust. Að öðrum kosti verður að halda kvöld- og næturfundi þannig að hún geti lokið verkefni sínu.

Wisskirchen, atvinnurekendafulltrúi frá Þýskalandi, var kosinn varaformaður en þeim starfa hefur hann gegnt mörg undanfarin ár. W. Peirens var kosinn varaformaður úr röðum fulltrúa launafólks. Þetta var annað árið sem hann gegndi því starfi eftir að hafa tekið við því af landa sínum Houthuys frá Belgíu árið 1990.

Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Gylfi Kristinsson, Þráinn Hallgrímsson og Jón Magnússon.

Starf þingnefndarinnar er undirbúið af alþjóðavinnumálaskrifstofunni og sérstakri nefnd sérfræðinga sem rannsakar skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem að jafnaði eru gefnar á tveggja ára fresti, þ.e. aðildarríkin gefa árlega skýrslu um framkvæmd u.þ.b. helmings fullgiltra alþjóðasamþykkta. Sérfræðinganefndin gefur út niðurstöður sínar í skýrslu sem er eitt af undirstöðuskjölunum í starfi þingnefndarinnar. Í ár var þessi skýrsla 523 blaðsíður að stærð.

Starf nefndarinnar hefst með almennum umræðum sem standa í tvo til þrjá daga. Þar næst er fjallað um framkvæmd tiltekinna samþykkta eða tillagna sem stjórnarnefndin hefur samþykkt að taka til sérstakrar athugunar. Mestum hluta starfstíma nefndarinnar er varið í að ræða framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum. Sú vinnuregla hefur skapast að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um 40 mál sem tekin eru til umfjöllunar í nefndinni á sérhverju vinnumálaþingi. Nefndin telst ekki hafa lokið störfum fyrr en sú málaskrá er tæmd og oft þarf að leggja nótt við dag til þess að það takmark náist.

Almennar umræður.

Í almennum umræðum var einkum fjallað um eftirlitskerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Samtals tóku um 50 fulltrúar þátt í umræðum. Að þessu sinni hafði fulltrúi Danmerkur, Helle Ekmann Jensen, orð fyrir fulltrúum ríkisstjórna Norðurlandanna fimm. Í ræðunni kom fram að samtals voru á árinu 1990 skráðar 74 fullgildingar alþjóðasamþykkta sem var nokkru hærri tala en árið á undan en þá voru fullgildingar 63. Í ræðunni kom fram að Norðurlöndin leggja áherslu á að orðalag alþjóðasamþykkta sé það rúmt að aðildarríki sem búa við ólíkar aðstæður geti fullgilt þær. Í henni var vikið að samskiptum sérfræðinganefndarinnar og þingnefndarinnar varðandi túlkun á samþykktum Alþjóðavinnumálaþingsins. Um þetta efni hafa átt sér stað nokkur orðaskipti frá árinu 1989. Í ræðu fulltrúa Norðurlandanna kom fram að þau væru sammála sérfræðinganefndinni í því að hlutverk hennar væri að gefa lögfræðilegt álit á því með hvaða hætti framfylgja ætti ákvæðum alþjóðasamþykkta. Hins vegar gengi nefndin ef til vill of langt þegar hún gæfi í skyn að þær ríkisstjórnir sem ekki fallast á álit hennar eigi að leggja málið fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag til að fá endanlegan úrskurð. Þetta úrræði, sem er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt, eigi einungis að nota í undantekningartilvikum, til dæmis þegar skipaðar eru rannsóknarnefndir á grundvelli 26. gr. stofnskrár ILO. Þessi grein fjallar meðal annars um rétt aðildarríkis til að kæra framkvæmd annars ríkis á ákvæðum alþjóðasamþykkta. Í ræðunni var vakin á því athygli að í raun hefur engu máli verið vísað til Alþjóðadómstólsins, samkvæmt 37. gr. stofnskrárinnar, frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Af þessu leiddi að skoðanaskipti á milli þingnefndarinnar og sérfræðinganefndarinnar

hefðu verið og ættu að vera mikilvægasta leiðin til að tryggja rétta framkvæmd alþjóðasamþykkta.

Í ræðu danska fulltrúans var lýst yfir ánægju með undirritun samstarfssamnings á milli miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það sé mikilvægt að alþjóðastofnanir eigi með sér samvinnu og skiptist á upplýsingum um starfsemina. Lýst var yfir stuðningi við tillögu sérfræðinganefndarinnar um að alþjóðleg skipaskráning verði tekin til umfjöllunar á alþjóðavettvangi þegar hentugt tækifæri gefst.

Talsmaður Norðurlanda gerði einnig að umtalsefni úttekt sérfræðinganefndarinnar á framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 122, um stefnu í atvinnumálum. Í skýrslu sérfræðinganna kemur fram að þunglega horfir í vinnumálum í mörgum ríkjum heimsins. Þetta á ekki síst við þróunarlöndin. Vakin er á því athygli að margar ríkisstjórnir hafi lagt áherslu á stöðugleika í efnahagsmálum og skipulagsbreytingar á vinnumarkaði. Þetta sé í samræmi við samþykktina þar sem skipulagsbreytingar og aukin framleiðni í atvinnulífinu séu forsenda fjölgunar starfa. Í skýrslunni er lýst yfir ánægju með virka stefnu stjórnvalda í mörgum aðildarríkjum ILO á sviði vinnumála sem meðal annars komi fram í auknum framlögum til starfsmenntunar í tengslum við atvinnulífið.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.

Þingnefndin, sem fjallar um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum, ver mestum hluta þingtímans í að ræða athugasemdir sem sérfræðinganefndin gerir við framkvæmd aðildarríkjanna á ákvæðum í stofnskrá ILO eða samþykktum. Yfirleitt vinnur nefndin eftir skrá yfir u.þ.b. 40 mál sem aðilar vinnumarkaðarins koma sér saman um að tekin verði til athugunar í nefndinni. Að þessu sinni var skráin lengri og snerti um 50 ríkisstjórnir. Um er að ræða margvíslegar athugasemdir. Yfirleitt er nokkuð um að sérfræðinganefndin geri athugasemdir við að það aðildarríki hafi ekki kynnt löggjafarsamkomu samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins innan tilskilins tíma. Einnig eru fulltrúar ríkisstjórna krafðir skýringa ef óhóflegur dráttur hefur orðið á skýrslum um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta. Viðamestu málin snerta þó brot á ákvæðum samþykkta, einkum alþjóðasamþykkta nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um samningafrelsi, en þær eru taldar meðal grundvallarsamþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Þótt mestu rými í skýrslu þingnefndarinnar til allsherjarþingsins sé varið í að vekja athygli á neikvæðum hlutum eru dregin fram atriði sem þykja bera vitni um viðleitni stjórnvalda til að bregðast við ábendingum og óskum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um umbætur. Þannig vakti nefndin athygli á því að ríkisstjórnir Gíneu, Máritíusar, Máritaníu, Hollands, San Marínó, Saó Tóme og Prinsipe höfðu gert átak í að kynna alþjóðasamþykktir og tillögur, sem Alþjóðavinnumálaþingið hafði afgreitt, fyrir löggjafarsamkomum sínum.

Sérstakar ábendingar.

Þau ríki, sem talin eru alvarlega brotleg gagnvart alþjóðasamþykktum ILO, hljóta þann dóm að vera getið í svonefndum sérstaka hluta í skýrslu þingnefndarinnar til allsherjarþingsins. Á 78. Alþjóðavinnumálaþinginu hlutu tvö aðildarríki þennan vafasama heiður: Panama og Tæland.

Athugasemdir sérfræðinganefndar ILO varða fyrst og fremst framkvæmd Panama á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi, og samþykkt nr. 98, um samningafrelsi. Í skýrslu þingnefndarinnar til allsherjarþingsins kemur fram að fulltrúi ríkisstjórnar Panama hafi komið fyrir nefndina. Í ræðu hans hafi ekkert nýtt komið fram sem gefi til kynna bætta framkvæmd á framangreindum alþjóðasamþykktum. Þingnefndin vakti athygli á að sérfræðinganefndin hafi þegar árið 1967 gert athugasemdir við aðstæður í Panama. Því er beint til ríkisstjórnar Panama að hún grípi þegar til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja framkvæmd þessara tveggja mikilvægu alþjóðasamþykkta.

Fulltrúi ríkisstjórnar Tælands kom fyrir nefndina vegna ásakana um brot á alþjóðasamþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu. Þingnefndin fordæmdi ríkisstjórn Tælands fyrir að láta hjá líða að koma í veg fyrir barnaþrælkun og kynferðislega misnotkun barna í landinu.

Kæra sambands breskra verkalýðsfélaga, TUC.

Eitt þeirra mála sem ef til vill vakti mesta athygli á 78. Alþjóðavinnumálaþinginu var umfjöllun þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta um kæru sambands breskra verkalýðsfélaga (TUC) á hendur ríkisstjórn Stóra-Bretlands. Þetta málefni hefur nokkrum sinnum komið til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu, síðast árið 1989.

Í stuttu máli snýst kæran frá sambandi breskra verkalýðsfélaga um það að starfsmönnum bresku fjarskiptamiðstöðvarinnar í Cheltenham á Englandi er neitað um réttinn til að kjósa sér aðild að stéttarfélagi af frjálsum og fúsum vilja. Ástæða þessa er sú að breska ríkisstjórnin gat ekki sætt sig við að búa við þá óvissu að stéttarfélög gætu með verkfalli gert miðstöðina óstarfhæfa. Samkvæmt upplýsingum breskra stjórnvalda er fjarskiptamiðstöðin hluti af öryggisneti NATO þótt hún lúti ekki heraga. Samtals neituðu 13 starfsmenn að ganga í vinnustaðafélag sem gæta á hagsmuna launafólks í miðstöðinni gagnvart stjórnvöldum og kröfðust þess að geta verið félagsmenn í öðru stéttarfélagi. Þessu var hafnað og starfsmönnunum sagt upp störfum. Eftir umfjöllun í nefndinni á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu var breska ríkisstjórnin hvött til að taka upp viðræður við hlutaðeigandi stéttarfélög í því skyni að finna lausn á þessu viðkvæma deilumáli. Á því þingi var enn fremur lögð fram tillaga frá fulltrúum launafólks um að Bretlands yrði getið í þeim hluta skýrslu þingnefndarinnar sem fjallar um alvarleg brot á samþykktum ILO. Þessi tillaga var felld með naumum meiri hluta atkvæða.

Á 79. þinginu stóðu báðir aðilar, fulltrúar ríkisstjórnarinnar og fulltrúar launafólks, fyrir kynningu á málstað hvors um sig. Fulltrúar bresku ríkisstjórnarinnar lögðu mikla áherslu á að tryggja sér stuðning vestrænna ríkja til að koma í veg fyrir samþykkt tillögu sem hefði falið í sér gagnrýni á aðstæður í Bretlandi. Í umræðum kom fram að fjarskiptamiðstöðin í Cheltenham er að hluta til tengd varnarmálaráðuneytinu þótt hún stjórnsýslulega heyri undir dómsmálaráðuneytið. Það kom einnig fram að í Stóra- Bretlandi er rétturinn til að stofna og ganga í stéttarfélög tengdur rétti til að gera verkfall andstætt því sem tíðkast t.d. á Norðurlöndunum þar sem sum stéttarfélög opinberra starfsmanna hafa ekki verkfallsrétt. Af hálfu fulltrúa stéttarfélaganna var lögð þung áhersla á að ríkisstjórnin hafði neitað öllum tilmælum um að taka upp viðræður um lausn deilumálsins. Þeir gáfu sterklega til kynna að þess yrði krafist að Bretlands yrði getið í sérstaka hluta skýrslu þingnefndarinnar til allsherjarþingsins sem jafngildir vítum á ríkisstjórnina.

Fjölmargir fulltrúar lögðu töluvert á sig við að leita að lausn þessa máls. Lengi vel var lítil breyting á afstöðu aðila. Loks náðist samkomulag sem fólst í því að fulltrúar launafólks lögðu ekki fram tillögu um vítur á Bretland en fulltrúi bresku ríkisstjórnarinnar gaf til kynna í ræðu í þingnefndinni að stjórnin mundi taka upp viðræður við samtök launafólks um þetta deilumál. Það óvenjulega við umræðuna í þingnefndinni var að fulltrúar margra ríkisstjórna tóku til máls og hvöttu bresku ríkisstjórnina til að sýna ábyrgð og freista þess að leysa ágreiningsefnin við TUC. Þess má geta að forsætisráðherra Bretlands, John Major, sendi sambandi breskra verkalýðsfélaga bréf í ágúst sl. þar sem boðið er upp á viðræður í samræmi við óskir Alþjóðavinnumálaþingsins.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar til 78. Alþjóðavinnumálaþingsins er á einum stað fjallað um framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Í kafla um framkvæmd á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi, lýsir nefndin yfir ánægju sinni með það að 15. febrúar 1989 hafi verið aflétt takmörkunum á verkfallsrétti sem settar voru með bráðabirgðalögum 20. maí 1988.

2.6. VINNUSKILYRÐI Í HÓTELUM OG VEITINGAHÚSUM

Á þinginu fór fram önnur og síðari umræða um drög að alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði í hótelum, veitingahúsum og hliðstæðum stofnunum. Fjallað var um drögin í sérstakri þingnefnd. Þegar flest var sátu fundi nefndarinnar 151 fulltrúi, 56 ríkisstjórnarfulltrúar, 38 fulltrúar atvinnurekenda og 47 fulltrúar launafólks. Nefndin kaus Tijani M. Maknine, ríkisstjórnarfulltrúa frá Túnis, sem formann. Varaformenn voru kosnir Steve Marshall, atvinnurekendafulltrúi frá Nýja-Sjálandi, og Roland Graf, fulltrúi launafólks í Þýskalandi. Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón Magnússon, fulltrúar VSÍ, átti sæti í nefndinni.

Fyrir nefndinni lágu ný drög að alþjóðasamþykkt og tillögu um vinnuskilyrði í hótelum, veitingahúsum og öðrum hliðstæðum stofnunum. Drögin byggðust á niðurstöðu fyrri umræðu um þetta málefni á 77. Alþjóðavinnumálaþinginu 1990.

Starf nefndarinnar hófst á almennum umræðum um drögin sem lágu fyrir nefndinni. Við umræðuna kom strax fram mikill ágreiningur á milli talsmanna atvinnurekenda og launafólks. Fulltrúar atvinnurekenda endurtóku mótbárur sínar frá fyrra vinnumálaþingi um að Alþjóðavinnumálaþingin hafi afgreitt mjög fáar alþjóðasamþykktir sem taki eingöngu til afmarkaðra starfsgreina. Þeir lögðu áherslu á að forsenda þess að aðildarríki fullgildi alþjóðasamþykkt sé sú að hún sé almenn og taki til atvinnulífsins í heild en ekki einstakra atvinnugreina. Fram kom hjá fulltrúum atvinnurekenda að þeir væru tilbúnir til að afgreiða tillögu um þetta efni en ekki alþjóðasamþykkt.

Talsmaður launafólks var á öndverðum meiði og sagði ekki við hæfi að endurtaka deilur frá fyrri umræðu. Hann sagði það einungis þjóna þeim tilgangi að hindra framgöngu málsins. Hann endurtók að fjölmargar skýrslur sýndu að vinnuskilyrði starfsmanna á hótelum og veitingahúsum í mörgum löndum séu mjög slæm. Af þeirri ástæðu sé brýn þörf fyrir alþjóðlegar reglur á þessu sviði atvinnulífsins.

Meiri hluti fulltrúa ríkisstjórna, sem tjáðu sig í nefndinni, lýstu fylgi við afgreiðslu alþjóðasamþykktar og tillögu.

Fulltrúar atvinnurekenda gerðu í ræðum sínum harða hríð að alþjóðavinnumálaskrifstofunni og töldu að hún hefði gert breytingar á drögum að alþjóðasamþykkt sem ekki hefði stoð í niðurstöðum 77. Alþjóðavinnumálaþingsins né athugasemdum sem hefðu borist skrifstofunni. Einnig var bent á að einungis 17 ríki höfðu svarað spurningaskrá skrifstofunnar þar sem óskað var eftir ábendingum um breytingar á drögunum. Af þessar ástæðu var því hreyft í nefndinni hvort alþjóðavinnumálaskrifstofan hefði farið út fyrir þær heimildir sem hún hefur til að gera minni háttar breytingar á drögum sem þessum. Um þetta var deilt í nokkra daga. Niðurstaðan varð sú að kalla til lögfræðing ILO og óska eftir áliti hans. Niðurstaðan varð sú að ekki var talið að alþjóðavinnumálaskrifstofan hefði farið út fyrir verksvið sitt. Hins vegar varð að samkomulagi að við umræður í nefndinni yrðu lögð til grundvallar þau drög sem samkomulag hafði tekist um við lok 77. Alþjóðavinnumálaþingsins.

Við lokaafgreiðslu samþykktarinnar á allsherjarþinginu munaði einungis fáum atkvæðum að hún næði fram að ganga. Skipti þar mestu að ríkisstjórnir Norðurlanda ákváðu á síðustu stundu að greiða samþykktinni atkvæði sitt. Fulltrúar launafólks studdu málið einum rómi. Fulltrúar atvinnurekenda voru almennt andvígir samþykktinni. Þeir völdu, með hliðsjón af reglum ILO um atkvæðagreiðslur, að sitja hjá í stað þess að greiða atkvæði gegn samþykktinni. Fulltrúar margra ríkisstjórna gerðu slíkt hið sama.

Í samþykktinni, sem er birt sem fylgiskjal I með þessari skýrslu, eru ákvæði um að hægt sé að undanskilja tilteknar greinar gildissviði hennar. Ákvæði samþykktarinnar tekur til starfsemi sem hefur í þjónustu sinni fólk sem vinnur á hótelum, veitingastöðum og hjá hliðstæðum fyrirtækjum.

Með fullgildingu skuldbinda aðildarríkin sig til þess að framfylgja stefnu sem stuðlar að bættum vinnuskilyrðum á hótelum og veitingahúsum. Almennt markmið skal vera að tryggja að starfsmenn í þessari atvinnugrein búi ekki við lakari kjör en almennt gerist.

Vinnutíminn er í samþykktinni skilgreindur sem sá tími sem starfsmaður er til reiðu fyrir atvinnurekanda. Á þeim tíma skal starfsmaður eiga rétt á sanngjörnum og eðlilegum vinnutíma og takmörkunum á yfirvinnu í samræmi við landslög og venjur.

Tekið er fram að starfsmanni skuli, ef því verður við komið, fá upplýsingar um vinnuáætlanir til að gera honum kleift að skipuleggja einka- og fjölskyldulíf sitt.

Í tillögunni, sem birt er sem fylgiskjal II, er að finna nánari útfærslu á ákvæðum samþykktarinnar.

2.7. ÁBYRGÐ Á LAUNUM VIÐ GJALDÞROT ATVINNUREKANDA

Á þinginu fór fram fyrri umræða um ábyrgð á launum við gjaldþrot atvinnurekanda. Um er að ræða endurskoðun á eldri samþykkt, nr. 95, um þetta efni frá árinu 1949. Sú samþykkt hefur verið fullgilt af 24 aðildarríkjum. Athygli vekur að Stóra-Bretland var eina vestræna ríkið sem fullgilti samþykktina en hefur nú sagt henni upp. Ástæðan er að samþykktin er ekki lengur talin í hátt við breyttar aðstæður í atvinnulífinu. Það var því orðið tímabært að taka þetta málefni til umfjöllunar, ekki síst með tilliti til öldu gjaldþrota sem hefur riðið yfir iðnríki Vesturlanda á allra síðustu árum.

Þingnefnd var sett niður til að fjalla um drög að nýrri alþjóðasamþykkt og tillögu sem höfðu verið samin af alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Drögin byggjast á úttekt sem skrifstofan gerði á lögum og venju á þessu sviði í aðildarríkjunum.

Formaður þingnefndarinnar var kosinn Marin Quijada, ríkisstjórnarfulltrúi frá Venesúela. Varaformenn voru Varela Traverso, fulltrúi atvinnurekenda frá Úrúgvæ, og Leon Lynch, fulltrúi launafólks frá Bandaríkjunum. Samtals sátu í nefndinni 188 fulltrúar (76 ríkisstjórnarfulltrúar, 55 fulltrúar atvinnurekanda og 57 fulltrúar launafólks).

Í almennum umræðum kom fram hjá fulltrúum ríkisstjórna að þeir teldu starf nefndarinnar mjög mikilvægt vegna fjölgunar gjaldþrota. Bent var á mikilvægi þess að launamaður fái greitt fyrir vinnu sína án tillits til fjárhags atvinnurekanda. Þetta væri réttlætismál vegna þess að starfsmaður nyti ekki góðs af tekjuafgangi þegar fyrirtæki skilaði arði. Einnig var vísað til efnahagserfiðleika sem mörg aðildarríki eiga að við etja sem gerðu það mikilvægt að ná samstöðu um fyrirkomulag sem allir aðilar sætti sig við en tryggi rétt starfsmanna.

Niðurstaða þessarar fyrri umræðu eru drög að alþjóðasamþykkt sem er í tveimur hlutum. Aðildarríki geta valið um það að fullgilda annan hvorn hlutann eða báða.

Í fyrri hlutanum er gert ráð fyrir að launkröfur í bú, sem hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, skuli ganga fyrir almennum kröfum í búið. Forgangsrétturinn skal byggður á kröfu vegna endurgjalds fyrir vinnu hjá atvinnurekanda sem stoð á í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi á milli aðila. Umræður áttu sér stað um það hvort allar kröfur, sem byggðust á slíkum samningum, ættu fortakslaust að njóta forgangs. Meiri hluti nefndarinnar var þeirrar skoðunar að forgangsrétturinn eigi að minnsta kosti að taka til krafna vegna launa, orlofs og annarra greiðslna sem ber að greiða, t.d. vegna frídaga. Þessar kröfur skulu hafa stofnast að lágmarki síðustu þrjá starfsmánuði hjá atvinnurekanda fyrir skiptameðferð. Aðildarríki er heimilt að takmarka upphæð kröfu en sú takmörkun má ekki leiða til þess að verndin verði minni en almennt er talið hæfilegt. Í þingnefndinni komu fram margar hugmyndir um röðun launakrafna í skuldaröð. Niðurstaðan var sú að launakröfur skuli njóta betri réttar en flestar forgangskröfur. Með þessu orðalagi er skapað ákveðið svigrúm fyrir aðildarríkin til að ákveða með lögum eða á annan jafngildan hátt hvar launakröfum er skipað í forgangsröð.

Í seinni hlutanum í drögunum að alþjóðasamþykkt er gert ráð fyrir að tryggingastofnun ábyrgist launakröfur. Ákvæði í þessum hluta um kröfur sem njóta ábyrgðar eru svipuð og í fyrri hlutanum. Hins vegar voru harðar deilur um tímamörk. Í upphaflegum drögum var gert ráð fyrir þriggja mánaða lágmarkstíma eins og í fyrri hlutanum. Þetta gat fulltrúi Stóra-Bretlands ekki sætt sig við. Niðurstaðan varð því sú að til þess að geta fullgilt þennan hluta

samþykktarinnar ber að tryggja kröfur sem falla innan tímamarka sem eru átta vikur fyrir gjaldþrotaúrskurð. Samkvæmt drögunum verður það hlutaðeigandi aðildarríkis að ákveða skipulag, stjórn og fjármögnun tryggingastofnunarinnar.

Í drögum að tillögu er að finna leiðbeiningar um það með hvaða hætti aðildarríkin geta framfylgt samþykktinni. Þar er m.a. nánari skilgreining á kröfum sem gætu notið verndar og hvernig hægt sé að fjármagna stofnun sem tryggir launakröfur og tekið fram að atvinnurekendur ættu að leggja eitthvað af mörkum til slíkrar stofnunar nema þær séu að fullu fjármagnaðar með opinberu framlagi.

Nokkur skoðanaskipti áttu sér stað um inntak einstakra hugtaka sem eru notuð. Að tillögu atvinnurekenda var ákveðið að bæta við aðfararorð samþykktarinnar setningu um að frá afgreiðslu alþjóðasamþykktar nr. 95 sé lögð meiri áhersla á endurskipulagningu gjaldþrota fyrirtækja til að koma í veg fyrir slæm félagsleg áhrif, t.d. á atvinnustig. Einnig var rætt um hugtakið gjaldþrot. Samstaða tókst um að láta það taka til þeirra aðstæðna að bú hefur verið lýst gjaldþrota og skiptameðferð er hafin sem hefur að markmiði að fullnægja sameiginlega kröfum lánardrottna. Einnig var um það fjallað hvort hugtökin „enterprise" og „employer" væru jafngild í þessu sambandi. Af hálfu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kom fram að í textum ILO er ekki gerður greinarmunur á þessu tvennu. Það væri nefndarinnar að gefa hugtökunum inntak. Að fenginni þessari skýringu var ákveðið að nota hugtakið „enterprise".

2.8. HAGNÝTING NÝRRAR TÆKNI Í LANDBÚNAÐI

Hagnýting nýrrar tækni var til umfjöllunar í einni af nefndum Alþjóðavinnumálaþingsins. Samtals áttu sæti í nefndinni 106 fulltrúar, 47 ríkisstjórnarfulltrúar, 27 fulltrúar atvinnurekenda og 32 fulltrúar launafólks. Formaður var kosinn Szeptycky, ríkisstjórnarfulltrúi frá Póllandi. Varaformenn voru kosnir Tabani, fulltrúi atvinnurekenda frá Pakistan, og de la Cruz, fulltrúi launafólks frá Filipseyjum. Nefndin hélt 12 fundi.

Til grundvallar umræðum í nefndinni var skýrsla alþjóðavinnumálaskrifstofunnar *The application of modern agricultural technology*. Skýrslan hlaut góða umsögn nefndarmanna. Hún skiptist í fjóra höfuðþætti: yfirlit yfir tækninýjungar í landbúnaði, áhrif „grænu byltingarinnar", vandamál í sambandi við vélvæðingu og áhrif líftækni. Í niðurlagi skýrslunnar eru ábendingar um aðgerðir sem Alþjóðavinnumálastofnunin getur beitt sér fyrir. Hér er um að ræða viðfangsefni sem snertir starf Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna en sá þáttur, sem snýr að Alþjóðavinnumálastofnuninni, lýtur að vinnumálum, vinnuumhverfi og félagslegum afleiðingum tæknivæðingar landbúnaðarins.

Þar sem verkefni nefndarinnar tók til margra þátta landbúnaðar fóru umræður í nefndinni nokkuð úr böndunum. Í máli fulltrúa launafólks kom fram krafa um að sett verði alþjóðasamþykkt um framleiðslu og notkun ýmiss konar skordýraeiturs og annarra efna í landbúnaði. Ekki hlaut þessi krafa undirtektir af hálfu talsmanna atvinnurekenda sem töldu núgildandi alþjóðasamþykktir á þessu sviði fullnægjandi.

2.9. ÞINGSÁLYKTANIR

Nefnd, sem fjallar um ályktanir um önnur málefni en þau sem eru á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins, hefur oft verið vettvangur pólitískra átaka á milli austurs og vestur, suðurs og norðurs og hin síðari ár á milli talsmanna þeirra sem hafa túlkað ólík sjónarmið í deilum Ísraels við arabísk grannríki.

Undanfarin tvö ár hefur verið tiltölulega friðsamt í nefndinni. Umræður hafa verið málefnalegar og aðilar hafa lagt sig fram um að ná samkomulagi og samstöðu um þau málefni sem hafa verið til umfjöllunar.

Að þessu sinni var Vargas Campos, ríkisstjórnarfulltrúi frá Mexíkó, kosinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru kosnir Castle, atvinnurekendafulltrúi frá Bretlandi, og Tapiola, fulltrúi launafólks frá Finnlandi. Í nefndinni sátu samtals 188 fulltrúar (85 fulltrúar

ríkisstjórna, 42 fulltrúar atvinnurekenda og 61 fulltrúi launafólks). Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Kristinn F. Árnason, Gylfi Kristinsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Að þessu sinni voru lagðar fram samtals 12 tillögur til þingsályktunar. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda lögðu fram sameiginlega tillögu á sviði jafnréttismála um stöðu kvenna í hinum óformlega hluta atvinnulífsins. Þetta efni var af svipuðum toga og það sem forstjóri ILO fjallaði um í skýrslu sinni til vinnumálaþingsins. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar voru greidd atkvæði um það í hvaða forgangsröð tillögurnar yrðu afgreiddar. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru:

1. Aðlögun að markaðsbúskap — með tillögunni voru fjórar tillögur sameinaðar í eina (tillagan hlaut 42.300 vegin atkvæði).[1])
2. Hlutverk ILO í sambandi við konur á vinnumarkaði (tillagan hlaut 39.000 vegin atkvæði).
3. Hlutverk fyrirtækja í aukningu atvinnu (tillagan hlaut 39.000 vegin atkvæði).
4. Hlutverk ILO í sambandi við hinn óskipulagða hluta atvinnulífsins (tillagan hlaut 35.300 atkvæði).
5. Staða kvenna og hinn óformlegi hluti atvinnulífsins (tillagan hlaut 35.300 atkvæði).

Næstu tillögur voru: Fordæming á innrás Íraka í Kúveit og staða farandverkamanna.

Þegar þessi niðurstaða lá fyrir var gengið til dagskrár. Umræður um tillöguna um aðlögun ríkja, sem áður höfðu fylgt miðstýrðu efnahagslífi, að markaðsbúskap tók mjög langan tíma og lauk með samþykkt tillögu í 49 greinum. Tillagan fjallar um málefni sem er ofarlega á baugi og hefur að markmiði að vekja athygli á því að þörfin fyrir breytingar í mörgum ríkjum megi ekki leiða til þess að grundvallarréttindi atvinnurekanda og launafólks séu skert.

Langar umræður urðu einnig um tillöguna um hlutverk ILO í sambandi við konur á vinnumarkaði. Talsmaður norrænu ríkisstjórnarfulltrúanna í nefndinni lýsti yfir stuðningi við tillöguna sem einnig náði fram að ganga.

2.10. ÖNNUR MÁLEFNI

78. Alþjóðavinnumálaþingið fjallaði um nokkur önnur málefni en þau sem lýst hefur verið hér að framan. Nefna má:

Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.

Kynþáttastefna stjórnvalda Suður-Afríku hefur árlega verið til umfjöllunar í sérstakri nefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu frá árinu 1981. Viðfangsefni nefndarinnar er skilgreint í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna sem síðast var endurskoðuð árið 1988. Þátttaka í nefndinni er takmörkuð við ákveðinn fjölda fulltrúa.

Verkefni nefndarinnar felst fyrst og fremst í því að ræða árlega skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um aðgerðir aðildarríkjanna og ILO gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku. Að þessu sinni var henni falið að fara yfir yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um ástandið í Suður-Afríku og fella úr þeim allar tilvísanir til Namibíu.

Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.

Að venju átti sendinefnd Íslands gott samstarf við fulltrúa annarra vestrænna ríkja á þinginu, einkum annarra Norðurlanda. Slíkt samstarf er fámennri sendinefnd mikilvægt og raunar forsenda þess að hægt sé að hafa yfirlit yfir það sem gerist á jafn umfangsmiklu þingi og Alþjóðavinnumálaþinginu. Norrænu ríkisstjórnarfulltrúarnir fluttu sameiginlega tillögu um stöðu kvenna í hinum óformlega hluta atvinnulífsins. Enn fremur voru fluttar ræður í nafni

1) Setu- og atkvæðisrétt á Alþjóðavinnumálaþinginu eiga fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í því skyni að jafna áhrif þessara þriggja hópa eru greidd atkvæði margfölduð með ákveðnum stuðli sem tekur mið af fjölda fulltrúa hvers hóps um sig á þinginu eða í hlutaðeigandi þingnefnd. Af þessari ástæðu virðast atkvæðatölur vera í litlu samræmi við fjölda fulltrúa.

ríkisstjórna allra ríkjanna í velflestum þingnefndunum. Samtals voru haldnir fjórir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlanda á þingtímanum.

Fulltrúar ríkisstjórna vestrænna iðnríkja, svonefndur IMEC-hópur, áttu einnig með sér náið samstarf á þinginu. Þessi hópur hittist daglega, stundum tvisvar á dag, á samráðsfundum þar sem farið var yfir þau málefni sem voru efst á baugi. Einnig voru haldnir samráðsfundir með fulltrúum sem áttu sæti í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Á þeim fundum var farið yfir kærumál á hendur ríkisstjórnum vestrænna ríkja sem voru á dagskrá þingnefndarinnar.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 172, um vinnuaðstæður á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem kom saman til 78. þingsetu sinnar í Genf 5. júní 1991 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist þess að alþjóðlegar Samþykktir og Tillögur, þar sem mælt er fyrir um almenna staðla um vinnuaðstæður, eiga við um starfsmenn á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum, og

gefur gaum að því að sérstakar aðstæður, sem einkenna störf á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum, gera æskilegt að auka notkun þessara Samþykkta og Tillagna í þessum flokkum stofnana og auka við þær með sérstökum stöðlum sem hafa það markmið að gera starfsmönnum kleift að njóta virðingar í samræmi við hlutverk sitt í þessum flokkum stofnana, sem fer sífellt fjölgandi, og laða nýja starfsmenn að þeim með því að bæta vinnuaðstæður, þjálfun og framavonir, og

gefur gaum að því að almennir kjarasamningar eru virk aðferð til að ákveða vinnuaðstæður í þessari atvinnugrein, og

þar eð afgreiðsla Samþykktar ásamt gerð almennra kjarasamninga mun bæta vinnuaðstæður, framavonir og starfsöryggi, starfsmönnum til hagsbóta, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um vinnuaðstæður sem eiga við um starfsmenn á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 25. júní 1991, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um vinnuaðstæður á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum, 1991.

1. gr.

1. Samkvæmt ákvæðum 2. gr., 1. mgr., á þessi samþykkt við um starfsmenn á:
   a. hótelum og svipuðum stofnunum sem taka fólk í gistingu;
   b. veitingastofum og svipuðum stofnum sem veita mat, drykki eða hvort tveggja.
2. Skilgreiningin á þeim flokkum, sem tilgreindir eru í undirmálsgreinum a og b hér að ofan skal ákveðin af hverju aðildarríki miðað við aðstæður í landinu og að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekanda og launafólks. Hverju aðildarríki, sem fullgildir samþykktina að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekanda og launafólks, er heimilt að undanþiggja frá beitingu ákvæða hennar tilteknar stofnanir, sem falla innan skilgreiningarinnar hér að ofan, þar sem samt er um að ræða sérstök og veruleg vandamál.
3. a. Hverju aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, að láta ákvæði þessarar samþykktar ná einnig til annarra skyldra stofnana sem veita ferðamönnum þjónustu, en þær skulu tilgreindar í yfirlýsingu sem fylgir fullgildingarskjali þeirra.
   b. Hverju aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, að tilkynna forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um það síðar með yfirlýsingu að það hyggist láta ákvæði samþykktarinnar gilda um aðra flokka skyldra stofnana sem veita ferðamönnum þjónustu.
4. Hvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar, sem lögð er fram samkvæmt ákvæðum 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, tilgreina hverja þá tegund stofnana sem kann að hafa verið

undanþegin ákvæðum hennar samkvæmt ákvæðum 2. mgr. hér að ofan og tilgreina þar ástæður fyrir undanþágunni og skal þar koma fram afstaða hlutaðeigandi samtaka atvinnurekenda og launafólks hvað snertir slíka undanþágu og skal tilgreina í síðari skýrslum ákvæði landslaga og venja hvað snertir þær stofnanir sem undanþegnar eru og að hve miklu leyti samþykktin hefur eða fyrirhugað er að hún hafi áhrif á starfsemi slíkra stofnana.

2. gr.

1. Í þessari samþykkt merkir hugtakið „hlutaðeigandi starfsmenn“ starfsmenn sem starfa hjá stofnunum sem þessi samþykkt á við um samkvæmt ákvæðum 1. gr., hvernig sem ráðningu þeirra er háttað og hversu lengi sem þeir hafa starfað hjá þeim. Hverju aðildarríki er hins vegar heimilt, með tilliti til landslaga, aðstæðna og venja og að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, að undanþiggja sérstaka tiltekna flokka starfsmanna frá beitingu allra eða sumra ákvæða þessarar samþykktar.
2. Hvert aðildarríki sem fullgildir þessa samþykkt skal í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar, sem lögð er fram samkvæmt ákvæðum 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, tilgreina hvern þann flokk starfsmanna sem kann að hafa verið undanþeginn ákvæðum hennar samkvæmt ákvæðum 1. mgr. hér að ofan og tilgreina þar ástæður fyrir undanþágunni og skal þar koma fram staða hlutaðeigandi hvað snertir slíka undanþágu og skal tilgreina í síðari skýrslum hvers konar þróun til víðtækari framkvæmdar.

3. gr.

1. Hvert aðildarríki skal, að teknu tilliti til sjálfstæðis hlutaðeigandi samtaka atvinnurekenda og launafólks, marka og beita, með þeim hætti sem samrýmist landslögum, aðstæðum og venjum, stefnu sem hefur það markmið að bæta vinnuaðstæður hlutaðeigandi starfsmanna.
2. Almennt markmið slíkrar stefnu skal vera að tryggja að hlutaðeigandi starfsmenn verði ekki afskiptir hvað snertir hvers konar lágmarkskröfur á landsvísu fyrir starfsmenn almennt, m.a. hvað snertir almannatryggingar.

4. gr.

1. Ef ekki eru fyrirmæli um annað í landslögum eða samkvæmt venju merkir hugtakið „vinnutími“ þann tíma þegar starfsmaður er til reiðu fyrir atvinnurekanda.
2. Hlutaðeigandi starfsmenn skulu eiga rétt á sanngjörnum og eðlilegum vinnutíma og ákvæðum um yfirvinnu í samræmi við landslög og venju.
3. Hlutaðeigandi starfsmönnum skal séð fyrir eðlilegum lágmarkshvíldartíma daglega og vikulega í samræmi við landslög og venju.
4. Hlutaðeigandi starfsmenn skulu, ef því verður við komið, fá upplýsingar um vinnuáætlanir til að gera þeim kleift að skipuleggja einkalíf sitt og fjölskyldulíf.

5. gr.

1. Ef starfsmönnum er ætlað að vinna á almennum frídögum skulu þeir fá viðeigandi endurgjald í frítíma eða með greiðslu svo sem ákveðið er í kjarasamningum eða í samræmi við landlög eða venju.
2. Hlutaðeigandi starfsmenn skulu eiga rétt á árlegu leyfi á launum og skal lengd þess ákveðin í almennum kjarasamningum eða í samræmi við landslög eða venju.
3. Í þeim tilvikum þegar starfssamningi lýkur eða tímabil samfellds starfs er ekki nægilega langt til að veita þeim fullt árlegt leyfi skulu hlutaðeigandi starfsmenn eiga rétt á launuðu leyfi í hlutfalli við lengd starfstíma síns eða að öðrum kosti greiðslu launa svo sem ákveðið er í kjarasamningum eða í samræmi við landslög eða venju.

6. gr.

1. Hugtakið „þjórfé“ merkir peningaupphæð sem viðskiptavinur afhendir starfsmanni óumbeðið til viðbótar við þá upphæð sem viðskiptavini ber að greiða fyrir veitta þjónustu.
2. Hlutaðeigandi starfsmenn skulu fá grunnlaun, sem greidd eru reglulega, hvort sem þeir fá þjórfé eða ekki.

7. gr.

Óheimilt er að selja eða kaupa starfsstöðu í þeim stofnunum sem tilgreindar eru í 1. gr., þar sem slíkt er tíðkað.

8. gr.

1. Ákvæðum þessarar samþykktar má beita í eða með landslögum eða reglugerðum, kjarasamningum, gerðardómum eða dómsúrskurðum eða með öðrum viðeigandi hætti sem samrýmist venjum í hverju landi.
2. Í þeim aðildarríkjum, þar sem ákvæði þessarar samþykktar eru að jafnaði tekin upp í samningum milli atvinnurekenda eða samtaka þeirra og samtaka launafólks eða er að jafnaði beitt með öðrum hætti en með lagasetningu, skal svo litið á að farið sé eftir slíkum ákvæðum ef þau eru hluti þess háttar samninga eða þeim er beitt með öðrum hætti til hagsbóta fyrir mikinn meiri hluta hlutaðeigandi starfsmanna.

9. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

10. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

11. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

12. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

13. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

14. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

15. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, þá skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 11. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
   b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

16. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 179, um vinnuaðstæður á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 78. þingsetu sinnar í Genf 5. júní 1991 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar varðandi vinnuaðstæður á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi Tillögu, sem er viðbótarskjal við Samþykkt um vinnuaðstæður (á hótelum og veitingastofum), 1991,

gerir þingið í dag, 25. júní 1991, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um vinnuaðstæður (á hótelum og veitingastofum), 1991.

I. Almenn ákvæði.

1. Þessi tillaga á við um starfsmenn, samkvæmt skilgreiningu í 3. gr., sem starfa á:
   a. hótelum og svipuðum stofnunum sem taka fólk í gistingu;
   b. veitingastofum og svipuðum stofnunum sem veita mat, drykki eða hvort tveggja.
2. Aðildarríkjum er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, að láta ákvæði þessarar tillögu ná einnig til annarra skyldra stofnana sem veita ferðamönnum þjónustu.
3. Í þessari Tillögu merkir hugtakið „hlutaðeigandi starfsmenn“ starfsmenn sem starfa hjá stofnunum sem þessi tillaga á við um samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr., hvernig sem ráðningu þeirra er háttað og hversu lengi sem þeir hafa starfað hjá þeim.
4. (1) Þessari tillögu má beita í eða með landslögum eða reglugerðum, kjarasamningum, gerðardómum eða dómsúrskurðum eða með öðrum viðeigandi hætti sem samrýmist venjum í hverju landi.
   (2) Aðildarríki ættu:
   a. að sjá fyrir virku eftirliti með framkvæmd þeirra ráðstafana sem gerðar eru í framhaldi af þessari tillögu með eftirlitsþjónustu eða öðrum viðeigandi hætti;
   b. að hvetja hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks til að taka virkan þátt í að hvetja til þess að ákvæðum þessarar tillögu verði hrundið í framkvæmd.
5. Meginmarkmið þessarar tillögu, að teknu tilliti til sjálfstæðis hlutaðeigandi samtaka atvinnurekenda og launafólks, er að bæta vinnuaðstæður hlutaðeigandi starfsmanna í því skyni að þær nálgist vinnuaðstæður á öðrum sviðum atvinnulífsins.

II. Vinnutími og hvíldartími.

6. Ef annað hefur ekki verið ákveðið með þeim aðferðum sem tilgreindar eru í 4. gr. (1) merkir hugtakið „vinnutími“ þann tíma þegar starfsmaður er til reiðu fyrir atvinnurekanda.
7. (1) Framkvæmd ráðstafana til að ákveða eðlilegan vinnutíma og setja reglur um yfirvinnu skal vera efni viðræðna milli atvinnurekanda og hlutaðeigandi starfsmanna eða trúnaðarmanna þeirra.
   (2) Með hugtakinu „trúnaðarmenn starfsmanna“ er átt við menn sem hafa hlotið viðurkenningu sem slíkir í landslögum eða samkvæmt venju í samræmi við Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna starfsmanna á vinnustöðum frá 1971.
   (3) Fyrir yfirvinnu skal greiða með leyfi á launum, með hærri greiðslu fyrir unna yfirvinnu eða hærri greiðslu samkvæmt landslögum eða venju að höfðu samráði milli atvinnurekanda og hlutaðeigandi starfsmanna eða trúnaðarmanna þeirra.
   (4) Ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja að vinnustundir og yfirvinna séu rétt reiknaðar og skráðar og að sérhver starfsmaður hafi aðgang að vinnuskýrslum sínum.

8. Þar sem því verður við komið ætti að leggja niður skiptar vaktir, helst með kjarasamningum.
9. Fjöldi og lengd matarhléa skulu ákveðin með tilliti til venja og siða í hverju landi eða á hverju svæði og eftir því hvort snætt er á staðnum eða annars staðar.
10. (1) Hlutaðeigandi starfsmenn skulu, eftir því sem við verður komið, eiga rétt á vikulegum hvíldartíma sem varir í a.m.k. 36 klst. og skal sá tími vera samfelldur ef því verður við komið.
    (2) Hlutaðeigandi starfsmenn skulu að jafnaði eiga rétt á daglegum og samfelldum hvíldartíma í 10 klukkustundir.
11. Ef greiddur árlegur orlofstími hlutaðeigandi starfsmanna er undir fjórum vikum eftir árlangt starf ætti að gera ráðstafanir í almennum kjarasamningum eða með öðrum hætti samkvæmt landsvenju til að lengja hann smám saman þar til hann nær þeirri lengd.

III. Þjálfun.

12 (1) Sérhvert aðildarríki ætti, í samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, að koma á eða, þar sem það á við, aðstoða samtök atvinnurekenda og launafólks og aðrar stofnanir við að koma á stefnumörkun og áætlunum um fræðslu og þjálfun starfsmanna og stjórnenda til hinna ýmsu starfa á hótelum, veitingastofum og svipuðum stofnunum.
    (2) Meginmarkmið þjálfunaráætlana ætti að vera að auka færni og vinnugæði og gera þátttakendur hæfari til starfa og bæta tækifæri þeirra til starfsframa.

Fylgiskjal III.

Ræða félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, á allsherjarþingi 78. Alþjóðavinnumálaþingsins 18. júní 1991.

Virðulegi forseti.

Ég vil hefja mál mitt á því að óska yður til hamingu með kosningu í embætti þingforseta 78. Alþjóðavinnumálaþingsins.

Í ár er viðfangsefni skýrslu forstjóra ILO vandamál hins óformlega hluta atvinnulífsins (The Informal Sector).

Umræðan um hinn óformlega hluta atvinnulífsins hefur komið upp öðru hverju frá árinu 1972. Eitt af því sem hefur valdið hvað mestum heilabrotum er hvernig beri að skilgreina og afmarka þennan hluta atvinnulífsins. Ég er því þeirrar skoðunar að forstjóri ILO sýni nokkurt hugrekki þegar hann gerir þetta vandasama málefni að viðfangsefni í skýrslu sinni til Alþjóðavinnumálaþingsins.

Það er mikilvægt að veita athygli óformlega hluta atvinnulífsins vegna þess að launafólk í þessum hluta atvinnulífsins býr við léleg launakjör og svo til ekkert félagslegt öryggi. Það er berskjaldað fyrir sveiflum í atvinnu- og efnahagslífi. Það þarf að reiða sig á sjálfsbjargarbúskap en býr ekki við vernd laga og réttar með sama hætti og aðrir þættir atvinnulífsins. Raunar er það svo að þessum hluta er oft ruglað saman við glæpastarfsemi þannig að hann verður fyrir barðinu á stjórnvöldum.

Í skýrslunni er vakin á því athygli að andstætt því sem áður var haldið fram muni óformlegi hluti atvinnulífsins halda áfram að stækka þrátt fyrir efnahagslegar framfarir. Í henni er réttilega bent á þann vanda sem stjórnmálamenn og fulltrúar aðila vinnumarkaðarins í hinum skipulagða hluta atvinnulífsins standa frammi fyrir. Eiga stjórnvöld að láta þennan hluta atvinnulífsins vaxa utan ramma laga og réttar? Eða á að reyna að láta hann falla innan þess ramma sem aðrir hlutar atvinnulífsins starfa í. Við þessum spurningum eru engin einföld svör.

Á Íslandi hafa málefni hins óformlega hluta atvinnulífsins lítið verið til umfjöllunar. Ástæðan er einföld. Stærsti hluti atvinnurekenda og nær allt launafólk er skipulagt í stéttarfélögum atvinnurekenda og launafólks. Ég vil nefna til dæmis að yfir 90% alls launafólks á vinnumarkaði á Íslandi er skipulagt í stéttarfélögum. Af þessu leiðir að félagslegt öryggi er mjög almennt og þar af leiðandi er umræða um hinn óformlega hluta atvinnulífsins lítið á dagskrá. Hins vegar hefur meira verið fjallað um svonefnda „svarta atvinnustarfsemi" þar sem reynt er með ólögmætum hætti að komast hjá að taka þátt í fjármögnun þess velferðarkerfis sem byggt hefur verið upp á Íslandi og í mörgum öðrum ríkjum. Það væri ef til vill ekki úr vegi að taka þetta málefni upp til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Þótt hinn óformlega hluti atvinnulífsins og framlag hans til aukningar atvinnu hafi lítt verið til umfjöllunar á Íslandi get ég tekið undir helstu niðurstöður forstjóra ILO í skýrslu hans. Það er mikilvægt að laga óformlega hlutann að öðrum greinum atvinnulífsins en það verður að gerast með marghátttuðum aðgerðum þannig að þeir kostir sem starfsemi af þessu tagi hefur til að bera nýtist þjóðfélaginu í heild.

Forstjórinn bendir á þrjú atriði sem ég get tekið undir. Í fyrsta lagi að bæta framleiðni óformlega hlutans með betri markaðstengingu, auknum tækifærum til fjármögnunar og lána, starfsmenntun og bættri tækni og skipulagningu. Í öðrum lagi verður að leggja áherslu á velferðarmál, fæði, menntun, heilsugæslu og húsnæði. Í þriðja lagi verður að búa þessum hluta atvinnulífsins lagagrundvöll sem tekur meðal annars til félagslegs öryggis.

Áður en ég segi skilið við óformlega hluta atvinnulífsins vil ég minna á einn hóp sem oft vill gleymast þrátt fyrir mikið vinnuframlag í sérhverju þjóðfélagi. Ég á hér við heimavinnandi fólk. Staða þess hvað snertir félagslegt öryggi er alls ekki nógu góð. Þetta er málefni sem ég tel athugandi fyrir ILO að taka til umfjöllunar.

Á 78. vinnumálaþinginu fer einnig fram umræða um ábyrgð launa við gjaldþrot. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið tímabært að endurskoða alþjóðasamþykkt um þetta efni en hún er frá 1949. Frá þeim tíma hafa átt sér stað mjög miklar þjóðfélagsbreytingar og einnig breytingar á viðhorfum til þessara mála. Einnig má minna á að samfara þeim skipulagsbreytingum sem hafa átt sér stað á vinnumarkaðinum ásamt hagnýtingu nýrrar tækni hefur gjaldþrotum fjölgað í vestrænum iðnríkjum.

Á næsta ári verður haldið í Brasilíu umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna. Undirbúningur þessa þings hefur staðið um nokkurt skeið og ýmsar alþjóðastofnanir hafa tekið þátt í honum, þar á meðal Alþjóðavinnumálastofnunin.

Ég vil minna á að skýrsla forstjóra til 77. Alþjóðavinnumálaþingsins fjallaði um heim vinnunnar og umhverfismálin. Þar var meðal annars gerð að umtalsefni skýrsla sem hefur verið kennd við forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, Sameiginleg framtíð okkar (Our Common Future). Í skýrslunni er lögð á það megináhersla að sá þáttur umhverfismálanna, sem snýr að nýtingu auðlinda, skipti höfuðmáli fyrir efnahagsþróunina í heiminum og þar með fyrir vinnumál.

Í skýrslu forstjóra ILO til 77. vinnumálaþingsins var einnig stuttlega drepið á þau alvarlegu áhrif sem ofveiði og mengun sjávar hefur á vinnu sjómanna og byggðarlög sem byggja afkomu sína á fiskveiðum. Þótt Íslendingar búi við einhver fengsælustu fiskimið í heimi er ofveiði vandamál sem þeir hafa þurft að fást við um áratuga skeið. Það hefur kostað margvísleg átök að viðhalda þessari auðlind sem öll lífsafkoma Íslendinga byggist á. Þessi barátta hefur verið háð við nágrannalönd okkar þegar við höfum fært út fiskveiðilandhelgina til að geta friðað fiskstofnana fyrir ofveiði.

Ómengað haf er ekki aðeins áhugamál heldur lykilatriði í tilveru íslensku þjóðarinnar. Ísland barðist ötullega fyrir gerð hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ef þjóðir heims gerðust aðilar að hafréttarsáttmálanum yrði stigið stærsta skrefið til að fyrirbyggja mengun hafsins. Í skýrslunni um sameiginlega framtíð okkar (Our Common Future) segir einmitt að mikilvægasta byrjunarskrefið sem þjóðir geta stigið til verndar lífkerfi sjávar, sem nú er svo alvarlega ógnað, sé að fullgilda hafréttarsáttmálann. Í Brundtland-skýrslunni kemur fram að það sé þýðingarmesta frumaðgerð sem þjóðir geti gert til þess að verja lífið og lífsskilyrðin í hafinu sem allt annað líf hér á jörðinni byggist á.

Ég vil einnig minna á ályktun sem samþykkt var á síðasta Alþjóðavinnumálaþinginu um umhverfismál. Í tillögunni, sem upphaflega var flutt af fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda, er bent á margvíslegar aðgerðir sem Alþjóðavinnumálastofnunin getur beitt sér fyrir til að bæta umhverfið, ekki síst á vinnustöðum. Í þessu sambandi vil ég geta þess að Alþingi Íslendinga veitti ríkisstjórninni nýlega heimild til að fullgilda tvær alþjóðasamþykktir á þessu sviði. Hér er um að ræða samþykkt um varnir gegn krabbameinsvaldandi efnum á vinnustöðum, nr. 139, og samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, nr. 155. Ég er því þeirrar skoðunar að Alþjóðavinnumálastofnunin sé vel undir það búin að taka þátt í umhverfismálaráðstefnunni í Brasilíu árið 1992.

Markvissar aðgerðir í mengunarmálum og verndun alls umhverfisins geta skipt sköpum og haft úrslitaáhrif fyrir þjóðir heims um líf á jörðu. Það á því að verða metnaðarmál hverrar þjóðar að verndun umhverfisins sé ávallt í fyrirrúmi.

Fylgiskjal IV.

Skýrsla um starf nefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árinu 1991.

Frá upphafi hefur þríhliða samstarf á milli ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins skapað Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) sérstöðu þegar skipulag hennar er borið saman við skipulag annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. ILO hefur með ýmsum hætti reynt að hafa áhrif á ríkisstjórnir aðildarríkjanna í þá átt að þau taki upp hliðstæða samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks um málefni vinnumarkaðarins. Dæmi um þetta er alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, sem Ísland fullgilti árið 1981. Í anda þessarar samþykktar var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, venjulega nefnd ILO-nefnd. Á árinu 1991 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Þráinn Hallgrímsson, skrifstofustjóri ASÍ, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ, og fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Verkefni nefndarinnar hafa stöðugt aukist. Í framhaldi af samkomulagi milli félagsmálaráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins síðari hluta árs 1987 var ILO-nefndinni falið með erindisbréfi félagsmálaráðherra, dags. 5. maí 1988, að fjalla um framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. En samkvæmt samkomulagi ráðuneytanna tók félagsmálaráðuneytið við samningu skýrslu ríkisstjórnar Íslands til Evrópuráðsins um framkvæmd ákvæða sáttmálans sem mörg hver eiga sér hliðstæðu í alþjóðasamþykktum ILO.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hélt á árinu 1991 samtals 16 fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru:

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO skýrslur reglulega um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Lagt er til í 5. gr. í tillögu nr. 152, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á árinu 1991 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

a. Alþjóðasamþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.
b. Alþjóðasamþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.
c. Alþjóðasamþykkt nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis.
d. Alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu.

Í samræmi við samþykkt stjórnarnefndar ILO var ákveðið að gera úttekt á framkvæmd aðildarríkjanna á eftirtöldum samþykktum sem snerta ákvörðun lágmarkslauna:

a. Samþykkt nr. 26, um aðferðir til að ákveða lágmarkslaun.
b. Samþykkt, nr. 99, um aðferðir til ákvörðunar á lágmarkslaunum við landbúnaðarstörf.
c. Samþykkt nr. 131, um ákvörðun lágmarkslauna með sérstöku tilliti til þróunarlanda.

Ísland hefur ekki fullgilt framangreindar alþjóðasamþykktir. En Alþjóðavinnumála-

stofnunin getur með stoð í 19. gr. stofnskrár óskað eftir því að aðildarríki gefi skýrslu um framkvæmd samþykktar jafnvel þótt hún hafi ekki verið fullgilt.

Skýrsla Íslands var send alþjóðavinnumálaskrifstofunni í september 1991. Í henni er fyrst og fremst vísað til ákvæða í lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

b. Skýrsla um 77. Alþjóðavinnumálaþingið 1990.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tillögur og ályktanir sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1991 var haft samráð við ILO- nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 77. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var árið 1990. Það þing afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt um meðferð efna á vinnustöðum. Einnig var afgreidd ný alþjóðasamþykkt um næturvinnu.

77. Alþjóðavinnumálaþingið lauk fyrri umræðu um drög að nýrri alþjóðasamþykkt um vinnuaðstæður á hótelum, veitingastofum og hliðstæðum stofnunum. Í skýrslunni er einnig birt niðurstaða kosninga til stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kjörtímabilið 1990–1993.

c. Undirbúningur fyrir þátttöku í 78. Alþjóðavinnumálaþinginu.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1991 um dagskrármál 78. Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var farið yfir frumdrög að alþjóðasamþykkt um ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekanda, skýrslur um nýja tækni í landbúnaði og skýrslur forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til Alþjóðavinnumálaþingsins.

Á síðari hluta árs 1991 vann nefndin að samningu svara við nokkrum spurningaskrám frá ILO sem stofnunin sendi aðildarríkjunum. Þær voru um: drög sem 78. Alþjóðavinnumálaþingið hafði afgreitt um ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekanda og drög að alþjóðasamþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum.

d. Fullgildingar alþjóðasamþykkta.

Eitt af verkefnum samstarfsnefndar stjórnvalda og helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er að ræða hugsanlega fullgildingu alþjóðasamþykkta á sviði vinnumarkaðsmála. Á árinu fjallaði nefndin um fullgildingu tveggja samþykkta, þ.e. samþykktar nr. 139, um varnir gegn krabbameinsvaldandi efnum á vinnustöðum, og nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi. Alþingi heimilaði ríkisstjórninni að fullgilda samþykktirnar í mars. Félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, afhenti forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Michel Hansenne, fullgildingarskjöl Íslands meðan 78. Alþjóðavinnumálaþingið stóð hinn 18. júní 1991.

e. Önnur málefni sem snerta samskiptin við Alþjóðavinnumálastofnunina.

Nefndin fjallaði á árinu um ýmis önnur málefni sem snerta samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina og starfsemi hennar. Þeirra á meðal var niðurstaða nefndar ILO um félagafrelsi í kærumáli sem Bandalag háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins (BHMR) sendi Alþjóðavinnumálastofnuninni í nóvember 1990 vegna setningar bráðabirgðalaga nr. 89/1990, um launamál. Niðurstaða nefndar um félagafrelsi var afgreidd á fundi stjórnarnefndar ILO sem haldinn var í nóvember 1991.

Einnig hefur nefndin fjallað um tillögur um breytingar á skipulagi Alþjóðavinnumálaþingsins sem hafa það að markmiði að stytta þingið og draga úr kostnaði.

f. Framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu.

Áður er komið fram að félagsmálaráðuneytið tók árið 1987 við skýrslugerð um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu (European Social Charter) af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Í framhaldi af því fól félagsmálaráðherra, að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands, ILO-nefndinni í maí 1988 að fjalla um framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu.

Málefni félagsmálasáttmálans hafa verið nokkuð oft til umfjöllunar á fundum nefndarinnar á árinu 1991. Þar veldur tvennt.

Á ráðherrafundi, sem haldinn var 5. nóvember 1990 í Rómaborg, var samþykkt tillaga Lalumiere, framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, um skipun nefndar til að gera tillögur um breytingar á félagsmálasáttmála Evrópu. Á árinu 1991 hélt endurskoðunarnefndin þrjá fundi. Á þeim var einkum fjallað um breytingar á eftirlitinu með framkvæmd sáttmálans, einkum verkaskiptingu á milli sérfræðinganefndar sem fer yfir skýrslur aðildarríkja sáttmálans um framkvæmd hans og nefndar sem í eiga sæti fulltrúar aðildarríkja félagsmálasáttmálans. Í framhaldi af vinnu endurskoðunarnefndarinnar var samþykktur viðauki sem breytir verkaskiptingu framangreindra tveggja nefnda. Viðaukinn var lagður fram til undirritunar á hátíðarfundi sem haldinn var 21. október 1991 í Tórínó á Ítalíu í tilefni 30 ára afmælis félagsmálasáttmálans.

ILO-nefndinni hafa verið kynntar tillögur um breytingar á sáttmálanum. Hún hefur einnig fengið tækifæri til að fylgjast með umræðum sem orðið hafa í nefnd embættismanna frá aðildarríkjum sáttmálans þar sem framkvæmd þeirra hefur verið til umfjöllunar.

Um áramótin 1991–92 var umboð nefndar Evrópuráðsins, sem falið var það hlutverk að setja fram tillögur um breytingar á félagsmálasáttmálanum, endurnýjað til ársloka 1992. Verkefni nefndarinnar verður að setja fram hugmyndir um breytingar á einstökum greinum sáttmálans.

Viðauki I.

Greinargerð ríkisstjórnar Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um kæru Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins vegna setningar bráðabirgðalaga nr. 89/1990.

Með bréfi, sem barst alþjóðavinnumálaskrifstofunni 29. nóvember 1990, kærði Bandalag háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins (BHMR) til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf setningu bráðabirgðalaga nr. 89/1990, um launamál. Í bréfi BHMR er því haldið fram að tiltekin ákvæði bráðabirgðalaganna séu í ósamræmi við alþjóðasamþykktir ILO nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

Hinn 26. apríl 1991 sendi ríkisstjórn Íslands Alþjóðavinnumálastofnuninni greinargerð vegna kæru BHMR. Í henni er fjallað um þróun efnahagsmála á Íslandi, þróun kjaramála á árunum 1989 og 1990 og um samninga ríkisvaldsins og aðildarfélaga BHMR í maí 1989. Sérstök áhersla er lögð á að vekja athygli á breyttum aðstæðum á vinnumarkaði vorið og sumarið 1990 og benda á þann vanda sem skapaðist með dómi Félagsdóms 23. júlí 1990 sem fólst í því að víxlverkunarákvæði kjarasamninga urðu virk. Í greinargerðinni kemur fram að ríkisstjórnin var neydd til að koma í veg fyrir víxlverkun launahækkana sem að óbreyttu hefðu leitt til óðaverðbólgu. Þetta hafi verið gert með bráðabirgðalögum.

Greinargerðin í heild sinni er svohljóðandi:

1.0. Inngangur.

Ríkisstjórn Íslands vísar til bréfa alþjóðavinnumálaskrifstofunnar frá 30. nóvember 1990 og 3. janúar 1991. Í bréfunum er ríkisstjórninni greint frá kæru Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR) og Heimssambands kennarafélaga (WCOTP) þar sem hún er sökuð um brot á ákvæðum í alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Ísland fullgilti fyrrnefndu samþykktina 1950 og þá síðarnefndu árið 1952.

Í bréfum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar er ríkisstjórninni gerð grein fyrir því að BHMR og WCOTP telji að með setningu bráðabirgðalaga nr. 89, um launamál, 3. ágúst 1990, hafi félagsmenn í flestum aðildarfélögum BHMR verið sviptir launahækkun sem þeir höfðu fengið dæmda í Félagsdómi 11 dögum áður. Að auki hafi bráðabirgðalögin fellt úr gildi mikilvæga hluta kjarasamnings þessara aðildarfélaga BHMR og lögbundið launahækkanir og gildistíma þeirra til 31. ágúst 1991. Því er haldið fram að hér sé um að ræða brot á samþykktum nr. 87 og 98.

Alþjóðavinnumálaskrifstofan óskar í bréfum sínum eftir viðbrögðum ríkisstjórnar Íslands við þessum ásökunum og að þau berist skrifstofunni sem fyrst. Þar sem hér er um að ræða mjög viðamikið málefni sem snertir grundvallaratriði í stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og launamálum þótti nauðsynlegt að taka saman ítarlega greinargerð sem fylgir hér á eftir. Greinargerðinni er skipt í nokkra þætti.

Í fyrsta hlutanum er fjallað um íslensk efnahagsmál og dregin fram þau sérkenni sem felast í því að meginhluti efnahagslífs landsins byggist á sjávarútvegi og útflutningi sjávarfangs. Af þessari ástæðu eru sveiflur í íslensku efnahagslífi meiri en víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum. Þessi staðreynd krefst þess að ríkisstjórn verður að vera reiðubúin til að grípa fljótt til ráðstafana til að koma í veg fyrir að alvarlegt ástand skapist í efnahags- og atvinnumálum.

Annar þáttur greinargerðarinnar er um skammtímakjarasamninga á milli helstu samtaka á vinnumarkaði sem undirritaðir voru 1. maí 1989 og fólu í sér hófsamar launahækkanir. Í

þessum þætti greinargerðarinnar er einnig gerð grein fyrir einstæðri samstöðu sem tókst með ríkisstjórninni og helstu samtökum aðila vinnumarkaðarins við undirritun kjarasamnings í febrúar 1990 um margháttaðar aðgerðir til að ná tökum á efnahagsmálum þjóðarinnar með það að höfuðmarkmiði að draga úr verðbólgu, tryggja kaupmátt launa og hindra atvinnuleysi. Þessi kjarasamningur, sem tók til fjölmargra þátta, hefur þótt marka tímamót í samskiptum aðila vinnumarkaðarins á Íslandi og gengur undir heitinu „þjóðarsáttarsamningar". Loks er í þessum hluta greinargerðarinnar fjallað um samninga aðildarfélaga BHMR sem gerðir voru í maí 1989 (stundum nefndir í greinargerðinni kjarasamningur BHMR). Breyttar aðstæður á vinnumarkaði knúðu ríkisstjórnina til að breyta samningnum með bráðabirgðalögum þegar ljóst var að ekki tækist samkomulag um breytingar þrátt fyrir fjölmarga samningafundi. Einnig er sagt frá dómi Félagsdóms sem dæmdi um ágreining um túlkun samnings fjármálaráðuneytis og aðildarfélaga BHMR.

Í þriðja lagi er fjallað um aðdragandann að setningu bráðabirgðalaga nr. 89/1990, um launamál, umfjöllun á Alþingi og lögmæti lagasetningarinnar. Löggjafarvaldið á Íslandi hefur oft breytt kjarasamningum vegna sveiflna í íslensku atvinnulífi. Breyttar forsendur gerðu setningu bráðabirgðalaganna sumarið 1990 óumflýjanlega. Ríkisstjórnin stóð frammi fyrir óleysanlegum hnút sem fólst í ákvæðum í kjarasamningum sem leiddu til víxlverkunaráhrifa sem varð að nema úr gildi. Að öðrum kosti hefði afleiðingin orðið óðaverðbólga, efnahagslegt hrun og atvinnuleysi. Einnig kemur fram í þessum hluta að lögin tóku til kjarasamninga sem samkvæmt ákvæðum sínum voru í gildi við gildistöku laganna. Lögin tóku ekki til þeirra kjarasamninga sem þá voru lausir.

Fjórði þáttur greinargerðarinnar, þ.e. 6. kaflinn, fjallar um bráðabirgðalögin og samþykktir ILO nr. 87 og 98. Niðurstaðan er að setning bráðabirgðalaganna brjóti ekki í bága við samþykktir ILO.

Helstu niðurstöður eru dregnar saman í 7. kafla greinargerðarinnar.

2.0. Íslenska efnahagskerfið.

2.1. Grunngerð hagkerfisins.

Ísland er eyja um 103 þúsund ferkílómetrar að stærð. Umhverfis landið liggja auðug fiskimið og er heildarflatarmál fiskveiðilögsögu landsins 758 þúsund ferkílómetrar, eða rúmlega sjöfalt á við landið sjálft. Önnur helsta auðlind landsins er hin mikla orkulind í fallvötnum þess og í iðrum jarðar. Aðeins lítill hluti orkulindanna hefur verið virkjaður. Efalítið má telja þjóðina sjálfa til auðlindar. Íslendingar eru aðeins 255 þúsund talsins. Landið byggir ein þjóð sem á sér sameiginlega sögu og menningu og tungu. Skyldunám nær frá 6 ára aldri og upp í 16 ár. Menntunarstig þjóðarinnar er almennt mjög hátt, nefna má að um 8% þjóðarinnar hafa lokið háskólaprófi.

Utanríkisverslun er lykill að velmegun fámennrar eyþjóðar langt norður í hafi sem verður að flytja inn margar nauðsynlegar vörur, eins og timbur, ýmsar landbúnaðarvörur og olíuvörur. Um það bil 30–40% landsframleiðslunnar eru flutt út. Íslendingar hafa nýtt sér þá hlutfallslegu yfirburði í sjávarútvegi sem hin miklu fiskimið bjóða upp á. Sérhæfing í sjávarútvegi hefur verið aflvaki hagvaxtar um langt skeið og hlutur sjávarútvegs er enn umtalsverður í íslensku hagkerfi. Þrír fjórðu hlutar vöruútflutnings eru sjávarafurðir og hlutdeild þeirra í heildargjaldeyristekjum er um 55%. Aðrar útflutningsvörur eru ál, kísiljárn, kísilgúr og ýmis léttari iðnaður, ekki síst tengdur sjávarútvegi. Við sjávarútveg starfa um 12% mannaflans. Framlag sjávarútvegs til vergra þáttatekna er verulegt, eða um 15%.

Með sérhæfingu landsmanna í sjávarútvegi hefur þjóðin skipað sér á bekk með ríkustu þjóðum heims. Landsframleiðsla á mann nam á árinu 1988 rúmum 24 þúsund bandaríkjadölum, en til samanburðar má nefna að landsframleiðsla Svía nam á sama ári 21,5 þúsund bandaríkjadala og Bandaríkjanna 19,5 þúsund bandaríkjadala.

Fiskstofnar eru endurnýjanleg auðlind og jafnframt mjög viðkvæmir fyrir duttlungum náttúrunnar, einkum sjávarhita og seltu. Af þessum sökum hafa aflabrögð verið hvikul. Þá má nefna að verð sjávarafurða hefur verið miklum sveiflum háð, enda er fiskur hrámatvara sem á í samkeppni við önnur matvæli sem oft og einatt eru stórlega niðurgreidd. Þetta hefur haft í för með sér að viðskiptakjör þjóðarinnar hafa verið miklum sveiflum undirorpin þó að þegar til lengdar er litið hafi viðskiptakjörin batnað verulega. Sveiflur í afla og í verði afurða hafa óumflýjanlega leitt til þess að hagsveiflur hafa verið meiri á Íslandi en í mörgum iðnríkjum. Þannig má nefna að ekki sjaldnar en átta sinnum hefur landsframleiðsla dregist saman milli ára frá stofnun lýðveldisins árið 1944. Þótt þessar sveiflur hafi farið rénandi setja þær engu að síður efnahagsstefnu þröngar skorður. Brestur í afla eða verðfall afurða getur leitt til atvinnuleysis og/eða skuldasöfnun við útlönd, nema úr útgjöldum þjóðarinnar sé dregið. Þetta hefur verið gert á Íslandi, einkum með því að lækka gengi gjaldmiðilsins, krónunnar, eða með því að hafa bein áhrif á raunlaunakostnað atvinnuveganna.

2.2. Vinnumarkaður.

Atvinnuþátttaka er mikil á Íslandi, enda hefur eftirspurn eftir vinnuafli með fáum undantekningum verið mikil. Í fyrra (1990) er áætlað að heildarfjöldi unninna mannára hafi numið um 129 þúsundum sem svarar til rúmlega 78% af fjölda fólks á vinnualdri, 15–64 ára.

Frá 1981 til 1990 hefur atvinnuleysi verið tæplega 1% af heildarmannafla. Þótt atvinnuleysi hafi vaxið nokkuð undanfarin ár, upp í 1½–2%, er atvinnuleysi lítið á Íslandi miðað við önnur lönd innan OECD. Þetta er einkar athyglisvert í ljósi þess hversu miklar sveiflur hafa verið í íslensku efnahagslífi. Þetta skýrist af ýmsum ástæðum. Nefna má að stjórnvöld hafa undantekningarlaust sett fulla atvinnu á oddinn í mótun efnahagsstefnu. Önnur skýring er hversu sveigjanlegur íslenskur vinnumarkaður er. Þetta kemur fram í hversu fljótt framboð vinnuafls lagar sig að eftirspurn, jafnt þegar að kreppir og þegar úr rætist. Til viðbótar má nefna að kjarasamningar hafa einatt verið gerðir fyrir tilstuðlan heildarsamtaka á vinnumarkaði. Þessi skipan kjaramála hefur haft í för með sér að stéttarfélög hafa megnað að taka tillit til fleiri þátta efnahagsmála, ekki síst atvinnuhorfa, við mótun kjarastefnu. Önnur afleiðing þessa er að ríkisvaldið hefur fengið færi á að semja við heildarsamtök launafólks og atvinnurekanda um mikilsverða þætti kjaramála, s.s. skattamál, lífeyrismál og ýmis velferðarmál. Þetta eru mikilsverðir eiginleikar miðstýrðra kjarasamninga eins og tíðkast hafa á öllum Norðurlöndunum.

2.3. Verðbólga.

Verðbólga hefur verið þrálátt vandamál á Íslandi nær alla þessa öld. Ekki er ætlunin hér að setja fram neina heildstæða skýringu á íslenskum verðbólguvanda, heldur eingöngu að gefa stutta lýsingu á þróuninni og draga þar fram þátt vinnumarkaðar. Nefna má þó að margir íslenskir hagfræðingar hafa rakið verðbólguhneigð íslensks hagkerfis til einhæfni þess og mikilla sveiflna í þjóðarbúskapnum sem af hefur leitt. Voldugar uppsveiflur í sjávarútvegi auka verðbólgu með því að ýta undir eftirspurn í hagkerfinu. Niðursveiflan felur ekki í sér að af þessari þróun sé undið. Verðbólga hefur oftsinnis orðið einmitt meiri í niðursveiflunni, þegar gengi hefur verið fellt til að viðhalda atvinnu, og víxlverkun gengisbreytinga og launahækkana hefur magnað verðbólgu á kostnaðarhlið hagkerfisins.

Í fylgiskjali 12 er línurit sem sýnir verðbólgu á Íslandi og meðalverðbólgu í aðildarríkjum OECD frá 1960 til 1991. Af myndinni má ráða að verðbólga hér á landi hefur verið X% að jafnaði en Y% í viðmiðunarlöndunum á þessum tíma. Línuritið sýnir einnig að þegar kemur fram á áttunda áratuginn magnast verðbólga á Íslandi og verður margföld á við þá sem var í OECD-ríkjunum. Hér kom til erlend verðbólga, ekki síst vegna olíuverðshækkana árið 1973, sem mögnuð var upp með verðtryggingu launa og sígandi gengi. Atvinnuleysi jókst hins vegar óverulega og viðspyrna gegn vexti atvinnuleysis, m.a. með ríkisfjárhalla og peningamyndun,

hefur án efa spennt upp verðbólgu. Framfærsluvísitala mælir 49% verðbólgu árið 1975. Á því ári og því næsta er gripið til allvíðtækra aðgerða til að ná niður verðbólgu og mælist hún í kringum 30% þessi ár. Meðal annars fólst í þessum aðgerðum takmörkun á greiðslu verðtryggingar á laun. Kjarasamningar sumarið 1977 splundra þessum árangri, en þeir kváðu á um 25% almenna hækkun launa í fyrsta áfanga auk fullrar verðtryggingar. Til viðbótar komu svo sérkjarasamningar sem í mörgum tilvikum bættu verulegum hækkunum ofan á hinar almennu hækkanir. Þessi samningur varð afdrifaríkur og hafði áhrif til margra ára. Verðbólga magnast á nýjan leik og leikur á bilinu 50–60% fram á fyrstu ár níunda áratugarins.

Verulegum árangri er náð með kröftugum aðgerðum í maí 1983. Þungamiðja aðgerðanna var afnám vísitölubindingar launa um tveggja ára skeið, en í þessu fólst vitaskuld umtalsverð kjaraskerðing. Í annan stað var gengið fellt um tæp 15%, en jafnframt var gengissigi margra undanfarinna ára hætt og gengisfesta tekin upp. Með þessari aðgerð var slegið á verðbólguvæntingar og mikilvægur gangráður verðbólgu, vísitölubinding launa, aftengdur. Þegar verðbólguáhrif gengisfellingarinnar og áhrif af uppsafnaðri verðbólgu fyrri tíma höfðu hjaðnað kom árangurinn fram á árinu 1984. Í upphafi ársins voru 12 mánaða breytingar vísitölu framfærslukostnaðar um 65–70% en undir lok þess var verðbólga, mæld á sama hátt, 15–18%.

Í kjölfar aðgerðanna 1983 var jafnframt söðlað um í efnahagsstefnu þar sem áherslan var lögð á að beita í auknum mæli almennri eftirspurnarstjórn, ekki síst frjálsari myndun vaxta á markaði. Breytingar á framboðshlið fólust ekki síst í mótun fiskveiðistefnu með kvótaúthlutun sem gefur viss fyrirheit um að takast megi að beisla sveiflur í aflamagni. Mikilvægar breytingar hafa verið gerðar í skattamálum; tekin hefur verið upp staðgreiðsla launatekna og virðisaukaskattur hefur leyst af hólmi söluskatt. Allt þetta eykur viðnámsgetu stjórnvalda við hagsveiflum og dregur úr verðbólguhneigð hagkerfisins.

Þótt margt hafi áunnist í þessum efnum hefur hagkerfið þó alls ekki synt lygnan sjó síðan 1983. Hér má nefna umtalsverðar launahækkanir haustið 1984 í kjölfar verkfalls BSRB, en til mótvægis var gengi krónunnar fellt um 12%. Einnig má minna á kjarasamninga við opinbera starfsmenn vorið 1987 og sérkjarasamninga á almennum vinnumarkaði um svipað leyti.

Íslenska þjóðin hefur lært af áratugalangri reynslu að verðbólga dregur úr hagsæld manna. Þennan lærdóm hafa flest heildarsamtök á vinnumarkaðnum einnig lært eins og fram hefur komið í kjarasamningum undanfarinna ára. Hér má nefna samráðssamning sem gerður var 1986 og enn frekar þjóðarsáttina frá febrúar 1990. Í þessum kjarasamningum hefur samtakamáttur launafólks verið virkjaður til að ná niður verðbólgunni. Verðbólgan hefur færst niður stig af stigi á undanförnum árum. Hún er á bilinu 20–25% árin 1986–1989, en fellur hratt á árinu 1990 og mælist þá 7,3% frá upphafi til loka þess. Spá Þjóðhagsstofnunar um verðbólgu á þessu ári hljóðar upp á 6 ½% verðhækkanir milli ársmeðaltala og 6% mælt frá upphafi til loka árs.

Vissulega hefur náðst umtalsverður árangur í viðureigninni við verðbólguna um stund. Íslensk hagsaga geymir mörg dæmi um tímabundna hjöðnun verðbólgu sem gefið hafa fyrirheit en reynst skammgóður vermir. Það sem greinir þessi tímabil frá atburðum síðasta árs er einkum að ýmsar breytingar hafa verið gerðar á efnahagslífinu og skilyrðum til hagstjórnar sem ætla má að dugi til að stemma stigu við verðbólgugusum er oft hafa fylgt skeiðum hófsamra kjarasamninga.

3.0. Kjarasamningar á árunum 1989 og 1990.

Árið 1987 var einstakt í seinni tíð hvað varðar gífurlegar breytingar á tekjuskiptingu á Íslandi. Á árinu myndaðist mikil umframeftirspurn eftir starfsfólki, bæði ófaglærðu og faglærðu, sem og fólki í þjónustustörfum. Mikið launastríð varð í þjóðfélaginu, en það kom mjög mismunandi niður. Hærra launaðir hópar, t.d. iðnaðarmenn og skrifstofufólk, juku

forskot sitt á verkafólk í útflutnings- og samkeppnisgreinum, en launamunur hafði fram að því haldist nokkuð stöðugur.

Í samningum þeim, sem gerðir voru við stéttarfélög verkafólks eftir þessa atburði, mótaðist sú stefna að hækka þá lægra launuðu meira en þá hærra launuðu. Síðar kom í ljós að stéttarfélög hinna hærra launuðu voru alls ekki tilbúin til að taka minni hækkunum en stéttarfélög láglaunafólks og fóru fram á sömu hækkanir. Samningar náðust við verslunarmenn fjórum mánuðum eftir að fyrsti samningurinn við verkafólk var gerður, eftir löng verkföll og tvífellda samninga.

Frá því að samningar hófust í ársbyrjun 1988 var það yfirlýst stefna stjórnvalda að efnahagsaðgerðir yrðu að bíða uns kjarasamningar væru yfirstaðnir. Komið var fram í maímánuð og ekki var útlit fyrir annað en að hörð átök héldu áfram fram eftir sumri. Afar bág staða útflutningsgreina kallaði á gengisfellingu en hana var ekki hægt að framkvæma fyrr en að loknum kjarasamningum.

Ríkisstjórnin var því knúin til að enda þetta langdregna samningsferli á vinnumarkaðnum til að geta snúið sér að þeim verkefnum sem henni var skylt að sinna, þ.e. að koma rekstrarskilyrðum útflutningsgreina í það horf að þær gætu starfað áfram og þannig hindra stórfellt atvinnuleysi. Um þetta ríkti víðtækur skilningur í þjóðfélaginu á þeim tíma. Þess vegna greip ríkisstjórnin til þess neyðarúrræðis, 20. maí 1988, að setja með stoð í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands bráðabirgðalög nr. 14/1988, um aðgerðir í efnahagsmálum. Þetta var einnig gert til að tryggja framgang þeirrar stefnu að launaþróun allra yrði svipuð og hindra að þeir hópar, sem þá var ósamið við, yrðu í aðstöðu til að knýja fram launahækkanir umfram það sem meginþorri launafólks hafði samið um. Með lögunum nr. 14/1988 voru lögfestar launahækkanir sem tóku mið af þegar gerðum kjarsamningum atvinnurekenda og stærstu landssambanda samtaka launafólks. Launahækkanir umfram það sem lögin ákváðu voru óheimilar og óheimilt var að grípa til verkfalla til að knýja fram umframhækkanir. Þetta ákvæði laganna gilti til 15. febrúar 1989. Frá þeim tíma hafa verið gerðir tveir heildarkjarasamningar um kaup og kjör mikils meiri hluta launafólks auk annarra kjarasamninga.

Á árunum 1988 til 1990 hafa verið haldnir fjölmargir samráðsfundir ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins um efnahags- og kjaramál. Segja má að árangur þessa samráðs hafi náðst með kjarasamningnum sem var undirritaður 1. maí 1989. Sá samningur var á milli Alþýðusambands Íslands og aðildarfélaga þess annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ) og Vinnumálasambands samvinnufélaganna (VMS) hins vegar. Samið var um eftirtaldar kauphækkanir: Við gildistöku samnings hækkuðu laun um 2.000 kr., 1. september hækkuðu laun um 1.500 kr. og 1. nóvember hækkuðu laun um 1.000 kr.

Í lok maí 1989 var undirritaður kjarasamningur á milli BHMR og fjármálaráðuneytisins sem gerð verður nánari grein fyrir síðar.

Í skýrslu Íslands um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 98 fram til 30. júní 1990 kemur fram að í lok árs 1989 stóðu ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins frammi fyrir vaxandi atvinnuleysi samfara minnkandi kaupmætti. Við þessar kringumstæður náðist víðtækt samkomulag um þau meginmarkmið að lækka verðbólgu, stöðva kaupmáttarhrapið og treysta undirstöður atvinnulífsins. Kjarasamningaviðræður á milli Alþýðusambands Íslands og aðildarfélaga þess annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar miðuðust við að ná þessum markmiðum. Samningar tókust hinn 1. febrúar 1990 og var gildistíminn til 15. september 1991.

Kjarasamningurinn fól í sér hófsamar launahækkanir og sérstök ákvæði til að tryggja framkvæmd launastefnunnar sem fólst í samningnum, og sett var á stofn sérstök launanefnd sem nánar er vikið að síðar. Auk þess voru sett skýr ákvæði um forsendur samningsins, til dæmis þróun viðskiptakjara, landsframleiðslu á mann, gengi íslensku krónunnar og framfærsluvísitölu og um að launaþróun annarra verði sú sama og gert sé ráð fyrir í samningnum.

Einnig var gert samkomulag við viðskiptabankana um lækkun nafnvaxta til aðlögunar

minnkandi verðbólgu í kjölfar kjarasamninganna. Vaxtabreytingar höfðu áður verið miðaðar við þróun síðustu mánuði en nú var tekið mið af framtíðarþróun. Sérstakt samkomulag var einnig gert við Stéttarsamband bænda um heildarendurskoðun á búvöruframleiðslunni og um að fram færi athugun á verðmyndunarkerfi landbúnaðarins.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) gerði samtímis kjarasamning sem var í meginatriðum samhljóða kjarasamningi ASÍ og VSÍ. BSRB var einnig aðili að fyrrgreindu samkomulagi við banka og samtök bænda. Þjóðarsáttarsamningarnir, eins og þeir hafa verið nefndir, m.a. í fjölmiðlum, tóku því í reynd til um 90% launafólks á vinnumarkaði þegar 1. febrúar 1990.

Aðrir kjarasamningar helstu samtaka á vinnumarkaði, sem síðan hafa verið gerðir, tóku mið af 1. febrúar-samningnum og eru því innan þess ramma sem þar er markaður. Með samningnum tókst víðtæk samstaða í þjóðfélaginu um að reyna að ná tökum á þróun efnahagsmála. Fullyrða má að þessi samstaða sé einstæð í sögu kjaramála á Íslandi. Nánari grein er gerð fyrir samningnum og aðgerðum ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun hans í fylgiskjali 10.

4.0. Kjarasamningar ríkisvaldsins og BHMR.

4.1. Ákvæði kjarasamningsins.

Í maí 1989, að undangengnu sex vikna verkfalli, voru undirritaðir kjarasamningar við flest félög BHMR. Þeir skyldu gilda næstu fimm árin og í þeim fólst sú stefnumörkun að endurskoða skyldi launakerfi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins með tilliti til ábyrgðar sérhæfni og menntunar sem nýttist í starfi. Samkvæmt ákvæðum 1. gr. kjarasamninganna var markmið endurskoðunarinnar „... að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og menn sem gegna hliðstæðum störfum eða hafa sömu eða svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð og ekki taka laun samkvæmt launakerfi ríkisstarfsmanna, enda sé þá tekið tillit til hlunninda og annarra atriða, sem áhrif hafa á starfskjör. Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti, að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Tímabundnar sveiflur og sérstakar aðstæður á vinnumarkaði skulu ekki hafa áhrif á þessa endurskoðun." Stefnt var að því að endurröðun starfsheita í launaflokka samkvæmt þessari endurskoðun yrði lokið innan þriggja ára.

Í 2.–5. gr. kjarasamninganna eru nánari ákvæði um það annars vegar hvernig staðið skyldi í fyrsta lagi að kjarasamanburði, í öðru lagi að endurskoðun námsmats og í þriðja lagi að mati á faglegri, fjármálalegri og stjórnunarlegri ábyrgð og hins vegar um tímamörk varðandi hvern þátt fyrir sig. Í öllum tilvikum var gert ráð fyrir því að til þessara starfa yrðu skipaðar sérstakar nefndir samningsaðila. Var það gert með bréfum dags. 24. ágúst 1989. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir störfum þeirra nefnda sem skipaðar voru samkvæmt samningunum.

Námsmatsnefnd átti að ljúka endurskoðun námsmatskerfis á tímabilinu frá 1. desember 1989 til 28. febrúar 1990. Hún hóf störf í september 1989. Ráðnir voru tveir starfsmenn í hlutastarf á vegum nefndarinnar. Nefndin hélt 15 fundi og í mars 1990 skilaði hún lokaskýrslu með ákveðnum tillögum sem allir nefndarmenn skrifuðu undir.

Ábyrgðarmatsnefnd átti að ljúka störfum fyrir 1. apríl 1990. Hún hóf störf í október 1989. Haldnir voru 20 fundir. Fljótlega í starfi nefndarinnar kom fram að fulltrúar aðila voru ekki sammála. Hvorir um sig lögðu fram tillögur en aðilar náðu ekki saman og 6. júní 1990 lýstu fulltrúar fjármálaráðherra því yfir að þeir væru tilbúnir að ljúka störfum nefndarinnar og skiluðu þeir lokaáliti þann 29. júní 1990 af sinni hálfu, en fulltrúar BHMR hafa enn ekki lagt fram lokaálit.

Kjarasamanburðarnefnd átti að ljúka störfum eigi síðar en 1. júlí 1990. Hún hóf störf í lok september 1989. Haldnir hafa verið 22 fundir. Í störfum kjarasamanburðarnefndar bar henni að vinna eftir reglum sem settar voru af sérstakri þriggja manna nefnd, tilnefndri af ríkissáttasemjara. Reglur þessar áttu að liggja fyrir 1. júlí 1989 en voru ekki tilbúnar fyrr en 12.

september 1989. Þar var m.a. lagt til að tiltekin atriði yrðu könnuð með kjarakönnun. Fyrirtækið „Gallup á Íslandi" var fengið til að framkvæma þessa kjarakönnun á grundvelli tiltekinnar verklýsingar fyrirtækisins þar sem gert var ráð fyrir að verkskil yrðu frá 1. til 15. apríl 1990. Þann 25. júní 1990 skilaði fyrirtækið fyrstu drögum og lokaniðurstöðum 15. apríl 1991. *Kjarasamanburðarnefnd hefur enn ekki tekið afstöðu til niðurstaðna könnunarinnar.*

Rétt er að leggja áherslu á það að enn er unnið að framkvæmd þeirra ákvæða í kjarasamningi BHMR sem snerta m.a. kjarasamanburð. Þeirri vinnu er ekki enn lokið. Það er því ekki orðið ljóst hvort munur sé á launakjörum háskólamenntaðra starfsmanna í þjónustu ríkisins og annarra háskólamenntaðra manna sem vinna á almennum vinnumarkaði.

4.2. Ágreiningsefni.

Af framansögðu er ljóst að vinna kjarasamanburðarnefndar var strax á eftir áætlun. Að auki var ágreiningur milli aðila m.a. um samsetningu þess úrtaks sem kanna skyldi kjörin hjá og eins hvernig bera skyldi saman kjör þeirra sem kjarakönnunin næði til. Jafnframt höfðu aðilar ekki náð samkomulagi um hvernig meta skyldi lífeyris-, veikinda- og barnsburðarleyfisréttindi. Í 5. gr. kjarasamninganna er ákvæði þess efnis að ef lokaálit kjarasamanburðarnefndar liggi ekki fyrir 1. júlí 1990 skyldi greiða upp í væntanlega hækkun þannig að hún yrði að jafnaði ½ launaflokki meiri en lágmark skv. 3. gr.

Í byrjun júní 1990 lá því fyrir að úrvinnsla kjarakönnuninnar væri mjög skammt á veg komin og að það væri borin von að lokaskýrsla um kjarakönnunina kæmi frá fyrirtækinu „Gallup á Íslandi" áður en nefndinni bæri að skila lokaskýrslu samkvæmt ákvæðum samningsins. Þar með lægi ekki fyrir hvort eða hve mikill kjaramunur kynni að vera á milli háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins annars vegar og almenna markaðarins hins vegar.

Þar sem fullvíst þótti, í ljósi ýmissa ummæla þeirra sem stóðu að svokallaðri þjóðarsátt, að það mundi valda röskun á hinu almenna launakerfi í landinu ef greiðsluákvæði 5. gr. kæmu til framkvæmda ákvað ríkisstjórnin, eftir óformlegar viðræður við forsvarsmenn BHMR um endurskoðun samningsins, að fresta framkvæmd samnings BHMR á grundvelli ákvæða 1. gr. kjarasamningsins. Þessi ákvörðun var tilkynnt BHMR á fundi 12. júní 1990 og jafnframt var þeim afhent bréf þar sem ástæður þessarar ákvörðunar ríkisins eru tíundaðar. BHMR mótmælti því að annar aðili kjarasamnings gæti upp á sitt eindæmi frestað framkvæmd tiltekins hluta hans og krafðist þess að greiðsluákvæði 5. gr. kæmi til framkvæmda. Þann 29. júní 1990 var BHMR send samþykkt ríkisstjórnarinnar þar sem m.a. kemur fram að ríkisstjórnin leggi á það áherslu að leitast verði við að leysa ágreiningsmál er upp koma með viðræðum eða samkomulagi en að öðrum kosti á grundvelli 9. gr. kjarasamningsins.

4.3. Dómur Félagsdóms.

Hinn 29. júní 1990 óskaði fjármálaráðherra eftir því að tilteknum ágreiningi aðila yrði vísað til úrskurðar þriggja manna nefndar skv. 9. gr. kjarasamningsins. Nefnd þessi var aldrei skipuð þar sem BHMR krafðist þess með bréfi dags. 4. júlí 1990 að ágreiningsefni yrðu betur skilgreind áður en kostur væri að skipa fulltrúa BHMR í slíka nefnd. Sama dag sendi BHMR fjármálaráðherra bréf þar sem honum var tilkynnt að eitt af samflotsfélögum BHMR, Félag íslenskra náttúrufræðinga, hefði vísað því ágreiningsefni að laun félagsmanna hefðu ekki hækkað um einn og hálfan launaflokk 1. júlí 1990, sbr. 6. mgr. 5. gr. kjarasamningsins, til Félagsdóms.

Þessi tilkynning kom mjög á óvart vegna þess að samkvæmt 9. gr. kjarasamnings BHMR og fjármálaráðuneytisins var gert ráð fyrir að leysa mætti ágreining, sem upp kæmi á milli aðila um framkvæmd samningsins, í sérstakri úrskurðarnefnd. Samkvæmt ákvæðinu var gert ráð fyrir að þrír aðilar sætu í nefndinni: einn fulltrúi BHMR, einn fulltrúi fjármálaráðuneytisins og oddamaður sem væri tilnefndur af yfirborgardómaranum í Reykjavík. Stjórnvöldum virtist að með þessu málskoti til Félagsdóms ásamt því að óska eftir nánari skýringum á ágreiningsefn-

um væri BHMR að skjóta sér undan því að úrskurðað yrði um ágreiningsefni aðila á grundvelli ákvæða í 9. gr. kjarasamningsins.

Með bréfi dags. 11. júlí 1990 gerði fjármálaráðuneytið grein fyrir því hvaða ágreining það teldi vera milli aðila en sagði jafnframt að þar sem eitt aðildarfélaga BHMR hefði 5. júlí 1990 lagt fram stefnu í Félagsdómi þar sem þess var krafist að viðurkennt yrði með dómi að fjármálaráðherra væri skylt að hækka laun félagsmanna um 4,5% frá 1. júlí 1990, þá yrði ekki frekar þrýst á um að nefndin hefði störf fyrr en niðurstaða dómsins lægi fyrir. Þann 23. júlí 1990 gekk svo dómur Félagsdóms. Í niðurstöðum dómsins segir m.a. að kröfur stefnanda, þ.e. Félags íslenskra náttúrufræðinga, lúti að því að fjármálaráðherra hafi á grundvelli 6. mgr. 5. gr. kjarasamningsins borið að greiða félagsmönnum stefnanda sérstaka hækkun á laun þeirra 1. júlí 1990 við þær aðstæður að ekki var lokið þeirri endurskoðun á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sem 1. kafli samningsins mælir fyrir um. Fram kom að stefndi taldi að vísa bæri málinu frá Félagsdómi þar sem kröfugerð stefnanda eigi undir 9. gr. samningsins. Hins vegar er af hálfu stefnda ekki dregið í efa dómsvald Félagsdóms um mismunandi túlkun aðila á 1. gr. samningsins. Síðar segir í niðurstöðum Félagsdóms að ekki sé fallist á með stefnda að ákvæði 1. gr. samningsins hafi heimilað honum að ákveða einhliða frestun greiðslna samkvæmt 1. kafla samningsins sem koma áttu til framkvæmda 1. júlí 1990 enda hafi ekki verið leitt í ljós með óyggjandi hætti að afleiðingar samningsins yrðu aðrar en þær sem sjá mátti fyrir við undirritun í maí 1989.

Strax að gengnum þessum dómi hófust viðræður af hálfu ríkisins við BHMR þar sem reynt var til þrautar að ná fram breytingum á samningnum. Haldnir voru margir samningafundir með forustumönnum BHMR þar sem reynt var að fá ákvæðum kjarasamningsins breytt en án árangurs. Yfirlit yfir þessa samningafundi er að finna í fylgiskjali 8.

5.0. Setning bráðabirgðalaga nr. 89/1990.

5.1. Forsendur bráðabirgðalaganna.

Hér að framan hefur verið gert grein fyrir því víðtæka samkomulagi sem tókst í febrúar 1990 á milli fjölmargra aðila um samræmdar aðgerðir til að ná tökum á verðlags- og launaþróun en í því fólust jafnframt aðgerðir til að hindra kaupmáttarhrap launa. Bandalagi háskólamenntaðara starfsmanna ríkisins stóð til boða að taka þátt í þessu víðtæka samkomulagi. Þetta kom skýrt fram á fundi forustumanna Alþýðusambands Íslands og Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins sem haldinn var í lok janúar 1990. Þar kom m.a. fram að það álit forustumanna ASÍ að þeir teldu eðlilegt að BHMR og aðrir hópar launafólks fylgdu þeirri stefnu sem mörkuð er í samningum ASÍ og BSRB þar sem félagsmenn BHMR nytu góðs af ávinningum þeirra samninga með sama hætti og aðrir launamenn í landinu. Fast gengi íslensku krónunnar, óbreytt búvöruverð, lækkun nafnvaxta og kauptryggingarákvæði mundu nýtast öllum. Það væri ekki síður mikilvægt fyrir aðra launamenn en félagsmenn ASÍ og BSRB að forsendur samninganna stæðust. Á þessum fundi var einnig tekið fram af hálfu fulltrúa ASÍ að yrði launahækkun hjá öðrum hópum launafólks umfram það sem felst í samningum ASÍ og BSRB yrði gerð krafa um sömu kauphækkanir til handa félagsmönnum ASÍ. Í öllum aðdraganda og við afgreiðslu samninganna í febrúar 1990 kom afdráttarlaust fram af hálfu aðildarfélaga ASÍ að þau væru ekki reiðubúin til þess að bera skarðan hlut frá borði miðað við aðra hópa. Þau hlytu, ef kaup annarra hækkaði umfram samninga ASÍ og BSRB, að krefjast sömu kauphækkana jafnvel þótt forsendum febrúarsamninganna væri þar með raskað. Þessi afstaða var ítrekuð í bréfi Alþýðusambands Íslands til Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins dags. 20. júní 1990, sbr. fylgiskjal 3.

Þegar dómur Félagsdóms lá fyrir um túlkun samnings BHMR og ríkisins og ákvörðun ríkisstjórnarinnar setti Alþýðusamband Íslands fram þá kröfu 24. júlí 1990 í launanefnd ASÍ, VSÍ og VMS að félagar þess fengju sömu launahækkun og félagar í BHMR. Þá lá einnig fyrir

að BSRB mundi gera sömu kröfu við endurskoðun á forsendum kjarasamnings við fjármálaráðherra sem átti samkvæmt samningnum að fara fram í nóvember 1990.

Viðbrögð samtaka atvinnurekenda komu fram í bréfi til Alþýðusambands Íslands 31. júlí 1990. Þar segir m.a.:

„Alþýðusamband Íslands hefur sett fram kröfu um endurskoðun á kaupgjaldsákvæðum gildandi kjarasamnings í kjölfar sérstakrar 4,5% launahækkunar háskólagenginna starfsmanna ríkis og sveitarfélaga í BHMR hinn 1. júlí sl. Krafa þessi er reist á 9. tölul. 10. gr. samningsins en þar segir að ein af forsendum samningsins sé sú að launaþróun annarra verði sú sama og gert sé ráð fyrir í samningum.

Vinnuveitendur staðfesta, að þeim var fullkunnugt um að það var af hálfu verkalýðsfélaganna frumforsenda samninga, sem miðuðu að lækkun verðbólgu og vaxta, óbreyttu verðlagi landbúnaðarafurða og tryggara atvinnuástandi, að allir launamenn sætu við sama borð ...

Nú liggur fyrir að einn hópur launþega hefur þegar fengið 4,5% launahækkun umfram aðra og þar með nærfellt tvöfaldað þá launahækkun, sem ella hefði orðið á árinu. Ef þessi hækkun gengur fram telja VSÍ og VMS sig ekki eiga annarra kosta völ en að tryggja viðsemjendum sínum hliðstæða launaþróun ...“

Ríkisstjórnin lét Þjóðhagsstofnun meta áhrif þess á verðlagsþróun hvaða áhrif það hefði að öll laun í landinu hækkuðu um 4,5%. Í bréfi Þjóðhagsstofnunar til forsætisráðherra, dags. 22. júní 1990 (fylgiskjal 2), er tekið fram að marga fyrirvara þurfi að hafa við útreikninga af þessu tagi. Meðal annars er vakin athygli á því að hækkun launa háskólamanna samkvæmt kjarasamningnum sé ekki þekkt og óljóst hvenær samsvarandi hækkun tæki gildi hjá öðru launafólki. Einnig er bent á að samkvæmt 15. gr. kjarasamningsins geti BHMR gert kröfu til sömu launahækkunar og annað launafólk fær (víxlverkunarákvæði). Með þessum fyrirvörum og nokkurri einföldun reiknar Þjóðhagsstofnun þrjú dæmi um hugsanlega verðlagsþróun sem byggir á launabreytingum. Niðurstaða stofnunarinnar er sú að miðað við að laun hækkuðu almennt um 4,5% yrði verðbólga í byrjun árs 1991 11% miðað við árshækkun eða tvöfalt meiri en stefnt var að. Ef launahækkunin yrði 6% yrði verðbólgan 18%. Hagdeildum helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins bar saman við þessa niðurstöðu og að launabreytingar af þessum stærðum hefðu ógnvænleg áhrif á efnahagskerfið. Í kæru BHMR er því haldið fram að þessi áhrif hefðu orðið hverfandi og er í því sambandi vísað til tveggja álita. Í annarri könnuninni sem framkvæmd var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands á áhrifum launahækkunar frá 1. júlí 1990 á þróun verðbólgu næstu 12 mánuði var gengið út frá þeirri forsendu að laun annarra en félagsmanna í BHMR mundu ekki hækka. Af þessari ástæðu er könnunin ekki talin innlegg í það viðfangsefni sem hér er til umfjöllunar. Önnur könnun var framkvæmd hagfræðideildar Seðlabanka Íslands, dags 30. nóvember 1990, og verður nánar fjallað um hana hér á eftir.

Spár um áhrif þess að laun hækkuðu almennt í landinu með sama hætti og laun BHMR urðu tilefni til deilna. Af þeirri ástæðu óskaði ríkisstjórnin eftir ítarlegri úttekt fjármálaráðuneytisins á þessu atriði. Í minnisblaði hagdeildar fjármálaráðuneytisins um líkleg áhrif víxlverkunar launa og verðlags í kjölfar launahækkunar BHMR, dags. 20. nóvember 1990, segir m.a.:

„Ein af forsendunum í kjarasamningi ASÍ og VSÍ frá í febrúar var sú, að launaþróun annarra launþega yrði sú sama og gert var ráð fyrir í þeim samningi. Á grundvelli þeirrar forsendu hefði 4,5% launahækkun til BHMR fljótlega leitt til samsvarandi hækkunar hjá ASÍ og síðan hjá BSRB. Í kjölfarið hefðu félagar í BHMR krafist sömu hækkunar og á grundvelli 15. gr. kjarasamnings þeirra og ríkisins, þar sem kveðið er á um sömu launahækkanir til þeirra og annarra og síðan koll af kolli.

Augljóst er, að án aðgerða hefði þessi leið á skömmum tíma leitt til mikilla víxlhækkana launa og verðlags, sem ómögulegt er að sjá fyrir endann á. Þannig má reikna

með, að árshraði verðbólgunnar miðað við árslok 1990 nálgist 30% í stað 5–6% samkvæmt forsendum febrúarsamninganna. Þá hefði hækkunin innan ársins líklega orðið 8% umfram það sem að var stefnt, þ.e. 15% í stað 6½%, sbr. eftirfarandi töflu."

Í útreikningum Þjóðhagsstofnunar frá 3. desember 1990 um hugsanlega verðþróun á næstu mánuðum, ef bráðbirgðalögin féllu úr gildi, kemur fram að hækkun verðlags í júlí 1991 gæti orðið 22,3% miðað við heilt ár, 26,9% eða 37,8% eftir því við hvaða launahækkanir er miðað.

Eins og áður sagði hefur BHMR haldið því fram að áhrifin af 4,5% launahækkun hefðu orðið hverfandi og vísar í því sambandi til skýrslu hagdeildar Seðlabanka Íslands, dags. 30. nóvember 1990. Í þessari skýrslu er m.a. komist að þessari aðalniðurstöðu:

„Það er því mat hagdeildar að skynsamleg túlkun kjarasamninga ASÍ/VSÍ feli ekki í sér vá óðaverðbólgu."

Í tilefni þessarar skýrslu gaf bankastjórn Seðlabanka Íslands út yfirlýsingu 7. desember 1990, sbr. fylgiskjal 7. Þar segir m.a.:

„Þótt vissulega sé hægt að hafa mismunandi skoðanir á framvindu verðlagsmála, ef bráðabirgðalögin eru felld, telur bankastjórnin miklu meiri hættur framundan en álit hagfræðideildar Seðlabankans virðist gefa í skyn. Er bankastjórnin eindregið þeirrar skoðunar, að umtalsverð almenn kauphækkun nú mundi hafa í för með sér alvarlega röskun í verðlagsþróun á næstu mánuðum, sem mundi stefna langtímamarkmiðum um lækkun verðbólgu hér á landi í verulega hættu."

Framangreind áhrif á launa- og verðlagsmál er nauðsynlegt að hafa í huga þegar lagt er mat á aðgerðir ríkisstjórnarinnar sumarið 1990, einkum það atriði sem snertir kæruna til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, þ.e. aðdraganda að setningu bráðabirgðalaga nr. 89/1990. Ríkisstjórnin stóð frammi fyrir þeim vanda að önnur samtök launafólks á vinnumarkaði kröfðust sömu launahækkunar og BHMR. Ríkisstjórnin hafði ítrekað reynt að ná samkomulagi við BHMR í því skyni að fá kjarasamningi þess og bandalagsins breytt en án árangurs. Hún átti því engan annan kost en að setja bráðabirgðalög ef verja átti þann árangur sem fólst í febrúarsamningi ASÍ og VSÍ og koma í veg fyrir efnahagsöngþveiti og atvinnuleysi.

Í kæru Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins er því haldið fram að efni bráðabirgðalaganna hafi eingöngu tekið til BHMR og samflotsfélaga þeirra. Þetta er ekki rétt. Í inngangi bráðabirgðalaganna segir m.a. að þar sem tilraunir til samninga við BHMR hafi ekki borið árangur beri brýna nauðsyn til að grípa þegar til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi sjálfvirkar víxlhækkanir launa og verðlags og treysta þau efnahagslegu markmið sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um og lögð voru til grundvallar kjarasamningum í byrjun árs 1990. Einnig er tekið fram að þetta sé gert til að jafnræði ríki í þróun launataxta og þróun kaupmáttar hinna ýmsu stétta í landi. Í 1. gr. er tekið fram að lögin taki til samninga sem eru í gildi við gildistöku laganna. Lögin taki ekki til þeirra kjarasamninga sem þá eru lausir. Í 2. gr. eru ákvæði um launabreytingar og eru þær ákveðnar í samræmi við samninga ASÍ og VSÍ og VMS sem áður er lýst. Ákvæði í kjarasamningum, sem fólu í sér aðrar og meiri launabreytingar, komu ekki til framkvæmda. Dæmi um þetta er kjarasamningur Vinnuveitendasambands Íslands og Sjómannafélags Reykjavíkur frá 6. júlí 1989. Samkvæmt kjarasamningnum áttu hásetar og bátsmenn að fá sérstaka hækkun frá 1. september 1990 sem var síðasti áfanginn í samræmingu grunnlauna háseta og dagmanna í vél. Með bréfi Vinnuveitendasambands Íslands, dags. 12. september 1990, var Sjómannafélaginu tilkynnt með vísan til bráðabirgðalaga nr. 89/1990 að hækkanir samkvæmt samningnum, sem fólu í sér aðrar og meiri launabreytingar en kveðið var á um í lögunum, komi ekki til framkvæmda. Af þessu sést að lögin voru almenn og tóku til fleiri aðila en félagsmanna BHMR.

5.2. Staðfesting bráðabirgðalaganna.

Í 28. gr. íslensku stjórnarskrárinnar segir að bráðabirgðalög skuli ætíð leggja fyrir næsta Alþingi eftir útgáfu þeirra. Í samræmi við þetta ákvæði lagði ríkisstjórnin hinn 17. október 1990 fyrir Alþingi frumvarp til staðfestingar bráðabirgðalögum nr. 89/1990, um launamál. Frumvarpið hlaut mjög ítarlega umfjöllun á Alþingi og kom m.a. til athugunar í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar þingsins. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og klofnaði. Meiri hluti nefndarinnar lagði til að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt. Í áliti meiri hlutans kemur fram að ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar hafi metið ástand efnahags- og launamála svo að brýna nauðsyn bæri til að setja bráðbirgðalög. Annars hefðu skollið á ófyrirséðar launahækkanir sem leitt hefðu til víxlhækkana verðlags og launa. Í kjölfarið hefði fylgt óðaverðbólga. Í álitinu vekur meiri hluti nefndarinnar athygli á því að sú þjóðarsátt, sem hafi verið gerð í febrúar 1990, hafi verið í hættu og í stað stöðugleika og öryggis hafi riðið yfir þjóðina glundroði og efnahagsóvissa. Ábyrg stjórnvöld hafi ekki getað horft á slíkt aðgerðarlaus. Meiri hluti nefndarinnar bendir á að með endanlegu orðalagi 1. gr. kjarasamnings ríkisins og BHMR hafi fjármálaráðherra talið tryggt að ekki kæmi til launahækkana ef þær væru taldar raska hinu almenna launakerfi í landinu. Þegar fyrir lá að svo reyndist ekki hlutu forsendur samningsins hvað þetta snerti að teljast brostnar. Við þessar aðstæður og í ljósi þeirra afleiðinga, sem fram kæmu yrði ekkert að gert, átti ríkisvaldið ekki annarra kosta völ en að beita bráðabirgðalagasetningu til þess að forðast holskeflu í efnahagsmálum og óðaverðbólgu.

Síðar í áliti meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar er vakin á því athygli að bráðabirgðalögin hafi ekki numið úr gildi niðurstöður Félagsdóms. Nefndin bendir á að lögin hafi í engu raskað niðurstöðum dómsins. Hins vegar féllu greiðslur samkvæmt samningnum niður frá 1. september 1990, en í því felst að dómnum var ekki breytt heldur þeirri réttarheimild sem greiðsluskylda studdist við.

Um staðfestingarfrumvarp bráðabirgðalaganna var deilt í neðri deild Alþingis, einkum við 2. umræðu sem fram fór 12. desember 1990. Niðurstaðan þar varð sú að 1. gr. frumvarpsins var samþykkt með 19 atkvæðum gegn 12 að viðhöfðu nafnakalli. Sex þingmenn greiddu ekki atkvæði. 2.–4. gr. voru samþykktar með 18 atkvæðum gegn 5. 5. gr. var samþykkt með 19 atkvæðum gegn 4. Með þessari niðurstöðu var ljóst að góður meiri hluti þingmanna var fylgjandi frumvarpinu og reyndist lítill ágreiningur um það í efri deild Alþingis þar sem 1. gr. var samþykkt með 10 atkvæðum gegn 4 að viðhöfðu nafnakalli. Sjö þingmenn greiddu ekki atkvæði. 2.–5. gr. voru samþykktar með 10 atkvæðum gegn 2. Frumvarpið var afgreitt sem lög frá Alþingi nr. 4 4. febrúar 1991.

5.3. Lögmæti lagasetningarinnar.

Félagafrelsið er tryggt í 73. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Stangist sett lög á við stjórnarskrána er unnt að fá skorið úr slíkum ágreiningi fyrir íslenskum dómstólum. Fjalla þeir um stjórnskipulegt gildi laga enda sjálfstæðir og óháðir stjórnvöldum að öllu leyti, bæði undirréttur og Hæstiréttur Íslands. Grundvallarregla í íslenskum rétti er að stjórnarskráin víkur til hliðar lögum sem brjóta í bága við hana. Einn af félagsmönnum í Félagi íslenskra náttúrufræðinga, sem er eitt af aðildarfélögum BHMR, höfðaði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og gerði kröfu til þess að fá greidd laun að fullu samkvæmt kjarasamningi BHMR. Í málflutningi fyrir bæjarþingi Reykjavíkur (undirrétti) var því haldið fram að með setningu bráðabirgðalaga, nr. 89/1990, hafi bráðbirgðalöggjafinn brotið gegn 2., 28., 67. og 73. gr. stjórnarskrárinnar, en þær eru svohljóðandi:

2. gr.

Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

28. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðbirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bága við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lög lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.

Nú samþykkir Alþingi ekki bráðabirgðalög, og falla þau þá úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.

67. gr.

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.

73. gr.

Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert félag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess að það verði leyst upp.

Í málinu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hélt stefnandi því fram að löggjafinn geti ekki gripið fram fyrir hendur dómstóla með þeim hætti sem gert var. Löggjafanum sé óheimilt að taka aftur eigarréttindi afmarkaðs hóps manna sem honum hafi sérstaklega verið dæmd örfáum dögum áður af æðsta dómstól á sviði vinnuréttar. Með þessu sé brotið gegn meginreglunni um þrískiptingu ríkisvaldsins, sbr. *2. gr.* stjórnarskrárinnar.

Í greinargerð stefnda er ekki fallist á þessi sjónarmið. Bent er á að með dómi sínum hafi Félagsdómur kveðið á um hvernig skýra beri tilteknar greinar í kjarasamningi fjármálaráðherra og BHMR. Niðurstaða dóms um tiltekið sakarefni bindi ekki hendur löggjafans til að breyta gildandi rétti. Með lögum nr. 89/1990 hafi hluta kjarasamnings BHMR og fjármálaráðherra verið breytt þannig að 4,5% launahækkun, sem fólst í kjarasamningunum óbreyttum, féll niður frá og með 1. september 1990. Með því hafi verið breytt þeirri réttarheimild sem greiðsluskylda samkvæmt dómnum var byggð á. Stefndi tekur einnig fram að hann geti ekki fallist á það með stefnanda að löggjafinn sé bundinn til frambúðar við það réttarástand sem dómstólar hafa kveðið á um að hafi verið gildandi réttur er dómur gekk. Löggjafinn hafi óumdeilanlega vald til að breyta gildandi rétti. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar felst ekki að þegar dómstóll hefur kveðið upp dóm sé þar með komin óbreytanleg niðurstaða til frambúðar sem löggjafarvaldið fái ekki hróflað við.

Niðurstaða dóms bæjarþings Reykjavíkur, en dómurinn var skipaður þremur mjög hæfum dómurum, var sú að setning bráðabirgðalaganna hafi ekki brotið ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrígreiningu ríkisvaldsins. Í dómi undirréttar er fjallað um hina brýnu nauðsyn til setningar bráðabirgðalaga. Dómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu að hann sé bær að meta hvort sú brýna nauðsyn sem bráðabirgðalöggjafinn telur vera á setningu bráðabirgðalaga sé studd nægilegum rökum. Í stuttu máli kemst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að sýnt hafi verið fram á nauðsyn setningar bráðabirgðalaganna til að koma í veg fyrir víxlverkanir launa sem leitt hefðu til eyðileggingar og brottfalls þjóðarsáttar. Dómstóllinn segir að ekki verði séð að markmið laganna hafi að geyma neins konar ólögmæti og nauðsynin hafi verið nægilega rík til þess að telja verði setningu laganna innan marka 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Í málinu fyrir borgardómi var því haldið fram að 67. gr. stjórnarskrárinnar hafi verið brotin þegar afnumin var með bráðabirgðalögunum sú 4,5% kauphækkun sem kveðið var á um í kjarasamningi BHMR að greidd skyldi. Hvað þetta atriði varðar kemst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að löggjafanum sé heimilt undir vissum kringumstæðum, svo sem við framkvæmd efnahagsstefnu, að skerða samningsbundin laun manna án þess að bætur komi fyrir. Sú heimild er þó ákveðnum skilyrðum bundin og verður að telja hin helstu þau að skerðingin sé almenn, ekki úr hófi, ekki sé um beina tilfærslu verðmæta frá einum aðila til annars að ræða, gild rök séu færð fram fyrir nauðsyn skerðingarinnar og að þeir hagsmunir sem ætlunin er að vernda, hafi mun meira vægi en hagsmunir þeirra sem löggjöfin beinist að.

Dómstóllinn telur að í málinu hafi verið leiddar yfirgnæfandi líkur að því að stór hluti launþega í landinu hefði fengið greidda sömu kauphækkun og félagsmenn í BHMR hefðu bráðabirgðalögin ekki verið sett. Bráðabirgðalögin leiddu til þess að nýfengin kauphækkun félagsmanna í BHMR var tekin af og væntanleg kauphækkun annarra launþega var ekki greidd og snerti þessi skerðing þannig mun fleiri launþega en félagsmenn í BHMR. Með þessum hætti voru ekki færð verðmæti frá einum aðila til annars í þeim skilningi sem verður að leggja í það skilyrði, enda þótt launagreiðendum sparaðist við þetta nokkurt fé. Sú launahækkun, sem af var tekin, var nokkuð mikil miðað við þær launahækkanir sem almennt hafði verið samið um að kæmu til framkvæmda á svipuðum tíma. Dómstóllinn telur þó að með launaskerðingunni hafi ekki verið farið út fyrir þau mörk sem setja verður skerðingu af þessu tagi. Fram kemur að dómstóllinn telur að þær ástæður, sem fram hafi verið færðar fyrir nauðsyn launaskerðingarinnar, séu stjórnmálalegs eðlis. Þótt um hafi verið að ræða allharkalegar aðgerðir löggjafarvaldsins, m.a. þær að breyta kjarasamningi sem ríki var aðili að því í hag, verði þó að telja að sýnt hafi verið fram á að um hafi verið að tefla þá hagsmuni stjórnvalda að hafa svigrúm til þess að framfylgja ákveðinni efnahagsstefnu, með það að markmiði að koma í veg fyrir víxlverkanir launa og halda verðlagi í skefjum. Þá hagsmuni verður að telja það ríka að afnám þeirrar almennu launahækkunar, sem bráðabirgðalögin kváðu á um, hafi verið réttlætanleg.

Niðurstaða dómstólsins er sú að skerðing á launum, sem bráðabirgðalögin höfðu í för með sér, hafi verið innan marka 67. gr. stjórnarskrárinnar. Sú grein hafi því ekki verið brotin.

Í málinu var því loks haldið fram að bráðabirgðalögin, einkum 2. og 4. gr. þeirra, fari í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi og einnig sáttmála Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Sáttmálana beri að hafa í huga þegar 73. gr. stjórnarskrárinnar sé skýrð enda þótt þeir séu ekki réttarheimildir að íslenskum lögum.

Í niðurstöðum dómstólsins segir að samkvæmt forsögu 73. gr. stjórnarskrárinnar sé ljóst að henni var ætlað að vernda rétt manna til þess að stofna félög í löglegum tilgangi án þess að slík félagsstofnun væri háð leyfi stjórnvalda. Stjórnarskrárgreinin hefur ekki verið skýrð þannig að hún verndi rétt manna til að neita að ganga í félag eða halda félagsaðild áfram. Enn síður verði greinin skýrð svo að hún verndi menn gegn atvikum sem skapað geta vantrú á gildi þess að starfa í skipulögðum félagsskap til þess að bæta kjör sín og réttindi. Aðgerðir af viðmóta tagi þyrftu að vera mun alvarlegra eðlis en setning bráðabirgðalaganna til þess að vernd 73. gr. stjórnarskrárinnar geti hugsanlega komið til sögunnar. Sáttmálar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar breyti þar engu um.

Niðurstaða dómstólsins er því að bráðabirgðalögin brjóti ekki í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Niðurstaða dómstólsins fylgir með bréfi þessu sem fylgiskjal 6.

6.0. Bráðabirgðalögin og ákvæði samþykkta ILO nr. 87 og 98.

Með tilliti til þess er að framan er rakið er því sérstaklega mótmælt að kæra BHMR á grundvelli samþykktar nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og samþykktar nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, eigi við í því

tilviki sem hér um ræðir. Í 3. gr. samþykktar IlO nr. 87 er svo kveðið á að félög launafólks og vinnuveitenda skuli eiga rétt á að setja sér lög og reglur, vera algerlega óháð í vali sínu á fyrirsvarsmönnum sínum, skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stofnskrá.

Hafa stjórnvöld með áðurnefndri lagasetningu á engan hátt íhlutast um rétt launþega og vinnuveitenda til stofnunar og starfsemi félaga þessara aðila. Verður að túlka greinina á þann veg að hún taki fyrst og fremst til almenns félagafrelsis. Er félagafrelsi tryggt í 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 17. júní 1944. Fráleitt er því að halda því fram að bráðabirgðalög nr. 89 frá 3. ágúst 1990 brjóti í bága við ákvæði samþykktar ILO nr. 87, sbr. 2. tölul. 8. gr. samþykktarinnar.

Því er einnig algjörlega vísað á bug að afskipti bráðabirgðalöggjafans og síðar Alþingis af kjarasamningum og rétti launafólks samkvæmt þeim geri það að verkum að áhugi launafólks á að eiga aðild að stéttarfélögum minnki stórlega vegna þess að ekki sé trygging fyrir því að menn geti unnið að því að bæta launakjör sín með því að eiga aðild að stéttarfélagi því löggjafinn og einkum bráðabirgðalöggjafinn hafi óhindrað svipt menn þeim réttindum sem um er samið eða menn hafa fengið dæmd. Ríkisstjórnin vill í þessu sambandi minna á sérstöðu íslensks efnahags- og atvinnulífs sem felst í því að tæp 40% af vergri landsframleiðslu eru vörur og þjónusta og ¼ hlutar vöruútflutnings eru sjávarafurðir. Eðli máls samkvæmt er sjávarútvegur sveiflukenndur atvinnuvegur. Af þeirri ástæðu þurfa íslensk stjórnvöld oft að grípa til skjótra aðgerða, eins og dæmin sýna, ef afkoma sjávarútvegs er slæm. Á þessu ríkir almennur skilningur meðal landsmanna. Í þessu sambandi vill ríkisstjórnin vekja athygli á því að þátttaka launafólks í stéttarfélögum er mun almennari á Íslandi en í öðrum löndum. Þetta má glögglega sjá í töflu í fylgiskjali 9. Samkvæmt töflunni eru rúmlega 60 þúsund manns í Alþýðusambandi Íslands. Samtals er talið að um 102 þúsund manns séu félagar í stéttarfélögum. Talið er að unnin mannár á árinu 1987 hafi verið um 111 þúsund. Ef sú tala er borin saman við tölu félaga í stéttarfélögum kemur út talan 92%. Þess ber að geta að hér er ekki um sambærilegar tölur að ræða en þær gefa engu að síður til kynna að aðild að stéttarfélögum á Íslandi er mjög almenn þrátt fyrir afskipti stjórnvalda af kjaramálum. Fjöldi félagsmanna BHMR er hins vegar um 3.500 eða innan við 3% af heildinni. Ótækt var og er að lítill hópur, einn og sér, geti stofnað í hættu samningum allra annarra aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Afleiðingin hefði orðið efnahagslegur glundroði og óöryggi í atvinnumálum. Í ákvörðun ríkisstjórnarinnar með bráðabirgðalögunum fólst því vörn, nokkurs konar neyðarvörn til verndar meiri hagsmunum fyrir minni.

Á sama hátt er því mótmælt að 3. gr. og 4. gr. samþykktar ILO nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, eigi hér við. Fjallar 3. gr. um félagafrelsið og að það skuli í heiðri haft. 2. gr. samþykktarinnar fjallar um vernd félaga vinnuveitenda og verkamanna gegn afskiptum af stofnun, starfsemi og stjórn. Hefur félagafrelsið á engan hátt verið skert með bráðabirgðalögunum. Fráleitt er að túlka orðið „starfsemi" svo vítt að stjórnvöldum sé óheimilt vegna efnahagsástæðna, hagsmuna þjóðarbúsins og launþega að grípa inn í þegar gerða kjarasamninga um skamma hríð.

Í 4. gr. samþykktar ILO nr. 98 segir m.a. að þar sem nauðsyn krefur skuli gerðar ráðstafanir eftir því sem við á hjá hverri þjóð til þess að hvetja og efla sjálfstæða samninga milli vinnuveitenda og félaga þeirra og verkamanna. Er því sérstaklega mótmælt að um brot á téðri grein sé að ræða. Lagt er í vald hverrar þjóðar til hvaða ráðstafana hún grípur til að hvetja og efla sjálfstæða samninga aðila vinnumarkaðarins. Áður en til þeirra aðgerða kom sem hér um ræðir hafði verið rætt ítarlega við fulltrúa BHMR í því skyni að með frjálsum samningum tækist samkomulag um að launaþróun yrði með sama hætti og hjá öðrum í þjóðfélaginu og þannig skapað nauðsynlegt jafnvægi í íslenskum efnahagsmálum.

7.0.Niðurstaða.

Ríkisstjórn Íslands vekur athygli á því að á undanförnum áratugum hefur ríkt á Íslandi mikil verðbólga. Hluti af skýringunni á miklum verðbreytingum felst í því að efnahagslíf landsins byggir á fiskveiðum og útflutningi á fiski og afurðum tengdum sjávarfangi. Mikilar sveiflur eru í þessum atvinnuvegi sem þýðir að ríkisstjórn þarf oft og tíðum að grípa með skömmum fyrirvara til róttækra ráðstafana í efnahags- og atvinnumálum í því skyni að hindra stöðvun atvinnufyrirtækja og koma í veg fyrir stórfellt atvinnuleysi.

Á undanförum missirum hafa íslensk stjórnvöld náð tökum á efnahagslífinu með margháttuðum aðgerðum, m.a. með víðtæku samráði við aðila vinnumarkaðarins. Reynt hefur verið að sjá til þess að aðgerðirnar komi sem réttlátast niður.

Árið 1989 og 1990 tókst einstakt samkomulag í íslensku þjóðfélagi um aðgerðir í efnahags- og kjaramálum. Að þessu samkomulagi stóðu ríkisstjórnin, samtök sem hafa um og yfir 90% alls launafólks innan sinna vébanda og helstu samtök atvinnurekenda. Samkomulagið gengur undir heitinu „þjóðarsátt". Árangur þessa samkomulags er m.a. að verðbólga á Íslandi er lægri en um áratuga skeið og hækkun framfærsluvísitölu á árinu 1990 aðeins 7,3%. Atvinnuleysi var 1,7%. Jöfnuður ríkir í viðskiptum landsins við erlend ríki. Tekist hefur að samræma launaþróunina í landinu. Unnið er markvisst að lækkun vaxta. Samkomulag hefur tekist um aðgerðir til að lækka framleiðslukostnað landbúnaðarvara. Aðgerðir hafa verið ákveðnar til að stuðla að félagslegu öryggi í landinu.

Einu samtök launafólks, sem ekki vildu taka þátt í þeirri tilraun sem felst í þjóðarsáttarsamningum, voru Bandalag háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins sem hafa um 3.500 félagsmenn. Af hálfu ríkisstjórnar Íslands var reynt til þrautar að ná samkomulagi við forustumenn BHMR um breytingar á kjarasamningi BHMR og ríkisins frá því í maí 1989 sem fæli í sér að bandalagið tæki þátt í þjóðarsáttinni en án árangurs. Fyrir lá að næði kauphækkun til BHMR fram að ganga sem væri umfram það sem aðrir höfðu fallist á í kjarasamningum mundi það leiða til launasprengingar á vinnumarkaðnum. Stærstu samtök launafólks á Íslandi, Alþýðusamband Íslands, gerðu kröfu um sömu launahækkun til handa sínum félagsmönnum og félagar í BHMR fengju. Fram kom hjá atvinnurekendum að þeir gætu ekki staðið gegn slíkri kröfu. Efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar var með öðrum orðum stefnt í stórhættu sumarið 1990.

Ríkisstjórnin stóð fyrir mörgum samráðs- og samningafundum við BHMR í júní og júlí 1990. Þessir samningafundir voru með öllu árangurslausir. Í ljósi þeirrar þjóðarsáttar, sem tekist hafði um efnahags- og kjaramál, var af hálfu ríkisstjórnarinnar með öllu ólíðandi að einn hlutfallslega lítill hópur launafólks tæki sig út úr og fengi hækkanir umfram aðra sem raunar var ekki ljóst að hann ætti rétt á, sbr. það sem segir í kafla 4.1. um að kjarasamanburði sé ólokið, og gæti þar með stefnt öðrum samningum og stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum í hættu. Hún átti því ekki annan kost en að setja bráðabirgðalög 3. ágúst 1990. Markmiðið með lögunum var að tryggja framgang mótaðrar efnahagsstefnu og þá kjaraþróun sem fólst í þjóðarsáttarsamningunum. Lögin voru almenn og tóku ekki frekar til samninga BHMR en annarra hópa í þjóðfélaginu.

Um bráðabirgðalögin var fjallað lengi og ítarlega á Alþingi. Þar voru þau staðfest sem lög nr. 4 4. febrúar 1991 með stuðningi yfirgnæfandi meiri hluta þingmanna.

BHMR kaus að víkjast undan því að leysa ágreiningsefni vegna framkvæmdar kjarasamningsins á grundvelli ákvæða í 9. gr. hans um úrskurðarnefnd og skaut máli sínu til Félagsdóms. Félagsdómur dæmdi um túlkun á ákvæði í 1. gr. samningsins og komst að þeirri niðurstöðu að kauphækkun samkvæmt kjarasamningnum frá maí 1989 skyldi ná fram að ganga. Einstaklingur, félagi í BHMR, höfðaði mál fyrir borgardómi Reykjavíkur. Í málinu var því haldið fram að ríkisstjórnin hafi með bráðabirgðalögunum, 3. ágúst 1990, m.a. brotið ákvæði stjórnarskrárinnar um útgáfu bráðabirgðalaga, um vernd eignarréttarins og um félagafrelsi. Undirréttur komst að þeirri sameiginlegu niðurstöðu (þriggja manna dómur) að

ákvæði stjórnarskrárinnar hafi ekki verið brotin og að stjórnvöld hafi sýnt fram á að brýna nauðsyn hafi borið til að setja bráðabirgðalögin til að koma í veg fyrir víxlverkanir launa og brottfalls þjóðarsáttar. Dómstóllinn komst jafnframt að þeirri niðurstöðu að ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttarins hafi ekki verið brotin og bráðabirgðalögin hafi ekki brotið í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Var í því sambandi vitnað til og stuðst m.a. við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þessum dómi hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og er dóms að vænta næsta ár, þ.e. 1992.

Með hliðsjón af framangreindu er því vísað á bug að setning bráðabirgðalaga nr. 89/1990 brjóti í bága við alþjóðasamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, einkum samþykktir nr. 87 og 98. Ríkisstjórnin mótmælir því að kæra Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins standist efnislega og lagalega.

F.h. ríkisstjórnar Íslands,

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

Með greinargerðinni voru send eftirtalin fylgiskjöl:

1. Kjarasamningur fjármálaráðherra og aðildarfélaga BHMR.
2. Samantekt Þjóðhagsstofnunar 22. júní 1990 um verðlagsáhrif launahækkana.
3. Bréf Alþýðusambands Íslands til BHMR, dags. 20. júní 1990.
4. Svar Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna við kröfu Alþýðusambands Íslands, dags. 31. júlí 1990.
5. Bráðabirgðalög nr. 89/1990, um launamál.
6. Útdráttur úr dómi bæjarþings Reykjavíkur, dags. 13. mars 1991.
7. Fréttatilkynning frá Seðlabanka Íslands, dags. 7. desember 1991.
8. Yfirlit yfir fundi sem ríkisstjórnin átti með fulltrúum BHMR til að ræða um breytingar á kjarasamningi frá því í maí 1989.
9. Yfirlit yfir fjölda launamanna í stéttarfélögum.
10. Innihald „þjóðarsáttarsamningsins“ frá febrúar 1990.
11. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun „þjóðarsáttarsamningsins“.
12. Línurit um þróun verðbólgu á Íslandi og öðrum aðildarríkjum OECD.
13. Bréf frá starfandi forsætisráðherra til BHMR, dags. 12. júní 1990.

Viðauki II.

Niðurstaða nefndar um félagafrelsi í kærumáli Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins á hendur ríkisstjórn Íslands.

Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar afgreiddi á fundi sínum 12. nóvember 1991 skýrslu nefndar um félagafrelsi.[1]) Kæra Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins (BHMR) og Heimssambands kennarafélaga (WCOTP) vegna setningar bráðabirgðalaga nr. 98, um launamál, er meðal þeirra mála sem fjallað er um í skýrslunni. Niðurstaða nefndarinnar er eftirfarandi:

Kærumál nr. 1563

KÆRA BANDALAGS HÁSKÓLAMENNTAÐRA RÍKISSTARFSMANNA (BHMR) OG HEIMSSAMBANDS KENNARAFÉLAGA (WCOTP) Á HENDUR RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

344. Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR) lagði fram kæru vegna skerðingar á frelsi samtaka launafólks á hendur ríkisstjórn Íslands í bréfi mótteknu 29. nóvember 1990, svo og frekari upplýsingar í bréfi mótteknu 20. desember 1990. Heimssamband kennarafélaga (WCOTP) lagði fram kæru fyrir hönd aðildarfélags síns á Íslandi — Hins íslenska kennarafélags (HÍK) — með bréfi dagsettu 14. desember 1990.

345. Ríkisstjórn Íslands lagði fram greinargerð sína um ákæruna í bréfi dagsettu 26. apríl 1991.

346. Ísland hefur fullgilt samþykkt ILO nr. 87 frá 1948, um félagafrelsi og verndun þess, og samþykkt ILO nr. 98 frá 1949, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

A. Fullyrðing sóknaraðila.

347. Í bréfi mótteknu 29. nóvember 1990 heldur BHMR því fram að brotin hafi verið ákvæði samþykkta ILO nr. 87 og 98 með setningu bráðabirgðalaga nr. 89/1990, um launamál, (afrit af þeim fylgir), 3. ágúst 1990, hafi félagsmenn BHMR verið sviptir launahækkun sem þeir höfðu fengið dæmda í Félagsdómi og auk þess hafi bráðabirgðalögin hindrað beitingu annarra ákvæða í núgildandi kjarasamningi við ríkið sem undirritaðir voru 18. maí 1989. Sóknaraðili heldur því fram að bráðabirgðalögin ógildi kjarasamninginn eftir 31. ágúst 1991, þótt gildistími hans sé til 31. desember 1994, og nemi úr gildi rétt BHMR til að gera kjarasamninga.

348. BHMR segir sig vera samtök stéttarfélaga sem ná til háskólamenntaðra manna í starfi hjá íslenska ríkinu, sveitarstjórnum og öðrum stofnunum sem kostaðar eru af almannafé. Í því eru 23 aðildarfélög með 4.000 félögum. Með lögum nr. 94/1986 var viðurkenndur réttur aðildarfélaga BHMR til að semja um kaup og kjör og gera verkfall og fjármálaráðherra veitt umboð til að vera fulltrúi ríkissjóðs við gerð og framkvæmd kjarasamninga við þessi félög. Eftir fyrstu slíkar samningaviðræður voru gerðir samningar sem giltu til 31. desember 1988. Hlutaðeigandi félag (að tveimur undanskildum) skipuðu sameiginlega

1) Skýrslan heitir á ensku: 279th Report of the Committee on Freedom of Association, ILO Governing Body (GB. 251/8/11 – 251st Session).

samninganefnd — sem nefnd var BHMR- hópurinn — til að gera næstu samninga, og þegar upp úr viðræðum slitnaði nýttu 12 þeirra rétt sinn til að gera verkfall 6. apríl 1989.

349. Fjármálaráðherra bauð BHMR-hópnum tvisvar á meðan kjaradeilunni stóð að gera samning svipaðan þeim samningum sem gerðir höfðu verið við tvo aðra hópa opinberra starfsmanna sem höfðu gert samninga án aðildar BHMR-hópsins. En þrátt fyrir áframhaldandi viðræður var slíkum tilboðum hafnað vegna þess að í öðrum slíkum samningum var ekki tekið á þeim kjaramálum sem BHMR-hópurinn lagði áherslu á, þ.e. að laun háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna skyldu samræmd launum háskólamenntaðra manna á almennum vinnumarkaði. Um miðjan maí 1989 tók samninganefnd ríkisins ákveðnari stefnu (en þá var hún skipuð forsætisráðherra og öðrum ráðherrum úr öllum stjórnarflokkum) og samningur, sem náði m.a. til samræmingarmálsins, var undirritaður 18. maí 1989. Þar með lauk einnig sex vikna verkfalli. Vegna trúnaðarbrests milli samninganefndar BHMR-hópsins og fjármálaráðherra lýsti forsætisráðherra því yfir sjálfur að öll ríkisstjórnin styddi samninginn og greip til þeirrar óvenjulegu ráðstöfunar að gera samninginn að sérstakri bókun á fundi ríkisstjórnarinnar. Samningurinn skyldi gilda til 31. desember 1994. Í honum voru ákvæði um smávægilegar launahækkanir á tímabilinu 1. maí 1989 til 30. júní 1990 (2. kafli); um frekari sambærilegar launahækkanir ef almennar breytingar yrðu gerðar á launum annarra launþega frá 30. nóvember 1989 þannig að þær færu yfir tiltekið hámark (15. gr.); svo og um frekari hækkanir í áföngum á tímabilinu frá 1. júlí 1990 til 1. júlí 1994 í því skyni að hækka laun þeirra, þannig að þau yrðu í samræmi við laun háskólamenntaðra manna á almennum vinnumarkaði. Þessum samningi var unnt að segja upp með eins mánaðar fyrirvara eftir 30. september 1990.

350. Sóknaraðili útskýrir að alllöngu eftir undirritun kjarasamnings hans, í febrúar 1990, hafi verið gerðir rammasamningar milli Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ). Mörg einstök aðildarfélög ASÍ gerðu kjarasamninga á grunni þessa rammasamnings. Í þessum kjarasamningum var aðeins kveðið á um litlar launahækkanir, en um leið höfðu aðrir samningar náðst (t.d. við bændur um takmörkun verðhækkana á landbúnaðarvörum) til að draga úr verðbólgu. Allar þessar ráðstafanir ganga undir heitinu „þjóðarsáttarsamningar". Fulltrúar atvinnurekenda í einkageiranum kvörtuðu undan því við ríkisstjórnina að í samningi BHMR-hópsins væru ákvæði um meiri launahækkanir en í þjóðarsáttarsamningunum og hvöttu hana til að hefja viðræður við BHMR til að koma í veg fyrir slíkt.

351. Hinn 12. júní 1990 skrifaði staðgengill forsætisráðherra bréf til BHMR þar sem hann tilkynnti þá einhliða ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fresta framkvæmd hins umsamda nýja launakerfis. Hann réttlætti þá aðgerð með því að vísa til 1. gr. samningsins (þar sem kveðið er á um að breytingar skyldu gerðar á launakerfinu með þeim hætti að það ylli ekki röskun á hinu almenna launakerfi í landinu). Í bréfinu — afrit af því fylgir — kemur fram að slíkar launahækkanir mundu brjóta á bága við þjóðarsáttarsamningana og tefla þeim í tvísýnu. BHMR mótmælti kröftuglega þessari einhliða ákvörðun um frestun og voru margir fundir haldnir en án árangurs. Hinn 5. júlí lagði eitt aðildarfélaga BHMR, Félag íslenskra náttúrufræðinga, prófmál fyrir Félagsdóm og krafðist þess að dómurinn fyrirskipaði að greidd skyldi umsamin launahækkun frá 1. júlí 1990. Hinn 23. júlí 1990 birti dómurinn þá niðurstöðu sína að ríkisstjórnin hefði ekki haft vald til að fresta framkvæmd samningsins, án tillits til þess hver áhrif launahækkananna kynnu að verða. Í dómnum (afrit af honum fylgir) segir að ef ríkisstjórnin taldi að launahækkun 1. júlí mundi raska almennu launakerfi í landinu hefði hún átt að freista þess að komast að samkomulagi við BHMR-hópinn um hvernig brugðist skyldi við slíkum aðstæðum. Dómurinn fyrirskipaði að launahækkanirnar skyldu greiddar félögum í Félagi íslenskra náttúrufræðinga og þær voru greiddar í samræmi við það.

352. Ríkisstjórnin brást hart við dómnum og taldi hann stuðla að „víxlverkunum launa og verðlags og óðaverðbólgu". Sóknaraðili heldur því hins vegar fram að engar efnahagslegar kannanir á áhrifum launahækkana á verðbólgu staðfesti þessa staðhæfingu. (Með bréfi

sóknaraðila frá desember 1990 fylgja niðurstöður tveggja kannana óháðra aðila um verðbólguáhrif.) Ríkisstjórnin hóf viðræður við BHMR og krafðist niðurfellingar umræddra launahækkana og 15. gr. kjarasamningsins. Þar eð BHMR hafði ekki umboð til að semja aftur um launahækkunina, sem dómurinn hafði staðfest, samþykkti það að ræða aðeins breytingar á 15. gr. Ekkert samkomulag náðist og telur sóknaraðili að ríkisstjórnin hafi aðeins tekið þátt í viðræðunum til málamynda. Ellefu dögum eftir að dómurinn féll, 3. ágúst 1990, beitti forseti Íslands valdi sínu samkvæmt stjórnarskránni til að setja bráðabirgðalög í neyðartilvikum á meðan Alþingi situr ekki og setti bráðabirgðalög nr. 89/1990, um launamál.

353. Í 1. mgr. 2. gr. bráðabirgðalaganna er ákvæði þess efnis að launahækkanir skuli vera hinar sömu og í þjóðarsáttarsamningunum; í 4. mgr. 2. gr. er eftirfarandi ákvæði: „Hafi laun hækkað á tímabilinu 30. júní til 1. september 1990 skal sú hækkun falla niður frá og með 1. september 1990 enda komi launahækkanir samkvæmt 1. mgr. í stað hennar". Þannig var launahækkun sú, sem Félagsdómur hafði ákveðið, ógilt. Í 1. mgr. 4. gr. bráðabirgðalaganna eru ákvæði sem ógilda 5. og 15. gr. kjarasamninganna; í 2. mgr. 4. gr. er ákvæði þess efnis að samningar aðildarfélaga BHMR, ásamt þeim róttæku breytingum sem gerðar hafa verið á þeim, skuli vera í gildi til 31. ágúst 1991 og skuli þá falla úr gildi án uppsagnar.

354. Sóknaraðili heldur því ekki aðeins fram að ríkisstjórnin hefði ekki átt að láta undan þrýstingi frá atvinnurekendum og stéttarfélögum, sem áttu ekki aðild að kjarasamningum hans, heldur hefði ríkisstjórninni verið skylt að vernda BHMR og samninga þess fyrir slíkum þrýstingi. Félagi í Félagi íslenskra náttúrufræðinga hefur höfðað prófmál fyrir Borgardómi Reykjavíkur þar sem hann vefengir að setning bráðabirgðalaganna standist ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi og eignarrétt (jafnframt heldur hann því fram að ekki sé unnt að krefjast endurgreiðslu þegar greiddra launahækkana).

355. Sóknaraðili dregur rök sín saman sem hér segir: 1) ríkisstjórnin hefur enn einu sinni (hún hefur oft gripið inn í kjarasamninga á undanförnum áratug) beitt lagasetningu í því skyni að breyta gildandi kjarasamningum og um leið í raun að fella niður tímabundinn rétt hlutaðeigandi stéttarfélaga til þess að gera kjarasamninga; 2) bráðabirgðalögin beinast gegn takmörkuðum hópi (þótt orðalag þeirra kunni að gefa til kynna að þau séu almenns eðlis); 3) þessi íhlutun löggjafans ógildir dóm sem kveðinn var upp aðeins ellefu dögum áður og gengur í berhögg við það sem dómstóllinn sagði um þá skuldbindingu að standa við samninginn; 4) það var skylda ríkisstjórnarinnar að vernda BHMR-hópinn fyrir þrýstingi frá ýmsum öðrum stéttarfélögum til að afnema þá launahækkun sem Félagsdómur hafði ákveðið; 5) engin ástæða var til slíkrar ráðstöfunar vegna þess að launahækkunin sjálf hefði aðeins haft óveruleg verðbólguáhrif sem hefðu horfið á nokkrum mánuðum vegna þess að ríkisstjórnin átti kost á öðrum ráðstöfunum til að halda verðbólgu niðri. Sóknaraðili telur einnig að slík íhlutun ríkisstjórnar skerði félagafrelsi vegna þess að draga muni úr áhuga manna til að vera í stéttarfélögum í því skyni að bæta laun sín þegar unnt sé að afnema þau réttindi sem samið hefur verið um eða dómstólar hafa ákveðið með bráðabirgðalögum; slík íhlutun kann einnig að leiða til þess að menn missi trú á gerð kjarasamninga „og e.t.v. til ofbeldis eða einstaklingsbundinna samninga".

356. Að lokum víkur sóknaraðili að þeirri afstöðu ríkisstjórnarinnar að ekkert geti komið í veg fyrir að hún hlutist til um um gerða kjarasamninga að vild; til dæmis má nefna að þrátt fyrir að ASÍ hafi kært sams konar íhlutun (kærumál nr. 1458, sem nefndin fjallaði um á fundi sínum í febrúar 1989) árið 1988 stóð ríkisstjórnin fyrir setningu tvennra bráðabirgðalaga (nr. 14/1988 og nr. 74/1988) þar sem gripið var inn í gildandi samninga.

357. Með bréfi sínu, dagsettu 14. desember 1990, greinir Heimssamband kennarafélaga fyrir hönd HÍK frá sex vikna verkfalli sem endaði með undirritun kjarasamninga 18. maí 1989, svo og bréfi ríkisstjórnarinnar, dagsettu 12. júní 1990, þar sem gefið er í skyn að ætlunin sé að fresta gildistöku nýs launakerfis og ákvörðun Félagsdóms þar sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru gagnrýndar. Heimssamband kennarafélaga heldur því fram að setning bráðabirgðalaga nr. 89/1990 hafi rift frjálsum kjarasamningum og þannig brotið samþykkt ILO nr. 98.

358. Í bréfi sínu, mótteknu 20. desember 1990, rökstyður BHMR enn frekar fullyrðingar sínar þess efnis að ríkisstjórnin hafi látið undan þrýstingi frá öðrum hópum um íhlutun. Sóknaraðili staðhæfir að ríkisstjórnin hafi heitið ASÍ og VSÍ því að ekki yrði staðið við BHMR-samninginn. Í sjónvarpsviðtali virtist formaður VSÍ gefa það í skyn: „Þetta var heiðursmannasamkomulag þeirra og við mæltum eindregið með því að við þetta loforð yrði staðið."

B. Svar ríkisstjórnarinnar.

359. Í ítarlegu bréfi sínu, dagsettu 26. apríl 1991, fjallar ríkisstjórnin um ýmis mál varðandi efnahagslíf og atvinnulíf sem tengjast kærunni og skýrir frá kjarasamningum sem gerðir hafa verið undanfarin tvö ár. Ríkisstjórnin útskýrir gerð samningsins milli fjármálaráðuneytis og BHMR-hópsins í maí 1989 og hvers vegna hún hafi síðar óskað eftir því að tilteknum ákvæðum samningsins yrði breytt vegna breyttra aðstæðna. Hún leggur áherslu á að fjölmargir fundir hafi verið haldnir með fulltrúum BHMR en því miður hafi þeir ekki leitt til breytingar. Að lokum lýsir ríkisstjórnin því hvers vegna hún sá sig tilneydda að setja bráðabirgðalög nr. 89 3. ágúst 1990 til þess að vernda hinn einstæða árangur sem hefði náðst við stjórnun efnahagsmála þjóðarinnar og þannig að tryggja samræmda launaþróun á íslenskum vinnumarkaði.

360. Ríkisstjórnin útskýrir fyrst mikilvægi fiskveiða og utanríkisviðskipta fyrir velmegun þjóðarinnar. Jafnt heildarafli sem útflutningsverð sjávarafurða hafa verið miklum sveiflum undirorpin og hefur það leitt til þess að landsframleiðsla hefur dregist saman eigi sjaldnar en átta sinnum frá stofnun lýðveldisins árið 1944. Þótt dregið hafi úr slíkum sveiflum setja þær efnahagskerfinu afar þröngar skorður. Dregið hefur verið úr útgjöldum þjóðarbúsins af þessum sökum, ýmist með gengislækkun eða með því að hafa bein áhrif á raunlaunakostnað atvinnuveganna. Ríkisstjórnin bætir því við að kjarasamningar hafi einatt verið gerðir fyrir tilstuðlan heildarsamtaka á vinnumarkaðnum. Þessi skipan kjaramála hafi haft í för með sér að stéttarfélög hafi megnað að taka tillit til fleiri þátta efnahagsmála við mótun kjarastefnu sinnar. Önnur afleiðing slíkrar heildarstefnu í samningamálum er að ríkisvaldinu hafa gefist aukin tækifæri til að semja við heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda um mikilvæga þætti kjaramála, svo sem lífeyrismál, skattamál og velferðarmál.

361. Ríkisstjórnin segir að verðbólga hafi verið þrálátt vandamál á Íslandi. Sumir hagfræðingar segja orsökina vera einhæfni hagkerfisins. Gripið var til víðtækra aðgerða gegn verðbólgu árið 1976 (m.a. var ákveðin takmörkun á greiðslu verðtryggingar á laun) og mældist hún 30%. Kjarasamningar, sem gerðir voru árið 1977, juku verðbólgu þar eð þeir kváðu á um 25% almenna launahækkun auk fullrar verðtryggingar. Til viðbótar komu svo sérkjarasamningar sem í mörgum tilvikum bættu verulegum hækkunum ofan á hinar almennu hækkanir. Verðbólga varð aftur 50–60% á fyrstu árum níunda áratugarins. Því var nauðsynlegt að grípa til ýmissa ráðstafana árið 1983, svo sem afnáms vísitölutryggingar í tvö ár og gengislækkunar. Heildarsamtökum á vinnumarkaðnum eru ljós áhrif verðbólgu eins og fram kemur í samráðssamningnum sem gerður var 1986 og þjóðarsáttinni í febrúar 1990. Frá 1986 til 1990 féll verðbólgan niður í 20–25% og mældist 7,3% við lok ársins 1990. Jafnframt segir ríkisstjórnin að árið 1988 hafi verið mikil eftirspurn eftir vinnuafli og hafi launahækkanir á sumum sviðum atvinnulífsins valdið kröfum um sams konar hækkanir í öðrum greinum. Slíkt launastríð neyddi ríkisstjórnina til að grípa til þess „neyðarúrræðis" að setja bráðabirgðalög nr. 14/1988, um aðgerðir í efnahagsmálum. Með lögunum var komið í veg fyrir launahækkanir tiltekinna hópa umfram það sem samið hafði verið um við meginþorra launafólks. Eftir að gildistíma laganna lauk, í febrúar 1989, voru gerðir tveir heildarkjarasamningar fyrir meiri hluta launafólks: milli ASÍ, VMS og VSÍ 1. maí 1989 og sá síðari 1. febrúar 1990, en í honum var gert ráð fyrir hóflegum launahækkunum; forsendur hans voru m.a. þróun framfærsluvísitölu, gengi íslensku krónunnar og að launaþróun annarra yrði sú sama og gert var ráð fyrir í

samningnum. Jafnfram því var gert samkomulag við viðskiptabankana og Stéttarsamband bænda. Önnur stéttarfélög (m.a. BSRB) gerðu einnig kjarasamninga sem voru í meginatriðum samhljóða hinum almenna samningi. Þjóðarsáttarsamningarnir náðu þannig til u.þ.b. 90% launþega. Ríkisstjórnin segir þessa samstöðu einstæða í sögu kjaramála á Íslandi.

362. Ríkisstjórnin vísar til samningsins sem gerður var við BHMR í maí 1989 og bendir á, samkvæmt ákvæðum í 1. gr.: „... að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og menn sem gegna hliðstæðum störfum eða hafa sömu eða svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð og ekki taka laun samkvæmt launakerfi ríkisstarfsmanna, enda sé þá tekið tillit til hlunninda og annarra atriða sem hafa áhrif á starfskjör. Standa skal að umræddum breytingum með þeim hætti að ekki valdi röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Tímabundnar sveiflur og sérstakar aðstæður á vinnumarkaði skulu ekki hafa áhrif á þessa endurskoðun."

Sérstakar nefndir skyldu sjá um endurröðun starfsheita í launaflokka samkvæmt þessari endurskoðun og skyldi starfi þeirra lokið innan þriggja ára. Ríkisstjórnin lýsir störfum kjarasamanburðarnefndar. Að loknum 22 fundum hafði hún ekki enn lokið hlutverki sínu. Því sé ekki enn ljóst hvort munur sé á launakjörum háskólamenntaðra starfsmanna í þjónustu ríkisins og háskólamenntaðra starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Í 5. gr. kjarasamningsins er ákvæði þess efnis að ef lokaálit kjarasamanburðarnefndar liggi ekki fyrir 1. júlí 1990 skuli greiða upp í væntanlega hækkun. Þeir sem stóðu að þjóðarsáttinni töldu að slíkar fyrirframgreiðslur mundu valda röskun á hinu almenna launakerfi í landinu á meðan störfum nefndarinnar væri ekki lokið. Að loknum árangurslausum viðræðum við BHMR ákvað ríkisstjórnin að fresta framkvæmd samningsins á grundvelli fyrrgreindrar 1. gr.

363. Þegar BHMR mótmælti þeirri ákvörðun óskaði ríkisstjórnin eftir því að málinu yrði vísað til úrskurðar þriggja manna nefndar skv. 9. gr. kjarasamningsins. Nefnd þessi var aldrei skipuð þar eð BHMR krafðist þess að ágreiningsefnin yrðu betur skilgreind og vísaði jafnframt því ágreiningsefni til Félagsdóms að launahækkun skv. 5. gr. hefði ekki verið greidd og skyldi Félag íslenskra náttúrufræðinga reka það mál. Ríkisstjórnin segir að þessi tilkynning hafi komið mjög á óvart vegna þess að í 9. gr. samningsins hafi verið sérstök ákvæði um hvernig leysa skyldi ágreining. Eftir úrskurð Félagsdóms, sem féllst ekki á að ríkisvaldið hefði heimild til að ákveða einhliða frestun umsaminna launahækkana, hóf ríkisstjórnin á ný viðræður við BHMR í því skyni að fá ákvæðum samningsins breytt, en án árangurs.

364. Ríkisstjórnin segir að BHMR hafi verið boðið á fund með ASÍ í janúar 1990 til að taka þátt í hinu víðtæka samkomulagi sem leiddi til þjóðarsáttarsamninga, en BHMR var einu samtök launafólks sem höfnuðu því. ASÍ sagði hvað eftir annað að aðildarfélög þess væru ekki reiðubúin til að bera skarðan hlut frá borði miðað við aðra hópa, jafnvel þótt forsendum febrúarsamninganna væri þar með raskað. Þegar dómur Félagsdóms lá fyrir setti ASÍ fram þá kröfu á hendur atvinnurekendum, sem staðið höfðu að hinum almenna kjarasamningi, að félagar þess fengju sömu launahækkun og félagar í BHMR. Í svari atvinnurekenda (afrit af því fylgir) kemur fram að í þjóðarsáttinni sé miðað við að launaþróun verði sú sama hjá öllu launafólki. Ef slík hækkun gengi fram töldu atvinnurekendur sig ekki eiga annarra kosta völ en að tryggja viðsemjendum sínum hliðstæða launaþróun. Ríkisstjórnin fól Þjóðhagsstofnun að meta áhrif þess á verðlagsþróun ef öll laun í landinu hækkuðu um 4,5%. Þrátt fyrir tiltekna fyrirvara benda þau þrjú dæmi, sem Þjóðhagsstofnun reiknaði varðandi hugsanlega verðlagsþróun, til þess að þau mundu hafa „ógnvænleg áhrif á efnahagskerfið". Í þessu sambandi dregur ríkisstjórnin í efa gildi tveggja kannana sem sóknaraðili vísar til og vitnar í aðrar yfirlýsingar sérfræðingahópa um hugsanleg neikvæð áhrif á launa- og verðlagsþróun. Ríkisstjórnin segir að lokum að með því að ekki hafi tekist að fá BHMR til að breyta samningnum hafi hún ekki átt annarra kosta völ en að setja bráðabirgðalög til að verja þann árangur sem fólst í febrúarsamningi ASÍ og VSÍ og koma í veg fyrir efnahagsöngþveiti og atvinnuleysi.

365. Ríkisstjórnin segir að bráðabirgðalögin beinist ekki aðeins að BHMR. Þótt vikið sé að árangurslausum samningaviðræðum við BHMR í inngangi að bráðabirgðalögunum sé tekið fram í 1. gr. þeirra að lögin taki til samninga sem eru í gildi við gildistöku laganna. Ákvæði í öðrum kjarasamningum, sem fólu í sér meiri launahækkanir, komu ekki til framkvæmda, t.d. í kjarasamningi við Sjómannafélag Reykjavíkur.

366. Ríkisstjórnin útskýrir, hvað snertir samþykkt bráðabirgðalaganna skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, að slík lög skuli ætíð leggja fyrir næsta Alþingi eftir útgáfu þeirra til staðfestingar. Það var gert 17. október 1990. Staðfestingarfrumvarpið hlaut mjög ítarlega umfjöllun á Alþingi. Meiri hluti var fylgjandi samþykkt þeirra í því skyni að koma í veg fyrir víxlhækkun launa og verðlags og studdist í því sambandi við orðalag samningsins við BHMR þar sem sérstaklega er fjallað um röskun á hinu almenna launakerfi í landinu. Frumvarpið var loks afgreitt frá Alþingi sem lög nr. 4/1991 að lokinni atkvæðagreiðslu í efri og neðri deild. Hvað snertir lögmæti lagasetningarinnar, sem Félag íslenskra náttúrufræðinga dró í efa, lýsir ríkisstjórnin málflutningi fyrir bæjarþingi Reykjavíkur þar sem fjármálaráðherra fyrir hönd hins stefnda hélt því fram að löggjafinn hefði óumdeilanlegt vald til að breyta gildandi rétti eins og hann er túlkaður af dómstólum. Bæjarþing Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu í dómi 13. mars 1991 að setning bráðabirgðalaganna hefði ekki brotið í bága við tilvitnuð ákvæði stjórnarskrárinnar. Dómurinn komst m.a. að þeirri niðurstöðu að setning slíkra laga hafi verið nauðsynleg til að koma í veg fyrir víxlverkanir launa sem hefðu leitt til eyðileggingar og brottfalls þjóðarsáttar, svo og að þeir hagsmunir stjórnvalda að hafa svigrúm til að framfylgja ákveðinni efnahagsstefnu hafi verið nægilega miklir til að réttlæta hinar róttæku aðgerðir sem gripið var til. Þessari niðurstöðu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og er búist við úrskurði hans 1992.

367. Að lokum mótmælir ríkisstjórnin því að bráðabirgðalögin brjóti í bága við réttinn til að stofna og starfrækja stéttarfélög launafólks samkvæmt samþykkt ILO nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og leggur áherslu á að félagafrelsi sé tryggt í íslensku stjórnarskránni og lögum. Ríkisstjórnin telur að sá ótti BHMR að launafólk missi áhugann á því að eiga aðild að stéttarfélagi eigi ekki við rök að styðjast. Á Íslandi sé þátttaka í stéttarfélögum mjög almenn: nær 50% launþega eru í ASÍ en aðeins 3% í BHMR. Ríkisstjórnin heldur því fram að ótækt sé að una því að lítill hópur stofni í hættu samningum sem allir aðrir aðilar vinnumarkaðarins hafi gert ásamt stjórnvöldum. Hún lítur því á bráðabirgðalögin sem neyðarúrræði til að vernda meiri hagsmuni á kostnað minni. Hún vísar einnig á bug meintu broti á 4. gr. samþykktar ILO nr. 98 þar eð víðtækar viðræður hafi farið fram áður en lögin voru sett og aðeins sé um að ræða tímabundna íhlutun í þegar gerða samninga vegna efnahagsástands í landinu.

C. Niðurstöður nefndarinnar.

368. Nefndin gefur gaum að því að þetta mál fjallar um meint brot á samþykktum ILO nr. 87 og 98 með setningu bráðabirgðalaga nr. 89/1990, um launamál. Með lögunum eru felldar úr gildi launahækkanir sem samið hafði verið um í kjarasamningi milli sóknaraðila (BHMR) og ríkisvaldsins u.þ.b. 15 mánuðum áður og staðfestar voru í dómi Félagsdóms ellefu dögum áður.

369. Nefndin gefur gaum að því að frásögn sóknaraðila og ríkisstjórnarinnar af framvindu mála fram að setningu bráðabirgðalaganna stangast ekki á. Hins vegar er ágreiningur um túlkun á nauðsyn slíkrar íhlutunar ríkisvaldsins (einkum hvað snertir meint verðbólguáhrif launahækkana) og hvort slík ráðstöfun samræmist viðeigandi reglum ILO, einkum samþykktum nr. 87 og 98.

370. Annars vegar leggur sóknaraðili áherslu á þá erfiðleika (þ.m.t. verkfall) sem voru undanfari umræddra kjarasamnings; gerræðisleg áform ríkisstjórnarinnar um að fresta fram-

kvæmd hans vegna þrýstings frá aðilum þjóðarsáttar um að heimila ekki sérkjarasamninga lítilla hópa; dóm Félagsdóms sem staðfesti greiðslu launahækkananna; og þá staðreynd að ríkisvaldið beitir reglulega lögþvingunum í hvert skipti sem því tekst ekki að fá samningsaðila til að breyta samningum sínum. Sóknaraðili telur að slíkt atferli dragi úr áhuga launafólks fyrir því að ganga í stéttarfélög og grafi undan almennum kjarasamningum.

371. Hins vegar heldur ríkisstjórnin því fram að setning bráðabirgðalaganna hafi verið nauðsynleg vegna hættu á víxlhækkunum launa sem hefðu eyðilagt þjóðarsáttina, hún hafi tekið þátt í erfiðum viðræðum í því skyni að ná markmiðum sínum áður en hún sá sig tilneydda að grípa inn í áður gerðan kjarasamning. Báðar deildir Alþingis staðfestu þá ráðstöfun og í bæjarþingi Reykjavíkur var ekki fallist á þá staðhæfingu sóknaraðila að lögin brytu í bága við stjórnarskrá lýðveldisins (málinu hefur að vísu verið áfrýjað til Hæstaréttar). Ekki hefði átt að vísa ágreiningnum um launahækkanir til Félagsdóms vegna þess að í kjarasamningnum var ákvæði þess efnis að leysa skyldi ágreining innan þriggja manna úrskurðarnefndar. Ríkisstjórnin telur að jákvætt viðhorf ríki til aðildar að stéttarfélögum almennt. Það sýni að sá ótti sóknaraðila að vegið hafi verið að rétti manna til að ganga í stéttarfélög sé ástæðulaus og að ráðstafanir hennar séu í samræmi við skoðanir eftirlitsaðila ILO um hvað sé viðunandi íhlutun þar eð þær séu tímabundnar.

372. Nefndin gefur gaum að því að í þessu máli snýst vandinn einkum um beitingu 4. gr. samþykktar ILO nr. 98, en þar er þeim ríkjum sem hafa fullgilt hana gert að hvetja til og stuðla að því [...] að samið sé um kaup og kjör í frjálsum samningum [...] hvað snertir skipan ráðningar- og vinnuskilyrða með kjarasamningum. Á grundvelli þessa ákvæðis telur nefndin, ásamt nefnd sérfræðinga um framkvæmd samþykkta og tillagna, að frjálsir kjarasamningar og þar með sjálfræði aðila vinnumarkaðarins séu grundvallarforsenda félagafrelsis.

373. Eftirlitsaðilar ILO hafa viðurkennt að ef ríkisstjórn telur — vegna brýnna ástæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar, og sem lið í stefnu sinni til að stuðla að stöðugleika — að ekki sé unnt að gera frjálsa samninga um laun skuli hvers konar hömlum aðeins beitt í undantekningartilvikum og aðeins að því marki sem nauðsynlegt er, án þess að um óhóflega langt tímabil sé að ræða, og skuli þeim fylgja viðeigandi varnarráðstafanir í því skyni að vernda lífskjör launþega. [Sjá Útdrátt úr ákvörðunum og reglum nefndar um félagafrelsi, 3. útgáfu, 1985, 641. tölulið.]

374. Nefndin beitti þessum fjórum forsendum við skoðun ákvæða bráðabirgðalaga nr. 89 1990. Í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir nefndinni liggja telur hún erfitt að komast að niðurstöðu um hvort bráðabirgðalögin hafi aðeins gilt í þann tíma sem nauðsyn bar til og hvort þeim hafi aðeins verið beitt að því marki sem nauðsynlegt var, einkum þegar tekið er tillit til þess hve flókin umrædd ákvæði eru. Reyndar virðist sem svo að í krafti laganna, sem samþykkt voru 3. ágúst 1990, breytist laun með ákveðnum hætti samkvæmt flestum kjarasamningum sem lögin taka til fram til september 1991. Hins vegar munu sumir þættir samnings BHMR felldir úr gildi þangað til í ágúst 1994.

375. Hvað snertir fullnægjandi ráðstafanir í því skyni að vernda lífskjör launþega gefur nefndin gaum að því að launahækkanir verða veittar í samræmi við hinn almenna kjarasamning milli ASÍ og VSÍ þótt þær séu minni en þær sem gert er ráð fyrir í samningi BHMR.

376. Það fer ekki fram hjá nefndinni að ríkisstjórnin hefur á liðnum árum nokkrum sinnum gripið inn í kjarasamninga. Í fyrra kærumáli, sem varðaði Ísland [sjá Skýrslu nr. 262, Kærumál nr. 1458, töluliði 124–153, einkum tölulið 148], hafði nefndin gefið gaum að því „að á undanförnum tíu árum hefði löggjafinn gripið inn í samninga aðila vinnumarkaðarins hvorki meira né minna en níu sinnum". Slík íhlutun bendir eindregið til vandkvæða í samskiptum aðila vinnumarkaðarins.

377. Nefndin hlýtur einnig að gefa gaum að því að bráðabirgðalögin nr. 89/1990 takmarkast ekki við að fastákveða launahækkanir í framtíðinni, heldur fela í sér breytingar á

samningi sem ríkisvaldið sjálft gerði við BHMR u.þ.b. 15 mánuðum áður, samningi sem kvað á um launahækkanir sem Félagsdómur staðfesti.

378. Að teknu tilliti til þess sem að framan greinir telur nefndin að aðilar ættu að leggja megináherslu á að kaup og kjör verði ákveðin í kjarasamningum til þess að komast í framtíðinni hjá ágreiningi sem skaðar alla málsaðila. Hvað varðar umrætt mál beinir nefndin því til hlutaðeigandi aðila að semja í góðri trú í þeim tilgangi að ná samkomulagi. Svo sem nefndin hefur þegar bent á [Útdráttur, tölul. 590] byggist samband aðila á vinnumarkaði fyrst og fremst á afstöðu aðila hvors til annars og gagnkvæmu trausti.

379. Nefndin gefur gaum að því að úrskurði bæjarþings Reykjavíkur um lögmæti bráðabirgðalaga nr. 89/1990 hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Hún óskar þess að ríkisstjórnin upplýsi hana um niðurstöðu áfrýjunarinnar.

Tilmæli nefndarinnar.

380. Með hliðsjón af ofangreindum niðurstöðum leggur nefndin eftirfarandi tilmæli fyrir stjórnarnefnd ILO til samþykktar:

a) Með tilliti til mikilvægis frjálsra samninga og sjálfræðis aðila beinir nefndin þeim tilmælum til allra hlutaðeigandi aðila að þeir leitist við að leggja megináherslu á kjarasamninga í því skyni að semja um kaup og kjör.
b) Nefndin skorar einnig á hlutaðeigandi aðila að semja í góðri trú í þeim tilgangi að ná samningi.
c) Nefndin biður ríkisstjórnina að gefa sér upplýsingar um niðurstöðu varðandi áfrýjun dóms bæjarþings Reykjavíkur um það hvort bráðabirgðalög nr. 89/1990 brjóti í bága við stjórnarskrána.

Viðauki III.

Athugasemdir sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við skýrslu Íslands um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1988 og 1989.

Hér eru birtar athugasemdir sem nefnd óháðra sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins hefur gert við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1988 og 1989. Athugasemdirnar eru birtar í skýrslu sérfræðinganefndarinnar *European Social Charter, Committee of Independent Experts of the European Social Charter, Conclusions XII–1, Strasbourg 1992*. Það skal tekið fram athugasemdir sérfræðinganefndarinnar eru ekki tilfærðar orðrétt heldur er um að ræða efnislega samantekt nema annað sé tekið fram. Tilvitnuð ákvæði sáttmálans eru einnig stytt.

Athugasemdirnar eru hér settar fram í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum er að finna almennar athugasemdir sérfræðinganefndarinnar sem sérstaklega snerta Ísland og athugasemdir við framkvæmd einstakra greina. Í seinni hlutanum er samantekt þar sem gerð er grein fyrir því hvaða ákvæði Ísland telst að mati sérfræðinganefndarinnar framfylgja í samræmi við ákvæði sáttmálans og í hvaða tilvikum nauðsynlegt er að endurskoða framkvæmdina.

Almennar athugasemdir sérfræðinganefndarinnar:

Atvinna og starfsþjálfun.

Nefndin tekur fram að í Svíþjóð og á Íslandi hafi atvinnuleysi verið mjög lítið, 1,4% árið 1988 og 1,7% árið 1989 (en 0,7% á Íslandi árið 1988).

Jafnréttismál.

Nefndin segir að forgangsviðfangsefni sitt sé að framfylgja reglunni um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Hún bendir á að öll ríki, sem hafa undirgengist skuldbindingar skv. 3. mgr. 4. gr. sáttmálans, hafa í lögum ákvæði um grundvallarregluna um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Hins vegar skorti ákvæði í sum þessara laga sem hafi að geyma ákvæði til þess að meginatriði grundvallarreglunnar séu virt. Þetta eigi sérstaklega við hvað varðar heimild til að dæma dauð og ómerk ákvæði sem ganga gegn meginreglunni. Hún tekur fram að þessi atriði séu ekki að fullu upplýst að því er varðar Ísland og Noreg.

Nefndin tekur fram að á Íslandi hafi verið gripið til aðgerða til að tryggja jafnari dreifingu ábyrgðar á milli karla og kvenna og hækka lægri laun.

Vinnumál — samskipti aðila vinnumarkaðarins.

Sérfræðinganefndin kveður samtök launafólks á Íslandi og í Svíþjóð vera mjög miðstýrð og halda áfram að leika stór hlutverk í sambandi við almenna stefnumótun í efnahagsmálum.

Hún segist taka eftir vaxandi tilhneigingu af hálfu vissra ríkisstjórna til að hlutast til um sjálfstæði stéttarfélaga, innri mál þeirra, samningsrétt og rétt til verkfallsaðgerða. Í þessu sambandi er vísað til Danmerkur, Íslands, Hollands, Noregs og Stóra-Bretlands.

Nefndin vekur athygli á því að enda þótt takmörkunum á rétti opinberra starfsmanna á Íslandi til að gera verkfall hafi almennt verið aflétt virðist skrá yfir undantekningar óþarflega löng.

Í þessum hluta skýrslunnar kveðst nefndin að endingu veita athygli áframhaldandi skylduaðild að stéttarfélögum á Íslandi (closed shops). Hún harmar að engar breytingar hafa átt sér stað á þessu ástandi og tekur eftir að mál hefur verið úrskurðað hæft til dóms af mannréttindanefnd Evrópu þar sem bifreiðastjóri leigubifreiðar kærir það að honum er gert skylt að gerast félagi í stéttarfélagi leigubifreiðastjóra í því skyni að halda leyfi til að stunda

atvinnu sína sem brjóti í bága við rétt hans skv. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (félagafrelsi, þar með talin réttindi stéttarfélaga).

Laun og tekjur.

Laun á Íslandi hækkuðu um 21,1% árið 1989 en á sama tíma var verðbólga 13,0% (með hliðsjón af næsta litlu atvinnuleysi á Íslandi eru þessar tölur ekki óvenjulegar).

Nefndin vísar til reglu sem hún hafi mótað í fimmtu umferð yfir skýrslur aðildarríkjanna um að lægstu laun skuli ekki vera lægri en 68% af landsmeðaltali launa. Að því er Ísland varðar tekur hún fram að upplýsingar í íslensku skýrslunni um þetta atriði hafi verið ófullnægjandi til að meta stöðuna en kveður þær upplýsingar sem hafi verið tiltækar leiða til þeirrar niðurstöðu að framkvæmdin hafi verið í samræmi við ákvæði sáttmálans. Nefndin tekur fram að með hliðsjón af mikilvægi 1. mgr. 4. gr. megi ekki endurtaka það að veita ófullnægjandi upplýsingar um þetta atriði.

Félagslegt öryggi.

Nefndin veitir því athygli að greiðsla atvinnuleysisbóta á Íslandi er áfram takmörkuð við félagsmenn stéttarfélaga. Hún hafði áður gert athugasemd við þetta og vonar að þessu fyrirkomulagi verði breytt í nánustu framtíð.

Heilsuvernd.

Sérfræðinganefndin fjallar um aðgerðir aðildarríkjanna til að sporna gegn útbreiðslu AIDS. Hún fjallar sérstaklega um íslensk lög sem sett hafi verið árið 1989 þar sem skilgreindar eru skyldur og ábyrgð stjórnvalda, sjúklinga og lækna í sambandi við upplýsingar og meðferð mála sem snerta sýkta einstaklinga.

Þjálfun og atvinnumál fatlaðra.

Sérfræðinganefndin bendir á verulega aukningu fjármagns sem varið er til málefna fatlaðra á því tímabili sem skýrslan tekur til og aukna áherslu á þjálfun fyrir þátttöku í atvinnulífinu.

Farandverkamenn og fjölskyldur þeirra.

Nefndin veitir því sérstaka athygli að Danmörk, Ísland og Noregur hafa ekki undirgengist skuldbindingar skv. 8. mgr. 19. gr. sáttmálans.

Athugasemdir sérfræðinganefndarinnar við framkvæmd einstakra greina sáttmálans:

1. gr.

1. mgr., um að allir menn skuli eiga þess kost að vinna fyrir sér í starfi sem þeir hafa sjálfir valið.

* Fram kemur í skýrslu sérfræðinganefndarinnar að atvinnuleysi hafi lítillega aukist á Íslandi, úr 0,7% árið 1988 í 1,7% árið 1989. Hún getur þess að um nokkurn samdrátt hafi verið að ræða á því tímabili sem skýrslan tekur til.

2. mgr., um að réttur verkafólks til að vinna fyrir sér í starfi sem það hefur valið sér sé verndaður á raunhæfan hátt.

* Nefndin kveðst veita því sérstaka athygli að 81. gr. sjómannalaga hafi verið felld úr gildi með lögum frá Alþingi 4. maí 1990 en hún hafi talið ákvæði greinarinnar vera í andstöðu við sáttmálann.

* Að því er varðar aðgerðir til að afnema misrétti í atvinnulífinu sem byggist á kyni, félagslegum uppruna, þjóðerni, stjórnmálaskoðunum, trú eða kynþætti, svo og upplýsingar um aðgerðir til að stuðla að jöfnum tækifærum í sambandi við atvinnuleit eða starf, kveðst

nefndin veita eftirtekt 233. gr. hegningarlaga. Samkvæmt greininni varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum að ráðast opinberlega með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar eða trúarbragða. Nefndin bendir á að ákvæði greinarinnar sé mjög vítt og taki ekki sérstaklega til mismununar í starfi. Samtímis því sem hún telur að Ísland framfylgi þessu ákvæði sáttmálans óskar hún nánari upplýsinga um leiðir sem stjórnvöld hafi farið til að hvetja til jafnréttis í atvinnulífinu og til að stuðla að jöfnum tækifærum til mismunandi starfa án tillits til félagslegs uppruna, stjórnmálaskoðana, trúar eða kynþáttar.

3. mgr., um ókeypis vinnumiðlun fyrir allt verkafólk.

* Nefndin kveður engar breytingar hafa orðið á aðstæðum sem hún taldi áður í samræmi við ákvæði sáttmálans.

4. mgr., um tækifæri til að njóta viðeigandi starfsfræðslu, þjálfunar og endurhæfingar.

* Nefndin kveður engar breytingar hafa orðið á aðstæðum sem hún taldi áður í samræmi við ákvæði sáttmálans.

2. gr.

1. mgr., um skyldu samningsaðila til að sjá til þess að daglegur og vikulegur vinnustundafjöldi sé hæfilegur og markvissa styttingu vinnuvikunnar.

* Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar segir svo: „Nefndin minnist þess að í 11. umferð hafi komið fram í íslensku skýrslunni mjög hátt meðaltal unninna vikustunda, þ.e. á bilinu 48–50 stundir. Nefndin veitir því athygli í síðustu skýrslu að hinn mikli fjöldi skráðra vinnustunda kunni að stafa af óvenjulegri aðferð til að ákvarða vinnustundafjölda. Hún veitti því einnig athygli að kjararannsóknarnefnd, sem er óháð íslensk stofnun, hefur endurskoðað hagtölur um vinnustundir og notað við það aðra og algengari reikningsaðferð og að bráðabirgðaniðurstöður þeirrar könnunar hafi gefið til kynna nokkru styttri vinnutíma en komið hafði fram í fyrri skýrslu.

Nefndin veitir því athygli í skýrslunni að ríkisstjórninni er „ljóst að flest vinnandi fólk vinnur langan vinnutíma“ og að hún skipaði sérstakan starfshóp 1987 til að gera tillögur sem skyldu leiða til styttingar hans. Nefndin gefur gaum að því að tillögum starfshópsins — þar sem bent er á tiltekin svið þar sem aðilar vinnumarkaðarins geta tekið á málum með samkomulagi, t.d. um lækkun yfirvinnukaups og hækkun dagvinnukaups, svo og ráðstafanir sem ríkisstjórnin gæti gripið til, svo sem að takmarka yfirvinnutíma með lögum — var vísað til aðila vinnumarkaðarins til umsagnar. Nefndin óskar þess að fá upplýsingar um þær ráðstafanir sem íslenska ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins hafa gripið til í því skyni að fækka vinnutímum í samræmi við tillögur starfshópsins.

Nefndin óskar þess einnig að í næstu skýrslu Íslands séu tölur þar sem fram komi meðalvinnustundir á viku samkvæmt lokaniðurstöðum úr athugun kjararannsóknarnefndar og í þeim staðtölum séu sundurliðaðar vinnustundir eftir hinum ýmsum greinum atvinnulífsins.

Með vísan til þeirra upplýsinga, sem beðið er um hér að framan, frestar nefndin að taka afstöðu til framkvæmdar þessa ákvæðis sáttmálans.

3. mgr., um að veitt sé a.m.k. tveggja vikna árlegt orlof með kaupi.

5. mgr., um vikulegan hvíldartíma.

3. gr.

1. mgr., um útgáfu öryggis- og heilbrigðisreglugerða.

* Nefndin tekur fram að Ísland hafi alltaf staðið við skuldbindingar samkvæmt greininni. Hún kveðst veita því athygli að reglur á sviði öryggis og hollustuhátta á vinnustöðum hafi verið gefnar út á tímabili því sem skýrslan taki til. Nefndin óskar eftir nánari upplýsingum um innihald reglnanna. Hún tekur fram að framkvæmdin sé í samræmi við ákvæði sáttmálans.

2. mgr., um eftirlit með framkvæmd öryggis- og heilbrigðisreglugerða.

* Sérfræðinganefndin kveðst veita athygli fjölgun vinnuslysa úr 235 árið 1981 í 380 árið 1986. Hún óskar eftir skýringum á þessari fjölgun.

3. mgr., um samráð við aðila vinnumarkaðarins um ráðstafanir sem ætlað er að bæta öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

4. gr.

1. mgr., um rétt verkafólks til kaups sem veiti því og fjölskyldum þess sómasamleg lífskjör.

* Nefndin fjallar um fyrri óskir um upplýsingar frá íslenskum stjórnvöldum um meðallaunatekjur, lægstu laun o.s.frv. Þrátt fyrir að hún telji að íslenska skýrslan hafi ekki að geyma nægilega ítarlegar upplýsingar kemst hún að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin sé í samræmi við ákvæði sáttmálans. Sérfræðinganefndin óskar eftir nánari upplýsingum í næstu skýrslu.

2. mgr., um rétt verkafólks til hærra kaups fyrir yfirvinnu.

3. mgr., um viðurkenningu á rétti karla og kvenna til sama kaups fyrir jafnverðmæt störf.

Orðrétt segir í skýrslu sérfræðinganefndarinnar: „Nefndin þakkar íslensku ríkisstjórninni fyrir að hafa gefið nákvæma skýrslu bæði um raunverulega og lagalega stöðu mála hvað snertir sömu laun fyrir karla og konur."

Hvað snertir hina raunverulegu stöðu mála veitti nefndin athygli skýrslu sem Þjóðhagsstofnun gaf út 1989 undir heitinu „Tekjur karla og kvenna". Nefndin veitti því einkum athygli að launamunur hafði ekki minnkað sem nokkru nemur, að þátttaka kvenna á vinnumarkaðnum var aðeins lítið eitt minni en karla, konur voru 38% af launafólki í fullu starfi, en laun þeirra námu aðeins 28% af heildarlaunum alls launafólks í fullu starfi, og að meðaltekjur kvenna voru u.þ.b. 60% af meðaltekjum karla og aðeins 45% í þeim aldurshópi þar sem tekjur eru hæstar. Nefndin veitti því einnig athygli að um kynbundin störf var að ræða í öllum starfsgreinum, þar eð þær skiptust annars vegar í karlastörf og hins vegar í kvennastörf, að tekjur voru yfirleitt lægstar í þeim störfum þar sem konur eru í yfirgnæfandi meiri hluta og hæstar þar sem karlar eru í miklum meiri hluta og að misrétti tíðkaðist hvað snerti risnu og hlunnindi.

Hún veitti því sérstaka athygli að við greiningu þessa ástands í skýrslunni var vikið að þeim ástæðum sem venjan er að nefna til að útskýra launamun (t.d. að konur hafi minni menntun, minni starfshæfni, minni reynslu og styttri vinnutíma en karlar), en útilokaði ekki þann möguleika að um beina mismunun væri að ræða.

Nefndin veitti einnig athygli þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur gert eða hyggst gera: að skipta ábyrgðarstörfum jafnt milli karla og kvenna í opinberum störfum, að hækka lægstu laun og gera átak þar sem stefnt er að því að ná fullu jafnrétti; að ákveðið var að taka á öllum sviðum þátt í áætlun Norðurlandaráðs um vinnuaðstæður, að draga úr launamun og hugsanlega að endurmeta störf.

Nefndin metur mikilvæga viðleitni íslenskra stjórnvalda og vonar að í næstu skýrslu þeirra verði að finna upplýsingar um þann árangur sem náðst hefur og hvers konar aðrar ráðstafanir sem gerðar hafa verið fram til þess tíma. Hún óskar einnig eftir því að fá upplýsingar um allar kærur sem borist hafa Jafnréttisráði.

Hvað snertir lagalega stöðu mála gaf nefndin gaum að svörum við spurningum sínum:

— Hún veitti því athygli að lögfræðileg úrræði sem einstaklingar geta gripið til varðandi jafnrétti til launa geta verið víðtækari en málshöfðun af hálfu Jafnréttisráðs. Þetta er óháð afskiptum ráðsins af málinu. Hún telur að slík ráðstöfun, sem hlutaðeigandi aðilar eiga völ á, sé fullnægjandi í sjálfu sér, en óskar upplýsinga um að hvaða leyti slík málshöfðun gæti reynst víðtækari en málshöfðun af hálfu Jafnréttisráðs.

— Nefndin veitir því athygli að atvinnurekanda er heimilt að segja starfsmanni upp starfi án þess að tilgreina ástæðu, og ef einstaklingur telur slíka uppsögn ólöglega þar sem hún stafi

af kvörtun um beitingu meginreglunnar um jafnrétti til launa hvílir sönnunarbyrðin á hlutaðeigandi einstaklingi eða Jafnréttisráði. Nefndin telur að við slíkar aðstæður sé ekki fyllilega tryggt að fylgt sé reglunni um jafnrétti til launa vegna þess að framkvæmd hennar væri gerð erfiðari. En þar eð henni er kunnugt um að fyrirhugað er að breyta lögum varðandi þetta atriði með þeim hætti að sönnunarbyrðinni verði snúið við fellst hún á að fresta umsögn sinni um þetta atriði.

— Hvað snertir ákvæði sem brjóta í bága við meginregluna um jafnrétti karla og kvenna til launa veitti nefndin því athygli að vegna brota á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1985 getur Jafnréttisráð aðeins krafist viðurkenningar á því að brotið hafi verið gegn tilteknum réttindum og hugsanlega krafist bóta, en getur í engum tilvikum krafist almennrar ógildingar hins umdeilda ákvæðis. Málshöfðun af hálfu þess sem órétti er beittur gæti hins vegar verið víðtækari. Nefndinni er ekki ljóst hvort sú viðurkenning dómstóls að réttur hafi verið brotinn feli í sér viðurkenningu á því að hin óréttmætu ákvæði séu ógild. Henni er heldur ekki ljóst hvert umfang málshöfðunar þess aðila sem órétti er beittur gæti orðið.

Nefndin væri því þakklát íslenskum stjórnvöldum ef þau skýrðu þetta atriði til fulls í næstu skýrslu sinni.

— Að lokum, hvað snertir spurninguna um bætur vegna ólögmætrar uppsagnar, að teknu tilliti til starfsaldurs þess einstaklings sem sagt hefur verið upp starfi, gefur nefndin gaum að því annars vegar að bætur eru yfirleitt aðeins greiddar vegna fjárhagslegs tjóns, en fyrirhugað er að í nýjum jafnréttislögum verði skýr ákvæði um bætur vegna miska (taps eða tjóns sem er ekki fjárhagslegs eðlis). Hún gefur hins vegar gaum að því að ekki hefur enn verið höfðað mál og krafist bóta vegna ólögmætrar uppsagnar og að upplýsingar eru af skornum skammti um forsendur bótamats, nema hvað starfsaldur er ekki meðal tilgreindra forsendna. Ekki var heldur tilgreint neins konar fjárhagslegt tap í tengslum við ólögmæta uppsögn nema hvað snertir að fá annað starf á lægri launum. Nefndinni er eftirfarandi ljóst: Á Íslandi er full atvinna. Það þýðir að launafólk kunni að nokkru leyti að vera verndað gegn þeim skaða sem hlýst af ólögmætum uppsögnum. En nefndin telur þó að slíkt ástand sé engin trygging fyrir því að reglunni um jafnrétti til launa sé fylgt. Hún hefur í huga að þar sem ekki er möguleiki á því að launamaður fái starf sitt aftur verða bætur að vera nægilega háar til að veita atvinnurekanda aðhald og veita launamanninum hæfilegar bætur (en nefndin hefur verið þeirrar skoðunar síðan Niðurstöður nr. VIII voru samþykktar. Bætur, sem nema muninum, ef einhver er, á launum launamanns í fyrra starfi og nýju starfi, uppfylla hvorugt þessara skilyrða. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að ástandið á Íslandi hvað þetta varðar sé ófullnægjandi.

4. mgr., um rétt verkafólks til hæfilegs uppsagnarfrests.

* Orðrétt segir svo í skýrslu sérfræðinganefndarinnar um framkvæmd 4. mgr., 4. gr. sáttmálans: „Nefndin gefur gaum að uppsagnarfresti sem tilgreindur er í íslensku skýrslunni. Nefndin hefur ávallt talið hann eðlilegan, en um hann eru ákvæði í lögum nr. 19/1979. Nefndin gefur einnig gaum að uppsagnarfresti vegna minni en eins árs starfstíma sem tilgreindur er í þremur kjarasamningum og hún telur einnig eðlilegan. Loks gefur hún gaum að tilvísun í 1. gr. laga nr. 55/1980 þar sem fram kemur að ólöglegt er að ráða launafólk til starfa á kjörum sem eru lakari en þau sem það hefði notið samkvæmt ákvæðum kjarasamninga.

Nefndin óskar samt sem áður eftir skýringu á þeirri yfirlýsingu í skýrslunni að launafólk teldist því aðeins hafa starfað í sömu starfsgrein eða verið ráðið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár (og eiga því rétt til samsvarandi uppsagnarfrests, þ.e. eins mánaðar) að það hefði verið við störf a.m.k. 1.550 klst. á síðustu tólf mánuðum, þ.m.t. a.m.k. 130 klst. í síðasta mánuðinum fyrir uppsögn. Nefndin velti fyrir sér hvort styttri starfstími á mánuði og/eða ári hefði þau áhrif að draga úr starfsaldri launamanns — og ef svo væri, hve mikið — eða hvort viðkomandi launamaður yrði algerlega sviptur uppsagnarfresti. Nefndin væri því þakklát ef íslenska

ríkisstjórnin tilgreindi í næstu skýrslu sinni hvaða uppsagnarfresti starfsmenn, sem ekki eru ráðnir í fullt starf, eiga rétt á ef þeir hafa starfað minna en 1.550 klst. á undanförnum tólf mánuðum eða minna en 130 klst. í síðasta mánuðinum fyrir uppsögn. Hún óskar enn fremur eftir upplýsingum um hvort þessi krafa um fjölda vinnustunda á mánuði og ári eigi aðeins við um fyrsta starfsár eða hvort hún sé víðtækari.

5. mgr., um heimild til takmarkaðs launafrádráttar.

5. gr.

Greinin fjallar um réttinn til að stofna félög.

* Um framkvæmd þessarar greinar segir orðrétt: „Þær upplýsingar sem fram koma í íslensku skýrslunni vöktu sérstaka athygli nefndarinnar, einkum vegna þess að í þeim eru m.a. athugasemdir frá samtökum atvinnurekenda og launafólks auk athugasemda ríkisstjórnarinnar.

En þótt skýrslan veiti nokkra innsýn í þá stefnumörkun sem liggur að baki lögum um stéttarfélög á Íslandi kemur ekki fram í henni að neinar breytingar hafi orðið á aðstæðum. Staðan er því enn þá þessi:

— Þótt stjórnarskrá Íslands veiti mönnum rétt til að stofna og ganga í stéttarfélög verndar hún ekki rétt þeirra til að ganga ekki í stéttarfélög (túlkun Hæstaréttar á 73. gr. stjórnarskrárinnar í desember 1988 — sjá Niðurstöður XI–1, bls. 78). Af því leiðir að íslensk vinnulöggjöf tryggir ekki slíkan „neikvæðan" rétt.
— Stjórnarskrá Íslands tryggir mönnum einnig frelsi til vinnu (69. gr.). Slíkt frelsi kann þó að verða takmarkað ef það er talið vera í almannaþágu og ef um slíka takmörkun eru skýr ákvæði í lögum. Í dómi Hæstaréttar í desember 1988, sem vitnað er í hér að ofan, segir að skortur á aðild að stéttarfélagi sé ekki næg ástæða að lögum til að neita manni um starfsleyfi sem leigubílstjóri. Hins vegar voru síðar sett lög sem kveða á um að aðild að hlutaðeigandi stéttarfélagi sé skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis leigubílstjóra, en þau lög virðast fullnægja ákvæðum 69. gr. stjórnarskrárinnar.
— Atvinnuleysisbætur eru enn takmarkaðar við félaga í stéttarfélögum, en þó kemur fram í skýrslunni að með lögum frá 1990 hafi orðið nokkur „rýmkun" á reglum um rétt til slíkra bóta. Þar eð þessi tímasetning er utan þess tímabils sem var til skoðunar taldi nefndin að hún gæti ekki breytt niðurstöðu sinni, en biður um nákvæmar upplýsingar í næstu skýrslu.
— Félagar í stéttarfélögum hafa forgang til starfa samkvæmt flestum kjarasamningum. Alþýðusamband Íslands heldur því fram að með þessu sé mönnum, sem eru utan stéttarfélaga, ekki mismunað þar eð stéttarfélögum sé yfirleitt skylt að veita aðild hverjum þeim sem atvinnurekandi óskar að ráða til starfa. Þetta jafnar hins vegar ekki það misrétti sem þeir menn eru beittir sem vilja ekki ganga í eða vera félagar í stéttarfélagi.

Nefndinni er því ekki annað fært en að staðfesta neikvæða niðurstöðu sína."

6. gr.

1. mgr., um að stuðlað sé að sameiginlegum viðræðum milli verkafólks og atvinnurekenda.

2. mgr., um að stuðlað sé að frjálsum samningaumleitunum milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaga til að ákvarða laun og vinnuskilyrði með heildarsamningum.

* Orðrétt segir í skýrslunni: „Nefndin sá í 6. gr., 4. mgr., í íslensku skýrslunni (þar sem er að finna útdrátt um mál nr. 1458 sem skotið var til nefndar ILO um félagafrelsi) að gengið hefðu í gildi lög (í maí 1988) sem bönnuðu, m.a., alla kjarasamninga og verkfallsaðgerðir. Lögin (lög nr. 14/1988) voru níunda inngripið í kjarasamninga á áratugnum frá 1978 til 1988. Auk þess var ekki haft samráð við stéttarfélögin og reyndar beitti ríkisstjórnin lögunum sem neyðarráðstöfun.

Nefndin minntist fordæmisréttar hvað snertir:

„... að í því skyni að ná tökum á einkar alvarlegu efnahagsástandi ætti ríkisstjórninni að vera kleift að leggja nokkrar hömlur á gerð kjarasamninga, einkum hvað snertir launahækkanir. Hins vegar leggur nefndin áherslu á að slíkar hömlur skyldi aðeins leggja á að höfðu ítarlegu samráði við alla hlutaðeigandi aðila, einkum stéttarfélög og samtök vinnuveitenda og að þær skyldu vera undantekning og standa í stuttan tíma“ (Niðurstöður IX–1, bls. 53) og „... að slíkar tímabundnar hömlur á rétti til að gera kjarasamninga eru afar alvarleg ráðstöfun sem aðeins er unnt að réttlæta við viðeigandi aðstæður sem tilgreindar eru í 31. gr. sáttmálans“ (Niðurstöður X–1, bls. 72).

Í þessu tilviki er ekki unnt að telja að lög nr. 14/1988 hafi fullnægt skilyrðum 6. gr., 2. mgr., vegna þess að ítarlegt samráð var ekki haft áður en lögin komu til framkvæmda og með þeim var lagt algert bann við kjarasamningum. Nefndin telur að ekki sé unnt að réttlæta algera tímabundna sviptingu réttar til að gera kjarasamninga vegna efnahagslegra hagsmuna ríkisins samkvæmt ákvæðum 31. gr. sáttmálans.

Lög nr. 14/1988 voru aðeins í gildi í níu mánuði þannig að við lok þess tímabils, sem skýrslan nær til, hafði sá réttur, sem tryggður er samkvæmt 6. gr., 2. mgr., verið veittur að fullu á ný og a.m.k. tveir kjarasamningar höfðu verið gerðir.

Þar eð ástandið var í samræmi við 6. gr., 2. mgr., við lok tímabilsins, sem skýrslan nær til, kemst nefndin að jákvæðri niðurstöðu hvað þetta varðar, en óskar að láta í ljós áhyggjur sínar vegna þeirrar staðreyndar að slíkum lögum hefur verið beitt og óskar þess að fá allar upplýsingar um hvers konar takmarkanir á þeim rétti sem tryggður er með þessu ákvæði sáttmálans í framtíðinni.

Nefndin gaf því einnig gaum í íslensku skýrslunni um framkvæmd 5. gr. að tiltekin stéttarfélög ríkisstarfsmanna hafa kvartað undan því að hafa ekki sama samningsrétt og þeir sem starfa í einkageiranum.

Í Niðurstöðum XI–1 kemur fram að nefndin telur að lög nr. 94/1986, þar sem kveðið er á um hvernig staðið skuli að kjarasamningum opinberra starfsmanna, fullnægi skilyrðum 6. gr., 2. mgr., samkvæmt skilningi nefndarinnar, þ.e. að unnt sé að takmarka rétt opinberra starfsmanna til að gera kjarasamninga, en þeim skyldi þó veita nokkra hlutdeild í að ákveða kaup sitt og kjör. Nefndin óskar því nánari upplýsinga hvað snertir samningsstöðu og rétt hlutaðeigandi stéttarfélaga svo að hún geti lagt mat á ástandið. Hins vegar breytir það engu um jákvæða niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndin kemst að þeirri heildarniðurstöðu að Íslendingar hafi fullnægt skilyrðum þessa ákvæðis sáttmálans.“

3. mgr., um skipulag sáttafyrirkomulags og gerðardóma eftir samkomulagi við lausn vinnudeilna.

* Sérfræðinganefndin lýsir ánægju sinni með ýtarlegar upplýsingar sem komi fram í skýrslu Íslands þar sem ljóslega komi fram að í kjarasamningum bæði á almennum vinnumarkaði og á milli ríkisins og starfsmanna þess sé að finna ákvæði um úrskurðarnefndir og gerðardóma. Úrskurðir þessara aðila eru ýmist skuldbindandi eða ekki að því er varðar laun. Nefndin segist samtímis veita því athygli að ákvæðin, sem greint er frá í skýrslunni, varði annaðhvort tiltekna hópa opinberra starfsmanna sem ekki hafa verkfallsrétt eða ágreining sem kemur upp á gildistíma kjarasamnings. Nefndin óskar því eftir að upplýst verði hvort hliðstæð ákvæði um sáttafyrirkomulag eða umsamda gerðardóma sé að finna sem hafi að markmiði að leysa ágreining á vinnumarkaði sem komi upp á sama tíma og kjarasamningar fari fram með það að markmiði að koma í veg fyrir að ágreiningurinn leiði til verkfallsaðgerða. Nefndin staðfestir fyrri ákvörðun um jákvæða niðurstöðu varðandi framkvæmd greinarinnar.

4. mgr., um rétt verkafólks og vinnuveitenda á sameiginlegum aðgerðum þegar hagsmunaárekstrar verða.

* Orðrétt segir sérfræðinganefndin í skýrslunni: „Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í fyrri og síðustu skýrslum frá Íslandi telur nefndin að Íslendingar fullnægi ekki þessu ákvæði sáttmálans. Nefndin hefur einkum fjögur mál í huga:

1. Bann við verkföllum.

Nefndin gaf gaum að skýrslu Íslendinga um mál nr. 1458 sem lagt var fyrir nefndina um félagafrelsi.[1]) Ljóst er af þessu máli að í ellefu mánuði af umræddum tíma voru öll verkföll og aðrar aðgerðir af hálfu verkalýðsfélaga bannaðar með lögum nr. 14/1988. Enn fremur virðist sem íslenska ríkisstjórnin hafi gripið til svipaðra aðgerða í ekki óverulegum mæli á áratugnum 1978 til 1988. Ríkisstjórnin réttlætti þetta sem efnahagslegar aðgerðir. Nefndin gefur gaum að því að í viðauka við sáttmálann er sérstakt ákvæði þess efnis að unnt sé að hafa hemil á framkvæmd verkfallsréttarins ef frekari takmarkanir, sem slíkt kynni að valda á þessum rétti, er unnt að réttlæta samkvæmt ákvæðum 31. gr. Nefndin er þeirrar skoðunar að algert bann við verkföllum geti tæplega talist „takmörkun" sem unnt sé að réttlæta samkvæmt ákvæðum 31. gr. sáttmálans.

Hins vegar veitir hún því athygli að lög nr. 14/1988 voru ekki lengur í gildi við lok þess tímabils sem skýrslan nær til; ástandið á Íslandi var því á þeim tíma í samræmi við ákvæði sáttmálans að þessu leyti.

2. Listi yfir opinbera starfsmenn sem hafa ekki verkfallsrétt.

Sem svar við beiðni nefndarinnar í Niðurstöðum XI–1 fékk hún sendan lista sem viðauka við skýrsluna. Af þessum lista réð nefndin að ekki aðeins ómissandi starfsmönnum var bannað fara í verkfall, heldur einnig öðrum starfsmönnum, svo sem dyravörðum, matreiðslumönnum og símavörðum. Í sumum tilvikum voru mörkin sett við einn eða tvo starfsmenn, svo sem með þeirri kröfu að á hverri vakt skyldi vera a.m.k. einn starfsmaður á langlínu á símstöðinni í Reykjavík. Nefndin hefur óskað eftir skýringu á því hvers vegna starfsmönnum í störfum, sem virðast ekki bráðnauðsynleg, var meinað að fara í verkfall og hefur einnig óskað eftir því að fá slíka lista senda áfram.

3. Takmörkun á verkfallsrétti *opinberra starfsmanna*.

Nefndin veitti því einnig athygli að ákvæði 14. kafla laga nr. 94/1986 takmarka enn verkfallsrétt opinberra starfsmanna við þau tilvik að verkfall sé gert í þeim tilgangi að ná kjarasamningi, en það brýtur í bága við 6. gr., 4. mgr., samkvæmt túlkun nefndarinnar á fordæmisrétti. (Sjá t.d. Niðurstöður VIII, bls. 96: „Fastheldni við þau ákvæði sem banna öll verkföll sem ekki eru gerð í því skyni að ná kjarasamningi og öll verkföll sem eru ekki boðuð eða viðurkennd af stéttarfélagi brjóta í bága við ákvæði sáttmálans".)

4. Verkfallsréttur.

Loks kemur ekkert fram í síðustu skýrslu sem bendir til þess að einstaklingar eða hópur launafólks, sem er ekki í verkalýðsfélagi, hefðu verkfallsrétt. Eins og fram kemur í Niðurstöðum XI–1 getur launafólk, sem er ekki félagar í stéttarfélagi, lagt niður vinnu, en slík vinnustöðvun telst ekki verkfall samkvæmt skilningi laga nr. 80/1938. Nefndin telur að einnig að þessu leyti brjóti ástandið enn í bága við þetta ákvæði sáttmálans.

Hvað snertir hin ýmsu atriði sem gagnrýnd hafa verið er nefndinni ekki annað fært en að staðfesta hina neikvæðu niðurstöðu sína.

1) Hér er um að ræða nefnd um félagafrelsi á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Sjá nánar: 76. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1989, skýrsla félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, til Alþingis, bls. 53–57. Félagsmálaráðuneytið mars 1990.

11. gr.

1. mgr., um aðgerðir til að útrýma heilsuspillandi aðstæðum.

* Sérfræðinganefndin kveðst hafa veitt athygli upplýsingum í íslensku skýrslunni um áróður gegn notkun fíkniefna. Nefndin tekur sérstaklega eftir frumvarpi til breytinga á lögum frá árinu 1984, um tóbaksvarnir, sem gert hafi verið ráð fyrir að leggja fyrir Alþingi árið 1990. Þar sé gert ráð fyrir að skilgreina rétt þeirra sem ekki nota tóbak. Nefndin óskar eftir því að fá að fylgjast með framvindu frumvarpsins.

2. mgr., um ráðgjafar- og fræðsluaðstöðu til að stuðla að bættu heilsufari og efla ábyrgðartilfinningu einstaklinga í heilbrigðismálum.

* Nefndin kveður upplýsingar í skýrslu Íslands gefa henni tækifæri til að láta í ljós velþóknun á viðleitni íslenskra stjórnvalda í samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands til að berjast gegn krabbameinssjúkdómum. Nefndin kveður Ísland framfylgja þessu ákvæði sáttmálans.

3. mgr., um varnir gegn farsóttum, landlægum sjúkdómum og öðrum sjúkdómum.

* Sérfræðinganefndin segist veita athygli upplýsingum sem fram koma í skýrslu Íslands um þróun AIDS og virkar aðgerðir til að hindra útbreiðslu veirunnar. Hún gerir að umtalsefni breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum, þar sem læknum er gert skylt að skrá alla einstaklinga með kynsjúkdóma og senda þær upplýsingar til embættis landlæknis þar sem með þær er farið af fyllsta trúnaði við hinn sýkta einstakling. Nefndin óskar eftir nýjum upplýsingum um útbreiðslu annarra farsótta eða landlægra sjúkdóma í næstu skýrslu Íslands.

12. gr.

1. mgr., um að almannatryggingum sé komið á eða þeim viðhaldið.

2. mgr., um eflingu almannatrygginga þannig að þær jafnist á við það sem krafist er til fullgildingar alþjóðavinnumálasamþykkt nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis.

3. mgr., um markvissa eflingu almannatrygginga.

* Sérfræðinganefndin kveðst eftir athugun á skýrslu íslenskra stjórnvalda veita athygli vissum umbótum á sviði almannatrygginga, ekki síst lengingu fæðingarorlofs úr fimm í sex mánuði á tímabilinu, hækkun barnabóta, sérstaklega bóta einstæðra foreldra, og þeirri stefnu að tekjutengja bætur. Nefndin vekur athygli á mikilli verðbólgu á skýrslutímabilinu og óskar eftir upplýsingum um endurskoðun bótaupphæða sem greiddar eru um lengri tíma. Hún vísar til umsagnar sinnar um framkvæmd 5. gr. sáttmálans og óskar eftir nákvæmum upplýsingum um breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 64/1990 á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.

4. mgr., um gerð gagnkvæmra eða fjölþjóðlegra samninga um tryggingabætur og aðgerðir til að koma í veg fyrir missi þeirra.

Sérfræðinganefndin kveðst taka eftir því í íslensku skýrslunni að engir tryggingasamningar séu í gildi eða fyrirhugaðir við Möltu. Þar sem ekki séu heldur í gildi slíkir samningar við Austurríki óskar nefndin eftir upplýsingum um það hvað sé gert til að tryggja annars vegar jafnrétti Austurríkisbúa og Möltubúa og hins vegar Íslendinga á þessu sviði. Hún óskar eftir upplýsingum um að hvort einstaklingar af austurrísku eða maltnesku þjóðerni hafi óskað eftir að njóta þessa jafnréttis og ef svo sé hvað hafi verið gert til að tryggja slíkar óskir.

13. gr.

1. mgr., um að sérhverjum manni sem hefur ónóg fjárráð og getur ekki aflað þeirra af eigin rammleik verði veitt næg aðstoð.

* Orðrétt segir svo í skýrslu sérfræðinganefndarinnar:

„Í íslensku skýrslunni vekja sérstaka athygli nefndarinnar upplýsingar um frumvarp að rammalögum sem fela í sér breytt skipulag á félagslegri þjónustu. Nefndin vonar að í næstu

skýrslu komi fram hvenær nýju lögin ganga í gildi og einnig með hvaða hætti félagsleg aðstoð verður skipulögð í framtíðinni samkvæmt hinum nýju reglum. Þar eð engar breytingar höfðu orðið á því tímabili sem skýrslan tekur til gerir nefndin ráð fyrir því að félagsleg aðstoð á Íslandi sé enn skipulögð samkvæmt lögum nr. 80/1947 sem hafa áður verið lýst fullnægjandi nema hvað varðar rétt til áfrýjunar. Nefndin óskar þess að í næstu skýrslu verði fjallað sérstaklega um félagslega aðstoð og læknishjálp.

Nefndin veitir því einnig athygli að í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að unnt sé að áfrýja málum til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Hún minnist þess í þessu sambandi að sáttmálinn kveður á um að menn eigi rétt á félagslegri aðstoð og geti áfrýjað slíkum málum til sjálfstæðs áfrýjunaraðila, svo sem dómstóls (sjá síðustu Niðurstöður XI–2, bls. 119–120). Nefndin vonast til að í næstu íslensku skýrslu komi fram, ef úrskurðarnefnd félagsþjónustu hefur verið skipuð, hvaða stöðu og valdsvið hún hefur og hvort unnt sé að áfrýja einstökum málum.

Þar eð engar breytingar hafa orðið á Íslandi á því tímabili sem skýrslan tekur til hvað snertir skort á áfrýjunarrétti gegn ákvörðunum stjórnvalda um félagslega aðstoð, kemst nefndin ekki hjá því að ítreka neikvæða niðurstöðu sína."

2. mgr., um aðgerðir til að hindra að fólk sem nýtur félagslegrar aðstoðar glati rétti til stjórnmálaafskipta eða missi félagsleg réttindi.

3. mgr., um opinbera þjónustu, ráðleggingar eða félagslega aðstoð til að koma í veg fyrir skort.

4. mgr., um að ákvæðum í 1., 2. og 3. mgr. greinarinnar sé beitt jafnt gagnvart eigin þegnum og þegnum annarra samningsaðila sem löglega dvelja í löndum þeirra í samræmi við skuldbindingar þeirra í Evrópusamþykktinni um félagslega aðstoð og læknishjálp sem undirrituð var í París 11. desember 1953.

Eftirfarandi kemur fram í skýrslunni um framkvæmd þessar ákvæðis sáttmálans:

„Íslenska skýrslan virðist gefa til kynna að læknishjálp sé til reiðu handa fólki sem er búsett á Íslandi jafnt og erlendum ríkisborgurum af hvaða þjóðerni sem þeir eru, en ef um er að ræða stutta heimsókn erlendra ríkisborgara nær almannatryggingakerfið aðeins til ríkisborgara þeirra ríkja sem gagnkvæmir samningar hafa verið gerðir við. Ekki kemur fram í skýrslunni hvort hið sama á við um félagslega aðstoð.

Nefndin minnist þess í þessu sambandi að samkvæmt túlkun sinni á 13. gr., 4. mgr. (Niðurstöður VII, bls. 77 og 78), sé ekki í greininni gefið í skyn að um gagnkvæmar ráðstafanir sé að ræða og að samþykkt íslensku ríkisstjórnarinnar á henni skuldbindi hana til að veita ríkisborgurum sérhvers ríkis, sem sáttmálinn nær til að lögum, aðstoð á Íslandi samkvæmt 13. gr., 1., 2. og 3. mgr., samningsins til jafns við íslenska ríkisborgara innan ramma, *ratione materiae*, Evrópusamþykktar um félagslega aðstoð og læknishjálp.

Nefndin er þeirrar skoðunar að þær upplýsingar sem er að finna í skýrslunni nægi ekki til að unnt sé að komast að niðurstöðu um hvort ástandið sé í samræmi við sáttmálann eða Evrópusamþykkt um félagslega aðstoð og læknishjálp sem Íslendingar hafa einnig samþykkt. Nefndinni er því ekki annað fært en að fresta niðurstöðum sínum. Hún æskir þess að í næstu skýrslu komi fram hvaða skilyrði eru sett fyrir veitingu félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar til handa ríkisborgurum allra þeirra ríkja sem sáttmálinn nær til og að í skýrslunni séu viðkomandi textar á ensku og frönsku."

14. gr.

1. mgr., um eflingu félagslegrar þjónustu sem stuðlar að velferð og þroska einstaklinga og hópa í samfélaginu og aðlögun þeirra að félagslegu umhverfi.

* Í skýrslu sinni gerir sérfræðinganefndin að umtalsefni uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn á Íslandi. Enn fremur eru athugasemdir um þjónustu við aldraða sem beinist að því að gera þeim kleift að búa á eigin vegum eins lengi og unnt er með tilliti til heilsu. Nefndin óskar eftir nánari upplýsingum um stofnanir sem annast þjónustu við aldraða, lauslegan fjölda

þeirra sem njóta þjónustunnar og hvers eðlis hún sé. Enn fremur óskar nefndin eftir nýjum upplýsingum í næstu skýrslu Íslands um stofnanir sem veita félagslega þjónustu.

2. mgr., um aðgerðir sem hvetja einstaklinga og sjálfboðaliða til að koma á fót félagslegri þjónustu og efla hana.

* Sérfræðinganefndin fjallar um upplýsingar um stuðning stjórnvalda við samtök sem veita félagslega þjónustu. Hún óskar þó eftir ítarlegri upplýsingum, t.d. um stuðning sveitarfélaga og hvernig einkaaðilar eru hvattir til að láta fé af hendi til samtaka sjálfboðaliða sem vinna að félagslegum umbótum.

15. gr.

1. mgr., um að sköpuð sé aðstaða til þjálfunar líkamlega og andlega fatlaðra.

* Nefndin segist veita athygli auknum stuðningi við málefni fatlaðra. Hún bendir á að á Íslandi séu starfræktar ýmsar stofnanir sem annist starfþjálfun fatlaðra. Hún gerir grein fyrir úrræðum á þessu sviði og kemst að þeirri niðurstöðu að þau séu fullnægandi til þess telja að Íslendingar framfylgi þessu ákvæði sáttmálans.

2. mgr., um aðgerðir til að útvega fötluðu fólki vinnu, einkum með sérhæfðri ráðningarþjónustu, verndaðri vinnu og aðgerðum til að hvetja vinnuveitendur til að taka fatlað fólk í vinnu.

* Sérfræðinganefndin kveðst veita athygli ýmsum aðgerðum íslenskra stjórnvalda til að aðstoða fatlaða við að finna atvinnu annaðhvort á almennum vinnumarkaði eða á vernduðum vinnustöðum. Hún getur um upplýsingar um að í mars 1990 hafi um 200 fatlaðir einstaklingar verið skráðir atvinnulausir. Nefndin óskar eftir áframhaldandi upplýsingum um atvinnuleysi meðal fatlaðra. Enn fremur óskar hún eftir upplýsingum um fjölda fatlaðra sem fái atvinnu. Loks kveðst nefndin vilja fá upplýsingar um álit nefndar um skipuð var til að fjalla um atvinnumál fatlaðra.

16. gr.

Greinin fjallar um rétt fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegrar og efnahagslegrar verndar.

* Sérfræðinganefndin fagnar nánari upplýsingum í skýrslu Íslands um framkvæmd greinarinnar. Hún vekur athygli á breytingum sem hafi verið gerðar á greiðslu barnabóta sem séu nú greiddar til beggja foreldra á þriggja mánaða fresti en ekki eins og áður veittar með frádrætti frá tekjuskatti. Nefndin óskar eftir upplýsingum um upphæð bótanna. Enn fremur kveðst hún veita athygli aukningu á rými fyrir börn á dagvistarheimilum. Sérfræðinganefndin gerir að umtalsefni umbætur í húsnæðismálum með tilkomu húsbréfakerfisins og óskar eftir upplýsingum um framvindu mála á því sviði í næstu skýrslu. Nefndin óskar eftir nánari upplýsingum um löggjöf sem tekur til stöðu fjölskyldunnar.

17. gr.

Greinin fjallar um rétt mæðra og barna til félagslegrar og efnahagslegrar verndar.

* Nefndin lýsti yfir ánægju sinni með ítarlegar upplýsingar í skýrslu Íslands um framkvæmd greinarinnar sem geri henni kleift að komast að þeirri niðurstöðu að Ísland framfylgi ákvæði greinarinnar. Hún segir í skýrslu sinni að til staðar séu ýmis úrræði til verndar börnum og ungmennum sem séu undir umsjón barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs. Nefndin fjallar um upplýsingar um barnsburðarleyfi og stöðu óskilgetinna barna samkvæmt íslenskum lögum.

Nefndin sýnir starfsemi Rauðakrosshússins sérstakan áhuga og óskar eftir nánari upplýsingum um starfsemi þess í næstu skýrslu.

18. gr.

1. mgr., um að beita frjálslega gildandi reglum um veitingu atvinnuleyfa.

* Nefndin veittir því athygli að um 95–97% þeirra sem sækja um fá veitt atvinnuleyfi. Hún óskar eftir nánari upplýsingum um fjölda umsókna frá þegnum aðildarríkja sáttmálans. Enn fremur vill hún fá upplýsingar um fjölda veittra leyfa til þessara einstaklinga.

2. mgr., um einföldun gildandi formsatriða varðandi veitingu atvinnuleyfa og niðurfellingu gjalda sem erlendu verkafólki og atvinnurekendum er gert að greiða.

3. mgr., um að slakað verði á gildandi reglum sem gilda um ráðningu erlends verkafólks.

* Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar segir svo orðrétt:

Í Niðurstöðum X–I, bls. 149, frestaði nefndin niðurstöðu sinni hvað snertir Ísland samkvæmt þessu ákvæði sáttmálans. Nefndin minnist þess að í Niðurstöðum IX, bls. 99–100, spurði hún nokkurra spurninga um gildandi reglur um ráðningu farandverkamanna sem eru ríkisborgarar annarra ríkja sem samþykkt hafa sáttmálann og voru þegar komnir til Íslands, annaðhvort í því skyni að fá vinnu eða sameinast fjölskyldum sínum. Nefndin fékk ekki slíkar upplýsingar í fjórðu eða fimmtu íslensku skýrslunni og þar eð hún hafði ekki nægar upplýsingar til þess að gera henni kleift að komast að niðurstöðu með fullri vitneskju um staðreyndir málsins vonast hún til þess að í næstu skýrslu verði svör við nokkrum spurningum um þær reglur sem gilda um endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfa farandverkamanna sem eru ríkisborgarar annarra ríkja sem samþykkt hafa sáttmálann.

Nefndin kynnti sér þær upplýsingar sem fram koma í síðustu íslensku skýrslunni og telur þær reglur og formsatriði, sem gilda um ráðningu ríkisborgara annarra aðildarríkja sem eru þegar komnir til Íslands, vera fremur ströng. Hún veitir því einkum athygli: að starfsleyfi verður að endurnýja árlega; að unnt er að hafna endurnýjun starfsleyfis ef engin vöntun er á innlendu vinnuafli; að starfsleyfi er veitt atvinnurekanda til tiltekinna starfa; að hversu lengi sem farandverkamaður hefur dvalið á Íslandi hefur hann ekki rétt til að fá endurnýjað starfsleyfi sitt, en möguleikar hans til að skipta um atvinnurekanda, starf eða búsetusvæði eru í raun háðir því hvort honum tekst að finna atvinnurekanda sem er fús til að sækja um starfsleyfi fyrir hann; og að farandverkamanni, sem missir vinnuna vegna veikinda, vegna óvæntrar uppsagnar starfssamnings, sem hann er ekki valdur að, eða vegna þess að starfslok verða af óvæntum ástæðum, er í raun skylt að fara úr landi.

Nefndin minnist þess að Íslendingar hafa aldrei tilkynnt um neina rýmkun á reglum um ráðningu erlendra verkamanna og að eina einföldunin á gildandi formsatriðum, sem tilkynnt hefur verið um, snertir níundu umferð yfir skýrslur um framkvæmd sáttmálans þar sem tilkynnt var að fallið hefði verið frá því að krefjast vegabréfsáritunar fyrir ríkisborgara nokkurra Evrópuríkja. Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu, með tilliti til þessara atriða, að Íslendingar hlíta ekki þessum ákvæðum sáttmálans. Hún æskir þess að fá upplýsingar um hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til úrbóta. Hún æskir þess enn fremur að fá upplýsingar um möguleika fjölskyldu farandverkamanns til að fá vinnu á Íslandi og um „sjálfstæð atvinnuleyfi“ sem vikið er að í skýrslunni.

4. mgr., um rétt til að hverfa úr landi og stunda arðbær störf í löndum annarra samningsaðila.

Tekið skal fram að Ísland hefur ekki undirgengist skuldbindingar samkvæmt eftirtöldum greinum:

2. gr.

2. mgr., um veitingu almennra frídaga með kaupi.

4. mgr., um að verkafólki, sem vinnur hættuleg eða óheilnæm störf, séu veittir aukafrídagar eða vinnutími þess styttur.

7. gr.

Greinin fjallar um rétt barna og ungmenna til verndar.

8. gr.

Greinin fjallar um rétt vinnandi kvenna til verndar.

9. gr.

Greinin fjallar um rétt til leiðbeininga um stöðuval.

10. gr.

Greinin fjalla um rétt til starfsþjálfunar.

19. gr.

Greinin fjallar um rétt farandverkafólks og fjölskyldna þess til verndar og aðstoðar.

Niðurstaðan í skýrslu sérfræðinganefndarinnar XI–1 (1989) var eftirfarandi:

Framkvæmd í samræmi við ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu:

3. og 4. mgr. 1. gr.; 3. og 5. mgr. 2. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 3. gr.; 1., 2., 4. og 5. mgr. 4. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 6. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 11. gr.; 1., 2., 3. og 4. mgr. 12. gr.; 2. og 3. mgr. 13. gr.; 1. og 2. mgr. 14. gr.; 1. og 2. mgr. (niðurstaða um framkæmd 2. mgr. er til bráðabirgða) 15. gr. og 4. mgr. 18. gr.

Í skýrslu XI–1 taldi nefndin sig ekki hafa nægilegar upplýsingar til að geta dæmt um framkvæmd eftirtalinna greina: 1. mgr. 2. gr.; 3. mgr. 4. gr.; 4. mgr. 13. gr.; 16. gr.; 17. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 18. gr.

Í skýrslu XI–1 taldi nefndin Ísland ekki standa við skuldbindingar sínar í sambandi við framkvæmd eftirtalinna ákvæða: 2. mgr. 1. gr.; 5. gr.; 4. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 13. gr.

Niðurstaðan í skýrslu sérfræðinganefndarinnar XII–1 (1992) er eftirfarandi:

Framkvæmd í samræmi við ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu:

2., 3. og 4. mgr. 1. gr.; 2., 3. og 5. mgr. 2. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 3. gr.; 1., 2., 4. (til bráðabirgða) og 5. mgr. 4. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 6. gr.; 1., 2. og 3. mgr. 11. gr.; 1., 2., 3. og 4. mgr. 12. gr.; 2. og 3. mgr. 13. gr.; 1. og 2. mgr. 14. gr.; 1. og 2. mgr. (til bráðabirgða) 15. gr.; 17. gr.; 1. og 4. mgr. 18. gr.

Í skýrslu XII–1 taldi nefndin sig ekki hafa nægilegar upplýsingar til að geta dæmt um framkvæmd eftirtalinna greina: 1. mgr. 2. gr.; 4. mgr. 13. gr. og 16. gr.

Í skýrslu XII–1 taldi nefndin Ísland ekki standa við skuldbindingar sínar í sambandi við framkvæmd eftirtalinna ákvæða: 3. mgr. 4. gr.; 5. gr.; 4. mgr. 6. gr.; 1. mgr. 13. gr. og 2. og 3. mgr. 18. gr.

Breytingarnar frá fyrri skýrslu eru eftirfarandi:

Sérfræðinganefndin telur nú að framkvæmd 1. mgr. 2. gr. sé í samræmi við ákvæði félagsmálasáttmálans. Áður kvaðst hún ekki geta dæmt um það hvort framkvæmd 4. mgr. 4. gr. hafi verið í samræmi við sáttmálann en telur nú til bráðabirgða að svo sé. Eftir að hafa fengið ítarlegri upplýsingar kemst nefndin einnig að þeirri niðurstöðu að framkvæmd 17. gr. og 1. mgr. 18. gr. sé í samræmi við sáttmálann.

Með sama hætti er niðurstaða nefndarinnar, eftir að hafa fengið ýtarlegri upplýsingar, að framkvæmd 3. mgr. 4. gr. sé ekki í samræmi við ákvæði sáttmálans.

607. Frumvarp til laga [31. mál]

um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

(Eftir 2. umr., 19. mars.)

1. gr.

B-liður 3. gr. laganna orðast svo:

Að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við. Gjaldeyrisvarasjóðurinn skal varðveittur, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum og gjaldeyri sem nota má til greiðslu hvar sem er.

2. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. kemur á eftir „innlánsdeildir samvinnufélaga“: útibú erlendra hlutafélagsbanka.

3. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið. Heimilt er að ákveða að gengi krónunnar skuli skilgreint gagnvart einum erlendum gjaldmiðli, meðaltali erlendra gjaldmiðla eða samsettum gjaldmiðli, svo sem evrópsku mynteiningunni (ECU) og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). Ákvörðun þar að lútandi skal birt með auglýsingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er heimilt að ákveða sérstakt hámarks- og lágmarksgengi íslensku krónunnar gagnvart þeirri erlendu gengisviðmiðun sem valin hefur verið. Seðlabankinn kaupir og selur erlendan gjaldeyri eða beitir öðrum aðgerðum sem hann telur nauðsynlegar og hlutast með þeim hætti til um að gengi krónunnar sé innan þeirra marka sem þannig kunna að verða ákveðin.

Seðlabankinn skal hvern þann dag, sem bankastofnanir eru almennt opnar til viðskipta, skrá sérstaklega, á þeim tíma dagsins sem hann ákveður, gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Það skal notað til viðmiðunar í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin.

Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn fellt niður eigin gengisskráningu og takmarkað eða stöðvað viðskipti á skipulögðum gjaldeyrismarkaði.

Seðlabankanum er heimilt að setja nánari reglur um gengisskráningu og viðskipti á gjaldeyrismarkaði.

4. gr.

Í 19. gr. laganna kemur á eftir „sparisjóðir“: útibú erlendra hlutafélagsbanka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

608. Frumvarp til laga [22. mál]

um breytingu á lögum um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985.

(Eftir 2. umr., 19. mars.)

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Erlendur hlutafélagsbanki getur þó notað sama heiti og notað er í heimalandinu.

2. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Ráðherra getur veitt hlutafélagsbönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, leyfi til að starfrækja útibú hér á landi. Lög þessi gilda um starfsemi útibúa erlendra hlutafélagsbanka eftir því sem við getur átt. Að öðru leyti gilda um slík útibú lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991.

2. mgr. 8. gr., sem verður 3. mgr., orðast svo:

Ákvæði laga um hlutafélög, einkum XVII. kafli, gilda um útibú og umboðsskrifstofur sem sett eru á stofn skv. 1. og 2. mgr. en að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um starfsemi þeirra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, þar á meðal um skilyrði fyrir leyfisveitingu og afturköllun leyfisins ef starfrækslan brýtur í bága við settar reglur. Um gjald fyrir veitingu leyfis fer eftir ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975.

3. gr.

Við 21. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:

Tilkynna skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands fyrir fram um stofnun útibús.

4. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé viðskiptabanka, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum bankans og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka sem Seðlabanki Íslands setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal gilda um samstæðureikning, sbr. 37. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. 1. mgr., skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, eiginfjárþætti A og eiginfjárþætti B, sbr. 3. og 4. mgr. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár.

Eiginfjárþáttur A telst vera:

1. Innborgað hlutafé.
2. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.
3. Varasjóðir og annað eigið fé samkvæmt ársreikningi sem ekki fellur undir eiginfjárþátt B.
4. Afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu að hámarki 1,25% af áhættugrunni. Með afskriftareikningi útlána vegna almennrar útlánaáhættu er ekki átt við þau framlög, almenn og sérstök, sem lögð hafa verið til hliðar vegna útlánatapa og sérstaklega hafa verið metin eða talin eru hugsanleg á uppgjörsdegi með hliðsjón af

tapreynslu í útlánastofninum og endurspegla rýrnun á verðmæti útlánanna.

5. Frá eiginfjárþætti A skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika bankans til að mæta tapi.

Eiginfjárþáttur B telst vera víkjandi lán sem viðskiptabanki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot bankans eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur bankanum en endurgreiðslu hlutafjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist niður með jöfnum afborgunum á tímabilinu. Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánum viðskiptabanka hjá félögum, sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 28. gr., öðrum en þeim sem teljast vera dótturfélög og reiknast með í samstæðureikningi viðskiptabanka og dótturfélaga, sbr. eftirfarandi:

1. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabankans nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum.
2. Eignarhlutur í félagi, sem viðskiptabanki hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags, skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabankans nema allt að 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé viðskiptabankans eins og það er reiknað skv. 2. mgr. fyrir frádrátt skv. 3. mgr.

Heimilt er ráðherra að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 3. og 4. mgr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

5. gr.

Við 1. mgr. 37. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir svohljóðandi: Þegar um er að ræða viðskiptabanka sem á það stóran hlut í félagi að það síðarnefnda telst dótturfélag, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, skal semja samstæðureikning fyrir félagasamstæðuna. Ákvæðið um skyldu til að semja samstæðureikning gildir þó ekki þegar um er að ræða félag sem viðskiptabanki hefur eignast tímabundið hlut í annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess félags. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skyldu til að semja samstæðureikning.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Viðskiptabanki skal uppfylla ákvæði um eigið fé skv. 4. gr. eigi síðar en í árslok 1992.

Ákvæði 5. gr. um samstæðureikning fyrir félagasamstæðu tekur gildi frá og með reikningsárinu 1992.

609. Frumvarp til laga [23. mál]

um breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985.

(Eftir 2. umr., 19. mars.)

1. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé sparisjóðs, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum sparisjóðsins og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli sparisjóða sem Seðlabanki Íslands setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal gilda um samstæðureikning, sbr. 41. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. 1. mgr., skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, eiginfjárþætti A og eiginfjárþætti B, sbr. 3. og 4. mgr. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár.

Eiginfjárþáttur A telst vera:

1. Innborgað stofnfé.
2. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.
3. Varasjóðir og annað eigið fé samkvæmt ársreikningi sem ekki fellur undir eiginfjárþátt B.
4. Afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu að hámarki 1,25% af áhættugrunni. Með afskriftareikningi útlána vegna almennrar útlánaáhættu er ekki átt við þau framlög, almenn og sérstök, sem lögð hafa verið til hliðar vegna útlánatapa og sérstaklega hafa verið metin eða talin eru hugsanleg á uppgjörsdegi með hliðsjón af tapreynslu í útlánastofninum og endurspegla rýrnun á verðmæti útlánanna.
5. Frá eiginfjárþætti A skal draga eigin stofnfjárhluti, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika sparisjóðsins til að mæta tapi.

Eiginfjárþáttur B telst vera víkjandi lán sem sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot sparisjóðsins eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur sparisjóðnum en endurgreiðslu stofnfjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist niður með jöfnum afborgunum á tímabilinu. Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánum sparisjóðs hjá félögum, sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 32. gr., öðrum en þeim sem teljast vera dótturfélög og reiknast með í samstæðureikningi sparisjóðs og dótturfélaga, sbr. eftirfarandi:

1. Eignarhlutur í félögum, öðrum en Lánastofnun sparisjóðanna, þar sem eignarhlutir sparisjóðsins nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga.
2. Eignarhlutur í félagi, sem sparisjóður hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags, skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir sparisjóðsins nema allt að 10% af hlutafé viðkomandi félaga, svo og eignarhlutur í Lánastofnun sparisjóðanna. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram

10% af eigin fé sparisjóðsins eins og það er reiknað skv. 2. mgr. fyrir frádrátt skv. 3. mgr.

Heimilt er ráðherra að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 3. og 4. mgr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda fyrir Lánastofnun sparisjóðanna, sbr. XII. kafla.

2. gr.

Við 1. mgr. 41. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir svohljóðandi: Þegar um er að ræða sparisjóð sem á það stóran hlut í félagi að það síðarnefnda telst dótturfélag, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, skal semja samstæðureikning fyrir félagasamstæðuna. Ákvæðið um skyldu til að semja samstæðureikning gildir þó ekki þegar um er að ræða félag sem sparisjóður hefur eignast tímabundið hlut í annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess félags. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skyldu til að semja samstæðureikning.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sparisjóður skal uppfylla ákvæði um eigið fé skv. 1. gr. eigi síðar en í árslok 1992.

Ákvæði 2. gr. um samstæðureikning fyrir félagasamstæðu tekur gildi frá og með reikningsárinu 1992.

610. Þingsályktun [66. mál]

um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög.

(Afgreidd frá Alþingi 19. mars.)

Samhljóða þskj. 67.

611. Tillaga til þingsályktunar [375. mál]

um flutning á starfsemi Landhelgisgæslunnar.

Flm.: Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta athuga kosti þess að flytja höfuðstöðvar og starfsemi Landhelgisgæslunnar til Keflavíkur. Verði niðurstaða hennar jákvæð hefji ráðherra þegar undirbúning að flutningnum.

Greinargerð.

Á undanförnum vikum og mánuðum hefur orðið mikil umræða um björgunarstarf Landhelgisgæslunnar í framhaldi af samþykktum Alþingis um kaup á nýrri björgunar-

þyrlu. Við undirbúning ríkisstjórnar og dómsmálaráðherra að framkvæmd þessara samþykkta er fjallað um rekstrarskipulag gæslunnar og um samstarf hennar við björgunarsveit varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Hlutverk Landhelgisgæslunnar í björgunarstarfi við strendur landsins hefur ávallt verið mikið og mikilvægt. Með tilkomu þyrlureksturs gæslunnar hefur það vaxið og jafnframt náð til björgunar- og leitarstarfa á hálendi og í óbyggðum. Hlutverk hennar í björgunarstarfi hefur vaxið svo að það er nú einn veigamesti þátturinn í starfsemi hennar. Er því nauðsynlegt að við athugun á rekstrarskipulagi hennar og starfsemi verði brugðið ljósi á það hvar henni verði best valinn staður til frambúðar með tilliti til björgunarstarfa hér á landi og hins mikilvæga hlutverks sem hún gegnir í þeim.

Margt mælir með staðsetningu í Keflavík og verður hér á eftir gerð grein fyrir nokkrum atriðum:

— Höfnin Keflavík-Njarðvík er allstór og vaxandi. Á Suðurnesjum eru fiskihafnir í öllum sveitarfélögunum sjö. Í Grindavík og Sandgerði eru stórar fiskiskipahafnir og er mikil útgerð stunduð þaðan.

— Keflavíkurflugvöllur er best búni flugvöllur landsins, raunar einn af best búnu og öruggustu flugvöllum við norðanvert Atlantshaf. Nálægð hans við stóran hluta af fiskihöfnum landsins og siglingaleiðir að og frá þeim er ákjósanlegur kostur í björgunarstarfinu.

— Á Keflavíkurflugvelli er starfrækt björgunarsveit varnarliðsins og hefur hún yfir mun betri tækjum að ráða en við Íslendingar. Sveitin ræður yfir fleiri björgunarþyrlum en við, en einnig ræður varnarliðið yfir einstæðri tækni til eldsneytistöku á flugi. Rætt er um aukið og nánara samstarf Landhelgisgæslunnar við sveitina. Einnig kemur til álita að Íslendingar taki að sér umtalsverð verkefni í starfi björgunarsveitar varnarliðsins, t.d. í björgunar- og leitarfluginu, sem mundi auðvelda samskiptin við íslenska aðila. Þá er álitsvert að stofna ásamt varnarliðinu til alþjóðlegrar björgunarsveitar sem hafi aðsetur á Íslandi og sinni þaðan björgunar- og leitarstörfum langt út frá landi og til fjalla um landið allt.

— Á Keflavíkurflugvelli rís nú þjónustumiðstöð Flugleiða við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þangað mun félagið flytja allt viðhald á flugflota sínum, svo og á þeim flota Landhelgisgæslunnar sem það annast viðhald á. Með því verður á Keflavíkurflugvelli mjög góð og öflug aðstaða til að veita flugrekstri af því tagi, sem gæslan viðhefur, alla nauðsynlega þjónustu.

— Keflavíkurflugvöllur er eini alþjóðaflugvöllur landsins. Hann gegnir lykilhlutverki í samgöngum um norðanvert Atlantshaf, m.a. með starfrækslu flugstjórnarmiðstöðvar fyrir afar stór hafsvæði. Öryggismál þessara samgangna, t.d. leitar- og björgunarstarfsemi, hljóta að hvíla á herðum Íslendinga.

— Á Keflavíkurflugvelli hafa Íslendingar gegnt stóru hlutverki í öryggismálum varnarliðsins, m.a. með því að stjórna og manna slökkvilið vallarins sem mikið orð fer af. Eðlilegt framhald þessa væri vaxandi þátttaka Íslendinga í starfi að fleiri öryggisþáttum og er björgunar- og leitarstarf rökrétt framhald.

— Að lokum er æskilegt að kanna eftir föngum kosti og ókosti þess að staðsetja stjórnsýslu- eða löggæslustofnanir á borð við Landhelgisgæslu Íslands utan höfuðborgarsvæðisins og þá út frá fjárhagslegum og faglegum sjónarmiðum varðandi þá starfsemi sem í hlut á, svo og út frá sjónarmiðum byggðastefnu. Í því sambandi er sérstök ástæða til að skoða með gagnrýni mikilvægi eða nauðsyn þess að slíkar stofnanir starfi einungis á höfuðborgarsvæðinu.

612. Fyrirspurn [376. mál]

til menntamálaráðherra um umhverfisfræðslu.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvernig hefur ríkisstjórnin staðið að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 20. desember 1988 um að auka og samræma fræðslu um umhverfismál í skólum og fyrir almenning?

613. Fyrirspurn [377. mál]

til dómsmálaráðherra um öryggi í óbyggðaferðum.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum, sbr. ályktun Alþingis frá 22. febrúar 1990?

614. Fyrirspurn [378. mál]

til dómsmálaráðherra um vernd gegn innheimtumönnum.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Hyggst dómsmálaráðherra grípa til einhverra aðgerða til verndar almennum borgurum gegn innheimtumönnum sem virðast beita réttarkerfinu til að ná fé út úr saklausu fólki, sbr. fréttir af slíku athæfi í fjölmiðlum í síðustu viku í tengslum við innheimtu áskriftargjalda tímaritsins Þjóðlífs?

615. Tillaga til þingsályktunar [379. mál]

um verðlagningu á raforku.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta fara fram athugun á verðlagningu á raforku til almenningsrafveitna.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur raforka stöðugt orðið stærri þáttur í útgjöldum fyrirtækja jafnt sem heimila. Það er því mikilvægt að verðlagning á raforku lúti reglum sem eru sanngjarnar gagnvart notendum jafnframt því sem þær tryggja eðlilega endurgreiðslu til Landsvirkjunar vegna virkjana.

Verðlagning Landsvirkjunar hefur sætt nokkurri gagnrýni og hafa forsvarsmenn almenningsveitna, sem kaupa raforku af Landsvirkjun, leitað eftir samningum um hámarksverð er lækki í þrepum fram til aldamóta að tilteknu marki.

Ekki hafa náðst samningar og er því eðlilegt að Alþingi ályktí um að iðnaðarráðherra beiti sér fyrir athugun og verðlagningu á raforku og hlutist til um að samningar náist.

Með greinargerð fylgja bréf sem gengið hafa milli fyrsta flutningsmanns og Rafmagnsveitna ríkisins.

Fylgiskjal I.

Bréf Sturlu Böðvarssonar til stjórnar Rarik.

Á fundum þingmanna Vesturlandskjördæmis, sem haldnir voru 19.–24. sept. sl., komu fram eindregnar óskir og kröfur um lækkun rafmagnsverðs. Í þeirri umræðu kom m.a. fram hörð gagnrýni vegna verðlagningar Landsvirkjunar á þeirri orku sem Rarik kaupir og endurselur notendum.

Hér með er óskað eftir áliti stjórnar Rarik á því hvort mögulegt sé að ná betri samningi við Landsvirkjun og/eða leiðrétta „óeðlilega“ verðlagningu orkunnar frá Landsvirkjun.

Undirritaður mun gera þingmönnum kjördæmisins og sveitarstjórnarmönnum grein fyrir væntanlegu svari stjórnar Rarik.

Virðingarfyllst,
Sturla Böðvarsson.

Fylgiskjal II.

RARIK
RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Hr. alþingismaður
Sturla Böðvarsson
Alþingi
101 REYKJAVÍK

TILV. YÐAR	BRÉF YÐAR	TILV. VOR	DAGS.
	12.02.1992	*KJ/ÁG/áp* *01-70*	*10.03.1992*

Rafmagnsverð

Rafmagnsveitur ríkisins geta fyrir sitt leyti tekið undir það álit, sem fram kemur í bréfi yðar dags. 12. febrúar sl., um að verðlagning raforkunnar frá Landsvirkjun sé að ýmsu leyti óeðlileg. Fyrir því liggja ýmis rök, sem betur verða tíunduð hér á eftir. En áður en það verður gert, er nauðsynlegt að gera grein fyrir þeim almennu markmiðum, sem Landsvirkjun hefur sett sér við verðákvarðanir sínar.

1. *Stefnt er að því, að Landsvirkjun verði skuldlaus upp úr aldamótum.*

2. *Stefnt er að því, að verð frá Landsvirkjun sé jafnt langtímajaðarkostnaði um svipað leyti og þannig búið í haginn fyrir framtíðarvirkjanir.*

3. *Stefnt er að því að auka vægi orkugjalda ennfrekar og minnka að sama skapi vægi aflgjalds í verðinu. Fyrri hluti þessarar breytingar hefur þegar komið til framkvæmda.*

Ljóst er að það markmið, sem fram kemur í lið 1, ræður að mestu verðlagningu Landsvirkjunar nú. Rafmagnsveiturnar geta ekki tekið undir þetta sjónarmið, enda er það álitamál, hvort núlifandi kynslóð á greiða fjárfestingar í orkukerfinu niður með þeim hraða, sem hér er ráðgert. Rafmagnsveiturnar eru ekki í neinum vafa um, að þessar aukabyrðar eru hvorki sanngjarnar né hagkvæmar fyrir þjóðarbúið, þegar til lengri tíma er litið. Þær tefja nauðsynlega iðnvæðingu og draga úr framkvæmdum og frumkvæði jafnframt sem þær gera aðra, jafnvel innflutta orkugjafa, samkeppnishæfa gagnvart raforkunni. Eðlilegra er að fjárfesting sé greidd niður í takti, sem nálgast afskriftatíma hennar, eða m.ö.o. á meðan starfsemi hennar er tekjuskapandi.

Um markmið nr. 2 má fara mörgum orðum, þó það verði ekki gert hér. Grundvallarhugsun verðlagningar samkvæmt langtímajaðarkostnaði er fyrst og fremst fjárfestingarsjónarmið. Það er m.ö.o. verið að verðleggja næstu seldu kWh með álagi, sem taka skal þátt í að fjármagna næstu virkjun. Ef Landsvirkjun væri á flæðiskeri stödd varðandi afkastagetu virkjana, er slík verðlagningarstefna hin eina rétta. Hins vegar er veruleikinn í dag allur annar.

LAUGAVEGI 18 105 REYKJAVÍK SÍMI (91) 605500 PÓSTFAX (91) 17891 TELEX 2115 RARIK IS KT. 520269-2669

RARIK
RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Þegar afkastagetan er alltof mikil á að verðleggja orkuna samkvæmt skammtímajaðarkostnaði eða þeim kostnaði sem framleiðsla næstu kWh kostar í óhagkvæmustu virkjuninni, sem venjulegast er sú síðasta sem tekin var í notkun. Eins og við vitum er sá kostnaður allverulega lægri en það verð sem ríkir í dag.

Markmið nr. 3 er fyllilega í samræmi við sjónarmið Rafmagnsveitnanna, en það þarf ekki að hafa áhrif á orkuverð til hækkunar.

Þau sjónarmið, sem hér eru reifuð, beinast fyrst og fremst að þeim viðhorfum sem gilda við ríkjandi einokunarskipulag í raforkugeiranum. Hugsanlega er hægt að bæta hag bæði orkunotenda og orkufyrirtækja með breyttu skipulagi orkugeirans, en út í þá sálma verður ekki farið að þessu sinni.

Hvað varðar hugleiðingar um möguleika Rafmagnsveitnanna til að ná betri samningum við Landsvirkjun, en þær hafa nú, má benda á, að fyrirtækið leitar stöðugt eftir beztu kjörum sem kostur er á innan þess gjaldskrárramma, sem Landsvirkjun setur hverju sinni. Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að breytingar á söluskilmálunum og samningum Landsvirkjunar við almenningsrafveitur hafa hingað til miðast við að tekjur hennar verði allavega ekki minni eftir en áður og eru slíkar breytingar því viðkvæmar.

Með bréfi þessu fylgja gögn yfir greiðsluflæðireikninga fyrir Landsvirkjun, sem byggja á mismunandi forsendum um þróun raforkuverðs. Skuldastaðan á hverjum tíma kemur síðan fram sem afgangsstærð að gefinni þeirri forsendu að öllum greiðsluafgangi sé ráðstafað til niðurgreiðslu skulda eða sjóðssöfnunar.

Niðurstöður útreikninganna eru í stuttu máli eftirfarandi:

1. *Ef tilmælum Rafmagnsveitnanna og annarra almenningsveitna verður fylgt (forsenda 1) er skuldastaðan komin niður í núll á árinu 2008. Með þessu móti lækkar verðið jafnt og þétt á þessum áratug niður í langtímajaðarkostnað (LTJ) árið 2000. (Sjá hjálögð bréf almenningsveitna til Landsvirkjunar).*

2. *Ef verðið lækkar niður í LTJ á þessu ári (forsenda 2) verður skuldastaðan komin niður í núll á árinu 2010.*

3. *Ef fylgt er verðstefnu Landsvirkjunar (forsenda 3), þ.e. óbreytt verð til ársins 2000, en lækkar síðan jafnt og þétt niður í LTJ árið 2005, verður skuldastaðan orðin núll á árinu 2004.*

Með því að bera saman ferla yfir verðþróun og samsvarandi þróun skuldastöðu kemur ofannefnd niðurstaða e.t.v. bezt í ljós, eins og sjá má á meðfylgjandi línuritum.

RARIK
RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Þegar litið er á þessar niðurstöður með hliðsjón af þeim langtímasjónarmiðum, sem eiga að ríkja í orkugeiranum, má e.t.v. segja, að deilan snúist um keisarans skegg, þegar ágreiningur stendur um, hvort eðlilegt sé fyrir Landsvirkjun að vera skuldlausa fjórum til sex árum seinna, en þeirra ýtrustu kröfur gera tilkall til.

Virðingarfyllst,

Kristján Jónsson
rafmagnsveitustjóri

Þróun orkuverðs frá Landsvirkjun
(3 mism. forsendur)



Mynd 1

Þróun skuldastöðu LV
(3 mism. verðlagsforsendur)



Mynd 2

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
FJÁRMÁLASVIÐ
Hagdeild, 03.03.92.
Á.G./á.g.

GREIÐSLUFLÆÐIREIKNINGAR FYRIR LANDSVIRKJUN

FORSENDA I: ORKUVERÐ LÆKKAR Í ÁFÖNGUM Í LTJ ÁRIÐ 2000
FORSENDA 2: ORKUVERÐ LÆKKAR Í LTJ 1992
FORSENDA 3: TILLAGA LANDSVIRKJUNAR

ÁR	STIÐJA	VERÐ1	GWh	TEKJUR	AÐTEK	REKST	HR.RT.	FJÁRF.	SKULD	VEXTIR	AFB.	GR.EIG.
1991	1662	2,22	1825	4052	33	1755	3992	811	37978	1139	1899	148
1992	1662	2,17	1898	4119	33	1773	4041	750	38679	1934	1208	148
1993	1662	2,12	1970	4176	33	1790	4081	250	36869	1874	1810	148
1994	1662	2,06	2039	4200	33	1808	4087	250	34933	1753	1936	148
1995	1662	2,01	2096	4213	33	1826	4082	250	32899	1650	2034	148
1996	1662	1,96	2151	4216	33	1845	4066	250	30774	1543	2125	148
1997	1662	1,9	2207	4193	33	1863	4025	250	28579	1432	2195	148
1998	1662	1,85	2261	4183	33	1882	3996	1857	27907	1319	672	148
1999	1662	1,8	2314	4165	33	1900	3960	250	25707	1362	2200	148
2000	1662	1,74	2367	4119	33	1919	3895	250	23386	1175	2321	148
2001	1662	1,74	2418	4207	33	1939	3963	250	20874	1053	2512	148
2002	1662	1,74	2469	4296	33	1958	4033	250	18157	918	2717	148
2003	1662	1,74	2520	4385	33	1978	4102	250	15225	772	2932	148
2004	1662	1,74	2570	4472	33	1977	4190	250	12048	615	3177	148
2005	1662	1,74	2621	4561	33	2017	4239	538	8939	444	3109	148
2006	1662	1,74	2672	4649	33	2038	4306	250	5322	291	3617	148
2007	1662	1,74	2739	4766	33	2059	4402	250	1404	85	3918	148
2008	1662	1,74	2807	4885	33	2080	4500	250	-2824	-126	4227	148
2009	1662	1,74	2877	5007	33	3001	3701	250	-6479	-353	3655	148
2010	1662	1,74	2949	5132	33	3025	3802	250	-10390	-507	3911	148
2011	1662	1,74	3023	5260	33	3047	3908	250	-14615	-715	4225	148
2012	1662	1,74	3099	5392	33	3069	4018	250	-19177	-942	4562	148
2013	1662	1,74	3176	5527	33	3090	4132	250	-24097	-1187	4920	148
2014	1662	1,74	3256	5665	33	4012	3348	250	-28498	-1451	4401	148

ÁR	VERÐ1	VERÐ2	VERÐ3
1991	2,22	2,22	2,22
1992	2,17	1,74	2,36
1993	2,12	1,74	2,36
1994	2,06	1,74	2,36
1995	2,01	1,74	2,36
1996	1,96	1,74	2,36
1997	1,9	1,74	2,36
1998	1,85	1,74	2,36
1999	1,8	1,74	2,36
2000	1,74	1,74	2,24
2001	1,74	1,74	2,13
2002	1,74	1,74	2,02
2003	1,74	1,74	1,92
2004	1,74	1,74	1,82
2005	1,74	1,74	1,74
2006	1,74	1,74	1,74

SKAMMSTAFANIR Í TÖFLU:

STIÐJA: tekjur af stóriðju
TEKJUR: sölutekjur til innlendra rafveitna
AÐ TEKJ: tekjur af annarri starfsemi
REKST: almenn rekstrargjöld Landsvirkjunar
HR.RT: hreinar rekstrartekjur
FJÁRF: fjárfestingar, viðhald og endurbætur
SKULD: skuldastaða í lok árs samkvæmt verðforsendu
VEXTIR: vextir af skuldum (+) eða inneignum (-)
AFB.: afborganir af skuldum eða sjóðsmyndun
GR.EIG.: arðgreiðslur til eigenda Landsvirkjunar
VERÐ 1: söluverð samkvæmt forsendu 1.
VERÐ 2: söluverð samkvæmt forsendu 2.
VERÐ 3: söluverð samkvæmt forsendu 3

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
FJÁRMÁLASVIÐ
Hagdeild, 03.03.92.
Á.G./á.g.

GREIÐSLUFLÆÐIREIKNINGAR FYRIR LANDSVIRKJUN

FORSENDA I: ORKUVERÐ LÆKKAR Í ÁFÖNGUM Í LTJ ÁRIÐ 2000
FORSENDA 2: ORKUVERÐ LÆKKAR Í LTJ 1992
FORSENDA 3: TILLAGA LANDSVIRKJUNAR

ÁR	STIÐJA	VERÐ2	GWh	TEKJUR	AÐTEK	REKST	HR.RT.	FJÁRF.	SKULD	VEXTIR	AFB.	GR.EIG.
1991	1662	2,22	1825	4052	33	1755	3992	811	37978	1139	1899	148
1992	1662	1,74	1898	3303	33	1773	3225	750	38679	1934	1208	148
1993	1662	1,74	1970	3428	33	1790	3333	250	37618	1874	1061	148
1994	1662	1,74	2039	3548	33	1808	3435	250	36409	1828	1209	148
1995	1662	1,74	2096	3647	33	1826	3516	250	35051	1760	1358	148
1996	1662	1,74	2151	3743	33	1845	3593	250	33541	1685	1510	148
1997	1662	1,74	2207	3840	33	1863	3672	250	31868	1602	1673	148
1998	1662	1,74	2261	3934	33	1882	3747	1857	31636	1510	232	148
1999	1662	1,74	2314	4026	33	1900	3821	250	29782	1570	1853	148
2000	1662	1,74	2367	4119	33	1919	3895	250	27682	1396	2100	148
2001	1662	1,74	2418	4207	33	1939	3963	250	25396	1279	2286	148
2002	1662	1,74	2469	4296	33	1958	4033	250	22916	1155	2480	148
2003	1662	1,74	2520	4385	33	1978	4102	250	20234	1022	2682	148
2004	1662	1,74	2570	4472	33	1977	4190	250	17320	878	2914	148
2005	1662	1,74	2621	4561	33	2017	4239	538	14488	720	2832	148
2006	1662	1,74	2672	4649	33	2038	4306	250	11163	583	3325	148
2007	1662	1,74	2739	4766	33	2059	4402	250	7551	392	3612	148
2008	1662	1,74	2807	4885	33	2080	4500	250	3646	197	3905	148
2009	1662	1,74	2877	5007	33	3001	3701	250	330	-13	3316	148
2010	1662	1,74	2949	5132	33	3025	3802	250	-3223	-149	3553	148
2011	1662	1,74	3023	5260	33	3047	3908	250	-7072	-339	3849	148
2012	1662	1,74	3099	5392	33	3069	4018	250	-11238	-546	4166	148
2013	1662	1,74	3176	5527	33	3090	4132	250	-15741	-770	4504	148
2014	1662	1,74	3256	5665	33	4012	3348	250	-19703	-1012	3962	148

ÁR	VERÐ1	VERÐ2	VERÐ3
1991	2,22	2,22	2,22
1992	2,17	1,74	2,36
1993	2,12	1,74	2,36
1994	2,06	1,74	2,36
1995	2,01	1,74	2,36
1996	1,96	1,74	2,36
1997	1,9	1,74	2,36
1998	1,85	1,74	2,36
1999	1,8	1,74	2,36
2000	1,74	1,74	2,24
2001	1,74	1,74	2,13
2002	1,74	1,74	2,02
2003	1,74	1,74	1,92
2004	1,74	1,74	1,82
2005	1,74	1,74	1,74
2006	1,74	1,74	1,74

SKAMMSTAFANIR Í TÖFLU:

STIÐJA: tekjur af stóriðju
TEKJUR: sölutekjur til innlendra rafveitna
AÐ TEKJ: tekjur af annarri starfsemi
REKST: almenn rekstrargjöld Landsvirkjunar
HR.RT: hreinar rekstrartekjur
FJÁRF: fjárfestingar, viðhald og endurbætur
SKULD: skuldastaða í lok árs samkvæmt verðforsendu
VEXTIR: vextir af skuldum (+) eða inneignum (-)
AFB.: afborganir af skuldum eða sjóðsmyndun
GR.EIG.: arðgreiðslur til eigenda Landsvirkjunar
VERÐ 1: söluverð samkvæmt forsendu 1.
VERÐ 2: söluverð samkvæmt forsendu 2.
VERÐ 3: söluverð samkvæmt forsendu 3

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
FJÁRMÁLASVIÐ
Hagdeild, 03.03.92.
Á.G./á.g.

GREIÐSLUFLÆÐIREIKNINGAR FYRIR LANDSVIRKJUN

FORSENDA I: ORKUVERÐ LÆKKAR Í ÁFÖNGUM Í LTJ ÁRIÐ 2000
FORSENDA 2: ORKUVERÐ LÆKKAR Í LTJ 1992
FORSENDA 3: TILLAGA LANDSVIRKJUNAR

ÁR	STIÐJA	VERÐ3	GWh	TEKJUR	AÐTEK	REKST	HR.RT.	FJÁRF.	SKULD	VEXTIR	AFB.	GR.EIG.
1991	1662	2,22	1825	4052	33	1755	3992	811	37978	1139	1899	148
1992	1662	2,36	1898	4479	33	1773	4401	750	38679	1934	1208	148
1993	1662	2,36	1970	4649	33	1790	4554	250	36396	1874	2283	148
1994	1662	2,36	2039	4812	33	1808	4699	250	33801	1706	2595	148
1995	1662	2,36	2096	4947	33	1826	4816	250	30944	1560	2857	148
1996	1662	2,36	2151	5076	33	1845	4926	250	27820	1404	3124	148
1997	1662	2,36	2207	5209	33	1863	5041	250	24412	1235	3408	148
1998	1662	2,36	2261	5336	33	1882	5149	1857	22318	1050	2094	148
1999	1662	2,36	2314	5461	33	1900	5256	250	18471	1011	3847	148
2000	1662	2,24	2367	5302	33	1919	5078	250	14523	731	3949	148
2001	1662	2,13	2418	5150	33	1939	4906	250	10543	529	3980	148
2002	1662	2,02	2469	4987	33	1958	4724	250	6545	328	3998	148
2003	1662	1,92	2520	4838	33	1978	4555	250	2515	127	4030	148
2004	1662	1,82	2570	4677	33	1977	4395	250	-1559	-76	4073	148
2005	1662	1,74	2621	4561	33	2017	4239	538	-5393	-282	3834	148
2006	1662	1,74	2672	4649	33	2038	4306	250	-9762	-461	4370	148
2007	1662	1,74	2739	4766	33	2059	4402	250	-14472	-707	4710	148
2008	1662	1,74	2807	4885	33	2080	4500	250	-19533	-959	5061	148
2009	1662	1,74	2877	5007	33	3001	3701	250	-24066	-1230	4532	148
2010	1662	1,74	2949	5132	33	3025	3802	250	-28900	-1430	4834	148
2011	1662	1,74	3023	5260	33	3047	3908	250	-34096	-1687	5197	148
2012	1662	1,74	3099	5392	33	3069	4018	250	-39681	-1965	5584	148
2013	1662	1,74	3176	5527	33	3090	4132	250	-45678	-2263	5997	148
2014	1662	1,74	3256	5665	33	4012	3348	250	-51211	-2584	5533	148

ÁR	VERÐ1	VERÐ2	VERÐ3
1991	2,22	2,22	2,22
1992	2,17	1,74	2,36
1993	2,12	1,74	2,36
1994	2,06	1,74	2,36
1995	2,01	1,74	2,36
1996	1,96	1,74	2,36
1997	1,9	1,74	2,36
1998	1,85	1,74	2,36
1999	1,8	1,74	2,36
2000	1,74	1,74	2,24
2001	1,74	1,74	2,13
2002	1,74	1,74	2,02
2003	1,74	1,74	1,92
2004	1,74	1,74	1,82
2005	1,74	1,74	1,74
2006	1,74	1,74	1,74

SKAMMSTAFANIR Í TÖFLU:

STIÐJA: tekjur af stóriðju
TEKJUR: sölutekjur til innlendra rafveitna
AÐ TEKJ: tekjur af annarri starfsemi
REKST: almenn rekstrargjöld Landsvirkjunar
HR.RT: hreinar rekstrartekjur
FJÁRF: fjárfestingar, viðhald og endurbætur
SKULD: skuldastaða í lok árs samkvæmt verðforsendu
VEXTIR: vextir af skuldum (+) eða inneignum (-)
AFB.: afborganir af skuldum eða sjóðsmyndun
GR.EIG.: arðgreiðslur til eigenda Landsvirkjunar
VERÐ 1: söluverð samkvæmt forsendu 1.
VERÐ 2: söluverð samkvæmt forsendu 2.
VERÐ 3: söluverð samkvæmt forsendu 3

Landsvirkjun
Hr. forstjóri
Halldór Jónatansson
Háaleitisbraut 68

103 REYKJAVÍK

25.10.1990

Þróun raforkuverðs til almenningsveitna

Að undanförnu hafa staðið yfir viðræður milli Landsvirkjunar annars vegar og undirritaðra almenningsrafveitna hins vegar vegna nýrrar heildsölugjaldskrár, rafmagnssamninga, samrekstrarsamninga og samninga um ótryggt rafmagn. Ýmsar nýjungar er að finna í samningum þessum, þar sem reynt er að leysa mál, sem ágreiningur hefur verið um. Eitt af hinum nýju atriðum er afláskrift. Vakin er athygli á því að upplýsingar frá Landsvirkjun um þróun raforkuverðs þurfa að liggja fyrir til þess að almenningsveitumar geti gert aflspá.

Þá hefur samningur um orkuverð til álvers verið ofarlega á baugi að undanförnu. Í dag kaupa almenningsveitumar um helming þeirrar forgangsraforku, sem Landsvirkjun selur. Með tilkomu nýs álvers með 210.000 tonna ársframleiðslu verður hlutdeild almenningsveitnanna komin niður í um þriðjung. Nú er því enn frekari ástæða en áður til þess að staðinn verði vörður um það ákvæði í lögum um Landsvirkjun að verð til stóriðju hafi ekki áhrif til hækkunar á verði til almenningsveitna.

Í ljósi framritaðs telja almenningsveitumar eðlilegt, að gerður verði samningur milli Landsvirkjunar og þeirra um hámarksverð, með það að markmiði að verð fyrir forgangsrafmagn lækki í þrepum fram til aldamóta, a.m.k. niður í langtíma-jaðarkostnað. Almenningsveitumar telja þetta nauðsynlegt til þess að þær geti á hverjum tíma fylgst með verðþróuninni og gætt þess, að ekki halli á þær með tilkomu nýrrar stóriðju.

Virðingarfyllst,

Rafmagnsveita Reykjavíkur

Rafmagnsveitur ríkisins

Hitaveita Suðurnesja

Orkubú Vestfjarða

Rafveita Akureyrar

Rafveita Hafnarfjarðar

Landsvirkjun
Hr. forstjóri
Halldór Jónatansson
Háaleitisbraut 68
103 REYKJAVÍK

01.11.1991

Þróun raforkuverðs til almenningsveitna

Í framhaldi af bréfi undirritaðra fyrirtækja dags. 25.10.1990, er enn vakin athygli á því að upplýsingar frá Landsvirkjun um þróun raforkuverðs þurfa að liggja fyrir til þess að almenningsveiturnar geti gert aflspá.

Almenningsveiturnar í landinu kaupa nú um helming þeirrar forgangsorku, sem Landsvirkjun selur. Með tilkomu nýs álvers með 210.000 tonna ársframleiðslu verður hlutdeild almenningsveitnanna komin niður í um þriðjung. Ítrekuð er því nauðsyn þess að staðinn verði vörður um það ákvæði í lögum um Landsvirkjun að verð til stóriðju hafi ekki áhrif til hækkunar á verði til almenningsveitna.

Í ljósi framanritaðs óska undirritaðir kaupendur raforku frá Landsvirkjun eftir viðræðum um gerð samnings milli aðila um hámarksverð, með það að markmiði að verð fyrir forgangsorku lækki í þrepum fram til aldamóta, a.m.k. niður í langtíma-jaðarkostnað. Þetta er talið nauðsynlegt til þess að almenningsveiturnar geti stöðugt fylgst með verðþróuninni og gætt þess, að ekki halli á þær með tilkomu nýrrar stóriðju.

Virðingarfyllst,

Rafmagnsveita Reykjavíkur

Rafmagnsveitur ríkisins

Hitaveita Suðurnesja

Orkubú Vestfjarða

Rafveita Akureyrar

Rafveita Hafnarfjarðar

616. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á lögum um Lyfjatæknaskóla Íslands, lögum um sjúkraliða, lögum um Ljósmæðraskóla Íslands og á ljósmæðralögum.

(Eftir 2. umr., 23. mars.)

1. gr.

15. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum, orðast svo:

Menntamálaráðuneytið starfrækir við framhaldsskóla nám í lyfjatækni í samvinnu við samtök lyfsala. Menntamálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um námið og tilhögun þess.

Lyfjabúðum er skylt samkvæmt nánari ákvörðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í reglugerð að vista lyfjatækninema til verklegs náms.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, orðast svo:

Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

4. mgr. 5. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, eins og greininni var breytt með lögum nr. 73/1989, fellur niður.

3. gr.

Við 6. gr. laga nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands, bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1994.

4. gr.

1. mgr. 2. gr. ljósmæðralaga, nr. 67/1984, orðast svo:

Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

617. Svar [327. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um auglýsinga- og kynningarkostnað félagsmálaráðuneytis.

1. *Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður félagsmálaráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?*
2. *Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?*
3. *Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?*
4. *Fyrir hvað var greitt?*

Kynningarkostnaður árið 1990	Upphæð í kr.
Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins, kostnaður vegna útgáfu:	
Kynning og markaður hf. (umsjón með útgáfunni)	325.427
Prenttækni hf. (prentun fréttabréfsins)	242.674
Samtals kynningarkostnaður	**568.101**

Auglýsingakostnaður árið 1990	Upphæð í kr.
13. janúar. Auglýstar umsóknir um Evrópuráðsstyrki á sviði félags- og vinnumála:	
Alþýðublaðið	16.434
DV	10.682
Dagur	13.969
Morgunblaðið	13.744
Tíminn	13.147
Þjóðviljinn	13.147
8. mars. Auglýsing um sveitarstjórnarkosningar 26. maí 1990. Leiðbeiningar um framkvæmd og undirbúning:	
Alþýðublaðið	51.767
DV	39.442
Dagur	65.736
Morgunblaðið	82.170
Pressan	51.767
Tíminn	98.604
Þjóðviljinn	98.604
31. mars. Tilkynning frá félagsmálaráðuneytinu varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðslu:	
Alþýðublaðið	32.868
Dagur	27.116
Morgunblaðið	34.362
Ríkisútvarpið	60.918
Tíminn	23.008
Þjóðviljinn	33.690

Auglýsingakostnaður árið 1990	Upphæð í kr.
12. apríl. Auglýsing um sveitarstjórnarkosningar 9. júní 1990. Leiðbeiningar um framkvæmd og undirbúning:	
Alþýðublaðið	73.953
Dagur	64.093
Morgunblaðið	55.875
Tíminn	76.418
Þjóðviljinn	66.558
27. maí. Auglýsing um lokun aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins vegna jarðarfarar:	
Morgunblaðið	5.154
Samtals auglýsingakostnaður	**1.123.226**

Auglýsingakostnaður ársins 1990 var óvenjulega hár vegna sveitarstjórnarkosninganna, en þar hvílir sú lagaskylda á ráðuneytinu að kynna ákveðin atriði varðandi kosningarnar. Þessi kostnaður var í heild 1.036.949 kr. sem segja má að hafi verið umfram venjulegan auglýsingakostnað ráðuneytisins.

Auglýsinga- og kynningarkostnaður árið 1990 nam samtals 1.691.327 kr.

Kynningarkostnaður janúar til apríl 1991	Upphæð í kr.
Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins, kostnaður vegna útgáfu:	
Kynning og markaður hf. (umsjón með útgáfunni)	362.152
Prenttækni hf. (prentun fréttabréfsins)	393.918
Samtals kynningarkostnaður	**756.070**

Auglýsingakostnaður janúar til apríl 1991	Upphæð í kr.
9. mars. Auglýstar umsóknir um Evrópuráðsstyrki á sviði félags- og vinnumála:	
Alþýðublaðið	12.637
Dagur	12.637
Morgunblaðið	13.246
Pressan	14.442
Tíminn	12.637
Þjóðviljinn	12.637
19. mars. Auglýst ráðstefna um málefni fatlaðra sem haldin var 23. mars 1991:	
Alþýðublaðið	54.158
Dagur	54.158
Morgunblaðið	47.310
Tíminn	46.034
Þjóðviljinn	44.681
Samtals auglýsingakostnaður	**324.577**

Auglýsinga- og kynningarkostnaður fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 nam samtals 1.080.647 kr.

Fyrsta fréttabréf ráðuneytisins kom út haustið 1989. Stefnt hefur verið að því að koma út tveimur tölublöðum á ári. Þessu fylgir talsverður kostnaður en ráðuneytið telur þetta mikilvægt til að kynna þau mál sem unnið er að í ráðuneytinu fyrir þeim fjölmörgu aðilum sem það hefur samskipti við. Fréttabréfinu er m.a. dreift til alþingismanna, sveitarstjórnarmanna, verkalýðsfélaga, samtaka atvinnurekenda, stofnana ráðuneytisins og fjölmiðla.

5. *Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?*

Meginreglan hefur verið sú að gæta jafnræðis milli dagblaðanna varðandi auglýsingar og halda auglýsingakostnaðinum í lágmarki og auglýsa ekki nema brýna nauðsyn beri til.

618. Fyrirspurn [380. mál]

til heilbrigðisráðherra um afleiðingar sumarlokunar sjúkrahúsa.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hefur upplýsingum um fyrirhugaðar sumarlokanir á sjúkrahúsum verið safnað saman á vegum heilbrigðisráðuneytisins?
2. Hefur verið lagt mat á hvað lokanir sjúkrastofnana og einstakra deilda hafi í för með sér fyrir önnur sjúkrahús sem þurfa að taka við auknu álagi vegna þessara lokana?
3. Hefur sérstaklega verið fjallað um lokanir fæðingardeilda og hvernig skuli mæta þeim?
4. Er fyrirhugað að endurskoða áætlanir um niðurskurð fjár til einstakra sjúkrastofnana ef þær verða fyrir auknu álagi vegna lokana á öðrum sjúkrastofnunum?

619. Fyrirspurn [381. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnað við fundaherferð og kynningu á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hver er heildarkostnaður við fundi og kynningar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra innan lands frá 1. janúar til 23. mars 1992? Auk heildarkostnaðar er óskað eftirfarandi sundurliðunar:

a. Heildarkostnaður við auglýsingar í dagblöðum.
b. Heildarkostnaður við auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi.
c. Heildarkostnaður við aðrar auglýsingar.
d. Heildarkostnaður við leigu á fundarsölum og annar beinn kostnaður við fundahald.
e. Heildarferðakostnaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, aðstoðarmanns hans og embættismanna.
f. Annar kostnaður.

Skriflegt svar óskast.

620. Svar [325. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um auglýsinga- og kynningarkostnað sjávarútvegsráðuneytis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður sjávarútvegsráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?*
2. *Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?*
3. *Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?*
4. *Fyrir hvað var greitt?*
5. *Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?*

Samkvæmt bókhaldsgögnum ráðuneytisins eins og sjá má á meðfylgjandi yfirliti nam auglýsingakostnaður sjávarútvegsráðuneytis á greiðslugrunni um 3.041 þús. kr. á árinu 1990 og 2.145 þús. kr. á árinu 1991. Þar af voru greiddar tæpar 815 þús. kr. á tímabilinu janúar til apríl 1991. Kostnaður af útgáfu kynningarbæklings um ný lög um stjórn fiskveiða nam um 1.642 þús. kr. og var greiddur á tímabilinu janúar til júlí 1991.

Núgildandi lög um stjórn fiskveiða voru sett í maí 1990 og tóku gildi 1. janúar 1991. Í þeim var kveðið á um að öll skip, einnig bátar minni en 10 brúttólestir, skyldu fá úthlutað aflamarki. Sú skylda var þar með lögð á ráðuneytið að úthluta öllum smábátum aflamarki. Því þurfti að kynna þessi nýmæli fyrir hugsanlegum rétthöfum, þ.e. smábátaeigendum, og koma skilaboðum til þeirra um fyrirkomulag umsókna og umsóknarfresti. Það var m.a. gert með auglýsingum í útvarpi og blöðum. Í því sambandi ber að geta þess að oft þótti ekki síður rétt að nota landsmálablöð en dagblöð. Þetta nýmæli í lögunum um stjórn fiskveiða skýrir af hverju auglýsingakostnaður á árinu 1990 er hærri en á árinu 1991. Að þessu atriði slepptu auglýsti ráðuneytið bann við netaveiðum, bann við veiðum á ákveðnum tímabilum, reglur um aflamark vegna línuveiða, hvatningar til útgerðarmanna um að skila kvótaskýrslum sem og aflaskýrslum og fleiri þess háttar atriði tengd

fiskveiðistjórnuninni. Þá voru lausar stöður auglýstar, svo og var r/s Hafþór auglýstur til sölu. Þessu til viðbótar voru lög, reglugerðir, gjaldskrár Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Ríkismats sjávarafurða ásamt fleiri stjórnvaldsfyrirmælum birt í Stjórnartíðindum. Á árinu 1991 var til viðbótar hefðbundnum auglýsingum gefinn út bæklingur um stjórn fiskveiða.

Kostnaður af auglýsingum á greiðslugrunni

Fjáhæðir í krónum Viðskiptavinir í stafrófsröð	*1990* *jan-des*	*1991* *jan-des*	 *jan-apríl*
Austurland	27.639	0	0
Bæjarpósturinn	23.904	0	0
BFÖ-blaðið	0	30.000	15.000
Blað h.f.	145.515	45.380	37.910
Blaðaútgáfa Geðhjálpar	0	10.000	0
Blindrafélagið	0	5.000	0
Brekka	0	9.860	9.860
Borgfirðingur	26.145	0	0
Dagbl. Þjóðviljinn	175.844	33.398	33.398
Dagbl. Tíminn	172.556	51.449	37.007
Dagskrá	28.013	0	0
Dagur	130.650	47.839	32.494
DV	30.403	0	0
Exportútgáfan	168.000	0	0
Eystrahorn	28.324	5.665	5.665
Fél. ísl. hugvitsmanna	10.000	0	0
Feykir	20.169	0	0
Fiskiðn	5.000	14.225	8.000
Fiskifélag Íslands	23.033	28.151	28.151
Fjarðarpósturinn	49.302	0	0
Fréttir	20.542	0	0
Frjáls fjölmiðlun	118.354	49.644	36.105
Frjálst framtak	5.700	0	0
Fróði	60.732	11.828	6.225
H-prent	29.880	0	0
Íslensk upplýsing	0	14.824	14.824
Landssamb. lögreglumanna	5.000	0	0
Morgunblaðið	68.051	109.402	29.406
Ósprent-grafiktækni	29.880	0	0
Póstur og sími	29.643	0	0
Rannsóknanefnd sjóslysa	0	10.000	0
Ríkisútvarpið	804.815	780.937	415.543
Sjálfsbjörg - landssamband	5.000	0	0
Sjómannablaðið	0	8.715	0
Sjómannabl. Víkingur	13.470	16.185	7.470
Sjómannabl. Neskaupsstað	10.000	10.000	0
Sjómannadagurinn	0	12.450	0
Sjómannafélag Reykjavíkur	5.000	0	0
Skagablaðið	26.519	0	0
Slysavarnafélag Íslands	5.000	15.000	10.000
Stapaprent	27.191	0	0
Stjórnartíðindi	482.722	775.800	37.800
Stöð tvö	8.093	0	0
Stuðlaprent	16.185	0	0

Fjáhæðir í krónum Viðskiptavinir í stafrófsröð	*1990* *jan-des*	*1991* *jan-des*	 *jan-april*
Suðurland	29.880	0	0
Vestfirðingur	31.600	0	0
Vikublaðið Austri	29.507	49.675	49.675
Víkurblaðið	14.940	0	0
Víkurfréttir	72.384	0	0
Þjóðólfur	26.145	0	0
	3.042.720	2.147.418	814.533

Kostnaður við gerð bæklings um stjórn fiskveiða
greiddur á tímabilinu janúar til júlí 1991

	krónur
Andrína - útlit og hönnun	223.601
Edda - prrentun	744.510
Grafík - Teikniþjónusta	55.950
Hjörtur Gíslason	176.000
Ingvar Nielsson	235.305
Kristinn Benediktsson	27.000
Páll Bjarnason	3.716
Ragnar Árnason	14.847
Sigurgeir Jónsson	140.197
Snorri Snorrason	11.205
Þorkell Helgason	10.000
	1.642.331

621. Frumvarp til laga [135. mál]

um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

(Eftir 2. umr., 24. mars.)

1. gr.

Erlendum skipum eru bannaðar allar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eins og hún er ákveðin í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Erlendum skipum er óheimilt að vinna afla í efnahagslögsögu Íslands.

2. gr.

Fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands mega einir stunda íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hérlendis og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara.

Til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands má aðeins hafa íslensk skip, en íslensk nefnast í lögum þessum þau skip sem skráð eru hér á landi.

3. gr.

Erlendum veiðiskipum er heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skipsins.

Þetta er þó ekki heimilt þegar um er að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis. Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að víkja frá ákvæði þessarar málsgreinar þegar sérstaklega stendur á.

Erlendum veiðiskipum er ávallt heimilt að koma til hafnar þurfi þau á neyðarþjónustu að halda.

4. gr.

Erlent veiðiskip, sem leitar hafnar á Íslandi, skal tilkynna Landhelgisgæslu Íslands fyrirætlan sína við komu inn í íslenska efnahagslögsögu. Jafnframt skal tilkynna Landhelgisgæslunni hvaða veiðar skipið hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til hafnar.

Landhelgisgæslan skal tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um komu erlends fiskiskips sem ætla má að falli undir ákvæði 2. mgr. 3. gr.

5. gr.

Með 1. gr. þessara laga eru ekki skert þau réttindi sem samkvæmt milliríkjasamningum eru veitt öðrum ríkjum.

6. gr.

Með brot gegn ákvæðum 1. mgr. 1. gr. laga þessara skal farið samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 2. gr. þeirra laga. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 33 19. júní 1922, um

rétt til fiskiveiða í landhelgi, ásamt síðari breytingum, og lög nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við þau lög.

622. Lög [290. mál]

um afnám laga nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

(Afgreidd frá Alþingi 24. mars.)

Samhljóða þskj. 489.

623. Lög [56. mál]

um breytingu á lögum um Lyfjatæknaskóla Íslands, lögum um sjúkraliða, lögum um Ljósmæðraskóla Íslands og á ljósmæðralögum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. mars.)

Samhljóða þskj. 616.

624. Fyrirspurn [382. mál]

til utanríkisráðherra um þýðingu á skýrslu Sameinuðu þjóðanna um stöðu kvenna í heiminum 1970–1990.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hefur utanríkisráðherra í hyggju að láta þýða á vegum ráðuneytis síns skýrslu Sameinuðu þjóðanna „Women and Social Trends 1970–1990“ sem út kom á síðastliðnu ári og hefur að geyma yfirgripsmiklar upplýsingar um stöðu kvenna í heiminum?

625. Frumvarp til laga [383. mál]

um breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56 16. maí 1978, með síðari breytingum laga nr. 13/1979, laga nr. 52/1982, laga nr. 33/1984 og laga nr. 6/1989.

Flm: Steingrímur J. Sigfússon, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðast svo:

c. Vinna gegn því að einstaklingar eða fyrirtæki, samtök eða samsteypur fyrirtækja komist í, viðhaldi eða hagnýti sér hvers konar yfirburða- eða einokunaraðstöðu á markaði sem hér eftir nefnist einu nafni markaðsráðandi aðstaða í lögum þessum.

Með markaði er átt við markað fyrir vörur og þjónustu á landinu öllu eða í einstökum landshlutum eftir nánari skilgreiningu í reglugerð.

2. gr.

Í stað „verðlagsráðs“ og „verðlagsstofnunar“ í 1. mgr. 3. gr. laganna, og annars staðar þar sem við á í lögum þessum, kemur: verðlags- og samkeppnisráð og Verðlags- og samkeppnisstofnun.

3. gr.

Við 8. gr. bætist nýr töluliður er orðast svo:

4. Frestun á gildistöku hvers kyns samninga um samstarf eða sameiningu fyrirtækja, um kaup eða yfirtöku eins fyrirtækis á öðru eða ógildingu annarra ákvarðana í allt að þrjá mánuði sem ráðið telur ríka ástæðu til að ætla að leiða mundi til óæskilegrar markaðsráðandi aðstöðu eins aðila eða fleiri tengdra aðila á tilteknu sviði.

4. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Í því skyni að stuðla að þeim markmiðum sem greinir í 1. gr. hefur Verðlags- og samkeppnisstofnun sérstakt eftirlit með fyrirtækjum sem eru ráðandi á markaðnum eða kunna að verða ráðandi vegna tiltekinna ákvarðana eða aðgerða sem fyrirhugaðar eru.

Verðlags- og samkeppnisráð skal sjálft skilgreina hvenær aðstaða eins aðila eða fleiri aðila, sem eru í tengslum eða hafa með sér samstarf, telst markaðsráðandi, en þó skal að staðaldri viðhafa sérstakt eftirlit ef markaðshlutdeild eins aðila eða fleiri tengdra aðila á innanlandsmarkaði er 33 hundraðshlutar eða meira af framleiðslu eða sölu tiltekinnar vöru eða þjónustu, þar með talið samgangna.

Tilkynna skal til Verðlags- og samkeppnisstofnunar allar ákvarðanir markaðsráðandi fyrirtækja um samkeppnishömlur. Einnig er fyrirtækjum skylt að tilkynna til stofnunarinnar áform um samstarf eða samvinnu fyrirtækja, um kaup eða yfirtöku eins fyrirtækis á öðrum eða hvers kyns ákvarðanir aðrar sem leiða til markaðsráðandi aðstöðu eins aðila eða fleiri tengdra aðila. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um eigendur fyrirtækis eða fyrirtækja, vörur og þjónustu sem framleidd er eða seld, verðákvarðanir og viðskiptaskilmála um væntanlegt samstarf eða samvinnu, um kaup eða yfirtöku eða aðrar ákvarðanir sem áhrif geta haft á markaðsstöðu aðila í viðkomandi tilviki.

Þá skal tilkynna til Verðlags- og samkeppnisstofnunar alla samninga og samþykktir um samkeppnishömlur sem aðilar kunna að gera þó að þeir teljist hver fyrir sig ekki vera í markarðsráðandi aðstöðu. Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er þó óheimilt, sbr. 21.–23. gr. Tilkynning um ofangreint efni skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar um nöfn og eigendur fyrirtækja og efni samninga og samþykkta sem í hlut eiga.

Verðlags- og samkeppnisráð getur aflétt ofangreindum skyldum um tilkynningar þar sem aðstæður mæla með á einstökum sviðum viðskipta svo lengi sem ótvírætt er að samkeppni sé næg og verðmyndun eðlileg.

5. gr.

Við 15. gr. laganna bætist: og ekki meðan beitt er frestunarákvæðum 5. tölul. 8. gr.

6. gr.

19. gr. laganna breytist svo:

a. Við 1. mgr. bætast orðin: og annarra atriða sem falla undir skyldu um tilkynningar skv. 14. gr.

b. 3. mgr. orðast svo:

Nú telur verðlags- og samkeppnisráð að markaðsráðandi aðstæður fyrirtækis, samkeppnishömlur eða aðrar aðstæður, sem vikið er að í 14. gr., hafi skaðleg áhrif, og skal ráðið þá fela Verðlags- og samkeppnisstofnun að reyna með samningum að bæta úr því ástandi.

c. 4. mgr. orðast svo:

Nú reynist eigi unnt að taka fyrir hin skaðlegu áhrif með samningum og gefur þá verðlags- og samkeppnisráð nauðsynleg fyrirmæli. Slík fyrirmæli mega taka yfir bæði breytingar og ógildingu að nokkru eða öllu leyti á samningum, samþykktum eða ákvörðunum. Enn fremur geta slík fyrirmæli falið í sér að leysa skuli upp samsteypur fyrirtækja, breyta eignarhlutföllum eða rekstri þannig að úr hinu óæskilega ástandi verði bætt. Reynist samkeppni þá enn ófullnægjandi getur verðlags- og samkeppnisráð beitt ákvæðum 8. gr.

Í fyrirmælum, sem gefin eru skv. 4. mgr., skal tilgreina frá hvaða tíma þau skuli gilda. Nú tekst ráðinu ekki á þeim tíma, sem það hefur til ráðstöfunar skv. 4. tölul. 8. gr., að afstýra hinu óæskilega ástandi með samningum eða fyrirmælum og er því heimilt að beita í annað sinn ákvæðum 4. tölul. 8. gr. og höfða jafnframt mál til ógildingar þeim samningum eða ákvörðunum sem brjóta í bága við lög þessi, sbr. einkum 1. og 14. gr. Frestunarákvæði 4. tölul. 8. gr. gilda þá uns dómur er fallinn.

7. gr.

Á eftir 22. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 23. gr., og orðast svo:

Fyrirtæki, sem telst markaðsráðandi á einu sviði samgangna, er óheimilt að vera ráðandi aðili eða eiga stærri eignarhlut en 25 hundruðustu í öðrum fyrirtækjum sem starfa að samgöngum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 7. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1994.

9. gr.

Fyrirsögn laganna orðist svo: Lög um verðlag og samkeppni.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á gildandi löggjöf um samkeppnishömlur, sem er að finna í lögum nr. 56/1978, með síðari breytingum, í því skyni að breyta skilgreiningu á verksviði verðlagsstofnunar og verðlagsráðs og fela þessum aðilum undir nýju nafni mun meira hlutverk til að tryggja virka samkeppni og koma í veg fyrir fákeppni og einokun.

Breytingarnar eru sniðar að ákvæðum um þessi efni sem er að finna í löggjöf nálægra landa, svo sem í Bretlandi, Danmörku, Bandaríkjunum og víðar, og eiga einnig að vera í allgóðu samræmi við reglur sem gilda um þessi efni innan Evrópubandalagsins.

Flutningsmönnum finnst tímabært að koma þessu efni á dagskrá og til umfjöllunar á Alþingi og því er þetta frumvarp flutt.

Það felur fyrst og fremst í sér breytingar á tveimur meginþáttum laganna um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Það er annars vegar 1. gr. laganna

sem fjallar um markmið og gildissvið þeirra og hins vegar breytingar á IV. kafla þeirra, einkum 14. gr., um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur. Af þessum breytingum leiðir svo aftur nokkrar orðalags- eða efnisbreytingar annars staðar í lögunum.

Rétt er að undirstrika að hér er einungis um að ræða tillögur um breytingar á afmörkuðum þáttum áðurnefndra laga, enda þótt heildarendurskoðun þeirra sé löngu tímabær. Sama má segja um fyrirtækjalöggjöf, lög um verðbréfamarkaði og fleiri lagaákvæði sem snerta starfsumhverfi fyrirtækja, samkeppni og markað. Brýnt er að fram fari heildarendurskoðun og samræming lagaákvæða á þessu sviði til þess að innleiða hér skýrari leikreglur sem tryggja virka samkeppni og hindra fákeppni og hvers kyns óréttmæta viðskiptahætti á þeim hluta markaðarins þar sem samkeppni er ætlað að ráða verðlagi og tryggja eðlilega verðmyndun.

Um efni frumvarpsins að öðru leyti vísast til athugasemda um einstakar greinar auk þess sem nánar verður gerð grein fyrir málinu í framsöguræðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að við 1. gr. laganna bætist nýr stafliður þar sem aukið verði við skilgreiningu laganna og markmið ákvæðum sem fela verðlagsstofnun og verðlagsráði undir breyttu nafni að vinna gegn því að einstaklingar eða fyrirtæki komist í, viðhaldi eða hagnýti sér yfirburða- eða einokunaraðstöðu á markaði. Þannig yrði skýrt tekið fram í lögunum að koma þurfi í veg fyrir að samkeppni takmarkist um of vegna yfirburðaaðstöðu eins aðila eða fleiri tengdra aðila á markaðinum. Einnig er tekið fram í greininni að með markaði geti ýmist verið átt við markað fyrir tilteknar vörur eða þjónustu á landinu öllu eða í einstökum landshlutum og yrðu þá slík sjálfstæð markaðssvæði sem tækju til hluta landsins nánar skilgreind í reglugerð.

Um 2. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að nafni verðlagsráðs og verðlagsstofnunar verði breytt til samræmis við breytt verksvið og nýjar áherslur þar sem dregið hefur úr opinberum verðlagsákvörðunum en umsvif aukist á samkeppnissviðinu.

Í samræmi við þetta er lagt til að verðlagsráð kallist framvegis verðlags- og samkeppnisráð og verðlagsstofnun kallist Verðlags- og samkeppnisstofnun.

Um 3. gr.

Lagt er til að við 8. gr. laganna bætist nýr töluliður og feli hann í sér heimild til handa verðlags- og samkeppnisráði til að fresta gildistöku samninga milli fyrirtækja, sameiningu, kaupum eða yfirtöku eins fyrirtækis á öðrum eða ógilda aðrar ákvarðanir í allt að þrjá mánuði sem ráðið telur ríka ástæðu til að ætla að mundu leiða til þannig markaðsráðandi aðstöðu eins aðila að það sé óæskilegt og andstætt markmiðum laganna. Ljóst er að móta verður ákveðnar reglur til að styðjast við í þessu sambandi, sbr. ákvæði 1. og 4. gr. frumvarpsins, en þar er m.a. gert ráð fyrir að verðlags- og samkeppnisráð skuli sjálft skilgreina hvenær fyrirtæki telst markaðsráðandi.

8. gr. laganna inniheldur öðrum þræði aðgerðarákvæði og er áðurnefnt frestunarákvæði lagt til sem viðbót við þau og til að styrkja möguleika yfirvalda til að grípa til aðgerða. Einkum á það við þegar reynt er að koma í veg fyrir samruna fyrirtækja sem leiða mundu til óæskilegs ástands og takmarkaðrar samkeppni.

Beiting svo róttækra ákvæða gagnvart sjálfstæðum aðilum í viðskiptum er að sjálfsögðu vandasöm, enda yrði ekki gripið til þeirra nema að undangengnum árangurslausum tilraunum til að leysa viðkomandi mál með samkomulagi, sbr. ákvæði 19. gr. laganna.

Um 4. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að 14. gr. gildandi laga orðist upp á nýtt í heild sinni og að verulega verði aukið við hana.

Í 1. mgr. bætist við, til viðbótar þeim ákvæðum sem fyrir eru um eftirlit með fyrirtækjum sem eru ráðandi á markaði, að Verðlags- og samkeppnisstofnun skuli hafa eftirlit með hreyfingum sem leitt geta til markaðsráðandi aðstöðu eins aðila. Þetta yrði stofnuninni kleift að gera vegna þeirrar tilkynningarskyldu fyrirtækja sem vikið er að hér á eftir, en einnig mundi stofnunin hafa vakandi auga með hræringum í viðskiptalífi, einkum á þeim sviðum þar sem samkeppni er af skornum skammti og lítið má út af bera til að óæskileg fákeppni skapist eða við hana bætist. Slíkt ætti við þar sem fá en stór fyrirtæki skipta með sér markaðnum og má sem dæmi taka olíuverslun eða skipaflutninga.

2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er ný af nálinni en hún gerir ráð fyrir að verðlags- og samkeppnisráð skuli sjálft skilgreina og væntanlega setja reglur um það hvenær einhver aðili skuli teljast markaðsráðandi. Þó skuli að staðaldri viðhafa sérstakt eftirlit ef markaðshlutdeild eins aðila, eða fleiri aðila sem tengsl eru á milli, er þriðjungur á einhverju tilteknu sviði.

Þannig er sú leið valin að ákveðið aðvörunarljós, gult ljós, kvikni ef stærð eins aðila á einhverju tilteknu sviði viðskipta fer yfir þessi mörk.

Í 3. mgr. er aukið verulega við, frá því sem er í gildandi lögum, skyldur fyrirtækja til að tilkynna Verðlags- og samkeppnisstofnun um allar ákvarðanir markaðsráðandi fyrirtækja, sem og ákvarðanir eða aðgerðir annarra sem leitt geta til markaðsráðandi aðstöðu. Slík tilkynningarskylda er nauðsynleg til að stofnunin geti fylgst náið með öllum hræringum í viðskiptalífinu en um leið má ætla að slík tilkynningarskylda veiti nokkurt almennt aðhald í þessum efnum. Með því að hafa tilkynningarskyldu af þessu tagi ótvíræða er einnig ljóst að unnt er að ganga harðar fram en ella gagnvart fyrirtækjum sem fara leynt með aðgerðir er skapa þeim markaðsráðandi aðstöðu.

Þrátt fyrir þetta þykir rétt að heimila að aflétta ofangreindum skyldum um tilkynningar þar sem aðstæður mæla með og ótvírætt telst að samkeppni sé næg á viðkomandi sviði, á tilteknu landsvæði o.s.frv. Slík ákvörðun gæti ýmist verið tímabundin eða ótímasett, háð ákveðnum skilyrðum eða bundin við tiltekin landsvæði, allt eftir aðstæðum. Sem dæmi um slíkt gæti verið smásöluverslun á höfuðborgarsvæðinu.

Um 5. gr.

Rétt þykir að taka af tvímæli um það að samningar eða ákvarðanir sem verðlags- og samkeppnisráð ákveður að fresta á grundvelli 4. tölul. 8. gr. laganna, sbr. breytingar skv. 5. gr., séu ógildar á meðan og njóti ekki verndar fyrir dómstólum eins og átt hefur við samkvæmt gildandi lögum um tilkynningarskylda samninga og samþykktir sem ekki hefur verið tilkynnt um.

Um 6. gr.

Verkefni verðlags- og samkeppnisráðs eru samkvæmt þessari grein víkkuð út til samræmis við breytingar skv. 1. og 4. gr. frumvarpsins. Með a-lið er Verðlags- og samkeppnisstofnun falið eftirlit með öllum þeim atriðum sem vikið er að í 14. gr. laganna eins og hún verður eftir breytingar skv. 4. gr. frumvarpsins. B-liður færi undir aðgerða-

skyldu verðlags- og samkeppnisráðs til viðbótar beinum samkeppnishömlum eins og verið hefur, aðrar þær aðstæður sem vikið er að í 14. gr. laganna, sbr. breytingar skv. 4. gr. frumvarpsins.

C-liður 6. gr. frumvarpsins er eins konar úrræði til þrautavara þegar allar aðrar tiltækar ráðstafanir verðlags- og samkeppnisráðs hafa reynst árangurslausar. Þá getur ráðið samkvæmt ákvæðum þessa stafliðar beitt á nýjan leik frestunarákvæðum 4. tölul. 8. gr. laganna, sbr. breytingar skv. 3. gr. frumvarpsins. Sú frestun er þá framkvæmd samhliða málshöfðun og gildir uns dómur er fallinn.

Eðlilegt er að spurningar vakni í þessu sambandi um það hvenær þær aðstæður gætu skapast að verðlags- og samkeppnisráð sæi sig tilknúið að leita til dómstóla og þá á grundvelli hvaða lagaákvæða það yrði gert. Einkum er bent á 1. og 14. gr. laganna í þessu sambandi en að öðru leyti hlyti það að fara eftir aðstæðum og því um hversu augljóst og alvarlegt brot gagnvart efni og anda laganna væri að ræða í viðkomandi tilviki.

Um 7. gr.

Lagt er til að sett verði sérstakt ákvæði til að hindra óæskilega hringamyndun á samgöngusviðinu, en það er þekkt úr löggjöf víða erlendis að sérstakur viðbúnaður sé til að hindra óæskileg tengsl aðila á hinum einstöku samgöngusviðum. Forsenda þess að þróun samgangna geti orðið á heilbrigðum grundvelli er að innri hagsmunaástæður einstakra aðila, sem ráðandi eru á einu eða fleiri sviðum samgangna, trufli slíkt ekki. Með auknu frjálsræði á þessu sviði og afnámi leyfisveitinga og verðlagseftirlits eru ráðstafanir af þessu tagi enn mikilvægari en ella til að tryggja eðlilega og sjálfstæða þróun á hinum einstöku sviðum samgangna, en einnig til að tryggja heilbrigða og óbjagaða verðmyndun.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að rétt þykir að ákvæði 7. gr. frumvarpsins taki ekki gildi fyrr en að undangengnum nokkrum aðlögunartíma til þess að þau fyrirtæki, sem kunna að verða fyrir áhrifum af slíkri breytingu, fái nokkurn tíma til að aðlagast.

Um 9. gr.

Lagt er til að heiti laganna verði einfaldað og fært til samræmis við nýjar nafngiftir verðlagsráðs og verðlagsstofnunar, sem eru verðlags- og samkeppnisráð og Verðlags- og samkeppnisstofnun. Nafngiftin „Lög um verðlag og samkeppni“ lýsir vel hinu tvíþætta meginefni laganna enda felast þá á bak við orðið samkeppni allar þær ráðstafnir sem tryggja eiga að hún, þ.e. samkeppnin, sé fyrir hendi. Löggjöf nágrannalanda dregur ýmist nafn af samkeppnisþættinum (Danmörk, Konkurrenceloven) eða sanngjörnum viðskiptaháttum (England, Fair Trading Act), en hér þótti ástæða til að halda verðlagsþættinum til haga áfram enda hafa lögin stundum gengið undir því nafni (verðlagslögin).

Fylgiskjal I.

Lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

I. kafli. Markmið og gildissvið laganna.

■ **1. gr.** Lög þessi hafa það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna með því að:

a. vinna gegn ósanngjörnu verði og viðskiptaháttum,

b. vinna gegn óréttmætum viðskipta- og samkeppnisháttum svo og samkeppnishömlum, sem hafa í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild.

■ **2. gr.** Lög þessi taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar, þjónustu o. s. frv., án tillits til þess, hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

☐ Lögin taka ekki til launa og starfskjara fyrir vinnu í annarra þjónustu né til húsaleigu. Ákvæði laga þessara um verðlag og samkeppnishömlur ná hvorki til útflutnings né til verðlagningar, sem ákveðin er með sérstökum lögum.

II. kafli. Stjórnsýsla.

■ **3. gr.** Framkvæmd þessara laga skal vera í höndum verðlagsráðs, [þriggja manna nefndar][1] og verðlagsstofnunar.

☐ Í verðlagsráði eru níu menn. Viðskiptaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar og auk þess sex menn, tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Verslunarráðs Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Hæstiréttur Íslands skipar tvo menn í verðlagsráð. Skulu þeir vera óháðir fyrirtækjum og samtökum þeirra, sem lög þessi taka til, og hafa þekkingu á viðskipta- og neytendamálum og kunnáttu í lögfræði eða hagfræði.

☐ [Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 2. mgr. greinar þessarar. Heimilt er ráðherra að skipa 1. og 2. varamann í ráðið samkvæmt ósk þeirra aðila sem tilnefna menn í ráðið skv. 1. mgr.[2] Taka varamenn þá sæti í ráðinu í þeirri röð. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn.][3]

☐ [Verðlagsstjóri er formaður þriggja manna nefndar. Viðskiptaráðherra skipar aðra nefndarmenn, annan skv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og hinn skv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og skulu þeir ekki eiga sæti í verðlagsráði.

☐ Varaformaður þriggja manna nefndar er varaverðlagsstjóri. Aðrir varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 4. mgr. greinar þessarar. Nefndarmenn skulu skipaðir til sama tíma og verðlagsráðsmenn.][4]

☐ Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar og skal viðskiptaráðherra þá skipa í þess stað án tilnefningar.

[1] *L. 52/1982, 1. gr. A.* [2] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera 2. mgr.* [3] *L. 6/1989, 1. gr.* [4] *L. 52/1982, 1. gr. B.*

■ **4. gr.** [Verðlagsráð getur fjallað um öll þau mál er lög þessi taka til og er ákvörðunarvald skv. lögunum í höndum ráðsins. Þriggja manna nefndin undirbýr mál sem lögð skulu fyrir verðlagsráð. Nefndinni er jafnframt heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál sem þurfa skjótrar úrlausnar við, enda samþykki allir nefndarmenn þær ákvarðanir. Ef slíkar ákvarðanir hljóta eigi samþykki verðlagsráðs á næsta fundi ráðsins falla þær sjálfkrafa úr gildi. Verðlagsráð getur að meira eða minna leyti falið þriggja manna nefndinni og verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt eftir afmörkuðum reglum, sem ráðið setur.][1]

☐ Enginn maður í verðlagsráði má taka þátt í úrlausn máls, sem beinlínis varðar fyrirtæki, þar sem hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta. Ráðið úrskurðar, hvort ráðsmaður sé vanhæfur til þess að taka þátt í meðferð máls.

☐ Verðlagsráð getur ákveðið, að aðilar, sem fara með verðákvarðanir samkvæmt sérstökum lögum, sbr. 2. málsgr. 2. gr., tilkynni því verðákvarðanir sínar.

[1] *L. 52/1982, 2. gr.*

■ **5. gr.** Verðlagsstofnun annast dagleg störf verðlagsráðs. Viðskiptaráðherra skipar verðlagsstjóra, sem veitir stofnuninni forstöðu. Verðlagsstjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi verðlagsráðs án atkvæðisréttar.

☐ Verðlagsstofnun getur kvatt til sérstaka kunnáttumenn að svo miklu leyti sem það þykir nauðsynlegt.

☐ Starfsmenn verðlagsstofnunar mega eigi hafa hagsmuna að gæta í þeim málum, sem stofnunin fjallar um. Sama gildir um þá sérstöku kunnáttumenn, sem stofnunin kallar til, í þeim málum, sem þeir fjalla um.

☐ Við verðlagsstofnun skal starfa sérstök deild, neytendamáladeild, er annast framkvæmd V. kafla laga þessara.

■ **6. gr.** Verðlagsstofnun getur krafist allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sinnar og kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Enn fremur hefur verðlagsstofnun rétt til að kanna reikninga og bókhald svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir.

☐ Verðlagsstofnun getur í starfi sínu krafist skýrslna frá öðrum stjórnvöldum, þ. á m. frá skattyfirvöldum svo og tollyfirvöldum.

■ **7. gr.** Við lausn efnahagsmála er ríkisstjórninni heimilt að beita þeim aðgerðum, er greinir í 3. tölulið 2. málsgr. 8. gr. laga þessara, sem þætti í þeirri lausn. Skal ríkisstjórnin áður leita álits verðlagsráðs um slíkar aðgerðir. Jafnframt getur ríkisstjórnin þá falið verðlagsstofnuninni að annast nauðsynlegt eftirlit með ákvörðunum sínum.

III. kafli. Verðákvarðanir.

■ **8. gr.** [Þær samþykktir um hámarkssálagningu, hámarksverð og aðra verðlagningu, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu gilda áfram. Verðlagsráð getur tekið ákvarðanir um breytingar á þessum samþykktum og þegar samkeppni er að mati ráðsins nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag, getur það fellt verðlagningu á vöru og þjónustu undan verðlagsákvæðum.

☐ Nú hafa verðlagsákvæði verið afnumin og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir. Nú er samkeppni takmörkuð

að mati verðlagsráðs á sviði þar sem verðlagning er ekki undir verðlagsákvæðum, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, og getur þá ráðið ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki sem um ræðir í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Setningu annarra reglna um verðlagningu og viðskiptakjör sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.][1]

[1] *L. 52/1982, 4. gr.*

■ **9. gr.** Þegar verðlagsákvörðunum er beitt er sala milli heildverslana innbyrðis og smávöruverslana innbyrðis (keðjuverslun) bönnuð, nema slík verslun sé gerð án álagningar eða með sanngjarnri álagningu að mati verðlagsráðs.

■ **10. gr.** Þegar ákvæði eru sett samkvæmt 8. gr., skal áður að því gætt, hvort önnur tiltæk ráð henti betur gagnvart þeim samkeppnishömlum, sem um er fjallað, sbr. 13. og 19. gr.

□ Ákvæði samkvæmt 1., 2. og 4. tl. 2. mgr. 8. gr. skulu í tilvikum, sem ekki falla undir IV. kafla, gilda takmarkað tímabil í senn, eftir því sem kostur er.

■ **11. gr.** Verðlagsstofnun getur í samráði við fyrirtæki eða samtök þeirra sett reglur um verðjöfnun í því skyni að tryggja stöðugt verð. Reglur þessar skulu lagðar fyrir verðlagsráð til staðfestingar.

■ **12. gr.** [Verðákvarðanir samkvæmt 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.][1]

[1] *L. 13/1979, 60. gr.*

■ **13. gr.** [Verðlagsstofnun skal í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð, verðmyndun og verðþróun á einstökum vöru- og þjónustuflokkum og gera samanburðarkannanir á verði milli seljenda.

□ Skal stofnunin rannsaka sérstaklega verðmyndun og verðþróun í þeim þjónustugreinum þar sem verðlagning er frjáls en þjónustan seld skv. samræmdri, leiðbeinandi verðskrá.

□ Verðlagsstofnun skal birta opinberlega greinargerðir og fréttatilkynningar um framangreindar kannanir á þann veg að þær séu öllum aðgengilegar, svo og að upplýsa helstu breytingar á hinu opinbera verðmyndunarkerfi.][1]

[1] *L. 33/1984, 1. gr.*

IV. kafli. Markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur.

■ **14. gr.** Í því skyni að stuðla að þeim markmiðum, sem greinir í 1. gr., hefur verðlagsstofnun eftirlit með fyrirtækjum, sem eru ráðandi á markaðnum, og ákvörðunum, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Eftirlitið tekur og til samninga og samþykkta um samkeppnishömlur.

□ Tilkynna skal til verðlagsstofnunar, samkvæmt kröfu [verðlagsráðs],[1] sbr. 4. gr., markaðsráðandi fyrirtæki og ákvarðanir, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um helstu eigendur fyrirtækisins, hvaða vörur eða þjónustu fyrirtækið framleiðir eða selur, svo og verðákvarðanir fyrirtækisins, viðskiptaskilmála og ákvarðanir um samkeppnishömlur.

□ Samninga og samþykktir um samkeppnishömlur, er varða framleiðslu, sölu eða flutninga, skal tilkynna verðlagsstofnun eftir kröfu [verðlagsráðs].[1] Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er þó óheimilt, sbr. 21. – 23. gr.

□ Í tilkynningu skal greina samninginn eða samþykktina orðrétt, nöfn og heimilisföng á þeim fyrirtækjum, sem samningurinn eða samþykktin nær til, svo og verð, afslátt, aðra viðskiptaskilmála og samkeppnishömlur, sem kveðið er á um í samningnum eða samþykktinni.

□ Breytingar á því, sem tilkynnt hefur verið, skal tilkynna, áður en þær ganga í gildi.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

■ **15. gr.** Samningar og samþykktir, sem tilkynningarskyldar eru, sbr. 3. mgr. 14. gr., eru ógildar og njóta ekki verndar fyrir dómstólum, nema tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt.

■ **16. gr.** Verðlagsstofnun heldur skrá yfir tilkynningar, sem henni berast samkvæmt ákvæðum 14. gr., og skal sjá um, að tilkynningar, ásamt fylgiskjölum, séu aðgengilegar öllum þeim, sem óska að kynna sér þær.

□ [Verðlagsráð][1] getur ákveðið, að farið sé með tilkynningar og fylgiskjöl að öllu eða nokkru leyti sem trúnaðarmál, og gerir verðlagsstjóri nauðsynlegar ráðstafanir til að þeirri ákvörðun sé framfylgt.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

■ **17. gr.** Nánari ákvæði um tilkynningarskyldu og gögn þau, sem fylgja skulu tilkynningu, fresti til tilkynningar, samkvæmt 14. gr. skal setja í reglugerð.

■ **18. gr.** [Verðlagsráð getur ákveðið að verði og álagningu, sem ákveðin hefur verið af markaðsráðandi fyrirtækjum eða með samningum eða samþykktum, megi ekki breyta án leyfis ráðsins.][1]

[1] *L. 52/1982, 3. gr. C.*

■ **19. gr.** Verðlagsstofnun skal sjá um, að reglum um tilkynningu samkvæmt 14. gr. og reglugerð samkvæmt 17. gr. sé fylgt. Enn fremur skal verðlagsstofnun kanna áhrif samkeppnishamla.

□ Skýrslur stofnunarinnar um samkeppnishætti skal leggja fyrir [verðlagsráð].[1]

□ Nú telur [verðlagsráð][1] að samkeppnishömlur hafi skaðleg áhrif, og skal hún þá fela verðlagsstofnun að reyna með samningum að binda enda á þau.

□ Nú reynist eigi unnt að taka fyrir hin skaðlegu áhrif með samningum og gefur þá [verðlagsráð][1] nauðsynleg fyrirmæli. Slík fyrirmæli mega taka yfir bæði breytingar og ógildingu að nokkru eða öllu leyti á samningum, samþykktum eða ákvörðunum. [Reynist samkeppni þá enn ófullnægjandi getur verðlagsráð beitt ákvæðum 8. gr.][2]

□ Í fyrirmælum, sem gefin eru samkvæmt 4. mgr., skal tilgreina frá hvaða tíma þau skulu gilda.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. A.* [2] *L. 52/1982, 3. gr. D.*

■ **20. gr.** Samkeppnishömlur teljast skaðlegar, þegar þær hafa ósanngjörn áhrif á verðmyndun og atvinnustarfsemi eða koma í veg fyrir bestu hagnýtingu í framleiðslu, vörudreifingu og þjónustu.

□ Skaðleg áhrif geta verið fólgin í ósanngjörnu verði,

álagningu eða viðskiptaskilmálum, ósanngjarnri takmörkun á frelsi til atvinnurekstrar eða ósanngjörnum mismun í viðskiptakjörum.

☐ Mat á því, hvort verð og álagning sé ósanngjörn, skal byggt á ákvæðum 12. gr.

■ **21. gr.** Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er óheimilt, þegar verðlagning er frjáls. ...[1)]

[1)] *L. 52/1982, 3. gr. E.*

■ **22. gr.** Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja við gerð tilboða er óheimilt.

■ **23. gr.** Óheimilt er að ákveða, samþykkja eða semja um ófrávíkjanlegt lágmarksverð (brúttóverð) eða álagningu, er gilda skuli við endursölu á næsta sölustigi.

■ **24. gr.** [Verðlagsráð][1)] getur veitt undanþágu frá ákvæðum 21. – 23. gr. Undanþágur má veita, ef samningar, samþykktir eða ákvarðanir, sem um ræðir í 21. – 23. gr., eru talin nauðsynleg:

a. til að viðhalda samvinnu milli fyrirtækja, sem talin er leiða til lækkunar á kostnaði eða aukinna gæða framleiðsluvara eða stuðla að æskilegri hagræðingu,

b. til að vernda fyrirtæki gegn óæskilegum eða þjóðfélagslega skaðlegum samkeppnisháttum,

c. vegna sérstakra ástæðna, er samræmast þjóðarhagsmunum.

☐ Umsóknir um undanþágur samkvæmt grein þessari skulu vera skriflegar.

[1)] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

■ **25. gr.** [Verðlagsráð][1)] getur skyldað fyrirtæki til að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu, ef synjun um sölu telst skaðleg fyrir samkeppnishætti, sbr. 20. gr. Sala gegn óvenjulegum skilmálum jafngildir synjun. Synjun telst óréttmæt, þegar slík viðskipti eru venjulega opin svipuðum fyrirtækjum og kaupendur treysta á framboð viðkomandi fyrirtækis, þar sem ekki er kostur á öðrum fullnægjandi og hagkvæmum viðskiptum og kaupandi er reiðubúinn og getur mætt öllum venjulegum skilmálum um greiðslu og magn.

☐ Áður en fyrirmæli um söluskyldu eru gefin út, skal verðlagsstofnun athuga nánar málsatvik með tilliti til, hvort seljandinn hafi hlutlæg og sanngjörn rök fyrir synjun sinni.

☐ Komist [verðlagsráð][1)] að þeirri niðurstöðu, að um sé að ræða skaðleg áhrif á samkeppnishætti, skal fyrst reyna í samráði við málsaðila að binda enda á sölusynjunina. Takist það ekki, skal [verðlagsráð][1)] gefa út fyrirmæli um, að innan nánar tilgreinds tíma skuli sala gegn venjulegum skilmálum fara fram. Seljandi getur þó alltaf krafist staðgreiðslu eða tryggingar fyrir greiðslu.

[1)] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

V. kafli. Óréttmætir viðskiptahættir og neytendavernd.

■ **26. gr.** Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr., er óheimilt að hafast nokkuð það að, sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti, sem tíðkaðir eru í slíkri starfsemi, eða er óhæfilegt gagnvart neytendum.

■ **27. gr.** Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum, sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess, sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi, sem lög þessi taka til, sbr. 2. gr.

☐ Nú eru upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir óhæfilegar gagnvart öðrum atvinnurekendum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess, að skírskotað er til óviðkomandi mála og eiga þá ákvæði 1. mgr. við.

☐ Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um félög og samtök, sem vinna að hagsmunum atvinnurekenda og neytenda.

■ **28. gr.** Nú er vara, þjónusta eða annað það, sem í té er látið og lög þessi taka til, þannig úr garði gert, að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t. d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu, sem af vöru eða öðru getur stafað, og ber þá að veita fullnægjandi leiðbeiningar, þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu. Leiðbeiningarnar skulu miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vöru, þjónustu eða annars þess, sem í té er látið.

■ **29. gr.** Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa, að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda betri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

■ **30. gr.** Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt, sem sá hefur ekki rétt til, er notar eða rekur atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt, að leitt geti til þess, að villst verði á því og öðru einkenni, sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

■ **31. gr.** Óheimilt er við framboð vara, þjónustu eða annars þess, sem látið er í té og lög þessi taka til, að bjóða neytendum kaupbæti eða eitthvað það, sem jafna má til kaupbætis, nema verðmæti það, sem í kaupbætinum felst, sé óverulegt. Auglýsingar um kaupbæti, sem óheimill er samkvæmt ákvæðum 1. málsl., eru bannaðar.

☐ Greiðsla, sem að öllu leyti er sömu tegundar og aðalgreiðslan, telst ekki kaupbætir.

■ **32. gr.** Óheimilt er að bjóða neytendum annað en peninga gegn afhendingu merkis eða annars skilríkis, sem afhent er við sölu vöru eða þjónustu.

☐ Nú veitir merki eða skilríki aðeins rétt til eftirlits, viðgerðar eða því um líks á hinu selda og eiga þá ákvæði 1. mgr. ekki við.

■ **33. gr.** Óheimilt er í því skyni að örva sölu á vöru, þjónustu eða öðru því, sem í té er látið og lög þessi taka til, að úthluta vinningum með hlutkesti, í formi verðlaunasamkeppni eða á annan hliðstæðan hátt, þar sem tilviljun ræður að öllu leyti eða að hluta, hver niðurstaðan verður.

☐ Útgefendum blaða og tímarita er þó heimilt að úthluta vinningum með hlutkesti í sambandi við lausn verðlaunasamkeppni.

■ **34. gr.** Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr., er óheimilt að hafa áhrif á starfsmann annars eða þann, sem kemur fram á hans vegum, með gjöfum eða öðrum hlunnindum eða loforðum um slíkt, sé það gert án vitundar hins síðastnefnda og í þeim tilgangi að afla gefandanum eða öðrum forréttinda í viðskiptum eða hlunninda fram yfir aðra, enda sé gjöfin eða hlunnindin fallin til þess.

☐ Nú eru gjafir gefnar eða hlunnindi veitt, eftir að

brotið hefur verið gegn starfsskyldum á þann hátt, sem greinir í 1. mgr., og eiga þá ákvæði 1. mgr. við, ef telja verður ávinninginn óhæfilega umbun.

■ **35. gr.** Óheimilt er í atvinnustarfsemi, er lög þessi taka til, að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

□ Sá, sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því, að starfi er lokið eða samningi slitið.

□ Þeim, sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir *uppdráttum, lýsingu, uppskriftum*, líkönum eða þess háttar, er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

□ Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt, að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1. – 3. mgr. greinar þessarar, og er atvinnurekendum þá óheimilt að færa sér það í nyt.

■ **36. gr.** Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna, að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

□ Þess skal gætt, að greinilegt sé með verðmerkingum, hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

■ **37. gr.** Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur, sem merktar eru sjálfar, eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

□ Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess, sem í té er látið og lög þessi taka til, er óheimilt að nota í heimildarleysi íslenska ríkisskjaldarmerkið og skjaldarmerki íslenskra sveitarfélaga svo og erlend ríkisskjaldarmerki.

□ Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna, ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum, skjaldarmerki íslenska ríkisins eða öðrum hliðstæðum, þjóðlegum auðkennum eða skírskotað til þeirra á annan hátt.

■ **38. gr.** [Verðlagsráð][1] getur bannað athafnir, sem brjóta í bága við ákvæði 26. og 27. gr. Banni má fylgja ákvörðun um févíti, sem kemur til framkvæmda, ef bannið er brotið. Févíti má innheimta með lögtaki.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

■ **39. gr.** Verk, sem felur í sér brot á banni að viðlögðu févíti, varðar ekki refsingu eftir lögum þessum.

■ **40. gr.** Bann samkvæmt 38. gr. skal tekið til meðferðar eftir umsókn verðlagsstofnunar. Ákveði verðlagsstofnun í ákveðnu tilfelli að sækja ekki um bann, getur sá gert það, sem hefur á boðstólum vörur, þjónustu eða *annað, sem í té er látið og lög þessi taka til, og málið* snertir eða samtök þeirra, sem það hafa, samtök neytenda og launþega.

■ **41. gr.** Ákvörðun um bann samkvæmt þessum kafla er því ekki til fyrirstöðu, að sama mál sé tekið til meðferðar á ný, þegar breyttar aðstæður eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til þess.

■ **42. gr.** Við sérstakar aðstæður má leggja á bann til bráðabirgða, sem gildir til þess tíma, er endanleg ákvörðun liggur fyrir. Endanlega ákvörðun verður að taka innan sex vikna frá því að bann til bráðabirgða var lagt á.

■ **43. gr.** Máli um bann við athöfn, er brýtur í bága við ákvæði 26. – 27. gr., *getur verðlagsstofnun lokið með* sátt, ef það er ekki mikilvægt.

□ Sáttin felst í því, að fyrir þann, sem talinn er hafa unnið verk, sem fellur undir 26. eða 27. gr., eru til samþykktar strax eða innan ákveðins tíma lögð fyrirmæli um bann að viðlögðu févíti við að halda verknaðinum áfram eða framkvæma annan slíkan verknað.

□ Nú hefur sátt komist á og gildir hún þá sem bann samkvæmt ákvörðun [verðlagsráðs][1] samkvæmt 38. gr. *Viðurkenning, sem gerð er eftir að sá tími er liðinn, sem* til þess var settur í sáttaboðinu, hefur þá ekkert gildi.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

■ **44. gr.** Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessa kafla.

VI. kafli. Almenn ákvæði.

■ **45. gr.** Verðlagsstofnun setur reglur um verðmerkingar og verðskrár og getur ákveðið, að tilteknar vörur skuli bjóða til sölu í nánar tilgreindum einingum. Enn fremur getur verðlagsstofnun sett reglur um verðupplýsingar á vörur, sem seldar eru gegn afborgun. Þessar reglur geta bæði tekið til auglýsinga og verðmerkingar í verslunum.

□ Verðlagsstofnun getur sett reglur um sölureikninga og önnur gögn um verðlagningu.

□ [Þeim aðilum, sem flytja inn vörur til endursölu, er skylt að senda verðlagsstofnun verðútreikninga yfir þær vörur sem þeir flytja inn og skulu útreikningar hafa borist stofnuninni eigi síðar en 15 dögum eftir að vara er tollafgreidd. Verðlagsstofnun getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar mgr.

□ Óheimilt er að hefja sölu á vöru, sem er háð verðlagsákvæðum, fyrr en söluverð hennar hefur verið staðfest af verðlagsstofnun. Einnig er óheimilt að hefja sölu á öðrum vörum fyrr en verðútreikningur er kominn til verðlagsstofnunar.][1]

[1] *L. 52/1982, 5. gr. A.*

■ **46. gr.** Hafi fyrirtæki hagnast af aðgerðum, sem brjóta í bága við ákvarðanir verðlagsráðs ...[1] eða verðlagsstofnunar, getur verðlagsráð ákveðið, að hagnaður umfram þann, sem til var ætlast, komi til frádráttar við ákvörðun verðs eða álagningar síðar.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. B.*

VII. kafli. Meðferð og áfrýjun mála.

■ **47. gr.** Verðlagsstofnun skal eftir því, sem kostur er, ráðgast við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra, áður en ákvarðanir eru teknar varðandi verð, samkeppnishömlur eða óréttmæta viðskiptahætti.

□ Nefndir aðilar og samtök þeirra geta lagt skriflegar greinargerðir fyrir verðlagsráð ...[1] Greinargerðum skal skilað *til verðlagsstofnunar innan þess frests, sem hún* ákveður.

□ Ákvarðanir skulu tilkynntar hlutaðeigandi aðilum skriflega.

□ Fundir verðlagsráðs ...[1] skulu haldnir fyrir luktum dyrum.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. B.*

■ **48. gr.** Nú vill aðili ekki una ákvörðun [verðlags-

ráðs][1] og getur hann þá borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að aðili fékk vitneskju um ákvörðun. Málshöfðun frestar ekki gildistöku ákvörðunar.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

■ **49. gr.** [Hver sá, sem vanrækir að láta verðlagsstofnun í té umbeðnar og nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laga þessara, skal sæta viðurlögum skv. 52. gr.][1]

□ ...[1]

[1] *L. 6/1989, 2. gr.*

■ **50. gr.** Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að skýra óviðkomandi aðilum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

VIII. kafli. Birting.

■ **51. gr.** Þær ákvarðanir verðlagsráðs, [þriggja manna nefndar][1] og verðlagsstofnunar, sem almenning varða, svo og athuganir samkvæmt ákvæðum 13. gr. skulu birtar á þann hátt, sem ákveða skal með reglugerð. Enn fremur skal birta yfirlit um tilkynningar þær, sem verðlagsstofnun berast samkvæmt 14. gr.

□ Áður en niðurstöður athugana samkvæmt ákvæðum 13. gr. eru birtar, skulu þær kynntar samtökum hlutaðeigandi aðila.

[1] *L. 52/1982, 3. gr. A.*

IX. kafli. Refsiákvæði, gildistaka o. fl.

■ **52. gr.** Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Heimilt er að beita sektum jafnframt refsivist eftir því sem við á samkvæmt 49. gr. almennra hegningarlaga.

□ Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga.

□ Svipta má sökunaut rétti til að stunda starfsemi, er opinbert leyfi eða löggildingu þarf til, um tiltekinn tíma allt að 5 árum eða ævilangt.

□ Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil.

■ **53. gr.** Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

□ Um kvaðningu sérfróðra meðdómenda gilda almennar reglur.

□ Hraða skal eftir föngum meðferð mála vegna brota á lögum þessum. Héraðsdómarar skulu án tafar tilkynna verðlagsstofnuninni málalok samkvæmt 112. – 114. gr. laga um meðferð opinberra mála.

□ Það skal talið fullframið brot gegn ákvæðum um hámarksverð eða hámarksálagningu, ef vara hefur verið verðmerkt og jafnframt boðin til sölu í neytendaumbúðum með hærra verði en magn hennar heimilar, þótt ekki sé sönnuð sala hennar.

□ [Það skal talið fullframið brot gegn ákvæðum 4. mgr. 45. gr. um skil á verðútreikningum til verðlagsstofnunar, ef liðnir eru 15 dagar frá tollafgreiðslu vara, sem skylt er að skila verðútreikningum fyrir, og skyldunni hefur ekki verið fullnægt.][1]

[1] *L. 52/1982, 5. gr. B.*

■ **54. gr.** Lög þessi skulu öðlast gildi [1. nóvember 1979],[1] og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a. Lög nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál, með síðari breytingum.

b. Lög nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum.

c. 10. gr. laga nr. 13 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur o. fl.

d. Lög nr. 77 14. nóvember 1917, um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

e. Lög nr. 30 9. janúar 1935, um heimild til handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

f. Lög nr. 11 27. júní 1921, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda o. fl.

g. Lög nr. 70 12. júní 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði.

h. Lög nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

i. Önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

□ ...[2]

[1] *L. 102/1978, 1. gr.* [2] *L. 36/1987, 8. gr.*

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu halda gildi sínu áfram, þar til verðlagsráð hefur tekið afstöðu til þeirra.

■ **[II.** Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal verðlagning á orku frá orkuvinnslufyrirtækjum og dreifiveitum falla undir ákvæði laga þessara á tímabilinu frá 1. mars 1989 til 1. september 1989.][1]

[1] *L. 6/1989, 3. gr.*

Lög um stjórn efnahagsmála o. fl.[1]

[1] *Rg. 405/1979, sbr. 534/1980.*

...

X. kafli. Um verðlagsmál.

■ **57. gr.** Skrifstofa verðlagsstjóra (Verðlagsstofnunin) skal í því skyni að örva verðskyn neytenda efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um. Í þessu efni skal taka upp samstarf við samtök neytenda og launafólks, m. a. um eftirlit og skýrslugjöf.

■ **58. gr.** Skrifstofa verðlagsstjóra (Verðlagsstofnunin) skal gera reglulega athuganir á innflutningsvöruverði og bera það saman við verð í öðrum löndum eftir því sem kostur er og birta niðurstöður slíkra athugana almenningi.

■ **65. gr.** ... Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ... X. kafla.

■ **66. gr.** Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

Fylgiskjal II.

Reglur Rómarsáttmálans um samkeppni.
(Úr bók Stefáns Más Stefánssonar *Evrópuréttur*.)

3. hluti
STEFNA BANDALAGSINS

I. bálkur
Sameiginlegar reglur

1. kafli
REGLUR UM SAMKEPPNI

1. undirkafli
Reglur um fyrirtæki

85. gr. 1. Allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samhæfðir viðskiptahættir fyrirtækja, sem geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og hafa að markmiði, eða það leiðir af þeim, að útiloka, hamla eða spilla samkeppni innan hins sameiginlega markaðar, eru ósamrýmanlegir sameiginlegum markaði og bannaðir. Þetta á sérstaklega við samninga sem:

(a) kveða á um kaup- eða söluverð eða aðra viðskiptaskilmála með beinum eða óbeinum hætti;

(b) takmarka eða stýra framleiðslu, sölu, tækniþróun eða fjárfestingu;

(c) skipta mörkuðum eða aðföngum á milli aðila;

(d) mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sambærilegum viðskiptum og rýra þannig samkeppnisstöðu þeirra;

(e) gera það að skilyrði fyrir samningsgerð að viðsemjandi taki á sig viðbótargreiðslur, sem í eðli sínu eða samkvæmt viðskiptavenju eru án tengsla við efni slíks samnings.

2. Ákvarðanir og samningar sem eru bannaðir samkvæmt þessari grein hafa engin réttaráhrif.

3. Ákveða má að ákvæði 1. mgr. verði ekki beitt um:

— sérhvern samning eða flokka samninga milli fyrirtækja;

— sérhverja ákvörðun eða flokka ákvarðana samtaka fyrirtækja; og

— sérhvern viðskipahátt eða flokka þeirra;

sem stuðla að bættri framleiðslu eða betri dreifingu á vörum eða efla tækni- eða efnahagsframþróun, þar sem neytendum er veitt sanngjörn hlutdeild í ávinningi sem af þeim leiðir og án þess að:

(a) leggja hömlur á fyrirtæki, sem málið varðar, og ekki eru nauðsynlegar til þess að ná þessum markmiðum;

---

1 1. málsl. í 2. tölul. eins og honum var breytt með 5. tölul. 16. gr. Evrópsku einingarlaganna.

2 2. mgr. 2. tölul. hér eins og henni var breytt með 6. tölul. 16. gr. Evrópsku einingarlaganna.

(b) gera þessum fyrirtækjum kleyft að útiloka samkeppni að því er varðar megnið af viðkomandi vöru.

86. gr. Misnotkun, eins eða fleiri fyrirtækja, á markaðsráðandi aðstöðu á sameiginlega markaðinum eða verulegum hluta hans er bönnuð og ósamrýmanleg hinum sameiginlega markaði að svo miklu leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkja.

Slík misnotkun getur einkum falist í:

(a) beinni eða óbeinni þvingun til ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða annarra ósanngjarnra viðskiptaskilmála;

(b) takmörkun framleiðslu, sölu eða tækniþróunar til tjóns fyrir neytendur;

(c) að mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sambærilegum viðskiptum og rýra þannig samkeppnisstöðu þeirra;

(d) að gera það að skilyrði fyrir samningsgerð að viðsemjandi taki á sig viðbótargreiðslur, sem í eðli sínu eða samkvæmt viðskiptavenju, eru án tengsla við efni slíks samnings.

87. gr. 1. Innan þriggja ára frá gildistöku þessa samnings samþykkir ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópska þingið, með samhljóða ályktun, nauðsynlegar reglugerðir eða tilskipanir til að hrinda í framkvæmd þeim meginreglum sem um getur í 85. og 86. gr.

Hafi slíkar reglur ekki verið samþykkar innan framangreinds frests, setur ráðið þær með auknum meirihluta, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og eftir að hafa ráðfært sig við Evrópska þingið.

2. Reglugerðirnar og tilskipanirnar sem um getur í 1. tölul. skulu sérstaklega til þess ætlaðar að:

(a) tryggja það að virt verði bann það sem mælt er fyrir um í 1. tölul. 85. gr. og í 86. gr., með því að kveða á um sektir og févíti;

(b) setja nákvæmar reglur um hvernig beita skuli 3. tölul. 85. gr. og taka jafnframt mið af nauðsyn á virku eftirliti og að einfalda stjórnsýslueftirliti eins og verða má;

(c) kveða nánar á um gildissvið ákvæðanna í 85. og 86. gr. fyrir ýmsar atvinnugreinar eftir því sem þörf er á;

(d) ákveða skiptingu verkefna milli framkvæmdastjórnarinnar annars vegar og dómstólsins hins vegar við beitingu þeirra ákvæða sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein;

(e) ákvarða tengsl milli landslaga og ákvæðanna í þessum þætti eða sem samþykkt verða samkvæmt þessari grein.

88. gr. Þar til reglurnar sem samþykktar kunna að verða samkvæmt 87. gr. öðlast gildi, skulu stjórnvöld í aðildarríkjunum úrskurða um lögmæti samninga, ákvarðana eða samhæfðra viðskiptahátta og um misnotkun á markaðsráðandi aðstöðu á sameiginlega markaðnum, í samræmi við landslög og í samræmi við ákvæðin í 85. gr, sérstaklega 3. tölul., og í samræmi við 86. gr.

89. gr. 1. Með hliðsjón af ákvæðum 88. gr. skal framkvæmdastjórnin, jafnskjótt og hún hefur störf, gæta þess að meginreglum þeim, sem um getur í 85. og 86. gr., sé beitt. Að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði og í samvinnu við þar til bær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sem veita skulu liðsinni sitt, skal framkvæmdastjórnin rannsaka mál þar sem grunur leikur á að meginreglurnar séu brotnar. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að um réttarbrot sé að ræða gerir hún tillögur um viðeigandi ráðstafanir til að binda enda á það.

2. Sé ekki bundinn endi á réttarbrotið ákveður framkvæmdastjórnin með rökstuddri ákvörðun að brot gegn meginreglunum hafi átt sér stað. Framkvæmdastjórnin getur birt ákvörðunina og heimilað aðildarríkjum að gera nauðsynlegar ráðstafanir með þeim skilmálum og nánari útfærslu sem hún ákveður.

90. gr. 1. Nú eiga í hlut opinber fyrirtæki eða fyrirtæki sem njóta sérstakra réttinda eða einkaréttar í aðildarríkjunum og skulu þá aðildarríkin hvorki gera né viðhalda neinum þeim ráðstöfunum sem andstæðar eru reglum samkvæmt samningi þessum, einkum reglunum í 7. gr. og 85.–94. gr.

2. Fyrirtækjum, sem falið er að starfrækja þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu eða hafa einkenni fyrirtækja sem starfa í skjóli einkaleyfis til fjáröflunar í þágu ríkisins, lúta reglunum í samningi þessum, einkum samkeppnisreglunum, að því marki sem beiting reglnanna kemur ekki í veg fyrir að þau geti leyst af hendi það hlutverk sem þeim er ætlað, lagalega eða raunverulega. Áhrifin á framþróun viðskipta mega ekki vera slík að andstætt sé hagsmunum bandalagsins.

3. Framkvæmdastjórnin gætir þess að ákvæðunum í þessari grein sé fylgt og beinir, sé þess þörf, viðeigandi tilskipunum eða ákvörðum til aðildarríkjanna.

2. undirkafli
Undirboð

91. gr. 1. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu á aðlögunartímanum, annað hvort að beiðni aðildarríkis eða annars hagsmunaaðila, að undirboð eigi sér stað á sameiginlega markaðnum þá beinir hún tilmælum til þess eða þeirra sem slíkt stunda að þeir láti af þeirri iðju.

Sé undirboðum engu að síður haldið áfram heimilar framkvæmdastjórnin því aðildarríki er skaðast á þeim að grípa til verndarráðstafana með þeim skilmálum og nánari útfærslu sem hún ákveður.

2. Jafnskjótt og samningurinn tekur gildi má flytja þær vörur, sem eiga uppruna sinn í einhverju aðildarríki eða eru þar í fríverslun og hafa verið fluttar til annars aðildarríkis, aftur til upprunalandsins án þess að lögð séu á þær tollur eða magntakmarkanir eða ráðstafanir gerðar sem hafa sömu áhrif. Framkvæmdastjórnin gefur út viðeigandi reglur um beitingu ákvæða þessa töluliðar.

3. Undirkafli
Ríkisstuðningur

92. gr. 1. Sé annað ekki tekið fram í samningnum er stuðningur, veittur af aðildarríki eða af ríkisfjármunum, í hvaða formi sem er, ósamrýmanlegur hinum sameiginlega markaði að því leyti sem hann hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna, ef hann brenglar eða getur brenglað samkeppni með því að ívilna tilteknum fyrirtækjum eða framleiðslu.

2. Samrýmanlegt sameiginlega markaðinum er:

(a) stuðningur af félagslegum toga til einstakra neytenda, að því tilskildu að hann sé veittur án þess að fela í sér mismunun með tilliti til uppruna varanna;

(b) stuðningur sem veittur er til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða annarra óvenjulegra atburða;

(c) stuðningur sem veittur er vegna efnahagsástandsins á vissum svæðum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, þar sem skipting Þýskalands hefur áhrif, að því marki sem hann er nauðsynlegur til að jafna út það efnahagslega óhagræði sem af skiptingunni leiðir.

3. Samrýmanlegt sameiginlega markaðinum má telja:

(a) stuðning til að efla efnahagsframþróun á svæðum þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi er mikið;

(b) stuðning sem miðar að því að hrinda í framkvæmd mikilvægum verkefnum, sem hafa sameiginlega þýðingu fyrir Evrópu, eða að lagfæra alvarlega röskun í efnahagslífi aðildarríkis;

(c) stuðning til að efla framþróun tiltekinna atvinnugreina eða efnahagssvæða ef þeir breyta ekki viðskiptaskilyrðum með þeim hætti að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Þó skal stuðningur til skipasmíðaiðnaðarins sem í gildi er 1. janúar 1957 afnuminn smám saman með sömu skilmálum og gilda um afnám tolla ef hann þjónar þeim tilgangi einum að koma í stað tollverndar, en höfð skal hliðsjón af ákvæðum samningsins um sameiginlega viðskiptastefnu gagnvart löndum utan bandalagsins;

(d) aðrar tegundir stuðnings sem ráðið ákveður með auknum meirihluta að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni.

93. gr. 1. Framkvæmdastjórnin skal í samvinnu við aðildarríkin fylgjast stöðugt með öllum þeim stuðningskerfum sem eru við lýði innan ríkjanna. Hún gerir tillögur til aðildarríkjanna um hverjar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru fyrir framþróun eða starfsemi hins sameiginlega markaðar.

2. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, eftir að hún hefur veitt viðkomandi aðilum frest til að setja fram athugasemdir sínar, að stuðningur sem veittur er af ríki eða ríkisfjármunum samrýmist ekki hinum sameiginlega markaði samkvæmt ákvæðum 92. gr. eða að stuðningurinn sé misnotaður, ákveður hún að hlutaðeigandi ríki skuli hætta stuðningi, eða breyta honum, innan þess frests sem framkvæmdastjórnin setur.

Ef hlutaðeigandi ríki hlítir ekki ákvörðun framkvæmdastjórnar innan setts frests getur hún eða sérhvert annað ríki, sem á hagsmuna að gæta, farið með málið beint fyrir dómstólinn, þrátt fyrir ákvæði 169. og 170. gr.

Ráðið getur, að beiðni aðildarríkis, ákveðið með samhljóða ályktun að stuðningur sem ríkið veitir eða ætlar að veita sé samrýmanlegur hinum sameiginlega markaði, þrátt fyrir ákvæði 92. gr. eða ákvæði reglugerða sem settar eru samkvæmt 94. gr., ef sérstakar ástæður réttlæta slíka ákvörðun. Ef framkvæmdastjórnin hefur þegar hafist handa í samræmi við fyrstu málsgrein þessa töluliðar um téðan stuðning hefur beiðni hlutaðeigandi ríkis til ráðsins þau áhrif að fresta málsmeðferð uns ráðið hefur tekið afstöðu í málinu.

Ef ráðið tekur ekki afstöðu innan þriggja mánaða frá því að leitað var álits þess skal framkvæmdastjórnin úrskurða í málinu.

3. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um allar áætlanir um stuðning eða breytingar þar á með það löngum fyrirvara að henni gefist ráðrúm til að láta athugasemdir sínar í ljós. Ef hún telur að slíkur stuðningur samrýmist ekki hinum sameiginlega markaði samkvæmt ákvæðum 92. gr. skal hún tafarlaust hefja þá málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. tölul. Hlutaðeigandi aðildarríki er óheimilt að hrinda fyrirhuguðum áætlunum í framkvæmd áður en málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt til endanlegrar niðurstöðu.

94. gr. Ráðið getur með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnar sett nauðsynlegar reglugerðir um framkvæmd 92. og 93. greinar og sér í lagi ákveðið með hvaða skilyrðum beita megi 3. tölul. 93. gr. og hvaða tegundir stuðnings skuli vera undanþegnar þessari málsmeðferð.

Fylgiskjal III.

Upplýsingar um stærstu fyrirtæki á landinu á árinu 1990.
(Úr tímaritinu Frjáls verslun, 9. tbl. 1991.)

SKÝRINGAR Á HUGTÖKUM

Til að auðvelda lesendum könnun og lestur á listum Frjálsrar verslunar yfir 100 stærstu fyrirtækin 1990 ásamt þeim fjölmörgu sérlistum sem með fylgja, fara hér á eftir nokkrar skýringar. Sumir liðanna skýra sig raunar sjálfir, t.d. nafn fyrirtækis, röð 90 og 89, svo dæmi séu tekin.

VELTA Í MILLJÓNUM KRÓNA

Eins og áður hefur tíðkast er fyrirtækjum raðað á aðallista eftir veltu þeirra. Um er að ræða bruttótekjur með virðisaukaskatti, þ.e. þeim útskatti sem fyrirtækið skilar. Áður en virðisaukaskattur var tekinn upp hér á landi, í ársbyrjun 1990, var söluskatturinn talinn með á sama hátt. Bruttóveltan er sýnd áður en nokkur kostnaður eða umboðslaun eru dregin frá.

Að sjálfsögðu er þarna um að ræða misjafnar stofntölur, allt eftir því hvers eðlis reksturinn er.

Þegar um er að ræða venjuleg verslunar- og iðnfyrirtæki er málið tiltölulega einfalt, bruttótekjur þeirra eru ljósar og **virðisaukaskattur er innifalinn í veltunni.**

Kaupfélögin fylla sama flokk og önnur verslunarfyrirtæki, enda þótt við setjum þau í sérstakan flokk á sérlistum okkar. Ekki þó í öllum tilvikum. Mörg þeirra eru með ýmiskonar rekstur sem bætist við veltu þeirra. Má þar nefna útgerð, fiskvinnslu, iðnrekstur og rekstur sláturhúsa. Skýringar á þessum liðum koma hér á eftir.

Útgerðarfyrirtæki og félög sem stunda fiskvinnslu eru oft með blandaðan rekstur. Sum fyrirtæki stunda hvort tveggja, fiskvinnslu og útgerð. Í þeim tilvikum er aflaverðmæti skipanna lagt við verðmæti afurða í fiskvinnslu.

Velta **banka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja** er talin fjármunatekjur þeirra og aðrar rekstrartekjur. Tryggingafélög eru talin hafa veltu sem er samtala reikningsliðanna „iðgjöld ársins" og „fjármunatekjur".

Fyrirtæki sem stunda **útflutning** eru talin hafa veltu sem nemur útflutningsverðmæti afurða sem þau hafa flutt út á vegum umbjóðenda sinna. Við þá tölu bætist í mörgum tilvikum innflutningur, sem sum fyrirtækjanna stunda, auk sölu á innanlandsmarkaði.

BREYTING Í % FRÁ FYRRA ÁRI (f.f.á)

Þessi liður sem þarfnast e.t.v. ekki nánari skýringa, kemur öðru hvoru fyrir í hinum ýmsu listum. Er þá vísað í næsta dálk fyrir framan í hverju tilviki. Rétt er að taka fram að vegna þess að aukastafir koma ekki allir fram á listanum í blaðinu, getur virst gæta nokkurs misræmis í prósentureikningi. Þegar svo virðist er óhætt að reikna með því að prósentutalan í blaðinu sé rétt. Þessa misræmis gætir einkum þegar verið er að bera saman hlutfallslega miklar breytingar á lágum tölum milli ára.

VELTUBREYTING AÐ FRÁDREGNUM VERÐBREYTINGUM

Í þessum lið er reynt að draga frá þann hluta veltubreytingar í krónum talið, sem orðið hefur vegna verðlagsbreytinga. Að venju er miðað við breytingu á lánskjaravísitölu, nú frá janúar 1989 til janúar 1990. Hún reyndist vera 7,14%.

Til samanburðar má nefna, að sambærileg hækkun vísitölu framfærslukostnaðar á þessu tímabili var rétt um 7,2% og vísitala byggingarkostnaðar rétt um 11%. Breyting veltu fyrirtækja vegna verðlagsbreytinga verður á ýmsan hátt. Lánskjaravísitalan er ekki einhlítur mælikvarði. Hér er þó ekki kostur á að taka tillit til slíks.

HAGNAÐUR Í MILLJÓNUM KRÓNA

Hagnaður fyrirtækja er gefinn upp **fyrir skatta** (tekjuskatt og eignarskatt). Ástæðan fyrir því að sá kostur er valinn er sú að það þykir gefa betri upplýsingar um afkomu fyrirtækjanna en hagnaður eftir skatta, m.a. vegna skattalegra ráðstafana hjá fyrirtækjum sem geta skekkt samanburð verulega.

HAGNAÐUR Í % AF VELTU

Miðað er við hagnað fyrir skatta eins og áður hefur komið fram. Þetta hlutfall hefur það sér til gildis að vera einfaldur og auðveldur samanburður á þróun milli ára.

HAGNAÐUR Í % AF EIGIN FÉ

Þetta hlutfall gefur til kynna arðsemi eiginfjármagns í fyrirtæki. Eigið fé er þá talið bæði skattlagt og óskattlagt eigið fé.

EIGIÐ FÉ Í MILLJ. KRÓNA

Hér er átt við allt bókfært eigið fé fyrirtækisins, bæði óskattlagt eigið fé, hlutafé og aðra eiginfjárliði.

EIGINFJÁRHLUTFALL

Eiginfjárhlutfall sýnir hlutfallið á milli eignfjár og heildarfjármagns fyrirtækisins. Þessu hlutfalli er ætlað að sýna gjaldhæfi fyrirtækisins.

VELTUFJÁRHLUTFALL

Veltufjárhlutfall sýnir hlutfall á milli veltufjármuna og skammvinnra skulda fyrirtækis. Gefur það til kynna hæfni fyrirtækis til að standa við skuldbindingar sínar.

Ef veltufjárhlutfall fyrirtækis er lægra en 1,0 er hægt að draga þá ályktun, að öðru óbreyttu, að grípa þurfi til sérstakra ráðstafana til að greiða tilfallandi skammtímaskuldir.

MEÐALFJÖLDI STARFSMANNNA

Meðalfjöldi starfsmanna er fundinn út frá upplýsingum um slysatryggðar vinnuvikur. Er þar um að ræða gjaldstofn til skattlagningar, sem fenginn er úr gögnum Hagstofu Íslands, Tryggingagjaldaskrá 1991 sem fengin eru frá skattstofum landsins. Hundruð fyrirtækja senda Frjálsri verslun árlega útfylltan spyrningalista, þar sem þau tilgreina mörg hver vinnuvikurnar. Í þeim tilfellum eru upplýs-

ingar fyrirtækjanna yfirleitt látnar ráða. Í fjölda slysatryggðra vinnuvikna er síðan deilt með 52 (vikum) og er þá fundinn meðalfjöldi starfsmanna eða ársverk hjá hverju fyrirtæki. Hugtakið ársverk jafngildir vinnuframlagi eins manns í fullu starfi í eitt ár. Slysatryggðar vinnuvikur geta ennfremur speglað hlutastörf fleiri manna, sem samanlagt inna af hendi eitt eða fleiri ársverk innan fyrirtækis. Þetta þarf að hafa í huga þegar verið er að bera saman meðallaun fyrirtækja.

BEIN LAUN Í MILLJÓNUM KRÓNA

Hér er um að ræða heildarlaunagreiðslur fyrirtækja samkvæmt skattframtölum þeirra. Þessar tölur eru fengnar úr gögnum Hagstofu Íslands. Hafi fyrirtæki sent inn upplýsingar um þetta atriði til Frjálsrar verslunar, birtum við þær. Þess skal getið að sjaldnast skakkar miklu á upplýsingum Hagstofu og launagreiðandans, hvorki varðandi launatölur né slysatryggðar vinnuvikur. Þarna er um að ræða beinar launagreiðslur og auk þess orlofsgreiðslur til lausráðinna starfsmanna og orlot á eftirvinnu fastráðinna starfsmanna. Launatengd gjöld eru að öðru leyti ekki inni í þessum tölum.

MEÐALLAUN Í ÞÚSUNDUM KRÓNA

Meðallaun starfsmanna hjá fyrirtæki. Talan er fundin með því að deila með meðalfjölda starfsmanna fyrirtækis upp í upphæð beinna launa. Hér er því um að ræða meðallaun starfsmanns hjá fyrirtæki miðað við vinnuframlag í fullu starfi í eitt ár.

ÁVALLT FYRIRVARAR

Það verður seint nógu rækilega undirstrikað að varast ber að draga of ákveðnar ályktanir af þeim upplýsingum sem hér birtast. Með þessu eru höfundar þó á engan hátt að draga úr gildi upplýsinganna. Þær hafa um árabil reynst hin ágætasta stoð fyrir viðskiptalífið. Til listans 100 STÆRSTU FYRIRTÆKIN í Frjálsri verslun er iðulega vitnað í ræðu og riti, enda þykir listinn traust heimild um íslenskt atvinnulíf. En hitt ber að hafa í minni að samanburður á fyrirtækjum sem stunda ólíkan rekstur er ávallt erfiður og vandmeðfarinn.

ABALLISTI

STÆRSTU FYR

	Röð 90	Röð 89	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Veltu-breyt. fráðr. verðbr.	Hagn. millj. króna (-tap)	Hagn. millj. króna 1989	Hagn. % af veltu	Breyt. í % f.f.á	Hagn. % af eigin fé	Breyt. í % f.f.á.	Eigið fé í millj. króna
Samb. ísl. samvinnufélaga	1	1	23649.5	10	3	330.2	-749.4	1.4	-	18.0	-	1840
Söluniðstöð hraðfr.húsanna	2	2	17450.2	0	-6	375.6	121.4	2.2	207.1	21.9	162.1	1712
Landsbanki Íslands	3	3	14259.4	-4	-11	88.4	293.2	0.6	-68.5	1.5	-73.8	5767
Flugleiðir hf.	4	7	12668.3	27	18	710.1	-164.9	5.6	-	17.0	-	4180
Sölus. ísl. fiskframl. SÍF.	5	5	11926.1	17	9	485.3	208.7	4.1	99.5	77.2	90.2	629
Áf.og tóbaksv. rík. ÁTVR	6	6	11280.3	12	4	6372.5	5532.7	56.5	3.2	761.9	-26.2	836
Kaupfélag Eyfirðinga KEA	7	8	10082.9	18	10	282.7	-163.9	2.8	-	10.8	-	2610
Íslenska álfélagið hf.	8	4	9764.7	-7	-13	77.5	1755.3	0.8	-95.3	2.6	-94.1	2994
Hagkaup hf.	9	9	9450.8	21	13	-	-	-	-	-	-	-
Íslandsbanki hf.	10	-	9143.3	-	-	450.2	-	4.9	-	8.8	-	3984
Olíufélagið hf	11	10	9015.6	29	21	335.1	95.6	3.7	171.5	9.8	146.6	3407
Póstur og sími	12	11	7995.2	18	11	541.3	463.2	6.8	-1.3	5.4	5.9	10057
Eimskipafélag Íslands hf.	13	14	6873.0	18	10	401.3	541.6	5.8	-31.9	10.3	-41.9	3902
Olíufélagið Skeljungur h.f.	14	16	6307.7	30	21	130.4	87.1	2.1	15.6	6.6	37.5	1988
Olíuverslun Íslands hf OLÍS	15	17	6097.0	28	20	119.8	31.9	2.0	192.5	7.9	182.5	1514
Landsvirkjun	16	15	5559.9	4	-3	1020.0	714.4	18.4	37.7	4.1	30.9	25092
Búnaðarbanki Íslands	17	12	5454.7	-19	-24	289.7	482.1	5.3	-25.8	9.7	-51.4	2994
Mjólkursamsalan	18	20	4315.9	9	1	47.0	26.2	1.1	65.2	2.2	44.7	2135
Kaupf.Skagf.og Fiskiðja Skr.	19	26	3977.9	42	32	63.2	22.5	1.6	98.8	7.8	170.4	815
Vátryggingafélag Íslands hf.	20	21	3859.9	12	4	-160.5	50.1	-4.2	-	-42.8	-	375
Íslenskir aðalverktakar sf.	21	22	3750.8	19	11	463.4	117.0	12.4	233.8	11.6	3.9	3996
Hekla hf.	22	29	3725.0	37	28	67.6	2.8	1.8	1710.0	14.6	1871.6	463
Sjóvá - Almennar hf.	23	23	3572.5	15	7	30.6	70.5	0.9	-62.1	5.2	-60.7	589
Osta og smjörsalan sf.	24	24	3410.0	16	8	-	-	-	-	-	-	381
Rafmagnsveita Reykjavíkur	25	32	3375.3	26	17	255.7	85.1	7.6	139.9	1.6	171.9	16485
Mikligarður hf.	26	28	3373.6	21	13	-	-99.0	-	-	-	-	-
Rafmagnsveitur ríkisins	27	25	3343.3	17	9	-366.3	-274.8	-11.0	-	-3.6	-	10205
Byggingav.versl. Kóp.BYKO	28	35	3197.2	25	17	-	27.2	-	-	-	-	-
Sláturfélag Suðurlands	29	34	2887.5	10	3	79.0	-91.4	2.7	-	34.7	-	228
Húsasmiðjan hf.	30	-	2847.5	26	17	-	-	-	-	-	-	-
Grandi hf.	31	45	2816.5	47	37	190.3	-10.7	6.8	-	14.3	-	1330
Mjólkurbú Flóamanna	32	39	2775.4	20	12	29.8	-6.2	1.1	-	2.6	-	1151
Kaupf.A-Skaftfellinga-KASK	33	37	2761.5	10	3	70.7	50.5	2.6	26.7	11.7	-10.8	604
Kaupfélag Árnesinga	34	40	2760.9	20	12	59.2	-34.7	2.1	-	13.9	-	427
P.Samúelsson & Co. h.f.	35	60	2682.6	100	86	-	-	-	-	-	-	-
Útgerðarfélag Akureyringa h.f.	36	42	2574.0	21	13	194.9	94.8	7.6	69.7	14.8	22.0	1315
Íslenska járnblendifél. hf.	37	30	2549.9	-6	-12	-127.3	323.2	-5.0	-	-4.0	-	3195
Kaupfélag Borgfirðinga	38	36	2524.6	0	-7	5.1	-1.8	0.2	-	0.9	-	545
Vegagerð ríkisins	39	44	2411.5	21	13	239.8	138.5	9.9	42.6	27.5	50.0	873
Vífilfell h.f.	40	52	2362.0	49	40	-	-	-	-	-	-	-
Kaupfélag Héraðsbúa	41	41	2360.0	10	3	65.5	-49.9	2.8	-	20.6	-	318
Hitaveita Reykjavíkur	42	43	2341.3	16	8	153.3	256.5	6.6	-48.5	1.1	-46.9	13960
Kaupf.þinge. og Mjólkursaml.	43	54	2286.7	58	47	62.9	11.0	2.8	261.8	25.4	267.0	248
Síldarútvegsnefnd	44	38	2190.0	-8	-14	-	-	-	-	-	-	-
Síldarvinnslan hf.	45	46	2173.5	15	7	124.7	-35.3	5.7	-	88.1	-	142
Hagvirki hf.	46	51	2146.9	36	27	4.4	3.4	0.2	-9.1	-	-	-
IBM á Íslandi	47	95	2112.1	138	122	566.4	20.9	26.8	1036.4	61.5	1410.6	921
Fiskveiðasjóður Íslands	48	13	2028.0	-70	-72	149.0	75.9	7.4	544.7	-	-	-
Ríkisútvarpið	49	48	1993.9	13	5	-36.4	53.8	-1.8	-	-2.1	-	1691
Tryggingamiðstöðin h.f.	50	50	1923.0	18	10	50.2	74.9	2.6	-43.0	12.7	-44.5	395

IRTÆKIN 1990

Breyt. í % f.f.á.	Eigin-fjár-hlutf. í %	Breyt. í % f.f.á.	Veltu-fjár-hlut-fall	Breyt. í % f.f.á.	Veltu-fjár-munir millj.	Skamm-tima-skuld. millj.	Heildar-eignir millj. króna	Heildar-skuldir millj. króna	Meðal-fjöldi starfsm. (ársverk)	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal-laun í þús. króna	Breyt í % f.f.á.
7.8	24	74.9	0.47	-35.6	1837	3946	7672	5832	892	-3	1405.0	21	1575	25
18.0	21	25.5	1.19	14.4	5841	4904	8134	6422	95	4	162.8	11	1715	7
14.6	6	-1.8	-	-	-	-	94944	89177	1112	-10	1886.9	32	1697	47
47.5	23	-18.6	1.14	62.9	3262	2851	18570	14390	1192	-3	2424.4	12	2034	15
22.3	28	9.3	1.33	13.7	1782	1340	2248	1619	66	-19	114.7	-6	1740	16
56.1	56	19.1	1.01	29.5	661	652	1506	670	-	-	232.9	13	-	-
24.2	38	16.1	1.16	17.2	2489	2142	6959	4350	948	-1	1006.7	-3	1062	-2
-25.7	39	-30.4	0.94	-56.1	2999	3201	7708	4714	588	-18	1243.6	9	2114	33
-	-	-	-	-	-	-	-	-	570	0	730.0	16	1281	16
-	8	-	-	-	-	-	51369	-	936	-	1317.7	-	1407	-
42.0	62	10.8	1.39	6.9	2381	1718	5513	1906	313	-1	500.5	22	1599	24
10.2	90	1.6	1.77	22.1	1990	1122	11228	1171	2132	1	2793.8	24	1310	23
37.6	47	13.1	1.11	-9.0	2118	1908	8300	4398	732	3	1192.9	7	1630	4
8.8	48	-9.5	1.11	3.7	1467	1317	4122	2134	261	1	361.9	16	1388	14
33.0	40	10.6	1.22	4.3	1954	1598	3752	2238	273	4	357.9	15	1312	11
9.1	39	3.1	0.21	-41.7	829	3963	64270	39178	324	8	741.0	18	2289	9
23.9	8	5.6	-	-	-	-	37502	34508	568	3	764.7	4	1346	0
24.1	69	9.0	1.35	3.1	882	653	3077	942	248	2	328.3	12	1326	10
4.0	41	25.4	1.28	21.9	863	675	1996	1181	211	-2	296.7	-15	1409	-13
6.7	8	-5.6	4.89	45.5	2565	525	4802	4427	198	-6	351.2	20	1774	27
281.2	68	-	2.57	-	4288	1670	5873	1877	517	6	1005.3	13	1944	7
22.8	39	-3.0	1.38	0.7	729	527	1190	727	152	6	263.8	21	1736	14
10.7	10	1.1	4.49	24.0	2140	477	5725	5136	111	-4	205.3	-1	1853	4
17.1	45	874.8	1.19	0.9	520	436	852	475	78	-2	99.2	6	1268	9
9.8	98	0.0	3.64	-5.2	1332	366	16851	366	248	8	-	-	-	-
-	-	-	-	-	-	-	-	-	297	95	318.7	159	1073	32
6.6	97	0.4	3.62	4.6	1289	356	10562	356	275	-4	460.7	7	1675	11
-	-	-	-	-	-	-	-	-	205	15	296.1	18	1444	3
16.9	9	18.4	0.79	12.9	1211	1535	2511	2283	345	-10	432.1	-2	1252	9
-	-	-	-	-	-	-	-	-	145	16	188.8	23	1298	6
60.6	40	26.3	1.34	19.6	735	548	3336	2006	392	112	832.0	43	2122	-32
18.6	66	-8.9	1.66	-4.0	964	580	1750	600	125	6	180.6	17	1449	9
57.0	32	43.0	0.93	1.1	706	761	1905	1301	258	0	404.4	10	1566	10
62.9	28	33.1	0.70	1.5	432	619	1551	1126	298	3	336.3	8	1129	5
-	-	-	-	-	-	-	-	-	63	3	118.5	26	1878	21
68.5	48	30.8	1.40	42.9	610	436	2760	1442	394	-3	773.0	15	1963	19
-1.2	65	-0.5	0.91	-25.4	1074	1183	4893	1698	206	2	401.7	7	1953	5
17.9	27	5.9	0.96	3.2	931	970	1985	1441	238	2	288.2	8	1212	6
15.5	100	0.1	-	-	136	-	876	2	407	0	696.5	12	1711	12
-	-	-	-	-	-	-	-	-	122	-7	216.2	10	1771	18
46.7	22	47.1	0.96	-	616	645	1435	1118	198	-13	303.6	10	1533	26
12.6	92	-0.2	1.46	-42.7	793	544	15116	1156	-	-	-	-	-	-
55.7	19	52.7	1.03	6.2	761	740	1308	1060	165	-10	187.8	4	1135	15
-	-	-	-	-	-	-	-	-	37	-15	61.4	0	1652	18
-72.7	8	-64.8	0.81	35.0	401	498	1769	1627	400	-5	580.2	6	1451	11
-	-	-	-	-	-	-	-	-	320	74	577.5	34	1805	-23
79.2	64	-1.5	2.80	57.3	1052	376	1432	510	71	-9	178.2	3	2523	13
-	-	-	-	-	-	-	23495	-	23	-6	59.9	17	2652	24
-4.8	72	2.1	0.71	-4.0	409	578	2353	662	-	-	698.7	22	-	-
20.9	13	-0.4	5.94	32.0	1343	226	3073	2678	36	4	63.1	17	1756	13

AÐALLISTI

	Röð 90	Röð 89	Velta millj. króna	Breyt. í % frá f.f.á.	Veltu-breyt. frádr. verðbr.	Hagn. millj. króna (-tap)	Hagn. millj. króna 1989	Hagn. % af veltu	Breyt í % frá f.f.á	Hagn. % af eigin fe	Breyt í % frá f.f.á.	Eigið fe í millj. króna
Háskóli Íslands	51	-	1885.4	-	-	29.0	-34.9	1.5	-	110.7	-	26
Brimborg h.f.	52	80	1803.0	68	57	-	-	-	-	-	-	-
Síldarverksmiðjur ríkisins	53	69	1667.1	33	24	-157.3	-159.8	-9.4	-	-41.7	-	377
Árvakur h.f. - Morgunblaðið	54	65	1653.7	29	21	53.7	-	3.3	-	-	-	-
Glóbus h.f.	55	92	1634.4	82	70	50.1	-	3.1	-	-	-	-
Samvinnuferðir-Landsýn h.f.	56	70	1592.2	28	19	57.3	-15.6	3.6	-	71.7	-	80
Smjörliki hf.-Sól hf.-Ísl.bergv.	57	101	1549.8	81	69	-	-	-	-	-	-	-
Kaupf.Húnv. og Sölufél.A-Hún.	58	58	1537.3	13	5	-3.9	-6.4	-0.2	-	-1.7	-	235
Frihöfnin	59	66	1506.9	18	10	410.3	320.6	27.2	8.1	101.9	13.3	403
Kaupfelag Suðurnesja	60	63	1486.3	14	6	12.1	9.2	0.8	15.7	9.2	-4.3	132
Íðnlanasjóður	61	27	1442.6	-48	-52	136.8	81.1	9.5	226.9	5.0	48.7	2715
Hraðfrystistöð Vestm. hf.	62	55	1435.0	0	-6	-	9.6	-	-	-	-	-
Innkaupast. Reykjav.borgar	63	47	1419.8	-22	-27	11.5	19.2	0.8	-22.9	26.9	-61.0	43
Ingvar Helgason, heildverslun	64	82	1409.5	37	28	191.9	8.4	13.6	1559.8	42.1	1347.1	456
Happdrætti Háskóla Íslands	65	56	1396.0	-2	-8	-	303.1	-	-	-	-	-
Einar Guðfinnsson hf.	66	57	1396.0	0	-7	-	-	-	-	-	-	-
Hraðfrystihús Eskifjarðar h.f.	67	59	1377.3	2	-5	49.3	15.7	3.6	208.6	30.0	118.1	164
Íslenska umboðssalan hf.	68	74	1363.8	19	11	-	-	-	-	-	-	-
Hitaveita Suðurnesja	69	62	1362.1	3	-3	523.5	199.9	38.4	153.3	16.9	93.4	3091
Samherji h.f.	70	84	1360.7	34	25	-	-	-	-	-	-	-
Sölusamtök lagmetis	71	64	1313.4	1	-6	-22.5	-26.8	-1.7	-	-56.8	-	40
Bónus - Ís-Aldi hf.	72	-	1300.0	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Áburðarverksmiðja ríkisins	73	77	1288.3	17	9	47.2	-124.5	3.7	-	3.2	-	1492
Jón Ásbjörnsson, útflutn.versl.	74	102	1256.7	48	38	3.6	17.3	0.3	-85.7	12.7	-80.9	28
Nóatún hf.	75	79	1245.8	14	7	29.3	37.3	2.4	-31.3	14.3	-23.9	205
Landakotsspítali	76	-	1229.4	-	-	17.7	-	-1.4	-	-	-	-116
þormóður Rammi h.f.	77	96	1222.3	39	29	58.3	-23.4	4.8	-	30.4	-	192
Stöð 2. Íslenska sjónvarpsfél.	78	-	1207.3	-	-	19.4	-	1.6	-	-	-	-231
Kf.Fáskr. og hraðfrystihúsið	79	87	1198.7	30	22	74.7	1.3	6.2	4350.0	14.3	2555.6	521
Har. Böðvarsson & Co. h.f.	80	75	1191.0	5	-2	64.5	6.1	5.4	903.7	-	-	-
Sjólastöðin h.f. Hafnarf.	81	71	1164.4	-2	-9	-	-	-	-	-	-	-
Íslensk endurtrygging hf.	82	76	1161.7	4	-3	28.6	34.4	2.5	-19.9	8.1	-33.6	355
Prentsmiðjan Oddi	83	72	1120.8	-6	-12	-	76.5	-	-	-	-	578
Kaupf. Dýrfirðinga & Fáfnir hf.	84	106	1076.1	31	22	1.0	112.4	0.1	-99.3	0.2	-99.3	461
Kassagerð Reykjavíkur h.f.	85	111	1073.0	39	30	-	-	-	-	-	-	-
Miðnes hf.	86	89	1067.0	17	9	60.0	-10.0	5.6	-	-	-	-
Fiskiðja Sauðárkróks h.f.	87	-	1051.0	-	-	31.5	-	3.0	-	6.4	-	492
Sjúkrahús Akureyrar	88	-	1039.6	-	-	24.0	-	2.3	-	8.1	-	297
Fiskmiðlun Norðurlands	89	-	1028.0	33	24	-	-	-	-	-	-	-
Kaupf. V-Húnvetninga	90	94	1025.8	15	7	7.1	0.1	0.7	6800.0	2.7	5360.0	260
Gámavinir sf.	91	-	1000.0	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Ölgerðin Egill Skallagr. h.f.	92	121	988.2	41	32	-	-	-	-	-	-	-
Norðurtangi h.f.	93	104	987.0	18	10	-	-	-	-	-	-	-
Pharmaco h.f.	94	128	978.0	49	39	76.0	-	7.8	-	16.9	-	449
Miklatorg sf. -IKEA	95	97	970.2	11	4	-	-	-	-	-	-	-
Skýrsluvélar rík. og Rvk.borgar	96	127	946.4	44	34	-23.4	17.3	-2.5	-	-	-	-
Íslenska útflutn.miðst. h.f.	97	113	941.5	24	16	-	-	-	-	-	-	-
Sementsverksmiðja ríkisins	98	112	938.4	22	14	-13.8	-62.3	-1.5	-	-1.8	-	772
Íslensk getspá sf - LOTTÓ	99	107	933.8	14	6	316.9	259.9	33.9	7.3	309.5	10.5	102
Sparisjóður Rvk. og nágrennis	100	81	929.1	-11	-17	64.6	72.7	7.0	0.3	14.8	-32.6	438
þorbjörn h.f.	101	88	927.0	1	-6	-	-	-	-	-	-	-
Ístak h.f. - Íslenskt verktak	102	91	922.0	2	-5	13.2	-	1.4	-	6.9	-	190
Hampiðjan h.f.	103	120	920.0	30	22	50.4	13.8	5.5	181.0	9.3	194.0	543
Tryggvi Pétursson & Co. hf.	104	124	918.6	6	-1	-	-	-	-	-	-	-
Reiknistofa bankanna	105	109	883.5	14	6	-	-	-	-	-	-	373
Glettingur h.f.	106	90	871.3	-4	-10	-31.2	-103.0	-3.6	-	-328.4	-	10
Ármannsfell h.f.	107	157	868.3	63	52	22.6	21.2	2.6	-34.7	10.0	-44.8	227
Sparisjóður Hafnarfjarðar	108	83	868.0	-15	-20	102.7	122.6	11.8	-1.8	16.0	-33.6	641
Byggðaverk h.f.	109	166	860.8	83	71	10.3	-	1.2	-	-	-	-
Ferðaskrifstofa Íslands hf.	110	123	847.0	25	-	35.1	28.9	4.1	-	56.5	-	62

Breyt. í % f.f.a.	Eigin-fjar-hlutf í %	Breyt í % f.f.a.	Velti-fjar-hluti-fall	Breyt í % f.f.a.	Velti-fjar-munir millj.	Skamm-tima-skuld. millj.	Heildar-eignir millj. króna	Heildar-skuldir millj króna	Meðal-fjöldi starfsm. (ársverk)	Breyt. í % f.f.a.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.a.	Meðal-laun í þús. króna	Breyt í % f.f.a.
-	38	-	1.60	68.4	69	43	69	43	635	-8	1082.5	16	1706	26
-	-	-	-	-	-	-	-	-	38	-3	70.1	12	1832	16
-22.7	24	-43.8	0.30	-51.6	189	630	1561	1184	127	4	240.2	33	1897	29
-	-	-	-	-	-	-	-	-	271	5	453.5	17	1675	12
-	-	-	-	-	-	-	-	-	80	4	133.9	21	1682	17
137.8	32	116.7	1.16	34.9	163	141	254	174	62	-10	89.0	19	1435	32
-	-	-	-	-	-	-	-	-	80	1	139.2	25	1746	23
59.4	21	30.8	0.98	4.3	688	701	1107	881	105	-5	107.1	-21	1018	-17
13.0	99	-0.1	60.00	-7.8	360	6	409	6	62	-30	121.8	16	1980	66
37.4	23	25.0	1.00	-1.0	299	299	574	442	92	-18	111.4	10	1210	34
13.5	24	3.0	-	-	628	-	11388	8674	20	-	33.8	-	1715	-
-	-	-	-	-	-	-	-	-	169	-5	403.0	-6	2384	-1
53.6	79	368.2	4.39	272.0	50	11	54	11	11	1	17.2	23	1638	22
58.1	55	3.7	1.89	-1.6	550	291	822	366	32	2	50.6	-	1579	-1
-	-	-	-	-	-	-	-	-	18	-6	24.0	8	1303	16
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
44.0	14	38.0	0.56	3.7	237	427	1217	1053	159	3	355.2	10	2239	7
-	-	-	-	-	-	-	-	-	30	0	40.6	-12	1340	-12
35.4	60	27.1	1.26	34.0	559	443	5132	2041	77	4	148.3	13	1938	9
-	-	-	-	-	-	-	-	-	78	13	484.4	40	6193	24
-26.7	45	48.5	1.51	15.3	74	49	89	49	12	-9	22.3	38	1822	51
-	-	-	-	-	-	-	-	-	22	-	30.6	-	1368	-
16.3	80	25.9	1.95	47.7	496	254	1874	383	145	-2	226.5	10	1567	12
8.8	30	-9.7	1.19	-11.8	73	61	96	68	-	-	-	-	-	-
3.3	50	-4.7	1.00	-4.8	196	196	413	208	66	9	75.0	12	1136	3
-	-127	-	0.32	-	58	179	92	208	517	-2	746.3	31	1444	33
-	19	-	0.80	175.9	248	310	1027	835	243	107	273.4	23	1124	-41
-	-	-	-	-	-	-	-	-	163	1	292.3	1	1797	0
116.6	50	66.4	0.96	33.3	244	256	1051	530	100	-3	253.2	12	2530	16
-	-	-	-	-	-	-	-	-	182	5	361.2	4	1990	-1
-	-	-	-	-	-	-	-	-	140	-1	403.1	4	2878	6
25.1	18	6.2	2.52	8.6	563	223	2016	1461	9	-10	14.3	-6	1572	4
32.1	52	7.9	1.57	16.3	602	385	1122	544	236	10	373.3	25	1579	13
33.2	31	19.6	0.61	-9.0	260	429	1492	1031	130	-42	213.8	-3	1642	68
-	-	-	-	-	-	-	-	-	156	0	239.0	11	1529	11
-	-	-	-	-	-	-	-	-	149	-12	315.0	22	2114	39
-	30	-	0.59	-	233	393	1634	1140	140	66	263.7	119	1884	32
-	85	-	0.75	-	40	54	351	54	425	-	610.0	-	1435	-
-	-	-	-	-	-	-	-	-	4	-	8.7	-	2236	-
31.7	28	15.7	1.38	7.8	625	454	917	656	64	-3	68.3	5	1063	9
-	-	-	-	-	-	-	-	-	10	181	12.8	124	1326	-20
-	-	-	-	-	-	-	-	-	80	21	139.0	22	1742	1
-	-	-	-	-	-	-	-	-	155	-4	265.9	12	1711	17
-	57	-	1.76	-	493	280	782	333	43	44	81.1	48	1875	2
-	-	-	-	-	-	-	-	-	51	0	69.9	0	1381	0
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
-	-	-	-	-	-	-	-	-	4	-	9.6	17	2310	17
15.3	63	4.2	1.33	-0.7	356	267	1231	459	153	-6	227.8	1	1493	7
10.3	64	12.8	0.78	-32.8	45	58	160	58	19	-29	52.3	20	2714	68
31.8	8	-3.6	-	-	-	-	5606	5163	73	-27	142.0	10	1953	51
-	-	-	-	-	-	-	-	-	137	-7	287.5	28	2092	37
-	47	-	0.89	-	184	207	407	306	129	-4	254.5	15	1975	19
24.4	38	4.8	1.09	0.9	491	449	1412	869	179	-9	207.7	2	1162	11
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
44.7	46	22.1	0.61	-72.9	154	253	813	440	129	16	258.8	23	2007	6
-74.3	1	-75.8	0.24	-33.3	124	512	1054	1044	108	32	261.3	2	2415	-23
93.2	45	15.2	2.21	46.4	367	166	503	276	113	44	203.8	74	1806	21
26.1	14	11.2	-	-	-	-	4611	3971	64	-	83.2	-18	1300	-18
-	-	-	-	-	-	-	-	-	77	-13	134.1	-15	1743	-3
-	49	-	1.48	-	91	62	126	64	78	-3	147.3	30	1884	33

AÐALLISTI

	Röð 90	Röð 89	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Veltu-breyt. fráðr. verðbr.	Hagn. millj. króna (-tap)	Hagn. millj. króna 1989	Hagn. % af veltu	Breyt. í % f.f.á	Hagn. % af eigin fé	Breyt. í % f.f.á.	Eigið fé í millj. króna
Keflavíkurverktakar	111	114	843.7	13	6	-	-	-	-	-	-	-
Hans Petersen h.f.	112	140	842.5	38	29	32.6	8.9	3.9	165.1	-	-	-
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	113	108	832.9	7	0	9.1	17.5	1.1	-51.6	-	-	-38
O. Johnsson & Kaaber h.f.	114	110	829.8	7	0	-	-	-	-	-	-	-
BM-Vallá hf.	115	99	818.1	-5	-12	-	-	-	-	-	-	-
þýsk-íslenska h.f.	116	126	817.7	24	16	10.7	10.0	1.3	-13.2	3.2	-8.9	338
Fiskanes h.f.	117	123	813.3	21	13	-	-	-	-	-	-	-
Svanur hf.	118	103	810.7	-3	-10	1.0	4.4	0.1	-76.9	-	-	-
Skagstrendingur hf	119	135	809.5	27	19	105.3	37.6	13.0	119.8	26.2	246.8	403
Einar J. Skúlason h.f	120	129	805.9	24	16	-	-	-	-	-	-	-
Radíóbúðin h.f.	121	142	800.0	33	24	-	-	-	-	-	-	-
Sparisjóðurinn í Keflavík	122	86	796.8	-15	-20	29.0	23.6	3.6	43.9	10.0	0.1	291
Frjáls fjölmiðlun h.f.	123	118	788.9	10	3	75.5	21.4	9.6	219.0	-	-	-
K. Jónsson & Co h.f.	124	117	770.6	6	-1	-4.4	6.3	-0.6	-	-2.7	-	165
Vinnslustöðin h.f.	125	98	770.4	-12	-17	5.5	-	0.7	-	-	-	-
Fisco hf.	126	-	753.0	-	-	2.2	-	0.3	-	52.4	-	4
Jöfur h.f.	127	115	750.5	2	-5	-	0.2	-	-	-	-	-
Héðinn h.f.	128	116	748.9	2	-5	36.4	-34.9	4.9	-	10.5	-	348
Kaupfélag Rangæinga	129	154	725.2	30	22	3.9	-5.3	0.5	-	4.8	-	81
Hafex hf.	130	-	721.5	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Hraðfrystistöð þórshafnar h.f.	131	178	696.8	64	53	65.6	-27.2	9.4	-	20.7	-	317
Marbakki hf.	132	67	692.0	-46	-49	-	-	-	-	-	-	-
Lyfjaverslun ríkisins	133	137	691.5	9	2	75.1	21.6	10.9	218.5	30.7	102.2	245
Mjólkurfélag Reykjavíkur svf.	134	144	682.3	14	6	-3.7	-20.7	-0.5	-	-2.0	-	188
Trygging hf.	135	148	681.9	19	11	5.7	6.5	0.8	-25.7	5.3	-25.2	108
Andri hf.	136	68	680.2	-46	-49	-	-	-	-	-	-	-
Ísfélag Vestmannaeyja h.f.	137	-	675.4	-	-	44.3	-	6.6	-	-	-	-22
Penninn sf	138	158	667.4	27	19	20.8	-	3.1	-	-	-	-
þrihyrningur hf.	139	-	663.8	-	-	4.6	-	0.7	-	21.3	-	22
Orkubú Vestfjarða	140	143	663.3	11	3	-39.6	-18.5	-6.0	-	-1.1	-	3489
Hvalur h.f.	141	133	655.0	3	-4	-	-	-	-	-	-	-
Fóðurblandan h.f.	142	141	636.9	5	-2	13.9	19.1	2.2	-30.8	3.8	-38.0	366
Heimilistæki h.f.	143	159	634.6	21	13	-	-	-	-	-	-	-
Myllan/Brauð hf.	144	177	627.2	47	37	-	-	-	-	-	-	-
Hraðfr.Drangsness	145	132	625.3	-2	-9	-1.9	7.7	-0.3	-	-2.1	-	90
Tangi h.f.	146	122	624.3	-11	-17	159.8	-120.5	25.6	-	63.7	-	251
Niðursuðuverksmiðjan h.f.	147	139	622.3	0	-6	-	-	-	-	-	-	-
Hraðfrh.hf.Hnifsd. & Miðfell hf.	148	214	621.0	118	103	-	12.1	-	-	-	-	-
Samábyrgð Ísl. á fiskiskipum	149	138	620.4	-1	-8	-30.1	20.7	-4.8	-	-12.6	-	238
Strætisvagnar Reykjavíkur	150	160	618.6	20	12	3.6	24.6	0.6	-87.8	0.6	-87.5	566
Bergur-Huginn sf.	151	183	616.4	57	47	58.9	25.8	9.6	45.5	143.7	-33.2	41
Meitillinn h.f.	152	-	615.7	-	-	13.6	-	2.2	-	14.6	-	93
Fiskafurðir hf.	153	167	612.5	30	22	-1.9	-1.6	-0.3	-	-15.8	-	12
SH verktakar hf.	154	-	604.1	-	-	27.2	-	4.5	-	41.2	-	66
Sindrastál h.f.	155	-	603.8	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Kísiliðjan h.f.	156	161	602.4	17	9	18.4	17.3	3.1	-9.2	2.4	-12.0	764
Búlandstindur h.f.	157	156	601.5	12	4	24.2	-3.9	4.0	-	26.6	-	91
Slippstöðin h.f.	158	149	600.3	5	-2	-24.0	-38.6	-4.0	-	-10.4	-	230
Bókaútgáfa Máls & menningar	159	168	597.9	27	19	8.8	-	1.5	-	36.1	-	24
Johan Rönning h.f.	160	169	586.7	25	17	43.5	4.1	7.4	742.1	41.4	940.0	105
Celite Ísland hf.	161	164	569.9	19	11	28.0	83.8	4.9	-71.9	9.7	-74.2	288
Smith & Norland h.f.	162	162	566.4	13	6	21.3	7.4	3.8	154.1	7.2	183.5	295
Ewos hf., framl á fiskafóðri	163	163	565.9	13	6	18.8	-29.2	3.3	-	11.6	-	162
Nói,Sirius og Hreinn hf.	164	175	564.5	29	21	27.0	-10.5	4.8	-	21.1	-	128
VISA-Ísland	165	171	556.6	21	13	-	120.0	-	-	-	-	406
Reykjavíkurhöfn	166	172	538.5	17	9	48.9	28.3	9.1	47.6	0.8	51.9	6153
Efnaverksmiðjan Sjöfn	167	-	532.9	-	-	28.0	-10.5	5.3	-	9.4	-	297
Álftáros hf.	168	130	524.1	-19	-24	3.0	13.9	0.6	-73.6	58.8	-84.8	5
Hraðfrystihús Stokkseyrar	169	-	523.2	-	-	18.5	-	3.5	-	-	-	-
Fétang hf.	170	100	520.1	-40	-44	46.7	18.3	9.0	321.6	16.8	123.6	278

Breyt. í % f.f.a.	Eigin-fjar-hlutf í %	Breyt. í % f.f.a.	Veltu-fjar-hluta-fall	Breyt. í % f.f.a.	Veltu-fjar-munir millj	Skamm-tima-skuld. millj.	Heildar-eignir millj. krona	Heildar-skuldir millj. krona	Meðal-fjöldi starfsm. (ársverk)	Breyt. í % f.f.a.	Bein laun millj. krona	Breyt. í % f.f.a.	Meðal-laun í þús. krona	Breyt í % f.f.a.
-	-	-	-	-	-	-	-	-	98	223	251.5	241	2565	5
-	-	-	-	-	-	-	-	-	75	2	121.8	27	1632	24
-	-7	-	1.05	52.2	302	288	527	566	176	-5	169.4	5	964	11
-	-	-	-	-	-	-	-	-	68	3	106.0	16	1559	12
-	-	-	-	-	-	-	-	-	66	5	117.0	16	1766	10
17.5	53	4.2	1.32	10.0	328	249	636	298	55	-16	85.9	21	1551	44
-	-	-	-	-	-	-	-	-	109	-3	218.7	14	2009	17
-	-	-	-	-	-	-	-	-	3	-	4.8	-	1902	-
-19.3	49	-8.3	2.08	2.0	267	128	823	420	62	36	304.6	17	4910	-14
-	-	-	-	-	-	-	-	-	59	-8	150.6	14	2550	23
-	-	-	-	-	-	-	-	-	37	-6	64.3	7	1754	14
22.8	6	6.4	-	-	-	-	4682	4392	75	-7	122.8	6	1646	14
-	-	-	-	-	-	-	-	-	140	2	229.7	11	1641	10
15.9	19	3.0	0.91	-5.2	470	516	852	687	83	4	98.8	25	1197	21
-	-	-	-	-	-	-	-	-	142	-10	185.4	-15	1310	-5
-	23	-	0.93	-	13	14	18	14	2	-	5.6	-	2296	-
-	-	-	-	-	-	-	-	-	59	-2	75.8	12	1281	15
5.4	56	1.1	1.22	17.3	247	202	623	275	87	-19	138.2	-13	1590	8
38.2	21	21.6	1.08	6.9	143	133	376	296	75	-11	83.7	3	1119	15
-	-	-	-	-	-	-	-	-	5	-3	5.8	14	1087	17
185.9	46	108.7	1.10	25.0	169	154	682	365	65	27	80.8	57	1250	23
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
71.9	55	59.4	26.73	1743.5	401	15	441	197	63	12	83.9	15	1334	2
11.6	31	20.7	0.72	-8.9	250	347	601	413	33	-2	45.9	4	1393	7
17.2	12	-3.9	4.91	38.7	523	107	878	770	30	-18	58.8	9	1959	33
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
-	-3	-	0.24	-	61	252	663	685	89	-18	180.8	30	2039	60
-	-	-	-	-	-	-	-	-	63	-14	77.7	17	1232	37
-	7	-	1.00	-	228	228	313	291	52	3	49.0	6	940	3
7.5	96	-1.6	2.63	-24.6	365	139	3628	139	73	3	132.9	13	1829	10
-	-	-	-	-	-	-	-	-	53	-35	203.0	-19	3830	25
17.3	59	10.8	1.26	20.0	293	232	618	252	12	-	19.3	20	1608	20
-	-	-	-	-	-	-	-	-	69	-4	123.3	10	1779	15
-	-	-	-	-	-	-	-	-	117	0	148.9	27	1273	27
-6.6	19	-1.3	0.94	3.3	274	293	483	394	55	-2	61.7	-15	1113	-14
-	34	-	0.91	56.9	144	158	732	481	82	-94	154.8	-13	1880	1288
-	-	-	-	-	-	-	-	-	70	19	116.3	7	1661	-10
-	-	-	-	-	-	-	-	-	74	-35	160.7	-49	1421	-22
-0.7	44	-14.8	5.07	51.8	366	72	541	72	12	-	22.1	10	1836	10
17.6	98	0.0	-	-	66	-	578	12	215	-8	280.0	8	1302	18
241.7	5	167.8	0.30	36.4	64	215	746	705	57	28	220.6	45	3903	14
-	12	-	0.47	-	104	220	771	678	62	-32	176.5	3	2829	51
33.3	9	50.4	0.10	-89.8	9	88	127	115	11	-10	18.8	-13	1687	-3
-	18	-	1.06	-	238	224	366	300	119	70	126.9	56	1064	-8
-	-	-	-	-	-	-	-	-	27	-13	66.1	23	2427	42
20.9	95	0.2	7.95	3.4	348	44	808	44	64	1	102.0	17	1583	17
51.5	15	57.5	0.45	-34.8	98	217	606	516	86	4	161.8	11	1889	7
15.1	27	3.4	0.96	-15.0	539	560	859	629	162	-14	230.3	-19	1424	-5
-	9	-	0.90	-	184	205	261	237	44	-39	56.5	-30	1278	16
1.9	32	-9.1	1.52	31.0	232	153	327	222	27	-16	45.0	-1	1661	18
29.3	91	9.8	11.50	93.9	315	27	316	27	2	-	4.0	14	2000	14
1.3	83	-16.6	3.89	3.7	224	58	353	59	34	7	69.9	17	2042	9
25.8	24	5.8	0.51	-23.9	145	284	665	504	20	9	37.5	15	1831	6
34.7	33	26.0	0.96	4.4	195	203	388	258	111	3	109.2	14	980	11
28.6	8	8.2	1.07	0.9	5071	4730	5200	4793	36	1	64.7	20	1819	19
13.0	96	0.7	1.71	43.7	161	94	6411	193	66	-1	112.8	-	1700	-
47.1	59	15.8	1.11	8.8	126	114	508	211	55	-	58.2	-	1058	-
41.7	1	2.7	0.85	-6.6	343	403	442	437	63	-1	103.3	-2	1641	-1
-	-	-	-	-	-	-	-	-	69	-17	175.5	23	2553	49
14.2	11	18.3	1.62	-90.0	1263	781	2472	2194	11	78	20.2	41	1783	-21

AÐALLISTI

	Röð 90	Röð 89	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.a.	Veltu-breyt. fradr. verðbr.	Hagn. millj. króna (-tap)	Hagn. millj. króna 1989	Hagn. % af veltu	Breyt. í % f.f.a	Hagn. % af eigin fe	Breyt. í % f.f.a.	Eigið fe í millj. króna
Jökull h.f. - Fiskiðja Raufarh hf.	171	176	512.2	20	12	35.8	23.2	7.0	29.0	15.3	41.6	234
Plastos h.f.	172	189	510.0	41	32	20.4	-19.9	4.0	-	-	-	-
Sparisjóður vélstjóra	173	153	509.3	-9	-15	61.9	69.3	12.2	-2.1	17.0	-27.2	364
Bifr. og landbún.vélar hf.	174	145	507.5	-15	-21	-	-	-	-	-	-	-
Höfn h.f.	175	170	505.9	9	2	1.0	1.7	0.2	-46.0	2.8	-63.2	36
Íshúsfélag Ísfirðinga h.f.	176	150	502.8	-11	-17	3.7	20.8	0.7	-79.8	2.2	-83.7	168
Bernnard Petersen hf.	177	206	497.4	56	46	-	-	-	-	-	-	-
Glitnir hf.	178	61	484.0	-64	-66	54.7	36.1	11.3	318.5	12.4	41.7	443
Fiskimjölsverksm í Vestm h.f.	179	147	480.3	-18	-23	-	-	-	-	-	-	-
Fiskvinnslan á Bíldudal h.f.	180	207	473.1	49	39	18.0	5.8	3.8	107.7	60.6	-	30
Iðnþróunarsjóður	181	-	464.4	-	-	28.9	-	6.2	-	1.2	-	2459
Söltunarfélag Dalvíkur h.f.	182	-	456.0	151	134	84.0	-30.0	18.4	-	-	-	-
Seltjarnarneskaupstaður	183	-	451.0	-	-	-	-	-	-	-	-	839
Bygg.fél. Gylfa og Gunnars sf.	184	-	444.5	-	-	69.4	-	15.6	-	76.7	-	91
Malbikunarstöð Rvík.borgar	185	173	439.8	-4	-10	45.5	8.2	10.4	475.0	11.0	319.0	413
Haförninn h.f.	186	192	427.8	20	12	12.4	-6.5	2.9	-	45.3	-	27
Sjúkrahús Akraness	187	-	426.6	-	-	-6.3	-19.9	-1.5	-	-1.8	-	346
Securitas, öryggisþjónusta	188	225	426.0	66	55	9.4	5.0	2.2	13.3	-	-	-
Blómaval h.f.	189	-	420.2	-	-	8.7	-	2.1	-	50.3	-	17
Guðmundur Runólfss.hf.	190	193	414.0	16	8	63.9	12.9	15.4	326.2	-	-	-
Ós húseiningar h.f.	191	152	410.5	-27	-32	20.5	-	5.0	-	-	-	-
Asiaco hf.	192	186	409.5	7	-1	5.9	-	1.4	-	10.2	-	58
Hitaveita Akureyrar	193	200	407.0	19	11	51.5	-70.0	12.7	-	-	-	-288
Kaupfélagið Fram	194	211	405.2	36	26	11.5	-	2.8	-	63.2	-	18
Reykjalundur endurh. stofnun	195	-	402.0	-	-	-	-	-	-	-	-	-
J. Hinriksson h.f. vélaverkstæði	196	-	400.0	155	138	11.3	1.4	2.8	218.0	20.9	527.3	54
Loftorka sf Reykjavík	197	203	397.0	19	11	-	-	-	-	-	-	-
Japis hf.	198	-	396.7	-	-	1.4	-	0.4	-	15.7	-	9
Húsavíkurkaupstaður	199	151	387.2	-31	-36	159.1	78.3	41.1	196.5	20.6	-	772
Skifan hf.	200	-	385.0	-	-	11.2	-	2.9	-	33.1	-	34
Rafveita Akureyrar	201	187	380.7	3	-4	-13.0	4.5	-3.4	-	-1.9	-	666
Steinullarverksmiðjan h.f.	202	208	379.7	24	16	47.9	-	12.6	-58.5	20.7	-61.4	231
Lánastofnun sparisjóðanna	203	199	379.0	9	2	71.1	54.3	18.8	19.9	12.8	-	556
Fróði hf., útgáfufyrirtæki	204	-	369.9	-	-	5.4	-	1.5	-	3.2	-	167
Skipaútgerð ríkisins	205	-	358.4	-	-	-32.9	-32.9	-9.2	-	-	-	-286
Alpan hf.	206	-	350.0	25	17	10.0	-	2.9	-	-	-	-
Útgerðarfélag Dalvíkinga hf.	207	218	347.1	27	18	74.2	-	21.4	-	431.4	-	17
Hvíta Húsið hf. auglýsingastofa	208	-	346.6	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Lýsi h.f.	209	179	346.4	-16	-22	-	-	-	-	-	-	-
Rafveita Hafnarfjarðar	210	210	345.4	15	7	5.8	-35.5	1.7	-	1.0	-	575
Hraðfr.hús Grundarfj. h.f.	211	197	339.2	-2	-9	23.6	22.1	7.0	9.4	11.8	-87.6	200
Sparisjóður Mýrasýslu	212	182	336.6	-15	-20	52.8	69.6	15.7	-11.1	16.2	-39.7	326
Nesskip h.f. - Ísskip h.f.	213	184	326.6	-16	-21	-	-	-	-	-	-	-
Orkustofnun	214	209	326.5	8	1	-	6.1	-	-	-	-	-

Breyt. í % f.f.á.	Eigin-fjár-hlutf. í %	Breyt. í % f.f.á.	Veltu-fjár-hlut-fall	Breyt. í % f.f.á.	Veltu-fjár-munir millj.	Skamm-tima-skuld. millj.	Heildar-eignir millj. króna	Heildar-skuldir millj. króna	Meðal-fjöldi starfsm. (ársverk)	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal-laun í þús. króna	Breyt í % f.f.á.
9.0	41	16.5	0.55	-12.7	67	121	565	331	73	-	124.7	-	1704	-
-	-	-	-	-	-	-	-	-	84	-5	112.3	24	1337	30
22.7	13	-6.4	-	-	-	-	2825	2461	40	4	57.1	17	1413	12
-	-	-	-	-	-	-	-	-	64	2	94.3	25	1474	23
60.0	12	36.9	0.76	-1.3	186	246	302	266	59	-1	58.5	13	987	15
9.6	39	27.3	0.69	-26.6	98	143	434	298	64	-33	107.7	-7	1692	39
-	-	-	-	-	-	-	-	-	9	-3	13.8	1	1506	4
6.9	13	12.0	2.32	15.4	2088	902	3384	2941	-68	31.4	-50	2088	57	15
-	-	-	-	-	-	-	-	-	47	-14	117.5	-4	2497	12
-	4	-	0.50	-	131	263	731	702	61	23	128.6	87	2114	52
-	42	-	-	-	666	-	5875	3417	7	-	16.5	-	2360	-
-	-	-	-	-	-	-	-	-	43	11	99.6	69	2317	51
-	78	-	1.15	-	120	104	1079	240	178	20	148.2	7	833	-11
-	14	-	0.81	-	435	535	649	558	54	-26	133.2	59	2467	115
32.3	100	-	-	-	319	-	413	-	-	-	-	-	-	-
58.4	6	63.1	0.45	-18.2	62	139	453	425	77	21	109.3	14	1420	-5
8.5	91	1.1	0.13	-	4	35	381	35	181	0	281.1	16	1554	16
-	-	-	-	-	-	-	-	-	342	13	203.6	25	596	10
-	15	-	0.72	-	61	85	115	98	33	-4	59.6	17	1816	22
-	-	-	-	-	-	-	-	-	54	-34	104.0	-5	1922	43
-	-	-	-	-	-	-	-	-	37	-20	66.3	-4	1781	20
-	34	-	1.68	-	164	98	173	115	30	14	50.5	22	1697	7
-	-9	-	0.46	27.8	66	142	3047	3349	-	-	-	-	-	-
-	11	-	0.56	-	67	118	166	148	38	-	41.7	-	1101	-
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
28.8	34	23.1	0.96	7.9	92	96	158	103	25	-4	35.0	7	1413	11
-	-	-	-	-	-	-	-	-	70	18	112.2	35	1592	14
-	11	-	1.14	-	79	69	85	76	15	-11	22.6	-4	1463	8
-	75	-	1.67	-	138	82	1036	264	98	5	114.1	17	1162	12
-	14	-	1.06	-	140	133	236	202	32	-17	44.0	30	1387	56
8.9	97	0.8	3.31	4.1	73	22	688	22	32	12	46.4	16	1452	4
33.7	26	26.6	1.97	-15.1	192	97	879	648	41	8	62.9	20	1552	11
-	17	-	-	-	-	-	3194	2638	10	59	20.0	65	1938	4
-	46	-	1.36	-	202	149	362	195	64	-	83.0	-	1297	-
-	-45	-	0.15	-	83	561	632	799	-	-	-	-	-	-
-	-	-	-	-	-	-	-	-	55	24	61.7	47	1131	19
-	3	-	0.49	-	58	118	612	596	33	-3	116.8	24	3570	28
-	-	-	-	-	-	-	-	-	30	-	65.3	-	2177	-
-	-	-	-	-	-	-	-	-	35	-12	79.7	11	2277	27
20.2	74	2.0	0.83	-23.1	78	94	773	198	41	4	56.0	8	1370	3
761.6	39	689.6	1.01	260.7	70	69	507	308	70	5	99.9	-5	1427	-9
25.9	17	0.2	-	-	-	-	1960	1634	49	141	76.2	133	1543	-3
-	-	-	-	-	-	-	-	-	73	-9	152.2	5	2100	16
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-

VÍSBENDINGAR

HÆSTU LAUNIN

Útgerðarfyrirtæki landsins eru góðir launagreiðendur þegar vel gengur. Það kemur skýrt fram á eftirfarandi lista. Árið 1990 eru 58 fyrstu fyrirtækin á listanum yfir hæstu meðallaunin útgerðarfyrirtæki með nærri 1400 ársverk. Ársverkið í þessum 58 fyrirtækja hópi var að meðaltali frá 6,8 milljónum niður í rúmar 3,1 milljón. Aðeins örfá fyrirtæki, utan útgerðarinnar, hafa greitt yfir 2,5 milljónir í meðallaun á árinu. Ekki er trúlegt að nokkur sjómaður hafi haft þær tekjur í raun sem þarna birtast. Hér er um ársverk að ræða, sem í raun segir hvað sá sjómaður hefði haft í laun, sem hefði unnið allt árið um borð fiskiskipi sínu. Hitt er ljóst að sjómenn hafa góðar tekjur og er það vel.

	Sveitarfélag	Meðal-laun í þús króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Hrönn h.f.	Ísafjörður	6832	64	20	-24	133.9	24
Gunnar Hafsteinsson, útgerðarmaður	Reykjavík	6230	33	10	2	59.4	36
Samherji h.f.	Akureyri	6193	24	78	13	484.4	40
Álftfirðingur h.f.	Súðavík	5341	22	23	19	122.8	45
Jóhann Halldórsson, útgerð	Vestmannaeyjar	4999	65	9	1	47.4	66
Skagstrendingur hf	Skagaströnd	4910	-14	62	36	304.6	17
Gunnvör h.f., útgerð	Ísafjörður	4804	62	35	58	166.6	156
Oddeyri hf. útgerð	Akureyri	4665	17	14	6	67.2	24
Kleifar hf. útgerð	Vestmanneyjar	4597	50	13	9	61.2	64
Emma hf. útgerð Vestm.eyjum	Vestmannaeyjum	4505	40	9	-6	41.3	32
Stálskip h.f.	Hafnarfjörður	4390	13	45	67	198.1	90
Emil Andersen, útgerð	Vestmannaeyjar	4321	49	6	-23	28.1	14
Smáey hf. útgerð	Vestmannaeyjum	4276	31	11	-4	48.0	25
Valbjörn h.f.	Sandgerði	4102	14	16	-5	66.0	8
Sæberg hf. útgerð	Ólafsfirði	4058	18	48	2	196.6	20
Gunnlaugur Ólafsson, útgerð	Vestmannaeyjar	4045	23	10	10	40.0	36
Hólmadrangur h.f.	Hólmavík	4028	6	33	12	131.4	19
Ós hf. útgerð	Vestmannaeyjar	4025	18	12	25	50.2	48
Baldur h.f.	Bolungarvík	3974	0	16	16	63.2	16
Sigurpáll hf útgerð	Eyrarbakka	3934	-	9	-	35.5	-
Bergur-Huginn sf.	Vestmannaeyjum	3903	14	57	28	220.6	45
Gísli Jóhannesson, útgerð	Reykjavík	3890	23	14	-19	53.6	0
Ljósavík hf	Þorlákshöfn	3869	24	16	7	61.8	33
Hraðfrystihús Keflavíkur hf.	Keflavík	3839	36	20	-26	76.9	0
Hvalur h.f.	Borgarfjarðarsýsla	3830	25	53	-35	203.0	-19
Hafboði hf. útgerð	Hafnarf.	3776	-	16	-	58.8	-
Magnús Gamalíelss. h.f.	Ólafsfjörður	3764	35	42	-13	156.4	18
Þróttur h.f.	Grindavík	3750	-	8	-	31.9	-
Elliði hf.	Þorlákshöfn	3734	37	8	-17	29.6	13
Óskar Þórarinsson, útgerð	Vestmannaeyjar	3684	-	11	-	41.3	-
Miðfell h.f.	Hnífsdalur	3675	19	25	10	91.3	30
Þinganes h.f	Höfn Hornafirði	3609	52	10	-29	35.1	7
Skipaklettur h.f.	Reyðarfjörður	3597	21	30	17	107.4	42
Siglfirðingur h.f.	Siglufjörður	3575	-10	33	32	118.0	19
Útgerðarfélag Dalvíkinga hf.	Dalvík	3570	28	33	-3	116.8	24
Húnaröst hf. útgerð		3553	-	13	-	46.5	-
Haukafell hf. útgerð	Hornafirði	3544	80	7	-30	25.3	26
Ottó Wathne h.f.	Seyðisfjörður	3531	35	19	-2	67.4	32
Ögurvík h.f.	Reykjavík	3517	24	88	-3	310.2	21
Sigluberg hf. útgerð	Grindavík	3411	-	15	-	49.9	-
Súlan hf. útgerð	Akureyri	3407	12	7	-34	24.3	-27
Útgerðarfélagið Krossey hf.	Höfn	3346	-	9	-	28.6	-
Hlaðsvík h.f.	Suðureyri	3289	29	12	-27	39.0	-6
Knörr hf. útgerðarfélag		3280	-	43	-	140.9	-
Huginn hf. útgerð	Vestmannaeyjar	3252	20	13	-2	41.9	18
Gullberg h.f.	Seyðisfjörður	3252	89	31	-33	102.3	26
Sigurður Ólafsson hf. útgerð	Höfn í Hornafirði	3241	34	10	-1	31.0	33
Gjögur hf. Grenivík	Reykjavík	3237	21	54	-1	174.0	19
Matthías Öskarsson, útgerð	Vestmannaeyjum	3236	61	11	-17	36.9	34
Samtog hf.	Vestmannaeyjar	3236	18	62	0	201.2	18

VÍSBENDINGAR

	Sveitarfélag	Meðal-laun í þús króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Barðinn h.f. Kóp.	Kópavogur	3177	41	27	66	85.6	134
Garðar Guðmundsson hf. útgerð	Ólafsfirði	3161	-	12	-	38.2	-
Garðey hf. útgerð	Höfn í Hornafirði	3154	12	18	50	57.6	69
Festi h.f.	Grindavík	3153	11	11	19	33.9	31
Útver h.f.	Ólafsvík	3152	21	19	0	59.6	21
Hilmir h f.	Reykjavík	3151	2	22	9	69.3	11
Útgerðarfélag Flateyrar h.f.	Flateyri	3115	-13	24	58	73.6	37
Valtýr þorsteinsson hf.útgerð	Akureyri	3097	1	10	16	31.4	18
Endurskoðunarmiðstöðin h.f	Reykjavík	3092	25	38	-8	117.3	16
Júpiter hf. útgerð	Patreksfirði	3088	-	18	-	54.6	-
Útnes h.f. útgerð	Hellissandi	3052	54	9	-20	27.8	23
Pétur Stefánsson, útgerð,útflutn.	Kópavogi	3033	-	37	-	113.7	-
Sjóli h.f.	Reykjavík	3030	-	7	-	20.1	-
Ingimundur h.f.	Reykjavík	3030	11	49	2	147.7	13
Sjávarborg h.f.	Kópavogur	3020	19	11	-28	33.2	-14
Vísir hf. útgerð	Húsavík	3002	-	11	-	31.9	-
Rafhönnun h.f.	Reykjavík	2990	77	26	7	76.6	90
Borgarey hf.	þorlákshöfn	2985	0	7	1	20.8	2
Ufsaberg hf. útgerð	Vestmannaeyjar	2981	21	11	-6	33.2	14
Fossvirki sf.	Reykjavík	2975	6	57	249	169.9	269
Gullvík h..f	Grindavík	2972	50	12	-31	34.6	3
Útgerðarfélagið Nökkvi	Blönduósi	2970	17	15	13	43.9	32
Krafttak sf.	A-Húnavatnssýslu	2967	75	21	-31	63.6	21
Ratsjárstofnun Íslands	Reykjavík	2957	-	51	-	150.7	-
Hólmaborg h.f.	Eskifirði	2954	10	13	-11	37.0	-2
Arnarnúpur hf. útgerð	þingeyri	2946	-	17	-	48.7	-
Bergur hf. útgerð	Vestmannaeyjar	2942	9	16	30	46.0	42
Eyjavík hf. útgerð	Vestm.eyjum	2941	-	17	-	48.6	-
Eskey h.f.	Höfn í Hornafirði	2916	29	19	-7	54.4	20
Útgerðarfélag Bílddælinga hf.		2884	16	16	6	47.0	23
Frosti hf. útgerð	Grýtubakkahreppi	2880	-	14	-	39.3	-
Sjólastöðin h.f. Hafnarf.	Hafnarfjörður	2878	6	140	-1	403.1	4
Borgey h.f.	Höfn í Hornafirði	2868	1153	44	-9	127.3	1034
Íshaf hf. útgerð	Húsavík	2864	13	20	2	56.0	15
Sólbakki hf. útgerð	Keflavík	2851	-	9	-	25.7	-
Meitillinn h.f.	þorlákshöfn	2829	51	62	-32	176.5	3
Hraðfrystistöðin h.f. Rvk.	Reykjavík	2814	22	49	-34	137.1	-19
þórður Rafn Sigurðsson, útgerð	Vestmannaeyjum	2799	-	9	-	24.4	-
Valafell hf. útgerðr	Ól.vík	2768	-	10	-	28.5	-
Sæhamar hf. útgerð	Vestmannaeyjum	2757	11	22	16	61.4	29
Hewlett-Packard á Íslandi	Reykjavík	2737	21	8	-34	22.2	-20
Íslensk getspá sf - LOTTÓ	Reykjavík	2714	68	19	-29	52.3	20
Hafnarnes h.f.	þorlákshöfn	2691	22	21	0	55.6	22
Muggur hf. útgerð	Keflavík	2691	-	18	-	48.4	-
Útgerðarfélag Norður-þingeyinga	þórshöfn	2687	-15	27	-2	73.5	-17
Kolbeinstangi hf. útgerð	Vopnafirði	2663	24	10	-11	25.9	11
Sýn hf. kvikmyndagerð	Reykjavík	2662	26	10	33	25.9	67
Fiskveiðasjóður Íslands	Reykjavík	2652	24	23	-6	59.9	17
Mummi hf. útgerð	Sandgerði	2652	-	17	-	45.8	-
Sigurður h.f. útgerð	Akranes	2642	13	15	-16	40.7	-5
Hagvangur h.f.	Reykjavík	2626	10	8	14	20.5	25
Höfn hf. útgerð	Vestmanneyjar	2615	13	21	-9	53.9	3
Laxalind hf. fiskeldi		2605	-	23	-	59.0	-
Rán hf. fiskverkun	Dalvík	2604	50	15	-10	39.0	35
Ingimundur Ingimundarson	Reykjavík	2590	25	8	-10	20.1	12
Auðunn hf.	Hornafjörður	2589	12	9	2	23.9	14
Hitastýring hf.	Reykjavík	2567	9	15	-17	39.3	-10
Keflavíkurverktakar	Gullbringusýslu	2565	5	98	223	251.5	241
Lögfræðistofan Höfðabakka 9	Reykjavík	2563	31	13	7	34.2	40
Fjárheimtan hf.	Reykjavík	2557	19	14	11	34.8	32

VÍSBENDINGAR

	Sveitarfelag	Meðal-laun í þús króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Hraðfrystihús Stokkseyrar	**Stokkseyri**	**2553**	**49**	**69**	**-17**	**175.5**	**23**
Einar J. Skúlason h.f	**Reykjavík**	**2550**	**23**	**59**	**-8**	**150.6**	**14**
Hólmi h.f.	**Eskifjörður**	**2543**	**8**	**18**	**3**	**44.9**	**11**
Enni h.f.	**Ólafsvík**	**2541**	**60**	**22**	**-10**	**56.5**	**44**
Skagfirðingur hf. löndunarstj.		**2540**	**-**	**67**	**-**	**168.9**	**-**
Verkfr.stofa Guðmundar & Kristjáns hf	**Reykjavík**	**2536**	**18**	**22**	**-12**	**56.7**	**4**
Kf.Fáskr. og hraðfrystihúsið	**Fáskrúðsfjörður**	**2530**	**16**	**100**	**-3**	**253.2**	**12**
Dverghamar sf	**Garði**	**2527**	**-**	**78**	**9**	**197.7**	**-**
IBM á Íslandi	**Reykjavik**	**2523**	**13**	**71**	**-9**	**178.2**	**3**
Valdimar h.f.	**Vogar**	**2516**	**29**	**33**	**9**	**83.1**	**40**
Haukur Runólfsson útgerð	**Höfn í Hornafirði**	**2509**	**30**	**10**	**-15**	**25.0**	**10**
Fiskimjölsverksm í Vestm h.f.	**Vestmannaeyjum**	**2497**	**12**	**47**	**-14**	**117.5**	**-4**
Höfði h.f.	**Húsavík**	**2484**	**8**	**25**	**2**	**63.3**	**10**
Runólfur Hallfreðsson, útgerð	**Akranes**	**2477**	**10**	**16**	**-9**	**40.0**	**0**
Linuhönnun hf., verkfr.stofa	**Reykjavik**	**2471**	**35**	**22**	**8**	**53.3**	**45**
Bliki hf. fiskverkun	**Dalvík**	**2468**	**31**	**29**	**-22**	**72.8**	**3**
Byggingafélag Gylfa og Gunnars sf.	**Reykjavík**	**2467**	**115**	**54**	**-26**	**133.2**	**59**
Endurskoðun h.f.	**Reykjavík**	**2451**	**0**	**51**	**26**	**125.4**	**26**
Stafnes hf.	**Keflavík**	**2443**	**36**	**24**	**-21**	**58.1**	**8**
Sindrastál h.f.	**Reykjavík**	**2427**	**42**	**27**	**-13**	**66.1**	**23**
Glettingur h.f.	**þorlákshöfn**	**2415**	**-23**	**108**	**32**	**261.3**	**2**
Sædís hf.	**Ólafsfirði**	**2412**	**22**	**16**	**34**	**39.0**	**64**
Kristinn Sveinsson, byggingam.	**Reykjavík**	**2406**	**5**	**22**	**-26**	**52.2**	**-23**
Stoð hf. endurskoðun		**2404**	**-**	**23**	**-**	**56.2**	**-**
Útgerðarfélag Ólafsfjarðar h.f.	**Ólafsfjörður**	**2385**	**-8**	**20**	**-39**	**47.7**	**-44**
Hraðfrystistöð Vestm. hf.	Vestmannaeyjar	2384	-1	169	-5	403.0	-6
Samfrost, skrifst.hraðfr.húsa	Vestmannaeyjum	2372	51	14	-32	33.5	3
Almenna verkfræðistofan hf.	Reykjavík	2370	15	40	-5	94.8	9
Kyndill sf. olíuskip	Reykjavík	2367	6	17	6	40.4	12
Langanes hf. útgerð	Húsavík	2365	-	13	-	31.0	-
Hnit h.f.	Reykjavík	2362	20	31	1	72.2	21
Iðnþróunarsjóður		2360	-	7	-	16.5	-
Sæfell hf. útgerð	Stykkishólmi	2353	-	7	-	17.6	-
Græðir h.f.	Bolungarvík	2346	39	11	-14	26.2	20
Hraðfrystihús Breiðdælinga h.f.	Breiðdalsvík	2337	25	68	10	159.6	38
Söltunarfélag Dalvíkur h.f.	Dalvík	2317	51	43	11	99.6	69
Visir h.f.	Grindavík	2311	-	40	-	91.3	-
Skinney h.f.	Höfn í Hornafirði	2311	22	55	3	126.7	27
Íslenska útflutn.miðst. h.f.	Reykjavík	2310	17	4	-	9.6	17
Tölvumiðstöðin hf.	Reykjavík	2306	12	12	-2	28.3	9
þróunarfélag Íslands hf.	Reykjavík	2296	5	4	2	8.2	7
Fisco hf.		2296	-	2	-	5.6	-
Kerfi hf.	Reykjavík	2296	11	15	10	34.3	22
Búðanes hf. útgerð	Ísafirði	2294	-	10	-	23.8	-
Straumur, raft.verslun	Ísaf.	2294	-	10	-	23.8	-
Samstaða hf. útg.	Höfn	2294	-	19	-	43.8	-
Korri h.f.	Húsavík	2290	23	24	-5	55.5	16
Landsvirkjun	Reykjavík	2289	9	324	8	741.0	18
Framtak hf. véla og skipaþjónusta	Hafnarfirði	2287	5	16	17	37.2	23
Landsbréf hf.		2283	-	15	-	34.5	-
Ístess hf fóðurv.verksmiðja	Akureyri	2280	14	18	-12	40.9	0
Lýsi h.f.	Reykjavík	2277	27	35	-12	79.7	11
A. Karlsson hf.	Reykjavík	2276	-	16	-	36.9	-
Friðþjófur h.f.	Eskifjörður	2251	10	23	6	52.6	16
Faxafrost hf. skipaafgreiðsla	Hafnarfirði	2245	25	14	-2	30.6	23
Hælsvík sf.	Grindavík	2242	21	18	-2	40.3	18
Hraðfrystihús Eskifjarðar h.f.	Eskifirði	2239	7	159	3	355.2	10
Fiskmiðlun Norðurlands	Dalvík	2236	-	4	-	8.7	-
Endurskoðun Sig.Stefánssonar hf.	Reykjavík	2217	3	14	-12	32.1	-9
Otur hf. fiskverkun	Dalvík	2215	25	10	-21	22.2	-2
Marel h.f. Rvk.	Reykjavík	2214	27	32	1	70.5	29
Gunnar Örn Ólafsson útgerð verkun	Hafnarfjörður	2191	38	22	2	48.1	41
Krossanesverksmiðjan	Akureyri	2180	64	18	-59	38.3	-32
Jarðboranir hf.	Reykjavík	2179	28	28	-13	60.8	12
Vinnum.samb samvinnufél.	Reykjavík	2177	32	6	-31	12.9	-8

VÍSBENDINGAR

	Sveitarfélag	Meðal-laun í þús króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Hvíta Húsið hf. auglýsingastofa		2177	-	30	-	65.3	-
Njáll hf. fiskverkun	Garði	2176	-	18	-	38.8	-
Verkfr.stofa Sig. Thoroddsen hf.	Reykjavík	2174	18	70	0	152.0	17
Radíómiðun hf.	Reykjavík	2169	16	9	-6	19.8	9
Nes hf. Grundarf.	Grundarfirður	2168	14	36	-1	78.8	12
Dvergur hf. útgerð	Ólafsvík	2166	-	8	-	16.5	-
Dagur Ingimundarson, útg.og vinnsla	Sandgerði	2129	18	20	-10	42.3	6
Sigurbjörn sf. fiskverkun	Grímsey	2128	-	9	-	20.2	-
Flugfélag Norðurlands h.f.	Akureyri	2126	6	29	6	61.7	13
Grandi hf.	Reykjavík	2122	-32	392	112	832.0	43
Íslenska álfélagið hf.	Hafnarfjörður	2114	33	588	-18	1243.6	9
Fiskvinnslan á Bíldudal h.f.	Bíldudalur	2114	52	61	23	128.6	87
Miðnes hf.	Sandgerði	2114	39	149	-12	315.0	22
Hópsnes h.f.	Grindavík	2105	48	60	1	126.8	49
Nesskip h.f. - Ísskip h.f.	Seltjarnarnes	2100	16	72	-9	152.2	5
Brimnes hf.	Flateyri	2099	-	10	-	21.2	-
Landsamband ísl. útvegsmanna	Reykjavík	2097	47	19	102	39.2	197
Bátaábyrgðarfélag Vestm. gt.	Vestmannaeyjum	2095	17	2	-20	3.1	-6
Þorbjörn h.f.	Grindavík	2092	37	137	-7	287.5	28
Glitnir hf.	Reykjavík	2088	57	15	-68	31.4	-50
Vararkollur hf. útgerð	Ólafsvík	2083	-	11	-	22.7	-
Hleiðra hf. útgerð	Hafnarfirði	2080	-	15	-	31.4	-
Vélsmiðja Orms og Víglundar hf.	Reykjavík	2080	43	15	-2	31.5	41
Vestri hf.	Patreksfjörður	2074	0	13	13	27.0	13
Samlag skreiðarframleiðenda	Reykjavík	2071	-	3	-	6.5	-
Pólstækni hf.	Ísafirði	2066	5	22	7	46.1	12
Verk og kerfisfræðistofan h.f.	Reykjavík	2058	20	24	-12	48.9	5
Haraldur hf.	Dalvík	2056	72	13	-55	26.3	-22
Smith & Norland h.f.	Reykjavík	2042	9	34	7	69.9	17
Hafnarbakki hf. saltsala		2039	-	8	-	16.6	-
Ísfélag Vestmannaeyja h.f.	Vestmannaeyjar	2039	60	89	-18	180.8	30
Lýsing hf. fjármögnunarleiga	Reykjavík	2036	-	11	-	23.1	-
Flugleiðir hf.	Reykjavík	2034	15	1192	-3	2424.4	12
Endurskoðun Akureyri hf.	Akureyri	2033	-1	19	60	38.2	59
Íslenska forritaþjónustan sf.		2032	-	15	-	31.0	-
Þorgeir & Ellert h.f.	Akranes	2026	44	83	-28	168.2	4
Hafsíld hf.	Seyðisfjörður	2023	72	13	-44	26.6	-3
Blikk & Stál h.f.	Reykjavík	2022	28	38	-6	76.0	20
Fiskanes h.f.	Grindavík	2009	17	109	-3	218.7	14
Hönnun h.f.	Reykjavík	2007	34	21	-2	43.1	32
Rafver hf	Reykjavík	2007	34	17	8	34.2	45
Reiknistofa bankanna	Reykjavík	2007	6	129	16	258.8	23
Flugfélagið Atlanta hf.		2006	-	5	-	11.0	-
Vélsmiðja Akureyrar hf.	Akureyri	2001	-	10	-	20.9	-
Stilling hf.	Reykjavík	2000	28	13	11	26.0	42
Celite Ísland hf. (Manville)	Húsavík	2000	14	2	-	4.0	14
Gjörvi hf., vélaverkstæði	Reykjavík	2000	9	18	-1	35.4	7
Har. Böðvarsson & Co. h.f.	Akranes	1990	-1	182	5	361.2	4
Verkfr.stofa Stefáns Ólafssonar hf.	Reykjavík	1983	13	27	7	53.7	21
Fríhöfnin	Keflavík	1980	66	62	-30	121.8	16
Skipalyftan h.f.	Vestmannaeyjum	1975	15	38	-3	75.6	12
Ístak h.f. - Íslenskt verktak	Reykjavík	1975	19	129	-4	254.5	15
Baader-þjónustan hf.	Kópavogur	1972	10	30	4	59.4	15
Sameinaða auglýsingastofan hf.	Reykjavík	1964	26	11	-14	21.4	8
Sólborg hf. fiskverkun	Fáskrúðsfirði	1964	33	12	-26	23.6	-1
Útgerðarfélag Akureyringa h.f.	Akureyri	1963	19	394	-3	773.0	15
Verkfr.stofa Stanleys Pálssonar	Reykjavík	1963	11	23	-15	44.6	-5
Trygging hf.	Reykjavík	1959	33	30	-18	58.8	9
Kötunarstöðin hf.	Reykjavík	1957	4	12	40	23.3	46
Sparisjóður Rvk. og nágrennis	Reykjavík	1953	51	73	-27	142.0	10
Íslenska járnblendifél. hf.	Borgarfjarðarsýsla	1953	5	206	2	401.7	7
Faxamjöl hf.		1948	-	32	-	62.8	-
Hóp h.f.	Grindavík	1947	9	29	-10	55.9	-1
Vinnuveitendasamband Íslands	Reykjavík	1945	14	18	-1	35.2	13
Íslenskir aðalverktakar sf.	Reykjavík	1944	7	517	6	1005.3	13

VÍSBENDINGAR

MESTUR HAGNAÐUR

Ekkert íslenskt fyrirtæki kemst með tærnar þar sem ÁTVR -Áfengis og tóbaksverslun ríkisins hefur hælana í þessu tilliti. Svo mun áreiðanlega verða meðan ríkið er með einokun á sölu áfengis og tóbaks. Fyrirtækið eykur hagnað sinn um 15% milli ára, talsvert yfir verðbólgu ársins. Í næstu sætum eru nokkur gróin fyrirtæki sem áttu góðu gengi að fagna á síðasta ári. Athygli vekur hagnaður af rekstri IBM á Íslandi. Þar er um glæsilegan árangur að ræða.

	Hagn. millj. króna (-tap)	Breyt. í % f.f.á	Hagn. % af veltu	Hagn % af eigin fé	Velta millj. króna	Röð á aðal-lista
Áf.og tóbaksv. rík. ÁTVR	6372.5	15	56.5	761.9	11280.3	6
Landsvirkjun	1020.0	43	18.4	4.1	5559.9	16
Flugleiðir hf.	710.1	-	5.6	17.0	12668.3	4
IBM á Íslandi	566.4	2610	26.8	61.5	2112.1	47
Póstur og sími	541.3	17	6.8	5.4	7995.2	12
Hitaveita Suðurnesja	523.5	162	38.4	16.9	1362.1	69
Sölus. ísl. fiskframl. SÍF.	485.3	133	4.1	77.2	11926.1	5
Íslenskir aðalverktakar sf.	463.4	296	12.4	11.6	3750.8	21
Íslandsbanki hf.	450.2	-	4.9	8.8	9143.3	10
Frihöfnin	410.3	28	27.2	101.9	1506.9	59
Eimskipafélag Íslands hf.	401.3	-26	5.8	10.3	6873.0	13
Sölumiðstöð hraðfr.húsanna	375.6	209	2.2	21.9	17450.2	2
Olíufélagið hf	335.1	251	3.7	9.8	9015.6	11
Samb. ísl. samvinnufélaga	330.2	-	1.4	18.0	23649.5	1
Íslensk getspá sf - LOTTÓ	316.9	22	33.9	309.5	933.8	99
Búnaðarbanki Íslands	289.7	-40	5.3	9.7	5454.7	17
Kaupfélag Eyfirðinga KEA	282.7	-	2.8	10.8	10082.9	7
Rafmagnsveita Reykjavíkur	255.7	200	7.6	1.6	3375.3	25
Vegagerð ríkisins	239.8	73	9.9	27.5	2411.5	39
Útgerðarfélag Akureyringa h.f.	194.9	106	7.6	14.8	2574.0	36
Ingvar Helgason, heildverslun	191.9	2185	13.6	42.1	1409.5	64
Grandi hf.	190.3	-	6.8	14.3	2816.5	31
Tangi h.f.	159.8	-	25.6	63.7	624.3	146
Húsavíkurkaupstaður	159.1	103	41.1	20.6	387.2	199
Hitaveita Reykjavíkur	153.3	-40	6.6	1.1	2341.3	42
Fiskveiðasjóður Íslands	149.0	96	7.4	-	2028.0	48
Iðnlánasjóður	136.8	69	9.5	5.0	1442.6	61
Olíufélagið Skeljungur h.f.	130.4	50	2.1	6.6	6307.7	14
Síldarvinnslan hf.	124.7	-	5.7	88.1	2173.5	45
Olíuverslun Íslands hf OLÍS	119.8	276	2.0	7.9	6097.0	15
Skagstrendingur hf	105.3	180	13.0	26.2	809.5	118
Sparisjóður Hafnarfjarðar	102.7	-16	11.8	16.0	868.0	107
Landsbanki Íslands	88.4	-70	0.6	1.5	14259.4	3
Söltunarfélag Dalvíkur h.f.	84.0	-	18.4	-	456.0	182
Frjálst Framtak h.f.	81.6	135	61.4	20.1	132.9	-
Sláturfélag Suðurlands	79.0	-	2.7	34.7	2887.5	29
Íslenska álfélagið hf.	77.5	-96	0.8	2.6	9764.7	8
Pharmaco h.f.	76.0	-	7.8	16.9	978.0	94
Frjáls fjölmiðlun h.f.	75.5	253	9.6	-	788.9	122
Lyfjaverslun ríkisins	75.1	248	10.9	30.7	691.5	133
Kf.Fáskr. og hraðfrystihúsið	74.7	5646	6.2	14.3	1198.7	79
Útgerðarfélag Dalvíkinga hf.	74.2	-	21.4	431.4	347.1	207
Lánastofnun sparisjóðanna	71.1	31	18.8	12.8	379.0	203
Kaupf.A-Skaftfellinga-KASK	70.7	40	2.6	11.7	2761.5	33
Byggingafélag Gylfa og Gunnars sf.	69.4	-	15.6	76.7	444.5	184
Kaupfélag Vopnfirðinga	67.7	-	25.6	264.5	264.4	228
Hekla hf.	67.6	2314	1.8	14.6	3725.0	22
Hraðfrystistöð þórshafnar h.f.	65.6	-	9.4	20.7	696.8	131
Kaupfélag Héraðsbúa	65.5	-	2.8	20.6	2360.0	41
Sparisjóður Rvk. og nágrennis	64.6	-11	7.0	14.8	929.1	100

VÍSBENDINGAR

	Hagn. millj. króna (-tap)	Breyt. í % f.f.á	Hagn. % af veltu	Hagn % af eigin fé	Velta millj. króna	Röð á aðal-lista
Har. Böðvarsson & Co. h.f.	64.5	957	5.4	-	1191.0	80
Guðmundur Runólfss.hf.	63.9	395	15.4	-	414.0	190
Kaupf.Skagf.og Fiskiðja Skr.	63.2	181	1.6	7.8	3977.9	19
Kaupf.þingeyinga og Mjólkursaml.	62.9	472	2.8	25.4	2286.7	43
Sparisjóður vélstjóra	61.9	-11	12.2	17.0	509.3	173
Miðnes hf.	60.0	-	5.6	-	1067.0	86
Kaupfélag Árnesinga	59.2	-	2.1	13.9	2760.9	34
Sæplast hf.	59.0	-	20.7	31.2	285.0	227
Bergur-Huginn sf.	58.9	128	9.6	143.7	616.4	151
þormóður Rammi h.f.	58.3	-	4.8	30.4	1222.3	77
Samvinnuferðir-Landsýn h.f.	57.3	-	3.6	71.7	1592.2	56
Glitnir hf.	54.7	52	11.3	12.4	484.0	178
Árvakur h.f. - Morgunblaðið	53.7	-	3.3	-	1653.7	54
Sparisjóður Mýrasýslu	52.8	-24	15.7	16.2	336.6	212
Hitaveita Akureyrar	51.5	-	12.7	-	407.0	193
Hampiðjan h.f.	50.4	265	5.5	9.3	920.0	103
Tryggingamiðstöðin h.f.	50.2	-33	2.6	12.7	1923.0	50
Glóbus h.f.	50.1	-	3.1	-	1634.4	55
Hraðfrystihús Eskifjarðar h.f.	49.3	214	3.6	30.0	1377.3	67
Reykjavíkurhöfn	48.9	73	9.1	0.8	538.5	166
Borgarnesbær	48.7	-	29.4	34.8	165.6	-
Steinullarverksmiðjan h.f.	47.9	-	12.6	20.7	379.7	202
Áburðarverksmiðja ríkisins	47.2	-	3.7	3.2	1288.3	73
Húsatryggingar Reykjavikur	47.2	-	31.5	-	150.1	-
Mjólkursamsalan	47.0	79	1.1	2.2	4315.9	18

VÍSBENDINGAR

HAGNAÐUR SEM HLUTFALL AF VELTU

Frjálst framtak hf. er að þessu sinni efst á þessum lista með hlutfallið 61,4%. Veltan nemur aðeins 133 milljónum króna en hagnaður er 81,6 m.kr. Um er að ræða sölu-hagnað fjármuna. Næst á eftir kemur ÁTVR með 56,5%. Þar er um að ræða mikinn hagnað sem er skatt-heimta fyrir ríkissjóð.

	Hagn. % af veltu	Breyt. í % f.f.a.	Hagn. % af veltu 1989	Hagn. % af eigin fé	Hagn. millj. króna (-tap)	Velta millj. króna
Frjálst Framtak h.f.	61.4	-	0.2	20.1	81.6	132.9
Áf.og tóbaksv. rík. ÁTVR	56.5	3.2	54.7	761.9	6372.5	11280.3
Húsavíkurkaupstaður	41.1	196.5	13.9	20.6	159.1	387.2
Hitaveita Suðurnesja	38.4	153.3	15.2	16.9	523.5	1362.1
Íslensk getspá sf - LOTTÓ	33.9	7.3	31.6	309.5	316.9	933.8
Húsatryggingar Reykjavíkur	31.5	-	-47.7	47.2	150.1	
Borgarnesbær	29.4	-	-149.1	34.8	48.7	165.6
Frihöfnin	27.2	8.1	25.2	101.9	410.3	1506.9
IBM á Íslandi	26.8	1036.4	2.4	61.5	566.4	2112.1
Kaupfélag Vopnfirðinga	25.6	-	-4.7	264.5	67.7	264.4
Tangi h.f.	25.6	-	-17.2	63.7	159.8	624.3
Útgerðarfélag Dalvíkinga hf.	21.4	-	-	431.4	74.2	347.1
Sæplast hf.	20.7	-	-	31.2	59.0	285.0
Lánastofnun sparisjóðanna	18.8	19.9	15.7	12.8	71.1	379.0
Söltunarfélag Dalvíkur h.f.	18.4	-	-	84.0	456.0	
Landsvirkjun	18.4	37.7	13.3	4.1	1020.0	5559.9
Sparisjóður Mýrasýslu	15.7	-11.1	17.7	16.2	52.8	336.6
Byggingafélag Gylfa og Gunnars sf.	15.6	-	-	76.7	69.4	444.5
Guðmundur Runólfss.hf.	15.4	326.2	3.6	63.9	414.0	
Ingvar Helgason, heildverslun	13.6	1559.8	0.8	42.1	191.9	1409.5
Fjárfestingarfélag Íslands hf.	13.4	-	-50.8	14.1	32.3	240.8
Skagstrendingur hf	13.0	119.8	5.9	26.2	105.3	809.5
Hitaveita Akureyrar	12.7	-	-20.5	51.5	407.0	
Steinullarverksmiðjan h.f.	12.6	-58.5	30.4	20.7	47.9	379.7
Íslenskir aðalverktakar sf.	12.4	233.8	3.7	11.6	463.4	3750.8
Sparisjóður vélstjóra	12.2	-2.1	12.4	17.0	61.9	509.3
Sparisjóður Hafnarfjarðar	11.8	-1.8	12.1	16.0	102.7	868.0
Glitnir hf.	11.3	318.5	2.7	12.4	54.7	484.0
Höfði h.f.	11.1	-	-	19.1	171.8	
Lyfjaverslun ríkisins	10.9	218.5	3.4	30.7	75.1	691.5
Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar	10.4	475.0	1.8	11.0	45.5	439.8
Hnit h.f.	10.0	-	-	32.9	12.4	124.2
Vegagerð ríkisins	9.9	42.6	7.0	27.5	239.8	2411.5
Frjáls fjölmiðlun h.f.		9.6	219.0	3.0	75.5	788.9
Bergur-Huginn sf.	9.6	45.5	6.6	143.7	58.9	616.4
Iðnlánasjóður	9.5	226.9	2.9	5.0	136.8	1442.6
Hraðfrystistöð þórshafnar h.f.	9.4	-	-6.4	20.7	65.6	696.8
Reykjavíkurhöfn	9.1	47.6	6.2	0.8	48.9	538.5
Féfang hf.	9.0	321.6	2.1	16.8	46.7	520.1
Tollvörugeymslan h.f.	7.9	2.1	7.7	3.9	6.9	87.4
Pharmaco h.f.	7.8	-	-	16.9	76.0	978.0
Sparisjóður Kópavogs	7.7	131.5	3.3	16.6	23.0	298.5
Íshaf hf. útgerð	7.6	-	-	12.6	165.2	-
Rafmagnsveita Reykjavíkur	7.6	139.9	3.2	1.6	255.7	3375.3
Útgerðarfélag Akureyringa h.f.	7.6	69.7	4.5	14.8	194.9	2574.0
Johan Rönning h.f.	7.4	742.1	0.9	41.4	43.5	586.7
Fiskveiðasjóður Íslands	7.4	544.7	1.1	149.0	2028.0	-
Almenna verkfræðistofan hf.	7.4	-	-	12.2	10.9	148.2
Jökull h.f. - Fiskiðja Raufarh hf.	7.0	29.0	5.4	15.3	35.8	512.2
Hraðfrystihús Grundarfjarðar h.f.	7.0	9.4	6.4	11.8	23.6	339.2

VÍSBENDINGAR

STÆRSTU VINNUVEITENDUR

Hér getur að líta þau fyrirtæki sem flesta hafa starfsmennina. Sjö fyrstu fyrirtækin á listanum eru þau sömu og á síðasta ári. Hið áttunda er hinn nýi Íslandsbanki. Annars breytist listinn sáralítið, nema hvað greinilegt er að mörg fyrirtækjanna fækka starfsfólki. Þar sem starfsmönnum hefur fjölgað, er það fremur lítið, nema hjá fyrirtækjum sem hafa fjölgað starfsmönnum með yfirtöku annarra fyrirtækja.

	Meðal fjöldi starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Reykjavíkurborg	4410	1	1131	12	4989.7	13	0.0	-
Póstur og sími	2132	1	1310	23	2793.8	24	7995.2	18
Borgarspítalinn	1262	2	1352	11	1705.7	13	0.0	-
Flugleiðir hf.	1192	-3	2034	15	2424.4	12	12668.3	27
Landsbanki Íslands	1112	-10	1697	47	1886.9	32	14259.4	-4
Varnarliðið	1096	-2	1787	10	1958.7	7	0.0	-
Kaupfélag Eyfirðinga KEA	948	-1	1062	-2	1006.7	-3	10082.9	18
Íslandsbanki hf.	936	-	1407	0	1317.7	0	9143.3	-
Samb. ísl. samvinnufélaga	892	-3	1575	25	1405.0	21	23649.5	10
Eimskipafélag Íslands hf.	732	3	1630	4	1192.9	7	6873.0	18
Akureyrarkaupstaður	715	3	1152	9	823.5	12	0.0	-
Háskóli Íslands	635	-	1706	26	1082.5	16	1885.4	-
Kópavogskaupstaður	589	-7	67	-93	39.4	-93	0.0	-
Íslenska álfélagið hf.	588	-18	2114	33	1243.6	9	9764.7	-7
Hagkaup hf.	570	0	1281	16	730.0	16	9450.8	21
Búnaðarbanki Íslands	568	3	1346	0	764.7	4	5454.7	-19
Íslenskir aðalverktakar sf.	517	6	1944	7	1005.3	13	3750.8	19
Landakotsspítali	517	-	1444	33	746.3	31	1229.4	-
Hafnarfjarðarkaupstaður	487	6	1124	11	547.9	17	0.0	-
Sjúkrahús Akureyrar	425	-	1435	0	610.0	0	1039.6	-
Vegagerð ríkisins	407	0	1711	12	696.5	12	2411.5	21
Síldarvinnslan hf.	400	-5	1450	11	580.2	6	2173.5	15
Útgerðarfélag Akureyringa h.f.	394	-3	1963	19	773.0	15	2574.0	21
Grandi hf.	392	112	2122	-32	832.0	43	2816.5	47
Sláturfélag Suðurlands	345	-10	1252	9	432.1	-2	2887.5	10
Securitas, öryggisþjónusta	342	13	596	10	203.6	25	426.0	66
Landsvirkjun	324	8	2289	9	741.0	18	5559.9	4
Hagvirki hf.	320	74	1805	-23	577.5	34	2146.9	36
Olíufélagið hf	313	-1	1599	24	500.5	22	9015.6	29
Álafoss hf.	306	-15	1160	9	354.6	-7	0.0	-
Kaupfélag Árnesinga	298	3	1129	5	336.3	8	2760.9	20
Mikligarður hf.	297	95	1073	32	318.7	159	3373.6	21
Skipadeild Sambandsins	295	-	1645	0	486.0	0	0.0	-
Rafmagnsveitur ríkisins	275	-4	1675	11	460.7	7	3343.3	17
Olíuverslun Íslands hf OLÍS	273	4	1312	11	357.9	15	6097.0	28
Árvakur h.f. - Morgunblaðið	271	5	1675	12	453.5	17	1653.7	29
Olíufélagið Skeljungur h.f.	261	1	1388	14	361.9	16	6307.7	30
Kaupf.A-Skaftfellinga-KASK	258	0	1566	10	404.4	10	2761.5	10
Hrafnista - DAS	256	-10	1049	21	268.2	9	0.0	-
Rafmagnsveita Reykjavíkur	248	8	0	0	0.0	0	3375.3	26
Mjólkursamsalan	248	2	1326	10	328.3	12	4315.9	9
Reykjalundur iðnaður	248	350	1252	12	310.0	12	321.0	13
þormóður Rammi h.f.	243	107	1124	-41	273.4	23	1222.3	39
Keflavíkurkaupstaður	240	-2	1091	-1	261.7	-2	0.0	-
Samvinnubankinn hf.	238	-3	1386	7	330.1	3	0.0	0
Kaupfélag Borgfirðinga	238	2	1212	6	288.2	8	2524.6	0
Prentsmiðjan Oddi	236	10	1579	13	373.3	25	1120.8	-6
Vestmannaeyjakaupstaður	225	-5	1133	13	255.0	8	0.0	-
Strætisvagnar Reykjavíkur	215	-8	1302	18	280.0	8	618.6	20
Kaupf.Skagf.og Fiskiðja Skr.	211	-2	1409	-13	296.7	-15	3977.9	42

	Meðal fjöldi starfsm.	Breyt. í % f.f.a.	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.a.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.a.
Íslenska járnblendifél. hf.	206	2	1953	5	401.7	6	2549.9	-6
Byggingav.verslun Kópav. BYKO	205	15	1444	3	296.1	18	3197.2	25
Hrafnsta - DAS	200	2	1060	9	212.4	11	0.0	-
Vátryggingafélag Íslands hf.	198	-6	1774	27	351.2	20	3859.9	12
Kaupfélag Héraðsbúa	198	-13	1533	26	303.6	10	2360.0	10
Garðabær	193	14	1077	4	207.7	19	0.0	-
Seðlabanki Íslands	188	-5	1690	15	317.8	9	0.0	-
Íslenskur skinnaiðnaður hf.	185	-	1238	0	229.5	0	0.0	-
Har. Böðvarsson & Co. h.f.	182	5	1990	-1	361.2	4	1191.0	5
Sjúkrahús Akraness	181	-	1554	16	281.1	16	426.6	-
Akraneskaupstaður	179	-4	1038	6	185.8	1	0.0	-
Hampiðjan h.f.	179	-9	1162	11	207.7	2	920.0	30
Seltjarnarneskaupstaður	178	-	832	-11	148.2	7	451.0	-
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	176	-5	964	11	169.4	5	832.9	7
Hraðfrystistöð Vestm. hf.	169	-5	2384	-1	403.0	-6	1435.0	0
Kaupf.þingeyinga og Mjólkursaml.	165	-10	1135	15	187.8	4	2286.7	58
Stöð 2, Íslenska sjónvarpsfélagið	163	-	1797	0	292.3	1	1207.3	-
Slippstöðin h.f.	162	-14	1424	-5	230.3	-19	600.3	5
Hraðfrystihús Eskifjarðar h.f.	159	3	2239	7	355.2	10	1377.3	2
Hótel Saga	156	396	1470	30	229.9	542	0.0	-
Kassagerð Reykjavíkur h.f.	156	0	1529	11	239.0	11	1073.0	39
Norðurtangi h.f.	155	-4	1711	17	265.9	12	987.0	18
Ísafjarðarkaupstaður	155	15	1071	-3	165.8	12	0.0	-
Sementsverksmiðja ríkisins	153	-6	1493	7	227.8	1	938.4	22
Hekla hf.	152	6	1736	14	263.8	21	3725.0	37
Miðnes hf.	149	-12	2114	39	315.0	22	1067.0	17
Húsasmiðjan hf.	145	-	1298	6	188.8	23	2847.5	26
Áburðarverksmiðja ríkisins	144	-2	1567	12	226.5	10	1288.3	17
Grund, elliheimili	144	-1	1024	10	147.9	10	0.0	-
Vinnslustöðin h.f.	142	-10	1310	-5	185.4	-15	770.4	-12
Sjólastöðin h.f. Hafnarf.	140	-1	2878	6	403.1	4	1164.4	-2
Fiskiðja Sauðárkróks h.f.	140	-	1884	32	263.7	119	1051.0	-
Frjáls fjölmiðlun h.f.	140	2	1641	10	229.7	11	788.8	10
Þorbjörn h.f.	137	-7	2092	37	287.5	28	927.0	1
Selfosskaupstaður	136	-3	945	18	128.7	15	0.0	-
Hraðfrystihús Fáskrúðsfj. hf	134	0	1891	0	252.8	0	0.0	-
Mosfellshreppur	134	7	1085	12	144.9	19	0.0	-
Kaupfélag Dýrfirðinga & Fáfnir hf.	130	-42	1642	68	213.8	-3	1076.1	31
Stálsmiðjan h.f.	129	-25	1570	25	202.7	-6	0.0	-
Reiknistofa bankanna	129	16	2007	6	258.8	23	883.5	14
Ístak h.f. - Íslenskt verktak	129	-4	1975	19	254.5	14	922.0	2
Síldarverksmiðjur ríkisins	127	4	1897	29	240.2	33	1667.1	33
Mjólkurbú Flóamanna	125	6	1449	9	180.6	17	2775.4	20
Vífilfell h.f.	122	-7	1771	18	216.2	10	2362.0	49
Skjól hjúkrunarheimili	122	27	1107	10	135.1	40	0.0	-
Náttúrulækningafélag Íslands	122	-1	1163	12	141.5	11	0.0	-
Sólvangur	120	1	1133	8	136.4	9	0.0	-
SH verktakar hf.	119	-	1064	-8	126.9	56	604.1	-
Sjúkrahús Húsavíkur	117	3	1285	8	150.4	10	0.0	-
Myllan/Brauð hf.	117	0	1273	27	148.9	27	627.2	47
Höldur h.f. - Bílal. Akureyrar	114	5	1125	10	128.8	15	0.0	-
Ármannsfell h.f.	113	44	1806	21	203.8	74	868.3	63
Nói,Síríus og Hreinn hf.	111	3	980	10	109.2	14	564.5	29
Íshúsfélag Bolungarvíkur hf.	111	1	1326	1	147.7	2	0.0	-
Sjóvá - Almennar hf.	111	-4	1853	4	205.3	-1	3572.5	15
St.Jósefsspítali	110	4	1096	10	120.8	15	0.0	-
Fiskanes h.f.	109	-3	2009	17	218.7	14	813.3	21
Stjórn verkamannabústaða í Reykjavík	108	0	1580	22	171.1	23	0.0	-
Glettingur h.f.	108	32	2415	-23	261.3	2	871.3	-4
Sjúkrahús Skagfirðinga	107	1	1520	10	162.9	11	0.0	-

VÍSBENDINGAR

MEST EIGIÐ FÉ Í KRÓNUM TALIÐ

Orkufyrirtækin, sem um árabil hafa setið efst á þessum lista, fjögur forrík fyrirtæki, og Póstur & sími eru í efstu sætunum að vanda. Við sögðum í fyrra að ekkert útlit væri á breytingum í þessu efni í nánustu framtíð. Sú fullyrðing er enn í gildi.

	Eigið fé millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Eigin-fjár-hlut-fall.	Veltu-fjár-hlut-fall	Hagn. millj. króna (-tap)	Velta millj. króna
Landsvirkjun	25092	9.10	39	0.21	1020.0	5559.9
Rafmagnsveita Reykjavíkur	16485	9.82	98	3.64	255.7	3375.3
Hitaveita Reykjavíkur	13960	12.58	92	1.46	153.3	2341.3
Rafmagnsveitur ríkisins	10205	6.62	97	3.62	-366.3	3343.3
Póstur og sími	10057	10.23	90	1.77	541.3	7995.2
Reykjavíkurhöfn	6153	12.97	96	1.71	48.9	538.5
Landsbanki Íslands	5767	14.62	6	-	88.4	14259.4
Flugleiðir hf.	4180	47.50	23	1.14	710.1	12668.3
Íslenskir aðalverktakar sf.	3996	281.22	68	2.57	463.4	3750.8
Íslandsbanki hf.	3984	-	8	-	450.2	9143.3
Eimskipafélag Íslands hf.	3902	37.58	47	1.11	401.3	6873.0
Orkubú Vestfjarða	3489	7.49	96	2.63	-39.6	663.3
Olíufélagið hf	3407	42.05	62	1.39	335.1	9015.6
Íslenska járnblendifél. hf.	3195	-1.23	65	0.91	-127.3	2549.9
Hitaveita Suðurnesja	3091	35.40	60	1.26	523.5	1362.1
Íslenska álfélagið hf.	2994	-25.68	39	0.94	77.5	9764.7
Búnaðarbanki Íslands	2994	23.86	8	-	289.7	5454.7
Viðlagatrygging Íslands	2825	19.24	89	-	-	0.0
Iðnlánasjóður	2715	13.54	24	-	136.8	1442.6
Kaupfélag Eyfirðinga KEA	2610	24.19	38	1.16	282.7	10082.9
Iðnþróunarsjóður	2458	-	42	-	28.9	464.4
Mjólkursamsalan	2135	24.11	69	1.35	47.0	4315.9
Olíufélagið Skeljungur h.f.	1988	8.79	48	1.11	130.4	6307.7
Samb. ísl. samvinnufélaga	1840	7.82	24	0.47	330.2	23649.5
Sölumiðstöð hraðfr.húsanna	1712	18.03	21	1.19	375.6	17450.2
Ríkisútvarpið	1691	-4.83	72	0.71	-36.4	1993.9
Olíuverslun Íslands hf OLÍS	1514	33.02	40	1.22	119.8	6097.0
Áburðarverksmiðja ríkisins	1492	16.33	80	1.95	47.2	1288.3
Grandi hf.	1330	60.60	40	1.34	190.3	2816.5
Útgerðarfélag Akureyringa h.f.	1315	68.52	48	1.40	194.9	2574.0
Mjólkurbú Flóamanna	1150	18.61	66	1.66	29.8	2775.4
IBM á Íslandi	921	79.24	64	2.80	566.4	2112.1
Vegagerð ríkisins	873	15.48	100	-	239.8	2411.5
Seltjarnarneskaupstaður	839	-	78	1.15	-	451.0
Áf.og tóbaksv. rík. ÁTVR	836	56.07	56	1.01	6372.5	11280.3
Kaupf.Skagf.og Fiskiðja Skr.	815	3.99	41	1.28	63.2	3977.9
Sementsverksmiðja ríkisins	772	15.31	63	1.33	-13.8	938.4
Húsavíkurkaupstaður	772	-	75	1.67	159.1	387.2
Kísiliðjan h.f.	764	20.88	95	7.95	18.4	602.4
Rafveita Akureyrar	666	8.94	97	3.31	-13.0	380.7
Sparisjóður Hafnarfjarðar	641	26.10	14	-	102.7	868.0
Sölus. ísl. fiskframl. SÍF.	629	22.27	28	1.33	485.3	11926.1
Kaupf.A-Skaftfellinga-KASK	604	57.00	32	0.93	70.7	2761.5
Sjóvá - Almennar hf.	589	10.66	10	4.49	30.6	3572.5
Prentsmiðjan Oddi	578	32.12	52	1.57	-	1120.8
Rafveita Hafnarfjarðar	575	20.16	74	0.83	5.8	345.4
Þróunarfélag Íslands hf.	571	0.02	57	60.74	-39.0	83.1
Strætisvagnar Reykjavíkur	566	17.59	98	-	3.6	618.6
Lánastofnun sparisjóðanna	556	-	17	-	71.1	379.0
Kaupfélag Borgfirðinga	545	17.87	27	0.96	5.1	2524.6

VÍSBENDINGAR

	Eigið fé millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Eigin-fjár-hlut-fall.	Veltu-fjár-hlut-fall	Hagn. millj. króna (-tap)	Velta millj. króna
Hampiðjan h.f.	543	24.36	38	1.09	50.4	920.0
Kf.Fáskr. og hraðfrystihúsið	521	116.58	50	0.96	74.7	1198.7
Fiskiðja Sauðárkróks h.f.	492	-	30	0.59	31.5	1051.0
Jarðboranir hf.	489	2.64	86	6.86	9.0	166.3
Hekla hf.	463	22.82	39	1.38	67.6	3725.0
Kaupfélag Dýrfirðinga & Fáfnir hf.	461	33.16	31	0.61	1.0	1076.1
Ingvar Helgason, heildverslun	456	58.06	55	1.89	191.9	1409.5
Pharmaco h.f.	449	-	57	1.76	76.0	978.0
Glitnir hf.	443	6.88	13	2.32	54.7	484.0
Sparisjóður Rvk. og nágrennis	438	31.85	8	-	64.6	929.1
Kaupfélag Árnesinga	427	62.89	28	0.70	59.2	2760.9
Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar	413	32.25	100	-	45.5	439.8
VISA-Ísland	406	28.63	8	1.07	-	556.6
Frjálst Framtak h.f.	406	39.72	48	1.64	81.6	132.9
Frihöfnin	403	12.96	99	60.00	410.3	1506.9
Skagstrendingur hf	403	-19.28	49	2.08	105.3	809.5
Tryggingamiðstöðin h.f.	395	20.88	13	5.94	50.2	1923.0
Osta og smjörsalan sf.	381	17.07	444	1.19	-	3410.0
Síldarverksmiðjur ríkisins	377	-22.72	24	0.30	-157.3	1667.1
Vátryggingafélag Íslands hf.	375	6.68	8	4.89	-160.5	3859.9
Reiknistofa bankanna	373	44.65	46	0.61	-	883.5
Fóðurblandan h.f.	366	17.25	59	1.26	13.9	636.9
Sparisjóður vélstjóra	364	22.68	13	-	61.9	509.3
Íslensk endurtrygging hf.	355	25.15	18	2.52	28.6	1161.7
Héðinn h.f.	348	5.35	56	1.22	36.4	748.9
Sjúkrahús Akraness	346	8.47	91	0.13	-6.3	426.6
Þýsk-íslenska h.f.	338	17.55	53	1.32	10.7	817.7
Sparisjóður Mýrasýslu	326	25.94	17	-	52.8	336.6
Kaupfélag Héraðsbúa	318	46.72	22	0.96	65.5	2360.0
Hraðfrystistöð Þórshafnar h.f.	316	185.91	46	1.10	65.6	696.8
Sjóvátr.félag Íslands h.f.	298	0.00	11	3.92	32.0	0.0
Efnaverksmiðjan Sjöfn	297	47.08	59	1.11	28.0	532.9
Sjúkrahús Akureyrar	297	-	85	0.75	24.0	1039.6
Smith & Norland h.f.	294	1.34	83	3.89	21.3	566.4
Sparisjóðurinn í Keflavík	290	22.78	6	-	29.0	796.8

VÍSBENDINGAR

EIGINFJÁRHLUTFALL

Að vanda skipa opinber fyrirtæki efstu sætin á þessum lista. Um er að ræða aðila sem skulda ekki neitt eða nær ekki neitt, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar, Vegagerðin, Fríhöfnin og SVR.

	Eigin-fjár-hlut-fall	Breyt. í % f.f.a.	Eigið fé í millj. króna	Heildar skuldir	Hagn.- % af eigin fé	Veltu-fjár-hlut-fall	Hagn. millj. króna (-tap)	Velta millj. króna
Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar	100	-	413	0	11.0	-	45.5	439.8
Vegagerð ríkisins	100	0.1	873	2	27.5	-	239.8	2411.5
Fríhöfnin	99	-0.1	403	6	101.9	60.00	410.3	1506.9
Strætisvagnar Reykjavíkur	98	0.0	566	12	0.6	-	3.6	618.6
Rafmagnsveita Reykjavíkur	98	0.0	16485	366	1.6	3.64	255.7	3375.3
Rafveita Akureyrar	97	0.8	666	22	-1.9	3.31	-13.0	380.7
Rafmagnsveitur ríkisins	97	0.4	10205	356	-3.6	3.62	-366.3	3343.3
Orkubú Vestfjarða	96	-1.6	3489	139	-1.1	2.63	-39.6	663.3
Reykjavíkurhöfn	96	0.7	6153	193	0.8	1.71	48.9	538.5
Kísiliðjan h.f.	94	0.2	764	44	2.4	7.95	18.4	602.4
Hitaveita Reykjavíkur	92	-0.2	13960	1156	1.1	1.46	153.3	2341.3
Celite Ísland hf. (Manville)	91	9.8	288	27	9.7	11.50	28.0	569.9
Sjúkrahús Akraness	91	1.1	346	35	-1.8	0.13	-6.3	426.6
Póstur og sími	90	1.6	10057	1171	5.4	1.77	541.3	7995.2
Trésmiðja Reykjavíkurborgar	89	-10.9	23	3	29.0	5.46	6.6	155.1
Árni Gíslason, bílaverkst.	89	0.4	79	10	1.5	2.82	1.2	80.8
Viðlagatrygging Íslands	89	1.9	2825	356	-	-	-	0.0
Jarðboranir hf.	86	0.4	489	82	1.8	6.86	9.0	166.3
Sjúkrahús Akureyrar	85	-	297	54	8.1	0.75	24.0	1039.6
Smith & Norland h.f.	83	-16.6	294	59	7.2	3.89	21.3	566.4
Almenna verkfræðistofan hf.	80	-	90	22	12.2	1.90	10.9	148.2
Áburðarverksmiðja ríkisins	80	25.9	1492	382	3.2	1.95	47.2	1288.3
Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar	79	368.2	43	11	26.9	4.39	11.5	1419.8
Seltjarnarneskaupstaður	78	-	839	240	-	1.15	-	451.0
Háskólabíó	76	-	147	47	5.6	1.25	8.2	0.0
Húsavíkurkaupstaður	74	-	772	264	20.6	1.67	159.1	387.2
Rafveita Hafnarfjarðar	74	2.0	575	198	1.0	0.83	5.8	345.4
Ríkisútvarpið	72	2.1	1691	662	-2.1	0.71	-36.4	1993.9
Mjólkursamsalan	69	9.0	2135	942	2.2	1.35	47.0	4315.9
Íslenskir aðalverktakar sf.	68	-	3996	1877	11.6	2.57	463.4	3750.8
Mjólkurbú Flóamanna	66	-8.9	1150	600	2.6	1.66	29.8	2775.4
Íslenska járnblendifél. hf.	65	-0.5	3195	1698	-4.0	0.91	-127.3	2549.9
IBM á Íslandi	64	-1.5	921	510	61.5	2.80	566.4	2112.1
Íslensk getspá sf - LOTTÓ	64	12.8	102	58	309.5	0.78	316.9	933.8
Sementsverksmiðja ríkisins	63	4.2	772	459	-1.8	1.33	-13.8	938.4
Tollvörugeymslan h.f.	63	6.5	175	105	3.9	0.80	6.9	87.4
Olíufélagið hf	62	10.8	3407	1906	9.8	1.39	335.1	9015.6
Þórshamar h.f.	62	-3.2	85	53	-7.4	1.49	-6.3	0.0
Volti hf.	60	-	23	15	4.7	1.68	1.1	0.0
Verkfr.stofa Sig. Thoroddsen hf.	60	-3.8	83	54	21.1	2.09	17.4	252.2
Hitaveita Suðurnesja	60	27.1	3091	2041	16.9	1.26	523.5	1362.1
Umbúðamiðstöðin h.f.	60	-11.9	183	124	9.1	1.62	16.6	312.6
Fóðurblandan h.f.	59	10.8	366	252	3.8	1.26	13.9	636.9
Efnaverksmiðjan Sjöfn	58	15.8	297	211	9.4	1.11	28.0	532.9
Pharmaco h.f.	57	-	449	333	16.9	1.76	76.0	978.0
Sæplast hf.	57	-	189	140	31.2	-	59.0	285.0
Þróunarfélag Íslands hf.	57	8.2	571	432	-6.8	60.74	-39.0	83.1
Borgarnesbær	56	31.2	140	108	34.8	1.19	48.7	165.6
Héðinn h.f.	56	1.1	348	275	10.5	1.22	36.4	748.9
Áf.og tóbaksv. rík. ÁTVR	56	19.1	836	670	761.9	1.01	6372.5	11280.3

VÍSBENDINGAR

	Eigin-fjár-hlut-fall	Breyt. í % f.f.á.	Eigið fé í millj. króna	Heildar skuldir	Hagn.-% af eigin fé	Veltu-fjár-hlut-fall	Hagn. millj. króna (-tap)	Velta millj. króna
Ingvar Helgason, heildverslun	55	3.7	456	366	42.1	1.89	191.9	1409.5
Lyfjaverslun ríkisins	55	59.4	244	197	30.7	26.73	75.1	691.5
Möl og sandur hf.	53	31.9	85	74	8.7	1.46	7.4	183.1
Þýsk-íslenska h.f.	53	4.2	338	298	3.2	1.32	10.7	817.7
Prentsmiðjan Oddi	52	7.9	578	544	-	1.57	-	1120.8

VÍSBENDINGAR

HLUTFALLSLEG AUKNING VELTU

Það er öflugt vélaverkstæði í Reykjavík, J. Hinriksson hf., sem eykur veltu sína meira að þessu sinni en nokkurt annað fyrirtæki. Fyrirtækið er framleiðandi toghlera sem náð hafa vinsældum víða um heim. Í næstu sætum kemur Söltunarfélag Dalvíkur og síðan IBM á Íslandi. Eins og sjá má jókst velta margra fyrirtækja árið 1990 umtalsvert.

	Veltu-breyt. f.f.á. í %	Veltu-breyt. f.f.á. 1989	Veltu-breyt. frádr. verðbr.	Velta *millj.* króna
J. Hinriksson h.f. vélaverkstæði	155	2	138	400.0
Söltunarfélag Dalvíkur h.f.	151	-	134	456.0
IBM á Íslandi	138	-	122	2112.1
Hraðfrh. hf.Hnífsd. og Miðfell h.f.	118	19	103	621.0
P.Samúelsson & Co. h.f.	100	-	86	2682.6
Byggðaverk h.f.	83	-	71	860.8
Glóbus h.f.	82	15	70	1634.4
Smjörlíki hf.-Sól hf. -Ísl.bergvatn	81	37	69	1549.8
Brimborg h.f.	68	-	57	1803.0
Securitas, öryggisþjónusta	66	42	55	426.0
Hraðfrystistöð Þórshafnar h.f.	64	19	53	696.8
Ármannsfell h.f.	63	77	52	868.3
Set hf. plastiðja	60	-	50	176.7
Kaupf.Þingeyinga og Mjólkursaml.	58	3	47	2286.7
Bergur-Huginn sf.	57	-	47	616.4
Bernhard Petersen hf.	56	-	46	497.4
Vífilfell h.f.	49	33	40	2362.0
Pharmaco h.f.	49	51	39	978.0
Fiskvinnslan á Bíldudal h.f.	49	-	39	473.1
Jón Ásbjörnsson, útflutn.versl.	48	22	38	1256.7
Grandi hf.	47	24	37	2816.5
Myllan/Brauð hf.	47	22	37	627.2
Skýrsluvélar rík. og Rvk.borgar	44	33	34	946.4
Kaupf.Skagf.og Fiskiðja Skr.	42	38	32	3977.9
Ölgerðin Egill Skallagrímsson h.f.	41	53	32	988.2
Plastos h.f.	41	17	32	510.0
Kassagerð Reykjavíkur h.f.	39	21	30	1073.0
Þormóður Rammi h.f.	39	26	29	1222.3
Jarðboranir hf.	39	3	29	166.3
Hans Petersen h.f.	38	24	29	842.5
Hekla hf.	37	-	28	3725.0
Ingvar Helgason, heildverslun	37	-	28	1409.5
Hagvirki hf.	36	28	27	2146.9
Kaupfélagið Fram	36	21	26	405.2
Samherji h.f.	34	38	25	1360.7
Radíóbúðin h.f.	33	-	24	800.0
Fiskmiðlun Norðurlands	33	-	24	1028.0
Síldarverksmiðjur ríkisins	33	-	24	1667.1
Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co.	31	-	23	180.0
Kaupfélag Dýrfirðinga & Fáfnir hf.	31	11	22	1076.1
Kf.Fáskr. og hraðfrystihúsið	30	38	22	1198.7
Fiskafurðir hf.	30	-	22	612.5
Hampiðjan h.f.	30	10	22	920.0
Kaupfélag Rangæinga	30	0	22	725.2
Olíufélagið Skeljungur h.f.	30	31	21	6307.7
Árvakur h.f. - Morgunblaðið	29	12	21	1653.7
Olíufélagið hf	29	26	21	9015.6
Nói,Síríus og Hreinn hf.	29	14	21	564.5
Olíuverslun Íslands hf OLÍS	28	39	20	6097.0
Samvinnuferðir-Landsýn h.f.	28	22	19	1592.2

VÍSBENDINGAR

	Veltu-breyt. f.f.a. í %	Veltu-breyt. f.f.á. 1989	Veltu-breyt. fradr. verðbr.	Velta millj. króna
Skagstrendingur hf	27	11	19	809.5
Bókaútgáfa Máls & menningar	27	23	19	597.9
Penninn sf	27	-	19	667.4
Útgerðarfélag Dalvíkinga hf.	27	-	18	347.1
Flugleiðir hf.	26	6	18	12668.3
Fjarhitun h.f.	26	-	18	124.8
Árni Gíslason, bílaverkst.	26	-	18	80.8
Húsasmiðjan hf.	26	-	17	2847 5
Fjárfestingarfélag Íslands hf.	26	8	17	240.8
Rafmagnsveita Reykjavíkur	26	10	17	3375.3
Alpan hf.	25	-	17	350.0
Johan Rönning h.f.	25	42	17	586.7
Dröfn h.f.	25	-	17	121.4
Byggingav.verslun Kópav. BYKO	25	26	17	3197.2
Steinullarverksmiðjan h.f.	24	46	16	379.7
Einar J. Skúlason h.f	24	16	16	805.9
Íslenska útflutn.miðst. h.f.	24	6	16	941.5
Þýsk-íslenska h.f.	24	19	16	817.7
Sementsverksmiðja ríkisins	22	11	14	938.4
Hagkaup hf.	21	25	13	9450.8
Vegagerð ríkisins	21	-	13	2411.5
Útgerðarfélag Akureyringa h.f.	21	16	13	2574.0
Heimilistæki h.f.	21	-	13	634.6
Mikligarður hf.	21	-	13	3373.6
Fiskanes h.f.	21	5	13	813.3
VISA-Ísland	21	25	13	556.6
Trésmiðja Reykjavíkurborgar	20	-	12	155.1
Mjólkurbú Flóamanna	20	22	12	2775.4
Haförninn h.f.	20	47	12	427.8
Kaupfélag Árnesinga	20	43	12	2760.9
Jökull h.f. - Fiskiðja Raufarh hf.	20	29	12	512.2
Strætisvagnar Reykjavíkur	20	26	12	618.6
Hitaveita Akureyrar	19	31	11	407.0
Húsatryggingar Reykjavíkur	19	16	11	150.1
Loftorka sf Reykjavík	19	19	11	397.0
Trygging hf,	19	24	11	681.9
Celite Ísland hf. (Manville)	19	34	11	569.9
Íslenskir aðalverktakar sf.	19	12	11	3750.8
Íslenska umboðssalan hf.	19	99	11	1363.8
Póstur og sími	18	20	11	7995.2
Fríhöfnin	18	13	10	1506.9
Norðurtangi h.f.	18	39	10	987.0
Kaupfélag Eyfirðinga KEA	18	22	10	10082.9
Eimskipafélag Íslands hf.	18	21	10	6873.0
Tryggingamiðstöðin h.f.	18	28	10	1923.0
Áburðarverksmiðja ríkisins	17	36	9	1288.3
Kísiliðjan h.f.	17	18	9	602.4
Reykjavíkurhöfn	17	18	9	538.5
Miðnes hf.	17	12	9	1067.0
Rafmagnsveitur ríkisins	17	14	9	3343.3
Sölus. ísl. fiskframl. SÍF.	17	14	9	11926.1
Baader-þjónustan hf.	16	2	9	321.3
Guðmundur Runólfss.hf.	16	-	8	414.0
Hitaveita Reykjavíkur	16	21	8	2341.3
Umbúðamiðstöðin h.f.	16	25	8	312.6
Osta og smjörsalan sf.	16	17	8	3410.0
Sjóvá - Almennar hf.	15	-	7	3572.5
Kaupf. V-Húnvetninga	15	21	7	1025.8
Síldarvinnslan hf.	15	1	7	2173.5
Rafveita Hafnarfjarðar	15	8	7	345.4

VÍSBENDINGAR

VELTUFJÁRHLUTFALL

Á þessum lista tekur Þróunarfélag Íslands við efsta sætinu af Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli, sem lendir í öðru sæti að þessu sinni. Um þetta hlutfall er það að segja að ef veltufjárhlutfall er fyrir ofan 1,0 hefur sú viðmiðun oft verið notuð að það væri viðunandi. Hins vegar er vert að hafa í huga að þumalfingursreglur af þessu tagi geta aldrei verið algildar.

	Veltufjárhlutfall	Breyt. í % f.f.á.	Veltufjármunir millj.	Skammtímaskuld. millj.	Eiginfjárhlutfall	Hagn. millj. króna (-tap)	Velta millj. króna
Þróunarfélag Íslands hf.	60.74	86.8	972	16	57	-39.0	83.1
Fríhöfnin	60.00	-7.8	360	6	99	410.3	1506.9
Lyfjaverslun ríkisins	26.73	1743.5	401	15	55	75.1	691.5
Celite Ísland hf. (Manville)	11.50	93.9	315	27	91	28.0	569.9
Ábyrgð hf.	9.46	95.1	155	16	19	-6.0	323.2
Kísiliðjan h.f.	7.95	3.4	348	44	94	18.4	602.4
Jarðboranir hf.	6.86	-14.1	229	33	86	9.0	166.3
Tryggingamiðstöðin h.f.	5.94	32.0	1343	226	13	50.2	1923.0
Trésmiðja Reykjavíkurborgar	5.46	-	15	3	89	6.6	155.1
Samábyrgð Ísl. á fiskiskipum	5.07	51.8	366	72	44	-30.1	620.4
Trygging hf.	4.91	38.7	523	107	12	5.7	681.9
Vátryggingafélag Íslands hf.	4.89	45.5	2565	525	8	-160.5	3859.9
Sjóvá - Almennar hf.	4.49	24.0	2140	477	10	30.6	3572.5
Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar	4.39	272.0	50	11	79	11.5	1419.8
Smith & Norland h.f.	3.89	3.7	224	58	83	21.3	566.4
Rafmagnsveita Reykjavíkur	3.64	-5.2	1332	366	98	255.7	3375.3
Rafmagnsveitur ríkisins	3.62	4.6	1289	356	97	-366.3	3343.3
Rafveita Akureyrar	3.31	4.1	73	22	97	-13.0	380.7
Árni Gíslason, bílaverkst.	2.82	41.0	25	9	89	1.2	80.8
IBM á Íslandi	2.80	57.3	1052	376	64	566.4	2112.1
Orkubú Vestfjarða	2.63	-24.6	364	139	96	-39.6	663.3
Fjárfestingarfélag Íslands hf.	2.61	193.3	171	65	48	32.3	240.8
Íslenskir aðalverktakar sf.	2.57	-	4288	1670	68	463.4	3750.8
Íslensk endurtrygging hf.	2.52	8.6	563	223	18	28.6	1161.7
Gúmmívinnustofan h.f.	2.41	-	128	53	48	20.0	325.3
Glitnir hf.	2.32	15.4	2088	902	13	54.7	484.0
Ármannsfell h.f.	2.21	46.4	367	166	45	22.6	868.3
Verkfr.stofa Sig. Thoroddsen hf.	2.09	-3.2	106	51	60	17.4	252.2
Skagstrendingur hf	2.08	2.0	267	128	49	105.3	809.5
Steinullarverksmiðjan h.f.	1.97	-15.1	192	97	26	47.9	379.7
Áburðarverksmiðja ríkisins	1.95	47.7	496	254	80	47.2	1288.3
Almenna verkfræðistofan hf.	1.90	-	43	22	80	10.9	148.2
Ingvar Helgason, heildverslun	1.89	-1.6	550	291	55	191.9	1409.5
Póstur og sími	1.77	22.1	1990	1122	90	541.3	7995.2
Akureyrarhöfn	1.77	-	28	16	86	9.2	-
Pharmaco h.f.	1.76	-	493	280	57	76.0	978.0
Reykjavíkurhöfn	1.71	43.7	161	94	96	48.9	538.5
Set hf. plastiðja	1.71	43.7	41	24	0	9.7	176.7
Asiaco hf.	1.68	-	164	98	34	5.9	409.5
Volti hf.	1.68	-	18	11	60	1.1	-
Húsavíkurkaupstaður	1.67	-	138	82	74	159.1	387.2
Mjólkurbú Flóamanna	1.66	-4.0	964	580	66	29.8	2775.4
Frjálst Framtak h.f.	1.64	18.0	173	105	48	81.6	132.9
Féfang hf.	1.62	-90.0	1263	781	11	46.7	520.1
Umbúðamiðstöðin h.f.	1.62	-13.8	106	65	60	16.6	312.6
Háskóli Íslands	1.60	68.4	68	43	38	29.0	1885.4
Prentsmiðjan Oddi	1.57	16.3	602	385	52	-	1120.8
Johan Rönning h.f.	1.52	31.0	232	153	32	43.5	586.7
Sölusamtök lagmetis	1.51	15.3	74	49	45	-22.5	1313.4
Þorshamar h.f.	1.49	46.1	58	39	62	-6.3	-

	Veltu-fjár hlut-fall	Breyt. í % f.f.á.	Veltu-fjár-munir millj.	Skamm-tima-skuld. millj.	Eigin-fjár-hlut-fall	Hagn. millj. króna (-tap)	Velta millj. króna
Ferðaskrifstofa Íslands hf.	1.48	-	91	62	49	35.1	847.0
Teppaland h.f. - Dúkaland h.f.	1.47	-	85	58	28	-	-
Hitaveita Reykjavíkur	1.46	-42.7	793	544	92	153.3	2341.3
Möl og sandur hf.	1.46	18.7	60	41	53	7.4	183.1
Útgerðarfélag Akureyringa h.f.	1.40	42.9	610	436	48	194.9	2574.0
Olíufélagið hf	1.39	6.9	2381	1718	62	335.1	9015.6
Hekla hf.	1.38	0.7	729	527	39	67.6	3725.0
Kaupf. V-Húnvetninga	1.38	7.8	625	454	28	7.1	1025.8
Fróði hf., útgáfufyrirtæki	1.36	-	202	149	46	5.4	369.9
Landssmiðjan h.f.	1.36	-	64	48	29	12.4	250.0
Mjólkursamsalan	1.35	3.1	882	653	69	47.0	4315.9
Baader-þjónustan hf.	1.35	-	152	113	33	3.4	321.3
Grandi hf.	1.34	19.6	735	548	40	190.3	2816.5
Sölus. ísl. fiskframl. SÍF.	1.33	13.7	1782	1340	28	485.3	11926.1
Sementsverksmiðja ríkisins	1.33	-0.7	356	267	63	-13.8	938.4
Þýsk-íslenska h.f.	1.32	10.0	328	249	53	10.7	817.7
Kaupf.Skagf.og Fiskiðja Skr.	1.28	21.9	863	675	41	63.2	3977.9
Hitaveita Suðurnesja	1.26	34.0	558	443	60	523.5	1362.1
Fóðurblandan h.f.	1.26	20.0	293	232	59	13.9	636.9
Fjarhitun h.f.	1.26	12.5	21	17	46	2.0	124.8

VÍSBENDINGAR

ALMENNUR IÐNAÐUR

Iðnaður á Íslandi var eitthvað að sækja í sig veðrið á nokkrum sviðum en greinin hefur átt undir högg að sækja á undanförnum árum. Talsverð fækkun starfsmanna hefur átt sér stað hjá ýmsum fyrirtækjanna, eins og sjá má á eftirfarandi lista. Starfsmannafjöldi íslenskra iðnfyrirtækja er yfirleitt lítill, eins og greina má.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Íslenska álfélagið hf.	588	-18	1243.6	9	2114	33	9764.7	-7
Álafoss hf.	306	-15	354.6	-7	1160	9	-	-
Reykjalundur iðnaður	248	350	310.0	12	1252	12	321.0	13
Íslenska járnblendifél. hf.	206	2	401.7	7	1953	5	2549.9	-6
Hampiðjan h.f.	179	-9	207.7	2	1162	11	920.0	30
Kassagerð Reykjavíkur h.f.	156	0	239.0	11	1529	11	1073.0	39
Áburðarverksmiðja ríkisins	145	-2	226.5	10	1567	12	1288.3	17
Kísiliðjan h.f.	64	1	102.0	17	1583	17	602.4	17
Múlalundur	56	-8	39.6	1	707	9	-	-
Loðskinn h.f.	56	11	66.7	18	1200	6	-	-
Efnaverksmiðjan Sjöfn	55	-	58.2	-	1058	-	532.9	-
Frigg hf. (Ásgarður hf)	33	-20	39.3	-13	1185	8	-	-
Ísaga h.f.	28	2	46.7	20	1646	18	-	-
Pólllinn h.f.	28	-4	50.4	6	1794	10	-	-
S. Helgason h.f.	28	6	33.4	20	1199	13	-	-
Harpa h.f.	27	-4	37.1	5	1374	9	-	-
Vírnet h.f.	27	0	35.7	11	1336	12	-	-
Gluggasmiðjan	26	-18	34.3	-7	1321	14	-	-
Þörungaverksmiðjan hf.	22	-11	34.2	-5	1567	6	77.6	-27
Pólstækni hf.	22	7	46.1	12	2066	5	-	-
Sæplast hf.	21	-13	38.1	-4	1855	10	285.0	-
Möskvi sf. netagerð	21	-10	27.0	2	1313	13	-	-
Ewos hf., fram á fiskafóðri	20	9	37.5	15	1831	6	565.9	13
Glit h.f.	19	18	18.1	31	963	11	-	-
Múlabær	18	-1	11.2	-1	614	1	-	-
Ístess hf fóðurv.verksmiðja	18	-12	40.9	0	2280	14	-	-
Netagerð Vestfjarða h.f.	17	100	25.9	65	1482	-17	-	-
Sigurplast h.f.	17	1	21.0	-8	1206	-9	-	-
Set hf. plastiðja	16	-23	23.8	35	1480	75	176.7	60
Borgarplast h.f.	16	39	25.6	57	1556	13	-	-
Selsvör sf. plastiðnaður	16	-	21.4	-	1345	-	-	-
DNG rafeindaiðnaður h.f.	16	-20	24.7	1	1571	26	-	-
Nótastöðin h.f.	16	-16	21.9	-11	1406	6	-	-
Eimur sf. efnaverksmiðja	15	10	20.2	19	1385	9	-	-
Blindravinafélag Íslands	14	15	12.9	29	889	12	-	-
Ægir, seglagerð	14	-	14.4	-	1012	-	-	-
Netagerð Friðriks Vilhjálss. hf.	14	-24	20.5	-10	1458	18	-	-
Sólargluggatjöld hf.	13	11	12.4	11	948	0	-	-
Merking hf.	13	-6	17.2	15	1358	22	-	-
Fóðurblandan h.f.	12	-	19.3	20	1608	20	636.9	5
Burstagerðin hf.	12	-	17.6	-	1427	-	-	-
Neonþjónustan hf.	12	-	16.8	-	1397	-	-	-
Trefjaplast hf.	12	-	9.3	-	790	-	-	-
Dósagerðin h.f.	11	-	13.6	-	1199	-	-	-
Netaverkstæði Suðurnesja sf.	11	-15	15.8	-4	1416	14	-	-
Ofnasmiðja Suðurnesja hf.	11	4	13.1	10	1204	6	-	-
Hjúpur hf.	11	-40	12.1	-22	1140	30	-	-
Plastiðjan hf Eyrarbakka	10	-	12.5	-	1219	-	-	-
Trefjar hf. plastiðnaður	10	-	12.7	-	1327	-	-	-
Rás hf.	9	-43	9.6	-38	1051	8	-	-

VÍSBENDINGAR

SMÁSÖLUVERSLUNIN

Enn harðnaði samkeppni í matvöruverslun í landinu á síðasta ári. Eins og spáð var fyrir nokkrum árum virðist matvöruverslun stöðugt færast á færri hendur. Athyglisverð ný verslanakeðja jók enn hlut sinn í þessari grein smásöluverslunar í fyrra. Þar er átt við fyrirtækið Bónus - Ísaldi hf., fámennt fyrirtæki með mikla veltu eins og sjá má. Okkur er tjáð að velta þess muni verða tvöfalt meiri í ár en í fyrra.

Samkeppnin í smásöluversluninni að öðru leyti er ekki svo eitilhörð sem í matvörugreininni og kostaboðin líka færri en í matvörubúðunum.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.a	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Hagkaup hf.	570	0	730.0	16	1281	16	9450.8	21
Byggingav.verslun Kópav. BYKO	205	15	296.1	18	1444	3	3197.2	25
Húsasmiðjan hf.	145	16	188.8	23	1298	6	2847.5	26
Hans Petersen h.f.	75	2	121.8	27	1632	24	842.5	38
Nóatún hf.	66	9	75.0	12	1136	3	1245.8	14
Penninn sf	63	-14	77.7	17	1232	37	667.4	27
Frihöfnin	62	-30	121.8	16	1980	66	1506.9	18
Höfn h.f.	59	-1	58.5	13	987	15	505.9	9
Fjarðarkaup h.f.	58	0	74.1	18	1284	18	-	-
Nesti h.f.	54	3	51.1	10	945	7	-	-
Miklatorg sf. -IKEA	51	0	69.9	0	1381	0	970.2	11
Radíóbúðin h.f.	37	-6	64.3	7	1754	14	800.0	33
Fálkinn hf	37	-7	52.2	7	1415	14	-	-
Vogue h.f.	37	9	41.4	25	1126	15	-	-
Matvörumarkaðurinn hf.	35	12	34.7	66	991	49	-	-
Blómaval h.f.	33	-4	59.6	17	1816	22	420.2	-
Skífan hf.	32	-17	44.0	30	1387	56	385.0	-
Amaro h.f.	31	-4	29.0	11	925	15	-	-
Rammagerðin h.f.	30	-15	27.2	2	896	20	-	-
Sautján hf.	30	16	41.3	66	1391	43	-	-
Ellingsen h.f	28	-7	41.5	9	1472	17	-	-
Gunnar Ólafsson & Co. h.f.	26	-23	32.1	-45	1215	-28	-	-
Bónus - Ís-Aldi hf.	22	-	30.6	-	1368	-	1300.0	-
Brekkuval	22	48	18.0	71	801	15	-	-
Teppaland h.f. - Dúkaland h.f.	22	-5	35.1	6	1571	12	-	-
Álnabær, vefnaðarvöruverslun	22	-10	19.5	4	880	15	-	-
Videóhöllin hf.	22	-	17.8	-	821	-	-	-
Íslenskur markaður sf.	21	-	27.5	-	1311	-	-	-
Par hf. veitingaskáli	21	17	16.4	27	786	8	-	-
S. Waage sf., skóverslanir	21	16	23.1	25	1108	7	-	-
Kleifar hf.	21	-	10.7	-	514	-	-	-
Eden, blómaverslun	21	-	21.6	-	1050	-	-	-
Ís og sælgætissalan hf.	20	-	9.7	-	494	-	-	-
Útilíf h.f.	20	-6	30.5	15	1549	22	-	-
Húsgagnahöllin hf.	19	0	30.8	22	1644	22	-	-
Skagaver h.f.	19	-15	17.7	-4	953	13	-	-
Nonni og Bubbi	17	-5	18.0	6	1040	12	-	-
Ásgeir h.f, matvöruverslun	17	3	18.9	-1	1096	-5	-	-
Verslunarfélag Austurlands h.f.	16	-9	15.0	-5	914	5	-	-
Svefnskálinn hf.	16	-	15.8	-	988	-	-	-
Pfaff h.f.	16	-18	21.5	-1	1380	20	-	-
Japis hf.	15	-11	22.6	-4	1463	8	396.7	-
Verslunin Einar Ólafsson	15	5	17.9	6	1222	1	-	-
Hólmkjör h.f.	15	-33	15.1	-25	1033	12	-	-
Aldan h.f.	15	-7	11.5	4	793	12	-	-
Vatnsvirkinn hf.	15	-3	20.2	14	1387	17	-	-
Arnarhraun Hafnarf.	14	17	12.9	25	905	7	-	-
Stapafell h.f.	14	8	13.1	6	925	-2	-	-
Kaupgarður	14	-	17.1	-	1215	-	-	-
Valberg h.f.	14	-6	14.3	2	1061	9	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

KAUPFÉLÖGIN RÉTTA ÚR KÚTNUM

Að venju birtum við sérstakan lista yfir kaupfélög landsins, enda þótt þau séu um flest háð sömu lögmálum í viðskiptum og önnur fyrirtæki. Kauptélögin hafa um nokkurra ára skeið átt í verulegum rekstrarvanda en að þessu sinni má gjörla sjá að þau hafa tekið sig heldur betur á í rekstrinum og taptölurnar ekki eins þrálátar og þær

	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Veltu-breyt. fráðr. verðbr.	Hagn. millj. króna (-tap)	Hagn. millj. króna 1989	Hagn. % af veltu	Breyt. í % f.f.á	Hagn. % af eigin fé	Breyt. í % f.f.á.	Eigið fé í millj. króna
Samb. ísl. samvinnufélaga	23649.5	10	3	330.2	-749.4	1.4	-	18.0	-	1840
Kaupfélag Eyfirðinga KEA	10082.9	18	10	282.7	-163.9	2.8	-	10.8	-	2610
Kaupf.Skagf.og Fiskiðja Skr.	3977.9	42	32	63.2	22.5	1.6	98.8	7.8	170.4	815
Mikligarður hf.	3373.6	21	13	-	-99.0	-	-	-	-	-
Kaupf.A-Skaftfellinga-KASK	2761.5	10	3	70.7	50.5	2.6	26.7	11.7	-10.8	604
Kaupfélag Árnesinga	2760.9	20	12	59.2	-34.7	2.1	-	13.9	-	427
Kaupfélag Borgfirðinga	2524.6	0	-7	5.1	-1.8	0.2	-	0.9	-	545
Kaupfélag Héraðsbúa	2360.0	10	3	65.5	-49.9	2.8	-	20.6	-	318
Kaupf.þingeyinga og Mjólkursaml.	2286.7	58	47	62.9	11.0	2.8	261.8	25.4	267.0	248
Kaupf.Húnv. og Sölufél.A-Hún.	1537.3	13	5	-3.9	-6.4	-0.2	-	-1.7	-	235
Kaupfélag Suðurnesja	1486.3	14	6	12.1	9.2	0.8	15.7	9.2	-4.3	132
Kf.Fáskr. og hraðfrystihúsið	1198.7	30	22	74.7	1.3	6.2	4350.0	14.3	2555.6	521
Kaupfélag Dýrfirðinga & Fáfnir hf.	1076.1	31	22	1.0	112.4	0.1	-99.3	0.2	-99.3	461
Kaupf. V-Húnvetninga	1025.8	15	7	7.1	0.1	0.7	6800.0	2.7	5360.0	260

voru á tímabili. Sambandið er efst á listanum eins og áður - í síðasta skiptið, því rekstri fyrirtækisins hefur verið skipt í nokkur hlutafélög, eins og flestir vita.

Breyt. í % f.f.á.	Eigin-fjár-hlutf. í %	Breyt. í % f.f.á	Veltu-fjár-hlut-fall	Breyt. í % f.f.á.	Veltu-fjár-munir millj.	Skamm-tima-skuld. millj.	Heildar-eignir millj. króna	Heildar-skuldir millj. króna	Meðal-fjöldi starfsm. (ársverk)	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.a.	Meðal-laun í þus. króna	Breyt í % f.f.á.
7.8	24	74.9	0.47	-35.6	1837	3946	7672	5832	892	-3	1405.0	21	1575	25
24.2	38	16.1	1.16	17.2	2489	2142	6959	4350	948	-1	1006.7	-3	1062	-2
4.0	41	25.4	1.28	21.9	863	675	1996	1181	211	-2	296.7	-15	1409	-13
-	-	-	-	-	-	-	-	-	297	95	318.7	159	1073	32
57.0	32	43.0	0.93	1.1	706	761	1905	1301	258	0	404.4	10	1566	10
62.9	28	33.1	0.70	1.5	432	619	1551	1126	298	3	336.3	8	1129	5
17.9	27	5.9	0.96	3.2	931	970	1985	1441	238	2	288.2	8	1212	6
46.7	22	47.1	0.96	-	616	645	1435	1118	198	-13	303.6	10	1533	26
55.7	19	52.7	1.03	6.2	761	740	1308	1060	165	-10	187.8	4	1135	15
59.4	21	30.8	0.98	4.3	688	701	1107	881	105	-5	107.1	-21	1018	-17
37.4	23	25.0	1.00	-1.0	299	299	574	442	92	-18	111.4	10	1210	34
116.6	50	66.4	0.96	33.3	244	256	1051	530	100	-3	253.2	12	2530	16
33.2	31	19.6	0.61	-9.0	260	429	1492	1031	130	-42	213.8	-3	1642	68
31.7	28	15.7	1.38	7.8	625	454	917	656	64	-3	68.3	5	1063	9

ATVINNUGREINALISTAR

VÁTRYGGINGAR, OLÍUFÉLÖG OG ORKUVEITUR

Á þessari opnu birtum við ýmsar rekstrartölur frá helstu tryggingafyrirtækjum, orkufyrirtækjunum og olíufélögunum þremur. Ekki hafa miklar breytingar átt sér stað frá fyrra ári. Við röðum þessum listum eftir veltu. Í

TRYGGINGAR

	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.a.	Veltu-breyt. fráðr. verðbr.	Hagn. millj. króna (-tap)	Hagn. m.llj. króna 1988	Hagn. % af veltu	Breyt. í % f.f.a	Hagn. % af eigin fé	Breyt. í % f.f.a.	Eigið fé í millj. króna
Vátryggingafélag Íslands hf.	3859.9	12	4	-160.5	50.1	-4.2	-	-42.8	-	375
Sjóvá - Almennar hf.	3572.5	15	7	30.6	70.5	0.9	-62.1	5.2	-60.7	589
Tryggingamiðstöðin h.f.	1923.0	18	10	50.2	74.9	2.6	-43.0	12.7	-44.5	395
Íslensk endurtrygging hf.	1161.7	4	-3	28.6	34.4	2.5	-19.9	8.1	-33.6	355
Trygging hf.	681.9	19	11	5.7	6.5	0.8	-25.7	5.3	-25.2	108
Samábyrgð Ísl. á fiskiskipum	620.4	-1	-8	-30.1	20.7	-4.8	-	-12.6	-	238
Ábyrgð hf.	323.2	10	3	-6.0	3.4	-1.9	-	-11.2	-	54
Húsatryggingar Reykjavíkur	150.1	19	11	47.2	-60.1	31.5	-	-	-	-

OLÍUFÉLÖG

	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.a.	Veltu-breyt. fráðr. verðbr.	Hagn. millj. króna (-tap)	Hagn. millj. króna 1989	Hagn. % af veltu	Breyt. í % f.f.a	Hagn. % af eigin fé	Breyt. í % f.f.a.	Eigið fé í millj. króna
Olíufélagið hf	9015.6	29	21	335.1	95.6	3.7	171.5	9.8	146.6	3407
Olíufélagið Skeljungur h.f.	6307.7	30	21	130.4	87.1	2.1	15.6	6.6	37.5	1988
Olíuverslun Íslands hf OLÍS	6097.0	28	20	119.8	31.9	2.0	192.5	7.9	182.5	1514

ljós kemur að veltuaukning olíufélaganna er talsverð en mun minni í tryggingabransanum og hjá orkufyrirtækjum almennt.

Breyt. í % f.f.a.	Eigin-fjar-hlutf. í %	Breyt. í % f.f.a.	Veltu-fjar-hlut-fall	Breyt. í % f.f.a.	Veltu fjar-munir millj.	Skamm-tima-skuld. millj.	Heildar-eignir millj. króna	Heildar-skuldir millj króna	Meðal-fjöldi starfsm. (ársverk)	Breyt. í % f.f.a.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.a.	Meðal-laun í þús. króna	Breyt í % f.f.a
6.7	8	-5.6	4.89	45.5	2565	525	4802	4427	198	-6	351.2	20	1774	27
10.7	10	1.1	4.49	24.0	2140	477	5725	5136	111	-4	205.3	-1	1853	4
20.9	13	-0.4	5.94	32.0	1343	226	3073	2678	36	4	63.1	17	1756	13
25.1	18	6.2	2.52	8.6	563	223	2016	1461	9	-10	14.3	-6	1572	4
17.2	12	-3.9	4.91	38.7	523	107	878	770	30	-18	58.8	9	1959	33
-0.7	44	-14.8	5.07	51.8	366	72	541	72	12	-	22.1	10	1836	10
-0.7	19	-10.2	9.46	95.1	155	16	281	227	18	4	24.9	15	1385	11
-	-	-	-	-	-	-	-	-	10	-20	18.2	9	1821	36

Breyt. í % f.f.a.	Eigin-fjar-hlutf. í %	Breyt. í % f.f.a	Veltu-fjar-hlut-fall	Breyt. í % f.f.a	Veltu fjar-munir millj.	Skamm-tima-skuld. millj.	Heildar-eignir millj. króna	Heildar-skuldir millj króna	Meðal-fjöldi starfsm. (ársverk)	Breyt. í % f.f.a.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.a.	Meðal-laun í þus. króna	Breyt í % f.f.a.
42.0	62	10.8	1.39	6.9	2381	1718	5513	1906	313	-1	500.5	22	1599	24
8.8	48	-9.5	1.11	3.7	1467	1317	4122	2134	261	1	361.9	16	1388	14
33.0	40	10.6	1.22	4.3	1954	1598	3752	2238	273	4	357.9	15	1312	11

ATVINNUGREINALISTAR

RAFVEITUR OG HITAVEITUR

	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Veltu-breyt. frádr. verðbr.	Hagn. millj. króna (-tap)	Hagn. millj. króna 1989	Hagn. % af veltu	Breyt. í % f.f.á	Hagn. % af eigin fé	Breyt. í % f.f.á.	Eigið fé í millj. króna
Landsvirkjun	5559.9	4	-3	1020.0	714.4	18.4	37.7	4.1	30.9	25092
Rafmagnsveita Reykjavíkur	3375.3	26	17	255.7	85.1	7.6	139.9	1.6	171.9	16485
Rafmagnsveitur ríkisins	3343.3	17	9	-366.3	-274.8	-11.0	-	-3.6		-10205
Hitaveita Reykjavíkur	2341.3	16	8	153.3	256.5	6.6	-48.5	1.1	-46.9	13960
Hitaveita Suðurnesja	1362.1	3	-3	523.5	199.9	38.4	153.3	16.9	93.4	3091
Orkubú Vestfjarða	663.3	11	3	-39.6	-18.5	-6.0	-	-1.1	-	3489
Hitaveita Akureyrar	407.0	19	11	51.5	-70.0	12.7	-	-	-	-288
Rafveita Akureyrar	380.7	3	-4	-13.0	4.5	-3.4	-	-1.9	-	666
Rafveita Hafnarfjarðar	345.4	15	7	5.8	-35.5	1.7	-	1.0	-	575
Orkustofnun	326.5	8	1	-	6.1	-	-	-	-	-

Breyt. í % f.f.á.	Eigin-fjár-hlutf. í %	Breyt. í % f.f.a.	Veltu-fjár-hlut-fall	Breyt. í % f.f.a.	Veltu-fjár-munir millj.	Skamm-tima-skuld. millj.	Heildar-eignir millj. króna	Heildar-skuldir millj. króna	Meðal-fjöldi starfsm. (ársverk)	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal-laun í þús. króna	Breyt í % f.f.á.
9.1	39	3.1	0.21	-41.7	829	3963	64270	39178	324	8	741.0	18	2289	9
9.8	98	0.0	3.64	-5.2	1332	366	16851	366	248	8	-	-	-	-
6.6	97	0.4	3.62	4.6	1289	356	10562	356	275	-4	460.7	7	1675	11
12.6	92	-0.2	1.46	-42.7	793	544	15116	1156	-	-	-	-	-	-
35.4	60	27.1	1.26	34.0	559	443	5132	2041	77	4	148.3	13	1938	9
7.5	96	-1.6	2.63	-24.6	365	139	3628	139	73	3	132.9	13	1829	10
-	-9	-	0.46	27.8	66	142	3047	3349	-	-	-	-	-	-
8.9	97	0.8	3.31	4.1	73	22	688	22	32	12	46.4	16	1452	4
20.2	74	2.0	0.83	-23.1	78	94	773	198	41	4	56.0	8	1370	3
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

MÁLM- OG SKIPASMÍÐI

Meðal fyrirtækjanna í stál- og skipasmíði hefur gengið fremur treglega, skipasmíðar innanlands að miklu leyti aflagðar - um sinn að minnsta kosti. Greinilegt er að þessi iðnaður greiðir ekki há laun, enda getan til þess ekki mikil. Eitt fyrirtæki sker sig e.t.v. nokkuð úr, en það er Alpan hf. á Eyrarbakka, framleiðandi potta og panna úr áli, sem selur vöru sína að mestu í Þýskalandi. Það fyrirtæki sýnir góða aukningu á veltu á síðasta ári og fregnir berast um enn aukna sölu á erlendum mörkuðum.

	Meðal-fjöldi starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Slippstöðin h.f.	162	-14	230.3	-19	1424	-5	600.3	5
Stálsmiðjan h.f.	129	-25	202.7	-6	1570	25	-	-
Héðinn h.f.	87	-19	138.2	-13	1590	8	748.9	2
Þorgeir & Ellert h.f.	83	-26	168.2	4	2026	44	323.8	-
Skipasmíðastöð Njarðvíkur h.f.	58	-3	93.5	16	1626	20	-	-
Alpan hf.	55	24	61.7	47	1131	19	350.0	25
Slippfélagið í Reykjavík h.f.	52	-7	66.5	9	1285	17	-	-
Þór h.f. og Rörverk hf.	47	-11	73.4	-6	1557	6	-	-
Landssmiðjan h.f.	39	-17	63.0	-1	1625	18	250.0	-
Blikk & Stál h.f.	38	-6	76.0	20	2022	28	139.7	-
Skipalyftan h.f.	38	-3	75.6	12	1975	15	-	-
Oddi h.f. vélsmiðja	35	-10	58.6	1	1695	12	-	-
Dröfn h.f.	32	-1	49.9	11	1549	12	121.4	25
Skipasmíðastöð Marsellíusar h.f.	32	-15	53.5	-9	1649	7	-	-
Baader-þjónustan hf.	30	4	59.4	15	1972	10	321.3	16
Landvélar - Haukaberg	29	3	39.4	20	1382	17	-	-
Vélaverkst. Jóhanns Ólafs h.f.	28	0	46.0	2	1661	3	-	-
Höfði h.f. blikksmiðja	27	-12	44.3	20	1614	36	-	-
Vélsmiðja Seyðisfjarðar h.f.	27	3	33.3	30	1222	27	-	-
Ofnasmiðjan h.f.	27	-2	35.4	18	1319	20	-	-
Stál h.f.	26	11	40.2	24	1559	12	-	-
J. Hinriksson h.f. vélaverkstæði	25	-4	35.0	7	1413	11	400.0	155
Pétur Auðunsson, vélsmiði	25	-5	39.6	6	1567	12	-	-
Vör hf. bátasmiðja	24	-17	35.0	-2	1465	19	-	-
Skipavík h.f.	24	-21	35.5	-9	1505	15	-	-
Vélsmiðja Hornafjarðar h.f.	23	-	36.1	-	1539	-	-	-
Járntækni hf.	23	18	33.6	25	1479	5	-	-
Vélaverkstæði Sig. Sveinbjörnsson	20	-1	30.3	10	1527	10	-	-
Blikksmiðja Gylfa	19	62	27.8	95	1441	20	-	-
Gjörvi hf., vélaverkstæði	18	-1	35.4	7	2000	9	-	-
Ísstál hf.	17	-	21.2	-	1248	-	-	-
Faxi hf. vélsmiðja	17	-6	27.9	29	1669	37	-	-
Grettir h.f. blikksmiðja	16	-5	22.2	3	1351	8	-	-
Bíró - Steinar hf.	16	-	30.8	-	1893	-	-	-
Framtak hf. véla og skipaþjónusta	16	17	37.2	23	2287	5	-	-
Rafboði h.f.	16	-6	29.0	-3	1836	4	-	-
Skipaviðgerðir hf.	15	-	24.0	-	1580	-	-	-
Vélsmiðja Orms og Víglundar hf.	15	-2	31.5	41	2080	43	-	-
Nökkvi hf., skipasmiðja	15	-13	22.4	-13	1534	0	-	-
Blikkás hf.	14	-24	18.6	-9	1292	21	-	-
Vélsmiðja Bolungarvíkur hf.	14	-10	26.2	11	1861	23	-	-
Vélsmiðja Jóns Sigurðssonar hf.	14	-	15.4	-	1099	-	-	-
Breiðfjörðsblikksmiðja hf.	14	0	16.9	9	1236	10	-	-
Sandblástur og málmhúðun hf.	13	-	19.4	-	1443	-	-	-
Vík hf., blikksmiðja	13	-8	21.9	-7	1640	2	-	-
Vélsmiðja Húnvetninga hf.	13	-	17.2	-	1294	-	-	-
Daníel Þorsteinsson & Co h.f.	13	-6	19.9	2	1589	8	-	-
Valgeir Guðmundsson, blikksmiðja	12	-	14.3	-	1162	-	-	-
SJ Frost hf.	12	-	23.6	-	1941	-	-	-
Skipalón hf.	12	-11	21.3	6	1797	20	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

FLUTNINGAR

Tvö fyrirtæki með mikla veltu eru á þessum lista, flutningarisarnir á lofti og legi, Flugleiðir og Eimskip. Og bæði hafa fyrirtækin aukið veltu sína. Strætisvagnar Reykjavíkur eru enn í þriðja sæti en Flugafgreiðslan hf. hefur tekið sæti Arnarflugs sem 4. stærsta fyrirtækið í þessari grein.

	Meðal-fjöldi starfsm.	Breyt. í % f.f.a.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.a	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.a.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.a.
Flugleiðir hf.	1192	-3	2424.4	12	2034	15	12668.3	27
Eimskipafélag Íslands hf.	732	3	1192.9	7	1630	4	6873.0	18
Strætisvagnar Reykjavíkur	215	-8	280.0	8	1302	18	618.6	20
Flugafgreiðslan hf.	101	25	154.9	34	1538	7	-	-
Nesskip h.f. - Ísskip h.f.	73	-9	152.2	5	2100	16	326.6	-16
Skagfirðingur hf. löndunarstj.	67	-	168.9	-	2540	-	-	-
Reykjavíkurhöfn	66	-1	112.8	-	1700	-	538.5	17
Bifreiðastöð Íslands	46	2	45.7	13	1002	11	-	-
Skallagrímur h.f.	42	-	65.3	-	1568	-	-	-
Guðmundur Jónasson h.f.	41	5	59.0	14	1437	8	-	-
Herjólfur h.f.	36	-	58.2	-	1625	-	-	-
Bifreiðastöð Selfoss	35	23	30.4	0	880	-19	-	-
Jöklar h.f.	34	1	56.6	16	1687	15	-	-
Skipaafgreiðslan í Hafnarfirði hf.	30	84	46.2	105	1563	11	-	-
Aðalstöðin h.f. Keflavík	29	-2	34.4	8	1171	10	-	-
Flugfélag Norðurlands h.f.	29	6	61.7	13	2126	6	-	-
Landflutningar hf.	24	8	26.5	17	1092	8	-	-
Vöruflutningamiðstöðin h.f.	24	4	27.3	17	1135	12	-	-
Landleiðir h.f.	22	-1	27.9	13	1292	14	-	-
Arnarflug innanlands hf.	21	-	36.6	-	1720	-	-	-
Dreki hf. flutningar	21	18	29.3	20	1418	2	-	-
Hreyfill svf.	19	-16	24.2	0	1263	19	-	-
Sérleyfisbílar Selfoss h.f.	19	-7	29.9	7	1574	15	-	-
Kyndill sf. olíuskip	17	6	40.4	12	2367	6	-	-
Einar & Tryggvi, flutningaþjónusta	16	1	26.7	15	1640	14	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI MEÐ MUN MINNI HAGNAÐ

Hagnaður var hjá bönkum og sparisjóðum á síðasta ári en mun minni en árið 1989, sem var sannkallað gósenár hjá fyrirtækjum á fjármálamarkaði. Var ekki laust við að slæmt hljóð væri í bankamönnum, enda þótt margir viðskiptavina kvörtuðu yfir háum vöxtum.

Á þessum lista birtist nú nafn nýs bankastórveldis, Íslandsbanka, sem sest í annað sæti listans eins og væntа

	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Veltu-breyt. frádr. verðbr.	Hagn. millj. króna (-tap)	Hagn. millj. króna 1989	Hagn. % af veltu	Breyt. í % f.f.á	Hagn. % af eigin fé	Breyt. í % f.f.á.	Eigið fé í millj. króna
Landsbanki Íslands	14259.4	-4	-11	88.4	293.2	0.6	-68.5	1.5	-73.8	5767
Íslandsbanki hf.	9143.3	-	-	450.2	-	4.9	-	0.9	-	51369
Búnaðarbanki Íslands	5454.7	-19	-24	289.7	482.1	5.3	-25.8	9.7	-51.4	2994
Fiskveiðasjóður Íslands	2028.0	-70	-72	149.0	75.9	7.4	544.7	-	-	-
Iðnlánasjóður	1442.6	-48	-52	136.8	81.1	9.5	226.9	5.0	48.7	2715
Sparisjóður Rvk. og nágrennis	929.1	-11	-17	64.6	72.7	7.0	0.3	14.8	-32.6	438
Sparisjóður Hafnarfjarðar	868.0	-15	-20	102.7	122.6	11.8	-1.8	16.0	-33.6	641
Sparisjóðurinn í Keflavík	796.8	-15	-20	29.0	23.6	3.6	43.9	10.0	0.1	291
VISA-Ísland	556.6	21	-	62.4	120.0	11.2	-52	-	-	406.2
Féfang hf.	520.1	-40	-44	46.7	18.3	9.0	321.6	16.8	123.6	278
Sparisjóður vélstjóra	509.3	-9	-15	61.9	69.3	12.2	-2.1	17.0	-27.2	364
Glitnir hf.	484.0	-64	-66	54.7	36.1	11.3	318.5	12.4	41.7	443
Iðnþróunarsjóður	464.4	-	-	28.9	-	6.2	-	1.2	-	2459
Lánastofnun sparisjóðanna	379.0	9	2	71.1	54.3	18.8	19.9	12.8	-	556
Sparisjóður Mýrasýslu	336.6	-15	-20	52.8	69.6	15.7	-11.1	16.2	-39.7	326
Sparisjóður Kópavogs	298.5	-14	-20	23.0	11.6	7.7	131.5	16.6	42.9	138
Fjárfestingarfélag Íslands hf.	240.8	26	17	32.3	-97.4	13.4	-	14.1	-	229
Þróunarfélag Íslands hf.	83.1	-72	-74	-39.0	3.6	-46.9	-	-6.8	-	571
Samvinnubankinn hf.	-	0	-	-	50.3	-	-	-	-	-
Seðlabanki Íslands	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Verðbréfamarkaður Fjárfestingarfél.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Veðdeild Landsbanka Íslands	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Kaupþing h.f.	-	0	-	-	20.6	-	-	-	-	-
Kreditkort sf.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Verðbréfamarkaður Iðnaðarbankans hf.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-

mátti. Viðskiptabankarnir á listanum, sem voru áður sjö eru orðnir þrír því Samvinnubankinn var, eins og kunnugt er, seldur Landsbankanum og hverfur því líkt og Útvegsbanki, Iðnaðarbanki, og Verslunarbanki.

Munurinn á veltu Landsbanka Íslands og Íslandsbanka er í raun meiri en reikna mátti með, rúmir fimm milljarðar króna. Velta bankanna minnkaði reyndar milli ára,

Breyt. í % f.f.á.	Eigin-fjár-hlutf. í %	Breyt. í % f.f.á.	Veltu-fjár-hlut-fall	Breyt. í % f.f.a.	Veltu-fjár-munir millj.	Skamm-tima-skuld. millj.	Heildar-eignir millj. króna	Heildar-skuldir millj. króna	Meðal-fjöldi starfsm. (ársverk)	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.a.	Meðal-laun í þus. króna	Breyt í % f.f.á.
14.6	6	-1.8	-	-	-	-	94944	89177	1112	-10	1886.9	32	1697	47
-	100	-	-	-	-	-	51369	-	936	-	1317.7	-	1407	-
23.9	8	5.6	-	-	-	-	37502	34508	568	3	764.7	4	1346	0
-	-	-	-	-	-	-	23495	-	23	-6	59.9	17	2652	24
13.5	24	3.0	-	-	628	-	11388	8674	20	-	33.8	-	1715	-
31.8	8	-3.6	-	-	-	-	5606	5163	73	-27	142.0	10	1953	51
26.1	14	11.2	-	-	-	-	4611	3971	64	-	83.2	-18	1300	-18
22.8	6	6.4	-	-	-	-	4682	4392	75	-7	122.8	6	1646	14
-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
14.2	11	18.3	1.62	-90.0	1263	781	2472	2194	11	78	20.2	41	1783	-21
22.7	13	-6.4	-	-	-	-	2825	2461	40	4	57.1	17	1413	12
6.9	13	12.0	2.32	15.4	2088	902	3384	2941	15	-68	31.4	-50	2088	57
-	42	-	-	-	666	-	5875	3417	7	-	16.5	-	2360	-
-	17	-	-	-	-	-	3194	2638	10	59	20.0	65	1938	4
25.9	17	0.2	-	-	-	-	1960	1634	49	141	76.2	133	1543	-3
38.8	9	12.4	-	-	-	-	1620	1481	39	0	55.8	9	1416	9
86.1	48	36.0	2.61	193.3	171	65	474	245	42	7	76.5	4	1821	-3
0.0	57	8.2	60.74	86.8	972	16	1002	432	4	2	8.2	7	2296	5
-	-	-	-	-	-	-	-	-	238	-3	330.1	3	1386	7
-	-	-	-	-	-	-	-	-	188	-5	317.8	9	1690	15
-	-	-	-	-	-	-	-	-	42	99	77.8	97	1843	-1
-	-	-	-	-	-	-	-	-	39	-	50.8	-	1296	-
-	-	-	-	-	-	-	-	-	39	34	70.2	31	1817	-2
-	-	-	-	-	-	-	-	-	37	-2	58.9	23	1608	26
-	-	-	-	-	-	-	-	-	33	72	60.8	95	1843	13

ATVINNUGREINALISTAR

MATVÆLAIÐNAÐUR

Sem fyrr er Sláturfélag Suðurlands stærsta fyrirtækið í matvælaiðnaði en eins og sjá má eru fyrirtæki í þessari grein fremur smá. Á listanum í ár eru tölur fyrir Goða inni í heildartölum Sambandsins en fyrirtækið var gert að hlutafélagi í ár og mun eflaust vera á svipuðum slóðum og Sláturfélagið á listanum á næsta ári.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Sláturfélag Suðurlands	345	-10	432.1	-2	1252	9	2887.5	10
Mjólkursamsalan	248	2	328.3	12	1326	10	4315.9	9
Mjólkurbú Flóamanna	125	6	180.6	17	1449	9	2775.4	20
Vífilfell h.f.	122	-7	216.2	10	1771	18	2362.0	49
Myllan/Brauð hf.	117	0	148.9	27	1273	27	627.2	47
Nói.Sirius og Hreinn hf.	111	3	109.2	14	980	11	564.5	29
K. Jónsson & Co h.f.	83	4	98.8	25	1197	21	770.6	6
Smjörlíki hf.-Sól hf. -Ísl.bergvatn	80	1	139.2	25	1746	23	1549.8	81
Ölgerðin Egill Skallagrímsson h.f.	80	21	139.0	22	1742	1	988.2	41
Osta og smjörsalan sf.	78	-2	99.2	6	1268	9	3410.0	16
Sanitas h.f.	76	-28	100.6	-27	1318	2	-	-
Sveinn Bakari	65	13	71.0	22	1100	8	-	-
Þrihyrningur hf.	52	3	49.0	6	940	3	663.8	-
Sölufélag garðyrkjumanna	44	15	62.3	31	1417	14	-	-
ORA,- Kjöt og Rengi h.f.	44	2	49.8	16	1142	13	-	-
Reykjagarður hf.	42	39	45.9	61	1088	15	-	-
Góa hf./Kentucky Fried	39	21	50.4	34	1303	11	-	-
Síld & Fiskur	38	-9	48.1	11	1272	23	-	-
Meistarinn h.f.	36	4	36.3	11	1001	6	-	-
Lýsi h.f.	35	-12	79.7	11	2277	27	346.4	-16
Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co.	35	-6	38.7	7	1116	14	180.0	31
Kjarnafæði sf	33	30	38.7	60	1169	23	-	-
Linda h.f.	32	17	25.1	17	781	1	-	-
Frón h.f.	31	-12	37.7	6	1200	22	-	-
Afurðastöðin í Búðardal hf.	30	11	27.4	31	919	18	-	-
Kjöris h.f.	30	-8	35.0	3	1177	12	-	-
Opal, sælgætisgerð	27	11	35.8	63	1310	46	168.2	-
Svansbakarí	27	26	20.5	38	747	9	-	-
Freyja hf., sælg.gerð	21	-2	24.2	15	1146	17	-	-
Breiðholtsbakarí h.f.	21	20	14.6	11	699	-7	-	-
Bakarameistarinn	21	30	21.4	26	1025	-3	-	-
Ágæti hf.	20	-13	28.6	6	1402	22	-	-
Sómi sf. samlokugerð	20	6	21.4	8	1069	1	-	-
Sigurjón Hauksson, bakarí Hveragerði	20	-	8.3	-	417	-	-	-
Víking Brugg ölgerð	20	-	27.9	-	1397	-	-	-
Jónas Halldórsson, bóndi	20	-	19.2	-	983	-	-	-
Húnfjörð hf. - Kökuhúsið Krútt	19	2	22.6	10	1208	7	-	-
Gunnars Majones sf.	18	1	25.7	13	1402	11	-	-
Kjötsalurinn hf. kjötvinnsla	18	-	21.3	-	1166	-	-	-
Móna h.f.sælgætisgerð	17	8	18.2	12	1074	4	-	-
Mosfellsbakarí hf.	17	0	14.1	-4	844	-4	-	-
Nesbú hf. alifuglabú	17	-	13.8	-	832	-	-	-
Friðrik Haraldsson, bakarí	16	-	19.3	-	1204	-	-	-
G. Ólafsson & Sandholt	16	12	20.4	50	1273	35	-	-
Kjötsalan hf.	16	12	17.4	20	1113	7	-	-
Júmbó hf. matvælaiðja	15	4	18.0	10	1174	6	-	-
Einarsbakarí hf.	15	19	13.6	14	899	-5	-	-
Gullkornið h.f.	15	4	14.7	5	983	1	-	-
Mjólkursamlag Ísfirðinga	14	8	21.6	16	1523	8	-	-
Barði, sláturfélag Þingeyri	14	-	9.8	-	705	-	-	-

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Mjólkursamlag SAH	14	-13	17.9	11	1308	28	-	-
Kornið sf. bakarí	14	39	9.6	22	708	-13	-	-
Austmat hf. kjötvinnsla	13	-13	13.7	2	1039	16	-	-

FISKVINNSLA OG ÚTGERÐ

Á þennan lista er raðað eftir mannafla fyrirtækjanna. Efstir á blaði eru risarnir meðal útgerðarfyrirækjanna. Síldarvinnslan á Neskaupstað hefur yfir mestum mannafla að ráða, eins og á síðasta ári, enda þótt starfsmannahald hafi heldur dregist saman milli ára. Hins vegar er velta Granda hf. mest hinna þriggja risa í þessari grein. Árið 1990 voru aflabrögð svipuð og fyrr en verðlag á erlendum mörkuðum gott, sem og á fiskmörkuðum innanlands og afkoma greinarinnar hreint ekki slæm, þrátt fyrir að þorskaflinn hefði minnkað um 7,5%.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Síldarvinnslan hf.	400	-5	580.2	6	1451	11	2173.5	15
Útgerðarfélag Akureyringa h.f.	394	-3	773.0	15	1963	19	2574.0	21
Grandi hf.	392	112	832.0	43	2122	-32	2816.5	47
Þormóður Rammi h.f.	243	107	273.4	23	1124	-41	1222.3	39
Har. Böðvarsson & Co. h.f.	182	5	361.2	4	1990	-1	1191.0	5
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	176	-5	169.4	5	964	11	832.9	7
Hraðfrystistöð Vestm. hf.	169	-5	403.0	-6	2384	-1	1435.0	0
Hraðfrystihús Eskifjarðar h.f.	159	3	355.2	10	2239	7	1377.3	2
Norðurtangi h.f.	155	-4	265.9	12	1711	17	987.0	18
Miðnes hf.	149	-12	315.0	22	2114	39	1067.0	17
Vinnslustöðin h.f.	142	-10	185.4	-15	1310	-5	770.4	-12
Sjólastöðin h.f. Hafnarf.	140	-1	403.1	4	2878	6	1164.4	-2
Fiskiðja Sauðárkróks h.f.	140	66	263.7	119	1884	32	1051.0	-
Þorbjörn h.f.	137	-7	287.5	28	2092	37	927.0	1
Hraðfrystihús Fáskrúðsfj. hf	134	-	252.8	-	1891	-	-	-
Síldarverksmiðjur ríkisins	127	4	240.2	33	1897	29	1667.1	33
Íshúsfélag Bolungarvíkur hf.	111	1	147.7	2	1326	1	-	-
Fiskanes h.f.	109	-3	218.7	14	2009	17	813.3	21
Glettingur h.f.	108	32	261.3	2	2415	-23	871.3	-4
Fiskiðjan h.f.	102	-11	134.9	-9	1325	3	-	-
Fáfnir h.f	102	47	135.0	30	1329	-12	-	-
Heimaskagi h.f.	95	1	181.7	12	1905	12	-	-
Ísfélag Vestmannaeyja h.f.	89	-18	180.8	30	2039	60	675.4	-
Ögurvík h.f.	88	-3	310.2	21	3517	24	-	-
Búlandstindur h.f.	86	4	161.8	11	1889	7	601.5	12
Oddi hf - Patrekur hf.	85	232	136.9	347	1616	35	-	-
Bakkafiskur hf.	83	17	80.0	-25	969	-36	-	-
Tangi h.f.	82	-94	154.8	-13	1880	1288	624.3	-11
Freyja h.f.	80	-1	92.9	3	1160	4	-	-
Samherji h.f.	78	13	484.4	40	6193	24	1360.7	34
Haförninn h.f.	77	21	109.3	14	1420	-5	427.8	20
Hraðfrystihús Stöðvarfj. h.f.	74	20	121.5	14	1645	-5	-	-
Jökull h.f. - Fiskiðja Raufarh hf.	73	-	124.7	-	1704	-	512.2	20
Hraðfrystihús Ólafsvíkur h.f.	72	-19	88.5	-16	1229	3	-	-
Hraðfrystihús Grundarfjarðar h.f.	70	5	99.9	-5	1427	-9	339.2	-2
Hraðfrystihús Stokkseyrar	69	-17	175.5	23	2553	49	523.2	-
Hraðfrystihús Breiðdælinga h.f.	68	10	159.6	38	2337	25	-	-
Sigurður Ágústsson hf.	68	10	119.4	34	1769	22	-	-
Hraðfrystistöð Þórshafnar h.f.	65	27	80.8	57	1250	23	696.8	64
Íshúsfélag Ísfirðinga h.f.	64	-33	107.7	-7	1692	39	502.8	-11

ATVINNUGREINALISTAR

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Hjálmur hf.	63	8	88.3	10	1400	2	-	-
Skagstrendingur hf	62	36	304.6	17	4910	-14	809.5	27
Meitillinn h.f.	62	-32	176.5	3	2829	51	615.7	-
Frosti h.f.-Álftfirðingur h.f.	62	-27	95.9	-47	1539	-27	-	-
Samtog hf.	62	0	201.2	18	3236	18	-	-
Fiskvinnslan á Bíldudal h.f.	61	23	128.6	87	2114	52	473.1	49
Hvaleyri h.f.	61	-21	82.7	-49	1355	-36	-	-
Hópsnes h.f.	60	1	126.8	49	2105	48	-	-
Nesfiskur hf. fiskverkun	59	12	77.1	28	1313	14	-	-
Bergur-Huginn sf.	57	28	220.6	45	3903	14	616.4	57
Pólarsíld hf.	55	33	66.0	0	1200	-25	230.0	2
Hraðfrystihús Tálknafj. hf.	55	-25	102.8	-4	1861	27	-	-
Skinney h.f.	55	3	126.7	27	2311	22	-	-
Guðmundur Runólfss.hf.	54	-34	104.0	-5	1922	43	414.0	16
Gjögur hf. Grenivík	54	-1	174.0	19	3237	21	-	-
Hvalur h.f.	53	-35	203.0	-19	3830	25	655.0	3
Hraðfrystihús Ólafsfjarðar h.f.	53	-35	88.2	-34	1659	2	-	-
Fiskv. Soffaníasar Cecilssonar	53	8	77.8	7	1468	0	-	-
Fiskiðja Raufarhafnar hf.	52	-	63.6	-	1236	-	-	-
Skjöldur h.f.	51	53	84.5	132	1657	51	-	-
Hraðfrh. hf.Hnífsd. og Miðfell h.f.	49	-35	69.4	-49	1421	-22	621.0	118
Brynjólfur h.f.	49	10	87.3	9	1770	-1	-	-
Ingimundur h.f.	49	2	147.7	13	3030	11	-	-
Hraðfrystistöðin h.f. Rvk.	49	-34	137.1	-19	2814	22	-	-
Fiskv. Kristjáns Guðmundssonar hf.	49	31	84.0	72	1727	31	-	-
Sæberg hf. útgerð	48	2	196.6	20	4058	18	-	-
Kaldbakur h.f	48	11	62.2	35	1291	21	-	-
Þórsberg h.f.	48	3	82.6	10	1717	7	-	-
Fiskimjölsverksm í Vestm h.f.	47	-14	117.5	-4	2497	12	480.3	-18
Þórsnes h.f.	47	-2	80.1	8	1718	10	-	-
Hólanes h.f.	46	-45	68.7	-11	1487	60	-	-
Ísver hf Ísafirði.	46	1421	68.7	615	1505	-53	-	-
Stálskip h.f.	45	67	198.1	90	4390	13	-	-
Borgey h.f.	44	-9	127.3	1034	2868	1153	-	-
Söltunarfélag Dalvíkur h.f.	43	11	99.6	69	2317	51	456.0	151
Saltver sf	43	16	80.4	33	1858	14	-	-
Hraðfrystihús Hellissands h.f.	43	-5	51.7	4	1201	9	-	-
Knörr hf. útgerðarfélag	43	-	140.9	-	3280	-	-	-
Eldey hf. útgerðarfélag	42	52	76.8	35	1828	-11	-	-
Magnús Gamalíelss. h.f.	42	-13	156.4	18	3764	35	-	-
Síldar og fisk.mj.v. og Heimaskagi	41	-70	74.8	-67	1844	9	-	-
Vísir h.f.	40	-	91.3	-	2311	-	-	-
Sæfang h.f. -Guðm. Runólfss. hf.	39	-52	47.7	-57	1209	-11	-	-
Pétur Stefánsson, útgerð,útflutn.	37	-	113.7	-	3033	-	-	-
Bakki hf, fiskvinnsla	37	40	64.7	49	1729	6	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Nes hf. Grundarf.	36	-1	78.8	12	2168	14	-	-
Fiskverkunarst. Karls Njálssonar	36	-9	59.7	11	1661	22	-	-
Fiskimj.verksmiðja Hornafj. h.f	35	1	61.9	-1	1768	-2	321.0	-21
Gunnvör h.f., útgerð	35	58	166.6	156	4804	62	-	-
Stakkholt h.f.	35	-32	57.4	-30	1656	3	-	-
Útgerðarfélag Dalvíkinga hf.	33	-3	116.8	24	3570	28	347.1	27
G.Ben sf. fiskverkun	33	-3	56.2	-1	1683	2	-	-
Hrói h.f.	33	-6	40.1	5	1201	13	-	-
Valdimar h.f.	33	9	83.1	40	2516	29	-	-
Siglfirðingur h.f.	33	32	118.0	19	3575	-10	-	-
Hólmadrangur h.f.	33	12	131.4	19	4028	6	-	-
Faxamjöl hf.	32	-	62.8	-	1949	-	-	-
Særún h.f.	32	15	55.3	45	1721	26	-	-
Gullberg h.f.	31	-33	102.3	26	3252	89	-	-
Bakki hf.	31	9	33.1	35	1053	24	-	-
Fiskvinnslan Straumnes hf.	31	33	44.0	52	1407	14	-	-
Straumnes hf. fiskvinnsla Vatneyri	31	-	44.0	-	1407	-	-	-
Sigvaldi Þorleifsson hf. fiskverkun	30	30	33.9	43	1115	10	-	-
Hraðfrystihúsið h.f. Hofsósi	30	-45	34.3	-32	1140	24	-	-
Skipaklettur h.f.	30	17	107.4	42	3597	21	-	-
Bliki hf. fiskverkun	29	-22	72.8	3	2468	31	-	-
Íslenskur gæðafiskur hf.	29	-2	38.1	4	1316	6	-	-
Hóp h.f.	29	-10	55.9	-1	1947	9	-	-
Sjófang hf. fiskvinnsla	28	14	42.0	141	1498	111	-	-
Skerseyri hf. fiskverkun	28	-18	49.3	34	1771	63	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

RÆKJUVINNSLA

Enn á ný birtum við lista yfir rækjuiðnaðinn sérstaklega, örfá fyrirtæki, enda þótt munurinn á þessari tegund fiskiðnaðar og hinum hefðbundna sé næsta lítill. Landfrysting rækju jókst mjög í fyrra, eða um 24%, en nokkur fyrirtæki í greininni eiga við rekstrarvanda að stríða vegna lágs verð á þessu gómsæta krabbadýri, sem er í harðri samkeppni við vöru víðs vegar að úr heiminum.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Meleyri h.f. rækjuv.	71	56	137.0	64	1941	5	-	-
Niðursuðuverksmiðjan h.f.	70	19	116.3	7	1661	-10	622.3	0
Rækjuver h.f.	28	31	38.2	16	1341	-11	-	-
Rækjustöðin h.f.	28	-16	40.6	-37	1472	-25	-	-
Rækjuvinnslan hf.	20	-48	26.6	1	1333	95	-	-
Árver hf. rækjuvinnsla.	18	3	19.6	4	1088	0	142.0	-
Impex h.f.	-	-	-	-	-	-	-	-
Kampur hf. fiskverkun	-	-	-	-	-	-	-	-
Kampur hf., rækjuvinnsla Akranesi	-	-	-	-	-	-	-	-
O.N. Olsen h.f.	-	-	-	-	-	-	-	-
Rækjunes h.f.	-	-	-	-	-	-	-	-
Rækjuverksmiðjan h.f.	-	-	-	-	-	-	-	-
Sigló h.f.	-	-	-	-	-	-	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

HÓTEL OG VEITINGAHÚS

Hótel og veitingamennska er vinsæl atvinnugrein á landi hér. Árviss aukning er á komu erlendra ferðamanna til landsins en því miður vilja of margir fá bita af kökunni. Því er það að veitingastaðir ganga mjög misjafnlega og eigendaskipti eru afskaplega tíð, svo tíð að það mundi æra óstöðugan að fylgjast með þeim. Hótel Saga er að sjálfsögðu langstærsta fyrirtækið í þessari grein þegar miðað er við starfsmannafjölda.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.
Hótel Saga	156	396	229.9	542	1470	30
Brauðbær og Hótel Óðinsvé	80	11	61.2	-2	769	-11
Broadway	71	33	109.3	192	1549	120
Hótel Holt	59	-16	67.6	11	1150	33
Holiday Inn	52	-	69.3	-	1345	-
Ísrokk hf.	50	85	62.8	128	1265	23
Bautinn h.f.	38	6	33.2	10	884	3
Jarlinn hf. veitingahús	37	-	31.9	-	864	-
Laugaás h.f.	36	142	38.6	191	1072	20
Vesturgata hf. - Naust	35	-	18.7	-	527	-
Pizza Hut hf. -Pönnupizzur hf.	35	-17	35.3	29	1002	57
Hótel Borg h.f.	28	-15	33.0	14	1158	35
Uppinn hf.	28	-	12.9	-	453	-
Risna hf. - Glæsibær	27	-	28.3	-	1033	-
Móhús hf. -Lækjarbrekka	27	-	23.5	-	883	-
Kaffi Ópera - Kaffi Strætó	26	-24	32.3	-34	1238	-12
Hótel Lind hf.	26	-1	30.8	7	1204	8
Akur h.f.(Sjallinn)	25	-	27.9	-	1094	-
Valaskjálf	25	62	29.1	87	1168	16
Flug Hótel	25	-7	23.5	13	954	21
Tropis hf.	23	21	12.9	31	559	8
Hótel Ísafjörður	22	7	27.5	15	1275	7
Hótel Stykkishólur	22	22	22.3	27	1038	4
Hótel Húsavík	21	-	19.4	-	918	-
Pítan, veitingahús	19	-1	16.7	1	860	2

ATVINNUGREINALISTAR

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þus. króna	Breyt. í % f.f.á.
Hótel Borgarnes h.f.	19	-4	20.2	4	1054	8
Hlíðarendi sf. veitingahús	19	-	11.8	-	623	-
Tryggvi hf.	19	-2	21.6	8	1147	10
Flugveitingar hf.	18	-1	15.2	0	839	2
Hótel Höfn	16	75	18.7	181	1182	60
Pizzasmiðjan	15	-	11.5	-	785	-
Matstofa Miðfells sf	15	-16	17.5	-4	1192	14
Hótel Selfoss	15	12	13.4	17	925	4
Gaflinn sf	14	-15	15.5	0	1099	17
Hótel Valhöll	14	-	12.5	-	894	-
Þórskaffi (Þórshöll h.f.)	14	-49	19.5	-44	1406	10
Vísnes hf. - Gullni haninn	14	-	9.4	-	685	-
Múlakaffi (Veitingar h.f.)	14	162	17.4	316	1272	59
Skútan hf	13	-	14.8	-	1112	-
Hornið, veitingahús	13	1	15.3	2	1170	1
Stangarstökk hf. - Gaukur á Stöng	13	-	11.9	-	923	-
Hreðavatnsskáli	12	-	12.7	-	1066	-
Potturinn og pannan	12	-	8.5	-	713	-
Teiti hf.	11	-2	8.6	9	750	11
Veitingahúsið Við Tjörnina	11	6	20.2	175	1812	158
Skagaveitingar hf.	11	-	13.2	-	1216	-
Hótel Stefanía	11	-38	9.6	-46	909	-12
Hótel Þórshamar - Muninn hf. Vestm.	10	-	5.5	-	523	-
Grandi sf. kaffivagn	10	-	7.2	-	691	-
Hótel Keflavík	10	2	9.0	6	913	3
Eldsmiðjan, veitingahús	9	-7	11.0	3	1177	12
Árberg, veitingahús	9	19	6.1	35	678	14
Shanghai hf.	9	-	6.9	-	769	-
Pylsuvagninn	9	1	13.9	10	1600	8
Hótel Blönduós	8	-1	9.1	4	1105	5

ATVINNUGREINALISTAR

ÚTFLUTNINGUR

Hér getur að líta nokkur fyrirtæki sem að langmestu leyti vinna við að flytja út afurðir okkar. Hjá sumum þeirra er jafnframt stundaður innflutningur, en í minna mæli þó. Þannig dettur engum í hug sykurinnflutningur hjá Síldarútvegsnefnd. Engu að síður munu fáir, ef nokkrir, flytja inn jafnmikinn sykur og þetta opinbera fyrirtæki, sem nýtir sykurinn til vinnslu síldarinnar. Sum hinna flytja inn ýmsan varning til sölu hérlendis.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Sölumiðstöð hraðfr.húsanna	95	4	162.8	11	1715	7	17450.2	0
Sölus. ísl. fiskframl. SÍF.	66	-19	114.7	-6	1740	16	11926.1	17
Síldarútvegsnefnd	37	-15	61.4	0	1652	18	2190.0	-8
Íslenska umboðssalan hf.	30	0	40.6	-12	1340	-12	1363.8	19
Seifur hf.	22	-2	36.3	6	1617	8	-	-
Skipaþjónusta Suðurlands sf.	18	350	26.7	218	1470	-29	-	-
Sölusamtök lagmetis	12	-9	22.3	38	1822	51	1313.4	1
Fiskafurðir hf.	11	-10	18.8	-13	1687	-3	612.5	30
Gámavinir sf.	10	181	12.8	124	1326	-20	1000.0	-
Hilda h.f.	10	-46	13.0	-41	1249	9	-	-
Bernhard Petersen hf.	9	-3	13.8	1	1506	4	497.4	56
Marfang hf. útflutn.	6	14	11.6	47	1787	29	-	-
Hafex hf.	5	-3	5.8	14	1087	17	721.5	-
Triton hf.	5	10	3.6	22	752	12	-	-
Íslenska útflutn.miðst. h.f.	4	-	9.6	17	2310	17	941.5	24

HÚSGÖGN - INNRÉTTINGAR

Í húsgagnaiðnaði hafa nokkrur fyrirtæki sameinast á síðustu misserum, en á þessum lista eru upprunafyrirtækin enn við lýði. Eins og kunnugt er hefur framleiðsla á húsgögnum heldur farið dalandi á Íslandi á síðari árum, en innflutningur aukist. Nokkrir góðir aðilar standa upp úr, flytja meira að segja sumir hverjir vöru sína á erlenda markaði og virðast spjara sig vel.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.
Akur h.f. trésmiðja	28	12	34.7	25	1221	12
Axis hf.	28	67	41.3	112	1455	27
Húsgagnav.stofa Ingvars & Sona	17	20	23.2	13	1361	-6
Fjalar h.f. trésmiðja	16	-16	18.8	4	1170	25
Sigurður Elíasson h.f. - SELKO	15	-	18.3	-	1229	-
Trésmiðjan Meiður	15	-18	15.9	-4	1080	16
Stáliðjan h.f.	13	-	19.5	-	1456	-
Á. Guðmundsson hf.	11	-	18.8	-	1665	-
Stálhúsgögn	10	9	9.4	20	984	10
Trévirki hf.	9	-	15.5	-	1661	-
Kristján Siggeirsson h.f.	8	-83	9.0	-84	1082	-7
Gamla kompaníið h.f.	6	-78	6.8	-78	1153	3
EE-Húsgögn hf.	-	-	-	-	-	-
Hagi h.f.	-	-	-	-	-	-
JP-Innréttingar h.f. - Einir hf.	-	-	-	-	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

FJÖLMIÐLUN – BÓKAGERÐ

Stöð 2 birtir að þessu sinni afkomutölur. Ekki verður annað sagt en að hún sé verðugur keppinautur Ríkisútvarpsins í veltu en mannahald RÚV er mun fyrirferðarmeira, en um það höfum við ekki nákvæmar upplýsingar. Á þessum lista eru enn keppinautar tveir, hlið við hlið, Plastprent hf. og Plastos hf. Plastos virðist sífellt síga á keppinautinn, en veltutölur fengust því miður ekki hjá Plastprent hf. Vera þessara fyrirtækja orkar tvímælis á lista sem heitir „Fjölmiðlun - bókagerð", en í raun eru fyrirtækin prentfyrirtæki að hluta til. Athygli vekur góð veltuaukning Morgunblaðsins. Afkoma þess er einnig góð en hún er þó miklum mun betri hjá DV þrátt fyrir minni veltu en hjá Mbl.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Árvakur h.f. - Morgunblaðið	271	5	453.5	17	1675	12	1653.7	29
Prentsmiðjan Oddi	236	10	373.3	25	1579	13	1120.8	-6
Stöð 2, Íslenska sjónvarpsfélagið	163	1	292.3	1	1797	0	1207.3	-
Frjáls fjölmiðlun	140	2	229.7	11	1641	10	788.8	10
Plastprent h.f.	91	-2	152.0	15	1676	17	-	-
Plastos h.f.	84	-5	112.3	24	1337	30	510.0	41
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg hf.	66	4	84.0	6	1278	1	-	-
Fróði hf., útgáfufyrirtæki	64	-	83.0	-	1297	-	369.9	-
G. Ben. prentstofa hf.	56	65	71.4	62	1280	-2	-	-
Almenna bókafélagið	45	-3	63.1	13	1400	17	-	-
Bókaútgáfa Máls & menningar	44	-39	56.5	-30	1278	16	597.9	27
Tíminn	44	-10	51.7	-4	1180	7	-	-
Dagur, dagblað og prentsm.	43	6	54.6	16	1261	10	-	-
Umbúðamiðstöðin h.f.	39	-6	65.2	12	1667	19	312.6	16
Þjóðviljinn	39	-10	51.0	5	1315	16	-	-
Prentsmiðjan Edda	38	-5	49.4	6	1318	12	-	-
Svansprent h.f.	36	-6	49.4	14	1367	21	-	-
Ísafoldarprentsmiðja h.f.	35	-5	46.7	8	1325	14	-	-
Guðjónó h.f.	34	12	50.3	29	1495	16	-	-
Prentsmiðja Árna Valdimarssonar h.f.	32	-5	45.9	2	1417	7	-	-
Íslenska auglýsingastofan hf.	31	12	48.8	15	1591	3	325.0	-
Hvíta Húsið hf. auglýsingastofa	30	-	65.3	-	2177	-	346.6	-
Bókaútgáfan Iðunn	30	8	48.6	-3	1640	-10	-	-
Prentverk Odds Björnssonar h.f.	26	-4	36.7	5	1390	9	-	-
AUK h.f. auglýsingastofa	25	-18	36.5	1	1468	23	-	-
Vaka/Helgafell	24	6	36.0	19	1519	13	-	-
Iceland Review	22	6	32.0	21	1447	14	-	-
Víkurfréttir hf.	22	152	9.6	24	435	-51	-	-
Ásprent sf	22	36	16.0	70	729	25	-	-
Gott fólk hf. augl.stofa	20	-27	-	-	-	-	143.0	-
Vörumerking h.f.	20	-16	34.2	-6	1745	12	-	-
Korpus h.f.	19	13	28.7	24	1480	9	-	-
Borgarprent	18	-4	22.8	16	1254	21	-	-
Saga Film hf.	18	-19	28.3	3	1600	28	-	-
Félagsbókbandið Bókfell hf.	17	-	18.1	-	1056	-	-	-
Prentsmiðjan Rún hf.	16	-	14.5	-	936	-	-	-
Prisma h.f.	15	5	15.2	16	996	10	-	-
Steindórsprent h.f.	15	-	21.5	-	1452	-	-	-
Grágás hf.	15	10	18.2	28	1247	17	-	-
Veröld hf. bókaklúbbur	14	-	18.2	-	1286	-	-	-
Hverfiprent hf.	14	-4	21.9	17	1566	22	-	-
Miðlun, uppl.þjónusta	14	7	20.0	31	1433	22	-	-
Ydda, auglýsingastofa	13	22	-	-	-	-	-	0
Prentmyndastofan hf.	13	-3	11.4	-1	880	2	-	-
Argus hf.	12	-10	15.7	1	1301	12	-	-
Prenthúsið sf.	12	-14	14.2	-7	1172	8	-	-
Sameinaða auglýsingastofan hf.	11	-14	21.4	8	1964	26	-	-
Prentþjónustan hf.	12	-	12.8	-	1116	-	-	-
Nón hf. fjölritun	11	8	18.9	53	1733	42	-	-
Prentsmiðja Suðurlands hf.	11	4	12.5	13	1159	9	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

BIFREIÐAR

Innflutningur bifreiða gengur í bylgjum milli ára. Af veltuaukningu helstu bílaumboðanna, á þessum sérlista, má sjá að nýir bílar fóru að seljast aftur í fyrra. Efst á lista hér er Hekla hf. og í öðru sæti Höldur hf. og Bílaleiga Akureyrar. Í þriðja sæti á lista er hin nýja Bifreiðaskoðun Íslands hf.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Hekla hf.	152	6	263.8	21	1736	14	3725.0	37
Höldur h.f. - Bilal. Akureyrar	114	5	128.8	15	1125	10	-	-
Bifreiðaskoðun Íslands hf.	70	32	113.2	45	1608	10	-	-
Bifreiðar og landbúnaðarvélar h.f.	64	2	94.3	25	1474	23	507.5	-15
P.Samúelsson & Co. h.f.	63	3	118.5	26	1878	21	2682.6	100
Jöfur h.f.	59	-2	75.8	12	1281	15	750.5	2
Bílanaust h.f.	42	8	66.3	12	1567	3	-	-
Brimborg h.f.	38	-3	70.1	12	1832	16	1803.0	68
Sólning h.f.	38	-5	66.5	2	1737	7	-	-
Ræsir h.f.	36	-5	55.6	14	1564	20	-	-
Ventill sf. bifr.verkstæði	35	-5	60.1	12	1738	19	-	-
Gúmmívinnustofan h.f.	34	-19	52.3	5	1554	29	325.3	-
Bílaumboðið hf.	34	51	42.3	43	1258	-6	-	-
Ingvar Helgason, heildverslun	32	2	50.6	-	1579	-1	1409.5	37
Þórshamar h.f.	32	6	44.5	9	1393	3	-	-
Vélar og þjónusta h.f.	31	-2	46.9	7	1508	9	-	-
Bifreiða og trésmiðjan BTB	25	-12	35.2	8	1417	23	-	-
Árni Gíslason, bílaverkst.	24	-3	31.5	13	1310	17	80.8	26
Bílav. B. Guðnasonar	24	4	42.3	116	1753	107	-	-
Ísarn h.f.	20	-1	30.4	23	1510	24	-	-

FISKELDI

Það segir e.t.v. nokkra sögu um bjartsýnina sem ríkti hér á landi í upphafi fiskeldis okkar, að við birtum strax lítinn lista með fyrirtækjum í þessari grein. Þetta höfum við gert í mörg ár. Því miður hafa orðið veruleg skakkaföll í greininni og bjartsýnin hefur dvínað hjá mörgum. Hins vegar eru aðrir sem ákveðnir eru að þreyja þorrann og góuna og bíða betri tíma.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.
Ísno h.f.	25	-9	29.1	3	1182	12
Laxalind hf. fiskeldi	23	-	59.0	-	2605	-
Vogalax h.f.	21	28	20.4	-3	960	-24
Silfurlax h.f. Ölfusi	20	17	34.1	40	1698	20
Íslandslax h.f.	19	-10	31.0	-15	1598	-6
Laxalón(Fiskalón) h.f.	19	23	18.6	7	983	-13
Silfurstjarnan hf. fiskeldi	17	-22	23.2	16	1404	49
Miklilax hf	15	-21	28.0	6	1812	33
Smári hf. fiskeldisstöð	11	-4	18.6	15	1651	19
Fiskeldi Grindavíkur h.f.	10	-	13.8	-	1348	-

ATVINNUGREINALISTAR

HEILDVERSLUN

Nokkrar heildverslananna á listanum sýna dágóða veltu en yfirleitt eru heildverslanirnar smáar í sniðum. Líklega er stærsta heildverslunin innifalin í tölum Sambandsins, en hún verður á næsta ári undir Mikligarður hf..

Eins og við höfum oft greint frá áður er erfitt að flokka verslunarfyrirtækin nákvæmlega. Þannig er efsta fyrirtækið á þessum lista alþekkt fyrir bílasölu og ætti e.t.v. að vera á bílgreinalistanum. Hinsvegar er Glóbus hf. einnig öflug heildverslun með fjöldamörg þekkt vörumerki.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Glóbus h.f.	80	4	133.9	21	1682	17	1634.4	82
Kristján Ó. Skagfjörð h.f.	71	-8	134.7	2	1895	11	-	-
Heimilistæki h.f.	69	-4	123.3	10	1779	15	634.6	21
O. Johnsson & Kaaber h.f.	68	3	106.0	16	1559	12	829.8	7
Þýsk-íslenska h.f.	55	-16	85.9	21	1551	44	817.7	24
Bræðurnir Ormsson h.f.	39	0	72.0	22	1849	23	-	-
Smith & Norland h.f.	34	7	69.9	17	2042	9	566.4	13
Mjólkurfélag Reykjavíkur svf.	33	-2	45.9	4	1393	7	682.3	14
Íslensk-Ameríska verslunarfélagið h.f	32	6	43.3	21	1373	14	-	-
Asiaco hf.	30	14	50.5	22	1697	7	409.5	7
Halldór Jónsson - Vogafell h.f.	28	-3	39.1	29	1379	33	-	-
Sindrastál h.f.	27	-13	66.1	23	2427	42	603.8	-
Johan Rönning h.f.	27	-16	45.0	-1	1661	18	586.7	25
Rolf Johansen & Co. h.f.	23	8	31.0	18	1372	9	-	-
Ágúst Ármann hf.	22	-17	31.3	-4	1455	15	-	-
Jóhann Ólafsson & Co. h.f.	21	4	37.2	14	1742	10	319.3	14
Heildverslunin Hagur hf.	21	68	19.8	52	929	-10	-	-
Ásbjörn Ólafsson h.f	20	6	34.9	21	1715	14	-	-
Austurbakki hf.	20	17	24.3	30	1199	11	-	-
Gunnar Ásgeirsson h.f.	20	-4	28.3	13	1444	18	-	-
Þór h.f.	20	-3	29.5	8	1509	12	-	-
Ásgeir Sigurðsson h.f.	19	11	27.5	15	1427	4	-	-
Nathan & Olsen hf.	17	-3	30.2	11	1768	14	-	-
Daníel Ólafsson & Co hf.	17	69	23.0	69	1382	0	-	-
A. Karlsson hf.	16	-	36.9	-	2276	-	-	-
Reykjafell hf.	16	0	21.6	12	1353	11	-	-
Ísol hf.	15	22	29.2	10	1896	-10	-	-
Karl K. Karlsson & Co.	15	1	15.6	38	1041	37	-	-
Mata hf.	15	-7	19.1	13	1275	22	-	-
K. Auðunsson hf.	15	16	15.3	24	1043	7	-	-
Heilsa hf.	15	-	13.2	-	908	-	-	-
Bananar hf.	14	14	16.5	14	1141	0	-	-
Valgarður Stefánsson hf.	14	-1	21.7	8	1521	9	-	-
G.Á. Pétursson hf.	14	15	15.3	45	1103	27	-	-
Atlas hf., heildverslun	13	14	16.1	29	1202	12	-	-
Sandfell h.f.	13	0	15.6	12	1216	11	-	-
Katla hf. - Eðal hf.	13	-40	9.8	-40	773	0	-	-
Harðviðarval hf.	12	5	15.7	54	1262	47	-	-
Eyfjörð hf. heildverslun	12	-8	14.6	7	1178	16	-	-
Eggert Kristjánsson & Co. h.f.	12	-9	18.2	20	1472	32	-	-
Gunnar Eggertsson hf.	12	9	14.8	7	1220	-1	-	-
Kristján G. Gíslason hf.	12	-8	14.2	16	1185	25	-	-
Gunnar Kvaran hf.	12	-	19.0	-	1598	-	-	-
Íslensk erlenda verslunarfélagið hf.	12	-15	11.3	-21	954	-7	-	-
Papco hf	11	2	14.4	36	1271	33	-	-
Árvík sf.	11	2	13.1	21	1176	19	-	-
Einar Farestveit & Co. hf.	11	-7	14.5	24	1313	34	-	-
Tryggvi Tryggvason & Co.	11	-	15.2	-	1377	-	-	-
Balco hf. heildverslun	11	-	16.4	-	1540	-	-	-
Klassik sf.	11	6	10.7	29	1017	22	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

VERKTAKAR — BYGGINGARIÐNAÐUR

Ekki er annað að sjá en að meðal verktaka hafi verið talsvert um verkefni á síðasta ári, eins og reyndar árið á undan þegar þensla var nokkur í greininni, einkum á suðvesturhorni landsins. Verktakastarfsemin sveiflast ótt og títt, fyrirtæki rísa og hníga, starfsmannafjöldinn afar mismunandi milli ára. Á þessum lista má sjá að sum fyrirtækin skila tvö- til þreföldum ársverkum miðað við árið 1989.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Íslenskir aðalverktakar sf.	517	6	1005.3	13	1944	7	3750.8	19
Hagvirki hf.	320	74	577.5	34	1805	-23	2146.9	36
Ístak h.f. - Íslenskt verktak	129	-4	254.5	15	1975	19	922.0	2
SH verktakar hf.	119	70	126.9	56	1064	-8	604.1	-
Ármannsfell h.f.	113	44	203.8	74	1806	21	868.3	63
Stjórn verkamannabústaða í Reykjavík	108	0	171.1	23	1580	22	-	-
Dverghamar sf	78	9	197.7	-	2527	-	-	-
Byggðaverk h.f.	77	-13	134.1	-15	1743	-3	860.8	83
Loftorka sf Reykjavík	70	18	112.2	35	1592	14	397.0	19
BM-Vallá hf.	66	5	117.0	16	1766	10	818.1	-5
Álftárós hf.	63	-1	103.3	-2	1641	-1	524.1	-19
Gerðaval hf. verktakar	59	-	22.4	-	378	-	-	-
Steintak h.f.	58	0	94.4	2	1620	2	-	-
Steypustöðin h.f.	58	-6	94.9	7	1647	14	-	-
Fossvirki sf.	57	249	169.9	269	2975	6	-	-
Björgun h.f.	55	3	103.1	7	1861	3	303.7	11
Byggingafélag Gylfa og Gunnars sf.	54	-26	133.2	59	2467	115	444.5	-
G.K. Sigurðsson Hilti-vélaleiga	52	-	76.2	-	1467	-	-	-
Völur h.f.	52	-3	83.8	12	1615	16	-	-
Loftorka Borgarnesi hf.	49	-10	71.9	3	1465	14	-	-
Gunnar og Guðmundur sf.	48	26	79.8	50	1662	19	-	-
Steinullarverksmiðjan h.f.	41	8	62.9	20	1552	11	379.7	24
Möl og sandur hf.	41	-4	56.4	3	1369	7	183.1	12
Aðalgeir Finnson h.f.	41	-4	54.3	28	1313	33	-	-
Klæðning hf.	38	294	30.0	109	780	-47	-	-
Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar h.f.	38	10	60.1	30	1589	18	-	-
Rammi h.f.	38	6	41.1	29	1091	22	-	-
Ós húseiningar h.f.	37	-20	66.3	-4	1781	20	410.5	-27
SS-Byggir sf.	36	0	41.6	14	1166	13	143.6	-
Trésmiðja Fljótsdalshéraðs	35	102	42.3	124	1204	11	-	-
Brúnás h.f.	34	-16	48.0	4	1417	24	179.4	-
Sökkull sf., byggingarfélag	31	19	54.9	43	1758	20	-	-
Fjölnismenn hf. verktakar	30	66	39.4	43	1318	-14	-	-
Borg h.f. trésmiðja	29	1	37.2	20	1298	19	-	-
Jarðboranir hf.	28	-13	60.8	12	2179	28	166.3	39
Ellert Skúlason hf.	28	86	49.6	144	1756	31	-	-
Sveinbjörn Sigurðsson hf. verktakar	28	-	32.6	-	1167	-	-	-
Glerborg hf.	27	6	41.3	24	1537	17	-	-
SG-Einingahús	27	5	33.1	14	1235	9	-	-
Félag vatnsvirkja	27	-	37.3	-	1396	-	-	-
JVJ-verktakar hf.	26	10	42.4	29	1646	17	-	-
Guðjón Sig. Snæbjörnsson, múraram.	25	-	22.2	-	890	-	-	-
Sveinbjörn Runólfsson sf. verktakar	25	25	35.1	37	1423	10	-	-
Hlaðbær - Colas	25	12	41.8	8	1697	-4	-	-
Dögun hf.	24	-	38.3	-	1571	-	-	-
Volti hf.	24	21	41.3	35	1705	12	-	-
Sigfús Kristinsson bygg.verkt.	24	-	27.1	-	1141	-	-	-
Byggingariðjan h.f.	24	8	42.4	24	1795	15	-	-
Húsanes sf.	23	-2	35.9	10	1555	12	-	-
Tréverk hf. Ólafsfirði	22	16	29.5	16	1342	0	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

RÁÐGJÖF OG ÞJÓNUSTA

IBM á Íslandi er að venju með mestu veltuna á þessum lista en fyrirtækið seldi vel í fyrra eins og sjá má á veltuaukningu þess. Reiknistofa bankanna er hins vegar efst á þessum lista sem raðað er eftir starfsmannafjölda. Eftir nokkurn afturkipp í tölvusölu virðast ýmis fyrirtæki í þeirri grein selja vel, og má þar nefna Einar J. Skúlason hf. og Tæknival hf. Á listanum sem hér fer á eftir eru ýmis helstu fyrirtækin í tölvutækni, verkfræðiþjónustu og ráðgjöf.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Reiknistofa bankanna	129	16	258.8	23	2007	6	883.5	14
IBM á Íslandi	71	-9	178.2	3	2523	13	2112.1	138
Verkfr.stofa Sig. Thoroddsen hf.	70	0	152.0	17	2174	18	252.2	8
Einar J. Skúlason h.f	59	-8	150.6	14	2550	23	805.9	24
Endurskoðun h.f.	51	26	125.4	26	2451	0	-	-
Almenna verkfræðistofan hf.	40	-5	94.8	9	2370	15	148.2	-
Endurskoðunarmiðstöðin h.f	38	-8	117.3	16	3092	25	-	-
Fjarhitun h.f.	35	-9	67.9	1	1919	10	124.8	26
Marel h.f. Rvk.	32	1	70.5	29	2214	27	-	-
Hnit h.f.	31	1	72.2	21	2362	20	124.2	-
Skrifst.vélar hf. - Sund	31	-59	47.7	-52	1522	17	-	-
Björn Steffensen og Ari Thorlacius	29	10	52.4	12	1797	1	-	-
Örtölvutækni h.f. -Tölvukaup hf.	27	0	48.2	23	1759	24	-	-
Verkfr.stofa Stefáns Ólafssonar hf.	27	7	53.7	21	1983	13	-	-
Rafhönnun h.f.	26	7	76.6	90	2990	77	-	-
Verk og kerfisfræðistofan h.f.	24	-12	48.9	5	2058	20	-	-
Stoð hf. endurskoðun	23	-	56.2	-	2404	-	-	-
Verkfr.stofa Stanleys Pálssonar	23	-15	44.6	-5	1963	11	-	-
Verkfr.stofa Guðmundar & Kristjáns hf	22	-12	56.7	4	2536	18	-	-
Línuhönnun hf., verkfr.stofa	22	8	53.3	45	2471	35	-	-
Hönnun h.f.	21	-2	43.1	32	2007	34	-	-
Þróun, tölvu og rekstrarráðgjöf	21	12	35.9	6	1708	-6	-	-
Tæknival hf.	21	35	31.2	58	1503	17	324.0	-
Endurskoðun Akureyri hf.	19	60	38.2	59	2033	-1	-	-
Ráðgarður hf.	18	-1	19.7	-43	1112	-42	-	-
Teiknistofan hf.	17	0	29.0	16	1727	16	-	-
Hitastýring hf.	15	-17	39.3	-10	2567	9	-	-
Íslenska forritaþjónustan sf.	15	-	31.0	-	2032	-	-	-
Kerfi hf.	15	10	34.3	22	2296	11	-	-
Endurskoðun Sig.Stefánssonar hf.	14	-12	32.1	-9	2217	3	-	-
Hugbúnaður hf.	14	3	27.2	20	1939	16	-	-
Stjórnunarfélag Íslands	14	-13	15.2	29	1088	49	-	-
Aco hf.	13	8	20.9	23	1667	14	-	-
Tölvumiðstöðin hf.	12	-2	28.3	9	2306	12	-	-
Fura hf. verkfr.st.	13	7	15.2	4	1150	9	-	-
Nýja teiknistofan hf	11	-6	16.7	-6	1508	0	-	-
Gunnar R. Magnússon endurskoðun	11	-	20.2	-	1861	-	-	-
Skipatækni hf.	11	-	20.7	-	1911	-	-	-
VT-teiknistofan hf.	10	-15	17.8	-3	1754	14	-	-
Tölvubankinn sf	10	-17	14.6	-10	1506	8	-	-
Almenna kerfisfræðistofan hf	8	-	14.9	-	1808	-	-	-
Hewlett-Packard á Íslandi	8	-34	22.3	-20	2737	21	-	-
Hagvangur h.f.	8	14	20.5	25	2626	10	-	-
Skýrsluvélar rík. og Rvk.borgar	-	-	-	-	-	-	946.4	44
Endurskoðendaþjónustan sf.	-	-	-	-	-	-	-	-
Endurskoðunarskr. Símonar Kjærnested	-	-	-	-	-	-	-	-
Fjölhönnun hf.	-	-	-	-	-	-	-	-
Frum h.f., hugbúnaður	-	-	-	-	-	-	-	-
Húsameistari ríkisins	-	-	-	-	-	-	-	-
Meka hf., verkfræðiþjónusta	-	-	-	-	-	-	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

ÝMIS ÞJÓNUSTA

Þjónustugreinar í þjóðfélagi okkar eru sagðar taka við sívaxandi vinnuafli. Á þessum lista má sjá að þjónustan er fjölbreytt og höfðar til allra hliða mannlífsins. Lítum aðeins á nokkur þjónustufyrirtæki sem við völdum á listann.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.a	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Securitas, öryggisþjónusta	342	13	203.6	25	596	10	426.0	66
Kirkjugarðar Reykjavíkur	74	-4	82.5	20	1119	26	-	-
Forfallaþjónusta í sveitum	73	-1	42.7	10	585	11	-	-
Skógræktarfélag Reykjavíkur	52	74	44.9	23	863	-29	-	-
Steinar h.f.	45	12	53.3	38	1179	23	-	-
Fönn h.f. þvottahús	42	-3	41.1	18	986	22	-	-
Regnboginn, kvikmyndahús	39	283	28.3	103	732	-47	-	-
Krista, hárgr. og snyrtistofa	29	29	23.6	56	822	21	-	-
Félagsstofnun stúdenta	28	-11	34.5	3	1223	17	-	-
Tollvörugeymslan h.f.	26	-7	33.1	-10	1297	-3	87.4	-3
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða	25	12	46.3	41	1851	27	-	-
Salon VEH, hárgreiðslustofur	24	-7	21.6	4	900	11	-	-
Össur h.f. stoðtækjasmíði	22	9	34.5	47	1550	35	-	-
Háskólabíó	22	-17	32.5	12	1491	36	-	-
P.Árnason sf., pökkunarþj.	21	-14	30.9	-5	1445	11	-	-
Endurvinnslan hf.	20	-	26.6	-	1319	-	110.0	-
A. Smith hf. þvottahús	20	10	16.2	22	803	12	-	-
Hreint hf.	20	-	20.4	-	1017	-	-	-
Vari, öryggisþjónusta	19	-6	24.1	8	1258	15	-	-
Happdrætti Háskóla Íslands	18	-6	24.0	8	1303	16	1396.0	-2
Karl Arason, ræst.verkt.	18	-12	15.5	-15	866	-3	-	-
Íslenska pökkunarfélagið sf.	18	1	24.9	18	1399	16	-	-
Pökkun og flutningar sf.	18	-3	27.4	25	1564	29	-	-
Efnalaugin Björg	17	-30	14.7	22	855	74	-	-
Löndun sf.	17	-4	15.6	-20	926	-16	-	-
Skrifstofa viðskiptalífsins	15	-	22.6	-	1478	-	-	-
Samvinnuháskólinn Bifröst	15	-	21.2	-	1451	-	-	-
Grýta, þvottahús	15	12	14.5	21	998	8	-	-
Samfrost, skrifst.hraðfr.húsa	14	-32	33.5	3	2372	51	-	-
Faxafrost hf. skipaafgreiðsla	14	-2	30.6	23	2245	25	-	-
Fjárheimtan hf.	14	11	34.8	32	2557	19	-	-
Lögheimtan hf.	13	-	19.2	-	1433	-	-	-
Lögfræðistofan Höfðabakka 9	13	7	34.2	40	2563	31	-	-
Radíóstofan hf.	13	-30	19.7	0	1494	42	-	-
Gróðrarstöðin Birkihlíð	13	-33	12.8	1	984	51	-	-
Rakarastofan Klapparstíg	12	-2	9.3	17	745	20	-	-
Eignamiðlunin hf.	12	-	19.4	-	1561	-	-	-
Gámaþjónustan hf.	12	56	23.0	59	1881	2	-	-
Varmalandsskóli	12	-	12.4	-	1025	-	-	-
Gísli Ferdinandsson hf, skósmiður	11	8	12.5	22	1100	13	-	-
Securitas - Akureyri	11	-	12.8	-	1143	-	-	-
Tjarnarskóli	11	-7	8.3	11	746	20	-	-
Úðafoss, hraðhreinsun	11	-1	11.3	26	1031	27	-	-
Skuldaskil hf.	11	-	16.7	-	1532	-	-	-
DHL-Hraðflutningar hf.	11	-9	16.8	12	1574	23	-	-
Happdrætti DAS	10	-24	11.9	-8	1148	21	-	-
Bón og þvottastöðin h.f.	10	1	14.1	12	1408	11	-	-
Kynbótastöðin Laugardælir	10	-	12.4	-	1230	-	-	-
Austurbæjarbíó	10	-38	13.1	10	1324	79	-	-
Hárgreiðslustofa Sólveigar Leifsd.	10	39	8.0	39	821	0	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

FERÐASKRIFSTOFUR

Ferðaskrifstofa Íslands hf. er í efsta sæti á þessum sérlista 1990, eins og árið á undan. Skrifstofan annast aðallega móttöku erlendra ferðamanna á Íslandi. Samvinnuferðir-Landsýn hf. flytur aftur á móti landann meira utan, í sólina. Er ekki annað að sjá en að veltuaukningin hafi verið góð.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Ferðaskrifstofa Íslands hf.	**78**	**-3**	**147.3**	**30**	**1884**	**33**	**847.0**	**-**
Samvinnuferðir-Landsýn h.f.	**62**	**-10**	**89.0**	**19**	**1435**	**32**	**1592.2**	**28**
Úrval, ferðaskrifstofa	**52**	**104**	**80.2**	**188**	**1541**	**41**	**-**	**-**
Ferðaskrifstofan Útsýn	**37**	**-**	**41.2**	**-**	**1127**	**-**	**-**	**-**
Ferðamiðstöðin Veröld hf.	**32**	**447**	**37.1**	**408**	**1154**	**-7**	**-**	**-**
Kynnisferðir sf.	**31**	**-19**	**58.5**	**24**	**1888**	**53**	**-**	**-**
Ferðaskrifstofan Saga	**19**	**-9**	**23.6**	**4**	**1219**	**15**	**-**	**-**
Sólarfilma	**12**	**6**	**16.9**	**21**	**1368**	**14**	**-**	**-**
Ferðamiðstöð Austurlands hf.	**11**	**-**	**9.7**	**-**	**914**	**-**	**-**	**-**
Scandinavian Airlines System - SAS	**9**	**26**	**16.0**	**56**	**1740**	**24**	**-**	**-**

ATVINNUGREINALISTAR

LYFJAFYRIRTÆKI

Fyrirtækið Pharmaco hf. hefur fjölgað starfsmönnum og aukið veltuna umtalsvert á síðasta ári. Fyrirtækið keypti annað fyrirtæki í greininni og það mun skýra aukninguna að hluta. Þá hefur fyrirtækjum á listanum fækkað vegna gjaldþrots G. Ólafssonar hf. á síðasta ári. Eftir standa því aðeins fjögur fyrirtæki í þessum flokki.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Lyfjaverslun ríkisins	**63**	**12**	**83.9**	**15**	**1334**	**2**	**691.5**	**9**
Pharmaco h.f.	**43**	**44**	**81.1**	**48**	**1875**	**2**	**978.0**	**49**
Stefán Thorarensen h.f.	**32**	**7**	**46.1**	**12**	**1432**	**4**	**-**	**-**
Lyf hf.	**11**	**-**	**20.3**	**-**	**1915**	**-**	**-**	**-**
Delta sf., lyfjaframleiðsla	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**
G. Ólafsson h.f.	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**
Tóró hf.	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**

ATVINNUGREINALISTAR

FATNAÐUR

Stöðugt fækkar íslenskum fyrirtækjum í fataframleiðslu hverskonar. Margir iðnrekendur hafa árum saman barist hart við innflutning á fatnaði en hafa orðið að láta undan síga. Engu að síður eru nokkur fyrirtæki í þessari grein enn að berjast við innflutninginn og gefa vonandi ekkert eftir.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.
Sjóklæðagerðin h.f.	63	16	56.2	14	895	-2
Max h.f.	41	10	40.2	20	988	9
Strikið hf. skóverksmiðja	39	22	35.4	30	901	6
Vopni hf. vinnufatagerð	28	-	18.7	-	667	-
Henson-sportfatnaður h.f.	24	-3	21.3	13	896	17
Sólin-Gefjun (Karnabær)	23	21	19.3	59	859	31
Tinna h.f. fatagerð	22	16	15.5	20	699	3
Fatagerðin Fasa	19	-	14.1	-	738	-
Saumastofan Vaka	16	3	8.2	-4	501	-7
Akraprjón h.f.	16	-	25.0	-	1533	-
Vigfús Guðbrandsson & Co. h.f.	15	-5	14.5	14	962	21
Drífa h.f. saumastofa	14	-2	11.4	6	840	8
Flík hf. fatagerð	13	-	7.9	-	599	-
Prjónaver h.f.	13	-35	8.6	-34	660	1
Prjónastofa Borgarness	13	5	13.9	10	1075	5

ATVINNUGREINALISTAR

ÝMSAR OPINBERAR STOFNANIR

Hér fer á eftir listi yfir nokkrar opinberar stofnanir, mannahald þeirra og launagreiðslur. Ný stofnun bætist á listann, Ratsjárstofnun, sem annast rekstur ratsjárstöðva landsins. Hér er aðeins stiklað á stóru í ríkisrekstrinum.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Póstur og sími	2132	1	2793.8	24	1310	23	7995.2	18
Háskóli Íslands	635	-8	1082.5	16	1706	26	1885.4	-
Vegagerð ríkisins	407	0	696.5	12	1711	12	2411.5	21
Fjölbrautaskóli Vesturlands	69	43	29.8	41	429	-2	-	-
Ratsjárstofnun Íslands	51	-	150.7	-	2957	-	-	-
Byggðastofnun	39	0	74.4	11	1896	11	-	-
Orðabók Háskólans	23	-	27.6	-	1213	-	-	-
Borgarfógetaskrifstofan	22	3	41.4	30	1864	26	-	-
Stofnlánadeild landbúnaðarins	21	-	30.7	-	1479	-	-	-
Framkvæmdasjóður ríkisins	18	-11	31.9	21	1823	36	-	-
Útflutningsráð Íslands	17	-	31.4	-	1836	-	-	-
Sala varnarliðseigna	13	6	15.9	7	1225	2	-	-
Ríkisábyrgðasjóður	13	-	17.5	-	1378	-	-	-
Innheimtustofnun sveitarfélaga	12	-	14.8	-	1219	-	-	-
Alþingi	-	-	-	-	-	-	-	-

ÝMIS SAMTÖK

Þessi listi gefur e.t.v. svolitla hugmynd um starfsemi samtaka af ýmsum toga. Hér er ekki um neina heillega mynd að ræða, heldur aðeins örfá dæmi, listinn hefði getað orðið miklu lengri og ítarlegri.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Krabbameinsfélag Íslands	56	7	76.4	12	1356	5	-	-
Búnaðarfélag Íslands	49	4	71.3	19	1453	14	-	-
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	45	3	53.6	11	1187	8	-	-
Rauði kross Íslands	33	-	45.0	-	1347	-	-	-
Samband sveitarfél. á Suðurnesjum	26	9	40.8	21	1598	11	-	-
Verslunarm.fél. Reykjavíkur	24	18	31.5	32	1303	11	-	-
Íþróttasamband Íslands	22	4	20.0	10	911	6	-	-
Slysavarnafélag Íslands	21	-6	31.4	3	1474	9	-	-
Alþýðusamband Íslands	20	2	26.1	10	1282	9	-	-
Landsamband ísl. útvegsmanna	19	102	39.2	197	2097	47	-	-
Vinnuveitendasamband Íslands	18	-1	35.2	13	1945	14	-	-
Félag ísl. iðnrekenda	16	11	18.1	-25	1113	-33	69.9	-
Hjálpræðisherinn á Íslandi	16	-	9.0	-	563	-	-	-
BSRB	16	-11	18.5	17	1182	31	-	-
Framleiðsluráð landbúnaðarins	15	-7	23.9	7	1583	15	-	-

ATVINNUGREINALISTAR

KAUPSTAÐIR

Hér á eftir birtum við yfirlit yfir sveitarfélög landsins, stóra vinnuveitendur eins og sjá má. Oftar en ekki eru þau stærstu vinnuveitendur sinnar byggðar. Hér sjáum við starfsmannahald nokkurra kaupstaða og kauptúnahreppa landsins. Oft er rekstri sveitarfélaga líkt við hefðbundinn fyrirtækjarekstur, með réttu eða röngu. Engu að síður birta þrjú sveitarfélög veltutölur sínar, - sem geta orðið allháar.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.
Reykjavíkurborg	4410	1	4989.7	13	1131	12
Akureyrarkaupstaður	715	3	823.5	12	1152	9
Kópavogskaupstaður	589	-7	-	-	-	-
Hafnarfjarðarkaupstaður	487	6	547.9	17	1124	11
Keflavíkurkaupstaður	240	-2	261.7	-2	1091	-1
Vestmannaeyjakaupstaður	225	-5	255.0	8	1133	13
Garðabær	193	14	207.7	19	1077	4
Akraneskaupstaður	179	-4	185.8	1	1038	6
Seltjarnarneskaupstaður	178	20	148.2	7	833	-11
Ísafjarðarkaupstaður	155	15	165.8	12	1071	-3
Selfosskaupstaður	136	-3	128.7	15	945	18
Mosfellshreppur	134	7	144.9	19	1085	12
Húsavíkurkaupstaður	98	5	114.1	17	1162	12
Sauðárkrókskaupstaður	94	7	102.0	11	1084	4
Njarðvíkurkaupstaður	92	0	78.5	-4	858	-3
Siglufjarðarkaupstaður	70	-3	87.3	24	1251	29
Hveragerðishreppur	66	17	60.7	14	923	-2
Neskaupstaður	63	-5	80.9	9	1287	15
Dalvíkurbær	60	9	67.4	18	1114	8
Grindavíkurkaupstaður	57	4	50.2	12	880	7

LISTIR OG MENNING

Sagt er að enginn lifi af brauði einu saman. Við þurfum að njóta menningar og lista, og sá meiður á þjóðartrénu er sannarlega í blóma. Á þessum lista ætti Þjóðleikhúsið að sjálfsögðu að vera, en það var meira og minna óstarfhæft á síðasta ári. Við bætum úr talnaleysinu á næsta ári.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.
Leikfélag Reykjavíkur	89	23	107.0	30	1196	6
Tónskóli Sigursveins	36	1	32.3	10	899	9
Tónlistarskólinn í Reykjavík	32	-3	34.3	9	1088	13
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	31	-7	33.2	11	1058	19
Nýi tónlistarskólinn	23	25	18.9	17	810	-7
Norræna húsið	23	25	20.8	7	907	-14
Söngskólinn í Reykjavík	22	-1	25.0	10	1153	11
Tónlistarskóli FÍH	19	-30	15.0	16	776	65
Leikfélag Akureyrar	19	-6	26.4	14	1423	22
Íslenska óperan	18	-35	29.1	22	1598	86
Bergvík hf.	13	1	8.6	15	663	14
Tónlistarskóli Árnessýslu	12	12	16.3	22	1312	9
Jazzballettskóli Báru	12	-	8.8	-	751	-
Myndlistarskólinn í Reykjavík	9	-44	10.5	31	1227	133
Listahátíð í Reykjavík	-	-	-	-	-	-

HEILSUGÆSLA

Borgarspítalinn er efstur á lista meðal heilsugæslu- „fyrirtækja". Tölur fyrir starfsmannahald Ríkisspítalanna lágu ekki fyrir hjá höfundum listanna, en að sjálfsögðu eru þeir einn stærsti vinnuveitandi landsins í dag með á þriðja þúsund starfsmenn. Á listanum eru ekki einungis sjúkrahús og vistheimili, - heldur einnig lyfjabúðir og fleiri sem koma við sögu heilsugæslu.

	Meðal-fjöld starfsm.	Breyt. í % f.f.á.	Bein laun millj. króna	Breyt. í % f.f.á	Meðal-laun í þús. króna	Breyt. í % f.f.á.	Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.
Borgarspítalinn	1262	2	1705.7	13	1352	11	-	-
Landakotsspítali	517	-2	746.3	31	1444	33	1229.4	-
Sjúkrahús Akureyrar	425	-	610.0	-	1435	-	1039.6	-
Hrafnysta - DAS	256	-10	268.2	9	1049	21	-	-
Hrafnysta - DAS	200	2	212.4	11	1060	9	-	-
Sjúkrahús Akraness	181	0	281.1	16	1554	16	426.6	-
Grund, elliheimili	144	-1	147.9	10	1024	10	-	-
Skjól hjúkrunarheimili	122	27	135.1	40	1107	10	-	-
Náttúrulækningafélag Íslands	122	-1	141.5	11	1163	12	-	-
Sólvangur	120	1	136.4	9	1133	9	-	-
Sjúkrahús Húsavíkur	117	3	150.4	10	1285	8	-	-
St.Jósefsspítali	110	4	120.8	15	1096	10	-	-
Sjúkrahús Skagfirðinga	107	1	162.9	11	1520	10	-	-
Sjúkrahús Suðurlands	107	-5	144.7	9	1352	15	-	-
SÁÁ	96	-7	119.7	8	1244	16	-	-
Sjálfsbjörg,vinnu og dvalarheimili	92	-8	98.0	15	1070	24	-	-
Sjúkrahús Keflavíkur	85	-1	128.5	14	1505	15	-	-
Fjórðungssjúkrahúsið	80	1	108.6	12	1358	11	-	-
Fjórðungssj.hús og heilsug.st.	79	11	111.0	22	1414	10	-	-
Sjúkrahús Vestmannaeyja	76	3	111.1	14	1455	11	-	-
Héraðshæli V-Húnvetninga	64	2	87.6	15	1372	13	-	-
Hjúkrunarheimili aldr., Sunnuhlíð	64	12	73.3	21	1154	8	-	-
Ás, elliheimili	60	-1	57.5	10	960	11	-	-
Dvalarheimilið Garðvangur	58	11	57.6	18	1001	6	-	-
Skjólgarður, dvalarheimili	52	2	42.1	16	803	14	-	-
St.Fransiscusspítalinn	50	18	53.8	18	1066	0	-	-
Sjúkrahús - heilsug.st. Egilsst.	45	3	58.8	17	1318	13	-	-
Sjúkrahúsið Hvammstanga	44	-5	55.2	6	1244	11	-	-
Kumbaravogur hf. vistheimili	44	314	37.0	16	841	-72	-	-
Öryrkjabandalag Íslands	38	-1	31.9	10	841	10	-	-
Meðferð hf. Fitjum	36	6	55.5	35	1533	27	-	-
Sjúkrahús Seyðisfjarðar	36	6	42.4	11	1174	5	-	-
Sjúkrahúsið Patreksfirði	35	31	40.3	-20	1144	-39	-	-
Höfði, dvalarheimili	35	33	35.8	37	1029	3	-	-
Dvalarheimili aldraðra	26	4	26.0	16	1009	11	-	-
Heilsugæsla Suðurnesja	25	18	23.0	17	905	0	-	-
Reykjavíkurapótek - Lyfjabúð Háskóla	25	-21	28.3	2	1118	29	-	-
Ingólfsapótek	22	12	30.8	25	1375	12	-	-
Ás, vinnustofa vangefinna	22	-	4.1	-	188	-	-	-
Sjálfsbjörg Akureyri	21	-18	23.2	-8	1096	13	-	-
Hornbrekka, dvalarheimili Ólafsf.	21	-	27.0	-	1292	-	-	-
Kópavogsapótek	18	2	26.8	15	1453	12	-	-
Vesturbæjarapótek	17	-16	21.6	11	1255	33	-	-
Breiðholtsapótek	17	55	16.5	11	989	-28	-	-
Hjartavernd	16	7	21.2	12	1336	5	-	-
Háaleitisapótek	16	-14	17.8	9	1125	27	-	-
Apótek Keflavíkur	15	-17	27.4	7	1787	30	-	-
Borgar Apótek	14	8	21.0	10	1469	2	-	-
Laugavegsapótek	14	9	20.3	13	1435	4	-	-
Apótek Hafnarfjarðar	14	-	19.3	-	1391	-	-	-

KJÖRDÆMALISTAR

Á þeim listum sem hér fara á eftir er fyrirtækjum raðað eftir landshlutum. Fyrst koma fyrirtæki eftir veltu en þegar henni sleppir, röðum við eftir mannahaldi fyrirtækjanna. Við birtum upplýsingar um öll kjördæmin utan eitt, - Reykjavík. Þar eru flest stórfyrirtækin, og hætt er við að kjördæmalisti höfuðborgarinnar yrði óheyrilega langur, ætti hann að koma að gagni.



VESTURLAND

		Velta millj króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Meðal-laun í þús. króna	Bein-laun millj. króna	Hagn. króna króna (-tap)
Íslenska járnblendifél. hf.	Borgarfjarðarsýsla	2549.9	-6	206	1953	401.7	-127.3
Kaupfélag Borgfirðinga	Borgarnes	2524.6	0	238	1212	288.2	5.1
Har. Böðvarsson & Co. h.f.	Akranes	1191.0	5	182	1990	361.2	64.5
Sementsverksmiðja ríkisins	Akranes	938.4	22	153	1493	227.8	-13.8
Hvalur h.f.	Borgarfjarðarsýsla	655.0	3	53	3830	203.0	-
Haförninn h.f.	Akranes	427.8	20	77	1420	109.3	12.4
Sjúkrahús Akraness	Akranes	426.6	-	181	1554	281.1	-6.3
Guðmundur Runólfss.hf.	Grundarfjörður	414.0	16	54	1922	104.0	63.9
Hraðfrystihús Grundarfjarðar h.f.	Grundarfjörður	339.2	-2	70	1427	99.9	23.6
Sparisjóður Mýrasýslu	Borgarnes	336.6	-15	49	1543	76.2	52.8
Þorgeir & Ellert h.f.	Akranes	323.8	-	83	2026	168.2	-33.8
Borgarnesbær	Borgarnes	165.6	-9	53	1169	61.4	48.7
Akraneskaupstaður	Akranes	-	-	179	1038	185.8	-
Heimaskagi h.f.	Akranes	-	-	95	1905	181.7	-
Hraðfrystihús Ólafsvíkur h.f.	Ólafsvík	-	-	72	1229	88.5	-
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	-	-	69	429	29.8	-
Sigurður Ágústsson hf.	Stykkishólmur	-	-	68	1769	119.4	-
Stykkishólmshreppur	Stykkishólmur	-	-	54	1140	61.8	-
Fiskv. Soffaníasar Cecilssonar	Grundarfjörður	-	-	53	1468	77.8	-
St.Fransiscusspítalinn	Stykkishólmur	-	-	50	1066	53.8	-
Ólafsvíkurkaupstaður	Ólafsvík	-	-	50	1020	51.2	-
Loftorka Borgarnesi hf.	Borgarnes	-	-	49	1465	71.9	-
Fiskv. Kristjáns Guðmundssonar hf.	Rifi	-	-	49	1727	84.0	-
Þórsnes h.f.	Stykkishólmur	-	-	47	1718	80.1	-
Hraðfrystihús Hellissands h.f.	Hellissandur	-	-	43	1201	51.7	-
Skallagrímur h.f.	Akranes	-	-	42	1568	65.3	-
Síldar og fisk.mj.v. og Heimaskagi	Akranes	-	-	41	1844	74.8	-
Sæfang h.f. -Guðm. Runólfss. hf.	Grundarfjörður	-	-	39	1209	47.7	-
Nes hf. Grundarf.	Grundarfjörður	-	-	36	2168	78.8	-
Höfði, dvalarheimili	Akranes	-	-	35	1029	35.8	-
Stakkholt h.f.	Ólafsvík	-	-	35	1656	57.4	-
Hrói h.f.	Ólafsvík	-	-	33	1201	40.1	-
Bakki hf.	Ólafsvík	-	-	31	1053	33.1	-
Afurðastöðin í Búðardal hf.	Búðardalur	-	-	30	919	27.4	-
Akur h.f. trésmiðja	Akranes	-	-	28	1221	34.7	-
Vírnet h.f.	Borgarnes	-	-	27	1336	35.7	-
Rækjunes hf.	Stykkishólmi	-	-	27	1645	43.8	-
Dvalarheimili aldraðra	Borgarnes	-	-	26	1009	26.0	-
Kaupfélag Króksfjarðar	Króksfjarðarnesi	-	-	26	802	20.6	-
Bifreiða og trésmiðjan BTB	Borgarnes	-	-	25	1417	35.2	-

KJÖRDÆMALISTAR

		Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Meðal-laun í þús. króna	Bein-laun millj. króna	Hagn. króna króna (-tap)
Eyrarsveit	Grundarfjörður	-	-	24	1108	26.4	-
Skipavík h.f.	Stykkishólmur	-	-	24	1505	35.5	-
Enni h.f.	Ólafsvík	-	-	22	2541	56.5	-
Hótel Stykkishólur	Stykkishólmur	-	-	22	1038	22.3	-
Borg hf. byggingafélag	Borgarnes	-	-	21	1273	27.1	-
Nesver hf.	Rifi	-	-	20	1040	20.8	-
Hótel Borgarnes h.f.	Borgarnes	-	-	19	1054	20.2	-
Útver h.f.	Ólafsvík	-	-	19	3152	59.6	-
Eining hf. trésmiðja	Stykkishólmi	-	-	19	1274	23.6	-
Skagaver h.f.	Akranes	-	-	19	953	17.7	-
Málningarþjónustan h.f.	Akranes	-	-	17	1377	23.2	-
Borgarplast h.f.	Borgarnes	-	-	16	1556	25.6	-
Akraprjón h.f.	Akranes	-	-	16	1533	25.0	-
Runólfur Hallfreðsson, útgerð	Akranes	-	-	16	2477	40.0	-
Nótastöðin h.f.	Akranes	-	-	16	1406	21.9	-
Tréverk hf.	Akranesi	-	-	16	1538	23.9	-
Sigurður h.f. útgerð	Akranes	-	-	15	2642	40.7	-
Flóabáturinn Baldur	Stykkishólmi	-	-	15	1739	26.6	-
Kaupfélag Saurbæinga	Búðardalur	-	-	15	889	13.4	-
Bylgjan hf. Ólafsvík	Ólafsvík	-	-	15	1131	16.6	-
Verslunin Einar Ólafsson	Akranes	-	-	15	1222	17.9	-
Hólmkjör h.f.	Stykkishólmi	-	-	15	1033	15.1	-
Trésmiðja Stykkishólms h.f.	Stykkishólmur	-	-	14	1557	21.6	-
Hitaveita Akraness og Borgarfj.	Akranes	-	-	14	1716	23.7	-
Borgarverk hf.	Borgarnes	-	-	13	1511	19.7	-
Prjonastofa Borgarness	Borgarnes	-	-	13	1075	13.9	-
Sæborg hf. fiskverkun	Stykkishólmur	-	-	12	1265	15.5	-
Harðarbakarí	Akranes	-	-	12	956	11.5	-
Hreðavatnsskáli	Borgarnes	-	-	12	1066	12.7	-
Skóflan hf. verktakar	Akranesi	-	-	11	1745	19.9	-

VESTFIRÐIR

		Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Meðal-laun í þús. króna	Bein-laun millj. króna	Hagn. króna króna (-tap)
Einar Guðfinnsson hf.	Bolungarvík	1396.0	0	-	-	-	-
Kaupfélag Dýrfirðinga & Fáfnir hf.	Þingeyri	1076.1	31	130	1642	213.8	1.0
Norðurtangi h.f.	Ísafjörður	987.0	18	155	1711	265.9	-
Orkubú Vestfjarða	Ísafjörður	663.3	11	73	1829	132.9	-39.6
Kaupfél.Steingr.fj.-Hraðfr.Drangsness	Hólmavík	625.3	-2	55	1113	61.7	-1.9
Niðursuðuverksmiðjan h.f.	Ísafjörður	622.3	0	70	1661	116.3	-
Hraðfrh. hf.Hnífsd. og Miðfell h.f.	Hnífsdalur	621.0	-	49	1421	69.4	-
Íshúsfélag Ísfirðinga h.f.	Ísafjörður	502.8	-11	64	1692	107.7	3.7
Fiskvinnslan á Bíldudal h.f.	Bíldudalur	473.1	49	61	2114	128.6	18.0
Kaupfélag Ísfirðinga	Ísafjörður	317.0	-4	33	1031	33.7	15.9
Hraðfrystihús Drangsness h.f.	Drangsnes	106.4	-	-	-	15.6	-5.9
Þörungaverksmiðjan hf.	Reykhólar	77.6	-27	22	1567	34.2	-5.0
Ísafjarðarkaupstaður	Ísafjörður	-	-	155	1071	165.8	-
Íshúsfélag Bolungarvíkur hf.	Bolungarvík	-	-	111	1326	147.7	-
Fáfnir h.f	Þingeyri	-	-	102	1329	135.0	-
Oddi hf - Patrekur hf.	Patreksfjörður	-	-	85	1616	136.9	-
Freyja h.f.	Suðureyri	-	-	80	1160	92.9	-
Fjórðungssj.hús og heilsug.st.	Ísafjörður	-	-	79	1414	111.0	-
Hjálmur hf.	Flateyri	-	-	63	1400	88.3	-
Frosti h.f.-Álftfirðingur h.f.	Súðavík	-	-	62	1539	95.9	-
Hraðfrystihús Tálknafj. hf.	Tálknafirði	-	-	55	1861	102.8	-15.9
Þórsberg h.f.	Tálknafjörður	-	-	48	1717	82.6	-
Þór h.f. og Rörverk hf.	Ísafjörður	-	-	47	1557	73.4	7.2
Ísver hf Ísafirði.	Ísfirði	-	-	46	1505	68.7	-
Bolungarvíkurkaupstaður	Bolungarvík	-	-	42	1314	54.8	-

		Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Meðal-laun í þús. króna	Bein-laun millj. króna	Hagn. króna króna (-tap)
Bakki hf. fiskvinnsla	Hnífsdal	-	-	37	1729	64.7	-
Sjúkrahúsið Patreksfirði	Patreksfirði	-	-	35	1144	40.3	-
Gunnvör h.f., útgerð	Ísafjörður	-	-	35	4804	166.6	-
Hólmadrangur h.f.	Hólmavík	-	-	33	4028	131.4	-
Skipasmíðastöð Marselíusar h.f.	Ísafjörður	-	-	32	1649	53.5	-
Fiskvinnslan Straumnes hf.	Patreksfjörður	-	-	31	1407	44.0	-
Rækjuver h.f.	Bíldudalur	-	-	28	1341	38.2	-
Póllinn h.f.	Ísafjörður	-	-	28	1794	50.4	-
Rækjustöðin h.f.	Ísafjörður	-	-	28	1472	40.6	-
Sund hf. hraðfr.hús	Ísafirði	-	-	27	1128	30.8	-
Patrekshreppur	Patreksfjörður	-	-	26	1313	33.8	-
Miðfell h.f.	Hnífsdalur	-	-	25	3675	91.3	-
Útgerðarfélag Flateyrar h.f.	Flateyri	-	-	24	3115	73.6	-
Álftfirðingur h.f.	Súðavík	-	-	23	5341	122.8	-
Pólstækni hf.	Ísafirði	-	-	22	2066	46.1	-
Hótel Ísafjörður	Ísafjörður	-	-	22	1275	27.5	-
Hrönn h.f.	Ísafjörður	-	-	20	6832	133.9	-
Kögurás hf.	Suðureyri	-	-	19	999	18.9	-
Flóki hf. útgerð	Patreksfjörður	-	-	18	1034	18.7	-
Bjarg hf.	Patreksfjörður	-	-	18	1784	31.3	-
Netagerð Vestfjarða h.f.	Ísafjörður	-	-	17	1482	25.9	-
Kaupfélag Hrútfirðinga	Borðeyri	-	-	17	1103	18.6	-
Útgerðarfélag Bílddælinga hf.		-	-	16	2884	47.0	-
Baldur h.f.	Bolungarvík	-	-	16	3974	63.2	-
Mjólkursamlag Ísfirðinga	Ísafirði	-	-	14	1523	21.6	-
Vélsmiðja Bolungarvíkur hf.	Bolungarvík	-	-	14	1861	26.2	-
Fiskvinnsla Jakobs Valgeirs	Bolungarvík	-	-	14	1825	25.2	-
Vestri hf.	Patreksfjörður	-	-	13	2074	27.0	-
Sandfell h.f.	Ísafjörður	-	-	13	1216	15.6	-
Eyrasparisjóður	Patreksfjörður	-	-	12	1279	15.4	-
Hlaðsvík h.f.	Suðureyri	-	-	12	3289	39.0	-
G.E. Sæmundsson hf., málaraverkt.	Ísafirði	-	-	12	1380	16.1	-
Ruth Tryggvason,bakari,húsg.versl.	Ísafjörður	-	-	11	1343	15.3	-
Græðir h.f.	Bolungarvík	-	-	11	2346	26.2	-
Tryggvi Tryggvason & Co.	Ísafjörður	-	-	11	1377	15.2	-

NORÐURLAND VESTRA

		Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Meðal-laun í þús. króna	Bein-laun millj. króna	Hagn. króna króna (-tap)
Kaupf.Skagf.og Fiskiðja Skr.	Sauðárkrókur	3977.9	42	211	1409	296.7	63.2
Kaupf.Húnv. og Sölufél.A-Hún.	Blönduós	1537.3	13	105	1018	107.1	-3.9
Þormóður Rammi h.f.	Siglufirði	1222.3	39	243	1124	273.4	58.3
Fiskiðja Sauðárkróks h.f.	Sauðárkrókur	1051.0	-	140	1884	263.7	31.5
Kaupf. V-Húnvetninga	Hvammstanga	1025.8	15	64	1063	68.3	7.1
Skagstrendingur hf	Skagaströnd	809.5	27	62	4910	304.6	105.3
Steinullarverksmiðjan h.f.	Sauðárkrókur	379.7	24	41	1552	62.9	47.9
Sjúkrahús Skagfirðinga	Sauðárkrókur	-	-	107	1520	162.9	-
Sauðárkrókskaupstaður	Sauðárkrókur	-	-	94	1084	102.0	-
Meleyri h.f. rækjuv.	Hvammstangi	-	-	71	1941	137.0	-
Siglufjarðarkaupstaður	Siglufjörður	-	-	70	1251	87.3	-
Héraðshæli V-Húnvetninga	Blönduós	-	-	64	1372	87.6	-
Blönduóshreppur	Blönduós	-	-	57	1030	58.4	-
Loðskinn h.f.	Sauðárkrókur	-	-	56	1200	66.7	-
Skjöldur h.f.	Sauðárkrókur	-	-	51	1657	84.5	-
Hólanes h.f.	Skagaströnd	-	-	46	1487	68.7	-
Sjúkrahúsið Hvammstanga	Hvammstangi	-	-	44	1244	55.2	-
Siglfirðingur h.f.	Siglufjörður	-	-	33	3575	118.0	-
Særún h.f.	Blönduós	-	-	32	1721	55.3	-
Hraðfrystihúsið h.f. Hofsósi	Hofsós	-	-	30	1140	34.3	-

		Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Meðal-laun í þús. króna	Bein-laun millj. króna	Hagn. króna króna (-tap)
Borg h.f. trésmiðja	Sauðárkrókur	-	-	29	1298	37.2	-
Dögun hf.	Sauðárkrókur	-	-	24	1571	38.3	-
Krafttak sf.	A-Húnavatnssýslu	-	-	21	2967	63.6	-
Stígandi h.f. trésmiðja	Blönduós	-	-	21	1461	30.0	-
Rækjuvinnslan hf.	Skagaströnd	-	-	20	1333	26.6	-
Húnfjörð hf. - Kökuhúsið Krútt	Blönduós	-	-	19	1208	22.6	-
Hlynur h.f. trésmiðja	Sauðárkrókur	-	-	19	1340	25.0	-
Saumastofan Vaka	Sauðárkrókur	-	-	16	501	8.2	-
Miklilax hf	Fljót	-	-	15	1812	28.0	-
Útgerðarfélagið Nökkvi	Blönduós	-	-	15	2970	43.9	-

NORÐURLAND EYSTRA

		Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Meðal-laun í þús. króna	Bein-laun millj. króna	Hagn. króna króna (-tap)
Kaupfélag Eyfirðinga KEA	Akureyri	10082.9	18	948	1062	1006.7	282.7
Útgerðarfélag Akureyringa h.f.	Akureyri	2574.0	21	394	1963	773.0	194.9
Kaupf.Þingeyinga og Mjólkursaml.	Húsavík	2286.7	58	165	1135	187.8	62.9
Samherji h.f.	Akureyri	1360.7	34	78	6193	484.4	-
Sjúkrahús Akureyrar	Akureyri	1039.6	-	425	1435	610.0	24.0
Fiskmiðlun Norðurlands	Dalvík	1028.0	33	4	2236	8.7	-
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	Húsavík	832.9	7	176	964	169.4	9.1
K. Jónsson & Co h.f.	Akureyri	770.6	6	83	1197	98.8	-4.4
Hraðfrystistöð Þórshafnar h.f.	Þórshöfn	696.8	64	65	1250	80.8	65.6
Kísiliðjan h.f.	N.Þing.	602.4	17	64	1583	102.0	18.4
Slippstöðin h.f.	Akureyri	600.3	5	162	1424	230.3	-24.0
Celite Ísland hf. (Manville)	Húsavík	569.9	19	2	2000	4.0	28.0
Efnaverksmiðjan Sjöfn	Akureyri	532.9	-	55	1058	58.2	28.0
Jökull h.f. - Fiskiðja Raufarh hf.	Raufarhöfn	512.2	20	73	1704	124.7	35.8
Söltunarfélag Dalvíkur h.f.	Dalvík	456.0	151	43	2317	99.6	84.0
Hitaveita Akureyrar	Akureyri	407.0	19	-	-	-	51.5
Húsavíkurkaupstaður	Húsavík	387.2	-31	98	1162	114.1	159.1
Rafveita Akureyrar	Akureyri	380.7	3	32	1452	46.4	-13.0
Útgerðarfélag Dalvíkinga hf.	Dalvík	347.1	27	33	3570	116.8	74.2
Sæplast hf.	Dalvík	285.0	-	21	1855	38.1	59.0
Möl og sandur hf.	Akureyri	183.1	12	41	1369	56.4	7.4
Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co.	Akureyri	180.0	31	35	1116	38.7	-
Höfði h.f.	Húsavík	171.8	-	25	2484	63.3	19.1
Íshaf hf. útgerð	Húsavík	165.2	-	20	2864	56.0	12.6
SS-Byggir sf.	Akureyri	143.6	-	36	1156	41.6	9.9

AUSTURLAND

		Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Meðal-laun í þús. króna	Bein-laun millj. króna	Hagn. króna króna (-tap)
Kaupf.A-Skaftfellinga-KASK	A-Skaftafellssýsla	2761.5	10	258	1566	404.4	70.7
Kaupfélag Héraðsbúa	Egilsstaðir	2360.0	10	198	1533	303.6	65.5
Síldarvinnslan hf.	Neskaupstað	2173.5	15	400	1451	580.2	124.7
Hraðfrystihús Eskifjarðar h.f.	Eskifirði	1377.3	2	159	2239	355.2	49.3
Kf.Fáskr. og hraðfrystihúsið	Fáskrúðsfjörður	1198.7	30	100	2530	253.2	74.7
Tangi h.f.	Vopnafirði	624.3	-11	82	1880	154.8	159.8
Búlandstindur h.f.	Djúpavogi	601.5	12	86	1889	161.8	24.2
Kaupfélagið Fram	Neskaupstað	405.2	36	38	1101	41.7	11.5
Fiskimj.verksmiðja Hornafj. h.f	Höfn í Hornafirði	321.0	-21	35	1768	61.9	-
Kaupfélag Vopnfirðinga	Vopnafjörður	264.4	-27	26	1276	33.2	67.7

		Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Meðal-laun í þús. króna	Bein-laun millj. króna	Hagn. króna króna (-tap)
Pólarsíld hf.	Fáskrúðsfirði	230.0	2	55	1200	66.0	-
Brúnás h.f.	Egilsstaðir	179.4	-	34	1417	48.0	8.8
Hraðfrystihús Fáskrúðsfj. hf	Fáskrúðsfirði	-	-	134	1891	252.8	-
Fjórðungssjúkrahúsið	Neskaupstað	-	-	80	1358	108.6	-
Hraðfrystihús Stöðvarfj. h.f.	Stöðvarfjörður	-	-	74	1645	121.5	-70.9
Hraðfrystihús Breiðdælinga h.f.	Breiðdalsvík	-	-	68	2337	159.6	-
Neskaupstaður	Neskaupstaður	-	-	63	1287	80.9	-
Egilsstaðabær	Egilsstaðir	-	-	55	868	47.8	-
Skinney h.f.	Höfn í Hornafirði	-	-	55	2311	126.7	-
Skjólgarður, dvalarheimili	Höfn, Hornafirði	-	-	52	803	42.1	-
Hafnarhreppur	Höfn, Hornafirði	-	-	47	1326	62.4	-
Eskifjarðarkaupstaður	Eskifjörður	-	-	46	1178	53.6	-
Seyðisfjarðarkaupstaður	Seyðisfjörður	-	-	45	1072	48.4	-
Sjúkrahús - heilsug.st. Egilsst.	Egilsstaðir	-	-	45	1318	58.8	-
Borgey h.f.	Höfn í Hornafirði	-	-	44	2868	127.3	-
Sjúkrahús Seyðisfjarðar	Seyðisfjörður	-	-	36	1174	42.4	-
Trésmiðja Fljótsdalshéraðs	Egilsstaðir	-	-	35	1204	42.3	-
Reyðarfjarðarbær	Reyðarfjörður	-	-	32	1067	33.9	2.0
Gullberg h.f.	Seyðisfjörður	-	-	31	3252	102.3	-
Skipaklettur h.f.	Reyðarfjörður	-	-	30	3597	107.4	-

SUÐURLAND

		Velta millj. króna	Breyt. í % f.f.á.	Meðal fjöldi starfsm.	Meðal-laun í þús. króna	Bein-laun millj. króna	Hagn. króna króna (-tap)
Mjólkurbú Flóamanna	Selfoss	2775.4	20	125	1449	180.6	29.8
Kaupfélag Árnesinga	Selfoss	2760.9	20	298	1129	336.3	59.2
Hraðfrystistöð Vestm. hf.	Vestmannaeyjar	1435.0	0	169	2384	403.0	-
Gámavinir sf.	Vestmannaeyjar	1000.0	-	10	1326	12.8	-
Glettingur h.f.	Þorlákshöfn	871.3	-4	108	2415	261.3	-31.2
Vinnslustöðin h.f.	Vestmannaeyjum	770.4	-12	142	1310	185.4	5.5
Kaupfélag Rangæinga	Hvolsvelli	725.2	30	75	1119	83.7	3.9
Ísfélag Vestmannaeyja h.f.	Vestmannaeyjar	675.4	-	89	2039	180.8	44.3
Þrihyrningur hf.	Hella	663.8	-	52	940	49.0	4.6
Bergur-Huginn sf.	Vestmannaeyjum	616.4	57	57	3903	220.6	58.9
Meitillinn h.f.	Þorlákshöfn	615.7	-	62	2829	176.5	13.6
Hraðfrystihús Stokkseyrar	Stokkseyri	523.2	-	69	2553	175.5	18.5
Höfn h.f.	Selfoss	505.9	9	59	987	58.5	1.0
Fiskimjölsverksm í Vestm h.f.	Vestmannaeyjum	480.3	-18	47	2497	117.5	-
Alpan hf.	Eyrarbakka	350.0	25	55	1131	61.7	10.0
Set hf. plastiðja	Selfoss	176.7	60	16	1480	23.8	9.7
Vestmannaeyjakaupstaður	Vestamannaeyjum	-	-	225	1133	255.0	-
Selfosskaupstaður	Selfoss	-	-	136	945	128.7	-
Sjúkrahús Suðurlands	Selfossi	-	-	107	1352	144.7	-
Fiskiðjan h f.	Vestmannaeyjar	-	-	102	1325	134.9	-
Bakkafiskur hf.	Eyrarbakka	-	-	83	969	80.0	-
Sjúkrahús Vestmannaeyja	Vestmannaeyjum	-	-	76	1455	111.1	-
Hveragerðishreppur	Hveragerði	-	-	66	923	60.7	-
Samtog hf.	Vestmannaeyjar	-	-	62	3236	201.2	-
Ás, elliheimili	Hveragerði	-	-	60	960	57.5	-
Kumbaravogur hf. vistheimili	Stokkseyri	-	-	44	841	37.0	-
Ölfushreppur, Þorlákshöfn	Þorlákshöfn	-	-	44	1151	50.3	-
Skipalyftan h.f.	Vestmannaeyjum	-	-	38	1975	75.6	-
Herjólfur h.f.	Vestmannaeyjum	-	-	36	1625	58.2	-
Bifreiðastöð Selfoss	Selfoss	-	-	35	880	30.4	-
Hafnarberg hf. Þorl.höfn	Þorlákshöfn	-	-	34	725	24.4	-
Kjöris h.f.	Hveragerði	-	-	30	1177	35.0	-
Lífrarsamlag Vestmannaeyja	Vestmannaeyjum	-	-	27	1165	31.8	-
SG-Einingahús	Selfoss	-	-	27	1235	33.1	-
Gunnar Ólafsson & Co. h.f.	Vestmannaeyjum	-	-	26	1215	32.1	-

		Velta milij. krona	Breyt. í % f.f.a.	Meðal fjöldi starfsm.	Meðal- laun í þus. krona	Bein- laun milij. króna	Hagn. króna króna (-tap)
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða	Selfoss	-	-	25	1851	46.3	-
Ísno h.f.	Ölfushreppi	-	-	25	1182	29.1	-
Sigfús Kristinsson bygg.verkt.	Selfoss	-	-	24	1141	27.1	-
Frostver hf.	Vestmannaeyjar	-	-	23	1266	28.6	-
Fjarhitun Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	-	-	22	1652	36.9	-
Hitaveita Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	-	-	22	1652	36 9	-
Sæhamar hf. útgerð	Vestmannaeyjum	-	-	22	2757	61.4	-
Suðurverk hf.	Hvolsvöllur	-	-	22	1322	28.8	-
Auðbjörg hf.	Þorlákshöfn	-	-	22	1811	39.3	-
Hafnarnes h.f.	Þorlákshöfn	-	-	21	2691	55.6	-

REYKJANES

		Velta milij. krona	Breyt. í % f.f.a.	Meðal fjöldi starfsm.	Meðal- laun í þus. krona	Bein- laun milij króna	Hagn. króna króna (-tap)
Íslenska álfélagið hf.	Hafnarfjörður	9764.7	-7	588	2114	1243.6	77.5
Byggingav.verslun Kópav. BYKO	Kópavogur	3197.2	25	205	1444	296.1	-
P.Samúelsson & Co. h.f.	Kópavogur	2682.6	100	63	1878	118.5	-
Hagvirki hf.	Hafnarfjörður	2146.9	36	320	1805	577.5	4.4
Frihöfnin		1506.9	18	62	1980	121.8	410.3
Kaupfélag Suðurnesja	Keflavík	1486.3	14	92	1210	111.4	12.1
Hitaveita Suðurnesja	Njarðvík	1362.1	3	77	1938	148.3	523.5
Sjólastöðin h.f. Hafnarf.	Hafnarfjörður	1164.4	-2	140	2878	403.1	-
Miðnes hf.	Sandgerði	1067.0	17	149	2114	315.0	60.0
Pharmaco h.f.	Garðabær	978.0	49	43	1875	81.1	76.0
Þorbjörn h.f.	Grindavík	927.0	1	137	2092	287.5	-
Sparisjóður Hafnarfjarðar	Hafnarfjörður	868.0	-15	64	1300	83.2	102.7
Byggðaverk h.f.	Hafnarfjörður	860.8	83	77	1743	134.1	10.3
Keflavíkurverktakar	Gullbringusýslu	843.7	13	98	2565	251.5	-
Fiskanes h.f.	Grindavík	813.3	21	109	2009	218.7	-
Sparisjóðurinn í Keflavík	Keflavík	796.8	-15	75	1646	122.8	29.0
Jöfur h.f.	Kópavogur	750.5	2	59	1281	75.8	-
Marbakki hf.	Kópavogur	692.0	-46	-	-	-	-
Álftárós hf.	Kópavogi	524.1	-19	63	1641	103.3	3.0
Seltjarnarneskaupstaður	Seltjarnarnes	451.0	-	178	833	148.2	-
Ós húseiningar h.f.	Garðabær	410.5	-27	37	1781	66.3	20.5
Rafveita Hafnarfjarðar	Hafnarfjörður	345.4	15	41	1370	56.0	5.8
Nesskip h.f. - Ísskip h.f.	Seltjarnarnes	326.6	-16	73	2100	152.2	-
Baader-þjónustan hf.	Kópavogur	321.3	16	30	1972	59.4	3.4
Reykjalundur iðnaður	Mosfellssveit	321.0	13	248	1252	310.0	-
Sparisjóður Kópavogs	Kópavogur	298.5	-14	39	1416	55.8	23.0
Dröfn h.f.	Hafnarfjörður	121.4	25	32	1549	49.9	3.7
Varnarliðið	Keflav.flugvöllur	-	-	1096	1787	1958.7	-
Kópavogskaupstaður	Kópavogur	-	-	589	67	39.4	-
Hafnarfjarðarkaupstaður	Hafnarfjörður	-	-	487	1124	547.9	-
Keflavíkurkaupstaður	Keflavík	-	-	240	1091	261.7	-
Hrafnsta - DAS	Hafnarfjörður	-	-	200	1060	212.4	-
Garðabær	Garðabær	-	-	193	1077	207.7	-
Mosfellshreppur	Mosfellssveit	-	-	134	1085	144.9	-
Sólvangur	Hafnarfjörður	-	-	120	1133	136.4	-
St.Jósefsspítali	Hafnarfirði	-	-	110	1096	120.8	-
Flugafgreiðslan hf.	Keflavík	-	-	101	1538	154.9	-
Njarðvíkurkaupstaður	Njarðvík	-	-	92	858	78.5	-
Sjúkrahús Keflavíkur	Keflavík	-	-	85	1505	128.5	-
Dverghamar sf	Garði	-	-	78	2527	197.7	-
Hjúkrunarheimili aldr., Sunnuhlíð	Kópavogur	-	-	64	1154	73.3	-
Álftárós h.f.	Kópavogur	-	-	63	1651	104.1	-
Hvaleyri h.f.	Hafnarfjörður	-	-	61	1355	82.7	-
Hópsnes h.f.	Grindavík	-	-	60	2105	126.8	-
Nesfiskur hf. fiskverkun	Garði	-	-	59	1313	77.1	-

Fylgiskjal IV.

Flogið með Eimskip.

(Úr tímaritinu Frjáls verslun, 11. tbl. 1991.)

Áform ríkisstjórnarinnar um lagasetningu gegn einokun og hringamyndun eiga rætur sínar að rekja til þess að menn hafa ekki kunnað sér hóf í ásókn eftir völdum í nokkrum af álitlegustu fyrirtækjum landsins. Valdasamþjöppun stríðir gegn hugmyndum manna um lýðræðisleg vinnubrögð í atvinnulífi nútímans.

Eitt af því sem vakti mikla athygli þegar núverandi ríkisstjórn birti stefnuyfirlýsingu sína sl. vor var sá ásetningur hennar að setja lög gegn einokun og hringamyndun. Í svonefndri hvítri bók ríkisstjórnarinnar, sem út kom í október á þessu hausti, segir svo: „Ríkisstjórnin mun efla samkeppni og setja lög sem beinast skulu gegn einokun og hringamyndun í viðskiptalífinu."

Stefnan er því skýr og nú er beðið eftir því hvernig hún verður útfærð og með hvaða hætti henni verður hrint í framkvæmd. Ætla má að mjög verði eftir því tekið hvernig ríkisstjórnin heldur á þessu máli og hvort einhverjir ráðherranna eða stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar í þingliðinu muni ganga erinda þeirra valdasamþjöppunarafla sem löggjöfin á að beinast gegn.

Hayek kallaður til.

Þann 25. apríl sl. birtist grein í Vísbendingu eftir Björn G. Ólafsson hagfræðing þar sem spurt var hvort leyfa eigi hlutafélögum að eiga hlut í öðrum hlutafélögum. Þar vitnaði hann m.a. í skrif Friðriks Ágústs von Hayeks, nóbelsverðlaunahafa í hagfræði, þar sem hann leggur til að hlutafélögum verði einfaldlega bannað að eiga hlutafé í öðrum fyrirtækjum nema sem fjárfestingu og þá án atkvæðisréttar.

Í grein sinni segir Björn að hættan á samþjöppun efnahagslegs valds sé örugglega mun meiri í litlum hagkerfum þar sem örfá fjársterk fyrirtæki eru fyrir á hlutafjármarkaði. Hann mælir þó ekki með banni við hlutafjáreign þeirra með atkvæðisrétti, en vill engu að síður takmarka möguleika þeirra til valdasamþjöppunar, t.d. með því að takmarka þann tíma sem hlutafélög geta átt hlutafé með atkvæðisrétti í öðrum félögum. Orðrétt segir Björn G. Ólafsson:

„Hins vegar er alveg ljóst að stórfelld kaup rótgróinna fyrirtækja á hlut í öðrum jafntraustum fyrirtækjum, eða keðjukaup hlutafélaga á hlutabréfum í öðrum félögum sem svo eiga aftur hlut í upphaflegu hlutafélögunum, eiga sér engar forsendur aðrar en valdayfirráð og hringamyndun sem ekki hefur þjóðhagslegan hagnað í för með sér."

Sé hlutafélögum, sem kaupa hluti í öðrum félögum, gert skylt að selja eftir tiltölulega skamman tíma telur Björn að hætta á hringamyndun og óeðlilegri valdatilfærslu minnki stórlega.

Í niðurlagsorðum greinarinnar segir hann: „Öflugur hlutafjármarkaður verður vafalítið til þess að auka arðsemiskröfur í atvinnurekstri og hvetja til nýrra og áhrifaríkra fjárfestinga. Hins vegar er hætta á því að einokun og uppsöfnun fyrirtækjavalds verði auðveldari, en lítil hagkerfi eru sérstaklega viðkvæm fyrir slíkum áhrifum. Til þess að efla frjálsa samkeppni og tryggja eðlilega valddreifingu er nauðsynlegt að setja lög gegn hringamyndunum sem meðal annars takmörkuðu möguleika hlutafélaga til að kaupa hluti með atkvæðisrétti í öðrum fyrirtækjum. Slík lagasetning er verðugt verkefni fyrir nýkjörið Alþingi."

Nístandi kveðja frá Morgunblaðinu.

Grein Björns G. Ólafssonar vakti mikla athygli eftir að Morgunblaðið gerði hana að umtalsefni og birti hana í heilu lagi í Reykjavíkurbréfi 4. maí, nokkrum dögum eftir að ríkisstjórnin var mynduð.

Ekki fór hjá því að mjög væri tekið eftir niðurlagi þessa Reykjavíkurbréfs. En þar sendi Morgunblaðið valdhöfunum í Eimskipafélagi Íslands nístandi kveðju:

„Eins og lesendur Reykjavíkurbréfs sjá er Hayek að lýsa í þessari ritgerð, sem skrifuð er fyrir alllöngu, aðstæðum sem nú þegar eru komnar upp á hlutabréfamarkaðinum hér og í viðskiptalífi okkar Íslendinga. Hafi einhverjir talið að skoðanir þeirra sem telja þetta óeðlilega þróun eigi eitthvað skylt við sósíalisma eða vinstrimennsku ættu þeir hinir sömu ekki lengur að velkjast í vafa um að þær spretta þvert á móti upp úr grundvallarlífsviðhorfum borgaralegra afla. Með því að gera ráðstafanir til þess að stöðva þessa þróun er ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að fylgja fram meginstefnu Sjálfstæðisflokksins og koma í veg fyrir misnotkun og afskræmingu á þeim hugsjónum sem sjálfstæðismenn hafa barist fyrir áratugum saman.

Þar fyrir utan er slík löggjöf, sem vikið er að í stefnuyfirlýsingu hinnar nýju ríkisstjórnar, nauðsynleg til þess að viðhalda eðlilegu jafnvægi í þessu fámenna þjóðfélagi. Slíkt jafnvægi er forsenda þess að sæmilegur friður og sátt ríki meðal hinna ýmsu þjóðfélagshópa. Þess vegna eru þeir aðilar í viðskiptalífinu sem raska þessu jafnvægi að kalla yfir sig afskipti löggjafarvaldsins sem væru óþörf ef menn kynnu sér hóf."

Hringamyndun í samvinnuhreyfingunni.

Fyrir 5–10 árum beindust áhyggjur manna að því er varðar einokun og hringamyndun einkum að Sambandi íslenskra samvinnufélaga og fyrirtækjum tengdum því, innan samvinnuhreyfingarinnar og utan hennar. Þá hafði samvinnuhreyfingin komið ár sinni vel fyrir borð og hafði víða heljartök á viðskiptum og atvinnulífi. Mönnum ofbauð og margir óttuðust að þessi fyrirtækjasamsteypa ætti eftir að ýta flestum öðrum fyrirtækjum út í horn með ofurvaldi sínu í atvinnulífinu.

Á meðan uppgangur SÍS var sem mestur höfðu ýmsir forráðamenn fyrirtækja utan samvinnuhreyfingarinnar þungar áhyggjur af meintri hringamyndun þar. Meðal annars fór fram starf innan Verslunarráðs Íslands sem hafði viðnám gegn yfirgangi SÍS að markmiði. Í ljósi þess sem síðar hefur orðið er skemmtilegt til þess að hugsa að meðal þeirra áhugasömustu um þetta viðnám gegn hringamyndun voru þeir Hörður Sigurgestsson og Indriði Pálsson!

En Sambandið hefur síðan lent í gífurlegum erfiðleikum sem leitt hafa til mikils undanhalds og það veldi, sem menn óttuðust að væri ofurveldi, er nú svipur hjá sjón.

Þessi umskipti hafa orðið á ótrúlega skömmum tíma. Það er t.d. ekki lengra en fjögur ár frá því að Sambandið var nærri búið að kaupa Útvegsbankann. Í ágúst 1987 var Sambandið tilbúið að kaupa Útvegsbankann af ríkissjóði. Ætlunin var að steypa honum og Samvinnubankanum saman í einn. Úr hefði væntanlega orðið öflugur banki og einn sá sterkasti hér á landi. Þessi áform gengu ekki eftir, m.a. vegna þess að ýmsir atvinnurekendur utan samvinnuhreyfingarinnar máttu ekki til þess hugsa að hún styrkti stöðu sína með þessum hætti.

En nú er staða mála þannig að samvinnuhreyfingin hefur selt Landsbankanum Samvinnubankann upp í skuldir og stendur eftir án þess að eiga lánastofnun. Sambandið hefur þurft að selja fjölda annarra eigna og eignarhluti í fyrirtækjum og mörg þeirra fyrirtækja sem áður voru hluti af valdakerfinu hafa hreinlega orðið gjaldþrota eða verið lögð niður. Á síðasta ári gekk svo forysta samvinnuhreyfingarinnar til þess verks að skipta Sambandinu upp í sex aðgreind fyrirtæki í hlutafélagaformi. Á þessum vettvangi hefur

því komið til gífurlegrar valddreifingar í stað valdasamþjöppunar sem er nú ekki lengur vandamál að því er samvinnuhreyfinguna varðar. Á því sviði hafa aðrir aðilar tekið við — með myndarlegum hætti.

Heljartökin færast til.

Á nokkrum árum hefur Eimskipafélag Íslands hf. tekið við af Sambandinu í þessu tilliti og gott betur. Í viðleitni sinni til að eignast hluti og ná valdaaðstöðu í nokkrum af helstu hlutafélögum landsins hafa ráðamenn félagsins alls ekki kunnað sér hóf. Ætla má að þar sé fundin skýringin á því að núverandi ríkisstjórn leggur áherslu á lagasetningu til að koma í veg fyrir óeðlilega valdasamþjöppun í viðskiptalífinu. Forysta Eimskips hefur kallað þetta yfir sig.

Það sem tvímælalaust hefur valdið mestri úlfúð er að Eimskip hefur nú eignast 34% í Flugleiðum. Þar sem hluthafar í félaginu eru um 4.200 er það viðurkennt af flestum að 34% eignarhlutur nægir til að stjórna félaginu. Í ljósi þess horfast Íslendingar í augu við það að langstærsta og sterkasta fyrirtæki landsins í sjóflutningum ræður eina millilandaflugfélagi þjóðarinnar. Samgöngur til og frá landinu á sjó og í lofti lúta þar með yfirstjórn sömu manna — örfárra manna.

Þetta samræmist ekki útbreiddum skoðunum um nauðsyn valddreifingar í nútímalegu lýðræðisþjóðfélagi. En ráðamenn Eimskips virðast láta sér það í léttu rúmi liggja og hafa ekki hikað við að herða valdatök sín á Flugleiðum þrátt fyrir gagnrýni og mikla umræðu í þjóðfélaginu um óviðunandi valdasamþjöppun.

Skýrasta dæmið um að menn kunna sér ekki hóf er að sjálfur forstjóri Eimskipafélagsins skyldi gerast stjórnarformaður í Flugleiðum á síðasta vori eftir að forystu Eimskips tókst að koma Sigurði Helgasyni frá völdum, en tilraunir til þess höfðu þá staðið yfir um nokkurn tíma samkvæmt því sem hann hefur haldið fram í blaðaviðtölum og í nýútkominni ævisögu sinni.

Eimskipafélagið hefur einnig fjárfest í ýmsum öðrum áberandi fyrirtækjum hér á landi og tryggt sér áhrifastöður í þeim flestum. Má þar nefna að Eimskip á um tíunda hluta í Skeljungi og annað eins í Sjóvá-Almennum tryggingum, 27% í Fjárfestingarfélagi Íslands, 34% í Tollvörugeymslunni, 7% í eignarhaldsfélagi Iðnaðarbankans, 12% í eignarhaldsfélagi Verslunarbankans og smáa og stóra hluti í ýmsum öðrum fyrirtækjum. Með aðild sinni að eignarhaldsfélögum Verslunarbanka og Iðnaðarbanka er Eimskip með óbeinum hætti einn allra stærsti hluthafinn í Íslandsbanka.

Þremenningar ráða mestu.

Það er orðin útbreidd skoðun að hin raunverulegu völd hjá Eimskipafélaginu séu að mestu í höndum einungis þriggja manna, þeirra Harðar Sigurgestssonar, forstjóra félagsins, Halldórs H. Jónssonar, stjórnarformanns Eimskips og fjölda annarra fyrirtækja, og Indriða Pálssonar, varaformanns stjórnar Eimskips og stjórnarformanns Skeljungs. Þessir þrír menn eiga að sjálfsögðu allir sæti í stjórn Flugleiða, auk Benedikts Sveinssonar úr stjórn Eimskipafélagsins. Þessu til viðbótar á sonur Halldórs H. sæti í varastjórn Flugleiða.

Tök þremenninganna á ýmsum lykilfyrirtækjum í þjóðfélagi okkar hafa vakið óhug og eru trúlega ein helsta ástæða þess að ríkisstjórnin sá ástæðu til þess að ákveða í stefnuyfirlýsingu sinni að setja yrði lög gegn einokun og hringamyndun. Auðvitað hefur fleira komið til, en valdasamþjöppunin í Eimskipafélaginu hefur verið áberandi og komið skriðu af stað. Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa skynjað að þjóðin er ekki tilbúin til þess lengur að sætta sig við óbreytt ástand.

En hvernig á að bregðast við? Hvernig þarf umrædd lagasetning að vera svo viðunandi árangur náist?

Það þarf að ákveða til hvaða fyrirtækja lagasetning þarf að ná. Á að miða við fyrirtæki yfir tiltekinni stærð, fyrirtæki sem teljast vera svonefnd almenningshlutafélög, fyrirtæki sem hafa tiltekinn fjölda hluthafa eða á að hafa einhverja aðra viðmiðun?

Eðlilegt virðist vera að miða lagasetningu við fyrirtæki sem hafa allmarga hluthafa, t.d. 100 eða fleiri.

Hömlur á atkvæðamagn.

Til greina kæmi að setja hömlur á atkvæðamagn einstakra hluthafa. Þannig gætu hluthafar, einstaklingar, fyrirtæki eða stofnanir átt ótakmarkaðan hlut í félagi en hefðu takmarkað atkvæðamagn, t.d. þannig að enginn gæti farið með meira atkvæðamagn á aðalfundum og hluthafafundum en 0,5%, svo dæmi sé tekið. Fyrirkomulag af þessu tagi ætti að tryggja valddreifingu í fyrirtækjunum og koma í veg fyrir valdasamþjöppun. Með þessu væri ekki verið að útiloka neinn frá því að fjárfesta og komið væri í veg fyrir fjárfestingar í valdasöfnunarskyni.

Setja þarf skýrar reglur um framkvæmd stjórnarkosninga í hlutafélögum og meðferð atkvæðisréttar.

Þannig má gera kröfu um að allir stjórnarmenn séu kjörnir í einu á hverjum aðalfundi, en ekki t.d. fjórir stjórnarmenn annað árið og fimm næsta ár á eftir, eins og gert er hjá Flugleiðum og Eimskip. Það fyrirkomulag dregur úr lýðræði í félögunum og kemur í veg fyrir að aðrir hópar en valdhafar geti komið mönnum að í stjórn. Þá þarf að leggja bann við að stjórnendur fyrirtækja fari með atkvæði á hluthafafundum vegna hlutafjáreignar sjóða sem kunna að vera í vörslu viðkomandi fyrirtækja. Þar er t.d. átt við lífeyrissjóði, söfnunarsjóði og styrktarsjóði. Sjóðir af þessu tagi eru í vörslu Eimskipafélags Íslands og eru meðal stærstu hluthafa í félaginu. Þannig á Háskólasjóður Eimskips 5% af hlutafé í félaginu og er næststærsti hluthafinn. Lífeyrissjóður Eimskips á 1,4% hlutafjár í félaginu og er sjöundi stærsti hluthafinn í Eimskip. Eftir því sem næst verður komist hafa stjórnendur Eimskips farið með atkvæði þessara sjóða. Þannig vinnubrögð eru ekki til þess fallin að auka lýðræðið í stóru almenningshlutafélagi sem er í eigu 14.300 hluthafa.

Stjórnin sé öll kjörin í einu.

Það fyrirkomulag að kjósa ekki alla stjórnarmenn í einu, eins og tíðkast hjá Flugleiðum og Eimskip, hefur hlotið gagnrýni, enda þykir það ósanngjarnt gagnvart litlum hluthöfum, þ.e. hinum breiða hópi eigenda í almenningshlutafélögum. Sigurður Helgason, fyrrum stjórnarformaður Flugleiða, gagnrýndi þetta í ræðu sinni á aðalfundi félagsins 21. mars sl. Hann sagði m.a.:

„Það fyrirkomulag sem ríkir hjá þessu félagi varðandi stjórnarkjör er ekki til þess fallið að veita minni hluthöfum eðlilega möguleika til þess að hafa áhrif á val stjórnarmanna. Fyrirkomulagið er þannig eins og menn þekkja að annað árið eru kosnir fimm menn til tveggja ára og hitt árið fjórir menn einnig til tveggja ára.

Ókostirnir við þetta fyrirkomulag eru þeir að stærri hluthafar hafa mun meiri möguleika á að ráða kjöri stjórnarmanna en minni hluthafar. Væru allir níu stjórnarmenn kjörnir í einu þyrfti liðlega tíu prósent atkvæða til að ná manni í stjórn. Ef aðeins fjórir eru kjörnir þarf 25% atkvæða til að fá einn mann kjörinn."

Sigurður Helgason hefur gagnrýnt forystu Eimskipafélagsins fyrir valdasamþjöppun og yfirgang. Hann hefur m.a. lýst þeim sjónarmiðum sínum í blaðaviðtölum og nýlega komu út æviminningar hans þar sem hann fjallar um valdaátök innan Flugleiða. Þar koma

Eimskipafélagsmenn mjög við sögu og eru gagnrýndir alvarlega. Sigurður staldraði mjög við þessi mál í fyrrnefndri ræðu á aðalfundi Flugleiða. Hann sagðist hafa varað við því opinberlega að einn aðili ætti jafnstóran hlut í Flugleiðum og Eimskip ætti. Hann taldi að þetta ástand væri ekki síst óviðunandi vegna yfirburðastöðu Eimskips í sjóflutningum. Orðrétt sagði Sigurður: „Mín tilfinning er sú að menn sætta sig einfaldlega ekki við svo sterka stöðu eins og sama aðilans á sviði loftflutninga og sjóflutninga."

Gegn óeðlilegri hringamyndun.

Það er einmitt þetta viðhorf sem stjórnmálamenn hafa skynjað meðal kjósenda. Þess vegna ætla þeir nú að bregaðst við með lagasetningu gegn einokun og hringamyndun. Í þessu sambandi koma í hugann orð Þorsteins Pálssonar sjávarútvegsráðherra sem hann lét falla á kosningafundi í Vestmannaeyjum skömmu fyrir síðustu kosningar:

„Við verðum að gæta þess, sjálfstæðismenn, á þessum breytingatímum að hlú að grundvelli samkeppninnar og koma í veg fyrir óeðlilega hringamyndun stærstu fyrirtækjanna í landinu."

Í ræðu sinni á aðalfundi Flugleiða sl. vor sagði Sigurður Helgason um völd Eimskips í Flugleiðum:

„Auðvitað er það svo að Eimskipafélagsmenn ráða öllu hjá Flugleiðum sem þeir vilja. Menn þurfa ekki annað en líta á samsetningu stjórnar til að fá sönnun þess. Í þessu litla þjóðfélagi okkar tel ég ekki að þetta sé æskileg skipan mála."

Sigurður fór ekkert dult með þá skoðun sína að Eimskip þyrfti að minnka hlut sinn í Flugleiðum: „Mín niðurstaða er því sú að æskilegt væri að Eimskipafélagið minnkaði verulega eignarhlut sinn í félaginu. Ég held að þessi mikla eignaraðild samrýmist ekki kröfum okkar tíma um valddreifingu."

Á allraseinustu árum hefur upplýsingastreymi aukist mjög mikið um almenningshlutafélögin í landinu. Nú eru t.d. birtar upplýsingar um eignarhluti stærstu hluthafa og nú má öllum vera ljóst hverjir hafa undirtökin í þessum fyrirtækjum. Þjóðinni er alveg ljóst að Eimskipafélagið á 34% í Flugleiðum og menn eru ekki í vafa um að það er ráðandi hlutur í félaginu. Fólki má því vera ljóst að þegar það á viðskipti við Flugleiðir er það í raun að skipta við Eimskip. Þess vegna er „flogið með Eimskip", svo vitnað sé í fyrirsögn þessarar samantektar — en fyrirsögnin er tekin að láni úr dagblaðinu Tímanum frá 3. apríl sl.

Valdasamþjöppun á jólamarkaði.

Aukið upplýsingastreymi og vaxandi umfjöllun um valdasamþjöppun í íslensku atvinnulífi hefur komið hreyfingu á þessi mál. Áform ríkisstjórnarinnar um að koma á lögum um einokun og hringamyndun eru skýrasta dæmið um það. Einnig er áberandi að opnari umræða um þessi mál fer nú fram en áður. Þannig má nefna að í ævisögu Sigurðar Helgasonar, fyrrum stjórnarformanns Flugleiða, er rakið hvernig valdabaráttan hefur verið í því stóra og þýðingarmikla félagi. Önnur bók á jólamarkaði 1991 tekur einnig á þessu máli á yfirgripsmikinn hátt. Þar er um að ræða nýútkomna bók Örnólfs Árnasonar sem nefnist „Á slóð kolkrabbans". [Hér á eftir eru birt brot úr bókinni með leyfi höfundar.]

Áhugamenn um íslenskt atvinnulíf ættu því að geta fræðst heilmikið um valdasamþjöppun í íslenskum fyrirtækjum í þessum jólamánuði. En það er engin tilviljun að umfjöllun um þetta vandamál fer sívaxandi Það er vegna þess að menn kunna sér ekki hóf eins og rætt var um fyrr í þessari grein. Og nú lætur löggjafinn málið til sín taka.

626. Fyrirspurn [384. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt á innfluttar einstakar bækur einstaklinga.

Frá Birni Bjarnasyni.

1. Hverjar voru tekjur ríkissjóðs á árinu 1991 af virðisaukaskatti á einstökum bókum sem einstaklingar pöntuðu erlendis og fóru í gegnum tollpóststofu?
2. Hvenær hófst innheimta á söluskatti/virðisaukaskatti á innfluttum einstökum bókum einstaklinga í tollpóststofu hér á landi?
3. Hvaða reglur gilda um undanþágur frá virðisaukaskatti vegna innflutnings einstaklinga á einstökum bókum?
4. Hvað teljast bækur í skilningi skattalaga þegar lagður er virðisaukaskattur á innfluttar einstakar bækur einstaklinga?
5. Er innheimtur virðisaukaskattur af einstökum erlendum bókum til einstaklinga þótt þær séu sendar þeim endurgjaldslaust, t.d. til umsagnar eða til að ritdæma?
6. Eru íslenskar reglur um þetta efni sambærilegar við það sem tíðkast annars staðar, t.d. á Norðurlöndum eða í aðildarríkjum EFTA?

Skriflegt svar óskast.

627. Fyrirspurn [385. mál]

til dómsmálaráðherra um ályktun Alþingis um akstur utan vega.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. maí 1988 um akstur utan vega?

628. Fyrirspurn [386. mál]

til iðnaðarráðherra um framhaldsvinnu við orkusáttmála Evrópu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er þátttaka Íslands í framhaldsvinnu á grundvelli draga að svonefndum orkusáttmála Evrópu sem ráðherra undirritaði viljayfirlýsingu um 17. desember 1991?
2. Í hverju er þessi vinna fólgin, hverjir eiga þar hlut að máli fyrir Íslands hönd og að hvaða áföngum er stefnt á þessu ári?
3. Hver eru helstu álitaefni, sem uppi eru, að mati ráðherra í þeirri vinnu sem fram undan er?
4. Að hve miklu leyti verður um lagalega bindandi ákvarðanir að ræða samkvæmt fyrirliggjandi hugmyndum og hvers eðlis eru þeir lagalega bindandi efnisþættir?

629. Fyrirspurn [387. mál]

til menntamálaráðherra um ráðningu skólastjóra Leiklistarskólans.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvers vegna hafnaði ráðherra tillögum stjórnar Leiklistarskóla ríkisins um skólastjóra Leiklistarskólans?
2. Hvað réð úrslitum um að sá umsækjandi var valinn sem stöðuna hlaut?
3. Telur ráðherra það ekki vera í verkahring skólastjórnar að fara yfir umsóknir um skólastjórastöðuna og taka afstöðu til þeirra?

630. Fyrirspurn [388. mál]

til iðnaðarráðherra um jöfnun á húshitunarkostnaði.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

1. Hvenær mun hefjast annar áfangi í niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði á svokölluðum köldum svæðum?
2. Hvernig verður staðið að því að fá orkufyrirtækin meira inn í þessa jöfnunarviðleitni, sbr. ummæli iðnaðarráðherra 21. nóv. sl. á Alþingi?

631. Fyrirspurn [389. mál]

til félagsmálaráðherra um störf nefndar um stöðu karla í breyttu samfélagi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvert er erindisbréf nefndar um stöðu karla í breyttu samfélagi sem skipuð var 24. okt. 1991 og hverjir eiga sæti í nefndinni?
2. Hefur ráðherra fylgst með kynningu einstakra nefndarmanna á opinberum vettvangi á viðfangsefnum nefndarinnar og viðhorfum þeirra til hlutverks hennar?
3. Hvenær er nefndinni ætlað að ljúka störfum og hvað hefur ráðherra fyrirhugað að gera með niðurstöður hennar?

632. Fyrirspurn [390. mál]

til forsætisráðherra um nefnd um framtíðarkönnun.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvað líður störfum nefndar um framtíðarkönnun sem skipuð var af þáverandi forsætisráðherra, Steingrími Hermannssyni, 9. apríl 1984?
2. Hvernig var staðið að þessari könnun og hvað hefur hún kostað skattgreiðendur til þessa?

3. Eru allar skýrslur á vegum könnunarinnar komnar út?
4. Hver annast nú um framkvæmd málsins?
5. Hvað hyggst forsætisráðherra gera á grundvelli þess starfs sem unnið hefur verið við framkvæmd þessarar könnunar?

633. Fyrirspurn [391. mál]

til viðskiptaráðherra um vaxtakjör og þjónustugjöld banka og sparisjóða.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða flokkar útlána falla nú undir reglur um kjörvexti og hverjir eru gildandi kjörvextir í hverjum flokki?
   Hver eru gildandi vaxtaþrep í hverjum þessara útlánaflokka?
   Hverjar eru helstu reglur sem gilda um hvert vaxtaþrep?
   Hvernig skiptast útlán í dag á vaxtaþrep í hverjum útlánaflokki?
2. Hver er gjaldskrá viðskiptabanka og sparisjóða á eftirtöldum liðum:
   a. víxlum,
   b. skuldabréfum,
   c. afurða- og rekstrarlánum,
   d. tékkareikningum,
   e. vanskilum?

Upplýsingar óskast um hvern viðskiptabanka og þrjá til fimm stærstu sparisjóðina.

Skriflegt svar óskast.

634. Fyrirspurn [392. mál]

til umhverfisráðherra um aðgerðir gegn börnum í Río de Janeiro.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hefur umhverfisráðherra aflað sér upplýsinga um sannleiksgildi frétta sem borist hafa um að í Río de Janeiro sé litið á vegalaus börn sem umhverfisvandamál sem verði að uppræta fyrir umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í borginni í júní nk.? Þau séu með öðrum orðum drepin með skipulögðum hætti.
2. Ef svo er, hvaða upplýsingar hefur hann fengið og frá hverjum? Telur hann upplýsingarnar gefa tilefni til að endurskoða þátttöku Íslendinga í ráðstefnunni?

635. Fyrirspurn [393. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sumarlokun á legudeild barna.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hvaða rök eru fyrir því að loka í 13 vikur í sumar einu sérhæfðu legudeild landsins í geðlækningum barna?
2. Með hvaða hætti verður séð fyrir meðferð og vistun þeirra barna sem nú dveljast á deildinni eða eru á biðlista eftir plássi á deildinni meðan á sumarlokuninni stendur?

636. Frumvarp til laga [394. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 32/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Steingrímur J. Sigfússon, Margrét Frímannsdóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

Í stað „200 eða fleiri“ í 3. málsl. 18. gr. laganna kemur: 25 eða fleiri.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Stjórn hlutafélags skal kosin á hluthafafundi og skulu allir stjórnarmenn kosnir á sama fundi.
b. Í stað „200 eða fleiri“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: 25 eða fleiri.

3. gr.

1. málsl. 1. mgr. 82. gr. laganna orðast svo: Í hlutafélögum, þar sem hlutafé er að minnsta kosti tífalt hærra en lágmark þeirrar fjárhæðar sem þarf til að stofna hlutafélag, sbr. 1. gr., eða hafa fleiri en 25 starfsmenn (ársmenn) eða þar sem skuldir og bundið eigið fé nemur að minnsta kosti hundrað sinnum hærri fjárhæð en þeirri sem þarf til að stofna hlutafélag, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

4. gr.

Við 93. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Stjórn hlutafélags skal senda hluthöfum ársreikning og ársskýrslu stjórnar innan sex mánaða frá lokum reikningsársins.

5. gr.

2. málsl. 2. mgr. 145. gr. laganna orðast svo: Skylt er að veita aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, sbr. 19. og 20. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast 1. janúar 1993.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 32/1978, sem miða að því að auka trú almennings á hlutafélögum sem fjárfestingarkosti og stuðla þannig að auknum áhrifum og aðhaldi almennings á rekstur fyrirtækja. Þá er það ekki síður nauðsynlegt að fyrirtæki geti styrkt eiginfjárstöðu sína með auknu hlutafé, en eins og kunnugt er hefur skortur á eigin fé verið eitt alvarlegasta vandamál hlutafélaga, t.d. í sjávarútvegi. Fyrirtækin hafa í of ríkum mæli fjármagnað rekstur eða fjárfestingu með lánsfé sem hefur leitt til mikils vaxtakostnaðar.

Eiginfjáraukning minnkar þann kostnað, dregur úr lánsfjáreftirspurn og stuðlar þar með að almennri vaxtalækkun í þjóðfélaginu auk þess sem vaxandi aðhald almennings og áhrif stuðla að skynsamlegri stjórnun fyrirtækja.

Alþingi hefur með samþykkt viljayfirlýsingar í formi þingsályktunartillögu um yfirtökutilboð tekið skref til að styrkja stöðu almenningshlutafélaga með því að viðskiptaráðherra er falið að semja lagafrumvarp sem tryggja á rétt minni hluta í hlutafélagi.

Þykir flutningsmönnum rétt að stíga frekari skref með því að leggja til:

— að gerðar verði frekari kröfur en nú er um hömlulaus viðskipti með hlutabréf,
— að stjórn hlutafélags verði öll kosin á sama hluthafafundi og víxlkosning afnumin,
— að það verði viðtækari skylda en nú er að hlutafélag hafi löggiltan endurskoðanda,
— að stjórn hlutafélags verði gert skylt að senda hluthöfum ársreikning og ársskýrslu stjórnar innan sex mánaða frá lokun reikningsárs,
— að almenningi verði heimill aðgangur hjá hlutafélagaskrá að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að eigi megi leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf ef hluthafar eru 25 eða fleiri, en samkvæmt núgildandi lögum er miðað við 200 hluthafa eða fleiri. Þykir rétt að færa þessi mörk niður til þess að opna fleiri fyrirtæki fyrir almenningi en nú er.

Er með tillögugreininni miðað við sömu mörk og nú eru í 11. gr. laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Um 2. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 47. gr. laganna. Annars vegar er gert skylt að kjósa alla stjórnarmenn á sama hluthafafundi og hins vegar eru rýmkuð þau mörk sem nú eru til þess að krefjast margfeldiskosningar eða hlutfallskosningar.

Báðar tillögurnar miða að því að tryggja rétt minni hluta í hlutafélögum og eru mörkin í síðari tillögunni til samræmis við breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Hertar eru kröfur til hlutafélaga um að hafa löggiltan endurskoðanda. Lækkuð eru þau mörk í 82. gr. laganna sem leiða til skyldu hlutafélaga að hafa löggiltan endurskoðanda.

Í stað þess að nú er miðað við að hlutafé sé a.m.k. fimmtánfalt hærra en það lágmark sem þarf til að stofna hlutafélag eða starfsmenn (ársmenn) séu 100 eða fleiri eða að skuldir og bundið eigið fé nemi a.m.k. tvö hundruð sinnum hærri fjárhæð en þarf til að stofna hlutafélag verði miðað við að hlutafé sé a.m.k. tífalt hærra en það lágmark sem þarf til að stofna hlutafélag eða starfsmenn (ársmenn) séu 25 eða fleiri eða að skuldir og bundið eigið fé sé a.m.k. hundrað sinnum hærri fjárhæð en þarf til þess að stofna hlutafélag.

Auk þess er rétt að vekja athygli á því að ákvæði 1. gr. frumvarpsins leiðir sjálfkrafa

til kröfu um löggiltan endurskoðanda, sbr. 2. mgr. 82. gr. laganna, hjá þeim fyrirtækjum sem verður skylt að aflétta hömlum á meðferð hlutabréfa.

Um 4. gr.

Lagt er til það nýmæli að skylda stjórn hlutafélags til þess að senda hluthöfum ársreikning og ársskýrslu stjórnar. Með þessari tillögu er miðað að því að auka upplýsingastreymi til hluthafa.

Um 5. gr.

Hér er lögð til sú breyting að skylt verði að veita almenningi aðgang hjá hlutafélagaskrá að ársreikningum hlutafélaga sem ekki leggja hömlur á meðferð hlutabréfa, en samkvæmt lagagreininni er einungis um heimildarákvæði að ræða til ráðherra. Markmiðið er augljóst, aukið upplýsingastreymi til almennings.

Rétt er að geta þess að fram kom í greinargerð með frumvarpi á þskj. 121, sem lagt var fram í neðri deild á 111. löggjafarþingi 1988 og síðar varð að lögum, að sambærileg ákvæði voru þá í erlendri löggjöf. Þar kom m.a. fram að í Noregi, Svíþjóð og Danmörku er öllum hlutafélögum skylt að afhenda sérstakri miðstöð eintak af ársreikningi sem almenningur á ótakmarkaðan aðgang að. Í Noregi getur þó konungur veitt vissum hlutafélögum undanþágu frá þeirri kvöð að ársreikningur skuli vera almenningi til sýnis.

Í Bretlandi gildir sú almenna regla að hlutafélög skuli senda til hlutafélagaskrár eintak af endurskoðuðum ársreikningi og ársskýrslu stjórnar og er öllum heimill aðgangur að innsendum upplýsingum. Þó eru gerðar vissar undantekningar varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki. Fram kemur í greinargerðinni einnig að í mörgum öðrum ríkjum eru í lögum ákvæði um upplýsingagjöf og opinberun ársreikninga en gerður er munur á þessum kröfum bæði eftir stærð og gerð hlutafélags. Að öðru leyti vísast til tilvitnaðrar greinargerðar.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi um nk. áramót þannig að hlutafélög fái tíma til þess að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum.

637. Svar [329. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um auglýsinga- og kynningarkostnað umhverfisráðuneytis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður umhverfisráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?*
2. *Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?*
3. *Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?*
4. *Fyrir hvað var greitt?*
5. *Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?*

Hér fer á eftir yfirlit um ofangreindan kostnað og er hann sundurliðaður í samræmi við 1.–4. lið í fyrirspurninni.

Auglýsingar í Stjórnartíðindum		Upphæð í kr.
Árið 1990:		
12. júlí	Reglugerð um breytingu á mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989	5.000
31. ágúst	Starfsleyfi fyrir Íslenska Stálfélagið	10.000
31. des.	Reglur um hreindýraveiðar 1990	27.000
31. des.	Reglugerð um breytingu á mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989	5.000
31. des.	Gjaldskrá fyrir mengunareftirlit á Norðurlandssvæði eystra	5.000
31. des.	Reglugerð um náttúruverndarþing	10.000
31. des.	Gjaldskrá vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja	10.000
31. des.	Reglugerð um söfnun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur	10.000
31. des.	Mengunarvarnareglugerð	72.000
	Samtals	**154.000**
Árið 1991:		
24. apríl	Reglugerð um eyðingu svartbaks og hrafns	5.000
24. apríl	Starfsleyfi fyrir lifrarbræðslu Norðurtanga á Ísafirði	15.000
24. apríl	Starfsleyfi fyrir Kraftlýsi á Djúpavogi	10.000
24. apríl	Starfsleyfi fyrir Faxamjöl í Reykjavík	5.000
24. apríl	Starfsleyfi fyrir Síldarvinnsluna Neskaupstað	5.000
24. apríl	Staðfesting á aðalskipulagi Hellu	5.000
24. apríl	Samþykkt um forkaupsrétt Hveragerðisbæjar að fasteignum innan sveitarfélags	5.000
30. júní	Auglýsing um verðlaun fyrir ref og mink	2.992
	Samtals	**52.992**

Auglýsingar í Lögbirtingablaði		Upphæð í kr.
Árið 1990:		
31. maí	Auglýst eftir ráðuneytisstjóra	935
14. ágúst	Laus staða veðurfræðings	748
14. ágúst	Laus staða forstjóra Landmælinga Íslands	1.309
31. des.	Laus staða deildarsérfræðings	748
31. des.	Laus staða veðurfræðings	935
31. des.	Laus staða bókavarðar á Veðurstofu Íslands	748
	Samtals	**5.423**
Árið 1991:		
31. mars	Laus staða á Veðurstofu Íslands	935
	Samtals	**935**

Auglýsingar í Ríkisútvarpi		Upphæð í kr.
Árið 1990:		
20. mars	Birting auglýsinga	106.907
31. maí	Vegna mótunar atvinnustefnu	18.040
	Samtals	**124.947**
Árið 1991:		
12. febr.	Auglýsing frá dýraverndarnefnd og umhverfisráðuneyti	26.249
	Samtals	**26.249**

Auglýsingar í Morgunblaði		Upphæð í kr.
Árið 1990:		
31. júlí	Auglýstur fundur með Þorsteini Ólafssyni og fleirum	21.364
8. ágúst	Auglýst eftir skrifstofustjóra	9.860
	Samtals	**31.224**
Árið 1991:		
19. febr.	Laus staða	9.026

Auglýsingar í DV		Upphæð í kr.
Árið 1990:		
31. júlí	Auglýst eftir skrifstofustjóra	13.969
	Samtals	**13.969**
Árið 1991:		
19. febr.	Laus staða	13.539
	Samtals	**13.539**

Auglýsingar í Tímanum		Upphæð í kr.
Árið 1990:		
8. ágúst	Auglýst eftir skrifstofustjóra	13.147
	Samtals	**13.147**
Árið 1991:		
19. febr.	Laus staða	14.442
	Samtals	**14.442**

Auglýsingar í Þjóðviljanum		Upphæð í kr.
Árið 1990:		
24. júlí	Auglýst eftir skrifstofustjóra	14.791
	Samtals	**14.791**
Árið 1991:		
19. febr.	Laus staða	10.832
	Samtals	**10.832**

Auglýsingar í Alþýðublaði		Upphæð í kr.
Árið 1990:		
31. júlí	Auglýst eftir skrifstofustjóra	13.147
	Samtals	**13.147**

Auglýsingar í Alþýðublaðinu/Pressunni (Blað hf.)		Upphæð í kr.
Árið 1991:		
19. febr.	Laus staða	10.832
26. febr.	Laus staða deildarsérfræðings	14.442
	Samtals	**25.274**

Auglýsingar í Degi		Upphæð í kr.
Árið 1990:		
31. júlí	Auglýst eftir skrifstofustjóra	13.969
	Samtals	**13.969**
Árið 1991:		
5. mars	Laus staða	11.734
	Samtals	**11.734**

Auglýsingar í Útverði — Samtök um jafnrétti milli landshluta		Upphæð í kr.
Árið 1991:		
31. des.	Birting auglýsingar	10.000
	Samtals	**10.000**

Auglýsingar í Kópavogstíðindum		Upphæð í kr.
Árið 1991:		
14. maí	Birting auglýsingar	80.000
14. maí	Birting auglýsingar	80.000
	Samtal	**160.000**

Auglýsingastofan		Upphæð í kr.
Árið 1990:		
26. júní	Auglýsingagerð vegna funda ráðherra	50.533
26. júní	Birting auglýsingar í Morgunblaði	42.334
26. júní	Birting auglýsingar í sjónvarpi	33.082
31. júlí	Birting auglýsingar í Degi	43.941
	Samtals	**169.890**

Auglýsingastofan Essemm		Upphæð í kr.
Árið 1991:		
9. júlí	Hugmyndasamkeppni ráðuneytis og Félags ísl. hugvitsmanna: Undirbúningur, gerð auglýsinga og birting	389.994
	Samtals	**389.994**

Auglýsinga- og kynningarkostnaður umhverfisráðuneytis á árinu 1990 var **564.507 kr.**
Áfallinn auglýsinga- og kynningarkostnaður umhverfisráðuneytis fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 var **710.017,00 kr.**

Svar við 5. lið fyrirspurnarinnar:
Eins og yfirlitið ber með sér eru langflestar auglýsingar í Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaði um stjórnarathafnir eða auglýsingar um lausar stöður, svo sem lagaskylda mælir fyrir, en auk þess nokkrar auglýsingar í dagblöðum um lausar stöður en í þeim tilfellum er reynt að ná til fleiri en lesenda Lögbirtingablaðs.
Aðrar auglýsingar voru birtar samkvæmt sérstakri ákvörðun þáverandi umhverfisráðherra.

638. Tillaga til þingsályktunar [395. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Tyrklands.

(Lögð fram á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Tyrklands sem gerður var í Genf 10. desember 1991.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á ráðherrafundi EFTA í desember 1989 heimiluðu ráðherrarnir að hefja mætti könnunarviðræður milli EFTA-ríkjanna og Tyrklands um hugsanlegan fríverslunarsamning milli þessara ríkja. Könnunarviðræður þessar hófust í júlí 1990 og að þeim loknum formlegar samningaviðræður í lok árs 1990 sem lauk í október 1991. Hinn 10. desember 1991 undirrituðu ráðherrar EFTA síðan fríverslunarsamninginn milli EFTA-ríkjanna og Tyrklands. Stefnt er að því að hann taki gildi 1. apríl 1992. Samningurinn er birtur sem fskj. I með þingsályktunartillögu þessari. Þar eru þó aðeins birtar þær bókanir og viðaukar við samninginn sem máli skipta fyrir viðskipti Íslands og Tyrklands. Í fskj. II er birt bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins.
Aðdraganda þessa samnings má rekja allt aftur til ársins 1963 er Tyrkland gerði samstarfssamning við EB. Sá samningur og þær breytingar og viðbætur, sem síðar voru gerðar á honum, urðu til þess að skapa mun hagstæðari tollaskilyrði fyrir vöruinnflutning til Tyrklands frá EB-ríkjunum í samanburði við EFTA-löndin. Árið 1988 var ástandið orðið þannig að mjög erfitt var fyrir EFTA-ríkin að halda markaðshlutdeild sinni á tyrkneska markaðnum vegna mun lægri tolla sem giltu í viðskiptum Tyrklands við EB. Þetta varð til þess að þau EFTA-ríki, sem mestra hagsmuna höfðu að gæta, þ.e. Sviss, Sviþjóð og Austurríki, fóru að hvetja til viðræðna EFTA-ríkjanna við Tyrkland um fríverslun. Þegar ákveðið var í desember 1989 að hefja þessar viðræður var talið heppilegast að EFTA-löndin kæmu fram sem ein heild í ljósi þess hversu vel hefði tekist til í viðræðum við Spán 1985 í tengslum við aðild Spánar að EB. Samkvæmt samningi Tyrklands við EB er aðlögunartími til ársins 1995 sem er sá sami og í fríverslunarsamningi

EFTA-landanna við Tyrkland. Árið 1995 verður tollfrelsi því komið á í viðskiptum Tyrklands með aðrar vörur en landbúnaðarvörur bæði við ríki EFTA og EB.

Lagabreytingar vegna þessa samnings er ekki þörf, sbr. heimild í 6. gr. tollalaga til að láta kom til framkvæmda ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum.

Samningurinn er að mestu byggður á fríverslunarsamningum milli einstakra EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins frá 1972, þ.e. fríverslun með iðnaðarvörur, þ.e. alls þess varnings sem heyrir undir 25.–97. kafla í samræmdri vörulýsinga- og vöruheitaskrá, að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í viðauka I við samninginn. Jafnframt nær hann yfir iðnaðarvörur unnar að hluta eða öllu úr landbúnaðarhráefnum sem tilgreindar eru í samningnum í bókun A auk fisks og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í viðauka II við samninginn.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir lýsa samningsríki sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir. Til að ná þessu markmiði hafa EFTA-ríkin gert tvíhliða samninga við Tyrkland til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarvörur. Hvað Ísland varðar er hér um að ræða vörur sem ekki eru framleiddar hér á landi, einkum ávexti.

Samningurinn miðar að því að efla, með aukningu gagnkvæmra viðskipta, samfellda þróun efnahagssamskipta milli EFTA-ríkja og Tyrklands, að skapa forsendur fyrir eðlilegri samkeppni í viðskiptum ríkjanna, að stuðla þannig með afnámi viðskiptahafta að samfelldri þróun og aukningu alþjóðaviðskipta og að efla samvinnu EFTA-ríkja og Tyrklands.

Sérstakt þróunarákvæði er í samningnum um það að þegar samningsríki telur það til framdráttar efnahagi samningsríkja að þróa enn frekar þau samskipti, sem til hefur verið stofnað, með samningnum með því að láta þau ná til sviða sem hann tekur ekki til sendir það hinum ríkjunum rökstudda beiðni þar um.

Viðskiptalegt mikilvægi þessa samnings fyrir Ísland er ekki mikið ef litið er á vöruviðskipti okkar við Tyrkland undanfarin ár. Þess ber að gæta að sveiflur á milli ára verða lítt marktækar vegna þess hve þessi viðskipti eru lítill hluti af heildarviðskiptum.

Útflutningur til Tyrklands á árinu 1991 var mjög óverulegur eða 253 þús. kr. (innan við 0,01% af heildarvöruútflutningi). Þar af voru prjónavörur úr ull 66,7% miðað við verðmæti. Árin 1989 og 1990 var útflutningurinn 132,9 millj. kr. og 161,2 millj. kr. eða 0,17% af heildarvöruútflutningi bæði árin. Þær vörutegundir, sem þá var um að ræða, voru fyrst og fremst kísiljárn, loðsútuð skinn og svo prjónavörur úr ull, sjá nánar töflu.

Innflutningurinn árið 1991 var að verðmæti 120 millj. kr. eða 0,12% af heildarvöruinnflutningi, en var árin 1989 og 1990 0,08% af heildinni bæði árin. Er hér um að ræða vörur eins og fatnað annan en skófatnað, spunagarn, vefnaðarvörur o.fl. og ávexti og grænmeti, sjá nánar töflu.

Árið 1990 var innflutningur allra EFTA-ríkjanna frá Tyrklandi að verðmæti tæplega 34 milljarðar kr. (584 milljónir USD) og útflutningurinn var að verðmæti rúmlega 72 milljarðar kr. (1.243 milljónir USD). Hlutur Íslands í EFTA-heildinni er rúmlega 0,2% bæði í inn- og útflutningi.

Erfitt er að leggja mat á það hvernig viðskipti við Tyrkland gætu þróast í næstu framtíð. Mikilvægt er þó að hafa í huga að hér er um að ræða markað þar sem íbúafjöldinn er tæplega 60 milljónir manna og gera verður ráð fyrir batnandi efnahag. Hvað útflutning héðan snertir væri ekki óhugsandi að þar gæti myndast markaður fyrir einhverjar fiskafurðir eins og t.d. fiskimjöl og frystan fisk. Aðstaða til þess að efla þann útflutning, sem á undanförnum árum hefur farið þangað, mundi og batna. Varðandi innflutn-

inginn væri ekki ólíklegt að álykta að hann gæti aukist eitthvað í kjölfar lækkandi tolla á þeim vörum sem komið hafa frá Tyrklandi.

Vöruviðskipti Íslands og Tyrklands 1989, 1990 og 1991.
(Verðmæti í milj.kr. Gengi hvers tíma.)

	1989			1990			1991		
Útflutningur (Fob)	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%
Loðsútuð skinn	2,2	4,7	3,5%	30,0	55,8	34,6%	0,0	0,0	0,0%
Prjónavörur úr ull	0,7	2,1	1,6%	0,1	0,2	0,1%	0,1	0,2	66,7%
Kísiljárn	2.000,0	125,4	94,4%	2.750,0	105,2	65,3%	0,0	0,0	0,0%
Aðrar vörur	0,1	0,7	0,5%	0,0	0,0	0,0%	0,1	0,1	33,3%
Samtals	**2.003,0**	**132,9**	**100%**	**2.780,1**	**161,2**	**100%**	**0,2**	**0,3**	**100%**
% af heildarvöruútflutningi	0,21%	0,17%		0,32%	0,17%		0,00%	0,00%	

	1989		1990		1991	
Innflutningur (CIF)	Verðm.	%	Verðm.	%	Verðm.	%
Ávextir og grænmeti	8,1	12,0	5,9	7,1%	10,4	8,7%
Óunnar efnivörur dýra- og jurtakyns	2,3	3,4%	0,8	1,0%	0,2	0,2%
Unnar gúmvörur	0,1	0,1%	0,1	0,1%	2,0	1,7%
Unnar vörur úr trjáviði og korki	0,5	0,7%	0,0	0,0%	0,1	0,1%
Spunagarn, vefnaðarvörur o.fl.	15,9	23,5%	21,0	25,4%	5,6	4,7%
Unnar vörur úr ómálmkenndum jarðefnum	4,1	6,1%	3,4	4,1%	5,3	4,4%
Unnar málmvörur ót.a	0,5	0,7%	0,5	0,6%	1,6	1,3%
Vélar og tæki	0,5	0,7%	2,2	2,7%	5,5	4,6%
Fjarskipta-, hljóðupptöku- og hljómflutningstæki	0,5	0,7%	0,2	0,2%	4,1	3,4%
Ferðabúnaður, handtöskur o.fl.	0,2	0,3%	0,3	0,4%	3,1	2,6%
Fatnaður annar en skófatnaður	33,1	49,0%	45,9	55,5%	81,0	67,6%
Aðrar vörur	1,8	2,7%	2,4	2,9%	0,9	0,8%
Samtals	**67,6**	**100%**	**82,7**	**100%**	**119,8**	**100%**
% af heildarvöruinnflæutningi	0,08%		0,08%		0,12%	

Samkvæmt samningnum mun Tyrkland fella niður alla tolla á sjávarafurðum í áföngum á fjórum árum. Það er sami aðlögunartími og gildir fyrir Tyrkland með ýmsar iðnaðarvörur. Að auki er gert ráð fyrir því að tollar falli niður af nokkrum landbúnaðarafurðum sem ekki eru framleiddar á Íslandi, einkum ávöxtum.

Auk megintexta eru eftirfarandi viðaukar og bókanir við samninginn:

Viðauki I.

Iðnaðarvörur (kaflar 25–97 í tollskránni) sem falla utan samningsins, sbr. 2. gr. 1 (a) tölul. megintextans. Ísland hefur enga sérstöðu varðandi þennan viðauka. Hér er um að ræða nokkrar vörur, svo sem lífræn efni úr 29. kafla, albúmínkennd efni, umbreytt sterkja, lím og ensím úr 35. kafla, ýmsar kemískar vörur úr 38. kafla, korkur og vörur úr korki

úr 45. kafla sem eru þó undanþegnar ef fluttar eru inn m.a. til Íslands og aðrar spunatrefjar úr jurtaríkinu, pappírsgarn og ofinn dúkur úr pappírsgarni úr 53. kafla. Þessi undanþága endurspeglar samsvarandi ákvæði í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við EB.

Bókun A.

Iðnaðarvörur unnar að hluta eða öllu úr landbúnaðarhráefnum sem falla munu undir samninginn og á hvern hátt þær munu gera það, sbr. 2. gr. 1(b) tölul. megintextans. Ísland hefur nokkra sérstöðu þar, sbr. 4. gr. bókunar A og töflu VII við hana. Tafla VII samsvarar töflu 2, listum 1 og 2 í viðauka II í fríverslunarsamningi Íslands og EB ef undan er skilið að fáeinir vöruflokkar hafa verið teknir út.

Viðauki II.

Fríverslun með sjávarafurðir, sbr. 2. gr. 1(c) tölul. megintextans. Samkvæmt þessum samningi verður komið á fullri fríverslun með fisk og fiskafurðir í viðskiptum við Tyrkland með sama hætti og innan EFTA, í áföngum á fjórum árum að því er varðar niðurfellingu tolla í Tyrklandi, en það er sami aðlögunartími og gildir fyrir ýmsar iðnaðarvörur. Sjávarafurðir þessar eru úr kafla 2 (0208: kjöt af hval og sel), kafla 3 (fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar), kafla 15 (feiti og olíur úr dýra- og jurtaríkinu og klofningsefni þeirra; unnin matarfeiti; vax úr dýra- eða jurtaríkinu), kafla 16 (framleiðsla úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum) og kafla 23 (leifar og úrgangur frá matvælaframleiðslu; unnið skepnufóður) eins og þær eru skilgreindar í þessum viðauka.

Tollar á þessum vörum við innflutning til Tyrklands lækka um 60% við gildistöku samningsins en afgangurinn fellur niður á árunum 1993–95, samkvæmt áætlun sem ákveðin verður fyrir lok þessa árs. Að hinu leytinu veita EFTA-ríkin tollfrelsi fyrir sjávarafurðir frá Tyrklandi eins og iðnaðarvörur frá því að samningurinn gengur í gildi, sbr. 4. gr. samningsins.

Þó hér sé ekki um að ræða verulegar fjárhæðir skiptir fríverslun með sjávarafurðir máli þar sem hún er hérna í fyrsta skipti viðurkennd utan EFTA og kemur væntanlega til með að hafa fordæmisgildi í öðrum fríverslunarsamningum sem koma í kjölfar þessa samnings, svo sem við Pólland, Tékkóslóvakíu, Ungverjaland og Ísrael.

Bókun B.

Upprunareglur sem byggðar eru á sömu sjónarmiðum og hafa gilt í samskiptum við önnur Evrópuríki. Reglurnar eru ekki birtar hér en hugsanlegir viðskiptaaðilar geta fengið aðgang að texta þeirra hjá utanríkisráðuneytinu og tollyfirvöldum.

Viðaukar III og IV.

Listar yfir vörur, einkum vefnaðarvörur, þar sem tollar verða af hálfu allra EFTA-ríkjanna nema Íslands ekki felldir niður að fullu fyrr en 1. janúar 1996. Almenna reglan varðandi EFTA er að tollar verða felldir niður við gildistöku samningsins, sbr. 2. tölul. 4. gr. megintextans.

Viðauki V.

Samkomulag um það hvaða aðlögunartíma Tyrkland fær til að fella niður tolla, sbr. 3. tölul. 4. gr. megintextans. Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að Tyrkland felli niður 60% tolla á sjávarafurðir við gildistöku samningsins og afganginn í síðasta lagi 31. desember 1995, sbr. 2. gr. (a) og (b) viðaukans.

Viðauki VI.

Undanþágulistar Íslands, Sviss og Tyrklands um bann við fjáröflunartollum, sbr. 1. tölul 5. gr. megintextans. Listi Íslands er samhljóða gildandi lista í fríverslunarsamningnum við EB. Þegar samningaviðræður hófust við Tyrkland þótti rétt að halda þessum tollum þótt stefnt sé að því að fella þá að mestu niður á næstunni.

Viðauki VII.

Heimild Íslands og Sviss að hafa eða taka upp útflutningsgjöld, sbr. 2. tölul. 6. gr. megintextans. Heimildin varðandi Ísland er sú sama og er í fríverslunarsamningnum við EB um að taka megi upp útflutningsgjöld á ákveðnar sjávarafurðir.

Viðauki VIII.

Undanþáguheimildir við banni á út- og innflutningstakmörkunum, sbr. 2. tölul. 7. gr. megintextans. Íslandi er heimilt að hafa innflutningstakmarkanir á unnar olíur og olíuvörur og bursta í samræmi við fríverslunarsamninginn við EB. Síðan þessi samningur var gerður hafa viðskipti með olíu og olíuvörur verið gefin frjáls og er þessi heimild hvað þær vörur snertir því nú í raun óþörf. Hvað varðar burstana er hér verið að vernda framleiðslu á vegum Blindravinafélagsins.

Viðauki IX.

Reglur um tilkynningarskyldu á tæknilegum reglugerðum. Samsvarandi reglur gilda innan EFTA.

Viðauki X.

Nánari útfærsla á 2. tölul. 18. gr. megintextans um ríkisstyrki.

Bókun C.

Sérstök bókun Sviss og Liechtenstein um að leysa þá frá ákveðnum samningsskyldum í neyðartilvikum.

Sérstök bókun sem hefur að geyma ýmislegt sem ekki þótti viðeigandi að hafa í megintexta eða í viðaukunum. Flest ákvæði bókunarinnar varða Tyrkland. Ákvæði er varðar Ísland sérstaklega er í 2. mgr. 7. tölul. um aðlögunartíma vegna einkasölurétts Áburðarverksmiðjunnar og aðlögun starfsemi hennar að ákvæðinu um einkasölurétt.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Tyrklands

Formálsorð

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI, LÝÐVELDIÐ FINNLAND, LÝÐVELDIÐ ÍSLAND, FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN, KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR, KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ OG RÍKJASAMBANDIÐ SVISS (hér eftir nefnd EFTA-ríkin),annars vegar, og

LÝÐVELDIÐ TYRKLAND (hér eftir nefnt Tyrkland), hins vegar,

sem vísa til ásetnings síns um að stuðla á virkan hátt að efnahagssamruna í Evrópu og lýsa sig tilbúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þessa þróun,

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA),

MEÐ HLIÐSJÓN af samningunum milli EFTA-ríkja og Evrópubandalaganna,

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum um stofnun samtaka með þátttöku Tyrklands og Efnahagsbandalags Evrópu,

MEÐ HLIÐSJÓN af fenginni reynslu af samvinnunni sem hefur þróast í kjölfari ofangreindra sambanda og milli einstakra EFTA-ríkja og Tyrklands,

lýsa sig reiðubúin til að gera ráðstafanir sem miða að því að stuðla að samfelldri þróun viðskipta sinna og auk þess efla gagnkvæma samvinnu og auka fjölbreytni hennar á þeim sviðum þar sem þau eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, þar með talin svið sem falla ekki undir gildissvið samnings þessa, og skapa þannig forsendur og jákvæð skilyrði fyrir samskiptum á grundvelli jafnréttis og án mismununar, þar sem jafnvægi ríkir milli réttinda og skuldbindinga,

sem vísa til sameiginlegra hagsmuna EFTA-ríkja og Tyrklands að því er varðar stöðuga eflingu marghliða viðskipta og hafa í huga stöðu sína sem samningsaðilar að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, þannig að ákvæði og gjörningar þess mynda grundvöll fyrir stefnu þeirra í utanríkisviðskiptum,

hafa einsett sér að setja ákvæði sem miða að því að afnema stig af stigi hindranir gegn viðskiptum milli EFTA-ríkja og Tyrklands í samræmi við ákvæði samkomulagsins, einkum um stofnun fríverslunarsvæða,

og með það í huga að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi samningsríkin frá skuldbindingum þeirra samkvæmt öðrum alþjóðasamningum,

hafa ákveðið, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.
Markmið

Samningur þessi miðar að því:

a) að efla, með aukningu gagnkvæmra viðskipta, samfellda þróun efnahagssamskipta milli EFTA-ríkja og Tyrklands,

b) að skapa eðlilegar forsendur fyrir samkeppni í viðskiptum milli EFTA-ríkja og Tyrklands,

c) að stuðla þannig með afnámi viðskiptahafta að samfelldri þróun og aukningu alþjóðaviðskipta,

d) að efla samvinnu milli EFTA-ríkja og Tyrklands.

2. gr.
Gildissvið

1. Samningurinn tekur til

a) vara sem heyra undir 25. til 97. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá, hér eftir nefnd „samræmda tollskráin“, að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka,

b) vara sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun,

c) fisks og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í II. viðauka,

sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða Tyrklandi.

2. Ákvæði um viðskipti með landbúnaðarafurðir sem ekki heyra undir 1. tölul. er að finna í 11. gr.

3. Samningurinn tekur til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja, annars vegar, og Tyrklands, hins vegar. Hann tekur ekki til viðskipta milli EFTA-ríkja innbyrðis, nema kveðið sé á um annað í samningnum.

3. gr.
Upprunareglur og samvinna um tollaframkvæmd

1. Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

2. Samningsríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal um stjórnunarsamvinnu, til að tryggja að ákvæði 4. til 7. og 12. gr. séu framkvæmd til hlítar og á sem samræmdastan hátt. Við þá framkvæmd sé höfð í huga nauðsyn þess að draga svo sem unnt er úr þeim formkröfum, sem gerðar eru í viðskiptum, og að finna lausn á þeim vandamálum sem af framkvæmd ákvæðanna leiðir, þannig að allir geti vel við unað.

4. gr.

Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif verða lögð á viðskipti milli EFTA-ríkja og Tyrklands.
2. Frá og með gildistöku samningsins skulu EFTA-ríki afnema innflutningstolla á vörum sem upprunnar eru í Tyrklandi og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif og í gildi voru 1. janúar 1991, að undanskildum vörum sem tilgreindar eru í III. og IV. viðauka. Tollar á þeim vörum skulu afnumdir í áföngum í samræmi við ákvæði viðaukanna.

3. Frá og með gildistöku samningsins skal Tyrkland afnema í áföngum innflutningstolla á vörum sem upprunnar eru í EFTA-ríki og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif og í gildi voru 23. nóvember 1970 með því fyrirkomulagi og samkvæmt þeirri tímaáætlun sem kveðið er á um í II., IV. og V. viðauka.

4. Að því er varðar einstakar vörur, skal grunntollur sá, sem lækkaður er eins og kveðið er á um í 2. og 3. tölul., samsvara bestu-kjara tollinum sem í gildi er á ofannefndum dagsetningum.

5. gr.

Fjáröflunartollar

1. Ákvæði 1. til 3. tölul. 4. gr. gilda þar að auki um fjáröflunartolla að öðru leyti en kveðið er á um í VI. viðauka.

2. Samningsríki geta lagt á fjáröflunargjöld í stað fjáröflunartolla eða þess hluta tolls sem er fjáröflunareðlis.

6. gr.

Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir útflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif verða lagðir á viðskipti milli EFTA-ríkja og Tyrklands.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif afnumin að öðru leyti en kveðið er á um í VII. viðauka.

7. gr.

Magntakmarkanir og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á inn- eða útflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkja og Tyrklands, að öðru leyti en kveðið er á um í VIII. viðauka.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á inn- eða útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í VIII. viðauka.

3. Í þessum samningi merkja „magntakmarkanir og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif" öll bönn við og allar takmarkanir á inn- eða útflutningi vara frá Tyrklandi til EFTA-ríkis eða frá EFTA-ríki til Tyrklands sem komið er á með kvótum, inn- eða útflutningsleyfum eða öðrum ráðstöfunum eða skilyrðum stjórnvalda sem takmarka viðskipti.

8. gr.

Takmarkanir af ástæðum öðrum en efnahagslegum

Samningurinn útilokar ekki að komið sé á banni eða takmörkunum á innflutningi, útflutningi eða umflutningi ef aðgerðir þessar réttlætast af ástæðum sem varða almennt siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, líf og heilsu manna og dýra, gróðurvernd, verndun þjóðarverðmæta sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, einkaréttindi á sviði iðnaðar og verslunar eða reglur um meðferð á gulli og silfri. Slíkum bönnum og takmörkunum má þó engan veginn beita til gerræðislegrar mismununar eða til að leggja dulin höft á viðskipti milli samningsaðilanna.

9. gr.

Ríkiseinokun

1. Samningsríkjunum ber að gera ráðstafanir til að tryggja að ríkiseinokun á einhverju sviði viðskipta valdi ekki mismunun milli ríkisborgara EFTA-ríkja og Tyrklands að því er varðar innkaup eða markaðssetningu vara.

2. Ákvæði greinar þessarar ná til allra stofnana sem lögbær yfirvöld þeirra ríkja sem að samningnum standa geta að lögum eða í raun beitt fyrir sig beint eða óbeint til að hafa eftirlit með eða stjórna inn- eða útflutningi milli samningsríkjanna eða hafa veruleg áhrif á hann. Ákvæðin ná auk þess til einokunar sem ríkið afsalar sér öðrum.

10. gr.

Upplýsingaskipti vegna draga að tæknilegum reglugerðum

EFTA-ríkjum og Tyrklandi ber að tilkynna hvert öðru með eins löngum fyrirvara og gerlegt er og samkvæmt þeim reglum sem settar eru í IX. viðauka um drög að tæknilegum reglugerðum og breytingar á þeim sem þau hyggjast gefa út.

11. gr.

Viðskipti með landbúnaðarafurðir

1. Samningsríki lýsa sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samfelldri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir.

2. Til að ná þessum markmiðum hefur hvert EFTA-ríki gert tvíhliða samning við Tyrkland er kveður á um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

3. Samningsríkjum ber að beita reglum sínum um búfjár- og jurtasjúkdóma og heilbrigðiseftirlit í landbúnaði án mismununar og forðast að gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti á óréttmætan hátt.

12. gr.

Innlendar álögur

1. Samningsríkjum ber að forðast allar fjármálaráðstafanir og -aðgerðir innanlands sem hafa beint eða óbeint í för með sér mismunun milli vara frá EFTA-ríki og sambærilegra vara frá Tyrklandi.

2. Vörur, sem fluttar eru út til samningsríkis, skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum álögum en nemur beinum og óbeinum gjöldum sem hafa verið lögð á þær.

13. gr.

Greiðslur

Engin höft má leggja á greiðslur sem fara fram vegna vöruviðskipta milli EFTA-ríkis og Tyrklands eða yfirfærslu á þessum greiðslum til samningsríkis þar sem kröfuhafinn er búsettur.

Samningsríkjum ber að forðast að takmarka, með ákvæðum um gjaldeyrisviðskipti eða fyrirkomulag afgreiðslu, veitingu, endurgreiðslu eða viðtöku bankaábyrgða til skamms eða meðallangs tíma.

14. gr.

Opinber innkaup

1. Samningsríkin telja það vera meðal grundvallarmarkmiða samnings þessa að auka frjálsræði í innkaupum hins opinbera.

2. Samningsríkjum ber að aðlaga skilyrði sem þau setja fyrir þátttöku í samningum sem boðnir eru út og gerðir af opinberum yfirvöldum og fyrirtækjum, og af einkafyrirtækjum sem njóta sér- eða einkaréttinda, stig af stigi til að tryggja skýrleika í gerð samninga og koma í veg fyrir mismunun milli birgja frá samningsríkjunum.

3. Fyrirkomulag við raunverulegt eftirlit er eftirlátið sameiginlegu nefndinni og skal útfært þannig að jafnvægi ríki milli réttinda og skuldbindinga samningsríkjanna. Sameiginlega nefndin ákveður, svo fljótt sem auðið er, gildissvið, tímasetningar og reglur sem nauðsynleg eru með tilliti til lausna þeirra sem samið hefur verið um í Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti og við þriðju ríki í þessum málum.

4. Samningsríkin skulu leitast við að fara eftir viðeigandi samningum innan ramma Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

15. gr.

Vernd hugverka

1. Til að tryggja hnökralausa framkvæmd samningsins í samræmi við markmið hans og til að koma í veg fyrir röskun viðskipta ber samningsríkjum að gera ráðstafanir til að veita og tryggja nægilega og árangursríka einkaréttarvernd fyrir hugverk.

2. Samningsríkin skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að vernda einkarétthafa gegn brotum, einkum eftirlíkingum og ólöglegri nýtingu.

3. Til þess að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðlegum samningum um einkarétt til hugverka skal Tyrkland ekki veita ríkisborgurum EFTA-ríkja vernd sem er takmarkaðri en sú sem veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Sú vernd sem EFTA-ríki veita tyrkneskum ríkisborgurum skal ekki vera takmarkaðri en sú sem Tyrkland veitir ríkisborgurum þeirra.

4. Einstökum EFTA-ríkjum og Tyrklandi er heimilt að gera frekari samninga sín í milli sem kveða á um víðtækari vernd en gert er að skilyrði samkvæmt samningi þessum að því tilskildu þó að öll EFTA-ríki geti gerst aðila að þeim á sambærilegum skilmálum og að samningsaðilarnir séu tilbúnir að hefja samningaviðræður í því augnamiði í góðri trú.

5. Sameiginlega nefndin skal fylgjast með framkvæmd ákvæða um einkarétt til hugverka. Að beiðni samningsríkis skal sameiginlega nefndin efna til viðræðna um öll mál er varða einkarétt til hugverka.

6. Samningsríki samþykkja, að beiðni sérhvers samningsríkis, að hafa samráð við sérfræðinga um aðgerðir vegna gildandi eða fyrirhugaðra tvíhliða samninga eða alþjóðasáttmála um samhæfingu ákvæða um einkarétt til hugverka og um stjórnun og eftirlit með þeim, og um aðgerðir innan alþjóðasamtaka og vegna samskipta þeirra við þriðju ríki varðandi einkarétt til hugverka.

16. gr.

Efndir skuldbindinga

1. Samningsríkjum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að markmið samningsins náist fram og að þau standi við skuldbindingar sínar samkvæmt honum.

2. Telji EFTA-ríki að Tyrkland hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar, eða telji Tyrkland að EFTA-ríki hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar, er hlutaðeigandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær reglur sem settar eru í 23. gr.

17. gr.

Reglur um samkeppni milli fyrirtækja

1. Að því leyti sem þau hafa áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Tyrklands samrýmast eftirfarandi atriði ekki réttri framkvæmd samningsins:

a) allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks;

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu sinni á yfirráðasvæði samningsríkis í heild eða á verulegum hluta þess.

2. Ákvæði þessi gilda þar að auki um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttinda sem samningsríki hafa veitt þeim, en beiting ákvæðanna má þó ekki hindra, að lögum eða í raun, starfsemi þeirra í opinbera þágu.

3. Telji samningsríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki grein þessari er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær reglur sem settar eru í 23. gr.

18. gr.

Ríkisaðstoð

1. Öll opinber aðstoð, sem samningsríki lætur í té beint eða óbeint með einhverju móti eða í gegnum opinbera fjárveitingu, sem raskar eða gæti raskað samkeppni með því að veita einstökum fyrirtækjum eða einstakri framleiðslugrein forréttindi, samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Tyrklands.

2. Meta skal aðgerðir sem brjóta í bága við 1. tölul. á grundvelli skilyrða sem tilgreind eru í X. viðauka.

3. Að því er varðar framkvæmd 1. og 2. tölul. er Tyrklandi heimilt, fram að 31. desember 1995 og í samræmi við skuldbindingar sínar gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu, að veita

a) meiri aðstoð en EFTA-ríkjum er leyfilegt samkvæmt ráðstöfunum sem um getur í c-lið X. viðauka og

b) óbeina styrki til útflutnings

er miða að því að styrkja efnahag landsins. Verði litið svo á að þessi aðstoð samrýmist réttri framkvæmd samningsins, raski hún ekki skilyrði fyrir viðskiptum svo mjög að skaðað gæti hagsmuni samningsríkja.

4. Samningsríkin skulu tryggja skýrleika í meðferð ríkisaðstoðar með því að skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í XI. viðauka. Sameiginlega nefndin skal samþykkja reglur sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd þessa töluliðar innan eins árs frá gildistöku samningsins.

5. Telji samningsríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki 1. til 3. tölul. í grein þessari er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær reglur sem settar eru í 23. gr.

19. gr.

Undirboð

1. Verði samningsríki vart við að beitt er undirboðum í viðskiptum sem heyra undir samninginn getur það gripið til viðeigandi gagnráðstafana, í samræmi við VI. grein Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og ákvæði sem sett voru með samningum er tengjast þeirri grein, samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær reglur sem settar eru í 23. gr.

2. Samningsríkin skulu leitast við að fara eftir viðeigandi samningum innan ramma Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

20. gr.

Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinna vara

Þegar innflutningur tiltekinnar vöru, sem er upprunnin í EFTA-ríki eða Tyrklandi, eykst svo mjög eða við skilyrði sem valda eða valdið gætu:

a) alvarlegu tjóni fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra vara eða samkeppnisvara á yfirráðasvæði annars samningsríkis, eða

b) alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til alvarlegra efnahagsþrenginga á einstökum landssvæðum,

er viðkomandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær reglur sem settar eru í 23. gr.

21. gr.

Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur

Leiði beiting ákvæðanna í 6. og 7. gr. til þess að:

1) vara verði flutt aftur út til þriðja ríkis, og samningsríkið sem flutt er út frá hefur beitt magntakmörkunum, útflutningstollum eða ráðstöfunum sem hafa sambærileg áhrif gagnvart útflutningi umræddrar vöru þangað eða

2) alvarlegur skortur verði, eða gæti orðið, á vöru sem samningsríki sem flutt er út frá er nauðsynleg

og þar sem ofangreindar ástæður valda, eða gætu valdið, alvarlegum vandkvæðum fyrir samningsríki sem flutt er út frá, er viðkomandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær reglur sem settar eru í 23. gr.

22. gr.

Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

1. Lendi samningsríki í erfiðleikum, eða sjái það fram á yfirvofandi erfiðleika, varðandi greiðslujöfnuð sinn er því heimilt að víkja frá ákvæðum 4. og 7. gr. og grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær reglur sem settar eru í 23. gr.

2. Samningsríki ber að tilkynna það sameiginlegu nefndinni fyrirfram áður en ráðstafanir sem um getur í 1. tölul. eru gerðar og skal sameiginlega nefndin fjalla um þær áður en þær koma til framkvæmda, sé þess nokkur kostur.

3. Beiting slíkra ráðstafana af hálfu samningsríkis skal þó vera með fyrirvara um viðeigandi ákvæði Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, um yfirlýsingu þess árið 1979 vegna viðskiptaráðstafana sem gerðar eru vegna greiðslujafnaðar og um viðeigandi gjörninga sem samningsríki koma til með að samþykkja í framtíðinni fyrir tilstilli Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

4. Sameiginlega nefndin skal fylgjast með framkvæmd ákvæðanna, einkum með það fyrir augum að koma í veg fyrir alvarlega röskun á framkvæmd samningsins. Henni ber, m.a. sem liður í slíku eftirliti eða að beiðni samningsríkis, að kanna þörf á að viðhalda ráðstöfunum sem gerðar hafa verið.

23. gr.

Aðferð við beitingu öryggisráðstafana

1. Áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum sem tilgreindar eru í þessari grein skulu samningsríkin leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum samningsríkjum þar um.

2. Í þeim tilvikum sem fjallað er um í 16. til 22. gr. tilkynnir samningsríki, sem íhugar að beita öryggisráðstöfunum, sameiginlegu nefndinni þegar þar um. Samningsríki, sem í hlut eiga, láta sameiginlegu nefndinni í té allar upplýsingar, sem komið geta að notum, og veita henni nauðsynlega aðstoð við rannsókn málsins. Hefja skal viðræður milli þeirra innan sameiginlegu nefndarinnar án tafar til að leita lausnar sem öll ríki geta sætt sig við.

3. Hafi samningsríkið sem í hlut á ekki bundið enda á athæfið sem til umfjöllunar er eða erfiðleika þá sem tilkynnt var um innan þriggja mánaða frá því að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er hlutaðeigandi samningsríki heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegt til að bæta úr ástandinu.

4. Skylt er að tilkynna sameiginlegu nefndinni þegar um allar öryggisráðstafanir sem gripið er til. Umfang þeirra og gildistími skal takmarkast við það sem óhjákvæmilegt er til að bæta úr því ástandi sem kallaði á þær og skulu í öllu falli ekki valda meiri skaða en þegar hefur orðið. Reynt skal eftir megni að beita raðstöfunum sem hindra framkvæmd samningsins sem minnst. Ráðstafanir sem Tyrkland grípur til vegna aðgerða eða aðgerðaleysis EFTA-ríkis eða ráðstafanir sem EFTA-ríki grípur til vegna aðgerða eða aðgerðaleysis Tyrklands skulu einungis beinast að viðskiptum við það ríki.

5. Efna skal til reglubundins samráðs um öryggisráðstafanir í sameiginlegu nefndinni og leita leiða til að draga úr þeim, finna aðra valkosti í stað þeirra eða afnema þær án tafar.

6. Þegar óvenjulegar aðstæður kalla á tafarlausar aðgerðir og útiloka að þær verði kannaðar fyrirfram getur viðkomandi samningsríki, í tilvikum sem um ræðir í 19. til 22. gr., gripið strax til bráðabirgðaráðstafana sem brýn þörf er á til að bæta úr ástandinu. Tilkynna ber sameiginlegu nefndinni um ráðstafanirnar án tafar og efna til samráðs milli samningsríkja sem í hlut eiga innan sameiginlegu nefndarinnar.

24. gr.

Undanþágur af öryggisástæðum

Ekkert ákvæði þessa samnings kemur í veg fyrir að samningsríki geri ráðstafanir sem það telur nauðsynlegar:

a) til að koma í veg fyrir uppljóstranir sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum,

b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni, standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu sína

   i) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og herbúnað og önnur viðskipti með vörur, efni eða þjónustu sem fer fram beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila, eða

   ii) gagnvart útbreiðslu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengja, eða

   iii) á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna ríkir í alþjóðamálum.

25. gr.

Skipun sameiginlegu nefndarinnar

1. Sameiginleg nefnd er hér með sett á stofn sem skipuð er fulltrúum allra samningsríkja. Sameiginlegu nefndinni ber að annast stjórnun og rétta framkvæmd samningsins.

2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsríki skiptast á upplýsingum og bera saman ráð sín í sameiginlegu nefndinni að beiðni samningsríkis. Sameiginlega nefndin skal kanna af og til frekari möguleika á að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli Tyrklands og EFTA-ríkja.

3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem kveðið er á um í samningnum í samræmi við ákvæði 3. tölul. 26. gr. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

26. gr.

Störf sameiginlegu nefndarinnar

1. Til að annast framkvæmd samningsins eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin, skipuð á viðeigandi hátt, saman eins og nauðsyn ber til en eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu hljóta samhljóða samþykki.

3. Hafi fulltrúi samningsríkis í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um nauðsynlegt samþykki viðkomandi ríkisins skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem af því verður, sé ekki kveðið á um annað.

4. Sameiginlega nefndin setur eigin starfsreglur er kveða á um, m.a., hvernig boða skal til fundar, hver veitir nefndinni formennsku og hve lengi formaður skal sitja.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

27. gr.

Þróunarákvæði

1. Þegar samningsríki telur það til framdráttar efnahagi samningsríkja að þróa enn frekar þau samskipti sem til hefur verið stofnað með samningnum með því að láta þau ná til sviða sem hann tekur ekki til, sendir það hinum ríkjunum rökstudda beiðni þar um.

Samningsríkin geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna beiðnina og leggja fram tillögur þar að lútandi þegar við á.

2. Samningar, sem kunna að verða gerðir eftir þeirri leið sem um getur í 1. tölul., eru með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki samningsríkja eins og ráð er fyrir gert í landslögum þeirra.

28. gr.

Breytingar

Breytingar við samninginn, að öðru leyti en um getur í 3. tölul. 25. gr., sem sameiginlega nefndin samþykkir, skulu lagðar fyrir samningsríkin til samþykkis og öðlast gildi þegar öll ríki hafa samþykkt þær. Fullgildingarskjölum skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

29. gr.

Bókanir og viðaukar

Bókanir A, B og C og I. til XI. viðauki við samninginn eru óaðskiljanlegir hlutar hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið breytingar á bókunum og viðaukum.

30. gr.

Viðskipti sem heyra undir aðra samninga

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir það að stofnuð verði tollabandalög eða fríverslunarsvæði eða samkomulag gert um landamæraviðskipti eða slíku haldið við að því marki sem það hefur ekki neikvæð áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna, einkum í gegnum upprunareglurnar sem kveðið er á um í samningnum.

31. gr.

Landsvæði þar sem samningur þessi gildir

Samningurinn tekur til yfirráðasvæða ríkjanna sem undirrita hann.

32. gr.

Aðild

1. Sérhvert ríki sem aðild á að Fríverslunarsamtökum Evrópu getur gerst aðili að samningnum, svo framarlega sem sameiginlega nefndin ákveður að samþykkja aðild þess, með þeim kjörum og skilyrðum sem sett kunna að verða í þeirri ákvörðun. Aðildarskjalinu skal koma í vörslu til vörsluaðila.

2. Að því er varðar ríki, sem gerist aðili, skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu.

33. gr.

Úrsögn og niðurfelling samningsins

1. Sérhvert samningsríki getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna það vörsluaðila skriflega. Úrsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að hún berst vörsluaðilanum.

2. Dregur Tyrkland aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn og ef öll EFTA-ríki draga aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi eftir að síðasti uppsagnarfresturinn er liðinn.

3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningnum af þeim sökum niður þann dag er úrsögnin tekur gildi.

34. gr.

Gildistaka

1. Samningurinn öðlast gildi 1. apríl 1992 að því tilskildu að samningsríkin hafi afhent vörsluaðila fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín.

2. Hafi samningurinn ekki öðlast gildi í samræmi við ákvæði 1. tölul. og að því tilskildu að Tyrkland hafi afhent vörsluaðila fullgildingar- eða staðfestingarskjal sitt ber þeim ríkjum, sem undirritað hafa samninginn og komið hafa slíkum skjölum til vörsluaðila, að halda fund fyrir 1. maí 1992 og geta þau ákveðið hvenær samningurinn öðlist gildi að því að þau varðar. Hafi slík ákvörðun ekki verið tekin ber að halda fund til þess eigi síðar en þrjátíu dögum eftir að eitt ríki til viðbótar hefur afhent skjal sitt.

3. Þegar um er að ræða ríki sem undirritar samninginn og afhendir fullgildingar- eða staðfestingarskjal eftir fundinn sem um getur í 2. tölul. öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalið hefur verið afhent vörsluaðila en ekki fyrr en ákveðið var í samræmi við 2. tölul.

35. gr.

Vörsluaðili

Ríkisstjórn Svíþjóðar, sem gegnir hlutverki vörsluaðila, tilkynnir öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum um afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu eða aðild, gildistöku samningsins eða um aðrar gerðir eða tilkynningar sem snerta samninginn eða niðurfellingu hans.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Genf, 10. desember 1991, í einu eintaki á ensku sem látið skal í vörslu ríkisstjórnar Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita samninginn og gerast aðilar, staðfest afrit.

I. VIÐAUKI
SEM UM GETUR Í A-LIÐ 1. TÖLUL. 2. GR.

Samningurinn tekur ekki til vara sem heyra undir 25. til 97. kafla í samræmdu tollskránni (ST) og skráðar eru í töflunni við viðauka þennan.

TAFLA VIÐ I. VIÐAUKA

ST-númer	Vörulýsing	Undanþegin ef flutt inn til
2905 —	Raðtengd alkóhól og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:	
	– Önnur pólhýdrísk alkóhól	
2905.43	— Mannitól	Tyrklands
2905.44	— D-glúkitól (sorbitól)	Tyrklands
3501 —	Kaseín, kaseínöt og aðrar kaseínafleiður; kaseínlím:	
3501.10	– Kaseín	Liechtensteins Sviss, Tyrklands
úr 3501.90	– Annað — Annað en kaseínlím	Liechtensteins Sviss, Tyrklands
3502 —	Albúmín, albúmínöt og aðrar albúmínafleiður:	
úr 3502.10	– Eggjaalbúmín: — Annað en það sem er, eða verður gert, óhæft til manneldis	Allra EFTA-ríkja, Tyrklands

ST-númer	Vörulýsing	Undanþegin ef flutt inn til
úr 3502.90	– Annað:	
	— Mjólkuralbúmín (laktoalbúmín), en það sem er, eða verður gert, óhæft til manneldis	Allra EFTA-ríkja, Tyrklands
3505 —	Dextrín og önnur umbreytt sterkja (t.d. forgelatíneruð eða esteruð sterkja); lím að meginstofni úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju:	
úr 3505.10	– Dextrín og önnur umbreytt sterkja	
	A - Esterarsterkjur og esterar;	Austurríkis
	1 - Vatnsleysanleg	Tyrklands
	B - Annað	
3505.20	– Lím	Austurríkis, Tyrklands
3809 —	Áferðar- og íburðarefni (finishing agents), litberar til að hraða litun eða festingu litunarefna og aðrar vörur og blöndur (t.d. fyllir og litfestir) sem notað er í textíl-, pappírs-, leður- eða skyldum iðnaði, ót.a.:	
3809.10	– Að stofni til úr sterkjukenndum efnum úr B - Annað, undanskildir eru fyllir og litfestir	Austurríkis Tyrklands
	– Annað:	
3809.91	— Til nota í textíliðnaði:	
	A - inniheldur sterkju eða afleiður sterkju	Austurríkis
3809.92	— Til nota í pappírsiðnaði:	
	A - inniheldur sterkju eða afleiður sterkju	Austurríkis
3809.99	— Annað	
	A - inniheldur sterkju eða afleiður sterkju	Austurríkis

ST-númer	Vörulýsing	Undanþegin ef flutt inn til
3823 —	Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðsla kemísks eða skylds iðnaðar (þar með taldar blöndur úr náttúrulegum efnum), ót.a.; úrgangsefni kemísks eða skylds iðnaðar ót.a.;	
3823.10	– Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna:	
	A - að meginstofni úr sterkju eða dextríni	Austurríkis
3823.90	– Annað:	
	A – Vörur þar sem heildarinnihald sykurs, sterkju, sterkjuafleiða eða vara sem heyra undir nr. 0401 til 0404: 1 - a.m.k. 30% af þyngd	Austurríkis
4501 —	Náttúrulegur korkur, óunninn eða aðeins forunninn; korkúrgangur; brotinn, kurlaður eða malaður korkur	Austurríkis, Íslands, Liechtenstein, Sviþjóðar, Sviss, Tyrklands
5301 —	Hör, óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hörruddi og hörúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni)	Austurríkis, Liechensteins, Sviþjóðar, Sviss, Tyrklands
5302 —	Hampur (Cannabis sativa L.), óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hampruddi og hampúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni)	Austurríkis, Liechtensteins, Sviþjóðar, Sviss, Tyrklands

BÓKUN A

UM VÖRUR SEM UM GETUR Í B-LIÐ 1. TÖLUL. 2. GR. SAMNINGSINS

1. gr.

Ákvæði samningsins taka til vara sem skráðar eru í töflu I.

2. gr.

1. Til þess að taka megi til greina mismunandi kostnað landbúnaðarhráefnis sem síðan er notað í vörur sem skráðar eru í töflunum sem um getur í grein þessari, útilokar samningurinn ekki:

i) að heimilt sé að leggja hlutfallslegt eða fast jöfnunargjald á vörur eða að taka upp aðrar verðjöfnunarálögur;

ii) að álögur séu lagðar á útflutning.

2. Verðjöfnunarálögur skulu ekki vera hærri en nemur mismuninum milli verðs landbúnaðarafurða, sem notaðar eru í umræddri vöru, á innlendum markaði og heimsmarkaðsverðs þeirra. Sé innlent verð landbúnaðarafurðar lægra en heimsmarkaðsverð hennar er innflutningsríkinu heimilt að taka slíkt til greina þegar upphæðir til jöfnunar eru reiknaðar.

3. Allar vörur frá Tyrklandi skráðar í töflum II, III, IV, V og VI skulu fá sömu meðferð af hálfu EFTA-ríkja og sömu vörur frá Efnahagsbandalagi Evrópu fengu 1. janúar 1991.

4. Meðferð sem beitt er af hálfu Íslands er sýnd í töflu VII. Í 1. lista er að finna tolla og í 2. lista fjáröflunartolla. Íslandi er þó heimilt að láta aðrar verðjöfnunarálögur koma í stað þessara tolla í samræmi við 1. og 2. tölul. þessarar greinar.

5. Taki Tyrkland upp verðjöfnunarálögur að því er varðar vörur sem heyra undir 1. til 24. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá skal bæta við töflu við bókun þessa þar sem viðkomandi vörur eru skráðar.

3. gr.

Allar vörur frá EFTA-ríkjum sem skráðar eru í töflu VIII skulu fá sömu meðferð af hálfu Tyrklands og sömu vörur frá Efnahagsbandalagi Evrópu fá. Þegar um er að ræða vörur sem heyra undir 1. til 24. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá en ekki eru skráðar í II. viðauka við stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu ber Tyrklandi þar að auki að veita öllum EFTA-ríkjum sömu ívilnanir og það veitir Efnahagsbandalaginu eða einstöku EFTA-ríki.

4. gr.

1. EFTA-ríki tilkynna Tyrklandi, og Tyrkland EFTA-ríkjum, um allar verðjöfnunarálögur sem lagðar eru á samkvæmt 2. gr. bókunar þessarar.

2. Tyrkland tilkynnir EFTA-ríkjum um allar breytingar sem verða á meðferð vara frá Efnahagsbandalagi Evrópu eða einstökum EFTA-ríkjum samkvæmt 3. gr. bókunar þessarar.

TAFLA I VIÐ BÓKUN A

ST-númer	Vörulýsing
1404 —	Vörur úr jurtaríkinu, ót.a.:
	greindar eða taldar með annars staðar
1404.20	– Baðmullardúnn (linters)
1516 —	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða hluta, víxlesterað, enduresterað eða elaídínerað, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:
úr 1516.20	– Jurtafeiti og -olíur og þættir þeirra:
	— Vetnuð laxerolía, s.n. „ópalvax“
1518 —	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, soðið, oxað, vatnssneytt, brennisteinsborið, blásið, fjölliðað með hita í lofttómi eða í eðalgasi eða umbreytt með öðrum hætti, þó ekki það sem er í nr. 1516; blöndur eða framleiðsla, ekki til manneldis, úr feiti eða olíum úr dýra- eða jurtaríkinu eða úr þáttum úr mismunandi feiti eða olíum þessa kafla ót.a.
úr 1518.00	– Línoxyn

II. VIÐAUKI

UM VÖRUR SEM UM GETUR Í D-LIÐ 1. TÖLUL. 2. GR.

Vörur sem skráðar eru í töflunni við viðauka þennan og upprunnar eru í EFTA-ríki njóta 60% tollalækkunar í Tyrklandi frá og með gildistöku samningsins eins og mælt er fyrir um í 2. tölul. V. viðauka.

TAFLA VIÐ II. VIÐAUKA

Fiskur og aðrar sjávarafurðir sem ákvæði samningsins ná til að því er varðar viðskipti milli Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, annars vegar, og Tyrklands, hins vegar

ST-númer	Vörulýsing
02.08	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst
úr 02.08.90	– Annað: – – Af hvölum([1])
3. kafli	Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar([2])
15.04	Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt([1])
15.16	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða að hluta, víxlesterað, enduresterað eða elaídínerað, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:
úr 15.16.10	– Dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra: – – Feiti og olíur unnar eingöngu úr fiski og sjávarspendýrum og efnisþættir þeirra([1])
16.03	Kjarnar og safar úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum:

([1]) Innflutningur hvalaafurða er bannaður í Finnlandi og Svíþjóð.

([2]) Til þess að innflutningur fisks og annarra sjávarafurða til Finnlands og Svíþjóðar njóti ekki betri kjara þegar afurðirnar eru upprunnar í Tyrklandi en þegar um er að ræða afurðir upprunnar í öðru EFTA-ríki ber sameiginlegu nefndinni að tilgreina innan þriggja mánaða frá því samningurinn öðlast gildi tímabundnar undantekningar sem nauðsynlegar eru til að bæta úr vandkvæðum sem að því leiðir. Um leið ber nefndinni að útfæra nánar þau ákvæði sem gilda skulu um viðskipti með fisk og sjávarafurðir milli EFTA-ríkja og Tyrklands á grundvelli reglna sem í gildi eru innan EFTA.

ST-númer	Vörulýsing
úr 16.03.00	– Kjarnar og safar úr hvalkjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum
16.04	Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra
16.05	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, lagað eða varið skemmdum
23.01	Mjöl, fínmalað eða grófmalað, og kögglar, úr kjöti eða hlutum úr dýrum, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis; hamsar
úr 23.01.10	– Mjöl, fínmalað eða grófmalað, og kögglar úr kjöti eða hlutum úr dýrum; hamsar – – Hvalmjöl([1])
23.01.20	– Mjöl, fínmalað eða grófmalað, og kögglar úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum
23.09	Framleiðsla til dýraeldis
úr 23.09.90	– Önnur: – – Uppleysanleg efni úr fiski

([1]) Innflutningur hvalaafurða er bannaður í Finnlandi og Svíþjóð.

Fiskur og aðrar sjávarafurðir sem ákvæði samningsins ná til að því er varðar viðskipti milli Austurríkis, Liechtensteins og Sviss, annars vegar, og Tyrklands, hins vegar

ST-númer	Vörulýsing
3. kafli	Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar
úr 3. kafla	– Sjávarfiskur – Áll – Lax – Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, lagað eða varið skemmdum
16.05	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, lagað eða varið skemmdum

VIII. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 2. TÖLUL. 7. GR.

1. Bann við innflutningstakmörkunum gildir ekki um vörur sem skráðar eru í töflu A við viðauka þennan.

2. Bann við útflutningstakmörkunum gildir ekki um vörur sem skráðar eru í töflu B við viðauka þennan.

3. Tilhögun sem höfð verður við afnám magntakmarkana á inn- og útflutningi í Tyrklandi er tilgreind í töflu C við viðauka þennan.

TAFLA A VIÐ VIII. VIÐAUKA

Vörur sem heyra ekki undir ákvæði um bann við innflutningstakmörkunum eða afnám þeirra

ST-númer	Vörulýsing	Land
27.02	Brúnkol, einnig mótuð, þó ekki svartaraf:	
27.02.10	– Brúnkol, einnig mulin en ómótuð	Austurríki
27.09	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óunnar	Ísland
27.10	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þunga 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar	
úr 27.10	–Jarðolíur unnar að hluta til, þ.m.t. fleyttar hráolíur –Bensín, að undanskildu flugvélabensíni –Gasolíur, brennsluolíur –Þykkar brennsluolíur	Ísland
96.03	Sópar, burstar (þar með taldir burstar sem eru hlutar af vélum, tækjum eða ökutækjum), handstýrðir vélrænir gólfsópar, án hreyfils, þveglar og fjaðrakústar; tilbúin knippi eða vöndlar til framleiðslu á sópum eða burstum; málningarpúðar og -rúllur; skaftþvögur (þó ekki rúlluþvögur):	
úr 96.03	Sópar og burstar (að undanskildum burstum sem eru hlutar af vélum, málningarrúllum, skaftþvögum, þveglum, penslum listamanna og tannburstum)	Ísland

TAFLA B VIÐ VIII. VIÐAUKA

Vörur sem heyra ekki undir ákvæði um bann við útflutningstakmörkunum

ST-númer	Vörulýsing	Land
72.04	Járnúrgangur og járnrusl; úrgangs steypuhleifar úr járni eða stáli til endurbræðslu	Austurríki, Finnland, Svíþjóð, Liechtenstein, Sviss
úr 72.04	Járnúrgangur og járnrusl, að undanskildum úrgangs steypuhleifum úr járni eða stáli til endurbræðslu	Norway
úr 72.–73. kafla	Vörur sem heyra undir ákvæði samningsins milli Svíþjóðar og KSBE og eru augljóslega notaðar eða líklegt má telja að þær verði notaðar til að framleiða nýjar málmvörur	Svíþjóð
74.03	Hreinsaður kopar og koparblendi, óunninn:	
úr 74.03	–Steypuhleifar eða svipaðar óunnar vörur steyptar úr endurunnum kopar og rusli	Austurríki, Noregur
74.04	Koparúrgangur og koparrusl	Austurríki, Noregur
76.02	Álúrgangur og álrusl	Austurríki, Noregur
80.02	Tinúrgangur og tinrusl	Noregur
89.06	Önnur för, þar með talin herskip og björgunarbátar, þó ekki árabátar:	
úr 89.06	–Kennsluskip (skólaskip)	Noregur
89.08	För og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs	Noregur, Finnland

TAFLA C VIÐ VIII. VIÐAUKA

Afnám magntakmarkana á inn- og útflutningi í Tyrklandi

1. Að því er varðar afnám magntakmarkana á innflutningi til Tyrklands frá EFTA-ríkjum og útflutningi til þeirra er að því stefnt með samningi þessum að Tyrkland breyti núverandi reglum til samræmis við skuldbindingar sínar gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu.

2. Eftirfarandi tilhögun við afnám magntakmarkana á innflutningi frá EFTA-ríkjum kemur því til framkvæmda:

a) Frá og með undirritun samnings þessa beitir Tyrkland engum magntakmörkunum á innflutningi eða ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif.

b) Við gildistöku samningsins skal sú vöruskrá sem nær til 80% innflutnings til Tyrklands á vegum einkaaðila frá Efnahagsbandalagi Evrópu á árinu 1967 og nýtur aukins frjálsræðis í innflutningi einnig gilda gagnvart EFTA-ríkjum.*

c) Tyrkland áskilur sér rétt til að beita á ný magntakmörkunum á vörum sem ekki eru skráðar á áðurnefndum lista að því marki sem slíkt samrýmist skuldbindingum landsins gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu. Sé magntakmörkunum beitt á ný ber Tyrklandi að tilkynna það EFTA-ríkjum og taka þátt í samráði þar að lútandi í sameiginlegu nefndinni.

d) Allar magntakmarkanir á innflutningi til Tyrklands verða afnumdar eigi síðar en í árslok 1995.

3. Frá og með undirritun samnings þessa beitir Tyrkland engum magntakmörkunum á útflutningi.

Ef Tyrkland áformar að taka upp magntakmarkanir á útflutningi grunnvara til að efla þróun tiltekinna greina atvinnulífsins eða til að mæta skorti á þessum vörum ber því að hafa samráð við EFTA-ríki um slíkt í sameiginlegu nefndinni áður en ráðstafanir þar að lútandi eru gerðar.

4. Breytingar á skuldbindingum Tyrklands gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu að því er þetta varðar skulu tilkynntar sameiginlegu nefndinni.

(*) Tilvísanir í Opinber stjórnartíðindi Tyrklands fylgja.

Viðbætir við VIII. viðauka

Samræmingin nær til 80% framleiðsluvara eins og kveðið er á um í eftirfarandi reglugerðum í Opinberum stjórnartíðindum Tyrklands:

	Opinber stjórnartíðindi nr.
4. janúar 1972	14062
6. janúar 1976	15460
7. mars 1989	20101
22. maí 1990	20613
27. maí 1991	20883

IX. VIÐAUKI

Aðferð við að tilkynna um drög að tæknilegum reglugerðum

1. gr.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „tæknilýsing“: lýsing í skjali þar sem tilgreindir eru þeir eiginleikar sem framleiðsluvara verður að hafa, þar með talið gæðastig, skil, öryggi eða stærðir og aðrar kröfur er lúta að íðorðanotkun, táknum, prófunum og prófunaraðferðum, umbúðum, áletrun eða umbúðamerkingum;

b) „tæknileg reglugerð“: tæknilýsing, þar með talin viðeigandi stjórnsýsluákvæði, sem skylt er, samkvæmt lögum eða venjum, að fylgja við markaðssetningu eða notkun í aðildarríki eða stórum hluta þess, að undanskildum fyrirmælum sveitarstjórna;

c) „drög að tæknilegri reglugerð“: texti tæknilýsingar, þar með talin stjórnsýsluákvæði, sem áformað er að samþykkja eða leggja fram til samþykkis sem tæknilega reglugerð, enda sé textinn á því samningsstigi að enn megi gera verulegar breytingar;

d) „framleiðsluvara“: allar vörur og afurðir sem samningur þessi tekur til.

2. gr.

1. Í tilkynningu er skylt að:

a) hafa fullan texta draga að tæknilegri reglugerð á frummálinu ásamt þýðingu eða samantekt á ensku;

b) tiltaka hvort drögin að tæknilegri reglugerð eru eins og tæknilýsing á sama sviði sem samin var af alþjóðlegum eða svæðisbundnum samtökum eða hvort þau eru frábrugðin slíkri tæknilýsingu; þegar vikið er frá slíkum tæknilýsingum ber að tilgreina ástæður fyrir því;

c) greina frá nafni og póstfangi aðila á vegum landsyfirvalda sem bær er til að veita frekari upplýsingar um reglugerðina;

d) tiltaka fyrirhugaðan gildistökudag.

2. Þegar gildandi alþjóðlegur eða evrópskur staðall er einungis gerður að landsstaðli í heild sinni með drögum að tæknilegri reglugerð nægir að birta upplýsingar um staðalinn sem um ræðir.

3. gr.

EFTA-ríkjum og Tyrklandi er heimilt að fara fram á frekari upplýsingar um drög að tæknilegri reglugerð sem tilkynnt hefur verið um í samræmi við aðferð þessa.

4. gr.

1. Tilkynningaskipti milli EFTA-ríkja og Tyrklands fer fram í gegnum skrifstofu EFTA.

2. EFTA-ríkjum og Tyrklandi er heimilt að skiptast á athugasemdum við drögin sem um ræðir í gegnum skrifstofu EFTA.

5. gr.

Frestur til að skila athugasemdum við tilkynningar er þrír mánuðir frá þeim degi er drögin að tæknilegri reglugerð berst skrifstofu EFTA. Óheimilt er að samþykkja drögin áður en fresturinn er útrunninn.

6. gr.

Í viðbótartilkynningu skal tiltaka að hve miklu leyti athugasemdir sem EFTA-ríki eða Tyrkland hafa lagt fram hafa verið teknar til greina, allar efnislegar breytingar sem gerðar hafa verið á reglugerðinni frá því að tilkynnt var um drögin og gildistöku reglugerðarinnar.

7. gr.

Þriggja mánaða stöðvunartímabilið gildir þó ekki þegar lögbær yfirvöld, af brýnum ástæðum vegna almannaöryggis eða -heilbrigðis, til verndar dýralífi eða gróðri, sjá sig knúin til að semja tæknilegar reglugerðir á mjög skömmum tíma, til að unnt verði að samþykkja þær og leiða í lög þegar í stað, án þess að vinnist tími til að hafa um þær samráð. Í slíkum tilvikum ber að gera grein fyrir þeim ástæðum er réttlæta hina skjótu málsmeðferð.

8. gr.

EFTA-ríkjum og Tyrklandi ber að efna til samráðsfunda með reglubundnu millibili til að tryggja rétta framkvæmd þessara ákvæða.

X. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 2. TÖLUL. 18. GR.

Forsendur fyrir mati sem fram fer þegar ákvæðum 18. gr. er beitt

EFTA-ríki og Tyrkland eru sammála um að við beitingu 18. gr. skal hafa hliðsjón af eftirfarandi forsendum:

a) Einungis má telja til ríkisaðstoðar þær ráðstafanir sem leiða til beinnar yfirfærslu opinbers fjár til viðtakanda með beinum niðurgreiðslum eða sem leiða til eftirgjafar á skatttekjum vegna skattaívilnana; aðstoð sem veitt er úr sjóðum sem fjármagnaðir eru að fullu af bótaþegum teljast ekki ríkisaðstoð í skilningi 18. gr.; þegar samanlögð áhrif allrar ríkisaðstoðar eru metin ber að taka til greina allar tegundir aðstoðar sem viðtakendur fá í sinn hlut.

b) Eftirfarandi ráðstafanir heyra allajafna ekki undir ákvæði 18. gr.:

   i) ríkisábyrgðir og lán sem ríki eða opinberar stofnanir veita ef afborganir og vextir þeirra eru í samræmi við ríkjandi skilyrði á lánamarkaðinum;

   ii) tryggingar sem ríki eða opinberar stofnanir veita ef iðgjöld til sjóðsins nægja til að fjármagna hann til langs tíma;

   iii) hlutafjárkaup af hálfu ríkisins eða opinberra stofnana ef búast má við að þau skili arði sem nægir a.m.k. fyrir kostnaði ríkisins við samsvarandi lántöku;

   iv) ráðstafanir í skattamálum, m.a. iðgjaldagreiðslur vegna almannatrygginga, sem falla innan ramma almennra laga um tekjuskatt og öll fyrirtæki í landinu geta notfært sér án mismunar.

c) Eftirfarandi ráðstafanir eru dæmi um aðstoð sem yfirleitt samrýmist ákvæðum 18. gr.:

   i) aðstoð til rannsókna og þróunar eða nýsköpunar, að því tilskildu að hún sé augljóslega ætluð til að efla slíka starfsemi og sé á því framleiðslustigi að ekki sé þar enn um neina samkeppni að ræða;

   til þess framleiðslustigs teljast allar rannsóknir og þróun fram að því að fyrsta frumgerð er tilbúin; slík aðstoð má nema allt að 50% kostnaðar við verkefnið eða hana má veita með skattafríðindum sem hafa jafngild áhrif; heimilt er að veita meiri aðstoð til grunnrannsókna; því nær markaðinum sem verkefni er, því minni niðurgreiðslur ber að veita;

   ii) aðstoð veitt atvinnugreinum sem eiga við offramleiðslu að stríða til að endurskipuleggja greinina með því að tryggja skipulegan niðurskurð framleiðslu og vinnuafls; aðstoð sem þessi skal háð þröngum tímatakmörkum og fylgja áætlun um aðlögun; þegar offramleiðsluvandi er metinn ber að hafa hliðsjón af heimsmarkaðinum í heild en ekki einungis af heimamarkaðinum í viðkomandi landi;

   iii) almenn aðstoð til að efla útflutning, m.a. vikukynningar á vörum einstakra landa, kynningar í verslunum, iðnaðarsýningar, að því tilskildu að slík aðstoð sé ekki einungis veitt tilteknum fyrirtækjum;

iv) svæðisbundin aðstoð, að því tilskildu að hún raski ekki skilyrðum fyrir frjálsri samkeppni; tilgangur aðstoðarinnar skal vera að bæta efnahagsstöðu atvinnugreina á tilteknum svæðum þannig að þær standa jafnfætis öðrum annars staðar í landinu en ekki til að auka framleiðslu í atvinnugreinum þar sem offramleiðsla veldur þegar vandræðum; samningsríkin ein eru til þess bær að skilgreina þau svæði sem ber að veita þróunaraðstoð, þar með talin svæði þar sem hefðbundinn iðnaður stendur höllum fæti, og heimilt er að krefjast tölulegra upplýsinga sem sýna fram á ástæður fyrir tilnefningu slíkra svæða;

v) aðstoð í formi almennrar þjónustu við viðskipti og iðnaðar með skilmálum sem mismuna hvorki tilteknum atvinnugreinum né fyrirtækjum;

vi) almenn aðstoð til að skapa ný atvinnutækifæri að því tilskildu að störfin séu ekki í atvinnugreinum þar sem offramleiðsla veldur þegar vandræðum;

vii) aðstoð til umhverfismála þar sem farið er eftir reglunni um að sá er valdi mengun bæti skaðann; heimilt er að stuðla að fjárfestingu sem miðar að því að draga úr mengun með aðstoð er nemur allt að 25% eða með því að veita skattafrádrátt sem hefur jafngild áhrif; með tilliti til mismunandi strangra lagaákvæða eða staðla sem í gildi eru í ýmsum löndum og hugsanlegra áhrifa þeirra á viðskipti og samkeppni ber að endurskoða jafnóðum þá aðstoð sem tilteknum atvinnugreinum er veitt;

viii) aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki sem miðar að því að bæta úr vandkvæðum sem tengjast beint stærð viðkomandi fyrirtækis og takmarkast við fyrirtæki sem hafa ekki fleiri en eitt hundrað manns á launaskrá og með ársveltu innan við tíu milljón evrópskar mynteiningar (ECU).

d) Eftirfarandi ráðstafanir eru dæmi um aðstoð sem samrýmist yfirleitt ekki ákvæðum 16. gr.:

i) aðstoð til að jafna taprekstur fyrirtækja, veitt annaðhvort beint eða með niðurfellingu opinberra gjalda;

ii) hlutabréfakaup, ef áhrif þeirra verður til þess að jafna taprekstur;

iii) aðstoð til framleiðslu í atvinnugreinum sem eru þegar í vandræðum vegna offramleiðslu eða til fyrirtækja sem eiga við vandamál að stríða nema henni fylgi áætlun um aðlögun og sé háð ströngum tímatakmörkum;

iv) aðstoð sem veitt er tilteknum fyrirtækjum sem björgunaraðgerð, nema veitt sé einungis til að vinna tíma til að finna langtímalausnir og koma í veg fyrir alvarleg félagsleg vandamál;

v) ráðstafanir til aðstoðar, þar með taldir óbeinir skattar, sem beitt er þannig að þær verði innlendum framleiðsluvörum til framdráttar á kostnað framleiðsluvara í öðru samningsríki;

vi) aðstoð við útflutning.

XI. VIÐAUKI
SEM UM GETUR Í 4. TÖLUL. 18. GR.
Upplýsingar um veitingu ríkisaðstoðar

Til ráðstafana sem kveðið er á um í 18. gr. og miða að því að auka skýrleika við veitingu ríkisaðstoðar má telja:

- árleg skil á skýrslu þar sem heildarfjárhæð ríkisaðstoðar og dreifing kemur fram,
- tilkynningar um nýja aðstoð áður en til framkvæmda kemur, og
- skuldbinding til að veita, samkvæmt beiðni, frekari upplýsingar um hvers konar aðstoð.

AGREEMENT
between the EFTA States and Turkey

Preamble

The Republic of Austria, the Republic of Finland, the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway, the Kingdom of Sweden and the Swiss Confederation, on the one hand (hereinafter called the EFTA States)

and

the Republic of Turkey, on the other hand, (hereinafter called Turkey),

Recalling their intention to participate actively in the process of economic integration in Europe and expressing their preparedness to co-operate in seeking ways and means to strengthen this process;

Having regard to the Convention establishing the European Free Trade Association (EFTA);

Having regard to the Agreements between the EFTA States and the European Communities;

Having regard to the Agreement creating an Association between Turkey and the European Economic Community;

Having regard to the experience gained from the co-operation developed in the light of the aforementioned relations as well as between individual EFTA States and Turkey;

Declaring their willingness to take action with a view to promoting harmonious development of their trade as well as to expanding and diversifying their mutual co-operation in fields of common interest, including fields not covered by this Agreement, thus creating a framework and supportive environment based on equality, non- discrimination, and a balance of rights and obligations;

Recalling the mutual interest of the EFTA States and Turkey in the continual reinforcement of the multilateral trading system and considering their capacity as Contracting Parties of the General Agreement on Tariffs and Trade, the provisions and instruments of which constitute a basis for their foreign trade policy;

Resolved to lay down for this purpose provisions aimed at a progressive abolition of the obstacles to trade between the EFTA States and Turkey in accordance with the provisions of that Agreement, in particular those concerning the establishment of free trade areas;

Considering that no provision of this Agreement may be interpreted as exempting the States Parties to this Agreement from their obligations under other international agreements;

HAVE DECIDED, in pursuance of these objectives, to conclude the following Agreement

Article 1

Objectives

The objectives of this Agreement are:

(a) to promote, through the expansion of reciprocal trade, the harmonious development of economic relations between the EFTA States and Turkey;

(b) to provide fair conditions of competition for trade between the EFTA States and Turkey;

(c) to contribute in this way, by the removal of barriers to trade, to the harmonious development and expansion of world trade;

(d) to enhance co-operation between the EFTA States and Turkey.

Article 2

Scope

1. The Agreement shall apply:

(a) to produc falling within Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System, excluding the products listed in Annex I;

(b) to products specified in Protocol A, with due regard to the arrangements provided for in that Protocol;

(c) to fish and other marine products as provided for in Annex II;
originating in a State Party to this Agreement.

2. The provisions concerning trade in agricultural products which are not covered by paragraph 1 are contained in Article 11.

3. This Agreement applies to trade relations between, on the one hand, each EFTA State and, on the other hand, Turkey. It shall not apply to the trade relations between EFTA States, except if otherwise provided for in this Agreement.

Article 3

Rules of origin and co-operation in customs administration

1. Protocol B lays down the rules of origin and methods of administrative co-operation.

2. The States Parties to this Agreement shall take appropriate measures, including arrangements regarding administrative co-operation, to ensure that the provisions of Articles 4 to 7, 12 and 21 are effectively and harmoniously applied, taking into account the need to reduce as far as possible the formalities imposed on trade and the need to achieve mutually satisfactory solutions to any difficulties arising out of the operation of those provisions.

Article 4

Customs duties on imports and charges having equivalent effect

1. No new customs duty on imports or charge having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Turkey.

2. Upon the entry into force of this Agreement, the EFTA States shall abolish all customs duties on imports and any charges having equivalent effect for products originating in Turkey as in force on 1 January 1991, except for products specified in Annexes III and IV for which customs duties on imports and charges having equivalent effect shall be progressively abolished in accordance with the provisions laid down in these Annexes.

3. For products originating in an EFTA State, Turkey shall progressively abolish all customs duties on imports as in force on 23 November 1970 and charges having equivalent effect as in force on the date of the entry into force of this Agreement as specified in Annexes II, IV and V according to the arrangements or timetables defined in this Annexes.

4. The basic duty to which successive reductions provided for in paragraphs 2 and 3 are to be applied shall, for each product, by the most-favoured-nation duty applied on the dates mentioned therein.

Article 5

Customs duties of a fiscal nature

1. The provisions of paragraphs 1 to 3 of Article 4 shall also apply to customs duties of a fiscal nature except as provided for in Annex VI.

2. The States Parties to this agreement may replace a customs duty of a fiscal nature or the fiscal element of a customs duty by an internal tax.

Article 6

Customs duties on exports and charges having equivalent effect

1. No new customs duty on exports or charge having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Turkey.

2. Upon the entry into force of this Agreement, customs duties on exports and any charges having equivalent effect shall be abolished, except as provided for in Annex VII.

Article 7

Quantitative restrictions and measures having equivalent effect

1. No new quantitative restriction on imports or exports or measures having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Turkey, except as provided for in Annex VIII.

2. Upon the entry into force of this Agreement, quantitative restrictions on imports or exports and measures having equivalent effect shall be abolished, except as provided for in Annex VIII.

3. For the purpose of this Agreement "quantitative restrictions and measures having equivalent effect" means prohibitions or restrictions on imports or exports into an EFTA State from Turkey or into Turkey from an EFTA State made effective through quotas, import or export licences or other administrative measures and requirements restricting trade.

Article 8

Non-economic reasons for restrictions

This Agreement shall not preclude prohibitions or restrictions on imports, exports or goods in transit justified on grounds of public morality, public policy or public security, the protection of health and life of humans, animals or plants and of the environment, the protection of national treasures possessing artistic, historic or archaeological value, or the protection of industrial and commercial property, or rules relating to gold or silver. Such prohibitions or restrictions shall not, however, constitute a means of arbitrary discrimination or a disguised restriction on trade between an EFTA State and Turkey.

Article 9

State monopolies

1. The States Parties to this Agreement shall ensure that any state monopoly of a commercial character be adjusted so that no discrimination regarding the conditions under which goods are procured and marketed will exist between nationals of the EFTA States and Turkey.

2. The provisions of this Article shall apply to any body through which the competent authorities of the States Parties to this Agreement, in law or in fact, either directly or indirectly supervise, determine or appreciably influence imports or exports between the States Parties to this Agreement. These provisions shall likewise apply to monopolies delegated by the State to others.

Article 10

Information procedure on draft technical regulations

The EFTA States and Turkey shall notify each other, at the earliest practicable stage and in accordance with the provisions laid down in Annex IX, of draft technical regulations and draft amendments thereto which they intend to issue.

Article 11

Trade in agricultural products

1. The States Parties to this Agreement declare their readiness to foster, in so far as their agricultural policies allow, the harmonious development of trade in agricultural products.

2. In pursuance of this objective, a bilateral arrangement providing for measures to facilitate trade in agricultural products has been concluded between each EFTA State and Turkey.

3. The States Parties to this Agreement shall apply their regulations in veterinary, plant health and health matters in a non-discriminatory fashion and shall not introduce any new measures that have the effect of unduly obstructing trade.

Article 12

Internal taxation

1. The States Parties to this Agreement shall refrain from any measure or practice of an internal fiscal nature establishing, whether directly or indirectly, discrimination between the products originating in an EFTA State and like products originating in Turkey.

2. Products exported to one of the States Parties to this Agreement may not benefit from repayment of internal taxes in excess of the amount of direct or indirect taxes imposed on them.

Article 13

Payments

Payments relating to trade between an EFTA State and Turkey and the transfer of such payments to the State Party to this Agreement, where the creditor resides shall be free from any restrictions.

The States Parties to this Agreement shall refrain from any exchange or administrative restrictions on the grant, repayment or acceptance of short-term and medium-term credits covering commercial transactions in which a resident participates.

Article 14

Public procurement

1. The States Parties to this Agreement consider the effective liberalization of their respective public procurement markets an integral objective of this Agreement.

2. The States Parties to this Agreement shall progressively adjust the conditions governing the participation in contracts awarded by public authorities and public undertakings, and by private undertakings which have been granted special or exclusive rights, so as to ensure transparency and non-discrimination between suppliers from the States Parties to this Agreement.

3. The formulation of the practical modalities shall be entrusted to the Joint Committee and they shall be elaborated on the basis of the balance of rights and obligations between States Parties to this Agreement. The Joint Committee shall lay down the necessary scope, timetable and rules as soon as possible, taking into account the solutions agreed upon within the General Agreement on Tariffs and Trade and with third countries in this field.

4. The concerned States Parties to this Agreement shall endeavour to accede to the relevant Agreements in the framework of the General Agreement on Tariffs and Trade.

Article 15

Protection of intellectual property

1. In order to ensure the smooth functioning of this Agreement in accordance with its objectives and in order to avoid trade distortion, the States Parties to this Agreement shall take steps to grant and ensure adequate and effective protection of intellectual property rights.

2. The States Parties to this Agreement shall take all necessary measures to enforce these rights against infringements, and particularly against counterfeiting and piracy.

3. In fulfilment of its commitments under international agreements and legislation in the field of intellectual property rights, Turkey shall not grant treatment less favourable to nationals of EFTA States than that accorded to nationals of any other State. The treatment granted by the EFTA States to Turkish nationals in the same field will not be less favourable than that accorded to nationals of EFTA States by Turkey.

4. Any EFTA State and Turkey may conclude further agreements exceeding the requirements of this Agreement, provided that such agreements shall be open to all EFTA States on terms equivalent to those under the agreements and that they shall be ready to enter into good faith negotiations to this end.

5. The Joint Committee shall keep the implementation of intellectual property rights under review. At the request of a State Party to this Agreement consultations will take place in the Joint Committee on any matter concerning intellectual property rights.

6. The States Parties to this Agreement agree to hold expert consultations, at the request of any State Party, on activities relating to the existing or future bilateral agreements or international conventions on harmonization, administration and enforcement of intellectual property and on activities in international organisations, as well as on their relations with third countries in the field of intellectual property.

Article 16

Fulfilment of obligations

1. The States Parties to this Agreement shall take all necessary measures to ensure the achievement of the objectives of this Agreement and the fulfilment of their obligations under this Agreement.

2. If an EFTA State considers that Turkey has, or if Turkey considers that an EFTA State has, failed to fulfil an obligation under this Agreement, the State Party concerned may take the appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 23.

Article 17

Rules of competition concerning undertakings

1. The following are incompatible with the proper functioning of this Agreement in so far as they may affect trade between an EFTA State and Turkey:

(a) all agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted practices between undertakings which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition;

(b) abuse by one or more undertakings of a dominant position in the territories of the States Parties to this Agreement as a whole or in a substantial part thereof.

2. These provisions shall also apply to the activities of public undertakings, and undertakings to which the States Parties to this Agreement grant special or exclusive rights, in so far as the application of these provisions does not obstruct the performance, in law or in fact, of their particular public tasks.

3. If a State Party to this Agreement considers that a given practice is incompatible with this Article, it may take appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 23.

Article 18

State aid

1. Any aid granted by a State Party to this Agreement or through State resources in any form whatsoever which distorts or threatens to distort competition by favouring certain undertakings or the production of certain goods shall, in so far as it may affect trade between an EFTA State and Turkey, be incompatible with the proper functioning of this Agreement.

2. Any practices contrary to paragraph 1 shall be assessed on the basis of the criteria set out in Annex X.

3. As regards the implementation of paragraphs 1 and 2, Turkey may grant, until 31 December 1995 and in conformity with its commitments to the European Economic Community,

(a) aid with a higher intensity than would be tolerated for EFTA States by way of measures contained in Annex X, paragraph (c),

(b) indirect aid to export of goods,

with a view to promote its economic development. These forms of aid shall be considered to be compatible with the proper functioning of this Agreement, if they do not alter the conditions of trade to an extent inconsistent with the interests of the States Parties to this Agreement.

4. The States Parties to this Agreement shall ensure the transparency of state aid measures by exchanging information as provided for in Annex XI. The Joint Committee shall, within one year after the entry into force of this Agreement, adopt the necessary rules for the implementation of this paragraph.

5. If a State Party to this Agreement considers that a given practice is incompatible with paragraphs 1 to 3, it may levy countervailing duties under the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 23.

Article 19

Dumping

1. If a State Party to this Agreement finds that dumping is taking place in trade relations governed by this Agreement, it may take appropriate measures against that practice in accordance with Article VI of the General Agreement on Tariffs and Trade and the rules established by agreements related to that Article, under the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 23.

2. The concerned States Parties to this Agreement shall endeavour to accede to the relevant agreements in the framework of the General Agreement on Tariffs and Trade.

Article 20

Emergency action on imports of particular products

If an increase in imports of a given product originating in an EFTA State or Turkey occurs in quantities or under conditions which are, or are likely to cause:

(a) serious injury to domestic producers of like or directly competitive products in the territory of the other State Party, or

(b) serious disturbances in any sector of the economy or difficulties which could bring about serious deterioration in the economic situation of a region,
the State Party concerned may take appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 23.

Article 21

Re-export and serious shortage

Where compliance with the provisions of Articles 6 and 7 leads to:

(1) re-export toward a third country against which the exporting State Party to this Agreement maintains for the product concerned quantitative export restrictions, export duties or measures or charges having equivalent effect; or

(2) a serious shortage, or threat thereof, of a product essential to the exporting State Party to this Agreement;
and where the situations referred to above give rise or are likely to give rise to major difficulties for the exporting State Party to this Agreement, that State Party may take appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 23.

Article 22

Balance of payments difficulties

1. Where a State Party to this Agreement is in difficulties or is seriously threatened with difficulties as regards its balance of payments, it may derogate from the provisions of Articles 4 and 7 and take appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 23.

2. Any State Party to this Agreement shall notify the Joint Committee of any measures in accordance with paragraph 1 prior to their introduction and have them examined by the Joint Committee, if circumstances permit, before they come into force.

3. The application of such measures by a State Party to this Agreement shall be subject to the conditions provided for in the relevant Articles of the General Agreement on Tariffs and Trade, to the Declaration of GATT of 1979 on Trade Measures Taken for Balance of Payments Purposes, as well as future relevant instruments to be agreed upon by the Parties under the auspices of the General Agreement on Tariffs and Trade.

4. The Joint Committee shall keep the situation under review, in particular with the purpose of avoiding serious disturbance of the functioning of this Agreement. The Joint Committee shall, during such review or upon the request of a State Party, examine the need to maintain the measures taken.

Article 23

Procedures for the application of safeguard measures

1. Before initiating the procedure for the application of safeguard measures set out in this Article, the State Parties to this Agreement shall endeavour to solve any differences between themselves through direct consultations, and shall inform the other States Parties thereof.

2. In the cases specified in Articles 16 to 22 a State Party to this Agreement which is considering to resort to safeguard measures shall promptly notify the Joint Committee thereof. The Parties concerned shall provide the Joint Committee with all relevant information and give it the assistance required to examine the case. Consultations between them shall take place without delay in the Joint Committee with a view to finding a commonly acceptable solution.

3. If, within three months of the matter being referred to the Joint Committee, the State Party in question fails to put an end to the practice objected to or to the difficulties notified and in the absence of a decision by the Joint Committee in the matter, the concerned State Party may adopt the safeguard measures it considers necessary to remedy the situation.

4. The safeguard measures taken shall be notified immediately to the Joint Committee. They shall be restricted, with regard to their extent and to their duration, to what is strictly necessary in order to rectify the situation giving rise to their application and shall not be in excess of the damage caused by the practice or the difficulty in question. Priority shall be given to such measures as will least disturb the functioning of this Agreement. Measures taken by Turkey against an action or an omission of Turkey may only affect the trade with that State.

5. The safeguard measures taken shall be the subject of regular consultations within the Joint Committee with a view to their relaxation, substitution or abolition without delay.

6. Where exceptional circumstances requiring immediate action make prior examination impossible, the State Party concerned may, in the cases of Articles 19 to 22, apply forthwith the precautionary measures strictly necessary to remedy the situation. The measures shall be notified without delay to the Joint Committee and consultations between the States Parties to this Agreement shall take place within the Joint Committee.

Article 24

Security exceptions

Nothing in this Agreement shall prevent a State Party to it from taking any measures which it considers necessary:

(a) to prevent the disclosure of information contrary to its essential security interests;

(b) for the protection of its essential security interests or for the implementation of international obligations or national policies

    (i) relating to the traffic in arms, ammunition and implements of war and to such traffic in other goods, materials and services as is carried on directly or indirectly for the purpose of supplying a military establishment; or

(ii) relating to the non-proliferation of biological and chemical weapons, nuclear weapons or other nuclear explosive devices; or

(iii) in time of war or other serious international tension.

Article 25

Establishment of the Joint Committee

1. A Joint Committee is hereby established in which each State Party to this Agreement shall be represented. The Joint Committee shall be responsible for the administration of this Agreement and shall ensure its proper implementation.

2. For the purpose of the proper implementation of this Agreement, the State Parties to it shall exchange information and, at the request of any Party, shall hold consultations within the Joint Committee. The Joint Committee shall keep under review the possibility of further removal of the obstacles to trade between the EFTA States and Turkey.

3. The Joint Committee may, in accordance with the provisions of paragraph 3 of Article 26, take decisions in the cases provided for in this Agreement. On other matters the Joint Committee may make recommendations.

Article 26

Procedures of the Joint Committee

1. For the proper implementation of this Agreement, the Joint Committee shall meet at an appropriate level whenever necessary but at least once a year. Each State Party to this Agreement may request that a meeting be held.

2. The Joint Committee shall act by common agreement.

3. If a representative in the Joint Committee of a State Party to this Agreement has accepted a decision subject to the fulfilment of constitutional requirements, the decision shall enter into force, if no later date is contained therein, on the day the lifting of the reservation is notified.

4. The Joint Committee shall adopt its rules of procedure which shall, inter alia, contain provisions for convening meetings and for the designation of the Chairman and his term of office.

5. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working parties as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks.

Article 27

Evolutionary clause

1. Where a State Party to this Agreement considers that it would be useful in the interests of the economies of the States Parties to this Agreement to develop the relations established by this Agreement by extending them to fields not covered hereby, it shall submit a reasoned request to them.

The States Parties to this Agreement may instruct the Joint Committee to examine this request and, where appropriate, to make recommendations to them.

2. Agreements resulting from the procedure referred to in paragraph 1 will be subject to ratification or approval by the States Parties to this Agreement in accordance with their own procedures.

Article 28

Amendments

Amendments to this Agreement, other than those referred to in paragraph 3 of Article 25, which are approved by the Joint Committee shall be submitted to the States Parties to this Agreement for acceptance and shall enter into force if accepted by all the Parties. The instruments of acceptance shall be deposited with the Depositary.

Article 29

Protocols and Annexes

Protocols A, B and C and Annexes I to XI of this Agreement shall form an integral part thereof. The Joint Committee may decide to amend the Protocols and Annexes.

Article 30

Trade relations governed by other Agreements

This Agreement shall not prevent the maintenance or establishment of customs unions, free trade areas or arrangements for frontier trade to the extent that these do not negatively affect the trade régime and in particular the provisions concerning rules of origin provided for by this Agreement.

Article 31

Territorial application

This Agreement shall apply to the territories of the States Parties to this Agreement.

Article 32

Accession

1. Any State, Member of the European Free Trade Association, may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee decides to approve its accession, on such terms and conditions as may be set out in that decision. The instrument of accession shall be deposited with the Depositary.

2. In relation to an acceding State, the Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of accession.

Article 33

Withdrawal and expiration

1. Each State Party may withdraw from this Agreement by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect six months after the date on which the notification is received by the Depositary.

2. If Turkey withdraws, the Agreement shall expire at the end of the notice period, and if all EFTA States withdraw it shall expire at the end of the latest notice period.

3. Any EFTA Member State which withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association shall ipso facto on the same day as the withdrawal takes effect cease to be a State Party to this Agreement.

Article 34

Entry into force

1. This Agreement shall enter into force on 1 April 1992 provided that all Signatory States have deposited their instruments of ratification or acceptance with the Depositary.

2. If this Agreement has not entered into force in accordance with the provision of paragraph 1 and provided that Turkey has deposited its instrument of ratification or acceptance, representatives of the Signatory States having deposited such an instrument shall meet before 1 May 1992 and may decide when the Agreement shall enter into force in relation to those States. As long as no such decision has been taken a meeting for the same purpose shall be held not later than thirty days after any further Signatory State has deposited its instrument.

3. In relation to a Signatory State depositing its instrument of ratification or acceptance after the meeting referred to in paragraph 2, this Agreement shall enter into force on the first day of the second month following the deposit of its instrument with the Depositary but not before the date decided upon in accordance with paragraph 2.

Article 35

Depositary

The Government of Sweden, acting as Depositary, shall notify all States that have signed or acceded to this Agreement of the deposit of any instrument of ratification, acceptance or accession, the entry into force of this Agreement, any other act or notification relating to this Agreement or of it its expiry.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries, being duly authorized thereto, have signed the present Agreement.

DONE at Geneva, this 10th day of December 1991, in a single authentic copy in the English language which shall be deposited with the Government of Sweden. The Depositary shall transmit certified copies to all Signatory States and States acceding to this Agreement.

ANNEX I
REFERRED TO IN SUB-PARAGRAPH 1 (a) OF ARTICLE 2

This Agreement does not apply to the products falling within Chapters 25–97 of the Harmonized System (HS) listed in the Table to this Annex.

TABLE TO ANNEX I

HS Heading No:	Description of products	Excluded when imported into
29.05	Acyclic alcohols and their halogenated, sulphonated, nitrated or nitrosated derivatives:	
	– Other polyhydric alcohols:	
2905.43	– – Mannitol	Turkey
2905.44	– – D-glucitol (sorbitol)	Turkey
35.01	Casein, caseinates and other casein derivatives; casein glues:	
3501.10	– Casein	Liechtenstein Switzerland Turkey
ex 3501.90	– Other: – Other than casein glues	Liechtenstein Switzerland Turkey
35.02	Albumins, albuminates and other albumin derivatives:	
ex 3502.10	– Egg albumin: – Other than unfit, or to be rendered unfit, for human consumption	All EFTA countries Turkey
ex 3502.90	– Other: – Milk albumin (lactalbumin), other than unfit, or to be rendered unfit, for human consumption	All EFTA countries Turkey
35.05	Dextrins and other modified starches (for example, pregelatinised or esterified starches); glues based on starches, or on dextrins or other modified starches:	

HS Heading No:	Description of products	Excluded when imported into
ex 3505.10	– Dextrins and other modified starches:	
	A – Starch ethers and esters; 1 – Water soluble B – Other	Austria Turkey
3505.20	Glues	Austria Turkey
38.09	Finishing agents, dye carriers to accelerate the dyeing or fixing of dyestuffs and other products and preparations (for example, dressings and mordants), of a kind used in the textile, paper, leather or like industries, not elsewhere specified or included:	
3809.10	– With a basis of amylaceous substances ex B – Other excluding mordants	Austria Turkey
	– Other:	
3809.91	– Of a kind used in the textile industry: A – Containing starch or products derived from starch	Austria
3809.92	– – Of a kind used in the paper industry: A – Contaning starch or products derived from starch	Austria
3809.99	– – Other: A – Containing starch or products derived from starch	Austria
38.23	Prepared binders for foundry moulds or cores; chemical products and preparations of the chemical or allied industries (including those consisting of mixtures of natural products), not elsewhere specified or included; residual products of the chemical or allied industries, not elsewhere specified or included:	
3823.10	– Prepared binders for foundry molds or cores A – based on starch or dextrin	Austria

HS Heading No:	Description of products	Excluded when imported into
3823.90	– Other: A – containing sugar, starch, products derived from starch or products of headings Nos. 04.01 to 04.04: 1 – with a total content of 30% by weight or more	Austria
45.01	Natural cork, raw or simply prepared; waste cork; crushed granulated or ground cork	Austria Iceland Liechtenstein Sweden Switzerland Turkey
53.01	Flax, raw or processed but not spun; flax tow and waste (including yarn waste and garnetted stock)	Austria Liechtenstein Sweden Switzerland Turkey
53.02	True hemp (cannabis sativa L.), raw or processed but not spun; tow and waste of true hemp (including yarn waste and garnetted stock)	Austria Liechtenstein Sweden Switzerland Turkey

PROTOCOL A

CONCERNING PRODUCTS REFERRED TO IN SUB-PARAGRAPH 1 (b) OF ARTICLE 2 OF THE AGREEMENT

Article 1

The provisions of the Agreement shall apply to the products listed in Table I.

Article 2

1. In order to take account of differences in the cost of the agricultural raw materials incorporated in the goods specified in the tables referred to in this Article, the Agreement does not preclude:

(i) the levying, upon import, of a variable component or fixed amount, or the application of internal price compensation measures;

(ii) the application of measures adopted upon export.

2. The price compensation measures shall not exceed the differences between the domestic price and the world market price of the agricultural raw materials incorporated in the goods concerned. If, however, the domestic price of an agricultural raw material in the country of origin is lower than the world market price, the importing country may take this fact into account when calculating the compensatory amounts.

3. For products listed in Tables II, III, IV, V, VI the respective EFTA State shall accord to Turkey the same treatment as it accorded to the European Economic Community on 1 January 1991.

4. The treatment to be accorded by Iceland is laid down in Table VII. The customs duties are indicated in List 1 and the duties of a fiscal nature in List 2 of the Table. Iceland may, however, replace these duties with other price compensation measures in accordance with paragraphs 1 and 2 of this Article.

5. If Turkey introduces a system of price compensation for products falling within Chapters 1 to 24 of the Harmonized Commodity Description and Coding System, a table listing the products concerned shall be annexed to this Protocol.

Article 3

For products listed in Table VIII Turkey shall accord to the EFTA States the same treatment as it accords and will accord to the European Economic Community. Moreover, with respect to other products falling within Chapters 1 to 24 of the Harmonized Commodity Description and Coding System but not listed in Annex II to the Treaty establishing the European Economic Community, Turkey shall accord to the EFTA States the same concessions as it will accord to the European Economic Community or to any of the EFTA States.

Article 4

1. The EFTA States shall notify to Turkey and Turkey to the EFTA States all price compensation measures applied under Article 2 of this Protocol.

2. Turkey shall notify to the EFTA States all changes in the treatment accorded to the European Economic Community or individual EFTA States under Article 3 of this Protocol.

TABLE I TO PROTOCOL A

HS Heading No.	Description of products
14.04	Vegetable products not elsewhere specified or included:
1404.20	– Cotton linters
15.16	Animal or vegetable fats and oils and their fractions, partly or wholly hydrogenated, inter-esterified, re-esterified or elaidinised, whether or not refined, but not further prepared:
ex 1516.20	- Vegetable fats and oils and their fractions: – – Hydrogenated castor oil, so called "opal-wax"
15.18	Animal or vegetable fats and oils and their fractions, boiled, oxidised, dehydrated, sulphurised, blown, polymerised by heat in vacuum or in inert gas or otherwise chemically modified, excluding those of heading No. 1516; inedible mixtures or preparations of animal or vegetable fats or oils or of fractions of different fats or oils of this Chapter, not elsewhere specified or included:
ex 1518.00	– Linoxyn

ANNEX II

REFERRED TO IN SUB-PARAGRAPH 1(c) OF ARTICLE 2

For the products listed in the Table to this Annex originating in an EFTA State Turkey will apply a reduction of customs duties of 60 per cent upon the entry into force of the Agreement as set out in paragraph 2 in Annex V.

TABLE TO ANNEX II

The fish and other marine products covered by the provisions of the Agreement so far as trade relations between, on the one side, Finland, Iceland, Norway and Sweden and, on the other side, Turkey are concerned

HS heading No.	Description of products
02.08	Other meat and edible meat offal, fresh, chilled or frozen.
ex 02.08.90	– Other: — of whale[1]
Chapter 3	Fish and crustaceans, molluscs and other aquatic invertebrates[2].
15.04	Fats and oils and their fractions, of fish or marine mammals, whether or not refined, but not chemically modified[1].
15.16	Animal or vegetable fats and oils and their fractions, partly or wholly hydrogenated, inter-esterified, re-esterified or elaidinised, whether or not refined, but not further prepared.
ex 15.16.10	– Animal fats and oils and their fractions: — Obtained entirely from fish or marine mammals
16.03	Extracts and juices of meat, fish or crustaceans, molluscs or other aquatic invertebrates.

1 Importation of whale products is prohibited in Finland and Sweden

2 As fish and other marine products imported into Finland and Sweden should not enjoy more favourable treatment when originating in Turkey than that accorded to the same fish and other marine products when originating in an EFTA State, the Joint Committee shall – within three months from the entry into force of the Agreement – specify the temporary exemptions required in this respect. At the same time, the Joint Committee shall work out – on the basis of the rules in force within EFTA – further details of the regime applying to the fisheries sector between the EFTA States and Turkey.

HS heading No.	Description of products
ex 16.03.00	– Extracts and juices of whale meat, fish or crustaceans, molluscs or other aquatic invertebrates
16.04.	Prepared or preserved fish; caviar and caviar substitutes prepared from fish eggs
16.05	Crustaceans, molluscs and other aquatic invertebrates, prepared or preserved.
23.01	Flours, meals and pellets, of meat or meat offal, of fish or of crustaceans, molluscs or other aquatic invertebrates, unfit for human consumtion; greaves
ex 23.01.10	– Flours, meals and pellets, of meat or meat offal; greaves — Whale meal[1]
23.01.20	– Flours, meals and pellets, of fish or of crustaceans, molluscs or other aquatic invertebrates
23.09	Preparations of a kind used in animal feeding.
ex 23.09.90	– Other: — Fish solubles

1 Importation of whale products is prohibited in Finland and Sweden

The fish and other marine products covered by the provisions of the Agreement so far as trade relations between, on the one side, Austria, Liechtenstein and Switzerland and, on the other side, Turkey are concerned

HS heading No.	Description of products
Chapter 3	Fish and crustaceans, molluscs and other aquatic invertebrates.
ex Chapter 3	– salt-water fish – eel – salmon – crustaceans, molluscs and other aquatic invertebrates
16.05	Crustaceans, molluscs and other aquatic invertebrates, prepared or preserved

ANNEX VIII

REFERRED TO IN PARAGRAPH 2 OF ARTICLE 7

1. The prohibition of import restrictions does not apply to products listed in Table A to this Annex.

2. The prohibition of export restrictions does not apply to products listed in Table B to this Annex.

3. The scheme for elimination of quantitative restrictions on imports and exports by Turkey is set out in Table C to this Annex.

TABLE A TO ANNEX VIII

Products to which the prohibition and abolition of import restrictions do not apply

HS heading No.	Description of products	Country
27.02	Lignite, whether or not agglomerated, excluding jet:	
27.02.10	– Lignite, whether or not pulverised, but not agglomerated	Austria
27.09	Petroleum oils and oils obtained from bituminous minerals, crude	Iceland
27.10	Petroleum oils and oils obtained from bituminous minerals, other than crude; preparations not elsewhere specified or included containing by weight 70% or more of petroleum oils or of oils obtained from bituminous minerals, these oils being the basic constituents of the preparations	
ex 27.10	— Partly refined petroleum, including topped crudes — Motor spirit, excluding aircraft motor spirit — Gas oil, domestic fuel oil — Heavy fuel oil	Iceland
96.03	Brooms, brushes (including brushes constituting parts of machines, appliances or vehicles), hand-operated mechanical floor sweepers, not motorised, mops and feather dusters; prepared knots and tufts for broom or brush making; paint pads and rollers; squeegees (other than roller squeegees):	
ex 96.03	Brooms and brushes (excluding brushes of a kind used as parts of machines, paint rollers, squeegees, mops, artist's brushes and tooth brushes)	Iceland

TABLE B TO ANNEX VIII

Products to which the abolition of export restrictions do not apply

HS heading No.	Description of products	
72.04	Ferrous waste and scrap; remelting scrap ingots of iron or steel	Austria Finland Sweden Liechtenstein Switzerland
ex 72.04	Ferrous waste and scrap, exept remelting scrap ingots	Norway
ex Chapt. 72–73	Goods covered by the Sweden-ECSC Agreement which are obviously used or which are likely to be used for manufacturing of new metal	Sweden
74.03	Refined copper and copper alloys, unwrought:	
ex 74.03	– Ingots or similar unwrought forms cast from remelted copper and scrap	Austria Norway
74.04	Copper waste and scrap	Austria Norway
76.02	Aluminium waste and scrap	Austria Norway
80.02	Tin waste and scrap	Norway
89.06	Other vessels, including warships and lifeboats other than rowing boats:	
ex 89.06	– Training-ships (school-ships)	Norway
89.08	Vessels and other floating structures for breaking up	Norway Finland

TABLE C TO ANNEX VIII

Elimination of quantitative restrictions on imports and exports by Turkey

1. The main approach for Turkey in this Agreement, with respect to the elimination of quantitative restrictions on imports and exports vis-à-vis the EFTA States, is to establish a parallelism with its commitments towards the European Economic Community.

2. Therefore, the following scheme for the elimination of quantitative restrictions on imports from the EFTA States will be implemented:

(a) As of the signing date of this Agreement, Turkey is applying no quantitative restrictions or measures having equivalent effect on its imports.

(b) Upon entry into force of this Agreement, the list of goods representing 80 per cent of the value of Turkish imports on private account from the European Economic Community in 1967 and the importation of which from the Community has been liberalized, will also be consolidated vis-à-vis the EFTA States.*

(c) Turkey reserves its right to re-introduce, in conformity with its commitments vis-à-vis the European Economic Community, quantitative restrictions for the products not included in the above-mentioned list. If quantitative restrictions on imports are reintroduced, Turkey shall notify the EFTA States and consultations will be held in the Joint Committee.

(d) All the quantitative restrictions on imports to Turkey shall be abolished at the latest by the end of 1995.

3. As from the signing date of this Agreement, Turkey shall apply no quantitative restrictions on its exports.

If Turkey plans to introduce quantitative restrictions on exports of basic products in order to promote the development of specific sectors of its economy or to meet any shortage of those products it shall consult with the EFTA States in the Joint Committee prior to the implementation of this measure.

4. Any changes in Turkish commitments to the European Economic Community in this regard shall be referred to the Joint Committee.

---

* Reference to the Turkish Government's Official Gazette are attached.

Appendix to Annex VIII

The consolidation has been effected up to 80 per cent through the following regulations in the Turkish Official Gazette:

	Official Gazette No.
4 January 1972	14062
6 January 1976	15460
7 March 1989	20101
22 May 1990	20613
27 May 1991	20883

ANNEX IX

Procedure for the notification of draft technical regulations

Article 1

For the purposes of this Annex

(a) "Technical specification" means a specification contained in a document which lays down the characteristics required of a product such as level of quality, performance, safety or dimensions, including the requirements applicable to the product as regards terminology, symbols, testing and test methods, packaging, marking or labelling;

(b) "Technical regulations" means technical specifications, including the relevant administrative provisions, the observance of which is compulsory, de jure or de facto, in the case of marketing or use in a Contracting Party or in a major part of it, except those laid down by local authorities;

(c) "Draft technical regulation" means the text of a technical specification including administrative provisions, formulated with the aim of enacting it or of ultimately having it enacted as a technical regulation, the text being at a stage of preparation at which substantial amendments can still be made;

(d) "Product" means all goods covered by this Agreement.

Article 2

1. The notification shall

(a) include the full text of the draft technical regulation both in the original language and in a full translation or a summary into English;

(b) indicate whether the draft technical regulation is identical with a technical specification in the subject matter concerned, worked out by an international or regional body, or whether it deviates from such specifications; when deviating from such specifications the reasons for the deviations shall be given;

(c) state the name and address of the national authority competent to give further information on the regulation;

(d) include the envisaged date of entry into force.

2. Where a draft technical regulation merely transposes the full text of an international or European standard, information regarding the relevant standard shall suffice.

Article 3

The EFTA States and Turkey respectively may ask for further information on a draft technical regulation notified in accordance with this procedure.

Article 4

1. The exchange of notifications between the EFTA States and Turkey shall take place through the EFTA Secretariat.

2. Through the EFTA Secretariat, the EFTA States and Turkey may make comments upon the drafts communicated.

Article 5

The time-limit for comments on notifications shall be three months from the date of receipt by the EFTA Secretariat of the text of the draft regulation. During this period the draft technical regulations may not be adopted.

Article 6

An additional notification shall indicate to what extent it has been possible to take account of any comments received from the EFTA States and Turkey respectively, any change of substance made as compared with the notified draft, as well as the date of entry into force of the regulation.

Article 7

The standstill period of three months shall, however, not apply when, for urgent reasons relating to the protection of public health or safety, the protection of health and life of animals or plants, the competent authorities are obliged to prepare technical regulations in a very short period of time in order to enact or introduce them immediately without any consultations being possible. The reasons which warrant the urgency of the measures taken shall be given.

Article 8

The EFTA States and Turkey shall, within the framework of this Agreement, hold regular consultations to ensure the satisfactory functioning of the procedure.

ANNEX X

REFERRED TO IN PARAGRAPH 2 OF ARTICLE 18

Criteria for assessment in the application of Article 18

The EFTA States and Turkey agree that the application of Article 18 shall be guided by the following criteria:

(a) Only those measures can be classified as State aid which result in a net transfer of funds from State sources to the recipient through direct subsidies or which result in tax revenues foregone through tax concession; aid granted under schemes which are fully paid for by the beneficiaries are not State aid in the sense of Article 18; when assessing effects of State aid, the cumulative effects of all types of aid measures awarded to recipients are to be taken into consideration.

(b) The following measures, in general, fall outside the scope of Article 18:
(i) credits and loans from State sources or agencies, if the interest and capital repayments are in accordance with current market conditions;

(ii) guarantees given by States or State agencies, if the premiums cover the long-term cost of the scheme;

(iii) equity injections by States or State agencies if the rate of return on such investments can reasonably by expected to be at least equal to the cost of State borrowing;

(iv) tax measures including social security charges that are part of the general national income norm for tax purposes, available to all enterprises, and uniformly applied in a country.

(c) The following measures are examples of types of aid normally consistent with the provisions of Article 18:

(i) aid to research, development and innovation, provided it is clearly intended for the stimulation of such activities and that such activities are at a pre-competitive level; the pre-competitive level is understood to include applied research and development up to and including the development of a first prototype; such aid may be awarded up to a rate of 50 per cent of project costs or at differentiated tax rates of equivalent effect; basic research may be aided to a greater extent; the closer to the market place a project is, the lower degree of subsidizations should be;

(ii) aid given to sectors with problems of overcapacity to ratinalize the structure of industry by ensuring an orderly downscaling of production and employment; such measures should strictly be limited in duration and be accompanied by an adjustment programme; when evaluating problems of overcapacity the international situation as a whole and not merely in the country in question is to be taken into account;

(iii) general aid to export promotion, such as national weeks, store promotion, industrial fairs, provided that such aid is not company-specific;

(iv) regional development aid to the extent that it does not interfere with conditions of fair competition; its purpose must be to put industries in regional development areas on an equal economic footing with industries in other parts of the country and not to increase capacity in sectors already suffering from problems of overcapacity; the definition of regional development areas, including areas in industrial decline, lies within the sole competence of the State Parties to this agreement, which may be requested to furnish statistics detailing the reasons of the designation of such areas;

(v) the aid in form of general public services to trade and industry on terms and conditions not favouring certain sectors and enterprises;

(vi) general aid for the creation of new employment opportunities provided such jobs are not in sectors already suffering from overcapacity;

(vii) environmental aid, under the general principle that the polluter-pays-principle is observed; investment specifically designated to reduce pollution may be aided up to a rate of 25 per cent or at differentiated tax rates of equivalent effect; recognizing the existence of different qualities of legislation or standards in other countries and their potential impact on trade and competition, the degree of subsidizations for specific industries shall be kept under constant review;

(viii) aid to small and medium-sized enterprises is intended to offset disadvantages directly linked to the size of the firm in question, such enterprises being understood as employing not more than 100 people and having an annual turnover of less than 10 million ECUs.

(d) The following measures are examples of types of aid normally not consistent with Article 16:

(i) aid to set against operating losses of enterprises, either directly or through the foregoing of payments due to public authorities;

(ii) the injection of equity capital in firms if it has the same effect as to set aid against operating losses;

(iii) aid to production in problem sectors suffering from the structural overcapacity or to enterprises in difficulties if not accompanied by an adjustment programme and strictly limited in duration;

(iv) aid given as a rescue measure to specific firms if not given merely to provide time for the development of long-term solutions and to avoid acute social problems;

(v) aid measures, including indirect taxes, that are applied in such a way as to discriminate in favour of domestically produced goods and against like goods produced in another State Party to this agreement;

(vi) aid to export of goods.

ANNEX XI

REFERRED TO IN PARAGRAPH 4 OF ARTICLE 18

Transparency of state aid measures

The transparency measures provided for in Article 18 shall, inter alia, comprise:

— Annual reporting on the total amount and distribution of aid,

— notification of new aid schemes in advance of implementation, and

— an obligation to provide upon request further information on any aid schemes.

Fylgiskjal 2.

Bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins milli EFTA-ríkja og Tyrklands

1. Samkomulag er um að Tyrkland bjóði EFTA-ríkjum sömu viðskiptakjör og það býður Efnahagsbandalagi Evrópu, einkum er varðar innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, reglur og aðrar formkröfur sem beitt er í viðskiptum milli landa. Ber Tyrklandi að tilkynna sameiginlegu nefndinni um allar breytingar á skuldbindingum sínum gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu á þeim sviðum sem samningur þessi nær til.

EFTA-ríki og Tyrkland lýsa sig reiðubúin til að leita leiða innan sameiginlegu nefndarinnar til að úrbætur, sem Efnahagsbandalag Evrópu semur um við Tyrkland varðandi viðskiptasambönd þeirra á milli, komi einnig til framkvæmda á áðurnefndum sviðum á fríverslunarsvæðinu.

2. Við framkvæmd tímaáætlunar um tollalækkanir sem tilgreind er í III. viðauka og um getur í 2. tölul. 4. gr. samningsins skal taka til greina jákvæð eða neikvæð viðbrögð Efnahagsbandalags Evrópu gagnvart auknu frjálsræði í viðskiptum með textílvörur og tilbúinn fatnað frá Tyrklandi sem háð eru kvótum þannig að hugsanlegt sé að breyta skuldbindingum EFTA-ríkja gagnvart þessum framleiðsluvörum til samræmis.

Í slíku tilviki skal hafa hliðsjón af þróun viðskipta með þessar framleiðsluvörur almennt. Ákveði Efnahagsbandalag Evrópu að afnema að fullu takmarkanir sínar fyrir 1. janúar 1996 verður málinu vísað til sameiginlegu nefndarinnar þannig að hún geti íhugað hvort beri að flýta fyrir lækkun og afnámi tolla.

3. Að því er snertir framkvæmd ákvæða III. viðauka sem um getur í 2. tölul. 4. gr. eru Austurríki, Liechtenstein og Sviss tilbúin til að lækka grunntollana sem hér segir:

Austurríki

Við gildistöku samningsins	45%
1. janúar 1994	15%
1. janúar 1996	40%

Liechtenstein og Sviss

Við gildistöku samningsins	60%
1. janúar 1996	40%

4. Framleiðsluvörur sem heyra undir samninga KSBE og KBE og um getur í IV. viðauka og upprunnar eru í EFTA-ríki njóta lækkunar tolla og gjalda sem hafa samsvarandi áhrif og afnám magntakmarkana í Tyrklandi undir eins og samningar takast um þessar vörur milli Tyrklands og Efnahagsbandalags Evrópu. Sérstakar reglur sem til kemur að beita gagnvart þessum vörum í viðskiptum milli Tyrklands og Efnahagsbandalags Evrópu skulu ná til EFTA-ríkja, að undanskildum Liechtenstein og Sviss. Sameiginlega nefndin tekur ákvörðun um það með hvaða hætti reglunum verður beitt og hvernig ber að framkvæma þær.

5. Samkomulag er um að EFTA-ríki og Tyrkland vinni í sameiningu að því að þjálfa starfsmenn sína í að beita þeirri einfölduðu tilhögun sem lýst er í bókun B við útgáfu á, eftirlit með og staðfestingu á upplýsingum um uppruna, þannig að þeir geta fengið viðurkenningu sem eftirlitsaðilar. Tímaáætlanir og aðferðir við að koma á einfaldaðri tilhögun verða ákveðnar eftir umræður í undirnefndinni um uppruna og tolla.

6. Tyrkland hefur tilkynnt EFTA-ríkjum, með tilvísun til 7. athugasemdar í I. viðauka við bókun B um skilgreiningu á hugtakinu „upprunavörur“ og samvinnu milli stjórnsýslu landanna, að samningurinn um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti komi til framkvæmda í Tyrklandi 12. febrúar 1994. Samkomulag er um að fram að þeim tíma skilgreini Tyrkland „tollaverðmæti“ í samræmi við samninginn um ákvörðun á verðmæti vara við tollafgreiðslu.

7. Ákvæði 9. gr. samningsins um ríkiseinokun í Sviss og Liechtenstein á salti og byssupúðri gilda einungis að því marki að þessi ríki verði að uppfylla samsvarandi skuldbindingar og tilgreindar eru í samningnum milli EFTA-ríkja og Efnahagsbandalags Evrópu um Evrópska efnahagssvæðið.

Ákvæðum 9. gr. skal beita, að því er varðar einokun á salti í Austurríki og á tilbúnum áburði í Íslandi, eigi síðar en 1. janúar 1995.

8. Samningsaðilar samþykkja að efna til samráðs að beiðni samningsaðila sem miða að því að betrumbæta ákvæði samningsins um hugverkarétt, einkum í ljósi niðurstaðna viðræðna á milli Tyrklands og Efnahagsbandalags Evrópu.

9. EFTA-ríki og Tyrkland skulu hafa reglubundið samráð um það innan sameiginlegu nefndarinnar á hvern hátt unnt verði að auka viðskipti þeirra á milli á sviði beinna fjárfestinga erlendra aðila og þjónustustarfsemi, með hliðsjón af þróun innan annarra alþjóðasamtaka og þróun samskipta þeirra við Efnahagsbandalag Evrópu og með tilliti til vaxandi þýðingar nálægra markaða fyrir vöruviðskipti. Aðilar skulu tilkynna hvor öðrum án tafar um allar tillögur sem fram koma á þessu sviði, einkum að því er varðar samband þeirra við Efnahagsbandalag Evrópu.

Record of Understandings relating to the Agreement between the EFTA States and Turkey

1. It is agreed that Turkey in fulfilment of its commitments to the European Economic Community will not discriminate against the EFTA States in particular in respect of import duties and charges having equivalent effect, fiscal duties as well as quantitative restrictions and measures having equivalent effect and procedures and formalities imposed on trade. Turkey shall inform the Joint Committee of any change in respect of its commitments to the European Community in the areas covered by this Agreement.

The EFTA States and Turkey express their readiness to discuss in the Joint Committee improvements implemented by the European Community in its trade relations with Turkey with a view to examine possibilities for improvements in the above-mentioned fields which could be introduced in the Free Trade Area.

2. In the implementation of the reduction timetable specified in Annex III referred to in paragraph 2 of Article 4, the positive or negative trend in liberalization by the European Economic Community with regard to textiles and ready made garments subject to quotas vis-à-vis Turkey will be taken into consideration and EFTA States' commitments for such products might be adjusted accordingly after consultations in the Joint Committee.

In such a situation the development of trade in these products will be taken into account. Should the European Economic Community totally abolish their restrictions before 1 January 1996 the matter will be referred to the Joint Committee with a view to consider the possibility of accelerating the dismantling of duties.

3. As regards the implementation of Annex III referred to in paragraph 2 of Article 4, Austria, Liechtenstein and Switzerland are prepared to apply the following reductions of the basic duties:

Austria

On the date of the entry into force of the Agreement	45 %
On 1 January 1994	15 %
On 1 January 1996	40 %

Liechtenstein and Switzerland

On the date of the entry into force of the Agreement	60 %
On 1 January 1996	40 %

4. Products covered by the ECSC and EURATOM Treaties referred to in Annex IV and originating in an EFTA State will be subject to tariff reductions and reductions of charges with equivalent effect and abolition of quantitative restrictions in Turkey as soon as these products are included in an agreement between Turkey and the European Economic Community. Special rules that might be applied for these products in trade between Turkey and the European Economic Community will be applied to the EFTA States, with the exception of Liechtenstein and Switzerland, after consultations within the Joint Committee. The modalities for their application and implementation shall be decided within the Joint Committee.

5. It is agreed that the EFTA States and Turkey closely coordinate their efforts in training those concerned with the use of the simplified procedure laid down in Protocol B with regard to the issue, control and verification of evidence of origin in order to enable them to be authorized to use this procedure. The time and modalities of the introduction of the simplified procedure shall be agreed upon after deliberations in the Sub-Committee on origin and customs matters.

6. With reference to Explanatory Note 7 of Annex I to Protocol B concerning the definition of the concept of "originating products" and the methods of administrative co-operation Turkey has informed the EFTA States that the Agreement on Implementation of Article VII of the GATT to which Turkey is a Party will be implemented in Turkey on 12 February 1994. Therefore, it is agreed that until this date Turkey will define "customs value" in accordance with the Convention on the Valuation of Goods for Customs Purposes.

7. Article 9 of the Agreement shall apply to Switzerland and Liechtenstein with regard to state monopolies concerning salt and gunpowder only to the extent that these States will have to fulfil corresponding obligations under the Agreement between the EFTA States and the European Economic Community and their Member States on a European Economic Area.

Article 9 shall be applicable at the latest from 1 January 1995 in the case of the Austrian monopoly on salt and the Icelandic monopoly on fertilizers.

8. The Parties agree to enter into negotiations at the request of any Party with the aim to improve the provisions on intellectual property rights of this Agreement, in particular in light of the results of Turkey – European Economic Community negotiations.

9. Taking into account developments in other international fora and in their respective relations with the European Economic Community and in view of the growing importance of areas closely related to trade in goods, the EFTA States and Turkey will periodically discuss in the Joint Committee possibilities to extend their trade relations to the fields of foreign direct investment and trade in services. Parties will immediately notify each other of proposals in this field, made in particular in their relations with the European Economic Community.

639. Breytingartillaga [22. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 1. málsl. 4. efnismgr. 4. gr. bætist: eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka.

640. Svar [357. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um endurskoðun laga um tóbaksvarnir.

1. Hvernig gengur endurskoðun laga um tóbaksvarnir frá 1984?

Fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Guðmundur Bjarnason, fól í nóvember 1988 tóbaksvarnanefnd að gera tillögur um breytingar á lögum um tóbaksvarnir að fenginni reynslu. Þegar farið var að vinna að málinu kom fljótlega í ljós að um verulegar breytingar gæti verið að ræða og var því talið rétt að endurskoða lögin í heild.

2. Hverjir annast endurskoðunina?

Svo sem fyrr greinir hefur tóbaksvarnanefnd annast endurskoðun laganna. Í tóbaksvarnanefnd sitja Egill Heiðar Gíslason formaður, Þorvarður Örnólfsson og Helgi Guðbergsson.

Af hálfu ráðuneytisins hefur Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri tekið þátt í endurskoðunarstarfinu.

Í maí 1991 sendi tóbaksvarnanefnd fjölmörgum aðilum drög að frumvarpi til umsagnar og í nóvember 1991 lagði hún frumvarp til laga um tóbaksvarnir fyrir ráðherra.

3. Verður frumvarp til nýrra tóbaksvarnalaga lagt fram á yfirstandandi þingi?

Það frumvarp til laga um tóbaksvarnir, sem tóbaksvarnanefnd skilaði til ráðherra, hefur verið kynnt í ríkisstjórninni og ríkisstjórnin á eftir að taka afstöðu til þess hvort það verður lagt fram á yfirstandandi þingi sem stjórnarfrumvarp.

641. Lög [22. mál]

um breytingu á lögum um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars.)

Samhljóða þskj. 608 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

36. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé viðskiptabanka, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum bankans

og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli viðskiptabanka sem Seðlabanki Íslands setur. Eiginfjárkrafan skv. 1. málsl. skal gilda um samstæðureikning, sbr. 37. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. 1. mgr., skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, eiginfjárþætti A og eiginfjárþætti B, sbr. 3. og 4. mgr. Eiginfjárþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár.

Eiginfjárþáttur A telst vera:

1. Innborgað hlutafé.
2. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgureikningsskilum.
3. Varasjóðir og annað eigið fé samkvæmt ársreikningi sem ekki fellur undir eiginfjárþátt B.
4. Afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu að hámarki 1,25% af áhættugrunni. Með afskriftareikningi útlána vegna almennrar útlánaáhættu er ekki átt við þau framlög, almenn og sérstök, sem lögð hafa verið til hliðar vegna útlánatapa og sérstaklega hafa verið metin eða talin eru hugsanleg á uppgjörsdegi með hliðsjón af tapreynslu í útlánastofninum og endurspegla rýrnun á verðmæti útlánanna.
5. Frá eiginfjárþætti A skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika bankans til að mæta tapi.

Eiginfjárþáttur B telst vera víkjandi lán sem viðskiptabanki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot bankans eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur bankanum en endurgreiðslu hlutafjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist niður með jöfnum afborgunum á tímabilinu. Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánum viðskiptabanka hjá félögum, sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 28. gr., öðrum en þeim sem teljast vera dótturfélög og reiknast með í samstæðureikningi viðskiptabanka og dótturfélaga, sbr. eftirfarandi:

1. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabankans nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum.
2. Eignarhlutur í félagi, sem viðskiptabanki hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags, skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabankans nema allt að 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé viðskiptabankans eins og það er reiknað skv. 2. mgr. fyrir frádrátt skv. 3. mgr.

Heimilt er ráðherra að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 3. og 4. mgr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

642. Lög [23. mál]

um breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87 4. júli 1985.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars.)

Samhljóða þskj. 609.

643. Lög [135. mál]

um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars.)

Samhljóða þskj. 621.

644. Framhaldsnefndarálit [31. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Málinu var vísað aftur til nefndarinnar eftir 2. umr. Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemdir við þá afgreiðslu sem málið hlaut og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir eftir 2. umr.

Alþingi, 25. mars 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Ingi Björn Albertsson.

Sólveig Pétursdóttir. Hjálmar Jónsson.

645. Breytingartillaga [31. mál]

við frv. til l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

Frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Kristínu Ástgeirsdóttur og Halldóri Ásgrímssyni.

Orðin „svo sem evrópsku mynteiningunni (ECU) og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR)“ í 2. málsl. 1. efnismgr. 2. gr. falli brott.

646. Frumvarp til laga [396. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Þ Jónsson.

1. gr.

B-liður 1. mgr. 39. gr. laganna orðast svo:

b. Félagslegar eignaríbúðir: Sveitarfélög eða verkalýðsfélög.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 48. gr. laganna kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Verkalýðsfélög, sem byggt hafa samkvæmt lögum þessum, geta með samkomulagi falið húsnæðisnefnd viðkomandi sveitarfélags rekstur og ráðstöfun íbúðanna hætti þau byggingarstarfsemi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Innan verkalýðshreyfingarinnar hefur komið fram áhugi meðal aðildarfélaga hennar á að standa fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis. Þrjú verkalýðsfélög í Reykjavík hafa samið drög að samkomulagi um byggingu félagslegra íbúða fyrir félagsmenn sína. Ætlunin var að byggja félagslegar eignaríbúðir eingöngu. Félagsmálaráðuneytið hafnaði drögunum þar sem núgildandi lög gera ráð fyrir að félagasamtök geti eingöngu staðið fyrir byggingu kaupleiguíbúða og leiguíbúða.

Með breytingunni, sem hér er lögð til, er tryggt að verkalýðsfélög, ein sér eða fleiri saman, eigi sama rétt og sveitarfélög til byggingar félagslegra eignaríbúða fyrir félagsmenn sína að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að verkalýðsfélög fái heimild til þess að byggja og reka eignaríbúðir í félagslega íbúðakerfinu.

Um 2. gr.

Breytingin á 48. gr. laganna (áður 62. gr.) opnar þann möguleika að verkalýðsfélög, sem byggt hafa íbúðir, sbr. 1. gr. frumvarpsins, geti falið húsnæðisnefnd viðkomandi sveitarfélags rekstur og ráðstöfun íbúðanna hætti verkalýðsfélögin byggingarstarfsemi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

647. Frumvarp til lyfjalaga. [397. mál]

Flm.: Finnur Ingólfsson, Guðmundur Bjarnason, Steingrímur Hermannsson, Jón Kristjánsson, Páll Pétursson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ingibjörg Pálmadóttir.

I. KAFLI
Yfirstjórn.

1.gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur umsjón með framkvæmd laga þessara. Lyfjamálastjóri, lyfjanefnd, landlæknir og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar við framkvæmd laganna.

II. KAFLI
Skilgreining lyfja. Lyfjahugtakið.

2. gr.

Lyf eru samkvæmt lögum þessum hvers konar efni og/eða efnasambönd, lífræn og ólífræn, sem ætluð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum. Enn fremur efni eða efnasambönd sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar, þar með talin geislavirk efni, ef þau koma í eða á líkama manna eða dýra.

Efni, sem notuð eru til svæfingar eða staðdeyfingar, teljast lyf (svæfingarlyf, staðdeyfingarlyf).

Efni í viðurkenndum lyfjaformum, sem eru notuð til getnaðarvarna eða til þess að auka frjósemi manna eða dýra, teljast einnig lyf.

Ákvæði laga þessara taka einnig til umbúða og áhalda sem hafa lyf að geyma.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða svo á í reglugerð að ákvæði laga þessara taki til hjúkrunar- og sjúkragagna, svo og lyfjagagna.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis, kveðja til nefnd sérfróðra manna til þess að skilgreina nánar og gera tillögur um stöðlun þess varnings er greinir í 1. mgr.

4. gr.

Lyfjanefnd gerir tillögur til ráðherra að reglugerð er nánar skal skilgreina lyfjahugtakið og undanþágur frá því.

III. KAFLI
Lyfjaskrár.

5. gr.

Ísland er aðili að evrópsku lyfjaskránni (European Pharmacopoeia; Ph.Eur.) ásamt viðaukum. Gildir hin enska útgáfa lyfjaskrárinnar hér á landi.

Um aðrar kröfur til lyfjaforma, gæða og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðgerðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum, fer samkvæmt reglum sem ráðherra setur og taka mið af norrænum og evrópskum lyfjastöðlum.

Ísland er aðili að samningi EFTA um grundvallarreglur góðra framleiðsluhátta í lyfjagerð (GMP-reglur).

IV. KAFLI
Flokkun lyfja. Staðfesting lyfjaforskrifta og skráning sérlyfja.

6. gr.

Fullgerð lyf (lyf tilbúin eða sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að selja, afhenda eða flytja til landsins að þau megi fella undir einhvern eftirtalinna flokka:

1. Skráð sérlyf samkvæmt staðlaðri forskrift og nefnd sérheiti eða samheiti. Þau skal skrá í sérlyfjaskrá er lyfjamálastjóri gefur út og selja eða afhenda að jafnaði í órofnum ílátum (afhendingarílátum) framleiðanda. Í reglugerð skal kveða á um í hvaða tilfellum heimilt er að rjúfa afhendingarílát. Einnig skal í reglugerð setja nánari ákvæði um skráningu og afskráningu sérlyfja og um skráningargjöld og árgjöld slíkra lyfja.
2. Stöðluð forskriftarlyf samkvæmt staðfestri forskrift og nefnd gildandi samheiti. Lyfjanefnd ákvarðar um staðfestingu forskrifta eða niðurfellingu staðfestingar og um ílát, umbúðir og pakkningar staðlaðra forskriftarlyfja.
3. Forskriftarlyf lækna, framleidd samkvæmt sérstökum fyrirmælum á lyfseðli (ordinatio magistralis) með hliðsjón af gildandi lyfjaskrám eða lyfjastöðlum.

Ráðherra setur reglugerð um innflutning, afhendingu og sölu blóðvatns (serum), bóluefna (vaccinum), ónæmisefna, geislavirkra lyfja og lofttegunda til lækninga.

7. gr.

Lyfjamálastjóri getur, í samráði við landlækni, leyft undanþágu frá ákvæðum 6. gr. í einstaka tilvikum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Við allar slíkar undanþágur skal þess gætt að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra sem eiga að nota þau.

8. gr.

Heimilt er að binda skráningu sérlyfs við notkun eingöngu á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði.

Heimilt er að skrá sérlyf tímabundinni skráningu til reynslu.

Ef innflytjandi eða umboðsmaður sérlyfs, sem óskað er skráningar á, sannar að lyfið hafi fengið skráningu á tveimur hinna Norðurlandanna þá skal sjálfkrafa skrá lyfið hér á landi.

9. gr.

Við mat á stöðluðum forskriftarlyfjum og sérlyfjum skal einkum taka tillit til rannsókna á lyfhrifum og eiturhrifum virkra efna í tilraunum á mönnum eða dýrum, gæða allra efna, virkra sem óvirkra (hjálparefna), sem notuð eru við lyfjagerðina, aðgengis virkra efna (bioavailability) í lyfjaformum, verðs, geymsluþols og notagildis lyfjanna við meðferð tiltekinna sjúkdómseinkenna, svo og aukaverkana, eins og kveðið er á um í norrænum og evrópskum reglum sem ráðherra staðfestir.

Nú eru í tilgreindu lyfjaformi fleiri en eitt virkt efni. Þá skal ítarlega kanna réttmæti þess að nota efnin saman fremur en hvort (hvert) í sínu lagi.

10. gr.

Lyfjamálastjóri gefur út skrá er greinir stöðluð lyf, sbr. 1.–2. tölul. 6. gr., eftir lækningaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Skráin skal að öðru leyti vera þannig úr garði gerð að notagildi hennar fyrir lækna og lyfjafræðinga verði sem mest. Í skránni skal m.a. greina frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum og helstu aukaverkunum skráðra lyfja.

V. KAFLI
Skráning aukaverkana lyfja.

11. gr.

Landlæknir skráir aukaverkanir lyfja hér á landi og annast úrvinnslu og kynningu þar að lútandi og samstarf við erlendar stofnanir sem sjá um skráningu aukaverkanir lyfja.

VI. KAFLI
Ávísun lyfja. Lyfseðlar og afgreiðsla þeirra. Merking lyfja.

12. gr.

Lyfseðill er lyfjaávísun læknis, tannlæknis eða dýralæknis sem hefur lækningaleyfi hér á landi. Ráðherra getur heimilað að afgreiða megi lyf samkvæmt lyfseðlum frá læknum, tannlæknum eða dýralæknum sem hafa lækningaleyfi í öðru landi ef íslenskir læknar njóta þar sömu réttinda. Ráðherra er heimilt að setja reglur um lyfjaútlát lyfjafræðinga í neyðartilfellum.

Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna og lyfjaútláti lyfjafræðinga í neyðartilfellum.

13. gr.

Ráðherra setur reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja. Í reglugerð þessari skal m.a. kveða á um eftirfarandi atriði.

1. Hvort lyf megi einungis láta út gegn lyfseðli og hve oft gegn sama lyfseðli.
2. Hversu hátta skuli áritun á ílát (afhendingarílát) undir fullgerð lyf.
3. Ávísun lyfja í síma.
4. Ávísun ávana- og fíknilyfja.
5. Ávísun lyfja til notkunar í skipum og loftförum.
6. Rétt lækna og læknakandídata til að ávísa lyfjum.
7. Gildistíma lyfseðils.
8. Merkingu sérlyfja.

VII. KAFLI
Auglýsing og kynning lyfja, lækningaráhalda, sjúkravarnings og lyfjagagna.

14. gr.

Bannaðar eru hvers konar auglýsingar um lyf með þeim undartekningum sem um getur í kafla þessum.

15. gr.

Auglýsa má og kynna fullgerð lyf, sbr. 6. gr., lyfjavöru, læknis- og lækningaáhöld og lyfjagögn á íslensku í tímaritum eða blöðum lækna, lyfjafræðinga, tannlækna, dýralækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, ljósmæðra og lyfjatækna og annarra sem vinna áþekk störf, svo og nemenda í þessum greinum.

Í lyfjaauglýsingum skal, auk nafns framleiðanda, heitis lyfs og virkra efna, tilgreina verð, helstu ábendingar (indicationes) og frábendingar (contraindicationes) er varða notkun hlutaðeigandi lyfja og pakkningastærðir, enn fremur stærð skammta og helstu atriði önnur um notkun og aukaverkanir. Framangreindar upplýsingar skulu ætíð vera í samræmi við það sem greinir í lyfjaskrám, lyfjastöðlum, sérlyfjaskrá eða skrá um stöðluð lyf, sbr. 10. gr.

16. gr.

Heimilt er og að kynna fyrir fyrrgreindum einstaklingum lyf og áðurtalinn varning, en þó á þann hátt að ekki sé líklegt að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

17. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum lyfjamálastjóra, að leyfa auglýsingu eða kynningu á lausasölulyfjum í sérstökum tilvikum á öðrum stöðum eða á annan hátt, enda skal texti auglýsingar eða kynningar vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, svo og önnur fyrirmæli er að þessu lúta.

18. gr.

Óheimilt er að senda eða afhenda lyfjafræðingum, aðstoðarlyfjafræðingum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraþjálfurum, ljósmæðrum og lyfjatæknum og öðrum sem vinna áþekk störf við heilbrigðisþjónustu lyfjasýnishorn.

Heimilt er að afhenda persónulega lækni, tannlækni eða dýralækni lyfjasýnishorn í minnstu pakkningu og án greiðslu, enda sé um að ræða nýskráð lyf sem ekki teljast ávana- eða fíknilyf.

Óheimilt er að senda lyfjasýnishorn á heimili.

19. gr.

Lyfjamálastjóri gætir þess að lyfjaauglýsingar séu réttar. Hann getur bannað tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Hann getur og krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.

20. gr.

Landlækni er heimilt að senda út tilkynningar um lyf, m.a. til þess að vara við aukaverkunum þeirra.

21. gr.

Landlæknir getur bannað auglýsingar um læknis- og lækningaáhöld eða lyfjagögn, sbr. 1. mgr. 25. gr., er gefa rangar eða villandi upplýsingar. Auk þess getur hann krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.

22. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum lyfjamálastjóra og landlæknis, að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga er um ræðir í þessum kafla, þar með talin heimild til notkunar annarra tungumála í auglýsingum, sbr. 15. gr. Reglugerðin skal einnig kveða nánar á um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna, sbr. 18. gr.

VIII. KAFLI
Framleiðsla lyfja.

23. gr.

Lyfjagerðum er heimilt að framleiða stöðluð sérlyf og forskriftarlyf, sbr. 1.–2. tölul. 6. gr. Einnig er þeim heimilt að framleiða forskriftarlyf lækna handa einstökum sjúklingum. Sé um meira magn að ræða en svari þörfum örfárra sjúklinga þarf að koma til heimild lyfjamálastjóra.

Að fengnum tillögum lyfjamálastjóra gefur ráðherra út starfsleyfi til lyfjagerða þeirra sem getur í 1.–2. tölul. 6. gr. Óheimilt er að hefja rekstur slíkra fyrirtækja fyrr en leyfi hefur verið gefið út.

Til þess að fá starfsleyfi verður lyfjagerð, sbr. 1. mgr., að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að vera undir faglegri stjórn lyfjafræðings.
2. Að vera þannig búin að húsnæði, tækjum og starfsliði að hún geti samkvæmt mati lyfjamálastjóra framleitt lyf sem fullnægi þeim kröfum er lög, reglugerðir og góðir framleiðsluhættir í lyfjagerð (GMP-reglur) áskilja.

Að fengnum tillögum lyfjamálastjóra getur ráðherra afturkallað leyfi til lyfjagerðar og lyfjaframleiðslu ef settra skilyrða er ekki gætt eða framleiðandi hefur gerst sekur um vanrækslu eða alvarleg mistök í starfi.

Lyfjamálastjóri annast eftirlit með fyrirtækjum þeim sem grein þessi nær til og gerir tillögur til ráðherra um reglugerð þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsmenn lyfjagerða.

IX. KAFLI
Stjórn og skipan.

24. gr.

Lyfjamálastjóri er ráðherra til ráðuneytis um lyfjamál og annast fyrir hönd ráðherra framkvæmd tiltekinna málaflokka samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerðar sem ráðherra setur um starfssvið lyfjamálastjóra.

Við embætti lyfjamálastjóra skulu starfa lyfjanefnd, sbr. 25. gr., og lyfjakaupanefnd, sbr. 27. gr.

Ráðherra ræður lyfjamálastjóra sem skal vera lyfjafræðingur (cand. pharm.). Lyfjamálastjóri ræður starfsmenn til embættis síns. Í starfi sínu skal lyfjamálastjóri hafa samráð við landlækni eftir því sem við á. Við umfjöllun um dýralyf skal lyfjamálastjóri hafa samráð við yfirdýralækni. Lyfjamálastjóra er heimilt að kalla til sérfræðinga til að vera embættinu til ráðgjafar þegar þurfa þykir.

Lyfjamálastjóri og starfsmenn hans mega engra hagsmuna hafa að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja. Þeir sem framleiða, dreifa og selja lyf eru skyldugir til að veita lyfjamálastjóra alhliða upplýsingar um starfsemi og framleiðslu sína. Nánar skal kveðið á um upplýsingaskyldu aðila gagnvart lyfjamálastjóra í reglugerð sem ráðherra setur.

Lyfjamálastjóri annast eftirlit með lyfjaneyslu, lyfjaverslun, innflutningi lyfja og lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar og með starfsemi lyfjagerða og fyrirtækja og stofnana er afhenda, framleiða, flytja inn eða búa um lyf. Hann fylgist með kaupverði og dreifingar- og sölukostnaði lyfja. Hann annast fyrir hönd stjórnvalda alhliða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf vegna lyfjamála.

Lyfjamálastjóri annast önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara eða hliðstæðra laga, svo sem ráðherra mælir fyrir um í reglugerð, þar með talin samvinna við erlend stjórnvöld á sviði lyfjamála.

25. gr.

Ráðherra skipar lyfjanefnd og skal hún skipuð þremur mönnum með jafnmarga til vara með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði. Ráðherra skipar formann. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Þegar fjallað er um mál, er sérstaklega varða dýralækningar, taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndarmenn mega ekki eiga neinna hagsmuna að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja.

Meðal verkefna lyfjanefndar er að vera Lyfjamálastjóra til ráðuneytis um tillögur til ráðherra um reglugerð um skilgreiningu á lyfjahugtakinu, framleiðsluforskriftir fyrir stöðluð forskriftarlyf, skráningu og afskráningu sérlyfja og flokkun lyfja.

Framleiðendur sérlyfja eru skyldugir til að veita lyfjamálastjóra jafnóðum allar nýjar upplýsingar er varða skráð lyf og lyf sem eru í skráningu.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti lyfjanefndar.

X. KAFLI
Innkaup, verðlagning og dreifing lyfja.

26. gr.

Lyfjadreifing er hluti af heilbrigðisþjónustu. Markmið með lyfjadreifingu er að tryggja um land allt góða lyfjaþjónustu og nægilegt framboð lyfja á sem lægstu verði. Starfsmenn lyfjadreifingar skulu vinna með öðrum aðilum heilbrigðisþjónustunnar að þeim heilbrigðismarkmiðum sem stefnt er að hverju sinni.

27. gr.

Ráðherra skipar lyfjakaupanefnd. Skal hún skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af stjórn hlutafélagsins, sbr. 28. gr., einum tilnefndum af Tryggingaráði, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, einum tilnefndum af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og einum án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.

Lyfjakaupanefnd hefur með höndum innkaup þeirra lyfja sem greidd eru að hluta til eða öllu leyti af ríkissjóði. Nefndin semur við innlenda og erlenda lyfjaframleiðendur og lyfjaheildsala um innkaupsverð og aðra skilmála. Jafnan skal nefndin versla þar sem verð og skilmálar eru hagstæðust að öryggiskröfum uppfylltum.

Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsemi fyrirtækja sem flytja inn og dreifa lyfjum í heildsölu að fengnum tillögum lyfjamálastjóra.

Lyfjakaupanefnd sér um að jafnan séu nægilegar birgðir lyfja tiltækar í landinu, m.a. vegna almannavarna. Í samningi á milli lyfjamálastjóra, Tryggingastofnunar ríkisins og hlutafélagsins skal nánar kveðið á um samskipti og ábyrgð aðila.

28. gr.

Hlutafélag, sem ríkið á hlut í, sér um smásöludreifingu lyfja um landið. Ráðherra setur reglugerð um útsölustaði lyfja þar sem m.a. skal kveða á um skilyrði til lyfjadreifingar til almennings, öryggiskröfur, aðstöðu, starfslið og starfshætti.

Starfsmenn útsölustaða lyfja eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál, sbr. 12. gr. laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.

Um vitnaskyldu framangreindra aðila fer eftir því sem segir í réttarfarslögum.

29. gr.

Á hverju sjúkrahúsi skal starfa þriggja til fimm manna lyfjanefnd sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Í slíkri lyfjanefnd skal vera a.m.k. einn starfandi lækna sjúkrahússins og einn lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahússins.

Að jafnaði skal þess gætt, þegar völ er á jafngildum lyfjum, að velja til notkunar á sjúkrahús þau lyf sem ódýrari eru.

Stjórn sjúkrahúss ber að sjá svo um að húsnæði og búnaður vegna vörslu og dreifingar lyfja séu við hæfi og skal hlíta úrskurði lyfjamálastjóra þar að lútandi, samkvæmt ákvæðum um búnað og rekstur þeirrar starfsemi sem sett verða í reglugerð.

Sett skulu í reglugerð fyrirmæli um geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og enn fremur í lækningastofum og öðrum stofnunum þar sem lyf eru notuð til lækninga.

XI. KAFLI
Málsmeðferð og viðurlög.

30. gr.

Starfsmenn lyfjamálastjóra og lyfjanefndar eru bundnir þagnarskyldu, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um allt sem þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu varðandi sérmat einstaklinga og fyrirtækja, nema þeim beri lögum samkvæmt skylda til að tjá sig.

Sama á við um ráðunauta sem starfa í þágu þessara aðila og alla sem taka að sér verkefni fyrir þá.

31. gr.

Um mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála, nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

32. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú er brot ítrekað eða stórfellt og skal þá refsa með varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Lyf og lyfjaefni, sem eru flutt inn ólöglega eða seld ólöglega innan lands, skal gera upptæk með dómi og enn fremur lyf sem framleidd eru ólöglega og ágóða af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

XII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lyfjalög, nr. 108/1984, með síðari breytingum, og lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum.

Fjórði hluti eigna Lyfsölusjóðs skal renna til uppbyggingar Íslenska lyfjasafnsins á Seltjarnarnesi en ¾ hlutar eigna sjóðsins skulu renna í ríkissjóð. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra annast uppgjör Lyfsölusjóðs.

Lyfsöluleyfi, sem veitt hafa verið samkvæmt lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, og eldri lögum, falla niður með gildistöku laga þessara. Hlutafélaginu er skylt að kaupa vörubirgðir, húsnæði, innréttingar og tæki þeirra lyfsala sem þess óska. Mat á kaupverði skal framkvæmt á sama hátt og gert hefur verið þegar viðtakandi lyfsali hefur keypt af fráfarandi lyfsala.

Greinargerð.

Mörg undanfarin ár hafa stjórnvöld haft áhyggjur af háum lyfjakostnaði hér á landi. Fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Guðmundur Bjarnason, fól nefnd að gera úttekt á ýmsum þáttum lyfjamála. Nefnd sú skilaði skýrslu til heilbrigðisráðherra í október 1989 og var sú skýrsla gefin út í sama mánuði í riti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem var á sínum tíma sent öllum þingmönnum. Í þeirri skýrslu er fjallað um fjölmörg atriði sem viðkoma lyfjaverslun og lyfjaneyslu.

Strax þá var hafist handa við að hrinda í framkvæmd ýmsu af því sem fram kom í skýrslu nefndarinnar og miðað að því að draga úr lyfjakostnaði. Álagning í heildsölu og smásölu var lækkuð, þak var sett á álagningu dýrustu lyfja, apótekum var skylt að gefa Tryggingastofnun ríkisins stighækkandi afslátt eftir veltu viðkomandi apóteks, gefin var út samheitaskrá lyfja, gefinn var út listi með skrá yfir ódýrustu sambærileg lyf og reynt var með auglýsingum að hvetja til notkunar ódýrari lyfja og minni lyfjanotkunar. Þannig var reynt með samstarfi heilbrigðisyfirvalda, lækna og lyfjaneytenda að fá lækna til að ávísa jafnan á ódýrasta lyfið með sama virka efninu. Ljóst er að þær aðgerðir, sem að framan eru taldar, drógu verulega úr lyfjakostnaði.

Fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Guðmundur Bjarnason, vildi ná meiri árangri í lækkun lyfjakostnaðar án þess að velta sparnaði ríkisins yfir á neytendur lyfjanna. Því lét hann semja frumvarp til laga um lyfjadreifingu og frumvarp til lyfjalaga þar sem fram komu veigamiklar breytingar frá gildandi lögum. Bæði þessi frumvörp voru lögð fyrir Alþingi til kynningar. Þetta frumvarp er efnislega ólíkt þeim frumvörpum sem lögð voru fram til kynningar á síðasta Alþingi enda þau frumvörp málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða því með þeim var verið að reyna að tryggja viðtæka samstöðu milli ólíkra pólitískra sjónarmiða ríkisstjórnarflokkanna og ólíkra hagsmuna heilbrigðisyfirvalda, lækna, lyfsala og lyfjaneytenda.

Helstu breytingar, sem í þessu frumvarpi eru frá núgildandi lögum, felast í fyrsta lagi í því að gerðar eru grundvallarbreytingar á stjórnun og skipulagi lyfjamála og miðað að því að gera kerfið sem einfaldast og skilvirkast. Lyfjaverðlagsnefnd, Lyfsölusjóður og Lyfjaeftirlit ríkisins eru lögð niður. Til þess að gera framkvæmd lyfjamála markvissari er í frumvarpinu gert ráð fyrir að sett verði á fót embætti lyfjamálastjóra sem verði heilbrigðisráðherra til ráðuneytis og aðstoðar og annist fyrir hans hönd framkvæmd tiltekinna þátta lyfjamála, einkum þó þeirra sem snúa að lyfjaneyslu, innflutningi, dreifingu, sölu, framleiðslu og gæðaeftirliti lyfja og lyfjaefna, svo og upplýsingaskyldu og þjónustu þeirra aðila er sýsla með lyf. Lyfjamálastjóra er einnig ætlað að hafa yfirsýn yfir lyfjamarkaðinn og hafa sérstakt eftirlit með verði og verðmyndun lyfja. Lyfjamálastjóra er því með frumvarpinu ætlað yfirgripsmikið verkefni sem tekur til allra þátta lyfjamála. Því er gert ráð fyrir að honum til ráðgjafar starfi lyfjanefnd sem fjallar um þröng fagleg efni og lyfjaskráningu og lyfjakaupanefnd sem hefur með höndum innkaup þeirra lyfja sem greidd eru að hluta til eða öllu leyti af ríkissjóði.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að einokunaraðstaða lyfsala verði afnumin og komið verði á samkeppni í heildsölu og smásölu lyfja. Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag sem hafi með höndum smásöludreifingu lyfja.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir nýju fyrirkomulagi í lyfjainnkaupum. Skipuð verði lyfjakaupanefnd og í henni sitji fulltrúar ASÍ, BSRB, Tryggingastofnunar ríkisins og heilbrigðisyfirvalda, allt fulltrúar þeirra sem mestra hagsmuna eiga að gæta að inn sé keypt ódýrt og skynsamlega. Nefndin starfi í tengslum við lyfjamálastjóra. Þannig er hann betur í stakk búinn til að hafa góða yfirsýn yfir lyfjamarkaðinn. Nefndin á að hafa með höndum að semja um verð þeirra lyfja sem greidd eru að hluta til eða að öllu leyti af ríkissjóði og skal nefndin jafnan versla þar sem verð og skilmálar eru hagstæðastir að öryggiskröfum uppfylltum.

Í fjórða lagi er gerð grundvallarbreyting á fyrirkomulagi verðlagningar lyfja. Verðlagning lyfja fer nú fram á þann hátt að þegar sótt er um að lyf sé skráð á íslenska lyfjaskrá fer seljandi, einkaumboðsmaður framleiðanda, jafnframt fram á að skráð sé ákveðið innkaupsverð á lyfjum til heildsala. Það er síðan lyfjaverðlagsnefnd sem ákveður álagningarþætti, svo sem álagningarstuðul á innkaupsverð til heildsala sem er mismunandi eftir því hvort lyfið er keypt fob eða cif. Breyting á verði er gerð á þriggja mánaða fresti berist um það umsókn sex vikum fyrr hið skemmsta. Það er sami seljandi, einkaumboðsmaður framleiðanda, sem hefur frumkvæðið að því að innkaupsverði lyfja sé breytt eftir að lyf hefur verið skrásett. Með því að breyta innkaupsmáta og hætta að skrá verð lyfja þannig að það sé hluti af skráningu þeirra en

kaupa þess í stað inn lyf á alþjóðlegum markaði eftir því sem verð og skilmálar gerast hagstæðastir hverju sinni, að uppfylltum öryggiskröfum, má fullyrða að ná megi fram verulegri lækkun á innkaupsverði lyfja. Til þess að svo megi verða þarf að vera til staðar öflugur kaupandi sem er í stakk búinn til að semja um verð og skilmála. Samhliða þessari breytingu er sú breyting gerð að ef innflytjandi eða umboðsmaður sérlyfs getur sýnt fram á að viðkomandi sérlyf hefur fengið skráningu á tveimur hinna Norðurlandanna þá sé lyfið sjálfkrafa skráð hér á landi.

Sparnaður samkvæmt frumvarpi þessu kæmi fyrst og fremst fram í lægra verði lyfja vegna breytts fyrirkomulags í verðlagningu þar sem þeim aðila, sem hefur hagsmuna að gæta, að verð sé sem lægst, er jafnan falið að annast samninga um verð. Með því að lækka lyfjaverð um 7–10%, eins og norskum og sænskum heilbrigðisyfirvöldum hefur tekist með svipuðu fyrirkomulagi og hér er lagt til, mætti lækka kostnað ríkisins vegna lyfjakaupa um hundruð milljóna króna og án þess að velta þeim sparnaði, sem ríkið vill ná fram á lyfjanotkun, yfir á notendur lyfjanna sem í flestum tilfellum eiga erfitt með að bera aukin útgjöld.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 1. gr. gildandi lyfjalaga, nr. 108/1984, að öðru leyti en því sem breytt skipulag lyfjamála, samkvæmt frumvarpi þessu, gerir ráð fyrir.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 2. og 3. gr. gildandi lyfjalaga, nr. 108/1984.

Um 4. gr.

Í stað þess að kveða á um að vítamín og/eða steinefni teljist ekki lyf, nema þau séu umfram tiltekin mörk, eins og segir í 4. gr. gildandi laga, er hér kveðið á um að lyfjanefnd geri tillögur að reglugerð um nánari skilgreiningu lyfjahugtaksins, enda óþarfi að fjalla sérstaklega um vítamín og steinefni því hér geta komið til önnur atriði sem liggja á mörkunum og gætu eins átt undir matvælahugtakið, sbr. lög nr. 24/1936, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

Um 5. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá 6. gr. gildandi laga, nema gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um lyfjaform, gæði og hreinleika lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðgerðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum í samræmi við norræna og evrópska lyfjastaðla, enda er það gert nú þegar í samstarfi á þessu sviði. Ísland er aðili að samningi um grundvallarreglur góðra framleiðsluhátta í lyfjagerð (GMP-reglur) sem starfshópur EFTA um lyfjagerð hefur dregið upp samkvæmt umboði allra þátttökuríkja. Er lagt til að ákvæði hér að lútandi verði lögfest og enska útgáfa reglnanna gildi hér á landi. Lyfjaeftirlit ríkisins og landlæknir hafa á undanförnum árum lagt til að ákvæði sem þetta verði lögfest.

Um 6. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá 7. gr. gildandi laga en tekur mið af breyttu skipulagi mála. Í 2. mgr. er nýmæli þar sem lögfest er sú skylda að setja reglugerð um innflutning, afhendingu og sölu blóðvatns, bóluefna, ónæmisefna, geislavirkra lyfja og lofttegunda til lækninga, en slíkt ákvæði skortir í gildandi lög.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 8. gr. gildandi laga en tekur mið af breyttu skipulagi mála og er sett fram með einfaldari hætti.

Um 8. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá 10. gr. gildandi laga. Felld eru niður ákvæði gildandi laga um að hafna megi skráningu sérlyfs sé hið virka efni svo líkt fáanlegu lyfi að það sem á milli skilur hafi ekki teljandi þýðingu. Eðlilegt er að lyf sé skráð standist það gæðakröfur enda má ætla að fjölgun skráðra lyfja örvi verðsamkeppni. Í 2. mgr. er hins vegar nýmæli en þar er lagt til að heimilt sé að skrá sérlyf tímabundinni skráningu til reynslu, en ákvæði um það hefur skort í lögin.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ef innflytjandi eða umboðsmaður sérlyfs sannar að það hafi fengið skráningu á tveimur hinna Norðurlandanna þá skuli lyfið sjálfkrafa fá skráningu hér á landi. Þetta er ætlað til að einfalda og auðvelda skráningu nýrra sérlyfja ef þau hafa fengið skráningu á tveimur hinna Norðurlandanna en á hinum Norðurlöndunum gilda sambærilegar öryggiskröfur um skráningu nýrra sérlyfja og hér á landi.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 13. gr. gildandi laga, nema hvað snertir stjórnun. Í stað orðsins „hjáverkunum“ kemur „aukaverkunum“.

Um 11. gr.

Með þessari grein er lögfest að landæknisembættið skuli sjá um skráningu, úrvinnslu og kynningu á aukaverkunum lyfja hér á landi. Einnig er felld niður 2. mgr. 54. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um tengsl skráningar hjáverkana (aukaverkana) lyfja og eitrana af völdum eiturefna og hættulegra efna, enda þarf ekki að binda slíkt í lögum svo sjálfsagður hlutur sem það er.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 15. gr. gildandi laga, nema bætt er inn í 1. mgr. heimild fyrir ráðherra til að setja reglur um lyfjaútlát lyfjafræðinga í neyðartilvikum, en sett hefur verið ákvæði um slíkt í reglugerð vegna brýnnar nauðsynjar sem hefur reynst vel í framkvæmd en mikilvægt er að lögfesta þessa heimild. Landlæknir skal hafa eftirlit með lyfjaútláti lyfjafræðinga samkvæmt framansögðu með sama hætti og lækna.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 16. gr. gildandi laga, nema hvað lagt er til að landlæknir og Lyfjaeftirlit ríkisins verði ekki tillöguaðilar að gerð reglugerðar um lyfseðla og afgreiðslu lyfja, enda óþarfi. Lagt er til að 17. gr. gildandi laga, þar sem fjallað er um merkingu lyfja með ítarlegum hætti, verði felld niður, enda óþarft að tíunda svo rækilega hvernig merkingar skuli vera. Í staðinn er lagt til að kveðið verði á um merkingu lyfja í sömu reglugerð og kveður á um gerð lyfseðla og afgreiðslu þeirra.

Um 14. gr.

Greinin er efnislega eins og 21. gr. gildandi laga.

Um 15. gr.

1. mgr. er óbreytt frá 1. tölul. 1. mgr. 18. gr. gildandi laga. Í 2. mgr. er hins vegar bætt inn skyldum þess efnis að gefnar séu upp upplýsingar um verð, auk þess sem gerð er krafa um í gildandi lögum. Ekki er nokkur vafi á því að mjög brýnt er að þær heilbrigðisstéttir, sem hafa

lyfjaauglýsingar fyrir augunum í tímaritum og blöðum fyrir einstaka hópa heilbrigðisstétta, fái upplýsingar um verð lyfja ekki síður en t.d. upplýsingar um pakkningastærðir. Hér er um að ræða atriði sem er í samræmi við hliðstæðar og nýsamþykktar reglur á þessu sviði sem Evrópubandalagið hefur sett.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 19. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 20. gr. gildandi laga að öðru leyti en varðandi stjórnun.

Um 18. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 22. gr. gildandi laga, nema hvað snertir 2. mgr. en þar er lagt til að óheimilt verði að senda lyfjasýnishorn til lækna, tannlækna og dýralækna eins og gildandi lög heimila, heldur eingöngu að afhenda þeim þau persónulega og þá sé aðeins um nýskráð lyf að ræða í kynningarskyni en ekki eins og nú er, að senda eða afhenda með þeirri einu takmörkun að um minnstu pakkningar sé að ræða. Með þessu ætti að vera tryggt að lyf séu ekki send í pósti eins og tíðkast hefur.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 23. gr. gildandi laga. Lagt er til að fellt verði niður úrskurðarvald landlæknis komi til ágreinings.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 24. gr. gildandi laga, nema tilvísunum í aðrar greinar laganna er sleppt, enda óþarfar.

Um 21. gr.

Greinin er óbreytt frá 25. gr. gildandi laga.

Um 22. gr.

Greinin er óbreytt frá 26. gr. gildandi laga, nema lagt er til að opnað verði fyrir þann möguleika að lyfjaauglýsingar geti verið á öðrum tungumálum en íslensku eins og gert hefur verið t.d. varðandi merkingar matvæla.

Um 23. gr.

Greinin er hliðstæð 14. gr. gildandi laga, nema hvað leiðir af breyttu skipulagi þessara mála. Greinin er þó styttri og tekur mið af breyttum forsendum. Þannig eru felld niður ákvæðin um skyldu lyfjabúða til að framleiða forskriftarlyf lækna. Nægjanlegt er að þær geti útvegað þau með skjótum hætti. Enn fremur er felld niður sú kvöð á lyfjafyrirtækjum að tæknilegur stjórnandi, lyfjafræðingur, þurfi að vera í fullu starfi. Engin kvöð er á þessum ákvæðum því meta þarf þessi atriði í hverju tilviki, t.d. í samræmi við stærð og umfang rekstursins við útgáfu leyfa sem ráðherra gefur út.

Um IX. kafla.

Veigamestu breytingar á lögunum eru fólgnar í stjórn og skipun lyfjamála en ákvæði þar að lútandi er að finna í þessum kafla frumvarpsins. Lyfjamálastjóra er ætlað að taka við hlutverki lyfjamáladeildar heilbrigðisráðuneytisins, hlutverki lyfjaverðlagsnefndar og Lyfjaeftirlits ríkisins og að hluta til lyfjanefndar, en hún starfar áfram sem fagleg nefnd að ákveðnum

verkefnum. Lyfjaverðlagsnefnd er lögð niður enda um annað fyrirkomulag á lyfjaverðlagningu að ræða en verið hefur. Lyfsölusjóður, sem starfað hefur samkvæmt lögunum, er jafnframt lagður niður og er gerð tillaga um ráðstöfun þess fjár, sem í sjóðnum er, í niðurlagsákvæðum frumvarpsins.

Um 24. gr.

Í greininni er fjallað um lyfjamálastjóra sem er ætlað að vera ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar um lyfjamál og annast fyrir hönd ráðherra framkvæmd tiltekinna málaflokka samkvæmt lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Við embætti lyfjamálastjóra skulu starfa tvær nefndir; lyfjanefnd, sem er fjallað um í 25. gr. og lyfjakaupanefnd sem fjallað er um í 27. gr.

Gert er ráð fyrir að lyfjamálastjóri, sem vera skal lyfjafræðingur (cand. pharm.), sé ráðinn af ráðherra og ræður hann starfsmenn til embættis síns. Við ráðningu í þessi störf skal gæta þess að ráða menn með menntun, reynslu og sérfræðikunnáttu á sviði lyfjamála, eftir því hvert sviðið er.

Lyfjamálastjóra er ætlað að annast samráðs- og samvinnuhlutverk á þessu sviði, svo sem við landlækni og yfirdýralækni eftir því sem við á, sérstaklega um þau mál er lúta að læknum, tannlæknum og dýralæknum.

Mjög mikilvægt er að starfsmenn lyfjamálastjóra hafi engra hagsmuna að gæta um sölu, innflutning og framleiðslu lyfja, þannig að þeir geta ekki verið aðilar að félögum á þessum vettvangi. Er þetta einkum mikilvægt þar sem framleiðendum, dreifendum og seljendum lyfja er lögð sú skylda á herðar að veita lyfjamálastjóra upplýsingar um starfsemi sína.

Verkefni lyfjamálastjóra er að annast faglegt eftirlit með lyfjaneyslu og lyfjaverslun, innflutningi lyfja og lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar og með starfsemi lyfjagerða og annarra fyrirtækja og stofnana sem framleiða, flytja inn eða búa um lyf, en þetta verkefni er nú í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins.

Lyfjamálastjóra er enn fremur ætlað að fylgjast með kaupverði, dreifingar- og sölukostnaði lyfja og annast öflun og miðlun upplýsinga um lyfjamál fyrir hönd stjórnvalda.

Um 25. gr.

Hér er fjallað um lyfjanefnd og breytt hlutverk hennar. Skipun og hlutverk lyfjanefndar eru tíunduð í 27., 28. og 29. gr. gildandi lyfjalaga, nr. 108/1984, með síðari breytingum. Þar sem töluverður hluti þessara verkefna færist yfir til lyfjamálastjóra breytist hlutverk nefndarinnar en henni er ætlað að starfa áfram að ákveðnum verkefnum sem sjálfstæður, faglegur umsagnaraðili. Gert er ráð fyrir að í nefndinni sitji þrír menn og ekki eru talin upp hin einstöku svið lækna- og lyfjafræði hér eins og í gildandi lögum, enda óþarfi. Nefndinni er ætlað að vera lyfjamálastjóra til ráðuneytis um tillögur til ráðherra um reglugerð um skilgreiningu lyfjahugtaksins og reglugerð um framleiðsluforskriftir fyrir stöðluð forskriftarlyf, skráningu og afskráningu sérlyfja og flokkun lyfja. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti nefndarinnar í reglugerð eins og verið hefur og er nauðsynlegt að sú reglugerð taki gildi frá og með gildistöku laganna, 1. janúar 1992, vegna þeirra breytinga sem kveðið er á um í lögunum.

Um 26. gr.

Hér er um að ræða nýja grein sem er í samræmi við 1. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Hér er um að ræða nýmæli í lögum. Lagt er til að fimm manna nefnd, lyfjakaupanefnd, sem skipuð skal fulltrúum ASÍ, BSRB, Tryggingaráðs og einum án tilnefningar, auk fulltrúa

hlutafélagsins skv. 28. gr., verði falin innkaup þeirra lyfja sem ríkissjóður greiðir að hluta til eða öllu leyti. Nefndin skal semja við lyfjaframleiðendur og lyfjaheildsala um verð og aðra skilmála og versla að jafnaði þar sem verð og aðrir skilmálar eru hagstæðastir, að öryggiskröfum uppfylltum.

Samkvæmt frumvarpinu skal lyfjakaupanefnd vera ábyrg fyrir því að jafnan séu nægilegar birgðir lyfja tiltækar í landinu, þar á meðal vegna almannavarna. Þá skulu lyfjamálastjóri, Tryggingastofnun ríkisins og hlutafélagið gera sérstakan samning sín á milli um samskipti og ábyrgð aðila.

Að öðru leyti vísast til athugasemda með lagafrumvarpinu hér á undan.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir að hlutafélagið, sem ríkið á hlut í, skuli sjá um smásöludreifingu lyfja um landið, en það skal að jafnaði bjóða út lyfjadreifingu og semja við þá aðila sem lægst bjóða, að teknu tilliti til þjónustu.

Ráðherra er falið að setja reglugerð um útsölustaði lyfja, en einnig skal í henni kveðið á um öryggiskröfur, aðstöðu, starfslið og starfshætti.

Rétt er að vekja athygli á því að 18. gr. gildandi laga er felld niður, enda er fjallað um þá þætti í lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978. Að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar.

Um 29. gr.

Á hverju sjúkrahúsi skal starfa þriggja til fimm manna lyfjanefnd sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins og í henni skulu eiga sæti a.m.k. einn starfandi lækna sjúkrahússins og einn lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahússins.

2. mgr. er efnislega óbreytt frá 51. gr. gildandi laga nema lagt er til að tekið verði út það ákvæði í 2. mgr. 51. gr. sem kveður á um að velja skuli innlenda framleiðslu fremur en erlenda, enda stangast það á við samning EFTA-ríkjanna sem Ísland er aðili að.

Felld eru út ákvæði 52., 53. og 54. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um sérstaka samstarfsnefnd Lyfjaverslunar ríkisins og sjúkrahússapóteka, um dreifingu lyfja til sjúkrahúsa, þannig að Lyfjaverslun ríkisins afgreiði beint til einstakra deilda, og að heilsugæslustöð megi afla sér lyfja frá lyfjabúð eða lyfjaútibúi í hlutaðeigandi lyfsöluumdæmi. Þessar greinar eru óþarfar með hliðsjón af breytingum á skipulagi lyfjamála sem fram koma í frumvarpi þessu.

3. mgr. er óbreytt frá 55. gr. gildandi laga nema hvað snertir yfirstjórn lyfjamála.

4. mgr. er efnislega eins og 56. gr. gildandi laga.

Um 30.–32. gr.

Greinarnar eru efnislega óbreyttar frá 56., 57. og 58. gr. gildandi laga en taka mið af breyttu fyrirkomulagi lyfjamála.

Um 33. gr.

Gerð er tillaga um gildistöku laganna frá og með 1. janúar 1993. Frá og með árinu 1993 hefst sameiginlegur Evrópumarkaður, m.a. á þessu sviði, en breytingar á lögunum taka eins og fram hefur komið m.a. tillit til þess.

Eins og fram hefur komið áður eru felld niður ákvæði gildandi lyfjalaga um Lyfsölusjóð, sbr. X. kafla gildandi laga. Hlutverk sjóðsins hefur verið að efla lyfjaframleiðslu og lyfjadreifingu í landinu og hafa tekjur sjóðsins verið vextir af lánum, hagnaður af sölu áhalda og lyfjabirgða, svo og tekjur af rekstri lyfjabúðar sem sjóðurinn hefur sjálfur rekið. Ríkissjóður skal leggja lyfsölusjóði til árlegt framlag samkvæmt fjárlögum, sbr. 42 gr. gildandi laga, sem nemur sem næst 1% af áætluðu cif-verði innfluttra lyfja og lyfjaefna. Árlegt gjald, lyfsölu-

sjóðsgjald, skal enn fremur lagt á allar lyfjabúðir, samkvæmt gildandi lögum, og skal það vera jafnhátt eftirlitsgjaldi lyfjabúða og innheimt með því. Með breyttu fyrirkomulagi, eins og gert er ráð fyrir í þessum lögum, þar sem m.a. heilsugæslustöðvum og deildaskiptum sjúkrahúsum yrði gert kleift að annast afhendingu lyfja til neytenda, þar sem þess er þörf, er engin ástæða til að viðhalda þessum sjóði. Nauðsynlegt er hins vegar að kveða á um það hvert eignir sjóðsins skuli renna og er lagt til að þær renni að ¾ hlutum í ríkissjóð en að ¼ hluta til uppbyggingar á Íslensku lyfjafræðisafni. Heilbrigðisráðherra skal annast uppgjör Lyfsölusjóðs.

Þá er gert ráð fyrir að lyfsöluleyfi, sem veitt hafa verið samkvæmt lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, og eldri lögum, falli niður við gildistöku laganna en hlutafélagið sé skyldað til að kaupa vörubirgðir, húsnæði, innréttingar og tæki þeirra lyfsala sem þess óska. Mat á kaupverði verði framkvæmt á sama hátt og viðhafður hefur verið þegar viðtakandi lyfsali hefur keypt af fráfarandi lyfsala.

648. Fyrirspurn [398. mál]

til viðskiptaráðherra um útboð.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Hyggst ráðherra flytja frumvarp til laga um útboð þar sem kveðið verður á um réttindi og skyldur þeirra sem starfa á útboðsmarkaði?

649. Skýrsla [399. mál]

utanríkisráðherra um utanríkismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I Inngangur

Á þeim tæplega fjórum áratugum, sem liðnir eru frá stofnun lýðveldisins, hafa höfuðmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu verið í því fólgin að tryggja sjálfstæði landsins og aðgang þess að útlendum viðskiptamörkuðum og tryggja og varðveita yfirráð yfir auðlindum þjóðarinnar.

Markmið þessi hafa verið sameiginleg öllum þeim ríkisstjórnum, sem setið hafa á Íslandi frá stríðslokum. Sjálfstæði landsins og fullveldi hafa stjórnvöld einkum leitast við að tryggja með þátttöku í vestrænu öryggismálasamstarfi, í krafti aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. Með tvíhliða samningum og með þátttöku í alþjóðlegu viðskiptasamstarfi, þ.ám. í EFTA og GATT, hafa stjórnvöld komist að hagstæðum kjörum í viðskiptum við aðrar þjóðir. Þátttakan í undirbúningi hins evrópska efnahagssvæðis hefur rutt sér til rúms sem einn af veigamestu þáttum utanríkisstefnunnar.

Hinar föstu skorður, sem einkenndu aðstæður í alþjóðamálum allt fram á síðustu ár, stuðluðu að því að skapa víðtæka samstöðu um markmið og leiðir í íslenskum utanríkismálum. Hin skörpu skil milli austurs og vestur, ásamt því að vestrænir samherjar á pólitíska sviðinu áttu einnig oftast samleið í efnahagsmálum, gerðu einnig að verkum að Íslendingar þurftu sjaldnast að sundurgreina hagsmuni landsins í öryggismálum og utanríkisviðskiptum.

Á örskömmum tíma hefur þjóðin orðið vitni að því hvernig mikilvægar forsendur þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi hafa breyst. Hinar föstu skorður hafa riðlast, skilin milli austurs og vesturs heyra til liðinni tíð og samherjar á pólitíska sviðinu eru í mörgum tilvikum orðnir keppinautar í utanríkisviðskiptum.

Þau stórkostlegu umskipti, sem átt hafa sér stað hin síðustu ár, breyta ekki þeim höfuðmarkmiðum utanríkisstefnunnar, sem lýst var að framan. Óhjákvæmilegt er hins vegar að stjórnvöld, í samvinnu við Alþingi, geri sér far um að meta áhrif þessara umskipta á forsendur og framkvæmd utanríkisstefnunnar og bregðist við með viðeigandi hætti. Á það jafnt við um hina tvo meginþætti utanríkisstefnunnar, öryggismál og utanríkisviðskipti.

(1) Byltingarkenndar breytingar

Á þremur árum hafa stórviðburðir gerst á stjórnmálasviðinu í Evrópu með ótrúlega hröðum hætti. Berlínarmúrinn féll, ríki Mið- og Austur-Evrópu voru leyst úr viðjum kommúnismans, Þýskaland var endursameinað, Varsjárbandalagið hvarf af vettvangi, Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt, síðasta nýlenduveldið, Sovétríkin, hrundi og til sögunnar komu tólf ný og fullvalda ríki. Í nánast einu vetfangi gerbreyttist ásýnd Evrópu.

Straumhvörfin í Evrópu nú jafnast á við breytingar, sem einungis hafa átt sér stað í kjölfar stórfelldra styrjaldarátaka, Napóleonsstyrjalda eða heimsstyrjaldarinnar síðari, svo tekin séu tvö dæmi, sem ráðið hafa miklu um gang mannkynssögunnar. Undravert er hins vegar hversu friðsamlega hinar byltingarkenndu breytingar undanfarinna ára hafa almennt gengið fyrir sig.

Ólíkt þeim styrjöldum, sem sett hafa svip á Evrópu, lyktaði kalda stríðinu með þeim hætti að þjóðum þeim, sem við sögu þess komu, verður ekki með góðu móti skipt í

sigurvegara og sigraða. Með lokum kalda stríðsins hafa hugsjónir lýðræðis, frelsis og mannréttinda borið efri skjöld í viðskiptum við myrkraöfl harðstjórnar og kúgunar. Þjóðir Mið- og Austur-Evrópu hafa endurheimt fullveldi sitt og ríki þau, sem nýlega hafa verið reist á rústum Sovétríkjanna fyrrverandi, hafa skuldbundið sig til að virða Lokasamþykkt Helsinki-fundarins og Parísarsáttmálann um nýja Evrópu. Endalok kalda stríðsins hafa því komið þjóðum beggja vegna járntjaldsins til góða.

Brottnám járntjaldsins og aukin samkennd þjóða í austri og vestri hefur þegar haft djúpstæð áhrif á svið öryggismála. Hernaðarútgjöld ríkja Evrópu og Norður-Ameríku eru á hraðri niðurleið og hefur hömlulausu vígbúnaðarkapphlaupi eftirstríðsáranna þar með verið snúið við. Stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, hafa stórlega dregið úr kjarnaviðbúnaði einhliða, auk þess sem samið hefur verið um umtalsverðan niðurskurð langdrægra kjarnavopna. Með samningnum um niðurskurð hefðbundins herafla í Evrópu, sem Alþingi fullgilti 14. desember sl., verður hættu á árásarhernaði í álfunni að mestu leyti eytt.

Áhrifanna í öryggismálum af endalokum kalda stríðsins hefur þó ekki eingöngu gætt í afvopnunarmálum. Eftir því sem dregið hefur úr viðsjám og tortryggni milli fyrrum andstæðinga á hernaðarsviðinu, hefur samvinna í auknum mæli leyst af hólmi hefðbundnari aðferðir einstakra ríkja til að tryggja öryggi sitt. Með samningsbundnum, auknum upplýsingaskiptum hefur þeim leyndarhjúpi, sem áður hvíldi yfir áætlanagerð á sviði hermála, að stórum hluta til verið eytt, auk þess sem komið hafa til sögunnar samningar um skorður við og gagnkvæmt eftirlit með starfsemi ríkja á hernaðarsviðinu. Samkeppni í varnarmálum hefur þannig smám saman vikið fyrir samráði og samvinnu allra ríkja Evrópu og Norður-Ameríku um öryggismál.

Hinir afdrifaríku atburðir á stjórnmálasviðinu hafa einnig leitt til þess að við blasa mun flóknari aðstæður í alþjóðaefnahags- og viðskiptamálum en áður. Hin skýru mörk milli ólíkra hagkerfa austurs og vesturs, milli hagkerfis byggðu á valdboði annars vegar og markaðshagkerfis hins vegar, eru horfin sjónum, auk þess sem dvínandi ógn af hugsanlegum hernaðaandstæðingum í austri hefur orðið til að leysa úr læðingi ólík sjónarmið ríkja beggja vegna Atlantshafsins í utanríkisviðskiptum.

Tilraunir Evrópubandalagsins til að koma á sameiginlegum markaði þátttökuríkjanna tólf hafa á undanförnum árum verið sú þungamiðja, sem viðskipti í álfunni hafa öðru fremur snúist um. Endalok tvískiptrar Evrópu hafa þegar haft umtalsverð áhrif á þróunina í átt til hins innri markaðar. Nýfrjáls ríki Mið- og Austur-Evrópu hafa knúið dyra í samstarfi við ríki Evrópubandalagsins, auk þess sem ríki, sem áður höfðu aðhyllst hlutleysi, fara nú hvert af öðru á fjörur við ríkin tólf eftir að hlutleysið glataði merkingu sinni.

Augljóst er, að efnhagsástandið í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, Rússlandi og öðrum fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna getur ekki einungis ráðið úrslitum um hvort lýðræði nær að festa rætur í ríkjum þessum, heldur gæti áhrifa þess gætt langt út fyrir þennan heimshluta. Fjöldaatvinnuleysi, óðaverðbólga, matarskortur og aðrir fylgikvillar núverandi efnahagsöngþveitis, grafa undan stöðugleika í ríkjum þessum. Vopnuð átök við bæjardyr Vestur-Evrópu gætu einnig ógnað öryggi ríkja, sem búið hafa við velsæld og frið í samfellt fjóra áratugi. Má því hafa ástandið í austurhluta álfunni til marks um hvernig alþjóðaefnahagsmál og viðskipti eru í seinni tíð samofin öryggismálum.

Samtök og stofnanir, sem látið hafa að sér kveða í alþjóðamálum, hafa í auknum mæli gert sér far um að aðlagast nýjum aðstæðum.

Atlantshafsbandalagið, sem ríkan þátt hefur átt í að örva þær breytingar, sem átt hafa sér stað, hefur endurskoðað varnarstefnu sína í grundavallaratriðum. Pólitísk samráð hafa verið aukin og sett hefur verið á stofn sérstakt Norður-Atlantshafssamvinnuráð með ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og arftakaríkjum Sovétríkjanna. Auk sameiginlegra varna og samráðs aðildarríkja bandalagsins er nú samvinna með fyrrgreindum ríkjum þriðja meginstoð öryggisstefnu bandalagsins. Jafnframt hefur dregið úr hlutverki ríkja Norður-Ameríku sem

bakhjarls öryggis í Evrópu.

Evrópubandalagið hefur í auknum mæli beint athygli sinni í austurátt. Ríkin tólf hafa veitt umtalsverðri efnahagsaðstoð til að greiða fyrir efnahagsumbótum í hinum nýfrjálsu ríkjum, auk margvíslegrar annarrar aðstoðar í formi tækniaðstoðar, lána, lánsábyrgðar, matvöru og lyfja, sem ríkjum þessum hefur verið látin í té.

Í kjölfar breytinganna í Evrópu hafa samráð um utanríkismál einnig færst í vöxt innan vébanda Evrópubandalagsins, en sameiginleg utanríkisstefna bandalagsins nær nú einnig til öryggis-og varnarmála. Vestur-Evrópusambandið hefur verið glætt lífi að nýju og er nú litið á samtök þessi sem sameiginlegan vettvang ákvarðana og aðgerða í varnar- og öryggismálum af hálfu Evrópubandalagsins, þrátt fyrir að áhersla hafi áfram verið lögð á að gæta fyllsta samræmis við stefnu Atlantshafsbandalagsins.

Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu hefur einnig tekið stakkaskiptum. Á einu ári hefur þátttökuríkjum fjölgað úr þrjátíu og fjórum í fjörutíu og átta. Fyrstu stofnanir ráðstefnunnar hafa tekið til starfa og samráð þátttökuríkjanna hefur færst í aukana. Með þeim hætti, meðal annars, hefur nýfrjálsum ríkjum verið gefinn kostur á að eignast hlutdeild í ákvörðunum um framtíð nýrrar Evrópu.

Hið breytta mynstur alþjóðamála hefur ennfremur haft áhrif á svæðisbundna samvinnu. Norðurlöndin beina sjónum sínum í æ ríkara mæli til suðurs að Evrópubandalaginu, en Svíþjóð og Finnland hafa þegar sótt um aðild. Stofnun sérstaks Eystrasaltsráðs með þátttöku Eystrasaltsríkjanna, Rússlands, Þýskalands og Póllands auk Norðurlandanna, að frátöldu Íslandi, gæti einnig haft ófyrirsjáanleg áhrif á eðli og tilgang norræns samstarfs. Fulltrúar forsætisráðuneyta Norðurlandanna vinna að því um þessar mundir að endurmeta samstarfið frá grunni.

Sá margslungni veruleiki sem tekið hefur við af einfaldri heimsmynd eftirstríðsáranna, hefur í för með sér áður óþekkt tækifæri í alþjóðamálum. Jafnframt hefur hann þó skapað nýja óvissu.

Nú, þegar hið lýðræðislega réttarríki byggt á mannréttindum er sameiginlegt markmið þjóðfélagsþróunar í Evrópu virðist friður standa föstum rótum í álfunni. Minni áhersla er lögð á hernaðarþáttinn, en meiri gaumur gefinn að samstarfsverkefnum á sviði öryggis-, efnahags- og umhverfismála.

Hin hraða og að sumu leyti taumlausa upplausn Sovétríkjanna fyrrverandi, ásamt endurvakinni þjóðernishyggju þar og annars staðar, hefur hins vegar einnig vakið ugg um framtíðina. Borgarstyrjöldin í Júgóslavíu, auk heiftúðugra átaka Asera og Armena í Nagorno-Karabakh að undanförnu, bendir ótvírætt til þess að tími hernaðarlegs ofbeldis í Evrópu og næsta nágrenni kunni enn ekki að vera liðinn. Efnahagslegir og félagslegir örðugleikar í Rússlandi, að viðbættum deilum Rússa og Úkraínumanna um ráðstöfun hluta kjarnorkuheraflans, eru öðrum ríkjum einnig alvarlegt áhyggjuefni.

Þessi þversögn, þversögn áhættu og tækifæra, gerir að verkum að áfram verður þörf fyrir varúð og árvekni í öryggismálum Evrópu í kjölfar hinna byltingarkenndu breytinga sem dunið hafa yfir á undanförnum þremur árum.

(2) Staða Íslands í ljósi breyttra aðstæðna

Á eftirstríðsárunum hefur íslenska þjóðin notið öryggis, stöðugleika og velmegunar sem aldrei fyrr. Tekist hefur að standa vörð um sjálfstæði landsins og ná fram mikilvægum markmiðum í samskiptum við aðrar þjóðir. Staða Íslands í veröldinni hefur verið örugg og traust.

Breyttar aðstæður í alþjóðamálum, ekki síst í Evrópu norðan- og austanverðri, munu

að öllum líkindum hafa djúpstæð áhrif á stöðu landsins í framtíðinni. Af þeim sökum er óhjákvæmilegt að stjórnvöld beiti sér á næstunni fyrir ítarlegu endurmati á veigamiklum þáttum utanríkisstefnunnar.

Aðildin að Atlantshafsbandalaginu hefur til þessa verið hornsteinn stefnunnar í öryggismálum. Hernaðarlegt mikilvægi Íslands innan Atlantshafssamstarfsins skapaði Íslandi áhrifaríkan sess innan bandalagsins á tímum kalda stríðsins. Þessi staða var völduð með tvíhliða varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna.

Hrun Sovétríkjanna má hafa til vitnis um réttmæti þeirrar stefnu, sem framfylgt hefur verið af hálfu Atlantshafsbandalagsins á undanförnum áratugum. Jafnframt kynni það að marka upphafið að endalokum bandalagsins í núverandi mynd. Í stað fjölþjóða bandalags undir forystu Bandaríkjanna gæti það breyst í tvíhliða bandalag Bandaríkjanna annars vegar og útvíkkaðs Evrópubandalags hins vegar. Þannig gæti Vestur-Evrópusambandið á endanum breyst í sérstakt evrópskt varnarbandalag, sem leysti af hólmi frekar en styrkti það Atlantshafsbandalag sem varðveitt hefur frið og velmegun í Vestur-Evrópu.

Þessi þróun, auk þeirra teikna, sem nú eru á lofti um kröfur almennings í Bandaríkjunum um aukinn forgang innanríkismála, gæti dregið enn frekar úr varnarskuldbindingum Bandaríkjanna í Evrópu. Fari svo, gæti það einnig haft áhrif á varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna.

Samrunaþróunin í Evrópu vekur einnig spurningar um stöðu Íslands í pólitísku og viðskiptalegu samstarfi Evrópuríkja. Hver á þáttur Íslands að vera í æ nánara samstarfi Evrópuríkja og með hvaða hætti er best unnt að standa vörð um hagsmuni Íslands þegar helstu viðskiptaþjóðir tengjast æ nánari böndum sín á milli.

Norrænt samstarf hefur löngum verið ein af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu. Eftir því sem athygli grannríkja á Norðurlöndunum beinist í auknum mæli að Evrópubandalaginu og þróunarmöguleikum við Eystrasalt er líklegt að dragi úr vægi hefðbundins norræns samstarfs í heild, einnig fyrir Ísland.

Óhætt er því að fullyrða að umskiptin í Evrópu hafi þegar eða muni í náinni framtíð raska ýmsum grundvallarforsendum íslenskrar utanríkisstefnu hingað til.

(3) Evrópuumræðan

(3.1) EES - Bráðabirgðalausn eða varanleg brúarsmíð?

Nú fremur en nokkru sinni fyrr er rétti tíminn til þess að leiða hugann, ekki aðeins að hinni nýju skipan mála í Evrópu að loknu Maastrichtsamkomulaginu, heldur sérstaklega spurningunni um stöðu Íslands í nýrri og breyttri heimsmynd.

Þegar samningarnir um EES hófust fyrir þremur árum var heimurinn allur annar en hann er nú. Árið 1989 er ekki löngu liðið hjá, en sögulega séð er það langt að baki. Þá var Berlínarmúrinn enn á sínum stað, þjóðir Mið- og Austur-Evrópu voru enn undir oki sovéska nýlenduvaldsins og Sovétríkin stóðu enn. Þær byltingarkenndu breytingar sem síðan hafa orðið hafa haft keðjuverkandi áhrif um alla Vestur-Evrópu og um veröld alla.

Hinar pólitísku forsendur sem leiddu til EES-samninganna virðast ekki eiga við lengur, hvorki við EB né EFTA. Á stjórnmálasviðinu hafa orðið stökkbreytingar, þótt staðreyndir efnahags- og viðskiptalífs standi óhaggaðar. Fyrir þremur árum virtist EB í mun að bægja frá dyrum sínum nýjum aðildarumsóknum, sérstaklega frá þeim löndum, sem þóttu líkleg til að hindra þróun bandalagsins í átt til pólitísks samveldis. Hin fræga ræða Delors í Strassborg var af flestum túlkuð þannig að þar til bandalagið hefði hrundið innri markaðnum í framkvæmd og breytt stofnunum sínum í átt til enn nánari samruna á stjórnmálasviðinu, yrði líklegum umsækjendum haldið utandyra. Nú þegar Maastricht-samkomulagið er í höfn lýsir

EB sig hins vegar reiðubúið til að veita viðtöku nýjum aðildarríkjum um leið og fjárhagslegur grundvöllur bandalagsins hefur verið treystur.

Fjögur EFTA-ríkjanna höfnuðu EB aðild af pólitískum ástæðum, einkum vegna hlutleysisstefnu sinnar (Austurríki, Finnland, Svíþjóð og Sviss); og fjögur ríki vegna auðlindastefnu sinnar og/eða fullveldis og stjórnarskrárákvæða (Ísland, Noregur og Sviss, Liechtenstein).

Hlutleysi hefur ávallt verið hugtak sem erfitt er að skilgreina. Nú skiptir það hins vegar ekki lengur sköpum. Þar með er Austurríki, Svíþjóð og Finnlandi, ekki lengur neitt að vanbúnaði að sækja um aðild að Evrópubandalaginu. Noregur bíður enn átekta, en varla lengi úr þessu. Jafnvel Svisslendingar, höfundar hins sígilda hlutleysis, eru farnir að hallast að bandalaginu. Ríkisstjórnin þar stefnir að aðild en hefur enn ekkert látið uppskátt um það hvenær af aðildarumsókn gæti orðið.

Hér á landi eru eftirfarandi spurningar farnar að gerast æ áleitnari: Hefur hin hraða rás viðburðanna hlaupið framúr hugmyndasmiðum hins Evrópska efnahagssvæðis? Hefur EES, í ljósi breyttra aðstæðna, glatað tilgangi sínum? Hefur þremur árum verið sóað í þrotlausa samninga, til einskis? Er EES aðeins áfangastaður fyrir flest EFTA-ríkin, áður en þau leita inngöngu í Evrópubandalagið? Trúir því einhver að Evrópskt efnahagssvæði fái staðist sem tveggja stólpa brú, sem hvílir annars vegar á stólpa útvíkkaðs Evrópubandalags með 17 aðildarríkjum og 370 milljónum íbúa og hins vegar á brúarstólpa Íslands og Liechtensteins, með innan við 300 þúsund íbúa?

Áður en þessum spurningum er svarað er rétt að minna á að umsókn um aðild er annar handleggur en farsælir samningar við EB. Aðild kemur ekki af sjálfu sér. Um hana verður að semja. Svíar hafa sett markið hátt og stefna að fullri aðild á árinu 1995. Ýmsir aðilar innan EB hafa orðið til þess að auka þeim bjartsýni og má þar t.d. nefna kanslara Þýskalands, sem hefur fullvissað þá um að hraðferðin gangi greiðlega. En samningamenn EFTA vita af eigin reynslu að hingað til hefur hvorki þeim né öðrum tekist að halda tímamörk í samningum við EB. Hvatningarorð og vináttuyfirlýsingar stjórnmálaleiðtoga eru vissulega mikils virði en tæpt er að treysta því að þær skili sér í beinhörðum árangri við samningaborðið. Hversu oft hafa ekki ráðherrar EFTA og EB lyft glösum eftir vel heppnaða samninga til þess eins að vera síðar minntir á að í völundarhúsi EB-stofnana vega orð ráðherra ekki jafn þungt og gert hafði verið ráð fyrir. Endurtekin bakföll og tafir hafa grafið undan trú manna á EES-samkomulagið í EFTA-ríkjunum. Þessar tafir hafa þegar valdið því að tími til afgreiðslu í þjóðþingum er orðinn naumur.

Enn er þess beðið í annað sinn að Evrópudómstóllinn í Luxemborg kveði upp úrskurð sinn. Öflugir talsmenn Evrópuþingsins í Strassborg hafa ítrekað hótað að nota samkomulagið um EES sem barefli í baráttu sinni um völd og áhrif við framkvæmdastjórnina. Þetta er þó ekkert einsdæmi í alþjóðasamningum. Urugvæ-lota GATT viðræðnanna væri þegar farsællega til lykta leidd ef mark hefði mátt taka á hástemmdum yfirlýsingum leiðtoga iðnríkjanna 7 á Lundúnafundinum.

(3.2) Evrópubandalagið eftir Maastricht

Áður en afstaða er tekin til þess hvernig tengslum við EB verði best háttað verður að gera sér ljóst að EB er nú í örri þróun og víst er að núverandi uppbygging þess er ekki til frambúðar.

Fyrstu skrefin til endurskoðunar samstarfs Evrópuþjóða voru stigin með samþykkt Hvítbókar 1985 og evrópsku einingarlaganna 1987. Því fór fjarri að nýju aðildarríkin Spánn og Portugal heftu þróun til frekara samstarfs heldur virtist stækkun hafa hvetjandi áhrif.

Næsti stóri áfanginn var samþykkt um pólitískt samband og efnahags- og

gjaldmiðilssamband, sem gengið var frá í Maastricht 7. febrúar sl. Með þeim var verksvið EB víkkað til muna og ákvarðanataka gerð skilvirkari í félagsmálum, rannsóknum og þróun, umhverfismálum og heilbrigðismálum en samvinna aukin á sviði orku-, mennta og menningarmála. Auknu fé verður varið til þess að koma á efnahagslegum jöfnuði milli svæða bandalagsins. Viðleitni til samræmingar utanríkisstefnu verður stórlega styrkt en nánari útfærsla að því er varðar öryggis- og varnarmál bíður þó næstu ríkjaráðstefnu sem ráðgerð er 1996, þó strax séu uppi raddir um að henni verði að flýta til ársins 1993.

Ekki ber að vanmeta þær afleiðingar sem þessar samþykktir munu hafa á framþróun innan Evrópu. Samkomulagið um efnahags- og gjaldmiðilssamband er þó líklegt til þess í bráð að vera enn afdrifaríkara, einkum þegar að því kemur að sameiginlegur gjaldmiðill verður tekinn upp og mótun peningastefnu falin sameiginlegum seðlabanka. Gert er ráð fyrir að hinn nýi banki muni starfa sjálfstætt og setja sér svipaðar starfsreglur og markmið og Bundesbank. Sér það hver í hendi sér hvílík áhrif einn sterkur og stöðugur evrópskur gjaldmiðill mun hafa í heimsviðskiptum, einkum meðal næstu nágrannaþjóða.

Hörðustu talsmenn evrópusamvinnu hafa til þessa ekki viljað ljá máls á því að eitthvert aðildarríkið geti skorist úr leik á einhverju tilteknu sviði hvað þá að fá fram varanlegar undanþágur frá reglum bandalagsins. Hefur verið talið að það mundi óhjákvæmilega leiða til lausungar, sundurþykkis og jafnvel klofnings. Það vakti því nokkra athygli að með Maastricht samkomulaginu er Bretlandi gert kleift að standa utan samstarfs á félagsmálasviðinu. Ennfremur er Bretum heimilt að fresta ákvörðun um sameiginlegan gjaldmiðil og bera hana sérstaklega upp fyrir þingið síðar. Undanþáguákvæði Dana sem takmarkar fjárfestingar erlendra ríkisborgara í sumarbústöðum þar í landi var staðfest. Vera má að þetta sé boðberi meiri sveigjanleika í framtíðinni en ekki er víst að þessi aukna lipurð kæmi fram í samningaviðræðum við ný aðildarríki.

Gagnrýnendur nýjasta samkomulags bandalagsins segja það ákvarðanatökufyrirkomulag sem nú tíðkist og þá stofnanauppbyggingu sem miðað er að engan veginn geta fullnægt þeim áformum sem utanríkisráðherrar og fjármálaráðherrar aðildarríkjanna undirrituðu í Maastricht á dögunum og þá enn síður eftir stækkun bandalagsins. Flestir eru sammála um að til þess að bandalagið geti starfað með 18 til 24 aðildarríkjum verði meirihlutaákvarðanir að ráða ferðinni í fleiri málaflokkum en nú. Þær breytingar sem gerðar voru á samþykktum bandalagsins í þessa átt í Maastricht eru að mati margra ekki nógu víðtækar, þótt þær bæti ástandið nokkuð frá því sem nú er.

Eftir Maastricht-samkomulagið er þó bandalagið betur í stakk búið að mæta utanaðkomandi ógn eða áskorun sem ekkert eitt land hefði ráðið við upp á eigin spýtur. Meirihlutaákvarðanir í utanríkismálum munu vega þungt. Þrátt fyrir að aðildarríkin verði að samþykkja einróma, hvaða svið falli undir meirihlutaákvörðun, gerir sú breyting EB kleift að láta meira að sér kveða í alþjóðastjórnmálum en áður. Maastricht-samkomulagið hefur því í heild gert EB að sterkari einingu gagnvart umheiminum. Frá sjónarmiði nágranna okkar á Norðurlöndunum hefur Maastricht sett þeim mun skýrari valkosti en áður. Staðan árið 1992 er allt önnur en hún var árið 1972 þegar Norðmenn höfnuðu aðild og spurningin um aðild var ekki til umræðu í Svíþjóð og Finnlandi vegna stefnu þeirra í utanríkis- og öryggismálum.

(3.3) Tengsl við Evrópu - Aðild að innsta hring eða aðlögun að EB?

Sú staðreynd að allar EFTA-þjóðirnar að Íslandi og Liechtenstein undanskildum hafa annað hvort tekið um það ákvörðun að ganga í EB eða íhuga þann kost , gerir það að verkum að endurskoða verður stöðu Íslands í Evrópu og tengsl við álfuna í framtíðinni. Tveir kostir eru í boði. Annar er að virða að vettugi yfirlýsingar EB um að nýjum aðildarríkjum verði ekki veittar neinar undanþágur frá reglum EB, sækja um með skilyrðum og láta á það reyna

hvaða kjörum megi ná. Án EES hefði annað vart komið til greina. Rök, sem styðja sérstöðu Íslands í sjávarútvegi, eru gild og náðu fram að ganga í EES viðræðunum með tilstyrk annarra EFTA ríkja. Bágt er að vísu að treysta því að hið sama mundi gilda í aðildarviðræðum en óhætt er að fullyrða að möguleikar á því að ná sama árangri í aðildarviðræðum eru miklum mun meiri í þessari umferð í samfylgd með öðrum EFTA ríkjum heldur en í næstu lotu þegar Austur-Evrópuríkin knýja dyra.

Hinn kosturinn er að halda fast við EES og byggja samskipti Íslands við EB á þeim grunni hvað sem á bjátar. EES veitir það lágmarksefnahagsöryggi sem þörf er á. Hver sem verður ákvörðun annarra EFTA ríkja þá er ekki ástæða til að ætla annað en að þau réttindi og sú aðstaða sem EES samningurinn veitir séu tryggð þó svo að Ísland sæti þar eitt eftir. Stofnanaákvæðin þyrfti að semja um en eftir stæði tvíhliða samningur við EB sem væri mun yfirgripsmeiri en nokkur sem fengist hefði í tvíhliða viðræðum. Ljóst er hins vegar að fleiri og fleiri mál, sem fram að þessu hafa verið rædd og afgreidd innan Atlantshafsbandalagið, í Norðurlandaráði, EFTA og OECD, stofnana, sem Ísland hefur tekið fullan þátt í, munu færast inn á áhrifasvæði EB. Möguleikar íslenskra stjórnvalda á að hafa áhrif á gang mála á alþjóðavettvangi munu því skerðast frá því sem nú er eftir því sem Evrópubandalagið eflist og fleiri ríki ganga til liðs við það. Ekki svo að skilja að Ísland hafi ráðið lögum og lofum innan framangreindra stofnana til þessa, en þar hefur þó gefist færi á að koma sjónarmiðum á framfæri beint til æðstu ráðamanna og í stjórnkerfi þeirra hefur Ísland verið jafnrétthátt stærri ríkjum.

EES-samningurinn tekur ekki aðeins til efnahagslegra þátta, heldur munu aðildarríki hans einnig ráðfæra sig um og hafa samvinnu á fleiri sviðum. EES skipar Íslandi ekki á innsta bekk en með honum er a.m.k. komist hjá einangrun. Fyrir ríki með takmarkaðan metnað í alþjóðamálum, gæti það einmitt reynst mátuleg lausn. Einnig má gera ráð fyrir að EB telji þennan kost vænstan. Með EES er fengin aukaaðild að efnahags- og viðskiptasamstarfi EB ríkja og þátttaka í fjölmörgum samstarfsverkefnum.

Áheyrnaraðild að Vestur- Evrópusambandinu stendur til boða eftir Maastricht fundinn og veitir möguleika til þess að fylgjast með varnar- og öryggissamstarfi Vestur-Evrópuríkja. Eftir því sem það eflist er líklegt að starfshættir innan Atlantshafsbandalagsins muni breytast. Þar yrði, ef að líkum lætur megináherslan lögð á samstarf Bandaríkjanna og Kanada annars vegar við Vestur-evrópusambandið hins vegar fremur en það sextán þjóða samstarf, sem verið hefur til þessa. Staða Íslands, Tyrklands og mögulega Noregs innan Atlantshafsbandalagsins framtíðarinnar verður því öll önnur en til þessa.

(3.4) Ekkert getur komið í stað EES-samningsins

Það fer því fjarri að samningurinn um EES hafi verið til einskis. Ekkert getur komið í stað EES fyrir EFTA-ríkin, þegar til skamms tíma er litið. Og sá skammi tími gæti staðið allt til ársins 1997. EES tryggir að eftir 1993 verða EFTA-ríkin ekki síður vænn kostur en EB fyrir fjárfestingar, bæði á sviði iðnaðar og þjónustu. EES hefur einnig haft áhrif á efnahagsleg tengsl EFTA-ríkjanna innbyrðis og tryggt, að ekki verði settar upp nýjar viðskiptahindranir, þegar einhver EFTA-ríkjanna gerast aðilar að EB.

Þá fer því fjarri að fullvíst sé að öll EFTA-ríkin muni ná samningum um aðild að EB. Fyrir þau ríki, sem kjósa að standa áfram utangarðs, mun EES hafa úrslitaþýðingu. Þegar öllu er á botninn hvolft hefur EFTA á undanförnum 20 árum fremur miðast við að skilgreina tengsl EFTA og EB en tengsl EFTA-ríkjanna innbyrðis. Fyrir þau ríki sem ekki hyggja á aðild mun EES verða sá rammi um verslun og viðskipti sem tryggir að viðskiptaaðilum verði ekki mismunað, jafnvel þótt breyta þurfi ákvæðum samningsins um stjórnun og stofnanir, þegar til lengri tíma er litið.

EES mun og gefa kost á að þróa viðskiptatengsl við önnur Norðurlönd, jafnvel án EB-aðildar. Vissulega mun EES-samningurinn hafa meira framtíðargildi fyrir þær þjóðir sem kjósa að standa utan EB, jafnvel þótt sú staðreynd hafi af óskiljanlegum ástæðum ekki komist til skila hjá eindregnustu andstæðingum EB-aðildar.

Á öðrum Norðurlöndum er ekki lengur spurt: "Hvers vegna ættum við að ganga í EB?" heldur "Hvers vegna ættum við að standa utandyra?" Fyrr en síðar munu þessar spurningar verða reifaðar í umræðunni hér á landi.

Það hefur löngum legið fyrir að Íslendingum stendur enginn stuggur af nánara samstarfi Evrópuþjóðanna í varnar- og öryggismálum. Sú þróun ætti fremur að laða Ísland að Evrópu, fremur en hitt. Hvað er það þá, sem kemur í veg fyrir að Íslendingar sláist í hópinn með öðrum Norðurlandaþjóðum?

Meginvandamálið er að sjálfsögðu hin sameiginlega fiskveiðistefna bandalagsins. Ekki er ástæða til að dvelja lengi við að gagnrýna hana; sérfræðinefndir framkvæmdarstjórnarinnar hafa þegar veitt henni nábjargirnar í skýrslum sínum til ráðherraráðsins. En jafnvel þótt EB takist að endurskoða fiskveiðistefnu sína með svo róttækum hætti að hún tryggði hagkvæma nýtingu fiskistofna, stendur grundvallarvandinn eftir óleystur. Hann er sá að framkvæmdastjórnin í Brussel hefði fullt vald yfir fiskveiðistjórnun frá 12 upp í 200 mílur og ákvarðanir um úthlutun veiðiheimilda yrðu teknar þar.

Vissulega má vera að í "hinni fögru veröld" Evrópu framtíðarinnar verði öll samskipti byggð á gagnkvæmu trausti og sanngirni. En hætt er við að Íslendingar muni seint taka það trúanlegt, að hægt sé að bera traust til ákvarðana sjávarútvegsráðherra bandalagsþjóða um réttláta og skynsamlega nýtingu auðlindarinnar, þegar þess er gætt að slíkar ákvarðanir skipta þá litlu máli en geta varðað okkur líf eða dauða.

Það er fræðilegur möguleiki að í raun verði unnt að tryggja áframhaldandi yfirráð yfir eigin fiskveiðiauðlindum, jafnvel innan vébanda núgildandi fiskveiðistefnu EB. En vígstaðan gæti orðið erfið ef eitthvert aðildarríkið sækti það fast að fá fiskveiðiheimildir, meðan ekki væru skýr ákvæði sem tryggðu Íslandi þessi yfirráð. Það yrði þungur róður að fá slík ákvæði staðfest í aðildarviðræðum. Hitt er rétt að endanlegt svar við þessum spurningum fæst ekki fyrr en á það hefur verið látið reyna með samningum, á grundvelli umsóknar.

Fram að þessu hefur ekki verið hjá því komist að taka strangt tillit til laga og reglugerða bandalagsins þegar samið er um aðild að því. Ný aðildarríki, sem átt hafa í miklum erfiðleikum með að aðlaga sig að hluta þessara reglna, eru flestum ólíklegri til að gefa nokkuð eftir. Þau ríki, sem verið hafa með frá upphafi óttast að áhrif þeirra minnki við stækkun bandalagsins og eru síður en svo reiðubúin til þess að veita undanþágur frá settum reglum fyrir ný aðildarríki þó svo að meiri sveigjanleiki hafi verið sýndur gagnvart aðildarríkjum í Maastricht.

Þegar við þetta bætast öll þau stjórnsýslulegu vandamál sem tengjast því að fámenn þjóð með eigið tungumál gerist aðili, er enn ólíklegra að forráðamenn EB vilji mikið á sig leggja til þess að greiða Íslandi leið inn í EB á ásættanlegum kjörum, jafnvel þó svo að einhverjir bandamenn kynnu að vera þar innandyra. Vera má að hagsmunaaðilar í fiskveiðum innan EB verði viðræðufúsari og samningsliprari eftir svo sem 10 ár að því tilskildu að þeim hafi þá tekist að draga verulega úr afkastagetu fiskiskipaflotans fyrir þann tíma. En þá verður norræna hraðlestin inn í EB löngu farin hjá garði.

Ekki er víst að allt það sem EB fæst við eigi við hér á Íslandi, sérstaða landsins er nokkur einkum vegna fjarlægðar og einhæfs atvinnulífs. Ekki er víst að auðvelt yrði að fá þessa sérstöðu að fullu virta. En reynsla undanfarinna ára hefur þó sýnt að sérstaða íslensks atvinnulífs er minni en haldið var. Á sviði bankaviðskipta og trygginga er t.d. ekki ástæða til að halda að lögmál markaðarins hafi önnur áhrif á Íslandi en annars staðar í heiminum.

En í sumum tilfellum getur munurinn verið töluverður. EB-ríki hafa sett upp viðskiptahindranir gegn innflutningi t.d. á fatnaði, spunavöru, stáli, japönskum bílum og tækjum, til þess að styrkja iðnað heimafyrir,sem talið er að standist ekki samkeppni. Ísland á engra slíkra hagsmuna að gæta. Því má vera að sameiginleg viðskiptastefna EB, með miðstýrðum ákvörðunum um ytri tolla, sé ekki ávallt í þágu íslenskra hagsmuna. Ef verndarstefna verður ofan á innan EB minnkar aðdráttarafl þess til muna.

Með náin samskipti Íslands og Bandaríkjanna í huga væri það miður heppilegt að eiga það á hættu að verða fyrir barðinu á aðgerðum og gagnaðgerðum í mögulegu viðskiptastríði Bandaríkjanna og Evrópubandalagsins. Þetta stýrist vissulega mikið af því hvaða stefnu EB mun taka, hvort það heldur fast við við grundvallarhugmynd sína um frjáls viðskipti, einnig í viðskiptum sínum við þriðju ríki, eða hvort það lætur undan freistingunni að koma sér upp verndarstefnu í iðnaði.

Árangur Urugvæ viðræðnanna innan GATT mun vísa veginn hvað þetta varðar og sú afstaða sem EB tekur þar mun ráða úrslitum um framtíðarviðskiptastefnu bandalagsins. Enn er þar allt í járnum en mörg aðildarríkjanna beita sér nú mjög fyrir því að fá fram lausn áður en langt um líður.

(3.5) Geta Íslendingar nýtt sér sérstöðu sína?

Það getur vissulega einnig haft kosti í för með sér að standa utan við EB. Það gæfi t.a.m. aukið svigrúm til að þróa viðskipti við önnur ríki, t.d. Bandaríkin. Bandaríkin geta ekki komið í stað Evrópubandalagsins sem helsti viðskiptaaðili Íslands. Útflutningur Íslands til ríkja hins evrópska efnahagssvæðis á síðasta ári var rúmlega sexfaldur á við útflutning til Bandaríkjanna á sama tíma og nífaldur á við útflutning til Japan. Sterk tengsl við Bandaríkin skipta Ísland engu að síður gífurlegu máli, ekki aðeins í efnahagslegu tilliti. Styrking tvíhliða viðskiptasamstarfs við Bandaríkin, annað hvort með því að tengjast fríverslunarsvæði í Norður-Ameríku eða með gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin, mundi gera sitt til að auka frelsi í heimsviðskiptum.

Ekkert er því til fyrirstöðu að þróa viðskiptatengsl bæði til austurs og vesturs. Hernaðarlegt mikilvægi Íslands fyrir öryggi Evrópu hefur hingað til verið tengt hlutverki Bandaríkjanna sem ábyrgðaraðila friðar og stöðugleika í Evrópu. Styrking viðskiptatengsla beggja vegna Atlantshafsins getur eingöngu orðið til hagsbóta. Öll tilhneiging til einangrunar- og verndarstefnu, hvort sem hún kæmi frá EB eða Bandaríkjunum kæmi sér afar illa fyrir Íslendinga. Það hefur og berlega komið í ljós að áhugi bandarískra stjórnvalda og fyrirtækja á auknu samstarfi við Ísland eykst í réttu hlutfalli við það hversu greiðan aðgang við höfum að evrópskum markaði.

Evrópska efnahagssvæðið tekur til jákvæðari og framsæknari hluta viðskiptafrelsis EB en tekur ekki til þátta sem enn eru undirseldir gömlu verndarhyggjuhugmyndinni, þ.e.a.s. landbúnaðarstefnu og fiskveiðistefnu EB. Frá efnahagslegu sjónarmiði tryggir EES íslenskum fyrirtækjum jafnréttiskjör í viðskiptum þótt gjaldmiðilssamband geti þar sett strik í reikninginn, þegar fram líða stundir. Hitt er svo annað mál að með frekari þróun Evrópusamstarfs kann svo að fara að íslenskum stjórnvöldum finnist þau standa utangátta og áhrifalaus í veigamiklum ákvörðunum. Með því að hafna inngöngu í Evrópubandalagið alfarið sem valkosti er einnig verið að slá hendinni á móti möguleikum til aukinna áhrifa á mótun ákvarðana , sem munu hafa áhrif á framtíð Íslands, hvort sem það er aðili eða ekki. Því fylgir einnig valdaafsal að standa utan EB. Víst er að óljós áhrif innan EB væru of dýru verði keypt ef þau veiktu aðstöðu íslenskra stjórnvalda til að stjórna eigin fiskimiðum og nýtingu þeirra. En það er umhugsunarvert að Ísland er nú að verða viðskila við norræna samvinnu, því önnur Norðurlönd meta það svo að nú sé lag til þess að ganga inn í EB sem

ekki gefist aftur. Því er nauðsyn að fram fari hér í ráðuneytum og stjórnarstofnunum ítarleg úttekt á því hvað EB aðild hefði í för með sér. Að lokinni slíkri úttekt verður fyrst hægt að hafna aðildarkostinum að vandlega athuguðu máli.

EES samningurinn hefur í för með sér umfangsmikla samræmingu allrar löggjafar er snertir verslun og viðskipti, hvort sem er með vörur eða þjónustu og jafnar aðstöðumun hvers konar innan hins evrópska efnahagssvæðis. Leikreglurnar verða hinar sömu og innan EB. Kjarni löggjafarinnar er hinn sami. En ekki má gleyma því að ár hvert hefur EB gefið út um 2000 lagatexta, reglugerðir, tilskipanir, ákvarðanir og tilkynningar. Aðeins 80-90 þeirra snerta hið evrópska efnahagssvæði eða aðeins um fimm prósent og útlit er fyrir að sá fjöldi fari minnkandi nú þegar gengið hefur verið frá öllum grundvallarreglum innri markaðar EB. Þetta hlutfall er nokkur mælikvarði á það hversu mikill munur er á aðild og EES samningi, þótt þess beri að gæta að stór hluti þessara texta varðar fremur rekstur EB en stefnumótandi ákvarðanir.

Umfangsmikil athugun hefur farið fram hérlendis á aðlögun að viðskiptaháttum innan EB en þeir þættir sem ekki snerta EES hafa ekki verið teknir fyrir. Þar munar mestu um sameiginlega landbúnaðarstefnu EB en rekstur hennar gleypir meirihluta fjár þess sem varið er til starfsemi EB. Hvernig mundi íslenskum landbúnað reiða af innan EB? Markaður hér mundi við það opnast að fullu fyrir landbúnaðarvörum frá EB og verð á matvöru lækka til muna en íslenskur landbúnaður einnig hafa aðgang að viðamiklu landbúnaðarstyrkjakerfi EB. Ókannað er með öllu hvaða svigrúm geti þar verið fyrir íslenskar framleiðsluvörur.

Annar veigamikill þáttur, sá mikilvægasti hvað okkur varðar, er sameiginleg sjávarútvegsstefna. Um árabil náði hún ekki til Miðjarðarhafssvæðisins og enn gilda þar sérreglur. Er það gefið mál að hún þurfi að ná til hafssvæða við Ísland þar sem eini stofninn, sem sannanlega er sameiginlegur með EB og Íslandi er kolmunninn? Viðbótartollfríðindi yrðu hins vegar óveruleg við EB aðild miðað við EES. EB er viðskiptastórveldi og rekur viðamikla sameiginlega viðskiptastefnu og beitir þar tollkvótum, sérstökum fríðindum til handa þróunarlöndum, viðskiptahöftum, verndaraðgerðum og undirboðstollum. Þótt ytri tollar EB séu að jafnaði síst hærri en tollar hér á Íslandi er rekstur sameiginlegrar tollskrár EB ólíkt flóknari en tollheimta hér. Tollatekjur mundu og renna beint til EB en ekki til íslenska ríkisins. Fara þarf ofan í saumana á þessu og athuga hver munurinn yrði í raun.

Sameiginleg iðnaðarstefna er enn í mótun innan EB en með EES samningunum höfum við aðgang að nokkrum þáttum hennar, t.d. rannsóknum og þróun og aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki. Mestur munur þar yrði á samskiptum við ríki utan EB. Hið sama gildir um sameiginlega flutningastefnu EB. Í Maastricht var og ákveðið að auka menningarsamstarf til muna til þess að rækta fjölbreytni menningararfs Evrópu, en það samstarf er að mestu utan EES. Listann mætti lengja enn ; félagsmál og umhverfismál eru til umræðu innan EES en EB samstarfið er mun víðtækara.

Samræming óbeinna skatta og vörugjalda er vel á veg komin innan EB en ekki til umræðu innan EES. EB aðild mundi því leiða til lækkunar virðisaukaskatts og almennrar uppstokkunar tekjustofna ríkisins. Samræming efnahagsstefnu og undirbúningur sameiginlegs gjaldmiðils eru og veigamiklir þættir sem ekki hafa komið við sögu EES samninganna. Framlag aðildarríkja til EB nemur að meðaltali tæplega 1,4% af þjóðarframleiðslu en ekki er gert ráð fyrir digrum sjóðum innan EES samstarfsins ef frá er talinn styrktarsjóður, þar sem framlag Íslands er um 70 milljónir á ári. Allt þetta og fleira til þyrfti að kanna og leggja til grundvallar umræðu um stöðu Íslands í breyttum heimi. Hér hefur ekki verið farið inn á spurningar um framsal fullveldis, stofnanir EB og umboð þeirra, lagagildi ákvarðana ráðsins, úrskurði EB dómstólsins, valdsvið Framkvæmdastjórnar o.fl., en umræða um það snýst um ýmsa grundvallarþætti stjórnskipunar og stjórnmála.

Fyrst og fremst verður að kanna mælanleg áhrif EB aðildar á íslenskt efnahagslíf og stjórnkerfi. Því fer fjarri að slík könnun jafngildi meðmælum með aðild að EB, en hitt væri ábyrgðarleysi að kanna ekki, hvaða afleiðingar hún hefði í för með sér. Um þetta atriði ætti að geta verið full samstaða allra flokka því að engar ákvarðanir skal taka að óathuguðu máli. Það er einnig ákvörðun að sækja ekki um.

(4) Atlantshafssamstarfið

Atlantshafsbandalagið hefur um áratuga skeið verið sá bakhjarl sem hefur gert ríkjum Vestur-Evrópu kleift að byggja upp öflug lýðræðisríki. Bandalagið hefur tryggt öryggi og varnir Vestur-Evrópu með miklum árangri en það hefur verið nauðsynleg forsenda fyrir hagsæld og velmegun, sem þar hefur dafnað.

Þrátt fyrir umskiptin í Evrópu er Atlantshafsbandalagið áfram nauðsynleg trygging fyrir því að viðhalda stöðugleika á því svæði sem skuldbindingar ná til og til að tryggja öryggi aðildarríkja þess í því umróti stjórnmála sem á sér stað á meginlandinu og þar sem allra veðra er von. Bandalagið er sú kjölfesta í öryggismálum sem Evrópa getur ekki verið án, síst af öllu meðan nýjar stofnanir og samtök á sviði öryggismála eru enn í burðarliðnum eins og RÖSE, samstarf Evrópubandalagsríkja og Vestur-Evrópusambandið. Þá er ljóst að það getur haft veruleg áhrif á afstöðu ríkja og þróun milliríkjasamskipta í Evrópu.

Það er næsta ljóst að staða og hlutverk Atlantshafsbandalagsins í Evrópu framtíðarinnar fer eftir framvindu mála í Austur-Evrópu og því hvort Bandaríkin muni halda áfram skuldbindingum gagnvart öryggi Evrópu, þrátt fyrir breyttar forsendur. Tíminn mun leiða það fyrrnefnda í ljós. Þrennt getur einkum haft áhrif á það síðarnefnda. Í fyrsta lagi verða þær raddir æ háværari í Bandaríkjunum sem láta í ljós þá skoðun að kostnaðarsamar skuldbindingar erlendis eigi að víkja fyrir vandamálum sem leysa þarf innanlands. Slíkar raddir hafa vissulega heyrst áður í eftirstríðssögunni en bandarísk stjórnvöld hafa ætíð staðist þrýstinginn. Það hefur hinsvegar verið við gjörólíkar aðstæður en nú eru bæði í stjórnmálum Evrópu og í innanríkismálum Bandaríkjanna. Í öðru lagi er það spurning um hvernig samskipti munu þróast milli Bandaríkjanna og Evrópubandalagsins á efnahagssviðinu og hvaða afleiðingar þau kunna að hafa á pólitíska sviðinu. Í þriðja lagi er það spurning um þróun Evrópusamstarfsins á sviði öryggis- og varnarmála.

Ljóst er að flest ríkja Vestur-Evrópu vilja forðast það í lengstu lög að Bandaríkin hverfi frá skuldbindingum sínum gagnvart öryggi Vestur-Evrópu. Meðan ekkert kemur í staðinn fyrir Atlantshafsbandalagið verður það áfram, þrátt fyrir breyttar forsendur, kjölfestan í öryggismálum Evrópu.

Af hálfu ýmissa ríkja Austur Evrópu, ekki síst Póllands, Tékkóslóvakíu og Ungverjalands hefur komið mjög skýrt fram að þau líta einkum til Atlantshafsbandalagsins með það í huga að fá tryggingar fyrir öryggi sínu til langframa. Greinilegt er að ríkin hafa ekki trú á að þau geti tryggt öryggi sitt ein og sér, né heldur að Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE) nái að þróast með þeim hætti að það tryggi nægjanlega öryggi þeirra í nýrri Evrópu. Atlantshafsbandalagið hefur ekki verið tilbúið til að ljá máls á aðild þessara ríkja út frá því meginsjónarmiði að slíkt bjóði upp á þá hættu að Evrópa skiptist að nýju.

Á undanförnum árum hefur samvinna og samráð innan Atlantshafsbandalagsins einkum beinst að þrennu með það fyrir augum að aðlaga bandalagið að nýjum aðstæðum í Evrópu. Í fyrsta lagi samskiptum bandalagsins við ríki Mið- og Austur Evrópu. Í öðru lagi mótun nýrrar varnarstefnu. Í þriðja lagi Evrópustoðinni í öryggis og varnarmálum.

Pólitísk samráð og samvinna hefur fengið aukið vægi miðað við hernaðarlega þáttinn.

Þegar á árinu 1990 var stofnað til stjórnmálatengsla bandalagsins við ríki Mið- og Austur Evrópu. Í framhaldi af því var ákveðið að gera tengslin reglubundnari og fastmótaðri en áður með stofnun Norður-Atlantshafssamvinnu-ráðsins. Auk ráðherrafunda er gert ráð fyrir reglulegum fundum fastaráðs Atlantshafsbandalagsins með sendiherrum Mið- og Austur-Evrópuríkja og takmarkaðri þátttöku í störfum ýmissa annarra nefnda bandalagsins þ.á.m. hermálanefndar.

Stefnan í öryggis- og varnarmálum hefur tekið breytingum og verið aðlöguð nýjum aðstæðum sem m.a. felur í sér mikinn niðurskurð á sviði kjarnavopna og verulega fækkun í herjum Atlantshafsbandalagsins. Auk þeirra tveggja meginþátta sem stefnan hefur fram til þessa byggt á viðræðum og sameiginlegum vörnum er nú lögð sérstök áhersla á samvinnu við Mið- og Austur-Evrópu um öryggismál.

(4.1) Vestur-Evrópusambandið

Vestur-Evrópusambandið hefur um nokkurt skeið verið helsti vettvangur aukinnar samvinnu Evrópuríkja í öryggis- og varnarmálum. Til skamms tíma hafa öll aðildarríki Evrópubandalagsins verið þátttakendur í Vestur-Evrópusambandinu, að undanteknum Danmörku, Grikklandi og Írlandi. Sambandið var lengi vel nánast óvirkt en með auknu samstarfi Evrópuríkja í öryggis- og varnarmálum og lokum kalda stríðsins færðist líf í það að nýju. Þannig var því t.d. beitt til samræmingar á aðgerðum vestur-evrópskra ríkja á Persaflóanum 1987 og í Persaflóastríðinu 1991. Þau evrópsku aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, sem hafa staðið utan Vestur-Evrópusambandsins, hafa sýnt aukinni virkni þess vaxandi áhuga.

Að undanförnu hefur Vestur-Evrópusambandið verið að þróast sem hvort tveggja í senn; "Evrópustoðin" innan Atlantshafsbandalagsins og sem aðalvettvangur samvinnu Evrópubandalagsríkja í öryggis- og varnarmálum. Fyrir Maastricht-fundinn höfðu misjafnar skoðanir á verksviði og eflingu Vestur-Evrópusambandsins m.a. endurspeglast í tillögum breskra og ítalskra stjórnvalda, sem gerðu ráð fyrir að viðfangsefni sambandsins yrðu nær einvörðungu utan varnarsvæðis Atlantshafsbandalagsins, og í fransk-þýskri tillögu um hlutverk þess í Evrópu. Stjórnvöld margra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins óttuðust að samþykkt síðari tillögunnar gæti grafið undan tilvist þess.

Svo fór að lokum að þáttakendur í Maastricht-fundinum staðfestu meginhlutverk Atlantshafsbandalagsins en lögðu jafnframt grunninn að samstöðu og samvinnu um öryggis- og varnarmál innan Evrópubandalagsins. Sameiginleg utanríkisstefna myndi ná til öryggis- og varnarmála og gæti síðar meir leitt til sameiginlegra varna. Vestur-Evrópusambandið yrði vettvangur fyrir sameiginlega ákvarðanatöku Evrópubandalagsins í þessum málum en það ætti ekki að draga úr öðrum tvíhliða eða fjölþjóðlegum skuldbindingum aðildarríkjanna, t.d. gagnvart Atlantshafsbandalaginu. Reyndar var lögð sérstök áhersla á að ávallt yrði fullt samræmi milli öryggis- og varnarmálastefnu Evrópubandalagsins og Atlantshafsbandalagsins.Vestur-Evrópusambandinu er þannig ætlað að mynda einskonar "brú" milli Atlantshafsbandalagsins og Evrópubandalagsins.

Í yfirlýsingum leiðtogafundar Evrópubandalagsins í Maastricht í desember sl. og á samhliða fundi utanríkisráðherra aðildarríkja Vestur-Evrópusambandsins var ákveðið að bjóða Evrópubandalagsríkjum utan Vestur-Evrópusambandsins fulla aðild eða áheyrnaraðild. Jafnframt var öðrum Atlantshafsbandalags-ríkjum, þ.e. Íslandi, Noregi og Tyrklandi, boðin aukaaðild.

Íslensk stjórnvöld hafa fylgst vel með umræðum um evrópska samkennd í öryggis- og varnarmálum og hægfara endurreisn Vestur-Evrópusambandsins en jafnhliða hafa þau ætíð lagt áherslu á mikilvægi og árangur samstarfsins innan Atlantshafsbandalagsins og varað við

því að eitt eða fleiri evrópsk aðildarríki yrðu sniðgengin á hliðstæðum vettvangi. Í kjölfar ákvörðunar Maastricht-fundarins að bjóða m.a. Íslandi aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu kynnti Hans-Dietrich Genscher, utanríkisráðherra Þýskalands, íslenskum stjórnvöldum þessa ákvörðun formlega í bréfi en Þýskaland fer með formennsku í sambandinu til júníloka. Utanríkisráðherra hefur svarað bréfi Genchers og fagnað boðinu sem felst í Maastricht yfirlýsingunni og gert grein fyrir því að íslensk stjórnvöld bíði átekta þar til aðildarríki Vestur-Evrópusambandsins hafi komið sér saman um skilgreiningu á aukaaðild. Þá hafa íslenskir embættismenn átt fundi með þýskum starfsbræðrum og aðalframkvæmdastjóra Vestur-Evrópusambandsins til að fá frekari upplýsingar. Samtímis hafa aðildarríki sambandsins rætt frekari skilgreiningu á viðeigandi málsgrein Maastricht-yfirlýsingarinnar og gert er ráð fyrir að merking aukaaðildar verði ljós í byrjun apríl. Boðið stendur til ársloka og stefnt er að því að veita formlegt svar fyrir þann tíma.

Það má leiða líkur að því að eftir því sem ákvæðum Maastricht samkomulagsins verður hrint í framkvæmd muni Evrópubandalagið í auknum mæli koma fram með samræmda afstöðu til mála á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Í því felst í reynd að það verður nánast ókleift að reka Atlantshafsbandalagið sem stofnun sextán jafnréttháttra ríkja. Þungavigt þess samráðs og samstarfs sem fram fer á vettvangi bandalagsins færist yfir á Evrópubandalagið annarsvegar og Bandaríkin hinsvegar.

Aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu mundi ekki einungis vega upp á móti breytingum á stöðu landsins vegna breyttra starfshátta Atlantshafsbandalagsins heldur einnig tengja Ísland Evrópusamstarfinu á sviði öryggis- og varnarmála með hliðstæðum hætti og EES gerir á sviði utanríkisviðskiptamála.

Atlantshafsbandalagið verður áfram sú meginstoð sem öryggi landsins hvílir á. En með aðild að Vestur-Evrópusambandinu, Norður-Atlantshafssamvinnuráðinu og Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu er stefna landsins í öryggis og varnarmálum aðlöguð umskiptunum í stjórnmálum Evrópu a.m.k. í bráð. Þegar til lengri tíma er litið ber þess hinsvegar að gæta að þróunin í stjórnmálum Evrópu tekur örum breytingum sem geta breytt stöðu landsins í veigamiklum atriðum.

Á sömu forsendum og Atlantshafsbandalagið gegnir enn nauðsynlegu hlutverki til að tryggja öryggi Evrópu er brýnt að áframhald verði á varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna. Óvissan um þróun mála í Austur-Evrópu gerir það að verkum að grundvallarbreytingar á varnarsamstarfinu væru mjög óæskilegar. Hinsvegar er ljóst að á næstu misserum og árum munu umsvif varnarliðsins hér á landi minnka og varnarliðsmönnum fækka í ljósi nýrra kringumstæðna í stjórnmálum Evrópu. Samhliða slíkri fækkun er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að mæta minnkandi atvinnu sem verið hefur á vegum varnarliðsins.

5. Norður-Suður: Vandamál framtíðar

Um leið og fall Sovétríkjanna hefur skapað gerbreyttar forsendur fyrir samskiptum austurs og vesturs, hefur önnur megingjá heimsmálanna, bilið milli iðnríkja norðursins og fátækra þjóða þriðja heimsins, haldið áfram að dýpka. Í þessu er að finna mörg tilefni sem leitt gætu til alvarlegra átaka og ófriðar á komandi árum.

Þó að nokkur ríki þriðja heimsins hafi á síðustu árum náð undraverðum árangri í efnahagsmálum og séu í nokkrum tilvikum komin í hóp mikilvægari iðnríkja heimsins, þá hafa lífskjör alls þorra íbúa þriðja heimsins lítið batnað eða jafnvel versnað á síðustu árum. Meðaltals þjóðartekjur á mann í stærstum hluta þriðja heimsins eru 10 til 30 þúsund krónur á ári og fara lítið vaxandi. Við tekjur af þessu tagi býr mikill meirihluti alls mannkyns, en þjóðartekjur á mann í löndum norður Evrópu eru að meðaltali fimmtíu til áttatíu sinnum hærri

en meðaltal í löndum Asíu og Afríku. Fimm angar þessa máls snúast beinast við íbúum okkar heimshluta.

Í fyrsta lagi má nefna yfirstandandi viðræður um viðskiptafrelsi í heiminum á vettvangi alþjóðaviðskipta sem stórveldi Evrópu byggðu upp á síðustu öld. Margvíslegar hömlur á milliríkjaverslun hafa tafið stórlega fyrir iðnvæðingu þriðja heims landa. Um leið hafa útflutningsuppbætur á framleiðslu háþróaðs landbúnaðar Vesturlanda og margbrotið og rándýrt styrkjakerfi lamað matvælaframleiðslu og útflutning margra þriðja heims landa. Mörgum löndum þriðja heimsins kæmi ekkert betur en aukið verslunarfrelsi og minnkandi niðurgreiðslur á vestrænni landbúnaðarframleiðslu. Rök hafa einnig verið færð að því, að fáar aðgerðir geti dregið jafn mikið úr hungri í heiminum og minnkandi útflutningsuppbætur á matvælaframleiðslu Vesturlanda.

Í öðru lagi hafa orðið vaxandi umræður á Vesturlöndum síðustu misseri um gildi og tilhögun þróunaraðstoðar við fátækari lönd. Með þróunaraðstoð hafa ríki og félagasamtök á Vesturlöndum reynt, síðustu áratugi, að styðja við uppbyggingu á atvinnulífi, menntakerfi og heislugæslu í löndum þriðja heimsins. Árlega veita Vesturlönd um það bil 44 milljörðum Bandaríkjadala í þessu skyni. Hungursneyðir í Afríku, örbirgð milljarðs manna í Asíu og dýpkandi fátækt og andstæður í borgum Suður-Ameríku hefur á síðustu árum vakið aukna athygli og samúð almennings í löndum Evrópu. Um leið hafa hins vegar komið fram auknar efasemdir um gildi hefðbundinnar þróunaraðstoðar. Fullyrt er af mörgum fræðimönnum að stór hluti þróunaraðstoðar Vesturlanda sé til lítils eða einskis. Dæmi um stórfelldan árangur af einföldum aðgerðum er hins vegar líka að finna. Íslendingar veita mun minna fé til þessara mála en nokkur önnur þjóð Vesturlanda. Framlag á hvern íbúa Íslands er aðeins einn tíundi til einn tuttugasti af því sem gerist í mörgum þeirra landa sem við berum okkur oftast saman við. Þetta á ekki einungis við um framlög ríkisins, heldur eru framlög almennings í frjálsum söfnunum minni hér á landi en víða annars staðar, gagnstætt því sem stundum hefur verið haldið fram. Undan því verður ekki vikist að þessi mál séu tekin til alvarlegrar athugunar. Ef þróunaraðstoð á ekki rétt á sér, eða skilar takmörkuðum árangri er rétt að hætta slíkri aðstoð. Ef menn telja hins vegar, að unnt sé að koma fátæku fólki til hjálpar með skilvirkum og skynsamlegum hætti, og það er niðurstaða manna að okkur beri skylda til slíks, er rétt að huga að bestu leiðum í því sambandi.

Í þriðja lagi veldur vaxandi straumur flóttamanna til Evrópu miklum áhyggjum í mörgum löndum álfunnar. Orsakir þessa straums flóttamanna eru flestar í reynd efnahagslegar. Menn flýja atvinnuleysi og örbirgð og menn flýja átök sem oftast eiga rætur í harðnandi baráttu um brauðið. Flóttamannavandamálið hefur orðið að alvarlegu átakaefni í stjórnmálum margra Evrópulanda. Vaxandi andstaða er gegn viðtöku flóttamanna en um leið vex þungi straumsins.

Í fjórða lagi hafa menn auknar áhyggjur af stórfelldri spillingu náttúrunnar í fátækum löndum heimsins. Sumar af fátækustu þjóðum heimsins byggja lönd sem eru ríkari og fjölbreyttari að náttúrufari en aðrir hlutar heimsins. Eyðing regnskóga og dýralífs hefur valdið áhyggjum um heim allan en viðbrögð við þeirri ógn sem heiminum öllum stafar af umhverfiseyðingu hafa verið miklu minni en þau þyrftu að vera. Þetta er ekki síst vegna þess að vandinn er einna mestur í þeim löndum þar sem fátækt knýr menn til að ganga ótæpilega á auðlindir og bannar þeim viðnám við spillingu umhverfis.

Í fimmta lagi blasir sérstakur vandi við Evrópu vegna nálægðar og sögulegra samskipta við heim múslima þar sem ólga fer vaxandi. Margir hafa spáð því að ein helsta átakalínan í heimsmálum á næstu árum og áratugum verði milli Evrópulanda annars vegar og landa múslima hins vegar. Hér eins og annars staðar eru átakaefnin efnahagsleg gæði en átökin eru um leið lituð langri sögu, sem elur á tortryggni og óvild. Deilan um Palestínu hefur meira

en nokkurt eitt mál torveldað samskipti Evrópulanda við heim múslima. Lausn þess máls hlýtur að vera eitt helsta keppikefli Evrópuríkja í utanríkismálum.

(5.1) Hlutverk Sameinuðu þjóðanna

Í öllum þeim vanda sem hér er við að etja hljóta menn að líta til alþjóðlegs samstarfs. Sameinuðu þjóðirnar standa nú á tímamótum enda hafa ný skilyrði skapast fyrir virkari starfsemi þeirra. Samskipti stórveldanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa aldrei verið betri en um þessar mundir og í stað hugmyndafræðilegra átaka milli austurs og vesturs hefur athyglin beinst að misvæginu í norður-suður samskiptum.

Starfsemi samtakanna þarf að efla til muna ef þau eiga að vera í stakk búinn til að taka á vandamálum norðurs og suðurs með árangursríkum hætti. Að undanförnu hefur allmikil umræða orðið um það hvernig Sameinuðu þjóðirnar geti gegnt margþættu hlutverki sínu með skilvirkari hætti en verið hefur. Til grundvallar þeirri umræðu hefur legið annar skilningur á öryggismálum en á dögum kalda stríðsins þar sem hernaðarlegi þátturinn var í fyrirrúmi. Nú er það almennt viðurkennt að ekki er hægt að öðlast né varðveita öryggi og frið nema tekið sé fullt tillit til pólitískra, hernaðarlegra, efnahagslegra og félagslegra auk langtímasjónarmiða í umhverfismálum.

Norðurlöndin hafa tekið virkan þátt í samráði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um eflingu samtakanna og umbætur á efnahags-og félagsmálasviðinu með sérstakri áherslu á þróunarstarfsemi.Þau hafa jafnframt lagt fram ítarlegar tillögur um umbætur á starfi samtakanna á sviði friðarumleitana og friðargæslu þar sem áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir.

Vandamál fátækra þjóða þriðja heimsins krefjast miklu meiri athygli og atorku en þau hafa fengið fram til þessa. Það verður ekki gert nema með nánu samstarfi norðurs og suðurs. Sameinuðu þjóðirnar eru ákjósanlegur vettvangur þess samstarfs. Tækifæri gefst nú til að efla samtökin verulega. Það tækifæri ber að nýta.

(6) Sáttmálsörk jarðar

Nú eru aðeins tveir mánuðir þar til athygli alheimsins mun beinast að alþjóðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem hefst í Rio de Janeiro í júní nk. Ríóráðstefnan er stærsta alþjóðaráðstefna sem Sameinuðu þjóðirnar hafa nokkru sinni beitt sér fyrir. Þar verður tekist á við þau geigvænlegu vandamál sem umheimurinn stendur andspænis í umhverfis- og þróunarmálum. Brýnt er að ráðstefnan marki jafn ákveðin þáttaskil í alþjóðlegum umhverfismálum og Stokkhólmsráðstefnan gerði 1972. Ráðstefnunni er jafnframt ætlað að fjalla um þróunarmál í sem víðtækustum skilningi og veita ríkjum heims leiðsögn í umhverfis- og þróunarmálum inn í 21. öldina.

Mengun virðir engin landamæri. Umhverfismál eru ekki lengur þjóðleg vandamál heldur alþjóðleg, þar sem vandamál umhverfis og þróunar verða ekki aðskilin. Aðgerðir gegn mengun og til verndar umhverfinu verða að vera alþjóðlegar ef árangur á að nást. Af Íslands hálfu hefur á síðustu þremur allsherjarþingum Sameinuðu þjóðanna verið hvatt til þess að ríki heims sameinist um gerð sáttmála um réttindi og skyldur ríkja í umhverfis- og þróunarmálum, þar sem byggt yrði á þeirri reynslu sem fékkst við gerð Hafréttarsáttmálans. Gert er ráð fyrir að pólitísk grundvallarstefnuskrá í alþjóðlegum umhverfis- og þróunarmálum (Earth Charter) verði samþykkt í lok Rio-ráðstefnunnar.

Meginverkefni ráðstefnunnar verður hins vegar gerð framkvæmdaáætlunar í alþjóðlegum umhverfis- og þróunarmálum (Agenda 21), sem ríki heims munu starfa eftir fram á næstu öld. Í framkvæmdaáætluninni verður fjallað um brýnustu verkefni í umhverfismálum

lofts, láðs og lagar svo og fjármögnun umhverfis- og þróunarverkefna, minnkandi skuldabyrði þróunarríkjanna, flutning tækniþekkingar frá iðnríkjunum til þróunarríkjanna og sjálfbæra þróun, svo aðeins helstu þættirnir séu upptaldir.

Á undirbúningsfundum ráðstefnunnar og á ráðstefnunni sjálfri mun af Íslands hálfu verða lögð megináhersla á alþjóðlegar aðgerðir gegn sjávarmengun frá landi og frá skipum; hætt verði allri losun lífrænna þrávirkra efna og þungmálma í hafið; að settar verði alþjóðlegar reglur um flutning geislavirkra efna milli landa; að losun geislavirkra og annarra skaðlegra efna í hafið verði stöðvuð; að förgun og geymsla geislavirks úrgangs undir sjávarbotni verði bönnuð og að varúðarreglunni gegn annarri losun geislavirkra efna út í umhverfið verði beitt. Áhersla hefur verið lögð á stuðning við aðgerðir gegn eyðingu ósonlagsins, gegn gróðurhúsaáhrifum og skóga- og vatnadauða vegna súrs regns. Allar lifandi auðlindir hafsins beri að nýta á sjálfbæran hátt. Bent er á að hámarksnýting fæðu úr hafinu dragi úr frekari rýrnun landgæða, þar sem gengið hefur verið of nærri náttúru landsins vegna mengunar frá landbúnaði. Af hálfu Íslands hefur einnig verið lögð áhersla á að gerður sé greinarmunur á nýtingu hreinna orkugjafa, vatnsorku og jarðhita og hinna hefðbundnu orkugjafa, kola og olíu svo og kjarnorku, sem valdið hafa víðtækum umhverfisspjöllum. Væntanlega verða einnig tveir alþjóðasamningar samþykktir og undirritaðir á ráðstefnunni í Rio de Janeiro, annars vegar um verndun andrúmsloftsins og hins vegar um fjölbreytileika tegundanna.

Vitund manna um ómengað umhverfi hefur gjörbreyst á undanförnum árum. Hugarfarsbreyting hefur átt sér stað. Okkur ber að nýta þessa jákvæðu viðhorfsbreytingu alþjóðlegum umhverfismálum til framdráttar. Hreint og óspillt lífríki er ein af mikilvægustu auðlindum, sem okkur ber að varðveita. Lífvænleg framtíð er undir því komin að vonir þær sem bundnar eru við ráðstefnuna rætist. Ráðstefnan mun móta stefnuna í alþjóðlegum umhverfismálum næsta áratuginn. Því er brýnt að samkomulag náist um raunhæfar aðgerðir í alþjóðlegum umhverfis- og þróunarmálum og að samþykktir ráðstefnunnar verði ekki einungis innantóm orð.

(7) Lokaorð

Þrátt fyrir títtnefnd umskipti í stjórnmálum Evrópu og samskiptum austurs og vesturs eru grundvallarmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu óbreytt þ.e. að standa vörð um fullveldi og sjálfstæði lýðveldisins, tryggja öryggi og velferð þjóðarinnar, verja auðlindir landsins og efla atvinnuvegi og samgöngur.

Þessara hagsmuna þjóðarinnar hefur verið gætt með þátttöku í Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningum við Bandaríkin, norrænni samvinnu, virkri þátttöku í Sameinuðu þjóðunum og alþjóðlegu viðskiptasamstarfi þ.á m. í EFTA og GATT. Með samningnum um evrópska efnahagssvæðið höfum við aðlagað stefnu landsins Evrópusamstarfinu á sviði viðskiptamála og tryggt útflutningsafurðum greiðan aðgang að Evrópumarkaði.

Umskiptin í Evrópu valda því að forsendur utanríkisstefnunnar eru ekki þær sömu og áður. Atlantshafssamstarfið er að breytast jafnframt því sem það fer víkjandi fyrir Evrópusamstarfinu. Atlantshafsbandalagið er þrátt fyrir það áfram kjölfestan í öryggismálum Evrópu á tímum óvissu og óstöðugleika í stjórnmálum Mið- og Austur-Evrópu. Staða þess og hlutverk í framtíðinni ræðst ekki síst af framvindu mála í þessum heimshluta og því hvort Bandaríkin standi áfram við skuldbindingar sínar gagnvart öryggi Evrópu, að ónefndri þróuninni í samstarfi Evrópubandalagsins á sviði öryggis- og varnarmála.

Íslendingar geta áfram byggt öryggi landsins á aðild að Atlantshafsbandalaginu og styrkt það frekar með aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu. Aukaaðild að sambandinu vægi upp á móti breyttum starfsháttum Atlantshafsbandalagsins í kjölfar aukinnar samvinnu

Evrópubandalagsríkja á sviði öryggis- og varnarmála. Það veitir möguleika á því að setja fram sjónarmið Íslendinga í öryggismálum, til að hafa áhrif á ákvarðanatöku og gerir okkur kleift að fylgjast náið með samstarfi Vestur-Evrópuríkja á sviði öryggis- og varnarmála. Jafnframt getum við aðlagað stefnuna í öryggismálum enn frekar þróuninni í Evrópu með fullri þátttöku í Norður-Atlantshafssamvinnuráðinu og Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Tvíhliða varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna verður eftir sem áður ein af meginstoðum utanríkisstefnunnar. En jafnhliða fyrrnefndum breytingum þurfa Íslendingar að búa sig undir að vægi og umsvif varnarliðsins hér á landi minnki á næstu árum. Þróun innanríkismála í Bandaríkjunum getur þar valdið mestu. Því er ráðlegt og tímabært að íslensk stjórnvöld efni til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um tilhögun og umfang varnarsamstarfsins á komandi árum.

Eftir því sem samstarf Evrópuríkja eflist og fleiri þjóðir ganga til liðs við Evrópubandalagið, breytist staða Íslands innan álfunnar. Evrópusamstarfið nær til æ fleiri þátta, sem til þessa hafa verið ræddir innan stofnana, sem Ísland hefur átt fulla aðild að. Samningurinn um evrópskt efnahagssvæði tryggir öryggi í utanríkisviðskiptum og aðstöðu íslenskra fyrirtækja á Evrópumarkaði. Hann gefur íslenskum stjórnvöldum hins vegar ekki sömu aðstöðu til áhrifa og fengist með aðild. Veigamikil rök eru með og móti aðild sem kanna þarf nánar.

II Þróunin í Mið- og Austur-Evrópu

(1) Samveldi sjálfstæðra ríkja

Þó hver stórviðburðurinn hafi rekið annan í fyrrum Sovétríkjum á síðastliðnu ári þá eru það einkum tveir atburðir sem voru afgerandi þ.e. misheppnað valdaránið í ágúst og stofnun Samveldis sjálfstæðra ríkja í desember. Á þessum tímamótum réðst að róttækum stjórnmálalegum og efnahagslegum umbótum yrði hrint í framkvæmd og það varð ljóst að sovéska heimsveldið var liðið undir lok. Máttlausar tilraunir kommúnista í stjórnkerfinu, hernum, lögreglunni og iðnfyrirtækjum til að halda í horfinu eða jafnvel snúa til fyrri stjórnarhátta mistókust hrapallega.

Það er kaldhæðni örlaganna að nánast allt sem valdaráninu 19. ágúst sl. var ætlað að fyrirbyggja gerðist í einu vetfangi þegar samsærið fór út um þúfur. Helstu forystumenn kommúnista hrökkluðust frá völdum, flokkurinn var víðast bannaður, lýðveldin lýstu yfir sjálfstæði hvert af öðru og hafinn var undirbúningur að uppbyggingu markaðshagkerfis í flestum þeirra. Boris Jeltsin varð samstundis áhrifamesti stjórnmálaleiðtogi í Sovétríkjunum fyrrverandi, hvort tveggja vegna djarflegrar andstöðu við valdaránsmenn og sem forseti rússneska lýðveldisins. Stofnun Samveldis sjálfstæðra ríkja 8. desember sl. og afsögn Mikails Gorbatsjofs við gildistökuna 25. desember staðfestu að Jeltsin hefði náð að verða fremstur á meðal jafningja og að ekki yrði aftur snúið til ráðstjórnar í einu heimsveldi.

Fyrri árangurslausar tilraunir Gorbatsjofs til að koma lýðveldunum saman um Samband fullvalda ríkja og núverandi erfiðleikar Jeltsins við að styrkja Samveldið eiga fyrst og fremst rætur að rekja til andúðar og tortryggni í sumum nýju ríkjunum utan Rússlands gagnvart stjórnmálalegri og efnahagslegri miðstýringu frá Moskvu. Það er ekki að undra þótt næstu nágrönnum Rússa standi stuggur af mætti þeirra því ef miðað er við fyrrum Sovétríkin þá telur Rússland 76% af landsvæðinu, 51% af fólksfjölda, 60% af iðnframleiðslu og 48% af landbúnaðarframleiðslu að ótöldum gífurlegum náttúruauðlindum þ.á m. olíu. Að auki hafa stjórnmálaleg og menningarleg yfirráð Rússa verið í algleymingi um áratugi ef ekki aldir í mörgum þeirra. Það virðist nokkuð útbreidd skoðun í Rússlandi að önnur ríki hafi notið góðs af eða jafnvel notfært sér miðstýringu frá Moskvu á kostnað Rússa og því beri nú að huga fyrst og fremst að rússneskum hagsmunum. Í hópi þeirra sem hafa látið í ljós slíkar skoðanir eru Alexander Rutskoi, varaforseti Rússlands, og Alexander Solzhenitsyn, rithöfundur, en þeir hafa báðir haft uppi efasemdir um náin tengsl við asísku ríkin sem eru almennt talin háðari Rússlandi en þau evrópsku. Síðastnefndur hefur látið svo um mælt að ef Rússland þurfi að mynda sambandsríki með öðrum ríkjum þá ætti það einungis að ná til Úkraínu og Hvíta-Rússlands. Eftir að valdaránstilraunin fór út um þúfur gerðu fáir sér grein fyrir hve róttækar breytingar hefðu átt sér stað í Sovétríkjunum, þ.á m. Gorbatsjof forseti sem vaknaði upp við vondan draum við komuna frá Krímskaga. Hann reyndi að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið í ágúst en brátt varð ljóst að í Rússlandi a.m.k. höfðu valdataumarnir runnið honum úr greipum í hendur Jeltsin og rússneska stjórnkerfinu.

Rússneskir ráðamenn lýstu því fljótlega yfir að það væri með öllu óþolandi að tveir forsetar störfuðu nú í Rússlandi, auk tveggja stjórnkerfa o.s.frv., og annað yrði að láta undan. Fjárveitingavaldið komst í hendur Jeltsin og þar með náði hann kverkataki á miðstjórninni sem hanni herti hægt og sígandi. Brátt tóku sovésk ráðuneyti og valdastofnanir að hverfa af sjónarsviðinu eitt af öðru. Gorbatsjof forseti barðist við að hleypa nýju lífi í fyrirhugaðan sambandslagasamning sem átti að afmarka réttarstöðu þeirra sovétlýðvelda sem kysu að gerast

aðilar hans. Viðræður miðstjórnarinnar og forystumanna lýðveldanna runnu út í sandinn og Gorbatsjof þurfti að berjast fyrir frekari þátttöku í stjórn landsins sem og tilvist Sovétríkjanna sem slíkra, því menn voru sammála um að enginn myndi taka upp hanskann fyrir gamla ríkjabandalagið ef hann léti af völdum.

Í byrjun desember höfðu rússnesk stjórnvöld nær öll völd í landinu og miðstjórnin var ekki nema nafnið tómt. Gorbatsjof sat innan Kremlarmúra án nokkurra áhrifa. Hann var orðinn þrándur í götu þess að hægt yrði að segja skilið við fortíðina að fullu. Hugmyndir hans og forystumanna lýðveldanna um ríkjabandalag fóru ekki saman þar sem þeir gátu ekki sætt sig við miðstýrða yfirstjórn einstakra málaflokka.

Segja má að stofnun Samveldis sjálfstæðra ríkja hafi verið heppileg leið til að losna úr erfiðri stöðu. Andrei Kozyrev, utanríkisráðherra Rússlands, lýsti því yfir 8. desember að Samveldisleiðtogarnir hefðu ákveðið að ekki yrði um eiginlega yfirstjórn að ræða heldur myndu leiðtogarnir taka ákvarðanir í sameiningu. Hann sagði þá berum orðum að Gorbatsjof hefði engu hlutverki að gegna í nýja Samveldinu og að Sovétríkin sem slík heyrðu sögunni til.

Óhætt er að fullyrða að Samveldinu var fyrst og fremst ætlað að brúa bil þangað til einstök ríki hefðu náð að skipa sínum málum og þá aðallega þannig að deilur um landamæri, ráðstöfun hersins og skuldbindingar gagnvart öðrum ríkjum leiddu ekki til innbyrðis deilna eða átaka. Á fjórum leiðtogafundum Samveldisins frá áramótum hafa ráðamenn í ríkjunum reynt að styrkja innviði samstarfsins en þeir virðast ýmist vilja efla það til langframa eða nota það sem vettvang til samninga um hægfara en endanlegan aðskilnað.

Fjórði leiðtogafundur Samveldisins var í Minsk um miðjan febrúar og lítið þokaðist í mörgum ágreiningsmálum en öðrum var skotið til fundarins í Kiev 20. mars sem var jafn árangurslaus. Það eru einkum Rússar og Úkraínumenn sem hafa tekist á um ýmis mál, t.d. yfirráð yfir Krímskaga, skiptingu Svartahafsflotans, skiptingu annarra hefðbundinna vopna og sameiginleg útgjöld til varnarmála. Ekki hefur tekist að ná samkomulagi um fyrrnefnd atriði og Úkraína, Aserbaidsjan og Moldavía halda fast við fyrirætlanir um stofnun eigin herja óháð samkomulagi annarra samveldisríkja um tveggja ára tímabundna sameiginlega yfirherstjórn. Þess má geta að leiðtogarnir urðu allir sammála um hvernig stjórn langdrægra kjarnavopna yrði háttað og að rúblan yrði enn um sinn notuð sem viðskiptagjaldmiðill þeirra í millum án þess að skerða rétt einstakra ríkja til að taka upp eigin gjaldmiðil. Úkraína og Hvíta-Rússland hyggjast lögleiða eigin gjaldmiðil fyrir lok þessa árs. Rússnesk stjórnvöld hafa í hyggju að leggja niður sovésku rúbluna og taka í notkun rússneska rúblu. Ráðamenn í Moskvu óttast að rúblur flæði inn í Rússland og veiki hagkerfið enn frekar þegar nágrannaríkin taka upp eigin gjaldmiðil.

Áætlanir í Samveldisríkjunum um róttækar umbætur í efnahagsmálum hafa náð einna lengst í Rússlandi og skiljanlega valdið töluverðri ólgu meðal landsmanna. Talið er að verðlag í Rússlandi og víðar hafi hækkað allt að fimmfalt í kjölfar frjálsrar verðlagningar í byrjun ársins og að mati rússneska félagsmálaráðuneytisins búa þar nú 80% landsmanna undir fátækramörkum. Jeltsin og stuðningsmenn hans eru nú gagnrýndir fyrir að ganga of langt við að snúa efnahagslífinu til markaðsbúskapar. Þeir sem gagnrýna umbótaáætlunina mest eru yfirleitt þeir sömu og gagnrýndu Gorbatsjof forseta fyrir vanmáttugar tilraunir til að hrinda raunhæfri umbótaáætlun af stað fyrir um tveimur árum þegar ástandið í efnahagsmálum var þó skárra en nú er. Í Rússlandi hefur verið mikið deilt um hvernig einkavæðingu skuli hagað þannig að fyrirtæki, býli og verslanir safnist ekki á fárra manna hendur strax í upphafi. Þeir sem nú stjórna og sitja að stærstu fyrirtækjunum hafa í langflestum tilfellum byggt frama sinn á velvild fyrri valdhafa þannig að hugsanlega heldur gamla "nomenklatúran" fyrri forréttindum og gott betur. Einnig er mögulegt að glæpaflokkar nái að koma illa fengnum gróða fyrir með

víðtækum fjárfestingum.

Í Samveldisríkjunum er matvælaástandið langverst í stórborgum Rússlands, Úkraínu og Hvíta-Rússlands. Á árum áður var valdhöfum kappsmál að alltaf væri nóg um matvæli í Moskvu þó það kostaði skort í nærliggjandi sveitum. Svo rammt kvað að þessu að undir það síðasta urðu dreifbýlisbúar fyrir aðkasti í verslunum í Moskvu fyrir að reyna að kaupa þær afurðir sem þeir höfðu nýlega selt þangað. Hvað landbúnaðinn áhrærir þá er það deginum ljósara að einkavæðing í landbúnaði mun ekki skila auknum matvælum á borð landsmanna fyrr en í fyrsta lagi næsta haust. Stjórnvöld virðast gera ráð fyrir að margföldun matvælaverðs í landinu verði sá hvati sem þarf til aukinnar framleiðni í dreifbýlinu. Umtalsverð matvæla- og lyfjaaðstoð vestrænna ríkja hefur verið umdeild í Samveldisríkjunum og getur aldrei komið í stað varanlegra umbóta í landbúnaði og samgöngum. Rússnesk stjórnvöld hafa gefið í skyn að umfangsmeiri aðstoð hefði auðveldað umbæturnar og hingað til hafi framtakið fyrst og fremst verið táknrænt. Leonid Kravchuk, forseti Úkraínu, ákvað í byrjun febrúar að láta undan óánægju almennings og tók aftur upp takmarkaða verðlagsstjórn og gera má ráð fyrir vaxandi óþreyju í flestum Samveldisríkjunum.

Óánægjan nær einnig til hersins og kemur þar margt til. Í fyrsta lagi hefur upplausn Sovétríkjanna svipt herinn nánast hefðbundnum forréttindum en útgjöld til varnarmála eru sögð hafa verið minnkuð um allt að tvo þriðju hluta. Í öðru lagi býr herinn við mikla húsnæðiseklu sem torveldar skjótan brottflutning hermanna frá Þýskalandi og Eystrasaltsríkjunum. Í þriðja lagi beinist óánægjan að stjórnmálamönnum vegna þess að ekki hefur tekist að halda herjum Samveldisins undir einni stjórn. Valdataka hersins í stærstu lýðveldunum er ólíkleg vegna lítilla stjórnmálalegra og efnahagslegra úrræða. Valdarán með þátttöku hersins var raunhæfur kostur í ágúst sl. en mjög ósennilegur um þessar mundir. Hins vegar er ekki útilokað að einstakir hermenn eða herflokkar grípi til vopna.

Gífurlegir efnahagsörðugleikar og vonlitlar horfur auðvelda ekki lausn deilna á milli einstakra samveldisríkja eða þjóða, þ.á m. eiginlega styrjöld Armeníu og Aserbaidsjans vegna Nagorno-Karabakh. Eins og kunnugt er af ógnunum, óeirðum og blóðsúthellingum víða annars staðar í Samveldinu á undanförnum mánuðum þarf lítið til að átök breiðist út eins og eldur í sinu ef stjórnmálalegar og efnahagslegar umbætur ná ekki fljótlega tilætluðum árangri.

Um leið og kunnugt varð um valdaránstilraunina í þáverandi Sovétríkjum fordæmdu íslensk stjórnvöld athæfið og lýstu áhyggjum vegna hugsanlegra afleiðinga. Á sama hátt fögnuðu þau skipbroti valdaránsmanna og stóðu að sameiginlegum ályktunum um þessa atburði ásamt öðrum ríkisstjórnum á Norðurlöndunum og Atlantshafsbandalagsríkjum. Ísland og Rússland gerðu tvíhliða viðskiptasamning í desember sl. og stuttu síðar lýstu íslensk stjórnvöld því yfir að samningsgerðin jafngilti viðurkenningu Íslands á sjálfstæði og fullveldi Rússlands. Loks ákvað ríkisstjórnin í janúar sl. að viðurkenna Úkraínu, Hvíta-Rússland, Armeníu, Moldavíu, Kasakstan, Aserbaidsjan, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Úsbekistan og Kirgistan.

Ríkisstjórnin ákvað í byrjun janúar sl. að skipa starfshóp um aðstoð við fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna. Þá stóð fyrir dyrum alþjóðleg ráðstefna um þessi mál, sem Bandaríkjastjórn boðaði til í Washington. Ákvað ríkisstjórnin að leggja fram 17 milljónir króna enda kæmi framlag á móti frá íslenskum viðskiptaaðilum. Síðan hefur verið unnið að fyrirkomulagi aðstoðarinnar, en reiknað er með að hún verði að mestu í formi tækniaðstoðar. Norðurlönd hafa ýmist hvert um sig eða sameiginlega veitt Eystrasaltsríkjunum ýmis konar fjárhags- og tækniaðstoð t.d. hafa þau öll stutt þátttöku fulltrúa stjórnvalda ríkjanna þriggja á alþjóðlegu samstarfi.

(2) Eystrasaltsríkin

Undanfarið ár hefur óvíða verið viðburðaríkara en í Eystrasaltsríkjunum sem hafa nú endurheimt sjálfstæðið eftir rúmlega fimmtíu ára sovéska kúgun. Í byrjun síðasta árs voru Eistlendingar, Lettar og Litháar óþyrmilega minntir á ofríki og ofbeldi kommúnista í stjórnkerfi og her fyrrum Sovétríkja sem reyndu enn einu sinni að brjóta á bak aftur sjálfstæðishreyfingar ríkjanna þriggja. Hinn 2. janúar 1991 tóku sovéskir hermenn sér stöðu í stærstu prentsmiðju Lettlands og í aðalstöðvum kommúnistaflokks Litháens og þá var hraðri atburðarás hrundið af stað. Fimm dögum síðar lýstu sovésk stjórnvöld því yfir að herskylda í Rauða hernum ætti sem áður að gilda í Eystrasaltsríkjunum og að henni yrði framfylgt en þá höfðu stjórnvöld í ríkjunum leyst þegna sína undan þeirri kvöð. Gorbatsjof, þáverandi forseti Sovétríkjanna, fylgdi þessu eftir 10. janúar með bréfi til þings Litháens þar sem hann hvatti Litháa til að láta af andstöðu við sovésk stjórnvöld. Ríkisstjórn Íslands hafði um skeið fylgst vel með þróun mála í Eystrasaltsríkjunum og stofnað til náinna samskipta við lýðræðislega kjörna leiðtoga þeirra. Þá hafði Alþingi samþykkt þingsályktunartillögu 18. desember 1990 til stuðnings sjálfstæði ríkjanna þriggja. Vegna ofbeldis sovéska hersins kallaði utanríkisráðherra sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi á sinn fund 10. janúar 1991 og lýsti áhyggjum íslensku ríkisstjórnarinnar. Næsta dag særðust sjö óbreyttir borgarar í Litháen þegar sovéskir hermenn réðust þar inn í nokkrar opinberar byggingar og samdægurs sendi utanríkisráðherra starfsbræðrum sínum í Atlantshafsbandalagsríkjunum og aðalframkvæmdastjóra samtakanna bréf þar sem hann hvatti til sameiginlegrar umfjöllunar og mótmæla. Frekari sovésk hertaka lögreglustöðva, fjarskiptastöðva og járnbrauta í Litháen 12. janúar olli því að forsætisráðherra Íslands sendi bréf til Gorbatsjofs, forseta Sovétríkjanna, þar sem þess var krafist að ofbeldisverkum sovéskra hersveita linnti.

Svo virtist sem aðförin gegn lýðræðisstjórnunum í Eystrasaltsríkjunum væri að ná hámarki 13. janúar þegar sovéskir hermenn felldu 14 óbreytta borgara og særðu 164 í Litháen, jafnhliða því að svonefnd þjóðfrelsisnefnd kommúnista lýsti yfir valdatöku, fyrirskipaði útgöngubann og setti sovéskan hershöfðingja sem æðstráðanda í Vilnius. Samtímis umkringdi sovéski herinn þinghúsið þar sem ríkisstjórn og þingmenn bjuggust til varnar. Starfandi utanríkisráðherra Íslands kallaði sovéska sendiherrann á sinn fund síðar sama dag og mótmælti harðlega yfirgangi sovéskra stjórnvalda. Þessu var fylgt eftir 14. janúar með samþykkt þingsályktunar á Alþingi og ályktun Norður-Atlantshafsráðsins. Þá hafði Gorbatsjof forseti fyrirskipað Litháum að láta af sjálfstæðisbaráttunni og sagt litháísk stjórnvöld bera alla ábyrgð á mannfallinu. Fyrrnefnd þjóðfrelsisnefnd í Litháen fór 15. janúar fram á beina stjórn landsins frá Moskvu og svipaðar beiðnir bárust þangað frá kommúnistum í Eistlandi og Lettlandi. Fulltrúi Íslands á ráðstefnu RÖSE um friðsamlega lausn deilumála vakti máls á ástandinu í Eystrasaltsríkjunum 16. janúar og sama dag átti sendiherra Íslands í Sovétríkjunum fund með Boris Jeltsin vegna síðustu atburða. Þennan dag fylgdu þúsundir Litháa föllnum löndum sínum til grafar.

Utanríkisráðherra Íslands heimsótti Eystrasaltsríkin dagana 18.-21. janúar en þá dró aftur til tíðinda þegar þjóðfrelsisnefnd kommúnista í Lettlandi lýsti yfir valdatöku 19. janúar og hermenn sovéska innanríkisráðuneytisins réðust inn í lettneska innanríkisráðuneytið næsta dag og felldu þar fjóra menn. Lettneska lögreglan brást við með því að umkringja bygginguna og sem fyrr kváðust sovéskir ráðamenn hafa verið óvitandi um ofbeldisaðgerðir. Um eitt hundrað þúsund manns komu saman í Moskvu 20. janúar til að mótmæla stefnu sovéskra stjórnvalda gagnvart Eystrasaltsríkjunum. Sovéski sendiherrann á Íslandi var enn einu sinni kvaddur í utanríkisráðuneytið 21. janúar til að hlýða á mótmæli íslenskra stjórnvalda. Að loknum fundi ríkisstjórnarinnar 23. janúar var birt sérstök stefnuyfirlýsing

um Eystrasaltsríkin (sjá fylgiskjal nr. 7) þar sem m.a. voru boðaðar formlegar viðræður við lithásk stjórnvöld um stjórnmálasamband Íslands og Litháens. Samdægurs gekk sendiherra Íslands í Sovétríkjunum á fund embættismanna í sovéska utanríkisráðuneytinu og afhenti orðsendingu íslenskra stjórnvalda þar sem óskað var skýringa á athöfnum sovéska hersins í Lettlandi og Litháen og vísað til mannréttindasamþykkta RÖSE. Ennfremur tók fulltrúi Íslands til máls um sama efni á fundi nefndar háttsettra embættismanna RÖSE í Vín dagana 28.-29. janúar.

Órjúfanleg samstaða Eistlendinga, Letta og Litháa og afdráttarlaus fordæming vestrænna ríkja á stefnu sovéskra stjórnvalda gagnvart Eystrasaltsríkjunum ollu því að tilkynnt var í Moskvu 29. janúar um takmarkaðan brottflutning sovéskra hersveita og næsta dag lýstu sovéskir embættismenn því yfir að flutningunum væri lokið. Því næst tilnefndi Gorbatsjof forseti sovéska erindreka 1. febrúar til að ræða stjórnmálaleg, félagsleg og efnahagsleg ágreiningsefni við ríkisstjórnir Eystrasaltsríkjanna. Fjórum dögum síðar kvað svo skyndilega við annan tón þegar forsetinn lýsti því yfir, að væntanleg þjóðaratkvæðagreiðsla Litháa um sjálfstæðisyfirlýsingu frá 11. mars 1990 væri ólögleg, og fordæmdi svipaða fyrirætlan Eistlendinga. Hann skoraði á sovéska borgara að slá vopnin úr höndum aðskilnaðarsinna með því að samþykkja varðveislu Sovétríkjanna í þjóðaratkvæðagreiðslu 17. mars 1991. Sendiherra Íslands í Sovétríkjunum var kallaður í utanríkisráðuneytið í Moskvu 5. febrúar þar sem honum var afhent mótmælaorðsending sovéskra stjórnvalda vegna fyrrnefndar stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. Þjóðaratkvæðagreiðsla Litháa fór fram 9. febrúar og um 84% kjósenda samþykktu sjálfstæðisyfirlýsinguna. Tveimur dögum síðar samþykkti Alþingi þingsályktun þar sem ríkisstjórninni var falið að taka upp stjórnmálasamband við Litháen eins fljótt og auðið væri. Hinn 14. febrúar var sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi kallaður heim til skrafs og ráðagerða.

Forsætiráðherrar Íslands og Eistlands áttu fund í Reykjavík 21. febrúar og þá var ítrekað fyrra boð íslenskra stjórnvalda um hugsanlega milligöngu milli Eystrasaltsríkjanna og Sovétríkjanna. Sendifulltrúi Sovétríkjanna á Íslandi afhenti 26. febrúar utanríkisráðuneytinu svar sovéskra stjórnvalda við formlegum mótmælum frá því í janúar og komu þar fram kunnuglegar skýringar. Þjóðaratkvæðagreiðslur um sjálfstæðisyfirlýsingar voru haldnar í Eistlandi og Lettlandi 4. mars og samþykktu 78% eistneskra og 74% lettneskra kjósenda að fylgja í fótspor Litháa. Stór hluti íbúa af rússneskum uppruna studdi sjálfstæðisyfirlýsingarnar. Þar með var vísan sovéskra stjórnvalda til viðeigandi stjórnarskrárákvæða endanlega hafnað. Þrátt fyrir góða kjörsókn og stuðning meirihluta kjósenda í Sovétríkjunum í þjóðaratkvæðagreiðslunni 17. mars tókst Gorbatsjof forseta ekki að renna styrkari stoðum undir samband lýðveldanna. Stjórnvöld í Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Moldavíu, Georgíu og Armeníu neituðu að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Í framhaldi af fyrri ákvörðunum ríkisstjórnarinnar kallaði utanríkisráðherra sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi á sinn fund 12. apríl og afhenti honum lagalega greinargerð til skýringar á afstöðu íslenskra stjórnvalda til sjálfstæðis Eystrasaltsríkjanna (Sjá fylgiskjal 8). Degi síðar samþykkti Eystrasaltsríkjaráðið ályktun þar sem íslensk stjórnvöld voru beðin um milligöngu við skipulag og framkvæmd viðræðna þeirra við sovésk stjórnvöld. Íslenskir og lithásk embættismenn héldu fund í Reykjavík 14.-15. maí til undirbúnings viðskiptasamningi ríkjanna. Fulltrúi Íslands tók aftur upp málefni Eystrasaltsríkjanna á fundi háttsettra embættismanna RÖSE í Prag 23. maí og sem oft áður fjallaði utanríkisráðherra um þau á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsríkja í Kaupmannahöfn 6.-7. júní.

Þegar fram kom á sumar fór aftur að bera á ofbeldisverkum sovéskra hermanna í Eystrasaltsríkjunum og 4. júní mótmæltu íslensk stjórnvöld framferði þeirra og vísuðu til yfirlýsinga sovéskra stjórnvalda um stjórnmálalega og friðsamlega lausn ágreiningsefna.

Sovéskar sérsveitir hertóku aðalsímstöðina í Vilnius í nokkrar klukkustundir 26. júní og þær eru einnig grunaðar um að hafa myrt sex litháíska landamæraverði 31. júlí. Í þessum aðdraganda valdaránstilraunarinnar í Sovétríkjunum var gerður tvíhliða viðskiptasamningur Íslands og Litháens 5. ágúst í Vilnius. Þegar harðlínukommúnistar létu til skarar skríða 19. ágúst brugðust íslensk stjórnvöld skjótt við og vöktu sérstaka athygli á stöðu Eystrasaltsríkjanna sem virtust einnig vera ofarlega í hugum samsærismanna. Utanríkisráðherra ítrekaði þessar áhyggjur á fundi með utanríkisráðherrum Norðurlanda og Atlantshafsbandalagsríkja 21. ágúst. Eistland lýsti yfir sjálfstæði 20. ágúst og Lettland 21. ágúst. Utanríkisráðherra áréttaði í bréfum til utanríkisráðherra þessara ríkja 22. ágúst fyrri viðurkenningu íslenskra stjórnvalda á sjálfstæði og fullveldi þeirra. Þegar utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkjanna þriggja komu til Reykjavíkur 26. ágúst og undirrituðu gagnkvæmar yfirlýsingar varð Ísland fyrsta ríki heims til að taka aftur upp stjórnmálasamband við þau.

Þótt Eystrasaltsríkin séu jafnan nefnd í sömu andrá sem ein heild og hafi staðið saman í sjálfstæðisbaráttunni eru þau að mörgu leyti ólík og þróun mála þar á undanförnum mánuðum staðfestir að aðstæður eru misjafnar. Hvert þeirra hefur eigin tungu og menningu, hlutfall "innfæddra" íbúa er mismikið og afleiðingar af sovésku hernámi og miðstýringu misslæmar. Samt standa Eistlendingar, Lettar og Litháar mun betur að vígi heldur en flestir aðrir íbúar fyrrum Sovétríkja vegna landfræðilegrar legu, náttúruauðlinda og verkmenningar.

Stjórnmál í Eistlandi eru enn í uppnámi eftir að sjálfstæðið var fengið og talið er að þar séu þrettán starfandi stjórnmálaflokkar en tíu þeirra hafa fulltrúa á þingi. Þess má geta að margir þingmenn eru skráðir óháðir vegna persónufylgis. Hluti þingmanna var í raun kjörinn samkvæmt sovésku stjórnarskránni til eistneska æðsta ráðsins í kosningunum 1990 en þeir hafa ekki lögmæti í huga almennings og því er orðið brýnt að efna til þingkosninga. Gert var ráð fyrir að sérstök stjórnarskrárnefnd legði fram drög að nýrri stjórnarskrá um áramótin síðustu en það gerðist ekki fyrr en 14. febrúar sl. Ef að líkum lætur fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrána, þ.m.t. ákvæði um ríkisborgararétt og kjörgengi, nú í mars og þingkosningar geta þá væntanlega orðið haldnar á komandi sumri. Ríkisstjórn Edgars Savisaars féll 24. janúar sl. og Tiit Vähi myndaði viku síðar nýja stjórn sem ætlað er að hrinda stjórnarskrárbreytingunni í framkvæmd. Að auki verður ríkisstjórn hans falið að hefja róttækar efnahagsumbætur, m.a. með gjaldmiðilsbreytingu.

Í Lettlandi situr enn þingið sem var kjörið sem æðsta ráð árið 1990 og búist er við að senn verði sett ný stjórnarskrá sem verði lögð undir þjóðaratkvæði eða tekin fyrir að loknum þingkosningum. Anatolijis Gorbunovs forseti og Ivars Godmanis forsætisráðherra eru taldir nokkuð fastir í sessi og ríkisstjórnin stöðug. Um helmingur íbúa Lettlands er af rússneskum uppruna og stjórnvöld hafa þurft að taka meira tillit til hagsmuna þeirra en gerst hefur í hinum Eystrasaltsríkjunum, enda studdi u.þ.b. helmingur aðkomumanna sjálfstæðisyfirlýsinguna. Reyndar er um þessar mundir verið að ræða með hvaða hætti skuli skilgreina lettneskan ríkisborgararétt og gert er ráð fyrir að málamiðlun náist milli þeirra, sem vilja miða við manntal ársins 1940 en þingið samþykkti svohljóðandi lög í desember sl., og hinna sem telja sjálfstæðisyfirlýsinguna eðlileg tímamót. Þingkosningar verða líklega haldnar í Lettlandi síðar á þessu ári.

Það má segja að Litháar hafi verið í fararbroddi í nýlegri sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna þó svo að þeir hafi í raun verið háðastir áframhaldandi sambandi við Sovétríkin fyrrverandi. Efnahagur Litháens byggist fyrst og fremst á landbúnaði sem framleiddi fyrir vöruskipti innan Sovétríkjanna, og litháísk stjórnvöld hafa m.a. átt í deilum við pólsk stjórnvöld vegna réttinda íbúa af pólskum uppruna. Hvort tveggja reynir á litháísk stjórnvöld á komandi árum. Vytautas Landsbergis forseti og Gediminas Vagnorius forsætisráðherra hafa efnt til funda með ráðamönnum í nágrannaríkjum til að ræða

framtíðarsamskiptin, þ.ám. við Jeltsin forseta Rússlands. Þeir undirrituðu samkomulag um lögvernd íbúa í Litháen af rússneskum uppruna og frjálsar samgöngur Rússa að rússnesku hafnarborginni Kaliningrad.

Sem fyrr sagði hafa Eystrasaltsríkin ekki farið varhluta af efnahagsörðugleikum fyrrum Sovétríkja en þau njóta betri aðstæðna og þar eru þrátt fyrir allt bjartari horfur í efnahagsmálum en í Samveldisríkjunum. Þar sem ríkin þrjú framleiða einkum matvæli og aðra neysluvöru sem er af skornum skammti í Samveldinu er sennilegt að þeim gefist tækifæri til hægfara aðlögunar frá vöruskiptum til eðlilegra viðskiptahátta. Það kemur sér vel því eins og ljóst varð fyrr í vetur eru Eystrasaltsríkin mjög háð Samveldisríkjunum í kaupum á olíu, gasi og kolum. Árið 1988 gátu Eistlendingar framleitt 62% af nauðsynlegum orkugjöfum en samsvarandi hlutfall fyrir Lettland og Litháen var 10% og 25%.

Norðurlönd hafa ýmist hvert um sig eða sameiginlega veitt Eystrasaltríkjunum ýmis konar fjárahags- og tækniaðstoð t.d. hafa þau öll stutt þátttöku fulltrúa stjórnvalda ríkjanna þriggja í alþjóðlegu samstarfi.

(3) Júgóslavía, Króatía og Slóvenía

Átökin, sem hafa geisað í Króatíu og Slóveníu á undanförnum mánuðum, brutust út í kjölfar sjálfstæðisyfirlýsingar ríkjanna tveggja 25. júní sl. Í fyrstu beindust aðgerðir og árásir júgóslavneska sambandshersins að þjóðvarðliði Slóvena en eftir að síðarnefndir höfðu veitt öflugt viðnám féllust allir deiluaðilar á tillögur Evrópubandalagsins um vopnahlé og viðræður um framtíð Júgóslavíu sem lagðar voru fram 29. júní. Þessu til áréttingar gáfu utanríkisráðherrar Evrópubandalagsríkjanna út samsvarandi yfirlýsingu 5. júlí en vegna vopnahlésbrota ákváðu þeir jafnframt að hætta vopnasölu og fjárstuðningi við Júgóslavíu. Samtímis kom nefnd háttsettra embættismanna aðildarríkja Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu saman til aukafundar vegna átakanna. Þessir fundir stuðluðu síðan að svonefndu Brioni-samkomulagi sem var undirritað 7. júlí og fól í sér sameiginlega yfirlýsingu með viðaukum um undirbúning viðræðna og tilhögun friðareftirlits. Þar var m.a. gert ráð fyrir vopnahléi og gagnkvæmri heimkvaðningu herliðs, frestun gildistöku sjálfstæðisyfirlýsinga um þrjá mánuði og viðræðum um framtíð sambandsríkisins. Íslensk stjórnvöld sendu Budimir Loncar, utanríkisráðherra Júgóslavíu, orðsendingu 28. júní þar sem átökin voru hörmuð og hvatt til stillingar. Þá samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun um bann við vopnasölu til Júgóslavíu.

Þrátt fyrir stöðugar tilraunir Evrópubandalagsins til að framfylgja vopnahléi og koma á sáttum í Júgóslavíu, með stuðningi og í umboði RÖSE, tókst ekki að stilla til friðar fram eftir sumri og átökin færðust að mestu yfir til Króatíu. Harðnandi átök í ágúst og andstaða Serba gegn friðareftirliti í Króatíu urðu þess valdandi að utanríkisráðherrar Evrópubandalagsríkjanna komu aftur saman til aukafundar 27. ágúst. Þeir fordæmdu vopnahlésbrot, skoruðu á sambandsstjórnina að hafa stjórn á hernum og lýstu því yfir að breytingar á landamærum með vopnavaldi yrðu aldrei viðurkenndar. Ennfremur boðuðu ráðherrarnir til friðarráðstefnu og lögðu til stofnun gerðardóms um leið og þeir vöruðu við afleiðingum frekari blóðsúthellinga. Deiluaðilar samþykktu enn eitt vopnahléið 1. september og tveimur dögum síðar tilnefndu Evrópubandalagsríkin Carrington lávarð sem formann Ráðstefnunnar um Júgóslavíu í Haag. Ráðstefnan hófst 7. september og henni voru settar þær grundvallarreglur að landamærum júgóslavnesku lýðveldanna yrði ekki breytt einhliða með vopnavaldi, að réttur allra málsaðila yrði virtur og að tekið yrði fullt tillit til áhyggjuefna og framtíðarvona þjóðanna og þjóðernisminnihlutanna. Tveimur dögum síðar jókst sundrung sambandsríkisins þegar þing Makedoníu ákvað að lýsa yfir sjálfstæði.

Utanríkisráðherra Íslands ávarpaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna 23. september og fjallaði m.a. um ástandið í Júgóslavíu. Hann lagði áherslu á að sambandsríkinu yrði ekki haldið saman með vopnavaldi og svo kynni að fara að ekki yrði hjá því komist að hlíta óskum Króata og Slóvena um viðurkenningu. Í framhaldi af þessu átti utanríkisráðherra stuttan fund með dr. Zvonimir Separovic, utanríkisráðherra Króatíu, í New York þar sem síðarnefndur gerði grein fyrir afstöðu króatískra stjórnvalda til deilunnar. Því næst kom dr. Separovic í heimsókn til Íslands 28. september til að eiga ítarlegri viðræður við hvora tveggja forsætis- og utanríkisráðherra. Þá var honum skýrt frá því að íslensk stjórnvöld væru mjög velviljuð málstað Króata og Slóvena og þau myndu eiga samráð við stjórnvöld nokkurra evrópskra ríkja um frekari framvindu deilunnar en enn um sinn yrði að láta reyna á það til þrautar hverjum árangri friðarumleitanir Evrópubandalagsins gætu náð.

Þegar átökin hörðnuðu í lok september og byrjun október varð æ brýnna fyrir Evrópubandalagið að fá fram einhverja varanlega lausn deilumála í Júgóslavíu því Króatar og Slóvenar hugðust ekki framlengja frestun á gildistöku sjálfstæðisyfirlýsinganna eftir 7. október. Nokkur breyting varð á afstöðu júgóslaveskra stjórnvalda því Carrington lávarður lýsti því yfir í byrjun október að deiluaðilar væru sammála um að halda áfram viðræðum um pólitíska niðurstöðu sem gæti leitt til almennrar viðurkenningar á sjálfstæði þeirra lýðvelda sem þess æsktu. Slík viðurkenning myndi fylgja í kjölfar fjölþættara samkomulags og fela í sér að myndað yrði laust samband eða bandalag fullvalda eða sjálfstæðra lýðvelda, fullnægjandi ráðstafanir yrðu gerðar til að vernda þjóðernisminnihluta og ekki yrðu gerðar einhliða breytingar á landamærum. Enn fjaraði undan sambandsríkinu 15. október þegar þing Bosníu-Hersegóvínu ákvað að lýsa yfir sjálfstæði.

Ekkert lát varð á átökunum í Króatíu þegar kom fram í nóvember en þá höfðu serbneskir þjóðvarðliðar og sambandsherinn hertekið um þriðjung landsins. Umsátrin um borgirnar Dubrovnik og Vukovar vöktu skelfingu um alla Evrópu. Áframhaldandi tilraunir til að koma á friði og finna varanlega lausn á ágreiningi báru engan árangur. Fulltrúasamkoma Kosovo-héraðs ákvað að lýsa yfir sjálfstæði 2. nóvember. Loks ákvað Evrópubandalagið 8. nóvember að beita efnahagslegum refsiaðgerðum gegn fyrrverandi og þáverandi lýðveldum Júgóslavíu og 13. nóvember fóru belgísk, bresk og frönsk stjórnvöld þess formlega á leit við aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að friðargæslulið samtakanna yrði sent á vettvang. Cyrus Vance, fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna, var útnefndur sérstakur erindreki aðalframkvæmdastjórans og hann hafði milligöngu um enn eitt vopnahléið 23. nóvember en það var forsenda þess að hægt yrði að kveðja til friðargæslusveitir. Ítrekuð vopnahlésbrot sambandshersins ollu því að Bandaríkjastjórn ákvað efnahagslegar refsiaðgerðir gegn öllum lýðveldum fyrrum Júgóslavíu 6. desember. Íslensk stjórnvöld höfðu í byrjun nóvember harðlega fordæmt hernað Serba í Króatíu og hófu þá náið óformlegt samráð við stjórnvöld annarra ríkja í Evrópu sem töldu að viðurkenning á sjálfstæði og fullveldi Króatíu og Slóveníu samrýmdist eðlilegum viðhorfum um sjálfsákvörðunarrétt þjóða og gæti fremur stuðlað að friði heldur en hefðbundnar og þrautreyndar sáttaumleitanir samtaka eða stofnana. Þýsk stjórnvöld lýstu yfir stuðningi við hugsanlegt sjálfstæði Króata og Slóvena í fyrrasumar en virtu lengi vel samstöðu Evrópubandalagsríkjanna um Haag-ráðstefnuna. Þegar ljóst varð að ráðstefnan myndi ekki bera árangur gaf Helmut Kohl, kanslari Þýskalands, fyrirheit 7. desember um viðurkenningu á ríkjunum tveimur fyrir jól. Þrátt fyrir andstöðu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Bandaríkjastjórnar og annarra Evrópubandalagsríkja ákvað þýska ríkisstjórnin 14. desember að viðurkenna Króatíu og Slóveníu tveimur dögum síðar, en 16. desember komust leiðtogar Evrópubandalagsríkjanna að þeirri málamiðlun að ef króatísk og slóvensk stjórnvöld gætu fullvissað þau um virðingu fyrir lýðræði, almennum mannréttindum og réttindum þjóðernisminnihluta þá myndi

bandalagið í heild viðurkenna ríkin 15. janúar 1992.

Íslensk stjórnvöld höfðu sem áður fylgst glögglega með þróun mála í Króatíu og afstöðu annarra ríkja til viðurkenningar. Þó svo að málamiðlun Evrópubandalagsríkjanna endurspeglaði klofning á meðal þeirra var ákvörðunin í raun endanleg og táknaði skipbrot þeirrar stefnu sem bandalagið hafði fylgt til þessa. Þar sem íslensk stjórnvöld töldu ekki árangurs að vænta af fyrri stefnu Evrópubandalagsins og voru alls óbundin af fyrrnefndri málamiðlun komust þau að þeirri niðurstöðu að það þjónaði engum tilgangi að bíða átekta heldur þvert á móti gæti brautryðjandi unnið þarft verk. Ríkisstjórnin fjallaði um málið á fundi 15. desember og samþykkti að fela utanríkisráðherra að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Króatíu og Slóveníu að fengnum svipuðum yfirlýsingum um lýðræði og mannréttindi eins og Evrópubandalagið hafði krafist. Slíkar yfirlýsingar bárust frá Zagreb og Ljubljana 19. desember og samdægurs sendi utanríkisráðherra starfsbræðrum sínum í ríkjunum tveimur bréf þar sem viðurkenning Íslands var staðfest. Þannig varð Ísland fyrsta vestræna ríkið til að viðurkenna Króatíu og Slóveníu.

Sáttatilraunir Carringtons lávarðar og Cyrus Vance héldu áfram án afláts og 31. desember stóð síðarnefndur að samkomulagi Króata annars vegar og Serba og sambandsríkisstjórnarinnar hins vegar sem gerði ráð fyrir vopnahléi, brottflutningi serbneskra og júgóslavneskra hersveita frá Króatíu og komu friðargæsluliðs sem myndi ábyrgjast öryggi íbúa herteknu svæðanna. Vopnin þögnuðu í byrjun þessa árs en 7. janúar gerðist válegur atburður þegar sambandsflugherinn skaut niður óvopnaða þyrlu eftirlitssveita Evrópubandalagsins. Næsta dag ákvað öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að senda sveit liðsforingja til Króatíu og Júgóslavíu til að undirbúa komu tíu þúsund manna friðargæsluliðs. Ákvörðun Evrópubandslagsríkjanna um viðurkenningu Króatíu og Slóveníu tók gildi 15. janúar eins og gert var ráð fyrir. Utanríkisráðherrar Króatíu og Slóveníu sátu fund utanríkisráðherraráðs RÖSE í Prag dagana 30.-31. janúar sem áheyrnarfulltrúar og líklega verður báðum ríkjunum veitt full aðild áður en langt um líður.

Vopnahléið hefur að mestu leyti verið virt á undanförnum vikum en að öðru leyti hefur dregist að framkvæma samkomulagið sem Sameinuðu þjóðirnar stóðu að um áramótin. Þar hefur valdið tregða íbúa af serbneskum uppruna í Krajina-héraði og krafa króatískra stjórnvalda um að þau fari með stjórn á herteknu svæðunum eftir að friðargæsluliðið hefur tekið sér stöðu. Utanríkisráðherrar Norðurlanda ræddu ástandið í Króatíu á fundi í Reykjavík í janúar sl. og lýstu m.a. vilja sínum til að efla samskiptin við Króatíu og Slóveníu. Efnahagur allra hluta fyrrum Júgóslavíu hefur beðið mikinn hnekki eftir að átökin brutust út og það á einnig við um Slóveníu sem þó stendur einna best að vígi. Ágreiningur innan ríkisstjórnar Slóveníu um efnahagsaðgerðir olli því að Gojze Peterle forsætisráðherra sagði af sér fyrir hönd stjórnarinnar sem hefur setið sem starfsstjórn frá áramótum. Boðað verður til þingkosninga í Slóveníu fyrir lok þessa árs.

(4) Albanía

Sérstaða Albaníu í Evrópu byggist ekki lengur á stjórnmálalegri og efnahagslegri einangrun í skugga sérviskulegra stalínískra stjórnarhátta heldur á algeru hruni stjórnsýslu og efnahags í landinu. Fall kommúnistastjórnarinnar fyrir rúmu ári leiddi til þingkosninga síðastliðið vor þar sem arftakar kommúnista í Verkamannaflokknum, nú Sósíalistaflokknum, unnu stórsigur. Fjöldi erlendra eftirlitsmanna staðfesti að kosningarnar hefðu farið vel fram en Verkamannaflokkurinn naut misvægis atkvæða á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Óánægja var ekki jafnútbreidd í sveitum og í borgum og bæjum, þar sem flokkurinn á enn flesta stuðningsmenn. Í kjölfar kosninganna ollu áframhaldandi óeirðir og verkföll tíðum

stjórnarskiptum og boðað var til nýrra þingkosninga í kjölfar falls samsteypustjórnar Ylli Bufi í desember sl. Þær fara fram nú í marslok.

Efnahagsástandið í Albaníu hefur endurspeglast í stríðum straumi flóttamanna til nágrannaríkja og einkum til Ítalíu. Talið er að þjóðarframleiðsla Albana hafi minnkað um helming á fyrri hluta síðasta árs, rúmlega þriðjungur vinnufærra manna sé atvinnulaus og að verðlag hafi hækkað fimmfalt. Framleiðsla og dreifing matvæla og annarra brýnustu lífsnauðsynja er í molum og erlend aðstoð dugir ekki til. Ljóst er að nýtt þing og ríkisstjórn þarf að hafa hraðan á við að koma á nauðsynlegum umbótum ef takast á að koma í veg fyrir frekari ógæfu í landinu.

Albanskir stjórnmálaleiðtogar virðast sjá samhengið á milli langvarandi einangrunar landsins og núverandi örðugleika því þeir hafa lagt ríka áherslu á aðild eða tengsl Albaníu við sem flest fjölþjóðleg samtök og stofnanir í Evrópu, t.d. RÖSE, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðabankann, stjórnmálasamband við Evrópubandalagið og nálgun við Evrópuráðið. Þá er ónefnt hefðbundið stjórnmálasamband við fjölda ríkja sem voru áður úthrópuð sem fjendur Albaníu, þ.á m. Bandaríkin. Enn á þó langt í land með eðlileg samskipti Albana og Serba vegna kúgunar síðarnefndra á fólki af albönskum uppruna í Kosovo. Alia, forseti Albaníu, hefur vísað á bug vangaveltum um hugsanleg átök á landamærunum við Júgóslavíu vegna þessa en albanski herinn hefur um skeið verið við öllu búinn. Þá hafa albönsk stjórnvöld reynt að vekja athygli á Kosovo-deilunni á alþjóðavettvangi, t.d. á mannréttindaráðstefnu RÖSE í Moskvu í fyrra.

(5) Búlgaría

Það var ekki fyrr en að lokinni setningu nýrrar stjórnarskrár í fyrrasumar að stjórnarandstöðunni í Búlgaríu tókst að ná meirihluta á þingi af fyrrum kommúnistum í Sósíalistaflokknum í þingkosningum í október s.l. Eftirlitsmenn frá 23 ríkjum fylgdust með framkvæmd kosninganna. Samband lýðræðisafla, undir forystu Filips Dimitrovs, fékk um 35% atkvæða og myndaði ríkisstjórn með stuðningi Samtaka um réttindi og frelsi, stjórnmálahreyfingu tyrkneska minnihlutans, sem hlaut um 7% atkvæða. Vegna kjördæmaskipunar, ítaka í stjórnkerfi og fjárhagslegra yfirburða fékk Sósíalistaflokkurinn 33% atkvæða, aðallega í dreifbýli, og af þeim sökum er óvíst um framtíð nýju stjórnarinnar og líklegt að boðað verði til kosninga á ný innan skamms. Á sama hátt hefur þjóðkjör forseta gengið erfiðlega. Að loknum tveimur umferðum var Zhelyu Zhelev, frambjóðandi Sambands lýðræðisafla, kjörinn í embætti forseta í janúar sl. með 53% atkvæða, en hann hafði verið þingkjörinn frá árinu 1990. Velko Vulkanov, frambjóðandi Sósíalistaflokksins, fékk rúmlega 46% atkvæða. Þess má geta að skipulögð andstaða gegn stjórn kommúnista varð aldrei jafnmikil í Búlgaríu og víða annars staðar í Mið- og Austur-Evrópu og það voru flokksfélagar Theodors Zhikovs sem steyptu honum árið 1989 þannig að fyrrverandi kommúnistar hafa haldið verulegum áhrifum í landinu.

Stefna Sambands lýðræðisafla í efnahagsmálum hefur verið hliðstæð við stefnu annarra stjórnarflokka í nýfrjálsum ríkjum, þ.e. að koma á markaðshagkerfi fyrirvaralaust og á skömmum tíma. Á fyrri helmingi síðasta árs minnkaði þjóðarframleiðsla Búlgara um 22%, atvinnuleysi var á meðal 10% vinnufærra manna og erlendar skuldir námu um 11 milljörðum Bandaríkjadala. Það hefur reynst búlgörskum stjórnvöldum erfitt að semja um skuldbreytingar þar sem flestir lánardrottnar eru erlendir bankar en ekki stjórnvöld annarra ríkja. Viðskipti Íslands og Búlgaríu hafa verið hverfandi.

(6) Pólland

Fyrstu lýðræðislegu þingkosningarnar í Póllandi eftir síðari heimsstyrjöld voru haldnar í október sl. Á annað hundrað flokkar voru í framboði og náðu fulltrúar tuttugu og níu kjöri. Dræm kjörsókn þótti endurspegla áhugaleysi og óánægju almennings vegna stjórnmálaástandsins í landinu og vonbrigði með afleiðingarnar af efnahagsumbótum.

Kosningarnar fóru þannig að Lýðræðissambandið, flokkur Mazowieckis fyrrum forsætisráðherra, fékk mest fylgi eða rúmlega 12% atkvæða. Reyndar hafði flokknum verið spáð a.m.k. 20% atkvæða fyrir kjördag og því urðu úrslitin verulegt áfall fyrir fylgismenn hans. Næst komu Lýðræðisbandalag vinstrimanna, sem forystumenn kommúnistaflokksins fyrrverandi stofnuðu, og Bændaflokkurinn sem var í nánum tengslum við kommúnistastjórnina fyrir árið 1989. Þessir tveir flokkar fengu samanlagt rúmlega fimmtung greiddra atkvæða. Þar á eftir fylgdu Kaþólski flokkurinn, Frjálslynda lýðræðisþingið, sem er flokkur Jans Bieleckis fyrrum forsætisráðherra, og flokkur Samstöðu.

Sigurvegarar kosninganna voru því þeir flokkar sem teljast arftakar gamla kommúnistaflokksins og að þeim loknum sagði Bielecki, þáverandi forsætisráðherra, að Pólverjar hefðu hafnað bæði kapítalisma og kommúnisma og valið "þriðju leiðina". Þá var haft eftir Lech Walesa, forseta, að kosningalögin væru meingölluð og hagstæð smáflokkum. Þingmenn skiptast nokkurn veginn jafnt í fylkingar með og á móti stjórnmálalegum og efnahagslegum umbótum. Eftir langar og árangurslausar stjórnarmyndunarviðræður féllst Walesa forseti á að veita Jan Olszewski, leiðtoga Kaþólska flokksins, umboð til stjórnarmyndunar og í desember sl. samþykkti pólska þingið myndun nýrrar ríkisstjórnar. Olszewski lýsti því yfir að pólsk stjórnvöld myndu standa við allar alþjóðlegar fjárhagsskuldbindingar en jafnframt yrði að vekja athygli erlendra lánardrottna á nauðsyn skuldbreytinga vegna erfiðs efnahagsástands í landinu.

Þrátt fyrir fyrrnefnda erfiðleika eru bjartar horfur í efnahagsmálum Póllands. Enn eru um 10% vinnufærra manna atvinnulausir, verðbólga er um 70% og mikill halli á viðskiptajöfnuði en engu að síður eru teikn á lofti um efnahagsbata á þessu ári. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir að þjóðarframleiðsla aukist um 5,5%, miðað við 6% samdrátt í fyrra, og að verðbólga lækki í 60% á árinu. Reyndar er búist við að halli á viðskiptajöfnuði aukist úr 1 milljarði í 1,5 milljarða Bandaríkjadala vegna um 6% samdráttar í útflutningi samhliða 40% aukningu á innflutningi á síðasta ári. Utanríkisviðskipti Pólverja hafa breyst mjög á undanförnum tveimur árum þannig að útflutningur til aðildarríkja Evrópubandalagsins hefur aukist um 20% jafnframt því að innflutningur þaðan er 85% meiri en áður. Samtímis hafa viðskipti við önnur fyrrum aðildarríki COMECON dregist saman um helming. Erlendar skuldir Póllands hafa aukist jafnt og þétt og námu á miðju síðasta ári rúmlega 44 milljörðum Bandaríkjadala en aðgerðir Parísarklúbbsins bættu skuldastöðuna fyrr í vetur. Pólsk stjórnvöld hafa náið samráð við Alþjóðabankann um hagstjórn sem hefur m.a. falið í sér verulega gengisfellingu pólska gjaldmiðilsins.

Mjög hefur dregið úr viðskiptum Íslendinga og Pólverja á síðustu tveimur árum. Í fyrra var útflutningur til Póllands að verðmæti um 193 milljónir króna, aðallega saltsíld, en innflutningur þaðan nam um 337 milljónum króna. Minna var flutt af loðnumjöli til Póllands en áður en þar hefur um skeið verið mikilvægur markaður fyrir íslenskt fiskimjöl. Reglulegum viðræðum íslenskra og pólskra stjórnvalda í fyrra var frestað og enn er óákveðið hvenær þær verða næst. Því valda tímabundið skipulagsleysi í pólskri stjórnsýslu og gjaldeyrisskortur, en þess má geta að pólsk stjórnvöld eru mjög áhugasöm um stofnun sameiginlegs verslunarráðs landanna og hugsanlegan fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Póllands.

(7) Rúmenía

Verkföll námaverkamanna og uppþot í Búkarest í fyrrahaust leiddu til afsagnar ríkisstjórnar Petre Romans og myndun nýrrar stjórnar undir forystu Theodors Stolojans. Talið er að Ion Iliescu forseti hafi staðið þar að baki enda hefur hann og margir aðrir leiðtogar Þjóðfrelsisfylkingarinnar verið andvígur hraðri valddreifingu og efnahagsumbótum í frjálsræðisátt. Af þeim sökum voru margir stjórnarandstöðuhópar og þjóðernisminnihlutar mjög óánægðir með nýja stjórnarskrá sem var samþykkt af 77% kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu í desember sl. Stjórnarandstæðingar töldu að forsetaembættinu væru fengin of mikil völd og að réttur einstaklinga og minnihlutahópa væri ekki nægilega tryggður. Það á t.d. við um tvær milljónir íbúa í Transylvaníu sem eru af ungverskum uppruna. Búist er við að boðað verði til þingkosninga samkvæmt stjórnarskránni á komandi vori en nánast ógerlegt að spá um hugsanleg úrslit því að fyrir utan sundurleita Þjóðfrelsisfylkingu eru um tvö hundruð stjórnmálaflokkar skráðir í landinu. Það hefur vakið nokkurn ugg í Rúmeníu hversu stjórnvöld treysta enn á öryggislögregluna og sumir stjórnarandstæðingar hafa varað við hættunni af öfgakenndri þjóðernisstefnu sem gæti m.a. leitt til árekstra á landamærum Rúmeníu og Moldavíu.

Efnahagur Rúmeníu er vægast sagt bágborinn en talið er að þjóðarframleiðsla þar hafi minnkað um rúmlega 20% á síðasta ári, m.a. vegna minni olíuframleiðslu. Samt hafa rúmensk stjórnvöld töluvert svigrúm til umbóta og uppbyggingar vegna hagstæðrar skuldastöðu landsins.

(8) Tékkóslóvakía

Þó svo að saga Tékkóslóvakíu og friðsamleg þróun frá kommúnisma til lýðræðis gefi tilefni til að ætla að vænlegar horfi í stjórnmálum og efnahagsmálum þar en víða annars staðar í Mið- og Austur-Evrópu, þá eru þar blikur á lofti vegna deilna um sambandsríkið og hægfara efnahagsbata. Boðað hefur verið til þingkosninga í landinu í júní n.k. og benda skoðanakannanir til þess að Borgaralegi lýðræðisflokkurinn, undir forystu Vaclavs Klaus fjármálaráðherra, hafi um 20% fylgi á meðal Tékka en lýðræðishreyfing Slóvakíu, með Vladimir Meciar forsætisráðherra samnefnds landshluta, njóti stuðnings um 30% Slóvaka. Fyrrum kommúnistar fengu um 14% atkvæða í öllu landinu í þingkosningum 1990 og búist er við að fylgi þeirra minnki lítillega í komandi kosningum. Þótt 70-80% íbúa Tékkóslóvakíu séu hlynntir áframhaldandi sambandsríki Tékka og Slóvaka, þá eru mjög skiptar skoðanir með síðastnefndum um hvernig sambandinu eigi að vera háttað. Meciar og fylgismenn hans vilja draga úr stjórnmálalegri miðstýringu frá Prag eins og frekast er unnt en styðja ekki að sama skapi hraða einkavæðingu atvinnuveganna. Þessi markmið stangast á við stefnu Vaclavs Havels forseta og Klaus fjármálaráðherra sem hafa lagt áherslu á varðveislu sambandsríkisins og hraðar umbætur. Havel nýtur mikillar virðingar og vinsælda í Tékkóslóvakíu, jafnt sem erlendis, og samkvæmt nýjum skoðanakönnunum nýtur hann stuðnings um 82% kjósenda.

Fyrst í kjölfar þess að tékknesk stjórnvöld hafa heimilað frjálst verðlag og utanríkisverslun, skert ríkisstyrki og lagt grunninn að víðtækri einkavæðingu hefur efnahagsástandið í landinu versnað mjög. Í fyrra er talið að iðnaðarframleiðsla hafi dregist saman um 20%, viðskiptajöfnuður hafi verið óhagstæður um 1 milljarð Bandaríkjadala, fjárfestingar hafi minnkað um 50% og einkaneysla um 35-45% og að verðbólga hafi náð 60% miðað við árið. Atvinnuleysi hefur verið lítið en búist er við að það fari ört vaxandi samfara tímabundnum samdrætti í utanríkisviðskiptum sem byggðust áður fyrst og fremst á

vöruskiptum við önnur kommúnistaríki, t.d. fékk Tékkóslóvakía þannig um 60% af allri olíu, sem notuð var í landinu, frá Sovétríkjunum. Á þessu ári er spáð áframhaldandi samdrætti en þó ekki jafnmiklum og í fyrra. Fjórir meginþættir eru taldir geta ráðið úrslitum um þróun efnahagsmála í landinu í næstu framtíð, þ.e. aukning útflutnings, aukin framleiðni í landbúnaði, erlendar fjárfestingar og árangur einkavæðingar fyrirtækja.

Viðskipti Íslands og Tékkóslóvakíu eru mjög lítil. Á síðasta ári voru fluttar út vörur til Tékkóslóvakíu að verðmæti um 18 milljónir króna en árið áður nam útflutningurinn 61 milljón króna, aðallega kísilgúr, en á sama tíma keyptu Íslendingar tékkneskar vörur fyrir um 385 milljónir króna. Fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna og Tékkóslóvakíu kann að auka viðskipti landanna þegar fram í sækir.

(9) Ungverjaland

Að loknum tveggja ára stjórnartíma ríkisstjórnar Jozsefs Antalls standa Ungverjar stjórnmálalega og efnahagslega mun betur að vígi en önnur fyrrum kommúnistaríki. Stjórnarskráin, sem var sett í október 1989, virðist hafa rennt styrkum stoðum undir lýðræði og réttarkerfi þannig að grundvallarmannréttinda er gætt, enda varð Ungverjaland aðili að Evrópuráðinu í febrúar sl. Að auki má nefna að í fyrrahaust skar stjórnlagaréttur úr ágreiningi milli Arpads Göncz, forseta og leiðtoga Frjálsra demókrata, sem eru í stjórnarandstöðu, og samsteypustjórnar Lýðræðisvettvangsins vegna staðfestingar á embættisskipunum án þess að því fylgdi spenna eða alvarleg togstreita. Þrátt fyrir slæma heilsu Antalls og litlar persónulegar vinsældir er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin verði við völd enn um sinn.

Sem víðar í Mið- og Austur-Evrópu er grunnt á öfgakennda þjóðernisstefnu í Ungverjalandi. Ungversk stjórnvöld hafa þurft að gæta samkenndar með þremur og hálfri milljón manna af ungverskum uppruna, sem býr í Serbíu, Rúmeníu og Tékkóslóvakíu, jafnframt því að stuðla að stöðugleika og friði á svæðinu. Þess má geta til samanburðar að Ungverjar telja ekki nema rúmlega tíu milljónir innan eigin landamæra. Þetta hefur m.a. valdið því að ungversk stjórnvöld hafa orðið að fylgja mjög varfærinni stefnu gagnvart átökunum í Júgóslavíu til að verða ekki þátttakandi þar með beinum eða óbeinum hætti.

Margt bendir til þess að Ungverjar séu að komast yfir erfiðasta hjalla efnahagslegu umskiptanna frá miðstýringu kommúnismans til lýðræðis og markaðsbúskapar. Góðar aðstæður og stöðugleiki hafa orðið þess valdandi að erlend fyrirtæki hafa verið fús til að fjárfesta í Ungverjalandi. Talið er að slík fjárfesting nemi nú um 2,5 milljörðum Bandaríkjadala, sem er meira en í öllum öðrum fyrrum Varsjárbandalagsríkjum samanlagt að Austur-Þýskalandi undanteknu. Sameiginleg fyrirtæki Ungverja og erlendra aðila eru orðin rúmlega tíu þúsund að tölu og oft virðast bandarísk, japönsk og þýsk fyrirtæki hafa verið í eins konar fjárfestingarkapphlaupi í Ungverjalandi. Spáð er áframhaldandi efnahagsbata á þessu ári og svo verulegri framför á árinu 1993. Ungversk fyrirtæki hafa keypt kísilgúr frá Íslandi en að öðru leyti hafa viðskipti landanna verið lítil.

(10) Endalok Varsjárbandalagsins og öryggismál í Mið- og Austur-Evrópu

Hrun kommúnismans í Mið- og Austur-Evrópu olli grundvallarbreytingum á forsendum öryggismála í þessum heimshluta. Gífurlegum hernaðarviðbúnaði fyrrum Varsjárbandalagsríkja á undanförnum áratugum var annars vegar beint gegn Vestur-Evrópu og hins vegar ætlað að tryggja stjórn kommúnista og sovésk yfirráð í aðildarríkjunum. Það var því næstum sjálfgefið að nýjar lýðræðisstjórnir skilgreindu öryggishagsmuni á annan veg og vildu

brottflutning sovésks herliðs og upplausn Varsjárbandalagsins. Síðustu sovésku hermennirnir fóru frá Ungverjalandi árið 1990, frá Tékkóslóvakíu 25. júní sl. og að loknum erfiðum samningaviðræðum lýstu þáverandi sovésk stjórnvöld því yfir 8. október að allt herlið þeirra yrði farið frá Póllandi fyrir lok þessa árs. Lengi vel virtust sovésk stjórnvöld vilja tengja veru herliðsins í Póllandi við samningsbundinn brottflutning sovéskra hersveita frá Þýskalandi sem enn er miðað við að ljúki fyrir árslok 1994.

Í framhaldi af kröfum ríkisstjórna Póllands, Tékkóslóvakíu og Ungverjalands lagði Gorbatsjof, fyrrum forseti Sovétríkjanna, formlega til að hernaðarsamstarfi Varsjárbandalagsríkjanna yrði hætt 1. apríl 1991 en 25. febrúar í fyrra undirrituðu utanríkisráðherrar aðildarríkjanna samkomulag þess efnis sem tók gildi 31. mars sl. Stjórnmálasamstarfinu var svo formlega hætt 1. júlí og bandalagið þar með lagt niður.

Þó að hin títtnefndu nýfrjálsu ríki í Mið- og Austur-Evrópu hafi náð mikilsverðum og skjótum árangri í að hrista af sér fjötra fyrrverandi öryggismálastefnu Sovétríkjanna, þá þurfa þau jafnframt að koma í veg fyrir öryggisleysi í hættulegu tómarúmi. Upplausn Sovétríkjanna, deilur um landamæri og þjóðernisminnihluta, auk mikilla vopnabirgða, geta valdið ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Stjórnvöld í flestum þeirra hafa beint eða óbeint lýst áhuga á aðild að Atlantshafsbandalaginu en núverandi aðildarríki hafa af ýmsum ástæðum ekki talið vænlegt að fara þá braut. Það þótti sannarlega tímanna tákn 20. desember sl. þegar Boris Jeltsin lýsti yfir því að það væri markmið Rússa til lengri tíma litið að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu en þennan dag var stofnað í Brussel Norður-Atlantshafssamvinnuráðið (sjá kafla VI). Í ljósi þess, að vestræn ríki hafa verið treg til að takast á hendur sameiginlegar eða tvíhliða öryggisskuldbindingar gagnvart nýfrjálsu ríkjunum, hafa þau tekið þann kostinn að bindast sem flestum sam-evrópskum samtökum og stofnunum sem gætu hugsanlega stuðlað að jafnvægi og öryggi í álfunni. Flest virðast þessi ríki binda vonir við eflingu RÖSE-ferlisins (sjá kafla III) og Pólland, Tékkóslóvakía og Ungverjaland undirrituðu 16. desember sl. samning um fríverslun og aukaaðild að Evrópubandalaginu. Eystrasaltsríkin þrjú reyna enn að fá bindandi fyrirheit frá Samveldinu um brottflutning herliðs þaðan til Rússlands og Hvíta-Rússlands.

III Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu

Aðstæður í öryggismálum Evrópu hafa gjörbreyst á skömmum tíma. Upplausn Varsjárbandalagsins, endurheimt óskoraðs fullveldis í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, auk tilkomu nýrra sjálfstæðra ríkja í kjölfar þess að Sovétríkin hafa verið leyst upp, gera að verkum að leita þarf nýrra leiða til að tryggja áframhaldandi frið og stöðugleika í álfunni. Í tilraunum til að efla gagnkvæmt traust í samskiptum Evrópuríkja hefur Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu (CSCE) haft mikilvægu hlutverki að gegna, en ráðstefnan er eini sameiginlegi samráðsvettvangur allra ríkja Evrópu, Mið-Asíu og Norður-Ameríku. Í eftirfarandi kafla verður gerð grein fyrir nýjum stofnunum og samráðsreglum ráðstefnunnar, samningaviðræðum, sem fram fara innan ráðstefnunnar eða í tengslum við hana í Vínarborg, svo og sérfræðingafundum, sem haldnir voru á árinu 1991.

(1) Nýjar stofnanir og samráðsreglur

Leiðtogar þátttökuríkjanna komu saman í París dagana 19.-21. nóvember 1990 til að binda endi á kalda stríðið og innleiða nýtt tímabil lýðræðis, friðar og samvinnu í Evrópu. Fundurinn markaði stórviðburð í sögu ráðstefnunnar, en hann var fyrsti fundur sinnar tegundar frá því lokaskjal Helsinki-fundarins var undirritað árið 1975. Í tengslum við fundinn undirrituðu leiðtogar ríkjanna tuttugu og tveggja í Atlantshafsbandalaginu og Varsjárbandalaginu tímamótasamning um niðurskurð hefðbundins herafla í Evrópu (CFE) og þáttökuríkin samþykktu efnismikið skjal um aðgerðir til að skapa traust og öryggi á sviði hermála (CSBM), svonefnt Vínarskjal um traustvekjandi aðgerðir. Ríkin tuttugu og tvö ákváðu auk þess að standa að sameiginlegri yfirlýsingu þar sem því var m.a. heitið að valdbeiting í samskiptum Evrópuríkja heyrði fortíðinni til.

Í sérstakri yfirlýsingu leiðtoga þátttökuríkjanna, sem ber heitið "Parísarsáttmálinn um nýja Evrópu" (sjá fylgiskjal 2), skuldbundu öll ríkin sig til að virða leikreglur lýðræðis, byggðar á mannréttindum og frelsi, hlúa að efnahagslegri hagsæld í skjóli frjáls framtaks og félagslegs réttlætis og tryggja öllum þátttökuríkjum öryggi á jafnréttisgrundvelli. Til að efla pólitískt samráð og samvinnu og gera ráðstefnuna betur í stakk búna til að takast á við úrlausnarefni, sem við blasa í samskiptum Evrópuríkja, ákváðu leiðtogarnir einnig að setja á fót fyrstu stofnanir ráðstefnunnar og formfesta regluleg fundahöld. Á þeim mánuðum, sem liðnir eru frá Parísarfundinum, hafa því átt sér stað verulegar breytingar á starfsháttum Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Nýjar samráðsreglur kveða m.a. á um reglulega fundi leiðtoga þátttökuríkjanna í tilefni sérhvers framhaldsfundar ráðstefnunnar. Næsti framhaldsfundur hefst í Helsinki 24. mars nk. og munu leiðtogar koma saman við lok fundarins dagana 9.-10. júlí nk. Ennfremur mun Ráðið, skipað utanríkisráðherrum þátttökuríkjanna, koma saman a.m.k. einu sinni á ári. Nefnd háttsettra embættismanna þátttökuríkjanna (CSO), sem heldur reglulega fundi í Prag, undirbýr m.a. fundi Ráðsins og hrindir ákvörðunum þess í framkvæmd.

Þrjár sérstakar stofnanir ráðstefnunnar eru: framkvæmdaskrifstofan í Prag, sem undirbýr pólitísk samráð þátttökuríkja, Átakavarnir (CPC) í Vínarborg, undir stjórn sérstaks Átakavarnaráðs, sem aðstoða Ráðið við að draga úr hættu á ófriði, og Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofan í Varsjá, sem þar til nýlega hafði það meginverkefni að halda saman og greiða fyrir útbreiðslu upplýsinga um frjálsar kosningar í þátttökuríkjunum.

(1.1) Ráðsfundurinn í Berlín

Fyrsti Ráðsfundur ráðstefnunnar var haldinn í Berlín dagana 19.-20. júní sl. Á fundinum var Albaníu veitt aðild að ráðstefnunni.

Umræður á fundinum snerust einkum um nýskipan öryggismála í Evrópu, eflingu mannréttinda, lýðræðis og leikreglna réttarríkisins í þátttökuríkjunum, horfur á efnahags- og félagslegri uppbyggingu í Evrópu, málefni líðandi stundar og framtíðarverkefni ráðstefnunnar.

Í hópi mikilvægra niðurstaðna fundarins var sú ákvörðun að setja sérstakar reglur um samráð og samvinnu þátttökuríkja í neyðartilvikum, sem rætur eiga að rekja til alvarlegra brota gegn meginreglum lokaskjals Helsinki-fundarins eða ógnar við frið og stöðugleika í álfunni. Reglur þessar gera m.a. ráð fyrir neyðarfundum nefndar háttsettra embættismanna innan fjörutíu og átta klukkustunda hafi tólf eða fleiri ríki lýst stuðningi við beiðni þessa efnis. Ráðherrarnir fólu embættismannanefndinni einnig að gera tillögur fyrir næsta fund Ráðsins um frekari styrkingu stofnana og samráðsreglna ráðstefnunnar með þátttöku Átakavarnaráðsins í Vínarborg, sem fjalla myndi sérstaklega um aukið hlutverk Átakavarna. Að auki var þess óskað að fulltrúar þátttökuríkjanna í Vínarborg hæfu óformlegar undirbúningsviðræður fyrir nýjan vettvang öryggismála, sem ákvörðun verður formlega tekin um á framhaldsfundinum í Helsinki.

Ráðið lýsti einnig ánægju með stofnun þingmannasamtaka Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem hélt fyrsta fund sinn í Madrid dagana 2.-3. apríl sl.

(1.2) Ráðsfundurinn í Prag

Annar fundur Ráðsins var haldinn í Prag dagana 30.-31. janúar sl. Á fundinum var Armeníu, Aserbaidsjan, Hvíta-Rússlandi, Kasakstan, Kirgisistan, Moldavíu, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Úkraínu og Úsbekistan veitt aðild að ráðstefnunni, en Rússland hafði áður tekið sæti Sovétríkjanna. Króatíu og Slóveníu var einnig veitt áheyrnaraðild að ráðstefnunni.

Fundurinn var að miklu leyti helgaður umræðum um styrkingu stofnana og samráðsreglna ráðstefnunnar á grundvelli þeirra tillagna, sem embættismannanefndin og Átakavarnaráðið höfðu sett fram í samræmi við niðurstöður Berlínarfundarins. Samþykktu ráðherrarnir sérstakt skjal, Pragskjalið, um þetta efni. Í skjalinu kemur m.a. fram að embættimannanefndin skuli hafa yfirumsjón með störfum ráðstefnunnar milli Ráðsfunda og koma saman með reglubundum hætti, a.m.k. á þriggja mánaða fresti. Einnig eru skrifstofum þátttökuríkjanna í Varsjá falin verkefni á sviði lýðræðisstofnana og mannréttinda og mælt fyrir um að Helsinki-fundurinn muni kanna sérstaklega möguleika á auknum umsvifum ráðstefnunnar til að koma í veg fyrir átök og illdeilur, þ.á m. með friðargæslu.

Ein athyglisverðasta niðurstaða fundarins varðar ákvörðun hans um að ráðstefnan geti gripið til aðgerða, ef þátttökuríki hefur brotið gróflega gegn skuldbindingum þátttökuríkjanna á sviði mannréttinda, án þess að viðkomandi ríki samþykki slíkar aðgerðir, en allar ákvarðanir ráðstefnunnar hafa fram að þessu útheimt algera samstöðu þátttökuríkjanna.

Þriðji fundur Ráðsins verður haldinn í Stokkhólmi fyrrihluta desember nk.

(1.3) Nefnd háttsettra embættismanna (CSO)

Í samræmi við ákvörðun leiðtogafundarins í París undirbýr nefndin fundi Ráðsins og hefur umsjón með framkvæmd ákvarðana þess. Í reynd er nefndin einnig samráðsvettvangur þátttökuríkjanna um pólitísk málefni líðandi stundar. Nefndin hélt sinn fyrsta fund í Vínarborg í janúar 1991, en hefur síðan haldið sjö almenna fundi í Prag, þar sem framkvæmdaskrifstofa ráðstefnunnar hefur aðsetur.

Á fundum sínum hefur nefndin einkum fjallað um tillögur, sem fram hafa verið lagðar

um eflingu stofnana ráðstefnunnar, um fjármál stofnananna og málefni líðandi stundar. Fyrri hluta síðasta árs settu umræður um málefni Eystrasaltsríkjanna svip á fundarstörfin, en á seinni hluta ársins beindist athyglin einkum að Júgóslavíu. Voru kallaðir saman fjórir sérstakir neyðarfundir um ástandið í Júgóslavíu samkvæmt reglum þeim er samþykktar voru á Berlínarfundinum um samráð í neyðartilvikum. Eftir að Ráðsfundurinn í Prag ákvað að senda könnunarleiðangur til Nagorno-Karabakh hefur ástandið þar einnig verið í brennidepli.

Þrátt fyrir að þátttökuríkjunum hafi ekki tekist að koma í veg fyrir þá hörmulegu atburði, sem átt hafa sér stað í Júgóslavíu, stóðust hinar nýju samráðsreglur mætavel sína fyrstu prófraun. Samstaða varð á fundunum um víðtækar aðgerðir til stuðnings við frumkvæði ríkja Evrópubandalagsins í Júgóslavíu, þ.á m. um sérstaka eftirlitsnefnd þátttökuríkja til að fylgjast með framkvæmd samkomulags um vopnahlé og um vopnasölubann á Júgóslavíu. Hafa verður hugfast að ályktanir nefndarinnar hafa verið háðar samþykki allra þátttökuríkja og hefur það óneitanlega sett hinum nýju samráðsreglum þröngar skorður. Neyðarfundir um Júgóslavíu hafa engu að síður gert þátttökuríkjunum kleift að koma sjónarmiðum sínum skilmerkilega á framfæri við stjórnvöld í Belgrad.

(2) Vínarfundir

Í Vínarborg hafa farið fram sex ólíkar viðræður eða fundir í tengslum við Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu: framhaldssamningar um hefðbundinn herafla í Evrópu (CFE) og traustvekjandi aðgerðir (CSBM), fundir sameiginlegrar samráðsnefndar (JCG) aðila samningsins um hefðbundinn herafla, fundir Átakavarnaráðsins (CPC), óformlegt samráð um erindisbréf fyrir nýjan vettvang öryggismála í Evrópu og samningar um opnun lofthelgi. Stefnt hefur verið að því að ljúka meirihluta þessara viðræðna fyrir framhaldsfundinn í Helsinki, en á Helsinki-fundinum verða teknar ákvarðanir um nýjan vettvang öryggismála í Evrópu, sem m.a. mun leysa af hólmi viðræður ríkja Atlantshafsbandalagsins og þeirra ríkja, sem áður voru í Varsjárbandalaginu, um takmörkun vígbúnaðar og afvopnunar.

(2.1) Viðræður tuttugu og tveggja ríkja um hefðbundinn herafla (CFE)

Viðræður tuttugu og tveggja aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins um hefðbundinn herafla í Evrópu hófust í mars 1989. Samningurinn, sem undirritaður var í París 19. nóvember 1990 með fyrirvara um fullgildingu, var lagður fram á Alþingi 27. nóvember sl. og var fullgildingu Íslands á samningnum lokið 24. desember sl. Samningurinn tekur gildi tíu dögum eftir að aðilar samningsins hafa fullgilt hann.

Tafir á fullgildingu samningsins í aðildarríkjunum eiga m.a. rætur að rekja til ágreinings, sem upp kom skömmu eftir undirritun samningsins um túlkun talningarreglna í samningnum. Einnig skapaðist óvissa um samningsbundnar skuldbindingar Sovétmanna eftir að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt á síðastliðnu sumri. Vandkvæði þessi voru farsællega til lykta leidd, hið fyrra í júní sl., hið síðara í október sl. Upplausn Sovétríkjanna í desember sl. varð síðan til að tefja fullgildingu samningsins enn frekar, þar sem einn af aðilum samningsins hvarf af sjónarsviðinu. Vonir eru nú við það bundnar að hin nýju ríki á landsvæði Sovétríkjanna fyrrverandi, sem falla innan gildissvæðis samningsins (þ.e. Armenía, Aserbaidsjan, Georgía, Hvíta-Rússland, Kasakstan (vesturhluti), Moldavía, Rússland og Úkraína), muni ljúka við að fullgilda samninginn í síðasta lagi í júlí nk.

Samningurinn nær einvörðungu til landherja á meginlandi Evrópu, en hefur bæði bein og óbein áhrif á íslenska öryggishagsmuni. Brottnám og eyðilegging stórs hluta sóknarvopna á meginlandi Evrópu mun stuðla að betra jafnvægi og auknum stöðugleika á hernaðarsviðinu í Evrópu. Niðurskurður landherja mun einnig gera það að verkum að fyrir

Atlantshafsbandalagið verður það mikilvægara en ella að geta flutt varalið yfir Atlantshafið frá Norður-Ameríku á hættu- og ófriðartímum. Við Íslendingum blasir því sá mótsagnakenndi veruleiki að jafnframt því sem dregið hefur úr varnarþörfinni, þegar á heildina er litið, kann mikilvægi þeirrar aðstöðu, sem Ísland lætur Atlantshafsbandalaginu í té til að fylgjast með og vernda siglingaleiðir yfir Atlantshafið, að hafa aukist.

Burtséð frá hinum almennu áhrifum samningsins á íslenska öryggishagsmuni eru bein áhrif hans á Íslandi takmörkuð að því leyti að niðurskurðarákvæði hans ná ekki til vígbúnaðar, sem fyrir er hjá varnarliðinu. Samningurinn hefur þó í för með sér ákveðnar skuldbindingar fyrir íslensk stjórnvöld í samvinnu við bandarísk stjórnvöld og varnarliðið, einkum hvað varðar tilkynningaskyldu og móttöku erlendra eftirlitsmanna. Á Íslandi er ein tegund vígbúnaðar, F-15 orrustuflugvélar í eigu Bandaríkjanna, sem fellur undir upplýsinga- og eftirlitsákvæði samningsins. Óski eitthvert fyrrum Varsjárbandalagsríkja að sannreyna upplýsingar, sem veittar hafa verið samkvæmt ákvæðum samningsins um samningsbundinn vígbúnað hér á landi, eru stjórnvöld á Íslandi skuldbundin til að veita eftirlitsmönnum þeirra viðtöku.

Í kjölfar þessa umfangsmesta afvopnunarsamnings, sem gerður hefur verið, fara nú fram framhaldsviðræður í Vínarborg (CFE-1A). Markmið þessara viðræðna er einkum að styrkja öryggi og stöðugleika í Evrópu með því að takmarka liðsfjölda hefðbundinna herja aðildarríkja innan samningssvæðisins. Væntanlegt samkomulag um liðsfjölda, sem stefnt hefur verið að því að ljúka fyrir Helsinki-fundinn í mars, verður frábrugðið samningnum um hefðbundinn herafla að svo miklu leyti sem það mun ekki taka mið af bandalögum. Þess í stað er gert ráð fyrir að einstök ríki, sem aðild eiga að viðræðunum, takist á hendur pólitískar skuldbindingar hvert fyrir sig. Með þeim hætti m.a. er brautin rudd fyrir nýjar viðræður allra þátttökuríkja Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu um takmörkun vígbúnaðar síðar á árinu.

Að loknum ráðsfundinum í Prag hafa einungis þrjú ríki úr hópi fyrrum Sovétlýðvelda tekið þátt í viðræðunum, en það eru Hvíta-Rússland, Rússland og Úkraína.

(2.2) Viðræður um traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu (CSBM)

Samningaviðræðum um traustvekjandi aðgerðir, sem staðið hafa yfir frá því Vínarskjalið 1990 var samþykkt á leiðtogafundinum í París, lauk 4. mars sl. með samkomulagi um Vínarskjalið 1992, sem lagt verður fyrir framhaldsfundinn í Helsinki. Síðarnefnda skjalið felur í sér umtalsverðar endurbætur á Vínarskjalinu 1990, einkum hvað varðar skipti á hernaðarlegum upplýsingum, þ.á m. um framleiðslu hergagna, eftirlit og skorður við heræfingum.

Markmiðið með samningum um traustvekjandi aðgerðir er einkum að varpa ljósi á fyrirætlanir ríkja á hernaðarsviðinu, en markmiðið með samningum um niðurskurð vígbúnaðar að draga úr getu ríkja til hernaðaraðgerða. Í Vínarskjalinu 1990 var kveðið á um árleg skipti á upplýsingum um hernaðarviðbúnað þátttökuríkja og framlög til varnarmála, samráð um óvenjulega hernaðarstarfsemi, viðvaranir vegna hættulegra atvika, tilkynningar um fyrirhugaðar heræfingar og rétt annarra ríkja til að fylgjast með þeim. Með þessum og öðrum slíkum aðgerðum er dregið úr óvissu og líkum á að atferli ríkja á hernaðarsviðinu komi öðrum ríkjum á óvart. Til að greiða fyrir beinum samskiptum þátttökuríkjanna kvað Vínarskjalið 1990 ennfremur á um sérstakt tölvuvætt boðkerfi milli höfuðborga þátttökuríkjanna og tók það til starfa 1. nóvember sl.

(2.3) Sameiginlega samráðsnefndin (JCG)

Meginverkefni sameiginlegu samráðsnefndarinnar, sem sett var á stofn samkvæmt samningnum um hefðbundinn herafla í Evrópu, er að líta eftir framkvæmd samningsins, leysa úr vafa- og túlkunaratriðum og fjalla um ágreiningsefni í tengslum við framkvæmd samningsins. Sérstakar ástæður valda því að nefndin hefur setið að störfum frá því samningurinn var undirritaður, en samningurinn gerir ráð fyrir að nefndin komi saman tvisvar á ári og ekki lengur en fjórar vikur í senn, nema annað sé ákveðið.

Ágreiningur varð um túlkun talningarreglna samningsins eftir að Sovétmenn lýstu því yfir að vígbúnaður á landi, sem tilheyrði sveitum sjóhersins, væri undanþeginn takmörkunarákvæðum samningsins, þrátt fyrir að slíkur vígbúnaður væri staðsettur innan samningssvæðisins. Að dómi hinna aðildarríkjanna braut slík túlkun í bága við texta samningsins og sögu samningsgerðarinnar. Einnig setti strik í reikninginn að í ljós kom að Sovétmenn höfðu flutt tugi þúsunda vopna austur fyrir Úralfjöll, þar sem þau voru ekki háð ákvæðum samningsins um takmörkun eða niðurskurð.

Tilraunir til að leysa úr framangreindum ágreiningsefnum - og koma þannig í veg fyrir að samningurinn færi út um þúfur - báru þann árangur að kölluð var saman sérstök ráðstefna í Vínarborg í júní sl., þar sem Sovétmenn lögðu fram lagalega bindandi yfirlýsingu um að þeir myndu skera niður og takmarka fótgöngulið sjóhersins, ásamt strandvarnaliði. Einnig lögðu þeir fram pólitískt bindandi yfirlýsingu í sameiginlegu samráðsnefndinni í júní um að þeir myndu eyðileggja eða umbreyta til borgaralegra nota tilteknum fjölda vígbúnaðar, sem fluttur hafði verið austur fyrir Úralfjöll.

Óvissa skapaðist einnig um samningsbundnar skuldbindingar Sovétmanna á svæðum sem tilheyrðu Eystrasaltsríkjunum eftir að hin síðarnefndu endurheimtu sjálfstæði sitt á síðastliðnu sumri. Mál þetta var leyst í október sl. með þeim hætti að formaður sameiginlegu samráðsnefndarinnar veitti móttöku lagalega bindandi yfirlýsingu Sovétmanna þess efnis að öll viðeigandi ákvæði samningsins og lagalega bindandi skuldbindingar Sovétmanna frá því í júní sl. ættu við um sovéskan vígbúnað, sem félli undir samninginn og staðsettur væri á landsvæði Eistlands, Lettlands og Litháens.

Upplausn Sovétríkjanna og tilkoma nýrra sjálfstæðra ríkja í þeirra stað hefur einnig gert að verkum að huga þarf á nýjan leik að framkvæmd skuldbindinga varðandi niðurskurð og takmörkun vígbúnaðar á landsvæði, sem áður tilheyrði Sovétríkjunum. Hefur sameiginlega samráðsnefndin málið nú til umfjöllunar. Einkum er mikilvægt að hin nýju ríki, sem eiga landsvæði innan gildissvæðis samningsins um hefðbundinn herafla, komi sér saman um skiptingu samningsbundins vígbúnaðar og skuldbindinga um niðurskurð, sem áður komu í hlut Sovétríkjanna. Búast má við að sameiginlega samráðsnefndin sitji áfram að störfum á árinu þar til fullgilding samningsins er í höfn.

(2.4) Átakavarnir (CPC)

Framkvæmdaskrifstofa stofnunarinnar lýtur stjórn Átakavarnaráðsins, sem skipað hefur verið fulltrúum þátttökuríkjanna í viðræðunum um traustvekjandi aðgerðir. Átakavarnaráðið er ábyrgt gagnvart Ráðinu, en starfar í nánum tengslum við nefnd háttsettra embættismanna þátttökuríkjanna.

Höfuðmarkmið Átakavarna, sem tóku til starfa 18. mars sl., er að aðstoða Ráðið við að draga úr hættu á ófriði með því að vinna að opnari og greiðari samskiptum þátttökuríkja á sviði hermála. Þessu verkefni hafa Átakavarnir einkum sinnt til þessa með því að greiða fyrir framkvæmd traustvekjandi aðgerða. Stofnunin er m.a. vettvangur þátttökuríkja til að fjalla um óvenjulega starfsemi á hernaðarsviðinu samkvæmt sérstökum samráðsreglum um það efni, sem samkomulag varð um í Vínarskjalinu 1990. Var reglum þessum beitt í fyrsta sinn

vegna atburða í Júgóslavíu á síðastliðnu sumri. Einnig fjalla Átakavarnir um niðurstöður reglubundinna upplýsingaskipta um hermál, skipuleggja málþing og gera árlega úttekt á framkvæmd traustvekjandi aðgerða. Framkvæmdaskrifstofa Átakavarna heldur auk þess saman upplýsingabanka og er ætlað að gefa út árbækur um hermál.

Haldið var málþing um hernaðarkenningar á vegum Átakavarna dagana 8.-18. október sl. með þátttöku yfirmanna úr herjum þátttökuríkjanna. Á málþinginu vakti athygli hversu mikla áherslu nokkur fyrrverandi aðildarríki Varsjárbandalagsins lögðu á áframhaldandi mikilvægi Atlantshafsbandalagsins sem kjölfestu öryggis og stöðugleika í Evrópu. Haldið var styttra málþing í febrúar sl. um hlutverk herja í lýðræðisþjóðfélögum og annað málþing um umbreytingu hergagnaiðnaðar í iðnað fyrir neytendamarkað í fyrstu viku mars.

Árlegur fundur til að meta framkvæmd traustvekjandi aðgerða, hinn fyrsti sinnar tegundar, var haldinn með þátttöku sérfræðinga vikuna 11.-15. nóvember sl. Fundurinn gaf gagnlega heildarmynd af framkvæmd Vínarskjalsins 1990 og staðfesti að þátttökuríki telja sig nú öll eiga samleið í tilraunum til að varðveita stöðugleika og jafnvægi á hernaðarsviðinu.

Í samræmi við ákvörðun Ráðsfundarins í Berlín tók Átakavarnaráðið einnig saman tillögur um aukið hlutverk Átakavarna, sem lagðar voru fyrir Ráðsfundinn í Prag og felldar inn í Pragskjalið um styrkingu stofnana og samráðsreglna Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Í Pragskjalinu er hlutverk Átakavarnarráðsins m.a. útvíkkað með þeim hætti að ráðið er skilgreint sem vettvangur víðtæks og reglubundins samráðs þátttökuríkja um hver þau öryggismál sem afleiðingar geti haft á hernaðarsviðinu.

Tilkoma Átakavarna hefur margvíslegan ávinning í för með sér, ekki síst fyrir smærri þátttökuríki. Stofnunin veitir þeim t.a.m. aðgang að upplýsingum, sem auðvelda þeim að leggja mat á þróun öryggismála í Evrópu, en slíkra upplýsinga geta stærri ríki að jafnaði aflað á sjálfstæðan hátt. Einnig má hafa stofnunina til marks um að ný sjónarmið hafa rutt sér til rúms í öryggismálum Evrópu, þar sem áhersla er einkum lögð á að stuðla að öryggi allra Evrópuríkja með sameiginlegum aðgerðum. Átakavarnir eru þannig hluti af framtíðarsýn þátttökuríkjanna, þar sem öryggispólitísk samvinna leysir af hólmi samkeppni á hernaðarsviðinu.

(2.5) Óformlegt samráð um nýjan vettvang

Samráð um erindisbréf fyrir nýjan vettvang öryggismála í Evrópu hófust í september sl. samkvæmt ákvörðun Ráðsfundarins í Berlín, en á fundi Ráðsins í Prag var ákveðið að fela samningamönnum í Vínarborg að leggja tillögur um bæði innihald nýs erindisbréfs og fyrirkomulag nýs vettvangs þátttökuríkjanna, sem búist er við að taki til starfa í Vínarborg á komandi hausti, fyrir Helsinki-fundinn. Á fundinum verður tekin formleg ákvörðun um vettvanginn nýja og tengsl hans og annarra stofnana Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, þ.á m. Átakavarna.

Hinn nýi vettvangur verður að því leyti frábrugðinn viðræðum þeim, sem fram hafa farið á vegum ráðstefnunnar til þessa, að starfshættir hans munu taka aukið tillit til jafnréttis þeirra fjörutíu og átta ríkja, sem þátt taka í viðræðunum, en samheldni þriggja ríkjahópa, tveggja sem aðild hafa átt að bandalögum og eins sem staðið hefur utan bandalaga, hefur lengst af mótað starfshætti ráðstefnunnar. Eitt höfuðviðfangsefni vettvangsins nýja verður að samhæfa skuldbindingar ríkjanna, sem aðild hafa átt að viðræðum um hefðbundinn herafla og opnun lofthelgi, og skuldbindingar ríkja, sem tekið hafa þátt í viðræðum um traustvekjandi aðgerðir.

(2.6) Viðræður um opnun lofthelgi

Í byrjun september sl. var efnt til könnunarviðræðna aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og þeirra ríkja, sem áður voru í Varsjárbandalaginu, í Vínarborg um opnun lofthelgi, en viðræður um efnið höfðu legið niðri síðan á fyrri hluta ársins 1990. Samningaviðræður hófust síðan formlega í Vínarborg í byrjun nóvember sl. og lauk þeim með samkomulagi 21. mars sl.

Markmiðið með samningnum um opnun lofthelgi er að draga úr viðsjám og tortryggni ríkja í millum með því að takmarka hömlur við gagnkvæmu yfirflugi á svæðinu frá Vladivostok til Vancouver. Mikilvæg atriði, sem tímafrekt reyndist að ná samkomulagi um, snerta flugvélar, sem nota má til könnunarflugs, leyfilegan myndabúnað og kvóta fyrir yfirflug, sem ríkjum yrði heimilt að framkvæma eða yrði gert að sæta af hálfu annarra ríkja.

Auk aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og fimm þeirra ríkja, sem áður voru í Varsjárbandalaginu, áttu Hvíta-Rússland, Rússland og Úkraína aðild að viðræðunum. Önnur þátttökuríki Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu tóku ekki beinan þátt í samningum um opnun lofthelgi, en við upphaf viðræðnanna í nóvember var ákveðið að veita þeim þátttökuríkjum ráðstefnunnar, sem óskuðu eftir því, leyfi til að sitja allsherjarfundi viðræðnanna og taka til máls á þeim.

(3) Sérfræðingafundir

(3.1) Fundur um friðsamlega lausn deilumála, La Valletta, 15. janúar - 8. febrúar 1991

Meginniðurstaða fundarins var samkomulag um málsmeðferð friðsamlegrar lausnar deilumála þátttökuríkjanna.

Samkvæmt reglum þeim, sem samkomulag varð um, getur deiluaðili farið þess á leit að Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu hlutist til um lausn deilunnar, hafi samráð deiluaðila ekki borið tilætlaðan árangur. Hlutdeild ráðstefnunnar yrði með þeim hætti að valinn yrði einn eða fleiri sáttasemjarar, sem deiluaðilar eru sammála um, af skrá hæfra manna, sem tilnefndir eru af öðrum þátttökuríkjum en deiluaðilum.

Á fyrsta fundi Ráðsins í Berlín var ákveðið að fela Átakavörnum að halda saman fyrrgreindri skrá og hafa það hlutverk á hendi að gera tillögu um sáttasemjara í einstökum deilumálum, komi fram ósk um það efni.

(3.2) Fundur um menningararfleifð, Kraká, 28. maí - 7. júní 1991

Á fundinum varð samkomulag um þríþætt skjal, þar sem þátttökuríkin árétta tengsl mannréttinda, frelsis og listrænnar sköpunar, viðurkenna að sameiginlegur menningararfur þeirra er snar þáttur siðmenningar og skuldbinda sig til samstarfs um varðveislu og kynningu menningarverðmæta. Í skjalinu er m.a. bent á að arfleifð ríkja, sem ekki hefur náð mikilli útbreiðslu sökum fólksfæðar, tungumáls eða landfræðilegrar fjarlægðar, er snar þáttur sameiginlegrar menningar þátttökuríkjanna.

Hörð gagnrýni fulltrúa hinna nýfrjálsu ríkja Mið- og Austur-Evrópu á arfleifð kommúnismans setti svip sinn á fundinn og röktu þeir niðurníðslu og eyðileggingu sögulegra minja í ríkjum sínum í mörgum tilfellum beint til stjórnarfars fyrrverandi valdhafa.

(3.3) Fundur um þjóðernisminnihlutahópa, Genf, 1.-19. júlí 1991

Á fundinum, sem var liður í undirbúningi Moskvufundarins um mannlega þáttinn, komu fram mörg mismunandi sjónarmið og var hart tekist á um þau. Átti sá ágreiningur að miklu leyti rætur að rekja til þess að ekki er fyrir hendi óumdeild skilgreining á hugtakinu "minnihlutahópur". Samkomulag tókst þó um skýrslu af fundinum.

Lögð var á það rík áhersla að ekki mætti eiga sér stað afturför frá fyrri samþykktum um réttindi minnihlutahópa, en litið er svo á að tekist hafi að tryggja umtalsverð réttindi slíkra hópa á fundinum um mannlega þáttinn í Kaupmannahöfn 1990.

(3.4) Þriðji fundur um mannlega þáttinn, Moskvu, 10. september - 4. október 1991

Fundurinn var haldinn skömmu eftir að valdaránstilraunin í Moskvu fór út um þúfur og gætti áhrifa þessa atburðar nokkuð á fundinum, ekki síst í gerbreyttri afstöðu Sovétríkjanna til mannréttindamála. Við upphaf fundarins gerðust Eystrasaltsríkin aðilar að Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Meðal merkustu nýmæla í samþykkt fundarins er að þátttökuríkin urðu ásátt um að skuldbindingar, sem þau hafa gengist undir á sviði mannréttindamála, geti ekki talist innanríkismál viðkomandi ríkis. Í samþykktinni er einnig að finna reglur um tilkvaðningu eftirlitsmanna til að kanna meint mannréttindabrot.

Ísland gerðist meðflytjandi fimm tillagna á fundinum. Fjölluðu þær um störf sérfræðinga til að hamla gegn mannréttindabrotum og aðstoð við að vinna bug á þeim, jafnrétti kvenna og karla, afnám dauðarefsingar, mannúðaraðstoð og réttindi frumbyggja. Fjórar þessara tillagna fengu stuðning á fundinum og er þær að finna í samþykktum fundarins. Tillagan um réttindi frumbyggja hlaut ekki hljómgrunn.

(3.5) Fundur um lýðræðisstofnanir, Osló, 4.-15. nóvember 1991

Viðfangsefni fundarins var að fjalla um leiðir til að treysta í sessi lýðræði í þátttökuríkjunum með starfi lýðræðisstofnana, en með lýðræðisstofnunum er m.a. átt við dómstóla, stjórnmálaflokka, verkalýðsfélög og fjölmiðla.

Gefin var út skýrsla við lok fundarins og urðu nokkrar deilur um efni hennar, einkum hvað varðar hugmyndir um að útvíkka starfsemi kosningaskrifstofunnar í Varsjá. Á Ráðsfundinum í Prag var hins vegar tekin um það ákvörðun að skrifstofan skyldi eftirleiðis kölluð lýðræðis- og mannréttindaskrifstofa ráðstefnunnar.

IV Afvopnunarmál

Í kafla III um Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu er gerð grein fyrir þeim samningum og viðræðum um afvopnun og traustvekjandi aðgerðir sem eru á vegum ráðstefnunnar. Í eftirfarandi yfirliti er fjallað um fækkun kjarnavopna,afvopnun á höfunum, útbreiðslu kjarnavopna og efna- og sýklavopn.

(1) Fækkun kjarnavopna.

Eftir níu ára samningaviðræður var START-samningurinn undirritaður 31. júlí 1991 en hann felur í sér allt að helmingsfækkun langdrægra kjarnavopna Bandaríkjanna og fyrrum Sovétríkjanna. Samkvæmt samningnum verður kjarnaoddum fækkað í 6000 hjá hvorum aðila um sig og fjöldi skotkerfa (langdrægar landeldflaugar, skotkerfi kafbáta og sprengjuflugvélar) er takmarkaður við 1600. Eftir upplausn Sovétríkjanna hafa leiðtogar nýju samveldisríkjanna ítrekað lýst því yfir að þau muni virða START-samninginn.

Í ræðu sem Bush forseti Bandaríkjanna hélt hinn 27. september sl. gerði hann grein fyrir ákvörðunum á sviði kjarnavopna sem fela í sér hvoru tveggja í senn, einhliða aðgerðir og tillögur. Bandaríkjaforseti lýsti yfir að Bandaríkin mundu flytja burt öll kjarnavopn stórskotaliðs og skammdrægar eldflaugar sem þau hefðu staðsett í Evrópu og eyðileggja þau ásamt öðrum slíkum vopnum í eigu Bandaríkjanna. Jafnframt að öll skammdræg kjarnavopn yrðu tekin úr skipum og kafbátum þ.m.t. stýriflaugar búnar kjarnaoddum. Stór hluti þessara vopna yrði eyðilagður en önnur sett í geymslu. Kjarnavopn sem ætluð væru flugvélum sjóhersins sem staðsettar eru á landi mundu einnig vera fjarlægð.

Bandaríkjaforseti gerði einnig grein fyrir því að allar langdrægar sprengjuflugvélar Bandaríkjanna sem búnar eru kjarnavopnum yrðu teknar úr viðbragðstöðu og vopn þeirra sett í geymslu; að flýtt yrði eyðileggingu eldflauga sem gert væri ráð fyrir í START-samningnum og að hætt yrði við ýmsar áætlanir á sviði kjarnavopna.

Tillögur Bush voru eftirfarandi. Í fyrsta lagi að Bandaríkin og Sovétríkin gerðu með sér samkomulag um að eyðileggja allar fjölodda landeldflaugar búnar kjarnaoddum. Í öðru lagi að leyft yrði takmörkuð uppsetning á vörnum gegn eldflaugum. Í þriðja lagi að hafnar yrðu viðræður um eyðileggingu kjarnavopna, aukið öryggi þeirra og endurbætur varðandi stjórnun þeirra.

Boðskap Bandaríkjaforseta fylgdi áskorun til Sovétríkjanna að svara í sömu mynt. Forseti Sovétríkjanna Gorbachev gerði grein fyri viðbrögðum Sovétríkjanna í ræðu 5.október.Hann boðaði hliðstæðar aðgerðir af hálfu Sovétríkjanna varðandi skammdræg og langdræg kjarnavopn þ.m.t. kjarnavopn sjóhersins.Hann lagði einnig til að öll skammdræg kjarnavopn sjóherja yrðu eyðilögð og að öll kjarnavopn flughersins yrðu fjarlægð og sett í geymslu. Þá boðaði hann að rúmlega fimm hundruð landeldflaugar yrðu teknar úr viðbragðstöðu ásamt nokkrum eldflaugakafbátum. Einnig gerði hann grein fyrir þeirri ákvörðun sovéskra stjórnvalda að ganga lengra en START-samningurinn gerði ráð fyrir og í stað 6000 kjarnaodda yrði þeim fækkað niður í 5000. Þá lýsti Gorbachev því yfir að Sovétríkin væru tilbúin til viðræðna við Bandaríkin um allt að helmings fækkun langdrægra kjarnavopna og jafnframt væru þau tilbúin til að ræða tillöguna um gagneldflaugakerfi.

Undir lok febrúarmánaðar sl. gaf Bush Bandaríkjaforseti enn út yfirlýsingar um einhliða aðgerðir og setti fram nýjar tillögur. Hann boðaði að Bandaríkin mundu, eftir að hafa lokið smíð 20 B-2 sprengjuflugvéla, hætta smíði þeirra, stöðva framleiðslu á kjarnaoddum fyrir langdrægar sprengjuflugvélar í kafbátum, stöðva smíði fjölodda

landeldflauga (MX) og gera engin frekari kaup á langdrægum stýriflaugum. Hann útfærði frekar tillöguna frá því í september, um að eyða öllum langdrægum fjölodda landeldflaugum með því að bjóða upp á eyðingu þeirra 50 MX flauga sem eru í eigu Bandaríkjanna, fækkun kjarnaodda í Minuteman flaugum frá þremur í einn og fækkun kjarnaodda í kafbátum um þriðjung. Viðbrögð Yeltsin forseta Rússlands voru í meginatriðum þau að lýsa einhliða yfir fækkun 130 landeldflauga, stöðvun á framleiðslu Blackjack sprengjuflugvéla og langdrægra stýriflauga. Yeltsin lagði jafnframt til að samkomulag yrði gert um fækkun kjarnaodda niður í 2500.Þá lagði hann til að tekin yrði upp samvinna um hnattrænar varnir gegn eldflaugum.

Frumkvæði Bush Bandaríkjaforseta þ.e. einhliða aðgerðir samhliða áskorunum að fyrrum Sovétríkin og síðan Rússland svari í sömu mynt er nýlunda í afvopnunarmálum. Hugmyndin er að vísu ekki ný en hún hefur aldrei komið til framkvæmda með sama hætti og nú.Í stað flókinna og langvarandi samningaviðræðna er nýtt það tækifæri sem leiðir af gjörbreyttum aðstæðum í alþjóðamálum og farið út í óformlegan gagnkvæman niðurskurð og óformlegt eftirlit með því að staðið sé við þær skuldbindingar sem lýst er yfir.

Tillögur Bush um eyðingu fjölodda landeldflauga ásamt þriðjungs fækkun kjarnaodda í eldflaugakafbátum Bandaríkjanna felur í sér fækkun í langdrægum kjarnorkuherstyrk beggja ríkja sem er langt fyrir neðan þau mörk sem ákvæði START-samninganna gera ráð fyrir. Tillögur Yeltsin um niðurskurð í 2500 kjarnaodda ganga enn lengra. Viðræður milli Bandaríkjanna og Rússlands um tillögurnar eru hafnar. Miklar líkur eru taldar á að samkomulag náist. Meginatriði er þó að breyttar aðstæður í alþjóðamálum eru í síauknum mæli að endurspeglast í niðurskurði á því mikla magni kjarnavopna sem varð til á tímum kalda stríðsins.

(2) Afvopnun á höfunum.

Það er eðlileg afleiðing gjörbreyttra aðstæðna í alþjóðamálum að mikill niðurskurður er í gangi á þeim mikla herstyrk sem komið var upp á tímum kalda stríðsins í austri sem vestri. Í meginatriðum fer sá niðurskurður fram með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með auknum niðurskurði á fjárframlögum til varnarmála. Í öðru lagi með einhliða en um leið gagnkvæmum óformlegum aðgerðum eins og áður er greint frá. Í þriðja lagi fyrir tilstilli samningaviðræðna.

Á tímum kalda stríðsins var hafsvæðið umhverfis Ísland einhver mikilvægasti vettvangur flotaumsvifa í veröldinni og kjarnorkuvæðing þess átti sér vart hliðstæðu annarsstaðar. Takmörkun vígbúnaðar og traustvekjandi aðgerðir á höfunum hefur því verið augljóst hagsmunamál Íslendinga bæði til að efla hernaðarlegt öryggi í norðurhöfum og til að tryggja umhverfishagsmuni þjóðarinnar gegn hættunni á mengun sjávar af völdum geislavirkra efna.

Í málflutningi á alþjóðavettvangi hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á niðurskurð kjarnorkuvígbúnaðar á höfunum og nauðsyn þess að vernda höfin fyrir geislavirkum efnum, ekki síst hvað varðar slysahættu vegna kjarnorkukafbáta. Á það hefur verið lögð áhersla að ef ekki yrði séð fram á, að einhliða aðgerðir hefðu í för með sér veigamiklar breytingar á flotaumsvifum í norðurhöfum, væri æskilegt að samningaviðræður færu fram sem tækju einnig til vígbúnaðar á höfunum.

Enn eru norðurhöf mikilvægur vettvangur flotaumsvifa. Þau fara þó ört minnkandi. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi ber að geta frumkvæðis Bandaríkjaforseta og viðbragða stjórnvalda í fyrrum Sovétríkjunum sem fela í sér aðgerðir á sviði kjarnavopna á höfunum sem eru róttækari en björtustu vonir stóðu til. Í kjölfar þeirra verða öll skammdræg kjarnavopn og stýriflaugar búnar kjarnaoddum fjarlægðar úr flotum ríkjanna og eyðilögð að stórum hluta. Hér koma við sögu rúmlega 5000 kjarnavopn þ.e. öll þau kjarnavopn sem

tilheyra flotum ríkjanna og hafa staðið utan samningaviðræðna um kjarnorkuvígbúnað. Í öðru lagi felur START-samningurinn í sér verulega fækkun kjarnavopna á höfunum sem verður enn meiri ef samkomulag næst um nýjustu tillögur eins og vonir standa til. Í þriðja lagi valda gífurlegir efnahagsörðugleikar í Rússlandi því að búist er við verulega minnkandi umsvifum rússneskra flotans á þessum áratug.

Í ljósi þeirrar jákvæðu þróunar á sviði vígbúnaðar á höfunum sem leitt hefur af breyttum aðstæðum í alþjóðamálum er það einkum tvennt sem nauðsynlegt er að gæta að af hálfu Íslands. Hið fyrra er að nýtt erindisbréf sem m.a. mun fjalla um afvopnun og traustvekjandi aðgerðir og samið verður um á næstu mánuðum á Helsinki fundi Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu verði nægjanlega sveigjanlegt og opið til að bregðast við örum breytingum í stjórnmálum Evrópu og útiloki engin svið hefðbundins vígbúnaðar. Þá er jafnframt nauðsynlegt, að beina athyglinni að umhverfisþættinum og vinna að alþjóðlegri viðurkenningu á þeim hættum, sem geta stafað af slysum þar sem kjarnakljúfar á höfunum koma við sögu, og samkomulagi um fyrirbyggjandi öryggisaðgerðir og eftirlit með þeim.

(3) Útbreiðsla kjarnavopna.

Á því leikur enginn vafi að hættan á aukinni útbreiðslu kjarnavopna er eitthvert mikilvægasta viðfangsefnið á sviði afvopnunarmála. Samningurinn um dreifingu kjarnavopna sem fjöldi ríkja á aðild að skuldbindur ríki til að dreifa ekki kjarnavopnum, taka ekki við slíkum vopnum eða framleiða þau.

Nokkur fjöldi ríkja er hinsvegar ekki aðili að samningnum og ljóst er að sum þeirra reyna að koma sér upp kjarnavopnum. Til vitnis um það eru t.d. viðamiklar áætlanir Íraka, sem sönnur hafa verið færðar á í kjölfar Persaflóastríðsins.

Eftir upplausn Sovétríkjanna hefur athyglin beinst enn frekar að þessu vandamáli, enda umtalsverður fjöldi kjarnavopna enn staðsettur í ýmsum lýðveldum. Pólitískt samkomulag Samveldisríkjanna liggur nú fyrir um að þau skammdrægu vopn, sem staðsett hafa verið í Samveldisríkjunum, verða flutt til Rússlands fyrir 1.júlí n.k. Sá flutningur hefur þegar hafist og gengur vel.

Langdræg kjarnavopn er að finna í fjórum Samveldisríkjanna, Rússlandi, Hvíta-Rússlandi, Úkraínu og Kasakstan. Fyrir liggur pólitískt samkomulag Samveldisríkjanna, sem var gert í Minsk fyrir skömmu, þar sem kveðið er á um sameiginlega stjórnun kjarnavopna í ríkjunum fjórum. Jafnframt hafa verið gefnar út pólitískar yfirlýsingar þess efnis að staðið verpi við START-samninginn. Gert er ráð fyrir að langdrægu vopnin verði flutt til Rússlands. Áætlunin kveður á um að vopnin verði öll á burt frá Úkraínu 1994, frá Hvíta-Rússlandi 1994-1995 og loks frá Kasakstan árið 1999.

Reyndin hefur hins vegar orðið sú, að Úkraína og Kasakstan hafa notað sér þennan vopnabúnað í valdatafli sínu við Rússland um samveldisfyrirkomulagið. Síðast er að minnast yfirlýsingu Úkraínu um að það ríki muni stöðva flutning vopnanna til Rússlands og vilji alþjóðlega yfirumsjón með eyðingu þeirra. Kasakstan hefur ekki gefið út afgerandi yfirlýsingar en þó hefur mátt greina í yfirlýsingu forseta þeirra efasemdir um ágæti þess að senda vopnin til Rússlands. Hins vegar hafa öll þessi ríki ítrekað lýst yfir ásetningi sínum um að virða bæði START-samningnum og samninginn um bann við útbreiðslu kjarnavopna.

Upplausn Sovétríkjanna hefur ekki einungis vakið upp ótta við að kjarnorkuveldum fjölgi heldur einnig að efni, tækni og tækniþekking flytjist úr landi til annarra ríkja. Þrátt fyrir viðleitni til að koma í veg fyrir slíkt er greinilegt að það verður miklum vandamálum bundið í framkvæmd.

Í yfirlýsingu norræna utanríkisráðherrafundarins í Reykjavík í janúar sl. er sérstaklega

vakin athygli á þessu vandamáli og lýst yfir að Norðurlöndin muni með virkum hætti styðja hverskonar viðleitni í þá veru að finna á því lausn. Jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi þess að hin sjálfstæðu ríki fyrrum Sovétríkjanna gerist aðilar að samningnum um að dreifa ekki kjarnavopnum.

Þau vandamál sem lúta að útbreiðsla kjarnavopna eiga ekki einungis við um kjarnavopnin sem slík heldur einnig þau tæki sem ætluð eru til að flytja þau að skotmarki. Hér er einkum um að ræða þá tækni sem þarf til að koma upp eldflaugum sem borið geta kjarnavopn. Skipuleg viðleitni til að koma í veg fyrir útbreiðslu slíkrar tækni er tiltölulega ný af nálinni. Árið 1987 gerðu Kanada, Frakkland, Ítalía, Japan, Þýskaland, Bretland og Bandaríkin með sér samkomulag í þessa veru (Missile Technology Control Regime). Í ársbyrjun 1992 höfðu fleiri ríki bæst í hópinn og voru 18 ríki aðilar að samkomulaginu. Leitað hefur verið til Íslendinga í þessu sambandi með hliðsjón af því að hugsanlegt er að flytja tæknibúnað hingað til lands og síðan áfram til þriðja aðila t.d. til að villa um fyrir eftirliti.

Til að stuðla að því að hefta útbreiðslu eldflaugatækni er eðlilegt að kanna málið með aðild Íslands fyrir augum. Það hefur verið gert undanfarið af hálfu utanríkisráðuneytins og var í því skyni m.a. haldinn fundur með fulltrúum norska utanríkisráðuneytisins í Reykjavík í byrjun marsmánaðar.

(4) Efna- og sýklavopn.

Viðræðum um allsherjarbann við efnavopnum hefur verið fram haldið í Genf án þess þó að samkomulag hafi náðst.Frumkvæði Bandaríkjaforseta, sem kynnt var 13. mai 1991 varð ekki sú hvatning til samninga sem vænst var. Það felur í sér að Bandaríkin lýsa sig reiðubúin til þess að gefa frá sér öll efnavopn ef það leiddi til þess að allsherjarbann nái fram að ganga.

Einkum hefur reynst vandkvæðum bundið að ná samkomulagi um eftirlitsákvæði. Nokkuð hefur þó þokað áfram og eru vonir bundnar við að samkomulag um allsherjarbann takist þrátt fyrir allt, jafnvel á yfirstandandi ári.

Að undanförnu hefur athyglinni í auknum mæli verið beint að útbreiðsla efna-og sýklavopna enda virðast æ fleiri ríki vera að koma sér upp slíkum vopnum. Þá hefur efnavopnum verið beitt í svæðisbundnum átökum t.d. milli Íran og Írak þrátt fyrir ákvæði Genfar sáttmálans sem kveða á um bann við notkun þeirra.

Í fararbroddi fyrir viðleitni til að hefta útbreiðslu efna-og sýklavopna hefur verið Ástralíuhópurinn svonefndi en hann er vettvangur 22 ríkja um samráð og aðgerðir í þessa veru. Af hliðstæðum ástæðum og haft hefur verið samband við íslenska utanríkisráðuneytið vegna útbreiðslu eldflaugatækni hefur sú spurning komið upp hvort Ísland væri tilbúið til að taka þátt í Ástralíuhópnum og er það mál í athugun.

V Svæðisbundnar deilur og átök

(1) Mið-Austurlönd

Þótt bjartar vonir um friðsamlega úrlausn deilna Ísraels og Arabaríkja í kjölfar Persaflóastríðsins hafi ekki ræst að fullu, þá er óhætt að fullyrða að nýlegar friðarumleitanir Bandaríkjastjórnar hafi þegar náð meiri árangri og veki meiri bjartsýni en verið hefur í þessum heimshluta um árabil.

Lok kalda stríðsins, alger ósigur Íraka í Persaflóastríðinu og endanlegt hrun kommúnismans í Sovétríkjunum staðfestu að Mið-Austurlönd eru ekki lengur vettvangur togstreitu risaveldanna sem gerði stjórnvöldum einstakra ríkja kleift að fara bil beggja eða að reiða sig á nánast skilyrðislaust stjórnmálalegt, hernaðarlegt og efnahagslegt fulltingi Bandaríkjanna eða Sovétríkjanna. Þá varð áframhald "Intifada", andófs Palestínumanna gegn hernámi Ísraelsmanna á Vesturbakka Jórdanar og Gaza-svæðinu, og skammsýnn stuðningur útlægrar forystu frelsissamtaka Palestínu, PLO, við innrás Íraka í Kúvæt til þess að styrkja stöðu hófsamari leiðtoga Palestínumanna á herteknu svæðunum. Að auki urðu sívaxandi flutningar gyðinga frá fyrrum Sovétríkjum til Ísraels og frekara landnám Ísraelsmanna á herteknu svæðunum til að knýja enn frekar á um friðarviðræður.

Þó Madrid-fundurinn, viðræðurnar í Washington D.C. og Moskvu-ráðstefnan og síðari fundir hafi ekki enn leitt til áþreifanlegrar niðurstöðu og oft og tíðum einkennst af ágreiningi um formsatriði, þá er táknræn þýðing þessara fundahalda ótvíræð og full ástæða til að fagna hvers konar skoðanaskiptum deiluaðila. Frumkvæði Bandaríkjastjórnar, með stuðningi rússneskra stjórnvalda, í nýtingu óvenjulegra aðstæðna í Mið-Austurlöndum í kjölfar Persaflóastríðsins í þágu friðarviðræðna er lofsvert og líklega er frekari beiting bandarískra áhrifa í þessum heimshluta forsenda einhvers árangurs. Enn er óljóst hvort eða hvernig friðarviðræður verða að bitbeini stjórnmálaflokka í Ísrael vegna þingkosninga þar í landi á komandi sumri. Þess má geta að Bandaríkjastjórn hafði forystu í að ógilda ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um skilgreiningu síonisma sem kynþáttastefnu, sem hefur verið mjög umdeild frá samþykkt árið 1975, en Ísland var meðflytjandi að ógildingartillögunni.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda samþykktu m.a. ályktun um Mið-Austurlönd á reglulegum fundi í Reykjavík í janúar sl. þar sem lýst var áhyggjum vegna aukins ofbeldis á herteknu svæðunum og áframhaldandi landnáms Ísraelsmanna. Jafnframt sótti utanríkisráðherra Íslands, sem formaður ráðherraráðs EFTA-ríkjanna, Moskvu-ráðstefnuna og flutti þar ræðu fyrir þeirra hönd. Þar voru deiluaðilar hvattir til að læra af reynslu Evrópuþjóða við að binda endi á langvarandi fjandskap og átök og ítrekað að EFTA-ríkin væru reiðubúin til að leggja fram sinn skerf til að byggja upp traust og varanlegan frið, t.d. með þátttöku í viðræðuhópum um afvopnun, efnahagsþróun, vatnsbúskap á svæðinu og umhverfismál. Þá áttu forsætis- og utanríkisráðherra viðræður við Hussein Jórdaníukonung og jórdanska utanríkisráðherrann þegar konungurinn kom í stutta heimsókn til Íslands ásamt föruneyti 8.-9. mars sl. Þar sem m.a. var rætt um ástandið í Mið-Austurlöndum.

(2) Persaflóinn

Hröð og ákveðin viðbrögð vestrænna ríkja og Sameinuðu þjóðanna við innrás Íraka í Kúvæt og afgerandi sigur fjölþjóðaliðsins í Persaflóastríðinu verða líklega til að veita ríkjunum við sunnanverðan flóann öryggi gegn hernaðarógnunum um sinn. Á hinn bóginn er óvíst hvernig innanlandsmál skipast í Írak og Íran á næstu árum og tilraun annars ríkisins

eða beggja til að endurheimta fyrri áhrif getur valdið óstöðugleika á öllu Persaflóasvæðinu þegar til lengri tíma er litið.

Þrátt fyrir áralanga og miskunnarlausa kúgun eigin þegna, sjálfskapaðar hörmungar tveggja styrjalda og hraðversnandi efnahag, virðist stjórn einræðisherrans Saddams Husseins vera föst í sessi. Her og öryggislögregla braut grimmdarlega á bak aftur uppreisn Kúrda og Shia fyrir tæpu ári og síðan hafa almenn mannréttindabrot gegn stjórnarandstæðingum farið í fyrra horf. Þá hefur Íraksstjórn leynt og ljóst svikið opinberar skuldbindingar um samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar um framkvæmd ályktana öryggisráðsins varðandi eyðileggingu gereyðingarvopna. Jafnframt bendir allt til þess að gildandi ályktanir um efnahagsþvinganir, m.a. viðskiptabann, séu víða virtar að vettugi. Írakar hafa um skeið unnið að viðgerðum á helstu olíuvinnslustöðvum landsins, t.d. á meðal Kúrda í Kirkuk, og líklega vonast Íraksstjórn til að hefja aftur olíuútflutning áður en langt um líður.

Áframhaldandi efnahagsþvinganir Sameinuðu þjóðanna og alger einangrun Saddams Husseins á alþjóðavettvangi geta orðið til þess að stjórn hans falli að lokum. Vaxandi óþreyja almennings, óánægja innan Baath-flokksins og líkur á nýjum uppreisnum Kúrda og Shia hafa endurspeglast í tíðum ráðherrabreytingum og víðtækum hreinsunum í yfirstjórn hersins á síðastliðnu ári. Það getur því brugðið til beggja vona með framtíð einræðisherrans. Ísland var meðflytjandi að gagnrýninni ályktun um mannréttindamál í Írak á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Reykjavík í janúar sl. var m.a. fjallað um ástandið í Írak og ráðherrarnir voru á einu máli um að þar sem Íraksstjórn hefði ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart öryggisráði Sameinuðu þjóðanna bæri hún ein ábyrgð á þeim erfiðleikum sem hlytust af refsiaðgerðum.

Stjórnmálaleg og efnahagsleg stöðnun innanlands og langvarandi áhrifaleysi erlendis hafa á annan hátt mótað stefnu Íransstjórnar sem virðist mjög hægfara fjarlægjast kreddur klerkannna og nálgast raunhæfari skilgreiningu á grundvallarhagsmunum þjóðarinnar. Rafsanjani forseti er talinn vera í forystu fyrir svonefndum hófsömum eða raunsæjum mönnum innan Íransstjórnar og er búist við að þeir styrki stöðu sína enn frekar í þingkosningum á þessu ári. Samt sem áður tíðkast enn stórfelld mannréttindabrot í Íran, írönsk stjórnvöld styðja hryðjuverkasamtök, m.a. í Líbanon, íranskir útsendarar hafa myrt fleiri stjórnarandstæðinga á erlendri grund og morðhótanir gegn rithöfundinum Salman Rushdie standa enn óhnekktar. Ennfremur hafa íranskir ráðamenn lagst gegn friðarviðræðum araba og Ísraelsmanna. Óvíst er hvort slík ódæðisverk og ögranir séu runnin undan rifjum ofsatrúaðra harðlínumanna eða stjórnvalda í Íran, en ljóst er að samskipti þeirra við vestræn ríki verða ekki eðlileg fyrr en Íranir sýna fulla virðingu fyrir alþjóðalögum og samskiptavenjum í verki. Engin tillaga var lögð fram á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi í Íran þar sem beðið er eftir lokaskýrslu mannréttindafulltrúa samtakanna, en Ísland hefur verið í hópi meðflytjenda á liðnum árum. Ef svo fer sem horfir leggur Íransstjórn megináherslu á endurreisn efnahagslífsins með samvinnu við önnur olíuframleiðsluríki um kvóta og verðlagningu, auk bættra samskipta við önnur Persaflóaríki og aðildarríki Evrópubandalagsins.

Upplausn Sovétríkjanna hefur valdið Íransstjórn nokkrum erfiðleikum vegna óvissu um framkvæmd fyrri samninga um efnahags- og tæknisamvinnu, auk fyrirhugaðra kaupa Írana á sovéskum hergögnum. Þá getur ólga í Aserbaidsjan breiðst til Asera í Íran og hugsanlegt er að margir flóttamenn leiti yfir landamærin. Hins vegar virðist Íransstjórn sjá sér hag í að styðja strangtrúaða múhameðstrúarmenn meðal íbúa Aserbaidsjans, Tadsjikistans, Úsbekistans og Túrkmenistans.

(3) Kambódía

Sögulegur áfangi í friðarviðræðum í Kambódíu náðist í París í október sl. þegar fulltrúar átján ríkja og fjögurra kambódískra fylkinga undirrituðu samkomulag um lok borgarastyrjaldarinnar og skipulag stjórnmála í landinu. Framkvæmd samkomulagsins, sem gerir m.a. ráð fyrir átján mánaða vopnahléi, veltur að miklu leyti á sameiningarhæfileikum Síhanouks prins og þátttöku eftirlits- og friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna. Reyndar verður þetta stærsta og dýrasta verkefni í sögu stofnunarinnar sem felur í sér friðargæslu, opinbera stjórnsýslu, frjálsar kosningar, endurreisn mannvirkja, eyðileggingu vígtóla, búsetu flóttamanna og eðlileg samskipti við nágrannaríki. Eftir rúmlega tuttugu ára linnulaus átök og flokkadrætti Kambódíumanna er ólíklegt að framkvæmd Parísarsamkomulagsins verði hnökralaus, en heilshugar stuðningur stórvelda, þ.á m. Kína, getur ráðið úrslitum. Það á ekki síst við um efndir Rauðu khmeranna sem eru best vopnum búnir meðal kambódísku fylkinganna en jafnframt fyrirlitnir af þorra þjóðarinnar vegna fjögurra ára ógnarstjórnar á áttunda áratugnum. Á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var lagður grunnurinn að fyrrnefndu starfi samtakanna með tillögu þingforseta en Ísland hefur verið meðflytjandi að tillögum um ástandið í Kambódíu á liðnum árum.

(4) Afganistan

Samkomulag stríðandi fylkinga í Afganistan um stjórnmálalega lausn deilumála, sem náðist með milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í fyrravor, og tvíhliða ákvörðun bandarískra og sovéskra stjórnvalda síðastliðið haust að hætta vopnaflutningum til landsins um áramót hafa orðið þess valdandi að þar er nú friðvænlegra en verið hefur um árabil. Þó óhugsandi sé að koma í veg fyrir alla vopnasölu og staðbundin átök eigi sér stað sem hingað til, þá vekja framhaldsaðgerðir Sameinuðu þjóðanna vonir um að bráðabirgðasamsteypustjórn taki við völdum af Najibullah forseta og Watan-flokknum. Áður þurfa helstu hópar uppreisnarmanna að ná víðtækari samstöðu og stjórnvöld í Íran, Pakistan og Saudi-Arabíu þurfa að styðja friðarviðleitnina í verki.

(5) Vestur-Sahara

Samkvæmt áætlun sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti síðastliðið sumar tók gildi vopnahlé í Vestur-Sahara í septemberbyrjun og friðargæslusveitir komu á vettvang. Þetta átti að vera undanfari þjóðaratkvæðagreiðslu á fyrri hluta þessa árs um fullt sjálfstæði eða samband við Marokkó. Deilur POLISARIO og Marokkóstjórnar um kjörskrá hafa valdið töfum á framkvæmdinni en upphaflega var gert ráð fyrir að byggja hana á síðustu þjóðskrá sem spænska nýlendustjórnin lét gera árið 1974. Marokkóstjórn beitti auknu hervaldi fyrir gildistöku vopnahlésins til að flæma marga stuðningsmenn POLISARIO frá Vestur-Sahara og krefst þess að Saharabúar í Marokkó hafi kosningarrétt í þjóðaratkvæðagreiðslunni og vefengir þar að auki lögmæti fyrrnefndrar þjóðskrár.

(6) Suður-Afríka

Þróun mála í Suður-Afríku á undanförnum mánuðum hefur almennt verið mjög jákvæð. Friðarsamkomulag suður-afrískra stjórnvalda, Afríska þjóðarráðsins og Inkatha-hreyfingarinnar í september sl. hefur endurspeglast í ógildingu laga sem vörðuðu kynþáttaaðskilnaðarstefnuna, frelsun pólitískra fanga og heimkomu útlaga. Deilur og átök fyrrnefndra tveggja stærstu samtaka blökkumanna hafa um skeið torveldað frekari

lýðræðisþróun í landinu en þó gefur Ráðstefnan um lýðræðislega Suður-Afríku, sem hófst 20.-21. desember sl., tilefni til bjartsýni um skipun bráðabirgðastjórnar helstu flokka og almennar lýðræðislegar þingkosningar. Samkomulag um nýja stjórnarskrá er forsenda þess að slíkum markmiðum verði náð og líklega verður einhver ágreiningur milli hvítra manna, sem vilja lögfesta valddreifingu, og blökkumanna sem virðast vilja halda sterkri miðstýringu ríkisvaldsins. Að auki er líklegt að leiðtogar hvíta minnihlutans krefjist þess að lögvernd nái til réttar minnihlutahópa, eignarréttar og frjáls markaðshagkerfis. Djarfleg ákvörðun Frederik W. de Klerk, forseta Suður-Afríku, um að bera stefnu stjórnar sinnar undir þjóðaratkvæði og sigur hans 17. mars sl. verða líklega til að auðvelda og flýta fyrir samningaviðræðum.

Afstaðan til Suður-Afríku var rædd á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Reykjavík í janúar sl. og þeir komust m.a. að þeirri niðurstöðu að aðstæður hefðu breyst þannig að hægt væri að huga að því að aflétta refsiaðgerðum.

(7) Myanmar

Þótt brátt verði liðin tvö ár frá því að stjórnarandstaðan í Myanmar hlaut mikinn meirihluta atkvæða í lýðræðislegum þingkosningum eftir tæplega þriggja áratuga stjórn hersins, hefur núverandi herforingjastjórn neitað að láta af völdum og hert tökin innanlands. Nú er talið að rúmlega tvö þúsund pólitískir fangar séu í haldi Myanmar-stjórnar og ofsóknir gegn meintum stjórnarandstæðingum í stjórnkerfinu, hernum og háskólum ágerast stöðugt. Veiting friðarverðlauna Nóbels á sl. hausti til stjórnmálaleiðtogans Aung San Suu Kyi, sem hefur verið á þriðja ár í stofufangelsi, virðist ekki hafa hnikað herforingjastjórninni sem reiðir sig í vaxandi mæli á stuðning kínverskra stjórnvalda. Þess má geta að Ísland var meðflytjandi að gagnrýninni ályktun um ástandið í Myanmar á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og utanríkisráðherra sendi þarlendum stjórnvöldum mótmæli vegna áframhaldandi fangelsunar Aung San Suu Kyi.

(8) Austur-Timor

Ekkert lát er á andstöðu íbúa Austur-Timor, gegn hernámi Indónesa sem hefur nú staðið í tæplega sautján ár. Frelsissamtök Austur-Timors, FRETILIN, hafa skipulagt stjórnmálalega og hernaðarlega baráttu eyjarskeggja sem lutu nýlendustjórn Portúgala og játa flestir kaþólska trú. Portúgölsk stjórnvöld hafa einkum beitt sér fyrir alþjóðlegri fordæmingu á innlimun Austur-Timors á grundvelli ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og til þessa hefur krafa indónesískra stjórnvalda til landsvæðisins ekki verið viðurkennd. Fjöldamorð indónesíska hersins á óbreyttum borgurum við útför fallins þjóðernissinna á síðastliðnu hausti hafa vakið óhug og reiði víða um heim.

(9) Kórea

Þrátt fyrir verulegar áhyggjur stjórnvalda á Vesturlöndum og nokkurra nágrannaríkja Norður-Kóreu vegna tilrauna einræðisstjórnar Kims Il Sungs til að framleiða kjarnavopn, hefur dregið úr spennu á Kóreuskaganum á undanförnum mánuðum. Hríðversnandi efnahagur og stjórnmálaleg einangrun virðast hafa knúið Norður-Kóreustjórn til að koma meir til móts við stjórnvöld í Suður-Kóreu en dæmi eru um frá því að Kóreustríðinu lauk fyrir tæpum fjörutíu árum. Þetta endurspeglast m.a. í tvíhliða samkomulagi ríkjanna um sættir, grið og samvinnu, sem forsætisráðherrar þeirra undirrituðu í desember sl., svo og yfirlýsingu þeirra um að Kóreuskaginn skyldi vera kjarnavopnalaust svæði. Þá hefur Norður-Kóreustjórn heitið því að fallast á eftirlit Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Fyrr á liðnu ári urðu bæði kóreönsku

ríkin aðilar að Sameinuðu þjóðunum en Ísland var meðflytjandi að tillögu þess efnis. Utanríkisráðherrar Norðurlanda fögnuðu þessari þróun mála á nýlegum fundi í Reykjavík.

(10) Indland - Pakistan

Samskipti Indlands og Pakistan, hafa í auknum mæli verið háð deilunni um yfirráð yfir Kasmír. Frá því að ríkin tvö öðluðust sjálfstæði hefur Indland ráðið um tveimur þriðju hlutum af þessu fyrrum furstadæmi þar sem sama hlutfall íbúa játar múhameðstrú. Stjórnvöld í Pakistan telja að ástand mála í Kasmír sé helsti þrándur í götu eðlilegra samskipta þeirra við Indland og krefjast þess að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla Kasmírbúa um framtíð þessa landshluta í samræmi við ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Indversk stjórnvöld hafa til þessa neitað að ræða málefni Kasmír, sérstaklega og hafa sakað pakistönsk stjórnvöld um að hvetja og styðja uppreisnarmenn. Nú þegar bæði ríkin eru talin geta framleitt kjarnavopn veldur Kasmír-deilan vaxandi áhyggjum víða um heim.

(11) Mið-Ameríka og Karabíska hafið

Mjög hefur dregið úr ófriði í Mið-Ameríku á síðasta ári jafnframt því að lýðræði hefur víða skotið dýpri rótum en áður og efnahagslegum umbótum hefur fleygt fram. Reyndar er það tímanna tákn að eftir nýlegar frjálsar kosningar í Súrinam eru Kúba og Haiti einu einræðisríkin í gervallri Ameríku.

Sundurleitri samsteypustjórn Chamorros forseta í Nikaragúa hefur tekist að koma á þolanlegu jafnvægi í efnahagsmálum, en annars vegar hefur áframhaldandi stjórn Sandinista á her og lögreglu og ýmis forréttindi þeirra og hins vegar endurvakinn skæruhernaður Kontra-hópa valdið henni erfiðleikum.

Í Guatemala er liðið rúmt ár frá því að Jorge Serrano tók við af Vinicio Cerezo sem þjóðkjörinn forseti en báðir hafa þurft að eiga við ofríki hersins á undanförnum sex árum. Átök stjórnarhermanna og skæruliða hafa minnkað samhliða viðræðum þessara aðila en gróf mannréttindabrot tíðkast enn í landinu. Í lok árs 1990 sýndi Bandaríkjastjórn vanþóknun sína á framferði Guatemala-hers með því að hætta hernaðaraðstoð og vopnasölu þangað og Bandaríkjaþing hefur ákveðið að önnur aðstoð verði skilyrt. Evrópubandalagið hefur einnig ákveðið að veita mannréttindamálum í Guatemala sérstaka athygli á komandi mánuðum. Viðurkenning Guatemalastjórnar á sjálfstæði Belize hefur dregið úr spennu á þeim slóðum.

Í kjölfar viðræðna stjórnvalda í El Salvador og FMLN-skæruliða í Genf og Caracas náðist samkomulag þessara aðila um vopnahlé á síðasta hausti. Þrátt fyrir dæmi um vopnahlésbrot eru enn bundnar vonir við að langri borgarastyrjöld í landinu ljúki með friðarsamningum sem varði m.a. stjórnarskrárbreytingar, endurskipulagningu hersins, réttarfarslega meðferð mannréttindabrota og niðurfellingu eiginlegrar friðhelgi hermanna. Það vakti t.d. undrun og reiði í fyrra þegar kviðdómur í El Salvador sýknaði sjö af níu sakborningum úr hernum sem voru ákærðir fyrir að hafa myrt sex jesúítapresta og tvo óbreytta borgara árið 1989.

Bjartari horfur í stríðshrjáðum ríkjum Mið-Ameríku eru enn ein gleðileg afleiðing loka kalda stríðsins en þar hefur íhlutun Sameinuðu þjóðanna einnig valdið miklu. Milliganga stofnunarinnar í viðræðum deiluaðila, eftirlit með framkvæmd kosninga og mannréttindamálum, auk friðargæslu, er einstæð í sögu þessa heimshluta og hefur hlotið verðskuldaða athygli. Þá hafa einstök ríki og ríkjahópar lagt af mörkum, þ.á m. svonefnd Samtök um framfarir og þróun sem Bandaríkin, Kanada, Mexíkó, Venesúela, Kólombía og nokkur aðildarríki Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunar Evrópu komu á fót í fyrravor til að styðja efnahagsþróun og lýðræði í Mið-Ameríku.

Ekki er eins bjart framundan í hlutum Karabíska hafsins. Afleiðingar af rúmlega þriggja áratuga stjórn kommúnista og upplausn Sovétríkjanna endurspeglast í harkalegri stjórnmálalegri og efnahagslegri kreppu á Kúbu. Samhliða hafa stjórnvöld þar reynt að kæfa útbreidda óánægju og skipulagða stjórnarandstöðu. Í kjölfar vaxandi mannréttindabrota Kúbustjórnar á undanförnum mánuðum ákváðu ríkisstjórnir Norðurlanda í byrjun þessa árs að standa að sameiginlegri mótmælaorðsendingu sem afhent var í Havana. Þá hefur hríðversnandi ástand mála á Haiti valdið verulegum áhyggjum á meðal Ameríkuríkja. Frá því að Jean-Bertrand Aristide, lýðræðislega þjóðkjörnum forseta Haiti, var steypt af stóli síðastliðið haust, hafa viðskiptaþvinganir nágrannaríkjanna valdið enn frekari efnahagsörðugleikum og neyð í landinu þannig að flóttamannastraumur þaðan hefur aukist um allan helming. Nýlegt samkomulag herforingja á Haiti og stuðningsmanna Aristide um afturhvarf til borgaralegrar ríkisstjórnar gefur von um bjartari horfur þar í landi. Ísland var meðflytjandi að ályktun á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um lýðræði og mannréttindi á Haiti.

VI Ísland, Atlantshafsbandalagið og samvinna Evrópuríkja í öryggis- og varnarmálum

(1) Samráð innan Atlantshafsbandalagsins

Fyrir utan mikla vinnu við að meta og þróa hraðvaxandi samskipti við nýfrjáls ríki í Mið- og Austur-Evrópu, ásamt því að endurskoða varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins, hefur almennt pólitískt samráð þar aukist mjög. Tveir einstakir atburðir hafa þar mest vægi. Annars vegar var mjög náið samráð um átökin við Persaflóa, enda átti átakavaldurinn landamæri að einu aðildarríkja bandalagsins. Í annan stað hefur verið náið samráð um framvindu mála í Júgóslavíu og þeim ríkjum sem áður tilheyrðu sambandsríkinu, enda hefur þróun mála þar verið mikið áhyggjuefni og gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir stöðugleika og jafnvægi í Evrópu.

Fundir í fastaráði og stjórnmálanefnd eru nú haldnir mun oftar en áður, bæði til að fjalla um atburði sem hafa mikla stjórnmálalega þýðingu, viðbrögð við þeim og einnig aðlögun bandalagsins að breyttum aðstæðum. Þetta hefur einnig leitt til tíðari funda á ráðherrastigi. Auk reglubundinna ráðherrafunda var haldinn leiðtogafundur í Róm í nóvember og sérstakur utanríkisráðherrafundur í ágúst til að fjalla um valdaránstilraunina í Sovétríkjunum.

Á vorfundi varnarmálaráðherra Atlantshafsbandalagsins 28.-29. maí sl. voru teknar mikilvægar ákvarðanir um breyttar áherslur í framtíðarskipulagi herafla bandalagsins. Þessar breytingar endurspegla mjög vel tilraunir til að laga bandalagið að mjög breyttum aðstæðum í Evrópu.

Nýtt skipulag hervarna byggist á mun minni en hreyfanlegri herafla. Í stórum dráttum er um þrískiptingu að ræða, þ.e. viðbragðsherafla, meginvarnarher og varaherlið. Viðbragðsherliðið verður undir breskri forystu en að öðru leyti verður það samsett af herdeildum ýmissa bandalagsríkja.

Á utanríkisráðherrafundinum í Kaupmannahöfn í júní 1991 voru teknar tvær meginákvarðanir. Annars vegar um mikilsverðan hlut Atlantshafsbandalagsins í öryggismálum í nýrri Evrópu og að það stuðli að hernaðarlegu jafnvægi í Evrópu og verði áfram vettvangur fyrir samráð við ríki Norður-Ameríku. Hins vegar um samvinnu og aukin samskipti við ríki Mið- og Austur-Evrópu, þ.á m. Sovétríkin í framhaldi af stofnun stjórnmálatengsla Atlantshafsbandalagsins við þau í London 1990. Þessar ákvarðanir endurspegluðu frekari aðlögun Atlantshafsbandalagsins að breytingum í Evrópu.

Haldinn var sérstakur fundur utanríkisráðherra bandalagsins í ágúst sl. til að fjalla um valdaránstilraunina í Sovétríkjunum. Í yfirlýsingu fundarins var tilraunin harðlega fordæmd. Margvíslegar afleiðingar þessarar misheppnuðu valdaránstilraunar verða ekki raktar hér. Hins vegar skal bent á að nýjar aðstæður sem sköpuðust í framhaldi af henni, bæði í Sovétríkjunum og fyrir önnur ríki Mið- og Austur-Evrópu, gáfu tilefni til að efla enn frekar tengsl Atlantshafsbandalagsins við þessi ríki en gert hafði verið ráð fyrir á utanríkisráðherrafundinum í Kaupmannahöfn.

Fundur varnarmálaráðherra um málefni kjarnavopna var haldinn á Ítalíu 18. október 1991. Þar voru teknar róttækar ákvarðanir um niðurskurð á skammdrægum kjarnavopnum Atlantshafsbandalagsins. Þar var samþykkt að skera niður 80% af skammdrægum

kjarnavopnum á evrópskri grund. Kjarnavopn Frakklands og Bretlands eru þó þarna undanskilin. Leiðtogafundur bandalagsins í Róm staðfesti síðan þessa ákvörðun varnarmálaráðherranna.

Snemma í nóvember var haldinn leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins í Róm, aðeins rúmu ári eftir leiðtogafundinn í Lundúnum. Hlutverk Rómarfundarins var að ljúka endurskoðun á markmiðum, hlutverki og starfsemi bandalagsins sem ákveðin var í Lundúnum.

Í Róm var ákveðið að efla enn frekar tengsl Atlantshafsbandalagsins við ríki Mið- og Austur-Evrópu, þ.á m. Sovétríkin og Eystrasaltsríkin. Lagt var til að gera tengslin reglubundnari og fastmótaðri en áður og gert ráð fyrir stofnun Norður-Atlantshafssamvinnuráðsins og þessara ríkja á ráðherrastigi, auk funda fastaráðs bandalagsins með sendiherrum ríkjanna. Þar voru einnig gerðar tillögur um eflingu RÖSE og stofnana þess og lögð áhersla á frekari afvopnun. Ennfremur var samþykkt þar ný stefna Atlantshafsbandalagsins í öryggismálum. Niðurstaða leiðtogafundarins lýsir hvort tveggja tilraunum bandalagsins til að bregðast við breyttum aðstæðum á skapandi hátt og hins vegar að það hefur til þessa verið leiðandi afl í umbóta- og lýðræðisþróuninni í Evrópu. Atlantshafsbandalagið mun því væntanlega gegna lykilhlutverki í nýju öryggiskerfi Evrópu.

Á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í desember voru ýmsir þættir í ákvörðunum leiðtogafundarins í Róm útfærðir frekar. Þar eru einnig settar fram tillögur um markmið og skipan öryggismála í Evrópu eftir Helsinki-ráðstefnuna, m.a. eflingu skoðanaskipta um öryggismál, frekari átakavarnir og lágmarks varnarviðbúnað. Utanríkisráðherrarnir lögðu einnig áherslu á að stjórnvöld í lýðveldum fyrrum Sovétríkja yrðu að gera fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja eftirlit með kjarnavopnum og hindra útbreiðslu þeirra. Ennfremur væri Atlantshafsbandalagið reiðubúið til að veita margvíslega aðstoð til lýðveldanna, einkum við flutninga og dreifingu á hjálpargögnum vegna mikilla aðsteðjandi erfiðleika þar.

(2) Norður-Atlantshafssamvinnuráðið

Fyrsti sameiginlegi ráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins og ríkja Mið- og Austur-Evrópu var haldinn 20. desember sl., en það var jafnframt stofnfundur Norður-Atlantshafssamvinnuráðsins. Þessi ákvörðun markar þáttaskil í samskiptum Atlantshafsbandalagsins við ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Í samræmi við tillögur leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í Róm var einnig samþykkt að efla þessi tengsl enn frekar með því að auka samvinnu, einkum á ýmsum sviðum öryggis- og varnarmála. Jafnframt er gert ráð fyrir reglulegum fundum fastaráðs Atlantshafsbandalagsins með sendiherrum Mið- og Austur-Evrópuríkja og takmarkaðri þátttöku í störfum ýmissa annarra nefnda bandalagsins, þ.á m. hermálanefndar. Atlantshafsbandalagið er nýbúið að ganga frá drögum að vinnuáætlun um aukna samvinnu, einkum á ýmsum sviðum öryggis- og varnarmála.

(3) Evrópustoðin og Vestur-Evrópusambandið

Eins og fram kemur í yfirlýsingum leiðtoga- og ráðherrafunda Atlantshafsbandalagsins á undanförnum árum eru aðildarríkin hlynnt aukinni samvinnu Evrópuríkja í öryggis- og varnarmálum, enda er gert ráð fyrir að samtökin njóti góðs af. Slík samvinna myndi einnig efla "Evrópustoðina" innan Atlantshafsbandalagsins. Miklar umræður hafa átt sér stað um samvinnu af þessu tagi, einkum innan Vestur-Evrópusambandsins, og hugsanleg áhrif hennar á störf og framtíð Atlantshafsbandalagsins (sjá fylgiskjal 10).

Vestur-Evrópusambandið var stofnsett með Brussel-sáttmálanum 17. mars 1948 til að

tryggja öryggi og samræma varnir nokkurra Vestur-Evrópuríkja. Eftir stofnun Atlantshafsbandalagsins var sáttmálinn endurskoðaður á fundi í París 23. október 1954 og er enn í gildi. Um skeið hafa öll aðildarríki Evrópubandalagsins verið þátttakendur í Vestur-Evrópusambandinu, að undanteknum Danmörku, Grikklandi og Írlandi. Sambandið var lengi vel nánast óvirkt en með eflingu evrópskrar samkenndar í öryggis- og varnarmálum og lokum kalda stríðsins færðist líf í það að nýju. Þannig var því t.d. beitt til samræmingar á aðgerðum vestur-evrópskra ríkja á Persaflóanum 1987 og í Persaflóastríðinu 1991. Þau evrópsku aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, sem hafa staðið utan Vestur-Evrópusambandsins, hafa sýnt aukinni virkni þess vaxandi áhuga.

Á fundi leiðtoga Evrópubandalagsins í Maastricht í desember sl. og á samhliða fundi utanríkisráðherra aðildarríkja Vestur-Evrópusambandsins var ákveðið að bjóða Evrópubandalagsríkjum utan Vestur-Evrópusambandsins fulla aðild eða áheyrnaraðild. Jafnframt var öðrum Atlantshafsbandalagsríkjum, þ.e. Íslandi, Noregi og Tyrklandi, boðin aukaaðild.

Fyrir Maastricht-fundinn höfðu misjafnar skoðanir á verksviði og eflingu Vestur-Evrópusambandsins m.a. endurspeglast í tillögum breskra og ítalskra stjórnvalda, sem gerðu ráð fyrir að viðfangsefni sambandsins yrðu nær einvörðungu utan varnarsvæðis Atlantshafsbandalagsins, og í fransk-þýskri tillögu um hlutverk þess í Evrópu. Stjórnvöld margra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins óttuðust að samþykkt síðari tillögunnar gæti grafið undan tilvist þess.

Svo fór að lokum að þátttakendur í Maastricht-fundinum staðfestu meginhlutverk Atlantshafsbandalagsins en lögðu jafnframt grunninn að samstöðu og samvinnu um öryggis- og varnarmál innan Evrópubandalagsins. Sameiginleg utanríkisstefna myndi ná til öryggis- og varnarmála og gæti síðar meir leitt til sameiginlegra varna. Vestur-Evrópusambandið yrði vettvangur til sameiginlegrar ákvarðanatöku og framkvæmdar Evrópubandalagsins í þessum málum en það ætti ekki að draga úr öðrum tvíhliða eða fjölþjóðlegum skuldbindingum aðildarríkjanna, t.d. gagnvart Atlantshafsbandalaginu. Reyndar var lögð sérstök áhersla á að ávallt yrði fullt samræmi milli öryggis- og varnarmálastefnu Evrópubandalagsins og Atlantshafsbandalagsins.

Íslensk stjórnvöld hafa til skamms tíma fylgst vel með umræðum um evrópska samkennd í öryggis- og varnarmálum og hægfara endurreisn Vestur-Evrópusambandsins en jafnhliða hafa þau ætíð lagt áherslu á mikilvægi og árangur samstarfsins innan Atlantshafsbandalagsins og varað við því að eitt eða fleiri evrópsk aðildarríki yrðu sniðgengin á hliðstæðum vettvangi. Í kjölfar ákvörðunar Maastricht-fundarins að bjóða m.a. Íslandi aukaaðild að Vestur-Evrópubandalaginu kynnti Hans-Dietrich Genscher, utanríkisráðherra Þýsklands, íslenskum stjórnvöldum þessa ákvörðun formlega í bréfi en Þýskaland fer með formennsku í sambandinu til júníloka. Síðan hafa íslenskir embættismenn átt fundi með þýskum starfsbræðrum og aðalframkvæmdastjóra Vestur-Evrópusambandsins til að fá frekari upplýsingar um merkingu aukaaðildar. Samtímis hafa aðildarríki sambandsins rætt frekari skilgreiningu á viðeigandi málsgrein Maastricht-yfirlýsingarinnar og gert er ráð fyrir að merking aukaaðildar verði ljós í byrjun apríl. Boðið stendur til ársloka og stefnt er að því að veita formlegt svar fyrir þann tíma. (Utanríkisráðuneytið hefur tekið saman stutta greinargerð um Vestur-Evrópusambandið sem er ætluð sem ítarefni og er hjálögð í fylgiskjali 10).

(4) Ný öryggismálastefna Atlantshafsbandalagsins

Á leiðtogafundinum í Róm var samþykkt ný skilgreining á hernaðarhlutverki Atlantshafsbandalagsins sem byggist á breyttum aðstæðum (sjá fylgiskjal 1). Þar eru m.a. nefndar þær hættur sem Atlantshafsbandalagið þarf hugsanlega að verjast í næstu framtíð. Þar skiptir mestu að ekki er lengur um einhlíta ógnun að ræða, eins og stafaði frá Sovétríkjunum, heldur þarf bandalagið að geta brugðist við margslungnum og óstaðbundnum hættum sem geta t.d.:

- Skapast vegna óstöðugleika af stjórnmálalegum, efnahagslegum og félagslegum ástæðum, þ.m.t. deilna vegna þjóðernisminnihluta og landamæra í nýfrjálsum ríkjum Evrópu.
- Fylgt í kjölfar upplausnar Sovétríkjanna og ráðstöfunar gífurlegs herafla þeirra.
- Átt upptök sín á jaðarsvæðum Atlantshafsbandalagsins eins og Persaflóastríðið og notkun háþróaðs vígbúnaðar hefur sýnt og sannað.
- Hlotist af útbreiðslu gereyðingarvopna, skemmdar- og hryðjuverkastarfsemi og hindrun lífsnauðsynlegra aðflutninga sem lúta að öryggishagsmunum bandalagsins.

Í öryggismálastefnunni eru tilgreind markmið eða kjarnaþættir í varnarstefnu bandalagsins, sem samþykkt voru á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Kaupmannahöfn í júní sl. Kjarnaþættirnir eru fjórir:

- að gegna meginhlutverki við að skapa varanlegt öryggi í Evrópu sem byggist á viðgangi lýðræðisstofnana og friðsamlegri lausn deilumála, þar sem ekkert ríki getur ógnað eða þvingað annað ríki eða náð yfirburðastöðu með því að hóta valdbeitingu.
- að vera, skv. 4. gr. Atlantshafssáttmálans, vettvangur til samráðs um öll þau mál er varða grundvallarhagsmuni þeirra, þ.m.t. vegna atburða sem ógna öryggi aðildarríkjanna, og til að samhæfa aðgerðir þar sem hagsmunir fara saman.
- að afstýra og verjast sérhverri hótun um árás á landsvæði bandalagsríkjanna.
- að viðhalda víðtæku stjórnmálalegu og hernaðarlegu jafnvægi í Evrópu.

Fjallað er um stefnu Atlantshafsbandalagsins í öryggis- og varnarmálum í hinu víðara evrópska samhengi, þ.e. í nýrri Evrópu. Stefna bandalagsins hvað þetta varðar byggist á þremur meginþáttum: viðræðum, samvinnu og sameiginlegum vörnum. Þar er lögð rík áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir og skilvirka stjórnun á hættutímum.

Þá eru í stefnumörkuninni skilgreindar þær meginforsendur sem lagðar skulu til grundvallar hernaðarlegri framkvæmd varnarstefnunnar. Þetta er sá rammi, sem hernaðaryfirvöld hafa til að skipuleggja varnir, stjórnun á hættutímum og til að forðast styrjöld. Þarna er um að ræða mikilvæga aðgreiningu á milli friðar, hættutíma og loks styrjaldar og þá sérstaklega hvernig þessi þrjú stig eða aðstæður hafa áhrif á hlutverk herja í því sambandi. Jafnframt skal vakin athygli á því að framkvæmd öryggismálastefnunnar hefur í för með sér verulega fækkun í herjum Atlantshafsbandalagsins.

Aukin samvinna Atlantshafsbandalagsins við ríki Mið- og Austur-Evrópu og fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna gegnir því hlutverki að skapa stöðugleika og traust í nýju öryggiskerfi Evrópu, sem varðar að sjálfsögðu einnig öryggishagsmuni bandalagsins. Það er til marks um mikilvægi tengsla Atlantshafsbandalagsins við þessi ríki að stjórnvöld flestra þeirra telja að RÖSE geti ekki komið í stað þess og vilja hafa eins náið samráð við bandalagið og mögulegt er.

(5) Starfsemi á sviði vísinda, umhverfismála og upplýsingamála

Umfang starfs Vísindanefndar fór vaxandi á síðasta ári. Fyrir utan ný vísindaverkefni á sviði milljarðasmæðarfræði (nanoscale science) og sameindaefnafræði (supramolecular chemistry), þá tók vorfundur nefndarinnar, sem var haldinn í Reykjavík 21.-24. maí sl., fyrstu skrefin í stefnumótun varðandi samskipti nefndarinnar við vísindamenn í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Nefndin hefur þegar hafið öflugt starf á þessu sviði og nægir að nefna að á árinu 1991 tóku rúmlega 400 vísindamenn frá hinum ýmsu ríkjum Mið- og Austur-Evrópu þátt í námskeiðum og ráðstefnuhaldi, sem stutt var af Atlantshafsbandalaginu.

Árlega hlýtur hátt í tug Íslendinga fræðistyrki frá Vísindanefnd og nemur sú upphæð samanlagt margföldu framlagi Íslands til vísindastyrkjanna.

Nefnd Atlantshafsbandalagsins, sem fjallar um vandamál nútímaþjóðfélaga (CCMS), hefur að undanförnu lagt áherslu á að efla starf sitt varðandi forrannsóknir á alþjóðlegum umhverfisvandamálum. Ísland hefur hingað til ekki tekið þátt í slíkum rannsóknum.

Nefndin hefur gengist fyrir því að taka saman ítarlegt yfirlit um forgangsverkefni einstakra bandalagsríkja og alþjóðastofnana á sviði umhverfismála. Verður framtíðarstarf nefndarinnar mótað á grundvelli þessara samantekta.

Þá hefur starfsemi á vegum nefndarinnar verið opin þátttöku sérfræðinga frá ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Megináherslan í þeim samskiptum hefur verið athugun á áhrifum hernaðarumsvifa á umhverfið.

Nefndin veitir styrki til rannsókna á ýmsum þáttum umhverfismála en enginn Íslendingur er nú meðal styrkþega.

Á sviði upplýsingamála hefur verið unnið mikið starf á árinu. Upplýsingamiðlun um starfsemi bandalagsins í einstökum aðildarríkjum og í höfuðstöðvunum hefur verið með hefðbundnu sniði en um 11-12.000 manns heimsækja upplýsingadeild bandalagsins á ári hverju. Gífurleg eftirspurn er eftir upplýsingum um Atlantshafsbandalagið og starfsemi þess frá ýmsum stofnunum og einstaklingum í hinum nýfrjálsu ríkjum í Mið- og Austur-Evrópu. Stöðug umræða er um það innan bandalagsins hvernig skuli anna þessari eftirspurn og er fjárskortur helsta hindrunin.

Upplýsingadeild veitir fræðimannastyrki Atlantshafsbandalagsins. Þar er annars vegar um að ræða styrki til vísindamanna frá aðildarríkjunum og hins vegar styrki til lýðræðisrannsókna, en síðarnefndu styrkirnir eru einkum ætlaðir fræðimönnum frá Mið- og Austur-Evrópu. Á síðasta ári voru veittir 55 slíkir styrkir, en 491 umsókn barst. Gert er ráð fyrir að úthluta sama fjölda styrkja í ár.

VII Starfsemi tengd varnarsvæðum og varnarstöð Atlantshafsbandalagsins

(1) Markmið íslenskrar öryggis- og varnarmálastefnu

Í nær hálfa öld hafa öryggi og varnir þjóðarinnar verið tryggð með aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningi við Bandaríkin. Þetta grundvallast á rétti þjóðarinnar til varnar eigin frelsi og sjálfstæði skv. ákvæðum 75. greinar stjórnarskrárinnar þar sem sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörnum landsins og með aðild að stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem sérhverju aðildarríki er áskilinn réttur til sjálfsvarnar. Markmið íslenskrar varnarstefnu eru því eftirfarandi:

a) Að tryggja sjálfstæði og fullveldi íslenska lýðveldisins í lofti, á láði og legi samkvæmt stjórnarskrá landsins.

b) Að tryggja að siglinga- og samgönguleiðir til og frá landinu séu ávallt opnar og greiðar.

c) Að tryggja varnir landsins gegn hugsanlegum ógnunum eða árásum með áframhaldandi aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningi við Bandaríkin sem stuðla að varðveislu sameiginlegra öryggishagsmuna bandalagsþjóðanna og bættum samskiptum þjóða í millum.

d) Að tryggja að æðstu stjórn ríkisins, stjórnkerfi og stofnunum verði gert kleift að starfa eðlilega á hættu- og ófriðartímum.

(2) Nýjar áherslur í öryggis- og varnarmálum

(2.1) Atlantshafsbandalagið og Ísland

Nýlegar breytingar í alþjóðlegum stjórnmálum, sem hafa m.a. endurspeglast í sameiningu Þýskalands, endalokum Varsjárbandalagsins og upplausn Sovétríkjanna, hafa haft afgerandi áhrif á varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins og varnarviðbúnað bandalagsríkjanna. Í desember sl. ákváðu varnarmálaráðherrar Atlantshafsbandalagsins á fundi sínum í Brussel að breyta varnarstefnu bandalagsins þannig að komið yrði á fót fjölþjóðlegu herliði sem hægt væri að beita á öllu samningssvæðinu. Jafnframt þessu fer nú fram umtalsverð fækkun í herjum aðildarríkjanna og endurskipulagning og fækkun herstjórna bandalagsins. Aukin áhersla verður lögð á viðbúnað gegn óskilgreindum hættum.

Því má ekki gleyma nú á tímum óvissu og öryggisleysis í þróun mála í Mið- og Austur-Evrópu, að Sovétríkin fyrrverandi réðu yfir um 10.500 orrustuflugvélum, 162 langdrægum sprengjuflugvélum, 56.000 skriðdrekum, 65.000 brynvörðum liðsflutningavögnum, 90.000 fallbyssum, 700 herskipum, 59 eldflaugakafbátum og u.þ.b. 30.000 kjarnorkuvopnum. Þessar gífurlegu vopnabirgðir eru nú í vörslu hinna nýfrjálsu lýðvelda og enn er óljóst hvernig hugsanlegri skiptingu þessara hergagna verður háttað.

Atlantshafsbandalagið, sem hefur samræmda herstjórn, er mikilvægasti vettvangur Vestur-Evrópuríkja á sviði öryggis- og varnarmála. Framtíðarhlutverk Atlantshafsbandalagsins er því að tryggja áframhaldandi stöðugleika í okkar heimshluta og koma í veg fyrir að spenna eða svæðisbundinn ófriður hrindi af stað stórfelldum hernaðarátökum sem ógnað geti frelsi okkar og sjálfsákvörðunarrétti.

Samdráttur í herliði Atlantshafsbandalagsins á meginlandi Evrópu á ekki síst við um herlið Bandaríkjamanna. Í þeim áætlunum, sem nú liggja fyrir af hálfu Bandaríkjastjórnar er gert ráð fyrir að bandarísku herliði í Evrópu fækki í 150.000 manns árið 1995. Varnaráætlanagerð Atlantshafsbandalagsins tekur því æ meira mið af liðsauka- og birgðaflutningum til Evrópu frá Bandaríkjunum og Kanada á hættu- eða ófriðartímum. Lengri aðdragandi til ákvarðanatöku og gagnaðgerða innan Atlantshafsbandalagsins kemur til með að auðvelda hugsanlega framkvæmd slíkra áætlana. Hvað Ísland varðar hefur verið ljóst frá upphafi aðildar okkar að Atlantshafsbandalagsinu að vegna smæðar þjóðarinnar yrði ekki um beina þátttöku að ræða í varnarviðbúnaði. Hins vegar gegnir Ísland lykilhlutverki í hugsanlegum liðs- og birgðaflutningum yfir Norður-Atlantshaf vegna hnattlegu landsins. Sú aðstaða, sem Ísland lætur Atlantshafsbandalaginu í té, er framlag okkar til sameiginlegra varna þess. Frá Íslandi er haldið uppi eftirliti með ferðum skipa, herflugvéla og kafbáta á Norður-Atlantshafi. Slíkt eftirlit er að vissu leyti forsenda fyrrnefnds viðbúnaðar Atlantshafsbandalagsins.

Rétt er að minna á að starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli eða annar varnarviðbúnaður hérlendis hvorki eykur né minnkar hernaðarlegt mikilvægi landsins og er ekki ögrun við neina þjóð.

(2.2) Flotaumsvif á Norður-Atlantshafi

Hinn fyrrverandi "sovéski" Norðurfloti, sem hefur bækistöð sína á Kólaskaga, er enn talinn vera öflugur úthafsfloti. Hröð endurnýjun skipa, flugvéla og vopnakerfa átti sér stað á tímabilinu 1986-1990 án sjáanlegra breytinga eða niðurskurðar. Á árinu 1990 voru t.d. sjósettir 10 nýir kafbátar sem flestir voru sendir til Norðurflotans. Þá hefur vopnabúnaður landhers og flughers á Kólaskaga verið aukinn og endurbættur. Í byrjun desember sl. var nýtt 65.000 tonna flugmóðurskip, sem ber nafnið "Admiral Kuznetsov" afhent Norðurflotanum. Annað flugmóðurskip er í sjóprófum og hið þriðja er í smíðum. Frá miðju síðasta ári hefur þó dregið úr endurnýjun Norðurflotans og virðast fjárframlög til starfsemi flotans hafa verið skert verulega á liðnu ári. Þó svo að öll endurnýjun Norðurflotans stöðvaðist á yfirstandandi ári yrði hernaðargetan umtalsverð fram yfir árið 1995. Æfingar Norðurflotans hafa einnig breyst á tímabilinu 1985-1991. Stórar flotaæfingar á borð við SUMMEREX '85, sem fram fór á Norður-Atlantshafi, hafa lagst af. Norðurflotinn tók æfingar sínar í Barentshafi og undan ströndum Norður-Noregs allt til ársins 1990 en síðan hefur dregið úr þeim. Smærri æfingar hafa átt sér stað austur og norður af Íslandi, sbr. æfingu Norðurflotans sem fram fór 16.-22. júní 1991. Umferð herflugvéla frá Norðurflotanum, sem fljúga að loftvarnarsvæði Íslands án flugáætlunar, hefur minnkað á tímabilinu 1985-1991. Árið 1985 vísuðu orrustuflugvélar frá Keflavíkurflugvelli 170 herflugvélum Norðurflotans frá loftvarnarsvæði Íslands. Árið 1991 var 26 herflugvélum vísað frá. Ferðir kafbáta frá Norðurflotanum utan heimahafs og í nánd við Ísland hafa einnig dregist saman. Fastafloti Atlantshafsbandalagsins hélt tvær æfingar á árinu 1991. Önnur æfingin bar nafnið "OCEAN SAFARI" og fór fram dagana 6.-18. júní 1991. Hin æfingin fór fram dagana 10.-19. september 1991 og var nefnd "NORTH STAR".

Fækkun í herskipaflota aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins heldur áfram og er t.d. gert ráð fyrir að bandarískri flotinn fækki eigin herskipum úr 525 í 450 fyrir árið 1997 og

flugmóðurskipum úr 14 í 12 á sama tíma.

(3) Varnarliðið

(3.1) Eftirlits- og varnarhlutverk

Hinn 5. maí 1991 var þess minnst að 40 ár eru liðin frá undirritun varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli gegnir fyrst og fremst eftirlitshlutverki, þ.e. að fylgjast með ferðum ókunnra flugvéla, kafbáta og skipa umhverfis landið og bægja þeim frá, ef nauðsyn krefur. Jafnframt er það mikilvægt hlutverk varnarliðsins að skipuleggja varnir Íslands í samráði og samvinnu við íslensk stjórnvöld.

Áætluð útgjöld til varnarmála í Bandaríkjunum verða 3,6% af þjóðarframleiðslu þeirra árið 1997, sem er lægsta fjárveiting frá árinu 1939. Sá samdráttur á útgjöldum til varnarmála, sem nú á sér stað, hefur haft minni áhrif á störf varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli en víða annars staðar vegna hernaðarlegs mikilvægis Íslands og aukinnar áherslu Atlantshafsbandalagsins á sjóflutningaleiðirnar yfir Norður-Atlantshafið. Helstu breytingar á starfsemi varnarliðsins eru eftirfarandi:

a) Á liðnu ári var tekin sú ákvörðun að fækka fjölda F-15 orrustuflugvéla, sem staðsettar eru á Keflavíkurflugvelli, úr 18 í samtals 12 vélar. Fækkun þessi kemur til framkvæmda í upphafi þessa árs.

b) Þá var ákveðið að leggja niður starfsemi Troposcatter-fjarskiptakerfisins frá og með 31. janúar 1992, en Flugmálastjórn hefur haft aðgang að þessu fjarskiptakerfi við stjórn flugumferðar á Norður-Atlantshafi undanfarin þrjátíu ár.

c) Í janúar 1990 kom til framkvæmda ráðningarbann hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, þ.e. allar nýráðningar og ráðningar í störf sem losna hafa verið bannaðar. Ráðningarbannið á við um allar bandarískar herstöðvar. Íslenskum starfsmönnum hjá varnarliðinu hefur því fækkað frá upphafi ráðningarbannsins. Náði þessi fækkun frá því í desember 1990 til desember 1991 til 84 starfsmanna. Þeim fækkaði því úr 1034 í 950 alls. Tuttugu íslenskir starfsmenn hafa verið ráðnir á ný og þá hafa alls um 64 Íslendingar hætt störfum hjá varnarliðinu á sl. ári, miðað við að fjöldi starfsmanna er skráður í desember á ári hverju.

Bandarísk stjórnvöld eru enn sem fyrr bundin af varnarsamningnum frá 1951 og viðauka undirrituðum árið 1974. Ákvæði samningsins hafa ekki verið brotin gagnvart íslenskum starfsmönnum varnarliðsins, né heldur hafa bandarísk stjórnvöld gefið til kynna að túlkun og framkvæmd hans endurspegli grundvallarbreytingu á samskiptum þjóðanna frá því sem verið hefur sl. fjörutíu ár. Það er afstaða íslenskra stjórnvalda að allar ákvarðanir um fækkun íslenskra starfsmanna varnarliðsins, hvort heldur vegna breytinga á hlutverki þess eða af öðrum ástæðum, verði framkvæmdar í samræmi við varnarsamninginn og viðaukann í fullu samráði við þau.

(3.2) Varnarliðsæfingar á Íslandi

Varnarliðsæfing þess herafla, sem ætlað er að verja Ísland á hættu- eða ófriðartímum, fór fram sl. sumar og tókst vel. Um 1000 hermenn tóku þátt í æfingunni sem fram fór víðsvegar um Ísland. Markmið þessara heræfinga er að æfa liðs- og birgðaflutninga til Íslands og varnir hernaðarlega mikilvægra staða hér á landi. Slíkar heræfingar eru forsenda þess að

hægt sé að framkvæma þá varnaráætlun sem til er fyrir Ísland á hættu- eða ófriðartímum. Þar sem liðsafli sá sem ætlaður er til varnar Íslandi er staðsettur í Bandaríkjunum er nauðsynlegt að slíkum æfingum verði haldið áfram hér á landi svo hermennirnir kynnist vel landslagi, veðurfari og staðháttum.

(3.3) Varnaráætlanagerð fyrir Ísland

Endurskoðun á varnaráætlunum fyrir Ísland hefur staðið yfir í nokkurn tíma, m.a. hefur verið gerð sérstök úttekt á hernaðarlega mikilvægum stöðum á Íslandi og flutningagetu vega og hafna. Þessari endurskoðun fer senn að ljúka og mun þá samræming varnaráætlunar við aðrar áætlanir, t.d. Almannavarna ríkisins, hefjast. Til þess að vinna að ofangreindri samræmingu var Skipulagsnefnd um öryggis- og varnarmál stofnuð á liðnu ári.

(3.4) Áhrif Persaflóastríðsins

Seinni hluta árs 1990 og fyrri hluta 1991 hafði Persaflóastríðið þau áhrif að mikil aukning varð á umferð herflutningaflugvéla um Keflavíkurflugvöll. Var varnarstöðin einn hlekkurinn í birgðaflutningum til og frá Norður-Ameríku. Mun mikilvægi stöðvarinnar að þessu leyti aukast í framtíðinni með fækkun hefðbundins herafla í Evrópu.

(3.5) Framkvæmd afvopnunarsamnings á Keflavíkurflugvelli (CFE)

Afvopnunarsamningur um fækkun hefðbundinna vopna í Evrópu (CFE) hefur verið fullgiltur á Alþingi og mun væntanlega koma til framkvæmda á þessu ári. Ísland mun þá verða eftirlitsskylt líkt og önnur aðildarríki samningsins. Hér á landi nær CFE-samningurinn aðeins til F-15 orrustuflugvéla sem staðsettar eru á Keflavíkurflugvelli. Af þeim sökum og til undirbúnings fyrir raunverulegt eftirlit erlendra aðila stóð varnarmálaskrifstofa fyrir CFE-eftirlitsæfingu á Keflavíkurflugvelli í samvinnu við varnarliðið og Kanadamenn haustið 1991. Ef til raunverulegs eftirlits kemur hér á landi eru íslensk stjórnvöld ábyrg fyrir móttöku og fylgd erlendra eftirlitsmanna.

(3.6) Þyrlubjörgunarsveit varnarliðsins

Björgunarsveitin hefur til umráða eina eldsneytis- og birgðaflutningaflugvél af gerðinni HC-130 Hercules, tvær björgunarþyrlur af gerðinni HH-3 og þrjár björgunarþyrlur af gerðinni HH-60 G Pave Hawk. Um þessar mundir er unnið að því að HH-60 G þyrlur leysi af hólmi hinar eldri HH-3 þyrlur. Þar sem hinar nýju HH-60 G þyrlur eru heldur minni en hinar eldri, verður þyrlunum fjölgað úr fjórum í fimm, en nýju þyrlurnar eru tæknilega betur búnar en þær eldri.

Á árinu 1990 bjargaði þyrlubjörgunarsveitin 2 mönnum úr lífsháska en önnur aðstoð var veitt 10 sinnum. Á árinu 1991 var 9 mönnum bjargað úr háska en önnur aðstoð veitt í 14 tilvikum. Samtals hefur þyrlubjörgunarsveitin bjargað 250 mannslífum á síðastliðnum 20 árum, en hún var stofnuð árið 1971. Af þessum 250 er rúmlega helmingurinn Íslendingar.

(3.7) Kostnaður við rekstur varnarliðsins

Heildarupphæð greiðslna varnarliðsins til Íslendinga vegna reksturs varnarliðsins á árinu 1991 var um 177.4 milljónir dollara eða 9.867 milljónir króna. Þar af nam launakostnaður til íslenskra starfsmanna varnarliðsins 40.9 milljónum dollara eða 2.275 milljónum króna en greiðslur til íslenskra fyrirtækja og einstaklinga vegna launa, verktöku, vöruinnkaupa og þjónustu námu 136.5 milljónum dollara eða 7.592 milljónum króna. Áætluð kaup varnarliðsins á árinu 1991 á íslenskum landbúnaðarvörum eru nálægt 1,2 milljónum dollara eða 66.7 milljónum krónur.

Í lok ársins 1991 var fjöldi varnarliðsmanna 3.209 auk 122 borgaralegra starfsmanna. Skyldulið þeirra var 2.597 manns.

(3.8) Búseta varnarliðsmanna utan varnarsvæða

Í lok ársins 1991 bjuggu 68 erlendir starfsmenn varnarliðsins utan varnarsvæða, þar af 11 hermenn. Af þessum 68 eru 22 sem eiga íslenskan maka. Af fyrrgreindum 57 borgaralegum starfsmönnum eru 33 við kennslustörf en hinir annast sérhæfð tæknistörf eða eru starfsmenn erlendra fyrirtækja er annast sérhæft viðhald og þjónustu á búnaði varnarliðsins.

(3.9) Umhverfismál

Á síðastliðnu ári var í samráði við umhverfisráðuneytið og Náttúruverndarráð lokið hreinsun á leifum af ratsjárstöð varnarliðsins á Straumnesfjalli en stöðin var lögð niður árið 1960. Húsin á fjallinu standa ennþá en mannvirkin hafa verið í umsjá og á ábyrgð íslenskra yfirvalda síðan 1962. Verkið var unnið með aðstoð íslenskra björgunarsveita og þyrla er varalið bandarískra hersins, er hér var við æfingar, lánaði til verksins.

Í september 1991 var ný Vatnsveita Suðurnesja opnuð, en unnið hafði verið að henni um nokkurt skeið eftir að lífrænna leysiefna varð vart við sýnatöku úr vatnsaðdráttarsvæði vatnsbóla Keflavíkur og Njarðvíkur. Vatnsveitan var greidd af Bandaríkjamönnum og kostaði 8 milljónir dollara eða 445 milljón krónur.

Vegna nýrra reglna um frárennsli skolps er ráðgert að leggja nýja skolpveitu fyrir Keflavíkurflugvöll. Um þessar mundir fer fram frumathugun á tæknilegri hlið málsins. Áætlað er að hönnun muni taka 1-2 ár en sjálf lagning skolpveitunnar 2-3 ár.

(3.10) Aðskilnaður farþegaflugs og varnarliðsins

Í samræmi við samkomulag milli Íslands og Bandaríkjanna varðandi varnarsamninginn frá 1951, er gert var árið 1974, um að vinna að því að skilja að þau svæði þar sem rekstur farþegaflugs og starfsemi varnarliðsins fer fram, var í október 1991 heimiluð bygging viðhaldsstöðvar fyrir Flugleiðir hf. á Keflavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að henni verði lokið í lok ársins en hingað til hefur eitt af flugskýlum varnarliðsins verið notað fyrir vissa hluta viðhalds farþegaflugvéla. Ráðgerður kostnaður við bygginguna er um 1 milljarð króna.

(3.11) Framkvæmdir á vegum varnarliðsins

Á árlegum fundi með byggingadeild sjóhersins, sem haldinn var í Norfolk í október 1991, voru ákveðnar eftirtaldar nýframkvæmdir sem gert er ráð fyrir að hefjist á þessu ári:

1. Geymsla á Keflavíkurflugvelli fyrir þotueldsneyti og viðeigandi dreifikerfi.

2. Breyting á eldsneytisgeymum í Hvalfirði.

3. Malbikun bílastæða innan varnarstöðvarinnar.

4. Endurmálun merkinga á Keflavíkurflugvelli.

5. Endurbygging inngangsins í mötuneyti varnarstöðvarinnar.

6. Viðgerð akstursbrauta og stæða fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli.

Gert er ráð fyrir að tvær fyrst töldu framkvæmdirnar verði kostaðar af Atlantshafsbandalaginu en hinar af Bandaríkjamönnum. Verkin verða öll unnin af Íslenskum aðalverktökum og er ráðgerður kostnaður um 11,4 milljónir dollara, eða 634 milljónir króna. Einnig verður haldið áfram framkvæmdum sem áður hafa verið ákveðnar og þegar eru hafnar en kostnaður við þær á árinu er um 48,6 milljónir dollara, eða 2.703 milljónir króna. Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir mun því nema um 60 milljónum dollara, eða 3.337 milljónum króna. Á árinu 1991 var kostnaður vegna framkvæmda einnig um 60 milljónir dollara en 1990 63,9 milljónir dollara, eða 3.554 milljónir króna. Að auki var áætlað framkvæmdafé Keflavíkurverktaka á árinu 1991 vegna viðhaldsframkvæmda um 12 milljónir dollara, eða 667 milljónir króna, og miðað við gerða samninga mun það verða svipað á þessu ári eða jafnvel ívið meira.

Eins og greint var frá í skýrslu minni árið 1989 var ráðgerð bygging nýrrar akstursbrautar fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli. Í september 1991 var akstursbrautin tekin í notkun en hún liggur samsíða flugbraut 02-20. Akstursbrautin mun draga úr töfum á umferð flugvéla á jörðu og auka öryggi. Ennfremur er í neyðartilvikum hægt að nota akstursbrautina sem flugbraut. Kostnaðurinn nam um 20,7 milljónum dollara, eða 1.151 milljón króna, og var greiddur af Atlantshafsbandalaginu.

(3.12) Framkvæmdir á vegum Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins á Íslandi

Útgjöld Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins, vegna varnarframkvæmda á Íslandi, frá 1951 jafngilda rúmlega 14 milljörðum íslenskra króna á núgildandi verðlagi.

Fyrirkomulag verktakastarfsemi á Íslandi hefur löngum sætt gagnrýni innanlands og frá því í nóvember 1990, athugasemdum frá einstökum bandamönnum okkar innan Atlantshafsbandalagsins. Eins og kunnugt er hefur utanríkisráðherra beitt sér fyrir því að opna verktakastarfsemi á Íslandi fyrir samkeppni, með endurskipulagningu Íslenskra aðalverktaka, að loknum nauðsynlegum aðlögunartíma.

Verktaka á Íslandi hefur í tæpt ár verið til umræðu, á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Í júlí 1991 kom eftirlitsnefnd með framkvæmdum Atlantshafsbandalagsins, Infrastructure Payments and Progress Committee (IPPC), í heimsókn til að kynna sér fyrirkomulag verktöku hér á landi. Á þeim fundi náðist almenn samstaða um að verktaka á varnarsvæðum yrði löguð að reglum mannvirkjasjóðs að loknum nauðsynlegum aðlögunartíma. Á fundi ríkisstjórnarinnar 25. febrúar sl. voru samþykktar tillögur til lausnar þeim ágreiningi sem uppi hefur verið innan Mannvirkjasjóðsins. Tillögurnar sem kynntar hafa verið í Mannvirkjasjóðnum eru eftirfarandi:

1. Verktökumál varnarframkvæmda verði aðlöguð venjulegum háttum verktöku innan Atlantshafsbandalagsríkja á yfirstandandi kjörtímabili.
2. Á aðlögunartíma verði tekin upp undirverktaka á samkeppnisgrundvelli í eldsneytiskerfum sem eru allt að 90% af verðmæti þeirra verka sem hafa verið áætluð af hálfu Mannvirkjasjóðsins til samninga á árinu 1992 og síðar.
3. Erlend efniskaup verði boðin út í alþjóðlegum útboðum.
4. Samkomulag, verði um að ræða endurskoðun á álagningarreglum í núgildandi samningafyrirkomulagi.

Með þessum tillögum er komið til móts við þær athugasemdir sem einstök bandalagsríki hafa gert við fyrirkomulag verktöku á Íslandi og einnig tekið sanngjarnt tillit til hagsmuna allra samningsaðila.

Tillögurnar eru í fullu samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar, um að breyta

fyrirkomulagi verktöku í frjálsræðisátt.

(4) Varnarmálaskrifstofa

Hinn 1. apríl 1985 var varnarmáladeild gerð að varnarmálaskrifstofu innan utanríkisráðuneytisins. Síðan hefur verið lagður grundvöllur að aukinni þátttöku Íslendinga í mótun og framkvæmd öryggis- og varnarmála sem byggist á íslenskri þekkingu á herfræðilegum og hertæknilegum viðfangsefnum sem auðveldar hlutlægt mat á hernaðarstöðu landsins, varnarþörfinni og fyrirkomulagi varnanna. Þessi störf hafa þegar skilað árangri, m.a. með tilliti til endurskoðunar á varnaráætlun fyrir Ísland. Þá fer varnarmálaskrifstofa einnig með framkvæmd varnarsamningsins og opinber samskipti við varnarliðið, auk tengsla við varnarmálaráðuneyti annarra Atlantshafsbandalagsríkja. Yfirstjórn ríkisstofnana á varnarsvæðum og eftirlit með verktökum og aðilum, er starfa á varnarsvæðum, heyrir einnig undir varnarmálaskrifstofu. Starfsmenn varnarmálaskrifstofu sækja einnig reglubundna fundi herráðsforingja og varnarmálaráðherra í Brussel. Til hagræðingar var á síðastliðnu ári aukin og endurbætt vinnuaðstaða varnarmálaskrifstofunnar í Njarðvík sem er að Brekkustíg 39.

(5) Ríkisstofnanir á varnarsvæðum

(5.1) Lögreglustjóraembættið

Við lögreglustjóraembættið störfuðu í byrjun árs 1992 í heimiluðum stöðugildum 7 manns við yfirstjórn, þar af voru 2 ritarar í hálfu starfi. Ennfremur voru 32 stöðugildi en 31 starfsmaður við tollgæslu og 41 stöðugildi en 33 starfsmenn við lögreglu. Alls er kostnaður 10 stöðugilda endurgreiddur, þar af 8 í lögreglu af varnarliðinu en 2 í tollgæslu af innlendum aðilum.

Tollgæslan skiptist í tvær deildir, önnur með 7 starfsmönnum sem sér um eftirlit með flutningum varnarliðsins og verktaka þess, svo og tollfrjálsum forðageymslum, fraktgeymslum flugfélaga, forðageymslu fríhafnar og annast eftirlit á flughlöðum. Hin deildin hefur 24 starfsmenn (óráðið í 1 stöðugildi) og annast eftirlit með ferðum inn og út úr landinu, s.s. vegabréfa- og tollskoðun. Í maí hóf sérhæfður starfsmaður með 2 sérþjálfaða hunda til fíkniefnaleitar störf við embættið.

Starfsemi lögreglunnar skiptist í þrjár deildir. 5 starfsmenn sjá um yfirstjórn og rannsóknalögreglu, 20 lögreglumenn (óráðið í 8 stöðugildi) annast almenna löggæslu og í sérsveit lögreglu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem sinnt hefur vopnaleit og vopnaðri löggæslu, eru 8 starfsmenn.

Í árslok 1991 hafði embættið innheimt gjöld til ríkissjóðs að fjárhæð kr. 459.484.000.-, en endurgreitt virðisaukaskatt til rétthafa að fjárhæð kr. 259.731.000.-, þannig að nettó innheimta ríkissjóðsgjalda í árslok var kr. 199.753.000.-. Fjárheimild embættisins árið 1991 var kr. 222.060.000.-.

(5.2) Flugmálastjórn

Á árinu 1991 fóru samtals 687.215 farþegar um Keflavíkurflugvöll en 699.445 árið áður. Skiptingin var þannig að úr landi fóru 278.380. Árið 1990 fóru 271.888 farþegar úr landi. Til landsins komu samtals 278.755 farþegar en 271.592 á sama tíma í fyrra. Áningarfarþegar (transit) voru alls 130.080 árið 1991 en voru 155.965 árið 1990. Um er að ræða 1.7% samdrátt farþegaflutninga í heild talið frá árinu áður.

Áætlaðar heildartekjur Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli voru 206.111 þús. kr. á árinu 1991 en þar af námu lendingargjöld 190.126 þús. kr. Rekstrargjöld voru áætluð 194.185 þús. kr. en þar af nam launakostnaður 135.963 þús. kr. Skil til ríkissjóðs eru áætluð

10.000 þús. kr.

Á árinu 1991 störfuðu hátt í sjötta hundrað fastráðinna starfsmanna við almenna flugstarfsemi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Um háannatímann voru starfsmenn hátt í átta hundruð.

(5.3) Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Samkvæmt árshlutauppgjöri 30. september 1991 nam tap á rekstrinum 136.700 þús. kr. og uppsöfnuð vanskil hjá Ríkisábyrgðasjóði námu 265.600 þús. kr. Erlend endurlán og vanskil við Ríkisábyrgðasjóð nema 3.570.800 þús. kr.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 1991 nemur tap á rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar 184.100 þús. kr. og uppsöfnuð vanskil hjá Ríkisábyrgðasjóði nema 299.300 þús. kr., en erlend endurlán og vanskil eru áætluð samtals 3.604.500 þús. kr. í árslok.

Í fjárlögum 1991 var ekki gert ráð fyrir greiðsluhalla, en hann nam í árslok 1990 135.300 þús. kr. og er áætlaður í árslok 1991 299.300 þús. kr. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1992 er greiðsluhalli áætlaður 230.000 þús. kr., en fyrir liggur að greiðsluhalli Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar verður um 300.000 þús. kr. í árslok 1991. Miðað við óbreyttar forsendur má áætla greiðsluhallann í árslok 1992 um 400.000 þús. kr. ef ekkert er að gert.

(5.4) Ráðningadeild

Ráðningadeild varnarmálaskrifstofu hefur með höndum starfsmannamál, þ.á m. ráðningu starfsfólks til varnarliðsins. Um áramót 1990-1991 voru íslenskir starfsmenn varnarliðsins 1034 en um áramót 1991-1992 voru þeir 950 og hefur fækkað um 84 á þessu tímabili. Flestir voru starfsmennirnir í júlí, 1133. Til sumarstarfa voru ráðnir um 100 menn.

Fjöldi íslenskra starfsmanna hjá varnarliðinu skiptist þannig eftir starfsgreinum:

Starfsgreinar	Karlar	Konur	Alls
Stjórnun	98	20	118
Verkstjórn	67	5	72
Slökkvilið og snjóruðningur	138	1	139
Iðnaðarstörf	178	6	184
Skrifstofu og verslunarstörf	62	128	190
Almennt verkafólk	61	139	200
Verkfræðingar og tæknimenn	40	0	40
Símavarsla	0	7	7
Samtals	**644**	**306**	**950**

(5.5) Fríhöfnin

Heildarvelta Fríhafnar á síðasta ári var um 1.825 milljónir króna og hafði þá aukist um 21 af hundraði milli ára. Hreinn hagnaður Fríhafnar var um 460 milljónir króna og skil í ríkissjóð 420 milljónir króna, eða 75 milljónum meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Auk þessa greiddi Fríhöfnin á árinu í húsaleigu og sameiginlegan kostnað um 80 milljónir króna.

Hagnaður ársins 1991 skiptist þannig, að skil í ríkissjóð námu 420 milljónum króna og fjárfestingar námu um 15 milljónum króna. Vörubirgðir hafa heldur aukist og útistandandi peningar vegna kreditkorta eru um 20 milljónum meiri en á síðasta ári. Ársuppgjöri er ekki lokið, þannig að hagnaðartala getur breyst eitthvað, en þó ekki skil í ríkissjóð.

Hinn 1. október 1988 tók Fríhöfnin að sér nýtt verkefni, sem er endurgreiðsla virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, og námu endurgreiðslur ársins 1991 um 38,5 milljónum króna.

(5.6) Sala varnarliðseigna

Tekjur ríkissjóðs vegna starfsemi Sölu varnarliðseigna á árinu 1991 voru samtals 51 milljón króna, sem skiptast þannig að 25 milljónum kr. var skilað beint í ríkissjóð, en innheimtur virðisaukaskattur er áætlaður k26 milljónir kr. Auk þess greiðir Sala varnarliðseigna landsútsvar og önnur opinber gjöld, sem ekki eru talin með ofangreindum tölum.

(6) Ratsjárstofnun

Ratsjárstofnun rekur ratsjárstöðvarnar á Miðnesheiði, Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli og Stokksnesi. Nýr ratsjárbúnaður hefur verið tekinn í notkun á stöðvunum á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli. Nýr ratsjárbúnaður verður tekinn í notkun á stöðvunum á Miðnesheiði og Stokksnesi á fyrri hluta árs 1992 og verða eldri stöðvarnar þá teknar úr notkun. Ratsjárstofnun mun einnig reka hugbúnaðarmiðstöð innan varnarsvæðis á Suðurnesjum. Hugbúnaðurinn er í hönnun hjá Hughes Aircraft Co. fyrir bandaríska flugherinn og hefur Kögun hf., sem er verktaki Ratsjárstofnunar á þessu sviði, 16 íslenska starfsmenn í þjálfun hjá Hughes. Starfsmaður Ratsjárstofnunar, sem þegar starfar í Bandaríkjunum, er tengiliður stofnunarinnar við bandaríska flugherinn og starfsmenn Kögunar í Bandaríkjunum. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld á árinu 1992 verði 597 milljónir kr. Samkvæmt samningi við Bandaríkjamenn greiða þeir allan kostnað við rekstur ratsjárstöðvanna.

VIII Alþjóðastofnanir

(1) Sameinuðu þjóðirnar

Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru nú orðin 175. Haustið 1991 gerðust sjö ríki aðilar að samtökunum, þ.e. Eystrasaltsríkin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen, svo og Marshalleyjar, Mikrónesía og Norður- og Suður-Kórea. Í mars 1992 bættust enn níu ríki í hóp aðildarríkjanna, en þau eru Armenía, Aserbaídsjan, Kasakstan, Kirgisistan, Moldavía, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Úsbekistan og San Marínó. Hin nýju aðildarríki styrkja enn frekar hina alþjóðlegu stöðu Sameinuðu þjóðanna.

Þær vonir, sem bundnar voru við Sameinuðu þjóðirnar, einkum á öryggismálasviðinu, við lok síðari heimsstyrjaldarinnar, rættust ekki. Í stað samvinnu bandamanna kom fjandskapur og kalt stríð. Kalda stríðið stóð Sameinuðu þjóðunum alla tíð mjög fyrir þrifum og stofnunin varð nánast valdalaus á öryggismálasviðinu. Með áhrifum sínum komu stórveldin í veg fyrir að ýmis átök og deilumál, sem þau áttu aðild að, kæmu til kasta Sameinuðu þjóðanna.

Sameinuðu þjóðirnar standa nú á nokkrum tímamótum og ný skilyrði hafa skapast fyrir virkari starfsemi þeirra. Nú er tækifæri til að uppfylla þær vonir sem alla tíð hafa verið bundnar við Sameinuðu þjóðirnar. Kalda stríðinu er lokið og samskipti stórveldanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa aldrei verið betri í sögu stofnunarinnar en einmitt nú. Í stað hugmyndafræðilegra átaka á milli austurs og vesturs hefur athyglin beinst að ágreiningi hins ríka norðurs og hins fátæka suðurs. Þróunarríkin hafa vænst breytinga á efnahagslegri og pólitískri stöðu sinni með aðstoð Sameinuðu þjóðanna á meðan iðnríkin hafa fremur litið á Sameinuðu þjóðirnar sem fulltrúa hins óbreytta ástands.

Sameinuðu þjóðirnar hafa nú tækifæri til að beita sér af meiri krafti og þunga við lausn alþjóðlegra deilumála en nokkru sinni áður í sögu samtakanna. Átökin við Persaflóa og hlutverk Sameinuðu þjóðanna við lausn þeirra eru gott dæmi um aukið hlutverk stofnunarinnar.

Enginn ágreiningur er um það að auka áhrif stofnunarinnar og í því sambandi eru bundnar miklar vonir við hinn nýja framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Á átakatímum snúa deiluaðilar sér í dag, enn frekar en áður, til aðalframkvæmdastjórans við lausn ágreiningsefna, þegar allar aðrar leiðir hafa verið fullreyndar, og allt bendir til þess að hlutverk hans eigi eftir að aukast verulega í framtíðinni. Allar forsendur eru nú fyrir hendi að gera Sameinuðu þjóðirnar að þeirri friðarstofnun sem stofnríkin stefndu upphaflega að í lok síðari heimsstyrjaldarinnar.

Nýjar tillögur hafa verið settar fram um endurbætur á skipulagi og starfsemi samtakanna, m.a. af Norðurlöndunum.

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hafa Norðurlöndin lagt áherslu á eflingu Sameinuðu þjóðanna og umbætur á efnahags- og félagsmálasviðinu með sérstakri áherslu á þróunarstarfsemi, þar sem tveir þriðju af 5 milljarða dollara veltu Sameinuðu þjóðanna eru á þessu sviði.

Norðurlöndin hafa einnig beitt sér sameiginlega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna fyrir bættri samræmingu á sviði neyðarhjálpar. Eftir langar samningaviðræður var samþykkt samhljóða ályktun um nýskipun neyðarhjálpar á vegum Sameinuðu þjóðanna. Markmið hennar er að aðgerðir verði á einni hendi undir stjórn sérstaks fulltrúa aðalframkvæmdastjórans í stað þess að dreifast á ýmsar undirstofnanir, sem ekki eru nægilega samstiga. Ennfremur var lögð áhersla á að neyðarhjálp gæti hafist þegar í stað, en tefðist ekki

vegna samráðsleysis undirstofnana Sameinuðu þjóðanna. Þá er nýmæli, að gert er ráð fyrir að ekki þurfi að koma formleg beiðni um hjálp frá viðkomandi ríki heldur geti hjálparstarf hafist með skömmum fyrirvara. Loks er gert ráð fyrir stofnun 50 milljón dollara sjóðs til fjármögnunar hjálparstarfs.

Atburðir undanfarinna mánaða hafa sýnt fram á hið mikilvæga hlutverk Sameinuðu þjóðanna við lausn svæðisbundinna ágreiningsmála. Styrkja þarf starfsemi Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði til þess að stofnunin geti komið í veg fyrir að ný svæðisbundin átök brjótist út nú þegar vonir mannkyns eru bundnar við nýja og friðsamlegri skipan alþjóðamála. Aðildarríkin eru skuldbundin til þess að styðja starf öryggisráðsins og aðalframkvæmdastjórans að friðsamlegri lausn deilumála og eflingu friðar, öryggis, réttlætis og samvinnu í heiminum á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Norðurlöndin hafa lagt fram ákveðnar tillögur um umbætur á starfi samtakanna á sviði friðarumleitana og friðargæslu á tíunda áratugnum, þar sem áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir. Í þessum tillögum felst m.a. eftirfarandi: 1. Öryggisráðið ræði hugsanleg átök og hvernig koma megi í veg fyrir að þau brjótist út. 2. Aðalskrifstofa Sameinuðu þjóðanna verði efld á sviði upplýsingaöflunar og átakavarna til að gera aðalframkvæmdastjóranum betur kleift að vekja athygli öryggisráðsins á aðstæðum sem ógna friði og öryggi í heiminum. 3. Alþjóðlegu skráningakerfi Sameinuðu þjóðanna um vopnaviðskipti verði komið á laggirnar. 4. Þeirri skipan verði komið á, að öryggisráðið eða aðalframkvæmdastjórinn sendi nefndir til átakasvæða til upplýsingaöflunar. 5. Deiluaðilar leiti í enn ríkari mæli en áður til Alþjóðadómstólsins í Haag til lausnar ágreiningsefnum sínum. Jafnframt verði álits dómstólsins í lagalegum efnum oftar leitað til að koma í veg fyrir eða leysa ágreiningsmál. 6. Starfsemi samtakanna á sviði aðstoðar og eftirlits með kosningum verði efld til að tryggja friðsamlega breytingu til lýðræðislegra stjórnarhátta. 7. Pólitískur stuðningur við aðalframkvæmdastjórann verði aukinn til þess að gera honum mögulegt, í samvinnu við öryggisráðið, að taka á árangursríkari hátt þátt í friðargæslu og fyrirbyggjandi aðgerðum. 8. Kannað verði hvort rétt væri að senda friðargæslusveitir samtakanna fyrr á vettvang til að koma í veg fyrir að átök brjótist út. 9. Fjármögnun friðargæslusveitanna verði tryggð. Núverandi friðargæslustarf verði markvissara og hagkvæmara. 10. Nánar verði kannað, í hvert einstakt skipti og í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna, hvort auka ætti brýna mannúðaraðstoð, þ.á m. aðgerðir til að koma í veg fyrir gróf mannréttindabrot. 11. Öryggisráðið ætti að íhuga ákveðnari beitingu viðvarana og þvingana gegn aðilum sem fást ekki til að leysa ágreiningsefni, sem ógna friði og öryggi, á friðsamlegan hátt. Hvatt er til þess að öryggisráðið beiti sér fyrir rannsókn á áhrifum hinna ýmsu tegunda þvingana. 12. Beiting þvingunaraðgerða sem neyðarúrræðis, þ.ám. hernaðaraðgerðir, verði ítarlegar skilgreind. Skipulag hernaðaraðgerða, þ.ám. hlutverk herforingjanefndarinnar (Military Staff Committee), verði nánar kannað.

Í framhaldi af ofangreindum tillögum samþykktu utanríkisráðherrar Norðurlandanna svonefnda Reykjavíkuryfirlýsingu um Sameinuðu þjóðirnar á fundi sínum 21. janúar 1992. Í yfirlýsingunni var hinum sérstaka leiðtogafundi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í New York 31. janúar 1992 fagnað og hann talinn tímabær staðfesting þeirrar staðreyndar, að öryggisráðið gegnir betur hlutverkinu sem því var upphaflega ætlað til varðveislu friðar og öryggis í heiminum. Utanríkisráðherrarnir töldu að sérstakur fundur í öryggisráðinu styrkti hlutverk Sameinuðu þjóðanna á sviði átakavarna enda hafa Norðurlöndin á undanförnum áratugum einarðlega stutt eflingu stofnunarinnar á sviði friðar og friðargæslu. Í Reykjavíkuryfir-lýsingunni, sem er birt sem fylgiskjal með skýrslu þessari, heita Norðurlöndin fullum stuðningi sínum við öryggisráðið og aðalframkvæmdastjórann í þeirri viðleitni að styrkja Sameinuðu þjóðirnar við eflingu friðar og öryggis.

Á leiðtogafundinn komu leiðtogar þrettán ríkja og tveir utanríkisráðherrar. Þetta var í fyrsta sinn sem slíkur fundur hefur verið haldinn í öryggisráðinu. Í lok fundarins las forseti öryggisráðsins, John Major forsætisráðherra Bretlands, yfirlýsingu fyrir hönd hinna fimmtán meðlima ráðsins.

Í yfirlýsingunni er fagnað því hlutverki sem Sameinuðu þjóðirnar hafa gegnt við að binda enda á langvarandi átök og deilur. Lögð er áhersla á að undangengnar breytingar í alþjóðastjórnmálum geti haft í för með sér nýjar hættur hvað varðar jafnvægi og öryggi. Öll aðildarríkin ætla Sameinuðu þjóðunum að gegna lykilhlutverki á þessum tímamótum og leggja áherslu á mikilvægi þess að efla og bæta stofnunina. Þá ítrekuðu leiðtogarnir stuðning við sameiginlegt öryggiskerfi eins og stofnskrá gerir ráð fyrir. Þeir lýstu jafnframt áhyggjum vegna alþjóðlegra hryðjuverka og lögðu áherslu á að þjóðum heims bæri að fordæma þau.

Að því er varðar friðargæslu og friðarstörf fól öryggisráðið aðalframkvæmdastjóranum að leggja fram fyrir 1. júlí 1992 tillögur um leiðir til þess að efla starf Sameinuðu þjóðanna við friðargæslu, sáttastörf og við að koma í veg fyrir átök. Aðildarríki ráðsins leggja ennfremur áherslu á mikilvægi þess að öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna standi við skuldbindingar sínar hvað varðar afvopnun og vopnaeftirlit og að komið yrði í veg fyrir útbreiðslu vopna sem telja má ógnun við alþjóðlegan frið og öryggi. Ennfremur staðfestu aðildarríki öryggisráðsins þá fyrirætlun sína að fylgja eftir ályktunum fundarins um að tryggja jákvæða þróun friðar og öryggis í heiminum og lögðu áherslu á mikilvægt hlutverk aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna þar að lútandi.

Í yfirlýsingunni er staðfest víðari túlkun á friðargæslustörfum samtakanna, sem hefur verið við lýði undanfarin eitt til tvö ár. Hér er átt við eftirlit með kosningum og framkvæmd skuldbindinga á sviði mannréttinda og aðstoð við að flytja flóttamenn aftur til fyrri heimkynna.

Kínverjar voru eindregið á móti því að minnst væri á eftirlit með mannréttindum í yfirlýsingunni og sagði forsætisráðherra þeirra að slíkt væri bein íhlutun í innanríkismál viðkomandi landa og óheimilt samkvæmt stofnskránni.

Í yfirlýsingunni var jafnframt bent á, að ekki væri unnt að tryggja frið og öryggi í heiminum ef ójafnvægi ríkti á sviði efnahags-, félags-, mannúðar- og umhverfismála.

(1.1) Fertugasta og sjötta allsherjarþingið

Miklar vonir voru bundnar við þetta þing eftir að Sameinuðu þjóðirnar höfðu losnað úr kyrrstöðu kalda stríðsins og stórveldin tekið höndum saman við lausn alþjóðamála. Segja má að 45. allsherjarþingið hafi verið haldið í skugga öryggisráðsins og að með 46. allsherjarþinginu hafi byrjað nýr áfangi í sögu Sameinuðu þjóðanna. Á tímum kalda stríðsins gátu þróunarríkin jafnan treyst því að þau gætu fengið annað stórveldanna sem meðflytjanda við flutning ályktunartillagna. Með bættri sambúð stórveldanna hefur þetta breyst og má grannt finna að þróunarríkin eru á margan hátt hikandi við nýjar aðstæður. Stríðið milli Íraks og Kuveits hafði þau áhrif á þróunarlandahópinn að hann klofnaði og meðal þeirra ríkir ekki lengur sú samstaða sem jafnan tryggði þeim öruggan meirihluta, um 130 atkvæði, í atkvæðagreiðslum á þinginu. Ekki kemur þessi klofningur þó á óvart, þar sem í þróunarlandahópnum eru lönd sem búa við mjög ólík kjör og stjórnarfar. Það veldur án efa miklu um framtíð stofnunarinnar nú að Vesturlandahópurinn sýni skilning og réttsýni gagnvart vanda þróunarlandanna og dragi þar með úr því vantrausti, sem um langt skeið hefur auðkennt samskipti þessara hópa.

Í almennu umræðunni á allsherjarþinginu tóku til máls fulltrúar 162 landa, þar á meðal 24 þjóðhöfðingjar, 10 forsætisráðherrar, 10 varaforsætisráðherrar og 94 utanríkisráðherrar. Flestir ræðumanna lögðu áherslu á mikilvægi þess að Sameinuðu þjóðirnar gegndu

forystuhlutverki á grundvelli sáttmála samtakanna við eflingu friðar, réttlætis og alþjóðlegrar samvinnu á breytingatímum. Ræðumenn frá þróunarlöndunum nefndu margir þá gífurlegu fjárhagserfiðleika sem þau eiga við að búa. Um 30% af útflutningstekjum færu að meðaltali til afborgana og væri sú tala tvöfalt hærri hjá vanþróuðustu ríkjunum.

Nokkrir ræðumenn nefndu nauðsyn þess að taka til endurskoðunar fjölda sæta í öryggisráðinu til þess að koma á réttlátari skiptingu milli landahópa. Ýmis ríki, svo sem Indland, Nígería, Mexikó og Brasilía, telja að eðlilegt sé að föstum sætum verði einnig fjölgað. Það kom fram hjá utanríkisráðherra Ítalíu að sameina mætti föst sæti Frakklands og Bretlands undir hatti Evrópubandalagsins. Rússland hefur nú tekið sæti Sovétríkjanna í öryggisráðinu. Síðast urðu breytingar á öryggisráðinu 1965, en þá voru aðildarríkin 117.

Eitt af þeim málum, sem þingið fjallaði um og mesta eftirvæntingu vakti, var val nýs aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í stað Javiers Perez de Cuellars sem lét af störfum 31. desember 1991 eftir 10 ára farsælt starf. Afríkuríkin höfðu lýst því yfir að þau teldu röðina komna að Afríku og tilnefndu nokkra fulltrúa sem þau sögðu verðuga frambjóðendur. Málum lauk með því að Egyptinn dr. Boutros Boutros Ghali hlaut kosningu og má telja það farsæla lausn.

Ályktun 46. þingsins, sem einna mesta athygli vakti og sýnir vel þær breytingar sem orðið hafa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, var ályktun 46/86. Þar var felld úr gildi ákvörðun úr ályktun 3379 frá 10. nóvember 1975, þar sem síonisma er jafnað við kynþáttahatur. Ályktunin var samþykkt með 111 atkvæðum gegn 25. Hjá sátu 13 lönd og 17 lönd tóku ekki þátt í atkvæðagreiðslunni, í þeim hópi voru m.a. Kuveit, Marokkó, Túnis, Egyptaland og Kína. Ísland var í hópi 84 landa sem lögðu tillöguna fram. Í fyrstu nefnd allsherjarþingsins var samþykkt ályktun 46/36L, upplýsingar um viðskipti með hefðbundin vopn, með 150 atkvæðum, engu mótatkvæði, en tvö lönd, Írak og Kúba, sátu hjá. Samkvæmt ályktun þessari skulu ríki frá og með 1. janúar 1992 gefa aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna árlega skýrslu um inn- og útflutning vopna auk þess sem þau gefi upplýsingar um vopnabirgðir sínar og framleiðslu. Í kjölfar hernáms Kuveits kom fram sú hugmynd að nauðsynlegt væri að slík skrá væri gerð af Sameinuðu þjóðunum til þess að koma í veg fyrir að einstök ríki söfnuðu að sér óeðlilegum vopnabirgðum (sjá fylgiskjal 4).

Fulltrúi Íslands í fyrstu nefnd lagði í nefndinni áherslu á hættuna sem ógnar lífríki sjávar af völdum slysa þar sem kjarnakljúfar á höfunum koma við sögu. Benti hann m.a. á, að hátt á sjötta hundrað kjarnakljúfar séu í skipum og kafbátum og fyrirbyggjandi öryggisreglur nái aðeins til lítils hluta þeirra. Störf fyrstu nefndar endurspegla glöggt þær breytingar sem orðið hafa á heimsmálum. Gamlar og úreltar ályktanir fyrri ára hverfa eða er breytt og áhugi er á því að ná samstöðu. Samstaða Norðurlandanna jókst í nefndinni og stóðu þau saman við afgreiðslu allra ályktana nema þriggja, en á 45. þinginu voru þau ósammála við afgreiðslu 10 ályktana.

Af málefnum annarrar nefndar allsherjarþingsins bar hvað hæst samþykkt ályktunar um að hætta stórtækum reknetaveiðum á úthöfunum. Á síðustu þremur allsherjarþingum hefur verið fjallað um stórtækar reknetaveiðar. Á þinginu var samþykkt tillaga sem bannar stórtækar reknetaveiðar, sem almennt hafa verið skilgreindar þannig að reknet séu lengri en 2.5 km, frá og með 31. desember 1992. Tillagan byggist á samkomulagi sem Bandaríkin, Nýja-Sjáland, Ástralía og nokkur fleiri ríki annars vegar gerðu við Japan hins vegar um að banna þessar veiðar. Samþykkt þessarar tillögu skaðar ekki hagsmuni Íslands en íslensk stjórnvöld hafa þó ætíð beitt sér gegn tillöguflutningi um einstök veiðarfæri.

Í þriðju nefnd allsherjarþingsins var Ísland í hópi meðflytjenda að tillögu sem Svíþjóð stóð að um mannréttindi í Myanmar. Tillagan var samþykkt án atkvæðagreiðslu, og er það í fyrsta sinn í sögu Sameinuðu þjóðanna sem tillaga um mannréttindi í einstöku ríki er

samþykkt án atkvæðagreiðslu. Afgreiðsla tillögunnar styrkir þá meginreglu að afskipti þjóða af stöðu mannréttinda í einstökum ríkjum teljast ekki íhlutun í innanríkismál þeirra. Tillaga var samþykkt um undirbúning alþjóðlegu mannréttindaráðstefnunnar 1993, sem má telja einn mikilvægasta mannréttindafund á þessum áratug. Ísland var meðflytjandi að tillögu um möguleika þess að halda alþjóðaráðstefnu um félagsmál. Þingið minntist einnig 25 ára afmælis mannréttindasáttmálanna. Tillaga Bandaríkjanna um reglubundnar og frjálsar kosningar var samþykkt og ákveðið var að stofna til embættis á aðalskrifstofunni sem aðstoðaði aðalframkvæmdastjórann við afgreiðslu og úrvinnslu úr beiðnum til Sameinuðu þjóðanna um eftirlit með kosningum í einstökum aðildarríkjum. Ákveðin mótstaða var við þessa tillögu hjá mörgum ríkjum úr hópi þróunarlandanna, en andstaðan var minni en búist hafði verið við. Nefndin samþykkti tillögur frá afbrotavarnarþinginu sem haldið var í París 21.-23. nóvember 1991, sem fólu m.a. í sér að sérfræðinganefnd samtakanna um afbrotavarnir var lögð niður en í hennar stað var stofnað afbrotavarnaráð Sameinuðu þjóðanna sem 40 aðildarríki eiga sæti í. Á 45. allsherjarþinginu voru stofnanir Sameinuðu þjóðanna sem fjalla um eiturlyfjavandamálið sameinaðar í eina stofnun, alþjóðaáætlun Sameinuðu þjóðanna gegn eiturlyfjum, UNDCP. Staða stofnunarinnar hefur verið óljós en á þessu þingi var ákveðið að hún yrði hluti af aðalskrifstofunni en jafnframt að verulegu leyti sjálfstæð undirstofnun hennar.

Starf Sameinuðu þjóðanna að nýlendu- og sjálfstæðismálum hefur verið árangursríkt. Örfá lítil landsvæði hafa enn ekki hlotið sjálfstæði og eru þau flest lítil eyríki í Karabíska hafinu og Kyrrahafinu. Tillögur fjórðu nefndar allsherjarþingsins eru lagðar fram af nýlendunefndinni og hafa til þessa yfirleitt komið til afgreiðslu án þess að fjórða nefnd hafi verið gefinn kostur á að breyta efni þeirra. Í nýlendunefndinni sitja m.a. ríki sem ríghalda í hugmyndafræði kaldastríðsáranna, textar nefndarinnar eru því yfirleitt í engu samræmi við breytt andrúmsloft innan Sameinuðu þjóðanna og þróun undanfarinna ára. Í ár var reynt að breyta textum nýlendunefndarinnar m.a. að frumkvæði Kongó, þar sem tillögurnar þóttu ekki ganga nógu langt og gerðu lítið annað en að flækja störf nefndarinnar. Þær raddir gerast nú háværari, einkum innan vestræna hópsins, að sameina eigi störf fjórðu nefndar og sérstöku stjórnmálanefndarinnar.

Endurskipulagning Sameinuðu þjóðanna er eitt af mikilvægari málum stofnunarinnar. Hún er nátengd öðru alvarlegu vandamáli, þ.e. fjárhagsörðugleikum stofnunarinnar, sem einkum má rekja til þess að ríki hafa dregið skyldubundnar greiðslur sínar. Stærsti skuldarinn, þ.e. Bandaríkin, segist greiða skilvíslega um leið og unnt er að treysta því að stofnunin sé rekin skynsamlega. Aðalskrifstofan hefur farið þess á leit við Norðurlöndin, þegar stofnunin hefur átt við fjárhagserfiðleika að stríða, að þau greiði framlög sín strax í upphafi næsta rekstrarárs. Norðurlöndin ákváðu sem fyrr að verða við þessari beiðni fyrir árið 1992. Ætíð gengur erfiðlega að ná samkomulagi um framlagastigann. Vandamálin voru fleiri á 46. þinginu en áður, þar sem sjö ný ríki höfðu bæst í hóp aðildarríkja, þ.á m. Eystrasaltsríkin. Vandamálið við ákvörðun framlaga þeirra var mikið, m.a. vegna krafna Sovétríkjanna um að framlag þeirra lækkaði hlutfallslega sem næmi ákvörðun um framlag Eystrasaltsríkjanna. Eystrasaltsríkin kröfðust þess hins vegar að þau yrðu meðhöndluð sem ný ríki, en ekki hluti af Sovétríkjunum. Þar að auki bentu þau á að þjóðartekjur í Sovétríkjunum væru af pólitískum ástæðum áætlaðar of háar. Að lokum var ákveðið að bíða með ákvörðun um framlag Eystrasaltsríkjanna þar til rannsókn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á raunverulegum þjóðartekjum landanna hefði farið fram. Framlagastiginn var samþykktur til 3ja ára vegna eindreginna krafna margra ríkja. Kröfu Sovétríkjanna um eins árs framlagastiga var hins vegar hafnað. Almennt er þó talið að mál þetta verði kannað á næsta allsherjarþingi í ljósi upplausnar Sovétríkjanna.

Af málefnum sjöttu nefndar allsherjarþingsins þóttu tvö athyglisverðust: Annars vegar ályktun, þar sem því er fagnað að nú sé fullgerð handbók um friðsamlega lausn deilumála, sem dreift verður til aðildarríkja samtakanna. Hins vegar ályktun þar sem samþykkt er yfirlýsing um upplýsingasöfnun Sameinuðu þjóðanna varðandi varðveislu friðar og öryggis í heiminum, í því skyni að koma í veg fyrir erjur og ófrið. Bæði þessi mál hafa verið rædd í stofnskrárnefnd samtakanna um nokkurt árabil og nú afgreidd þaðan.

(1.2) Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun 1992

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna tók þá ákvörðun 1989 að efna til alþjóðaráðstefnu um umhverfismál og þróun árið 1992. Ráðstefnan verður haldin í Rio de Janeiro í Brasilíu 1.-12. júní 1992. Ráðstefnan verður fjölmennasta alþjóðaráðstefna sem samtökin hafa staðið fyrir til þessa.

Af hálfu Íslands hafa umhverfis- og utanríkisráðuneytið annast undirbúning ráðstefnunnar, í samvinnu við önnur ráðuneyti. Tekin hefur verið saman ítarleg skýrsla um stöðu umhverfis- og þróunarmála á Íslandi. Skýrslan var afhent aðalskrifstofu ráðstefnunnar í Genf í desember 1991 og mun einnig liggja frammi á ráðstefnunni í Rio. Unnið er að útgáfu skýrslunnar á íslensku.

Vonir eru bundnar við að umhverfis- og þróunarráðstefnan í Rio muni marka þáttaskil í umhverfismálum veraldar á svipaðan hátt og Stokkhólmsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál gerði 1972. Verkefni ráðstefnunnar eru fjölþætt og eru þessi hin helstu:

Stefnt er að samþykkt grundvallarstefnuskrár ríkja heims í umhverfis- og þróunarmálum (Earth Charter). Þar verður fjallað í stuttu máli um réttindi og skyldur ríkja á þessu mikilvæga sviði alþjóðasamskipta.

Í öðru lagi verður væntanlega samþykkt ítarleg framkvæmdaáætlun í umhverfis- og þróunarmálum sem ríki skulu starfa eftir fram yfir aldamót. Í áætlun þessari (Agenda 21) verður fjallað um brýnustu verkefni á sviði verndunar hafsins, lofts og landkosta, fjármögnun umhverfisverndar í þróunarlöndunum og flutning tækniþekkingar til þeirra frá hinum efnaðri ríkjum veraldar. Áhersla er lögð á að öll ríki Sameinuðu þjóðanna hagi stefnumótun sinni í umhverfismálum í samræmi við þessa framkvæmdaáætlun.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að a.m.k. tveir alþjóðasamningar um umhverfisvernd verði samþykktir og undirritaðir á ráðstefnunni. Annars vegar er þar um að ræða samning um verndun andrúmsloftsins og ósonlagsins, þar sem m.a. verður fjallað um varnir gegn gróðurhúsaáhrifum, og hins vegar er gert ráð fyrir að samþykktur verði samningur um verndun fjölbreytileika líftegunda jarðar. Vonir standa og til að á ráðstefnunni náist samkomulag um grundvallaratriði alþjóðasamnings um verndun hafsins gegn mengun frá landstöðvum og samnings um verndun regnskóga jarðar.

Þess er að vænta að Íslendingar leggi sitt af mörkum til þess að vonir þær sem bundnar eru við þetta framtak Sameinuðu þjóðanna muni rætast.

(1.3) Flóttamannastofnunin (UNHCR)

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna var stofnuð árið 1951 á grundvelli ákvörðunar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Það var fyrst eftir síðari heimsstyrjöldina sem farið var að líta á flóttamannavandamálið sem alþjóðlegt enda var straumur flóttamanna í kjölfar hennar gífurlegur. Á vegum Flóttamannastofnunarinnar starfa u.þ.b. tvö þúsund og sex hundruð aðilar í um eitt hundrað löndum og eru höfuðstöðvar stofnunarinnar í Genf. Norðurlandaskrifstofa stofnunarinnar var sett á laggirnar 1986 og hún hefur aðsetur í Stokkhólmi. Aðaltekjulind Flóttamannastofnunarinnar eru frjáls framlög einstakra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, en einungis óverulegur hluti teknanna eru föst framlög frá Sameinuðu

þjóðunum. Stærstur hluti af starfsemi Flóttamannastofnunarinnar felst í neyðaraðstoð við flóttamenn í samvinnu við ýmsar alþjóðlegar líknarstofnanir, t.d. varðandi fæði, húsnæði, flutninga og heilbrigðiskerfi. Markmiðið er að gera flóttamönnum fært að aðlaga sig nýju umhverfi. Flóttamannastofnunin áætlar fjölda flóttamanna í heiminum nú allt að sautján milljónum og er stærstur hluti þeirra búsettur á suðurhveli jarðar í mörgum af fátækustu ríkjum heims.

Helsta verkefni stofnunarinnar 1991 var aðstoð við flóttamenn frá Írak vegna Persaflóastríðsins. Flóttamannastofnuninni var af Sameinuðu þjóðunum falin yfirumsjón með því verki. Þegar flóttamannastraumurinn náði hámarki í maí 1991 í kjölfar Persaflóastríðsins er talið að u.þ.b. 1.9 milljónir íraskra flóttamanna hafi flúið til Írans og Tyrklands. Flestir þessara flóttamanna hafa nú snúið til baka en yfir 500 þúsund flóttamenn í norðurhluta Íraks hafa enn engan samastað. Áætlaður kostnaður stofnunarinnar 1991 vegna þessa verkefnis var 221 milljón Bandaríkjadala.

Önnur helstu verkefni stofnunarinnar voru í Eþíópíu, Sómalíu og Súdan. Áætlaður fjöldi flóttamanna á þessum svæðum er um 800 þúsund í Eþíópíu (flestir frá Sómalíu), um 650 þúsund í Súdan (um helmingur frá Eþíópíu) og um 150 þúsund í Sómalíu (flestir frá Eþíópíu). Upphafið að þessum gífurlega flóttamannastraumi má rekja til styrjaldarinnar milli Eþíópíu og Sómalíu á árinu 1978 svo og innanlandsátaka í öllum þessum löndum. Áætlaður kostnaður stofnunarinnar 1991 vegna verkefna á þessu svæði var um 177 milljónir Bandaríkjadala. Flóttamannastofnunin átti á síðasta ári einnig aðild að ýmsum smærri verkefnum í flestum öðrum Afríkuríkjum, í Suðaustur-Asíu og í Suður-Ameríku.

Flóttamannavandamálið í heiminum í dag verður ekki leyst án alþjóðlegrar samvinnu. Austur-Evrópuríki eru nú virkari þátttakendur í starfi Flóttamannastofnunarinnar en áður var. Flóttamannastofnunin leggur áherslu á þrjá meginþætti við lausn flóttamannavandans, þ.e. forvarnarstarf, brýna neyðaraðstoð og varanlega lausn vandans. Nú er almennt viðurkennt að meginreglan um að hlutast ekki til um innanríkismál annarra ríkja eigi ekki við á sviði mannréttinda. Á sama hátt er nauðsynlegt að meginreglan um sjálfstæði ríkja hindri ekki brýna aðstoð við flóttafólk.

Reynslan af flóttamannaaðstoðinni á Persaflóasvæðinu varð til þess að stofnaður var sjóður til þess að unnt væri að bregðast með skjótari hætti við skyndilegum flóttamannastraumi. Friður og öryggi er forsenda varanlegrar lausnar flóttamannavandans og mikilvægt er að öll þróunaraðstoð hafi hliðsjón af vanda flóttafólks.

Fjárþörf Flóttamannastofnunarinnar 1991 var 980 milljónir dollara, en framlög einungis 800 milljónir dollara.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar er Sadako Ogato frá Japan.

(1.4) Menningarmálastofnunin (UNESCO)

Tuttugasta og sjötta aðalráðstefna Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna var haldin í höfuðstöðvum stofnunarinnar í París 15. október til 7. nóvember 1991. Fjögur ný aðildarríki bættust í ríkjahópinn á aðalráðstefnunni, Eistland, Lettland, Litháen og Tuvalu, og eru aðildarríkin nú 164 að tölu.

Aðalráðstefnan var átakalítil og lítið bar á pólitískum deilum. Umfjöllun um hugsanlega aðild Palestínu að UNESCO var enn frestað, en þessu máli hafði einnig verið frestað á síðustu aðalráðstefnu haustið 1989. Umræður um þröngan fjárhag stofnunarinnar settu töluverðan svip á ráðstefnuna eins og oft áður. Af þessum sökum hefur víða orðið að draga verulega úr starfsemi stofnunarinnar. Aðalráðstefnan var t.a.m. talsvert styttri en verið hefur og þarf að leita allt að þrjátíu ár aftur í tímann til að finna hliðstæðu. Sparnaðarsjónarmið ráða hér mestu um. Fjárhagur stofnunarinnar var mjög þröngur framan

af árinu 1991, þar sem um 70% aðildarríkjanna greiddu ekki framlag sitt á réttum tíma. Menningarmálastofnunin varð m.a. að taka lán til að geta staðið við skuldbindingar sínar og varð nokkur umræða um hver ætti að greiða lántökukostnað. Starfsfólki stofnunarinnar hefur fækkað og stefnt er að frekari fækkun á næstu árum.

Þau stjórnmálalegu umskipti sem orðið hafa í Mið- og Austur-Evrópu settu einnig svip sinn á aðalráðstefnuna og fulltrúar margra ríkja höfðu á orði að stofnunin hefði öðlast nýtt hlutverk við þá lýðræðisþróun sem víða hefði átt sér stað í heiminum.

Við setningu aðalráðstefnunnar flutti Francois Mitterrand, forseti Frakklands, ávarp, þar sem hann m.a. hvatti þau ríki, sem yfirgáfu Menningarmálastofnunina á valdatíma fyrri framkvæmdastjóra stofnunarinnar, M'Bow, þ.e. Bandaríkin, Bretland og Singapore, að ganga til liðs við stofnunina á nýjan leik. Núverandi framkvæmdastjóri stofnunarinnar, Spánverjinn Frederico Mayor, hefur einnig unnið mjög að því að þessi ríki gangi aftur til liðs við stofnunina. Umrædd ríki hafa gefið út yfirlýsingar þess efnis að endurskoðun á afstöðu þeirra til aðildar að Menningarmálastofnuninni sé ekki á dagskrá. Ríkin hafa áheyrnarfulltrúa hjá stofnuninni. Bandaríkjaþing sendi hins vegar níu manna sérfræðinganefnd á aðalráðstefnuna til að gera úttekt á stöðu Menningarmálastofnunarinnar í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa undir stjórn núverandi framkvæmdastjóra. Skýrsla þessarar nefndar á að liggja fyrir á árinu 1992.

Að tillögu Japans, sem greiðir rúmlega 11% af útgjöldum stofnunarinnar, voru gerðar þær breytingar á starfsreglum Menningarmálastofnunarinnar, að fulltrúar ríkja en ekki einstaklingar verði kjörnir í framkvæmdastjórn stofnunarinnar frá og með næstu aðalráðstefnu 1993. Í tengslum við þessa breytingu var samþykkt að setja á laggirnar þrettán manna sérfræðinganefnd, sem hittist tvisvar á ári til að ræða fagleg og stefnumarkandi málefni.

Enginn ágreiningur er lengur um stefnu stofnunarinnar í fjölmiðlamálum. Eins og frá var greint í skýrslu til Alþingis í mars 1990, þá náðist á aðalráðstefnunni 1989 samstaða um megináherslur í viðfangsefnum stofnunarinnar á þessu sviði. Grundvallarágreiningur í þessum málum á níunda áratugnum átti stærstan þátt í því að Bretland og Bandaríkin sögðu sig úr stofnuninni.

Á árinu 1990 hófst alþjóðlegur áratugur menningarþróunar sem stofnunin stendur að ásamt Sameinuðu þjóðunum.

Af öðrum málum, sem rædd voru á aðalráðstefnunni, má nefna undirbúning að stofnun alþjóðlegrar miðstöðvar um tækni- og verknám. Einnig var ítarlega rædd væntanleg skýrslugerð um heimsmenninguna og þróun hennar. Gert er ráð fyrir að skipuð verði nefnd valinkunnra einstaklinga í anda Brandt- Palme- og Brundtland-nefndanna, sem hafi víðtæka þekkingu, reynslu og yfirsýn í menningarmálum og að nefndin skili skýrslu að þremur árum liðnum frá skipun hennar. Formaður nefndarinnar verður skipaður sameiginlega af aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og framkvæmdastjóra Menningarmálastofnunarinnar.

Norðurlöndin buðu fram fulltrúa Danmerkur í framkvæmdastjórn stofnunarinnar og náði hann kosningu. Í framkvæmdastjórninni situr einnig fulltrúi frá Finnlandi. Fulltrúi Íslands hlaut kosningu í íþróttanefnd UNESCO.

(1.5) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO)

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin var stofnuð 1948 og eru aðalstöðvar hennar í Genf, en svæðisskrifstofur í Alexandríu, Brazzaville, Kaupmannahöfn, Manila, Nýju Delhi og Washington. Æðsta vald Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er í höndum þings þess, sem haldið er í maí ár hvert, að jafnaði í Genf, og stendur yfir í tvær vikur. Öll aðildarríki stofnunarinnar eiga þátttökurétt á þinginu. Sérstök stjórn, sem hittist tvisvar á ári, undirbýr

mál fyrir þingið. Fulltrúar þrjátíu og eins ríkis eiga rétt til setu í stjórninni og eru þeir kosnir á þinginu. Skrifstofa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar aðstoðar þingið og stjórnina og kemur ákvörðunum þeirra í framkvæmd. Aðalframkvæmdastjóri skrifstofunnar er dr. Hiroshi Nakajima frá Japan. Aðaltekjulind Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar eru framlög aðildarríkja þess, en þau eru nú 166 talsins.

Dagana 6.-17. maí 1991 var 44. ársþing Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar haldið í Genf. Af hálfu Íslands sóttu þingið Sighvatur Björgvinsson, heilbrigðisráðherra, starfsmenn fastanefndarinnar í Genf, fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins og landlæknisembættisins. Heilbrigðisráðherra hélt ræðu á þinginu þar sem hann m.a. kynnti heilbrigðisstefnu Íslands til ársins 2000 sem Alþingi samþykkti í mars 1991.

Bæði á ársþingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 1989 og 1990 var því frestað að taka ákvörðun um aðildarumsókn Palestínu að stofnuninni. Öll Arabaríkin studdu þá aðildarumsókn, en Bandaríkin hafa talið að ef slík umsókn yrði samþykkt hefði það ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér fyrir starf Sameinuðu þjóðanna í heild og þátttöku Bandaríkjanna vegna þess fordæmisgildis sem slík samþykkt hefði. Á 44. ársþinginu var engin samstaða í Arabahópnum um þetta mál, og var það afleiðing Persaflóastríðsins. Ákveðið var í þeim hópi að taka málið ekki upp á þessu þingi heldur einungis að senda aðalframkvæmdastjóra WHO bréf þar sem hann yrði minntur á að halda áfram að kanna umsókn Palestínu um aðild að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Á þinginu var samþykkt ályktunartillaga um heilsufar flóttamanna í Írak og nágrannalöndum þess, þar sem þungum áhyggjum var lýst yfir þeim hættum sem steðjuðu að heilsu flóttamanna. Auk þess var talin þörf á því að skapa aðstæður sem gerðu íröskum flóttamönnum kleift að snúa til heimkynna sinna á ný sem fyrst. Alþjóðaheilbrigðistmálastofnunin var hvött til þess í samvinnu við aðrar stofnanir, er stunduðu hjálparstörf á svæðinu, að létta á þeirri þungu byrði, sem nágrannaríki Íraks þyrftu að bera með því að auka heilbrigðisaðstoð við flóttamenn.

Árlega hafa staðið deilur um ályktunartillögu araba varðandi heilsufar íbúa á herteknu svæðunum í Ísrael. Í ár var tillagan samþykkt með 102 atkvæðum á móti 2 (Bandaríkin og Ísrael) og 10 sátu hjá. Ísland, ásamt öðrum Norðurlöndum, greiddi atkvæði með tillögunni.

Að frumkvæði Sovétmanna var afgreidd ályktun um alþjóðlegar aðgerðir til að draga úr áhrifum Chernobyl-slyssins á heilsufar. Í fyrstu var mikil andstaða við þessar hugmyndir, einkum af hálfu Bandaríkjanna og Kanada sem töldu m.a. ekki nægilega umræðu hafa átt sér stað um þetta mál, en að lokum náðist samkomulag um mjög almennan texta sem gerir ráð fyrir samvinnu Sovétríkjanna og annarra ríkja, sem áhuga hafa, til að vinna að framangreindum markmiðum ályktunarinnar, undir yfirstjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Aðrar tillögur með pólitísku ívafi voru samþykktar án atkvæðagreiðslu, en þær voru um: Heilbrigðis- og læknaþjónustu í Líbanon; aðstoð við landamæraríki Suður-Afríku; uppbyggingu á heilbrigðiskerfi Namibíu; heilbrigðisaðstoð við flóttamenn og aðra á Kýpur og heilbrigðis- og lyfjaaðstoð við Sómalíu.

Ýmsar faglegar ályktanir voru afgreiddar á þinginu, t.d. varðandi: Rannsóknir og þróun á bóluefnum fyrir börn; kóleru; aðgerðir gegn öndunarfærasjúkdómum í börnum; átak gegn berklum; baráttuna gegn holdsveiki; nauðsyn þess að efling heilbrigðisþjónustu verði eitt af markmiðum þróunaraðstoðar fyrir vanþróuðustu ríkin; reykingar, þ.á m. nauðsyn þess að vernda heilsu fólks sem ekki reykir gagnvart reykingum, t.d. með því að banna reykingar í almenningsvögnum; heilbrigðisvandamál vegna offjölgunar í borgum og á þéttbýlissvæðum; nauðsyn þess að styrkja og bæta neyðaraðstoð, sérstaklega í ljósi fjölda hamfara undanfarið af manna- og náttúruvöldum, og loks ályktun um heilsufar kvenna og þróunaraðstoð. Að auki

voru ýmis önnur málefni tekin fyrir og skýrslur gefnar um stöðu verkefna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin vinnur að, svo sem varðandi alnæmi, malaríu o.fl.

(1.6) Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA)

Aðalfundur Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA), hinn þrítugasti og fimmti í röðinni, var haldinn í Vínarborg í september 1991. Fulltrúar 94 aðildarríkja af 112 sátu fundinn. Fulltrúar Suður-Afríku sátu aðalfundinn í fyrsta sinn síðan 1979, þegar umboðsskjöl þeirra voru ekki samþykkt og þeir urðu að hverfa af fundinum. Ástæðan fyrir því, að umboðsskjölin voru samþykkt nú, var auk breyttrar stefnu í kynþáttaaðskilnaðarmálum, að Suður-Afríka hafði gerst aðili að alþjóðasamningi um bann við útbreiðslu kjarnavopna (Non-Proliferation Treaty) og undirritað samning við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina um öryggiseftirlit með öllum kjarnorkubúnaði sínum til að tryggja að honum verði ekki beitt til framleiðslu kjarnavopna.

Fjórum ríkjum var nú veitt aðild að stofnuninni, þ.e. Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Jemen.

Í stjórnarnefnd Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar eiga sæti fulltrúar frá 35 ríkjum. Svíþjóð átti sæti í nefndinni fram að aðalfundinum, en á honum hlaut Noregur kosningu í stjórnarnefndina.

Fulltrúar Ungverjalands, Póllands og Tékkóslóvakíu tóku nú í fyrsta sinn þátt í fundum svokallaðs WEOG hóps (Western Europe and Others Group).

Málefni Íraks settu mjög svip sinn á aðalfundinn. Samþykkt var ályktun með aðeins einu mótatkvæði Íraks, sem fordæmir Írak stranglega fyrir að hafa ekki staðið við skuldbindingar sínar um öryggiseftirlit með útbreiðslu kjarnavopna og lofar jafnframt starfslið Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar fyrir framgöngu þess við að finna og eyða efnum og tækjabúnaði í Írak, sem nota mætti til framleiðslu kjarnavopna.

Á aðalfundinum var lögð fram skýrsla um mjög viðamiklar rannsóknir á áhrifum geislunar frá kjarnorkuslysinu í Chernobyl á menn og umhverfi og mat á varnaraðgerðum. Rannsóknir þessar hófust að beiðni Sovétríkjanna og voru unnar undir stjórn alþjóðlegrar sérfræðinganefndar, sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin skipaði. Um 200 sérfræðingar á ýmsum sviðum frá 23 löndum og 7 alþjóðastofnunum tóku þátt í þessum rannsóknum og 50 vísindaleiðangrar voru farnir til Sovétríkjanna.

Þá setti Alþjóðakjarnorkumálastofnunin á fót vinnuhóp til að athuga öryggi kjarnorkuvera í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum, þ.á m. öryggi kjarnofna af þeirri gerð, sem eru í Chernobyl. Þetta er liður í viðleitni stofnunarinnar að auka öryggi kjarnorkuvera almennt og er mikilvægur þáttur í starfsemi hennar.

Á þrítugasta og fjórða aðalfundi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í september 1990 var samþykkt tillaga frá öllum Norðurlöndunum um öryggisleiðbeiningar fyrir kjarnorkuknúin skip. Með tillögunni var aðalforstjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar falið að hafa samráð við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO) um málið. Öryggismálanefnd IMO hefur málið nú til meðferðar og mun taka það aftur upp í apríl 1992.

(1.7) Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Þrettánda starfsár Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Reykjavík var með hefðbundnum hætti. Þrettán jarðvísindamenn og verkfræðingar voru í sex mánaða sérhæfðri þjálfun hér á landi. Þeir komu frá El Salvador (1), Filipseyjum (1), Júgóslavíu (1), Kenýa (1), Kína (4), Níkaragúa (1), Póllandi (2), Tékkóslóvakíu (1) og Thailandi (1).

Sérfræðingar Orkustofnunar sáu um mestan hluta kennslunnar, en nemendur nutu einnig kennslu hjá sérfræðingum Verkfræðistofunnar Vatnaskila hf. Jarðhitaskóli Háskóla

Sameinuðu þjóðanna var stofnaður árið 1979, en þá samþykkti ríkisstjórnin að Orkustofnun gerðist aðildarstofnun Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Samstarfssamningurinn milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Orkustofnunar um rekstur jarðhitaskólans var framlengdur vorið 1991 til ársins 1996. Áður hefur samningurinn aðeins verið framlengdur til þriggja ára í senn.

Alls hafa 106 raunvísindamenn og verkfræðingar frá 22 löndum hlotið sex mánaða þjálfun í jarðhitaskólanum, en á fjórða tug manna hefur komið til skemmri námsdvalar. Íslenska ríkið greiðir um 80% af kostnaði við rekstur skólans en um 20% koma frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Íslenska framlagið til Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna er fært á fjárlögum sem hluti af framlagi Íslands til þróunaraðstoðar. Nemandi frá Tékkóslóvakíu kom á þessu ári til náms í skólanum á sérstökum styrk sem íslensk stjórnvöld greiddu til að auka samskipti Íslands og Tékkóslóvakíu.

Rektor Háskóla Sameinuðu þjóðanna, prófessor Heitor Gurgulino de Souza, kom í heimsókn til Íslands á árinu 1991. Þetta var fyrsta heimsókn rektors háskólans til Íslands, en aðalstöðvar Háskóla Sameinuðu þjóðanna eru í Tókýó. Rektorinn lauk miklu lofsorði á starfsemi jarðhitaskólans og sagði að yfirstjórnendur Háskóla Sameinuðu þjóðanna notuðu jarðhitaskólann á Íslandi oft sem dæmi um sérlega vel heppnaða starfsemi innan stofnananets Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Hann vonaðist til að hægt yrði að festa jarðhitaskólann enn betur í sessi og hvatti til þess að skólinn tæki nokkra úrvalsnemendur á hverju ári til meistaranáms í jarðhitafræðum í viðbót við það nám sem skólinn býður upp á í dag. Hann þakkaði fyrir hið mikla framlag Íslands til jarðhitaþjálfunar í þróunarlöndunum.

Mikil aðsókn er að jarðhitaskólanum frá öllum heimshornum. Árið 1992 er búist við nemendum m.a. frá Costa Rica, El Salvador, Filipseyjum, Kenýa, Kína og Níkaragúa.

(2) Evrópuráðið

Umbrotatímar í Mið- og Austur-Evrópu settu sterkan svip á starfsemi Evrópuráðsins á liðnu ári. Pólitískt hlutverk Evrópuráðsins hefur aldrei verið mikilvægara en nú og stofnunin hefur skapað sér sess sem árangursríkur samstarfsvettvangur hinna ólíku ríkjahópa álfunnar. Á sérstökum ráðherrafundi Evrópuráðsins í Madrid í febrúar 1991 var stefnuyfirlýsing utanríkisráðherra aðildarríkjanna um framtíðarhlutverk stofnunarinnar og samskipti við ríki Mið- og Austur-Evrópu áréttuð.

Á árinu bættust Pólland og Sambandslýðveldi Tékka og Slóvaka við sem fullgild aðildarríki Evrópuráðsins. Aðild þeirra var samþykkt að undangengnum frjálsum kosningum og stofnun lýðræðislega kjörinna þjóðþinga, en fyrr uppfylltu þau ekki skilyrði Evrópuráðsins um lýðræðislegt stjórnskipulag og grundvallarmannréttindi. Aðildarríki Evrópuráðsins eru nú 26 talsins.

Utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens var sérstaklega boðið að sitja haustfund utanríkisráðherra Evrópuráðsins í nóvember 1991. Eystrasaltsríkin sóttu um aðild að Evrópuráðinu í september 1991 og er fastlega búist við formlegri inngöngu þeirra þegar á þessu ári. Búlgaría hefur ennfremur lagt fram umsókn um aðild að Evrópuráðinu, sem tekin verður til ítarlegrar umfjöllunar á árinu.

Sovétríkin og Búlgaría undirrituðu á árinu 1991 Menningarsáttmála Evrópu og tóku þá strax virkan þátt í margs konar samstarfi er honum tengdist.

Evrópuráðið hefur einnig aukið tengsl sín við Rúmeníu og Albaníu og nú standa yfir þróunarverkefni á vegum ráðsins er miða að því að bæta almenna stjórnsýslu og flýta lýðræðisþróun. Á ráðherrafundinum í nóvember 1991 var samþykkt að bjóða Rúmeníu að undirrita Menningarsáttmála Evrópu.

Á fundi menntamálaráðherra Evrópuráðsins í Vínarborg 16.-17. október 1991 var

aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar falin yfirumsjón með neyðaraðstoð til handa Albaníu á vettvangi menntamála. Í framhaldi af ráðherrafundinum var síðan haldinn fundur á vegum Evrópuráðsins í Strasbourg hinn 8. nóvember 1991 til að samræma brýna neyðaraðstoð við Albaníu.

Á haustfundi utanríkisráðherranna kom fram nokkur óvissa varðandi afstöðu Evrópuráðsins til þáverandi Sovétríkja. Utanríkisráðherra Sovétríkjanna lýsti því yfir í september 1991 í samtali við aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að Sovétríkin hygðust brátt lýsa þeim ásetningi sínum að gerast fullgildir aðilar að Evrópuráðinu. Síðan þá hafa einstök lýðveldi fyrrum Sovétríkja óskað eftir nánara samstarfi við Evrópuráðið og Rússland og Armenía hafa nú þegar lýst yfir áhuga á aðild.

Haustfundur utanríkisráðherranna samþykkti ennfremur að slíta sambandi Evrópuráðsins við ríkisstjórn Júgóslavíu og útiloka fulltrúa hennar frá aðild að margs konar starfi á vegum ráðsins.

Þótt ofangreind umræða hafi verið mest áberandi innan ráðherranefndar og ráðgjafarþings Evrópuráðsins, auk hinna ýmsu undirstofnana þess, skipa hefðbundnir málaflokkar, er varða efnahag, félagsmál, menningu, vísindi, lög, umhverfismál og stjórnmál, áfram æðsta sess í störfum stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Catherine Lalumière, heimsótti Ísland 22.-24. febrúar 1991 og átti þá viðræður við íslenska ráðamenn um samstarf á vettvangi Evrópuráðsins.

IX Evrópubandalagið

(1) Inngangur

Það verður æ algengara að samþykktir EB á ólíkum sviðum séu hafðar til viðmiðunar í nágrannaríkjum þess. Þetta mun ágerast eftir því sem efnahagssamstarf innan Evrópu eykst og eflist. Því ber meiri nauðsyn til en áður að fylgjast grannt með innri þróun EB, ekki síst nú þegar nýjum áfanga er náð við allsherjarendurskoðun EB-samstarfs. Við það bætist að til tíðinda hefur dregið innan EB með Maastricht-samkomulaginu og mun það hafa sín áhrif um alla álfuna hvort sem okkur líkar betur eða verr. Hér á eftir verður því fjallað um Evrópubandalagið nokkuð ítarlegar en tíðkast hefur til þessa.

(2) Innri þróun bandalagsins

(2.1) Innri markaður EB og framkvæmd Hvítbókarinnar

Árið 1985 var Hvítbókin svokallaða gefin út. Í henni eru sett fram sundurliðuð markmið um að mynda óskiptan innri markað bandalagsins fyrir árslok 1992. Árið 1987 gengu Evrópsku einingarlögin í gildi, en þar var lögfest markmiðið um óskiptan innri markað fyrir árslok 1992. Nú er því aðeins tæpt ár til stefnu áður en innri markaður EB á að vera fullmótaður. Í lok desember höfðu um 225 þeirra samþykkta, sem falla undir áætlun um innri markað bandalagsins, eða um 80%, verið samþykktar og um 61,3% þeirra eru nú þegar í gildi í aðildarríkjum EB. Það er yfirlýst stefna bæði Portúgala og Breta, sem þetta árið fara með formennsku innan EB, að allt kapp verði lagt á að ljúka þessu verkefni á settum tíma um næstu áramót. Þó aðildarríki EB hafi tekið sig á við að lögfesta tilskipanir EB-ráðsins veldur það enn nokkrum áhyggjum hversu langt sum aðildarríkin eiga í land.

Mikilvægustu ákvarðanirnar, sem teknar voru á árinu um framkvæmd Hvítbókarinnar, tengdust afnámi eftirlits á landamærum og dugðu þær til þess að frá og með 1. janúar 1993 verða öll tollskjöl óþörf, þ.m.t. samræmda tollskjalið í viðskiptum milli aðildarríkja EB. Hætt verður við öllu eftirliti með farangri fólks sem ferðast innan Evrópubandalagsins.

Einhver erfiðasti hjallinn við framkvæmd Hvítbókarinnar hefur verið tregða við samræmingu óbeinna skatta en í júní 1991 samþykkti ráð EB að frá og með 1. janúar 1993 yrði komið á samræmdum virðisaukaskatti. Almennt verður hann um 15% en frávik eru heimiluð á einhverjum vörum, þó ekki að skattstig sé lægra en 5%. Aðlögunartími verður veittur vegna lágs virðisaukaskatts, sem nú er í gildi meðal margra aðildarríkjanna, til ársloka 1996.

Margar þeirra tilskipana, sem enn eru óafgreiddar, varða heilbrigðiseftirlit með dýrum og jurtum en þar hefur tæknilegum undirbúningi verið áfátt. Ljóst er einnig að koma verður upp virku samskiptakerfi aðildarríkjanna tólf við framkvæmd og eftirlit þessara reglna. Búast má við því að eftirlit með innflutningi frá ríkjum utan EB verði hert.

Þó EB hafi nú tekið upp þann sið að ráðherraráðið samþykki aðeins grundvallaröryggismarkmið í tilskipunarformi en feli evrópskum staðlastofnunum alla tæknilega útfærslu, þá hefur aðildarríkjum gengið misvel við útfærslu tilskipana um byggingarvörur, leikföng, þrýstigeyma o.fl.

(2.2) Ríkjaráðstefnur um útvíkkun á pólitísku og efnahags- og gjaldmiðilssamstarfi innan Evrópubandalagsins

(2.2.1) Inngangur

Rúmir fjórir áratugir eru liðnir frá því að Schuman-áætluninni var hrint í framkvæmd og Kola- og stálbandalag Evrópu var stofnað. Stofnsamningar Kjarnorkubandalagsins og Efnahagsbandalags Evrópu voru undirritaðir sex árum síðar. Saman mynda þessi þrjú bandalög Evrópubandalagið (EB). Þrátt fyrir háleitar hugsjónir hugmyndafeðra bandalagsins um framtíð sameinaðrar Evrópu er óhætt að segja að fáar stökkbreytingar hafi átt sér stað í bandalaginu frá stofnun þess ef frá eru taldar stækkanir þess þrisvar. Á áttunda áratugnum kom í ljós hversu stutt hafði miðað í samræmingarátt í bandalaginu þegar þjóðir þess gripu til ólíkra efnahagsaðgerða í því skyni að draga úr áhrifum olíukreppunnar.

Níunda áratuginn einkenndi framan af umræða um það hvert skyldi stefnt. Segja má að skoðanir aðildarríkja hafi þar skipst í grófum dráttum í tvennt:

- stækkun, frekari útvíkkun til annarra Evrópuríkja,
- dýpkun, styrking samstarfs ríkjanna tólf, sem þróast gæti í átt til eins konar sambandsríkis.

Með Maastricht-samkomulaginu var stórt skref stigið í átt að hinu síðarnefnda, en þróunin á níunda áratugnum sýndi að mögulegt er að sameina þessi tvö sjónarmið. Þá fór saman samþykkt Hvítbókarinnar og Evrópsku einingarlaganna og stækkun bandalagsins til suðurs. Þannig voru innviðir stofnana EB styrktir samhliða útvíkkun.

Að flestra mati var stórt skref stigið í sameiningarátt með þeirri ákvörðun að koma á einum samræmdum markaði innan bandalagsins, eins og sett var fram í Hvítbókinni svokölluðu, sem samþykkt var á leiðtogafundi í Mílanó árið 1985. Í kjölfar hennar fylgdu Evrópsku einingarlögin árið 1987, sem líta má á sem stjórnmálalegan grunn að hinum innri markaði. Í einingarlögunum var markað upphafið að þróun EB í átt til Evrópusambands (European Union) í samræmi við yfirlýsingu leiðtoga bandalagsríkjanna í Stuttgart 19. júní 1983. Þá voru í fyrsta sinn settar starfsreglur og ákvæði um sameiginlega utanríkisstefnu aðildarþjóðanna og hið pólitíska samstarf (EPC) þeirra þannig lögfest en það hófst árið 1970.

Um það leyti sem hinn innri markaður verður að veruleika hefst framkvæmd annars merks tímamótasamnings bandalagsins, hins svonefnda Maastricht-samkomulags, sem undirritað var í samnefndum hollenskum bæ 7. febrúar sl. Maastricht-samkomulagið er beint framhald einingarlaganna og felur í sér endurskoðun á stofnsamþykktum bandalagsins. Ber þar hæst þá orðalagsbreytingu að í stað þess að tala um efnahagssvæði er talað um samband (Union) sem víkkar mjög út starfssvið bandalagsins.

Á leiðtogafundi í Maastricht náðist samkomulag um samninga um pólitískt samband annars vegar og efnahags- og gjaldmiðilssamband hins vegar. Eftir undirskrift samninganna verða þjóðþingin að samþykkja þá, og í Danmörku fer auk þess fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þá 2. júní nk. Þjóðaratkvæðagreiðsla fer einnig fram á Írlandi. Ný löggjöf er aðeins nauðsynleg á þeim sviðum sem samningarnir bæta einhverju við eða breyta Rómarsáttmála. Aðrir kaflar samkomulagsins um hið pólitíska samstarf: yfirlýsingar, sameiginleg utanríkis- og varnarstefna og þær greinar er varða samvinnu á sviði löggæslu- og dómsmála, hafa ekki áhrif á Rómarsáttmála og þarfnast ekki sérstakrar löggjafar.

Eftir að samningarnir hafa verið samþykktir á þjóðþingum koma þeir fyrst til framkvæmda. Vonast er til að það verði mögulegt á þessu ári þannig að Maastricht-samkomulagið taki gildi hinn 1. janúar 1993.

(2.2.2) Ríkjaráðstefna um pólitískt samstarf

Undirbúningur að ríkjaráðstefnu um pólitískt samband var mikill innan stofnana bandalagsins. Stuðst var við þau áform sem sett voru með einingarlögunum og reynst höfðu mikil driffjöður fyrir EB. Ríkjaráðstefnan um pólitískt samband var sett í Róm 15. desember 1990. Ákveðið var að ríkjaráðstefnur um efnahags- og gjaldmiðilssamband og pólitískt samband skyldu fara fram samtímis.

Óformlegt pólitískt samstarf hefur tíðkast innan EB frá fyrstu tíð. Þetta samstarf aðildarríkjanna færðist í fastari skorður frá árinu 1970 en starfsreglur þess voru mótaðar í Haag 1969. Ríkjaráðstefnunum var ætlað að styrkja þetta samstarf sem rekið hafði verið til hliðar við framkvæmdastjórnina og hvílt hafði mest á herðum utanríkisráðherra aðildarríkjanna og sérstaklega á utanríkisráðuneyti þess ríkis sem fór með formennsku hverju sinni. Með Maastricht-samkomulaginu var hlutverk framkvæmdastjórnarinnar aukið og henni gefin kostur á að sýna nokkurt frumkvæði á þessu sviði einnig. Evrópuþingið tók virkan þátt í undirbúningi ríkjaráðstefnunnar og sóttist eftir auknum völdum. Með samkomulaginu var styrkt sameiginlegt ákvarðanatökuferli þings og ráðs EB í hinu pólitíska samstarfi, og þótt þingmönnum hafi ekki þótt nægilega langt gengið í að auka völd þeirra, og þar með lýðræði í bandalaginu, lýstu þeir yfir ánægju sinni með þau auknu áhrif sem þeir geta nú haft á utanríkisstefnu EB.

Í stuttu máli má segja að samningurinn um pólitískt samband feli í sér samþykktir um sameiginlega utanríkis- og öryggisstefnu, aukna hlutdeild bandalagsins á sviði félagsmála, umhverfismála, rannsókna og heilbrigðismála, auk samvinnu á sviði orku-, mennta- og menningarmála. Spánverjar settu aukin framlög til fátækari svæða bandalagsins á oddinn í samningaviðræðunum og er í samkomulaginu undirstrikað það markmið að koma á efnahagslegum jöfnuði. Í því skyni skulu framlög aukin til byggða- og jöfnunarsjóða, auk þess sem nýr sjóður verður settur á fót sem veitir fé til samgöngu- og umhverfismála Spánverja, Portúgala, Grikkja og Íra. Þá er með samningnum staðfest af ellefu aðildarríkjum að félagsmálastefnan, sem samþykkt var árið 1989, sé hluti af sameiginlegri löggjöf EB. Bretar kusu að standa utan við þennan hluta samningsins.

Sameiginlegt markmið samkomulagsins, sem hvílir á bandalögunum þremur sem mynda EB, er að marka nýjan áfanga í þróun bandalagsins í átt til nánari einingar þjóða Evrópu, þar sem ákvarðanir eru teknar í jafnmiklu samráði við þegna þess og kostur er.

(2.2.2.1) Evrópa fólksins

Evrópa fólksins er nýlegt slagorð innan bandalagsins og má segja að sú umræða hafi hrint samningalotunni af stað. Frá og með árinu 1995 öðlast allir borgarar aðildarríkja Evrópuasambandsins sjálfkrafa ríkisborgararétt í sambandinu. Þeir sem eru ríkisborgarar í Evrópubandalaginu geta þá boðið sig fram og kosið í sveitarstjórnarkosningum og kosningum til Evrópuþingsins hvar sem þeir eru búsettir á svæðinu.

Þá hafa allir þegnar bandalagsins búseturétt á öllu svæðinu, atvinnuréttindi o.fl. Einnig hefur bæst við réttur þegna EB til að leggja fram bænaskrá í Evrópuþinginu og kjörinn verður sérstakur umboðsmaður (ombudsman) EB sem fólk getur leitað til með kvartanir sínar sem beinast gegn bandalaginu.

(2.2.2.2) Sameiginleg utanríkis- og öryggismálastefna

Tilraun til að koma á evrópsku varnarbandalagi var fyrst gerð árið 1954, en rann út í sandinn. Í Maastricht var nýju blóði hleypt í þessa gömlu hugmynd um varnarbandalag Evrópu. Aðalákvarðanir varðandi sameiginlegar varnir Evrópu og jafnvel sameiginlegan her

þegar fram líða stundir verða samt sem áður ekki teknar fyrr en á næstu ríkjaráðstefnu árið 1996. Með Maastricht-samkomulaginu var ákveðið að styrkja stöðu Vestur-Evrópusambandsins (WES) og stefna að því að hinir evrópsku meðlimir Atlantshafsbandalagsins (NATO) axli meiri ábyrgð en fyrr í öryggis- og varnarmálum álfunnar.

Fyrir ríkjaráðstefnuna voru menn sammála um að tekin skyldu skref í átt til sameiginlegrar utanríkis- og öryggisstefnu. Aðildarríkin hafa nú skuldbundið sig til þess að skilgreina og framkvæma sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu. Sú stefna verður aðallega mótuð á tveimur sviðum:

a) aukin samvinna og samráð milli aðildarríkjanna,

b) sameiginlegar aðgerðir.

Samvinna þýðir að aðildarríkin eru skyldug til að upplýsa og leita álits hvert annars og gæta þess að stefna einstakra ríkja sé í samræmi við samþykktir á sameiginlegum vettvangi. Með þessu er gengið enn lengra í samvinnu og samræmingu utanríkisstefnu bandalagsins en í einingarlögunum.

Þegar ráðherraráðið ákveður að gripið skuli til sameiginlegra aðgerða eru aðildarríkin skyldug til að hlíta þeirri ákvörðun. Ákvarðanir um sameiginlegar aðgerðir verða að vera teknar samhljóða í ráðinu. Leiðtogar þjóðanna leggja línurnar en utanríkisráðherrar bera ábyrgð á framkvæmd stefnunnar. Leiðtogar ríkjanna taka ákvarðanir sem leiða til sameiginlegra aðgerða en utanríkisráðherrarnir hrinda þeim síðan í framkvæmd. Ákveði aðildarríki að beita hervaldi verður það að vera gert í samráði við Evrópuþingið og þjóðþingin.

Sameiginleg utanríkisstefna þýðir einnig að sameiginleg afstaða verður tekin í alþjóðlegum stofnunum á borð við Sameinuðu þjóðirnar og Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE). Samræmd utanríkisstefna hefur í raun verið mest á því sviði fram til þessa. Upp frá þessu geta einstök aðildarríki ekki tekið ákvarðanir upp á eigin spýtur í utanríkismálum án þess að ráðfæra sig við hin aðildarríkin, eins og t.d. þegar Bretar upp á sitt eindæmi felldu úr gildi hluta viðskiptabanns á Suður-Afríku og Þjóðverjar gáfu út yfirlýsingu um að þeir myndu samþykkja sjálfstæði Króatíu og Slóveníu. (Sjá nánar kafla VI og fylgiskjal 10).

(2.2.2.3) Löggæsla og dómsmál

Maastricht-samkomulagið felur í sér að innan bandalagsins verður komið á samvinnu í löggæslumálum. Evrópudómstóllinn mun ekki hafa dómsvald yfir þessari samvinnu nema þegar aðildarríki kjósa að leggja fyrir hann mál til túlkunar. Þá verður sett á laggirnar sérstök upplýsingamiðstöð lögreglu aðildarríkjanna, Europol, sbr. Interpol.

Þjóðirnar munu einnig hefja mótun sameiginlegrar stefnu í málefnum innflytjenda og varðandi vegabréfsáritanir og pólitíska flóttamenn. Aðeins náðist samkomulag um að þjóðirnar settu í sameiningu saman lista yfir þær þjóðir sem þurfa vegabréfsáritanir áður en þegnar þeirra ferðast til EB-landa.

(2.2.3) Ríkjaráðstefna um efnahags- og gjaldmiðilssamstarf

Flestum stjórnmálaskýrendum ber saman um að sá hluti samkomulagsins sem fjallar um efnahags- og gjaldmiðilssamband bandalagsins sé mun víðtækari og skýrari en sá hluti hans sem lýtur að pólitísku samstarfi. Samþykkt Maastricht-fundarins um efnahags- og gjaldmiðilssamband felur í sér allnokkrar breytingar á Rómarsáttmálanum, auk nýrra greina og bókana. Samanlagt mynda lögin ramma fyrir efnahags- og gjaldmiðilssamstarf þjóðanna auk þess sem samþykkt var að taka upp einn gjaldmiðil. Efnahags- og gjaldmiðilssambandinu

verður komið á í þremur áföngum en samningurinn fjallar aðeins um annan og þriðja áfanga þar eð fyrsti áfangi samstarfsins er þegar kominn allvel á leið.

Ein bókun samningsins á aðeins við um Bretland og segir þar að Bretar séu ekki skuldbundnir til að taka upp hinn sameiginlega gjaldmiðil þegar þriðja áfanga er náð.

(2.2.3.1) Aðdragandi

Leiðtogaráð EB hittist í Strassborg í desember 1989 og þar tókst meirihluti um það að efna til ríkjaráðstefnu um efnhags- og gjaldmiðilssamband. Í Dyflinni í lok júní 1990 var ákveðið að undirbúningur væri svo vel á veg kominn að hægt væri að setja ríkjaráðstefnuna í desember. Á Rómarfundi í lok október urðu ellefu ríki ásátt um að annar áfangi samræmingarinnar gæti hafist 1. janúar 1994. Ríkjaráðstefnan um efnahags- og gjaldmiðilssamband var síðan sett sama dag og ráðstefnan um pólitískt samstarf, þann 15. desember 1990.

Werner-skýrslan frá árinu 1970 er grunnurinn að efnahags- og gjaldmiðilssamstarfi EB. Snákurinn svonefndi var skapaður 1972 en var aflagður skömmu síðar þegar gjaldmiðilssamstarfi var komið á 1973. Hins vegar stóð það í vegi fyrir frekari samræmingu að aðildarríkin völdu mjög mismunandi leiðir til að draga úr áhrifum olíukreppunnar á áttunda áratugnum, eins og áður sagði.

(2.2.3.2) Þróun efnahags- og gjaldmiðilssambands EB

Snemma árs 1985 hófust aðgerðir innan bandalagsins til að afnema viðskiptahindranir svo að koma mætti á fjórfrelsinu, eins og gert var ráð fyrir í Hvítbókinni.

Árið 1988 setti EB-ráðið á fót nefnd til að koma með tillögur að því hvernig koma mætti á efnahags- og gjaldmiðilssambandi. Formaður nefndarinnar var Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar EB. Skýrsla nefndarinnar var gefin út árið 1989. Á leiðtogafundi í Madrid sama ár lýstu leiðtogar EB-ríkja yfir ánægju sinni með skýrsluna. Eins og ráðlagt var í Delors-skýrslunni var fyrsta áfanga efnahags- og gjaldmiðilssambandsins hrundið af stað 1. júlí 1990. Samþykktar hafa verið tilskipanir um fullt frelsi fjármagnsflutninga þótt aðlögunartími einstakra aðildarríkja renni ekki út fyrr en 1993. Samstarf fjármálaráðherra hefur verið aukið og reglulegum fundum seðlabankastjóra EB-ríkja verið fjölgað. Með þessu er stefnt að því að samræma stefnu aðildarríkja EB í efnahagsmálum sem mest og undirbúa þannig næsta áfanga. Eftir að Bretland gekk inn í þennan þátt Evrópusamstarfs í lok október 1990 og Grikkir og Portúgalar nokkru síðar eru öll aðildarríkin þátttakendur í þeirri samræmingu efnahagsstefnu sem gert er ráð fyrir í samningnum.

Deilur stóðu hins vegar um það hvenær annar áfangi gæti hafist og í hverju hann ætti að felast. Bretland vildi eins og áður fara sér hægt í þessum efnum og taldi að áður en hægt væri að koma á efnahagslegu sambandi yrði efnahagslíf ríkjanna tólf að vera orðið áþekkara og efnahagsstefna þeirra meira samstiga. Á leiðtogafundi í Róm í október 1990 var ákveðið að annar áfangi hæfist 1. janúar 1994 eftir að hinn innri markaður verður kominn á og væntanlegar breytingar á Rómarsáttmála samþykktar. Undirbúningur er hafinn að því að tryggja sjálfstæði væntanlegs seðlabanka, skorður hafa verið settar við fjármögnun halla á ríkisfjárlögum með peningaþenslu. Sameiginlegri stofnun verður komið á fót strax við upphaf annars áfanga sem í byrjun hefði það hlutverk að styrkja samstarf peningastofnana, stuðla að styrkingu ECU sem gjaldmiðils og undirbúa fyrirkomulag og rekstur sameiginlegrar peningastefnu EB. Innan 3ja ára frá upphafi annars áfanga verður ráðherraráði EB gefin skýrsla um árangur og á grundvelli hennar tekin ákvörðun um það hvenær þriðji og síðasti áfangi geti hafist en þá mun fullt umboð til reksturs peningastefnu færast til hinnar nýju stofnunar og opinber gjaldmiðill innan EB verður aðeins einn, Evrópueining (ECU). Hinni

nýju stofnun er ætlað að vera sjálfstæð, þ.e. taka ekki við fyrirmælum frá ríkisstjórnum og hafa stöðugt verðlag að leiðarljósi við stefnumótun.

(2.2.3.3) Skilyrði til þátttöku í gjaldmiðilssambandi EB

Árið 1996 mun leiðtogafundur EB skera úr um hvaða ríki geta tekið þátt í gjaldmiðilssambandinu. Ef færri en sjö lönd uppfylla sett skilyrði verður upptöku á einum gjaldmiðli frestað til ársins 1999. Eftir það verður ekki gefinn frestur á ný og þau lönd, sem enn hafa ekki uppfyllt sett skilyrði, skilin eftir. Þau skilyrði sem uppfylla þarf eru nokkuð ströng, sérstaklega hvað varðar verðbólgustig, fjárlagahalla og vexti (sjá umfjöllun hér á eftir). Erfitt gæti reynst fyrir þau lönd, sem skemmra eru á veg komin í efnahagslegu tilliti í bandalaginu, að uppfylla skilyrðin, jafnvel verðbólga í Þýskalandi er nú fyrir ofan leyfileg mörk.

Sérfræðingar telja, að þótt aðlögunartíminn að efnahags- og gjaldmiðilssambandinu gæti reynst erfiður verður ávinningur af þeirri samræmingu í efnahags- og fjármálum þjóðanna, sem bundinn er í Maastricht-samningnum, mikill.

Skilyrði þau sem þjóðirnar verða að uppfylla:

- skuldir ríkisins skulu vera lægri en nemur 60 af hundraði af vergri þjóðarframleiðslu (þessi skilyrði uppfylla nú aðeins fimm aðildarríkjanna, eða Frakkland (47), Lúxemborg (7), Bretland (44), Þýskaland (46) og Spánn (46).
- fjárlagahalli skal vera lægri en nemur þremur af hundraði af vergri þjóðarframleiðslu. Aðeins fjórar þjóðir uppfylla þetta skilyrði að svo stöddu: Frakkland (-1,5), Lúxemborg (+2,0), Danmörk (-1,7) og Bretland (-1,9).
- verðbólga skal ekki vera hærri en 1,5 af hundraði verðbólgu þeirra þriggja þjóða þar sem hún er lægst í bandalaginu, helmingur þjóðanna uppfyllir þessi skilyrði.
- vextir til langs tíma skulu ekki vera meira en tveimur prósentum hærri en meðaltal vaxta þeirra þriggja aðildarríkja þar sem þeir eru lægstir. Öll löndin nema Spánn, Grikkland, Portúgal og Ítalía uppfylla þetta skilyrði.
- gengið má ekki hafa verið fellt tvö undangengin ár og má frávik gengisskráningar einstakra gjaldmiðla frá viðmiðunargengi ekki vera meira en 2,25 prósent. Bretland og Spánn hafa tímabundna undanþágu til 6% fráviks.

Eins og efnahagsástandi ríkjanna var háttað í lok árs 1991 fengju aðeins Frakkland og Lúxemborg að taka upp hinn sameiginlega gjaldmiðil (ECU). Portúgal og Grikkland uppfylla engin af skilyrðunum, Ítalía og Spánn aðeins eitt þeirra. Róðurinn framundan er því þungur. Hins vegar telja menn að þegar þar að kemur muni þau ríki þar sem litlu munar, eða hefur farið mikið fram á aðlögunartímanum, fá undanþágu til að taka þátt í gjaldmiðilssameiningunni.

Menn óttast að meðan standi á aðhaldsaðgerðum ríkisstjórna þeirra aðildarríkja sem enn eiga langt í land með að uppfylla skilyrðin muni atvinnuleysi aukast og hægjast á hagvexti. Hins vegar eru sérfræðingar sammála um að þegar til lengri tíma er litið muni aðgerðir í efnahagsmálum ríkjanna í átt til samræmingar verða til mikilla hagsbóta fyrir bandalagið. Að mati flestra er samningurinn um efnahags- og gjaldmiðilssamband Evrópu eitt stærsta skrefið í átt til náinnar samvinnu ríkjanna frá stofnun bandalagsins.

Nú er ekki nema tæpt ár þar til öllum innri hömlum á fjórfrelsinu í bandalaginu skal vera aflétt. Einingarlögin eru talin hafa haft mun meiri áhrif í framfaraátt en margir samningar sem áður hafa verið gerðir og aðildarríkin tregðast við að setja í framkvæmd. Þær gagnrýnisraddir, sem uppi eru um Maastricht-samninginn, segja að ekki verði mögulegt að

ganga jafnlangt í samræmingu efnahagskerfa aðildarríkja bandalagsins án raunverulegrar EB-ríkisstjórnar. Aðildarríki EB eru þó ekki á einu máli um aðferðir eða stefnumótun. Þannig hafa Frakkar beitt sér fyrir því að mótuð verði sérstök evrópsk iðnaðarstefna, stjórnvöld setji sér skýr markmið og styðji við bakið á einstökum iðngreinum í samkeppni við aðila utan EB. Hollendingar og Bretar hafa hins vegar verið málsvarar minni ríkisafskipta og meira frelsis í alheimsviðskiptum. Samstaða hefur þó verið um að EB veiti fé til rannsókna og þróunar og bæti þannig samkeppnisstöðu EB-fyrirtækja.

Maastricht-samningurinn á eftir að hafa áhrif víðar en í bandalaginu einu. Fyrir aldamót verða um 340 milljónir neytenda með einn gjaldmiðil í veskinu í stað tólf mismunandi áður. Það mun hafa geysileg áhrif á valdajafnvægi í efnahags- og fjármálum heimsins. EB mun þá sitja til borðs með Bandaríkjunum og Japan. Frá og með 1997 (1999) verður ECU ekki lengur einvörðungu reikniseining heldur raunveruleg mynt sem mun skipa sér á sama bás og Bandaríkjadalur. Þá mun einfaldað ákvörðunartökuferli færa EB ákveðnari rödd en áður, lög munu taka fyrr gildi og hinn innri markaður verður slíkur í raun. Fleiri ákvarðanir en áður verða teknar með meirihlutaákvörðun, t.d. tilskipanir er varða umhverfisvernd.

Þó markmið samkomulagsins séu skýr liggur túlkun á ýmsum þáttum þess ekki ljós fyrir. Eitt af því sem menn ræða nú af miklu kappi í bandalaginu er sú staðreynd að samkomulagið mun hafa verulegan útgjaldaauka í för með sér. Ekki er séð fyrir endann á því hvernig það mál verður leyst en fastlega má búast við því að ýmis aðildarríki komi til með að eiga í erfiðleikum með að sætta sig við aukin útgjöld. Árið 1988 var ákveðið að árið 1992 skyldu 1,20% af þjóðarframleiðslu aðildarríkjanna renna í sameiginlegan rekstur bandalagsins. Nú er gert ráð fyrir að þetta hlutfall hækki í 1,37%. Sumum aðildarríkja þykir nóg um og benda á versnandi efnahagsástand og vaxandi atvinnuleysi.

Tillögur Delors, forseta framkvæmdastjórnar, um aukna tekjustofna og uppstokkun fjármála EB eru nú til umræðu innan bandalagsins og er stefnt í að ná niðurstöðu á leiðtogafundi EB í Lissabon í júní nk. Hinir svartsýnni spá því þó að ákvörðun geti dregist til ársloka.

(2.3) Stækkun bandalagsins

Bretar hafa lýst því yfir að þeir muni á formennskutíma sínum, síðari hluta árs 1992, leggja allt kapp á að þau lönd, sem sótt hafi um aðild, öðlist hana sem fyrst. Á eftir Bretum fara Belgar með formennsku en þeir eru fremur á bandi þeirra þjóða sem telja nauðsynlegt að styrkja innviði stofnana bandalagsins og auka samræmingu á stefnu og aðgerðum núverandi aðildarríkja áður en ráðist verði í stækkun. Danir taka hins vegar við af Belgum og þeir hafa oftsinnis lýst því yfir að þeir vilji sjá frændur sína annars staðar á Norðurlöndunum í bandalaginu. En sama dag og ráðherrarnir undirrituðu Maastricht-samkomulagið tilkynnti Koivisto, forseti Finnlands, að hann væri fylgjandi umsókn Finna að Evrópubandalaginu. Ákvörðun forseta vegur þungt í Finnlandi enda kom á daginn að ríkisstjórn landsins lýsti í lok febrúar sl. yfir þeim ásetningi sínum að sækja um aðild. Lubbers, forsætisráðherra Hollands, sagði við athöfnina í Maastricht að líklega yrði nauðsynlegt að flýta næstu ríkjaráðstefnu, sem halda á 1996, vegna þrengsla í biðsal bandalagsins. Svíar sóttu um aðild í júlí sl. og Finnar væntanlega nú í mars, þá verður með hverjum deginum líklegra að Norðmenn geri slíkt hið sama. Austurríkismenn, Kýpurbúar, Tyrkir og Möltumenn hafa einnig lagt inn umsóknir. Portúgalar fara nú með formennsku í bandalaginu í fyrsta sinn og næsti fundur leiðtogaráðsins verður haldinn í Lissabon 26. júní. Þar munu leiðtogarnir ræða hvaða stefnu bandalaginu beri að taka í stækkun þess. Bæði kanslari Austurríkis og forsætisráðherra Svíþjóðar hafa farið á fund forsætisráðherra Portúgals til að ræða við hann umsókn landanna

um aðild.

Gagnrýnendur nýjasta samkomulags bandalagsins segja að það fyrirkomulag ákvarðanatöku sem nú tíðkist, og sú stofnanauppbygging, sem miðað er að, geti engan veginn fullnægt þeim áformum sem utanríkisráðherrar og fjármálaráðherrar aðildarríkjanna undirrituðu í Maastricht á dögunum, og þá enn síður eftir stækkun bandalagsins. Flestir eru sammála um að til þess að bandalagið geti starfað með 18 til 24 aðildarríkjum verði meirihlutaákvarðanir að ráða ferðinni í fleiri málaflokkum en nú. Þær breytingar, sem gerðar voru á samningum bandalagsins í þessa átt í Maastricht, eru að mati margra ekki nógu víðtækar þótt þær bæti ástandið nokkuð frá því sem nú er.

(2.4) Félagsmál

Á leiðtogafundinum í Maastricht samþykktu aðildarríki EB sérstaka bókun, sem heimilar að hrinda félagsmálaskrá bandalagsins í framkvæmd, með þeirri undantekningu að Bretland er ekki bundið af ákvæðum hennar.

Félagsmálaskráin, sem samþykkt var í desember 1989, byggist á 12 atriðum um grunnréttindi launþega.

Þeir eru: 1. Réttur til að vinna í hvaða landi EB sem er. 2. Réttur til sanngjarnra launa. 3. Réttur til bættra lífs- og vinnuskilyrða. 4. Réttur til félagslegrar verndar í samræmi við lög hvers lands fyrir sig. 5. Réttur til að bindast samtökum og semja sameiginlega. 6. Réttur til starfsmenntunar. 7. Réttur karla og kvenna til jafnréttis. 8. Réttur launþega til upplýsinga, samráðs og þátttöku í málum er varða vinnustað þeirra. 9. Réttur til heilsuverndar og öryggis á vinnustað. 10. Vernd barna og ungmenna. 11. Trygging lágmarkslífskjara fyrir aldraða. 12. Bætt þjóðfélagsleg og atvinnuleg staða fatlaðra.

Með Maastricht-samkomulaginu skuldbinda ríki Evrópubandalagsins sig til að stuðla að framgangi þessara mála, bæði á vettvangi bandalagsins og með stuðningi við lagasetningu einstakra aðildarríkja.

(2.5) Sjávarútvegsstefnan

Markmið sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins hefur frá upphafi verið að tryggja skynsamlega nýtingu fiskistofna, stuðla að réttlátari dreifingu afla með sérstöku tilliti til þeirra íbúa og svæða sem hvað mest eru háð fiskveiðum og vinnslu, tryggja viðunandi kjör sjómanna og nægilegt framboð af fiski.

Á þeim tíma, sem liðinn er frá samþykkt sjávarútvegsstefnunnar, hafa helstu vandamál, sem steðjað hafa að sjávarútvegi í Evrópubandalaginu, verið hrun fiskistofna og þ.a.l. samdráttur í veiðum og minnkandi tekjur.

Til að koma í veg fyrir ofveiði innan fiskveiðilögsögu EB-ríkja samþykktu sjávarútvegsráðherrar EB í október sl. reglur um lágmarksstærð möskva við veiðar í Norðursjó. Möskvastærð verður aukin í 100 mm frá og með 1. júní 1992. Einnig var samþykkt bann við veiðum með reknetum lengri en 2,5 km vestur af Skotlandi.

Til frekari varðveislu og viðhalds fiskistofna innan fiskveiðilögsögu bandalagsins ákveður EB fiskveiðikvóta aðildarríkja. Þar sem á undanförnum árum hefur þurft að draga verulega úr veiðum, þó ekki hafi alltaf verið gengið eins langt og fiskifræðingar hafa lagt til, hefur oft reynst erfitt að ná samstöðu um nauðsynlegar aðgerðir. Á fundi sjávarútvegsráðherra EB-ríkja í desember 1991 voru samþykktar reglur um fiskveiðar í lögsögu bandalagsins fyrir árið 1992. Eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti hefur bandalagið enn á ný verið knúið til að draga úr veiðiheimildum fyrir þorsk, ufsa og lýsu en kvóti fyrir ýsu, síld og makríl var aukinn. Ráðherrarnir settu einnig reglur um að skipum, sem veiða þorsk og ýsu í Norðursjó, Kattegat og Skagerak, sé skylt að vera í höfn 8 daga í mánuði eða samtals 135 daga á árinu

1992. Framkvæmdastjórn EB gerir ráð fyrir að með þessum reglum verði hægt að draga úr ásókn flotans um allt að 30%.

Veiðikvótar helstu fisktegunda

	1992 þús. tonn	1991 þús. tonn	Breyting 91/92
þorskur	196	224	-12,5
ýsa	70	65	7,7
ufsi	89	106	-16,0
lýsa	110	130	-15,4
skarkoli	204	206	-1,0
sólflúra	41	43	-4,6
síld	554	452	22,6
lýsingur	85	85	0,0
makríll	450	400	12,5
kolmunni	265	261	1,5

Á fundinum í desember var einnig gengið frá úthlutun veiðikvóta fyrir árið 1992 samkvæmt samningum við Norðmenn, Svía, Færeyinga og Grænlendinga. Eins og á undanförnum árum var veiðikvóta aðeins skipt á milli "gömlu aðildarríkjanna", þ.e. kvóta var hvorki úthlutað til Spánar né Portúgals. Hér fer á eftir yfirlit yfir helstu fisktegundir sem skip EB fá að veiða í lögsögu framangreindra ríkja (þús. tonn).

	Noregur	Svíþjóð	Færeyjar	Grænland
þorskur	7.500	4.550	250	15.000
ýsa	750	-	250	-
ufsi	3.500	-	2.500	-
karfi	3.000	-	7.000	46.820
blálanga	-	-	3.600	-
grálúða	100	-	-	3.750
síld	-	3.750	-	-
lax	-	190	-	-
kolmunni	1.000	-	-	30.000
makríll	16.300	-	-	-
spærlingur	50.000	-	-	-
sandsíli	150.000	-	-	-
rækja	900	-	-	4.180

Þessu til viðbótar hafa skip EB heimild til að veiða 30.000 tonn af loðnu í grænlenskri lögsögu. Samningarnir við Noreg, Svíþjóð og Færeyjar byggjast á gagnkvæmum veiðiheimildum en EB greiðir fyrir veiðiheimildir við Grænland.

Fjárlög Evrópubandalagsins fyrir árið 1991 gerðu ráð fyrir að útgjöld vegna

sjávarútvegsstefnunnar væru um 346 millj. ECU, eða um 25.800 millj. kr. en það er innan við 1% af heildarútgjöldum bandalagsins. Stærsti útgjaldaliðurinn voru greiðslur fyrir fiskveiðiheimildir.

Til að skapa aukin verkefni fyrir flota bandalagsins hefur EB nú þegar samið við 23 ríki um veiðiheimildir, en auk þess á bandalagið nú í samningaviðræðum við nokkur ríki í Afríku og Suður-Ameríku.

Útgjöld EB vegna fiskveiðisamninga voru á árinu 1991 tæplega 172 millj. ECU (tæpir 13 milljarðar kr.). Samningur EB við Marokkó, sem gildir til febrúar 1992, kostaði um 70 millj. ECU. Rúmar 34 millj. ECU voru greiddar fyrir veiðiheimildir við Grænland og 15 millj. ECU voru greiddar fyrir veiðiheimildir við Senegal.

Einnig eru veittir styrkir til að draga úr sóknargetu fiskiskipaflotans, bæta hafnaraðstöðu, auka hagkvæmni í vinnslu og bæta aðstöðu vegna aukinna heilbrigðiskrafna.

Nýlega samþykkti ráð EB áætlun um styrkveitingar að upphæð 86,3 millj. ECU á árunum 1991 til 1993 vegna endurbóta á vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða. Hér er um að ræða 360 verkefni, þar af 144 í Þýskalandi, 46 á Bretlandi, 40 á Spáni og 37 í Frakklandi. Heildarkostnaður þessara framkvæmda er áætlaður um 359,6 millj. ECU. Auk þess samþykkti EB að veita um 4 millj. ECU til endurbóta á 16 höfnum í Frakklandi, Ítalíu, á Spáni, í Portúgal og Bretlandi.

Til að styðja viðleitni aðildarríkja í að herða eftirlit og umsjón með fiskveiðum hefur EB ákveðið að styrkja stofnanir á þessu sviði í Þýskalandi, Frakklandi, Grikklandi, á Spáni og í Portúgal. Styrkirnir eru samtals að upphæð um 17,4 millj. ECU, sem eru um 50% af heildarkostnaði þessara verkefna.

Á fundinum í desember tóku ráðherrarnir einnig ákvörðun um tollkvóta vegna innflutnings ýmissa sjávarafurða á árinu 1992. Samkvæmt þeim ákvörðunum verður heimilt að flytja inn 60.000 tonn af söltuðum þorski á 6% tolli (55.000 tonn á 7% tolli árið 1991) og 3.000 tonn af söltuðum þorskflökum á 9% tolli. Á árinu 1991 var kvótinn 1.200 tonn og tollur 11%. Kvóti fyrir söltuð ufsaflök er óbreyttur, þ.e. 3.500 tonn á 10% tolli. Framangreindir kvótar gilda frá 1. apríl 1992. Auk þess er 25.000 tonna tollfrjáls kvóti, það er "GATT kvóti", fyrir saltfisk og skreið, sem tók gildi 1. janúar 1992. Frá 16. júní 1992 er einnig í gildi tollfrjáls kvóti (einnig GATT-kvóti) fyrir 34.000 tonn af síld.

Evrópubandalagið er fjórða stærsta fiskveiðiveldi í heimi á eftir Sovétríkjunum, Kína og Japan. Á árinu 1989 veiddu EB-þjóðir um 7 millj. tonn. Danir veiddu mest eða um 1,9 millj. tonn, Spánverjar um 1,4 millj. tonn, Frakkar um 875 þús. tonn, Bretar um 823 þús. tonn og Ítalir um 550 þús. tonn.

EB er mikilvægur markaður fyrir sjávarafurðir. Á sama tíma og veiði hefur minnkað hefur eftirspurn aukist og verðlag hækkað. Á árinu 1990 voru fluttar inn sjávarafurðir fyrir um 6.433 millj. ECU (um 475.000 millj. kr.). Á sama ári voru fluttar út sjávarafurðir fyrir um 1.204 millj. ECU. Viðskiptahalli bandalagsins er því um 5.229 millj. ECU. Til samanburðar má geta þess að viðskiptahalli EB fyrir sjávarafurðir var á árinu 1984 2.282 millj. ECU.

Allt frá því er "ormamálið" kom upp í Þýskalandi, sumarið 1987, hefur á vegum framkvæmdastjórnar EB verið unnið að endurskoðun á reglum bandalagsins um meðferð og vinnslu sjávarafla. Ráðherraráð EB samþykkti nýja tilskipun (Council Directive 91/493/EEC) 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu sjávarafurða, sem taka á gildi 1. janúar 1993. Ákvæði tilskipunarinnar ná til allra afurða sjávar- og ferskvatnsfiska, sem ætlaðar eru til manneldis. Kveðið er á um að þessar afurðir skuli fullnægja ákveðnum skilyrðum auk þess sem settar eru fram kröfur um fiskiskip, aðstöðu við uppskipun afla, fiskmarkaði og vinnslustöðvar. Einnig eru ákvæði um auknar gæðakröfur og innra eftirlit fyrirtækja. Opinberum aðilum í viðeigandi aðildarríkjum er einnig ætlað að hafa yfirumsjón

eftirlits með veiðiskipum og vinnslustöðvum auk þess að gefa út vinnsluleyfi eftir nákvæma skoðun á viðkomandi vinnslustöð.

28. nóvember 1991 samþykkti ráð EB nýjar reglur, reglugerð (EB) nr. 3687/91, um sameiginlegt markaðsskipulag fyrir sjávarafurðir. Frá sama tíma féll úr gildi reglugerð (EB) nr. 3796/81 um sama efni. Í nýju reglugerðinni eru m.a. ákvæði um markaðsstaðla, samtök framleiðenda í sjávarútvegi og vinnslu, um viðmiðunarverð og viðskipti við lönd utan bandalagsins.

Í lok júlímánaðar árið 1991 kvað Evrópudómstóllinn upp forúrskurð í svokölluðu "kvótahopps" máli, en það er mál sem höfðað var vegna lagasetningar Breta frá árinu 1988 þegar þeir vildu koma í veg fyrir skráningu spænskra skipa í Bretlandi og veiðar þessara skipa úr fiskveiðikvótum Breta.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að Bretar megi ekki krefjast þess í löggjöf sinni að eigendur eða útgerðarmenn skuli vera breskir ríkisborgarar og að minnst 75% hluthafa viðkomandi útgerðarfélags skuli vera breskir. Þessar reglur brjóta gegn reglum EB, sem kveða á um afnám á hömlum á réttindum þegnanna til að stunda atvinnu í hverju því aðildarríki sem þeim þóknast og að ekki megi mismuna eftir þjóðerni.

Framkvæmdastjórn EB lagði fram í desember 1991, í samræmi við ákvæði 8. greinar reglugerðar (EB) nr. 170/83, skýrslu fyrir ráðherraráð og þing um framvindu sjávarútvegsstefnunnar á árunum 1983 til 1990. Þar er að finna upplýsingar um helstu vandamál og núverandi ástand innan EB í sjávarútvegi og vinnslu, efnahags- og félagslega þróun á strandsvæðum sérstaklega háðum fiskveiðum, stærð fiskistofna og áætlun um þróun þeirra.

Engar beinar tillögur um breytingar á núgildandi sjávarútvegsstefnu eru lagðar fram heldur verða á grundvelli þessarar skýrslu og umræðu sem fer fram meðal embættismanna framkvæmdastjórnar, sérfræðinga og embættismanna aðildarríkja, auk umræðu innan samtaka hagsmunaaðila í sjávarútvegi um endurskoðun sjávarútvegsstefnu bandalagsins, lagðar fram af hálfu framkvæmdastjórnarinnar tillögur um sjávarútvegsstefnu sem gilda á frá 1. janúar 1993. Ráðherraráð EB mun síðan taka ákvarðanir fyrir árslok 1992.

Við endurskoðun sjávarútvegsstefnu EB verður að taka afstöðu til þess hvort breyta eigi núverandi kerfi við úthlutun veiðikvóta til aðildarríkja, þar sem Spánverjum og Portúgölum er enn haldið fyrir utan hefðbundin fiskimið "gömlu aðildarríkjanna" og einnig hvort aðildarríki geti áfram haldið 12 sjómílna einkalögsögu.

Í skýrslunni leggur framkvæmdastjórn EB áherslu á að ekki megi aðeins líta á árin 1993 til 2002 sem beint framhald af þeim tíu árum sem sjávarútvegsstefnan hefur verið í gildi heldur beri að nýta þennan tíma til undirbúnings áranna sem á eftir koma. Þær reglur, sem samþykktar verða, munu síðan gilda til ársloka 2002 en þá mun, ef ekkert verður að gert, gilda frjáls en jafn aðgangur aðildarríkja að fiskimiðum bandalagsins.

Í skýrslu framkvæmdastjórnar kemur m.a. fram að taka verði núverandi kvótakerfi til endurskoðunar þar sem kerfið hafi orsakað nánast stjórnlausa ásókn í fiskistofna og að mikið af undirmálsfiski sé hent fyrir borð með þeim afleiðingum að sumir stofnarnir séu nú aðeins um 15% af því sem þeir voru fyrir um 20 árum. Aukin tækni við fiskveiðar og smíði stærri og öflugri skipa hefur á sama tíma orðið til að auka afkastagetu flotans. Þar af leiðandi þarf að taka skipulag útgerðar til athugunar með það að markmiði að draga úr afkastagetu flotans um allt að 40%. Framkvæmdastjórn EB gerir ráð fyrir að þeim svæðum, sem háðust eru sjávarútvegi og verst verða úti í fyrirhuguðum samdrætti, verði veitt aðstoð úr byggðasjóðum bandalagsins til að tryggja félags- og efnahagslega afkomu þessara samfélaga.

Framkvæmdastjórn EB leggur mikla áherslu á að bæta núverandi kerfi fiskveiðistjórnunar og að auka eftirlit með fiskveiðum. Nauðsynlegt er talið að stækka möskva

og viðraðar hafa verið hugmyndir um útgáfu veiðileyfa jafnhliða aflakvótum til aðildarríkja bandalagsins. Aukið eftirlit krefst þess að aðildarríki styrki starfsemi eftirlitsstofnana og efli um leið samstarf við sjávarútvegsskrifstofu framkvæmdastjórnar EB - DG XIV.

(2.6) Landbúnaðarstefnan

Á undanförnum árum hafa útgjöld EB vegna landbúnaðarstefnunnar verið um 65% af heildargjöldum bandalagsins. Framkvæmdastjórn EB hefur verið það kappsmál að draga úr offramleiðslu landbúnaðarafurða og minnka birgðir innan bandalagsins, þannig að hægt væri smátt og smátt að draga úr niðurgreiðslum og útflutningsbótum. Til að leysa þessi og önnur helstu vandamál, sem eru í tengslum við landbúnaðarstefnuna, samþykkti framkvæmdastjórn EB í júlí sl. tillögur um breytingar á landbúnaðarstefnunni. Eitt helsta vandamálið eru minnkandi tekjur bænda. Bændur eru of margir og framleiðslueiningar óhagkvæmar. Einn þriðji hluti bænda hefur landbúnað að hlutastarfi. Önnur helstu vandamál sem framkvæmdastjórn EB vill takast á við, eru óstöðugleiki á mörkuðum, mikil birgðasöfnun, vaxandi útgjöld EB og umhverfisspjöll sem m.a. verða í tengslum við áburðarnotkun í landbúnaði.

Á árunum 1973 til 1988 jókst landbúnaðarframleiðsla innan EB um 2% á ári að meðaltali, en á sama tímabili jókst neysla aðeins um 0,5%. Þetta hefur leitt af sér mikla birgðasöfnun. Birgðir EB af landbúnaðarvörum eru metnar á um 3.700 millj. ECU, sem er um 275.650 millj. kr. Útgjaldaaukning Landbúnaðarsjóðsins EAGGF á undanförnum árum endurspeglar þá slagsíðu sem orðin er á þessum málaflokki. Á árinu 1975 voru útgjöld sjóðsins um 4.500 millj. ECU, 11.300 millj. ECU árið 1980, en á sl. ári voru útgjöldin komin í 31.500 millj. ECU. Þrátt fyrir þetta hafa tekjur í landbúnaði dregist saman. Tekjuskipting er einnig mjög misjöfn, bæði milli aðildarríkja og bænda. Um 20% bænda fá um 80% framlaga EAGGF. Um 40-50% af tekjum bænda á Írlandi og Hollandi eru af framlögum EAGGF en aðeins um 10-20% af tekjum bænda á Ítalíu, Spáni og Portúgal.

Í tillögum framkvæmdastjórnar, sem nefndar hafa verið Mac Sharry-áætlunin, er gert ráð fyrir mestu breytingum á landbúnaðarstefnunni í þrjátíu ár. Helstu breytingar eru verðlækkun á mikilvægustu landbúnaðarafurðum. T.d. er áætlað að korn lækki um 35%, mjólk um 10%, smjör um 15%, undanrennuduft um 5% og nautakjöt um 15%. Framleiðslukvótar verði minni, hert verði á eftirliti með framleiðslu og styrkir til bænda verði auknir á meðan settum markmiðum er náð. Einnig verði bændum 55 ára og eldri, sem hafa eingöngu haft atvinnu af landbúnaði, gefinn kostur á eftirlaunum. Framkvæmdastjórn EB leggur einnig í tillögum sínum áherslu á mikilvægan þátt bænda í umhverfisvernd. Fjármagni verður varið til að auðvelda bændum að nýta meinlaus efni og aðferðir við framleiðslu og einnig að forða landsvæðum frá umhverfisspjöllum.

Ef þessar tillögur framkvæmdastjórnar ná fram að ganga munu útgjöld EB vegna landbúnaðarstefnunnar aukast á árunum fram til 1997. Eftir það er talið að áhrif aðgerðanna fara að skila sér í lækkandi útgjöldum.

(2.7) Evrópskt vinnuverndarár 1992

Með ákvörðun ráðherraráðs EB frá 25. júlí 1991 var ákveðið að tilnefna árið 1992 sem Evrópskt vinnuverndarár. Ein af ástæðunum fyrir því, að í verkefnið var ráðist, er sá mikli kostnaður sem hlýst af vinnuslysum og atvinnusjúkdómum innan Evrópubandalagsins. Helstu markmiðin með árinu eru að auka vitund um hættu á slysum og heilsutjóni, sem getur fylgt vinnu, og hvetja til þess að atvinnurekendur, starfsmenn og ungt fólk sérstaklega bregðist við þessari hættu. Ennfremur er ætlunin að vekja athygli á gildi þess að leysa félagsleg og fjárhagsleg vandamál sem tengjast vinnuvernd og auðvelda framkvæmd ýmissa reglna og

samþykkta um vinnuvernd sem hafa tekið gildi innan EB. Ráðgjafarnefnd EB um vinnuvernd hefur mælt með því að kröfunum verði beint sérstaklega að öryggi á vinnustöðum, aðbúnaði og líðan starfsmanna á vinnustöðum, hreinu og ómenguðu lofti á vinnustöðum og loks vörnum gegn hávaða og titringi.

EFTA-ríkin hafa farið fram á það við EB að fá að taka þátt í vinnuverndarárinu og fá með því aðgang að merki ársins, þeim upplýsingaritum sem gefin verða út í tilefni þess og geta tekið þátt í þeim ráðstefnum sem haldnar verða. Framkvæmdastjórn EB hefur tekið mjög jákvætt í þessa beiðni EFTA-ríkjanna. Gert er ráð fyrir að opnunarhátíð vinnuverndarársins verði haldin í Lissabon 11.-12. mars nk. og að EFTA-ríkjunum verði boðið að vera með í henni.

(3) Hlutverk EB í aðstoðinni við Mið- og Austur-Evrópu

Hópur 24 iðnríkja lýtur forystu EB við skipulag aðstoðar við ríki í Mið- og Austur-Evrópu. Hefur öll samræming aðstoðarstarfsins farið fram í Brussel eftir ákvörðun fundar leiðtoga sjö helstu iðnríkja heims sem haldinn var í París í júlímánuði 1989. Á þeim fundi samþykktu leiðtogarnir að fela framkvæmdastjórn EB að sjá um samræmingu aðstoðarstarfsins sem í upphafi var ætlað að styðja aðallega endurbætur í Póllandi og Ungverjalandi. Í kjölfar þeirra þjóðfélagsbreytinga, sem átt hafa sér stað síðan í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu hefur aðstoðarsamstarf landanna 24 vaxið að sama skapi og fleiri ríki eru sífellt að bætast í þann hóp sem talinn er að eigi að hljóta aðstoð.

Á árinu 1991 voru haldnir þrír fundir háttsettra embættismanna innan 24 landa hópsins.

Fyrsti fundurinn var haldinn í Brussel 30. janúar 1991. Fulltrúar Búlgaríu, Júgóslavíu, Póllands, Rúmeníu, Tékkóslóvakíu og Ungverjalands voru viðstaddir hluta fundarins og gerðu grein fyrir stöðu efnahagsmála heima fyrir og þeim breytingum sem fyrirhugaðar væru til að koma á markaðsbúskap að vestrænni fyrirmynd. Aðstoðarstarf landanna 24 var formlega látið ná til Rúmeníu á þessum fundi en henni hafði verið haldið utan við aðstoðarsamstarfið fram að þeim tíma þar sem talið var að þar ríkti of mikil óvissa um lýðræðisþróun. Á fundinum var fjallað almennt um aðstoð við tiltekin ríki. Sérstaklega var tekin fyrir beiðni Búlgaríu og Rúmeníu um matvælaaðstoð og lækningatæki og jafnframt um aðstoð á sviði orkumála.

Annar fundur háttsettra embættismanna var haldinn í Brussel 13. júní 1991. Auk iðnríkjanna áttu sæti á hluta fundarins fulltrúar frá þeim Mið- og Austur-Evrópuríkjum sem áttu sæti á fundinum í upphafi ársins. Þessir fulltrúar gáfu aftur yfirlit yfir efnahagsástandið og hvaða ráðstafanir væru ráðgerðar til úrbóta. Það kom fram í máli þeirra að þeir töldu fjárfestingar einkaaðila í þessum löndum enn of veigalitlar miðað við þá framþróun sem átt hefði sér stað til að greiða fyrir slíkum fjárfestingum.

Á fundi landanna 24 hinn 15. september 1991 var svo ákveðið að bæta Albaníu við þau ríki sem ættu rétt á aðstoð. Ákvörðun þessi var tekin að ósk framkvæmdastjórnar EB sem hafði áður sent sendinefnd til að gera úttekt á pólitísku og efnahagslegu ástandi þar í landi.

Fram kom í skýrslu sendinefndar EB að efnahagsástandið í Albaníu væri það versta sem þekktist í Evrópu. Þjóðartekjur á mann væru áætlaðar 350 bandaríkjadalir, atvinnuleysi áætlað allt upp í 35%, fólksfjölgun væri hvergi meiri í álfunni eða 2% og helmingur þjóðarinnar væri undir 22 ára aldri. Öll tækni væri mjög frumstæð og tækniþekking í lágmarki af völdum þeirrar einangrunar sem landið hefði verið í. Hvað varðaði pólitíska ástandið kom fram að almennu kosningarnar, sem hefðu verið haldnar um mánaðamótin mars/apríl 1991, hefðu verið taldar frjálsar af erlendum eftirlitsmönnum en ekki fullkomlega réttlátar þar sem stjórnarandstaðan hefði hvorki haft nægan tíma til að undirbúa kosningarnar

né haft nægilegan aðgang að fjölmiðlum til að baráttan bæri árangur. Samsteypustjórnin, sem sett var á fót í júní, hefði staðið fyrir mikilvægum breytingum en enn væri of snemmt að segja til um hvort lýðræðisþróunin væri óumbreytanleg. Sérstakri nefnd þingmanna og erlendum ráðgjöfum hefur verið falið það verkefni að semja nýja stjórnarskrá. Ráðgert er að halda kosningar á grundvelli nýrrar stjórnarskrár á fyrri hluta þessa árs. Í skýrslunni kom fram að veruleg framþróun hefði átt sér stað í mannréttindamálum. Öllum pólitískum föngum hefði verið sleppt, mannréttindastofnun sett á fót, erlendum eftirlitsmönnum verið heimilað að heimsækja landið og óháðum verkalýðsfélögum heimilað að starfa. Jafnframt að einstaklingum hefði verið veitt tjáningarfrelsi, trúfrelsi og ferðafrelsi. Framkvæmdastjórn EB mælti með því að til að byrja með yrði aðstoð landanna 24 í formi matvælaaðstoðar vegna gífurlegs matarskorts í landinu.

Haldinn var sérstakur samráðsfundur landanna 24 og Þróunarsamvinnustofnunar Sameinuðu þjóðanna 17.-18. september 1991 um aðstoð við Albaníu. Tilgangur fundarins var að miðla upplýsingum um ástandið í landinu, ítreka óskir um stuðning og árétta nauðsyn á góðri samvinnu allra þeirra sem taka þátt í hjálparstarfi, m.a. til að koma í veg fyrir tvíverknað og tryggja að aðstoðin komi að sem bestum notum. En einn aðaltilgangur samstarfs landanna 24 er að samræma aðstoð og skiptast á upplýsingum til að koma í veg fyrir tvíverknað.

Þriðji fundur háttsettra embættismanna var svo haldinn í Brussel 30. október sl. Aðaltilgangurinn með fundinum var að undirbúa ráðherrafund landanna 24 sem halda átti 11. nóvember 1991. Á fundinum var miklum tíma varið í að ræða málefni Eystrasaltsríkjanna og kom fram í máli manna að þeir hefðu vissar áhyggjur af virðingu fyrir réttindum minnihlutahópa í þessum löndum og atriðum sem tengdust ríkisborgararétti. Sumir fulltrúar vöktu athygli á að þrátt fyrir að Eystrasaltsríkin ættu margt sameiginlegt þá bæri að varast að tala ávallt um þau sem eina einingu. Þau væru á sinn hátt mjög ólík innbyrðis og um þrjú sjálfstæð ríki væri að ræða.

Ráðherrafundur landanna 24 var síðan haldinn í Brussel 11. nóvember 1991. Samstarf landanna 24 var formlega rýmkað á þessum fundi og látið ná til Eystrasaltsríkjanna. Fulltrúar Eystrasaltsríkjanna sóttu hluta fundarins ásamt, fulltrúum frá Albaníu og þeim ríkjum sem samstarfið náði þegar til. Á fundinum var m.a. samþykkt tillaga, sem Ísland stóð að ásamt öðrum Norðurlönda, um að haldinn yrði sérstakur fundur á vegum landanna 24 um aðstoð við Eystrasaltsríkin, og var hún samþykkt.

Ráðherrafundurinn samþykkti einnig að fresta allri samræmdri aðstoð við Júgóslavíu í ljósi stríðsástandsins þar í landi. Í yfirlýsingu, sem gefin var út í lok fundarins, staðfestu löndin 24 þann vilja sinn að halda áfram að styðja enduruppbygginguna í öðrum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og sögðu að sérstaklega þyrfti að hvetja til viðskipta og fjárfestinga í þessum ríkjum. Þau staðfestu jafnframt þann vilja sinn að taka til frekari athugunar hvernig bæta mætti markaðsaðgang fyrir þessi ríki og jafnframt að aðstoða þau við að afla nýrra markaða fyrir útflutningsvörur sínar. Löndin 24 voru sammála um að forsenda þess að vel tækist til með pólitíska og efnahagslega þróun væri að sterkur einkageiri myndaðist í þessum löndum. Þau staðfestu einnig mikilvægi þess, að tæknileg uppbygging væri fyrir hendi til þess að þessi ríki gætu samlagast heimsmarkaðnum, og lögðu áherslu á mikilvægi góðra fjarskipta og samgangna í þessu sambandi. Einnig telja þau að náið samhengi sé á milli þróunar í Sovétríkjunum og öðrum löndum í Mið- og Austur-Evrópu.

Ísland hefur veitt nokkra aðstoð til ríkja í Mið- og Austur-Evrópu. Ríkisstjórnin samþykkti að verja 17 millj. kr. í aðstoð við fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna, fyrst og fremst í tækniaðstoð. Fjárhagsaðstoð hefur verið veitt til Póllands og Tékkóslóvakíu og matvæli send til Rúmeníu og Póllands. Þá hefur verið ákveðið að veita Eystrasaltsríkjunum tækniaðstoð.

X Fríverslunarsamtök Evrópu - EFTA

(1) Samningaviðræður EFTA og EB um EES

Í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis í mars 1991 um stöðu samningaviðræðna um Hið evrópska efnahagssvæði, er gerð ítarleg grein fyrir stöðu samningaviðræðnanna, eins og hún var í lok febrúar það ár. Þá var enn útistandandi nokkuð langur listi ágreiningsefna, sem að mestu hefur tekist að leysa í áföngum á ráðherrafundum EFTA og EB í maí, júlí og október og á fundum aðalsamninganefnda EFTA og EB á þessu tímabili. Hér verður gerð grein fyrir þróun viðræðna EFTA og EB um EES frá lokum febrúar 1991. Í næsta undirkafla verður gerð grein fyrir umræðum og ákvörðunum sem átt hafa sér stað um skipulag EFTA vegna EES.

Á ráðherrafundi EFTA og EB 19. desember 1990 náðist ítarlegt samkomulag um allflestar laga- og stofnanahliðar EES-samningsins, svo sem fram kemur í sameiginlegri yfirlýsingu þess fundar og gerð er grein fyrir í skýrslu utanríkisráðherra í mars 1991. Á fyrstu mánuðum 1991 var hafist handa við að útfæra þessar ákvarðanir ráðherra EFTA og EB. Sú vinna gekk hægt. Ástæða þess var að framkvæmdastjórn EB vildi í mörgum tilvikum ganga skemra en virtist mega ráða af ákvörðun ráðherra. Skýringin á þessu var að í byrjun ársins 1991 fóru aðildarríki EB í fyrsta skipti að kynna sér ítarlega stöðu samningaviðræðna um EES og tóku að setja framkvæmdastjórn EB stólinn fyrir dyrnar. Töfðust samningaviðræðurnar nokkuð vegna þessa. Var þjarkað um þetta fram að ráðherrafundi EFTA og EB hinn 14. maí í Brussel. Á þeim fundi voru laga- og stofnanahliðar EES-samningsins leystar með því að í sameiginlegu yfirlýsingu þess fundar eru staðfestar þær meginreglur sem settar voru fram í sameiginlegu yfirlýsingu ráðherra 19. desember 1990. Jafnframt náðist samkomulag um aðrar óleystar laga- og stofnanahliðar samningsins, þ.e. dómstólaþátt hans og nánari útfærslu á þátttöku EFTA í mótun EES-reglna (fyrir utan svokallaðar þriðja flokks nefndir, sem samkomulag náðist fyrst um í október).

Eins og kunnugt er hefur dómstóll EB gert ýmsar athugasemdir við stofnun sjálfstæðs EES- dómstóls og það valdsvið, sem honum var ætlað.

Um nánari útfærslu á þátttöku EFTA í mótun EES-reglna segir í sameiginlegu yfirlýsingunni:

"Þeir (ráðherrar EFTA og EB) lögðu einnig áherslu á mikilvægi þess að tryggja hið fyllsta réttarsamræmi. Til þess að ná því markmiði þyrfti að þróa á þeim sviðum, sem snertu evrópskt efnahagssvæði, stöðugt ferli upplýsingaskipta og samráðs samhliða löggjafarferli Evrópubandalagsins. Ennfremur þyrfti að gefa sérfræðingum EFTA-landanna kost á því að eiga hlut að máli að svo miklu leyti sem hægt er og eftir því hvaða svið er til umfjöllunar við vinnslu tillagna framkvæmdastjórnar til nefnda EB. Í þessu samhengi tóku þeir fram að þegar framkvæmdastjórn undirbýr tillögur sínar mun hún leita til sérfræðinga EFTA-landanna á sama hátt og til sérfræðinga aðildarríkjanna. Einnig tóku þeir fram að hægt væri að ræða raunhæfar lausnir fyrir tiltekin sérstök vandamál og ennfremur að staða EFTA-landanna í nefndum sem varða jaðarverkefni muni að fullu mótast af mögulegri fjárhagslegri þátttöku þeirra í viðeigandi verkefnum."

Með ráðherrafundum EFTA og EB í desember og í maí voru þannig leidd til lykta, ef undan er skilinn dómstólaþáttur EES-samningsins, svo gott sem allar laga- og stofnanahliðar samningsins, sem síðar hafa verið útfærðar af fulltrúum EFTA og EB í lagatexta.

Á ráðherrafundi EFTA og EB 19. desember 1990 urðu ráðherrar sammála um helstu einkenni öryggisákvæða í EES-samningnum, eins og gerð er grein fyrir í skýrslu utanríkisráðherra í mars 1991. Eftir ráðherrafundinn í desember 1990 var deilt um það á fundum aðalsamninganefndar EFTA og EB hvort um eitt almennt öryggisákvæði yrði að ræða í EES-samningnum, eins og krafa EB var, eða auk almenns öryggisákvæðis, sérstök öryggisákvæði eins og EFTA-ríkin kröfðust. Á ráðherrafundi EFTA og EB 14. maí náðist samkomulag um þetta mál með því að ráðherrarnir staðfestu ákvörðun sína frá því í desember um öryggisákvæði og jafnframt "voru sammála um nauðsyn þess að samningurinn skyldi hafa að geyma almennt öryggisákvæði sem hægt væri að beita í hvert skipti sem alvarleg efnahagsleg, þjóðfélags- og/eða umhverfisvandamál í atvinnugrein eða í héraði væru að koma upp. Samningsaðilar gætu með einhliða yfirlýsingum, sem milliríkjaráðstefnan um EES bókaði, komið á framfæri því sem þeir vildu um mögulega beitingu þessa almenna öryggisákvæðis".

Embættismönnum EFTA og EB hafði tekist að leysa ýmis önnur mál á milli ráðherrafundanna í desember 1990 og í maí, sem ekki verður fjallað um hér.

Þegar leið á sumarið tók að kristallast hvaða ágreiningsmál væru útistandandi. Nauðsynlegt var talið að leysa þau í einum áfanga þar sem gæta þyrfti jafnvægis gagnvart öllum samningsaðilum. Þyngst á vogarskálinni voru málefni sem vörðuðu fisk, EFTA-sjóð og þungaflutninga um Alpalöndin. Talið var að með úrlausn á þessum þremur ágreiningsmálefnum mætti finna heildarlausn á öðrum málum.

Á ráðherrafundi EFTA og EB 24. júlí í Lúxemborg var gerð tilraun til að leysa útistandandi ágreiningsmál. Höfuðáhersla var lögð á að finna lausn á þremur fyrrnefndu sviðunum. Eftir fundinn var almennt talið að tekist hefði að finna pólitíska lausn varðandi fiskþáttinn. EB túlkaði síðan niðurstöðu fundarins á annan veg og taldi að vegna fyrirvara um útfærslu væri samkomulag ekki fyrir hendi.

Ástæður þess að ekki tókst að ná heildarlausn á ráðherrafundinum í júlí eru vafalaust margar. Þyngst vegur væntanlega að flutningar um Alpalöndin voru til umræðu í tvíhliða viðræðum milli Austurríkis, framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja þess og á milli Sviss, framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja þess. Þær umræður voru einfaldlega ekki komnar nógu langt á veg í júlí til þess að hægt væri að finna lausn þá. Niðurstaða um EFTA-sjóð var háð því að samkomulag næðist um alla aðra þætti. Aðildarríki EB voru ekki nógu kunnug málum til að vera í stakk búin að standa að samkomulagi um heildarlausn. Tíminn var einfaldlega ekki nægur vegna fjölda flókinna ágreiningsmála, þó að hann væri notaður til hins ítrasta. Ýmislegt jákvætt kom þó út úr fundinum og þá einkum það að allir aðilar, ekki síst af hálfu EB, höfðu kynnst allvel óleystum ágreiningsefnum og hugsanlegum lausnum á flestum þeirra. Þetta var því allgóður undirbúningur undir ráðherrafund EFTA og EB í október. Listi ágreiningsefna frá júlí-fundinum fylgdi viðræðunum fram að ráðherrafundi EFTA og EB 21.-22. október. Í millitíðinni vannst embættismönnum tími til að ræða þessi mál og mögulegar lausnir ásamt áframhaldandi vinnu að gerð lagatexta um önnur mál.

Á ráðherrafundi EFTA og EB 21.-22. október tókst að ná heildarlausn á útistandandi málum. Í lok ársins 1991 var enn verið að útfæra þær niðurstöður og setja í lagatexta. Þegar hefur verið vikið að endurskoðaðri afstöðu EB á dómstólaþætti EES-samningsins, sem samkomulag hafði náðst um á ráðherrafundi EFTA og EB í maí. Hér á eftir verður vikið að einstökum þáttum í niðurstöðu ráðherrafundarins í október.

(1.1) Fiskur

Niðurstaðan varðandi fisk hefur verið margkynnt og er vel kunn á Íslandi. Ekki er því ástæða til að endurtaka þá niðurstöðu hér. Þó má segja að það sé almenn skoðun meðal

fulltrúa annarra EFTA-ríkja að góður samningur hafi náðst fyrir Ísland. Alla tíð var á brattann að sækja vegna afstöðu framkvæmdastjórnar EB og einstakra aðildarríkja þess. Hlutfall frjáls markaðsaðgangs fyrir íslenskar sjávarafurðir í EB-ríkjunum miðað við viðskipti eykst úr rúmlega 60% í yfir 90%. Núverandi íslensk lög um fjárfestingar nr. 34/91 gilda áfram eftir að EES-samningurinn tekur gildi, þ.e. engar fjárfestingar útlendinga í útgerð og frumvinnslu verða leyfðar. Allt undir lok samningalotunnar 21. október var það eindregin krafa EB að EFTA-ríkin féllu frá þessu og á tímabili leit út fyrir að öll samningalotan og hugsanlega hugmyndir um EES-samning færu út um þúfur vegna afstöðu EFTA-ríkjanna, einkanlega fyrir hönd Íslands, um þetta efni. Samkomulagið um gerð tvíhliða samnings milli Íslands og EB um gagnkvæm skipti veiðiheimilda að jafnvirði 3.000 tonna af karfa er hlutfallslega óverulegt miðað við þá kröfu sem EB hafði gagnvart Íslandi í samningaviðræðunum.

(1.2) Þungaflutningar um Alpalöndin

Samhliða ráðherrafundi EFTA og EB 21.-22. október sl. voru haldnir tvíhliða fundir milli Austurríkis, framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB og Sviss, framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB. Á þessum fundum náðist samkomulag um þungaflutninga um Alpana og vísað verður til þessara tvíhliða samninga í sérstökum viðaukum við EES-samninginn.

Á þjóðleiðum um Sviss er þungatakmörkun 28 tonn. Allflestar vöruflutningabifreiðar, sem aka milli landa í Vestur-Evrópu, eru þyngri en það. EB hótaði í upphafi samningaviðræðnanna að ekki yrði um neinn EES-samning að ræða varðandi þetta ef Sviss og Austurríki sýndi ekki sveigjanleika. Síðan breytti EB afstöðu sinni þannig að ef ekkert samkomulag næðist á þessu sviði myndi allur flutningakaflinn falla niður í EES-samningnum. Samkomulag náðist milli Sviss og EB um að gefið yrði leyfi fyrir 50 vörubifreiðar frá EB-ríkjum til flutninga um Sviss með því skilyrði að bifreiðarnar væru yngri en tveggja ára og í viðkomandi tilviki væri ekki rúm fyrir þær í járnbrautarlestum. Jafnframt er ætlun Sviss að auka stórlega flutningsgetu járnbrauta.

Í Austurríki er leyfður hámarksþungi vöruflutningabifreiða 38 tonn og Austurríki hefur gert tvíhliða samninga við flest EB-ríki um takmarkanir á flutningum með vörubifreiðum. Austurríki vildi verulega takmarka þessa flutninga, sem samið hafði verið um, til að minnka mengun í Austurríki. Samkomulag náðist um að miða leyfilega flutninga við mengunarmörk og eiga heimilaðir flutningar að fela í sér u.þ.b. 60% samdrátt í mengun á 12 árum. Þetta mun einnig verða hvatning fyrir EB-ríkin til að nota vörubifreiðar, sem valda minni mengun, þannig að flutningar þeirra um Austurríki takmarkist ekki í þeim mæli sem annars væri.

(1.3) EFTA-sjóðurinn

Samkomulag varð um stofnun sjóðs, sem EFTA-ríkin greiddu til á fimm árum. Upphæð sjóðsins verði 2 milljarðar ECU og verður stofnfjár aflað á alþjóðlegum lánamörkuðum en framlag EFTA-ríkja notað til þess að niðurgreiða vexti. 1.5 milljarður verði í formi niðurgreiddra lána (með 3% vöxtum og tveggja ára frestun greiðslna) og 500 milljónir ECU í formi styrkja. Lán og styrkir verða einkum veittir úr sjóðnum til Suður-Evrópulanda og Írlands, en markmið sjóðsins er að auka jafnstöðu í lífskjörum innan Evrópu og því fara framlög úr honum til landa eða héraða sem eru illa sett í þeim efnum. Framlag Íslands er u.þ.b. 0.7%.

(1.4) Aðrir þættir samkomulagsins 21.-22. október

Auk ofangreindra þriggja meginmálefna, sem samkomulag varð um í október, náðist samkomulag um önnur óleyst ágreiningsefni.

Sameiginlegur EES-listi verður í samningnum yfir þær vörur unnar úr

landbúnaðarhráefnum, sem falla undir hann. Ísland undanskildi af sinni hálfu á listanum "létt og laggott" og "mjólkur- og rjómaís". Austurríki fékk aðlögunarfrest varðandi nokkrar vörur á þessum lista.

- Samkomulag varð um að eftirlitsstofnun EFTA fjalli um meint brot á samkeppnisreglum EES ef í hlut eiga fyrirtæki frá EFTA- og EB-ríki og 33% eða meira af sameiginlegri veltu fyrirtækjanna á sér stað í EFTA-ríkjum.
- Samkomulag varð um þátttökurétt EFTA ríkjanna í ýmsum þartilgreindum, svokölluðum þriðja flokks nefndum EB.
- EB hélt til streitu kröfu um að aðrar reglur gildi um styrki til skipasmíða innan EB en innan EFTA. Núverandi reglur EB gilda til 1. janúar 1994. Samkomulag náðist um að við endurskoðun þeirra muni EB hafa samráð við EFTA-ríkin og endurmeta afstöðu sína varðandi gildi reglnanna gagnvart EFTA-löndum í samræmisátt.
- Samkomulag varð um að EFTA-ríki geti beitt nýjum eða breyttum EES-reglum til bráðabirgða þótt endanleg ákvörðun um viðunandi reglu hafi ekki verið tekin vegna þess að eitt eða fleiri EFTA-ríki hafi ekki, vegna stjórnarskrárákvæða, tekið afstöðu til málsins. Tilkynning frá samningsaðila getur komið í veg fyrir slíka gildistöku.
- Staðfest var viljayfirlýsing um rétt ungs fólks frá EFTA-ríkjunum, sem er í starfs-þjálfunarverkefnum EES, til dvalarleyfis.

(1.5) Nýtt samkomulag um úrlausn deilumála 14. 2. 1992.

(1.5.1) Úrlausn deilumála

Dómstóll Evrópubandalagsins hafnaði með áliti nr.1/91 í desember 1991 stofnun sérstaks dómstóls fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt áliti EB dómstólsins braut stofnun sérstaks EES dómsstóls, sem dæma átti í málum sem vörðuðu eftirlit með fullnustu EES reglna í EFTA ríkjunum, í deilumálum á milli EFTA ríkjanna og í deilum EFTA ríkjanna við EB, í bága við Rómarsamninginn. Taldi EB dómstóllinn að þar sem EB reglur væru að stórum hluta teknar upp í EES samninginn myndi valdsvið stofnanna EB skerðast þar sem þær yrðu bundnar af túlkun annars dómstóls en EB dómstólsins sjálfs á sínum eigin reglum. Brottfall EES dómstólsins kallaði á nýjar lausnir um samræmda túlkun á samningnum og úrlausn deilumála.

Samkvæmt lokaniðurstöðum EES samningsins er samræmd túlkun og úrlausn deilumála á evrópska efnahagssvæðinu nú í höndum sameiginlegu EES nefndarinnar, dómstóla Evrópubandalagsins og dómstóls EFTA ríkjanna auk gerðardóms. Eftirlit með fullnustu samningsins er í höndum framkvæmdastjórnar EB annars vegar og eftirlitsstofnunar EFTA hins vegar.

EFTA ríkin skuldbinda sig til að setja á stofn sérstakan EFTA dómsól. Ákvæði um EFTA dómstólinn er að finna í sérstökum samningi EFTA ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Valdsvið EFTA dómstólsins nær í meginatriðum til úrlausna í deilumálum EFTA ríkjanna og til mála sem varða eftirlit með framkvæmd samningsins í EFTA ríkjunum þar á meðal í málum er varða samkeppnisreglur.

Evrópubandalagið og EFTA ríkin mega fara með deilumál um túlkun og beitingu EES samningsins fyrir sameiginlegu EES nefndina. Leggja ber allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir nefndina sem ber að leita allra leiða til semja um lausn málsins og að viðhalda góðri framkvæmd samningsins.

Ef upp kemur mismunur á túlkun á EB reglum og sömu reglum sem teknar eru upp í EES samninginn ber sameiginlegu EES nefndinni að taka ákvarðanir sem stuðla að samræmdri túlkun. Ef ekki næst samkomulag um lausn innan þriggja mánaða geta aðilar að deilunni komið sér saman um að fá úrskurð EB dómstólsins um túlkun reglnanna.

Takist sameiginlegu EES nefndinni ekki að finna lausn innan sex mánaða geta samningsaðilar gripið til öryggisráðstafanna til að vega upp það ójafnvægi sem hefur skapast með ósamræmdri túlkun. Ef ekki dugir að beita öryggisráðstöfunum geta samningsaðilar gripið til þess ráðs að fresta framkvæmd hluta af þeim viðaukum sem ósamræmd túlkun hefur bein áhrif á.

Deilur sem varða umfang og gildistíma öryggisaðgerða og hvort gagnráðstafanir eru í réttu hlutfalli við umfang öryggisaðgerða má fara með fyrir gerðardóm ef sameiginlegu EES nefndinni hefur ekki tekist að leysa deiluna innan þriggja mánaða. Gerðardómurinn getur aðeins dæmt um umfang og réttmæti gildistíma aðgerðanna, en ekki hvort þeim er beitt eða ekki. Niðurstaða gerðadóms er bindandi fyrir deiluaðila.

Í gerðardóminum sitja að jafnaði þrír gerðardómendur nema deiluaðilar komi sér saman um annað. Þeir aðilar sem deila tilnefna tvo gerðardómendur, einn fyrir hvora hlið. Þessir tveir gerðardómendur eiga að koma sér saman um oddamann gerðardómsins. Ef þeir geta ekki komið sér saman um oddamann innan tveggja mánaða skulu þeir velja oddamann af sjö manna lista sem sameiginlega EES nefndin hefur sett upp.

(1.5.2) Samræmd túlkun.

Vegna brottfalls sameiginlegs dómstóls EES var bætt inn nokkrum ákvæðum sem ætlað var að stuðla að samræmdri túlkun á reglum sem varða fjórfrelsið. Í samningnum um EFTA dómstólinn er t.d. sett ákvæði þess efnis að tekið skuli réttmætt tillit til dóma EB dómstólsins um túlkun sömu reglna í framtíðinni. Einnig var samþykkt að halda inni ákvæði þess efnis að EFTA ríkin gætu heimilað dómstólum sínum að óska eftir bindandi úrskurði um túlkun á EES reglum til EB dómstólsins. Það er undir hverju EFTA ríki komið hvort slík heimild er veitt.

(1.5.3) Skipting á eftirliti með samkeppnisreglum.

Í samkomulaginu frá 22. október s.l. var gengið frá skiptingu á málum á sviði samkeppnisreglna á milli eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB. Framangreint álit EB dómstólsins var túlkað þannig að sú skipting sem samið hafði verið um stæðist ekki gagnvart Rómarsáttmálanum. Samið var um nýja skiptingu þess efnis að hrein EFTA mál falla undir eftirlitsstofnun EFTA, en flest blönduð mál, sem hafa áhrif bæði á viðskipti á milli EB ríkja og EFTA ríkja, til framkvæmdastjórnar EB. Þau mál sem varða fyrirtæki í einu EB ríki annars vegar og einu eða fleiri EFTA ríki hins vegar fara þó til eftirlitsstofnunnar EFTA. Einnig fara öll mál sem hafa áhrif á viðskipti bæði á milli EFTA ríkjanna en lítil áhrif á viðskipti á milli EB ríkjanna til eftirlitsstofnunnar EFTA. Með framangreindum reglum um skiptingu er tryggt að stofnanir EB taki ákvarðanir í þeim málum sem hafa áhrif á viðskipti á milli EB ríkja og þær hafa valdssvið til að taka ákvarðanir um í dag.

(2) Skipulag EFTA vegna EES

Samningurinn um evrópska efnahagssvæðið mun hafa í för með sér ýmsar breytingar á uppbyggingu EFTA til styrkingar á þeirri stofnun. Sérstök skipulagsnefnd EFTA (HLPG - High Level Planning Group) var sett á stofn í byrjun ársins 1991 með það hlutverk, í samvinnu við aðalsamninganefnd EFTA um EES (HLNG), að vinna að innra framtíðarskipulagi EFTA. Framan af gekk starfið mjög hægt. Eftir ráðherrafund EFTA- og EB- ríkjanna í Lúxemborg 21.-22. október komst nokkur skriður á málið og stefnt var að því að ráðherrar EFTA tækju á fundi sínum í desember ýmsar mikilvægar ákvarðanir varðandi umrætt málefni. Þegar EB frestaði áritun vegna álits Evrópudómstólsins var þessum

ákvörðunum frestað að mestu leyti. Af þessum ástæðum tóku ráðherrar EFTA einungis afstöðu til hluta þeirra ákvarðana, sem stefnt var að. Varla má búast við því að frekari ákvarðanir verði teknar af ráðherrum fyrr en áritun EES-samningsins hefur átt sér stað. Hér á eftir verður gerð grein fyrir ákvörðunum ráðherra í desember og því sem er útistandandi.

Á fundi sínum í desember ákváðu ráðherrar EFTA að stofna sérstaka undirbúningsnefnd með það hlutverk að undirbúa stofnun eftirlitsstofnunar EFTA, þannig að eftirlitsstofnunin verði á flestum sviðum að fullu starfshæf frá gildistökudegi EES-samningsins. Enn er ekki að fullu ljóst hvaða valdsvið þessi undirbúningsnefnd muni hafa, en EFTA-ráðinu er ætlað að skilgreina það.

Ráðherrarnir ákváðu einnig að setja skyldi á stofn bráðabirgðastjórnarnefnd EFTA vegna EES sem færi með samskipti við EB þar til samningur hefur gengið í gildi. Eftir er að ákveða nánar valdsvið þessarar nefndar.

Jafnframt ákváðu ráðherrar í grófum dráttum hvaða EFTA-starfsemi eigi að fara fram í Brussel og hver í Genf. Í Brussel verður sá hluti EFTA-starfsins sem snýr sérstaklega að EES. Höfuðstöðvar eftirlitsstofnunar EFTA verða í Genf. Hluti starfsemi hennar verður í Brussel, a.m.k. eftirlit samkeppnisreglna. EFTA-ráðið og nefndarstarfsemi EFTA, er fellur fyrir utan EES, verður í Genf, þ.m.t. öll samskipti EFTA við þriðju ríki utan EB-ríkjanna. Höfuðstöðvar skrifstofu EFTA verða í Genf. Hluti starfsmanna EFTA verður fluttur til Brussel. Aðalframkvæmdastjóri EFTA fékk umboð frá ráðherrum til að ákveða starfsmannaskiptingu milli Brussel og Genf.

Eins og að framan greinir er enn ýmislegt óljóst um framtíðarskipulag EFTA, sem skipulagsnefnd EFTA mun áfram vinna að, a.m.k. þar til undirbúningsnefnd eftirlitsstofnunar EFTA og bráðabirgðastjórnarnefnd EFTA vegna EES hefja störf.

(2.1) Stjórnarnefnd EFTA vegna EES

Með sérstökum stofnsamningi meðal EFTA-ríkjanna verður komið á fót stjórnanefnd EFTA vegna EES (Standing Committee of the EFTA States). Hún mun hafa yfirumsjón með undirbúningi EFTA-ríkjanna fyrir ákvörðun EES-mála í sameiginlegu EFTA- og EB-nefndinni og í EES-ráði og að því er varðar framkvæmd EES-samningsins af hálfu EFTA, að undanskildu því eftirlitshlutverki, sem eftirlitsnefnd EFTA verður falið.

Hvert EFTA-ríki mun eiga einn fulltrúa í stjórnarnefndinni og hafa eitt atkvæði í henni. Í allflestum tilvikum mun þurfa samhljóða samþykki allra fulltrúa EFTA-ríkja fyrir ákvörðunum. Ráðherrar EFTA, en þó að jafnaði háttsettir embættismenn, munu sitja fundi þessarar nefndar.

Stjórnarnefnd EFTA vegna EES getur sett á stofn undirnefndir. Samninganefndir og sérfræðinefndir EFTA, sem starfa nú undir aðalsamninganefnd EFTA, verða felldar undir bráðabirgðastjórnarnefnd EFTA vegna EES og síðan undir stjórnarnefndina þegar samningurinn gengur í gildi. Í ljósi reynslunnar mun þessum nefndum verða breytt, fækkað eða fjölgað. Þegar bráðabirgðastjórnarnefndin tekur til starfa verður aðalsamninganefnd EFTA lögð niður.

(2.2) Eftirlitsstofnun EFTA

Sjálfstætt eftirlit með fullnustu aðildarríkja EFTA á EES-samningnum verður í höndum eftirlitsstofnunar EFTA (Surveillance Authority among the EFTA States) og í höndum framkvæmdastjórnar EB hvað aðildarríki EB varðar. Náin samvinna verður á milli þessara stofnana.

Samkvæmt uppkasti að stofnsamningi eftirlitsstofnunar EFTA á stjórn stofnunarinnar að vera í höndum sjö manna, eins frá hverju EFTA-ríkjanna. Þeir eiga að starfa algerlega

sjálfstætt og þar af leiðandi ekki taka við fyrirmælum frá ríkisstjórn síns heimalands. Þeir mega ekki sinna öðrum störfum samtímis og verða ráðnir til fjögurra ára í senn og eru skipaðir með samhljóða samþykki allra EFTA-ríkjanna. Þeim til aðstoðar verða starfsmenn eftirlitsstofnunarinnar.

(2.2.1) Almennt eftirlit

Eftirlitsstofnun EFTA getur að eigin frumkvæði eða vegna kvartana frá aðildarríki EES-samningsins eða einstaklingum, hafið athugun á því hvort aðildarríki EFTA uppfyllir samningsskyldur sínar. Ef eftirlitsstofnun EFTA telur að aðildarríki EFTA uppfylli ekki samningsskyldur sínar á grundvelli EES samningsins, tekur hún upp viðræður við viðkomandi EFTA-ríki. Ef þær bera engan árangur, getur hún gefið út rökstudda áskorun til þess EFTA ríkis um úrbætur. Geri aðildarríki það ekki, er í uppkasti að stofnsamningi eftirlitsstofnunar EES gert ráð fyrir að stofnunin geti höfðað mál á hendur viðkomandi EFTA-ríki fyrir dómstóli.

(2.2.2) Sérhæft eftirlit

Á sviði samkeppnisreglna, ríkisstyrkja og opinberra innkaupa mun eftirlitsstofnun EFTA hafa víðtækara valdsvið en varðandi almenna eftirlitið.

Til að tryggja sömu samkeppnisaðstöðu innan EES-svæðisins munu sömu samkeppnisreglur gilda á svæðinu með því að EES-samningurinn fylgi sams konar reglum og eru í Rómarsáttmálanum. Eftirlitið beinist hér ekki einungis að aðildarríkjum EES-samningsins, heldur einnig fyrirtækjum á efnahagssvæðinu.

Eftirlit með framkvæmd samkeppnisreglna verður í höndum eftirlitsstofnunar EFTA. Eftirlit með framkvæmd samkeppnisreglna í málum sem aðeins hafa áhrif á viðskipti á milli EFTA ríkjanna og þau mál þar sem heildarvelta fyrirtækja í EFTA ríkjunum er 33% eða meiri en heildarvelta þeirra á EES svæðinu verður í höndum eftirlitsstofnunar EFTA. Hins vegar falla önnur mál þar á meðal þau mál sem falla undir 33% regluna undir stofnannir EB. Þar með er tryggt að valdsvið EB dómstólsins sé ekki skert þar sem hann hefur valdssvið í öllum málum sem hafa áhrif á viðskipti á milli EB ríkjanna í dag.

Þá er gert ráð fyrir að valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA hvað eftirlitsþátt samkeppnisreglna varðar verði það sama og valdsvið framkvæmdastjórnar EB. Meginreglan er sú að eftirlitsstofnunin tekur ákvarðanir um aðgerðir, en framkvæmd aðgerðanna á heimavettvangi fer fram í samræmi við innlend samkeppnis yfirvöld. Í framkvæmdinni lýkur mörgum málum innan EB með óformlegum sáttum.

Ef fyrirtæki vilja ekki hlíta niðurstöðu eftirlitsnefndar EFTA, geta þau vísað málinu til dómstóls.

Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa eftirlit með ríkisstyrkjum í EFTA-ríkjum og rannsaka hvort þeir brjóti í bága við EES-samninginn. Innan EFTA er aðildarríki þegar skylt að tilkynna væntanlega og veitta ríkisstyrki. Ef eftirlitsstofnunin telur að veittir eða væntanlegir ríkisstyrkir samræmist ekki ákvæðum EES-samningsins getur hún úrskurðað stöðvun á veitingu ríkisstyrkja eða endurgreiðslu þeirra. Á meðan eftirlitsstofnunin kannar væntanlega ríkisstyrki er ekki heimilt að veita þá. Eftirlitsstofnunin mun samkvæmt uppkasti að stofnsamningi hennar hafa heimild til að höfða mál fyrir dómstólum gegn aðildarríki EFTA vegna meints brots á ákvæðum um ríkisstyrki og aðildarríki EFTA getur vísað ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar á þessu sviði til dómstóls.

Náið samstarf verður á milli eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB á þessu sviði með upplýsinga- og skoðanaskiptum. Ef eftirlitsstofnun EFTA telur að eftirlit framkvæmdastjórnar EB með ríkisstyrkjum í EB-ríkjunum sé ófullnægjandi á einhverju sviði

getur hún vísað því máli til sameiginlegu nefndar EFTA og EB.

Samkvæmt EES-samningnum verða flest opinber innkaup og opinber verkkaup, ef þau fara yfir þar tilgreinda fjárhæð, opin fyrir aðila í öllum aðildarríkjum EES og má ekki mismuna þeim á grundvelli þjóðernis. Eftirlit á þessu sviði með aðilum innan EB verður í höndum framkvæmdastjórnar EB en hjá eftirlitsstofnun EFTA gagnvart aðilum í EFTA-ríkjunum. Náið samráð á að vera á milli stofnananna. Ef eftirlitsstofnun telur að um meint brot sé að ræða á ákvæðum EES-samningsins um opinber innkaup af hálfu EFTA-ríkis eða sveitarfélags, sendir hún til þess EFTA-ríkis tilkynningu um það með kröfu um að slíkt brot verði leiðrétt. Viðeigandi EFTA-ríki fær tiltekinn frest frá móttöku slíkrar tilkynningar til að svara eftirlitsstofnun EFTA um hvað það ætli að gera. Ef meint brot er ekki leiðrétt hefur eftirlitsstofnun EFTA ávallt möguleika á að vísa málinu til dómstólsins.

Samkvæmt þessu er eftirlitsstofnun EFTA (ESA) ætlað verulegt valdsvið og mikil verkefni og verður því að undirbúa stofnsetningu hennar vandlega.

(2.3) EFTA dómstóllinn.

Sjö dómarar sitja í EFTA dómstólnum. Tilnefning dómaranna þarf að hljóta samþykki allra ríkisstjórna EFTA ríkjanna. Dómurinn starfar fullskipaður en EFTA ríkin mega heimila honum að starfa í deildum.

Valdssvið EFTA dómsstólsins nær til:

1. Mála er eftirlitsstofnun EFTA höfðar á hendur EFTA ríki vegna fullnustu á EES samningnum og EFTA samningnum um eftirlit og dómstól.

2. Deilumála á milli EFTA ríkja sem varða túlkun eða beitingu EES samninginsins eða EFTA samningsins um eftirlit og dómstól.

3. Mála er EFTA ríki höfðar á hendur eftirlitsstofnun EFTA vegna aðgerðarleysis, vanhæfi eða brota á EFTA samningnum um eftirlit og dómstól.

4. Mála er einstaklingar höfða á hendur eftirlitsstofnun EFTA vegna ákvarðana hennar sem beinast gegn viðkomandi einstaklingi eða sem varða beint hagsmuni hans.

5. Að gefa ráðgefandi álit um túlkun EES samningsins ef dómstólar í EFTA ríkjunum óska eftir slíku áliti. EFTA ríki getur takmarkað rétt til slíkrar beiðni við síðasta dómstig þ.e. á Íslandi við Hæstarétt.

6. EFTA dómstóllinn getur einnig dæmt um skaðabótaskyldu eftirlitsstofnunarinnar, nauðsyn þess að fresta framkvæmd EES reglna og kveðið á um nauðsynlegar bráðabirgðaaðgerðir á meðan að mál er fyrir dóminum.

(3) Samskipti EFTA við þriðju ríki

Hér á eftir verður lýst samskiptum EFTA-ríkjanna við Tyrkland, Pólland, Tékkóslóvakíu, Ungverjaland, Ísrael, Búlgaríu, Rúmeníu, Eystrasaltsríkin, Júgóslavíu og aðildarríki Persaflóa-samvinnuráðsins.

(3.1) Tyrkland

Hinn 10. desember undirrituðu ráðherrar EFTA fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Tyrklands. Samningurinn er að mestu byggður á fríverslunarsamningum einstakra EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins frá því 1970-1972, þ.e. fríverslun með iðnaðarvörur. Jafnframt nær hann yfir fríverslun með fisk og fiskafurðir. Tyrkland mun koma á fullri fríverslun með sama hætti og innan EFTA á þessu sviði í áföngum á fjórum árum að því er varðar niðurfellingu tolla, en það er sami aðlögunartími og gildir fyrir Tyrkland með ýmsar iðnaðarvörur. Auk þess er gert ráð fyrir fríverslun með nokkrar landbúnaðarafurðir, sem ekki eru framleiddar á Íslandi, einkum ávexti. Stefnt er að því að samningurinn taki gildi 1. apríl 1992.

(3.2) Pólland, Tékkóslóvakía og Ungverjaland

Á næstliðnum árum hefur það stöðugt færst í vöxt að einstök Mið- og Austur-Evrópuríki hafi leitað til EFTA-ríkjanna með ósk um nánari samvinnu. Áhugi þeirra á EFTA stafar vafalaust m.a. af aukinni samvinnu EFTA-ríkjanna og EB og stærð markaðar síðarnefndu ríkjanna, en jafnframt eru þau að leita pólitískrar viðurkenningar vestrænna ríkja á þróuninni í heimalöndum sínum í átt til lýðræðis og frjálslegri viðskiptahátta. EFTA-ríkin höfðu frekar lítinn áhuga á að auka samstarf við Mið- og Austur-Evrópuríkin fyrr en þróunin í átt til lýðræðis hófst 1989. Áhugi EFTA-ríkjanna jókst verulega eftir því sem leið á árið 1990.

Á ráðherrafundi EFTA í júní 1990 í Gautaborg í Svíþjóð voru undirritaðar yfirlýsingar um aukna samvinnu EFTA-ríkjanna við Pólland, Ungverjaland og Tékkóslóvakíu. Yfirlýsingarnar eru svipaðar og svokölluð Bergen-yfirlýsing milli EFTA-ríkjanna og Júgóslavíu frá 1983 og fela í sér hvatningu til aukinnar samvinnu á sviði viðskiptamála, umhverfismála, ferðamála, flutninga o.fl. Jafnframt er í yfirlýsingunum ákvæði sem opnar möguleikann á viðræðum milli EFTA-ríkjanna og Póllands, Ungverjalands og Tékkóslóvakíu um fríverslunarsamninga.

Með yfirlýsingunum voru einnig settar á stofn sameiginlegar nefndir er hittast a.m.k. einu sinni á ári til að ræða framkvæmd yfirlýsinganna.

Á árinu 1991 hófust samningaviðræður um fríverslunarsamninga milli EFTA-ríkjanna og Póllands, Tékkóslóvakíu og Ungverjalands. Stefnt var að því að ljúka þeim á fyrstu mánuðum 1992 og var undirritaður samningur við Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldið í Prag 20 mars sl. Samningsuppköstin við þessi ríki eru að mestu byggð á fríverslunarsamningum einstakra EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins frá því 1970-1972. Auk fríverslunar með iðnaðarvörur hefur það verið krafa EFTA, að fríverslun með fisk og fiskafurðir falli einnig undir samningana. EFTA-ríkin hafa lýst því yfir að þau séu reiðubúin að fella niður tolla og aðrar viðskiptahindranir á iðnaðarvörum og fiskafurðum, með fáeinum undanþágum, við gildistöku samninganna á meðan umrædd Austur-Evrópuríki felli niður slíkar hindranir í viðskiptum smám saman á tíu ára aðlögunartímabili.

EFTA-ríkin hafa lagt fram lista yfir fisk og fiskafurðir sem þau vilja að fríverslun nái til. Austurríki og Sviss hafa gert undanþágu um að fríverslun með ferskvatnsfisk nái til þeirra. Pólland og Tékkóslóvakía hafa fallist á þá tillögu EFTA-ríkjanna að fríverslunarsamningarnir nái til fisks og fiskafurða með því skilyrði að Austurríki og Sviss falli frá undanþágum sínum. Austurríki og Sviss hafa lýst yfir að þau geti fallið frá fyrirvörunum að hluta til ef samkomulag náist um slíkt í tvíhliða viðræðum þeirra við Pólland og Tékkóslóvakíu um landbúnaðarmál. Þeim viðræðum er ekki lokið við Pólland.

Umræður EFTA-ríkjanna og Ungverjalands um fríverslunarsamning eru ekki komnar eins langt og gagnvart hinum tveimur ríkjunum og afstaða þeirra varðandi fisk og fiskafurðir

er mun óljósari.

Samhliða samningaviðræðum EFTA-ríkjanna við Pólland, Tékkóslóvakíu og Ungverjaland um fríverslunarsamninga með iðnaðarvörur og fisk og fiskafurðir eru tvíhliða viðræður einstakra EFTA-ríkja og þessara Austur-Evrópuríkja um viðskipti með landbúnaðarvörur. Stefnt er að því að ljúka þeim samhliða fríverslunarsamningunum. Þessar viðræður eru stutt á veg komnar. Af Íslands hálfu hefur því verið lýst yfir að aðgangur með kjöt og kjötvörur og mjólk og mjólkurvörur frá þessum ríkjum komi ekki til greina, en hægt sé að kanna möguleikann á ýmsum öðrum landbúnaðarvörum, einkum þeim sem ekki eru framleiddar á Íslandi.

(3.3) Búlgaría og Rúmenía

Á ráðherrafundi EFTA í desember í Genf voru undirritaðar yfirlýsingar um aukna samvinnu EFTA-ríkjanna og Búlgaríu og Rúmeníu. Yfirlýsingarnar eru svipaðar og svokallaðar Gautaborgar-yfirlýsingar milli EFTA-ríkjanna og Póllands, Tékkóslóvakíu og Ungverjalands og fela í sér hvatningu til aukinnar samvinnu á sviði viðskiptamála, umhverfismála, ferðamála, flutninga o.fl. Mismunurinn á milli þessara yfirlýsinga og Gautaborgar-yfirlýsinganna er að ákvæðið í fyrrnefndu yfirlýsingunum, sem opnar möguleikann á umræðum um fríverslunarsamninga, er mun þrengra en í Gautaborgar-yfirlýsingunum, enda ætla EFTA-ríkin ekki að hefja slíkar umræður við Búlgaríu og Rúmeníu, a.m.k. ekki í bili.

(3.4) Ísrael

EFTA-ríkin og Ísrael hafa hafið samningaviðræður um fríverslunarsamning milli ríkjanna. Til grundvallar umræðunum er uppkast að slíkum samningi frá EFTA-ríkjunum. Uppkastið er mjög svipað því sem lagt hefur verið til grundvallar í fríverslunarviðræðum við Pólland, Ungverjaland og Tékkóslóvakíu. Umræðurnar eru stutt á veg komnar, en ákveðið hefur verið að hraða þeim eins og kostur er, þannig að fríverslunarsamningur milli ríkjanna taki gildi á fyrri hluta ársins 1992. Ástæða þess er einkum sú að frá 1. janúar 1992 hækkuðu tollar verulega í Ísrael.

EFTA-stefnan í þessum fríverslunarviðræðum, eins og verið hefur í öðrum slíkum viðræðum, er að fiskur og fiskafurðir eigi að falla undir samninginn. Á brattann verður að sækja að fá það viðurkennt af hálfu Ísraels, þar sem margir bændur þar stunda fiskrækt í vernduðu umhverfi. Einnig stunda Ísraelsmenn fiskveiðar í Miðjarðarhafi.

(3.5) Eystrasaltsríkin

Á ráðherrafundi EFTA í desember voru undirritaðar yfirlýsingar milli EFTA-ríkjanna og Eistlands, Lettlands og Litháens. Yfirlýsingarnar eru samhljóða og eru mjög almenns eðlis en fela í sér vilja til aukinnar samvinnu milli ríkjanna. Utanríkisviðskiptaráðherra Finnlands fór, sem formaður ráðherraráðs EFTA, til Eystrasaltsríkjanna í september til að kanna áhuga þessara ríkja á aukinni samvinnu við EFTA-ríkin. Eystrasaltsríkin sýndu því mikinn áhuga. Í framhaldi af þessu var í nóvember send nefnd háttsettra embættismanna frá EFTA til Eystrasaltsríkjanna til að kanna nánar í hvaða formi slík samvinna gæti orðið. Af Íslands hálfu átti sæti í nefndinni Hallgrímur Snorrason, hagstofustjóri. Nefndin skilaði skýrslu til EFTA-ráðsins um þessa ferð með tillögum um samvinnuverkefni milli ríkjanna. Á grundvelli hennar var samþykkt að EFTA-ríkin veiti Eystrasaltsríkjunum aðstoð við að koma á fót viðskipta- og tollreglum, við stjórnun utanríkisviðskipta og á sviði hagskýrslugerðar o.fl., í mörgum tilvikum í samvinnu við Evrópubandalagið. Einstök EFTA-ríki, þ.m.t. Finnland og Svíþjóð hafa þegar gengið frá tvíhliða samningum við Eystrasaltsríkin.

(3.6) Júgóslavía

Vegna ástandsins í Júgóslavíu ákvað EFTA-ráðið í nóvember að hætta allri samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Júgóslavíu á grundvelli Bergen-yfirlýsingarinnar, falla frá stofnun EFTA-þróunarsjóðs fyrir Júgóslavíu og hætta öllum könnunarviðræðum við Júgóslavíu um fríverslunarsamning. Á ráðherrafundi EFTA í desember var EFTA-ráði embættismanna falið að ræða nánar hvort grundvöllur væri meðal EFTA-ríkjanna fyrir einhvers konar samvinnu við Slóveníu og Króatíu.

(3.7) Aðildarríki Persaflóa-samvinnuráðsins

Ráðherrar EFTA hafa falið EFTA-ráði embættismanna að fara í könnunarviðræður við aðildarríki Persaflóa-samvinnuráðsins um hugsanlega fríverslunarsamninga milli ríkjanna.

(3.8) Færeyjar

Íslendingar og Færeyingar hófu samningaviðræður um fríverslun um áramótin. Til grundvallar eru lagðir samningar Íslendinga og Færeyinga við Evrópubandalagið. Samningsaðilar eru sammála um fríverslun með sjávarafurðir og Færeyingar bjóða einhliða opnun á markaði sínum fyrir flestar landbúnaðarafurðir sem fluttar eru inn frá Íslandi. Færeyingar óska eftir því að Íslendingar aflétti hömlum á innflutningi vatns og bjórs frá Færeyjum. Stefnt er að undirskrift samninga í apríl á þessu ári.

(4) Samvinna EB og EFTA

(4.1) Almennt

Samningaviðræðum EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins um EES var haldið áfram á árinu. Staða samningaviðræðna í febrúar á síðasta ári var ítarlega rakin í skýrslu ráðherra til Alþingis sl. vor og fyrirhugað er að leggja fram greinargerð með samningnum um Hið evrópska efnahagssvæði, þegar hann verður lagður fyrir Alþingi. Vegna þessa er ekki ástæða til að rekja gang samningaviðræðna hér í smáatriðum, heldur er vísað til fyrirhugaðrar greinargerðar og frásagnar hér að framan.

(4.2) Menntamál

Samningaviðræður EFTA-ríkjanna við framkvæmdastjórn EB um þátttöku í ERASMUS-áætlun bandalagsins um nemenda- og kennaraskipti hófust í nóvemberlok 1990. Samningar náðust og voru tvíhliða samningar milli EFTA-ríkjanna sjö og Evrópubandalagsins um þátttöku hinna fyrrnefndu í áætluninni undirritaðir hinn 9. október 1991. Hannes Hafstein sendiherra undirritaði samninginn fyrir Íslands hönd. Sá samningur tók gildi 1. nóvember 1991, sem þýðir að íslenskir námsmenn geta byrjað að hagnýta sér ERASMUS-áætlunina skólaárið 1992/93.

Helstu markmið ERASMUS-áætlunarinnar eru m.a. að:

- auka fjölda nemenda sem dvelja hluta námstíma síns í öðru aðildarríki og stunda nám um leið og þeir kynnast af eigin raun efnahags- og félagslegum aðstæðum utan heimalands síns. Lögð er áhersla á jöfn tækifæri kynjanna í þessum nemendaskiptum;
- efla samstarf háskóla í aðildarríkjunum;
- nýta til fullnustu þá möguleika, sem háskólakerfi landanna býr yfir, með því að auka tækifæri kennara til þess að breyta um starfsvettvang og auka þannig gæði menntunar og efla samkeppnishæfni bandalagsríkjanna á heimsmarkaði;
- auka kynni íbúa aðildarríkjanna;

tryggja að til sé hópur háskólamenntaðra manna sem hafa beina reynslu af samskiptum milli landa innan bandalagsins og geta myndað grundvöll undir þróun efnahags- og félagslegs samstarfs.

Helstu aðgerðir vegna áætlunarinnar eru:

1. Koma skal á neti háskóla sem taka þátt í nemenda- og kennaraskiptum. Tryggja verður að nemandi fái þann hluta náms síns, sem hann nemur í öðru landi, viðurkenndan að fullu í heimalandi sínu.
2. Bandalagið styrkir nemendaskiptin fjárhagslega. Hvert aðildarríki sér um að úthluta styrkjum til stúdenta.
3. Bandalagið beitir sér fyrir því að námsdvalir utan heimalands verði viðurkenndar til fullnustu í heimalandinu og að háskólar verði styrktir til að koma á samstarfi sem auðveldar slíka viðurkenningu.

Háskóli Íslands hefur hafið þátttöku í ERASMUS-áætluninni, m.a. með undirbúningi háskólanets vegna nemendaskipta, og hefur fjöldi umsókna þegar borist.

(4.3) Rannsóknir og þróun

Ýmsar áætlanir EB sem varða rannsóknir og þróun skipta EFTA-ríkin verulegu máli. Hinn 18. júlí 1991 var undirritaðu samstarfssamningur Íslands við Evrópubandalagið um starfsáætlun til að örva alþjóðasamstarf og nauðsynleg samskipti evrópskra vísindamanna í rannsóknum. Vísindaáætlun þessi er í daglegu tali nefnd SCIENCE"-áætlun EB. Samstarfssamningur þessi tók gildi 28. október 1991.

SCIENCE felst í fjölda aðgerða sem valdar hafa verið vegna vísindalegra og tæknilegra kosta þeirra og hafa að markmiði að koma á samstarfs- og samskiptaneti á sviði vísinda og tækni innan Evrópu sem smám saman mun verða aukið. Heildarmarkmiðið er að efla áhrifamátt vísinda- og tæknirannsókna í öllum aðildarríkjunum og stuðla þannig að því að draga úr mun á sviði vísinda og tækni milli einstakra aðildarríkja Evrópubandalagsins og þeirra ríkja annarra sem þátt taka í áætluninni . Hún nær til allra greina vísinda og tækni.

Vísindaáætlunin stefnir þannig að því að efla vísindaleg og tæknileg heildargæði rannsókna og þróunar í öllum aðildarríkjum bandalagsins, en einstök markmið eru að stuðla að þjálfun með hjálp rannsókna og með samvinnu að betri nýtingu fremstu vísindamanna í rannsóknum innan þeirra ríkja sem þátt taka, að auðvelda vísindamönnum í rannsóknastörfum í þátttökuríkjum áætlunarinnar að flytjast milli staða, að þróa og styðja vísinda- og tæknisamvinnu innan Evrópu um úrvalsverkefni og að stuðla að stofnun tengslaneta um samvinnu og gagnkvæm samskipti milli Evrópulanda með það fyrir augum að styrkja almenna samkeppnishæfni bandalagsins á sviði vísinda og tækni og efla þannig efnahagslega og félagslega einingu þess.

Markmiðunum, sem lýst er hér að ofan, verður náð með ýmsum stuðningsaðgerðum, t.d. með rannsóknastyrkjum til vísindamanna og rannsóknastofnana og með samtvinnun rannsóknarstofa í ýmsum löndum og samþættingu margra fræðigreina í fjölþjóðlegum verkefnum. Auk þess verða ýmsar aðgerðir til að örva gagnkvæma samvinnu og samstarf ná til allra sviða sem varða raun- og náttúruvísindi, s.s. til stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, líffræði, jarðfræði og haffræði og ýmissa verkfræðigreina.

Árið 1990 hófst undirbúningur að þátttöku Íslands í tveimur rannsókna- og þróunaráætlunum EB á sviði umhverfismála, STEP- og EPOCH-áætlununum. Þessi vinna hélt áfram árið 1991 og er búist við að samstarfssamningur við EB um aðild að þessum tveimur áætlunum verði undirritaður nú á næstunni og taki gildi á fyrri hluta þessa árs.

STEP-áætlunin fæst einkum við rannsóknir á ýmsum umhverfisþáttum og áhrifum

þeirra á heilsufar manna. Rannsóknir þessar munu ná til hættulegra efna, gæða lofts og lagar, verndunar jarðvegs og jarðvatns, vistkerfa, verndunar evrópskra menningarverðmæta, viðeigandi tækni fyrir umhverfisvernd og meiriháttar hættu af völdum tækni og eldvarna.

EPOCH-áætlunin fæst við rannsóknir varðandi veðurfar á liðnum öldum, veðurfarsbreytingar, veðurfarslíkön, áhrif veðurfars og hættur af völdum veðurs, veðurfars og jarðskjálfta. Af EFTA-ríkjunum eru Ísland og Svíþjóð einu ríkin sem hafa sýnt því áhuga að gerast aðilar að EPOCH.

Ísland gerðist formlegur aðili að COST-samstarfinu á árinu og var formlega boðið velkomið til samstarfs á fundi háttsettra embættismanna COST sem haldinn var í Vínarborg 21. nóvember 1991. Þrjú önnur ríki gerðust aðilar um svipað leyti en það voru Ungverjaland, Pólland og Tékkóslóvakía. Til COST-samstarfsins var stofnað á sjöunda áratugnum með það að markmiði að greiða fyrir samstarfi stofnana innan bandalagsins við stofnanir utan þess um afmörkuð verkefni. COST-samstarfið byggist á frjálsum áhuga þátttakenda og hver stendur straum af eigin kostnaði sem hlýst af þátttöku í einstökum verkefnum.

(5) Orkusáttmáli Evrópu

Í júní 1990 setti forsætisráðherra Hollands, Ruud Lubbers, fram hugmynd um aukið samstarf Evrópuríkja á sviði orkumála. Í framhaldi af frekari umræðum innan EB og einnig á leiðtogafundi Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE) í nóvember sama ár var boðað til ráðstefnu í Brussel 16. júlí 1991 um orkusamstarfið. Á ráðstefnunni var ákveðið að koma fastari skipan á undirbúningsvinnuna. Á fundi um texta sáttmálans dagana 20. og 21. nóvember sl. náðist samkomulag um texta Orkusáttmála Evrópu, sem síðan var undirritaður af orkuráðherrum Evrópuríkja, Ástralíu, Bandaríkja Norður-Ameríku, Japans og Kanada í Haag 17. desember s.l. Samtals eru 45 ríki og samtök ríkja aðilar að sáttmálanum. Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra undirritaði yfirlýsinguna fyrir Íslands hönd.

Meginmarkmiðin með gerð orkusáttmálans eru að efla öryggi í framboði orku, bæta nýtni í vinnslu, flutningi, dreifingu og orkunotkun, jafnframt því sem dregið verði sem mest úr mengun.

Sáttmálinn er fyrst og fremst stefnuyfirlýsing, en honum munu fylgja lögformlega bindandi grunnsamningar og bókanir, sem munu grundvallast á texta sáttmálans. Gert er ráð fyrir að þeirri samningsgerð verði lokið á yfirstandandi ári.

XI Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti - GATT

(1) Inngangur

Enn einu sinni stendur yfir tilraun til lokahrinu í Uruguay-viðræðunum í GATT. Aðstæður nú eru öðruvísi og að því leytinu betri en áður að fyrir liggur tillaga að heildarlausn, að mestu byggð á samkomulagi. Um þá hluta, sem ekki náðist samkomulag um, hefur formaður viðskiptasamninganefndarinnar (Trade Negotiations Committee - TNC) lagt fram málamiðlunartillögur. Enn sem fyrr eru málefni landbúnaðarviðskipta erfiðasti hjallinn.

Á fundi viðskiptasamninganefndar hinn 13. janúar sl. var samþykkt að leiða viðræðurnar til lykta á næstu vikum og mánuðum. Í því felst að reynt verður að fá niðurstöðu fyrir páska. Jafnframt var samþykkt að einstakar undirnefndir yrðu lagðar niður og að áframhald viðræðnanna yrði fjórþætt (4 track approach) með eftirfarandi hætti: I. þáttur - samfelldar tvíhliða og marghliða viðræður um markaðsaðgang, II. þáttur - samfelldar viðræður um upphafsskyldur (þ.e. markaðsaðgang) í þjónustuviðskiptum, III. þáttur - vinna að lagalegu og efnislegu samræmi samningstexta, og IV. þáttur - athugun á vettvangi viðskiptasamninganefndar þar sem kannað verði hvort þörf sé lagfæringa á einstökum atriðum í fyrirliggjandi samningsdrögum. Þannig má búast við miklum samningaumleitunum á næstu mánuðum.

Í því sem hér fer á eftir verður farið nokkrum orðum um starfsemi og markmið GATT og forsendur Uruguay-viðræðnanna, því næst verður stuttlega lýst ferli viðræðnanna á þessu ári, sett fram yfirlit yfir efnissvið viðræðnanna og loks fjallað um stöðu viðræðnanna á einstökum sviðum.

(2) Markmið GATT

Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti - GATT (General Agreement on Tariffs and Trade) tók gildi 1. janúar árið 1948. GATT er ekki viðskiptastofnun sem slík heldur alþjóðasamningur sem 103 ríki eiga nú aðild að. Er hann eini samningurinn sinnar tegundar sem kveður á um reglur fyrir alþjóðaviðskipti.

Markmið GATT er að stuðla að aga og öryggi í heimsviðskiptum og vinna markvisst að frelsi í þeim. Með þessum hætti stuðlar GATT að auknum hagvexti í heiminum og framþróun. Er viðurkennt að GATT hefur verið eitt helsta verkfærið til að koma á frjálsari heimsviðskiptum og með því stuðlað að jákvæðri efnahagsþróun.

Starfsemi GATT birtist einkum með þrennum hætti:

- Samningurinn sjálfur hefur að geyma samþykktar reglur aðildarríkjanna um athafnir í alþjóðaviðskiptum. Einn af hornsteinum GATT er reglan um hin s.k. bestu kjararéttindi eða MFN (Most Favoured Nation Treatment) sem skuldbindur ríki til að mismuna ekki vörutegundum á grundvelli uppruna þeirra eða áfangastaðar. Þetta hefur m.a. í för með sér að séu einu ríki eða fleirum veitt sérstök fríðindi verður að veita öllum öðrum aðildarríkjum GATT sömu réttindi.
- Vettvangur fyrir viðskiptaviðræður þar sem samið er um aukið viðskiptafrelsi og viðskipti gerð öruggari með opnun innanlandsmarkaða eða með styrkingu ellegar nánari túlkun sjálfra reglnanna og útvíkkun þeirra. Þegar hafa 7 slíkar viðræðulotur átt sér stað. Uruguay-viðræðurnar eru því áttunda samningalotan.
- Vettvangur til lausnar viðskiptadeilna milli aðildarríkja.

(3) Forsendur Uruguay-viðræðnanna

Á ofanverðum áttunda áratugnum steðjuðu ýmsar hættur að hinni alþjóðlegu heimsverslun. Almennar verðhækkanir og verndarsjónarmið í viðskiptasamskiptum ríkja stefndu efnahagsþróun í hættu. Að auki varð æ betur ljóst að GATT svaraði ekki lengur kröfum nútíma heimsviðskipta sem urðu stöðugt umfangsmeiri og flóknari, t.d. vantaði reglur um þjónustuviðskipti sem fóru stöðugt vaxandi. Landbúnaðarviðskipti voru komin í ógöngur, m.a. vegna skorts á skýrum reglum í GATT. Þá voru spunavörur og klæðnaður einnig háð sérsamningum á skjön við hinar almennu reglur GATT með þeim afleiðingum að iðnríki höfðu verndað markaði sína mjög fyrir innflutningi frá þróunarríkjum sem knúðu orðið mjög á um aukið frjálsræði í verslun með þessar vörur.

Úr þessum jarðvegi spruttu hugmyndir um Uruguay-viðræðurnar og var ákveðið að hleypa þeim af stokkunum á ráðherrafundi aðildarríkjanna í Punta del Este í Uruguay árið 1986.

Með Uruguay-viðræðununum hófust langviðamestu viðskiptaviðræður um aukið frelsi í heimsverslun sem átt hafa sér stað fram að þessu. Til að samkomulag næðist um að hefja þessar viðræður var nauðsynlegt að þær fjölluðu um hina fjölmörgu og ólíku hagsmuni aðildarríkjanna. Með þessu móti var ætlunin að allir tækju á sig skuldbindingar og fórnuðu a.m.k. stundarhagsmunum á einu sviði gegn því að hljóta ávinning á öðru sviði eða af heildarniðurstöðu og þannig yrði einn "heildarpakki" mótaður þar sem jafnvægi hagsmuna yrði gætt. Auk hinna hefðbundnu viðræðuefna um lækkun tolla og afnám annarra viðskiptatálmana voru tekin til umfjöllunar ný svið sem aldrei hafði verið samið um áður, s.s. þjónustuviðskipti og hugverk. Þá skyldi leitast við að fella viðskipti með spunavörur og landbúnaðarafurðir betur undir GATT-reglur með nýjum samningum um þessi svið. Ýmis ákvæði GATT og sérsamningar þess skyldu tekin upp og túlkuð nánar með tilliti til fenginnar reynslu og nýrra aðstæðna í heimsviðskiptum. Loks skyldu stofnanamál rædd, m.a. hvort breyta ætti GATT í eiginlega viðskiptastofnun, sérstaklega í ljósi hins aukna umfangs samningsins. Einnig var samþykkt að fjalla um úrlausn deilumála í GATT en talið var nauðsynlegt að málsmeðferðarreglur yrðu endurskoðaðar og styrktar til að auka réttaröryggi. Hlutverk Uruguay-viðræðnanna samkvæmt ofansögðu stendur óhaggað.

Til að koma til móts við þróunarríki var samþykkt að samið yrði um sérreglur fyrir þau á öllum sviðum, þar sem tekið yrði tillit til þróunarstigs þeirra, t.d. með lengri aðlögunartíma.

(4) Ferill Uruguay-viðræðnanna á árinu 1991

Þegar samningsumleitanir sigldu í strand í Brussel í desember 1990 var framkvæmdastjóra GATT, Arthur Dunkel, falið að leita leiða til að halda áfram viðræðunum með það fyrir augum að leiða þær til jákvæðra lykta sem fyrst. Fram í febrúar átti Arthur Dunkel í samráði við mikilvægustu þátttökuríki að finna flöt á áframhaldi viðræðnanna. Þá endurskipulagði hann viðræðurnar, fækkaði nefndum, með því að færa fleiri efnissvið undir einn hatt, og jafnframt skipti hann um formenn í sumum nefndanna. Síðan hófust ítarlegar tæknilegar viðræður, einkum um landbúnaðar- og þjónustuviðskipti. Snerust þessar viðræður einkanlega um skilgreiningar á hugtökum og efnisatriðum og um útreikningsaðferðir. Urðu þær allumfangsmiklar og mjög gagnlegar. Viðræður um hin sviðin fóru vart af stað á ný fyrr en með haustinu.

Þegar líða tók á árið skapaðist eining um að æskilegt væri að ljúka viðræðunum fyrir áramót, m.a. með tilvísun í komandi forsetakosningar í Bandaríkjunum. Þá varð vart lengra

komist í hinum tæknilegu viðræðum og var komið að pólitískum ákvörðunum.

Þar sem samninganiðurstaðan lét á sér standa ákvað Arthur Dunkel að leggja fram á eigin ábyrgð, sem formaður viðskiptasamninganefndarinnar, drög að lokaskjali Uruguay-viðræðnanna sem hefði að geyma samningstexta fyrir öll efnissviðin (Draft Final Act Embodying the Results of the Uruguay Round of Mulitlateral Trade Negotiations). Þetta gerði hann formlega á fundi viðskiptasamninganefndar (TNC) hinn 20. desember sl. Þá var ákveðið að þátttökuríkin skyldu taka afstöðu til textanna á fundi, sem boðað var til í TNC hinn 13. janúar 1992. Fljótlega kom í ljós að ekki yrði um það að ræða að samþykkja eða hafna heildarsamningsdrögunum á þessum fundi eins og lá í loftinu í fyrstu. Fyrir fundinn lét Dunkel það boð út ganga að fyrst og fremst yrði ætlast til þess að ríki tækju afstöðu til þess hvort samningsdrögin að lokaskjali Uruguay-viðræðnanna frá 20. desember sl. nægðu til þess að lokahrina yrði hafin til að leiða viðræðurnar til farsælla lykta á næstu vikum og mánuðum. Yrði þetta gert með þeim hætti að athugað yrði hvort þörf væri lagfæringa á einstökum atriðum í fyrirliggjandi samningsdrögum. M.ö.o. yrðu samningstextar ekki opnaðir heldur einungis einstök og afmörkuð atriði tekin fyrir til umfjöllunar.

Á umræddum fundi viðskiptasamninganefndar (TNC) kom fram eindreginn vilji til að ljúka viðræðunum sem fyrst með þeim hætti sem Dunkel lagði til. Var jafnframt samkomulag um það að samningsdrögin frá 20. desember sl. væru grundvöllur að áframhaldi viðræðnanna en flest ríki lýstu því þó yfir að þeim mislíkaði ýmislegt og annað ylli verulegum vandamálum. Önnur vildu samþykkja heildardrögin eins og þau lægju fyrir og ekki hreyfa við þeim og lýstu áhyggjum yfir að verulegar breytingar gætu þýtt að drögin í heild losnuðu úr böndunum.

Varðandi málsmeðferð í framhaldinu er rétt að benda á að ávallt lá fyrir að halda ætti áfram viðræðum um markaðsaðgang fyrir aðrar vörur en landbúnaðarvörur (um tollalækkanir og afnám annarra viðskiptahindrana en tolla) til loka mars þrátt fyrir að það tækist að ljúka samningum í Uruguay-viðræðunum að öðru leyti. Sömu sögu er að segja um markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur og upphafsskyldur í þjónustuviðskiptum og frágang skráa fyrir skuldbindingar hvað þessi atriði varðar.

Öll þessi vinna verður tímafrek. Samningar um markaðsaðgang fara að miklu leyti fram í tvíhliða viðræðum um kröfur og tilboð. Á sviði landbúnaðarmála og í þjónustuviðskiptum verða þátttökuríkin að skila inn listum um hvernig þau hyggjast framfylgja samningsskuldbindingum sínum og önnur ríki þurfa að hafa svigrúm til að fara yfir og meta þessa lista og eiga tvíhliða samningaviðræður um þá áður en þeir verða endanlega bundnir í GATT-skrám. Til undirbúnings skrám í viðskiptum með landbúnaðarvörur liggja auk þess fyrir verulegir útreikningar sem aðildarþjóðir verða að vinna að og setja fram með tilteknum hætti.

(5) Yfirlit yfir samningaviðræðurnar

Efnisumfang viðræðnanna nær yfir sjö meginsvið:

1. Markaðsaðgangur
2. Vefnaðarvörur
3. Landbúnaðarmál
4. Viðskiptareglur
5. Hugverk í viðskiptum
6. Þjónustuviðskipti
7. Stofnanamál

Hefðbundnar viðræður um markaðsaðgang hafa verið um önnur svið en landbúnaðarafurðir og er þá fjallað um lækkun og afnám tolla og annarra viðskiptahindrana. Í rauninni ná samningar um markaðsaðgang nú einnig til landbúnaðarafurða, þótt um þær sé fjallað undir hatti landbúnaðarmála. Það er samþykkt markmið viðræðnanna að draga skuli úr tollum um þriðjung, lækka háa tolla sem mest og vinna gegn tollklifi (tariff escalation).

Á sviði markaðsaðgangs hefur einnig verið fjallað um viðskipti með vefnaðarvörur í sérstakri nefnd, en í þeim viðskiptum eru ríkjandi miklar hindranir hjá mörgum iðnvæddum þjóðum.

Viðræðurnar um landbúnaðarmál mótast af því að viðskipti með landbúnaðarafurðir hafa hingað til ekki lotið GATT nema að litlu leyti. M.a. vegna hinna óljósu reglna hafa verið reistar miklar hömlur við viðskiptum á þessu sviði og umfangsmikið styrkjakerfi hefur komist á. Markmiðið er að greiða fyrir eðlilegum heimsviðskiptum. Í því felst að greiða á fyrir markaðsaðgangi og setja skorður við útflutningsbótum og þeim stuðningi á innanlandsvettvangi sem brenglar eðlileg viðskipti.

Markmiðið með viðræðunum um viðskiptareglur er að koma fastari og öruggari skipan á heimsviðskipti. Endurskoðun reglnanna er ætlað að vera réttarbót. Með endurskoðuninni á að renna traustari stoðum undir gildandi reglur og semja nýjar þar sem reglur vantar. Í traustu regluverki er fólgin vernd smærri ríkja gegn því að hin stærri og sterkari neyti aflsmunar.

Í Uruguay-viðræðunum er verið að fella vernd hugverka í viðskiptum undir GATT. Er það álit iðnríkja að þessi mál hafi verið í miklum ólestri og því mikil nauðsyn að skapa skýrar reglur til að auka réttaröryggi á þessu sviði.

Með Uruguay-viðræðunum er ætlunin að samningar nái einnig yfir viðskipti með þjónustu. Vaxandi hluti heimsviðskipta er á þessu sviði og telja iðnríkin nauðsynlegt að reglur verði settar um þessi viðskipti rétt eins og um viðskipti með vörur. Til þjónustu telst m.a. fjármálaþjónusta, fjarskipti, flutningastarfsemi, útvarps- og sjónvarpsþjónusta. Gert er ráð fyrir að gerður verði rammasamningur um þjónustuviðskipti í heild sinni, viðaukar um einstök þjónustusvið og ennfremur að upphafsskuldbindingar um markaðsaðgang o.fl. því tengt verði festar á skrá.

Til stofnanamála heyra fyrirkomulag við lausn deilumála, svonefnt lokaskjal viðræðnanna og hugmyndir um að breyta GATT í formlega alþjóðlega viðskiptastofnun (Multilateral Trade Organization - MTO). Varðandi lausn deilumála er samstaða um mikla styrkingu kerfisins í átt til réttaröryggis. Samkomulag er um að MTO verði sett á stofn í kjölfar samninganna. Lokaskjal viðræðnanna er lagalegt form allra samninga Uruguay-viðræðnanna þar sem gert er ráð fyrir að ríki verði lagalega bundin af öllum samningunum.

(6) Einstök svið Uruguay-viðræðnanna

Í þessum kafla verður fjallað um stöðuna á einstökum sviðum Uruguay-viðræðnanna, einkum í ljósi þess hvernig hún birtist í samningsdrögunum frá 20. desember sl.

(6.1) Markaðsaðgangur

Samningaviðræður um markaðsaðgang snúast um aukið frelsi og samkeppni í viðskiptum þjóða á milli með því að skapa betri aðgang að mörkuðum með lækkun og afnámi tolla og annarra viðskiptatálmana. Þess vegna er markaðsaðgangur eitt af meginatriðunum sem taka þarf tillit til við heildarmat á jafnvægi hagsmuna. Hann varðar mörg svið viðræðnanna ef grannt er skoðað.

Í drögunum að heildarsamningi Uruguay-viðræðnanna var gert ráð fyrir því að

endurskoðuð tilboð varðandi tolla og aðrar viðskiptahindranir en tolla verði lögð fram 1. mars 1992. Hinn 15. mars skyldu tilboðin metin með tilliti til heildarjafnvægis og 31. sama mánaðar er gert ráð fyrir að lokaskrár verði lagðar fram yfir skuldbindingar þátttökuríkjanna sem verði síðan viðauki við samninginn. Sömu tímafrestir eru fyrir viðræðurnar um landbúnað en í þeim skal einnig leggja fram lista yfir skuldbindingar. Skulu tvíhliða viðræður um skuldbindingar í landbúnaði og um markaðsaðgang almennt eiga sér stað sameiginlega.

Þar sem þessar viðræður eru mjög tímafrekar og tæknilegar er ljóst að þessir tímafrestir hafa sett viðræðunum mjög þröngar skorður.

Lækkun tolla skal framkvæmd í fimm skrefum sem byrja 1. janúar 1993 og lýkur 1. janúar 1997, en aðalmarkmiðið er þriðjungslækkun tolla.

Uppgjör milli Bandaríkjanna og EB stendur í vegi fyrir að raunverulegur skriður geti komist á þessar viðræður þar sem útkoma þess verður ráðandi um það hvað önnur þátttökuríki eru reiðubúin til að gera.

Rétt er að geta þess að Bandaríkin hafa lagt til að samið verði um afnám tolla fyrir ákveðin vörusvið og komið á tollfrjálsum viðskiptum á þeim. Hafa þau haldið þessum tillögum til streitu þrátt fyrir misjafnar undirtektir. Varða þær t.d. stál, járnlausa málma, lyf, húsgögn, bjór, skógarafurðir, fisk og fiskafurðir o.fl. Vilja flest ríki, þ.á m. Norðurlönd, að það sé ákvarðað sem fyrst hvað af þessum tollfrelsistillögum eigi möguleika á að skila árangri til að ekki sé meiri tíma eytt í þær sem vonlausar eru. Þannig á tillagan um fisk og fiskafurðir litla möguleika vegna andstöðu Japans og EB. Vegna þess hve treglega gekk í þeim viðræðum lögðu Kanadamenn fram tillögu um miðjan desember sl. um úrlausn fyrir fisk og fiskafurðir. Skv. henni skal tollur á öllum fiski og fiskafurðum lækkaður um þriðjung a.m.k. en möguleiki að semja um enn frekari lækkanir í tvíhliða viðræðum. Þá skuli samið um að tollar fyrir lifandi fisk verði engir, fyrir ferskan, kældan, frosinn, saltaðan eða þurrkaðan ekki hærri en 5%, fyrir reyktan og kryddleginn ekki hærri en 7,5% og fyrir unnar fiskafurðir hæst 10%. Loks skyldi afnema magntakmarkanir og innflutningsleyfi. Haldnir hafa verið tveir óformlegir fundir nokkurra ríkja um tillögu Kanada, þar sem Íslendingar og Norðmenn hafa stutt hana. Fulltrúar EB virðast tregir til samninga á þessum grundvelli en afstaða Japana er jákvæðari. Virðist margt benda til þess að tekist verði á um tollamálin fyrir fiskinn í tvíhliða viðræðum á grundvelli tilboða og krafna.

(6.2) Vefnaðarvörur

Markmiðið er að ná fram frjálsum viðskiptum með vefnaðarvörur, en fram að þessu hafa þau verið mjög háð takmörkunum í formi tvíhliða kvóta í skjóli hins s.k. "Multi-Fiber Agreement - MFA". Er þetta eitt af mestu hagsmunamálum þróunarríkja en iðnríkin hafa mjög verndaða markaði. Þróunarríki hafa mjög tengt árangur í þessum málaflokki samningsvilja sínum á sviði hugverka og þjónustuviðskipta.

Hefur þetta verið eitt af erfiðustu málum Uruguay-viðræðnanna. Samkomulag er nú um að spunavöruviðskipti verði felld inn í GATT í þremur skrefum sem verði lokið 1. janúar 2003.

(6.3) Landbúnaður

Eitt af markmiðum Uruguay-viðræðnanna er að losa um fjötra í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Þetta markmið var ein af forsendum viðræðnanna, þegar þeim var hleypt af stokkunum. Mörg ríki, einkum Cairns-lönd, helstu ríki sem flytja út landbúnaðarvörur innan GATT, og þróunarlönd eiga mikið undir því að ná greiðari aðgangi að mörkuðum iðnríkjanna fyrir landbúnaðarafurðir. Af þeirra sjónarhóli er árangur á þessu sviði forsenda þess að þau geti tekið á sig skuldbindingar á öðrum sviðum.

Stefnumiðið er að koma á eðlilegri viðskiptaháttum og þá einkanlega að bæta markaðsaðgang. Til þess að ná þessu marki hefur löngum legið ljóst fyrir að taka yrði á stuðningsaðgerðum jafnt við útflutning sem á innanlandsvettvangi auk þess að leita leiða til að auka markaðsaðgang. Í upphafi þessa árs var frá því gengið að skuldbindingar skyldu ná til allra ofangreindra efnissviða.

Ekki tókst að ná samningsniðurstöðu um landbúnaðarmálin á árinu. Við þær aðstæður ákvað formaður viðskiptasamninganefndarinnar að leggja fram eigin hugmyndir og birtast þær í samningsdrögunum frá 20. desember sl. Í textanum hefur því verið tekið af skarið um ákveðnar lausnir sem formaðurinn telur geta skapað samningsniðurstöðu eða málamiðlun. Á fundinum hinn 13. janúar sl. kom í ljós að nokkuð vantar enn á að samningar hafi tekist og verður því samningum haldið áfram.

Samningurinn mun eins og áður getur ná til þriggja meginþátta, þ.e. markaðsaðgangs, innanlandsstuðnings og stuðnings við útflutning, auk samnings um takmarkanir vegna dýra- og plöntusjúkdóma. Hér á eftir verður fyrst fjallað um heilbrigðisþáttinn en síðan um efnissviðin þrjú.

(6.3.1) Heilbrigðis- og sjúkdómavarnir fyrir plöntur og dýr

Vegna óljósra reglna um heilbrigðis- og sjúkdómavarnir í viðskiptum með landbúnaðarvörur var talið nauðsynlegt að um það yrði fjallað sérstaklega. Samkomulag ríkir um fyrirliggjandi drög um þennan þátt. Meginniðurstaðan er fólgin í því að ríki eru nú knúin til þess að réttlæta innflutningshömlur í skjóli heilbrigðis- og sjúkdómavarna með vísan til vísindalegra raka. Þetta mun því setja beitingu slíkra reglna mun þrengri skorður en áður.

(6.3.2) Markaðsaðgangur

Meginniðurstaðan varðandi markaðsaðgang er að háir tollar (tollígildi) leysa af hólmi magntakmarkanir á innflutningi. Jafnframt skal leyfa tiltekinn lágmarksinnflutning á lægri tollum auk þess að tryggja þann markaðsaðgang áfram sem fyrir hendi var á viðmiðunartímanum. Jafnframt eru sett varnaglaákvæði, sem leyfa hærri tolla þegar innflutningur fer yfir tiltekið mark. Þá er gert ráð fyrir að dregið verði úr tollverndinni í áföngum á árunum 1993-1997 og lágmarksmarkaðsaðgangur smáaukinn á sama tíma.

Í þessum kafla verður fyrst fjallað um tollígildun, síðan um lágmarksmarkaðsaðgang og loks um varnaglaákvæði.

Helstu atriði sem snúa að tollígildun eru þessi:

(1) Tollígildun (tariffication) á að koma í stað magntakmarkana á innflutningi og annarra innflutningshafta. Tollígildun felur í sér að reiknaður er tollur sem er mismunur á heimsmarkaðsverði (c.i.f. verði þar sem það er hægt) og heimamarkaðsverði vöru (heildsöluverði), sem lotið hefur innflutningstakmörkunum. Viðmiðunarár eru 1986-1988. Hið reiknaða tollígildi verður viðurkennt sem jafngild innflutningsvernd á við magntakmarkanirnar og kemur í stað þeirra sem upphafsviðmiðun fyrir þessar vörur.

(2) Fyrir landbúnaðarvörur, sem ekki hafa lotið magntakmörkunum, verður upphafsviðmiðun þær tollbindingar, sem í gildi eru, eða rauntollur 1. september 1986 fyrir þær vörur sem eru með óbundna tolla, hvort tveggja skv. GATT-skrám.

(3) Þeir tollar og tollígildi, sem um getur í (1) og (2), eiga að lækka um 36% að einföldu (simple average) meðaltali í jöfnum áföngum á árunum 1993-1997, þó þannig að fyrir enga vöru verði lækkunin minni en 15%.

(4) Allir tollar, þ.m.t. tollígildi, verða bundnir í GATT-skrám.

Varðandi lágmarksmarkaðsaðgang (minimum access) og ríkjandi markaðsaðgang (current access) er gert ráð fyrir að samið verði um eftirfarandi:

(1) Veita á lágmarksmarkaðsaðgang fyrir þær búvörur, sem enginn eða minniháttar innflutningur hefur verið á, með þeim hætti að stofnað verði til tollkvóta fyrir vöruna/vöruflokkinn sem nemur 3% af innanlandsneyslu við gildistöku og auka hann í 5% á samningstímanum. Tollur á kvótanum skal vera enginn eða lágur.

(2) Tryggja skal að ríkjandi markaðsaðgangur haldi sér eins og hann var að meðaltali árin 1986-1988. M.ö.o. mega umbreytingarnar ekki draga úr þeim aðgangi að markaði sem hefur verið fyrir hendi þessi ár (1986-1988) og verður þá miðað við magn og viðtekna tolla varðandi viðkomandi innflutning. Þessi ákvæði munu þó ekki fría aðila frá því að tryggja lágmarksmarkaðsaðgang, ef ríkjandi markaðsaðgangur hefur verið minni. Einnig er gert ráð fyrir að samið verði um aukningu þess markaðsaðgangs sem hefur verið fyrir hendi umrædd ár, en þá er heimilt að taka tillit til þess hve ríki skera útflutningsbæturnar mikið niður.

Sérstök varnaglaákvæði eru í drögunum varðandi innflutning sem heimila tollahækkanir ef innflutningur vöru fer fram úr ákveðnu marki eða ef verðfall verður á heimsmarkaði. Þannig má hækka toll um 30% ef innflutningur fer 25% fram úr meðaltalsinnflutningi síðustu þriggja ára þegar um er að ræða svonefndan ríkjandi markaðsaðgang eða 25% yfir lágmarksmarkaðsaðgang. Ef verð vöru fer niður fyrir viðmiðunarverðið 1986-1988 má leggja á viðbótartoll og má hann vera því hærri sem verðfallið er meira.

Varðandi tollígildun og lágmarksmarkaðsaðgang er í drögunum gert ráð fyrir að vara/vöruflokkur skuli skilgreind með eftirfarandi hætti:

(i) yfirleitt skuli miða við fjögurra stafa flokkun í tollskrá.

(ii) en þar sem það eigi betur við, svo sem varðandi ávexti og grænmeti, skuli miða við sex stafa flokkun, eða jafnvel enn nánari sundurliðun.

Samkvæmt þessu mundi fjögurra stafa flokkun ná t.d. til mjólkurafurða. Það þýðir að mjólk er í einum flokki, mjólkurduft í öðrum, jógúrt o.þ.h. í þeim þriðja, smjör í þeim fjórða, ostur í fimmta og í hverjum þessara flokka yrði t.d. að veita 3-5% lágmarksmarkaðsaðgang.

(6.3.3) Innanlandsstuðningur

Á þessu sviði er ætlast til að aðildarlönd skuldbindi sig til samdráttar eins og á öðrum sviðum. Hér er þó gert ráð fyrir að undanþiggja megi frá niðurskurði tiltekinn stuðning sem ekki er talinn hafa markaðstruflandi áhrif, svonefndur grænn flokkur.

Innanlandsstuðning á að skilgreina sem svonefndan "samantekinn stuðning" eða AMS (aggregate measure of support). Í því felst að leggja skal saman annars vegar stuðning, sem snýr að því að vernda innanlandsmarkað, og svo innanlandsstuðning. Skv. þessu er "samtalinn stuðningur" annars vegar mismunur á heimamarkaðsverði vöru og heimsmarkaðsverði hennar þegar opinber aðgerð veldur verðmismun og hins vegar (fjárlaga)stuðningur heima fyrir.

Samdráttinn í stuðningi skv. þessu á að framkvæma í jöfnum áföngum, alls 20% niðurskurð á 6 árum (1993-1999). Viðmiðunin á að vera meðaltalsstuðningur árin 1986-1988.

Þar sem ekki er unnt að reikna út AMS er lagt til að jafngildar skuldbindingar verði teknar um niðurskurð á innanlandsstuðningi.

Þá er gert ráð fyrir að sleppa megi frá niðurskurði innanlandsstuðningi, sem er neðan við 5% af heildarverðmæti framleiðslu þegar stuðningur er tengdur ákveðinni vörutegund ellegar ef stuðningur nær til heils vörusviðs þá skal hann ekki vera meiri en 5% af verðmæti heildar- landbúnaðarframleiðslunnar.

Að því er varðar hinn svonefnda græna flokk, þ.e. þær stuðningsaðgerðir sem ekki á að vera skylt að draga úr, er það gert að skilyrði að þessar aðgerðir hafi lítil eða engin markaðstruflandi áhrif og jafnframt skal slíkur stuðningur uppfylla eftirtalin tvö grundvallarskilyrði:

(i) stuðningurinn má einungis vera í formi fjárstuðnings ríkis gegnum fjárlög og

(ii) hann skal ekki hafa þau áhrif að veita verðstuðning við framleiðendur.

Auk þess skulu sérstök skilyrði gilda fyrir ýmsan nánar tiltekinn stuðning, og eru þau skilgreind með eftirfarandi hætti í samningsdrögunum:

(a) Veita má ýmiss konar almennan stuðning, svo sem varðandi rannsóknir, sjúkdómavarnir, starfsþjálfun, ráðgjöf, eftirlit, almenna markaðsþjónustu og grundvallarþjónustu, svo sem rafmagn, vegasamband o.þ.h.

(b) Veita má fé til að halda lágmarksbirgðir afurða vegna fæðuöryggissjónarmiða og til matargjafa til þurfandi.

(c) Beinar greiðslur til framleiðenda má veita ef þær fullnægja grundvallarskilyrðunum hér að framan auk skilyrðanna sem talin eru upp í staflið (d) (ii-iv) hér að neðan.

(d) Ótengdan tekjustuðning má veita, ef hann fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

(i) Þeir sem geta fengið slíkan stuðning (greiðslur) verða að uppfylla vel skilgreind skilyrði, svo sem stöðu sem framleiðendur eða landeigendur, aðdráttarþætti eða tekjur eða framleiðslustig á tilteknum og skilgreindum viðmiðunartíma (ári).

(ii) Fjárhæð (level of payments) slíkra greiðsla á hverjum tíma (ári) má ekki vera tengd eða byggð á framleiðslutegund eða framleiðslumagni (þ.m.t. búfjárstofn) á neinu ári eftir viðmiðunarárið.

(iii) Fjárhæð greiðslna á hverjum tíma (ári) má ekki vera tengd við eða grundvölluð á heimsmarkaðs- eða innanlandsverði vöru sem framleidd er eftir viðmiðunarárið.

(iv) Fjárhæð slíkra greiðsla á hverjum tíma (ári) má ekki vera tengd við eða grundvölluð á framleiðsluþáttum á einhverju ári eftir viðmiðunarárið.

(v) Ekki má skilyrða greiðsluna neinni framleiðslu.

(e) Veita má afkomutryggingu vegna verulegs tekjutaps með vissum skilyrðum og bætur vegna náttúruhamfara sem valda verulegri framleiðsluminnkun.

(f) Veita má stuðning til aðila til að hætta búskap, taka land úr ræktun eða aðra framleiðsluþætti úr framleiðslu, til fjárfestinga vegna umhverfisverndar, byggðastyrki, allt skv. nánar tilteknum skilyrðum fyrir hvert þessara atriða.

Eins og af ofanrituðu má ráða er margt tiltínt í "græna flokkinn" en skilyrði, bæði hin almennu og hin sértæku (sem vissulega eru ekki öll nákvæmlega tíunduð í þessu yfirliti), eru hins vegar mjög þröng.

(6.3.4) Útflutningsstuðningur

Samkvæmt drögunum eiga aðildarlönd að draga úr stuðningi við útflutning.

Er gert ráð fyrir því að dregið verði úr stuðningi við útflutning í formi fjárframlaga og einnig með magntakmörkunum á samningstímanum, magn útflutningsbættra vara um 24% og fjárframlög til útflutningsbóta um 36%. Viðmiðunarár eru 1986-1990.

(6.3.5) Skráning skuldbindinga

Samningsaðilum var gert að leggja fram lista yfir skuldbindingar (skilagreinar) sínar ásamt nauðsynlegum upplýsingum (supporting tables) ekki síðar en 1. mars n.k. en þau tímamörk reyndust óraunsæ. Skulu listarnir vera grunnur að endanlegum skrám yfir skuldbindingar sem samið verður um.

(6.4) Viðskiptareglur

Markmiðið með viðræðunum á þessu sviði er að skýra og styrkja þau GATT-ákvæði og sérsamninga GATT, sem þörf þykir. Óljós ákvæði bjóða upp á misnotkun, grafa undan GATT og aga í heimsviðskiptum almennt og ýta undir einhliða aðgerðir og verndarhyggju sem bitnar fyrst og fremst á hinum smærri ríkjum sem eru háð alþjóðaviðskiptum. Ísland, ásamt hinum Norðurlöndunum, hefur lagt á það þunga áherslu að hluti af ásættanlegri niðurstöðu í Uruguay-viðræðunum verði að vera markverður árangur á þessu sviði.

Undir þetta svið falla: a) niðurgreiðslur og jöfnunartollar, b) undirboðstollar, c) verndaraðgerðir, d) sérsamningar GATT um vöruskoðun í útflutningslandi, upprunareglur, tæknilegar viðskiptahindranir, innflutningsleyfi, tollvirði og opinber útboð, e) einstök GATT-ákvæði og f) viðskiptahindranir tengdar fjárfestingum.

(6.4.1) Niðurgreiðslur og jöfnunartollar

Skv. GATT er heimilt að leggja jöfnunartolla á innflutta niðurgreidda vöru sem skapar hættu á eða veldur viðskiptalegu tjóni og þá í samræmi við þau verðlagsáhrif sem styrkurinn veldur. Markmiðið er að endurskoða þær reglur, sem í hlut eiga, á grundvelli fenginnar reynslu. Í drögunum eru niðurgreiðslur flokkaðar í þrennt: "rauðar" (sem eru bannaðar), "gular" (heimilar en leggja má jöfnunartolla á vöru sem er niðurgreidd með þeim hætti) og "grænar" (leyfilegar niðurgreiðslur, ekki heimilt að leggja á jöfnunartolla). Skv. gömlu reglunum eru jöfnunartollar heimilir í öllum tilvikum svo fremi sem iðnaður í því ríki, sem leggur jöfnunartoll á, hafi orðið fyrir tjóni. "Rauðar" niðurgreiðslur varða einkum útflutningsbætur. Varðandi "gular" er skýrt nánar hvernig og hvenær beita má jöfnunartollum. "Grænar" niðurgreiðslur eru m.a. byggðastyrkir, styrkir vegna umhverfismála o.fl., sem óheimilt er að beita jöfnunartollum gegn svo fremi að þær uppfylli ákveðin skilyrði.

(6.4.2) Undirboðstollar

Undirboð (dumping) telst eiga sér stað þegar vara er flutt út á lægra verði en eðlilegt er talið, sem þýðir vanalega að varan er seld úr landi fyrir lægra verð en hún er seld á innanlands eða á markaði þriðja ríkis eða á lægra verði en framleiðslukostnaði nemur. Skv. GATT er hægt að leggja á undirboðstolla til að jafna þennan mun, ef undirboðið skaðar framleiðanda sömu eða sambærilegrar vöru í innflutningslandinu. Meginágreiningur hefur ríkt milli þeirra ríkja, sem vilja strangari reglur um beitingu undirboðstolla (t.d. Norðurlönd, Japan, Sviss, o.fl. smærri iðnríki), og þeirra sem vilja nýjar reglur sem hindra að ríki sniðgangi undirboðstolla (einkum EB og Bandaríkin).

Þar sem ekki náðist samkomulag um lausnir í stærstu ágreiningsefnunum, hefur formaður nefndarinnar tekið af skarið með ákveðnar lausnir í drögunum, sem er málamiðlun og tekur því tillit til beggja sjónarmiða. Hins vegar ríkir óánægja með textann eins og hann er og má búast við að hann verði tekinn til endurskoðunar.

Er þetta eitt af þeim málum sem Ísland og hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa lagt áherslu á vegna þess hversu berskjölduð minni ríki eru fyrir einhliða aðgerðum hinna stærri í þessa veru. Einkum er það Noregur sem hefur orðið fyrir barðinu á þessu, m.a. vegna

deilna við Bandaríkin um undirboð á laxi, en Ísland hefur einnig fengið að finna fyrir þessu (EB-Járnblendið).

(6.4.3) Varnaglaákvæði

Samkvæmt XIX. gr. GATT eru tímabundnar innflutningstakmarkanir heimilaðar þegar hætta er á röskun á innlendri framleiðslu vegna óvænts og aukins innflutnings. Þar sem þessi grein þykir óljós og hefur boðið upp á misnotkun hefur þótt ástæða til að túlka ákvæðið skýrar.

Tillaga EB þess efnis, að varnaglaákvæðið verði útfært með þeim hætti að ríki geti skammtað innflutning með kvótum sem séu metnir með tilliti til þess hvaða röskun hvert og eitt ríki sem í hlut á hefur valdið með útflutningi hlutaðeigandi vöru (quota modulation), hefur sett mikinn svip á viðræðurnar. Í drögum formanns hefur verið tekið mikið tillit til þeirra tillagna en við hana er bætt ýmsum skilyrðum sem setja slíkum aðgerðum þrengri skorður.

Norðurlöndin, nema Finnland, hafa fram að þessu verið afar mótfallin hvers konar fráviki frá grundvallarreglunni um MFN. Ísland, Noregur og Svíþjóð hafa því ekki getað fallist á hugmyndir um að mismuna megi ríkjum, þannig að hún beinist gagnvart útflutningi eins eða einstakra ríkja GATT en ekki allra eins og MFN-reglan gerir ráð fyrir.

Lausnin, sem valin er í drögunum, hefur í för með sér frávik frá MFN þó vissulega sé ekki um þá mismunun að ræða sem EB vildi geta gripið til. Hér er því um málamiðlun að ræða sem Norðurlöndin ættu að geta unað.

Þá hefur verið ágreiningur um afnám svo kallaðra grárra aðgerða (grey area measures), þ.e.a.s. aðgerða, sem ríki hefur beitt en vafi leikur á að séu samræmanlegar GATT, t.d. samkomulag tveggja ríkja þar sem annað þeirra skuldbindur sig til að draga úr útflutningi tiltekinnar vöru þannig að hitt ríkið þurfi ekki að beita innflutningshömlum (Voluntary Export Restrictions).

Samkvæmt drögunum á að afnema allar "gráar aðgerðir" smám saman og banna nýjar.

(6.4.4.) Sérsamningar GATT

Samningsdrög um tæknilegar viðskiptahindranir, innflutningsleyfi, vöruskoðun í útflutningslandi, upprunareglur og opinber útboð eru ekki mjög umdeild og bíða endanlegs samþykkis. Öll eru þau af því tagi að auka öryggi í viðskiptum. Að því leyti sem þau snerta Ísland verða þau að teljast jákvæð. Hér er um að ræða samningsþætti frá Tókýó-viðræðunum, sem Ísland staðfesti ekki þá.

(6.4.5) Endurskoðun GATT-samningsins

Eins og áður greinir er endurskoðun og nánari túlkun einstakra ákvæða GATT-samþykkta liður í að styrkja samninginn, koma í veg fyrir misbeitingu, laga samninginn að breyttum aðstæðum og auka þannig almennt séð aga í heimsviðskiptum.

Samningstextar varðandi sjö ákvæði GATT bíða nú endanlegs samþykkis. Þessi ákvæði eru II:1.b. (um ívilnunarlista), XVII (ríkisfyrirtæki), XXIV (tollabandalög og fríverslunarsvæði), XXVIII (tollaviðræður vegna hækkunar tollbindinga o.fl.) og XXXV (frávik frá beitingu samningsins milli einstakra samningsaðila) og XXV:5 (undanþága frá samningskvöð). Þá er samkomulag um að afnema s.k. "grandfather clause" sem heimilaði ríkjum að viðhalda innanlandslöggjöf, sem ekki er í samræmi við GATT, vegna þess að hún væri sett áður en það ríki sem í hlut á gerðist aðili að GATT.

Í GATT eru einnig nokkur ákvæði sem heimila þróunarríkjum að grípa til ýmissa verndaraðgerða vegna greiðslujafnaðarerfiðleika og til að tryggja fjárhagsstöðuna út á við. Hafa iðnríkin viljað endurskoða þessi ákvæði og lagt fram tillögur þar að lútandi.

Þróunarlöndin hafa hins vegar verið afar treg í taumi.

Í samningsdrögunum hefur þetta atriði verið leyst með tillögu um ráðherrayfirlýsingu eða ákvörðun sem myndi gera skilyrði fyrir beitingu þessara reglna strangari.

(6.4.6) Viðskiptahindranir tengdar fjárfestingum

Þetta svið varðar skilyrði sem ýmis ríki, einkum þróunarríki, hafa sett fyrir fjárfestingum erlendra aðila (einkum fjölþjóðafyrirtækja). Slík skilyrði varða t.d. að einungis innlend hráefni séu notuð, ákveðnum útflutningsmarkmiðum sé fullnægt o.fl. þess háttar.

Djúpstæður ágreiningur ríkir milli þróunarríkja og iðnríkja um þennan málaflokk. Með samningsdrögunum er farið bil beggja þar sem ekki náðist samkomulag um lokalausn. Drögin túlka nánar samningsskuldbindingar sem þegar eru í gildi skv. GATT en þau hafa ekki að geyma nýjar reglur varðandi fjárfestingarskilyrði sem ekki falla undir GATT í dag. Þá er einnig listi yfir fimm slík skilyrði sem bönnuð verða skv. samningnum, þ.á m. kröfur um notkun lágmarksmagns af innlendum hráefnum í framleiðslu, kröfur um ákveðið samband milli innflutnings og útflutnings frá fyrirtækinu sem í hlut á, takmarkanir á útflutningi sem hlutfall af innanlandsframleiðslu. Þessi fjárfestingarskilyrði skal tilkynna GATT og afnema á nokkrum árum (2 ár fyrir iðnríki 5 ár fyrir þróunarríki). Er ljóst að enda þótt drögin gangi ekki eins langt og iðnríkin óskuðu, er í þeim fólgin réttarbót þar sem viss fjárfestingarskilyrði eru bönnuð og samningsskuldbindingar jafnframt túlkaðar nánar hvað þessi atriði varðar.

Þótt samningsdrögin gangi ekki eins langt og Norðurlöndin óskuðu, er í þeim fólgin mikil framför og því ættu þau að geta stutt drögin.

(6.5) Hugverk í viðskiptum

Það er skoðun iðnríkja að vernd hugverkaréttinda hafi verið í miklum ólestri í viðskiptum og er þetta eitt mikilvægasta sviðið af sjónarhóli þeirra en jafnframt nýtt svið innan GATT. Að baki liggur að þróunarríki "stela" hugverkum með margvíslegum hætti og ráðast inn á markaði iðnríkjanna með vörur sem eru framleiddar á grundvelli þessa "stuldar". Þannig grafa þau undan markaðsstöðu framleiðenda í iðnríkjunum sem verða að lúta ströngum skilyrðum og verulegum kostnaði vegna hugverkaréttar.

Ljóst er að samningsdrögin myndu hafa mikla réttarbót í för með sér fyrir iðnríki í alþjóðaviðskiptum. Með þeim er vernd varðandi höfundaréttindi, einkaleyfi og mynsturréttindi styrkt til muna. Eitt af umdeildum atriðum í samningunum var hvort heimila ætti einkaleyfaveitingu fyrir ýmis konar lífefnatækni. Byggðust hinar ólíku skoðanir aðallega á siðferðissjónarmiðum. Málamiðlunin í textanum undanþiggur dýr og plöntur frá einkaleyfavernd.

(6.6) Þjónustuviðskipti

Hlutur þjónustu í heimsversluninni hefur vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum og er orðinn einn helsti vaxtabroddurinn í efnahagsþróun ríkja. Hins vegar eru engar almennar alþjóðlegar reglur til um þennan þátt milliríkjaviðskipta. Þörfin á alþjóðasamningi um þjónustuviðskipti var því orðin ærin þegar samþykkt var að gerð slíks samnings yrði eitt af verkefnum Uruguay-viðræðnanna. Verður hann annar af tveimur meginstólpum hinnar alþjóðlegu viðskiptastofnunar sem sett verður á laggirnar í kjölfar Uruguay-viðræðnanna við hliðina á GATT, sem fjallar um vörusviðið. Samningurinn á í aðalatriðum að byggjast á sömu grundvallarreglum og eru í GATT, s.s. MFN, jafnréttiskjör o.fl. Nefnist hann "General Agreement on Trade in Services" eða GATS.

Þetta er einn flóknasti og umfangsmesti þáttur Uruguay-viðræðnanna enda óplægður akur í alþjóðlegri samningsgerð. Að baki drögunum liggur afar markverð og mikil vinna enda

hefur verið farið yfir langan veg, eins og árangurinn sem endurspeglast í drögunum sýnir berlega. Þannig hafði náðst samkomulag um flest álitaefni en einungis fáein ágreiningsatriði eru eftir og bíða úrlausnar.

Samningsdrögin eru reist á þremur stoðum: Rammasamningi, viðaukum um einstök undirsvið og upphafsskyldum. Hér á eftir verður farið lauslega yfir stöðuna hvað varðar hvert svið þjónustuviðræðnanna.

(6.6.1) Rammasamningurinn

Gert er ráð fyrir að öll svið þjónustu muni falla undir samninginn, þ.m.t. fjármálaþjónusta, flutningastarfsemi, starfsemi útvarps og sjónvarps, fjarskipti o.fl. Hins vegar er gert ráð fyrir viðaukum um þessi einstöku undirsvið eftir þörfum til að hægt sé að taka tillit til séreðlis þeirra með sérlausnum.

Rammasamningurinn skiptist í eftirtalda 6 kafla:

I. Umfang og skilgreining.

II. Almennar reglur og skuldbindingar. Einn af hornsteinum samningsins verður regla um bestu-kjararéttindi (MFN) hliðstæð þeirri sem er í GATT. Í henni felst að óheimilt er að mismuna ríkjum þannig að séu einu ríki veitt ákveðin réttindi eða ívilnun, t.d. í formi markaðsaðgangs fyrir ákveðna þjónustu, verður að veita öllum öðrum aðildarríkjum GATS sömu kjör á jafnréttisgrunni. Þó er gert ráð fyrir að hægt sé að semja um frávik frá MFN sem síðan verða birt í skrám. Umdeilt er enn hvernig haga skal þessum undanþágum, þ.e.a.s. einkanlega hvaða skilyrði þarf að uppfylla, hvort heimila eigi nýjar undanþágur, hvort þær megi í einhverjum tilvikum vera ótímabundnar o.fl. Er því ljóst að þessi grein verður tekin upp aftur og leitast við að betrumbæta hana.

III. Sérstakar skuldbindingar. Þessi kafli fjallar einkum um magntakmarkanir sem bannaðar verða. Vilji ríki undanþágu frá því banni þarf að birta hana í skrám. Sömu sögu er að segja um jafnréttiskjör, sem eru fólgin í því að ekki megi mismuna erlendum þjónustuaðila, sem fengið hefur markaðsaðgang og er því í samkeppni við innlendan. Hægt er að gera undanþágu frá þeim með sama hætti.

IV. Samningaviðræður um aukið frelsi. Í þessum kafla eru leiðbeiningar um það hvernig samningaviðræðum um aukinn markaðsaðgang (upphafsskyldur) skuli háttað sem og skráningu skuldbindinga.

V. Stofnanaleg atriði. Hér er fjallað um starfsemi sérstaks þjónusturáðs sem sett verður á stofn, lausn deilumála o.fl.

VI. Lokaákvæði, fjallar um gildistöku, aðild, breytingar á samningnum o.s.frv.

(6.6.2) Viðaukar

Í drögunum eru sex viðaukar en enn vantar tvo sem ekki náðist að ljúka samningum um fyrir 20. desember sl. Viðaukarnir varða sérákvæði fyrir einstök þjónustusvið sem falla undir GATS og nánari útfærslu á einstökum greinum rammasamningsins.

Viðaukarnir eru eftirfarandi:

- Ráðherrayfirlýsing um stofnanamál. Í henni er fólgin tillaga til þjónusturáðsins að það á fyrsta fundi sínum ákveði fyrirkomulag samskipta þess við undirstofnanir sínar.

- Ráðherrayfirlýsing varðandi málsmeðferðarreglur við lausn deilumála, þar sem tryggja skal þátttöku sérfræðinga við úrlausn deilumála.

- Starfsréttindi vinnuafls. Þar sem atvinna sérhæfðs starfsfólks getur verið nauðsynlegur þáttur í veitingu þjónustu og þar af leiðandi markaðsaðgangi, þótti nauðsynlegt að hafa sérreglur í viðauka sem tryggðu starfsréttindin. Eitt af vandamálum Norðurlanda hefur verið að tryggja MFN-undanþágu fyrir hinn norræna vinnumarkað. Telja þau nú jafnvel

að hægt sé að túlka þennan viðauka þannig að samningurinn um norræna vinnumarkaðinn falli ekki undir GATS og því þurfi ekki frekari ráðstafanir.

- Fjármálaþjónusta. Viðaukinn tekur á þeim sérstöku aðstæðum sem gilda fyrir þessa grein sérstaklega.

- Fjarskipti. Viðaukinn fjallar einkum um það með hvaða skilyrðum og hvernig MFN-undanþágum skuli háttað.

- Loftflutningar. Viðaukinn fjallar um það hvernig beita skal ákvæðum rammasamningsins varðandi ýmis þjónustusvið sem undir þennan þjónustugeira falla.

Norðurlöndin áttu frumkvæði að samningu textadraga fyrir viðauka um flutninga á sjó, einkum vegna þeirra miklu hagsmuna sem Noregur hefur á því sviði. Ekki tókst að ljúka samningum um þennan þátt fyrir 20. desember sl. og bíður það því úrlausnar á þessu ári. Einnig vantar viðauka um landflutninga en óeining ríkir um hvort sérstaks viðauka sé þörf um þetta svið.

(6.6.3) Upphafsskyldur

Með upphafsskyldum er átt við að ríki semji um markaðsaðgang sem taki gildi í upphafi samningstímabilsins. Hugsunin er sú að festa það frelsi í sessi, sem þegar ríkir í þjónustuviðskiptum, og stuðla að aukningu þess.

Samningaviðræður um upphafsskyldur fara einkum fram tvíhliða á grundvelli tilboða og krafna. Nú hafa verið lögð fram 40 tilboð, þ.ám. af hálfu Íslands, og einnig hefur komið fram fjöldi af kröfum. Viðræður um þetta eru afar tímafrekar og er ætlunin að þeim verði lokið í lok mars. Viðræður um MFN-undanþágur fara fram samhliða viðræðunum um upphafsskyldur enda nátengt.

(6.7) Stofnanir

Undir þetta svið falla: a) lausn deilumála, b) lokaskjal Uruguay-viðræðnanna og c) stofnun alþjóðlegrar viðskiptastofnunar.

(6.7.1) Lausn deilumála

Deilumálum, sem skotið hefur verið til GATT til úrlausnar, hefur farið mjög fjölgandi. Hins vegar hefur það valdið áhyggjum að þær reglur, sem eru í gildi nú, hafa ekki reynst nógu virkar, m.a. vegna þess að ríki hafa komið sér undan að fara eftir úrskurðum sem hafa fallið þeim í óhag eða þau hafa neitað að samþykkja þá í ráðinu (samhljóða samþykki allra þarf til að þeir hljóti lagagildi). Því má segja að endurbætur og styrking reglna um lausn deilumála sé eitt af aðalverkefnum Uruguay-viðræðnanna. Norðurlöndin hafa sett það fram sem eitt af forgangsmálunum. Telja þau grundvallaratriði fyrir þann aga í alþjóðaviðskiptum, sem GATT er ætlað að veita, að kerfið til lausnar deilumála sé áreiðanlegt og hamli einhliða aðgerðum. Meginþættir samningsdraganna eru eftirfarandi:

- Með úrbótunum í drögunum er úrlausn deilumála gerð meira lagalega bindandi en áður var.

- Þessi árangur næst einkanlega með því að málsmeðferð er gerð virkari en áður. Hingað til hefur samþykki úrskurða verið háð samhljóða samþykki allra aðildarríkjanna (consensus-reglan). Í drögunum er hinni s.k. "consensus"-reglu snúið við varðandi stofnsetningu úrskurðarnefndar og samþykki úrskurða hennar. Þetta þýðir m.ö.o. að nú þurfa aðildarríki að samþykkja án mótatkvæða: 1) að hafna því að úrskurðarnefnd verði sett á laggirnar eða 2) að hafna úrskurði. Eitt ríki getur því ekki skotið loku fyrir, að úrskurðarnefnd verði sett á fót eða að úrskurður hennar öðlist lagagildi, með því að beita

neitunarvaldi.

- Sett eru ákveðin tímamörk á málsmeðferð sem á að tryggja að úrlausn deilumála dragist ekki úr hófi en á því hefur verið misbrestur.

- Sérstakt vandamál í úrlausn deilumála varðar tilvik er athöfn eins ríkis er í sjálfu sér samræmanleg GATT-skuldbindingum þess, en hvers afleidd áhrif hafa í för með sér að réttindi annars ríkis verða að engu gerð eða grafið er undan þeim. Skv. drögunum getur úrskurðarnefnd lagt til að deiluaðilar komist að samkomulagi um breytingar á aðgerðinni sem leiðrétti ástandið.

- Settar eru þrengri skorður við einhliða aðgerðum. Beinist þetta einkum að Bandaríkjunum sem skv. þarlendum lögum (section 301) geta beitt einhliða viðskiptaaðgerðum fyrir sig telji þau að réttur sé á þeim brotinn.

- Samræming málsmeðferðarreglna í lausn deilumála og gagnaðgerðir. Þar sem mismunandi málsmeðferðarreglur gilda eftir því hvaða sérsamningar eiga í hlut hefur verið fjallað um nauðsyn þess að þessar reglur séu samræmdar. Með samþykki þess að sett verði á laggirnar alþjóðleg viðskiptastofnun hefur skapast svigrúm til að þetta verði gert. Þetta atriði tengist reyndar mjög því hvort heimila eigi gagnaðgerðir yfir ólík svið (cross retaliation). M.ö.o. hvort t.d. ríki sem verður fyrir skerðingu réttinda á sviði hugverkaréttar af völdum annars ríkis geti svarað fyrir sig með mótaðgerð, t.d. í þjónustuviðskiptum. Skv. drögunum er þetta heimilt og getur ráðið einungis stöðvað slíka aðgerð með því að hafna henni samhljóða.

Samkvæmt drögunum eykst réttaröryggi við meðferð og úrlausn deilumála á vettvangi GATT. Er því ljóst að Ísland og önnur smærri ríki hafa mikla hagsmuni af því að ekki verði dregið úr skuldbindingum skv. fyrirliggjandi texta.

(6.7.2) Lokaskjal Uruguay-viðræðnanna

Þetta svið varðar einkum hvernig lögformlega verður gengið frá samningunum sem verða árangur Uruguay-viðræðnanna. Er aðalatriðið í þessum efnum að um einn "pakka" verður að ræða. Þetta þýðir að aðildarríkin verða bundin af öllum samningunum og því verður ekki hægt að velja og hafna samningspörtum eftir hentugleikum. Þetta er í samræmi við skilgreininguna á samningssviði Uruguay-viðræðnanna frá upphafi. Eins og að framan greinir tengist þetta einnig því álitaefni hvort færa eigi öll sviðin undir eitt kerfi til lausnar deilumála þar sem gagnaðgerðir verða heimilaðar milli ólíkra sviða eins og gert er ráð fyrir í drögunum um alþjóðaviðskiptastofnun.

(6.7.3) Alþjóðleg viðskiptastofnun

Þátttökuríkin í Urugyay-viðræðunum hafa samþykkt í höfuðdráttum samkomulagsdrögin um að GATT verði breytt í alþjóðlega viðskiptastofnun. Í dag er GATT í raun alþjóðlegur samningur en ekki stofnun. Mun stofnunin hefja starfsemi á sama tíma og Uruguay-samningarnir taka gildi, þ.e.a.s. 1. janúar 1993. Mun stofnunin taka við starfsemi GATT-skrifstofunnar auk þess að fást við hin nýju verkefni sem verða árangur Uruguay-viðræðnanna.

Haldnir verða ráðherrafundir annað hvert ár sem verða æðsta stjórn stofnunarinnar. Undir þeim starfa, auk "almenns ráðs", nefndir eða ráð fyrir vörusviðið, hugverk og þjónustuviðskipti. Síðan verða ýmsar undirnefndir stofnaðar til að fjalla um afmörkuð málefni.

Núverandi aðildarríki GATT geta gerst aðildarríki hinnar nýju stofnunar innan tveggja ára frá 1. janúar 1993 með því að skrifa undir heildarpakka Uruguay-viðræðnanna. Eftir tveggja ára tímabilið gilda sömu reglur og nú eru í gildi um aðild nýrra ríkja að GATT

(samningar um ýmis skilyrði sem uppfylla þarf áður en aðild er samþykkt).

Ljóst er að semja þarf nánar um einstök atriði varðandi alþjóðaviðskiptastofnunina, enda var ávallt samkomulag um að þetta yrði eitt af síðustu málefnunum sem samið yrði um þegar fyrir lægi hvaða árangri Uruguay-viðræðurnar myndu skila. Umtalað er að í kjölfar stofnunar hinnar nýju viðskiptastofnunar falli eldri samningar úr gildi og þar með réttindi og skuldbindingar sem í þeim fólust.

XII Utanríkisviðskipti

(1) Inngangur

Þrátt fyrir það að þess sjáist merki að verndarstefna í viðskiptum sé enn ekki dauð úr öllum æðum og geti enn brotist út og leitt til nýrra viðskiptahindrana þá hefur þróunin um heim allan undanfarna mánuði og ár verið í átt til aukins frjálsræðis. Farið verður nánar ofan i saumana á Uruguay-viðræðunum innan GATT hér á eftir en auk hins hnattræna átaks sem þar fer fram er víða unnið að því að aflétta hindrunum innan einstakra svæða. Samhliða því sem starf EB- og EFTA-ríkja verður víðtækara er verið að stækka hið Vestur-evrópska fríverslunarsvæði, sem skapaðist við samninga EFTA-ríkja og EB 1972, til austurs og suðurs. Hin nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu sem og suðræn ríki eins og Tyrkland og Ísrael ganga nú eins hratt til fríverslunarsamstarfs við EB- og EFTA-ríki og efnahagsþróun þar leyfir. Samningaviðræður Tyrklands og EB um tollabandalag hafa nú hafist að nýju; Tyrkland, Rúmenía, Búlgaría og sex lýðveldi, sem áður tilheyrðu Ráðstjórnarríkjunum hafa nú áritað sérstakan samning um efnahagssamstarf við Svartahaf; Bandaríkin og Kanada stefna að því að aflétta öllum tollum í viðskiptum sín á milli 1. janúar 1998 og verið er að semja um aðild Mexíkó að hinu Norður-ameríska fríverslunarsvæði. Fleiri ríki í Suður-Ameríku hafa lýst áhuga sínum á því að ganga inn í þetta samstarf. Einstök ríki þar í álfu semja einnig sín á milli. Argentína, Brasilía, Paraguay og Uruguay vinna að því að koma á fót sameiginlegum markaði (Mercosur. Andesfjallaríkin, Bólivía, Kólombía, Ekvador og Perú, eru lengra komin en eiga erfitt með að koma sér saman um ytri tolla. Þessir tveir ríkjahópar áttu svo með sér viðræður í árslok 1991 til þess að auka samræmingu. Enskumælandi ríki í Karíbahafi, 13 talsins, hafa stofnað með sér efnahagsbandalag (Caricom), sem önnur Suður-Ameríkuríki tengjast. Mexíkó hefur gengið frá fríverslunarsamningi við Chíle og er nú að semja við Mið-Ameríkuríkin, Kólombíu og Venesúela.

ASEAN-löndin, Brunei, Indónesía, Filippseyjar, Malasía, Singapore og Tæland, stefna að fríverslunarsvæði sín á milli árið 2008 og er þegar farið að lækka tolla.

Auk svæðisbundins samstarfs hafa stórveldin í heimsviðskiptum, EB, Bandaríkin og Japan, reynt í sérstökum viðræðum sín á milli að opna markaði sína gagnkvæmt en nokkuð hefur skort upp á það að bestukjaraákvæði GATT hafi þar verið virt sem skyldi.

Hér á undan hefur sérstök áhersla verið lögð á GATT og innri þróun EB. Ítarlega verður gerð grein fyrir EES-samningnum þegar hann verður lagður fyrir þingið en forsaga hans er þó rakin að hluta hér sem og ýmis samstarfsverkefni EFTA-ríkjanna og EB.

(2) Viðskiptajöfnuður

Vöruskiptajöfnuður ársins 1991 var óhagstæður um 0,6 milljarða króna (m.v. FOB verðmæti inn- og útflutnings) en var hagstæður um 4,5 milljarða króna árið áður. Tölur um verðmæti inn- og útflutnings á árunum 1990 og 1991 eru að fullu samanburðarhæfar, vegna þess að meðalgengi gjaldmiðla hefur ekki breyst milli áranna, ef miðað er við viðskiptavog. Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings nam 91,6 milljörðum króna árið 1991 og dróst saman um 1,1% miðað við árið áður. Verðmæti útflutnings á sjávarafurðum jókst um 4,8%, en verðmæti álútflutnings dróst saman um 15,8% og kísiljárns um 27,4%.

Það er öllum kunnugt hvernig verðhrun á áli hefur leikið áliðnaðinn hér og slegið áformum um frekari þróun hans á frest. Verðþróun þessa má að hluta til rekja til umframbirgða álverksmiðja í þeim lýðveldum sem áður tilheyrðu Ráðstjórnarríkjunum, en framleiðsla þar er meiri en viðkomandi ríki ná að vinna úr. Magn þess áls, sem héðan var

flutt á árinu, var sambærilegt við árið áður en verðið, sem fyrir það fékkst, lægra og munaði 1,5 milljörðum kr., eða 15,8%. Útflutningur kísiljárns minnkaði verulega að magni til. Þrátt fyrir allar tilraunir til þess að auka fjölbreytni í íslenskum útflutningi nær hlutfall sjávarafurða af heildarverðmæti útflutnings aftur 80 af hundraði, sjávarútvegurinn sækir enn á en hlutfall iðnaðarins dregst saman og gildir það um langflestar greinar hans.

Heildarverðmæti (FOB) vöruinnflutnings nam 92,2 milljörðum króna árið 1991, sem er aukning um 4,6% frá árinu áður.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Seðlabanka Íslands voru þjónustutekjur 37,6 milljarðar kr. árið 1991, en þjónustugjöld 53,2 milljarðar kr. Þjónustujöfnuður var því neikvæður um 15,6 milljarða kr. Vaxtajöfnuður var neikvæður um 14,8 milljarða kr. árið 1991. Þjónustujöfnuður án vaxtajafnaðar var því neikvæður um 800 milljónir kr. árið 1991. Árið 1990 var þjónustujöfnuðurinn 14 milljarðar kr., neikvæður vaxtajöfnuður var 14,4 milljarðar kr., þannig að þjónustujöfnuður án vaxtajafnaðar var jákvæður um 400 milljónir kr. Þessa breytingu má skýra með auknum útgjöldum íslenskra ferðamanna erlendis.

Viðskiptajöfnuður var því neikvæður um 16,2 milljarða kr. árið 1991, sem er 7 milljörðum kr. óhagstæðari viðskiptajöfnuður en árið áður.

(3) Útflutningur eftir vinnslugreinum og helstu vörutegundum.

Töluverðar breytingar eru á vöruútflutningi eftir vinnslugreinum á árinu 1991 miðað við árið áður og er það ekkert nýnæmi því veruleg tilfærsla hefur oft átt sér stað fyrr milli greina. Veruleg aukning varð á hlutfalli sjávarafurða af heildarútflutningi, úr 75,5% árið 1990 í 80% árið 1991. Að sama skapi dró úr hlutfalli iðnaðarvara af heildarverðmæti vöruútflutnings, úr 20,4% árið 1990 í 17,4% árið 1991. (Sjá töflu I.)

Tafla I
Útflutningur vara eftir vinnslugreinum.

	1991 Millj. kr.	1991 %	1990 %	1989 %
Sjávarafurðir	73.235	80,0	75,5	71,0
Iðnaðarvörur	15.924	17,4	20,4	24,6
Landbúnaðarvörur	1.621	1,8	1,9	1,7
Aðrar vörur	779	0,8	2,2	2,7
Samtals:	**91.560**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Í viðauka I við þennan kafla er tafla sem sýnir hvernig útflutningur skiptist eftir afurðum. Hér á eftir eru breytingar í viðskiptunum útskýrðar frekar:

(3.1) Sjávarafurðir

Aukningu í útflutningi sjávarafurða má einkum rekja til aukins útflutnings frystra flaka (3 milljarðar kr.), frysts heils fisks (1,1 milljarður kr.) og rækju (1,8 milljarðar kr.). Á móti

kemur samdráttur í útflutningi á ferskum fiski, saltsíld, lýsi og mjöli. Athygli vekur hér stærri hlutur fiskvinnslu því frystur fiskur vinnur á, á kostnað fersks fisks.

(3.2) Iðnaðarvörur

Eins og að framan greinir munar mest um minnkandi útflutning á áli og kísiljárni. Útflutningur á áli dróst saman úr 10,4% af heildarverðmæti vöruútflutnings árið 1990 í 8,8% árið 1991. Samsvarandi tölur fyrir kísiljárn eru 2,6% árið 1990 og 1,9% árið 1991. Útflutningsverðmæti flests annars iðnvarnings minnkar verulega t.d. lagmetis og kísilgúrs. Hins vegar er vöxtur talsverður í sölu óáfengra drykkja (vatns og aldinsafa) og rafeindavoga.

(3.3) Landbúnaðarvörur

Verðmæti útfluttra landbúnaðarvara minnkaði um 150 milljónir kr., þrátt fyrir að magn ykist um 750 tonn. Mun lægra verð hefur fengist fyrir kindakjötið á mörkuðum erlendis, eða liðlega 100 krónur á kílóið að meðaltali, en var nær helmingi hærra árið áður. Einnig dró úr útflutningi á ull, laxi, silungi og dún. Mikil aukning var í útflutningi á osti eins og sjá má í viðauka I.

(3.4) Aðrar vörur

Vægi annars varnings er minna en oft áður og munar þar mest um að færri gömul skip og flugvélar voru seld úr landi. Aukning var í verðmæti á útfluttum steypuvikri.

(4) Viðskipti við einstök lönd og markaðssvæði

Skipta má helstu mörkuðum fyrir íslenskar útflutningsvörur í sex svæði: Evrópubandalagið, EFTA-ríkin, Austur-Evrópa, Bandaríkin, Japan og önnur lönd. Eftir því sem fram líða stundir munu allar aðstæður á þremur þeim fyrstnefndu verða æ áþekkari vegna samninga okkar við þau og má þar búast við einu markaðssvæði. Verulegar tilfærslur hafa orðið milli markaðssvæða undanfarin ár. Vægi Vestur-Evrópu hefur aukist, Bandaríkjanna og Austur-Evrópu minnkað og nokkrar sveiflur hafa verið á útflutningi til Japans. Í sérstökum viðauka II við þennan kafla er tafla yfir vöruviðskipti Íslendinga við einstök lönd og markaðssvæði.

Enn dró úr vöruútflutningi til EFTA-ríkjanna milli áranna 1990 og 1991, en verðmæti hans var 12,2% minna árið 1991 en árið áður. Hlutfall verðmætis vöruútflutnings til EFTA-ríkjanna af heildarverðmæti vörútflutnings Íslendinga árið 1990 var 8,6% en 7,7% árið 1991, þ.e. samdráttur um 975 millj. kr. Þar munar mest um minni útflutning á áli til Austurríkis svo skakkaði 91 milljón, á mjöli til Finnlands um 380 milljónir, á frystu lambakjöti til Svíþjóðar um 120 milljónir og á saltsíld til Svíþjóðar um 312 milljónir kr.

Verðmæti vöruinnflutnings frá EFTA-ríkjunum óx um 9,9%, úr því að vera 16,3% af heildarvöruinnflutningi Íslendinga í það að vera 17%, þar munar mest um 14,4% aukningu í verðmæti vöruinnflutnings frá Noregi.

Lítil breyting varð á verðmæti vöruútflutnings til Evrópubandalagsins á milli áranna 1990 og 1991. Heildarverðmæti vöruútflutnings til Evrópubandalagsríkja minnkaði um 2,6% frá fyrra ári, en hlutfall vöruútflutnings til EB af heildarvöruútflutningi lækkaði úr 67,7% árið 1990 í 66,8% árið 1991.

Mestur samdráttur í verðmætum talið er í útflutningi til Bretlands, en Bretland er sem fyrr stærsti kaupandinn innan Evrópubandalagsins. Árið 1990 nam vöruútflutningur til Bretlands 23,4 milljörðum króna eða 25,3% af heildarvöruútflutningi, á móti 21,4 milljörðum árið 1991 eða 21,4% af heildarvöruútflutningi miðað við verðmæti. Þessi samdráttur skýrist

m.a. af minna verðmæti útflutnings á áli og ferskum fiski, en árið 1990 voru flutt til Bretlands 70,5 þúsund tonn af ferskum heilum fiski fyrir 6,5 milljarða króna, á móti 46,3 þúsund tonnum árið 1991 fyrir 5,2 milljarða króna. Útflutningur til Danmerkur, Grikklands, Hollands, Írlands, Spánar og Þýskalands dróst saman milli áranna 1990 og 1991.

Verðmæti útflutnings til Belgíu, Frakklands, Ítalíu, Lúxemborgar og Portúgals jókst og munaði verulega um aukinn útflutning saltfisks til Portúgals (30,4%). Aukning verðmætis útflutnings til Ítalíu var um 559 milljónir kr. (20,8% aukning). Þar munar mest um aukinn útflutning á saltfiski.

Athygli vekur að Frakkland festir sig enn í sessi sem einn helsti markaður íslenskra sjávarafurða og er orðið álíka stór kaupandi og Bandaríkin og Þýskaland. Til Frakklands voru fluttar út vörur að verðmæti 9,2 milljarðar króna árið 1991, sem eru um 10,1% af heildarverðmæti vöruútflutnings það ár. Verðmæti útflutnings til Frakklands var 925 milljónum kr. meira árið 1991 en það var árið 1990 (11,1% aukning). Þar munar mest um aukinn útflutning á frystum fiskflökum. Það er greinilegt að söluskrifstofur, sem útflytjendur hafa sett þar upp, hafa skilað góðu verki á markaði sem áður var vanræktur.

Verðmæti vöruinnflutnings frá Evrópubandalaginu óx um 10,8% og er nú orðið 52,4% af heildarvöruútflutningi Íslendinga. Verðmæti vöruinnflutningsins hefur aukist frá öllum ríkjum Evrópubandalagsins.

Hlutur Bandaríkjanna hefur verið að minnka jafnt og þétt undanfarin ár og hafði hlutur þeirra í heildarútflutningi Íslendinga minnkað úr 28,4% árið 1984 í 9,9% árið 1990. Á síðasta ári óx hlutur Bandaríkjanna í 12,6% af heild og eru Bandaríkin nú orðin annar stærsti kaupandi íslenskra útflutningsafurða að nýju, á eftir Bretlandi (23,4%). Verðmæti vöruinnflutnings frá Bandaríkjunum hefur minnkað um 24,7% og var aðeins 10,3% af heildarvöruinnflutningi Íslendinga árið 1991 en var 14,4% árið áður.

Verðmæti vöruútflutnings til Japans var 7,9% af heildarverðmæti vöruútflutnings Íslendinga árið 1991 og hafði aukist úr 6% árið áður. Árið 1990 var verðmæti útflutningsins til Japans í lágmarki. Það hafði minnkað úr 7,8% árið 1987. Verðmæti vöruinnflutningsins frá Japan jókst um 37,7% árið 1991, úr því að vera 5,6% árið 1990 í 7,3% árið 1991.

Þær miklu breytingar, sem nú eiga sér stað í efnahags- og viðskiptalífi í ríkjum Austur-Evrópu, munu vafalaust eiga eftir að hafa mikil áhrif á viðskipti okkar við þessi ríki. Breytingarnar í átt til frjálsra gjaldeyrisviðskipta hafa nú þegar haft þær afleiðingar að utanríkisviðskiptin hafa dregist saman vegna mikils gjaldeyrisskorts. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessu. Útflutningur til þessara ríkja hefur dregist saman, auk þess sem greiðsludráttur fyrir íslenskar útflutningsvörur hefur verið tilfinnanlegur. Árið 1985 var vöruútflutningurinn til ríkjanna í Austur-Evrópu um 8% af heildarvöruútflutningnum, en árið 1991 var þetta hlutfall aðeins 0,8%. Hins vegar er verið að leggja drög að nýju samskiptamynstri og eftir því sem efnahagsástand eflist munu möguleikar vaxa á þessu markaðssvæði.

Mikilvægasti markaðurinn fyrir íslenskar útflutningsvörur í Austur-Evrópu er á því svæði sem áður tilheyrði Ráðstjórnarríkjunum. Árið 1991 var verðmæti vöruútflutnings Íslendinga þangað aðeins um 493 milljónir kr. og hafði minnkað úr 2.347 milljónum kr. árið áður, eða um 79%. Skýtur óneitanlega skökku við þegar vöruútflutningur til þessa mikla svæðis er minni en til Færeyja. Þar munar mest um stöðvun á útflutningi á síld og karfa til Sovétríkjanna, en verðmæti síldarútflutnings til Sovétríkjanna var 1.047 milljónir kr. árið 1990 og verðmæti karfaútflutningsins var 506 milljónir kr. sama ár. Lítil breyting var á útflutningi á ullarvörum til Sovétríkjanna á milli áranna 1990 og 1991. Útflutningur til annarra ríkja Austur-Evrópu hefur einnig dregist saman, en sem dæmi má nefna Ungverjaland, en þar hefur útflutningurinn fallið úr því að vera 97,7 milljónir kr. árið 1990

í 5,9 milljónir kr. árið 1991, eða um 94%.

Verðmæti vöruinnflutnings frá Austur-Evrópu hefur minnkað um 35%, úr því að vera 6,7% af heildarvöruinnflutningi Íslendinga árið 1990 í 4,1% árið 1991. Þar munar mest um 30,5% samdrátt í vöruinnflutningi frá Sovétríkjunum og 69,4% samdrátt í vöruinnflutningi frá Póllandi.

Í desember var undirritaður viðskiptasamningur milli Íslands og lýðveldisins Rússlands. Jafnframt var undirrituð sérstök viðskiptabókun um vöruafgreiðslu á árunum 1991 og 1992. Hér er um að ræða einn af fyrstu viðskiptasamningum sem Rússar gera við vestræn ríki, en áður hafa þeir gert viðskiptasamninga við Möltu og Tyrkland.

Samningur þessi er rammasamningur þar sem gert er ráð fyrir sölu á hefðbundum íslenskum útflutningsvörum, þ.ám. freðfiski, saltsíld, lagmeti og ullarvörum, og kaupum á m.a. olíuvörum, timbri og bifreiðum. Samningar um kaup og sölu á einstökum vörum verða hins vegar í höndum fyrirtækja í báðum löndunum.

Í viðskiptabókuninni er gert ráð fyrir gagnkvæmum viðskiptum að fjárhæð um 4,8 milljarða króna, sem samsvarar um 80 milljónum dollara. Í bókuninni er einnig gert ráð fyrir sölu á tækniþekkingu, s.s. á sviði fiskvinnslu.

Samningurinn leggur grundvöll að áframhaldandi viðskiptum með þýðingarmestu útflutningsvörur okkar til Rússlands. Í framhaldi af gerð viðskiptasamningsins hefur verið gerður samningur milli Seðlabanka Íslands og utanríksviðskiptabanka Rússlands um greiðslumál í viðskiptum landanna.

Viðskiptasamningar milli Íslands og Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens voru undirritaðir í ágúst. Markmið samninganna er að efla viðskipta- og efnahagssamvinnu landanna á grundvelli reglna um bestukjaraviðskipti eins og þau eru skilgreind í Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (GATT). Í því felst að viðskiptaívilnanir sem veittar eru öðrum ríkjum, að undanskildum þeim sem eru aðilar að fríverslunarsamningum, gilda einnig í viðskiptum Íslands og Eystrasaltsríkjanna. Með samningunum er einnig hvatt til aukinnar tæknisamvinnu og samstarfs einstaklinga og fyrirtækja í löndunum. Samningarnir við Ísland voru fyrstu viðskiptasamningar við ríki í Vestur-Evrópu frá því að lýst var yfir fullveldi og sjálfstæði landanna 11. mars 1991. Nú standa yfir samningaviðræður við Færeyjar um fríverslunarsamning og er áætlað að þeim ljúki í vor. Fríverslunarsamningar EFTA-ríkja við Tyrkland voru undirritaðir í desember en við Tékkneska og Slóvakíska sambandslýðveldið 20. mars. Nánari grein er gerð fyrir þeim og undirbúningi samninga við Ungverjaland, Pólland og Ísrael í kafla um samskipti EFTA við þriðju ríki hér á eftir.

Vöruútflutningur til annarra ríkja en hafa verið talin hér á undan hefur dregist saman um 10,6%, þar munar mest um 46,3% samdrátt í verðmæti vöruútflutnings til Færeyja. En á móti hefur verðmæti vöruútflutningsins til Suður-Kóreu og Taiwans aukist verulega. Verðmæti vöruinnflutnings frá þessum löndum var 4,3% af heildarvöruinnflutningi Íslendinga árið 1991, en 4,8% árið áður. Verðmæti vöruinnflutnings frá umræddum ríkjum jókst um 26,8% á milli áranna 1990 og 1991, úr því að vera 7,2% af heildarvöruinnflutningi í 8,7%.

(5) Útflutningsráð Íslands

Á árinu 1991 urðu umtalsverðar breytingar á starfsemi Útflutningsráðs Íslands, þar sem í desember 1990 voru samþykkt ný lög um ráðið. Helstu breytingar í nýju lögunum voru þær, að ákveðið var að leggja á fyrirtæki sérstakt útflutningsráðsgjald til að standa undir rekstri ráðsins. Fyrirtæki í fiskvinnslu, iðnaði og byggingarstarfsemi greiða 0,05% af aðstöðugjaldsstofni sínum, fyrirtæki í útgerð 0,03% og fyrirtæki í flutningum 0,01%. Í nýju

lögunum var jafnframt ákveðið, að aðalmenn í stjórn Útflutningsráðs yrðu tíu í stað átta áður og eru þrír tilnefndir af samtökum atvinnurekenda í sjávarútvegi, þrír af samtökum atvinnurekenda í iðnaði, einn af Verslunarráði Íslands, einn af Ferðamálaráði Íslands, einn af samgönguráðherra og einn af utanríkisráðherra. Sömu aðilar tilnefna varamenn að því undanskildu að sjávarútvegsráðherra tilnefnir varamann fulltrúa utanríkisráðherra og iðnaðarráðherra tilnefnir varamann fulltrúa samgönguráðherra.

Á árinu var ákveðið að breyta skipulagi Útflutningsráðs Íslands. Skipulag ráðsins hafði verið með þeim hætti, að starfsemin var skipulögð fyrir einstakar greinar atvinnulífsins, en með breytingunum var ákveðið að skipta starfsemi ráðsins í þrennt: almenna þjónustu, sérverkefni og starfsemi erlendis.

Markmið sérverkefnadeildar er að vinna fyrst og fremst að skilgreindum verkefnum með upphaf og endi fyrir verkkaupa, sem greiða fyrir þjónustu sem þeir fá. Litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem eru að stíga sín fyrstu skref í útflutningi, er boðin þátttaka í þróunarverkefninu Útflutningsaukning og hagvöxtur", fyrirtæki, sem lengra eru komin á leið, geta fengið þjónustu markaðsráðgjafa til leigu, en einnig tekur sérverkefnadeild að sér markaðsrannsóknir og önnur ráðgjafaverkefni samkvæmt samningi.

Undir almenna deild Útflutningsráðs fellur almennur rekstur auk almennrar þjónustu, svo sem upplýsingamiðlun, kynningarstarfsemi, samskipti við fjölmiðla, skipulag á þátttöku fyrirtækja á vörusýningum erlendis, útgáfa ATA-skírteina o.s.frv.

Undir erlenda starfsemi falla viðskiptaskrifstofur Útflutningsráðs erlendis. Ákveðið hefur verið að Útflutningsráð verði með tvær skrifstofur erlendis, aðra í Evrópu og hefur henni verið valinn staður í Berlín, og hina í Norður-Ameríku og verður hún í New York. Gerður hefur verið samstarfssamningur við Útflutningsráð Íra og mun Útflutningsráð Íslands tilnefna viðskiptaráðgjafa víðs vegar í heiminum, sem geta tekið að sér skilgreind verkefni samkvæmt beiðni, en Írar hafa á undanförnum árum byggt upp slíkt net. Einnig hefur verið ákveðið að senda tímabundið til fjarlægari staða fulltrúa Útflutningsráðs til að gera úttektir á möguleikum Íslendinga á viðkomandi svæðum. Í byrjun árs 1992 verða tveir menn sendir í slík verkefni, annar til Mið-Austurlanda og hinn til Suður-Ameríku með áherslu á Chíle, Perú og Argentínu.

Á árinu 1991 tók Útflutningsráð þátt í verkefninu Vinland Revisited", en utanríkisráðuneytið bar veg og vanda af þátttöku Íslands í verkefninu. Norðmenn og Íslendingar sameinuðust um að láta víkingaskip sigla frá Noregi um Hjaltlandseyjar, Orkneyjar, Færeyjar og Ísland til Norður-Ameríku. Í Norður-Ameríku voru viðkomustaðir skipanna á Grænlandi, Nýfundnalandi, í Nova Scotia og í Bandaríkjunum þar voru viðkomustaðirnir í Boston, Newport, New York og Washington. Gerður var samningur við almannatengslafyrirtæki í Bandaríkjunum, sem kom upplýsingum um verkefnið á framfæri við kanadíska og bandaríska fjölmiðla, og er talið, að auglýsingagildi þeirrar umfjöllunar megi meta á 7,5 millj. dollara, en u.þ.b. 40% af umfjölluninni voru um Ísland. Á viðkomustöðum skipanna voru skipulagðar ýmsar kynningar á Íslandi og Noregi og reynt að koma upplýsingum um landafundi og umhverfismál á framfæri, auk þess sem ýmsar afurðir landanna og löndin sem ferðamannastaðir voru kynnt.

Á árinu tók Útflutningsráð Íslands á móti fjölda blaðamanna sem hingað komu. Í tengslum við Vínlandsverkefnið var hópi bandarískra og kanadískra blaðamanna boðið að koma til Íslands og vera viðstaddir komu víkingaskipsins til Reykjavíkur og í tengslum við opinbera heimsókn Ítalíuforseta tók Útflutningsráð á móti stórum hópi ítalskra blaðamanna og kynnti fyrir þeim sjávarútveg, ferðaþjónustu og fleira.

Útflutningsráð skipulagði á árinu sameiginlega þátttöku íslenskra fyrirtækja í sex alþjóðlegum sýningum. Útflytjendur véla og tækja fyrir sjávarútveg tóku m.a. þátt í

vörusýningum í Boston, Glasgow, Vigo og Seattle. Útflytjendur matvæla tóku m.a. þátt í vörusýningum í Boston og Köln.

Útflutningsráð gefur reglulega út fréttabréf sem dreift er til 2.000 aðila. Í hverjum mánuði á Útflutningsráð eina síðu í News from Iceland". Ýmsar skýrslur og bæklingar hafa verið gefin út á árinu og má m.a. nefna leiðbeiningarit um samninga og útflutningsviðskipti, sem Útflutningsráð gaf út í samvinnu við Iðnlánasjóð. Útflutningsráð svarar á hverju ári miklum fjölda fyrirspurna, bæði frá innlendum og erlendum aðilum, og var u.þ.b. 800 slíkum fyrirspurnum svarað skriflega á árinu 1991.

Viðauki I

Vöruútflutningur Íslendinga árin 1990 og 1991

FOB verðmæti í millj. kr.

Vörutegundir	1990.			1991.			% br.
	Tonn	Verðm.	%	Tonn	Verðm.	%	verðm.
Sjávarafurðir	**607.226,8**	**69.897,4**	**75,5%**	**460.816,7**	**73.235,5**	**80,0%**	**4,8%**
Fryst fiskflök	123.436,6	26.079,8	28,2%	117.271,7	29.116,6	31,8%	11,6%
Frystur fiskur heill	49.289,7	5.175,8	5,6%	52.133,4	6.313,5	6,9%	22,0%
Ferskur fiskur heill	131.037,6	10.155,6	11,0%	88.999,5	8.801,8	9,6%	-13,3%
Fersk fiskflök	8.911,9	1.871,4	2,0%	6.666,9	1.567,6	1,7%	-16,2%
Saltfiskur og skreið	57.616,4	13.172,7	14,2%	54.971,1	14.393,2	15,7%	9,3%
Rækja fryst	11.635,3	4.470,4	4,8%	17.431,0	6.266,2	6,8%	40,2%
Humar frystur	852,1	685,9	0,7%	1.029,1	899,2	1,0%	31,1%
Hörpudiskur frystur	1.365,4	738,6	0,8%	1.097,2	629,5	0,7%	-14,8%
Hrogn	6.440,2	1.161,6	1,3%	8.050,3	1.554,7	1,7%	33,8%
Saltsíld	22.110,7	1.520,6	1,6%	10.299,8	877,0	1,0%	-42,3%
Lýsi	64.433,3	1.015,3	1,1%	30.261,9	671,7	0,7%	-33,8%
Mjöl	122.388,1	3.369,3	3,6%	61.114,2	1.700,5	1,9%	-49,5%
Fryst hvalkjöt og aðrar hvalafurðir	1.057,6	264,0	0,3%	0,0	0,0	0,0%	-100,0%
Sjávarafurðir ót.a.	6.651,9	216,4	0,2%	11.490,6	444,0	0,5%	105,2%
Landbúnaðarafurðir	**7.673,7**	**1.777,7**	**1,9%**	**8.424,4**	**1.621,5**	**1,8%**	**-8,8%**
Fryst kindakjöt	1.448,0	292,7	0,3%	1.993,3	210,0	0,2%	-28,3%
Ostar og kasein (ostaefni)	270,3	29,3	0,0%	774,0	74,8	0,1%	155,3%
Ull	1.223,3	100,0	0,1%	960,9	49,7	0,1%	-50,3%
Saltaðar nautgripa- og hrossahúðir	455,6	48,1	0,1%	444,7	29,3	0,0%	-39,1%
Þurrkuð refa- og minkaskinn	41,0	171,6	0,2%	71,9	210,1	0,2%	22,4%
Lifandi hross	529,6	153,3	0,2%	577,8	167,5	0,2%	9,3%
Lax og silungur	2.880,3	778,7	0,8%	2.552,2	704,1	0,8%	-9,6%
Dúnn	3,1	140,0	0,2%	1,9	71,2	0,1%	-49,1%
Landbúnaðarafurðir ót.a.	822,5	64,0	0,1%	1.047,7	104,8	0,1%	63,8%
Iðnaðarvörur	**209.645,1**	**18.913,7**	**20,4%**	**205.471,2**	**15.924,2**	**17,4%**	**-15,8%**
Lagmeti (fiskmeti)	3.858,7	1.714,0	1,9%	2.576,3	1.339,5	1,5%	-21,8%
Óáfengir drykkir	2.676,8	121,2	0,1%	3.680,2	177,4	0,2%	46,4%
Áfengir drykkir	346,2	32,9	0,0%	73,8	7,4	0,0%	-77,5%
Þang- og þaramjöl	2.263,5	66,7	0,1%	1.993,9	63,1	0,1%	-5,4%
Fiskafóður	12.268,4	739,7	0,8%	8.252,2	456,9	0,5%	-38,2%
Kísilgúr	24.250,8	485,1	0,5%	21.787,7	420,3	0,5%	-13,4%
Fiskkassar, trollkúlur og netahringir	586,1	155,2	0,2%	526,3	140,4	0,2%	-9,5%
Loðsútuð skinn	441,9	963,4	1,0%	350,8	832,0	0,9%	-13,6%
Pappaumbúðir	588,4	74,4	0,1%	566,7	59,0	0,1%	-20,7%
Ullarlopi, ullarband og vörur úr ull	542,8	863,9	0,9%	455,9	819,0	0,9%	-5,2%
Fiskinet og -línur, kaðlar o.þ.h.	543,1	192,6	0,2%	356,9	110,9	0,1%	-42,4%
Kísiljárn	67.149,5	2.430,4	2,6%	53.451,5	1.764,5	1,9%	-27,4%
Ál	86.392,1	9.587,1	10,4%	86.266,8	8.076,2	8,8%	-15,8%
Álpönnur	462,6	287,9	0,3%	480,2	286,3	0,3%	-0,6%
Steinull	2.831,0	82,7	0,1%	2.188,4	67,9	0,1%	-17,9%
Rafeindavogir	16,5	188,7	0,2%	23,9	258,9	0,3%	37,2%
Ýmis búnaður til fiskveiða	710,5	180,3	0,2%	605,2	150,2	0,2%	-16,7%
Vélar til vinnslu sjávarafurða	109,6	209,7	0,2%	73,8	187,4	0,2%	-10,6%
Aðrar iðnaðarvörur ót.a.	3.606,6	537,8	0,6%	21.760,7	706,9	0,8%	31,4%
Aðrar vörur	**51.558,9**	**2.036,3**	**2,2%**	**41.554,7**	**779,2**	**0,9%**	**-61,7%**
Gamlir málmar	5.497,6	84,2	0,1%	1.487,3	58,4	0,1%	-30,6%
Gömul skip	5.598,7	569,8	0,6%	3.062,0	151,7	0,2%	-73,4%
Steypuvikur	28.178,9	56,8	0,1%	33.354,3	64,6	0,1%	13,7%
Flugvélar og hlutar til þeirra	62,9	642,1	0,7%	0,5	0,8	0,0%	-99,9%
Ýmsar vörur ó.t.a	12.220,8	683,4	0,7%	3.650,6	503,7	0,6%	-26,3%
Vöruúflutningur alls	**876.104,5**	**92.625,1**	**100%**	**716.267,0**	**91.560,4**	**100%**	**-1,1%**

Viðauki II

Utanríkisverslun Íslendinga árin 1989, 1990 og 1991

Innflutningur: CIF
Útflutningur: FOB

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

	Útflutningur				Innflutningur			
	1989	1990	1991	90-91 %breyt.	1989	1990	1991	90-91 %breyt.
EFTA-ríki								
Austurríki	77,2	176,7	42,2	-76,1%	633,0	706,5	821,7	16,3%
Finnland	1.200,2	897,6	439,1	-51,1%	1.617,8	1.602,5	1.762,2	10,0%
Noregur	1.742,4	1.348,8	1.449,9	7,5%	5.295,8	4.869,6	5.571,9	14,4%
Sviss	4.409,7	3.871,6	3.634,2	-6,1%	1.155,3	1.174,9	1.459,6	24,2%
Svíþjóð	1.384,6	1.695,4	1.450,1	-14,5%	6.592,4	7.388,7	7.683,5	4,0%
EFTA-ríki, samtals	**8.814,1**	**7.990,1**	**7.015,5**	**-12,2%**	**15.294,3**	**15.742,2**	**17.298,9**	**9,9%**
EFTA-ríki, hlutdeild	**11,0%**	**8,6%**	**7,7%**		**19,1%**	**16,3%**	**17,0%**	
EB-ríki								
Belgía	630,3	976,4	1.106,4	13,3%	1.509,8	1.746,2	2.080,1	19,1%
Bretland	16.630,8	23.446,2	21.433,3	-8,6%	6.508,8	7.782,0	8.372,7	7,6%
Danmörk	2.927,4	4.676,5	3.853,0	-17,6%	7.262,8	8.324,8	8.728,0	4,8%
Frakkland	4.594,9	8.311,4	9.236,0	11,1%	2.496,3	2.942,7	3.667,2	24,6%
Grikkland	819,9	860,4	736,0	-14,5%	74,8	83,9	116,8	39,2%
Holland	1.373,3	1.955,9	1.594,3	-18,5%	8.358,3	10.022,4	10.211,5	1,9%
Írland	6,9	75,8	35,3	-53,4%	307,3	391,0	500,0	27,9%
Ítalía	2.552,5	2.690,6	3.249,9	20,8%	2.486,6	2.993,2	3.385,2	13,1%
Lúxemborg	11,5	30,1	45,3	50,5%	21,8	33,5	39,4	17,6%
Portúgal	3.447,0	3.316,6	4.325,0	30,4%	658,4	854,5	1.214,8	42,2%
Spánn	2.698,1	4.645,1	4.412,1	-5,0%	798,6	877,5	1.694,3	93,1%
V-Þýskaland	9.506,3	11.752,2	11.100,7	-5,5%	10.497,7	12.011,7	13.234,8	10,2%
EB-ríki, samtals	**45.198,9**	**62.737,2**	**61.127,3**	**-2,6%**	**40.981,2**	**48.063,4**	**53.244,8**	**10,8%**
EB-ríki, hlutdeild	**56,4%**	**67,7%**	**66,8%**		**51,1%**	**49,7%**	**52,4%**	
A-Evrópa								
A-Þýskaland	8,9	25,0	0,0	-100,0%	164,2	145,7	0,0	-100,0%
Búlgaría	13,8	24,0	18,5	-22,9%	2,9	13,9	14,3	2,9%
Pólland	1.192,5	184,9	193,1	4,4%	1.313,9	1.098,3	336,6	-69,4%
Rúmenía	0,0	5,1	13,7	168,6%	23,1	22,7	22,6	-0,4%
Sovétríkin	2.489,7	2.347,1	492,5	-79,0%	3.382,6	4.786,5	3.328,0	-30,5%
Tékkóslóvakía	206,7	61,4	17,7	-71,2%	306,0	340,4	385,4	13,2%
Ungverjaland	57,7	97,7	5,9	-94,0%	37,9	52,5	114,6	118,3%
A-Evrópa, samtals	**3.969,3**	**2.745,2**	**741,4**	**-73,0%**	**5.230,6**	**6.460,0**	**4.201,5**	**-35,0%**
`-Evrópa, hlutdeild	**5,0%**	**3,0%**	**0,8%**		**6,5%**	**6,7%**	**4,1%**	
Bandaríkin	**11.435,5**	**9.176,9**	**11.504,7**	**25,4%**	**8.823,3**	**13.949,5**	**10.501,1**	**-24,7%**
Bandaríkin, hlutdeild	**14,3%**	**9,9%**	**12,6%**		**11,0%**	**14,4%**	**10,3%**	
Japan	**5.674,8**	**5.545,6**	**7.213,6**	**30,1%**	**3.916,9**	**5.419,3**	**7.461,7**	**37,7%**
Japan, hlutdeild	**7,1%**	**6,0%**	**7,9%**		**4,9%**	**5,6%**	**7,3%**	
Önnur lönd								
Ástralía	119,8	69,4	64,9	-6,5%	2.045,7	2.499,3	2.996,7	19,9%
Brasilía	262,6	189,4	172,3	-9,0%	256,8	256,3	288,8	12,7%
Færeyjar	1.042,5	1.438,6	772,4	-46,3%	19,6	47,1	228,8	385,8%
Grænland	194,3	160,0	119,8	-25,1%	4,8	45,7	5,2	-88,6%
Hong Kong	3,7	36,6	19,0	-48,1%	547,3	599,7	676,7	12,8%
Kanada	226,0	286,7	313,5	9,3%	429,6	510,2	766,0	50,1%
Nígería	347,9	588,7	673,3	14,4%	0,0	0,1	0,0	-100,0%
Suður-Kórea	161,8	56,1	225,3	301,6%	433,1	543,7	778,3	43,1%
Taivan	1.149,5	879,7	1.084,1	23,2%	530,1	606,3	807,1	33,1%
Öll önnur lönd	1.469,8	721,9	513,3	-28,9%	1.736,6	1.878,2	2.310,1	23,0%
Önnur lönd, samtals	**4.977,9**	**4.427,1**	**3.957,9**	**-10,6%**	**6.003,6**	**6.986,6**	**8.857,7**	**26,8%**
Önnur lönd, hlutdeild	**6,2%**	**4,8%**	**4,3%**		**7,5%**	**7,2%**	**8,7%**	
Heildarviðskipti	**80.070,5**	**92.622,1**	**91.560,4**	**-1,1%**	**80.249,9**	**96.621,0**	**101.565,7**	**5,1%**
Meðalgengi USD	57,1	58,2	59,0	1,4%	57,3	58,4	59,2	1,4%
Meðalgengi ECU	62,9	74,2	73,3	-1,2%	63,0	74,4	73,1	-1,8%

XIII Þróunarsamvinna

Heildarframlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands voru á árinu 1991 107 milljónir króna. Þar af voru greiddar út 12 milljónir til sérverkefna í skipasmíðum af aukafjárveitingu frá árinu 1990. Í "Hvítbók" ríkisstjórnarinnar, "Velferð á varanlegum grunni", segir um þennan málaflokk:

> "Íslendingum ber skylda til að auka stuðning sinn við þróunarlönd og leggur ríkisstjórnin áherslu á aukna þróunaraðstoð og að gerðar verði breytingar á alþjóðaviðskiptakerfinu þróunarlöndunum í hag."

Hægt hefur gengið að þoka opinberum framlögum Íslands til þróunarmála upp á við og enn er hlutfall þessara framlaga svipað m.v. þjóðarframleiðslu (0,13%) og var 1985, þegar Alþingi samþykkti að tífalda þetta hlutfall fyrir 1992. Framlög til Þróunarsamvinnustofnunar hafa þó tvöfaldast í Bandaríkjadölum á síðustu fjórum árum.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands vinnur nú nær eingöngu að tvíhliða verkefnum á sviði sjávarútvegs og fiskirannsókna í þrem Afríkulöndum: Namibíu, Malawi og Grænhöfðaeyjum. Fastir starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar eru nú tólf í Afríku og tveir í Reykjavík, auk skammtíma ráðgjafa. Á fyrstu 6-7 árum stofnunarinnar var allt að helmingi framlaga oftast veitt til samnorrænna verkefna í Kenýa, Tanzaníu og Mozambique. Stofnunin greiddi þar 1% kostnaðar af verkefnunum en hafði lítil sem engin áhrif á hvernig fjármunum var varið né á framgang verkefnanna. Þessu hefur nú verið hætt og eina samnorræna verkefnið með þessi sniði, sem ÞSSÍ tekur þátt í, er rekstur Genbanka fyrir erfðaefni plantna í Zambíu. Íslendingar hafa þar aðstöðu til að fylgjast með framvindunni í gegnum fulltrúa sína í Norræna Genbankanum sem er framkvæmdaaðili Zambíu-verkefnisins.

Í Namibíu leggja Íslendingar til yfirmenn og sjá að nokkru leyti um rekstur hafrannsóknaskips sem Namibíumenn eiga. Auk þess vinna við verkefnið tveir íslenskir fiskifræðingar. Undirritaður var af utanríkisráðuneytinu samstarfssamningur við Namibíu um aðstoð Íslands við hafrannsóknir og þjálfun og menntun sjómanna. Samningurinn, sem var undirritaður 28. janúar 1991 og gildir til ársloka 1995, kveður á um markmiðin með samvinnu, skyldur beggja aðila, réttarstöðu og réttindi starfsmanna og fleira. Verkefnið hefur að flestu leyti gengið vel eftir nokkra byrjunarörðugleika vegna tíðra bilana í skipinu. Líklegt er að leggja verði aukna áherslu á aðstoð við þjálfun skipstjórnarmanna á næstu misserum og er NORAD, norska þróunarstofnunin, reiðubúin til samvinnu um það.

Á Grænhöfðaeyjum var skipt um ríkisstjórn í janúar 1991. Í kjölfar þess hófst nýr þáttur í aðstoð Íslendinga við Grænhöfðaeyjar þegar óskað var eftir því að Þróunarsamvinnustofnunin legði til sérfræðing til að aðstoða við endurskipulagningu sjávarútvegs landsins. Er það í raun mikil viðurkenning á störfum Íslendinga þarna, enda var orðið við þessari ósk. Nýr 5 ára samstarfssamningur tók gildi um síðustu áramót. Helstu breytingar frá fyrri samningi voru þær, að samkvæmt þeim nýja, þarf aðstoð Íslands ekki að vera einskorðuð við sjávarútveg, þó líklega verði hún það mikið til áfram.

Fiskifræðingur starfaði með Hafrannsóknastofnun Grænhöfðaeyja um skeið og annar starfsmaður Þróunarsamvinnustofnunarinnar var á Grænhöfðaeyjum um átta mánaða skeið. Hans hlutverk var fyrst og fremst að koma litlum plastbát (8 brt.), sem stofnunin lét smíða, í eðlilegan rekstur hjá heimamönnum, sem lauk með því að gerður var kaupleigusamningur við skipstjóra í Mindelo. Hann mun greiða mánaðarlega af bátnum í samræmi við reynsluna af tilraunarekstrinum hingað til og eignast hann á 12 árum. Þá voru kvennasamtök Eyjanna

áfram aðstoðuð við starfsemi sína, einkum í Kvennahúsinu sem byggt var fyrir íslenskt fé.

Í Malawi varð mikil áherslubreyting á starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar á árinu. Í framhaldi af heimsókn fiskimálaráðherra landsins til Íslands í sumar, þar sem samstarfssamningur landanna var framlengdur um þrjú ár, var ákveðið að Þróunarsamvinnustofnun léti með aðstoð frá Norræna þróunarsjóðnum, NDF, smíða á Íslandi rannsóknabát fyrir Malawi-vatn. Auk þess mundi Ísland leggja til vatnalíffræðing til að stjórna rannsóknum á vatninu í tvö ár og skipstjórnarmenn til að koma bátnum í rekstur í höndum heimamanna. Þá hefur verið ákveðið að NDF láni Malawi fyrir smíði fiskibáts af sömu stærð og rannsóknabáturinn (17,5 m, 40-45 brt.). Báðir bátarnir verða smíðaðir í Slippstöðinni á Akureyri. Allt er þetta hluti af stærra verkefni sem Alþjóðabankinn fjármagnar og miðar að því að efla fiskveiðar og fiskiðnað í landinu.

Þá var ákveðið að aðstoða Malawi-menn við að koma af stað kennslu og rannsóknum í fiskimálum í Malawi í samstarfi við nágrannaríki þess. Ráðinn hefur verið íslenskur vatnalíffræðingur til að stjórna því starfi. NORAD mun verða stærsti fjármögnunaraðili verkefnisins.

XIV Norðurlandasamvinna

(1) Almennt

Þar sem samstarfsráðherra Norðurlanda hefur gefið út sérstaka skýrslu um störf norrænu ráðherranefndarinnar er ekki ástæða til að orðlengja um þau hér. Það sem lýtur einkum að utanríkisráðuneytinu eru reglulegir fundir utanríkisráðherra Norðurlanda og venjubundið stjórnmálalegt samráð.

Fundur norrænna utanríkisráðherra í Reykjavík 21. janúar sl. (sjá fylgiskjal 3) var sá fyrsti af þremur sem verða haldnir á þessu ári en ákvörðun um fjölgun reglulegra funda var tekin á síðastliðnu ári. Þessir utanríkisráðherrafundir þ.m.t. Reykjavíkurfundurinn hafa reynst mjög gagnlegir til hvort tveggja skoðanaskipta og samræmingar sjónarmiða sem hafa svo aftur endurspeglast í samstöðu á alþjóðavettvangi ekki síst innan Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt því að íslenska stjórnvöld hafa tekið virkan þátt í samstarfi Norðurlanda innbyrðis og gagnvart öðrum ríkjum, þá hafa þau einnig á margan hátt notið góðs af þessu samstarfi. Það er því full ástæða til að tengslin við Norðurlönd verði hér eftir sem hingað til einn af meginþáttum íslenskrar utanríkisstefnu.

Það er hins vegar ljóst að forsendur norræns samstarfs munu breytast þegar samningur EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði tekur gildi en gert er ráð fyrir að það verði í byrjun árs 1993. Forsendur munu enn breytast þegar nokkur Norðurlandanna gerast aðilar að Evrópubandalaginu. Norðurlönd munu taka þátt í víðtækara samstarfi ríkja Vestur-Evrópu, með meiri réttindum og skyldum en verið hefur. Vegna fyrirsjáanlegrar aðildar meirihluta norrænnar ríkja að Evrópubandalaginu, verður nauðsynlegt að haga norrænu samstarfi þannig að það geti á sem bestan hátt orðið til þess að styrkja þátttöku landanna í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Það þarf að laga norrænt samstarf að þeim breyttu pólitísku og efnahagslegu verkefnum sem löndin standa frammi fyrir að svo miklu leyti sem það er unnt. Það verður að haga samstarfinu þannig að það mæti raunverulgum þörfum landanna á tíunda áratugnum og inn á næstu öld.

(2) Eystrasaltsráðið

Haustið 1991 ákváðu dönsk og þýsk stjórnvöld að boða til ráðstefnu þeirra ríkja sem eiga strendur að Eystrasalti til að ræða samstarf í sameiginlegum hagsmunamálum. Þegar í upphafi var gert ráð fyrir að samstarfið yrði formfest í svonefndu Eystrasaltsráði sem yrði til lengri tíma litið svæðisbundinn vettvangur í tengslum við Evrópubandalagið. Norsk stjórnvöld lýstu áhuga á aðild að ráðinu og svo fór að Noregur var á meðal þeirra ríkja sem efndu til stofnfundar í Kaupmannahöfn. Norsk þátttaka þýddi að Eystrasaltsráðið yrði í raun ekki háð ströngum landfræðilegum takmörkunum og að Norðurlöndin fjögur ætluðu í auknum mæli að miða hefðbundna samvinnu sína við næsta nágrenni og hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu.

Í ljósi þess hversu norræn samvinnu hefur verið veigamikill þáttur í íslenskri utanríkisstefnu á undanförnum áratugum fylgdust íslensk stjórnvöld náið með undirbúningi stofnunar Eystrasaltsráðsins. Ríkisstjórnin fól utanríkisráðherra 25. febrúar sl. að leita eftir því við stofnfundarboðendur að Íslandi yrði veitt áheyrnaraðild á þessum fyrsta fundi. Þeirri málaleitan var víða vel tekið m.a. á fundi forsætisráðherra Norðurlanda í Helsinki í marsbyrjun en utanríkisráðherra Danmerkur lagðist gegn íslenskri þátttöku og vísaði til landafræðinnar. Svo fór að lokum að Eystrasaltsráðið var stofnað á fundi utanríkisráðherra þátttökuríkjanna 5. - 6. mars í Kaupmannahöfn án nærveru íslenskra fulltrúa.

(3) Kjarnavopnalaust svæði á norðurslóðum

Norræna embættismannanefndin, sem skipuð var 1987 til að fjalla um forsendurnar fyrir kjarnavopnalausu svæði á norðurslóðum, lagði fram skýrslu um það efni í mars 1991. Í meginatriðum voru niðurstöður skýrslunnar þær að kjarnavopnalaust svæði á norðurslóðum mætti ekki verða til þess að veikja þá grundvallarþætti sem hafi stuðlað að öryggi og stöðugleika í Norður-Evrópu. Óæskilegt væri að standa að fyrirkomulagi sem væri einangrað frá öðrum hlutum Evrópu. Þess vegna þyrfti að finna kjarnavopnalausu svæði á norðurslóðum stað í öryggismálum Evrópu ef það ætti að stuðla að afvopnun og bættum samskiptum ríkja og vera litið á sem traustvekjandi aðgerð. Slíkt svæði þyrfti einnig að taka tillit til ólíkrar stefnu Norðurlandanna í öryggismálum. Nefndin ályktaði að forsendur fyrir kjarnavopnalausu svæði væru ekki uppfylltar ef mið væri tekið af þessum og öðrum mælikvörðum.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda fólu embættismannanefndinni að halda áfram störfum í því skyni að fjalla frekar um norræn sjónarmið er lúta að þróun öryggismála í Evrópu, þ.á m. hugmyndina um kjarnavopnalaust svæði.

XV Hafréttarmál

(1) Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna

Hafréttarsamningurinn hefur verið fullgiltur af 51 ríki, þ.á m. þremur Evrópuríkjum, Íslandi, Júgóslavíu og Kýpur. Samningurinn öðlast gildi einu ári eftir að sextíu aðilar hafa fullgilt hann.

Nefnd, sem vinnur að undirbúningi alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og hafréttardómstóls, hefur haldið áfram störfum en ekki hefur náðst samstaða á þeim vettvangi um tillögur sem miða að því að haga framkvæmd samningsins með þeim hætti að fleiri vestræn ríki geti gerst aðilar að honum. Hins vegar hefur töluverður árangur náðst í óformlegum viðræðum sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur tekið þátt í. Ályktun um hafréttarmál, sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1992, naut víðtækari stuðnings en sams konar ályktanir undanfarin ár.

(2) Hafsbotnsmálefni

Fulltrúar íslenskra stjórnvalda hafa haldið áfram viðræðum við nágrannaþjóðir til að reyna að ná samkomulagi um hafsbotnsréttindi fyrir utan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, sbr. reglugerð 196/1985 um afmörkun landgrunnsins til vesturs, í suður og til austurs.

18. apríl 1991 var haldinn í Reykjavík fundur fulltrúa íslenskra og breskra stjórnvalda um hafsbotnsréttindi á Hatton-Rockall svæðinu. Fundurinn var haldinn í samræmi við ákvörðun á fundi sem utanríkisráðherra átti sumarið 1990 með William Waldegrave varautanríkisráðherra Bretlands. Á fundinum var gerð grein fyrir þeirri vinnu sem unnin hefur verið við samningu sameiginlegrar skýrslu um hafsbotnsmál á Hatton-Rockall svæðinu, sem geti verið grundvöllur pólitískrar lausnar á deilu um þessi hafsbotnsréttindi. Í fyrsta skipti voru jarðfræðingar kallaðir til af hálfu beggja landa. Stefnt verður að því að ljúka sameiginlegu skýrslunni á næstu mánuðum en jarðfræðingar hafa skipst á upplýsingum í því skyni.

(3) Hvalamálið

Ísland hefur verið virkur aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu frá upphafi starfsemi þess 1948. Eftir að ráðið ákvað á fundi sínum 1982 að stöðva hvalveiðar í atvinnuskyni frá 1986-1990 hefur komið æ betur í ljós að hagsmunir Íslands fara ekki lengur saman við þá stefnu sem nú er allsráðandi innan ráðsins. Í samræmi við það ákvað ríkisstjórnin í árslok 1991 að Ísland segði sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Úrsögnin mun taka gildi 30. júní 1992. Árið 1991 hefur því reynst afdrifaríkt fyrir stefnu Íslands í hvalamálinu.

Í samræmi við ákvörðun á 38. þingi Norðurlandaráðs um aukið samstarf Norðurlanda í hvalveiðimálinu var boðað til fundar norrænna aðalfulltrúa í Alþjóðahvalveiðiráðinu í Reykjavík 10. apríl 1991. Að ósk norrænna sjávarútvegsráðherra var þessi fundur útvíkkaður þannig að auk fulltrúa frá stjórnvöldum á sviði sjávarútvegsmála mættu einnig fulltrúar frá stjórnvöldum umhverfismála. Auk þess sóttu fundinn norrænir vísindamenn og fulltrúi frá Norrænu ráðherranefndinni, en einn tilgangurinn með þessum fundi var að undirbúa fund norrænna ráðherra varðandi hvalveiðimálið. Fundurinn fjallaði um norrænar rannsóknir á hvölum og selum og viðhorf þjóðanna til nýtingar sjávarspendýra.

Fjórða alþjóða ráðstefnan um skynsamlega nýtingu sjávarspendýra var haldin í Reykjavík 16.-17. apríl 1991. Þessi ráðstefna var í framhaldi af fyrri ráðstefnum um sama

efni í Reykjavík 1988, í Færeyjum 1989 og í Noregi 1990. Þátttakendur á fundinum 1991 voru, auk fulltrúa frá Íslandi, fulltrúar frá Færeyjum, Grænlandi, Noregi, Japan og Sovétríkjunum. Auk þess sóttu ráðstefnuna áheyrnarfulltrúar frá Kanada og Alaska. Fimmta alþjóðaráðstefnan verður haldin í Nuuk, Grænlandi 7.-9. apríl 1992.

Í tengslum við ráðstefnuna var haldinn annar fundur North Atlantic Committee for Cooperation on Research on Marine Mammals. Á þeim fundi voru lögð fram drög að frekari samvinnu varðandi sameiginlega stofna sjávarspendýra.

Fertugasti og þriðji ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins var haldinn í Reykjavík 27.-31. maí 1991. Verulegar umræður urðu um tillögu vísindanefndar ráðsins um nýtt veiðistjórnunarkerfi. Íslendingar, Norðmenn og Japanir studdu fram komna tillögu vísindanefndarinnar og lögðu fram ályktun um að hún yrði samþykkt af ráðinu. Sú ályktun náði ekki fram að ganga þar sem meirihluti ráðsins lagði fram aðra ályktun sem gekk lengra í friðun hvala en sú sem vísindanefndin mælti með. Tillaga meirihlutans gerir auk þess ráð fyrir að alllangur tími geti liðið þar til veiðistjórnunarreglunum verði komið í framkvæmd og auðvelt sýnist að koma við óvissuþáttum til að tefja framkvæmdina. Líkur eru taldar á að hvalfriðunarþjóðir muni nýta sér það þegar á næsta ársfundi ráðsins.

Niðurstöður þessarar umfjöllunar taka af allan vafa um það að örfá ríki geta auðveldlega komið í veg fyrir endurupptöku hvalveiða.

Heildarendurmati á langreyðastofninum við Ísland var lokið á sérstökum fundi vísindanefndar ráðsins í Reykjavík dagana 25. febrúar - 1. mars 1991. Hvalatalningar 1987 og 1989 voru lagðar til grundvallar mati á stofnstærðinni. Heildarmat á stofnsvæðinu gerir ráð fyrir 15 til 16 þúsund langreyðum. Bæði hrefnu- og langreyðastofninn við Ísland hafa því verið metnir af vísindanefndinni. Tillögum Íslendinga á ársfundinum um takmarkaðar veiðar úr þessum stofnum samkvæmt sérstöku stjórnkerfi, sem gilda skyldi þar til nýtt veiðistjórnunarkerfi yrði tekið í notkun, var hafnað af ráðinu án málefnalegrar umfjöllunar.

Í lok ársfundarins lagði íslenska sendinefndin til úrsögn úr ráðinu. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 3. júní 1991 var skipuð nefnd til að athuga ýmsa þætti varðandi hugsanlega úrsögn. Nefndin skilaði skýrslu um málið 15. nóvember 1991 og var sammála um að leggja það til að Ísland segði sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu enda væri núverandi stefna ráðsins ósamrýmanleg sjónarmiðum Íslendinga. Að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis ákvað ríkisstjórnin úrsögn og var tilkynning þess efnis send út 27. desember 1991. Íslensk stjórnvöld stóðu fyrir umfangsmiklu kynningarátaki sem m.a. skilaði sér í skynsamlegri umfjöllun um úrsögn Íslands í erlendum fjölmiðlum.

Dagana 28.-29. janúar 1992 var haldinn í Kaupmannahöfn sérstakur fundur North Atlantic Committee for Cooperation on Research on Marine Mammals þar sem unnið var að drögum að stofnun svæðisbundinna samtaka til stjórnunar sjávarspendýra á Norður-Atlantshafi. Málið verður tekið fyrir á fundi í Nuuk 7. - 9. apríl 1992.

Fundur norrænna ráðherra, sem fara með hvalveiðimál, var haldinn í Stokkhólmi 31. janúar 1992. Á fundinum var full eining um það að Norðurlöndin grundvölluðu stefnu sína í hvalveiðimálinu með hliðsjón af meginmarkmiðum um sjálfbæra nýtingu. Hvorki Svíþjóð né Finnland útilokar því endurupptöku hvalveiða í atvinnuskyni ef líffræðilegur grundvöllur fyrir veiðum er talinn fullnægjandi.

Fyrirsjáanlegt er að hvalamálið verður tekið til umfjöllunar á Ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun (UNCED) í Río de Janeiro í júní 1992. Íslensku sendinefndinni á undirbúningsfundi í New York 2. mars-3. apríl 1992 hefur verið falið að vinna gegn tillögum um að hvalir verði undanþegnir hinni almennu reglu um nýtingu fiski- og sjávardýrastofna.

(4) Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin (NASCO)

Áttundi ársfundur NASCO var haldinn í Edinborg 11.-14. júní 1991. Á fundi Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar var ákveðin takmörkun laxveiða við Færeyjar fyrir árið 1992, hámarksafli 550 lestir. Ekki náðist samkomulag á fundinum um veiðitakmarkanir á Grænlandssvæðinu en grænlensk stjórnvöld ákváðu einhliða að takmarka veiðar á árinu 1991 við 840 lestir, sem er meðaltal aflahámarks síðastliðinna þriggja ára. Næsti ársfundur stofnunarinnar verður haldinn í Washington 8.-12. júní n.k.

(5) Veiðar annarra þjóða við Ísland

Belgar hafa heimild til að veiða hér við land samkvæmt samningi frá 1975. Aðeins þrjú skip stunduðu veiðar við Ísland á árinu 1991. Leyfilegur hámarksafli belgísku skipanna er 4.400 lestir. Heildarafli belgískra skipa á árinu 1991 var 1.700 lestir, þar af þorskur um 550 lestir.

Færeyingar hafa leyfi samkvæmt samningi frá 1976 til að veiða hér við land, en íslensk stjórnvöld ákveða hámarksafla. Á árinu 1991 var færeyskum sjómönnum heimilað að veiða á handfæri og línu 9.000 lestir, þar af allt að 1.500 lestir af þorski og 450 lestir af lúðu. Heildarveiði þeirra á árinu 1991 varð 9.038 lestir og þar af var þorskur 1.340 lestir og lúða 424 lestir. Færeyingum hefur verið úthlutað veiðiheimildum fyrir árið 1992. Þeim er heimilað að veiða 6.500 lestir, þar af 1.000 lestir af þorski og 450 lestir af lúðu. Veiðiheimildir Færeyinga við Ísland hafa því verið skornar niður um 2.500 lestir milli áranna 1991 og 1992, eða um 28%.

Samkvæmt samkomulagi frá 1976 hafa Norðmenn heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland eftir nánari ákvörðun íslenskra stjórnvalda. Engar veiðiheimildir voru veittar á árinu 1991 á grundvelli samkomulagsins.

Loðnuveiðar við Ísland fara fram á grundvelli samnings frá 1989 milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs. Samkvæmt samningnum er hámarksafla skipt milli landanna þannig að 78 af hundraði falla í hlut Íslands, 11 af hundraði í hlut Grænlands og 11 af hundraði í hlut Noregs. Heimild er fyrir Grænlendinga og Norðmenn til að veiða innan lögsögu Íslands með ákveðnum takmörkunum. Á síðastliðnum þremur árum hafa óverulegar veiðar átt sér stað utan íslenskrar lögsögu. Á vertíðinni 1989-1990 veiddu Norðmenn 115.000 lestir innan lögsögu Íslands. Færeyingar stunduðu veiðar samkvæmt heimild frá grænlenskum stjórnvöldum, 27.000 lestir, að langmestu leyti innan íslenskrar lögsögu. Á vertíðinni 1990-1991 veiddu Norðmenn 22.000 lestir innan íslenskrar lögsögu og Færeyingar 5700 lestir. Á vertíðinni 1991-1992 veiddu Norðmenn 44.000 lestir innan íslenskrar lögsögu. Samningurinn fellur úr gildi 30. apríl 1992 og standa viðræður yfir við fulltrúa stjórnvalda Grænlands og Noregs um framtíðarfyrirkomulag.

Á þessu ári verður gengið frá samningi við Evrópubandalagið um samstarf á sviði sjávarútvegsmála. Gert er ráð fyrir að þar verði skipst á veiðiheimildum og fái Íslendingar 30.000 lestir af loðnukvóta Grænlendinga á árinu 1993, en Evrópubandalagið geti á móti veitt allt að 3.000 lestum af karfa (karfaígildi). Veiðiheimildir Evrópubandalagsins við strendur Íslands verða síðan teknar til endurskoðunar í ljósi rannsókna á langhalastofnum .

XVI Utanríkisþjónustan

Eins og undanfarin ár eru fimm skrifstofur í utanríkisráðuneytinu: skrifstofur alþjóðamála, utanríkisviðskipta, varnarmála, Norðurlandamála og almenn skrifstofa, en innan hennar starfar upplýsinga- og fjölmiðladeild. Auk þess starfa í ráðuneytinu prótokollstjóri og þjóðarréttarfræðingur. Í utanríkisráðuneytinu starfa nú alls 29 embættismenn og 19 aðrir starfsmenn, samtals 48.

Sendiráð og fastanefndir erlendis eru nú alls tólf; í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Osló, Bonn, Brussel (sendiráð og fastanefnd), Genf, París, Moskvu, London, New York og Washington. Nú þegar Berlín er á ný orðin höfuðborg Þýskalands er fyrirsjáanlegt að sendiráðið í Bonn flytjist þangað á næstu árum. Þá verður með stofnun EES nauðsynlegt að efla starfsemi sendiráðsins í Brussel og tryggja að fulltrúar fagráðuneyta hafi þar aðstöðu.

Í hverju sendiráði og fastanefnd er sendiherra og einn eða fleiri fulltrúar. Á öllum skrifstofum starfar einn eða fleiri útsendir ritarar, en jafnframt er þar yfirleitt einn eða tveir aðrir starfsmenn, oftast ríkisborgarar viðkomandi ríkis. Sendinefnd starfar í Vínarborg, en þar situr sendiherra sem fulltrúi Íslands hjá RÖSE. Aukið mikilvægi RÖSE - ferlisins krefst nú þess að þessi starfsemi verði efld á næstu misserum, og hefur nú þegar verið tekið á leigu húsnæði undir skrifstofu sendinefndarinnar. Almennt talað veldur aukið starf fjölþjóðlegra samtaka og stofnana, auk umfangsmeiri þátttöku íslenskra stjórnvalda, því að þörf er á að efla alþjóðaskrifstofu ráðuneytisins.

Erlendis starfa samtals 30 embættismenn, 19 útsendir ritarar, 10 staðráðnir ritarar og 12 aðrir starfsmenn, samtals 71 manns. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru því alls 119.

Sérstakur menningarfulltrúi tók til starfa við sendiráðið í London 1. september sl. Meginviðfangsefni hans er að styðja og efla markaðssetningu og kynningu á íslenskri menningu erlendis. Undanfarin ár hefur sérstakur fiskimálafulltrúi starfað við sendiráð Íslands í Belgíu og hjá EB.

Þrír viðskiptafulltrúar starfa erlendis á vegum Útflutningsráðs Íslands, í sendiráðinu í Kaupmannahöfn, aðalræðisskrifstofunni í New York og í Berlín við sérstaka viðskiptaskrifstofu frá sendiráðinu í Bonn.

Á vegum utanríkisþjónustunnar eru nú nær tvö hundruð ólaunaðir ræðismenn í fimmtíu ríkjum. Þeir starfa undir stjórn sendiherra Íslands í hlutaðeigandi ríki, eða utanríkisráðuneytisins eftir því sem við á. Margir þeirra leysa af hendi viðskiptaþjónustu, menningarmál og aðstoð við Íslendinga, sem lenda í erfiðleikum erlendis.

Utanríkisráðuneytið er enn í leiguhúsnæði í byggingu Lögreglustjóraembættisins í Reykjavík og hefur verið síðan árið 1972. Skrifstofur varnarmála og Norðurlandamála eru í leiguhúsnæði að Skúlagötu 63, en eftir stofnun viðskiptaskrifstofu árið 1987 reyndist nauðsynlegt að fá á leigu viðbótarhúsnæði, og er það að Laugavegi 118 d. Auk þess hefur ráðuneytið geymsluhúsnæði að Grensásvegi 9. Starfsemi utanríkisráðuneytisins er því í leiguhúsnæði á fjórum stöðum, og er það húsnæði þegar of lítið og óhentugt fyrir starfsemina. Unnið er nú að varanlegri lausn á húsnæðisvanda utanríkisráðuneytisins.

Sem fyrr segir voru utanríkisviðskipti flutt í utanríkisráðuneytið árið 1987. Þótt starfsmönnum viðskiptaskrifstofu hafi verið fjölgað krefjast vaxandi samskipti Íslands við Evrópu-bandalagið og stofnun hins Evrópska efnhagssvæðis (EES) þess að skrifstofan verði efld enn frekar.

Fylgiskjal 1

Hernaðarlegt hlutverk Atlantshafsbandalagsins skilgreint að nýju

Samþykkt af leiðtogum aðildarríkja bandalagsins sem tóku þátt í fundi Norður-Atlantshafsráðsins í Róm 7.-8. nóvember 1991

1. Á fundi sínum í London í júlí 1990 voru leiðtogar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins sammála um að umbreyta yrði bandalaginu til samræmis við nýja og vonbetri tíma í Evrópu. Þeir staðfestu enn þau meginsjónarmið sem bandalagið hefur grundvallast á frá því er það var stofnað, en töldu jafnframt að núverandi þróun mála í Evrópu myndi hafa víðtæk áhrif á hvernig stefna beri að markmiðum þess í framtíðinni. Ber þar helst að nefna að þeir hófust handa um að endurskoða frá rótum hernaðarleg grundvallarsjónarmið bandalagsins. Hinu nýja hernaðarlega hlutverki bandalagsins er lýst hér á eftir.

I. Hluti - Hið herfræðilega samhengi

Hinar nýju aðstæður

2. Frá árinu 1989 hafa djúpstæðar breytingar átt sér stað á vettvangi mið- og austur-evrópskra stjórnmála, og hafa þær haft í för með sér róttækar breytingar á þeim aðstæðum á sviði öryggismála, sem Norður-Atlantshafsbandalagið býr við er það leitast við að ná markmiðum sínum. Hin fyrri fylgiríki Sovétríkjanna hafa nú fyllilega endurheimt fullveldi sitt. Í Sovétríkjunum og lýðveldum þeirra eiga sér nú stað róttækar breytingar. Eystrasaltsríkin þrjú hafa endurheimt sjálfstæði sitt. Sovéskt herlið er farið frá Búlgaríu og Tékkóslóvakíu, og gert er ráð fyrir að það verði að fullu farið frá Póllandi og Þýskalandi fyrir 1994. Þau ríki, sem áður voru andstæðingar Atlantshafsbandalagsins, hafa leyst upp Varsjárbandalagið og varpað fyrir róða hugmyndafræðilegum fjandskap í garð Vesturlanda. Þau hafa, þótt í mismunandi miklum mæli sé, tekið upp og hafið framkvæmd á stefnu sem miðar að fjölræði og lýðræði, réttaröryggi, virðingu fyrir mannréttindum og markaðshagkerfi. Hefur þannig verið komist fyrir þá pólitísku skiptingu Evrópu sem hafði í för með sér að herir stóðu alvopnaðir andspænis hverjir öðrum á tíma kalda stríðsins.

3. Á Vesturlöndum hafa einnig átt sér stað verulegar breytingar. Þýskaland hefur sameinast og er áfram fullgildur aðili að bandalaginu og að evrópskum stofnunum. Það hefur mikla þýðingu fyrir öryggi Evrópu að lönd Evrópubandalagsins stefna nú að pólitískri einingu, þar sem einnig er stefnt að mótun sameiginlegrar evrópskrar öryggisvitundar, og að Vestur-Evrópusambandinu sé fengið aukið hlutverk. Það er jákvætt og styrkir jafnframt hvert annað að öryggi aukist við sameiningu Evrópu og að evrópskir aðilar að bandalaginu gegni auknu hlutverki og ábyrgð. Aukinn styrkur þeirrar stoðar, sem bandalagið hvílir á Evrópumegin, og fram kemur í mótun evrópskrar öryggisvitundar og evrópsks varnarhlutverks, mun ekki aðeins koma Evrópuríkjunum til góða, heldur einnig gera bandalagið allt heilsteyptara og virkara.

4. Verulegur árangur í takmörkun vígbúnaðar hefur nú þegar bætt stöðugleika og öryggi með því að draga úr vopnabúnaði, draga úr launung á sviði hernaðarmála og auka gagnkvæmt traust (m.a. með Stokkhólmsskjalinu frá 1986, samningnum um fækkun meðaldrægra

kjarnaflauga frá 1987 og Vínarskjalinu um aðgerðir til að byggja upp traust og öryggi frá 1990). Framkvæmd START-samningsins frá 1991 um fækkun langdrægra kjarnaflauga mun leiða til aukins stöðugleika með verulegri og samhliða fækkun langdrægra kjarnorkuvopna. Eftir frumkvæði Bush forseta í september 1991 verður leitast við að koma á frekari víðtækum breytingum og frekari fækkun í kjarnorkuvopnabúnaði Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Samningurinn um takmörkun hefðbundins herafla í Evrópu, sem undirritaður var á leiðtogafundinum í París 1990, er einnig mjög þýðingarmikill, og er hann kemur til framkvæmda eyðist sá munur, bandalaginu í óhag, sem er á fjölda vopna innan helstu hefðbundinna vopnakerfa, og komið verður á virkri eftirlitstilhögun. Öll þessi atriði koma því einnig til leiðar að minni launung mun hvíla yfir hernaðarmálum í Evrópu en nokkru sinni fyrr. Það mun enn frekar svipta af þeim hulunni ef tekst að ná samningum um Opnun lofthelgi. Það er fagnaðarefni að enn eru möguleikar á frekari takmörkunum bæði hefðbundins vígbúnaðar og kjarnorkuvígbúnaðar, á því að efnavopn verði bönnuð um heim allan, og einnig á að takmarka megi vopnaútflutning sem dregur úr stöðugleika og koma í veg fyrir útbreiðslu sérstakrar vopnatækni.

5. Með RÖSE-ferlinu, sem hófst í Helsinki 1975, hefur nú þegar verið lagt mikið af mörkum til að komast fyrir skiptingu Evrópu. Meðal þess sem þar hefur verið gert er að fyrir tilstilli leiðtogafundarins í París hefur verið komið á fót nýjum stofnunum og settur fram rammi til samráðs og samvinnu er byggist á samningsbundinni tilhögun og getur komið til viðbótar því sem Atlantshafsbandalagið og sameining Evrópu fá áorkað til að varðveita friðinn.

6. Þær eftirminnilegu breytingar, sem hafa orðið í Evrópu og leitt til þess að mörgum markmiðum hefur verið náð sem sett voru fram í Harmel-skýrslunni, hafa bætt öryggi bandamanna verulega þegar á heildina er litið. Ögrunin, sem bandalagið átti fyrst og fremst við að glíma fyrstu fjörutíu árin, sem var óskipt og heildstæð og gat orðið raunveruleg hvenær sem var, er nú horfin. En þó ríkir enn mikil óvissa um framtíðina og um hvaða hættur steðja að öryggi bandalagsríkjanna.

7. Með nýrri skilgreiningu hins herfræðilega hlutverks bandalagsins er horft fram á við til aðstæðna í öryggismálum þar sem fyrrnefndar jákvæðar breytingar eru orðnar að veruleika. Þar ber helst að nefna að gert er ráð fyrir að fyrirhuguðnum brottflutningi sovésks herliðs frá Mið-og Austur-Evrópu verði lokið eins og fyrirhugað er og að allir aðilar að samningnum um takmörkun hefðbundins herafla í Evrópu frá 1990 framkvæmi hann til fulls. Framkvæmd nýrra hernaðarlegra sjónarmiða bandalagsins verður þannig stöðugt endurskoðuð í ljósi þess hvernig aðstæður í öryggismálum þróast, einkum þó í ljósi þess hvernig gengur að koma fram í raun þeim atriðum sem á er byggt. Frekari aðlögun mun síðan fara fram svo sem nauðsyn krefur.

Verkefni og hættur á sviði öryggismála

8. Þau verkefni, sem bíða bandalagsins og þær hættur, sem það stendur andspænis á sviði öryggismála, eru annars eðlis en áður. Hættan á að árás verði gerð samtímis af fullum þunga á allar varnarlínur Atlantshafsbandalagsins í Evrópu er horfin og er hún því ekki lengur þungamiðjan í herfræðilegum áætlunum bandamanna. Þýðingarmest er að hættan á skyndiárás í Mið-Evrópu hefur minnkað verulega og því hefur bandamönnum að sama skapi veist lengri lágmarkstími til viðvörunar.

9. Andstætt því sem við á um helstu ógn hins fyrri tíma þá eru þær hættur, sem steðja að öryggi bandamanna, margslungnar og óstaðbundnar. Þess vegna er erfitt að segja fyrir um og meta þær. Atlantshafsbandalagið verður að vera fært um að bregðast við slíkum hættum ef varðveita á stöðugleika í Evrópu og öryggi aðildarríkjanna. Þær geta komið upp

á ýmsan hátt.

10. Öryggi bandamanna stafar fremur ógn af neikvæðum afleiðingum óstöðugleika sem getur hlotist af alvarlegum efnahagslegum, félagslegum og pólitískum vandamálum sem mörg ríki Mið-og Austur-Evrópu standa nú andspænis, þar með talið af þjóðernisátökum og landamæradeilum, heldur en af skipulögðu hernaðarofbeldi er beinist gegn löndum þeirra. Meðan spennan sem þannig getur myndast breiðist ekki út ætti ekki að stafa af henni bein ógn fyrir öryggi og landhelgi aðildarríkja bandalagsins. Hún gæti engu að síður leitt til hættuástands, sem ógnaði stöðugleika í Evrópu, eða jafnvel til hernaðarátaka sem ríki utan bandalagsins skiptu sér af eða breiddust út til aðildarríkja þess, og haft þannig bein áhrif á öryggi þess.

11. Hvað Sovétríkin varðar sérstaklega verður ekki litið framhjá þeim hættum og óvissum sem fylgja núverandi breytingum án þess að hafa einnig í huga þá staðreynd að hefðbundinn herafli þeirra er mun meiri en herafli nokkurs annars Evrópuríkis og að kjarnorkuvopnabúr þeirra er aðeins sambærilegt við kjarnorkuvopnabúr Bandaríkjanna að stærð. Taka verður mið af þessu ef varðveita á stöðugleika og öryggi í Evrópu.

12. Bandamenn vilja einnig halda friðsömum og vinsamlegum samskiptum við ríkin við sunnanvert Miðjarðarhaf og við Mið-Austurlönd. Það er mikilvægt fyrir bandalagið að stöðugleiki og friður ríki í löndunum við suðurjaðar Evrópu, eins og Persaflóastríðið árið 1991 sýndi. Þetta er enn mikilvægara vegna uppbyggingar hernaðarmáttar og útbreiðslu á ýmiss konar vopnatækni á svæðinu, þar á meðal gereyðingarvopna og skotflauga er geta náð til landa sumra aðildarríkja bandalagsins.

13. 5. eða 6. gr. Norður-Atlantshafssamningsins myndi gilda um árás á landsvæði bandamanna úr hvaða átt sem væri. En öryggismál bandalagsins eru einnig háð þróun mála í heiminum í heild. Aðrar og óbeinni hættur geta einnig haft þar áhrif, svo sem útbreiðsla gereyðingarvopna, stöðvun á aðflutningi nauðsynja og aðgerðir hermdarverkamanna og skemmdarverkamanna. Innan bandalagsins hefur verið gert ráð fyrir samráði aðildarríkja samkvæmt 4. gr. Norður-Atlantshafssamningsins og samræmdri viðleitni þeirra, þar á meðal samræmdum viðbrögðum við slíkum hættum.

14. Frá hernaðarsjónarmiði verður bandalagið að líta á hinar misjafnan hættur á mismunandi hátt. Jafnvel þótt samskipti við Sovétríkin eigi sér stað án andstöðu og í samstarfsanda er geta þeirra til hernaðar og hernaðaruppbyggingar, þar á meðal á sviði kjarnorkuvopna, mikilvægasti þátturinn sem bandalagið verður að taka tillit til í viðhaldi hernaðarlegs jafnvægis í Evrópu. Nú þegar austur og vestur eru ekki lengur í andstöðu hvort við annað, hefur dregið mjög mikið úr líkum á stórfelldum átökum í Evrópu. Hins vegar hafa líkur aukist á annars konar hættuástandi, sem gæti gerst með skjótum hætti og yrði að bregðast fljótt við, en ekki er sennilegt að slík hætta yrði jafn-alvarleg.

15. Af undanfarandi greiningu á hinu hernaðarfræðilega samhengi má draga tvær ályktanir. Sú fyrri er að nýjar ytri aðstæður breyta ekki tilgangi eða öryggishlutverki bandalagsins en undirstrika fremur áframhaldandi gildi þeirra. Hin síðari er þess vegar að hinar nýju ytri aðstæður veita bandalaginu ný tækifæri til að líta á öryggismál í víðu samhengi við mótun á stefnu sinni í hernaðarlegum efnum.

II. Hluti - Markmið og öryggishlutverk bandalagsins

Tilgangur bandalagsins

16. Grundvallartilgangur Atlantshafsbandalagsins, sem greint er frá í Norður-Atlantshafssamningnum og áréttaður í Lundúna-yfirlýsingunni, er að vernda frelsi og öryggi

allra aðildarríkja þess með pólitískum og hernaðarlegum ráðum í samræmi við meginreglur sáttmála hinna Sameinuðu þjóða. Á grundvelli hinna sameiginlegu gilda lýðræðis, mannréttinda og réttaröryggis hefur bandalagið frá stofnun sinni unnið að því að koma á réttlátri, varanlegri og friðsamlegri skipan mála í Evrópu. Þetta markmið bandalagsins helst óbreytt.

Eðli bandalagsins

17. Atlantshafsbandalagið myndar tengsl þvert yfir Atlantshaf þar sem öryggi Norður-Ameríku er varanlega tengt öryggi Evrópu. Í því kemur fram í raun sameiginleg viðleitni aðila þess til að vinna að sameiginlegum hagsmunum sínum.
18. Undirstaðan að starfi bandalagsins er að fullvalda ríki gangast undir sameiginlegar skuldbindingar og stunda samvinnu sín á milli í þágu öryggis sem er óskiptanlegt fyrir alla aðila þess. Samstaða innan bandalagsins, sem kemur fram í og hefur raunhæf áhrif í daglegu starfi þess bæði á sviði stjórnmála og hernaðarmála, tryggir að ekkert einstakt bandalagsríki verður að treysta á að geta eitt síns liðs séð grundvallaröryggi sínu borgið. Þátttaka í bandalaginu gerir aðildarríkjunum unnt að bæta möguleika sína til að ná nauðsynlegum markmiðum sínum í öryggismálum, án þess þó að svipta þau rétti sínum og skyldu sem fullvalda ríkja til að annast varnir sínar.
19. Sú vitund um jafnt öryggi, sem þannig er byggt upp meðal aðildarríkja bandalagsins, án tillits til aðstæðna þeirra eða hernaðarmáttar hvers þeirra um sig í samanburði við hin, stuðlar að stöðugleika í Evrópu í heild og skapar þar með aðstæður sem hvetja til meiri samvinnu bæði meðal aðildarríkja bandalagsins og við önnur ríki. Á þessum grunni geta aðildarríki bandalagsins ásamt öðrum ríkjum leitast við að þróa með sér samvinnu- og öryggisskipan frjálsrar og óskiptrar Evrópu.

Grundvallarverkefni bandalagsins

20. Meðal ráða bandalagsins til að koma fram stefnu sinni í öryggismálum og varðveita friðinn verður áfram viðhald nægilegs hernaðarmáttar til að koma í veg fyrir stríð og til að verjast með árangursríkum hætti, að almennt sé unnt að ráða farsællega fram úr hættuástandi sem hefur áhrif á öryggi aðildarríkja, og að haldið sé uppi stjórnmálalegri viðleitni sem stuðlar að skoðanaskiptum við önnur ríki og því að starfað sé í samvinnu að evrópskum öryggismálum, einnig á sviði vígbúnaðartakmörkunar og afvopnunar.
21. Til að ná þeim tilgangi sem því er ætlaður gegnir bandalagið eftirfarandi frumskyldum á sviði öryggismála:

I. Að sjá til þess að fyrir hendi sé eitt af grundvallatriðum þess að Evrópa geti búið við öryggi og stöðugleika, er byggist á því að lýðræði dafni og að leitað sé friðsamlegra lausna á deilumálum, við aðstæður þar sem ekkert ríki er þess megnugt að beita neina Evrópuþjóð ógnunum eða nauðung eða að skapa sér yfirburðaaðstöðu með því að hóta valdi eða beita því.
II. Að vera vettvangur samráðs, eins og kveðið er á um í 4. gr. Norður-Atlantshafssamningsins, fyrir þjóðir beggja vegna Atlantshafs um hvert það málefni sem talið er skipta máli fyrir lífshagsmuni þeirra, þar á meðal um hugsanlega framvindu sem getur ógnað öryggi þeirra, og til eðlilegrar samræmingar á störfum þeirra að málum sem þau láta sig varða sameiginlega.
III. Að afstýra og verjast sérhverri hótun um árás sem beint er gegn forráðasvæði hvaða

aðildarríkis sem er.
IV. Að viðhalda hernaðarlegu jafnvægi innan Evrópu.

22. Aðrar evrópskar stofnanir, svo sem Efnahagsbandalagið, Vestur-Evrópusambandið og RÖSE, hafa líka hlutverki að gegna í þessum efnum, allt eftir verksviði og tilgangi hverrar um sig. Mótun sameiginlegrar evrópskrar vitundar á sviði öryggis- og varnarmála mun sýna fram á að Evrópubúar eru reiðubúnir til að taka á sig stærri skerf af ábyrgðinni fyrir öryggi sínu og styrkja samstöðu þjóða beggja vegna hafsins. Engu að síður veitir hin víðtæka aðild að Atlantshafsbandalaginu og hið víðtæka hlutverk þess því sérstaka aðstöðu, að því leyti að það getur tekið að sér að annast öll fjögur grundvallarhlutverkin. Atlantshafsbandalagið er hinn ómissandi samráðsvettvangur bandamanna og sá vettvangur þar sem sæst er á þau stefnumið er varða öryggis- og varnarskuldbindingar aðila þess samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum.
23. Þegar grundvallarhlutverk bandalagsins eru skilgreind á þann hátt sem að ofan greinir staðfesta aðildarríkin að bæði starfssvið bandalagsins, svo og réttindi þeirra og skyldur samkvæmt ákvæðum Norður-Atlantshafssamningsins, haldast óbreytt.

III. Hluti - Öryggismál í víðu samhengi

Varðveisla friðar í nýrri Evrópu

24. Bandalagið hefur ætíð leitast við að gegna því hlutverki sínu að vernda öryggi og landhelgi aðildarríkjanna og ná fram réttlátri og friðsamlegri skipan í Evrópu á bæði stjórnmálalegum og hernaðarlegum forsendum. Hernaðarleg stefna bandalagsins byggist enn sem fyrr á því að það takist áfram á við verkefni sitt með þeim heildstæða hætti.
25. Það sem er nýlunda í núverandi stöðu er að með róttækum breytingum á sviði öryggismála fær bandalagið betra tækifæri til að ná fram markmiðum sínum með stjórnmálalegum hætti en það hefur nokkru sinni fengið áður. Nú er hægt að njóta þess til fulls að öryggi og stöðugleiki eru háð stjórnmálalegum, efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum forsendum, auk hins óhjákvæmilega þáttar sem að hervörnum lýtur. Hin margvíslegu verkefni sem bíða úrlausnar krefjast þess að bandalagið líti á öryggismál í víðu samhengi. Þetta kemur fram í þeim þremur þáttum sem styrkja hver annan og mynda saman stefnu bandamanna í öryggismálum: Skoðanaskiptum, samvinnu, og því að aðildarríkin geti búist til varnar sem ein heild.
26. Það, að bandalagið leitast í raun við að koma á skoðanaskiptum og samvinnu, og að sú viðleitni er styrkt með sameiginlegum varnarmætti, dregur úr líkum á að deilur komi upp af misskilningi eða af ásetningi, stuðlar að auknum skilningi og trausti meðal allra Evrópuríkja, auðveldar að haldið sé stjórn á málum er ástand kemur upp sem ógnar öryggi aðildarríkja, og auðgar þau tækifæri sem fyrir hendi eru til að gera öll Evrópulönd að samstæðri heild er þau fást við vanda sem varðar öryggi þeirra.
27. Hvað þetta varðar stuðlar stefna bandalagsins í málum um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun bæði að skoðanaskiptum og samvinnu við aðrar þjóðir, og mun þannig áfram gegna mikilvægu hlutverki við að ná markmiðum bandalagins í öryggismálum. Með takmörkun vígbúnaðar og afvopnun leitast bandamenn við að auka öryggi og stöðugleika við hernaðarmátt sem er eins lítill og kostur er til að sinna lágmarksþörfum til varna. Þannig mun bandalagið halda áfram að tryggja að samræmi haldist áfram milli varna og takmörkunar á vígbúnaði og afvopnunar.
28. Þegar bandalagið gegnir grundvallarhlutverki sínu og frumskyldum sínum á sviði öryggismála mun það halda áfram að virða réttmæta öryggishagsmuni annarra ríkja og leita

friðsamlegra lausna á deilumálum eins og kveðið er á um í Sáttmála hinna Sameinuðu þjóða. Bandalagið mun hvetja til friðsamlegra og vinsamlegra alþjóðasamskipta og styðja það sem gert er með lýðræðislegum hætti. Það viðurkennir hinn mikilvæga skerf sem aðrar stofnanir, svo sem Evrópubandalagið og RÖSE, leggja fram í þessu efni, og að hlutverk þeirra og hlutverk bandalagsins styðja hvert annað.

Skoðanaskipti

29. Hinar nýju aðstæður í Evrópu hafa stórfjölgað þeim tækifærum sem bandalagið hefur til að skiptast á skoðunum við Sovétríkin og önnur ríki Mið- og Austur-Evrópu. Eins og mælt er fyrir um í Lundúnayfirlýsingunni, hefur það komið á reglulegu sambandi stjórnarerindreka í utanríkisþjónustu og sambandi á sviði hermála við lönd Mið- og Austur-Evrópu. Bandalagið mun stuðla að enn frekari skoðanaskiptum með reglulegu sambandi stjórnarerindreka og meðal annars auka skipti á bæði skoðunum og upplýsingum um álitaefni á sviði öryggismála. Þannig munu bandalagsríkin bæði hvert í sínu lagi og sameiginlega reyna að nýta til fulls þau einstæðu tækifæri sem vöxtur frelsis og lýðræðis hvarvetna í Evrópu veitir og stuðla að auknum gagnkvæmum skilningi á þeim atriðum á sviði öryggismála sem áhersla er lögð á á hvora hlið, svo öryggismál liggi ljósar fyrir og séu fyrirsjáanlegri og stöðugleiki sé þar með festur í sessi. Herafli bandalagsins getur einnig hjálpað til við að brúa þær gjár sem myndast hafa í fortíðinni, ekki síst með meira sambandi og minni launung á sviði hermála. Viðleitni bandalagsins til skoðanaskipta mun skapa grundvöll að meiri samvinnu um Evrópu alla og að því að unnt verði að leysa úr ágreiningi og deilum með friðsamlegum hætti.

Samvinna

30. Það er einnig stefna bandalagsríkjanna að höfð sé samvinna við öll Evrópuríki á grundvelli þeirra meginreglna sem fram koma í Parísarskjalinu um nýja Evrópu. Þau munu leitast við að móta breiðari og árangursríkari tilhögun á tvíhliða og fjölhliða samvinnu á öllum viðeigandi sviðum evrópskra öryggismála, meðal annars með það að markmiði að koma í veg fyrir hættuástand og til að unnt sé að ráða farsællega fram úr því ef það kemur upp. Slík samvinna aðila að bandalaginu og annarra ríkja við að leysa einstök vandamál mun verða nauðsynlegur þáttur í því að komist sé yfir það sem áður skipti álfunni og að þróun eigi sér stað til heillar og frjálsrar Evrópu. Í þessari samstarfsstefnu kemur fram hversu samofið öryggi Evrópuríkja er. Hún byggist á því að aðildarríkin viðurkenna í sameiningu að ný og langvarandi stjórnmálaleg, efnahagsleg eða félagsleg skipting um álfuna þvera gæti leitt til óstöðugleika í framtíðinni og að því beri að halda allri slíkri skiptingu í lágmarki.

Heildarvarnir

31. Mikilvægi hinnar stjórnmálalegu nálgunar við öryggismál mun þannig aukast. Engu að síður verður hinn hernaðarlegi þáttur áfram ómissandi. Viðhald nægilegs hernaðarmáttar og augljós viðbúnaður til að verjast sem ein heild er áfram þungamiðja öryggishlutverks bandalagsins. Geta til þess, svo og pólitísk samstaða, er nauðsynleg til að koma í veg fyrir allar tilraunir til að beita nauðung eða ógnunum og til að tryggja að aldrei sé hægt að telja hernaðarárás gegn bandalaginu vera valkost sem mögulega getur borið árangur. Hún er að sama skapi nauðsynleg til þess að skoðanaskipti og samvinna geti átt sér stað í trausti á árangur og nái þeim tilgangi sem að er stefnt.

Að ráða fram úr hættuástandi og koma í veg fyrir átök

32. Við þær nýju pólitísku og hernaðarlegu aðstæður sem ríkja í Evrópu fer árangur þeirrar stefnu bandalagsins að varðveita friðinn og koma í veg fyrir stríð síst minna en áður eftir árangri fyrirbyggjandi starfs stjórnvalda og því hvernig gengur að ráða fram úr ástandi sem hefur áhrif á öryggi aðildarríkja. Hvers kyns hernaðaryfirgangur í Evrópu er mun ósennilegri og áður myndi gefast verulegur viðvörunartími. Aðrar hugsanlegar hættur sem steðja að bandalaginu eru alls ekki eins stórfelldar; hins vegar eru þær síður fyrirsjánlegar en áður hvað umfang þeirra og fjölbreytni snertir.
33. Hinar nýju aðstæður veita betri tækifæri til að leysa hættulegar deilur áður en þær hafa náð að harðna. Til að stefna bandalagsins beri árangur verður að taka slíkt fyrir á samstæðan hátt í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda aðildarríkjanna og með því að velja og samræma viðeigandi ráðstafanir eins og kostur er, þar á meðal hernaðarráðstafanir, til að hafa nauðsynlega stjórn á ástandinu. Náin stjórn verður höfð á málum af hálfu stjórnvalda aðildarríkjanna frá byrjun og á öllum síðari stigum. Í því skyni er nauðsynlegt að fyrir hendi sé viðeigandi tilhögun til samráðs og ákvarðanatöku.
34. Möguleikana, sem felast í skoðanaskiptum og samvinnu, verður að rækta til fulls hvarvetna í Evrópu svo takast megi að ráða bót á hættuástandi og koma í veg fyrir átök, því öryggi bandalagsríkjanna er óaðskiljanlega tengt öryggi allra annarra Evrópuríkja. Til að svo megi verða munu bandamenn styðja störf RÖSE og stofnanaferilsins. Öðrum stofnunum, þar á meðal Evrópubandalaginu, Vestur-Evrópusambandinu og Sameinuðu þjóðunum, kunna einnig að verða falin mikilvæg hlutverk.

IV. Hluti - Meginsjónarmið um varnir

Meginatriði hernaðarlegra grundvallarsjónarmiða bandalagsins

35. Vegna hinna víðtæku krafna, sem nú eru gerðar til bandalagsins, verður það að líta til öryggismála í víðu samhengi. Sú umbylting, sem orðið hefur á stjórnmálalegum og hernaðarlegum aðstæðum, gerir bandalaginu fært að breyta hernaðarlegum grundvallarsjónarmiðum sínum í mikilvægum atriðum og skilgreina nýjar meginreglur um leið og sannreynd grundvallaratriði eru staðfest. Á leiðtogafundinum í London var því samþykkt að endurskoða í tilefni af breyttum aðstæðum stefnu bandalagsins í hernaðarlegum efnum og skipan herafla.
36. Hernaðarleg stefna bandalagsins mun áfram byggð á nokkrum grundvallaratriðum. Bandalagið er einungis varnarbandalag; engin vopn þess verða nokkru sinni notuð nema til sjálfsvarnar, og það telur sig ekki vera andstæðing eins eða neins. Bandamenn munu halda nægilegum hernaðarmætti til að sannfæra hvern þann, sem kynni að vilja ráðast á forráðasvæði einhvers þeirra um að árásinni yrði mætt með sameiginlegum aðgerðum þeirra allra og að áhættan af því að koma átökum af stað yrði meiri en svo að fyrirsjáanlegur hagur af því réttlætti hana. Herir bandamanna verða því að vera færir um að verja landamæri bandalagsríkjanna, stöðva framsókn árásaraðila meðan hún er eins skammt komin og mögulegt er, gæta forræðis bandalagsríkjanna á landsvæðum sínum eða koma því á að nýju, og ljúka stríði sem fyrst með því að neyða árásaraðila til að endurskoða ákvörðun sína, láta af árás og draga sig til baka. Hlutverk herja bandalagsins er að tryggja forræði aðildarríkja þess á landsvæðum sínum og pólitískt sjálfstæði þeirra, og stuðla þannig að friði og stöðugleika í Evrópu.
37. Öryggi allra bandalagsríkja er órjúfanlegt; árás á eitt þeirra er árás á þau öll. Af þeim sökum er samstaða og eining hvað varðar hernaðarleg grundvallarsjónarmið frumskilyrði

heildaröryggis þeirra. Það hvort markmiðum bandalagsins verður náð veltur mjög á því að aðildarríkin taki réttlátlega á sig skyldur, áhættu og ábyrgð, til samræmis við það hagræði sem þau njóta af sameiginlegum vörnum. Norður-amerískur herafli af hefðbundnu tagi og bandarískur kjarnvopnaherafli verður áfram forsenda evrópsks öryggis sem er órjúfanlega tengt öryggi Norður-Ameríku. Þegar vitundin um sameiginlegt evrópskt öryggi og varnarhlutverk þróast áfram og hennar sér stað í auknum styrk þess máttarstólpa bandalagsins, sem er Evrópumegin, taka evrópsk aðildarríki bandalagsins á sig stærra hlutverk í vörnum Evrópu.

38. Það eðli varna bandalagsins að vera í þágu heildarinnar kemur fram í raunhæfri tilhögun sem gerir bandamönnum kleift að njóta hins nauðsynlega stjórnmálalega, hernaðarlega og efnahagslega hagræðis af heildarvörnum og kemur í veg fyrir að stefna í varnarmálum hverfi aftur á vettvang hinna einstöku ríkja, án þess þó að aðildarríkin þurfi að láta af hendi fullveldi sitt. Tilhögun þessi er bæði byggð á því, að það sem að hernaðarmálum lýtur er byggt upp sem samofin heild, og á samkomulagi um samræmingu og samvinnu. Helstu atriði hennar eru heildstæðar fyrirframáætlanir um skipan herafla, sameiginlegar aðgerðaáætlanir, herdeildir skipaðar liði frá mörgum þjóðum, staðsetning liðs utan heimalanda - á gagnkvæmnisgrundvelli þar sem við á, viðbúnaður til að ráða fram úr hættuástandi og afla liðsauka, samráðstilhögun, sameiginlegir staðlar og meðferðarreglur um tækjabúnað, þjálfun og birgðaflutninga, sameiginlegar og sameinaðar heræfingar, og samvinna á sviði skipulags, vopnabúnaðar og birgðamála.

39. Til að varðveita frið og koma í veg fyrir nauðung af hvaða tagi sem er mun bandalagið í fyrirsjáanlegri framtíð halda við kjarnavopnaherafla og hefðbundnum herafla í Evrópu í viðeigandi hlutföllum eins og hingað til hefur verið gert, en þó í verulega minni styrk. Herstyrkur af hvoru tveggja er nauðsynlegur fyrir öryggi bandalagsins, og annar getur ekki komið í stað hins. Hefðbundinn herafli stuðlar að því að koma í veg fyrir stríð með því að tryggja að enginn hugsanlegur árásaraðili ali með sér vonir um skjótan og auðfenginn sigur eða landvinninga með hefðbundnum hernaðaraðgerðum. Vegna þess, hve margvísleg sú hætta er sem bandalagið kynni að standa frammi fyrir, verður það að halda nauðsynlegum herstyrk til að unnt sé að svara henni með sem flestum hefðbundnum valkostum. En hefðbundinn herafli bandalagsins nægir ekki einn sér til að tryggja að komið sé í veg fyrir stríð. Það sem kjarnavopn ein fá áorkað til þess er að áhætta af árás yrði allt of mikil og ótæk. Þau eru því enn nauðsynleg til varðveislu friðar.

Nýskipan herafla bandalagsins

40. Á leiðtogafundinum í London ákváðu þau bandalagsríki sem í hlut áttu að þar sem við ætti yrði horfið frá fyrirætlunum um framvarnir í þá átt að draga úr herstyrk á fremstu svæðum, og að aðlaga meginsjónarmiðið um sveigjanleg viðbrögð því að minna er treyst á kjarnavopn en fyrr. Breytingar á aðstæðum í hernaðarlegu tilliti og á þeim hættum, sem bandalagið stendur frammi fyrir, gera það unnt að breyta hlutverki og skipan herafla bandalagsins í veigamiklum atriðum.

Hlutverk herja bandalagsins

41. Meginhlutverk herja bandalagsins, að tryggja öryggi aðildarríkja og forræði þeirra á landsvæðum sínum, helst óbreytt. En þegar það hlutverk er rækt verður að taka tillit til hinna nýju hernaðarlegu aðstæðna, þar sem ein og heildstæð ógnun hvarvetna um heim hefur vikið fyrir margvíslegum hættum úr mörgum áttum. Hlutverk herja bandalagsins er mismunandi í friði, við hættuástand, og í stríði.

42. Í friði er hlutverk herja bandalagsins að gæta öryggis aðildarríkja bandalagsins gagnvart hættum sem að þeim beinast, stuðla að því að stöðugleiki og jafnvægi haldist í Evrópu, og tryggja að friður haldist. Þeir geta lagt fram skerf til að koma á skoðanaskiptum og samvinnu um alla Evrópu með þátttöku sinni í traustvekjandi aðgerðum, þar á meðal þeim sem draga úr launung og bæta boðskipti, en einnig með því að sannreyna að samningar um takmörkun vígbúnaðar séu haldnir. Einnig kynni þess að verða óskað að bandamenn legðu af mörkum til stöðugleika og friðar annars staðar í heiminum með því að sjá Sameinuðu þjóðunum fyrir herliði til einstakra verkefna.

43. Ef ástand kemur upp sem leitt getur til þess að öryggi aðildarríkja bandalagsins sé ógnað hernaðarlega geta herir þess, þegar litið er á öryggismál í víðu samhengi, veitt stjórnmálalegum ákvörðunum fyllingu og styrk og þar með lagt fram skerf til þess að ráða fram úr slíku ástandi og leysa úr því án hernaðarátaka. Vegna þessa er nauðsynlegt að herirnir geti brugðist við með afmörkuðum hætti og tímanlega við slíkar aðstæður, að þeir geti komið í veg fyrir að farið sé með hernaði gegn nokkru aðildarríki, og að þeir geti svarað árás og hrundið henni ef hún verður gerð, og komið aftur á yfirráðum bandalagsríkjanna yfir landsvæðum sínum.

44. Þótt allsherjarstyrjöld í Evrópu sé afar ólíkleg við hinar nýju aðstæður í öryggismálum er ekki endanlega hægt að útiloka möguleika á slíku. Herir bandalagsins, sem hafa það grundvallarhlutverk að varðveita friðinn, verða að veita nauðsynlega vernd gegn hugsanlegri hættu að því lágmarki sem er óhjákvæmilegt til að koma í veg fyrir stríð, og ef árás yrði gerð, að koma aftur á friði. Af því leiðir að þörf er fyrir þann hernaðarmátt og þann herafla í viðeigandi hlutföllum sem um var fjallað.

Meginatriði þess hvernig herafla bandalagsins skuli skipað

45. Til að koma markmiðum sínum á sviði öryggismála og hernaðarlegum grundvallarsjónarmiðum fram við hinar nýju aðstæður verður að aðlaga skipan herafla bandalagsins þannig að hann geti lagt fram skerf til að verja friðinn, ráða fram úr hættuástandi sem varðar öryggi aðildarríkja og koma í veg fyrir stríð, en halda jafnframt ávallt getu sinni til að verja allt land bandamanna ef þörf krefur og koma aftur á friði. Skipan herafla bandamanna mun fara eftir þeim meginsjónarmiðum sem lýst er í eftirfarandi liðum.

46. Stærð og viðbragðsgeta herja bandalagsins, hve tiltækir þeir verða og hvernig þeim verður skipað niður, mun áfram fara eftir því eðli bandalagsins að vera einungis til varnar og munu þessi atriði sæta aðlögun til samræmis við ytri aðstæður í öryggismálum, þar á meðal við samninga um takmörkun vígbúnaðar. Þetta hefur meðal annars í för með sér:

a. að dregið verður úr heildarstærð herja bandamanna, svo og viðbúnaði þeirra í mörgum tilvikum,

b. að á miðsvæði verður ekki lengur þörf á að halda herafla í sameinaðri varnarstöðu í varnarlínu. Dreifing herstyrks á landi á friðartímum verður þannig að tryggð verður nægileg viðvera herafla hvarvetna á landsvæði bandalagsins og þar á meðal verður viðeigandi herstyrk komið fyrir framarlega, eftir því sem þörf krefur. Taka verður tillit til mismunandi svæðisbundinna aðstæðna og einkum þeirra mismunandi landfræðilegu aðstæðna innan bandalagsins sem hafa áhrif á hernaðarleg grundvallarsjónarmið, þar á meðal styttri viðvörunartíma á norður- og suðursvæði borið saman við miðsvæði, hættu á óstöðugleika á suðursvæði og hernaðarmátt landa á aðliggjandi svæðum.

47. Til að tryggja að herir bandamanna geti gegnt tilskildu hlutverki þátt fyrir að dregið sé úr styrk þeirra, bæði þegar ráða þarf fram úr hættuástandi og bregðast þarf við árás á hvaða

bandalagsríki sem er, verður að veita þeim aukinn sveigjanleika og hreyfanleika og tryggja að unnt sé að auka styrk þeirra er þörf krefur. Af þeim sökum

a. mun meðal tiltæks herafla vera landhers-, flughers- og sjóhersstyrkur í takmörkuðum mæli sem þó skiptir verulegu máli hernaðarlega, sem getur þegar í stað eða skjótlega brugðist við aðstæðum af margvíslegu tagi, sem margar hverjar eru ófyrirsjáanlegar. Herstyrkur þessi verður hvað bardagahæfni, stærð og viðbragðsgetu snertir fær um að fæla hugsanlegan árásaraðila frá takmarkaðri árás og að verja landsvæði aðildarríkja gegn árásum ef til kemur, einkum þeim sem gerðar eru án þess að langur viðvörunartími veitist.
b. Herir bandamanna verða byggðir þannig upp að hægt sé að auka styrk þeirra þegar nauðsyn ber til. Getan til að auka styrk þeirra með því að kveðja til liðsauka eða endurskipuleggja þá verður að vera í samræmi við þá hættu sem steðjar að öryggi bandalagsríkja, þar með talinn þann möguleika - því þótt hann sé ósennilegur væri ekki skynsamlegt að útiloka hann - að stórstyrjöld verði. Þar af leiðir að getu til að taka tímanlega við liðsauka og birgja upp heri, bæði innan Evrópu og frá Norður-Ameríku, má alls ekki vanta.
c. Mótað verður viðeigandi skipulag herafla og aðferðir m.a. til að gera kleift að safna saman, skipa niður og draga úr herstyrk með þeim hraða og í þeim mæli sem æskilegt er talið, og þannig að unnt sé að bregðast við með fyrirframútreiknuðum hætti og sveigjanlega og tímanlega til að draga úr hættu og bæta úr ástandi þar sem spenna ríkir. Æfa verður slíkar aðgerðir reglulega á friðartímum.
d. Fari svo að herafla verði beitt sem tæki til að ráða fram úr hættuástandi, þar með talið ef beitt er viðbragðsherstyrk og öðru styrktarliði sem tiltækt kann að vera, munu stjórnvöld bandalagsríkjanna eins og áður hafa nána stjórn á notkun hans á öllum stigum. Sú tilhögun sem nú er viðhöfð verður endurskoðuð í ljósi breytts hlutverks og breyttrar skipunar herja bandalagsins.

Einkenni hefðbundins herafla

48. Nauðsynlegt er að herafla bandamanna megi treysta til að gegna hlutverkum sínum í friði, við hættuástand og í ófriði á þann hátt sem hæfir hinum nýju aðstæðum í öryggismálum. Þetta mun koma fram í stærð herliðs, útbúnaði, viðbragðsgetu, því hversu tiltækt það er, þjálfun, æfingum, valkostum um skipun og beitingu, og uppbyggingargetu, og munu öll þessi atriði sæta aðlögun til að svo megi verða. Meðal hefðbundins herafla bandalagsins mun, auk viðbragðsherafla sem getur brugðist við þegar í stað eða fljótlega, vera meginvarnarher, en hann mun aðallega leggja til þann herstyrk sem þörf er á til að tryggja landhelgi bandamanna og verja flutningaleiðir þeirra, og styrktarher, sem aukið getur þann herafla sem fyrir er á ákveðnu svæði. Í meginvarnarhernum og styrktarhernum munu verða deildir sem bæði eru stöðugt undir vopnum og sem kveðja þarf til vopna sérstaklega.
49. Landher, sjóher og flugher verður að starfa í náinni samvinnu og leggja hver öðrum lið og aðstoð við að ná settu marki. Herir þessir munu greinast eins og hér segir:

a. Landher, sem er nauðsynlegur til að halda landi eða ná því aftur. Viðbúnaður hans verður allajafna á lágu stigi, og þegar á heildina er litið verður meira treyst á kvaðningu til vopna og varalið. Unnt verður að vera að sýna fram á að herstyrkur á landi af öllum gerðum sé bardagahæfur og að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að unnt sé að beita honum með sveigjanlegum hætti.

b. Sjóher, sem vegna hreyfanleika síns, sveigjanleika og úthalds hefur mikla þýðingu við að auka þá valkosti sem fyrir hendi eru þegar ráða þarf fram úr hættuástandi. Helsta hlutverk hans er að tryggja yfirráð á höfunum til að gæta þar flutningaleiða bandamanna, styðja aðgerðir á landi og landgönguaðgerðir, og veita vernd við beitingu þess kjarnorkuherafla bandalagsins á sjó sem ætlaður er til fælingar.

c. Flugher, sem er ómissandi fyrir hernaðarmátt bandamanna í heild með því að sinna grundvallarverkefnum bæði með sjálfstæðum aðgerðum og í samvinnu við annan herstyrk, - í loftvörnum, til að grípa inn í sóknaraðgerðir óvina og styðja eigin sóknaraðgerðir - en einnig að annast eftirlit og könnun og stunda hernað á sviði rafeindatækni. Hlutverk hans við að styðja aðgerðir á landi og sjó mun krefjast þess að fyrir hendi séu viðeigandi möguleikar til loftflutninga um langan veg og til eldsneytistöku í lofti. Einnig er þörf á loftvarnarflugher, með stjórnar- og boðkerfi sem búið sé nútímatækjum, svo sjá megi fyrir öruggum loftvörnum.

50. Hyggja verður sérstaklega að útbreiðslu langdrægra eldflauga og gereyðingarvopna í ljósi þeirrar hættu sem af þeim getur stafað. Vandamál þetta krefst samhæfðra lausna, meðal annars útflutningseftirlits og eldflaugavarna, svo dæmi séu nefnd.

51. Hernaðarleg grundvallarsjónarmið bandalagsins krefjast þess ekki að mögulegt sé að stunda efnahernað. Bandamenn stefna sem fyrr að því að ná fram eins skjótt og auðið er allsherjarbanni á öllum efnavopnum um allan heim sem unnt sé að sannreyna. En nauðsynlegt verður að hafa viðbúnað sem einungis er varnareðlis, jafnvel eftir að alheimsbanni er komið á.

52. Við hinar nýju aðstæður í öryggismálum og vegna þess að minni herstyrk mun verða haldið uppi í framtíðinni verður hæfileikinn til náinnar samvinnu einkar mikilvægur til þess að herir bandalagsins geti sinnt hlutverkum sínum, þar sem slíkt stuðlar að skilvirkri nýtingu mannafla og búnaðar bandalagsins. Sú tilhögun varna bandalagsins að þær séu í þágu allrar heildarinnar, þar sem hið samtvinnaða skipulag hermála og fjölþjóðlegt herlið gegnir aðalhlutverki, mun skipta höfuðmáli hvað þetta snertir. Samtvinnað og fjölþjóðlegt evrópskt skipulag, eins og það verður mótað áfram í ljósi þeirrar evrópsku öryggisvitundar sem nú er að sjá dagsins ljós, mun einnig gegna vaxandi hlutverki við að auka hæfni bandamanna til að starfa saman að sameiginlegum vörnum. Viðleitni bandamanna til sem mestrar samvinnu mun í framkvæmd grundvallast á þeim sameiginlegu meginsjónarmiðum um varnir sem lýst hefur verið hér að framan. Komið verður á tilhögun sem tryggir að sjónarmið Evrópubúa í öryggis- og varnarmálum annars vegar og bandalagsins hins vegar liggi ljós fyrir á báðar hliðar og myndi saman eina heild svo sem nauðsynlegt er.

53. Svo unnt sé að bregðast með sveigjanlegum hætti við margvíslegum og hugsanlegum tagi munu þau bandalagsríki sem í hlut eiga þurfa að geta haldið uppi eftirliti og upplýsingasöfnun, sveigjanlegu stjórnar- og boðkerfi, hreyfanleika innan einstakra svæða og á milli þeirra, og geta séð fyrir nauðsynlegum þ.á m. þar á meðal með flutningum. Birgðir verða að nægja til að halda úti herafla af öllu tagi til varnar uns unnt er að endurnýja þær. Það er einnig nauðsynlegt til að ráða fram úr hættuástandi og til varnar að þau aðildarríki sem í hlut eiga séu fær um að byggja tímanlega upp stærri heri, nægilega vel búna og þjálfaða, að því marki sem hvers konar ógnun við öryggi bandalagsins krefst. Í því er einnig fólgið að unnt sé að styrkja varnir hvers þess svæðis innan bandalagsins, sem er í hættu, og koma upp fjölþjóðlegum herafla þegar þess er þörf og þar sem þess er þörf. Unnt verður að vera að beita deildum úr herafla allra þriggja greina með sveigjanlegum hætti og verður það liður í að styrkja herafla bæði með aukningu frá Evrópuríkjum og yfir Atlantshaf. Ef unnt á að verða að nýta vel slíka möguleika verður að halda yfirráðum yfir hinum nauðsynlegu flutningaleiðum, auk þess sem viðeigandi skipulag til stuðnings og æfinga verður að vera fyrir hendi. Mikilvægi þeirrar aðstöðu, sem almennir

borgarar hafa yfir að ráða, fer vaxandi hvað þau atriði snertir.

54. Fyrir þau bandalagsríki sem hlut eiga að máli mun við tilhögun heildarvarna verða æ meira treyst á fjölþjóðlegan herafla er bætist við það sem einstök lönd leggja af mörkum í þágu bandalagsins. Með fjölþjóðlegum herafla er sýnt fram á það af hálfu bandalagsins að það er staðráðið í að halda uppi marktækum heildarvörnum, eining innan þess aukin, böndin yfir Atlantshaf treyst og þáttur Evrópu í bandalaginu styrktur. Fjölþjóðlegur herafli, en einkum þó viðbragðsherafli, treystir samstöðu. Hann getur líka opnað leiðir til að unnt sé að beita betri hersveitum en þeim sem tiltækar eru á vegum einstakra ríkja og þannig stuðlað að því að nýta betur takmarkaða varnargetu. Þetta getur leitt til þess að ákveðin verkefni og hlutverk séu tekin fyrir á mjög samtvinnaðan hátt á vegum margra þjóða sameiginlega.

Einkenni kjarnavopnaherafla

55. Hlutverk kjarnavopnaherafla bandalagsins er í grundvallaratriðum stjórnmálalegt: Að varðveita friðinn og koma í veg fyrir nauðung og hernað af öllu tagi. Hann mun áfram gegna nauðsynlegu hlutverki með því að sjá til þess að enginn árásaraðili geti vitað með vissu á hvern hátt bandalagið muni bregðast við hernaðarofbeldi. Hann færir heim sanninn um að árás af hvaða tagi sem er er ekki rökrænn kostur. Langdræg kjarnavopn bandalagsins, einkum kjarnorkuvopn Bandaríkjamanna, eru veigamesta tryggingin fyrir öryggi bandalagsríkjanna en kjarnavopnaherir Breta og Frakka, sem hver um sig gegna sjálfstæðu fælingarhlutverki, eiga einnig þátt, fælingarmætti og öryggi bandalagsins.

56. Til að kjarnavopnaherafla sé skipað þannig að mark sé á því tekið og til að sýna fram á samstöðu bandalagsríkjanna og þá sameiginlegu stefnu þeirra að koma í veg fyrir stríð er víðtæk þátttaka þeirra evrópsku bandalagsþjóða, er eiga hlut að skipulagningu heildarvarna er lúta að kjarnavopnahernaði, enn nauðsynleg, með staðsetningu kjarnavopna á landi þeirra á friðartímum og með því að aðstaða sé fyrir hendi fyrir stjórnunar og boðkerfi og til samráðs. Kjarnavopnaherafli sem staðsettur er í Evrópu og er á vegum Atlantshafsbandalagsins felur í sér stjórnmálaleg og hernaðarleg tengsl milli evrópskra og norður-ameríska aðildarríkja að bandalaginu sem ekki má rjúfa. Bandalagið mun því hafa fullnægjandi kjarnavopnaherafla í Evrópu. Sá herafli verður að hafa þá eiginleika sem nauðsynlegir eru og þann sveigjanleika og möguleika til að standast hernaðaraðgerðir til að á hann sé litið sem alvarlegan og virkan þátt í þeirri stefnu bandamanna að koma í veg fyrir stríð. Herafla þessum verður haldið við þann lágmarksstyrk sem nauðsynlegur er til að gæta friðar og stöðugleika.

57. Þau bandalagsríki sem málið varðar telja að með róttækum breytingum í öryggismálum, þar með talið að hefðbundnir herir í Evrópu eru tiltölulega jafnir að styrk og viðbragðstími hefur lengst, þá sé bandalagið mun betur fært til að ráða bót á hættuástandi með stjórnarerindrekstri eða öðrum hætti, eða til að grípa til fullnægjandi hefðbundinna varna ef það reynist nauðsynlegt. Aðstæður þar sem bandalagið verður að íhuga beitingu kjarnavopna eru því enn fjarlægari en áður var. Þau geta því fækkað verulega öðrum kjarnavopnum sínum en langdrægum kjarnavopnum. Þau munu halda uppi nægum kjarnavopnaherafla í Evrópu sem búinn er meðal- og skammdrægum kjarnavopnum en það veitir nauðsynleg tengsl við herstyrk búinn langdrægum kjarnavopnum og treystir tengslin yfir Atlantshaf. Kjarnavopnaherafli þessi verður einungis búinn flugvélum sem einnig geta borið hefðbundin vopn en þar við mætti bæta kjarnavopnaherafla á sjó ef þörf krefur. Smærri kjarnavopnum verður þó ekki komið fyrir á ofansjávarskipum og í árásarkafbátum við eðlilegar aðstæður. Ekki verður þörf fyrir stórskotalið búið kjarnavopnum né skammdrægar eldflaugar með kjarnavopn sem skotið er frá jörðu, og verða slík vopn numin brott.

V. Hluti - Lokaorð

58. Undanfarandi lýsing á hinu hernaðarlega hlutverki bandalagsins staðfestir enn að það er í eðli sínu varnarbandalag og að aðildarríki þess eru staðráðin í að standa vörð um öryggi sitt, fullveldi og landhelgi. Stefna bandalagsins í öryggismálum grundvallast á því að skoðanaskiptum, samvinnu og raunhæfum heildarvörnum er beitt til að varðveita frið, á þann hátt að aðferðir þessar til að ná því markmiði eru hver annarri til styrktar. Með því að nýta þau nýju tækifæri sem nú eru fyrir hendi mun bandalagið gæta öryggis með eins litlum herstyrk og kostur er og fullnægir varnarkröfum. Þannig leggur bandalagið fram ómissandi skerf til að koma á varanlegri skipan þar sem friður ríkir.

59. Bandamenn munu áfram leitast við af fullri einurð að ná frekari framförum í takmörkun vígbúnaðar með það að markmiði að auka öryggi og stöðugleika. Þeir munu einnig taka virkan þátt í að stuðla að skoðanaskiptum og samvinnu milli landa á grundvelli meginreglna Parísarskjalsins.

60. Stefna Atlantshafsbandalagsins mun halda nauðsynlegum sveigjanleika til að aðlagast frekari þróun á vettvangi stjórnmála og hermála, þar á meðal áframhaldandi framþróun í mótun evrópskrar öryggisvitundar og breytingum á hættum sem steðja að öryggi bandalagsins. Fyrir viðkomandi aðildarríki mun hin nýja skilgreining mynda grundvöll fyrir frekari þróun á stefnu bandalagsins í öryggismálum, sjónarmiðum þess um hvernig standa skuli að framkvæmd einstakra aðgerða, skipan hefðbundins herafla þess og kjarnorkuherafla, og skipulagningu þess á heildarvörnum.

Fylgiskjal 2

Parísarskjalið um nýja Evrópu

Samþykkt á fundi leiðtoga þátttökuríkja Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE): Austurríkis, Belgíu, Búlgaríu, Kanada, Kýpur, Sambandslýðveldis Tékka og Slóvaka, Danmerkur, Finnlands, Frakklands, Þýskalands, Grikklands, Vatíkansins, Ungverjalands, Íslands, Írlands, Ítalíu og Evrópubandalagsins, Liechtensteins, Lúxemborgar, Möltu, Mónakós, Hollands, Noregs, Póllands, Portúgals, Rúmeníu, San Marínós, Spánar, Svíþjóðar, Sviss, Tyrklands, Sovétríkjanna, Bretlands, Bandaríkjanna og Júgóslavíu,

í París, 19.-21. nóvember 1990.

Ný öld lýðræðis, friðar og einingar

Við, leiðtogar þeirra ríkja sem taka þátt í Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, höfum komið saman í París á tíma róttækra breytinga og einstakra vona. Öld andstöðu og sundrungar í Evrópu er lokið. Við lýsum því yfir að framvegis verða samskipti okkar byggð á virðingu og samvinnu.

Evrópa er að brjótast undan arfleifð fortíðarinnar. Hughreysti karla og kvenna, viljastyrkur þjóða og máttur hugsjóna lokaskjals Helsinkiráðstefnunnar hefur komið á nýrri öld lýðræðis, friðar og einingar.

Nú er að því komið að þær vonir rætist sem þjóðir okkar hafa alið með sér áratugum saman: Um að staðfastlega sé fylgt lýðræði byggðu á mannréttindum og grundvallarfrelsi, um hagsæld fyrir tilverknað efnahagslegs frjálsræðis og félagslegs réttlætis og um jafnt öryggi allra landa okkar.

Hinar tíu meginreglur lokaskjalsins munu vísa okkur veginn til þessarar glæstu framtíðar, eins og þær hafa lýst okkur leiðina að betri samskiptum undanfarin fimmtán ár. Grundvöllur þess, sem við nú munum hefjast handa við til að gera þjóðum okkar kleift að lifa í samræmi við hugsjónir sínar, verður að vera að virtar séu til hlítar allar skuldbindingar á vegum RÖSE.

Mannréttindi, lýðræði og réttaröryggi

Við tökumst á hendur að byggja upp, treysta og styrkja lýðræði sem hið eina stjórnarform landa okkar. Í því starfi munum við virða eftirtalið:

Sérhver maður er borinn til grundvallarfrelsis og mannréttinda, sem ekki verða frá honum tekin og eru tryggð honum með lögum. Það er fyrsta skylda ríkisvaldsins að vernda þau og halda þeim fram. Gildi þeirra er ómissandi vörn gegn ofurvaldi ríkisins. Það er grundvöllur frelsis, réttlætis og friðar að þau séu virt og þeirra sé neytt að fullu.

Lýðræðisleg landsstjórn byggist á vilja fólksins sem látinn er í ljós reglulega í frjálsum og réttlátum kosningum. Grundvöllur lýðræðisins er virðing fyrir manninum og gildi laga. Lýðræði er besta tryggingin fyrir tjáningarfrelsi, umburðarlyndi gagnvart öllum þjóðfélagshópum og jöfnum tækifærum allra þegna.

Í lýðræði, sem felur í sér fulltrúaskipulag og fjölræði, þurfa stjórnendur að svara kjósendum fyrir gerðir sínar, stjórnvöld verða að fara að lögum og lögum er framfylgt án hlutdrægni. Enginn verður hafinn yfir lög.

Við lýsum því yfir að án þess að greinarmunur sé gerður eigi sérhver einstaklingur rétt til:

frjálsrar hugsunar. samvisku, trúar og skoðana,
frjálsrar tjáningar,
að mynda samtök og koma saman með öðrum í friði,
ferðafrelsis;

skuli enginn

sæta handtöku eða frelsissviptingu nema lögum samkvæmt,
sæta pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu;

og að allir eigi ennfremur rétt á

að vita um réttindi sín og neyta þeirra,
að taka þátt í frjálsum og réttlátum kosningum,
réttlátri málsmeðferð fyrir opnum tjöldum séu þeir sakaðir um afbrot,
að eiga eignir einir sér eða í félagi með öðrum og að stunda atvinnustarfsemi að eigin frumkvæði,
að njóta efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda sinna.

Við lýsum því yfir að hin sérstaka sjálfsvitund þjóðernislegra minnihlutahópa hvað snertir uppruna, menningu, tungu og trú verður vernduð og að fólk sem þeim tilheyrir á rétt á að halda fram þeirri sjálfsvitund, geyma hana með sér og móta hana án nokkurrar mismununar og með fullu jafnrétti gagnvart lögum.

Við munum sjá til þess að allir geti leitað réttar síns, innanlands eða á alþjóðlegum vettvangi, gegn hvers konar skerðingu á réttindum sínum.

Full tryggð við ofangreindar frumreglur er það bjarg sem við munum leitast við að byggja hina nýju Evrópu á.

Ríki okkar munu eiga samvinnu sín á milli og styðja hvert annað með það að markmiði að lýðræðislegur ávinningur geti ekki glatast aftur.

Efnahagslegt frjálsræði og ábyrgð

Efnahagslegt frjálsræði, félagslegt réttlæti og ábyrgð á sviði umhverfismála eru forsendur fyrir hagsæld.

Frjáls vilji einstaklingsins, sem hann neytir í lýðræðisskipulagi og verndaður er með réttaröryggi, er nauðsynleg undirstaða efnahagslegrar og félagslegrar þróunar. Við munum stuðla að efnahagslegri starfsemi sem virðir og styður mannlega reisn.

Frelsi og pólitískt fjölræði eru óhjákvæmilegir þættir í því sameiginlega markmiði okkar að láta markaðshagkerfi þróast í átt að sjálfbærum hagvexti, hagsæld, félagslegu réttlæti, vaxandi atvinnu og skilvirkri nýtingu auðlinda. Það er mikilvægt hagsmunamál okkar allra að sú umbreyting takist vel, sem nú er verið að vinna að í átt að markaðshagkerfi hjá þeim þjóðum sem að því stefna. Það mun gera okkur kleift að njóta saman meiri hagsældar sem er sameiginlegt markmið okkar. Við munum starfa saman að því að svo megi verða.

Þjóðir okkar bera allar sameiginlega ábyrgð á vernd umhverfisins. Við styðjum það starf sem unnið er að umhverfismálum í einstökum löndum og á einstökum svæðum, en verðum um leið að líta til þess að brýn þörf er á sameiginlegum aðgerðum á breiðari grundvelli.

Vinsamleg samskipti þátttökuríkja

Nú þegar nýr tími er að hefjast í Evrópu einsetjum við okkur að auka og styrkja vinsamleg samskipti og samvinnu meðal Evrópuríkja, Bandaríkjanna og Kanada og stuðla að vináttu milli þjóða okkar.

Við lýsum því hátíðlega yfir til styrktar og framdráttar lýðræði, friði og einingu í Evrópu, að við munum til fulls standa við hinar tíu meginreglur lokaskjals Helsinkiráðstefnunnar. Við staðfestum gildi hinna tíu meginreglna og að við erum staðráðin í að koma þeim í framkvæmd. Þær gilda allar jafnt og án takmörkunar og ber að túlka hverja þeirra með hliðsjón af hinum. Þær mynda grundvöll samskipta okkar.

Í samræmi við skyldur okkar samkvæmt stofnskrá hinna Sameinuðu þjóða og því sem við höfum tekist á hendur samkvæmt lokaskjali Helsinkiráðstefnunnar staðfestum við enn á ný heit okkar um að hóta hvorki né beita valdi gagnvart landhelgi eða stjórnmálalegu sjálfstæði nokkurs ríkis eða breyta á annan hátt andstætt meginreglum og tilgangi þessara löggerninga. Okkur er ljóst að vanefndir á skuldbindingum samkvæmt stofnskrá hinna Sameinuðu þjóða eru brot á alþjóðalögum.

Við staðfestum á ný að við höfum gengist undir að leysa úr deilumálum með friðsamlegum hætti. Við höfum ákveðið að koma á skipan til að koma í veg fyrir deilur meðal þátttökuríkja eða leysa úr þeim.

Með endalokum skiptingar Evrópu munum við leitast við að færa öryggismál okkar á nýtt stig og virða jafnframt að fullu valfrelsi hver annars í þeim efnum. Öryggi er óskiptanlegt, og öryggi hvers þátttökuríkis er órjúfanlega tengt öryggi allra hinna. Þess vegna heitum við að starfa saman að því að byggja upp traust og öryggi meðal okkar og stuðla að takmörkun vígbúnaðar og afvopnun.

Við fögnum sameiginlegri yfirlýsingu ríkjanna tuttugu og tveggja um bætt samskipti þeirra.

Samskipti okkar munu byggjast á sameiginlegu fylgi við lýðræðisleg gildi, svo og mannréttindum og grundvallarfrelsi. Það er sannfæring okkar að vöxtur lýðræðis ásamt því að mannréttindi séu virt og þeirra notið sé forsenda fyrir því að festa megi í sessi frið og öryggi meðal ríkja okkar. Við staðfestum að réttur þjóða er jafn og að þær eiga rétt til sjálfsákvörðunar í samræmi við stofnskrá hinna Sameinuðu þjóða og viðeigandi reglur alþjóðalaga, þar á meðal

þær sem fjalla um helgi forráðasvæðis.

Við erum staðráðin í að auka stjórnmálalegt samráð og efna til breiðari samvinnu til að leysa vanda á sviði efnahagsmála, félagsmála, umhverfismála og menningar- og mannúðarmála. Þessi sameiginlegi ásetningur og það að við verðum hvert öðru háð í vaxandi mæli mun stuðla að því að eyða áratuga tortryggni, auka stöðugleika og byggja upp sameinaða Evrópu.

Við viljum að Evrópa verði friðargjafi, opin fyrir viðræðum og samvinnu við önnur ríki, sem fagnar skoðanaskiptum og sinnir leitinni að sameiginlegum svörum við kröfum framtíðarinnar.

Öryggismál

Friðsamleg samskipti okkar munu njóta góðs af traustara lýðræði og bættu öryggi.

Við fögnum undirritun tuttugu og tveggja þátttökuríkja á samningi um hefðbundinn herafla í Evrópu sem leiða mun til þess að minni herafla verður haldið uppi. Við styðjum samþykkt nýrra, gagngerra og samræmdra ráðstafana til að byggja upp traust og öryggi í Evrópu sem draga munu úr launung og vantrausti meðal allra þátttökuríkja. Þetta eru mikilvægir áfangar í átt að auknum stöðugleika og bættu öryggi í Evrópu.

Sú dæmalausa minnkun herafla sem samningurinn um hefðbundinn herafla í Evrópu veldur, ásamt því að staðið er með nýjum hætti að öryggismálum og samvinnu á vettvangi RÖSE, mun leiða til nýs skilnings á öryggismálum í Evrópu og opna fyrir samskipti af nýju tagi. Hvað þetta snertir viðurkennum við að fullu rétt ríkja til að ákveða sjálf hvernig þau haga öryggismálum sínum.

Eining

Nú er nýtt upphaf í frjálsri og heilli Evrópu. Við óskum þess að þjóðir okkar taki höndum saman í því stórfenglega starfi sem bíður okkar.

Það er okkur ánægjuefni að frétta af samningi um endanlegar sættir við Þýskaland sem undirritaður var í Moskvu hinn 12. september 1990, og fögnum við því heils hugar að þýska þjóðin hefur sameinast og myndað eitt ríki í samræmi við reglur lokaskjals Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu og með fullu samkomulagi við granna sína. Það er mikilvægt framlag til réttlátrar, varanlegrar og friðsamlegrar skipunar mála í sameinaðri, lýðræðislegri Evrópu sem er sér meðvituð um ábyrgð sína hvað snertir stöðugleika, frið og samvinnu, að komið sé á þjóðareiningu í Þýskalandi.

Meðal grundvallareinkenna RÖSE er þátttaka ríkja í bæði Norður-Ameríku og Evrópu; það liggur að baki þeim árangri sem hún hefur náð og er forsenda fyrir starfi hennar í framtíðinni. Þau bönd sem tengja okkur saman eru fólgin í varanlegri tryggð við sameiginleg gildi og sameiginlega arfleifð. Við stöndum saman í þeim ásetningi, svo ríkar að fjölbreytni sem þjóðir okkar eru, að auka samstarf okkar á öllum sviðum. Þær kröfur sem gerðar eru til okkar er aðeins hægt að uppfylla með sameiginlegum aðgerðum, samvinnu og samstöðu.

RÖSE og umheimurinn

Velfarnaður þjóða okkar er háður velfarnaði allra annarra þjóða. Við styðjum að fullu Sameinuðu þjóðirnar og aukið hlutverk þeirra við að stuðla að friði, öryggi og réttlæti á alþjóðavettvangi. Við endurtökum að við teljum okkur bundin meginreglum og markmiðum Sameinuðu þjóðanna eins og þeim er lýst í stofnskrá þeirra, og fordæmum öll brot gegn þeim meginreglum. Við lítum með velþóknun til vaxandi hlutverks Sameinuðu þjóðanna í

alþjóðamálum og aukins máttar þeirra, sem batnandi samskipti ríkja okkar hafa stuðlað að.

Í vitneskju um hinar brýnu þarfir mikils hluta heimsbyggðarinnar göngumst við undir að sýna samstöðu öllum öðrum þjóðum. Við áköllum því héðan frá París allar þjóðir heims. Við erum þess búin að taka höndum saman við hvaða ríki sem er og öll ríki í sameiginlegri viðleitni til að vernda samfélag mannlegra grundvallargilda og veita því framgang.

Framtíðarleið okkar

Í framhaldi af þeim ásetningi okkar að koma öllum meginsjónarmiðum og reglum RÖSE í framkvæmd erum við nú staðráðin í að gæða samvinnu okkar nýju lífi til samræmingar hennar og heildarþróunar svo komið verði til móts við þarfir og óskir þjóða okkar.

Hinn mannlegi þáttur

Við lýsum því yfir að við munum aldrei snúa baki við virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi. Við munum framkvæma það sem kveðið hefur verið á um varðandi hinn mannlega þátt RÖSE og byggja á því.

Við munum í framhaldi af lokaskjali Kaupmannahafnarfundarins um hinn mannlega þátt starfa saman að því að styrkja lýðræðisstofnanir og stuðla að réttaröryggi í framkvæmd. Við höfum í því skyni ákveðið að kalla sérfræðinga saman til málþings í Osló dagana 5. til 14. nóvember 1991.

Þar sem við erum staðráðin í að hlúa að hinum ríkulega skerf sem þjóðernisminnihlutar leggja til þjóðlífs okkar tökumst við á hendur að bæta aðstæður þeirra. Við staðfestum enn að það er djúpstæð sannfæring okkar að vinsamleg samskipti meðal þjóða okkar, sem og friður, réttlæti, stöðugleiki og lýðræði, krefjast þess að þjóðernisvitund, menningarvitund, tungumáls- og trúarvitund þjóðernisminnihluta sé vernduð og aðstæður skapaðar til að hún dafni. Við lýsum því yfir að úr vanda sem varðar þjóðernisminnihluta verður aðeins leyst svo vel sé innan þess ramma sem lýðræðislegir stjórnarhættir setja. Við viðurkennum að auki að réttindi fólks sem tilheyrir þjóðernisminnihluta verður að virða að fullu sem þátt í algildum mannréttindum. Þar sem okkur er ljós hin brýna þörf á aukinni samvinnu um þjóðernisminnihluta og aukinni vernd þeirra höfum við ákveðið að boða til sérfræðingafundar um þjóðernislega minnihlutahópa sem haldinn verður í Genf dagana 1. til 19. júlí 1991.

Við lýsum því yfir að við erum staðráðin í að berjast gegn kynþátta- og þjóðernishatri í hvaða mynd sem það birtist, gyðingahatri, útlendingahatri og mismunun gagnvart hverjum sem er, svo og gegn ofsóknum vegna trúar eða skoðana.

Til samræmis við það sem við höfum gengist undir á vegum RÖSE leggjum við áherslu á að frjáls tilflutningur og samneyti þegna okkar og frjálst streymi vitneskju og hugmynda eru óhjákvæmileg skilyrði fyrir því að mannfélag sé frjálst og menning blómstri. Við fögnum vaxandi ferðamannastraumi og tíðari heimsóknum milli landa okkar.

Sú framkvæmdarskipan sem höfð er á hinum mannlega þætti hefur reynst vel og því erum við staðráðin í að víkka hana þannig að undir hana falli tilhögun þar sem m.a. er notið þjónustu sérfræðinga eða annarra á lista yfir virtustu menn með reynslu af ágreiningsmálum á

sviði mannréttinda af því tagi sem þar gætu komið upp í framkvæmdinni. Við munum sjá til þess að innan þeirrar framkvæmdarskipunar sem um er að ræða geti einstaklingar sjálfir haft afskipti af vernd réttinda sinna. Við tökumst því á hendur að móta áfram það sem við höfum gengist undir á þessu sviði, einkum á Moskvufundinum um hinn mannlega þátt, með fyrirvara um skuldbindingar samkvæmt þegar gerðum þjóðréttarsamningum sem ríki okkar kunna að vera aðilar að.

Við viðurkennum hið mikilvæga framlag Evrópuráðsins í þágu mannréttinda, meginatriða lýðræðis og réttaröryggis, jafnhliða samvinnu á sviði menningarmála. Við fögnum því að mörg þátttökuríki hafa gert ráðstafanir til að gerast aðilar að Evrópuráðinu og fylgja Evrópusamningi þess um vernd mannréttinda og mannfrelsis. Við fögnum því einnig að Evrópuráðið er fúst til að láta RÖSE njóta reynslu sinnar.

Öryggismál

Hinar breyttu pólitísku og hernaðarlegu aðstæður í Evrópu opna nýja möguleika á sviði hernaðaröryggis. Við munum byggja á þeim mikilvæga árangri sem náðst hefur með samningnum um hefðbundin vopn í Evrópu og í samningaviðræðunum um aðgerðir til að auka traust og bæta öryggi. Við tökumst á hendur að halda áfram með sama umboði viðræðunum um aðgerðir til að auka traust og bæta öryggi og leitast við að ljúka þeim ekki síðar en þegar halda á framhaldsfund RÖSE í Helsinki 1992. Við fögnum einnig þeirri ákvörðun viðkomandi þátttökuríkja að halda viðræðunum um hefðbundin vopn í Evrópu áfram með sama umboði og leitast við að ljúka þeim ekki síðar en þegar halda á framhaldsfundinn í Helsinki. Eftir að þeim fresti lýkur sem einstakar þjóðir hafa til undirbúnings væntum við góðs af betur skipulagðri samvinnu allra þátttökuríkja á sviði öryggismála og umræðum og samráði hinna þrjátíu og fjögurra þátttökuríkja með það að markmiði að koma á eigi síðar en 1992, eftir að framhaldsfundinum í Helsinki lýkur, nýjum samningaviðræðum um afvopnun og uppbyggingu trausts og öryggis sem opnar verði öllum þátttökuríkjum.

Við hvetjum til þess að sem allra fyrst verði gerður samningur um alheimsbann við öllum efnavopnum, sem sannreyna má að fylgt sé, og við höfum í hyggju að gerast upphaflegir undirritunaraðilar að honum.

Við staðfestum enn mikilvægi frumkvæðisins til Opnunar á lofthelgi, og hvetjum til þess að samningaviðræðum um það verði lokið með árangri sem fyrst.

Þó að hættan á hernaðarátökum í Evrópu hafi minnkað steðja aðrar hættur að stöðugleika þjóðfélaga okkar. Við erum staðráðin í að vinna saman að vörn lýðræðisstofnana gegn starfsemi sem skaðar sjálfstæði þátttökuríkjanna, jafnræði þeirra sem fullvalda ríkja og friðhelgi forráðasvæða þeirra. Meðal slíkrar starfsemi teljum við vera ólöglegar aðgerðir sem fela í sér utanaðkomandi þrýsting, þvingun eða niðurrifsstarfsemi.

Við fordæmum án nokkurs fyrirvara sem hverja aðra glæpi allar aðgerðir, aðferðir og atferli hermdarverkamanna, og lýsum yfir þeim ásetningi okkar að uppræta slíkt með bæði tvíhliða og fjölhliða samvinnu. Við munum einnig taka höndum saman gegn ólöglegri verslun með fíkniefni.

Þar sem við gerum okkur ljóst að skyldu ríkja til að hóta ekki né beita hervaldi hlýtur að fylgja að leitað sé lausnar á ágreiningsefnum með friðsamlegum hætti, þar sem bæði atriðin eru nauðsynlegir þættir í að halda við og treysta frið og öryggi meðal þjóða, munum við ekki einungis leita leiða til að koma með stjórnmálalegum aðgerðum í veg fyrir deilur sem enn geta komið upp, heldur einnig skilgreina í samræmi við alþjóðalög hver skipan skuli höfð á til að leysa friðsamlega hverja þá deilu sem upp kann að koma. Við göngumst því undir að leita á þessu sviði samvinnu í nýju formi og ber þar hæst ýmsar aðferðir til friðsamlegrar lausnar á

deilumálum, þar með talið að þriðji aðili sé skuldbundinn til afskipta. Við leggjum áherslu á að í þessu efni beri að nýta til fulls það tækifæri sem myndast með fundi um friðsamlega lausn deilumála sem kemur saman í Valletta í byrjun árs 1991. Utanríkisráðherraráðið mun hafa hliðsjón af skýrslu Vallettafundarins.

Samvinna í efnahagsmálum

Við leggjum áherslu á að samvinna í efnahagsmálum, sem byggð er á markaðshagkerfi, er grundvallaratriði í samskiptum okkar og mun eiga mikinn þátt í að byggja upp auðuga og sameinaða Evrópu. Lýðræðisstofnanir og efnahagslegt frelsi stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum, svo sem viðurkennt er í Bonn-skjalinu um samvinnu í efnahagsmálum en við styðjum eindregið niðurstöður þess.

Við undirstrikum að samvinna á sviði efnahagsmála, vísinda og tækni er nú veigamikill þáttur í RÖSE. Æskilegt er að þátttökuríkin yfirfari reglulega hvað áunnist hefur og veiti hvata til frekari framfara.

Það er sannfæring okkar að efla beri efnahagssamvinnu okkar í heild, stuðla að frjálsu framtaki og auka verslun og verslunarfjölbreytni samkvæmt reglum GATT. Við munum stuðla að félagslegu réttlæti og framförum og leitast við að bæta velferð þjóða okkar. Í þessu efni viðurkennum við mikilvægi þess að stefnt sé með raunhæfum hætti að því að bregðast við þeim vanda sem atvinnuleysi veldur.

Við staðfestum enn að nauðsynlegt er að halda áfram stuðningi við lýðræðisríki þar sem verið er að koma á markaðshagkerfi og leggja grunn að efnahagslegri og félagslegri frambúðarþróun, eins og hópur hinna tuttugu og fjögurra ríkja hefur þegar skuldbundið sig til. Ennfremur leggjum við áherslu á nauðsyn þess að þau lagi sig að hinu alþjóðlega efnahags- og fjármálakerfi og fallist þar með á að því fylgir ögun jafnt sem hagræði.

Við teljum að tekið skuli tillit til hagsmuna þeirra þátttökuríkja sem eru þróunarríki er aukin áhersla er lögð á efnahagslega samvinnu innan RÖSE-ferlisins.

Við minnumst þeirra tengsla sem eru á milli þess að mannréttindi og grundvallarfrelsi séu virt og njóti framgangs og að framfarir verði í vísindum. Samvinna á sviði vísinda og tækni mun gegna grundvallarhlutverki í efnahagslegri og félagslegri þróun. Hún verður því að þróast í þá átt að sameiginlegur aðgangur sé aukinn að viðeigandi upplýsingum og þekkingu á sviði vísinda og tækni, svo brúa megi það bil sem fyrir hendi er á milli þátttökuríkja á tæknisviðinu. Við hvetjum auk þess þátttökuríki til að starfa saman að því að efla það sem í manninum býr og anda hins frjálsa framtaks.

Við erum staðráðin í að veita samvinnu milli ríkja okkar á sviði orkumála, samgöngumála og ferðamála aukna hvatningu í þágu efnahagslegra og félagslegra framfara. Við fögnum sérstaklega raunhæfum aðgerðum til að skapa sem bestar aðstæður til nýtingar orkulinda á hagkvæman og skynsamlegan hátt, þar sem tekið er eðlilegt tillit til umhverfissjónarmiða.

Við viðurkennum mikilvægi Evrópubandalagsins í pólitískri og efnahagslegri þróun Evrópu. Alþjóðlegar efnahagsstofnanir, svo sem Nefnd Sameinuðu þjóðanna um evrópsk efnahagsmál (ECE), Bretton Woods-stofnanirnar, Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunin (OECD), Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og Alþjóðaverslunarráðið (ICC), gegna einnig veigamiklu hlutverki við að stuðla að samvinnu á sviði efnahagsmála, og stofnun Viðreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD) mun enn auka mikilvægi þess. Í þágu markmiða okkar leggjum við áherslu á nauðsyn þess að samræma aðgerðir þessara stofnana og að fundnar verði leiðir til að öll ríki okkar geti tekið þátt í þessu starfi.

Umhverfismál

Við viðurkennum hina brýnu þörf á að bregðast við vanda á sviði umhverfismála og mikilvægi þess að starfað sé að þeim málum bæði á vettvangi einstakra ríkja og sameiginlega. Við heitum því að efla viðleitni okkar til að vernda og bæta umhverfið svo heilbrigðu vistfræðilegu jafnvægi í lofti, vatni og jarðvegi verði komið á og haldið við. Við erum því staðráðin í að nýta RÖSE til fulls sem ramma til að skilgreina sameiginlegar skyldur okkar og markmið á sviði umhverfismála, og vinna þar með það verk sem fram kemur í skýrslu Sofiu-fundarins um vernd umhverfisins.

Við leggjum áherslu á hið veigamikla hlutverk sem upplýst samfélag hefur við að gera almenningi og einstaklingum kleift að eiga frumkvæði að umhverfisbótum. Til að svo megi verða tökumst við á hendur að glæða meðvitund almennings og bæta almenna menntun á sviði umhverfismála, svo og að stuðla að því að almenningi sé skýrt frá þeim áhrifum sem stefna, áætlanir og framkvæmdir hafa í umhverfismálum.

Við lítum svo á að veita beri forgang mengunarlausri tækni og tækni þar sem lítið myndast af úrgangsefnum, en gerum okkur jafnframt ljósa þörfina á að veita þeim löndum stuðning sem ekki geta enn gert viðeigandi ráðstafanir af eigin rammleik.

Við undirstrikum að viðeigandi aðgerðir á sviði lagasetningar og viðeigandi stjórnsýsluskipan verði að fylgja stefnu í umhverfismálum svo tryggt sé að hún komist í framkvæmd.

Við leggjum áherslu á nauðsyn þess að búið sé í haginn fyrir kerfisbundið mat á því hvernig staðið er við núverandi skuldbindingar og einnig fyrir að mótaðar verði enn veigameiri skuldbindingar með tilliti til tilkynninga og upplýsingaskipta um ástand umhverfisins og hættur sem að því geta steðjað. Við fögnum einnig stofnun Umhverfismálastofnunar Evrópu (EEA).

Við fögnum því starfi sem unnið hefur verið á hinu verklega sviði, svo og þeim athugunum með tilliti til vandamála, sem framkvæmdar hafa verið, og því stefnuendurskoðunarstarfi sem fram hefur farið innan ýmissa alþjóðastofnana sem nú eru til og fást við umhverfisvernd, svo sem Umhverfismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP), Nefndar Sameinuðu þjóðanna um evrópsk efnahagsmál (ECE) og Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunarinnar (OECD). Við leggjum áherslu á nauðsyn þess að styrkja samvinnu þeirra og samræma störf þeirra.

Menningarmál

Við viðurkennum hinn ómissandi þátt sem sameiginleg evrópsk menning okkar og sameiginleg gildi eiga í að yfirvinna skiptingu álfunnar. Þess vegna undirstrikum við að við erum bundin því að frelsi ríki til sköpunar og að arfleifð okkar í menningarefnum og andlegum efnum, í allri auðgi sinni og margbreytileika, sé vernduð og efld.

Með hliðsjón af hinum nýorðnu breytingum í Evrópu leggjum við áherslu á mikilvægi málþingsins í Kraká og væntum góðs af umfjöllun þess um hvernig efla beri samvinnu á sviði menningarmála. Við beinum því til Evrópuráðsins að leggja sitt af mörkum til málþingsins.

Til þess að þjóðir okkar kynnist betur hver annarri styðjum við að komið sé á fót menningarmiðstöðvum í borgum annarra þátttökuríkja, að samvinna sé aukin á sviði útvarps, sjónvarps og kvikmynda, og að frekari skipti eigi sér stað á sviði tónlistar, leiklistar, bókmennta og hugvísinda.

Það er ásetningur okkar að gera sérstakt átak í stefnu okkar heima fyrir til að stuðla að bættum skilningi, einkum meðal ungs fólks, með skiptum á sviði menningarmála, menntamálasamvinnu á öllum sviðum, og á sértækari hátt með kennslu og þjálfun í tungumálum

annarra þátttökuríkja. Við hyggjumst athuga frumárangur af þeim aðgerðum á fylgiráðstefnunni í Helsinki 1992.

Farandverkafólk

Okkur er ljóst að álitaefni varðandi farandverkafólk og fjölskyldur þess, sem dveljast löglega í gistiríkjum sínum, hafa efnahagslegar, menningarlegar og félagslegar hliðar, auk hins mannlega þáttar þeirra. Við staðfestum enn á ný að vernd og efling réttinda þess, svo og framkvæmd alþjóðlegra skuldbindinga sem það varða, er mál sem snertir okkur sameiginlega.

Miðjarðarhafið

Við teljum að þær grundvallarbreytingar, sem orðið hafa í evrópskum stjórnmálum, hafi jákvæð áhrif við Miðjarðarhaf. Við munum því halda áfram viðleitni okkar til að treysta öryggi og samvinnu á því svæði, þar sem það er mikilvægur þáttur í stöðugleika í Evrópu. Við fögnum skýrslu fundarins um Miðjarðarhafssvæðið í Palma de Mallorca og styðjum öll niðurstöður hennar.

Sú spenna sem enn er á svæðinu er okkur áhyggjuefni og endurvekjum við þann ásetning okkar að herða á viðleitninni til að finna með friðsamlegum aðferðum réttlátar frambúðarlausnir á alvarlegustu vandamálum sem helst krefjast úrlausnar, byggðar á því að farið sé að meginreglum lokaskjals RÖSE.

Við viljum stuðla að því að skapa æskilegar aðstæður fyrir jafna þróun og aukinn margbreytileika í samskiptum við þau Miðjarðarhafsríki sem ekki eru þátttökuríki. Meiri samvinna verður stunduð við þau til þess að stuðla að efnahagslegri og félagslegri þróun og þar með bæta stöðugleika á svæðinu. Í því skyni munum við ásamt þeim leitast við að minnka þann mun á velmegun sem er á milli Evrópu og nágrannaríkja hennar við Miðjarðarhaf.

Stofnanir utan ríkisvaldsins

Við minnumst hins veigamikla hlutverks, sem stofnanir utan ríkisvaldsins, trúarhópar, aðrir hópar og einstaklingar hafa gegnt við að ná markmiðum RÖSE, og munum enn auðvelda þeim störf sín í þágu framkvæmdar aðildarríkjanna á skuldbindingum þeirra á vettvangi RÖSE. Sjá þarf til þess að stofnanir þessar, hópar og einstaklingar tengist með viðeigandi hætti störfum og nýskipan RÖSE svo þeir geti gegnt hinum mikilvægu hlutverkum sínum.

Ný skipan og nýjar stofnanir innan RÖSE-ferlisins

Sameiginleg viðleitni okkar til að efla mannréttindi, lýðræði og réttaröryggi og treysta frið og stuðla að einingu í Evrópu krefst þess að tekin verði upp pólitísk skoðanaskipti og samvinna af nýju tagi.

Stóraukið samráð okkar á öllum stigum er meginatriði við mótun framtíðarsamskipta okkar. Með tilliti til þess ákveðum við eftirfarandi:

Við, þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnaleiðtogar, munum næst hittast í Helsinki í tilefni af framhaldsfundi RÖSE 1992. Síðar munum við hittast í tilefni af síðari framhaldsfundi. Utanríkisráðherrar okkar munu hittast reglulega í formi ráðsfundar, ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Fundirnir munu verða meginvettvangur fyrir stjórnmálalegt samráð innan RÖSE-ferlisins. Ráðið mun fjalla um álitaefni, sem varða Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, og taka ákvarðanir eftir því sem tilefni verður til.

Fyrsti fundur ráðsins verður í Berlín.

Nefnd háttsettra embættismanna mun annast undirbúning ráðsfunda og framkvæma ákvarðanir þeirra. Hún mun fjalla um þau álitaefni, sem til athugunar eru hverju sinni, og getur tekið viðeigandi ákvarðanir, þar á meðal í formi tillagna til ráðsins.

Viðbótarfundir fulltrúa aðildarríkjanna kunna að verða ákveðnir samkvæmt samkomulagi til umfjöllunar um brýn og alvarleg málefni.

Ráðið mun fjalla um hvernig skuli kveðja saman fund embættismannanefndarinnar þegar hættuástand ríkir.

Þátttökuríkin geta einnig komið sér saman um fundi annarra ráðherra.

Til að sinna umsýslu í tengslum við samráðsaðgerðir þessar setjum við á stofn skrifstofu í Prag.

Framhaldsfundir þátttökuríkja verða að jafnaði haldnir annað hvert ár svo að þátttökuríkjunum sé unnt að fylgjast með þróun mála, líta yfir framkvæmd þess sem þau hafa tekist á hendur og íhuga frekari skref innan RÖSE-ferlisins.

Við ákveðum að setja á stofn átakavarnastöð í Vínarborg til að aðstoða ráðið við að draga úr hættu á að deilur komi upp.

Við ákveðum að setja á stofn skrifstofu frjálsra kosninga í Varsjá til að greiða fyrir samskiptum og skiptum á upplýsingum um kosningar innan þátttökuríkja.

Þar sem við viðurkennum hið mikilvæga hlutverk sem þingmenn á löggjafarþingum geta gegnt í störfum RÖSE mælumst við til frekari afskipta þeirra, sérstaklega með stofnun þingmannaráðs innan RÖSE sem í eigi sæti þingmenn frá öllum þátttökuríkjum. Við hvetjum því til þess að samskipti á vettvangi þjóðþinganna séu efld til að umræður eigi sér stað um athafnasvið, starfsaðferðir og starfsreglur slíks þingmannastarfs á vegum RÖSE, þar sem nýtt verði sú reynsla sem þegar hefur fengist og það starf sem þegar hefur verið unnið á þessu sviði.

Við beinum því til utanríkisráðherra okkar að fjalla um þetta mál á fyrsta ráðsfundi sínum.

* * *

Í viðbótarskjali, sem samþykkt er um leið og Parísaryfirlýsing um nýja Evrópu, er lýst meðferðarháttum og skipulagsatriðum sem lúta að nokkrum ákvæðum yfirlýsingarinnar.

Við felum ráðinu að gera frekari ráðstafanir sem þörf kann að vera á til að tryggja framkvæmd þeirra ákvarðana sem fram koma í yfirlýsingu þessari og í viðbótarskjalinu og fjalla um frekari ráðstafanir til að treysta öryggi og samvinnu í Evrópu. Ráðið getur samþykkt hverja þá breytingu á viðbótarskjalinu sem það telur henta.

* * *

Viðbótarskjal
Til framkvæmdar á
Nokkrum ákvæðum Parísarskjalsins um nýja Evrópu

Hér á eftir er lýst meðferðarháttum og skipulagsatriðum sem lúta að nokkrum ákvæðum Parísarskjalsins um nýja Evrópu, sem undirritað var í París 21. nóvember 1990.

I.

Ráðstafanir á vettvangi stofnana

A. Ráðið

1. Ráðið, sem í eiga sæti utanríkisráðherrar þátttökuríkja, er meginvettvangur til reglulegs stjórnmálalegs samráðs innan RÖSE-ferlisins.
2. Ráðið skal:
- fjalla um álitaefni sem varða Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu og taka viðeigandi ákvarðanir,
- undirbúa fundi leiðtoga þátttökuríkja, vinna þau verkefni sem þar er kveðið á um og framkvæma þær ákvarðanir sem þar eru teknar,
3. Ráðið skal koma saman til fundar reglulega og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.
4. Þátttökuríkin geta komið sér saman um að halda aukafundi ráðsins.
5. Fulltrúi gestgjafarríkis skal ávallt vera í forsæti meðan á hverjum fundi ráðsins stendur.
6. Nefnd háttsettra embættismanna skal semja skrá um fundarefni ráðsfunda, þar sem einnig kemur fram tillaga um fundarstað samkvæmt skiptitilhögun og hvenær næsti fundur skuli haldinn.

B. Nefnd háttsettra embættismanna

1. Nefnd háttsettra embættismanna skal undirbúa störf ráðsins, framkvæma ákvarðanir þess, fjalla um þau álitaefni sem til athugunar eru hverju sinni og íhuga framtíðarstörf RÖSE, þar á meðal samskipti RÖSE á öðrum alþjóðlegum vettvangi.
2. Við undirbúning á dagskrá ráðsfunda skal nefndin á grundvelli tillagna frá þátttökuríkjum sérgreina hver mál komi til umræðu. Skal nefndin ljúka við dagskrárdrög skömmu fyrir ráðsfundi.
3. Hvert þátttökuríki skal koma sér upp samskiptastöð sem nota skal til að koma tillögum um störf nefndarinnar á framfæri við skrifstofuna þar sem þeim skal safnað og þær framsendar til að greiða fyrir samskiptum skrifstofunnar og einstakra þátttökuríkja.
4. Fulltrúi ríkis þess utanríkisráðherra, sem var í forsæti á næstliðnum ráðsfundi, skal vera í forsæti á hverjum fundi nefndarinnar. Formaður nefndarinnar boðar til fundar hennar að höfðu samráði við þátttökuríkin.

Fundir nefndarinnar skulu haldnir á aðsetri skrifstofunnar og skulu ekki standa lengur en tvo daga nema samkomulag verði um annað. Fundur sem haldinn er næst á undan ráðsfundi skal haldinn á fundarstað ráðsfundarins.

5. Af framkvæmdarástæðum skal fyrsti fundur nefndarinnar haldinn í Vínarborg 28.-29. janúar 1991. Fundarstjóri skal vera fulltrúi Júgóslavíu.

C. Neyðartilhögun

Ráðið skal fjalla um þann möguleika að komið verði á tilhögun til að kveðja embættismannanefndina saman til fundar þegar neyðarástand ríkir.

D. Framhaldsfundir

Að jafnaði skal halda framhaldsfundi aðildarríkjanna á tveggja ára fresti. Þeir skulu ekki standa lengur en tvo mánuði nema samkomulag verði um annað.

E. Skrifstofa RÖSE

1. Skrifstofan skal:
- sinna umsýslu í tengslum við fundi ráðsins og embættismannanefndarinnar,
- varðveita skjalasafn með skjölum RÖSE og framsenda skjöl að ósk þátttökuríkja,
- veita einstaklingum, stofnunum utan ríkisvaldsins, alþjóðastofnunum og ríkjum, sem ekki eru þátttökuríki, almennar upplýsingar um RÖSE,
- veita framkvæmdafulltrúum leiðtogafunda RÖSE, framhaldsfunda og millifunda viðeigandi aðstoð.

2. Skrifstofan skal sinna öðrum verkefnum sem ráðið eða embættismannanefndin kann að fá henni.

3. Til að sinna ofangreindum verkefnum skal skrifstofan hafa á að skipa eftirtöldum starfsmönnum:
- framkvæmdastjóra, sem ber ábyrgð gagnvart ráðinu fyrir milligöngu embættismannanefndarinnar,
- þremur yfirmönnum, sem sjá um skipulagningu funda (þar með talin siðareglur og öryggismál), skjalfærslu og upplýsingar, fjármál og stjórnun. Þessu til viðbótar getur framkvæmdastjóri falið þeim önnur verkefni innan þess ramma sem verkefni skrifstofunnar setja,
- starfsliði á sviði stjórnunar og tækni, sem framkvæmdastjóri ræður til starfa.

F. Átakavarnastöð

1. Átakavarnastöðin skal veita ráðinu aðstoð við að draga úr hættu á að deilur komi upp. Starfsemi og skipulagi stöðvarinnar er lýst hér á eftir.

2. Í fyrsta þætti starfsemi sinnar skal hlutverk stöðvarinnar felast í að styðja við framkvæmd aðgerða til að vekja traust og bæta öryggi, svo sem með:
- skipulagi til samráðs og samvinnu hvað snertir óvenjulegar athafnir á sviði hermála,
- árlegum skiptum á upplýsingum um hermál,
- fjarskiptaneti,
- árlegum fundum til mats á framkvæmdastigi,
- samvinnu sem snertir hættulega atburði á sviði hermála.

3. Stöðin getur gegnt öðrum hlutverkum og ofangreind verkefni hafa ekki áhrif á önnur verkefni, sem snerta það hvernig unnið skuli að því að ná sáttum í deilum, né á víðtækari hlutverk sem lúta að því að setja niður deilur og utanríkisráðherraráðið kann að fela henni í framtíðinni.

Samráðsnefnd

4. Samráðsnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar allra þátttökuríkja, ber ábyrgð gagnvart ráðinu. Fram að framhaldsfundinum í Helsinki skulu fulltrúarnir að jafnaði vera formenn viðræðunefnda um aðgerðir til að auka traust og bæta öryggi. Samráðsnefnd skal:
- halda fundi þátttökuríkja sem kveðja má saman samkvæmt tilhöguninni um óvenjulegar athafnir á sviði hermála,
- halda hina árlegu fundi til mats á framkvæmdastigi,
- undirbúa málþing um herfræðileg efni og önnur efni eftir samkomulagi þátttökuríkja,
- hafa yfirumsjón með skrifstofu stöðvarinnar,
- vera vettvangur til umræðna um upplýsingar, sem skipst hefur verið á samkvæmt samþykktum ráðstöfunum til að auka traust og bæta öryggi, og til skýringar á þeim eftir því sem þörf krefur,
- hafa heildarumsjón með fjarskiptaneti því sem átakavarnastöðinni ber að sjá um.

5. Samráðsnefndin skal starfa í samræmi við málsmeðferðarreglur RÖSE. Hún semur sér sjálf starfsáætlun og getur ákveðið að halda aukafundi. Fundir þátttökuríkja, sem kvaddir eru saman að beiðni eins eða fleiri þeirra samkvæmt tilhögun um óvenjulegar athafnir á sviði hermála, skulu skipulagðir af framkvæmdastjóra skrifstofu átakavarnastöðvarinnar. Þar til framkvæmdastjóri hennar hefur verið skipaður skal framkvæmdafulltrúi viðræðna um aðgerðir til að auka traust og bæta öryggi gegna þessu hlutverki.

Skrifstofan

6. Skrifstofan skal annast þau verkefni sem samráðsnefndin felur henni og ber hún ábyrgð gagnvart nefndinni. Skal hún meðal annars koma upp og halda við gagnabanka til afnota handa öllum þátttökuríkjum, sem safnað er til á grundvelli upplýsinga um hernaðarleg málefni, fenginna með skiptum samkvæmt samþykktum aðgerðum, til að auka traust og bæta öryggi og gefa út árbók þeim grundvelli.

7. Skrifstofan skal hafa á að skipa eftirtöldum starfsmönnum:
- framkvæmdastjóra,
- tveimur yfirmönnum sem sjá skulu um skipulagningu funda (þar með talin siðareglur og öryggismál), fjarskipti, skjalfærslu og upplýsingar, fjármál og stjórnun,
- starfsliði á sviði umsýslu og tækni sem framkvæmdastjóri ræður til starfa.

* * *

8. Fyrsti fundur samráðsnefndar átakavarnastöðvarinnar skal koma saman 3. desember 1990, og skal Júgóslavía vera í forsæti.

G. Skrifstofa frjálsra kosninga

1. Hlutverk Skrifstofu frjálsra kosninga skal vera að greiða fyrir samskiptum og skiptum

á upplýsingum um kosningar í þátttökuríkjunum. Hún skal þannig stuðla að framkvæmd 6., 7. og 8. gr. lokaskjals Kaupmannahafnarfundarins um hinn mannlega þátt RÖSE.

2. Skrifstofan skal í þessu skyni:

- safna upplýsingum, þar á meðal upplýsingum frá viðeigandi stjórnvöldum þátttökuríkja, um dagsetningar, tilhögun og opinber úrslit reglulegra kosninga í þátttökuríkjum sem ná til viðkomandi þjóðar í heild, svo og skýrslum um kosningar sem fylgst hefur verið með, og láta þær í té ríkisstjórnum, þjóðþingum og einkasamtökum sem láta sig þær varða, samkvæmt beiðni þeirra,
- vera til fyrirgreiðslu við að koma á sambandi milli ríkisstjórna, þjóðþinga og einkasamtaka, er vilja fylgjast með kosningum, og viðeigandi stjórnvalda ríkja þar sem kosningar eiga að fara fram,
- skipuleggja og starfa sem vettvangur fyrir málþing og aðra fundi um tilhögun kosninga og lýðræðisstofnanir að ósk þátttökuríkja.

3. Skrifstofan skal taka tillit til starfa annarra stofnana, sem starfandi eru á þessu sviði, og vinna með þeim.

4. Skrifstofan skal sinna öðrum verkefnum sem ráðið felur henni.

5. Starfsmenn skrifstofunnar skulu vera:

- framkvæmdastjóri sem ber ábyrgð gagnvart ráðinu fyrir milligöngu embættismannanefndarinnar,
- yfirmaður,
- starfslið á sviði umsýslu og tækni, sem framkvæmdastjóri hennar ræður til starfa.

H. Meðferðarhættir og skipulagsatriði sem varða stofnanir RÖSE

Um starfsmenn

1. Framkvæmdastjóri hverrar stofnunar skal vera fluttur úr hárri stöðu á vegum stjórnvalda sinna og skipaður af ráðinu til þriggja ára þannig að farið sé eftir röð, en skipunartími hans verður ekki endurnýjaður.

2. Geti framkvæmdastjóri ekki lengur sinnt störfum sínum skal formaður ráðsins að höfðu samráði við þátttökuríkin skipa framkvæmdastjóra til bráðabirgða fram að næsta ráðsfundi.

3. Yfirmenn skulu fluttir úr störfum á vegum stjórnvalda sinna. Starfstími þeirra skal að jafnaði vera tvö ár. Framkvæmdastjóri og þátttökuríki það sem flytur yfirmanninn úr starfi geta komið sér saman um eins árs framlengingu.

4. Skipun yfirmanna skal fara fram eftir röð, sem fylgja skal stafrófsröð á frönsku. Ákveðið skal með hlutkesti fyrir hverja stöðu innan viðkomandi stofnunar hvar á röðinni skuli byrja. Stöðu sem losnar skal bjóða þátttökuríkjum í þeirri röð, uns hún er skipuð.

5. Þátttökuríki má ekki hafa eigin ríkisborgara í fleiri stöðum en einni í stofnun á vegum RÖSE sem hann skal fluttur úr starfi til að gegna, nema ekkert annað þátttökuríki vilji flytja ríkisborgara sinn úr starfi í stöðu sem laus er.

6. Yfirmaður skal tilnefndur af viðkomandi þátttökuríki að höfðu samráði við framkvæmdastjóra sem síðan skipar hann.

7. Starfslið á sviði umsýslu og tækni skal ráðið af framkvæmdastjóra stofnunar. Gera skal ráðstafanir eftir þörfum til að fá unnið að túlkun og þýðingum.

8. Framkvæmdastjóri hverrar stofnunar ákveður starfstilhögun hennar.

9. Starfsmenn skulu sendir frá því ríki sem flytur þá úr starfi með opinber skilríki til gistiríkis og njóta þar fullra réttinda sendierindreka.

Kostnaður

10. Kostnaður:
- vegna starfsmanna sem fluttir eru úr starfi skal borinn af því ríki sem flytur þá úr starfi,
- af því að koma á fót stofnunum RÖSE skal borinn samkvæmt þeirri skiptingartilhögun sem gildir á vegum RÖSE,
- af rekstri, þar með talinn kostnaður af opinberum ferðum starfsmanna eftir að þeir hafa verið skipaðir, skal borinn samkvæmt þeirri skiptingartilhögun sem gildir á vegum RÖSE,
- af húsnæði stofnunar og nauðsynlegum öryggisráðstöfunum, þar með talið þeim sem gerðar eru vegna funda sem haldnir eru á aðsetri stofnunar, skal borinn af gistiríkinu.

* * *

11. Gistiríki gangast undir að gera stofnununum kleift að starfa að fullu og taka á sig samningsskyldur og fjárhagslegar skuldbindingar, svo og að veita þeim stöðu jafngilda stjórnarerindreka.

* * *

12. Viðeigandi tilhögun á sviði stjórnunar, fjármála og starfsmannahalds, sem samkomulag er um, mun verða nauðsynleg til að stofnanaskipulag á vegum RÖSE, sem samþykkt er á leiðtogafundinum, geti gegnt hlutverki sínu á skilvirkan hátt.

13. Í þessu skyni skal umræðuhópur undir forsæti framkvæmdafulltrúa undirbúningsnefndar, skipaður framkvæmdafulltrúum leiðtogafundarins í París og utanríkisráðherrafundarins í New York ásamt fulltrúum gistiríkja hinna nýju stofnana RÖSE, leggja fram skýrslu og tillögur til þátttökuríkja eigi síðar en í desember 1990. Sérstakur hópur sérfræðinga þátttökuríkjanna, sem koma skal saman í Vínarborg á vegum embættismannanefndarinnar 14.-18. janúar 1991, skal fjalla um skýrsluna og tillögurnar og leggja fram endanleg tilmæli um hið framangreinda. Fundur þessi skal kvaddur saman og haldinn undir forsæti þess ríkis sem er í forsæti í embættismannanefndinni.

14. Embættismannanefndin skal fjalla um tilmælin og taka nauðsynlegar ákvarðanir á fyrsta fundi sínum.

Fyrsti framkvæmdastjóri hverrar stofnunar skal tilnefndur á fyrsta fundi embættis19 mannanefndarinnar, og skal ráðið staðfesta tilnefninguna innan einnar viku, með þeim hætti að leitað sé andmæla. Framkvæmdaskrifstofa RÖSE-viðræðna í Vínarborg skal annast skrifstofuþjónustu fyrir fyrsta fund samráðsnefndar Átakavarnastöðvarinnar og fyrsta fund embættismannanefndarinnar.

15. Skrifstofa RÖSE, Átakavarnastöðin og Skrifstofa frjálsra kosninga bera ábyrgð gagnvart ráðinu, sem er bært til að ákveða verkefni þeirra og starfsaðferðir. Endurskoða má tilhögun sem lýtur að meðferðarháttum og skipulagsatriðum, svo og hvar stofnunum þessum skuli fengið aðsetur, á framhaldsfundinum í Helsinki.

I. Fjarskipti

Ráðið getur, eftir því sem við á að tillögu samráðsnefndar og embættismannanefndarinnar, ákveðið að fjarskiptanet það sem komið hefur verið upp sem lið í frekari aðgerðum til að auka traust og bæta öryggi sé notað í öðrum tilgangi á vegum RÖSE.

J. Beiting fundarskapa RÖSE

Beita skal fundarsköpum, starfsaðferðum, kostnaðarskiptingarreglum og öðrum starfsreglum RÖSE eftir því sem við á.

II.

Sérfræðingafundir

A. Málþing sérfræðinga um lýðræðisstofnanir

Málþing sérfræðinga um lýðræðisstofnanir verður haldið í Osló frá mánudegi 4. nóvember 1991 til föstudags 15. nóvember 1991. Tilgangur þess er að ræða um leiðir og aðferðir til að treysta og styrkja lýðræðisstofnanir sem telja má að standi til frambúðar í þátttökuríkjum, þar með talið að annast samanburðarrannsóknir á löggjöf um mannréttindi og grundvallarfrelsi og nýta þar meðal annars þá reynslu sem Evrópuráðið hefur aflað og starf nefndarinnar "Lýðræði fyrir tilverknað laga".

B. Sérfræðingafundur um þjóðernisminnihluta

Sérfræðingafundur um þjóðernisminnihluta verður haldinn í Genf frá mánudegi 1. júlí 1991 til föstudags 19. júlí 1991. Tilgangur hans er að ræða gagngert um málefni þjóðernisminnihluta og réttindi fólks sem tilheyrir þeim, með eðlilegri hliðsjón af þeirri margvíslegu aðstöðu sem um er að ræða og hinum lagalega, sögulega, pólitíska og efnahagslega bakgrunni. Meðal annars verður:

- skipst á skoðunum um fengna reynslu, einkum löggjöf einstakra ríkja, lýðræðisstofnanir, þjóðréttarsamninga og hugsanlega samvinnu í öðru formi,
- farið yfir framkvæmd viðeigandi skuldbindinga á vegum RÖSE og fjallað um hvort unnt sé að auka við þær kröfur sem gerðar eru,
- fjallað um nýjar ráðstafanir til að bæta framkvæmd þeirra skuldbindinga.

Fylgiskjal 3

Yfirlýsing frá fundi norrænna utanríkisráðherra í Reykjavík 21. 1. 1992

Hin sjálfstæðu ríki fyrrum Sovétríkjanna

Utanríkisráðherrarnir lýsa eindregnum stuðningi við þá viðleitni Rússlands og annarra sjálfstæðra ríkja fyrrum Sovétríkjanna að koma á lýðræði og markaðshagkerfi. Þeir fagna því að Sovétríkin hafi verið lögð niður með friðsamlegum hætti innan vébanda Samveldis sjálfstæðra ríkja. Ráðherrarnir ítreka vilja Norðurlanda til að eiga náið samstarf við þessi ríki.

Ráðherrarnir leggja áherslu á þýðingu þess að hvert einstakt ríki taki á sig allar gildandi skuldbindingar í alþjóðasamningum og samþykktum sem Sovétríkin hafa undirritað, hvort heldur afvopnunarsamningum eða samþykktum Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu og Sameinuðu þjóðanna.

Ráðherrarnir fagna yfirlýsingum varðandi sameiginlega stjórn kjarnavopna. Þeir benda á mikilvægi þess að forðast útflutning á sérfræðiþekkingu, tækni og efna til framleiðslu kjarna- og annarra gereyðingarvopna. Þeir munu með virkum hætti styðja og stuðla að alþjóðlegum aðgerðum, ekki síst innan Sameinuðu þjóðanna, sem hafa þetta að markmiði. Þeir leggja áherslu á mikilvægi þess að öll ríki fyrrum Sovétríkjanna gerist aðilar að samningnum um útbreiðslu kjarnavopna.

Í samræmi við þátttöku Sovétríkjanna í Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu og til að styrkja lýðræðið og virðingu fyrir mannréttindum í hinum sjálfstæðu ríkjum telja ráðherrarnir að þau ættu að geta gerst aðilar að RÖSE að því gefnu að ríkisstjórnir þeirra hafi samþykkt Helsinki-sáttmálann og aðrar samþykktir RÖSE.

Ráðherrarnir ræddu ítarlega hið alvarlega efnahagsástand og framtíðarhorfur í Rússlandi og öðrum ríkjum. Þeir ítreka að Norðurlönd séu reiðubúin í samvinnu við önnur ríki til að veita neyðarhjálp til íbúa hinna sjálfstæðu ríkja. Ráðherrarnir fagna frumkvæði Bandaríkjanna að boða til fundar um aðstoð við hin sjálfstæðu ríki og leggja áherslu á mikilvægi alþjóðlegrar samhæfingar hjálparstarfsins til frambúðar. Hin iðnvæddu lýðræðisríki þurfa að sameinast um aðstoð við hin sjálfstæðu ríki til lengri tíma til að stuðla að uppbyggingu frjáls markaðskerfis og betri lífskjara til handa íbúum þeirra, ásamt því að treysta lýðræðisþróunina og friðsamleg samskipti ríkjanna.

Í þessu samhengi lýsa ráðherrarnir áhyggjum vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem miklir efnahagsörðuleikar í fyrrum Sovétríkjum hafa á ástandið í Eystrasaltsríkjunum, ekki síst hvað varðar orkumál. Með það í huga lýsa þeir sig reiðubúna til að stuðla að lausn vandans í samvinnu við önnur vestræn ríki.

Ástandið í Júgóslavíu

Ráðherrarnir fagna því að friðarráðstefnan, sem Evrópubandalagið hefur staðið fyrir í umboði Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, hafi verið kölluð saman á ný og hvetja deiluaðila til að nota tækifærið og taka upp raunverulegar viðræður með það að markmiði að finna pólitíska lausn á deilunum.

Ráðherrarnir lýsa yfir eindregnum stuðningi við tilraunir Sameinuðu þjóðanna undir

forystu framkvæmdastjóra samtakanna og erindreka hans Cyrus Vance að koma á varanlegu vopnahléi milli deiluaðila og fagna ákvörðun öryggisráðsins að senda fimmtíu fulltrúa á vettvang til að stuðla að viðhaldi vopnahlésins. Skilvirkt vopnahlé er forsenda þess að Sameinuðu þjóðirnar geti orðið við óskum deiluaðila að senda friðargæslusveitir á vettvang.

Þeir fordæma harðlega árásina á þyrlu eftirlitssveita Evrópubandalagsins hinn 7. janúar sl. sem leiddi til dauða fimm eftirlitsmanna. Þeir leggja áherslu á að allir þeir aðilar, sem valdir voru að verknaðinum, verði dregnir til ábyrgðar. Brýn nauðsyn sé að koma í veg fyrir að hliðstæðir atburðir eigi sér aftur stað og öryggi eftirlitssveita Evrópubandalagsins og starfsliðs Sameinuðu þjóðanna verði tryggt.

Ráðherrarnir fagna því að öll Norðurlöndin hafa nú viðurkennt Slóveníu og Króatíu sem sjálfstæð ríki. Þeir lýsa yfir vilja til að hefja samstarf við þessi ríki. Ráðherrarnir eru sammála um að hugsanleg viðurkenning annarra lýðvelda sem hafa óskað þess verði að bíða frekari athugunar.

RÖSE

Utanríkisráðherrarnir lögðu áherslu á þýðingu fjórða framhaldsfundar RÖSE sem hefst í Helsinki 24. mars 1992, og fundar utanríkisráðherraráðsins í Prag 30.-31. janúar 1992.

Ráðherrarnir ítrekuðu að þeir telji að RÖSE hafi verulegu hlutverki að gegna í myndun á nýju öryggis- og samvinnukerfi sem byggt er á sameiginlegu gildismati allra Evrópuríkja og er grundvallað á lýðræði, mannréttindum og markaðsbúskap. Í þessu samhengi er það mjög þýðingarmikið að RÖSE verði þróað í því skyni að koma í veg fyrir átök og finna lausn á þeim með friðsamlegum hætti, m.a. friðargæslu. Efnahagssamvinna og umhverfisvernd ættu einnig að halda áfram að hafa forgang.

Ráðherrarnir leggja áherslu á mikilvægi þess, að viðræður á vegum RÖSE um afvopnun og öryggi og traustvekjandi aðgerðir í Evrópu haldi áfram í heildarsamningaviðræðum eftir Helsinki-fundinn.

Í ljósi væntanlegrar fjölgunar á aðildarríkjum RÖSE árétta ráðherrarnir að með þátttöku skuldbindi ríki sig til að hlíta ákvæðum RÖSE-samþykkta.

Miðausturlönd

Utanríkisráðherrar Norðurlanda lögðu áherslu á þýðingu sem þeir ætli friðarviðræðunum sem hófust með friðarráðstefnunni um Miðausturlönd í Madrid.

Ráðherrarnir litu alvarlegum augum á versnandi ástand á hernumdu svæðunum, þ.á m. vaxandi ofbeldi og áframhald á landnámi.

Ráðherrarnir skoruðu á hlutaðeigandi aðila að forðast hvert það skref sem gæti stofnað friðarviðræðunum í hættu og þess í stað að framkvæma traustvekjandi aðgerðir sem gætu stuðlað að jákvæðu og hreinskilnu andrúmslofti í viðræðunum.

Ráðherrarnir bentu jafnframt á þýðingu þess að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hafi nýlega með þátttöku Norðurlandanna ógilt hina óaðgengilegu ályktun sem lagði síonisma og kynþáttamisrétti að jöfnu.

Utanríkisráðherrarnir lýstu þeirri von að allir hlutaðeigandi aðilar tækju þátt í fjölþjóðlegum samningaviðræðum sem hæfust í Moskvu síðar í þessum mánuði og eru annar þátturinn í friðarviðræðunum. Norðurlönd hafa þegið um þátttöku í fjölþjóðlegu viðræðunum í Moskvu og hyggjast stuðla að jákvæðum og raunhæfum framgangi viðræðnanna.

- OOO -

Norðurlönd hafa um árabil stutt starfsemi UNRWA í þágu Palestínumanna. Ekki síst í ljósi langvarandi, neikvæðra efnahagslegra og félagslegra afleiðinga stríðsins við Persaflóa áréttuðu ráðherrarnir að þessum stuðningi yrði haldið áfram.

Þeir lögðu áherslu á þýðingu þess að eðlilegt ástand skapaðist í Líbanon á grundvelli Taif-samkomulagsins. Ráðherrarnir staðfestu að við óbreyttar aðstæður hefði UNIFIL, sem Norðurlönd hafa veitt verulegan stuðning, enn mikilvægu hlutverki að gegna í suðurhluta Líbanons.

Írak

Norrænu utanríkisráðherrarnir telja, að stjórnvöld í Bagdad hafi í ákveðnum tilvikum komið fram á ófullnægjandi hátt eða aðeins að hluta til staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um friðarskilmála. Írösk stjórnvöld ein bera ábyrgð á þessu ótæka ástandi.

Þeir eru sammála um að viðskiptabannið á Írak er nátengt þeim skilyrðum sem felast í ályktunum öryggisráðsins og m.a. krefjast fullkominnar virðingar á félagslegum og pólitískum réttindum allra íraskra ríkisborgara, þ.m.t. kúrda og shíta.

Ráðherrarnir gáfu til kynna hversu mikils þeir meta störf nefndar Sameinuðu þjóðanna um gereyðingarvopn Íraks sem sett var á laggirnar samkvæmt ályktun öryggisráðsins nr. 687.

Írösk stjórnvöld bera fulla ábyrgð á hinu versnandi ástandi mannúðarmála í landinu.

Ráðherrarnir eru sammála um, að sú skylda hvíli á Írak að taka tafarlaust þau nauðsynlegu skref sem tryggi framkvæmd ályktana öryggisráðsins, sem veita landinu möguleika á að fjármagna innkaup matvæla og lyfja með sölu á olíu.

Ráðherrarnir lýsa viðurkenningu á mikilvægu mannúðarstarfi, sem Sameinuðu þjóðirnar vinna enn á svæðinu.

Þeir fagna því ennfremur, að náðst hefur samkomulag um framlengingu á dvöl eftirlitssveita Sameinuðu þjóðanna í Írak. Það hefur sýnt sig að sveitirnar eru mjög mikilvægar fyrir mannúðarstarf Sameinuðu þjóðanna í Írak, sem Norðurlöndin hafa á ýmsan hátt styrkt verulega.

Suður-Afríka

Norrænu utanríkisráðherrarnir fagna heilshugar áframhaldandi þróun til lýðræðislegra stjórnarhátta í Suður-Afríku, þar sem kynþáttaaðskilnaðarstefnan hefur verið afnumin. Ráðstefnan um lýðræðislega Suður-Afríku (CODESA) 20. og 21. desember 1991 með þátttöku allra helstu stjórnmálafylkinga í Suður-Afríku markaði þáttaskil á þessu ferli.

Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni yfir því að málsaðilar hafa m.a. skuldbundið sig til:

að skapa Suður-Afríku, þar sem kynþáttaaðskilnaðarstefnan hefur verið afnumin,

að vinna að myndun frjáls og opins samfélags byggðu á lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum,

að mynda fjölflokkalýðræði, þar sem kosningar fara fram með reglulegu millibili á grundvelli almenns og jafns kosningarréttar.

Ráðherrarnir fagna því, að með ráðstefnunni hafi verið tekið skref í þá átt að fulltrúar meirihlutans hafi bein áhrif á framkvæmdavaldið, og vona einnig að samkomulag náist sem fyrst um bráðabirgðastjórn.

Ráðherrarnir lýsa ennfremur mikilli ánægju sinni með að málsaðilar, þ.á m. ríkisstjórn Suður-Afríku, hafi skuldbundið sig til að framfylgja CODESA-samningunum eins og kostur er.

Norrænu utanríkisráðherrarnir eru nú þeirrar skoðunar að ekki verði aftur snúið af þeirri

braut sem nú er farin í átt til lýðræðislegra stjórnarhátta í Suður-Afríku. Norðurlönd munu halda áfram fullum stuðningi sínum við umbótaferlið, sem de Klerk forseti og Nelson Mandela, forseti Afríska þjóðarráðsins, hafa mótað og liggur nú fyrir í Ráðstefnunni um lýðræðislega Suður-Afríku. Ráðherrarnir staðfesta, að sá möguleiki hafi skapast, í samræmi við þær forsendur, lög og reglur sem hver þjóð hefur sett sér, að íhuga að afnema þær viðskiptaþvinganir gagnvart Suður-Afríku, sem enn eru í gildi á Norðurlöndum. Vopnaviðskiptabann öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna gildir þangað til annað verður ákveðið.

Norrænu utanríkisráðherrarnir staðfesta ennfremur þann vilja sinn að aðstoða við styrkingu lýðræðisþróunarinnar og að jafna hinn gífurlega félagslega mun sem kynþáttaaðskilnaðarkerfið hefur skapað í Suður-Afríku.

Sameinuðu þjóðirnar

Norrænu utanríkisráðherrarnir fagna ákvörðuninni um að halda sérstakan leiðtogafund í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í New York 31. janúar 1992. Það er skoðun ráðherranna að fundurinn endurspegli nú þá staðreynd, að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gegni nú betur en áður því hlutverki sem því var upphaflega ætlað við varðveislu friðar og öryggis í heiminum. Jafnframt skapast möguleikar fyrir Sameinuðu þjóðirnar að horfa fram á við og takast á við verkefni tíunda áratugarins undir forystu hins nýja aðalframkvæmdastjóra. Utanríkisráðherrarnir samþykktu hjálagða yfirlýsingu um viðhorf Norðurlandanna til framtíðarhlutverks Sameinuðu þjóðanna, sem send verður forseta öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

- OOO -

Norrænu utanríkisráðherrarnir minna á, að Sameinuðu þjóðirnar geta aðeins sinnt hinu nýja virka hlutverki sínu, sem öll aðildarríkin virðast sammála um, ef nægilegir fjármunir eru fyrir hendi. Þeir hvetja þess vegna öll aðildarríkin, að greiða framlag sitt til Sameinuðu þjóðanna að fullu, eins og Norðurlöndin hafa nú þegar gert og eins fljótt og kostur er.

Ráðherrarnir ítreka stuðning sinn við hinn nýja aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og óska honum farsældar í framtíðarstörfum hans. Þeir láta í ljós þá von, að Dr. Boutros-Ghali geti bráðlega þegið boð um að heimsækja Norðurlöndin.

Kórea

Norrænu utanríkisráðherrarnir fagna samningunum tveimur, sem nýlega voru gerðir milli Norður- og Suður-Kóreu um sættir, grið og samvinnu svo og kjarnavopnalaust svæði á Kóreuskaga. Ráðherrarnir fagna einnig loforði Norður-Kóreu um að veita Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni aðgang að kjarnorkuverum í Norður-Kóreu til eftirlits. Samningurinn markar þáttaskil í átt til slökunar spennu, öryggis og varanlegs friðar í Kóreu og í næsta nágrenni. Samningurinn um að gera Kóreu að kjarnavopnalausu svæði og loforðið um eftirlit Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar er einnig mikilvægt framlag til að koma í veg fyrir frekari dreifingu kjarnavopna í heiminum, starf sem Norðurlöndin hafa tekið virkan þátt í.

Það er nú mikilvægt, að samningurinn sem og loforðið um eftirlit Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar komi sem fyrst til framkvæmda.

Fylgiskjal 4

Ályktanir sem Ísland var meðflytjandi að á 46. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna

Ál.nr.	Efni	Atkvæða-greiðsla
46/1	Aðild Norður- og Suður-Kóreu	S.á.a.
46/2	Aðild Sambandaríkja Mikrónesíu	S.á.a.
46/3	Aðild Marshalleyja	S.á.a.
46/4	Aðild Eistlands	S.á.a.
46/5	Aðild Lettlands	S.á.a.
46/6	Aðild Litháens	S.á.a.
46/7	Ástand lýðræðis- og mannréttinda á Haiti	S.á.a.
46/8	Hafréttarmál	140-1-7
46/79F	Suður-Afríkusjóður	S.á.a.
46/80	Menntunar- og þjálfunaráætlun fyrir sunnanverða Afríku	S.á.a.
46/86	Ógild ákvörðun um að jafna síonisma við kynþáttahatur	111-25-13
Fyrsta nefnd:		
46/26	Efndir samninga um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun	S.á.a.
46/29	Allsherjarsamningur um bann við kjarnavopnatilraunum	147-2-4
46/35B	Efna- og sýklavopn: Leiðir til þess að viðhalda gildi Genfarsamningsins frá 1925	S.á.a.
46/35C	Svæðsbundin afvopnun og traustvekjandi aðgerðir	S.á.a.
46/36G	Traustvekjandi aðgerðir og afvopnun hefðbundinna vopna í Evrópu	S.á.a.
46/36L	Upplýsingar um viðskipti með hefðbundin vopn	150-0-2
46/40	Samningur um bann við eða takmarkanir á beitingu hefðbundinna vopna sem valda ódæma þjáningu	S.á.a.
Önnur nefnd:		
46/149	Áratugur v/náttúruhamfara	S.á.a.
46/158	Nefnd um menningu og þróun	S.á.a.
46/166	Sjálfstæður atvinnurekstur	S.á.a.
46/203	Varnir gegn eyðni	S.á.a.
Þriðja nefnd:		
46/83	Kynþáttamisréttisnefnd, CERD	S.á.a.
46/96	Alþjóðaframkvæmdaáætlun um málefni fatlaðra	S.á.a.
46/100	Bætt staða kvenna á skrifstofu Sþ	S.á.a.
46/102	Framkvæmd áætlunar um aðgerðir gegn eiturlyfjum	S.á.a.
46/106	Skýrsla flóttamannafulltrúa Sþ	S.á.a.
46/108	Aðstoð við flóttafólk í Afríku	S.á.a.
46/110	Sjóður í þágu fórnarlamba pyntinga	S.á.a.
46/111	Árangursrík framkvæmd alþjóðasamnings á sviði mannréttinda	S.á.a.

46/112	Framkvæmd samningsins um réttindi barna	S.á.a.
46/113	Mannréttindasáttmálar	S.á.a.
46/116	Alþjóðaráðstefna um mannréttindi	S.á.a.
46/118	Efling mannréttindaskrifstofu Sþ	S.á.a.
46/120	Mannréttindi í réttarfarskerfinu	S.á.a.
46/131	Útrýming alls umburðarleysis í trúmálum	S.á.a.
46/132	Mannréttindi í Myanmar	S.á.a.
46/134	Mannréttindi í Írak	S.á.a.
46/139	Félagsleg þróun	S.á.a.

Sjötta nefnd:

46/54	Alþjóðalaganefndin	S.á.a.

Fylgiskjal 5

Yfirlit yfir þróunaraðstoð Íslands og önnur frjáls framlög 1991 og 1992, sem hafa verið veitt eða eru ráðgerð

		1991		1992
Matvæla- og landbúnaðarst. Sþ, FAO	IKR	6.040.000	IKR	6.900.000
Þróunarstofnun Sþ, UNDP	IKR	14.490.000	IKR	16.800.000
Alþjóðaframfarastofnunin, IDA	IKR	104.200.000	IKR	109.400.000
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	IKR	95.000.000	IKR	110.500.000
Alþjóðabankinn, IBRD	IKR	20.300.000	IKR	30.600.000
Háskóli Sþ, UNU	IKR	22.640.000	IKR	24.400.000
Barnahjálp Sþ, UNICEF	IKR	7.060.000	IKR	8.200.000
Matvælaáætlun Sþ, WFP	IKR	860.000	IKR	883.000
Flóttamannastofnun Sþ, UNHCR	IKR	2.170.000	IKR	2.255.000
Palestínumannaaðstoðin, UNRWA	IKR	1.500.000	IKR	1.613.000
Namibíusjóður Sþ, UNFN	IKR	124.000		
Alþjóðanefnd Rauða krossins	IKR	2.230.000	IKR	2.666.000
Suður-Afríkusjóður Sþ, UNTFSA	IKR	124.000	IKR	132.797
Neyðarhjálp Sþ, UNDRO	IKR	370.000	IKR	543.000
Mannfjöldasjóður Sþ, UNFPA	IKR	160.000	IKR	200.000
Alþjóðamatvælabirgðasj. Sþ, IEFR	IKR	360.000	IKR	370.000
Umhverfismálastofnun Sþ, UNEP	IKR	275.000	IKR	288.532
Fíkniefnaeftirlit Sþ, UNDCP	IKR	124.000	IKR	123.376
Sjóður Sþ v/fórnarlamba pyntinga	IKR	240.000	IKR	300.000
Norræni þróunarsamvinnusjóðurinn	IKR	7.000.000	IKR	14.800.000
Þróunarsj. Sþ fyrir konur, UNIFEM	IKR	1.100.000	IKR	1.129.000

Fylgiskjal 6

Hagvöxtur (vöxtur vergrar landsframleiðslu) skv. tölum OECD, desember 1991, nema tölur innan sviga, sem eru frá Þjóðhagsstofnun, mars 1992. Prósentubreyting frá árinu á undan.

	1988	**1989**	**1990 (áætl.)**	**1991 (áætl.)**	**1992 (spá)**	**Meðaltal**
Ísland	-0,8	-1,3	(0,7)	(1,4)	(-3,5)	-0,70
Noregur	-0,5	0,4	1,8	4,1	2,0	1,56
Svíþjóð	2,3	2,1	0,3	-1,2	0,2	0,74
Finnland	5,4	5,4	0,4	-5,2	-0,4	1,12
Danmörk	0,5	1,2	2,1	2,0	2,5	1,66
Evrópubandalagið	4,0	3,5	2,9	1,4	2,1	2,78
Bandaríkin	4,5	2,5	1,0	-0,5	2,2	1,94
OECD	4,5	3,3	2,6	1,1	2,2	2,74

Fylgiskjal 7

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar varðandi Eystrasaltsríkin 23. janúar 1992.

Á fundi ríkisstjórnar 23. janúar 1991 voru að tillögu utanríkisráðherra teknar ákvarðanir um eftirtaldar aðgerðir vegna ástands mála í Eystrasaltslöndunum:

1. Að fela sendiherra Íslands í Moskvu að afhenda sovéskum stjórnvöldum formlega orðsendingu og krefjast upplýsinga um og skýringa á athæfi sovéskra hersveita gegn lýðræðislega kjörnum ríkisstjórnum og þegnum Eystrasaltsríkjanna. Þessi ósk er borin fram með tilvísun til þess kafla í lokaskjali Vínarfundar Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu frá 1986, sem fjallar um hinn mannlega þátt ráðstefnunnar og ákvæða sem samþykkt voru á fundi um sama efni í Kaupmannahöfn 1990. Samþykktirnar kveða m.a. á um að þátttökuríki verði við skriflegum beiðnum um upplýsingar, sem fram eru bornar, og lúta að hinum mannlega þætti ráðstefnunnar og gefi svar innan fjögurra vikna.

Í orðsendingunni er vísað til eftirfarandi atvika í Litháen og Lettlandi:

- að fregnir hermi að sovéskar hersveitir hafi valdið dauða fleiri en 12 Litháa og fjögurra manna í Riga um síðustu helgi
- að 29 manna sé saknað í Litháen í kjölfar aðgerða sovéskra hersveita
- að sovéskar hersveitir hafi komið í veg fyrir starfsemi fjölmiðla með hertöku prentsmiðju og ljósvaka
- að sovéskar hersveitir hafi skemmt og eyðilagt eignir ríkistjórnarinnar í Litháen þ.á.m. höfuðstöðvar þjóðvarðliðsins, höfuðstöðvar litháíska sjónvarpsins og hertekið innanríkisráðuneytið.

Í orðsendingunni er skýrt frá þeirri afstöðu íslenskra stjórnvalda að þessar aðgerðir brjóti í bága við ákvæði Helsinki-sáttmálans og ákvæði þau um mannlega þáttinn er samþykkt voru í Kaupmannahöfn. Þessu til stuðnings er í orðsendingunni vísað í einstök ákvæði sem samþykkt voru í Kaupmannahöfn.

2. Að beina þeim tilmælum til Alþingis að sendinefnd þingmanna fari nú þegar til Eystrasaltslandanna og að gengið verði frá gagnkvæmum samningi milli Alþingis og þjóðþinga Eystrasaltsríkjanna um **skipti á fastafulltrúum** þinganna.

3. Utanríkisráðherra mun formlega leita samvinnu við utanríkisráðherra Norðurlanda um sameiginlegar aðgerðir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna m.a. að boðað verði til ráðstefnu á vegum samtakanna þar sem fjallað verði um pólitíska lausn á ágreiningsmálum Eystrasaltsríkjanna og Sovétstjórnarinnar, á grundvelli þjóðarréttar.

4. Verði um frekari ofbeldisaðgerðir að ræða í Eystrasaltsríkjunum mun Ísland fara þess formlega á leit að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna verði kallað saman.

5. Utanríkisráðherra hefur falið fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu að vinna áfram að því á vettvangi pólitísku nefndar bandalagsins að bandalagið og aðildarríki láti málefni Eystrasaltsríkjanna til sín taka í auknum mæli.

6. Fjallað var um stjórnmálasamband við Litháen. Alþingi og utanríkisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hafa margítrekað afstöðu Íslands til sjálfstæðis Litháen sem fyrst var formlega komið á framfæri 21. janúar 1922. Íslands hefur aldrei viðurkennt innlimun landsins í Sovétríkin. Þetta sjónarmið um réttarstöðu Litháen var staðfest í desember 1989 af sovéska

þinginu þegar samningur Molotovs og Ribbentrop um innlimun Eystrasaltsríkjanna var lýstur ólöglegur.

Staðfestur var sá skilningur ríkisstjórnarinnar að með opinberri heimsókn utanríkisráðherra til allra Eystrasaltslandanna í síðustu viku hafi framkvæmd stjórnmálasambands við Litháen verið staðfest. Ákveðið var að ósk stjórnvalda í Litháen að taka upp viðræður milli ríkjanna um frekara stjórnmálasamband.

7. Tilmælum er beint til fulltrúa Íslands á þingi Evrópuráðsins sem haldið verður í næstu viku, að hafa frumkvæði að ályktun þingsins um málefni Eystrasaltsríkjanna.

8. Þeim tilmælum er beint til formanns forsætisnefndar Norðurlandaráðs að ráðið taki skýra afstöðu með sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna.

9. Hafinn verður undirbúningur að nánara sambandi við Eystrasaltsríkin á sviði viðskipta- og menningarmála.

Fylgiskjal 8

Greinargerð utanríkisráðherra sem afhent var sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi 12. apríl 1991

I.

Hinn 23. janúar 1991 ákvað íslenska ríkisstjórnin að fallast á beiðni Litháenstjórnar um að hafnar yrðu viðræður um möguleika á nánari diplómatískum samskiptum landanna. Með þingsályktun sem samþykkt var hinn 11. febrúar 1991 lýsti Alþingi sig fylgjandi þessari ákvörðun. Í ályktuninni er áréttað að viðurkenning Íslands á sjálfstæði Litháens árið 1922 sé í fullu gildi. Í henni var einnig skorað á ríkisstjórnina að koma á formlegum stjórnmálasamskiptum við Litháen eins fljótt og verða má.

Í yfirlýsingum sem afhentar voru sendiherra Íslands í Moskvu 5. og 13. febrúar 1991 krafðist utanríkisráðuneyti Sovétríkjanna skýringa á fréttatilkynningu utanríkisráðherra Íslands 23. janúar 1991 og ályktun Alþingis hinn 11. febrúar 1991.

Ríkisstjórn Íslands harmar að utanríkisráðuneyti Sovétríkjanna líti svo á að ákvarðanir hennar og ályktun Alþingis séu þeim óvinsamlegar, og hafi talið nauðsynlegt að sýna fram á þessa afstöðu með því að veita sendiherra Sovétríkjanna í Reykjavík fyrirmæli um að halda kyrru fyrir í Moskvu til samráðs. Ríkisstjórnin metur mikils hin langvarandi samskipti við Sovétríkin, og væntir þess að samskipti sem eru til hagsbóta fyrir bæði ríkin verði fram haldið.

Sendiherra Íslands í Moskvu hefur samkvæmt fyrirmælum farið fram á fund utanríkisráðherra Íslands og viðeigandi stjórnvalda í Sovétríkjunum til að skýra afstöðu Íslands til Eystrasaltsríkjanna, og þá einkum Litháen.

Afstöðu Íslands til Litháen verður að meta í samhengi við hinar róttæku breytingar sem orðið hafa á síðari árum í samskiptum Evrópuríkja. Sérstaklega ber að líta á hana í tengslum við þá lýðræðisbyltingu sem átt hefur sér stað hvarvetna á vettvangi evrópskra stjórnmála, en sú bylting var fyrst og fremst möguleg vegna stefnu Sovétríkjanna. Við það, að tekist hefur að vinna bug á skiptingu Evrópu hafa vonir glæðst um stöðugleika í samskiptum allra þjóða álfunnar.

Þessar breyttu aðstæður komu meðal annars fram í Parísaryfirlýsingu um nýja Evrópu sem undirrituð var 21. nóvember 1990. Þar lýstum við þeirri sameiginlegu sannfæringu okkar að "efling lýðræðis ásamt því að mannréttindi séu virt og þeim haldið uppi í raun eru óhjákvæmilegar forsendur fyrir því að festa megi frið og öryggi í sessi meðal ríkja okkar." Við vorum ennfremur sammála um að "lýðræðisleg landsstjórn er byggð á vilja fólksins, sem látinn er reglulega í ljósi í frjálsum og sanngjörnum kosningum."

Ríkisstjórn Litháens, sem kjörinn var í frjálsum kosningum, hefur leitast við það af fullri einurð að endurheimta sjálfstæði landsins. Hin óformlega þjóðaratkvæðagreiðsla hinn 9. febrúar 1991 sýnir einnig fram á að vilji alls þorra Litháa stendur til þess að koma fullu sjálfstæði aftur á.

Það er í samræmi við anda Parísaryfirlýsingarinnar, sem gerir ráð fyrir nýjum og

bættum samskiptum í afstöðu ríkja okkar á sviði öryggismála, byggðum á því að báðir aðhyllist lýðræðisleg gildi, mannréttindi og mannfrelsi, að sinnt sé lögmætum óskum eins og þeim sem fram hafa komið hjá lýðræðislega kjörinni stjórn og þjóð Litháens. Hina yfirlýstu stefnu að styðja sjálfstæðisbaráttu Litháa ber ekki að líta á sem tilraun til að brjóta gegn reglunni um landamærahelgi, heldur sem leið til að stuðla að því, að þessi framtíðarsýn megi rætast.

Sú afstaða sovéska utanríkisráðuneytisins, að stefna Íslendinga í málefnum Eystrasaltsríkjanna sé ósamrýmanleg skuldbindingum þeim sem kveðið er á um í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, lokasamþykkt Helsinkiráðstefnunnar og öðrum grundvallarsamþykktum Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, og að um sé að ræða íhlutun í innanríkismál Sovétríkjanna er ríkisstjórn Íslands að sjálfsögðu mikið áhyggjuefni. En hún getur þó ekki fallist á þessar skoðanir.

Eftirfarandi eru skýringar utanríkisráðuneytisins á ákvörðunum íslensku ríkisstjórnarinnar. Þær eru settar fram til að verða við ósk sovéska utanríkisráðuneytisins um upplýsingar.

II.

Í kjölfar þess að Litháen var endurreist sem sjálfstætt ríki var lýðveldið Litháen viðurkennt de jure af hálfu Íslands árið 1922. Verslunarsamskiptum var komið á milli landanna á grundvelli samninga þar að lútandi á árunum 1923 og 1930.

Að áliti íslenskra stjórnvalda hafði það engin áhrif á viðurkenningu Íslands á lýðveldinu Litháen er herir Sovétríkjanna hernámu Litháen árið 1940, og að það var síðan innlimað í sovéska ríkjasambandið.

Endurreisn æðsta ráðs lýðveldisins Litháens á hinu sjálfstæða ríki Litháen hinn 11. mars 1990, og staðfesting á brábirgðastjórnarskrá lýðveldisins Litháens sama dag, gerði að nýju mögulegt að líta á Litháen sem fullgildan þjóðréttaraðila.

Hin óformlega þjóðaratkvæðagreiðsla í Litháen hinn 9. febrúar 1990 staðfesti að aðgerðir þessar njóta stuðnings yfirgnæfandi meirihluta Litháa.

III.

Á síðastliðnu ári hafa íslensk stjórnvöld staðfastlega stutt Litháen í viðleitni þess að fá viðurkenningu á sjálfstæði sínu. Ríkisstjórn Íslands hefur borið málið upp á fjölþjóðlegum vettvangi, t.d. Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu, allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðinu, og í tvíhliða samskiptum við mörg Evrópuríki.

Hinn 23. mars 1990 ritaði Jón Baldvin Hannibalsson, utanríkisráðherra, Shevardnadze, utanríkisráðherra Sovétríkjanna, bréf þar sem hann hvatti Sovétríkin til að hefja viðræður við lýðræðislega kjörna fulltrúa Litháens án skilyrða. Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra, ritaði Mikhail Gorbachev, forseta Sovétríkjanna, bréf hinn 13. janúar 1991, og hvatti hann þar til að binda endi á ofbeldisverk framin af sovéskum sérsveitum í Litháen. Vitnað var til Parísaryfirlýsingarinnar og lokasamþykktar Helsinkiráðstefnunnar. Hinn 23. janúar 1991 lagði sendiherra Íslands ennfremur fram erindi við sovésk stjórnvöld þar sem farið var fram á upplýsingar um tiltekin ofbeldisverk sem framin höfðu verið af sovéskum hermönnum í Litháen og Lettlandi. Í því samhengi var vitnað til þess sem laut að málaflokknum um hinn mannlega þátt á Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu. Afstaða íslensku

ríkisstjórnarinnar ætti því ekki að vera sovéskum stjórnvöldum neitt undrunarefni.

Auk áðurgreindrar þingsályktunar hinn 11 febrúar 1991 hafði Alþingi á þessu tímabili samþykkt þrjár aðrar þingsályktanir er vörðuðu Eystrasaltsríkin, hinn 13. mars 1990, 18. desember 1990 og 14. janúar 1991.

Eftir að óeirðir brutust út í Eystrasaltsríkjunum í janúar 1990 fór Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra í opinbera heimsókn til höfuðborga landanna þriggja.

Er utanríkisráðherra sneri aftur til Íslands tók ríkisstjórnin samskipti Íslands við Litháen til athugunar, og leiddi það til ákvörðunar hennar hinn 23. janúar 1991 þar sem fjallað var um stjórnmálasamband við Litháen og hvatt til þess að athygli yrði aftur beint að ástandinu í Litháen á fjölþjóðlegum vettvangi.

IV.

Ríkisstjórn Íslands hefur athugað vandlga þær reglur sem fyrir hendi eru um hvernig ákvarða skuli að þjóðarétti hvort tiltekin samfélagsheild eigi rétt á að teljast ríki. Í þessu sambandi verður að líta til viðurkenningar Íslands á Litháen 1922, til þess að í mars 1990 komu þar til skjalanna stjórnskipulega lögmæt yfirvöld, og þess að í hinni óformlegu þjóðaratkvæðagreiðslu í febrúar 1991 kom greinilega fram vilji lithátsku þjóðarinnar. Því verður ekki á móti mælt að sjálfstæði Litháens er heft nú, en vegna eðlis þeirra kringumstæðna sem leiddu til þeirra hafta hafa þær ekki þýðingu að alþjóðalögum. Unnt er að benda á fjölmörg dæmi í alþjóðasamskiptum þessu til stuðnings.

Sú spurning hefur verið borin upp hvort líta megi á þær aðgerðir sem ríkisstjórn Íslands hefur íhugað sem afskipti af innanríkismálum Sovétríkjanna. Að áliti Íslendinga er ekki unnt að útiloka þá frá því að koma fram við Litháen sem þjóðréttaraðila. Upphafleg viðurkenning Litháens er talin enn í gildi, og ekki er unnt að fallast á, að þær aðstæður sem ríktu þegar Litháen var innlimað í Sovétríkin árið 1940 breyti því.

Afstaða íslands er byggð á vandlegri könnun á réttarheimildum þjóðarréttar um hvenær ríki sé talið vera til. Þótt nokkur samstaða virðist ríkja um forsendur þess að líta megi á samfélag sem ríki, er oft erfitt að beita þeim viðmiðum á þau tilvik sem upp koma í raun. Að sumu leyti er hér um að ræða álitaefni um staðreyndir, að öðru leyti um lagaatriði, og að enn öðru leyti mat þess ríkis sem leitar svars við spurningunni.

Ríkisstjórn Íslands hefur kannað hvernig ríki hafa nálgast hliðstæð mál, en það er ekki alltaf auðvelt að fella saman við hreinar fræðikenningar. Til eru dæmi um að samfélögum sem hafa haft öll kennimerki ríkis til að bera, hafi verið synjað um alþjóðlega viðurkenningu. Í öðrum tilvikum hefur samfélögum, sem augljóslega höfðu ekki til að bera eitt eða fleiri viðurkennd eðliseinkenni ríkja, engu að síður verið veitt viðurkenning sem slíkum.

Í reynd er ekki hægt að einkenna ríki á neinn altækan hátt, því unnt er að viðurkenna samfélag sem ríki að sumu leyti, til dæmis til að njóta tiltekinna samskipta við það, en ekki að öðru leyti, til dæmis til aðildar að alþjóðlegri stofnun.

Ríkisstjórn Íslands er því ekki að setja fram almenna skilgreiningu á lagalegu eðli ríkishugtaksins, en hefur fremur kosið að beina augum að því hvort þjóðréttarleg staða Litháen sé þess eðlis að hægt sé að koma á stjórnmálasamskiptum.

Íslenska ríkisstjórnin telur lögin frá 11. mars 1990, sem kváðu á um endurreisn sjálfstæðs Litháens og settu stjórnskipunarreglur (stjórnarskrá) til bráðabirgða, sérstaklega

mikilvæg. Þær yfirlýsingar sem þar koma fram gera öðrum ríkjum kleift að líta á réttarástandið í Litháen sem viðvarandi. Þegar það er gert sýna lögin frá 11. mars 1990 að hinar sígildu viðmiðunarkröfur um landsvæði og íbúa séu uppfylltar, og virðist það við fyrstu sýn einnig eiga um kröfuna um virkt ríkisvald.

Krafan um virkt ríkisvald og hæfi til að annast samskipti við aðrar þjóðir er nátengd sjálfstæðishugtakinu, þ.e. að hvaða marki sú skipulagsheild sem um er að ræða fer með ríkisvald og erlend samskipti án fyrirmæla frá öðrum ríkjum.

Það er því nauðsynlegt að taka til athugunar lagalegar afleiðingar þess að Sovétríkin hafa heft Litháen í virkri beitingu ríkisvalds og takmarkað getu þess til að eiga samskipti við önnur ríki.

Í þessu samhengi má greina, að hæfi til að fara með samskipti við önnur ríi er tvíþætt. Í fyrsta lagi kemur til athugunar hvort samfélag það sem um er að ræða sé ábyrgt fyrir gerðum sínum að þjóðarrétti, og í öðru lagi hvort önnur ríki séu reiðubúin til að skuldbinda sig gagnvart því.

Mörg afbrigði á afstöðu ríkja til þessara mála má skýra út frá hernámi eða ólöglegri hersetu. Á slíku hefur til dæmis hinn fræðilegi grunnur fyrir samskiptum við útlagastjórnir verið byggður.

Í öðrum tilfellum hefur sú staðreynd, að ríkjandi aðstæður voru ólögmætar, hnekkt löglíkum sem ella kynnu að hafa verið taldar til staðar.

Ástandið í Litháen samsvarar þeim mun sem í þjóðarrétti er gerður milli "formlegs" sjálfstæðis og "virks" eða "raunverulegs" sjálfstæðis. Þótt Litháen sé hindrað í að beita sjálfstæði sínu verður að vega það og meta hvort slíkt hafi áhrif á það formlega sjálfstæði sem Ísland viðurkenndi áður fyrr.

Réttaráhrif aðgerða ríkistjórnar Sovétríkjanna árið 1940 skipta því öllum máli þegar ákvarða skal þjóðréttarlega stöðu Litháen.

Sú grundvallarregla þjóðarréttar nýtur fullrar viðurkenningar, að ekki megi byggja neinn rétt á ólöglegum aðgerðum. Neitun þjóða heims á að viðurkenna ólöglegt hernám og innlimun byggir á því, að valdbeiting í andstöðu við þjóðarrétt er skýlaust fordæmd. Dæmi úr samtíðinni sýna að samfélag þjóðanna er ekki tilbúið til að viðurkenna rétt þess ríkis sem stendur að innlimun.

Svo aftur sé vikið að Litháen, þá má fyrst geta þess að sú skoðun, að hernám Litháens árið 1940 hafi verið ólöglegt, var staðfest með ályktun fulltrúaþings Sovétríkjanna hinn 24. desember 1989.

Almennt er talið að þar til sýnt er fram á annað, beri að líta svo á, að gerðir ríkisstjórnar, sem sett er á stofn í kjölfar hernaðaraðgerða og hernáms, séu ekki gerðir sjálfstæðs ríkis. Að öðru leyti fara réttaráhrif eftir mati á atvikum. Það er almennt viðurkennt, að innlimun Litháens í Sovétríkin átti sér aðdraganda, runnin undan rifjum

hernámsliðsins, sem að mörgu leyti var mjög óeðlilegur[1]. Íslendingar eru ekki einir í því að álíta þessa atburðarás fela í sér ólögmæta valdbeitingu og ólöglega innlimun. Yfirgnæfandi meirihluti vestrænna ríkja er sömu skoðunar. Tilraunir til að greina á milli þeirrar niðurstöðu að samningur Molotoffs og Ribbentrops hafi verið ógildur, og þeirra lagalegu aðstæðna sem fylgdu á eftir hernámi Litháens, standast ekki nána athugun.

Þá kemur upp sú spurning hve lengi réttarstaða þjóðréttaraðila standist áhrifin af ólögmætu hernámi.

Með því að bæla niður það þjóðfélag sem fyrir var, valdastofnanir þess, tungu og menningu, geta áhrif innlimunar í kjölfar ólöglegs hernáms verið svo alger, að hið pólitíska samfélag líði undir lok. Nýleg dæmi sína hins vegar að samfélög í mörgum heimshlutum, hafa komið fram aftur í sem næst upprunlegri mynd þrátt fyrir frelsissviptingu um langan tíma.

Í þessu efni skipta lögin frá 11. mars 1990 og óformlega þjóðaratkvæðagreiðslan hinn 9. febrúar 1991 einnig máli, þar sem þau sýna, að hið pólitíska samfélag Litháens stóðst rás tímans og var áfram til sem sérstakur lögaðili.

Benda má á annað atriði varðandi hæfi til að fara með samskipti við aðra, og lýtur það að hvers eðlis slík samskipti eru. Staðreyndin er sú, að þau eru að sama skapi háð afstöðu annarra ríkja. Þegar önnur ríki eru reiðubúin til að hafa samskipti við tiltekið samfélag hefur afstaða þeirra þau áhrif að festa í sessi réttarstöðu þess.

Gera verður ráð fyrir að ríki sem fallast á að hefja samskipti við ríki með takmarkað löghæfi hagi þeim þannig að tekið sé tillit til ríkjandi aðstæðna, svo þau baki sér ekki ófyrirsjáanlega ábyrgð að alþjóðalögum. Þeim væri jafnvel ókleift að leita réttar síns þegar takmarkanir á hæfi þeirra til að stunda samskipti við aðra eru augljósar. Í þessu efni má ekki binda sig um of við fræðikenningar, og mars konar aðstæður munu koma upp sem bregðast verður við með sveigjanleika og réttsýni.

Sú spurning fylgir, hvort neita megi Litháen um réttinn til að með það sé farið sem ríki. Með öðrum orðum, getur annað ríki vikið sér undan skyldum sínum einfaldlega með því að neita að umgangast það sem ríki? í samræmi við þá greiningu sem gerð er hér að framan getur Ísland ekki leyft sér að þrýsta á að önnur ríki geri álit þess að sínu, en lætur þeim heldur eftir að bera aðstæður sínar saman við þær sem eiga við á Íslandi. Það er hins vegar bent á, að kjarni þess sem athugun íslensku ríkisstjórnarinnar leiðir í ljós, þ.e. að hernám Litháens og innlimun þess árið 1940 var ólögleg, kemur í veg fyrir að Sovétríkin geti beitt

---

[1] Í skýrslu nefndar þingmannafundar Evrópuráðsins segir að eftir innrásina í Eystrasaltsríkin í júní 1940 hafi Sovétríkin sett þeim úrslitakosti þess efnis, að myndaðar skyldu ríkisstjórnir vinveittar Sovétríkjunum. Er úrslitakostunum hafði verið hlýtt féllust Sovétríkin á að vernda sjálfstæði lýðveldanna þriggja. Í skýrslunni segir:

Sovétríkin stóðu þó ekki við þetta loforð. Er landið hafði verið hernumið var fljótlega bundinn endir á það millibilsástand, sem kennt var við "alþýðulýðveldi". Er sviðsettar kosningar höfðu farið fram 14. og 15. júní 1940 í andstöðu við stjórnarskrár, sem enn voru í gildi, svo og kosningalög, var komið á einræðisstjórn kommúnista, flýtt fyrir því með alræðisaðferðum að koma á ráðstjórnarskipun, og reglan um notkun þjóðtungu virt að vettugi. Þing hinna þriggja Eystrasaltslýðvelda, sem voru kosin í hinum sviðsettu kosningum, samþykktu þegar 21. og 22. júní 1940 yfirlýsingar um inngöngu Eystrasaltsríkjanna í Sovétríkin. Sovétlýðveldin þrjú við Eystrasalt voru síðan innlimuð í Sovétríkin þegar í ágúst 1940.

Í inngöngu Eystrasaltsríkjanna í Sovétríkin, sem fór fram samkvæmt sovéskum lögum í ágústbyrjun 1940, fólst ekki stofnun ríkjasambands af frjálfum vilja, heldur taka erlends landsvæðis með valdi, þ.e. ólögmæt innlimun samkvæmt núgildandi alþjóðalögum.

rökum sem þau gætu nýtt sér við venjulegar aðstæður.

V.

Ríkisstjórn Íslands hefur einnig athugað ákvæði lokasamþykktar Helsinkiráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Þótt lokasamþykktin sé ekki samin með orðalagi skuldbindingar að lögum, þá er hún samt háð lögskýringu á mjög svipaðan hátt og lagaleg ákvæði.

Almennt sé er rétt að benda á að í þeim viðræðum sem voru undanfari þess að lokasamþykktin var undirrituð áréttuðu mörg vestræn ríki þá vel þekktu afstöðu sína að þau hefðu aldrei viðurkennt inngöngu Eystrasaltríkjanna í Sovétríkin de jure. Sovétríkin hefðu þannig átt að hafa fengið aðvörun um að þessi ríki myndu ekki sætta sig við þá túlkun lokasamþykktarinnar, að réttarstöðu Eystrasaltsríkjanna væri þar með endanlega komið á hreint, og ekkert þeirra gæti síðan vakið máls á réttarstöðu þeirra sem álitsefnis að þjóðarrétti. Þau vestrænu ríki sem hér um ræðir hafa síðan enn staðfest afstöðu sína í tengslum við hina nýlegu atburði í Eystrasaltsríkjunum.

Hvað athugun á réttarstöðu Litháens viðvíkur eru í þremur af meginreglum lokasamþykktarinnar um samskipti þátttökuríkja ákvæði sem skipta máli í því sambandi, þ.e. í meginreglum I, III og IV.

Fyrsta ákvæðið er í meginreglu I, en hún fjallar um jafnrétti fullvaldaríkja og virðingu fyrir þeim réttindum sem í fullveldi felast, og fylgir tilvitnun til þess réttar hvers þátttökuríkis að ákveða sjálf samskipti sín við önnur ríkis og haga þeim að vild í samræmi við þjóðarrétt og anda þeirra reglna sem fram eru settar í lokasamþykktinni. Er það svohljóðandi:

> Þau telja, að landamærum þeirra sé unnt að breyta í samræmi við alþjóðalög, með friðsamlegum hætti og með samkomulagi.

Ætti þetta að eyða öllum vafa um að aðilar að lokasamþykktinni hafi viðurkennt, að gildandi landamærum annarra þátttökuríkja mætti ekki breyta. Hvernig mál hafa skipast í Þýskalandi er þessu til staðfestingar.

Annað ákvæði, sem máli skiptir er meginregla III, um landamærahelgi, sem hljóðar svo:

> Þátttökuríkinn líta á öll landamæri hvers annars sem og landamæri allra ríkja í Evrópu sem friðhelg og þess vegna munu þau hvorki nú né í framtíðinni ráðast á þessi landamæri.
>
> Í samræmi við þetta muni þau ekki heldur hafa í frammi neinar kröfur eða aðgerðir, sem miða að því að leggja undir sig hluta landsvæðis eða allt land einhvers þátttökuríkis.

Rétt er að benda á, að ákvæði þetta fellur undir þann ramma þar sem yfirgangur með

valdi er fordæmdur, og bera má það saman við áþekkt orðalag í yfirlýsingunni um meginreglur þjóðaréttar um vinsamleg samskipti og samstarf ríkja samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna.

Ríkisstjórn Íslands hefur hvergi í yfirlýsingum sínum eða tillögum um þessi mál fallist á að telja neinn yfirgang með valdi lögmætan.

Þriðja ákvæðið er meginregla IV, um landamærahelgi ríkja, en hún hljóðar svo:

Þátttökuríkin munu virða landamærahelgi hvers einstaks þátttökuríkis.

Í samræmi við þetta munu þau ekki grípa til neinna aðgerða, sem eru í ósamræmi við markmið og meginreglur stofnskrár Sameinuðu þjóðanna gegn landamærahelgi, stjórnmálasjálfstæði eða einingu nokkurs þátttökuríkis, og sérstaklega munu þau ekki grípa til neinna aðgerða, sem fela í sér hótun um valdbeitingu eða beitingu valds.

Þátttökuríkin munu ekki heldur hernema landsvæði hvers annars eða grípa til annarra beinna eða óbeinna ofbeldisaðgerða í andstöðu við alþjóðalög eða slá eign sinni á það sem slíkum aðgerðum eða hótun um beitingu þeirra. Ekkert slíkt hernám eða landvinningur verður viðurkenndur sem lögmætur.

Hvað snertir athugun ríkisstjórnar Íslands á réttarstöðu Litháens er lögð sérstök áhersla á bann við ólögmætu hernámi og töku lands í þriðju málsgrein meginreglunnar. Að þessu leyti skiptir ákvæði það sem vitnað var til hér að ofan í meginreglu I sérstaklega máli. Greining sú sem gerð var hér að frama á áhrifum ólöglegs hernáms og innlimunar Litháens á réttarstöðu þess á einnig við um skýringu á meginreglu IV.

VI.

Sjónarmið þau sem lýst er hér að framan um stefnu Íslands gagnvart Litháen eru sett fram til skýringar á því að Ísland getur ekki fallist á það sem utanríkisráðuneyti Sovétríkjanna hefur haldið fram, að hún samræmist ekki skuldbindingum samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og lokasamþykkt Helsinkiráðstefunnar. Rétt er að leggja áherslu á það í þessu sambandi að mörgu leyti er núverandi ástand óviðkomandi mati á núverandi stefnu Sovétríkjanna eða nýrri þróun í stjórnskipun þeirra, heldur lýtur það að lagaáhrifum sem enn gætir vegna atburða er áttu sér stað fyrir meir en 50 árum. Í þeirri stöðu sem nú ríkir kemur fram einn af þeim þáttum sem enn eru eftir af arfleifð eftirstríðsáranna í Evrópu og hefur staðist þau breytingaröfl, sem mótað hafa nýja skipan í álfunni. Því miður verður að telja, á grundvelli þess sem að ofan er ritað um hinar sögulegu og lagalegu hliðar málsins, að í samskiptum Íslands og Sovétríkjanna sé staða Eystrasaltsríkjanna, og þar af Litháens sérstaklega, málefni sem ekki á sér hliðstæðu.

Íslendingar hafa staðfastlega lagt áherslu á þá nauðsyn að friðsamleg lausn eigi sér stað á deilu Eystrasaltríkjanna og Sovétríkjanna. Því hefur Ísland lýst þeirri skoðun við mörg tækifæri að hana beri að leysa með samningaviðræðum. Það er til marks um þá stefnu, að Íslendingar hafa fallist á að miðla málum milli Eystrasaltsríkjanna og sovéskra stjórnvalda.

Fylgiskjal 9

Framlög Íslands til alþjóðastofnana á árinu 1991

Allar upphæðir í þús.kr.

	Gjöld samtals
Sameinuðu þjóðirnar, UN	14 010
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	5 240
Alþjóðavinnumálastofnun, IL	3 120
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	4 390
Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR	2 170
Hið almenna samkomalag um tolla og viðskipti, GATT	1 960
Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO	1 060
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1 030
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kípur, UNIFICYP	690
Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki, FAO	50
Alþjóðagerðardómurinn í Haag	10
Tollasamvinnuráðið, CCC	1 200
Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	420
Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	2 690
Alþjóðahafrannsóknir (ICES,ICNAF,NEAFC)	5 310
Alþjóðastofnunin til útgáfu tollalaga	110
Alþjóðalandfræðisambandið, IGU	20
Alþjóðajarðfræðisambandið, IUGS	20
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	1 100
Bernarsambandið	630
Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	1 970
Evrópuráðið	7 410
Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	9 840
Atlantshafsbandalagið, NATO	28 750
Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	24 870
Alþjóðanáttúruverndarsambandið	380
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	710
Alþjóðasamband um byggingarskipulag	50
Oslóarsamningurinn um varnir gegn mengun	450
Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	60
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	4 050
Sameindalíffræðiþing Evrópu	360
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	2 220
Parísarsamningur um varnir gegn mengun	460
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	160
Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga	240
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	2 300
Eftirlitssveitir Sameinuðu þjóðanna í Angólu, UNAVEM	110
Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna í Mið-Ameríku, ONUCA	1 420
Tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti, TEDIS	350
Framlag Íslands til fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar	70 370
Samtals	**203 280**

Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

	Gjöld samtals
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	95.000
Háskóli Sameinuðu þjóðanna	22.620
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	6.040
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	14.490
Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	7.060
Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP	860
Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR	2.170
Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við palestínska flóttamenn, UNRWA	1.500
Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	690
Alþjóðaráð Rauð krossins	2.230
Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNDRO	370
Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn, IEFR	360
Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	1.100
Samtals	**154.490**

Fylgiskjal 10

Greinargerð utanríkisráðuneytisins um Vestur-Evrópusambandið

I. Yfirlit yfir sögu og störf

a. Uppruni og söguleg þróun

Í þeirri óvissu, sem fylgdi í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar, ákváðu Belgía, Bretland, Frakkland, Holland og Lúxemborg að stofna Vestur-Evrópusambandið árið 1948. Þetta var undanfari stofnunar Atlantshafsbandalagsins. Markmiðið með stofnun sambandsins var að efla efnahagslega og félagslega samvinnu aðildarríkjanna. Stofnsáttmálinn, Brusselsáttmálinn svonefndi, gerði einnig ráð fyrir varnarmálasamvinnu, þ.e. ákvæði um að árás á eitt eða fleiri aðildarríki kallaði skilyrðislaust á sameiginleg varnarviðbrögð, sem er mun ákveðnari skuldbinding en felst í V.gr. Norður-Atlantshafssamningsins.

Eftir stofnun Atlantshafsbandalagsins árið 1949 dró mjög úr starfsemi Vestur-Evrópusambandsins (VES), þó samráð í einhverjum mæli héldi áfram. Með vaxandi nauðsyn á að tengja Vestur-Þýskaland á raunhæfan hátt við öryggis- og varnarmálastarf vestrænu ríkjanna var ráðgert að stofna Varnarbandalag Evrópu (European Defence Community), á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, en það var samþykkt af Atlantshafsbandalaginu í Lissabon 1952, sbr. 3. gr. yfirlýsingar fundarins. Af stofnun þessa bandalags varð þó ekki vegna andstöðu Frakklands 1954. Þessi niðurstaða varð til að lífga Vestur-Evrópusambandið við, en Vestur-Þýskalandi var veitt innganga í sambandið og VES í raun falið að fylgjast með endurvígvæðingu landsins. Innganga Vestur-Þýskalands í VES var fyrst og fremst mikilvægt undirbúningsskref fyrir aðild þess að Atlantshafsbandalaginu 1955. Við inngöngu Vestur-Þýskalands í VES var Brusselsáttmálinn endurskoðaður og tengslin við Atlantshafsbandalagið frekar skilgreind.

Helstu þættir Brusselsáttmálans að lokinni endurskoðun eru enn sem hér segir:

* IV.gr. skilgreinir nánar tengsl VES við Atlantshafsbandalagið, og er kveðið á um náið samráð þessara tveggja samtaka á sviði varnarmála til að koma í veg fyrir tvíverknað og jafnframt að VES skuli þiggja ráð og upplýsingar frá bandalaginu.

* V.gr. samningsins kveður á um skilyrðislausa hernaðar-aðstoð ríkjanna hvert við annað ef til átaka kemur.

* VIII.gr. kveður á um að hvert aðildarríki geti krafist funda ráðherraráðsins vegna aðstæðna, sem ögna öryggi eða efnahagslegum stöðugleika aðildarríkis, og er slíkum aðstæðum ekki sett landfræðileg mörk eins og í Norður-Atlantshafssamningnum.

Fram á miðjan áttunda áratuginn var samráð VES fyrst og fremst um stjórnmál og efnahagsmál, einkum milli Bretlands annars vegar og hinna VES ríkjanna hins vegar. VES var í raun eini vettvangur evrópskrar umræðu um stjórnmálaþróun, efnahagsmál og öryggismál

á þessum tíma sem bresk stjórnvöld áttu aðild að. Utanríkisráðherrar aðildarríkjanna hittust ársfjórðungslega í þessum tilgangi. Innganga Bretlands í EB 1973 varð til þess að heldur dofnaði yfir VES á nýjan leik, enda þá öll aðildarríki VES jafnframt í EB. Það var ekki fyrr en 1984 sem starf Vestur-Evrópusambandsins efldist á ný. Kom þar einkum til ein tilraun franskra stjórnvalda til að efla evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum til að vega á móti meintum áhrifum Bandaríkjanna í Atlantshafsbandalaginu. Niðurstaðan varð þó sú að Rómaryfirlýsing VES frá 1984 styrkti enn áhersluna á Atlantshafstengslin og hlutverk Atlantshafsbandalagsins. Á Rómarfundinum var einnig ákveðið að hefja aftur reglulega fundi VES-ráðsins, með þátttöku bæði utanríkis- og varnarmálaráðherra.

Á haustfundi VES í Haag 1987 var samþykkt stefnuskrá sambandsins á sviði öryggis- og varnarmála (Platform on European Security Interests). Í stórum dráttum er þar að finna áherslu á fjóra meginþætti:

* áhersla á að samrunaþróunin í Evrópu taki einnig til öryggis- og varnarmála, þar sem VES hafi mikilvægu hlutverki að gegna,

* áhersla á ágæti ríkjandi varnarfyrirkomulags í Vestur-Evrópu og að ekki megi hrófla við því,

* áhersla á að kjarnavopn væru óhjákvæmilegur þáttur í að forða styrjöld og tryggja öryggi og frið í Evrópu,

* ítrekun á gildi Brusselsáttmálans, með hinni gagnkvæmu varnarskyldu, sem viðeigandi grundvöll frekari útfærslu á öryggismálasamvinnu í Vestur-Evrópu, þ.m.t. tvíhliða og svæðisbundinnar samvinnu.

Það eru einkum tveir heimsviðburðir sem ollu því að VES samþykkti þennan stefnugrunn. Annars vegar var það leiðtogafundur Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í Reykjavík, þar sem "næstum" voru teknar ákvarðanir um eyðingu kjarnavopna án undanfarandi samráðs við bandalagsríkin í Evrópu. Hins vegar var það Perslaflóastríð Írana og Íraka sem ógnaði evrópskum hagsmunum. Eftir að stefnuskráin hafði verið samþykkt dró aftur um stund úr störfum VES. Gildistími Brusselsáttmálans rennur út 1998 og er endurskoðun hans þegar hafin.

b. Samráð við önnur ríki

Sérstöku samráði ráðherra VES við Grikkland og Tyrkland var komið á 1989. Aðildarríki VES hafa viljað forðast deilur Grikkja og Tyrkja sem hafa oft verið áberandi í Atlantshafsbandalaginu. Norsk stjórnvöld óskuðu eftir áheyrnaraðild árið 1985 og 1986, en engin niðurstaða fékkst og hefur málið legið í láginni þar til nú. Þó er að nefna að á Parísarfundi VES 1991 fengu norsk stjórnvöld óbeint að fylgjast með umræðum, einkum vegna siglinga norskra kaupskipa. Á Haag/Brusselfundi VES um Júgóslavíu haustið 1991 var norskum fulltrúum boðið óformlega að fylgjast með fundarhaldi, ásamt fulltrúum Danmerkur, Grikklands, Írlands og Tyrklands.

c. Skipulag

Yfirstjórn VES er í höndum ráðherraráðsins (Council), sem kemur saman reglulega tvisvar á ári, þó fundum þess hafi fjölgað að undanförnu. Ráðherraráðið skipa bæði utanríkis- og varnarmálaráðherrar. Daglega yfirstjórn annast fastaráðið (Permanent Council), þar sem

sitja sendiherrar aðildarríkjanna í viðkomandi landi, þ.e. Bretlandi. Fastaráðið ásamt starfsliði hefur haft aðsetur í London, en flyst til Brussel síðar á árinu. Reglulegt samráð fer fram í tveimur vinnuhópum háttsettra embættismanna, sérstaka vinnuhópnum (Special Working Group) og vinnuhóp varnarmálafulltrúa (Defence Representative's Group). Báðar þessar nefndir eru þó mannaðar bæði úr utanríkis- og varnarmálaráðuneytum. Það er fyrst og fremst í fyrrnefnda hópnum, þar sem reynt er að samræma afstöðu ráðherranna til einstakra mála.

Lengstum hafa tvær sérnefndir starfað á vegum VES. Önnur þeirra, svokölluð vígbúnaðareftirlitsnefnd (Armaments Control Agency) var sett á stofn árið 1954 til að hafa eftirlit með einhliða yfirlýstum takmörkunum aðildarríkjanna á vígbúnaði og þá sérstaklega endurvígvæðingu Vestur-Þýskalands. Þessar takmarkanir voru felldar úr gildi 1986 varðandi hefðbundin vopn, en það er enn fylgst með takmörkunum á kjarna-, lífefna- og efnavopnum. Nefndin hefur í dag það meginhlutverk að athuga tillögur um afvopnun og öryggis- og varnarmál yfirleitt þ.ám. endurvígvæðingu Vestur-Þýskalands. Hin nefndin, svokölluð vígbúnaðarnefnd (Standing Armaments Agency), var stofnuð 1955 til að stuðla að samvinnu VES ríkjanna á sviði vopnaframleiðslu. Verkefni nefndanna voru endurskilgreind árið 1985 og síðan hafa þær í raun verið sameinaðar í eina nefnd, sem hefur aðsetur í París. Sérstakur vinnuhópur fæst við þjálfun CFE eftirlitsmanna, samræmingu þátttöku í fjölþjóðaeftirlitssveitum og æfingaeftirlitsferðum ríkjanna. Þessu starfi tengist ákvörðun um sameiginlega geimeftirlits- og gervihnattamiðstöð á Spáni til eftirlits með vígbúnaði og hættuástandi, sérstaklega utan Evrópu, og til að fylgjast með umhverfisógnunum.

Þingmannasamband VES, sem hefur aðsetur í París, var stofnað þegar í upphafi sbr. IX.gr. Brusselsáttmálans. Það eru líklega þau þingmannasamtök sem hvað ítarlegast fjalla um evrópsk öryggismál. Ráð VES gefur þingmannasambandinu árlega skýrslu um starf sitt. Þá er athyglisvert að aðilar að þingmannasambandi VES eru þeir þingmenn, sem sitja ráðgjafaþing Evrópuráðsins. Öryggismála-stofnun VES var sett á stofn 1. júlí 1990 í París til að vega og meta þau áhrif sem þróun öryggismála í Evrópu kann að hafa á aðildarríkin.

d. Reynslan af starfi VES á sviði öryggismála

Það er einkum tvö dæmi sem sýna getu VES til athafna á sviði öryggismála. Fyrra tilvikið er ákvörðunin frá árinu 1987 um fyrstu samræmdu viðbrögð VES ríkjanna vegna hagsmuna þeirra utan Evrópu, þ.e. frelsi til siglinga á alþjóðlegu hafssvæði í Persaflóa, þegar styrjöld Íraka og Írana stóð yfir. Samræmingin fór fram á þremur stigum: a) samráð háttsettra aðila, þ.m.t. pólitískra og hernaðarsérfræðinga frá utanríkis- og varnarmálaráðuneytum; b) náið samráð flotayfirvalda í höfuðborgum, þar sem mánaðarlegir fundir færðust á milli borganna; c) daglegt samráð stjórnenda flotanna á svæðinu.

Að vísu verður að varast að gera of mikið úr þessu tilviki, því VES sem slíkt hafði ekki yfirstjórn á aðgerðum, heldur þjónaði fyrst og fremst sem vettvangur samráðs. Þetta auðveldaði hins vegar aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins, sem annars eru bundin varðandi sameiginlegar aðgerðir utan Evrópu, að láta til sín taka á Persaflóa.

Síðara tilvikið er þátttaka VES í samræmingu aðgerða gegn Írak. Ofangreindur árangur VES í pólitískri samræmingu og samhæfingu flotaaðgerða í Persaflóa 1987-1988 auðveldaði ákvörðun aukafundar VES ráðherra 21. ágúst 1990, undir forsæti Frakklands, um viðbrögð aðildarríkjanna við innrás Íraka í Kúvæt. Fulltrúar Danmerkur, Grikklands og Tyrklands sóttu þennan fund sem áheyrnaraðilar. Herráðsforingjar aðildarríkjanna áttu síðan fund um framvkvæmdina viku síðar og var það fyrsti fundurinn af því tagi í VES. Hafa ber í huga að sending herskipa á vettvang var þá ákvörðun hvers ríkis fyrir sig. Auk þessara tveggja tilvika má nefna að VES hafði unnið verulega undirbúningsvinnu til að geta sent friðargæslusveitir til Júgóslavíu áður en Sameinðu þjóðirnar tóku sér það hlutverk.

II. Ákvarðanir Maastrichtfundarins

a. Aðdragandi

Leiðtogafundur Evrópubandalagsins í Maastricht í byrjun desember 1991, þar sem samningar náðust um framtíðar samvinnu EB-ríkja á sviði utanríkis- og öryggismála, efnahagsmála og félagsmála, markaði einnig þáttaskil fyrir Vestur-Evrópusambandið. Fundur þessi á langan aðdraganda, sem ekki er tilefni til að rekja hér, nema helstu atriðin varðandi VES. Fyrir nokkru var stofnuð sérstök milliríkjanefnd EB til að gera drög að samningum aðildarríkja Evrópubandalagsins um samvinnu á framangreindum sviðum. Þróun alþjóðamála hafði þau áhrif, að mótun sameiginlegrar stefnu EB-ríkja í utanríkis- og öryggismálum fékk aukið vægi í störfum nefndarinnar, þó að töluverður ágreiningur væri til staðar, einkum varðandi varnarmál. Athyglin beindist mjög að Vestur-Evrópusambandinu í umræðunni um þessi mál, m.a. vegna hlutverks þess í tengslum við Persaflóastríðið 1991 svo og gæslusveita á sjó 1987-1989 meðan styrjöld Íraka og Írana stóð yfir. Ennfremur var bent á að VES hefði ýmsa kosti sem stofnun til að gegna mikilvægu hlutverki í samvinnu Evrópuríkja í öryggis- og varnarmálum, t.d. gæti það brúað bilið milli EB og Atlantshafsbandalagsins í þessum efnum.

Umræðurnar náðu hámarki sl. haust þegar stjórnvöld Bretlands og Ítalíu annars vegar og Frakklands og Þýskalands hins vegar settu fram tillögur um hlutverk Vestur-Evrópusambandsins. Í tillögu Breta og Ítala var gert ráð fyrir, að VES hefði tengsl við bæði Atlantshafsbandalagið og EB, að önnur Evrópuríki fengju aukaaðild, og að stefnt yrði að stofnun evrópsks herliðs til notkunar utan samningssvæðis Atlantshafsbandalagsins t.d. við friðargæslu. Tillaga Frakka og Þjóðverja gerði hins vegar ráð fyrir að Vestur-Evrópusambandið hefði nánari tengsl við EB en Atlantshafsbandalagið svo og stofnun herliðs á vegum VES, sem gæti að einhverju leyti annast varnir sumra ríkja Atlantshafsbandalagsins. Þessi tillaga hlaut jákvæðar undirtektir hjá belgískum og spænskum stjórnvöldum, en var hins vegar töluvert gagnrýnd af breskum og bandarískum stjórnvöldum.

b. Tengsl VES við EB og Atlantshafsbandalagið

Niðurstaða Maastrichtfundarins var málamiðjun milli þessara tveggja tillagna. Í sérstakri yfirlýsingu aðildarríkja Vestur-Evrópusambandsins, sem var samþykkt í Maastricht segir að VES verði mikilvægur þáttur í þróun EB og fái það hlutverk að annast varnarmálaþátt bandalagsins í sameiginlegum utanríkis- og öryggismálum þess. EB-ríkin náðu samkomulagi í Maastricht, um að þessi sameiginlega stefna skyldi ná til allra þátta sem snerta öryggi EB þ.ám. til þess möguleika að þau hafi sameiginlega stefnu í varnarmálum, en hún gæti síðan leitt til sameiginlegra varna þeirra. Sameiginleg stefna í varnarmálum og sameiginlegar varnir eru því hugsanlegt framtíðarmarkmið en ekki á næstu grösum. Vegna væntanlegs varnarmálahlutverks VES er gert ráð fyrir að kannaðir verði ýmsir möguleikar til að efla starfsemi sambandsins á þessu sviði, þ.ám. að myndaður verði vinnuhópur til að annast áætlanagerð og að einhverjar herdeildir geti fallið undir það. Viðræður um slíkar herdeildir eru nú eingöngu á milli Þýskalands og Frakklands. Jafnframt er aukin samvinna á sviði hergagnaframleiðslu til umfjöllunar. Til að auðvelda aukin tengsl VES og EB er gert ráð fyrir náinni samvinnu á milli fastaráða og skrifstofa þessara stofnana og samráðs við framkvæmdastjórn EB.

Aukin tengsl við EB eru aðeins annar þátturinn í störfum VES samkvæmt niðurstöðum Maastrichtfundarins. Hinn þátturinn felst í aukinni samvinnu við Atlantshafsbandalagið. Gert er ráð fyrir að Vestur-Evrópusambandið efli Evrópustoðina í bandalaginu. VES á að auka hlutverk og ábyrgð aðildarríkja þess í Atlantshafsbandalaginu. Það á jafnframt að taka tillit

til þeirrar afstöðu sem samþykkt hefur verið í bandalaginu. Aðildarríki VES munu auka samráð um málefni sem eru til umfjöllunar í Atlantshafsbandalaginu, og varða sameiginlega hagsmuni þeirra, í þeim tilgangi að setja fram sameiginlega afstöðu í umræðunum innan bandalagsins. Samráð VES-ríkja um og mótun sameiginlegrar afstöðu þeirra til mála sem eru til umfjöllunar í Atlantshafsbandalaginu, eiga að taka til allra viðfangsefna Vestur-Evrópusambandsins. Í raun yrði um að ræða mál sem evrópsk aðildarríki þurfa að taka afstöðu til áður en þau verða til umfjöllunar í Atlantshafsbandalaginu. Slíkt samráð verður væntanlega ákveðið sérstaklega hverju sinni. Jafnframt er vísað til náinnar samvinnu á milli skrifstofa þessara stofnana. Ákveðið hefur verið að flytja fastaráð og skrifstofu Vestur-Evrópusambandsins til Brussel, sem verður væntanlega síðar á þessu ári, eins og fyrr segir.

Stofnaður var sérstakur vinnuhópur innan Vestur-Evrópusambandsins undir forystu þýskra stjórnvalda, til að skilgreina ákvarðanirnar sem teknar voru í Maastricht. Vinnuhópurinn hefur ekki lokið störfum. Enn er óákveðið hvernig háttað verður skipun fastafulltrúa hjá VES. Um er að ræða þrjá möguleika: 1) að fastafulltrúar hjá Atlantshafsbandalaginu verði jafnframt fastafulltrúar hjá VES, 2) að fastafulltrúar hjá EB gegni starfinu, 3) að tilnefndir verði sérstakir fulltrúar. Sum aðildarríki VES telja nauðsynlegt, að öll þátttökuríki, þ.m.t. aukaaðilar tilnefni fastafulltrúa hjá Vestur-Evrópusambandinu með sama hætti. Þýskaland fer nú með formennsku í VES. Formennskutímabili þess lýkur 30. júní n.k. og tekur Ítalía þá við. Þjóðverjar leggja mikla áherslu á að hrinda í framkvæmd eins mörgum af ákvörðunum Maastricht-fundarins og mögulegt er, áður en þeir láta af formennsku. Framkvæmd þessara ákvarðana á að vera lokið fyrir áramót.

c. Aukaaðild

Sem kunnugt er, eru ekki öll aðildarríki EB í VES, en þessi ríki eru Danmörk, Grikkland og Írland. Ennfremur eru Evrópuríkin þrjú, Ísland, Noregur og Tyrkland, í Atlantshafsbandalaginu en hvorki í EB eða VES. Ákveðið var í Maastricht að bjóða framangreindum EB ríkjum fulla aðild eða áheyrnaraðild að VES. Hinum ríkjunum þremur er boðið að gerast aukaaðilar, eins og segir í yfirlýsingu Maastrichtfundarins: "..., other European member states of NATO are invited to become associate members of WEU in a way which will give them the possibility to participate fully in the activities of WEU". Hér er greinilega gert ráð fyrir að aukaaðild sé víðtækari en áheyrnaraðild.

Þegar aðildarríki Vestur-Evrópusambandsins hafa skilgreint viðeigandi málsgrein Maastricht-yfirlýsingarinnar verður niðurstaðan kynnt íslenskum, norskum og tyrkneskum stjórnvöldum sem þurfa þá væntanlega að taka endanlega afstöðu til aukaaðildarinnar.

d. VES og samvinna Evrópuríkja í utanríkis- og öryggismálum

Atlantshafsbandalagið hefur um nokkurt skeið lagt áherslu á aukið framlag og samvinnu evrópskra aðildarríkja þess eða m.ö.o. eflingu Evrópustoðarinnar, enda myndi slíkt samstarf styrkja bandalagið. Fullnægjandi skilyrði fyrir því hafa hins vegar vart verið til staðar. Evrópuríkin hafa ekki haft sérstakan vettvang til samvinnu á sviði utanríkis- og öryggismála. Með nýju hlutverki Vestur-Evrópusambandsins hafa aðstæður breyst. Í fyrsta lagi getur VES náð til allra evrópsku aðildarríkjanna í Atlantshafsbandalaginu með boði um aukaaðild. Það er nauðsynleg forsenda því það hefur alltaf verið talið að öll evrópsk aðildarríki Atlantshafsbandalagsins myndi Evrópustoð þess. Í öðru lagi hefur VES mjög náin tengsl við EB, einkum samvinnu bandalagsins á sviði utanríkis- og öryggismála. Niðurstaða Maastricht-fundarins sýnir, að EB-ríkin ætla sér aukið hlutverk á sviði utanríkis-, öryggis- og varnarmála almennt. Viðleitni þeirra til að leysa deilurnar í Júgóslavíu sýnir ásetning þeirra

og möguleika á þessu sviði. Ef VES væri ekki jafn nátengt EB og greint er frá að framan, væru möguleikar þess til að efla Evrópustoðina í Atlantshafsbandalaginu mun takmarkaðri en nú er. Vestur-Evrópusambandið er tengiliður á milli samvinnu EB í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum og starfsemi Atlantshafsbandalagsins og gegnir lykilhlutverki að því leyti.

III. Afstaða Noregs og Tyrklands

Stjórnvöld Noregs og Tyrklands hafa sýnt boði Vestur-Evrópusambandsins um aukaaðild mikinn áhuga. Utanríkisráðherrar beggja ríkjanna hafa skrifað þýska utanríkisráðherranum bréf því til staðfestu, en Þýskaland fer nú með formennsku í VES. Telja má líklegt að bæði Tyrkland og Noregur sæki um aukaaðild að VES, nema hún verði skilgreind á óaðgengilegan hátt.

IV. Afstaða Danmerkur, Grikklands og Írlands

Danmörk, Grikkland og Írland eiga ekki aðild að Vestur-Evrópusambandinu, þó þau séu í EB. Á Maastricht-fundinum var samþykkt að bjóða þeim fulla aðild eða áheyrnaraðild.

Grikkland hefur þegar sótt um fulla aðild að Vestur-Evrópusambandinu. Samningaviðræður um aðild þess eru hins vegar ekki byrjaðar. Líklegt er talið að Írland muni óska eftir að fá áheyrnaraðild. Afstaða Danmerkur er enn frekar óljós. Danski utanríkisráðherrann hefur lýst því yfir, að mikilvægt sé fyrir Danmörku að gerast aðili að VES. Hins vegar er ekki eins og sakir standa meirihluti í danska þinginu fyrir fullri aðild vegna andstöðu sósíaldemókrata. Hugsanlegt er þó að afstaða þeirra breytist. Ef Danmörk sækir ekki um fulla aðild, má teljast mjög líklegt að sótt verði um áheyrnaraðild.

V. Staða Íslands

a. Samráð innan Atlantshafsbandalagsins

Eins og fram kemur í kafla II. í þessari greinargerð gerir Vestur-Evrópusambandið ráð fyrir, að sjónarmið aðildarríkja þess verði samræmd, þannig að þau hafi sameiginlega afstöðu til mála sem eru til umfjöllunar og ákvörðunar í Atlantshafsbandalaginu. Ljóst er að Evrópuríki sem eru ekki í VES, munu hafa minni möguleika til að hafa áhrif á ákvarðanatöku í bandalaginu og koma sjónarmiðum sínum á framfæri, þegar aðildarríki Vestur-Evrópusambandsins samræma afstöðu sína. Þessi ríki, einkum þau smærri þ.ám. Ísland, eiga því á hættu að verða utangarðs í samráði og ákvarðanatöku í bandalaginu, nema þau geti tekið þátt í störfum VES.

b. Samvinna Evrópuríkja í utanríkis- og öryggismálum

Niðurstaða leiðtogafundarins í Maastricht bendir til þess að samvinna Evrópuríkja í utanríkis- og öryggismálum muni bæði aukast og fá aukna þýðingu á næstu árum. Vestur-Evrópusambandinu er ætlað lykilhlutverk í samvinnu þessara ríkja á sviði öryggismála. Skipan öryggismála í Evrópu mótast í auknum mæli af samvinnu EB og hlutverki VES. Það er því þýðingarmikið fyrir þau Evrópuríki sem eru ekki í EB að hafa kost á þátttöku í þessari samvinnu, hvort tveggja til að hafa áhrif á ákvarðanatöku og til að gæta öryggishagsmuna á þeim vettvangi. Aukaaðild að VES veitir slíka möguleika.

c. Tengsl við EB almennt

Einnig er nauðsynlegt að íhuga boð VES um aukaaðild með hliðsjón af sambandi ríkjanna þriggja við Evrópubandalagið almennt. Ísland og Noregur eru aðilar að samningunum við EB um EES og Tyrkland hefur sótt um fulla aðild að bandalaginu. Líklegt verður að teljast, að viðbrögð þessara ríkja við boði Vestur-Evrópusambandsins um aukaaðild geti haft afleiðingar fyrir tengsl þeirra við EB almennt, en öll ríki VES eru í bandalaginu og gert er ráð fyrir að samband þessara stofnana verði náið, eins og fyrr segir. Með boði um aukaaðild til framangreindra ríkja er VES bæði að bjóða þeim að tengjast samvinnu Evrópuríkja í utanríkis- og öryggismálum í ríkara mæli en hingað til, og að viðurkenna að öryggishagsmunir þeirra skipti svo miklu að eðlilegt sé að þau taki þátt í störfum Vestur-Evrópusambandsins.

VI. Lokaorð

Ljóst er að með ákvörðunum leiðtogafundarins í Maastricht hefur verið tekið mikilvægt skref í átt til aukinnar samvinnu Evrópuríkja á sviði utanríkis- og öryggismála, sem fær enn meira vægi en ella vegna breyttrar stöðu alþjóðamála. Vestur-Evrópusambandið mun væntanlega gegna mikilvægu hlutverki í þessari samvinnu. Evrópuríki sem taka ekki þátt í þessari samvinnu, eiga á hættu að einangrast á alþjóðavettvangi og geta ekki haft áhrif á ákvarðanir sem kunna að hafa mikilvægar afleiðingar fyrir öryggishagsmuni þeirra. Boð Vestur-Evrópusambandsins um aukaaðild gefur kost á því að tengjast þessari samvinnu án aðildar að Evrópubandalaginu. Á því mikla breytingaskeiði sem nú stendur yfir í alþjóðamálum hlýtur það að vera íhugunarefni hvort Ísland vill nýta aukaaðild að VES til að efla Evróputengslin í utanríkisstefnunni enn frekar.

Fylgiskjal 11

Bókun 9
um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir

1. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæðin í 1. viðbæti skulu EFTA-ríkin við gildistöku samningsins fella niður innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif af þeim vörum sem tilgreindar eru í töflu I í 2. viðbæti.

2. Með fyrirvara um ákvæðin í 1. viðbæti skulu EFTA-ríkin ekki beita magntakmörkunum á innflutning eða ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif varðandi þær vörur sem tilgreindar eru í töflu I í 2. viðbæti. Í þessu sambandi skulu ákvæði 13. gr. samningsins gilda.

2. gr.

1. Bandalagið skal við gildistöku samningsins fella niður innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif af þeim vörum sem tilgreindar eru í töflu II í 2. viðbæti.

2. Bandalagið skal lækka í áföngum tolla af þeim vörum sem tilgreindar eru í töflu III í 2. viðbæti, í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:
   a) 1. janúar 1993 skulu allir tollar lækkaðir í 86 % af grunntolli;
   b) fjórar frekari lækkanir, 14% hver af grunntolli, skulu framkvæmdar 1. janúar 1994, 1. janúar 1995, 1. janúar 1996 og 1. janúar 1997.

3. Grunntollar, sem lækkun tolla í áföngum samkvæmt 2. tölul. skal miðast við, skulu varðandi hverja vöru vera þeir tollar sem Evrópubandalagið hefur bundið innan hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (GATT) eða, í þeim tilvikum þar sem tollurinn er ekki bundinn, ytri tollur bandalagsins hinn 1. janúar 1992. Ef marghliða viðskiptaviðræðurnar, sem kenndar hafa verið við Úrúgvæ, leða til tollalækkana eftir 1. janúar 1992 skulu tollar, sem þannig hafa verið lækkaðir, teljast grunntollar.

   Þar sem lægri tollar gilda fyrir vissar vörur á grundvelli tvíhliða samninga milli bandalagsins og einstakra EFTA-ríkja skulu þeir tollar taldir grunntollar varðandi hvert og eitt hlutaðeigandi EFTA-ríki.

4. Þegar tollprósentur eru ákvarðaðar samkvæmt 2. og 3. tölul. skulu þær reiknaðar þannig að fyrsti aukastafur teljist með en öðrum aukastaf sé sleppt.

5. Bandalagið skal ekki beita magntakmörkunum á innflutningi eða ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif varðandi þær vörur sem tilgreindar eru í 2. viðbæti. Í þessu sambandi skulu ákvæði 13. gr. samningsins gilda.

3. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. skulu gilda um vörur sem teljast upprunnar hjá samningsaðilum. Upprunareglur er að finna í bókun 4 við samninginn.

4. gr.

1. Aðstoð, sem ríki veitir af ríkisfjármunum til sjávarútvegs og raskar samkeppni, skal afnumin.

2. Löggjöf vafðandi markaðsskipulag sjávarútvegs skal breytt þannig að hún raski ekki samkeppni.

3. Samningsaðilar skulu leitast við að tryggja samkeppnisskilyrði sem geri hinum samningsaðilunum kleift að beita ekki ráðstöfunum gegn undirboðum og jöfnunartollum.

5. gr.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll fiskiskip, sem sigla undir fána annarra samningsaðila hafi janfnan aðgang og þeirra eigin fiskiskip að höfnum og markaðsmannvirkjum vegna frumvinnslu ásamt öllum tækjum og aðstöðu sem þeim tengjast.

Þrátt fyrir ákvæði undanfarandi málsgreinar má samningsaðili hafna löndun á fiski úr sameiginlegum fiskistofni sem alvarlegur ágreiningur er um stjórnun á.

6. gr.

Hafi nauðsynlegum lagabreytingum ekki verið komið í framkvæmd þegar samningur þessi tekur gildi þannig að samningsaðilar telji viðunandi skulu ágreiningsatrið lögð fyrir sameiginlegu EES-nefndina. Takist ekki að ná samkomulagi skulu ákvæði 114. gr. samningsins gilda að breyttu breytanda.

7. gr.

Ákvæði þeirra samninga, sem taldir eru upp í 3. viðbæti, skulu hafa forgansgildi gagnvart ákvæðum þessarar bókunar að því leyti sem EFTA-ríkjum eru þar veitt betri viðskiptakjör en gert er í þessari bókun.

Viðbætir 1

1. gr.

Að því er varðar afurðir, sem taldar eru hér á eftir, getur Finnland viðhaldið núgildandi reglum sínum tímabundið. Finnland skal leggja fram áætlun um afnám þessarra undanþága eigi síðar en 31. desember 1992.

Nr. í samræmdu tollskránni	Vörulýsing
úr 03.02	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304: - Lax - Eystrasaltssíld
úr 03.03	Fiskur, frystur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304: - Lax - Eystrasaltssíld
úr 03.04	Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst: - Ný eða kæld laxaflök - Ný eða kæld Eystrasaltssíldarflök (orðið "flök" skal einnig eiga við flök sem eru föst saman, t.d. á bakinu eða á kviðnum.)

2. gr.

1. Liechtenstein og Sviss mega halda innflutningstollum á eftirfarandi afurðum:

Nr. í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
úr 03.01 til 03.05	Fiskur, nema fryst flök í 03.04, annar en saltvatnsfiskur áll og lax

Þetta fyrirkomulag skal tekið til endurskoðunar fyrir 1. janúar 1993.

2. Með fyrirvara um hugsanlegar niðurstöður marghliða viðskiptaviðræðnanna í Úrúgvælotunni mega og Liechtenstein og Sviss halda breytilegum gjöldum innan ramma landbúnaðarstefnu sinnar varðandi eftirfarandi sjávarafurðir.

Nr. í samræmdu tollskránni	Vörulýsing
úr 15. kafla	Feiti og olíur til manneldis
úr 23. kafla	Fóður til dýraeldis

3. gr.

1. Að því er varðar afurðir, sem taldar eru hér á eftir, má Svíþjóð beita magntakmörkunum á innflutningi fram til 31. desember 1993 svo fremi sem það þykir nauðsyn til að forðast alvarlega röskun á sænska markaðinum.

Nr. í samræmdu tollskránni	Vörulýsing
úr 03.02	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304: - Síld - Þorskur

2. Á meðan Finnland heldur til bráðabirgða núgildandi reglum varðandi Eystrasaltssíldina, má Svíþjóð beita magntakmörkunum í innflutningi á þeirri afurð með finnskan uppruna.

2. Viðbætir
Tafla I

Nr. í samræmdu tollskránni	Vörulýsing
02.08	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:
úr 0208.90	- Annað:
	-- Af hval
3. kafli	Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar
15.04	Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsuð en ekki efnafræðilega umbreytt
15.16	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða hluta, víxlesterað, enduresterað eða elaídínerað, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:
úr 1516.10	- Dýrafeit og -olíur og þættir þeirra:
	-- Feiti og olíur úr fiski og sjávarspendýrum
16.03	Kjarnar og safar úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum:
úr 1603.00	- Kjarnar og safar úr hvalkjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum
16.04	Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra
16.05	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, lagað eða varið skemmdum
23.01	Mjöl, fínmalað eða grófmalað, og kögglar, úr kjöti, hlutum úr dýrum, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis; hamsar:
úr 2301.10	- Mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar, úr kjöti eða hlutum úr dýrum ; hamsar:
	-- Hvalmjöl
2301.20	- Mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar, úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum
23.09	Framleiðsla til dýraeldis:
úr 2309.90	- Önnur:
	-- Fiskmelta

Tafla II

Nr. í samræmdu tollskránni	Vörulýsing
0302 50 0302 69 35	Þorskur (Gadus morhua, Gadus ogac, Gadus macrocephalus) og ískóð
0303 60 0303 79 41	(Boreogadus saida), nýr, kældur eða frystur, þ.m.t. flök ný eða kæld
0304 10 31	
0302 62 00 0303 72 00	Ýsa (Melanogrammus aeglefinus), ný, kæld eða fryst, þ.m.t. flök, ný eða kæld
úr 0304 10 39	
0302 63 00 0303 73 00	Ufsi (Polachius virens), nýr, kældur eða frystur, þ.m.t. flök, ný eða kæld
úr 0304 10 39	
0302 21 10 0302 21 30 0303 31 10 0303 31 30	Grálúða (Reinhardtius hippoglossoides) og lúða (Hippoglossus hippoglossus), ný, kæld eða fryst, þ.m.t. flök, ný eða kæld
úr 0304 10 39	
0305 62 00 0305 69 10	Þorskur (Gadus morhua, Gadus ogac, Gadus macrocephalus) og ískóð (Boreogadus saida), saltaður en ekki þurrkaður eða reyktur og í saltlegi
0305 51 10	Þorskur (Gadus morhua, Gadus ogac, Gadus macrocephalus) og ískóð
0305 59 11	(Boreogadus saida), þurrkaður, ekki saltaður
0305 30 11	Þorksflök (Gadus morhua, Gadus ogac, Gadus macrocephalus) og flök af
0305 30 19	ískóð (Boreogadus saida), þurrkuð, söltuð, í saltlegi en ekki reykt
0305 30 90	Önnur fiskflök, þurrkuð, söltuð, í saltlegi en ekki reykt
1604 19 91	Önnur flök, hrá, þakin deigi eða brauðmylsnu, fryst
1604 30 90	Eftirlíkingar styrjuhrogna

Tafla III

Að því er varðar öll neðantalin tollskrárnúmer, taka tollalækkanir Evrópubandalagsins ekki til afurða sem taldar eru í töflu II eða í fylgiskjali með töflu III.

Nr. í samræmdu tollskránni	Vörulýsing
0301	Lifandi fiskur
0302	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304
0303	Fiskur, frystur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjör í nr. 0304
0304	Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst
0305	Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur, einnig soðinn á undan eða jafnhliða reykingu; fiskimjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar, hæft til manneldis
0306	Krabbadýr, einnig í skel, lifandi, ný, kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; krabbadýr, í skel, soðin í gufu eða vatni, einnig kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar úr krabbadýrum, hæft til manneldis
0307	Lindýr, einnig í skel, lifandi, fersk, kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; vatna- og sjávarhryggleysingjar, þó ekki krabbadýr og lindýr, lifandi, fersk, kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar úr vatna- og sjávarhryggleysingjum, þó ekki krabbadýrum, hæft til manneldis
1604	Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra
1605	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, lagað eða varið skemmdum

Fylgiskjal með töflu III

	Nr. í samræmdu tollskránni	Vörulýsing
(a)		**Lax: Kyrrahafslax (Oncorhynchus spp.), Atlantshafslax (Salmo salar) og Dónárlax (Hucho hucho):**
	0301 99 11	lifandi
	0302 12 00	nýr eða kældur
	0303 10 00	Kyrrahafslax, frystur
	0303 22 00	Atlantshafslax og Dónárlax, frystur
	0304 10 13	flök, ný eða kæld
	0304 20 13	flök, fryst
úr	0304 90 97	annað fiskkjöt, fryst
	0305 30 30	flök, þurrkuð söltuð, í saltlegi en ekki reykt
	0305 41 00	reyktur lax, þar með talin flök
	0305 69 50	saltaður en ekki þurrkaður eða reyktur og fiskur í saltlegi
	1604 11 00	heill eða í hlutum, lagaður eða varinn skemmdum
	1604 20 10	annar, lagaður eða varinn skemmdum
(b)		**Síld (Clupea harengus, Clupea pallasii)**
	0302 40 90	ný eða kæld, frá 16. júní til 14. febrúar
úr	0302 70 00	lifur og hrogn, ný eða kæld
	0303 50 90	fryst, frá 16. júní til 14. febrúar
úr	0303 80 00	lifur og hrogn, fryst
úr	0304 10 39	flök, ný eða kæld
	0304 10 93	samhangandi flök, ný eða kæld, frá 16 júní til 14. febrúar
úr	0304 10 98	annað fiskkjöt af síld, nýtt eða kælt
	0304 20 75	flök, fryst
	0304 90 25	annað fiskkjöt af síld, fryst, frá 16. júní til 14. febrúar
úr	0305 20 00	lifur og hrogn, þurrkað, reykt, saltað eða í saltlegi
	0305 42 00	reykt síld, þar með talin flök
	0305 59 30	þurrkuð, einnig söltuð en ekki reykt
	0305 61 00	söltuð, en ekki þurrkuð eða reykt og síld í saltlegi
	1604 12 10	flök, hrá, þakin deigi eða brauðmylsnu, fryst
	1604 12 90	heil eða í hlutum en ekki hökkuð, löguð eða varin skemmdum
úr	1604 20 90	önnur síld, löguð eða varin skemmdum

(c)	**Makríll (Scomber scrombrus, Scomber australasicus, Scomber japonicus)**	
	0302 64 90	nýr eða kældur, frá 16. júní til 14. febrúar
	0303 74 19	frystur, frá 16. júní til 14. febrúar (Scomber scrombrus, Scomber japonicus
	0303 74 90	frystur, frá 16. júní til 14. febrúar (Scomber australacicus)
úr	0304 1039	flök, ný eða kæld
	0304 20 51	flök, fryst (Scomber australasicus)
úr	0304 20 53	flök, fryst (Scomber scrombrus Scomber japonicus)
	0305 49 30	reyktur, þar með talin flök
	1604 15 10	heill eða í hlutum en ekki hakkaður, lagaður eða varinn skemmdum (Scomber scrombrus, Scomber japonicus)
	1604 15 90	heill eða í hlutum en ekki hakkaður, lagaður eða varinn skemmdum (Scomber austalasicus)
úr	1604 20 90	annar makríll, lagaður eða varinn skemmdum
(d)	**Rækja**	
	0306 13 10	fryst, af pandalidae-ætt
	0306 13 30	fryst (Crangon)
	0306 13 90	önnur fryst rækja
	0306 23 10	ekki fryst, af pandalidae-ætt
	0306 23 31	ný, kæld eða gufusoðin (Crangon)
	0306 23 39	önnur (Crangon)
	0306 23 90	önnur rækja, ekki fryst
	1605 20 00	löguð eða varin skemmdum
(e)	**"Coquilles St. Jacques" (Pecten maximus)**	
úr	0307 21 00	lifandi, nýr eða kældur
	0307 29 10	frystur
úr	1605 90 10	lagaður eða varinn skemmdum
(f)	**Leturhumar (Nephrops norvegicus)**	
	0306 19 30	frystur
	0306 29 30	ekki frystur
úr	1605 40 00	lagaður eða varinn skemmdum

3. Viðbætir

Samningar milli Evrópubandalagsins og einstakra EFTA ríkja, sem vísað er til í 7. grein:

Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Svíþjóðar, undirritaður 22. júlí 1972, og eftirfarandi bréfaskipti varðandi landbúnað og sjávarútveg, undirrituð 15. september 1986.

Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Ríkjasambandsins Sviss, undirritaður 22. júlí 1972, og eftirfarandi bréfaskipti varðandi landbúnað og sjávarútveg, undirrituð 14. júlí 1986.

Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs, undirritaður 14. maí 1973, og eftirfarandi bréfaskipti varðandi landbúnað og sjávarútveg, undirrituð 14. júlí 1986.

1. grein bókunar nr. 6 við samning milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands, undirritaður 22. júli 1972

650. Frumvarp til laga [400. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

102. gr. laganna orðast svo:

Launagreiðandi, sem vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni samkvæmt lögum þessum eða vanrækir að skila því sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna, skal sæta sektum allt að 1.500.000 kr. miðað við grunn lánskjaravísitölu í mars 1992. Hámark sektar fylgir lánskjaravísitölu.

Sé um refsivert brot að ræða skal launagreiðandi jafnframt sæta refsiábyrgð samkvæmt almennum hegningarlögum.

2. gr.

Á eftir 102. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Nú gerir launagreiðandi ekki skil á skyldusparnaði sem hann hefur tekið af launum starfsmanns síns og getur launþegi þá, að liðnum tveimur mánuðum frá útborgun launa, óskað eftir innlausn kröfunnar hjá félagsmálaráðuneytinu eða þeim aðila sem ráðuneytið hefur samið við um að annast slík mál.

Sinni launagreiðandi ekki áskorun um að greiða skuldina skal krafan innleyst og skuldin greidd úr ríkissjóði inn á reikning skyldusparanda hjá Byggingarsjóði ríkisins, enda liggi fyrir framsal skyldusparanda á kröfunni til ríkissjóðs. Þetta skal gert innan fjögurra mánaða frá því krafa launþegans var sett fram. Greiða skal höfuðstól og samfellda dráttarvexti eins og þeir eru auglýstir hverju sinni af Seðlabanka Íslands. Krafan skal studd gögnum um fjárhæð hennar og gjalddaga, svo sem launaseðlum eða skilagrein launagreiðanda.

Heimilt er að greiða kröfur vegna skyldusparnaðar sem fallið hefur í gjalddaga eftir 1. júlí 1988, enda sé ekki liðinn lengri tími en fjögur ár frá útborgun launa. Ekki skiptir máli hvort bú launagreiðanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða ekki.

Á innleysta skyldusparnaðarkröfu ríkissjóðs falla 7,5% viðurlög við innlausnina. Á kröfuna reiknast síðan dráttarvextir eins og þeir eru ákveðnir hverju sinni af Seðlabanka Íslands og innheimtukostnaður.

Kröfu skyldusparanda vegna vangreidds skyldusparnaðar og kröfu ríkissjóðs vegna innleystrar skyldusparnaðarkröfu fylgir lögtaksréttur, sbr. lög nr. 29/1985.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í svari við fyrirspurn flutningsmanns (220. mál) á þskj. 316 13. febrúar sl. sagði félagsmálaráðherra eftirfarandi:

„Í öðru lagi er spurt um hvernig fylgst er með því að launagreiðendur geri skil á skyldusparnaði. Húsnæðisstofnun hefur engin ákveðin úrræði til að knýja fram greiðslur í samræmi við nefnd lög og reglugerð ef upplýst er um vanskil til stofnunarinnar. Hér

er um að ræða afleidda lögtaksheimild og stofnunin óskar opinberrar rannsóknar á meintum vanskilum. Lögtaksbeiðnir og kærur byggjast svo til eingöngu á upplýsingum frá launþegum enda verða þær að vera staðfestar með launaseðlum eða launamiðum. Stofnunin hefur að lögum engar heimildir til að knýja fram upplýsingar frá launagreiðendum eða frá skattyfirvöldum um það hvort eða hvar fólk á skyldusparnaðaraldri er að störfum og hver skil ættu að vera í krónum talin. Það er því fyrst og fremst launþeginn sjálfur sem verður að fylgjast með því hvort skil hafa verið gerð frá launagreiðanda."

Það hefur verið Húsnæðisstofnun ríkisins áhyggjuefni hve erfiðlega gengur að fylgjast með því að launagreiðendur geri skil á skyldusparnaði og einnig að stofnunina skortir mjög úrræði í lögum til að knýja fram greiðslur. Það verður að teljast réttlætismál fyrst í lög eru leidd ákvæði sem skylda ungmenni til skyldusparnaðar að löggjafinn gæti réttar þeirra og tryggi eftir föngum að sparnaðurinn glatist ekki.

Innan húsnæðismálastjórnar hafa þessi mál verið rædd og í febrúar 1991 voru samþykkt drög að lagafrumvarpi sem bæta á úr framangreindum ágöllum. Í framhaldi af samþykkt stjórnarinnar var frumvarpið sent félagsmálaráðherra.

Engin viðbrögð hafa orðið við þessu erindi húsnæðismálastjórnar, en hins vegar hefur ábyrgð ríkissjóðs verið takmörkuð verulega frá því sem áður var með samþykkt laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1992.

Hér hafa hagsmunir skyldusparenda verið fyrir borð bornir og var ekki á bætandi. Þannig námu vanskil launagreiðenda, sem voru eldri en sex mánaða, við Húsnæðisstofnun ríkisins í febrúar sl. samtals um 25,4 millj. kr. og eru þá ótalin þau vanskil launagreiðenda sem ekki hafa komið til innheimtu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frumvarp þetta er í öllum meginatriðum sniðið að því frumvarpi sem áður er getið að húsnæðismálastjórn samþykkti í febrúar 1991.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skyldusparanda verði ávallt tryggð endurgreiðsla sparifjár síns að fullu enda þótt sá launagreiðandi, sem hann hefur þegið laun frá, standi ekki skil á sparnaðinum, verði t.d. gjaldþrota og krafa vegna skyldusparnaðar glatist að hluta eða fullu samkvæmt gildandi lögum.

Ástæðan fyrir flutningi þessa frumvarps er m.a. sú að síðustu missirin hafa margir skyldusparendur glatað verulegu sparifé vegna gjaldþrota launagreiðenda. Lög um ríkisábyrgð á launum hafa ekki náð að tryggja endurgreiðslu sparifjárins nema að hluta, en dæmi eru líka um að öll krafa skyldusparanda falli utan ríkisábyrgðar.

Það er réttlætismál að tryggja rétt skyldusparanda að fullu með endurgreiðslu úr ríkissjóði ef launagreiðandinn bregst af einhverjum ástæðum. Skyldan til að spara er sett með lögum og það hlýtur að vera rökrétt að tryggja þennan rétt skyldusparanda einnig með lögum.

Frumvarpið samdi Helgi V. Guðmundsson, lögmaður hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 102. gr. laga nr. 86/1988 um að launagreiðandi sé ábyrgur fyrir skyldusparnaði eins og um eigin skattgreiðslur sé að ræða hefur ekki náð tilætluðum árangri. Ákvæði sömu greinar um að með innheimtu á þessum vanskilum skuli fara með sama hætti og innheimtu launaskatts hefur ekki beinlínis nýst þannig. Við þetta lagaákvæði hefur hins vegar verið stuðst sem veigamikinn grundvöll að lögtaksrétti.

Lagt er til að lögunum verði breytt með þetta í huga, þ.e. þessi ákvæði verði felld brott í núverandi mynd, en beinlínis kveðið á um það í lögunum að lögtaksréttur fylgi þessum kröfum. Ákvæði um lögtaksréttinn er sett í 103. gr.

Þá er lagt til að ákvæði um sekt og refsiábyrgð verði sett í 102. gr. Í 17. gr. reglugerðar um skyldusparnað nr. 92 frá 7. febrúar 1985 er kveðið á um sektir við þessum brotum allt að 500 þús. kr. nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Þessi fjárhæð nam um 1.430 þús. kr. í febrúar 1991, framreiknuð með lánskjaravísitölu. Lagt er til að hámark sektar verði ákveðið með lögum 1,5 millj. kr. miðað við lánskjaravísitölu mars 1992. Loks eru refsiákvæði almennra hegningarlaga ítrekuð í hinni breyttu lagagrein jafnhliða sektarákvæðum.

Um 2. gr.

Ákvæði 103. gr. eru ný og miða að því að tryggja rétt skyldusparanda til fullrar endurgreiðslu ef hún bregst hjá launagreiðanda. Við samningu greinarinnar var höfð hliðsjón af 11. gr. laga nr. 30/1987, um orlof, en ákvæðin sniðin eftir sérstöðu skyldusparnaðarins. Til dæmis eru frestir mun rýmri þar sem andvirði kröfunnar fer inn á bundinn reikning skyldusparanda. Út af slíkum reikningi er aðeins greitt samkvæmt undanþágu, lögum samkvæmt, eða að fullnuðum 26 ára aldri.

Lagafrumvarp þetta hefur í för með sér útgjöld úr ríkissjóði. Því er nauðsynlegt að gera sér sem gleggsta grein fyrir þeim kostnaði sem af samþykkt þess leiðir. Hér verða teknar saman nokkrar tölur úr vanskilainnheimtu á skyldusparnaði hjá Húsnæðisstofnun árin 1988–1990. Þessar tölur varpa nokkru ljósi á hvað það kostar að bæta skyldusparendum það sparifé sem þeir hafa tapað.

Á árinu 1990 nam höfuðstóll 154 skyldusparnaðarkrafna, sem komu til innheimtu hjá Húsnæðisstofnun, um 7,6 millj. kr. Dráttarvextir af þessari fjárhæð námu um 3,7 millj. kr. þegar könnun á þessu var gerð og eru þeir reiknaðir til mismunandi langs tíma. 67 þessara mála sættu strax kæru og gjaldþrotameðferð. Af hinum 87 greiddust 46 innan þriggja mánaða, samtals að höfuðstóli um 2.575 þús. kr., ásamt dráttarvöxtum 745 þús. kr.

Samkvæmt þessu hefði þurft um 8 millj. kr. úr ríkissjóði til að greiða þessar tilteknu kröfur skv. 103. gr. vegna ársins 1990 ef slík lög hefðu verið í gildi. Af þessum 8 millj. kr. þarf ríkissjóður hvort sem er að greiða um 3,1 millj. kr. samkvæmt lögum um ríkisábyrgð. Er þá reiknað með að um helmingur heildarfjárhæðar fáist greiddur af höfuðstól og vöxtum í 100 gjaldþrotamálum frá því ári.

Árið 1989 nam höfuðstóll 240 skyldusparnaðarkrafna í innheimtu hjá Húsnæðisstofnun um 11,3 millj. kr. Dráttarvextir af þeirri fjárhæð námu um 6 millj. kr. Af þessum 17,3 millj. kr. höfðu um 2.750 þús. kr. verið greiddar hjá Húsnæðisstofnun 1. febrúar 1991. Rúmlega 2 millj. kr. höfðu einnig verið greiddar inn á reikning skyldusparenda vegna ríkisábyrgðar. Það eru um 28,6% af höfuðstól og dráttarvöxtum í 112 gjaldþrotamálum. Reikna má með að um 21,4% verði greidd í viðbót samkvæmt lögum um ríkisábyrgð eða samtals 50% af fjárhæð lýstra krafna, þ.e. um 3,5 millj. kr.

Samkvæmt frumvarpinu þyrfti því að greiða um 12,6 millj. kr. vegna ársins 1989 miðað við stöðuna 1. febrúar 1991. Af þeirri fjárhæð þyrfti hvort sem er að greiða um 1,5 millj. kr. samkvæmt lögum um ríkisábyrgð í viðbót við þær 2 millj. kr. sem þegar hafa verið greiddar samkvæmt þeim lögum.

Árið 1988 nam höfuðstóll 108 skyldusparnaðarkrafna í innheimtu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins um 4,4 millj. kr. Reiknaðir dráttarvextir af þeirri fjárhæð voru um 1,8 millj.

kr. Af þessum 6,2 millj. kr. höfðu um 347 þús. kr. verið greiddar hjá stofnuninni 1. febrúar 1991. Um 1,9 millj. kr. höfðu einnig verið greiddar frá ríkissjóði inn á reikning skyldusparenda vegna ríkisábyrgðar. Það eru um 58,7% af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta í 70 gjaldþrotamálum frá því ári.

Samkvæmt frumvarpinu þyrfti því að greiða tæplega 4 millj. kr. vegna ársins 1988 miðað við 1. febrúar 1991 ef frumvarpið yrði að lögum.

Árið 1987 komu aðeins 21 mál til innheimtu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, þar af voru 11 gjaldþrotamál.

Hér að framan hefur aðeins verið fjallað um kröfur sem hafa verið til innheimtu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Vegna þeirra krafna þyrfti að greiða um 25 millj. kr. Af þeirri fjárhæð þyrfti að greiða um 5 millj. kr. hvort sem er vegna laga um ríkisábyrgð. Af þessum 25 millj. kr. má reikna með að verulegar fjárhæðir næðust til baka með innheimtuaðgerðum.

Við áætlun á útgjöldum, sem samþykkt þessa lagafrumvarps hefði í för með sér, þarf einnig að reikna með kröfum sem ekki hafa komið til innheimtu hjá Húsnæðisstofnun. Fjárhæð þeirra krafna er afar erfitt að segja til um en óvarlegt væri að áætla minna en 50 millj. kr. til viðbótar til að mæta þessum gjaldalið. Heildarútgjöld yrðu þá um 75 millj. kr., en eins og áður hefur verið bent á þyrfti hvort sem er að greiða verulegar fjárhæðir vegna laga um ríkisábyrgð og reikna má með að verulegar fjárhæðir næðust aftur inn með innheimtuaðgerðum og kærum.

Hér að framan hefur verið fjallað um útgjöld vegna skyldusparnaðarkrafna frá árunum 1988, 1989 og 1990 og að teknu nokkru tilliti til ársins 1987. Þá er eftir að áætla útgjöld fyrir kröfum á komandi árum.

Þess má að lokum geta að heildargreiðslur vegna ríkisábyrgðar árin 1988–1990, sem færðar höfðu verið inn á reikninga skyldusparenda 1. febrúar 1991, námu tæplega 8 millj. kr.

2. gr. lagafrumvarpsins skýrir sig væntanlega að öðru leyti sjálf. Rétt er þó að víkja aðeins að orðunum „samfelldir dráttarvextir“. Hér er átt við þá vexti sem á ensku nefnast „compound interest“ til aðgreiningar frá flötum eða einföldum vöxtum „simple interest.“ Með samfelldum vöxtum er átt við að vextir bætist við höfuðstól með reglulegu millibili og myndi með honum nýjan höfuðstól sem vextirnir reiknast af á næsta tímabili. Samkvæmt vaxtalögum má ekki reikna slíka vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti.

651. Frumvarp til laga [401. mál]

um breytingu á landgræðslulögum, nr. 17 24. apríl 1965.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Þegar land, sem Landgræðsla ríkisins hefur tekið til græðslu með samkomulagi, sbr. 7. gr., er svo vel gróið að dómi landgræðslustjóra að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi Landgræðslunnar skal afhenda það aftur eigendum. Landgræðslustjóri setur reglur um meðferð landsins.

Ef eigandi eða leigutaki vill fá landið fyrr en landgræðslustjóri telur hæfilegt eða vill ekki sætta sig við reglur landgræðslustjóra um meðferð landsins getur eigandi eða leigutaki áfrýjað til landbúnaðarráðherra sem skeri úr málinu að fengnu áliti Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og sérfræðinga Búnaðarfélags Íslands.

Aldrei skal þó halda landi fyrir landeiganda lengur en í 30 ár enda skuldbindi landeigandi sig til að viðhalda og bæta það gróðurfar sem þá er á landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessari breytingu, sem hér er verið að leggja til á landgræðslulögum, er tvennt haft að leiðarljósi. Í fyrsta lagi er eðlilegt að hægt sé að áfrýja ágreiningsmálum við landgræðsluna til æðra stjórnvalds. Í annan stað verður að líta svo á að uppgræðsla á ákveðnu landsvæði sé tímabundið verkefni og að viðhald gróðurs og frekari uppgræðsla sé eðlilegt verkefni landeiganda.

Eignarrétti á landi eiga að fylgja skyldur samhliða réttindum. Það er aftur á móti óeðlilegt að Landgræðslan taki land til uppgræðslu en sinni lítt því verkefni, m.a. vegna féleysis, en haldi landinu fyrir eiganda þess áratug eftir áratug án þess að skila því.

652. Svar [145. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um kostnað við auglýsingar og sölu á spariskírteinum ríkissjóðs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikill er kostnaðurinn við auglýsingar og sölu á spariskírteinum ríkissjóðs frá árinu 1987?

Óskað er eftir að kostnaður sé sundurliðaður og honum skipt eftir árum.

Samkvæmt upplýsingum, sem ráðuneytið hefur aflað sér, skiptist kostnaðurinn á eftirfarandi hátt:

Kostnaður við sölu spariskírteina árin 1987–1991 í m.kr.

	1987	1988	1989	1990	1991
Sölulaun	23,2	80,4	70,4	129,3	97,7
Umsýslukostnaður	2,1	4,8	4,5	34,3	23,3
Auglýsingakostnaður	18,7	16,5	49,6	55,1	76,5
Prentun	3,0	8,8	7,5	8,9	18,0
Sérstakur kostnaður við áskrift	0,0	0,4	5,2	4,0	17,4
Samtals	**47,0**	**110,9**	**137,2**	**231,6**	**232,9**
Innlend lánsfjáröflun	**2.204**	**4.978**	**5.193**	**8.542**	**5.912**

653. Svar [284. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ólafs Þ. Þórðarsonar um tekjur af erfðafjárskatti.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hve miklar tekjur hefur erfðafjárskatturinn gefið síðastliðin tíu ár?
Hvað má gera ráð fyrir að hann gefi í tekjur á næstu tíu árum?
Óskað er eftir svörum á verðlagi þessa árs.

Í eftirfarandi töflu kemur fram svar við fyrri hluta fyrirspurnarinnar og eru fjárhæðir bæði á verðlagi hvers árs og verðlagi ársins 1992 á mælikvarða byggingarvísitölu. Á hinn bóginn er útilokað að svara seinni hluta hennar með einhverri vissu. Sé miðað við innheimtu síðustu ára má ætla að tekjur af erfðafjárskatti verði nálægt 300 m.kr. á ári næstu árin eða svipaðar og áætlað er á þessu ári.

Tekjur af erfðafjárskatti 1982–1992.
Í milljónum króna.

	Á verðlagi hvers árs	Á verðlagi ársins 1992
1982	28,3	221,1
1983	37,0	170,5
1984	46,0	168,9
1985	66,5	184,7
1986	79,7	177,7
1987	120,8	228,9
1988	143,2	230,4
1989	226,5	295,9
1990	239,8	265,9
1991	327,9	337,7
Samtals 1982–1991	**1.315,7**	**2.281,7**
Meðaltal á ári 1982–1991	–	**228,2**
Meðaltal á ári 1987–1991	–	**271,8**
1992, fjárlög	320,0	320,0

654. Svar [346. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hrafnkels A. Jónssonar um ferða- og uppihaldskostnað landsbyggðarfólks vegna glasafrjóvgunar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Mun ráðherra beita sér fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins greiði að hluta eða öllu leyti ferða- og uppihaldskostnað þeirra sem leita til sérfræðings í Reykjavík vegna glasafrjóvgunar eftir sömu reglum og gilda um endurgreiðslu ferðakostnaðar vegna sjúkdóma?

Allar greiðslur vegna ferðakostnaðar hjá Tryggingastofnun ríkisins verða að vera óbreyttar á þessu ári þar sem ekki er gert ráð fyrir því í áætlunum sjúkratryggingadeildar að kostnaðaraukning verði vegna ferða.

Miðað við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1993 er ekki hægt að gera ráð fyrir breytingu að þessu leyti á næsta ári.

655. Frumvarp til laga [402. mál]

um greiðslukortastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Gildissvið og hugtök laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til greiðslukortastarfsemi með útgáfu greiðslukorta, svo og annarrar sambærilegrar greiðslumiðlunar hér á landi.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

greiðslukortastarfsemi: þá starfsemi kortaútgefanda að starfrækja greiðslumiðlun með notkun greiðslukorta samkvæmt sérstökum samningum við korthafa og greiðsluviðtakanda eða einungis beint við korthafa,

greiðslukort: hvers kyns greiðslukort sem veita korthafa rétt til þess að greiða fyrir vörur, þjónustu eða önnur verðmæti með því að andvirði hins selda er skuldfært á reikning korthafans hjá kortaútgefandanum,

kortaútgefandi: útgefanda greiðslukorts og þann aðila sem korthafi gerir samning við um notkun greiðslukorts, svo og þann aðila sem skuldbindur sig til greiðslu gagnvart greiðsluviðtakanda, ef hann er annar en kortaútgefandi,

greiðsluviðtakandi: seljanda vöru, þjónustu eða annarra verðmæta eða þann aðila sem gert hefur samning við kortaútgefanda um að taka við greiðslukorti til greiðslumiðlunar vegna seldrar vöru, þjónustu eða annarra verðmæta,

korthafi: þann aðila sem gert hefur samning við kortaútgefanda um notkun greiðslukorts til greiðslumiðlunar hér á landi vegna keyptrar vöru, þjónustu eða annarra verðmæta, hvort sem slík viðskipti eru gerð innan lands eða erlendis, svo og þá er ábyrgð bera samkvæmt skilmálum er um kortið gilda.

II. KAFLI
Skráning og eftirlit með starfsemi kortaútgefanda.

3. gr.

Kortaútgefandi skal hafa skráð firma eða útibú hér á landi nema annað leiði af alþjóðlegum samningum eða viðskiptaráðherra heimili undanþágu.

4. gr.

Viðskiptaráðherra veitir kortaútgefendum starfsleyfi. Áður en leyfi er veitt skal afla

umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Greiðslukortastarfsemi getur ekki hafist fyrr en starfsleyfi hefur verið veitt samkvæmt þessari grein.

Í umsókn um starfsleyfi skal m.a. koma fram eða fylgja:

1. Nafn og firma kortaútgefanda, fastrar starfsstöðvar kortaútgefandans og samþykktir fyrirtækisins.
2. Hvernig greiðslumiðlunin fer fram, svo og hvernig greiðslur eru inntar af hendi.
3. Helstu skilmálar varðandi notkun greiðslukorta er hann gefur út, sbr. 7. gr. laga þessara.
4. Helstu viðskipta- og samningsskilmálar kortaútgefanda.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum skulu tilkynntar bankaeftirlitinu áður en þær koma til framkvæmda.

Bankaeftirlitið heldur skrá yfir starfandi kortaútgefendur.

Innlánsstofnunum, sem uppfylla skilyrði laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, eða laga nr. 87/1985, um sparisjóði, er einum heimil útgáfa korta sem nota má til að greiða fyrir vöru eða þjónustu með millifærslu af innlánsreikningi (debet-kort). Um útgáfu slíkra korta og starfsemi tengda þeim fer samkvæmt ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Ráðherra getur með reglugerð undanþegið tiltekin greiðslukort eða greiðslukortaviðskipti gildissviði laga þessara.

5. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal fylgjast með því að í greiðslukortastarfsemi sé ávallt fylgt eftirlits- og öryggisreglum sem settar eru varðandi starfsemina og nauðsynlegar leiðréttingar séu gerðar í samræmi við athugasemdir eftirlitsaðila.

Bankaeftirlitið skal hafa aðgang að öllum upplýsingum er það telur sig þurfa vegna starfsemi sinnar samkvæmt lögum þessum enda sé fyllsta trúnaðar gætt. Hið sama gildir varðandi ákvarðanir þess um það hvort atvik séu með þeim hætti að lög þessi eigi við.

6. gr.

Verðlagsstofnun skal fylgjast með því að greiðslukortastarfsemi sé rekin í samræmi við sanngjarna viðskiptahætti.

Telji verðlagsráð að

1. viðskiptaskilmálar kortaútgefanda, sbr. einnig 1. mgr. 7. gr., eða viðskiptaskilmálar greiðsluviðtakanda gagnvart korthafa taki einungis mið af eigin hagsmunum eða séu að öðru leyti óréttmætir eða
2. viðskiptaskilmálar kortaútgefanda eða greiðsluviðtakanda taki einungis mið af hagsmunum annars þeirra

getur það bannað athafnir kortaútgefanda er brjóta í bága við ákvæði þessarar greinar og lagt fyrir hann að breyta viðskiptaháttum sínum.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

7. gr.

Kortaútgefanda er skylt, áður en samningur um útgáfu greiðslukorts er gerður eða þegar hann svarar fyrirspurnum varðandi greiðslukort, að veita upplýsingar varðandi eftirfarandi:

1. Notkunarheimildir tengdar greiðslukortinu.
2. Skilyrði sem tengjast handhöfn og notkun greiðslukortsins, þar á meðal hversu oft korthafi fái yfirlit um úttektir.
3. Heildarkostnað sem tengdur er notkun greiðslukortsins, þar með talin föst gjöld, svo sem árgjald og vexti, ef um þá er að ræða.
4. Hversu oft korthafi fái reikningsyfirlit frá kortaútgefandanum.
5. Upplýsingar sem kortaútgefandi krefst af umsækjanda þegar umsókn um útgáfu greiðslukorts er afhent.
6. Meginreglur kortaútgefanda um mat á lánstrausti umsækjanda um greiðslukort.
7. Notkun, geymslu og miðlun persónulegra upplýsinga er snerta umsækjanda, svo og varðandi innkaup hans o.fl.
8. Hvernig korthafi skuli koma á framfæri fullnægjandi aðvörunum þegar greiðslukort eða einkaleyninúmer (PIN-tala) eða þess háttar týnist, það er misnotað eða er á annan hátt komið í ólögmæta vörslu.

Kortaútgefandi skal áður en samningur stofnast um notkun greiðslukorts veita umsækjanda þær upplýsingar sem getið er í 1. mgr. þessarar greinar.

Ráðherra getur sett nánari reglur um það hvernig upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein sé uppfyllt.

8. gr.

Kortaútgefandi gefur út greiðslukort að undangenginni athugun á fjárhagsstöðu umsækjanda um greiðslukort. Aðila, sem ekki nýtur viðskiptatrausts, skal synja um greiðslukort þótt hann bjóði ábyrgðir annarra fyrir úttektum sínum.

Aðeins í undantekningartilvikum er kortaútgefanda heimilt að krefja korthafa fyrir fram um að hann leggi fram tryggingar með ábyrgð annarra aðila fyrir úttekt sinni. Ábyrgðaraðili samkvæmt þessari málsgrein getur hvenær sem er og án fyrirvara krafist að greiðslukortasamningur, sem hann er í ábyrgð fyrir, sé afturkallaður þegar í stað. Um ábyrgð á úttekt, eftir að krafa um afturköllun ábyrgðar kemur til kortaútgefanda, fer þá samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga þessara.

9. gr.

Greiðslukort má aðeins afhenda að fenginni skriflegri umsókn, sbr. jafnframt 7. gr. laga þessara.

Sé umsókn um greiðslukort synjað á grundvelli upplýsinga sem um getur í 5. og 6. tölul. 7. gr. laga þessara skal kortaútgefandi, að beiðni umsækjanda, greina frá því á hvaða upplýsingum byggt er.

10. gr.

Korthafi á rétt til þess að krefjast kvittunar við sérhverja greiðslu sem innt er af hendi með notkun greiðslukorts nema hann hafi sérstaklega á annan veg samið við hlutaðeigandi greiðsluviðtakanda.

Ráðherra getur með reglugerð undanþegið tiltekin greiðslukort eða greiðslukortaviðskipti frá ákvæðum þessarar greinar.

11. gr.

Kortaútgefanda er óheimilt að takmarka með almennum skilmálum rétt korthafa til þess að segja samningi upp við kortaútgefanda án fyrirvara. Heimilt er að semja um slíkt í sérstökum tilvikum.

12. gr.

Greiðslumiðlun með greiðslukortum skal eigi valda almennri hækkun á vöruverði. Verðlagsráð getur ákveðið hámarksþóknun sem kortaútgefanda er heimilt að krefja greiðsluviðtakanda um en kostnaður vegna greiðslumiðlunarinnar skal að öðru leyti greiðast af korthöfum.

Ákvörðun um hámarksþóknun skv. 1. mgr. verður ekki beitt nema notkun greiðslumiðlunar af þessu tagi hækki sannanlega kostnað greiðsluviðtakanda miðað við fyrri viðskiptahætti og ekki tíðkist í viðkomandi grein að veita þeim viðskiptavinum, sem ekki notfæra sér greiðslumiðlunina, sérstakan afslátt af verði vöru eða þjónustu.

Kortaútgefendur skulu birta opinberlega gjaldskrár sínar ef Verðlagsstofnun krefst þess.

IV. KAFLI
Um ábyrgð korthafa og kortaútgefanda.

13. gr.

Korthafi er ábyrgur fyrir allt að 12 þúsund króna tjóni sem leiðir af ólögmætri notkun greiðslukortsins þegar notað er einkaleyninúmer eiganda greiðslukortsins. Þetta á þó ekki við ef annað leiðir af 2. eða 3. mgr. þessarar greinar.

Korthafa ber að bæta allt tjón sem aðrir valda vegna ólögmætrar notkunar greiðslukortsins og einkaleyninúmers hans, enda sanni kortaútgefandi að korthafi hafi gefið upplýsingar um númerið til þess sem hefur notað greiðslukortið á ólögmætan hátt.

Korthafi er ábyrgur fyrir tjóni fyrir allt að 8 þúsundum króna sem verður vegna ólögmætrar notkunar annarra en korthafa nema til komi rýmri ábyrgð skv. 2. mgr. þessarar greinar, enda sanni kortaútgefandi að

1. korthafi hafi afhent greiðslukortið til þess sem hefur notað greiðslukortið í heimildarleysi,
2. korthafi eða sá sem hann hefur afhent greiðslukortið hafi með vítaverðum hætti stuðlað að því að misnotkunin hafi getað átt sér stað eða
3. reikningseigandi eða sá sem korthafi hefur afhent kortið hefur ekki tilkynnt kortaútgefanda eins fljótt og unnt er eftir að vitneskja liggur fyrir um það að greiðslukortið hafi glatast.

Korthafi er því aðeins ábyrgur skv. 1.–3. mgr. þessarar greinar að viðskiptin séu rétt skráð og bókfærð, sbr. 14. gr. þessara laga.

Kortaútgefandi er ábyrgur fyrir tjóni sem verður eftir að hann hefur fengið tilkynningu um að greiðslukortið hafi glatast eða sé komið á ólögmætan hátt í vörslu annars en korthafa. Þetta gildir þó eigi ef greiðsluviðtakandi er ábyrgur skv. 7. mgr. þessarar greinar. Kortaútgefandi skal þegar í stað gefa korthafa staðfestingu á því að tilkynnt hafi verið um að greiðslukortið hafi glatast. Staðfesting kortaútgefanda skal vera skrifleg og í henni skal greina frá hvaða tíma tilkynningin tekur gildi.

Kortaútgefandi er ábyrgur fyrir tjóni sem verður vegna ólögmætrar notkunar á greiðslukorti nema annað leiði af ákvæðum 1.–3. mgr. eða 7. mgr. þessarar greinar.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. þessarar greinar er greiðsluviðtakandi ábyrgur fyrir tjóni ef hann vissi eða mátti vita að handhafa greiðslukortsins var óheimilt að nota það.

Fjárhæðartakmörk, sem um getur í 1. og 3. mgr. þessarar greinar, miðast við lánskjaravísitölu 3.198 stig og breytast í hátt við þá vísitölu.

14. gr.

Kortaútgefandi er ábyrgur fyrir tjóni greiðsluviðtakanda eða korthafa sem orsakast af rangri skráningu, reikningsskekkjum, tæknilegum bilunum eða öðrum samsvarandi ástæðum og þrátt fyrir að telja verði að tjónið stafi af ófyrirsjáanlegum orsökum og skulu slíkar villur leiðréttar um leið og þær koma í ljós. Heimilt er þó að lækka eða fella brott ábyrgð kortaútgefanda samkvæmt þessari grein ef korthafi hefur með stórfelldu gáleysi eða af ásetningi átt þátt í því að sú bilun varð eða rangfærsla sem tjónið er rakið til. Kortaútgefandi ber þó eigi ábyrgð á tjóni greiðsluviðtakanda sem rekja má að öllu leyti til eigin aðstæðna eða gáleysis hans.

Seinki greiðslu eða hafi hún eigi komið fram vegna þeirra atvika sem nefnd eru í 1. málsl. 1. mgr. þessarar greinar verður kröfum eigi beint að korthafa af þeim ástæðum, nema að því leyti sem kortaútgefandi kann að eiga rétt til vaxta úr hendi korthafa. Hafi reikningur korthafa þegar verið skuldfærður vegna greiðslunnar ber þó að líta svo á að greiðluskyldu korthafa sé að öllu leyti lokið.

Tjón það, er kortaútgefandi hefur þurft að bæta korthafa vegna ákvæða 1. mgr. þessarar greinar og rakið verður til aðstæðna eða gáleysis greiðsluviðtakandans, getur kortaútgefandi endurkrafið greiðsluviðtakanda um.

Sönnunarbyrði fyrir því, að ástæður þær, sem nefndar eru í 1. málsl. 1. mgr., eigi ekki við um greiðslukortaviðskiptin, hvílir á kortaútgefanda.

V. KAFLI

Skráning og meðferð upplýsinga sem kortaútgefandi skráir.

15. gr.

Einungis er heimilt að skrá upplýsingar um korthafa og greiðsluviðtakanda sem nauðsynlegar eru vegna greiðslukortaviðskiptanna, svo og tilkynningar um það er greiðslukort tapast eða er innkallað sökum misnotkunar.

Upplýsingar um korthafa og greiðsluviðtakanda má aðeins nota og afhenda þegar það er nauðsynlegt til framkvæmdar greiðslukortaviðskiptunum, til leiðréttingar og vegna réttarvörsluathafna eða slíkt er á annan hátt heimilað í lögum.

Upplýsingar, er varða misnotkun, má einungis gefa að því marki sem nauðsynlegt getur talist til þess að koma megi í veg fyrir frekari misnotkun.

16. gr.

Upplýsingar um notkun einstaklinga og fyrirtækja á greiðslumiðlun með greiðslukortum skulu varðveittar í fimm ár frá greiðslu korthafa en að þeim tíma liðnum skal þeim eytt.

17. gr.

Ef annað leiðir ekki af ákvæðum í lögum þessum skal beita ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga um skrár sem færðar eru í tengslum við greiðslukortastarfsemi, sbr. 1. gr. laga þessara.

VI. KAFLI
Viðurlög og málsmeðferð.

18. gr.

Yfirstjórn með lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim er í höndum viðskiptaráðherra.

Úrskurðum bankaeftirlits og verðlagsráðs samkvæmt lögum þessum er heimilt að skjóta til staðfestingar eða synjunar ráðherra innan fjögurra vikna frá því að úrskurður gengur um ágreiningsefnið. Málskot frestar þó eigi gildistöku úrskurðar.

Nú vill aðili ekki una ákvörðun ráðherra, bankaeftirlits eða verðlagsráðs og getur hann þá borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðun. Málshöfðun frestar ekki gildistöku ákvörðunar. Með mál samkvæmt þessari málsgrein skal fara samkvæmt lögum nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

19. gr.

Ráðherra getur fellt úr gildi til bráðabirgða þau leyfi til kortaútgáfu sem hann hefur veitt samkvæmt ákvæðum 4. gr. Niðurfelling skal borin undir dómstóla án ástæðulauss dráttar, sbr. ákvæði 21. gr.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu varða sektum nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

21. gr.

Útgefanda greiðslukorta skv. 4. gr. má, auk refsingar skv. 20. gr., svipta réttindum til greiðslukortastarfsemi með dómi.

Gera má upptæk með dómi tæki eða gögn sem stórfelld brot á lögum þessum hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

22. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Ákvæði 8., 9., 11., 12., 13. og 14. gr. eru ófrávíkjanleg að því leyti sem slíkt er eigi til hagsbóta fyrir korthafa.

Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr. eru ófrávíkjanleg að því leyti sem slíkt er eigi til hagsbóta fyrir greiðsluviðtakanda.

24. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd og eftirlit með lögum þessum í reglugerð, þar á meðal að sérstakar reglur skuli gilda um skiptingu kostnaðar skv. 12. gr. laga þessara ef um er að ræða alþjóðlega greiðslukortastarfsemi. Hið sama gildir varðandi ákvæði V. kafla laga þessara.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ef greiðslukortastarfsemi hefur hafist fyrir gildistöku laga þessara skal kortaútgefandi uppfylla eftirfarandi ákvæði eigi síðar en innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna:

1. Afla starfsleyfis í samræmi við ákvæði 4. gr. laganna.
2. Senda korthöfum upplýsingar skv. 1. mgr. 7. gr. laga þessara, svo og endurnýja samninga varðandi tryggingar kortaútgefenda gagnvart korthafa í samræmi við ákvæði 8. gr. laga þessara. Þó er heimilt þrátt fyrir ákvæði fyrri málsliðar að uppfylla skilyrði þessa töluliðar við næstu endurnýjun greiðslukortasamnings, en þó eigi síðar en innan 15 mánaða frá gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um greiðslukortastarfsemi var lagt fyrst fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er nú endurflutt.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem fjallað hefur á vegum viðskiptaráðuneytisins um starfsemi á fjármagnsmarkaði utan viðskiptabanka og sparisjóða. Í samningu frumvarpsins hafa eftirtaldir tekið þátt: Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, formaður, Tryggvi Axelsson deildarstjóri, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður, Kjartan Jóhannsson alþingismaður, Sigurmar Albertsson hæstaréttarlögmaður, Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri, Eiríkur Guðnason aðstoðarbankastjóri, Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits, og Sveinbjörn Hafliðason lögfræðingur.

Við samningu frumvarpsins kynnti nefndin sér þær reglur sem settar hafa verið um greiðslukortaviðskipti í nágrannalöndunum, en einkum var höfð til hliðsjónar við gerð frumvarpsins dönsk löggjöf um greiðslukortastarfsemi.

Frumvarpið hefur að undanförnu verið endurskoðað í viðskiptaráðuneytinu. Við endurskoðun frumvarpsins hefur verið tekið tillit til réttarþróunar í nágrannalöndunum á undanförnum árum.

Talið er að notkun greiðslumiðlunar með greiðslukortum eigi uppruna sinn í Bandaríkjunum. Þegar upp úr aldamótum voru einstök hótel farin að gefa út greiðslukort til góðra viðskiptavina og árið 1951 hófu bandarískir bankar útgáfu bankagreiðslukorta. Fyrirtækið Diners' Club hóf árið 1949 greiðslumiðlun af því tagi sem nú er stunduð af sérhæfðum greiðslukortafyrirtækjum, en annað fyrirtæki, sem verið hefur í fararbroddi um útbreiðslu þessarar þjónustu, er fyrirtækið American Express sem hóf greiðslukortastarfsemi árið 1958. Síðan hafa fjölmörg fjármálafyrirtæki og bankastofnanir rutt sér til rúms á markaðnum fyrir þessa þjónustu og fer hún stöðugt vaxandi. Stærstu fyrirtækin eru í mörgum ríkjum, en hin alþjóðlega greiðslumiðlun, sem þau reka, er ein ástæðan fyrir vinsældum þjónustunnar.

Innlend greiðslukortafyrirtæki hafa starfað hér á landi um áratug og hefur notkun

greiðslukorta orðið mjög vinsæl meðal almennings. Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands er talið að heildarfjárhæð þeirra viðskipta, sem greidd hafa verið með milligöngu greiðslukortafyrirtækja sem starfa hér á landi, hafi numið um það bil 20 milljörðum króna innan lands og 4 milljörðum króna erlendis á árinu 1988.

Árið 1991 er heildarvelta innan lands 39,8 milljarðar og erlendis 7,6 milljarðar eins og fram kemur í Hagtölum mánaðarins sem útgefnar eru af Seðlabanka Íslands.

Hér er um að ræða fyrirtækin Kreditkort hf. sem starfrækir greiðslumiðlun með notkun svokallaðra Eurocard-korta og VISA-Ísland sem starfrækir greiðslumiðlun með notkun svokallaðra VISA-korta. Bæði kortin eru alþjóðleg, þ.e. hægt er að nota þau bæði innan lands og utan og útgáfa kortanna fer fram í bankastofnunum sem eru aðilar að viðkomandi greiðslukortafyrirtæki. Loks hefur nýtt fyrirtæki Samkort hf. nýlega hafið starfsemi, en eingöngu á innlendum markaði, og gefur það út kort með sama nafni. Þá er nokkuð um það að íslenskir aðilar notfæri sér greiðslumiðlun erlendra fyrirtækja, svo sem American Express eða Diners' Club, og þá fyrst og fremst vegna viðskipta á erlendri grund. Bæði þessi fyrirtæki hafa hérlenda umboðsaðila, en greiðslur korthafa fara beint til skrifstofa fyrirtækjanna erlendis.

Ef höfð er hliðsjón af þróun greiðslukortaþjónustu erlendis má búast við því að á næstu árum muni hún verða fjölbreyttari hér á landi. Fleiri fyrirtæki munu veita slíka þjónustu og fleiri tegundir af henni verða í boði. Má þar nefna svokölluð debet-kort sem kalla mætti innstæðukort, en þau eru notuð til þess að framkvæma með sérstökum búnaði tafarlausa millifærslu af bankareikningi korthafa yfir á bankareikning þess sem við greiðslu tekur. Er notkun bankakorta til þess að taka út fjármuni í sjálfvirkum afgreiðsluvélum bankastofnana væntanlega fyrsti vísirinn að notkun innstæðukorta hér á landi. Þá má nefna neyslulánskort þar sem korthafa er heimilaður fastur yfirdráttur hjá greiðslumiðlunarfyrirtæki og loks má nefna reikningskort stórverslana sem veita heimild til vöruúttektar í viðkomandi verslun að ákveðnu marki og greiðslu úttektarinnar eftir á með sérstökum skilmálum.

Greiðslumiðlun af því tagi, sem hér er fjallað um, hefur í för með sér ýmiss konar hagkvæmni fyrir notendur, jafnt viðskiptavini og þá sem þjónustuna láta í té. Hins vegar er talsverður kostnaður henni samfara og jafnframt hafa þróast hér á landi venjur varðandi notkun og skilmála greiðslukorta sem eru frábrugðnar því sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Þannig er greiðslumiðlun kortafyrirtækja óalgeng í matvöruverslunum erlendis, en hér er hún um 40% af veltu fyrirtækjanna. Þá gera greiðslukortafyrirtækin kröfur um tryggingar korthafa sem eru frábrugðnar því sem tíðkast í nágrannalöndunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að lög þessi taki til greiðslumiðlunar hér á landi, þ.e. sem fram fer í íslenskri lögsögu með útgáfu og notkun greiðslukorta, svo og annarrar sambærilegrar greiðslumiðlunar. Með sambærilegri greiðslumiðlun er átt við þau afbrigði greiðslumiðlunar sem að framan greinir, svo sem með debet-kortum, lánskortum, reikningskortum og úttektarkortum ýmiss konar, svo og nýjar tegundir greiðslumiðlunar sem kunna að vera boðnar á íslenskum markaði og sem eru greinar af sama meiði og sú þjónusta sem þegar er fyrir hendi. Lögin taka einnig til lögskipta innlendra korthafa og kortaútgefanda vegna úttekta korthafans erlendis sem koma til greiðslu hér á landi.

Ýmsum ákvæðum þessa frumvarps, ef að lögum verður, yrði væntanlega unnt að beita með lögjöfnun gagnvart frekari þróun sem kann að verða á sviði greiðslumiðlunar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er að finna skilgreiningar á hugtökum. Með greiðslukortastarfsemi er átt við greiðslumiðlun sem byggir á notkun greiðslukorta eins og það hugtak er skýrt hér á eftir. Greiðslukortastarfsemi í skilningi frumvarpsins er áður nefnd greiðslumiðlun í víðtækasta skilningi, sbr. almennu athugasemdirnar hér á undan. Greiðslukortastarfsemi telst vera fyrir hendi ef kortaútgefandi hefur tekið að sér greiðslumiðlun sem byggist á framvísun sérstakra greiðslukorta og jafnframt gert um það sérstaka samninga við korthafa og greiðsluviðtakanda. Sú starfsemi, sem hér er rætt um, tekur því til núverandi starfsemi íslenskra greiðslukortafyrirtækja sem talin eru hér að framan, svo og til nýrra greina greiðslumiðlunar, sbr. athugasemdir við 1. gr.

Greiðslukort merkir samkvæmt greininni öll þau skilríki í formi korta, venjulega gerðum úr plasti, sem veita korthafa rétt til að njóta greiðslumiðlunar kortaútgefanda þannig að greiðsla fyrir veitta þjónustu, selda vöru eða önnur verðmæti er reikningsfærð honum til skuldar hjá kortaúgefandanum. Bankakort, sem einungis veita rétt til úttektar á innstæðu korthafa hjá innlánsstofnun, falla ekki undir skilgreiningu þessa ákvæðis nema þau séu notuð til þess að skrá beina millifærslu milli reiknings korthafa og reiknings greiðsluviðtakanda með sérstökum búnaði í verslun eða þjónustustofnun. Slíkur búnaður er sums staðar notaður erlendis og nefnast kortin þá debet-kort, en greiðslukerfið er einkennt með ensku skammstöfuninni EFTPOS (Electronic Fund Transfer at Point of Sale) sem merkir tölvuvædda millifærslu fjármuna á sölustað. Hugtakið greiðslukort er hér notað á sama hátt og enska hugtakið „card", eða kort, en það greinist síðan í ýmis afbrigði, svo sem debet-kort, lánskort o.s.frv.

Kortaútgefandi merkir útgefanda greiðslukortsins sem skráður hefur verið sem slíkur, sbr. II. kafla frumvarpsins. Ekki er nauðsynlegt samkvæmt skilgreiningunni að kortaútgefandi sé annar aðili en greiðsluviðtakandi, sbr. skilgreiningu á því hugtaki hér á eftir. Stórverslanir eða verslanakeðjur geta t.d. gefið út greiðslukort til viðskiptavina sinna vegna viðskipta sem þeir í því tilviki eiga við kortaútgefandann sjálfan sem þá er jafnframt greiðsluviðtakandi.

Í frumvarpinu merkir greiðsluviðtakandi þann aðila sem ber réttur til greiðslu samkvæmt greiðslunótu þar sem fram kemur nafn korthafa og nafn þess sem greiðsla er innt af hendi við með framvísun greiðslukorts, svo og heiti greiðslumiðlunar kortaútgefanda. Á dönsku nefnist greiðsluviðtakandi „betalingsmodtager" sem einnig mætti þýða á íslensku sem greiðslumóttakandi eða greiðslutaki. Að höfðu samráði við formann Íslenskrar málnefndar varð að ráði að þýða orðið með íslenska orðinu greiðsluviðtakandi. Greiðsluviðtakandi getur verið seljandi vöru, þjónustu eða annarra verðmæta eða sá sem hann hefur framselt rétt sinn til greiðslu. Greiðsluviðtakandi getur einnig verið kortaútgefandi sjálfur, sbr. það sem að framan er sagt um það hugtak.

Korthafi merkir samkvæmt frumvarpinu þann aðila sem gert hefur samning við kortaútgefanda um aðgang að greiðslumiðlun hans með framvísun greiðslukorts sem látið er í té samkvæmt samningi þar um. Getur sú greiðslumiðlun náð til viðskipta jafnt innan lands sem erlendis og jafnt til korthafa og ábyrgðaraðila sem tekið hafa á sig ábyrgð á skilvísum greiðslum frá korthafa samkvæmt skilmálum sem um útgáfu kortsins gilda, svo sem ef um fyrirtækjakort eða aukakort til fjölskyldueinstaklinga er að ræða.

Um 3. gr.

Lagt er til að kortaútgefendur, sem starfa samkvæmt lögum þessum, hafi skráð firma hér á landi. Með því er átt við að þau fyrirtæki, sem stunda greiðslukortastarfsemi, skuli hafa skráð starfsemi sína hér á landi í firma- eða hlutafélagaskrá eftir því sem við á. Útibú erlendra félaga skulu samkvæmt ákvæði þessu skráð hér á landi í samræmi við ákvæði XVII. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, eða hafa hér skráðan umboðsaðila.

Meginþýðing þessa ákvæðis er að með því er lögð til sú meginregla að varnarþing vegna hugsanlegra dómsmála gagnvart kortaútgefanda er ætíð hér á landi. Hliðstætt ákvæði er að finna í dönskum lögum um greiðslukort.

Í greininni er þó ráðherra veitt heimild til að veita undanþágur frá fyrrgreindri aðalreglu þessarar greinar og yrðu slíkar undanþágur einkum veittar ef t.d. alþjóðasamningar veittu innlendum aðilum gagnkvæman rétt og um ræðir í þessari grein.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um skyldu útgefenda á greiðslukortum að afla sér rekstrarleyfis viðskiptaráðherra áður en starfsemi þeirra hefst. Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um skyldu þeirra fyrirtækja sem þegar hafa tekið til starfa við gildistöku laga þessara, ef að lögum verður, til að afla sér starfsleyfis ráðherra. Jafnframt er í greininni kveðið á um helstu atriði sem í umsókn skuli greina. Þá er lagt til að bankaeftirliti Seðlabanka Íslands skuli tilkynnt um breytingar á áður tilkynntum atriðum. Væntanlega verða útbúin sérstök eyðublöð í þessu skyni. Gert er ráð fyrir því að hjá bankaeftirlitinu liggi framvegis ávallt fyrir upplýsingar varðandi þá kortaútgefendur sem reka greiðslukortastarfsemi hverju sinni.

Í 1. tölul. er áskilið að samþykktir skuli fylgja tilkynningu kortaútgefanda. Með því er átt við að gerð skuli grein fyrir innra skipulagi starfseminnar og er þá átt við að fram skuli koma í hvaða félagsformi starfsemin er rekin, svo og hvort og þá á hvern hátt greiðslukortastarfsemi tengist annarri starfsemi kortaútgefanda.

Með ákvæði 2. tölul. er ætlunin fyrst og fremst sú að tilkynnt sé um helstu grundvallarþætti starfseminnar. Til slíkra þátta má t.d. telja hvernig öryggiskröfum sé fullnægt, svo sem hvernig bilanir í beinlínukerfi komi fram gagnvart kortaútgefanda og hvernig þær skuli leiðréttar og hvort kerfið sé lokað öðrum en korthöfum. Ákvæðinu er hins vegar ekki ætlað að taka til nákvæmrar lýsingar á tæknilegum atriðum, t.d. varðandi þær vélar sem notaðar eru við starfsemina.

Í 3. tölul. er kveðið á um skyldu kortaútgefanda að láta fylgja tilkynningu eintak af þeim upplýsingum sem kortaútgefandi afhendir korthafa, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

4. tölul. þessarar greinar tekur m.a. til þess að kortaútgefandi gefi upplýsingar um þá viðskiptaskilmála sem gilda gagnvart greiðsluviðtakanda, svo og um réttarsamband greiðsluviðtakanda og kortaútgefanda að öðru leyti. Ákvæðið tekur því til upplýsingaskyldu um það hvaða réttindi samningur um greiðslumiðlun kortaútgefanda skapi greiðsluviðtakendum almennt.

Í 3. mgr. er lagt til að tilkynntar skuli breytingar á áður tilkynntum atriðum áður en þær komi til framkvæmda og er bankaeftirlitinu þannig gert kleift að fylgjast nánar með þróun starfseminnar.

Í 4. mgr. er lagt til að bankaeftirlitið skuli halda skrá yfir þá aðila sem tilkynna að þeir hafi með höndum greiðslukortastarfsemi samkvæmt frumvarpi þessu.

Í fyrsta lagi er stefnt að því með ákvæði 3. mgr. að haldin sé skrá yfir kortaútgefendur sem opin er almenningi. Þess ber að geta að ýmsar þær upplýsingar, sem lagt er

til að kortaútgefandi tilkynni, sbr. 4. gr. frumvarpsins, kunna að vera þess eðlis að ekki þyki réttmætt að þær skuli felldar inn í slíka opinbera skrá þótt fyllilega sé réttmætt að stjórnvöld fái upplýsingar um þau atriði. Erfitt er að meta nákvæmlega í eitt skipti fyrir öll um mörk í þessu sambandi, en unnt er að kveða nánar á um skráninguna í reglugerð.

Í öðru lagi er ljóst af 3. mgr., sbr. jafnframt 1. mgr. þessarar greinar, við hvaða tímamark skal miða að starfsemi kortaútgefanda geti hafist. Útgáfa ráðherra á starfsleyfi til kortaútgefanda eftir athugun hvort fullnægt hafi verið ákvæðum þessa frumvarps og þeim skilyrðum sem sett eru fyrir útgáfu starfsleyfis, sbr. ákvæði laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, er því nauðsynleg til þess að starfsemi geti hafist. Uppfylli aðili þau skilyrði sem hér eru sett og önnur skilyrði sem sett kunna að vera í löggjöfinni, t.d. varðandi skráningu firma eða hlutafélags, sbr. 3. gr. frumvarpsins, skal litið svo á að viðkomandi aðili eigi rétt til þess að stunda þá starfsemi sem frumvarp þetta tekur til og er því ekki um að ræða að stjórnvald sé í þeirri aðstöðu að veita „leyfi“ til starfseminnar. Aðstaðan er öllu heldur sú að aðili, sem uppfyllt hefur öll þau skilyrði sem þörf er á samkvæmt lögum, skal eiga rétt á skráningu innan eðlilegs frests eftir að hann hefur uppfyllt öll skilyrði laganna.

Brjóti þeir aðilar, sem leyfi hafa fengið til að stunda greiðslukortastarfsemi, ítrekað þau lög og fyrirmæli sem um starfsemina gilda er ráðherra fengin heimild í 19. gr. frumvarpsins til þess að afturkalla til bráðabirgða áður útgefið starfsleyfi til kortaútgefanda til þess að stunda greiðslukortastarfsemi. Afleiðing þess yrði sú að viðkomandi kortaútgefandi missti rétt til að stunda greiðslukortastarfsemi. Um afleiðingar þess að kortaútgefandi hlítir ekki þeim lögum og fyrirmælum, sem um starfsemina gilda, vísast að öðru leyti til 19. gr. frumvarpsins, svo og ákvæða VII. kafla frumvarpsins í heild sinni.

Í 5. mgr. er kveðið svo á að viðskiptabönkum og sparisjóðum skuli einum heimilt að stunda greiðslumiðlun með greiðslukortum sem byggja á beinni millifærslu af innlánsreikningi korthafa. Greiðslukort af þessu tagi hafa verið nefnd debet-kort og hafa rutt sér til rúms á undanförnum árum víða erlendis. Rétt þykir að einkaréttur á þessum tegundum korta haldist hjá innlánsstofnunum sem einar hafa rétt á að taka við innlánum frá almenningi, sbr. 26. gr. laga nr. 85/1986, um viðskiptabanka, og 30. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði. Gera má ráð fyrir að innlendir bankar og sparisjóðir muni á næstu árum gefa út slík kort. Debet-kort munu væntanlega leysa af hólmi að verulegu leyti ávísanir á viðskiptabanka og sparisjóði. Enn fremur má reikna með að notkun debet-korta í stað ávísana muni hafa í för með sér verulegan sparnað fyrir innlánsstofnanir, jafnvel þjóðfélagið í heild, að því leyti sem bein millifærsla með debet-korti af innlánsreikningi er mun öruggari heldur en ávísanakerfi eins og nú tíðkast hjá innlánsstofnunum.

Í 6. mgr. er lagt til að heimilt verði að kveða nánar á um hvernig að framkvæmd laganna skuli staðið með reglugerð er ráðherra setur.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lagt til að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands annist eftirlit með greiðslukortastarfsemi. Almennt má segja að eftirlit með greiðslumiðlun og starfsemi lánastofnana hefur verið falið bankaeftirlitinu, sbr. ákvæði um eftirlit um starfsemi innlánsstofnana, svo og eftirlit með starfsemi eignarleigufyrirtækja. Greiðslukortastarfsemi er þegar orðin hluti af starfsemi innlánsstofnana, þó svo að einnig séu velþekkt dæmi um að slík greiðslumiðlun sé rekin sem sjálfstæð starfsemi óháð rekstri innlánsstofnunar. Rétt þykir að fela bankaeftirlitinu að fylgjast með greiðslumiðlun af því tagi sem þetta frum-

varp fjallar um. Til hliðsjónar skal þó skoða ákvæði 6. gr. þessa frumvarps um eftirlitsþátt Verðlagsstofnunar.

Í 1. mgr. er byggt á því að við notkun greiðslukorta í greiðslukortastarfsemi sé gætt fullnægjandi öryggis tæknilega séð. Við ákvörðun á því hvort starfsemi kunni að einhverju leyti að vera áfátt skal m.a. litið til þess hvort miðlunin í heild sé nægilega örugg og búnaður, sem kann að vera notaður við miðlunina, sé fullnægjandi, hvort ætla megi að litlar líkur séu á misnotkun kerfisins, hvort bilanir komi nægilega fljótt fram þannig að ekki sé hætta á verulegu tjóni af þeim sökum o.s.frv.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði er þykir nauðsynlegt til þess að tryggja að bankaeftirlitið hafi aðgang að þeim gögnum er það telur sig þurfa til að framfylgja ákvæðum þessa frumvarps um eftirlit o.fl.

Um 6. gr.

Í þessari grein er eftirlit með því að greiðslukortastarfsemi sé rekin í samræmi við sanngjarna viðskiptahætti falið Verðlagsstofnun og verðlagsráði sem starfa samkvæmt lögum nr. 56/1978. Í Danmörku hefur samsvarandi hlutverk vegna laga um greiðslukort verið falið sérstöku embætti sem nefnist „forbrugerombudsmand". Nefnd sú, er samdi frumvarp þetta, taldi rétt og jafnframt hagkvæmast að fela Verðlagsstofnun framkvæmd laganna að þessu leyti ef frumvarp þetta verður að lögum. Sú niðurstaða byggir m.a. á því að mörg ákvæða þessa frumvarps eru fyrst og fremst byggð á sjónarmiðum neytendaverndar, en Verðlagsstofnun hefur nú um nokkurt skeið haft vaxandi afskipti af þeim málaflokki. Eðlilegast þótti því að fela stofnuninni framkvæmd með ákvæðum þessara mála. Sumir þættir í greiðslukortastarfsemi eiga sér þó stað hjá innlánsstofnunum, en eftirlit að því leyti mun fara fram af hálfu bankaeftirlitsins í samræmi við lög um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og um sparisjóði, nr. 87/1985, sbr. einnig lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

Í 1. og 2. tölul. 2. mgr. er eftirlitshlutverk Verðlagsstofnunar með ákvæðum þessa frumvarps afmarkað nánar og jafnframt koma til athugunar þær almennu reglur sem þeirri stofnun eru settar varðandi starfsemi sína og heimildir þeirrar stofnunar til eftirlits með þeim sem lögin taka til, sbr. nánar um þetta í lögum nr. 56/1978.

Þegar rætt er um að starfsemi skuli ekki vera í andstöðu við sanngjarna viðskiptahætti þá er m.a. átt við:

— að viðskiptamanni kortaútgefanda eigi að vera unnt að sjá helstu kosti og galla sem greiðslumiðlun kortaútgefanda fylgja,
— að viðskiptamaður kortaútgefanda sé ekki þvingaður á neinn hátt til þess að taka þátt í greiðslumiðluninni, t.d. af því að eingöngu þannig megi inna tilteknar greiðslur af hendi,
— að lagt sé til grundvallar að meðferð upplýsinga, sem kortaútgefandi hefur komist yfir vegna notkunar greiðslukorts, sé að öllu leyti innan þeirra marka sem teljast verður eðlileg og í tengslum við sjálfa greiðslumiðlunina eða leiðréttingar vegna hennar, sbr. jafnframt ákvæði V. kafla frumvarpsins,
— að starfsemin sé að öðru leyti rekin í samræmi við lög þau og reglugerðir sem um starfsemina gilda.

Í 1. tölul. 2. mgr. er fjallað annars vegar um samband korthafa og kortaútgefanda og hins vegar um samband greiðsluviðtakanda og korthafa. Verðlagsstofnun hefur þannig rétt til þess að gera athugasemdir við tilkynnta skilmála, svo og við það hvernig þeim skilmálum er í raun beitt. Miðað er við það að afskipti skuli höfð ef ljóst þykir að skilmál-

um er beitt einvörðungu til hagsbóta kortaútgefanda eða greiðsluviðtakanda eða þeir eru á annan hátt óréttmætir. Við ákvörðun á því hvort sú aðstaða er fyrir hendi sem hér er rætt um má t.d. nefna að taka verður tillit til þess hvort samningsaðili hafi notfært sér stöðu sína og þannig orðið þess valdandi að gengið sé á rétt gagnaðila og verulegt misræmi komi fram varðandi þær skyldur og réttindi er samningurinn leggur á hvorn aðila. Þetta á einkum við þegar notaðir eru staðlaðir samningsskilmálar við samningsgerðina sem eru bersýnilega ósanngjarnir í garð annars aðilans eða telja má að sérstakur aðstöðumunur sé milli aðila við samningsgerð að öðru leyti.

Í 2. tölul. 2. mgr. er rætt um samband kortaútgefanda og greiðsluviðtakanda. Með sama hætti og hér á undan hefur verið nefnt kann sú aðstaða er ákvæðið nefnir að vera fyrir hendi, t.d. við notkun staðlaðra samningsskilmála. Til leiðbeiningar við túlkun þessa ákvæðis má taka sem dæmi að kortaútgefandi noti þá stöðu sína, sem hér á undan hefur verið nefnd, til þess að knýja fram sérstaklega hagstæð samningskjör, svo sem með því að undanþiggja sig skyldum eða auka við skyldur gagnaðila þannig að telja verði það óréttmætt að beita samningi fyrir sig eins og atvikum er háttað. Þá skal einnig minnt á ákvæði II. og VI. kafla frumvarpsins varðandi úrræði þau sem fyrir hendi eru í tilefni af brotum á ákvæðum laganna.

Í 6. gr. er loks að finna úrræði til handa Verðlagsstofnun ef tilmæli og ákvarðanir stofnunarinnar eru brotin. Í frumvarpi þessu er einnig að finna málskotsheimild til ráðherra og dómstóla, sbr. 18. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er kortaútgefanda gert skylt að upplýsa væntanlega korthafa, svo og aðra viðskiptamenn sína, um helstu skilmála við notkun greiðslukortsins. Þannig getur væntanlegur korthafi kynnt sér kosti og galla slíkra samninga sem á boðstólum eru hjá hinum ýmsu kortaútgefendum.

Í 1. tölul. er kveðið á um skyldu til að upplýsa hvaða notkunarheimildir tengjast mismunandi gerðum greiðslukorta. Í því sambandi má nefna að rétt er að upplýsa hvort nota megi fleiri en eitt kort á sama reikning og hvort fleiri en einn korthafi geti notað tiltekinn reikning hjá kortaútgefanda, svo og hvar nota megi greiðslukortið. Jafnframt bæri kortaútgefanda að tilgreina þær takmarkanir sem notkun greiðslukortsins eru settar, úttektarheimildir, tímabil þeirra o.s.frv.

Í 2. tölul. er gert ráð fyrir að upplýst sé um þau skilyrði sem handhöfn greiðlukortsins eru tengdar, t.d. hvernig ábyrgð korthafa er háttað ef greiðslukortið týnist eða það kemst á annan hátt í hendur þriðja manni. Sérstaklega þýðingarmikið er í því sambandi að gera glögga grein fyrir að hvaða leyti slík samningsákvæði séu íþyngjandi fyrir korthafa. Enn fremur væri skylt að taka fram hvernig tilkynningarskyldu skuli háttað ef greiðslukort týnist eða því er stolið o.s.frv. Samningsskilmálar verða að vera í samræmi við ákvæði IV. kafla frumvarpsins eða aðrar þær reglur sem í gildi eru.

Auk þess sem hér að framan hefur verið nefnt má telja að kortaútgefanda beri samkvæmt greininni að veita upplýsingar um með hvaða hætti korthafi skuli koma á framfæri kvörtunum vegna notkunar greiðslukortsins.

Í 3. tölul. er lagt til að upplýsingar liggi frammi um heildarkostnað sem tengdur er notkun greiðslukortsins. Kostnaður vegna greiðslukorta kann að verða greindur í ýmsa þætti, svo sem stofngjald, fast árgjald eða endurnýjunargjald, vexti ef um þá er að ræða og annan kostnað tengdan notkun á greiðslumiðluninni. Með ákvæðinu er ekki girt fyrir að kortaútgefandi geti krafist breytilegra vaxta að því tilskildu að sú viðmiðun, sem far-

ið er eftir samkvæmt samningnum, sé fyrir fram ákveðin, t.d. sem meðaltal vaxta samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands eða vextir eins og þeir eru hjá tilgreindri innlánsstofnun af tilteknum viðskiptum á hverjum tíma. Þá tekur upplýsingaskylda samkvæmt ákvæði þessu ekki til þess kostnaðar sem kann að falla á korthafa vegna vanefnda hans á samningi sínum við kortaútgefanda.

Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að kortafyrirtæki þurfi að setja fram kostnað við lántöku sem ákveðinn hundraðshluta (prósentu) á ársgrundvelli. Hins vegar er verið að undirbúa á vegum viðskiptaráðuneytisins drög að frumvarpi til laga um upplýsingaskyldu í lánsviðskiptum.

Við gerð þess frumvarps er höfð hliðsjón af tilskipunum Evrópubandalagsins um þetta efni, sbr. tilskipun 87/102/EBE og sbr. tilskipun 90/88/EBE. Ákvæði þess frumvarps mun væntanlega taka einnig til greiðslukortastarfsemi að svo miklu leyti sem þar væri stunduð lánastarfsemi í sambandi við greiðslumiðlun með greiðslukorti (kredit-korti).

Í 4. tölul. kemur fram að greina skuli frá hversu oft korthafi skuli fá reikningsyfirlit vegna úttekta á greiðslukortinu, enda þýðingarmikið að slíkum upplýsingum sé miðlað eins fljótt og unnt er til korthafa.

Í 5. og 6. tölul. er gert ráð fyrir að væntanlegum korthöfum sé gert skylt að leggja fram persónulegar upplýsingar áður en útgáfa greiðslukorts fer fram. Þær upplýsingar, sem hér er gert ráð fyrir, munu því leggja grundvöll að mati viðkomandi kortaútgefanda á lánstrausti hvers umsækjanda um sig. Hér er um að ræða upplýsingar eins og t.d. hvort umsækjandi sé í föstu starfi, hverjar séu mánaðartekjur hans o.s.frv.

Samkvæmt 7. tölul. er skylt að skýra frá með hvaða hætti upplýsingar, sem snerta korthafa, verði notaðar síðar vegna greiðslukortastarfseminnar, þ.e. innan fyrirtækisins sjálfs svo og utan þess. Þannig mundi t.d. vera skylt að geta þess ef upplýsingar í heild eða að hluta skulu samkvæmt lagaskyldu afhentar opinberum aðilum. Jafnframt er skylt að tilgreina hversu lengi hinar skráðu upplýsingar verða varðveittar, sbr. 16. gr. frumvarpsins.

Í 8. tölul. er að finna ákvæði sem auðvelda á korthafa að dæma um það hvort gerðar séu virkar ráðstafanir af hálfu kortaútgefanda til þess að auðvelda tilkynningar er kort tapast eða glatast á annan hátt. Hið sama á við um þegar korthafi þarf að tilkynna að hætta sé á að þriðji maður hafi fengið vitneskju um einkaleyninúmer hans og geti notað það á ólögmætan hátt. Hér er orðið einkaleyninúmer notað yfir það sem á ensku nefnist PIN (Personal Identification Number). Í greiðslumiðlun greiðslukortafyrirtækja, svo og innlánsstofnana, hefur nú um nokkurt skeið tíðkast að úthluta viðskiptavinum slíkum einkaleyninúmerum til að auka öryggi í meðferð korta sem fyrirtækin gefa út og nota á til greiðslumiðlunar.

Í 2. mgr. er lagt til að umsækjandi um greiðslukort fái þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. áður en hann hefur skuldbundið sig með samningi gagnvart kortaútgefanda. Af ákvæðinu leiðir að ef breytingar verða á skilmálum kortaútgefanda verður að stofna til nýs samnings í heild eða eftir atvikum að hluta.

Í 3. mgr. er ráðherra veitt heimild til setningar reglugerðar um þau atriði er greinin tekur til og þá væntanlega einnig um atriði tengd 3. tölul. 1. mgr., sbr. jafnframt 12. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. eru staðfestar þær meginreglur sem telja verður eðlilegt að byggt sé á varðandi útgáfu greiðslukorta og veitingu lánsheimilda í því sambandi. Sérstaða greiðslu-

korta er sú að þau eru einkum notuð við greiðslur einstaklinga vegna einkaneyslu. Í starfsemi greiðslukortaútgefanda hefur jafnframt fram til þessa tíðkast að veita korthöfum tilteknar lánsheimildir út á samning þeirra um greiðslukort. Nefndin, sem frumvarpið samdi, telur með hliðsjón af því eðli greiðslukortastarfseminnar að hún sé fyrst og fremst miðill til greiðslu og fjármögnunar einkaneyslu að eðlilegt sé að setja í lög þá almennu viðskiptareglu sem hér er gerð tillaga um. Rétt þykir að til grundvallar samningi um greiðslukort liggi einstaklingsbundið mat á hverjum umsækjanda um greiðslukort, viðskiptatrausti hans og fjárhagsstöðu að öðru leyti. Til skoðunar í því sambandi hlýtur því að koma af hálfu kortaútgefanda hvort umsækjandi hafi reglulegar tekjur og hvort greiðslugeta sé yfirleitt fyrir hendi á þeirri úttektarheimild sem samningur hans og kortaútgefanda gerir ráð fyrir. Lagt er því til að aðalreglan við veitingu greiðslukorta verði sú að til grundvallar samningi um greiðslukort sé byggt á viðskiptatrausti umsækjanda um greiðslukort, en eigi annarra, og telur nefndin að regla þessi stuðli almennt að auknu öryggi í viðskiptum. Erlendis tíðkast þeir viðskiptahættir sem hér er lagt til að gildi varðandi þetta atriði og þykir greiðslukortið því nokkurt skilríki um lánstraust viðkomandi korthafa ef um er að ræða greiðslukort sem veitir korthafa rétt til yfirdráttar eða lántöku.

Í 2. mgr. er þó lagt til að kortaútgefanda skuli vera heimilt að víkja frá þeirri meginreglu sem lögð hefur verið til í 1. mgr. þessarar greinar. Eins og fram kemur af ákvæðum greinarinnar telur nefndin að sú aðstaða, sem vikið er að í 2. mgr., eigi að vera undantekning frá þeirri aðalreglu sem í 1. mgr. greinir. Telja verður að kortaútgefanda sé almennt eigi þörf að krefja aðra en korthafa um tryggingu fyrir úttektum á greiðslukorti því er hann gefur út til korthafa, en þó kunni að finnast undantekningar frá þeirri reglu. Þannig kann umsækjanda um greiðslukort t.d. að vera sérstakur hagur af því að fá útgefið sér til handa greiðslukort, enda greiðslumiðillinn orðinn almennur greiðslumáti í viðskiptum þótt hann fullnægi ekki persónulega settum skilyrðum kortaútgefanda um ábyrgðir vegna notkunar greiðslukortsins.

Í viðskiptum kortaútgefanda og korthafa myndast smám saman viðskiptatraust sem byggt er á reynslu kortaútgefanda á skilvísi korthafans. Hér verður einnig að gera greinarmun á því hvort verið er að ræða um svonefnt debet-kort eða kredit-kort. Í fyrrnefnda tilvikinu er sem fyrr segir um að ræða ávísun út af innstæðureikningi, en í hinu síðarnefnda þá tengist lánveiting notkunarheimild kortsins. Útgáfa greiðslukorts byggir því ávallt á viðskiptatrausti korthafa. Kortaútgefendur setja í starfsemi sinni nauðsynlega skilmála til að tryggja að þeir sem ekki njóta slíks trausts vegna fyrri viðskipta sinna, eða hafi með öðrum hætti ekki nægilegt lánstraust, setji þær lágmarksábyrgðir sem nauðsynlegar eru til þess að gefa megi út greiðslukort á nafn viðkomandi umsækjanda. Hér mun væntanlega kortaútgefandi taka tillit til upphæðar þeirrar úttektarheimildar sem hann veitir viðkomandi umsækjanda og fleiri atriða sem máli kunna að skipta í þessu sambandi. Þau undantekningartilvik, sem hér er rætt um, er ekki unnt að telja upp á tæmandi hátt og verður að líta svo á að þau mótist af þeirri framkvæmd sem eðlilegir og sanngjarnir viðskiptahættir mæla fyrir um hverju sinni. Nauðsynlegt þykir því að heimila undantekningu frá þeirri aðalreglu sem hér á undan var vikið að og er því lögð til sú undantekningarregla sem í 2. mgr. greinir.

Nefndin hefur einnig orðið sammála um að alveg skýrt sé kveðið á um það í frumvarpi þessu að þriðji maður, sem þannig hefur í þeim undantekningartilvikum, sem hér er rætt um, gengið í ábyrgð fyrir úttektum korthafa, geti afturkallað áður veitta ábyrgð sína ef forsendur fyrir henni bresta að hans mati. Ýmis tilvik geta orðið þess valdandi að

ábyrgðarmaður kann að vilja draga ábyrgð sína til baka. Gerbreytist aðstæður þá vill hann eigi lengur vera bundinn af ábyrgð sinni. Má t.d. nefna að sambúðarslit geta valdið því að forsendur ábyrgðarmanns bresta þar eð ábyrgð var við áframhaldandi sambúð miðuð. Korthafi kann einnig að leggjast í óreglu og stunda eigi lengur fasta atvinnu o.s.frv. Rétt þykir því að heimila að ábyrgðarmaður sé frjáls að afturköllun áður veittrar ábyrgðar og verður þá kortaútgefandi að innkalla greiðslukortið. Þetta kann og að leiða til aukins öryggis, enda má ætla að ábyrgðarmaður þekki vel til korthafa og verði því oft fyrstur þess áskynja ef breytingar verða á aðstæðum korthafa sem áhrif geta haft á viðskiptatraust hans. Kortaútgefandi fær þá fyrr en ella tækifæri til að gera ráðstafanir til þess að innkalla kortið, en korthafi getur þá að sjálfsögðu einnig lagt fram aðrar ábyrgðir fyrir úttektum sínum sem fullnægjandi geta talist að mati kortaútgefanda.

Áhrif afturköllunar ábyrgðarmanns korthafa eru þau að um kortið fer sem það væri vákort og koma því reglur IV. kafla til skoðunar vegna hugsanlegs tjóns og eftirfarandi greiðslu skaðabóta af því tilefni.

Um 9. gr.

Brot gegn 1. mgr. 9. gr. geta varðað refsingu skv. 20. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 9. gr. er lagt til að tryggt verði að umsækjendum um greiðslukort beri réttur til þess að fá upplýst hvaða persónulegar upplýsingar liggja til grundvallar synjunar kortaútgefanda ef umsækjanda er synjað um greiðslukort á þeim forsendum. Umsækjandi getur fremur með því móti kannað hvort þær upplýsingar séu réttar og eftir atvikum þá komið að leiðréttingum ef þær reynast ekki réttar.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að almennt skuli korthafar eiga rétt á afhendingu kvittunar fyrir þær greiðslur sem þeir inna af hendi með greiðslukorti. Þegar rætt er um kvittun er átt við að á henni séu upplýsingar um fjárhæð þá sem greitt er, dagsetningu og greiðslustað, auk hinna sérstöku tilgreininga sem þörf er á vegna notkunar kortsins, svo sem undirskrift korthafa eða upplýsingar um reikningsnúmer hans o.s.frv.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra geti við sérstakar kringumstæður undanþegið greiðslukortaviðskipti frá þessu ákvæði. Væntanlega yrði heimildinni beitt um tilvik þar sem fullvíst væri að yfirsýn korthafa verði ekki lakari en fengi hann kvittun að hætti 1. mgr. eða augljós hagkvæmnisrök þykja mæla með því, t.d. pöntun og kaup leikhúsmiða, o.s.frv.

Um 11. gr.

Korthafi getur samkvæmt greininni sagt upp almennum samningi um greiðslukort án fyrirvara og getur kortaútgefandi ekki takmarkað þann rétt korthafa. Almennar reglur kröfuréttarins segja hins vegar til um hvenær korthafi telst laus úr allri ábyrgð vegna úttekta sinna með hliðsjón af því hvenær og með hvaða hætti uppsögnin tekur gildi.

Heimilt er þó að semja um skuldbindingar fram í tímann, svo sem með ýmiss konar raðgreiðslusamningum, og verður þá korthafi skuldbundinn samkvæmt slíkum samningi þar til samningurinn er að fullu efndur.

Um 12. gr.

A. Dönsk löggjöf.

Í dönsku greiðslukortalögunum (Lov om betalingskort m.v.) segir í 20. gr.: „Kortudsteders omkostninger ved drift af betalingssystemet kan ikke paalægges betalingsmod-

tager. Gebyr for kortindehavers brug af betalingskort skal fastsættes uafhængigt af betalingsmodtagers forhold."

Samkvæmt þessu skal rekstrarkostnaður af greiðslumiðluninni ekki lagður á greiðsluviðtakanda heldur á korthafa. Tilgangurinn með ákvæðinu er að tryggja að greiðslumiðlunin valdi ekki kostnaðarauka hjá verslunum og fyrirtækjum sem taka við greiðslu með reikningsfærslu gegn framvísun greiðslukorts þar eð það veldur því að kostnaðaraukinn hlýtur að koma fram í hærra vöruverði. Með rekstrarkostnaði er átt við stjórnunarkostnað, tölvukostnað, húsaleigu, skrifstofuhald, launakostnað, kostnað við útgáfu greiðslukorta o.fl., einnig vaxtakostnað. Þetta ákvæði útilokar ekki að greiðslukortafyrirtæki áskilji sér sérstakt stofngjald af greiðsluviðtakanda vegna fjárfestingar sem fyrirtækið hefur lagt í.

Sérstakt ákvæði er síðan í dönsku lögunum (34. gr.) þar sem heimilað er að undanþiggja alþjóðlega greiðslukortaútgefendur þessu ákvæði að hluta til eða alveg.

Við setningu dönsku laganna urðu talsverðar deilur um þessi ákvæði og var gildistöku þeirra frestað. Síðar náðist þó samkomulag milli umboðsmanns neytenda í Danmörku og greiðslukortaútgefenda um fyrirkomulag á skiptingu kostnaðar milli korthafa og greiðsluviðtakenda.

Þess má einnig geta að við endurskoðun framangreindra laga í Danmörku árið 1991 kom til umræðu að breyta ákvæði 20. gr. dönsku laganna um greiðslukort. Samkvæmt upplýsingum sem viðskiptaráðuneytið aflaði um málið þá var því algerlega hafnað og er því ekki að finna í þeim tillögum sem lagðar voru fyrir danska þingið haustið 1991.

B. Aðstaðan á Íslandi.

Neytendasamtökin og Kaupmannasamtök Íslands hafa eindregið farið þess á leit að kostnaður af notkun greiðslukorta verði lagður á korthafa þannig að hann komi ekki fram í hærra vöruverði. Kaupmannasamtökin benda m.a. á að árið 1988 hafi áætlaður kostnaður kaupmanna af notkun greiðslukorta, þ.e. þóknun til kortaútgefenda, numið um 300 milljónum króna, en vaxtakostnaður kaupmanna vegna þess greiðsludráttar, sem af notkun greiðslumiðlunarinnar leiðir, hafi numið um 290 milljónum króna á sama tíma.

Árið 1991 var vaxtakostnaður 346.832.677 kr. ef miðað er við 15% meðalvexti en miðað við 13% meðalvexti á árinu 1991 eru þetta 300.588.493 kr. samkvæmt upplýsingum hjá Kaupmannasamtökum Íslands.

Kortaútgefendur hafa hins vegar eindregið mótmælt þessu ákvæði og bent á að notkun greiðslumiðlunar með greiðslukortum hafi haft ýmislegt hagræði í för með sér fyrir greiðsluviðtakendur. Þeir geti í ýmsum tilvikum aukið sölu og sparað sér innheimtukostnað á útistandandi skuldum.

C. Ákvæði 12. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er komið í veg fyrir að kostnaði við greiðslukort sé komið fyrir í verði vöru og þjónustu. Tilhögun á greiðslu vegna kortastarfsemi er að öðru leyti frjáls. Gera verður ráð fyrir að nokkur samkeppni ríki og því muni neytendum bjóðast ýmsir valkostir í þessu efni. Ef svo reynist þó ekki vera kemur til ákvæði 2. málsl. 1. mgr. og ákvæði 2. mgr. sem veita verðlagsráði heimild til þess að grípa inn í og ákveða hámarkskostnað.

Sú skipun, sem lögð er til í 1. mgr., kemur einnig til með að styrkja verulega samkeppnisstöðu svonefndra smákaupmanna eða kaupmannsins á horninu gagnvart stórmörkuðum sem í æ ríkara mæli hafa notið hagstæðari kjara hjá kortaútgefendum og smá-

kaupmenn því ekki getað boðið vöruverð sem stenst vöruverð hjá stórmörkuðum.

Greiðslumiðlun með greiðslukortum er orðin velþekkt starfsemi og hefur ýmsa kosti fram yfir hefðbundna viðskiptahætti með notkun peninga til að greiða fyrir vörur og þjónustu.

Eðlilegt er að fyrirtæki og einstaklingar nýti sér nútímaviðskiptahætti til greiðslumiðlunar með útgáfu greiðslukorta. Mikilvægt er þó að samtímis því að þessi breyting á sér stað sé tryggt að settur verði lagarammi um greiðslukortastarfsemi og reglur settar um hvernig hagað skuli innheimtu kostnaðar sem fylgir notkun greiðslukorta.

Í frumvarpi þessu er byggt á þeirri meginreglu sem fyrr segir að kostnaði vegna greiðslumiðlunar skuli ekki komið fyrir í verði vöru og þjónustu heldur er skylt að láta notendur greiðslumiðlunar standa undir þessum kostnaði að meginstofni til. Þannig verður sá kostnaður, sem hér um ræðir, alfarið undir samkeppnislögmálum kominn og kostnaðarvitund eykst hjá þeim sem nota greiðslumiðlun með greiðslukortum.

Til lengri tíma litið mun þessi tilhögun án efa leiða til þess að greiðslumiðlun með greiðslukortum mun væntanlega verða boðin fram á eins hagkvæman hátt og markaðslögmál leyfa hverju sinni.

Í 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. og 2. mgr. 12. gr. er hins vegar að finna ákvæði sem veita verðlagsráði heimild til að grípa inn í ef ráðið telur það nauðsynlegt vegna óeðlilegrar kostnaðarskiptingar milli greiðsluviðtakenda og korthafa.

Í 2. mgr. 12. gr. er kveðið á um skilyrði þess að unnt sé að krefjast þess að verðlagsráð ákveði hámark á þóknun sem heimilt er að krefja greiðsluviðtakendur um. Í 2. mgr. er þannig sett það skilyrði að greiðslumiðlun með kortum hækki sannanlega kostnað kaupmanns eða með öðrum orðum sé dýrari háttur en hefðbundnir viðskiptahættir með peningum og enn fremur að ekki tíðkist að veita viðskiptamönnum afslátt sem nota annan greiðsluhátt en að greiða með greiðslukorti.

Markmið þessa ákvæðis er í samræmi við þá stefnumótun sem felst í 1. málsl. 1. mgr. þessarar greinar, þ.e. að notkun greiðslumiðlunar með greiðslukortum á ekki að leiða til hærra vöruverðs fyrir þá sem nota vilja peninga til að greiða fyrir sín viðskipti.

Ákvæðinu verður þar að auki ekki beitt ef kostnaður greiðsluviðtakenda við notkun greiðslukorta er lægri en þegar um er að ræða hefðbundin viðskipti. Dæmi um þetta er þegar dagblöð og tímarit geta boðið lægri áskriftargjöld til þeirra sem nota greiðslukort þar sem sú tegund greiðslumiðlunar leiðir til lægri innheimtukostnaðar.

Loks er í 3. mgr. kveðið á um að kortaútgefandi skuli birta opinberlega gjaldskrá sína til upplýsingar fyrir korthafa ef Verðlagsstofnun krefst þess.

Um 13. gr.

A. Almennt um markmið ákvæða IV. kafla.

Í kaflanum er fjallað um ábyrgð á tjóni sem orsakast af ólögmætri notkun (misnotkun) á greiðslukortum.

Ákvæði 13. gr. er þannig upp byggt að 1. og 2. mgr. taka eingöngu til misnotkunar á greiðslukortum þar sem notað hefur verið einkaleyninúmer (PIN-tala). Önnur ákvæði greinarinnar taka jafnt til korta þar sem ekki er einkaleyninúmerum til að dreifa sem og til korta sem byggja á notkun slíkra númera.

Í tillögunni er reynt að taka tillit til eftirfarandi sjónarmiða:

1. Stefnt er að því að reglurnar veiti korthöfum nægilegt réttaröryggi.
2. Stefnt er að því að reglurnar verði til þess að korthafar gæti eðlilegrar varkárni við meðhöndlun greiðslukorts og að kortaútgefendur tryggi eins og frekast er kostur að fullnægjandi öryggis sé gætt í starfsemi greiðslumiðlunarinnar.
3. Stefnt er að því að hafa reglurnar eins skýrar og unnt er þannig að síður komi til erfiðra sönnunarvandamála.

Meginatriði reglnanna eru:

Tekin er afstaða varðandi einkaleyninúmer, varðveislu þeirra og meðferð.

Sjálfsáhætta korthafa fyrir fjárhæð allt að 12 þús. kr. sem honum ber að bæta sé kortið notað á ólöglegan hátt og einkaleyninúmer hans hefur verið notað.

Meginrökin fyrir þessari reglu eru að önnur tilhögun gæti leitt til erfiðrar sönnunaraðstöðu.

Gert er ráð fyrir því að korthafar bæti ávallt þá fjárhæð sem í sjálfsáhættuákvæðinu felst svo framarlega sem viðskiptin hafa verið rétt skráð og bókfærð og án tillits til þess hvort korthafi hafi sýnt af sér nokkurt gáleysi.

Gera má ráð fyrir að minni þörf verði fyrir dómsmál vegna slíkra viðskipta ef korthafi greiðir þá fjárhæð sem honum ber samkvæmt framangreindri reglu um sjálfsáhættu.

Kortaútgefandi getur krafist ríkari ábyrgðar af korthafa ef í ljós kemur að korthafi hefur átt þátt í því að misferlið gat átt sér stað, sbr. nánar um þetta hér síðar.

Takmörkun ábyrgðar fellur niður ef korthafi hefur gefið upplýsingar um einkaleyninúmer sitt til þess sem misnotar kortið.

Í þessu tilviki hefur ekki verið talin þörf á því að vernda korthafa sem veitir öðrum og án þvingunar upplýsingar um einkaleyninúmerið sitt og misnotkun á sér stað eftir það.

Skylda til að greiða fyrir tjón sem verður vegna stórkostlegs gáleysis korthafa.

Samkvæmt þessu þá skal korthafi greiða allt að 8.000 kr. vegna tjóns sem leiðir af stórkostlegu gáleysi hans.

Ákvæðinu er ætlað að hvetja korthafa til þess að gæta eðlilegrar varúðar í tengslum við handhöfn sína á greiðslukorti. Jafnframt er þetta ákvæði í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um greiðslumiðlun (payment systems), einkum varðandi réttarsambandið milli kortaútgefanda og korthafa, sbr. Commission Recommendation frá 17. nóv. 1988, No L 317/55, sbr. og Annex No L 17/57.

Þetta ákvæði frumvarpsins veitir þó meiri vernd en gert er ráð fyrir í tilmælum EB en samkvæmt tilmælum bandalagsins er unnt að kveða svo á að korthafi beri ótakmarkaða ábyrgð á tjóni sem rakið er til háttsemi af því tagi sem hér er rætt um. Ákvæði þessa frumvarps er að danskri fyrirmynd.

B. Um ákvæði 13. gr.

Í 1. mgr. 13. gr. er kveðið svo á að sjálfsáhætta korthafa skuli vera allt að 12.000 krónur. Fjárhæðartakmörk samkvæmt þessari grein eru miðuð við lánskjaravísitölu 3.198 stig og breytast í samræmi við hana, sbr. lokaákvæði þessarar greinar.

Þau tilvik geta komið upp að ósanngjarnt sé að korthafi beri að öllu leyti þá sjálfsáhættu sem lagt er til að skuli vera almenna reglan skv. 1. mgr. Til dæmis má nefna ef korthafi hefur verið neyddur til að afhenda greiðslukortið og einkaleyninúmerið, svo sem með ofbeldisverknaði eða því um líku. Í því tilviki má reikna með að korthafi fái sjálfsáhættufjárhæðina bætta eða að kortaútgefandi falli frá kröfu á hendur honum um þá fjárhæð. Með því að kveða svo á að korthafi geti verið ábyrgur fyrir „allt að“ 12 þús. kr.

þá er ekki höfð í huga ákveðin skipting í mati á sjálfsáhættu heldur aðeins átt við með því orðalagi að tjónið getur verið minna en 12.000 kr.

Þegar rætt er um einkaleyninúmer þá er gert ráð fyrir því að þetta sé leynilegt númer svo og að það sé einkanúmer hans. Gert er því ráð fyrir að hjá greiðslumiðlun virki þetta á þann hátt að eingöngu korthafi hafi aðgang að og umráð yfir þessu númeri. Ef greiðslumiðlun tryggir ekki nægilega vel að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að einkaleyninúmerum þá mundi ákvæðið ekki eiga við.

Í 2. mgr. er lagt til að korthafi beri ótakmarkaða ábyrgð á tjóni sem hefur orðið og verður rakið til þess að hann hafi af sjálfsdáðum upplýst þann sem misfer með greiðslukortið um einkaleyninúmer sitt. Hið sama kann að geta átt við ef korthafi hefur á engan hátt reynt að takmarka aðgang annarra að korti sínu eða númeri. Þetta mundi þó ekki eiga við ef sá sem misnotar kortið hefur fengið framangreindar upplýsingar og kortið í innbroti hjá korthafa eða á annan samsvarandi hátt.

Í 3. mgr. er fjallað um ábyrgð á greiðslukortum óháð því hvort notkun þeirra byggir á einkaleyninúmeri eða ekki. Fjárhæðarmörk samkvæmt greininni eru 8.000 kr. sem gilda m.a. um það tilvik þegar korthafi afhendir öðrum kort sitt og sá sem tekur við því notar það á heimildarlausan hátt. Ef ákvæði 2. mgr. eiga ekki við þá kemur þetta ákvæði 3. mgr. til skjalanna.

Sönnunarbyrði er lögð á kortaútgefanda vegna þeirra atriða sem nefnd eru í 1.–3. tölul. 2. mgr.

Þegar sagt er í ákvæðinu að ábyrgðin geti numið „allt að“ 8 þús. kr. er sem fyrr miðað við að tjónið geti allt eins verið minna.

Í 1. tölul. 3. mgr. eru aðstæður skýrar og þarfnast vart skýringa.

Í 2. tölul. 3. mgr. segir að hafi korthafi, eða sá sem hann hefur afhent kortið, stuðlað að því með „vítaverðum hætti“ að misnotkunin hafi átt sér stað. Ekki er unnt að útskýra á tæmandi hátt við hvaða atvik er átt með þessu orðalagi en nefna má t.d. að geymsla greiðslukorts og einkaleyninúmers á sama stað gæti fallið undir þetta tilvik ef á engan hátt er reynt að dylja einkaleyninúmerið. Kæruleysisleg geymsla á korti og leyninúmerinu gætu því fallið undir „vítaverða háttsemi“. Þegar sagt er í greininni að „stuðlað“ hafi verið að því að misnotkunin hafi átt sér stað þá ber að skilja það svo að á kortaútgefanda hvílir einnig skylda til að gera viðeigandi öryggisráðstafanir af sinni hálfu, svo og á greiðsluviðtakendum.

Í 3. tölul. er mælt svo fyrir að korthafi beri ábyrgð á fjárhæð allt að 8.000 kr. ef hann hefur ekki tilkynnt eins fljótt og unnt var að kortið hafi týnst eða horfið á annan hátt.

Í 4. mgr. er ákvæði sem er í samræmi við ákvæði 14. gr. þessa frumvarps og reglur þeirrar greinar um sönnunarbyrði kortaútgefanda í því sambandi.

Ákvæði 5. mgr. skýra sig að öllu leyti sjálf, svo og ákvæði 6. mgr.

Í sambandi við 6. mgr. þá má geta þess að ákvæðið mun væntanlega hvetja til þess að kortaútgefendur tryggi að starfsaðferðir greiðslumiðlunar séu ávallt sem bestar og dregið sé úr því að tjón geti orðið.

Í 7. mgr. er kveðið svo á að kortaútgefandi verði eigi gerður ábyrgur vegna tjóns hafi greiðsluviðtakandi vitað, eða mátt vita, að greiðslukortið væri notað á ólögmætan hátt. Slíkt gáleysi af hálfu greiðsluviðtakanda gæti stafað t.d. af því að greiðsluviðtakandi lætur undir höfuð leggjast að framfylgja þeim reglum sem kortaútgefandi hefur sett og samningur þeirra byggir á, t.d. að afla sér upplýsinga um það hvort takmarkanir séu á notkun greiðslukortsins, hvort því hafi verið stolið eða það innkallað o.s.frv.

Loks er í 8. mgr. lagt til að fjárhæðarmörk, sem kveðið er á um í þessari grein, fylgi

breytingum sem verða á lánskjaravísitölu. Sá háttur tryggir að fjárhæðarmörk samkvæmt þessari grein fylgi nokkurn veginn verðlagi á hverjum tíma.

Um 14. gr.

Hér er lögð hlutlæg ábyrgð á kortaútgefanda vegna þeirra atriða sem grein þessi tekur til. Grundvöllur ábyrgðar er að mistök verða við skráningu eða þess háttar bilanir sem greinin getur um og verða þau atvik þess valdandi að tjón hlýst af þar sem skráningin eða færslan á greiðsluskyldu þess er greiða á er röng. Kortaútgefandi ber ábyrgð þótt orsök tjónsins verði rakin til ófyrirsjáanlegra atvika eða honum verði að öðru leyti eigi kennt um þau atvik er til tjóns leiddu.

Um ábyrgð annarra en kortaútgefanda, korthafa og greiðsluviðtakanda er ekki fjallað í 14. gr. frumvarpsins. Ákvæði 1. mgr. 14. gr. eru því ekki til fyrirstöðu að greiðsluviðtakandi eða kortaútgefandi leggi fram endurkröfur í samræmi við almennar reglur þar um á hendur öðrum er ábyrgð kunna að bera, t.d framleiðanda eða seljanda þess hlutar eða tækis sem tjóninu olli.

Þá er kveðið hér á um almenna skyldu kortaútgefanda til að leiðrétta mistök og rangar reikningsfærslur og þess háttar án ástæðulauss dráttar eftir að slíkar villur hafa komið í ljós. Nefnd þeirri, er samið hefur frumvarp þetta, hefur verið bent á nauðsyn þess að slíkt ákvæði sé í lögum þar eð borið hefur á því að slíkar leiðréttingar hafa eigi verið gerðar þegar í stað eftir að mistök eða villur uppgötvuðust.

Í 2. málsl. 1. mgr. er að finna heimild til að undanþiggja kortaútgefanda ábyrgð vegna tjóns er korthafi hefur orðið fyrir eða lækka bótagreiðslu ef um er að ræða tjón sem rekja má til háttsemi sem framin er af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Einfalt gáleysi nægir hins vegar ekki til þess að lækka megi bætur samkvæmt greininni og er það m.a. í samræmi við þá meginreglu sem höfð er til hliðsjónar við ákvörðun bótaábyrgðar korthafa skv. 13. gr. frumvarpsins, sbr. 1. tölul. Hvort bætur eru alveg felldar niður eða lækkaðar fer eftir atvikum og er háð úrlausn dómstóla hverju sinni.

Í 3. málsl. 1. mgr. er kortaúgefandi undanþeginn ábyrgð ef tjón verður að öllu leyti rakið til eigin aðstæðna greiðsluviðtakanda eða atvika er kortaútgefandi verður ekki á neinn hátt gerður ábyrgur fyrir. Nefna má t.d. að greiðsluviðtakandi kann að notast við einhver tæki sem kortaútgefandi hefur ekkert með að gera og kann þá að vera réttmætt að krefjast þess að greiðsluviðtakandi geri allar þær sömu ráðstafanir og kortaútgefandi gerir í sinni starfsemi. Ákvæði þetta tengist síðan ákvæði 3. mgr. þessarar greinar um endurkröfurétt kortaútgefanda.

Í 1.–3. mgr. 14. gr. er einungis gerðar tillögur um ábyrgðargrundvöllinn, en um sönnun tjóns, svo og önnur atriði varðandi skaðabótaskylduna í hverju einstöku tilviki, fer eftir almennum reglum er dómstólar eiga endanlegt úrskurðarvald um.

Í 4. mgr. er kveðið á um sönnunarbyrði vegna þeirra atriða sem nefnd eru í 1. mgr. þessarar greinar. Þannig er gert ráð fyrir að andmæli korthafi tiltekinni reikningsfærslu sem gerð hefur verið hvíli sú skylda á kortaútgefanda að leggja fram afrit kvittana eða önnur þau gögn sem sanna að viðskiptin hafi átt sér stað.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er að finna sérreglur um skráningu upplýsinga af hálfu kortaútgefanda og varða viðskiptamenn hans. Hér er um að ræða sérreglur varðandi greiðslukortstarfsemi, en jafnframt eru í gildi lög um meðferð og skráningu persónuupplýsinga sem taka til slíkrar skráningar eftir því sem við getur átt. Samkvæmt ákvæðum 4. gr. skal tilkynna

hvernig greiðslumiðlunin fer fram, m.a. skal tilkynnt um hvaða skrár skuli haldnar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr.

Í II. kafla þessa frumvarps, sbr. 18. gr., er fjallað um eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim ef að lögum verður. Leggja verður til grundvallar að eftirlitsaðilar muni leita eftir umsögn tölvunefndar sem starfar samkvæmt sérstökum lögum eftir því sem þurfa þykir.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem setur miðlun upplýsinga, sem kortaútgefandi skrái ir um korthafa og greiðsluviðtakanda, tiltekin mörk. Reglan er til fyllingar þeim reglum sem er að finna í sérstökum lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og er lagt til að einungis skuli kortaútgefandi miðla uppýsingum sem tengjast framkvæmd greiðslumiðlunarinnar. Þannig ber einstökum greiðsluviðtakanda t.d. ekki réttur til frekari upplýsinga um korthafa en þeirra upplýsinga sem telja verður nauðsynlegt að hann hafi vegna hinnar eiginlegu greiðsluskuldbindingar korthafans og greiðslumiðlunar vegna hennar.

Ákvæðinu er jafnframt ætlað að tryggja að kortaútgefandi veiti ekki upplýsingar um greiðsluviðtakendur sem eru þess eðlis að vegna viðskiptahagsmuna greiðsluviðtakanda beri að gæta um þær trúnaðar.

Um þau atriði, sem hér eru rædd, mun framkvæmdin að sjálfsögðu almennt skera úr um varðandi einstök vafaatriði.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að geyma skuli upplýsingar er tengjast notkun greiðslumiðlunarinnar í allt að fimm ár, en að þeim tíma liðnum skuli þeim eytt. Sá frestur, sem hér er lagður til, er tveimur árum skemmri en krafist er samkvæmt bókhaldslögum, en hins vegar sá sami og lagður hefur verið til grundvallar í lögum um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, sbr. fyrirliggandi frumvarp til laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Nefndin varð sammála um að sá fimm ára frestur í því tilviki, sem hér ræðir um, sé nauðsynlegur en jafnframt fullnægjandi.

Um 17. gr.

Eins og áður hefur verið nefnt þá gilda almennt lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga um tölvuskrár sem færðar eru í tengslum við greiðslukortastarfsemi. Þau gilda einnig um miðlun upplýsinga er varða persónuleg og fjárhagsleg málefni, að svo miklu leyti sem ákvæði þessa frumvarps setja slíkri skráningu af hálfu kortaútgefanda ekki sérstök skilyrði. Ákvæði þessarar greinar þykir því rétt að setja í frumvarp þetta „ex tuto“ og því til staðfestingar.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að málefni samkvæmt frumvarpi þessu heyri stjórnarfarslega undir viðskiptaráðherra. Um eftirlit verðlagsráðs fer eftir lögum sem um það gilda, sbr. lög nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Telja verður eðlilegt eins og hér hagar sérstaklega til að verðlagsráði og Verðlagsstofnun verði falið að fella úrskurði um þau mál sem undir þau heyra og framkvæmd laganna snerta. Sérþekking á þeim atriðum, sem á kann að reyna, mun eðli málsins samkvæmt verða hjá starfsmönnum Verðlagsstofnunar og því líklegt að mál fái þar fullnægjandi undirbúningsmeðferð áður en þau eru tekin til úrskurðar. Hið sama gildir um eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands samkvæmt frumvarpi þessu. Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir mál-

skotsleið til æðri stjórnvalda og einnig að aðilar geti leitað réttar síns fyrir dómstólum.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild til að leggja úrskurði stjórnvalda til endanlegrar ákvörðunar dómstólanna innan sex mánaða frá uppkvaðningu og birtingu úrskurðarins. Þessi frestur er hinn sami og nú gildir samkvæmt lögum nr. 56/1978. Reyndar má ætla að hagsmunir ágreiningsaðila muni yfirleitt knýja á um að leitað sé eftir ákvörðun dómstóla eins fljótt og unnt er eftir að úrskurður hefur fallið. Engu að síður þykir rétt að leggja til að heimild þessi skuli vera virk í allt að sex mánuði frá uppkvaðningu og birtingu úrskurðarins, en að þeim tíma liðnum telst úrlausn stjórnvalda vera endanleg um ágreininginn.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að með mál vegna ágreinings um úrskurði verðlagsráðs og ráðherra skuli fara samkvæmt lögum nr. 85/1936, sbr. nú lög nr. 91/1991, en um refsiverð brot á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, sbr. 20. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Í greininni er viðskiptaráðherra veitt heimild til að afturkalla til bráðabirgða áður samþykkt starfsleyfi til handa kortaútgefanda til að starfa að greiðslumiðlun með notkun greiðslukorta vegna ítrekaðra brota á ákvæðum þessara laga ef að lögum verður og reglna settra samkvæmt þeim. Niðurfellingu leyfisins ber þó að bera undir dómstóla án ástæðulauss dráttar. Um nánari greinargerð um hvernig skuli staðið að sviptingu starfsleyfis samkvæmt þessari grein vísast til almennra reglna stjórnarfarsréttar. Rétt er þó að ítreka að starfsemin telst vera óheimil þegar frá þeim tíma er svipting starfsleyfis hefur átt sér stað.

Um 20. gr.

Lagt er til að refsing vegna brota á lögum þessum skuli vera sektir nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Einnig má hér minna á þau úrræði sem verðlagsráði er veitt í frumvarpi þessu með því að banna tilteknar athafnir, sbr. ákvæði í kafla frumvarpsins og athugasemdir um 18. gr. þessa frumvarps.

Loks er lagt til að fésektir verði unnt að leggja á lögaðila vegna brota á ákvæðum laga þessara þótt sök sé eigi sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann.

Um 21.–22. gr.

Eðlilegt þykir að dómstólar hafi samsvarandi heimildir og ráðherra til þess að svipta aðila starfsleyfi sem hefur gerst brotlegur samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. Þá er í 2. mgr. sett ákvæði um upptöku hagnaðar af broti, svo og tækja eða gagna sem þau hafa verið framin með.

Í 22. gr. er að finna heimild til refsingar fyrir tilraun og hlutdeild í broti og fer um það samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

Um 23. gr.

Með ákvæði þessu er settur ákveðinn rammi um að hvaða marki víkja megi frá skilyrðum þeim sem sett eru í hinum nánar tilteknu greinum. Samkvæmt ákvæðinu er við það miðað að þau ákvæði, sem greinin tiltekur, skuli vera ófrávíkjanleg að því marki sem frávik eru eigi korthafa eða greiðsluviðtakanda til hagsbóta. Verður því að líta svo á að í frumvarpinu sé að finna þær lágmarkskröfur sem gerðar skuli til þeirra atriða er í greinum þessum eru talin upp.

Um 24. gr.

Ákvæði þetta, sem er sambærilegt við 34. gr. dönsku laganna um greiðslukort, er sett með hliðsjón af 12. gr. frumvarpsins, en hér er um að ræða alþjóðleg greiðslukort þar sem uppgjör fer fram erlendis og aðilar búsettir erlendis eiga í hlut, svo sem ferðamenn er hingað koma.

Einnig er veitt í ákvæðinu heimild til ráðherra að kveða nánar á um framkvæmd og eftirlit með lögunum í reglugerð.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til í 25. gr. að lögin öðlist þegar gildi. Rétt þykir þó að gefa aðilum, er lögunum er ætlað að taka til, hæfilegan frest frá gildistöku þeirra til þess að uppfylla ákvæði 3.–6. gr. frumvarpsins. Enn fremur er eðlilegt og nauðsynlegt að veita greiðslukortafyrirtækjum hæfilegan frest til þess að endurnýja samninga í samræmi við ný lög og koma þá til skoðunar ákvæði 8. gr. frumvarpsins um að einungis skuli krefjast tryggingar af hálfu þriðja manns í undantekningartilvikum, svo og ákvæði 7. gr. frumvarpsins. Rétt þykir einnig að heimila þá framkvæmd að sú endurnýjun, sem hér er rætt um, fari fram jafnóðum og greiðslukortasamningar eru endurnýjaðir samkvæmt þeim skilmálum sem um þá gilda ef kortaútgefendur telja eigi unnt að uppfylla skilyrði sem hér eru sett innan þess þriggja mánaða frests sem um er getið í ákvæðinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um greiðslukortastarfsemi.

Með frumvarpi þessu er sett heildstæð löggjöf um greiðslukortastarfsemi sem til þessa hefur ekki verið fyrir hendi. Almenn lög hafa gilt um greiðslukortaviðskipti, en með frumvarpi þessu er ætlað að mæta þeim sérstæðu viðskiptaháttum sem felast í greiðslukortastarfsemi og viðskiptum tengdum þeim.

Samkvæmt 5. gr. skal bankaeftirlit Seðlabanka Íslands fylgjast með því að eftirlits- og öryggisreglum sé fylgt, en það kemur í hlut Verðlagsstofnunar (6. gr.) að fylgjast með að greiðslukortastarfsemi sé rekin í samræmi við sanngjarna viðskiptahætti. Þar eð bankaeftirlitið er kostað af Seðlabanka Íslands kemur ekki til beins kostnaðar ríkissjóðs af þeim sökum. Að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið er ekki talin ástæða til að ætla að Verðlagsstofnun þurfi aukna fjárveitingu til að annast umrætt eftirlit.

656. Fyrirspurn [403. mál]

til menntamálaráðherra um myndbirtingar af börnum í dagblöðum.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Telur menntamálaráðherra sem fer með yfirstjórn barnaverndarmála að birting myndar af barni, sem ratað hefur í mikla ógæfu, eins og átti sér stað í DV þriðjudaginn 24. mars sl., sé á einhvern máta í andstöðu við lög um vernd barna og ungmenna eða önnur gildandi lög?
2. Ef svo er, hvað hyggst ráðherra gera til að koma í veg fyrir að slík myndbirting, eða jafngildi hennar í ljósvakafjölmiðlum, endurtaki sig?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að skyldur samfélagsins alls, bæði einstaklinga þess og stofnana, gagnvart börnum verði gerðar skýrari og afdráttarlausari í lögum en nú er?

657. Fyrirspurn [404. mál]

til landbúnaðarráðherra um staðfestingu á samkomulagi Framleiðsluráðs landbúnaðarins og stjórnar Landssamtaka sláturleyfishafa um sölu á nautgripakjöti.

Frá Hjálmari Jónssyni.

1. Hyggst ráðherra staðfesta samkomulag sem Framleiðsluráð landbúnaðarins og stjórn Landssamtaka sláturleyfishafa hafa gert með sér, dags. 26. febrúar sl., „um aðgerðir til þess að koma á jafnvægi á markaði með nautgripakjöt“?
2. Telur ráðherra að heimilt sé að skuldbinda þá sláturleyfishafa, sem aðeins selja ferskt nautakjöt, til þess að standa straum af kostnaði við frystingu og geymslu á nautakjöti?
3. Eru sláturleyfishafar skyldugir til að vera í Landssamtökum sláturleyfishafa?
4. Geta Framleiðsluráð landbúnaðarins og Landssamtök sláturleyfishafa skuldbundið þriðja aðila, Landssamband kúabænda, til þess að innheimta verðmiðlunargjald af framleiðendum án þess að það sé aðili að samkomulaginu?
5. Eru kúabændur skyldugir til þess að vera í Landssambandi kúabænda og lúta slíku samkomulagi ef staðfest verður?
6. Hvaða aðgerðir telur ráðherra mögulegar skv. 7. gr. samkomulagsins til að draga úr heimaslátrun og gera hana fjárhagslega óhagstæðari?
7. Telur ráðherra eðlilegt að gert sé slíkt samkomulag án gildistímaákvæða og án uppsagnarmöguleika?

658. Frumvarp til laga [405. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

108. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Greinin, sem lagt er til að falli brott, er í XII. kafla laganna, **Brot gegn valdstjórninni**, og hljóðar þannig:

„Hver, sem hefur í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt.“

Hafa ber í huga að í greinargerð með hegningarlögunum kemur fram að ákvæði XII. kafla eru sett einkum til þess að vernda framkvæmd opinberra starfa. Brot gegn 108. gr. eru ekki þess eðlis að þar sé verið að hindra opinbera starfsmenn við framkvæmd starfa sinna og þykir flutningsmanni nægjanlegt að athæfi, sem nú varðar við 108. gr., verði dæmt á grundvelli XXV. kafla laganna sem nefnist **Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs**. Í þeim kafla eru ákvæði sem veita opinberum starfsmönnum ríkari æruvernd en almennum borgurum og vísast einkum til 242. gr. laganna.

Flutningsmanni þykir sem dómar Hæstaréttar hafi túlkað 108. gr. laganna of rúmt miðað við tilgang XII. kafla og þannig þrengt um of að frelsi manna til þess að tjá sig í ræðu og riti. Engu að síður er dómur Hæstaréttar niðurstaða íslensks dómskerfis og því óhjákvæmilegt að breyta lögum á þann veg að treyst er í sessi frelsi manna til þess að tjá sig í ræðu og riti. Er frumvarp þetta því flutt.

Fylgiskjal I.

Þorgeir Þorgeirsson rithöfundur:

Átta mánaða gamalt bréf til
Þorsteins Pálssonar dómsmálaráðherra.
(Úr Morgunblaðinu 6. febrúar 1992.)

Vegna nokkurrar umræðu sem orðið hefur í fréttatímum Ríkisútvarpsins upp á síðkastið langar mig til að biðja Morgunblaðið að birta eftirfarandi bréf til dómsmálaráðherr-

ans. Það var skrifað og sent honum nokkru eftir að núverandi ríkisstjórn tók við völdum, þ.e. 3. maí 1991:

Heiðraði ráðherra:

Frægt var það með Kató gamla, sem aldrei lauk upp munni nema víkja að eyðingu Karþagóborgar. Um nær átta ára skeið hefur mín Karþagó verið 108. gr. laga nr. 19/1940. Þú ert fimmti dómsmálaráðherrann sem ég bið um að veita mér liðsinni í því máli.

Jón Helgason var sá fyrsti.

Raunar spratt þetta allt af því að ég bað Jón að láta nefnd hlutlausra heiðursmanna kanna nokkrar ásakanir á Reykjavíkurlögregluna. Það gerði hann ekki, heldur var embætti saksóknara falið að kanna þessa beiðni mína. Þeirri könnun lauk með ákæru á hendur mér undir fyrrnefnda 108. gr. almennra hegningarlaga og kröfu um tilheyrandi refsingar. Mér brá svolítið þá strax, en meira síðar: þegar athugun mín leiddi það í ljós að Ísland var eina landið í Vesturevrópu þar sem refsing liggur við því að segja sannleikann um opinbera starfsmenn. Austurevrópulönd höfðu vitaskuld sambærilegt miðaldaákvæði í lögum sínum fram til 1989. En nú munu Ísland og Albanía vera einu Evrópulöndin sem enn hafa þvílíkt ákvæði í lögum.

Fyrst brá mér þó að ráði þegar sjálf réttarhöldin hófust og fóru (lögum samkvæmt) fram eftir eldfornum reglum rannsóknarréttarfars, sem hvergi var þá lengur stundað vestantjalds. Austurevrópulönd höfðu vitaskuld sams konar miðaldaréttarfar fram til 1989.

Lái mér hver sem vill þó ég yrði þá fyrst öldungis forviða þegar Hæstiréttur síðan staðfesti þessar miðaldir hér og dæmdi mig til sektar (eða fangavistar) og greiðslu hálfs árs launa minna í málskostnað, eftir að hafa þverneitað mér um rétt til að verja mig sjálfur.

Auðvitað gat ég slegið lán, greitt þetta og reynt að jafna mig. En þá var hitt: við þriggja ára búsetu austantjalds (1959–1962) hafði mér einmitt orðið það ljóst að svokallaður sósíalismi hlaut að riða til falls, einkanlega vegna þess að hann var með réttarfar miðalda í farteski sínu. Og ég gat engan veginn séð að þvílík mistök yrðu neitt hættuminni hér en þar. Eða því skyldi miðaldaréttarfar vera háskaminna á Íslandi en til að mynda í Tékkóslóvakíu? Og því ákvað ég að una ekki við þetta heldur kæra brot á 6. og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins sem Ísland — einhverra hluta vegna — var aðili að.

Hjá Mannréttindanefnd Evrópuráðsins fékk málið góðar undirtektir.

Um svipað leyti og dómur nefndarinnar féll lagði forveri þinn í sæti dómsmálaráðherra frumvarp til nýrra laga um meðferð opinberra mála fyrir Alþingi. Frumvarpið varð að lögum nú í vor.

Það gladdi mig ósegjanlega að lesa nýju lögin og sjá að flestir þeir meinbugir sem ég hafði fundið að og kært til Strassborgardómsins eru þarna leiðréttir, svo nútímaskipan verður framvegis höfð á verkaskiptingu ákæruvalds og dómsvalds (29. gr. l. um meðf. opinb. mála frá 12. mars 1991) og réttur sakbornings til að ráða sínum eigin málsvara, eða verja sig sjálfur, er einnig bundinn í lög (155. gr. sömu laga).

Ástæðan fyrir gleði minni er sú að almennt séð bætir þetta málstað Íslands 22. janúar 1992 þegar málið verður flutt fyrir sjálfum Mannréttindadómstólnum, jafnvel þó það verði síst til varnar í máli eins og mínu sem dæmt hefur verið eftir gömlu miðaldareglunum. Sannleikurinn er sá að ég kveið því mjög að þurfa að afhjúpa þvílíkt ástand réttarfarsmála í „margrómuðu velferðarríki“ án þess að geta þá jafnframt sagt að kerfið heyrði nú fortíðinni til.

Það er nefnilega enginn barnaleikur að fara með ásakanir á hendur sínu eigin ríki. Verulegur hluti af sjálfsvirðingu hvers einstaklings er tengdur samfélagslegum virðuleika. Skömm míns lands er líka mín skömm um leið.

Þó ég fari þannig öllu léttstígari en ég þorði að vona til málflutningsins fyrir Strassborgardóminum þá hvílir þó enn skuggi yfir þessu máli.

Nú veit ég að þú getur þér rétt til um það hvað varpar þeim skugga á málið. Vitaskuld er það 108. gr. títtnefnda. Verður hún enn í gildi hér 22. janúar 1992? Þarf ég að segja það í opnum alþjóðlegum réttarhöldum að Ísland og Albanía sitji við sama borð hvað varðar rétt einstaklingsins til gagnrýni á hið opinbera?

Það væri ekki gaman.

Ég hjó eftir því í fréttaflutningi af stjórnarskiptunum að þá var einn ráðherra aldrei spurður um það hver væru verkefnin framundan. Og það var dómsmálaráðherrann. Búast fréttamenn ekki við því að neitt sé á döfinni í ráðuneyti dómsmála?

Það fyndist mér sorglegt því mennsk stjórnmál verða aldrei byggð á ómennsku réttarkerfi. Ekki vil ég gera mig að neinum löggjafa þó ég bendi þér á það verkefni að fella niður eða gjörbreyta 108. gr. almennra hegningarlaga, ef hægt væri nú á vorþinginu eða strax í haust.

Þeir sem ekki skilja félagslega nauðsyn þessarar lagabreytingar ættu þó altént, sumir hverjir, að geta skilið hagsmuni ferðamannaiðnaðarins í þessu sambandi.

Forverar þínir hafa aldrei svarað mér neinu þegar ég hef verið að kvabba í þeim með þessi mál og ég ætlast heldur ekki til að þú svarir neinu. Tími þinn vafalaust dýrmætari en svo. Þó vildi ég að lokum mega minna þig á paragraf 16 í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar nýju þar sem víkur að fordómalausri þátttöku í „hinni miklu umsköpun í átt til frelsis, sem nú setur svip sinn á þróun stjórnmála í Evrópu". Og spurja í því sambandi um þetta: Yrðum við ekki betri liðsmenn í þeirri frelsissköpun ef við byrjuðum á því að lögleiða hér fullt málfrelsi við fyrstu hentugleika?

Með bestu árnaðaróskum: Þorgeir Þorgeirsson.

Eftirmáli.

Ég birti þetta bréf nú opinberlega til að undirstrika það að 108. gr. almennra hegningarlaga til verndar heiðurs opinberra starfsmanna er staðreynd út af fyrir sig. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur ekki löggjafarvald í neinu landi og breytir því ekki lögum neins lands. Dómstóllinn kveður aðeins á um það hvort þessi einstaki hæstaréttardómur er brot á þeim sáttmála sem ríkisstjórn Íslands og fleiri ríkisstjórnir hafa skuldbundið sig til að hafa í heiðri. Hitt á svo að vera ákvörðun hins innlenda löggjafarvalds að fjarlægja lögfræðilegar slysagildrur eins og 108. gr. vissulega er. Það má því einu gilda hver niðurstaða dómstólsins verður í mínum málum. Það mun eftir sem áður þurfa íslenskan manndóm til að breyta þessari lagagrein — og raunar fleirum mörgum, sem nú standa í lögum hér og fara í bága við jafnvel frumstæða stjórnarskrá okkar. Svo ekki sé minnst á Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins.

Það væri verr farið en heima setið ef málarekstur minn í Strassborg yrði til þess að menn færu að líta á Jústisíu gömlu eins og freka töntu suður í Evrópu sem ráðamenn hér þyrftu nauðugir að hlýða.

Aðild okkar að sáttmála Evrópuþjóða um lýðræðislega stjórnarhætti er lítils virði ef hún ekki leiðir til þess að ráðamenn okkar hugsi sín verk á lýðræðislegum grunni. Mál-

frelsi er sannarlega hluti af þeim grunni. Títtnefnd 108. gr. laga nr. 19/1940 fer í bága við málfrelsishugtakið sjálft og heldur áfram að fara í bága við það hvernig sem mín mál dæmast.

Það er í verkahring löggjafans, Alþingis Íslendinga, að blása nú í sig þeim lýðræðisanda sem til þarf og breyta þessu ákvæði laganna.

Aðrir hafa ekki til þess umboð.

Og það mætti nú þegar gera með fullri reisn — áður en „Jústisía frænka í Strassborg“ úttalar sig um málið. Þá gætum við vitað að hér væri sjálfstætt ríki sem virti samninga sína við önnur ríki af eigin hvötum, en ekki neinum þrælsótta.

Fylgiskjal II.

Dómur Hæstaréttar frá 5. mars 1992 í málinu nr. 274/1991, Ákæruvaldið gegn Halli Magnússyni.

Ár 1992, fimmtudaginn 5. mars, var í Hæstarétti í málinu nr. 274/1991:

Ákæruvaldið
gegn
Halli Magnússyni

uppkveðinn svohljóðandi

d ó m u r :

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1991, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og hækkunar á miskabótum. Að öðru leyti er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldins, þar á meðal bótakröfu.

Með dómi Hæstaréttar 17. maí 1990 var dómur sakadóms Reykjavíkur 20. júní 1989 í máli ákæruvaldsins gegn ákærða og málsmeðferð felld úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi. Með bréfi ríkissaksóknara 13. júlí 1990 voru frumskjöl þess máls ásamt hæstaréttarágripi málsskjala send sakadómi Reykjavíkur og þess krafist, að málið yrði tekið fyrir að nýju til dómsmeðferðar og dómsálagningar samkvæmt sömu ákæru og vísað hafði verið frá Hæstarétti. Sakadómari hafnaði þessari kröfu ríkissaksóknara með dómi 4. október 1990, og var sú niðurstaða hans staðfest í Hæstarétti með dómi 9. sama mánaðar. Ríkissaksóknari gaf síðan út 12. október 1990 ákæru þá sem hér er til meðferðar, og var málið þingfest í sakadómi 25. sama

mánaðar. Verður að telja málið réttilega upp tekið í skilningi lokamálsliðar 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þarf því ekki að taka það til frekari meðferðar hvort sök sé fyrnd.

I.

Tildrög máls þessa eru rakin í héraðsdómi. Þar kemur fram að kirkjugarðurinn í Viðey hefur aldrei verið undir umsjá Dómkirkjuprestakalls, heldur verið undir stjórn kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis frá því í ágúst 1986 en þá var kirkjan í Viðey afhent Reykjavíkurborg. Það var þó Viðeyjarnefnd, en hún hafði á vegum Reykjvíkurborgar alla yfirstjórn framkvæmda í Viðey, sem tók ákvörðun um lagfæringu kirkjugarðsins. Framkvæmdirnar höfðu áður verið kynntar í borgarráði og borgarstjórn, og var sérstök fjárveiting ætluð til þessa verkefnis á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 1988. Framkvæmdir þessar voru í því fólgnar að veggur í kringum garðinn var endurhlaðinn og garðflötin sléttuð. Meðan á framkvæmdum stóð var sléttað yfir öll leiðin í garðinum, en síðan hafa leiði Gunnars Gunnarssonar skálds, konu hans og sonar verið hlaðin upp að nýju, en það eru nýjustu leiðin í garðinum. Framkvæmdir þessar urðu ákærða tilefni greinar, sem hann ritaði undir nafni í dagblaðið Tímann 14. júlí 1988 og ber yfirskriftina "Spjöll unnin á kirkjugarðinum í Viðey". Eru ummæli í henni tilefni ákæru í máli þessu.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti 23. febrúar 1988 að ráða séra Þóri Stephensen, þáverandi dómkirkjuprest, til að gegna starfi staðarhaldara í Viðey um eins árs skeið, frá og með 1. maí það ár. Var þetta tilkynnt séra Þóri með bréfi borgarstjóra 24. febrúar 1988. Hvorki var gerður við hann skriflegur

ráðningarsamningur né fékk hann í hendur erindisbréf. Ljóst var þó að honum var falið að vera fulltrúi borgaryfirvalda í Viðey.

Séra Þórir hafði hinn 22. febrúar, eða daginn fyrir ráðningu sína, komið fram í sjónvarpi og upplýst að hann yrði staðarhaldari í Viðey. Davíð Oddsson borgarstjóri hafði skömmu áður farið þess á leit við séra Þóri að hann réðist til þessa starfa. Þetta viðtal sætti athugasemdum í borgarráði. Séra Þórir fékk launalaust leyfi frá starfi dómkirkjuprests 15. júní 1988 og 15. júní 1989 var honum veitt lausn frá því embætti.

Þriðjudaginn 12. júlí 1988 birtist í dagblaðinu DV grein undir fyrirsögninni "Leiði Gunnars Gunnarssonar í Viðey: Dráttarvél beitt án vitundar ættingja". Kemur þar fram að dráttarvél hafi verið notuð til að slétta yfir leiði í kirkjugarðinum í Viðey. Þetta hafi verið gert án vitundar ættingja þeirra, sem þar séu grafnir. Í greininni er það haft eftir Gunnari Gunnarssyni, sonarsyni skáldsins, að hann hafi farið út í eyna helgina áður til að snyrta leiði föður síns og föðurforeldra, en ekki fundið þau heldur moldarflag. Fannst Gunnari það jaðra við helgispjöll að beita dráttarvél á leiðin og átaldi að ekki skyldi áður haft samráð við ættingja hinna látnu. Í sömu grein er haft eftir séra Þóri Stephensen að farið hafi verið að lögum við lagfæringu kirkjugarðsins. Áður en framkvæmdir hófust hafi þær verið auglýstar í Lögbirtingablaði og útvarpi eins og lög mæli fyrir. Þá hafi verið haldinn fundur með þeim aðstandendum sem gáfu sig fram. Áður en umræddar framkvæmdir hófust hafi staðsetning leiða og legsteina verið reiknuð út og allt yrði sett á sama stað aftur

og gengið vel frá. Ákærði hefur staðfest að greinin í DV hafi verið kveikjan að grein sinni í Tímanum sem birtist tveimur dögum síðar.

Fram er komið að séra Þórir Stephensen átti ekki aðild að ákvörðun um framkvæmdir í kirkjugarðinum og hafði ekki umsjón með þeim. Í auglýsingum um framkvæmdirnar var vísað til Hjörleifs B. Kvaran formanns Viðeyjarnefndar um nánari upplýsingar. Séra Þórir var hins vegar nefndinni innan handar, benti nefndarmönnum meðal annars á hvernig staðið skyldi að auglýsingum um framkvæmdirnar og sótti að ósk nefndarinnar fund sem haldinn var með þeim sem áttu skyldmenni grafin í garðinum. Gerði hann þar grein fyrir hugmyndum nefndarinnar ásamt Þorsteini Gunnarssyni arkitekt. Hann svaraði einnig fyrir framkvæmdirnar í DV eins og áður er frá skýrt.

II.

Í ákæru kemur fram að mál þetta er höfðað "fyrir óviðeigandi og móðgandi ummæli og ærumeiðandi aðdróttanir um opinberan starfsmann, séra Þóri Stephensen, þá dómkirkjuprest í Reykjavík, ... og í öllum tilvikum eru um séra Þóri út af starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests en eru einnig að því er varðar tilgreind ummæli í ákæruliðum A, 1. málsl., B, 1. og 2. tölul. og C, fyrri málsl., út af starfi séra Þóris sem staðarhaldari í Viðey...". Í ákærunni eru ummælin sem ákært er út af talin varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Lagagreinin hljóðar svo:

"Hver, sem hefur í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða

fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt."

Greinin er í 12. kafla laganna, sem fjallar um brot gegn valdstjórninni. Varðar hún opinbera starfsmenn og opinber störf þeirra. Ummæli þau, er málið snýst um, eru um séra Þóri Stephensen. Sem fyrr segir var hann, þegar þau birtust, í leyfi frá starfi sínu við dómkirkjuna í Reykjavík og hafði til bráðabirgða tekið við starfi staðarhaldara í Viðey á vegum Reykjavíkurborgar. Ummælin varða bæði störfin, og er blaðagrein ákærða beinlínis rituð út af stöðu séra Þóris sem staðarhaldara, en höfðar jafnframt til starfa hans í embætti dómkirkjuprests.

Ákvæði 108. gr. hegningarlaga voru á sínum tíma sett til að veita opinberum starfsmönnum ríkari æruvernd en öðrum mönnum, enda er hámarksrefsing þyngri eftir henni en hinum almennu ákvæðum um ærumeiðingar í 25. kafla laganna. Í framkvæmd hafa viðhorf til greinarinnar mótast þannig að hún hefur nú aðallega réttarfarsþýðingu, þar sem málshöfðun samkvæmt henni ber undir saksóknara ríkisins, en ekki þann starfsmann sem fyrir ærumeiðingu verður.

Orðin opinber starfsmaður hafa ekki fastmótaða og algilda merkingu í löggjöfinni, og verður að skýra inntak þeirra eftir samhenginu. Um 108. gr. hegningarlaga hefur lengst af verið litið svo á, að orðin séu þar ekki notuð í viðtækustu merkingu, og beri að skýra þau með hliðsjón af þeim megintilgangi greinarinnar að vernda eðlilega framkvæmd stjórnsýslu. Beri að beita þrengjandi lögskýringu með tilliti til þess, að í greininni sé einkum átt við þá starfsmenn ríkis og sveitarfélaga, er fari með heimildir til ákvarðana,

framkvæmdarvald eða fyrirsvar gagnvart almenningi eða einstökum þjóðfélagshópum, og þurfi öðrum fremur að ganga fram fyrir skjöldu í þágu opinberra hagsmuna. Jafnframt felist það í orðum greinarinnar, að hún takmarkist við árásir út af verkum á starfssviði þess manns, er fyrir þeim verður. Þessar áherslur um túlkun lagagreinarinnar skipta minna máli en ella vegna þeirra viðhorfa, sem fyrr getur, en einnig verður að telja ljóst, að henni sé ætlað að veita vernd gegn árásum, sem til þess eru fallnar að veikja án fullnægjandi tilefnis traust almennings á hinni opinberu stjórnsýslu.

Samkvæmt landslögum teljast prestar þjóðkirkjunnar til embættismanna ríkisins. Eins og hefðbundnum viðhorfum til starfs þeirra er háttað verður að telja vafalaust, að þeir geti notið verndar samkvæmt 108. gr. hegningarlaga. Á það við um presta ekki síður en marga veraldlega embættismenn, að þeir eigi mikið undir tiltrú almennings. Séra Þórir Stephensen hafði ekki látið af starfi dómkirkjuprests í Reykjavík, þegar á hann var ráðist með hinni umdeildu blaðagrein, og greininni var að verulegu leyti beint gegn framgöngu hans og heiðri í starfinu.

Sem staðarhaldari var séra Þórir starfsmaður Reykjavíkurborgar, og þannig í opinberu starfi í skilningi 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Starfið var ekki fullmótað, þegar blaðagreinin var rituð, en meginþættir þess lágu nokkuð ljóst fyrir. Er inntaki þess skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Í máli þessu er það meginatriðið, að staðarhaldaranum var falið að vera fulltrúi Reykjavíkurborgar í Viðey. Í starfsheitinu sjálfu fólst og skírskotun í þá átt, en það er tengt umsjón og stjórn kirkjujarða og stólseigna frá

fornu fari. Vegna þessa fyrirsvarshlutverks voru það eðlileg viðbrögð af hálfu séra Þóris, að veita skýringar á framkvæmdunum í Viðey, þegar blaðamenn báru þær upp við hann, og fór hann ekki út fyrir starfssvið sitt. Á sama hátt var eðlilegt, að greinarhöfundi yrði hugsað til staðarhaldarans, þegar kirkjugarðinn bar á góma, þótt honum hafi láðst að huga að því, hvar ábyrgðin á framkvæmdunum lægi í reynd. Má kalla blaðagreinina sjálfa sönnun þess, að staðarhaldarinn eigi að geta notið verndar 108. gr., en um það þarf ekki að efast eins og starfið hefur nú verið skýrt. Var þannig heimilt að byggja ákæru í máli þessu á umræddri lagagrein.

Við skýringu á 108. gr. ber samkvæmt almennum lögskýringarreglum að hafa hliðsjón af 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, en hún er þannig:

"Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða."

Þessi lagaákvæði bæði ber og að skýra með tilliti til þeirra skuldbindinga um vernd æru, persónu- og tjáningarfrelsis í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem íslenska ríkið hefur fullgilt. Er þar að geta Mannréttindasáttmála Evrópu, sem birtur var með auglýsingu nr. 11/1954, og Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna og birtur með auglýsingu nr. 10/1979.

III.

Mat á refsinæmi brota á sviði ærumeiðinga er vandasamt. Hefur þetta komið fram í tengslum við mál ákærða. Hafa verið birtar opinberar ályktanir og úrskurðir síðanefndar blaða-

manna, þar sem byggt er á gagnstæðum viðhorfum, en af því má ætla að í þjóðfélaginu séu skoðanir skiptar.

Í ályktun stjórnar Rithöfundasambands Íslands, sem samþykkt var 28. febrúar 1989, segir, að stjórnin álíti endurtekinn málarekstur af þessu tagi bera vott um mjög varhugaverða þróun í átt til ritskoðunar. Opinberir embættismenn eigi ekki að vera hafnir yfir gagnrýni og þeir sem um störf þeirra fjalli í fjölmiðlum verði að geta gert það án þess að eiga yfir höfði stefnur frá ríkissaksóknara.

Í ályktun stjórnar Blaðamannafélags Íslands 14. mars sama ár segir, að stjórnin vari alvarlega við þeirri þróun í átt til ritskoðunar í landinu, að ríkissaksóknari höfði opinber mál á hendur einstaklingum fyrir skrif þeirra um opinbera embættismenn í fjölmiðlum, á grundvelli 108. gr. hegningarlaganna. Telur stjórn Blaðamannafélagsins löngu tímabært að lagagrein þessi verði endurskoðuð. Ákærur af hálfu hins opinbera séu vísasti vegur til að hefta eðlilega umfjöllum um öll gagnrýnisverð mál.

Á vegum sama félags, Blaðamannafélags Íslands, starfar siðanefnd, sem fjallar um kærur vegna brota á siðareglum félagsins. Í úrskurði siðanefndarinnar 6. desember 1990 vegna kæru séra Þóris út af blaðagrein ákærða segir í atkvæði meirihluta, sem skipaður var fjórum af fimm nefndarmönnum, að ákvæði 5. greinar siðareglna upphefji ekki 2. og 3. grein þeirra. Í 5. gr. segir m.a. að siðareglurnar setji ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna, sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni þar sem persónulegar skoðanir eru í fyrirrúmi. Í 2. grein segir m.a., að blaðamanni sé ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann

skrifar. Hann hafi í huga, að almennt er litið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs í riti eða ræðu. Í 3. greininni segir m.a., að blaðamaður vandi upplýsingaöflun sína svo sem kostur er. Í niðurstöðu segir síðan:

"Þegar blaðamaður skrifar greinar utan síns eiginlega starfssviðs verður eftir sem áður að gera ákveðnar kröfur til hans um vönduð vinnubrögð og ábyrgð. Sú krafa sem 2. og 3. gr. siðareglna gera til blaðamanna skerðir á engan hátt tjáningarfrelsi þeirra, þó að sú kvöð sé lögð þeim á herðar, að þeir kynni sér mál gaumgæfilega áður en þeir láta skoðanir sínar í ljós.

Úrskurður siðanefndar er sá, að Hallur Magnússon hafi gerst brotlegur við þriðju grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Brotið er ámælisvert."

Í áliti minnihluta siðanefndar segir að niðurstaðan sé sú, "að þótt skrif kærða séu stóryrt og ofsafengin og höfundi lítt til sóma, séu ekki fyrir hendi nægilega sterk né knýjandi rök til þess að svipta hann þeirri vernd sem fyrrnefnt ákvæði 5. greinar siðareglna veitir blaðamönnum sem skrifa "undir fullu nafni" greinar, þirtar "í afmörkuðum þætti", þar sem "persónulegar skoðanir eru í fyrirrúmi", og grein hans því ekki brot á siðareglum Blaðamannafélags Íslands."

IV.

Dómstólum ber að beita 108. gr. hegningarlaganna eftir orðum hennar og lögskýringarreglum íslenskrar réttarskipunar. Mælir ákvæðið fyrir um viðurlög, þegar raskað er friðhelgi manna og það tengist störfum þeirra og einkalífi. Er þetta

samrýmanlegt 72. gr. stjórnarskrárinnar, enda mælir hún fyrir um ábyrgð á prentuðu efni.

Þau ummæli, sem tilgreind eru í ákæru, eru árás á séra Þóri Stephensen sem opinberan starfsmann og á hann persónulega. Sumt sem í hinni átöldu grein segir stafar af misskilningi varðandi staðreyndir, sem ákærði hirti ekki um að kynna sér til hlítar. Að nokkru felast í greininni lýsingar á skoðunum höfundar, sem settar eru fram með hörðum orðum. Tilefni greinarinnar voru framkvæmdir til að breyta kirkjugarðinum í Viðey á þann veg sem algengt er Virðast framkvæmdirnar, eftir að þeim lauk, ekki hafa sætt almennri gagnrýni, því að í málinu kemur fram, að sá maður, sem borinn var fyrir frétt um spjöll í kirkjugarðinum, telur breytingarnar hafa tekist vel. Þó að skoðanir ákærða á breytingunum og aðferðum við þær, svo og álit hans á séra Þóri Stephensen, séu hans mál og megi að sjálfsögðu koma fram á prenti, verður eftir lögum að setja þær fram á þann hátt, að það sé í þágu málefnalegrar umræðu og að gætt sé þeirrar virðingar fyrir einkalífi annarra, sem almennt er virt í samfélaginu. Þegar 108. gr. hegningarlaganna er skýrð, ber að taka tillit til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Lögvernd einkalífs kemur aðeins að litlu leyti fram í stjórnarskrárákvæðum, þ.e. 66. gr. um vernd heimila og skjala. Rík vernd einkalífs er hins vegar til dæmis í lögum nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Með ofantalið í huga verður að fjalla um þau ummæli, sem ákært er fyrir í máli þessu.

V.

Hin átalda blaðagrein ákærða var prentuð í þættinum "Vettvangur" og er þannig í heild:

"SPJÖLL UNNIN Á KRIKJUGARÐINUM Í VIÐEY

Séra Þórir Stephensen, sem skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey, er nú farinn að láta hendur standa fram úr ermum þar. Ekki er athæfi hans kristilegt, enda hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik sem þessi dómkirkjuprestur í raun og sanni ætti að hafa að leiðarljósi.

Séra Þóri þótti ekki við hæfi að hafa kirkjugarðinn í Viðey eins og hvern annan sveitakirkjugarð. Ónei. Hann á að vera rennisléttur og fínn eins og kirkjugarðurinn í Gufunesi, nýtísku kirkjugarður. Það skiptir hann engu þó að Reykjavíkurborg sé að eyða hátt í 300 milljónum til að koma Viðeyjarstofu og kirkjunni í Viðey í sem upprunalegast horf. Ónei. Þessháttar pjátur hefur ekkert með kirkjugarðinn fína að gera. Í stað þess að hafa eðlilegan, fallegan hólóttan íslenskan krikjugarð, þá á að hafa garðinn sléttan og fínan rétt eins og flatir breskra aðalssetra sem hafa verið slegnar og valtaðar oft á hverju sumri í fjögurhundruð ár. Kannske var fyrirmyndin sótt þangað. Ekki er hún þjóðleg.

Það hvarflaði ekki að séra Þóri að hafa samband við ættingja þeirra er síðast voru jarðaðir í kirkjugarðinum í Viðey. Ónei, þeir hefðu kannske verið mótfallnir vilja séra Þóris. Slíkt líðst ekki. Það skiptir staðarhaldarann engu máli að um sé að ræða einn ástsælasta rithöfund Íslendinga sem fékk sína hinstu gröf í Viðey af sérstökum tilfinningalegum ástæðum. Ónei. Yfir slíkt valtar séra Þórir með dráttarvél.

Hvað ætli verði næsta stórvirki séra Þóris, sjálf skipaðs staðarhaldara í Viðey? Að malbika göngubraut í kringum eyna? Byggja sumarbústað fyrir sig og fjölskyldu sína í hlaði Viðeyjarstofu? Mála kirkjuna í Viðey heiðbláa, lit íhaldsins? Það er ekki gott að segja. En þar er alveg ljóst að íslenska ríkið gaf Reykjavíkurborg Viðey ekki í afmælisgjöf á 200 ára afmælinu til að dómkirkjuprestur sem skipar sjálfan sig staðarhaldara í Viðey gæti unnið þar spjöll.

Séra Þóri var á sínum tíma hlíft við þeirri skömm að almenningur fengi að vita að hann hefði sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey og að borgarráð bjargaði honum fyrir horn með því að ráða hann staðarhaldara í Viðey, eftir að dómkirkjupresturinn hafði komið sér í fjölmiðla og skýrt frá hinni nýju nafnbót. Að vísu er líklegt að íhaldið í Reykjavík hefði ráðið hann sem staðarhaldara, enda hefur séra Þórir verið duglegur við að troða íhaldsskoðunum sínum og sinna kollega í Sjálfstæðisflokknum inn í stólræður sínar.

Reyndar hefur hann sýnt í stólræðum sínum, þar sem hann blandar pólitík inn í orð Guðs, og með spjöllum í Viðey að hann er alls óhæfur til að gegna þessum embættum. Þess vegna ætti hann að víkja.

Það verður að sjálfsögðu ekki þar sem slíkt tíðkast ekki hjá Þjóðkirkjunni, allra síst þegar um svo háttsettan frímúrara er að ræða. Hins vegar er vonandi að séra Þórir sjái nú brátt að sér og hagi sér í framtíðinni eins og vígður maður á að haga sér. Ef svo verður þá mun eyðilegging Viðeyjarkirkjugarðsins láta örlítið gott af sér leiða. En þar hafa hins vegar verið unnin spjöll sem aldrei verða bætt.

Undirritaður veit að greinarkorn þetta verður honum ekki til framdráttar, allra síst þegar ljóst er að það kemur við kaunin á háttsettum frímúrara. En það verður að hafa það. Greinarkornið er ritað í heilagri reiði, reiði yfir ófyrirgefanlegu skemmdarverki á heilögum stað sem skin-

heilagur maður ber ábyrgð á. Undirritaður er ekki einn um þessa heilögu reiði, allir þeir sem láta sig Viðey, þennan merka stað, einhverju varða eru nú reiðir.

Vonandi verður þetta leiðindaatvik til þess að staðarhaldarinn í Viðey, borgaryfirvöld og aðrir sem standa í framkvæmdum á viðkvæmum stöðum fari sér hægt og ani ekki út í vitleysu sem ekki er hægt að bæta, líkt og nú hefur gerst. Ef svo yrði ættu þeir er nú hafa fyllst réttlátri reiði vegna skemmdarverkanna í Viðey að geta fyrirgefið séra Þóri mistök hans. En mistök eru til að læra af þeim."

Greininni fylgdu tvær myndir, önnur af Viðey, hin af höfundi. Undir þeirri mynd var prentað: "Greinarkornið er ritað í heilagri reiði, reiði yfir ófyrirgefanlegu skemmdarverki á heilögum stað sem skinheilagur maður ber ábyrgð á."

VI.

Í ákæru eru tiltekin ummæli úr greininni nefnd og krafist refsingar vegna þeirra. Jafnframt er þess krafist að þau verði ómerkt. Af hálfu ákæruvaldsins er staðfest að séra Þórir hafi krafist ómerkingar ummælanna. Þykir, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, mega fjalla um þessa kröfu ákæruvaldsins, þótt geta hefði mátt kröfu séra Þóris skýrar í ákæru, enda var málið fullreifað í málflutningi að þessu leyti.

Öll ummælin eru talin vera "um séra Þóri út af starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests" en einnig að hluta "út af starfi séra Þóris sem staðarhaldari í Viðey". Eins og á stendur þykir þessi aðgreining ekki hafa þýðingu að lögum þar sem 108. gr. hegningarlaga á við um bæði störfin. Verða hin átöldu ummæli nú tiltekin og virt:

Úr inngangi greinarinnar:

A (1) "skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey". Þó að ummæli þessi feli í sér móðgun, þykir það ekki vera í þeim mæli að varði við 108. gr. eða að til ómerkingar leiði.

A (2) "Ekki er athæfi hans kristilegt" og

A (3) "hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik". Fyrri ummælin eru móðgun en þau síðari ærumeiðandi aðdróttun. Þau varða refsingu eftir 108. gr. og ómerkingu eftir 1. mgr. 241. gr. hegningarlaga.

Úr meginmáli greinarinnar:

B 1 "sjálfskipaðs staðarhaldara í Viðey". Um þessi orð er hið sama að segja og A (1) hér að framan.

B 2 "sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey" og "borgarráð bjargaði honum fyrir horn". Um þetta er hið sama að segja og greinir hér næst á undan.

B 3 "Reyndar hefur hann sýnt í stólræðum sínum, þar sem hann blandar pólitík inn í orð Guðs, og með spjöllum í Viðey, að hann er alls óhæfur til að gegna þessum embættum. Þess vegna ætti hann að víkja". Þó að skoðanir ákærða á séra Þóri Stephensen séu ekki atriði, sem lög láta sig varða, eru þær hér settar fram á þann hátt, án fullnægjandi réttlætingar þar sem það gæti átt við, að í þeim felst brot á 108. gr. hegningarlaga. Þá ber að ómerkja ummælin eftir 1. mgr. 241. gr. laganna.

Úr meginmáli og texta undir mynd:

"ófyrirgefanlegu skemmdarverki". Eins og sjá má hér að ofan var ákæruði þeirrar skoðunar, að í Viðey ætti að hafa "eðlilegan, fallegan, hólóttan íslenskan kirkjugarð" og láta lögin sig það ekki varða fremur en aðrar skoðanir hans. Hin átöldu ummæli eru að vísu svo hóflítil, að þau falla undir efnislýsingu 108. gr. hegningarlaga, móðgun fremur en aðdróttun eins og þau eru orðuð, en þykja þó ekki vera með þeim hætti að rétt sé að telja þau refsiverð eða að ómerkja þau.

"skinheilagur maður". Þessi orð eru alvarleg móðgun sem varða refsingu og ómerkingu.

VII.

Niðurstaða máls þessa er sú, að ákærða verður dæmd refsing vegna þeirra ummæla hans sem varða við 108. gr. almennra hegningarlaga. Refsingin er hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Þá ber að ómerkja áður talin ummæli.

Eftir þessu ber að dæma ákærða til að greiða séra Þóri Stephensen miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga og er fjárhæð þeirra hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Ber að greiða þær með vöxtum eins og í dómsorði segir.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms verður staðfest, þó þannig að saksóknarlaun í ríkissjóð verða 100.000 krónur. Ákærða ber að greiða áfrýjunarkostnað eins og segir í dómsorði

D ó m s o r ð :

Ákærði, Hallur Magnússon, greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 vikna varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli eru ómerkt.

Ákærði greiði séra Þóri Stephensen 150.000 krónur í miskabætur með vöxtum frá uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags eftir 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 sbr. nú 2. gr. laga nr. 67/1989.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest, þó þannig að saksóknarlaun í ríkissjóð verða 100.000 krónur.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Hrafns Bragasonar

hæstaréttardómara

í hæstaréttarmálinu nr. 274/1991:

Ákæruvaldið

gegn

Halli Magnússyni

I.

Í ákæru kemur fram að mál þetta er höfðað "fyrir óviðeigandi og móðgandi ummæli og ærumeiðandi aðdróttanir um opinberan starfsmann, séra Þóri Stephensen, þá dómkirkjuprest í Reykjavík, ... og í öllum tilvikum eru um séra Þóri út af starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests en eru einnig að því er varðar tilgreind ummæli í ákæruliðum A, 1. málsl., B, 1. og 2. tölul. og C, fyrri málsl., út af starfi séra Þóris sem staðarhaldari í Viðey...". Í ákærunni eru ummælin sem ákært er út af talin varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Greinin hljóðar svo:

"Hver, sem hefur frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt." Ákvæði þetta er í 12. kafla laganna, sem ber yfirskriftina, "Brot gegn valdstjórninni". Í greinargerð með lögunum kemur fram að ákvæði þessa kafla eru sett til að vernda framkvæmd opinberra starfa. Brot samkvæmt honum sæta opinberri ákæru. Í 25. kafla sömu laga er hins vegar að finna almenn ákvæði um

ærumeiðingar. Skýra ber ákvæði 108. gr. almennra hegningarlaga með hliðsjón af þeim megintilgangi hennar að vernda eðlilega framkvæmd á opinberu valdi. Greinin veitir opinberum starfsmönnum ríkari æruvernd en öðrum mönnum þegar þeir koma fram í starfi eða út af því, enda er hámarks refsing þyngri eftir henni en 25. kafla laganna. Ákvæðið er þannig undantekningarákvæði frá almennum ákvæðum laganna og ber því að skýra þröngt. Þegar það er virt og tilgangur lagaákvæðisins samkvæmt framansögðu þykir tilefni ummæla, sem falla undir ákvæðið, verða að vera verk sem er á starfsviði þess sem ummælin beinast að.

II.

Við skýringu á 108. gr. almennra hegningarlaga ber samkvæmt almennum skýringarreglum að hafa hliðsjón af 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, en hún er þannig:

"Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða."

Þessi lagaákvæði ber og að skýra með tilliti til þeirra skuldbindinga um vernd æru, persónu- og tjáningarfrelsis í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem íslenska ríkið hefur fullgilt. Er þar að geta Mannréttindasáttmála Evrópu, sem birtur var með auglýsingu nr. 11/1954, og Alþjóðasamnings um borgarleg og stjórnmálaleg réttindi, sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna og birtur með auglýsingu nr. 10/1979.

Fram er komið að tilefni ákæru er grein er rituð var vegna framkvæmda við kirkjugarðinn í Viðey. Ummælin, sem

málið snýst um, eru um séra Þóri Stephensen. Sem fyrr segir var hann, þegar þau birtust, í leyfi frá störfum við dómkirkjuna í Reykjavík og hafði tekið við starfi staðarhaldara í Viðey á vegum Reykjavíkurborgar. Þau ummæli greinarinnar er beinast að séra Þóri sem dómkirkjupresti varða ræður prestsins og verður til þess að líta við skýringu á 108. gr. almennra hegningarlaga. Þótt prestar þjóðkirkjunnar séu embættismenn ríkisins, sbr. 62. gr. stjórnarskrárinnar, skal samkvæmt 63. gr. hennar ríkja trúfrelsi á Íslandi og samkvæmt grunnreglu 64. gr. hennar skal vera jafnræði milli manna af hinum ýmsu trúarbrögðum. Því verður hið boðaða orð trúarbragðanna að vera jafnrétthátt. Þegar greinin var rituð hafði séra Þórir tekið við starfi staðarhaldara og hann hafði tekið upp vörn fyrir framkvæmdirnar opinberlega. Á þessu tíma hafði ekkert erindisbréf verið birt um starfsvið staðarhaldara. Var ákærða því nokkur vorkunn að hann skyldi telja séra Þóri koma fram í krafti staðarhaldarastarfsins þegar hann svaraði fyrir framkvæmdirnar í DV.

Í 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 segir m.a.: "Starfsmenn við stjórnsýslu sveitarfélags hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna". Af þessu þykir leiða að starf staðarhaldara í Viðey, en starfið er á vegum Reykjavíkurborgar, geti að öðrum skilyrðum fullnægðum fallið undir 108. gr. almennra hegningarlaga, miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir.

Grein ákærða fjallar um opinber málefni, framkvæmdirnar í Viðey, og er þannig þáttur í opinberri umræðu. Hún er með æsibrag, persónuleg og færð í stílinn og dæmir sig því að

nokkru leyti sjálf. Með hliðsjón af opinberu tilefni greinarinnar, og efni hennar í heild verður ekki talið, að þar sé svo langt gengið, að varði refsingu samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga, sem skýra ber með hliðsjón af grundvallarreglum um frelsi manna til að tjá sig í ræðu og riti, svo sem að framan greinir. Þegar af þessum ástæðum ber að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds um brot á 108. gr. almennra hegningarlaga. Við það bætist að þau ummæli greinarinnar sem varða ræður séra Þóris Stephensen verða ekki vegna ákvæða stjórnarskrár um trúfrelsi og jafnræði trúarbragðanna talin geta fallið undir 108. gr. almennara hegningarlaga. Af framangreindum sökum get ég ekki samþykkt atkvæði meirihluta dómenda sem felst á kröfu ákæruvaldsins um refsingu ákærða samkvæmt greininni.

III.

Að því er varðar ómerkingu ummæla og miskabætur til séra Þóris Stephensen get ég að öllu verulegu leyti samþykkt atkvæði meirihluta dómenda.

IV.

Málarekstur þessi hefur reynst embætti ríkissaksóknara torsóttur og á hefur skort að nægilega traustur grunnur væri að honum lagður í upphafi og ákæru er enn nokkuð ábótavant. Rétt þykir því að sakarkostnaður allur bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði að undanskildum málsvarnarlaunum verjanda ákærða fyrir Hæstarétti.

Fylgiskjal III.

Dómur Hæstaréttar frá 20. október 1987 í málinu nr. 272/1986, Ákæruvaldið gegn Þorgeiri Þorgeirssyni.

Þriðjudaginn 20. október 1987.

Nr. 272/1986. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Þorgeiri Þorgeirssyni
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Ærumeiðingar. Brot gegn 108. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari og Arnljótur Björnsson prófessor.

Máli þessu var með stefnu 30. september 1986 skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Skipaður verjandi ákærða krefst þess að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá útgáfu ákæru 13. ágúst 1985 verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu.

Af hálfu ákæruvalds er ómerkingarkröfunni mótmælt.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Verknaðarlýsing í ákæru og heimfærsla verknaðar til refsiákvæðis fullnægir skilyrðum 3. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107/1976.

Ómerkingarkrafan er í fyrsta lagi byggð á því að héraðsdómarinn, Pétur Guðgeirsson sakadómari, hafi starfað sem fulltrúi ríkissaksóknara á þeim tíma er rannsókn máls þessa stóð yfir og um það var fjallað við embætti ríkissaksóknara. Hafi hann því verið vanhæfur til að fara með málið og dæma það. Þar sem ekki er fram komið að sakadómarinn hafi þá haft nein afskipti af málinu verður frávísunarkrafan ekki tekin til greina af þeirri ástæðu.

Þá er ómerkingarkrafan einnig byggð á sömu sjónarmiðum og fram komu í sakadómi 24. september 1985 og verjandi ákærða þar gerði grein fyrir með svofelldri bókun:

„Verjandi ákærða vísar til þess að fulltrúi ákæruvaldsins er ekki viðstaddur þetta réttarhald og hefur ekki verið viðstaddur fyrri réttarhöld í máli þessu. Einnig er vísað til þess, að dómarinn hefur

upplýst að ábending ákærða um að í ákæru fælust brot gegn ákv. 4. gr. höfundarlaga nr. 73, 1972, hefur ekki komist til vitundar ákæruvaldsins. Með vísun til ákv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 74, 1974 svo og með vísun til ákv. 1. mgr. 1. tl. 36. gr. er talið af hálfu ákærða að það brjóti gegn lögum að einn og sami maður fari bæði með störf dómara og ákæruvalds í sama máli. Með vísan til þess að ekki hefur verið fallist á að breyta þessu fyrirkomulagi, er gerð krafa um að dómarinn víki sæti í málinu.“

Héraðsdómari synjaði framangreindri kröfu með úrskurði sem ríkissaksóknari heimilaði ekki að væri kærður til Hæstaréttar, sbr. 1. tl. 171. greinar laga nr. 74/1974. Er ekkert komið fram um að meðferð málsins, sem ekki sætti sókn og vörn samkvæmt 130. gr. nefndra laga, hafi verið með þeim hætti að valdið hafi vanhæfi dómarans eða leiða eigi til ómerkingar hins áfrýjaða dóms.

Fallast ber á ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærða og heimfærslu til refsiákvæðis. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 20.000,00 krónur. Eru fjárhæðir þessar dæmdar án söluskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Þorgeir Þorgeirsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurmars K. Albertssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Gauks Jörundssonar setts hæstaréttardómara.

Í málum, sem höfðuð eru til refsingar fyrir ærumeiðandi ummæli, ber að marka skýrt og ótvírætt, hvaða aðila slík ummæli eru talin meiða. Er það nauðsynlegt vegna varnar ákærða og þess

vandasama úrlausnarefnis, hvaða takmörk sé óhjákvæmilegt að setja umræðu um almenn málefni í þessu tilliti.

Í inngangi ákæruskjals í máli þessu er að því vikið, að málið sé höfðað „fyrir ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna", og síðan segir í III. kafla ákæru, að þær ærumeiðandi aðdróttanir, sem um sé að ræða, beinist „að ónafngreindum og ótilteknum starfsmönnum í lögregluliði Reykjavíkur". Verður að skilja ákæru svo, að brot beinist að lögreglumönnum í Reykjavík almennt.

Þótt fallast megi á, að ummæli þau, sem í ákæru greinir, séu harðyrt og hafi út af fyrir sig ekki verið réttlætt, tel ég miðað við þann grundvöll, sem samkvæmt framansögðu hefur verið markaður í ákæru, að ekki séu skilyrði til að refsa ákærða fyrir brot á 108. gr. almennra hegningarlaga, sem skýra verður með hliðsjón af grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar um frelsi manna til að tjá sig í ræðu og riti.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að sýkna beri ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. júní 1986.

Ár 1986, mánudaginn 16. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 345/1986: Ákæruvaldið gegn Þorgeiri Þorgeirssyni, sem tekið var til dóms 3. sama mánðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 13. ágúst sl. á hendur Þorgeiri Þorgeirssyni rithöfundi, til heimilis að Bókhlöðustíg 6 B í Reykjavík, fæddum 30. apríl 1933 í Hafnarfirði, „fyrir ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna í tveimur greinum í Morgunblaðinu. Fyrri greinin bar aðalfyrirsögnina „Hugum nú að" og undirfyrirsögnina „Opið bréf til Jóns Helgasonar, dómsmálaráðherra" og birtist hún 7. desember 1983. Seinni greinin bar fyrirsögnina „Neyttu á meðan á nefinu stendur..." og birtist hún 20. sama mánaðar og ár.

I.

Í fyrri greininni þykja ærumeiðandi aðdróttanir vera sem hér segir:

1. Í 3. mgr.: „einkennisklædd villidýr".
2. Í 6. mgr.: „einkennisklæddu villidýra".
3. Í 11. mgr.: „Stofufélagar þessa unga manns sögðu mér að bæklun

hans væri af völdum útkastara og lögreglu. Þessu vildi ég þá ekki trúa svona fyrirvaralaust og spurði bæði lækna og sjúkralið að þessu. Jú, rétt var það: Þarna var komið eitt af fórnardýrum löggæslunnar í næturlífi Reykjavíkur.“

4. Í 12. mgr.: „Þá brá svo við að hvarvetna hitti ég fólk sem kunni sögur af mönnum sem lent höfðu jafn illa eða ver í þessum einkennisbúnu óargadýrum. Sumir höfðu jafnvel verið sendir aftur á vitsmunastig bernsku sinnar með kyrkingatökum sem lögreglumenn og útkastarar kunna en fara ekki með af skynsamlegu viti heldur fautaskap og hugsunarleysi. Sögur þessar eru svo gjörsamlega samhljóða og margar að það verður æ örðugra að vísa þeim frá sér eins og hverjum öðrum uppspuna.“

5. Í 13. mgr.: „fórnardýr lögregluhrottanna“.

6. Í 15. mgr.: „...að lofa hrottum og illmennum að þægja sínu brenglaða tilfinningalífi...“

II.

Í seinni greininni þykja ærumeiðandi aðdróttanir vera sem hér segir:

1. Í 46. gr.: „Aðfarirnar lýstu svo mæta vel þeirri mynd sem almenningur hlýtur óðum að vera að gera sér af lögreglu í sjálfsvörn: bolabrögð, falsanir, lögbrot, hindurvitni, flaustur og ráðleysi.“

III.

Framangreindar ærumeiðandi aðdróttanir, sem beinast að ónafngreindum og ótilteknum starfsmönnum í lögregluliði Reykjavíkur, þykja varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

I. Málavextir.

Hinn 7. desember 1983 birtist í Morgunblaðinu grein eftir ákærða undir fyrirsögninni „Hugum nú að. Opið bréf til Jóns Helgasonar dómsmálaráðherra.“ Er þar tekið til umfjöllunar svonefnt „Skaftamál“ og í því sambandi meðal annars margvíslegt ofbeldi og meiðingar sem höfundur telur að lögreglumenn beiti fólk í löggæslustörfum og krefst þess að fram fari opinber rannsókn þessara mála. Í greininni stendur meðal annars:

„Okkur líkar ekki að sjá hvernig löggæslumenn hafa leikið þennan bráðmyndarlega pilt að ósekju, því hann segist bara hafa verið að leita að frakkanum sínum í fatahengi þegar einkennisklædd villidýr fyrrnefnds myrkviðar réðust að honum.

Í mínum huga er mál Skafta bara smámál, en það hefur af fyrrgreindum

ástæðum fengið verulega umfjöllun og athygli svo mér þykir rétt að nota það til að benda þér nú á það að vandamálið er miklu stærra og ógnvænlegra.

Mál Skafta er svosem einsog toppurinn á ísjakanum sem við höfum komið auga á þegar kastljósi dagblaðanna er beint að þessu. Niðrí koldimmum þagnarsjónum bíður hins vegar nífalt stærri hluti af vandamálinu.

Um þann hlutann langar mig til að ræða við þig úrþví þú ert nú dómsmálaráðherra og þar með æðsti yfirmaður þeirra einkennisklæddu villidýra sem læðast, ekki mjög þófamjúk, um frumskóga næturlífsins hér um slóðir.

Nú vil ég enganveginn fara að gera lítið úr raunum þessa pilts né þeim sársauka sem hann þoldi að óþyrirsynju. Hinu er þó ekki að leyna að Skafti mun ná sér, marblettirnir á honum verða smámsaman fjólubláir síðan brúnir og hverfa loks. Hann snýr til vinnu sinnar á Tímanum og smámsaman fennir þetta atvik á kaf í orrahríð dagsins.

Nema við notum það til að skoða vandamálið í heild sinni. Fyrir nokkrum árum þurfti ég að dvelja fáeinar vikur á handlækningadeild Borgarspítalans. Þá lá þar á sama gangi maður á þrítugsaldri, hið gjörfilegasta ungmenni í alla staði. Viðkunnanlegur piltur. Ástandi hans var á hinn bóginn svo varið að hann gat varla hreyft nokkurn líkamspart nema augun. Lesið gat hann bók með sérstökum útbúnaði ef einhver var til að fletta blaðsíðunum fyrir hann.

Mér skildist að batavon hans væri harla lítil.

Stofufélagar þessa unga manns sögðu mér að bæklun hans væri af völdum útkastara og lögreglu. Þessu vildi ég þá ekki trúa svona fyrirvaralaust og spurði bæði lækna og sjúkralið að þessu. Jú, rétt var það: þarna var komið eitt af fórnardýrum löggæslunnar í næturlífi Reykjavíkur.

Myndin af þessum lemstraða pilti fylgdi mér svo einhvernveginn útaf spítalanum og ég var þaðanífrá sítalandi um þetta fyrirbæri. Þá brá svo við að hvarvetna hitti ég fólk sem kunni sögur af mönnum sem lent höfðu jafn illa eða ver í þessum einkennisbúnu óargadýrum. Sumir höfðu jafnvel verið sendir afturá vitsmunastig frumbernsku sinnar með kyrkingatökum sem lögreglumenn og útkastarar kunna en fara ekki með af skynsamlegu viti heldur fautaskap og hugsunarleysi. Sögur þessar eru svo gjörsamlega samhljóða og margar að það verður æ örðugra að vísa þeim frá sér einsog hverjum öðrum uppspuna. Annað er það sem fylgir þessum sögum eins og harðneskjan heimskunni, og það er sú fullyrðing að tilgangslaust sé með öllu að hefja mál út af þvílíkum tilvikum. Þau fari bara í rannsókn hjá annari lögregludeild þar sem sitji einvalalið og líti á það sem konunglega skyldu sína að hvítþvo kollegana.

Þessvegna liggja fórnardýr lögregluhrottanna úti vonleysinu og þurft

getur að bíða árum saman eftir tækifæri til að ræða málefni þeirra af nokkur viti.

Nú er kannski eitt af þessum sjaldgæfu tækifærum. Þessvegna er ég að skrifa þér bréfið atarna.

Mér sýnist harla augljóst að hér sé verulega pottur brotinn í sjálfu því kerfi sem yfirmenn þess virðast hafa brenglaða réttlætisvitund og misnota aðstöðu sína til þess að lofa hrottum og illmennum að þægja sínu brenglaða tilfinningalífi — það virðist einu gilda hver fyrir verður. Mér sýnist lögreglustjórinn í Reykjavík meiraðsegja þónokkuð borubrattur þegar hann neitar að víkja barsmíðamönnum sínum úr starfi meðan á rannsókn Skaftamálsins stefndur. Virðist harla örruggur með sig þó skjólstæðingur framsóknar eigi í hlut. Við sjáum hvað setur.“

Samkvæmt gögnum málsins var ákærði til lækninga á Borgarspítalanum 19. júní til 11. júlí 1978. Á þessum tíma lá þar einnig Trausti Elliðason, fæddur 26. nóvember 1955, sem lamast hafði í öllum útlimum eftir líkamsárás kunningja Trausta, Guðmundar Sigurðar Ingimarssonar vélstjóra. Ákærða hafa verið sýndar ljósmyndir af Trausta Elliðasyni sem teknar voru á Borgarspítalanum 13. maí 1978, daginn eftir árásina. Hefur ákærði fullyrt að Trausti sé ekki sá piltur sem ákærði greinir frá í fyrri Morgunblaðsgreininni, enda hafi ,,geislað“ af piltingum ,,feigðin“ þegar ákærði sá hann á spítalanum.

Myndbandsupptaka af sjónvarpsþættinum ,,Skiptar skoðanir“, sem sýndur var 13. desember 1983 liggur frammi í málinu.

Þáttur þessi var undir stjórn Guðjóns Einarssonar fréttamanns. Þátttakendur voru þeir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, Jónas Kristjánsson ritstjóri, Einar Bjarnason lögregluvarðstjóri og Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn.

Var þar fjallað um lögreglumálefni, samskipti lögreglu og borgara og fyrrnefnt ,,Skaftamál“. Í lok þáttarins lýsti Einar Bjarnason, lögregluvarðstjóri og formaður Lögreglufélags Reykjavíkur, því yfir að hann teldi að hægt væri að ómerkja grein ákærða algerlega því að hann hefði yfirlýsingu frá þeim pilti sem ákærði hefði skrifað um í Morgunblaðið. Las lögregluvarðstjórinn yfirlýsinguna. Sagði þar meðal annars: ,,Það sem Þorgeir segir um mál mitt í grein sinni er rangt frá upphafi til enda“. Töldu þeir lögregluvarðstjórinn og Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn að yfirlýsingin væri frá þeim sem ákærði hefði skrifað um, enda hefði það verið kannað.

Að kröfu verjanda ákærða í bréfi til dómarans 11. nóvember sl. var nefndur Einar Bjarnason kvaddur fyrir dóminn. Hann greindi frá því, að yfirlýsingin hefði verið frá ungum fötluðum pilti, Trausta Elliðasyni. Vitnið kvaðst hafa verið búið að fá upplýsingar um sjúkralegutíma ákærða og Trausta og hefði verið talið að ákærði hafi átt við Trausta í greininni. Því

hefði Trausti verið fenginn til þess að gefa yfirlýsinguna. Vitnið greindi einnig frá því að honum væri ekki kunnugt um að nokkur lögreglumaður í Reykjavík hafi í starfi sínu valdið meiðslum, líkum þeim, sem ákæröi lýsir í greininni 7. desember 1983.

Hinn 20. sama mánaðar birtist önnur grein eftir ákærða í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni: „Neyttu á meðan á nefinu stendur“ og segir þar meðal annars:

„Þriðjudaginn seinasta, þann 13. desember, var þáttur í sjónvarpinu um lögregluvandamálið. Þar voru tveir spekingar úr Reykjavíkurlögreglunni og þótti mörgum einsog þeir félagarnir léku þarna nokkuð lausum hala.“ Einnig segir:

„Alveg í lok þáttarins brast Einar, sem er formaður Lögreglufélagsins, á með nokkuð skondna uppákomu eftir þónókkuð (sic) pískur við Bjarka og skrjáf í pappírsgögnum, dró upp skjal og hóf ófagran lestur um undirritaðan lygara og ómerking (samkvæmt vottorði þessu sem lögreglan hafði með einhverjum ráðum fengið óviðkomandi mann til að rita nafn sitt undir).

Mætavel hefði Einar getað komið þessum boðskap sínum á framfæri án þess að brjóta útvarpslögin okkar og hætta þannig bæði starfi sínu og heiðrinum í einu, og hafa margir furðað sig á hegðun mannsins.“ Þá segir höfundur ennfremur:

„Miðvikudaginn 7. desember sl. birtist frá mér bréf í Morgunblaðinu til æðsta yfirvalds dómsmála á Íslandi. Erindi mitt var að biðja um *hlutlausa rannsókn* á lögregluvandamálinu í stað þess að vandamál þetta hefði eftirlit með sér einvörðungu sjálft.“ Þá er sagt:

„Þennan morgun sem bréfið til Jóns Helgasonar dómsmálaráðherra birtist í blaðinu hringdu furðumargir til mín. Meðal þeirra var Guðmundur Hermannsson sem kynti sig yfirlögregluþjón í Reykjavík. Hann vildi fá að vita hvaða *tilfelli* þetta væri sem ég hefði verið að skrifa um. Sagði ég honum sem var að greinin fjallaði ekki um neitt tilfelli heldur um *ástand*. Tilefnin skiptu á hinn bóginn hundruðum minstakosti. Þá spurði Guðmundur hvað hann héti, pilturinn lamaði sem legið hefði samtímis mér á spítalanum forðum. Ég sagði þá sem var að líklega hefði ég aldrei heyrt nafn hans. Spurði svo hvort lögreglan væri eitthvað að rannsaka þetta. Játti Guðmundur því. Lét ég hann þá vita að það fyndist mér nokkuð djarft eins og á stæði; að lögreglan færi nú enn að rannsaka mál sem hún væri aðili að. Lokaði mér jafnframt gagnvart yfirlögregluþjóninum með alla vitneskju, nema hvað ég lét honum í té dagsetningar varðandi spítalavist mína forðum. Kvöddumst við svo.“ Ennfremur er ritað:

„Líður nú fimtudagur og framan af föstudegi með endalausum símtölum og handaböndum þangaðtil ég kaus að láta mig hverfa til að fá vinnufrið.

Undir kvöld kom ég aftur í ljós og þá lágu fyrir mér skilaboð frá Guðmundi yfirlögregluþjóni um það að ég skyldi lesa blaðsíðu 13 í Morgunblaðinu þá samdægurs og biðjast svo afsökunar á skrifi mínu.

Á blaðsíðu 13 reyndist vera frétt um það að manni einum hefði verið dæmd fjárhæð nokkur í skaðabætur fyrir kjaftshögg í maí 1978. Í þeim dómi var hvergi minst á lögreglubarsmíðar og þess ekki getið hvern starfa barsmíðamaðurinn hefði. Var hann þá lögregluþjónn? Kanski. Greinilega hlaut það að vera skoðun Guðmundar að þetta væri sama málið og ég mintist á í bréfinu. En fjandakornið sem það gæti verið — ekki mundi ég betur en sá piltur dæi skömmu síðar, úr lungnabólgu að því er mig minti. Þetta staðfesti konan þegar hún kom heim skömmu síðar.“ Svo segir: „Ég hringdi nú í Guðmund til að fá botn í þessa véfrétt. Hann var þá enganveginn jafn blíður á manninn og fyrir tveim dögum.

— Þér er eins gott að biðjast opinberlega afsökunar, sagði hann. Þarna er komið dæmið, tilfellið sem þú ert að tala um.

Ég setti nú í mig kjark og andmælti honum á þeim forsendum sem fyr eru greindar. Spurði síðan hvaðan honum kæmi þessi vísdómur.

— Frá Rannsóknarlögreglu ríkisins, segir Guðmundur þá.

Þá var það, trúðu, sem undirritaður sagði: — Bittinú! svona rétt á meðan hann var að átta sig. Guðmundur notaði pásuna til að segja að þeir væru búnir að rannsaka þetta.

— Og þú hefur undireins fengið inni með þetta í Morgunblaðinu, segi ég þá til að segja nú eitthvað.

— Maður þarf að verja sig, sagði Guðmundur án þess að svara beinlínis spurningunni.“ Síðar í greininni segir:

„Síðan á þriðjudag hafa margir símað til mín það álit sitt að þáttur lögreglunnar í sjónvarpinu hafi verið einsog herfileg þjóðháttalýsing handa eftirkomendum okkar að skoða.

— Verst að þeir skyldu ekki mæta einkennisbúnir í þáttinn, sagði einhver við mig. Aðfarirnar lýstu svo mætavel þeirri mynd sem almenningur hlýtur óðum að vera að gera sér af lögreglu í sjálfsvörn: bolabrögð, falsanir, lögbrot, hindurvitni, flaustur og ráðleysi.“

Verjandi ákærða óskaði eftir því í fyrrnefndu bréfi að fenginn yrði „sá starfsmaður dóms- og kirkjumálaembættisins sem þekkir vel til framkvæmdar lögreglumála til að gefa skýrslu um eftirfarandi atriði:

A) Liggja fyrir skýrslur um hve margir menn telja sig hafa slasast við framkvæmd lögreglustarfa á liðnum árum? Annarsvegar lögreglumenn, en hins vegar almennir borgarar. Hverjar eru niðurstöður þessara skýrslna ef þær eru til?

B) Liggja fyrir skýrslur um bótagreiðslur sem ríkissjóður hefur innt vegna áverka sem lögreglumenn hafa valdið við störf sín á liðnum árum?

C) Hvaða ráðstafanir eru gerðar af hálfu lögregluyfirvalda til að tryggja sem slysalausasta framkvæmd lögregluaðgerða?

D) Hversu mögrum lögreglumönnum hefur verið vikið úr starfi vegna áverka sem þeir hafa valdið öðrum við framkvæmd lögreglustarfa sinna?"

Dómarinn ritaði ráðuneytinu bréf og óskaði eftir því að ráðuneytið svaraði, að svo miklu leyti sem unnt væri, spurningum verjandans í stafliðum A-D. Í svari ráðuneytisins segir:

„3.A. Ekki liggja fyrir upplýsingar um meiðsl er orðið hafa við framkvæmd lögreglustarfa, hvorki á lögreglumönnum né almennum borgurum.

B. Skýrslur liggja heldur ekki fyrir um bótagreiðslur sem ríkissjóður hefur innt af hendi vegna áverka sem löggæslumenn hafa valdið við störf sín á liðnum árum.

C. Af ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að tryggja sem slysalausasta framkvæmd lögregluaðgerða má einkum nefna að allir lögreglumenn hljóta fræðslu og þjálfun í lögregluskóla ríkisins, þar sem veruleg áhersla er lögð á að lögreglumenn noti við störf sín aðferðir sem valda ekki meiðslum, og ef þörf gerist á valdbeitingu, að þá sé ekki beitt harðari aðgerðum en unnt er að komast af með.

Þá gilda í Reykjavík skriflegar reglur fyrir lögreglumenn og fangaverði frá 1975, þar sem gefin eru fyrirmæli um meðferð handtekinna manna, geymslufanga o.fl. Reglur þessar fylgja hjálagðar sérprentaðar. Fyrirhugað er að senda inna skamms mjög svipaðar reglur til lögreglustjóra utan Reykjavíkur sem viðmiðunarreglur. Ennfremur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík sett reglur um flutning handtekinna manna í tilkynningu nr. 2/1985, sem fylgir.

Að lokum skulu nefndar reglur sem dómsmálaráðuneytið gaf út 1940 um notkun kylfu, er fylgja hjálagðar.

D) Á liðnum árum hefur einum lögreglumanni verið vikið úr starfi um stundarsakir vegna kæru um notkun kylfu. Er dómur var fallinn í sakadómi Reykjavíkur tók lögreglumaðurinn við starfi sínu að nýju."

Ákærði hefur kannast við að hafa ritað báðar blaðagreinarnar. Hann hafi með því að rita þær verið að gegna skyldum rithöfundar við samfélag sitt.

Ákærða var hér fyrir dómi gefinn kostur á að renna stoðum undir þau ummæli hans sem tilfærð eru í ákæru málsins. Hann kvað ummælin vera slitin úr samhengi við annan texta í blaðagreinunum og því hvorki gæti hann né bæri honum nein skylda til þess að gera það. Ummælin væru þar ekki „höfundskapur" ákærða heldur ákærandans.

Verjandi ákærða, Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, krafðist þess í þinghaldi 24. september sl. að dómari málsins viki sæti vegna þess að

ekki væri mætt í málinu af hálfu ákæruvaldsins. Dómarinn hafnaði kröfu verjandans í úrskurði 25. s.m. og lýsti verjandinn þá yfir kæru til Hæstaréttar. Ríkissaksóknari synjaði um að úrskurðurinn yrði kærður til Hæstaréttar með bréfi dagsettu 26. s.m.

Hinn 30. s.m. ritaði verjandinn dómsmálaráðherra bréf, þar sem hann óskaði eftir því að skipaður yrði ríkissaksóknari ad hoc til þess að fjalla um það hvort leyfa ætti að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar.

Dómsmálaráðuneytið synjaði beiðni verjandans með bréfi 18. október sl. Ritaði verjandinn alþingismönnum opið bréf 23. október, sem birtist í Morgunblaðinu 25. s.m. þar sem hann bar sig upp undan meðferð málsins hér fyrir dóminum og synjun ráðuneytisins.

Verjandinn ritaði dómaranum bréf 28. apríl sl., sem lagt var fram og þingmerkt nr. XXVII í þinghaldi 3. þ.m. Í því segir m.a.:

„Ákærði bað um að lögð yrðu fram vottorð um lestrarkunnáttu dómarans og ríkissaksóknarans í málinu og bauðst til að rökstyðja beiðnina, ef óskað yrði eftir.

Dómarinn og ríkissaksóknarinn hlustuðu á ákærða lesa upp beiðnina, en síðan lét dómarinn sem hann hefði ekki heyrt hana né heldur ósk mína sem verjanda um að beiðnin yrði bókuð. Var beiðnin því ekki færð til bókar. Ekki var spurst fyrir um afstöðu ríkissaksóknara til beiðninnar, né heldur rök ákærða fyrir henni. Ekki heldur var sinnt athugasemdum mínum þegar bókun þinghaldsins var lesin upp við lok þess.

Af ákærða er talið að framan greind framkvæmd þín, herra sakadómari, sé óeðlileg og óréttmæt og ólögleg eins og á stóð og staðfesti hún enn frekar en áður réttmæti krafna af hálfu ákærða um að þú vikir sæti sem dómari í málinu.

Hjálagt sendist beiðni umbj. míns í ljósriti og óskast hún lögð fram í málinu ásamt bréfi þessu."

II. Niðurstöður.

Af hálfu ákærða er því haldið fram að ummæli þau sem saksótt er fyrir séu slitin úr samhengi í ákæru málsins, þannig að varði við 2. mgr. 4. gr. höfundalaga nr. 73, 1972 og beri því að vísa ákærunni frá dómi.

Á þetta verður ekki fallist. Samkvæmt 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að greina, svo ekki sé villst, hvert sé það brot sem sök er gefin á. Ákvæði þetta er sett til þess að sökunautur, verjandi hans og dómari máls þurfi ekki að vera í vafa um fyrir hvaða háttsemi saksótt er, svo að vörn verði þess vegna ekki áfátt og dómari geti leyst úr sakarefni málsins. Má í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar í XLIII. bindi dómasafns, bls. 397.

Að áliti dómsins er ákæran nægilega skilmerkileg að þessu leyti.

Þá er því einnig haldið fram að ákæruvaldið hafi ekki alltaf sótt þing í málinu og „fallið frá að leggja fram greinargerð í sakadóminum til rökstuðnings ákærunni“. Hafi ákæruvaldið þannig hætt við að „fylgja eftir máli sínu“ og beri „því að fella málið niður eða sýkna af þeirri ástæðu einni“. Ennfremur segir um þetta í vörn fyrir ákærða:

„Einnig hefur þetta í för með sér að forsendur skortir fyrir starfi verjanda. Vitneskja hans um möguleg rök ákæruvaldsins eftir gagnaöflun fyrir sakadóminum þegar málið er lagt í dóm leggja ekki fyrir (sic). Efnislegar forsendur fyrir rökum verjanda eru því óvissar og er ekki forsvaranlegt eða réttmætt að svara rökum sem hann kann að hafa mjög takmarkaða vitneskju um. Þessi atriði ein sér valda því að vísa ætti málinu frá dómi.“

Ekki verður fallist á að það eigi að leiða til frávísunar málsins eða sýknu ákærða þó að málið sé ekk sótt af hálfu ákæruvaldsins, enda verður ekki séð að það eigi að sæta sókn og vörn samkvæmt 131.-136. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Þá er því haldið fram af hálfu ákærða að hann hafi við ritun greinanna tveggja verið að sinna rithöfundarskyldum við samfélag sitt með því að vekja athygli á líkamstjóni á fólki af völdum lögreglunnar, upplýsa um það og óska eftir aðgerðum yfirvalda til þess að koma í veg fyrir það. Slíkar ábendingar veki litla athygli nema þær séu birtar í fjölmiðlum og það dugi þó sjaldnast. Stór orð og stílbrögð virðist einnig vera nauðsynleg eins og rithöfundar viti manna best. Ákærði hafi verið rithöfundur að starfi í mörg ár og notið viðurkenningar stjórnvalda fyrir ritstörf, m.a. með starfslaunum. Hann hafi starfað í skjóli 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segi að ritskoðun og aðrar takmarkanir fyrir prentfrelsi megi aldrei í lög leiða.

Nú er það svo að umrætt ákvæði stjórnarskrárinnar gerir einnig ráð fyrir því að hægt sé að sækja menn til ábyrgðar fyrir ummæli á prenti og hefur það aldrei verið umdeilt í íslenskum rétti. Í lögum eru allmörg ákvæði sem leggja refsingu við því að láta tilteknar hugsanir í ljós á prenti eða viðhafa tiltekin ummæli opinberlega, þ. á m. á prenti. Fyrir utan 108. gr. almennra hegningarlaga má í þessu sambandi nefna 88., 95., 121., 125., 210., 229. og 233. gr. a til 237. gr. sömu laga. Ekki er unnt að líta svo á að ákærði njóti neinna sérréttinda eða ríkara málfrelsis en aðrir vegna starfa síns sem rithöfundur.

Blaðagreinar ákærða birtust undir nafni og hefur hann kannast við að vera höfundur þeirra. Þegar greinarnar birtust í Morgunblaðinu var ákæði heimilisfastur hér á landi. Samkvæmt 15. gr. laga um prentrétt nr. 57, 1956 ber hann því refsi- og fébótaábyrgð á efni greinanna.

Ummæli þau sem ákært er fyrir eru í ákæru talin beinast að ónafngreindum og ótilteknum starfsmönnum í lögregluliði Reykjavíkur.

Enda þótt 108. gr. almennra hegningarlaga taki, samkvæmt orðanna

hljóðan, til misgerða við einn opinberan starfsmann, tekur hún einnig til þess þegar misgert er við afmarkaðan hóp opinberra starfsmanna, sbr. dóm Hæstaréttar í LIV. bindi dómasafns, bls. 57.

Orðin „einkennisklædd villidýr“ og „einkennisklæddu villidýra“ þykja í því samhengi sem þau birtust vera skammaryrði og móðgun í garð ónafngreindra og ótiltekninna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur. Varða ummælin ákærða refsingu samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæru eru þessi ummæli talin vera ærumeiðandi aðdróttanir. Rétt er þó með hliðsjón af 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 að dæma ákærða áfall fyrir birtingu þessara ummæla, enda er þessari háttsemi hans að öðru leyti rétt lýst og ekki verður séð, að vörn hefði átt að verða áfátt af þessum sökum.

Málsgreinarnar „Stofufélagar þessa unga manns ..... í næturlífi Reykjavíkur“ og „Þá brá svo við ..... hverjum öðrum uppspuna“ og orðin „fórnardýr lögregluhrottanna“ þykja bæði ein sér og í samhengi við annað í fyrrnefndri blaðagrein ákærða fela í sér aðdróttun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna lögregluliðs Reykjavíkur um margar og stórfelldar líkamsárásir á fólk sem gert hafi það örkumla. Kemur í þessu sambandi til álita 218., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, en refsing samkvæmt þeim ákvæðum getur orðið margra ára fangelsisvist.

Aðdróttun ákærða hefur ekki verið réttlætt og hefur ákærði með birtingu þessara ummæla í blaðagreininni unnið sér til refsingar samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Jafnframt verður að telja að ummælin „einkennisbúnu óargadýrum“ og lögregluhrottanna“ séu móðgun og skammaryrði í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur.

Í ákæru eru ummæli þessi talin vera ærumeiðandi aðdróttun, en samkvæmt því sem áður segir þykir mega dæma ákærða áfall fyrir þau samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Orðin „að lofa hrottum og illmennum að þægja sínu brenglaða tilfinningalífi...“ þykja í samhengi við annað í nefndri blaðagrein vera skammaryrði og móðgun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur.

Í ákærunni eru þau talin vera ærumeiðandi aðdróttun en samkvæmt því sem áður segir þykir mega dæma ákærða áfall fyrir þau samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Málsgreinin „Aðfarirnar lýstu svo .... lögreglu í sjálfsvörn: bolabrögð, falsanir, lögbrot, hindurvitni, flaustur og ráðleysi“ hefur ekki verið réttlætt. Málsgreinin þykir að slepptum orðunum „hindurvitni, flaustur og ráðleysi“ fela í sér aðdróttun í garð ónafngreindra og ótiltekinna starfsmanna í lögregluliði Reykjavíkur um fölsunarbrot og önnur ótilgreind

lögbrot. Koma í því sambandi til álita ákvæði XIV. og XVII. kafla almennra hegningarlaga, en brot gegn þeim geta varðað þungri fangelsisrefsingu.

Hefur ákærði með þessum ummælum bakað sér refsingu samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Orðin „hindurvitni, flaustur og ráðleysi“ þykja á hinn bóginn vera innan marka leyfilegrar gagnrýni og ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir þau.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann á árunum 1964 til 1966 fjórum sinnum sektaður með dómsáttum fyrir ölvun á almannafæri og árið 1967 var hann dæmdur í 3.000 króna sekt fyrir brot gegn 26., 37. og 47. gr. umferðarlaga.

Þegar ákærða verður ákvörðuð hegning verður að hafa hliðsjón af því að í sjónvarpsþættinum, sem áður er vikið að, var af hálfu lögreglumannanna tveggja fjallað um fyrri grein hans að honum fjarstöddum. Verður að telja að það hafi verið ótilhýðilegt og þykir mega, með vísan til 4. tl. 74. gr., sbr. 239. gr. almennra hegningarlaga, virða ákærða þetta til refsilækkunar að því er síðari grein hans varðar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í ríkissjóð, en greiðist sektin ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu sæti ákærði varðhaldi í 8 daga.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Bréf verjanda ákærða, Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, á dómskjali nr. XXVII og ummæli í vörn hans í sömu veru, eru móðgandi í garð ríkissaksóknara og dómarans og eru ósamboðin verjandastarfa hans.

Verður ekki komist hjá því að víta verjandann harðlega fyrir þetta og aðrar tilefnislausar málsýfingar.

Dómsorð:

Ákærði, Þorgeir Þorgeirsson, greiði í sekt til ríkissjóðs 10.000 krónur, en sæti ella varðhaldi í 8 daga, greiðist sektin ekki innan 4 vikan frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

659. Frumvarp til laga [406. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Ólafur Þ. Þórðarson,
Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 35. gr. laganna kemur ný málgrein svohljóðandi:

Eigi almenningur kost á að taka þátt í beinni útvarpssendingu, svo sem í gegnum síma eða á annan sambærilegan hátt, skal hver og einn segja til nafns og bera ábyrgð á því sem hann segir. Stjórnandi slíkrar útsendingar skal enn fremur tryggja sér fyllri upplýsingar um sérhvern þátttakanda en ber ella sjálfur ábyrgð á framlagi hans takist ekki að hafa upp á honum. Skylt er stjórnanda útvarpsþáttar með samtöl við hlustendur, sem útvarpað er samtímis, að nota þar til gerðan útbúnað sem tefur útsendingu í stutta stund svo að unnt sé að koma í veg fyrir að útvarpað sé ærumeiðingum um nafngreinda menn eða óviðurkvæmilegum ummælum að mati stjórnanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur mjög færst í vöxt að útvarpsstöðvar hafi í dagskrám sínum útvarpsþætti sem byggjast á símtölum við fólk úti í bæ í beinni útsendingu og hafa þessir þættir oft náð töluverðum vinsældum. Það er hins vegar áhyggjuefni að í slíkum þáttum er hætta á að viðmælendur, sem komnir eru í beina útsendingu og ná eyrum þúsunda manna, geri ekki grein fyrir sér og flytji ávirðingar og óviðurkvæmileg ummæli um nafngreint fólk án þess að nokkrum vörnum verði við komið.

Eitt það dýrmætasta, sem hver einstaklingur á, er gott mannorð. Og það getur tekið drjúgt skeið á ævi hans að ávinna sér þann orðstír. Hins vegar tekur það óvandaðan mann ekki nema sekúndubrot að skemma mannorð annars manns ef hann fær tækifæri til þess í útvarpi. Þess vegna á löggjafinn að gera það sem í hans valdi stendur til þess að vernda menn fyrir slíku. Það virðist sem svo að virðing fyrir mannorði og tilfinningum annarra fari þverrandi eftir því sem þjóðfélagið verður opnara og frjálslegra, og er það miður.

Í þessu frumvarpi er lagt til að beinar útsendingar útvarps í gegnum síma eða á sambærilegan hátt séu háðar ákveðnum skilyrðum sem sett eru til þess að vernda mannorð og reyna að koma í veg fyrir að ærumeiðandi ummælum sé útvarpað yfir landslýð. Skilyrðin eru þau að stjórnanda útvarpsþáttar er skylt að fá uppgefið nafn viðmælanda og fyllri upplýsingar ef mögulegt er. Aðalatriðið er þó að skylda útvarpsstöðvar til þess að nota búnað er tefur útsendingar í örfáar sekúndur (delay system) þannig að hægt sé að koma í veg fyrir að mannskemmandi ummælum sé útvarpað. Það má geta þess að slíkur búnaður er víðast hvar notaður erlendis við útsendingar af þessu tagi. Fari hins vegar ærumeiðandi ummæli engu að síður „í loftið“ er eftir frumvarpinu sá er ummælin viðhafði ábyrgur fyrir þeim, en náist ekki til hans einhverra hluta vegna þá er stjórnandi þáttarins ábyrgur.

Þó að nú standi yfir endurskoðun útvarpslaga telur flutningsmaður málið það brýnt að það þoli enga bið.

660. Tillaga til þingsályktunar [407. mál]

um endurskoðun umferðarlaga.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Finnur Ingólfsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða endurskoðun umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, m.a. með eftirfarandi að markmiði:

1. Auka fræðslu og forvarnastarf í skólum.
2. Auka og bæta ökukennslu á bifhjól og létt bifhjól til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru til undirbúnings ökuprófs á bifreiðum.
3. Lögfesta skyldu ökumanna og farþega á bifhjólum til að nota hlífðarfatnað.
4. Kanna, m.a. í samráði við slysaskráningardeild Borgarspítalans, hvort nauðsynlegt sé að hækka aldursmörk fyrir ökupróf á bifhjól og létt bifhjól með tilliti til mikillar slysatíðni ökumanna og farþega þessara ökutækja.
5. Kanna hvort nauðsynlegt sé að skipta bifhjólum í flokka eftir stærð og vélarafli þeirra og áskilja t.d. reynslu eða hærri aldur til að fá ökuleyfi á aflmeiri bifhjól, m.a. með hliðsjón af reglum innan Evrópubandalagsins og í öðrum nágrannalöndum okkar.

Greinargerð.

Markmið endurskoðunar umferðarlaga hlýtur m.a. að beinast að því að leitast við að draga úr þeim mikla fjölda umferðarslysa sem ungmenni verða fyrir hér á landi á bifhjólum.

Samkvæmt slysaskráningum er tíðni bifhjólaslysa hlutfallslega hærri en tíðni bifreiðaslysa og bifhjólaslys hafa þá sérstöðu að þar slasast oftast mjög ungt fólk. Samkvæmt könnun á slysadeild Borgarspítalans slösuðust 454 í bifhjólaslysum á þremur árum (1987–1989), eða um 7% slasaðra í umferðarslysum. 77% slasaðra voru á aldrinum 15–24 ára og 20% slasaðra voru 15 ára. 58% slasaðra voru á aldrinum 15–19 ára sem sýnir glöggt að úrbóta er þörf til að draga úr slysatíðni í þessum aldurshóp. Á árunum 1981 og 1990 létust 15 ungmenni í bifhjólaslysum.

Tíðni bifhjólaslysa er margföld miðað við tíðni bifreiðaslysa eða um fimmföld sé miðað við fjölda farartækja, eða 92 slys á hver 1.000 bifhjól, á móti 19 slysum á hverjar 1.000 bifreiðar. Tíðni bifhjólaslysanna er því 9,2% af fjölda hjólanna og er það uggvænleg tala.

Vitað er með vissu að aðeins 13% slysa á bifhjólum á árunum 1987–1989 urðu í vinnutíma og bendir það til að bifhjól, bæði létt og þung, séu notuð sem leiktæki. Því virðist sem kapp, lífsorka og hraðafíkn unglinga á aldrinum 15–20 ára fari illa saman við þau öflugu farartæki sem þeim standa til boða. Einnig má ráða af þessum tölum að ökukennslu á bifhjól, bæði létt og þung, sé verulega ábótavant og er mjög brýnt að bæta þar úr.

Flestir geta verið sammála um að aukin og lengd ökukennsla sé grunnurinn að bættri umferðarmenningu og fækkun slysa. Því er vert að fagna sérstaklega þeim tillögum sem hafa komið fram um bætta og aukna ökukennslu og skora á Umferðarráð, sem væntanlega tekur innan tíðar við skipulagningu umferðarkennslu, að auka og lengja ökunám til að nemendur fái í námi að takast á við sem fjölbreyttastar aðstæður við akstur.

Fylgiskjal.

Upplýsingar um bifhjólaslys.

(Úr grein Brynjólfs Mogensens í Morgunblaðinu 2. ágúst 1991.)



Mynd 1



Mynd 2

661. Tillaga til þingsályktunar [408. mál]

um kynningu á ímynd Íslands erlendis.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Salome Þorkelsdóttir,
Sólveig Pétursdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd þriggja manna sem hafi eftirfarandi verkefni:

a. Frumkvæði að samræmingu á því hvernig ímynd Íslands er kynnt á erlendum vettvangi í samvinnu við hagsmunaaðila.
b. Fimm ára áætlun um kynningu á ímynd Íslands erlendis. Kostnaður við framkvæmd áætlunarinnar greiðist af hagsmunaaðilum og ríkissjóði samkvæmt því sem Alþingi ákveður í fjárlögum.
c. Úttekt á því hvernig aðstæður og aðgerðir innan lands samræmast þeirri ímynd landsins sem kynnt er erlendis.

Greinargerð.

Auðæfi Íslands liggja í landinu sjálfu, hafinu í kringum landið og möguleikum fólksins sem í landinu býr. Þessi auðæfi nýtast ekki þjóðinni ef enginn veit af þeim eða gerir sér grein fyrir mikilvægi þeirra og verðmætum.

Tími viðskiptafrelsis og hins frjálsa markaðar er runninn upp og því um leið tími samkeppni og samanburðar sem við viljandi eða óviljandi tökum þátt í. Við getum jafnframt fagnað því að samtímis eru meiri möguleikar en nokkru sinni fyrr á miðlun upplýsinga til einstaklinga, fyrirtækja og jafnvel heilu þjóðanna. Upplýsingar hellast yfir viðtakendur og því skiptir afar miklu máli að kynningarstarf sé markvisst og skilji eftir sig spor í huga viðtakanda. Ímynd og vörumerki eru þess vegna nauðsynleg við hvers konar kynningu.

Eins og málum er nú háttað eru það hinir ýmsu söluaðilar vöru og þjónustu sem kynna landið (Útflutningsráð, Ferðamálaráð, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna o.s.frv.). Oftast fer meira rými og kostnaður í að kynna landið sjálft, kosti þess og sérstöðu en sjálfa vöruna eða þjónustuna sem verið er að veita. Það er því bæði eðlilegt og skynsamlegt að reyna að greina á milli hinnar almennu landkynningar sem á að koma öllum til góða sem nýtt geta sérstöðu lands og þjóðar og hinnar eiginlegu sölustarfsemi þar sem seld er tiltekin vara eða þjónusta.

Það er því að mati flutningsmanna skynsamlegt að ríkið hafi meira frumkvæði og taki meiri þátt í hinni almennu landkynningu í samstarfi við hagsmunaaðila en láti fyrirtækjum og einstaklingum eftir frumkvæðið í hinni eiginlegu sölu. Hin almenna landkynning beinist að kynningu á legu landsins og umhverfi, menningu, menntun og möguleikum þjóðarinnar til þess að veita þjónustu og takast á við framleiðslu almennt. Helst þyrfti að leggja áherslu á að ná árangri í kynningu á hreinleika og gæðum umhverfisins, þjónustu og framleiðslu. Góður árangur á þessu sviði væri að þegar nafn Íslands væri nefnt kæmi upp í huga manna ímynd hreinleika og gæða.

Það er jafnframt mat flutningsmanna að tryggja þurfi að Ísland standi undir þeirri ímynd sem kynnt er. Því er gert ráð fyrir því í tillögunni að þetta verði kannað sérstaklega svo að hægt sé að bæta úr fljótt og vel ef þörf krefur. Það er forsenda árangurs í kynningarstarfi sem þessu að sú mynd, sem dregin er upp, sé sannleikanum samkvæm.

Því er nauðsynlegt að gott samstarf náist milli allra viðkomandi aðila svo að góður árangur sé tryggður.

662. Fyrirspurn [409. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurgreiðslur á tannréttingakostnaði.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hvenær má vænta þess að það fólk, sem á kröfur á Tryggingastofnun ríkisins vegna tannréttingakostnaðar og á að fá þær greiddar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 1/1992 (bandormi), fái greiðslur í hendur?

663. Tillaga til þingsályktunar [410. mál]

um undirbúning löggjafar um réttindi og skyldur manna sem stunda reikningsskil.

Flm.: Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd er semji drög að frumvarpi til laga um réttindi og skyldur manna sem stunda reikningsskil en eru ekki löggiltir endurskoðendur, svo og að leggja drög að þeim kröfum um menntun og próf sem gera ber til þeirra er hyggjast afla sér slíkra réttinda.

Greinargerð.

Mikils er um vert fyrir atvinnulíf og stjórnvöld að reikningsskil séu áreiðanleg og að samræmi sé í vinnubrögðum við mat þeirra fjárhagsstærða sem meta þarf, svo og í framsetningu. Mikilvægi þessa er jafnt hvort heldur um ræðir reikningsskil stórra fyrirtækja, almenningshlutafélaga, smærri fyrirtækja, fjölskylduhlutafélags eða annarra rekstrarforma sem hafa umsvif í meðallagi eða meira, og jafnt er mikilvægið hvar á landinu sem umsvifin eru og í hvaða atvinnuvegi sem fyrirtækið hefur haslað sér völl.

Notendur reikningsskila eru margir, en meðal þeirra má nefna:

Skattyfirvöld, ríkisbanka, Ríkisábyrgðasjóð, hlutafélagabanka, sparisjóði, fjárfestingarlánasjóði og stofnanir ríkisins, verðbréfasjóði og fjármagnsfyrirtæki, lífeyrissjóði, hluthafa og aðra eigendur fyrirtækjanna og starfsmenn þeirra, sparifjáreigendur, hagrannsókna- og hagstjórnarstofnanir og önnur stjórnvöld og samningsaðila á vinnumarkaði.

Af þessu má sjá að notendur reikningsskila eru fjölmargir og að notkun þeirra er margvísleg og er þó upptalningin hvergi nærri tæmandi. Til að mynda mundi einhver vilja bæta hér við löggjafarvaldinu sjálfu.

Stjórnvöld, sem fara með skattheimtu, hafa á eigin höndum bankastarfsemi, starfrækja sjálf lánaumsýslu með ábyrgðum og endurlánum, reka eigin fjárfestingarlánasjóði og stofnanir og fara síðast en ekki síst með stjórn efnahagsmála og ráða hagstjórnartækjum og byggja þá á hagrannsóknum — stjórnvöld hafa ríka þörf fyrir áreiðanleg reikningsskil, ekki aðeins ársskýrslur heldur og skattskil.

Stofnanir og samtök atvinnulífsins hafa mikla þörf fyrir áreiðanleg reikningsskil til að geta metið afkomu hverrar greinar og atvinnulífsins alls og tekið á aðsteðjandi viðfangsefnum og búið í haginn.

Frjálsar lánastofnanir, einka- eða hlutafélagabankar og sparisjóðir, frjálsir fjárfestingarlánasjóðir, verðbréfasjóðir og fjármagnsfyrirtæki, áhættusjóðir og hlutabréfasjóðir, allir þessir aðilar, sem starfa í samkeppni ólíkra sparnaðarforma, hafa brýna þörf fyrir áreiðanleg reikningsskil. Má jafnvel halda því fram með nokkrum rétti að þörf þessara fyrirtækja sé brýnust og er því gerð nokkur grein hér á eftir fyrir ástæðum þess.

Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting á fjármálalegu umhverfi fyrirtækja. Á fáum árum hefur fjármagnsmarkaður tekið stökkbreytingum í átt til frjálsræðis og aukinnar samkeppni þar sem lítil var fyrir. Aukið framboð ávöxtunarmöguleika og sparnaðarforma, almenn umræða um fjármagn, ávöxtun og viðskipti verðbréfafyrirtækja og annarra aðila á fjármagnsmarkaði og að lokum vaxandi áhugi sparifjáreigenda og þessara fyrirtækja á ávöxtun í hlutabréfum og á þátttöku í sjóðum, sem leggja áhættufé í atvinnustarfsemi, eru allt nýmæli nokkurra síðustu ára í efnahagsstarfsemi og umræðu um efnahagsmál, hagstjórnartæki og hagkerfi okkar. Á fáum árum hafa stjórnvöld og almenningur kynnst því af eigin raun að frjáls starfsemi banka og annarra fjármálafyrirtækja hefur hvetjandi áhrif á fjármálamarkaðinn og leggur þannig tvímælalaust fram jákvæðan skerf í atvinnulífi og efnahagsstarfsemi landsmanna. Aukin fjölbreytni sparnaðarforma og frelsi til samkeppni um fjármagn og ávöxtun hefur hins vegar í för með sér aukna áhættu og að fleiri en áður taka þá áhættu.

Af þessum ástæðum er ljóst að sparifjáreigendur og aðrir fjármögnunaraðilar, verðbréfafyrirtæki og áhættusjóðir hafa mjög vaxandi þörf fyrir áreiðanleg reikningsskil, ekki aðeins fyrir stórfyrirtæki og almenningshlutafélög, heldur enn fremur fyrir öll almenn fyrirtæki, venjuleg að stærð og umsvifum, venjuleg að rekstrarformi, þ.e. fjölskyldufyrirtæki eða hlutafélög fárra hluthafa, fyrirtæki með staðbundna starfsemi og á heimamarkaði eingöngu.

Fram til þessa hafa eingöngu löggiltir endurskoðendur haft stöðu sem réttbærir aðilar til að annast endurskoðun og gerð ársreikninga, reikningsskil og skattskil.

Um áratugi hafa þó menn, er ekki eru löggiltir endurskoðendur, veitt fyrirtækjum slíka þjónustu og nú eru starfræktar fjölmargar bókhaldsstofur á vegum slíkra einstaklinga víðs vegar um landið. Þjónusta þeirra nær til fyrirtækja í öllum atvinnuvegum landsmanna, að líkindum til flestra eða allra atvinnugreina í atvinnugreinaskrá Hagstofu Íslands, til fyrirtækja í öllum skattumdæmum og landsfjórðungum og til hinna smæstu, meðalstórra og jafnvel til allstórra fyrirtækja. Þjónusta þessara stofa nær í mörgum tilvikum til fleiri þátta reikningshalds en reikningsskilanna sjálfra og sumar stofurnar annast raunar allt bókhald einhverra viðskiptavina sinna.

Forstöðumenn þessara stofa eru yfirleitt vel fróðir um bókhald og reikningsskil. Flestir þeirra hafa stundað nám og lokið prófi frá skólum sem veita góða kennslu og prófun í bókhaldi, svo sem Verslunarskóla Íslands eða Samvinnuskólanum að Bifröst, og margir hafa stundað nám og lokið prófi frá viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Þeir hafa að jafnaði mikla reynslu af störfum við bókhald en hafa flestir sérhæft sig í fjárhagsmálum og reikningsskilum smærri fyrirtækja og hlutafélaga fremur en hinna stærri eða almenningshlutafélaga.

Fyrir fáum árum var stofnað félag þessara aðila, Félag bókhalds- og fjárhagsráðgjafa. Innan þess hafa hafist umræður um réttindamál og það hefur fengið Stefán Svavarsson, löggiltan endurskoðanda og lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, til að semja

greinargerð þar um á þess vegum. Hann hefur lagt drög að öflun gagna um löggjöf grannþjóða okkar um þetta efni, en ekki fengið og er því greinargerð ekki fyrir hendi. Eins hefur flutningsmaður lagt drög að sams konar gagnaöflun með tilstuðlan þingmálaskrifstofu Alþingis, en ekki heldur fengið. Starf Stefán Svavarssonar og félagsins hefur þó dregið fram upplýsingar um þessi mál meðal nokkurra af grannþjóðum okkar sem hér á eftir er gerð grein fyrir án þess að fylgi gögn um löggjöf þeirra.

— Í Danmörku hefur nú um árabil verið gerður greinarmunur á tveimur stigum endurskoðenda í löggjöf: ríkisskráðum endurskoðendum (löggiltum endurskoðendum) og skráðum endurskoðendum. Sérstök ákvæði gilda um réttindi, skyldur og kröfur um kunnáttu hvorrar stéttar eða stigs um sig.
— Í Bandaríkjum Norður-Ameríku geta menn numið og aflað sér réttinda sem skráðir opinberir reikningshaldarar (CPA) (löggiltir endurskoðendur) og á síðari árum hafa komið fram ákvæði og menntunarbrautir með réttindum fyrir lægra stig, en þar hafa enn fremur nýlega komið fram ákvæði og námsbrautir með réttindum fyrir menn er hyggjast taka að sér yfirumsjón með bókhaldi sem unnið er á skrifstofum fyrirtækjanna sjálfra (aðalbókarar). Það er talið að þessi lagasetning hafi breiðst út til Kanada og til Evrópu.
— Í Noregi eru til löggiltir endurskoðendur og lægra stig endurskoðenda og ákvæði eru um réttindi, skyldur og menntunarkröfur beggja. Stefán Svavarsson hefur óskað upplýsinga um lög þau er eiga við um hið lægra stig, en þær hafa ekki borist honum enn sem komið er.

Félag bókhalds- og fjárhagsráðgjafa hefur einnig rætt málið við embættismenn skattyfirvalda og hafa þeir tekið því vel og gefið í skyn að þeir telji að skilgreining á réttindum, skyldum og kunnáttukröfum slíkra manna hérlendis muni verða verulegur ávinningur í starfi skattyfirvalda hérlendis.

Að svo komnu gera stjórnarmenn í Félagi bókhalds- og fjárhagsráðgjafa sér þá hugmynd að unnt muni að semja drög að frumvarpi til laga um réttindi þeirra, skyldur og menntunarkröfur, líkt og orðið hefur um þessi ákvæði varðandi löggilta endurskoðendur, löggilta fasteignasala og löggilta verðbréfasala, og að til álita geti komið heitið „skráðir endurskoðendur“. Það megi skilgreina á þann veg að þeir sem gangast undir tilskilda menntun og prófun fái réttindi til að annast og endurskoða bókhald og reikningsskil fyrir öll fyrirtæki upp að tiltekinni stærð, eftir einhverjum mælikvörðum, og öll rekstrarform upp að almenningshlutafélögum, eða almenningshlutafélög upp að tiltekinni stærð, eftir einhverjum mælikvarða.

664. Tillaga til þingsályktunar [411. mál]

um leifturljós og neyðarsendi á flotbúninga.

Flm.: Árni Johnsen, Guðjón Guðmundsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Sigríður A. Þórðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Árni R. Árnason, Hjálmar Jónsson, Guðmundur Hallvarðsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Tómas Ingi Olrich, Kristinn H. Gunnarsson, Árni M. Mathiesen, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að gangast fyrir því í samvinnu við Raunvísindastofnun, Verkfræðistofnun og Líffræðistofnun Háskóla Íslands að hannaður verði

til notkunar á Íslandsmiðum neyðarsendir á flotbúninga, svo og leifturljós, til að auðveldara verði að staðsetja menn sem lent hafa í sjávarháska.

Greinargerð.

Mikilvægi skjótrar björgunar úr sjó á Íslandsmiðum er óumdeilt. Smám saman hefur þekking aukist á viðbrögðum við aðhlynningu, handbrögðum við björgun og tækni leitarmanna til þess að skyggnast eftir manni sem fallið hefur útbyrðis.

Maður, sem fallið hefur útbyrðis og liggur í köldum sjó, hefur afar takmarkaða möguleika á að gefa merki um hvar hann er staðsettur. Ef skyggni er lélegt eða mikill sjór er viðbúið að hann finnist ekki, jafnvel þótt hann liggi nærri leitarsveit. Á þessu sviði er mikilvægt að þróa betri tækni til þess að sá sem fallið hefur útbyrðis greinist eða sjáist betur af leitarmönnum.

Með tillögu þessari er samgönguráðherra falið, í samvinnu við Raunvísindastofnun, Verkfræðistofnun og Líffræðistofnun Háskóla Íslands, að kanna þá möguleika, sem fyrir hendi eru, til að þróa betri aðferðir og tækni við björgun úr sjávarháska með því að setja á flotbúninga leifturljós og neyðarsendi til þess að auðvelda staðsetningu manna sem fallið hafa útbyrðis. Flutningsmönnum er kunnugt um að nú þegar liggur fyrir hjá þessum stofnunum mikil þekking á mörgum þáttum málsins og þess vegna er brýnt að fela samgönguráðuneytinu forustu um að leiða þessa aðila saman með það að markmiði að hannaður verði nýr björgunarbúnaður sem reynslan sýnir að mikil þörf er fyrir. Þá er einnig mikilvægt að flotbúningar verði bornir saman, varmaeinangrun, efniseiginleikar og slitþol þeirra mælt og þannig unnið að því að velja besta fáanlegan búnað til verndunar lífi íslenskra sjómanna og sæfara.

Fyrir skömmu var vélstjóra á togaranum Krossnesi SA 308 bjargað eftir að skipið sökk. Allt bendir til að það hafi orðið skipverjanum til lífs að hann rak hreinlega inn í ljósgeisla frá kastara leitarskips. Í þessu tilviki hefði leifturljós eða neyðarsendir stóraukið líkur á björgun sjómannsins. Með nýjustu tækni má ætla að slíkt öryggistæki sé ekki fyrirferðarmeira en greiðslukort.

Ýmiss konar tækniþekkingu á þessu sviði hefur verið safnað saman víða í heiminum og úttekt á henni ætti að auðvelda framgang verkefnisins.

665. Tillaga til þingsályktunar [412. mál]

um gerð fræðslu- og kynningarþátta um störf Alþingis.

Flm.: Árni Johnsen, Guðni Ágústsson, Kristín Ástgeirsdóttir,
Árni R. Árnason, Kristinn H. Gunnarsson,
Rannveig Guðmundsdóttir, Árni M. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu að semja við sjónvarpið um gerð fræðslu- og kynningarþátta um störf Alþingis og alþingismanna.

Greinargerð.

Mikilvægt er að efla skilning þjóðarinnar á því starfi sem fer fram á Alþingi. Það er löngu ljóst að landsmenn hafa ekki haft tækifæri til þess sem skyldi að kynnast starfsemi Alþingis. Margt bendir til þess í umræðu á Íslandi að fólk hafi mjög bjagaða mynd

af þeirri fjölþættu og viðamiklu starfsemi sem fer fram í Alþingi og hjá alþingismönnum. Oft er fjallað um það í almennri umræðu að fáir þingmenn sitji í þingsal og það er eins og margir haldi að það gefi einhverja raunverulega mynd af starfi Alþingis. Þá vantar inn í myndina fjölmarga þætti, nefndafundi, ýmiss konar erindi og aðra fundi, fjölþætt starf sem bæði er unnið innan veggja þeirra bygginga sem tilheyra Alþingi og utan þeirra.

Hægt er að vinna slíka þætti á marga vegu, en fyrst og fremst er það réttur íslenskra borgara að fá tækifæri til að fylgjast með starfsemi Alþingis á raunhæfan hátt og meta þannig störf og þróun Alþingis í stað þess að þurfa stanslaust að byggja á æðisundurslitnum upplýsingum um þessi mál í fjölmiðlum. Til að mynda væri æskilegt að gera 20–25 stutta þætti um þetta efni, 5–7 mínútna þætti, og tengja þá markvisst fréttatímum sjónvarps. Þá væri hægt að gera efnið spennandi með viðtölum við þingmenn og aðra um verklag, umræður á bak við tjöldin og ýmsa þætti sem sjaldan eru í sviðsljósinu. Slíkt átak í kynningu á störfum Alþingis ætti að verða til þess að auka traust almennings á störfum Alþingis og liður í því að ekki verði trúnaðarbrestur milli Alþingis og þjóðarinnar.

666. Framhaldsnefndarálit [31. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í greinargerð með þessu frumvarpi kemur fram m.a.: „Tenging íslensku krónunnar við ECU er hins vegar ekki talin tímabær að sinni. Til að skapa nauðsynlegar forsendur fyrir því á fjármagns- og gjaldeyrismarkaði að unnt sé að tengja gengi krónunnar við ECU með trúverðugum hætti þurfa að koma til veigamiklar skipulagsbreytingar.“

Þann 4. október 1991 er eftirfarandi haft eftir viðskiptaráðherra: „Ríkisstjórnin hefur ákveðið í samráði við Seðlabanka Íslands að hefja strax í haust undirbúning að því að tengja íslensku krónuna evrópsku mynteiningunni ECU. Er ráðgert að slík tenging fari fram á árinu 1993, enda hafi reynslan þá sýnt að hún fái staðist.“

Það hefur því mátt skilja á hæstvirtum viðskiptaráðherra að hann ráðgeri að íslenska krónan tengist ECU þegar á árinu 1993.

Í þeim greinargerðum, sem birtar hafa verið frá Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnun, kemur fram að ekki er hægt að taka nokkra ákvörðun um það hvort slíkt sé skynsamlegt. Eftir viðtöl nefndarinnar við þessar stofnanir er enn ljósara að ekki er tímabært að kveða upp úr um hvort eða hvenær slík tenging á að fara fram. Þrátt fyrir þessar viðvaranir heldur viðskiptaráðherra áfram á sömu braut og það vakir í máli hans að ákvörðun um þetta verði tekin á árinu 1993.

Minni hluti nefndarinnar telur allar slíkar ráðagerðir óábyrgt tal og vitnar í því sambandi til fyrrnefndra greinargerða.

Í umræðum um málið 16. mars 1992 sagði viðskiptaráðherra Jón Sigurðsson eftirfarandi: „Þetta er eingöngu hugsað til þess að þingið sé að gefa alveg skýrt umboð til þess að ákveða slíkar breytingar, þótt þingið sé ekki þar með að ákveða þær.“

Viðskiptaráðherra segir með þessu að það sé ekki hlutverk Alþingis að leggja blessun sína yfir slíka ákvörðun en það sé hins vegar rétt að Alþingi gefi ríkisstjórninni umboð til þess án þess að vita hvernig hún fari með það.

Minni hluti nefndarinnar vill ekki gefa núverandi ríkisstjórn slíkt umboð og mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins í ljósi þeirrar túlkunar sem fram kemur í máli viðskiptaráðherra.

Varðandi afstöðu okkar að öðru leyti vísum við til þeirra umræðna sem átt hafa sér stað í málinu.

Alþingi, 26. mars 1992.

Halldór Ásgrímsson, frsm. | Steingrímur J. Sigfússon. | Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

667. Framhaldsnefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 63 31. maí 1979.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Með vísan til rökstuðnings í framhaldsnefndaráliti á þskj. 666 mun minni hluti sitja hjá við afgreiðslu þessa máls þar sem frumvarpið er fylgifrumvarp með 31. máli, frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands.

Alþingi, 26. mars 1992.

Halldór Ásgrímsson, frsm. | Steingrímur J. Sigfússon. | Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

668. Tillaga til þingsályktunar [413. mál]

um heilsársveg milli Dýrafjarðar og Vestur-Barðastrandarsýslu.

Flm.: Pétur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera áætlun um með hvaða hætti vegartenging milli Dýrafjarðar og Vestur-Barðastrandarsýslu verði hagkvæmust. Í því felist ákvörðun um hvort byggður verði upp heilsársvegur yfir Dynjandisheiði eða farið með sjó fram, fyrir Langanes (eða um Mosdal og Hokinsdal) um Geirþjófsfjörð og Trostansfjörð. Enn fremur að tekin verði ákvörðun um jarðgangaleið milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.

Áætlun þessi liggi fyrir eigi síðar en á árinu 1993.

Greinargerð.

Tillaga þessi er að nokkru hliðstæð tillögu sem flutt var á 113. löggjafarþingi af Þorvaldi Garðari Kristjánssyni en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu.

Það hefur löngum háð samvinnu byggða á Vestfjörðum hversu samgöngur eru þar erfiðar að vetrarlagi og á það ekki síst við um samskipti milli þessara svæða sem hér um ræðir, byggðanna á vestanverðum Vestfjörðum, sem oft eru nefnd Patreksfjarðar- og Ísafjarðarsvæði.

Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði eru að jafnaði lokaðar vetrarmánuðina og er þá póstflug Flugfélagsins Ernis einu almenningssamgöngurnar milli Vestur-Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslna auk þess sem vöruflutningar fara fram sjóleiðina.

Þá ber að geta þess að með tilkomu nýrrar Breiðafjarðarferju hafa ferðir fólks af Ísafjarðarsvæði þá leiðina suður á land aukist verulega. Eins og nú háttar er það einungis hægt að sumarlagi, en með jarðgöngum milli fjarðanna og vetrarvegi um Dynjandisheiði, eða með sjó fram, væri þessi leið fær allan ársins hring.

Núverandi vegur yfir Dynjandisheiði var tekinn í notkun á árinu 1958, þótti þá allgóður og var mikil samgöngubót. Hins vegar var hann einungis hugsaður sem sumarvegur og ekki gerður samkvæmt þeim stöðlum sem nú gilda um nýlagnir vega. Sáralitlar endurbætur hafa verið gerðar á honum og nýtist hann því eingöngu sem sumarvegur. Fljótlega þarf að gera við kafla þessa vegar, en áður en lagt er í kostnaðarsamar framkvæmdir þarf að taka ákvörðun um hvort leggja beri nýjan veg með sjó fram eða endurbæta þennan veg og byggja upp með tilliti til snjóalaga.

Vert er að hafa í huga við ákvörðun í málinu að vegurinn liggur utan í Glámusvæðinu sem er fyrrum jökulsvæði. Hann liggur í allt að 500 m hæð yfir sjávarmáli og þar geta veður verið mjög hörð að vetri til og þokusamt á sumrin. Samkvæmt lauslegum mælingum Vegagerðarinnar er talið að lenging vegarins, með því að fara með sjó fram, sé um 15 km frá Dynjanda í Trostansfjörð og þar með til Bíldudals, en um 30 km frá Dynjanda að vegamótum í Helluskarði og þar með að Brjánslæk. Þar ber að hafa í huga að þessi vegur yrði væntanlega mjög snjóléttur og að jafnaði vetrarfær án mikils snjómoksturs.

Að áliti vegagerðarmanna er tæpast framkvæmanlegt að gera viðunandi vetrarveg yfir Hrafnseyrarheiði vegna mikils bratta og snjóflóðahættu á leiðinni frá Þverfelli í Brekkudal að Þórðarhorni í Hrafnseyrardal.

Vegagerð ríkisins hefur gert lauslegar athuganir á jarðgangaleið milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, m.a. var gerð jarðfræðiathugun árið 1981 á þessu svæði. Megintilgangur þeirrar athugunar var að huga að grjóti sem nothæft væri sem ölduvörn á vegkanta með sjó, en einnig var berggrunnur lauslega kannaður með tilliti til möguleika á jarðgangagerð þarna. Þessi athugun leiddi í ljós að vænlegasta leiðin virðist vera úr Dýrafjarðarbotni í Arnarfjarðarbotn. Þessi göng yrðu væntanlega um 4,7 km að lengd og virðast berglög þar henta allvel til gangagerðar. Nauðsynlegt er þó að gera frekari kannanir á berglögum. Þess má geta að jarðgöng á þessum stað mundu stytta leiðina frá Ísafirði í Mjólká um 25–28 km og yrði þá leiðin þar á milli svipuð og frá Ísafirði til Þingeyrar, rétt um 50 km.

Annar möguleiki væri að gera göng úr Brekkudal í Skipadal nálægt núverandi akstursleið. Þau göng yrðu mun styttri en berglög óhagstæðari auk þess sem þau mundu liggja allhátt eða um 300 m yfir sjávarmál. Sú leið stytti ekki akstursleið svo neinu næmi.

Sem fyrr segir eru jarðgöng á þessari leið forsenda þess að tengja megi byggðir Vestfjarða innbyrðis. Verði flugvöllur í Dýrafirði stækkaður svo sem hugmyndir eru uppi um

styrkir sú framkvæmd enn frekar nauðsyn þess að allir á vestursvæði Vestfjarðakjálkans eigi þangað greiða leið, ekki síst ef um beinan útflutning á fiski og fiskafurðum þaðan yrði að ræða. Þá mundi öryggi í samgöngum aukast verulega og renndi það frekari stoðum undir ferðaþjónustu á Ísafjarðarsvæði að vetrarlagi þar sem ferðafólki þykja flugsamgöngur ekki nægilega tryggar til skemmri ferða.

Hér er um að ræða stefnumótun í samgöngumálum sem skipta byggðaþróun á Vestfjörðum verulegu máli og hafa um árabil verið ofarlega í umræðu þar. Fjórðungsþing Vestfirðinga hefur margsinnis ályktað um þetta mál.

Í umsögn vegamálastjóra um fyrrgreinda þingsályktunartillögu frá 113. löggjafarþingi er tekið undir nauðsyn þess að undirbúa tengingu milli þessara svæða með þeim hætti sem hér er lagt til. Vegamálastjóri telur það verkefni Vegagerðar ásamt þingmönnum kjördæma að undirbúa slíka stefnumörkun. Sú vinna kostar allmikið fé og er eðlilegt að fjárveiting fáist til hennar af vegáætlun.

Það skal undirstrikað hér að þar sem jarðgöng eru forsenda þessarar tengingar með öruggum hætti beri að fella þessa áætlun að langtímaáætlun í jarðgangagerð þar sem tenging vestursvæðis við Mjólká nær ekki fullum tilgangi nema hægt verði að komast áfram yfir í Dýrafjörð. Því er það skoðun flutningsmanns að það beri að taka þessa tvo þætti sameiginlega við áætlanagerð sem sérstakt verkefni sem tekið verði tillit til við reglulega endurskoðun vegáætlunar sem fram á að fara á Alþingi 1992–1993.

669. Lög [31. mál]

um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

(Afgreidd frá Alþingi 30. mars.)

Samhljóða þskj. 607.

670. Lög [32. mál]

um breyting á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 63 31. maí 1979.

(Afgreidd frá Alþingi 30. mars.)

Samhljóða þskj. 32.

671. Fyrirspurn [414. mál]

til menntamálaráðherra um stofnun sjávarútvegsskóla.

Frá Finni Ingólfssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Vélskóli Íslands, Stýrimannaskólinn í Reykjavík og Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði verði sameinaðir í einn sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi?

672. Fyrirspurn [415. mál]

til heilbrigðisráðherra um líffæraflutninga frá Íslandi til annarra landa.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hvað veldur því að flutningar á líffærum hafa enn ekki hafist frá Íslandi til annarra landa þrátt fyrir að allar lagaheimildir séu fyrir hendi?
2. Hvenær má búast við að slíkir líffæraflutningar hefjist?

673. Fyrirspurn [416. mál]

til félagsmálaráðherra um Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hversu miklu fé hefur verið ráðstafað úr Framkvæmdasjóði fatlaðra frá stofnun hans árið 1984? Svar óskast sundurliðað eftir árum og einstökum kjördæmum á núgildandi verðlagi.

Skriflegt svar óskast.

674. Svar [313. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Stefánssonar um framleiðslu og nýtingu raforku.

1. Hve mikil var framleiðslugeta raforkuvera hér á landi í árslok 1991, skipt eftir raforkuverum?

Árleg framleiðslugeta raforkuvera landsins til að anna forgangsorkuþörf er áætluð sem hér segir í árslok 1991:

	GWh
Virkjanir á Þjórsár-Tungnaársvæði	3.310
Sogsvirkjanir	480
Blönduvirkjun (1 vél af 3)	300
Aðrar virkjanir Landsvirkjunar	300
Virkjanir annarra aðila	280
Samtals	**4.670**

Orkuvinnsla í raforkuverum landsins var hins vegar sem hér segir árið 1991:

A. Vatnsorkuver	GWh
Þjórsár-Tungnaárvirkjanir (Búrfell, Sigalda, Hrauneyjafoss)	3.116
Sogsvirkjanir	551
Elliðaárvirkjun	4
Andakílsárvirkjun	36
Rjúkandavirkjun	7
Mjólkárvirkjun	61
Reiðhjallavirkjun	2
Fossárvirkjun	6
Sængurfossárvirkjun	1
Blævardalsárvirkjun	1
Mýrarárvirkjun	–
Þverárvirkjun	4
Laxárvatnsvirkjun	3
Blönduvirkjun (1 vél)	92
Gönguskarðsárvirkjun	8
Skeiðsfossvirkjun	20
Garðsárvirkjun	1
Laxárvirkjanir	143
Lagarfossvirkjun	68
Fjarðarárvirkjun	1
Grímsárvirkjun	18
Búðarárvirkjun	1
Smyrlabjargaárvirkjun	10
Samtals	**4.154**

B. Jarðhitastöðvar	GWh
Svartsengisver	89
Kröfluvirkjun	167
Bjarnarflag	11
Samtals	**267**

Raforkuvinnsla landsins árið 1991 nam samtals 4.421 kr.

2. *Hve mikil er áætluð raforkunotkun hér á landi 1992, skipt í heimilisnotkun og notkun í atvinnuskyni?*

	GWh	GWh
Heimilisnotkun		585
Atvinnustarfsemi		
a. Almennur iðnaður og þjónusta	1.400	
b. Orkufrek stóriðja	2.195	3.595[1]
Flutnings- og dreifitöp		357
Vinnsla alls		**4.537**

[1] Bæði er um að ræða forgangsorku og ótryggða orku.

3. Hvert er söluverð Landsvirkjunar til einstakra rafveitna miðað við orkueiningu?

	kr./kWh
Hitaveita Suðurnesja	2,34
Orkubú Vestfjarða	1,58
Rafmagnsveita Reykjavíkur	2,51
Rafmagnsveitur ríkisins	2,17
Rafveita Akureyrar	2,16
Rafveita Hafnarfjarðar	2,46

Framangreint raforkuverð er meðalverð forgangsorku og ótryggðrar orku, en ótryggð orka er seld til Orkubús Vestfjarða, Rafmagnsveitna ríkisins og Rafveitu Akureyrar. Ef hins vegar er eingöngu litið á verð forgansorku er samanburðurinn sem hér segir:

	kr./kWh
Hitaveita Suðurnesja	2,54
Orkubú Vestfjarða	2,96
Rafmagnsveita Reykjavíkur	2,51
Rafmagnsveitur ríkisins	2,56
Rafveita Akureyrar	2,63
Rafveita Hafnarfjarðar	2,46

4. Hvað líður áformum ríkisstjórnarinnar um jöfnun raforkukostnaðar og hve langt er gert ráð fyrir að slík jöfnun nái?

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þar sem fjallað er um byggðamál, segir að lífskjör í landinu verði jöfnuð, m.a. með lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er hæstur. Eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar var að auka niðurgreiðslur á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis og breyta framkvæmd þeirra.

1. júní 1991 voru niðurgreiðslur ríkissjóðs á algengasta hitunartaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða hækkaðar í 1,06 kr. á kWh fyrir allt að 30.000 kWh notkun á íbúð á ári. Samtímis hækkaði Landsvirkjun afslátt af raforkusölu til hitunar íbúðarhúsnæðis úr 0,155 kr./kWh í 0,20 kr./kWh.

Breyttar niðurgreiðslur ríkissjóðs lækkuðu hitunarkostnað meðalfjölskyldu á þeim svæðum sem ekki geta nýtt jarðvarma til húsahitunar. Miðað við algengasta hitunartaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins nemur lækkunin 9.995 kr. á ári eða úr um 90.000 kr. í um 80.000 kr.

Niðurgreiðslur á öðrum gjaldskrárliðum fyrir hitun íbúðarhúsnæðis, sem og niðurgreiðslur á orkuverði rafkyntra hitaveitna, hækkuðu til samræmis við hækkun niðurgreiðslna á beinni rafhitun.

Á fjárlögum þessa árs er ekki gert ráð fyrir auknum niðurgreiðslum.

675. Frumvarp til laga [417. mál]

um vog, mál og faggildingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um vog og mál, faggildingu og löggildingu vigtarmanna og mælitækja innan íslenskrar efnahagslögsögu.

Skilgreiningar.

2. gr.

Í lögum þessum er miðað við tvenns konar uppskiptingu mælifræðinnar. Í fyrsta lagi uppskiptingu í þrjú svið, þ.e. grunnmælifræði, lögmælifræði og hagnýta mælifræði. Í öðru lagi uppskiptingu í faggreinar, þ.e. massa, rúmmál, lengd, hitastig, rafmagn, ljós o.fl.

Aukabúnaður: Búnaður tengdur við mælitæki.

EB: Evrópubandalagið.

EFTA: Fríverslunarsamtök Evrópu.

Eftirlit: Athugun á samræmi vöru, þjónustu, hönnun vöru, ferli eða iðjuverí við tilteknar kröfur.

Eftirlitsaðili: Aðili sem framkvæmir eftirlit.

Faggilding: Formleg staðfesting á því að starfsemi prófunarstofa, vottunarstofa og eftirlitsaðila og mat á slíkri starfsemi fari fram samkvæmt fyrir fram ákveðnum reglum, þar með töldum ÍST EN 45000-stöðlunum (accreditation). Markmiðið er að sannreyna hæfni, kunnáttu og áreiðanleika viðkomandi.

Flokkunarvottorð: Skjal er staðfestir að vinnumælistaðall eða mælitæki liggi innan fráviksmarka tiltekins nákvæmnisflokks.

Frumprófun: Fyrsta prófun hvers einstaks mælitækis.

Frummælistaðall: Besti mælistaðall mælieiningar á tilteknu fagsviði; venjulega alþjóðlegur.

GLP: Meginreglur sem OECD hefur samþykkt um verklagsreglur á efnafræðiprófunarstofum.

Grunnmælifræði: Almenn og fræðileg mælifræði þar sem fjallað er um mælistaðla, mælieiningar o.fl.

Hagnýt mælifræði: Mælifræði þar sem fjallað er um sérhæfða tæknilega notkun mælifræðinnar, mælitækni og kvarðanir án lagaskyldu.

Kvörðun: Samanburður mælistaðals eða mælitækis við prófmælistaðal og skráning frávika.

Kvörðunarstofa: Prófunarstofa sem vinnur að kvörðun.

Landsmælistaðall: Opinber viðmiðun allra annarra mælistaðla í landinu í hverri faggrein.

Löggilding: Aðgerð til að tryggja og staðfesta að mælitæki fullnægi í einu og öllu kröfum laga og reglugerða.

Löggilding vigtarmanns: Lögformleg staðfesting á starfsréttindum vigtarmanns.

Lögmælifræði: Mælifræði sem fæst við mælieiningar og mælitæki að því leyti er snertir lög og reglur og tryggir almennum borgurum réttar mælingar.

Mælibúnaður: Mælitæki, aukabúnaður og fyrirkomulag umhverfis til þess að mæling geti farið fram.

Mælieining: Mælistærð sem samþykkt er að hafi magntöluna 1.

Mæling: Tæknileg aðgerð til þess að ákvarða magntölu mælistærðar.

Mælistaðall: Áþreifanlegur mælikvarði, mælitæki eða mælibúnaður til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

Mælistærð: Eðlisfræðistærð, þ.e. stærð sem lýsa þarf með magntölu og mælieiningu.

Mælitæki: Tæki til að framkvæma mælingu.

Mælitæknilegt eftirlit: Starfsemi er lýtur að tegundaprófunum, eftirliti mælitækja, mælifræðilegri yfirumsjón, merkingum, stillingum og kvörðunum eftirlitsskyldra mælitækja.

Mæliættfærsla: Skjal er staðfestir að kvörðun mælitækis eða mælistaðals hafi verið unnin með beinum eða óbeinum samanburði við frummælistaðal.

OECD: Efnahags- og framfarastofnunin, París.

OIML: Alþjóðastofnun fyrir lögmælifræði, Organisation Internationale de Métrologie Légale, París.

OIPM: Alþjóðastofnun fyrir vog og mál, Organisation Internationale des Poids et Mesures, París.

Prófmælitæki: Prófmælistaðall sem er mælitæki.

Prófmælistaðall: Mælistaðall sem borinn hefur verið saman við landsmælistaðal og er notaður til að kvarða mælistaðla eftir.

Prófun: Tæknileg framkvæmd sem felur í sér athugun á einu eða fleiri einkennum tiltekinnar vöru, ferils eða þjónustu samkvæmt fyrir fram tilgreindum verklagsreglum.

Prófunarstofa: Aðili sem framkvæmir prófun.

Reglubundið eftirlit: Eftirlit með reglubundnu millibili samkvæmt fyrir fram ákveðnum reglum.

SI: Einingakerfi (Système International d'Unités) sem skilgreint er af OIPM.

Stilling: Leiðrétting mælistaðals eða mælitækis þannig að það vinni með tilskilinni nákvæmni.

Tegundarprófun: Prófun á vöru af tiltekinni tegund með tilteknum aukabúnaði frá framleiðanda til að ganga úr skugga um hvort hægt sé að heimila notkun tegundarinnar.

Tilnefndur aðili: Prófunarstofa, vottunarstofa eða eftirlitsaðili (Notified Body) sem stjórnvöld tilnefna til að annast yfirumsjón með samræmismati samkvæmt hinum nýju tilskipunum EB og í samræmi við svokallað Tampere-samkomulag EFTA-þjóðanna sem gert var 15. júní 1988.

Úttekt: Aðgerð til að staðfesta að mælitæki uppfylli tilmæli staðla eða tæknilegar kröfulýsingar.

Vinnumælistaðall: Mælistaðall kvarðaður eftir prófmælistaðli, notaður við kvarðanir ónákvæmari mælitækja og við mælitæknilegt eftirlit.

Vog og mál: Merkir í þessum lögum mælifræði almennt.

Vottunarstofa: Óháður aðili sem staðfestir að nægjanlegt traust megi bera til þess að réttilega auðkennd vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við tilgreinda staðla eða aðrar kröfur.

WECC: Western European Calibration Cooperation. Samtök faggildingaraðila í löndum EB og EFTA sem faggilda kvörðunarstofur.

II. KAFLI
Grunnmælifræði: Mælieiningar og landsmælistaðlar.

3. gr.

Á Íslandi er notkun SI-einingakerfisins lögboðin þó með þeim fyrirvara sem getið er um í 2. mgr.

Ráðherra setur reglugerð um notkun SI-einingakerfisins og að hvaða leyti heimilt er að nota aðrar mælieiningar utan þess. Einingarnar skulu hafa viðmiðun í SI-kerfinu með þeim fyrirvörum sem kveðið er á um í alþjóðlegum stöðlum og reglum sem settar hafa verið um SI-einingakerfið og vísa skal til í reglugerðinni.

Mælieiningar þær, sem hér hafa verið nefndar, kallast löggildar mælieiningar.

4. gr.

Í landinu skulu vera til nauðsynlegir landsmælistaðlar. Landsmælistaðlarnir skulu eiga ætt sína að rekja til alþjóðlegra frummælistaðla eins og þeir eru skilgreindir af OIPM. Jafnframt skulu þeir vera grundvöllur allra annarra mælistaðla og kvörðunarvottorða.

Meðal annars skal vera til í landinu landsmælistaðall fyrir metrann og lóð sem er landsmælistaðall fyrir kílógrammið.

III. KAFLI
Lögmælifræði: Eftirlitsskyld mælitæki.

5. gr.

Löggildingarskyld eru öll þau mælitæki og búnaður sem notuð eru til að mæla stærðir sem hafa áhrif á verð eða gjald fyrir hvers konar viðskipti með vörur eða þjónustu og skattlagningu, þó með þeim undantekningum sem um getur í 29. gr.

Úttektarskyld eru öll þau mælitæki og búnaður sem skv. 29. gr. eru undanþegin löggildingarskyldu.

Löggildingar- og úttektarskyld mælitæki nefnast einu nafni eftirlitsskyld mælitæki.

Ráðherra sker úr um eftirlitsskyldu mælitækja og getur sett reglur um skilgreiningu og flokkun þeirra. Skal þar m.a. tekið tillit til notkunar tækjanna. Nýir flokkar mælitækja skv. 18. gr. skulu vera eftirlitsskyldir.

6. gr.

Öll eftirlitsskyld mælitæki skulu gefa niðurstöður mælinga í löggildum mælieiningum skv. 3. gr.

7. gr.

Öll löggildingarskyld mælitæki skulu uppfylla þær mælitæknilegu kröfur sem eru tilgreindar í reglugerð.

Öll úttektarskyld mælitæki skulu uppfylla staðla og/eða tæknilegar kröfulýsingar.

8. gr.

Eftirlitsskyldum mælitækjum skal þannig fyrir komið að hvorki umhverfi þeirra, uppsetning né aðbúnaður hindri notkun, prófun eða stillingu tækjanna. Sé þessa ekki gætt má banna notkun þeirra.

9. gr.

Hvarvetna þar sem viðskipti fara fram og hönd selur hönd og í því sambandi eru notuð eftirlitsskyld mælitæki skal þannig um búið að viðskiptavinurinn sjái greinilega þegar mæling fer fram og geti lesið mæliniðurstöður fyrirhafnarlaust.

10. gr.

Sérhvert eftirlitsskylt mælitæki skal ávallt vera staðsett með þeim hætti og vera í slíku ástandi að viðskiptavinurinn megi bera traust til þeirra niðurstaðna er tækið sýnir. Skulu merkingar og ástand mælitækisins og aukabúnaðar þess, svo og búnaður allur, ávallt vera í fullkomnu lagi.

11. gr.

Aukabúnaður, sem tengdur er eftirlitsskyldu mælitæki, skal sýna sömu mæliniðurstöðu og tækið sjálft.

Tenging hvers kyns aukabúnaðar við eftirlitsskylt mælitæki, sem haft getur neikvæð áhrif á nákvæmni mælitækisins eða búnaðarins sjálfs, er með öllu óheimil.

12. gr.

Eigendum eða vörslumönnum eftirlitsskyldra mælitækja ber að sjá til þess að tækin sæti reglubundnu eftirliti og uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

IV. KAFLI
Hagnýt mælifræði.

13. gr.

Jafnan skal vera unnt að fá kvarðanir á vinnumælistöðlum og mælitækjum fyrir allar helstu faggreinar mælifræðinnar hjá Löggildingarstofunni eða fyrir milligöngu hennar.

Löggildingarstofan annast útgáfu kvörðunar- og flokkunarvottorða með ættfærslu til frummælistaðla á þann hátt að fullnægt sé kröfum um viðurkenningu.

Mælifræðideild Löggildingarstofunnar skal hafa faggilta kvörðunarstofu.

V. KAFLI
Faggilding.

14. gr.

Fyrirtæki og stofnanir, sem framkvæma lögbundnar prófanir eða votta að efni, framleiðsla, mannvirki, búnaður, ferli, þjónusta o.fl. svo og hæfni og þekking starfsmanna séu í samræmi við settar reglur, þar með taldar reglur samkvæmt lögum, reglugerðum og gildandi stöðlum, skulu hafa faggildingu Löggildingarstofunnar eða sambærilegra stofnana í Vestur-Evrópu. Faggildingardeildin hefur einnig með höndum mat á tilnefndum aðilum. Þá skal faggildingardeildin einnig annast málefni á sviði GLP-aðferðar að undanskildum lyfjum og lyfjaiðnaði.

15. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð forsendur faggildingar skv. 14. gr. enda sé reglugerðin samin í samræmi við reglur EFTA-þjóða og reglur þær sem gilda í ríkjum EB ásamt gildandi stöðlum þar að lútandi. Reglugerðin skal uppfylla þær kröfur sem

gerðar eru í samningi, sem EFTA-ríkin gerðu með sér í Tampere 15. júní 1988, um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum vottana og prófana. Í reglugerðinni skal telja upp þá staðla sem byggt skal á og birta meginreglur og sérreglur um faggildingu og um vottun, prófun og eftirlit og reglur um brottfall faggildinga á slíkri starfsemi.

VI. KAFLI
Löggildingarstofan: Skipulag og verksvið.

16. gr.

Löggildingarstofan er ríkisstofnun er lýtur yfirstjórn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. Hún skiptist í deildir samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Sérstök nefnd fjallar um fagleg viðfangsefni mælifræðideildar, sbr. 19. gr., og önnur nefnd fjallar um faglega stjórn faggildingardeildar, sbr. 25. gr. Stofnunin tilheyrir B-hluta fjárlaga.

17. gr.

Hlutverk Löggildingarstofunnar er:

1. að sjá um að lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim verði framfylgt,
2. að annast öflun, varðveislu og viðhald landsmælistaðla,
3. að annast kvarðanir og útgáfu vottorða og afla til þess nauðsynlegra mælitækja, sbr. 13. gr.,
4. að veita stjórnvöldum og öðrum ráðgjöf um faggildingu og mælifræðileg málefni og stuðla að útbreiðslu þekkingar á þeim sviðum,
5. að annast málefni faggildingar í samræmi við V. kafla,
6. að vera í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi um mælifræðileg málefni og á sviði faggildingar,
7. að hafa samstarf við aðra aðila sem fást við verkefni á sviði mælifræði og faggildingar,
8. að gefa út lýsingar á þeim kröfum sem mælitæki þurfa að uppfylla til að teljast löggildingarhæf samkvæmt ákvörðun ráðherra,
9. að stilla og leiðrétta prófmælistaðla og prófmælitæki eftir því sem kveðið er á um í reglugerð,
10. að framkvæma mælitæknilegt eftirlit í samræmi við VIII. kafla,
11. að löggilda vigtarmenn.

Ráðherra getur enn fremur falið Löggildingarstofunni að sjá um kennslu vigtarmanna skv. IX. kafla og að annast rannsóknir á sviði mælifræði.

Löggildingarstofan skal við störf á sviði mælifræði fylgja tilmælum OIML og/eða WECC.

18. gr.

Ráðherra getur að höfðu samráði við samtök atvinnulífsins, eftirlitsstofnanir eða samtök neytenda ákveðið að komið skuli á fót mælitæknilegu eftirliti á sviðum þar sem þess er talin þörf vegna einstakra atvinnugreina eða hagsmuna neytenda, svo og vegna aðstæðna er varða umhverfisvernd og heilbrigði eða öryggi almennings.

19. gr.

Löggildingarstofan getur með samningi falið aðilum sem búa yfir sérþekkingu á sviði mælifræði að leysa afmörkuð verkefni sem falin eru stofnuninni skv. 17. gr.

Löggildingarstofan skal kveðja sér til ráðgjafar hæfustu menn á sviði mælifræðinnar til setu í faglegri ráðgjafanefnd sem fjallar um grunnsvið mælifræðinnar, fjöldi nefndarmanna skal ákveðinn af ráðherra.

20. gr.

Löggildingarstofan innheimtir gjöld fyrir þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur, en gjaldskrá hennar skal við það miðuð að tekjur standi undir útgjöldum.

21. gr.

Löggildingarstofan skal í upphafi hvers árs gefa ráðuneytinu skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári.

VII. KAFLI
Faggildingardeild Löggildingarstofunnar.

22. gr.

Faggildingardeild Löggildingarstofunnar veitir ein íslenskra aðila faggildingu í samræmi við ákvæði V. kafla.

23. gr.

Hlutverk faggildingardeildar Löggildingarstofunnar er sem hér segir:

1. að veita fyrirtækjum og stofnunum sem starfa á sviði vottunar, prófunar og skoðunar faggildingu í samræmi við ákvæði V. kafla þessara laga,
2. að annast mat á tilnefndum aðilum,
3. að annast málefni á sviði GLP-aðferðar, að undanskildum lyfjum og lyfjaiðnaði.

24. gr.

Löggildingarstofan getur samið við innlenda og erlenda aðila um að taka að sér hluta af faggildingarstarfi stofunnar, enda búi þeir yfir nægjanlegri sérþekkingu. Slíkir samningar skulu uppsegjanlegir án fyrirvara.

25. gr.

Skipa skal sérstaka þriggja manna nefnd óháðra sérfræðinga til að fjalla um fagleg málefni faggildingardeildar. Ráðherra skal setja reglugerð um starfsemi nefndarinnar og skal reglugerðin taka mið af ákvæðum í stöðlum sem um faggildingu fjalla.

26. gr.

Úrskurðir faggildingardeildar Löggildingarstofunnar í einstökum málum skulu rökstuddir. Komi til ágreinings er unnt að skjóta honum til málskotsnefndar sem skipuð skal einum fulltrúa hvors málsaðila og löglærðum fulltrúa ráðuneytisins sem jafnframt er oddamaður.

VIII. KAFLI
Mælifræðideild Löggildingarstofunnar.

27. gr.

Skylt er að öll eftirlitsskyld mælitæki sæti reglubundinni prófun og eftirliti samkvæmt nánari fyrirmælum sem setja skal í reglugerð.

Nú stenst eftirlitsskylt mælitæki ekki prófanir eða tæknilegar kröfur sem til þess eru gerðar og skal notkun þess þá bönnuð.

Óheimilt er að nota eftirlitsskyld mælitæki nema þau beri gild auðkenni Löggildingarstofunnar.

28. gr.

Hlutverk mælifræðideildar Löggildingarstofunnar er sem hér segir:

1. Annast öflun, varðveislu og viðhald landsmælistaðla.
2. Annast kvarðanir og útgáfu vottorða og afla til þess nauðsynlegra mælitækja, sbr. 13. gr.
3. Gefa út lýsingar á þeim kröfum sem mælitæki þarf að uppfylla til að teljast löggildingar- eða úttektarhæft samkvæmt ákvörðun ráðherra.
4. Stilla og leiðrétta prófstaðla og prófmælitæki eftir því sem kveðið er á um í reglugerðum.
5. Framkvæma mælitæknilegt eftirlit sem nær m.a. yfir:
   a. Tegundarprófun á nýjum og breyttum mælitækjum.
   b. Viðauka við tegundarprófun vegna aukabúnaðar.
   c. Frumprófun.
   d. Löggildingu og úttekt eftir viðgerð/breytingu.
   e. Löggildingu og annað reglubundið eftirlit.
   f. Eftirlit með notkun og ástandi mælitækja og búnaðar.
   g. Önnur mælitæknileg verkefni er heyra undir verksvið hennar.

29. gr.

Löggildingarstofunni er heimilt að undanþiggja tiltekin eftirlitsskyld mælitæki ýtrustu kröfum um löggildingarhæfni. Skal Löggildingarstofan árlega birta skrá um undanþágur sem veittar hafa verið.

30. gr.

Framleiðendum, seljendum, þjónustuaðilum eða leigusölum eftirlitsskyldra mælitækja, sem reka starfsemi sína hér á landi, ber skylda til að tilkynna Löggildingarstofunni starfsemi sína og láta henni í té þær upplýsingar sem máli skipta.

31. gr.

Áður en mælitæki eru seld, leigð eða afhent með öðrum hætti og vitað er að þau eru eftirlitsskyld skulu þau löggilt eða tekin út af Löggildingarstofunni samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Í reglugerð skal ákveða þau merki sem eftirlitsskyld mælitæki skulu einkennd með.

32. gr.

Við framkvæmd skyldustarfa sinna skulu starfsmenn Löggildingarstofunnar eiga óheftan aðgang án dómsúrskurðar að sérhverju eftirlitsskyldu mælitæki og skulu löggæslumenn aðstoða þá við framkvæmd þeirra starfa ef þörf krefur.

Þá er þeim einnig heimilt að loka með innsigli eftirlitsskyldum mælitækjum sem notkun er bönnuð á og hafa á brott með sér slík tæki eða hluta úr þeim ef vafi leikur á að settum reglum sé fullnægt, sbr. og 27. gr.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um valdsvið starfsmanna, réttindi þeirra og skyldur.

Starfsmenn Löggildingarstofunnar skulu framvísa skilríkjum um starf sitt og hlutverk sé þess krafist.

IX. KAFLI
Löggiltir vigtarmenn.

33. gr.

Vigtarmenn skulu hafa löggildingu Löggildingarstofunnar sem gefur út skírteini þeim til handa. Ráðherra setur þeim erindisbréf.

34. gr.

Vottorð löggilts vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið. Um innihald veginna íláta skal vigtarmaður einungis votta ef hann hefur sjálfur haft aðstöðu til að kynna sér það.

Ráðherra getur með reglugerð tilgreint að ákveðin störf skuli unnin af löggiltum vigtarmönnum.

35. gr.

Löggiltir vigtarmenn geta menn orðið fullnægi þeir eftirtöldum skilyrðum:

1. eru búsettir hér á landi,
2. eru fullra 20 ára,
3. eru sjálfráða og fjárráða,
4. hafa sótt námskeið og staðist prófkröfur í námskeiðslok.

Prófkröfur skulu settar með reglugerð.

Synja má manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans. Enn fremur má tímabinda löggildingu.

36. gr.

Löggilding vigtarmanns gildir í fimm ár. Binda má löggildingu vigtarmanna við tiltekinn eða tiltekna vinnustaði. Enn fremur má undanþiggja ákveðna vinnustaði. Löggildingarstofan getur kveðið á um að störf hjá tilteknum vinnuveitendum séu ósamrýmanleg störfum þeirra sem löggiltra vigtarmanna.

37. gr.

Löggilding fellur niður ef vigtarmaður er frá störfum í þrjú ár samfleytt. Hið sama gildir ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 1. eða 3. tölul. 35. gr. Enn fremur fellur löggilding niður ef hann hlýtur dóm fyrir að hafa af ásetningi eða vítaverðu gáleysi gerst sekur um brot.

X. KAFLI
Refsiákvæði.

38. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Dæma má fésekt jafnframt refsivist ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sá sem gefur aðilum sem annast framkvæmd laga þessara rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má

ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Dæma má upptöku eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglna settra samkvæmt þeim.

XI. KAFLI
Gildistökuákvæði o.fl.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992. Jafnframt falla úr gildi eftirfarandi lög:
Lög nr. 13 4. júní 1924, um mælitæki og vogaráhöld.
Lög nr. 33 16. nóvember 1907, um metramæli og vog.
Tilskipun nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld.
Lög nr. 60 3. nóvember 1915, um löggilta vigtarmenn.
Lög nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.
Lög nr. 21 22. mars 1949, um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu.

Þær löggildingar, sem veittar hafa verið vigtarmönnum af lögreglustjórum skv. 1. gr. laga nr. 60/1915, skulu halda gildi sínu í fimm ár frá gildistöku laga þessara eða uns þeim er breytt eða þær eru afturkallaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrstu lagasetningu um mál og vog hér á landi er að finna í Jónsbók frá 1281, en þar er svo mælt fyrir að pundarar, stikur og mælikeröld skuli „liggja á Þingvelli undir lögmannslási". Enn fremur er sagt að eftir því skuli sýslumenn rétta sín tæki og eftir þeirra tækjum bændur.

Upphafleg lengdareining hér á landi var svokölluð lögalin sem var 19 danskir þumlungar eða um 48 sentimetrar að lengd. Í byrjun 16. aldar breyttist alin þegar upp var tekin svokölluð Hamborgaralin sem var 22 þumlungar eða um 57,8 sentimetrar að lengd, en árið 1776 var dönsk alin löggilt hér á landi með konunglegri tilskipun. Var hún 24 þumlungar eða 62,8 sentimetrar að lengd.

Hin forna vogareining var mörk sem var 8 aurar eða 24 örtugar. Mörkin er talin hafa verið 214 grömm að þyngd. Í hundraði silfurs voru 120 aurar eða 3.210 grömm.

Af fornu lagarmáli má nefna að 1 fat jafngilti 4 uxahöfðum, 1 uxahöfuð 6 ankerum og 1 anker 40 pottum lagar.

Árið 1907 var svo metramál löggilt hér á landi og voru þá í lögum nr. 33/1907 sett ákvæði um umreikning eldri eininga í metramál. Lögreglustjórum var falið að framfylgja lögunum.

Árið 1915 voru sett lög um löggilta vigtarmenn. Tóku þau lög gildi 1. janúar 1916. Árið 1917 voru svo sett lög um mælitæki og vogaráhöld og var þar m.a. að finna ákvæði um að sett skyldi á fót löggildingarstofa í Reykjavík sem stimpla skyldi og löggilda mælitæki og vogaráhöld, annast einkasölu á stimpluðum og löggiltum mælitækjum og vogaráhöldum og hafa verklegt eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum. Árið 1919 var svo birt tilskipun um löggilt mælitæki og vogaráhöld og er þar að finna ýmis ákvæði

mælifræðilegs eðlis um eftirlit löggildingarstofunnar og um gjöld fyrir þjónustu hennar. Árið 1925 var svo sett ný tilskipun um mælitæki og vogaráhöld og er hún enn í gildi. Jafnframt voru á fyrstu áratugum aldarinnar sett nokkur lög um sölu á eggjum, korni, kolum og salti eftir vigt og um þyngd bakarabrauða og árið 1980 var sett reglugerð varðandi mælitæki og vogaráhöld með rafeindabúnaði.

Eins og áður segir var stofnsett löggildingarstofa í Reykjavík með lögunum frá 1917 og tók hún til starfa 1. janúar 1919. Þorkell Þorkelsson kennari við Gagnfræðaskólann á Akureyri, síðar veðurstofustjóri, var skipaður til þess að vera fyrsti forstöðumaður löggildingarstofunnar. Fékk hann aðstoð forstöðumanns Fysisk Laboratorium við Polyteknisk Læreanstalt í Kaupmannahöfn, K. Prytz prófessors, til þess að útvega nauðsynlegustu tæki til þess að hægt væri að hefja starfsemi löggildingarstofunnar. Voru aðalmælitækin fengin að láni þar eð þau fengust þá eigi keypt og má þar á meðal nefna nákvæmt kílógrammslóð, hálfs metra, úr messing og lítrarúmmál úr sömu málmblöndu. Önnur tæki voru keypt, en vegna upplausnarástands í lok fyrri heimstyrjaldarinnar reyndist erfiðleikum bundið að fá þau til landsins. Fyrsta löggilding stofunnar á mælitækjum fór fram 12. apríl 1919, en alls urðu þær 2.350 fyrsta starfsárið. Í árslok 1919 störfuðu þrír menn á Löggildingarstofunni auk forstöðumanns.

Löggildingarstofan var fyrst til húsa að Laufásvegi 16, en árið 1922 var hún flutt í nýtt og betra húsnæði að Skólavörðustíg 3. Þorkatli Þorkelssyni var árið 1920 falið að setja á fót veðurstofu og var hún nefnd veðurstofudeild Löggildingarstofunnar. Starfaði hún til 1925, en hún var skilin frá Löggildingarstofunni og lét Þorkell þá af störfum við Löggildingarstofuna. Við starfi hans tók Óskar Bjartmarz og gegndi hann því til ársloka 1961. Þá tók Jón Agnars við forstöðu og gegndi henni til 1976 er núverandi forstöðumaður Sigurður Axelsson tók við starfi sínu.

Löggildingarstofan var flutt að Skólavörðustíg 23 árið 1931 og var þar til húsa til 1956, er hún var flutt að Skipholti 17. Árið 1967 var hún flutt að Ármúla 5.

Árið 1976 urðu þáttaskil í starfsemi stofnunarinnar er hún flutti í nýtt húsnæði að Síðumúla 13. Stórbatnaði þá starfsaðstaða og unnt var að skipuleggja betur prófanir, eftirlit og löggildingar á vogum og öðrum mælitækjum.

Tekin var upp samvinna við systurstofnanir Löggildingarstofunnar annars staðar á Norðurlöndum og stofan gerðist aðili að samvinnu Norðurlanda um prófanir og tegundaviðurkenningar (Nordjust) milli ríkjanna. Árið 1984 varð Löggildingarstofan aðili að OIML, alþjóðastofnun um lögmælifræði sem aðsetur hefur í París, og hún hefur einnig átt þátt í samvinnu og samningum milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, og Evrópubandalagsins um mælitæknileg atriði.

Miklar framfarir hafa átt sér stað á sviði mælitækni á síðustu árum. Þróaðri og flóknari tæki hafa rutt sér til rúms til notkunar í iðnaði, verslun og viðskiptum almennt og hér á landi eru nú framleiddar vogir til notkunar á sjó og landi. Löggildingarstofan hefur reynt að fylgja eftir þessari þróun með aukinni þjálfun og menntun starfsmanna og með kaupum á búnaði til þess að staðreyna nákvæmni þeirra mælitækja sem löggild eru, en þar á meðal má nefna vogarlóð, bensín-, olíu- og mjólkurmæla, vogir í sláturhúsum og við fiskvinnslu, löndunarvogir fyrir fiskimjölsverksmiðjur, hafnarvogir, vogir í verslunum og lyfjaverksmiðjum, áburðar-, sements-, ál- og járnblendiverksmiðjum. Þá má nefna mælitæki við fóðurblöndun, vínsölu, mælingu öxulþunga og stærð á möskvum.

Eins og áður segir byggist mælifræðilegt eftirlit hér á landi á tilskipun frá 1925 en hún hentaði vel stöðu atvinnuvega landsmanna á þeim tíma. Síðan hafa komið upp nýjar þarfir um nákvæmni í mælingum, t.d. á hitastigi, tíðni, geislun og fleiri atriðum. Þá hefur

Löggildingarstofunni verið falið að vera framkvæmdaraðili fyrir Íslands hönd á samningi sem gerður var í finnsku borginni Tampere 15. júní 1988. Þar er kveðið á um gagnkvæma viðurkenningu á vottunum og prófunum milli EFTA-ríkja innbyrðis og gagnvart ríkjum Evrópubandalagsins og í samstarfi ríkjanna innan evrópsku staðlasamtakanna CEN og CENELEC hafa verið settir sérstakir staðlar um skipulag gæðastýringar. Grunnur þessa samstarfs er að í hverju ríkjanna sé sérstakur faggildingaraðili en orðið faggilding er nýyrði yfir hugtak sem á Norðurlandamálum er nefnt „akkreditering" og á ensku „accreditation". Þessi aðili veitir vottunar og prófunaraðilum faggildingu samkvæmt sameiginlegum reglum og skulu þá vottorð frá vottunar- og prófunaraðilunum njóta gagnkvæmrar viðurkenningar í öllum ríkjunum.

Starf Löggildingarstofunnar hefur nú stóraukna þýðingu fyrir atvinnuvegina jafnt á sviði mælifræðilegs eftirlits sem faggildingar og er því unnið að eflingu hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er sagt frá gildissviði laganna. Gömul hefð er fyrir orðasambandinu vog og mál en merkingarsviðið hefur verið misvítt. Alþjóðastofnunin fyrir vog og mál, OIPM, var stofnuð 1875 með alþjóðlegu metrasamþykktinni. PM stendur fyrir Poid et Mesures, þ.e. vog og mál, sem í þröngri merkingu tekur aðeins til eininganna kílógramms og metra. Þessi stofnun hafði þó frá upphafi víðara verksvið og er í dag sú stofnun í heiminum á sviði grunnmælifræði sem allir aðrir miða sig við. Orðasambandið „vog og mál" er því notað sem hluti fyrir heild fyrir allt svið mælifræðinnar. Í sumum heitum erlendra stofnana og laga eða reglugerða má finna samsvarandi orðasamband í þrengri merkingu fyrir lögmælifræði. Í þessari grein er því um vissa tvítekningu að ræða til þess að taka af öll tvímæli.

Löggildingarstofunni eru með lögum þessum falin verkefni sem flokkuð eru með nokkuð mismunandi hætti meðal nágrannaþjóða okkar og venjulega falin fleiri en einni stofnun. Þessi verkefni eru málefni landsmælistaðla, kvarðanir, mælitæknilegt eftirlit og viðurkenning. Til þess að nefna dæmi má geta þess að í Finnlandi, Englandi og Þýskalandi eru faggildingardeildir innan mælifræðistofnunar landsins en mælitæknilegt eftirlit er hjá öðrum stofnunum. Í Svíþjóð er sjálfstæð faggildingarstofnun en önnur stofnun hefur með höndum grunnmælifræðina og mælitæknilega eftirlitið. Í öllum tilvikum eru kvarðanir á tveimur stigum, í fyrsta lagi nákvæmustu kvarðanir nátengdar vinnu með landsmælistaðlana, t.d. fyrir kvörðunarstofur, og í öðru lagi kvarðanir fyrir iðnaðinn og aðra, oftast unnar af sjálfstæðum kvörðunarstofum.

Í fámennu landi sem okkar er eðlilegt og hagkvæmt að hafa þessa þætti á einni hendi, en gæta þess jafnframt að ekki komi til hagsmunaárekstra og að öll vinna sé unnin af hlutlægni. Ekki eru líkur á því að við getum náð efsta stigi á sviði kvarðana, en við höfum aðgang að grunnmælifræðistofnunum Vestur-Evrópu með þátttöku í Euromet, WECC og fleiri samtökum. Löggildingarstofan mun ekki hafa einokun á kvörðunum, heldur vera í samkeppni við aðra aðila sem kunna að setja á stofn kvörðunarstofur og einnig er öllum frjálst að leita til erlendra kvörðunarstofa. Hins vegar er Löggildingarstofunni skylt að veita innlendum kvörðunarstofum þjónustu og aðgang að landsmælistöðlunum beint eða óbeint. NPL í Englandi og PTB í Þýskalandi eru grunnmælifræðistofnanir. Það eru vísindastofnanir sem eru fjármagnaðar sérstaklega og í Svíþjóð er sá þáttur starfsins hjá SP er lýtur að öflun, varðveislu og viðhaldi landsmælistaðlanna greiddur sérstaklega af ríkinu. Gjaldskrá fyrir kvarðanir þarf því ekki að bera upp þennan kostnað. Þegar hug-

að er að fjármögnun Löggildingarstofunnar má ekki gleyma því að hún er nú í samkeppni við erlenda aðila.

Um 2. gr.

Hér eru skilgreind helstu fagorð sem koma fyrir í lögunum. Hér er í sumum tilvikum um nýyrði að ræða og einnig nokkur orð sem fengið hafa þrengda faglega merkingu. Við þessar skilgreiningar hefur verið stuðst við íslenska staðla en einkum við orðasafn OIML um lögmælifræði frá 1978.

Um 3. gr.

Hér er SI-einingakerfið lögboðið og löggildar mælieiningar skilgreindar. Aðalfundur OIPM tók upp heitið SI fyrir alþjóðlega einingakerfið á 11. fundi sínum árið 1960 og OIPM vinnur stöðugt að endurskoðun þess. Kerfið hefur þrjá flokka mælieininga, grunneiningar, aukaeiningar og afleiddar einingar. Staðallinn ISO 1000 inniheldur þessar skilgreiningar OIPM auk kafla um margfeldi SI-eininga, kafla um notkun eininganna og um rithátt og loks kafla um einingar utan SI-kerfisins sem mælt er með að nota. Staðlaröðin ISO 31 fjallar á miklu nákvæmari hátt um einingar og notkun þeirra á ólíkum fagsviðum mælifræðinnar.

Lagt er til að ráðherra vísi í reglugerð til þessara staðla. Auk þess getur hann veitt heimild til þess að nota aðrar einingar þar sem þess er þörf, eins og hugsanlega í flugmálum, læknisfræði eða annars staðar vegna sérhæfingar eða alþjóðlegra samskipta.

Um 4. gr.

Því nákvæmari sem mælistaðlar eru þeim mun meiri þekkingu og tækjabúnað og sérhæfðari starfsmenn og húsnæði þarf til að varðveita þá og halda nákvæmni þeirra við. Ákvörðun um að eignast nýjan landsmælistaðal af tilgreindri nákvæmni er því ákvörðun um að taka á sig stofnkostnað og rekstrarkostnað og kostnaðarmatið þarf að byggja á fagþekkingu.

2. mgr. 4. gr. merkir m.a. að allar kvarðanir á lóðum eru í raun óbeinn samanburður við frumkílógrammið í París.

Metrinn er í dag skilgreindur út frá ljóshraða í lofttómi og birtur með ákveðnum ljósbylgjum í leysistæki. Síðan er metrinn gerður áþreifanlegur með metrakvarða sem stilltur er eftir leysismælistaðlinum. Það formið, sem til er hér á landi næst frumskilgreiningunni á metranum, yrði þá landsmælistaðall fyrir metrann.

Um 5. gr.

Í fyrstu þremur málsgreinum 5. gr. er skilgreint hvaða mælitæki eru löggildingar- eða úttektarskyld og þar með eftirlitsskyld. Verksvið lögmælifræðinnar tekur til allra eftirlitsskyldra mælitækja, svo sem vatnsmæla, hitaveitumæla, bensínsöludæla, gjaldmæla, leigubíla, voga í verslunum og framleiðslufyrirtækjum, vínmæla, akstursmæla dísilbifreiða, bílavoga, löndunarvoga, raforkumæla. Fjórða málsgreinin fjallar um úrskurð í vafamálum og um útvíkkun verksviðs lögmælifræðinnar.

Um 6. gr.

Hér segir með öðrum orðum að innan sviðs lögmælifræðinnar skuli nota löggildar mælieiningar.

Um 7. gr.

Öll eftirlitsskyld mælitæki skulu uppfylla einhverjar skilgreindar mælitæknilegar kröfur. Eins og fram kemur í 5. gr. skiptast eftirlitsskyld mælitæki í annaðhvort úttektareða löggildingarskyld mælitæki. Ef kröfurnar eru tilgreindar í lögum eða reglum þá eru mælitækin samkvæmt skilgreiningu nefnd löggildingarskyld. Þetta kemur fram í skilgreiningum í 2. gr. Á hinn bóginn er það hefð að löggilding merki að tækið hafi staðist ströngustu kröfur og hefur þá gjarnan verið stuðst við erlendar reglur eða tilmæli OIML. Í þessum lögum er farin sú leið að nota ofangreindar skilgreiningar sem þýðir að löggilda má mælitæki sem stenst ekki strangar mælitæknilegar kröfur, aðeins ef það stenst kröfur reglugerða. 29. gr. fjallar um mælitæki sem eru eftirlitsskyld en þó undanþegin löggildingarskyldu. Þau hafa undanþágu frá Löggildingarstofunni. Þannig er ljóst að öll eftirlitsskyld mælitæki skulu annaðhvort falla undir reglugerð um mælitæknilegar kröfur eða hafa undanþáguheimild. Í undanþáguheimildinni skal eftir sem áður geta um staðla og/eða tæknilegar kröfulýsingar sem tækið skal uppfylla. Úttekt tækisins er þá gerð samkvæmt þessum gögnum.

Um 8. gr.

Hér er reynt að koma í veg fyrir að nákvæm mælitæki séu sett upp með þeim hætti að illgerlegt eða jafnvel ómögulegt er að komast að þeim til að stilla þau eða prófa. Enn fremur að koma í veg fyrir að fyrirkomulag valdi því að tækin vinna ekki með ásættanlegri nákvæmni.

Um 9. gr.

Hér er reynt að tryggja að viðskiptavinur, sem horfir á mælingu eiga sér stað, geti ávallt fylgst með niðurstöðum sjálfur og gengið þannig úr skugga um að rétt sé mælt eða vegið.

Um 10. gr.

Átt er við alla þætti sem hugsanlega gætu valdið skekkjum í mæliniðurstöðum, sem og ótrúverðugan frágang, jafnvel þótt hann valdi ekki mæliskekkju. Illa farin vog vekur vantraust viðskiptavina og gildir þá einu þótt tækið sýni rétt. Merkingar eiga að sýna hvort tækið hefur verið tekið út eða löggilt og til hvaða mælinga það er nothæft.

Um 11. gr.

Algengt er að tengja búnað við mælitæki til þess að gera aflestur mögulegan frá fleiri en einum stað samtímis eða til að flytja aflestur sjálfvirkt yfir í tölvuúrvinnslu eða til útprentunar. Tvenns konar hætta er fyrir hendi í slíku tilviki. Í fyrsta lagi geta röng skilaboð um aflestur borist til aukabúnaðarins. Í öðru lagi getur aukabúnaðurinn valdið mæliskekkju í mælitækinu sjálfu.

Um 12. gr.

Þessi grein er til þess að taka af öll tvímæli um hver það er sem ber ábyrgð á að tæki séu rétt og sæti því eftirliti sem ber. Löggildingarstofunni er ofraun að hafa upp á öllum eftirlitsskyldum mælitækjum og hafa með þeim eftirlit og því eru skyldur lagðar á eigendur eða vörslumenn eftirlitsskyldra mælitækja.

Um 13. gr.

Þessi grein fjallar um hagnýta mælifræði. Þar er átt við kvarðanir og aðra þjónustu við iðnrekstur, viðskipti o.fl. svið. Hagnýt mælifræði mun verða vaxandi á næstu árum bæði innan Löggildingarstofunnar og utan. Það að kvörðunarstofan skuli vera faggilt er trygging á gæðum þeirrar þjónustu sem veitt er. Þótt hér sé rætt um kvörðunarstofu í eintölu getur verið um margar deildir að ræða fyrir mismunandi fagsvið mælifræðinnar. Löggildingarstofan hefur samstarf við hliðstæðar stofnanir erlendis og getur leitað til þeirra með verkefni sem ekki eru á færi hennar að leysa.

Um 14. gr.

Í öllum löndum EB og EFTA eru starfandi faggildingaraðilar sem starfa eftir samræmdum reglum. Þessi faggildingarkerfi eru til komin vegna hinnar nýju aðferðar EB um samræmt mat og Tampere-samkomulags EFTA-þjóðanna. Í þessu felst t.d. að skyldubundin prófun framkvæmd í einu landi skal tekin gild í öðru sé prófunin framkvæmd af faggiltri prófunarstofu og þarf þá ekki að endurtaka prófunina. Tilgangurinn með þessu er m.a. að afnema tæknilegar viðskiptahindranir.

Um 15. gr.

Faggildingaraðilar starfa samkvæmt samræmdum evrópskum stöðlum sem hafa verið teknir upp sem íslenskir staðlar og nefnast ÍST EN 45000-staðlarnir. Þessir staðlar fjalla um verklagsreglur og er þeim beitt á mjög ólíkum fagsviðum. Þess vegna þurfa að koma til viðbótarreglur við staðlana, sér í lagi ef um er að ræða mjög þröngt afmarkað sérsvið. Dæmi: Prófunarstofa sem prófar styrk á steypu og önnur prófunarstofa sem rannsakar tiltekið efnainnihald starfa samkvæmt sama staðlinum þótt verksvið þeirra sé mjög ólíkt.

Um 16. gr.

Greint er frá stöðu Löggildingarstofunnar í stjórnkerfinu og greint frá því að hún skiptist í deildir. Að öðru leyti verður skipulag Löggildingarstofunnar ekki tilgreint í lögunum.

Um 17. gr.

Í þessari grein er heildaryfirlit yfir öll verkefni Löggildingarstofunnar. Margir þessara þátta eru síðan útfærðir nánar annars staðar í lögunum. Þessi verkefnalisti nær yfir öll þrjú svið mælifræðinnar og auk þess faggildingar. Löggildingarstofunni er einnig falið tiltekið framkvæmdarvald og útgáfa á mælitæknilegum kröfum fyrir hönd ráðuneytis. Minnst er á tilmæli OIML og WECC, en við gerð allra reglna ber auk þess að hafa í huga samstarf í alþjóðlegum viðskiptum og samkomulag um afnám tæknilegra viðskiptahindrana í því sambandi.

Um 18. gr.

Með þessari grein er gefin heimild til að víkka út svið eftirlitsskyldra mælitækja. Þar er um að ræða tæki sem ekki er ljóst af 5. gr. að falli undir eftitlitsskyldu, heldur tengjast þau umhverfisvernd, heilbrigði eða öryggi almennings. Um gæti verið að ræða tæki sem notuð eru til að fylgjast með umhverfis- eða heilsufarsþáttum sem hingað til hefur verið lítill gaumur gefinn. Verið getur að hluti þessara tækja heyri eðlilega undir einhverja aðra stofnun, sbr. og ákvæði 19. gr.

Um 19. gr.

Hér gæti verið um að ræða stofnun eða deild innan Háskóla Íslands, Geislavarnir ríkisins eða aðra slíka þar sem sérþekking og tækjabúnaður er fyrir hendi og viðkomandi stofnun treystir sér til að takast á hendur þá ábyrgð sem hlutverkinu fylgir.

Löggildingarstofan nýtur nú þegar ráðgjafar erlendra sérfræðinga, þótt með óformlegum hætti sé, með alþjóðlegri samvinnu og samstarfi við hliðstæðar stofnanir. Þegar ráðist er í framkvæmdir og þjónustu á nýju sviði innan mælifræðinnar er Löggildingarstofunni stuðningur að því að geta fengið erlenda og innlenda sérfræðinga til ráðgjafar. Enginn er sérfræðingur á öllum sviðum mælifræðinnar, en gert er ráð fyrir að komið verði á fót fagnefnd sérfróðra manna og kveðja auk þess til fulltingis nefndinni sérfræðinga á tilteknu fagsviði til skemmri tíma þegar þörf krefur.

Hér er eingöngu átt við faglega nefnd sem einskorðar starf sitt við sérfræðileg úrlausnarefni mælifræðinnar.

Um 20. gr.

Ráðherra setur gjaldskrá fyrir útselda þjónustu og Löggildingarstofan á að verða B-hluta stofnun. Ekki verður unnt að láta hvern þátt starfsemi stofunnar bera sig sjálfstætt. Einkum er spurningin hver á að greiða fyrir landsmælistaðlana. Þeir eru eðli máls samkvæmt dýrir í stofnkostnaði og rekstri. Það er óhjákvæmilegt fyrir þjóðina að eiga þá þar sem þeir eru undirstaða allrar starfseminnar, kvarðana fyrir Löggildingarstofuna sjálfa og þar með eftirlitsstarfsemi hennar auk kvarðana fyrir aðra aðila, þar á meðal hugsanlega aðrar kvörðunarstofur og prófunarstofur. Verið getur að þjónusta Löggildingarstofunnar verði hér á landi dýrari en erlendis þar sem landsmælistaðlarnir eru undir umsjá rannsóknastofnana sem fá til þess sérstakar fjárveitingar.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Ísland er þátttakandi í evrópsku samstarfi um faggildingu. Lögð er á það áhersla að einungis sé starfandi einn faggildingaraðili í hverju landi að frumkvæði og á ábyrgð viðkomandi stjórnvalda.

Um 23. gr.

Í þessari grein er yfirlit yfir verksvið faggildingardeildar og er það í samræmi við það fyrirkomulag sem haft er í flestum öðrum löndum EB og EFTA.

Um 24. gr.

Í þessari grein er veitt heimild til að semja við innlenda og erlenda aðila í því skyni að hægt sé að veita þjónustu á sviðum þar sem faggildingardeild skortir tilskilda þekkingu eða aðstöðu.

Um 25. gr.

Nefndinni er ætlað að annast fagleg málefni deildarinnar til að tryggja að rétt hafi verið staðið að undirbúningi og meðferð mála og undirbúa ákvarðanir byggðar á faglegum grunni.

Um 26. gr.

Í þessari grein er skýrt kveðið á um réttindi þeirra aðila sem telja úrskurð faggildingardeildar óréttmætan eða ósanngjarnan og hvaða leið þeim er fær til að leita réttar síns telji þeir á sér brotið. Í ÍST EN 45000-stöðlunum er rík áhersla lögð á þetta. Sérstök nefnd kveður upp úrskurð um ágreining og getur staðfest eða hafnað úrskurði faggildingardeildar. Vilji menn ekki una úrskurði nefndarinnar má að sjálfsögðu bera málið undir dómstóla.

Um 27. gr.

Hér er komið að mælitæknilegum ákvæðum. Öll nánari útfærsla þeirra skal vera í reglugerð. Hvenær veita má frest og hvenær ágallar mælitækis eru þess eðlis að banna þarf notkun þess er efni sem fjalla þarf nánar um í reglugerð.

Fyrirmælin í 3. mgr. eru ljós, en ekki er víst að auðvelt sé að sjá á ómerktu tæki hvort það er eftirlitsskylt. Þá reynir á skilgreininguna í 5. gr. auk 18. gr.

Um 28. gr.

Í þessari grein eru endurtekin nokkur atriði sem komu fram í 17. gr. um hlutverk stofunnar. Þetta eru þau atriði sem sérstaklega falla undir mælifræðina. Sundurliðun hins mælitæknilega eftirlits er hins vegar aðeins í þessari grein.

Um 29. gr.

Þetta er heimild til að veita undanþágu frá kröfum sem við vissar aðstæður eða notkun mælitækja eru ekki raunhæfar af tæknilegum eða fjárhagslegum ástæðum. Úttektarskyldan á að tryggja að tækin uppfylli engu að síður vissar lágmarkskröfur og hagsmuna almennings sé þar með gætt. Það er augljóst að skv. 5. gr. er það skýlaus krafa að öll mælitæki skal löggilda ef þau eru notuð við verslun og viðskipti. Þetta er hins vegar í sumum tilfellum ekki hægt eða einfaldlega svo óheyrilega dýrt að sú neytendavernd, sem það annars á að fela í sér, snýst upp í andhverfu sína. Því er hér veitt heimild til að veita undanþágu í undantekningartilvikum.

Um 30. gr.

Tilkynningarskylda þessara aðila er nauðsynleg forsenda fyrir virku eftirliti. Hún gerir Löggildingarstofunni kleift að vita hverjir það eru sem annast þjónustu er snertir lögboðna starfsemi hennar.

Um 31. gr.

Það er hagræði fyrir alla að eftirlitið fari fram þegar í upphafi og oftast verður það ódýrara með þessum hætti. Auk þess á hér að tryggja að óprúttnir aðilar geti ekki selt eða leigt óupplýstum kaupendum ónothæft tæki þar sem nota ber löggilt mælitæki.

Um 32. gr.

Hér er skýrt kveðið á um vald sem starfsmenn geta beitt til þess að framkvæma eftirlit og taka úr umferð tæki sem notkun er bönnuð á.

Krafa um skilríki hlýtur að teljast eðlileg í ljósi þess valds sem Löggildingarstofunni er fengið.

Um 33. gr.

Nánari lýsing á starfi vigtarmanna og hlutverki verða sett í erindisbréfi þeirra.

Um 34. gr.

Hér er kveðið á um sönnunargildi vottorðs frá löggiltum vigtarmanni.

Vigtarmaður á einnig að skrá hvað var vegið. Þetta er t.d. mikilvægt í tengslum við stjórnun fiskveiða þar eð fiskiskipum er úthlutað heildarmagni á ákveðnum tegundum, en veiðar á öðrum tegundum eru frjálsar. Veigamikill þáttur í veiðieftirliti lítur að því að afli sé rétt flokkaður og vigtaður eftir tegundum. Erlendis er þetta gömul hefð og sums staðar lögð sú ábyrgð á vigtarmann að tilgreina á vigtarseðli í hvernig ástandi hið vegna var. Þessar upplýsingar eru síðan hafðar til samanburðar þegar gámur, flutningalest eða annað er opnað á áfangastað og mat lagt er á það hvort varan, sem þar skilar sér, sé sú sama og send var að magni og gæðum. Vigtarmaður má þó ekki votta um innihald veginna íláta (eða flutningatækja) nema hann hafi sjálfur haft aðstöðu til að staðreyna innihaldið.

Um 35. gr.

Tilgreind eru skilyrði sem uppfylla þarf til að geta orðið löggiltur vigtarmaður.

Um 36. gr.

Lagt er til að löggilding vigtarmanns gildi í fimm ár í senn. Réttindi vigtarmanna geta verið takmörkuð við ákveðna vinnustaði bæði vegna sérþekkingar sem hafa þarf í starfinu og einnig til að gætt sé hlutleysis. Hér er einnig opnuð leið fyrir þróun sem víða er orðin, þ.e. að vigtarmaður er ekki starfsmaður kaupanda eða seljanda heldur óháður þeim.

Um 37. gr.

Hér eru tilgreindar ástæður sem legið geta til þess að löggilding falli niður. Ástæðan fyrir þriggja ára reglunni er krafa til að menn viðhaldi starfsþjálfun sinni og þekkingu.

Um 38. gr.

Gert er ráð fyrir að einnig megi dæma lögaðila til refsingar hafi hann notið ávinnings af broti.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjármálaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vog, mál og faggildingu.

Með frumvarpinu eru sett ítarleg ákvæði um vog, mál og faggildingu í samræmi við svokallað Tampere-samkomulag EFTA-ríkjanna.

Frumvarpið felur í sér engin útgjöld fyrir ríkissjóð. Framkvæmd þess er í höndum Löggildingarstofunnar sem mun endurheimta útlagðan kostnað alfarið með gjaldtöku af þeim aðilum sem frumvarpið nær til.

676. Frumvarp til sóttvarnalaga. [418. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Skilgreiningar.
1. gr.

Almennar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem lög þessi kveða á um að ávallt skuli beita vegna smitsjúkdóma.

Opinberar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem skal beita vegna hættulegra smitsjúkdóma:

1. þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá Íslandi,
2. þegar hætta er á útbreiðslu farsótta innan lands,
3. þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

2. gr.

Með smitsjúkdómum í lögum þessum er átt við sjúkdóma eða smitun sem örverur, eiturefni (toxín) þeirra eða sníkjudýr valda.

3. gr.

Lög þessi fjalla um smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og aðrar alvarlegar næmar sóttir.

Þeir smitsjúkdómar eru skráningarskyldir sem ráðherra ákveður með reglugerð. Af skráningarskyldum smitsjúkdómum eru þeir tilkynningarskyldir sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir.

II. KAFLI
Yfirstjórn sóttvarna.
4. gr.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Til embættis landlæknis skal ráða lækni, sóttvarnalækni, til að sinna sóttvörnum. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.

Sóttvarnalæknir skal í starfi sínu hafa samvinnu við héraðslækna, heilsugæslulækna, sjúkrahús, rannsóknastofur og heilbrigðisnefndir, eftir því sem við á.

Héraðslæknar eru ábyrgir fyrir sóttvörnum, hver í sínu héraði, undir stjórn sóttvarnalæknis.

Héraðslæknar og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluyfirvalda ef með þarf.

5. gr.

Verksvið sóttvarnalæknis er aðallega eftirfarandi:

1. Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.
2. Að halda smitsjúkdómaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma með öflun nákvæmra upplýsinga um greiningu þeirra frá rannsóknastofum, sjúkrahúsum og læknum.
3. Að koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innan lands sem utan, með reglubundnum hætti og eftir þörfum til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
4. Að vera læknum og öðrum, sem við sóttvarnir fást, til ráðgjafar.
5. Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. upplýsingum og fræðslu til almennings um þessi efni.

6. gr.

Ráðherra skal skipa sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til fjögurra ára í senn.

Ráðið mótar stefnu í málum sóttvarna og skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Í sóttvarnaráði sitja sjö menn skipaðir af heilbrigðisráðherra. Þar skulu vera starfandi embættislæknir, sérfræðingar á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma, faraldsfræði/heilbrigðisfræði, auk landlæknis sem jafnframt er formaður ráðsins.

Sóttvarnaráð skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

III. KAFLI
Almennar sóttvarnaráðstafanir.
1. Skyldur einstaklinga.

7. gr.

Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við smitsjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

Hver sá, sem hefur ástæðu til að halda að hann hafi smitast af smitsjúkdómi sem ógnað geti öðrum mönnum, er skyldur að leita læknis án tafar. Leiði læknisrannsókn í ljós að um slíkan sjúkdóm sé að ræða er viðkomandi skyldur að fylgja fyrirmælum læknis um meðferð og ráðstafanir til að fyrirbyggja smitun.

Ef læknir telur mikilvægt að rekja smit til að hefta frekari útbreiðslu þess ber sjúklingi skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar um það af hverjum hann gæti hafa smitast, svo og hverja hann kann að hafa smitað. Komi læknirinn því ekki við ber honum að vísa sjúklingi til stofnunar sem aðstöðu hefur til að rekja smit. Skylt er hlutaðeigendum

að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar rannsóknir til varnar sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi.

2. Skyldur lækna og annars heilbrigðisstarfsliðs.

8. gr.

Allir læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu í starfi sínu hafa vakandi auga með smitsjúkdómum og útbreiðslu þeirra.

Ef læknir kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem er tilkynningarskyldur og ekki hirt um að leita læknis skal hann þegar í stað vekja athygli héraðslæknis eða sóttvarnalæknis á því, sbr. 9. gr.

9. gr.

Læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur rökstuddan grun um að svo sé, skal þegar í stað tilkynna það viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni.

Hliðstæð skylda hvílir á forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Heilbrigðisráðherra setur, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, reglugerð um það hvaða smitsjúkdómar séu skráningarskyldir og um fyrirkomulag tilkynninga skv. 2. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma og ónæmisaðgerða, sbr. 2. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum. Skal gætt fyllsta trúnaðar um allar einkaupplýsingar sem þar koma fram.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi rannsóknastofa sem fást við rannsóknir á smitsjúkdómum er lög þessi taka til. Þessar rannsóknastofur skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisráðherra.

Skylt er hlutaðeigandi aðilum að aðstoða viðkomandi héraðslækni og sóttvarnalækni, m.a. með því að veita upplýsingar er þeir telja nauðsynlegar vegna sóttvarna.

10. gr.

Hafi læknir, sem hefur sjúkling til meðferðar sem haldinn er smitsjúkdómi, rökstuddan grun eða vitneskju um að sjúklingurinn fylgi ekki fyrirmælum sem honum voru sett um umgengni og meðferð skal hann tilkynna það þegar í stað til viðkomandi héraðslæknis eða sóttvarnalæknis.

3. Skyldur heilbrigðisnefnda.

11. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988, skulu tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa yfirumsjón með að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.

Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar skulu aðstoða við sóttvarnir og bera ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef hætta er á að dýr, matvæli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

IV. KAFLI
Opinberar sóttvarnaráðstafanir.

1. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum innan lands.

12. gr.

Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart.

Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sótthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns. Sóttvarnalæknir eða héraðslæknar geta beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrir fram ef þeir telja að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skulu þeir ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Nánari ákvæði um opinberar sóttvarnaráðstafanir skal setja með reglugerð.

2. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum til eða frá Íslandi.

13. gr.

Um sóttvarnaráðstafanir, sem grípa má til vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda, skal setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

3. Aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum.

14. gr.

Nú telur sóttvarnalæknir, er honum berst tilkynning um smitsjúkdóm, að grípa þurfi til frekari ráðstafana en læknir hefur þegar gert til þess að fyrirbyggja eða hefta útbreiðslu smitunar sem ógnað getur almannaheill. Skal hann þá í samráði við héraðslækni sjá til þess að til slíkra aðgerða sé gripið. Getur hann og, ef þurfa þykir, leitað aðstoðar lögregluyfirvalda vegna aðgerða til varnar smiti. Héraðslæknir getur einnig gripið til slíkra aðgerða í forföllum sóttvarnalæknis.

Með nauðsynlegum aðgerðum er átt við læknisrannsókn, einangrun hins smitaða á sjúkrahúsi eða með öðrum hætti, svo og aðrar ráðstafanir gerðar án samþykkis hlutaðeigandi. Áður en gripið er til slíkra aðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti.

Aðvörun sóttvarnalæknis eða héraðslæknis um aðgerðir af þessu tagi má áfrýja til ráðherra. Slík áfrýjun frestar ekki framkvæmd.

15. gr.

Ef maður, haldinn smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða að rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti. Um þessa dvöl skulu gilda ákvæði lögræðislaga, nr. 68 30. maí 1984, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Þurfi einangrun að vara lengur en 15 daga skal gera kröfu fyrir dómi um sjálfræðissviptingu, sbr. 19. gr. lögræðislaga.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Starfrækja skal göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma sem veita meðferð og rekja smitleiðir. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi slíkra göngudeilda.

Á sjúkrahúsi, sem heilbrigðisráðherra ákveður, skal vera aðstaða til einangrunar þeirra sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm.

Heilbrigðisráðherra getur falið ákveðnum rannsóknastofum að ábyrgjast greiningu örvera eða sníkjudýra úr sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma og fylgjast með ónæmisástandi einstaklinga gegn þýðingarmiklum smitnæmum sjúkdómum.

17. gr.

Allur kostnaður, sem hlýst af framkvæmd laga þessara, skal greiðast eins og annar sjúkra- og lækniskostnaður. Greiðsluhlutdeild sjúklinga skal fylgja almennum reglum um það efni. Heimilt er þó að undanskilja greiðsluhlutdeild sjúklings þá sem boðaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitberum.

18. gr.

Auk þeirra reglugerða, sem lög þessi tilgreina sérstaklega, hefur heilbrigðisráðherra heimild til að setja í farsóttareglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Sama máli gegnir ef til sérstakra ráðstafana þarf að grípa vegna sóttvarna við náttúruhamfarir.

19. gr.

Um refsingar vegna brota á lögum þessum skal fara samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og læknalaga, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. Þá falla úr gildi eftirfarandi lög:

1. Berklavarnalög, nr. 66 31. desember 1939.
2. Lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt, nr. 70 7. maí 1940.
3. Lög um eyðing á rottum, nr. 27 12. febrúar 1945.
4. Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7 3. febrúar 1953.
5. Sóttvarnarlög, nr. 34 12. apríl 1954.
6. Farsóttalög, nr. 10 19. mars 1958.
7. Lög um varnir gegn kynsjúkdómum, nr. 16 28. apríl 1978, sbr. breyting á þeim lögum nr. 7 7. apríl 1986.

Fylgiskjal.

Flokkun smitsjúkdóma eftir meginsmitleiðum.
(Skáletraðir sjúkdómar eru tilgreindir í alþjóðaheilbrigðisreglum.)

1. **Smitsjúkdómar þar sem persónueinkenna sjúklings er ekki getið og verða skráningarskyldir samkvæmt reglugerð, sbr. 2. mgr. 3. gr.**

1.1 Þarmasmit:
Yersiniosis
Listeriosis
Toxoplasmasýking
Sullaveiki
Tríkínósis

1.2 Öndunarfærasmit:
Hemóphilus influenzae (gerð b) sjúkdómur
Psittacosis
Legionellosis
Rauðir hundar
Mislingar
Hettusótt
Kíghósti
Inflúensa

1.3 Blóðborið smit:
Sýkingar vegna blóðgjafa
Meðfæddir rauðir hundar

1.4 Samræðissmit:
Condyloma genitalis
Þvagrásarbólga af öðrum eða óþekktum orsökum

1.5 Skordýraborið smit:
Malaría
Rykkjasótt (febris recurrens)
Dílasótt (typhus exanthematicus)

1.6 Aðrir smitsjúkdómar:
Heilahimnubólga af völdum örvera
Heilabólga af völdum veira
Stífkrampi
Óvenjulegar berklasýkingar
Hjartaþelsbólga

2. Smitsjúkdómar sem tilkynna skal einstaklingsbundið og sem verða tilkynningarskyldir samkvæmt reglugerð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

2.1 Þarmasmit:
Lömunarveiki (poliomyelitis)
Smitandi lifrarbólga A (hepatítis A)
Önnur smitandi lifrarbólga (hepatítis E)
Kólera
Salmonellusýkingar (þar með talið taugaveiki og taugaveikibróðir)
Kampýlóbaktersýkingar
Blóðkreppusótt (shigellosis)
Aðrar þarmasýkingar af völdum baktería

2.2 Öndunarfærasmit:
Barnaveiki (difteria)
Meningókokkasjúkdómur
Berklar
Svarti dauði (pestis)

2.3 Blóðborið smit:
Smitandi lifrarbólga B (hepatítis B)
Smitandi lifrarbólga C (hepatítis C)
Önnur smitandi lifrarbólga
HIV (human immunodeficiency virus)

2.4 Samræðissmit:
Klamýdía
Lekandi
Sárasótt
Hepatítis B
HIV (human immunodeficiency virus)

2.5 Skordýraborið smit:
Svarti dauði (pestis)
Gulusótt (yellow fever, febris flava)

2.6 Aðrir smitsjúkdómar:
Bótúlismi
Holdsveiki (lepra)
Hundaæði (rabies)
Miltisbrandur (anthrax)

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna hófst ekki að ráði fyrr en á síðari hluta síðustu aldar. Árið 1875 gengu í gildi lög um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenska kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til landsins. Á tæpri öld þróuðust þessi lög í löggjöf um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands og síðan í núgildandi sóttvarnalög sem eru frá árinu 1954.

Liðlega tuttugu árum síðar, eða árið 1896, gengu í gildi fyrstu lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Þessi lög hafa síðan þróast í núgildandi farsóttalög frá 1958.

Um aldamótin var ástand í málum holdsveikra og berklaveikra hér á landi mjög bágborið og aðgerðir aðkallandi. Árið 1898 gengu í gildi tvenn lög er snertu holdsveika, annars vegar lög um aðgreiningu þeirra frá öðrum mönnum og flutning á spítala og hins vegar lög um stofnun holdsveikraspítala á Íslandi. Þó úrelt séu og óþörf eru þessi lög enn í gildi.

Fyrstu lögin um varnir gegn berkaveiki gengu í gildi nokkrum árum síðar, eða árið 1904. Núgildandi berklavarnalög eru frá árinu 1939.

Hinn 17. október 1988 skipaði heilbrigðisráðherra nefnd sem falið var það hlutverk að endurskoða farsóttalögin frá 1958, sóttvarnalögin frá 1954, ýmis sérlög um varnir gegn ákveðnum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnalögin frá 1939, lögin um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með síðari breytingu, og lögin um varnir gegn holdsveiki frá síðustu aldamótum.

Í nefndina voru skipuð: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli Johnsen borgarlæknir og Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, og var hún jafnframt ritari nefndarinnar.

Nefndin lauk störfum haustið 1989. Frumvarp til sóttvarnalaga, sem hún samdi, var lagt fram á 112. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Með því frumvarpi fylgdu sem fylgiskjöl yfirlit sem nefndin tók saman um þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna og samantekt um stöðu löggjafar á sviði sóttvarna á Norðurlöndunum.

Farsóttanefnd, sem í eiga sæti Ólafur Ólafsson landlæknir, formaður, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli G. Johnsen borgarlæknir, Ólafur Steingrímsson yfirlæknir, Hrafn Tulinius prófessor, Sigurður B. Þorsteinsson læknir og Margrét Guðnadóttir prófessor endurskoðað frumvarpið í ljósi umsagna sem bárust við meðferð málsins á 112. löggjafarþingi og gerði tillögur um nokkrar breytingar. Var frumvarpið lagt fram á 113. löggjafarþingi í þeim búningi sem farsóttanefnd, að Margréti Guðnadóttur undanskilinni, náði samstöðu um. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju nánast óbreytt frá því sem það var lagt fram á 113. löggjafarþingi að öðru leyti en því að 17. gr. frumvarpsins hefur verið breytt. Fylgiskjölin, sem birtust með frumvarpinu er það var lagt fram á 112. löggjafarþingi, hafa ekki verið endurbirt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru skilgreindar þær tvenns konar sóttvarnaráðstafanir sem grípa skal til. Annars vegar eru hinar almennu sóttvarnaráðstafanir, en það eru ráðstafanir sem ávallt skal beita gegn smitsjúkdómum. Hins vegar eru hinar opinberu sóttvarnaráðstafanir sem beita skal vegna hættulegra smitsjúkdóma í þremur tilvikum:

Í fyrsta lagi þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá landinu, í öðru lagi þegar hætta er á útbreiðslu farsóttar innan lands og í þriðja lagi þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum við hvað er átt þegar talað er um smitsjúkdóma. Með smitsjúkdómum er átt við sjúkdóma sem orsakast af örverum (bakteríum, sveppum, veirum eða öðrum frumstæðum lífverum) og sníkjudýrum (einfrumungum, ormum,

lúsum og flóm) sem geta fjölgað sér, lifað á eða í hýsli og valdið sjúkdómi og borið manna á milli eða frá dýrum til manna. Margar örverur geta framleitt eiturefni (toxín) sem valdið geta sjúkdómum í mönnum, t.d. með mengun matvæla, jafnvel þótt örverurnar sem slíkar nái ekki að sýkja menn. Slíkar eitranir eru alla jafna taldar til smitsjúkdóma og því tilgreindar hér í skilgreiningu frumvarpsins á smitsjúkdómum.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um gildissviði laganna. Gert er ráð fyrir að þau nái annars vegar til smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og hins vegar til annarra alvarlegra næmra sótta. Gert er ráð fyrir að skráningarskyldir verði þeir smitsjúkdómar sem ráðherra ákveður með reglugerð. Tilkynningarskyldir verða þeir skráningarskyldir smitsjúkdómar sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra skal ákveða, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir.

Tilkynningarskylda felur í sér að skylt verður að tilkynna tafarlaust til heilbrigðisyfirvalda ef grunur er á um að einhver tiltekinna hættulegra smitsjúkdóma hefur fundist eða greinst og geti ógnað almannaheill. Skráningarskylda felur í sér að tilteknar sjúkdómsgreiningar verða skráðar og upplýsingar um fjölda tilfella sendar reglulega til heilbrigðisyfirvalda enda þurfi ekki í slíkum tilvikum að grípa til tafarlausra ráðstafana.

Um 4. gr.

Í samræmi við áratuga hefð gerir frumvarpið ráð fyrir að ábyrgð á framkvæmd sóttvarna sé hjá embætti landlæknis undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Samkvæmt gildandi sóttvarnalögum eru héraðslæknar sóttvarnalæknar. Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir óþarfi að hafa fleiri en einn sóttvarnalækni til að sinna sóttvörnum í landinu öllu. Eðlilegt er að slíkur læknir hafi aðsetur hjá embætti landlæknis. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra. Í starfi sínu skal hann hafa samvinnu við héraðslækna, heilsugæslulækna, sjúkrahús og rannsóknastofur auk heilbrigðisnefnda, eftir því sem við á.

Til að tryggja nægileg tengsl sóttvarnalæknis út í læknishéruðin þykir einnig rétt að héraðslæknar beri áfram ábyrgð á sóttvörnum undir stjórn sóttvarnalæknis. Samvinna sóttvarnalæknis og héraðslækna um sóttvarnir er mjög mikilvæg þar sem héraðslæknar búa yfir staðarþekkingu sem nauðsynleg er þegar taka þarf ákvörðun um aðgerðir.

Ekki tekst alltaf nauðsynleg samvinna milli sjúklings og læknis um nauðsynlegar aðgerðir vegna sóttvarna. Í lögum um smitsjúkdóma hefur frá upphafi verið að finna ákvæði þess efnis að heilbrigðisyfirvöld skuli njóta liðsinnis lögregluyfirvalda sé þess þörf. Hér er einnig slíkt heimildarákvæði.

Um 5. gr.

Hér er verksvið sóttvarnalæknis skilgreint nánar. Hann skal sjá um að skipuleggja og samræma sóttvarnir um land allt, fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma og koma upplýsingum þar að lútandi áleiðis til lækna og annarra sem á slíkum upplýsingum þurfa að halda. Þá skal hann vera læknum og öðrum sem við sóttvarnir fást til ráðgjafar og hafa umsjón með forvarnastarfi á þessu sviði.

Um 6. gr.

Rétt þykir að setja á laggirnar sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til að móta stefnu í málum sóttvarna og vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Árið 1986 skipaði heilbrigðisráðherra samstarfs- og ráðgjafarnefnd, farsóttanefnd, sem fékk það hlutverk að fylgjast með farsóttum og gera tillögur um aðgerðir til að hindra útbreiðslu þeirra. Gert er ráð fyrir að starf þessarar nefndar leggist niður ef ákvæði frumvarpsins um sérstakt sóttvarnaráð nær fram að ganga.

Gert er ráð fyrir að sóttvarnaráð verði skipað sjö mönnum, starfandi embættislækni, sérfræðingum á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma, faraldsfræði/heilbrigðisfræði auk landlæknis sem jafnframt verður formaður ráðsins.

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

Um 7. gr.

Orðalag greinarinnar er í samræmi við ákvæði í gildandi löggjöf um þessi efni.

Um 8. gr.

Ákvæðið er í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur sem smitast hefur af smitsjúkdómi sem er tilkynningarskyldur og hefur ekki hirt um að leita læknis, skuli þegar í stað vekja athygli héraðslæknis eða sóttvarnalæknis á því.

Um 9. gr.

Smitsjúkdóma skal tilkynna á þar til gerðum eyðublöðum til héraðslæknis eða sóttvarnalæknis. Þessi skylda hvílir jafnt á læknum sem og forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra setji, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, reglugerð um fyrirkomulag skráninga og tilkynninga skv. 2. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Halda skal sérstaka smitsjúkdómaskrá, sbr. 2. tölul. 5. gr., sem skal taka til skráningarskyldra smitsjúkdóma og einnig skráningar ónæmisaðgerða og mótefnamælinga skráningarskyldra sjúkdóma, bæði jákvæðar og neikvæðar upplýsingar.

Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um starfsemi rannsóknastofa sem greini sjúkdóma er lög þessi taka til og um eftirlit með þeim.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði um skyldu lækna til að tilkynna héraðslækni eða sóttvarnalækni ef þeir komast að því í starfi sínu að smitaður einstaklingur fylgi ekki fyrirmælum um hegðun. Sambærilegt ákvæði er að finna í gildandi lagaákvæðum um sóttvarnir.

Um 11. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, skulu tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa yfirumsjón með að til viðeigandi ráðstafana sé gripið. Heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar skulu aðstoða við sóttvarnir og bera ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef hætta er á að dýr,

matvæli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

Um 12. gr.

Hér er mælt fyrir um viðbrögð sóttvarnalæknis ef tilkynningar benda til að farsótt sé í uppsiglingu. Í því tilviki skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart. Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana. Þær opinberu sóttvarnaráðstafanir, sem ráðherra getur gripið til, eru hinar sömu og gildandi lög gera ráð fyrir. Jafnframt er gert ráð fyrir að sóttvarnalæknir eða héraðslæknar geti beitt slíkum vörnum til bráðabirgða ef þeir telja hvers konar töf hættulega en gera skulu þeir ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Um 13. gr.

Ísland gerðist aðili að sóttvarnasamningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 1952. Gildandi sóttvarnareglugerð nr. 229/1971 hefur að geyma ýmis ákvæði í samræmi við þann samning. Rétt þykir að hafa í þessu frumvarpi almennt ákvæði sem heimili að setja reglugerð um sóttvarnaráðstafanir sem grípa má til vegna smithættu og eru í samræmi við þá alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

Um 14. gr.

Hér er lýst þeim tilvikum sem talið er að réttlæti það að grípa til nauðsynlegra aðgerða án samþykkis einstaklings. Á það er hins vegar lögð áhersla að aðgerðir af þessu tagi skulu ætíð vera neyðarúrræði, þ.e. að reynt sé til þrautar að ná samvinnu við sjúkling. Rétt þykir að ákvörðunum um aðgerðir, sem teljast nauðsynlegar af þessum ástæðum, sé hægt að áfrýja til ráðherra án þess þó að slík áfrýjun fresti framkvæmd.

Um 15. gr.

Hér er fjallað nánar um einangrun smitbera á sjúkrahúsi eða annars staðar. Samkvæmt heimild 3. mgr. 13. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984, má ekki svipta mann frelsi gegn vilja hans nema hann sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi, ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelsisskerðing má þó ekki standa lengur en í 2 sólarhringa nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins. Ef frelsisskerðing á að vara lengur en 15 daga skal gera kröfu fyrir dómi um sjálfræðissviptingu, sbr. 19. gr. lögræðislaga.

Talið er eðlilegt að þessum heimildum til frelsisskerðingar megi einnig beita í þeim tilvikum er maður, sem haldinn er smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um meðferð og umgengni eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum. Einangrun yrði ýmist á sjúkrahúsi eða með öðrum hætti.

Um 16. gr.

Rétt þykir að setja í sóttvarnalög ákvæði þess efnis að starfrækja skuli göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma. Rétt þykir einnig að heilbrigðisráðherra ákveði á hvaða sjúkrahúsum skuli vera aðstaða til einangrunar vegna sóttvarna. Þá þykir og rétt að ráðherra ákveði hvaða rannsóknastofur ábyrgist greiningu sýna úr einstaklingum sem grunaðir eru um smit.

Um 17. gr.

Rétt þykir að kostnaður vegna framkvæmda laganna greiðist með sama hætti og annar sjúkra- og lækniskostnaður og að hlutdeild sjúklinga í þeim kostnaði fari eftir almennum reglum um það efni. Hins vegar þykir eðlilegt að heimila að undanþiggja greiðsluhlutdeild sjúklinga þá sem kallaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitbera.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Í öllum gildandi lögum á þessu sviði eru sérstök refsiákvæði sem gilda nema þyngri refsing samkvæmt öðrum lögum liggi við broti. Rétt þykir hins vegar að vísa um refsingu vegna brota á lögum þessum einvörðungu til ákvæða almennra hegningarlaga og læknalaga.

Um 20. gr.

Greinin skýrir sig sjálf. Rétt er þó að benda á að gildistaka frumvarpsins hefur í för með sér allnokkra lagahreinsun. Óhætt þykir að fella úr gildi lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki, sem og lög um eyðing á rottum, þar sem í gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er að finna ákvæði um hvoru tveggja.

Um fylgiskjal.

Markmið.

Skráning og tilkynning smitsjúkdóma með reglubundnum og kerfisbundnum hætti þjónar þeim tilgangi að afla upplýsinga um atburðarás þeirra á hverjum tíma þannig að unnt sé að skipuleggja og grípa til varnaraðgerða gegn þeim og til þess að hægt sé að fylgjast með árangri ónæmisaðgerða og annarra forvarna gegn smitsjúkdómum. Upplýsingaöflunin hefur einnig þýðingu við að fylgjast með langtímabreytingum á nýgengi og algengi smitsjúkdóma.

Forsendur framkvæmdar.

Nauðsynlegt er að einungis mikilvægir smitsjúkdómar séu skráðir og tilkynntir og að slíkar aðgerðir séu skilvirkar. Skráningar- og tilkynningarformið þarf að vera eins einfalt og mögulegt er og niðurstöður um útbreiðslu smitsjúkdóma þurfa að berast læknum með reglubundnum og skýrum hætti þannig að þær nýtist í daglegu starfi til sóttvarna og til fróðleiks.

Aðferð.

Öflun upplýsinga um útbreiðslu smitsjúkdóma getur farið fram með tvennum hætti. Annars vegar með skráningu, þ.e. talningu á fjölda smitaðra án persónuauðkenna og hins vegar með tilkynningu, þ.e. persónuauðkennum hins smitaða með upplýsingum um smitleiðir.

Tilgangur skráningar um heildarfjölda smitaðra eintakinga án persónuupplýsinga er sá að fá faraldsfræðilega yfirsýn yfir þýðingarmikla smitsjúkdóma þar sem það hefur ekki hagnýta þýðingu að þekkja til einstaklinganna við sóttvarnir.

Tilgangur tilkynningar um smitsjúkdóm með persónueinkennum hins smitaða er sá að hindra útbreiðslu smits með aðgerðum sem beinast að hinum smitaða, t.d. með einangr-

un, meðferð og rakningu smits milli einstaklinga eða frá menguðum matvælum, vatni eða öðrum efnum til einstaklinga. Til þess að fullnægja þessum skilyrðum verða að fylgja tilkynningunni upplýsingar um líklegan smitunarstað og smitunartíma og einkenni til að tengja smitaða einstaklinga með faraldsfræðilegum hætti og meta áhrif smitsins.

Alþjóðlegar skuldbindingar.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin samþykkti árið 1969 alþjóðlegar heilbrigðisreglur (International Health Regulations) með breytingum sem tóku gildi 1973 og aftur 1981. Hefur Ísland skuldbundið sig til að fylgja þeim án fyrirvara. Í reglugerðinni eru tilgreindir eftirtaldir sjúkdómar sem lúta tilkynningarskyldu til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar:

1. svarti dauði,
2. kólera og
3. gulusótt (febris flava).

Sjúkdómar sem skrá skal án persónueinkenna.

Í frumvarpi til sóttvarnalaga er gert ráð fyrir því að sett verði reglugerð yfir skráningarskylda smitsjúkdóma. Í fylgiskjali er tillaga að lista yfir skráningarskylda sjúkdóma. Þar eru taldir smitsjúkdómar sem ástæða er til að fylgjast með, t.d. til þess að meta árangur ónæmisaðgerða. Þar er einnig að finna ýmsa sjúkdóma sem ekki eru landlægir á Íslandi en gætu borist til landsins og náð útbreiðslu hér. Sumir sjúkdómar geta augljóslega ekki náð að breiðast út hér á landi, eins og t.d. malaría, en mikilsvert er að fá upplýsingar um gagnsemi forvarnaaðgerða gegn slíkum sjúkdómum meðal ferðalanga.

Sjúkdómar sem tilkynna skal einstaklingsbundið.

Í frumvarpi til sóttvarnalaga er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði að fengnum tillögum sóttvarnaráðs hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir. Hugmyndin er að smitsjúkdómar, sem náð geta mikilli útbreiðslu í samfélaginu og jafnframt ógnað almannaheill og þar sem vitneskja um smitaðan einstaking hafi þýðingu við upprætingu smits, skulu tilkynntir. Í þessum flokki er einnig gert ráð fyrir að alvarlegir smitsjúkdómar, sem ekki munu ná mikilli útbreiðslu, verði tilkynntir ef ekki er hægt að hindra útbreiðslu þeirra með öðrum hætti en að þekkja til smitaðra einstaklinga.

Þegar um er að ræða sjúkdóma þar sem persónulegar upplýsingar eru sérstaklega viðkvæmar eins og við samræðis- eða kynsjúkdóma þarf meðhöndlandi læknir að afla sér þeirra til að geta rakið smit. Til þess að rjúfa ekki trúnað í slíkum tilvikum þarf að tilkynna slíka sjúkdóma til sóttvarnalæknis með hluta nafnleyndar (semianonymt) þannig að einstaklingur þekkist ekki, en jafnframt verði komist hjá tvískráningu eins og hægt er. Meðhöndlandi læknir tilkynnir hins vegar sjúkdóminn með nauðsynlegum persónuauðkennum til sóttvarnalæknis ef sjúklingur fylgir ekki fyrirmælum eins og lögin kveða á um. Í fylgiskjali er tillaga að lista yfir sjúkdóma sem vænta má að yrðu tilkynningarskyldir.

Að lokum eru í fylgiskjalinu þeir sjúkdómar skáletraðir sem Íslendingar eru skuldbundnir til að tilkynna til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Það eru nýmæli í sóttvarnalögunum að ráðherra geti fjölgað eða fækkað tilkynningarskyldum sjúkdómum. Lögin sem slík nefna enga ákveðna smitsjúkdóma, þau kveða aðeins á um hvaða almenn skilyrði smitsjúkdómar þurfi að uppfylla til að teljast tilkynningarskyldir. Reynslan sýnir að smitsjúkdómar taka breytingum þannig að ástæða kann

að vera til að fella burt tilkynningarskyldu eða nýr skaðvænlegur smitsjúkdómur birtist sem ástæða er til að tilkynna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga.

Í frumvarpi þessu eru endurskoðuð og sameinuð í ein lög fleiri eldri lög um sóttvarnir og skyld efni um leið og bætt er við nokkrum nýjungum.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að ráða skuli sérstakan sóttvarnalækni til embættis landlæknis til að sinna sóttvörnum. Það embætti hefur ekki verið til áður. Launakostnaður vegna þessa læknis er talinn nema rúmum 4 m. kr. á ári og er þá miðað við heildarlaunakostnað hliðstæðra embættislækna í þjónustu ríkisins. Í 5. gr. er gert ráð fyrir að sóttvarnalæknir hafi með höndum víðtæka skipulagningu sóttvarna og skráningu smitsjúkdóma. Það starf mun a.m.k. útheimta eitt stöðugildi sem áætlað er að kosti um 1 m.kr. Önnur rekstrargjöld tengd hinu nýja embætti má áætla að nemi 2 m.kr. og er það einnig byggt á hliðstæðri reynslu. Samtals má ætla að embættið muni kosta a.m.k. 7 m.kr. á ári.

Frumvarpið gerir ráð fyrir sérstakri nefnd, sóttvarnanefnd, sem í muni sitja sjö menn. Tekur hún við af núverandi farsóttanefnd með jafnmörgum mönnum. Sú nefnd fær um 1 m.kr. á ári í laun og er ekki gert ráð fyrir að sá kostnaður breytist.

Í fjárlögum ársins 1991, lið *08–399 142, Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi,* er veitt 41 m.kr. Af fyrri reynslu má búast við að sú fjárveiting muni hækka með tilkomu nýrra laga. Í þessu frumvarpi er m.a. að finna þau nýmæli (16. gr.) að starfrækja skuli göngudeildir sem veiti meðferð og reki smitleiðir tilkynningarskyldra smitsjúkdóma. Hér verður um sérstakar göngudeildir að ræða sem ekki eðlis verkefnisins vegna er hægt að blanda saman við aðrar göngudeildir. Óvíst er um kostnað af slíkri deild, en ráðuneytið telur að hver slík deild með fimm stöðugildum muni ekki kosta undir 15 m.kr. í árlegum rekstri auk stofnkostnaðar til innréttinga og búnaðar sem telja má að geti numið yfir 30 m.kr.

677. Fyrirspurn [419. mál]

til utanríkisráðherra um staðfestingu á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað tefur staðfestingu á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna sem undirritaður var af Íslands hálfu 26. janúar 1990? Hvenær er ætlunin að það verði gert?

678. Frumvarp til laga [420. mál]

um starfsréttindi norrænna ríkisborgara.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Lög þessi gilda um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu þarf til og falla undir samninga sem ríkisstjórnir Norðurlanda gera og öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna menntunar er veitir starfsréttindi.

2. gr.

Ríkisborgarar norrænna ríkja, sem uppfylla skilyrði í samningum sem falla undir 1. gr., eiga rétt á að gegna hér á landi starfi sem löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu þarf til, hvort heldur er sjálfstætt eða sem launþegar, með sömu skilmálum og gilda um íslenska ríkisborgara.

3. gr.

Það ráðuneyti, sem fer með málefni er varða hlutaðeigandi starf, skal sjá um að skilyrði þau, sem greinir í 2. gr. til að gegna starfinu, hafi verið uppfyllt.

4. gr.

Ráðherra, sem í hlut á, getur með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum að því er varðar ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í samningi sem fellur undir 1. gr.

Ráðherra, sem í hlut á, getur sett reglur um hæfnispróf eða viðbótarmenntun eftir því sem við á. Má þar ákveða að umsækjandi skuli greiða kostnað vegna prófs eða viðbótarmenntunar. Ráðherra setur og reglur um gjöld er krefja má vegna umsóknar um heimild til að gegna starfi hér á landi.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um samræmingu á framkvæmd þeirra samninga sem fjallað er um í 1. gr.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið, svo og ráðuneyti sem í hlut á, sbr. 4. gr., geta krafið umsækjanda um upplýsingar sem þörf er á til að taka megi afstöðu til umsóknar um heimild til að gegna starfi hér á landi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Á undanförnum árum hefur Ísland gerst aðili að nokkrum Norðurlandasamningum um sameiginlegan norrænan vinnumarkað ýmissa starfsstétta sem fela m.a. í sér gagnkvæma

viðurkenningu starfsréttinda. Enda þótt samningar þessir hafi verið fullgiltir af Íslands hálfu hefur löggjöf ekki verið samræmd efni þeirra.

Nú seinast var samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun er veitir starfsréttindi undirritaður í Kaupmannahöfn 24. október 1990, sjá fskj. I.

Markmið með frumvarpi þessu er að framfylgja ákvæðum þessa samnings og jafnframt að greiða fyrir því að öðrum samningum um norrænan vinnumarkað fyrir sérmenntaðar starfsstéttir, sem Ísland á aðild að, sjá bls. 5, eða gerist aðili að, verði framfylgt hér á landi.

Samningur um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun er veitir starfsréttindi.

1. *Almennt.*

Tilgangur samnings þessa er að auðvelda norrænum ríkisborgurum með minnst þriggja ára æðri menntun, sem kjósa að gegna starfi, hvort heldur er sjálfstætt eða sem launþegar, í öðru landi en þar sem þeir hafa aflað sér starfsréttinda, að flytjast á milli landa.

Samningurinn gildir um norræna ríkisborgara er lokið hafa a.m.k. þriggja ára æðra námi sem veitir starfsréttindi á ákveðnu starfssviði. Grundvöllur samningsins er sú staðreynd að æðri menntun á Norðurlöndum telst í meginatriðum jafngild. Því eiga norrænir ríkisborgarar, sem lokið hafa námi er samningurinn nær til, að vera hæfir til að gegna starfi eða sækja um stöðu annars staðar á Norðurlöndum er lög eða aðrar reglur kveða á um að þeir einir megi gegna sem lokið hafi ákveðnu námi þar í landi. Frumreglan skal vera sú að þótt umsækjandi sé ríkisborgari á einhverju öðru Norðurlandanna á það ekki að koma í veg fyrir að hann fái starfsréttindi viðurkennd eða verði talinn hæfur umsækjandi um stöðu í því landi sem hann býr. Þó er gerð undanþága hvað snertir viss störf í opinberri stjórnsýslu, stöður við réttarkerfið, hjá lögreglu og við landvarnir, svo og stöður er skipta máli fyrir þjóðaröryggi.

2. *Menntun.*

Í 1. gr. segir að samningurinn gildi um einstaklinga er lokið hafi þriggja ára æðri menntun í fullu námi eða jafnlöngu námi í hlutanámi sem veiti starfsréttindi á ákveðnu starfssviði. Þar er og að finna skilgreiningu á hugtakinu æðri menntun því skipulag menntamála á Norðurlöndum er ekki alveg eins í löndunum. Einnig kemur fram í greininni að samningurinn nær ekki til þeirra starfsgreina sem fyrri samningar um samnorrænan vinnumarkað gilda um.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. á einstaklingur með menntun, sem samningurinn nær til og hlotið hefur löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu að lögum til að starfa í ákveðinni grein á einu Norðurlandanna, rétt á því að fá starfsréttindin viðurkennd annars staðar á Norðurlöndum samkvæmt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í samningnum. Þetta gildir þó svo að umsækjandinn hafi verið löggiltur á grundvelli menntunar sem ekki var sótt til Norðurlanda.

Hvað snertir málflutningsmenn og endurskoðendur (í Danmörku einnig landskiptamenn) geta samningsríkin þó ætíð krafist þess að umsækjandi hafi fengist við starfið í þrjú ár hjá viðurkenndum málflutningsmanni eða endurskoðanda í því landi sem umsækjandi býr. Í stað þessarar starfsreynslu getur viðkomandi land krafist þess að umsækjandi gangi undir hæfnispróf. Landið, sem umsækjandi býr í, ákveður hvorri aðferð-

inni skuli beitt, starfsreynslu eða hæfnisprófi. Í 6. gr. segir að geri landið, sem umsækjandi býr í, kröfu um starfsreynslu eigi aðrar starfsstéttir en málflutningsmenn og endurskoðendur rétt á því að telja með þá starfsreynslu sem fengin er á einhverju Norðurlandanna.

Fyrstu fjórar málsgreinar 2. gr. eru samdar með sjálfstæðan rekstur í huga. Í 5. mgr. er fjallað um stöður sem lög eða aðrar reglur gilda um. Þar segir að sé ráðning í vissar stöður á einhverju Norðurlandanna samkvæmt lögum eða reglugerð bundin því skilyrði að lokið sé ákveðnu innlendu námi er samningurinn nær til geti einnig þeir sótt um stöðurnar er hafa samsvarandi menntun sem að stærstum hluta er sótt til einhvers hinna Norðurlandanna.

Í vissum greinum getur námstími í löndunum verið mismunandi. Sé munurinn meiri en eitt ár getur skv. 7. gr. sá samningsaðili með lengri námstímann krafist þess að umsækjandi hafi annaðhvort unnið við greinina í tvöfalt lengri tíma en sem nemur mismuninum á námstíma eða hann fari í viðbótarnám sem eftir atvikum má ljúka með þekkingarprófi.

Í 3. gr. segir að hvert landanna geti krafist þess að umsækjendur hafi nægja þekkingu á þeirri löggjöf og þeim stjórnsýslureglum sem hafa sérstaka þýðingu fyrir viðkomandi grein. Verið getur um að ræða öryggisfyrirmæli, byggingarstaðla eða annað sem skiptir miklu máli fyrir starfið.

3. *Tungumálakunnátta.*

Í 4. gr. er fjallað um þær kröfur sem gera má til umsækjenda um starfsviðurkenningu og kunnáttu í öðrum norrænum málum. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð má krefjast þess að umsækjandi hafi nægilega kunnáttu í einu málanna, dönsku, norsku eða sænsku, en hvað þetta snertir geta viðkomandi ríki ekki gert ákveðnar kröfur. Í Noregi má þannig ekki krefjast nægilegrar kunnáttu í norsku. Þar ber að viðurkenna umsækjanda sem ekki kann norsku en talar nægja dönsku eða sænsku. Finnland og Ísland geta krafist þess að umsækjandi hafi eftir því sem við á nægilega kunnáttu í finnsku eða íslensku. Einstök lönd ákveða sjálf hvað telst nægileg kunnátta á einstökum sviðum og þau geta einnig sjálf ákveðið hvernig sanna á tungumálakunnáttu.

4. *Ríkisfang.*

Í 10. gr. er fjallað um ákveðin atriði ef ríkisfang er gert að skilyrði fyrir sjálfstæðum rekstri. Þar kemur fram að ekki má gera viðurkenningu á starfsréttindum háða því að umsækjandi hljóti ríkisfang í því landi sem hann hyggst starfa í. Ráðning í stöðu, þar sem gerð er krafa um menntun er samningurinn nær til, má allajafna ekki vera háð því að umsækjandi hljóti ríkisfang í því landi þar sem sótt er um stöðuna. Ákveðnar stöður eru undanþegnar þessari reglu. Æðri stöður í opinberri stjórnsýslu eru undanþegnar reglunni, enn fremur stöður við réttarkerfið, ákæruvald og fullnustuvald, hjá lögreglu og við landvarnir, svo og aðrar stöður sem skipta máli fyrir þjóðaröryggi. Stöður þessar má einskorða við eigin ríkisborgara.

5. *Annað.*

Í 8. gr. er að finna ákvæði um hvernig sótt er um viðurkenningu og ákvarðanaferlið. Viðurkenna skal starfsréttindi umsækjanda er uppfyllir gerðar kröfur samkvæmt samningnum eða dæma hann hæfan umsækjanda um stöðu svo fremi ekki séu fyrir hendi ástæður sem leitt geti til afturköllunar viðurkenningarinnar. Nánari ákvæði um afturköll-

un viðurkenningar eru í 9. gr. Í 8. gr. segir og að viðurkenningarvald skal taka rökstudda ákvörðun innan fjögurra mánaða frá því að lögð voru fram nauðsynleg gögn með umsókninni. Ákvörðun, sem er umsækjanda í óhag, má skjóta til æðra stjórnvalds samkvæmt þeim reglum er gilda um málskot í viðkomandi landi.

Í 11. gr. er að finna ákvæði um að við ráðningu eigi að telja umsækjanda til tekna fyrra starf á einhverju öðru Norðurlanda. Samkvæmt 12. gr. á starfsmaður með menntun frá einhverju öðru Norðurlandanna að vera jafnt settur eigin þegnum hvað varðar rétt til launa, eftirlauna og annarra réttinda sem tengjast stöðunni. Í 13. gr. er aðildarríkjunum álagt að breyta eins og kostur er eigin löggjöf í samræmi við það sem segir í 5. mgr. 2. gr. og 10.–12. gr. hvað störf hjá ríkinu áhrærir. Þau eiga auk þess að vinna að því að þessar reglur gildi einnig um störf hjá öðrum en ríkinu. Aðildarríkin geta þó sett eða haldið við ákvæðum um að skilyrði fyrir stöðu við réttarkerfið að fullnustuvaldinu meðtöldu sé nægileg starfsreynsla í þrjú ár eða umsækjandi hafi staðist hæfnispróf.

Í 14. gr. er loks vísað til samnings og bókunar frá 6. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað. Í þeirri bókun er m.a. ákvæði um að íslensk stjórnvöld geti gripið til ráðstafana „í því skyni til að koma í veg fyrir röskun jafnvægis vegna hópflutninga starfsfólks eða meiri háttar flutninga einstaklinga sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum“.

Gildissvið frumvarpsins.

Ákveðið hefur verið að samningurinn um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun, er veitir starfsréttindi, skuli vistaður í menntamálaráðuneytinu. Í bókun, sem fylgir samningnum, er því lýst yfir að samningsaðilar muni vinna að breytingum á landslögum í samræmi við það sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Fyrir hendi eru tveir kostir um hvernig standa megi að breytingum á íslenskum lögum þannig að tryggja megi að þau verði í samræmi við ákvæði samningsins. Annars vegar að setja rammalöggjöf sem kvæði á um starfsréttindi norrænna ríkisborgara hérlendis í samræmi við samninginn og gilti hún einnig um aðra hliðstæða norræna samninga. Hins vegar að gera breytingar á öllum lögum um starfsréttindi til samræmis við samninginn. Ljóst er að seinni leiðin er nokkru tímafrekari og flóknari. Með þessu frumvarpi er lagt til að fyrri leiðin um setningu rammalöggjafar verði valin. Hins vegar má telja eðlilegt að í framhaldi af setningu slíkrar löggjafar verði einstök ákvæði eldri laga um starfsréttindi endurskoðuð og aðlöguð samningsskuldbindingum.

Frumvarp þetta er undirbúið í menntamálaráðuneytinu í samráði við þau ráðuneyti sem efni þeirra samninga, sem lögin mundu einkum ná til, heyra undir. Við samningu frumvarpsins hefur m.a. verið stuðst við dönsk lög sem sett voru til þess að auðvelda fullgildingu danskra stjórnvalda á ákvæðum samningsins frá 24. október 1990 og löggjöf Evrópubandalagsins um gagnkvæm starfsréttindi.

Eins og áður segir kveður samningurinn á um að norrænn ríkisborgari, sem hlotið hefur í einhverju aðildarlandanna löggildingu eða önnur sambærileg atvinnuréttindi á grundvelli náms á háskólastigi sem eigi sé skemmra en þriggja ára, skuli, með þeim skilyrðum sem í samningnum greinir, eiga rétt á viðurkenningu til starfa í sérhverju öðru aðildarlandi þar sem slíkrar löggildingar er krafist. Skilyrði, sem setja má fyrir viðurkenningu, eru einkum málakunnátta og þekking á innlendri löggjöf og stjórnarfarsreglum er sérstaka þýðingu hafa fyrir starfið.

Samningurinn gildir um eftirfarandi störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu þarf til að gegna hér á landi en þau falla undir ráðuneyti, svo sem hér segir:

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti:
Dómarar, sýslumenn (lögreglustjórar), saksóknarar, lögmenn, niðurjöfnunarmenn sjótjóns og sóknarprestar.

Fjármálaráðuneyti:
Endurskoðendur og ríkisstarfsmenn almennt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:
Félagsráðgjafar, hnykkar (kiropraktor), matvælafræðingar, meinatæknar, náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu, næringarfræðingar, næringarráðgjafar, talmeinafræðingar, þroskaþjálfar og tryggingastærðfræðingar.

Menntamálaráðuneyti:
Bókasafnsfræðingar.

Umhverfisráðuneyti:
Arkitektar, búfræðingar á tæknisviði, tæknifræðingar, verkfræðingar.

Samningurinn um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun, er veitir starfsréttindi, nær ekki til fólks sem þegar fellur undir samninga sem áður hafa verið gerðir um norrænan vinnumarkað. Slíkir samningar, sem falla mundu undir ákvæði frumvarpsins, eru:

1. Samningur frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1982, 11/1983, 13/1989, 4/1990, 31/1990. Samningurinn tekur til eftirtalinna starfsstétta: lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa, ljósmæður, heilsugæsluhjúkrunarfræðinga, gleraugna- og sjónfræðinga, sálfræðinga, aðstoðarlyfjafræðinga, röntgentækna, gæslumanna, aðstoðarmanna tannlækna, tannsmiða, sjúkraliða og dýralækna. Ísland hefur gerst aðili að samningnum að því er varðar aðra en tannlækna, heilsugæsluhjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, gæslumenn, aðstoðarmenn tannlækna og tannsmiði.
2. Samningur frá 3. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1982.
3. Samningur frá 29. september 1986 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1988.
4. Samningur frá 29. september 1986 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1988.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar hefur einnig verið unnið að gerð samnings um norrænan vinnumarkað fyrir fólk sem lokið hefur starfsmenntun í framhaldsskóla eða allt að þriggja ára starfsmenntun eftir framhaldsskóla. Ef slíkur samningur verður að veru-

leika mundi hann falla undir ákvæði þessa frumvarps. Óljóst er hins vegar um framhald þess starfs vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði.

Áhrif á aðra löggjöf.

Ákvæði í lögum eða reglugerðum, sem gera íslenskt ríkisfang eða íslenskt prófskírteini eða viðurkenningu að skilyrði fyrir ráðningu í starf eða veitingu starfsréttinda, eru í andstöðu við efni samningsins frá 24. október 1990 og hliðstæða norræna samninga (að því er gildissvið þeirra varðar). Með 4. gr. frumvarpsins er því lagt til að ráðherra, sem í hlut á, geti með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum að því er varðar ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í samningi sem fellur undir 1. gr. Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er enn fremur lagt til að ráðherra, sem í hlut á, geti, þar sem það á við, sett reglur um hæfnispróf eða viðbótarmenntun. Að því er varðar störf hjá ríkinu er þó vakin athygli á 3. mgr. 10. gr. samningsins þar sem segir: „Æðri stöður í opinberri stjórnsýslu, stöður við réttarkerfið, ákæruvald og fullnustuvald, hjá lögreglu og við landvarnir, svo og aðrar stöður sem hafa þýðingu fyrir þjóðaröryggi, má þó ætla eigin ríkisborgurum einum."

Eins og bent er á að framan er rétt að í framhaldi af setningu þessarar löggjafar, ef til kæmi, verði eldri löggjöf um störf, sem löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu þarf til, endurskoðuð og aðlöguð samningsskuldbindingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið laganna. Athygli er vakin á því að greinin gildir jafnt um samninga á þessu sviði á milli ríkisstjórna Norðurlanda sem búið er að staðfesta og samninga er kunna að verða gerðir síðar meir. Slíkir samningar öðlast þó ekki gildi fyrr en þeir hafa verið fullgiltir að undangenginni heimild Alþingis.

Með störfum, sem löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu þarf til, er átt við það þegar lög, reglugerðir eða aðrar stjórnvaldsreglur beint eða óbeint áskilja tiltekið próf sem skilyrði fyrir leyfi til að gegna starfi. Störf, þar sem löggildingar, leyfis eða annarrar jafnsettrar viðurkenningar er ekki krafist, falla undir almenna samninginn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað frá 6. mars 1982 en þar er kveðið á um gagnkvæman aðgang norrænna ríkisborgara að vinnumarkaði einstakra aðildarríkja.

Um 2. gr.

Kveðið er á um skilyrði þess að heimild sé veitt til að gegna starfi hérlendis. Ákvæðið tekur einungis til norrænna ríkisborgara. Þess er krafist að viðkomandi uppfylli ákvæði norrænna samninga sem vísað er til í 1. gr. Enn fremur er ákveðið að sömu skilmálar eigi við um heimild til að gegna fyrrgreindum störfum og gilda um íslenska ríkisborgara. Í samningum þeim, sem gerðir hafa verið, er sérstaklega vikið að því að áskilja megi að umsækjandi kunni nægileg skil á íslenskri tungu.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að þau ráðuneyti, sem nú fjalla um umsóknir til að gegna starfi hérlendis þar sem löggildingar, leyfis eða annarar jafnsettrar viðurkenningar er krafist, sjái um að skilyrði 2. gr. hafi verið uppfyllt. Þegar lög eða reglugerðir kveða á um veitingu leyfisbréfa til starfsréttinda annast viðkomandi stjórnvald útgáfu þeirra.

Um 4. gr.

Að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í samningi sem fellur undir 1. gr. er lagt til í 1. mgr. 4. gr. að ráðherra, sem í hlut á, geti með reglugerð veitt undanþágu frá lögum sem gera íslenskt ríkisfang eða íslenskt prófskírteini eða viðurkenningu að skilyrði fyrir ráðningu í starf eða veitingu starfsréttinda. Með 3. mgr. 10. gr. samningsins frá 1990 er ákveðið að tilteknar æðri stöður og stöður er varða þjóðaröryggi megi ætla ríkisborgurunum einum. Ganga verður út frá því að ákvæði þessu verði m. a. beitt um stöður dómara, sýslumanna (lögreglustjóra) og saksóknara, sbr. og ákvæði 2. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir að engan megi skipa embættismann nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt.

2. mgr. heimilar hlutaðeigandi stjórnvaldi, eftir því sem við á, að innheimta gjald fyrir að efna til viðbótarmenntunar eða hæfnisprófa. Forsenda slíkrar gjaldtöku er þó að erlendir ríkisborgarar sitji við sama borð og Íslendingar varðandi greiðslu fyrir þátttöku í prófum eða námskeiðum.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið gegni hlutverki samræmingaraðila. Hins vegar mun hlutaðeigandi stjórnvald fara með sín málefni, sbr. ákvæði 3. gr. Vegna samræmingar getur orðið nauðsynlegt að viðkomandi stjórnvöld sendi menntamálaráðuneytinu upplýsingar um afgreiðslu á umsóknum um starfsréttindi.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt kann að vera að krefja umsækjanda um upplýsingar er varða menntun hans eða starfsreynslu.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem 6. mars 1982 gerðu með sér samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað;

sem samkvæmt 14. gr. samstarfssamningsins milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 23. mars 1962 skulu leitast við að varðveita og þróa enn betur hinn sameiginlega norræna vinnumarkað;

sem telja að það verði til heilla fyrir þróun efnahags- og þjóðfélagsmála á Norðurlöndum að fólk, sem hlotið hefur með fullu námi í minnst þrjú ár æðri menntun sem veitir starfsréttindi, njóti fulls frelsis til að flytjast milli landa þessara;

sem telja að sú menntun þessa fólks, sem opinberar reglur gilda um af hálfu aðilanna, sé í meginatriðum jafngild;

sem vilja vinna að því að koma á fullnægjandi skilyrðum til menntunar þessa fólks hjá sérhverjum aðilanna, svo og að menntun og löggjöf, er varðar þetta fólk, verði sem líkust;

sem telja að til þess að fólk njóti fulls frelsis til að flytjast milli Norðurlanda verði viðurkenning á hvers konar menntun sem veitir starfsréttindi að vera gagnkvæm;

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

Gildissvið.

1. gr.

Samningur þessi gildir um fólk sem er ríkisborgarar eins aðilanna og hlotið hefur með fullu námi í minnst þrjú ár æðri menntun sem veitir því réttindi til starfa eða hæfi til ráðningar. Samningurinn nær einnig til þeirra sem hafa hlotið menntun sem samningurinn nær til með jafnlöngu námi í hlutanámi.

Með æðri menntun er í samningi þessum átt við menntun þar sem venjuleg inngönguskilyrði eru að áður hafi verið lokið í framhaldsskóla annaðhvort almennu námi eða starfsréttindanámi.

Með námstíma er í samningi þessum átt við þá lengd sem ákveðin er í reglum fyrir viðkomandi nám.

Samningurinn nær ekki til fólks sem þegar fellur undir

— samning frá 25. ágúst 1981 um norrænan vinnumarkað starfsfólks við heilbrigðisþjónustu og dýralækningar

— samning frá 3. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum

— samning frá 29. september 1986 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum eða

— samning frá 29. september 1986 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum.

2. gr.

Sá sem hjá einum aðilanna hefur fengið löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu að lögum til starfa vegna einhverrar þeirrar menntunar sem samningurinn nær til skal eiga rétt á að fá, með þeim skilyrðum sem sett eru í samningi þessum, viðurkenningu hjá sérhverjum hinna aðilanna þar sem eru ákvæði um slíka viðurkenningu.

Viðurkenningunni fylgir réttur til að bera viðkomandi starfsheiti.

Í samningi þessum teljast einnig viðurkenningarvald starfsgreinasamtök sem samkvæmt landslögum hafa rétt til að taka inn félagsmenn með þeim afleiðingum að félagsmaðurinn fær rétt til að stunda þá starfsemi og bera það starfsheiti sem ætlað er félagsmönnum samtakanna einum og verður háður agavaldi samtakanna.

Starfsmenn, sem hafa hlotið menntun sína hjá aðila þar sem ekki eru ákvæði um viðurkenningu starfsmanna í viðkomandi starfsgrein, skulu eiga rétt á að fá viðurkenningu hjá þeim aðilum þar sem slíkrar viðurkenningar er krafist, með þeim skilyrðum sem tekin eru fram í 5. gr.

Hafi aðili ákveðið með lögum eða öðrum reglum að ráðning í ákveðnar stöður sé háð því að viðkomandi hafi lokið þar í landi námi sem samningur þessi nær til eru einnig gildar um þær stöður umsóknir frá þeim sem hafa hlotið menntun sem er í meginatriðum sambærileg þeirri menntun sem krafist er og hefur að mestu verið aflað hjá öðrum aðila. Slíkir umsækjendur eiga kröfu til að verða metnir til jafns við umsækjendur sem hafa hlotið þá menntun sem viðkomandi aðili hefur staðið fyrir, að því tilskildu að þeir fullnægi tungumálakröfum 4. gr.

Almenn skilyrði.

3. gr.

Aðili getur sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi þekki nægilega vel löggjöf og stjórnarfarsreglur sem hafa sérstaka þýðingu fyrir starf viðkomandi hjá aðilanum. Þessi skilyrði skulu vera að því marki sem nauðsynlegt er og nægilegt til að sinna því tiltekna starfi á viðhlítandi hátt.

4. gr.

Danmörk, Noregur og Svíþjóð geta sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi kunni nægilega skil á danskri, norskri eða sænskri tungu.

Finnland og Ísland geta sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi kunni, eftir því sem við á, nægileg skil á finnskri eða íslenskri tungu.

Finnland getur í stað kunnáttu í finnskri tungu krafist þess að umsækjandi kunni nægileg skil á sænskri tungu þar sem slíks er krafist í finnskum lögum. Við sömu kringumstæður getur Finnland krafist þess að umsækjandi kunni nægileg skil á bæði finnskri og sænskri tungu.

Sérstök skilyrði.

5. gr.

Aðili getur, þegar ekki er krafist sérstakrar viðurkenningar til starfa af þeim aðila þar sem umsækjandi hefur hlotið menntun sína, sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi hafi stundað starfið í allt að þrjú ár á síðastliðnum tíu árum hjá síðarnefnda aðilanum.

Ef starfsreynslu, sem greinir í 1. mgr., er ekki til að dreifa má krefjast þess að umsækjandi hafi stundað starfið í allt að þrjú ár á ábyrgð starfsmanns sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila áður en viðurkenning verður veitt.

Ef umsækjandi hefur fengið viðurkenningu hjá þriðja aðila skal fara með umsóknina eins og umsækjandinn hefði fengið viðurkenningu hjá þeim aðila þar sem hann hlaut menntun sína.

6. gr.

Aðili getur krafist þess þegar viðurkenning til starfa er háð því að við menntun sem veitir starfsréttindi sé bætt starfsreynslu í tiltekinn tíma á ábyrgð viðurkennds starfsmanns að umsækjandi hafi hlotið jafnlanga starfsreynslu hjá hinum aðilanum.

Ef umsækjandi hefur ekki hlotið starfsreynslu sem greinir í 1. mgr. eða sú starfs-

reynsla, sem umsækjandi hefur hlotið, er styttri en krafist er af þeim aðila þar sem sótt er um viðurkenningu getur sá aðili krafist þess að úr því verði bætt með starfstíma á ábyrgð starfsmanns sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila.

Aðili getur þó, hvað sem öðru líður þegar sótt er um viðurkenningu til málflutningseða endurskoðunarstarfa, krafist þess að umsækjandi hafi áður stundað starfið í allt að þrjú ár á ábyrgð lögmanns eða endurskoðanda sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila eða hefur staðist hæfnispróf sem aðilinn stendur fyrir. Danmörk getur enn fremur gert samsvarandi kröfu til þess sem sækir um skipun sem landskiptamaður. Aðilinn velur á milli reynslutíma og hæfnisprófs.

7. gr.

Aðili getur, þegar starfsréttindamenntun umsækjanda er meira en ári skemmri en sú sem krafist er af aðilanum, gert viðurkenninguna háða því

að umsækjandi hafi umfram hugsanlegan starfsreynslutíma, sbr. 6. gr., annaðhvort stundað starfið hjá öðrum aðila um tíma sem má í mesta lagi vera helmingi lengri en munurinn á námstímanum hjá þeim aðila þar sem sótt er um viðurkenningu og námstíma þeim sem umsækjandi á að baki, ellegar hann starfi á ábyrgð starfsmanns sem viðurkenndur er af viðkomandi aðila í jafnlangan tíma

eða

að umsækjandi ljúki viðbótarnámi sem aðilinn stendur fyrir og sem eftir atvikum má ljúka með þekkingarprófi.

Umsókn um viðurkenningu og aðferðir við ákvörðun.

8. gr.

Sá sem sækir um viðurkenningu samkvæmt samningi þessum skal sanna fyrir stjórnvaldi því sem veitir viðurkenningu að hann fullnægi skilyrðum samningsins.

Veita skal umsækjendum sem fullnægja framangreindum skilyrðum viðurkenningu, nema fyrir hendi séu aðstæður sem leitt geti til afturköllunar á viðurkenningunni, sbr. 9. gr.

Viðurkenningarvaldið skal taka rökstudda afstöðu til umsóknar eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að nauðsynleg skjöl og upplýsingar til meðferðar á henni hafa borist. Synjun getur umsækjandi skotið til æðra stjórnvalds samkvæmt almennum reglum aðilans um málskot.

Viðurkenningarvöld aðilanna skulu miðla sín á milli þeim upplýsingum sem þörf er á til að viðurkenna umsóknir. Þau skulu enn fremur skýra hvert öðru frá ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt samningi þessum.

Afturköllun viðurkenningar o.fl.

9. gr.

Afturkalli sá aðili viðurkenningu sem upphaflega veitti hana má einnig afturkalla viðurkenningu sem annar aðili veitti síðar. Annars má einungis afturkalla síðari viðurkenninguna samkvæmt gildandi reglum hjá þeim aðila sem hefur veitt hana. Þó skal taka tillit til þess hvort hjá öðrum samningsaðila hafi verið brotin lög eða stórkostleg vanræksla viðhöfð eða bersýnilegur hæfnisskortur við framkvæmd starfsins.

Nú hafa starfsmenn, sem fengið hafa viðurkenningu hjá fleiri en einum aðilanna, sætt ráðstöfunum af hálfu einhvers þeirra samkvæmt lögum eða reglum um agavald vegna

starfsins þar, eða viðurkenning veitt starfsmanni er afturkölluð, og skal þá viðurkenningarvaldi hjá hinum aðilanum eða aðilunum tilkynnt um ráðstöfunina eða afturköllunina, svo og um ástæðuna. Á sama hátt skal og tilkynna ef réttur starfsmanns í greininni hefur verið takmarkaður.

Ríkisfang og ráðning í vinnu o.fl.

10. gr.

Það má ekki gera að skilyrði fyrir viðurkenningu sem sjálfstæður starfsmaður samkvæmt samningi þessum að umsækjandi hafi eða hljóti ríkisfang í því landi þar sem sótt er um viðurkenninguna.

Ráðning í stöðu, sem er háð því að lokið hafi verið einhverju því námi sem samningurinn nær til, verður yfirleitt ekki gerð háð því að umsækjandi hafi eða hljóti ríkisfang í því landi þar sem sótt er um stöðuna.

Æðri stöður í opinberri stjórnsýslu, stöður við réttarkerfið, ákæruvald og fullnustuvald, hjá lögreglu og við landvarnir, svo og aðrar stöður sem skipta máli fyrir þjóðaröryggi, má þó ætla eigin ríkisborgurum einum.

11. gr.

Fyrri ráðningu í starf á sviði, sem fellur undir samning þennan, skal, þegar gegnt er stöðu hjá öðrum aðila, setja að jöfnu samsvarandi starfi sem innt var af hendi hjá þeim aðila.

12. gr.

Sá sem ráðinn hefur verið í starf hjá öðrum aðila en þeim sem hann hlaut menntun sína hjá skal vera jafnt settur eigin þegnum aðilans að því er varðar rétt til launa og eftirlauna og annarra réttinda sem tengjast stöðunni.

13. gr.

Sérhver aðilanna skal, eftir því sem frekast er unnt, koma á breytingum á löggjöf sinni í samræmi við meginreglurnar í 5. mgr. 2. gr. og 10.–12. gr. að því er varðar stöður hjá ríkinu og stuðla að því að meginreglum þessum verði einnig beitt á samsvarandi hátt um stöður sem ekki eru hjá ríkinu.

Aðili má þó setja eða halda við lagaákvæðum og öðrum réttarreglum þar sem ráðning sem dómari og ákærandi, svo og ráðning í viðlíka stöður við réttarkerfið, ákæruvald og fullnustuvald, er gerð háð nægilegum reynslutíma, þó ekki lengri en þriggja ára, eða því að staðist sé hæfnispróf. Finnland getur gert samsvarandi kröfu við ráðningu sem „allmänt rättsbiträde“. Aðilinn velur á milli reynslutíma og hæfnisprófs.

Önnur ákvæði.

14. gr.

Við ráðningu fólks, sem samningur þessi nær til, skal fara eftir ákvæðunum í samningi og bókun frá 6. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað og þeirri stefnumörkun fyrir norræna vinnumiðlun sem ákveðin var í sambandi við framkvæmdina.

Viðurkenningarvöldin skulu að staðaldri senda hvert öðru og norrænu vinnumarkaðsnefndinni tilkynningar og upplýsingar sem þýðingu hafa við mat á þróun vinnumarkaðar aðilanna.

15. gr.

Aðilarnir skulu sameiginlega fylgjast með framkvæmd samningsins og breyta honum og bæta við hann eftir því sem þróun mála gefur tilefni til. Með tilliti til þess skipar norræna ráðherranefndin ráðgjafarnefnd sem getur lagt til breytingar á og viðbætur við samninginn. Viðurkenningarvöld aðilanna geta enn fremur leitað ráða hennar um túlkun samningsins.

Samninginn skal taka til endurskoðunar eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku hans.

Gildistaka.

Samningurinn gengur í gildi 30 dögum eftir þann dag þegar allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi staðfest hann.

Hvað varðar Álandseyjar, Færeyjar og Grænland gengur samningurinn þó fyrst í gildi 30 dögum eftir að ríkisstjórn Danmerkur eða eftir atvikum Finnlands hefur tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að, allt eftir því sem við á, landstjórn Álandseyja, landstjórn Færeyja eða heimastjórn Grænlands hefur tilkynnt að samningurinn skuli gilda á Álandseyjum, í Færeyjum eða á Grænlandi.

Færeyjar og Grænland geta sett það skilyrði fyrir viðurkenningu að umsækjandi kunni, eftir því sem við á, nægileg skil á færeyskri eða grænlenskri tungu.

Danska utanríkisráðuneytið skýrir hinum aðilunum frá móttöku þessara tilkynninga og því hvenær samningurinn gengur í gildi.

17. gr.

Aðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu um það til danska utanríkisráðuneytisins sem skýrir hinum aðilunum frá móttöku tilkynningarinnar og efni hennar.

Uppsögn tekur aðeins til þess aðila sem að henni stendur. Hún tekur gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar danska utanríkisráðuneytinu berst tilkynning um uppsögnina.

18. gr.

Frumrit þessa samnings skal varðveita í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum aðilunum í té staðfest afrit þess.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn 24. október 1990 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

BÓKUN

Samtímis undirritun samnings um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi höfum við undirritaðir fulltrúar, sem til þess höfum fullt umboð, orðið sammála um eftirfarandi bókun og skal telja hana hluta samningsins:

1. Aðilarnir leggja áherslu á að halda áfram að styrkja hinn sameiginlega norræna vinnumarkað svo að þeir tímar komi að enginn norrænn ríkisborgari verði útilokaður frá starfstækifæri í öðru norrænu landi á sviði sem hann hefur menntun til.
   Aðilarnir vilja því vinna að því að samningurinn verði staðfestur og að þeim breyt-

ingum á landslögum þeirra, sem samningurinn gerir ráð fyrir, verði komið á eigi síðar en 1. júlí 1991.

2. Með samningnum er ekki tekin afstaða til gagnkvæmrar viðurkenningar háskóla á æðri menntun, en þá er átt við rétt norrænna ríkisborgara til að fá fyrri æðri menntun þeirra viðurkennda sem hluta af grunnmenntun eða sem grundvöll menntunar eftir háskólapróf við æðri menntastofnun eða rannsóknastofnun í öðru norrænu landi.
3. Aðilarnir gera sér grein fyrir því að Danmörk túlkar skilgreininguna á æðri menntun í 2. mgr. 1. gr. samningsins með tilliti til reglna Evrópubandalagsins á samsvarandi sviði.
4. Aðilarnir eru sammála um að ákvæðið í 1. mgr. 2. gr. gildir einnig um þann sem hjá einum aðilanna hefur fengið löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu til starfa vegna menntunar utan Norðurlanda.
5. Danmörk ætlar að fara með ákvæðið í 3. gr. af sanngirni svo að ekki verði hallað á hina aðilana.
6. Samningurinn frá 28. desember 1973 með viðbótarbókun frá 28. júní 1990 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum hjá ríkinu gildir við ákvörðun lífeyrisréttinda samkvæmt 12. gr. um ríkisborgara einhvers þessara fjögurra landa sem ráðinn er í stöðu hjá ríkinu í einu hinna landanna.
7. Aðilarnir eru sammála um að leggja fyrir ráðgjafarnefndina sem getið er í 15. gr. að fylgjast með því hvernig samningurinn er hagnýttur og túlkaður í ríkjunum og gæta þess þá jafnframt hvort hver aðili ætti að ætla sérstöku miðstjórnarvaldi að fylgjast með þessari þróun.

Frumrit bókunarinnar skal varðveita í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum aðilunum í té staðfest afrit þess.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Kaupmannahöfn 24. október 1990 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um starfsréttindi norrænna ríkisborgara.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

679. Frumvarp til laga [421. mál]

um almenna fullorðinsfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að

a. stuðla að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar,
b. fullorðnir hafi hliðstæð tækifæri til náms og nemendur í grunn- og framhaldsskólum,
c. skapa fullorðnum skilyrði til aukins þroska og alhliða menntunar sem nýtist í starfi, fjölskyldulífi og tómstundum og stuðlar að virkri þátttöku einstaklingsins í samfélaginu,
d. skapa, í samræmi við fjárveitingar á hverjum tíma, fræðsluaðilum skilyrði til að þeir geti boðið þátttakendum viðunandi nám og námsaðstöðu.

2. gr.

Lög þessi taka til eftirfarandi þátta:

a. Náms á grunn-, framhalds- eða háskólastigi sem skipulagt er sérstaklega fyrir fullorðna og ekki er fjallað um í öðrum lögum.
b. Almennrar lýðfræðslu og tómstundanáms sem ekki fellur undir a-lið.
c. Þróunarstarfs innan almennrar fullorðinsfræðslu.

II. KAFLI
Yfirstjórn fullorðinsfræðslu.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar fullorðinsfræðsluráð til fjögurra ára í senn til að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu. Kveða skal á um skipan ráðsins í reglugerð.

Kostnaður við fullorðinsfræðsluráð greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Verkefni fullorðinsfræðsluráðs eru að

a. vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu, jafnt starfsmenntun samkvæmt sérstökum lögum sem almenna fullorðinsfræðslu,
b. afla gagna og miðla upplýsingum um fullorðinsfræðslu í landinu og erlendis,
c. beita sér fyrir samræmdu faglegu mati á námskeiðum,
d. stuðla að samstarfi milli skóla og annarra sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu,
e. beita sér fyrir menntun kennara og leiðbeinenda fyrir fullorðna,
f. sjá um önnur verkefni er ráðherra felur ráðinu eða það sjálft telur nauðsynlegt að vinna að.

III. KAFLI
Skipulag almennrar fullorðinsfræðslu.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í nefnd um almenna fullorðinsfræðslu, þar af skulu að minnsta kosti fjórir eiga sæti í fullorðinsfræðsluráði. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Skipunartími nefndarinnar er hinn sami og fullorðinsfræðsluráðs.

Kostnaður við nefnd um almenna fullorðinsfræðslu greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Verkefni nefndar um almenna fullorðinsfræðslu eru að

a. vera menntamálaráðuneyti og fræðsluaðilum til ráðuneytis um framkvæmd almennrar fullorðinsfræðslu,
b. vera tengiliður menntamálaráðuneytis við fræðsluaðila,
c. fara með stjórn menntunarsjóðs fullorðinna og annast styrkveitingar úr sjóðnum, sbr. 13. gr. laga þessara,
d. stuðla að útgáfu og samnýtingu námsefnis og beita sér fyrir útgáfu upplýsingarita á sviði almennrar fullorðinsfræðslu.

7. gr.

Nemandi, sem lokið hefur námi utan hins almenna skólakerfis, sbr. lög um skólakerfi nr. 55/1974, getur fengið það metið til námseininga í skólakerfinu samkvæmt reglum sem menntamálaráðuneytið setur. Vitnisburður um námsárangur utan skólakerfisins skal metinn jafngildur vitnisburði á hliðstæðu skólastigi hins almenna skólakerfis.

Vísa má ágreiningi um námsmat til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar. Niðurstaða ráðuneytisins er bindandi.

8. gr.

Við skipulagningu og framkvæmd almennrar fullorðinsfræðslu skal tekið tillit til sérþarfa þeirra sem vegna frávika frá eðlilegum þroskaferli og vegna sjúkdóma eða hvers konar fötlunar geta ekki notið venjulegrar fræðsluskipunar.

9. gr.

Skólahúsnæði og aðstaða í skólum í eigu opinberra aðila skal að öðru jöfnu standa fræðsluaðilum til boða á þeim tímum þegar almenn kennsla eða starf í skólanum liggur niðri. Fræðsluaðila ber að semja um slík afnot við stjórnendur skóla. Um skiptingu kostnaðar og aðra notkun skólahúsnæðis til fullorðinsfræðslu skal setja ákvæði í reglugerð.

10. gr.

Sá sem hefur með höndum almenna fullorðinsfræðslu og fær til þess fjárstuðning samkvæmt lögum þessum ber ábyrgð á þeirri fræðslu sem veitt er og að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum. Kveða skal nánar á um þennan þátt í reglugerð.

IV. KAFLI
Fjármál.

11. gr.

Stofna skal menntunarsjóð fullorðinna. Tekjur sjóðsins eru:

a. Framlag ríkissjóðs á fjárlögum ár hvert.
b. Aðrar tekjur er sjóðurinn kann að hafa, t.d. með útgáfu og sölu á námsefni eða annarri þjónustu.

Menntunarsjóður fullorðinna er í umsjón menntamálaráðuneytis. Nefnd um almenna fullorðinsfræðslu er jafnframt stjórn sjóðsins. Nánar skal kveðið á um starfsemi sjóðsins í reglugerð.

12. gr.

Stjórn menntunarsjóðs fullorðinna úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Fræðsluaðili er njóta vill styrks úr menntunarsjóði sækir um það til sjóðstjórnar. Hann skal leggja fram áætlun um þá fræðslu sem hann hyggst bjóða á komandi missiri, fyrir 1. júní vegna haustmissiris og fyrir 1. nóvember vegna vormissiris. Heimilt er að áskilja í reglugerð að fræðsluaðili fullnægi tilteknum skilyrðum til að geta fengið styrk, svo sem um námsaðstöðu, kennslukrafta eða námsefni. Heimilt er að veita tiltekinni menntun forgang að styrkjum.

Styrki til fullorðinsfræðslu má veita

a. fræðsluaðilum,
b. fjölmiðlum eða fræðsluaðila er samvinnu hefur við fjölmiðil um verkefni á sviði almennrar fullorðinsfræðslu,
c. til þróunarverkefna og útgáfu á vegum nefndar um almenna fullorðinsfræðslu eða fræðsluaðila,
d. til annarra verkefna á sviði almennrar fullorðinsfræðslu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

Nánari ákvæði um úthlutun styrkja skal setja í reglugerð.

13. gr.

Námsefni, sem samið er með tilstyrk menntunarsjóðs fullorðinna, skal vera öðrum fræðsluaðilum til frjálsra afnota, enda beri þeir ábyrgð á að notkun þeirra á efninu brjóti ekki í bága við höfundarétt.

14. gr.

Fræðsluaðilum, sem rétt eiga á styrk samkvæmt lögum þessum, er skylt að veita menntamálaráðuneytinu upplýsingar um það nám sem boðið hefur verið upp á. Nánari ákvæði um þetta skal setja í reglugerð.

V. KAFLI
Um gildistöku og reglugerðir.

15. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð, þar á meðal um afmörkun og gildissvið, að fengnum tillögum nefndar um almenna fullorðinsfræðslu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lögin skal endurskoða eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram sem stjórnarfrumvarp á 112. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Frumvarpið var lagt fram öðru sinni á 113. löggjafarþingi. Þá höfðu verið gerðar breytingar á 15. gr. sem varð 16. gr. þar sem bætt hafði verið við nýrri grein, 14. gr., um upplýsingaskyldu. Að öðru leyti var frumvarpið óbreytt. Frumvarpið varð eigi að lögum.

Frumvarpið er nú lagt fram í þriðja sinn. Það er óbreytt frá fyrri gerð nema 3. gr. hefur verið endurskoðuð.

Inngangur.

Með bréfi dagsettu 14. apríl 1988 skipaði Sverrir Hermannsson, þáverandi menntamálaráðherra, eftirtalda í nefnd um fullorðinsfræðslu: Karl Kristjánsson, deildarsérfræðing í menntamálaráðuneyti, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Birnu Bjarnadóttur, skólastjóra Bréfaskólans, Guðrúnu Halldórsdóttur, forstöðumann Námsflokka Reykjavíkur, Margréti S. Björnsdóttur, endurmenntunarstjóra við Háskóla Íslands, Þuríði Magnúsdóttur, forstöðumann Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins, og Helga Guðmundsson, þáverandi formann Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Í júní 1988 tók Guðrún Friðgeirsdóttir, skólastjóri Bréfaskólans, við af Birnu Bjarnadóttur er látið hafði af starfi við skólann.

Nefndinni var m.a. ætlað að vera menntamálaráðuneytinu til ráðgjafar um fullorðinsfræðslumálefni og undirbúa tillögur um skipan þeirra mála.

Í maí 1989 fól Svavar Gestsson, þáverandi menntamálaráðherra, nefndinni að semja frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, en áður höfðu menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra komið sér saman um að starfsmenntun í atvinnulífinu skyldi heyra undir félagsmálaráðuneyti en öll önnur fullorðinsfræðsla undir menntamálaráðuneyti.

Um líkt leyti fól Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra nefnd að semja frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu. Náið samráð var á milli nefndanna með því að Gylfi Kristinsson, formaður nefndar félagsmálaráðherra, tók sæti í fullorðinsfræðslunefnd og Karl Kristjánsson tók sæti í nefnd um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Guðný Helgadóttir kom aftur til starfa í menntamálaráðuneytinu í nóvember 1989 og tók þá sæti í nefndinni.

Við samningu þessa frumvarps hafði nefndin haldið 20 fundi. Á lokastigi starfaði Helgi Guðmundsson tímabundið fyrir nefndina.

Fullorðinsfræðsla.

Notkun hugtaka um þetta svið menntunar hefur verið nokkuð á reiki. Hér er valinn sá kostur að nota orðið *fullorðinsfræðsla* sem samheiti en greina fræðsluna í starfsmenntun í atvinnulífinu annars vegar og almenna fullorðinsfræðslu hins vegar. Með starfsmenntun í atvinnulífinu er átt við menntun sem fólk á vinnumarkaði aflar sér í því skyni að bæta eða auka þekkingu sína og færni til starfs, eða vegna breytinga á störfum og starfsháttum. Almenn fullorðinsfræðsla tekur til allrar annarrar fræðslu fyrir fullorðna hvort sem hún fer fram á vegum skóla, svo sem í öldungadeildum framhaldsskóla, eða annarra.

Frumvarp þetta tekur til þeirrar almennu fullorðinsfræðslu sem fram fer utan skólakerfisins, með þeim takmörkunum sem fram koma í frumvarpinu og reglugerðum sem kunna að verða settar.

Almenn fullorðinsfræðsla og starfsmenntun í atvinnulífinu.

Á undanförnum árum hafa verið samin nokkur frumvörp um fullorðinsfræðslu sem ekki hafa náð fram að ganga. Þeirra viðamest er frumvarp frá árinu 1974. Árið 1980 var síðast lagt fram frumvarp um fullorðinsfræðslu. Það var samið af nefnd er Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra skipaði árið 1978. Frumvarpið var lagt fram af Vilmundi Gylfasyni, þáverandi menntamálaráðherra, í febrúar 1980 en hlaut ekki afgreiðslu.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar breytingar á fullorðinsfræðslu. Framboðið hefur aukist og þátttakan einnig. Einna mest hefur breytingin orðið á starfsmenntun í atvinnulífinu þar sem átak hefur verið gert til að mennta ófaglært fólk í atvinnugreinum. Stærsta átakið í þeim efnum er í fisk-, vefjar- og matvælaiðnaði.

Á hinn bóginn hefur mjög skort á að til væru samræmdar reglur um fyrirkomulag náms fyrir fullorðna. Aðstöðumunur eftir landshlutum og starfsstéttum er einnig mikill. Víða um land er ekki boðið upp á neina fræðslu fyrir fullorðna í heimabyggð og í stuttu máli má segja að þær starfsstéttir, sem mesta menntunina hafa fyrir, hafi besta aðstöðu til að bæta við menntun sína.

Fullorðinsfræðsla fer aðallega fram með eftirfarandi hætti:

Almenn fullorðinsfræðsla.

1. Fræðsla sem fullorðnum stendur til boða í skólakerfinu, t.d. í öldungadeildum framhaldsskóla og námskeið á vegum annarra skóla. Ekki liggur fyrir hve miklu ríkið kostar til þessarar starfsemi en hér er um verulegar fjárhæðir að ræða.
2. Tómstundanám af ýmsu tagi er boðið af mörgum aðilum. Nefna má dæmigerð tómstundanámskeið sem ekki tengjast skólagöngu eða starfi, svo sem í tungumálum, listum, tölvunotkun og fjölmörgu fleira. Nám af þessu tagi bjóða mjög margir aðilar, svo sem framhaldsskólar, námsflokkar, fræðslusamtök, einkaskólar og einstaklingar. Enda þótt námið sé ekki beinlínis tengt skólagöngu eða starfi leiðir það mjög oft til þess að þátttakendur taka að stunda nýtt nám eða auka við starfsþekkingu sína.

Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Starfsmenntun í atvinnulífinu sem ýmsir starfshópar eiga kost á. Hér má nefna námskeið fyrir fiskvinnslufólk, starfsfólk í fataiðnaði og vinnuvélamenn, eftirmenntun iðnaðarmanna, eftirmenntun háskólamanna, námskeið á vegum Iðntæknistofnunar o.fl. Starfsmenntunin er boðin af mörgum aðilum, innan fyrirtækja og utan. Fjárveitingar til starfsmenntunar eru afar mismunandi og aðstæður starfshópanna til að nýta sér hana einnig. Ríkið hefur veitt talsvert fé til þessarar starfsemi, bæði með samningum við sína starfsmenn og sem þriðji aðili að samningum á hinum almenna vinnumarkaði. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um kostnað við starfsmenntun.

Auk þess má nefna margvíslega félagslega menntun sem aðilar á vinnumarkaði bjóða fólki upp á.

Aðstaða nemenda til að taka þátt í almennri fullorðinsfræðslu eða starfsmenntun í atvinnulífinu er afar mismunandi. Þeir sem lakast eru settir eiga ekki kost á neinum styrkj-

um og verða að sækja námið utan vinnutíma eða verða af vinnulaunum ella. Á hinn bóginn eiga allstórir hópar kost á verulegum styrkjum, allt upp í að allur kostnaður sé greiddur af endurmenntunarsjóðum og vinnuveitendum, þar með talið ferðakostnaður og vinnulaun.

Öldungadeildir framhaldsskóla falla ekki undir frumvarp þetta, enda er fjallað um fullorðinsfræðslu framhaldsskólanna í lögum um framhaldsskóla. Í framhaldsskólalögunum og reglugerð um framhaldsskóla er gerð grein fyrir hvernig fjárveitingum til þeirrar starfsemi skuli háttað.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, fjallar því næstum eingöngu um þann hluta fullorðinsfræðslu er fram fer utan hins almenna skólakerfis og nefnd er almenn fullorðinsfræðsla. Þó fjallar kaflinn um yfirstjórn fullorðinsfræðslu að hluta um starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. athugasemd við 3. gr. Rétt er að leggja áherslu á að við setningu laga um starfsmenntun í atvinnulífinu og samningu reglugerða á grundvelli hvoru tveggja laganna er nauðsynlegt að gæta fyllsta samræmis þannig að öll fullorðinsfræðsla eigi heima undir tilteknum lögum og geti notið tilstyrks sem í þeim lögum felst.

Nokkur orð um fullorðinsfræðslu annars staðar á Norðurlöndum.

Fullorðinsfræðsla á sér langa hefð í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Það er sameiginlegt löndunum að framboðið er mikið og þátttaka einnig. Ætla má að um 20–25% fólks á vinnumarkaði taki árlega þátt í einhvers konar fullorðinsfræðslu. Í mörgum tilvikum greiða þátttakendur ekkert fyrir námið og í sumum greiða þeir sem nemur þriðjungi kennslukostnaðar.

Í Svíþjóð hefur launafólk lögbundinn rétt til að fá leyfi frá störfum til að stunda nám. Einnig getur það samkvæmt lögum sótt um styrki og lán vegna náms. Í Finnlandi eru lög um lán og styrki fyrir fullorðna. Í Danmörku voru á árinu 1989 samþykkt lög um styrki til fullorðinna með stutta skólagöngu sem óska eftir að sækja nám í vinnutímanum. Geta þeir fengið styrk sem nemur hæsta taxta atvinnuleysisdagpeninga í 16 vikur til að stunda fullt nám og samsvarandi ef náminu er dreift á lengri tíma.

Ríki, sveitarfélög, aðilar vinnumarkaðarins, fræðslusamtök og fyrirtæki hafa fullorðinsfræðslu með höndum. Á seinni árum hefur hlutur fyrirtækjanna farið vaxandi vegna breyttrar tækni og nýrrar framleiðslu þar sem nauðsynlegt er að endurmennta og þjálfa starfsfólk í ljósi breyttra aðstæðna. Þess má geta að tilkoma svonefndra "förnyelsesfonder" í Svíþjóð, sem fyrirtæki urðu að greiða ákveðinn hluta af hagnaði sínum í, jók mjög endurmenntun í tengslum við atvinnulífið.

Í öllum löndunum renna háar fjárhæðir til fullorðinsfræðslu. Á næstu árum og áratugum er gert ráð fyrir að þörf verði á auknu fé í þessu skyni. Féð kemur í aðalatriðum úr fjórum áttum þ.e. framlög ríkis og sveitarfélaga, gjaldtaka af atvinnurekendum og launafólki og frá fyrirtækjum sem sjálf hafa með höndum mikla starfsmenntun vegna starfsemi sinnar. Má t.d. geta þess að árið 1987 var varið rúmum 3 milljörðum danskra króna, þ.e. um 30 milljörðum íslenskra króna, til almennrar fullorðinsfræðslu í Danmörku. Þá er ekki talin með starfsmenntun í tengslum við atvinnulífið.

Reglur um fjárveitingar og styrki til einstaklinga eru margvíslegar og margbrotnar. Þeim fylgir því mikil skriffinnska sem þeir er með fullorðinsfræðsu fara telja að sé óæskileg. Þó ber að leggja áherslu á að þetta kemur ekki í veg fyrir að fullorðinsfræðsla blómstri í löndunum, enda er þörf og eftirspurn aðalhvatinn.

Efni frumvarpsins.

Talið er rétt að forðast beri flóknar reglur um fullorðinsfræðslu og ekki sé ástæða til að lögfesta viðamikið stjórnkerfi í kring um þetta menntunarstig. Mikilvægt er að fullorðinsfræðslulög drepi ekki í dróma það frumkvæði sem þegar er fyrir hendi á þessu sviði hjá samtökum, fyrirtækjum, skólum og einstaklingum, heldur hið gagnstæða. Löggjöfin ætti heldur ekki að leiða til óæskilegrar miðstýringar eða óþarfa skriffinnsku. Í annan stað ætti skólakerfið að starfa eins og kostur er með hinum fjölmörgu aðilum sem fást við fullorðinsfræðslu. Með þeim hætti yrði til fjölbreytt framboð á skipulegri fræðslu fyrir fullorðna og reynt að gæta þess að þekking, húsa- og tækjakostur og námsgögn nýtist sem best.

Með frumvarpi þessu er leitast við að ná fram fyrrgreindum markmiðum en jafnframt lögð áhersla á að löggjöf um almenna fullorðinsfræðslu leiði til bættrar aðstöðu fyrir þá þjóðfélagshópa sem minnsta menntun hafa haft og lakasta námsaðstöðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni koma fram markmið laganna sem beinast að hvoru tveggja: að stuðla að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar og að skapa fullorðnum einstaklingum almennt betri skilyrði til að taka þátt í fullorðinsfræðslu. Jafnframt er stefnt að því að skapa fræðsluaðilum betri starfsskilyrði þannig að þeir geti boðið fullorðnu fólki upp á fjölbreytta kosti. Þá kemur einnig fram í greininni að fullorðinsfræðsla miði að því að auka persónulegan þroska og hæfni einstaklingsins, sem og þörf samfélagsins fyrir aukna menntun og starfshæfni.

Um 2. gr.

Í greininni kemur fram að lögin taki til almennrar fullorðinsfræðslu, þ.e. náms á grunn-, framhalds- eða háskólastigi sem skipulagt er sérstaklega fyrir fullorðna og ekki er fjallað um í öðrum lögum, einnig til almennrar lýðfræðslu og tómstundanáms, svo og þróunarstarfs innan almennrar fullorðinsfræðslu. Í þessu sambandi er rétt að vekja enn athygli á nauðsyn á heildaryfirsýn. Því þarf að skoða greinina í ljósi frumvarps um starfsmenntun í atvinnulífinu þar sem frumvörpunum er saman ætlað að ná yfir alla fullorðinsfræðslu utan skólakerfisins.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðherra skipi fullorðinsfræðsluráð sem hafi það meginhlutverk að vera stjórnvödum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu. Í 4. gr. eru frekari ákvæði um verkefni ráðsins.

Ekki er talið rétt að binda í lögum samsetningu og stærð ráðsins þar sem slíkt getur verið háð aðstæðum á hverjum tíma. Þykir því rétt að ákvæði um þetta verði sett í reglugerð.

Í greininni er kveðið á um að fullorðinsfræðsluráð fjalli um allar greinar fullorðinsfræðslu. Vonast er til að þetta fyrirkomulag leiði til nauðsynlegs samræmis og samstarfs þeirra er fást við fullorðinsfræðslu. Þetta er m.a. nauðsynlegt til að hafa áhrif á að fjármunir, aðstaða, námsgögn og þekking nýtist sem best.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um verkefni fullorðinsfræðsluráðs. Ráðið á að vera stjórnvöld-

um til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu, svo sem námsframboð, forgang verkefna og hópa. Auk þess lúta verkefni ráðsins að söfnun og miðlun upplýsinga um fullorðinsfræðslu, bæði starfsmenntun og almenna fullorðinsfræðslu, samræmingu á námsefni, námsframboði og faglegu mati á þeirri fræðslu sem í boði er, samstarfi milli skóla og annarra fræðsluaðila, að því að stuðla að betri menntun kennara og leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu og að vera menntamálayfirvöldum og fræðsluaðilum til ráðuneytis.

Menntamálaráðuneytið og fullorðinsfræðsluráð þurfa að verða miðstöð fyrir upplýsingar um fullorðinsfræðslu. Því er nauðsynlegt að í ráðuneytinu hafi tilteknir aðilar málefni fullorðinsfræðslu á sinni könnu.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að skipuð verði fastanefnd um almenna fullorðinsfræðslu sem verði menntamálaráðuneyti og fræðsluaðilum til ráðuneytis og aðstoðar. Þetta er í samræmi við það sem lagt er til í frumvarpi um starfsmenntun í atvinnulífinu og felur í sér að á vegum hvors ráðuneytis, menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, starfi sérstakir samstarfshópar um hvort svið fullorðinsfræðslu fyrir sig. Skipunartími nefndarinnar verði hinn sami og fullorðinsfræðsluráðs.

Um 6. gr.

Í greininni eru verkefni nefndar um almenna fullorðinsfræðslu nánar skilgreind, en þau eru að vera menntamálaráðuneyti og fræðsluaðilum til ráðuneytis um framkvæmd, þar með talið námsframboð almennrar fullorðinsfræðslu, að vera tengiliður milli menntamálaráðuneytis og fræðsluaðila, að fara með stjórn menntunarsjóðs fullorðinna og annast styrkveitingar úr sjóðnum, að stuðla samnýtingu og útgáfu námsefnis og beita sér fyrir útgáfu upplýsingarita. Nefnd um almenna fullorðinsfræðslu mun gegna veigamiklu hlutverki þar sem gert er ráð fyrir að í henni verði einstaklingar er séu í nánu sambandi við það sem er að gerast á sviði almennrar fullorðinsfræðslu á hverjum tíma. Nefndin á ekki að sinna málefnum starfsmenntunar en hefur væntanlega mikla samvinnu við nefnd um starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. skipun í fullorðinsfræðsluráð.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um að meta skuli vitnisburð frá fræðsluaðilum utan skólakerfisins jafngildan vitnisburði skólans eftir því sem við getur átt.

Segja má að úrval þess sem stendur til boða af almennri fullorðinsfræðslu sé orðið býsna fjölbreytt. Fræðslan er hins vegar misjöfn að gæðum og mörg dæmi eru um að ekkert samband sé á milli skólanáms og þess sem fræðsluaðilar bjóða enda þótt það sé kynnt sem ígildi skólanáms. Því er mikilvægt að taka af tvímæli um mat á námi utan skólakerfisins á sama mælikvarða og það er skólarnir bjóða svo að nemendur geti verið vissir um að námið sé sambærilegt þar sem til þess er ætlast. Því þarf menntamálaráðuneytið að setja reglur um þetta. Ef upp kemur ágreiningur um námsmat er lagt til að honum sé vísað til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar og að niðurstaða ráðuneytisins sé bindandi.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um að fræðsluaðili skuli skipuleggja framboð sitt með tilliti til þeirra er vegna fötlunar sinnar geta ekki hagnýtt sér námið á sama hátt og aðrir. Slíkar þarfir

geta tekið til margra þátta, svo sem námsefnis, sérkennslu á vissum sviðum, aðstöðu og stærðar námshópa o.fl. Við skipulagningu námsins ber því jafnan að hafa í huga að það standi öllum til boða og leita leiða til að námsefni og námsaðstaða geti hentað þessum hópum sem öðrum þannig að þeir blandist öðrum hópum í námi, svo sem kostur er. Eitt af mikilvægum verkefnum menntunarsjóðs fullorðinna er að greiða fyrir því með styrkveitingum að fatlaðir geti notið sömu fræðslu og aðrir.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um heimild fræðsluaðila til afnota af því skólahúsnæði sem er í eigu opinberra aðila. Mikilvægt er að gott samstarf takist milli skóla og fræðsluaðila um notkun aðstöðu og húsnæðis skóla. Eðlilegt er að skólar, sem hýsa kennslu á vegum annarra, fái greiddan þann kostnað sem af því hlýst. Í greininni er gert ráð fyrir að reglur þar að lútandi verði settar í reglugerð.

Um 10. gr.

Greinin er um ábyrgð fræðsluaðila á þeirri fræðslu er hann býður fram. Nauðsynlegt er að þessi ábyrgð fari ekki milli mála, ekki síst til þess að nemandi geti reitt sig á að það nám, er hann sækir, sé metið í skólakerfinu eða sé nokkurs virði á vinnumarkaði. Lagt er til að frekari ákvæði um hvað felst í þessari ábyrgð verði sett í reglugerð.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að stofnaður verði menntunarsjóður fullorðinna. Til sjóðsins renni framlög úr ríkissjóði ásamt öðrum tekjum sem sjóðnum er heimilað að afla sér með útgáfu o.fl. Framlag ríkissjóðs verði ákveðin í fjárlögum hvers árs.

Nefnd sú, sem vann drög að frumvarpinu, lagði til að framlag ríkissjóðs yrði ekki lægra en sem nemur 5% af framlagi til framhaldsskóla. Í umfjöllun ráðuneytisins um frumvarpsdrögin var ákveðið að breyta þessu atriði til samræmis við ósk fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Þá er í greininni ákveðið að nefnd um almenna fullorðinsfræðslu skuli vera stjórn sjóðsins og að hann verði í umsjón menntamálaráðuneytis.

Um 12. gr.

Í greininni er ákveðið að stjórn menntunarsjóðs fullorðinna veiti styrki til almennrar fullorðinsfræðslu í samræmi við reglugerð þar að lútandi. Að samþykktum fjárlögum á nefndin að geta gefið fyrirheit um styrkveitingar í stórum dráttum og tekið ákvarðanir um hvaða þætti leggja þarf áherslu á.

Við úthlutun úr menntunarsjóði má veita tiltekinni menntun forgang. Þetta er lagt til í því skyni að veita megi þeim sem minnsta menntun hafa hlotið greiðari leið að nýrri þekkingu.

Úr menntunarsjóði fullorðinna rennur fyrst og fremst fé til þeirra sem sjá um og skipuleggja fullorðinsfræðslu. Þá er sjóðnum ætlað að veita fé til þróunarstarfs, skipulags- og undirbúningsvinnu, samninga og útgáfu námsefnis og til greiðslu stjórnunar- og kennslukostnaðar.

Þá er heimilt að veita fjölmiðlum eða öðrum, sem vinna með fjölmiðlum að fullorðinsfræðsluverkefnum, styrki til þeirra. Hér er um að ræða verulega breytingu frá eldri frumvörpum en í þeim hefur jafnan verið fjallað eingöngu um Ríkisútvarpið. Hér þykir ekki ástæða til að fjalla um Ríkisútvarpið og er vísað til 9. gr. frumvarps til útvarpslaga

þar sem segir: „Ríkisútvarpið skal starfrækja kennsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum. Nánar skal kveðið á um þá starfsemi í reglugerð.“ Verður því að gera ráð fyrir að stofnuninni verði tryggðar fjárveitingar til kennsluútvarps (fræðsluvarps) eftir öðrum leiðum en aðrir fjölmiðlar geti á hinn bóginn fengið stuðning til fullorðinsfræðslu úr menntunarsjóði fullorðinna.

Þetta er eðlilegt nýmæli frá fyrri frumvörpum þar sem nú eru komnir til sögunnar nýir miðlar sem sjálfsagt er að reikna með að taki upp skipulega fullorðinsfræðslu í framtíðinni og að þeir geti fengið styrk til hennar líkt og aðrir fræðsluaðilar.

Markmiðið með styrkveitingunum er að stuðla að fjölbreyttu framboði á sviði fullorðinsfræðslu, draga úr kostnaði nemandans við námið og stuðla að því að jafna aðstöðu fullorðinna er hug hafa á skemmra eða lengra námi. Þá er gert ráð fyrir að veita styrki til þróunarverkefna og námsgagnagerðar en oft skortir talsvert á að fræðsluaðilar hafi nauðsynlegt bolmagn til slíkra verkefna. Þá hefur sjóðstjórn svigrúm til að veita styrki til annarra verkefna sem hún metur mikilvæg.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um samnýtingu námsefnis. Þeim er nýtur styrks til námsefnisgerðar er gert að heimila öðrum fræðsluaðilum afnot af efninu, enda verði hinir nýju notendur ábyrgir fyrir því að notkun þeirra á efninu brjóti ekki í bága við höfundarétt. Oft hefur verið á það bent að námsefni í fullorðinsfræðslu nýtist ekki sem skyldi og verið sé að semja sambærilegt námsefni á mismunandi stöðum á sama tíma. Þeir sem annast skylda fræðslu hafi ekki alltaf greiðan aðgang að slíku efni. Með greininni er gerð tilraun til að ráða bót á þessu.

Um 14. gr.

Markmið greinarinnar er að gera yfirvöldum kleift að krefjast upplýsinga frá fræðsluaðilum, m.a. um framkvæmd námsins og þátttöku í því.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast varla skýringa.

Um 16. gr.

Þar sem að ýmsu leyti um er að ræða nýtt viðfangsefni er talið æskilegt að endurskoða lögin, að fenginni reynslu, eigi síðar en að fjórum árum liðnum.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um almenna fullorðinsfræðslu.

(24. mars 1992.)

Frumvarpið fjallar nær eingöngu um þann hluta fullorðinsfræðslu sem fram fer utan hins almenna skólakerfis og nefnd er almenn fullorðinsfræðsla. Ef frumvarp þetta verður að lögum getur það haft nokkurn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð í för með sér en framlag til almennrar fullorðinsfræðslu er 15,9 m.kr. í fjárlögum 1992 (02–440 Fullorðins-

fræðsla). Erfitt er að áætla nákvæmar fjárhæðir en kostnaðaráhrifin koma helst fram í eftirfarandi greinum frumvarpsins:

3. gr. Menntamálaráðherra skipar fullorðinsfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Kveða skal á um skipan ráðsins í reglugerð.
5. gr. Menntamálaráðherra skipar fimm menn í nefnd um almenna fullorðinsfræðslu til fjögurra ára í senn.
9. gr. Skólahúsnæði og aðstaða í skólum í eigu opinberra aðila skal að öðru jöfnu standa fræðsluaðilum til boða á þeim tímum þegar almenn kennsla eða starf í skólanum liggur niðri. Um skiptingu kostnaðar skal setja ákvæði í reglugerð.
11. gr. Stofna skal menntunarsjóð fullorðinna og tekjur sjóðsins eru m.a. framlag ríkissjóðs á fjárlögum ár hvert.

Einnig má gera ráð fyrir að verði frumvarpið að lögum þýði það aukna vinnu í menntamálaráðuneyti hvort sem það birtist í fjölgun stöðugilda eða aukinni yfirvinnu.

Ef tekið er mið af tilgreindum hlutverkum fullorðinsfræðsluráðs og nefndar um almenna fullorðinsfræðslu er það mat fjármálaráðuneytis að kostnaðarauki vegna 3. og 5. gr. og vegna aukinnar vinnu í menntamálaráðuneyti sé varlega áætlaður 5–10 m.kr. Kostnaðaráhrif af 9. gr. er ekki hægt að spá fyrir um. Ef ákvæðum um menntunarsjóð verður fylgt að miklu eða öllu leyti má gera ráð fyrir að framlag ríkissjóðs þurfi að vera einhverjir tugir milljóna króna á ári hverju. Ekki er ljóst hversu stór hluti kostnaðar vegna fullorðinsfræðslu í fjárlögum 1992 fellur niður á móti, en þar er m.a um að ræða styrkveitingar sem falla undir ákvæði um menntunarsjóðinn.

Í frumvarpi þessu er þeirri spurningu ósvarað hvort eða hver þátttaka væntanlegra nemenda í kostnaði eigi að vera. Í því samhengi er bent á að í lögum um framhaldsskóla nr. 57/1988, með síðari breytingum, er kveðið á um að nemendur í öldungadeildum skulu greiða sem svarar til sem næst þriðjungs kennslulauna.

Vakin er athygli á hvernig frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, sem lagt var fram á þessu þingi, tengist þessu frumvarpi. Þar er tekið á menntun sem fólk á vinnumarkaði aflar sér í því skyni að bæta eða auka þekkingu sína og færni til starfs. Frumvarp til laga um almenna fullorðinsfræðslu tekur til allrar annarrar fræðslu fyrir fullorðna. Þessar tvær greinar fullorðinsfræðslu tengjast með skipan fullorðinsfræðsluráðs sem kveðið er á um í þessu frumvarpi og er ráðinu ætlað að fjalla um allar greinar fullorðinsfræðslu. Í fjárlögum 1992 er fjárveiting að upphæð 48 m.kr. til starfsmenntunar í atvinnulífinu.

Fylgiskjal II.

Niðurstaða viðræðna fulltrúa félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis um fullorðinsfræðslu.

(24. febrúar 1989.)

Fulltrúar félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis hafa samkvæmt samkomulagi félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra komið saman til fjögurra funda í því skyni að ræða samstarf á sviði fullorðinsfræðslu. Í viðræðunum hafa tekið þátt: Gerður G. Óskarsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Gylfi Kristinsson, Helgi Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Þráinn Hallgrímsson og Þuríður Magnúsdóttir. Á framangreindum fundum hafa verið lögð fram eftirfarandi skjöl:

a. Erindi um samhæfingu í endurmenntun og fullorðinsmenntun með stofnun símenntunarnefndar (menntamálaráðuneytið).
b. Erindasafn um starfsmenntun í atvinnulífinu (félagsmálaráðuneytið).
c. Álitsgerð um starfsmenntun í atvinnulífinu (félagsmálaráðuneytið).
d. Ábendingar um efni hugsanlegra fullorðinsfræðslulaga (menntamálaráðuneytið).

Á viðræðufundunum hefur einkum verið rætt um það hvort hugsanlegt sé að setja heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu sem m.a. taki til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Einnig hefur verið rætt um tillögur um samhæfingu í endurmenntun og fullorðinsfræðslu með stofnun símenntunarráðs. Niðurstaðan úr viðræðunum er eftirfarandi:

Viðræðunefndin hefur fjallað um *ábendingar um efni hugsanlegrar fullorðinsfræðslulaga* og álitsgerð um *starfsmenntun í atvinnulífinu*. Einkum hefur verið rætt um það hvort gerlegt sé að setja eina löggjöf sem taki til allrar fullorðinsfræðslu, þar með talinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu eins og hún er skilgreind í álitsgerð vinnuhóps á vegum félagsmálaráðuneytisins. **Eftir ítarlegar umræður er niðurstaðan sú að rétt sé að sett verði sérstök löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu sem heyri til verksviðs félagsmálaráðuneytisins og önnur um fullorðinsfræðslu er heyri til verksviðs menntamálaráðuneytisins.** Meginröksemdin fyrir niðurstöðunni byggist á því að til starfsmenntunar í atvinnulífinu er oft stofnað með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem í sumum tilvikum skuldbinda sig til að standa straum af hluta kostnaðar. Forsendur slíkra samningsákvæða eru breytingar á vinnumarkaðinum vegna tæknibreytinga eða af öðrum ástæðum. Hér er því fyrst og fremst um vinnumarkaðsmálefni að ræða þar sem forsendur áranguis eru sem mest áhrif aðila vinnumarkaðarins á alla framkvæmd.

I. Löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Í samræmi við framangreint mundi löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu skiptast í eftirfarandi kafla.

1. Markmið og skilgreiningar.

Í þessum kafla komi fram markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu. Samkvæmt álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins er það tvíþætt:

Markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu er að bæta verkmenntun og vinnuumhverfi, auka framleiðni fyrirtækja og treysta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaðinum með því að gera honum kleift að takast á við ný eða breytt verkefni í kjölfar nýrrar tækni eða laga sig að breyttum atvinnuháttum.

Markmið starfsmenntunar í atvinnulífinu er einnig að auka virkt atvinnulýðræði með því að búa starfsmenn undir þátttöku og ábyrgð í stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Enn fremur komi fram skilgreining á heitinu *starfsmenntun í atvinnulífinu*. Í álitsgerð vinnuhópsins er átt við skipulegt nám (námskeið) sem fólk á vinnumarkaði stundar í því skyni að bæta eða auka færni sína og þekkingu til þeirra starfa sem það fæst við eða vegna breytinga á störfum og starfsháttum. *Starfsmenntun í atvinnulífinu* tekur til endurmenntunar hópa og einstaklinga, svo og viðbótarmenntunar (eftirmenntunar) faglærðra og grunnmenntunar ófaglærðra sem fram fer á vinnumarkaðinum.

2. Yfirstjórn.

Í þessum kafla komi fram stjórn og eftirlit með þeirri starfsmenntun sem nýtur stuðnings samkvæmt lögunum. Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirrar fræðslu sem

fjallað er um í lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu, sjá nánar álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins, bls. 25–27.

3. Fjármál.

Hér verði lögð áhersla á stofnun sjóðs sem geti fengið tekjur eftir ýmsum leiðum, sbr. álitsgerð vinnuhóps félagsmálaráðuneytisins, bls. 28–29. Lögð verður áhersla á að þær umsóknir, sem byggjast á að samtök aðila vinnumarkaðarins leggi fram fé eða aðra fyrirgreiðslu, njóti ákveðins forgangs um opinberan stuðning.

4. Ýmis ákvæði.

Í þessum kafla verði m.a. ákvæði um eftirlit með framkvæmd námskeiða sem stofnað er til eftir lögunum, upplýsingaskyldu þeirra sem hljóta stuðning o.fl.

Einnig verði kveðið á um mat á námi sem stundað er innan ramma laga um starfsmenntun í atvinnulífinu til áfanga í almenna skólakerfinu og þá verði vísað til reglna sem menntamálaráðuneytið setur.

Enn fremur verði vísað til reglna sem menntamálaráðuneytið setur varðandi notkun skólahúsnæðis til námskeiðahalds sem kostað er með opinberum stuðningi.

II. Lög um fullorðinsfræðslu.

Lögin taki til allra sviða fullorðinsfræðslu að undanskilinni starfsmenntun í atvinnulífinu. Fullorðinsfræðsla greinist í þrjá aðalþætti:

1. Almennt nám sem er hliðstætt því sem boðið er á öllum stigum skólakerfisins. Í aðalatriðum mundu viðkomandi skólar bjóða þetta nám og um það gildi einnig í öllum megindráttum sömu kröfur og gerðar eru á viðkomandi skólastigi. Auk skólanna gætu aðilar eins og námsflokkar og fullorðinsfræðslusamtök boðið upp á almennt nám.

2. Vinnumarkaðsmenntun. Hér er aðallega um að ræða fræðslu sem boðin er fólki á vinnumarkaði og tengd er störfum þess. Hér getur verið um að ræða starfsmenntun vegna starfa sem fólk er í, endurmenntun vegna nýrra starfa og félagsleg menntun, t.d. fyrir trúnaðarmenn og þá sem gegna störfum fyrir aðila vinnumarkaðarins o.fl. Um þennan þátt fullorðinsfræðslu leggur nefndin til að sett verði sérstök löggjöf, sbr. það sem segir í kafla I.

3. Frjálst nám sem ekki heyrir til liðum 1 og 2. Undir það heyrir hvers konar frístundanám sem fólk vill afla sér, án þess að stefna að prófum, sem varðar starf þess. Hér má nefna tungumálanám, nám á listasviði og fjöldamargt annað.

Í fyrsta kafla löggjafar um fullorðinsfræðslu yrðu almenn ákvæði um markmið laganna, um framkvæmd fullorðinsfræðslu, notkun þeirrar aðstöðu sem til er í skólum ríkis og sveitarfélaga, samband við Ríkisútvarp, fjarnám o.fl. Hér yrði einnig fjallað um gerð námsgagna, sérstakar þarfir afmarkaðra hópa, t.d. fatlaðra o.fl.

Í öðrum kafla verði ákvæði um fullorðinsfræðsluráð og yfirstjórn fullorðinsfræðslu í landinu. Í ráðinu gætu átt sæti fulltrúar ráðuneyta sem fara með málefni sem snerta fullorðinsfræðslu auk fulltrúa þeirra aðila sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu utan skólakerfisins. Til greina gæti komið að ráðið yrði samsett úr þremur hópum sem hver hefði með höndum yfirumsjón með sínum þætti fullorðinsfræðslu, sbr. I. kafla. Hér yrði einnig kveðið á um verkefni fullorðinsfræðsluráðs.

Verkefni fullorðinsfræðsluráðs verði:
— að hafa upplýsingar um endurmenntun og fullorðinsfræðslu í landinu, standa fyrir útgáfu upplýsingarita og hafa í því sambandi samskipti við stofnanir, fyrirtæki og félög,
— að stuðla að lágmarkssamræmingu,
— að stuðla að mati faglegra gæða endurmenntunarnámskeiða,
— að stuðla að samstarfi við skólakerfið,
— að sjá um mat á námi í endurmenntun og fullorðinsfræðslu yfir í formlega skólakerfið,
— að hafa samstarf við kennaramenntunarstofnanir um menntun fyrir kennara í símenntun (námskeið),
— að gefa út leiðbeiningar fyrir símenntunarkennara, veita þeim ráðgjöf o.s.frv.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirrar fræðslu sem fjallað er um í lögum um fullorðinsfræðslu.

Í þriðja kafla laganna yrðu ákvæði um að ríki, sveitarfélög, fullorðinsfræðslusamtök, aðilar vinnumarkaðarins, félagasamtök og einstaklingar hafi forgöngu um fullorðinsfræðslu. Sett verði sérstök reglugerð er feli í sér almennar reglur um þau skilyrði sem fullorðinsfræðsluaðili þarf að uppfylla til að vera gjaldgengur styrkþegi. Megininntakið er að draga ekki úr frumkvæði aðila utan skólakerfisins. Fullorðinsfræðsluráð stýrir ekki fræðslustarfi slíkra aðila en hefur á hendi upplýsingaskyldu og deilir út því fjármagni sem til fullorðinsfræðslu rennur frá ríkinu ár hvert.

Í fjórða kafla yrði fjallað um fjármál. Það er almennt stefnumið að nemandi greiði ekki meira en sem nemur þriðjungi af kennaralaunum. Veitt yrði fé til þjálfunar leiðbeinenda, svo og til þróunarstarfs, og tekið fram við hvaða almennar reglur launakjör leiðbeinenda skuli miðast þegar styrkur er veittur. Aðili, sem annast fullorðinsfræðslu, sendir árlega inn áætlun um kennslumagn og fær fyrirheit um fjárveitingar í því ljósi. Að námskeiði eða námsönn lokinni sendir hann uppgjör ásamt nemendaskrá og fær greiddan út styrkinn í samræmi við það.

Hér kæmi til álita að setja inn ákvæði um greiðslu vinnutaps enda yrði samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um það efni.

III. Samtenging fullorðinsfræðslu og laga um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Eins og áður er komið fram leggur viðræðunefndin til að fullorðinsfræðslan og starfsmenntun í atvinnulífinu verði tengd með skipun fullorðinsfræðsluráðs. Ráðið verði vettvangur upplýsingamiðlunar um menntunarframboð fyrir fullorðina. Enn fremur verði í lögum um fullorðinsfræðslu og lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu tilvísanir á milli laganna til að tryggja lágmarkssamræmingu.

IV. Lokaorð.

Viðræðunefndin leggur ríka áherslu á náið samráð á milli félagmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins þegar og ef lög um framangreind málefni verða undirbúin. Þetta mætti t.d. tryggja með því að fulltrúi menntamálaráðuneytisins taki sæti í nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði til að semja lög um starfsmenntun í atvinnulífinu og fulltrúi félagsmálaráðuneytis í nefnd sem menntamálaráðherra skipaði til að semja lög um fullorðinsfræðslu.

680. Frumvarp til laga [422. mál]

um vernd barna og ungmenna.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Markmið og stjórn barnaverndarmála.

1. gr.
Markmið barnaverndar.

Markmið barnaverndar er að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði. Skal það gert með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Í barnaverndarstarfi skal jafnan það ráð upp taka sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir bestu. Skal barnaverndarstarfi hagað þannig að það stuðli að stöðugleika í uppvexti barna og ungmenna.

Með *börnum* er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en *ungmenni* eru einstaklingar 16–18 ára.

Þar sem talað er um foreldra í lögum þessum er einnig átt við aðra þá sem hafa forsjá barna með höndum, sbr. 6. mgr. 35. gr. barnalaga, nr. 9/1981.

2. gr.
Stjórn barnaverndarmála.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum félagsmálaráðuneytið, barnaverndarnefndir og barnaverndarráð og eru í lögum þessum nefnd barnaverndaryfirvöld.

3. gr.
Hlutverk félagsmálaráðuneytis varðandi barnaverndarmál.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn barnaverndarmála og skal sérstök deild innan þess annast samræmingu og heildarskipulag þeirra. Ráðuneytið skal hafa frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndar. Það skal enn fremur veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi fjölskylduvernd og úrlausn barnaverndarmála. Það skal hafa eftirlit með störfum allra barnaverndarnefnda á landinu, heimta frá þeim ársskýrslur og gefa árlega út skýrslu um starfsemi barnaverndaryfirvalda. Ræki barnaverndarnefnd ekki störf þau sem henni eru falin í lögum þessum skal ráðuneytið krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína. Ef ráðuneytinu þykir ástæða til getur það lagt fyrir barnaverndarnefnd að gera sérstakar ráðstafanir í máli hvort sem hún hefur fjallað um það áður eða ekki. Nú verður ráðuneytið þess áskynja að barnaverndarnefnd hefur kveðið upp úrskurð sem er andstæður lögum og getur ráðuneytið þá skotið málinu til endanlegs úrskurðar barnaverndarráðs.

Ráðuneytið skal hlutast til um að settar verði á fót stofnanir skv. 54. gr. laga þessara. Það hefur einnig eftirlit og umsjón með stofnunum þar sem börn eru vistuð á vegum barnaverndarnefnda. Ráðuneytið hefur yfirumsjón með vistun barna og ungmenna utan foreldrahúsa. Það skal annast fræðslustarfsemi fyrir þá sem starfa að barnaverndarmálum með útgáfustarfsemi, námskeiðum o.fl.

4. gr.

Meginþættir í starfi barnaverndarnefnda.

Forvarnir. Barnaverndarnefndir skulu setja fram tillögur og ábendingar um atriði sem stuðla að því að búa börnum og ungmennum góð uppeldisskilyrði og benda á félagsleg atriði sem eru andstæð því uppeldismarkmiði.

Eftirlit og leitarstarf. Barnaverndarnefndir skulu hafa eftirlit með aðbúnaði og hátterni barna og ungmenna í þeim tilgangi að greina sem fyrst vanda þeirra sem búa við ófullnægjandi aðstæður, sæta illri meðferð eða eiga í félagslegum erfiðleikum. Barnaverndarnefndir skulu einnig hafa sérstakt eftirlit með aðbúnaði barna sem dveljast á uppeldisstofnunum í umdæmi nefndarinnar, svo sem á dagvistum barna, sumardvalarheimilum og barnaheimilum hvers konar, að svo miklu leyti sem eftirlit er ekki falið öðrum samkvæmt lögum.

Úrræði. Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt lögum þessum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð barns eða ungmennis. Þær geta úrskurðað um töku barns af heimili og dvöl á fósturheimili eða uppeldisstofnun ef önnur úrræði þykja ekki henta til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í lögum þessum.

Önnur verkefni. Einnig hafa barnaverndarnefndir með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í öðrum lögum.

5. gr.

Sérstakar skyldur barnaverndaryfirvalda.

Barnaverndarnefndarmenn, barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðila og annað starfslið á vegum þeirra hljóta þá vernd sem opinberum starfsmönnum er tryggð og bera skyldur samkvæmt því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

II. KAFLI
Um barnaverndarnefndir.

6. gr.

Kosning og kjörgengi í barnaverndarnefnd.

Borgarstjórn í Reykjavík, héraðsnefndir og bæjarstjórnir í kaupstöðum, sem standa utan héraðsnefnda, kjósa barnaverndarnefnd. Bæjarstjórn í kaupstað, sem á aðild að héraðsnefnd, getur þó að fenginni heimild félagsmálaráðherra kosið sérstaka barnaverndarnefnd. Þar sem félagsmálaráð (félagsmálanefndir) starfa og hafa sömu umdæmismörk og barnaverndarnefndir má fela þeim störf barnaverndarnefnda að nokkru leyti eða öllu að fengnu leyfi félagsmálaráðherra.

Barnaverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum.

Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem barnaverndarnefnd fjallar um. Leitast skal við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd þar sem slíks er kostur og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna, t.d. barnalækni, sálfræðing eða félagsráðgjafa.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Kosning fer eftir 57. gr. sömu laga eftir því sem við á, sbr. þó 1. mgr. 8. gr. þessara laga.

7. gr.

Kjörtímabil barnaverndarnefndar.

Kjörtímabil barnaverndarnefndar er hið sama og héraðsnefndar, bæjarstjórnar eða borgarstjórnar er kýs hana. Barnaverndarnefnd gegnir störfum þar til ný nefnd hefur verið kosin.

Oddviti héraðsnefndar, bæjarstjóri eða borgarstjóri skal þegar eftir að kosning barnaverndarnefndar hefur farið fram skýra félagsmálaráðuneytinu frá skipun nefndarinnar.

8. gr.

Skylda til að taka sæti í barnaverndarnefnd.

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Hverjum þeim, sem er kjörgengur, yngri en 60 ára, heill og hraustur, er skylt að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Sá sem setið hefur í barnaverndarnefnd tvö síðustu kjörtímabil getur þó skorast undan kosningu.

Héraðsnefnd, bæjarstjórn eða borgarstjórn ákveður þóknun barnaverndarnefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfum úr viðkomandi sjóði, þar með talin laun starfsmanna og önnur útgjöld við störf nefndarinnar.

9. gr.

Skipting starfa í barnaverndarnefnd.

Héraðsnefnd, bæjarstjórn eða borgarstjórn kýs formann barnaverndarnefndar og boðar hann til fyrsta fundar nefndarinnar. Nefndarmenn skipta með sér störfum að öðru leyti. Halda skal gerðabók um störf nefndarinnar.

10. gr.

Starfslið barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd skal að fenginni heimild héraðsnefndar, bæjarstjórnar eða borgarstjórnar ráða sérhæft starfslið. Skal við það miðað að hægt sé að veita foreldrum, forráðamönnum barna og stofnunum, er annast uppeldi, viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal miðað við að nægilegir möguleikar séu til félagslegra og sálfræðilegra rannsókna á börnum er með þurfa vegna könnunar og meðferðar barnaverndarmála.

Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem félagsmálastofnanir, fræðsluskrifstofur, svæðisstjórnir eða heilsugæslustöðvar, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu, svo og leita til sérfræðinga í einstökum málum.

Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka og skal hún setja um það reglur sem héraðsnefnd eða sveitarstjórn staðfestir. Ákvörðun um þvingunaraðgerð getur barnaverndarnefnd þó ein tekið, sbr. þó 50. gr.

11. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd, þar sem barn er dvalfast, á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. mgr.

Nú flyst barn úr umdæmi nefndar eftir að hún hefur tekið mál þess til meðferðar og skal þá barnaverndarnefnd á hinu nýja heimili barnsins taka við meðferð málsins. Ber fyrri barnaverndarnefndinni skylda til að tilkynna hinni síðari um flutninginn og fyrri

afskipti sín af málefnum barnsins. Félagsmálaráðuneytið getur þó heimilað að nefnd sú, sem haft hefur málið til meðferðar, fari áfram með það ef það varðar aðgerðir á grundvelli 2. mgr. 25. gr., 27. gr. eða 28. gr. laganna. Skulu barnaverndarnefndir þá veita hver annarri upplýsingar til skýringar málum og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni eða ungmenni til dvalar í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barns beri tilteknar skyldur. Barnaverndarnefndinni í dvalarumdæmi barnsins ber að tilkynna nefndinni sem ráðstafaði barninu ef aðstæður þess breytast þannig að ástæða þyki til sérstakrar íhlutunar.

III. KAFLI
Um barnaverndarráð.

12. gr.
Skipan barnaverndarráðs.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna barnaverndarráð til fjögurra ára í senn og þrjá menn til vara. Skal það hafa fast aðsetur í Reykjavík. Formaður ráðsins skal fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaður héraðsdómari, sbr. 32. gr. laga nr. 85/1936, með síðari breytingum. Ráðsmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og hafa sérþekkingu á málefnum barna og ungmenna. Ráðherra tilnefnir formann og varaformann barnaverndarráðs.

Ráðherra ákveður laun barnaverndarráðsmanna og greiðast þau úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið.

13. gr.
Hlutverk barnaverndarráðs.

Hlutverk barnaverndarráðs er að fara með úrskurðarvald í þeim málum sem skotið er til ráðsins samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 52. gr.

Barnaverndarráð skal hafa sérhæfða starfsmenn í þjónustu sinni og enn fremur annað starfsfólk við hæfi. Barnaverndarráð getur einnig leitað álits sérfræðinga utan ráðsins þegar ástæða þykir til.

14. gr.
Fundir barnaverndarráðs.

Barnaverndarráð er ályktunarfært ef allir ráðsmenn sitja fund og tveir þeirra fylgjast að máli. Varamaður tekur sæti ef ráðsmaður hefur boðað forföll eða er vanhæfur, sbr. 4. mgr. 52. gr., sbr. 45. gr.

Barnaverndarráð heldur fundi eftir þörfum.

Úrskurðir ráðsins skulu skráðir í fundagerðarbók. Í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur, skulu sett ákvæði um starfsháttu barnaverndarráðs.

IV. KAFLI
Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

15. gr.

Tilkynningarskylda almennings.

Hverjum, sem verður þess vís að barni sé misboðið, uppeldi þess sé vanrækt eða aðbúnaði þess svo áfátt að barninu geti stafað hætta af, er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd þar sem barnið dvelst.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

16. gr.

Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum og ungmennum.

Hverjum, sem stöðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna og ungmenna og verður í starfa sínum var við óviðunandi misfellur á uppeldi og aðbúð barna eða ungmenna, er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er fóstrum, dagmæðrum, kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum og öðrum þeim, sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf, skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna og ungmenna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að málefnum barns sé þannig komið að barnaverndarnefnd ætti að hafa afskipti af þeim. Tilkynningarskylda gengur að þessu leyti framar ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

17. gr.

Tilkynningarskylda lögreglu og dómara.

Skylt er löggæslumanni að gera barnaverndarnefnd viðvart þegar hann hefur til meðferðar mál barns eða ungmennis.

Þegar brot eru framin annaðhvort af börnum eða ungmennum eða gegn þeim skal löggæslumaður eða dómari þegar í stað tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls. Sé barn innan 16 ára aldurs skal jafnframt gefa barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan þegar barnið er yfirheyrt. Getur dómari og krafist þess ef honum þykir þörf.

18. gr.

Nafnleynd tilkynnanda.

Ef sá sem tilkynnir barnaverndarnefnd óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli því gegn.

19. gr.

Samstarf við barnaverndarnefndir.

Öllum þeim, sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna, svo sem starfsfólk heilbrigðisþjónustu, skóla, dagvistarstofnana barna og löggæslu, er skylt að stuðla að því að barnaverndarstarf komi að sem mestum notum og skulu hafa samvinnu við barnaverndaryfirvöld í því skyni.

Barnaverndaryfirvöld skulu með sama hætti hafa samstarf við þá sem stöðu sinnar vegna hafa þekkingu á málefnum barna og ungmenna.

Skylt er skólum og dagvistarstofnunum að hafa náið samstarf við barnaverndarnefnd-

ir varðandi stuðning við börn og fjölskyldur þeirra sem standa höllum fæti félagslega.

Stofnanir á sviði félags- og heilbrigðismála, svo sem áfengismeðferðarstofnanir og geðdeildir, skulu skipuleggja þjónustu sína við foreldra barna þannig að tillit verði tekið til hagsmuna barnanna.

Skylt er lögreglu, dómstólum og fangelsismálayfirvöldum að hafa samvinnu við barnaverndarnefndir og veita þeim aðstoð við úrlausn barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um samvinnu barnaverndaryfirvalda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir.

V. KAFLI
Skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart einstökum börnum og ungmennum og fjölskyldum þeirra.

20. gr.
Skyldur foreldra.

Foreldrum ber að gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum barna, sbr. 35. gr. laga nr. 9/1981. Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna foreldraskyldum sínum, en grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt þessum kafla ef nauðsyn ber til. Að jafnaði skal þess gætt að almenn úrræði til stuðnings við fjölskyldu verði reynd áður en gripið er til þvingunarúrræða. Þó skal ávallt það ráð upp taka sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir bestu.

21. gr.
Könnun máls.

Nú fær barnaverndarnefnd rökstuddan grun um að

a. líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða
b. barn eða ungmenni stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni

og er nefndinni þá skylt að kanna málið án ástæðulausrar tafar.

Skal kosta kapps um að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barna eða ungmenna sem í hlut eiga, tengsl þeirra við foreldra eða aðra og aðbúð þeirra á heimili, skólagöngu þeirra og hegðun á heimili og utan þess, svo og um andlegt og líkamlegt ásigkomulag þeirra. Skal leita aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur.

Um heimildir barnaverndarnefndar og starfsmanna hennar við könnun mála gilda að öðru leyti ákvæði 46. gr.

Foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá er skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega fyrir sig, enda skal barnaverndarnefnd sýna þeim er málið snertir alla nærgætni. Könnunin skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur.

22. gr.
Áætlun um meðferð máls.

Nú er í ljós leitt að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða barn stefnir eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni, t.d. afbrotum eða neyslu vímuefna, og skal barnaverndarnefnd þá láta gera skriflega áætlun um meðferð málsins.

Í áætluninni skal tilgreint hvernig hagsmunir barnsins verði best tryggðir, m.a. hvaða aðstoð foreldrum verði veitt til að gera þeim kleift að fara með forsjá barnsins og einnig hvað foreldrum beri að gera fyrir sitt leyti til að mega fara áfram með forsjá þess.

23. gr.

Skráning barna í áhættuhópi.

Barnaverndarnefnd skal halda sérstaka skrá um þau börn í umdæmi sínu sem hún hefur rökstuddan grun um að sé hætta búin skv. 1. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 22. gr. í þeim tilgangi að tryggja yfirsýn og samfellda málsmeðferð í slíkum málum. Nú breytast aðstæður þannig að mati nefndar að barn telst ekki lengur í áhættuhópi og skal nafn þess þá ekki standa lengur á skránni en tólf mánuði þaðan í frá. Foreldrum skal að jafnaði gerð grein fyrir að barn þeirra sé á skrá, sbr. 3. mgr. 46. gr., nema það komi í bága við hagsmuni barnsins að mati nefndarinnar. Ráðuneytið setur reglugerð um fyrirkomulag skráningar og meðferð upplýsinga í samræmi við lagaákvæði þetta og lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989.

24. gr.

Stuðningsúrræði.

Nú leiðir könnun máls í ljós að þörf er aðgerða barnaverndarnefndar og skal hún þá í samvinnu við foreldra, og eftir atvikum barn eða ungmenni, veita aðstoð eftir því sem við á með því að

a. leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns,
b. útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu,
c. útvega barni eða ungmenni dagvist, skólavist, atvinnu eða möguleika til hollrar tómstundaiðju,
d. beita almennum úrræðum til úrbóta samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðra,
e. aðstoða foreldra við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála,
f. vista barn um skamman tíma utan heimilis á vistheimili eða fósturheimili,
g. taka við forsjá barns með samþykki foreldra, sbr. 47. gr., útvega því varanlegt fósturheimili og hlutast til um að barninu verði skipaður lögráðamaður.

Ráðuneytið skal setja reglugerð um úrræði skv. b-lið þessarar greinar.

25. gr.

Skylda barnaverndarnefndar við börn og ungmenni í hættu vegna eigin hegðunar.

Nú stefnir barn eða ungmenni eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni, svo sem með neyslu áfengis eða annarra vímuefna, afbrotum eða annarri jafnskaðlegri hegðun, og skal barnaverndarnefnd þá veita sérstaka aðstoð með viðtölum, ráðgjöf, vistun á unglingaheimili eða öðrum tiltækum stuðningsaðgerðum.

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir er barnaverndarnefnd heimilt í samráði við foreldra að vista barn til skammtímameðferðar og rannsóknar í allt að fjórar vikur í senn á viðeigandi stofnun. Ef vistun er gegn vilja barns sem orðið er 12 ára skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta, sbr. 2. og 3. mgr. 49. gr.

Nú telur barnaverndarnefnd ekki hjá því komist að vista ungmenni gegn vilja sínum á stofnun vegna þess að það stefnir eigin heilsu eða þroska í alvarlega hættu með vímuefnaneyslu og getur nefndin þá leitað samþykkis dómsmálaráðuneytis fyrir vistun ungmennis á sjúkrahúsi eða deild Unglingaheimilis ríkisins fyrir vímuefnaneytendur í samræmi við ákvæði lögræðislaga, nr. 68/1984.

26. gr.

Skylda barnaverndarnefndar við barn eða ungmenni sem verður fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum.

Nú hefur barn eða ungmenni orðið fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum og skal þá barnaverndarnefnd aðstoða það með ráðgjöf eða meðferð eftir því sem við á. Barnaverndarnefnd er þá heimilt að fylgjast með rannsókn máls, sbr. 2. mgr. 17. gr. Svo og getur nefndin skipað barninu sérstakan talsmann ef því er að skipta, sbr. 3. mgr. 49. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís að ábótavant er framkomu manns sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn og skal hún þá láta málið til sín taka og koma með ábendingar eða aðfinnslur til úrbóta.

27. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Nú telur barnaverndarnefnd sýnt að heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra og getur barnaverndarnefnd þá með úrskurði

a. kveðið á um eftirlit með heimili,
b. gefið fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barnsins, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, meðferð eða þjálfun,
c. kveðið á um töku barns af heimili, kyrrsetningu þess á fóstur- eða vistheimili, læknisskoðun, innlögn á sjúkrahús eða aðra stofnun til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu,
d. ákveðið að ekki megi fara með barnið úr landi.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skulu ávallt vera tímabundnar og eigi standa lengur en þörf krefur hverju sinni og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

28. gr.

Forsjársvipting.

Barnaverndarnefnd getur með úrskurði svipt foreldra, annað eða bæði, forsjá barns ef

a. uppeldi, daglegri umönnun eða samskiptum foreldra við barnið er alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska,
b. barn er sjúkt eða fatlað og foreldrar tryggja því ekki viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennslu,
c. barninu er misþyrmt, misboðið kynferðislega ellegar það má þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu,
d. telja má fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, alvarlegrar geðveilu, mikils greindarskorts, eða hegðun foreldra er líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

Úrskurður um forsjársviptingu skal því aðeins kveðinn upp að ekki sé unnt að beita öðrum aðgerðum til úrbóta skv. 24. gr. og 27. gr. eða slíkar aðgerðir hafa verið reyndar án nægilegs árangurs. Úrskurð á grundvelli d-liðar fyrri málsgreinar er þó heimilt að kveða upp þegar sérstaklega stendur á áður en nýfætt barn flyst í umsjá foreldra.

29. gr.

Skipan lögráðamanns.

Hafi foreldrar verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til nefndarinnar að svo stöddu en jafnframt ber henni að hlutast til um að yfirlögráðandi skipi barninu lögráðamann, sbr. 2. mgr. 27. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984. Barnaverndarnefnd tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður.

30. gr.

Börnum skal tryggð góð umsjá.

Þegar barnaverndarnefnd ráðstafar barni í samræmi við ákvæði f- og g-liða 24. gr., 2. og 3. mgr. 25. gr., c-lið 1. mgr. 27. gr., 28. gr. og 29. gr. skal hún tafarlaust tryggja því góða umsjá. Skal barnaverndarnefnd gera skriflega áætlun svo sem um hvort og hvernig barnið fer að nýju til foreldra eða hvort því skuli komið í varanlegt fóstur.

Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegar lausnir í samræmi við þarfir þeirra.

Nú verður barn 16 ára á heimili þar sem barnaverndarnefnd hefur komið því fyrir og er nefndinni þá skylt að aðstoða það áfram ef þörf krefur.

31. gr.

Brottvikning heimilismanns.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimamanns, svo sem vegna ofbeldis á heimili, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis er um getur í 66.–69. gr., en barninu eða ungmenninu gæti annars liðið vel á heimilinu, er nefndinni skylt, ef umvandanir eða aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að leita um brottvikningu hans af heimilinu til bæjarfógeta í heimilisumdæmi barns eða ungmennis (í Reykjavík borgarfógeta) eða sýslumanns, sbr. 10. gr. laga nr. 90/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Er honum þá skylt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 64. gr.

VI. KAFLI

Um ráðstöfun barna í fóstur.

32. gr.

Fóstur.

Með fóstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum forsjá eða umsjá barns þegar

a. kynforeldrar samþykkja það,
b. barn er forsjárlaust,
c. kynforeldrar hafa verið sviptir forsjá eða barn er í umsjá barnaverndarnefndar um tíma.

Fóstur getur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjá barns skv. 35. gr. barnalaga, nr. 9/1981, nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum reynslutíma sem skal ekki vera lengri en eitt ár.

33. gr.

Fósturforeldrar.

Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra af kostgæfni og með tilliti til aðstæðna þeirra, hæfni og reynslu sem heppilegra uppalenda. Enn fremur skal velja fósturforeldra sérstaklega út frá hagsmunum og þörfum viðkomandi barns.

Barnaverndarnefnd ber að þjálfa og undirbúa fósturforeldra áður en fóstur hefst og enn fremur veita þeim stuðning og leiðbeiningar meðan fóstur varir eftir því sem nauðsyn ber til. Fulltrúi barnaverndarnefndar skal koma á fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári hverju.

34. gr.

Fóstursamningur.

Kveða skal á um fóstur í skriflegum samningi milli fósturforeldra og barnaverndarnefndar. Í fóstursamningi skal kveðið á um:

a. hver fer með forsjá barns og að hvaða leyti, sbr. 32. gr.,
b. áætlaðan fósturtíma, þ.e. tímabundið fóstur eða varanlegt,
c. framfærslu barns og annan kostnað, svo sem fósturlaun, sbr. 35. gr.,
d. umgengni barns við kynforeldra og aðra,
e. stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstrið varir,
f. annað sem máli kann að skipta.

Félagsmálaráðuneytið skal útbúa sérstök eyðublöð fyrir fóstursamninga.

35. gr.

Framfærsla og annar kostnaður vegna barns í fóstri.

Hafi barnaverndarnefnd ráðstafað barni eða ungmenni í fóstur eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum skal Tryggingastofnun ríkisins greiða með því þrefaldan barnalífeyri sé það innan sjö ára aldurs og tvöfaldan sé það eldra, en framfærslusveit barns endurgreiðir Tryggingastofnuninni. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna barnsins úr sveitarsjóði.

Allan kostnað, sem barnaverndarnefnd kann að hafa af hvers konar ráðstöfun barna og ungmenna úr öðrum umdæmum, skulu sveitarsjóðir þeirra umdæma endurgreiða ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum.

Barnaverndarnefnd skal tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um fóstursamning samkvæmt nánari reglum er Tryggingastofnun setur.

36. gr.

Umgengni barns í fóstri við kynforeldra.

Barn, sem er í fóstri, með eða án samþykkis kynforeldra, á rétt á umgengni við þá og aðra sem eru barni nákomnir. Kynforeldrum er skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum er að því lúta samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar.

Kveða skal á um umgengni í fóstursamningi, sbr. d-lið 34. gr.

Ef sérstök atvik valda því að mati barnaverndarnefndar að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að umgengnisréttar njóti ekki við eða breytt fyrri ákvörðun um umgengnisrétt með úrskurði. Jafnframt getur nefndin í þeim tilvikum lagt bann við hvers konar samskiptum foreldra og barns.

Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

Barnaverndarnefnd á úrlausnarvald um umgengni barna í fóstri við kynforeldra sína.

37. gr.

Réttur barns í fóstri til þess að vita málsatvik.

Eftir atvikum skal barnaverndarnefnd gera barni ljóst hvers vegna því var komið í fóstur að svo miklu leyti sem heppilegt er vegna aldurs þess og þroska. Með sama hætti skal gera barni grein fyrir þeim áformum sem barnaverndarnefnd hefur og varða barnið.

38. gr.

Nefnd er heimilt að úrskurða að barn sé kyrrt í fóstri.

Nú óska foreldrar, sem samþykkt hafa fóstur, eftir því að fóstursamningi verði rift og skal barnaverndarnefnd þá taka málið til meðferðar. Við úrlausn máls skal fyrst og fremst taka mið af velferð barnsins. Barnaverndarnefnd er þá jafnan heimilt að úrskurða að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum ef þar fer vel um það og hagsmunir barns mæla með því.

39. gr.

Samþykki barnaverndarnefndar.

Enginn má taka barn í fóstur nema með samþykki barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi hans og ekki má ráðstafa barni í fóstur nema til aðila sem fengið hefur meðmæli barnaverndarnefndar.

40. gr.

Vanræksla fósturforeldra.

Nú kemst barnaverndarnefnd að raun um að þeir sem hafa barn í fóstri vanrækja uppeldishlutverk sitt og skal hún þá gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til verndar barni eða ungmenni. Getur nefndin lagt bann við því að fósturforeldrar þessir taki börn framvegis í fóstur.

41. gr.

Endurskoðun fóstursamnings.

Ef aðstæður fósturforeldra breytast, svo sem vegna skilnaðar, andláts eða búferlaflutninga, ber að tilkynna barnaverndarnefnd um það og skal þá endurskoða fóstursamning ef ástæða þykir til. Fósturforeldrar geta og óskað endurskoðunar á fóstursamningi.

42. gr.

Skráning og framkvæmd.

Félagsmálaráðuneytið heldur skrá um börn í varanlegu fóstri.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laganna varðandi fóstur.

VII. KAFLI

43. gr.

Foreldrar vista sjálfir börn sín utan heimilis.

Foreldrar geta falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barna sinna, sbr. 42. gr.

barnalaga, nr. 9/1981, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni barnsins. Foreldrum ber þó að tilkynna barnaverndarnefnd þegar barni er komið fyrir hjá öðrum og dvöl er ætlað að standa lengur en sex mánuði. Dveljist barn hjá vandamönnum þarf þó ekki að tilkynna um ráðstöfun nema henni sé ætlað að vara í níu mánuði eða lengur. Skilyrðislaust þarf að tilkynna nefndinni ef dvöl barns hefur varað í þann tíma sem áður greinir.

Tilkynningarskylda skv. 1. mgr. gildir ekki þegar vistun er nauðsynleg vegna skólagöngu barnsins, þegar barn er vistað í opinberri stofnun vegna heilsu sinnar eða þroska eða þegar barn er orðið 15 ára.

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu eins og segir í 1. mgr. eða fær upplýsingar á annan hátt um vistun sem tilkynningarskyldan gildir um skal hún kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra sem gæti gert þeim kleift að hafa barnið hjá sér. Ef svo er ekki skal nefndin kanna hvort hag og þörfum barns sé fullnægt á væntanlegum dvalarstað þess. Könnun má fella niður ef fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir um dvalarheimilið.

Hafi barn verið í umsjá annarra, sbr. 1. mgr., í þrjá mánuði eða lengur samkvæmt þessari grein getur barnaverndarnefnd bannað flutning þess að svo stöddu. Barnaverndarnefnd verður þó, innan þriggja mánaða, að kveða upp úrskurð um dvalarstað barnsins. Barnaverndarnefnd er þá heimilt að úrskurða að ráðstöfun skuli haldast ef vel fer um barnið og flutningur stríðir gegn hag þess og þörfum.

VIII. KAFLI
Málsmeðferð.

44. gr.
Ályktunarhæfi.

Barnaverndarnefnd er ályktunarfær þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Nú hamlar nauðsyn barnaverndarnefndarmanni fundarsókn og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara ef unnt er. Boðar formaður þá varamann í hans stað.

45. gr.
Um vanhæfi nefndarmanna.

Um vanhæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála gilda ákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936, eftir því sem við getur átt. Sama á við um starfsfólk barnaverndarnefnda.

46. gr.
Rannsóknarskylda og heimildir.

Áður en barnaverndarnefnd ræður máli til lykta skal afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns eða ungmennis, sbr. 2.–4. mgr. 21. gr.

Við rannsókn á högum barns eða ungmennis er barnaverndarnefnd, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, heimilt að taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum barns eða ungmennis og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar er um kann að bera. Um rétt þeirra til að skorast undan að gefa skýrslu gilda ákvæði 125. gr. laga nr. 85/1936. Svo getur hún og krafist vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar á máli. Heimilt er að ræða við barn í einrúmi.

Að jafnaði skal foreldri eða forráðamanni barns eða ungmennis greint frá því að haldið sé uppi fyrirspurnum um hagi þess samkvæmt grein þessari.

Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er því aðeins heimilt að fara á einka-

heimili eða barnaheimili til rannsóknar á högum barns eða ungmennis að fyrir liggi samþykki foreldris eða forráðamanns þess eða á grundvelli dómsúrskurðar, sbr. þó niðurlag 50. gr. Dómari metur á grundvelli 21. gr. hvenær þörf er á að fara á heimili.

47. gr.

Samþykki foreldra.

Samþykki foreldris skv. f- og g-liðum 24. gr. og a-lið 32. gr. skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja manna er votta að foreldri hafi gert sér fulla grein fyrir eðli og réttaráhrifum ráðstöfunarinnar.

48. gr.

Úrskurðir barnaverndarnefnda.

Málum, er varða ráðstafanir gagnvart börnum, ungmennum eða forráðamönnum þeirra skv. 27. gr., 28. gr., 3. og 4. mgr. 36. gr., 38. gr., 4. mgr. 43. gr. og 4. mgr. 49. gr., skal ráðið til lykta með úrskurði. Ef lögfræðingur á ekki sæti í nefndinni skal héraðsdómari taka sæti í henni með fullum réttindum og skyldum.

Fjórir nefndarmenn hið fæsta af fimm eða sex skulu standa að úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Þar skal rekja málavexti og greina forsendur og niðurstöður. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á að heimilt sé að skjóta máli til barnaverndarráðs, sbr. 52. gr.

49. gr.

Meðferð úrskurðarmála.

Áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð skv. 48. gr. ber að leiðbeina foreldrum eða öðrum forráðamönnum barns eða ungmennis um réttarstöðu þeirra samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal veita þeim kost á að tjá sig um málið fyrir barnaverndarnefnd, munnlega eða skriflega, þar á meðal með liðsinni lögmanna. Eftir atvikum skal barnaverndarnefnd veita foreldrum fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð.

Að jafnaði ber að veita barni kost á að tjá sig um mál og er það skylt ef mál varðar barn 12 ára eða eldra.

Þegar sérstaklega stendur á er barnaverndarnefnd heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann.

Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum í té öll skrifleg gögn sem byggt er á við úrlausn málsins. Nefndin getur ákveðið með rökstuddum úrskurði að tiltekin gögn skuli ekki afhent ef það skaðar hagsmuni barnsins eða heitið hefur verið trúnaði. Á sama hátt getur nefndin ákveðið að aðilar geti kynnt sér gögn án þess að þau verði afhent.

50. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem ber undir barnaverndarnefnd getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans framkvæmt hana, en leggja skal hann málið fyrir barnaverndarnefnd til staðfestingar innan tveggja vikna. Ef ráðstöfun felur í sér aðgerðir á grundvelli c- og d-liða fyrri málsgreinar 27. gr. skal hún staðfest með fullnaðarúrskurði barnaverndarnefndar innan tveggja mánaða. Við þessar aðstæður er heimilt að fara inn á heimili þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 46. gr. enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

51. gr.

Valdbeiting.

Ef beita verður valdi til að hrinda ákvörðun barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs í framkvæmd samkvæmt lögum þessum heyrir slík valdbeiting undir fógeta eða lögreglu ef brýna nauðsyn ber til. Fulltrúi barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs skal þó ávallt vera viðstaddur ef til slíkra ráðstafana þarf að grípa til að gæta hagsmuna barnsins.

52. gr.

Málskot.

Foreldrar, forráðamenn barns eða aðrir þeir, sem eru barninu nákomnir, geta skotið úrskurði barnaverndarnefndar til fullnaðarúrskurðar til barnaverndarráðs innan fjögurra vikna frá því að viðkomanda var kunnugt um úrskurð barnaverndarnefndar. Er barnaverndarráði skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar.

Málskot til barnaverndarráðs frestar ekki framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á getur barnaverndarráð þó ákveðið að framkvæmd samkvæmt ályktun barnaverndarnefndar skuli frestað uns ráðið hefur fellt úrskurð sinn. Að jafnaði skal barnaverndarráð kveða upp fullnaðarúrskurð innan sex mánaða frá því að málinu var skotið til ráðsins.

Barnaverndarráð getur metið að nýju bæði lagahlið málsins og sönnunargögn þess. Það getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu, þar á meðal mælt fyrir um aðrar ráðstafanir en barnaverndarnefnd hefur ákveðið. Þá getur ráðið einnig vísað málinu til nefndarinnar til meðferðar að nýju, svo og aflað gagna sjálft eða fyrir atbeina barnaverndarnefnda eða með öðrum hætti ef því er að skipta.

Að öðru leyti gilda ákvæði 45.–46. gr. og 48.–49. gr. um málsmeðferð fyrir barnaverndarráði. Barnaverndarráð getur að auki mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu.

53. gr.

Endurupptaka mála.

Nú breytast aðstæður foreldra verulega frá því að samþykki var veitt eða úrskurður var kveðinn upp þannig að ætla megi að foreldrar séu nú hæfir til þess að fara með forsjá barns og geta þeir þá farið fram á að barnaverndarnefnd taki mál þeirra upp á ný. Barnaverndarnefnd metur hvort mál skuli endurupptekið og afgreiðir beiðnina með bókun. Við úrlausn málsins skal velferð barns ávallt ganga fyrir.

IX. KAFLI
Um stofnanir.

54. gr.

Heimili fyrir börn og ungmenni.

Heimili, sem undir kafla þennan falla, eru: hvers konar vistheimili eða meðferðarheimili fyrir börn eða unglinga, hjálparstöðvar eða neyðarathvarf fyrir unglinga, sumardvalarheimili, sumarbúðir eða önnur heimili sem taka börn og ungmenni til uppeldis, umönnunar eða aðhlynningar, um langan tíma eða skamman, enda falli þau ekki undir önnur lög.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um að settar verði á fót stofnanir eða heimili sem nauðsynleg eru til að barnaverndarnefndum sé unnt að rækja störf sín samkvæmt lögum þessum.

Félagsmálaráðuneytinu er skylt að reka unglingaheimili, svo og meðferðarheimili fyrir börn sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða. Ráðherra skipar slíkum heimilum þriggja manna stjórnarnefnd til fjögurra ára í senn og setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þeirra.

Sveitarfélög skulu, eitt eða fleiri saman, setja á stofn og reka vistheimili er veiti börnum viðtöku um stundarsakir vegna aðstæðna á heimili þeirra, svo sem vegna forfalla foreldra, vanrækslu eða illrar meðferðar á barni eða til könnunar á aðstæðum þeirra, sbr. 21. gr. Sveitarfélög skulu einnig setja á stofn og reka önnur heimili eða stofnanir er sveitarstjórn telur þörf á, að fenginni tillögu eða umsögn barnaverndarnefndar, til að nefndin geti sinnt lagaskyldum sínum.

Heimilt er félagasamtökum eða öðrum aðilum að setja á stofn heimili eða stofnanir til stuðnings börnum og ungmennum að fengnu leyfi félagsmálaráðherra.

55. gr.

Leyfi til að reka heimili.

Óheimilt er að setja á stofn eða reka heimili skv. 54. gr. nema leyfi félagsmálaráðherra komi til. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar þar sem heimilið er ef nefnd sú á ekki hlut að rekstrinum.

Félagsmálaráðuneytið skal semja og gefa út nánari reglur og leiðbeiningar um stjórn, starfsfólk, m.a. hæfisskilyrði og menntun, og alla aðbúð á þeim heimilum sem um getur í 54. gr.

56. gr.

Eftirlit með heimilum.

Barnaverndarnefnd hefur í umdæmi sínu eftirlit með heimilum sem rekin eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla nema eftirlit sé falið öðrum samkvæmt lögum. Barnaverndarnefnd skal fylgjast með högum og aðbúnaði barna á slíkum heimilum og gæta þess vandlega að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur heimili fyrir börn en þau sem hlotið hafa leyfi samkvæmt lögum þessum.

Líkamlegum eða andlegum refsingum má ekki beita á heimilum eða stofnunum fyrir börn og ungmenni.

Ef meðferð barns á barnaheimili eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks heimilis eða stofnunar á annan hátt ábótavant skal barnaverndarnefnd leitast við með leiðbeiningum og áminningum að bæta úr því sem áfátt er. En komi það ekki að haldi skal hún leggja málið fyrir félagsmálaráðuneytið. Ef ráðuneytið fær eigi úr bætt getur það svipt heimili eða stofnun rétti til áframhaldandi rekstrar.

X. KAFLI

Almenn verndarákvæði.

57. gr.

Eftirlit með vinnu barna og ungmenna.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnu-

háttum. Að öðru leyti fer um eftirlit með vinnu barna og ungmenna eftir lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

58. gr.

Varnir gegn vímuefnaneyslu.

Barnaverndarnefnd skal vinna gegn hvers konar vímuefnaneyslu barna og ungmenna í umdæmi sínu. Nefndin skal einnig stuðla að því að þeir sem selja, útvega eða veita börnum eða ungmennum vímuefni sæti ábyrgð lögum samkvæmt.

59. gr.

Eftirlit með sýningum og skemmtunum.

Barnaverndarnefnd skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum og hvers konar opinberum sýningum eða skemmtunum öðrum en kvikmyndasýningum. Þeim er veitir forstöðu skemmtun eða sýningu sem ætla má að börn muni sækja er skylt að kveðja til barnaverndarnefnd eða fulltrúa hennar og gefa nefndinni kost á að kynna sér efni sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur að skemmtun sé með einhverjum hætti skaðsamleg börnum getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Forstöðumenn skemmtunar skulu geta banns um hana á sinn kostnað í auglýsingum og bera ábyrgð á að bann sé haldið.

60. gr.

Útivistartími barna.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu að sama skapi ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

61. gr.

Aðgangur barna og ungmenna að dansleikjum og öðrum skemmtunum.

Börnum, yngri en 16 ára, er óheimill aðgangur og dvöl á dansleikjum öðrum en sérstökum unglinga- eða fjölskylduskemmtunum sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum þeim sem til þess hafa leyfi. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með að ákvæði þetta sé haldið að viðlagðri afturköllun almenns skemmtanaleyfis um lengri eða skemmri tíma.

Börnum eða ungmennum, innan 18 ára aldurs, er óheimill aðgangur og dvöl á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga, sbr. og 20. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, nema í fylgd með foreldri, öðrum forsjáraðila eða maka. Þeim sem leyfi hefur til áfengisveitinga er skylt að sjá til þess að ákvæði þetta sé haldið að viðlagðri leyfissviptingu.

Ungmenni, innan 18 ára aldurs, mega ekki starfa á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema það sé liður í viðurkenndu iðnnámi.

Þegar börnum eða ungmennum er bannaður aðgangur að skemmtunum, öðrum en á stöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga, skal miða aldursmörk við fæðingarár en ekki fæðingardag.

XI. KAFLI
Refsiákvæði.

62. gr.

Það varðar sektum eða varðhaldi að koma vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarnefnd um atriði sem lög þessi taka til.

63. gr.

Nú lætur maður hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns eða ungmennis að lífi þess eða heilsu sé hætta búin þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

64. gr.

Ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn eða ungmenni gegn banni barnaverndarnefndar eða brýtur gegn úrskurði fógeta eða sýslumanns um að víkja af heimili, sbr. 31. gr., varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

65. gr.

Hver, sem nemur á brott barn eða ungmenni sem barnaverndarnefnd hefur ráðstafað samkvæmt lögum þessum eða kemur því til leiðar að brotið er gegn slíkri ráðstöfun, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

66. gr.

Ef þeir sem hafa barn eða ungmenni í sinni umsjá

a. misþyrma því andlega eða líkamlega,
b. misbjóða því kynferðislega eða á annan hátt,
c. vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hætta búin,

þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

67. gr.

Hver, sem beitir barn eða ungmenni refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum.

68. gr.

Ef maður hvetur barn eða ungmenni til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiðir það með öðrum hætti á siðferðilega glapstigu þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum.

69. gr.

Hver, sem sýnir barni eða ungmenni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

70. gr.

Um rannsókn og meðferð brota, sem refsing er lögð við í lögum þessum, fer að hætti opinberra mála.

Niðurlagsákvæði.

71. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 1992. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram sem stjórnarfrumvarp á 112. og 113. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Frumvarpinu fylgdu svohljóðandi athugasemdir:

Þann 30. apríl 1987 skipaði Sverrir Hermannsson, þáverandi menntamálaráðherra, nefnd til að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966. Nefndin var skipuð Sigríði Ingvarsdóttur, formanni barnaverndarráðs, Ingibjörgu Rafnar héraðsdómslögmanni og Gunnari Sandholt, yfirmanni fjölskyldudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Tveir starfsmenn barnaverndarráðs unnu með nefndinni, þau Guðjón Bjarnason framkvæmdastjóri og Guðrún Erna Hreiðarsdóttir lögfræðingur.

Starf nefndarinnar hefur miðast við heildarendurskoðun á gildandi lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966. Nefndin hefur átt fundi með ýmsum aðilum sem hafa þekkingu og reynslu á því sviði sem um ræðir, svo sem barnalæknum, geðlæknum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, lögfræðingum og félagsráðgjöfum. Einnig hefur hún átt samvinnu á starfstíma sínum við nefndir eða einstaka fulltrúa þeirra sem hafa haft með höndum endurskoðun á lögum eða reglum sem tengjast með einum eða öðrum hætti málefnum barna. Þessar nefndir eru: nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem vann að gerð frumvarps til laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga, sifjalaganefnd, nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem vann að því að setja reglur um starfsemi dagmæðra og nefnd sem hefur endurskoðað ákvæði almennra hegningarlaga um skírlífisbrot. Þá hefur nefndin gert samanburð á erlendum rétti, einkum á Norðurlöndum, en þar hefur farið fram endurskoðun á barnaverndarlögum, svo og löggjöf um félagslega þjónustu hins opinbera. Sérstaklega var stuðst við ítarlegar greinargerðir og tillögur sem höfðu verið unnar í Noregi á undanförnum árum en lagafrumvarp um félagslega þjónustu var lagt fram á norska Stórþinginu 1989. Loks hefur nefndin haft hliðsjón af tillögum nefndar sem skipuð var 26. ágúst 1974 til að endurskoða lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Verkefni þetta hefur einkum beinst að því að setja fram hugmyndir sem eru í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í barnaverndarmálum frá því að gildandi lög voru sett. Í því sambandi má benda á uppbyggingu félagslegrar þjónustu af ýmsu tagi, bæði á vegum ríkis og sveitarfélaga. Árið 1967 var lögfest heimild til þess að fela félagsmálaráðum verkefni barnaverndarnefnda að nokkru leyti eða öllu. Þá var Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar komið á fót og nú hafa flestir stærstu kaupstaðirnir þá skipan mála. Fagleg þekking hefur aukist með fjölgun sérmenntaðra starfsmanna, svo sem sálfræðinga og félagsráðgjafa, í heilbrigðisþjónustu og félagslegri þjónustu. Dagvistun hefur eflst til muna og sömuleiðis sálfræðileg þjónusta í skólum. Ýmiss konar starfsemi fyrir unglinga á vegum stórra sveitarfélaga og leitarstarf á vegum útideilda hefur einnig orðið til á þessum árum. Ungbarnaeftirlit og heilsugæsla hefur eflst.

Komið hefur í ljós þörf á að samræma barnaverndarlögin nýjum eða breyttum lögum sem tekið hafa gildi á síðari árum og má þar nefna barnalög, nr. 9/1981, lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og lög um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33/1983.

Á síðari árum hefur greinilega verið leitast við að skilgreina réttarstöðu barna betur

en áður. Í barnalögum, nr. 9/1981, svo og finnsku barnaverndarlögunum, nr. 683 frá 1983, kemur þetta greinilega fram. Í þeim tillögum, sem hér eru settar fram, er lögð áhersla á að skilgreina barnavernd út frá þörfum barna og að hagsmunir barna sitji í fyrirrúmi. Þá hefur nefndinni þótt áríðandi að við endurskoðun laganna yrði haft í huga mikilvægi þess að lög um vernd barna og ungmenna verði skýr og aðgengileg öllum, bæði almennum borgurum, svo og þeim sem hafa með höndum barnaverndarstörf, beint eða óbeint.

Þegar litið er til þeirra hagsmuna sem í húfi eru varðandi öryggi og velferð barna og ungmenna þykir ljóst hve mikilvægt það er að vanda vel lagasetningu um þetta efni. Á hinn bóginn er hér við að eiga persónuleg málefni og einkalíf manna sem verður að fara varlega í að raska. Vandinn er því sá að tryggja velferð og öryggi barna og ungmenna án þess að skerða um of friðhelgi einstaklinga. Enn fremur má benda á að ógjörningur hlýtur að vera að fjalla um í lagatexta allar þær aðstæður sem upp geta komið í lífi barna og ungmenna sem kalla á sérstakar aðgerðir af hálfu yfirvalda eða annarra. Þetta hefur verið leyst með því að lýsa því svo nákvæmlega sem unnt er hvaða aðstæður kalli á ákveðin viðbrögð, en væntanlega fer það svo eftir atvikum hvernig til tekst að koma til móts við þarfir barna og ungmenna í samræmi við þau lög sem í gildi eru á hverjum tíma. Mikilvægt þykir að lagaákvæði um vernd barna og ungmenna gefi ekki tilefni til mismunandi eða mjög ólíkra túlkana. Því hefur hér verið lögð áhersla á að framsetning og orðalag lagafrumvarpsins gefi skýr fyrirmæli um til hvers er ætlast.

Samræmd félagsmálalög — sérlög um barnavernd?

Nefndinni er ljóst að árangur í barnaverndarstarfi er undir því kominn að starfshæfar einingar standi undir framkvæmdinni. Annars staðar á Norðurlöndum hefur þróun í barnaverndarmálum orðið sú að þessi mál eru í tekin inn í heildarskipulag velferðarmála einstaklingsins. Um barnaverndarmálin er þá fjallað í tengslum við aðra félagslega aðstoð. Í Danmörku eru lagaákvæði um barnavernd sérstakur kafli í lögunum um félagslega þjónustu og hið sama er að segja um nýtt frumvarp til laga um félagslega þjónustu sem lagt var fram á norska Stórþinginu 30. mars 1989. Sama gildir að mestu um sænsku félagsmálalögin þótt sérstök lög hafi þar verið sett um þvingunarúrræði í barnaverndarmálum. Í öllum tilfellum er barnavernd samþætt annarri félagslegri þjónustu. Í Finnlandi voru sett sérstök barnaverndarlög en framkvæmd þeirra hvílir að mestu á félagsmálastofnunum sveitarfélaga. Rétt er að hafa í huga að miklar breytingar á skipan sveitarstjórnarmála voru undanfari endurbóta á félagslegri þjónustu í öllum þessum löndum. Stækkun sveitarfélaga og þriðja stig stjórnsýslunnar skipa þar stóran sess. Slíkar breytingar hafa, sem kunnugt er, ekki orðið hér á landi.

Nefndin telur rétt að sett verði sérstök lög um vernd barna og ungmenna á þann hátt sem hér er lagt til. Lagaákvæði um íhlutun barnaverndaryfirvalda í málefni einstakra barna og fjölskyldna, um málsmeðferð og réttaröryggi ásamt ákvæðum um stöðu fósturbarna og fósturforeldra þurfa ekki að vera í lagabálki um aðra félagslega þjónustu. Nefndin gerir ráð fyrir að meginreglan sé sú að barnaverndarmál séu samþætt annarri félagslegri þjónustu en að minnstu sveitarfélögunum sé gert skylt að sameinast um barnaverndarnefndir. Lögð er áhersla á að fyllsta samræmis verði gætt við löggjöf um félagslega þjónustu þegar þar að kemur. Nefndin gerir t.d. ráð fyrir að ítarlegar verði fjallað um ýmsa þætti forvarna í almennum lögum um félagslega þjónustu en hér er gert.

Úrskurðarvald í barnaverndarmálum.

Nefndin hefur hugað sérstaklega að breyttri tilhögun á því hver eigi að hafa úrskurðarvald í þvingunaraðgerðum í þágu barnaverndar en eins og kunnugt er fara barnaverndarnefndir og barnaverndarráð með úrskurðarvald samkvæmt gildandi lögum. Til álita þykir koma að ákvörðun um þvingunaraðgerð þurfi að bera undir hina almennu dómstóla svo sem tíðkast víða á Vesturlöndum. Dómstólameðferð þykja þó fylgja ýmsir ókostir og er hætta á að sú leið yrði ekki nægjanlega skilvirk. Tryggja þarf sérþekkingu dómara og er það að nokkru leyti unnt með því að dómari kalli til sérfróða meðdómsmenn við úrlausn þessara mála, sbr. 37. A. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, en dómsformaður þyrfti einnig að hafa nokkra sérþekkingu. Einnig er dómstólameðferðin dýr og seinleg.

Þótt ætla megi að dómstólaleiðin tryggi rétt foreldra best telur nefndin ekki ljóst að hið sama gildi um öryggi og velferð barnsins þegar mál eru rekin fyrir dómstólum. Í barnavernd felst stuðningur samfélagsins við börn. Ef grípa þarf til úrskurðar er eðli hans og tilgangur að tryggja velferð barnsins og öryggi en alls ekki sá að refsa foreldrum. Í meðferð barnaverndarmáls er mikilvægt að tryggja samfellda meðferð þar sem eitt úrræði leiðir af öðru barninu til hagsbóta. Einn meginkostur núverandi kerfis er að barnaverndarnefnd ber áfram fulla ábyrgð á velferð barnsins eftir að hún ákveður að taka barn af heimili. Þetta getur skert rétt foreldra og deilt hefur verið á „sjálfdæmi“ barnaverndarnefnda. Í frumvarpinu er reynt að bregðast við þessari hættu með skýrum málsmeðferðarákvæðum og sterkari stöðu barnaverndarráðs sem áfrýjunaraðila.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að best fari á því að barnaverndarnefndir fari áfram með úrskurðarvald eins og nú háttar til. Úrskurðum má síðan skjóta til barnaverndarráðs sem hefur endanlegt úrskurðarvald í þessum málum eins og verið hefur en þó með þeirri veigamiklu breytingu að hlutverk barnaverndarráðs er takmarkað við úrlausnir í málum sem skotið er til ráðsins en eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk verði í höndum félagsmálaráðuneytisins, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Lagt er til að yfirstjórn barnaverndarmála verði í höndum félagsmálaráðuneytisins í stað menntamálaráðuneytisins eins og nú er. Þessi hugmynd er ekki ný en hún kom m.a. fram í greinargerð með gildandi lögum nr. 53/1966. Félagsmálaráðuneytið hefur með höndum, eins og kunnugt er, almennt eftirlit með störfum sveitarfélaga, svo og ýmsum verkefnum sem unnin eru á vegum þeirra, svo sem félagsmálum. Barnaverndarstörf tengjast með ýmsum hætti félagslegri þjónustu sem unnin er á vegum sveitarfélaga og þykir því fara betur á því að yfirstjórn þessara mála verði í sama ráðuneyti. Sem handhafi framkvæmdarvalds þykir ráðuneytið hafa mun betri aðstöðu en barnaverndarráð til að hafa virkt eftirlit með störfum barnaverndarnefnda og skyldum sveitarfélaga og hafa þar áhrif á ef þessir aðilar bregðast lögboðnum skyldum sínum. Þá má benda á að annars staðar á Norðurlöndum er yfirstjórn barnaverndarmála í höndum félagsmálaráðuneyta. Þar sem töluverð samvinna er orðin á seinni árum varðandi barnavernd almennt milli þessara landa er þess að vænta að mun hentugra verði fyrir Ísland að standa að slíkri samvinnu verði yfirstjórn barnaverndarmála í höndum félagsmálaráðuneytisins.
2. Gert er ráð fyrir breyttum starfsháttum barnaverndarráðs þannig að það fari ekki lengur með það tvíþætta hlutverk að veita barnaverndarnefndum ráðgjöf við úrlausn einstakra mála og fara með fullnaðarúrskurðarvald í sömu málum. Gerð er tillaga um

að barnaverndarráð fari einungis með fullnaðarúrskurðarvald í barnaverndarmálum en leiðbeiningarskyldan og eftirlit með störfum barnaverndarnefnda fari fram í félagsmálaráðuneytinu, sbr. 1. lið hér að framan.

3. Brýnt þykir að barnaverndarumdæmi verði stækkuð en barnaverndarnefndir eru nú yfir tvö hundruð talsins á landinu öllu. Reynslan hefur sýnt að barnaverndarstarf strandar oft á smæð sveitarfélaga. Þau hafa ekki bolmagn til að sinna raunhæfu barnaverndarstarfi. Bæði er fjármagn af skornum skammti og einnig sérþekking við úrlausn barnaverndarmála. Fjárskorturinn leiðir m.a. til þess að ekki er unnt að ráða fólk með sérþekkingu til starfa fyrir barnaverndarnefndir en sérþekking er í flestum tilfellum afar nauðsynleg. Einnig er ráðgjöf sérfræðinga oft mjög brýn við úrlausn erfiðra barnaverndarmála en fyrir hana þarf að greiða sérstaklega. Sama á við um athuganir á börnum eða öðru heimilisfólki. Stofnanir eru t.d. ekki fúsar að taka þessi mál að sér án greiðslu.

   Því verður að líta svo á að barnaverndarstarfi verði ekki hægt að sinna á fullnægjandi hátt í svo smáum einingum sem núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir. Með sameiginlegum barnaverndarnefndum sveitarfélaga yrðu þær fremur starfshæfar einingar og ættu t.d. auðveldara með að ráða sérhæft starfsfólk og að standa undir öðrum óhjákvæmilegum kostnaði.
4. Í frumvarpinu hefur verið leitast við að setja skýrari ákvæði um skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart börnum og ungmennum. Má í því sambandi benda á ákvæðin um leitar- og varnarstarf, svo og nánari skilgreiningu á því hvað eru óviðunandi aðstæður barna og ungmenna. Þá er kveðið á um skyldur yfirvalda gagnvart þeim börnum og ungmennum sem lenda í afbrotum, svo og þeim sem verða fyrir afbrotum. Nauðsynlegt er að gera viðeigandi breytingar á lögræðislögum, nr. 68/1984, um innlögn ungmenna á stofnun sem stefna eigin heilsu eða þroska í alvarlega hættu með vímuefnaneyslu.
5. Í frumvarpi þessu eru ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum um ráðstöfun barna í fóstur, svo og um réttarstöðu barna í fóstri, fósturforeldra og kynforeldra.
6. Í gildandi lögum eru ákvæði um málsmeðferð á víð og dreif í ýmsum lagagreinum. Í frumvarpinu eru ákvæði um starfshætti barnaverndarnefnda og málsmeðferð sett í sérstakan kafla. Leitast er við að gera ákvæði, er lúta að meðferð mála, skýrari til þess að taka af tvímæli.
7. Leitast er við að skilgreina betur réttarstöðu barna og ungmenna í barnaverndarmálum og miðað er að því að auka réttarvernd þeirra. Er því sett fram sú tillaga að börn eigi að jafnaði rétt á að tjá sig um málið og er það skylt þegar barn er orðið 12 ára. Þegar sérstaklega stendur á er barnaverndarnefnd auk þess heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann.
8. Felld eru brott ákvæði um skoðun kvikmynda en eðlilegt þykir að þau verði í lögum um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í inngangskafla frumvarpsins er fjallað um markmið barnaverndar og meginþætti í starfi barnaverndaryfirvalda. Er þar tekið fram hver megintilgangur laganna er en nánari skilgreiningar koma fram í öðrum köflum frumvarpsins.

Í kaflanum er einnig fjallað um skipulag barnaverndarmála. Sú meginbreyting er gerð á yfirstjórn barnaverndarmála að hún er færð úr höndum menntamálaráðuneytisins í fé-

lagsmálaráðuneytið. Einnig er gerð sú breyting að eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, svo og fræðslustarfsemi og ráðgjöf, verður framvegis í höndum félagsmálaráðuneytisins en ekki hjá barnaverndarráði eins og verið hefur. Fer barnaverndarráð þá ekki lengur með það tvíþætta hlutverk að veita barnaverndarnefndum ráðgjöf við úrlausn einstakra mála og jafnframt með fullnaðarúrskurðarvald í sömu málum.

Um 1. gr.

Gengið er út frá því að hagsmunir barna verði alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá eigin fjölskyldu. Þótt litið sé á barnið sem einstakling er lögð áhersla á að það er engu að síður hluti af fjölskyldunni og ber barnaverndaryfirvöldum að virða það. Með orðalagi greinarinnar er stefnt að því að setja barnaverndaryfirvöldum raunhæf markmið. Ekki er barnaverndaryfirvöldum ætlað að tryggja öllum börnum bestu aðstæður heldur að sjá svo um að engin börn búi við skaðlegar aðstæður. Það verður þó ávallt matsatriði á hverjum tíma og í hverju samfélagi hvað teljast viðunandi uppeldisskilyrði. Er það mat m.a. háð siðferðilegu gildismati og fræðilegri þekkingu á því hvað börnum er hollt og hvað þeim er skaðlegt. Hér er gengið út frá því að fjölskylda hvers barns gegni lykilhlutverki við uppeldi barna. Þó getur komið til þess að grípa þurfi til sérstakra ráða til verndar barni og getur þá verið að slíkar aðgerðir beinist gegn vilja og hagsmunum annarra í fjölskyldu barnsins. Því verður að meta í hverju einstöku tilfelli hvað barni eða ungmenni sé fyrir bestu.

Með stöðugleika í uppvexti er átt við að börn fái að alast upp í öryggi og án þess að aðgerðir barnaverndaryfirvalda raski stöðu þeirra og högum nema ekki verði hjá því komist. Stöðugleiki í uppvexti vísar einnig til mikilvægis upprunafjölskyldu barnsins og gildi þess almennt að börn séu alin upp í fjölskyldu. Með þessu er lögð áhersla á tengsl barns og fullorðinna einstaklinga sem bera ábyrgð á umönnun þess, uppeldi og þroska. Með stöðugleika í uppvexti er einnig vísað til þess að unnið skuli að því að koma börnum á ný í umsjá foreldra svo fremi það fari ekki í bága við þarfir þeirra og hagsmuni. Í þeim tilvikum vísar stöðugleiki í uppvexti til þess að börn, sem tekin eru úr umsjá foreldra, fái svo skjótt sem auðið er trausta og varanlega forsjá í góðri fósturfjölskyldu þegar það hentar best þörfum þeirra.

Um 2. gr.

Í greininni eru talin upp þau stjórnvöld sem bera ábyrgð á störfum er varða barnavernd og teljast því barnaverndaryfirvöld.

Um 3. gr.

Með aukinni þekkingu á málefnum barna, þörfum þeirra og uppvaxtarskilyrðum er nauðsynlegt að stjórnvöld móti ákveðna stefnu á hverjum tíma um megintilgang með barnaverndarstörfum. Mikilvægt er að stjórnvöld skilgreini hvað beri að leggja áherslu á hverju sinni. Úrræði í barnavernd eru oft af skornum skammti og er því brýnt að markviss uppbygging fari fram til þess að barnaverndarstörf verði árangursrík. Eðlilegt þykir að heildarstefna verði mótuð í félagsmálaráðuneytinu, byggð á þeirri þekkingu sem til er hverju sinni um börn og aðstæður þeirra. Allnokkuð hefur skort á að nægjanlegar rannsóknir væru gerðar á aðstæðum barna og fullnægjandi úrræðum í þágu þeirra sem þurfa sérstaka vernd af hálfu yfirvalda en þetta þykir sérstaklega mikilvægt til að tryggja viðunandi árangur í barnaverndarstörfum.

Með þeirri breytingu að ráðuneytið fari með eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk í stað

barnaverndarráðs er nauðsynlegt að skýra valdmörk félagsmálaráðuneytisins annars vegar og barnaverndarráðs hins vegar gagnvart barnaverndarnefndum og er það gert með þessari grein.

Um 4. gr.

Meginþættir í störfum barnaverndarnefnda eru samkvæmt greininni þeir sömu og í gildandi lögum en eru nú taldir upp og skilgreindir. Sérstök áhersla er lögð á að fylgjast beri með þeim börnum og ungmennum sem eru hjálpar þurfi og einnig að afla skuli upplýsinga sem gefa haldgóða mynd af þeim vanda sem við er að eiga hverju sinni. Að öðrum kosti er þess ekki að vænta að unnt verði að veita viðunandi aðstoð eða grípa til heppilegra úrræða.

Þá þykir rétt að taka sérstaklega fram að barnaverndarnefndir fara einnig með þau verkefni sem þeim eru falin í öðrum lögum, svo sem ættleiðingarlögum.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um þagnarskyldu og er óbreytt 3. gr. gildandi laga.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað sérstaklega um barnaverndarnefndir, skipulag þeirra, starfslið og samstarf nefnda. Mikilvægasta breytingin á gildandi lögum er sú að hér er gert ráð fyrir að efla starfsemi barnaverndarnefnda með stækkun barnaverndarumdæma, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Um það atriði er enn frekar fjallað í 3. tölul. í kaflanum, **Helstu nýmæli frumvarpsins**, í inngangi þessara athugasemda.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um kosningu og kjörgengi í barnaverndarnefnd. Gert er ráð fyrir því að héraðsnefndir og bæjarstjórnir í kaupstöðum, sem standa utan héraðsnefnda, kjósi í barnaverndarnefnd. Með þessu er ætlunin að tryggja að stærri einingar standi að barnaverndarstarfi en nú er. Þá er gert ráð fyrir því að félagsmálaráð geti farið með störf barnaverndarnefnda svo sem heimilt er samkvæmt gildandi lögum eða félagsmálanefndir verði þeim komið á fót.

Mikilvægt þykir að í barnaverndarnefnd eigi sæti lögfræðingur, svo og fólk með sérþekkingu á málefnum barna.

Kjörgengi í barnaverndarnefnd er háð sams konar skilyrðum og nú.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um kjörtímabil barnaverndarnefnda og er efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að rétt þykir og eðlilegt að undanþágu frá skyldu til setu í barnaverndarnefnd fái nefndarmenn eftir tvö kjörtímabil í stað eins nú þar sem reynsla nefndarmanna þykir mikils virði.

Ljóst er að sveitarstjórnir standa straum af kostnaði við störf barnaverndarnefnda en í greininni er héraðsnefnd látið eftir að ákveða hvernig kostnaður skiptist á einstök sveitarfélög en eins og kunnugt er eru málefni héraðsnefnda enn í mótun.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Fyrsta málsgrein er efnislega samhljóða upphafi 10. gr. gildandi laga, en er nokkru fyllri. Í greinargerð með frumvarpi til gildandi laga kom fram fullur skilningur á mikilvægi þess að barnaverndarnefndir hefðu á að skipa sérhæfðu starfsliði. Með sérhæfðu starfsliði er átt við starfsmenn er fengið hafa sérmenntun í þeim fræðum sem mest tengsl hafa við barnavernd, þar á meðal sálfræðinga, félagsráðgjafa, sérmenntaða kennara og uppeldisfræðinga. Því fer fjarri að barnaverndarnefndir hafi yfirleitt nægan aðgang að sérhæfðu starfsliði og stendur það barnaverndarstarfi víða mjög fyrir þrifum. Veldur slíkt óeðlilegum drætti á að mál séu könnuð, málsmeðferð verður ómarkviss og dregst á langinn og réttarstöðu allra aðila er ekki gætt sem skyldi.

Nú munu starfandi 15 félagsmálastofnanir í bæjum og kaupstöðum. Flestar eru þó svo fámennar að ekki gefst færi á þeirri sérhæfingu sem æskileg er í barnaverndarmálum. Þess eru dæmi, og þeim fer fjölgandi, að barnaverndarnefndir og félagsmálastofnanir hafa keypt ráðgjöf félagsráðgjafa og sálfræðinga í einstökum málum.

Stækkun barnaverndarumdæma ætti að gefa nefndum aukna möguleika til að ráða starfsfólk og er brýnt að héraðsnefndir og sveitarstjórnir styðji við nefndirnar að þessu leyti.

Í 2. mgr. er veitt heimild til samstarfs við aðrar stofnanir um sameiginlega sérfræðiþjónustu.

Í 3. mgr. er bætt við ákvæði um heimildir barnaverndarnefnda til að fela starfsmönnum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka að því tilskildu að um það hafi verið settar formlegar reglur sem héraðsnefnd eða sveitarstjórn staðfestir.

Um 11. gr.

Grein þessi fjallar um valdmörk nefnda og samstarf nefnda. Efnislega er greinin samhljóða 17. og 29. gr. gildandi laga.

Um III. kafla.

Þessi kafli fjallar um skipan barnaverndarráðs, hlutverk þess og starfshætti. Í kaflanum eru lagðar til verulegar breytingar frá gildandi lögum. Lagt er til að ráðsmönnum verði fækkað úr fimm í þrjá en með setningu gildandi laga var þeim fjölgað úr þrem í fimm. Hlutverki ráðsins er einnig breytt þannig að það hafi eingöngu með höndum fullnaðarúrskurðarvald í þeim barnaverndarmálum sem skotið er til ráðsins en leiðbeiningarskylda barnaverndarráðs og eftirlit með störfum barnaverndarnefnda flyst til félagsmálaráðuneytisins, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Telja verður að þessi veigamikla breyting á hlutverki barnaverndarráðs styrki verulega stöðu þess sem áfrýjunaraðila þar sem því er ekki lengur ætlað það tvíþætta hlutverk að veita barnaverndarnefndum ráðgjöf við úrlausnir einstakra mála og kveða síðan upp fullnaðarúrskurði í þessum sömu málum síðar.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að félagsmálaráðherra skipi þrjá menn í barnaverndarráð í stað fimm manna eins og nú er. Það er ljóst að ákvarðanir barnaverndarráðs hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir þá sem hlut eiga að máli og því nauðsynlegt að tryggja eftir föngum

að þær ákvarðanir séu byggðar á víðtækri, faglegri þekkingu þeirra sem sitja í ráðinu. Telja verður að með þremur mönnum sé hægt að fullnægja þeim kröfum um sérþekkingu á málefnum barna sem gera verður til ráðsmanna auk þess sem vægi og ábyrgð hvers einstaks ráðsmanns hlýtur að vera meira í þriggja manna ráði en í fimm manna ráði. Enn fremur má ætla að úrlausn mála verði greiðari í minna ráði en stærra.

Það þykir eðlilegt að gera þær kröfur til formanns barnaverndarráðs að hann fullnægi almennum hæfisskilyrðum til þess að vera skipaður héraðsdómari í samræmi við ákvæði 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, ekki síst með tilliti til þeirra breytinga sem lagt er til að gerðar verði á barnaverndarráði.

Um 13. gr.

Lagt er til að barnaverndarráð fari með úrskurðarvald í þeim málum sem skotið er til ráðsins samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 52. gr. Önnur verkefni, sem ráðið hefur nú með höndum, flytjist hins vegar til félagsmálaráðuneytisins skv. 3. gr. frumvarpsins.

Greinin er að öðru leyti efnislega samhljóða ákvæðum í 12. og 51. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Í greininni er ákvæði þess efnis að ráðherra setji reglugerð um starfsháttu barnaverndarráðs. Í þeirri reglugerð þyrfti m.a. að kveða ítarlega á um það hvernig staðið skuli að bókun fundargerða, en engin slík fyrirmæli eru í gildandi lögum eða reglugerð. Enn fremur þyrfti að setja reglur um boðun funda barnaverndarráðs, boðun varamanna og um verkaskiptingu innan ráðsins, um starfsmenn þess og skrifstofuhald.

Annað í kaflanum er efnislega samhljóða ákvæðum í III. og V. kafla gildandi laga.

Um IV. kafla.

Ákvæði frumvarpsins um tilkynningarskyldu eru að efni til óbreytt að öðru leyti en því að nú er gerð tillaga um sérstaka grein sem lýtur að nafnleynd tilkynnanda og er það nýmæli. Jafnframt er miðað að því að gera lagaákvæðin um tilkynningarskyldu skýrari og er þeim nú skipað í samfellu í sérstakan kafla ásamt ákvæði um skyldur annarra, sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna, við barnaverndaryfirvöld.

Í greinargerð með 46. gr. laga nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, segir m.a. að börn á ungum aldri séu ekki þess umkomin að leita réttar síns vegna misferlis sem þau verða fyrir og að börn og ungmenni séu annars oft svo háð þeim sem veita eiga þeim forsjá að þau geti ekki borið sig upp undan meðferð þeirri er þau sæta. Þessi orð eiga enn þá við og jafnvel eru ástæður til að ætla að tilkynningarskyldan sé enn mikilvægari nú en hún var fyrir 40 árum vegna þeirra þjóðfélagsbreytinga sem orðið hafa.

Tilgangur tilkynningarskyldu er sá að vitneskja um barn eða börn, sem eru hjálparþurfi, komist til barnaverndaryfirvalda þannig að þau geti sinnt þeim lögboðnu skyldum sínum að tryggja öryggi, aðbúnað og viðunandi uppeldisskilyrði barna og ungmenna. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að barnaverndaryfirvöld fái sem fyrst vitneskju um tilvik sem gefa tilefni til afskipta af þeirra hálfu. Tilkynningarskyldan sem slík tryggir þó ekki að aðbúnaður barns batni heldur verður einnig til að koma öflugt og traust barnaverndarstarf sem bregst við tilkynningum og tekur á málum eftir því sem við á. Tilkynningarskylda hefur því enn meira gildi ef barnaverndarstarf er öflugt og nýtur trausts.

Það er ákaflega erfitt að skilgreina nákvæmlega í lögum hvenær tilkynningarskyld-

an á við, en engu að síður mjög mikilvægt að lögin séu eins skýr og afdráttarlaus og mögulegt er til þess að taka af tvímæli. Hins vegar verður að ganga út frá þeirri staðreynd að það hljóti að byggjast á mati hvenær skilyrði laganna eru fyrir hendi. Hér má líka nefna hugsanlegan hagsmunaárekstur þegar tilkynningarskyldan stangast á við þagnarskyldu ákveðinna starfsstétta. Samkvæmt gildandi lögum gengur tilkynningarskyldan við barnaverndaryfirvöld framar ákvæðum laga um þagnarskyldu en engu að síður er það þó oft háð mati hvaða atvik eða aðstæður gefa tilefni til afskipta barnaverndaryfirvalda. Rétt er að geta þess að tilkynningarskyldan gildir þótt tilkynnandinn þekki ekki allar aðstæður barnsins. Einungis getur verið um rökstuddan grun að ræða og því ekki ljóst á því stigi hvort barnaverndarnefnd lætur málið til sín taka eða ekki. Þegar tilkynnt hefur verið er það háð mati nefndarinnar hvort og hverra aðgerða er þörf hverju sinni.

Um 15. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 1. og 3. mgr. 48. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Þessi grein er að mestu sambærileg 1. mgr. 18. gr. gildandi laga. Sú breyting er þó gerð að tilkynningarskyldan hvílir ekki eingöngu á *opinberum starfsmönnum* heldur á hverjum þeim sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna. Í upptalningu þeirra stétta, sem sérstök tilkynningarskylda er lögð á, er bætt fóstrum og dagmæðrum.

Í lokamálslið 2. mgr. er kveðið á um það nýmæli að tilkynningarskyldan gangi framar ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. Telja verður að með þessari grein séu tekin af tvímæli um það að tilkynningarskylda þeirra starfsstétta, sem tilgreindar eru sérstaklega í greininni, við barnaverndarnefndir gangi framar þagnarskyldu þeirra samkvæmt öðrum lögum.

Um 17. gr.

Greinin er efnislega sambærileg 19. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Helsta nýmæli frumvarpsins um tilkynningar til barnaverndaryfirvalda lúta að nafnleynd tilkynnanda. Með nafnleynd í þessu sambandi er átt við að barnaverndarnefnd heitir tilkynnanda að halda nafni hans leyndu fyrir öðrum ef hann óskar þess. Tilkynnandi verður eigi að síður að gefa nefndinni upp nafn sitt. Það er mikilvægt að upplýsingar berist greiðlega til barnaverndaryfirvalda. Með því að tryggja almenningi nafnleynd er greitt fyrir því að svo verði. Nafnleyndin hefur því þann tilgang að stuðla að bættri barnavernd. Þá er einnig mikilvægt að barnaverndaryfirvöld sýni fyllstu aðgæslu við meðferð hvers konar upplýsinga sem til þeirra berast en í 21. gr. frumvarpsins er boðið að barnaverndaryfirvöld skuli hefjast handa þegar fyrir liggur *rökstuddur grunur* um ákveðin atriði.

Um 19. gr.

Ljóst þykir að barnaverndarstarf komi því aðeins að fullum notum að tryggð sé samvinna allra þeirra aðila og stofnana er mest afskipti hafa af málefnum barna og ungmenna. Mikilvægt barnaverndar- og uppeldisstarf er unnið af hálfu ýmissa aðila, bæði opinberra og annarra. Má þar nefna heilbrigðisþjónustuna, einkum ungbarnaeftirlitið, svo

og dagvistarstofnanir og skóla. Skv. 3. mgr. 2. gr. gildandi laga hvílir sú skylda á barnaverndarnefnd að leita samvinnu við forráðamenn skóla, heilsugæslu og félagsmála og aðra þá sem fjalla um málefni barna og ungmenna. Á hinn bóginn er lögð sú skylda á alla opinbera starfsmenn að hafa náið samstarf við barnaverndarnefndir í 18. gr. gildandi laga.

Rétt þykir að leggja sérstaka áherslu á gagnkvæma samvinnu barnaverndaryfirvalda og annarra sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna. Sérstök skylda er lögð á skóla og dagvistarstofnanir í þessum efnum skv. 3. mgr.

Þá er í 4. mgr. sérstaklega tilgreint að þær stofnanir á sviði félags- og heilbrigðismála, er sinna foreldrum, skuli taka tillit til hagsmuna barna skjólstæðinga sinna. Það verður að leggja í mat hverrar stofnunar hvernig það verður best gert. Um getur verið að ræða aðgerðir allt frá félagslegri ráðgjöf varðandi réttindi og þjónustu til mjög náinnar samvinnu við barnaverndarnefndir, t.d. þegar börn búa við hættulegar aðstæður vegna geðveiki eða fíkniefnaneyslu foreldranna.

Gert er ráð fyrir að ráðuneytið setji frekari reglur og leiðbeiningar í reglugerð um samvinnu barnaverndaryfirvalda við aðrar stofnanir. Rétt þykir að slík reglugerð verði sett að höfðu nánu samráði við önnur ráðuneyti þegar það á við, t.d. menntamálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Gæti slíkt stuðlað að markvissari samvinnu.

Um V. kafla.

Á síðari árum hefur verið á það bent að nauðsynlegt sé að skilgreina vel í lögum skyldur barnaverndaryfirvalda til stuðnings einstökum börnum og ungmennum. Á það bæði við um hvenær skuli hefja íhlutun og hvaða úrræðum skuli beitt. Með því móti er síður hætta á mismunandi túlkunum á lagaákvæðum, starf barnaverndaryfirvalda verður markvissara og börn, foreldrar og barnaverndaryfirvöld njóta meira réttaröryggis við úrlausnir þessara vandasömu mála.

Skyldur barnaverndaryfirvalda varðandi einstök börn felast fyrst og fremst í því að grípa til viðeigandi úrræða ef og þegar aðstæður barns eða aðbúnaður er óviðunandi. Þetta orðalag gefur barnaverndaryfirvöldum mjög frjálsar hendur í þeim efnum að skilgreina hvað eru óviðunandi aðstæður eða aðbúnaður.

Í 35. gr. barnalaga, nr. 9/1981, eru skilgreindar forsjárskyldur foreldra. Þær skilgreiningar gefa þó ekki endilega fullnægjandi vísbendingar um það við hvað skuli miða varðandi ákvörðun á því hvenær foreldrar eða þeir sem hafa forsjárskyldur við barnið hafa brugðist þessum lögboðnu skyldum. Því þykir nauðsynlegt að í lögum um vernd barna og ungmenna verði nánar skilgreint hvenær barnaverndaryfirvöld skuli hefjast handa til stuðnings einstökum börnum eða ungmennum og til hvaða úrræða þeim beri að grípa. Ekki þykir fullnægjandi, svo sem gert er í gildandi barnaverndarlögum, að orða þetta þannig að barnaverndarnefnd skuli láta mál til sín taka á þann hátt er best þykir við eiga eftir því sem á stendur, sbr. 22. gr. laga nr. 53/1966. Það er ljóst að slíkt orðalag setur starfsmenn barnaverndaryfirvalda í ærinn vanda, t.d. ef þeir fá óstaðfestar eða jafnvel óljósar upplýsingar um að barn búi við slaka umönnun af hálfu foreldra sinna. Flest þau úrræði, sem gildandi lög ætla barnaverndarnefndum að beita, halda enn gildi sínu og eru hér einnig með, ýmist óbreytt eða færð til nútímalegra orðalags. Mikið þykir þó vanta á að kveðið sé á um ýmis úrræði í samvinnu við foreldra og þvingunarúrræði. Má þar nefna t.d. tilsjónarmann og stuðningsfjölskyldu. Þá er þar hvorki kveðið sérstaklega á um skyldur foreldra né heimildir barnaverndarnefnda til að færa barn til læknisrannsóknar eða athugunar á sjúkrahús né heimildir barnaverndarnefnda til að banna brottflutning barns úr landi.

Í kafla þessum er leitast við að skilgreina betur en gert er í gildandi lögum hverjar skyldur barnaverndaryfirvalda eru gagnvart einstökum börnum og ungmennum og þá jafnframt við hvaða aðstæður þessar skyldur verða virkar.

Öll afskipti barnaverndaryfirvalda eru til þess fallin að trufla að meira eða minna leyti einkalíf viðkomandi fjölskyldu. Afskiptin þurfa því í öllum tilvikum að vera réttlætanleg. Hafa verður í huga að afskipti barnaverndaryfirvalda hafa þann eina tilgang að koma barni til hjálpar þegar foreldrar bregðast skyldum sínum gagnvart barninu. Afskipti eru því aðeins réttlætanleg að með þeim verði hagur eða aðbúnaður barnsins bættur. Nú er ekki alltaf auðvelt að sjá fyrir hvenær afskipti koma til með að ná þessu marki. Því verður ekki hjá því komist að það verði að einhverju leyti háð mati barnaverndaryfirvalda hvenær þau eigi að hafa afskipti af því hvernig foreldrar rækja þær skyldur sem þeir bera gagnvart börnum sínum. Engu að síður hlýtur markmið lagasetningar í þessu tilliti að vera að skilgreina skyldur barnaverndaryfirvalda sem nákvæmast þannig að orðalag gefi sem minnst tilefni til mismunandi túlkunar.

Þótt það sé ótvíræður réttur barna að barnaverndaryfirvöld grípi inn í ef aðstæður þeirra eða aðbúnaður er óviðunandi er það einnig réttur foreldra að lög kveði skýrt á um það til hvers er ætlast af þeim sem foreldrum og hvaða háttsemi þeirra leiði til afskipta barnaverndaryfirvalda af heimilisháttum og uppeldisaðferðum. Á hinn bóginn hefur það þótt erfiðleikum bundið í framkvæmd að fyrir þurfi að liggja skilgreindir annmarkar á hæfni foreldra til að annast börn og ala þau upp. Slíkt gæti hugsanlega leitt til þess að vinna í barnaverndarmálum snúist fyrst og fremst um það að sanna ákveðna vankanta á foreldrum í stað þess að rannsókn beinist að því að leiða í ljós að barnið verði fyrir skaða við þær aðstæður sem það býr við láti barnaverndaryfirvöld sig ekki málið varða. Því hefur verið reynt að orða lagaákvæði svo að barnaverndaryfirvöld hafi afskipti af málefnum barns ef foreldrar sýna þá hegðun sem er líkleg til að valda barninu skaða eða ef barn eða ungmenni er líklegt til að skaða sjálft sig með hegðun sinni.

Uppbygging þessa kafla er með þeim hætti að byrjað er á að kveða á um skyldur foreldra gagnvart börnum og er þar með lögð áhersla á að fyrst og fremst eru það foreldrarnir sem bera ábyrgð á börnum sínum og uppeldi þeirra. Barnaverndaryfirvöld hafa að þessu leyti þær skyldur að þeim ber að aðstoða foreldra við að annast börn sín ef leitt er í ljós að þeir eru ófærir um að gegna þessum skyldum án hjálpar. Því næst eru skilgreindar þær aðstæður sem kalla á íhlutun nefndar og kveðið á um könnun máls. Þá er kveðið á um það til hvaða úrræða barnaverndaryfirvöld skuli grípa ef könnun leiðir í ljós að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt. Þar er fyrst kveðið á um stuðnings- og hjálparaðgerðir og loks kveðið á um sérstök úrræði sem beita má með þvingunaraðgerðum.

Framsetning og orðalag kaflans er að mestu leyti nýmæli, en þess getið í athugasemdum við einstakar greinar sem óbreytt er frá gildandi lögum.

Um 20. gr.

Í greininni er skírskotað til almennrar forsjárskyldu foreldra sem nánar er kveðið á um í barnalögum, nr. 9/1981. Eðlilegt má telja að barnaverndarlög vísi til þessarar meginreglu og kveði jafnframt á um skyldur barnaverndaryfirvalda til að hjálpa foreldrum til að annast börn sín í samræmi við barnalög. Hér er gengið út frá því að yfirleitt sé hagsmunum og þörfum barna best borgið í höndum foreldra sem er í sjálfsvald sett að taka

þær ákvarðanir er þeir telja börnum sínum og sér henta. Slíkt viðhorf mun í samræmi við almennt gildismat og lýðræðislegar hefðir okkar þjóðfélags. Þess vegna skal þess að jafnaði gætt að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu og í samvinnu við hana verði reynd áður en gripið er til þvingunarúrræða. Slíkur stuðningur má þó aldrei verða barninu skaðlegur. Því er áréttuð hér sú regla að barnaverndarnefndir taki upp það ráð sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir bestu jafnvel þótt beita þurfi þvingun.

Um 21. gr.

Í þessari grein eru tilgreind þau tilvik er barnaverndarnefnd skal kanna varðandi málefni einstakra barna. Lög er byggja á sjálfdæmi foreldra, sbr. 20. gr., þurfa ekki að skilgreina hvað sé góð aðbúð heldur frá hvaða skaðlegum skilyrðum eða miska beri að forða öllum börnum. Tekið er mið af „viðunandi uppeldisskilyrðum“, sbr. 1. gr. þessa frumvarps. Seint munu menn á eitt sáttir um hvað sé heilbrigður einstaklingur og hvernig tryggja megi fullkominn þroska hans með uppeldi og ytri aðstæðum. Þekking á aðstæðum og hegðun, sem er skaðleg börnum, er mun nákvæmari og byggist síður á huglægu gildismati eða geðþótta úrskurðaraðila. Árangur þvingaðrar íhlutunar orkar oft tvímælis og með hliðsjón af því skal aðeins grípa til slíkra úrræða ef aðstæður eru barninu skaðlegar þannig að síður leiki vafi á hvort aðgerðir barnaverndarnefndar geri fremur gagn en ógagn.

Í greininni er tekið mið af barninu sjálfu og raunverulegum eða líklegum skaða sem heilsu þess eða þroska geti verið búin. Þau tilvik, sem barnaverndarnefnd skal láta sig varða, eru einkum tvenns konar:

a. Aðstæður eru þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin.
b. Barn eða ungmenni stefnir heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni.

Í a-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að ekki nægi að aðbúnaði barns sé í einhverjum atriðum ábótavant heldur að barninu sé beinlínis hætta búin. Orðalag greinarinnar gerir ekki ráð fyrir að skaði hafi þegar orðið. Nægilegt tilefni til afskipta barnaverndarnefndar er að hætta sé á ferðum ef aðstæður verða ekki færðar til betri vegar. Hafi barnið þegar beðið skaða af verður íhlutun nefndarinnar því brýnni. Þegar barnaverndarnefnd metur hvort vanræksla, vanhæfni eða framferði foreldra sé hættuleg barni þarf oftast að meta hversu alvarlegt framferðið eða vanrækslan er, hvort um langvarandi ástand sé að ræða og hvort það er yfirstandandi, nýafstaðið eða langt er um liðið.

Sérfræðingar greina yfirleitt fjóra hópa barna sem þannig er hætta búin vegna:

a. líkamlegra áverka eða skaða,
b. vanrækslu, andlegrar eða líkamlegrar,
c. andlegrar kúgunar,
d. kynferðislegrar misþyrmingar eða áreitni.

Þessir flokkar útiloka engan veginn hver annan, þannig er vanrækt barn stundum beitt líkamlegu ofbeldi og barn, sem hlýtur líkamlega áverka af hendi forsjáraðila eða er misþyrmt kynferðislega, hlýtur oftast andlegan skaða.

a. Þessi flokkur tekur til barna sem veittur er líkamlegur áverki eða skaði eða hætta er á slíku hvort sem er vegna hegðunar foreldra, t.d. barsmíða, eða t.d. vegna aðgæsluleysis. Algengustu áverkarnir, sem börn hljóta í slíkum tilvikum, eru marblettir og brunasár, stöku sinnum beinbrot og áverkar á innri líffærum. Ýmsir sérfræðingar hafa haldið því fram að slíkir áverkar séu algengari hér á landi en tölur sýna og vísa í því sambandi til nákvæmari rannsókna erlendis. Oft er erfitt að segja svo að óyggjandi

sé hvenær líkamlegir áverkar á barni stafa af illri meðferð. Stundum er ekki við annað að styðjast en sjálfan áverkann og ýmsar óljósar vísbendingar um að áverkinn stafi af manna völdum.

b. Börn, sem eru vanrækt andlega eða líkamlega, eru að öllum líkindum fjölmennasti hópurinn sem barnaverndarnefndir hér á landi hafa afskipti af. Hér er vísað til hvers konar aðgerðarleysis foreldra varðandi líkamlegar eða andlegar þarfir barns fyrir umönnun, umhirðu, næringu, hreinlæti, örvun, þjálfun o.s.frv. eða þegar foreldrar láta undir höfuð leggjast að bæta úr eða koma í veg fyrir aðstæður sem reynst geta barninu skaðlegar. Hér getur einnig verið um það að ræða að foreldrar hirði ekki um að barn fái viðunandi læknismeðferð, sérþjálfun eða sérkennslu vegna fötlunar eða veikinda.

c. Börn, sem sæta andlegri kúgun, getur verið erfitt að greina þar sem einkennin eru óáþreifanlegri. Í þessum hópi eru börn sem foreldrar hafna, jafnvel frá fæðingu, telja „vitlaus“, „vond“, „brjáluð“ o.s.frv. Þeim er hafnað með ýmsum hætti, þau sniðgengin, hædd og spottuð eða þau skömmuð og niðurlægð í sífellu. Annar hópur eru börn sem búa í fjölskyldu þar sem samlíf og andrúmsloft allt mótast af hatri, fjandskap og líkamlegu ofbeldi milli foreldra. Þriðji hópurinn býr við alvarlegt öryggisleysi vegna óábyrgrar og óvæntrar hegðunar foreldranna, oft vegna alvarlegrar geðveiki þeirra eða áfengis- og fíkniefnaneyslu.

   Loks má hér nefna börn sem bíða tjón á geðheilsu sinni vegna hatrammra skilnaðarátaka foreldra. Nefnd sú, er samdi frumvarp þetta, er þeirrar skoðunar að barnaverndarnefndir skuli einungis vera umsagnaraðilar við forsjárdeilur þegar vafi leikur á hæfni foreldra til að fara með forsjá barns.

d. Með kynferðislegri áreitni eða misþyrmingu er átt við að fullorðinn einstaklingur, sem barnið er tengt eða háð á einn eða annan hátt, neytir yfirburða sinna til þess að láta barnið eða ungmennið taka þátt í kynferðislegum verknaði þar sem það samræmist hvorki tilfinninga- eða líkamsþroska þess. Umræður um mál þessara barna eru nýjar af nálinni hérlendis og margt bendir til að slíkar misþyrmingar séu mun algengari en áður var talið.

Barninu þarf að vera hætta búin vegna *vanrækslu, vanhæfni eða framferðis* foreldra. Greinin felur ekki í sér nákvæma skilgreiningu á hegðun eða eiginleikum foreldra eins og gert er í gildandi lögum enda verður það aldrei tæmandi talið.

Vanræksla vísar til hvers konar aðgerðarleysis foreldra, svo sem áður er getið.

Framferði vísar til hvers konar athafna eða hegðunar af hálfu foreldra sem skaðað geta barnið hvort sem um er að ræða líkamlegt ofbeldi eða andlega kúgun. Kynferðisleg þjökun barna innan fjölskyldna felur oft í sér hvort tveggja. Hvatning foreldra til afbrota eru einnig dæmi um slíkt framferði.

Vanhæfni foreldranna kemur hér einnig til álita en hafa ber í huga þá meginreglu við mat barnaverndarnefndar að miða við barnið og þá hættu sem það er í fremur en eiginleika foreldranna. Þó verður ekki fram hjá því litið að börnum stafar meiri hætta af vissum eiginleikum í fari foreldra en öðrum. Hér hafa fræðimenn einkum greint sljóa og framtakslitla foreldra, foreldra sem einkennast af lélegri sjálfsstjórn og hömluleysi, langvarandi og alvarlega þunglynda foreldra, foreldra með mjög skerta greind eða alvarlegar geðveilur og loks foreldra sem misnota áfengi eða aðra vímugjafa. Heildarmat á aðstæðum er hér nauðsynlegt því að sterkir, jákvæðir þættir í félagslegu umhverfi, t.d. hæfur maki eða stuðningur fjölskyldu, geta vegið upp einstaka veikleika svo sem slaka greind annars foreldris.

Í b-lið 1. mgr. er vísað til þess að barn eða ungmenni stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni. Hér er einkum vísað til neyslu áfengis eða annarra vímuefna, afbrota eða annarrar jafnskaðlegrar hegðunar, sbr. 25. gr.

Í 1. mgr. er barnaverndarnefnd gert skylt að kanna mál þegar hún fær *rökstuddan grun* um að aðstæður barns séu með þeim hætti sem nánar er tilgreint í a- og b- liðum greinarinnar. Með þessu ákvæði eru kröfur um rannsóknarskyldu barnaverndarnefnda hertar og jafnframt gerðar skýrari. Nefnd *ber* að hefjast handa um rannsókn máls þegar *grunur* liggur fyrir, án ástæðulausrar tafar. Sá grunur þarf reyndar að vera *rökstuddur* þannig að ábendingar og upplýsingar sem berast barnaverndarnefnd verða að eiga við haldbær rök að styðjast að mati nefndar.

Í 2. mgr. er lögð áhersla á að gerð sé vönduð rannsókn á aðstæðum barns. Einu gildir í hverju hin illa meðferð barnsins er fólgin eða hversu alvarleg hún er. Réttar aðgerðir til úrbóta verða að byggjast á skipulegri rannsókn á uppeldisaðstæðum barnsins. Aðstæður barns, sem ógna heilsu þess og þroska, eru oftast afleiðing margra orsakaþátta; ytri aðstæður, svo sem álag, félagslegar aðstæður og samskipti foreldra, ráða þar nokkru, en einnig persónulegir þættir, svo sem eigið uppeldi, geðheilsa og persónuleiki. Gagnsemi stuðningsaðgerða hlýtur að velta á vandaðri greiningu á sálfræðilegum og félagslegum þáttum og heildarmati á aðstæðum barnsins og fjölskyldu þess. Gert er ráð fyrir að nefndir hafi starfsmenn og leiti til sérfróðra aðila til að geta sinnt þessu, sbr. 10. gr.

Barn á rétt á vernd samfélagsins og er sá réttur óháður afstöðu foreldranna. Jafnframt á það rétt á að fjölskyldu þess og aðstæðum sé sýnd virðing og nærgætni. 3. og 4. mgr. vísa til þessa, enda eru það hagsmunir barns að könnun máls gangi greiðlega og með friði.

Um 22. gr.

Í greininni er lögð áhersla á að barnaverndarnefndir vinni með skipulegum hætti í kjölfar könnunar sem leiðir í ljós að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns sé áfátt. Kveðið er á um í 1. mgr. að gerð sé skrifleg áætlun til úrbóta er tilgreini markmið og leiðir. Krafa um skriflega áætlun er til þess fallin að tryggja vönduð vinnubrögð nefndanna og einnig til að bæta réttarstöðu aðila, bæði barna og foreldra. Slík meðferðaráætlun skal gerð um hvert það barn sem barnaverndarnefnd telur að 1. mgr. eigi við um. Áætlunin þarf m.a. að innihalda

— ástæður fyrir íhlutun nefndarinnar,
— markmið, þ.e. hvernig hagsmunir barns verði best tryggðir,
— úrræði og aðgerðir, sem beita skal til að markmiðum verði náð,
— tímaáætlun,
— hver ber ábyrgð á hverju, þ.e. hvaða aðstoð barnaverndarnefnd veitir foreldrum og einnig hvað foreldrum beri að gera fyrir sitt leyti og loks
— hvenær og hvernig áætlun er endurmetin.

Eftir því sem við verður komið skal móta meðferðaráætlun og markmið í samvinnu við viðkomandi barn og foreldra þess. Þykir ástæða til að leggja áherslu á að starf barnaverndarnefndar skuli þannig mótast af faglegum vinnubrögðum, enda mikið í húfi að vel takist til. Gera verður ráð fyrir að ráðuneytið veiti barnaverndarnefndum, einkum hinum minni, frekari leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi slíka áætlanagerð, enda gert ráð fyrir því í 3. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Í greininni er lögð sú skylda á barnaverndarnefnd að halda sérstaka skrá yfir þau börn í umdæminu sem hún telur í hættu, sbr. 1. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 22. gr. Tilgangur slíkrar skráningar er m.a. að tryggja barnaverndarnefnd yfirsýn yfir slík vandamál í umdæminu. Ýmsir sérfræðingar telja að mörg tilfelli séu aldrei greind enda þótt mál barnanna komi til kasta fagmanna, svo sem lækna, skóla, sálfræðinga og félagsráðgjafa. Einnig hefur verið bent á það að vegna slakrar skráningar og skorts á yfirsýn kemur ekki fram í dagsljósið að um ítrekuð tilvik er að ræða. Með því að halda slíka skrá og leggja áherslu á tilkynningarskyldu, sbr. 15. og 16. gr., geta nefndir fengið betra yfirlit yfir stöðu þessara mála. Einnig er tilgangur slíkrar skráningar að hvetja til markvissra ákvarðana og samfelldrar málsmeðferðar í málefnum einstakra barna. Ráðuneytið skal setja nánari ákvæði um skráningu í reglugerð þar sem um vandmeðfarnar upplýsingar er að ræða.

Ákvæði þessarar greinar eiga sér hliðstæðu í 34. gr. gildandi laga en líkast til hefur smæð umdæma og ófullnægjandi aðhald við nefndir valdið því að lítið hefur orðið um framkvæmdir víðast hvar.

Um 24. gr.

Í þessari grein er fjallað um þau úrræði sem barnaverndarnefnd skal beita í samvinnu við barn og foreldra eftir því sem við á. Heimildir nefndarinnar til að beita þessum stuðningsúrræðum eru eðli málsins samkvæmt mjög rúmar. Áhersla er hér lögð á stuðning í samráði við foreldra. Hér getur verið um að ræða varnaðarstarf til að koma í veg fyrir ástand sem um er getið í 21. gr., 25. gr., 27. gr. og 28. gr. og leitt getur til þvingunarúrræða. Í þessum efnum skulu barnaverndarnefndir beita þeim úrræðum sem best eiga við hverju sinni og hentugust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð barns eða ungmennis. Á það skal bent að foreldrum er frjálst að þiggja þessa þjónustu barnaverndarnefnda eða hafna henni. Þetta valfrelsi foreldranna er þó við sérstakar aðstæður takmarkað af ákvæðum 2. mgr. 28. gr. en andstaða foreldra við stuðningsaðgerðir getur þá leitt til þvingunaraðgerða og sviptingar forsjár.

Í a-lið er getið um að leiðbeina skuli foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns. Reikna verður með að slíkar leiðbeiningar séu oftast hluti af fjölskylduráðgjöf eða félagslegri ráðgjöf við fjölskylduna og venjulega á hendi starfsmanna nefndarinnar, félagsráðgjafa, sálfræðinga eða annarra til þess bærra.

Samkvæmt b-lið skal reynt að útvega barni, ungmenni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu. Hugtökin *tilsjónarmaður og persónulegur ráðgjafi* eru nýmæli í barnaverndarlögum. Samkvæmt gildandi lögum og reglugerð er unnt að skipa heimili eftirlitsmann. Í hinum stærri sveitarfélögum er eftirlit í eiginlegri merkingu oftar á hendi starfsmanna nefnda og félagsmálastofnana en tilsjónarmenn, sem svo eru nefndir, hafa verið fengnir sérstaklega til stuðnings einstökum börnum, ungmennum eða fjölskyldum. Hlutverk tilsjónarmanna er að veita leiðsögn og stuðning, hafa samvinnu við skóla og vinnuveitanda ef hann er fyrir hendi. Ef um unglinga er að ræða skal tilsjónarmaður tengja skjólstæðing heilbrigðri æskulýðsstarfsemi. Samband tilsjónarmanns og skjólstæðings byggist á gagnkvæmu trausti og vinsemd.

Hugtakið *stuðningsfjölskylda* er einnig nýmæli í barnaverndarlögum en er þekkt úr lögum um málefni fatlaðra. Stuðningsfjölskylda tekur á móti barni, og stöku sinnum barni og móður þess, til vistunar nokkra daga í mánuði í því augnamiði að létta álagi af þjakaðri fjölskyldu og leiðbeina foreldrum og styðja þá í forsjárhlutverkinu. Margir skjólstæðingar barnaverndarnefnda eru félagslega einangraðir og hafa oft lítil tengsl við stór-

fjölskyldu, afa og ömmur, frændur og frænkur. Í slíkum tilvikum hafa stuðningsfjölskyldur reynst jákvætt úrræði. Gera verður ráð fyrir að ráðuneytið setji reglugerð um störf tilsjónarmanna og stuðningsfjölskyldna í barnaverndarmálum.

Samkvæmt c- og d-liðum skal barnaverndarnefnd beita ýmsum almennum úrræðum. Sem dæmi má nefna dagvistun og ýmis úrræði í samvinnu við skólayfirvöld. Hér hljóta einnig að vega þungt ýmis úrræði samkvæmt öðrum lögum er varða félagsþjónustu sveitarfélaga, svo sem fjárhagsaðstoð, félagslegt húsnæði, heimilisþjónusta og félagsleg ráðgjöf.

Í e-lið er um að ræða aðgerðir sem beinast að vandamálum foreldranna sjálfra. Er þar sérstök ástæða til að leggja áherslu á samstarf barnaverndarnefnda við meðferðarstofnanir vegna áfengis- og vímuefnavandamála, geðdeildir og göngudeildir þeirra og aðra aðila er veita geðlæknisfræðilega og sálfræðilega meðferð. Einnig má minna á 4. mgr. 19. gr. frumvarpsins í þessu sambandi.

Í f- og g-liðum er svo um að ræða fósturheimili og vistheimili til lengri og skemmri tíma. Fjalla VI. og IX. kafli laganna sérstaklega um þau úrræði. Leggja ber áherslu á vönduð vinnubrögð nefnda þegar barn er vistað utan heimilis enda er aðskilnaður foreldra og barna ávallt afdrifaríkur, jafnvel þótt um fulla samvinnu barnaverndarnefndar og foreldra sé að ræða, eins og f- og g-liðir þessarar greinar fela í sér. Sérstakan gaum þarf að gefa að lögformlegum áhrifum fósturs barna í samvinnu við foreldra og þó einkum yfirtöku forsjár og varanlegt fóstur, sbr. g-lið þessarar greinar. Við slíkar aðstæður rofna tengsl barns við foreldra, umsjá eða forsjá þess hverfur til annarra og tengsl við nýja umönnunaraðila myndast. Hagsmunir barns geta leitt til þess að ráðstöfun skuli haldast, sbr. 38. gr., jafnvel þótt foreldrar kalli eftir barninu. Því er brýnt að foreldrar séu upplýstir um áhrif ákvörðunar sinnar og málsmeðferðarreglna sé í hvívetna gætt, sbr. 47. gr.

Ljóst þykir að með þeim úrræðum, sem hér hafa verið upp talin, má vinna að úrlausn margra barnaverndarmála og koma þannig í veg fyrir að taka þurfi barn úr forsjá foreldra, vista það á fósturheimili eða beita þvingunarúrræðum. Því verður að gera þá kröfu til héraðsnefnda og sveitarstjórna að þau úrræði, sem háð eru fjárveitingum þeirra, verði barnaverndarnefndum ávallt tiltæk. Þetta á einkum við félagslega ráðgjöf, tilsjónarmenn og stuðningsfjölskyldur, auk vistunarúrræða.

Um 25. gr.

Í þessari grein er fjallað um skyldur barnaverndarnefndar er barn eða ungmenni stefnir heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni. Ákvæði 1. mgr. og fyrri málsliðar 2. mgr. er að stofni til sambærileg 1. mgr. 28. gr. gildandi laga en seinni málsliður 2. mgr. og 3. mgr. eru nýmæli. Ákvæði 3. mgr. er háð því að breyting verði gerð á lögræðislögum eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Um 1. mgr. Í 1. mgr. er gerð grein fyrir þeim úrræðum til stuðnings bæði börnum og ungmennum sem barnaverndarnefnd ber að grípa til þegar svo stendur á sem í málsgreininni segir. Oft verða hegðunarvandamál barna og ungmenna til að leiða þau í vítahring sem þau losna ekki úr án sérstaks stuðnings. Aðstoðin ætti einkum að miða að því að koma í veg fyrir að börnin og ungmennin skaði sjálf sig. Félagsleg aðstaða þeirra er oft bágborin, en þó þarf ekki alltaf svo að vera. Sú hegðun, sem hér um ræðir, auk afbrota, áfengis- og fíkniefnaneyslu, getur t.d. verið útigangur og flakk, kynlífshegðun, þar sem ætla má að menn misnoti sér æsku eða vanþroska barns eða ungmennis, vændi eða annað hættulegt kynlíf. Einnig kemur til greina stórfelld vanræksla á skólagöngu og námi eða hegðunarvandamál sem trufla stórlega nám að mati skólayfirvalda, sbr. 6. gr. og 53.

gr. grunnskólalaga, enda verður að telja að slík hegðun geti skaðað félagslegan þroska einstaklingsins.

Um 2. mgr. Hér er fjallað um vistun barns til skammtímameðferðar og rannsóknar í allt að fjórum vikum í senn á viðeigandi stofnun þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir. Málsgreinin kveður á um það nýmæli að barn, sem orðið er 12 ára, eigi rétt á að tjá sig fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta ef barnið er vistað á unglingaheimili eða annarri viðeigandi stofnun gegn vilja sínum, sbr. 49. gr. frumvarpsins. Með þessu er stefnt að auknu réttaröryggi barna og unglinga undir 16 ára aldri og verður að telja það í samræmi við almenna þróun á þessu sviði.

Miðað er við að aðgerðir og úrræði, sem gripið er til skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, séu í samvinnu við foreldra. Hér er því ekki gert ráð fyrir að taka þurfi ákvörðun með úrskurði um málefni barns vegna andstöðu foreldra. Slíkir úrskurðir geta byggst á heimildum 27. gr. ef foreldrar vanrækja uppeldisskyldur sínar eða eru vanhæfir til að gegna foreldrahlutverki sínu og neita samvinnu við barnaverndarnefnd til að stöðva hina skaðlegu hegðun barnsins.

Um 3. mgr. Ekki er gert ráð fyrir því hér að barnaverndaryfirvöld geti beitt *ungmenni*, 16–18 ára, úrskurði eða þvingunaraðgerðum vegna eigin hegðunar, ekki einu sinni þegar þau gætu talist hættuleg sjálfum sér. Til þess þarf samþykki dómsmálaráðuneytisins eða úrskurð dómara um sjálfræðissviptingu samkvæmt lögræðislögum, nr. 68/1984. Ungmenni, 16–18 ára, eru sjálfráða samkvæmt lögræðislögum. Nokkuð hefur verið rætt um hvort hækka beri sjálfræðisaldur til samræmis við löggjöf nágrannalandanna til að unnt sé að beita úrræðum barnaverndarlaga gagnvart ungmennum. Þar sem um undantekningartilvik hlýtur að vera að ræða þykir í of mikið ráðist að hækka sjálfræðisaldur til þess að unnt verði að taka á málum fárra einstaklinga sem tengjast einkum alvarlegri áfengis- og fíkniefnaneyslu. Lögræðislög, nr. 68/1984, kveða einungis á um vistun í sjúkrahúsi, en þau lög taka ekki til vistunar á nýstofnaðri deild Unglingaheimilis ríkisins fyrir vímuefnaneytendur. Í þessari málsgrein er kveðið á um frumkvæði barnaverndarnefndar um slíka vistun, sem er nýmæli, og einnig tekin af tvímæli um að hægt er að vista ungmenni á hinni nýju vímuefnadeild.

III. kafli lögræðislaga gerir aðeins ráð fyrir nauðungarvistun í tvær vikur sem er allt of skammur tími til að árangur meðferðar á vímuefnadeild sé farinn að koma í ljós. Að loknum tveimur vikum gera lögræðislög ráð fyrir að lögð sé fram beiðni um sjálfræðissviptingu fyrir dómi. Slík aðgerð þykir mjög alvarleg þegar ungmenni eiga í hlut. Þykir því nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á lögræðislögum sem fela í sér heimild dómsmálaráðuneytisins til að úrskurða ungmenni, 16–18 ára, til lengri tíma, t.d. til sex mánaða í senn, til dvalar á sérstökum meðferðardeildum fyrir vímuefnaneytendur án þess að gera þurfi kröfu fyrir dómi um að það verði svipt sjálfræði. Slík breyting á lögræðislögum er skilyrði fyrir því að ákvæði 3. mgr. komi að fullu gagni.

Um 26. gr.

Í greininni er nýmæli er kveður á um skyldur barnaverndarnefndar til að aðstoða barn eða ungmenni sem orðið hefur fórnarlamb áreitni, ofbeldis eða annarra afbrota. Núverandi barnaverndarlög gera einungis ráð fyrir skyldum barnaverndarnefndar þegar barnið sjálft er viðriðið afbrotið.

Í 2. mgr. er tekinn af allur vafi um að barnaverndarnefnd getur látið til sín taka tilvik þar sem ábótavant er framkomu aðila sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn. Hér er haft í huga að börn eru stöðugt lengur í umsjá annarra en foreldra, t.d. skóla, dagvistarheimila, félagsmiðstöðva og æskulýðsfélaga hvers konar. Þess eru dæmi að foreldrar hafa leitað liðsinnis barnaverndarnefnda til að taka á slíkum málum en skýra lagaforsendu fyrir afskiptum hefur skort.

Um 27. gr.

Í greininni eru talin upp þau úrræði sem barnaverndarnefnd getur beitt gegn vilja foreldra. Slíkum þvingunarúrræðum skal því aðeins beitt að nauðsyn krefji.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að nefndin geti haft eftirlit með heimili um tiltekinn tíma. Eftirlit felur venjulega í sér reglubundnar heimsóknir á heimili, en einnig er unnt að beita þessu úrræði með öðrum hætti, t.d. að fylgst sé með líðan barns með upplýsingum frá dagvistarheimili, skóla eða öðrum sem um kunna að bera. Venjulega fer best á að eftirlit sé á hendi fastra starfsmanna en ekkert er þó til fyrirstöðu að nefnd geti ráðið sérstakan eftirlitsmann með heimili. Hér er samt gerður greinarmunur á eftirliti og tilsjón, sbr. b-lið 24. gr., sem er stuðningsúrræði í samvinnu við foreldra.

Í öðru lagi getur nefnd gefið fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barns varðandi ýmis atriði. Slík fyrirmæli geta verið raunhæf um ytri aðbúnað barns eins og dagvistun, skóla, lækningar og þess háttar. Færa má rök með og móti slíkum fyrirmælum gegn vilja foreldra. Rökin fyrir slíku úrræði eru t.d. að þannig gefist foreldrum á eftirlitstíma færi á að breyta aðstæðum barnsins svo að ekki þurfi að koma til forsjársviptingar. Reynist andstaða foreldra harðsnúin má hins vegar reikna með að barnaverndarnefnd muni reynast erfitt að framkvæma fyrirmæli um t.d. dagvistun eða skólasókn og gildi slíkra fyrirmæla því takmarkað.

Í þriðja lagi getur nefnd ákveðið töku barns af heimili, kyrrsett það á fóstur- eða vistheimili eða lagt það inn á sjúkrahús eða heilbrigðisstofnun. Í gildandi lögum er kveðið á um töku barns af heimili í 26., 28. og 32. gr. Barnaverndarnefndir hafa um alllangt skeið kveðið upp bráðabirgðaúrskurði um kyrrsetningu barna á vistheimilum eða einkaheimilum á grundvelli ákvæða um töku barns af heimili og með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr. 36. gr. gildandi laga um að barnaverndarnefnd sé heimilt að úrskurða að barn skuli vera um kyrrt á fósturheimili. Hér er tekinn af allur vafi um réttmæti slíkrar kyrrsetningar sem reynst getur nauðsynleg til verndar viðkomandi barni.

Í fjórða lagi getur nefnd svo ákveðið að ekki megi fara með barn úr landi. Hliðstætt ákvæði er í 41. gr. barnalaga, nr. 9/1981. Samkvæmt þeirri grein getur dómsmálaráðuneytið lagt svo fyrir að ekki megi fara með barnið úr landi hafi forsjármáli eigi verið ráðið til lykta. Heimildir eru ekki fyrir hendi samkvæmt gildandi lögum um vernd barna og ungmenna og hefur því þurft að kveða upp bráðabirgðarúrskurð um töku barns af heimili í slíkum tilvikum og hefur slíkt reynst erfitt í framkvæmd. Heimild nefndar til að beita ákvæði þessu gildir einnig ef könnun skv. 21. gr. er ekki lokið.

Um 28. gr.

Í þessari grein er fjallað um lagaleg skilyrði forsjársviptingar sem er róttækasta aðgerð sem barnaverndaryfirvöld geta gripið til. Því er talið mikilvægt að orðalag greinarinnar sé svo skýrt og ótvírætt sem kostur er.

Samkvæmt 32. gr. gildandi laga um vernd barna og ungmenna er barnaverndarnefndum heimilt að svipta foreldra, annað eða bæði, foreldravaldi ef ákvæði 26. og 28. gr.

þeirra laga eiga við og nauðsyn krefur. Ákvæði hinna tilvitnuðu greina þykja nokkuð rúm. Er þar áskilið að uppeldi eða hegðun barns sé ábótavant, auk þess sem þar eru tilgreindir ýmsir annmarkar foreldra sem valdið geta því að aðbúnaði er ábótavant, svo sem hirðuleysi, vankunnátta, drykkjuskapur, lauslæti o.s.frv. Í þeim greinum er ekki ótvíræð heimild til að svipta foreldra forsjá nýfædds barns sem ekki er í þeirra umsjá og því ekki um það að ræða að aðbúnaði sé í rauninni ábótavant, jafnvel þótt foreldrar séu augljóslega vanhæfir til að fara með forsjá barnsins. Reynslan af barnaverndarstarfi hérlendis og erlendis sýnir þó að slík ákvæði eru nauðsynleg, t.d. vegna alvarlegrar fíkniefnaneyslu, mikillar geðveiki eða að foreldrar eru vangefnir.

Forsjársvipting samkvæmt þessari grein felur í sér að foreldrarnir eru sviptir öllum réttindum til að fara með lögráð barnsins, sbr. lögræðislög, nr. 68/1984, og þar með rétt til að ráða persónulegum högum barnsins, sbr. 35. gr. barnalaga, nr. 9/1981. Ekki þarf þó að vera að allar forsjárskyldur falli niður, t.d. getur framfærsluskylda haldist að nokkru leyti eða öllu.

Í greininni eru skilyrði forsjársviptingar tæmandi talin og þess freistað að orðalag greinarinnar sé svo leiðbeinandi við mat barnaverndarnefndar og barnaverndarráðs sem kostur er. Nægilegt er að eitt þessara skilyrða sé fyrir hendi til að barnaverndarnefnd sé heimilt að kveða upp slíkan úrskurð. Hann skal þó aðeins kveðinn upp að uppfylltum vissum öðrum skilyrðum. Í fyrsta lagi að ekki sé unnt að beita öðrum aðgerðum til úrbóta, sbr. 2. mgr., t.d. vegna augljósrar vanhæfni foreldra, eða þær hafi verið reyndar án nægilegs árangurs. Í öðru lagi ber nefnd jafnframt að hafa í huga hina almennu reglu sem sett er í 1. og 20. gr., þ.e. að forsjá barns sé að jafnaði best borgið í höndum foreldra. Nefndinni ber að stuðla að stöðugleika og þar með að gera foreldrum kleift að annast barnið. Þessi krafa felur þó ekki í sér að það sé látið víkja sem barni er fyrir bestu. Hafa ber í huga hve djúp tilfinningatengsl foreldra og barna eru. Rof þeirra tengsla geta falið í sér áhættu sem skylt er að meta eins og aðra hættu sem barninu er búin. Í þriðja lagi ber nefndinni að hafa í huga ákvæði 30. gr. er kveða á um skyldu nefndarinnar til að tryggja barni tafarlaust góða umsjá sem feli í sér betri aðstæður en þær sem barnið er tekið úr og viðunandi stuðningsúrræði.

Í þeim tilvikum, sem lýst er í a-, b- og c-liðum greinarinnar, er ráð fyrir því gert að reynslan hafi sýnt að skilyrði forsjársviptingar séu fyrir hendi. Meginreglan hlýtur að vera að fullnægt sé einhverju þessara skilyrða.

Jafnframt verður að gera ráð fyrir tilvikum þar sem barnaverndarnefnd metur líkur til að heilsu barns og þroska geti verið slík hætta búin að réttlæti sviptingu forsjár. Um slík tilvik er fjallað í d-lið 1. mgr. Ljóst er að nefndum er hér mikill vandi á höndum og gera verður auknar kröfur til rökstuðnings fyrir slíkri niðurstöðu. Gert er ráð fyrir að barnaverndarnefnd sýni fram á að *fullvíst* megi telja að barni geti verið hætta búin. Einnig að um *augljósa vanhæfni* sé að ræða og tilgreind þau dæmi sem líklegust eru til að liggja til grundvallar mati barnaverndarnefndar. Sjá hér einnig athugasemdir við vanhæfnishugtakið í 21. gr. Úrskurð á grundvelli d-liðar 1. mgr. er heimilt að kveða upp þegar sérstaklega stendur á áður en nýfætt barn flyst í umsjá foreldra. Reynslan sýnir að í mjög alvarlegum tilvikum sé varhugavert fyrir öryggi barns að hefja tilraunir til að leiða í ljós hæfni eða vanhæfni foreldra. Með orðalagi greinarinnar er sérstök sönnunarbyrði lögð á nefnd þegar þessu úrræði er beitt. Þá kemur m.a. til greina að hafa til hliðsjónar fyrri reynslu af umönnun og uppeldisháttum viðkomandi foreldra.

Um 29. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í gildandi lögum. Svo virðist sem barnaverndarnefndir hafi lítið gripið til þess að láta skipa barni lögráðamann. Slíkt hlýtur þó að teljast eðlileg skipan þegar börn verða forsjárlaus eða barnaverndarnefnd hefur svipt foreldra forsjá. Þegar börnum er ráðstafað í varanlegt fóstur má telja eðlilegt að fósturforeldrar séu skipaðir lögráðamenn ef sérstakar ástæður mæla ekki gegn því. Í samræmi við 2. mgr. 27. gr. lögræðislaga er barnaverndarnefnd rétt að snúa sér til yfirlögráðanda, sem eru sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík borgarfógetar, og leita eftir því að barni verði skipaður lögráðamaður.

Um 30. gr.

Hér er lögð áhersla á að barnaverndarnefnd vinni tafarlaust og markvisst í málefnum þeirra barna sem tekin hafa verið úr umsjá foreldra sinna. Jafnframt er kveðið á um skriflega áætlun nefndar, sbr. athugasemdir við 22. gr. Sérstök ástæða er til að leggja áherslu á markviss vinnubrögð í málefnum þeirra barna sem ekki dveljast hjá foreldrum sínum. Með þeim hætti skal reynt að tryggja að aðskilnaður barns og foreldra sé ekki umfangsmeiri en nauðsyn krefur, að það ráð, sem upp er tekið, sé barninu fyrir bestu og að öllum tiltækum ráðum sé beitt til þess að barnið komist í umsjá foreldra að nýju þegar slíkt er æskilegt, en fari ella í traust og varanlegt fóstur eða hljóti umönnun á viðeigandi stofnun ef slíkt er óhjákvæmilegt.

Ákvæði 2. mgr. eru efnislega samhljóða 3. mgr. 16. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er nefnd gert skylt að aðstoða barn í fóstri áfram eftir 16 ára aldur. Slík regla er ekki ótvíræð í gildandi lögum, en 3. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 31. gr. gildandi laga vísa þó í þessa átt. Rétt þykir að taka af öll tvímæli í þessu sambandi. Hér er fyrst og fremst átt við að vistun haldist ef ungmenni óskar eftir því og slíkt þykir henta. Samkvæmt barnalögum lýkur framfærsluskyldu er barn verður 18 ára. Líta verður svo á að barnaverndarnefnd hafi ekki síðri skyldur við börn sem hún hefur ráðstafað í vist eða fóstur jafnframt því sem að sveitarfélag er framfærsluskylt samkvæmt framfærslulögum. Ákvæði þetta á einnig við um aðra aðstoð en vistun og framfærslu eftir því sem við verður komið, svo sem ráðgjöf, að útvega ungmenni skólavist, atvinnu og þess háttar.

Um 31. gr.

Hliðstæð grein er í 27. gr. gildandi barnaverndarlaga og var einnig í eldri lögum. Sú hugsun er eðlileg að gerandinn sé fjarlægður af heimili fremur en þolandinn, barnið, ef því getur annars liðið vel á heimilinu. Þó er ljóst að framkvæmd þessara ákvæða er vandkvæðum bundin og raunar mjög undir því komin að samkomulag náist við aðra heimilismenn. Í 27. gr. gildandi laga er sagt að nefndin skuli kæra málið fyrir valdsmanni þeim er í hlut á en ekki þykir ótvírætt hver sá valdsmaður er. Hér er tekinn af allur vafi. Fram að gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði ber að leita til bæjarfógeta, í Reykjavík borgarfógeta, eða sýslumanns, en eftir gildistöku laganna 1. júlí 1992 skal leita til sýslumanns í samræmi við 10. gr. sömu laga.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er safnað saman ákvæðum um fóstur barna. Ýmis nýmæli er hér um að ræða sem ekki hafa verið í lögum áður. Í kaflanum er lögð sérstök áhersla á skyldur barnaverndaryfirvalda varðandi fósturmál, enda óhjákvæmilegt að setja skýrar reglur um þetta úrræði sem barnaverndarnefndir grípa mjög oft til. Í stærri sveitarfélögum, þar sem

félagsmálastofnanir eru starfandi, eru ýmiss konar stuðningsaðgerðir við fjölskyldur tíðar en hvers konar fósturráðstafanir eru þó einnig fyrirferðarmiklar í starfi þeirra. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ráðstafaði t.d. 201 barni í langtímafóstur á árunum 1971 til 1987. Því er ljóst að hér er um umfangsmikla starfsemi barnaverndaryfirvalda að ræða og brýnt að um þær gildi skýrar lagareglur.

Nefndinni er aðeins kunnugt um tvær athuganir sem gerðar hafa verið á fósturráðstöfunum hér á landi. Guðrún Kristinsdóttir félagsráðgjafi gerði athugun á öllum ráðstöfunum barna utan foreldraheimilis í Reykjavík árið 1984. Var þessi athugun liður í umfangsmeira verkefni um barnavernd. (Institutionen for socialt arbete Umeå Universitet, Rapport nr. 30 ISSN 0282-1958. Undersögelse af Börns Placeringer i Reykjavík. April 1987.) Þar kom m.a. í ljós að 34 börnum var ráðstafað í tímabundið fóstur (vistun) og 22 börnum í varanlegt fóstur. Yngri börnin fóru oftar í varanlegt fóstur (16 af 22 voru 0–5 ára). Eldri börnin fóru oftar í tímabundið fóstur (29 af 34 voru 6–18 ára). Rökstuðningur fyrir tímabundnu fóstri reyndist mjög margbreytilegur, nánast hvers konar vandamál barna, foreldra og fjölskyldna gátu þar legið að baki. Forsendur varanlegs fósturs voru aftur á móti eftirfarandi: vanræksla, fjölskylduvandi, áfengis- eða lyfjamisnotkun foreldra, sjúkdómar eða ósk foreldra um að gefa frá sér barnið. Þannig virðist greinilegur munur á ástæðum að baki þessum tveimur formum fósturráðstafana.

Ása Ottesen, Gunnar Sandholt og Sigríður Jónsdóttir könnuðu allar ráðstafanir Barnaverndarnefndar Reykjavíkur á börnum í varanlegt fóstur árið 1971–1987 (Ráðstafanir Barnaverndarnefndar Reykjavíkurborgar á börnum í fóstur til 16 ára aldurs. Árin 1971–1987. Áfangaskýrsla, febrúar 1989, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar). Þar kom fram að 209 slíkar ráðstafanir voru gerðar á þessu árabili (201 barn), þ.e. rúmlega 12 á ári. 63 barnanna fóru í fóstur í kjölfar forsjársviptingar. Tæpur helmingur barnanna fór fyrir þriggja ára aldur og tæplega þrír fjórðu fyrir skólaaldur. 46 af 166 fósturforeldrum reyndust skyldir barninu. 35 sinnum rofnuðu þau fóstursambönd sem til var stofnað fyrr en ætlað var, en í þeim tilvikum voru börn eldri en heildarhópurinn er til fósturs var stofnað og oftar hjá ættingjum. Unnið er að áframhaldi þessarar könnunar á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar.

Ákvæði um helstu skyldur barnaverndarnefnda varðandi málefni barna í fóstri er að finna í 35. og 36. gr. gildandi laga. Þar er m.a. kveðið á um að enginn megi taka börn í fóstur nema með samþykki barnaverndarnefndar. Óheimilt er að ráðstafa barni í fóstur nema til aðila sem fengið hefur slíkt samþykki. Þá er kveðið á um skyldu barnaverndarnefndar til að gera viðeigandi ráðstafanir ef fósturforeldrar vanrækja hlutverk sitt og getur barnaverndarnefnd lagt bann við að slíkir aðilar taki börn framvegis. Sérstök eftirlitsskylda er lögð á barnaverndarnefnd þegar hún ráðstafar barni í fóstur. Loks getur barnaverndarnefnd úrskurðað að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt ef þar fer vel um það þótt þeir er foreldraráð hafa yfir barni kalli eftir því.

Í gildandi lögum er ekki gerður neinn greinarmunur á því hvort fóstur sé til langs eða skamms tíma. Hins vegar er í reglugerð um vernd barna og ungmenna frá 9. júní 1970 að auki fjallað sérstaklega um fóstur á einkaheimilum til skamms tíma. Fóstur samkvæmt gildandi lögum getur verið hvort heldur að frumkvæði foreldra eða barnaverndarnefndar og sá einn munur á að barnaverndarnefnd hefur sérstakar eftirlitsskyldur hafi hún sjálf ráðstafað barninu í fóstur. Hugtakið *varanlegt fóstur* eða fóstur til 16 ára aldurs er ekki að finna í gildandi barnaverndarlögum.

Hugtakið *fóstur* er í frumvarpi þessu eingöngu notað um formlegar ráðstafanir sem barnaverndarnefndir gera, en fjallað er í sérstökum kafla um þau tilvik er foreldrar vista börn sín sjálfir utan heimilis.

Í samræmi við eðli barnaverndarmála hefur á grundvelli laga og reglugerðar mótast sterk hefð fyrir tvenns konar fósturráðstöfunum á vegum barnaverndarnefnda hér á landi. Annars vegar er um að ræða varanlegt fóstur, fóstur til 16 ára aldurs og hins vegar ýmsar skammtímaráðstafanir. Rétt þykir að taka tillit til þessara hefða í frumvarpi þessu jafnframt því sem sérstök ástæða þykir til að lögfesta hugtakið *varanlegt* fóstur. Með varanlegu fóstri er stefnt að stöðugleika í lífi barna sem foreldrar geta ekki annast sjálfir hvort sem þeir fela barnaverndarnefnd forsjá þess eða þeir hafa verið sviptir forsjá.

Þá þykir ljóst að móta verður markvissara verklag varðandi skammtímafóstur en tíðkast hefur til þessa. Vistun eða fóstur barns um skamman tíma hefur ýmsa erfiðleika í för með sér fyrir barnið. Svo virðist sem stundum sé gripið til slíkra ráðstafana vegna erfiðra ytri aðstæðna án þess að þarfir barnsins séu látnar sitja í fyrirrúmi. Í þeim tilfellum ríkir oft óvissa um hversu lengi ráðstöfun skal standa, óregla er á umgengni barns við foreldra, tengsl barns við foreldra rofna en barn nær ekki að tengjast fósturforeldrum sem skyldi. Algengast mun að börn í þéttbýli séu vistuð til sveita þrátt fyrir leiðbeinandi ákvæði reglugerðar um annað. Það torveldar allt samband við foreldrana. Einnig eiga mörg þessara barna í námserfiðleikum en fámennari dreifbýlisskólar hafa hvorki úrræðum né starfsliði á að skipa til að taka á slíkum vanda. Sérfræðiaðstoð öll er torsóttari.

Í frumvarpinu er að finna efnislega óbreytt öll ákvæði gildandi laga um fóstur, en jafnframt ýmis nýmæli auk þeirra er hér hafa verið tilgreind. Er þeirra getið í athugasemdum um einstakar greinar.

Um 32. gr.

Í greininni er skilgreining á hugtakinu *fóstri* eins og það er notað í frumvarpinu, en slík skilgreining er ekki í gildandi lögum um vernd barna og ungmenna eða öðrum lögum.

Í 2. mgr. er það nýmæli að fóstur getur ýmist verið *tímabundið* eða *varanlegt*. Ákvæði kaflans gilda bæði um tímabundið og varanlegt fóstur, t.d. ber barnaverndarnefnd að gera skriflegan samning við fósturforeldra þó aðeins sé um að ræða tímabundið fóstur. Gert er ráð fyrir því að fósturforeldrar fari að jafnaði með forsjá barna í varanlegu fóstri nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar.

Um 33. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er efnislega sambærileg ákvæðum í 35. og 36. gr. gildandi laga og fjallar um þær kröfur sem gera verður til fósturforeldra. Seinni málsgreinin fjallar m.a. um þjálfun og undirbúning fósturforeldra, stuðning og leiðbeiningar á meðan fóstur varir og er hún nýmæli.

Við val á fósturforeldrum verður að taka sérstakt tillit til allra aðstæðna hverju sinni. T.d. verður að taka tillit til þess hvort fóstri er ætlað að vera tímabundið eða varanlegt og hvort gert er ráð fyrir að barnið njóti umgengni við kynforeldra sína eða ekki. Þegar fóstur er tímabundið er oftast mikilvægt að viðhalda sem nánustum tengslum barns við kynforeldra og þar af leiðandi heppilegra að velja fósturforeldra með tilliti til þess, svo sem varðandi búsetu.

Í 2. mgr. 42. gr. frumvarpsins er gert er ráð fyrir því að félagsmálaráðherra setji reglu-

gerð um nánari framkvæmd þessa kafla laganna. Þar þarf m.a. að setja ítarlegar reglur um þær kröfur sem gera verður til fósturforeldra, um réttindi þeirra og skyldur og um skyldur barnaverndarnefnda við fósturforeldra og eftirlit með börnum í fóstri samkvæmt lögunum.

Um 34. gr.

Þessi grein er nýmæli. Hér er lagt til að kveðið verði á um fóstur í skriflegum samningi milli fósturforeldra og barnaverndarnefndar. Lagt er til að félagsmálaráðuneytið útbúi sérstök eyðublöð fyrir slíka samninga og enn fremur tiltekið í sex liðum hvað það er sem koma verður fram í slíkum samningi.

Það þykir til bóta að kveða skýrt á um fóstur í skriflegum samningi og hlýtur slíkt fyrirkomulag að miða að tryggari réttarstöðu þeirra barna sem fara í fóstur. Hvernig til tekst með fóstur barna veltur að sjálfsögðu fyrst og fremst á því hvernig staðið er að allri framkvæmd fóstursins. Til þess að auðvelda þá framkvæmd þykir eðlilegt að taka af tvímæli um þá þætti sem mestu máli skipta varðandi fóstrið og upp eru talin í greininni og leitast þannig við að stuðla að öryggi barna sem fara í fóstur og bættum hag þeirra. Að öðru leyti vísast hér til þess sem sagt er um skriflegar meðferðaráætlanir í athugasemdum við 22. gr. og 30. gr. hér að framan.

Um 35. gr.

Það er nauðsynlegt að ganga tryggilega frá framfærslu barna í fóstri þegar við upphaf fósturs og kveða á um slíkt í skriflegum fóstursamningi eins og gert er ráð fyrir í 34. gr. frumvarpsins. Í þriðju málsgrein þessarar greinar er það nýmæli að barnaverndarnefnd er gert skylt að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um gerð fóstursamnings samkvæmt nánari reglum er Tryggingastofnunin setur. Annað í greininni er að mestu samhljóða 40. gr. gildandi laga.

Um 36. gr.

Engin lagaákvæði eru til um umgengnisrétt barna í fóstri við kynforeldra sína og aðra sem standa barni nær. Það er því brýn nauðsyn að bæta þar úr og lögfesta slíkan rétt enda mun almennt talið að um raunverulegan rétt barnsins sé að ræða ef mögulegt er að koma honum við þannig að umgengni þjóni hagsmunum þess.

Þegar barn fer í fóstur að tilstuðlan barnaverndarnefndar, með eða án samþykkis foreldra, verður nefndin að taka ákvörðun um umgengnisrétt barnsins við kynforeldra þess. Þegar foreldrar hafa verið sviptir forsjá barns er augljóst að nefndin hefur heimild til þess að ákvarða um umgengni barns við foreldra. Það er hins vegar umdeilt hvort nefnd geti neitað foreldrum um umgengni við barn ef þeir hafa ekki verið sviptir forsjá þess. Í reynd er alltaf reynt að viðhalda tengslum milli barns og kynforeldris og er það aðallega vegna hagsmuna barnsins, enda talinn réttur þess. Nefndin verður að komast að niðurstöðu um hvort það muni þjóna hagsmunum barnsins best að hafa umgengni við foreldrana eða hvort sá möguleiki sé e.t.v. óraunhæfur eða jafnvel skaðlegur barni. Með umgengni er komið í veg fyrir að klippt sé á samband barns við kynforeldra sína, en þrátt fyrir þá vankanta foreldra, sem hljóta að hafa leitt til þess að barnið var vistað utan heimilis, getur þetta samband verið þroska barnsins afar mikilvægt. Barnaverndarmál geta verið afar margbreytileg og skoðanir fræðimanna á umgengnisrétti barna í fóstri við kynforeldra sína eru mismunandi en meginreglan hlýtur samt sem áður að vera sú að barn í fóstri hafi umgengni við kynforeldra sína nema slíkt stríði gegn þörfum og hagsmunum barnsins.

Rétt þykir að kveða á um umgengni og það hvernig henni skuli háttað í fóstursamningi, eins og gert er ráð fyrir í 34. gr. frumvarpsins, til þess að taka af tvímæli og draga úr líkum á vandamálum þegar fer að reyna á framkvæmd umgengni. Þrátt fyrir ákvæði um umgengni í fóstursamningi er ljóst að barnaverndarnefnd verður að hafa vald til þess að breyta inntaki umgengni ef aðstæður breytast þannig að slíkt teljist nauðsynlegt eða heppilegt. Nefndin verður einnig að geta úrskurðað um niðurfellingu umgengnisréttar, hugsanlega í ákveðinn tíma eða jafnvel til frambúðar ef augljósar ástæður eru fyrir hendi sem réttlæta slíka ráðstöfun að mati nefndarinnar. Enn fremur getur verið nauðsynlegt að ákveða umgengni í hvert skipti.

Einnig er nauðsynlegt að barnaverndarnefnd geti kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum og þá yfirleitt í ákveðinn tíma. Barnið getur haft þörf fyrir næði til þess að aðlagast nýjum aðstæðum og ástæða getur verið til að ætla að foreldrar muni á einhvern hátt trufla barnið. Það er því talið rétt að lögfesta ákvæði um þetta atriði.

Rétt þykir að gera ráð fyrir umgengnisrétti barna við aðra en kynforeldra ef þeir hafa verið barninu nátengdir og líklegt er að það þjóni hagsmunum barnsins að rjúfa ekki slík tengsl. Það þykir sjálfsagt að lögfesta þann rétt barna í fóstri.

Um 37. gr.

Þessi lagagrein er nýmæli og er tilgangur hennar fyrst og fremst sá að tryggja rétt barns í fóstri til þess að fá upplýsingar um ástæður þess að það varð að fara af heimili sínu. Það að veita barni slíkar upplýsingar er að sjálfsögðu vandmeðfarið og erfitt verkefni og verður að taka fullt tillit til aldurs barns og þroska og allra aðstæðna, þar á meðal tengsla þess við kynforeldra. Það verður þó að teljast rétt og skylt barnsins vegna að ræða við það af hreinskilni um bakgrunn þess eftir því sem aðstæður leyfa og tilefni er til. Ef vel er að slíku staðið og helst falið sérfræðingum í uppeldismálum er talið að það auðveldi börnum í fóstri að takast á við þá staðreynd að kynforeldrar þeirra gátu ekki gegnt foreldrahlutverki sínu. Þessari grein þarf að beita eftir því sem barn eldist og þroskast samhliða ákvæði e-liðar 34. gr. um stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstrið varir.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæði 3. mgr. 36. gr. gildandi laga.

Um 39. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum í 35. gr. gildandi laga.

Um 40. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum í 1. mgr. 36. gr. gildandi laga.

Um 41. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Ákvæði þessarar greinar um skráningu barna í varanlegu fóstri er nýmæli. Það þykir sjálfsagt að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar á einum stað um öll börn á

landinu sem eru í varanlegu fóstri. Slíkar upplýsingar geta m.a. verið gagnlegar við stefnumótun og þróun í úrræðum fyrir börn og ungmenni og einnig í tengslum við rannsóknir á málefnum þeirra.

Skráning barna í varanlegu fóstri auðveldar einnig heildaryfirsýn og eftirlit með fóstrinu. Staða barna í fóstri mun oft og tíðum vera ótrygg af ýmsum ástæðum og til eru dæmi þess að börn í fóstri flækist frá einum fósturforeldrum til annarra, jafnvel á viðkvæmu aldursskeiði, án vitundar eða vilja þeirrar barnaverndarnefndar sem um á að fjalla. Með skráningu ráðuneytisins á börnum í varanlegu fóstri verður væntanlega greiðara að koma því til leiðar að réttir aðilar grípi inn í ef eitthvað fer úrskeiðis og tryggi þannig að ákvæðum þessa kafla laganna verði fylgt eftir því sem við á.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um stöðu barna sem foreldrar vista sjálfir utan heimilis. Löng hefð er fyrir því hér á landi að foreldrar ráðstafi börnum sínum í fóstur eða vistun til annarra um lengri eða skemmri tíma. Fóstur er í frumvarpi þessu eingöngu notað um formlegar ráðstafanir barnaverndarnefndar, sbr. VI. kafla.

Í gildandi lögum um vernd barna og ungmenna og í barnalögum, nr. 9/1981 eru foreldrum settar vissar skorður varðandi slíkar ráðstafanir. Með 35. gr. laga nr. 53/1966 var lögfest sú regla að enginn geti tekið barn til fósturs nema með leyfi barnaverndarnefndar og lagt var bann við því að handhafi foreldravalds ráðstafaði barni til fósturs nema til aðila er fengið hefði leyfi barnaverndarnefndar í því skyni.

Enginn veit hve algengt er að foreldrar ráðstafi börnum sínum með þessum hætti hér á landi. Líkast til hefur dregið úr slíkum ráðstöfunum enda hefur verið af hálfu samfélagsins gert ýmislegt til stuðnings foreldrum er standa höllum fæti félagslega svo að þeir geti haft börnin hjá sér. Mörg dæmi eru um að slíkar ráðstafanir foreldranna hafi reynst börnum vel. Oft er um að ræða eðlilegan félagslegan stuðning stórfjölskyldunnar þar sem barn, t.d. mjög ungrar móður eða foreldra sem ekki geta annast barn vegna alvarlegra veikinda, elst upp hjá nánum ættingjum. Stundum verða slíkar ráðstafanir til þess að íhlutun barnaverndaryfirvalda verður óþörf með öllu. Þess eru hins vegar dæmi að vanhugsaðar ráðstafanir af þessu tagi eigi þátt í að börn alast upp í mikilli óvissu, tengsl þeirra við umönnunaraðila eru margsinnis rofin eða návist við vanhæfa foreldra skerði þroskamöguleika þeirra. Þess eru og dæmi að slíkar ráðstafanir hafa tafið fyrir eðlilegri íhlutun barnaverndarnefndar.

Um 43. gr.

Í greininni er gengið út frá heimild 42. gr. barnalaga sem heimilar foreldrum að fela öðrum forsjá barna að nokkru leyti eða öllu. Hér er þó fyrst og fremst leitast við að skilgreina hlutverk barnaverndarnefndar við slíkar aðstæður. Greinin felur í sér rýmkun á rétti foreldra frá gildandi barnaverndarlögum. Er það m.a. gert með hliðsjón af því að þær reglur hafa lítið verið virtar og vart framkvæmanlegar. Greinin takmarkar ekki rétt foreldra til slíkra ráðstafana, en felur í sér *tilkynningarskyldu*. Skal nefndin kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra og tryggður er réttur barnaverndarnefndar til að kanna hvort hag og þörfum barna sé fullnægt á hinum nýja dvalarstað. Barnaverndarnefnd getur úrskurðað að ráðstöfun skuli haldast og er það í samræmi við gildandi lög og 42. gr. barnalaga. Þegar barn hefur dvalið á nýju heimili um hríð kunna að hafa myndast slík tilfinningatengsl við nýja umsjáraðila að flutningur getur verið skaðlegur barni.

Rétt þykir að taka fram að barnaverndarnefnd getur hlutast til um mál óháð slíkri ráðstöfun foreldra ef þeir eru augljóslega að koma barni undan réttmætum afskiptum barnaverndarnefndar.

Um VIII. kafla.

Í frumvarpi þessu eru ákvæði um meðferð mála fyrir barnaverndarnefnd tekin saman í einn kafla þar sem það þykir skýrara og einfaldara fyrir þá sem eiga að vinna eftir lögunum. Ljóst er þó að ýmis ákvæði barnaverndarlaga, sem má flokka undir málsmeðferð, fer betur á að hafa annars staðar í lögunum. Kaflinn um málsmeðferð hefur því ekki að geyma tæmandi talningu ákvæða um meðferð mála fyrir barnaverndaryfirvöldum heldur að því marki sem best þykir henta.

Barnaverndarnefndir taka ákvarðanir um veigamikla hagsmuni einstaklinga og fjölskyldna og oft afdrifaríkar. Lög um vernd barna og ungmenna veita barnaverndaryfirvöldum víðtækar heimildir til íhlutunar í mikilvæg mannréttindi. Því ríður á miklu að málsmeðferð öll sé vönduð og sem best staðið að ákvörðunum, þannig að réttaröryggis þeirra einstaklinga, sem í hlut eiga, sé sem best gætt. Nauðsynlegt er og að barnaverndaryfirvöld njóti trausts almennings. Vandaðar málsmeðferðarreglur stuðla að því.

Skýrari ákvæði um málsmeðferð tryggja betur réttaröryggi barna og annarra sem hagsmuna eiga að gæta vegna ráðstafana barnaverndaryfirvalda og stuðla jafnframt að samræmi í úrlausnum einstakra barnaverndarnefnda.

Hér á landi hafa ekki verið sett almenn stjórnsýslulög svo sem gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum. Barnaverndar- og félagsmálalöggjöf þeirra styðst að miklu leyti við slík stjórnsýslulög þó að þar sé í einstaka tilvikum kveðið á um sérreglur. Þar sem ekki er við slík almenn stjórnsýslulög að styðjast hér á landi er þeim mun brýnna að ákvæði barnaverndarlaga um málsmeðferð séu skýr og ótvíræð. Nokkur nýmæli er að finna í kafla þessum og verður fjallað um þau í umfjöllun um einstakar greinar. Að ýmsu leyti hefur verið stuðst við ákvæði norrænna laga um vernd barna og ungmenna eða félagslega þjónustu.

Ef umsagnarskyldu barnaverndarnefnda í forsjárdeilumálum verður ekki breytt telur einn nefndarmanna, Ingibjörg Rafnar, að reglur þessa kafla frumvarpsins um málsmeðferð eigi að gilda þegar barnaverndarnefnd fjallar um mál foreldra og barna í slíkum málum eftir því sem við á. Nauðsynlegt sé að foreldrar njóti þeirrar réttarstöðu sem þessum kafla frumvarpsins er ætlað að tryggja aðilum þar sem umsögn barnaverndarnefndar vegur að jafnaði mjög þungt við ákvörðun dómsmálaráðuneytis um það hvort foreldra skuli hafa forsjá barns til frambúðar.

Um 44. gr.

1. mgr. þessarar greinar er samhljóða 1. mgr. 13. gr. gildandi laga.
2. mgr. er samhljóða 3. mgr. 13. gr. gildandi laga.

Um 45. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 14. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að rétt þykir að reglur um vanhæfi gildi jafnframt um starfsmenn barnaverndarnefnda.

Um 46. gr.

Grein þessi er um margt efnislega samhljóða 16. gr. gildandi laga. Hér hefur þó verið greint á milli ákvæða er varða annars vegar form og aðferðir við öflun upplýsinga og

þess hins vegar um hvar afla skal gagna eða upplýsinga. Um síðara atriðið er fjallað í 21. gr. frumvarpsins.

Greinin fjallar um hvernig afla skuli upplýsinga, heimildir barnaverndarnefnda og réttindi einstaklinganna við þá upplýsingaöflun. Nýmælin og efnislegar breytingar varða fjögur atriði.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að í ákveðnum tilvikum geti fólk skorast undan að gefa barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar upplýsingar og er í greininni vísað til 125. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Þar er kveðið á um rétt nákomins skyldfólks eða tengdafólks til að skorast undan að gefa skýrslu. Sú undanþága gildir þó ekki ef um er að ræða málsatvik er verulegu máli skipta og ekki verður eftir eðli máls unnt að tryggja sönnun fyrir með öðrum hætti. Í greininni er gert ráð fyrir að nefnd geti eins og nú er krafist vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar á máli og taka þá reglur um skyldu manna til að bera vitni gildi sem og undanþáguregla 125. gr. eml. Með sama hætti má benda á 89. og 91. gr. laga um meðferð opinberra mála um rétt aðila og vitna til að skorast undan að gefa skýrslur. Ekki þykir rétt að réttur einstaklinga sé minni við meðferð mála fyrir barnaverndarnefndum en fyrir dómstólum. Hins vegar kann undanfærsla manna að verða túlkuð þeim í óhag. Í dönsku lögunum um félagslega þjónustu og norska frumvarpinu til laga um félagslega þjónustu er sams konar ákvæði að finna og hér er lagt til.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í greininni að heimilt sé að ræða við barn í einrúmi. Slíkt er ekki beinlínis heimilað í gildandi lögum en hefur verið tíðkað í framkvæmd. Nauðsynlegt getur reynst að tala við barn einslega til að upplýsa mál og þykir rétt að taka af öll tvímæli um að það sé heimilt.

Í þriðja lagi er það nýmæli að finna í 3. mgr. að foreldrum barns eða forráðamönnum skal að jafnaði greint frá því að verið sé að kanna hagi þess.

Í fjórða lagi er heimild barnaverndarnefnda og starfsmanna hennar til að fara inn á einkaheimili til rannsóknar á högum barns þrengd frá því sem nú er. Hér er gert ráð fyrir að samþykki foreldris eða forráðamanns þurfi að koma til, ella þurfi að leita eftir úrskurði dómara. Sé barn í bráðri hættu er þó heimilt að fara inn á heimili án samþykkis eða dómsúrskurðar á grundvelli 50. gr.

Um 47. gr.

Í grein þessari er kveðið á um það nýmæli að samþykki foreldra til ráðstafana þeirra, sem greinir í f- og g-liðum 1. mgr. 24. gr. og a-lið 1. mgr. 32. gr. frumvarpsins, skal vera skriflegt og vottfest. Í ýmsum tilvikum grípa barnaverndarnefndir til ráðstafana með samþykki foreldra, enda ber þeim að leita lausnar á máli í samvinnu við foreldra áður en gripið er til þvingunaraðgerða. Hér er oft um afdrifaríkar ákvarðanir að ræða og þykir því rétt að tryggt sé að foreldrar geri sér vel grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkis síns. Jafnframt er mikilvægt fyrir barnaverndaryfirvöld að ljóst og ótvírætt sé eftir á hver var raunverulegur vilji foreldra á þeirri stundu er ráðstöfun var ákveðin.

Um 48. gr.

1. mgr. þessarar greinar er samsett úr 2. mgr. 13. gr. og hluta 2. mgr. 14. gr. gildandi laga. Hér er kveðið á um að nánar tilgreindar ákvarðanir barnaverndarnefndar skuli afgreiddar með úrskurði og að til þurfi aukinn meiri hluta til að úrskurður sé gildur. Jafnframt er kveðið á um að í þeim tilvikum skuli lögfræðingur sitja í nefndinni.

2. mgr. er að mestu samhljóða 2. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Um 49. gr.

Hér er kveðið á um réttarstöðu barns og foreldra á lokastigi máls fyrir barnaverndarnefnd, þ.e. áður en úrskurður er kveðinn upp. Að sumu leyti er greinin byggð á 20. gr. gildandi laga. Hér er aðilum þó tryggð sterkari staða að ýmsu leyti. Í fyrsta lagi er sú skylda lögð á barnaverndarnefnd að leiðbeina foreldrum um réttarstöðu þeirra. Þá er foreldrum tryggður réttur til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri beint við nefndina eins og nú er kveðið á um. Gert er ráð fyrir að foreldrar geti notið liðsinnis lögmanna eins og nú er en hér er lagt til að barnaverndarnefnd skuli eftir atvikum veita foreldrum fjárstyrk til að standa straum af kostnaði við slíka aðstoð. Oft eru foreldrar úr hópi þeirra sem verst eru settir fjárhagslega. Ákvæði laga um meðferð einkamála í héraði um gjafsókn taka ekki til mála sem rekin eru fyrir stjórnvöldum. Ekki eru heldur fyrir hendi almenn lög um ókeypis lögfræðiaðstoð. Foreldrum er oft nauðsynlegt að geta notið aðstoðar lögmanna enda eru miklir hagsmunir í húfi. Ófært þykir að fjárhagur manna ráði því hvort þeir fái notið slíkrar hjálpar.

Í gildandi lögum er kveðið á um að barni eða ungmenni skuli að jafnaði gefinn kostur á að koma á fund barnaverndarnefndar. Hér er gert ráð fyrir því að skylt sé að barni, 12 ára eða eldra, sé gefinn kostur á að tjá sig. Hér er jafnframt lagt til að þegar sérstaklega stendur á sé heimilt að skipa barni sérstakan talsmann. Barnaverndarnefnd er auðvitað skylt að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi við meðferð og lausn barnaverndarmáls og gætir í þeim skilningi hagsmuna barnsins. Stundum getur þó verið rétt að skipa barni sérstakan talsmann sem er hvorki tengdur foreldrum né barnaverndaryfirvöldum, svo sem í hatrömmum deilum kynforeldra og fósturforeldra um umgengni.

Loks er í 4. mgr. fjallað um rétt aðila til að kynna sér gögn málsins. Hér er um að ræða veigamikinn þátt í því að bæta réttarstöðu og öryggi aðila í barnaverndarmálum. Á síðustu missirum hefur mikið verið rætt um aðgang aðila að gögnum við meðferð mála fyrir stjórnvöldum, sérstaklega í barnaverndarmálum. Réttur aðila til að tjá sig er lítils virði ef hann veit ekki á hvaða forsendum málarekstur byggist. Hér er því lagt til að meginreglan verði sú að foreldrar fái í hendur afrit allra skriflegra gagna sem nefnd byggir á við úrlausn málsins. Undir þetta falla þó ekki minnisblöð og vinnugögn starfsmanna meðan á vinnslu málsins stendur.

Ýmis gögn í barnaverndarmálum eru þess eðlis að óheppilegt getur talist vegna hagsmuna barnsins að aðilar fái þau í hendur eða lesi þau. Barnaverndarnefnd verður einnig að meta hvort foreldrar séu færir um að hafa slík gögn undir höndum og gæta trúnaðar gagnvart óviðkomandi aðila, vegna barnsins, svo sem vegna drykkjuskapar, geðveiki eða greindarskorts foreldra. Því er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti í slíkum tilvikum ýmist úrskurðað að aðilar fái aðeins að kynna sér gögn án þess að fá þau afhent eða aðilar skuli ekki hafa aðgang að tilteknum gögnum. Slík gögn geta t.d. verið skýrslur sérfræðinga er byggjast á upplýsingum er þeir hafa aflað í trúnaðarsamtölum við börn, eða gögn með upplýsingum sem ætla má að reynst gætu hættulegar aðila sjálfum eða öðrum.

Um 50. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga, nema hvað hér eru settir tímafrestir þar sem slíkar ráðstafanir eru í eðli sínu bráðabirgðaráðstafanir. Samkvæmt greininni ber að leggja mál fyrir barnaverndarnefnd til staðfestingar innan tveggja vikna

og sé um að ræða ráðstöfun sem felur í sér aðgerðir á grundvelli c- og d-liða fyrri málsgreinar 27. gr., svo sem töku barns af heimili, skal barnaverndarnefnd afgreiða málið með fullnaðarúrskurði innan tveggja mánaða.

Í tilvikum þeim, er hér greinir, er heimilt að fara inn á einkaheimili án samþykkis foreldra eða dómsúrskurðar ef ástæða þykir til að ætla að barnið sé í bráðri hættu.

Um 51. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. mgr. 53. gr. gildandi laga.

Um 52. gr.

1. mgr. greinar þessarar er að mestu samhljóða 1. mgr. 56. gr. gildandi laga. Þó er hér gerð tillaga um að settur verði ákveðinn málskotsfrestur, þ.e. úrskurði barnaverndarnefndar verður að skjóta til barnaverndarráðs innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um úrskurðinn. Ljóst er að barnaverndarnefnd þarf að fylgja úrskurðum sínum eftir með ýmsum aðgerðum, svo sem með því að koma barni fyrir á fósturheimili. Óheppilegt er að óvissa ríki um endanlega niðurstöðu máls um langan tíma.

Jafnframt er af sömu ástæðu gerð tillaga um að barnaverndarráði verði settur ákveðinn frestur til að afgreiða mál endanlega fyrir sitt leyti. Ætla má að þær breytingar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir á verksviði og starfsemi ráðsins, muni hraða mjög meðferð mála þar sem því er einungis ætlað að vera úrskurðaraðili um málskot en annast ekki jafnframt leiðbeiningar og eftirlit.

2. mgr. greinarinnar er samhljóða 2. mgr. 56. gr. gildandi laga.

3. mgr. greinarinnar er samhljóða 3. mgr. 56. gr. Hér er áfram gert ráð fyrir að barnaverndarráð geti mælt fyrir um aðrar ráðstafanir en barnaverndarnefnd þrátt fyrir breytingu á verksviði ráðsins. Þykir það ekki óeðlilegt þar sem ráðið munu skipa sérfræðingar á sviðum er varða málefni barna og hagsmunir barnanna sjálfra eru leiðarljós barnaverndaryfirvalda allra.

4. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða niðurlagi 1. mgr. 56. gr. gildandi laga og kveður á um að ákvæði í þessum kafla um réttarstöðu aðila við meðferð mála gildi jafnframt fyrir barnaverndarráði.

Barnaverndarráði er áfram ætlað að kveða upp fullnaðarúrskurði í barnaverndarmálum, þ.e. að ekki er gert ráð fyrir að mál fari til úrlausnar dómstóla. Dómstólar hafi aðeins um það að segja hvort nefndir eða ráðið hafi farið út fyrir valdmörk sín. Barnaverndarmál eru í eðli sínu viðkvæm og nauðsynlegt að niðurstaða fáist sem fyrst um framtíð barna sem í hlut eiga. Jafnframt er þess að geta að gert er ráð fyrir breyttu verksviði ráðsins þannig að það verði eingöngu úrskurðaraðili um málskot. Það, ásamt því að málsmeðferðarreglur eru bættar, ætti að tryggja að réttarstaða aðila verður líkari því sem gerist við meðferð dómsmála.

Um 53. gr.

Gildandi barnaverndarlög gera ekki ráð fyrir að foreldrar geti fengið mál sín tekin fyrir að nýju fyrir barnaverndarnefnd, jafnvel þó að aðstæður þeirra breytist til hins betra. Þess eru þó dæmi að nefndir hafi tekið úrskurðarmál fyrir að nýju að beiðni foreldra. Rétt þykir því að gera ráð fyrir slíkum möguleika í lögunum. Til þess að mál verði tekið upp

að nýju verða foreldrar að sýna fram á með óyggjandi hætti að aðstæður þeirra hafi breyst verulega og nú megi ætla að þeir séu hæfir til að fara með forsjá barna sinna. Í þessum tilvikum sem endranær skal þó fyrst og fremst taka mið af hagsmunum barnsins en ekki foreldranna.

Um IX. kafla.

Reynsla af barnaverndarstarfi hér á landi og erlendis þykir sýna að barnaverndarnefndum er nauðsynlegt að hafa aðgang að stofnunum er tekið geti við börnum sem vista þarf um lengri eða skemmri tíma. Frá því að gildandi lög voru sett hafa þó áherslur nokkuð breyst í þessum efnum. Nú þykir brýnna en fyrr að beita fjölþættum stuðningsúrræðum til að koma í veg fyrir stofnanadvöl barna. Ef hún reynist þó nauðsynleg er reynt að stytta hana og koma sem mest í veg fyrir endurteknar vistanir. Lögð er vaxandi áhersla á þátttöku foreldranna í umönnun barnsins meðan á dvölinni stendur. Á þetta sérstaklega við um ung börn.

Síðustu tvo til þrjá áratugi hefur plássum fyrir börn á stofnunum á vegum barnaverndaryfirvalda fækkað verulega. Þess er að geta að Reykjavíkurborg hefur eitt sveitarfélaga rekið vistheimili fyrir börn yngri en 12 ára. Fyrir 1970 voru á vegum Reykjavíkurborgar á annað hundrað pláss á vistheimilum fyrir börn undir 12 ára aldri. Pláss á vistheimilum borgarinnar eru nú 14 talsins. Þessi mikla fækkun var möguleg vegna ýmissa annarra aðgerða. Má þar nefna stóraukna notkun fósturheimila, eflingu stuðningsúrræða fyrir foreldra og börn, þar á meðal eflingu félagsmálastofnunar, sálfræðideilda skóla og sérkennsluúrræða, stofnun barnageðdeildar og meðferðarheimilis í tengslum við sálfræðideildir skólanna sem nú er rekið á vegum geðdeildar Borgarspítalans.

Rétt er að hafa í huga að stórefld hefur verið starfsemi fyrir fötluð börn frá því að lög um aðstoð við þroskahefta voru sett 1979 og síðan lög um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, sem leystu þau lög af hólmi. Í gildandi barnaverndarlögum var gert ráð fyrir að barnaverndarnefndir sinntu þjónustu við þessi börn meira en raun varð á.

Eðlilegt hefur þótt að ríkið sæi um rekstur unglingaheimilis. Starfsemi Unglingaheimilis ríkisins hefur nokkuð eflst frá því það var sett á laggirnar 1972. Þar eru nú starfræktar þrjár deildir, auk opinnar unglingaráðgjafar (göngudeildar). Þar skal fyrst talin móttökudeild þar sem hægt er að taka við unglingum í bráðavistun, en einnig til rannsóknar og greiningar. Þá eru tvær uppeldis- og meðferðardeildir til lengri dvalar. Einkaaðilar reka samkvæmt sérstöku samkomulagi við menntamálaráðuneytið og í samvinnu við stjórnarnefnd Unglingaheimilis ríkisins Meðferðarheimilið Torfastöðum í Biskupstungum. Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar var haustið 1989 stofnuð sérstök deild fyrir unga vímuefnaneytendur á vegum Unglingaheimilis ríkisins. Unnið er að undirbúningi fyrir opnun deildarinnar. Loks má nefna neyðarathvarf Rauða krossins sem starfrækt hefur verið frá 1985. Þar er tekið á móti börnum og ungmennum sem þangað leita sjálf vegna margháttaðra vandamála.

Eðlilegt er að halda í lögum um vernd barna og ungmenna ákvæðum um starfsemi þeirra stofnana er hér hafa verið upp taldar og annarra sem í framtíðinni verða settar á laggirnar og skilgreinast sem barnaverndarstofnanir. Nauðsynlegt þykir að hraðað verði uppbyggingu stofnana í þágu barnaverndar í náinni framtíð. Ber þar fyrst að nefna að engin sveitarfélög utan Reykjavíkur hafa aðgang að vistheimili fyrir ung börn til notkunar í alvarlegum barnaverndarmálum. Þá hefur reynst erfitt að finna fósturheimili fyrir stálpuð börn, 7–12 ára, sem eiga við veruleg hegðunarvandkvæði að stríða, eiga sér ekki trausta forsjáraðila og þurfa mikillar sérkennslu við. Ýmsir sérfræðingar hafa bent

á þörf fyrir stofnun meðferðarheimilis til að sinna þessum börnum. Einnig er allmikill skortur á deild við unglingaheimilið sem geti sinnt langtímameðferð unglinga sem eru uppvísir að síbrotum og ofbeldisverkum. Þá þykir og líklegt að í framtíðinni verði hugað að uppbyggingu barnaheimila þar sem foreldrar og börn geti dvalist saman. Reynsla af slíkum barnaverndarstofnunum erlendis er þegar fengin og þykir mjög athyglisverð.

Um 54. gr.

Í 1. mgr. eru skilgreind þau heimili er undir kafla þennan falla.

Í 2. mgr. er kveðið á um frumkvæði félagsmálaráðuneytisins varðandi uppbyggingu slíkra stofnana.

Í 3. og 4. mgr. er skilgreint hlutverk ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar varðandi stofnun og rekstur slíkra heimila. Er við það miðað að ríkisvaldinu sé skylt að reka unglingaheimili, svo og þau meðferðarheimili sem nauðsynlegt er að setja á fót til að sinna hegðunarerfiðleikum barna. Á slíkum heimilum beinist meðferðin fremur að hegðun og erfiðleikum barnsins sjálfs og þykir því eðlilegt að ríkið axli þá ábyrgð. Þykir það sambærilegt við þau verkefni sem ríkið annast á öðrum sviðum, svo sem rekstur geðdeilda fyrir börn, og rekstur hvers konar meðferðar og vistheimila fyrir fötluð börn. Ríkið annast þegar rekstur Unglingaheimilisins að mestu. Aftur á móti þykir eðlilegt að sveitarfélög annist rekstur vistheimila er veiti börnum viðtöku um stundarsakir vegna aðstæðna á heimilum þeirra. Rekstur slíkra vistheimila tengist starfi barnaverndarnefnda með mjög beinum hætti og því talið eðlilegt að sveitarfélög beri þá ábyrgð.

Í 5. mgr. er félagasamtökum eða öðrum aðilum heimilað að setja á stofn heimili eða stofnanir til stuðnings börnum eða ungmennum að fengnu leyfi félagsmálaráðherra.

Um 55. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa og á sér hliðstæðu í 37. gr. gildandi laga.

Um 56 gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega sambærileg ákvæðum í 37. gr. og 39. gr. gildandi laga.

Um X. kafla.

Í þessum kafla er að finna almenn ákvæði til verndar börnum og ungmennum. Til greina þótti koma að fella slík ákvæði út úr lögunum að öllu leyti, enda er öðrum aðilum samkvæmt lögum falin verkefni á þessu sviði. Hins vegar þykir sýnt að barnaverndarnefndir geti öðrum fremur verið talsmenn barna í samfélaginu sem oft mótast frekar af þörfum og hagsmunum hinna fullorðnu. Á þetta ekki síst við þar sem hætta er á að aðilar leitist við að misnota sér reynslu- eða ístöðuleysi barna eða ungmenna í eiginhagsmunaskyni, svo sem með dreifingu vímuefna, eða með því að selja þeim aðgang að skemmtunum sem ætla má að geti verið börnum skaðsamlegar. Einnig getur verið um að ræða starfsemi sem í sjálfu sér er eðlileg þótt sérstök ástæða geti verið til að gæta hagsmuna barna, svo sem með eftirliti á vinnustöðum og með því að takmarka aðgang að skemmtistöðum er hafa leyfi til áfengisveitinga.

Um 57. gr.

Þegar gildandi lög voru sett voru höfð í þeim ítarleg ákvæði um vinnuvernd barna og ungmenna, enda var þá ekki til að dreifa heildarlöggjöf um aðbúnað, hollustuhætti og

öryggi á vinnustöðum sem síðan hefur verið sett, sbr. lög nr. 46/1980. Samkvæmt þeim lögum fer Vinnueftirlit ríkisins með vinnuvernd barna og ungmenna.

Greinin veitir barnaverndarnefnd möguleika á að fylgjast með einstökum börnum á vinnustað, en að öðru leyti skýrir hún sig sjálf.

Um 58. gr.

Hér er lagt á barnaverndarnefndir að vinna gegn hvers konar vímuefnaneyslu barna og ungmenna í umdæmi sínu. Samkvæmt áfengislögum, nr. 82/1969, er þetta einnig verkefni áfengisvarnanefnda og er eðlilegt að um samvinnu þessara aðila verði að ræða á þeim stöðum þar sem þessar nefndir hafa ekki sameinast í einni nefnd, félagsmálaráði, eins og víða er. Þá þykir einnig rétt að kveða sérstaklega á um að barnaverndarnefndir stuðli að því, eftir því sem við verður komið, að koma lögum yfir þá sem ýta undir vímuefnaneyslu barna og ungmenna.

Um 59 gr.

Greinin er að mestu samhljóða 43. gr. gildandi laga.

Um 60. gr.

Rétt þykir að taka inn í lögin ákvæði um útivistartíma barna sem hingað til hafa verið í reglugerð enda er ekki síður ástæða nú til þess að takmarka útivistartíma barna en áður var. Nefndin hefur nokkuð leitað eftir tillögum um önnur aldurs- og tímamörk en hér eru sett, en niðurstöður flestra orðið þær að hér sé um eðlilegar viðmiðanir að ræða.

Um 61. gr.

Grein þessi er að hluta til samhljóða 40. gr. reglugerðar um vernd barna og ungmenna nr. 45 frá 9. júní 1970, en einfölduð mjög. Greinin er og í samhljóðan við reglugerð um löggæslu á skemmtunum nr. 587 23. des. 1987, svo og 20. gr. áfengislaga, nr. 82/1969. Eðlilegt þykir að leggja bann við að ungmenni, innan 18 ára aldurs, starfi á stöðum sem þau hafa að öðru leyti ekki aðgang að. Þó er gerð undantekning þegar um viðurkennt iðnnám er að ræða, þ.e. matreiðslu- og framreiðslunám.

Um XI. kafla.

Ekki voru aðrar refsiheimildir í fyrstu barnaverndarlögunum frá 1932 en þær sem mæltu fyrir um refsingu fyrir brot á lögunum sjálfum, sbr. 18. gr. laga nr. 43/1932. Í lögum nr. 29 1947, sem komu í stað laga nr. 43/1932, eru refsiákvæði sem eru samsvarandi gildandi refsiákvæðum.

Full ástæða þykir til að börn og ungmenni njóti sérstakrar refsiverndar. Aðstæður barna og unglinga í daglegu lífi eru oft þannig að foreldrar eru uppteknir við eigin störf utan heimila. Börn og unglingar eru því oft og tíðum ýmist í umsjá annarra eða í eigin umsjá. Þau eru háð því að hinir fullorðnu virði þörf þeirra fyrir sérstaka vernd.

Um 62. gr.

Þessi grein er nýmæli. Mikilvægi þess að tilkynningarskylda barnaverndarlaga sé virt

er augljóst. En það varðar líka hagsmuni barna og fjölskyldna þeirra að einkalíf þeirra sé virt og að ekki sé vísvitandi komið á framfæri við barnaverndarnefndir röngum eða villandi upplýsingum sem leitt gætu til könnunar máls af hálfu nefndar í samræmi við ákvæði 21. gr. frumvarpsins eða annarra aðgerða en slíkt getur verið börnum og fjölskyldum þeirra skaðlegt.

Um 63.–69. gr.

Í þessum greinum gætir lítilla efnisbreytinga frá refsiákvæðum gildandi laga, þ.e. 45., 46., 47., 2. mgr. 48. og 49. gr. Uppröðun greinanna er breytt og þeim er fjölgað til þess að gera þær skýrari og orðalagi sumra greina er lítillega breytt.

Um 70. gr.

Greinin er samhljóða 59. gr. gildandi laga.

Um 71. gr.

Miðað er við að lögin taki gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum vorið 1990.

Fylgiskjal I.

Bréf til menntamálaráðherra frá fjármálaráðuneyti, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

(6. apríl 1990.)

Efni: Kostnaðarumsögn um drög að frumvarpi til laga um vernd barna og ungmenna.

Helstu nýmæli þessa frumvarps eru:

1. Lagt er til að yfirstjórn barnaverndarmála verði í höndum félagsmálaráðuneytis.
2. Gert er ráð fyrir að barnaverndarráð fari með fullnaðarúrskurðarvald en að önnur verkefni færist til félagsmálaráðuneytis.
3. Barnaverndarumdæmi verða stækkuð og fækkar þá barnaverndarnefndum. Þetta getur haft áhrif á útgjöld sveitarstjórna vegna barnaverndarnefnda.
4. Að öðru leyti felur frumvarpið í sér skýrari og ítarlegri ákvæði um barnaverndarmál en er að finna í gildandi lögum og leitast er við að skilgreina betur réttarstöðu barna og ungmenna í barnaverndarmálum.

Ráðuneytið áætlar að samþykkt frumvarpsins muni ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, en kostnaðaráhrif þess koma fram með tvennum hætti:

1. Meginbreyting frá núgildandi lögum er að yfirstjórn barnaverndarmála verður í höndum félagsmálaráðuneytis í stað menntamálaráðuneytis. Þetta felur í sér tilflutning á eftirfarandi stofnunum: Meðferðarheimili Torfastöðum (802), barnaverndarráði 806, meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur (870) og Unglingaheimili ríkisins (871).

Fjárveiting til þessara stofnana er í fjárlögum 1990 samtals um 72 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir að tilflutningur þeirra á milli ráðuneyta hafi í för með sér breytingar á kostnaði.

2. Hlutverk barnaverndarráðs breytist og fulltrúum í ráðinu fækkar úr fimm í þrjá. Eftirlitsráðgjafar- og umsagnarhlutverk ráðsins færist til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneyt-

isins. Hlutverk barnaverndarráðs verður að veita úrskurð í deilumálum sem vísað er til ráðsins. Rétt er að meta kostnaðaráhrif þessa í tengslum við tvö önnur lagafrumvörp sem nýlega hafa komið fram, þ.e. frumvarp félagsmálaráðherra um félagsþjónustu sveitarfélaga og frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á barnalögum, nr. 9/1981.

Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingar á barnalögum er núgildandi ákvæði um að leita skuli umsagnar barnaverndarráðs í forsjármálum fellt niður. Í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er gert ráð fyrir stofnun nýrrar deildar á aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins er sinni eftirliti og ráðgjöf með framkvæmd sveitarfélaga á lögum um félagsþjónustu, þar með talinni vernd barna og ungmenna.

Fjárveiting til barnaverndarráðs er um 9 m.kr. í fjárlögum líðandi árs. Með tilflutningi á verkefnum barnaverndarráðs til félagsmálaráðuneytis má gera ráð fyrir að u.þ.b. helmingur þeirrar fjárveitingar færist til félagsmálaráðuneytis. Barnaverndarráð hefur á að skipa þremur starfsmönnum og mundu tveir þeirra færast til félagsmálaráðuneytis.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna.

Helstu nýmæli þessa frumvarps eru:

1. Lagt er til að yfirstjórn barnaverndarmála verði í höndum félagsmálaráðuneytis.
2. Gert er ráð fyrir að barnaverndarráð fari með fullnaðarúrskurðarvald en að önnur verkefni færist til félagsmálaráðuneytis.
3. Barnaverndarumdæmi verða stækkuð og fækkar þá barnaverndarnefndum.
4. Að öðru leyti felur frumvarpið í sér skýrari og ítarlegri ákvæði um barnaverndarmál en er að finna í gildandi lögum og leitast er við að skilgreina betur réttarstöðu barna og ungmenna í barnaverndarmálum.

Fjármálaráðuneytið áætlar að samþykkt frumvarpsins geti haft í för með sér nokkurn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð en erfitt er að meta þessi kostnaðaráhrif. Í þessu samhengi skal bent á 3. og 54. gr.

— Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að innan félagsmálaráðuneytis skal sérstök deild annast samræmingu og heildarskipulag barnaverndarmála og má leiða getum að því að það hafi í för með sér einhverja fjölgun starfsmanna og annan kostnaðarauka, samtals að fjárhæð 4–8 m.kr. Hins vegar er rétt að meta kostnaðaráhrif þessa í tengslum við lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, en á grundvelli þeirra er gert ráð fyrir stofnun nýrrar deildar á aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins er sinni eftirliti og ráðgjöf með framkvæmd sveitarfélaga á lögum um félagsþjónustu, þar með talinni vernd barna og ungmenna. Einnig er á það bent að við það er miðað að starfsmenn flytjist frá barnaverndarráði til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytis, sbr. 2. lið hér á eftir, og er sú fjölgun starfsmanna umfram hugsanlega fjölgun vegna 3. gr. frumvarpsins.

— Í 54. gr. segir að félagsmálaráðuneyti skuli hlutast til um að settar verði á fót stofnanir eða heimili sem nauðsynleg eru til að barnaverndarnefndum sé unnt að rækja

störf sín og að félagsmálaráðuneytinu sé skylt að reka unglingaheimili, svo og meðferðarheimili fyrir börn sem eiga við hegðunarörðugleika að stríða. Hugsanlegur kostnaðarauki vegna þessa ákvæðis er mjög óljós, enda er a.m.k. unglingaheimili þegar starfrækt. Í núgildandi lögum og með reglugerð um Unglingaheimili ríkisins er gert ráð fyrir að sveitarfélög taki þátt í rekstrarkostnaði heimilisins með daggjöldum. Hins vegar hefur reynslan af því fyrirkomulagi verið slæm og daggjöldin skilað sér illa.

Að öðru leyti koma kostnaðaráhrif þessa frumvarps fram með tvennum hætti:

1. Meginbreyting frá núgildandi lögum er að yfirstjórn barnaverndarmála verður í höndum félagsmálaráðuneytis í stað menntamálaráðuneytis. Þetta felur í sér tilflutning á eftirfarandi stofnunum: Meðferðarheimili Torfastöðum (802), barnaverndarráði (806), meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur (870) og Unglingaheimili ríkisins (871).

Fjárveiting til þessara stofnana er í fjárlögum 1992 samtals um 104 m. kr. og ætti tilflutningur þeirra á milli ráðuneyta ekki að hafa í för með sér breytingar á kostnaði. Ekki er gert ráð fyrir tilflutningi á störfum frá menntamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis, en í menntamálaráðuneyti var þessu verkefni ekki sinnt af sérstakri deild þótt aðalumsjón barnaverndarmála hafi þar verið í höndum deildarstjóra lista- og safnadeildar ráðuneytisins.

2. Hlutverk barnaverndarráðs breytist og fulltrúum í ráðinu fækkar úr fimm í þrjá. Hlutverk barnaverndarráðs verður að veita úrskurð í deilumálum sem vísað er til ráðsins. Eftirlits-, ráðgjafar- og umsagnarhlutverk ráðsins færist til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Fjárveiting til barnaverndarráðs er um 10,4 m.kr. í fjárlögum 1992. Með tilflutningi á verkefnum barnaverndarráðs til félagsmálaráðuneytis má gera ráð fyrir að u.þ.b. helmingur þeirrar fjárveitingar færist til félagsmálaráðuneytis. Barnaverndarráð hefur á að skipa fjórum starfsmönnum og mundu tveir til þrír færast til félagsmálaráðuneytis.

Ekki eru metin hugsanleg kostnaðaráhrif þessa frumvarps fyrir sveitarfélög. Gera má ráð fyrir að fækkun barnaverndarnefnda og stækkun barnaverndarumdæma geti haft áhrif á kostnað sveitarfélaga. Einnig er í 54. gr. kveðið á um að sveitarfélög skulu, eitt eða fleiri saman, setja á stofn og reka vistheimili er veiti börnum viðtöku um stundarsakir og að sveitarfélög skulu setja á stofn og reka önnur heimili eða stofnanir er sveitarstjórn telur þörf á, að fenginni tillögu eða umsögn barnaverndarnefndar, til að nefndin geti sinnt lagaskyldum sínum.

Fylgiskjal III.

1990–91. — 1060 ár frá stofnun Alþingis.
113. löggjafarþing. — 29. mál.

Ed. **984. Nefndarálit**

um frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það höfunda þess, Sigríði Ingvarsdóttur, formann barnaverndarráðs, Ingibjörgu Rafnar héraðsdómslögmann og Gunnar Sandholt, yfirmann fjölskyldudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Hilmar Björgvinsson, deildarstjóri hjá Tryggingastofnun ríkisins, kom einnig á fund nefndarinnar. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá eftirtöldum aðilum: Barnaheill, barnaverndarráði, biskupi Íslands, bæjarstjórn Selfoss, Dómarafélagi Íslands, félagsmálaráði Akureyrar, félagsmálaráði Egilsstaðabæjar, félagsmálaráði Neskaupstaðar, félagsmálaráði Selfoss, félagsmálaráðuneytinu, Félagsmálastofnun Kópavogskaupstaðar, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Fóstrufélagi Íslands, fræðslustjóra Suðurlandsumdæmis, héraðsnefnd Árnesinga, héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu, héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu, Kennarasambandi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, menntamálaráðuneytinu, Sálfræðingafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa og Sýslumannafélagi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Nefndin taldi nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar, m.a. með hliðsjón af ábendingum sem henni bárust í umsögnum um frumvarpið, en í flestum tilvikum er þó ekki um verulegar efnisbreytingar að ræða.

Halldór Blöndal var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. mars 1991.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Guðrún Halldórsdóttir, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir.
Skúli Alexandersson.	Jón Helgason.	Salome Þorkelsdóttir.

Fylgiskjal IV.

1990–91. — 1060 ár frá stofnun Alþingis.
113. löggjafarþing. — 29. mál.

Ed. **985. Breytingartillögur**

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Fyrri málsgrein verði tvær málsgreinar þannig að 1. málsl. verði 1. mgr. og 2.–7. málsl. verði 2. mgr.
   b. Síðasti málsliður síðari málsgreinar orðist svo: Það skal annast fræðslustarfsemi fyrir þá sem starfa að barnaverndarmálum, m.a. með útgáfustarfsemi og námskeiðum.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „og hátterni“ í 1. efnismálsl. 2. mgr. komi: hátterni og uppeldisskilyrðum.
3. Við 6. gr. Eftirtaldar breytingar verða á greininni:
   a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. komi: Þá skal sveitarstjórn heimilt að semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir með leyfi félagsmálaráðherra.
   b. Í stað orðanna „að fengnu leyfi félagsmálaráðherra“ í lok 1. mgr. komi: og í þeim tilvikum skal gæta þeirra sjónarmiða sem nefnd eru í 3. mgr. um kjör barnaverndarnefnda.
   c. Orðin „t.d. barnalækni, sálfræðing eða félagsráðgjafa“ í niðurlagi 3. mgr. falli brott.
4. Við 7. gr. Fyrri málsliður fyrri málsgreinar orðist svo: Kjörtímabil barnaverndarnefnda er hið sama og sveitarstjórna.
5. Við 10. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðinu „héraðsnefndar“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: sveitarstjórnar.
   b. Orðin „svo og leita til sérfræðinga í einstökum málum“ í lok 2. mgr. falli brott.
6. Við 12. gr. Annar málsliður fyrri málsgreinar falli brott.
7. Við 17. gr. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Barnaverndarnefnd er skylt að tilkynna foreldri barns ef mál, er varðar barnið, er til meðferðar hjá lögreglu eða dómstólum, sbr. 1. og 2. mgr., enda mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því. Óski foreldri eftir því að vera viðstatt yfirheyrslu yfir barni sínu yngra en 16 ára skal það að jafnaði heimilt. Dómari úrskurðar um þetta atriði ef ágreiningur verður og sætir úrskurður hans ekki kæru.
8. Við 19. gr. Í stað orðsins „dagvistarstofnana“ í 1. mgr. og í stað sama orðs í 3. mgr. komi (í viðeigandi beygingarföllum): dagvistarheimila.
9. Við 20. gr. Í stað orðsins „laga“ í 1. málsl. komi: barnalaga.
10. Við 21. gr. Orðið „ástæðulausrar“ í lok b-liðar 1. mgr. falli brott.
11. Við 23. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
    a. Á eftir orðinu „börn“ í 1. málsl. komi: og ungmenni.

b. Í stað orðanna „hefur rökstuddan grun um“ í 1. málsl. komi: telur.
c. Orðin „en tólf mánuði þaðan í frá“ í lok 2. málsl. falli brott.

12. Við 25. gr. Í stað orðsins „sínum“ í 3. mgr. komi: þess.
13. Við 26. gr. Orðin „eða aðfinnslur“ í seinni málsgrein falli brott.
14. Við 28. gr. Í stað orðsins „reyndar“ í fyrri málslið síðari málsgreinar komi: fullreyndar.
15. Við 30. gr. Í stað orðanna „ef þörf krefur“ í niðurlagi 3. mgr. komi: svo lengi sem þörf krefur.
16. Við 33. gr. Í stað orðsins „þjálfa“ í upphafi seinni málsgreinar komi: aðstoða.
17. Við 35. gr. Í stað orðanna „þrefaldan barnalífeyri sé það innan sjö ára aldurs og tvöfaldan sé það eldra“ í 1. mgr. komi: umsaminn lífeyri.
18. Við 36. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „barni“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: barninu.
    b. Í stað orðanna „er skylt“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: ber.
19. Við 43. gr. Í stað orðanna „níu mánuði eða lengur“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: til frambúðar.
20. Við 46. gr. Í stað orðanna „einkaheimili eða barnaheimili“ í 4. mgr. komi: einkaheimili, barnaheimili eða annan þann stað þar sem börn dveljast.
21. Við 47. gr. Í stað orðanna „hafi gert sér fulla grein“ komi: hafi verið gerð full grein.
22. Við 50. gr. Í stað orðanna „innan tveggja vikna“ í lok 1. málsl. komi: án tafar og eigi síðar en innan viku.
23. Við 54. gr. 4. mgr. orðist svo:
    Barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði með rekstri vistheimila eða á annan hátt til að veita börnum viðtöku vegna aðstæðna á heimili þeirra, svo sem vegna forfalla foreldra, vanrækslu eða illrar meðferðar á barni eða til könnunar á aðstæðum þeirra, sbr. 21. gr.
24. Við 60. gr. bætist: Sveitarstjórnir geta þá breytt þessum aldursmörkum og tímasetningum með sérstakri samþykkt.

681. Frumvarp til laga [423. mál]

um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Í lok 1. mgr. 17. gr. laganna í staðinn fyrir „114. gr.“ kemur: 115. gr.

2. gr.

Eftirtalin breyting verður á 1. mgr. 47. gr. laganna:

2. málsl. hljóðar svo:

Ef stjórn félags er skipuð einum manni skal valinn að minnsta kosti einn varamaður.

3. gr.

3. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Á eftir 115. gr. laganna komi ný grein er verður 115. gr. a, svohljóðandi:

Ef hlutafélagaskrá telur að hlutafélag hafi hætt störfum, stjórn er ekki fullskipuð eða hlutafélagið sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar skal skráin senda þeim sem eru eða ætla má að séu í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu þess ellegar síðasta skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afmáð úr hlutafélagaskrá komi ekki fram upplýsingar, innan þess frests sem skráin setur, er veiti líkur fyrir því að félagið starfi enn.

Berist ekkert svar eða ekki fullnægjandi svar innan tilskilins frests skal samsvarandi aðvörun birt einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Berist þá ekki heldur svar eða fullnægjandi svar, innan þess frests sem þar er tiltekinn, má fella niður skráningu hlutafélagsins.

Innan árs frá afskráningu geta viðkomandi einstaklingar eða lögaðilar gert þá kröfu að bú hlutafélagsins verði tekið til skipta í samræmi við 1. mgr. 116. gr. Jafnframt má hlutafélagaskrá breyta skráningu þannig að afskráð félag sé skráð á nýjan leik enda berist beiðni þar að lútandi innan árs frá afskráningu samkvæmt þessari grein og sérstakar aðstæður réttlæti endurskráninguna.

Þótt hlutafélag hafi verið fellt niður af hlutafélagaskrá samkvæmt þessari grein breytir það í engu persónulegri ábyrgð er stjórnar- eða félagsmenn kunna að vera í vegna skuldbindinga félagsins.

5. gr.

Í 2. mgr. 147. gr. laganna í stað orðanna „stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, þeirra sem hafa heimild til að rita firma félagsins og prókúruhafa“ koma orðin: stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda og prókúruhafa.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram þar eð rétt þykir að unnt sé að afmá viss hlutafélög með einfaldari og ódýrari hætti en nú er, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Jafnframt er tækifærið notað til að gera smábreytingar á nokkrum greinum laganna svo sem nánar kemur fram í athugasemdum við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er leiðrétt tilvísun í greinarnúmer.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta snertir lítil hlutafélög þar sem hluthafar eru fjórir eða færri en þá nægir að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Óbreytt yrði að einn varamann þyrfti ef stjórn er skipuð einum manni. Sé stjórnin hins vegar skipuð tveimur mönnum felst breytingin með þessari grein í því að ekki er krafist varamanns. Gerð er tillaga um þessa breytingu vegna ýmissa vandkvæða í framkvæmdinni enda er nokkuð ljóst að vandaðra er að hafa tvo menn í aðalstjórn og engan til vara en einn í stjórn og einn til vara. Mjög algengt er

orðið að tveir stofni félag saman. Vilja viðkomandi þá síður kalla til utanaðkomandi varamann til að uppfylla lagaskilyrði og kjósa að jafnræði ríki með þeim en ekki að annar sitji í stjórninni en hinn sé aðeins varamaður.

Um 3. gr.

Í meðförum Alþingis á frumvarpi því er leiddi til laga nr. 69/1989 og fól í sér ýmsar breytingar á lögum um hlutafélög var felld niður 49. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Í þessu fólst að felld var niður skylda til að kjósa framkvæmdastjóra í félögum þar sem hlutaféð væri yfir ákveðnu marki, svo og ákvæði um það hvort framkvæmdastjórar í slíkum félögum gætu setið í stjórn þeirra. Hlutafélög þessi áttu með öðrum orðum að vera sjálfráð um það hvort þau réðu framkvæmdastjóra og hvort þeir gætu setið í stjórn. Hins vegar láðist að fella jafnframt úr gildi 3. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna og er því gerð tillaga um að sá málsliður sé felldur niður nú. Hann hljóðaði svo: „Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann í félögum sem um ræðir í 1. málsl. 1. mgr. 49. gr.“

Um 4. gr.

Nokkur tilvik koma upp á ári hverju þar sem stjórnarformaður eða aðrir stjórnarmenn hætta störfum án þess að varamönnum sé til að dreifa eða kjörnir séu nýir menn í stað þeirra sem hætta. Getur jafnvel komið til þess að engum skráðum stjórnarmanni sé til að dreifa. Þetta veldur opinberum innheimtuaðilum og öðrum aðilum margháttuðum erfiðleikum, ekki síst eftir að þess var nýlega krafist í skiptarétti að sett væri 150.000 kr. trygging fyrir beiðni um gjaldþrotaskipti á hverju hlutafélagi í stað lágrar greiðslu áður fyrr. Þykir ekki ástæða til þess með tilliti til opinberra hagsmuna að viðskiptaráðherra eða hlutafélagaskrá standi straum af svo miklum kostnaði vegna aðgerða sem miða að því að óvirk hlutafélög verði á endanum afskráð. Hitt þykir réttara að gefa kost á möguleika á afskráningu með einfaldari en þó öruggum hætti. Breytingartillagan tekur þó ekki einungis til þess ef stjórn hlutafélags er ekki fullskipuð heldur líka til þeirra tilvika að hlutafélagaskrá telji hlutafélag hafa hætt störfum eða að félagið sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni til skrárinnar.

Ákvæðið byggist á frumkvæði hlutafélagaskrár í þessum tilvikum andstætt ákvæði til bráðabirgða í lögunum um hlutafélög eins og þeim hefur verið breytt þar sem frumkvæði að afskráningu skal koma frá félagsstjórn.

Um 5. gr.

Hér er um minni háttar breytingar að ræða.

Í ákvæðinu um skyldur hlutafélaga til að senda hlutafélagaskrá ákveðnar upplýsingar um stjórn o.fl. í júní ár hvert er lagt til að fellt verði niður ákvæði um firmaritun. Er hún bundin við ákveðinn fjölda stjórnarmanna og því vandséð að heimilisföng eða kennitölur skipti þar einhverju máli. Á hinn bóginn er lagt til að varastjórnarmenn verði tilkynntir eigi síður en stjórnarmenn.

Um 6. gr.

Grein þessi geymir gildistökuákvæði.

682. Frumvarp til laga [424. mál]

um gjaldeyrismál.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Innlendur aðili merkir:

1. sérhvern mann sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að;
2. sérhvern lögaðila sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda.

Innlendur gjaldeyrir merkir íslenska peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli sem hljóða upp á greiðslu í íslenskum krónum, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum hér á landi.

Erlendur gjaldeyrir merkir erlenda peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli sem hljóða upp á greiðslu í erlendri mynt, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum erlendis.

Gjaldeyrisviðskipti merkja það að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan, erlendum gjaldeyri fyrir innlendan eða einum erlendum gjaldeyri fyrir annan eða reikningsviðskipti sem eru ígildi þess að erlendur gjaldeyrir sé látinn af hendi eða móttekinn.

Fjármagnshreyfingar merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa sem tengjast:

1. beinum fjárfestingum,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutabréf, skuldabréf, víxla, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og önnur langtíma- eða skammtímaverðbréf,
3. lánveitingum, lántökum og greiðslu eða móttöku afborgana af lánum,
4. veitingu ábyrgða og hvers konar greiðslutrygginga,
5. opnun bankareikninga og notkun þeirra,
6. framvirkum viðskiptum, viðskiptum með valrétt (valkvæðum viðskiptum) og gjaldmiðla- og vaxtaskiptum,
7. yfirfærslu á fjármunum einstaklinga og fjölskyldna.

Skammtímahreyfingar fjármagns merkja fjármagnshreyfingar milli landa sem tengjast:

1. útgáfu á og viðskiptum með skuldabréf og víxla með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og önnur slík skammtímaverðbréf,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum,
3. lánveitingum og lántökum til skemmri tíma en eins árs,

4. innleggi á og úttekt af reikningum í innlánsstofnunum.

Jafnframt teljast til skammtímahreyfinga fjármagns inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og önnur hliðstæð viðskipti.

Langtímahreyfingar fjármagns merkja allar aðrar fjármagnshreyfingar en skammtímahreyfingar fjármagns.

Bein fjárfesting merkir fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut til að öðlast virk áhrif á stjórn þess. Langtímalán frá eigendum fyrirtækis til fyrirtækisins teljast einnig bein fjárfesting.

Óbein fjárfesting merkir alla aðra fjárfestingu en beina fjárfestingu, einkum fjárfestingu í verðbréfum, sem er fyrst og fremst til þess ætluð að ávaxta fé en ekki til að öðlast virk áhrif á stjórn fyrirtækis.

Innlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem innlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

Erlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem erlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

2. gr.

Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skulu vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé ákveðið í lögum.

3. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að ákveða að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið stöðvun í allt að sex mánuði á einhverjum eða öllum af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga ef skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að mati bankans óstöðugleika í gengis- og peningamálum:

1. Viðskipti með skammtímaverðbréf.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
3. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
4. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
5. Inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
6. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul.

4. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að ákveða í reglugerð að takmarkanir gildi um einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga, enda sé gætt ákvæða laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, og alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að:

1. Beinar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi.

2. Viðskipti erlendra aðila með hlutabréf í innlendum fyrirtækjum.
3. Fasteignakaup erlendra aðila hér á landi.

Slíkar takmarkanir mega þó ekki ná til flutnings fjár í eigu erlends aðila frá landinu við sölu á eignarhlut eða slit atvinnufyrirtækis eða sölu fasteignar hér á landi.

5. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að ákveða í reglugerð að til og með 31. desember 1994 gildi takmarkanir um einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga:

1. Viðskipti innlendra aðila með skuldabréf og víxla í erlendri mynt með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og útgáfa þessara aðila á slíkum verðbréfum erlendis.
2. Viðskipti erlendra aðila með innlend skuldabréf og víxla í íslenskum krónum með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og útgáfa þessara aðila á slíkum verðbréfum hér á landi.
3. Útgáfa á skuldabréfum og víxlum í íslenskum krónum erlendis með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi.
4. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
5. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru eða þjónustu.
6. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
7. Inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa, peningaseðla og sleginna peninga.
8. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–7. tölul.
9. Framvirk viðskipti, viðskipti með valrétt, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.

Viðskiptaráðherra er jafnframt heimilt að ákveða í reglugerð reglur um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris sem innlendir aðilar eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt. Þessi heimild fellur niður frá og með 1. janúar 1995.

6. gr.

Erlendu ríki, sveitarfélagi eða öðru erlendu stjórnvaldi er óheimilt að gefa út skuldabréf á markaði hérlendis nema með leyfi Seðlabankans.

7. gr.

Nú gilda ákveðnar takmarkanir á fjármagnshreyfingum skv. 4. gr., 5. gr. eða ákvæðum til bráðabirgða og er þá Seðlabankanum heimilt að veita undanþágur frá þeim samkvæmt umsókn þar að lútandi. Innheimt skal sérstakt 1% leyfisgjald af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni þegar undanþága er veitt. Fjármagnshreyfingar á vegum ríkissjóðs og fjármagnshreyfingar vegna gjaldeyrisviðskipta þeirra aðila, sem leyfi hafa til gjaldeyrisviðskipta, eru ávallt undanþegnar gjaldinu. Gjaldið skal greitt til þess innlends aðila sem milligöngu hefur um gjaldeyrisviðskiptin eða Seðlabankans. Tekjur af gjaldinu renna í ríkissjóð.

8. gr.

Seðlabankinn hefur heimild til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri. Öðrum aðilum er óheimilt að hafa milligöngu um gjaldeyrisvið-

skipti hér á landi nema hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða hafa fengið til þess leyfi frá Seðlabankanum.

Viðskiptaráðherra setur í reglugerð að fenginni tillögu Seðlabankans nánari reglur um leyfi til gjaldeyrisviðskipta, þar á meðal um skilyrði fyrir leyfisveitingu og afturköllun leyfis. Um gjald fyrir veitingu leyfis til gjaldeyrisviðskipta fer eftir lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

9. gr.

Einungis þeim sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar frá viðskiptaráðherra er heimilt að hafa milligöngu um viðskipti innlendra aðila við erlenda aðila með verðbréf. Þó er Seðlabankanum heimilt að veita lögaðilum leyfi til að eiga verðbréfaviðskipti við erlenda aðila án milligöngu annars aðila samkvæmt umsókn þar að lútandi.

10. gr.

Allir þeir aðilar, sem annast gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptamenn sína, skulu hafa til reiðu skýrar og handhægar upplýsingar um slíka þjónustu ásamt upplýsingum um umboðslaun og gjöld sem áskilin eru í slíkum viðskiptum.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um samningskjör vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga.

11. gr.

Skylt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti og hagskýrslugerð, sbr. 24. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Bankanum er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.

12. gr.

Þeir sem annast framkvæmd þessara laga eru bundnir þagnarskyldu um hagi einstakra viðskiptamanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

13. gr.

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt eða sviptingu starfsréttinda. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

14. gr.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að til og með 31. desember 1992 gildi takmarkanir um einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga:

1. Viðskipti innlendra aðila með hlutabréf og skuldabréf í erlendri mynt með gjalddaga a.m.k. einu ári frá útgáfudegi og útgáfa þessara aðila á slíkum verðbréfum erlendis.
2. Viðskipti innlendra aðila með hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum sem fjárfesta í langtímaverðbréfum.
3. Viðskipti erlendra aðila með skuldabréf í íslenskum krónum með gjalddaga a.m.k. einu ári frá útgáfudegi.
4. Útgáfa innlendra aðila erlendis í íslenskum krónum á hlutabréfum og skuldabréfum með gjalddaga a.m.k einu ári frá útgáfudegi.

II.

Núgildandi leyfi viðskiptabanka, sparisjóða, Lánastofnunar sparisjóðanna hf. og Póst- og símamálastofnunarinnar til gjaldeyrisviðskipta falla úr gildi þremur mánuðum eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Gerð frumvarpsins.

Frumvarp þetta var samið af starfshópi sem viðskiptaráðuneytið skipaði 18. nóvember 1991 í því skyni. Hópnum var einnig falið að semja drög að reglugerð um gjaldeyrismál. Í skipunarbréfi hópsins er tilgreint að frumvarpið og reglugerðin skuli vera í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í gengismálum og ákvæði í samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Í starfshópnum voru: Finnur Sveinbjörnsson skrifstofustjóri, viðskiptaráðuneytinu, formaður, Atli Freyr Guðmundsson skrifstofustjóri, viðskiptaráðuneytinu, Kjartan Gunnarsson deildarstjóri, viðskiptaráðuneytinu, Már Guðmundsson forstöðumaður, Seðlabanka Íslands, Stefán M. Gunnarsson forstöðumaður, Seðlabanka Íslands, Sveinbjörn Hafliðason lögfræðingur, Seðlabanka Íslands, og Barði Árnason aðstoðarbankastjóri, Landsbanka Íslands, tilnefndur af Sambandi íslenskra viðskiptabanka.

Starfshópurinn skilaði drögum að fullbúnu frumvarpi til laga ásamt reglugerð til viðskiptaráðherra í mars 1992.

2. Þróun gjaldeyrisreglna á Íslandi.

Núgildandi lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála eru frá 1979. Í þeim er bæði fjallað um gjaldeyrismál og innflutningsmál enda hafa gjaldeyrisverslun og gjaldeyrishöft löngum verið nátengd innflutningsverslun og innflutningshöftum. Í lögunum kemur fram sú meginregla að vöruinnflutningur til landsins skuli vera óheftur nema annað sé

sérstaklega tekið fram en þjónustugreiðslur og fjármagnshreyfingar til annarra landa skulu óheimilar nema þær séu sérstaklega leyfðar af annaðhvort viðskiptaráðuneytinu eða Seðlabanka Íslands.

Gjaldeyrisreglur hér á landi hafa smám saman verið rýmkaðar og stærsta skrefið í þá átt frá 1960 var stigið 1. september 1990 þegar ný reglugerð um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála tók gildi og 15. desember 1990 þegar reglur Seðlabanka Íslands um viðskipti með verðbréf í erlendri mynt tóku gildi.

Gjaldeyrisreglurnar, sem giltu hér á landi fram að þeim tíma, mátti í ýmsum atriðum rekja til kreppuáranna á fjórða áratugnum og fyrstu áranna eftir síðari heimsstyrjöldina þegar tiltölulega mikil gjaldeyriseign þjóðarinnar hvarf á skömmum tíma. Á þeim tíma þótti nauðsyn bera til að taka upp strangt eftirlit á sviði gjaldeyrismála og hafa hönd í bagga með því hvernig erlendum gjaldeyri, sem þjóðin aflaði, var ráðstafað.

Miklar hömlur á viðskiptum með erlendan gjaldeyri tíðkuðust allt fram til ársins 1960 með tilheyrandi leyfakerfi og pólitískum úthlutunum. Eftir að hafa beitt fjölgengi og uppbótakerfi á sjötta áratugnum var ljóst að í gengis- og gjaldeyrismálum var við verulegan vanda að glíma. Þegar ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, „viðreisnarstjórnin", komst til valda árið 1960 urðu hvörf í gjaldeyrismálum þjóðarinnar þegar gjaldeyrisleyfi vegna innflutnings voru að stórum hluta afnumin og komið á fót því innflutningsfrelsi sem ríkt hefur síðan.

Í kjölfar þess að ný lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála tóku gildi árið 1979 var gjaldeyrisdeild bankanna lögð niður. Í henni störfuðu á þeim tíma rúmlega tuttugu manns. Í staðinn var ákvörðunarvald banka í gjaldeyrismálum aukið og komið á fót sérstakri samstarfsnefnd um gjaldeyrismál sem enn starfar. Nefndin fjallar m.a. um verklagsreglur í gjaldeyrisviðskiptum, samræmir meðferð mála á milli banka og fjallar um umsóknir um gjaldeyris- og innflutningsleyfi.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands voru lengi einu viðskiptabankarnir sem höfðu leyfi til að annast gjaldeyrisviðskipti. Búnaðarbanki Íslands fékk sams konar heimild árið 1983. Skömmu síðar fengu einkabankar og sparisjóðir heimild til að annast slík viðskipti. Loks fékk Póst- og símamálastofnunin takmarkaða heimild til gjaldeyrisviðskipta.

Jafnframt því sem æ fleiri aðilum var heimilað að annast gjaldeyrisviðskipti voru gjaldeyrisreglurnar rýmkaðar smám saman. Árið 1983 var heimilað að nota greiðslukort erlendis. Fyrstu eignarleigufyrirtækin hófu starfsemi hér á landi árið 1986 og ári síðar voru settar sérstakar reglur um erlendar lántökur þeirra. Árið 1989 voru svo þær reglur ásamt reglum um erlendar lántökur vegna innflutnings, innlendrar framleiðslu og vegna skipaviðgerða rýmkaðar í tvígang. Sama ár voru reglur um innflutning með greiðslufresti einnig rýmkaðar í tvígang og jafnframt einfaldaðar verulega.

Á árinu 1990 voru gerðar róttækustu breytingar á gjaldeyrisreglunum síðan 1960. Með gildistöku reglugerðar viðskiptaráðuneytisins um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 312 frá 30. júlí 1990 og fjögurra auglýsinga Seðlabankans um tiltekin svið gjaldeyrisviðskipta varð bæði mikil breyting á framsetningu gjaldeyrisreglnanna til samræmis við alþjóðlega flokkun gjaldeyrisviðskipta og á inntaki þeirra. Nýjar gjaldeyrisreglur tóku gildi 1. september að undanskildum ákvæðum um viðskipti innlendra aðila með verðbréf í erlendri mynt sem tóku gildi 15. desember. Helstu atriðin í þeim breytingum, sem tóku gildi á árinu 1990, voru sem hér segir:

Þjónustugreiðslur.

1. Gjaldeyrisyfirfærslur vegna erlendra þjónustuviðskipta voru gefnar frjálsar en áður

voru þær formlega háðar gjaldeyrisleyfi og innheimtu 1% leyfisgjalds. Innheimta leyfisgjaldsins féll niður í árslok 1990.

2. Fjárhæðarmörk vegna ferðakostnaðar erlendis voru hækkuð í 200.000 kr. fyrir hvern einstakling í hverri ferð.[1] Í reglugerðinni var tilgreint að fjártakmarkanirnar féllu niður í ársbyrjun 1993. Áður höfðu fjárhæðarmörkin verið miðuð við jafnvirði 2.000 bandarískra dala (120 þús. kr.) fyrir fullorðna og 1.000 dollara (60 þús. kr.) fyrir börn. Þá voru reglur um námskostnað rýmkaðar nokkuð þannig að þeir sem sækja námskeið sem vara allt niður í einn mánuð eiga rétt á slíkri yfirfærslu í stað sex mánaða áður. Í reglugerðinni er tiltekið að allar takmarkanir á gjaldeyrisyfirfærslum til greiðslu námskostnaðar falli niður í ársbyrjun 1993.

Fjármagnshreyfingar.

3. Innlendum aðilum var heimilað að fjárfesta í atvinnurekstri og kaupa fasteignir erlendis án sérstaks leyfis gjaldeyrisyfirvalda. Til ársloka 1990 voru þessar heimildir takmarkaðar við 3.750.000 kr. á ári fyrir fjárfestingu í atvinnurekstri og sömu fjárhæð fyrir kaup á sérhverri fasteign. Jafnframt var tilgreint að fjárhæðarmörkin hækkuðu í 5.625.000 kr. í ársbyrjun 1991, í 7.500.000 kr. 1. janúar 1992 og féllu niður 1. janúar 1993.
4. Erlendum aðilum var heimilað að flytja söluandvirði eignarhlutar síns í fyrirtækjum og söluandvirði fasteigna úr landi án nokkurra takmarkana. Áður þurfti sérstakt leyfi fyrir slíkum yfirfærslum, sem og yfirfærslum á arði og öðrum fjármagnstekjum sem erlendir aðilar öfluðu hér á landi.
5. Frá 15. desember 1990 var innlendum aðilum heimilt að kaupa erlend markaðsverðbréf og gefa út og selja markaðsverðbréf erlendis í annarri mynt en íslenskum krónum. Erlend verðbréfaeign var í fyrstu bundin við 375.000 kr. fyrir hvern einstakling. Hámarkið gildir þó ekki þegar keypt eru skuldabréf sem innlendir aðilar, eins og ríkissjóður eða Landsvirkjun, hafa gefið út erlendis. Jafnframt er tilgreint í auglýsingu Seðlabankans að þessi fjárhæðarmörk hækki í 562.500 kr. í ársbyrjun 1991, í 750.000 kr. 1. janúar 1992 og að þau falli niður 1. janúar 1993. Þá var verðbréfasjóðum, sem reknir eru af verðbréfafyrirtækjum sem aðild eiga að Verðbréfaþingi Íslands, heimilað að kaupa erlend verðbréf innan tiltekinna fjárhæðarmarka. Hins vegar gilda engar takmarkanir um kaup einstaklinga og fyrirtækja hér á landi á hlutdeildarskírteinum í slíkum verðbréfasjóðum.
6. Erlendum aðilum var heimilað að kaupa markaðsverðbréf sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands og gefa út markaðsverðbréf hér á landi í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Þá var þeim heimilað að flytja til útlanda vexti og annan arð af verðbréfaeign sinni svo og söluandvirði slíkra bréfa. Áður fyrr þurfti sérstakt leyfi gjaldeyrisyfirvalda til þess.
7. Innlendum aðilum var heimilað að taka erlend lán án þess að tilgreina sérstaklega tilefni slíkrar lántöku svo framarlega sem lántakan er ekki með ábyrgð innlendrar fjármálastofnunar. Þá var innlendum aðilum heimilað að veita erlendum aðilum sambærileg lán. Fyrst í stað takmarkaðist lánsfjárhæðin við 3.750.000 kr. á hverju almanaksári fyrir hvern einstakling eða lögaðila. Jafnframt var tilgreint í reglugerðinni

[1] Allar fjárhæðir í gjaldeyrisreglunum breytast mánaðarlega samkvæmt breytingum á gengi krónunnar gagnvart ECU frá 1. ágúst 1990.

að fjárhæðin hækkaði í 5.625.000 kr. í ársbyrjun 1991, í 7.500.000 kr. 1. janúar 1992 og að fjárhæðarmörkin féllu niður 1. janúar 1993.

8. Innlendum aðilum var heimilað að opna bankareikninga erlendis samkvæmt svipuðum reglum og gilt hafa um gjaldeyrisreikninga í innlendum bönkum og sparisjóðum um nokkurra ára skeið. Reikningseiganda er því ekki heimilt að skipta krónum í erlenda mynt og leggja inn á erlendan bankareikning heldur verður hann að eignast erlenda gjaldeyrinn með öðrum hætti. Innstæður voru í fyrstu takmarkaðar við 750.000 kr. en jafnframt tilgreint að fjárhæðarmörkin hækkuðu í 1.500.000 kr. í ársbyrjun 1991, í 3.750.000 kr. 1. janúar 1992 og að þau féllu niður í ársbyrjun 1993.
9. Reglur um gjaldeyrisyfirfærslur af ýmsu tilefni, t.d. vegna gjafa og greiðslu arfs, voru rýmkaðar úr 14.000 kr. í 200.000 kr. Þá voru reglur um gjaldeyrisyfirfærslur vegna búferlaflutninga rýmkaðar verulega þannig að innlendum aðilum var heimilað að yfirfæra verðmæti eigna sinna til útlanda um leið og þeir hafa sest þar að.
10. Veittar voru heimildir til að gera framvirka samninga um gjaldeyrisviðskipti, gera samninga um valrétt í gjaldeyrisviðskiptum og stofna til vaxta- og skuldaskipta svo framarlega sem ekki er um að ræða samninga þar sem íslenska krónan kemur við sögu.

Við þessar breytingar á gjaldeyrisreglunum var gætt þeirra meginsjónarmiða að rýmka fyrst reglur um langtímahreyfingar fjármagns áður en hömlum væri aflétt á skammtímahreyfingum þar sem spákaupmennska og óstöðugleiki í peninga- og gjaldeyrismálum fylgir fremur þeim síðarnefndu. Jafnframt var gert ráð fyrir að hömlur yrðu rýmkaðar í áföngum til að draga úr líkum á því að breytingar á gjaldeyrisreglum yrðu til að tefla í tvísýnu því jafnvægi sem hafði myndast á innlendum fjármagnsmarkaði og gefa innlendum aðilum tækifæri til að aðlagast smátt og smátt nýjum aðstæðum.

Eftir að fyrrgreindar breytingar á gjaldeyrisreglunum tóku gildi og fjárhæðarmörk hverfa að fullu í ársbyrjun 1993 verða enn við líði hömlur á eftirfarandi sviðum gjaldeyrisviðskipta:

1. beinum fjárfestingum og fasteignakaupum erlendra aðila hér á landi,
2. öllum skammtímahreyfingum fjármagns til og frá landinu, t.d. kaupum á verðbréfum með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi,
3. öllum erlendum langtímalántökum sem falla utan reglnanna um erlendar lántökur án sérstaks tilefnis,
4. öllum erlendum skammtímalántökum öðrum en greiðslufresti vegna innflutnings vöru,
5. frjálsum yfirfærslurétti úr krónum í erlenda mynt og notkun erlendra bankareikninga,
6. framvirkum samningum og öðrum gjaldeyrisviðskiptum af svipuðum toga þar sem krónan kemur við sögu.

3. Alþjóðleg þróun.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD).

Aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) gerðu með sér tvær mikilvægar samþykktir árið 1961 til að greiða fyrir milliríkjaviðskiptum með þjónustu og fjármagn. Önnur þeirra fjallar um afnám hafta á þjónustuviðskiptum (Code of Liberalisation of Current Invisible Operations) og hin um afnám hafta á fjármagnshreyfingum (Code of Liberalisation of Capital Movements). Samþykktirnar fela ekki aðeins í sér að aðildarríkin skuldbinda sig til að heimila gjaldeyrisyfirfærslur vegna viðskiptanna heldur

einnig að afnema allar hömlur á viðskiptunum sjálfum. Eftir því sem alþjóðaviðskipti hafa þróast og tekið breytingum í áranna rás hefur nýjum ákvæðum verið bætt við samþykktirnar. Þannig má nefna að á árinu 1989 var samþykkt að bæta við nýjum liðum um skammtímahreyfingar fjármagns og ýmiss konar framvirk viðskipti í fjármagnshreyfingasamþykktina og nýjum liðum um fjármálaþjónustu, sem veitt er í öðru landi án þess að opna þar dótturfyrirtæki eða útibú, í samþykktina um þjónustuviðskipti.

Aðildarríki OECD geta á fjóra vegu vikið sér undan ákvæðum ofangreindra samþykkta. Í fyrsta lagi gátu þau strax í upphafi undanþegið sig algerlega ákvæðum þeirra, þ.e. sett almennan fyrirvara við samþykktirnar í heild. Í öðru lagi geta þau sett ótímabundna fyrirvara við einstaka liði í samþykktunum, annaðhvort strax í upphafi eða við nýja liði í samþykktunum. Í þriðja lagi geta þau, ef alvarlegar aðstæður skapast vegna þess að gjaldeyrisreglur hafa verið rýmkaðar, endurvakið höft sem áður höfðu verið felld niður. Og í fjórða lagi geta aðildarríkin, ef mikill halli er á viðskiptum þeirra við útlönd, endurvakið tímabundið höft sem áður höfðu verið felld niður. Síðastnefndu tveir liðirnir eru því öryggisákvæði.

Ísland setti í fyrstu almennan fyrirvara við báðar samþykktirnar en árið 1964 var fallið frá almenna fyrirvaranum við þjónustusamþykktina og í staðinn settir fyrirvarar við einstaka liði hennar eftir því sem þágildandi gjaldeyrisreglur gáfu tilefni til. Fyrirvörunum hefur síðan fækkað eftir því sem gjaldeyrisreglur hér á landi hafa verið rýmkaðar. Eftir að Spánn, Grikkland og síðast Tyrkland féllu frá almennum fyrirvara sínum við fjármagnshreyfingasamþykktina var Ísland eina aðildarríki stofnunarinnar sem hélt í slíkan fyrirvara.

Breytingarnar á gjaldeyrisreglunum hér á landi í september og desember 1990, einkum rýmkun á fjölmörgum sviðum fjármagnshreyfinga, urðu til þess að 12. desember 1990 tilkynnti viðskiptaráðherra OECD að Ísland hefði ákveðið að falla frá almennum fyrirvara sínum við samþykktina um afnám hafta á fjármagnshreyfingum. Í stað hans yrðu settir fyrirvarar við einstaka liði samþykktarinnar eftir því sem gildandi gjaldeyrisreglur gæfu tilefni til.

Evrópubandalagið.

Langt er síðan flest ríki Vestur-Evrópu gáfu gjaldeyrisviðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu frjáls. Áfram var þó við haldið ýmsum höftum á fjármagnshreyfingum milli landa.

Einn af hornsteinunum í áformum Evrópubandalagsins (EB) um sameinað markaðssvæði er afnám hafta á fjármagnshreyfingum milli landa þannig að bandalagsríkin myndi einn fjármagnsmarkað. Þótt aðildarríki EB, sem aðilar að OECD, hafi um langt skeið unnið að því að fækka höftum á fjármagnshreyfingum í samræmi við samþykkt stofnunarinnar þar að lútandi var það ekki fyrr en árið 1986 með ákvörðuninni um hið sameinaða markaðssvæði að verulegur skriður komst á málið. Bretar voru fyrstir af ríkjum EB til að afnema hömlur á fjármagnshreyfingum að fullu árið 1979 og á fyrri hluta níunda áratugarins bættust Holland, Lúxemborg og Vestur-Þýskaland við. Samkvæmt tilskipun EB um fjármagnshreyfingar frá 1988 bar aðildarríkjunum að afnema öll höft á fjármagnshreyfingum fyrir 1. júlí 1990. Grikkland, Írland, Portúgal og Spánn, sem að ýmsu leyti búa við vanþróaðra hagkerfi og fjármagnsmarkað en hin aðildarríkin átta, hafa þó umþóttunartíma til ársloka 1992 (Grikkland og Portúgal jafnvel til 1995).

Á leiðtogafundum EB í Madríd á Spáni í júní 1989 og Maastricht í Hollandi í lok árs 1991 voru teknar ákvarðanir um enn nánara samstarf aðildarríkjanna á sviði peningamála, gengis- og gjaldeyrismála. Fyrsti áfangi hófst 1. júlí 1990. Í honum verður öllum

hömlum á fjármagnshreyfingum aflétt og allar þjóðirnar gerast aðilar að gengissamstarfi bandalagsins. Annar áfangi hefst 1. janúar 1994. Í honum skulu aðildarríkin auka sjálfstæði seðlabanka sinna og búa sig að öðru leyti undir þriðja og síðasta áfangann. Í öðrum áfanga verður sett á laggirnar peningamálastofnun Evrópu sem er undanfari sameiginlegs seðlabanka. Í þriðja áfanga taka aðildarríkin upp sameiginlegan gjaldmiðil, ECU, og sameiginlegur seðlabanki tekur til starfa. Fyrir árslok 1996 skulu leiðtogar bandalagsins meta hvort meiri hluti aðildarríkjanna uppfyllir ákveðin skilyrði til að þriðji áfangi geti hafist og hvenær það skuli gerast. Hafi leiðtogarnir ekki náð samkomulagi fyrir árslok 1997 um upphafsdag þriðja áfanga hefst hann 1. janúar 1999. Í því tilviki skulu leiðtogarnir ákveða hver af aðildarríkjunum taka upp sameiginlega gjaldmiðilinn strax við upphaf þriðja áfanga.

Norðurlönd.

Norðurlöndin og önnur ríki utan EB hafa brugðist við áformum EB um aukið frjálsræði í gjaldeyrismálum með því að rýmka eigin gjaldeyrisreglur til samræmis við það sem hefur gerst innan EB. Hér kemur einkum tvennt til. Annars vegar ótti við að samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum innan EB versni vegna betri aðgangs þeirra síðarnefndu að stærri og þróaðri fjármagnsmarkaði en fyrirtækjum í ríkjum utan EB gefst kostur á. Hins vegar hafa athuganir víða um lönd á síðustu árum leitt í ljós að vegna tæknibreytinga á sviði fjarskipta og fjármagnsmiðlunar og sívaxandi alþjóðastarfsemi fyrirtækja megna gjaldeyrisreglur ekki lengur að einangra innlendan fjármagnsmarkað frá alþjóðlegum áhrifum í sama mæli og áður. En það hefur einmitt verið höfuðtilgangur með gjaldeyrisreglum víðast hvar.

Á fundi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi um mánaðamót febrúar og mars 1989 var samþykkt efnahagsáætlun fyrir Norðurlönd fyrir tímabilið 1989–1992. Í henni er m.a. gert ráð fyrir að löndin afnemi hömlur á tilteknum fjármagnshreyfingum fyrir árslok 1992. Danir höfðu þegar í október 1988 afnumið öll höft á fjármagnshreyfingum og því gengið mun lengra en þessi áætlun gerði ráð fyrir þannig að hún hafði ekkert gildi fyrir þá að þessu leyti. Íslendingar gerðu fyrirvara við þessi áform á grundvelli þess að uppbygging hagkerfisins væri ólík því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt var augljóst að afnám hafta á fjármagnshreyfingum var skemmra á veg komið hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum og skrefin sem stíga átti því stærri hér á landi. Á fundi á Álandseyjum í nóvember 1989 ákváðu fjármálaráðherrar Norðurlanda að ganga mun lengra en tiltekið er í efnahagsáætluninni og afnema öll höft á fjármagnshreyfingum í síðasta lagi 1. júlí 1990, þ.e. sama dag og þróaðri ríki EB urðu að hafa gert hið sama. Í samræmi við fyrri afstöðu var gerður fyrirvari við þessa dagsetningu af Íslands hálfu.

Svíar hófu að afnema hömlur á fjármagnshreyfingum í apríl 1986. Í júlí 1989 stigu þeir síðustu skrefin á þeirri braut þegar fjölmargar hömlur voru afnumdar í einu vetfangi. Er nú svo komið að einungis beinar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri og landa- og fasteignakaup eru háð ýmsum takmörkunum, svo og heimildir einstaklinga til að eiga innlánsreikninga í erlendum bönkum. Ráðgert er að afnema þessar hömlur á árinu 1992.

Norðmenn afnámu hömlur á fjármagnshreyfingum í mörgum skrefum. Það gekk þó ekki áfallalaust. Í nóvember 1984 urðu þeir t.d. að takmarka á ný heimildir erlendra aðila til að kaupa innlend skuldabréf en vegna hárra vaxta í Noregi streymdi fjármagn í miklum mæli til landsins. Á árunum 1986 og 1987 urðu þeir að takmarka á ný möguleika innlendra aðila til að fjárfesta í tilteknum fjárfestingarsjóðum í útlöndum vegna ótta við undanskot frá skatti í Noregi. Þessum hömlum var aflétt á ný árið 1989. Í júní 1990

afnámu Norðmenn svo flestallar hömlur á gjaldeyrisviðskiptum sem enn voru til staðar. Beinar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri og landa- og fasteignakaup eru þó enn háð ýmsum takmörkunum og innlendum aðilum er óheimilt að kaupa aðrar tryggingar en vátryggingar af erlendum tryggingafélögum.

Finnar hafa einnig kosið að afnema hömlur á fjármagnshreyfingum í áföngum bæði vegna þess að þeir bjuggu lengi við ófullburða fjármagnsmarkað sem var illa í stakk búinn til að mæta erlendri samkeppni og til að forðast of mikla röskun á gjaldeyris- og fjármagnsmarkaði. Í september 1989 og í ársbyrjun 1991 var aflétt flestum gjaldeyrishöftum sem enn voru í gildi. Í október 1991 var svo skrefið nánast stigið til fulls þegar takmarkanir á erlendum lántökum einstaklinga voru afnumdar. Beinar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri og landa- og fasteignakaup eru þó enn háð ýmsum takmörkunum.

Evrópskt efnahagssvæði.

Í samningsdrögum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Evrópubandalagsins (EB) um myndun Evrópsks efnahagssvæðis er í meginatriðum ákveðið að reglur EB á sviði gjaldeyrismála gildi um svæðið allt. Það þýðir að engar hömlur má leggja á gjaldeyrisviðskipti í tengslum við inn- og útflutning vöru og þjónustu, ferðalög og búferlaflutninga og fjármagnshreyfingar. Þó er heimilt, rétt eins og gildir innan EB, að viðhalda takmörkunum sem verið hafa á kaupum á íbúðarhúsnæði sem eingöngu er notað hluta úr ári, svo sem sumarbústöðum. Ákvæði samningsdraganna um frelsi í gjaldeyrismálum veldur EFTA-ríkjunum, að Íslandi undanskildu, litlum sem engum vandkvæðum því að þau hafa nú þegar afnumið svo til allar hömlur á því sviði. Hins vegar sömdu EFTA-ríkin um aðlögunartíma vegna fjárfestinga erlendra aðila í atvinnurekstri og fasteignum. Þannig er Íslandi áskilinn þriggja ára aðlögunartími frá gildistöku samningsins vegna fjárfestinga erlendra aðila í atvinnurekstri og fasteignum. Eftir þann tíma mega lög hér á landi ekki frekar en í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu mismuna á milli innlendra og erlendra aðila hvað þessi atriði varðar. Fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða eru þó undanþegnar ákvæðum samningsins og lögbundið bann við slíkum fjárfestingum má standa um ótakmarkaðan tíma. Þá nýtur Ísland einnig tveggja ára aðlögunartíma til að aflétta hömlum á skammtímahreyfingum fjármagns.

4. Áhrif af rýmkun gjaldeyrisreglna 1990.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans hefur rýmkun á gjaldeyrisreglum árið 1990 ekki enn sem komið er haft umtalsverð áhrif á fjármagnshreyfingar til og frá landinu. Sem dæmi má nefna að beinar fjárfestingar innlendra aðila erlendis umfram beinar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi á síðasta fjórðungi ársins 1990 námu um 344 m.kr. og 160 m.kr. allt árið. Á árinu 1991 snerist þetta við og beinar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi urðu 820 m.kr. hærri en beinar fjárfestingar innlendra aðila erlendis. Fasteignakaup innlendra aðila erlendis námu á árinu 1991 um 143 m.kr. umfram fasteignakaup erlendra aðila hér á landi samanborið við 68 m.kr. árið 1990. Þá hafa innlendir aðilar ekki reynst ginnkeyptir fyrir verðbréfum í erlendri mynt. Fyrstu sex mánuði ársins 1991 námu kaup innlendra aðila á verðbréfum erlendis um 230 m.kr. umfram kaup erlendra aðila á verðbréfum hér á landi en á síðara helmingi ársins snerist þetta við. Allt árið námu kaup erlendra aðila á verðbréfum hér á landi um 1.300 m.kr. hærri fjárhæð en kaup innlendra aðila á verðbréfum erlendis. Á þessu sviði hefur því hingað til verið um innstreymi fjármagns að ræða en ekki útstreymi.

5. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fjölmargar breytingar verði gerðar á skipan gjaldeyris- og viðskiptamála hér á landi. Breytingarnar þjóna þríþættum tilgangi. Í fyrsta lagi að færa reglur á þessu sviði til samræmis við það sem gerist og gengur í helstu samkeppnislöndunum þannig að gjaldeyrisreglur skerði ekki samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Í öðru lagi að rýmka gjaldeyrisreglurnar svo hér á landi geti þróast gjaldeyrismarkaður með eðlilegum hætti þar sem framboð og eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri hefur áhrif á gengi krónunnar. Breytingar í þá átt eru í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í gengismálum sem kynnt var 3. október 1991. Í þriðja lagi eru gjaldeyrislögin með þessum breytingum samræmd ákvæðum samningsdraga um Evrópskt efnahagssvæði á þessu sviði.

Helstu breytingar frá gildandi lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála eru:

1. Lagt er til að skilið verði á milli gjaldeyrismála annars vegar og innflutningsmála hins vegar og að sett verði sérstök lög um gjaldeyrismál og önnur um innflutningsmál. Í þessu sambandi má nefna að gjaldeyrisviðskipti má í æ ríkari mæli rekja til fjármagnshreyfinga í stað milliríkjaviðskipta með vöru og þjónustu. Því þykir eðlilegt að skilja á milli gjaldeyrismála og innflutningsmála rétt eins og lagaákvæði um útflutningsmál eru ekki tengd lagaákvæðum um gjaldeyrismál.
2. Lagt er til að sú meginregla gildi að gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skuli vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum. Í þessu felst sú grundvallarbreyting að í stað núverandi reglu um að gjaldeyrisviðskipti séu háð leyfum, nema annað sé sérstaklega tekið fram, mun í framtíðinni gilda sú meginregla að gjaldeyrisviðskipti skuli vera óheft nema þau séu sérstaklega takmörkuð í lögum.
3. Í megintexta frumvarpsins og í ákvæði til bráðabirgða er tekið fram að allt til ársloka 1992 og ársloka 1994 geti viðskiptaráðherra ákveðið með reglugerð takmarkanir á þeim flokkum fjármagnshreyfinga sem taldir eru upp í viðkomandi lagagrein og ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðin taka mið af ákvæðum í samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði og þeim aðlögunarfresti sem Íslandi er heimilaður í samningnum. Í drögum að reglugerð um gjaldeyrismál, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu, kemur nánar fram hvaða hömlur ráðgert er að verði við líði eftir gildistöku frumvarpsins. Þær varða einkum:
   a. Viðskipti með erlend verðbréf til lengri tíma en eins árs (hömlur felldar niður í árslok 1992).
   b. Skammtímahreyfingar fjármagns aðrar en skammtímalántökur í tengslum við milliríkjaviðskipti með vöru og þjónustu (hömlur felldar niður í áföngum til ársloka 1993).
   c. Beinar fjárfestingar í atvinnurekstri, sbr. lög nr. 34/1991, um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, fjárfestingar erlendra aðila í fasteignum, sbr. lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna og fjárfestingar erlendra aðila í hlutabréfum. Hömlur á þessum sviðum taka mið af ákvæðum fyrrgreindra laga. Samkvæmt ákvæði í samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði verður að afnema flestar þeirra í síðasta lagi í árslok 1995.

   Þegar við gildistöku laganna verða því felldar brott allar gildandi hömlur á yfirfærslum vegna ferða- og námskostnaðar, fjárfestingu innlendra aðila í atvinnurekstri erlendis og fasteignakaupum erlendis. Sama gildir um hömlur á erlendum lántökum til lengri tíma en eins árs hvort sem þær tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru

og þjónustu eða ekki. Jafnframt verða engar hömlur á skammtímalántökum í tengslum við milliríkjaviðskipti með vöru og þjónustu. Á sama tíma verður stigið fyrsta skrefið í afnámi hafta á öðrum skammtímahreyfingum fjármagns.

Frá og með 1. janúar 1993 er ráðgert að allar hömlur á viðskiptum með langtímaverðbréf hverfi og að 1. júlí 1993 taki gildi annar áfangi í afnámi hafta á skammtímahreyfingum fjármagns. Ráðgert er að allar hömlur á því sviði falli niður frá og með 1. janúar 1994.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rýmkun á gjaldeyrishöftum gildi án mismununar gagnvart þegnum allra ríkja. Þessari meginreglu hefur verið fylgt við afnám gjaldeyrishafta á liðnum árum og öll rök mæla með því að svo verði áfram. Er það einnig í samræmi við stefnu OECD. Þó skal bent á að samkvæmt samþykktum OECD væri aðildarríkjum EB, EFTA og Evrópska efnahagssvæðisins heimilt að hafa rýmri ákvæði í gjaldeyrisreglum sínum gagnvart þegnum annarra aðildarríkja þessara samtaka en gagnvart þegnum ríkja utan þeirra. Nokkur af aðildarríkjum EB hafa nýtt sér þann rétt en ekkert EFTA-ríkjanna.

4. Í frumvarpinu er svokallað öryggisákvæði sem heimilar Seðlabankanum að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið að ákveða tímabundna stöðvun tiltekinna flokka fjármagnshreyfinga ef fjármagnshreyfingar til og frá landinu valda óstöðugleika í gengis- og peningamálum. Þeir flokkar fjármagnshreyfinga, sem unnt verður að hefta samkvæmt þessu ákvæði, eru taldir upp í frumvarpinu. Ákvæði af þessu tagi er heimilt samkvæmt samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði.
5. Í núgildandi lögum er viðskiptaráðuneytinu falið forræði á sumum sviðum gjaldeyrismála og Seðlabankanum á öðrum, t.d. verðbréfa- og fasteignakaup Íslendinga erlendis og lán til erlendra aðila. Þetta er óheppilegt. Því er lagt til að verkaskipting viðskiptaráðuneytisins og Seðlabankans verði með þeim hætti að ráðuneytið setji allar meginreglur á sviði gjaldeyrismála og Seðlabankinn setji nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta og annist daglega framkvæmd á þessu sviði. Því er gert ráð fyrir að Seðlabankinn en ekki ráðuneytið veiti undanþágur frá þeim takmörkunum sem gilda hverju sinni um gjaldeyrisviðskipti.
6. Lagt er til að heimildir til að stunda gjaldeyrisviðskipti fyrir þriðja aðila verði rýmkaðar frá því sem nú er. Í gildandi lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og lögum um Seðlabanka Íslands er, auk Seðlabanka Íslands, viðskiptabönkum, sparisjóðum, Lánastofnun sparisjóðanna hf. og Póst- og símamálastofnuninni heimilað að stunda gjaldeyrisviðskipti innan marka sem Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ráðherra. Í frumvarpinu er lagt til að horfið verði frá því að telja upp mismunandi flokka stofnana eða einstakar stofnanir sem hafa heimild til að stunda gjaldeyrisviðskipti. Þess í stað verði lögfest almennt ákvæði þar sem fram kemur með hvaða hætti unnt er að öðlast leyfi til að stunda gjaldeyrisviðskipti: í fyrsta lagi með heimild í lögum, í öðru lagi með heimild í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Sem dæmi má nefna að í samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði er kveðið á um að starfsleyfi lánastofnana í heimalandi þeirra, þar á meðal leyfi til gjaldeyrisviðskipta, gildi einnig hér á landi. Í þriðja lagi er lagt til að Seðlabankinn geti veitt öðrum aðilum leyfi til að stunda gjaldeyrisviðskipti.
7. Lagt er til að heimildir til að hafa milligöngu um viðskipti milli innlendra og erlendra aðila með verðbréf verði rýmkaðar frá því sem nú er. Samkvæmt auglýsingu Seðlabankans frá 14. desember 1990 um viðskipti með verðbréf í erlendri mynt er einungis aðilum að Verðbréfaþingi Íslands heimilað að hafa milligöngu um slík við-

skipti. Á þeim tíma þótti eðlilegt að takmarka viðskiptin við þann hóp þar sem viðskipti með verðbréf í erlendri mynt voru nýjung og aðilar að Verðbréfaþingi Íslands voru taldir búa yfir mestri þekkingu á þessu sviði. Með auknu frjálsræði í gjaldeyrisviðskiptum þykir hins vegar óeðlilegt að takmarka heimild til að hafa milligöngu um þessi viðskipti við svo þröngan hóp. Því er lagt til að lögfest verði að til þess að hafa milligöngu um kaup og sölu innlendra aðila á verðbréfum til erlendra aðila þurfi heimild í lögum, heimild í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, t.d. samningi um Evrópskt efnahagssvæði, eða að viðkomandi hafi fengið leyfi frá viðskiptaráðherra til að stunda verðbréfamiðlun hér á landi. Þó er gert ráð fyrir þeirri undanþágu að lögaðilar geti keypt verðbréf af erlendum aðilum án milligöngu annars aðila samkvæmt umsókn þar að lútandi.

8. Lagt er til að áfram gildi upplýsingaskylda vegna gjaldeyrisviðskipta þótt gjaldeyrishöft hverfi. Hins vegar er ekki að finna í frumvarpinu ákvæði um rannsóknar- og úrskurðarvald gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands í meintum brotum á gjaldeyrisreglunum eins og eru í lögunum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála frá 1979. Annars staðar á Norðurlöndum er gengið út frá þeirri meginreglu að öll gjaldeyrisviðskipti séu tilkynningarskyld þótt gjaldeyrisleyfis sé ekki lengur krafist.
9. Lagt er til að lögskipuð samstarfsnefnd um gjaldeyrismál verði lögð niður. Í drögum að reglugerð er gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar samráðsnefnd um gjaldeyrismál til að fylgjast með framkvæmd gjaldeyrismála, samræma verklagsreglur og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um gjaldeyrismál og framkvæmd þeirra. Ætla má að þörf fyrir samráðsnefnd af þessu tagi sé mest á meðan frelsi í gjaldeyrismálum er að festast í sessi.
10. Í frumvarpinu er lagt til að þeir aðilar, sem annast gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptamenn sína, hafi til reiðu skýrar og handhægar upplýsingar um slíka þjónustu ásamt upplýsingum um umboðslaun og gjöld fyrir slíka þjónustu. Jafnframt er lagt til að viðskiptaráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um samningskjör vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga. Í samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði er þeim tilmælum beint til aðildarríkjanna að setja slíkar reglur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru helstu hugtök skilgreind. Í samræmi við þá stefnu, sem fylgt er hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og í aðildarríkjum hennar, er búseta einstaklings og heimili lögaðila lögð til grundvallar skilgreiningu á því hver telst vera innlendur eða erlendur aðili í skilningi frumvarpsins. Benda má á sambærilegar skilgreiningar í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og reglugerð nr. 312/1990 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Rétt er að benda á að í fyrrnefndum lögum um fjárfestingu erlendra aðila eru útibú erlendra lögaðila hér á landi talin til erlendra aðila en samkvæmt skilgreiningu í þessu frumvarpi teljast þeir til innlendra aðila. Er það í samræmi við stefnu OECD og gjaldeyrisreglur í öðrum ríkjum. Þetta veldur engum vandkvæðum í ákvæðum þessa frumvarps en hins vegar þarf að gæta þess svo að ekki valdi misskilningi að í ákvæðum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi í reglugerð um skipan gjaldeyrismála verði tekið fram að skilgreining laganna um fjárfestingu erlendra aðila gildi á því sviði.

Rétt er að vekja athygli á því að það fer eftir búsetu útgefanda hvort verðbréf eru

flokkuð sem innlend eða erlend en ekki myntinni sem verðbréfið er gefið út í. Þannig er verðbréf ávallt innlent ef aðili búsettur hér á landi gefur það út og gildir þá einu hvort það er gefið út hér á landi, erlendis, í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Þessar skilgreiningar eru í samræmi við skilgreiningar OECD. Bent skal á að í daglegu tali hér á landi eru verðbréf hins vegar iðulega flokkuð eftir myntinni eða útgáfustaðnum.

Svipað gildir um erlend lán. Í samræmi við notkun hugtaka í þessu frumvarpi er um að ræða erlent lán þegar innlendur aðili fær lán hjá erlendum aðila. Mynt lánsins ræður hér engu um. Í þeim tilvikum, þegar innlendur aðili tekur lán hjá erlendum aðila og endurlánar lánsféð öðrum innlendum aðila, telst fyrra lánið erlent lán en hið síðara innlent.

Um 2. gr.

Í þessari grein kemur fram sú meginstefna frumvarpsins að öll gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu og fjármagnshreyfinga skuli vera óheft. Til samræmis við skuldbindingar Íslands gagnvart OECD er einnig tekið fram að fjármagnshreyfingarnar sjálfar skuli vera óheftar. Hér er í rauninni um aðskildar athafnir að ræða rétt eins og reglur um innflutning vöru eru ótengdar reglum um greiðslur milli landa fyrir þær.

Í samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði er Ísland skuldbundið til að aflétta öllum hömlum á gjaldeyrisviðskiptum vegna vöru- og þjónustuviðskipta. Hið sama gildir um fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra. Svipað gildir einnig gagnvart OECD vegna samþykkta stofnunarinnar frá 1961 þótt ekki sé þar um jafnafdráttarlausa skuldbindingu að ræða. Í annarri samþykktinni er kveðið á um afnám hafta á þjónustuviðskiptum og gjaldeyrisviðskiptum vegna þeirra. Í hinni er kveðið á um afnám hafta á fjármagnshreyfingum.

Um frávik frá reglunni um óheft gjaldeyrisviðskipti er fjallað í 3.–5. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði svokallað öryggisákvæði. Óvenjulegar aðstæður, svo sem horfur í vaxtamálum og gengisbreytingum, leiða iðulega til þess að fjármagn streymir skyndilega til eða frá landi í von um skjótfenginn hagnað. Skyndihreyfingar fjármagns geta haft afar óæskileg áhrif á innlendan peninga- og gjaldeyrismarkað og skapað þar umrót og óvissu. Ótal dæmi eru um spákaupmennsku af þessu tagi í nágrannaríkjunum. Í flestum tilfellum geta seðlabankar stemmt stigu við fjármagnsflæðinu með almennum aðgerðum, einkum kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri og vaxtabreytingum. Sú staða getur hins vegar komið upp að slíkar aðgerðir dugi ekki og fjármagnsflæðið verði ekki stöðvað nema með því að binda það höftum. Því er lagt til að Seðlabankanum verði heimilt að grípa til aðgerða af því tagi að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið en einungis á sviði skammtímahreyfinga fjármagns. Ákvæði af þessu tagi eru heimil samkvæmt samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði.

Um 4. gr.

Í þessari grein er tryggt samræmi á milli laga og reglugerða um gjaldeyrismál og laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Þetta er gert til að gjaldeyrisreglur endurspegli að fullu þær takmarkanir sem fyrrgreind lög setja á þessum sviðum.

Til að taka af allan vafa er í 2. mgr. lagt til að ekki megi setja skorður við flutningi erlendra aðila á fé til útlanda við sölu á eignarhlut í atvinnufyrirtæki, slit atvinnufyrirtækis eða sölu fasteignar hér á landi.

Rétt er að benda á að samkvæmt lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, teljast öll kaup erlendra aðila á eignarhlut í innlendu félagi til beinnar fjárfestingar í atvinnurekstri og falla því undir ákvæði laganna. Þetta er í andstöðu við skilgreiningar OECD, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og flestra annarra ríkja í þessum efnum. Yfirleitt teljast kaup á hlutabréfum upp að ákveðnu marki, t.d. 10% af hlutafé, ekki til beinna fjárfestinga heldur til óbeinna fjárfestinga og lúta því sömu reglum og önnur verðbréfakaup. Að óbreyttum lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri verða því að gilda strangar reglur um kaup erlendra aðila á hlutabréfum í innlendum félögum, jafnvel í þeim tilvikum þegar um er að ræða óbeina fjárfestingu (verðbréfafjárfestingu) af þeirra hálfu en ekki áhuga á að seilast til áhrifa í íslensku atvinnulífi.

Um 5. gr.

Samkvæmt samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði er Íslandi heimilt að viðhalda allt til 1. janúar 1995 hömlum á skammtímahreyfingum fjármagns sem taldar eru upp í viðauka II við EB-tilskipunina um fjármagnshreyfingar (88/361/EBE). Þessir flokkar skammtímahreyfinga eru taldir upp í 1. mgr. greinarinnar og er viðskiptaráðherra heimilað að ákveða í reglugerð að takmarkanir gildi um einhverja eða alla flokka þessara skammtímahreyfinga til loka aðlögunartímans. Í 2. mgr. er sambærilegt ákvæði um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris.

Í drögum að reglugerð um gjaldeyrismál, sem birt er í fylgiskjali, kemur fram í 7.–15. gr. að fyrirhugað er að allar hömlur á þessu sviði falli úr gildi 1. janúar 1994, einu ári fyrr en aðlögunarfrestur samkvæmt samningsdrögunum um Evrópska efnahagssvæðið rennur út. Er það gert vegna þess að ekki verður séð að brýnar ástæður mæli með lengri aðlögunarfresti.

Um 6. gr.

Ákvæði af þessu tagi eru í gjaldeyrisreglum fjölmargra ríkja og eru heimil samkvæmt reglum OECD og samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði.

Um 7. gr.

Í þessari grein er í fyrsta lagi lagt til að Seðlabankinn geti veitt undanþágur frá þeim takmörkunum á fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum sem settar kunna að verða. Í þessu felst mikilvæg breyting frá núverandi fyrirkomulagi. Vegna ákvæða í gildandi gjaldeyrislögum um valdsvið viðskiptaráðuneytisins og Seðlabankans veitir ráðuneytið undanþágur í sumum tilvikum og Seðlabankinn í öðrum. Þannig veitir t.d. ráðuneytið leyfi til að taka erlend lán en Seðlabankinn undanþágur frá reglum um fasteignakaup innlendra aðila erlendis og kaup innlendra aðila á verðbréfum erlendis. Nú er lagt til að dagleg framkvæmd í gjaldeyrismálum, þar á meðal veiting undanþágna, sé í höndum Seðlabankans. Rétt er að benda á að frá og með 1. janúar 1995 verður búið að aflétta öllum hömlum og upp frá því ekki um neinar undanþágur að ræða nema því aðeins að öryggisákvæðinu skv. 3. gr. frumvarpsins sé beitt.

Í öðru lagi er lagt til að innheimt verði 1% leyfisgjald af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni. Í 14. gr. núgildandi gjaldeyrislaga er heimild til að innheimta allt að 2% leyfisgjald samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Gjaldið hefur um langt skeið verið 1% og er lagt til að það hlutfall verði lögfest.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um þá aðila sem heimilt er að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri hér á landi. Það eru Seðlabankinn, þeir aðilar sem til þess hafa heimild í lögum, t.d. bankar og sparisjóðir, þeir aðilar sem heimild hafa til þessi í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að og þeir aðilar sem hafa fengið leyfi frá Seðlabankanum. Með alþjóðlegum samningum er fyrst og fremst verið að vísa til samnings um Evrópskt efnahagssvæði.

Ákvæðið ber að túlka þannig að þar sé átt við aðila sem hafa það að meginstarfsemi að versla við almenning með erlendan gjaldeyri eða þar sem slík viðskipti eru eðlilegur hluti af starfseminni. Ákvæðið nær því einkum til banka, sparisjóða og annarra sambærilegra stofnana. Einnig má hugsa sér að í framtíðinni hafi ferðaskrifstofur áhuga á viðskiptum af þessu tagi og að sérstakar skiptistöðvar fyrir erlendan gjaldeyri verði settar á laggirnar. Ákvæðið nær hins vegar ekki til viðskipta í verslunum þegar erlendur ferðamaður greiðir fyrir vöru með erlendum gjaldeyri né til annarra slíkra viðskipta.

Lagt er til að heimilt verði að innheimta gjald fyrir veitingu leyfis og er lagt til að það verði ákveðið í samræmi við ákvæði laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Um 9. gr.

Um skýringar á þessari grein vísast til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins. Til viðbótar má nefna að í núgildandi reglum um viðskipti með erlend verðbréf er kveðið á um að einungis aðilar að Verðbréfaþingi Íslands megi hafa milligöngu um þau. Var það talið eðlileg krafa þegar þessi viðskipti voru heimiluð á árinu 1990.

Í lokamálslið greinarinnar er Seðlabankanum heimilað að veita lögaðilum undanþágu frá kröfunni um milligöngu annars aðila, enda verður að ætla að annaðhvort sé um að ræða tiltölulega einföld viðskipti, t.d. þegar lögaðili fjárfestir í atvinnurekstri erlendis með kaupum á hlutabréfum, eða viðkomandi hafi þekkingu til að bera til að stunda slík viðskipti milliliðalaust.

Um 10. gr.

Hér er um nýjung að ræða í íslenskum gjaldeyrisreglum. Í samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði eru m.a. tilmæli til aðildarríkjanna um að setja reglur um upplýsingar sem veita verður viðskiptavinum um kostnað og önnur kjör í gjaldeyrisviðskiptum og úrskurð deilumála sem kunna að rísa af þessu tilefni. Tilgangurinn er sá að viðskiptavinir hafi ávallt möguleika til að kynna sér fyrir fram þann kostnað sem af viðskiptunum hlýst. Ekki þykir ástæða til að lögfesta þessar reglur og er því gert ráð fyrir að þær verði settar með reglugerð.

Um 11. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu til að veita upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti. Lagt er til að ákvæðið þar að lútandi verði afdráttarlaust. Jafnframt er ákvæði þess efnis að Seðlabankinn geti sett nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga í eigu innlendra aðila í erlendum inn-

lánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.

Í flestum tilvikum mun upplýsingaskyldunni verða fullnægt með þeim hætti að viðskiptavinur fyllir út eyðublað í banka eða sparisjóði með lágmarksupplýsingum rétt eins og gildir um fjölmörg svið innlendra viðskipta. Upplýsingar um heildargjaldeyrisviðskipti dagsins samkvæmt helstu flokkum ganga síðan til Seðlabankans. Í öðrum tilvikum verður gerð sú krafa að tilkynna verður einstök viðskipti. Á þetta sérstaklega við um opnun bankareikninga erlendis og notkun þeirra. Er talið eðlilegt að lögfesta ekki framkvæmdaratriði af þessu tagi heldur fela Seðlabankanum að setja reglur þar að lútandi.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði er Ísland skuldbundið til að hafa aflétt hömlum á þeim fjármagnshreyfingum sem taldar eru upp í ákvæðinu og gjaldeyrisviðskiptum vegna þeirra við gildistöku samningsins 1. janúar 1993. Hér er því lagt til að frá þeim tíma, sem lögin taka gildi, geti viðskiptaráðherra með reglugerð ákveðið að hömlur gildi á þessu sviði. Fyrirhugaðar reglur koma fram í 6. gr. í drögum að reglugerð um gjaldeyrismál sem birt er í fylgiskjali með frumvarpinu. Er þar eingöngu um að ræða hömlur á viðskiptum með langtímaverðbréf og taka þær mið af núgildandi reglum á því sviði, sbr. auglýsingu Seðlabankans um viðskipti með verðbréf í erlendri mynt frá 14. desember 1990.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Drög.

Reglugerð um gjaldeyrismál.

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Innlendur aðili merkir:

1. Sérhvern mann sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili, án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að;
2. sérhvern lögaðila sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda. Til erlendra aðila teljast m.a. starfsmenn erlendra sendiráða hér á landi sem eru erlendir ríkisborgarar og varnarlið á vegum Atlantshafsbandalagsins hér á landi. Sama gildir um skyldulið þessara aðila sem dvelst hér á landi og hefur ekki íslenskt ríkisfang.

Innlendur gjaldeyrir merkir íslenska peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli, sem hljóða upp á greiðslu í íslenskum krónum, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum hér á landi.

Erlendur gjaldeyrir merkir erlenda peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli, sem hljóða upp á greiðslu í erlendri mynt, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum erlendis.

Gjaldeyrisviðskipti merkja það að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan, erlendum gjaldeyri fyrir innlendan eða einum erlendum gjaldeyri fyrir annan eða reikningsviðskipti sem eru ígildi þess að erlendur gjaldeyrir sé látinn af hendi eða móttekinn.

Fjármagnshreyfingar merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa sem tengjast:

1. beinum fjárfestingum,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutabréf, skuldabréf, víxla, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og önnur langtíma- eða skammtímaverðbréf,
3. lánveitingum, lántökum og greiðslu eða móttöku afborgana af lánum,
4. veitingu ábyrgða og hvers konar greiðslutrygginga,
5. opnun bankareikninga og notkun þeirra,
6. framvirkum viðskiptum (á ensku: forward contract, futures), viðskiptum með valrétt (valkvæðum viðskiptum, option) og gjaldmiðla- og vaxtaskiptum (swap),
7. yfirfærslu á fjármunum einstaklinga og fjölskyldna.

Skammtímahreyfingar fjármagns merkja fjármagnshreyfingar milli landa sem tengjast:

1. útgáfu á og viðskiptum með skuldabréf og víxla með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og önnur slík skammtímaverðbréf,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum,
3. lánveitingum og lántökum til skemmri tíma en eins árs,
4. innleggi á og úttekt af reikningum í innlánsstofnunum.

Jafnframt teljast til skammtímahreyfinga fjármagns inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og önnur hliðstæð viðskipti.

Langtímahreyfingar fjármagns merkja allar aðrar fjármagnshreyfingar en skammtímahreyfingar fjármagns.

Bein fjárfesting merkir fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut til að öðlast virk áhrif á stjórn þess. Langtímalán frá eigendum fyrirtækis til fyrirtækisins, þar á meðal lántaka með sérstökum skilyrðum, sbr. 39. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, teljast einnig bein fjárfesting.

Óbein fjárfesting merkir alla aðra fjárfestingu en beina fjárfestingu, einkum fjárfestingu í verðbréfum, sem er fyrst og fremst til þess ætluð að ávaxta fé en ekki til að öðlast virk áhrif á stjórn fyrirtækis.

Innlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem innlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

Erlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem erlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

II. KAFLI
Meginreglur um gjaldeyrisviðskipti.

2. gr.
Óheft gjaldeyrisviðskipti.

Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skulu vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé ákveðið í lögum.

3. gr.
Beinar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi.

Erlendum aðilum er heimilt innan þeirra marka, sem kveðið er á um í lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, að stofna til beinna fjárfestinga í atvinnurekstri hér á landi. Um skilgreiningu á erlendum aðila í þessu sambandi fer eftir lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og teljast því hérlend útibú erlendra lögaðila til erlendra aðila.

Takmarkanir á beinum fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi eru:

1. Íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis, og lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eign íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi.
2. Íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis, og lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eign íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi. Með vinnslu sjávarafurða er átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.
3. Íslenska ríkið, sveitarfélög, íslenskir ríkisborgarar, sem eiga lögheimili hérlendis, og

lögaðilar, sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hérlendis, mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu.

4. Samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem stundar flugrekstur hér á landi, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 49%.
5. Erlendir aðilar mega eiga 25% hlutafjár í íslenskum viðskiptabanka sem rekinn er af hlutafélagi.
6. Fjárfesting erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis í atvinnurekstri hér á landi er óheimil, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
7. Fari heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi fram úr 250 millj. kr. á einu almanaksári skal fjárfesting umfram fyrrgreind viðmiðunarmörk háð sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Viðmiðunarmörkin miðast við lánskjaravísitölu í júní 1990, 2.887 stig, og breytist í samræmi við breytingar sem verða á henni til hækkunar eða lækkunar. Fjárfesting erlends aðila telst eiga sér stað í skilningi þessa töluliðar þegar tilkynningarskylda stofnast, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.
8. Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki fara yfir 25% nema til komi leyfi viðskiptaráðherra. Með heildarfjárfestingu í atvinnugrein er átt við áætlaða fjárfestingu í iðnaði öðrum en orkufrekum iðnaði, verslun og þjónustu, samgöngurekstri og fiskeldi samkvæmd mati Þjóðhagsstofnunar.

Tilkynna ber Seðlabanka Íslands alla erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og teljast nauðsynleg að mati Seðlabankans. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

Erlendum aðila er jafnframt heimilt við sölu á eignarhlut sínum eða slit atvinnufyrirtækisins að ráðstafa söluandvirðinu hér á landi í samræmi við ákvæði gildandi laga eða flytja það úr landi.

4. gr.

Hlutabréfaviðskipti erlendra aðila.

Kaup erlendra aðila á hlutabréfum í innlendum félögum eru háð sömu takmörkunum og beinar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. 4. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og 3. gr. þessarar reglugerðar:

1. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í félagi er stundar fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
2. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í félagi er leggur stund á vinnslu sjávararfurða hér á landi. Með vinnslu sjávarafurða er átt við frystingu, söltun, herslu, reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Hins vegar telst umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu ekki til vinnslu í þessu sambandi.
3. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í félagi er á eða eignast virkjunar-

réttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um félag sem stundar orkuvinnslu eða orkudreifingu.
4. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í félagi er stundar flugrekstur hér á landi ef samanlagður eignarhlutur erlendra aðila hefur þegar náð 49%.
5. Erlendum aðilum er óheimilt að kaupa hlutabréf í íslenskum viðskiptabanka ef samanlagður eignarhlutur erlendra aðila hefur þegar náð 25%.
6. Kaup erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis á hlutabréfum í innlendu félagi eru óheimil, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
7. Fari heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi fram úr 250 millj. kr. á einu almanaksári skulu kaup á hlutabréfum umfram fyrrgreind viðmiðunarmörk háð sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Viðmiðunarmörkin miðast við lánskjaravísitölu í júní 1990, 2.887 stig, og breytast í samræmi við breytingar sem verða á henni til hækkunar eða lækkunar. Fjárfesting erlends aðila telst eiga sér stað í skilningi þessa töluliðar þegar tilkynningarskylda stofnast, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.
8. Heildarfjárfesting erlendra aðila í hverri atvinnugrein fyrir sig má ekki fara yfir 25% nema til komi leyfi viðskiptaráðherra. Með heildarfjárfestingu í atvinnugrein er átt við áætlaða fjárfestingu í iðnaði öðrum en orkufrekum iðnaði, verslun og þjónustu, samgöngurekstri og fiskeldi samkvæmd mati Þjóðhagsstofnunar.

Tilkynna ber Seðlabankanum öll kaup erlendra aðila á hlutabréfum í innlendum félögum jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til kaupa erlends aðila á hlutabréfum í félagi sem hann hefur ekki átt í áður og kaupa á viðbótarhlutafé í slíku félagi. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og teljast nauðsynleg að mati bankans. Tilkynningarskyldan hvílir á viðkomandi félagi.

5. gr.

Fasteignaviðskipti erlendra aðila hér á landi.

Um heimildir erlendra aðila til að kaupa eða öðlast afnotarétt yfir fasteignum hér á landi fer eftir ákvæðum 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sbr. 8. gr. laga nr. 23/1991, um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.:

Enginn má öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi, þar á meðal veiðirétt, vatnsréttindi eða önnur fasteignaréttindi, hvort sem er fyrir frjálsa afhendingu eða nauðungarráðstöfun, hjúskap, erfðir eða afsal, nema eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:

1. Ef um er að ræða einstakling þá skal hann vera íslenskur ríkisborgari eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár.
2. Ef um er að ræða félag þar sem hver eigandi ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins þá skulu þeir allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár.
3. Ef um er að ræða félag þar sem sumir eigenda bera fulla en sumir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins skulu þeir er fulla ábyrgð bera allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár.
4. Ef félag er þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins eða stofnun skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm

ár. Í hlutafélögum skulu ⅘ hlutafjár vera eign íslenskra ríkisborgara og íslenskir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. tölul. 1. mgr. er dómsmálaráðherra heimilt að veita leyfi ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi:

1. Ef um er að ræða leigu á fasteign eða réttindi yfir henni og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri eða uppsögn áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.
2. Ef um er að ræða aðila sem ekki fullnægir skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr., en hefur rétt til að þess að stunda atvinnurekstur hér á landi og vill öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til eigin nota og/eða til notkunar í atvinnustarfsemi sinni, enda fylgi henni einungis venjuleg lóðarréttindi, en ekki önnur réttindi, svo sem veiðiréttur eða vatnsréttindi.

Leggja skal fyrir dómsmálaráðuneytið samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl vegna eignar- eða afnotaréttinda erlendra aðila hér á landi og öðlast gerningurinn ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni.

Óheimilt er innlendum aðila að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti erlendra aðila vegna kaupa eða leigu á fasteign nema framvísað sé samningi, afsali eða öðrum heimildarskjölum með áritun dómsmálaráðuneytisins.

Erlendum aðila er heimilt við sölu á eignarhlut sínum í fasteign hér á landi að ráðstafa söluandvirðinu hér á landi í samræmi við ákvæði gildandi laga eða flytja það úr landi.

6. gr.

Viðskipti innlendra aðila með erlend langtímaverðbréf.

Innlendum aðilum er heimilt að kaupa erlend hlutabréf, skuldabréf og önnur verðbréf með lokagjalddaga a.m.k. að einu ári frá útgáfudegi, þar með talin hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sem fjárfesta í langtímaverðbréfum, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þeirra sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar frá viðskiptaráðherra. Þó er Seðlabankanum heimilt að veita lögaðilum leyfi til að kaupa verðbréf af erlendum aðilum án milligöngu annars aðila samkvæmt umsókn þar að lútandi.
2. Verðbréf, sem gefin eru út erlendis, skulu að jafnaði varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum þar sem hliðstæð verðbréf eru varðveitt.
3. Heildareign innlends aðila á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 750.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Þessi takmörkun nær þó ekki til lögaðila sem háðir eru reglum Seðlabankans um gengisbundnar eignir og skuldir. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.
4. Heildareign innlends verðbréfasjóðs á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 150.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Innlendir aðilar, sem lúta reglum Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum, eru undanþegnir ákvæðum þessarar greinar.

Frá og með 1. janúar 1993 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

7. gr.

Viðskipti innlendra aðila með erlend skammtímaverðbréf.

Innlendum aðilum er heimilt að kaupa erlend skuldabréf og víxla og önnur verðbréf með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi, þar með talin hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þeirra sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að, eða hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar frá viðskiptaráðherra. Þó er Seðlabankanum heimilt að veita lögaðilum leyfi til að kaupa verðbréf af erlendum aðilum án milligöngu annars aðila samkvæmt umsókn þar að lútandi.
2. Verðbréf, sem gefin eru út erlendis, skulu að jafnaði varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum þar sem hliðstæð verðbréf eru varðveitt.
3. Heildareign innlends aðila á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 375.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Þessi takmörkun nær þó ekki til lögaðila sem háðir eru reglum Seðlabankans um gengisbundnar eignir og skuldir. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.
4. Heildareign innlends verðbréfasjóðs á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 75.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Innlendir aðilar, sem lúta reglum Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum, eru undanþegnir ákvæðum þessarar greinar.

Frá og með 1. júlí 1993 hækkar fjárhæðin í 3. tölul. 1. mgr. í 750.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt og fjárhæðin í 4. tölul. 1. mgr. í 150.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Frá og með 1. janúar 1994 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

8. gr.

Viðskipti innlendra aðila með innlend skammtímaverðbréf í erlendri mynt.

Innlendum aðilum er heimilt að kaupa innlend skuldabréf í erlendri mynt og víxla og önnur verðbréf í erlendri mynt með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi, þar með talin hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Verðbréf, sem gefin eru út hér á landi, eru undanþegin ákvæðum þessarar greinar.
2. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þeirra sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar frá viðskiptaráðherra. Þó er Seðlabankanum heimilt að veita lögaðilum leyfi til að kaupa verðbréf af erlendum aðilum án milligöngu annars aðila samkvæmt umsókn þar að lútandi.
3. Verðbréfin skulu að jafnaði varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum þar sem hliðstæð verðbréf eru varðveitt.
4. Heildareign innlends aðila á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema

hærri fjárhæð en 375.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Þessi takmörkun nær þó ekki til lögaðila sem háðir eru reglum Seðlabankans um gengisbundnar eignir og skuldir. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.

5. Heildareign innlends verðbréfasjóðs á verðbréfum samkvæmt þessari grein skal ekki nema hærri fjárhæð en 75.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Innlendir aðilar, sem lúta reglum Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum, eru undanþegnir ákvæðum þessarar greinar.

Frá og með 1. júlí 1993 hækkar fjárhæðin í 3. tölul. 1. mgr. í 750.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt og fjárhæðin í 4. tölul. 1. mgr. í 150.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Frá og með 1. janúar 1994 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

9. gr.

Viðskipti erlendra aðila með innlend skammtímaverðbréf.

Erlendum aðilum er heimilt að kaupa innlend skuldabréf og önnur verðbréf með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi, þar með talin hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Verðbréf, sem innlendir aðilar gefa út erlendis, eru undanþegin ákvæðum þessarar greinar.
2. Verðbréfin skulu keypt fyrir milligöngu þeirra sem hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða hafa fengið leyfi til verðbréfamiðlunar frá viðskiptaráðherra.
3. Verðbréf, sem gefin eru út hér á landi, skulu að jafnaði varðveitt hjá þeim aðila sem hafði milligöngu um kaupin eða á hans vegum hjá innlendum aðila þar sem hlíðstæð verðbréf eru varðveitt.
4. Heildareign erlends aðila á skammtímaverðbréfum í íslenskum krónum, sem gefin eru út hér á landi, skal ekki nema hærri fjárhæð en 50.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá fyrrgreindri hámarksfjárhæð samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Frá og með 1. júlí 1993 hækkar fjárhæðin í 4. tölul. 1. mgr. í 100.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Frá og með 1. janúar 1994 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

10. gr.

Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.

Innlendum aðilum er heimilt að taka lán, sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu, hjá erlendum aðilum eða veita þeim lán til skemmri tíma en eins árs með eftirfarandi skilyrðum:

1. Lánið sé ekki hærra en sem nemur 3.750.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt á almanaksárinu.
2. Ekki sé um að ræða endurlán frá öðrum innlendum aðila.
3. Fullkomið eintak lánasamninga, þar með talin allir viðaukar og fylgiskjöl, séu varðveitt í innlendum banka, sparisjóði, annarri lánastofnun eða Seðlabankanum.

Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 1.–2. tölul. 1. mgr. samkvæmt umsókn þar að lútandi.

Innlendir lögaðilar, sem háðir eru reglum Seðlabankans um gengisbundnar eignir og skuldir, eru undanþegnir ákvæðum þessarar greinar.

Frá og með 1. júlí 1993 hækkar fjárhæðin í 1. tölul. 1. mgr. í 7.500.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri mynt. Frá og með 1. janúar 1994 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

11. gr.

Framvirk viðskipti, viðskipti með valrétt, skulda- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti.

Innlendum aðilum er heimilt að eiga framvirk viðskipti, viðskipti með valrétt, skulda- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti með eftirfarandi takmörkunum:

1. Innlendum aðilum er heimilt að eiga framvirk gjaldeyrisviðskipti með íslenskar krónur við þá aðila sem heimild hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 8. gr. laga nr. xx/1992, um gjaldeyrismál, ef fyrir liggur greiðslusamningur í erlendri mynt. Útflytjendum vöru og þjónustu er þó heimilt að gera framvirka samninga um sölu á erlendum gjaldeyri vegna væntanlegra greiðslna frá erlendum aðilum þótt greiðslusamningur liggi ekki fyrir. Afhending eða sala erlends gjaldeyris í framvirkum viðskiptum innlendra aðila skal fara fram á sama tíma og greiðsla samkvæmt þeim greiðslusamningi sem viðskiptin byggjast á eða á þeim tíma sem ætla má að greiðsla berist frá erlendum aðila. Framvirkir samningar um gjaldeyrisviðskipti með íslenskar krónur skulu ekki vera til lengri tíma en tólf mánaða vegna þjónustuviðskipta og fjármagnshreyfinga. Ákvæði þessa töluliðar eiga einnig við um valkvæð framvirk gjaldeyrisviðskipti með íslenskar krónur.
2. Innlendum aðilum, sem heimild hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 8. gr. laga nr. xx/1992, um gjaldeyrismál, er heimilt að eiga hvers kyns framvirk gjaldeyrisviðskipti við innlenda sem erlenda aðila með þeim takmörkunum sem gilda um gjaldeyrisviðskipti þessara aðila og samkvæmt reglum sem Seðlabankinn setur um gjaldeyrisjöfnuð og áhættu í gjaldeyrisviðskiptum þessara aðila. Ákvæði þessa töluliðar eiga einnig við um valkvæð framvirk gjaldeyrisviðskipti með íslenskar krónur.
3. Innlendum aðilum er heimilt að gera samninga um valrétt í gjaldeyrisviðskiptum við aðra innlenda aðila eða erlenda aðila svo framarlega sem eingöngu er um að ræða samninga um tvær eða fleiri erlendar myntir, en ekki íslenskar krónur, og fyrir liggur greiðslusamningur í erlendri mynt.
4. Innlendum aðilum, sem tekið hafa erlend lán, er heimilt að stofna til mynt- og vaxtaskipta, enda sé þess gætt að samningstímabil sé ekki lengra en lánstími tiltekins erlends láns viðkomandi aðila.

Frá og með 1. janúar 1994 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

12. gr.

Reikningar í erlendum innlánsstofnunum.

Óheimilt er að opna bankareikninga í íslenskum krónum erlendis.

Innlendum aðilum er heimilt að opna bankareikninga í erlendri mynt í útlöndum að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Reikningseigandi eignast hinn erlenda gjaldeyri í samræmi við gildandi gjaldeyrisreglur.
2. Heildarinnstæður hvers innlends aðila séu að hámarki jafnvirði 3.750.000 kr. í erlendri mynt. Þessi fjárhæðarmörk falla úr gildi frá og með 1. janúar 1993.

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir þeim fjárhæðarmörkum sem fram koma í 2. tölul. 2. mgr., enda sé hlutaðeigandi bankareikningur skráður hjá Seðlabankanum:

1. Eigendur íslenskra flutningstækja sem starfsrækt eru að hluta til eða að öllu leyti erlendis.
2. Innlendir aðilar sem starfrækja fyrirtæki erlendis, að því marki sem nauðsynlegt er vegna reksturs þeirra.
3. Innlend vátryggingafélög sem endurtryggja erlendis eða taka að sér tryggingar erlendis.
4. Innlendir aðilar sem fá umboðslaunatekjur erlendis.
5. Innlendar lánastofnanir.

Frá og með 1. janúar 1994 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

13. gr.

Reikningar í innlendum innlánsstofnunum.

Innlendum aðilum er heimilt að opna reikninga í erlendri mynt í innlendum innlánsstofnunum, enda hafi þeir eignast hinn erlenda gjaldeyri í samræmi við gildandi gjaldeyrisreglur.

Erlendum aðilum er heimilt að opna reikninga í innlendum innlánsstofnunum að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Reikningarnir skulu ávallt vera skráðir með nafni reikningseiganda og íslenskri kennitölu hans.
2. Þegar um er að ræða reikninga í íslenskum krónum skal hinn erlendi aðili hafa með höndum starfsemi hér á landi og opnun reikningsins tengjast starfseminni. Seðlabankinn getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði gegn umsókn þar að lútandi.

Frá og með 1. janúar 1994 falla ákvæði 2. tölul. 2. mgr. úr gildi.

14. gr.

Inn- og útflutningur verðbréfa, peninga og dýrra málma.

Um inn- og útflutning peningaseðla, myntar, gulls og annarra dýrra málma, dýrra steina og verðbréfa fer eftir reglum sem Seðlabankinn setur að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið.

15. gr.

Sölu- og skilaskylda erlends gjaldeyris.

Um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris, sem innlendir aðilar eiga eða eignast fyrir seldar vörur, þjónustu eða á annan hátt, gilda eftirfarandi reglur:

1. Henni telst fullnægt með sölu til innlends aðila sem heimild hefur til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 8. gr. laga nr. xx/1992, um gjaldeyrismál, innan eðlilegs frests frá því að hann komst í umráð eiganda eða umboðsmanns hans.
2. Henni telst fullnægt með innleggi á reikning í erlendri mynt í innlendri innlánsstofnun, sbr. 13. gr.
3. Henni telst fullnægt með innleggi á reikning í erlendri innlánsstofnun, sbr. 12. gr.

4. Henni telst fullnægt er hinum erlenda gjaldeyri er varið til að greiða kostnað erlendis.

Ráðstöfun erlends gjaldeyris skv. 1. mgr. er upplýsingaskyld til Seðlabankans samkvæmt nánari reglum sem hann setur, sbr. 20. gr.

Innlendir aðilar, sem heimild hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 8. gr. laga nr. xx/1992, um gjaldeyrismál, eru undanþegnir sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris. Seðlabankanum er heimilt að veita undanþágu frá sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris samkvæmt nánari reglum sem hann setur.

Frá og með 1. janúar 1994 falla ákvæði þessarar greinar úr gildi.

16. gr.

Lántökur erlends stjórnvalds.

Erlendu ríki, sveitarfélagi eða öðru erlendu stjórnvaldi er óheimilt að gefa út skuldabréf á markaði hérlendis nema með leyfi Seðlabankans.

III. KAFLI
Öryggisákvæði.

17. gr.

Tímabundin stöðvun tiltekinna fjármagnsflutninga.

Seðlabankanum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið stöðvun í allt að sex mánuði á einhverjum eða öllum af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga ef skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að hans mati óstöðugleika í gengis- og peningamálum:

1. Viðskipti með skammtímaverðbréf.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
3. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
4. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
5. Inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
6. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Leyfisgjald.

Innheimt skal sérstakt 1% leyfisgjald af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni þegar undanþága er veitt frá þeim fjárhæðatakmörkunum sem gilda um fjármagnshreyfingar í II. kafla. Fjármagnshreyfingar á vegum ríkissjóðs og fjármagnshreyfingar vegna gjaldeyrisviðskipta þeirra aðila, sem leyfi hafa til gjaldeyrisviðskipta, eru ávallt undanþegnar gjaldinu. Gjaldið skal greitt til þess innlends aðila sem milligöngu hefur um gjaldeyrisviðskiptin eða Seðlabankans. Tekjur af gjaldinu renna í ríkissjóð.

19. gr.

Samráðsnefnd um gjaldeyrismál.

Viðskiptaráðherra skipar samráðsnefnd um gjaldeyrismál. Í henni sitja fulltrúar við-

skiptaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands og þeirra aðila sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri. Fulltrúi viðskiptaráðuneytisins er formaður nefndarinnar. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd gjaldeyrismála, samræma verklagsreglur og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um gjaldeyrismál og framkvæmd þeirra.

20. gr.

Upplýsingaskylda.

Skylt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti og hagskýrslugerð, sbr. 24. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Bankanum er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.

21. gr.

Þagnarskylda.

Þeir sem annast framkvæmd þessara laga eru bundnir þagnarskyldu um hagi einstakra viðskiptamanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

22. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer eftir ákvæðum 13. gr. laga nr. xx/1992, um gjaldeyrismál.

Með brot á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. xx/1992, um gjaldeyrismál, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Viðskiptaráðuneytið,

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um gjaldeyrismál.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Það skal tekið fram að um tekjur ríkissjóðs af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana gilda sérstök lög (lög nr. 52/1984) og hefur frumvarp þetta ekki áhrif á þau.

683. Frumvarp til laga [425. mál]

um innflutning.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skal vera óheftur nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Séu í gildi innflutningstakmarkanir á einstöku sviði skal þó heimilt að flytja til landsins vörur sem ætlaðar eru fyrir sendiráð erlendra ríkja og aðra sem samkvæmt lögum, milliríkjasamningum eða venju njóta hér tollfrelsis. Ákvæði þetta á þó ekki við um vörur sem hætta telst á að smitefni geti borist með til landsins.

2. gr.

Þegar undanþágur eru veittar frá innflutningshömlum skal innheimt sérstakt 1% gjald af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni. Gjaldið skal innheimt af þeim aðila sem hefur milligöngu um gjaldeyrissölu vegna innflutningsins. Tekjur af gjaldinu renna í ríkissjóð.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vöru eða hafa milligöngu um greiðslu til útlanda fyrir vöru eða þjónustu sem háð er innflutningstakmörkunum nema undanþága hafi fengist fyrir innflutningnum.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt eða sviptingu starfsréttinda.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. er viðskiptaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að innflutningur á burstum og öðrum hliðstæðum vörum, sem framleiddar eru á vinnustofum blindra hér á landi, sé háður takmörkunum og að undanþágur frá þeim séu háðar leyfi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um gjaldeyrismál. Lagt er til að þau komi í stað núgildandi laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 63 31. maí 1979. Í þeim lögum er bæði fjallað um gjaldeyrismál og innflutningsmál enda hafa gjaldeyrisverslun og gjaldeyrishöft löngum verið nátengd innflutningsverslun og innflutningshöftum. Nú er lagt til að þessir tveir málaflokkar verði aðskildir í lögum þar sem gjaldeyrismál tengjast í æ ríkara mæli ýmiss konar fjármagnshreyfingum fremur en greiðslum fyrir innflutning og lántökum vegna hans.

Gjaldeyris- og innflutningsreglur hér á landi hafa smám saman verið rýmkaðar og stærsta skrefið í þá átt síðan 1960 var stigið 1. september 1990 þegar ný reglugerð um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála tók gildi og 15. desember 1990 þegar reglur Seðlabanka Íslands um viðskipti með verðbréf í erlendri mynt tóku gildi.

Gjaldeyrisreglurnar, sem giltu hér á landi fram að þeim tíma, mátti í ýmsum atriðum rekja til kreppuáranna á fjórða áratugnum og fyrstu áranna eftir síðari heimsstyrjöldina. Á þeim tíma þótti nauðsyn bera til að taka upp strangt eftirlit á sviði gjaldeyrismála og hafa hönd í bagga með því hvernig erlendum gjaldeyri, sem þjóðin aflaði, var ráðstafað.

Þegar ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, „viðreisnarstjórnin", komst til valda árið 1960 urðu umskipti í gjaldeyrismálum þjóðarinnar þegar gjaldeyrisleyfi vegna innflutnings voru að stórum hluta afnumin og komið á fót því innflutningsfrelsi sem ríkt hefur síðan.

Í lögunum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála frá 1979 kemur fram sú meginregla að innflutningur skuli ekki háður leyfum nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, reglugerðum eða auglýsingum. Listi yfir þær vörur, sem háðar eru innflutningsleyfi, hefur styst smátt og smátt. Landbúnaðarvörur hafa löngum verið meginuppistaða hans. Á síðari árum hafa einnig verið á listanum ýmsar olíuvörur, bensín og ýmiss konar burstar. Hinn 1. janúar 1991 var bensín fellt út af listanum. Í október 1991 hurfu nokkrar tegundir bursta og pensla. Frá og með 1. janúar 1992 voru brennsluolíur, gasolíur og jarðolíur felldar út af listanum. Eftir eru á listanum fjölmargar landbúnaðarvörur auk tveggja vöruflokka af burstum. Með innflutningstakmörkunum á burstum er verið að vernda framleiðslu Blindrafélagsins.

Efnisatriði þessa frumvarps eru nánast þau sömu og innflutningsákvæðanna í lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Þó hefur verið fellt niður ákvæði þess efnis að við setningu reglugerða eða auglýsinga um innflutningsmál skuli haft samráð við Seðlabanka Íslands, enda falla innflutningsmál ekki undir starfssvið hans eftir að skilið hefur verið á milli gjaldeyris- og innflutningsmála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Efni þessarar greinar samsvarar 1. málsl. 1. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Með henni er innflutningsfrelsi lögfest. Í lögunum frá 1979 er einungis fjallað um innflutning á vöru en nú þykir rétt að leggja til að einnig verði lögfest að innflutningur þjónustu til landsins sé óheftur. Þá hefur verið fellt niður ákvæði í lögunum frá 1979 um að við setningu reglugerða eða auglýsinga um innflutningsmál skuli haft samráð við Seðlabanka Íslands, enda falla innflutningsmál ekki undir starfssvið hans eftir að innflutningsmál hafa verið skilin frá gjaldeyrismálum.

Lagt er til að einungis verði unnt að víkja frá meginreglunni um innflutningsfrelsi með

stoð í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Dæmi um þetta eru ákvæði um innflutningstakmarkanir á búvöru og dýrum í lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, svo og innflutningstakmarkanir í lögum nr. 11/1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að innflutningsleyfis sé ekki þörf þegar um er að ræða innflutning á vöru fyrir sendiráð erlendra ríkja og annarra sem samkvæmt lögum eða venju njóta hér tollfrelsis. Ákvæði þessa efnis hefur hingað til verið í reglugerð, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 312/1990 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Rétt þykir hins vegar að lögfesta undanþágu af þessu tagi. Það er þó tekið fram að ákvæðið eigi ekki við um vörur sem hætta telst á að smitefni geti borist með til landsins.

Um 2. gr.

Efnisatriði þessarar greinar samsvarar 14. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Í þeim lögum er þó kveðið á um að gjaldið geti numið allt að 2% af fjárhæð leyfa og að ríkisstjórnin ákveði hvernig tekjum af því skuli varið. Gjaldið hefur um langt skeið verið 1% og hér er lagt til að það hlutfall verði lögfest. Þriðjungur af tekjum af gjaldinu ásamt þriðjungi af tekjum af gjaldi fyrir gjaldeyrisleyfi hefur á undanförnum árum runnið til samstarfsnefndar um gjaldeyrismál til að standa undir ýmsum kostnaði við útgáfu og skráningu leyfa, skýrslugerðir og þróun hugbúnaðar en afgangurinn hefur runnið í ríkissjóð. Hér er lagt til að tekjur af gjaldinu renni beint í ríkissjóð.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Lagt er til að frumvarpið verði að lögum 1. júlí 1992, þ.e. sama dag og lagt er til að frumvarp til laga um gjaldeyrismál taki gildi. Samkvæmt gildistökuákvæði í síðarnefnda frumvarpinu er gert ráð fyrir að lög nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, falli úr gildi á sama tíma.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er viðskiptaráðherra heimilað að víkja frá meginreglu laganna um innflutningsfrelsi og setja í reglugerð takmarkanir á innflutningi bursta og hliðstæðra vara sem framleiddar eru í vinnustofum blindra hér á landi. Innflutningstakmarkanir af þessu tagi hafa tíðkast um langt skeið og í samningsdrögum um Evrópskt efnahagsvæði er Íslandi heimilað að viðhalda slíkum takmörkunum þrátt fyrir meginreglu samningsins um innflutningsfrelsi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um innflutning.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Þess skal getið að gjaldtaka skv. 2. gr. frumvarpsins er samhljóða núgildandi framkvæmd á 14. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, en þau lög falla úr gildi.

684. Frumvarp til laga [426. mál]

um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Flm.: Árni R. Árnason, Halldór Ásgrímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson.

1. gr.

3. tölul. 9. gr. laganna orðast svo:

Til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélstjórafélags Íslands.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra setur reglur um skiptingu fjár milli samtaka sem getið er í 2. og 3. tölul. 1. mgr. Skal við þá ákvörðun taka mið af fjölda félagsmanna sem við fiskveiðar vinna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta mælir fyrir um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Efni þess hefur verið til umræðu í sjávarútvegsnefnd og er það flutt að beiðni Vélstjórafélags Íslands.

Breyting sú, sem lögð er til, felur í sér að það fé af greiðslumiðlunarreikningi fiskiskipa, sem rennur til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands skv. 9. gr. laganna, mundi einnig renna til Vélstjórafélags Íslands þar sem félagið á nú ekki lengur aðild að Farmanna- og fiskimannasambandinu. Lagt er til að sjávarútvegsráðherra setji reglur um skiptingu fjár milli þeirra samtaka sem getið er annars vegar í 2. og hins vegar 3. tölul. 9. gr. laganna.

685. Tillaga til þingsályktunar [427. mál]

um sveigjanlegan vinnutíma.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um sveigjanlegan vinnutíma. Í frumvarpinu verði gengið út frá sveigjanlegum vinnutíma sem meginreglu á vinnumarkaði þar sem því verður við komið. Frumvarpið verði lagt fram á Alþingi eigi síðar en á haustþingi 1993.

Greinargerð.

Kostir og gallar sveigjanlegs vinnutíma hafa ekki fengið mikla umfjöllun. Leiða má rök að því að það sé bæði launþegum og vinnuveitendum í hag að skipulag vinnutíma komi sem best til móts við þarfir beggja.

Með sveigjanlegum vinnutíma er átt við að vinnutími byggist á samkomulagi starfsmanns og vinnuveitanda. Atvinnurekandi og starfsmaður geri samning um vinnutíma eftir þörfum starfsmannsins innan þess ramma sem fyrirtæki vinnuveitanda eða stofnanir hafa svigrúm til. Mikilvægt er að starfsmaður verði ekki þvingaður til að vinna á óeðlilegum vinnutíma í skjóli ákvæða um sveigjanlegan vinnutíma.

Á einstaka vinnustað hefur verið boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma og hafa þær tilraunir þótt gefast vel. Kostir sveigjanlegs vinnutíma eru einkum þessir: Starfsmaður vinnur á þeim tíma sem hentar honum best vegna fjölskylduaðstæðna og annars sem hann telur mikilvægt. Það leiðir yfirleitt til þess að starfsmaður er ánægðari í vinnu. Það dregur að líkindum úr fjarvistum og einnig hafa verið leiddar líkur að því að heilsufar sé betra hjá þeim sem ráða vinnutíma sínum.

Helstu vandkvæði við að lögbinda sveigjanlegan vinnutíma er sennilega smæð margra íslenskra fyrirtækja, einkum þeirra sem hafa fastan opnunartíma. Við samningu frumvarpsins yrði að leita lausna á því máli sem tryggði hagsmuni launþega og vinnuveitenda.

Í ritinu „Streita, vinna og heilsa í velferðarþjóðfélagi“, eftir Ólaf Ólafsson landlækni segir m.a.:

„Streita er flókið vandamál og á engan hátt fullrannsakað fyrirbæri. Úr niðurstöðum ýmissa erlendra rannsókna má lesa að eðli vinnu skiptir oft meira máli en atvinnugrein. Hröð og tilbreytingarlaus vinna, samfara lítilli stjórn starfsmanna á vinnutilhögun er meiri streituvaldur en vinna sem gefur starfsmönnum nokkurt sjálfstæði.

Þessu virðist öðruvísi farið hér á landi þar sem atvinnurekendur og háskólamenntaðir virðast þjást mest allra stétta af streitu þó að þeir ráði að öllu jöfnu meira um vinnutilhögun en aðrir. Skýringin á þessu fyrirbæri gæti m.a. verið miklar kröfur sem gerðar eru til viðkomandi innan og utan fyrirtækis. Þegar nálgast 50 ára aldurinn virðast menn komnir á lygnan sjó.“ (Ólafur Ólafsson: Streita, vinna og heilsa í velferðarþjóðfélagi. Heilbrigðisskýrslur, fylgirit 4, 1989. Landlæknisembættið 1989.)

Samkvæmt þessum upplýsingum er álagið mest á yngsta fólkið sem er oft með börn og að koma yfir sig þaki. Þessum hópi væri mestur akkur í sveigjanlegum vinnutíma og auk þess þyrfti að koma til stytting vinnutíma.

Langur vinnudagur er hlutskipti flestra Íslendinga. Jafnframt er ýmis félagsleg þjón-

usta, svo og barnagæsla og umönnun aldraðra í heimahúsum, af skornum skammti. Skóladagur grunnskólabarna er stuttur og sundurslitinn. Samverustundir fjölskyldunnar eru af skornum skammti í þeirri vinnuánauð sem barnafjölskyldur búa oftast við. Það er hlutskipti flestra fjölskyldna að þurfa að festa kaup á húsnæði á fyrstu búskaparárunum þar sem leigumarkaður er takmarkaður og mjög ótryggur.

Því fer fjarri að foreldrar séu sáttir við þetta. Í könnun um hagi foreldra forskólabarna segir t.d.:

„Tvennir af hverjum þrennum foreldrum forskólabarna telja að stjórnvöld styðji frekar illa eða mjög illa við bakið á foreldrum með forskólabörn. Innan við einir af hverjum fimmtán telja að stjórnvöld styðji vel við bakið á foreldrum með forskólabörn ...

Foreldrar með forskólabörn virðast almennt óánægðir með hvernig stjórnvöld taka á þeim málaflokkum sem mest brenna á þeim. Hvað veldur skal ósagt látið. Margt bendir til að kjör, dagvistunarmál og húsnæðismál vegi þungt í þessu sambandi.“ (Baldur Kristjánsson: Dagvistun barna á forskólaaldri og lífskjör foreldra. Háskóli Íslands — Félagsvísindastofnun, október 1989.)

Úr þessu ástandi verður að bæta. Efla þarf leikskóla, koma á samfelldum, lengdum skóladegi nú þegar og bjóða upp á meiri þjónustu fyrir aldraða í heimahúsum en jafnframt þarf að huga að því að gefa sem flestum kost á að taka tillit til þarfa fjölskyldunnar er þeir skipuleggja vinnutíma sinn. Fjarvistir foreldra frá börnum eru meiri en góðu hófi gegnir og það getur haft alvarleg vandamál í för með sér í framtíðinni ef foreldrum verður ekki gert kleift að taka meira tillit til fjölskyldna sinna en nú er gert.

Nokkuð algengt er að fólk reyni að laga vinnutíma sinn að fjölskyldunni en svigrúm til þess er mjög lítið miðað við núverandi aðstæður. Oftast eru það konur sem þurfa að vinna sundurslitinn vinnudag vegna fjölskylduaðstæðna. Nokkuð algengt er að konur þurfi að taka á sig aukavinnu um kvöld og helgar til að geta jafnframt sinnt ungum og öldnum í fjölskyldunni. Það er hins vegar fátíðara að karlmenn reyni að laga vinnutíma sinn að þörfum fjölskyldunnar. Oft er skilningur vinnuveitenda lítill á því að karlmenn þurfi að taka tillit til þarfa fjölskyldunnar er þeir skipuleggja vinnutíma sinn. Karlmenn virðast heldur ekki hafa þrýst á að úr því verði bætt.

Rétt er að geta þess að í umræðu á Alþingi 20. febrúar 1992 kom fram að unnið er að því að Íslendingar staðfesti samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu — starfsfólk með fjölskylduábyrgð — frá árinu 1981. (Alþingistíðindi, 15. hefti 1991–92.)

Ýmsar kannanir hafa verið gerðar á vinnutíma Íslendinga. Í þessum könnunum hefur fyrst og fremst verið spurt um afstöðu fólks til lengdar vinnutíma en sjaldan um sveigjanlegan vinnutíma. Á þessu eru þó til undantekningar. Í jafnréttiskönnun Bandalags háskólamanna frá því í desember 1989 eru könnuð viðhorf til sveigjanlegs vinnutíma. Flestir (62,4% karla og 63,6% kvenna) telja vinnutíma sinn of langan fyrir fólk með börn og fjölskyldu. En það er þó athyglisvert að sjá hve margir, einkum konur, telja að sveigjanlegur vinnutími vegi einnig þungt með tilliti til fjölskyldumála. 34,6% kvenna og 25,5% karla segjast sammála eða frekar sammála fullyrðingunni. „Það er frekar ósveigjanlegur vinnutími heldur en langur vinnudagur í sjálfu sér sem skapar óþægindi við að samræma fjölskyldu og heimilislíf.“ Rétt er að geta þess að fólki gafst ekki kostur á að svara því hvort langur vinnudagur og ósveigjanlegur vinnudagur bitnuðu jafnt á fjölskyldulífi. (Jafnréttiskönnun Bandalags háskólamanna, desember 1989.)

Væri sveigjanlegur vinnutími lögleiddur á Íslandi mundi það geta stuðlað að því að jafna foreldraábyrgð. Almennt er skilningur sýndur á því að mæður þurfi að laga vinnu-

tíma sinn að þörfum barna sinna en mjög skortir á að hið sama gildi um karla.

Sveigjanlegur vinnutími gæti jafnframt aukið vellíðan í starfi sem hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál launþega og atvinnurekenda.

Úr Lífskjör og lífshættir á Íslandi.
(Eftir Stefán Ólafsson, júní 1990.)

Skörun á vinnutíma hjóna eða sambýlisfólks: Er maki þinn einhvern tíma í vinnu þegar þú ert það ekki? Ef svo er, hve margar stundir eru það venjulega á viku? (Þeir spurðir sem eru í sambúð, vígðri eða óvígðri.)

	Nei aldrei	1-9 klst.	10-19 klst.	20-29 klst.	Yfir 30 klst.	Já, en veit ekki	Fjöldi
Allir	25,9	13,1	16,2	10,4	23,2	11,2	868
Karlar	45,3	15,7	14,9	6,8	7,3	9,9	382
Konur	10,7	11,1	17,3	13,2	35,6	12,1	486
16-24 ára	22,6	11,9	14,3	6,0	31,0	14,3	84
25-44 –	24,2	13,8	16,0	10,8	24,6	10,8	501
45-66 –	29,7	12,9	17,9	10,6	17,5	11,4	263
67-75 –	35,0	5,0	10,0	15,0	30,0	5,0	20
Verkafólk-ófagl.	23,9	8,3	20,2	17,4	19,3	11,0	109
Verkafólk-fagl.	33,9	23,7	15,3	8,5	11,9	6,8	59
Þjónustust.-lægri	17,3	11,2	21,3	15,2	24,9	10,2	197
Þjónustust.-milli	27,1	14,8	20,6	14,2	11,6	11,6	155
Þjónustust.-hærri	45,8	20,8	16,7	8,3	6,3	2,1	48
Bændur og sjómenn	24,6	13,1	6,6	3,3	18,0	34,4	61
Sjálfst. starfandi	49,6	18,3	13,0	3,5	8,7	7,0	115
Í sambúð án barna	29,2	13,4	18,5	10,9	16,4	11,6	439
Í sambúð með börn	22,5	12,9	13,8	9,9	30,3	10,6	426
Reykjavík	26,7	17,0	15,8	11,5	20,0	9,1	330
Reykjanes	26,1	13,0	18,7	10,9	22,6	8,7	230
Vesturl. og Vestf.	21,3	8,0	20,0	10,7	25,3	14,7	75
Norðurland	24,2	10,5	16,1	8,1	22,6	18,5	124
Austurl. og Suðurl.	28,4	8,3	10,1	8,3	33,0	11,9	109

Að hve miklu leyti getur þú sjálfur skipulagt verkefni þín í vinnunni? Að miklu leyti, að nokkru leyti eða að litlu leyti? (T.d. í hvaða röð verkefnin eru unnin.)

	Að miklu leyti	Að nokkru leyti	Að litlu leyti	**Fjöldi**
Allir	53,9	22,9	23,2	1304
Karlar	57,2	22,0	20,8	682
Konur	50,3	23,8	25,9	622
16-24 ára	41,5	25,2	33,3	258
25-44 –	58,4	23,5	18,2	639
45-66 –	55,6	20,9	23,5	358
67-75 –	49,0	16,3	34,7	49
Verkafólk-ófagl.	35,6	21,6	42,8	264
Verkafólk-fagl.	54,5	23,2	22,2	99
Þjónustust.-lægri	42,5	28,6	28,9	353
Þjónustust.-milli	68,0	24,3	7,7	222
Þjónustust.-hærri	70,4	19,7	9,9	71
Bændur og sjómenn	56,4	17,9	25,6	117
Sjálfst. starfandi	76,9	16,2	6,9	173
Í sambúð án barna	56,7	19,3	24,0	466
Í sambúð með börn	59,5	24,0	16,5	442
Einhleypir án barna	44,5	25,9	29,6	348
Einhleypir með börn	42,2	24,4	33,3	45
Reykjavík	55,7	23,2	21,1	508
Reykjanes	55,8	22,6	21,6	319
Vesturl. og Vestf.	47,0	18,8	34,2	117
Norðurland	45,1	27,7	27,2	184
Austurl. og Suðurl.	59,1	19,9	21,0	176

Geturðu yfirleitt brugðið þér frá í vinnutímanum, til dæmis út í búð eða banka, án þess að dregið sé af launum þínum?

	Já	Nei	**Fjöldi**
Allir	75,5	24,5	1276
Karlar	78,1	21,9	671
Konur	72,6	27,4	605
16-24 ára	72,6	27,4	248
25-44 –	76,2	23,8	627
45-66 –	75,6	24,4	353
67-75 –	79,2	20,8	48
Verkafólk-ófagl.	77,5	22,5	258
Verkafólk-fagl.	74,7	25,3	99
Þjónustust.-lægri	76,5	23,5	344
Þjónustust.-milli	66,1	33,9	221
Þjónustust.-hærri	91,7	8,3	72
Bændur og sjómenn	57,9	42,1	107
Sjálfst. starfandi	86,5	13,5	171
Í sambúð án barna	75,4	24,6	459
Í sambúð með börn	76,0	24,0	430
Einhleypir án barna	74,9	25,1	338
Einhleypir með börn	75,6	24,4	45
Reykjavík	76,1	23,9	503
Reykjanes	74,7	25,3	316
Vesturl. og Vestf.	73,2	26,8	112
Norðurland	77,1	22,9	179
Austurl. og Suðurl.	74,7	25,3	166

Úr jafnréttiskönnun Bandalags háskólamanna.
(Desember 1989.)

Tafla 7.9 Hlutfall þeirra sem hafa miðlað málum milli atvinnu og fjölskyldulífs

(Hver spurning er sjálfstæð og hlutfallstölur sýna hve margir svöruðu játandi, af þeim sem svöruðu spurningunni)

	karlar %	konur %
Hef tekið ákvörðun um að stofna ekki fjölskyldu því það hefði aftrað framamöguleikum eða stofnað þeim í hættu (karlar N=135, konur N=188)	2,2	4,8
Hef takmarkað barneignir af sömu ástæðum (karlar N=134, konur N=191)	9,7	23,0
Hef gengið í gegnum hjónaskilnað/sambúðarslit vegna álags í vinnu (karlar N=134, konur N=190)	3,7	2,1
Hef ekki sótt um vinnu eða afþakkað vinnu af fjölskylduástæðum (karlar N=135, konur N=197)	17,8	44,2
Hef hætt við framhalds- eða endurmenntun af fjölskylduástæðum (karlar N=134, konur N=192)	14,9	32,8
Hef verið í hlutastarfi af fjölskylduástæðum (karlar N=134, konur N=198)	12,7	60,6

Tafla 7.10 Samræming fjölskyldulífs og atvinnu hjá hjónum og sambúðarfólki með eða án barna, og þeirra sem hafa börn á framfæri

(Hver spurning er sjálfstæð og hlutfallstölur sýna hve margir svöruðu játandi af þeim svöruðu spurningunni - Sjá nánar töflu 24 í viðauka)

	karlar			konur		
	alveg /frekar sam-mála %	veit ekki %	alveg /frekar ósam-mála %	alveg /frekar sam-mála %	veit ekki %	alveg /frekar ósam-mála %
Vinnutími minn er of langur fyrir fólk með börn og fjölskyldu (karlar N=117, konur N=162)	62,4	6,8	30,7	63,6	2,5	34,0
Yfirvinnan krefst of mikils tíma frá fjölskyldunni (karlar N=116, konur N=154)	68,1	3,4	28,4	68,2	5,2	26,6
Það er frekar ósveigjanlegur vinnutími heldur en langur vinnudagur í sjálfu sér sem skapar óþægindi við að samræma fjölskyldu og heimilislíf (karlar N=114, konur N=156)	25,5	14,9	59,7	34,6	11,5	53,8
Fjölskyldan hefur gert meira af því að hvetja mig en letja í starfi mínu (karlar N=115, konur N=162)	13,1	10,4	76,5	11,1	6,2	82,7
Vandamál úr vinnunni íþyngja heimilislífi mínu of mikið (karlar N=114, konur N=161)	24,6	13,2	62,3	34,7	6,8	58,4
Vandamál úr fjölskyldunni íþyngja mér of mikið í vinnutímanum (karlar N=114, konur N=162)	5,3	6,1	88,6	10,5	4,3	85,2
Áhyggjur af dagvistun barnanna íþyngja mér of mikið í vinnutímanum (karlar N=108, konur N=147)	10,2	3,7	86,1	25,9	4,8	69,4
Vinna mín krefst of mikilla ferðalaga (karlar N=115, konur N=160)	20,0	4,3	75,6	5,0	3,1	91,9
Það er sem stendur engum vandkvæðum bundið hjá mér að samræma fjölskyldulíf og atvinnu (karlar N=109, konur N=144)	65,2	3,7	31,2	66,0	1,4	32,6

686. Tillaga til þingsályktunar [428. mál]

um réttindi og skyldur starfsmanna varnarliðsins á Íslandi.

Flm.: Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að undirbúa og setja reglur um réttindi og skyldur íslenskra starfsmanna varnarliðsins á Íslandi.

Greinargerð.

Kjör og réttindi almennra starfsmanna varnarliðsins á Íslandi hafa til þessa farið eftir almennum kjarasamningum og ákvæðum um réttindi starfsmanna venjulegra fyrirtækja á hinum frjálsa vinnumarkaði. Þeir starfsmenn varnarliðsins, sem gegna tilteknum stöðum með stjórnunarskyldu og ábyrgð, hafa ekki átt beina aðild að stéttarfélögum innan ASÍ og því ekki notið þeirra réttinda sem félagsmenn þeirra njóta. Þeir eiga ekki aðild að neinum samtökum launþega á Íslandi sem veiti þeim réttarstöðu.

Um alla fastráðna starfsmenn varnarliðsins gilda ákvæði um leynd og trúnað sem eru strangari en trúnaðarskyldur almennra starfsmanna og launþega á vinnumarkaði hér á landi. Ræðst þetta af því hver umsvif varnarliðsins eru, þ.e. af eðli varnarstarfsemi. Áhrif þessa á stöðu starfsmanna eru af eðlilegum ástæðum lítt eða ekki kunn þeim sem ekki þekkja til. Má nefna að þeir teljast ekki jafnfrjálsir og starfsmenn venjulegra fyrirtækja á hinum almenna vinnumarkaði að því að ræða málefni vinnustaðar síns, hugsanlegar breytingar á starfsmannafjölda og fleira því um líkt.

Varnarliðið hefur ekki í raun komið fram sem venjulegur aðili að hinum frjálsa íslenska vinnumarkaði, því er ekki heimiluð aðild að gerð kjarasamninga, það er ekki aðili að samtökum vinnuveitenda og ekki eru aðstæður né forsendur til að veita því slíka stöðu hér. Áhrif breytinga á almennum kjörum starfsmanna þess vegna nýrra kjarasamninga og vegna almennra verðlagsbreytinga eða vegna launaskriðs eru hverju sinni yfirfærð á kjör þeirra af sérstakri nefnd sem fjallar um kjör þeirra og um túlkun almennra kjarasamninga í framkvæmd starfsmannahalds varnarliðsins. Starfsmenn þess hafa af þessum ástæðum ekki sömu aðstöðu og stéttarfélagar þeirra annars staðar á almennum vinnumarkaði til að semja um sérmál eða fagleg málefni eða hafa sjálfir áhrif á afstöðu vinnuveitanda síns til kjarasamninga eða niðurstöðu við túlkun og framkvæmd þeirra.

Varnarliðið er í raun erlend opinber stofnun á Íslandi á grundvelli ákvæða varnarsamningsins við Bandaríkin. Að gera starfsmönnum þess að ráðast til starfa og hafa réttindi samkvæmt ákvæðum um starfsmenn á almennum vinnumarkaði skýtur því skökku við. Sú réttarstaða, sem starfsmönnum þess hefur þannig verið gerð, er ekki rökrétt út frá þeim kröfum sem gerðar eru um skyldur þeirra. Við starfslok, t.d. vegna minnkandi umsvifa í varnarstarfsemi, er á engan hátt tekið tillit til þeirrar sérhæfingar sem allir fastráðnir starfsmenn þess hafa í raun tileinkað sér en er þeim ekki til ávinnings á almennum vinnumarkaði.

Af framangreindum ástæðum er flutningsmaður þeirrar skoðunar að rétt muni að utanríkisráðherra hefji viðræður við æðstu stjórnendur varnarliðsins á Íslandi sem skapi því grundvöll að sérstakar reglur verði settar sem gildi um réttindi og skyldur fastráðinna starfsmanna þess, svo og um framlag þess til endurhæfingar og atvinnuleitar þeirra starfsmanna sem það segir upp og um framlag þess til atvinnuþróunar með tilliti til samdráttar þess og afar stórs hlutar þess á vinnumarkaði til þessa.

Flutningsmaður væntir þess að unnt muni að móta slíkar reglur í samræmi við ákvæði um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þannig að þeir sem stunda sambærileg störf hjá varnarliðinu og hjá hérlendum opinberum stofnunum fái sambærilegt starfsumhverfi hvað varðar réttindi og skyldur, svo og að varnarliðið meti að verðleikum það framlag starfsmanna þess sem liggur í óvenjulegri sérhæfingu þeirra.

687. Frumvarp til laga [429. mál]

um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja neytendum að íslenskar sjávarafurðir séu heilnæmar, standist settar kröfur um gæði, séu framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður og að merkingar og upplýsingar um þær séu fullnægjandi.

2. gr.

Sjávarafli telst samkvæmt lögum þessum öll sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr. Fiskafurðir teljast matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að meiri hluta úr sjávarafla. Sjávarafurðir teljast sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan.

3. gr.

Lög þessi taka til veiða og hagnýtingar á sjávarafurðum, þar með talið til löndunar, flutnings, meðferðar, geymslu, vinnslu og útflutnings. Lögin taka einnig til innflutnings sjávarafurða sem ætlaðar eru til umpökkunar eða vinnslu hér á landi. Lögin taka ekki til smásöluverslunar innan lands.

4. gr.

Fiskistofa annast framkvæmd laga þessara og reglna settra með stoð í þeim.

II. KAFLI
Opinberar kröfur.

5. gr.

Sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til manneldis, skulu vera heilnæmar, ómengaðar og uppfylla að öðru leyti skilgreindar kröfur.

Óheimilt er að nýta sjávarafurðir sem mengaðar eru hættulegum efnum til framleiðslu eldisfóðurs, gæludýrafóðurs eða fiskimjöls.

Sjávarútvegsráðuneytið getur bannað hagnýtingu sjávarafla af hafsvæðum sem talin eru menguð.

Sjávarútvegsráðherra setur reglur um efni þessarar greinar, þar á meðal um leyfilegt hámark gerla, niðurbrotsefna og mengandi efna í sjávarafurðum sem ætlaðar eru til útflutnings.

6. gr.

Sjávarafurðir, sem fluttar eru inn til vinnslu eða umpökkunar hér en ætlaðar síðan til endurútflutnings, skulu uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til innlends hráefnis og afurða. Við útflutning þeirrar vöru skal upprunalands hráefnis getið í fylgiskjölum. Halda skal innfluttum sjávarafurðum aðgreindum frá innlendum uns þær eru fluttar úr landi.

Innflutningur lifandi fisks, skrápdýra, liðdýra eða lindýra, sem lifa í söltu vatni, er óheimill nema að fengnu skriflegu leyfi sjávarútvegsráðuneytis. Ráðuneytið skal leita umsagnar yfirdýralæknis um leyfisveitingar.

7. gr.

Geymslu og flutningi sjávarafurða skal haga í samræmi við eðli þeirra og eiginleika.

Fyrirtæki, sem upp eru talin í 12. gr. laganna, skulu fullnægja kröfum um hreinlæti og búnað.

Sjávarútvegsráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

8. gr.

Í sjávarafurðir til neyslu innan lands má einungis nota þau aukefni og í því magni sem íslensk yfirvöld leyfa. Í sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til útflutnings, má einungis nota þau aukefni og í því magni sem leyft er í viðkomandi markaðslandi.

Ílát, umbúðir og aðrir fletir, sem sjávarafurðir koma í snertingu við, skulu vera úr efnum sem samþykkt eru af íslenskum yfirvöldum.

Óheimilt er að nota til þrifa og gerileyðingar önnur efni en þau sem íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa samþykkt.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um notkun hvers kyns efna sem komist gætu í snertingu við sjávarafurðir.

9. gr.

Vatn, sem notað er til þvotta, þrifa, ísframleiðslu og við framleiðslu sjávarafurða, skal uppfylla kröfur íslenskra heilbrigðisyfirvalda um gæði drykkjarvatns. Nota má hreinan sjó uppfylli hann sömu kröfur varðandi heilnæmi.

10. gr.

Sjávarafurðir í neytendaumbúðum skulu vera rétt og greinilega merktar þannig að þær upplýsingar, sem fram koma, séu ekki villandi. Á umbúðum skal koma fram nafn og heimilisfang framleiðanda eða ábyrgðaraðila þannig að unnt sé að rekja uppruna vörunnar til þeirra. Merkingar sjávarafurða, sem ætlaðar eru til frekari vinnslu eða umpökkunar, skulu vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi. Í fylgiskjölum skal ávallt koma fram að varan sé framleidd eða pökkuð á Íslandi. Merkingar skulu að öðru leyti vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.

11. gr.

Óheimilt er að vinna, pakka, dreifa eða flytja úr landi sjávarafurðir sem ekki uppfylla settar kröfur um gæði, heilnæmi, aukefni, umbúðir og merkingar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum með stoð í þeim.

III. KAFLI
Leyfisveitingar og eftirlit.

12. gr.

Vinnslustöðvar, lagmetisiðjur, skip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, skip sem vinna afla um borð, uppboðsmarkaðir fyrir sjávarafla og fiskgeymslur sem ekki eru hlutar af fiskvinnslufyrirtæki, fiskimjölsverksmiðjur og framleiðendur dýrafóðurs úr sjávarafurðum skulu hafa vinnsluleyfi til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum.

Eldisfiski má aðeins slátra með leyfi yfirdýralæknis og með þeim skilmálum sem hann setur. Fiskistofa gefur út vinnsluleyfi fyrir verkun og pökkun eldisfisks.

Fiskistofa veitir vinnsluleyfi samkvæmt þessari grein að uppfylltum kröfum um hreinlæti, búnað og gæðakerfi, sbr. 13. gr., auk samnings við viðurkennda skoðunarstofu, sbr. 14. gr. Vinnsluleyfi skal bundið framleiðslu tilgreindra afurða. Einnig er heimilt að skilyrða framleiðslumagn með tilliti til húsnæðis, afkastagetu o.fl.

Óheimilt er að veiða, vinna, starfrækja uppboðsmarkaði eða geyma sjávarafurðir án vinnsluleyfis.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari skilyrði fyrir leyfisveitingum samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Forsvarsmenn þeirra aðila, sem falla undir ákvæði laga þessara, sbr. 12. gr., bera ábyrgð á því að sett sé á fót innra eftirlit með framleiðslu eða gæðakerfi sem miðist við umfang reksturs og sé byggt á eftirfarandi meginatriðum:

1. Að skráð séu þau atriði sem farið geta úrskeiðis eða valdið skaða á afurðum við veiðar, framleiðslu, flutning eða geymslu.
2. Að á staðnum sé starfsmaður með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu og fyrir hendi séu skráðar vinnureglur, lýsing á skiptingu ábyrgðar í viðkomandi fyrirtæki og til hvaða aðgerða grípa skuli sé aðstæðum ábótavant eða ef sjávarafurðir uppfylla ekki settar kröfur.
3. Að tekin séu reglulega sýni í framleiðslunni til greiningar á viðurkenndri prófunarstofu til að sannprófa að aðferðir við þrif og gerileyðingu séu fullnægjandi.
4. Að haldin sé aðgengileg skrá um afla, framleiðslu og birgðir.
5. Að teknar séu upp skráðar vinnureglur til að fylgjast með og hafa stjórn á þeim atriðum sem getið er í 1.–4. tölul.

Niðurstöður eftirlits, rannsókna og prófana skal varðveita a.m.k. einu ári lengur en geymsluþol vörunnar segir til um, þó aldrei skemur en í tvö ár.

14. gr.

Forsvarsmönnum fyrirtækja og útgerða skipa, sem falla undir ákvæði 12. gr., er skylt að hafa samning við viðurkennda skoðunarstofu.

Fiskistofa eða annar aðili samkvæmt ákvörðun ráðherra veitir skoðunarstofum viðurkenningu. Hlutverk þeirra er að fylgjast reglulega með hreinlæti, búnaði og gæðakerfum fyrirtækja og skipa. Skoðunarstofur í umboði Fiskistofu fylgjast með því að önnur ákvæði laga þessara og reglna settra með stoð í þeim séu haldin. Enn fremur veita þær Fiskistofu upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja.

Fiskistofa fylgist með starfi skoðunarstofa og sannreynir að þær ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt. Verði misbrestur þar á, vanræki þær upplýsingaskyldu sína eða gefi

rangar upplýsingar veitir Fiskistofa áminningu eða sviptir þær viðurkenningu ef sakir eru miklar.

Við veitingu viðurkenninga skal lagt mat á hæfni, áreiðanleika og skipulag skoðunarstofu.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um gæðakerfi og starfsemi skoðunarstofa.

15. gr.

Skylt er framleiðanda og útflytjanda að veita Fiskistofu og samningsbundinni skoðunarstofu allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þar með talinn aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Fiskistofa og skoðunarstofur fara með upplýsingar þær sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál.

Framleiðanda eða útflytjanda er skylt að láta skoðunarstofu og Fiskistofu í té án endurgjalds sýni af sjávarafurðum til rannsókna.

16. gr.

Fiskistofa gefur út opinber útflutningsvottorð sé þess krafist. Fiskistofa getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum veitt viðurkenndri skoðunarstofu, sbr. 14. gr., heimild til útgáfu útflutningsvottorða.

17. gr.

Fiskistofu er heimilt að láta stöðva vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem brjóta í bága við 10. eða 11. gr. Enn fremur er heimilt að láta innkalla afurðir sem dreift hefur verið enda liggi fyrir rökstuddur grunur um að þær brjóti í bága við ákvæði laga þessara.

Eigandi sjávarafurða ber allan kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum til að framfylgja ákvæðum þessarar greinar.

18. gr.

Ákvarði Fiskistofa að sjávarafurðir séu óhæfar til manneldis ber framleiðanda, eiganda eða útflytjanda að eyða vörunni innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þar um.

Fiskistofu er þó heimilt í sérstökum tilvikum að ákveða að hagnýta megi sjávarafurðirnar til annarrar framleiðslu.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Uppfylli fyrirtæki eða skip, sbr. 12. gr., ekki ákvæði II. kafla um heilnæmi afurða, búnað og hreinlæti eða ákvæði 13. eða 14. gr. um gæðakerfi og samning við viðurkennda skoðunarstofu er Fiskistofu heimilt að svipta þau vinnsluleyfi og jafnframt að loka viðkomandi fyrirtæki með innsigli. Fái skip ekki vinnsluleyfi, sbr. 12. gr., eða sé svipt því er Fiskistofu heimilt að svipta það veiðileyfi. Áður en til sviptingar kemur samkvæmt þessari málsgrein skal gefa viðkomandi kost á að skýra mál sitt og veita honum sanngjarnan frest til úrbóta.

Veiti framleiðandi, útflytjandi, forsvarsmenn fyrirtækja eða útgerða skipa Fiskistofu eða skoðunarstofu ekki nauðsynlegar upplýsingar eða aðstoð við framkvæmd eftirlits eða skoðun, sbr. 15. gr., getur Fiskistofa svipt viðkomandi vinnsluleyfi.

20. gr.

Ákvörðunum Fiskistofu í þá veru að sjávarafurðir teljist ekki uppfylla kröfur laga þessara eða reglugerða settra með stoð í þeim má vísa til málskotsnefndar, sbr. 21. gr., innan sjö daga frá því að ákvörðun var kynnt hlutaðeigandi.

21. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar nefnd þriggja manna og jafnmarga menn til vara til meðferðar málskots skv. 20. gr. Tveir nefndarmanna og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á meðferð og framleiðslu sjávarafurða. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Nefndin úrskurðar hvort ákvarðanir Fiskistofu séu í samræmi við ákvæði laga eða reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir Fiskistofu. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og vera endanlegur. Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndinni er heimilt að kveðja sérfróða menn til ráðgjafar telji hún þörf á við úrlausn einstakra mála. Nefndin getur krafið málsaðila um greiðslu kostnaðar sem hlýst af meðferð máls. Fulltrúar málsaðila hafa rétt til að koma á fund nefndarinnar og skýra mál sitt.

Nefndarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn eða er starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er fjárhagslega háður málsaðila vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir um þátttöku nefndarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem honum er persónulega tengdur eða hætta er á að hann fái ekki að öðru leyti litið hlutlaust á mál.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

22. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um efni þessara laga.

V. KAFLI
Viðurlög.

23. gr.

Fyrir brot á ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra með stoð í þeim sem framin eru af ásetningi eða gáleysi skal refsa með sektum eða varðhaldi ef miklar sakir eru.

Heimilt er að refsa stjórnarmönnum félaga og framkvæmdastjóra fyrirtækja vegna brota á 10., 11., 4. mgr. 12. gr. og 13. gr.

24. gr.

Rannsókn brota á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Frá sama tíma falla niður lög nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, sbr. lög nr. 83/1986. Einnig falla niður frá sama tíma allar löggildingar sem veittar hafa verið á grundvelli laga nr. 53/1984 og laga nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og lög nr. 55/1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, og eldri laga um sama efni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fiskistofu er heimilt að veita vinnsluleyfi til bráðabirgða með ákveðnum skilyrðum ef ákvæðum um hreinlæti og hollustuhætti er fullnægt. Undanþágur þessar skulu þó ekki gilda lengur en til ársloka 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Lögfest opinbert fiskmat hefur verið við lýði á Íslandi síðan 1. janúar 1910. Þá gengu í gildi lög um mat á útfluttum saltfiski, fyrst og fremst vegna eindreginna tilmæla spænskra og ítalskra fiskkaupenda. Mikill árangur varð af þessu lögskipaða mati og var það talið bæði af erlendum fiskkaupendum og hérlendum hagsmunaaðilum hafa átt hvað mestan þátt í að afla íslenskum saltfiski þeirrar markaðsstöðu sem hann náði á suðrænum mörkuðum á næstu áratugum. Árið 1935 var fiskmatið lagt undir sérstakt embætti fiskmatsstjóra. Með tilkomu hraðfrystingar varð nauðsyn á gæðaeftirliti með frystum sjávarafurðum og árið 1944 var komið á sérstöku freðfiskmati. Árið 1948 var allt fiskmat að undanskildu síldarmati sameinað undir einni stofnun, Fiskmati ríkisins. Aukinn útflutningur frystra sjávarafurða á Bandaríkjamarkað varð enn til þess að herða þurfti opinbert eftirlit með ýmsum þáttum veiða og vinnslu og að kröfum þarlendra kaupenda sem oft gerðu hingað út eftirlitsmenn. Þetta fól í sér stóraukið eftirlit með hreinlæti og búnaði í vinnslustöðvum, svo og aukið eftirlit með meðferð afla uns hann var tekinn til vinnslu. Árið 1961 var í þessu skyni komið á sérstöku ferskfiskeftirliti. Opinbert gæðaeftirlit með öðrum tegundum afurða og vinnsluaðferðum hefur einnig verið lengi við lýði. Opinbert síldarmat hefur verið í ýmsu formi síðan árið 1919 og skreiðarmat síðan 1935. Árið 1975 var allt opinbert gæðamat í sjávarútvegi fellt undir eina stofnun, Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Ríkismat sjávarafurða var stofnað með lögum nr. 53/1984 og var þá lögð niður starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Sú nýjung fólst m.a. í lögunum að ábyrgð framleiðenda og útflytjenda sjávarafurða var aukin til muna og þeim gert skylt að hafa í sinni þjónustu löggilta matsmenn til eftirlits með framleiðslu afurða ellegar kaupa þá þjónustu af Ríkismatinu eða öðrum viðurkenndum eftirlitsaðilum. Skyldumat á ferskum fiski var hins vegar í höndum opinbers aðila og annaðist Ríkismatið það. Með lögum nr. 83/1986 var skyldumat á ferskum fiski á vegum Ríkismats sjávarafurða afnumið frá og með 1. janúar 1987 og kaupendum og seljendum gert skylt að annast framkvæmd matsins. Ríkismati sjávarafurða var falið að fylgjast áfram með ástandi þeirra mála og var kaupendum og seljendum heimilt að skjóta ágreiningsmálum til úrskurðar fiskmatsstjóra.

Eftir afnám ferskfiskmatsins varð áherslubreyting í starfsemi Ríkismats sjávarafurða. Aukin áhersla hefur verið lögð á eftirlit með hreinlæti og búnaði fyrirtækja ásamt því að fylgjast með því að afurðir uppfylltu þær lágmarkskröfur sem til þeirra eru gerðar og draga eins mikið og mögulegt er úr svonefndu afurðamati. Hið síðastnefnda hefur þó ekki tekist nema að hluta þar sem kaupendur síldarafurða, skreiðar og saltaðra hrogna hafa krafist opinbers mats og vottorða.

2. Kröfur yfirvalda í helstu markaðslöndum íslenskra sjávarafurða.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) beittu sér fyrir stofnun Alþjóðlega staðlaráðsins (Codex Alimentarius) sem hefur unnið að gerð alþjóðlegra matvælastaðla með hagsmuni neytenda að leiðarljósi. Sú stefna var fljótlega mörkuð að mat samkvæmt viðskiptakröfum, t.d. gæða-,

þyngdar- eða stærðarflokkun afurða sem notast var við í saltsíldar-, saltfisk- og skreiðarframleiðslu okkar, væri betur komið í umsjá framleiðenda að því tilskildu að matvælin uppfylltu tilteknar lágmarkskröfur.

Eftirlit með framleiðslu og vottun heilbrigðis sjávarafurða hefur breyst verulega á undanförnum árum, einkum eftir að fiskveiðilögsaga flestra ríkja var færð út í 200 mílur. Útfærslan varð m.a. til þess að margar fiskveiðiþjóðir misstu hefðbundin fiskimið og aðrar, sem ekki höfðu stundað fiskveiðar, hófu veiðar, vinnslu og sölu sjávarafurða. Samtímis jukust viðskipti og fjölbreytni afurða, þar á meðal frá vanþróuðum svæðum. Ýmis vandamál komu því upp og urðu til þess að heilbrigðisyfirvöld víða um heim þurftu að bregðast við nýjum og jafnvel áður ókunnum heilbrigðisvandamálum. Þessu fylgdi aukinn kostnaður sem reynt hefur verið að draga úr með því að einfalda og draga úr eftirlitsskyldu, svo sem unnt er, án þess þó að tefla heilsu og hagsmunum neytenda í hættu. Flestum er nú ljóst að opinbert eftirlit getur aldrei tryggt fyllilega að sá árangur náist sem stefnt er að með starfsemi þess hversu miklum fjármunum sem varið er til þessa og hversu öflugt sem það er.

Starfsemi opinberra eftirlitsstofnana felst aðallega í útgáfu vinnsluleyfa og eftirliti með heilnæmi afurða, hreinlæti, hollustuháttum við framleiðslu, merkingum og í heilbrigðisvottun afurða. Í flestum löndum er þess krafist að fyrirtæki, sem vilja stunda framleiðslu sjávarafurða, hafi til þess sérstök leyfi yfirvalda og þurfa þau þá að uppfylla lágmarkskröfur um gæði afurða, búnað, hreinlæti, hollustuhætti, merkingar, vigt o.fl. samkvæmt reglugerðum eða fyrirmælum. Oft gera erlendir kaupendur strangari kröfur en tíðkast í viðkomandi landi. Fyrirtækjum og framleiðendum er að sjálfsögðu heimilt að setja sjálfum sér strangari vinnureglur en það losar þau ekki undan opinberu eftirliti, fyrst og fremst vegna hagsmuna neytenda. Þessi viðhorf koma vel fram í nýjum reglum Kanadamanna um fyrirkomulag eftirlits með framleiðslu fiskafurða, nýjum reglum Evrópubandalagsins og í nýju eftirlitskerfi bandarískra stjórnvalda.

Eftirlitskerfi ofangreindra aðila eru byggð á sömu meginþáttum og eru mjög sambærileg. Umsjón og eftirlit opinberra eftirlitsstofnana nær m.a. til eftirfarandi þátta: Eftirlits með fiskiskipum, eftirlits með aðstöðu og framkvæmd við löndun, ferskfiskmats, uppboðs og dreifingar, eftirlits með fyrirtækjum til að tryggja að framleiðendur standi við skilmála fyrir leyfisveitingu, svo sem um persónulegt hreinlæti starfsfólks og þrif, að hreinlæti við vinnslu sé fullnægjandi og að innra eftirlit fyrirtækisins sé framkvæmt á fullnægjandi hátt. Eftirlitið nær einnig til skoðunar afurða á markaði til að tryggja að þær séu merktar í samræmi við gildandi reglur og hafi verið fluttar og séu geymdar í samræmi við gildandi heilbrigðisreglur.

2.1 Kröfur Evrópubandalagsins.

Hlutverk, valdsvið og skyldur opinberra eftirlitsstofnana er einnig skilgreint svo sem fram kemur í tilskipunum EB nr. 89/397 um opinbert eftirlit með matvælaframleiðslu og nr. 91/493 um eftirlit með framleiðslu og sölu fiskafurða.

Fyrirtæki eru skyldug til að taka upp eigið innra eftirlit og skulu forsvarsmenn þeirra bera ábyrgð á því til að tryggja að aðstaða til framleiðslu og afurðir, er sendar eru á markað, fullnægi þeim heilbrigðisreglum sem settar eru. Þetta eftirlit skal byggt á eftirfarandi grundvallaratriðum:

— Að finna þá staði eða vinnsluþætti sem geta haft skaðleg eða óæskileg áhrif á afurðirnar.

— Að taka upp aðgerðir til að tryggja að eftirlit með þessum stöðum eða þáttum sé virkt og að unnt sé að sannreyna að svo sé.
— Sýnatökum til rannsókna á viðurkenndum rannsóknastofum.
— Skráningum niðurstaðna ofantalinna atriða og athugana sem varðveita skal til þess að hin opinbera eftirlitsstofnun geti sannreynt þær.

2.2 Kröfur eftirlitsyfirvalda í Bandaríkjunum.

Í Bandaríkjunum er að finna hliðstæð ákvæði í „Code 50 of Federal Regulations" að því er varðar eftirlit með gæðum og nýjum reglum um eigið innra eftirlit fyrirtækja.

Skyldurnar eru í stuttu máli þær að fylgst sé með því að farið sé að ákvæðum laga og reglugerða varðandi eftirfarandi atriði:

a. Geymslu og meðferð afla um borð í fiskiskipum, við löndun, flutning og í landi.
b. Vinnslu/verkun, pökkun.
c. Geymslu, flutningatæki og flutningsmáta.
d. Húsnæði, vinnsluaðstöðu, lýsingu, tæki, áhöld og umbúðageymslur.
e. Hreinlæti og hollustuhætti í fiskvinnslustöðvum, þar með talin gæði þess vatns eða sjávar sem notaður er, persónulegt hreinlæti og hreinlætisaðstöðu, efni til þrifa og gerileyðingar og geymslu þeirra, þrif umhverfis og innan vinnslustöðva, niðurföll og skolplagnir.
f. Efni, sem fiskur kemur í snertingu við, svo sem umbúðir, merkingar, vinnuborð, færibandareimar, ílát og lyftaraútblástur.

2.3 Heilbrigðisvottun afurða.

Yfirvöld í mörgum löndum krefjast heilbrigðisvottorða til tryggingar því að fiskafurðir, sem inn eru fluttar, uppfylli tilgreindar lágmarkskröfur varðandi heilnæmi o.fl. eins og að framan hefur verið rakið. Þau taka yfirleitt aðeins gild vottorð frá opinberum eftirlitsstofnunum eða láta starfsmenn sína taka sýni af afurðunum til rannsókna til að ganga úr skugga um að þær séu heilnæmar áður en tollafgreiðsla fer fram.

Evrópubandalagið og bandarísk yfirvöld líta svo á að fari framleiðendur í einu og öllu að fyrirmælum er varða innra eftirlit með framleiðslu sjávarafurða og hafi þau tryggingu fyrir því að svo sé megi sleppa útgáfu opinberra heilbrigðisvottorða nema með vissum afurðum, svo sem forsoðnum eða tilreiddum afurðum og afurðum sem ætlaðar eru til neyslu hráar, þar á meðal lifandi skelfiski.

Í stað vottorða með afurðum verður hvert fyrirtæki, sem hyggst framleiða sjávarafurðir og selja á mörkuðum þessara ríkja, að fá sérstakt tölusett vinnsluleyfi sem prenta skal eða stimpla á allar umbúðir. Númerið er staðfesting hins opinbera eftirlits á því að fyrirtækið uppfylli allar kröfur, þar með talið eigið innra eftirlit. Bandarísk yfirvöld hyggjast leyfa þessum fyrirtækjum að setja sérstakt merki sem nota má í auglýsingaskyni á umbúðir þessu til staðfestingar. Opinberum eftirlitsstofnunum er ætlað að fylgjast með því að fyrirtækin standi við þá skilmála sem leyfisveitingin er háð.

Matvæla- og lyfjaráðið (FDA) í Bandaríkjunum hefur farið fram á það við sjávarútvegsráðuneytið hér á landi að gerður verði samningur um sérstakt opinbert eftirlit með framleiðslu sjávarafurða sem ætlaðar eru til útflutnings þangað. Þá hefur Evrópubandalagið unnið að því að samræma reglur aðildarríkjanna um heilbrigðiskröfur varðandi framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða. Því starfi er ekki lokið en meginatriði stefnunnar eru þó ljós. Tengist Ísland Evrópska efnahagssvæðinu er nokkuð ljóst að meginefni tilskipana EB verður að fella inn í löggjöf okkar.

Geti Íslendingar ekki tryggt að sjávarafurðir þeirra standist þær kröfur sem til þeirra eru gerðar á þessum tveim meginmörkuðum þeirra má búast við því að afurðirnar verði allar skoðaðar við komuna til þessara landa.

3. Meginatriði frumvarpsins.

Við samningu þessa frumvarps hefur af augljósum ástæðum verið leitast við að taka tillit til framanrakinna staðreynda um kröfur yfirvalda í helstu markaðslöndum og sérstöðu og mikilvægis sjávarútvegs fyrir íslenskt efnahagslíf. Einnig hefur mjög verið stuðst við upplýsingar frá kanadíska fiskmatinu varðandi uppbyggingu og reynslu þess af hinu nýja eftirlitskerfi þeirra sem lögleitt var í janúar sl.

Megintilgangur frumvarpsins er að tryggja neytendum heilnæmar sjávarafurðir og að koma í veg fyrir að svikin vara fari á markað. Jafnframt er markmiðið að bæta ímynd íslenskra sjávarafurða og auðvelda þeim aðgang að erlendum mörkuðum ásamt því að gera eftirlit með meðferð og framleiðslu skilvirkara og traustara. Ábyrgð framleiðenda á vörum sínum hefur verið aukin og samhliða dregið úr umsvifum og kostnaði ríkisins með þrennum hætti: Í fyrsta lagi með því að fella niður mat afurða samkvæmt viðskiptakröfum. Í öðru lagi hefur þáttur hins opinbera eftirlits verið skilinn frá ráðgjafar- og þjónustuþættinum sem nú verður falinn öðrum. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að viðurkenndum skoðunarstofum verði falinn hluti af verkefnum sem verið hafa á hendi opinberra eftirlitsaðila.

Fyrirhuguð er endurskipulagning á stjórnsýslu sjávarútvegsins sem ætlað er að taka gildi 1. september nk. Er ráð fyrir því gert að komið verði á fót nýrri stjórnsýslustofnun, Fiskistofu, sem taki að sér ýmis verkefni sem áður voru hjá sjávarútvegsráðuneyti, Hafrannsóknastofnun, veiðieftirliti og Fiskifélagi Íslands. Frumvarp til laga um Fiskistofu hefur verið lagt fyrir Alþingi til umfjöllunar og er vísað til þess um þetta efni. Jafnframt er ráð fyrir því gert að hlutverki Ríkismats sjávarafurða verði breytt: Opinberi þátturinn í starfsemi stofnunarinnar og verkefni honum samfara verði færð til Fiskistofu um næstu áramót. Jafnframt er gert ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag sem taki að sér að annast þau verkefni Ríkismatsins sem þá yrðu eftir. Félagið yrði í fyrstu alfarið í eigu ríkisins en hlutur þess síðar seldur. Tilgangurinn með skoðunarstofu yrði almennt framleiðslueftirlit og eftirlit með gæðakerfum. Er gert ráð fyrir að sértekjur hlutafélagsins standi alfarið undir rekstrinum. Samhliða þessu frumvarpi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.

Verði frumvarp þetta að lögum verður löggjöfin sambærileg við löggjöf Evrópubandalagsríkja, Bandaríkjanna og Kanada um kröfur til sjávarafurða hvað varðar heilnæmi, geymslu, flutninga, aukefni og merkingar þeirra. Er ákvæði þessa efnis að finna í II. kafla frumvarpsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um einstakar greinar. Þykir það nauðsynlegt þar sem enn hafa ekki verið birtar allar tilskipanir og viðaukar Evrópubandalagsins sem gert er ráð fyrir í tilskipun nr. 91/493. Samstarfshópar með aðild sjávarútvegsráðuneytis, Ríkismats sjávarafurða og hagsmunaaðila í sjávarútvegi vinna nú að greiningu á þeim kröfum sem gerðar verða til meðferðar sjávarafurða og framleiðslu þeirra. Eru bundnar vonir við að starfi hópanna verði lokið í maí þannig að fyrir mitt ár verði ljósar kröfur til hreinlætis og búnaðar fyrirtækja ásamt gæðakerfum sem fullnægja eiga ákvæðum um innra eftirlit með framleiðslu.

Ríkismati sjávarafurða er ætlað að gera úttekt á hreinlætisaðstæðum og búnaði allra sjávarútvegsfyrirtækja samkvæmt nýjum kröfum eða nýju opinberu eftirlitskerfi fyrir næstu áramót.

Í einu veigamiklu atriði er frumvarp þetta ekki sambærilegt við löggjöf á sviði opinbers eftirlits með sjávarafurðum helstu viðskiptalanda okkar. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að öll fyrirtæki í sjávarútvegi, þar með taldar útgerðir skipa, séu skylduð til að hafa samning við sérstakar skoðunarstofur sem Fiskistofa viðurkennir. Skoðunarstofum er ætlað að fylgjast reglubundið með innra eftirliti eða gæðakröfum fyrirtækja, hreinlæti þeirra og búnaði. Þær eiga að geta fylgst með því að fyrirtæki uppfylli viðskiptakröfur í framleiðslu en jafnframt verði þeim falið af hálfu Fiskistofu að fylgjast með að opinberum kröfum sé fullnægt. Fiskistofa hafi eftirlit með starfsemi stofanna og sannreyni að þær ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt.

Með þessu fyrirkomulagi er komið á heildstæðu opinberu eftirlitskerfi sem vænst er að fullnægi kröfum erlendra heilbrigðisyfirvalda um opinbert eftirlit með framleiðslu sjávarafurða. Jafnframt er dregið úr opinberum umsvifum á þessu sviði og eftirlitið fært í meira mæli til atvinnugreinarinnar sjálfrar.

Eins og fram hefur komið eru hertar kröfur til framleiðslu sjávarafurða settar til þess að vernda hagsmuni neytenda. Þetta sjónarmið er haft að leiðarljósi í þessu frumvarpi. Í frumvarpinu er því að finna hert viðurlög við brotum sem stefna heilsu neytandans í hættu, sviksemi gagnvart honum og til að verja þá hagsmuni sem þýðingarmesti atvinnuvegur þjóðarinnar hefur af því að íslenskar sjávarafurðir njóti álits sem heilnæm matvara er ávallt megi treysta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein kemur fram megintilgangur frumvarpsins sem er að tryggja neytendum eins og frekast er kostur að sjávarafurðir séu heilnæmar, óskemmdar og að fyllsta hreinlætis sé gætt við framleiðslu. Enn fremur verða merkingar vörunnar að vera með þeim hætti að neytandinn eigi kost á að rekja vöruna til framleiðandans.

Framleiðendur verða að sjálfsögðu að bera ábyrgð á afurðum sínum enda leggja langflestir þeirra sig fram um að framleiða góðar afurðir. Erlendis hafa engu síður að komið upp nokkur alvarleg sjúkdómstilfelli og jafnvel dauðsföll vegna neyslu sjávarafurða sem aðallega má rekja til eitrunar í skelfiski en einnig til skemmda í öðru hráefni, einkum vegna skorts á hreinlæti. Enda þótt engin slík tilfelli hafi verið rakin til íslenskra sjávarafurða eru opinber yfirvöld erlendis á verði gagnvart öllum innfluttum sjávarafurðum, þar á meðal íslenskum. Stjórnvöld flestra ríkja gera jafnframt þá kröfu að opinber eftirlitsyfirvöld í framleiðslulandi fylgist með framleiðslunni og tryggi að heilsu neytandans sé ekki teflt í tvísýnu né að hagsmunir hans séu fyrir borð bornir. Á síðustu árum hafa verið gerðar ríkari kröfur til merkinga og upplýsinga um afurðirnar. Tilgangurinn er einkum sá að koma í veg fyrir villandi og rangar upplýsingar, svo sem að ódýrar fiskategundir séu merktar nöfnum dýrari og að nettóþynd sé fölsuð, t.d. með því að fiskur sé íshúðaður og ís þannig seldur sem fiskur.

Um 2. gr.

Í þessari grein er til hægðarauka leitast við að skilgreina annars vegar sjávarafla og fiskafurðir og hins vegar sjávarafurðir sem samheiti fyrir hvort tveggja. Skilgreiningin á sjávarafurðum stangast á við tilskipanir Evrópubandalagsins og skilgreiningar banda-

ríkra stjórnvalda sem gera engan greinarmun á því hvort fiskur lifir í söltu eða fersku vatni. Ósamræmi þetta veldur nokkrum erfiðleikum, t.d. að því leyti að eldisfiskur úr fersku vatni fellur ekki undir lög þessi. Eftirlit með eldisfiski úr fersku vatni er því tvískipt hér á landi, sbr. 2. mgr. 12. gr.

Fiskafurð telst víðast hvar, þar á meðal í stöðlum „Codex Alimentarius", aðeins sú afurð sem inniheldur fisk a.m.k. að helmingi. Þessi skilgreining er tekin upp í frumvarpi þessu til að koma í veg fyrir mistúlkun.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið frumvarpsins. Með hliðsjón af 1. gr. um tilgang þess þykir eðlilegt að frumvarpið taki til allra þátta framleiðslu sjávarafurða allt frá veiðum til útflutnings. Eftirlit beinist því að öllum þessum þáttum og eru gerðar kröfur þar að lútandi til allra þeirra sem sinna þessum störfum. Því á að vera tryggt að megintilgangi 1. gr. um vernd neytandans verði náð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu á gildandi fyrirkomulagi um skoðun innfluttra sjávarafurða þannig að sömu aðilum og hafa eftirlit með íslenskum sjávarafurðum verði falin skoðun þeirra. Nánar er fjallað um innfluttar sjávarafurðir í 6. gr.

Frumvarpið tekur til uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla en ekki til smásöludreifingar hér á landi. Eftirlit með smásöluverslun verður eftir sem áður hjá Hollustuvernd, sbr. l. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er gert ráð fyrir að sett verði á fót Fiskistofa. Henni verða falin ýmis verkefni í stjórnsýslu sjávarútvegsins sem verið hafa á hendi sjávarútvegsráðuneytisins, veiðieftirlits, Fiskifélags Íslands, Hafrannsóknastofnunar og Ríkismats sjávarafurða. Með þessari grein er Fiskistofu falin framkvæmd laga þessara verði þau samþykkt.

Um 5. gr.

Í þessari grein er að finna ýmis nýmæli. Gerðar eru kröfur um að sjávarafurðir séu heilnæmar, ómengaðar og uppfylli skilgreindar kröfur. Kröfur til sjávarafurða hafa almennt ekki verið lögfestar heldur verið settar fram í reglugerðum. Þá er það nýmæli að banna notkun mengaðra sjávarafurða til eldisfóðurs, gæludýrafóðurs og fiskimjöls. Einnig er að finna í greininni það nýmæli að sjávarútvegsráðuneytið geti bannað vinnslu sjávarafurða af hafsvæðum sem talin eru menguð.

Ástæða þykir til að kveða skýrt á um hvaða sjávarafurðir eru hæfar tilneyslu. Kröfur, sem lýst er í 1. mgr., eru við það miðaðar að hagsmunir neytenda séu tryggðir. Í fyrsta lagi verða sjávarafurðir að vera heilnæmar og ómengaðar, þ.e. að ekki sé að finna í þeim efni eða gerla sem valdið geta heilsu neytenda tjóni. Þetta eru ófrávíkjanlegar kröfur. Í öðru lagi verða sjávarafurðir á hverjum tíma að uppfylla skilgreindar kröfur sem settar verða með reglugerðum. Almenna reglan verður sú að í samráði við þá sem í atvinnugreininni starfa verða settar fram lágmarkskröfur um hreinlæti, búnað og hráefni. Nauðsynlegt þykir að hafa þennan hátt á af því að kröfur um hráefni og afurðir eru breytingum háðar og geta verið mismunandi eftir mörkuðum. Þessar kröfur geta t.d. varðað ferskleika, hámark leyfilegra niðurbrotsefna og mengunarefna, hámarksfjölda gerla og hámark eiturefna af völdum þörunga.

Í 2. mgr. eru settar fram lágmarkskröfur til sjávarafurða sem ætlaðar eru til fóðrun-

ar eldisfiska, jafnt vatna- sem sjávarfiska. Í gildi er reglugerð um notkun rotvarnarefna í hráefni til fiskimjölsframleiðslu en í ljósi breytinga á notkun fiskimjöls þarf að endurskoða þau ákvæði.

Um 6. gr.

Innflutningur sjávarafurða til Íslands hefur af augljósum ástæðum verið lítill. Á síðustu árum hefur hann þó farið vaxandi og fjölbreytni hans aukist. Innflutningur til vinnslu var í fyrstu einskorðaður við rússneska rækju en tegundum og upprunalöndum hefur fjölgað. Evrópubandalagið og Bandaríkin gera stífar kröfur um heilnæmi innfluttra sjávarafurða og þess vegna verða stjórnvöld hér á landi að fylgjast með heilnæmi innfluttra sjávarafurða sem ætlaðar eru til sölu á þessum mörkuðum. Auk heilnæmiskrafna gilda ákveðnar reglur innan Evrópubandalagsins varðandi tollaívilnanir á vörum eftir uppruna þeirra. Af þessum sökum er sú krafa gerð í þessari grein að í tollskjölum eða fylgiskjölum vöru sé upprunalands hennar getið. Til að unnt sé að framfylgja kröfum Evrópubandalagsins varðandi uppruna er lagt til að halda skuli innfluttum sjávarafurðum ávallt aðgreindum frá innlendum þar til að útflutningi kemur.

Í greininni er ekki gerð krafa um að innflytjandi láti Fiskistofu vita um innflutning erlendra sjávarafurða. Sá háttur er nú hafður á að tollyfirvöld láta Hollustuvernd vita um slíkan innflutning. Fiskistofa gæti því fengið þessar upplýsingar frá öðrum yfirvöldum eða skoðunarstofu fyrirtækisins. Þannig á að vera tryggt eftirlit með þessum vörum enda fer hún annaðhvort til frekari vinnslu eða pökkunar og slíkir aðilar eiga samkvæmt þessu frumvarpi að hafa tilskilið vinnsluleyfi, gæðakerfi ásamt eftirliti skoðunarstofu.

Í 2. mgr. greinarinnar er að finna nýmæli varðandi innflutning á lifandi fiski. Samkvæmt 76. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, er bannað að flytja inn lifandi laxfisk eða annan fisk sem lifir í ósöltu vatni. Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að leyfa innflutning lifandi hrogna slíkra fiska enda mæli fisksjúkdómanefnd með því. Ekkert slíkt ákvæði er að finna í lögum um fisk sem lifir í söltu vatni. Er með þessari grein bætt hér úr enda hefur á undanförnum árum aukist mjög áhugi á eldi ýmissa sjávardýra. Hefur sjávarútvegsráðuneytið fengið upplýsingar um slíkan innflutning og haft samráð við Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum varðandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlegt smit frá honum.

Í samningsdrögum milli Frakklands og Íslands um skilyrði fyrir viðskiptum með lifandi skelfisk er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra skipi samstarfsnefnd með fulltrúum frá Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum og Hollustuvernd til að fjalla um atriði er varða innflutning skeldýra. Eðlilegt þykir að þessi innflutningur sé háður leyfi sjávarútvegsráðuneytisins sem getur sett nánari skilyrði fyrir honum. Eins og framkvæmd þessara mála hefur verið hingað til þykir eðlilegt að leitað sé umsagnar yfirdýralæknis áður en leyfi er veitt.

Um 7. gr.

Fram til þessa hafa verið skýr fyrirmæli í reglugerðum um fyrirkomulag við útflutning sjávarafurða. Hins vegar hafa ákvæði um geymslu og flutning innan lands verið óljós. Með vaxandi flutningi fersks fisks og fiskafurða milli hafna og landshluta þykir rétt að bæta hér úr. Mismunandi er eftir afurðum hvaða kröfur verður að gera og er sjávarútvegsráðherra falið að setja nánari reglur þar um.

Í 2. mgr. er tiltekið að fyllsta hreinlætis verði að gæta þar sem fiskur er unninn eða

geymdur, svo og varðandi þau tæki sem notuð eru við tilfærslu eða flutning hans. Sömuleiðis verður að gera þær kröfur að tæki og búnaður henti til ætlaðra nota, sé hreinn og vel við haldið. Ef árangur á að nást verður eftirlit að ná til allrar framleiðslunnar frá veiðum til útflutnings.

Um 8. gr.

Íslensk heilbrigðisyfirvöld setja reglur um leyfileg aukefni í matvælum til neyslu innan lands og gefa út sérstakan lista yfir þau. Hér er ekki verið að gera tillögu um breytingu á því fyrirkomulagi. Hins vegar er í nokkrum mæli framleitt fyrir innanlandsmarkað í vinnslustöðvum sem að jafnaði framleiða til útflutnings. Því þykir hagræði vera að því að sami aðili annist eftirlit með notkun aukefna í sjávarafurðum hvort sem þær eru ætlaðar til neyslu innan lands eða utan.

Þótt notkun aukefna í sjávarafurðum sé hverfandi lítil er engu að síður ástæða til að setja ákvæði sem takmarka hana við þau aukefni sem íslensk heilbrigðisyfirvöld samþykkja. Á sama hátt verða framleiðendur að uppfylla fyrirmæli erlendra heilbrigðisyfirvalda í þessum efnum. Þannig getur verið leyfilegt að setja aukefni sem bönnuð eru í sjávarafurðir til neyslu innan lands í sjávarafurðir sem ætlaðar eru til útflutnings ef þær eru leyfðar í viðkomandi landi.

Matvæli geta hæglega mengast ef þau koma í snertingu við t.d. ílát, borð eða umbúðir sem gefa óæskileg efni frá sér. Flest ríki, þar á meðal Ísland, hafa sett reglur um leyfileg efni í slíkar vörur. Í 4. mgr. er ráðherra heimilað að setja nánari ákvæði um slík efni.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um heilnæmi vatns sem notað er við framleiðslu sjávarafurða. Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa sett reglur um gæði drykkjarvatns, m.a. um leyfilegt hámark gerla o.fl. Hér er lagt til að sömu kröfur verði gerðar til vatns sem notað er við framleiðslu sjávarafurða, þvotta, þrif og ísframleiðslu. Rétt þykir að benda á að erfitt hefur reynst fyrir framleiðendur á ýmsum stöðum á landinu að uppfylla þessar kröfur. Vatn er misjafnt að gæðum og hafa framleiðendur þurft að grípa til sérstakra aðgerða til að mæta þessari kröfu, svo sem síunar, geislunar eða klórblöndunar.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru gerðar kröfur til merkinga sjávarafurða. Í viðskiptum með sjávarafurðir er gerður greinarmunur á merkingum smásölupakkninga og merkingum afurða sem ætlað er til umpökkunar eða frekari vinnslu. Meginsjónarmið við merkingar er að þær séu ekki villandi og að unnt sé að rekja vöruna til framleiðandans eða ábyrgðaraðilans.

Á undanförnum árum hefur farið í vöxt að íslensk fyrirtæki framleiði sjávarafurðir í umbúðir erlendra dreifingaraðila. Nokkrir þeirra óska mjög eindregið eftir því að framleiðslulands sé ekki getið á umbúðum, heldur aðeins nafns þeirra og að afurðirnar séu framleiddar fyrir þá. Gerð er tillaga um að þessum viðskiptavenjum sé fylgt. Því er sú breyting gerð frá fyrri lögum að á smásölupakkningum þurfi ekki að geta þess að hún sé framleidd eða pökkuð á Íslandi. Þessar upplýsingar verða þó ávallt að koma fram í fylgiskjölum eða tollskjölum.

Kröfur markaðslanda í þessum efnum eru afar mismunandi. Ber framleiðendum því skv. 4. mgr. að gæta þess að uppfylla þær.

Um 11. gr.

Með þessari grein er lagt bann við vinnslu, pökkun, dreifingu og útflutningi sjávarafurða sem ekki uppfylla þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til þeirra. Tilgangurinn með þessu banni er að koma í veg fyrir að gallaðar eða óhæfar vörur fari á markað og skaði heilsu neytenda og heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Ákvæðið tekur því einnig til tilvika þar sem t.d. ferskur fiskur eða sjávarafurðir með takmarkað geymsluþol eru í því ástandi að líklegt þyki að þær verði í óhæfu ástandi þegar þær komast á markað.

Mörg tilvik hafa komið upp þar sem kaupandi hefur lýst sig reiðubúinn að kaupa vöru sem uppfyllir ekki lágmarkskröfur varðandi heilnæmi. Enda þótt unnt sé að selja slíkar vörur í einstaka tilfellum hljóta slík viðskipti að teljast mjög varhugaverð og til þess eins fallin að rýra orðstír íslenskra sjávarafurða.

Um 12. gr.

Í þessari grein er fjallað um leyfisveitingar til þeirra aðila sem vinna eða framleiða sjávarafurðir. Mismunandi leyfi hafa verið veitt þessum aðilum en hér er til einföldunar gert ráð fyrir að Fiskistofa veiti aðeins eina tegund leyfa, þ.e. vinnsluleyfi, til þessara aðila. Skilyrði fyrir vinnsluleyfi eru ferns konar: Í fyrsta lagi þarf að uppfylla kröfur um hreinlæti til að fullvíst sé að meðferð, vinna eða pökkun sjávarafurða hafi farið fram við þær hreinlætisaðstæður sem hæfa við meðferð matvæla. Í öðru lagi þarf allur búnaður að vera ákjósanlegur fyrir matvælavinnslu þannig að ekki sé hætta á að hann spilli afurðunum. Í þriðja lagi þurfa öll skip og fyrirtæki, sem undir greinina falla, að koma á fót skipulögðu eftirliti með meðferð afla, vinnslu hans og geymslu. Er hér átt við eigið innra eftirlit eða gæðakerfi, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Í fjórða lagi þurfa þeir aðilar sem getið er í greininni að hafa samning við viðurkennda skoðunarstofu, sbr. 14. gr.

Skip, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, hafa fram til þessa þurft hæfnisvottorð, þ.e. fengið úttekt hjá Ríkismati sjávarafurða á hreinlæti, búnaði og tækjum. Nú fá þessi skip vinnsluleyfi enda hafa flest þeirra möguleika á að ganga frá afla sínum til flutnings beint á erlendan markað.

Uppboðsmarkaðir þurfa samkvæmt lögum nr. 123/1989 leyfi frá sjávarútvegsráðherra til reksturs. Fyrir veitingu slíks leyfis hafa markaðarnir þurft úttekt frá Ríkismati sjávarafurða á hreinlæti, húsnæði og búnaði. Hér er lagt til að þeir fái vinnsluleyfi, enda er meðferð afla á mörkuðum sambærileg við móttöku og meðferð afla í vinnslustöð og kröfur að öðru leyti mjög hliðstæðar.

Fyrir Alþingi liggur nú til umfjöllunar frumvarp til laga um fullvinnslu afla um borð í veiðiskipum. Þar er ráð fyrir því gert að sjávarútvegsráðuneytið veiti leyfi til fullvinnslu m.a. að uppfylltum skilyrðum um búnað vinnsluskips. Í þessari grein er Fiskistofu jafnframt ætlað að veita þessum skipum vinnsluleyfi eins og verið hefur að undangenginni úttekt á hreinlæti og búnaði þeirra enda séu 13. og 14. gr. frumvarpsins um gæðakerfi og skoðunarstofur uppfyllt.

Fiskimjölsverksmiðjur þurfa starfsleyfi umhverfisráðuneytis. Það nær hins vegar ekki til meðferðar, vinnslu eða gæða afurðanna. Verksmiðjurnar hafa fram til þessa verið undanþegnar eftirliti Ríkismats sjávarafurða. Hér er lagt til að Fiskistofa annist eftirlit með hreinlæti, búnaði og framleiðslu þeirra, þar með talin meðferð hráefnis og notkun aukefna. Ástæða þess er einkum sú að meðferð hráefnis hefur verið ábótavant og upp hafa komið tilfelli, t.d. alvarleg mengun af völdum salmonellu. Þá hefur notkun fiskimjöls til fiskeldis aukist. Félag fiskimjölsframleiðenda hefur lýst áhuga sínum á að bæta afurðir

verksmiðjanna og haft samráð við sjávarútvegsráðuneytið um að koma á betra eftirliti með framleiðslunni. Gert er ráð fyrir að framleiðendur dýrafóðurs úr sjávarafurðum þurfi framvegis vinnsluleyfi og verði undir eftirliti Fiskistofu. Þykir þetta eðlilegt því talsvert af fiskúrgangi fer til fóðrunar eldisfisks og gæta verður fyllsta hreinlætis við meðferð úrgangsins vegna hugsanlegrar mengunar.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að eftirlit með eldisfiski verði tvíþætt. Leyfi til slátrunar verður eftir sem áður háð samþykki yfirdýralæknis. Hins vegar er lagt til að Fiskistofa annist eftirlit með verkun og pökkun og gefi til þess vinnsluleyfi. Þetta fyrirkomulag þykir nauðsynlegt vegna ákvæða í tilskipunum Evrópubandalagsins og væntanlegs samkomulags við heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum um opinbert eftirlit með framleiðslu fiskafurða.

Í 3. mgr. er heimild til að binda vinnsluleyfi skilyrðum um tiltekna framleiðslu eða framleiðslumagn. Þetta þykir nauðsynlegt því fyrirtæki geta e.t.v. auðveldlega uppfyllt skilyrði fyrir að fá vinnsluleyfi. Hins vegar eru sum þeirra sérstaklega búin til vinnslu ákveðinna afurða, svo sem rækju eða skelfisks, en ófær um að framleiða aðrar afurðir. Afkastageta fyrirtækja er mjög mismunandi og húsrými oft það lítið að óverjandi þykir að framleiðsla sé meiri en svo að full stjórn sé á henni höfð.

Í 4. gr. er sérstaklega áréttað að veiðar, vinnsla, geymsla sjávarafurða og starfræksla uppboðsmarkaða sé óheimil án vinnsluleyfis.

Um 13. gr.

Í þessari grein er lögð sú skylda á herðar forsvarsmanna fyrirtækja að þeir sjái um að sett sé á fót innra eftirlit með framleiðslu eða að unnið sé eftir gæðakerfi. Með forsvarsmönnum er átt við þá menn sem bera ábyrgð á rekstri fyrirtækisins, eftir atvikum forstjóri, framkvæmdastjóri eða rekstrarstjóri.

Með innra eftirliti fyrirtækja með framleiðslu er í stuttu máli átt við að framleiðandinn annist skoðanir, prófanir og athuganir á öllum þáttum framleiðslunnar og á meðferð og geymslu afurðanna og beri niðurstöður saman við skilgreindar kröfur. Með því að skylda framleiðendur til að koma á fót eigin eftirliti með framleiðslu er verið að auka ábyrgð þeirra. Þetta er í samræmi við þær aðferðir sem teknar hafa verið upp í framleiðslu iðnaðarvara víða um heim en þar hefur beiting gæðakerfa í þessu skyni gefið góða raun. Gæði framleiðslunnar hafa aukist og dregið hefur verið úr kostnaði og þörf fyrir beint opinbert eftirlit. Komi framleiðendur á hjá sér gæðakerfum sem byggja á þeim atriðum sem fram koma í greininni, þar með talinni lýsingu á vinnureglum og skiptingu ábyrgðar, mun það leiða til þess að eftirlit opinberra aðila getur minnkað verulega án þess að hætta sé á að trúverðugleiki eftirlitsins minnki. Evrópubandalagið og yfirvöld í Bandaríkjunum gera skilyrðislaust kröfu um eigið eftirlit eða einhvers konar gæðakerfi í fyrirtækjum ef þau vilja fá leyfi til að nota útflutningsnúmer sem tryggja þeim aðgang að mörkuðum þessara þjóða án skoðunar. Þessar þjóðir telja að sé þessi aðferð notuð við eftirlit undir yfirumsjón opinberra aðila þá sé það nægileg trygging fyrir heilnæmi og gæðum afurðanna.

Augljóst er að innra eftirlit fyrirtækja eða gæðakerfi þeirra hljóta að taka mið af stærð fyrirtækja, eðli framleiðslunnar og aðstæðum. Þannig hljóta kröfur til smærri fiskiskipa, smærri fyrirtækja eða þeirra sem vinna úr eigin afla að vera einfaldar og auðveldar í framkvæmd. Nauðsynlegar skráningar eru í mörgum tilfellum þegar viðhafðar en aðeins þörf á að gera þær markvissari og kerfisbundnari. Samstarfshópar með aðild atvinnurekenda í sjávarútvegi, sjávarútvegsráðuneytisins og Ríkismats sjávarafurða vinna nú að

greiningu á kröfum til hverrar vinnslugreinar, þar á meðal um fyrirkomulag innra eftirlits er byggir á þeim meginatriðum sem tekin eru upp í þessari grein. Ráðherra mun setja nánari reglur um framkvæmd þeirra atriða á grundvelli tillagna hópanna.

Um 14. gr.

Í þessari grein er lagt til að forsvarsmönnum fyrirtækja og útgerða skipa, sem nánar er getið í 12. gr. frumvarpsins, sé skylt að hafa samning við viðurkennda skoðunarstofu. Hér er um nýmæli að ræða. Í eldri lögum var gerð krafa um að framleiðendur sjávarafurða hefðu í þjónustu sinni löggilta matsmenn sem Ríkismatið samþykkti. Jafnframt var útflytjendum sjávarafurða skylt að hafa eftirlitsmenn sem væru löggiltir matsmenn ella kaupa þessa þjónustu af Ríkismatinu. Stærstu sölusamtökin, þ.e. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Íslenskar sjávarafurðir hf., Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda og Sölusamtök lagmetis, hafa rekið eftirlitsdeildir sem fylgst hafa með framleiðslu félagsmanna þeirra og að afurðir þeirra fullnægðu jafnt opinberum kröfum og kröfum erlendra viðskiptaaðila. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel enda þótt óljós skipting á hlutverki opinbers eftirlits og eftirlitsdeilda sölusamtakanna hafi skapað togstreitu. Í ljósi þeirra breytinga, sem frumvarp þetta mun hafa í för með sér, er mikið verk fyrir höndum að taka út hreinlætisaðstæður og búnað fyrirtækja ásamt reglubundnum sýnatökum og úttekt á gæðakerfum. Þetta eftirlit yrði afar kostnaðarsamt og líklega ofviða Ríkismati sjávarafurða eins og það er nú búið tækjum og mannafla. Þá eru uppi efasemdir um að slíkt eftirlit mundi skila þeim árangri sem vænst væri af því.

Þá er ljóst að beinu opinberu eftirliti með hverjum framleiðanda fylgir ávallt ráðgjöf og aðstoð við að koma í lag því sem ábótavant er. Hér er því farin sú leið að aðskilja opinbert eftirlit frá framleiðslueftirliti og ráðgjöf. Fyrirtækjum er skylt að koma á fót hjá sér innra eftirliti eða gæðakerfi til að tryggja nauðsynlegt eftirlit með framleiðslu og gera samning við skoðunarstofur til að fylgjast með og votta virkni kerfisins þannig að það sé í samræmi við þá lýsingu sem til er á því. Með þessu móti eru gerðar ríkari kröfur til framleiðenda en í öðrum löndum því skoðunarstofum er falið að fylgjast reglubundið með innra eftirliti, hreinlæti og búnaði sjávarútvegsfyrirtækja. Skoðunarstofur verða þannig hluti af framleiðslueftirliti fyrirtækjanna og eiga að vera trygging opinberra yfirvalda fyrir því að það sé virkt. Skoðunarstofur munu að hluta til hafa eftirlit með því að opinberum kröfum sé fullnægt jafnframt því að fylgjast með að farið sé eftir sérkröfum kaupenda. Komi í ljós við skoðun að innra eftirliti sé ábótavant eða að kröfum um hreinlæti og búnað sé ekki fullnægt setur skoðunarstofa fyrirtæki sanngjörn tímamörk til að gera nauðsynlegar úrbætur. Hafi lagfæringar ekki átt sér stað þegar sá frestur rennur út ber skoðunarstofu að upplýsa Fiskistofu um það. Fiskistofa tekur ákvörðun um aðgerðir, svo sem sviptingu vinnsluleyfis að undangenginni skoðun, eða hún grípur til annarra aðgerða.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Fiskistofa veiti skoðunarstofu viðurkenningu. Fyrirkomulag faggildingar (accreditation) vottana og prófana er í örri þróun í heiminum og má vænta þess að breytingar verði gerðar á löggjöf okkar á næstunni í þessum efnum. Því er ráðherra heimilt að ákveða að annar aðili gangi úr skugga um hæfni skoðunarstofa og veiti þeim viðurkenningu.

Mat Fiskistofu eða annars aðila, sem ráðherra felur viðurkenningu á skoðunarstofum, skal m.a. byggt á hæfni, áreiðanleika og skipulagi stofunnar. Í því felst m.a. að þær geti framvísað nákvæmri lýsingu á starfsemi sinni, stjórnun, skipulagi, hlutleysi, dreifingu ábyrgðar og upplýsingum um þekkingu og reynslu starfsmanna.

Skoðunarstofum ber að fara eftir settum reglum um fyrirkomulag skoðunar og hvernig meðhöndla skuli frávik. Fiskistofa sviptir skoðunarstofu heimild til starfa sé ekki farið eftir þeim. Með þessu fyrirkomulagi má vinna margt ef vel tekst til. Umsvif opinbers eftirlitsaðila minnkar til muna. Nægilegt eftirlit ætti að felast í skoðun skráninga og upplýsinga frá skoðunarstofu um hvert fyrirtæki. Í eftirliti Fiskistofu með starfsemi skoðunarstofa ætti þannig að felast nægilegt eftirlit með þeim fyrirtækjum sem stofan hefur í umsjá sinni. Þetta fyrirkomulag felur í sér að komið er á trúverðugri úttekt á gæðakerfum og um leið virku eftirliti með framleiðslu sem opinberir aðilar í markaðslöndum okkar munu telja fullnægjandi.

Um 15. gr.

Hér er lagt til að framleiðandi eða útflytjandi veiti Fiskistofu og skoðunarstofu sem hann er með samning við alla þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðana. Eðlilegt þykir að opinbert yfirvald og skoðunarstofa hafi aðgang að öllum stöðum þar sem sjávarafurðir eru geymdar eða framleiddar til að eftirlit verði trúverðugt. Hins vegar er ólíklegt að á þetta ákvæði reyni nema í undantekningartilvikum því neiti framleiðandi samningsbundinni skoðunarstofu um aðstoð, upplýsingar eða aðgang mundi skoðunarstofa tilkynna slíkt til Fiskistofu og segja upp samningi við fyrirtækið. Það mundi hafa í för sér með missi vinnsluleyfis ef önnur skoðunarstofa tæki fyrirtækið ekki að sér. Í slíkum tilvikum mundi Fiskistofa koma á vettvang og krefjast aðgangs eða upplýsinga.

Upplýsingar frá framleiðanda geta verið viðkvæmar og varðað viðskiptaleyndarmál. Því er brýnt að skoðunarstofur og Fiskistofa fari varlega með þær. Erfitt er að gefa leiðbeiningar um hvaða upplýsingar eigi að fara með sem trúnaðarmál því margar eru opinberar, svo sem framleiðslutölur. Því verður að byggja á mati hverju sinni og venjum sem skapast hafa í þessu efni.

Í 2. mgr. er framleiðanda eða útflytjanda gert skylt að láta skoðunarstofu og Fiskistofu án endurgjalds í té sýni af sjávarafurðum til rannsókna. Enda þótt gæðakerfi fyrirtækja byggi m.a. á reglulegum sýnatökum til rannsókna er nauðsyn á að Fiskistofu sé heimilt að taka eigin sýni og láta rannsaka til að sannreyna niðurstöður af sýnum sem starfsmenn skoðunarstofu eða fyrirtækisins hafa látið rannsaka. Fiskistofa getur falið skoðunarstofu eða öðrum aðila að taka sýni í samræmi við staðla um sýnatöku.

Um 16. gr.

Uppfylli framleiðandi þær kröfur sem gerðar eru í frumvarpi þessu og verði það að lögum mun hann fá sérstakt útflutningsnúmer til ríkja Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna. Útflutningsvottorð munu því að mestu verða ónauðsynleg vegna útflutnings á þessa markaði. Hins vegar mun verða krafist vottorða með forsoðnum afurðum, skelfiski og e.t.v. einhverjum öðrum afurðum. Einnig mun verða krafist útflutningsvottorða til landa í Afríku, Asíu og einhverra annarra landa. Fiskistofa mun gefa út slík opinber vottorð en verður heimilt að veita viðurkenndri skoðunarstofu að uppfylltum sérstökum skilyrðum heimild til útgáfu útflutningsvottorða. Þessi heimild yrði í samræmi við fyrirkomulag sem haft hefur verið við útflutning frá árinu 1985. Eftirlitsdeildir Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Íslenskra sjávarafurða hf., Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda og Sölusamtaka lagmetis hafa þessa heimild í dag. Óvíst er með hvaða skilyrðum þessi heimild verður veitt í framtíðinni. Mun það væntanlega byggjast á samningum við Evrópubandalagið og bandarísk yfirvöld og áliti þeirra á gildandi fyrirkomulagi.

Um 17. gr.

Með þessari grein er Fiskistofu heimilað að stöðva vinnslu og dreifingu sjávarafurða ef þær þykja brjóta í bága við 10. eða 11. gr. Hér er um að ræða ákvarðanir Fiskistofu sem lægra setts stjórnvalds vegna ætlaðra brota er varða framleiðslu, geymslu og meðferð sjávarafurða, þar með taldar ákvarðanir framleiðanda við framleiðslu eða útflutning sem munu leiða til þess síðar að vara uppfylli ekki ákvæði laganna. Ákvæðið tekur einnig til innköllunar sjávarafurða enda hafi afurðir verið framleiddar við ólögmætar aðstæður, þær ekki fengið rétt útflutningsvottorð eða að rökstuddur grunur sé um að varan sé óviðunandi. Þykir eðlilegt að opinber eftirlitsstofnun hafi slíkar heimildir til að koma í veg fyrir að skaðlegar eða ranglega merktar sjávarafurðir eða afurðir framleiddar við ófullnægjandi aðstæður fari á markað.

Um 18. gr.

Í þessari grein er að finna nýmæli. Hér er lagt til að í þeim tilvikum, sem Fiskistofa hefur ákvarðað að sjávarafurðir séu óhæfar til manneldis, beri viðkomandi aðila að eyða vörunni innan þriggja mánaða. Reynslan hefur sýnt að ástæða er til að taka upp slíkt ákvæði. Mörg tilfelli hafa komið upp þar sem Ríkismat sjávarafurða hefur úrskurðað vöru óhæfa, bannað útflutning hennar, innsiglað vöruna en ekki getað fyrirskipað eyðingu hennar. Framleiðandi hefur í flestum tilvikum urðað vöruna eða hagnýtt hana í fiskimjöl en í nokkrum tilfellum hefur framleiðandi verið ósáttur við niðurstöðu og látið hjá líða að eyða vörunni. Einnig eru þess dæmi að framleiðandi hafi geymt vöru í frysti í óeðlilega langan tíma og hún þá jafnvel verið veðsett. Þriggja mánaða frestur, sem veittur er í greininni, þykir hæfilegur tími til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að eyða vörunni.

Í 2. mgr. er lagt til að Fiskistofa geti ákveðið að vöru, sem þykir óhæf til manneldis, megi hagnýta til annarrar framleiðslu enda geta efni sem gera vöruna óhæfa til manneldis t.d. horfið við framleiðslu fiskimjöls.

Um 19. gr.

Í þessari grein er lagt til að vegna brota gegn ákvæðum II. kafla eða 13. eða 14. gr. megi Fiskistofa svipta viðkomandi vinnsluleyfi.

Þessi heimild er forsenda þess að unnt verði að framfylgja ákvæðum frumvarpsins. Um er að ræða heildarhagsmuni allra framleiðenda í landinu. Nauðsynlegt er að opinber yfirvöld hafi möguleika á að bregðast skjótt við aðsteðjandi vandamálum þegar þess verður vart að eitthvað hefur farið úrskeiðis við meðferð sjávarafurða eða framleiðslu þeirra. Svipting vinnsluleyfis er bráðabirgðaráðstöfun sem gripið er til meðan óviðunandi ástand varir. Áður en sviptingu er beitt skal gefa viðkomandi möguleika á að skýra ástæður sem eftir atvikum geti leitt til þess að ekki komi til sviptingar. Augljóst er að sanngjarn frestur, svo sem getið er í 1. mgr., hlýtur ávallt að vera skammur.

Sviptingin miðar að því að afleiðingar ólögmætrar meðferðar á sjávarafurðum skapi ekki hættu fyrir neytendur sjávarafurða né setji heildarhagsmuni greinarinnar í hættu. Fresturinn yrði hugsanlega nokkrir sólarhringir en í sumum tilvikum verður hann að vera skemmri.

Ákvæði 2. mgr. þykir nauðsynlegt þar sem Fiskistofu eða skoðunarstofu er oft brýnt að fá upplýsingar um framleiðslu, svo sem skráningar sem ekki verður aflað annars staðar. Auk þess felur 2. mgr., sbr. 1. mgr. 15. gr., í sér ótakmarkaðan aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Sú aðstoð, sem gert er ráð fyrir skv. 2. mgr. við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þykir sjálfsögð innan þeirra marka

sem með sanngirni má leggja á framleiðanda eða annan aðila sem greinin tekur til án þess að hún hafi í för með sér verulegan kostnað eða raski verulega starfsemi hans.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að vísa megi til málskotsnefndar ákvörðunum Fiskistofu varðandi sjávarafurðir. Þetta er nýmæli og ætti að vera til þess fallið að auka réttaröryggi, skilvirkni og öruggari málsmeðferð enda á málskotsnefndin að vera óháður úrskurðaraðili. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir málskot til dómstóla sem tryggt er skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944.

Um 21. gr.

Hér er kveðið á um skipan málskotsnefndar til meðferðar mála sem til hennar yrði vísað skv. 20. gr. Hlutverk nefndarinnar yrði að fjalla um ákvarðanir Fiskistofu varðandi sjávarafurðir, sbr. 20. gr.

Svipting vinnsluleyfis, sem Fiskistofu yrði heimilt að gera, væri bráðabirgðaráðstöfun sem beitt yrði til að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir eða ólögmætt ástand. Af hálfu stjórnvaldsins, sem leyfi svipti, yrði sviptingin afturkölluð þegar ólögmætu ástandi hefði verið aflétt eða tryggt þætti að farið yrði að lögum. Málskotsnefnd skal samkvæmt frumvarpinu fjalla um efnislegar ástæður sem urðu til þess að bráðabirgðaráðstöfunum var beitt og leiðir því af sjálfu sér að úrskurður málskotsnefndar getur falið í sér að sviptingu vinnsluleyfis yrði aflétt ef ákvörðun Fiskistofu, sem leiddi til sviptingar, yrði talin óréttmæt.

Málskotsnefnd yrði heimilt að staðfesta, breyta eða fella úr gildi ákvörðun Fiskistofu. Þetta fyrirkomulag ætti að veita Fiskistofu hæfilegt aðhald og ætti að auka líkur á því að sá er ákvörðun beindist gegn fengi hlutlausa umfjöllun um mál sitt teldi hann að á sér væri brotinn réttur.

Úrskurður nefndarinnar yrði endanlegur að því leyti að allir aðilar væru bundnir við hann og bæri að framkvæma ákvæði hans. Úrskurðinum yrði ekki skotið til ráðherra og meðferð dómstóla á þessari stjórnvaldsákvörðun mun ekki fresta framkvæmd hennar.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að verja hagsmuni sem varða þýðingarmesta atvinnuveg þjóðarinnar sem jafnframt er viðkvæmur matvælaiðnaður. Ef út af er brugðið getur það haft stórhættulegar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér. Því þykir eðlilegt ef heilsu neytenda er ógnað með óheilnæmri vöru eða sameiginlegir hagsmunir atvinnugreinarinnar eru settir í hættu með svikum að fyrir brot sé refsað með sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar.

Í 2. mgr. er heimild til að refsa stjórnarmönnum og/eða framkvæmdastjóra fyrirtækja vegna brota. Framleiðsla í sjávarútvegi er oft flókin starfsemi þar sem ekki er á færi annarra en æðstu stjórnenda að hafa heildaryfirsýn yfir reksturinn. Stjórnun og ábyrgð við framleiðslu verða ekki skilin að. Að sjálfsögðu leysir ákvæði 2. mgr. aðra starfsmenn ekki undan refisábyrgð vegna ásetningsbrota eða brota sem rekja má til vítaverðs gáleysis.

24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Í eldri lögum um sama efni, t.d. lögum nr. 55/1984, um Ríkismat sjávarafurða, og lögum nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, voru ákvæði um að framleiðendur sjávarafurða hefðu í þjónustu sinni löggilta matsmenn. Ráðuneytið hefur löggilt þessa matsmenn að fenginni umsögn fiskmatsstjóra. Með ákvæði þessa frumvarps um gæðakerfi í framleiðslu, sbr. 2. tölul. 13. gr. er gert ráð fyrir að á staðnum sé starfsmaður með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu. Því þykir ekki lengur þörf á að löggilda sérstaka matsmenn til starfa við meðferð eða framleiðslu sjávarafurða.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Með frumvarpi þessu er leitast við að tryggja að íslenskur sjávarútvegur haldi uppi ströngum gæðakröfum í meðferð hráefnis og framleiðslu úr því. Í aðalatriðum er eftirlit með gæðakröfum komið fyrir hjá skoðunarstofum sem verða einkarekin fyrirtæki og starfa undir umsjá Fiskistofu, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Kostnaður af gæðaeftirliti verður borinn af þeim sem eftirlit er haft með í formi gjalda til þeirra skoðunarstofa er þeir eiga viðskipti við.

Eini þátturinn er kann að valda kostnaði fyrir ríkissjóð er málskotsnefnd skv. 20. og 21. gr. frumvarpsins. Hún skal skipuð þremur mönnum. Ekki er tekið beinlínis fram að nefndin skuli kostuð af ríkissjóði heldur getur nefndin krafið málsaðila um greiðslu kostnaðar sem hlýst af meðferð máls. Ekki er ljóst hvort sá kröfuréttur er nægur til að kosta starf nefndarinnar og verður að telja líklegt að ríkissjóður verði að kosta starf hennar að einhverju leyti. Má ætla að í heild kosti starf nefndarinnar ekki meira en nefndar þeirrar er úrskurðar um álagningu gjalds vegna ólögmæts sjávarafla, þ.e. 600–800 þús. kr. á ári og verður ríkissjóður líklega að bera hluta af þeim kostnaði.

688. Frumvarp til laga [430. mál]

um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

Um gjaldtöku.

1. gr.

Ólögmætur er sá sjávarafli eða hluti afla:

1. sem ekki nær þeirri lágmarksstærð sem kveðið er á um í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða sérstökum veiðileyfum,
2. sem er umfram þann hámarksafla sem veiðiskipi er settur,
3. sem fenginn er utan leyfilegra sóknardaga,
4. sem fenginn er með óleyfilegum veiðarfærum,
5. sem fenginn er á svæði þar sem hlutaðeigandi veiðar eru bannaðar,
6. sem fenginn er án þess að tilskilin veiðileyfi hafi verið fyrir hendi,
7. sem 2. mgr. 7. gr. tekur til.

Greiða skal sérstakt gjald samkvæmt fyrirmælum laga þessara fyrir veiðar, verkun, vinnslu eða viðskipti með ólögmætan sjávarafla.

Gjald skv. 2. mgr. skal renna í sérstakan sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytisins og skal verja fé úr honum í þágu hafrannsókna og eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðherra.

Nú hefur verið lagt hald á afla og hann gerður upptækur eftir ákvæðum annarra laga og kemur þá ekki til greiðslu gjalds skv. 2. mgr.

Um greiðsluskyldu.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal að jafnaði lagt á þann sem hefur gert út skip eða bát sem veitt hefur gjaldskyldan afla. Ef uppvíst verður um gjaldskyldan afla án þess að unnt reynist að ákvarða hver hafi veitt hann má þó leggja gjaldið á þann sem hefur tekið við aflanum til verkunar eða vinnslu eða hefur haft milligöngu um sölu hans eða afurða úr honum hvort sem er hér á landi eða erlendis, enda hafi þeir vitað eða mátt vita að um ólögmætan sjávarafla var að ræða.

Gjald skv. 1. gr. verður aðeins lagt á einn þeirra sem taldir eru upp í 1. mgr. Aðrir þeir, sem þar eru taldir og sem uppvíst er að hafi átt þátt í veiðum, verkun, vinnslu eða viðskiptum með gjaldskyldan afla, ábyrgjast þó greiðslu gjaldsins sem eigin skuld með þeim sem gjald er lagt á ef ætla má að þeir hafi vitað eða mátt vita að um ólögmætan sjávarafla var að ræða.

3. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal nema andvirði gjaldskylds afla.

Ef ekki verður staðreynt hver sú fjárhæð hefur verið skal gjaldið nema því verði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á þeim stað og því tímabili sem hann barst að landi. Verði gjaldskyldur afli ekki heimfærður til ákveðins tímabils skal verðleggja hann á grundvelli meðalverðs fyrir samsvarandi afla á viðkomandi fiskveiðiári.

Ef ekki verður staðreynt af fyrirliggjandi gögnum hvert hafi verið magn eða andvirði gjaldskylds afla skal það áætlað eftir því sem segir í 5. gr.

Um eftirlit.

4. gr.

Að því leyti sem fyrirmæli laga fela það ekki öðrum stjórnvöldum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu með höndum eftirlit með því hvort sjávarafli er gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er sjávarútvegsráðherra heimilt að kveða nánar á um eftirlit þetta í reglugerð.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að kveða á í reglugerð um skyldu útgerðarmanna, fiskverkenda og fiskseljenda til að láta af hendi sérstakar skilagreinar um þann sjávarafla sem þeir hafa til umráða hverju sinni.

5. gr.

Þeim sem hafa með höndum eftirlit skv. 1. mgr. 4. gr. er heimilt að krefja útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, fiskverkendur, fiskseljendur og þá sem hafa haft milligöngu um viðskipti með sjávarafla eða afurðir um öll nauðsynleg gögn og upplýsingar sem þeir geta látið í té og varða, að mati eftirlitsmanna Fiskistofu, ákvörðun um hvort sjávarafli kunni að vera gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er þeim sem krafðir eru upplýsinga skylt að láta þær af hendi endurgjaldslaust og í því formi sem eftirlitsmenn mælast til. Eftirlitsmönnum er enn fremur heimilt í sama skyni að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum þeirra, sem áður er getið, samningum þeirra, verslunarbréfum og öðrum slíkum gögnum, svo og að skrifstofum þeirra, vinnustöðvum, vinnsluhúsum, vörugeymsluhúsum og öðrum slíkum stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits.

Í sama tilgangi er þeim sem hafa með höndum eftirlit skv. 1. mgr. 4. gr. heimilt að krefjast upplýsinga af félögum og félagasamtökum útgerðarmanna, fiskverkenda, fiskseljenda og af félögum annarra sem hlut geta átt að máli, um viðskipti félagsmanna þeirra og aðra starfsemi sem þau hafa gögn eða upplýsingar um.

Opinberum stofnunum, viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánastofnunum ber að veita þeim sem eftirlit hafa með höndum skv. 1. mgr. 4. gr. aðgang að öllum gögnum sem þeir telja nauðsynleg til eftirlits samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Forstöðumönnum opinberra stofnana og starfsmönnum er enn fremur skylt að láta í té alla nauðsynlega aðstoð og upplýsingar sem eftirlitsmenn óska eftir og unnt er að veita.

Ef eftirlitsmenn Fiskistofu telja fram komin gögn eða upplýsingar ófullnægjandi, óglögg, tortryggileg eða ekki látin í té í umbeðnu formi eða þeir telja frekari skýringa þörf á einhverju atriði skulu þeir skora skriflega á þann sem kann að verða krafinn um gjald skv. 1. gr. að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýrslur og þau gögn sem þeir telja þörf á. Ef ekki er bætt úr annmörkum, svar berst ekki innan tiltekins tíma, þau gögn eru ekki send sem óskað er eftir eða fram komin gögn eða upplýsingar eru ófullnægjandi eða tortryggileg að mati Fiskistofu skal hún áætla magn og andvirði sjávarafla eftir þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja.

Um úrskurðaraðila.

6. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar þriggja manna nefnd til að úrskurða álagningu gjalds skv. 1. gr. og jafnmarga menn til vara. Aðalmenn og varamenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn og skal einn nefndarmanna skipaður formaður hennar.

Þeir menn, sem eru skipaðir í nefnd skv. 1. mgr., skulu fullnægja almennum skilyrðum laga til að fá skipun í stöðu í þjónustu ríkisins. Formaður nefndarinnar og varamaður hans, sem tekur sæti formanns í forföllum hans, skulu að auki fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála skal farið eftir því sem við á eftir þeim lagareglum sem gilda um hæfi héraðsdómara. Ef nefndarmaður er vanhæfur kveður formaður nefndarinnar til varamann í hans stað.

Afl atkvæða ræður niðurstöðum nefndar skv. 1. mgr.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Ef rökstudd ástæða kemur fram við framkvæmd eftirlits til að ætla að einhver sá, sem fyrirmæli 2. gr. taka til, hafi haft gjaldskyldan sjávarafla til umráða skal Fiskistofa leggja gjald á hlutaðeigandi aðila skv. 1. gr.

Nú sýna starfsmenn Fiskistofu fram á að verkun, vinnsla eða sala tiltekins aðila á sjávarafla eða afurða úr honum sé umfram uppgefin kaup hans eða aðföng og er þá heimilt að leggja á viðkomandi aðila gjald skv. 1. gr. um mismuninn enda þótt sjávaraflinn verði ekki rakinn til ákveðins veiðiskips eða tímabils.

Vilji aðili eigi una ákvörðun Fiskistofu getur hann, innan tveggja vikna frá því að hann fékk vitneskju um álagninguna, kært hana til Fiskistofu sem þá skal, innan tveggja vikna frá lokum gagnaöflunar, leggja rökstuddan skriflegan úrskurð á málið. Nú vill kærandi eigi sætta sig við úrskurð Fiskistofu og getur hann þá skotið honum til nefndar skv. 6. gr., enda geri hann það innan tveggja vikna frá því að hann fékk vitneskju um úrskurðinn.

Er formanni nefndarinnar hefur borist kæra skv. 1. mgr. skal hann þegar tilkynna það Fiskistofu með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Tilkynningunni skulu fylgja samrit af kæru, greinargerð kæranda og önnur gögn er kunna að hafa fylgt kærunni. Skal Fiskistofu gefinn kostur á að koma kröfum sínum, athugasemdum og öðrum gögnum á framfæri við nefndina innan tiltekins frests. Fiskistofu er jafnframt rétt að krefjast þess að kveðið verði á um ábyrgð annarra á greiðslu gjaldsins skv. 2. mgr. 2. gr.

8. gr.

Þegar frestur skv. 2. mgr. 7. gr. er á enda eða fram eru komnar athugasemdir eða gögn málsaðila skal formaður nefndar skv. 1. mgr. 6. gr. kalla hana saman til fundar til að fjalla um kröfuna. Að jafnaði skal reynt að ráða málefninu þegar til lykta á þeim fundi, en telji nefndin þörf frekari upplýsinga eða gagna getur hún gefið málsaðilum kost á öflun þeirra innan tiltekins frests. Heimilt er nefndinni að boða málsaðila eða talsmenn þeirra á sinn fund til að tjá sig nánar um málefnið ef hún telur ástæðu til áður en úrskurður gengur.

9. gr.

Úrskurðir nefndar skv. 1. mgr. 6. gr. um álagningu gjalds skv. 1. gr. skulu vera rökstuddir og færðir í sérstaka gerðabók. Í þeim skal tekin afstaða til þess hvort afli sé gjaldskyldur, hver fjárhæð gjaldsins skuli vera og hverjum beri að greiða það. Hafi þess verið krafist skal jafnframt kveðið á um hvort aðrir ábyrgist greiðslu gjaldsins skv. 2. mgr. 2. gr. Heimild til álagningar gjalds nær til gjalds vegna afla síðustu fjögurra fiskveiðiára sem næst eru á undan því fiskveiðiári sem álagning Fiskistofu fer fram á.

Þegar úrskurður hefur gengið skal formaður án tafar senda sjávarútvegsráðherra, Fiskistofu og þeim sem krafa hefur beinst að eintak úrskurðarins í ábyrgðarpósti eða á annan sannanlegan hátt.

Um innheimtu.

10. gr.

Fiskistofa fer með innheimtu gjalds skv. 1. gr. Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að fela innheimtumönnum ríkissjóðs eða öðrum aðilum innheimtu þess.

Gjald skv. 1. gr. fellur í gjalddaga við álagningu. Ber það dráttarvexti samkvæmt ákvæðum vaxtalaga frá því 30 dagar eru liðnir frá gjalddaga þess.

Álagning gjalds eða úrskurður um gjaldtöku skv. 1. gr. eru aðfararhæfar ákvarðanir,

bæði gagnvart þeim sem gjald hefur verið lagt á og þeim sem bera ábyrgð á greiðslu þess samkvæmt úrskurði. Má Fiskistofa krefjast fullnustu með fjárnámi þegar liðnir eru 30 dagar frá dagsetningu álagningar eða uppkvaðningu úrskurðar.

Ef gjald skv. 1. gr. hefur verið lagt á útgerðarmann skips og það er ógreitt og sá tími kominn að krefjast megi fullnustu þess með fjárnámi er ráðherra enn fremur heimilt að fella niður án frekari fyrirvara veiðiheimildir útgerðarmannsins eða skipa sem hann gerir út þar til skuldin greiðist.

Ágreining um skyldu til greiðslu gjalds skv. 1. gr. eða um ábyrgð á greiðslu þess má bera undir dómstóla sé það gert innan 30 daga frá uppkvaðningu úrskurðar skv. 6. gr. Slíkt málskot frestar ekki fullnustu úrskurðar.

11. gr.

Ef sjávarútvegsráðherra telur veiðar á gjaldskyldum afla samkvæmt lögum þessum brjóta gegn refsiákvæðum annarra laga er honum rétt að tilkynna það ríkissaksóknara. Slík tilkynning eða opinber rannsókn eða höfðun opinbers máls í tilefni hennar raskar því ekki að gjald verði lagt á eftir fyrirmælum þessara laga.

Um dagsektir.

12. gr.

Hver sá, sem tregðast við að láta eftirlitsmönnum Fiskistofu í té upplýsingar er varða gjaldskyldu annarra eða tregðast við að veita aðgang að aðstöðu eða gögnum, sbr. 5. gr., skal sæta dagsektum. Sjávarútvegsráðherra kveður á um skyldu til greiðslu dagsekta og mega þær nema allt að 10.000 kr. á dag. Dagsektir má innheimta með fjárnámi.

Um gildistöku o.fl.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1992.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, með áorðnum breytingum, ásamt stjórnvaldsfyrirmælum sem hafa verið sett á grundvelli þeirra.

14. gr.

Heimilt er að leggja á gjald samkvæmt fyrirmælum laga þessara þótt sú háttsemi, sem leiðir til álagningar þess, kunni að hafa átt sér stað fyrir gildistöku þeirra ef heimilt hefði verið að gera viðkomandi afla upptækan samkvæmt fyrirmælum laga nr. 32/1976 og upptaka aflans eða andvirðis hans hefur ekki þegar farið fram.

Sjávarútvegsráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan sjávarútvegsráðherra.

Í lögum nr. 38 frá 15. maí 1990 var kveðið á um það í bráðabirgðaákvæði VIII að sjávarútvegsráðherra skuli láta fara fram endurskoðun á lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla, nr. 32 19. maí 1976, og leggja fram frumvarp að nýrri löggjöf um það efni fyrir Alþingi haustið 1990. Skuli sú endurskoðun m.a. beinast að því að aðskilja eftirlit og úrskurðarvald á þessum vettvangi.

Með setningu laga nr. 32/1976 voru lögfest almenn ákvæði um upptöku ólöglegs sjávarafla án tillits til refsinæmis verknaðar. Lögfesting þeirra ákvæða réttlættist af ríkri nauð-

syn á verndun fiskstofna. Markmið upptöku afla er að girða fyrir að farið sé fram hjá friðunarákvæðum sem gilda um friðun fiskstofna en á því er hætta ef upptaka er takmörkuð.

Frumvarp þetta felur í sér endurskoðun á umræddum reglum laga nr. 32/1976. Í framkvæmd hefur sú upptaka ólögmæts sjávarafla, sem kveðið er á um í þeim lögum, aldrei beinst að aflanum sjálfum heldur hefur hún ávallt komið til eftir að afla hefur verið ráðstafað og þá beinst að því að sannanlegu eða áætluðu söluverðmæti hans verði skilað og innheimtu eftir atvikum beint að seljanda eða kaupanda afla.

Þetta byggir á þeirri grundvallarreglu að enginn megi öðlast rétt yfir ólögmætum sjávarafla.

Við endurskoðun laga nr. 32/1976 er gengið út frá því að lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, verði breytt þannig að sett verði á fót sérstök stofnun, Fiskistofa, er heyri undir sjávarútvegsráðherra og hafi m.a. það hlutverk að stjórna og hafa eftirlit með fiskveiðum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Fiskistofa geti krafið þann er brotlegur gerist um ólögmætan sjávarafla til þess að greiða gjald skv. 1. gr. er nemi andvirði hins ólögmæta sjávarafla. Vilji sá sem krafinn er ekki greiða getur hann kært álagninguna fyrst til Fiskistofu og síðan til sjálfstæðs úrskurðaraðila skv. 6. gr. frumvarpsins. Þannig er um hnútana búið að málsmeðferð á að ganga greiðlega fyrir sig og vilji menn eigi una úrskurði nefndarinnar geta þeir skotið málinu til dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá uppkvaðningu úrskurðar. Með þessu móti er stefnt að tvennu, í fyrsta lagi skilvirkri málsmeðferð og í öðru lagi réttaröryggi er sjálfstæður úrskurðaraðili á að veita. Málskot til dómstóla er að sjálfsögðu tryggt skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944. Settur er þó til þess skammur tími, en að því er ætla verður nægur málskotsfrestur, 30 dagar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að veiði og meðferð afla sem veiðst hefur án veiðiheimildar eða andstætt friðunarreglum skapi gjaldskyldu samkvæmt lögunum. Í 1.–7. tölul. eru talin þau tilvik sem leitt geti til gjaldskyldu og eru þau óbreytt frá 1. gr. laga nr. 32/1976, nema ákvæði 7. tölul. sem er nýmæli. Rétt þykir að halda ákvæði um brot á reglum um sóknardaga, sbr. 6. mgr. II. bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 38/1990, auk þess sem slíkt kerfi kann að verða tekið upp síðar.

Í 4. mgr. eru tekin af tvímæli um að ekki komi til greiðslu sérstaks gjalds samkvæmt lögunum ef tekist hefur að koma við upptöku á aflanum sjálfum og undirstrikar það tengsl milli úrræða, sem að lögum eru til staðar, til að knýja fram skil á afla eða verðmæti hans hafi hann veiðst andstætt friðunarákvæðum.

Um 2. og 3. gr.

Í þessum greinum kemur fram á hverjum skylda til greiðslu gjalds hvílir og um ákvörðun gjaldsins. Er meginreglan sú að leggja skal á þann sem gert hefur út skip eða bát ef upplýst er hver veiddi ólögmæta aflann.

Ef það er eigi upplýst er þó heimilt að innheimta gjaldið hjá öðrum þeim sem upp eru taldir í 2. gr., enda hafi þeir vitað eða mátt vita að um ólögmætan sjávarafla var að ræða.

Með orðinu „andvirði“ í 3. gr. er átt við heildarandvirði gjaldskylds afla án frádráttar kostnaðar vegna löndunar og sölu aflans.

Um 4. og 5. gr.

Í þessum greinum er kveðið á um eftirlit með því hvort afli sé gjaldskyldur samkvæmt lögunum og ítarlegar reglur settar um framkvæmd eftirlitsins og heimildir þeirra sem með eftirlitið fara, m.a. til að krefja þá sem eftirlit beinist að og aðra sem taldir eru í 5. gr. upplýsinga og gagna er kunna að skipta máli um gjaldskyldu samkvæmt lögunum. Gefi sá er krafinn kann að verða um gjaldið ekki fullnægjandi skýringar og upplýsingar þrátt fyrir áskorun skal áætla magn og andvirði sjávarafla eftir þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um stofnun og skipan sérstakrar óháðrar úrskurðarnefndar er hafi það hlutverk að leggja á hið sérstaka gjald skv. 1. gr. vegna ólögmæts sjávarafla, enda hafi sá er krafa beinist gegn eigi viljað una úrskurði Fiskistofu, sbr. 7. gr.

Um 7. og 8. gr.

Í 7. og 8. gr. er kveðið á um málsmeðferð við álagningu gjaldsins. Vilji hlutaðeigandi ekki una álagningu eða úrskurði Fiskistofu getur hann vísað málinu til úrskurðarnefndar skv. 6. gr. Í þeim tilvikum, sem ágreiningur er um gjaldskyldu og magn, er gengið út frá því að greinargerðir fylgi frá málsaðilum og að nefndin geti, telji hún þörf á, kvatt aðila, eða talsmenn þeirra, á sinn fund til að tjá sig nánar um málefnið eftir að afstaða beggja liggur fyrir.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Úrskurðir nefndar skv. 6. gr. verða ekki kærðir til sjávarútvegsráðherra. Hins vegar verður þeim skotið til dómstóla út af ágreiningi um skyldu til greiðslu gjalds samkvæmt 1. gr. eða um ábyrgð á greiðslu þess. Málskotsfrestur er 30 dagar frá uppkvaðningu úrskurðar.

Sama málskotsfrest er t.d. að finna í 150. gr. laga um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, 100. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, og 101. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að dagsektir verði meginúrræði til þess að knýja fram upplýsingar, gögn og aðgang að vettvangi hjá upplýsingaskyldum aðilum, sbr. 5. gr. Ákvæðinu er þó ekki ætlað að girða fyrir innsetningargerð í þessu skyni.

Um 13. gr.

Ráðgert er að gildistaka þessara laga haldist í hendur við gildistöku þeirra breytinga er gera þarf á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, vegna stofnunar Fiskistofu.

Um 14. gr.

Grein þessari er ætlað að taka af öll tvímæli um það að heimilt er að leggja á gjald þetta þótt háttsemi sú, sem liggur álagningu til grundvallar, hafi átt sér stað fyrir gildistöku laganna, enda hefði álagning verið heimil samkvæmt eldri lögunum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að gjald verði lagt á ólögmætan sjávarafla eftir nánari skilgreiningu í 1. gr. þess. Engin tök eru á að ákveða hverjar tekjur verða af gjaldi þessu. Það fer bæði eftir fjölda brota fiskverði og framfylgd laganna. Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að tekjunum verði ráðstafað í sérstakan sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytisins og skuli verja fé úr honum í þágu hafrannsókna og eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðherra. Hér er um sama sjóð að ræða og stofnað er til með 2. gr. l. nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, og er fyrirkomulag á ráðstöfun hans óbreytt í frumvarpi þessu frá þeim lögum. Gera verður ráð fyrir að fé úr sjóðnum muni að mestum hluta renna til Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu sem leiða mun til lækkunar á beinum fjárveitingum til þessara stofnana á fjárlögum.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir þriggja manna nefnd til að úrskurða álagningu gjalds skv. 1. gr. og jafnmörgum mönnum til vara. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Sé tekið mið af ýmsum hliðstæðum fastanefndum í þjónustu ríkisins má ætla að nefndarlaun verði á bilinu 600–800 þús. kr. á ári eftir því hvert vinnumagn nefndarinnar mun reynast verða. Litið er svo á að gagnasöfnun og undirbúningur nefndarstarfsins verði unninn og fjármagnaður af Fiskistofu af því fé sem henni er ætlað nú þegar þannig að ekki verður gert ráð fyrir sérstökum kostnaði af þeim sökum.

689. Frumvarp til laga [431. mál]

um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna hlutafélag sem tekur við hluta af rekstri Ríkismats sjávarafurða. Nafnverð hlutafjár félagsins skal við stofnun þess vera 25.000.000 kr. — tuttugu og fimm milljónir króna — og er ríkissjóði heimilt að leggja það til. Í því skyni er ríkisstjórninni m.a. heimilt að leggja hlutafélaginu til eignir Ríkismatsins eða hluta þeirra. Mat skal fara fram á því lausafé. Niðurstaða þess mats skal metin sem hluti greiðslu fyrir hlutafjárloforð ríkissjóðs.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að annast ráðgjöf og reka skoðunarstofu í samræmi við lög og reglur um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, svo og önnur skyld starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Í því skyni er félaginu heimilt að gerast eignaraðili að stofnunum eða öðrum félögum, þar á meðal hlutafélögum.

Heimilt er að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi.

3. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess. Sjávarútvegsráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu. Heimilt er að selja öll hlutabréfin í félaginu eða hluta þeirra samkvæmt nánari ákvörðun hluthafa. Á fyrsta starfsári nýja félagsins er heimilt að bjóða þeim mönnum, sem starfa hjá Ríkismati sjávarafurða við stofnun félagsins, hlutabréf til kaups á sérstökum kjörum og binda þá sölu sérstökum skilyrðum.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með áorðnum breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið.

5. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

Matsverð þeirra fyrnanlegu eigna, sem félagið yfirtekur frá Ríkismati sjávarafurða skv. 1. gr., telst fyrningargrunnur eigna, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

6. gr.

Stofnfund nýja hlutafélagsins skal halda fyrir lok októbermánaðar 1992 og skal félagið taka til starfa 1. janúar 1993. Á stofnfundinum skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

7. gr.

Sjávarútvegsráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, þar með talin skipan matsnefndar, sbr. 1. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er eitt af frumvörpum sem flutt verða á Alþingi nú á vorþingi í tengslum við gagngera endurskoðun á stjórnsýslu sjávarútvegsins. Í dag hefur Ríkismat sjávarafurða það hlutverk að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með fiski sem veiddur er úr sjó til manneldis, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans sem og útflutningi fiskafurða.

Í tengslum við endurskipulagningu á stjórnsýslu sjávarútvegs, sem ætlað er að taka gildi á þessu ári, hefur markmið stjórnvalda með eftirliti með framleiðslu sjávarafurða

verið endurskilgreint þannig að eftirlitinu er ætlað að tryggja heilnæmi íslenskra sjávarafurða og stuðla að bættri meðferð sjávarafla. Jafnframt er haft að markmiði að bæta ímynd íslenskra sjávarafurða og auðvelda aðgang þeirra að erlendum mörkuðum. Þar að auki er unnið eftir þeirri stefnu að þau störf, sem eðlilegt má telja að einkaaðilar sinni, verði færð frá ríki til þeirra. Til að nálgast þessi markmið og uppfylla um leið nýjar kröfur helstu viðskiptaaðila Íslendinga á sjávarútvegssviði er gert ráð fyrir að skipta núverandi starfsemi Ríkismatsins upp. Annars vegar er með frumvarpi þessu lagt til að Ríkismat sjávarafurða verði endurskipulagt þannig að sett verði á fót hlutafélag sem sjái um eftirlit með gæðakerfum framleiðenda. Enn fremur er lagt til að það annist önnur þau verkefni sem teljast eðlilegur þáttur í rekstri skoðunarstofa eins og þau eru skilgreind í frumvarpi til laga um meðferð sjávarafla og eftirlit með framleiðslu þeirra sem Alþingi hefur nú til umfjöllunar. Hins vegar er í frumvarpi til laga um Fiskistofu, sem einnig er til umfjöllunar á Alþingi, gert ráð fyrir að opinbert vald Ríkismatsins verði fært til Fiskistofu sem mun m.a. verkefna veita skoðunarstofum starfsleyfi að uppfylltum tilteknum kröfum. Með þessu móti verður uppfyllt krafa erlendra heilbrigðisyfirvalda um opinbert eftirlit með framleiðslu sjávarafurða og jafnframt fylgt stefnu ríkisstjórnarinnar um að flytja verkefni frá ríki til einkaaðila. Í áðurnefndu frumvarpi um meðferð sjávarafla og eftirlit með framleiðslu þeirra er lögð sú skylda á öll sjávarútvegsfyrirtæki, þar með talin skip, að þau lúti eftirliti skoðunarstofu sem fylgist reglubundið með innra eftirliti, hreinlæti og búnaði þeirra. Er gert ráð fyrir að eftirlitsdeildir sölusamtaka muni sækja um að starfa sem skoðunarstofur enda uppfylli þær þau skilyrði sem Fiskistofa setur. Til að tryggja að allir framleiðendur, einnig þeir sem standa utan sölusamtaka, hafi aðgang að skoðunarstofu þykir rétt að ríkið hafi forgöngu um að stofna hlutafélag um það verkefni. Félaginu verður hins vegar ekki veittur neins konar einkaréttur og er gert ráð fyrir að öll fyrirtæki, sem uppfylla ákveðin skilyrði, geti fengið leyfi til að reka skoðunarstofu.

Hér á landi, eins og í flestum löndum hins vestræna heims, hefur löggjafinn skilgreint starfsemi hlutafélaga vandlega og sett ítarlegar reglur þar að lútandi. Í lögum um hlutafélög er kveðið nákvæmlega á um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Þar eru einnig ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Hlutafélagaformið er því sérstaklega hentugt félagsform þegar ríkið óskar eftir samstarfi við aðra aðila um atvinnurekstur.

Þeirri skoðun vex nú mjög fylgi bæði hér á landi og erlendis að eðlilegt sé að ríkið dragi sem mest úr þeirri atvinnustarfsemi sem er í beinni samkeppni við almennan atvinnurekstur. Jafnframt er talið við hæfi að þau opinberu fyrirtæki, sem þannig háttar til um, séu rekin í formi hlutafélaga. Með því eru öllum þeim aðilum, er standa að atvinnurekstri í sömu grein, búin sambærileg starfsskilyrði hvort sem fyrirtækin eru í eigu einstaklings eða ríkis. Ábyrgð eigenda takmarkast auk þess við framlagt hlutafé. Telja verður eðlilegt að fyrirtæki, sem eru í eigu ríkisins og starfa á samkeppnismarkaði, búi við sama rekstrarform og samkeppnisaðilarnir. Flest fyrirtæki, sem eru í rekstri á Íslandi, starfa innan ramma hlutafélagalöggjafarinnar. Í framhaldi af þeirri kerfisbreytingu, sem ný lög munu leiða til verði frumvarp það, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, að lögum, má búast við að skoðunarstofur, sem settar verða á fót, verði reknar í formi hlutafélaga.

Ýmis önnur veigamikil rök hníga að því að nýta hlutafélagaformið fyrir ríkisfyrirtæki. Kemur þar margt til: Reksturinn verður sveigjanlegri, stjórn og framkvæmdastjóri geta gert grein fyrir gerðum sínum og fyrirhuguðum aðgerðum á aðalfundi eða hluthafa-

fundi og fengið til þess stuðning eða gagnrýni eigenda. Vilji stjórn ráðast í fjárfrekar framkvæmdir er unnt að leita að nýju fjármagni með hlutafjáraukningu og nýjum hluthöfum sem kæmu inn með nýtt hlutafé vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé.

Með ákvæðum í frumvarpi þessu er lögð sérstök áhersla á að fá starfsmenn Ríkismats sjávarafurða til þátttöku í hlutafélaginu. Þannig er gert ráð fyrir að þeim verði boðið hlutafé til kaups í félaginu á sérkjörum. Þó hér sé að sumu leyti um nýja starfsemi að ræða hafa starfsmenn Ríkismatsins starfað að sambærilegum verkefnum. Takist vel til um myndun félagsins og mönnun þess ætti það því að hafa visst forskot með að koma sér fyrir á þessum nýja markaði.

Hjá Ríkismati sjávarafurða starfa 28 manns. Sé staða lögð niður skal starfsmaður skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 fá greidd föst laun er starfanum fylgdu í sex mánuði frá því að hann lét af starfi ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í tólf mánuði eigi hann að baki lengri þjónustualdur, enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Athugun bendir til að 20 af starfsmönnunum eigi sex mánaða biðlaunarétt og 8 tólf mánaða. Gera má ráð fyrir að hluti starfsmanna Ríkismatsins muni starfa hjá Fiskistofu og eigi þar með ekki rétt á biðlaunum. Í frumvarpi þessu eru engin ákvæði þess efnis að þeir starfsmenn Ríkismats, sem kunna að koma til starfa hjá nýja félaginu, missi biðlaun, þau sem þeir eiga rétt á, við það að störf þeirra eru lögð niður hjá stofnuninni. Í frumvarpi til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins er slíkt ákvæði, svo og í frumvarpi til laga um Sementsverksmiðju ríkisins. Í þeim tilfellum er um það að ræða að starfsmönnum eru tryggð sömu störf á sama stað og við sömu aðstæður; engar aðrar breytingar verða á stöðu starfsmanns eða starfsemi verksmiðja en að formi rekstrar er breytt í hlutafélag. Í þeim tilfellum hefur ekki þótt rétt að starfsmenn nytu biðlauna. Með frumvarpi því, sem hér er til umfjöllunar, horfir málið öðruvísi við. Gert er ráð fyrir að nýja félagið taki að hluta til að sér ný verkefni og annars eðlis en Ríkismatið hefur sinnt til þessa. Félagið er hvorki skyldað með lagaboði til að ráða það starfsfólk Ríkismats sem ekki flyst til Fiskistofu né eru því tryggð verkefni. Félagið þarf að hasla sér völl á nýjum markaði sem verður til m.a. vegna breyttra krafna helstu viðskiptaaðila með sjávarafurðir. Eftirspurn og umfang þess markaðar er enn óviss og ótrygg. Stofnun þessa hlutafélags er því ekki sambærileg við stofnun hlutafélags um fasta starfsemi Sementsverksmiðja ríkisins og Síldarverksmiðja ríkisins. Með hliðsjón af framansögðu þykir því ekki eðlilegt að leggja til að biðlaun starfsmanna Ríkismats sjávarafurða falli niður fari svo að þeir verði ráðnir til starfa hjá nýja félaginu.

Starfsmenn Ríkismats sjávarafurða greiða iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þrátt fyrir að staða sé lögð niður eiga starfsmenn, sem greitt hafa iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, rétt á að greiða þangað áfram iðgjöld sem miðuð eru við launaflokk þann er staðan var í er hún var lögð niður. Nýtur starfsmaður þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hefði hann gegnt starfi sínu áfram. Um réttindi þessi er fjallað í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Verði frumvarp þetta að lögum munu eftirtaldir þættir breytast í rekstri Ríkismats sjávarafurða:

1. Stofnað verður sérstakt hlutafélag til að taka við þeim þáttum í rekstri Ríkismatsins sem ekki flytjast í Fiskistofu, þ.e. að hafa eftirlit með gæðakerfum framleiðenda og reka skoðunarstofu í samræmi við reglur um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Ríkismat sjávarafurða verður ekki lengur A-hluta stofnun ríkisins, heldur hlutafélag sem í upphafi verður í eigu ríkissjóðs. Almenn lög um hlutafélög gilda um fyrirtækið. Gert er ráð fyrir að fram fari mat á eignum Ríkismats

sjávarafurða til þess að nota sem viðmiðun þegar uppgjör á hlutafjárloforði ríkissjóðs fer fram og til að ákvarða fyrningargrunn upphaflegra fyrnanlegra eigna. Heimilt verður að selja öðrum öll hlutabréf eða hluta þeirra í félaginu. Skal sérstök áhersla lögð á að fá starfsmenn Ríkismats sjávarafurða til samstarfs og til að kaupa hlutafé.

2. Stjórn fyrirtækisins verður kosin á aðalfundi.
3. Ábyrgð og völd stjórnenda vaxa.
4. Fyrirtækið hefur enga sérstöðu fram yfir samkeppnisaðila, þ.e. aðrar skoðunarstofur í landinu, og keppir á jafnréttisgrunni við þær.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er ríkisstjórninni gert að stofna hlutafélag sem taki við hluta af rekstri Ríkismats sjávarafurða. Nafnverð hlutafjár skal vera 25 m.kr. við stofnun þess og er ríkissjóði heimilað að leggja það til. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilað að leggja hlutafélaginu til eignir Ríkismatsins, allar eða hluta þeirra. Í tengslum við stofnun Fiskistofu og flutnings hluta af starfsemi Ríkismats sjávarafurða á gæðasvið stofunnar er gert ráð fyrir að haganlegt sé að flytja einhvern skrifstofubúnað og tvær til þrjár bifreiðar til Fiskistofu, að öðru leyti er gert ráð fyrir að nýja félagið taki við eignum Ríkismatsins. Nauðsynlegt er að fram fari mat á lausafé, þar með töldum bifreiðum, og það metið til fjár. Niðurstaða þess mats skal metin sem greiðsla við uppgjör á hlutafjárloforði ríkisins. Kostnaður við matið telst til stofnkostnaðar hlutafélagsins og greiðist af félaginu. Það yrði hlutverk sjávarútvegsráðherrra að kveðja til aðila til að framkvæma þetta mat.

Um 2. gr.

Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur. Jafnframt er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um tilgang félagsins í samþykktum þess. Tilgangi félagsins má síðan breyta á hluthafafundi krefjist aðstæður þess. Með því gefst nauðsynlegt svigrúm til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni. Sérstaklega er kveðið á um heimild félagsins til að gerast eignaraðili í öðrum stofnunum eða félögum, þar á meðal hlutafélögum.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að ríkissjóður skuli í upphafi vera einn eigandi allra hlutabréfa í nýja félaginu. Er það undantekning frá almennum reglum hlutafélagalaga, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Enda þótt ríkissjóður verði eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess er fyrirhugað að selja öðrum hluti og jafnvel öll hlutabréf í félaginu. Meta þarf sérstaklega hvenær aðstæður eru ákjósanlegar til sölu áður en ákvörðun verður tekin þar um. Skal við söluna stefnt að dreifðri hlutafjáreign. Jafnframt skal við söluna sérstaklega horft til þeirra starfsmanna Ríkismats sjávarafurða sem verða í starfi hjá stofnuninni við stofnun þess og er heimilt á fyrsta starfsári félagsins að gefa þeim kost á að kaupa ákveðið hlutfall af hlutafé þess á sérstökum kjörum. Á fyrsta starfsári félagsins skal hluthafafundur ákveða hversu stórt hlutfall af hlutafé félagsins verði boðið til sölu með þessum hætti svo og önnur kjör. Kjörin geta verið í formi afsláttar frá nafnverði ásamt gjaldfresti til ákveðins tíma gegn venjulegum vaxtakjörum og tryggingum í slíkum viðskiptum og skilyrði um eignarhaldstíma þeirra hlutabréfa sem keypt yrðu með þessum sérstöku kjörum. Þegar hluthafafundur hefur tekið ákvörðun býður stjórn félags-

ins umrætt hlutafé út til ofangreindra aðila. Reynist eftirspurn starfsmanna eftir hlutafé á umræddum kjörum meiri en framboðið á hver tilboðsgjafi rétt á kaupum í hlutfalli við hlut viðkomandi í heildareftirspurn. Þessi sérstöku kjör eru fyrst og fremst ætluð til að hvetja starfsmenn Ríkismatsins til að taka þátt í uppbyggingu á nýrri starfsemi.

Ákvörðun um sölu hlutafjár í félaginu yrði samkvæmt þessari grein í höndum hluthafa. Þar sem starfsemi Ríkismats sjávarafurða hefur heyrt undir starfssvið sjávarútvegsráðuneytis er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Við sölu á hlutafé ríkisins í félaginu, sem um er rætt í 1. mgr., verður haft samráð við fjármálaráðuneyti.

Um 4. gr.

Þar sem ríkissjóður verður í upphafi eini hluthafinn í félaginu er nauðsynlegt að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga að því er varðar tölu stofnenda og hluthafa.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að hlutabréf útgefin við stofnun hlutafélagsins verði undanþegin stimpilskyldu.

Hlutafélagið verður skattskylt eftir almennum reglum, þar á meðal samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Það er nauðsynlegt að upphafleg staða félagsins til skattlagningar sé ljós. Þess vegna er í grein þessari kveðið á um að upphafleg staða þeirra fyrnanlegu eigna, sem fyrirtæki yfirtekur skv. 1. gr., skuli miðast við niðurstöðu þess mats sem fram á að fara á umræddu lausafé.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að sett verði tímamörk fyrir stofnun félagsins og er miðað við lok októbermánaðar 1992 í þeim efnum. Drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið má sjá í fskj. I.

Um 7. gr.

Starfsemi Ríkismats sjávarafurða heyrir undir starfssvið sjávarútvegsráðuneytis. Gert er ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Því er eðlilegt að hann annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, sbr. 1. gr.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Stofnsamningur.
D R Ö G

1. gr.

Heiti félagsins er xxxxx hf. Heimilisfang félagsins er ...

2. gr.

Tilgangur félagsins er að annast ráðgjöf og rekstur skoðunarstofu í samræmi við lög og reglur um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, svo og að stunda eða taka þátt í annarri skyldri starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili að öðrum félögum eða stofnunum, þar á meðal hlutafélögum.

3. gr.

Hlutafé félagsins er 25.000.000 kr. — tuttugu og fimm milljónir króna — og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Hlutabréfin skulu hljóða á nafn.

Stofnendur skrifa sig fyrir hlutafé sem hér segir:

Ríkissjóður Íslands 25.000.000 kr. — tuttugu og fimm milljónir króna —.

Allt hlutafé verður greitt í janúar 1992. Ríkissjóður mun gera hlutafjárloforð sitt upp að hluta með eignum sem félagið yfirtekur frá Ríkismati sjávarafurða.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með áorðnum breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag.

5. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu, en verði hlutafé hækkað skulu hluthafar eiga forgangsrétt að nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína.

6. gr.

Hluthöfum er ekki skylt að þola innlausn á hlutum sínum nema félaginu verði slitið eða hlutaféð löglega lækkað.

7. gr.

Kostnaður við stofnun félagsins greiðist úr félagasjóði.

Október 1992.

F.h. ríkissjóðs Íslands,

Drög að samþykktum fyrir

. . . hf.

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess . . . hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að ...

3. gr.

Tilgangur félagsins er að annast ráðgjöf og rekstur skoðunarstofu í samræmi við lög og reglur um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, svo og að stunda eða taka þátt í annarri skyldri starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili að öðrum félögum eða stofnunum, þar á meðal hlutafélögum.

4. gr.

Hlutafé félagsins er 25.000.000 kr. — tuttugu og fimm milljónir króna — og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

6. gr.

Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Stjórn félagsins skal halda hluthafaskrá samkvæmt lögum.

7. gr.

Eigendaskipti að hlutabréfum í félaginu taka ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

8. gr.

Félagið má eigi veita lán á hlutabréf sín. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hlutabréf að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þau hlutabréf sem félagið á sjálft.

9. gr.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðenda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur þá boðaður innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina viðskiptaráðherra skv. 70. gr. laga nr. 32/1978.

12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í bréfi ásamt auglýsingu í víðlesnu dagblaði eða á annan jafn sannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og mættir eru hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum.

13. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afla atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess að

a. skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
b. takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
c. breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti,
d. breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

14. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

15. gr.

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn og jafnmörgum til vara.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni (aðila).

Undirskriftir þriggja stjórnarmanna skuldbinda félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meiri hluti stjórnarmanna sækja fund.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

17. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfundar. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

18. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska.

19. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda og skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

20. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

21. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna.

22. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með ⅔ hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. ⅔ hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sjá 76. gr. hfl.

23. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst ⅔ hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og skulda.

24. gr.

Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með áorðnum breytingum.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins í ... október 1992.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.

Með frumvarpi þessu, ásamt frumvarpi til laga um stofnun Fiskistofu, er Ríkismati sjávarafurða skipt í tvennt. Hluti þess flyst yfir til Fiskistofu en hinum hlutanum er breytt í hlutafélag sem ríkissjóður verður í upphafi einn eigandi að. Heimilt er að selja hlutabréfin samkvæmt nánari ákvörðun hluthafa og á fyrsta starfsári er heimilt að selja þau starfsmönnum á sérstökum kjörum.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið svo á að nafnverð hlutafjár félagsins skuli við stofnun nema 25 m.kr. og sé ríkissjóði heimilt að leggja það til. Skuli það m.a. gert með því að leggja fram þann hluta af eignum Ríkismats sjávarafurða sem ekki er ætlað að renni til Fiskistofu. Ekki liggur fyrir endanlegt mat á umræddum eignum né ákvörðun tekin um hvernig þeim verði skipt milli Fiskistofu og félagsins. Þó er ljóst að þær verða aldrei metnar á meira en 7–8 m.kr. samtals, þannig að ríkissjóður kemur til með að leggja til mismuninn sem á vantar til að umræddar 25 m.kr. náist. Á móti mun koma það söluverð sem fæst fyrir hlutabréfin þegar ríkissjóður selur, en ekki er hægt að áætla hvert það verður.

Heimiluð störf við Ríkismat sjávarafurða eru 34 að tölu og þar af eru 28 störf setin. Ekki er ákveðið hve margir starfsmenn flytjast til Fiskistofu og verða því áfram ríkisstarfsmenn né er heldur ákveðið hve margir af þeim sem eftir eru verða ráðnir til hins nýja hlutafélags.

Vakin skal athygli á að í frumvarpi þessu er ekkert ákvæði þess efnis að þeir starfsmenn, sem hverfa frá Ríkismati sjávarafurða til hins nýja hlutafélags, fái ekki biðlaun. Slíkt ákvæði er hins vegar að finna í frumvörpum um ýmsa aðra einkavæðingu, t.d. um Sementsverksmiðju ríkisins og Síldarverksmiðjur ríkisins. Í þeim frumvörpum er svo kveðið á að fastráðnir starfsmenn skuli hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og falli þá biðlaunaréttur niður. Það er ekki gert hér og því getur sú staða komið upp að starfsmenn hins nýja félags geti verið á biðlaunum á sama tíma og þeir þiggja laun hjá nýja félaginu. Réttur þessi er tryggður með 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Biðlaunaréttur allra starfsmanna Ríkismats sjávarafurða er metinn á tæpar 20 m.kr. Þeir starfsmenn, sem flytjast til Fiskistofu, munu ekki eiga rétt á biðlaunum. Þar sem ekki er vitað hve margir starfsmenn flytjast til hins nýja félags er ekki hægt að segja fyrir um fjárhæð biðlauna þeirra með nákvæmni en ætla má að sú fjárhæð geti numið 8–12 m.kr.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, munu þeir starfsmenn Ríkismats sjávarafurða er flytjast til hins nýja félags áfram eiga rétt á að tilheyra Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Ber þeim þar að greiða iðgjald launþega og væntanlegur einkaatvinnurekandi sitt framlag á móti. Ríkissjóður mun hins vegar að óbreyttu bera verðábyrgð á sjóðnum og greiðslu lífeyris þegar að töku hans kemur. Með hliðsjón af nýlegri tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðsins við árslok 1989 má ætla að ábyrgð þessi þýði að ríkissjóður verði að greiða 16,4% ofan á laun starfsmanna á ári hverju meðan þeir eru í starfi til viðbótar við þau 10% sem launþegar og at-

vinnurekendur greiða, jafnvel þótt þeir séu ekki lengur starfsmenn ríkisins.

Kostnaður vegna breytinga þeirra, sem hér eru raktar, mun nær allur falla á næsta ári. Sá kostnaður, sem fellur til á þessu ári, er talinn óverulegur.

690. Frumvarp til laga [432. mál]

um Fiskistofu.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI

1. gr.

Fiskistofa skal starfa að stjórnsýsluverkefnum á sviði sjávarútvegsmála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Fiskistofa heyrir undir sjávarútvegsráðherra.

2. gr.

Fiskistofa skal annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Þá skal Fiskistofa hafa með höndum eftirlit með framleiðslu og meðferð sjávarafurða. Fiskistofa skal annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála sem og önnur verkefni sem stofnunni verða falin með lögum eða ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra ræður fiskistofustjóra er veitir Fiskistofu forstöðu.

Sjávarútvegsráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skipulag og starfsemi Fiskistofu.

4. gr.

Fiskistofa getur með heimild ráðherra og að höfðu samráði við Hagstofu Íslands falið Fiskifélagi Íslands söfnun tiltekinna upplýsinga, úrvinnslu þeirra og útgáfu hagskýrslna á sviði sjávarútvegsmála.

II. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

5. gr.

Orðið „ráðherra“ í lok 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna fellur niður.

6. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 2. málsl. 3. mgr. 7. gr. laganna kemur orðið: Fiskistofa.

7. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur orðið: Fiskistofa.

8. gr.

Á 6. mgr. 11. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
2. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 3. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
3. Í stað orðsins „ráðuneytis“ í 4. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.

9. gr.

Á 12. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
2. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytinu“ í 2. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofu og í stað orðsins „ráðuneytið“ í sömu málsgrein kemur orðið: stofan.
3. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 3. mgr. kemur orðið: Fiskistofu.
4. 1. málsl. 4. mgr. greinarinnar orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 25% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður.

10. gr.

Á 15. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðsins „ráðuneytið“ í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofa.
2. Í stað orðsins „ráðuneytis“ í lok 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
3. Í stað orðanna „Fiskifélagi Íslands“ í 2. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.

11. gr.

Á 3. mgr. 16. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðsins „ráðuneytið“ í 1. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofa.
2. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 2. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
3. Í stað orðsins „Ráðuneytið“ í 3. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofa og í stað orðsins „ráðuneytisins“ í sama málslið kemur orðið: stofunnar.

12. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur orðið: Fiskistofa.

III. KAFLI

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 1992. Ákvæði 2. málsl. 2. gr. laganna koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1993. Frá 1. september 1992 falla úr gildi lög nr. 55/1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur stjórnsýsla á sviði sjávarútvegsins tekið miklum breytingum bæði að eðli og umfangi. Vega þar þyngst breytingar sem orðið hafa á stjórn fiskveiða og sívaxandi kröfur um aukið og bætt upplýsingastreymi um ýmsa þætti sjávarútvegsmála. Þessum breytingum hefur ekki verið fylgt eftir með skipulagsbreytingum á stjórnsýslunni. Þess í stað hefur nýjum verkefnum verið bætt á þær stofnanir sem fyrir

voru. Á það einkum við um sjávarútvegsráðuneytið en þar hafa litlar sem engar breytingar verið gerðar á skipulagi og mannahaldi undanfarin ár. Afleiðing þessarar þróunar er sú að í sjávarútvegsráðuneytinu eru nú unnin fjölmörg afgreiðslu- og eftirlitsverkefni. Mörg þessara verkefna þykja betur komin í sérstakri undirstofnun, bæði vegna þess að réttaröryggi ætti almennt að aukast með tveimur stjórnsýslustigum og eins vegna hins að þá gefst ráðuneytinu betri tími til að sinna stefnumótandi verkefnum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að komið verði á fót Fiskistofu sem yrði lægra stjórnsýslustig á sjávarútvegssviðinu. Fiskistofa yrði opinber stofnun og starfaði á ábyrgð sjávarútvegsráðherra. Tilgangur þeirra skipulagsbreytinga, sem lagðar eru til með frumvarpi þessu, er að bæta framkvæmd og auka skilvirkni í stjórnsýslu á sviði sjávarútvegsmála.

Verkefni Fiskistofu verður að annast framkvæmd laga og reglna varðandi ýmsa viðamikla þætti á sjávarútvegssviðinu. Í fyrsta lagi verður Fiskistofu falið að annast daglega stjórn fiskveiðanna og eftirlit með fiskveiðum. Í öðru lagi að annast söfnun og skráningu opinberra upplýsinga um þau atriði sem máli skipta við stjórnsýslu á sjávarútvegssviðinu. Er hér einkum átt við upplýsingar um afla og framleiðslu sjávarafurða. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Fiskistofa fari með mál er tengjast gjaldtöku vegna ólögmæts sjávarafla en sérstakt frumvarp verður lagt fram um það efni á þessu þingi. Í fjórða lagi mun stofunni verða falið að annast opinbert eftirlit með meðferð sjávarafurða og framleiðslu þeirra en frumvarp um það efni mun einnig verða lagt fram á þessu þingi.

Þau verkefni, sem Fiskistofu verða falin samkvæmt frumvarpi þessu, eru nú unnin í sjávarútvegsráðuneyti, veiðieftirliti, Fiskifélagi Íslands, Hafrannsóknastofnun og Ríkismati sjávarafurða.

Fiskistofu er samkvæmt frumvarpinu falið að annast útgáfu leyfa til veiða í atvinnuskyni við upphaf hvers fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Enn fremur verður Fiskistofu falið að annast útgáfu veiðileyfa til nýrra skipa er koma í stað eldri skipa sem veiðileyfi hafa. Þá annist Fiskistofa útgáfu ýmissa sérveiðileyfa t.d. leyfa til veiða á hörpuskel, innfjarðarrækju, veiða með dragnót og hrognkelsaveiða. Alls eru það rúmlega 2.600 fiskiskip og bátar sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni en auk þess eru árlega gefin út um 700 sérveiðileyfi.

Lagt er til að Fiskistofu verði falið að gefa út árlegt aflamark til skipa, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, á grundvelli aflahlutdeildar hvers skips og ákvörðunar sjávarútvegsráðherra um leyfilegan heildarafla. Í þessu felst að Fiskistofu er falið að senda út allar tilkynningar um aflaheimildir og að annast innheimtu á þeim gjöldum sem tengjast útgáfu veiðileyfa og tilkynningum um aflamark.

Fiskistofu er samkvæmt frumvarpinu falið að annast allan flutning á aflamarki og aflahlutdeild milli skipa og framfylgja settum reglum um slíkan flutning á hverjum tíma. Með tilkomu laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, hefur umfang varðandi flutning aflaheimilda aukist til muna. Kemur þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi var sóknarmark afnumið og framseljanlegu aflamarki úthlutað til allra fiskiskipa og báta sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, þó með takmarkaðri undanþágu fyrir báta minni en 6 brúttórúmlestir. Í öðru lagi er samkvæmt lögunum heimilt að flytja aflahlutdeild á milli fiskiskipa án þess að það skip, sem flutt er af, hverfi endanlega úr rekstri.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fiskistofu verði falið að annast alla öflun upplýsinga um landaðan afla einstakra fiskiskipa. Stofunni verði jafnframt falið að annast allt eftirlit með framkvæmd á vigtun sjávarafla og móttöku og skráningu á þeim upplýsingum. Þá verður Fiskistofu falið að annast söfnun og skráningu allra annarra skýrslna sem krafist er á hverjum tíma, hvort sem það er vegna stjórnunar fiskveiða, söfn-

unar upplýsinga í þágu hafrannsókna eða öflunar annarra tölulegra upplýsinga um sjávarútvegsmál.

Þrátt fyrir að Fiskistofu sé með frumvarpinu falið að annast alla söfnun og skráningu á opinberum upplýsingum er gert ráð fyrir að stofan geti falið Fiskifélagi Íslands að vinna tiltekin verkefni á þessu sviði. Er gert ráð fyrir að Fiskifélaginu verði eftir sem áður falið að annast söfnun og skráningu á skýrslum frá kaupendum afla, þ.e. svokölluðum ráðstöfunarskýrslum. Fiskifélagi yrði falið að annast þetta verk eftir nánara samkomulagi við sjávarútvegsráðuneytið og Fiskistofu. Þessar upplýsingar yrðu skráðar í tölvukerfi Fiskistofu og samræmdar að öllu leyti öðrum þeim upplýsingum sem stofan safnar og skráir á sviði sjávarútvegsmála. Með þessari ráðstöfun verður söfnun grunnupplýsinga á einni hendi og betur tryggt að ávallt sé samræmi við alla söfnun og skráningu upplýsinga í þessum efnum. Fiskifélagið mun hins vegar hafa fullan aðgang að öllum þeim gögnum sem skráð verða í upplýsingakerfi Fiskistofu sem nauðsynlegar eru til að félagið geti áfram sinnt því útgáfustarfi sem það hefur sinnt hingað til.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fiskistofa annist daglega framkvæmd laga og reglugerða um stjórn fiskveiða. Þá er gert ráð fyrir að Fiskistofa geti gert tillögur til ráðuneytisins um ýmis atriði sem verða utan valdsviðs stofunnar. Má í því sambandi nefna atriði eins og tillögur um útgáfu reglugerða, um lokun veiðisvæða og breytingar á ákvæðum í sérstökum veiðileyfum vegna breyttra aðstæðna.

Fiskistofa mun hafa á hendi veiðieftirlit um borð í fiskiskipum og í löndunarhöfnum og annað það eftirlit og athuganir sem þykja nauðsynlegar til að tryggja skilvirka framkvæmd fiskveiðistjórnunarinnar. Verkefni veiðieftirlitsmanna er að fylgjast með veiðum og veiðarfærum skipa. Þeir fara í því skyni í veiðiferðir með skipum, ferðast milli hafna og fylgjast með afla og aflasamsetningu við löndun. Þá annast þeir, í samstarfi við starfsmenn hafnarsjóða, eftirlit með framkvæmd vigtunar og tegundasamsetningu aflans. Veiðieftirlitsmennirnir hafa jafnframt með höndum eftirlit með því að ekki séu stundaðar óæskilegar veiðar innan fiskveiðilögsögunnar. Verði þeir varir við slíkar veiðar, svo sem veiðar á smáfiski, tilkynna þeir það til Hafrannsóknastofnunar, en samkvæmt lögum hefur stofnunin heimild til að loka veiðisvæðum í allt að sjö daga. Auk framangreindra starfa fylgjast veiðieftirlitsmenn með því að fyrirtæki gefi upp réttar skýrslur til stjórnvalda um afla og tegundasamsetningu hans.

Frá árinu 1990 hafa sjávarútvegsráðuneytið og Hafrannsóknastofnun rekið í sameiningu tölvudeild. Á vegum tölvudeildarinnar hefur að undanförnu verið unnið að þróun aflaupplýsingakerfis sem m.a. heldur utan um allt kvótabókhald ráðuneytisins. Auk þess hefur ráðuneytið í samvinnu við Hafnasamband sveitarfélaga unnið að viðamiklu verkefni við að samræma vigtun sjávarafla í höfnum landsins og til að bæta upplýsingastreymi um landaðan afla. Hefur verið þróaður sérstakur tölvubúnaður sem gerir höfnunum kleift að senda daglega allar upplýsingar um landaðan afla einstakra skipa til tölvudeildarinnar. Með þessu fyrirkomulagi hefur verið unnið mikið brautryðjendastarf sem mun styrkja mjög alla upplýsingasöfnun um landaðan afla og gera hana skilvirkari en verið hefur. Þá eru allar upplýsingar Hafrannsóknastofnunar úr afladagbókum fiskiskipa og önnur fiskifræðigögn stofnunarinnar skráð í þennan sameiginlega gagnagrunn. Í tengslum við þær skipulagsbreytingar, sem lagðar eru til með frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að þessi sameiginlega tölvudeild verði færð til Fiskistofu. Þar með verður öll söfnun og skráning á aflaupplýsingum, sem nú fer fram á vegum Hafrannsóknastofnunar og sjávarútvegsráðuneytisins, hjá Fiskistofu.

Samkvæmt frumvarpi, sem lagt verður fram á þessu þingi, er gert ráð fyrir að hlut-

verki og rekstrarformi Ríkismats sjávarafurða verði breytt. Er gert ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um ráðgjafar- og skoðunarhlutverk Ríkismatsins um næstu áramót en opinbert vald stofnunarinnar verði fært til Fiskistofu frá sama tíma. Er gert ráð fyrir að Fiskistofu verði falið að veita sjávarútvegsfyrirtækjum vinnsluleyfi og útflutningsnúmer í samræmi við þær reglur sem settar verða um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Sjávarútvegsfyrirtækjum verður gert að uppfylla tiltekin skilyrði um eigið eftirlit með framleiðslu, hreinlæti og búnað og er gert ráð fyrir að sérstakar skoðunarstofur fylgist með þessum þáttum. Með þessum breytingum er því verið að færa hluta af þeim verkefnum, sem verið hafa hjá Ríkismati sjávarafurða, til skoðunarstofa sem þurfa starfsleyfi frá Fiskistofu. Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfa verða m.a. að skoðunarstofurnar geti framvísað nákvæmri lýsingu á starfsemi sinni, skipulagi, stjórnun, hlutleysi, dreifingu ábyrgðar og upplýsingum um þekkingu og reynslu starfsmanna. Þá er gert ráð fyrir að Fiskistofa fylgist með starfsemi skoðunarstofa og geri reglulegar athuganir hjá einstökum framleiðendum til að ganga úr skugga um að farið sé að settum reglum.

Á þessu ári mun Ríkismat sjávarafurða skipuleggja viðamikla úttekt á hreinlæti og búnaði allra sjávarútvegsfyrirtækja. Er stefnt að því að henni verði lokið fyrir næstu áramót. Þeim fyrirtækjum, sem ekki standast úttekt Ríkismatsins, verður gefinn hæfilegur frestur til úrbóta og verður Fiskistofu falið að fylgjast með framgangi þessara mála og gefa út vinnsluleyfi og útflutningsnúmer þegar fyrirtækin hafa uppfyllt þessi skilyrði auk skilyrða um innra eftirlit. Þá er gert ráð fyrir að Fiskistofu verði falið að taka út hreinlæti og búnað hjá öllum nýjum fyrirtækjum sem sett verða á stofn eftir næstu áramót. Það yrði hins vegar eins og áður segir hlutverk skoðunarstofa að fylgjast með fyrirtækjum sem fengið hafa vinnsluleyfi og útflutningsnúmer undir eftirliti Fiskistofu.

Eins og að framan greinir er að því stefnt að breyta Ríkismati sjávarafurða í hlutafélag um næstu áramót. Hlutafélagið yrði fyrst um sinn alfarið í eigu ríkisins en hlutur þess seldur síðar. Hlutverk hlutafélagsins yrði hliðstætt hlutverki annarra skoðunarstofa, þ.e. að veita ráðgjöf og gera úttektir á hreinlæti, búnaði og innra eftirliti þeirra fyrirtækja sem hafa vinnsluleyfi. Tilgangur þess að breyta starfsemi Ríkismatsins með þessum hætti, í stað þess að leggja þennan þátt starfseminnar niður, er m.a. að tryggja að öll sjávarútvegsfyrirtæki hafi aðgang að þjónustu skoðunarstofu, en það verður skilyrði fyrir veitingu vinnsluleyfis. Er stefnt að því að rekstur fyrirtækisins standi undir sér.

Með því að setja á fót Fiskistofu er ekki verið að fjölga opinberum stofnunum frá því sem nú er. Hér er eingöngu verið að færa verkefni til Fiskistofu frá sjávarútvegsráðuneytinu, veiðieftirlitinu, Fiskifélagi Íslands, Hafrannsóknastofnun og Ríkismati sjávarafurða sem breytt verður í hlutafélag um næstu áramót. Þá er gert ráð fyrir að opinberum starfsmönnum fækki nokkuð við þessa skipulagsbreytingu. Áætlað er að starfsmenn Fiskistofu verði um 60 talsins á árinu 1993.

Fskj. I með frumvarpi þessu sýnir áætlaðan rekstrarkostnað Fiskistofu á greiðslugrunni síðustu fjóra mánuði ársins 1992 og fyrir fyrsta heila starfsárið 1993. Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að rekstrargjöld Fiskistofu á árinu 1993 verði um 240 millj. kr. Til að mæta þessum rekstrarkostnaði er áætlað að flytja fjárveitingar frá sjávarútvegsráðuneytinu og stofnunum þess yfir til Fiskistofu. Miðað við fjárlög ársins 1992 er gert ráð fyrir að flytja 10,6 millj. kr. frá ráðuneytinu, 26 millj. kr. frá Hafrannsóknastofnun vegna flutnings á aflaskýrsluverkefni og tölvudeild ásamt 67 millj. kr. framlagi ríkissjóðs til Ríkismats sjávarafurða. Þá verða allar sértekjur veiðieftirlitsins af veiðieftirlitsgjaldi fluttar til Fiskistofu og er gert ráð fyrir að þær verði um 104 millj. kr. á árinu 1993. Enn fremur er fyrirhugað að skipta upp fjárveitingu Fiskifélags Íslands

þannig að hluti hennar renni til Fiskistofu. Fiskistofan mun gera samning við Fiskifélagið um verkefni á sviði úrvinnslu upplýsinga og útgáfu hagskýrslna og greiða félaginu fyrir það, svo og fyrir afnot Fiskistofu af húsnæði félagsins. Stjórn Fiskifélags Íslands hefur lýst sig reiðubúna til að ganga til samninga við stjórnvöld um leigu á allt að helmingi af húsnæði félagsins undir starfsemi Fiskistofu verði frumvarp þetta að lögum. Að öllu samanlögðu má gera ráð fyrir að séð sé fyrir rekstarfjárþörf Fiskistofu á árinu 1993 með tilflutningi á fjárveitingum og sértekjum. Hins vegar er rekstarfjárþörf umfram tilflutning áætluð um 14,7 millj. kr. vegna starfsemi Fiskistofu á árinu 1992.

Á fskj. II er áætlun um stofnkostnað á árinu 1992 og 1993. Er áætlað að stofnkostnaður nemi um 33–38 millj. kr. á árinu 1992 en um 5 millj. kr. á árinu 1993. Heildarstofnkostnaður er því áætlaður um 38–43 millj. kr. Við mat á áætluðum stofnkostnaði hefur verið tekið tillit til þess að lausafé veiðieftirlits, tölvudeildar Hafrannsóknastofnunar og hluti af lausafé Ríkismats sjávarafurða flytjist til Fiskistofu.

Eins og fram kemur í fskj. I er ekki gert ráð fyrir að kostnaður hins opinbera aukist á árinu 1993 við þá endurskipulagningu á stjórnsýslu sjávarútvegsins sem lögð er til með frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir að þessi endurskipulagning muni þegar til lengri tíma er litið leiða til hagræðingar í opinberri stjórnsýslu. Þá mun þessi skipulagsbreyting leiða til aukins réttaröryggis fyrir þegna landsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr. og 2. gr.

Með þessum greinum er kveðið á um stofnun og meginhlutverk Fiskistofu. Í almennum athugasemdum er gerð grein fyrir þeim skipulagsbreytingum er í frumvarpi þessu felast. Þar er fjallað um verkefni, skipulag og umfang starfsemi Fiskistofu. Eins og þar er rakið er Fiskistofu ætlað fjórþætt meginhlutverk. Í fyrsta lagi að annast daglega framkvæmd við stjórn fiskveiða. Hér er fyrst og fremst um að ræða verkefni sem sjávarútvegsráðuneytinu hafa verið falin fram að þessu. Í öðru lagi að skipuleggja og hafa yfirumsjón með veiðieftirliti sem hingað til hefur verið í höndum sjávarútvegsráðuneytis samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í þriðja lagi að annast öflun, skráningu, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sjávarútvegssviðinu. Þetta eru verkefni sem hingað til hafa verið í höndum margra aðila, þó einkum Fiskifélags Íslands, Hafrannsóknastofnunar og sjávarútvegsráðuneytis. Í fjórða lagi verður stofunni falið að annast opinber verkefni varðandi meðferð sjávarafurða og eftirlits með framleiðslu þeirra. Með því flytjast til Fiskistofu mörg verkefni varðandi gæðamál sjávarútvegsins og eftirlit með framleiðslu sem verið hafa hjá Ríkismati sjávarafurða.

Með stofnun Fiskistofu komast á tvö stjórnsýslustig varðandi stjórn fiskveiða og eftirlit með þeim. Er með þessum tillögum komið til móts við þá gagnrýni sem uppi hefur verið á undanförnum árum að óeðlilegt sé að heimild til setningar almennra reglna og fyrirmæla, sem og dagleg framkvæmd þeirra og eftirlit með því að þeim sé framfylgt, sé hjá sömu stofnuninni. Þá er rétt að benda á að Fiskistofan verður stjórnsýslustofnun er heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Ákvörðunum hennar má því skjóta til ráðuneytisins eftir almennum reglum um málskot til æðra stjórnvalds. Þeir sem ekki sætta sig við einstakar ákvarðanir Fiskistofu eiga því kost á fljótvirkri kæruleið. Bæði þessi atriði eru ótvírætt fallin til þess að stuðla að auknu réttaröryggi.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um ráðningu fiskistofustjóra sem er æðsti yfirmaður Fiskistofu og ann-

ast m.a. ráðningu á öðru starfsfólki. Er gert ráð fyrir að hann verði ráðinn en ekki skipaður eins og algengast er með forstöðumenn ríkisstofnana. Ekki þykir rétt að binda skipulag eða deildaskiptingu Fiskistofu í lögum. Breytingar hljóta jafnan að verða á verkefnum stofnunar sem hefur svo vítt starfssvið. Er því eðlilegt að unnt sé að haga þessum málum eftir því sem hagfelldast þykir á hverjum tíma og kostnaðarminnst. Er því lagt til að ráðherra setji reglugerð um megindrætti skipulags og starfsemi Fiskistofu. Í upphafi er hins vegar ljóst að Fiskistofa mun starfa í fjórum deildum eða sviðum er hvert um sig spannar eitt af þeim meginhlutverkum stofunnar sem um er rætt í athugasemdum með 1. og 2. gr. Eru áætlanir um rekstrarkostnað á árinu 1993 á fskj. I byggðar á því skipulagi.

Þegar svo róttækar breytingar eru gerðar er ljóst að þær snerta störf fjölda fólks. Skiptir miklu um árangur af starfsemi Fiskistofu að vel takist til í starfsmannamálum. Við skipulagsbreytingarnar mun fyrst og fremst stefnt að því að byggja á reynslu og kunnáttu þeirra sem þegar starfa að þessum verkefnum í núverandi stofnunum á sjávarútvegssviðinu. Starfsliði á þessum verkefnasviðum verður því almennt ekki sagt upp störfum heldur gefinn kostur á að sinna áfram sínum fyrri verkefnum á vettvangi Fiskistofu. Ýmsar skipulagsbreytingar eru þó óhjákvæmilegar og munu því margir þurfa að laga sig að breytingum á verksviði og starfsháttum. Róttækastar munu breytingarnar verða á sviði gæðamála sem Ríkismat sjávarafurða hefur nú með höndum. Á því sviði er stefnt að því að draga saman mannahald. Því má búast við allverulegri fækkun opinberra starfa á þeim vettvangi. Hins vegar er gert ráð fyrir að endurskipuleggja starfsemi Ríkismats sjávarafurða og breyta hluta af starfsemi þess í hlutafélag um næstu áramót. Frá sama tíma flytjast opinber verkefni á þessu sviði til Fiskistofu. Þessar breytingar eru nú í undirbúningi og verða nánar kynntar í frumvarpi um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra og í frumvarpi um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.

Um 4. gr.

Lagt er til að Fiskistofu verði heimilt að fela Fiskifélagi Íslands verkefni á sviði úrvinnslu upplýsinga og útgáfu hagskýrslna um sjávarútvegsmál. Mun verða haft fullt samráð við Hagstofu Íslands við val og útgáfu á þeim verkefnum sem Fiskifélaginu kunna að verða falin á þessu sviði. Í tengslum við þær skipulagsbreytingar, sem boðaðar eru í frumvarpi þessu, hefur ráðuneytið kynnt stjórn Fiskifélags Íslands hugmyndir þess efnis að það feli félaginu önnur verkefni á sviði sjávarútvegs sýnist það hagfellt. Í því sambandi má t.d. nefna ýmiss konar fræðslu og kynningarmál. Fiskifélag Íslands er hins vegar frjálst félag og mun skipulag og starfsemi þess að sjálfsögðu framvegis sem hingað til fara eftir samþykktum þeim og félagslögum sem í gildi eru á hverjum tíma án opinberra afskipta.

Um 5. gr.

Í samræmi við breytt skipulag er lagt til að Fiskistofa annist útgáfu svonefndra sérveiðileyfa. Eftir sem áður er það hins vegar hlutverk ráðherra að ákveða með reglugerð hvenær sérveiðileyfa er krafist. Þá er það áfram í verkahring ráðherra að setja almennar reglur um slíkar veiðar og hverjir eigi kost á leyfum til þeirra.

Um 6. gr.

Eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að Fiskistofa annist alla framkvæmd er varðar aflaheimildir einstakra skipa. Í því felst að stofan tekur við skráningu á aflahlutdeild og aflamarki einstakra fiskiskipa og breytingum sem þar kunna að verða,

sbr. t.d. 9., 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990. Í samræmi við þetta er lagt til að Fiskistofu verði falið að senda árlegar aflamarkstilkynningar til einstakra fiskiskipa.

Um 7. gr.

Með þessari grein er ekki verið að leggja til að breyting verði gerð á að sjávarútvegsráðherra taki ákvörðun um hvort og að hvaða marki beita skuli ákvæðum 9. gr. laga nr. 38/1990. Hér er hins vegar lagt til að Fiskistofa annist framkvæmd þeirra ákvarðana er teknar kunna að verða, þar á meðal sendingu tilkynninga um breytt aflamark einstakra skipa sem af slíkri ákvörðun hlýst.

Um 8. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum og athugasemdum við 2. gr. verður hlutverk Fiskistofu að annast skráningu aflaheimilda og afla einstakra skipa, með öðrum orðum að halda utan um svonefnt kvótabókhald. Eðlilegt er því að fela stofunni skráningu á flutningi aflahlutdeildar milli skipa og þær ákvarðanir sem taka þarf varðandi flutning í einstökum tilvikum. Ráðherra mundi hins vegar eftir sem áður setja almenn fyrirmæli er að slíkum flutningi lúta, t.d. hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að flytja megi aflahlutdeild til skips sem ekki hefur fyrir aflahlutdeild af þeirri tegund sem flytja á.

Um 9. gr.

Með þessari grein er Fiskistofu falin framkvæmd við flutning á aflamarki milli skipa sem hingað til hefur verið í höndum sjávarútvegsráðuneytisins. Sú framkvæmd verður þó að sjálfsögðu grundvölluð á almennum framkvæmdareglum sem ráðuneytið kann að setja, sbr. reglugerðarheimild 13. gr. laga nr. 38/1990. Þá er lagt til að orðalag 1. málsl. 4. mgr. laganna verði gert skýrara, en á það hefur verið bent að núverandi orðalag sé til þess fallið að valda misskilningi. Með þessari breytingu eru tekin af öll tvímæli um að skip missi aflahlutdeild sína ef hún er nýtt að minna en fjórðungi með veiðum skipsins sjálfs tvö fiskveiðiár í röð.

Um 10. gr.

Í samræmi við þá verkaskiptingu, sem verður á milli sjávarútvegsráðuneytis og Fiskistofu, er hér lagt til að stofan annist alla framkvæmd við söfnun og úrvinnslu upplýsinga úr afladagbókum sem skylt er að halda um borð í fiskiskipum. Er gert ráð fyrir að Fiskistofa annist jafnframt skráningu á þeim upplýsingum sem skráðar eru í þessar bækur en Hafrannsóknastofnun hefur annast þá skráningu hingað til.

Þar sem gert er ráð fyrir að eftirlit með fiskveiðum verði á verkefnasviði Fiskistofu er eðlilegt að allar upplýsingar, sem taldar eru nauðsynlegar til þess að sinna slíku eftirliti, berist stofunni í stað ráðuneytisins.

Um 11. gr.

Fiskistofu er með þessari grein falið að annast eftirlit með vinnslu sjávarafla um borð í fiskiskipum. Í því skyni skal stofan annast söfnun og skráningu upplýsinga úr vinnsludagbókum skipa sem vinna afla um borð.

Um 12. gr.

Lagt er til að öll starfsemi veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytisins verði flutt til Fiskistofu. Eins og rakið er í almennum athugasemdum við frumvarpið eru verkefni eftirlitsmanna m.a. að fylgjast með veiðum og veiðarfærum skipa, vigtun afla og skýrslugjöf fyrirtækja. Samkvæmt því fær Fiskistofa það hlutverk sem 8. gr. laga nr. 81/1976 ætlar trúnaðarmönnum ráðherra við veiðieftirlit. Í tengslum við þær skipulagsbreytingar, sem boðaðar eru í frumvarpinu, er gert ráð fyrir að endurskipuleggja störf veiðieftirlitsins til að auka skilvirkni og gera það markvissara en verið hefur.

Um 13. gr.

Lagt er til að Fiskistofa taki til starfa 1. september 1992 eða við upphaf nýs fiskveiðiárs verði frumvarp þetta að lögum. Þá er lagt til að verkefni stofunnar á sviði eftirlits með framleiðslu sjávarafurða flytjist ekki frá Ríkismati sjávarafurða fyrr en 1. janúar 1993. Er það í samræmi við tillögu um gildistöku í frumvarpi til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Gerð er tillaga um að lög nr. 55/1941, um afla- og útgerðarskýrslur, verði felld úr gildi. Í 15. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, er m.a. kveðið á um skil á afla- og útgerðarupplýsingum til sjávarútvegsráðuneytisins og Fiskifélags Íslands. Þessi ákvæði tryggja að stjórnvöld geta krafist allra þeirra upplýsinga sem þau óska eftir til að annast eftirlit með veiðum og vinnslu sjávarafla. Gert er ráð fyrir að Fiskistofa beri ábyrgð á öflun og úrvinnslu allra upplýsinga fyrir hönd sjávarútvegsráðuneytisins. Eins og rakið er í almennum athugasemdum er hins vegar gert ráð fyrir að Fiskifélagi Íslands verði falið að safna og skrásetja tilteknar upplýsingar samkvæmt nánari samkomulagi við Fiskistofu. Er hér fyrst og fremst átt við svokallaðar ráðstöfunarskýrslur sem berast frá kaupendum fiskafla.

Fylgiskjal I.

Lausleg rekstraráætlun á greiðslugrunni* fyrir tímabilið sept – des 1992 – verðlag í jan. 1992

FISKISTOFA

	Laun	Önnur rekstrargj.	Eigna-kaup:	Gjöld alls	Sértekjur	Samtals:
Veiðieftirlitssvið	19.0	6.0	0.0	25.0	25.8	-0.8
Fiskveiðistjórn.svið:	6.9	2.3	0.0	9.2	0.0	9.2
Tölvusvið:	5.1	3.5	0.0	8.6	0.0	8.6
Stjórnsýslusvið	3.2	13.3	1.0	17.5	0.0	17.5
SAMTALS	34.2	25.1	1.0	60.3	25.8	34.5

Fjármögnun:		
Flutt af Sjávarútvegsráðuneyti		3.7
Flutt af Veiðieftirliti		25.8
Flutt af Fiskifélagi		8.5
Flutt af Hafrannsóknastofnun		7.6
		45.6
	Fjárvöntun	14.7

* Forsendur: Rekstrargjöld greiðast í 3 mánuði, laun í 4–5 mánuði

Lausleg rekstraráætlun á greiðslugrunni fyrir árið 1993 – verðlag í janúar 1992 –

FISKISTOFA

	Laun	Önnur rekstrargj.	Eigna-kaup:	Gjöld alls	Sértekjur	Samtals
Veiðieftirlitssvið	70.3	31.3	2.3	103.9	103.9	0.0
Fiskveiðistjórn.svið:	9.7	5.1	1.0	15.8	0.0	15.8
Tölvusvið:	6.1	12.6	1.0	19.7	0.0	19.7
Gæðaeftirlitssvið	28.5	14.0	0.0	42.5	0.0	42.5
Stjórnsýslusvið	12.2	45.0	1.7	58.9	0.0	58.9
SAMTALS	126.8	108.0	6.0	240.8	103.9	136.9

Fjármögnun:		
Flutt af Sjávarútvegsráðuneyti		10.6
Flutt af Fiskifélagi		34.0
Flutt af Hafrannsóknastofnun		25.7
Flutt af Ríkismati sjávarafurða		66.6
Sértekjur Veiðieftirlits		103.9
	Samtals:	*240.8*

Fylgiskjal II.

Stofnkostnaður – lausleg áætlun – – verðlag í jan. 1992 –

FISKISTOFA

	Starfsemi sem hefst 1. sept. 1992 m.kr.	Starfsemi sem hefst 1. jan. 1993 m.kr.
Símstöð	3.0	
Ljósritunarvélar	2.4	0.4
Myndsendir	0.2	0.1
Tölvur, reiknivélar og prentarar	4.8	2.1
Pappír – umslög, bréfsefni o.sfrv.		
bækur veiðieftirlits	1.0	
Önnur skrifstofuáhöld	0.1	0.1
Ófyrirséð 15%	1.7	0.4
	13.2	3.1
Húsgögn	10.0	1.5
	10.0	1.5
Lágmarkslagfæring leiguhúsnæðis		
skv. áætlun arkitekts	10.0	
	til 15.0	
	33.2	4.6
	til 38.2	

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Fiskistofu.

Með frumvarpi þessu er ætlað að gera víðtækar breytingar á stjórn og eftirliti fiskveiða. Þetta er liður í gagngerri endurskoðun á stjórnsýslu sjávarútvegs sem verður fylgt eftir með öðrum frumvörpum er lögð verða fram á þessu þingi. Mynduð verði ný stofnun, Fiskistofa, sem tekur við hlutverki fiskveiðistjórnunar, veiðieftirlits og gæðaeftirlits, og verða þessi verkefni flutt að hluta frá sjávarútvegsráðuneyti, veiðieftirliti, Hafrannsóknastofnun og Ríkismati sjávarafurða. Hlutverki Fiskifélags við öflun aflaskýrslna verður haldið áfram en undir stjórn og í samkomulagi við Fiskistofu.

Ætlað er að stofnunin skiptist í fimm svið, þ.e. veiðieftirlitssvið, fiskveiðistjórnunarsvið, tölvusvið, gæðaeftirlitssvið og stjórnsýslusvið. Fiskistofu eru ætluð um 60 störf og þar af verða 10–12 ný störf umfram þau er flytjast til stofunnar frá öðrum stofnunum. Sé hins vegar litið til þess að ætlunin er að breyta þeim hluta af Ríkismati sjávarafurða sem ekki flyst til Fiskistofu í hlutafélag og telja 34 störf mun sú endurskipulagning, sem felst í þessu frumvarpi og þeim sem á eftir fylgja, leiða til þess að ríkisstarfsmönnum mun fækka.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur gert kostnaðaráætlun um rekstur Fiskistofu sem fylgir með greinargerð þessa frumvarps. Þar kemur fram að á heilsársgrundvelli er rekstur stofunnar talinn muni kosta um 240 m.kr. Þar af muni sértekjur standa undir rúmum 100 m.kr. en það sem á vantar greiðist með tilfærslu á fjárveitingum til Fiskistofu frá þeim aðilum sem verkefni yrðu flutt frá. Í þessu mati felst að rekstur stofunnar í heild muni kosta 20–25 m.kr. meira en þeir einstöku hlutar sem fluttir verða til hennar. Munar þar fyrst og fremst um að stofan fær sérstaka yfirstjórn auk þess sem tölvusvið verður eflt frá því sem nú er. Þeim útgjaldaauka verði mætt með auknum sértekjum, þannig að nettófjárveiting úr ríkissjóði ætti ekki að hækka frá því sem er í fjárlögum 1992, en hún er 137 m.kr.

Á árinu 1992 er talið að rekstur stofunnar kunni að kosta um 15 m.kr. umfram það sem hægt er að kosta með tilflutningi fjárveitinga frá öðrum stofnunum. Er þá miðað við að starfsemi stofunnar hefjist 1. september. Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaðarauka á fjárlögum yfirstandandi árs og verður að ætla að honum verði mætt með því að stofna til starfsemi á Fiskistofu eftir því sem fjárráð leyfa.

Áætlun sjávarútvegsráðuneytis yfir stofnkostnað gerir ráð fyrir að hann verði 33–38 m.kr. á þessu ári og til viðbótar þurfi um 5 m.kr. á næsta ári. Þar af er talið að innrétting skrifstofuhúsnæðis muni kosta 10–15 m.kr. og telur fjármálaráðuneytið að innréttingarkostnaður sé nær 15 m.kr. Fyrirhugað húsnæði, um 510 fermetrar, kann að reynast of lítið þegar fram í sækir. Því er ætlað að rúma um 40 starfsmenn af þeim 60 sem hjá stofunni starfa og þeir eiga að komast fyrir á 1. hæð og hluta af 2. hæð. Þess er þó að geta að margir þessara starfsmanna sinna eftirlitsstörfum utan húss.

691. Fyrirspurn [433. mál]

til menntamálaráðherra um inntöku nýnema í framhaldsskóla og háskóla.

Frá Hermanni Níelssyni.

Er fullvíst að allir nýstúdentar, sem sótt hafa um skólavist við Háskóla Íslands, geti hafið nám næsta skólaár?

Verða einhverjar hömlur settar á inntöku nemenda í mennta- og fjölbrautaskóla umfram það sem verið hefur?

692. Frumvarp til laga [434. mál]

um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Tilgangur forfallaþjónustu í sveitum er að veita starfandi bændum og mökum þeirra, svo og fastráðnum starfsmönnum bænda, aðstoð við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum.

2. gr.

Kostnaður vegna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum greiðist af tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 41 15. maí 1990.

3. gr.

Allir bændur og makar þeirra eiga rétt á aðstoð í veikinda- og slysatilfellum, svo og bústjórar og aðrir fastráðnir starfsmenn á búum. Þegar um fastráðna starfsmenn er að ræða skal miða við að ráðning hafi staðið sex mánuði eða lengur.

Réttur hvers einstaklings miðast við vinnuframlag hans við landbúnaðarstörf. Eitt ársverk samkvæmt skilgreiningu Stéttarsambands bænda gefur rétt á hámarksþjónustu fyrir bónda og maka hans. Sama gildir fyrir einhleypan mann.

Ef um er að ræða blandaðan rekstur skal meta vinnuframlag viðkomandi aðila við landbúnað til ársverka eftir reglum sem Stéttarsamband bænda setur.

Þeir sem vinna minna en sem nemur einu ársverki við landbúnaðarstörf eiga rétt til forfallaþjónustu í samræmi við vinnuframlag sitt.

Þeir sem hafa allt framfæri sitt af landbúnaði skulu þó ætíð njóta fullrar þjónustu nema sá aðili er sinnir forföllum hafi sannanlega tækifæri til að ná fullum daglaunum með vinnu annars staðar.

4. gr.

Búnaðarsamböndunum er heimilt að starfrækja forfalla- og afleysingaþjónustu eftir lögum þessum hvert á sínu svæði.

Stjórn forfallaþjónustunnar ákveður fjölda afleysingamanna (stöðugilda) fyrir hvert búnaðarsambandssvæði. Dagleg umsjón og skipulag starfsins innan hvers svæðis skal vera undir stjórn viðkomandi búnaðarsambands.

Kostnaður búnaðarsambandanna við stjórnun og skipulagningu á þjónustunni greiðist af tekjum forfallaþjónustunnar.

5. gr.

Stjórn forfallaþjónustunnar skal skipuð þremur mönnum og skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Stéttarsambandi bænda og einn tilnefndur af búnaðarsamböndunum sameiginlega.

6. gr.

Föst mánaðarlaun skulu miðast við 40 stunda vinnuviku.

Afleysingamenn skulu hafa endurgjaldslaust fæði og húsnæði hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum þar. Einnig greiðir það ferðakostnað og yfirvinnu sem samið er um.

Heimilt er að framlengja dvöl afleysingamanns á búi þegar tilskilinni þjónustu er lokið ef hans er ekki þörf annars staðar, enda greiðir þá viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins.

Þó skal ávallt leggja áherslu á aðstoð í bráðum veikinda- og slysatilfellum svo að svigrúm gefist til að gera aðrar ráðstafanir.

7. gr.

Afleysingamenn skulu hafa alhliða starfsreynslu við bústörf. Koma skal á námskeiðum við búnaðarskóla sem þjálfa fólk til afleysingastarfa.

8. gr.

Stjórn forfallaþjónustunnar er heimilt að taka upp samvinnu um skipulag og ráðningu starfsmanna við almenna afleysingaþjónustu sem rekin er á vegum samtaka bænda eða hóps bænda.

Heimilt er stjórn forfallaþjónustunnar að ákveða að sameiginlegur kostnaður við skipulag og stjórnun í slíku samstarfi sé greiddur af rekstrarfé forfallaþjónustunnar.

9. gr.

Þegar forföll ber að höndum og óskað er aðstoðar skal tilkynna það til viðkomandi búnaðarsambands. Skal þá liggja fyrir læknisvottorð um að viðkomandi sé óvinnufær.

10. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur, að fengnum tillögum stjórnar forfallaþjónustunnar, reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

Þar skal nánar skilgreint hverjir hafa rétt til aðstoðar samkvæmt lögum þessum og um réttindi og skyldur afleysingamanna.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 32 29. maí 1979, um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum starfar samkvæmt lögum nr. 32 frá 29. maí 1979. Tilgangur þessa starfs er að aðstoða við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum. Starfsemi forfallaþjónustunnar hefur haft

mikla þýðingu fyrir íbúa sveitanna þau ár sem hún hefur starfað og aukið mjög á félagslegt öryggi sveitafólks. Sú þjónusta, sem forfallaþjónustan veitir, verður stöðugt mikilvægari eftir því sem fólki fækkar í sveitum og erfiðara verður að treysta á aðstoð nágranna og skyldmenna ef hjálpar er þörf.

Á þeim tíu árum, sem forfallaþjónustan hefur starfað, hefur fengist mikilvæg reynsla af stjórnun og skipulagi slíks starfs. Að þeirri reynslu fenginni og með tilliti til þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa í landbúnaðinum á undanförnum árum, þykir ástæða til að endurskoða lagaákvæði sem forfallaþjónustan starfar eftir.

Við endurskoðun laganna var sú leið valin að semja nýtt frumvarp í stað þess að gera tillögur um breytingar á einstökum greinum.

Drög að frumvarpinu voru kynnt á aðalfundi Stéttarsambands bænda árið 1989 og samþykkti fundurinn eftirfarandi ályktun um málið:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1989 telur nauðsynlegt að breytingar verði gerðar á lögum og reglum um forfalla- og afleysingaþjónutu í sveitum með tilliti til fenginnar reynslu. Því mælir fundurinn með því að frumvarp það til laga um forfalla- og afleysingaþjónustu, sem kynnt hefur verið fyrir fundinum, verði lögfest hið fyrsta. Það er skilyrði fundarins fyrir gjaldtöku skv. 2. gr. frumvarpsins að framleiðendagjald til Stofnlánadeildar lækki að sama skapi."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um tilgang laganna. Sú breyting er lögð til frá gildandi lögum að fastráðnir starfsmenn á bændabýlum eigi eftirleiðis rétt á aðstoð. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að gjald til að kosta starfsemi forfalla- og afleysingaþjónustunnar er tekið af allri búvöruframleiðslu í landinu.

Í búgreinum þar sem mest er um aðkeypt vinnuafl, svo sem í garðyrkju, alifuglarækt og svínarækt, hafa möguleikar til þess að hagnýta sér þjónustuna ekki verið í samræmi við það fjármagn sem búgreinarnar leggja starfseminni til þar eð einungis bóndinn og maki hafa átt rétt á þjónustu. Nauðsynlegt er að hér verði breyting á svo bændur standi sem jafnast að vígi í þessu efni.

Um 2. gr.

Í greininni er vísað til nýsettra laga um Búnaðarmálasjóð, en skv. 4. gr. þeirra laga er forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum tryggður ákveðinn hluti af tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi sem ætlað er að standa straum af kostnaði við þjónustu þessa.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um rétt einstakra aðila til þjónustu. Lögð er til sú grundvallarbreyting að réttur hvers einstaklings miðist við vinnuframlag hans í stað þess að miða við hlutfall tekna af landbúnaði af heildartekjum.

Hlutverk forfallaþjónustunnar er að útvega starfskraft til þess að leysa af hendi þau verkefni er sá sem forfallast hefur annast við búreksturinn og/eða heimilisstörf. Því er eðlilegt að meta þörfina fyrir aðstoð (rétt viðkomandi einstaklings) út frá umfangi þeirrar vinnu sem hann að jafnaði leysir af hendi við landbúnað. Búrekstur einstakra bænda er mjög mismunandi að umfangi og er því sú vinna, sem þörf er fyrir vegna forfalla, að sama skapi breytileg.

Samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli í sauðfjárframleiðslu telst umhirða 235 kinda

bús eitt ársverk. Hliðstæð tala fyrir kúabú er 12,2 kýr ásamt geldneytum. Fjöldi búa er minni en sem nemur einu ársverki þrátt fyrir að búreksturinn sé í mörgum tilfellum aðaltekjuöflun eða jafnvel eina tekjuöflun viðkomandi bónda. Því verður að telja eðlilegra, miðað við tilgang forfallaþjónustunnar, að meta þörfina fyrir þjónustu út frá vinnuframlagi fremur en hlutfalli tekna. Hafa verður þó í huga að í ýmsum tilfellum kann að reynast örðugt vegna strjálbýlis að útvega afleysingamann til starfa hluta úr degi. Því er í greininni gert ráð fyrir að þeir sem hafa framfæri sitt að fullu af landbúnaði njóti ætíð fullrar þjónustu enda þótt því fylgi það að vinnutími afleysingamannsins nýtist ekki að fullu.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum sem er að finna í 2. gr. núgildandi laga.

Gert er ráð fyrir að stjórn forfallaþjónustunnar ákveði fjölda afleysingamanna (stöðugilda) fyrir hvert búnaðarsambandssvæði en skipulag starfsins og daglegur rekstur verði í höndum og á ábyrgð viðkomandi búnaðarsambands.

Felld eru niður ákvæði um kjör afleysingamanna þar sem tæpast getur talist eðlilegt að slík atriði séu lögbundin. Einnig eru felld niður ákvæði um fjölda daga á ári sem bóndi eða maki hans geti notið þjónustu. Eðlilegra virðist að slíkt sé ákveðið af stjórn forfallaþjónustunnar eða með reglugerð með tilliti til þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru og annarra aðstæðna.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum fer Búnaðarfélag Íslands með yfirstjórn forfalla- og afleysingaþjónustunnar í umboði landbúnaðarráðherra. Í greininni er lögð til sú breyting að sérstök stjórn skipuð tveimur fulltrúum hagsmunaaðila, Stéttarsambands bænda og búnaðarsambandanna, og einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands fari með stjórn þessara mála.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um vinnutíma og starfsskilyrði afleysingamanna og er hliðstæð ákvæðum 3. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um að gerðar skuli lágmarkskröfur um starfsreynslu afleysingamanna, svo og um námskeiðahald fyrir þá.

Um 8. gr.

Í greininni felst það nýmæli að forfallaþjónustunni er heimilt að taka upp samvinnu um skipulag og ráðningu starfsmanna við almenna afleysingaþjónustu sem rekin er á vegum samtaka bænda eða hóps bænda.

Samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða er bændum reiknað orlofsfé og er það innifalið í því verði sem þeir fá greitt fyrir afurðir sínar. Bændur verða því sjálfir að greiða fyrir afleysingar vegna orlofs. Ekki hefur enn verið komið upp skipulögðu afleysingakerfi vegna slíkrar þjónustu en á nokkrum stöðum á landinu hefur verið komið upp svokölluðum afleysingahringum og hópar bænda (8–10) ráðið til sín afleysingamann. Með ákvæðum greinarinnar er forfallaþjónustunni heimilað að taka þátt í slíku samstarfi þar sem hentugt þykir.

Um 9. gr.

Greinin er hliðstæð ákvæðum 4. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin er hliðstæð ákvæðum 7. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

Frumvarpið felur í sér engin útgjöld fyrir ríkissjóð þar sem allur kostnaður við framkvæmd þess greiðist af tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 41/1990.

693. Frumvarp til laga [435. mál]

um breyting á lögum nr. 33 22. apríl 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Helgason, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 70/1974, orðast svo:

Grímsneshreppi er heimilt að selja jörðina Sigurjóni Ólafssyni, ábúanda á Stóru-Borg.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Grímsneshrepps í Árnessýslu í því skyni að felldar verði niður þær kvaðir sem 1. gr. laga nr. 70/1974 setur ráðstöfunarheimildum Sigurjóns Ólafssonar, bónda á Stóru-Borg, á jörðinni.

1. gr. laga nr. 70/1974 er svohljóðandi:

„Grímsneshreppi er heimilt að selja jörðina Sigurjóni Ólafssyni ábúanda á Stóru-Borg, en óheimilt er honum að selja hana aftur öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði og þá á fasteignamatsverði, nema þeir hafni kaupum."

Grímsneshreppur seldi Sigurjóni Ólafssyni jörðina með afsali dags. 30. september 1976. Þær kvaðir, sem lagðar voru á ábúanda jarðarinnar við kaup hennar skv. 1. gr. laga nr. 70/1974, eru mjög óvenjulegar og ekki lengur í samræmi við réttarvitund manna.

Samkvæmt frumvarpinu fer um heimildir til sölu og ákvörðunar söluverðs á jörðinni samkvæmt almennum reglum eins og þær eru á hverjum tíma.

694. Frumvarp til laga [436. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972, sbr. lög nr. 78 30. maí 1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 4. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði 3. mgr. skulu einnig gilda um tölvuforrit.

2. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist: Þá skal einnig í þeim tilvikum, þegar verulegur og samfelldur flutningur verka eða umfangsmikil fjölföldun eða útleiga hefur átt sér stað, talið að flutt hafi verið, leigð út eða fjölfjölduð verk sem vernduð eru að höfundalögum nema annað verði í ljós leitt.

3. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 1. mgr. veita ekki rétt til:

1. mannvirkjagerðar eftir verki sem verndar nýtur eftir reglum um byggingarlist,
2. eftirgerðar verka sem verndar njóta eftir reglum um höggmyndalist, nytjalist eða dráttlist ef leitað er til hennar aðstoðar annarra manna,
3. eftirgerðar verndaðra tónverka og bókmenntaverka sé leitað til hennar aðstoðar aðila sem taka slíka eftirgerð að sér í atvinnuskyni,
4. eftirgerðar verndaðra tölvuforrita.

4. gr.

Eftir 11. gr. laganna kemur ný grein, 11. gr. a, svohljóðandi:

Eiganda eintaks af tölvuforriti, sem út hefur verið gefið, er, þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 11. gr., heimil gerð eintaka eftir forritinu, þar á meðal til gerðar vara- og öryggiseintaka, sem honum er nauðsynleg vegna nýtingar þess. Slík eintök má ekki nota á annan hátt og réttur til nýtingar þeirra fellur niður ef eigandi ráðstafar frumeintaki sínu til annarra.

5. gr.

Eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, svohljóðandi:

Þeim sem aflað hefur sér heimildar til ljósritunar eða hliðstæðrar eftirgerðar verka til afnota í starfsemi sinni með samningum við samtök höfundaréttarfélaga sem annast hagsmunagæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda á því sviði og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins skal einnig heimilt, án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni, að fjölfalda verk hans með sama hætti þótt höfundur sé ekki félagi í samtökunum. Hver einstakur höfundur getur lagt skriflegt bann við fjölföldun verka sinna samkvæmt þessari málsgrein.

Höfundaréttarsamtökum skv. 1. mgr. skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og þær vera háðar staðfestingu þess. Samtökin skulu auk samningsaðildar hafa rétt til almennrar innheimtu gjalda fyrir fjölföldun, einnig fyrir þá íslenska höfunda sem standa utan þeirra. Skal í samþykktum samtakanna kveðið á um ráðstöfun tekna vegna fjölföldunar og skulu höfundar, er standa utan þeirra, njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn.

Höfundaréttarsamtök skv. 1. mgr. ábyrgjast allar kröfur sem fram kunna að koma frá handhöfum höfundaréttar sem ekki eru félagar í samtökunum og réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir fjölföldun og verða slíkar kröfur aðeins gerðar á hendur samtökunum. Kröfur samkvæmt þessari málsgrein fyrnast á fjórum árum eftir að fjölföldun með réttri heimild var framkvæmd. Ágreiningi um kröfur skal ráðið til lykta af úrskurðarnefnd skv. 57. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Í reglum þessum má m.a. mæla fyrir um að ákvæði greinarinnar skuli, eftir því sem við á, einnig taka til gerðar véllæsilegra eintaka af útgefnum verkum til afnota í tölvubönkum.

6. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Þegar útvarpsstöð hefur aflað sér heimilda til útsendinga verka með samningum við höfundaréttarsamtök sem annast samningsgerð um flutningsrétt á bókmenntaverkum eða tónverkum eða sérstökum greinum þeirra fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda og hlotið til þeirrar hagsmunagæslu lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins skal einnig heimilt án sérstaks leyfis höfunda hverju sinni að útvarpa verkum hliðstæðrar gerðar þótt höfundur sé ekki félagi í samtökunum. Aðeins einum félagssamtökum í hverri grein bókmennta eða tónlistar verður veitt slík réttargæsluaðild. Höfundar, er standa utan samtakanna, skulu njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn.

Flutningsheimild útvarpsstöðva skv. 1. mgr. tekur þó einungis til smærri verka, svo sem einstakra kvæða, smásagna, ritgerða, kafla úr stærri verkum, einstakra laga og tónverka ef smá eru, svo og kafla úr stærri verkum. Þá gilda framangreindar reglur um samningsgerð ekki um leiksviðsverk né heldur um verk er höfundur hefur lagt skriflegt bann við flutningi þeirra í útvarpi.

Höfundaréttarsamtök, sem hlotið hafa lögformlega viðurkenningu skv. 1. mgr., skulu hafa rétt til almennrar innheimtu gjalda fyrir flutningsrétt, einnig fyrir þá höfunda sem standa utan samtakanna, enda hafi þau áður aflað sér umtalsverðra innheimtuumboða frá slíkum höfundum.

Höfundaréttarsamtökum skv. 1. mgr. skal einnig heimilt að setja gjaldskrá um flutning verka utan útvarps. Slíkar gjaldskrár skulu háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

Þegar útvarpsstofnun er heimilt að útvarpa verki er henni frjáls bráðabirgðaupptaka

þeirra á hljóðrit eða myndrit til sjálfs sín nota, en ekki í öðru skyni. Til varanlegrar geymdar og endurtekinna nota skal afla heimilda frá viðkomandi höfundasamtökum. Nánari reglur um upptöku verka, geymd þeirra og not skal setja í reglugerð og skal við setningu hennar höfð hliðsjón af samningum þeim sem tíðkast hefur að gera við höfundaréttarsamtökin um þessi atriði og venjur sem skapast hafa hér að lútandi.

Menntamálaráðherra getur sett frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

7. gr.

Eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, svohljóðandi:

Verki, sem útvarpað er beint eða um gervihnött, má án sérstaks leyfis höfundaréttarhafa endurvarpa til almennings um kapalkerfi, að því tilskildu að verkinu sé dreift óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu sendingu.

Höfundar og aðrir rétthafar hafa ætíð rétt til þóknunar fyrir endurdreifingu skv. 1. mgr. Dreifing um kapalkerfi, sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25 í fjölbýlishúsi eða nærlægum húsum, er þó ekki greiðsluskyld.

Krafa til endurgjalds skv. 2. mgr. verður aðeins gerð af sameiginlegri innheimtustofnun samtaka höfunda, listflytjenda og annarra rétthafa. Stofnunin innheimtir gjöldin og ráðstafar þeim. Hún getur þó falið öðrum innheimtusamtökum höfunda að annast innheimtuna. Stofnuninni skulu settar samþykktir í samráði við menntamálaráðuneytið og þær háðar staðfestingu þess. Skal í samþykktunum m.a. kveðið á um hvernig tekjum skuli skipt meðal aðildarfélaga.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

8. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Heimil er sala, lán, leiga og önnur dreifing til almennings á eintökum bókmenntaverks eða tónverks sem út hefur verið gefið. Útleiga og lán á eintökum tónverka er þó óheimil án samþykkis höfunda.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar taka einnig til kvikmyndaverka, þar á meðal myndbanda, en útleiga og lán þeirra til almennings er þó óheimil án samþykkis rétthafa. Sama gildir um útleigu tölvuforrita.

9. gr.

25. gr. laganna breytist þannig:

1. mgr. orðast svo:

Nú hefur eintak af myndlistarverki verið afhent til eignar og er eiganda þá heimilt, nema annað sé áskilið, að láta eintakið af hendi og sýna það almenningi. Opinber kynning þess á listsýningum og með öðrum hliðstæðum hætti er þó óheimil án samþykkis höfundar, nema á opinberum listasöfnum sé sem almenningur hefur aðgang að. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um eintök sem gerð hafa verið eftir listaverki og gefin út.

Við 2. mgr. bætist: Einnig skal heimilt án leyfis myndhöfundar hverju sinni að sýna í sjónvarpi áður birt verk hans þegar sjónvarpsstöð hefur gert samning um það efni við samtök myndlistarmanna sem annast hagsmunagæslu fyrir verulegan hluta íslenskra myndhöfunda og hefur hlotið til þess lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins. Höfundar, sem standa utan samtakanna, skulu njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn. Hver einstakur höfundur getur þó lagt skriflegt bann

við sýningu verka sinna samkvæmt þessari málsgrein. Samtökunum skal heimilt að setja gjaldskrár um sýningar verka á listsýningum eða með hliðstæðum hætti, sbr. 1. mgr. Þá skal samtökunum heimilt að setja gjaldskrár vegna annarrar birtingar myndverka. Slíkar gjaldskrár skulu háðar staðfestingu menntamálaráðuneytisins. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

10. gr.

Eftir 25. gr. laganna koma:

25. gr. a.

Vörslumanni myndlistarverks er skylt að veita höfundi aðgang að verkinu til fjölföldunar þess eða útgáfu eða annarrar hliðstæðrar notkunar, enda sé hún höfundi mikilvæg. Réttur höfundar samkvæmt ákvæði þessu er persónulegur, óframseljanlegur og erfist ekki.

Vörslumanni er þó ekki skylt að veita höfundi aðgang að verki eða afhenda það í þessu skyni nema tryggt sé að verkið verði ekki fyrir skemmdum eða glatist.

Sé beiðni höfundar um aðgang að myndlistarverki skv. 1. mgr. hafnað getur hann sett kröfur sínar fram í dómi og getur dómari þá m.a. sett skilyrði fyrir því að aðgangsréttur verði veittur.

Vörslumaður á ætíð rétt til gjafvarnar í slíkum málum.

25. gr. b.

Við endursölu á listaverkum í atvinnuskyni skal leggja 10% gjald á söluverð verkanna er renni til höfundar listaverks.

Gjald þetta nær ekki til mannvirkja sem lúta reglum um byggingarlist né heldur til verka er teljast til nytjalistar og geta vegna framleiðslu fyrir almennan markað ekki talist frumverk.

Réttur höfundar skv. 1. mgr. er óframseljanlegur og helst meðan höfundaréttur hans er í gildi, sbr. 43. gr. höfundalaga. Höfundaréttarsjóður myndlistarmanna eða annar sjóður, sem kæmi í hans stað, annast innheimtu gjalda skv. 1. gr., svo og skil á þeim til höfunda. Að höfundi látnum fellur rétturinn til skylduerfingja, en sé þeim ekki til að dreifa rennur gjaldið til Höfundaréttarsjóðs myndlistarmanna.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til listaverka sem seld eru á listmunauppboðum, en um gjaldtöku í þeim tilvikum gilda sérákvæði í 3. gr. laga nr. 36/1987.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar skulu sett í reglugerð.

11. gr.

Eftir 42. gr. laganna koma:

Sérstök ákvæði um tölvuforrit.

42. gr. a.

Sé annað ekki umsamið felur samkomulag um rétt til nýtingar tölvuforrits í sér rétt til að gera þær breytingar á forritinu sem nauðsyn ber til vegna nýtingar þeirrar sem samið er um, sbr. þó 4. gr.

42. gr. b.

Nú er gerð tölvuforrita liður í ráðningarskilmálum og eignast þá atvinnurekandi höfundaréttinn að forritinu nema áskilnaður sé gerður á annan veg.

12. gr.

Við 45. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Standi fleiri en 12 listflytjendur saman að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags viðkomandi flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi þóknun fyrir afnotin.

13. gr.

Í stað orðanna: „25 ár“ í 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 46. gr. koma: 50 ár.

14. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Takist ekki samningur um fjárhæð þóknunar skv. 14., 15. a, 16., 17., 20., 21., 23., 23. a, 25. og 47. gr. getur hvor aðili um sig lagt ágreiningsefnið undir úrskurð þriggja manna nefndar sem menntamálaráðherra skipar úr hópi fimm manna sem höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. tilnefnir. Áður en til úrskurðar kemur skal nefndin leita sátta með aðilum. Úrskurður nefndarinnar er stjórnarfarsleg fullnaðarúrlausn um ágreiningsefnið. Laun nefndarmanna skulu greidd úr ríkissjóði. Nánari ákvæði um störf nefndarinnar skulu sett í reglugerð.

15. gr.

58. gr. laganna orðast svo:

Til ráðuneytis menntamálaráðherra um höfundaréttarmál skal vera nefnd fimm sérfróðra manna á sviði höfundaréttar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Við skipun nefndarinnar skal haft samráð við helstu höfundaréttarsamtök landsins. Enn fremur skal koma á fót höfundaréttarráði. Í ráðinu skulu kynnt og rædd höfundaréttarmálefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma. Í ráðinu skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af þeim samtökum sem hlotið hafa lögformlega viðurkenningu ráðuneytisins til meðferðar höfundaréttar, svo og annarra helstu höfundaréttarsamtaka í landinu. Enn fremur fulltrúar útvarpsstofnana og annarra hagsmunaaðila. Menn, sem skipa höfundaréttarnefnd, skulu og eiga sæti í ráðinu, svo og þeir aðilar sem ráðherra skipar sérstaklega í ráðið. Menntamálaráðherra eða sá sem hann nefnir í sinn stað skal vera í forsæti á fundum ráðsins. Ráðherra setur nánari reglur um höfundaréttarnefnd og höfundaréttarráð.

16. gr.

2. setning 1. mgr. 59. gr. laganna fellur niður.

17. gr.

Á eftir 6. tölul. 1. mgr. 60. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 25. gr. b taka til verka íslenskra ríkisborgara og erlendra manna sem búsettir eru hér á landi. Enn fremur til verka erlendra ríkisborgara þeirra ríkja sem veita íslenskum verkum hliðstæða vernd.

18. gr.

Á eftir 61. gr. laganna kemur ný grein, 61. gr. a, svohljóðandi:

Víkka má gildissvið laganna þannig að ákvæði þeirra taki til erlendra ríkisborgara að fullnægðum skilyrðum um gagnkvæmni. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að staðfesta milliríkjasáttmála um gagnkvæma vernd án eða með fyrirvörum sem ríkisstjórninni þykir við eiga og heimilt er að gera. Með gagnkvæmni samkvæmt þessari grein er

átt við að rétthafar hvers aðildarlands njóti sama réttar í öðrum aðildarlöndum og innlendir ríkisborgarar. Ákvæði greinar þessarar hrófla í engu við gildi alþjóðlegra sáttmála á sviði höfundaréttar sem þegar hafa verið fullgiltir af Íslands hálfu.

19. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál höfundalaga, nr. 73 29. maí 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Er núgildandi lög um höfundarétt, nr. 73 29. maí 1972, voru sett þóttu þau almennt til fyrirmyndar og taka fram löggjöf flestra annarra þjóða á þessu sviði. Í þeim var m.a. að finna nýmæli sem síðan hafa verið tekin upp í lög margra annarra þjóða. Hið sama má segja um breytingar á lögunum sem lögfestar voru á árinu 1984 varðandi gjöld til höfunda vegna upptöku á verkum þeirra á myndrit eða hljóðrit til einkanota. Má ákveðið fullyrða að hvor tveggja þessi lagasetning hafi vakið verulega athygli og orðið þjóðinni til álitsauka á erlendum vettvangi.

Eigi að síður er það ljóst að löggjöfin frá 1972 er í nokkrum greinum úrelt orðin og ófullnægjandi, m.a. vegna gífurlegra tækniframfara að því er varðar miðlun og aðra nýtingu á verkum höfunda. Má segja að tæknibylting þessi hafi stofnað réttindum höfunda í verulega hættu og valdið verulegri röskun á hagsmunum og réttindum þeirra. Einnig þykir nú tímabært orðið að lögfesta ýmis ákvæði til verndar höfundum sem flest komu til álita, en frestað var að lögfesta á árinu 1972, einkum varðandi réttindi myndhöfunda og listflytjenda, en einnig annarra höfunda svo sem rithöfunda og tónskálda. Þá hefur þótt brýnt að auðvelda löggildingu gagnkvæmra alþjóðlegra höfundaréttarsáttmála, en seinagangur í því efni hefur sætt gagnrýni íslenskra rétthafa, svo og alþjóðlegra stofnana, en meint formsatriði í gildandi lögum hafa þótt torvelda slíkt. Þá hefur þótt aðkallandi að breyta nokkrum greinum í gildandi lögum og taka af tvímæli um túlkun þeirra.

Af ofangreindum ástæðum hafa höfundaréttarfélögin sótt á um endurskoðun gildandi laga. Að tilmælum þeirra skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Birgir Ísleifur Gunnarsson, nefnd á árinu 1988. Í nefndina voru skipuð Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður, formaður, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri, Knútur Bruun hæstaréttarlögmaður og Þórunn J. Hafstein deildarstjóri. Við val nefndarmanna var höfð hliðsjón af því að þau hafa öll starfað að höfundaréttarmálum árum saman og eru þeim nákunnug, tvö á vegum menntamálaráðuneytisins, en hinir þrír á vegum hinna ýmsu höfundaréttarsamtaka. Þegar í upphafi höfðu nefndarmenn því í höndum og aðgang að flestum þeim gögnum sem að haldi máttu koma við endurskoðun laganna og vegna starfa sinna í þágu ráðuneytis og höfundaréttarfélaga berast þeim sjálfkrafa ný gögn og tillögur varðandi þau álitaefni sem nefndin hefur þurft að fjalla um og taka afstöðu til. Þá hefur nefndin að sjálfsögðu aflað nýrra gagna eftir því sem tilefni hefur gefist til. Við verkalok fól nefndin sérstakri undirnefnd undir formennsku Þórunnar J. Hafstein að ganga endanlega frá texta frumvarpsins.

Er nefndin var skipuð var út frá því gengið og um það rætt að fyrst yrði fjallað um þær breytingar sem brýnast væri að gera. Jafnframt að nefndin ynni áfram að allsherjarendurskoðun laganna sem er langtímaverkefni, en slík endurskoðun hefur staðið yfir annars staðar á Norðurlöndum hátt á annan áratug og er enn ekki að fullu lokið. Hefur menntamálaráðherra fallist á þá verklagstilhögun.

Við þær breytingar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að gerðar verði á gildandi lögum, hefur að nokkru verið stuðst við þær bráðabirgðalagfæringar sem gerðar hafa verið hin síðustu ár á lögum annarra Norðurlandaþjóða, einkum þeim dönsku. Það hefur verið fylgst með nýlegum breytingum á höfundaréttarlöggjöf annarra þjóða. Þá hefur þess og verið gætt í sambandi við fyrirhugaðar breytingar að fullnægt væri skilyrðum hinna alþjóðlegu sáttmála um höfundarétt sem Ísland er aðili að, þ.e. Bernarsáttmálans og Genfarsáttmálans. Einnig Rómarsáttmálans til verndar listflytjendum og hljómplötuframleiðendum þegar hann verður fullgiltur.

Að framan er að því vikið að breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar verði á höfundaréttarlöggjöfinni, snerti flestar listgreinar, ritlist, tónlist og þá eigi síður myndlist og rétt listflytjenda. Þá er tekið upp í frumvarpið ákvæði til verndar höfundum tölvuforrita og loks að lögfest verði ákvæði varðandi sönnunarbyrði þegar um meint stórfellt brot á höfundarétti er að ræða. Enn er þess að geta að nefndin hefur fjallað um það álitaefni hvort taka ætti upp í frumvarpið ákvæði varðandi yfirfærslu höfundaréttar frá höfundum til atvinnurekenda og þá sérstaklega það atriði hvenær höfundaréttur fastráðinna starfsmanna flyst sjálfkrafa yfir á atvinnurekendur. Loks hvort taka eigi upp í höfundalög ákvæði varðandi svokallaða fjölleiðara (micro chips). Að því er varðar hið fyrra af tveimur síðastgreindu atriðunum þótti nefndinni enn ekki tímabært að lögfesta ákvæði um það efni heldur skyldu álitamál þar að lútandi áfram vera túlkunaratriði svo sem verið hefur, þó með fráviki varðandi tölvuforrit þegar gerð þeirra er liður í ráðningarskilmálum. Nefndin var sammála um að ákvæði um fjölleiðara eigi heima í sérlögum (sui generis) svo og að setning sérstakra ákvæða um svonefnda tölvubanka bíði að mestu allsherjarendurskoðunar. Skal þá vikið að hinum helstu nýmælum laganna.

Helstu nýmæli og breytingar.

1. Tölvuforrit.

Í íslenskri höfundalöggjöf eru engin bein ákvæði um verndun tölvuforrita. Þó hefur verið talið að tölvuforrit njóti verndar samkvæmt núgildandi höfundalögum að fullnægðu því skilyrði höfundaverndar að þau séu árangur sjálfstæðs sköpunarstarfs og samkvæmt því verk í skilningi höfundaréttar. Sú hefur og orðið niðurstaðan í mörgum ríkjum, t.d. Bandaríkjunum, Japan, Ástralíu, Frakklandi, V-Þýskalandi og nú síðast í Danmörku, ýmist með beinni lagasetningu eða í réttarframkvæmd, að veita slíka vernd. Hafa þá slík forrit yfirleitt verið flokkuð undir bókmenntaverk sem þó er ekki alls kostar rétt þar sem þau fyrirfinnast einnig í véllæsilegu formi á böndum, disklingum eða hliðstæðri gerð (object code). Eru tölvuforrit því skilgreind í lögunum sem sérstök verk, enda verða lagaákvæði um þau að sníðast að sérstöðu þeirra sem höfundaréttarlegra verka. Að því er varðar tölvubanka er að svo stöddu ekki gert ráð fyrir lögfestingu sérstakra ákvæða um starfsemi þeirra, enda talið að innsetning verndaðra verka í slíka banka (input) og dreifing þeirra þaðan til almennings (output) njóti verndar samkvæmt almennum reglum höfundaréttarins um eintakagerð. Hins vegar er ráðherra heimilað að setja reglur um gerð véllæsilegra eintaka til afnota í slíkum bönkum þegar tímabært þykir.

2. Ákvæði varðandi ljósritun og skylda fjölföldun í skólum og í annarri starfsemi.

Lagt er til að sérstök samtök höfunda semji við opinbera aðila og aðra um gjöld fyrir slíka fjölföldun og innheimtu þeirra. Hliðstætt ákvæði hefur þegar verið tekið upp í löggjöf annarra Norðurlanda. Þótt hér sé um nýmæli í íslenskri löggjöf að ræða er í raun aðeins verið að lögfesta ríkjandi skipan í þessu efni sem upphaflega byggðist á samn-

ingum þeirra höfundaréttarfélaga, sem hlut eiga að máli, við menntamálaráðuneytið frá 6. maí 1983 og úrskurði sérstaks gerðardóms um gjaldsfjárhæð uppkveðnum 4. maí 1984. Samtök höfunda til gæslu þessara réttinda voru stofnuð á árinu 1985 undir nafninu FJÖLÍS. Aðilar að því félagi nú eru Rithöfundasamband Íslands, Hagþenkir, Félag höfunda fræðirita og kennslugagna, STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, Blaðamannafélag Íslands og Félag íslenskra bókaútgefenda. Hefur FJÖLÍS annast samningsgerð við ríkisvaldið um þóknun fyrir ljósritun í skólum og leitað eftir samningum við aðra aðila sem stunda slíka eftirgerð í starfsemi sinni. Sú viðleitni hefur ekki skilað þeim árangri sem skyldi og þykir m.a. af þeim sökum brýnt að lögfesta ákvæði hér að lútandi og treysta þannig réttargrundvöll samtakanna og efla átakastyrk þeirra.

3. Samningskvöð og skerping ákvæða um hlutverk flutningsréttarfélaga.

Í 23. gr. gildandi laga eru ákvæði um svonefnda afnotakvöð (tvångslicens) varðandi rétt útvarpsstöðva til flutnings bókmenntaverka og tónverka í útvarpi án leyfis höfundar hverju sinni, en gegn greiðslu. Í stað hennar er lagt til að tekin verði upp svokölluð samningskvöð (aftalslicens) sem gerir slíkan flutning því aðeins frjálsan að áður hafi náðst samkomulag um flutninginn við heildarsamtök höfunda sem hafa með höndum hagsmunagæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda. Er hér frekar um að ræða formbreytingu en efnis miðað við þá réttarframkvæmd sem tíðkast hefur, þ.e. að gera slíka samninga við höfundaréttarfélögin. Lögformlega viðurkennd höfundaréttarfélög eru nú þessi: Rithöfundasamband Íslands, STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar og Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna. Hlutverk þessara samtaka og réttargæsluheimildir eru skilgreindar nánar en í gildandi lögum og ákvæði varðandi innheimtuheimildir þeirra og heimildir til setningar gjaldskrár fyrir flutning verka utan útvarps eru tekin upp í lögin sjálf, en voru áður í reglugerð.

4. Viðstöðulaus sending útvarpsefnis um kapal.

Lagt er til að slík endurdreifing sé heimil án sérstaks leyfis höfundarétthafa hverju sinni, enda komi gjald til þeirra fyrir dreifinguna sé um víðtæka dreifingu að ræða. Hliðstæð ákvæði er víða að finna í lögum annarra landa, þar á meðal Norðurlanda. Að óbreyttri löggjöf mundi slík dreifing teljast nýr og sjálfstæður flutningur og því óheimil án leyfis rétthafa, sbr. og 11. gr. a. Bernarsáttmálans. Þóknunarréttur er óháður því hvort afla þarf sérstaks leyfis yfirvalda til dreifingarinnar samkvæmt útvarpslögum. Sérstakri stofnun samtaka höfunda, listflytjenda og annarra rétthafa er ætlað að innheimta gjald fyrir slíka dreifingu og annast skiptingu tekna með aðildarfélögunum. Er hér verið að greiða fyrir frjálsari aðgangi almennings að slíku útvarpsefni en verið hefur að tilskildri hæfilegri greiðslu til höfunda.

5. Ákvæði um vernd myndverka.

Lagt er til að lögfestar verði tvenns konar réttarbætur í þágu myndlistarmanna. Í fyrsta lagi er lagt til að lögfestur verði svokallaður fylgiréttur (droit de suite) og er hér fylgt í fótspor nokkurra annarra þjóða, þar á meðal Danmerkur og V-Þýskalands, en í 14. gr. b. Bernarsáttmálans er gert ráð fyrir að aðildarríkin geti tekið upp slík ákvæði til verndar myndhöfundum að fullnægðum skilyrðum um gagnkvæmni. Inntak þessara réttinda felst í því að við endursölu myndverka í atvinnuskyni renni tiltekinn hundraðshluti endursöluverðs til rétthafa. Slík ákvæði eru þegar í gildi í þágu höfunda í lögum um listmunauppboð, nr. 36/1987, og eru nefndarmenn sammála um að þau ákvæði haldist óbreytt

þannig að nýmæli það, sem hér er lagt til að verði tekið upp, eigi aðeins við um endursölu í atvinnuskyni utan slíkra uppboða. Hin almennu rök, sem fram eru færð til styrktar fylgirétti, eru m.a. þau að oft og tíðum eru verk mikilhæfra listamanna lítils metin í upphafi listferils þeirra, en stíga í verði þegar listgildi verkanna verður mönnum ljóst. Í slíkum tilvikum rennur allur ágóði af verðhækkun listaverka í vasa þeirra sem listaverkin hafa keypt, oft og tíðum fyrir lítið fé í upphafi, og höfundar hafa því orðið afskiptir. Ákvæðum um fylgirétt er ætlað að bæta nokkuð úr þessu misrétti.

Auk fylgiréttar leggur nefndin til að vörslumanni myndlistarverks sé skylt að veita höfundi aðgang að verkinu, m.a. til fjölfjöldunar þess eða útgáfu, enda verði hún talin höfundi „mikilvæg". Rík þörf fyrir slíkan aðgang kann að vera fyrir hendi, svo sem vegna útgáfu verka í bókum, sýningarskrám, svo og til gerðar korta og myndspjalda. Nefndinni er fullljóst að um mjög viðkvæmt mál getur hér verið um að ræða fyrir eiganda listaverks og því beri að fara fram með fullri gát í þessu og skyldum tilvikum og forðast allar öfgar í höfundaréttarframkvæmdinni. Þess vegna er það skilyrði sett fyrir aðgangsrétti að tryggt sé að verk verði ekki fyrir skemmdum eða glatist. Jafnframt hafni vörslumaður beiðni höfundar um aðgang verði hann að sækja mál sitt fyrir dómi. Loks er gert ráð fyrir að vörslumaður eigi ætíð rétt til gjafvarnar í slíkum málum.

6. Vernd listflytjenda og framleiðenda.

Eitt af helstu nýmælum í gildandi höfundalöggjöf frá 1972 var lögfesting takmarkaðrar verndar til handa listflytjendum og framleiðendum hljóðrita, en áður nutu þessir aðilar engrar slíkrar verndar í höfundalögum. Vernd til handa listflytjendum er að efni til hliðstæð þeirri sem höfundar njóta, þ.e. einkaréttur til fjölföldunar og flutnings eða þóknunarréttur í sambandi við slík afnot. Réttarvernd listflytjenda er þó í nokkrum greinum mun minni en réttarvernd höfunda, enda almenn viðurkenning á þörf hennar mun síðar til komin. Þannig er verndartími listflutnings samkvæmt gildandi lögum aðeins 25 ár frá fyrstu útgáfu, en réttur höfunda helst uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát þeirra. Hinn stutti verndartími listflytjenda hefur verið þeim mikill þyrnir í augum. Hefur í því sambandi verið bent á að margir af fremstu núlifandi söngvurum, hljómlistarmönnum og leikurum þjóðarinnar njóta ekki verndar um listflutning sinn og er slíkt ástand með öllu óviðunandi. Í nágrannalöndum okkar hefur verndartíminn verið lengdur í 50 ár og er hér lagt til að sama regla verði lögfest hér. Nokkur önnur atriði varðandi vernd listflytjenda eru talin þurfa endurskoðunar við og hafa verið rædd í nefndinni, en lengri verndartími er þeirra langbrýnast. Önnur atriði bíða heildarendurskoðunar.

7. Alþjóðasáttmálar.

Að framan er að því vikið að megn óánægja er ríkjandi innan íslenskra höfundaréttarsamtaka vegna seinagangs í sambandi við fullgildingar Íslands á alþjóðlegum höfundaréttarsáttmálum. Þá hefur Alþjóðahugverkastofnunin, WIPO, lýst áhyggjum sínum vegna þessa ástands og lagt til að úr þessu verði bætt hið fyrsta.

Alþjóðasáttmálar þeir á sviði höfundaréttar, sem Ísland er nú aðili að, eru tveir: Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum frá 1886 í þeirri gerð hans sem samþykktur var á þingi Bernarsambandsins í Róm 2. júní 1928. Enn fremur hinn alþjóðlegi samningur um höfundarétt eða svonefndur Genfarsáttmáli frá 6. september 1952. Báðir þessir sáttmálar hafa síðan verið endurskoðaðir án þess að Ísland hafi fullgilt þá þannig breytta. Þannig var texta Bernarsáttmálans breytt í Brussel á árinu 1948, í Stokk-

hólmi 1967 og í París 1971 og texta Genfarsáttmálans í París 1971, án fullgildingar af Íslands hálfu. Þá hefur hinn alþjóðlegi sáttmáli frá 1961 til verndar listflytjendum og hljómplötuframleiðendum, svokallaður Rómarsáttmáli, sem undirritaður var fyrir Íslands hönd af dr. Þórði Eyjólfssyni hrd., enn ekki komið til framkvæmda þrátt fyrir þrotlausa baráttu íslenskra listamannasamtaka fyrir fullgildingu hans sem staðið hefur yfir í nær tvo áratugi. Flest menningarríki heims, þar á meðal Norðurlöndin, eru nú aðilar að þessum sáttmála.

Til að greiða fyrir og auðvelda að Ísland geti gerst aðili að slíkum alþjóðlegum höfundaréttarsáttmálum er lagt til að tekin verði upp í höfundalögin almennt heimildarákvæði til handa framkvæmdarvaldinu til að staðfesta slíka samninga án sérstakrar lagasetningar hverju sinni, en að tilskildri gagnkvæmni. Hliðstætt ákvæði er að finna víða erlendis, t.d. í dönsku höfundalögunum, og einnig var slíkt ákvæði að finna í okkar fyrstu höfundalögum frá 1905.

8. Önnur nýmæli.

1. Sönnunarbyrði.

Í 8. gr. núgildandi höfundalaga er að finna réttarfarsákvæði er mjög auðvelda alla framkvæmd höfundaréttar og gera mönnum auðveldara fyrir að henda reiður á hvernig umráðum réttarins er háttað án fyrirhafnarmikillar könnunar á því atriði hverju sinni. Með lagagrein þessari, sem er í samræmi við 15. gr. Bernarsáttmálans, eru lögfestar löglíkur fyrir því hver sé höfundur verks. Telst hann vera sá, uns annað reynist réttara, sem nafngreindur er á eintökum verks eða lýstur er höfundur við birtingu þess.

Til að auðvelda enn frekar og greiða fyrir framkvæmd höfundaréttar er nú lagt til að þeim aðilum, sem flytja eða dreifa verkum í verulegu magni, beri að sýna fram á að ekki hafi verið miðlað verkum sem vernduð eru að höfundalögum. Reynslan sýnir að oft og tíðum getur það verið mjög fyrirhafnarmikið og þá ekki síður kostnaðarsamt fyrir höfunda eða samtök þeirra að sannreyna hvort vernduð verk hafi verið flutt og þá í hve ríkum mæli. Er eðlilegt að þeir aðilar, sem stunda og hafa atvinnu af slíkri miðlun, þurfi að sanna heimildir sínar í þessu efni, enda eru raunlíkur fyrir því að einvörðungu óvernduðu efni sé miðlað þegar um umfangsmikla dreifingu er að ræða næsta hverfandi. Á þessar breytingar er lögð meginhersla hjá þeim höfundaréttarsamtökum sem fara með réttargæslu í slíkum tilvikum í umboði höfunda.

2. Útleiga verka.

Í íslenskum lögum er að finna tvö ákvæði í þágu höfunda vegna útleigu á verkum þeirra. Er hér um að ræða svokallaðan „public lending right“. Að því er varðar bókmenntaverk þá er höfundum í lögum um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976, tryggð nokkur þóknun fyrir útlán. Í annan stað er útleiga og lán á tónverkum á nótum til almennings alfarið bönnuð skv. 24. gr. gildandi höfundalaga. Er nú lagt til að útleiga og lán annarra eintaka af tónverkum, svo sem hljómplötum, geisladiskum og böndum, verði einnig óheimil gerð án samþykkis rétthafa. Þykir ljóst að eðlilegri hljómplötuútgáfu sé stefnt í allverulega hættu með frjálsri útleigu til tjóns fyrir framleiðendur, höfunda og listflytjendur. Einnig verður að teljast óeðlilegt að útleigufyrirtæki geti með þessum hætti auðgast óeðlilega á kostnað rétthafa, en leigugjald hefur í flestum tilvikum, sem vitað er um, verið úr öllum tengslum við markaðsverð hljóðritanna. Auk banns við útleigu tónverka eru tekin af öll tvímæli um að

útleiga og lán útgefinna kvikmyndaverka, þar á meðal myndbanda, sé óheimil án samþykkis rétthafa.

3. *Þóknunarnefnd í höfundaréttarmálum.*
Lagt er til að núverandi fyrirkomulag skv. 57. gr. gildandi höfundalaga um gerðardómsmeðferð í þeim tilvikum þegar afnot verks eru heimil gegn þóknun verði lagt niður, en í stað gerðardóms skipi menntamálaráðherra sérstaka þóknunarnefnd samkvæmt tilnefningu höfundaréttarnefndar til að úrskurða um ágreining sem rísa kann í slíkum tilvikum. Núverandi fyrirkomulag hefur reynst með öllu óhæft og því lagt til að því verði breytt í ofangreint horf. Hin nýja skipan er að danskri og norskri fyrirmynd sem hefur reynst mjög vel í framkvæmd og um hana verið góður friður milli þeirra aðila sem hlut eiga að máli.

4. *Höfundaréttarnefnd og -ráð.*
Í gildandi lögum, 58. gr., er gert ráð fyrir höfundaréttarnefnd sem vera skuli ráðherra til ráðuneytis um höfundaréttarmál. Er það skoðun endurskoðunarnefndar að breyta þurfi núverandi fyrirkomulagi um skipan ráðgjafarnefndarinnar í það horf að höfundaréttarnefnd verði fámenn og skilvirk ráðgjafarnefnd, skipuð mönnum með sérfræðiþekkingu á höfundarétti. Jafnframt er lagt til að komið verði á fót höfundaréttarráði er verði almennur umræðuvettvangur sem flestra aðila er hagsmuna hafa að gæta í sambandi við höfundarétt og framkvæmd hans. Ráðið starfi undir forsæti menntamálaráðherra. Telur nefndin að með þessari tilhögun verði náð tvíþættum markmiðum, þ.e. skjótvirkri ráðgjöf varðandi aðkallandi höfundaréttarvandamál á hverjum tíma, svo og almennri umræðu um höfundaréttarmálefni á breiðari grundvelli.

Auk þeirra breytinga og nýmæla, sem reifuð hafa verið hér að framan og nefndin er sammála um að lögfest verði, hafa ýmis álitaefni varðandi frekari lagabreytingar verið rædd í nefndinni, en sem rétt þykir að bíði allsherjarendurskoðunar laganna. Er hér m.a. um að ræða atriði varðandi réttarstöðu listflytjenda og arkitekta, svo og atriði sem varða höfunda almennt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögfestur sá ríkjandi skilningur að eðlilegt sé að tölvuforrit njóti verndar að höfundarétti. Tölvuforrit eru hér skýrgreind sem sjálfstæð verk, enda hljóta lagaákvæði varðandi þau að sníðast að sérstöðu þeirra sem höfundaréttarlegra verka vegna sérstakra nytja þeirra, sbr. umsagnir um 3., 4. og 11. gr. hér á eftir, svo og umfjöllun í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 2. gr.

Vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum við frumvarpið varðandi sönnunarbyrði í þeim tilvikum þegar um dreifingu í verulegu magni er að ræða.

Um 3. gr.

Skv. 3. gr. gildandi höfundalaga hefur höfundur einkarétt til að gera eintök af verki sínu. Frá þeirri meginreglu er í 11. gr. laganna gerð víðtæk undantekning þegar um er

að ræða eintök til einkanota. Er sú undanþáguheimild þrengd hér að því er varðar eftirgerðir tónverka og bókmennta sé til hennar leitað aðstoðar aðila sem taka slíka eftirgerð að sér í atvinnuskyni. Þá er eftirgerð tölvuforrita alfarið bönnuð, sbr. þó umsögn um 4. gr.

Með tilkomu hinnar nýju fjölföldunartækni, ekki síst á sviði ljósritunar, hafa möguleikar einstaklinga til eftirgerðar verndaðra verka aukist gífurlega. Er hér ekki síst átt við fjölföldun verka á ljósritunarstofum sem ljósrita nær hömlu- og eftirlitslaust vernduð tónverk og bókmenntaverk og spilla þannig fyrir sölu þeirra á almennum markaði. Er nú svo komið að forlagsútgáfa á nótum má heita nær aflögð vegna dræmrar sölu og mikils útgáfukostnaðar. Neyðast því höfundar sjálfir eða samtök þeirra oftast af litlum efnum til þess að sjá um og kosta útgáfu þeirra, en slíkar útgáfur eru að sjálfsögðu grundvallarskilyrði þess að menn geti flutt verkin og notið þeirra, a.m.k. hinna stærri verka. Að verki útgefnu sjá menn eða hópar manna sér þann leik á borði að kaupa aðeins eitt eintak verks sem þeir síðan láta fjölfalda í heild eða að hluta á ljósritunarstofum gegn tiltölulega vægu gjaldi og án þess greiðsla komi fyrir til höfunda. Svipuðu máli gegnir um ýmis bókmenntaverk. Í Noregi er eftirgerð tónverka á nótum alfarið bönnuð. Ekki þykja næg rök fyrir því, svo sem gert er í Noregi, að gera hér greinarmun á bókmenntaverkum og tónverkum og því lagt til að hvor tveggja eintakagerðin verði bönnuð sé til hennar leitað aðstoðar aðila sem taka slíka eintakagerð að sér í atvinnuskyni. Í samtökum höfunda hefur mjög verið rædd nauðsyn þess að koma böndum á hina hömlulausu eftirgerð sem að framan er lýst og telja rétthafar mjög brýnt að á máli þessu verði tekið með lögfestingu nauðsynlegra verndarákvæða. Þótt eintakagerð þessi verði alfarið bönnuð geta fjölföldunarstofur leitað samþykkis viðkomandi rétthafa eða rétthafasamtaka til fjölföldunar, t.d. gegn hæfilegu gjaldi eins og tíðkast hefur í sambandi við fjölföldun í skólum.

Á það hefur verið bent í almennum athugasemdum við frumvarpið að tölvuforrit hafi nokkra sérstöðu meðal verka sem verndar njóta að höfundalögum. Hér getur verið um hvort tveggja að ræða forrit í skriflegu formi (source code) sem skiljanleg eru þeim sem þekkingu hafa á þessu sviði eða forrit í svokölluðu véllæsilegu formi (object code) og dreift er á hinum almenna markaði á böndum, disklingum eða hliðstæðri gerð.

Vegna eðlis forrita og hinnar sérstöku þýðingar þeirra í atvinnu- og viðskiptalífi hefur þótt rétt að veita þeim frekari vernd gegn eftirgerð til einkanota en öðrum verkum vernduðum að höfundarétti. Gerð þeirra er oftast mjög kostnaðarsöm og endurgjald framleiðenda fyrir réttinn til nýtingar þeirra verulegur hluti framleiðslukostnaðar. Eftirgerðir eru hins vegar ódýrar og auðunnar. Því er hér gert ráð fyrir að eftirgerðir til einkanota verði almennt bannaðar hverrar gerðar sem forritin eru, svo sem gert hefur verið m.a. í Frakklandi og Þýskalandi. Í Danmörku nær slíkt bann aðeins til tölvuforrita í véllæsilegum búningi, en ekki þykja full rök fyrir slíkri aðgreiningu og er þá stuðst við niðurstöður Frakka og Þjóðverja í þessu efni svo og álit virtra fræðimanna.

Um 4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. um almennt bann við eftirgerð tölvuforrita er eintakagerð samkvæmt þessari grein leyfileg að því marki sem hún kann að reynast nauðsynleg vegna eðlilegrar nýtingar forritanna. Er hér ekki aðeins átt við gerð vara- og öryggiseintaka heldur og annarra eintaka sem nauðsynleg kunna að reynast vegna eðlilegrar nýtingar þeirra.

Um 5. gr.

Lengi hefur verið vitað að í skólum landsins, svo og víða annars staðar bæði í atvinnustarfsemi og stofnunum, færi fram í ríkum mæli ljósritun og skyld eftirgerð verndaðra verka. Hefur það verið eitt helsta baráttumál rithöfunda á síðustu árum að takmarka eftirgerð þá sem hér um ræðir og þá jafnframt að fá því framgengt að höfundum væri greidd þóknun fyrir þær fjölföldunarheimildir sem óhjákvæmilegt þætti að veita þessum aðilum. Í almennum athugasemdum við frumvarpið er þess getið að árið 1983 hafi verið gerðir samningar við ríkisvaldið um ljósritun í skólum og hefur ríkissjóður síðan greitt höfundum þóknun fyrir þá eftirgerð verka sem þar fer fram. Hins vegar hefur viðleitni til samninga og gjaldtöku af öðrum aðilum, sem talið er að stundi þessa iðju, enn ekki borið þann árangur sem vænst var, en á þessu sviði höfundaréttarins sem öðrum tekur það sinn tíma að þoka málum áleiðis til viðunandi lausnar.

Í tengslum við ofangreinda samningsgerð við ríkisvaldið þótti óhjákvæmilegt að stofna heildarsamtök höfunda til að annast réttindameðferðina á þessu sviði, svo sem á mörgum öðrum sviðum höfundaréttarins, og því var í sambandi við greinda samningsgerð við ríkisvaldið um fjölföldun í skólum komið á fót höfundaréttarsamtökum undir nafninu FJÖLÍS sem er samband margra höfundaréttarfélaga sem hér eiga hagsmuna að gæta. Að fenginni reynslu þykir einsýnt að lögfesta þurfi ákvæði um starfsemi samtakanna og réttarframkvæmdina almennt, svo sem gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum.

Auk ljósritunar og skyldrar eftirgerðar í skólum og víðar er nú mjög rætt um að nýir hættir við eintakagerð og miðlun verndaðra verka muni mjög ryðja sér til rúms á næstunni og er því jafnvel haldið fram að ljósritun og þvílík eftirgerð verka verði úrelt orðin áður en langt um líður, við taki innsetning og varðveisla verka í svokölluðum tölvubönkum og miðlun verka úr þeim til almennings. Til að mæta þeim möguleika þótti rétt að setja í grein þessa ákvæði sem heimila ráðherra að setja reglur um gerð véllæsilegra eintaka til afnota í tölvubönkum þannig að FJÖLÍS eða hliðstæðu félagi höfunda verði falið að annast gæslu réttinda fyrir höfunda í sambandi við gerð slíkra eintaka og afnot þeirra.

Um 6. gr.

Grein þessi er að meginefni til í samræmi við 23. gr. núgildandi laga og reglugerð sem sett hefur verið á grundvelli hennar, svo og réttarframkvæmd. Hér er kveðið á um heimild til handa útvarpsstöðvum til flutnings á bókmenntaverkum og tónverkum án leyfis höfunda hverju sinni, en að fullnægðum sérstökum skilyrðum, m.a. um greiðslu fyrir flutninginn. Enn fremur er það nú sett sem skilyrði fyrir almennri heimild til útvarpsflutnings að fyrir liggi heimild til slíks frá höfundaréttarsamtökum sem annast samningsgerð fyrir meiri hluta íslenskra höfunda um flutningsrétt bókmenntaverka eða tónverka eða einstakra greina þeirra. Er hér horfið frá svokallaðri afnotakvöð en í þess stað tekin upp svonefnd samningskvöð. Í raun er um lítt breytt ástand að ræða þar sem útvarpsstöðvar hafa ævinlega gert sérstaka samninga við höfundaréttarsamtökin um útvarpsflutning og greiðslu fyrir hann. Hins vegar þykir sjálfsagt að lögfesta berum orðum ríkjandi ástand í þessum efnum, svo sem gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndum. Enn fremur hefur þótt óhjákvæmilegt að skerpa og skilgreina betur ákvæði greinarinnar um hlutverk og heimild þeirra höfundaréttarsamtaka sem hér um ræðir.

Auk greindra ákvæða varðandi flutningsrétt í útvarpi er lagt til að eldri reglugerðarákvæði um heimild til handa lögformlega viðurkenndum höfundaréttarsamtökum til að setja gjaldskrár um flutning utan útvarps verði lögfest, en slíkar gjaldskrár skulu eftir sem áður vera háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

Loks er lögfest ákvæði um rétt útvarpsstöðva til bráðabirgðaupptöku verka í samræmi við 11. gr. a. Bernarsáttmálans.

Um 7. gr.

Lagt er til, sbr. almenna umsögn um frumvarpið, að viðstöðulaus endurútsending um kapal (þráð) sé heimil að höfundarétti án samþykkis höfundarétthafa, en gegn gjaldi sé endurvarpað til fleiri samtengdra íbúða en 25. Er hér farið að fordæmi annarra Norðurlandaþjóða. Þóknunarnefnd, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að komið verði á fót, ákveður gjald til rétthafa, nema samkomulag verði um gjaldið eða annað fyrirkomulag við ákvörðun þess, svo sem frjáls gerðardómur. Í Danmörku gekk nýlega gerðardómur skipaður fimm hæstaréttardómurum um fjárhæð gjalds þessa og skiptingu þess milli rétthafa, þ.e. höfunda, flytjenda og útvarpsstöðva.

Um 8. gr.

Vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 9. gr.

Skv. 1. mgr. 25. gr. gildandi höfundalaga er opinber kynning myndverka á listsýningum óheimil án samþykkis höfundar nema á listasöfnum sé sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð. Getur höfundur því lagt bann við slíkri sýningu verka sinna eða áskilið sér hæfilega þóknun fyrir kynninguna. Er nú lagt til að greininni verði m.a. breytt þannig að á eftir orðunum „opinber kynning þess á listsýningum“ komi „eða með öðrum hliðstæðum hætti“. Á síðustu árum hefur mjög færst í vöxt hvers konar kynning listaverka án þess beinlínis sé hægt að flokka slíka kynningu undir listsýningar og má sem dæmi nefna að sýna myndverk í húsakynnum stofnana. Með greindri lagabreytingu er tryggt að höfundar geti í flestum tilvikum, þegar verk þeirra eru kynnt opinberlega, áskilið sér rétt til þóknunar (udstillingsvederlag), en viðurkenning þess réttar hefur verið eitt helsta baráttumál myndhöfunda og samtaka þeirra í nágrannalöndum okkar á undanförnum árum.

Auk framangreindra breytinga á 1. mgr. 25. gr. er lagt til að aukið verði við 2. mgr. greinarinnar ákvæðum sem gætu haft veruleg áhrif til hagsbóta fyrir myndlistarmenn. Í lögum hefur fram að þessu ekki verið heimild til lögformlegra viðurkenninga á hagsmunasamtökum myndhöfunda til almennrar réttargæslu, svo sem verið hefur um samtök höfunda á sviði bókmennta og tónverka, svo sem STEFs, Rithöfundasambands Íslands og Hagþenkis. Er hér úr þessu bætt að tilmælum Sambands íslenskra myndlistarmanna. Að sjálfsögðu verður einstaklingsbundinn ráðstöfunarréttur myndhöfunda á verkum sínum eftir sem áður meginregla, en tiltekin heimild til réttargæslu fengin í hendur samtökum myndhöfunda. Þannig er hér gert ráð fyrir því að samið verði við samtökin um opinbera sýningu verka í sjónvarpi og að þau geti selt gjaldskrá um opinbera kynningu birtra verka að tilskildri staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar varðandi aðgangsrétt eru skýrð ítarlega í almennum athuga-

semdum við frumvarpið og vísast þangað um nauðsyn þessa úrræðis og lagarök. Þó þykir rétt að vekja athygli á því að í 13. gr. laga um Listasafn Íslands, nr. 58/1988, var lögfestur aðgangsréttur að því er varðar myndverk höfunda í eigu safnsins. Réttur höfunda samkvæmt þessu ákvæði er persónulegur og óframseljanlegur og erfist ekki.

Samkvæmt 1. mgr. beinist krafa um aðgang að verki að þeim aðila sem fer með vörslu verksins sem jafnframt er þó oftast eigandi þess þótt svo þurfi ekki að vera. Sönnunarbyrði þess að aðgangur að verki sé höfundi mikilvægur hvílir á honum sjálfum.

Svo sem fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið eru ákvæði um fylgirétt (droit de suite) ekki ný af nálinni. Þannig voru fylgiréttarákvæði sett í frönsk lög á árinu 1920 og náði þá aðeins til sölu myndverka á uppboðum, en á árinu 1957 var lögunum breytt þannig að fylgiréttur var látinn ná til allrar endursölu myndverka í atvinnuskyni. Í V-Þýskalandi var fylgiréttur lögfestur á árinu 1965 og ýmis önnur ríki hafa tekið upp í löggjöf sína fylgiréttarákvæði, þar á meðal Belgía og Lúxemburg og nú síðast Danir með lögum frá 1989 er tóku gildi hinn 1. júlí 1990.

Í 14. gr. b. Bernarsáttmálans, Parísartextans frá 1971, er að finna ákvæði um fylgirétt. Hér er þó aðeins um heimildarákvæði að ræða. Sambandslöndunum er í sjálfsvald sett hvort þau lögfesti fylgirétt eða ekki og þá í hvaða mæli. Þá er í 2. mgr. 14. gr. b. sáttmálans sett gagnkvæmnisákvæði þess efnis að þegnar tiltekins sambandslands njóti því aðeins fylgiréttar í öðru sambandslandi að rétturinn sé viðurkenndur í heimalandi hans. Auk þeirra röksemda, sem fram eru færðar í almennum athugasemdum við frumvarpið fyrir lögfestingu fylgiréttargjalds, þess efnis að óeðlilegt sé að eigendur og listaverkakaupmenn hagnist einir á verðhækkunum listaverka sem oft seljast á tiltölulega lágu verði framan af listferli höfunda eru þau rök einnig þung á metunum að við sölu listaverka skipta þau um eiganda og umhverfi þannig að nýir aðilar fá notið þeirra. Þá er í 3. mgr. 14. gr. b. sáttmálans gert ráð fyrir að í lögum hvers sambandsríkis sé nánar greint á um innheimtureglur og hundraðshluta fylgiréttargjalds af söluverði verks.

Í 1. mgr. er gerð tillaga um að fylgiréttargjald nemi 10% söluverðs listaverks og er það í samræmi við 3. gr. laga nr. 36/1987, um listmunauppboð. Hlutfall þetta mun m.a. hafa verið ákveðið með hliðsjón af því hve listaverkamarkaður er takmarkaður hér á landi. Ekki þykir rétt að hrófla við hlutfalli þessu, enda ekki vitað til að það hafi sætt andmælum. Í Danmörku er hundraðshlutinn 5% og í Frakklandi 3%. Með reglugerð nr. 97/1988 er Starfslaunasjóði myndlistarmanna (höfundaréttarsjóði myndlistarmanna) falið að innheimta og úthluta fylgiréttargjaldi því sem lagt var á með lögunum um listmunauppboð. Er gert ráð fyrir að sami sjóður annist innheimtu og úthlutun fylgiréttargjalds þess sem hér er kveðið á um. Að höfundi látnum fellur höfundaréttargjaldið til skylduerfingja, en sé þeim ekki til að dreifa rennur gjaldið til Höfundaréttarsjóðs og er ráðstafað til myndhöfunda í samræmi við ákvæði þar að lútandi í nefndri reglugerð um hann.

Ákvæði þessarar greinar hrófla í engu við 3. gr. laga um listmunauppboð og standa ákvæði hennar varðandi töku fylgiréttargjalds af seldum listaverkum á uppboðum því óbreytt.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir að eigendur eintaka af tölvuforritum megi breyta þeim þannig að þau nýtist með eðlilegum hætti, þó þannig að gætt sé sæmdarréttar höfundar skv. 4. gr. Þá þykir og eðlilegt í þessum tilvikum að því sé slegið föstu að atvinnurekendur eignist höfundarétt að forritum höfunda sem þeir ráða sérstaklega til gerðar þeirra, nema áskilnaður sé gerður um annað. Þykir rétt að taka af öll tvímæli í þessu efni svo rík þörf

sem á því er að framleiðendur og reyndar einnig viðsemjendur þeirra megi treysta því að þeir hafi fulla heimild til dreifingar og nýtingar þeirra svo ríkir viðskiptahagsmunir sem hér geta verið í húfi.

Um 12. gr.

Í framkvæmd hefur oft komið upp slík staða að sótt hefur verið á um að gefa út eða birta verk sem hópur flytjenda stendur að og æskilegt þykir að koma á framfæri við almenning. Þykir óeðlilegt að einn eða lítill hluti flytjendahóps geti komið í veg fyrir slíkt. Að fengnum meðmælum samtaka listflytjenda er hér lagt til að samþykki viðkomandi stéttarfélags nægi til slíkrar birtingar þar sem fleiri en tólf listflytjendur standa að einum og sama flutningi.

Um 13. gr.

Vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 14. gr.

Vísast til almennra athugasemda við frumvarpið. Þó skal á það bent að aðilum er eftir sem áður heimilt að vísa ágreiningsefnum til almennra dómstóla.

Um 15. gr.

Vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 16. gr.

Hér er gert ráð fyrir að það ákvæði 59. gr. höfundalaganna, eins og þeirri grein var breytt með lögum nr. 78/1984 að brot sæti því aðeins opinberri ákæru að „mikilvægir almannahagsmunir krefjist“, verði fellt niður og ákæruvaldinu falið að meta hverju sinni hvort tilefni sé til ákæru, svo sem almennt tíðkast. Greint skilyrði hefur þótt valda erfiðleikum í framkvæmd og ákæruvaldinu því gefnar frjálsar hendur í þessu efni.

Um 17. gr.

Svo sem vikið er að í skýringum við 10. gr. gerir Bernarsáttmálinn ráð fyrir að erlendir höfundar geti því aðeins krafist fylgiréttargjalds að slíkur réttur sé fyrir hendi í heimalandi höfundar. Þykir rétt að lögfesta hér umrædda takmörkun að þessu leyti.

Um 18. gr.

Vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, sbr. lög nr. 78/1984.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð sem neinu nemur. Þó skal bent á 18. gr. þar sem kveðið er á um að ríkisstjórninni sé heimilt að staðfesta milliríkjasáttmála um gagnkvæma vernd án eða með fyrirvörum sem þykja við eiga og heimilt er að gera. Heimildin er til að greiða fyrir og auðvelda að Ísland geti gerst aðili að slíkum alþjóðlegum höfundaréttarsáttmálum enda sé fullnægt skilyrði um gagnkvæmni, þ.e. að rétthafar aðildarlands njóti sama réttar í öðrum aðildarlöndum. Það er háð ákvörðun um fullgildingu í hverju tilviki fyrir sig hvort eða hver kostnaður gæti orðið vegna þessa.

Ríkissjóður greiðir nú þegar fyrir afnot af höfundaverkum þannig að önnur atriði frumvarpsins hafa ekki áhrif til hækkunar á kostnaði. Þar er t.d. átt við ákvæði um vernd tölvuforrita og notkun þeirra, ákvæði varðandi ljósritun og skylda fjölföldun í skólum og annarri starfsemi og ákvæði er skerpa og skilgreina nánar heimildir útvarpsstöðva til útsendinga á bókmenntaverkum og tónverkum.

Að lokum skal bent á að gert er ráð fyrir skipan sérstakrar þóknunarnefndar í stað núgildandi ákvæða um gerðardóm og skipan fámennrar ráðgefandi höfundaréttarnefndar í stað núverandi höfundaréttarnefndar. Þetta á ekki að leiða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð þar sem kostnaður við núverandi fyrirkomulag mundi falla niður á móti.

695. Fyrirspurn [437. mál]

til fjármálaráðherra um flutning starfa út á land.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hversu mörg störf við bókhald, launavinnslu og innheimtu mætti flytja úr stofnunum og ráðuneytum á höfuðborgarsvæðinu til stofnana í öðrum landshlutum með því að tengja tölvukerfi þeirra við BÁR — bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins?
2. Hefur verið undirbúin áætlun um flutning slíkra starfa?

696. Fyrirspurn [438. mál]

til samgönguráðherra um Lóranstöðina á Gufuskálum á Snæfellsnesi.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Er afráðið að leggja niður starfsemi Lóranstöðvarinnar á Gufuskálum og hætta þjónustu við skip og báta?

2. Hefur verið tryggt að annað sambærilegt staðsetningarkerfi komi í stað lórankerfisins?
3. Hvernig verða mannvirki og byggingar Lóranstöðvarinnar nýttar ef starfsemi stöðvarinnar verður hætt?

697. Fyrirspurn [439. mál]

til samgönguráðherra um sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir íslensk skip.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvað líður undirbúningi þess að koma upp sjálfvirku tilkynningarkerfi fyrir íslenska fiskiskipaflotann sem unnið hefur verið að nú í nokkur ár á vegum kerfisverkfræðistofu Háskólans?

Mun búnaðurinn nýtast íslenska kaupskipaflotanum?

698. Frumvarp til laga [440. mál]

um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laganna er:

a. að stuðla að góðu heilbrigði dýra í landinu og koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins,
b. að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma sem um ræðir í lögunum og vinna að útrýmingu þeirra.

2. gr.

Lög þessi taka til allra sjúkdóma í dýrum, jafnt húsdýrum, gæludýrum og villtum dýrum.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

Yfirdýralæknir skal vera ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að dýrasjúkdómum og framkvæmd laganna.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með og vinna að bættu heilsufari dýra og fylgjast með heilbrigðisástandi þeirra og vera á verði gegn nýjum dýrasjúkdómum er kunna að berast til landsins.

II. KAFLI
Orðskýringar.

4. gr.

Búfé: Hross, nautgripir, sauðfé, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Dýr: Öll dýr, bæði hryggdýr og hryggleysingjar.

Dýrasjúkdómur: Smitsjúkdómur sem orsakast af völdum örvera eða sníkjudýra, efnaskiptasjúkdómur, erfðasjúkdómur og aðrir sjúkdómar sem lög þessi ná til.

Smitsjúkdómur: Sjúkdómur eða smit sem beint eða óbeint getur borist frá einu dýri til annars eða milli manna og dýra.

Sóttvarnarsvæði: Landsvæði sem afmarkast af varnarlínum, ám, vötnum, sjó eða öræfum sem ásamt fyrirskipaðri vörslu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun á samgangi dýra.

Varnarlínur: Mörk sóttvarnarsvæða, þar með taldar girðingarlínur sem skiptast í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur.

III. KAFLI
Tilkynningarskylda og sjúkdómsgreining.

5. gr.

Hverjum þeim, sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lög þessi ná yfir, ber án tafar að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Skylt er lögreglu að hafa strax samband við dýralækni. Telji dýralæknir ástæðu til skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að fá sjúkdómsgreiningu sína staðfesta og hindra útbreiðslu sjúkdómsins.

Leiði rannsókn í ljós eða dýralæknir fær grun um að um sé að ræða smitsjúkdóm sem tilgreindur er í viðauka 1 með lögum þessum skal dýralæknir samstundis tilkynna það yfirdýralækni. Jafnframt ber honum að grípa til varúðarráðstafana gegn útbreiðslu eða til útrýmingar sjúkdómsins, einnig að banna afhendingu dýrsins eða afurða þess, sjá um að einangra dýrið og önnur dýr sem kunna að bera smit, svo og nánasta umhverfi þeirra. Einnig að hlutir og vörur, sem komist hafa í snertingu við dýrið, verði sótthreinsuð eða þeim eytt, aflífa dýrið eða gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast.

Sé hins vegar um að ræða sjúkdóm sem tilgreindur er í viðauka 2 skal dýralæknir hlutast til um að framkvæmdar séu frekari rannsóknir og málið tilkynnt að því marki sem nauðsynlegt er.

6. gr.

Öllum dýralæknum, sem starfa að dýralækningum, er skylt að fylgja fyrirmælum yfirdýralæknis um skráningu dýrasjúkdóma og þeim ráðstöfunum til varnar og upprætingar sjúkdóma sem hann mælir fyrir um eða tilgreindir eru í reglugerðum og auglýsingum þar um.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um varúðarráðstafanir sem nauðsynlegar eru ef upp kemur grunur um smitsjúkdóma sem tilgreindir eru í viðauka 1 eða ef þeirra verður vart og nýja, nú óþekkta sjúkdóma, þar með talin ákvæði um sóttvörn og samgang við svæði þar sem sjúkdómur hefur komið upp, einangrun dýra, rann-

sóknir, aflífun í rannsóknarskyni, sýnatöku og skýrslugerð og eyðingu dýrahræja.

IV. KAFLI
Varnaraðgerðir.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra getur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum yfirdýralæknis fyrirskipað hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu þeirra dýrasjúkdóma sem taldir eru upp í viðaukum 1 og 2 og til að afstýra hættu og tjóni af völdum útbreiðslu þessara sjúkdóma. Ráðstafanir þessar ná yfir:

1. Dýr:
   a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,
   b. sjúkdómsmeðferð,
   c. ónæmisaðgerðir,
   d. merkingar og einangrun,
   e. eftirlit,
   f. förgun og eyðingu.
2. Dýraafurðir, fóður, húsdýraáburð og annað sem mengað er og kann að bera smit:
   a. rannsóknir á mögulegu smitefni,
   b. gerilsneyðingu, sótthreinsun og dauðhreinsun,
   c. eyðingu.
3. Byggingar, starfssvæði, vélar, verkfæri og farartæki:
   a. hreinsun og sótthreinsun,
   b. eftirlit og einangrun.
4. Eigendur og umráðaaðila dýra, starfsfólk þeirra og fatnað sem kann að bera smitefni:
   a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,
   b. sótthreinsun og eyðingu fatnaðar.

V. KAFLI
Fyrirbyggjandi aðgerðir.

9. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að takmarka eða banna dýrahald á afmörkuðum svæðum þar sem ætla má að heilbrigði dýra sé sérstök hætta búin að mati yfirdýralæknis.

10. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir:

a. Hey, hálm, alidýraáburð, gróðurmold blandaða alidýraáburði, hráar og lítt saltaðar sláturafurðir unnar og óunnar, ósútuð skinn og húðir, kjötmjöl, beinamjöl, fóðurvörur sem unnar eru úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla, blóð og blóðvatn, ósoðna mjólk og egg.
b. Ull, notaða poka eða aðrar umbúðir, óhreinan fatnað og tuskur, fiður, fjaðrir, dún, stráteppi, strákörfur og óunnið dýrahár, enn fremur notaðan reiðfatnað, reiðtygi og annað sem notað hefur verið við geymslu eða flutninga á dýrum og dýraafurðum.
c. Hvers konar notaðan veiðibúnað til stangaveiði.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fengnum meðmælum yfirdýralæknis að leyfa í rannsóknarskyni innflutning á vörutegundum sem taldar eru upp í a-lið 1. mgr. Ef hey eða hálmur er notað sem pökkunarefni fyrir aðra vöru sem flutt er inn og ekki er háð sérstöku leyfi má flytja heyið eða hálminn inn án leyfis ef telja má að slíkt pökkunarefni

hafi ekki smithættu í för með sér. Innflutningsbann þeirra vörutegunda, sem taldar eru upp í b- og c-liðum 1. mgr., kemur ekki til framkvæmda ef varan sótthreinsast við tilbúning eða hreinsun eða sérstök sótthreinsun er framkvæmd fyrir innflutning og vörunni fylgi vottorð um uppruna, vinnslu og sótthreinsun.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á öðrum vörum sem hætta telst á að smitefni geti borist með.

11. gr.

Yfirdýralækni er heimilt að takmarka eða banna flutning dýra eða tækja milli sóttvarnarsvæða telji hann að sjúkdómar valdi eða séu líklegir til að valda stórfelldu tjóni á dýrum.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður að fengum tillögum yfirdýralæknis hverjar af þeim varnarlínum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skal setja upp þar sem nauðsyn krefur. Girðingarstæði skulu valin þar sem best skilyrði eru frá náttúrunnar hendi og valdi sem minnstum spjöllum og jarðraski. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að landi sínu sé slíkt nauðsynlegt, enda skal þá leitast við að bæta það með tilsvarandi landi í skiptum ef unnt er. Verði ekki samkomulag um landaskipti eða bætur fyrir missi lands skal ákveða bætur með gerðardómi þar sem aðilar tilnefna sinn manninn hvor og landbúnaðarráðherra oddamann. Bætur þær, sem gerðardómur ákveður, greiðast af þeim er landið fá og miðast við notagildi þess.

Landbúnaðarráðherra ákveður með auglýsingu skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

13. gr.

Hræ af sjálfdauðum dýrum og sláturafurðir, sem ekki eru hæfar til manneldis, skal meðhöndla, geyma, flytja eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Sama gildir um annan úrgang frá dýrum. Slíkar afurðir er óheimilt að nota sem dýrafóður nema samkvæmt sérstöku leyfi yfirdýralæknis og viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Þeir sem meðhöndla, geyma eða flytja hræ og sláturúrgang til eyðingar eða dauðhreinsunar eða ætla að nýta það til fóðurgerðar skulu afla sér heimildar yfirdýralæknis áður en starfsemin hefst.

14. gr.

Til að tryggja heilbrigði dýra og koma í veg fyrir smithættu setur landbúnaðarráðherra reglugerð um meðferð, geymslu og notkun dýraafurða og matarleifa til fóðurgerðar og um sýnatöku af slíkri framleiðslu.

15. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglur um búnað, tilhögun og rekstur sæðingastöðvar og heilbrigðiskröfur varðandi dýr sem tekið er úr sæði, egg eða fósturvísar til flutnings, svo og heilbrigðiskröfur um sæði, egg og fósturvísa sem ætlaðir eru til sæðinga eða eggjaflutninga. Þá er landbúnaðarráðherra heimilt að setja reglur um heilbrigðiskröfur þeirra dýra sem notuð eru sem fósturmæður.

VI. KAFLI
Kostnaður og bætur.

16. gr.

Þóknun og ferðakostnaður vegna starfa dýralæknis eða annarra, sem takast á hendur verkefni sem leiðir af framkvæmd þessara laga samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis, skal greiddur úr ríkissjóði.

17. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar búfjár sem ákveðin er til varnar sjúkdómum sem taldir eru upp í viðauka 1 með lögum þessum, svo og efniskostnað vegna nauðsynlegrar hreinsunar og sótthreinsunar, einnig kostnað vegna aflífunar, eyðingar hræja og notkunar tækja sem þarf til fyrrgreindra verka. Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar og gæslu svæða, enda sé einangrunin fyrirskipuð af landbúnaðarráðherra.

18. gr.

Kostnaður vegna einangrunar og rannsókna á öðrum sjúkdómum en taldir eru upp í viðauka 1 greiðist af eigendum dýranna að hluta eða öllu leyti samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra.

19. gr.

Stofnkostnaður og viðhald aðalvarnarlína greiðist úr ríkissjóði. Ríkissjóður leggur til efni í aukavarnarlínur, en uppsetning, rekstur og viðhald þeirra greiðist af viðkomandi sveitarsjóði. Rísi ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

20. gr.

Eigendur búfjár, sem fargað er samkvæmt fyrirmælum landbúnaðarráðherra að tillögum yfirdýralæknis, eiga rétt á bótum úr ríkissjóði.

Bætur ríkissjóðs svara til verðgildis afurða og rekstrartaps sem sannanlega leiðir af eyðingu dýranna. Heimilt er að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar um bætur þegar fyrirskipaður er niðurskurður á kynbótagripum.

Sé unnt að nýta afurðir dýra að hluta eða í heild skal verðmæti þeirra afurða koma til frádráttar heildarbótagreiðslum. Ekki koma bætur fyrir dýr sem eru óveruleg að verðmæti, nema því aðeins að til þess liggi gildar ástæður.

Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum nær eingöngu til búfjár.

21. gr.

Réttur til bóta samkvæmt lögum þessum glatast að öllu leyti eða að hluta ef eigandi dýra hefur ekki farið eftir ákvæðum þessara laga eða reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Sama gildir ef eigandi hefur orðið sér úti um dýr sem hann vissi eða mátti vita með tilliti til aðstæðna að haldið var sjúkdómi sem lög þessi taka til eða valdið því með ásetningi eða vanrækslu að dýr hans smitaðist.

Bætur greiðast ekki ef dýr, sem flutt hafa verið til landsins, hafa sýkst af sjúkdómi áður en sex mánuðir eru liðnir frá innflutningi þeirra.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

Yfirdýralækni, héraðsdýralæknum og fulltrúum þeirra skal hvenær sem er vera heimill aðgangur að húsnæði, búum og fyrirtækjum þar sem dýr eru geymd og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem óskað er eftir á grundvelli laga þessara.

23. gr.

Skylt er að viðhalda varnarlínum svo lengi að fullvíst þyki að búfjársjúkdómar, sem valda stórfelldu tjóni, geti ekki leynst í búfé öðrum megin línunnar þannig að samgangur milli svæðanna auki á sýkingarhættu fyrir búfé að mati yfirdýralæknis.

Því aðeins er landbúnaðarráðherra heimilt að leggja niður varnarlínur að fram hafi farið ítarlegt heilbrigðiseftirlit á búfé á þeim varnarsvæðum sem að línunni liggja og að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Gefa skal aðliggjandi sveitarfélögum kost á að eignast girðingarnar endurgjaldslaust, enda taki þau ábyrgð á að girðing valdi ekki slysum eða tjóni.

24. gr.

Yfirdýralækni er heimilt að fyrirskipa á kostnað eigenda sérstakar merkingar á búfé þar sem slíkt er nauðsynlegt. Þá getur hann bannað hvers konar litarmerkingar á búfé á ákveðnum svæðum.

25. gr.

Óheimilt er að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur nema vegna fjárskipta. Sleppi sauðfé yfir varnarlínur skal því slátrað án þess að sérstakar bætur komi fyrir. Nautgripi má því aðeins flytja yfir varnarlínur að fram fari sérstök rannsókn á heilbrigði þeirra. Yfirdýralæknir getur leyft flutning á tilrauna- og kynbótagripum yfir varnarlínur.

26. gr.

Hlíti eigandi eða umráðaaðili dýra ekki ákvörðun landbúnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum er viðkomandi lögreglustjóra skylt að hlutast til um framkvæmd á fyrirmælum ráðherra. Óheimilt er að farga dýrum eða taka þau frá aðila eða neyta annarra þeirra úrræða sem lög þessi kveða á um og valdið geta eiganda óhóflegum kostnaði nema yfirdýralæknir hafi samþykkt slíkar aðgerðir. Gefa skal eiganda og umráðaaðila kost á að tjá sig um slíkar aðgerðir áður en til þeirra er gripið.

27. gr.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum hér á landi er landbúnaðarráðherra heimilt að skipa nefnd þriggja manna er verði yfirdýralækni til aðstoðar við framkvæmd hvers konar varnaraðgerða og við útrýmingu sjúkdómsins.

28. gr.

Stöðu framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar skal samhliða gildistöku laganna breytt í stöðu deildarstjóra við embætti yfirdýralæknis.

29. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði og gildistaka.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar.

Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla brott eftirtalin lög og lagaákvæði:

a. Lög nr. 3 14. febrúar 1902, um heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða.
b. Lög nr. 25 20. júní 1923, um berklaveiki í nautpeningi.
c. Lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, og 24. gr. laga nr. 75/1982 og 1. gr. laga nr. 16/1952, um breyting á þeim lögum.
d. Lög nr. 23 10. mars 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og lög nr. 12/1967 og 25. gr. laga nr. 75/1982, um breyting á þeim lögum.
e. Lög nr. 22 10. maí 1977, um sauðfjárbaðanir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 11/1928, með síðari breytingum, lögum nr. 23/1956, með síðari breytingum, og lögum nr. 22/1977, um sauðfjárbaðanir, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

Viðauki 1.

TILKYNNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

Miltisbrandur	— Anthrax
Gin- og klaufaveiki	— Foot- and Mouth Disease
Smitandi fósturlát	— Brucellosis
Hundaæði	— Rabies
Sníf	— Glanders
Blátunga	— Bluetongue
Dúrín	— Dourine
Riða/Smit. heilahrörnun	— Scrapie/Bovine spongif. encephalop. (BSE)
Smit. kverka- og barkabólga	— Infectious laryngotracheitis (ILT)
Newcastle-veiki	— Newcastle disease
Kjúklingasótt	— Pullorum disease (Salmonella pullorum)
Hænsnatyfus	— Fowl typhoid (Salmonella gallinarum)

Munnblöðrubólga	— Vesicular stomatitis
Aujezsky's-veiki	— Aujezsky's disease (Pseudorabies)
Smitandi maga- og garnabólga	— Transmiss. gastroenteritis (Swine), (TGE)
Fjárbólusótt	— Sheep pox
Fjárkláði	— Scabies, Sheep scab (Psoroptic mange)
Hrossakláði	— Mange in horses (Sarcoptes mange)
Svínapest	— Hog cholera, Classical swine fever
Afríkönsk svínapest	— African swine fever
Sæljóna- og svínafár	— Swine vesicular disease (SVD)
Blöðruþot í svínum	— Vesicular Exanthema of Swine (VES)
Mæði (Þurramæði)	— Maedi
Lömunarveiki í svínum	— Porcine Enteroviral Encephalomyelitis, Teschen disease, (Talfan disease)
Fuglakólera	— Fowl cholera (Pasteurella multocida)
Hringskyrfi	— Ringworm (Herpes tonsurans)
Kverkeitlabólga	— Strangles
Illkynjuð brjósthimnubólga	— Contagious bovine pleuropneumonia
Nautapest	— Rinderpest
Hænsnapest	— Fowl plague (Influenza)
Afríkönsk hrossapest	— Afrikansk hestepest
Húðþrimlaveiki	— Lumpy skin disease
Rift Valley veiki	— Rift Valley fever
Berklar	— Tuberculosis (M.bov, M.tub)

Viðauki 2.

SKRÁNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

DÝR ALMENNT:	
Chlamydia-sýkingar	— Chlamydiosis (Psittacosis, Ornithosis)
Bólusótt	— Pox disease
Gulusótt	— Leptospirosis (m.a. Weils gula)
Clostridia-sýkingar	— Clostridiosis
Pestbjúgur	— Blackleg, (Miltbr.emfysem)
Salmonellasýking	— Salmonellosis
Hvanneyrarveiki	— Listeriosis
Tríkínusýki	— Trikinosis
Sullaveiki (ígulbandormur)	— Hydatidosis (Echinococcus granulosus)
HROSS:	
Smitandi legbólga	— Contagious equine metritis (CEM)
Hestainflúensa	— Equine influenza
Smit. háls- og lungnakvef	— Rhinopneumonitis/virusabort
Smitandi blóðleysi	— Equine inf. anemia, Swamp fever (EIA)

NAUTGRIPIR:	
Smit. kverka- og barkabólga	— IBR/IPV
Smitandi slímhúðarpest	— Mucosal disease/Bovin viral diarrhea (MD/BVD)
Smitandi hvítblæði	— Enzootic leucosis
Illkynjuð slímhúðarbólga	— Malignant catarrhal fever
Veiruskita	— Viral Diarrhea
SAUÐFÉ:	
Lungnapest, lungnadrep	— Pasteurellosis
Garnaveiki	— Johne's disease, Paratuberculosis
Kýlapest	— Actinobacillosis
Tannlos	— Broken mouth
Smitandi fósturlát	— Vibriosis (Camphylobacter foetus)
Fótakláði	— Foot mange, leg mange
Bítlaveiki	— Hairy shaker disease, Border disease (BVD)
Fótrot	— Foot rot
Smitandi munnangur	— Orf, Contagious Echtyma (CE)
Færilús	— Sheep tick (Melophagus ovinus)
SVÍN:	
Svínainflúensa	— Swine influenza, Hog flu
Garnadrep	— Necrotic enteritis (Clostr. perfr. type C)
Svínakregða	— Mycoplasmal Pneumonia Endemic pneum.(EP)
Illvíg brjósth./lungnab.	— Pleuropneumonia (Haemophilus pleuropn.)
Snúðtrýni	— Atrophic rhinitis swine
Rauðsýki	— Erysipelas
Svínakláði	— Sarcoptes mange
Júgurbólga/legbólga	— Metritis-mastitis-syndrome, Agalactia (MMA)
Svínadysentería	— Swine dysentery, (T. hyodys.)
Bláeyra	— Porcine respiratory and reproductive syndrome
ALIFUGLAR:	
Fuglakólera	— Fowl cholera (Pasteurella multocida)
Fuglaberklar	— Avian tuberculosis
Smitandi berkjubólga	— Infectious bronchitis (IB)
Hænsnalömun (Mareks-veiki)	— Marek's disease
Hvítblæði (Leukosis)	— Leucosis
Gumboro-veiki	— Gumboro disease
HUNDAR, KETTIR, LOÐDÝR:	
Veiruskita	— Virus Enteritis (mink)
Maurakláði	— Scabies
Hundafár	— Canine distemper, Hardpad disease

Smitandi lifrarbólga	— HCC
Refavanki (Nósematósa)	— Nosematosis
Plasmacytósa	— Plasmacytosis
Hérasótt	— Rabbit Fever (Tularemia)

ALIFISKAR:

Kýlaveiki	— Furunculosis (A. salmonicida)
Sárasýking	— Ulcer disease (H. piscium)
Rauðmunnaveiki	— Yersiniosis (Y. ruck)
Nýrnaveiki	— Bacterial kidney disease (R. salm)
Vibríu-veiki	— Vibriosis (V. ang)
IPN-veiki	— Inf. pancreatic necrosis
IHN-veiki	— Infectious haematopoietic necrosis
VHS-veiki	— Viral haemorrh. septicaemia, Egtvedtsyge
Hvirfilveiki	— Myxobolus cerebralis
Roðflyðrusýki	— Gyrodactylus salaris

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 17. janúar 1990 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd sem fengið var það hlutverk að yfirfara íslensk lagaákvæði sem varða búfjársjúkdóma og varnir gegn þeim og semja eitt lagafrumvarp um þetta efni að teknu tilliti til breyttra aðstæðna frá gildistöku laganna. Voru sérstaklega tilgreind í því sambandi lög nr. 23/1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, lög nr. 11/1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, lög nr. 25/1923, um berklaveiki í nautpeningi, og lög nr. 22/1977, um sauðfjárbaðanir.

Nefndina skipuðu: Jón Höskuldsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir og Guðmundur Jónsson bóndi, tilnefndur af Stéttarsambandi bænda.

Nefndin kynnti sér gildandi íslensk lög og lagaákvæði um búfjársjúkdóma og varnir gegn þeim. Jafnframt aflaði nefndin sér upplýsinga um og kynnti sér sambærilega löggjöf sem gildir í Danmörku (Lov om husdyrsygdomme nr. 814, 21. desember 1988), Finnlandi (Lag om djursjukdomar, 18. janúar 1980), Noregi (Lov om tiltak mot dyresjukdommer (husdyrloven), frá 8. júní 1962, breyt. 8. mars 1963) og Svíþjóð (Epizootillag, 29. maí 1980). Varð nefndin sammála um að rétt væri að leiða í lög almenn ákvæði (rammalög) um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim sem næðu ekki einvörðungu til búfjársjúkdóma (húsdýrasjúkdóma) heldur einnig til sjúkdóma í gæludýrum og villtum dýrum.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er byggt á tillögum ofangreindrar nefndar. Því er skipt í átta kafla og eru heiti þeirra eftirfarandi:

I. kafli	Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn.
II. kafli	Orðskýringar.
III. kafli	Tilkynningarskylda og sjúkdómsgreining.
IV. kafli	Varnaraðgerðir.
V. kafli	Fyrirbyggjandi aðgerðir.
VI. kafli	Kostnaður og bætur.
VII. kafli	Ýmis ákvæði.
VIII. kafli	Refsiákvæði og gildistaka.

Frumvarpinu fylgja tveir viðaukar. Í viðauka 1 eru taldir upp svonefndir hættulegir smitsjúkdómar dýra sem eru fortakslaust tilkynningarskyldir skv. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Í viðauka 2 eru hins vegar taldir upp aðrir dýrasjúkdómar sem ekki eru tilkynningarskyldir, heldur ber dýralækni að hlutast til um að fram fari frekari rannsókn verði þeirra vart (skráningarskylda). Þá fylgir frumvarpi þessu samantekt Páls A. Pálssonar, fyrrv. yfirdýralæknis, (fskj. I) um búfjársjúkdóma, innflutning dýra og búfjárafurða. Á fskj. II með frumvarpinu er að finna umsögn um frumvarpið frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Núgildandi íslensk lagaákvæði um sjúkdóma dýra og varnir gegn þeim takmarkast nær einvörðungu við sauðfjársjúkdóma eða voru sett með það að markmiði að útrýma sauðfjársjúkdómum (þurramæði, garnaveiki, kýlapest og síðar riðuveiki) eða nautgripasjúkdómum (berklaveiki). Með tilliti til þess að gildandi lög á þessu sviði eru takmörkuð, m.a. vegna aldurs þeirra og í ljósi breyttra aðstæðna, þykja næg rök standa til þess að sett verði almenn lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim eins og hér er lagt til. Helstu efnisatriði gildandi laga eru:

Lög nr. 25 20. júní 1923, um berklaveiki í nautpeningi.

Samkvæmt 1. gr. laganna er eigendum eða umráðamönnum nautgripa skylt að tilkynna dýralækni hið fyrsta öll sjúkdómseinkenni í nautpeningi er grun vekja um berklaveiki samkvæmt leiðarvísi er landbúnaðarráðuneytið lætur semja og úbúa. Dýralæknir sér þá um að rannsókn fari fram svo fljótt sem við verður komið. Kostnaður af slíkri rannsókn greiðist úr ríkissjóði, sbr. 2. gr., ef sjúkdómurinn reynist vera berklaveiki. Að öðrum kosti greiðist hann að hálfu úr ríkissjóði á móti eiganda.

Reynist nautgripur berklaveikur skal dýralæknir strax tilkynna það landbúnaðarráðuneytinu og er ráðuneytinu heimilt með ráðum dýralæknis að fyrirskipa niðurskurð á sjúkum gripum og sótthreinsun eftir þörfum. Ávallt skal fyrirskipa niðurskurð ef gripir teljast hættulegir vegna opinna, smitandi berkla. Í 4. gr. laganna er kveðið á um bætur vegna niðurskurðar sem fyrirskipaður er. Ber ríkissjóði að greiða eiganda skaðabætur sem svarar ⅓ af andvirði kjötskrokksins eins og hann mundi seljast ósjúkur og í heilu lagi í næsta kauptúni. Eiganda eru frjáls afnot húðarinnar, svo og kjöts og sláturs, að svo miklu leyti sem dýralæknir telur það hæft til manneldis. Sótthreinsunarlyf og umsjón með sótthreinsun annast ríkissjóður á sinn kostnað, en eiganda er skylt að leggja til endurgjaldslaust alla þá hjálp er með þarf við rannsókn og niðurskurð gripa.

Lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, með síðari breytingum.

Allt frá árinu 1926 hafa lög lagt bann við innflutningi ýmissa vörutegunda. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 11/1928 er bannað að flytja til landsins lifandi spendýr og fugla. Heimilt er landbúnaðarráðuneytinu að víkja frá banni þessu, enda séu hverju sinni settar reglur, sem eru öruggar, til varnar því að alidýrasjúkdómar berist til landsins með innfluttum dýrum, sbr. nú lög nr. 54/1990, um innflutning dýra. Í 2. gr. laganna er jafnframt bannaður innflutningur ýmissa vörutegunda. Í sumum tilvikum hafa lögin að geyma fortakslaust bann við innflutningi, en ýmsar vörutegundir er þó heimilt að flytja til landsins samkvæmt sérstöku leyfi landbúnaðarráðuneytisins. Þá er landbúnaðarráðherra heimilt skv. 3. gr. að banna með auglýsingu innflutning á öðrum þeim vörum er hætta telst á að sóttnæmi geti borist með. Brot gegn innflutningsbanni varðar sektum og jafnframt að dýr eða vara verði hugsanlega ónýtt.

Samkvæmt lögunum er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu gin- og klaufaveiki berist hún eða annar hættulegur alidýrasjúkdómur til landsins. Lögin heimila þannig mjög víðtækar ráðstafanir sem unnt er að grípa til til að hefta útbreiðslu veikinnar. Með reglugerð er ráðherra unnt að setja fyrirmæli um niðurskurð gripa og um einangrun heimila og héraða þar sem gin- og klaufaveiki eða annars hættulegs alidýrasjúkdóms hefur orðið vart eða grunur leikur á um að slíkur sjúkdómur hafi komið upp, enn fremur bætur úr ríkissjóði fyrir gripi sem slátrað verður, afurðatjónsbætur, greiðslu sótthreinsikostnaðar, svo og önnur þau atriði er þurfa þykir.

Lög nr. 23 10. mars 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, með síðari breytingum.

Lög þessi má rekja allt aftur til ársins 1937 er sett voru sérstök lög um varnir gegn útbreiðslu borgfirsku sauðfjárveikinnar, lög nr. 12 12. maí 1937, sem höfðu að geyma víðtæk ákvæði með það að markmiði að hefta útbreiðslu mæðiveikinnar. Of langt mál yrði að rekja sögulegan aðdraganda laga nr. 23/1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra. Samkvæmt 1. gr. laganna ná þau til þurramæði og garnaveiki, svo og riðuveiki og kýlapestar samkvæmt sérstakri ákvörðun ráðherra. Markmið framkvæmda þeirra, sem lögin fjalla um, er að hindra útbreiðslu ofannefndra sjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra, sbr. 2. gr. Fimm manna framkvæmdanefnd, sauðfjársjúkdómanefnd, hefur á hendi stjórn þeirra mála sem lögin taka til, svo og framkvæmdastjóri sem sér um dagleg störf og framkvæmdir í umboði nefndarinnar. Í III. kafla laganna er fjallað um sauðfjárvarnasvæði og varnir. Eru ákvæði laganna um varnarlínur og girðingar mikið til óbreytt frá eldri löggjöf (6.–11. gr.). Samkvæmt 12. gr. er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt að fyrirskipa á kostnað eiganda sérstakar merkingar á sauðfé og nautgripum þar sem nauðsynlegt þykir. Þá getur nefndin bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

Óheimilt er skv. 13. gr. að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur nema vegna fjárskipta. Kynbótafé má þó flytja yfir varnarlínur með sérstöku leyfi sauðfjársjúkdómanefndar og samþykki yfirdýralæknis. Sleppi kindur yfir varnarlínur skal þeim slátrað. Fáist vissa eða sterkur grunur um að einhver fjársótt hafi borist yfir varnarlínu skal framkvæmdastjóri í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar sem nefndin telur tryggilegastar og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé tafarlaust og auk þess kindum sem líkur eru til að hafi smitast við hýsingu með veiku fé, við samrekstur og í réttum skv. 17. gr. Samkvæmt 18. gr. varðar það fjáreiganda sektum að leyna veiki í fé sínu og fangelsisvist verði það til þess að veikin berist í ósýkt fé annarra. Í IV. kafla laganna, 24.–29. gr., er fjallað um fjárskiptafélög. V. kafli laganna hefur að geyma ítarleg ákvæði um fjárskipti (30.–36. gr.). Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta er fjallað í VI. kafla laganna. Miðast framlag ríkisins við fjártölu samkvæmt síðasta skattframtali áður en fjárskipti hefjast. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd lagt til grundvallar bótum fjártölu við næstsíðasta skattframtal hjá fjáreigendum sem orðið hafa fyrir verulegu tjóni af völdum sauðfjársjúkdóma árið áður en fjárskipti hefjast. Samkvæmt 38. gr. greiðir ríkissjóður fjáreigendum afurðatjónsbætur sem svarar ¾ lambsverðs á bótaskylda kind. Skal Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það með hliðsjón af meðalvænleik lamba tvö undanfarin ár á hverju fjárskiptasvæði og því

verðlagi á landbúnaðarafurðum sem fjáreigendur fá það haust sem bætur eru greiddar. Kostnað við flutning líflamba á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Samkvæmt 42. gr. getur landbúnaðarráðherra fyrirskipað niðurskurð á sýktu eða grunuðu svæði að tillögu sauðfjársjúkdómanefndar telji nefndin það nauðsynlegt til að útrýma sauðfjársjúkdómi. Getur ráðherra þá fyrirskipað niðurskurð hvort sem atkvæðagreiðsla hefur farið fram á svæðinu eða ekki. Greiðast bætur fjáreigendum samkvæmt ákvæðum laganna. Verði krafist mats vegna niðurskurðarins eftir gildandi lögum um eignarnám er matsmönnum skylt að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu. 44. gr. fjallar um heimild landbúnaðarráðherra að tillögu sauðfjársjúkdómanefndar til að gera hverja þá ráðstöfun er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna, reyna að finna læknisráð við þeim og útrýma þeim, t.d. varnarbólusetningu, heilbrigðiseftirliti, söfnun og rannsókn líffæra og blóðsýniskorna. Samkvæmt 2. mgr. 46. gr. hefur sauðfjársjúkdómanefnd heimild til að lækka bótagreiðslur eftir lögum eða fella þær niður ef réttarrannsókn sannar að bótaþegi hafi af ásettu ráði eða vítaverðu hirðuleysi brotið fyrirmæli laganna eða fyrirmæli nefndarinnar.

Lög um sauðfjárbaðanir, nr. 22 10. maí 1977.

Samkvæmt 1. gr. er eigendum og umráðaaðilum sauðfjár og geita skylt að láta fara fram böðun á því til að útrýma kláða og öðrum óþrifum. Skylt er að eiga eða tryggja sér afnot af aðstöðu til böðunar þannig að verkið geti gengið greiðlega, farið fram innan húss og án þess að fénaður sæti óþörfu hnjaski. Böðun skal skv. 2. gr. fara fram annan hvorn vetur milli 1. nóvember og 15. mars, þó aldrei fyrr en lokið er haustslátrun og aldrei fyrr en fé er komið á hús nema sérstakar aðstæður mæli með slíku að dómi eftirlitsmanns og yfirdýralæknir samþykki. Um undanþágu frá böðunarskyldu 1. gr. er fjallað í 3. gr. laganna og er hún háð meðmælum yfirdýralæknis og viðkomandi héraðsdýralæknis. Fjárkláða í kind eða grunur um hann ber skv. 5. gr. að tilkynna án tafar héraðsdýralækni og hreppstjóra eða lögreglustjóra. Skylt er að halda hinu sýkta eða grunaða fé í einangrun á ábyrgð og kostnað eiganda uns dýralæknir hefur úrskurðað hvort um fjárkláða sé að ræða. Reynist svo vera skipar yfirdýralæknir fyrir um nauðsynlega böðun. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. getur ráðherra fyrirskipað tvíböðun í fjárskiptahólfi þrátt fyrir að böðunarskyldu hafi verið fullnægt, enda verði fjárkláða eða annarra óþrifa á sauðfé og geitfé vart æ ofan í æ. Héraðsdýralæknar eru eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim umdæmum þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti sem þeir geta annast það eftirlit að dómi ráðherra. Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra sérstaka eftirlitsmenn með böðunum, einn í hverju sýslufélagi eða hluta úr sýslufélagi eða bæjarfélagi. Skipuleggja eftirlitsmenn böðunina og undirbúa hana. Þeir útnefna baðstjóra skv. 7. gr. í samráði við hreppsnefndir. Baðstjórum er skylt að skipuleggja sauðfjárbaðanir hver á sínu svæði og vera viðstaddir böðun. Þeir sjá um blöndun á baðlegi og hafa gát á því að þeir sem að böðun starfa fylgi settum reglum og fylgist vel með því hvort óþrifa verði vart í fénu. Tegund baðlyfs skal ákveðin af ráðherra að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Eins og áður er fram komið felur frumvarpið í sér almenn ákvæði um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Frumvarpið tekur til allra sjúkdóma í dýrum og með því er öllum ákvæðum um varnir og útrýmingu sjúkdóma skipað í einn lagabálk. Með þessu fyrirkomulagi er ekki að neinu leyti slakað á kröfum gildandi laga í þeirri baráttu sem nú á sér stað við útrýmingu smitsjúkdóma.

Frumvarp þetta felur í sér breytingu á stjórn sjúkdómavarna. Skipan þeirra mála er færð til embættis yfirdýralæknis sem er til þess fallið að hafa í för með sér markvissari og betri nýtingu á starfskröftum við sjúkdómavarnir, en það eykur hagkvæmni og dregur úr útgjöldum ríkissjóðs við framkvæmd laga um dýrasjúkdóma.

Fyrirsjáanlegt er að samgangur við útlönd fer vaxandi og því er árangursríkara að tengja saman upplýsingar um sjúkdómsástand í ýmsum viðskiptalöndum og varnir gegn sjúkdómum hérlendis. Samfara hugsanlegum innflutningi landbúnaðarvara verður að gera víðtækar og kostnaðarsamar rannsóknir á útbreiðslu sjúkdóma, þekktum og óþekktum, til að fyrir liggi bestu fáanlegu upplýsingar ef til slíks innflutnings kemur. Það skýrir m.a. mikilvægi þess að stjórn dýrasjúkdómamála sé samræmd og á einni hendi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lýst tvíþættum megintilgangi laganna, annars vegar að stuðla að góðu heilbrigði dýra og koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins og hins vegar að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra. Benda má einkum á ákvæði III.–V. kafla laganna og þeim úrræðum sem þar eru gefin og eru til stuðnings tilgangi laganna. Greinin er mun ítarlegri en sambærilegt ákvæði laga nr. 23/1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Um 2. gr.

Í greininni er lýst gildissviði laganna, en þeim er ætlað að ná til allra sjúkdóma í dýrum bæði hryggdýrum og hryggleysingjum, húsdýrum, gæludýrum og villtum dýrum. Hér er um veigamikla breytingu frá gildandi löggjöf að ræða sem takmarkast að mestu leyti við sauðfjársjúkdóma.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því að yfirdýralæknir sé ráðherra til ráðuneytis varðandi alla dýrasjúkdóma og framkvæmd laganna. Er það sambærilegt fyrirkomulag og gildir um búfjársjúkdóma skv. 2. mgr. 3. gr. laga um dýralækna, nr. 77/1981, með síðari breytingum. Eins og rakið er í almennum athugasemdum við frumvarpið er ekki gert ráð fyrir sambærilegri framkvæmdanefnd og kveðið er á um í 4. gr. laga nr. 23/1956 varðandi sauðfjársjúkdóma, enda eðlilegt að yfirdýralæknir hafi með höndum framkvæmd og samræmingu í baráttu við og útrýmingu á öllum sjúkdómum í búfé og öðrum dýrum hér á landi.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin leggur þá skyldu á alla, sem hafa ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi, að tilkynna það dýralækni eða lögreglu. Jafnframt er kveðið á um mismunandi úrræði sem dýralækni ber að framkvæma eftir því hvort um er að ræða sjúkdóm sem talinn er í viðauka 1 eða viðauka 2. Í viðauka 1 eru dýrasjúkdómar sem eru hættulegir mönnum og dýrum og með útbreiðslu sinni geta valdið eða eru líklegir til að valda stórfelldu tjóni. Um þá ber dýralækni tafarlaust skylda til að tilkynna yfirdýralækni, jafnframt því að grípa án tafar til varúðarráðstafana gegn útbreiðslu sjúkdómsins eða til útrýmingar sjúkdóminum. Er þá m.a. unnt að grípa til afhendingarbanns eða banna afhend-

ingu á afurðum viðkomandi dýrs sem getur reynst nauðsynlegt til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Ákvæði svipaðs efnis er í 7. gr. laga um dýralækna, nr. 77/1981, sem þó eingöngu takmarkast við búfé.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um skyldu allra dýralækna sem starfa að dýralækningum til að fylgja fyrirmælum yfirdýralæknis um skráningu allra dýrasjúkdóma og fylgja fyrirmælum um ráðstafanir til varnar og upprætingar sjúkdóma og er nýmæli. Hún tekur til allra héraðsdýralækna og sjálfstætt starfandi dýralækna sem er nauðsynlegt vegna síaukinnar hættu á að smitsjúkdómar berist til landsins vegna aukinna samgangna og hugsanlegs innflutnings á landbúnaðarafurðum í framtíðinni.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að heimilt sé að setja með reglugerð nánari ákvæði um nauðsynlegar varúðarráðstafanir verði vart við hættulega smitsjúkdóma í dýrum eða ef upp kemur grunur um þá. Jafnframt hefur greinin að geyma heimild til að setja sérstakar reglur um aðgerðir til útrýmingar nýjum hættulegum smitsjúkdómum sem kunna að berast til landsins. Mikilvægt er að lögin hafi að geyma tiltölulega rúma reglugerðarheimild að þessu leyti og eru ekki tæmandi talin þau atriði sem unnt er að kveða á um í reglugerð.

Um 8. gr.

Í greininni er að finna yfirgripsmikila upptalningu á ráðstöfunum sem ráðherra getur kveðið á um í því skyni að hindra útbreiðslu eða útrýma dýrasjúkdómum og til að afstýra hættu og tjóni af völdum útbreiðslu þeirra. Rétt þykir að heimildir af því tagi, sem hér um ræðir, séu hjá ráðherra. Nýmæli er að varnaraðgerðir, sem greinin fjallar um, geti náð til eiganda eða umráðaaðila dýra, en slíkt getur verið þýðingarmikið varðandi margar tegundir smitsjúkdóma.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Að efni til er greinin svipuð ákvæðum 2. og 3. gr. laga nr. 11/1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. Í heild er fjölgað þeim vörutegundum sem óheimilt er að flytja til landsins og við bætast gróðurmold blönduð alidýraáburði, kjötmjöl, beinamjöl, fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla, blóð og blóðvatn (a-liður), notaður reiðfatnaður, notuð reiðtygi og annað sem notað hefur verið við geymslu eða flutninga á dýrum og dýraafurðum, svo og notaður veiðibúnaður til stangveiði (b- og c-liðir). 1. málsl. 2. mgr. um undanþágu frá innflutningsbanni a-liðar 1. mgr. er nýmæli. 3. mgr. er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 11/1928.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum 2. og 3. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 23/1956 sem gilda um sauðfjárvarnasvæði að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að

ákvörðun um varnarlínu verði byggð á tillögum yfirdýralæknis í stað sauðfjársjúkdómanefndar.

Um 13. gr.

Greinin er nýmæli og hefur að geyma þýðingarmikil ákvæði sem ætlað er að fyrirbyggja hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Sífellt erfiðara reynist að finna staði til að koma fyrir úrgangi eða hræjum. Því er nauðsynlegt að setja sérstakar reglur til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitefnis.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að ráðherra setji með reglugerð ákvæði um meðferð, geymslu og notkun dýraafurða til fóðurgerðar og um sýnatöku. Nærtækt dæmi um útbreiðslu smitefnis í fóðri úr dýraafurðum er sjúkdómurinn heilahrörnun í nautgripum (BSE) í Bretlandi þar sem skorti á nauðsynlega hitameðferð við fóðurgerðina. Ítarlegar leiðbeinandi reglur á þessu sviði eru til þess fallnar að draga úr smithættu.

Um 15. gr.

Í þessari grein er nýmæli um heimild til að setja reglur um fósturflutninga og heilbrigðiskröfur fósturmæðra. Gildandi reglugerð á þessu sviði er reglugerð um búfjársæðingar nr. 226 13. ágúst 1969.

Um 16. gr.

Greinin kveður á um skyldu ríkissjóðs til að greiða þóknun og ferðakostnað þeirra aðila sem vinna að framkvæmd laganna eftir fyrirmælum yfirdýralæknis. Um getur verið að ræða dýralækni og aðra aðila sem taka að sér sérstök og afmörkuð verkefni samkvæmt fyrirsögn yfirdýralæknis.

Um 17. og 18. gr.

Kostnaður við einangrun, rannsóknir, sótthreinsun og því um líkt greiðist af ríkissjóði þegar um er að ræða búfé og sjúkdóma sem taldir eru upp í viðauka 1 með lögunum. Kostnaður við einangrun og rannsóknir á öðrum sjúkdómum getur að hluta eða öllu leyti fallið á eiganda viðkomandi dýrs samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. laga nr. 23/1956, með síðari breytingum.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt búfjáreigenda til bóta úr ríkissjóði fyrir búfé sem fargað er samkvæmt fyrirmælum landbúnaðarráðherra. Takmarkast bótaskylda ríkissjóðs við búfé og falla því gæludýr og önnur dýr sem ekki eru haldin eða alin til nytja utan skyldu ríkissjóðs til greiðslu bóta. Samkvæmt 2. mgr. er aðalreglan sú að bótum ríkissjóðs er ætlað að svara til verðgildis afurða og rekstrartaps sem sannanlega leiðir af eyðingu búfjárins. Undantekning frá þessari meginreglu er í 3. mgr. að nýtanlegar afurðir búfjár koma til frádráttar heildarbótum eiganda. Þá geta bætur fyrir kynbótagripi skv. 2. mgr. verið hærri en sannanlegt verðmæti afurða þeirra.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um takmörkun á bótarétti eigenda dýra að hluta eða öllu leyti við þær aðstæður ef sannast að eigandi fer ekki eftir ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim. Greinin tekur einnig til þeirra tilvika ef eigandi verður sér úti um dýr sem hann vissi eða mátti vita að var haldið sjúkdómi. Eðlilegt þykir að eigendur verði að bera tjón sitt sjálfir að hluta eða öllu leyti við þær aðstæður sem greininni er ætlað að ná yfir.

Um 22. gr.

Greinin er nýmæli og kveður á um skyldu til að veita yfirdýralækni, héraðsdýralæknum og fulltrúum þeirra aðgang að húsnæði, búum og fyrirtækjum þar sem dýr eru og upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits og rannsókna. Eftirlits- og rannsóknaraðilum sem greinin nær til er nauðsyn á að hafa greiðan aðgang að öllum þeim stöðum þar sem dýr eru og jafnframt getur verið brýnt að fá án tafar allar upplýsingar sem máli geta skipt í tengslum við eftirlit eða rannsóknir á sjúkdómum og er greininni ætlað að ná yfir slík tilfelli.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 23/1956. Ákvörðunarvald um niðurlagningu varnarlínu er hjá landbúnaðarráðherra í stað sauðfjársjúkdómanefndar áður.

Um 24. gr.

Hér er fjallað um heimild yfirdýralæknis til að fyrirskipa sérstakar merkingar á búfé þegar nauðsyn krefur og að banna hvers konar litarmerkingar á búfé á ákveðnum svæðum. Greinin er svipuð að efni til og 12. gr. laga nr. 23/1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, en sú grein hefur að geyma heimild fyrir sauðfjársjúkdómanefnd til að fyrirskipa eða banna slíkar merkingar á sauðfé og nautgripum. Eigendum búfjár er ætlað að bera allan kostnað af merkingum.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 13. gr. laga nr. 23/1956 og þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Greinin er nýmæli. Í gildandi lög skortir sambærileg úrræði sem nauðsynleg eru til að framfylgja ákvörðun ráðherra á grundvelli laganna. Förgun dýra eða umráðataka þeirra er háð sérstöku samþykki yfirdýralæknis og verður ekki framkvæmd án þess að sjónarmið eiganda og umráðamanns liggi fyrir.

Um 27. gr.

Greinin gerir ráð fyrir heimild landbúnaðarráðherra til að skipa þriggja manna nefnd sem ætlað er að vera yfirdýralækni til aðstoðar við framkvæmd varnaraðgerða og útrýmingu alvarlegra smitsjúkdóma sem upp kunna að koma í dýrum. Eðli málsins samkvæmt er hér um tímabundna nefnd að ræða sem skipuð yrði vegna ákveðins sjúkdóms sem við er að glíma á ákveðnu svæði/svæðum. Þær aðstæður geta skapast að yfirdýralækni sé nauðsyn á að hafa sér til aðstoðar nefnd manna sem staðkunnugir eru og geta verið til aðstoðar við framkvæmdir sem gera þarf til útrýmingar smitsjúkdómi.

Um 28. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. skipar landbúnaðarráðherra framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar. Í samræmi við þá breytingu, sem frumvarpið felur í sér á yfirstjórn dýrasjúkdóma og lýst er í almennum athugasemdum, er eðlilegt að staða framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar færist við gildistöku laganna til embættis yfirdýralæknis, enda má gera ráð fyrir að verkefni yfirdýralæknis aukist að einhverju marki við þá breytingu.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Greinin hefur að geyma hliðstæðan refsiramma og gildandi lög kveða á um.

Um 31. gr.

Í greininni eru talin upp þau lög og lagaákvæði sem felld eru brott við gildistöku laganna.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Fyrirsjáanlegt er að töluverða vinnu þarf að leggja í að endurskoða þær reglugerðir og önnur fyrirmæli sem sett hafa verið með stoð í gildandi lögum. Því er gert ráð fyrir að reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lögin. Hér er einkum um að ræða reglugerð nr. 556/1982 um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og kýlapestar í sauðfé og geitum og reglugerð nr. 290/1978 um sauðfjárbaðanir.

Fylgiskjal I.

Páll A. Pálsson,
fyrrv. yfirdýralæknir:

BÚFJÁRSJÚKDÓMAR, INNFLUTNINGUR DÝRA OG BÚFJÁRAFURÐA

I.

Vegna afskekktrar legu Íslands norður í höfum hafa þeir smitsjúkdómar húsdýra, sem alvarlegastir eru, aldrei borist til landsins, þó hafa nokkrir smitsjúkdómar húsdýra, sem hingað hafa borist, valdið gífurlegu tjóni beint og óbeint svo sem alkunna er.

Þrátt fyrir strjálbýli hér á landi eru búskaparhættir þannig að mjög hefur reynst erfitt og kostnaðarsamt að hindra útbreiðslu smitandi húsdýrasjúkdóma sem hér hafa náð fótfestu.

Húsdýr (kindur, hross og nautgripir) eru hér yfirleitt látin eftirlitslítil í sumarhögum og fara vítt um bæði á afréttum og í heimahögum. Tilhögun afréttamála og fjallskila, sem hér er lögbundin, er vel til þess fallin að stuðla að dreifingu smitsjúkdóma í sauðfé og hrossum.

Flutningur og umferð með hross milli héraða og landshluta er með ólíkindum mikill að ekki sé talað um sífelld kaup og sölu hrossa, hestamót, eftirlitslausan flutning á graðhestum og hryssum landshorna á milli. Hesthúsaþorp hafa risið þangað sem hundruð

hrossa eru flutt á hverju hausti hvaðanæva eftirlitslaust og geymd vetrarlangt. Ef upp kæmi einhver þeirra smitandi hrossasjúkdóma sem landlægir eru í grannlöndum okkar má telja nokkuð víst að útbreiðsla þeirra yrði ör við þessar aðstæður og afleiðingar skelfilegar. Löng húsvist búfjár hér á landi, oft við mikil þrengsli og lélegan aðbúnað og stundum takmarkað einhæft fóður, veitir smitsjúkdómum góð skilyrði til að ná öruggri fótfestu og útbreiðslu verði þeirra ekki vart þegar í stað sem telja verður frekar ósennilegt.

Aldalöng nánast algjör einangrun húsdýra hér á landi hefur gert það að verkum að sumir sjúkdómar, sem erlendis eru landlægir og taldir fremur meinlausir, geta, þegar þeir sýkja íslensk dýr, orðið að alvarlegum farsóttum. Þetta hefur bændum og ráðamönnum þjóðarinnar lengi verið ljóst og því viljað nýta afskekkta legu landsins til að vernda húsdýr landsmanna gegn því að hingað bærust smitandi sjúkdómar með lagasetningum og reglum sem lögðu bann við því að flutt væru til landsins dýr eða vörur sem smithætta gæti stafað af. Því miður hafa bönn þessi ekki alltaf komið að tilætluðu haldi og liggja til þess ýmsar ástæður. Þegar undanþágur hafa verið veittar hefur þekking manna á eðli sumra smitsjúkdóma verið ofmetin, látið hefur verið undan ásókn um innflutning og þeirri gróðavon sem menn töldu tengda honum og sú staðreynd að innflutningi lifandi dýra fylgir ávallt nokkur áhætta, hvernig sem um hnúta er búið, ekki verið viðurkennd.

II.

Í tímans rás hafa ýmis lög og reglur verið sett bæði til að girða fyrir að sjúkdómar bærust til landsins og til þess að hamla útbreiðslu sjúkdóma sem hingað bærust eða hér hafa náð fótfestu.

Með lögum 17. mars 1882 var fyrst lagt bann við því að flytja til Íslands útlent kvikfé en sérstaka undanþágu mátti þó gera með stjórnarleyfi gegn varúðarreglum og tryggingum. Þegar lög þessi voru sett var enn tekist á um aðgerðir gegn fjárkláðanum seinni sem svo hefur verið nefndur og hingað barst 1855, en sá sjúkdómur olli geysitjóni og heiftugum deilum um áratuga skeið. Enn hefur ekki tekist að uppræta fjárkláða að fullu þótt mikilli vinnu og fjármunum hafi verið til kostað.

Á síðari hluta nítjándu aldar hófst innflutningur á ósútuðum húðum til landsins. Voru þær einkum notaðar til skógerðar. Með þeim barst þráfaldlega miltisbruni til landsins sem víða fékk nafnið „skinnapest“. Olli veiki þessi verulegu tjóni á einstökum bæjum og þar sem hræ af miltisbrunasjúklingum voru grafin var veikin síðar að stinga sér niður aftur og aftur allt fram á þennan dag, því gró miltisbrunasýkla lifa áratugum saman. Þess vegna voru sett lög um hömlur og bann við innflutningi á ósútuðum húðum og skinnum með lögum frá 11. desember 1891 og 14. febrúar 1902. Tók þá fyrir miltisbrunasmit af þessum völdum.

Lögum frá 1882 um bann við innflutningi á útlendu kvikfé var dálítið breytt með lögum 10. nóvember 1905 og lögum 9. júlí 1909 og alidýrategundum fjölgað sem bannað var að flytja inn svo að ekki mátti flytja inn nautgripi, sauðfé, hesta, svín, geitur eða hunda.

Með lögum 15. júní 1926 um innflutningsbann á dýrum o.fl. eru fyllri ákvæði, bannað að flytja til landsins spendýr og tilteknar vörur sem smithætta gat stafað af. Í öllum þessum lögum var gert ráð fyrir að veita mætti undanþágu frá banninu að uppfylltum vissum öryggisatriðum. Vegna ótta við gin- og klaufaveiki, sem þá geysaði í flestum löndum Evrópu, voru enn sett lög 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. Hafa þau að geyma enn ítarlegri ákvæði en lögin frá 1926 sem jafnframt voru felld úr gildi. Mikil áhersla er lögð á að banna ýmsar vörutegundir sem smithætta gæti stafað af. Þegar sérstakt hættuástand skap-

ast í viðskiptalöndum okkar varðandi smitsjúkdóma heimila lögin sérstakar varúðarráðstafanir og hefur þeirri heimild stöku sinnum verið beitt. Lög þessi eru góðu heilli enn í gildi. Almennt er viðurkennt eins og mörg dæmi sanna að kjötvörur ýmiss konar hafa borið smit milli landa jafnvel milli heimsálfa. Má heita að fréttir af slíkum slysum berist árlega erlendis frá og hafa slík slys valdið gífurlegu tjóni beint og óbeint, t.d. þegar um er að ræða gin- og klaufaveiki, svínapest og hænsnapest. Vegna áðurnefndra laga frá 1928 þurfti sérstök lög (14. júní 1929) til að heimila stjórnvöldum innflutning og ræktun sauðnauta fyrst frá Austur-Grænlandi og ári síðar frá Noregi. Öll hin innfluttu sauðnaut drápust á fyrsta og öðru ári eftir komuna til Íslands.

Þann 8. september 1931 voru sett lög um heimild fyrir ríkisstjórn að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta og 19. júní 1933 lög um heimild fyrir ríkisstjórn að flytja inn nautgripi af bresku holdakyni. Í skjóli þessara laga var flutt inn sauðfé frá Skotlandi 1932 og árið eftir karakúlfé frá Þýskalandi.

Árið 1933 voru flutt inn holdanaut frá Bretlandi. Þau reyndust hafa húðsjúkdóm, hringskyrfi, er smitaði íslenska nautgripi sem með þeim voru í Þerney þar sem þeir voru geymdir og einnig fólk sem hirti gripina. Framangreind lög, sem heimiluðu innflutninginn, voru samþykkt á alvarlegum krepputíma í þeirri von og trú að innflutningur erlendra búfjárkynja gæti styrkt fjárhagsafkomu landsmanna ekki síst bænda. Allt fór það þó öðruvísi en menn höfðu vonað. Með karakúlfénu bárust sjúkdómar sem urðu að farsóttum, garnaveiki, votamæði, þurramæði og sennilega kýlapest, með nautgripunum hringskyrfi svo þeir voru felldir og ýmsir ókostir skoska fjárins við íslenska staðhætti komu í ljós en með því höfðu menn ekki reiknað.

Í stað þess að efla afkomu og atvinnuhætti ollu sjúkdómar þeir, sem bárust til landsins með þessum innflutningi, geysitjóni beint og óbeint og eru sumir þeirra nú orðnir landlægir og vonlítið að uppræta þá eins og þekking manna nær nú.

Loðdýr, einkum minkar og silfurrefir, voru fluttir inn í byrjun fjórða áratugar aldarinnar. Bundu ýmsir vonir við þann innflutning og var farið heldur óvarlega með þessi dýr svo þau sluppu úr vörslu og minkur lagði smátt og smátt undir sig allt landið með þeim afleiðingum sem óþarft er að rekja.

Sauðfjárrækt og sauðfé var flutt inn með sérstöku leyfi atvinnumálaráðherra árið 1947. Svo illa tókst til að kindur þessar sýndu einkenni smitsjúkdóms, sem hér er óþekktur, strax og kaupin voru gerð. Var fénu því öllu lógað fáum dögum eftir komuna til landsins.

Eftir hinar sífelldu hrakfarir, óhöpp og geysilega tjón, sem fylgdu í kjölfar innflutnings eins og hér er rakið, voru sett mjög ströng lög um innflutning lifandi dýra, lög nr. 15/1948. Ákvæði þeirra voru tekin upp í lög nr. 74 28. apríl 1962. Í þeim lögum er þó heimild til að flytja inn nautasæði til notkunar í sóttvarnastöð ríkisins. Var sú heimild notuð og hefur sú tilhögun reynst óhappalaus eftir því sem best er vitað fram til þessa.

Mest var þó tjónið sem fylgdi innflutningi sauðfjár. Þegar ljóst varð hve alvarlegir sjúkdómar höfðu borist til landsins með innflutningi karakúlfjárins 1933 varð ljóst að opinberra aðgerða var þörf til að takast á við þessi nýju vandamál sem raunar urðu fljótt svo stórfelld að þau vörðuðu þjóðina alla beint eða óbeint. Fyrstu lögin sem sett voru varðandi þessar fjárpestir voru bráðabirgðalög 21. desember 1936 „Um varnir gegn útbreiðslu sauðfjárveiki". 12. maí 1937 voru síðan staðfest lög „Um varnir gegn útbreiðslu borgfirsku sauðfjárveikinnar" og næstu árin voru sett fleiri lög eftir því sem vandinn óx og viðhorfin breyttust.

Þann 9. júlí 1941 voru sett lög „Um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma

og heimild til samþykktar um fjárskipti“ og fyrri lög um þessi mál felld úr gildi. Enn voru staðfest lög 9. maí 1947 „Um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra“ og eldri lög jafnframt felld úr gildi, en mörg ákvæði þeirra felld inn í hin nýju lög.

Loks voru staðfest lög 10. mars 1956 „Um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra“. Þau lög eru enn í gildi með viðaukalögum 28. mars 1967: „Um viðauka við breytingar á lögum nr. 23 10.mars 1956“.

Með stoð í þeim lögum, sem að framan eru talin, voru gefnar út ýmsar reglugerðir, tilkynningar og fyrirmæli varðandi nauðsynlegar aðgerðir gegn þessum sjúkdómum sem lögin náðu til.

Með þeim viðauka, sem lögfestur var 28. mars 1967, var fellt inn ákvæði um riðuveiki og kýlapest og einnig var hægt að beita lögunum er aðrir áður óþekktir sjúkdómar kæmu upp og yllu stórfelldu tjóni. Hafa ákvæði þessi m.a. verið notuð til að útrýma hringskyrfi í búfé og til að hamla útbreiðslu riðuveiki. Löggjöfin um varnir og útrýmingu karakúlpestanna er á margan hátt hin merkasta þar sem framkvæmd þeirra treysti og byggðist fyrst og fremst á þegnskap og samvinnu sauðfjáreigenda við nauðsynlegar, erfiðar, vandasamar og víðtækar framkvæmdir. Vandséð er hvort tekist hefði með öðrum hætti að ná tilætluðum árangri.

III.

Í tímans rás hafa nokkrir alvarlegir smitsjúkdómar dýra borist til landsins þrátt fyrir að reynt hafi verið að girða fyrir það með varúðarráðstöfunum og bönnum ýmiss konar. Til fróðleiks skulu tilgreind nokkur dæmi um það.

Ekki eru tiltækar heimildir um innflutning dýra til landsins áður en lög um bann við innflutningi kvikfjár voru sett fyrir rúmri öld síðan. Oftast voru það einstaklingar sem stóðu að slíkum innflutningi og oftast var um að ræða einstök eða fá dýr hvort sem um var að ræða kindur, kálfa, svín, hunda eða ketti. Eftirlit með slíkum innflutningi var ekki fyrirskipað eða framkvæmt.

Upp úr miðri átjándu öld var á vegum stjórnvalda efnt til innflutnings á sauðfé til landsins í þeim tilgangi að bæta ullargæði. Svo illa tókst til að 1762 barst með þessu fé fjárkláði að talið er sem geisaði sem faraldur um mikinn hluta landsins. Sauðfjáreign landsmanna var þá talin 360 þúsund. Með skipulögðum fjárskiptum, sem tók til allra héraða að kalla vestan Jökulsár á Sólheimasandi og Skjálfandafljóts, er talið að kláðanum hafi verið útrýmt. Af völdum þessa faraldrar fórst eða var skorið niður um 280 þúsund fjár. Aftur barst fjárkláði til landsins árið 1856 með enskum kindum sem prestur á Suðurlandi flutti inn. Olli sá faraldur heiftugum deilum áratugum saman. Enn hefur fjárkláða ekki verið útrýmt að fullu.

Riðuveiki í sauðfé hefur lengst af verið mest áberandi á Norðurlandi, en breiðst þaðan til annarra landshluta síðustu tvo áratugi. Ýmsir hafa haldið því fram að upphaf riðuveiki megi rekja til kynbótahrúts af ensku kyni sem fluttur var til Skagafjarðar 1878. Riðuveiki er nú sá sauðfjársjúkdómur sem mestu tjóni veldur og erfiðast er við að eiga, enda staðið af sér fjárskipti sums staðar.

Kýlapest í sauðfé barst til landsins með innfluttu fé á fjórða áratugnum og varð fyrst vart í Þingeyjarsýslu. Þessa sjúkdóms verður nú víða vart.

Hundafár eða hundapest barst hvað eftir annað til landsins með útlendum hundum og geisaði hér sem banvænn faraldur svo heilir landshlutar urðu hundlausir að kalla. Síð-

asti faraldur af þessu tagi barst með smygluðum hundi til landsins árið 1966.

Illkynjuð klaufaveiki í sauðfé barst til landsins árið 1947 með skoskum hrútum sem ætlaðir voru til sauðfjársæðinga. Þeim var öllum slátrað meðan þeir voru enn í sóttkví.

Svínapest og blöðruþot eru veirusjúkdómar sem hingað bárust með matarleifum frá hernum. Hvoru tveggja sjúkdómur olli miklu tjóni á svínabúum suðvestanlands.

Miltisbruni barst þráfaldlega til landsins með innflutningi á ósútuðum nautshúðum uns innflutningur var bannaður með sérstökum lögum 1902.

Berklaveiki hefur lítið orðið vart í dýrum hér á landi ef frá eru talir fuglaberklar sem fundist hafa bæði í alifuglum og æðarfugli og ekki ósjaldan í svínum.

Nautaberklar hafa sennilega borist hingað með útlendum berklaveikum fjósamanni sem hirti kýr á skólabúinu á Hólum í Hjaltadal 1958. Allir nautgripir staðarins voru loks felldir og höfðu þá allir smitast. Talið var að tvö ungmenni á staðunum hefðu smitast sennilega af ógerilsneyddri mjólk.

Hringskyrfi barst til landsins með breskum holdanautum og voru þau felld. Síðan hefur þessi sjúkdómur, sem er smitnæmur húðsjúkdómur sem sveppir valda, tvisvar borist til landsins með útlendingum sem sinntu hér fjósverkum. Í fyrra sinnið barst sjúkdómurinn til Eyjafjarðar 1966, dreifðist á 12 bæi, þar sem nær allir nautgripir smituðust auk þess sem veikin barst í fólk, sauðfé og hross. Aftur barst sjúkdómurinn 1987 með útlendri stúlku í nautgripi á bæ undir Vestur-Eyjafjöllum. Heimilisfólk smitaðist og með kálfum í sumarhögum dreifðist sjúkdómurinn á þrjá aðra bæi. Aðgerðir til að uppræta sjúkdóminn ollu bændum miklum óþægindum og niðurskurður á sauðfé og hrossum olli verulegum útgjöldum fyrir ríkissjóð.

Þegar loðdýrarækt hófst á nýjan leik hér á landi um 1970 voru fluttir inn minkar, refir og kanínur í allstórum stíl. Enda þótt reynt væri að sneiða við innkaup dýranna hjá stöðum þar sem kunnugt var um sjúkdóma fór ekki hjá því að hingað bærust með þessum innflutningi smitsjúkdómar eins og t.d. plasmacytosis sem veldur verulegu tjóni í minkabúum. Smitandi sjúkdómar í öndunarfærum kanína ollu líka tjóni í sumum búum. Er þetta enn ein sönnun þess að ógerlegt er með öllu að girða fyrir sjúkdóma þegar um er að ræða innflutning á lifandi dýrum þó fyllstu varúðar sé gætt.

Vegna reynslu erlendis, þar sem smitsjúkdómar í vatnafiskum hafa borist með hrognum og seiðum, voru hömlur settar á innflutning vatnafiska og hrogna úr þeim, sbr. lög nr. 76 25. júní 1970. Ekki er vitað til þess að með þeim litla innflutningi á hrognum, sem heimilaður hefur verið, hafi borist sjúkdómar.

Alkunnugt er að með innflutningi á hráum sláturafurðum hafa sjúkdómar borist milli landa, t.d. gin- og klaufaveiki, svínapest, Newcastle-veiki í hænsnum, nautariða o.s.frv.

Af þessum sökum hefur um allangt skeið verið bannað að flytja inn fóðurvörur sem í hefur verið blandað mjöli unnu úr slátur- eða mjólkurafurðum.

Eigi að síður hafa fundist hér í fóðurvörum salmonella-sýklar bæði í pokuðu fóðri og fóðri sem flutt er laust og getur því auðveldlega mengast, t.d. af músum og rottum. Nú munu salmonella-sýkingar af ýmsu tagi orðnar landlægar hér á landi og verður seint útrýmt.

Ýmis lög og reglur hefur þurft að setja til að hamla útbreiðslu smitsjúkdóma húsdýra umfram það sem hér hefur verið rakið, varnaraðgerðir verið fyrirskipaðar eða menn hvattir til að beita þeim. Er sú starfsemi stöðugt í gangi um allt land að kalla.

Eins og ljóst má vera af því lauslega yfirliti, sem hér er rakið, hefur innflutningur lifandi dýra eða búfjárafurða til landsins í för með sér hættu á því að með honum berist smitsjúkdómar hvernig sem um hnútana er búið. Því verður aldrei of varlega farið í þeim

efnum. Gildandi lagareglur um smitsjúkdóma dýra hér á landi og hömlur gegn innflutningi dýra og afurða þeirra eru því seint of strangar.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að ein heildarlöggjöf um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim taki við af fimm eldri lögum á þessu sviði sem flest miðast við ákveðna búfjársjúkdóma. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Stærsti útgjaldaliður ríkissjóðs í þessum málaflokki er greiðslur til bænda vegna förgunar á búfé. Landbúnaðarráðuneytið hefur lýst því yfir að það muni haga reglugerðarákvæðum um framkvæmd 20. gr. frumvarpsins þannig að hugsanleg bótaskylda ríkissjóðs vegna þess aukist ekki frá því sem er samkvæmt gildandi lögum.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að sauðfjársjúkdómanefnd verði lögð niður en kostnaður við hana hefur numið um 400 þús. kr. á ári hverju. Þá munu starfsmenn Sauðfjárveikivarna færast til embættis yfirdýralæknis. Gera má ráð fyrir að þessi skipan muni koma til með að auka hagkvæmni í rekstri og draga úr útgjöldum þegar til langs tíma er litið.

Loks skal það áréttað að ákvæði 17. gr. frumvarpsins um greiðslu kostnaðar, sem leiðir af einangrun dýra, á ekki við um einangrun gæludýra sem leyfður er innflutningur á samkvæmt heimild í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.

699. Frumvarp til laga [441. mál]

um Jarðasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins skal starfrækja sjóð er nefnist Jarðasjóður ríkisins. Hlutverk sjóðsins er að kaupa jarðir bænda sem afsalað hafa framleiðslurétti og jarðir sem ekki seljast á frjálsum markaði og aðstoða sveitarfélög með lánveitingum við eigendaskipti að jörðum.

Erindi, sem Jarðasjóði berast varðandi kaup og sölu jarða, skulu send til umsagnar stjórnum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda áður en þau eru afgreidd.

2. gr.

Jarðasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir sem svo er ástatt um er hér greinir, enda hafi sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti:

1. jarðir sem ekki seljast með eðlilegum hætti en eigandi þeirra verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu,
2. jarðir sem hafa óhagstæð búskaparskilyrði og eru án framleiðsluréttar,
3. jarðir sem eru afskekktar og liggja illa við samgöngum,
4. jarðir sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sitji seljendur jarðarinnar áfram,
5. jarðir sem hlunnindi eða önnur sérstök verðmæti fylgja eða eru þýðingarmiklar fyrir sveitarfélög til að koma betra skipulagi á byggð,
6. jarðir sem heppilegar teljast til almennra útilífsnota.

3. gr.

Við ákvörðun kaupverðs skv. 2. gr. skal höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða sé þess kostur. Náist ekki samkomulag um kaupverð skal mat dómkvaddra manna ráða.

4. gr.

Tekjur Jarðasjóðs eru:

a. andvirði seldra ríkisjarða,
b. afgjald ríkisjarða sem eru á forræði landbúnaðarráðuneytisins,
c. framlag á fjárlögum ár hvert sem nauðsynlegt er talið til þess að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu.

5. gr.

Heimilt er að selja jarðir sjóðsins sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum sem þær tilheyra, svo og einstaklingum eða félagasamtökum.

Þá er heimilt, að fengnum meðmælum jarðanefndar, að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi til þess að bæta búrekstraraðstöðu þeirra. Ábúendur jarða, sem selt hafa jarðir sínar skv. 4. tölul. 2. gr., eiga rétt á að kaupa þær aftur ef þeir óska þess. Náist ekki samkomulag milli Jarðasjóðs og kaupanda skal mat dómkvaddra manna ráða.

6. gr.

Jarðasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum af ónytjuðum jörðum sjóðsins, öðrum en fasteignaskatti og fjallskilum. Öll skjöl, sem gefin eru út af sjóðnum og í hans nafni, skulu undanþegin stimpil- og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti og ber þá uppboðshaldara að rannsaka hvort eignin sé veðsett Jarðasjóði og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist skal landbúnaðarráðuneytinu gert aðvart svo tímanlega að unnt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

7. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi VI. kafli jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. breytingu með 11. gr. laga nr. 90/1984, 39.–46. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lagaákvæði um Jarðasjóð ríkisins eru í VI. kafla jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. breytingu með lögum nr. 90/1984. Við endurskoðun þeirra á vegum landbúnaðarráðuneytisins þótti rétt að setja sérstök lög um Jarðasjóð. Með frumvarpinu er ákvæðum, sem nú gilda, fækkað og þau einfölduð. Aðalbreytinguna frá gildandi ákvæðum er að finna í 4. gr. frumvarpsins um tekjur sjóðsins. Þar er gert ráð fyrir að í Jarðasjóð renni afgjöld þeirra ríkisjarða sem eru á forræði landbúnaðarráðuneytisins, svo og leiga eftir lóðir og landspildur sem leigðar hafa verið úr landi jarðanna. Gera má ráð fyrir að þær nemi ríflega 20 millj. kr. fyrir árið 1992. Nú renna leigutekjur þessar í ríkissjóð.

Samkvæmt 43. gr. jarðalaga er Jarðasjóði ætlað ákveðið fjármagn á fjárlögum til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Fjárveitingar til Jarðasjóðs samkvæmt fjárlögum áranna 1985–1991 að báðum árum meðtöldum hafa verið eftirfarandi í þús. kr.:

Ár	Upphæð
1985	900
1986	1.694
1987	4.000
1988	15.000
1989	15.000
1990	15.000
1991	25.000

Á síðustu þrettán árum hefur Jarðasjóður keypt 16 jarðir. Þurft hefur að synja nokkrum beiðnum til sjóðsins um kaup vegna skorts á fjármagni.

Að frátöldu ákvæðinu í 4. gr. frumvarpsins eru eftirtaldar breytingar gerðar á núgildandi ákvæðum um Jarðasjóð ríkisins:

a. Hlutverki sjóðsins í 1. gr. er breytt til samræmis við viðauka 2 í búvörusamningi landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda frá 11. mars 1991.
b. Heimildarákvæðum 2. gr. er fækkað.
c. Felld eru niður ákvæði 44. gr. laganna um skyldu jarðanefndar og Búnaðarfélags Íslands til að rannsaka búrekstrarskilyrði jarða sem boðnar eru Jarðasjóði til kaups á grundvelli 1.–7. tölul. 40. gr.

d. Nefnd sú, sem ráð er fyrir gert að starfi skv. 45. gr. laganna, hefur ekki verið skipuð og ákvæðið fellt brott, enda verður að telja óþarft að hafa slíka nefnd starfandi og eðlilegt að leita eftir skipun dómkvaddra matsmanna þegar á þarf að halda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að hlutverki Jarðasjóðs sé breytt til samræmis við búvörusamning landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda eins og að ofan greinir þar sem m.a. er kveðið á um ákveðið fjármagn til að kaupa jarðir bænda sem afsalað hafa fullvirðisrétti og jarðir sem ekki seljast á frjálsum markaði, jafnframt að aðstoða sveitarfélög við eigendaskipti að jörðum eins og nú er.

Um 2. gr.

Heimildarákvæðum til kaupa Jarðasjóðs er fækkað um tvö. Felld eru brott ákvæðin í 3. og 6. tölul., annars vegar um jarðir sem ekki njóta framlaga og lána sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. jarðræktarlög, og hins vegar um jarðir sem hreppsnefndir hafa hafnað forkaupsrétti á en jarðanefnd viðkomandi sýslu mælir með að Jarðasjóður kaupi. Heimildarákvæði þessi þykja úrelt orðin, auk þess sem önnur eru það rúm að á engan hátt er þrengt að möguleikum sjóðsins til jarðakaupa þótt þeim sé fækkað eins og hér er lagt til.

Um 3. gr.

Lagt er til að mat dómkvaddra manna ráði kaupverði jarðar þegar þannig háttar að ekki næst samkomulag milli Jarðasjóðs og seljanda í stað mats þriggja manna nefndar sem fjallað er um í 45. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. breytingu með 11. gr. laga nr. 90/1984.

Um 4. gr.

Samkvæmt 42. gr. laganna eru tekjur Jarðasjóðs annars vegar andvirði seldra ríkisjarða og hins vegar árlegt framlag samkvæmt fjárlögum. Til viðbótar gerir frumvarp þetta ráð fyrir að afgjald ríkisjarða á forræði landbúnaðarráðuneytisins og leiga eftir lóðir og landspildur, sem leigðar eru úr ríkisjörðum, renni í Jarðasjóð.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um endursölu jarða sem Jarðasjóður hefur eignast.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. jarðalaga og þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Jarðasjóð.

Með frumvarpinu er sett sjálfstæð löggjöf um starfsemi Jarðasjóðs en hann starfar nú skv. VI. kafla jarðalaga.

Í viðauka 2 við nýgerðan búvörusamning er Jarðasjóði veitt ákveðið fjármagn í upphafi samningstímans til þess að kaupa jarðir bænda sem afsalað hafa fullvirðisrétti o.fl. Samkvæmt forsendum fjárlaga er sjóðnum ætlað að fjármagna þessi kaup alfarið með endursölu þeirra jarða sem sjóðurinn hefur eignast. Ákvæði frumvarpsins stuðla að því að greiða fyrir þessari endursölu.

Þá er gert ráð fyrir að afgjald ríkisjarða renni nú beint til Jarðasjóðs en í dag er það fært um tekjuhlið fjárlaga. Hér er aðeins um bókhaldsfærsluatriði að ræða.

Frumvarpið felur ekki í sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

700. Frumvarp til laga [442. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:

Í hlutabréfum í fyrirtækjum sem hafa skráð kaup- og sölugengi á markaði hjá viðurkenndu verðbréfaþingi eða a.m.k. tveimur verðbréfafyrirtækjum. Þó skal eigi verja meira en 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til hlutabréfakaupa. Árleg hlutabréfakaup samkvæmt ákvæðum þessa töluliðar teljast einvörðungu kaup umfram sölu á hlutabréfum. Eigi er sjóðnum heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins skal á hverjum tíma ekki vera meiri en nemur 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

2. gr.

6. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Dragist lengur en 20 daga fram yfir gjalddaga að iðgjöldum sé skilað er stjórn sjóðsins heimilt að innheimta vangoldin iðgjöld með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga.

3. gr.

Við 3. mgr. 9. gr. laganna bætast eftirfarandi málsliðir: Frá 1. janúar 1992 skal í stað grundvallarlauna miða við grundvallarfjárhæð sem tengist lánskjaravísitölu þeirri sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, með síðari breytingum. Grundvallarfjárhæð í janúar 1992 er 45.602 kr. miðað við lánskjaravísitölu sem gild-

ir í þeim mánuði og tekur fjárhæðin sömu hlutfallsbreytingum í mánuði hverjum og lánskjaravísitalan. Verði gerð breyting á grundvelli eða útreikningi lánskjaravísitölu skal ráðherra, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, ákveða hvernig stigagrundvelli og breytingum hans skuli háttað þaðan í frá.

4. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrir, sem úrskurðaður hefur verið skv. 10., 11. og 12. gr., skal taka sömu hlutfallsbreytingum í mánuði hverjum og lánskjaravísitala sú sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, með síðari breytingum. Verði gerð breyting á grundvelli eða útreikningi lánskjaravísitölu skal ráðherra, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, ákveða með hvaða hætti lífeyrir samkvæmt fyrrnefndum greinum skuli verðtryggður þaðan í frá.

5. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að endurgreiða erlendum ríkisborgara, sem flyst úr landi, iðgjaldahluta launþega sem hann hefur greitt sjóðnum, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sjóðurinn skal endurgreiða iðgjöld sem honum eru greidd vegna starfsmanna sem ekki hafa náð 16 ára aldri eða þeirra sem náð hafa 75 ára aldri.

6. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, að lífeyrisréttindum þeim, sem um getur í 10.–13. gr., skuli breytt til samræmis við lífeyrisréttindi samkvæmt reglugerðum þeirra lífeyrissjóða sem starfa innan þeirra sambanda lífeyrissjóða sem aðild eiga að stjórn sjóðsins.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið að frumkvæði stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, en í henni eiga sæti fulltrúar lífeyrissjóðasambandanna, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og fulltrúar ríkisins. Nú eiga sæti í stjórninni: Gunnar J. Friðriksson, tilnefndur af Sambandi almennra lífeyrissjóða, Gunnar Gunnarsson, tilnefndur af Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Hrafn Magnússon, tilnefndur af Sambandi almennra lífeyrissjóða, Margeir Daníelsson, tilnefndur af Landssambandi lífeyrissjóða, Már Guðmundsson, formaður, skipaður án tilnefningar, Snær Karlsson, skipaður án tilnefningar, og Þorgeir Eyjólfsson, tilnefndur af Landssambandi lífeyrissjóða.

Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

1. Lagt er til að sjóðurinn fái heimild til að fjárfesta í hlutabréfum í fyrirtækjum. Er þetta til samræmis við þær heimildir sem flestir lífeyrissjóðir innan lífeyrissjóða-

sambandanna nú hafa. Til að tryggja að sjóðurinn taki ekki of mikla áhættu á þessu sviði er gert ráð fyrir að ekki sé varið meira en 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins í þessu skyni, að sjóðurinn eigi ekki meira en 10% í hverju einstöku fyrirtæki og að heildarhlutabréfaeign sjóðsins verði ekki á hverjum tíma meiri en sem nemur 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Ef miðað er við reikninga sjóðsins á árinu 1991 fela þessi hlutföll í sér að sjóðurinn geti keypt hlutafé fyrir u.þ.b. 110 m.kr. á ári en að heildareign hans á hlutabréfum geti ekki orðið hærri en u.þ.b. 880 m.kr. Til að tryggja að sjóðurinn kaupi hlutabréf á markaðskjörum og að þau séu auðseljanleg er sett það skilyrði að viðkomandi bréf hafi skráð kaup- og sölugengi á markaði hjá viðurkenndu verðbréfaþingi eða a.m.k. tveimur verðbréfafyrirtækjum.

2. Lagt er til að stigaútreikningur sjóðsins taki frá og með byrjun árs 1992 mið af lánskjaravísitölu. Þannig verði í stað grundvallarlauna miðað við grundvallarfjárhæð sem verði 45.602 kr. í janúar 1992 og taki mánaðarlegum breytingum með lánskjaravísitölu þeirri sem Seðlabanki Íslands reiknar út. Þessi breyting er gerð til samræmis við sams konar breytingu sem gerð var á lögum um eftirlaun aldraðra í lok síðasta árs. Á undanförnum árum hefur Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda miðað stigaútreikning sinn við grundvallarlaun þau sem umsjónarnefnd eftirlauna reiknaði út og notuð hafa verið af lífeyrissjóðum innan Sambands almennra lífeyrissjóða. Eðlilegast er því að ákvæðum laganna verði breytt með ofangreindum hætti.
3. Lagt er til að verðtrygging á lífeyrisgreiðslum sjóðsins verði lögbundin. Lagt er til að verðtrygging lífeyris miðist við lánskjaravísitölu þá sem Seðlabanki Íslands reiknar út. Sjóðurinn hefur frá upphafi greitt verðtryggðan lífeyri. Nær allar eignir sjóðsins eru verðtryggðar. Á árinu 1991 náði sjóðurinn 7,8% raunávöxtun á eignir sínar miðað við lánskjaravísitölu. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á fjárhagsstöðu sjóðsins í árslok 1988 þurfti sjóðurinn að ná 2,92% nettóávöxtun umfram hækkun launa á eignir sjóðsins að óbreyttu iðgjaldi og reglum um lífeyrisréttindi til þess að eignir stæðu undir framtíðarskuldbindingum hans. Miðað við þá breytingu, sem hér er lögð til á viðmiðun stigaútreiknings, er því fyrirsjáanlegt að sjóðurinn muni standa undir því að greiða verðtryggðan lífeyri hér eftir sem hingað til. Því er eðlilegt að lögfesta þá reglu. Það er einnig í samræmi við þær tillögur sem felast frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða sem verið hefur til umfjöllunar.
4. Lagt er til að ráðherra geti með reglugerð og að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins breytt lífeyrisákvæðum laganna sem er að finna í 10.–13. gr. Þegar lögin um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda voru sett tóku lífeyrisákvæði þeirra mið af þáverandi samræmdri reglugerð SAL-sjóða. Reglugerðir SAL-sjóðanna hafa síðan breyst með ýmsum hætti, en lífeyrisákvæði laganna um Söfnunarsjóðinn hafa staðið óbreytt. Nú stendur yfir endurskoðun á vegum lífeyrissjóðasambandanna á maka- og örorkulífeyrisákvæðum í reglugerðum lífeyrissjóðanna. Gert er ráð fyrir að hún muni leiða til breytinga á þessum lífeyrisákvæðum í reglugerðum allmargra sjóða. Eðlilegt er að lífeyrisréttindi hjá Söfnunarsjóðnum taki annars vegar mið af því sem tíðkast almennt hjá lífeyrissjóðunum í landinu og hins vegar af stöðu sjóðsins. Því kann að reynast nauðsynlegt að breyta lífeyrisréttindum hjá sjóðnum öðru hvoru. Því er lagt til að ráðherra fái ofangreinda heimild, en flestir lífeyrissjóðir starfa samkvæmt reglugerðum staðfestum af fjármálaráðuneytinu.
5. Lagðar eru til minni háttar tæknilegar breytingar, svo sem varðandi töku dráttarvaxta og endurgreiðslur iðgjalda til erlendra ríkisborgara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að sjóðurinn fái heimild til að fjárfesta í hlutabréfum með tilgreindum takmörkunum.

Um 2. gr.

Frestur til að greiða iðgjöld án dráttarvaxta er styttur úr 30 dögum í 20 og tekin eru af tvímæli um að dráttarvextir reiknist frá gjalddaga, en gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að grundvallarfjárhæð, sem tengist lánskjaravísitölu þeirri sem Seðlabanki Íslands reiknar út, verði grundvöllur stigaútreiknings. Þetta er í samræmi við nýgerðar breytingar á lögum um eftirlaun aldraðra. Jafnframt eru gerðar tillögur um hvernig skuli með farið ef breytingar verða gerðar á grundvelli eða útreikningi lánskjaravísitölu. Ákvæði þetta á einnig við ef útreikningi lánskjaravísitölu er hætt af einhverjum orsökum.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að ellilífeyrir skv. 10. gr., örorkulífeyrir skv. 11. gr. og makalífeyrir skv. 12. gr. verði verðtryggður miðað við lánskjaravísitölu eftir að hann hefur verið úrskurðaður. Jafnframt er lagt til hvernig með skuli farið ef breyting verður gerð á lánskjaravísitölunni og þar er um sams konar reglu að ræða og í 3. gr.

Um 5. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir því að sjóðurinn endurgreiði öll iðgjöld sem honum eru greidd eftir að maður hefur náð 75 ára aldri. Þar sem ekki eru reiknuð stig vegna þessara iðgjalda þykir eðlilegt að þau séu endurgreidd. Samkvæmt núgildandi reglum endurgreiðir sjóðurinn aðeins launþegahlutann í slíkum tilvikum. Jafnframt verður að telja það eðlilega reglu að iðgjöld ungmenna undir 16 ára aldri séu endurgreidd. Ekki er um efnislega breytingu að ræða varðandi endurgreiðslu iðgjalda til erlendra ríkisborgara.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að gera breytingar á lífeyrisréttindum skv. 10.–13. gr. laganna til samræmis við lífeyrisréttindi samkvæmt reglugerðum þeirra lífeyrissjóða sem starfa innan Sambands almennra lífeyrissjóða og Landssambands lífeyrissjóða. Alla jafna mun stjórn sjóðsins hafa frumkvæði að slíkum breytingum og ekki er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið slíkar breytingar nema fyrir liggi tillögur frá sjóðnum. Jafnframt er í greininni almenn reglugerðarheimild eins og er í núgildandi lögum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

701. Frumvarp til fjáraukalaga [443. mál]

fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1991 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1991 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1991, sbr. lög nr. 75/1991:

Rekstrarreikningur

	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		-1 950 533
Gjöld		-60 804
Gjöld umfram tekjur		**1 889 729**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		127 000
Veitt lán	170 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-43 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		-36 000
Viðskiptareikningar		-1 147 000
Útstreymi umfram innstreymi	-1 147 000	
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**833 729**
Afborganir af teknum lánum		-77 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**756 729**
Lántökur		-5 092 000
Innlend verðbréfaútgáfa	1 919 000	
Erlend verðbréfaútgáfa	-7 011 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		-5 848 729

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1991, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1991, samkvæmt nánari sundurliðun í 3. gr.:

	Þús. kr.	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	-8 604	
01 Forsætisráðuneyti	-6 721	
02 Menntamálaráðuneyti	-144 673	
03 Utanríkisráðuneyti	-80 794	
04 Landbúnaðarráðuneyti	118 150	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	-10 346	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-27 210	
07 Félagsmálaráðuneyti	-124 963	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-252 901	
09 Fjármálaráðuneyti	662 982	
10 Samgönguráðuneyti	47 255	
11 Iðnaðarráðuneyti	1 636	
12 Viðskiptaráðuneyti	-189 922	
13 Hagstofa Íslands	-1 932	
14 Umhverfisráðuneyti	-42 761	
Samtals öll ráðuneyti		-60 804

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins		
101 Embætti forseta Íslands	75	
201 Alþingi	15 960	
301 Ríkisstjórn	193	
401 Hæstiréttur	1 593	
610 Umboðsmaður Alþingis	134	
Óhafnar fjárveitingar	-26 559	
Samtals ráðuneyti		-8 604
01 Forsætisráðuneyti		
901 Húsameistari ríkisins	70	
902 Þingvellir, þjóðgarður og Þingvallanefnd	1 422	
Óhafnar fjárveitingar	-8 213	
Samtals ráðuneyti		-6 721

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands	49 374	
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	12 985	
203 Raunvísindastofnun Háskólans	7 556	
222 Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands	1 497	
234 Vísindaráð	506	
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	2 718	
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2 923	
362 Framhaldsskólinn á Húsavík	3 362	
518 Fiskvinnsluskólinn	1 372	
531 Íþróttakennaraskólinn	964	
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	1000	
602 Héraðsskólinn Núpi	999	
605 Alþýðuskólinn Eiðum	499	
606 Héraðsskólinn Skógum	300	
710 Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	658	
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	1 550	
713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	525	
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	143	
716 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	1 002	
718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	379	
753 Brautarskóli	253	
798 Einholtsskóli	317	
802 Vernd barna og ungmenna	623	
806 Barnaverndarráð Íslands	453	
870 Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur	2 306	
871 Unglingaheimili ríkisins	13 006	
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 840	
902 Þjóðminjasafn Íslands	4 699	
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	1 831	
906 Listasafn Einars Jónssonar	1 172	
907 Listasafn Íslands	1 712	
909 Blindrabókasafn Íslands	984	
973 Þjóðleikhús	24 989	
976 Menningarsjóður, framlag	4 604	
977 Þjóðarbókhlaða	1500	
981 Kvikmyndasjóður	2 624	
Óhafnar fjárveitingar	-297 898	
Samtals ráðuneyti		-144 673

03 Utanríkisráðuneyti

399 Utanríkismál, ýmis verkefni	1 265	
Óhafnar fjárveitingar	-82 059	
Samtals ráðuneyti		-80 794

04 Landbúnaðarráðuneyti

172 Jarðasjóður	992	
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	1 745	
231 Skógrækt ríkisins	15 921	
235 Landgræðsla ríkisins	1 403	
245 Laxeldisstöðin Kollafirði	93	
246 Veiðimálastofnun	3 397	
247 Yfirdýralæknir	1 243	
272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	316	
290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	99 137	
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	2 862	
Óhafnar fjárveitingar	-8 959	
Samtals ráðuneyti		118 150

05 Sjávarútvegsráðuneyti

201 Fiskifélag Íslands	107	
202 Hafrannsóknastofnun	1 350	
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	1 005	
Óhafnar fjárveitingar	-12 808	
Samtals ráðuneyti		-10 346

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

101 Aðalskrifstofa	186	
111 Kosningar	739	
203 Borgardómarinn í Reykjavík	1 388	
205 Sakadómur Reykjavíkur	1 478	
209 Lögregluskóli ríkisins	3 600	
212 Bæjarfógeti Akranesi	1 175	
221 Sýslumaður Blönduósi	1 011	
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	1 487	
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	2 183	
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	2 059	
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	1 993	
238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	309	
239 Fangelsismálastofnun	46	
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	3 058	
252 Ökukennsla	1 376	
281 Dómsmál, ýmis starfsemi	16 831	
282 Ýmis löggæslukostnaður	5 481	
303 Prestaköll og prófastsdæmi	4 060	
Óhafnar fjárveitingar	-75 670	
Samtals ráðuneyti		-27 210

07 Félagsmálaráðuneyti

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	888	
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	1 250	
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	1 750	
711 Styrktarfélag vangefinna	1 823	
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	2 000	
951 Brunamálastofnun ríkisins	3 082	
953 Jafnréttisráð	773	
Óhafnar fjárveitingar	-136 829	
Samtals ráðuneyti		-124 963

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101 Aðalskrifstofa	530	
301 Landlæknir	1 374	
326 Sjónstöð Íslands	329	
327 Geislavarnir ríkisins	247	
373 St. Jósefsspítali, Landakoti	2 827	
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	1 098	
394 Lyfjaverðlagsnefnd	42	
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	19	
396 Lyfjanefnd	1 804	
398 Daggjaldanefnd	22	
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	902	
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	470	
555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri	435	
557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn	252	
568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	1 042	
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	214	
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	2 000	
591 Héraðslæknir í Reykjavík	359	
595 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	289	
602 Þroskaþjálfaskóli Íslands	2 695	
603 Lyfjatæknaskóli Íslands	1 521	
604 Sjúkraliðaskóli Íslands	3 039	
621 Bindindisstarfsemi	1 564	
Óhafnar fjárveitingar	-275 977	
Samtals ráðuneyti		-252 901

09 Fjármálaráðuneyti

103 Ríkisbókhald	499
203 Skattstofa Vesturlands	1 003
204 Skattstofa Vestfjarða	133
205 Skattstofa Norðurlands vestra	1 442
250 Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	95
259 Gjaldheimta Suðurnesja	2 475

262 Tollstjórinn í Reykjavík	15 751	
381 Uppbætur á lífeyri	175 511	
801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	475 057	
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	230	
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	80 860	
Óhafnar fjárveitingar	-90 074	
Samtals ráðuneyti		662 982

10 Samgönguráðuneyti

101 Aðalskrifstofa	2 482	
211 Vegagerð ríkisins	23 977	
331 Vita- og hafnamálaskrifstofa	108	
332 Vitastofnun Íslands	462	
333 Hafnamál	1 030	
341 Siglingamálastofnun ríkisins	868	
342 Rannsóknarnefnd sjóslysa	247	
471 Flugmálastjórn	31 032	
651 Ferðamálaráð Íslands	1 193	
Óhafnar fjárveitingar	-14 144	
Samtals ráðuneyti		47 255

11 Iðnaðarráðuneyti

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	269	
298 Kostnaður vegna samninga um álver	4 274	
301 Orkustofnun	47 536	
371 Orkusjóður	15	
Óhafnar fjárveitingar	-50 458	
Samtals ráðuneyti		1 636

12 Viðskiptaráðuneyti

902 Verðlagsstofnun	268	
903 Skráning hlutafélaga	1 662	
Óhafnar fjárveitingar	-191 852	
Samtals ráðuneyti		-189 922

13 Hagstofa Íslands

Óhafnar fjárveitingar	-1 932	
Samtals ráðuneyti		-1 932

14 Umhverfisráðuneyti

101 Aðalskrifstofa	421	
201 Náttúruverndarráð	29 093	

401 Náttúrufræðistofnun	2 505	
Óhafnar fjárveitingar	-74 780	
Samtals ráðuneyti		-42 761

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur um greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1991 umfram þær heimildir sem veittar hafa verið af Alþingi í fjárlögum 1991 og lögum nr. 75/1991, fjáraukalögum fyrir árið 1991.

Með frumvarpi að þeim lögum, sem var lagt fram á Alþingi í október 1991, fylgdi ítarleg greinargerð um framvindu ríkisfjármála á árinu 1991 og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umfram heimildir fjárlaga. Þá var 27. febrúar sl. lögð fyrir Alþingi ítarleg skýrsla um ríkisfjármál árið 1991 þar sem afkoma ríkissjóðs er skýrð í samanburði við áform samkvæmt fjárlögum og útkomu ársins 1990.

Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluheimildir á árinu 1991 sem Alþingi hefur samþykkt í samanburði við útkomu ársins:

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Fjáraukalög 75/1991 m.kr.	Heimildir alls 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tekjur	101 698	206	101 904	99 953	-1 950
Gjöld	105 767	6 483	112 250	112 487	237
Tekjur umfram gjöld	**-4 069**	**-6 277**	**-10 346**	**-12 534**	**-2 188**
Lánveitingar, nettó	-1 810	-1 360	-3 170	-2 114	1 056
Hrein lánsfjárþörf	**5 879**	**7 637**	**13 516**	**14 648**	**1 132**
Afborganir af teknum lánum	7 700	0	7 700	7 623	-77
Heildarlánsfjárþörf	**13 579**	**7 637**	**21 216**	**22 271**	**1 055**
Lántökur alls	13 600	7 650	21 250	16 158	-5 092
Greiðslujöfnuður	**21**	**13**	**34**	**-6 113**	**-6 147**

Endanlegar útgreiðslur nema þannig 237 m.kr. umfram útgjaldaheimildir fjárlaga og fjáraukalaga. Að frádregnum notuðum geymdum fjárveitingum frá fyrri árum, samtals að fjárhæð 298 m.kr., eru útgjöld innan heimilda 61 m.kr. Heimilda til lántöku, umfram það sem áætlað var í fjáraukalögum, var aflað með lögum nr. 74/1991, um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1991. Samkvæmt því eru nægar lántökuheimildir til þess að mæta lánsfjárþörf ársins.

Í athugasemdum hér á eftir er fyrst gerð grein fyrir nokkrum lykilatriðum í efnahagsmálum ársins 1991, afkomu ríkissjóðs og frávikum frá áætlun. Síðan er gerð grein fyrir fjárheimildum einstakra ráðuneyta og stofnana.

Í þeirri þjóðhagsspá, sem lögð var til grundvallar fjárlögum ársins 1991, var gert ráð fyrir að samdráttarskeiði undanfarinna þriggja ára væri um það bil að ljúka og að hagvöxtur tæki að glæðast á nýjan leik. Þannig var gert ráð fyrir að þjóðartekjur mundu aukast um tæplega 2% árið 1991, en þær höfðu dregist saman um 3,5% á árunum 1988 til 1990. Spáin um auknar þjóðartekjur var byggð á forsendu um aukna framleiðslu sjávarafurða og hækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum. Jafnframt var gert ráð fyrir að innlendri eftirspurn yrði haldið í skefjum, jafnt útgjöldum opinberra aðila og fyrirtækja sem heimila. Viðskiptahallinn gagnvart útlöndum var því talinn geta minnkað verulega á árinu 1991 samkvæmt forsendum fjárlaga.

Þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir um efnahagsþróun síðasta árs, sýna umtalsverð frávik frá forsendum fjárlaga. Tvö atriði skera sig úr. Annars vegar minni fiskafli og hins vegar meiri eftirspurn innan lands, m.a. vegna aukins kaupmáttar. Þessi frávik birtast í minnkandi útflutningstekjum, vaxandi þjóðarútgjöldum og þrefalt meiri viðskiptahalla en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga.

Niðurstaðan er því sú að landsframleiðsla er talin hafa aukist heldur minna en gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða um rúmlega 1%, samanborið við 1½% í forsendum fjárlaga. Þjóðartekjur jukust hins vegar meira vegna batnandi viðskiptakjara, eða um rúmlega 2½% samanborið við tæplega 2% í fjárlögum. Þrátt fyrir meiri aukningu þjóðartekna en búist var við versnaði skuldastaða þjóðarbúsins erlendis enn frekar vegna vaxandi viðskiptahalla.

Í fjárlögum 1991, sem samþykkt voru á Alþingi í desember 1990, var gert ráð fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs yrði um 4,1 milljarður króna. Þegar við afgreiðslu lánsfjárlaga í marsmánuði voru útgjaldaheimildir hækkaðar um 1 milljarð króna. Við mat á stöðu ríkissjóðs í lok apríl höfðu komið fram enn frekari útgjaldatilefni sem metin voru á 3,2 milljarða króna. Ný ríkisstjórn endurmat stöðuna og greip til viðnámsaðgerða í maímánuði sem ætlað var að draga úr halla á ríkissjóði um rúma 2 milljarða króna. Upp úr miðju ári kom í ljós enn frekari fjárvöntun til ýmissa þátta sem ríkissjóður er skuldbundinn af og fjárhagsstaða ýmissa stofnana var veikari en talið var við samþykkt fjárlaga.

Samhliða frumvarpi til fjárlaga 1992 var lagt fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1991. Á þeim tíma voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 101,9 milljarðar króna, þannig að rekstrarhalli ríkissjóðs stefndi í 8,9 milljarða króna. Fjáraukalögin voru samþykkt í byrjun desember sl. og höfðu útgjaldaheimildir aukist um 1,4 milljarða króna í meðförum Alþingis. Áætlun um tekjur var ekki breytt frá því sem var í frumvarpinu.

Nú liggur fyrir endanlegt greiðsluuppgjör vegna A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1991. Eins og sést á yfirlitinu hér að framan námu innheimtar tekjur ríkissjóðs tæpum 100 milljörðum króna og útgjöld námu 112,5 milljörðum króna. Tekjurnar reyndust hins vegar 1,9 milljörðum króna lægri en áætlað var sl. haust. Afkoma ríkissjóðs varð því um 2,1 milljarði króna lakari en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjáraukalaga í desember sl. og nam rekstrarhallinn rúmlega 12,5 milljörðum króna sem svarar til 3,3% af landsframleiðslu.

Tekjur.

Ef fyrst er litið á þróun tekjuöflunar ríkissjóðs kemur í ljós, eins og sést á meðfylgjandi yfirliti, að innheimtar tekjur ríkissjóðs 1991 urðu rúmlega 1,7 milljörðum króna lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þessi munur kemur fyrst og fremst fram í virðisaukaskatti.

Yfirlit yfir innheimtar tekjur ríkissjóðs 1991.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Áætlun nóv. 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Beinir skattar	**20 167**	**19 346**	**19 263**	**-83**
Óbeinir skattar	**75 228**	**76 263**	**74 240**	**-2 023**
Gjöld af innflutningi	8 718	9 269	9 460	191
Virðisaukaskattur	41 550	41 400	38 954	-2 446
Aðrir óbeinir skattar	24 960	25 594	25 826	232
Aðrar tekjur	**6 303**	**6 295**	**6 450**	**155**
Samtals	**101 698**	**101 904**	**99 953**	**-1 951**

Að baki minni tekjum af virðisaukaskatti á árinu 1991 liggja margvíslegar ástæður. Í fyrsta lagi hækkaði frádráttarbær virðisaukaskattur af aðföngum (innskattur) hlutfallslega meira framan af ári en endanleg álagning (útskattur). Af því leiðir að nettóskil á skattinum urðu talsvert minni en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Í öðru lagi urðu beinar endurgreiðslur virðisaukaskatts talsvert meiri en reiknað hafði verið með. Í þriðja lagi sýnir lausleg athugun að innheimta virðisaukaskatts af innlendri veltu sem hlutfall af álagningu hefur ívið lækkað á síðasta ári samanborið við árið 1990. Samdráttur í skilum virðisaukaskatts í ríkissjóð á sama tíma og innlend eftirspurn eykst rennur einnig stoðum undir þetta. Nánari umfjöllun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1991 er að finna í *Skýrslu um ríkisfjármál 1991* sem nú liggur fyrir á Alþingi.

Gjöld.

Verulegar breytingar urðu á gjaldahlið frá því sem áætlað var í fjárlögum sem afgreidd voru í árslok 1990. Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 námu alls 112,5 milljörðum króna, eða um 6,7 milljörðum króna umfram upphafleg fjárlög.

Þegar við afgreiðslu lánsfjárlaga í marsmánuði voru útgjaldaheimildir hækkaðar um 1 milljarð króna. Við mat á stöðu ríkissjóðs í lok apríl höfðu komið fram enn frekari

útgjaldatilefni sem metin voru á 3,2 milljarða króna. Þar vó þyngst 1,6 milljarða króna aukin fjárþörf almannatrygginga og sjúkrahúsa. Eins þótti sýnt að fjárvöntun Lánasjóðs íslenskra námsmanna yrði að minnsta kosti 0,7 milljarðar króna og ríkisstjórnin hafði gefið fyrirheit um 0,9 milljarða króna viðbótarfjárveitingar af ýmsu tagi. Ný ríkisstjórn endurmat stöðuna og greip til viðnámsaðgerða í maímánuði sem ætlað var að draga úr halla á ríkissjóði um 1,8 milljarða króna og hafa þær að mestu gengið eftir. Upp úr miðju ári kom í ljós enn frekari fjárvöntun til ýmissa þátta sem ríkissjóður er skuldbundinn af og fjárhagsstaða ýmissa stofnana var veikari en talið var við samþykkt fjárlaga.

Frumvarp til fjáraukalaga var lagt fram á Alþingi í október 1991 og afgreitt í byrjun desember þar sem leitað var útgjaldaheimilda upp á 6,5 milljarða króna umfram fjárlög. Frávik frá áætlun, sem gerð var í maí, skýrast einkum af bundnum liðum eins og auknum útflutningsuppbótum, framlagi vegna ríkisábyrgðar á laun við gjaldþrot, framlagi til atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og hallarekstri stofnana. Þá reyndist staða Lánasjóðs íslenskra námsmanna 300 m.kr. lakari en áður var talið. Loks eru fasteignakaup samkvæmt heimildum í 6. gr. fjárlaga að fullu færð til gjalda á meðan fjárveiting í fjárlögum var miðuð við greiðslur sem inntar yrðu af hendi á árinu. Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld ríkissjóðs 1991 samanborið við fjárlög og lög nr. 75/1991.

Yfirlit yfir gjöld ríkissjóðs 1991.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1991 m.kr.	Heimildir alls 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.	Mismunur m.kr.
Launa- og rekstrargjöld, nettó	**41 439**	**42 477**	**42 418**	**59**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**41 751**	**45 467**	**45 109**	**358**
Lífeyristryggingar	13 895	14 295	14 406	-111
Sjúkratryggingar	10 060	10 625	10 496	129
Atvinnuleysistryggingar	1 280	1 360	1 266	94
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 730	2 430	2 432	-2
Niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum	5 470	5 450	5 266	184
Útflutningsuppbætur	1 427	2 317	2 426	-109
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1 366	1 366	1 366	-
Uppbætur á lífeyri	788	908	1 083	-175
Annað	5 735	6 716	6 368	348
Vaxtagjöld	**9 400**	**9 400**	**9 875**	**-475**
Viðhald	**2 534**	**2 486**	**2 287**	**199**
Fjárfesting	**10 643**	**12 718**	**12 798**	**-80**
Samtals	**105 767**	**112 548**	**112 487**	**61**

Heildarheimildir til útgjalda samanstanda af heimildum fjárlaga, heimildum fjáraukalaga og geymdum fjárveitingum frá fyrri árum sem notaðar voru á árinu 1991. Heimildir frá fyrri árum sem notaðar voru á árinu 1991 námu alls 298 m.kr.

Yfirfærsla heimilda og gjalda til 1992. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aukna fjárhagslega ábyrgð stofnana ríkisins og bréf fjármálaráðherra frá 14. júní 1991 eru fjárheimildir til rekstrar nú í fyrsta sinn með almennum hætti færðar á milli ára með tilliti til greiðslustöðu í árslok. Áður hafa geymdar fjárveitingar nær eingöngu miðast við óhafin framlög til stofnkostnaðar og viðhalds. Þessi stefna er mörkuð í ljósi þess að rekstur stofnana ríkisins er samfelldur frá ári til árs og það væri nánast hending ef greiðslustaðan um áramót væri nákvæmlega í samræmi við heimildir. Þessi flutningur á greiðsluheimildum yfir áramót hvetur til aukins aðhalds og sparnaðar í rekstri þar sem stofnanir hafa möguleika til að haga rekstri sínum með sveigjanlegri hætti en áður hefur verið.

Eftirfarandi vinnureglur hafa verið notaðar við flutning innstæðna og umframgjalda yfir áramót:

1. Flutningur á innstæðu tekur mið af lækkun gjalda sem náðst hefur með hagræðingu eða flutningi verkefna milli ára. Sé ástæða inneignar hins vegar sú að ekki hefur verið haldið uppi þeirri þjónustu sem gert er ráð fyrir í fjárlögum fellur heimildin niður.
2. Greiðsluafgangur hjá stofnunum, sem fengið hafa aukafjárveitingu á árinu, er felldur niður. Undantekningar eru gerðar þegar um er að ræða afmörkuð verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka fyrir áramót.
3. Innstæður eða umfram gjöld á tilfærsluliðum eru almennt felldar niður þegar um er að ræða lög- eða samningsbundnar greiðslur.

Yfirlit yfir umframgjöld, óhafnar fjárveitingar og geymdar fjárveitingar 1991.

	Gjöld umfram fjárlög og fjáraukalög 1991 þús. kr.	Óhafnar fjárveitingar þús. kr.	Flutt greiðslustaða þús. kr.	Geymdur stofnkostnaður þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	17 955	26 559	6 999	18 814
01 Forsætisráðuneyti	1 492	8 213	5 432	2 000
02 Menntamálaráðuneyti	153 225	297 898	56 470	70 194
03 Utanríkisráðuneyti	1 265	82 059	17 431	-
04 Landbúnaðarráðuneyti	127 109	8 959	-115 377	-246
05 Sjávarútvegsráðuneyti	2 462	12 808	10 346	-
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	48 460	75 670	25 790	23 153
07 Félagsmálaráðuneyti	11 866	134 401	17 537	38 193
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	23 076	275 977	101 042	6 440
09 Fjármálaráðuneyti	753 056	90 074	15 112	36 675
10 Samgönguráðuneyti	61 399	14 144	-26 278	-1 492
11 Iðnaðarráðuneyti	52 094	50 458	-28 624	-
12 Viðskiptaráðuneyti	1 930	191 852	3 561	-
13 Hagstofa Íslands	-	1 932	1 932	-
14 Umhverfisráðuneyti	32 019	74 780	71 359	-
Samtals	**1 287 408**	**1 345 784**	**162 732**	**193 731**

Samkvæmt niðurstöðu Ríkisbókhalds eru greiðslur alls 60,8 m.kr. lægri en heimildir að meðtöldum ónotuðum fjárveitingum frá fyrra ári. Bent er á að vegna rekstrar verða alls fluttar 510,7 m.kr. til næsta árs, en á móti verða heimildir lækkaðar um 347,9 m.kr. vegna umframgreiðslna sl. árs. Loks nema ónotaðar heimildir til stofnkostnaðar og viðhalds 193,7 m.kr. Í fylgiskjali er gerð grein fyrir flutningi innstæðna og skulda til ársins 1992.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir þeim greiðsluheimildum sem sótt er um í þessu frumvarpi og óhöfnun fjárveitingum sem fluttar verða til ársins 1992. Í þeim tilvikum, þar sem vísað er til fjáraukalaga, er átt við lög nr. 75/1991.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Greiðslur til æðstu stjórnar ríkisins urðu 8,6 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 18,0 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 26,6 m.kr. Þar af eru 18,8 m.kr. vegna stofnkostnaðar á Bessastöðum sem fluttar eru til næsta árs. Sama gildir um greiðsluafgang Ríkisendurskoðunar og opinberar heimsóknir. Umframgreiðslur eru alls 18,0 m.kr. og er lagt til að þær verði felldar niður. Stærsta fjárhæðin er hjá Alþingi, 16,0 m.kr., sem skýrist af auknum kostnaði við breytingar samfara sameiningu þingsins í eina málstofu. Þá falla niður umframgreiðslur Hæstaréttar 1,6 m.kr. sem stafa af vanmati á launagreiðslum.

01 Forsætisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 6,7 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 1,5 m.kr. Óhafin fjárveiting aðalskrifstofu er alls 8,2 m.kr. og er lagt til að hún verði flutt til næsta árs. Þar af eru 2,0 m.kr. vegna viðhalds. Þá er gerð tillaga um að helmingur af umframgreiðslum þjóðgarðsins á Þingvöllum, 0,7 m.kr., verði ekki dreginn frá heimildum ársins 1992 en þær stafa einkum af útgjöldum við rekstur Þingvallabæjar.

02 Menntamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu í heild 144,7 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 153,2 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 297,9 m.kr. Þar af eru 70,2 m.kr. vegna stofnkostnaðar sem fluttar verða til næsta árs.

Lagt er til að umframgreiðslur að fjárhæð 47,6 m.kr. verði felldar niður. Um er að ræða greiðslur fjögurra stofnana; Tilraunastöðvarinnar á Keldum 13,0 m.kr., Raunvísindastofnunar 7,6 m.kr., Unglingaheimilis ríkisins 9,8 m.kr. og Þjóðleikhússins 17,2 m.kr.

Umframgreiðslur að fjárhæð 96,4 m.kr. koma til lækkunar fjárheimilda á þessu ári. Hæst er fjárhæðin hjá Háskóla Íslands, 49,4 m.kr., en mun lægri hjá öðrum stofnunum, þær hæstu hjá Þjóðminjasafni, 4,7 m.kr., og Menningarsjóði, 4,6 m.kr.

Óhafnar rekstrarfjárveitingar, sem lagt er til að flytjist milli ára, nema alls 152,9 m.kr. Til háskólastofnana flytjast 14,5 m.kr., þar af 5,2 m.kr. til Háskólans á Akureyri. Til almennra framhaldsskóla og sérskóla flytjast 27 m.kr., þar af til Iðnskólans í Reykjavík 5,6

m.kr. Greiðslur til grunnskóla og sérskóla fatlaðra urðu 152 m.kr. innan heimilda þrátt fyrir niðurskurð í fjáraukalögum í haust. Af þeirri fjárhæð verða yfirfærðar 91,3 m.kr. til næsta árs. Aðrir málefnaflokkar ráðuneytisins fá mun lægri fjárhæðir færðar milli ára.

03 Utanríkisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 80,8 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Af þeim er gert ráð fyrir að 63,4 m.kr. verði felldar niður en að 17,4 m.kr. bætist við heimildir ársins 1992. Af 5,4 m.kr. ónýttri heimild varnarmálaskrifstofu er lagt til að um helmingur verði felldur niður, en sértekjur skrifstofunnar urðu mun hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Afgangur af heimildum lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli nam 8,4 m.kr. en embættið fékk aukafjárveitingu á árinu. Gerð er tillaga um að felldar verði niður 3,4 m.kr. en embættið haldi eftir 5,0 m.kr. sem eru vegna hagræðingaraðgerða. Greiðsluafgangur sendiráða er felldur niður en hann er einkum vegna hagstæðari gengisþróunar en ætlað var í fjárlögum. Á fjáraukalögum voru 70 m.kr. veittar til aðstoðar kúrdískum flóttamönnum en við endanlegt uppgjör kom fjárveitingin ekki öll til skipta og eru eftirstöðvarnar, 20,2 m.kr., felldar niður.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 118,2 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 127,1 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 1,8 m.kr. Umframgreiðslur ráðuneytisins koma að mestu til frádráttar fjárveitingum á þessu ári. Munar þar mest um útflutningsbætur, 99,1 m.kr., sem ráðgert var að yrðu greiddar á árinu 1992. Lagt er til að hluti af rekstrarhalla Skógræktar ríkisins, Veiðimálastofnunar og Bændaskólans á Hvanneyri verði felldur niður. Gripið hefur verið til sérstakra aðgerða á þessu ári til þess að stofnanirnar starfi innan ramma fjárveitinga. Þá er greiðsluafgangur af tilfærsluliðnum „Greiðslur vegna búvöruframleiðslu“ að fjárhæð 6,4 m.kr. felldur niður.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 10,3 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 2,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 12,8 m.kr. og eru þær allar fluttar til næsta árs. Stærsta óhafna fjárveitingin, 5 m.kr., er vegna markaðsátaks rækju-og hörpudiskframleiðenda en það hófst ekki fyrr en á árinu 1992.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu alls 27,2 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 42,9 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 70 m.kr. Þar af flytjast 68 m.kr. til næsta árs. Óhafnar rekstrarfjárveitingar, sem flytjast milli ára, eru einkum til þriggja aðila. Í fyrsta lagi 20,9 m.kr. til lögreglustjórans í Reykjavík sem er 2,4% af fjárveitingu ársins. Talið er eðlilegt að stofnunin njóti rekstrarhagræðingar sem

hefur skilað sér í lægri útgjöldum. Í öðru lagi 6,5 m.kr. til Rannsóknarlögreglu ríkisins sem er 4,0% af fjárveitingu ársins og í þriðja lagi 11,1 m.kr. til Landhelgisgæslu Íslands. Óhafnar fjárveitingar vegna stofnkostnaðar og viðhalds nema 23,3 m.kr.

Gert er ráð fyrir að greiðslur umfram heimildir ársins 1991 hjá þrettán stofnunum ráðuneytisins um samtals 17,8 m.kr. komi til lækkunar í fjárheimildum 1992. Stærsta fjárhæðin er hjá fangelsinu að Litla-Hrauni, eða 3,1 m.kr., sem er 3% af fjárveitingu ársins 1992. Hjá sex stofnunum eru ýmist felldar niður heimildir eða umframgreiðslur koma ekki til lækkunar á þessu ári, alls 21,6 m.kr., nettó. Meðal þess sem fellt er niður eru umframgreiðslur vegna ýmiss dómsmálakostnaðar. Málskostnaðurinn er lögbundinn og háður ákvörðun dómara og rannsóknaraðila hverju sinni. Einnig eru felldar niður umframgreiðslur vegna ýmiss löggæslukostnaðar að fjárhæð 5,5 m.kr. Sá kostnaðarauki skýrist af endurnýjun lögreglubifreiða og að útlendingaeftirlit reyndist mun kostnaðarsamara en áætlað var.

07 Félagsmálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu alls 122,5 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 11,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar nema 125,1 m.kr. Þar af eru 38,0 m.kr. vegna stofnkostnaðar hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra sem færast milli ára. Óhafnar rekstrarheimildir að fjárhæð 29,1 m.kr. flytjast milli ára. Stærstu fjárhæðirnar eru til aðalskrifstofu 6,7 m.kr., málefna fatlaðra 5,7 m.kr., vinnumála 4,8 m.kr. og ríkissáttasemjara 3,0 m.kr. Á aðalskrifstofu var ýmsum greiðslum frestað fram yfir áramótin auk almennrar hagræðingar sem kemur fram í lægri kostnaði. Rekstrarkostnaður embættis ríkissáttasemjara reyndist mun lægri á síðasta ári en áætlað var og er helmingur greiðsluafgangsins fluttur til næsta árs. Aðrar heimildir, sem flytjast milli ára, eru óverulegt hlutfall af heildarfjárveitingu.

Óhafnar fjárveitingar eru felldar niður hjá þremur stofnunum, alls að fjárhæð 69,2 m.kr. Veitt var aukafjárveiting vegna ríkisábyrgðar á laun sem ekki var nýtt að fullu og eru eftirstöðvarnar felldar niður, alls 58,3 m.kr. Einnig falla niður ónýttar fjárheimildir Vinnueftirlits ríkisins sem er hluti af aukafjárveitingu, alls 7,9 m.kr., og hluti af ónýttri heimild embættis ríkissáttasemjara.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu í heild 252,8 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 22,1 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 274,9 m.kr. Þar af eru 6,4 m.kr. vegna stofnkostnaðar sem flytjast til þessa árs. Óhafnar rekstrarfjárveitingar sem flytjast til næsta árs eru að fjárhæð 114,4 m.kr. hjá tuttugu stofnunum. Heilsuverndarstöðin í Reykjavík og Heilsugæslustöðvar, almennt, eiga óhafnar heimildir að fjárhæð 54,5 m.kr., Ríkisspítalar 8,9 m.kr., Borgarspítalinn 17,8 m.kr. og aðrir minna. Meginskýringin á afgangi hjá heilsugæslustöðvum er sú að frestað var opnun heilsugæslustöðvar í Mjódd. Aðrar inneignir um áramót eru óverulegt hlutfall af heildarfjárheimild stofnana. Umframgreiðslur átján stofnana að fjárhæð 13,5 m.kr. koma til frádráttar heimildum þessa árs. Hlutfallslega er mest dregið af landlæknisembættinu 1,4

m.kr. eða 3,1% og Heilsugæslustöðinni Kópavogi 2,0 m.kr. eða 3,4% af heildarheimild 1991. Felldar eru niður heimildir að fjárhæð 154,0 m.kr., þar af hjá Tryggingastofnun ríkisins 48,7 m.kr. og Atvinnuleysistryggingasjóði 94,0 m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 662,1 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 752,9 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru að fjárhæð 112,5 m.kr., þar af vegna stofnkostnaðar 36,7 m.kr., sem flytjast til yfirstandandi árs. Óhafnar rekstrarfjárveitingar, sem flytjast milli ára, eru 22,1 m.kr. Þar vegur þyngst Fasteignamat ríkisins 7,7 m.kr., Skattstofan í Reykjavík 4,0 m.kr. og Skattstofan Hafnarfirði 3,5 m.kr. Stofnanirnar hafa frestað ýmsum aðgerðum og hagrætt í rekstri. Umframgreiðslur, sem flytjast milli ára, eru að fjárhæð 7,0 m.kr. og þar af vegna tollstjórans í Reykjavík 6,0 m.kr. sem er 2,2% af heildarheimild 1991. Umframgreiðslur að fjárhæð 766,4 m.kr. falla niður og vega þar þrír liðir langsamlega mest. Í fyrsta lagi urðu vaxtagreiðslur 475,1 m.kr. umfram áætlun fjárlaga sem skýrist einkum af hærri vaxtagjöldum af yfirdrætti ríkissjóðs hjá Seðlabanka en ráð var fyrir gert. Í öðru lagi urðu greiðslur vegna uppbóta á lífeyri 175,5 m.kr. hærri en áætlun, einkum vegna uppgjörs á skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í þriðja lagi urðu greiðslur vegna 6. gr. fjárlaga 103,4 m.kr. hærri en áætlað var. Á móti þessu eru felldar niður fjárheimildir af átta fjárlagaliðum að fjárhæð 53,7 m.kr. og vegur þar þyngst skýrsluvélakostnaður, 30,5 m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 47,3 m.kr. hærri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 61,4 m.kr., þar af 31,0 m.kr. vegna Flugmálastjórnar sem tengist aðallega gerð kjarasamnings við flugumferðarstjóra frá árinu 1990. Umframgreiðslur að fjárhæð 27,7 m.kr. koma til lækkunar á fjárveitingum yfirstandandi árs. Óhafnar fjárveitingar eru 14,1 m.kr. og falla þær allar niður.

11 Iðnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 2,6 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 47,8 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 50,4 m.kr. Fjárveitingar til rekstrar að fjárhæð 19,2 m.kr. færast milli ára og munar þar mest um framlög til iðju og iðnaðar 7,3 m.kr, framlög til ýmissa orkumála 5,5 m.kr., en það er aukafjárveiting sem ekki náðist að greiða út fyrir áramót og til aðalskrifstofu 4,5 m.kr. Umframgreiðslur að fjárhæð 47,8 m.kr. koma til lækkunar á fjárveitingum þessa árs. Þar af ber hæst 47,5 m.kr. hjá Orkustofnun og er það 20% af heildarfjárheimild ársins 1991. Skýringin er sú að stofnunin skilaði ekki innheimtum sértekjum til ríkissjóðs fyrr en eftir áramótin.

12 Viðskiptaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu 189,9 m.kr. lægri en heimildir fjár- og fjáraukalaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 1,9 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 191,8 m.kr. Þar af eru 186,4 m.kr. vegna niðurgreiðslna sem færist ekki milli ára. Um er að ræða lögbundinn tilfærslulið og er því ekki um að ræða sérstakan sparnað eða hagræðingu. Heimildir til rekstrar, sem flytjast milli ára, eru að fjárhæð 5,5 m.kr. Aðalskrifstofa fær 4,7 m.kr. og Löggildingarstofan 0,8 m.kr. Umframgreiðslur að fjárhæð 1,9 m.kr. hjá Verðlagsstofnun og Hlutafélagaskrá munu lækka fjárheimildir 1992.

13 Hagstofan

Greiðslur ráðuneytisins urðu 1,9 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga. Gert er ráð fyrir að óhafna fjárveitingin flytjist milli ára.

14 Umhverfisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins urðu alls 42,8 m.kr. lægri en heimildir fjárlaga. Sótt er um viðbótarheimild að fjárhæð 32 m.kr. en óhafnar fjárveitingar eru 74,8 m.kr. Embætti veiðistjóra og skipulagsstjóra fengu aukafjárveitingu til sérstakra verkefna sem ekki náðist að ljúka á sl. ári. Yfirfærsla heimilda hjá þessum tveimur stofnunum er samtals að fjárhæð 69,6 m.kr. Einnig færist afgangur á „ýmsum verkefnum“ hjá Veðurstofu Íslands á milli ára. Umframgreiðslur, sem ekki koma til lækkunar á fjárheimild 1992, eru 26,1 m.kr. hjá Náttúruverndarráði og 2,5 m.kr. hjá Náttúrufræðistofnun. Greiðslur að fjárhæð 15,0 m.kr. hjá Náttúruverndarráði eru vegna kaupa á jörðinni Ás í Kelduhverfi sem eru gerð samkvæmt ákvæðum í ábúðarlögum.

Lánahreyfingar ríkissjóðs.

Í fjárlögum 1991 var ráðgert að mæta áætluðum greiðsluhalla ríkissjóðs að fjárhæð um 4,1 milljarður króna og útstreymi á lánahreyfingum ríkissjóðs að fjárhæð um 1,8 milljarðar króna með nýrri lántöku ríkissjóðs að fjárhæð um 5,9 milljarðar króna. Lánsfjárlög 1991 voru afgreidd frá Alþingi í mars 1991. Með þeim hækkaði lánsfjárþörf ríkissjóðs um 1,7 milljarða króna, þ.e. útgjaldaheimildir um 1 milljarð og heimildir ríkissjóðs til endurlána um 0,7 milljarða. Reyndin varð hins vegar sú að greiðsluhalli ríkissjóðs varð 12,5 milljarðar króna og útstreymi á lánahreyfingum að fjárhæð 2,1 milljarður króna. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1991 nam því alls 14,6 milljörðum króna eða sem svarar til um 3,9% af vergri landsframleiðslu. Þetta hlutfall hefur ekki í annan tíma verið hærra. Árið 1990 var þetta hlutfall 2,1% og 2,6% árið 1989.

Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöðutölur ríkisfjármála á árinu 1991 samanborið við fjárlög 1991 og útkomu ársins 1990:

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.
Rekstrarafkoma	**-4.446**	**-4.069**	**-12.534**
Veitt lán, nettó	-522	-1.040	-1.627
Eignfærð framlög	-123	-270	-234
Viðskiptareikningar	-2.079	-500	-253
Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-7.170**	**-5.879**	**-14.648**
Afborganir af teknum lánum	-6.189	-7.700	-7.623
Verg lánsfjárþörf ríkissjóðs	**-13.359**	**-13.579**	**-22.271**
Tekin ný lán	14.073	13.600	16.158
Greiðsluafkoma	**714**	**21**	**-6.113**

Í skýrslu um ríkisfjármál árið 1991 er gerð ítarleg grein fyrir hreyfingum á lánareikningum A-hluta ríkissjóðs og vísast til þeirrar umfjöllunar. Hér verður þó gerð grein fyrir þremur lykilatriðum, þ.e. veitt lán, nettó, lánsfjáröflun 1991 og stöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs. Á árinu 1991 varð útstreymi á þessum lið, þ.e. veitt ný lán umfram innheimtar afborganir af eldri lánum, að fjárhæð 1,6 milljarðar króna í stað 1 milljarðs króna eins og ætlað var í fjárlögum. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingum veittra lána:

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**3.127**	**3.350**	**3.243**
Bundnar innlendu verðlagi	1.713	1.920	2.085
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	1.414	1.430	
Veitt ný lán	**3.649**	**4.390**	**4.870**
Skv. 1 gr. fjárlaga	**2.860**	**4.390**	**3.637**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.330	3.000	3.000
Hafnabótasjóður	20	240	275
Alþjóðaflugþjónustan	180	500	162
Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	300	550	200
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	30	-	-
Annað	-	100	-
Skv. 15 gr. lánsfjárlaga	**352**	**-**	**823**
Hitaveita Eyra	11	-	-
Bæjarsjóður Siglufjarðar	50	-	-
Bæjarveitur Vestmannaeyja	56	-	28
Bæjarsjóður Neskaupstaðar	15	-	-
Hríseyjarhreppur	80	-	-
Skallagrímur hf., Akranesi	80	-	11
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	30	-	709
Baldur hf., Stykkishólmi	30	-	-
Djúpbáturinn hf., Ísafirði	-	-	45
Hitaveita Egilsstaða og Fella	-	-	20
Hitaveita Hveragerðis	-	-	6
Útgerðarfélag Akureyrar hf.	-	-	4
Skv. 6. gr. fjárlaga o.fl.	**437**	**-**	**410**
Vegna fasteignaviðskipta o.fl.	437	-	410
Veitt lán, nettó	**-522**	**-1.040**	**-1.627**

Innheimtar afborganir. Innheimtar afborganir voru áætlaðar 3.350 m.kr. í fjárlögum en urðu ívið lægri eða 3.243 m.kr. Mismunurinn skýrist að stærstum hluta af lægra gengi bandarísks dals en gengið var út frá í fjárlögum.

Veitt lán. Í fjárlögum voru lánveitingar áætlaðar 4.390 m.kr. Í reynd urðu lánveitingar ríkissjóðs samtals 4.870 m.kr. Skipta má lánveitingum ríkissjóðs í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru almenn lán veitt skv. 1. gr. fjárlaga. Í öðru lagi eru lán veitt skv. 6. gr. fjárlaga sem tengjast aðallega fasteignaviðskiptum ríkissjóðs. Loks eru lán veitt skv. 15. gr. lánsfjárlaga. Hér er um að ræða ýmsar heimildir sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra til lántöku með ríkisábyrgð sem ríkissjóður nýtir sjálfur og endurlánar síðan. Í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða tiltölulega lágar fjárhæðir, er oft hagkvæmara að ríkissjóður hafi milligöngu um útvegun fjárins. Aðeins lánveitingar skv. 1. gr. fjárlaga koma fram í greiðsluyfirliti fjárlaga og skýrir það m.a. hið mikla frávik sem kemur fram í heildarlánveitingum ríkissjóðs.

Frávik á einstökum liðum skýrast á eftirfarandi hátt. Í fyrsta lagi ákvað ný ríkisstjórn að veita atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar fjárveitingu í stað lánsfjár eins og áður hafði verið ákveðið. Var þetta gert með tilliti til slæmrar fjárhagsstöðu deildarinnar. Í annan stað var frestað framkvæmdum við nýja flugstjórnarmiðstöð á vegum Alþjóðaflugþjónustunnar sem dró úr lánsfjárþörf hennar. Loks skal þess getið að af 700 m.kr. lánveitingu til Herjólfs hf. voru 470 m.kr. veittar samkvæmt lántökuheimild frá árinu 1990.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1991 voru heimildir ríkissjóðs til endurlána auknar um 735 m.kr. frá því sem gert hafði verið ráð fyrir. Þannig voru Fiskveiðasjóði ætlaðar 200 m.kr. til að endurlána loðnuverksmiðjum vegna úreldingar og Byggðastofnun voru einnig ætlaðar 200 m.kr. til að endurlána rækjuverksmiðjum. Ný ríkisstjórn féll frá nýtingu beggja þessara heimilda. Þá var heimild til að endurlána Síldarverksmiðjum ríkisins 300 m.kr. Það lán var tekið af SR um bankakerfið og hafði því engin áhrif á greiðsluhreyfingar ríkissjóðs á árinu 1991.

Lánsfjáröflun ríkissjóðs. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að mæta allri lánsfjárþörf ríkissjóðs með lántökum á innlendum markaði. Það gekk hins vegar ekki eftir. Rekja má það til þrenns. Í fyrsta lagi var lánsfjárþörf ríkissjóðs mun meiri en ætlað var í fjárlögum eins og fram hefur komið. Í annan stað varð aukning peningalegs sparnaðar á árinu 1991 nokkru minni en áætlað var. Við afgreiðslu fjárlaga var talið að nýr sparnaður yrði 36 milljarðar króna en nú er talið að nýr sparnaður hafi numið 32–33 milljörðum króna. Loks varð veruleg aukning á framboði húsbréfa. Afgreidd húsbréf á árinu 1990 námu 5,5 milljörðum króna en afgreidd húsbréf á árinu 1991 námu hins vegar samtals 15,1 milljarði króna. Allt þetta torveldaði innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs og leiddi til verulegs yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands og til erlendrar lántöku. Eftirfarandi yfirlit sýnir sundurliðun á lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.
Innlend lán	**10.107**	**13.600**	**8.819**
Sala spariskírteina ríkissjóðs	7.484	-	5.844
Sala ríkisvíxla	1.963	-	-28
Sala ríkisbréfa	77	-	1.395
Önnur innlend lán	583	-	1.608
Erlend lán	**3.966**	**-**	**7.339**
Tekin lán, alls	**14.073**	**13.600**	**16.158**

Staðan gagnvart Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands er viðskiptabanki ríkissjóðs. Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að taka skammtímalán í Seðlabankanum til að fjármagna sveiflur í tekjum og gjöldum ríkissjóðs innan ársins. Skuld ríkissjóðs, sem reynast kann að vera á viðskiptareikningum í lok árs, ber að gera upp innan þriggja mánaða frá lokum viðkomandi fjárhagsárs.

Greiðsluhreyfing ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka Íslands var neikvæð um 5 milljarða króna á árinu 1991. Yfirdráttur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1991 nam 6,1 milljarði króna en á móti komu afborganir ríkissjóðs af áður teknum lánum að fjárhæð 1,1 milljarður króna.

Fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabanka við A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 nam um 9 milljörðum króna að jafnaði á mánuði. Á árinu 1990 var fyrirgreiðsla Seðlabankans hins vegar um 4,5 milljarðar króna að meðaltali á mánuði. Eins og nefnt var hér að framan stafar aukin fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabankans fyrst og fremst af meiri rekstrarhalla ríkissjóðs og erfiðleikum í fjármögnun hans á innlendum lánamarkaði, einkum á fyrri hluta ársins. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluhreyfingar við Seðlabanka Íslands árin 1990 og 1991.

Greiðslugrunnur	1990 m.kr.	Fjárlög 1991 m.kr.	Útkoma 1991 m.kr.
Greiðsluafkoma	**714**	**21**	**-6.113**
Afborganir af lánum í Seðlabanka	3.065	855	755
Uppgjör skammtímaskulda í Seðlabanka	1.903	327	327
Lántaka í Seðlabanka	-9	-	-
Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu	**5.673**	**1.203**	**-5.031**
Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka	-66	-	20
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	**5.607**	**1.203**	**-5.011**

B-hluti

Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjárstreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1991 kemur í ljós að tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða urðu um 35 m.kr. lægri en ætlað var í fjárlögum að viðbættum lögum nr. 75/1991. Þá urðu skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð um 161 m.kr. undir áætlunum. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum og lögum nr. 75/1991 svo og greiðsluuppgjöri 1991.

Yfirlit yfir greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1991.

Greiðslugrunnur	(1) Fjárlög 1991 m.kr.	(2) Lög nr. 75 1991 m.kr.	(3) Útkoma 1991 m.kr.	(1+2+3) Mismunur m.kr.
Tilfærslur úr A-hluta til B-hluta fyrirtækja og sjóða	5 181	1 346	6 492	35
Skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð	7 643	-	7 482	-161

Fimm fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Frávik á greiðsluskilum þeirra til A-hluta frá áætlun koma fram í eftirfarandi yfirliti:

Yfirlit yfir greiðslur B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð 1991.

Greiðslugrunnur	(1) Fjárlög 1991 m.kr.	(2) Lög nr. 75 1991 m.kr.	(3) Útkoma 1991 m.kr.	(1+2+3) Mismunur m.kr.
23 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	345	-	420	75
23 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	18	-	-	-18
23 121 Sala varnarliðseigna	30	-	25	-5
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	6 700	-	6 487	-213
30 101 Póst- og símamálastofnunin	550	-	550	-
Samtals	**7 643**	**-**	**7 482**	**-161**

Frávik milli fjárlaga að viðbættum lögum nr. 75/1991 og endanlegs uppgjörs hvað varðar tilfærslur frá A-hluta ríkissjóðs til einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta urðu sem hér segir:

Eins og sést á yfirlitinu urðu frávik mest hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, en greiðslur til sjóðsins urðu 94,0 m.kr. innan heimilda fjárlaga og laga nr. 75/1991. Umframgreiðslur vegna Ríkisábyrgðasjóðs urðu hins vegar tæplega 40,0 m.kr. og vegna reksturs Þjóðleikhússins um 19,0 m.kr. Önnur frávik eru minni.

Yfirlit yfir tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 1991.

Greiðslugrunnur	(1) Fjárlög 1991 þús. kr.	(2) Lög nr. 75 1991 þús. kr.	(3) Útkoma 1991 þús. kr.	(1+2-3) Mismunur þús. kr.
Forsætisráðuneyti				
21 172 Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar	-	357 000	357 000	-
Samtals	**-**	**357 000**	**357 000**	**-**
Menntamálaráðuneyti				
22 233 Rannsóknasjóður	110 000	-	110 000	-
22 975 Vísindasjóður	20 000	-	20 000	-
22 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	67 600	-	61 550	6 050
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 730 000	700 000	2 431 840	-1 840

22 973 Þjóðleikhúsið	227 000	47 000	293 088	-19 088
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	94 000	-	94 000	-
22 976 Menningarsjóður	11 000	-	15 604	-4604
Samtals	**2 259 600**	**747 000**	**3 026 082**	**-19 482**
Landbúnaðarráðuneyti				
24 171 Jarðeignir ríkisins	30 000	-	29 254	746
24 172 Jarðasjóður	25 000	-	25 992	-992
24 246 Laxeldisstöðin Kollafirði	10 400	6 400	16 893	-93
24 272 Einangrunarstöð holdanauta, Hrísey	4 990	1 000	6 306	-316
Samtals	**70 390**	**7 400**	**78 445**	**-655**
Sjávarútvegsráðuneyti				
25 272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging	20 000	-	20 000	-
Samtals	**20 000**	**-**	**20 000**	**-**
Dómsmálaráðuneyti				
26 371 Kirkjubyggingasjóður	6 550	-	6 550	-
26 373 Kristnisjóður	17 220	-	16 380	840
Samtals	**23 770**	**-**	**22 930**	**840**
Félagsmálaráðuneyti				
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	900 000	-	900 000	-
27 972 Bjargráðasjóður	-	60 000	60 000	-
Samtals	**900 000**	**60 000**	**960 000**	**-**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
28 273 Atvinnuleysistryggingasjóður	1 280 000	80 000	1 266 000	94 000
28 378 Læknishéraðasjóður	2 500	-	2 275	225
28 610 Gæsluvistarsjóður	10 000	-	10 000	-
Samtals	**1 292 500**	**80 000**	**1 278 275**	**94 225**
Fjármálaráðuneyti				
29 971 Lánasýsla ríkisins, vegna ríkisábyrgðasjóðs	300 000	-	339 755	-39 755
Samtals	**300 000**	**-**	**339 755**	**-39 755**

Samgönguráðuneyti				
30 321 Skipaútgerð ríkisins	134 400	100 000	234 400	-
30 332 Hafnabótasjóður	50 000	-	50 000	-
Samtals	**184 400**	**100 000**	**284 400**	**-**
Iðnaðarráðuneyti				
31 371 Orkusjóður	130 100	-5 000	125 115	-15
Samtals	**130 100**	**-5 000**	**125 115**	**-15**
Tilfærslur til B-hluta alls	**5 180 760**	**1 346 400**	**6 492 002**	**35 158**

Fylgiskjal.

Flutningur inneigna og skulda yfir áramótin 1991 - 1992

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
00	**ÆÐSTA STJÓRN RÍKISINS**	**6.999**	**-**	**18.814**
510	Bessastaðir	-	-	18.814
520	Opinberar heimsóknir	3.500	-	-
620	Ríkisendurskoðun	3.499	-	-
01	**FORSÆTISRÁÐUNEYTI**	**6.213**	**-781**	**2.000**
	Yfirstjórn:	**6.213**	**-**	**2.000**
101	Aðalskrifstofa	6.213	-	2.000
	Önnur mál:	**-**	**-781**	**-**
901	Húsameistari ríkisins	-	-70	-
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-	-711	-
02	**MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI**	**152.859**	**-96.389**	**70.194**
	Háskólinn og ýmis rannsóknarstarfsemi:	**14.544**	**-51.377**	**7.900**
201	Háskóli Íslands	-	-49.374	-
204	Stofnun Sigurðar Nordals	1.561	-	-
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	3.506	-	1.850
207	Íslensk málstöð	932	-	-
208	Örnefnastofnun	178	-	-
210	Háskólinn á Akureyri	5.229	-	-
221	Kennaraháskóli Íslands	2.424	-	-
222	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands	-	-1.497	-
223	Rannsóknastofnun uppeldismála	714	-	-
234	Vísindaráð	-	-506	-
276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	-	-	6.050
	Mennta- og fjölbrautaskólar:	**13.114**	**-9.003**	**59.880**
318	Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	-	-	59.880
319	Framhaldsskólar, almennt	5.503	-	-
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-	-2.718	-
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	-	-2.923	-
355	Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum	974	-	-
356	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	3.450	-	-
362	Framhaldskólinn á Húsavík	-	-3.362	-
363	Framhaldsskólinn á Laugum	3.187	-	-
	Ýmis fræðslumál:	**750**	**-**	**-**
422	Námsgagnastofnun	566	-	-
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	184	-	-
	Sérskólar:	**13.945**	**-3.336**	**-**
501	Tækniskóli Íslands	2.630	-	-
514	Iðnskólinn í Reykjavík	5.589	-	-
517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	593	-	-
518	Fiskvinnsluskólinn	-	-1.372	-
531	Íþróttakennaraskóli Íslands	-	-964	-
541	Hússtjórnarskólinn Reykjavík	2.001	-	-
551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-	-1.000	-
561	Myndlista- og handíðaskóli Íslands	346	-	-
562	Leiklistarskóli Íslands	2.786	-	-

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
	Héraðsskólar:	**-**	**-1.798**	**4.115**
602	Héraðsskólinn Núpi	-	-999	-
605	Alþýðuskólinn Eiðum	-	-499	-
606	Héraðsskólinn Skógum	-	-300	-
610	Héraðsskólar almennt	-	-	4.115
	Grunn- og sérskólar fatlaðra:	**91.310**	**-4.827**	**-**
700	Grunnskólar, Reykjavík	4.100	-	-
701	Grunnskólar, Reykjanesi	16.600	-	-
703	Grunnskólar, Vesturlandi	700	-	-
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	6.000	-	-
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	2.200	-	-
706	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	10.700	-	-
707	Grunnskólar, Austurlandi	4.100	-	-
708	Grunnskólar, Suðurlandi	5.200	-	-
710	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	-	-658	-
711	Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis	-	-1.550	-
713	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	-	-525	-
714	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	150	-	-
715	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	-	-143	-
716	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	-	-1.002	-
717	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	15	-	-
718	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	-	-379	-
720	Grunnskólar, almennt	12.559	-	-
750	Skólar fyrir fatlaða	18.900	-	-
752	Öskjuhlíðarskóli	1.315	-	-
753	Brautarskóli	-	-253	-
754	Safamýraskóli	3.457	-	-
756	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	4.127	-	-
757	Þjálfunarskóli að Tjaldanesi	239	-	-
758	Hvammshlíðarskóli, þjálfunarskóli	36	-	-
759	Þjálfunarskóli að Sólheimum	290	-	-
760	Dagvist fatlaðra forskólabarna	229	-	-
766	Sérdeild fyrir fötluð börn	393	-	-
798	Einholtsskóli	-	-317	-
	Önnur fræðslumál:	**8.232**	**-8.422**	**-**
802	Vernd barna og ungmenna	-	-623	-
804	Kvikmyndaeftirlit ríkisins	318	-	-
806	Barnaverndarráð Íslands	-	-453	-
870	Meðferðarheimilið Tindar	-	-2.306	-
871	Unglingaheimili ríkisins	-	-3.200	-
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-	-1.840	-
881	Náms- og fræðimenn, framlög	3.471	-	-
884	Jöfnun á námskostnaði	4.190	-	-
885	Fullorðinsfræðsla	253	-	-
	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi:	**10.964**	**-17.626**	**-1.701**
901	Landsbókasafn Íslands	50	-	-
902	Þjóðminjasafn Íslands	-	-4.699	-
903	Þjóðskjalasafn Íslands	38	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	-	-1.831	-
906 Listasafn Einars Jónssonar	-	-1.172	-
907 Listasafn Íslands	-	-1.712	-
908 Kvikmyndasafn Íslands	441	-	-
909 Blindrabókasafn Íslands	-	-984	-
972 Íslenski dansflokkurinn og listdanskólinn	3.492	-	-
973 Þjóðleikhús	-2.000	-	-5.801
976 Menningarsjóður, framlag	-	-4.604	-
977 Þjóðarbókhlaða	-		-1.500
981 Kvikmyndasjóður	-	-2.624	-
983 Ýmis fræðistörf	3.134	-	-
985 Alþjóðleg samskipti	5.373	-	-
991 Húsafriðun	-	-	1.143
997 Uppgjör við sveitarfélög	-	-	4.457
999 Ýmislegt	436	-	-
03 UTANRÍKISRÁÐUNEYTI	**17.431**	**-**	**-**
Yfirstjórn	**2.745**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	175	-	-
102 Varnarmálaskrifstofa	2.570	-	-
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli:	**5.000**	**-**	**-**
201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	5.000		
Alþjóðastofnanir og ýmis utanríkismál:	**9.686**	**-**	**-**
390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	286	-	-
401 Alþjóðastofnanir	9.400	-	-
04 LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	**1.424**	**-116.801**	**-246**
Yfirstjórn:	**956**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	956	-	-
Búnaðarmál:	**468**	**-114.939**	**-246**
171 Jarðeignir ríkisins, framlög	-	-	746
172 Jarðasjóður	-	-	-992
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-	-1.745	-
231 Skógrækt ríkisins	-	-9.921	-
235 Landgræðsla ríkisins	-	-1.403	-
243 Sauðfjárveikivarnir	337	-	-
245 Laxeldisstöðin í Kollafirði	-	-93	-
246 Veiðimálastofnun	-	-1.397	-
247 Yfirdýralæknir	-	-1.243	-
290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	-	-99.137	-
299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi	131	-	-
Skólar:	**-**	**-1.862**	**-**
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	-	-1.862	-
05 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	**12.808**	**-2.462**	**-**
Yfirstjórn:	**2.437**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	2.437	-	-

	Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
	Útvegsmál:	**10.371**	**-2.462**	**-**
201	Fiskifélag Íslands	-	-107	-
202	Hafrannsóknastofnun	-	-1.350	-
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	-	-1.005	-
216	Ríkismat sjávarafurða	2.257	-	-
221	Verðlagsráð sjávarútvegsins	1.476	-	-
290	Veiðieftirlit	485	-	-
299	Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi	6.153	-	-
06	**DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI**	**45.879**	**-20.089**	**23.153**
	Yfirstjórn	**1.439**	**-925**	**-**
101	Aðalskrifstofa	-	-186	-
102	Stjórnartíðindi	1.439	-	-
111	Kosningar	-	-739	-
	Dómgæsla, lögreglumál o.fl.:	**43.600**	**-19.164**	**26.119**
201	Hæstiréttur	-	-	824
202	Ríkissaksóknari	165	-	-
203	Borgardómarinn í Reykjavík	-	-1.388	-
205	Sakadómur Reykjavíkur	-	-1.478	-
206	Lögreglustjórinn í Reykjavík	20.874	-	-
208	Rannsóknarlögregla ríkisins	6.519	-	-
209	Lögregluskóli ríkisins	-	-1.601	-
210	Héraðsdómarar samkvæmt lögum nr. 27/1990	-	-	9.285
211	Sýslumenn og bæjarfógetar	-	-	7.057
238	Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	-	-309	-
253	Almannavarnir ríkisins	1.425	-	-
252	Ökukennsla	-	-1.376	-
255	Umferðarráð	2.829	-	-
251	Landhelgisgæsla Íslands	11.058	-	-
212	Sýslumaðurinn Akranesi	-	-1.175	-
213	Sýslumaðurinn Borgarnesi	730	-	-
221	Sýslumaðurinn Blönduósi	-	-1.011	-
233	Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum	-	-1.487	-
234	Sýslumaðurinn Selfossi	-	-2.183	-
235	Sýslumaðurinn Keflavík	-	-2.059	-
236	Sýslumaðurinn Hafnarfirði	-	-1.993	-
239	Fangelsismálastofnun ríkisins	-	-46	-
242	Fangelsið Litla-Hrauni	-	-3.058	-
283	Fangamál, ýmis kostnaður	-	-	8.953
	Þjóðkirkjan:	**840**	**-**	**-2.966**
711	Prestaköll og prófastsdæmi	-	-	-4.060
721	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	-	-	1.094
731	Kristnisjóður	840	-	-
07	**FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI**	**29.103**	**-11.566**	**38.193**
	Yfirstjórn:	**9.655**	**-**	**-**
101	Aðalskrifstofa	6.655	-	-
302	Ríkissáttasemjari	3.000	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
Málefni fatlaðra:	**14.645**	**-7.711**	**38.193**
700 Málefni fatlaðra	5.739	-	-
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	-	-888	-
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	900	-	-
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	1.500	-	-
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	1.500	-	-
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	274	-	-
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	-	-1.250	-
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	284	-	-
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	-	-1.750	-
711 Styrktarfélag vangefinna	-	-1.823	-
719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ	2.948	-	-
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	1.500	-	-
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	-	-2.000	-
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	38.193
Önnur mál:	**4.803**	**-3.855**	**-**
951 Brunamálastofnun ríkisins	-	-3.082	-
953 Jafnréttisráð	-	-773	-
981 Vinnumál	4.787	-	-
999 Félagsmál, ýmis starfsemi	16	-	-
08 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI	**114.435**	**-13.393**	**6.440**
Yfirstjórn:	**-**	**-530**	**-**
101 Aðalskrifstofa	-	-530	-
Sjúkrahús og heilbrigðismál:	**59.165**	**-3.815**	**6.440**
301 Landlæknir	-	-1.374	-
323 Tryggingaeftirlitið	112	-	-
324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	586	-	-
325 Hollustuvernd ríkisins	4.264	-	2.300
326 Sjónstöð Íslands	-	-329	-
327 Geislavarnir ríkisins	-	-247	-
340 Málefni fatlaðra	4.642	-	-
370 Sjúkrahús í Reykjavík	10.903	-	5.000
371 Ríkisspítalar	8.900	-	-
372 Borgarspítalinn	17.796	-	-
378 Læknishéraðasjóður	225	-	-
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	-1.098
385 Framkvæmdasjóður aldraðra	-	-	238
393 Lyfjamál	923	-	-
394 Lyfjaverðlagsnefnd	-	-42	-
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	-	-19	-
396 Lyfjanefnd	-	-1.804	-
399 Heilbrigðismál, ýmis verkefni	5.260	-	-
430 Vistun geðsjúkra afbrotamanna	5.554	-	-
Heilsugæsla:	**54.475**	**-5.963**	**-**
500 Heilsugæslustöðvar, almennt	6.384	-	-
510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	12.000	-	-
511 Heilsugæslustöðvar í Reykjavík	35.540	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-	-902	-
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	-	-470	-
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	144	-	-
555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri	-	-435	-
556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	178	-	-
557 Heilsugæslustöðin Þórshöfn	-	-252	-
566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	175	-	-
568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	-	-1.042	-
572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	-	-214	-
577 Heilsugæslustöðin Selfossi	19	-	-
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	35	-	-
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	-	-2.000	-
591 Héraðslæknir í Reykjavík	-	-359	-
595 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	-	-289	-
Skólar:	**-**	**-1.521**	**-**
603 Lyfjatækniskóli Íslands	-	-1.521	-
Ýmislegt	**795**	**-1.564**	**-**
610 Gæsluvistarsjóður	795	-	-
621 Áfengisvarnir og bindindismál	-	-1.564	-
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**22.111**	**-6.999**	**36.675**
Yfirstjórn:	**2.036**	**-499**	**4.116**
101 Aðalskrifstofa	-	-	3.216
103 Ríkisbókhald	-	-499	-
104 Ríkisfjárhirsla	936	-	-
105 Ríkislögmaður	1.100	-	900
Toll- og skattheimta:	**12.349**	**-6.500**	**2.500**
202 Skattstofan í Reykjavík	3.998	-	-
205 Skattstofa Norðurlands vestra, Siglufirði	-	-500	-
206 Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri	611	-	2.500
207 Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum	1.100	-	-
209 Skattstofa Vestmannaeyja	900	-	-
211 Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði	3.500	-	-
214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	1.352	-	-
261 Ríkistollstjóri	888	-	-
262 Tollstjórinn í Reykjavík	-	-6.000	-
Ýmis önnur mál:	**7.726**	**-**	**30.059**
402 Fasteignamat ríkisins	7.726	-	2.100
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	-	-	22.559
999 Ýmislegt	-	-	5.400
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**-**	**-26.278**	**-1.492**
Yfirstjórn:	**-**	**-1.000**	**-**
101 Aðalskrifstofa	-	-1.000	-
Vegamál:	**-**	**-23.977**	**-**
211 Vegagerð ríkisins	-	-23.977	-
Samgöngur á sjó:	**-**	**-108**	**-1.492**
331 Vita- og hafnamálaskrifstofan	-	-108	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
332 Vitastofnun Íslands	-	-	-462
333 Hafnamál	-	-	-1.030
Önnur samgöngumál:	**-**	**-1.193**	**-**
651 Ferðamálaráð Íslands	-	-1.193	-
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	**19.196**	**-47.820**	**-**
Yfirstjórn:	**6.226**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	4.500	-	-
102 Einkaleyfastofan	1.726	-	-
Iðnaðarmál:	**7.470**	**-269**	**-**
201 Iðntæknistofnun Íslands	127	-	-
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-	-269	-
299 Iðja og iðnaður framlög	7.343	-	-
Orkumál:	**5.500**	**-47.551**	**-**
301 Orkustofnun	-	-47.536	-
371 Orkusjóður	-	-15	-
399 Ýmis orkumál	5.500	-	-
12 VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI	**5.491**	**-1.930**	**-**
Yfirstjórn:	**4.646**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	4.646	-	-
Önnur mál:	**845**	**-1.930**	**-**
301 Löggildingarstofan	845	-	-
902 Verðlagsstofnun	-	-268	-
903 Hlutafélagaskrá	-	-1.662	-
13 HAGSTOFA ÍSLANDS	**1.932**	**-**	**-**
Yfirstjórn:	**1.932**	**-**	**-**
101 Aðalskrifstofa	1.932	-	-
14 UMHVERFISRÁÐUNEYTI	**74.780**	**-3.421**	**-**
Yfirstjórn:	**-**	**-421**	**-**
101 Aðalskrifstofa	-	-421	-
Önnur mál:	**74.780**	**-3.000**	**-**
201 Náttúruverndarráð	-	-3.000	-
210 Veiðistjóri	47.537	-	-
301 Skipulagsstjóri ríkisins	22.077	-	-
310 Landmælingar Íslands	252	-	-
410 Veðurstofa Íslands	942	-	-
999 Ýmis verkefni	3.972	-	-

Allar fjárhæðir í þúsundum króna	Rekstur inneign	Rekstur skuld	Stofnkostn. og viðhald
00 Æðsta stjórn ríkisins	**6.999**	**-**	**18.814**
01 Forstætisráðuneyti	**6.213**	**-781**	**2.000**
02 Menntamálaráðuneyti	**152.859**	**-96.389**	**70.194**
03 Utanríkisráðuneyti	**17.431**	**-**	**-**
04 Landbúnaðarráðuneyti	**1.424**	**-116.801**	**-246**
05 Sjávarútvegsráðuneyti	**12.808**	**-2.462**	**-**
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	**45.879**	**-20.089**	**23.153**
07 Félagsmálaráðuneyti	**29.103**	**-11.566**	**38.193**
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	**114.435**	**-13.393**	**6.440**
09 Fjármálaráðuneyti	**22.111**	**-6.999**	**36.675**
10 Samgönguráðuneyti	**-**	**-26.278**	**-1.492**
11 Iðnaðarráðuneyti	**19.196**	**-47.820**	**-**
12 Viðskiptaráðuneyti	**5.491**	**-1.930**	**-**
13 Hagstofa Íslands	**1.932**	**-**	**-**
14 Umhverfisráðuneyti	**74.780**	**-3.421**	**-**
SAMTALS	**510.661**	**-347.929**	**193.731**

702. Frumvarp til laga [444. mál]

um að leggja niður Lífeyrissjóð ljósmæðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Lög um Lífeyrissjóð ljósmæðra, nr. 86/1938, með síðari breytingum, eru úr gildi felld.

2. gr.

Allar skuldbindingar, sem á lífeyrissjóðnum hvíla, falla á ríkissjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er að tillögu Ljósmæðrafélags Íslands að lagt er til með frumvarpi þessu að leggja niður Lífeyrissjóð ljósmæðra.

Lífeyrissjóðurinn var stofnaður með lögum nr. 86/1938.

Frumvarp um stofnun sjóðsins kom fyrst fram á Alþingi á árinu 1933, flutt af Vilmundi Jónssyni landlækni að beiðni Ljósmæðrafélags Íslands. Ekki náði það fram að ganga þá en var endurflutt á þingi árið 1938 af fyrrnefndum Vilmundi og Helga Jónassyni héraðslækni og þá lögfest.

Á þeim tíma var lítið um lífeyrissjóði. Þó var til Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra sem stofnaður var 1921 og nefndist síðar Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Einnig var til Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, stofnaður 1921, sem sameinaður var Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1980. Fátt var um aðra lífeyrissjóði. Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna var t.d. ekki stofnaður fyrr en árið 1943.

Lögunum um Lífeyrissjóð ljósmæðra hefur ekki verið breytt frá setningu þeirra 1938 nema smávægilegar breytingar voru gerðar með lögum nr. 114/1940.

Lífeyrissjóður ljósmæðra tók til allra lögskipaðra ljósmæðra, nema þeirra sem störfuðu í bæjum, og voru þeim tryggð þar sömu eftirlaun og öðrum föstum starfsmönnum bæjanna. Þá tók sjóðurinn heldur ekki til þeirra ljósmæðra sem störfuðu við fæðingardeild Landspítalans.

Með lögskipuðum ljósmæðrum var átt við þær ljósmæður sem skipaðar voru til að gegna ljósmóðurumdæmum samkvæmt ljósmæðralögum, nr. 17/1933. Í öllum meginatriðum fylgdi skipting landsins í ljósmóðurumdæmi hreppa- og kaupstaðamörkum svo að segja má að ljósmóðir hafi verið í hverjum hreppi. Til þessara ljósmæðra var Lífeyrissjóðnum ætlað að taka. Í greinargerð með lífeyrissjóðsfrumvarpinu 1933 er talið að þær séu 198 talsins þá.

Þetta ljósmóðurumdæmakerfi var lagt endanlega niður í árslok 1984 með lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983.

Þessi starfsstétt, umdæmisljósmæður, sem ein skyldi eiga aðild að Lífeyrissjóði ljósmæðra, er ekki lengur til. Því er ekki lengur um það að ræða að iðgjöld séu greidd til sjóðsins eða neinn sjóðfélagi ávinni sér þar frekari rétt en orðið er.

Réttindaákvæði laganna, óbreytt í meir en hálfa öld, eru með nokkuð öðru sniði en nú tíðkast. Fyrir það fyrsta ávannst ekki neinn réttur til lífeyris fyrr en eftir 15 ára starf sem

umdæmisljósmóðir. Í öðru lagi fékkst þessi réttur því aðeins að ljósmóðirin hætti störfum af ástæðum sem sjóðstjórnin taldi lögmætar. Sjúkdómar og elli voru þær einu ástæður sem sjóðstjórnin mátti telja lögmætar. Lögin gera þó ráð fyrir að lögmæt elli gæti lagst á við 60 ára aldur. Í þriðja lagi var lífeyririnn ekki verðtryggður. Skyldi hann miðast við meðalárslaun hlutaðeigandi ljósmóður síðustu fimm árin í starfi og haldast óbreyttur að krónutölu til æviloka. Lífeyririnn hefur því fljótlega orðið lítils virði.

Nokkuð hefur verið bætt við lífeyrinn með styrkveitingum til einstakra ljósmæðra á fjárlögum af þeim pósti sem til skamms tíma var kallaður 18. gr. Mun sá háttur hafa komist á árið 1926. Á fjárlögum fyrir árið 1938, árið sem lífeyrissjóðurinn var stofnaður, eru ljósmæðurnar 47 talsins. Þar af eru þrjár nefndar júbilljósmæður, en það sæmdarheiti fengu þær þegar þær höfðu gegnt ljósmóðurstarfinu í 50 ár. Þessi háttur hefur haldist alla tíð síðan og í mars 1992 eru þær 24 sem fá þetta framlag á fjárlögum. Þar af eru 18 sem einnig fá lífeyri úr sjóðnum. Hins vegar eru 14 ljósmæður sem lífeyri fá úr sjóðnum en fá ekki greiðslu á fjárlögum svo nokkuð ósamræmi virðist vera hér á.

Engar eignir eru til í sjóðnum og minna en það því að í árslok 1990 skuldar sjóðurinn Tryggingastofnun ríkisins um 500.000 krónur.

Rökin fyrir því að leggja Lífeyrissjóð ljósmæðra niður eru í stuttu máli þessi:

— starfsstétt sú, sem lífeyrissjóðnum var ætlað að sinna, er ekki lengur til,
— réttindareglur sjóðsins eru löngu úreltar,
— sjóðurinn er tómur og
— starfandi ljósmæður landsins eiga eðlilega aðild að öðrum almennum lífeyrissjóðum.

Ljósmæðrafélag Íslands hefur gert tillögu um hvernig fara skuli með skuldbindingar sjóðsins þegar hann verður lagður niður og hvernig greiðslum til sjóðfélaga skuli háttað.

Tillögur Ljósmæðrafélagsins eru í megindráttum þessar:

1. Þær ljósmæður, sem nú fá lífeyri úr sjóðnum eða á fjárlögum ellegar hvoru tveggja, fái framvegis í eftirlaun frá ríkissjóði upphæð sem sé 27% af grundvallarlaunum umsjónarnefndar eftirlauna. Það er í dag um 12.300 kr. á mánuði. Sama gildi um ljósmæður sem eiga 10 ára réttindatíma í Ljósmæðrasjóðnum og eru orðnar 60 ára enda hafi þær ekki fengið iðgjöld sín endurgreidd eða þau flutt í aðra lífeyrissjóði. Niður falli greiðslur lífeyris úr sjóðnum og styrktarfé á fjárlögum.
2. Þær ljósmæður, sem eiga skemmri réttindatíma en 10 ár og ekki greiddu iðgjöld til sjóðsins eftir gildistöku laga nr. 9/1974, um starfskjör launþega o.fl., fái iðgjöld sín endurgreidd, verðtryggð í samræmi við grundvallarlaun umsjónarnefndar eftirlauna, enda hafi þær ekki fengið iðgjöldin áður endurgreidd eða þau flutt í annan lífeyrissjóð.
3. Inneign þeirra ljósmæðra, sem eiga skemmri réttindatíma í sjóðnum en 10 ár og greitt hafa iðgjöld í sjóðinn eftir gildistöku laga nr. 9/1974, um starfskjör launþega o.fl., verði flutt í annan lífeyrissjóð.

Undir 1. lið munu falla um 65 ljósmæður. Þar af fá nú 38 greiðslur úr Lífeyrissjóðnum eða á fjárlögum ellegar hvoru tveggja en 27 mundu bætast í hópinn. Af þeim eru 18 með 15 ára sjóðsaldur eða lengri. Sex hafa 10–15 ára sjóðsaldur. Þrjár ná að vísu ekki 10 ára sjóðsaldri en þó meir en 10 ára starfsaldri sem umdæmisljósmæður. Þær komu til starfa fyrir 1938, eða áður en sjóðnum var komið á fót. Þessar þrjár eru á aldrinum 90–97 ára.

Tillaga Ljósmæðrafélagsins gerir ráð fyrir að allar fái sömu eftirlaunagreiðslu. Ófært

er annað því að mismunandi reglur mundu leiða til þess að margar fengju lítið en engin þó mikið.

Af samþykkt frumvarpsins sjálfs leiðir ekki neinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð enda er sjóðurinn skv. 1. gr. gildandi laga eign ríkisins og ríkissjóður ábyrgist greiðslur úr honum skv. 3. gr. laganna og skuldbindingar sjóðsins óverulegar.

Verði farið að tillögum Ljósmæðrafélagsins um greiðslur til sjóðfélaga má ætla að kostnaður ríkissjóðs verði um 9,5 m.kr. á ári fyrstu árin í stað 1,5 m.kr. sem nú eru greiddar úr sjóðnum og af fjárlögum. Til endurgreiðslu iðgjaldainneignar þeirra sem ekki fá lífeyri munu árlega fara um 0,5 m.kr. og annað eins til flutnings réttinda í aðra lífeyrissjóði. Framlög þessi yrðu ákveðin í fjárlögum hverju sinni.

703. Frumvarp til laga [445. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Guðni Ágústsson.

1. gr.

Á eftir 26. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Heimilt er nefnd að fjalla um reglugerðir sem ráðherra setur og eru á málefnasviði hennar. Ef nefnd ákveður að taka reglugerð til umfjöllunar á hún rétt á að fá greinargerð ráðherra um efni reglugerðarinnar innan tveggja vikna. Nefndin getur innan mánaðar frá því hún fær greinargerðina komið athugasemdum á framfæri við ráðherra sem honum ber að svara innan tveggja vikna. Ef nefnd telur ástæðu til getur hún gert þinginu grein fyrir málinu með skýrslu, sbr. 31. gr.

2. gr.

Á eftir 2. málsl. fyrri málsgreinar 36. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo:

Sé ráðherra samkvæmt lagafrumvarpi, sem hann flytur, veitt heimild til að setja reglugerð skulu jafnframt fylgja frumvarpinu drög að slíkri reglugerð ásamt skýringum. Ætli ráðherra ekki að setja reglugerð samkvæmt heimildinni við gildistöku laganna skal hann gera grein fyrir því.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1992.

Greinargerð.

Með breytingu á stjórnarskrá og við setningu nýrra þingskapalaga sl. vor markaði Alþingi þá stefnu að efla bæri eftirlit þingsins með störfum framkvæmdarvaldsins. Má í því sambandi sérstaklega vísa til þess að fastanefndir þingsins hafa nú heimild til að starfa allt árið, jafnt í þinghléi sem á þingtíma, og jafnframt er þingnefndum heimilað skv. 26. gr. þingskapa að fjalla að eigin frumkvæði um önnur mál en þau sem þingið vísar til þeirra. Með ákvæði 26. gr. er nefnd því gert mögulegt að hafa á hendi eftirlit með þeim stofnunum framkvæmdarvaldsins er heyra undir málaefnasvið hennar.

Það er hins vegar skoðun flutningsmanns að enn frekar þurfi að efla möguleika þingsins til eftirlits með athöfnum framkvæmdarvaldsins. Frumvarp þetta er flutt til að skapa

grundvöll að eftirliti þingsins með setningu reglugerða, en tímabært er orðið að þingið taki upp markvisst eftirlit með því hvernig framkvæmdarvaldið beitir því reglugerðarvaldi sem þingið framselur því í fjölda laga á hverju ári.

Í frumvarpi því, sem hér er flutt, er gert ráð fyrir að eftirlit þingsins verði með tvennum hætti.

Í fyrsta lagi er sú krafa gerð til ráðherra að hann láti drög að reglugerð fylgja frumvarpi sem hann flytur að því tilskildu að frumvarpið mæli fyrir um heimild til setningu reglugerðar, en slík heimild er nú í flestum stjórnarfrumvörpum. Jafnframt er gert ráð fyrir að slíkum reglugerðardrögum fylgi greinargerð (skýringar) líkt og með frumvarpi til laga til að auðvelda þingmönnum að átta sig á efni þeirra.

Líklegt má telja að þetta fyrirkomulag muni flýta setningu reglugerða, en hérlendis vill stundum verða nokkur dráttur á því að nauðsynlegar reglugerðir séu settar í kjölfar laga. Það að láta reglugerðardrög fylgja með frumvarpi mun jafnframt auðvelda þingnefnd og þingmönnum almennt að meta hvaða atriði er nauðsynlegt að hafa í lagatexta og hvað eigi betur heima í reglugerð.

Í öðru lagi veitir frumvarpið þingnefnd almenna heimild til að krefja ráðherra um greinargerð um efni reglugerðar sem þegar hefur verið sett. Samkvæmt frumvarpinu ber þá ráðherra að senda nefndinni greinargerð innan tveggja vikna frá því að beiðni um hana barst. Ef nefndin gerir athugasemdir við reglugerð ber ráðherra að svara þeim innan tveggja vikna. Þá er gert ráð fyrir að nefndin geti gert þinginu grein fyrir málinu, sbr. 31. gr. þingskapa, þyki henni þörf á því, t.d. þegar ágreiningur er milli nefndarinnar og ráðherra um efni reglugerðarinnar.

Með þessum tillögum eru vissulega auknar skyldur lagðar á handhafa framkvæmdarvaldsins en jafnframt er á engan hátt verið að gera stjórnsýsluna stirðari í vöfum því hægt verður að setja reglugerð með jafnskjótum hætti og áður. Ráðherra mun því geta beitt reglugerðarvaldinu eins og áður hefur tíðkast en um leið er þó tryggt að löggjafarvaldið geti, innan eðlilegs ramma, veitt framkvæmdarvaldinu ákveðið aðhald og um leið fylgst með því hvernig farið er með það umboð sem þingið veitir ráðherrum.

Þó að þinglegt eftirlit með reglugerðarsetningu hafi ekki tíðkast á Íslandi er það ekki með öllu óþekkt í sumum erlendum þingum og má í því sambandi nefna breska þingið sem oft hefur verið tekið sem fyrirmynd um starfshætti þinga. Í Bretlandi eru í gildi sérstök lög um reglugerðir (The Statutory Instrument Act frá 1946). Þó að þar sé ekki gerð krafa um að leggja skuli allar reglugerðir fyrir þingið, heldur skuli hvert frumvarp kveða á um hvort slíkt skuli áskilið, eru í reynd ákvæði um slíka framlagningu í flestum frumvörpum. Þá gildir einnig að reglugerðum fylgja greinargerðir er útskýra efni þeirra líkt og gildir um sjálf frumvörpin. Í grófum dráttum má flokka meðferð reglugerða sem fara fyrir þingið í fernt. Í fyrsta lagi eru reglugerðir sem öðlast þegar gildi er þær hafa verið lagðar fram í þinginu og kemur ekki til frekari afskipta þingsins af þeim. Í öðru lagi eru reglugerðir sem öðlast þegar gildi er þær hafa verið lagðar fram í þinginu en önnur hvor þingdeildin getur fellt þær úr gildi með þingsályktun innan ákveðins tíma. Þessi meðferð er algengust. Í þriðja lagi eru reglugerðir sem öðlast þegar gildi er þær hafa verið lagðar fram í þinginu en þingið þarf að staðfesta þær með þingsályktun innan ákveðins tíma. Í fjórða lagi eru reglugerðir sem ekki öðlast gildi fyrr en þingið hefur samþykkt þær með þingsályktun innan ákveðins tíma. Mikilvægt er þó að hafa í huga að breska þingið getur ekki breytt reglugerð heldur aðeins lýst skoðun sinni á því hvort afnema eigi tiltekna reglugerð eða samþykkt að hún skuli öðlast gildi. Umfjöllun um reglugerðir í breska þinginu er einkum á hendi sameiginlegrar nefndar beggja málstofanna

(Joint Committee on Statutory Instruments) auk þess sem sérstök nefnd í báðum málstofunum fjallar um reglugerðir. Rétt er að nefna að þingleg umfjöllun reglugerða í Bretlandi, og þá fyrst og fremst álitsgerðir sameiginlegu nefndarinnar, hefur leitt til þess að reglugerðir eru mun skýrari og auðskiljanlegri en áður, en þingnefndin hefur einmitt lagt á það áherslu að reglugerðir eigi að vera eins auðskiljanlegar og kostur er þar sem þær varði hinn almenna borgara oftlega mun meira en sjálf lögin. Þá þykir eftirlit þingsins hafa flýtt fyrir því að ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

Í því frumvarpi, sem hér er lagt fram, er ekki lagt til að breska kerfið verði innleitt þar sem það er skoðun flutningsmanns að það fyrirkomulag geti reynst of þungt í vöfum hér. Hins vegar hefur nokkur hliðsjón verið höfð af breska skipulaginu og um leið hefur sú grundvallarregla verið höfð að leiðarljósi að eftirlit þingsins verði ekki á neinn hátt til þess að tefja reglugerðarsetningu. Vonast flutningsmaður til að því megi skapa víðtæka samstöðu um frumvarpið á Alþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni er þingnefnd veitt heimild til þess að krefja ráðherra um greinargerð um efni reglugerðar sem hann hefur sett. Með greinargerð um efni reglugerðar er átt við skýringu á efni hennar, nýmælum og breytingum frá fyrri reglugerð, ef um slíkt er að tefla, aðdraganda reglugerðar og annað sem máli þykir skipta við reglugerðina. Skal ráðherra senda nefndinni greinargerð innan tveggja vikna frá því að beiðni um slíkt barst. Ef nefndin gerir athugasemdir við reglugerð ber ráðherra að svara þeim innan tveggja vikna. Nefndin getur gert þinginu grein fyrir málinu með skýrslu, sbr. 31. gr. þingskapalaga, þyki henni þörf á því. Það gæti komið til greina þegar ágreiningur er, t.d þegar ráðherra fellst ekki á sjónarmið nefndarinnar.

Um 2. gr.

Greinin kveður á um skyldu ráðherra til að leggja fram drög að reglugerð samhliða lagafrumvarpi sem hann flytur ef í frumvarpinu er mælt fyrir um heimild til setningar reglugerðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að slíkum reglugerðardrögum fylgi skýringar líkt og með lagafrumvarpi til að auðvelda þingmönnum að átta sig á efni þeirra.

Ef ráðherra hyggst aftur á móti ekki nota strax heimild til setningar reglugerðar skal hann gera grein fyrir því. Það getur ráðherra gert í greinargerð með sjálfu frumvarpinu eða í framsögu fyrir málinu. Þá getur þingið jafnframt metið hvort þá sé í reynd þörf á að veita heimild til að setja reglugerð.

Um 3. gr.

Eðlilegt þykir að lögin öðlist gildi við upphaf reglulegs þings.

704. Tillaga til þingsályktunar [446. mál]

um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna.

Flm.: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson,
Steingrímur J. Sigfússon, Ingibjörg Pálmadóttir,
Bryndís Friðgeirsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta endurskoða núgildandi reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna. Endurskoðunin hafi það mark-

mið að einfalda framkvæmdina og lækka þá lágmarksupphæð sem ferðamaður má versla fyrir til þess að eiga rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Greinargerð.

Um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna gildir reglugerð nr. 500/1989, sjá fskj. I. Reglur þessar eru allþungar í vöfum og erfiðar í framkvæmd fyrir erlenda ferðamenn. Einnig fylgir því töluverð vinna fyrir seljanda vörunnar að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Mikil þörf er á að hlúa að hvers kyns atvinnuuppbyggingu í landinu. Einn af vaxtarbroddum atvinnulífsins hefur verið í ferðaþjónustu. Ferðaþjónusta bænda hefur komið þar mikið við sögu og nýst vel til atvinnuaukningar í strjálbýli. Einnig má segja að vakning hafi orðið sérstaklega meðal kvenna í að endurvekja heimilisiðnað og ýmsan smáiðnað, m.a. minjagripagerð. Mjög hefur vantað sérískenska minjagripi til að selja erlendum ferðamönnum. Með aukningu á smáiðnaði til sveita væri bætt úr þeirri þörf.

Nú eru í gangi námskeið og hópvinna víða um land til að koma á fót smáiðnaði sem gæti verið atvinnuskapandi ef rétt er á málum haldið. Sem dæmi má taka að í Skagafirði hafa verið haldin námskeið til að kenna fólki að sauma skinnskó, skera út spæni úr lambshorni, spinna band o.fl. Framleiðsla er ekki hafin en framleiðendur sjá fram á söluerfiðleika ef varan verður of dýr.

Framleiðsla á handunnum vörum er tímafrek og því hætt við að ekki fáist það verð fyrir vöruna sem kostar að framleiða hana. Sérstaklega á þetta við fyrstu árin meðan verið er að þróa framleiðsluna og markaðssetja hana. Það er því áríðandi að þar komi stjórnvöld að og styðji þessa viðleitni með almennum aðgerðum. Liður í því gæti verið að auðvelda þeim sem kaupa íslenska handunna muni að fá endurgreiddan virðisaukaskatt þegar þeir fara úr landi og lækka þau viðmiðunarmörk sem gilda nú. Hvort tveggja getur haft áhrif til söluaukningar og þarf því ekki að rýra tekjur ríkissjóðs. Endurgreiðsla virðisaukaskatts samkvæmt upplýsingum frá Fríhöfninni í Keflavík var árið 1991 38.542.400 kr. Heildartekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti samkvæmt fjárlögum ársins 1991 eru áætlaðar 41.550.000.000 kr. og endurgreiðslan því 0,09%, sjá fskj. II.

Í Danmörku er nýbúið að taka upp nýtt kerfi við endurgreiðslu virðisaukaskatts sem flýtir mjög afgreiðslu mála. Þá hefur viðmiðunarupphæðin verið lækkuð úr 600 dönskum kr. í 300 kr. Virðisaukaskattur í Danmörku er nú 25% en hjá okkur 24,5%. Þarna er því um talsverða upphæð að ræða eða um ⅕ hluta vöruverðsins. Stjórnvöldum ber að styðja viðleitni til sköpunar nýrra atvinnutækifæra. Spor í þá átt væri að auðvelda erlendum ferðamönnum að fá virðisaukaskattinn endurgreiddan og jafnframt að kynna sem víðast þær reglur sem um þetta gilda.

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna.

1. gr.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt til erlendra ferðamanna af varningi sem þeir hafa fest kaup á hér á landi að uppfylltum skilyrðum reglna þessara. Endurgreiða skal 60-75% greidds virðisaukaskatts eftir verði varnings samkvæmt töflu þeirri sem er að finna á fylgiskjali með reglum þessum.

2. gr.

Samkvæmt reglum þessum er einungis heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt til ferðamanna með erlent ríkisfang og erlenda heimilisfesti. Til sönnunar ríkisfangi skal leggja fram vegabréf. Útlendingar með fasta búsetu hérlendis eiga ekki rétt á endurgreiðslum samkvæmt reglum þessum.

3. gr.

Það er skilyrði endurgreiðslu að kaupandi vörunnar hafi hana með sér af landi brott innan 30 daga frá því að kaup gerðust og framvísi henni ásamt tilskildum endurgreiðslugögnum, sbr. 4. gr., við endurgreiðslufyrirtæki eða eftir atvikum tollyfirvöld við brottför.

Til þess að endurgreiðsla samkvæmt reglum þessum fáist verður að uppfylla öll eftirtalinna skilyrða:

a. Kaupandi hafi vöruna á brott með sér úr landi innan mánaðar frá því að kaupin voru gerð.
b. Kaupverð vörunnar nemi minnst 5.000 kr. með virðisaukaskatti.
c. Vörunni sé framvísað ásamt tilskildum gögnum við brottför, sbr. 4. og 6. gr.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt af vörum á einum og sama vörureikningi sé kaupverð þeirra samtals 5.000 kr. eða meira ásamt virðisaukaskatti, þó einn eða fleiri munir nái ekki tilskilinni lágmarksfjárhæð.

4. gr.

Við sölu skal fylla út endurgreiðsluávísun þar sem fram komi eftirtaldar upplýsingar:

a. Nafn og heimilisfang seljanda.
b. Dagsetning er kaup gerast.
c. Vörutegund og magn.
d. Verð vörunnar með virðisaukaskatti.
e. Fjárhæð sem óskast endurgreidd.
f. Nafn, heimilisfang og vegabréfsnúmer kaupanda.

Seljandi skal fylla út liði a-e en kaupandi lið f. Frumrit ávísunarinnar þannig útfylltrar skal afhenda kaupanda. Búa skal um vöruna í lokuðum og innsigluðum umbúðum.

5. gr.

Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli annast endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum.

Við brottför úr landi um alþjóðaflugvöllinn í Keflavík skal kaupandi framvísa varningi í innsigluðum umbúðum og endurgreiðsluávísun í Fríhöfninni er leysir hana til sín í íslenskum peningum enda séu skilyrði reglna þessara að öðru leyti uppfyllt.

Við brottför annars staðar frá landinu skal varningi í innsigluðum umbúðum framvísað við tollgæsluna sem ganga skal úr skugga um hvort skilyrði endurgreiðslu séu fyrir hendi. Séu öll skilyrði uppfyllt skal tollgæslan staðfesta það með áritun sinni á ávísunina. Kaupandi skal innan þriggja mánaða frá staðfestingu tollyfirvalda senda Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli ávísunina, sem þá mun senda kaupanda endurgreiðsluna í erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1990.

Fjármálaráðuneytið, 25. október 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

Fylgiskjal:

Tafla vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts 1. janúar 1990.

Sölu-fjárhæð	Endur-greiðsla	Sölu-fjárhæð	Endur-greiðsla	Sölu-fjárhæð	Endur-greiðsla
5 001- 5 500	750	17 501-18 000	2 500	30 001-30 500	4 300
5 501- 6 000	800	18 001-18 500	2 550	30 501-31 000	4 400
6 001- 6 500	900	18 501-19 000	2 600	31 001-31 500	4 500
6 501- 7 000	950	19 001-19 500	2 700	31 501-32 000	4 600
7 001- 7 500	1 000	19 501-20 000	2 800	32 001-32 500	4 700
7 501- 8 000	1 050	20 001-20 500	2 900	32 501-33 000	4 750
8 001- 8 500	1 100	20 501-21 000	3 000	33 001-33 500	4 800
8 501- 9 000	1 200	21 001-21 500	3 050	33 501-34 000	4 850
9 001- 9 500	1 300	21 501-22 000	3 100	34 001-34 500	4 900
9 501-10 000	1 400	22 001-22 500	3 150	34 501-35 000	5 000
10 001-10 500	1 500	22 501-23 000	3 200	35 001-35 500	5 100
10 501-11 000	1 550	23 001-23 500	3 250	35 501-36 000	5 200
11 001-11 500	1 600	23 501-24 000	3 300	36 001-36 500	5 300
11 501-12 000	1 650	24 001-24 500	3 350	36 501-37 000	5 400
12 001-12 500	1 750	24 501-25 000	3 400	37 001-37 500	5 500
12 501-13 000	1 850	25 001-25 500	3 450	37 501-38 000	5 600
13 001-13 500	1 900	25 501-26 000	3 500	38 001-38 500	5 700
13 501-14 000	1 950	26 001-26 500	3 550	38 501-39 000	5 800
14 001-14 500	2 000	26 501-27 000	3 600	39 001-39 500	5 900
14 501-15 000	2 100	27 001-27 500	3 700	39 501-40 000	6 000
15 001-15 500	2 200	27 501-28 000	3 800		

Söluupphæð yfir 40 000: Endurgreiðsla 15% af söluphæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í heilum hundruðum króna.

Fylgiskjal II.

Fríhöfnin í Keflavík:

	Samtals verð vöru	Endurgreiðsla	Fjöldi ávísana
Árið 1990:			
Ullarvörur	227.134.178,60	32.059.406,00	24.373
Minjagripir	8.991.856,90	1.267.791,00	1.158
Úr, skartgripir	3.889.665,00	561.607,00	266
Listmunir	1.102.237,00	155.175,00	129
Bækur	2.750.651,00	389.006,00	361
Raftæki	35.201,00	5.250,00	3
Annar fatnaður	8.675.476,00	1.235.473,90	751
Sportvörur	2.747.233,00	394.357,00	130
Leður, skinn	2.292.179,50	326.725,00	182
Kristall, postulín	414.448,00	58.400,00	42
Annað	4.558.315,00	648.640,00	330
Samtals	**262.591.441,00**	**37.101.830,90**	**27.725**
Árið 1991:			
Ullarvörur	238.139.770,75	33.654.931,00	24.453
Minjagripir	5.689.486,00	804.160,00	696
Úr, skartgripir	5.108.971,00	722.709,00	332
Listmunir	1.319.144,00	186.800,00	133
Bækur	3.258.147,00	458.785,00	425
Raftæki	537.841,00	79.500,00	25
Annar fatnaður	9.577.659,00	1.370.636,00	776
Sportvörur	1.201.137,00	170.585.00	87
Leður, skinn	2.056.491,00	296.375,00	151
Kristall, postulín	343.432,00	48.350,00	41
Annað	5.223.254,00	749.569,00	386
Samtals	**272.455.332,75**	**38.542.400,00**	**27.505**

705. Tillaga til þingsályktunar [447. mál]

um fréttamann Ríkisútvarpsins á Vesturlandi.

Flm.: Ingibjörg Pálmadóttir, Jóhann Ársælsson,
Guðjón Guðmundsson, Sturla Böðvarsson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að hlutast til um að Ríkisútvarpið ráði til starfa fréttamann til öflunar frétta fyrir fréttastofu Ríkisútvarpsins og úrvinnslu á fréttatengdu efni frá Vesturlandi fyrir báðar rásir hljóðvarps og sjónvarp. Fréttamaðurinn starfi með fréttariturum útvarps og sjónvarps á Vesturlandi þegar því verður við komið.

Greinargerð.

Í útvarpi allra landsmanna gera menn kröfu til að njóta svipaðrar þjónustu og hlustunarskilyrða hvar sem þeir búa á landinu. Í ár eru liðin tíu ár frá því að svæðisútvarp á Akureyri tók til starfa og síðan hefur bæst við svæðisútvarp á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Enginn vafi leikur á að með tilkomu svæðisútvarps í þessum landshlutum tengjast byggðir betur innbyrðis auk þess sem dagskrárgerðin verður fjölbreyttari og höfðar betur til hlustenda víðs vegar um landið með landshlutatengdu efni. Enn fremur eykur það skilning landsmanna á því hvað er að gerast á landinu öllu.

Svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins, sem er nú starfrækt á Vestfjörðum, Austfjörðum og Akureyri, hefur fyrir löngu sannað ágæti sitt. Það fyllir út í aðaldagskrá Ríkisútvarpsins, bæði með almennu útvarpsefni, fréttum eða fréttatengdum þáttum. Á því er enginn vafi að landshlutatengt efni frá svæðisútvarpsstöðvunum bætir mjög dagskrá útvarpsins.

Í þeim landshlutum, sem ekki hafa enn notið þessarar þjónustu eða aðstöðu til að bæta dagskrána, finnst notendum Ríkisútvarpsins þeir vera nokkuð afskiptir. Á þessu þyrfti að verða breyting. Menntamálaráðherra hefur lýst því yfir á Alþingi að ekki sé fyrirhugað að fjölga svæðisútvarpsstöðvum í bráð vegna fjármagnsskorts þrátt fyrir að það sé á stefnuskrá Ríkisútvarpsins. Í staðinn þyrfti að ná því marki í minni áföngum. Fyrir Vesturland, sem hefur verið afskipt á þessu sviði, væri það nokkur áfangi ef Ríkisútvarpið réði til starfa fréttamann með búsetu og starfsaðstöðu í landshlutanum sem annaðist öflun frétta og úrvinnslu á fréttatengdu efni frá Vesturlandi fyrir báðar rásir hljóðvarps. Fréttaritarar útvarps og sjónvarps á svæðinu hafa misjafna aðstöðu til að leggja vinnu í fréttaöflun, fréttamaður útvarpsins þar gæti aðstoðað þá og því ekki aðeins bætt tengsl útvarpsins við Vesturland með beinni fréttamennsku heldur einnig styrkt þá starfsemi útvarpsins sem þegar er fyrir hendi.

Íbúar á Vesturlandi telja sig eiga rétt á því að fá svipaða þjónustu frá Ríkisútvarpinu og íbúar annarra landshluta. Á meðan vinnsla frétta og dagskrárefnis er ekki svipuð í öllum landshlutum skortir nokkuð á að aðstaða landsmanna í þessu efni sé jöfn.

706. Fyrirspurn [448. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd jafnréttislaga.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvernig hyggst félagsmálaráðherra sjá til þess að 12. gr. jafnréttislaganna, nr. 28/1991, verði framfylgt þannig að tala karla og kvenna „í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka“ verði sem jöfnust?

707. Frumvarp til laga [449. mál]

um stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Mörk Miðhálendis.

1. gr.

Miðhálendi Íslands er sérstakt umdæmi að því er tekur til skipulagsmála samkvæmt skipulagslögum, nr. 19/1964, með síðari breytingum, og byggingarmála samkvæmt byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum, en með þeim frávikum sem greinir í þessum lögum.

2. gr.

Umhverfisráðherra, sem fer með yfirstjórn mála sem lög þessi taka til, lætur gera tillögu að mörkum Miðhálendisins og staðfestir hana, sbr. 4. og 7. mgr. 6. gr.

Við afmörkun Miðhálendisins skal, eftir því sem unnt er eða ráðlegt þykir, miðað við mörk heimalanda og afrétta eða heimalanda og almenninga, þó þannig að meginjöklar teljist til Miðhálendis.

Í reglugerð, sem hann setur, skal greina að öðru leyti hvaða meginsjónarmið skuli leggja til grundvallar við gerð tillögunnar.

II. KAFLI
Stjórnarnefnd byggingar- og skipulagsmála.

3. gr.

Umhverfisráðherra skipar að afloknum sveitarstjórnarkosningum sérstaka stjórnarnefnd til að fara með stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendinu.

Tveir nefndarmanna skulu skipaðir að fenginni tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, en þrír án tilnefningar. Varamenn jafnmargir skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna.

Skipunartími samkvæmt þessari grein er fjögur ár.

4. gr.

Hlutverk stjórnarnefndarinnar er:

1. að eiga frumkvæði að gerð skipulags á Miðhálendinu,
2. að sjá um að skipulagstillögur fái lögformlega meðferð og senda slíkar tillögur til staðfestingar umhverfisráðherra þegar hún telur formleg og efnisleg skilyrði vera fyrir hendi,
3. að veita byggingarleyfi og önnur leyfi til framkvæmda á Miðhálendinu eftir því sem áskilið er í lögum þessum,
4. að sjá um að fylgt sé lagareglum um skipulags- og byggingarmálefni,
5. að láta ráðuneytinu í té umsagnir um málefni sem lúta að framkvæmd og túlkun laga þessara,
6. að hafa samráð við sveitarstjórnir, ríkisstofnanir og aðra aðila sem eiga eða kunna að eiga hagsmuna að gæta við framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um störf stjórnarnefndarinnar.

6. gr.

Þegar tillaga skv. 2. gr. liggur fyrir lætur ráðherra auglýsa hana í Lögbirtingablaði, svo og öðrum fjölmiðlum samkvæmt nánari ákvörðun hans. Í auglýsingunni skal koma fram að fyrirhuguð stofnun umdæmis skv. 1. gr. laganna og framkvæmd laga þessara haggi í engu eignar- og afnotarétti einstakra aðila á landi sem verður innan umdæmisins.

Þeir sem gera vilja athugasemdir við tillöguna skulu senda þær til umhverfisráðuneytis. Þær skulu hafa borist ráðuneytinu innan þess frests sem tilgreindur er í auglýsingu og má hann eigi vera skemmri en átta vikur frá dagsetningu auglýsingar.

Tillagan skal liggja frammi í umhverfisráðuneyti, hjá Skipulagi ríkisins og skrifstofum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Þegar tillagan hefur hlotið þá meðferð sem um ræðir í ákvæði til bráðabirgða I skal hún send umhverfisráðherra til staðfestingar. Hann ákveður síðan hvort tillagan verður staðfest breytt eða óbreytt.

Eftir að tillagan hefur verið staðfest skal hún ásamt greinargerð birt í Stjórnartíðindum.

Ef stjórnarnefndin telur síðar nauðsynlegt að mörkum umdæmisins verði breytt getur hún gert tillögu til ráðherra um slíka breytingu.

Nú fellst ráðherra á tillögu stjórnarnefndar og fer þá um málsmeðferð samkvæmt þessari grein.

Ef um er að ræða tillögu um óverulega breytingu er ráðherra þó heimilt að staðfesta hana án slíkrar málsmeðferðar, en birta skal hana í Stjórnartíðindum ásamt greinargerð.

III. KAFLI
Gerð skipulagsáætlana.

7. gr.

Stjórnarnefnd skal í upphafi starfstíma síns semja greinargerð um þau meginsjónarmið sem hafa ber við þá skipulagsgerð sem hún fer með samkvæmt lögum þessum.

Við það skal hún hafa samráð við stofnanir, félög og samtök eftir því sem hún telur ástæðu til.

Þegar nefndin hefur lokið við að semja greinargerð sína skal hún senda umhverfisráðherra greinargerðina til samþykktar. Hann samþykkir hana síðan og þá með breytingum og viðaukum eftir því sem hann telur þörf á.

8. gr.

Embætti skipulagsstjóra ríkisins veitir stjórnarnefndinni aðstoð í störfum eftir því sem hún óskar og aðstæður leyfa, t.d. afnot af húsnæði, skrifstofuhald, sérfræðiaðstoð og annað sem þurfa þykir.

Ráðherra ákveður í samráði við skipulagsstjóra og stjórnarnefndina hvernig þessum málum skuli skipað svo og hverjar greiðslur skuli koma fyrir þessa þjónustu.

9. gr.

Skipulagsáætlanir á Miðhálendinu skiptast í áætlanir um hálendisskipulag og um deiliskipulag.

10. gr.

Í áætlun um hálendisskipulag skal kveðið á um þá þætti er snerta Miðhálendið í heild og tengsl þess við aðra landshluta. Hér er m.a. átt við þá þætti sem lúta að samgöngum, orkuveitum, fjarskiptum, landnotkun og landnýtingu, náttúruvernd og ferðamálum.

Þar skal og kveðið á um skipulag á friðlýstum svæðum og öðrum svæðum eða stöðum þar sem slíkt er talið nauðsynlegt, t.d. vegna náttúrufars, söguhelgi eða áningar ferðamanna.

Í hálendisskipulagi skulu afmörkuð þau svæði þar sem rétt þykir að gera sérstaka áætlun um deiliskipulag.

Þar skal og auðkenna sérstaklega þau svæði þar sem skipulagningu er frestað.

11. gr.

Í áætlun um deiliskipulag skal kveðið nánar á um fyrirhugaða eða hugsanlega byggð á Miðhálendinu, t.d. fjallaskálabyggð, byggð við virkjunarmannvirki, byggð vegna ferðaþjónustu, sumarbústaðabyggð og byggð vegna heilsuverndar- og lækningaþjónustu.

12. gr.

Við gerð skipulagsáætlana skv. 10.–11. gr. skal farið eftir meginreglum skipulagslaga og reglugerða samkvæmt þeim, að því leyti sem þær geta átt við.

13. gr.

Nefndinni er heimilt að skipta skipulagsverkefnum þeim sem hún fer með stjórn á eftir efnisþáttum og áföngum. Hún getur samkvæmt því leitað staðfestingar t.d. á vegakerfi og línulögnum, svo og á mörkum svæða sem hún telur rétt að friðlýsa eða láta óbyggð eða þá á mörkum svæða þar sem hún telur rétt að fresta skipulagningu um nánar tiltekinn tíma.

14. gr.

Þegar stjórnarnefndin hefur gengið frá tillögu að skipulagsáætlun eða hluta hennar, sbr. 13. gr., sendir hún tillöguna til umhverfisráðherra sem ákveður hvort hún skuli lögð fram og auglýst.

Ef hann ákveður slíkt fer um auglýsingu, framlagningu eftir meginreglum 6. gr.

Umhverfisráðuneytið sendir nefndinni til umsagnar þær athugasemdir, sem borist hafa við tillöguna, innan tilskilins frests.

Nefndin sendir síðan tillöguna breytta eða óbreytta ásamt athugasemdum og umsögnum um þær til umhverfisráðherra.

Er ráðherra hefur staðfest tillöguna skal hún birt í Stjórnartíðindum.

15. gr.

Þegar skipulagsáætlun hefur öðlast gildi skv. 14. gr. er skylt að haga öllum framkvæmdum sem hún tekur til í samræmi við ákvæði hennar.

Stjórnarnefndin getur veitt leyfi til framkvæmda þótt skipulagsáætlun hafi ekki öðlast gildi ef hún telur framkvæmdir vera samrýmanlegar þeim meginsjónarmiðum sem fram koma í greinargerð nefndarinnar skv. 7. gr.

Heimilt er að binda leyfi skv. 2. mgr. skilyrðum sem nefndin telur nauðsynleg.

Nú er formlegt skipulag ekki fyrir hendi á tilteknu svæði þar sem óskað er heimildar til framkvæmdar og getur stjórnarnefndin þá leyft hana ef nefndin telur slíkt samræmast væntanlegu skipulagi.

IV. KAFLI
Byggingarreglur.

16. gr.

Óheimilt er að gera nokkurt mannvirki ofan jarðar eða neðan eða ráðast í framkvæmd á Miðhálendinu þannig að áhrif hafi á umhverfið nema sérstakt framkvæmdaleyfi stjórnarnefndar komi til.

17. gr.

Um form umsókna um framkvæmdaleyfi, efni leyfis og umsjón með framkvæmdum gilda ákvæði IV. og V. kafla byggingarlaga, nr. 54/1978, eftir því sem þau geta átt við.

V. KAFLI
Eftirlit.

18. gr.

Stjórnarnefndin fer með yfirstjórn eftirlits með mannvirkjagerð og framkvæmdum á Miðhálendinu.

Henni er heimilt að semja svo við aðila sem hún telur til þess hæfa að þeir annist fyrir hönd hennar eftirlit með gerð mannvirkja og framkvæmdum á tilteknu svæði eða gerð tiltekins mannvirkis.

Heimilt er að fela þeim aðila hlutverk byggingarfulltrúa með réttindum og skyldum er því fylgir, sbr. VI. kafla byggingarlaga, nr. 54/1978.

19. gr.

Stjórnarnefndin hefur eftirlit með því að fylgt sé lagareglum um byggingar- og skipulagsmál á Miðhálendinu. Byggingarfulltrúum sveitarfélaga er skylt að sinna þessu eftirliti og gera stjórnarnefndinni viðvart ef þeir verða þess varir að undirbúnar séu eða hafnar framkvæmdir sem ætla má að brjóti í bága við ákvæði laga þessara. Umhverfisráðherra getur sett nánari reglur um skyldur byggingarfulltrúa til eftirlits á Miðhálendinu.

Stjórnarnefndinni er einnig heimilt að semja við samtök eða einstaklinga um eftirlit á Miðhálendinu skv. 1. mgr. utan umdæma sveitarfélaga.

Sýslumenn á Selfossi, í Borgarnesi, á Akureyri og á Eskifirði fara með yfirstjórn löggæslu á Miðhálendinu að því er tekur til byggingar- og skipulagsmála.

Stjórnarnefndin ákveður hvern þeirra hún kallar til í hverju einstöku máli.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd aðstoðar að fenginni tillögu stjórnarnefndar.

20. gr.

Ef í ljós kemur að ákvæði laga þessara eru brotin eða bersýnilega stefnt að slíku og aðili sinnir ekki fyrirmælum stjórnarnefndar um að stöðva framkvæmdir og afmá verksummerki skal stjórnarnefndin þegar í stað gera ráðstafanir til að undirbúningi verði hætt eða framkvæmdir stöðvaðar. Skal þegar gera ráðstafanir til þess að mannvirki verði fjarlægð og verksummerki afmáð á kostnað þess sem ábyrgð ber á framkvæmdum.

Ákvæðum 1. mgr. skal einnig beitt þótt um sé að ræða mannvirki sem þegar hafa verið gerð, enda hafi framkvæmd brotið í bága við ákvæði skipulags- og byggingarlaga og krafa komið um slíkt frá umhverfisráðuneytinu.

VI. KAFLI
Greiðsla á kostnaði.

21. gr.

Sá sem sækir um framkvæmdaleyfi skv. IV. kafla skal greiða sérstakt umsýslugjald sem ætlað er að standa undir kostnaði við meðferð stjórnarnefndar á umsókn.

Umhverfisráðuneytið setur sérstaka gjaldskrá fyrir umsýslugjald og skal þar koma fram hvaða þjónusta er innifalin í gjaldinu. Þar skal og veitt heimild til að lækka gjaldið eða fella niður ef ríkar ástæður mæla með.

22. gr.

Áður en heimilt er að hefja gerð mannvirkis eða framkvæmd samkvæmt leyfi stjórnarnefndar skv. 19. gr. skal umsækjandi greiða sérstakt leyfisgjald.

Umhverfisráðuneytið setur sérstaka gjaldskrá fyrir leyfisgjald.

Leyfisgjald má miða við rúmmetrafjölda mannvirkis eða áætlaðan kostnað við framkvæmd.

Í leyfisgjaldi skal taka tillit til áætlaðs kostnaðar við nauðsynlegt eftirlit með framkvæmd.

23. gr.

Nú telur stjórnarnefndin nauðsynlegt að fram fari sérstök könnun umhverfisáhrifa sem hún telur að leiða kunni af gerð mannvirkis eða tiltekinni framkvæmd sem um er sótt og er þá umsækjanda skylt að greiða kostnað sem af könnun leiðir samkvæmt reikningi. Stjórnarnefndin getur ákveðið að umsækjandi setji tryggingu sem hún telur hæfilega áður en könnun hefst.

VII. KAFLI
Viðurlög.

24. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

Þegar brot er framið innan marka þess svæðis sem lög þessi taka til ákveður ríkissaksóknari hvar mál skuli höfða, sbr. a-lið 3. mgr. 21. gr. í lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

25. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum.

Heimilt er að gera upptæk með dómi tæki sem notuð hafa verið til að fremja með brot gegn lögum þessum.

26. gr.

Heimilt er umhverfisráðherra að svipta aðila leyfi eða löggildingu til ákveðins starfs samkvæmt byggingarlögum vegna brota á lögum þessum.

27. gr.

Ákveða má lögaðila, t.d. stofnun, fyrirtæki eða félagi, sekt skv. 25. gr. án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans eða mann sem starfar í umboði hans, enda sé brotið framið í þágu lögaðila.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði að því leyti sem gjöld skv. VI. kafla hrökkva ekki til.

29. gr.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð (reglugerðir) ákvæði um nánari framkvæmd laga þessara, svo og gjaldskrár skv. 24. og 25. gr.

Hann úrskurðar vafaatriði sem rísa kunna um það hvort mannvirki eða framkvæmd er háð lögum þessum.

30. gr.

Gjöld og kostnað skv. 20.–23. gr. má innheimta með fjárnámi.

31. gr.

Nú telur aðili rétti sínum hallað með ályktun stjórnarnefndar og er honum þá heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðar umhverfisráðherra innan þriggja mánaða frá því að honum varð kunnugt um ályktunina.

Umhverfisráðherra skal að jafnaði kveða upp úrskurð um málið innan þriggja mánaða frá því að honum hefur borist erindi um slíkt málskot. Hann skal áður leita umsagnar stjórnarnefndar og aðila sem hann telur að veitt geti upplýsingar um málavexti.

Úrskurði ráðherra má skjóta til dómstóla.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hæstiréttur skipar nefnd þriggja manna til að gera tillögur til umhverfisráðherra um meðferð á þeim athugasemdum sem fram kunna að koma skv. 6. gr.

Nefndin getur og að eigin frumkvæði gert tillögur til ráðherra um breytingar á mörkum umdæmisins sem hún telur æskilegar.

Skipulag ríkisins, Landmælingar Íslands og aðrar ríkisstofnanir, sem hlut eiga að máli, skulu veita nefndinni aðstoð í störfum eftir því sem hún telur nauðsynlegt.

II.

Þegar eftir að lög þessi hafa öðlast gildi er óheimilt að ráðast í mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir á Miðhálendinu eins og það er markað á uppdrætti er fylgir lögum þessum nema til komi sérstök heimild stjórnarnefndar. Umhverfisráðherra úrskurðar vafaatriði sem upp kunna að koma, þar á meðal um mörk svæðisins.

Þetta fyrirkomulag gildir uns formleg afmörkun Miðhálendis samkvæmt lögum þessum hefur farið fram.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í ágústmánuði 1991 skipaði umhverfisráðherra nefnd fimm manna til að semja frumvarp um stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendinu.

Í nefndina voru skipaðir: Árni Ragnar Árnason alþingismaður, Árni Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður, Gunnar Eydal skrifstofustjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins, og Páll Líndal ráðuneytisstjóri sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur haldið 16 fundi og er sammála um öll meginatriði frumvarpsins utan það að skiptar skoðanir eru um skipun stjórnarnefndar sem um ræðir í 3. gr.

Upphaflega var ráðgert að þetta frumvarp, ef að lögum yrði, yrði viðauki við skipulagslögin. Að athuguðu máli þótti þetta ekki ráðlegt, enda snertir efni þess ekki síður byggingarlög en skipulagslög og form slíkra laga yrði með óeðlilegum hætti.

Stefnt hefur verið að því að frumvarp til skipulags- og byggingarlaga verði lagt fyrir Alþingi. Að mörgu leyti væri eðlilegt að efni þessa frumvarps yrði fellt inn í það frumvarp. Að fenginni reynslu þykir ekki ósennilegt að meðferð nýs frumvarps um skipulags- og byggingarmál, að viðbættu því efni sem um ræðir í þessu frumvarpi, tæki langan tíma. Setning laga um það efni, sem hér um ræðir, þolir hins vegar ekki bið og er raunar stefnuatriði núverandi ríkisstjórnar.

Fyrir Alþingi 1990–1991 var lögð skýrsla umhverfisráðherra um undirbúning að löggjöf um stjórnsýslu á Miðhálendi Íslands.

Þar var greint frá störfum nefndar sem umhverfisráðherra hafði skipað til að undirbúa frumvarp til laga um stjórnsýslu á hálendi Íslands og verndun þess.

Nefndin varð sammála um að takmarka viðfangsefni sitt á fyrsta stigi við meðferð skipulags- og byggingarmála og féllst ráðherra á það.

Í skýrslunni segir svo um þá tilhögun að taka skipulags- og byggingarmál sérstaklega til meðferðar:

„Þar virðist þörfin einna mest eins og brátt kemur að, en auk þess má benda á að nú eru að störfum tvær nefndir sem fara með viðfangsefni sem tengjast stjórnsýslu á hálendinu. Hér er um að ræða annars vegar nefnd sem starfar á vegum dómsmálaráðuneytis og á m.a. að gera tillögur um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, sbr. 11. gr. laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og hins vegar nefnd, sem starfar samkvæmt þingsályktun frá 22. febrúar 1990, um öryggi í óbyggðaferðum.

Um þá hugmynd um að stofna þjóðgarð á hálendinu er það að segja að til að stofna þjóðgarð skv. 25. gr. náttúruverndarlaga, nr. 47/1971, þarf land það, sem þjóðgarður tekur til, að vera ríkiseign, en um eignarrétt ríkisins á því svæði, sem um gæti verið að ræða, er flest óljóst sem máli skiptir. Ef til ætti að koma sérstök lagasetning hlytu einnig að koma til meðferðar þau vafa- og ágreiningsefni sem uppi eru um eignarrétt að landi því sem eðlilegt þykir að lagt yrði til þjóðgarðs.

Það hlyti að tefja mjög framgang þess máls sem hér um ræðir ef áður þyrfti að taka afstöðu til eignarréttar á hálendinu.

Því var nefndin sammála um að í frumvarpi því, sem hún ynni að, yrði ekki á nokkurn hátt tekin afstaða til eignarréttar á landi né afnotaréttar. Að því hlýtur þó að koma að ráðið verði fram úr þeim flóknu, viðkvæmu og vandasömu málum, en afgreiðsla þessa máls er ekki háð því að sú úrlausn liggi fyrir."

Þessi skoðun er enn í fullu gildi og skal sérstaklega tekið fram að í þessu frumvarpi er gengið út frá því að með því, ef að lögum verður, er á engan hátt raskað eignar- eða afnotarétti einstakra aðila á því svæði sem þeim er ætlað að taka til.

2. Byggingar- og skipulagsmál á hálendinu.

Í áðurnefndri skýrslu segir svo um þessi mál:

„Eins og mönnum er kunnugt er stjórnsýsla utan byggða mjög á reiki hér á landi. Hefur framkvæmd, t.d. byggingar- og skipulagsmála, verið mjög tilviljanakennd og er varla ofmælt að hafa megi um þetta ástand orðið stjórnleysi.

Slíkt ástand er algerlega óviðunandi og getur m.a. leitt til stórfelldra náttúruspjalla á hinu viðkvæma hálendi. Auk þess skapast af þessu óviðunandi réttaróvissa þegar undirbúnar eru framkvæmdir, t.d. lagning á vegum, línulagning orkuveitna og alls konar önnur mannvirkjagerð.

Leitað hefur verið ýmissa leiða til þess að koma lagi á þessi mál og fá lögformlegan grundvöll í þessum efnum.

Landsvirkjun hefur um árabil borið allar sínar framkvæmdir á hálendinu undir Náttúruverndarráð og á síðustu árum hefur Landsvirkjun kynnt skipulagsstjórn ríkisins fyrirhugaðar framkvæmdir. Á næstu fjórum árum ráðgerir Landsvirkjun að leggja 4–500 km háspennulínu, m.a. um hálendið, frá fyrirhugaðri Fljótsdalsvirkjun að Rangárvöllum við Akureyri og þaðan suður um að Sigölduvirkjun. Þar sem línan fer um svæði innan staðarmarka sveitarfélaga fer um málsmeðferð samkvæmt skipulagslögum, en hins vegar er óljóst hvernig málsmeðferð skuli hagað utan sveitarfélaga, þar með hversu langt inn á hálendið lögsaga sveitarfélaga nær.

Á hálendi Íslands hefur á undanförnum áratugum verið nokkuð um byggingarframkvæmdir og hafa þær fæst í vöxt á síðustu árum. Umferð ferðamanna um hálendið hefur stóraukist og fjallaskálar ýmissa ferðafélaga og björgunarsveita, svo og einstaklinga, rísa á víð og dreif. Segja má að hálendið sé nú innan seilingar ferðamanna árið um kring. Á Hveravöllum, í Kerlingarfjöllum, í Nýjadal og víðar hefur verið unnið að því að bæta hreinlætisaðstöðu og fjölga skálum sem ástæða hefði verið til að fjalla um samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Í sumum tilvikum hafa byggingarnefndir þeirra sveitarfélaga, sem næst eru, fjallað um byggingarleyfisumsóknir, en skipulagsstjórn ríkisins eða Skipulag ríkisins hvergi komið þar nærri.

Allar byggingarframkvæmdir á hálendinu, hvort sem þær eru meiri eða minni háttar, breyta umhverfinu og því er nauðsynlegt að um þær sé fjallað á sama hátt og framkvæmdir innan marka sveitarfélaga. Þótt hugsanlega megi flytja fjallaskála milli staða þá verður háspennulína ekki auðveldlega flutt og það sama gildir um vegi sem lagðir hafa verið.

Gera þarf skipulagsáætlun fyrir hálendið sem taki til allra þátta núverandi og fyrirhugaðrar landnotkunar.

Þátt ferðamála þarf að athuga sérstaklega í tengslum við uppbyggingu ferðamannaþjónustu og meta þarf hvernig best fari saman hófleg nýting og náttúruvernd. Þá má nefna skipulag löggæslu, björgunarstörf og ýmislegt annað. Þessi málefni eru þó ekki til umræðu á þessu stigi eins og áður segir."

3. Miðhálendið sérstakt umdæmi á sviði skipulags- og byggingarmála.

Eins og áður er fram komið er stjórnsýsla utan byggða mjög á reiki, ekki síst hvað snertir skipulags- og byggingarmál.

Til þess að bæta úr því ástandi, sem nú er í skipulags- og byggingarmálum, kom fram fyrir nokkru sú hugmynd að framlengja mörk sveitarfélaga sem að hálendinu liggja þannig að landinu öllu yrði skipt í sveitarfélög. Þessi hugmynd virðist tæplega raunhæf. Mjög erfitt yrði að ákveða út frá hvaða sjónarmiðum ætti að framlengja, enda mörkin milli sveitarfélaga víða óljós og umdeild. Ekki tæki betra við þegar kæmi að því að ákveða efri mörkin, á öræfa- og jöklasvæðum.

Hugmyndir hafa þá verið um það að undanskilja öræfa- og jöklasvæði í slíkri afmörkun, en þá er vandamálið enn óleyst því að alls konar framkvæmdir hafa farið fram á öræfa- og jöklasvæðum og er síst við því að búast að úr slíku dragi.

Í áfangaskýrslu nefndar þeirrar, sem félagsmálaráðherra skipaði í janúar 1991 um skiptingu landsins í sveitarfélög, er gert ráð fyrir að sveitarfélagamörk verði framlengd eins og áður hefur verið minnst á. Sú hugmynd á við hvort sem sveitarfélög landsins yrðu 60–70 eða 25, en þeir möguleikar eru báðir nefndir. Allir þeir annmarkar, sem nú eru á framkvæmd skipulags- og byggingarmála á Miðhálendinu, mundu haldast ef fyrri leiðin yrði valin. Ef síðari leiðin yrði valin mundi vafalaust hægt að koma betri stjórn á þessi mál. Eigi að síður mundu ýmsir erfiðleikar verða á framkvæmd mála þegar t.d. 10 sveitarstjórnir þyrftu að fjalla um skipulags- og byggingarmál á svæði sem óneitanlega er skipulagsleg heild. Þá má benda á að á uppdráttum, sem fylgja skýrslunni sem áður getur, virðist ljóst að ekki er gert ráð fyrir að jöklar á Miðhálendinu tilheyri neinu sveitarfélagi.

Eins og áður er fram komið er brýn nauðsyn á því að koma skipulags- og byggingarmálum sem allra fyrst í skaplegt horf, svo að ekki sé meira sagt, því að Miðhálendinu er mikil hætta búin af því stjórnleysi sem þar ríkir í skipulags- og byggingarmálum.

Miðað við reynsluna verður að ætla að það muni taka töluverðan tíma að koma í kring nýskipun sveitarstjórnarumdæma. Þar sem þetta mál þolir ekki bið er í frumvarpi þessu

lagt til að nú þegar verði ákveðið að Miðhálendið verði sérstakt umdæmi á sviði skipulags- og byggingarmála. Það er óhjákvæmileg forsenda þess að hægt sé á þessu stigi að ræða á raunhæfan hátt um þennan þátt stjórnsýslunnar.

Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir líka: „Hálendið verði afmarkað og settar reglur um skipulags- og byggingarmál þar."

Ef að því er stefnt að Miðhálendið verði þjóðgarður sem verulegur áhugi virðist á yrði þetta auk þess eðlilegt skref í þá átt:

Ef í ljós kemur að ný sveitarstjórnarumdæmi mundu geta tekið við þeirri stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendinu sem stjórnarnefndinni eru falin samkvæmt þessu frumvarpi ætti slíkt ekki að vera erfitt úrlausnar. Sú vinna, sem stjórnarnefndinni er ætluð samkvæmt þessu frumvarpi, ætti að nýtast að fullu þeim er við kynnu að taka.

Eins og fram kemur í greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings um stjórnsýslu á hálendinu, fskj. I, er engin lögformleg afmörkun til á hugtakinu hálendi Íslands.

Í frumvarpinu er mælt svo fyrir að afmarkað verði stjórnsýslusvæði á sviði skipulags- og byggingarmála og beri það sérnafnið Miðhálendi:

Hugmynd að afmörkun þess fylgdi skýrslunni sem um getur hér í upphafi, fskj. III, og var uppdrátturinn gerður af Landmælingum Íslands í samráði við nefndina sem skýrsluna samdi. Af hagkvæmnisástæðum þótti ekki rétt, a.m.k. á þessu stigi, að taka með hálendi á Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Tröllaskaga og víðar.

Þessi mörk hafa verið endurskoðuð og einfölduð, sjá fskj. VI (yfirlitskort frá Landmælingum Íslands sem dreift er með frumvarpinu).

Þá er rétt að víkja að lagaákvæðum sem byggt er á.

Í 1. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, segir að „byggðin í landinu skiptist í staðbundin sveitarfélög". Og í 1. mgr. 3. gr. segir að hvert sveitarfélag hafi „ákveðin staðarmörk". Gert er ráð fyrir í 3. mgr. að ef íbúar í tilteknu sveitarfélagi eiga upprekstrarrétt í tiltekinn afrétt sem „ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags skuli hann þá teljast innan þess sveitarfélags o.s.frv."

Meðan ekki hefur verið gengið formlega frá slíkum málum virðist rétt að miða við mörk byggðar eins og áður hefur verið bent á og þá eðlilega að jafnaði við mörk heimalanda nema sérstök rök komi gegn.

Menn virðast nokkuð sammála um að öræfa- og jöklasvæði svo og almenningar séu utan sveitarfélaga. Sama virðist eiga almennt við um afrétti, sbr. dóm Hæstaréttar frá 1981, bls. 1584, en þar var fjallað um eignarrétt að Landmannaafrétti.

Við gerð uppdráttarins byggðu Landmælingar Íslands á þeim gögnum sem tiltæk eru. Þar er fyrst að geta þess að Guðmundur Guðjónsson, landfræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, hefur um árabil aflað upplýsinga um afrétti og almenninga og merkt inn á kort í mælikvarða 1:250.000. Við þau kort er stuðst.

Nánari heimildir:

1. Að tilhlutan Stéttarsambands bænda vann Gunnar F. Guðmundsson sagnfræðingur á vegum Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands að rannsókn á eignarhaldi á afréttum og upprekstrarlöndum 1978–79.
2. Nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins safnaði gögnum frá sýslumönnum vegna undirbúnings lagafrumvarps um eignarrétt að almenningum og afréttum 1985–86.
3. Félagsmálaráðuneytið aflaði upplýsinga m.a. um mörk afrétta, sbr. bréf til allra sveitarstjórna 20. febr. 1989.

Auk þess er stuðst við ýmsar eldri heimildir sem geta orðið til leiðbeiningar.

Ljóst er að skiptar skoðanir geta orðið um það hvernig draga eigi mörk Miðhálendisins.

Í sjálfu sér skiptir það ekki mjög miklu máli því að þessi mörk eiga eingöngu að taka

til stjórnsýslu á sviði byggingar- og skipulagsmála eins og áður segir. Þeim er ekki ætlað að hagga að neinu leyti eignar- eða afnotarétti á Miðhálendinu né neinni annarri stjórnsýslu.

Að Miðhálendinu liggja allt að 40 sveitarfélög. Fæst þeirra hafa sinnt skipulags- og byggingarmálum utan byggðar, enda eiga þau óhægt með slíkt vegna fámennis og kostnaðar. Þá er líka óljóst um rétt þeirra til slíks, sbr. áðurgreind ákvæði sveitarstjórnarlaga. Ekki verður séð að slík afskipti geti skipt sveitarfélögin máli fjárhagslega. Hér gæti því fyrst og fremst verið um að ræða metnaðar- og tilfinningamál.

Þá má og nefna tvær skýrslur um skiptingu landsins í sveitarfélög sem félagsmálaráðuneytið gaf út í september 1991 og áður er getið.

Þótt framangreindur uppdráttur sé sýndur hér, fskj. III, og önnur hugmynd sem horfir að einföldun, sbr. athugasemd við 2. gr. þessa frumvarps, fskj. VI (yfirlitskort frá Landmælingum Íslands sem dreift er með frumvarpinu), er hér alls ekki um að ræða bindandi hugmynd. Ætla má þó að mörk yrðu ekki mjög langt frá því sem hér kemur fram ef frumvarpið yrði að lögum. Skýrsla nefndarinnar með uppdrætti, fskj. III, var send öllum sveitarstjórnum til athugunar og hafa athugasemdir ekki borist.

Sjálfsagt kemur einhverjum í hug að hyggilegt gæti verið að lögbinda mörk Miðhálendisins. Ekki þótti það þó ráðlegt, enda mjög erfitt að ganga frá slíku þannig að fullnægjandi verði, auk þess sem búast má við að gera þyrfti breytingar hér og þar þegar að framkvæmd kæmi. Það þykir því hagkvæmari leið að hafa þann háttinn á að ráðherra staðfesti mörkin með þeim hætti sem um getur í 2. gr. frumvarpsins.

Slíkt á sér fordæmi, t.d. 11. gr. laga nr. 92/1989, þar sem um ræðir stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, en mörk þeirra eru ákveðin í reglugerð nr. 57/1992.

4. Stjórn skipulags- og byggingarmála.

Talið er eðlilegt að sérstök stjórnarnefnd, samvinnunefnd ríkis og sveitarfélaga, fari með stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendinu. Til álita kom að fela skipulagsstjórn ríkisins þetta verkefni, en að athuguðu máli var horfið frá því, enda verkefni stjórnarnefndarinnar töluvert frábrugðin verkefnum skipulagsstjórnar og krefjast að ýmsu leyti annars konar sérþekkingar en þar er byggt á.

Eðlilegt þykir að Skipulag ríkisins veiti stjórnarnefndinni hvers konar aðstoð í starfi.

Í 4. gr. er greint í meginatriðum hvert sé hlutverk stjórnarnefndarinnar, en umhverfisráðherra setur henni starfsreglur.

5. Málsmeðferð.

Eins og fram kemur í 7.–17. gr. er gert ráð fyrir að málsmeðferð samkvæmt frumvarpinu verði í samræmi við meginreglur núgildandi skipulagslaga, nr. 19/1964, og byggingarlaga, nr. 54/1978, með áorðnum breytingum, svo og reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt þeim.

6. Eftirlit og viðurlög.

Í V. kafla er mælt fyrir um hvernig haga megi eftirliti með því að farið sé að lögum um þær framkvæmdir á Miðhálendinu sem lögunum er ætlað að taka til.

Það fyrirkomulag, sem gildir nú um slíkt eftirlit, á ekki við á Miðhálendinu nema að vissu marki. Er því gerð tillaga um að haga megi eftirliti með öðrum hætti, svo sem nánar greinir í kaflanum. Þá er og mælt fyrir að ákvæðum laganna verði framfylgt með virkari hætti en nú er.

Sú varð niðurstaða nefndarmanna að gerð er sú tillaga í 19. gr. að fjórum sýslumönnum verði falin löggæsla á Miðhálendinu eins og þar er nánar lýst. Valið byggist á því að

telja verður að þessir fjórir hafi hver í sínum landshluta mestan mannafla til að sinna þessum málum.

Í VII. kafla eru ákvæði um viðurlög við brotum og er nánar greint frá nýmælum um þau í skýringum við einstakar greinar.

7. Kostnaður.

Það má öllum ljóst vera að sú verndun Miðhálendisins, sem að er stefnt, mun kosta nokkra fjármuni. Flestir munu telja að fjármunum sem ganga til slíkrar verndar sé vel varið; hálendið sé ein dýrmætasta eign þjóðarinnar. Ætla verður að núlifandi kynslóð verði seint fyrirgefið ef hún lætur það afskiptalítið eða afskiptalaust að hálendinu verði spillt meira en orðið er. Skammsýni, kæruleysi eða gróðabrall mega ekki ráða því hvernig fari um þessa þjóðareign.

Vafalítið munu ýmsir finna að því að með frumvarpinu sé stefnt að verulegri gjaldtöku í 21.–23. gr. Því er til að svara að sé ekki allt látið reka á reiðanum verður að vinna ýmislegt kostnaðarsamt undirbúningsstarf og einnig sjá um eftirlit á mjög víðáttumiklu svæði. Þá er spurningin sú hvort sá sem unnið er fyrir á að greiða kostnað við það starf eða hvort á að greiða hann af almannafé.

Eðlilegt þykir að fyrrnefnda leiðin verði valin. Það er stefna núverandi ríkisstjórnar að sá sem nýtur þjónustu á borð við þá sem hér um ræðir eigi jafnframt að standa undir kostnaði við hana. Slíkur kostnaður er í raun eðlilegur þáttur í framkvæmdakostnaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rök fyrir þessu ákvæði koma fram í hinum almenna hluta hér að framan.

Um 2. gr.

Frumkvæði að framkvæmd laganna er hjá umhverfisráðherra. Því þykir eðlilegt að hann setji sérstaka reglugerð um hvernig staðið skuli að afmörkun Miðhálendisins. Þar eiga að koma fram helstu sjónarmið sem hafa ber við afmörkunina.

Landmælingar Íslands hafa að ósk nefndar á vegum umhverfisráðuneytisins aflað gagna og gert kort með tillögu um mörk Miðhálendis Íslands, sbr. fskj. III, IV og VI (yfirlitskort frá Landmælingum Íslands sem dreift er með frumvarpinu).

Meginsjónarmið til grundvallar við ákvörðun á markalínunni eru að hún liggi sem næst mörkum heimalanda og afrétta eða heimalanda og almenninga, en þess hvarvetna gætt að meginjöklar teljist til Miðhálendis.

Þar sem gert er ráð fyrir að mörk Miðhálendis raski hvorki eignar- né afnotarétti tóku Landmælingar Íslands með tillögunni ekki sérstakt tillit til neinna eignarmarka bújarða né annarra landa. Leitast var við að hafa viðmiðunarpunkta sem fæsta og á skýrum kennileitum tengdum þríhyrningarmælistöðvum þar sem því var við komið.

Þegar mörk Miðhálendisins voru sett kom glögglega fram sem lengi hefur verið vitað um að landamerki víða um land eru ekki nægilega vel þekkt; vantar mikið á að þau séu mæld og kortlögð. Þá er og nokkuð misjafnt eftir landshlutum þegar rætt er um mörk heimalands hvar eru taldir almenningar og hvar afréttir.

Leitast var við að hafa sem mest samræmi milli markalínunnar hvarvetna um Miðhálendið og þeirra markmiða sem fram koma í frumvarpinu.

Mörkin voru dregin á kort í mælikvarðanum 1:50.000 og gerð skrá um markapunkta sem hér fylgir með. Auk þess eru mörkin prentuð á yfirlitskort í mælikvarðanum 1:750.000 sem fylgir frumvarpinu. Um nánari heimildir fyrir forsendum útsetningar á miðhálendismörkunum er vísað til þess sem fram kemur í framangreindum athugasemdum með III. kafla hér að framan.

Í ákvæði til bráðabirgða I segir hvernig hagað skuli formlega meðferð tillögunnar áður en til staðfestingar kemur.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að ákveðnum aðila með víðtæku valdi sé falið að annast framkvæmd laganna. Til álita kom að hér yrði um tvær nefndir að ræða og færi önnur með skipulagsmál, en hin með byggingarmál.

Nefndin, sem frumvarpið samdi, er þeirrar skoðunar að einfaldara sé, virkara og kostnaðarminna að hafa eina stjórnarnefnd sem annist meðferð beggja málaflokka. Hún taldi hagkvæmara og vænlegra til árangurs að hér yrði um fámenna nefnd að ræða, ekki fjölmennari en fimm menn. Rétt væri að í nefndinni ættu sæti fulltrúar sem umhverfisráðherra skipaði og fulltrúar sem Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir. Ef farið væri að leita tilnefninga frá öðrum aðilum yrði seint hægt að setja fjölda nefndarmanna skynsamlegar skorður svo margir aðilar koma þá til álita, en að sjálfsögðu þarf nefndin að kynna sér sjónarmið ýmissa aðila.

Nefndarmenn voru ekki sammála um hvernig hlutfall skyldi vera í nefndinni. Í greininni er gert ráð fyrir að þrír verði frá ríkisvaldinu en tveir frá sveitarfélögunum. Sú skoðun er byggð á því að ríkisvaldið fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála, ber meginábyrgð á framkvæmd laganna svo og kostnaði. Á móti kom það að eðlilegt væri að sveitarfélögin hefðu meiri hluta þar sem hér væri um að ræða málefni sem væru nú að verulegu leyti í höndum sveitarfélaga og stefndi þróunin í þá átt að auka vald þeirra í þeim efnum. Auk þess mætti segja að í sumum tilfellum væri vald, sem sveitarstjórnir fara nú með, fært úr þeirra höndum og hefur áður verið vikið að því.

Um 4. gr.

Í þessari grein greinir í stórum dráttum frá viðfangsefnum stjórnarnefndarinnar. Virðist ekki þurfa skýringa við.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru hvað snertir meðferð tillögu um mörk Miðhálendis mótuð af því sem skipulagslög kveða á um. Hér er einkum átt við 17.–19. gr. laganna, en að sjálfsögðu eru ákvæðin löguð að þeim aðstæðum sem eru á Miðhálendinu.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt þykir að þegar í byrjun geri menn sér fullkomlega ljóst að hverju ber að stefna við þá skipulagsgerð sem frumvarpið, ef að lögum verður, gerir ráð fyrir. Við það starf hljóta að koma inn að ýmsu leyti önnur sjónarmið en við hina hefðbundnu skipulagsgerð. Sú skipulagsgerð er fyrst og fremst miðuð við skipulagningu byggðar og markmið sett út frá því. Hér er að vissu leyti stefnt í hina áttina að skipulagningu óbyggða þótt þar komi að sjálfsögðu til einhver byggð, svo og mannvirkjagerð, sbr. 10. og 11. gr.

Við samning greinargerðarinnar þarf því að horfa til allra átta. Því er gert ráð fyrir að

stjórnarnefndin þurfi að leita til fjölda stofnana, félaga og samtaka. Sem dæmi má nefna: Búnaðarfélag Íslands, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Ferðafélag Íslands, Ferðamálaráð, Flugmálastjórn, Landmælingar Íslands, Hollustuvernd ríkisins, Landsvirkjun, Náttúruverndarráð, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Póst- og símamálastofnun, skipulagsstjórn ríkisins, Stéttarsamband bænda, Vegagerð ríkisins, Veðurstofa Íslands, Vegagerð ríkisins, veiðistjóraembættið, Þjóðminjasafn og Örnefnastofnun Þjóðminjasafns o.fl.

Til þess að auka vægi greinargerðarinnar og stuðla að markvissri gerð skipulagsáætlana þykir rétt að hún sé sérstaklega samþykkt af umhverfisráðherra.

Um 8. gr.

Þótt um sé að ræða sjálfstætt verkefni sem stjórnarnefndinni er falið samkvæmt þessum lögum er augljóst að hún hlýtur í daglegu starfi að eiga mjög mikil samskipti við embætti skipulagsstjóra og þurfa mjög að halda á upplýsingum og þjónustu frá embættinu.

Um 9. gr.

Í hugtakinu skipulagsáætlun felst það sem segir í grein 1.1. í skipulagsreglugerð nr. 318/1985, þ.e. að um sé að ræða áætlun um skipulag tiltekins landsvæðis. Þá er átt við greinargerð ásamt nauðsynlegum uppdráttum og sérteikningum.

Á það skal bent sem mönnum virðist stundum sjást yfir að greinargerð skipulagáætlunar er síst veigaminni þáttur hennar en uppdrátturinn.

Í skipulagsreglugerðinni ræðir í 1. gr. um þrjár gerðir skipulagsáætlana:

1. Svæðisskipulag.
2. Aðalskipulag.
3. Deiliskipulag.

Í frumvörpum til laga um skipulags- og byggingarmál, sem samin hafa verið undanfarin ár, er gert ráð fyrir fjórðu gerðinni sem er raunar efst í röðinni. Þá er átt við landsskipulag.

Í því frumvarpi, sem nú er til athugunar í umhverfisráðuneytinu, eru þessi hugtök skilgreind svo sem hér segir:

„*Landsskipulag:* Skipulagsáætlun um einstaka þætti sem varða landið allt eða tiltekna landshluta, samgöngur, fjarskipti, orkuveitur, þróun atvinnuvega, landnotkun, landnýtingu og byggð í meginatriðum. Hlutverk landsskipulags er m.a. að stuðla að samræmingu á stefnu og framkvæmdum ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga og mynda grundvöll fyrir gerð svæðisskipulags og aðalskipulags.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir tvö eða fleiri sveitarfélög eða heilan landshuta. Svæðisskipulag skal gert í því skyni að samræma byggðaþróun á grundvelli landsskipulags og til þess að samræma ákvarðanir um landnotkun samkvæmt aðalskipulagi aðliggjandi sveitarfélaga.

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun sem byggð er á stefnu sveitarstjórnar að því er varðar landnotkun, nýtingu lands, meginumferðaræðar og þróun byggðar í sveitarfélaginu.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun sem nær yfir einstaka bæjarhluta, hverfi eða reiti innan ramma aðalskipulags, þar sem nánari grein er gerð fyrir landnotkun, nýtingu lands, gatnaskipulagi, fyrirkomulagi bygginga og annarri mannvirkjagerð."

Þessar skilgreiningar geta ekki nema að vissu marki átt við í þessu frumvarpi ef að lögum verður. Því var sú leið valin að skipta viðfangsefninu í tvennt, áætlanir um hálendisskipulag og áætlanir um deiliskipulag. Segja má að hugtakið hálendisskipulag taki að efni til yfir það sem kallað er landsskipulag, svæðisskipulag og aðalskipulag, en deiliskipulag samsvari að vissu marki því sem nú er nefnt deiliskipulag, hvort tveggja að

breyttu breytanda eins og 10. og 11. gr. bera með sér og einnig 12. og 13. gr.

Um 10.–12. gr.

Í þessum greinum er bent á nokkur atriði sem ástæða þykir til að benda sérstaklega á um efni skipulagsáætlana. Hér er engan veginn um tæmandi upptalningu að ræða og hafa ber hliðsjón af ákvæðum 12. gr.

Um 13. gr.

Greinin virðist ekki þurfa skýringar.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara í meginatriðum 17. og 18. gr. skipulagslaga, sbr. og 6. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

1. mgr. er efnislega samsvarandi 1. mgr. 5. gr. skipulagslaga.

2.–4. mgr. ganga í svipaða átt og 2. mgr. þeirrar greinar eins og hún er eftir breytingu sem gerð var með lögum nr. 31/1978.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara 1. mgr. 4. gr. skipulagslaga eins og þau hljóða eftir breytingu samkvæmt áðurgreindum lögum frá 1978, sbr. og 9. gr. byggingarlaga.

Hér er notað orðið framkvæmdaleyfi, þar sem orðið byggingarleyfi virðist ekki geta átt við um heimild til ýmissa framkvæmda sem frumvarpinu er ætlað að taka til ef að lögum verður.

Um 17. gr.

Greinin virðist ekki þurfa skýringar, sbr. 1. gr.

Um 18. gr.

Í athugasemd við 3. gr. er greint frá því að rétt þótti að fela einni nefnd fremur en tveimur að fara með stjórn mála samkvæmt frumvarpi þessu ef að lögum verður.

Þetta merkir að stjórnarnefndinni er ætlað að gegna störfum sem byggingarnefndum eru fengin skv. III. kafla byggingarlaga, nr. 54/1978.

Þar sem hér er um að ræða mjög víðtækt verksvið er nauðsynlegt að nefndin geti fengið til aðstoðar aðila sem hún telur hæfa til að annast í sínu umboði eftirlit með tiltekinni framkvæmd, eftirlit á tilteknu svæði o.s.frv. Þetta kemur nánar fram í 2. og 3. mgr.

Um 19. og 20. gr.

Vegna þeirra vandkvæða, sem virðast vera á því að koma upp virkri löggæslu á Miðhálendinu miðað við núverandi skiptingu landsins í löggæsluumdæmi, er lögð áhersla á að frumkvæði komi frá frá stjórnarnefndinni sjálfri. Því er lagt til að aðalreglan verði sú að stjórnarnefndin fari með eftirlit með því að fylgt sé ákvæðum laga um skipulags- og byggingarmál á Miðhálendinu. Jafnframt er lagt til að henni verði fengið vald til að fela byggingarfulltrúum einstakra sveitarfélaga að sinna þessu eftirliti og gera þeim skylt að gera sér viðvart ef þeir fá vitneskju um brot eða fyrirhuguð brot.

Ef menn telja að þetta eftirlit muni ekki verða virkt er hugsanlegt að leysa það með því að hafa sérstakan byggingarfulltrúa fyrir Miðhálendið sem sinni eingöngu eftirliti á því svæði, en ekki þykir fært að leggja það til að svo stöddu. Því er lagt til að stjórnar-

nefndinni sjálfri verði fengið vald til að gefa fyrirmæli um að framkvæmdir verði stöðvaðar og mannvirki eða verksummerki fjarlægð.

Reynt er að sníða ákvæði 19. gr. um löggæslu að þeim lagagrundvelli sem við búum við. Samkvæmt 10. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, fara sýslumenn hver í sínu umdæmi með stjórnsýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um. Þar á meðal fara þeir með lögreglustjórn, tollstjórn og innheimtu opinberra gjalda eftir því sem hún er ekki falin öðrum. Í 11. gr. er lýst skiptingu landsins í stjórnsýsluumdæmi. Samkvæmt 2. mgr. skulu embætti sýslumanna nánar ákveðin með reglugerð, sbr. reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna nr. 57/1992. Í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar segir að þar sem mörk milli stjórnsýsluumdæma séu óskýr, svo sem á hálendinu, ákveði dómsmálaráðherra í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar.

Rétt þykir að stjórnarnefndin eigi tillögurétt í þessu sambandi.

Samkvæmt því sem fram er komið er ljóst að sýslumenn í landinu eru hliðsett stjórnvöld sem ekki taka við fyrirmælum hverjir frá öðrum. Í lögum um lögreglumenn, nr. 56/1972, er að finna vissar heimildir fyrir ráðherra til að fela lögreglu verkefni utan umdæmis hennar.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. fer dómsmálaráðherra með yfirstjórn lögreglunnar, en lögreglustjórar fara hver um sig með stjórn lögregluliðs hver í sínu umdæmi. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. getur dómsmálaráðherra ákveðið að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum hvar sem er á landinu og hvernig stjórn þess skuli háttað. Samkvæmt 6. gr. getur ráðherra, ef sérstaklega stendur á, mælt svo fyrir að lögreglulið skuli gegna löggæslustörfum utan umdæmis síns og ákveður þá jafnframt hver skuli fara með stjórn þess.

Í samræmi við tilvitnuð lagaákvæði er lagt til að sýslumenn skuli fara með löggæslu á Miðhálendinu, sbr. 19. gr.

Um 21.–22. gr.

Nú er innheimt byggingarleyfisgjald skv. 30. gr. byggingarlaga, sbr. gr. 9.2. í byggingarreglugerð nr. 292/1979. Þetta gjald á að standa undir kostnaði við byggingareftirlit, a.m.k. að hluta. Þar sem um er að ræða raunverulegt eftirlit mun það alls ekki alltaf hrökkva fyrir kostnaði.

Byggingarleyfisgjald fellur ekki í gjalddaga fyrr en byggingarleyfi hefur verið veitt. Ef synjað er um leyfi eða málið fellur niður verður ekki um gjaldtöku að ræða.

Augljóst má vera að athugun á umsókn um framkvæmdaleyfi getur ein sér orðið töluvert kostnaðarsöm. Hæpið virðist að aðili geti hrundið af stað kostnaðarsamri athugun án þess að nokkur greiðsla komi á móti eða sé tryggð. Því er gert ráð fyrir að sá sem sækir um framkvæmdaleyfi verði að greiða tiltekið gjald sem ætlað er að standa a.m.k. undir hluta af kostnaði við undirbúning að ákvarðanatöku. Þetta er nánar skýrt í greininni. Þar sem mjög misjafnlega stendur á hvað snertir mannvirki sem risin eru, bæði hvað snertir aðdraganda þess að mannvirki hefur risið og aðstæður geta verið mjög ólíkar, virðist eðlilegt að heimild sé til að lækka gjald eða fella niður. Til þess verða þó að vera gildar ástæður.

Gjald skv. 22. gr. grein svarar til byggingarleyfisgjalds, þ.e. kostnaði við eftirlit með framkvæmd.

Um 23. gr.

Hér er um að ræða nokkurt nýmæli í löggjöf hér á landi þótt slík könnun hafi þegar farið fram, t.d. að ósk umhverfisráðuneytis, áður en staðfesting skipulags hefur farið fram.

Í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1989 er gert ráð fyrir slíku varðandi mengandi starfsemi.

Hugsunin að baki er sú að jafnframt því sem fram fer könnun á fjárhagslegum og tæknilegum þáttum, sem framkvæmd eða aðgerð hlýtur að byggjast á, fari jafnframt fram könnun á sennilegum afleiðingum slíks fyrir umhverfið, þ.e. mat umhverfisáhrifa. Þetta verði með öðrum orðum þriðji þátturinn sem komi til mats áður en ákvörðun er tekin.

Í samningsdrögunum um Evrópskt efnahagssvæði eru m.a. ákvæði um slíkt mat, sbr. tilskipun Evrópubandalagsins nr. 337/1985. Hún fjallar um mat á umhverfisáhrifum vegna vissra framkvæmda og aðgerða einkaaðila og opinberra aðila. Öll aðildarríki skulu, áður en leyfi er gefið út fyrir framkvæmdum sem líklegt er að hafi veruleg umhverfisáhrif, láta fara fram könnun á því hver áhrifin verði. Mat á umhverfisröskun skal ná til búsetu, starfsemi, menningarverðmæta, gróðurs, dýralífs, jarðvegs, vatns, lofts, landslags og tengsla milli alls þessa. Einstök ríki geta veitt undanþágu frá þessum reglum varðandi einstakar framkvæmdir, en skulu þá kanna hvort aðrar aðferðir séu heppilegri, veita almenningi allar upplýsingar og senda rökstuðning til bandalagsins áður en leyfi er veitt.

Málsmeðferð, svo sem nú var lýst, hófst fyrir rúmlega 20 árum og þá í Bandaríkjunum. Hún hefur síðan verið leidd í lög í nágrannalöndum okkar og víðar, svo og verið tekin upp hjá alþjóðlegum lánastofnunum. Það var 1973 sem Evrópubandalagið ályktaði um þessa málsmeðferð og hún byggist á þeirri reglu sem nefna mætti á íslensku mengunarbótareglu (polluter pays principle) sem merkir það að sá sem mengun veldur eigi að bera allan kostnað sem af þeirri mengun leiðir.

Meðal stefnumála ríkisstjórnarinnar er að aukin áhersla verði lögð á umhverfismat í tengslum við meiri háttar framkvæmdir.

Um 24. gr.

Greinin virðist ekki þarfnast skýringa. Í sjálfu sér er ekki nauðsynlegt að taka fram það sem segir í 2. mgr., en rétt þótti að það kæmi fram þannig að ekki kæmi til neins misskilnings um þá málsmeðferð.

Um 25.–26. gr.

Greinarnar virðast ekki þurfa skýringa.

Um 27. gr.

Hér er um nokkurt nýmæli að ræða sem nú er farið að taka upp erlendis, nefnt á íslensku varúðarregla (precautionary principle). Þykir rétt að benda hér á þessa leið; þar er venjulegri sönnunarbyrði snúið við umhverfinu til stuðnings. Hér eru tekin upp ákvæði um hlutræna refsiábyrgð sem er undantekning frá meginreglunni um sök (ásetning eða gáleysi) sem refsiskilyrði, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Til þess að slíkri refsiábyrgð verði komið fram þarf ótvíræða heimild í lögum svo sem hér er lagt til. Rétt þykir að setja slíkt undanþáguákvæði hér vegna þeirra stórfelldu hagsmuna sem í húfi geta verið og vegna hættunnar á því að ekki takist að upplýsa hvaða aðilar fyrirtækis — fyrirsvarsmenn eða aðrir starfsmenn — séu brotlegir þannig að refsingu verði ekki fram komið gegn þeim af þeirri ástæðu. Þá skal og á það minnst í þessu sambandi að fyrirtæki eða stofnun verða ekki sektuð, nema á hlutrænum grundvelli.

Samsvarandi ákvæði hafa verið tekin upp í flest þeirra lagafrumvarpa um umhverfismál sem samin hafa verið hér, síðast í frumvarpi um umhverfismál sem lagt var fram á síðasta þingi.

Slíkt ákvæði hefur verið sett í lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, þ.e. í 28. gr.

Um 28. gr.

Á þessu stigi er mjög erfitt að gera sér grein fyrir því hver gæti orðið kostnaður við framkvæmd ef frumvarp þetta verður að lögum. En eins og fram kemur í 21.– 23. gr. er ætlunin að framkvæmdir geti notið tiltekinna tekna, en tekjur hljóta að fara algerlega eftir því hvernig mál þróast.

Í upphafi hlýtur að falla til kostnaður sem ekki virðist hægt að fjármagna með sértekjum.

Um 29. gr.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er umhverfisráðherra veitt allvíðtækt vald til að setja reglugerðir, gjaldskrár og úrskurða vafaatriði.

Við framkvæmd á ákvæðum þessum hljóta að koma upp margs konar vafaatriði sem nauðsynlegt er að ráða megi fram úr með skjótum hætti, enda er hætt við að lögin verði ella meira og minna óvirk. Er lítið unnið ef framkvæmdin lendir að meira eða minna leyti í öngstræti.

Fyrir nokkru kom upp ágreiningur m.a. um heimild löggjafans til að framselja ráðuneyti tiltekið úrskurðarvald. Þessi ágreiningur gekk til dómstóla.

Í dómi, sem Hæstiréttur kvað upp 5. nóvember 1991 í þessu máli, er m.a. fjallað um skilning á ákvæði því um þrískiptingu ríkisvaldsins sem 2. gr. stjórnarskrárinnar frá 1944 felur í sér.

Um það segir svo í dómnum:

„Ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar hefur ekki verið skilið á þann hátt að löggjafanum sé óheimilt að fela stjórnvöldum úrskurðarvald á tilteknu sviði. Þótt sjávarútvegsráðuneytinu séu veittar mjög víðtækar heimildir með lögum þessum til upptöku ólöglegs sjávarafla og ákvörðunar um andvirði hans ber að hafa í huga að úrskurðir ráðuneytisins verða bornir undir almenna dómstóla. Samkvæmt þessu verður ekki talið að lög nr. 32/1976 brjóti í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar."

Eins og textinn ber með sér er í þessum dómi átt við túlkun á lögum nr. 32/1976 gagnvart 2. gr. stjórnarskrárinnar, en hann virðist hafa almennt gildi um framsal löggjafans á valdi til ráðuneyta.

Samkvæmt þessu og með tilliti til þess hve hér geta verið í húfi ríkir almannahagsmunir virðast bæði eðlilegar og nauðsynlegar þær heimildir sem frumvarpið gerir ráð fyrir að umhverfisráðherra verði fengnar.

2. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 1. gr. byggingarlaga.

Um 30. gr.

Í greininni er notað orðið fjárnám, en ekki lögtak eins og í eldri lögum. Eftir gildistöku laga nr. 90/1989, um aðför, er orðið fjárnám einnig látið ná til þess sem kallað var lögtak.

Um 31. gr.

Þetta ákvæði samsvarar 8. mgr. 8. gr. byggingarlaga, nr. 54/1978, en breytt til samræmis við aðrar aðstæður.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I.

Rétt þykir að nefnd sú, sem gerir upphaflegar tillögur um mörk Miðhálendis, sé skipuð af Hæstarétti. Sú tilhögun var á sínum tíma rædd við forseta Hæstaréttar sem gerði ekki athugasemd við þá tilhögun.

II.

Nauðsynlegt þykir að þegar í stað verði lögboðið að hvers konar framkvæmdir á Miðhálendinu skuli háðar sérstakri heimild stjórnarnefndar skv. 3. gr.

Þar sem uppdráttur sá, sem vísað er í, er í mælikvarða 1:750.000 hljóta að koma upp ýmis vafaatriði um mörkin. Því þykir rétt að setja sérstakt ákvæði um úrskurðarvald umhverfisráðherra um slík vafaatriði.

Fylgiskjal I.

Um stjórnsýslu á hálendi og afmörkun þess.

Greinargerðin er samin fyrir umhverfisráðuneyti af Gunnari F. Guðmundssyni sagnfræðingi og afhent ráðuneytinu 12. nóvember 1990.

I.

Hálendi Íslands hefur aldrei verið lögformlega afmarkað nema þá að því leyti sem það nær yfir afrétti því að ónýtanlegt land var einskis virði í landbúnaðarsamfélagi fyrri alda. Hugtakið hálendi og skyld orð eins og óbyggð finnast ekki í útgefnum orðabókum yfir fornmálið og þau eru ekki heldur í orðasafni við fyrstu bindi íslensks fornbréfasafns. Öræfi, sem í nútímamáli er gjarnan notað um óbyggðir á hálendi, merkti í fornu máli eyðiland og var einkum bundið við svæðið sunnan Vatnajökuls, sbr. sérnafnið Öræfasveit.

Á síðari tímum hafa þær breytingar orðið vegna aukinnar verktækni og frístunda fólks að óbyggðir landsins eru nánast komnar í þjóðbraut. Virkjanir eru reistar, vegir lagðir og umferð manna vex ár frá ári. Viðkvæm náttúra landsins er í hættu, slys gerast tíðari og búast má við að á hálendinu komi upp mörg hin sömu vandamál í samskiptum manna og nú eru algeng í byggð. Það þykir því tímabært að setja nákvæmar reglur um hvernig skuli háttað stjórnsýslu á hálendinu, en fyrst þarf að liggja fyrir skilgreining á því hvar mörk þess liggja.

Með hugtakinu stjórnsýsla er átt við alla þá starfsemi ríkisins sem ekki verður talin til löggjafar eða dómgæslu (sbr. Ólafur Jóhannesson: Lög og réttur. Rvk. 1985, 4. útg., 47).

II.

Stjórnsýsla yfirvalda á hálendinu virðist eiga sér langa sögu, en hún var fyrr á öldum nær eingöngu takmörkuð við réttargæslu. Hreppar höfðu eftirlit með nýtingu afrétta, en þeir urðu ekki hluti af opinberri stjórnsýslu, að minnsta kosti ekki að formi til, fyrr en í byrjun 19. aldar (sbr. Lýður Björnsson: Saga sveitarstjórnar á Íslandi I. Rvk. 1972, 153–155).

Á þjóðveldisöld var eiginlegt ríkisvald ekki til og gat hver sem það vildi freistað þess að koma böndum á sakamenn, stundum var það beinlínis þegnskylda. Í Grágás verður ekki annað séð en allt landið hafi verið í einni lögsögu. Skógarmaður átti sér hvergi friðland, jafnvel ekki á jöklum uppi (sbr. Grágás. Skálholtsbók. Kbh. 1883, 672–673). Þetta kemur enn skýrar fram í Jónsbók sem lögfest var á Alþingi 1281. Í þeim kafla lögbókarinnar sem fjallar um mannhelgi og frið segir m.a.:

„En ef maður sem særður á þingi, og renna allir eftir til fjalls eða skógs, skips eða fjöru, þeim er víg vakti, nú verður hann farinn, og ef hann vill að lögum verjast, þá leggi hann niður vopn sín, þá er hann friðheilagur meðan hinn sári lifir. Binda skal þann mann og færa sýslumanni." (Jónsbók. Odense 1970, 43.)

Samkvæmt þessari grein Jónsbókar náðu lög réttarríkisins til alls landsins, frá hæstu tindum til ystu fjörumarka. Ekki er ljóst hvernig réttargæslan í óbyggðum skiptist milli sýslumanna, en líklega hafa þeir sýslubúar talið sér málið skyldast sem urðu fyrir mestum búsifjum af völdum skóggangsmanns.

Dæmi þessi sýna að snemma myndaðist hefð fyrir stjórnsýslu ríkisvaldsins á hálendinu. Hún var í fyrstu fábrotin í samræmi við einfalda samfélagshætti þeirra tíma, en hlýtur að aukast eftir því sem stærri svæði eru lögð undir menn og tæki í óbyggðum.

Á þeim tíma, þegar nýting hálendisins takmarkaðist við búfjárbeit, var það oft lagt að jöfnu við afrétti og almenninga. Gísli Sveinsson reyndi þó að greina hér á milli í umræðum á Alþingi 1919:

„Öræfi er það land, sem er til engra nota. Almenningur er það land, sem ekkert sveitarfélag á öðrum fremur rétt til; það orð getur að vísu náð til öræfanna, en venjulega er það þó notað um land, sem einhver afnot eru af. „Afréttir" eru aftur nefnd upprekstrarlönd og beitilönd, án tillits til þess, hvort þau séu eign ríksins, einstakra manna eða sveitarfélaga." (Alþingistíðindi 1919 B, 2503.)

Að skilningi nútímamanna er ekkert vafamál að hálendi Íslands nær yfir hvort tveggja, nýtanleg svæði og þau sem til skamms tíma hafa verið talin til engra nota.

Þegar ákvarða skal mörk hálendis, sýnist einkum þrennt koma til álita:

1. Hálendið verði miðað við ákveðna hæðarlínu. Þetta er sú skilgreining sem Þorvaldur Thoroddsen fer eftir í riti sínu Lýsing Íslands (I. bindi, Kbh. 1908, 161–162). Hann segir m.a.:

„Meðalhæð aðalhálendisins mun vera nálægt 2.000 fetum, en sumstaðar er það töluvert hærra einkum að suðaustan kringum Vatnajökul, og svo á hinni breiðu fjallakvísl, sem gengur til norðurs um landið mitt milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar; yfirleitt er hálendið hærra norðan jökla en sunnan jökla, þó gengur mikil hálendisspilda til suðvesturs frá Vatnajökli og hækkar eins og geysimikill höfði, er nær dregur sjó, og er þar hulinn miklum jökulflákum; þar er Mýrdalsjökull og Eyjafjallajökull. Til vesturs gengur einnig mjög hálendur kafli út undan Langjökli að Faxaflóa miðjum, en mjög er hann sundurgrafinn, þá ganga einnig mikil fjalllendi undan austurhorni Vatnajökuls til norðurs og norðausturs um Austfirði. Sumstaðar er hálendið smátt og smátt aflíðandi frá jöklum um miðbikið niður að sjó, þannig má telja að nokkurnveginn jafn halli sé af Sprengisandi suður og norður og eins frá Vatnajökli niður undir Axarfjörð, en víðast gengur hálendið með bröttum hömrum og fjöllum fram að sjó, einkum þar sem blágrýti er aðalefni fjallanna."

Þessi aðferð hefur þann kost að auðvelt ætti að vera að afmarka hálendið og gera það með þeirri nákæmni að ekki þurfi að koma til ágreinings. Hins vegar er hætt við að slík hæðarlína stangist á við landamerki jarða og þá getur farið svo að afréttir og jafnvel heimalönd verði bæði ofan línu og neðan.

2. Hálendið taki við þar sem byggð endar. Samkvæmt 1. gr. sveitarstjórnarlaga, nr.

8/1986, skiptist byggðin í landinu í staðbundin sveitarfélög og má gera ráð fyrir að mörk þeirra séu víðast hvar þekkt. Þessu fylgja þeir annmarkar að afréttir virðast sums staðar liggja innan marka sveitarfélaga, sbr. 3. gr. sömu laga, og ættu því ekki að falla undir þá skilgreiningu sem hér er lýst. Þó að ekki komi annað til brýtur þetta í bága við venjulegan skilning á hugtakinu hálendi.

3. Hálendi verði talið allt það svæði sem liggur handan og ofar landamerkjum heimajarða. Hjá Landmælingum hafa verið dregin upp kort af hálendi Íslands og er þar farið eftir afréttarmörkum að svo miklu leyti sem þau eru kunn. Hér er að nokkru að hyggja.

Hreppar hafa frá fornu fari séð um fjallskil og smölun á afréttum og er það hlutverk þeirra staðfest í lögum, sbr. 6. gr. sömu laga og 2. gr. laga nr. 42/1969. Þeirri tilhögun verður naumast breytt, enda mælir gegn því bæði hefð og hagkvæmni. Þetta verður að hafa í huga þegar rætt er um einstaka þætti stjórnsýslunnar á hálendi Íslands.

Annað er það að margir bændur og sveitarfélög telja sig eiga þá afrétti sem öldum saman hafa verið nýttir til beitar. Ef lög um stjórnsýslu hálendisins verða látin ná til afrétta má búast við að einhverjir túlki það sem tilræði við eignarrétt þessara aðila. Þetta er mjög viðkvæmt mál eins og tíð málaferli bera vitni um. Stjórnsýsla á landi og eignarréttur er þó tvennt ólíkt og er fyrir því úrskurður Hæstaréttar.

Í desember 1981 var kveðinn upp dómur í máli sem ríkisvaldið höfðaði til að fá staðfestan eignarrétt sinn á Landmannaafrétti. Kröfu ríkisvaldsins var hafnað. Bændur höfðu áður fengið svipaðan dóm í Hæstarétti í febrúar 1955. Landsvæði þetta er þannig í reynd eigendalaust að minnsta kosti þangað til fram koma skýlausar heimildir um eignarréttinn. Engu að síður hefur ríkisvaldið ákveðinn rétt á landinu sem á þó ekkert skylt við beint eignarhald:

„Hins vegar verður að telja, að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða [þ.e. Landmannaafréttur], en líta ber til þess, að fyrirsvarsmenn ríkisins hafa viðurkennt „rétt byggðarmanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir“.“ (Hæstaréttardómar LII. bindi, 1981, bls. 1592.)

Ef til vill kemur fleira til greina, t.d. er hugsanlegt að láta aðstæður á hverjum stað ráða meira en að framan er lagt til. Hér verður ekki tekin afstaða til þess hvaða leið ber að fara, en í fljótu bragði virðist sú sem síðast er greint frá vera vænlegust.

Fylgiskjal II.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor:

Sameiginleg markmið umhverfisverndar og ferðamennsku á hálendi Íslands.

Fyrirlestur á ráðstefnu á vegum umhverfisráðuneytis, samgönguráðuneytis og dómsmálaráðuneytis 22. nóvember 1991 um ferðamennsku og umhverfisvernd á hálendi Íslands.

Inngangur.

Hálendi Íslands er víðáttumikið; um 60% landsins er ofan við 400 m hæð og nálægt helmingur ofan við 500 m. Þetta land er að mestu ógróið og ber glöggt vitni þeim öflum sem mótuðu það; eldi, jöklum og vatni. Miðhálendið sjálft er öldótt háslétta en upp af sléttunni rísa stök fjöll og nokkrar stórar jökulbreiður. Landið er víða hulið jökulruðningi frá síðustu ísöld, en sandar og hraun þekja einnig stór flæmi. Í nálægð er land-

ið tilbreytingalítið; víðáttumiklar sléttur eða lágir ásar og öldur eru þaktar grárri urð eða svörtum sandi. Það er úfið ásýndum og óblítt og djúp þögnin getur slegið ótta í brjóst stórborgarbúans. Tilsýndar er svæðið að mestu gróðurvana eyðimörk þótt við nánari skoðun komi í ljós að svo er ekki.

Samt býr þetta land yfir einstökum töfrum. Fjöll afmarka fjarlægan sjóndeildarhringinn og ferðalangurinn verður örsmár díll á ferð í alheiminum undir óendanlega víðum himni. Útlínur fjalla eru skarpar og djarflega dregnar og einföld form náttúrunnar undirstrika hrikalega fegurð hennar. Þetta land er fullkomin andstæða hinnar mjúku og tömdu, en fremur sviplitlu, manngerðu náttúru sem Evrópubúar þekkja. Á heiðum sumardegi glampa jöklarnir í fjarska og fjöllin titra í tíbránni. Fjarlægðir verða óraunverulegar og það teygist úr litrófinu þannig að landið er ekki aðeins grátt og svart heldur marglitt í ótal litbrigðum. Samfelldur gróður er víða bundinn við lindasvæði og lægðir þar sem vatnsstaða er há og stöðug. Þar verða gróðurvinjar, oft með áberandi hvönn og víði og ýmsum blómfögrum tegundum þar sem búfjárbeit er lítil. Samspil gróðurs og vatns myndar sterka andstæðu við þurra auðnina umhverfis og yfir þessum vinjum hvílir tímalaus ró.

Sérstaða íslensku öræfanna.

Öræfin skipa Íslendingum í fámennan flokk þjóða, þeirra sem enn eiga stór óráðstöfuð landsvæði. Í mörgum þéttbýlum löndum eru engin svæði eftir sem ekki bera merki um umsvif mannsins. Upprunalegur gróður og dýralíf er að mestu horfið en í staðinn komin meira eða minna manngerð vistkerfi. Sé litið á jörðina í heild eru að vísu mjög stór svæði eftir sem ekki bera sýnileg mannvirki eða merki um umsvif mannsins, þ.e. eru óbyggð víðerni. Nær þriðjungur þurrlendis jarðar telst vera óbyggð víðerni. Langstærstur hluti þessa lands er óbyggilegur; hjarnbreiður Suðurskautslandsins og Grænlands og heitar eyðimerkur í Afríku, Ástralíu, Kína og Saúdí-Arabíu. Önnur stór óbyggð svæði eru í barrskógabeltinu á norðurhveli, í Sovétríkjunum, Kanada og Alaska. Aðeins eitt verulega stórt svæði fellur ekki í neinn af þessum flokkum, Amazon-regnskógurinn í Brasilíu. Samanlagt teljast þau svæði, sem þarna eru sýnd, vera um 93% heildarflatarmáls óbyggðra víðerna. Af löndum Evrópu (sem eru hér talin vera 27) eru aðeins fjögur talin eiga óbyggð víðerni en það eru fjögur Norðurlandanna, Finnland, Noregur, Svíþjóð og Ísland. Samkvæmt þeim gögnum, sem hér er byggt á, eru um 30% flatarmáls Íslands óbyggð víðerni.

Flest hinna stóru óbyggðu víðerna henta ekki til útivistar; barrskógasléttur Norður-Ameríku og Síberíu eru ekki líklegar til að draga að sér marga ferðamenn og flest hinna svæðanna eru svo fjarlæg byggðum bólum og/eða með svo fjandsamlegu loftslagi að ólíklegt er ferðafólk sæki þangað í teljandi mæli; Suðurskautslandið og Grænland, Sahara og eyðimerkur Arabíuskagans, Mongólíu og innri hluta Ástralíu. Íslensku öræfin hafa hins vegar margt að bjóða; náttúru sem virðist ósnortin (þó hún sé það raunverulega ekki, en er þó alla vega án sýnilegra mannvirkja) og mikla fjölbreytni í landslagi. Svæðið er tiltölulega aðgengilegt og loftslagið þolanlegt, a.m.k. þannig að „venjulegir“ ferðamenn geta lagt leið sína um þau án sérstakrar þjálfunar eða mjög mikils aukabúnaðar. Til viðbótar má svo nefna að landið býður upp á ákaflega fjölbreytilega ferðamáta; gönguferðir, hestaferðir, veiðiferðir, ferðir með bíl, skíðaferðir að vetrum og jöklaferðir sem víst er að verður mikil eftirspurn eftir, auk þess sem má nefna að landslagið nýtur sín ákaflega vel úr lofti.

Landnýting á hálendinu og hagsmunaárekstrar.

Ferðir manna um hálendið hafa aukist gífurlega á síðustu tíu til tuttugu árum og ferða-

þjónusta er orðin umsvifamikil atvinnugrein. Allt bendir til þess að sókn ferðafólks muni halda áfram að aukast, en jafnhliða er líklegt að verulegar breytingar verði á annarri nýtingu landsins. Sé litið á landnýtingu hálendisins kemur í ljós að henni má skipta í fjóra flokka:

1. sumarbeit fyrir búfé, fyrst og fremst sauðfé en einnig í litlum mæli fyrir hross,
2. orkuvinnslu en henni fylgja uppistöðulón, byggingar og raflínur,
3. ferðamennsku og útivist en ferðaiðnaði fylgja byggingar (fjallaskálar, hótel, einkabústaðir, hesthús), sorp og skolp, auk annarra umhverfisáhrifa eins og traðks manna eða hrossa og merki í landi vegna aksturs utan vega.

Í fjórða lagi er veiði í ám og vötnum en sá liður skiptir miklu minna máli en hinir þrír og fellur reyndar í síauknum mæli saman við næsta lið á undan.

Líklegt er að draga muni mjög úr hefðbundinni nýtingu hálendisins sem sumarhögum fyrir sauðfé en á hinn bóginn mun vafalaust aukast áhugi á nýtingu fallvatna til orkuframleiðslu. Þó hálendið sé stórt er hætt við að fljótlega komi til árekstra milli ólíkra hagsmuna. Samfelldur gróður þekur aðeins lítinn hluta svæðisins, en samt snertir nær öll landnýting þessar gróðurvinjar, beint eða óbeint. Gróðurinn er sú auðlind sem verið er að nýta við sauðfjárbeit. Hestaferðir um hálendið fylgja oftast fornum reiðleiðum og áð er í gróðurvinjunum með tilheyrandi beitarálagi. Nær undantekningarlaust liggur samfelldur gróður hálendisins í lægðum og það eru þær sem fara undir vatn við gerð miðlunarlóna. Ferðamenn sækjast eftir að dvelja í gróðurvinjunum og þar hafa flestir fjallaskálar verið byggðir. Nokkrar hálendisvinjar hafa síðan verið friðlýstar vegna náttúruverndargildis og fleiri eru á náttúruminjaskrá.

Náttúruverndargildi óbyggðra víðerna.

Af því sem áður er sagt er ljóst að verndun öræfanna sem óbyggðra víðerna setur verulegar skorður við annarri landnýtingu og í raun er slík verndun líklega strangasta friðlýsingarkrafa sem hægt er að setja fram. Hvert er náttúruverndargildi óbyggðra víðerna, hvers vegna ætti yfirleitt að vernda óbyggð víðerni?

Þegar reynt er að svara þessari spurningu er gagnlegt að greina á milli líffræðilegra og huglægra röksemda fyrir náttúruvernd. Það var fyrst fyrir um áratug eða svo sem farið var að leggja kennilegan grunn náttúruverndar, þ.e. sem heimspeki náttúruverndar varð til. Þessi heimspeki hefur að stærstum hluta beinst að verndun hinnar lifandi náttúru, verndun fjölbreytileika lífríkis, tegunda og vistkerfa en verndun landslags og náttúru í stærra samhengi kemur þar einnig inn í. Þau rök, sem færa má fyrir verndun íslensku öræfanna, eru fyrst og fremst huglæg. Líffræðileg rök má færa fyrir friðun einstakra svæða, en ekki verður fjallað frekar um þau hér.

Það má færa fyrir því rök að í mannþröng hins iðnvædda heims séu mannlausar víðáttur dýrmætar í sjálfu sér og að þær hafi sjálfstætt tilvistargildi — þannig að stórkostleg náttúrufyrirbæri séu verðmæti á sama hátt og stórfengleg listaverk séu verðmæti og hvorug verða metin til fjár. Tilvera slíkrar náttúru er þá ein sér réttlæting fyrir verndun. Því er stundum haldið fram að það sé skylda okkar við komandi kynslóðir að geyma ósnortinn a.m.k. lítinn hluta þess heims sem einu sinni var þannig að afkomendur okkar hafi möguleika á að kynnast náttúru sem ekki hefur verið mótuð af manninum. Á það má benda að það erum við sem nú lifum sem ráðum mestu um það hvort slíkt land verður yfirleitt til þegar kemur fram á næstu öld. Ákvarðanataka um frekari nýtingu óbyggðra víðerna ætti að taka mið af því að utan heimskauta og eyðimarka er sáralítið eftir af slíku landi og í langflestum tilfellum er ákvörðunin óafturkræf; það land sem einu sinni hefur verið tekið til nytja mun ekki breytast aftur til upprunalegs horfs. Einnig má færa fagurfræðileg rök fyrir friðun þessa lands. Það er a.m.k. sæmilega útbreidd skoðun að hin

óbeislaða náttúra hálendisins búi yfir eigin fegurð og því hefur verið haldið fram að það gefi lífi okkar aukið gildi að vita af þessari fegurð og upplifa hana. Hún skerpi næmi okkar og fegurðarskyn, hún blási okkur í brjóst anda sem dýpkar skilning og lyftir hugsunum okkar hærra. Þessi fegurð gefi okkur gleði, hún geri okkur meðvitaðri sem manneskjur og upplifun hennar geti breytt gildismati okkar. Þessi fegurð veiti þannig lífsfyllingu fram yfir þá mettun sem fæst með höndlun efnislegra verðmæta.

Þau afstæðu og huglægu gildi sem hér hafa verið talin mæta þó oft litlum skilningi í heimi þar sem allt er metið til fjár. Land sem ekki er nýtt er að margra áliti ónýtt í tvennum skilningi; í fyrsta lagi þannig að það er ekki til neins gagns en einnig í huga sumra ónýtt þannig að það er verra en gagnslaust; líkt og að eiga gamla og úr sér gengna peninga undir koddanum, peninga sem engum arði safna.

Hvað öræfin íslensku snertir er reyndar hægt að færa hrein hagræn rök fyrir verndun þeirra í viðbót við hin huglægu rök. Við getum „selt“ þessa „ósnortnu“ náttúru til ferðamanna og haft af henni mikinn arð og ef við fáum meiri arð með því að halda henni sem næst upprunalegu horfi fremur en með því að breyta henni ættum við að kappkosta að vernda hana.

En er hér ekki komin mótsögn: hvernig er hægt að varðveita óbyggðirnar og selja þær á sama tíma til „túrista“. Eru ekki óbyggðir í strangasta skilning þess orðs land sem aðeins er til fyrir sjálft sig? Þessari spurningu verður að svara játandi. Engu síður tel ég að ef skynsamlega er staðið að málum geti varðveisla öræfanna og nýting þeirra til útivistar farið saman: það er þó augljóslega miklu auðveldara að skemma þau verðmæti sem landið býr yfir en að nýta öræfin þannig að þessi verðmæti glatist ekki.

Sameiginleg markmið umhverfisverndar og ferðamennsku.

Umhverfisvernd og ferðamennska á hálendinu eiga sér að verulegu leyti sameiginleg markmið:

— að halda yfirbragði landsins sem næst uppruna sínum,
— að halda nýtingu innan þeirra marka að hún valdi sem minnstum breytingum á útliti, eðli og eiginleikum landsins,
— að halda sýnilegum merkjum um umsvif mannsins innan þeirra marka að þau þrengi sér sem minnst inn í þá upplifun af náttúrunni sem fólk sækist eftir að njóta.

Árekstrar milli verndunarsjónarmiða og ferðamennsku.

Hversu auðvelt eða erfitt er að aðlaga kröfur ferðamannsins og skipulagðrar ferðaþjónustu að þeim kröfum sem verndun landsins sem næst uppruna sínum setur?

Lengi vel var uppbygging á hálendinu nær takmörkuð við leitarmannakofa og nokkra fjallaskála Ferðafélags Íslands. Síðustu ár hefur orðið mikil breyting á ferðamáta og uppbyggingu á hálendinu. Ferðafólki hefur fjölgað, vetrarferðir sem voru óþekktar fyrir aðeins fáum árum eru orðnar mjög vinsælar, skipulagðar hestaferðir eru orðnar stór atvinnuvegur, mikil sókn er í byggingu einkabústaða (sem flestir eru læstir) og reynt hefur verið að bæta aðbúnað ferðafólks á hinum hefðbundnu áningarstöðum. Það gefur auga leið að skipulagslaus bygging einkahúsa með tilheyrandi vegagerð og mengun vegna sorps og skolps er ósamrýmanleg verndunarsjónarmiðum og raunar einnig almennum landnýtingarsjónarmiðum þar sem í hlut á land með óvissu eignarhaldi en sem flestir líta á sem sameign þjóðarinnar. Akstur utan vega er að mínu mati alvarlegustu umhverfisspjöllin sem unnin hafa verið á hálendi Íslands og þau eru þeim mun verri þar sem þessi akstur þjónar í flestum tilfellum engum sérstökum tilgangi og mjög auðvelt er að komast hjá honum.

Ferðaþjónusta og hálendisvinjarnar.

Uppbygging vegna ferðaþjónustu er langmest í eða við hálendisvinjarnar. Tjöldun í stórum stíl getur stangast á við verndun þeirra. Það mun t.d. vera regla fremur en undantekning að borið er á tjaldsvæðin. Þar með fæst slitþolnari gróður, þ.e. gróður sem þolir betur það álag sem fylgir tjöldun en um leið er búið að breyta gróðurfari.

Það lýsir að mínu viti skilningsleysi á eðli gróðurvinja hálendisins að reyna að búa þar til litla ferkantaða túnbletti til að tjalda á. Þessir blettir skera sig að öllu leyti rækilega frá umhverfinu í kring. Reyndar má segja að þeir lýsi líka skilningsleysi á vistfræði þess gróðurs sem í hlut á því afar ólíklegt er að hann lifi til langframa þegar saman fara veðurfarsleg skilyrði og það álag sem á gróðrinum er vegna nýtingarinnar. Þar með er alls ekki sagt að ekki sé hægt að bæta tjaldaðstöðuna, en það er hægt að gera á hátt sem fellur betur inn í hið náttúrulega umhverfi.

Líklega er frekari uppbygging í vinsælustu hálendisvinjunum varla samrýmanleg verndun þeirra og fljótlega verður að ákveða hvort á að reyna að halda öræfasvip svæðanna eða sníða umhverfi þeirra að kröfum nútímaferðaþjónustu og bjóða í auknum mæli þau þægindi sem fást á venjulegum hótelum; upphitaðar vistarverur, lítil herbergi fyrir tvo eða fjóra, vatnssalerni, sturtur og greiðasölu. Það mætti hugsa sér að byggja upp fullkomna þjónustu á nokkrum stöðum á miðhálendinu, en þá helst utan við vinjarnar sjálfar fremur en í hjarta þeirra.

Hvert ætti að stefna?

Óraunhæft er að reyna að friða allt hálendið í núverandi mynd, — hins vegar er brýnt að skilgreina strax þau svæði sem helst ætti að vernda sem óbyggð víðerni eða sakir sérstæðrar náttúru og frekari uppbygging ætti að vera í jöðrum þessara svæða en innan þeirra ætti að takmarka mjög umsvif mannsins, bæði byggingar og slóðalagningu eins og er t.d. gert í þjóðgörðum í Bandaríkjunum. Sé horft til framtíðar virðist einsýnt að hálendi Íslands býr yfir verðmætum sem verða eftirsóttari eftir því sem þrengir meira að öllum þeim aragrúa fólks sem byggir æ stærri og æ mengaðri borgir, en minna má á að um næstu aldamót er áætlað að helmingur mannkyns muni búa í borgum. Við höfum allt að vinna með því að sýna aðgát í meðhöndlun okkar á þessu landi og íhaldssemi varðandi breytingar á því — við töpum engu nema ljótum minnismerkjum um skammsýni og skilningsleysi.

Fylgiskjal III.

MIÐHÁLENDI ÍSLANDS
MARKALÍNA



Fylgiskjal IV.

MÖRK MIÐHÁLENDIS ÍSLANDS
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1 OKÖXL
bein lína í punkt 2
2 STRÚTUR hæðarpunktur 937
bein lína í punkt 3
3 ÁRMÓT SKÚTAKVÍSLAR OG HRÚTAFJARÐARÁR, sýslumörk þaðan norður Hrútafjarðará í punkt 4

Vestur-Húnavatnssýsla.

4 ÁRMÓT SVARTAGILS OG HRÚTAFJARÐARÁR
bein lína í punkt 5
5 ÁRMÓT ÞORVALDSDALSÁR OG AUSTURÁR
bein lína í punkt 6
6 LÆKJARMÓT Í FITJÁ
bein lína í punkt 7

Austur-Húnavatnssýsla.

7 ÁRMÓT FRIÐMUNDARÁR OG VATNSDALSÁR
bein lína í punkt 8
8 LITLAFJALL hæðarpunktur 658
bein lína í punkt 9
9 HÖLKNAFELL hæðarpunktur 544
bein lína í punkt 10
10 SAUÐAFELL hæðarpunktur 693
bein lína í punkt 11
11 ÞAR SEM MÖRK HRAFNAGILSHREPPS OG SAURBÆJARHREPPS VORU OG KOMU SAMAN Á SÝSLUMÖRKUM SKAGAFJARÐAR- OG EYJAFJARÐARSÝSLU
bein lína í punkt 12

Eyjafjarðarsýsla.

12 ÁRMÓT NYRSTU KVÍSLAR ÚR HAFRÁRGLJÚFRI OG EYJARFJARÐARÁR
bein lína í punkt 13
13 HÆÐARPUNKTUR 1117 NORÐAN SÝSLUMARKA EYJAFJARÐARSÝSLU OG SUÐUR- ÞINGEYJARSÝSLU
bein lína í punkt 14

Suður-Þingeyjarsýsla.

14 NYRSTI HLUTI SKINNHÚFUTJARNAR
bein lína í punkt 15
15 BLÁFELL hæðarpunktur 1222
bein lína í punkt 16
16 BÚRFELL hæðarpunktur 953
bein lína austur í punkt 17

17 JÖKULSÁ Á FJÖLLUM sýslumörk N- og S-Þingeyjarsýslna
suður að punkti 18

Norður-Múlasýsla.

18 ÁRMÓT SKARÐSÁR OG JÖKULSÁR Á FJÖLLUM
eftir Skarðsá í punkt 19
19 ÁRMÓT HVANNÁR OG SKARÐSÁR
bein lína í punkt 20
20 MIKLAFELL
bein lína í punkt 21
21 SÆNAUTAFELL hæðarpunktur 729
bein lína í punkt 22
22 BÚRFELL
bein lína í punkt 23
23 HORNBRYNJA hæðarpunktur 961 sýslumörk
bein lína í punkt 24

Suður-Múlasýsla.

24 HÁALDA hæðarpunktur 904
bein lína í punkt 25
25 AFRÉTTARTINDUR hæðarpunktur 1212 sýslumörk
bein lína í punkt 26

Austur-Skaftafellssýsla.

26 SVÍNAFELLSGÖLTUR hæðarpunktur 326
bein lína í punkt 27
27 VIÐBORÐSFJALL hæðarpunktur 537
bein lína í punkt 28
28 SKÁLAFELLSHNÚTA hæðarpunktur 594
bein lína í punkt 29
29 FELL hæðarpunktur 806
bein lína í punkt 30
30 NORÐAUSTURJAÐAR BREIÐAMERKURJÖKULS
eftir jökuljaðrinum í punkt 31
31 JÖKULJAÐAR VIÐ BREIÐAMERKURFJALL
bein lína í punkt 32
32 JÖKULJAÐAR FJALLSJÖKULS
meðfram jökuljaðrinum í punkt 33
33 SYÐSTI ENDI FJALLSJÖKULS
bein lína í punkt 34
34 NORÐAUSTASTI ENDI KVÍÁRJÖKULS
meðfram jökuljaðrinum í punkt 35
35 RÆTUR STARFJALLS
bein lína í punkt 36
36 HOFSFJALL hæðarpunktur 734
bein lína í punkt 37
37 SUÐURÖXL SVÍNAFELLSFJALLS
bein lína í punkt 38

38 SVÍNAFELLSHEIÐI hæðarpunktur 325
bein lína í punkt 39
39 BREIÐATORFA hæðarpunktur 151
bein lína í punkt 40
40 HRÚTAGIL
bein lína í punkt 41
41 SKERHÓLL hæðarpunktur 524
bein lína í punkt 42
42 HÆÐARPUNKTUR 125 SUNNAN SKEIÐARÁRJÖKULS
bein lína í punkt 43
43 HÆÐARPUNKTUR 112 SUNNAN SKEIÐARÁRJÖKULS
bein lína í punkt 44

Vestur-Skaftafellssýsla.

44 LÓMAGNÚPUR hæðarpunktur 764
bein lína í punkt 45
45 HNÚTA hæðarpunktur 539
bein lína í punkt 46
46 MERKURHEIÐI hæðarpunktur 261
bein lína í punkt 47
47 NÚPSHEIÐI hæðarpunktur 355
bein lína í punkt 48
48 FOSSÁRFJALL hæðarpunktur 462
bein lína í punkt 49
49 HAFURSEY hæðarpunktur 392
bein lína í punkt 50
50 SJÓNARHÓLAR hæðarpunktur 467
bein lína í punkt 51

Rangárvallasýsla.

51 RAUFARFELL hæðarpunktur 743
bein lína í punkt 52
52 STÓRHÖFÐI hæðarpunktur 741
bein lína í punkt 53
53 ÞÓRÓLFSFELL hæðarpunktur 595
bein lína í punkt 54
54 FÁLKAHAMAR hæðarpunktur 311
bein lína í punkt 55
55 HAUS hæðarpunktur 687
bein lína í punkt 56
56 SAUÐAFELL hæðarpunktur 467
bein lína í punkt 57

Árnessýsla.

57 SKELJAFELL hæðarpunktur 414
bein lína í punkt 58
58 KÁLFÁRFITJAFJALL hæðarpunktur 469
bein lína í punkt 59

59 ÁRMÓT ILLAGILS OG HVÍTÁR
bein lína í punkt 60
60 SANDFELL hæðarpunktur 602
bein lína í punkt 61
61 BJARNARFELL hæðarpunktur 724
bein lína í punkt 62
62 HRAFNABJÖRG hæðarpunktur 763
bein lína í punkt 1

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn skipulags- og byggingarmála á Miðhálendi Íslands.

Með frumvarpi þessu verður Miðhálendi Íslands gert skipulagsskylt og fellt undir skipulags- og byggingarlög á sama hátt og önnur landsvæði.

Stjórn skipulags- og byggingarmála Miðhálendisins skal vera í höndum sérstakrar fimm manna stjórnarnefndar sem umhverfisráðherra skipar til fjögurra ára í senn, sbr. 3. gr. Með hliðsjón af hliðstæðum nefndum í þjónustu ríkisins má ætla að henni verði úrskurðaðar 600–700 þús. kr. nefndarlaun á ári. Annar reksturskostnaður af starfi nefndarinnar verður látinn í té af embætti skipulagsstjóra ríkisins. Umhverfisráðherra ákveður greiðslur fyrir slíka þjónustu. Stjórnarnefndinni er ætlað að gera skipulag af Miðhálendinu, sbr. 4. gr. Kostnaður þess verkefnis er lauslega áætlaður að muni verða 15–20 m.kr. og dreifist á þrjú ár.

Fjallað er um greiðslu á kostnaði í 21.–23. gr. frumvarpsins. Í 21. gr. er gert ráð fyrir sérstöku umsýslugjaldi til að standa undir kostnaði við meðferð stjórnarnefndar á umsókn. Í 22. gr. er kveðið á um leyfisgjald sem ætlað er að taki tillit til áætlaðs kostnaðar við nauðsynlegt eftirlit með framkvæmdum. Gjöld samkvæmt þessum tveim greinum verða samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðuneytið setur. Í 23. gr. er gert ráð fyrir að verði nauðsyn á að láta fram fara sérstaka könnun á umhverfisáhrifum vegna gerðar mannvirkis eða tiltekinnar framkvæmdar verði umsækjanda skylt að greiða kostnað sem af könnun leiðir samkvæmt reikningi. Ekki er unnt að meta tekjur af þessum þrem lagagreinum, en ljóst þykir af eðli þeirra að með þeim er ætlað að afla tekna er standa undir almennum áframhaldandi kostnaði laga þessara, en að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði skv. 28. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða I er gert ráð fyrir að Hæstiréttur skipi þriggja manna nefnd til að gera tillögur til umhverfisráðherra um meðferð á athugasemdum er fram kunna að koma við tillögu um mörk Miðhálendis, sbr. 6. gr. Ætla má að kostnaður vegna starfa nefndarinnar verði innan við 1 m.kr.

Fylgiskjal VI.

Yfirlitskort í mælikvarðanum 1:750.000 sem Landmælingar Íslands hafa að ósk

nefndar á vegum umhverfisráðuneytis gert með tillögu um mörk Miðhálendis Íslands. Kortinu er dreift sérstaklega með frumvarpinu.

708. Tillaga til þingsályktunar [450. mál]

um Evrópskt efnahagssvæði og stöðu kvenna.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Ragnhildur Eggertsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á líklegum áhrifum aðildar Íslands að Evrópsku efnahagssvæði á efnahagslega og félagslega stöðu kvenna. Í því skyni verði myndaður starfshópur með fulltrúum tilnefndum af Þjóðhagsstofnun, Byggðastofnun og Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands sem hafi umsjón með verkinu. Hópurinn skili niðurstöðum fyrir 1. október 1992 og verði þær kynntar Alþingi. Kostnaður við þessa athugun greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það hefur verið yfirlýst stefna bæði núverandi og fyrrverandi ríkisstjórna að Ísland verði aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Samningur um EES byggist á því að EFTA-ríkin geri lagagrunn Evrópubandalagsins á sviði svonefnds fjórfrelsis að sínum. Þótt pólitískt samkomulag hafi tekist um EES-samning hefur hann ekki verið undirritaður formlega og Alþingi á eftir að fjalla um hann og taka afstöðu til þess hvort staðfesta eigi samninginn eða hafna honum.

Hingað til hefur umræða um EES-aðild og aðlögun að Evrópubandalaginu fyrst og fremst miðast við hagsmuni atvinnulífs og fyrirtækja en aðrir þættir hafa orðið út undan. Í umræðu erlendis um aðild einstakra ríkja að Evrópubandalaginu hefur verið bent á að hún muni líklega hafa allt önnur áhrif á stöðu kvenna en stöðu karla. Fullyrða má að við gerð Rómarsáttmálans og endurskoðun á honum síðar hafi hagsmunir kvenna ekki verið hafðir að leiðarljósi fremur en endranær þegar mikilvægar ákvarðanir hafa verið teknar. Konur hafa verið næsta áhrifalausar þar sem ráðum hefur verið ráðið. Það er því ekki að ástæðulausu að fjölmargar konur í Vestur-Evrópu og samtök þeirra hafa sett spurningarmerki við þær breytingar sem nú eiga sér stað um alla álfuna. Er líklegt að sú stefna og hugmyndafræði, sem lögð er til grundvallar í Evrópubandalaginu og Evrópsku efnahagssvæði, sé til hagsbóta fyrir konur? Eða er e.t.v. eins líklegt að hagur þeirra sé hreinlega fyrir borð borinn?

Meðal þess sem snertir konur sérstaklega og athuga þarf er eftirfarandi:

— Tilfærsla vinnuafls með tilliti til þess að konur eiga erfiðara með að leita vinnu um langan veg vegna fjölskylduaðstæðna.
— Atvinnuleysi. Konur eiga erfiðara með að fá vinnu en karlar þegar þrengist um á vinnumarkaði. Þannig er atvinnuleysi almennt meira meðal kvenna en karla.
— Tímabundin vinna og hlutastörf eru í vaxandi mæli hlutskipti kvenna innan EB, en þeim fylgir réttleysi og óöryggi.
— Launamunur og veikari verkalýðshreyfing. Hætt er við að harðnandi samkeppni innan EES leiði til vaxandi kynbundins launamunar og að verkalýðshreyfingin veikist og eigi erfiðara með að hamla þar á móti.
— Samdráttur í þjónustustörfum á landsbyggðarsvæðum og þar af leiðandi flutningur á kvennastörfum til stærstu þéttbýlisstaða.

— Fjárfesting og frjálsir fjármagnsflutningar. Slíkt kemur fæstum konum til góða þar sem þær hafa sjaldan yfir miklum fjármunum að ráða.
— Veikara velferðarkerfi. Kröfur um samræmingu skatta geta leitt til enn frekari samdráttar í opinberri þjónustu, m.a. á sviði heilbrigðismála og mennta- og uppeldismála.

Konur á Norðurlöndum hafa enn sem komið er nokkra sérstöðu miðað við kynsystur sínar annars staðar í Evrópu. Norrænar konur vinna almennt utan heimilis og er atvinnuþátttaka þeirra sú hæsta í heiminum.

Á Íslandi vinna yfir 80% giftra kvenna á vinnumarkaði, að miklum meiri hluta í þjónustustörfum og störfum sem halda uppi velferðarkerfinu. Niðurskurður á því sviði bitnar því harðar á konum en körlum.

Konur eiga yfirleitt erfiðara með að flytja búferlum en karlar, m.a. vegna meiri bindingar af fjölskyldu, sérstaklega meðan börn eru ung. Hinn svokallaði frjálsi búseturéttur, sem er einn af fylgifiskum EES, nýtist því ekki konum að sama skapi og körlum. Einnig ber að hafa í huga að annars staðar en á Norðurlöndum er atvinnuþátttaka kvenna miklu minni og að jafnaði er ekki miðað við að konur vinni utan heimilis meðan börn eru ung.

Undanfarið ár hefur atvinnuleysi aukist hér á landi og er það meira meðal kvenna en karla. Það sama er uppi á teningnum í löndum EB, nema þar er atvinnuleysi víðast hvar langtum meira en hér á landi. Konur í EB hafa miklu minni tengsl við vinnumarkaðinn en konur hér á landi og vinna mjög margar óreglulega vinnu við hlutastörf eða heimavinnu. Þær hafa því í flestum tilvikum lítið atvinnuöryggi en 75–92% af þeim sem búa við slíkt óöryggi eru konur. Fjölskyldupólitíkin innan EB byggir fyrst og fremst á því að karlmenn séu fyrirvinnur heimilanna en konurnar eigi að gæta barna, sjúkra og aldraðra. Nauðsynlegt er að reyna að meta hvaða áhrif það muni hafa á stöðu kvenna hér á landi ef Ísland verður hluti af 380 milljón manna vinnumarkaði EES þar sem ofangreind viðhorf eru ríkjandi.

Hér á landi hafa konur að meðaltali aðeins 60% af þeim launum sem karlar fá fyrir sitt vinnuframlag. Innan EB er launamunurinn milli kynja álíka mikill (Danmörk er undanskilin), en annars staðar á Norðurlöndum er munurinn miklu minni. Í lögum EB er ákvæði um launajafnrétti sem sett var inn árið 1975 vegna þrýstings frá Frökkum. Þeir töldu að kynjajafnrétti væri meira hjá þeim en í öðrum aðildarlöndum. Vegna samkeppnisstöðu töldu þeir því nauðsynlegt að slíkt ákvæði yrði almennt í gildi innan bandalagsins. Það var því ekki af umhyggju fyrir konum sem jafnlaunaákvæðið var sett. Þetta ákvæði hefur ekki haft þau áhrif innan EB að laun kvenna hafi hækkað frekar en hér á landi.

Þótt fæðingarorlof hérlendis sé allt of stutt er það þó lengra en í flestum EB-löndum. Nýlega ákvað framkvæmdastjórn EB að mæla með því að fæðingarorlof yrði ekki minna en 14 vikur í aðildarríkjunum. Margar konur óttast að það geti leitt til þess að krafa komi um að fæðingarorlof verði stytt í löndum þar sem það er lengra en þessar 14 vikur.

Segja má að flestar konur innan EB séu enn í kjallara þjóðfélagsins. Konur á Íslandi eru að jafnaði betur settar og annars staðar á Norðurlöndum hafa þær verið að fikra sig hægt en örugglega upp á efri hæðir þjóðfélagsbyggingarinnar. Mun aðlögun að Evrópubandalaginu með þátttöku EFTA-ríkja í EES verða til þess að auðelda konum að ná bættri stöðu? Fátt bendir til þess að svo muni verða.

Þar sem hámarksgróði og aukinn hagvöxtur er höfuðmarkmiðið er staða hins sterka best og lítið tillit tekið til barna og þeirra sem eldri eru og veikburða. Afleiðingar slíkrar stefnu bitna frekar á konum en körlum. Það þarf því ekki að koma á óvart að konur

eru fjölmennari í hópi þeirra sem efast um ágæti aðlögunar að Evrópubandalaginu og þeirrar stefnu sem þar er ríkjandi.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja brýna nauðsyn bera til að lagt verði mat á áhrif hugsanlegrar aðildar Íslands að EES á stöðu kvenna sérstaklega. Nauðsynlegt er að hraða þeirri vinnu þannig að niðurstöður liggi fyrir áður en Alþingi tekur afstöðu til EES-samnings.

709. Frumvarp til laga [451. mál]

um Skálholtsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Skálholtsskóli er kirkjuleg menningar- og menntastofnun sem starfar á vegum þjóðkirkju Íslands á grunni fornrar skólahefðar í Skálholti og norrænnar lýðháskólahefðar.

Kirkjuráð ber stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans fyrir hönd þjóðkirkju Íslands. Gerður skal samningur um þátttöku ríkissjóðs í rekstri hans.

2. gr.

Markmið Skálholtsskóla er að efla tengsl kirkju og þjóðlífs og stuðla að sem víðtækustum áhrifum kristinnar trúar og kristinnar menningar í íslensku þjóðlífi.

Skólinn skal leitast við að efla þjóðkirkjuna, m.a. með fræðslu starfsmanna hennar.

3. gr.

Skólinn skal einkum starfa á eftirgreindum sviðum:

a. Guðfræðisviði.
b. Kirkjutónlistarsviði.
c. Fræðslusviði.

Sviðin skulu nánar skilgreind í samþykktum skólans sem kirkjuráð staðfestir að fengnum tillögum skólaráðs.

4. gr.

Kirkjuráð skipar skólaráð Skálholtsskóla til fjögurra ára í senn. Skólaráðið fer með stjórn skólans í umboði kirkjuráðs.

Í ráðið skal skipa einn mann samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu sóknarnefndar Skálholtssóknar og einn án tilnefningar. Enn fremur skulu skipaðir í ráðið þrír menn til viðbótar sem auk setu í ráðinu skulu hafa sérstaka tilsjón með hinum þremur sviðum skólans. Einn þeirra skal skipaður samkvæmt tilnefningu guðfræðideildar Háskóla Íslands og hafa tilsjón með starfi á guðfræðisviði, annar samkvæmt tilnefningu *Collegium Musicum*, Samtaka um tónlistarstarf í Skálholtskirkju, og hafa tilsjón með starfi á kirkjutónlistarsviði og sá þriðji samkvæmt tilnefningu biskups Íslands og hafa tilsjón með starfi á fræðslusviði. Varamenn í skólaráð skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Vígslubiskup Skálholtsstiftis er formaður Skálholtsskólaráðs.

5. gr.

Skólaráð mótar í samráði við forstöðumann, sbr. 6. gr., langtímastefnu skólans og gerir áætlanir til a.m.k. þriggja ára í senn um starfsemi á hverju sviði skólans að fengnum tillögum fulltrúa sviðanna í skólaráði.

Ráðið gerir fyrir hvert almanaksár heildarfjárhagsáætlun fyrir skólann og skiptir því fé sem hann hefur til ráðstöfunar í samræmi við hana.

Ráðið skal árlega gefa kirkjuráði skýrslu um starfsemi skólans og fjárhald.

6. gr.

Kirkjuráð ræður forstöðumann Skálholtsskóla til allt að sex ára í senn að fengnum tillögum skólaráðs og setur honum erindisbréf.

Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri skólans. Hann annast fjárreiður skólans og ber ábyrgð á rekstri hans og fjárhaldi gagnvart skólaráði. Hann ræður starfsmenn skólans í samráði við skólaráð.

Forstöðumaður hefur umsjón með áætlanagerð um skólastarfið og ber ábyrgð á að áætlunum, sem skólaráð hefur samþykkt, sé fylgt. Hann undirbýr ásamt fulltrúum sviðanna í ráðinu tillögur að þriggja ára áætlunum um starfsemi á hverju sviði fyrir sig. Hann gerir enn fremur ásamt fulltrúa hvers sviðs nánari áætlun um fjárhagslegan og faglegan rekstur sviðsins fyrir eitt ár í senn sem lögð skal fyrir skólaráð til samþykktar eigi síðar en 1. nóvember fyrir næsta almanaksár.

Forstöðumaður situr fundi skólaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Hann er fulltrúi annarra starfsmanna skólans gagnvart ráðinu og skal tala máli þeirra þar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um Skálholtsskóla, nr. 31 12. maí 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta og athugasemdir með því er samið af nefnd sem kirkjumálaráðherra, Þorsteinn Pálsson, skipaði 27. maí 1991 í samráði við biskup Íslands, herra Ólaf Skúlason, og menntamálaráðherra, Ólaf G. Einarsson, „til að huga að málefnum Skálholtsstaðar og gera tillögur þar að lútandi", eins og segir í skipunarbréfi nefndarinnar. Þar segir enn fremur að nefndinni sé ætlað það hlutverk að „kynna sér starfsemi Skálholtsskóla og gera tillögur um framtíðarskólarekstur á staðnum".

Í nefndina voru skipuð: Ásdís Sigurjónsdóttir deildarsérfræðingur, skipuð samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, sr. Jón Einarsson prófastur, skipaður samkvæmt tilnefningu kirkjuráðs, sr. Jónas Gíslason, vígslubiskup Skálholtsstiftis, skipaður samkvæmt tilnefningu biskups, sr. Sigurður Sigurðarson sóknarprestur, skipaður samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra, og Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður, sem jafnframt var skipuð formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar er Anna Guðrún Björnsdóttir, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Skálholtsskóli hinn nýi tók til starfa árið 1972 undir stjórn sr. Heimis Steinssonar sem var rektor skólans fyrstu tíu árin. Hann og kona hans, Dóra Þórhallsdóttir, lögðu grunninn að þessari nýju menntastofnun kirkjunnar. Fyrstu tvö árin fór starfsemi skólans að mestu leyti fram í Sumarbúðum þjóðkirkjunnar (Skálholtsbúðum), en frá árinu 1974 hefur skólinn starfað í eigin húsnæði sem tekið var formlega í notkun við hátíðlega vígsluathöfn 6. október það ár.

Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup tók fyrstu skóflustunguna að Skálholtsskóla á vígslu-

degi Skálholtskirkju 21. júlí árið 1963 og var hann öðrum mönnum fremur í fylkingarbrjósti um byggingu skólans, stofnun hans og starfrækslu. Skólabyggingin var að miklu leyti fjármögnuð fyrir söfnunarfé Skálholtsvina og lýðháskólamanna á Norðurlöndum. Munaði þar mest um norska Íslandsvininn sr. Harald Hope.

Alla tíð hefur skólinn starfað í þröngum og ónógum húsakynnum, enda er byggingu skólahússins ekki nærri lokið og hefur ekkert miðað í byggingarmálum hans frá árinu 1974. Brýnt er að ljúka byggingu skólans á næstu árum svo að hann geti verið sú menningarmiðstöð og gegnt því menningarhlutverki sem Skálholti sómir og hæfir.

Fyrstu árin var rekstur skólans kostaður af naumum tekjum Kristnisjóðs og var honum sniðinn þröngur stakkur fjárhagslega. Með tilkomu laga um Skálholtsskóla, nr. 31/1977, varð breyting á. Segja má að frá þeim tíma hafi rekstur skólans verið sæmilega tryggður og að fjárveitingavaldið hafi sýnt starfinu skilning.

Í lögunum er kveðið svo á að Skálholtsskóli skuli starfa í „anda norrænna lýðháskóla". Þannig var ákveðið að skólinn skyldi starfa sem lýðháskóli er tæki mið af sambærilegum skólum á Norðurlöndum og hefði svipað námsframboð. Jafnframt er í lögunum lögð rík áhersla á að skólinn skuli vinna „að varðveislu þjóðlegrar menningararfleifðar Íslendinga" og starfa á grundvelli kristinnar kirkju. Frá upphafi hefur skólinn verið opinn fyrir helstu straumum í menningar og félagslegum efnum samtíðarinnar og þá ekki síst á vettvangi kirkjunnar. Hefur það m.a. komið fram í hinum fjölmörgu og merku ráðstefnum og námskeiðum sem skólinn hefur staðið fyrir.

Þegar Skálholtsskóli hóf göngu sína fyrir tæpum 20 árum hafði fjölbrautaskólunum enn ekki verið komið á í landinu, en voru í undirbúningi. Ætla má að tilkoma fjölbrautaskólanna og hið mikla námsframboð þeirra hafi stuðlað að því að minni þörf var fyrir starfsemi lýðháskóla en ætlað var þegar hann var stofnaður, svo og það að lýðháskóli brautskráir ekki fólk með nein próf eða réttindi er opna þeim sjálfkrafa dyr að öðrum skólum.

Vegna þessara breyttu viðhorfa og þróunar í skólamálum hefur orðið gjörtæk breyting á rekstri Skálholtsskóla síðustu árin. Skólinn starfar ekki lengur sem hefðbundinn lýðháskóli innan þess ramma sem lögin frá 1977 marka honum. Hann hefur meira færst í það form að vera kirkjuleg menningar- og fræðslustofnun. Hefur starfsemin síðustu árin einkum verið í formi ráðstefnuhalds og námskeiða sem hafa verið vel sótt.

Miðað við aðstæður í þjóðfélaginu í dag og ríkjandi skólastefnu virðist rekstur hefðbundins lýðháskóla ekki vera raunhæfur kostur. Með tilliti til þess telur nefndin óhjákvæmilegt að skólanum verði markaður nýr farvegur með nýjum lögum. Með frumvarpi þessu hefur nefndin leitast við að laga starfsemi skólans að þörfum samtíðarinnar og þá einkum að þörfum kirkjunnar. Er lagt til að Skálholtsskóli heyri alfarið undir kirkjuna, en ríkið taki þátt í kostnaði af rekstri hans samkvæmt sérstökum samningi þar að lútandi sem er fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Við samningu frumvarpsins hefur nefndin tekið mið af því sem best hefur gefist í starfi skólans á undanförnum árum. Aflaði nefndin sér upplýsinga um starfsemi skólans, m.a. komu á fund nefndarinnar dr. Sigurður Árni Þórðarson, fráfarandi rektor skólans, og sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, fulltrúi biskups í skólanefnd. Gerðu þeir grein fyrir skólastarfi á undanförnum árum og hugmyndum sínum um framtíðarskólastarf.

Frá árinu 1975 hafa verið haldnir tónleikar í Skálholtskirkju á hverju sumri undir stjórn og handleiðslu Helgu Ingólfsdóttur semballeikara. Hafa þeir vakið verðskuldaða athygli, bæði hérlendis og erlendis, notið mikillar aðsóknar og vaxandi vinsælda og verið einn helsti vaxtarbroddurinn á Skálholtsstað síðastliðin ár. Hafa áhugamenn um tónlistarstarf í Skálholtskirkju stofnað með sér samtök, *Collegium Musicum*, sem Helga gegnir formennsku fyrir. Komu fulltrúar samtakanna á fund nefndarinnar og skýrðu hugmyndir sínar um framtíð kirkjutónlistarstarfs í Skálholti.

Í ljósi þess mikla og góða tónlistarstarfs, sem unnið hefur verið í Skálholti á undanförnum árum og með hliðsjón af þörfum kirkjunnar á sviði tónlistarmála, er lagt til að starfrækt verði sérstakt kirkjutónlistarsvið við skólann og samtökin *Collegium Musicum* hafi rétt til að tilnefna fulltrúa í skólaráð.

Einnig er gert ráð fyrir því að við skólann verði starfrækt guðfræðisvið og fræðslusvið svo sem nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir og hafi guðfræðideild Háskóla Íslands og biskup Íslands rétt til að tilnefna menn í skólaráð sem sérstaka fulltrúa þessara sviða.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að skólinn starfi á grundvelli skipulegrar stefnumótunar og gerðar séu áætlanir um skólastarf með reglubundnum hætti. Jafnframt hefur þess verið gætt að kirkjan hafi svigrúm til þess að móta starfsemi skólans.

Að lokum er rétt að taka fram að biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, sem er formaður skólanefndar Skálholtsskóla, og kirkjuráð fengu frumdrög nefndarinnar til skoðunar og gerðu nokkrar athugasemdir við þau sem nefndin hefur leitast við að koma til móts við.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð áhersla á að Skálholtsskóli sé fyrst og fremst kirkjuleg menningar- og menntastofnun. Jafnframt er höfðað til fornrar skólahefðar í Skálholti og gert ráð fyrir að starfsemi skólans taki áfram nokkurt mið af norrænni lýðháskólahefð þó að ekki verði lengur um hefðbundinn lýðháskóla að ræða.

Þá tekur greinin til þess að skólinn verði ekki lengur sjálfseignarstofnun, heldur heyri hann stjórnunarlega og fjárhagslega undir kirkjuráð og er þá höfð hliðsjón af lögum um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað, nr. 32/1963, sbr. og 5. mgr. 8. gr. laga nr. 31/1977.

Ekki er lagt til að bein ákvæði verði áfram í lögum um skyldur ríkissjóðs til að standa undir rekstrarkostnaði skólans, sbr. 8. gr. laga nr. 31/1977. Hins vegar er í lokamálslið greinarinnar kveðið á um að gerður skuli samningur um þátttöku ríkissjóðs í rekstri skólans og er samningurinn fylgiskjal með frumvarpinu. Á þessi skipan sér fordæmi í samskiptum og stuðningi ríkisins við suma einka- og sérskóla. Í 7. gr. samningsins er ákvæði um endurskoðun hans. Telur nefndin eðlilegt verði frumvarpið að lögum að þau verði endurskoðuð um leið og samningurinn þar sem hann er mikilvæg forsenda frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um markmið Skálholtsskóla og lögð áhersla á að hann skuli leitast við að styðja og efla þjóðkirkjuna, m.a. með fræðslu starfsmanna hennar, svo að hún megi betur þjóna síbreytilegum og vaxandi þörfum kirkjulegs starfs í samfé[illegible]inu.

Um 3. gr.

Til að vinna að markmiði sínu skv. 2. gr. starfrækir Skálholtsskóli eftirtalin þrjú svið er grein þessi tekur til:

a. *Guðfræðisvið.* Gert er ráð fyrir að þar geti farið fram endurmenntunarnámskeið fyrir presta og aðra starfsmenn kirkjunnar og einnig hluti af starfsþjálfun guðfræðikandídata, sbr. 16. gr. laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62/1990. Enn fremur námskeið á vegum guðfræðideildar Háskóla Íslands og Guðfræðistofnunar, svo og margs konar námsstefnur og ráðstefnur um málefni kristinnar trúar og kirkju.
b. *Kirkjutónlistarsvið.* Undir þetta svið heyra sumartónleikarnir í Skálholtskirkju og ýmiss konar samstarf og tónlistariðkun í tengslum við þá. Enn fremur organista- og kóranámskeið á vegum söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, tónlistariðkun og æfingabúðir fyrir kirkjukóra og barnakóra, sumartónbúðir barna og námskeið á vegum Tónskóla þjóðkirkjunnar og guðfræðideildar. Með starfsemi kirkjutónlistarsviðsins skal almennt að því stefnt að það megi fegra og efla tónlistarlíf í íslenskum kirkjum.
c. *Fræðslusvið.* Á þessu sviði er gert ráð fyrir margs konar námskeiðum og fræðslu, m.a. í samvinnu við fræðslu- og þjónustudeild kirkjunnar og fleiri aðila, t.d. námskeiðum í trúfræðslu, kyrrðardagahaldi o.fl. Gert er ráð fyrir að undir þetta svið heyri umfjöllun um þjóðlegan menningararf Íslendinga, bókmenntir, fornar og nýjar, kirkjulist og listir yfirleitt frá ýmsum tímum. Enn fremur ráðstefnur á sviði þjóðfélags- og menningarmála, félagsmálanámskeið og ráðstefnur á vegum félagsmálasamtaka. Einnig starfsemi sem tengist norrænni lýðháskólahefð og norrænu samstarfi á því sviði.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar skulu sviðin nánar skilgreind og útfærð í sérstökum samþykktum um skólann er heyra til innri samþykkta um starf hans.

Af ofangreindu má ljóst vera að gert er ráð fyrir að starfsemi skólans verði afar víðfeðm og viðfangsefnin mörg. Starfsemin getur verið breytileg frá ári til árs og hefur skólinn mikið frelsi og svigrúm í þeim efnum.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um stjórn skólans og gerir ráð fyrir gjörtækri breytingu frá því sem er í gildandi lögum, enda er sú skipan miðuð við lýðháskólafyrirkomulag. Gert er ráð fyrir að stjórn skólans sé í höndum sjö manna skólaráðs undir forystu vígslubiskups sem hefur yfirumsjón með starfi þar í umboði biskups og kirkjuráðs. Vegna ábyrgðar kirkjuráðs þykir rétt að það skipi að öðru leyti fulltrúa í skólaráð, en þó fimm af sex samkvæmt tilnefningu þeirra aðila er greinin tekur til. Rétt þykir að guðfræðideild Háskóla Íslands, *Collegium Musicum* og biskup Íslands tilnefni fulltrúa í skólaráð sem beri nokkra ábyrgð á rekstri hvers sviðs fyrir sig. Þá þykir einboðið að heimamenn í Skálholtssókn eigi fulltrúa í ráðinu og tvímælalaust er ávinningur að því að Háskóli Íslands tilnefni fulltrúa í skólaráð. Það styrkir og eflir tengsl milli Skálholts og Háskólans.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um skyldur skólaráðs.

Gert er ráð fyrir að skólaráð móti með skipulögðum hætti langtímastefnu skólans þannig að markmiðum hans verði náð. Skólaráð á að hafa samráð við forstöðumann í þessum efnum. Skólaráð á enn fremur að gera áætlanir til a.m.k. þriggja ára í senn um starfsemi á hverju sviði skólans. Fulltrúi hvers sviðs í ráðinu og forstöðumaður skulu undirbúa þær og enn fremur nánari áætlun til eins árs, sbr. 3. mgr. 6. gr. Eðlilegt er að fulltrúar sviðanna hafi samráð við umbjóðendur sína í þessu sambandi þannig að víðtæk og

virk tengsl séu milli stjórnar skólans og þeirra sem að starfssviðunum standa og tilnefna fulltrúa í skólaráð.

Eðlilegt er að í samþykktum skólans, sbr. 3. gr., sé nánar kveðið á um starfsreglur og fundarsköp skólaráðs.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um forstöðumann Skálholtsskóla, ráðningu hans, starfssvið og ábyrgð, bæði faglega og fjárhagslega, svo og samstarf hans við skólaráð. Gert er ráð fyrir því að nánar verði kveðið á um starfsskyldur forstöðumanns í erindisbréfi sem kirkjuráð setji honum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Dóms- og kirkjumálaráðherra, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
biskup Íslands f.h. kirkjuráðs vegna þjóðkirkju Íslands, gera með sér svofellt

s a m k o m u l a g

um rekstur Skálholtsskóla:

1. gr.

Til reksturs Skálholtsskóla rennur árlega framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 4 m.kr. miðað við áætlað janúarverðlag fjárlaga 1992 (framfærsluvísitala 160,6 miðað við 100 í maí 1988).

2. gr.

Auk þess framlags, sem um getur í 1. gr., veitir ríkissjóður framlag til Skálholtsskóla sem árlega nemur sömu fjárhæð og skólinn fær frá öðrum aðilum en ríkissjóði árið þar á undan, þó aldrei hærri fjárhæð en 2 m.kr. á ári miðað við áætlað janúarverðlag fjárlaga 1992 (framfærsluvísitala 160,6 miðað við 100 í maí 1988).

3. gr.

Framlag skv. 2. gr. verður ekki greitt á árinu 1992 enda fái skólinn 1,5 m.kr. í framlag á fjárlögum 1992 frá menntamálaráðuneyti til að ljúka skólaárinu 1991–1992 samkvæmt núgildandi lögum um Skálholtsskóla, nr. 31/1977. Framlag þetta verður tekið af ráðstöfunarfé menntamálaráðherra í fjárlögum 1992, fjárlagalið 02–998. Kirkjuráð f.h. þjóðkirkju Íslands ber að öðru leyti fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans skólaárið 1991–1992.

4. gr.

Framlagi skv. 1. og 2. gr. skal verja til rekstrar Skálholtsskóla í samræmi við ný lög

um Skálholtsskóla en frumvarp til þeirra, sem nefnd á vegum kirkjumálaráðherra hefur samið, mun verða lagt fram á Alþingi.

5. gr.

Skálholtsskólaráð skal láta dóms- og kirkjumálaráðuneyti í té endurskoðaða ársreikninga skólans og önnur gögn sem ráðuneyti telur nauðsynlegt að fá í hendur.

6. gr.

Ríkissjóður er ekki skuldbundinn til fjárframlaga vegna stofnkostnaðar. Ef veittir eru styrkir til stofnkostnaðar eru þeir ákvarðaðir á fjárlögum hverju sinni en skuldbinda ekki ríkissjóð til frekari styrkja.

7. gr.

Samkomulag er um það að menntamálaráðherra og kirkjuráð, sbr. 5. mgr. 8. gr. laga um Skálholtsskóla, nr. 31/1977, afhendi húsnæði skólans í samræmi við lög nr. 32/1963.

8. gr.

Samningur þessi gildir til 31. desember 1994 og skal koma til endurskoðunar við gerð fjárlaga fyrir árið 1995. Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar í því skyni nefnd þriggja manna. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu kirkjuráðs og einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytis.

Samningurinn skal einnig koma til endurskoðunar ef einhver samningsaðila telur forsendur fyrir rekstri Skálholtsskóla breyttar og skal þá skipuð nefnd til þess á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr.

9. gr.

Samningur þessi er undirritaður og samþykktur með fyrirvara um lögfestingu frumvarps til nýrra laga um Skálholtsskóla sem getið er í 3. gr.

Reykjavík, 27. mars 1992.

Þorsteinn Pálsson, dóms- og kirkjumálaráðherra.	Herra Ólafur Skúlason, biskup.	Ólafur G. Einarsson, menntamálaráðherra.
	Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra.	

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Skálholtsskóla.

Skálholtsskóli var í fjárlögum 1991 undir menntamálaráðuneyti og var framlag til hans 6,2 m.kr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Skálholtsskóli verði stjórnunarlega og fjárhagslega á ábyrgð kirkjuráðs fyrir hönd þjóðkirkju Íslands, en gerður verði samningur um þátttöku ríkissjóðs í rekstri hans. Með samningnum er gert ráð fyrir að ríkið greiði 4 m.kr. grunnframlag til reksturs skólans. Að auki veitir ríkissjóður framlag til skólans sem árlega nem-

ur sömu fjárhæð og skólinn fær frá öðrum aðilum en ríkissjóði árið þar á undan, þó aldrei hærri fjárhæð en 2 m.kr. á ári. Miðað er við verðlag fjárlaga 1992.

Á þessu ári er þó einungis gert ráð fyrir 4 m.kr. vegna samningsins en því til viðbótar fær skólinn 1,5 m.kr. fjárveitingu frá menntamálaráðuneyti til að ljúka skólaárinu samkvæmt núgildandi lögum um Skálholtsskóla. Þetta leiðir ekki til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, miðað við fjárlög 1992, heldur verða 4 m.kr. greiddar af fjárveitingu til Skálholtsstaðar (06–790 610) og 1,5 m.kr. af ráðstöfunarfé menntamálaráðherra (02–998).

710. Frumvarp til hjúskaparlaga. [452. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI

Efnissvið laganna og almenn ákvæði.

A. Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi gilda um hjúskap karls og konu. Þau taka ekki til óvígðrar sambúðar.

B. Jafnstaða hjóna.

2. gr.

Hjón eru í hvívetna jafnrétthá í hjúskap sínum og bera jafnar skyldur hvort gagnvart öðru og börnum sínum. Þeim ber að sýna hvort öðru trúmennsku, styðja hvort annað og gæta sameiginlega hagsmuna heimilisins og fjölskyldu.

Hjón eiga í sameiningu að annast uppeldi barna sinna, sjá þeim farborða og hjálpast að við að framfæra fjölskylduna með fjárframlögum, vinnu á heimili og á annan hátt.

C. Verkefnaskipting og upplýsingar um efnahag.

3. gr.

Hjón skulu skipta milli sín verkefnum á heimili eftir föngum, svo og útgjöldum vegna heimilisrekstrar og framfærslu fjölskyldu.

Hjónum er skylt að veita hvort öðru upplýsingar um efnahag sinn og afkomu.

D. Forræði eigna og skuldaábyrgð.

4. gr.

Hvort hjóna ræður yfir eign sinni og svarar til skulda sinna eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum.

E. Lok hjúskapar.

5. gr.

Hjúskap lýkur fyrir andlát maka eða vegna ógildingar hjúskapar eða lögskilnaðar.

F. Fjárskipti vegna fjárslita milli hjóna.

6. gr.

Nú skilja hjón að borði og sæng eða skilja lögskilnaði eða annað þeirra andast. Skal skírri hjúskapareign hvors um sig þá skipt til helminga, svo sem nánar segir í lögum þessum. Hjón geta samið um fjárskipti sín vegna skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar, en ella getur annað þeirra eða þau bæði krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra.

Um fjárskipti vegna ógildingar hjúskapar segir í 30. gr. og um fjárskipti vegna fjárslita án hjúskaparloka í XIII. kafla.

II. KAFLI
Hjónavígsluskilyrði.

A. Aldur hjónaefna.

7. gr.

Karl og kona mega stofna til hjúskapar þegar þau hafa náð 18 ára aldri. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur veitt yngra fólki leyfi til að ganga í hjúskap.

B. Hjónaefni er lögræðissvipt.

8. gr.

Nú er maður sviptur lögræði og getur hann þá eigi stofnað til hjúskapar án samþykkis lögráðamanns síns. Bera má synjun um samþykki undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið sem leyft getur hjónavígsluna ef ekki þykir gild ástæða til synjunar.

C. Skyldleiki hjónaefna.

9. gr.

Hvorki má vígja skyldmenni í beinan legg né systkin.

D. Ættleiðing.

10. gr.

Kjörforeldri og kjörbarn mega ekki giftast hvort öðru nema ættleiðing sé niður felld.

E. Tvíkvæni.

11. gr.

Eigi má vígja mann sem er í hjúskap.

F. Fjárskipti milli hjónaefnis og fyrri maka.

12. gr.

Nú hefur hjónaefni verið í hjúskap og má þá eigi vígja það nema opinber skipti séu hafin eða einkaskiptum lokið vegna fjárskipta hjónaefnis og fyrri maka. Þetta gildir þó ekki ef fullkomin séreignaskipan hefur verið á fjármálum hjóna. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti getur leyst undan þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.

III. KAFLI
Könnun á hjónavígsluskilyrðum.

A. Að hverju könnun lúti.

13. gr.

Áður en hjónavígsla fer fram skulu hjónaefni leggja fram vottorð þess efnis að könnun hafi átt sér stað á hjónavígsluskilyrðum samkvæmt því sem segir í II. kafla og að lög tálmi ekki ráðahagnum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur nánari reglur um könnun á hjónavígsluskilyrðum, þar á meðal um þau skilríki sem krefja skal hjónaefni um við gæslu þessara skilyrða, svo sem fæðingarvottorð og gögn um lok fyrra hjúskapar.

Hjónaefni skulu lýsa því í skriflegri yfirlýsingu að viðlögðum drengskap að þau viti ekki um tálma á fyrirhuguðum hjúskap sínum.

Vígslumaður krefur hjónaefni til tryggingar um vottorð tveggja áreiðanlegra svaramanna er báðir ábyrgjast að enginn lagatálmi sé á fyrirhuguðum hjúskap. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur leyft ef alveg sérstaklega stendur á að vikið sé frá þessu, þar á meðal að aðeins einn svaramaður undirriti vottorð.

B. Hverjir annast könnun.
Synjun um útgáfu könnunarvottorðs.
14. gr.

Löggildir hjónavígslumenn skv. IV. kafla laga þessara annast könnun á hjónavígsluskilyrðum. Fer hún fram í lögsagnarumdæmi þar sem annað hjónaefna á lögheimili. Nú á hvorugt lögheimili hér á landi og fer könnun þá fram í umdæmi þar sem annað þeirra dvelst.

Nú synjar vígslumaður um útgáfu könnunarvottorðs og getur hvort hjónaefni um sig þá skotið úrlausn hans til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sbr. 132. gr. Ef ráðuneytið felst á sjónarmið aðila fellir það synjun vígslumanns úr gildi og er hjónavígsla þá heimil á grundvelli úrlausnar þess.

C. Könnunarvottorð er forsenda hjónavígslu.
Heimild til að víkja frá því ef hjónaefni er alvarlega sjúkt.
15. gr.

Hjónavígsla má ekki fara fram nema fyrir liggi vottorð löggilds vígslumanns um að enginn lagatálmi sé á fyrirhuguðum hjúskap. Vottorð þetta má þó ekki vera meira en fjögurra mánaða gamalt.

Nú er annað hjónaefna eða bæði alvarlega sjúk og má hjónavígsla þá fara fram þótt sérstök könnun hjónavígsluskilyrða hafi ekki átt sér stað.

Nú er vígslumanni kunnugt um hjúskapartálma og má hann þá eigi vígja hjónaefni þótt fullgildu könnunarvottorði skv. 1. mgr. sé til að dreifa.

IV. KAFLI
Hjónavígsla.

A. Vígslumenn.

1. Almennt.

16. gr.

Stofna má til hjúskapar fyrir presti, forstöðumanni trúfélags er hefur vígsluheimild, sbr. 17. gr., eða borgaralegum vígslumanni.

2. Prestar og forstöðumenn trúfélaga.

17. gr.

Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkjulega hjónavígslu, svo og prestar og forstöðumenn annarra hérlendra trúfélaga sem fengið hafa löggildingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til þess.

Prestar þeir, er greinir í lögum nr. 62/1990, eru löggildir vígslumenn. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum biskups, hvort aðrir prestar, sem starfa innan þjóðkirkjunnar, séu löggildir vígslumenn.

Þjóðkirkjupresti, sem látið hefur af prestsembætti, er rétt að gefa saman hjón, að fenginni heimild tiltekins prests þjóðkirkju er kannað hefur hjónavígsluskilyrði og tekist á hendur ábyrgð á færslu hjónavígslu í kirkjubók og skýrsluskilum í því sambandi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur löggilt íslenska presta til að framkvæma hjónavígslur erlendis.

3. Borgaralegir vígslumenn.

18. gr.

Borgaralega hjónavígslu framkvæma sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.

4. Hjónavígsluheimild starfsmanna íslenskra sendiráða.

19. gr.

Utanríkisráðuneytið getur, að höfðu samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sett reglur um heimild starfsmanna í íslenskum sendiráðum, er hafa diplómatíska stöðu, til að framkvæma hjónavígslur erlendis, svo og um vígsluheimild ræðismanna Íslands erlendis með sama fyrirvara.

Ákvæði laga þessara um hjónavígsluskilyrði, könnun þeirra, svo og hjónavígslu, gilda einnig um hjónavígslu skv. 1. mgr., svo og skv. 4. mgr. 17. gr.

5. Heimild erlendra vígslumanna til að framkvæma hjónavígslu hér á landi.

20. gr.

Heimilt er að ákveða með samningi við erlent ríki að prestar frá viðkomandi ríki eða útsendir ræðismenn þess hér á landi, er hafa diplómatíska stöðu, geti framkvæmt hjónavígslu hér á landi, enda sé a.m.k. annað hjónaefna ríkisborgari þess ríkis.

6. Hæfi vígslumanns.

21. gr.

Skyldleiki (kjörsifjar) eða tengdir vígslumanns við hjónaefni gera hann ekki vanhæfan til að framkvæma könnun á hjónavígsluskilyrðum eða til að gefa saman hjón.

B. Réttur til hjónavígslu og skylda prests til að framkvæma hjónavígslu.

22. gr.

Hjónaefni eiga rétt á að stofna til hjúskapar fyrir borgaralegum vígslumanni hvort sem þau eiga kröfu á kirkjulegri hjónavígslu eða ekki.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum biskups, sett reglur um hvenær prestum sé skylt að framkvæma hjónavígslu og nánari reglur um hvenær þeim sé þetta heimilt.

C. Hvar hjónavígsla fari fram.

23. gr.

Borgaraleg hjónavígsla fer fram á skrifstofu vígslumanns nema vígslumaður og hjónaefni verði á annað sátt.

Kirkjuleg hjónavígsla fer fram í kirkju nema vígslumaður og hjónaefni samþykki annað.

D. Hjónavígsluathöfnin.

24. gr.

Hjónavígsla skal fara fram í viðurvist tveggja vitna.

Vígslumaður spyr hjónaefni, sem bæði eru viðstödd, hvort fyrir sig hvort þau vilji stofna til hjúskaparins og lýsir þau hjón er þau hafa játað því.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd borgaralegrar og kirkjulegrar hjónavígslu að höfðu samráði við biskup Íslands og utanríkisráðuneytið.

E. Gildi hjónavígsluathafnar.

25. gr.

Hjónavígsla er gild ef lögmætur vígslumaður hefur framkvæmt hana, enda hafi hann gætt þeirra reglna sem greinir í 2. mgr. 24. gr.

Nú er hjónavígsla eigi gild skv. 1. mgr. og getur dóms- og kirkjumálaráðuneytið þá lýst hana gilda ef sérstakar ástæður mæla með því. Á þetta einnig við þótt annað hjóna eða bæði séu látin.

F. Færsla embættisbóka o. fl.

26. gr.

Um færslu embættisbóka í sambandi við hjónavígslur og skil á skýrslum um það efni fer eftir þeim lögum og öðrum réttarreglum sem um það efni gilda eða sett kunna að verða. Heimilt er að kveða nánar á um þessi efni í reglugerð er dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur.

Nú framkvæmir prestur eða starfsmaður skráðs trúfélags hjónavígslu og gilda þá framangreindar reglur um þá hjónavígslu, en heimilt er að öðru leyti að viðhafa þá helgisiði er reglur eða venjur trúfélags segja til um.

V. KAFLI
Ógilding hjúskapar.

A. Hvenær hjúskapur verði ógiltur.

27. gr.

Nú brýtur hjúskapur í bága við ákvæði 9. eða 11. gr. og skal þá ógilda hann með dómi, sbr. 116. gr. Ef hjúskapur gengur í berhögg við ákvæði 11. gr. er ekki unnt að ógilda hann ef fyrra hjúskap er lokið áður en mál er höfðað.

28. gr.

Annað hjóna getur krafist ógildingar hjúskapar síns:

1. Hafi það verið viti sínu fjær þegar vígsla fór fram eða að öðru leyti svo ástatt um það að það mátti þá eigi skuldbinda sig til hjúskapar að lögum.
2. Hafi það af vangá látið vígja sig öðrum en þeim sem það hafði bundist hjúskaparorði eða hafi það verið vígt án þess að það ætlaðist til þess.
3. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður komið því til að eiga sig með því að villa vísvitandi á sér heimildir eða leyna atvikum úr lífi sínu er mundu hafa fælt hitt frá hjúskapnum ef vitað hefði.
4. Hafi það verið neytt til vígslunnar.

Mál til ógildingar verður ekki höfðað eftir að sex mánuðir eru liðnir frá því að ástandi því lauk sem lýst er í 1. lið, frá því að sóknaraðili komst að raun um ógildingarástæðu skv. 2. eða 3. lið eða frá því að nauðung létti skv. 4. lið. Hvernig sem á stendur verður ógildingarmál ekki höfðað eftir að liðin eru þrjú ár frá hjónavígslu.

B. Réttaráhrif ógildingar.

29. gr.

Ógilding hjúskapar hefur sömu áhrif að lögum og lögskilnaður nema lög greini annað.

C. Fjárskipti vegna ógildingar.

30. gr.

Við skipti vegna ógildingar hjúskapar tekur hvort hjóna að óskiptu verðmæti úr hjú-

skapareign sem svarar til þess er það átti er til hjúskapar var stofnað og til þess sem síðar hefur bæst því vegna gjafar eða arfs og enn fremur virði þess sem það hefur flutt frá séreign sinni til hjúskapareignar sinnar. Nú hrökkva eigur hjóna ekki til að fullnægja kröfum hvors um sig og ber þá að lækka þær að tiltölu. Nú hefur annað hjóna gefið hinu eitthvað til séreignar og er þá sú gjöf afturtæk.

D. Andlát maka áður en hjúskapur, sem ógildanlegur er, hefur verið ógiltur.

31. gr.

Nú deyr annað hjóna áður en hjónaband, sem ógildanlegt er skv. 27. gr., sætir ógildingu og getur þá hitt, eða erfingjar hins látna, krafist þess að sérreglum um fjárskipti vegna ógildingar verði beitt.

Sama rétt á það hjóna sem gat höfðað mál skv. 28. gr. þegar hitt hjóna andast áður en ógilding hefur átt sér stað, enda séu málshöfðunarfrestir ekki liðnir. Nú er ógildingarmál höfðað og maki andast eftir það og er þá erfingjum hans heimilt að krefjast þess að sérreglum um fjárskipti vegna ógildingar verði beitt.

Kröfu skv. 1. og 2. mgr. ber að hafa uppi innan sex mánaða frá andláti.

32. gr.

Nú andast það hjóna sem stofnað hefur til hjúskapar andstætt ákvæði 11. gr. áður en hjúskapur sætir ógildingu og skal þá líta svo á að réttur gagnvart þriðja manni til bóta, lífeyris og eftirlauna eða annars verðmætis, sem því hjóna, er lifir, er ætlað, beri eftirlifandi maka úr þeim hjúskap sem tvíkvænishjúskapur braut í bága við nema annað sé ljóst af atvikum.

VI. KAFLI
Hjónaskilnaðir.

A. Skilnaður að borði og sæng.

1. Samkomulag hjóna um að leita skilnaðar að borði og sæng.

33. gr.

Nú eru hjón sammála um að leita skilnaðar að borði og sæng og ber þá að veita þeim leyfi til slíks skilnaðar.

2. Annað hjóna krefst skilnaðar að borði og sæng.

34. gr.

Maki, sem telur sig ekki geta haldið áfram hjúskap, á rétt á skilnaði að borði og sæng.

3. Réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng falla niður.

35. gr.

Réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng falla niður ef makar halda áfram sambúð umfram stuttan tíma sem sanngjarnt er að ætla þeim, einkum vegna búferlaflutnings og öflunar nýs húsnæðis. Réttaráhrifin falla einnig niður ef hjón taka síðar upp sambúð nema um sé að ræða skammvinna tilraun til að endurvekja samvistir að nýju.

B. Lögskilnaður.

1. Að undangengnum skilnaði að borði og sæng.

36. gr.

Nú eru hjón á einu máli um að leita lögskilnaðar og er hann þá kræfur er liðnir eru sex mánuðir frá því að leyfi var gefið út til skilnaðar að borði og sæng eða dómur gekk, sbr. þó 35. gr.

Hvor maki um sig á rétt á lögskilnaði eftir að eitt ár er liðið frá því að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng eða dómur gekk, sbr. þó 35. gr.

2. Samvistaslit hjóna.

37. gr.

Nú hafa hjón slitið samvistir vegna ósamlyndis og getur þá hvort þeirra krafist lögskilnaðar þegar samvistaslit hafa staðið í tvö ár hið skemmsta.

3. Tvíkvæni.

38. gr.

Nú hefur annað hjóna stofnað til hjúskapar andstætt ákvæðum 11. gr. og getur þá hitt krafist lögskilnaðar á hjúskap sínum er tvíkvænishjúskapur gengur í berhögg við.

4. Hjúskaparbrot.

39. gr.

Nú fremur annað hjóna hjúskaparbrot eða sýnir af sér atferli sem jafna má til þess og getur þá hitt krafist lögskilnaðar nema það hafi samþykkt brotið eða stutt að framgangi þess eða fallið frá því að hafa uppi lögskilnaðarkröfu af þessu tilefni.

Lögskilnaðar verður ekki krafist skv. 1. mgr. vegna háttsemi sem á sér stað eftir skilnað að borði og sæng.

Höfða skal mál eða setja fram kröfu um leyfi til lögskilnaðar innan sex mánaða frá því að maka varð kunnugt um háttsemina og þó eigi síðar en innan tveggja ára frá því að hún átti sér stað.

5. Líkamsárás.

40. gr.

Nú hefur annað hjóna orðið uppvíst að líkamsárás framinni af ásettu ráði sem veldur tjóni á líkama eða heilbrigði hins eða barna er dveljast á heimili þeirra og getur þá hitt krafist lögskilnaðar. Sama gegnir ef maki hefur sýnt af sér atferli sem fallið er til að vekja alvarlegan ótta um að hann gerist sekur um þess konar verknað.

Höfða skal mál eða setja fram kröfu um leyfi til lögskilnaðar innan sex mánaða frá því að maka varð kunnugt um verknaðinn og þó eigi síðar en innan tveggja ára frá því að hann var framinn.

C. Úrlausn um kröfu til skilnaðar.

41. gr.

Leyfi til skilnaðar að borði og sæng skv. 33. gr. og lögskilnaðar skv. 1. mgr. 36. gr. veita sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.

Skilnaðar samkvæmt öðrum ákvæðum má leita hjá sýslumönnum ef hjón eru sammála um það, en ella hjá dómstólum.

Nú synjar sýslumaður um leyfi til skilnaðar og getur aðili þá skotið synjuninni til dómsmálaráðuneytis, sbr. 132. gr. Synjun er ekki því til fyrirstöðu að skilnaðar sé leitað fyrir dómstólum.

D. Sáttaumleitan.

42. gr.

Hjón, sem ákveðið hafa að leita skilnaðar, eiga þess ávallt kost að leitað sé um sættir með þeim samkvæmt þessari grein.

Skylt er að leita um sættir með hjónum sem eiga ósjálfráða barn, annað eða bæði, er

þau hafa forsjá fyrir. Þetta á þó ekki við ef hjón krefjast sameiginlega lögskilnaðar að undangengnum skilnaði að borði og sæng, sbr. 1. mgr. 36. gr.

Í sáttatilraun felst að kanna skal grundvöll að framhaldi hjúskaparins.

Prestar leita um sættir eða löggiltir forstöðumenn trúfélaga. Nú er annað eða bæði hjóna utan trúfélaga eða hvort heyrir til sínu trúfélagi og getur þá sýslumaður eða dómari eftir því hvar mál er til meðferðar leitað um sættir.

Þeir sem leita um sættir samkvæmt þessu ákvæði skulu gæta trúnaðar um einkahagi sem þeir öðlast vitneskju um í sáttastarfi sínu.

Sáttatilraun prests eða löggilts forstöðumanns trúfélags skal hafa farið fram á síðustu sex mánuðum áður en mál er höfðað eða sett fram krafa um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað fyrir sýslumanni.

Nú sækir annað hjóna ekki sáttafund þótt það hafi fengið kvaðningu tvívegis og er þá nægilegt að reyna sættir með hinu. Nú eru hjón búsett hvort í sínum landshluta og er þá heimilt að reyna sættir með þeim hvoru í sínu lagi. Nú býr annað hjóna erlendis og þarf þá ekki að reyna sættir að því er það varðar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur ákveðið í reglugerð að sáttaumleitan í stofnun um fjölskylduráðgjöf geti komið í stað sáttaumleitunar samkvæmt þessari grein.

E. Skilnaðarkjör.

43. gr.

Áður en skilnaður að borði og sæng eða lögskilnaður er veittur skal sýslumaður eða dómari reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skipan forsjár fyrir börnum, um framfærslueyri og aðra skilnaðarskilmála. Hjón skulu staðfesta samkomulag um þessi efni fyrir sýslumanni eða dómara.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef óskað er lögskilnaðar á grundvelli skilnaðar að borði og sæng, sbr. 36. gr., með óbreyttum skilnaðarskilmálum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti setur nánari reglur um umleitun skv. 1. mgr.

44. gr.

Forsjá barns og framfærslueyri með því skal skipa við skilnað að borði og sæng og við lögskilnað í samræmi við ákvæði barnalaga, enn fremur framfærslueyri með maka í samræmi við ákvæði VII. kafla. Áður en skilnaður er veittur skal annað tveggja vera samkomulag milli hjóna um fjárskipti eða opinber skipti hafin vegna fjárslita.

Ágreiningur foreldra um forsjá og framfærslueyri kemur ekki í veg fyrir að skilnaður verði veittur að kröfu aðila.

F. Um gildi skilnaðarkjara vegna skilnaðar að borði og sæng.

45. gr.

Þeir skilnaðarskilmálar, sem hjón hafa komið sér saman um eða ákveðnir hafa verið með öðrum hætti í tilefni skilnaðar að borði og sæng, skulu einnig gilda eftir að lögskilnaður er fenginn nema annars hafi verið getið þegar skilnaður að borði og sæng var veittur. Framfærslueyrir með maka eftir lögskilnað kemur þó ekki til greina nema þessa sé sérstaklega getið, sbr. 2. mgr. 50. gr.

VII. KAFLI
Ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldu sinnar.

A. Framfærsluskylda hjóna meðan á hjúskap stendur.

1. Sameiginleg ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldu.

46. gr.

Hjón bera sameiginlega ábyrgð á framfærslu fjölskyldunnar. Til framfærslu telst það sem með sanngirni verður krafist til sameiginlegs heimilishalds og annarra sameiginlegra þarfa, uppeldis og menntunar barna og sérþarfa hvors hjóna. Um framfærsluskyldu gagnvart börnum gilda að öðru leyti ákvæði barnalaga.

Framlag annars maka til sérþarfa hins verður hjúskapareign viðtakanda nema sérstök heimild sé til að telja það séreign.

2. Framfærsluframlög.

47. gr.

Framfærsluframlög hjóna eru fólgin í peningagreiðslum, vinnu á heimili eða öðrum stuðningi við fjölskyldu. Framlög skiptast milli hjóna eftir getu þeirra og aðstæðum.

Nú nægja fjárframlög þau, sem annað hjóna á að inna af hendi skv. 1. mgr., ekki til að fullnægja sérþörfum þess og barna eða þörfum heimilisins og á viðkomandi þá kröfu á að hitt láti honum eða henni í té peningafjárhæð sem með þarf, hæfilega upphæð í hvert skipti, miðað við getu og hagi aðila.

3. Vanræksla á framfærsluskyldum.

48. gr.

Nú vanrækir annað hjóna framfærsluskyldu sína skv. 46. og 47. gr. og skal þá eftir kröfu hins gera því að greiða hinu fé samkvæmt ákvæðum 47. gr. ef það eftir öllum aðstæðum þykir sanngjarnt.

4. Úrlausn sýslumanns um fjárframlög til framfærslu.

49. gr.

Sýslumaður leysir úr kröfum skv. 48. gr., sbr. 46. og 47. gr., og ákveður fjárframlög með úrskurði. Hann getur, ef annað hjóna krefst þess, breytt úrskurði sínum ef aðstæður hafa breyst að mun eða atvik mæla að öðru leyti með því.

Sýslumaður getur enn fremur, ef annað hjóna krefst þess, breytt samningi hjóna um fjárframlög skv. 46. og 47. gr. ef sá samningur er bersýnilega ósanngjarn eða hagir hjóna breyttir að mun.

Fjárframlög skv. 48. gr. er aðeins hægt að ákveða fyrir síðasta árið áður en krafa var sett fram nema alveg sérstaklega standi á.

B. Lífeyrir með maka eftir skilnað að borði og sæng og lögskilnað.

1. Framfærsluskylda.

50. gr.

Gagnkvæm framfærsluskylda hjóna helst eftir skilnað að borði og sæng. Við skilnað að borði og sæng skal taka ákvörðun um skyldu hjóna til að greiða lífeyri hvort með öðru og um fjárhæð hans.

Eftir að lögskilnaður er veittur verður öðru hjóna ekki gert að greiða lífeyri með hinu nema alveg sérstaklega standi á.

2. Úrlausn um lífeyri.

51. gr.

Nú næst ekki samkomulag um greiðslu lífeyris skv. 50. gr. og leysir þá sýslumaður eða dómstóll úr ágreiningnum. Ef skilnaðarmál er til úrlausnar hjá sýslumanni kveður hann á um skyldu til greiðslu lífeyris, svo og fjárhæð hans. Dómstóll, sem hefur skilnaðarmál til úrlausnar, kveður á um skyldu til greiðslu lífeyris, en fjárhæð hans úrskurðar sýslumaður.

Við úrlausn skv. 1. mgr. skal við það miða hvað ætla megi að krefjandi geti aflað sér sjálfur, svo og við það hvað telja megi hitt hjóna aflögufært um. Þá skal einnig taka tillit til atvika að öðru leyti, þar á meðal hversu lengi hjúskapur hafi staðið og hvort þeim er kröfu hefur uppi sé þörf á menntun eða endurhæfingu.

Skylda til greiðslu lífeyris fellur niður þegar sá sem rétt á til hans giftist að nýju, svo og þegar annað hvort hjónanna andast.

Dómstóll getur að kröfu aðila breytt úrlausn sinni um skyldu til greiðslu lífeyris ef aðstæður hafa breyst að mun eða atvik mæla að öðru leyti með því.

Um breytingu á úrskurði sýslumanns samkvæmt þessari grein fer eftir því sem segir í 1. mgr. 49. gr.

3. Breyting á samningi um lífeyri.

52. gr.

Nú hafa hjón komið sér saman um skyldu til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans og er þá unnt að breyta samningi með dómi, enda sé sýnilega ósanngjarnt vegna breyttra aðstæðna að halda samningnum til streitu.

Dómsmál skal höfða innan eins árs frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu leyfisbréfs. Þessir tímafrestir gilda þó ekki ef freistað er að hnekkja samningi með stoð í almennum reglum um fjármunaréttarsamninga.

VIII. KAFLI
Eignir hjóna.
Yfirlit yfir eignadeildir í hjúskap.

53. gr.

Eignir hjóna skiptast í hjúskapareignir og séreignir sem geta verið samningsbundnar eða lögmæltar.

Hjón geta átt eign í sameign. Enn fremur getur hvort þeirra fyrir sig átt persónubundin réttindi.

A. Hjúskapareign.

54. gr.

Eign maka verður hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars. Á þetta við um eignir sem maki flytur í búið við hjúskaparstofnun eða öðlast síðar og gegnir einu með hverjum hætti eignar er aflað að lögum.

B. Séreign.

55. gr.

Séreign getur myndast með kaupmála hjóna eða hjónaefna, sbr. 74., 75. og 76. gr., eða fyrir ákvörðun gefanda eða arfleiðanda, sbr. 77. gr. Þá getur séreign verið lögmælt, sbr. 94. gr., svo og ákvæði annarra laga þar um.

C. Sameign.

56. gr.

Eignarhlutdeild maka í verðmæti sem er sameign þeirra er hjúskapareign eða séreign eftir því hver skipan er á fjármálum þeirra.

D. Persónubundin réttindi.

57. gr.

Reglurnar um hjúskapareignir eiga við um réttindi sem eigi má afhenda eða eru að öðru leyti persónulegs eðlis, að svo miklu leyti sem þær koma ekki í bága við sérreglur þær sem um þau réttindi gilda, enda séu þessi réttindi ekki séreign samkvæmt lögum þessum eða öðrum lagaákvæðum. Um fjárskipti varðandi þessi réttindi segir í 102. gr.

IX. KAFLI
Forræði maka á eign sinni.

A. Almenn ákvæði.

1. Ráðstöfunarréttur.

58. gr.

Maki hefur ráðstöfunarrétt yfir eign sinni og getur gert samninga við aðra um hana nema sérstakar réttarreglur leiði til annars.

2. Ótilhlýðileg meðferð á eignum.

59. gr.

Hvoru hjóna um sig er skylt að fara svo með hjúskapareign sína, þar á meðal eign sem er sameign hjónanna, að hún skerðist ekki vegna ótilhlýðilegrar háttsemi þess.

B. Takmarkanir á forræði maka yfir eign sinni.

1. Samþykki til ráðstöfunar fasteignar.

60. gr.

Öðru hjóna er óheimilt án skriflegs samþykkis hins að afhenda eða veðsetja fasteign sína, þar á meðal sumarbústað, leigja hana eða byggja, ef hún er ætluð til bústaðar fyrir fjölskylduna eða er notuð við atvinnurekstur beggja hjóna eða hins. Sama gegnir um uppsögn leigusamnings um húsnæði sem ætlað er til bústaðar fyrir fjölskylduna eða til nota við atvinnurekstur beggja eða annars, svo og framleigu slíks húsnæðis.

Ákvæði 1. mgr. gilda um afhendingu á hlutabréfum, öðrum eignarskilríkjum eða réttindum sem tengjast þess konar húsnæði.

2. Samþykki til ráðstöfunar á innbúi eða lausafé.

61. gr.

Öðru hjóna er óheimilt án skriflegs samþykkis hins að afhenda, veðsetja eða leigja innbú á sameiginlegu heimili þeirra eða annað lausafé sem ætlað er til persónulegra nota fyrir hinn makann eða börn þeirra eða fyrir sameiginlegan atvinnurekstur þeirra.

3. Nánar um samþykki skv. 60. og 61. gr.

62. gr.

Ákvæði 60. og 61. gr. gilda einnig um sameignir hjóna, svo og þótt samningur lúti aðeins að hluta af eign maka.

Ákvæði 60. og 61. gr. gilda einnig þótt hjón hafi slitið samvistir, svo og eftir skilnað að borði og sæng eða lögskilnað, uns úr því er skorið hvort hjóna fái verðmæti í sinn hlut.

Nú er sá maki, sem samþykkja á löggerning, sviptur lögræði, sjálfræði eða fjárræði og þarf þá samþykki lögráðamanns.

63. gr.

Nú synjar maki eða lögráðamaður hans um samþykki til löggernings skv. 60. og 61. gr. eða eigi er unnt án verulegs dráttar að afla samþykkis þeirra og getur hinn makinn eða viðsemjandi hans þá krafist þess að sýslumaður samþykki hann. Getur hann veitt samþykki sitt ef hann telur rök mæla með því.

4. Þinglýsing löggerninga skv. 60. gr.

64. gr.

Nú er óskað þinglýsingar á löggerningum er greinir í 60. gr. og skal skjalið þá geyma yfirlýsingu um hvort sá er skjal stafar frá sé í hjúskap og hvort eign sé bústaður fjölskyldu hans eða notuð við atvinnurekstur hjóna eða sé ætluð til þess.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur nánari reglur um könnun þeirra efna er í 1. mgr. greinir.

5. Ógilding samninga er ganga í berhögg við 60.–62. gr.

65. gr.

Nú hefur annað hjóna gert samning án samþykkis hins þar sem þessa var þörf og getur hitt þá fengið samningnum hrundið með dómi. Þetta á þó ekki við um samninga skv. 61. gr. ef viðsemjandi sýnir fram á að honum hafi hvorki verið ljóst né átt að vera ljóst þegar samningurinn var gerður að makanum væri samningsgerðin óheimil.

Dómsmál skal höfða innan sex mánaða frá því að það hjóna, sem samþykkja skyldi löggerninginn, fékk vitneskju um hann og í síðasta lagi innan árs frá því að honum var þinglýst eða lausafé afhent.

6. Gjöf til þriðja manns.

66. gr.

Nú hefur maki gefið þriðja manni gjöf úr hjúskapareign sinni sem er úr hófi miðað við efnahag hjóna og telst ekki eðlileg eða sanngjörn eins og á stendur. Getur þá hitt hjóna eða erfingjar þess krafist þess að gjöfinni verði hrundið, enda hafi gjafþega verið ljóst eða mátt vera ljóst að gefanda væri gerningurinn óheimill.

Dómsmál skv. 1. mgr. skal höfða innan árs frá því að hinum makanum eða erfingjum þess varð kunnugt um gjöfina og í síðasta lagi innan þriggja ára frá afhendingu gjafar.

X. KAFLI
Skuldaábyrgð hjóna.
Heimild annars hjóna til að skuldbinda hitt.

67. gr.

Hvort hjóna ber ábyrgð á þeim skuldbindingum sem á því hvíla hvort sem þær hafa stofnast fyrir hjúskapinn eða síðar.

68. gr.

Annað hjóna getur ekki skuldbundið hitt með samningsgerð sinni nema sérstaklega sé heimilað í lögum eða samningi hjóna.

69. gr.

Meðan sambúðin varir er hvoru hjóna heimilt gagnvart þriðja manni að gera á ábyrgð beggja samninga sem venjulegir eru vegna sameiginlegs heimilishalds, svo og vegna þarfa barna og sérþarfa þess maka er stendur að samningi. Þetta gildir einnig um leigu húsnæðis sem ætlað er til sameiginlegs heimilis hjónanna. Slíkir samningar teljast gerðir á ábyrgð beggja hjóna nema atvik segi öðruvísi til.

Ef viðsemjandi sá eða átti að sjá að samningurinn lá utan heimildar maka til samningsgerðar eins og á stóð verður það hjóna, sem eigi samdi, óbundið við samninginn.

70. gr.

Nú getur annað hjóna, meðan sambúðin varir, eigi gætt fjármálefna sinna vegna fjarveru eða veikinda og er hinu þá heimilt, ef þörf krefur vegna framfærslu fjölskyldunnar, að gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrir hönd maka síns svo að skuldbindi hann, þar á meðal að innheimta laun hans eða tekjur af eignum, taka út bankainnstæður hans eða taka við greiðslum úr hendi annarra og kvitta fyrir þær, enda hafi öðrum eigi verið falin þessi umsýsla.

Samningur skuldbindur ekki makann ef viðsemjanda var ljóst eða átti að vera ljóst að eigi var þörf á samningsgerðinni eins og á stóð.

XI. KAFLI
Samningar milli hjóna o.fl.
Reglur um séreignir.

A. Almennt ákvæði.

71. gr.

Hjón geta gert samninga sín á milli með þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um.

Um samninga milli hjóna varðandi framfærslu eru fyrirmæli í VII. kafla og um fjárskipti í XIII. og XIV. kafla.

B. Gjafir milli hjónaefna og hjóna.

1. Nauðsyn kaupmála.

72. gr.

Gjafir milli hjónaefna sem gjafþegi á að fá við hjúskaparstofnun og gjafir milli hjóna eru því aðeins gildar að um þær sé gerður kaupmáli.

Þetta á þó ekki við um venjulegar gjafir sem eigi eru úr hófi miðað við efnahag gefanda og eigi heldur gjafir sem fólgnar eru í líftryggingu, lífrentu, lífeyri eða þess konar framfærslutryggingum af hendi annars hjóna til hagsbóta hinu.

Með kaupmála, eða annars konar löggerningi, er eigi hægt að ákveða svo að gilt sé að það sem annað hjóna kann að eignast framvegis verði endurgjaldslaust eign hins. Þetta á þó ekki við um venjulegt innbú á sameiginlegu heimili hjóna.

2. Aðgangur kröfuhafa að gjöfum milli hjóna.

73. gr.

Nú hefur annað hjóna gefið hinu verðmæti og getur sá er þá átti kröfu á hendur gefanda, sem hann fær ekki fullnustu fyrir, gengið að gjöfinni eða verðmæti hennar nema það sannist að gefandi hafi ótvírætt verið gjaldfær þrátt fyrir gjafagerninginn. Ef endurgjald hefur að einhverju leyti komið fyrir dregst það frá því verðmæti sem unnt er að ganga að. Ef bú þess hjóna, sem gefið hefur hinu verðmæti, er tekið til gjaldþrotaskipta gildir ákvæðið eingöngu að svo miklu leyti sem búið krefst ekki riftunar á gjöf eða afsali.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um gjafir skv. 2. mgr. 72. gr.

C. Séreignir.

1. Séreignir samkvæmt kaupmála.

74. gr.

Hjón eða hjónaefni geta ákveðið í kaupmála að tiltekin verðmæti skuli verða séreign annars þeirra. Séreign kemur eigi til skipta við skilnað milli hjóna eða milli annars þeirra og erfingja hins nema sérstakar heimildir leiði til annars.

Séreignarákvæði er hægt að tímabinda, svo og skilyrða með þeim hætti að kaupmáli gildi ekki ef hjón eignast sameiginlegan skylduerfingja.

Hjón geta enn fremur ákveðið í kaupmála að eign skuli vera séreign meðan bæði eru á lífi, en hlíta reglum um hjúskapareign að öðru hvoru látnu, ótilgreint eða einskorðað við að annað þeirra, sem nafngreint er, látist.

75. gr.

Verðmæti, sem koma í stað séreignar, verða einnig séreign, svo og arður af þessum verðmætum, nema annars sé getið í kaupmála eða í fyrirmælum gefanda eða arfleiðanda.

76. gr.

Ákvæðum kaupmála um séreignir er hægt að breyta eða fella þau niður með nýjum kaupmála.

2. Séreignir samkvæmt ákvörðun gefenda eða arfleiðenda.

77. gr.

Gefandi eða arfleiðandi getur ákveðið að gjöf eða arfur, þar á meðal skylduarfur, skuli vera séreign í hjúskap gjafþega eða erfingja með því efni er greinir í 74. gr. Ákvæði 75. gr. á hér við að sínu leyti. Ákvarðanir um arf skulu vera í erfðaskrá.

Hjón geta ekki breytt þessum ákvörðunum gefanda og arfleiðanda nema slíkt sé heimilað í gjafagerningi eða erfðaskrá eða leiði ótvírætt af þeim gerningum.

D. Afhending á tekjuafgangi.

78. gr.

Annað hjóna getur án kaupmála afhent hinu endurgjaldslaust allt að helmingi af tekjuafgangi sínum umliðið almanaksár, enda sé það gert fyrir lok næsta árs eftir að tekna var aflað. Afsalið skal vera skriflegt og undirritað af viðkomandi maka í viðurvist tveggja votta svo að gilt verði gagnvart skuldheimtumönnum hans. Í skjalinu skal greina fjárhæð tekjuafgangsins. Enginn vafi má leika á um að það hjóna, er afhendir hinu verðmæti samkvæmt þessu, haldi eftir nægilegum efnum til greiðslu skuldbindinga sinna.

E. Réttur þess hjóna, sem veitir hinu aðstoð við atvinnurekstur þess, til borgunar fyrir vinnu sína.

79. gr.

Það hjóna, sem veitir hinu aðstoð við atvinnurekstur þess, getur krafist hæfilegrar borgunar fyrir vinnu sína þótt ekki hafi verið svo um samið ef það eftir öllum atvikum þykir sanngjarnt að svo sé gert. Krafa fyrnist á einu ári.

XII. KAFLI
Kaupmálar.

A. Form kaupmála.

80. gr.

Kaupmáli skal vera skriflegur. Undirritun hjóna eða hjónaefna skal staðfest af lögbókanda, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúa þeirra eða af tveimur vottum sem skulu vera samtímis viðstaddir og rita nöfn sín og kennitölur á kaupmálann. Í vottorði þeirra skal koma fram að skjalið, sem vottað er, sé kaupmáli. Vottarnir skulu vera lögráða og staðfestingarhæfir samkvæmt réttarfarslögum.

B. Hæfi aðila.

81. gr.

Nú er annað hjóna eða hjónaefna ólögráða og skal lögráðamaður þá einnig samþykkja kaupmálann skriflega.

C. Skráning kaupmála.

82. gr.

Kaupmáli er ekki gildur milli hjóna og gagnvart þriðja manni nema hann sé skráður samkvæmt þeim reglum sem í lögum þessum greinir.

83. gr.

Kaupmála skal skrá í kaupmálabók sem sýslumenn halda.

Kaupmála, sem hjónaefni gera, skal skrá í lögsagnarumdæmi þar sem þau eiga lögheimili eða ætla sér að búa. Kaupmála hjóna skal skrá þar í umdæmi sem þau eiga lögheimili. Ef þau eiga ekki lögheimili hér á landi skal skrá kaupmálann í Reykjavík.

Ekki þarf að skrá kaupmála að nýju þótt hjónin flytjist í annað lögsagnarumdæmi.

84. gr.

Kaupmála skal afhenda í tvíriti, frumriti og samriti eða endurriti og fer um gerð skjals og efni samkvæmt því er segir í 5. og 6. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, eftir því sem við getur átt.

Kaupmáli, sem afhentur er til skráningar, skal færður í dagbók að undangenginni könnun skjals, sbr. 6. gr. þinglýsingalaga. Að lokinni færslu í dagbók skal árita skjal og endurrit þess eða samrit og greina viðtökudag þess.

85. gr.

Skjal skal fært í kaupmálabók þegar sýslumaður hefur gengið úr skugga um að það sé skráningartækt. Eiga hér við ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1978 eftir því sem við á. Greiða skal úr því jafnfljótt og föng eru á hvort skjal verði skráð eða því vísað frá skráningu.

Þegar kaupmáli hefur verið skráður í kaupmálabók skal rita á hann vottorð um innritunina og viðtökudag. Skjal verður ekki afhent þeim er óskar skráningar fyrr en að þessu loknu.

Gildi skráningar telst frá viðtökudegi samkvæmt því er í dagbók greinir.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur nánari reglur um skráningu kaupmála með reglugerð.

86. gr.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skal haldin allsherjarskrá um kaupmála sem skráð-

ir hafa verið. Sýslumanni ber, þegar eftir að kaupmáli hefur verið skráður, að senda ráðuneytinu tilkynningu um kaupmálann þar sem greina skal nöfn aðila, kennitölur þeirra og heimili og enn fremur viðtökudag kaupmála.

Í lok hvers mánaðar skal auglýsa í Lögbirtingablaði það sem þann mánuð hefur verið tekið á kaupmálaskrá ráðuneytisins.

87. gr.

Nú varðar kaupmáli fasteign, skip, 5 smálestir eða stærra, eða skráð loftfar og skal sýslumaður þá auk skráningar í kaupmálabók skrá kaupmálann í veðmálaskrá viðkomandi eignar, enda sé eignin skráð í umdæmi hans.

Nú varðar kaupmálinn eign sem skráð er í öðru umdæmi og skal þá jafnframt þinglýsa kaupmálanum í því umdæmi.

D. Breyting og afturköllun á kaupmála.

88. gr.

Við breytingu eða afturköllun á kaupmála skal gæta sömu reglna og að framan greinir.

89. gr.

Þegar hjúskap er lokið getur hvor maki um sig krafist þess að kaupmáli verði afskráður í kaupmálabók. Hinu sama gegnir um erfingja maka. Krafa er þó ekki tæk fyrr en fjárskiptum er lokið.

E. Upplýsingar um efni kaupmála.

90. gr.

Hver, sem þess óskar, á rétt á upplýsingum úr kaupmálabók um tilvist kaupmála og efni hans.

XIII. KAFLI
Um fjárskipti milli hjóna án skilnaðar.

91. gr.

Hvort hjóna um sig getur krafist opinberra skipta vegna fjárslita milli sín og maka síns þótt hjúskapnum hafi ekki verið slitið:

1. Ef hitt rýrir hjúskapareign sína með vangæslu á fjármálum sínum, misbeitingu á ráðum yfir hjúskapareign sinni eða annarri óhæfilegri háttsemi eða gefur sérstakt tilefni til að óttast að svo verði.
2. Ef bú hins er tekið til gjaldþrotaskipta.

Hjón geta að auki krafist slíkra skipta ef þau eru sammála um það.

92. gr.

Krafa skv. 91. gr. skal vera skrifleg og skal beina henni til héraðsdómstóls í því umdæmi þar sem hjón eiga eða áttu síðast sameiginlegt lögheimili nema þau semji um annað. Um meðferð kröfu og framkvæmd opinberra skipta fer samkvæmt ákvæðum XIV. kafla laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

93. gr.

Nú er krafa skv. 91 gr. tekin til greina og skiptast þá eigur milli hjóna eftir efnisreglum um skipti við skilnað.

94. gr.

Það sem öðru hjóna hlotnast eftir það tímamark er greinir í 1. mgr. 101. gr. og það fær við skiptin verður séreign þess.

XIV. KAFLI
Um fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita o.fl.

A. Um skiptahátt o.fl.

1. Fjárskiptasamningur.

95. gr.

Hjón geta ráðið fjárskiptum sínum vegna skilnaðar til lykta með samningi. Fjárskiptasamningur skal vera skriflegur og undirritaður af hjónum eða umboðsmönnum þeirra. Samning þennan skal staðfesta fyrir sýslumanni eða dómara. Nú eru hjón eignalaus og skal þá yfirlýsing þeirra þar að lútandi staðfest af þeim eða umboðsmönnum þeirra fyrir sýslumanni eða dómara eftir því hvar skilnaðarmálið er til meðferðar.

Nú hafa hjón vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar gert samning um fjárskipti sín og er þá unnt að fella hann úr gildi að nokkru eða öllu með dómi ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma er til hans var stofnað. Dómsmál skal höfða innan árs frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar. Tímafrestir þessir eiga þó ekki við ef freistað er að hnekkja samningi með stoð í reglum um fjármunaréttarsamninga.

2. Opinber fjárskipti.

96. gr.

Hafi annað hjóna eða þau bæði sótt um leyfi til skilnaðar eða dómsmál verið höfðað til skilnaðar eða til ógildingar hjúskaparins getur annað þeirra eða þau bæði krafist þess að opinber fjárskipti fari fram milli þeirra samkvæmt ákvæðum þessa kafla og lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

Efnisreglur um skipti í þessum kafla eiga einnig við um skipti vegna andláts maka nema annað leiði af einstökum ákvæðum.

97. gr.

Krafa um opinber skipti við skilnað skal vera skrifleg og skal beina henni til héraðsdómstóls er greinir í 92. gr. og fer um meðferð kröfu og framkvæmd opinberra skipta samkvæmt því er þar segir.

98. gr.

Við opinber skipti er hjónum skylt að skýra frá eignum sínum og skuldum og veita þeim sem annast skipti allar upplýsingar um fjármál sín sem þýðingu geta haft við skiptin.

B. Til hverra eigna og skulda skiptin taki.

1. Eignir.

99. gr.

Skiptin taka til heildareigna hvors hjóna nema samningar um séreignir, reglur um lögmæltar séreignir eða fyrirmæli gefanda eða arfleiðanda leiði til annars, sbr. enn fremur reglur þessa kafla um verðmæti sem undanþegin eru skiptum eða geta verið það að kröfu aðila. Séreign ber þó að draga undir skiptin að svo miklu leyti sem þörf er á til að fullnægja endurgjaldskröfum, sbr. 3. mgr. 107. gr.

2. Skuldir.

100. gr.

Frá eignum maka skulu dregnar skuldir sem hvíla á honum eða hann á að svara til samkvæmt því er segir í 109. gr. laga nr. 20/1991, sbr. 104. gr. sömu laga.

3. Tímamark við úrlausn um eignir og skuldir.

101. gr.

Við úrlausn um eignir og skuldir skv. 99. og 100. gr. skal, nema sammæli verði um annað, miða við það tímamark er sýslumaður tók fyrst fyrir umsókn um leyfi til skilnaðar, dómsmál var höfðað til skilnaðar eða ógildingar hjúskapar eða héraðsdómari tók fyrst fyrir kröfu um opinber fjárskipti milli hjóna skv. XIII. kafla. Eignir, sem maki hefur aflað sér eftir þetta tímamark og tekjur og arður af þeim, koma ekki undir skiptin. Skuldir, er maki hefur bakað sér eftir þennan tíma, koma ekki heldur til greina við skiptin.

Nú stafar skuld, sem fyrr er til orðin en segir í 1. mgr., frá öflun verðmæta sem eigi koma undir skiptin eða af kostnaði vegna þeirra og kemur hún þá ekki til frádráttar við fjárskiptin.

4. Verðmæti sem geta fallið utan skipta.

102. gr.

Maki getur krafist þess að eftirfarandi verðmæti og munir komi ekki undir skiptin hvort sem um er að ræða hjúskapareign hans sjálfs eða hins hjónanna:

1. Munir sem eru því nauðsynlegir til að halda áfram atvinnu eða menntun sinni eða hefur eingöngu eða aðallega verið aflað til afnota þess nema verðgildi munanna sé slíkt að það verði talið ósanngjarnt gagnvart hinu hjónanna. Sama gegnir um muni sem hafa minjagildi fyrir annan maka eða fjölskyldu hans.
2. Réttindi í opinberum lífeyrissjóðum eða einkalífeyrissjóðum, svo og krafa til lífeyris eða líftryggingarfjár sem hefur ekki endurkaupsvirði samkvæmt kröfu annars makans eða þeirra sameiginlega.
3. Önnur verðmæti eða réttindi sem ekki er hægt að afhenda eða eru persónulegs eðlis.
4. Fébætur, almannatryggingabætur eða vátryggingarfé vegna líkams- eða heilsutjóns er leitt hefur til skerðingar á starfsorku til frambúðar eða vegna útgjalda sem tjónið veldur fyrirsjáanlega í framtíðinni. Sama er um bætur vegna þjáninga og annars ófjárhagslegs tjóns.
   Forsendan er þó ávallt sú að þessi verðmæti eða ígildi þeirra séu enn við lýði á því tímamarki er greinir í 1. mgr. 101. gr. og verði sérgreind. Nú stafar það af framlögum hins makans að fé þetta eða ígildi þess er enn fyrir hendi og ber þá að kröfu þess maka að lækka þá fjárhæð sem haldið er utan skipta með hliðsjón af þessu, svo sem sanngjarnt þykir.
5. Munir sem aflað er vegna þarfa barna. Sá maki, sem barn býr hjá, á tilkall til þess að munir þessir komi ekki undir skiptin.

Það hjóna, sem fær verðmæti eða muni utan skipta með þessum hætti, tekur að sér skuldir sem orðið hafa til vegna öflunar þeirra eða hvíla á þeim. Nú þykir ósanngjarnt gagnvart hinum makanum að verðmætum eða réttindum skv. 2., 3. eða 4. tölul. sé haldið utan skipta og er þá heimilt að bæta honum það með fjárgreiðslum sem eftir atvikum má inna af hendi með nánar greindum afborgunum.

C. Helmingaskiptareglan og frávik frá henni.

103. gr.

Hvor maki um sig eða dánarbú hans eiga tilkall til helmings úr skírri hjúskapareign hins nema annað leiði af ákvæðum laga.

104. gr.

Víkja má frá reglum um helmingaskipti og ákvæðum um skipti á séreign ef skipti yrðu að öðrum kosti bersýnilega ósanngjörn fyrir annað hjóna. Á þetta einkum við þegar tekið er tillit til fjárhags hjónanna og lengdar hjúskapar, svo og ef annað hjóna hefur flutt í búið verulega miklu meira en hitt við hjúskaparstofnun eða hefur síðar erft fé eða fengið það að gjöf frá öðrum en maka sínum.

Frávik frá helmingaskiptum geta enn fremur átt sér stað þegar annað hjóna hefur með vinnu, framlögum til framfærslu fjölskyldunnar eða á annan hátt stuðlað verulega að aukningu á þeirri fjáreign sem falla ætti hinu hjóna í skaut eða hefur átt hlut að því að bæta fjáreign hins að öðru leyti.

Fráviki frá helmingaskiptum samkvæmt þessari grein er einnig hægt að beita til hagsbóta fyrir erfingja maka ef hagir þeirra mæla sérstaklega með því.

105. gr.

Nú getur maki ekki innan marka hlutdeildar sinnar í samanlögðum eignum fengið búsgögn og annað lausafé sem er nauðsynlegt til að halda uppi heimili. Er þá heimilt samkvæmt kröfu hans að kveða svo á að hlutdeild hans skuli aukast enda séu ekki horfur á að hann geti á annan hátt aflað sér þessara nauðsynja.

Réttur skv. 1. mgr. víkur þó fyrir rétti hins makans til að fá verðmæti í sinn hlut til greiðslu skuldbindinga sem á honum hvíla og til greina geta komið við skiptin.

D. Úthlutun til greiðslu skuldbindinga.

106. gr.

Við skiptin skal hvoru hjóna úthlutað svo miklu af hjúskapareign sinni að það nægi til greiðslu skuldbindinga sem á því hvíldu á þeim tíma sem hér ber við að miða, sbr. 1. mgr. 101. gr. laga þessara, svo og 109. gr. skiptalaga nr. 20/1991, þar á meðal til greiðslu á hluta hvors um sig í sameiginlegum skuldum, ef því er að skipta, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 101. gr.

Skuldir, sem annað hjóna hefur bakað sér með vanhirðu á fjármálum sínum eða með annarri óhæfilegri aðferð, koma því aðeins til frádráttar skv. 1. mgr. að önnur efni maka hrökkvi ekki til greiðslu þeirra.

E. Endurgjaldskröfur.

107. gr.

Nú hefur maki notað eigur sínar, er koma skyldu til skipta, til þess að auka verðmæti er ekki eiga að hlíta skiptum samkvæmt samningi makanna, ákvörðun gefanda eða arfleiðanda eða samkvæmt lagaákvæðum eða til að afla sér réttinda sem hafa verið þegin undan skiptum skv. 1. og 3. tölul. 102. gr. og getur hinn makinn eða dánarbú hans þá krafist endurgjalds af þessu tilefni. Sama gegnir um réttindi skv. 2. tölul. 102. gr. ef útgjöld til þessa fara út yfir eðlileg og sanngjörn mörk.

Nú hefur annað hjóna rýrt hjúskapareign sína eða sameign hjóna með því að misbeita ráðum yfir hjúskapareigninni eða með öðru óhæfilegu atferli og slíkt hefur leitt til verulegrar skerðingar á fjárhlut þeim sem hitt hjóna á tilkall til og getur þá hitt hjóna eða dánarbú þess krafist endurgjalds af hjúskapareign beggja þegar skipti fara fram.

Krafa skv. 1. og 2. mgr. verður því aðeins tekin til greina að eigur makans, sem krafan beinist gegn, nægi fyrir skuldum sem á honum hvíla. Krefjast má greiðslu úr séreign makans ef hjúskapareign hans hrekkur ekki til.

Endurgjaldskrafa, sem ekki er hægt að jafna við skiptin, verður ekki síðar uppi höfð.

Nú er fallist á endurgjaldskröfu samkvæmt þessari grein og er þá hægt að ákveða að fjárhæð verði greidd með nánar greindum afborgunum.

F. Um útlagningu.

108. gr.

Við opinber skipti vegna fjárslita getur hvort hjóna um sig krafist þess að fá eignarhlut sinn útlagðan sér eftir virðingu.

Nú krefjast hjón þess að fá sama hlutinn og gengur þá það þeirra fyrir sem á hlut að hjúskapareign. Annað hjóna getur þó krafist útlagningar á eign sem hitt á að hjúskapareign í eftirfarandi tilvikum enda megi ætla að það hafi meiri þörf fyrir eignina:

1. Ef um er að ræða fasteign sem ætluð er til íbúðar fyrir það hjóna og börn þess.
2. Sama á við um sumarbústað ef telja verður mikilvægara fyrir það að fá hann í sinn hlut einkum með tilliti til barna hjóna.
3. Þegar um er að ræða atvinnufyrirtæki sem það hjóna hefur eingöngu eða aðallega rekið.
4. Sama á við um vinnutæki og annað lausafé sem stendur í tengslum við atvinnu ef sanngirni mælir með því með tilliti til áframhaldandi atvinnu viðkomandi.
5. Þegar krafa maka beinist að húsgögnum, búsgögnum eða öðru lausafé sem hefur verið á sameiginlegu heimili hjónanna enda mæli sanngirni með því og það stuðli að því að honum sé unnt að halda uppi heimili.

Um útlagningu að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum skiptalaga.

109. gr.

Heimilt er að úthluta öðru hjóna verðmæti eftir virðingu þótt það fari fram úr eignarhlut þess enda megi ætla að það hafi meiri þörf fyrir verðmætið en hitt hjóna, sbr. ákvæði 108. gr. Þeim er útlagningu fær ber þá að greiða hinu eða erfingjum þess fjárhæð sem fram yfir er rétta tiltölu. Skiptastjóri getur ákveðið þegar sérstaklega stendur á, einkum með hliðsjón af fjárhagsstöðu þess sem útlagningu fær, að fjárhæð þessi sé greidd með afborgunum um tiltekinn tíma gegn tryggingum sem hann mælir fyrir um og með þeim vaxtakjörum sem hann tiltekur. Um ágreining um þetta fer samkvæmt því er segir í 112. gr. laga nr. 20/1991.

G. Heimild maka til að gefa eftir af tilkalli sínu til eigna.

110. gr.

Maka er heimilt við fjárskipti að gefa eftir af tilkalli sínu til eigna, enda sé eigi ástæða til að óttast að hann geti ekki fullnægt fjárskuldbindingum sem á honum hvíldu þá.

H. Brottfall skilnaðar að borði og sæng.

111. gr.

Nú takast samvistir hjóna að nýju eftir að skilnaður að borði og sæng, er leitt hefur til fjárskipta, er fenginn. Eiga þá ákvæði 1. mgr. 104. gr. við um eigur sem komið hafa í hlut maka við skiptin og hann hefur flutt að nýju í hjúskapinn komi til fjárskipta síðar milli hjónanna eða annars þeirra og erfingja hins.

I. Leiguréttindi.

112. gr.

Nú greinir hjón á við skilnað hvort þeirra skuli halda rétti til leigu íbúðarhúsnæðis og skal þá sýslumaður eða dómari, eftir því hvar skilnaðarmál er til meðferðar, ákveða eftir öllum aðstæðum hvort þeirra haldi áfram leigumálanum og skal einkum taka tillit til þarfa hjóna og barna þeirra.

Fari fram opinber skipti milli hjónanna tekur skiptastjóri ákvörðun um hvort hjóna haldi áfram leigumála eftir sömu reglum og kveðið er á um í 1. mgr.

XV. KAFLI
Um réttarfar í hjúskaparmálum o.fl.

A. Hvaða mál teljist hjúskaparmál.

113. gr.

Hjúskaparmál samkvæmt þessum kafla eru eftirfarandi dómsmál:

1. Mál sem höfðuð eru til ógildingar hjúskapar.
2. Mál sem höfðuð eru til hjónaskilnaðar.
3. Mál til úrlausnar um hvort hjúskapur sé gildur eða ekki gildur.
4. Mál til úrlausnar um hvort réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng séu fallin niður.

B. Lögsaga.

114. gr.

Hjúskaparmál má höfða hér á landi í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef stefndi er búsettur hér á landi.
2. Ef stefnandi er hér búsettur og hefur verið það sl. tvö ár eða búið hér áður svo langan tíma.
3. Ef stefnandi er íslenskur ríkisborgari og leitt er í ljós að hann geti ekki vegna ríkisfangs síns höfðað mál í því landi sem hann er búsettur í.
4. Ef bæði eru íslenskir ríkisborgarar og stefndi lýsir eigi andstöðu sinni gegn því að málið sæti úrlausn dómstóls hér á landi.
5. Ef lögskilnaðar er krafist á grundvelli undanfarandi skilnaðar að borði og sæng enda hafi leyfi verið veitt eða dómur gengið hér á landi.

Mál til ógildingar hjúskapar má höfða hér á landi ef hjónavígslan hefur farið fram hér.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þó ganga framar ákvæðum þessarar greinar.

C. Varnarþing.

115. gr.

Mál skal höfða á heimilisvarnarþingi stefnda. Ef stefndi á ekki heimilisvarnarþing hér á landi skal mál höfða þar sem stefnandi á heimilisvarnarþing. Aðilar geta samið um annað varnarþing en að framan greinir.

Nú er eigi til að dreifa varnarþingi skv. 1. mgr. og skal þá höfða mál fyrir dómstóli er dóms- og kirkjumálaráðuneytið kveður á um.

D. Aðild.

116. gr.

Annað hjóna og það eitt getur höfðað hjúskaparmál.

Mál til ógildingar á hjúskap skv. 9. og 11. gr. má þó höfða af dóms- og kirkjumálaráðuneyti eða öðru hvoru hjóna. Ef ógilding er reist á ákvæði 11. gr. er málshöfðun einnig heimil því hjóna úr eldra hjúskap sem tvíkvænishjúskapur gengur í berhögg við.

E. Málsmeðferð.

117. gr.

Hjúskaparmál sæta meðferð einkamála nema um frávik sé mælt í lögum.

Ef hvorki er vitað um heimilisfang né dvalarstað stefnda er dómara heimilt að skipa honum málsvara. Sama á við þegar stefndi er búsettur eða dvelst erlendis og ekki tekst að birta honum stefnu eða hvorki hann né umboðsmaður hans sækir þing við þingfestingu máls og sérstakar ástæður mæla að öðru leyti með því að honum verði skipaður málsvari. Málsvari skal hafa samráð við umbjóðanda sinn ef unnt er. Dómari ákveður þóknun til málsvara sem greiðist úr ríkissjóði. Dómari getur kveðið á um að stefndi skuli endurgreiða ríkissjóði kostnað vegna málsvara að öllu eða nokkru leyti ef rök mæla með því.

Dómari gætir óhjákvæmilegra lagaskilyrða við úrlausn hjúskaparmáls.

Hjúskap verður ekki slitið með dómsátt.

118. gr.

Dómþing í hjúskaparmálum skulu háð fyrir luktum dyrum nema dómari kveði öðruvísi á með samþykki málsaðila.

F. Nafnleynd o.fl.

119. gr.

Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem gerst hefur í hjúskaparmáli en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

Nú er dómur í slíku máli birtur, þar á meðal að tilstuðlan dómsins, og skal þá gæta leyndar á nöfnum og upplýsingum sem bent geti til þess hverjir séu aðilar máls.

G. Andlát aðila.

120. gr.

Hjúskaparmál verður eigi höfðað eftir dauða annars hjóna.

Nú deyr annað hjóna áður en dómur gengur í hjúskaparmáli og fellur þá málið niður. Á þetta einnig við ef máli er áfrýjað.

H. Frávísun og niðurfelling máls.

121. gr.

Nú er máli vísað frá dómi eða það fellt niður án kröfu sækjanda og getur sækjandi þá höfðað mál að nýju innan mánaðar þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sé þá liðinn.

I. Áfrýjun og endurupptaka máls.

122. gr.

Heimilt er að áfrýja einstökum þáttum dóms.

Hvorugur málsaðili má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests nema því aðeins að gagnaðili og dóms- og kirkjumálaráðuneyti, þegar það á aðild máls, hafi bréflega fallið frá áfrýjun.

Endurupptaka máls er ekki heimil eftir lok áfrýjunarfrests.

XVI. KAFLI

Um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum.

A. Lögsaga.

123. gr.

Stjórnvöld geta leyst úr málum er tengjast öðrum ríkjum í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef sá sem krafa beinist gegn er búsettur hér á landi.
2. Ef aðilar eru íslenskir ríkisborgarar og sá sem krafa beinist gegn samþykkir að málið sæti úrlausn hér á landi.
3. Ef lögskilnaðar er krafist á grundvelli undanfarandi skilnaðar að borði og sæng, enda hafi leyfi til skilnaðar að borði og sæng verið veitt hér á landi.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þó ganga framar ákvæðum 1. mgr.

B. Úrlausnarumdæmi.

124. gr.

Leysa skal úr máli í því umdæmi þar sem sá sem krafa beinist gegn er búsettur. Ef hann er ekki búsettur hér á landi skal leysa úr máli í því umdæmi þar sem krefjandi er búsettur. Hjón geta samið um annað úrlausnarumdæmi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákvarðar úrlausnarumdæmi ef hvorki sá sem krafa beinist gegn né krefjandi eru búsettir hér á landi eða ef annars leikur vafi á því hvar leysa skuli úr máli samkvæmt framangreindu.

C. Leiðbeiningarskylda.

125. gr.

Sýslumaður skal leiðbeina aðilum um réttindi þeirra og skyldur er málið varðar.

D. Sáttaumleitan.

126. gr.

Sýslumaður leitar sátta með aðilum áður en hann leysir úr ágreiningsmáli.

Ef aðilar máls búa eða dvelja hvor í sínu umdæmi má leita sátta þar sem hvor aðila býr eða dvelst.

E. Kröfur aðila og gagnaöflun.

127. gr.

Aðilum máls ber að setja fram skýrar kröfur fyrir stjórnvaldi og afla þeirra gagna sem stjórnvald telur þörf á til úrlausnar máls. Enn fremur getur stjórnvald aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf krefur.

Ef sá sem kröfu gerði sinnir eigi ítrekuðum kvaðningum eða tilmælum stjórnvalds um framlagningu gagna er stjórnvaldi heimilt að synja um úrlausn.

Nú sinnir gagnaðili máls eigi ítrekuðum kvaðningum eða tilmælum stjórnvalds um gagnaöflun og má þá veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja.

F. Réttur aðila til að kynna sér gögn máls.

128. gr.

Aðilum máls er heimilt að kynna sér skjöl og önnur gögn sem málið varðar. Réttur þessi nær ekki til vinnuskjala sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð málsins.

G. Réttur aðila til að tjá sig um mál.

129. gr.

Aðilar skulu eiga þess kost að tjá sig um mál áður en ákvörðun er tekin og getur stjórnvald sett þeim ákveðinn frest til þess.

H. Form og efni úrskurðar.

130. gr.

Úrskurður stjórnvalds skal vera skriflegur. Þar skal greina úrlausnarefni, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaða byggist á og önnur atriði er máli skipta, þar á meðal kæruheimild og þvingunarúrræði ef því er að skipta.

I. Tilkynning um úrskurð.

131. gr.

Úrskurð stjórnvalds skal senda aðilum máls með ábyrgðarbréfi, hann birtur af einum stefnuvotti eða kynntur með öðrum sannanlegum hætti.

J. Stjórnsýslukæra.

132. gr.

Kæra má úrlausn sýslumanns til dóms- og kirkjumálaráðuneytis innan tveggja mánaða frá dagsetningu hennar.

Kæra frestar ekki réttaráhrifum úrlausnar nema sýslumaður ákveði annað.

Málsaðilum sem fengið hafa leyfi til lögskilnaðar er ekki heimilt að ganga í hjúskap að nýju fyrr en eftir lok kærufrests, nema þeir hafi fallið bréflega frá kæru.

XVII. KAFLI
Gildistaka, lagaskil og brottfallin lög.

133. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur reglugerð og önnur fyrirmæli um einstök atriði er varða framkvæmd laganna.

Ráðuneytið skal gera sérstakar ráðstafanir til að kynna almenningi efni laga þessara.

134. gr.

Ákvæði 2. mgr. 25. gr. gilda einnig um hjónabönd sem til er stofnað fyrir gildistöku laga þessara.

135. gr.

Nú var sett fram krafa um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað fyrir gildistöku laga þessara og skal þá fara um þá kröfu eftir eldri lögum. Ef bæði hjón óska þess er þó unnt að beita reglum þessara laga.

Um dómsmál til skilnaðar eða ógildingar hjúskapar, sem höfðuð hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, fer eftir eldri lögum nema bæði hjón óski þess að reglum þessara laga verði beitt, sbr. 2. málsl. 1. mgr.

Nú sætir hjúskapur ógildingu eftir gildistöku þessara laga og fer þá um réttaráhrif þeirrar ógildingar eftir ákvæðum þessara laga. Sama er um réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar.

136. gr.

Nú var veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng í gildistíð eldri laga og fer þá um lögskilnað á grundvelli þess leyfis eftir eldri lögum.

Í þeim tilvikum, er greinir í 1. mgr., er heimilt að veita lögskilnað skv. 1. mgr. 36. gr. er liðnir eru sex mánuðir frá því að leyfi var gefið út til skilnaðar að borði og sæng.

137. gr.

Breyting á úrskurði um framfærslueyri, sem gengið hefur fyrir gildistöku þessara laga, hlítir ákvæðum þeirra.

Sama á við um breytingu á samningum um framfærslueyri.

138. gr.

Ákvæði XX. kafla skiptalaga nr. 20/1991 gilda um opinber fjárskipti milli hjóna sem ólokið er við gildistöku laga þessara.

139. gr.

1. Ákvæðum 12. gr. laga nr. 20/1923 skal beita um samninga sem gerðir eru fyrir gildistöku laga þessara.
2. Ákvæðum 20. og 21. gr. laga nr. 20/1923 skal beita um samninga sem gerðir eru fyrir gildistöku laga þessara, þar á meðal um samþykki maka.
3. Ákvæði 2. mgr. 23. gr. laga nr. 20/1923 skal beita um tekjur af séreign sem myndast hafa fyrir gildistöku laganna.
4. Ákvæðum 26. og 27. gr. laga nr. 20/1923 skal beita um samninga og skuldbindingar sem stofnast hafa fyrir gildistöku laga þessara.
5. Gildi kaupmála, sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna, skal meta samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 20/1923, ásamt breytingalögum. Um réttaráhrif kaupmála fer samkvæmt ákvæðum laga þessara.

140. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, og lög nr. 17/1973, 64/1979 og 132/1989 er breyta þeim lögum, sbr. enn fremur lög nr. 25/1961. Þá falla úr gildi I.–VII. og IX.–XI. kafli laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, svo og lög nr. 10/1962 er breyta þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sifjalaganefnd samdi frumvarp það sem hér er flutt. Í henni eiga nú sæti dr. Ármann Snævarr, fyrrverandi hæstaréttardómari, Baldur Möller, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, Drífa Pálsdóttir deildarstjóri og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari. Auður Auðuns, fyrrverandi dómsmálaráðherra, átti sæti í nefndinni uns hún lét af störfum að eigin ósk. Tók hún þátt í mótun frumvarpsins á fyrstu stigum þess.

Ritari nefndarinnar er Anna Guðrún Björnsdóttir deildarstjóri.

Sifjalaganefnd er ein af fastanefndum dómsmálaráðuneytisins. Nefndin hefur það hlutverk að fylgjast með nýjungum í sifjalöggjöf, endurskoða sifjalöggjöfina og taka þátt í norrænu samstarfi á þessum lagavettvangi.

Eftir að sifjalaganefnd lauk frumgerð að frumvarpi til hjúskaparlaga ásamt yfirlitsgreinargerð voru gögn þessi send ellefu aðilum til umsagnar. Bárust umsagnir frá fimm: biskupi Íslands, Jafnréttisráði, Lögmannafélagi Íslands, Prestafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands. Þá hafa réttarfars- og skiptaákvæði frumvarpsins verið kynnt fulltrúum réttarfarsnefndar sem settu fram ýmsar ábendingar. Enn fremur hefur verið haft samráð við ýmsa embættismenn og lögmenn sem hafa mikla reynslu á því lagasviði sem frumvarpið tekur til, þar á meðal um ákvæði frumvarpsins um kaupmála og fjárskipti. Hafa margar ábendingar verið teknar til greina við endanlega mótun frumvarpsins og greinargerðar með því.

I.
Yfirlit yfir gildandi hjúskaparrétt.

Allt frá þriðja áratug þessarar aldar hafa gilt hér á landi mismunandi lög um tvo meginþætti hjúskaparréttarins. Annars vegar eru lög nr. 39/1921, um stofnun og slit hjúskapar, er lög nr. 60/1972 leystu af hólmi. Hins vegar eru lög nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna. Þau fjalla um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna að einkarétti og um framfærsluskyldu gagnvart fjölskyldunni og um eignamynstrið í hjúskapnum. Enn fremur um skuldaábyrgð hjóna og fjárhagslega stöðu þeirra og um fjárslit, einkum við lok hjúskapar. Með lögum nr. 10/1962 var 29. gr. laga nr. 20/1923 breytt og lögfest ný gerð kaupmála þess efnis að um séreign geti farið sem um hjúskapareign eftir lát annars hjóna, þar á meðal að eignin geti gengið inn í óskipt bú eða komið til skipta samkvæmt helmingaskiptareglu ef maki situr ekki í óskiptu búi. Með erfðalögum, nr. 8/1962, voru reglurnar í VIII. kafla laga nr. 20/1923 fluttar í erfðalög, II. kafla, og sættu þá gagngerðri endurskoðun efnislega.

Lög nr. 60/1972 hafa ekki tekið miklum breytingum. Aldursmark í 2. gr. var lækkað úr 20 árum í 18 ár með lögum nr. 64/1979 og 1. mgr. 44. gr. varðandi sættir í skilnaðarmálum var breytt með lögum nr. 132/1989.

Í skiptalögum nr. 20/1991 er fjallað m.a. um opinber skipti vegna fjárslita milli hjóna. Sifjalaganefnd telur að efnisreglur um skipti þessi eigi að vera í hjúskaparlögum. Vegna hinna nýju laga varð nefndin að breyta upphaflegu frumvarpi sínu og hefur verið leitast við að samræma efni frumvarpsins skiptalögunum. Þetta verður nánar rætt í athugasemdum við XIV. kafla frumvarpsins.

II.
Almennar athugasemdir varðandi endurskoðun laga nr. 20/1923 og laga nr. 60/1972.

Sifjalaganefnd leggur til með frumvarpi þessu að þessir tveir lagabálkar verið felldir í einn. Með því móti fæst gleggri yfirsýn yfir löggjöf á þessu sviði og frá lagatæknilegu sjónarmiði er ýmislegt unnið við þetta, t.d. er óheppilegt að ákvæði um fjárskipti vegna skilnaða séu sumpart í lögum nr. 60/1972, VI. kafla, og sumpart og raunar þó aðallega í lögum nr. 20/1923, VII. kafla. Þá hefur nefndin í tillögum sínum leitast við að samræma efni þessara tveggja lagabálka.

Nefndin hefur reynt að kanna framkvæmd þessara laga hér á landi og taka á þeim atriðum sem reynslan bendir til að breyta þurfi eða setja fyllri ákvæði um, þar á meðal í því skyni að samræma lagaframkvæmd.

Til grundvallar frumvarpinu í heild sinni liggja enn fremur niðurstöður í norrænu löggjafarsamstarfi sem nánar verður gerð grein fyrir hér síðar og svo norrænu lögin sem sett hafa verið síðustu árin.

Í norræna samstarfinu hafa menn verið á einu máli um að hrófla ekki við meginþáttunum í norrænu lögunum bæði um stofnun og slit hjúskapar og um fjármál hjóna. Lögð hefur verið áhersla á það grunnsjónarmið sem setur mjög mark sitt á norrænan sifjarétt að hjúskapur sé frjálst samkomulag karls og konu um þetta mikilvæga lífssamband. Eigi því annars vegar að greiða fyrir því að menn geti stofnað til hjúskapar með því að fella úr gildi ýmsa hjónavígslutálma og hins vegar að veita hjónum kost á að slíta hjúskap sínum ef samkomulag stendur til þess eða annað telur sig ekki geta haldið áfram sambúð. Þau lagasjónarmið hljóta að leiða til einföldunar bæði á hjónavígslu- og skilnaðarskilyrðum. Eftir sem áður er talið rétt að sporna við hjúskaparslitum sem ráðin eru í bráðræði og að viðhafa sáttastarfsemi, einkum með þeim hætti að þjóðfélagið veiti mönnum kost á að njóta sáttatilraunar. Þegar ósjálfráða börnum er til að dreifa sem hjón hafa for-

sjá fyrir þykir tillitið til barna leiða til þess að mæla fyrir um skyldubundnar sættir, sbr. 42. gr. frumvarpsins og norsku hjúskaparlögin frá 1991.

Um fjármál hjóna hefur verið byggt á eignamynstri norrænu laganna. Það einkennist m.a. af rúmri heimild hvors maka um sig til forræðis á hjúskapareign sinni. Enn fremur á skiptri skuldaábyrgð og helmingaskiptareglunni ef hjúskap lýkur eða fjárslit verða ella. Þróun síðustu ára felur hins vegar í sér að þörf er talin á auknum heimildum til að víkja frá helmingaskiptareglunni ef hún leiðir til ósanngjarnra málaloka, auk þess sem rök þykja standa til þess að halda ýmsum verðmætum utan skipta í rýmra mæli en hingað til hefur verið heimilt. Framfærslureglur eru ekki mikið breyttar en heimild til að ákveða maka lífeyri eftir lögskilnað hefur víða verið þrengd, með hliðsjón af því grunnsjónarmiði að hjúskapur eigi ekki að vera framfærslustofnun út yfir endimörk sín.

Í hjúskaparlöggjöf norrænu þjóðanna hafa verið reglur um alþjóðlegan einkamálarétt á þessu sviði. Slík ákvæði eru fá í íslenskum hjúskaparlögum. Er vafalaust þörf á lögskráningu reglna hér á landi og felur frumvarpið í sér fyllri reglur um þetta efni en lög nr. 60/1972, sbr. 114. og 123. gr. þess. Bent er á að í gildi eru samningar milli Norðurlandanna um þessi efni, sbr. lög nr. 29/1931, 62/1954, 98/1969 og 95/1973.

Óvígð sambúð, sem svo er nefnd, hefur farið í vöxt síðustu áratugi. Stefnumið síðustu ára hefur ótvírætt verið í þá átt að leggja sambúð án vígslu í auknum mæli til jafns við hjúskap í einstökum lagasamböndum, einkum ef aðilar eiga barn saman. Skyldur hafa þó ekki verið tengdar óvígðri sambúð með hliðstæðum hætti og við hjúskap. Sem dæmi má nefna skattalöggjöf, samábyrgð á opinberum gjöldum, framfærsluskyldur og atriði eins og að heimild til setu í óskiptu búi fellur niður ef langlífari maki gengur í hjúskap, en ekki ef hann stofnar til óvígðrar sambúðar. Hitt er það að sambúðarfólk nýtur ekki ýmissa réttinda, svo sem erfðaréttar og hlutdeildar eftir helmingaskiptareglu við fjárskipti. Vissulega kemur til greina að lögfesta grundvallarreglur um ýmis atriði varðandi óvígða sambúð. Sifjalaganefnd hefur þó ekki talið rétt að leggja til að reglur um óvígða sambúð verði hluti hjúskaparlöggjafarinnar og er það í samræmi við niðurstöður í norræna löggjafarsamstarfinu.

III.

Norrænt samstarf um endurskoðun hjúskaparlaga.

Norrænt samstarf á þessu sviði hefur staðið um alllanga hríð. Endurskoðunarstarf það, sem liggur til grundvallar frumvarpi þessu, hófst raunar á sjötta áratugnum. Í upphafi var einkum fengist við löggjöf um stofnun og slit hjúskapar. Leiddi það samstarf til breyttrar löggjafar um það efni hvarvetna á Norðurlöndum, sbr. hér á landi lög nr. 60/1972. Svíar settu lög um þetta lagasvið árið 1973 og tóku þeir nokkuð aðra stefnu en hinar þjóðirnar, einkum að því er varðar hjónaskilnaði. Eftir það hefur samstarfið verið mestmegnis bundið við löggjöf um réttindi og skyldur hjóna, einkum um fjármál og framfærslu. Þá hafa nefndirnar rætt allmikið hugmyndir að reglum um óvígða sambúð og hafa Svíar sett löggjöf um nokkra þætti þess máls.

Norræna samstarfið um hjúskaparlöggjöf hefur verið mjög gagnlegt. Um tíma voru horfur á að í einstökum atriðum yrði talsvert mikill munur á fyrirhugaðri löggjöf. Eftir víðtækar umræður og athuganir á nýjum grundvelli varðandi löggjöf um fjármál hjóna, einkum með hliðsjón af nýlegri hjúskaparlöggjöf víða um lönd urðu samstarfsnefndirnar sammála um að rétt væri að byggja norræna löggjöf um það efni á sömu meginstoðum og nú er. Sú löggjöf markast af jafnrétti karls og konu í hjúskap, jafnstöðu þeirra og samstöðu sem foreldra að því er varðar forsjá barna og forsjárskyldur og um framfærslu.

Enn fremur er byggt á efnahagslegu sjálfstæði hjóna, sbr. varðandi forræði eigna og skuldaábyrgð og samningsfrelsi þeirra, m.a. sín á milli, og enn á sameiginlegri ábyrgð þeirra á heimili og fjölskyldu, sbr. framfærslureglur.

Að því er varðar stofnun og slit hjúskapar er ætlandi að löggjöf á Norðurlöndum verði mjög lík. Er það vissulega af margvíslegum ástæðum keppikefli. Þetta á nær óskorað við um reglur um *stofnun* hjúskapar. Um *lok* hjúskapar verða reglurnar hins vegar nokkuð breytilegar þótt fremur sé í orði en á borði. Reglur um *ógildingu* hjúskapar hafa verið afnumdar með nýjum lögum í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, en þær eru óbreyttar í dönsku hjúskaparlögunum og er gert ráð fyrir því í fumvarpi þessu að svo verði einnig hér á landi.

Um *skilnaði* er þess að geta að Finnar og Svíar hafa horfið frá skilnaði að borði og sæng í hefðbundnum skilningi þess hugtaks. Í löggjöf þeirra er lögfest ein skilnaðargerð, lögskilnaður, og þó með tvenns konar tilbrigðum, þ.e. 1) lögskilnaður með reynslutíma í sex mánuði eða eitt ár eftir að leyfi er veitt til skilnaðar og svo 2) lögskilnaður umsvifalaust án slíks reynslutíma. Í reyndinni verður ekki mikill munur á þessum reglum og hinum eldri, sbr. þó að hjón geta haldið áfram samvistum þótt leyfi til skilnaðar með reynslutíma sé veitt, en samkvæmt dönsku, norsku og íslensku reglunum valda samvistir því yfirleitt að leyfi til skilnaðar að borði og sæng fellur niður, sbr. 35. gr. þessa frumvarps þar sem þó er lagt til að frjálslegri regla í þessu efni verði lögfest en er nú, sbr. 33. gr. laga nr. 60/1972.

Þegar til loka hjúskapar kemur er almennt byggt á helmingaskiptareglunni, en samningsfrelsið milli hjóna leiðir til þess að þau geta skipað málum sínum annan veg að vissu marki, þ.e. með kaupmála. Fráviksreglur frá helmingaskiptum hafa svo verið lögmæltar í nokkrum mæli. Efnislega er svigrúmið til að víkja frá helmingaskiptareglunni svipað. Leiðirnar að því sameiginlega marki að skapa sveigjanlegt fyrirkomulag, sem veiti kost á að taka tillit til sanngirni og haga aðila við úrlausn hvers einstaks máls, eru þó mismunandi að nokkru. Hér er þess m.a. að geta að í Danmörku, Noregi og hér á landi (breytist 1. júlí 1992) starfa sérstakir dómstólar, skiptaréttir, sem fjalla um fjárskiptin ef óskað er, en slíkum dómstólum er ekki til að dreifa í Finnlandi og Svíþjóð. Vegna þessa mismunar er nokkuð erfitt að samræma norræna löggjöf um þetta efni. Frá sjónarmiði norræns lagasamstarfs og þeirra veigamiklu stefnumiða, sem búa þar að baki, má vel una við þær niðurstöður er samstarfsnefndirnar hafa komist að. Löggjafarþingin norrænu hafa tekið tillögum nefndanna vel og er mikilvægt að samræmi verði hér í sem ríkustum mæli.

Sænsk heildarlöggjöf um hjúskap var lögfest 1987 og norsk vorið 1991 og veigamiklar breytingar voru gerðar á finnsku hjúskaparlöggjöfinni 1987 og hinni dönsku 1989. Mikil gróska hefur verið hin síðari ár í nýmælum á sviði hjúskaparréttar á Norðurlöndum. Á þetta einnig við um önnur Evrópulönd sem mörg hver hafa gerbreytt löggjöf sinni síðustu árin. Er hér um straumhvörf að ræða í þróun sifjalaga þótt það verði ekki rakið hér.

IV.
Helstu nýmæli frumvarpsins og yfirlit yfir efni þess.

I. KAFLI
Efnissvið laganna og almenn ákvæði.

Þessi ákvæði sníða frumvarpinu efnisstakk og gegna almennu leiðsöguhlutverki. Benda má sérstaklega á jafnréttisákvæði 2. gr. og ákvæði 3. gr. um verkaskiptingu innan fjölskyldu og skyldu maka til að veita hinum upplýsingar um efnahag sinn.

Í kaflanum eru ákvæði hliðstæð 1. og 2. gr. laga nr. 20/1923.

II. KAFLI
Hjónavígsluskilyrði.

Kaflinn er hliðstæður I. kafla laga nr. 60/1972, en til muna styttri svo að ekki sé vitnað til enn eldri laga. Vakin er athygli á eftirfarandi atriðum:

A. Undanþága frá aldursskilyrði.

Lagt er til að afnuminn verði áskilnaður um samþykki foreldra (lögráðamanns) sem skilyrði fyrir því að aldursleyfi verði veitt, sbr. 7. gr. frumvarpsins, enda fágætt að foreldrar taki af skarið í því efni. Aldursleyfi eru nú mjög fátíð.

B. Hjónavígsla geðveikra manna og þroskaheftra, sbr. 5. gr. laga nr. 60/1972.

Lagt er til að þessi hjúskapartálmi verði felldur niður svo sem gert hefur verið í nýjustu norrænu hjúskaparlögunum. Mikilvægt er að andlega fatlaðir menn njóti þeirra mannréttinda að geta stofnað til fjölskyldubanda.

C. Undanþægt bann við hjúskap tengdra manna, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1972.

Lagt er til í frumvarpinu að bann gegn vígslu tengdra manna verði fellt með öllu niður og því 8. gr. í heild sinni. Þykir réttmætt að fylgja hér fordæmi norrænu laganna, enda er bann þetta ófullkomið úrræði til að ná því takmarki sem að baki ákvæðinu býr.

D. Skiptaskilyrði 10. gr. laga nr. 60/1972.

Í norræna sifjalagasamstarfinu naut sú skoðun byrjar að afnema bæri lagaákvæði er vörðuðu skipti sem vígsluskilyrði. Varhugavert hefur þó þótt að afnema það hér á landi og vísast til athugasemda við 12. gr. frumvarpsins.

E. Hjúskapur hálfsystkina.

Sænsku lögin frá 1987 heimila að leyfa hjúskap milli þessara aðila. Dönsku lögin frá 1989 halda hins vegar óbreyttu hjúskaparbanni þegar svo stendur á. Norsku lögin nýju heimila að staðfesta megi hjúskap milli hálfsystkina ef þeim hefur verið ókunnugt um frændsemi er hjónavígsla fór fram. Slík tilvik eru vafalaust fágæt hérlendis í þessu fámennisþjóðfélagi. Þykir ekki ástæða til að setja ákvæði um þetta í frumvarpið.

III. KAFLI
Könnun á hjónavígsluskilyrðum.

Kaflinn er hliðstæður II. kafla laganna nr. 60/1972, en hefur að geyma nokkuð fyllri reglur um þetta efni en hann þótt hann feli ekki í sér umtalsverðar breytingar á núgildandi reglum sem þykja hafa gefið góða raun.

IV. KAFLI
Hjónavígsla.

Þessi kafli er hliðstæður III. kafla laga nr. 60/1972.

A. Vígsluheimild presta, sbr. 17. gr.

Í 17. gr. segir að þeir prestar þjóðkirkjunnar sem greinir í lögum nr. 62/1990 um starfsmenn þjóðkirkjunnar o.fl., séu löggildir hjónavígslumenn, en dóms- og kirkjumálaráðuneytið skuli að fengnum tillögum biskups ákveða hvort aðrir prestvígðir menn, sem starfa innan þjóðkirkjunnar, hafi heimild til hjónavígslu. Er örðugt að setja ákvæði er taki yfir alla þá starfsmenn sem hér geta komið til greina, t.d. presta sem ráðnir eru til þjónustu af stofnunum eða félagssamtökum. Þykir því heppilegt að láta það velta á ákvörð-

un ráðuneytis á grundvelli tillagna biskups hvernig ráða skuli því máli til lykta.

Í 3. mgr. 17. gr. er kveðið á um vígsluheimild þjóðkirkjupresta sem látið hafa af embætti. Mælt er fyrir um að þeir skuli hafa samþykki prests sem hjónavígsluheimild hafi og að sá prestur kanni hjónavígsluskilyrði og takist á hendur ábyrgð á færslu hjónavígslu í kirkjubók og skýrsluskilum í því sambandi. Þessi tilhögun þykir tryggilegri en núgildandi skipan, en með þessu er vígsluheimild presta þessara ekki skert verulega.

B. Borgaralegir vígslumenn, sbr. 18. gr.

Til samræmis við lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, hafa verið gerðar breytingar á ákvæðum um borgaralega vígslumenn. Lagt er til að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra framkvæmi borgaralega hjónavígslu.

C. Tengsl vígslumanns við hjónaefni, sbr. 21. gr.

Vakin er athygli á nýmæli í 21. gr. um að skyldleiki eða vensl vígslumanns við hjónaefni valdi ekki vanhæfi til að kanna hjónavígsluskilyrði eða gefa saman hjón. Er það í samræmi við venjur sem rétt þykir að lögskrá, en þær reglur víkja frá reglum stjórnarfarsréttar um sérstakt hæfi stjórnvalda.

D. Staðfesting á hjónavígslu sem eigi er gild, sbr. 25. gr.

Í niðurlagi 25. gr. frumvarpsins er nýmæli þess efnis að staðfesta megi hjónavígslu sem eigi hefur verið gild þótt annað hjóna eða bæði séu látin. Getur það skipt sköpum um skipti milli þeirra.

V. KAFLI
Ógilding hjúskapar.

Hann er hliðstæður IV.kafla laga nr. 60/1972.

Ógilding hjúskapar er næsta fágæt hvarvetna á Norðurlöndum. Í finnsku, sænsku og norsku hjúskaparlögunum er þetta úrræði fellt úr gildi. Í stað þess er þeim maka, sem misgert er við, heimilað að krefjast lögskilnaðar umsvifalaust. Gilda almennar lögskilnaðarreglur um málið, þar á meðal um fjárskipti. Heimildir til frávika frá helmingaskiptareglu þykja svo víðtækar að ekki sé þörf á sérreglu um fjárskiptin. Kunnugt er að Danir hafa ekki hugsað sér að afnema reglur um ógildingu hjúskapar, a.m.k. var það ekki gert með lagabreytingu 1989. Um rökstuðning vísast til umsagnar um V. kafla hér síðar.

VI. KAFLI
Hjónaskilnaðir.

Hann er hliðstæður V. kafla laga nr. 60/1972.

Reglur hafa verið gerðar einfaldari og hjónaskilnaðarástæðum hefur fækkað, sbr. að ákvæði 32., 36., 37., 41. og 42. gr. laga nr. 60/1972 eru ekki í frumvarpinu.

A. Skilnaður að borði og sæng, sbr. 33.–35. gr.

Ákvæði frumvarpsins byggjast á því að skilnaði að borði og sæng sé haldið sem sérstakri skilnaðargerð og gegnir hinu sama í dönskum og norskum rétti. Finnsku og sænsku lögin nýju nota þetta hugtak hins vegar ekki. Er þar talað um skilnað með eða án umhugsunartíma sem oft er þá svipaður að tímalengd og við skilnað að borði og sæng í hinum löndunum. Sá grundvallarmunur er m.a. á að eftir finnskum og sænskum rétti er þess ekki krafist að hjónin rjúfi samvistir, en ella falli niður réttaráhrif skilnaðarins.

Skilyrði til skilnaðar að borði og sæng skv. 33. og 34. gr. frumvarpsins eru óbrotnari en ákvæði 31. og 32. gr. laga nr. 60/1972.

Nýmæli er í 35. gr. um áhrif þess að samvistir hjóna haldist eftir að skilnaður að borði og sæng er fenginn eða hjón taki aftur upp samvistir. Er þar dregið úr kröfunni um samvistaslit og verður þessi skilnaðargerð þá sveigjanlegri og sáttavænlegri.

B. Lögskilnaður, sbr. 36.–40. gr.

1. Lágmarkstími, sem líða þarf, frá því að skilnaður að borði og sæng er veittur og til þess að lögskilnaður er kræfur á grundvelli hans er ávallt eitt ár skv. 34. gr. laga nr. 60/1972. Í 36. gr. frumvarpsins er lagt til að tíminn verði styttur í sex mánuði ef hjón eru á einu máli um að óska lögskilnaðar, en ella verði hann eitt ár. Þykir sex mánaða frestur fullnægjandi þegar samkomulag er milli hjóna um að leita lögskilnaðar.
2. Í 37. gr. er frestur styttur úr þremur árum skv. 35. gr. laga nr. 60/1972 í tvö ár í samræmi við niðurstöður í norræna löggjafarsamstarfinu.
3. Samkvæmt 39. gr. er hjúskaparbroti haldið sem lögskilnaðarástæðu andstætt því sem er í finnskum, norskum og sænskum rétti. Sú breyting er orðuð í 39. gr. að hjúskaparbrot, eftir að skilnaður að borði og sæng er fenginn, geti ekki verið grundvöllur að lögskilnaði. Samkvæmt lögum nr. 60/1972 helst trúnaðarskylda einnig á þessu tímabili.
4. Orðalagi 40. gr. frumvarpsins um ofbeldisverk annars maka gagnvart hinu eða börnum er breytt nokkuð.

C. Úrlausn um kröfu til skilnaðar, sbr. 41. gr.

Ákvæðum þar að lútandi hefur verið breytt til samræmis við ákvæði laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Ef hjón eru sammála um að leita skilnaðar að borði og sæng leysir sýslumaður eða löglærður fulltrúi hans úr kröfu og veitir leyfi, sbr. 1. mgr. 41. gr. frumvarpsins. Sama á við ef hjón leita sameiginlega lögskilnaðar eftir lok sex mánaða frests skv. 1. mgr. 36. gr. Í öðrum tilvikum er hægt að leita skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar hjá sýslumönnum ef hjón eru sammála um það, en ella hjá dómstólum. Dómsmálaráðuneytið er eingöngu málskotsstig í þessu sambandi. Er það grundvallarbreyting frá lögum nr. 60/1972.

D. Sáttaumleitan, sbr. 42. gr.

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 60/1972, sbr. lög nr. 132/1989, eru sættir vegna skilnaða skyldubundnar. Skulu þær hafa farið fram á síðustu sex mánuðum áður en skilnaðar er leitað. Á Norðurlöndum hefur ákvæðum um sættir verið breytt svo að hjónum er ekki skylt að leita sátta, en hins vegar veittur kostur á sáttum, t.d. í sérstökum stofnunum um fjölskylduráðgjöf. Hér á landi eru mjög skiptar skoðanir um gildi sátta í þessu sambandi. Sifjalaganefnd hefur á grundvelli kannana sinna og athugana á gildi sátta komist að þeirri niðurstöðu að ekki séu rök til að halda í það fyrirkomulag að sáttir séu skyldubundnar nema þegar hjón hafa forsjá fyrir ósjálfráða börnum. Þessa millileið hafa Norðmenn einnig valið. Sifjalaganefnd leggur áherslu á að hjón eigi samt sem áður ávallt kost á sáttameðferð og er ákvæði 42. gr. orðað með það stefnumið í huga. Í lok greinarinnar eru fyrirmæli um að unnt sé að kveða svo á að sættir í stofnun um fjölskylduráðgjöf geti komið í stað sátta af hendi annarra þeirra sáttasemjara sem greindir eru í ákvæðinu, þ.e. prests og forstöðumanns safnaða og sýslumanns eða dómara. Eiga hjón því nokkurra kosta völ um sáttasemjara samkvæmt ákvæðinu. Hér er sérstök ástæða til að benda á fjölskylduráðgjöf þjóðkirkjunnar. Í þessu sambandi skal vakin athygli á 59. og 68. gr. frumvarps til barnalaga og V. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Samkvæmt 42. gr. er eigi skylt að viðhafa sáttatilraun ef hjón óska bæði eftir lögskilnaði á grundvelli skilnaðar að borði og sæng og er það nýmæli.

E. Umleitun um skilnaðarkjör, sbr. 43. gr.

Ákvæðin um þetta efni eru að mestu óbreytt frá því sem er í 45. gr. laga nr. 60/1972. Þó segir í frumvarpinu að umleitunar sé ekki þörf ef óskað er lögskilnaðar á grundvelli skilnaðar að borði og sæng, sbr. 36. gr., með óbreyttum skilnaðarskilmálum. Er þetta í samræmi við 42. gr. frumvarpsins.

F. Um gildi skilnaðarkjara vegna skilnaðar að borði og sæng, sbr. 45. gr.

Samkvæmt henni skulu sömu skilnaðarskilmálar gilda við lögskilnað og við skilnað að borði og sæng nema annars hafi verið getið þegar skilnaður að borði og sæng var veittur.

Ákvæði um skipan forsjár barna og umgengnisrétt þykja eiga betur heima í barnalögum en hjúskaparlögum. Er þeim skipað í frumvarpi til barnalaga sem flutt var á Alþingi haustið 1991.

VII. KAFLI
Ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldu sinnar.

Kaflinn er hliðstæður 3.–11. gr. laga nr. 20/1923 og 49.–52. gr. og að nokkru 54. og 60. gr. laga nr. 60/1972. Í kaflanum eru felld saman ákvæði um framfærsluskyldu hjóna bæði meðan á hjúskap stendur, sbr. A, og um lífeyri með maka eftir skilnað, sbr. B. Ekki kveður mikið að nýmælum í kaflanum, en ákvæðin eru einfaldari í sniðum en hliðstæð ákvæði laga nr. 60/1972 og 20/1923.

VIII. KAFLI
Eignir hjóna.
Yfirlit yfir eignadeildir í hjúskap.

Hliðstæð ákvæði er að finna í III. kafla laga nr. 20/1923. Ákvæðum kaflans, sem fela í sér nokkur nýmæli, er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að veita yfirlit yfir eignadeildir í hjúskap og hafa leiðsögugildi.

Í 53. gr. er eignamynstri í hjúskap lýst samfellt og til leiðsögu, þ.e. greindar eru þær eignadeildir sem til greina geta komið. Þetta er nýmæli.

Í 54. gr. er hugtakið hjúskapareign skilgreint. Horfið er frá hugtakinu hjúskaparrétti, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 20/1923, enda hefur það ekki verulegt sjálfstætt gildi.

Í 55. gr. er það einnig greint til yfirlits hvernig séreign geti myndast, en hliðstætt ákvæði er ekki í lögum nr. 20/1923.

Í 56. gr. er vikið að því að sameign geti myndast í hjúskap, sbr. og 53. gr., og kveðið er á um að eignarhlutdeild maka í sameign geti ýmist verið hjúskapareign eða séreign eftir því hver skipan er á fjármálum hjóna. Hér er lagt til að fræðiskýring verði lögfest og er greinin nýmæli að því er lögskráningu varðar.

57. gr. samsvarar 2. mgr. 17. gr. laga nr. 20/1923 og felur ekki í sér nýmæli.

IX. KAFLI
Forræði maka á eign sinni.

A. Almenn ákvæði, sbr. 58.–59. gr.

58. gr. samsvarar 1. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923. 59. gr. er hliðstæð 19. gr. laga nr. 20/1923 og felur fyrst og fremst í sér stefnumið og undirstöðu í regluheildinni um fjármál hjóna.

B. Takmarkanir á forræði maka yfir eign sinni.

1. 60. gr. um fasteignir.

Hún samsvarar 20. gr. laga nr. 20/1923. Veitir 60. gr. fjölskyldu, er býr á fasteign, ríkari vernd gegn ráðstöfunum þess sem eignina á en 20. gr.

a. 60. gr. reisir skorður við ráðstöfun maka hvort sem fasteignin er hjúskapareign hans eða *séreign*, enda er verndarþörfin jafnrík í báðum tilvikum. Ætlunin er að bújarðir falli undir 60. gr., en hins vegar ekki óbyggðar lóðir, sbr. hér enn fremur skýringarákvæði 62. gr.
b. Það er nýmæli að áskilið er að samþykki maka sé *skriflegt* svo sem það er tíðast í reynd.
c. Þá er það nýmæli að kveðið er á um samþykki ef annar maki, sem er leigutaki íbúðar þar sem fjölskyldan býr, vill *segja upp leigusamningi*. Ákvæðið á einnig við um framleigu á slíku húsnæði eða hluta þess. Þetta ákvæði tekur einnig til leigusamninga um atvinnuhúsnæði annars hjóna eða beggja.
d. Í 2. mgr. 60. gr. er mælt fyrir um samþykki ef maki vill afhenda hlutabréf eða önnur eignarskilríki sem tengjast slíku húsnæði. Ákvæðið er einskorðað við afhendingu og tekur ekki til veðsetningar á bréfum þessum.
Verðmæti, er koma í stað fasteignar, t.d. eignarnámsbætur lúta ekki reglu 60. gr.

2. 61. gr. um lausafé.

Hún samsvarar 21. gr. laga nr. 20/1923.
Nýmæli eru þessi:

a. Ákvæðið á við þótt eign sé *séreign* þess er ráðstafa vill innbúi o.fl.
b. Greinin áskilur að samþykki skuli vera *skriflegt*.
c. Ákvæðið tekur til þess er *leigja* á verðmæti er fellur undir greinina.

3. 62. gr.

a. 1. mgr. er *skýringarákvæði* við 60. og 61. gr. og er hún nýmæli. Þar segir að greinar þessar eigi einnig við ef eign, sem er í sameign hjóna, er ráðstafað, þ.e. M ráðstafar hluta sínum í eign sem er sameign þeirra M og K. Vera má þó að sameignarreglur leiði til þess í einstaka tilviki að bæði hjónin þurfi beinlínis að standa að samningsgerðinni.
b. Þá segir í 1. mgr., að ákvæðin eigi við ef aðeins *hluta* af eign sé ráðstafað eða hann bundinn öðrum kvöðum. Er einkum átt við fasteign. Hér er lögskráð ótvíræð fræðiskýring sem staðfest hefur verið af dómstólum. Ákvæðin gilda einnig ef *hluti lóðar* eða lands undir fasteign, sem fjölskyldan býr á, er seld eða bundin eignarkvöðum. Vísað er til skýringa fræðirita um það.
c. 2. mgr. 62. gr. er einnig nýmæli sem reist er á almennum lagarökum og stutt sanngirnisrökum.

4. 63. gr.

Hún er hliðstæð 22. gr. laga nr. 20/1923. Það er nýmæli að viðsemjandi maka getur skotið synjun um að veita samþykki til sýslumanns. Eru haldgóð rök fyrir því.

5. 64. gr.

1. mgr. felur í sér nýmæli er varðar *þinglýsingu* á skjali um fasteign sem 60. gr. tekur til. Á skjal að geyma yfirlýsingu um hvort útgefandi sé í hjúskap og um það hvort fjölskyldan búi á eigninni. Er þetta hugsað sem öryggisákvæði.

6. Ógilding samninga er ganga í berhögg við 60.–62. gr., sbr. 65. gr.

Í 65. gr. er það mikilvæga nýmæli að unnt sé að ógilda samning er 60. gr. tekur til vegna skorts á samþykki þótt viðsemjandi sé grandlaus um að þörf hafi verið á samþykki eins og á stóð. Í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 20/1923 er grandsemi hins vegar forsenda fyrir ógildingu samnings. Varðandi samninga skv. 61. gr. er regla 65. gr. frumvarpsins svipuð og í lögum nr. 20/1923.

7. Gjöf til þriðja manns, sbr. 66. gr.

Greinin fjallar um *riftun á gjöf* maka til þriðja manns ef gjöf er úr hófi miðað við efnahag hjóna. Skilyrði riftunar er að viðtakandi sé grandsamur. Greinin er nýmæli.

X. KAFLI
Skuldaábyrgð hjóna.
Heimild annars hjóna til að skuldbinda hitt.

Að nokkru hliðstæður IV. kafla laga nr. 20/1923. Hér er safnað saman í einn kafla dreifðum ákvæðum í lögum nr. 20/1923. Meginreglurnar eru óbreyttar. 67. gr. fer með grunnregluna, sbr. 25. gr. laga nr. 20/1923. 68. gr. áréttar hana og er hún nýmæli til frekari skýringar.

69. gr. samsvarar 12. gr. laga nr. 20/1923. Lagt er til að afnumið verði sérákvæðið í 12. gr. um samninga vegna sérþarfa húsfreyju og jafnt látið yfir bæði hjón ganga hvað þetta varðar. Í greininni segir að heimild til samningsgerðar annars hjóna taki einnig til leigu húsnæðis vegna sameiginlegs heimilis hjóna, en hins vegar ekki atvinnuhúsnæðis.

70. gr. er hliðstæð 14. gr. laga nr. 20/1923 en nokkru þrengri. Sérregla 26. gr. laga nr. 20/1923 um fyrningu á kröfu á hendur húsfreyju vegna samnings skv. 12. gr. þeirra laga er ekki í frumvarpinu. Hún samrýmist ekki jafnréttisviðhorfum nútímans.

XI. KAFLI
Samningar milli hjóna o.fl.
Reglur um séreignir.

Í kaflanum er safnað ákvæðum um samninga hjóna í milli, þar á meðal um séreignir samkvæmt kaupmála. Samhengisins vegna eru hér raunar einnig reglur um aðrar séreignir, svo sem vegna fyrirmæla gefenda eða arfleiðenda. Þessi ákvæði eru á víð og dreif í lögum nr. 20/1923, sbr. m.a. ákvæði V. kafla þeirra, en heppilegra er til yfirlits að fella þau saman í einn kafla.

Í þessum kafla eru ýmis nýmæli.

A. Almennt ákvæði, sbr. 71. gr.

Þar segir almennt að hjón geti samið sín á milli með þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um. Þetta er lögfesting á meginreglu sem nú gildir, en er nýmæli sem lögskráð regla.

B. Gjafir milli hjónaefna og hjóna, sbr. 72. og 73. gr.

Í 3. mgr. 72. gr. er nýmæli er heimilar að gera kaupmála með því efni að venjulegt innbú á sameiginlegu heimili hjóna, sem aflað er eftir gerð kaupmála, verði séreign. Þetta er frávik frá þeirri meginreglu að ekki sé unnt að gera óöfluð verðmæti að séreign með kaupmála.

C. Séreignir, sbr. 74.–77. gr.

1. Séreignir samkvæmt kaupmála.

Í 2. mgr. 74. gr. er lagt til að lögfest verði það nýmæli að unnt sé að tímabinda kaup-

mála, t.d. til 10 ára, og skilyrða þá með þeim hætti að kaupmáli gildi ekki ef hjón eignist sameiginlegan skylduerfingja.

Í 3. mgr. 74. gr. eru nokkur nýmæli í sambandi við kaupmálagerð þá er greinir í lögum nr. 10/1962. Er lagt til að hægt sé að kveða svo á að um séreign samkvæmt kaupmála fari sem um hjúskapareign að öðru hvoru hjóna látnu.

Í 2. mgr. 23. gr. laga nr. 20/1923 segir að arður af séreign skuli teljast hjúskapareign nema öðruvísi sé löglega ákveðið. Alloft eru ákvæði í kaupmála, gjafagerningi eða erfðaskrá þar sem mælt er svo fyrir að arður af séreign verði einnig séreign. Í 75. gr. er lagt til að síðastgreind tilhögun verði lögfest sem aðalregla, þ.e. að arður (tekjur) af séreign verði einnig séreign nema annars sé getið í kaupmála eða í fyrirmælum gefanda eða arfleiðanda. Hliðstætt ákvæði er í sænsku lögunum nýju og hinum finnsku og norsku og verður væntanlega lögfest hvarvetna á Norðurlöndum.

2. Séreignir samkvæmt ákvörðun gefenda eða arfleiðenda.

Í 77. gr., er samsvarar 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 20/1923, er í fyrsta lagi það nýmæli að gefandi eða arfleiðandi geti mælt svo fyrir að gjöf eða arfur verði séreign með því efni er greinir í 74. gr., þar á meðal geti hann bundið séreignina við ævi annars eða tímabundið hana og skilyrt. Samkvæmt 75. gr. verður arður af slíkri séreign einnig séreign nema annars sé getið. Enn er það nýmæli í 2. mgr. 77. gr. að hjónum sé fyrirmunað að breyta ákvæðum gefanda eða arfleiðanda um séreign nema slíkt sé heimilað í gjafagerningi eða erfðaskrá eða leiði ótvírætt af þeim gerningum. Leysir þetta skýringarákvæði úr óvissu.

D. Aðrir samningar milli hjóna, sbr. 78. og 79. gr.

Um aðra samninga hjóna eru ákvæði í 31.–35. gr. laga nr. 20/1923. Eru 31., 33. og 34. gr. teknar upp lítt breyttar í 73., 78. og 79. gr. frumvarpsins nema ákvæði 32. gr. sem ekki þótti ástæða til að hafa í frumvarpi þessu.

XII. KAFLI
Kaupmálar.

Í þessum kafla er skipað samfellt ákvæðum um kaupmála, hæfi til kaupmálagerðar, form þeirra og reglum um skráningu. Ákvæði um þetta efni eru nokkuð dreifð í lögum nr. 20/1923, en er aðallega að finna í V. og IX. kafla þeirra.

Í kaflanum eru ýmis nýmæli:

Um form kaupmála er það nýmæli í 80. gr. að undirritun hjóna eða hjónaefna skuli staðfesta af lögbókanda eða lögmanni eða fulltrúa hans eða af tveimur vottum sem skulu vera *samtímis* viðstaddir og skal koma fram í vottorði þeirra að um kaupmála sé að ræða. Vottarnir eiga að vera lögráða og staðfestingarhæfir samkvæmt réttarfarslögum.

Í 82. gr. frumvarpsins er tekið fram að skráning kaupmála sé forsenda fyrir réttaráhrifum hans, bæði gagnvart þriðja manni og á milli hjóna.

Reglur um skráningu kaupmála eru svipaðar núgildandi reglum, en þær eru m.a. færðar til samræmis við þinglýsingalög, nr. 39/1978. Vakin er athygli á 87. gr. er varðar þinglýsingu á ákvæði kaupmála um fasteign, skip stærra en 5 smálestir og skrásett loftför. Greinin er nýmæli sem lögskráð regla. Í 89. gr. er það nýmæli að hvort hjóna getur krafist þess að kaupmáli verði afskráður í kaupmálabók þegar hjúskap er lokið, en þó ekki fyrr en fjárskipti hafa farið fram. Erfingi getur einnig krafist þessa.

XIII. KAFLI
Um fjárskipti milli hjóna án skilnaðar.

Í VI. kafla laga nr. 20/1923 eru ákvæði um skipti til fjárslita milli hjóna án þess að til skilnaðar komi. Þessum ákvæðum hefur ekki verið mikið beitt hér á landi. Í umræðum í norræna löggjafarsamstarfinu hafa skoðanir verið skiptar um hvort halda eigi þessum reglum. Sifjalaganefnd hefur hallast að því að svo verði, m.a. vegna þess að þær eru taldar hafa nokkurt varnaðargildi. Ákvæðin eru lítt breytt frá ákvæðum VI. kafla laga nr. 20/1923. Tengsl þessa kafla við ákvæði skiptalaga nr. 20/1991 hafa verið athuguð sérstaklega.

XIV. KAFLI
Um fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita o.fl.

Efnisreglur um fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita eiga að mati sifjalaganefndar heima í hjúskaparlögum. Hefur það verið mótuð löggjafarstefna, sbr. VII. kafla laga nr. 20/1923 og VI. kafla laga nr. 60/1972. Skiptar skoðanir eru hins vegar um það hvort formreglum eða verklagsreglum um framkvæmd skipta eigi að öðru leyti að skipa í skiptalög eða hjúskaparlög og er það mál leyst með mismunandi hætti í norrænum lögum. Hér er þess að gæta að greinimark milli efnisreglna og formreglna er hvergi nærri hnitmiðað.

Norræna löggjafarsamstarfið um endurskoðun hjúskaparlaga tók m.a. til skiptareglna, fyrst og fremst efnislegra skiptareglna. Var það haft í huga við samningu frumvarpsins að tekið væri tillit til þeirra meginniðurstaðna sem fengust í því samstarfi, svo og þeirra nýju norrænu laga sem sett hafa verið með hliðsjón af því. Þetta á t.d. við um það tímamark er miða skal eignir og skuldir hjóna við, sbr. 101. gr., um verðmæti sem maki getur krafist að haldið sé utan skipta, sbr. 102 gr., um frávik frá helmingaskiptareglu við slit hjúskapar, sbr. 104 gr., um endurgjaldskröfur, sbr. 107. gr., og um efnisviðmiðun varðandi útlagningu verðmæta, sbr. 108. og 109. gr. Einkum eru það norsku lögin sem höfð eru til fyrirmyndar við mótun ákvæðanna. Enn fremur var leitast við að kanna og færa sér í nyt reynslu af framkvæmd þessara mála hér á landi og naut sifjalaganefnd ráðgjafar reyndra skiptaráðenda við mótun ákvæðanna.

Í skiptalögum nr. 20/1991 eru nokkur ákvæði er fela í sér efnislegar skiptareglur. Við samningu kaflans hefur verið tekið mið af þeim svo langt sem þau ná í þessu efni og leitast við að laga reglur frumvarpsins að þeim lögum. Hafa ákvæði kaflans verið stíluð með það í huga að tengja saman skiptalög og þá regluheild er XIV. kafli frumvarpsins geymir. Er þar mjög vísað til einstakra ákvæða skiptalaga nr. 20/1991.

Hér á eftir verður athygli beint að fáeinum atriðum í XIV. kafla:

a. Um greinimarkið, sem miða ber við eignir og skuldir, er nýmæli í 101. gr. Í frumvarpinu segir að leggja skuli til grundvallar það tímamark er héraðsdómari tók fyrst fyrir kröfu um opinber fjárskipti án hjúskaparslita eða sýslumaður umsókn um leyfi til skilnaðar eða dómsmál var höfðað til skilnaðar eða ógildingar hjúskapar. Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 104. gr. skiptalaga.
b. Í 102. gr. frumvarpsins segir um verðmæti sem maki getur krafist að komi ekki til skipta. Eru þær reglur að nokkru í samræmi við lagaframkvæmd, en jafnframt gætir þar nýmæla. Greinin er í samræmi við hliðstætt ákvæði í norskum lögum.

c. Í 104. gr. er meginreglan um frávik frá helmingaskiptareglunni. Sú regla er nú í 57. gr. laga nr. 60/1972. Hún hefur þótt gegna góðu hlutverki, en þótt fela í sér of þrönga heimild til frávika. Í norræna löggjafarsamstarfinu var rætt rækilega um efni slíkrar reglu og er tekið tillit til þeirra umræðna við mótun 104. gr. og þá ekki síst höfð hliðsjón af dómum og annarri lagaframkvæmd varðandi 57. gr. laga nr. 60/1972 og reynslu sem af henni hefur fengist.
d. Ákvæði 105. gr. fela í sér rýmri reglur en nú um að gerlegt sé að taka tillit til persónulegra þarfa við uppgjör bús.
e. Ákvæði 107. gr. um endurgjaldskröfur er í stórum dráttum í samræmi við ákvæði laga nr. 20/1923, 51.–54. gr.
f. Ákvæðin um útlagningu verðmæta veita aukið svigrúm til að taka tillit til sérþarfa maka og barna, sbr. 108. og 109. gr. Benda má sérstaklega á 1., 2. og 5. tölul. 108. gr.
g. Ákvæði 111. gr. er nýmæli.

XV. KAFLI
Um réttarfar í hjúskaparmálum o.fl.

Í þessum kafla eru endurskoðuð ákvæði VII. kafla laga nr. 60/1972. Ýmsu er breytt hér í efnisskipan og uppbyggingu kaflans, ákvæði einfölduð og nokkur felld niður. Mjög er hér tekið tillit til nýrra laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

a. Lögsögureglur skv. 114. gr. eru nokkru víðtækari en skv. 66. gr. laga nr. 60/1972.
b. Samkvæmt 117. gr. frumvarpsins sæta hjúskaparmál að meginstefnu til meðferð einkamála. Í kaflanum er mælt fyrir um nokkur frávik frá því sem nauðsynleg eru vegna séreðlis þessara mála.
c. Í 122. gr. eru sérákvæði um áfrýjun sem þörf er á.

XVI. KAFLI
Um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum.

Þessi kafli er nýr að stofni til. Hann er hliðstæður IX. kafla í frumvarpi til barnalaga.

XVII. KAFLI
Gildistaka, lagaskil og brottfallin lög.

Lagt er til að lögin, ef samþykkt verða, gildi einnig að meginstefnu til um þau hjónabönd sem til er stofnað fyrir gildistöku laganna. Nokkur frávik eru þó frá því um tiltekna gerninga.

Í 133. gr. er lagt til að lögin taki gildi 1. júlí 1992.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru almenns eðlis, en fjalla um ólíkt efni. Einum þræði marka þau lögunum efnissvið, sbr. 1. gr. Öðrum þræði eru þar ákvæði um jafnstöðu hjóna og verkefni innan fjölskyldu, sbr. 2. og 3. gr. Þá eru þar ákvæði sem gegna almennu leiðsöguhlutverki og eru ætluð til yfirlits, einkum um fjármálaskipunina, sbr. 4.–6. gr. Þau ákvæði fá svo síðar fyllra inntak í einstökum greinum frumvarpsins. Ákvæði 2. gr. svara til 1. og 2. gr. laga nr. 20/1923, en ákvæði 2. mgr. 3. gr. til 11. gr. laganna. Ákvæði 1. mgr. 3. gr. og 4. og 5. gr. eiga ekki beina samsvörun í lögunum eins og þau eru nú, en 6. gr. frumvarpsins svarar til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Um 1. gr.

Hér er það afmarkað til hverra lögin taki ef samþykkt verða. Eru þau einskorðuð við hjón í skilningi sifjaréttarins, þ.e. við karl og konu sem gefin hafa verið saman í hjúskap svo að lágmarksskilyrðum um gildi hjónavígslu sé fullnægt, sbr. 24. og 25. gr. þessa frumvarps. Ná þau ekki til óvígðrar sambúðar. Lög gera að vísu hlut sambúðarkonu og sambúðarmanns hinn sama og hjóna í mörgum samböndum og er það m.a. rakið í riti Guðrúnar Erlendsdóttur: Óvígð sambúð 1988. Í norrænum lögum og lagafrumvörpum er hvarvetna hafnað þeirri hugmynd að fjalla samfellt og í sama lagabálki um þessi tvenn sambúðarform og hinu sama gegnir yfirleitt um evrópska sifjalöggjöf. Þykir fara betur á því að löggjöf um óvígða sambúð taki mið af hverju einstöku lagasambandi. Sérstök ástæða er til að kanna hvort ekki sé réttmætt að setja lagaákvæði um sameiginlegan búsetað sambúðarfólks og búslóð á sameiginlegu heimili, m.a. þannig að reistar verði skorður við að annað þeirra ráðstafi slíkum verðmætum án þess að samþykki hins komi til. Um fjárskipti við slit á óvígðri sambúð hafa gengið allmargir stefnumarkandi dómar í Hæstarétti hin síðari ár. Er þörf á því að kannað verði hvort ekki sé ástæða til að setja efnislegar lagareglur um þennan mikilvæga þátt með hliðsjón af dómunum til fyllingar ákvæðum skiptalaga nr. 20/1991, sem hafa að geyma verklagsreglur um skipti við slit óvígðrar sambúðar, sbr. XIV. kafla þeirra. Þá þarf frekari athugun á ákvæðum ýmissa laga þar sem til greina kemur að gera hlut óvígðrar sambúðar hinn sama eða svipaðan og hjúskapar, bæði að því er réttindi og skyldur varðar.

Í 1. gr. er fólgið að hjúskapur getur aðeins myndast milli karls og konu. Frumvarpið tekur því ekki til heita samkynja manna um sambúð. Um það hafa nýlega verið sett lög í Danmörku, sbr. lög nr. 372/1989.

Um 2. gr.

Í upphafi 2. gr. er almennt ákvæði um jafnstöðu hjóna. Ákvæðinu er fyrst og fremst ætlað hlutverk á sviði sifjaréttar og einkaréttar almennt. Ákvæðið ætti einnig að hafa gildi á öðrum lagasviðum, m.a. sem lögskýringarregla.

Í 2. gr. segir að hjón séu í hvívetna jafnrétthá í hjúskap sínum. Ef þetta ákvæði verður samþykkt er afnuminn sá munur er kann að vera í sifjalögum að því er varðar lagastöðu karls og konu í hjúskap. Nefna má sem dæmi 12., 26. og 27. gr., sbr. 28. gr. laga nr. 20/1923, en hliðstæð ákvæði eru ekki tekin í þetta frumvarp.

Lagastaða hvors hjóna um sig gagnvart börnum á einnig að vera hin sama. Segir nánar um það í barnalögum, nr. 9/1981, og í frumvarpi til barnalaga. Hér er m.a. átt við stöðu hjóna sem forsjáraðila og lögráðenda með réttindum og skyldum því samfara. Sérstök ákvæði í öðrum lögum geta þó kveðið á um annað, sbr. t.d. um ríkisfang, lögheimili, kenningarnafn og forsjá eftir hjúskaparslit og ganga þau framar hinu almenna ákvæði 2. gr.

Ákvæði 2. gr. sver sig að öðru leyti í ætt við 1. og 2. gr. laga nr. 20/1923. Það er þó víðtækara þar sem hér er kveðið svo á að hjón skuli í sameiningu annast uppeldi og velferð barna sinna.

Í 2. gr. segir að vinna á heimili feli í sér framlög til *framfærslu* fjölskyldunnar og er þetta áréttað í 47. gr. frumvarpsins. Í þessu felst að t.d. húsmóðir, sem vinnur á heimili en ekki utan þess, er ekki fremur framfærð af eiginmanni sínum, en hann af henni. Hugtakið framfærandi verður að skýrgreina í samræmi við þessi viðhorf. En hér er meira í efni. Það hjóna, sem vinnur aðallega eða eingöngu á heimili, leggur grundvöll að því að hitt geti aflað sér tekna utan heimilis. Hið síðarnefnda hefur jafnaðarlega fjárráðin og þau verðmæti, sem það aflar í skjóli þeirra, verða hjúskapareign þess. Hlutdeild hins heimavinnandi í eigninni verður ekki virk að ráði fyrr en við hjúskaparslit. Þetta er ágalli

við norræna eignamynstrið og afleiðing þess er þá einnig sú að við fjárskipti við hjúskaparslit hefur sá maki, sem á verðmætið að hjúskapareign, forgangsrétt til þess að fá það í sinn hlut við útlagningu. Heimavinnandi makinn leggur með vinnu sinni á heimili til veigamikinn skerf til heimilis og fjölskyldunnar. Stuðlar hann með því að öflun tekna og spörun útgjalda o.fl. Er réttmætt að telja, a.m.k. hvað snertir eignir eins og íbúðarhúsnæði og innbú á heimili, að það hjóna komi til greina við útlagningu þeirra verðmæta miðað við mat á þörfum hvors um sig á verðmæti. Þetta hefur orðið niðurstaða í dómum Hæstaréttar Noregs í svonefndum húsmæðradómum allt frá 1975. Er frumvarp þetta miðað við að hliðstæð niðurstaða geti orðið hér á landi. Um þessi verðmæti gilda sérstakar reglur um samþykki vegna ráðstöfunargerninga, sbr. 20. og 21. gr. laga nr. 20/1923, sbr. og 60.–63. gr. frumvarpsins. Bent er hér á 108.–109. gr. frumvarpsins er geyma sérreglur um útlagningu verðmæta með hliðsjón af þörfum hvors maka um sig.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um að hjón skuli skipta verkefnum á heimili milli sín, svo og útgjöldum vegna heimilisrekstrar, sbr. og 2. mgr. 2. gr. Þetta ákvæði er vissulega almenns eðlis, enda ógerlegt að setja hnitmiðaðar reglur um verkaskiptingu, m.a. vegna þess hve misjafnlega hagar til. Ákvæðið á bæði að gegna leiðsöguhlutverki og eins markar það almenna stefnu er gildi ætti að hafa. Þróunin er vafalaust sú að bæði hjón taki nú aukinn þátt í heimilisstörfum og er þessu ákvæði ætlað að stuðla enn frekar að þeirri mikilvægu þróun.

Skipting útgjalda vegna heimilisrekstrar hlýtur að fara eftir getu hjóna og aðstæðum, sbr. 1. mgr. 47. gr. og 1. mgr. 48. gr. frumvarpsins, en réttmætt þykir að kveða á um þessa almennu stefnu í 3. gr. Heimilisrekstur er víðtækara orð en framfærsluframlög, sbr. VII. kafla, og nær það m.a. yfir margvísleg útgjöld vegna húsnæðis fjölskyldu, þar á meðal húsaleigu, afborganir af lánum af íbúðarhúsnæði, útgjöld vegna rafmagns, hitunar, síma, útvarps og sjónvarps, búsgagna og húsgagna. Ákvæðið tekur ekki sérstaklega til skatta, en gert er ráð fyrir því að greiðsla á sköttum, þar sem hjón eru samsköttuð, falli undir ákvæðið.

Í 2. mgr. 3. gr. er ákvæði sem svipar til 11. gr. laga nr. 20/1923. Hún er þó víðtækari en 11. gr. þar sem hér er lagt til að hjónum sé almennt skylt að gefa hvort öðru upplýsingar um afkomu sína, þ.e. um tekjur, eignir og skuldir og horfur á næstunni. Helgast þetta af samstöðu hjónanna, sameiginlegri ábyrgð þeirra og trúnaði sem ríkir á milli þeirra. Ákvæði 11. gr. laga nr. 20/1923 einskorðar upplýsingaskylduna við það er taka þarf ákvörðun um framfærsluskyldu hjónanna. Maka getur verið þörf á upplýsingum um þetta endranær og er ákvæðið við þetta miðað. Hitt er ljóst að afkoma og efnahagur geta verið torvirt, sérstaklega hjá þeim er stunda atvinnurekstur og verður að túlka ákvæðið með þetta í huga.

Samkvæmt 114. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, bera hjón óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lagðir. Það þeirra sem innir af hendi greiðslu getur krafið hitt um þann hluta skatts sem koma skyldi í þess hlut miðað við tekjur og eignir hvors hjóna. Um skattskyldu og framtöl hjóna eru ákvæði í 5. gr., 63.–65. gr. og IX. kafla laganna. Í 1. mgr. 91. gr. þeirra er mælt svo fyrir að skattskyldur aðili skuli afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skattframtal „í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður“. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að bæði hjón undirriti framtal, sbr. þó undantekningu í lok 1. mgr. 64. gr. um skattframtal hjóna sem slíta hjúskap eða samvistum á því ári sem tekna er aflað eða eignir miðast við. Í framkvæmd munu skattyfirvöld yfirleitt láta afskiptalaust þótt aðeins annað hjóna undirriti skattframtal og þá fyrir hönd beggja. Það hjóna, sem ekki undirritar skattframtal, á skv. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins

kröfu á því að hitt láti því í té þær upplýsingar er framtalið geymir. Ef það hjóna, sem eitt hefur undirritað framtalið, virðir þessa kröfu að vettugi er hér á því byggt að hitt hjóna eigi tilkall til þess að fá ljósrit af skattframtali hjá skattstjóra eða upplýsingar um efni þess. Í norsku hjúskaparlögunum frá 1991 er kveðið svo á að maki geti krafist þess að fá að kynna sér skattframtal hins hjá skattstjóra eftir atvikum með því að fá ljósrit af því ef svo ber undir. Ekki þykir brýn þörf á slíku ákvæði hér þar eð upplýsingar um þetta munu kræfar hjá skattyfirvöldum samkvæmt almennum, óskráðum reglum um aðgang aðila að opinberum gögnum hjá stjórnsýslunni.

Um 4. gr.

Þetta ákvæði er til yfirlits og leiðsögu um hið almenna fjárskipulag í hjúskapnum samkvæmt frumvarpi þessu. Hér er mörkuð sú meginstefna að hjón hafi forræði eigna sinna og beri ábyrgð á eigin skuldum, en ekki skuldum hins. Um þetta tvennt eru svo rækileg ákvæði í frumvarpinu, sbr. VIII. og IX. kafla um eignir hjóna, forræði þeirra og takmarkanir á því og X. kafla um skuldaábyrgð hjóna og frávik frá almennu reglunni um skipta skuldaábyrgð.

Um 5. gr.

Hún fjallar samfellt um það hvernig hjúskap geti lokið, þ.e. fyrir ógildingu hans, lögskilnað og andlát maka. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á ákvæði 20. gr. laga nr. 44/1981, um horfna menn. Það tekur til þess er annað hjóna hefur horfið og dómur gengur um það að makinn teljist vera látinn. Heimilar sú dómsúrlausn hinu hjóna að ganga í hjúskap. Ef það hefur gengið í hjúskap að nýju og makinn, sem úrskurðaður var látinn, kemur fram kveður 20. gr. svo á að þetta haggi ekki gildi síðara hjúskaparins.

Í 2. mgr. 96. gr. frumvarpsins segir að efnisreglur um fjárskipti skv. XIV. kafla frumvarpsins eigi einnig við þegar búi er skipt eftir lát annars hjóna til ákvörðunar um eignarhlut hvors um sig nema annað leiði af einstökum ákvæðum. Skipti eftir látinn mann hlíta einnig reglum skiptalaga og erfðalaga.

Hjúskap lýkur ekki þótt leyfi sé veitt til skilnaðar að borði og sæng og því síður þótt fjárskipti fari fram skv. XIII. kafla frumvarpsins án skilnaðar.

Um 6. gr.

Í þessari grein er mörkuð sú mikilvæga meginregla að við skilnað og andlát skuli haga fjárskiptum svo að skírri hjúskapareign hvors um sig verði skipt til helminga. Um þetta segir nánar í XIV. kafla frumvarpsins, þar á meðal hvaða verðmæti geti verið undanþegin skiptum og svo um frávik frá helmingaskiptum (skáskipti).

6. gr. kveður á um ákvörðun á eignarhlut, en við andlát er það hann sem kemur til arfskipta eftir hinn látna. Ef það hjóna, er lengur lifir, fær leyfi til setu í óskiptu búi kemur ekki að svo stöddu til ákvörðunar á eignarhlut og erfðahlut.

Í 6. gr. segir enn fremur að hjón geti samið um fjárskipti sín vegna skilnaðar, sbr. og 95. gr., en einnig getur hvort þeirra krafist þess að opinber skipti fari fram, sbr. 96. gr.

Um fjárskipti vegna ógildingar hjúskapar eru sérreglur í 30. og 31. gr. frumvarpsins.

Um II. kafla.

A. Almennar athugasemdir um hjónavígsluskilyrði og hjónavígslur.

Þessi kafli fjallar um hjónavígsluskilyrði og er ætlað að leysa ákvæði I. kafla laga nr. 60/1972 af hólmi.

Þróun sifjalaga víða um lönd hefur falið í sér að mjög hefur dregið úr hjúskapartálmum fyrri tíðar. Allmargir þeirra hafa verið með öllu felldir úr lögum eða t.d. gerðir und-

anþægir í stað þess að vera afdráttarlausir. Sumpart hefur og verið felld úr lögum heimild til að ógilda hjúskap þótt hjúskapur gangi í berhögg við tiltekinn hjúskapartálma.

Með lögum nr. 60/1972 voru róttækar breytingar gerðar á þessu sviði. Afnumin voru ákvæði er létu sjúkdóma, aðra en geðveiki, sbr. og vitsmunaskerðingu, tálma hjúskap og afnumið var undanþægt bann við hjúskap manns og afkomanda bróður eða systur. Enn fremur var afnumið undanþægt bann við hjúskap áður giftra kvenna tiltekinn tíma frá hjúskaparlokum. Bann við vígslu tengdra manna í beinan legg var gert undanþægt og hið sama var um bann við vígslu geðveikra manna og þeirra er var vitsmuna vant.

Þá er þess að geta að ákvæði um hjónavígslualdur karla hafa tekið stakkaskiptum smám saman. Í lögum nr. 39/1921 voru aldursmörkin 18 ár fyrir konur, en 21 ár fyrir karla, en höfðu verið allt frá siðaskiptum til gildistöku þeirra laga 16 og 20 ár. Hjónavígslualdur karla lækkaði í 20 ár með lögum nr. 77/1967. Með 1. gr. laga nr. 60/1972 voru lögfest sömu aldursmörk fyrir bæði kynin, 18 ár.

Í norræna lagasamstarfinu hafa ákvæði um hjónavígsluskilyrði sætt rækilegri athugun. Það eru vissulega mikilvæg mannréttindi að menn geti stofnað til fjölskyldu og að lög girði ekki fyrir að menn geti bundist hjúskap nema brýnir þjóðfélagshagsmunir bjóði annað. Vísa má hér til 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Þess er og að gæta að oft hafa lögmæltir hjúskapartálmar takmarkað gildi þar eð þeir taka ekki fyrir óvígða sambúð. Ýmsir hjónavígslutálmar eru arfleifð fyrri tíma þegar siðferðisskoðanir manna voru annars konar en nú er. Í frumvarpi þessu er lagt til að enn verði hjónavígslutálmum fækkað allverulega og 2., 4., 5. og 8. gr. laga nr. 60/1972 verði felldar niður, sbr. athugasemdir hér að neðan. Er hér m.a. tekið mið af niðurstöðum í norræna lagasamstarfinu, svo og finnsku og sænsku lögunum frá 1987, dönsku lögunum frá 1989 og hinum norsku frá 1991. Er mikilvægt að norræn lögeining verði á þessu sviði í öllum meginatriðum og er stefnt að því með ákvæðum frumvarps þessa að svo verði að því er íslenskan sifjarétt varðar.

Skal nú farið nokkrum orðum um hvaða rök leiði nánar til afnáms þeirra ákvæða laga nr. 60/1972 sem lagt er til að felld verði úr gildi.

Um 2. gr. laga nr. 60/1972.

Þar er áskilið samþykki foreldra eða lögráðamanns ef hjónaefni er yngra en 18 ára og sækir um leyfi dómsmálaráðuneytis til að stofna til hjúskapar. Í 7. gr. frumvarpsins er haldið heimild ráðuneytisins til að veita hjónaefni, sem ekki er orðið 18 ára, leyfi til hjónavígslu en ekki er gert ráð fyrir að leita skuli samþykkis foreldra. Er gert ráð fyrir að mat ráðuneytisins ráði því gagngert hvort svonefnt aldursleyfi verði veitt. Þykja ekki rök til þess í nútímaþjóðfélagi að foreldrar geti með afstöðu sinni girt fyrir að slík leyfi verði veitt, enda ugglaust mjög fágætt að foreldrar synji um samþykki. Benda má auk þess á að óeðlilegt er að sjálfráða ungmenni þurfi á samþykki að halda í þessu efni. Ráðuneytið getur allt að einu óskað umsagnar foreldra eða forsjármanna, sbr. athugasemdir við 7. og 8. gr.

Um 4. gr. laga nr. 60/1972.

Fellur niður samhliða afnámi 2. gr. laga nr. 60/1972.

Um 5. gr. laga nr. 60/1972.

Í finnsku og sænsku lögunum frá 1987 er afnumið bann við hjónavígslu geðveikra manna og þroskaheftra. Hið sama á við um dönsku lögin frá 1989 og hin norsku frá 1991. Hér er lagt til að þetta verði einnig niðurstaðan hér á landi með afnámi 5. gr. laga nr. 60/1972. Í því efni ber að hafa í huga hve rík mannréttindi það eru að geta stofnað til

fjölskyldu og þar á meðal til hjúskapar. Mikilvægt er að andlega fatlaðir menn njóti þessara mannréttinda. Hjúskaparbann kemur ekki í veg fyrir að þeir gangi í óvígða sambúð eða eignist börn, en áður fyrr þótti bannið m.a. styðjast við viðleitni þjóðfélagsins til að sporna við barneignum slíkra manna þar eð hætta þótti á óheppilegum kynfylgjum. Viðhorf í því efni hafa tekið miklum stakkaskiptum. Hér er þess einnig að geta að hugtök þau, er 5. gr. greinir, eru vandskýrð. Í lagaframkvæmd mun hjónavígslubann þetta ekki hafa haft mikið gildi þar sem tilhneiging hefur verið til að fella undir hugtökin þau tilvik ein þar sem sjúkdómur eða andleg fötlun hefur verið á mjög háu stigi. Ef frumvarpið verður samþykkt verður Norðurlandalöggjöfin samræmd um þetta atriði og er sá árangur vissulega mikils virði.

Um 8. gr. laga nr. 60/1972.

Í þessari grein er lagt undanþægt bann við hjónavígslu manna sem tengdir eru í beinan legg, einkum stjúpforeldris og stjúpbarns. Hliðstætt hjónavígslubann er afnumið í finnsku og sænsku lögunum frá 1987 og í hinum norsku frá 1991. Ákvæði 8. gr. er sögulega bundið og grundvallaðist í upphafi einkum á siðsemiskennd almennings. Síðar hefur það einkum verið stutt þeim rökum að það feli í sér vernd fyrir stjúpbarn gegn ásælni stjúpforeldris. Hjúskaparbann sýnist þó vera ófullkomið úrræði í því skyni. Sýnist varla vera brýn þörf á að halda banni þessu til streitu og síst þegar svo stendur á að kynforeldri (fyrri maki) er látið. Er réttmætt að fylgja hér fordæmi norræns réttar.

B. Hjónavígslur í tölfræðilegu ljósi.

1. Fjöldi hjónavígslna.

Hjónavígslum hefur fækkað síðustu ár, einkum frá 1985. Þær urðu flestar 1974, tæplega 1900, en 1154 árið 1990. Þær reyndust um 39% færri á árabilinu 1986–1990 en 1974. Varð fækkunin þó enn meiri um skeið í Danmörku og Svíþjóð, en fjöldi þeirra hefur vaxið þar að nýju. Hér á eftir fer skrá um hjónavígslur hér á landi hin síðari ár og hlutfall þeirra, miðað við 1000 íbúa.

Ár	Meðalt. tölur	Hlutf. tölur á 1.000 íbúa	Kirkjulegar vígslur %	Borgaralegar vígslur %
1961–65	1458	7,9		
1966–70	1650	8,2	94,2	5,8
1971–75	1730	8,2	89,7	11,3
1976–80	1511	6,7	84,8	15,2
1982	1303	5,6		
1983	1396	5,9		
1984	1413	5,9		
1985	1252	5,2		
1986	1229	5,1	85,4	14,6
1987	1160	4,7	86,2	13,8
1988	1294	5,2	86,7	13,3
1989	1176	4,7	86,5	13,5
1990	1154	4,5	88,0	12,0

Kirkjulegar hjónavígslur hafa ávallt verið miklu tíðari en borgaralegar hjónavígslur hér á landi og munu þær hlutfallslega tíðari hér en annars staðar á Norðurlöndum. Borgaralegar hjónavígslur voru tiltölulega tíðastar hér árabilið 1936–1940, 21,2%. Sjöunda áratuginn námu kirkjulegar hjónavígslur u.þ.b. 95%, en á áttunda áratugnum lækkaði þetta hlutfall niður í rösk 87% og er síðustu ár 85–88%.

Nú er svo komið að hjónavígslur eru fátíðari hér hlutfallslega en í nokkru öðru norrænu landi (1989) og e.t.v. er óvígð sambúð enn tíðari hér en í hinum norrænu löndunum. Tölurnar eru þessar 1989: Danmörk 6,25, Finnland 5,05, Ísland 4,7, Noregur 4,91 og Svíþjóð 5,24 (1988).

2. Aldur hjónaefna við fyrsta hjónaband.

Árin 1966–1970 var meðalaldur kvenna 22,9 ár en karla 25,0 ár þegar til fyrsta hjónabands var stofnað hér á landi. Á árabilinu 1981–1985 var hann kominn upp í 24,2 og 26,3, en 1989 var hann 26,1 og 28,1. Þetta er umtalsverð breyting sem einnig kemur fram annars staðar á Norðurlöndum. Skiptir hér miklu máli að fólk hefur mjög oft og oftast verið í óvígðri sambúð áður en til fyrsta hjúskapar er stofnað.

Verður nú vikið að 7.–12. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Hún er efnislega óbreytt 1. gr. laga nr. 60/1972 um hjónavígslualdur og heimild ráðuneytisins til að leyfa yngra fólki að ganga í hjúskap.

Hjónavígslualdur á Norðurlöndum er hinn sami og hér eftir að lögum var breytt í Finnlandi. Utan Norðurlanda er 18 ára aldur fyrir bæði kyn alltíður, sbr. t.d. vestur-þýskan rétt, rússneskan rétt og rétt margra ríkja í austurhluta álfunnar. 16 ára aldur fyrir bæði kyn er lögfestur í Bretlandi, Skotlandi, Írlandi, Portúgal og Spáni. Hvarvetna í Evrópu eru nú afnumin hin fornu aldursmörk kanónísks réttar, 12 ár um konur og 14 ár um karla, sem tekin voru í „Common Law“ bresks réttar og síðar í löggjöf ýmissa ríkja í Bandaríkjunum.

Aldursleyfi hér á landi voru alltíð allt fram til 1972, en á síðustu árum eru þau fátíð. Á árabilinu 1981–1986 voru alls veitt 39 aldursleyfi, 33 konum og 6 körlum, en ekkert leyfi var veitt árið 1987. Á sl. fjórum árum hafa að meðaltali verið veitt þrjú leyfi á ári. Fágætt er að synjað sé um leyfi, sbr. þó t.d. eina umsókn árið 1986.

Þótt frumvarpið geri ráð fyrir að samþykkis foreldra sé ekki þörf þegar aldursleyfi er veitt er við það miðað að ráðuneytið mundi jafnaðarlega leita umsagnar foreldra eða lögráðamanns hjónaefnis. Umsögnin væri þó ekki bindandi.

Sums staðar í löndum er greindur lágmarksaldur í sambandi við aldursleyfisveitingu. Ekki er gert ráð fyrir slíku í 7. gr. frekar en í fyrri lögum um efnið. Naumast yrði yngra fólki en 16 ára veitt aldursleyfi. Við mat á umsókn geta ýmis atriði komið til skoðunar, t.d. að stúlka sé vanfær eða aðilar hyggi á dvöl í útlöndum.

Þótt hjónavígsla fari fram andstætt banni 7. gr. er ekki unnt að ógilda hjúskap nema um barnahjónaband væri að ræða, en slíku þarf ekki að gera skóna hér á landi.

Um 8. gr.

1. málsl. er sama efnis og 3. gr. laga nr. 60/1972.

2. málsl. er sama efnis að sínu leyti og 4. gr. sömu laga, en einskorðaður við synjun lögráðamanns. Samþykki þarf enda þótt maður sé eingöngu sviptur sjálfræði eða fjárræði.

Um 9. gr.

Hún er sama efnis og 6. gr. laga nr. 60/1972. Sænsku lögin frá 1987 heimila hálfsystkinum að giftast að fengnu leyfi, en haldið er afdráttarlausu banni við hjónavígslu alsystkina. Í norsku lögunum er gert ráð fyrir að hjúskap hálfsystkina megi lýsa gildan, en einnig megi veita slíkum aðilum heimild til að eigast. Í dönsku lögunum frá 1989 og hinum finnsku frá 1987 er ekki haggað við banni gegn vígslu hálfsystkina.

Sifjalaganefnd telur ekki rök standa til þess að breyta efni 6. gr. laga nr. 60/1972. Tilvikin, sem hér eru höfð í huga, eru ugglaust mjög fágæt. Vafalítið mundi hjúskapur hálfsystkina víða um lönd vera talinn brjóta gegn meginreglum laga og siðferðisviðhorfum (ordre public) og því ekki verða viðurkenndur þar. Sýnist yfirleitt ekki vera þörf á reglum, er að þessu lúta, hér á landi.

Um ógildingu hjúskapar, sem gengur í berhögg við þetta ákvæði, er mælt í 27. gr. frumvarpsins.

9. gr. á við um ættingja kjörbarns er þar greinir, t.d. kynforeldra og kynsystkin þrátt fyrir ættleiðinguna.

Um 10. gr.

Hún fjallar um bann gegn hjónavígslu kjörforeldris og kjörbarns nema ættleiðing hafi áður verið niður felld. Hún er sama efnis og 7. gr. laga nr. 60/1972. Í sænsku lögunum er þetta bann fellt niður, en samkvæmt finnsku lögunum er það undanþægt. Í norsku lögunum er hér vísað til ættleiðingarlaga og felst í því hjúskaparbann. Réttmætt þykir að halda ákvæði 7. gr. laga nr. 60/1972 óbreyttu. Í finnsku, norsku og sænsku ættleiðingarlögunum hefur nú verið numin úr gildi heimild til að fella niður ættleiðingu, en sú heimild er hins vegar í III. kafla laga nr. 15/1978 og sama er í Danmörku. Ef heimild til niðurfellingar ættleiðingar verður numin úr gildi hér á landi þarf að endurskoða þetta ákvæði.

Hjónavígslubannið tekur ekki til kjörsystkina.

Um 11. gr.

Bannið við tvíkvæni eða tvíveri er tekið óbreytt úr 9. gr. laga nr. 60/1972.

Í 5. gr. frumvarpsins er greint með hverjum hætti hjúskap geti lokið. Úrlausn dómstóls samkvæmt lögum nr. 44/1981 um að maður skuli talinn látinn skapar fullnægjandi grundvöll fyrir hinn makann til að ganga að nýju í hjúskap. Gæta ber þó ákvæða 13. gr. laganna um áfrýjunarleika dóms. Að sínu leyti ber að gæta 122. gr. frumvarpsins, ef lögfest verður, um áfrýjunarleika ógildingar- og lögskilnaðardóma.

Ef lögskilnaður er fenginn erlendis, utan Norðurlanda, kann að vera örðugt fyrir vígslumann að meta gögn um hann. Getur þá verið nauðsynlegt fyrir hann að leita álits dómsmálaráðuneytis um málið er aflar gagna ef þörf krefur. Um úrlausnir um lögskilnaði og ógildingu hjúskapar á Norðurlöndum vísast til laga nr. 29/1931, 7.–10. gr., sbr. lög nr. 62/1954, 98/1969 og 95/1973.

Um ógildingu tvíkvænishjúskapar vísast til 27. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Hún er óbreytt 10. gr. laga nr. 60/1972. Ákvæðið varðar þá sem hafa verið í hjúskap. Felur það í sér bann við því að þeir stofni til hjúskapar að nýju nema skiptum sé lokið vegna fyrra hjúskaparins eða opinber skipti séu hafin. Ákvæðið á ekki við ef hjón hafa búið við fullkomið séreignafyrirkomulag. Bannið er undanþægt.

Í norræna löggjafarsamstarfinu naut sú skoðun byrjar að afnema skyldi ákvæði er að þessu laut. Hvorki finnsku né sænsku lögin hafa slíkt bann að geyma. Það var ekki

afnumið í dönsku lögunum við endurskoðunina 1989 og er í 8. gr. norsku hjúskaparlaganna frá 1991.

Ákvæðið er á því reist að mikilvægt sé að draga úr eignaflækjum milli fyrri hjúskapar og hins síðari og skapa eftir föngum skýr skil milli eignaheilda hjúskapanna. Alkunna er að oft vill það lenda í undandrætti fyrir mönnum hér á landi að ganga frá skiptum, þar á meðal dánarbúskiptum eða koma þeim málum í lögmælt horf. Hefur ákvæði sem þetta skapað aðhald og styðst það álit við mat reyndra skiptaráðenda. Meðal annars að ráði þeirra og lögmanna, sem mikla reynslu hafa af þessum málum, er lagt til að ákvæði þetta verði áfram í hjúskaparlögum. Hér eru ekki síst hafðir í huga hagsmunir ófjárráða barna. Þess er vissulega að geta að bann þetta er ófullkomin vörn þar sem það girðir ekki fyrir að aðili stofni til óvígðrar sambúðar og verður eignaflækjum þá sjaldnast afstýrt.

Svo er kveðið á um í greininni að einkaskiptum skuli lokið, en samkvæmt norsku lögunum er nægilegt að einkaskipti séu hafin. Markvísara þykir að áskilja að einkaskiptum sé lokið.

Bannið er undanþægt, m.a. í því tilviki er sýnt þykir að engar eignir séu fyrir hendi. Einkaskipti kunna einnig að vera komin á lokastig og óyggjandi hverjar eignir og skuldir séu. Þá má vera að í hlut eigi fólk sem búsett er erlendis.

Um III. kafla.

Ákvæði 13.–15. gr. um könnun hjónavígsluskilyrða eru tekin efnislega úr II. kafla laga nr. 60/1972, en nokkrum atriðum er breytt eða við aukið. Sú tilhögun, sem á komst hér á landi með þeim lögum, hefur reynst vel og skiptir miklu í því sambandi að reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða nr. 155/1973 var sett skömmu eftir að lögin tóku gildi.

Um 13. gr.

Hún er hliðstæð 11. gr. laga nr. 60/1972.

Þess ber að gæta að ákvæði um líkamlega sjúkdóma sem hjúskapartálma hafa þegar verið numin úr lögum og er lagt til í frumvarpinu að ákvæði 5. gr. laga nr. 60/1972 verði einnig fellt niður. Ef svo verður er ekki heimilt að áskilja í stjórnvaldsreglum að hjónaefni leggi fram læknisvottorð um heilbrigði, sbr. hins vegar 2. málsl. 11. gr. laga nr. 60/1972.

Í 3. mgr. segir að hjónaefni skuli lýsa því í skriflegri yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, að þau viti ekki um lagatálma á fyrirhuguðum hjúskap. Í 11. gr. laga nr. 60/1972 er gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið geti mælt fyrir um slíka yfirlýsingu. Eðlilegra þykir að um hana sé beint ákvæði í sjálfum lagatextanum.

Samkvæmt 4. mgr. er ráðuneytinu heimilað að leyfa frávik frá kröfu um tvo svaramenn „ef alveg sérstaklega stendur á“. Hliðstætt ákvæði er ekki í 12. gr. laga nr. 60/1972. Heimild til fráviks er nánast bundin við erlenda menn þar sem ekki er ávallt völ á mönnum er hafi þá þekkingu á högum hjónaefna að þeir geti ábyrgst að engir meinbugir séu að lögum á fyrirhuguðum hjúskap.

Könnun skv. III. kafla verður ekki framkvæmd nema að ósk beggja hjónaefna.

Þess mun dæmi að hjónaefni hafi beitt fyrir sig fæðingarvottorði annars manns og verið vígt í hjúskap á grundvelli slíks misferlis. Vegna atviks sem þessa er ástæða til að taka fram að vígslumaður á að ganga úr skugga um að hjónaefni sé sá eða sú er hann eða hún kveðst vera og sanna á sér deili með opinberum skilríkjum sem geyma mynd af viðkomanda, t.d. með vegabréfi eða ökuskírteini ef vígslumaður þekkir ekki hjónaefni.

Um 14. gr.

Hún er sama efnis og 12. gr. laga nr. 60/1972, en nokkru víðtækari. Ákvæði um svaramenn og vottorð þeirra er þó í 13. gr. frumvarpsins.

Um 1. mgr. skal bent á að könnun hjónavígsluskilyrða erlendis hjá presti, sbr. 4. mgr. 17. gr. frumvarpsins, eða starfsmanni í utanríkisþjónustu, sbr. 21. gr. frumvarpsins, er við það miðuð að a.m.k. annað hjónaefna dveljist á umdæmissvæði viðkomandi starfsmanns. Í 2. mgr. er nýmæli er heimilar hjónaefni að skjóta synjun vígslumanns um útgáfu könnunarvottorðs til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Ef ráðuneytið fellir synjun úr gildi er hjónavígsla heimil á grundvelli úrlausnarinnar. Ráðuneytið lætur því ekki við það eitt sitja að fella synjun úr gildi heldur gengur það einnig úr skugga um að hjónavígsluskilyrðum sé fullnægt.

Um 15. gr.

Hún er efnislega óbreytt 13. gr. laga nr. 60/1972.

Vígslumanni ber að ganga eftir læknisvottorði við mat á því hvort vikið verði frá könnun skv. 2. mgr. ef föng eru á því.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um hjónavígslu, borgaralega og kirkjulega, hverjir framkvæma hana og hvar og hverjum sé kræf borgaraleg hjónavígsla. Ákvæði kaflans samsvara III. kafla laga nr. 60/1972, en nokkrar breytingar eru lagðar til. 15. gr. laga nr. 60/1972 er felld niður þar sem það þykir vera undir ákvörðun hvers trúfélags komið hverjum sé kræf hjónavígsla innan þess. Ákvæði um vígsluheimild fyrrverandi þjóðkirkjupresta, sbr. 17. gr., er nokkuð breytt og 21. gr. er ný að stofni til. 18. gr. um borgaralega vígslumenn er stíluð til samræmis við lög nr. 92/1989. Í 2. mgr. 25. gr. er heimilað að lýsa hjónavígslu, sem eigi er gild, gilda eftir lát annars hjóna.

Um 16. gr.

Hún er efnislega óbreytt 14. gr. laga nr. 60/1972.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. segir almennt að prestar þjóðkirkjunnar annist kirkjulega hjónavígslu. Nánari skilgreining á þessum hjónavígslumönnum er í 2. mgr. Þar segir að prestar þeir, er greinir í lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, séu löggildir vígslumenn. Þeir prestar, sem um er að ræða, eru sóknarprestar og aðstoðarprestar, sbr. 3. gr. laganna, en um hina síðarnefndu segir að þeir starfi „undir stjórn sóknarprests og samkvæmt erindisbréfi er biskup setur". Samkvæmt því framkvæmir aðstoðarprestur hjónavígslu eftir fyrirmælum sóknarprests. Löggildir vígslumenn eru enn fremur sérþjónustuprestar, sbr. II. kafla laga nr. 62/1990 og Þingvallaprestur, sbr. 7. gr. laganna. Í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins segir um aðra þjóðkirkjupresta en þá sem greinir í lögum nr. 62/1990 að dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákveði að fengnum tillögum biskups hvort þeir hafi heimild til hjónavígslu. Á þetta einkum við um presta sem ráðnir eru af stofnunum eða félagasamtökum.

Um presta og forstöðumenn annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar og vígsluheimild þeirra segir í 1. mgr. 17. gr. Veltur vígsluheimild þeirra á því hvort þeir hafi fengið viðurkenningu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til þess að framkvæma embættisverk innan skráðs trúfélags, sbr. 12. gr. laga nr. 18/1975. Þeir þurfa að fullnægja skilyrðum 17. og 18. gr. þeirra laga. Hugtökin prestar og forstöðumenn geta náð yfir aðra starfsmenn trúfélags svo framarlega sem skráning trúfélags heimilar þeim að framkvæma embætt-

isverk. Löggilding er almenn fyrir hvern starfsmann og þarf ekki á löggildingu að halda í hvert einstakt skipti sem vígsla fer fram.

Í 3. mgr. 17. gr. er lagt til að nokkur breyting verði gerð á reglum um heimild þjóðkirkjupresta, er látið hafa af störfum, til að vígja hjón. Eðlilegt þykir að einskorða heimildina við þá sem látið hafa af embætti að eigin ósk eða samkvæmt ákvæðum laga um aldurshámark opinberra starfsmanna. Í annan stað er brotið upp á því að það sé ávallt starfandi prestur sem framkvæmi könnun á hjónavígsluskilyrðum og jafnframt takist sá prestur á hendur ábyrgð á færslu hjónavígslu í kirkjubók og skýrsluskilum í því sambandi. Eru þessi ákvæði tryggilegri en þau er nú gilda.

4. mgr. 17. gr. samsvarar 1. mgr. 19. gr. laga nr. 60/1972. Undanfari löggildingar er samningur við ríki sem presti er ætlað starfa í. Þessara presta er getið í 10. gr. laga nr. 62/1990. Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins gilda ákvæði laga þessara, ef samþykkt verða, um könnun þessara starfsmanna á hjónavígsluskilyrðum og um hjónavígsluna.

Um 18. gr.

Hér er kveðið á um það hverjir framkvæmi borgaralega hjónavígslu og er miðað við skipan laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, er taka gildi 1. júlí 1992. Bent er á að í 133. gr. frumvarps þessa er lagt til að lögin taki gildi 1. júlí 1992.

Um 19. gr.

1. mgr. er sama efnis og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 60/1972. Tekið er fram að vígsluheimild sé bundin við þá ræðismenn Íslands erlendis sem hafa diplómatíska stöðu. Könnun hjónavígsluskilyrða getur farið fram af hálfu vígslumanna í utanríkisþjónustunni er greinin tekur til þótt annar vígslumaður gefi saman hjónin.

2. mgr. er skýringarákvæði.

Um 20. gr.

Hún samsvarar 4. mgr. 19. gr. laga nr. 60/1972. Tekið er fram að vígsluheimild þeirra erlendu manna, er þar greinir, sé bundin við að a.m.k. annað hjónaefna sé íslenskur ríkisborgari.

Um 21. gr.

Greinin er nýmæli. Segir þar að skyldleiki eða vensl vígslumanns við hjónaefni valdi ekki vanhæfi til að kanna hjónavígsluskilyrði eða gefa saman hjón. Er það í samræmi við venjur sem rétt þykir að lögskrá þar sem þær víkja frá almennum reglum stjórnarfarsréttar um hæfi stjórnvalds.

Um 22. gr.

1. mgr. er sama efnis og 17. gr. laga nr. 60/1972.

2. mgr. er sama efnis og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 60/1972. Byggt er á því að unnt sé samkvæmt almennum stjórnsýslureglum að skjóta synjun prests á að framkvæma hjónavígslu til úrlausnar ráðuneytisins sem mundi samkvæmt venju leita álits biskups um málið. Reglur þær, sem vísað er til í greininni, eiga vitaskuld eingöngu við um þjóðkirkjupresta.

Um 23. gr.

Hún er sama efnis og 20. gr. laga nr. 60/1972.

Um 24. gr.

Greinin er sama efnis og 21. gr. laga nr. 60/1972.

Í 3. mgr. er lögð til sú breyting að dóms- og kirkjumálaráðuneytið setji reglur þær, er þar greinir, að höfðu samráði við biskup, svo og við utanríkisráðuneytið. Sektaákvæðið, sem 3. mgr. 21. gr. geymir, er ekki tekið með í frumvarpinu, enda naumast þörf á því, sbr. almennar reglur um skyldur starfsmanna í opinberri sýslu.

Um 25. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 60/1972.

Í niðurlagi 2. mgr. er það nýmæli að unnt sé að lýsa gallaða hjónavígslu gilda þótt annað hjóna eða bæði séu látin. Getur sanngirni mælt með því. Hér er einkum stuðst við norsku hjúskaparlögin sem fyrirmynd.

Um 26. gr.

Hún er sama efnis og 23. gr. laga nr. 60/1972. Ákvæði er varðar gjald fyrir hjónavígslu er þó ekki tekið með hér. Um gjald fyrir borgaralega hjónavígslu segir í 14. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um ógildingu hjúskapar. Eru þau í samræmi við ákvæði IV. kafla laga nr. 60/1972.

Ógilding hjúskapar er í reynd nálega óþekkt hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Hún er hins vegar alltíð í sumum löndum, einkum þar sem áhrif kaþólsku kirkjunnar eru rík og örðugleikum er bundið að fá lögskilnað.

Vegna þess hve ógilding er fátíð hafa reglur um hana verið afnumdar í finnskum, sænskum og norskum hjúskaparlögum. Danska sifjalaganefndin taldi hins vegar réttmætt að halda þessum reglum í hjúskaparlögum.

Samkvæmt finnsku, sænsku og norsku lögunum verða ógildingarástæður þær, sem nú eru lögmæltar, eftirleiðis lögskilnaðarástæður. Verður hjúskap því lokið með lögskilnaði ef slíkar ástæður eiga við, þ.e. hjúskapur brýtur gegn banni við vígslu skyldra manna og banni við tvíkvæni eða tvíveri. Samkvæmt finnsku og sænsku lögunum er hægt að fá lögskilnað umsvifalaust, þ.e. án reynslutímabils, ef ástæður þessar eiga við. Eftir norsku lögunum er lögskilnaður kræfur þegar svo stendur á án þess að á undan fari skilnaður að borði og sæng. Reglur um fjárskipti við skilnað gilda um lögskilnaði á þessum grundvelli og eru sérreglur um fjárskipti við ógildingu hjúskapar afnumdar. Heimild til að víkja frá helmingaskiptareglunni er svo víðtæk að talið er að hægt sé að komast að sömu niðurstöðu og með greindum sérreglum. Reglur um bætur vegna ógildingaratvika eru afnumdar með finnsku, sænsku og norsku lögunum.

Um það, hvort afnema eigi ógildingarreglur hér á landi, skal þetta tekið fram:

1. Þótt ógildingarmál séu nálega óþekkt hér á landi er ætlandi að reglurnar hafi varnaðargildi í einhverjum mæli og þær árétta í hugum manna hve mikilvæg sum hjónavígsluskilyrðin eru.
2. Ef ógildingarreglur eru afnumdar er það undir þeim komið sem misgert er við hvort hjúskapurinn verði felldur úr gildi með lögskilnaði, andstætt því sem nú er um hinar meiri háttar ógildingarástæður. Kynni þá t.d. svo að fara að manni yrði refsað fyrir tvíkvæni eða sifjaspell, en hjúskapur héldi allt að einu gildi. Víða um lönd mundi það þykja óeðlilegt svo að ekki sé fastar að orði kveðið.

3. Ekki er sýnilegt af finnsku og sænsku lögunum að aðili geti krafist loka hjúskapar síns ef ástæður þær eru fyrir hendi sem sambærilegar eru við 25. gr. laga nr. 60/1972.
4. Benda má einnig á að fjárskiptareglur um ógildingu hjúskapar, sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972 og 30. gr. frumvarpsins, eru afdráttarlausar. Ættu þær að vera þeim hagstæðari sem misgert er við en lögskilnaðarreglur þótt þetta fari þó eftir atvikum.

Ákvæði V. kafla eru að mestu hin sömu og í IV. kafla laga nr. 60/1972. Ákvæði 28. gr. þeirra laga um bætur eru ekki í frumvarpinu, en bótaskylda kann í einstöku tilviki að vera fyrir hendi samkvæmt almennum bótareglum. Ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 60/1972 um höfðun ógildingarmáls hefur verið flutt í 116. gr. frumvarpsins í réttarfarskaflanum þar sem eðlilegra þykir að skipa því.

Í 38. gr. frumvarpsins er tvíkvæni (tvíveri) greint meðal lögskilnaðarástæðna og getur maki, sem misgert er við, farið þá leið að krefjast lögskilnaðar eins og verið hefur.

Um VI. kafla.

Almennar athugasemdir.

A. Efni VI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um hjónaskilnaði, þ.e. forsendur skilnaða og úrlausnir um skilnaði og aðdraganda að þeim úrlausnum.

Kaflinn fjallar ekki nema að nokkru leyti um réttaráhrif skilnaðar. Um það efni er tilvísunarákvæði í 44. gr. þar sem vikið er að því hvar í lögum sé kveðið á um skipan forsjár yfir börnum vegna skilnaða, svo og skipan framfærslumála og um fjárskipti. Um önnur réttaráhrif skilnaða, þ.e. utan vettvangs sifjaréttar, eru svo sérákvæði víða í löggjöf, sbr. t.d. 26. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, ákvæði í lífeyrislögum, sbr. t.d. 14. gr. laga nr. 29/1963, ásamt breytingalögum, 15. gr. almannatryggingalaga, nr. 67/1971, ásamt breytingalögum, 2. og 4. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, 7. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, 5. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, sbr. 4. gr. laga nr. 49/1982, svo og t.d. vanhæfisreglur samkvæmt réttarfarslögum og reglum um stjórnsýslu. Þykir ógerlegt að kveða á um þessi sundurleitu réttaráhrif í hjúskaparlögum.

B. Tölfræðilegar upplýsingar.

1. Lögskilnaðir og tíðni þeirra.

Skilnaðir hafa farið mjög í vöxt á þessari öld og allmikið síðustu áratugina. Fjöldi lögskilnaða hefur þrefaldast frá 1961, en tvöfaldast miðað við íbúatölu. Á árabilinu 1966–1970 komu 5,8 lögskilnaðir á hver þúsund hjónabönd og reyndust lögskilnaðir þá 219 árlega að jafnaði. Árið 1990 er þessi tala 10,2 og fjöldi lögskilnaða 479 (527 árið 1985). Á hinn veg er þess að geta að hlutfall skilnaða, miðað við hvert þúsund hjónabanda, hefur ekki breyst mikið síðasta áratuginn.

Árið 1990 urðu 38% hjúskaparslita vegna andláts mannsins, 20% vegna andláts konunnar og 42% vegna lögskilnaðar. Í grannlöndunum eru hjónaskilnaðir hlutfallslega tíðastir í Danmörku, þá í Svíþjóð, Íslandi, Finnlandi og Noregi. Tölfræðigögn frá löndum utan Norðurlanda sýna að lögskilnaðir eru víða tíðari en hér á landi.

2. Fjöldi barna í hjónaböndum er lýkur með lögskilnaði.

Árið 1984 og 1990 voru hundraðstölur um fjölda barna í hjónaböndum sem lauk með skilnaði svo sem hér segir:

	1984	1985
Barnlaus hjón	37%	35,2%
Hjón með 1 barn	34%	35%
Hjón með 2 börn	22%	22%
Hjón með 3 börn	6%	7%
Hjón með 4 börn eða fleiri	1%	0,8%

Á áratugnum 1961–1970 voru börn skilinna foreldra talin alls um 2.877, en 5.252 á árabilinu 1981–1990.

Lögskilnaðir snerta mjög börn og voru þau t.d. 479 árið 1990.

3. Forsjá barna við skilnað.

Forsjá barna við skilnað var skipað svo sem hér segir í hundraðstölum nokkur síðustu ár:

	1976–80	1990
Hjá móður	88,8	88,8
Hjá föður	4,5	11,2
Hjá öðrum	6,7	

Forsjá barna hefur samkvæmt þessu verið falin móður í rösklega 88% tilvika. Faðir fær forsjá barns nokkru oftar en áður var. Á árabilinu 1961–1968 voru hundraðstölurnar 93,8 og 6,4. Taka ber fram að langoftast er þessu máli skipað með samkomulagi hjóna.

4. Formlegar lögskilnaðarástæður.

Hér á eftir er greint milli lögskilnaða á grundvelli undanfarins skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar sem á sér annan grundvöll (hundraðstölur).

	1965	1971	1981	1990
1. Undanfarandi skilnaður að borði og sæng (34. gr. laga nr. 60/1972)	(78,11)	78,4	66,9	80
2. Lögskilnaður samkvæmt öðrum lagaheimildum	21,9	21,6	33,1	20

Í reynd eru það einkum tvær lögskilnaðarástæður sem byggt er á svo að nokkru nemi, þ.e. skilnaður að borði og sæng og hjúskaparbrot. Hefur það orðið tíðara en áður að lögskilnaður sé reistur á síðargreindu ástæðunni. Þetta hefur þó breyst allra síðustu ár.

5. Meðallengd hjúskapar er lýkur með lögskilnaði.

Samkvæmt tölfræðigögnum var meðallengd hjúskapar er lauk með lögskilnaði 1981–1985 10,9 ár, tíðasta lengd 5 ár, 1986–1990 var meðallengd 12,8 ár og tíðasta lengd 5 ár.

C. Skilnaðarforsendur.

Með setningu hjúskaparlaga á Norðurlöndum á öðrum og þriðja áratug þessarar aldar, sbr. lög nr. 39/1921 hér á landi, var norræn skilnaðarlöggjöf samræmd í ríkum mæli,

sbr. þó t.d. úrlausnarvald um skilnaði (hlutur dómstóla er mismikill) og sbr. einnig að skilnaður að borði og sæng var ekki lögleiddur í Finnlandi fyrr en 1948. Þessi norrænu lög byggðu á þremur grunnsjónarmiðum varðandi skilnaðarástæður, þ.e. sakarreglu, samkomulagsreglu og reglu um hjúskaparhrun. Var mikilvægt að þessar reglur voru festar í lögum og eigi látnar velta á venjum. Við endurskoðun norrænu löggjafarinnar á sjötta og sjöunda áratug þessarar aldar var í flestum löndunum ekki hvikað frá þessum reglum, sbr. hér á landi lög nr. 60/1972. Hin síðustu ár hafa viðhorfin breyst nokkuð og skal vikið stuttlega að því:

1. Úr sakarreglunni hefur mjög dregið víða um lönd, bæði sem skilnaðarástæðu og sem áhrifaþætti við skipan mála er tengjast skilnaði, sbr. einkum varðandi forsjá barna, framfærslu og fjárskipti. Byggjast hin breyttu viðhorf m.a. á því að örðugt er að meta „sök" aðila. Einnig að mikilvægt er að draga úr deilum við skilnað og að löggjöf stuðli að því að slit þessara persónutengsla verði jafn manneskjuleg og frekast eru föng á. Sakarbundnar skilnaðarástæður kynda undir ýmis andfélagsleg viðbrögð er einkennast af áburði um vammir og skammir og hefndarhug.
   Ekki orkar tvímælis að ganga þarf lengra í því en nú er að draga úr sakarreglunni svo sem síðar verður greint.
2. Samkomulag hjóna er vafalaust farsælasti grundvöllurinn bæði að því er skilnaðinn sjálfan varðar og svo um þau margvíslegu málefni sem ráða þarf til lykta í kjölfar hans. Íslensk skilnaðarlöggjöf er á því reist að samkomulag hjóna um skilnað geti leitt til skilnaðar að borði og sæng, en verði í fyrstu atrennu ekki grundvöllur að lögskilnaði. Löggjöfin hvetur til þess að mjög sé leitað eftir samkomulagi hjóna um skipan mála við skilnað, um forsjá barna, framfærslu og fjárskipti. Sáttafyrirkomulagið er úrræði til að hvetja hjón til að hugsa vel ráð sitt og rasa ekki um ráð fram, sbr. 44. gr. laga nr. 60/1972, sbr. lög nr. 132/1989. Umleitun yfirvalds um skilnaðarkjör og reglur um að samkomulag um þau verði staðfest fyrir því, sbr. 43. gr., stuðla að því að tryggilegar sé búið um þau mál en ella væri og draga úr hættu á að gengið sé ósanngjarnlega á hlut annars maka.
   Samkomulagsregluna má augsýnilega rýmka til muna frá því sem er í núgildandi lögum, einkum þannig að samkomulag hjóna geti beinlínis verið lögskilnaðargrundvöllur. Verður vikið nánar að því þegar að því kemur að skýra sænsku reglurnar frá 1973 (nú 1987) og þær finnsku frá 1987.
3. Á síðustu áratugum á sú skoðun sér víða talsmenn að lagaforsenda skilnaða eigi að vera sú að grundvöllur sé hruninn undan hjúskap. Er skilnaðarlöggjöf víða um lönd reist á þessu í auknum mæli, sbr. t.d. í Bretlandi, Nýja-Sjálandi, Ástralíu, Vestur-Þýskalandi, ríkjum í austurhluta Evrópu o.fl. Tekur lagareglan þá sums staðar gagngert mið af því að grundvöllur sé hruninn og hlýtur sú regla þó að vera ærið matskennd. Í öðrum löndum er þetta greinimark notað sem undirstöðuregla, en jafnframt þarf að sýna fram á nánar tilgreind lögmælt atriði sem gefi hjúskaparhrun til kynna, svo sem löng samvistaslit, geðveiki annars hjóna, hjúskaparbrot, fangavist o.fl., sbr. t.d. breskan rétt. Í þessu efni skiptir vitaskuld miklu hvernig sönnunarviðhorfin eru, þ.e. hvort miðað sé við mat aðila sjálfra eða annars aðilans og hversu ríkar kröfur séu gerðar til sönnunar.
4. Upp á síðkastið hefur í auknum mæli verið lögð áhersla á það grundvallarsjónarmið að hjúskapur sé sambúðarsamband karls og konu er byggist á samkomulagi þeirra. Þjóðfélagið hafi að vísu hagsmuni af því að tengslin verði sem varanlegust og að heimili og fjölskyldur sundrist ekki. Hins vegar sé á það að líta að þegar hjón séu ekki lengur samhuga um að halda áfram hjúskap sé ekki réttmætt að þjóðfélagið haldi til steitu kröfum sínum um samvistir hjóna, slíkt sé oft til ófarnaðar. Al-

menningsvaldi beri vissulega að gæta hags barna hjóna, en sú hagsmunagæsla geti naumast gengið lengra en að mæla fyrir um sáttafyrirkomulag og eftir atvikum tiltekið reynslutímabil frá því að leyst er úr frumkröfu um skilnað uns lögskilnaður fæst. Þetta meginviðhorf er ljóslega í andstöðu við sakarregluna og einnig við samkomulagsregluna að vissu marki. Nefna mætti það viljakenningu eða viljareglu.

D. Ný skilnaðarlöggjöf í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Noregi.

1. Sænsk lög frá 1973 og 1987.

Með lögum frá 1973 voru gerðar allgagngerar breytingar á sænskri skilnaðarlöggjöf. Síðan hafa Svíar sett sér heildarlög um hjúskap (14. maí 1987, gildistaka 1. janúar 1988), en þau breyta ekki efnislega ákvæðum laganna frá 1973.

Sænsku skilnaðarlögin fela í sér að hafnað er bæði sakarsjónarmiðum og sjónarmiðum um hjúskaparhrun sem grunnviðhorfi. Í stað þess er það viðhorf ríkjandi að viljaafstaða hvors hjóna um sig eigi að ráða framhaldi hjúskapar.

Löggjöfin er reist á því grunnsjónarmiði að hjúskapur sé frá öndverðu frjálst sambúðarsamband karls og konu. Því beri að virða vilja hvors maka um sig til þess að rjúfa þetta samband. Í því skyni að koma í veg fyrir skilnaði, sem ráðnir eru í bráðræði, hefur þó verið lögmæltur sérstakur umhugsunar- eða biðtími sem ávallt er sex mánuðir. Hann á við 1) þegar foreldri hefur forsjá barns undir 16 ára aldri, 2) þegar bæði hjón óska eftir umhugsunar- eða biðtíma og 3) þegar hjón eru ekki samhuga um skilnað. Endranær getur lögskilnaður átt sér stað án biðtíma.

Skilnaðarákvæði eru mjög einföld í sniðum og afnumin eru allmörg skilnaðarskilyrði eða skilnaðaratvik, svo sem hjúskaparbrot, geðveiki, refsivist annars maka o.fl. Skilnaður að borði og sæng sem réttarúrræði er afnuminn. Ekki er gerð krafa til þess að hjón búi ekki saman á umhugsunartímanum (betänketid).

Rökin fyrir því að afnema skilnað að borði og sæng sem réttarúrræði eru þessi: 1) Fresturinn, eitt ár, þykir of langur. 2) Sú tilhögun að stemma stigu við sambúð það tímabil, sem skilnaður að borði og sæng stendur, er talinn til þess fallinn að vinna gegn sáttum milli hjóna. 3) Það að skilnaður að borði og sæng rýfur fjárhagslega samstöðu hjóna áréttar að til fulls skilnaðar muni draga.

Maki verður að krefjast lögskilnaðar innan árs frá því að biðtími hófst ella brestur grundvöll undir lögskilnað.

Samkvæmt þessu er meginskilnaðarforsendan sú að hjón séu samhuga um skilnað eða annað óski skilnaðar. Fæst þá fullnaðarskilnaður ýmist án umhugsunartíma eða ekki svo sem rakið hefur verið. Til viðbótar þessu eru greind tvö tilvik þar sem unnt er að fá fullnaðarskilnað án biðtíma, þ.e. ef hjón hafa ekki búið saman í a.m.k. tvö ár eða ef um tvíkvæni er að ræða. Reglur um ógildingu hjúskapar eru með öllu afnumdar í lögum þessum svo sem áður greinir.

Ákvæði, sem taka mið af sök hjóna á skilnaði, t.d. varðandi forsjá og framfærslu milli maka, hafa verið afnumin. Framfærsluskylda hjóna helst meðan á biðtíma stendur. Eftir endanlegan skilnað er unnt að skylda annað hjóna til að styðja hitt fjárhagslega, sérstaklega vegna menntunar og endurþjálfunar o.fl., miðað við mat á þörfum aðila og aðstæðum.

2. Finnsk lög frá 1987.

Í Finnlandi gengu í gildi ný lög um skilnaði 16. apríl 1987. Í megindráttum fylgja þau sænsku lögunum. Samkvæmt því eiga makar rétt á lögskilnaði eftir sex mánaða biðtíma. Sá grundvallarmunur er milli sænsku og finnsku reglnanna að samkvæmt hinum fyrrnefndu geta hjón alloft fengið lögskilnað ef þau eru sammála um það án þess að hlíta sex

mánaða biðtímanum, en samkvæmt finnsku reglunum verða þau ávallt að hlíta honum. Trúnaðarskylda hvílir ekki á hjónum á biðtímanum fremur en samkvæmt sænsku reglunum. Sérgreindu lögskilnaðarástæðurnar eru flestar afnumdar, en þó er ákvæðum um tveggja ára samvistaslit, tvíkvæni og um það er hjúskapur er stofnaður í andstöðu við skyldleikatálmann viðhaldið. Ógildingarreglurnar eru afnumdar eins og í Svíþjóð.

3. Norsk lög frá 1991.

Samkvæmt lögunum á skilnaður að borði og sæng að vera áfram við lýði, en reglunum er breytt svo að hvor maki um sig getur einhliða krafist slíks skilnaðar. Krafan um virk samvistaslit er áfram í gildi, en trúnaðarskyldan afnumin á þessu tímabili. Eitt ár verður að líða frá því að skilnaður að borði og sæng er veittur uns lögskilnaður er kræfur. Flestar af hinum sérgreindu lögskilnaðarástæðum eru felldar niður samkvæmt lögunum, en þó er haldið ákvæði um heimild til lögskilnaðar eftir tveggja ára samvistaslit, vegna ofbeldis sem annað sýnir af sér og bitnar á hinu eða börnum á heimilinu, tvíkvænis og ef hjúskapur er stofnaður andstætt skyldleikatálmum. Heimild til ógildingar hjúskapar er afnumin.

4. Dönsk lög frá 1989.

Lögin eru mjög svipuð norsku lögunum frá 1991. Samkvæmt þeim er lögskilnaður þó kræfur í fyrsta lagi sex mánuðum eftir að leyfi er gefið út til skilnaðar að borði og sæng ef makar eru á einu máli um að skilja, en ella eftir eitt ár. Krafan um samvistaslit er áfram í gildi en með nokkru mildara orðalagi í samræmi við frjálslega lagaframkvæmd. Ýmsar sérgreindar lögskilnaðarástæður eru felldar úr gildi, en þó er lögskilnaður áfram heimill eftir tveggja ára samvistaslit þegar hjúskapur er stofnaður andstætt frændsemistálma, svo og vegna ofbeldis er maki beitir hitt eða börnin. Þá er gert ráð fyrir að hjúskaparbrot verði áfram lögskilnaðarástæða, þó þannig að ef slíkt atferli á sér stað eftir að leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng þá er það ekki grundvöllur lögskilnaðar. Það ákvæði er afnumið að unnt sé, þegar svona stendur á, að veita skilnað að borði og sæng og hafna lögskilnaðarkröfu ef tillitið til barna eða aðrar veigamiklar ástæður mæla með því.

E. Er réttmætt að taka upp finnsk-sænsku tilhögunina í stað skilnaðar að borði og sæng?

1. Við fyrstu sýn virðist ekki vera mikill munur á finnsku og sænsku tilhöguninni og þeirri íslensku, enda í báðum tilvikum um reynsluúrræði að ræða. Munurinn er þó nokkur: a. Krafist er samvistaslita samkvæmt íslenskum rétti eftir að leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng, andstætt því sem er við finnsk-sænsku lausnina. b. Hjón verða að ganga eftir lögskilnaði samkvæmt síðastgreindri tilhögun innan eins árs frá því að upprunalegur skilnaður var veittur. c. Krafa um að skipa skuli forsjármálum, framfærslumálum og fjárskiptamálum horfir annan veg við en samkvæmt íslenskum rétti.
2. Fyrir þann fjölda hjóna, sem slitið hafa samvistum áður en leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og leita síðan lögskilnaðar einu ári síðar eða svo, er það verulegur kostur að forsjármálum, framfærslumálum og fjárskiptum sé ráðið til lykta þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng, enda er oftast svo um samið að sama skipan gildi eftir lögskilnað, að undantekinni framfærslu með maka, sbr. og hér 45. gr. frumvarpsins. Sama gegnir um þann hóp hjóna sem leitar ekki lögskilnaðar síðar þótt samvistaslit haldist.

3. Fyrir þau hjón, sem samvistum eru þegar leyfi til skilnaðar að borði og sæng er gefið út, kann að virðast hart aðgöngu að slíkt leyfi leiði beinlínis til þess að þau hætti sambúð. Þess er þó að geta að eðlilegt er að túlka ákvæði, er að þessu lúta, tiltölulega frjálslega og t.d. ætla öðru hjóna nokkurn tíma til að afla íbúðar og flytja af heimilinu, sbr. hér 35. gr. frumvarpsins. Með þeim kröfum um samvistaslit og skipan ýmissa mála, sem að framan greinir, er fenginn grundvöllur fyrir hjónin til að meta hvernig skilnaðurinn muni verka í raun og veru; þau fá þá nokkra innsýn í það sem í vændum er ef lögskilnaðar verður leitað. Skilnaður án samvistaslita er á hinn veg með nokkrum óraunveruleikablæ.
4. Það er mikill kostur við íslenska skipulagið að hjónin geta leitað lögskilnaðar án þess að þurfa að hlíta tímatakmörkunum fyrir utan ákvæðið um lágmarkstíma frá því að þau fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Það er enn fremur kostur að þau geta hafið samvistir á ný og með því fellt niður leyfi til skilnaðar að borði og sæng með allsendis óformlegum hætti. Er kunnugt um að slíkt gerist hér í reynd í nokkrum mæli.
5. Skilnaður að borði og sæng á sér aldalanga hefð hér á landi. Ef ný skipan um þetta reynslutímabil væri lögleidd tæki vafalítið alllangan tíma að kynna almenningi hana. Ekki er kunnugt um að gildandi fyrirkomulag hafi sætt verulegri gagnrýni. Er þetta hvoru tveggja því til framdráttar að eigi verði horfið frá þessu rótgróna skilnaðarúrræði. Hér kemur það enn til að bæði Danir og Norðmenn ætla að halda þessu úrræði. Þótt nokkuð mismunandi leiðir séu valdar í annars vegar vestnorrænum og hins vegar austnorrænum rétti hvað þetta snertir ætti það ekki að koma að sök þar sem markmiðið er sameiginlegt með þessum tveimur úrræðum.
   Með skírskotun til þessa er sú stefna valin í frumvarpinu að halda skilnaði að borði og sæng sem skilnaðargerð svo sem verið hefur.

F. Heimild til að krefjast skilnaðar að borði og sæng í stað lögskilnaðar, sbr. 3. mgr. 32. gr. og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 60/1972.

Lagarökin, sem búa að baki þessum ákvæðum, voru þau að draga úr lögskilnaði sem ráðinn er í bráðræði.

Telja verður ákvæðin þarflaus eins og frumvarpið er úr garði gerð þar sem maki á samkvæmt því jafnan þess kost að takmarka skilnaðarkröfu sína við skilnað að borði og sæng, sbr. 34. gr. frumvarpsins. Með hliðsjón af ofangreindu og í samræmi við niðurstöðu norrænu samstarfsnefndanna er lagt til að ákvæðin verði afnumin.

G. Á samkomulag hjóna um skilnað að vera grundvöllur lögskilnaðar?

Um þetta efni hafa miklar umræður vaknað síðustu árin. Þegar aukin áhersla er lögð á hjúskapinn sem frjálst sambúðarsamband karls og konu er rökrétt að álykta að þau geti slitið þessu sambandi með samkomulagi sínu og raunar eigi annað hjóna að geta krafist þess einhliða, en þó þurfi staðfestingar af hálfu almenningsvalds. Í norræna lagasamstarfinu hafa menn verið á einu máli um að samkomulag hjóna um skilnað ætti að vera skilnaðarástæða. Skoðanir hafa verið skiptar um það eitt hvort samkomulag geti verið grundvöllur að lögskilnaði umsvifalaust eða aðeins að skilnaði að borði og sæng, svo sem nú er hér á landi og í Danmörku og Noregi.

Í sænsku löggjöfinni er það sett fram sem meginregla að samkomulag hjóna sé grundvöllur að lögskilnaði án reynslutímabils. Frá þessu er þó undantekning ef hjón eiga barn undir 16 ára aldri, þar á meðal stjúpbarn. Þá verður lögskilnaður ekki veittur umsvifalaust heldur skilnaður til reynslu. Í ljós er leitt að þessu er svo farið um a.m.k. 60% hjóna sem óska eftir skilnaði. Undantekningarreglan ber því meginregluna ofurliði í lagaframkvæmd.

Samkvæmt finnsku lögunum frá 1987 verður lögskilnaður án sex mánaða reynslutíma ekki veittur hjónum þótt þau beiðist hans sameiginlega. Skiptir ekki máli hvort hjón eigi börn undir 16 ára aldri eða ekki.

Dönsku lögin frá 1989 og hin norsku frá 1991 byggjast á óbreyttum lagaákvæðum í þessu efni, þ.e. að samkomulag hjóna verði aðeins grundvöllur skilnaðar að borði og sæng en ekki lögskilnaðar.

Í þessu frumvarpi er lögð til óbreytt skipan um þetta atriði. Byggist það m.a. á því að samkomulag hjóna verður oft að virða með nokkurri varúð. Að baki kann að leynast þrýstingur annars makans gagnvart hinu. Samkomulagið getur verið liður í að ná fram fjárskiptum eða ákveðinni niðurstöðu varðandi forsjá barna og að því kann að vera hrapað í því mikla tilfinningaróti sem hér ríkir oft og einatt. Sérstök ástæða er til að velja þá leið sem er varfærnislegri þegar hjónabönd hafa staðið alllengi og börnum er til að dreifa. Hér er þess einnig að gæta að lagt er til í frumvarpinu að unnt sé að krefjast lögskilnaðar sex til tólf mánuðum eftir að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng. Er það því ekki langur tími sem þreyja þarf.

H. Hjúskaparbrot sem skilnaðarástæða.

Umræða um hvort viðhalda eigi hjúskaparbroti sem lögskilnaðarástæðu í norrænni skilnaðarlöggjöf hefur verið ofarlega á baugi á síðustu árum. Víðast hvar á Norðurlöndum, þar á meðal hér á landi, fer í vöxt að lögskilnaðar sé leitað með vísan til meints hjúskaparbrots. Hér á landi má ætla að 20–25% lögskilnaða sé veittur á grundvelli ákvæðisins um hjúskaparbrot.

Sérákvæði um hjúskaparbrot hafa nú verið afnumin í Svíþjóð, Finnlandi og Noregi.

Í dönsku lögunum frá 1989 (1991) er hjúskaparbrot lögskilnaðarástæða svo sem verið hefur.

Vissulega má segja að það skjóti nokkuð skökku við að halda í hjúskaparbrot sem sérgreinda lögskilnaðarástæðu í ljósi þess að sakarreglunni er almennt hafnað í skilnaðarréttinum. Þá má einnig benda á að skv. 34. gr. frumvarpsins getur maki ávallt krafist skilnaðar að borði og sæng án þess að tilgreina þurfi sérgreinda ástæðu. Til viðbótar þessu kemur svo að þrjú Norðurlandanna hafa afnumið þessa lögskilnaðarástæðu. Á móti þessu kemur að ætla má að hér á landi sé það nokkuð almenn afstaða hjá almenningi að hjúskaparbrot sé svo alvarlegt brot á hjúskaparskyldum að hinum aðilanum eigi að vera kræfur lögskilnaður og ekki aðeins skilnaður að borði og sæng. Þá ber einnig að geta þess að ákvæði 39. gr. laga nr. 60/1972 er allmikið beitt í lagaframkvæmdinni.

Við samningu frumvarpsins hafa orðið þau málalok að greina hjúskaparbrot sem lögskilnaðarástæðu.

I. Aðrar sérgreindar skilnaðarástæður.

1. Lágmarkstími frá skilnaði að borði og sæng til lögskilnaðar.

Sá tími er nú eitt ár, sbr. 34. gr. laga nr. 60/1972. Í 36. gr. frumvarpsins er lagt til að greint verði milli þess svo sem var í lögum nr. 39/1921 hvort hjón séu sammála um að leita lögskilnaðar eða ekki. Ef þau eru á einu máli um það er lögskilnaður kræfur sex mánuðum eftir að skilnaður að borði og sæng var veittur, en ella eftir eitt ár. Skilnaður

að borði og sæng getur ekki gegnt hlutverki sínu sem reynslu- og sáttaúrræði nema hann taki yfir nokkurt tímabil. Aðilar þurfa tíma til að hugsa ráð sitt og hyggja að ýmsu. Ef samkomulag er milli þeirra um að leita lögskilnaðar eftir hálft ár sýnist rök skorta til þess að girða fyrir að krafa þeirra verði tekin til greina. Hér er lagt til að sama skipan verði tekin upp og samkvæmt dönsku lögunum frá 1989. Finnsku og sænsku lögin kveða svo á að reynslutímabilið sé sex mánuðir. Norsku lögin frá 1991 miða við eitt ár.

2. Ákvæði 35. og 36. gr. laga nr. 60/1972 um samvistaslit sem lögskilnaðarástæðu.

Þeim er steypt saman í eitt ákvæði, sbr. 37. gr. frumvarpsins, í samræmi við það að leitast hefur verið við að einfalda skilnaðarákvæðin.

3. Geðveiki sem lögskilnaðarástæða, sbr. 42. gr. laga nr. 60/1972.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði 42. gr. laga nr. 60/1972 um geðveiki sem sérgreinda lögskilnaðarástæðu verði afnumið. Dönsku, finnsku, norsku og sænsku lögin hafa afnumið hliðstæð ákvæði, enda er sú niðurstaða í samræmi við mat norrænu samstarfsnefndanna.

4. Hvarf maka, sbr. 37. gr. laga nr. 60/1972.

Ekki þykir ástæða til að halda í þetta ákvæði, enda er því ekki beitt í lagaframkvæmd og óraunhæft að jafnaði fyrir hinn makann að leita lögskilnaðar þegar maki hefur horfið. Er nærlægara að maki leiti dómsúrskurðar um að makinn sé talinn látinn, sbr. lög nr. 44/1981.

5. Tvíkvæni (tvíveri), sbr. 38. gr. laga nr. 60/1972.

Rétt hefur þótt að halda þessu ákvæði efnislega, sbr. 38. gr. frumvarpsins. Ákvæðið um ógildingu hjúskapar, þegar svona stendur á, dugir að vísu oftast, en hugsanlegt er þó að sú leið reynist torveld og annað hitt að aðili kann fremur að óska eftir því að hjúskap verði lokið með lögskilnaði, m.a. vegna þess að dómstólaleiðin er jafnaðarlega seinfarnari en öflun leyfis til lögskilnaðar.

6. Fangavist annars maka, sbr. 41. gr. laga nr. 60/1972.

Ekki þykja nægileg rök til að halda þessu ákvæði í lögum og er það lítt notað í framkvæmd. Endurhæfing fanga er mikilvægt sakfræðilegt markmið. Er þetta ákvæði í vissri andstöðu við þá yfirlýstu lagastefnu. Skilnaður að borði og sæng er þá æskilegri lausn ef hugur hins makans stendur til hjúskaparslita.

Athugasemdir um einstök ákvæði VI. kafla.

A. Skilnaður að borði og sæng.

Um 33. gr.

Greinin samsvarar 31. gr. laga nr. 60/1972. Hér er gert ráð fyrir að samkomulag hjóna um skilnað dugi sem grundvöllur að leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Samkvæmt 44. gr. frumvarpsins þarf annaðhvort að vera samkomulag um fjárskiptin eða fyrir liggi að opinber skipti séu hafin vegna fjárskipta.

Um 34. gr.

Þessi grein er nýmæli og felur í sér að annað hjóna getur einhliða krafist skilnaðar að borði og sæng. Verður gildi 33. gr. frumvarpsins vissulega takmarkað þegar greinar þessar eru bornar saman, en 33. gr. höfðar til þess að hjón leitist við að ráða máli til lykta með samkomulagi.

Úrlausnaraðili hlýtur að verða að una mati maka sjálfs á því hvort hann telji sig geta haldið áfram sambúðinni, enda er utanaðkomandi torvelt að virða það mál.

Greinin á sér nokkra samvörun í 32. gr. laga nr. 60/1972, en er til muna einfaldari og ekki er að finna í henni þau sakaratriði sem eru í 32. gr.

Um 35. gr.

Í 33. gr. laga nr. 60/1972 segir að þegar samvistir takist milli hjóna sem skilin eru að borði og sæng falli niður réttaráhrif skilnaðarleyfisins. Þetta á einnig við ef samvistir hafa aldrei rofnað. Lögskýring á orðalaginu að „samvistir takist" hefur valdið nokkrum erfiðleikum. Má um það vísa til hæstaréttardóms 1979, bls. 1369, er felur í sér býsna strangar kröfur til samvistaslita. Réttmætt þykir að kveða nánar á um þetta atriði í lagatextanum sjálfum og draga úr kröfunni um samvistaslit. Er þá annars vegar tekið mið af því að maki þurfi tíma til að afla sér húsnæðis og heimilisaðstöðu vegna flutnings af heimilinu og hins vegar þykir eiga að búa svo um hnúta að hjón hafi tök á að reyna sættir með því að endurvekja samvistir um skamma hríð án þess að réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng falli niður. Býr sanngirni hér að baki og viðleitni til að efla sáttahlutverk skilnaðar að borði og sæng. Vissulega er orðalag hér teygjanlegt, en það veitir grundvöll til frjálslegrar túlkunar. Hér er brotið upp á því að vísireglur verði lögfestar, en ógerningur er samkvæmt eðli máls að beita greinimarki sem hnitmiðað sé.

B. Lögskilnaður.

Um 36. gr.

Greinin er hliðstæð 34. gr. laga nr. 60/1972, sbr. áður 62. gr. laga nr. 39/1921. Í greininni er kveðið á um lágmarkstíma er líða verður frá því að skilnaður að borði og sæng er veittur og fram til þess að lögskilnaður er kræfur. Í ákvæðinu er greint milli þess hvort hjón séu á einu máli um að leita lögskilnaðar eða ekki. Í fyrra tilvikinu er frestur sex mánuðir, en eitt ár í hinu síðarnefnda. Samkvæmt 34. gr. laga nr. 60/1972 er frestur ávallt eitt ár.

Um 37. gr.

Greinin er hliðstæð 35. gr. laga nr. 60/1972, en fresturinn er styttur úr þremur árum í tvö ár. Ákvæði 36. gr. laga nr. 60/1972 þykir óþarft við hlið 37. gr. frumvarpsins.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 38. gr. laga nr. 60/1972 og er vikið að henni hér áður.

Um 39. gr.

Í þessari grein er ákvæði um hjúskaparbrot sem lögskilnaðarástæðu og vísast um það til almennra athugasemda við þennan kafla frumvarpsins.

1. og 3. mgr. samsvara 1. og 3. mgr. 39. gr. laga nr. 60/1972. Hins vegar hefur 2. mgr. 39. gr. laganna verið felld niður svo sem áður greinir. 2. mgr. 39. gr. frumvarpsins felur í sér það nýmæli að verknaður, sem á sér stað eftir skilnað að borði og sæng, verði ekki grundvöllur að lögskilnaði. Eftir núgildandi lögum hvílir trúnaðarskylda áfram á hjónum eftir skilnað að borði og sæng, en í norræna löggjafarsamstarfinu voru menn á einu máli um að afnema hana, sbr. dönsku lögin frá 1989 og hin norsku frá 1991.

Í 3. mgr. er notað orðalagið að krafa sé „sett fram" í stað þess að í lögum nr. 60/1972 er sambærilegt orðalag að afhenda umsókn. Þykir hið breytta orðalag markvísara, sbr. einnig um þetta 2. mgr. 40. gr. frumvarpsins.

Um 40. gr.

Þessi grein er hliðstæð 40. gr. laga nr. 60/1972. Orðalagi er nokkuð vikið við. Ákvæðið fjallar um ofbeldisverk sem annað hjóna sýnir af sér gagnvart hinu eða börnum sem dveljast á heimili þeirra. Er við það miðað að líkamsárás valdi tjóni á líkama eða heilbrigði. Er hér notað sama orðalag og í 218. gr. almennra hegningarlaga um verknaðinn. Greinin tekur ekki til minni háttar líkamsmeiðinga, svo sem þegar mar, skinnspretta, blóðnasir eða glóðarauga hlýst af aðförinni, andstætt því sem almennt verður að telja um beinbrot. Hafa verður í huga hver afleiðing árásar verði fyrir heilsu þess er fyrir verður. Þá ber að taka til athugunar hvort atferlið sé fallið til að vekja alvarlegan ótta um endurtekið ofbeldisverk. Í því sambandi getur tilraunarverknaður fallið undir greinina, bæði tilraun til meiri háttar líkamsmeiðingar og manndráps. Enn fremur ber að kanna fyrra atferli makans, svo sem hvort um endurtekið ofbeldisverk sé að ræða.

Það er ekki skilyrði að maður hljóti refsidóm fyrir verknaðinn og hægt er að beita ákvæðinu þótt maður sem sannur er að ofbeldisverki sé ósakhæfur. Gáleysisverknaður fellur utan ákvæðisins, svo sem gáleysisleg stjórn ökutækis, gáleysisleg meðferð eldfimra efna eða leiktækja, er leiða til tjóns á líkama eða heilsu. Um atlögu að börnum er tekið fram í textanum að hér sé átt við börn sem dveljast á heimili þeirra hjóna. Getur þar ýmist verið um sameiginleg börn að ræða, stjúpbörn, fósturbörn eða börn sem þar dveljast ella.

C. Úrlausn um kröfu til skilnaðar.

Um 41. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um hverjir leysi úr kröfu um skilnað að borði og sæng og lögskilnað. Er greininni ætlað að leysa 43. gr. laga nr. 60/1972 af hólmi.

Ákvæðið byggist á þeirri grunnreglu að í flestum tilvikum eigi að vera unnt að leita skilnaðar hvort sem er hjá dómstólum eða stjórnvöldum. Er það sama meginregla og skv. 43. gr. laga nr. 60/1972. Með greininni er þó stofnað til allmikilla breytinga á úrlausnarvaldi stjórnvalda. Er úrlausnarvald sýslumanna aukið til muna, en gert er ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið verði málskotsstig um úrlausnir sýslumanns.

1. Sýslumenn og þeir einir veita leyfi til skilnaðar að borði og sæng skv. 33. gr. frumvarpsins, svo og til lögskilnaðar skv. 1. mgr. 36. gr., þ.e. þegar hjón eru sammála um að leita skilnaðar. Hér er af eðlisástæðum ekki gert ráð fyrir málskoti til dómsmálaráðuneytis og ekki þykja rök til þess að dómstóll fjalli um mál þegar svona stendur á.
2. Skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar samkvæmt öðrum ákvæðum en 33. gr. og 1. mgr. 36. gr. má leita hjá sýslumönnum ef hjón eru sammála um það, en endranær leysir dómstóll úr kröfu aðila um skilnað.
3. Synjun sýslumanns á úrlausn skv. 2. mgr. 41. gr. getur aðili skotið til ráðuneytis innan tveggja mánaða frá dagsetningu bréfs um synjunina, sbr. og 132. gr. frumvarpsins. Synjun sýslumanns gæti einkum átt sér stað þegar hann teldi vandkvæði á sönnunarfærslu. Þótt dómsmálaráðuneytið felli synjun sýslumanns úr gildi gefur það ekki út skilnaðarleyfi heldur leggur fyrir sýslumann að taka málið til nýrrar meðferðar.
4. Synjun stjórnvalds um útgáfu leyfis er ekki því til fyrirstöðu að unnt sé að leggja skilnaðarkröfu fyrir dómstóla. Þetta ákvæði á bæði við um skilnað að borði og sæng og lögskilnað.

Víða um lönd er úrlausn skilnaðarmála hjá dómstólum einum. Ekki hafa þótt rök til þess að fara þá leið þegar hjón eru sammála um skilnað eða um að leita hans hjá stjórnvaldi. Er á það að líta að stjórnvaldsleiðin er að jafnaði greiðfærari og ódýrari fyrir aðila, auk þess sem hún styðst við langa hefð hér á landi. Ekki verður séð að þessi skip-

an sé andstæð þjóðréttarsamningnum er Ísland hefur bundist frekar en t.d. norska tilhögunin.

Í frumvarpi til barnalaga er sýslumönnum ætlaður aukinn hlutur í úrlausnum sifjaréttarmála. Er vafalaust hagræði að því fyrir fólk er býr utan höfuðborgarsvæðis að geta leitað til sýslumanns með þessi mál. Auk þess sem það horfir til réttaröryggis að hægt sé að skjóta málum til ráðuneytis. Á það sama við um skilnaðarmál. Þekking sýslumanna á högum fólks í umdæmi þeirra getur hér komið að liði.

D. Sættir milli hjóna.

Um 42. gr.

Greinin mælir fyrir um sættir milli hjóna vegna fyrirhugaðs skilnaðar. Er henni ætlað að koma í stað 44. gr. laga nr. 60/1972 svo sem henni var breytt með lögum nr. 132/1989.

1. Það hefur lengi verið regla íslenskrar skilnaðarlöggjafar að skylt sé að reyna sættir með hjónum áður en skilnaður er veittur. Lengstum hafa prestar annast um sættir, en samkvæmt lögum nr. 39/1921 skyldu ýmist prestar eða sáttanefndir leita sátta milli hjóna, sbr. síðar 44. gr. laga nr. 60/1972. Gilti sú regla allt til þess að lög nr. 28/1981, um breyting á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, afnámu sáttanefndir. Hjúskaparlögum var ekki breytt þá og fjölluðu prestar eða forstöðumenn trúfélaga einir um sættir. Með lögum nr. 132/1989 var bætt úr þessum annmarka. Var þar kveðið svo á að hjón, sem væru utan trúfélaga eða þar sem hvort heyrir til sínu trúfélagi, gætu leitað til yfirvalds um sættir.
2. Með sáttum er hjónum, sem hyggja á skilnað, búinn vettvangur til að ræða mál sín við hlutlausan aðila er kannar með viðræðum við aðila hvort grundvöllur sé „að framhaldi hjúskaparins". Þessu úrræði er ætlað að draga úr því að hrapað sé að skilnaðinum, en sáttasemjara ber að höfða til ábyrgðarkenndar hjóna ekki síst gagnvart ungum börnum þeirra.
3. Um gildi sáttaumleitana vegna skilnaða eru vafalaust skiptar skoðanir. Í strjálbýli, þar sem prestar þekkja vel til haga fólks, verða umleitanir prests, ef að líkum lætur, vænlegri en í þéttbýli þar sem persónuleg kynni eru oft minni. Sáttastarfið er því miður oft of seint á ferð ef svo má að orði komast. Sátta er oftast ekki leitað fyrr en djúpstæður ágreiningur hefur myndast milli hjóna.
   Ráðgjöf reynds prests eða forstöðumanns trúfélags getur ótvírætt verið til mikilla bóta. Á það er þó einnig að líta að mikil þörf er á fjölskylduráðgjöf sem veitt sé í sérstökum stofnunum er hafi sérmenntuðum starfsmönnum á að skipa, svo sem lögfræðingum, prestum, sálfræðingum, uppeldisfræðingum, félagsráðgjöfum, o.fl. Brýn þörf er einnig á stóraukinni fræðslu um fjölskyldumál, þar á meðal í skólum. Ætti íslensku þjóðfélagi að vera umhugað um úrræði er horfa til fjölskylduverndar og eflingar fjölskyldutengsla. Vantar hér á landi bagalega almenna stefnumörkun í fjölskyldupólitík.
4. Í norræna hjúskaparlagasamstarfinu hefur verið um það rætt hvort réttmætt sé að halda í skyldubundnar sáttir. Enn fremur hafa farið fram víðtækar umræður um hvernig haga eigi sáttastarfinu. Þeim skoðunum hefur vaxið fylgi að rök standi ekki til þess að viðhalda skyldubundnum sáttum, heldur beri að veita hjónum kost á að leitað verði um sættir með þeim ef hugur þeirra stendur til þess. Einnig hefur það verið rætt að mikil þörf sé á að koma upp fjölskylduráðgjöf sem hjón eigi greiðan aðgang að með vandamál sín.
5. Samkvæmt finnsku og sænsku lögunum frá 1987 og hinum dönsku frá 1989 er horfið frá skyldubundinni sáttatilhögun. Er reglunum breytt í það horf að sáttastarfsemi

af hálfu þjóðfélags sé úrræði sem hjón eigi kost á, en þeim sé ekki skylt að nýta sér það.

6. Í 42. gr. frumvarpsins er ekki gengið jafnlangt í að afnema skyldubundna sáttastarfsemi eins og í ofangreindum lögum. Hefur sú leið verið valin að greina milli þess hvort hjón eigi börn undir 16 ára aldri eða ekki. Tillitið til barnanna vegur þungt og þykir réttmætt að halda reglunni um skyldubundnar sáttir þegar þau eiga hlut að máli. Er auðsætt að sérstaklega rík ástæða er til þess fyrir hjón að ræða við sáttasemjara þegar þau eiga börn og þjóðfélagshagsmunir bjóða að þá sé stuðlað að sáttatilraunum. Hér er valin leið sem er svipuð norsku lögunum frá 1991 og naut mikils fylgis í norska Stórþinginu.

   Í frumvarpinu er lagt til að sættir verði ekki eingöngu skyldubundnar þegar hjón eiga sameiginleg börn, heldur einnig ef stjúpbarni er til að dreifa, enda fari stjúpforeldri með forsjá barns. Við þessar aðstæður mælir tillitið til barns með því að sátta verði leitað með hjónum svo sem er þegar þau eiga barn saman.

   Sú undantekning er frá ákvæðinu um skyldubundnar sættir að þær eiga ekki við þegar hjón, sem skilin eru að borði og sæng, eru sammála um að leita lögskilnaðar.

Samkvæmt ofangreindu er það skoðun sifjalaganefndar að ekki séu rök til þess að skylda hjón til að gangast undir sáttaumleitan ef þau eiga ekki ósjálfráða börn, en lögð er áhersla á að hjón eigi þess ávallt kost. Virðist ólíkt sáttavænlegra að hjón óski sjálf þvingunarlaust eftir slíku, en að þau séu skylduð til þess. Þeir er annast sáttir fá þá meira ráðrúm til að einbeita sér að því sáttastarfi þar sem frekar er að vænta árangurs.

Bent er á að biskup Íslands og Prestafélag Íslands hafa í umsögnum sínum um frumvarpið varað við því að hvikað verði frá reglunni um skyldubundnar sættir og bent á að hjónum sé einnig þörf á sáttum þótt þau eigi ekki ósjálfráða börn. Aðrir umsagnaraðilar hafa ekki gert athugasemd við þetta ákvæði.

Sáttatilraun prests eða löggilts forstöðumanns skal hafa farið fram á síðustu sex mánuðum áður en skilnaðarmál er höfðað eða sett fram krafa um skilnað fyrir sýslumanni. Samkvæmt eðli máls á þessi frestur ekki við ef sýslumaður eða dómari leitar um sættir samkvæmt ákvæðinu.

Í 7. mgr. 42. gr. er ákvæði sem samsvarar 2. mgr., sbr. 3. mgr. 44. gr. laga nr. 60/1972. Ákvæðið byggist á þeirri reglu að hjón skuli sækja sáttafund persónulega. Dugir því ekki að fulltrúi maka, t.d. lögmaður, sæki sáttafund. Enn fremur er byggt á því að bæði hjón sæki sáttafund saman. Frá því víkur þó ef erfiðleikar eru á slíku vegna þess að hjón búa fjarri hvort öðru og dugir þá að leitað sé um sættir með hvoru um sig. Ekki þykir raunhæft að setja fram afdráttarlausa reglu um fjarlægð milli heimila hjóna svo sem er í 3. mgr. 44. gr. laga nr. 60/1972. Er þetta atriði háð mati sáttasemjara og síðar þess er leysir úr kröfu um skilnað og fer eftir aðstæðum, svo sem samgöngum og högum maka. Ekki þykir gerlegt að beita sektaviðurlögum þótt maki sinni ekki kvaðningu þegar sátt er skyldubundin, sbr. hins vegar 3. mgr. 44. gr. laga nr. 60/1972. Ef maki er búsettur erlendis þarf ekki að reyna sátt að því er hann varðar.

Í 8. mgr. er kveðið á um að sáttaumleitan í stofnun um fjölskylduráðgjöf geti komið í stað sáttaumleitunar þeirra sáttamanna sem kveðið er á um í 4. mgr. greinarinnar. Er gert ráð fyrir að hjón geti þá valið milli þess að leita til stofnunar eða sáttamanna skv. 4. mgr.

E. Skilnaðarkjör.

Um 43. gr.

Greinin kemur í stað 45. gr. laga nr. 60/1972.

Umleitun um skilnaðarkjör fyrir sýslumanni eða dómara gegnir verulegu hlutverki. Í

fyrsta lagi því hlutverki að reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skilnaðarkjör þar sem það er ekki fyrir hendi, en einnig til að staðreyna að raunverulegt samkomulag sé milli hjóna um þau og til að athuga hvort hallað sé á ósanngjarnan hátt á annað hjóna með slíku samkomulagi eða a.m.k. að vekja athygli á því ef slíku er til að dreifa. Ekki sýnist þörf á slíkri umleitun ef hún hefur verið framkvæmd við skilnað að borði og sæng og er kveðið á um að sú skipan skuli einnig gilda eftir lögskilnað, sbr. 2. mgr.

Á því er byggt að lögmaður geti komið fyrir sýslumann eða dómara og undirritað þau skjöl sem hér er um að ræða fyrir hönd hjóna, enda hafi hann sérstakt umboð til þess.

Athygli er vakin á því að skv. 107. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, er hægt að vísa sáttaumleitunum í dómsmáli til sýslumanns og ætti það einnig við í hjúskaparmálum sem rekin eru fyrir dómi.

Samningur hjóna um skilnaðarkjör verður ekki endanlega skuldbindandi fyrr en hann hefur verið staðfestur fyrir sýslumanni eða dómara, sbr. hrd. 1987, bls. 724.

Um 44. gr.

Hér segir um atriði sem skipa þarf við skilnað, þ.e. um forsjá barna, framfærslu og fjárskipti. Er vísað til viðeigandi ákvæða í lögum um þetta efni, en greinin hefur að öðru leyti ekki sjálfstætt réttarheimildagildi.

Langan tíma getur tekið að leysa úr deilu foreldra um forsjá barna. Ekki þykir ástæða til að fresta úrlausn um skilnaðarkröfu þótt foreldrar deili um forsjá. Ákvæðið byggist að sjálfsögðu á því að ágreiningur um forsjá sé til meðferðar hjá lögmæltum yfirvöldum í samræmi við ákvæði barnalaga. Sama á við þegar foreldrar deila um framfærslueyri.

Gert er ráð fyrir að sérstök krafa verði að koma fram hjá öðrum aðila eða báðum um að skilnaður verði veittur áður en leyst verði úr ágreiningi um forsjá eða framfærslueyri.

F. Um gildi skilnaðarkjara vegna skilnaðar að borði og sæng.

Um 45. gr.

Greinin er sama efnis og 46. gr. laga nr. 60/1972. Áréttað er að til þess að heimilt sé við lögskilnað að víkja frá skilnaðarskilmálum sem ákveðnir hafa verið við skilnað að borði og sæng þurfi fyrirvari þar að lútandi að hafa komið fram við skilnað að borði og sæng að jafnaði í skilnaðarsamningi hjóna eða verið bókaður í hjónaskilnaðarbók af sýslumanni eða löglærðum fulltrúa hans að ósk beggja hjóna, sbr. þó um framfærslueyri með maka 50. gr. frumvarpsins.

Þetta ákvæði stendur ekki í vegi fyrir því að unnt sé við lögskilnað að krefjast breytinga á forsjá barns og meðlagi með því samkvæmt almennum ákvæðum barnalaga vegna breyttra aðstæðna og haga og þarfa barns, sbr. 1. mgr. 35. gr. frumvarps til barnalaga.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru einkaréttarreglur um ábyrgð hjóna á framfærslu fjölskyldu, þ.e. um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna og ábyrgð þeirra í þessu efni gagnvart börnum sem á heimili eru. Ákvæðin um framfærsluskyldu í opinberum rétti eru í framfærslulögum, nr. 80/1947.

Einkaréttarákvæðin um framfærsluskyldu og viðmiðun um efnisleg framlög til framfærslu eru alldreifð í gildandi lögum. Um framfærsluskyldu hjóna í virkum hjúskap eru ákvæði í I. kafla laga nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna. Ákvæðin um framfærslu eftir skilnað eru í V. kafla laga nr. 60/1972, einkum í 49. og 50. gr. Ákvæðin um framfærslu barna eru í IV. kafla barnalaga, nr. 9/1981.

Í þessum kafla frumvarpsins eru felld saman ákvæði um framfærsluskyldu hjóna bæði

meðan hjúskapur varir og eftir skilnað hjóna. Almenna ákvæðið í 46. gr., sbr. 47. gr. frumvarpsins, tekur til framfærsluskyldu gagnvart fjölskyldu í heild sinni, þar á meðal gagnvart börnum. Geyma þau ákvæði frumreglur um framfærsluskyldu og framfærsluframlög. Að öðru leyti fjalla ákvæðin um framfærsluskyldu hjóna sín á milli því að framfærsluákvæði barnalaga eru ekki felld inn í þennan kafla, heldur er lagt til að þau haldist í barnalögum, sbr. og III. kafla frumvarps til barnalaga. Stafar það af því að í barnalögum er fjallað samfellt um framfærslureglur varðandi öll börn. Er óheppilegt að rjúfa þá regluheild.

Á síðustu árum hefur allmikil umræða orðið um það annars staðar á Norðurlöndum hvort ástæða sé til að halda í gagnkvæma framfærsluskyldu að lögum milli hjóna. Þeir sem vilja rjúfa þessi tengsl setja á oddinn að hjúskapur eigi ekki að vera framfærslustofnun og alls ekki út yfir endimörk sín, þ.e. eftir lögskilnað. Hið síðastnefnda hefur verið meginregla íslenskra sifjalaga allt frá setningu laga nr. 39/1921, um stofnun og slit hjúskapar. Hafa íslensk lög haft í því efni nokkra sérstöðu meðal annarra norrænna laga. Gert er ráð fyrir því í 2. mgr. 50. gr. að þessari reglu verði áfram haldið. Í norræna löggjafarsamstarfinu hefur sú skoðun að fella niður gagnkvæma framfærslu hjóna ekki notið byrjar. Lögð er áhersla á samábyrgð hjóna á afkomu fjölskyldunnar og samheldni innan hennar. Er eðlilegt út frá því grundvallarsjónarmiði að hvort hjóna um sig leggi það af mörkum til heimilisrekstrar og útgjalda hvors um sig sem hæfilegt megi telja, þar á meðal í formi vinnuframlaga á heimili. Frá lagatæknilegu sjónarmiði er örðugt að hverfa frá hugtakinu framfærsla sem merkir skyldu til framlaga. Hvorugt hjóna er þó framfærandi eða framfært öðru fremur og ætti að hverfa frá því orðalagi. Eins og í fyrri lögum er sérstök áhersla lögð á það að vinna á heimili sé ekki síður gilt framlag til framfærslu en peningagreiðsla, sbr. 1. mgr. 47. gr. frumvarpsins.

Ekki gætir mikilla efnislegra nýmæla í þessum kafla frumvarpsins umfram hina nýju efnisskipan sem rætt er um hér að framan, en ákvæðin eru um margt nokkru einfaldari í sniðum en hliðstæð ákvæði í gildandi lögum.

A. Framfærsluskylda hjóna meðan á hjúskap stendur.

Um 46. gr.

1. mgr. samsvarar 2. gr. laga nr. 20/1923. Hún geymir ákvæði um framfærslu og afkomu fjölskyldunnar. Sanngirnismælikvarða á að leggja á framlög hvors um sig í þessu efni.

2. mgr. er sama efnis og 4. gr. laga nr. 20/1923. Segir þar fullum fetum að framlag annars hjóna til sérþarfa hins verði hjúskapareign viðtakanda sem skuldheimtumenn greiðanda geta þá ekki gengið að. Hins vegar verður þetta fé eða ígildi þess ekki séreign viðtakanda nema sérstök heimild sé til þess, þ.e. kaupmáli. Er það tekið fram vegna ummæla í greinargerð fyrir frumvarpi til laga nr. 20/1923.

Um 47. gr.

1. mgr. samsvarar 1. málsl. 2. gr. laga nr. 20/1923, en er nokkru víðtækari að efni til.

Í 2. mgr. er ákvæði er samsvarar 3. gr. laga nr. 20/1923 og að meginefni sams konar og það ákvæði.

Um 48. gr.

Þessi grein fjallar um vanrækslu á skyldum skv. 46. og 47. gr. og hvernig brugðist skuli við því.

Greinin er sama efnis og 5. gr. laga nr. 20/1923. Við úrlausn um framlög skal beita reglum 47. gr.

Rétt er að árétta að barnalög gilda almennt um framfærsluskyldu foreldra gagnvart börnum, en með hliðsjón af því að örðugt getur reynst að aðgreina sérstaklega vanrækslu á framfærsluskyldum gagnvart börnum við mat á vanrækslu á framfærsluskyldu skv. 46. og 47. gr. fela ákvæðin í sér heimild til að kveða jafnframt á um framlög til framfærslu þeirra. Sjálfsagt verður þó þessari heimild ekki mikið beitt í framkvæmd þar sem úrskurðarhafi skv. 48. gr. á ekki aðgang að Tryggingastofnun um greiðslur eins og um úrskurði um meðlög með börnum á grundvelli barnalaga.

Um 49. gr.

Hér segir um úrskurði um framfærslueyri samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Greinin fjallar um sama efni og 9. og 10. gr. laga nr. 20/1923.

Framlög skv. 49. gr. ákveða stjórnvöld, sýslumenn, sbr. 1. mgr., en dóms- og kirkjumálaráðuneytið ef úrlausn sýslumanns er skotið þangað, sbr. 132. gr. frumvarpsins. Dómstólum er ekki ætlað að leysa úr þessum málum og er það í samræmi við gildandi lög.

2. mgr. er sama efnis og 10. gr. laga nr. 20/1923. Samkvæmt ákvæðinu hefur sýslumaður heimild til að breyta samningi hjóna. Þetta er undantekning frá þeirri meginreglu að eingöngu sé heimilt að gera breytingar á samningi með dómi, sbr. 52. gr. frumvarpsins. Styðst sú undantekning við það að ekki er við neinar formreglur að styðjast varðandi samninga hjóna um þessi efni og þau njóta ekki leiðsagnar um gerð þeirra andstætt því sem er við skilnað, sbr. 52. gr.

Í 4. mgr. segir að aðeins sé hægt að ákveða framfærslueyri skv. 48. gr. fyrir síðasta árið áður en krafa er sett fram. Þykir réttmætt að setja hér tímaskorður, enda er ástæða til að stuðla að því að slíkar kröfur komi tímanlega fram, sbr. hér til hliðsjónar 1. mgr. 6. gr. laga nr. 20/1923.

B. Lífeyrir með maka eftir skilnað að borði og sæng og lögskilnað.

Um 50. gr.

Greinin er sama efnis og 49. gr. laga nr. 60/1972. Í upphafi segir þó að gagnkvæm framfærsluskylda haldist eftir skilnað að borði og sæng. Er lagt til að þar sé lögfest ótvíræð fræðiskýring.

Orðalagi er nokkuð hnikað til varðandi heimild til að úrskurða lífeyri eftir lögskilnað til áréttingar á því að það skuli vera í algerum undantekningartilvikum sem lífeyrir sé úrskurðaður eftir lögskilnað.

Um 51. gr.

1. og 2. mgr. eru hliðstæðar 1. og 2. mgr. 50. gr. laga nr. 60/1972. Úrskurði sýslumanns skv. 1. mgr. verður skotið til dóms- og kirkjumálaráðuneytis samkvæmt meginreglunni um málskot til æðra stjórnvalds, sbr. 132. gr. frumvarpsins.

3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 50. gr. laga nr. 60/1972. Um það hefur verið allmikið rætt í sifjalaganefnd og í norrænu samstarfsnefndunum hvort kveða ætti enn fremur svo á hér að skylda til greiðslu framfærslueyris falli niður ef sá sem á rétt til hans stofnar til óvígðrar sambúðar, þ.e. að leggja hér að jöfnu hjúskaparstofnun og stofnun óvígðrar sambúðar. Ótvírætt er að ákvæði 3. mgr. 50. gr. laga nr. 60/1972 verður ekki túlkað svo, enda ekki um að ræða framfærsluskyldu milli aðila í óvígðri sambúð eins og er milli hjóna. Eðlilegt þykir að þetta atriði verði tekið til gagngerðar athugunar þegar fjallað verður um heildarlagasetningu um óvígða sambúð. Að svo stöddu þykir ráðlegt að láta við óbreytta skipan sitja.

Þótt hjúskapur falli niður raknar réttur til framfærslueyris eftir fyrri hjúskap ekki við; hann er fallinn brott endanlega.

Sýslumaður getur breytt úrlausn sinni um fjárhæð framfærslueyris ef skilyrðum 1. mgr. 49. gr. er fullnægt þótt til grundvallar henni liggi dómur um framfærsluskyldu.

Um 52. gr.

Greinin er sama efnis og 51. og 54. gr. laga nr. 60/1972.

Á það hefur reynt í dómi hvernig meta eigi samkomulag hjóna um forsjá barna sem staðfest er fyrir valdsmanni ef dómsmálaráðuneyti tekur ákvæði í skilnaðarbréf um skipan máls í samræmi við það sem aðilar hafa orðið ásáttir um, sbr. hrd. 1976, bls. 656. Þetta gæti einnig gerst að því er framfærslueyri varðar. Þegar skýr gögn liggja fyrir um það að ákvörðun sýslumanns sé beinlínis reist á því sem hjón hafa orðið ásátt um virðist eiga að meta það svo að samningsreglan eigi við að því er breytingu varðar þótt ákvæði sé tekið upp í skilnaðarbréf um þetta efni.

Um eignaskipulag hjúskaparlaga og viðhorf við endurskoðun þess, sbr. VIII.–XII. kafla.

Í VIII.–XII. köflum frumvarpsins er fjallað um eignaskipulagið í hjúskap, eignamynstrið, einstakar eignadeildir, skuldaábyrgð og samninga hjóna. Eru þetta mikilvægir þættir í hjúskaparlögum. Er virða skal hvernig skipa skuli þessum málum þykir nauðsynlegt að gera stutta grein fyrir eignaskipulagi laga nr. 20/1923 (skammstöfuð hjrl.) svo og lítillega erlendra laga. Með þessa greinargerð að bakhjarli verða svo settar fram athugasemdir um hverju ráðlegt þyki að breyta í núgildandi reglum og verður þá jöfnum höndum vikið að ýmsum álitamálum og niðurstöðum í hinni norrænu löggjafarsamvinnu síðustu ára um þessi efni.

A. Nokkur meginatriði í lögum nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna.

Lögin um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, eru eftirtekja þeirrar norrænu samvinnu á sviði sifjalaga sem hófst árið 1909. Með norræna lagasamstarfinu var í ríkum mæli komið á lögeiningu á þessu veigamikla lagasviði um Norðurlönd öll. Samningar milli Norðurlandanna um framkvæmd einstakra þátta í þessari löggjöf hafa og stuðlað að greiðri framkvæmd laganna í skiptum þeirra í milli.

Norrænu lögin um réttindi og skyldur hjóna, er einkum varða fjárhagsmálefni hjóna, vöktu mikla athygli víða um lönd. Þau höfðu það megintakmark að stuðla að jafnstöðu karls og konu innan hjúskapar og gagnvart börnum, svo og að lagalegu sjálfstæði hvors maka um sig.

1. Mikilvægt var að samkvæmt lögum nr. 20/1923 skyldi forræði eigna hvors um sig vera í höndum þess hjóna er aflaði verðmætis. Fólst í því gagnger breyting frá fyrri tíðar lögum er ætluðu bóndanum forræði allra eigna hjóna er töldust til fjárfélags þeirra sem svo var nefnt, sbr. lög nr. 3/1900 hér á landi. Jafnframt var í hjrl. mælt fyrir um *skipta skuldaábyrgð* þótt nokkur dæmi séu um samábyrgð, en samkvæmt fyrri tíðar lögum svaraði fjárfélagið í heild sinni til skulda hjóna að meginstefnu til. Hlutur eiginkonu var næsta ófrjáls og áhættusamur eftir lögunum frá 1900.
2. Þá skipti það miklu að lögin frá 1923 leggja að jöfnu, a.m.k. að því er framfærsluframlög varðar, *hlut þess* sem heima vinnur og hlut hins er leggur fram peninga til heimilishaldsins. Með þessu var til þess stofnað að veita framlagi þess er bundinn er við heimilstörf, oftast húsfreyju, verðskuldaða viðurkenningu.
3. Þótt meginreglan sé sú að hvort hjóna um sig hafi forræði hjúskapareigna sinna samkvæmt lögum nr. 20/1923 þá eru *reistar skorður* við því í einstaka tilviki, sbr. 20. og 21. gr. og raunar 19. gr. laganna, einkum með þeim hætti að áskilið er samþykki hins makans ef ætlunin er að afhenda, veðsetja eða leigja fasteign sem er í hjúskap-

areign og fjölskyldan býr á eða notuð er við atvinnurekstur hins hjóna. Sama er um afhendingu og veðsetningu lausafjármuna sem teljast til sameiginlegra búsmuna. Öryggisloki er svo í 22. gr. er tekur mið af því ef neitað er að ófyrirsynju um samþykki. Allt eru þetta ákvæði í þágu fjölskylduverndar.

4. Lögin nr. 20/1923 kveða svo á að *séreignir* geti myndast í hjúskap bæði á þá lund að hjónum sé heimilt að lýsa tiltekin verðmæti séreign með kaupmála og einnig geta gefendur og arfleiðendur mælt svo fyrir að gjöf eða arfur verði séreign, sbr. 23. gr. laganna. Þá eru þess dæmi að séreign sé lögmælt til hlítar, sbr. 18. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, 30. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, 6. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, sbr. og 44. gr. hjrl. Með lögum nr. 10/1962 var hjónum heimilað að stofna til nýrrar gerðar af kaupmálum þar sem unnt var að kveða svo á að verðmæti skyldi verða séreign í lifanda lífi hjóna, en hlíta reglum um hjúskapareignir eftir lát annars þeirra.
5. Lög nr. 20/1923 byggjast á því að við *skipti* eftir lok hjúskapar (og raunar við skilnað að borði og sæng) skuli skírri hjúskapareign hvors maka um sig skipt til helminga, sbr. 2. mgr. 18. gr., en sá maki, sem séreign á taki séreignarverðmæti að óskiptu, sbr. þó kaupmálagerð þá sem heimiluð var með lögum nr. 10/1962. Frávik eru samt frá þessari reglu, sbr. einkum 51.–55. gr. laganna um endurgjaldskröfur annars hjóna, m.a. vegna þess að hitt hefur rýrt hjúskapareign sína með óhæfilegri háttsemi. Með VI. kafla laga nr. 60/1972 eru veittar frekari heimildir til að víkja frá helmingaskiptareglum, sbr. m.a. 57. gr., um það er helmingaskipti þykja bersýnilega ósanngjörn, „einkum vegna þess að hjúskapur hafi staðið skamma stund og hafi ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu“. Á þetta ákvæði hefur reynt í þó nokkrum dómum Hæstaréttar og úrskurðum skiptaréttar sem mælt hafa fyrir um „skáskipti“. Þá eru ýmis ákvæði í lögum nr. 20/1923, VI. kafla laga nr. 60/1972 og skiptalögum sem veita maka forgangsrétt til nauðsynlegra muna innan þeirra marka sem hann á tilkall til eða jafnvel þótt verðmæti þeirra fari fram úr því sem hann á tilkall til. Er maka veittur réttur til að krefjast útlagningar sér til handa á einstökum munum eftir virðingu. Ástæða er einnig til að benda á ákvæði 60. gr. laga nr. 60/1972 um rétt til leiguíbúðar og er heimilt að ákveða eftir öllum aðstæðum hvort hjónanna haldi áfram leigumálanum og ber að taka tillit til þarfa hjóna og barna sem hvort þeirra um sig hefur forsjá fyrir.
6. Frá hinni sérstæðu og skiptu *fjárábyrgð* hvors maka um sig, sbr. IV. kafla laga nr. 20/1923, eru nokkrar undantekningar, sbr. m.a. 12. gr. um samábyrgð hjóna á samningum sem annað þeirra gerir vegna heimilisþarfa eða þarfa barna, svo og um samninga sem húsfreyjan gerir vegna sérþarfa sinna, en eigi gagnkvæmt og felst í því misrétti sem sjálfsagt er að leiðrétta. Þá veita lögin öðru hjóna heimild til að stofna til samninga á ábyrgð hins í einstaka tilviki, sbr. 14. gr. Hér má einnig benda á það er hjón eiga verðmæti í sameign eða vinna saman skaðaverk, sbr. og t.d. um sameiginlega ábyrgð þeirra á opinberum gjöldum sínum.
7. Lög nr. 20/1923 byggjast á því að hjúskapurinn leggi ekki höft á hjón til þess að gera samninga sín á milli eða við aðra menn. Um fyrra atriðið er þess þó gæta að áskilið er að hjón geri kaupmála um gjafir *sín á milli* eða gjafir gefnar í tilefni af hjúskaparstofnun, enda sé um meiri gjafaverðmæti að ræða en venjulegar tækifærisgjafir, sbr. 30. gr., sbr. og ákvæði 32. og 33. gr. er hnykkja á þessu fyrirkomulagi. Stafa þessi ákvæði af því að hætta er á málamyndagerningum og að vegið sé gegn hagsmunum skuldheimtumanna með óheftri heimild til gjafagerninga. Athyglisvert er í þessu sambandi ákvæði 31. gr. er heimilar maka, sem haft hefur tekjuafgang á umliðnu almanaksári, að afhenda hinu endurgjaldslaust helming af tekjuafgangi án

þess að til þess þurfi kaupmála, enda sé það gert fyrir lok næsta árs. Mun þessa ákvæðis þó lítt hafa gætt í lagaframkvæmd.

8. Þegar hvort hjóna um sig hefur forræði á eign sinni og þar á meðal rétt til að stofna til fjárskuldbindinga getur verið hætta á því að *annað misfari með heimildir sínar*, hinu hjóna og fjölskyldunni í heild sinni til tjóns. Ýmis ákvæði eru í lögunum sem eiga rót að rekja til tillits til þessa. Hér má m.a. benda á almenna ákvæðið í 19. gr. sem býður hvoru hjóna um sig að fara svo með hjúskapareign sína að hinu verði eigi til tjóns vegna óhæfilegra athafna þess. Enn má benda á endurgjaldskröfur, sbr. 51.–54. gr., er áður var getið, og svo á ákvæði í VI. kafla hjrl. um slit á fjárfélagi, án þess þó að til skilnaðar komi. Raunar má einnig minna á reglurnar í I. kafla er varða m.a. úrræði til þess að ákvarða framfærsluframlög ef misbrestur verður í því efni af hendi annars hjóna.

Lög nr. 20/1923 eru reist á ákveðnu eignamynstri. Meginreglan er sú að verðmæti sem maki á við stofnun hjúskapar og eignast síðar, *verður hjúskapareign* hans.

Hins vegar veita lögin hjónum svigrúm til að velja sér annað eignamynstur að nokkru eða öllu með því að lýsa nokkrar eða allar eignir *séreignir*. Til þess er áskilinn kaupmáli sem skal vera skriflegur og skráður í kaupmálabók, sbr. 37. og 38. gr. Í 29. gr. laganna, sbr. lög nr. 10/1962, er það þó bundið hvers konar séreignaskipan hjónum er völ á. Þótt tilhögunin um hjúskapareignir sé frávíkjanleg eru samkvæmt þessu reistar skorður í lögunum við því hvert séreignamynstrið geti orðið og er tæmandi talning á því efni í þeim lagaákvæðum sem greind voru. Þrátt fyrir þetta er hjónum samt veitt nokkuð víðtækt færi á að skipa fjármálum sínum eftir því sem þau telja sér henta. Rétt er að benda á að réttindi þau, sem 2. mgr. 17. gr. hjrl. víkur að, hafa nokkra sérstöðu. Þá nefna lögin ekki sérstaklega þann möguleika að hjón eigi verðmæti í sameign, en á slíkt getur vitaskuld reynt.

B. Fáein atriði um löggjöf um fjármál hjóna utan Norðurlanda.

Lögum um fjármál hjóna er fyrir komið með margvíslegum hætti ef litið er til sifjalaga utan Norðurlanda. Oft er þar greint milli þrenns konar meginkerfa. Í fyrsta lagi að eignir hjóna verði sameign þeirra, í öðru lagi að lögmælt sé algert séreignaskipulag og í þriðja lagi svonefnt „blandað kerfi“. Dæmi um hið síðastnefnda er að forræðisreglur séu svipaðar og í löndum sem byggja á séreignakerfi, en beitt sé helmingaskiptum að meginstefnu við fjárskipti við lok hjúskapar sem er meginatriði í sameignarkerfi og jafnframt kann hjónum að vera heimilað að lýsa einstök verðmæti séreignir með kaupmála. Er sýnilegt að norræna sifjalagamynstrið fellur í þennan síðastgreinda flokk. Innan allra þessara kerfa geta verið margvísleg tilbrigði. Til dæmis kunna að vera mismunandi reglur um forræði og skuldaábyrgð í lögum sem reist eru á sameignarskipulagi að meginstefnu. Í lögum, sem byggjast á séreignaskipulagi, geta t.d. einnig verið sérstakar reglur er takmarka forræði á einstökum eignum, sérstaklega fasteign sem er bústaður fjölskyldu, svo og innanstokksmunum. Við þá skipan tengjast oft víðtækar reglur um framfærslueyri sem öðru hjóna er skylt að leggja hinu til eftir skilnað, jafnvel ævilangt. Í lagakerfi, sem svipar til norræna skipulagsins, geta líka verið mismunandi tilbrigði, t.d. varðandi svigrúm hjóna til samninga sín á milli og um val á einstökum flokkum séreigna. Ástæða er til að nefna að í lögum um fjármál hjóna, sem Vestur-Þjóðverjar settu árið 1957 og byggjast í veigamiklum greinum á norræna kerfinu, er sá meginmunur á að þau verðmæti, sem hjón flytja í búið í upphafi, eru ekki andlag helmingaskiptareglunnar við slit hjúskapar, sbr. einnig spænska og franska kerfið. Það er því aðeins hin skíra eignaaukning meðan á hjúskap stendur er skiptist, a.m.k. að meginstefnu til (aukningarreglur svonefndar).

Benda má á að mörg lönd, sem búa við breska lagahefð, reisa hjúskaparlöggjöf sína á séreignakerfi með víðtækum reglum um framfærslueyri til þess maka sem hlýtur minni hlut við fjárskiptin. Þetta á við um mörg, en alls ekki öll, ríki Bandaríkjanna. Flest ríki í austurhluta Evrópu hafa hins vegar byggt löggjöf sína á sameignarskipulagi.

C. Endurskoðun norrænu laganna um fjármál hjóna og umræður er að því lúta.

1. Endurskoðun norrænna laga um fjármál hjóna hefur staðið síðan á sjötta áratugnum, en síðustu fundir voru haldnir 1987. Norrænu sifjalaganefndirnar hafa lagt þar fram hugmyndir að breytingum og víðtækar umræður hafa farið fram um það efni. Reglur um fjármál fólks í óvígðri sambúð hafa einnig verið til meðferðar svo sem áður greinir. Um óvígða sambúð má einkum benda á sænsk lög frá 1980 er varða fyrst og fremst húsnæði sambúðarfólks.
   Norðurlandaráð hefur sett fram óskir um að þess verði freistað eftir föngum að ná samstöðu meðal Norðurlandaþjóða um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á *hjúskaparlöggjöf.*
2. Norrænu sifjalaganefndirnar hafa verið á einu máli um að ekki sé tímabært að hvika frá þeim *megingrundvelli* sem núgildandi lög um fjármál hjóna eru reist á. Sá kostur var tekinn til gagngerðrar umræðu að hverfa að algeru *séreignaskipulagi*, sérstaklega með hliðsjón af því að nú aflar meiri hluti giftra kvenna sér peningatekna með vinnu utan heimilis. Á slíkri tilhögun eru þó auðsæir ágallar þar eð hætt er við að sá aðilinn, sem minni eignir á, fari út úr hjúskap með skarðan fjárhlut. Við þessu mætti að vísu sjá með víðtækum reglum um framfærslueyri til þessa maka eftir lok hjúskapar. Slíkt fyrirkomulag er þó annmarkakennt og er það andstætt hugmyndum þorra manna á Norðurlöndum um að hjúskapur verði framfærslustofnun út yfir endimörk sín. Í norrænu sifjalaganefndunum var einnig gefinn gaumur að aukningarreglu vestur-þýskra hjúskaparlaga, sbr. og t.d. franskan og spænskan rétt. Það fyrirkomulag var ekki talið heppilegt á Norðurlöndum, m.a. með hliðsjón af því að hjónaefni hafi naumast slíka hirðu á fjármálum sínum þegar til hjúskapar er stofnað að þau semji skrár um eigur sínar. Getur slíkt fyrirkomulag haft í för með sér margvíslegar sönnunarflækjur og mundi væntanlega verða torvelt í framkvæmd.
   Ekki hefur verið verulegur áhugi á *sameignarskipulagi*, en þó hefur verið lögð áhersla á að vissulega geti sameign myndast með hjónum innan hins norræna lagakerfis og hlutdeild hjóna hvors um sig í henni kann þá t.d. að verða hjúskapareign þess. Lögin sjálf víkja ekki að slíku, en málið er leyst sumpart á grundvelli lagaákvæða um fjármál hjóna og sumpart með hliðsjón af almennum reglum um sameignir, en þær eru raunar ekki skráðar hér á landi, andstætt því sem er t.d. í Noregi. Eru athyglisverðir dómar norskra dómstóla um að heimavinnandi húsfreyja geti með starfi sínu á heimili eignast verðmæti að sameign með bónda sínum án þess að peningaframlag komi til af hennar hendi þar sem starf hennar á heimili leggi grundvöll að því að bóndinn geti stundað tekjugæf störf. Á þetta ekki síst við um rétt til útlagningar verðmæta við skipti vegna skilnaðar og andláts.

D. Nánar um atriði sem upp hafa komið við endurskoðun laganna.

1. Lögin um fjármál hjóna hafa nú gilt í nálega 70 ár lítið breytt og hafa því staðist vel tímans tönn. Þeir sem stóðu að samningu laganna voru vissulega framsýnir menn. Þeir sáu fyrir að sá tími nálgaðist að giftar konur mundu leita í auknum mæli út á hinn almenna vinnumarkað, m.a. vegna þess að þeirra biðu meiri menntunarkostir en áður og ýmiss konar starfsþjálfun. Segja má að helsti galli við norrænu hjúskaparlöggjöfina hafi frá upphafi verið sá að konum var lögmæltur forræðisréttur yfir hjú-

skapareign sinni, en ekki var í mörgum tilvikum um nein veruleg verðmæti að ræða sem konan átti að hjúskapareign. Lögin stuðluðu lítt að því að hjúskapareign gæti myndast hjá því hjóna sem vann ekki tekjugæf störf, sbr. þó 31. gr. laga nr. 20/1923, en hennar gætir mjög lítið í lagaframkvæmd. Uppi hafa að vísu verið hugmyndir um að skipta ætti tekjum hjóna í tvennt jafnskjótt og þeirra væri aflað, en slíkt er þó miklum örðugleikum bundið. Þá hafa verið settar fram skoðanir um að heimavinnandi aðilinn ætti að fá laun frá ríkinu, t.d. gegnum almannatryggingar, fyrir starf sitt á heimili. Með því væri í reynd fólgin viðurkenning á hinum mikilvægu störfum á heimili og þá fyrst yrði aðila veitt völ tveggja aðgengilegra kosta, heimavinnu eða útivinnu. Inn í þessa umræðu kemur einnig til skoðunar hvernig haga eigi sköttum hjóna. Athyglisvert er að nú þegar meiri hluti giftra kvenna vinnur tekjugæf störf utan heimilis eiga lögin um fjármál hjóna raunverulega betur við en áður var því að með vinnutekjum hvors hjóna um sig skapast einmitt grundvöllur að hjúskapareignum hvors um sig. Hitt er það að tekjur útivinnandi kvenna eru oft miklu lægri en karlmanna.

2. Vissulega hefur þjóðfélagið tekið miklum félagslegum breytingum sl. 70 ár er gefa verður gaum að við endurskoðun laga um fjármál hjóna. Þegar lögin voru sett var miklu fátíðara en nú að giftar konur ynnu utan heimilis. Heimilin bjuggu þá meir að sínu, heimilið var framleiðslustofnun og þjónustustofnun í mun ríkara mæli en nú er. Fjölskyldur voru barnfleiri en nú. Uppeldi barna fór og meira fram á heimilunum. Verkefni og viðfangsefni heimilanna eru því ekki þau sömu og áður. Hér verður einnig að hafa í huga að skilnaðir eru miklu tíðari en var þegar lögin um fjármál hjóna voru sett. Hefur athygli manna því beinst í auknum mæli að þeim ákvæðum laganna er varða fjárskipti við skilnaði. Í reynd er velsæld meiri en áður og hjón eiga meiri eignir.
3. Viðhorf um félagsleg málefni hafa tekið stakkaskiptum síðustu áratugina. Jafnréttisskoðunum hefur aukist fylgi og því viðhorfi að hjúskapurinn eigi ekki að vera framfærslustofnun eins og oft er tekið til orða, heldur frjálst samband karls og konu þeim til lífsfyllingar og þroska. Sjálfstæði hvors hjóna um sig gagnvart hinu er grein af þessum meiði. Hvorugt á að vera hinu háð. Umræður um jafnstöðu hjóna hafa sett mikið mark á endurskoðun laga um fjármál hjóna upp á síðkastið. Er þess að geta að jafnréttissjónarmið eru vissulega grunntónn laga nr. 20/1923 þótt frá því víki, sbr. t.d. 12. gr. laganna. Sifjalaganefnd hefur gefið tilliti til jafnstöðu maka mikinn gaum við endurskoðun laganna. Nefndin telur að því stefnumiði að hjón njóti sem mest sjálfstæðis í fjármálum sínum og þó með samábyrgð sé að höfuðstefnu vel borgið með núverandi skipulagi. Vissulega má segja að við algert séreignaskipulag njóti tillit til sjálfstæðis hvors maka um sig sín betur, en á því skipulagi er sú brotalöm sem áður greinir og felst í því að það hjóna, sem síður á þess kost að bæta eign sína meðan hjúskapur varir, stendur oft höllum fæti við slit slíks hjúskapar. Í því sambandi er sifjalaganefnd eindregið þeirrar skoðunar að ekki sé réttmætt að taka upp víðtækari reglur en nú eru í hjúskaparlögum um framfærslueyri til handa maka eftir lögskilnað.
4. Almennt fjármálaskipulag hlýtur að taka mið af þeim skoðunum sem uppi eru meðal almennings um skipan þessara mála og af því hvaða skipulag muni henta best þörfum þorra hjóna. Vissulega væri æskilegt að stofna til víðtækrar félagslegrar könnunar á því hvernig viðhorf almennings séu til þessara mála og m.a. að leggja fyrir menn ýmsa kosti um breytta skipan þeirra. Á þessu stigi er ekki völ á slíkri rannsókn.

5. Við endurskoðun hjúskaparlöggjafar ber vitaskuld að hafa í huga stóraukið samfélagslegt liðsinni við fjölskyldur, einkum með almannatryggingalöggjöf og öðrum úrræðum velferðarþjóðfélagsins.

Um VIII. kafla.

Ákvæðum þessa kafla er ætlað að að veita yfirlit yfir hið almenna skipulag á fjármálum hjóna og tengsl hinna einstöku eignadeilda.

Um 53. gr.

Í þessari grein er eignamynstri í hjúskap lýst samfellt, þ.e. greindar eru til yfirlits þær eignadeildir sem til greina koma. Hér er ekki um efnisleg nýmæli að ræða, en heppilegt þykir að hefja þennan kafla um fjármál hjóna með slíku yfirliti um eignadeildirnar sem gegnir eins konar kynningarhlutverki. Hugtökin, sem hér ræðir um, eru ekki skýrgreind, en efni þeirra er lýst í greinunum næst á eftir, sbr. 54. gr. um hjúskapareignir, 55. gr. um séreignir, 56. gr. um sameignir og 57. gr. um réttindi með persónulegu ívafi. Nánari ákvæði eru í IX. og XI. kafla.

Um 54. gr.

Greinin svarar til 1. mgr. 17. gr. hjrl. Eignir eru hjúskapareignir nema heimildir séu til annars. Sá er heldur því fram að tiltekið verðmæti sé ekki hjúskapareign hefur sönnunarbyrði fyrir því. Hugtakið hjúskaparréttur, sem vikið er að í 1. mgr. 17. gr., er ekki notað í frumvarpinu þar eð það hefur ekki verulegt sjálfstætt gildi.

Um 55. gr.

Í þessu ákvæði er greint samfellt hvernig séreign geti myndast, þ.e. a) með kaupmála, b) fyrir ákvæði gefanda eða arfleiðanda og c) með því að lög mæli svo að tiltekið verðmæti sé séreign. Um a vísast til XI. og XII. kafla frumvarpsins og um b og c til 77. gr. og 94. gr. frumvarpsins og til einstakra lagaákvæða.

Um 56. gr.

Þetta ákvæði er að formi til nýmæli, en með því er lagt til að örugg fræðiskýring verði lögfest. Sameignir geta vissulega myndast í hjúskap, svo sem vegna framlaga beggja hjóna til kaupa á fasteign eða vegna þess að þau erfa sameiginlega tiltekna eign eða er gefin hún sameiginlega. Í lagaframkvæmd getur raunar verið örðugt að skera úr hvort t.d. brúðkaupsgjöf verði hjúskapareign annars eða sameign beggja. Ef eign er sameign hjóna verður eignarhlutdeild hvors um sig hjúskapareign nema sérstök heimild sé til að telja hana séreign. Einstakar réttarreglur um sérstakar sameignir geta átt hér við, en virða verður það mál með varúð því að í þessu efni ganga reglur hjúskaparlaga fyrir hinum almennu reglum, sbr. um slit á sameign og ráðstöfun á eignarhlut. Arður af sameign yrði þá einnig jafnaðarlega hjúskapareign í réttu hlutfalli við eignarhlutdeild og ber þá hjónum með hliðstæðum hætti að svara til skatta og skyldna og útgjalda vegna viðhalds o.fl.

Um 57. gr.

Þessi grein samsvarar 2. mgr. 17. gr. hjrl. Persónuleg réttindi eða réttindi með persónulegu ívafi verða svo sem áður almennt hjúskapareign viðkomandi rétthafa, en þó svo að gæta verður hér sérreglna um hver einstök réttindi og ganga þau fyrir hinum almennu reglum hjúskaparlaga um hjúskapareignir. Höfundalög, nr. 73/1972, 30. gr., mæla t.d. svo fyrir að réttur til hugverka skuli vera séreign höfundar og verði því ekki raskað með kaupmála. Auk höfundaréttinda falla undir þessa grein ýmis framfærslu- og lífeyrisrétt-

indi og t.d. bótaréttindi vegna miska eða þjáninga eða vegna skertrar starfsorku til frambúðar. Vísast um þetta til 102. gr. frumvarpsins sem geymir skiptareglu er varðar þessi réttindi.

Réttindi þau, sem greinin tekur til, eru sérstaks eðlis þar sem persónuþáttur þeirra er mjög ríkur. Um sum þeirra er fjallað í löggjöf, en önnur eru ólögmælt. Um lífeyrisréttindi, sem stafa frá starfi í þágu annarra en opinberra aðila, er þess að geta að tilhögun þeirra er næsta margbreytileg og verður að virða þau eftir þeim ákvæðum sem samningar um þau mæla fyrir um. Í fræðiritum um sifjarétt og skaðabótarétt er mikið fjallað um þessi réttindi og annars staðar á Norðurlöndum hafa allmargir dómar gengið um þessi réttindi og stöðu þeirra í sambandi hjóna sín á milli, einkum við slit hjúskapar.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um forræði maka á eign sinni bæði almennt og svo um þær skorður sem ráðstöfunarheimild eru settar. Meginreglurnar eru hinar sömu og í lögum nr. 20/1923, en ýmsu er þó öðruvísi skipað svo sem gerð verður grein fyrir hér síðar.

Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þess í hverjum mæli reglur þessa kafla séu frávíkjanlegar. Byggt er á því að hjón geti ekki samið sig undan þeim, t.d. svo að fasteign verði að vísu hjúskapareign, en þeim maka, sem eignina á, sé heimilt að selja hana án samþykkis hins þótt fjölskyldan búi á eigninni, sbr. 60. gr. Hitt er það að samþykki er hægt að veita fyrir fram. Telja verður enn fremur að gefanda eða arfleiðanda sé eigi heimilt að kveða svo á að gjöf eða arfur hlíti ekki ákvæðum þessa kafla um takmarkanir á forræði fyrir eign. Gefandi eða arfleiðandi geta mælt svo fyrir, sbr. 77. gr., að gjöf eða arfur verði séreign viðtakanda, en t.d. ekki að gjöf eða arfur verði hjúskapareign M er ekki hlíti ákvæðum um samþykki K vegna sölu eða veðsetningar.

A. Almenn ákvæði.

Um 58. gr.

Í 1. mgr. 58. gr. er meginreglan um forræði maka á eignum sínum og heimild hans til samningsgerðar almennt, sbr. hins vegar 68. gr. um samninga annars hjóna sem er ætlað að skuldbinda hitt. Í hjúskapnum á að ríkja frjálsræði til *forráða eigna* og til *samningsgerðar*. Það er eitt af meginauðkennum á norrænu hjúskaparlöggjöfinni að búa maka efnahagslegt sjálfstæði eftir föngum og veita honum m.a. svigrúm til umsvifa í atvinnurekstri og til að verja eignum sínum til að ná þeim markmiðum sem honum eru hugleikin, að aðgættum skyldum hans við fjölskyldu. Annar þátturinn og raunar grein á sama meiði er svo hin *sjálfstæða skuldaábyrgð*. Hvort hjóna ber ábyrgð á sínum skuldum hvort sem þær stafa frá löggerningum, bótaskyldu atferli o.fl. Segir um það í X. kafla frumvarpsins, sbr. 67. og 68. gr.

58. gr. á við um samninga annars maka við þriðja mann, en um samningsgerð hjóna sín á milli eru fyrirmæli í 71. gr. frumvarpsins. Vissulega geta hjón staðið sameiginlega að samningsgerð við þriðja mann og verða þá skuldbundin vegna þessa skv. 58. gr.

Um 59. gr.

Ákvæðið svarar til 19. gr. hjrl. og svo að sínu leyti ákvæða I. og VII. kafla frumvarpsins.

Það er almenns eðlis, en þó stefnumarkandi. Það geymir undirstöðureglu er taka má mið af þegar meta skal hvort eign sé skert svo að fjárslitakrafa verði uppi höfð eða endurgjaldskrafa við skipti.

B. Takmarkanir á forræði maka yfir eign sinni.

Almennar athugasemdir um 60. og 61. gr.

Þessar greinar samsvara 20. og 21. gr. hjrl. 60. gr. frumvarpsins reisir skorður við forræði maka á fasteign eða réttindum yfir fasteign ef fjölskyldan býr á henni eða hún er ætluð til þeirra nota eða til atvinnurekstrar annars eða beggja. 61. gr. frumvarpsins varðar hins vegar innbú á sameiginlegu heimili og muni sem ætlaðir eru til persónulegra nota eða til sameiginlegs atvinnurekstrar. Takmarkanir skv. 60. gr. eru fólgnar í því að áskilja skriflegt samþykki þess maka sem ekki á eignina ef ætlunin er að afhenda hana, leigja, byggja eða veðsetja. Í 61. gr. eru svipaðar takmarkanir á ráðstöfun varðandi innbú o.fl.

Víða um lönd eru sérstakar reglur settar um fasteignir og fasteignaréttindi þar sem fjölskyldan býr, þar á meðal um leigusamninga í þágu fjölskyldu er býr í leiguhúsnæði. Sums staðar er svo fyrir mælt að þessi verðmæti og innbú séu sameign hjóna og verða bæði hjón þá að standa að öllum samningum um þau. Í norrænum rétti er hins vegar farin sú leið að áskilja samþykki þess maka, sem ekki á eignina, til ýmissa löggerninga um hana. Slík úrræði eiga rót að rekja til þess hversu nauðsynlegt er að vernda fjölskylduna og stuðla að samráðum hjóna um íbúðarhúsnæði og innanstokksmuni á heimili sem eru grundvallarmál hjá hverri fjölskyldu. Nefna mætti að meðal þeirra hugmynda, sem uppi hafa verið, er að sporna við því í lögum að þessi verðmæti verði gerð að séreign maka, en það skiptir verulegu máli eftir hjrl. eins og þau eru nú vegna þess að takmarkanirnar eru bundnar við verðmæti sem eru hjúskapareignir og taka ekki til séreigna. Í 60. og 61. gr. frumvarpsins er lagt til svo sem síðar greinir að áskilnaður um samþykki maka taki einnig til verðmæta sem eru séreign.

Um 60. gr.

Þessi grein er hliðstæð 20. gr. hjrl.

Í henni eru ýmis nýmæli:

1. Ákvæði 20. gr. hjrl. er einskorðað við fasteign sem er hjúskapareign annars hjóna, en 60. gr. tekur einnig til fasteignar sem er séreign. Að baki ákvæðinu býr það sjónarmið að vernda fjölskylduna. Henni er það vitaskuld mikið hagsmunamál að samráð séu höfð um ráðstöfun á fasteign sem ætluð er til búsetu fyrir hana eða er notuð við atvinnurekstur beggja hjóna eða hins. Það verndarsjónarmið á einnig við þótt fasteignin sé séreign annars hjóna. Styðst þessi breyting við traust lagarök og er ekki fólgin í henni óviðhlítandi skerðing á séreignareglum. Greinin spornar ekki við því að skuldheimtumenn þess hjóna, sem fasteignin tilheyrir, leiti fullnustu í henni og t.d. að hún sé seld á nauðungaruppboði. Hún girðir ekki heldur fyrir að eignarnám verði gert í eigninni eða réttindi yfir henni verði hefðuð.
   Hafa ber í huga að hugsanlegt er að hjónin séu sameigendur fasteignar eða fasteignaréttinda. Þarf þá atbeini þeirra beggja beinlínis til að koma þannig að bæði verði samningsaðilar ef ráðstafa á eigninni. Það hjóna, er samþykkir löggerning skv. 60. gr., verður hins vegar ekki aðili hans og ber ekki ábyrgð á efnd hans.
2. Í greininni er mælt svo fyrir að samþykki skuli vera skriflegt. Er munnlegt samþykki því ekki fullnægjandi. Samþykki er oftast skriflegt nú, en þess er ekki lagaþörf svo sem 20. gr. er úr garði gerð, sbr. þó að samþykkið þarf að vera skriflegt ef þinglýsa á löggerningi. Ekki þarf samþykkið að vera ritað á skjal sem löggerningur er ritaður á þótt slíkt sé tíðast. Sá sem samþykkir þarf að fá fræðslu um efni samnings og m.a. um samningskjör. Er það forsenda fyrir því að honum sé kleift að meta hvort samþykki verði veitt. Heppilegast er að samþykki sé ritað á skjalið því að þá fer sjaldnast á milli mála að sá er samþykkir hafi átt kost á að kynna sér efni löggerningsins. Endranær gæti þetta atriði valdið ágreiningi. Ekki er áskilið að sam-

þykki sé ritað við votta, en heppilegt er að svo verði gert.

3. Í 60. gr. er mælt fyrir um samþykki maka til að segja upp húsaleigusamningi þar sem fjölskyldan býr eða er notað við atvinnurekstur beggja hjóna eða annars. Lagt er til í 60. gr. að framleiga verði einnig háð samþykki hins makans. Með henni getur verið þrengt að fjölskyldunni og henni bökuð óþægindi, auk þess sem það skiptir hana máli hver framleigutakinn er. Í 20. gr. hjrl. er ekki vikið að uppsögn húsaleigusamninga.
4. Þá kveður 60. gr. enn fremur á um samþykki vegna afhendingar á *hlutabréfum* eða öðrum *eignarskilríkjum* sem tengjast húsnæði þar sem fjölskyldan býr eða er ætlað til þeirra nota. Hugsanlegt er að hlutafélag sé um eignarhald á íbúð og felur afhending hlutabréfa þá í sér að eign hverfi úr eignarráðum afsalanda að nokkru eða öllu. Er eðlilegt að áskilja samþykki um slíka afhendingu. Um önnur eignarskilríki kann að gegna svipuðu máli, sbr. t.d. kaupleigusamninga. Þótt eignin sé sameign maka og þriðja manns er þörf á samþykki hins makans ef sá maki, sem á eignina með öðrum, vill afhenda, veðsetja eða leigja eignarhlut sinn. Er þessa getið sérstaklega í 1. mgr. 62. gr.
5. 60. gr. kveður svo á að samþykkis sé þörf ef fasteign er notuð við atvinnurekstur beggja eða hins makans. Er það sama regla og í 20. gr. hjrl.
6. 60. gr. tekur m.a. til sumarbústaðar sem ætlaður er fyrir fjölskyldu þótt hún búi þar um takmarkaðan tíma ár hvert. Ef ytri ummerki sýna að fjölskylda sé afhuga því að nota bústaðinn í þessu skyni er hugsanlegt að hann falli utan marka 60. gr. Húsnæði til annarra fristundaiðkana, svo sem veiðiskáli, fellur ekki undir 60. gr. Ætlunin er að bújarðir falli undir greinina, en hins vegar ekki óbyggðar lóðir.

60. gr. á við þótt það sé aðeins hluti fasteignar sem ráðstafa á eða binda með löggerningi. Er það áréttað í 1. mgr. 62. gr. M á t.d. hæð í húsi þar sem fjölskyldan býr, en einnig rishæð í sama húsi. Afhending, veðsetning og leiga á rishæðinni er þá einnig háð samþykki, sbr. hrd. 1952, bls. 629.

Það er ekki eingöngu húsnæðið sem slíkt er fellur undir 60. gr., heldur einnig landið er því fylgir. Ef ætlunin er að selja eða veðsetja (leigja) hluta af slíku landi eða lóð er samþykkis almennt þörf.

Bent er á að um hlutabréf og eignarskilríki er aðeins vikið að samþykki við *afhendingu* þessara skilríkja, sbr. hins vegar um fasteignir, þar sem kveðið er á um afhendingu, veðsetningu, leigu og byggingu jarðar. Þykir ekki ástæða til að láta ákvæðið taka til annars en afhendingar þessara skilríkja. Að því er fasteignir varðar geta eignarhöft önnur en þau, sem nefnd eru sérstaklega, eftir atvikum fallið hér undir, t.d. samningur um malartöku, vatnstöku eða umferðarrétt um fasteign.

Fébætur, eignarnámsbætur eða tryggingarfé, er stafar frá eða tengist fasteign, falla ekki undir 60. gr. að því er ráðstöfunargerninga varðar.

Um 61. gr.

Hún samsvarar 21. gr. hjrl.

Hér eru ýmis nýmæli:

1. Í 61. gr. er sleppt sérákvæði 21. gr. um ófjárráða aðila, sbr. almenna ákvæðið í 3. mgr. 62. gr.
2. Greinin mælir svo fyrir að samþykki skuli vera *skriflegt*, sbr. athugasemdir við 60. gr.
3. Þá er sú meginbreyting fólgin í 61. gr. að ákvæðið á jafnt við hvort sem verðmæti er í hjúskapareign eða *séreign* þess maka er að ráðstöfun stendur. Á 61. gr. samstöðu með 60. gr. að þessu leyti svo sem áður greinir.

4. Þá er því bætt við í 61. gr. að þörf sé á samþykki ef *leigja* á innbú. Hér er notað orðið innbú í stað búsgagna. Er með því átt við innanstokksmuni á heimili: húsgögn, heimilistæki, málverk og bækur, svo og tæki til matseldar, potta og pönnur, borðbúnað o.fl.
5. Því er enn bætt við að munir til persónulegra nota fyrir maka eða börn þeirra falli hér undir, þar á meðal vinnutæki sem M á en K notar og enn fremur víkur 61. gr. að munum til sameiginlegs atvinnurekstrar hjóna.

Um 62. gr.

Ákvæði 1. mgr. er áður getið, en hún felur í sér skýringu á efni 60. og 61. gr. Er hún nýmæli.

Í 2. mgr. er einnig nýmæli er tekur af vafa og geymir einnig skýringu á 60. og 61. gr. Samkvæmt því eiga ákvæðin um samþykki við allt til þess að úr því verður skorið hvort hjóna fái verðmæti í sinn hlut við fjárskipti. Er hér nánast lagt til að fræðiskýring verði lögfest. Leiða almenn lagarök og sanngirnissjónarmið til þessara málaloka.

3. mgr. er sambærileg við 3. og 4. málsl. 1. mgr. 20. gr. hjrl. Er hér fjallað um það er annað hjóna (M) er svipt lögræði, sjálfræði eða fjárræði eða hvort tveggja og hinn makinn (K) vill t.d. selja fasteign er fjölskyldan býr á. Sé K lögráðamaður M þarf að skipa sérstakan lögráðamann til að taka afstöðu til málsins. Leiða almennar réttarreglur til þeirrar niðurstöðu, sbr. til hliðsjónar 28. gr. laga nr. 68/1984.

Um 63. gr.

Hún er sambærileg við 22. gr. hjrl. Samkvæmt því er unnt að skjóta synjun maka eða lögráðamanns hans um samþykki til sýslumanns. Hér er þess sérstaklega getið að bæði makinn er stendur að löggerningnum og viðsemjandi hans geta skotið málinu til sýslumanns. Talið hefur verið að hinn síðarnefndi eigi ekki aðild skv. 22. gr. hjrl. Rétt þykir að veita honum hana, enda getur hann átt mikilla hagsmuna að gæta og sá maki, er samið hefur, kann að sjá eftir samningsgerð og getur þá losnað undan skyldum sínum með því að telja hinn á að synja um samþykki. Sýslumaður metur þetta mál eftir öllum aðstæðum. Getur hann veitt samþykki ef hann telur rök mæla með því, þar á meðal ef hann telur að synjun sé reist á ómálefnalegum sjónarmiðum. Ákvæðið á einnig við ef ekki hefur verið hægt án verulegs dráttar að afla samþykkis maka eða lögráðamanns.

Um 64. gr.

Greinin fer með nýmæli og ætti að geta komið að verulegu haldi fyrir þann sem fjallar um þinglýsingu á löggerningum er greinir í 60. gr. Rétt þykir að skipa þessu ákvæði hér þótt e.t.v. eigi það betur heima í þinglýsingalögum.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að nánari reglur um könnun þeirra efna, er í 1. mgr. greinir, verði settar í reglugerð þar sem það þykir eðlilegra en að þeim sé skipað í lög.

C. Ógilding samninga er ganga í berhögg við 60.–62. gr.

Um 65. gr.

Hér er samfellt kveðið á um hugræn skilyrði fyrir því að samningi, er gengur í berhögg við 60. og 61. gr., sbr. 62. gr., verði hrundið. Eru hliðstæð ákvæði í 2. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 21. gr. hjrl. Hér er sá meginmunur á að lagt er til að samning, er 60. gr. tekur til, sé unnt að ógilda vegna skorts á samþykki þótt viðsemjandi sé grandlaus um að þörf hafi verið á samþykki eins og á stóð. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. er hins vegar grandsemi forsenda fyrir ógildingu samnings. Ástæða þykir til að auka vernd til handa fjölskyldu með þessum hætti að fyrirmynd finnsku, norsku og sænsku laganna. Viðsemj-

anda er að jafnaði ekki torvelt að ganga úr skugga um hvort fasteign falli undir 60. gr., en viðbáru hans um grandleysi kann að vera örðugt að hnekkja.

Um samninga skv. 61. gr. verður reglan svipuð og áður og verður samningi hrundið nema viðsemjandi sýni fram á að honum hafi hvorki verið ljóst né átt að vera ljóst að makanum væri samningsgerðin óheimil. Sönnunarbyrði er hér lögð á viðsemjandann, enda er ærin ástæða fyrir hann að ganga úr skugga um hvort um verðmæti sé að ræða sem 61. gr. tekur til.

Málshöfðunarfrestur er greindur í einu lagi í 2. mgr. og efnislega á sama hátt og í 2. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 21. gr. hjrl. Viðsemjandi hefur e.t.v. flutt inn í húsnæði í skjóli samnings við maka er hrundið hefur verið. Kann þess þá að verða krafist að hann verði borinn út úr því. Mæla sænsku hjúskaparlögin þá svo fyrir að rétt sé að ætla honum frest til flutnings eftir því sem sanngjarnt þykir. Er hér einnig byggt á að slíks verði gætt þótt ekki þyki ástæða til að greina það sérstaklega í 2. mgr.

D. Gjöf til þriðja manns.

Um 66. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli.

Greinin fjallar um riftun á gjöf maka til þriðja manns.

Riftun er við það miðuð að gjöf sé úr hófi miðað við efnahag maka og teljist ekki eðlileg eða sanngjörn eins og á stendur. Gjöf verður þó ekki hrundið nema gjafþega hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst að gefanda væri gerningurinn óheimill. Sönnunarbyrðin um grandsemi hvílir á þeim er hrinda vill gerningnum. Gæta verður þess að þótt gerningur sé örlætisgerningur á ytra borði má vera að hér sé í raun og veru um endurgjald að ræða, t.d. fyrir þjónustu.

Í 2. mgr. er greindur frestur til málshöfðunar er miðast annars vegar við það er hinum makanum varð kunnugt um gjöfina og hins vegar við afhendingu gjafarinnar hvað sem vitneskju makans líður.

Óhófleg gjöf getur leitt til endurgjaldskrafna skv. 52. gr. hjrl., sbr. og 107. gr. frumvarpsins, en reynslan hefur sýnt að þörf er á beinni heimild til að hrinda gjöfinni. Til samanburðar má hér benda á 2. mgr. 15. gr. erfðalaga, nr. 8/1962, varðandi verðmæti sem maki, er situr í óskiptu búi, gefur þriðja manni.

Um X. kafla.

Hér er safnað í einn kafla ákvæðum er varða skuldaábyrgð hjóna. Ákvæði um þetta eru nokkuð dreifð í hjrl., en haganlegra er að skipa þeim samfellt í sama kafla. 67. gr. svarar til 25. gr. hjrl., 68. gr. er nýmæli til frekari skýringar, 69. gr. er sama efnis og 12. gr. hjrl. og 70. gr. er hliðstæð 14. gr. sömu laga. Tekið skal fram að 13. og 15. gr. hjrl. eru ekki í frumvarpinu. Sérreglur um að kröfur á hendur húsfreyju fyrnist á skemmri tíma en á hendur bónda, sbr. 26. gr. hjrl., eru ekki í frumvarpinu og sama er um sérreglu 27. gr. hjrl. um kröfur á hendur eiginkonu. Mæla jafnréttissjónarmið gegn slíkum sérreglum. Þetta á að sínu leyti einnig við um 12. gr. hjrl. er geymir einum þræði sérreglu til handa húsfreyju um samningsgerð vegna sérþarfa sinna. Er lagt til í 69. gr. að sú sérstaða verði úr lögum numin.

Um 67. gr.

Greinin samsvarar 25. gr. hjrl. og geymir meginregluna um skuldaábyrgð hjóna sem er skipt eins og verið hefur.

Um 68. gr.

Þessi grein er nýmæli og nánast til fyllingar á efni 67. gr. Hér segir að maki beri ekki ábyrgð á skuldbindingum hins makans nema sérstök heimild sé til þess. Skiptir ekki máli hver lagagrundvöllur fjárskuldbindingar er, svo sem samningsgerð, skaðaverk, meðlagsskylda eða önnur réttaratvik er stofnað geta til fjárskuldbindinga. Um skatta gilda sérstakar lagareglur um samábyrgð. Heimild til samábyrgðar verður að vera ótvíræð samkvæmt almennum lögskýringarreglum. Skuldbinding getur m.a. átt stoð í umboði er annar maki gefur hinum til samningsgerðar fyrir sig.

Um 69. gr.

Greinin svarar til 12. gr. hjrl. Samkvæmt þeirri grein er heimildin bundin við að samningsgerð sé nauðsynleg. Hér er miðað við það greinimark að hún sé *venjuleg* og þykir það orðalag hæfa betur. Allt um það verður aðstaðan að vera sú að örðugt sé að ná til hins makans án bagalegrar biðar. Lagt er til að afnumin verði sérregla um sérþarfir húsfreyju, sbr. hér áður. Þá segir sérstaklega að heimildin taki einnig til leigu húsnæðis vegna sameiginlegs heimilis hjóna. Samningur um leigu á atvinnuhúsnæði fellur hins vegar utan vébanda greinarinnar.

Um þessa samninga gildir sú regla að þeir teljast gerðir á ábyrgð beggja hjóna nema atvik segi öðruvísi til, þar á meðal að það hjóna, er semur, geti þess svo að sannað verði að samningur eigi ekki að binda hitt. Sérþarfir, sem fullnægja á með samningi, geta og verið þess eðlis að líta beri svo á að samningur bindi aðeins þann er semur.

Samningur verður að vera gildur fyrir þann er semur svo að skuldbundið geti hitt hjóna, sbr. t.d. að sá er semur sé sviptur fjárræði.

Ákvæðið heimilar ekki öðrum maka að hinu fornspurðu að ráða starfsfólk á heimili, nema til einstakra verkefna, svo sem ræstinga. Vistun barns á leikskóla er orðin svo venjulegur gerningur að miðað er við að hann rúmist innan 69. gr. Sama er um kaup á námsgögnum barna.

Í 2. mgr. er tekið fram að ef viðsemjandi sá eða átti að sjá að samningur lægi utan heimildar maka til samningsgerðar verði það hjóna er ekki semur óbundið af samningnum. Samningurinn getur hins vegar bundið þann maka er samdi.

Ekki þykir þörf á 13. gr. laga nr. 20/1923 og er hliðstætt ákvæði ekki í frumvarpinu.

Um 70. gr.

Hún er sama efnis og 14. gr. hjrl., en þó nokkru þrengri. Heimildin til samningsgerðar er bundin við að nauðsyn beri til vegna framfærslu fjölskyldunnar að stofna til fjárskuldbindinga svo að skuldbindi hinn makann. Samkvæmt 14. gr. hjrl. er maka heimilt að selja eða veðsetja eignir hins, fasteign þó ekki nema með samþykki valdsmanns. Í 70. gr. frumvarpsins er þessu sleppt. Þykir ekki þörf á að ganga svo langt og ber m.a. að hafa í huga að félagsleg þjónusta er nú miklu víðtækari en var þegar þetta ákvæði var lögfest 1923 og auðveldara að ná til manna þótt í fjarska séu og bera undir þá fyrirhugaðar ráðstafanir.

Ákvæði 15. gr. laga nr. 20/1923 er ekki tekið með í frumvarpið. Er það í samræmi við niðurstöður á fundum samvinnunefndanna norrænu. Það gengur lengra en þörf krefur varðandi samningsgerð makans sem ekki á eignina.

Um XI. kafla.

Í þessum kafla er safnað ákvæðum um samninga hjóna í milli, þar á meðal um séreignir. Samhengis vegna eru hér raunar einnig reglur um aðrar séreignir, svo sem vegna fyrirmæla gefenda eða arfleiðenda. Þessi ákvæði eru á víð og dreif í hjrl. og er heppilegra til yfirlits að fella þau saman í einn kafla.

Í þessum kafla eru ýmis nýmæli:

1. Í 71. gr. segir almennt að hjón geti samið sín á milli með þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um. Þetta er lögfesting á meginreglu er nú gildir.
2. Í 3. mgr. 72. gr. er nýmæli er heimilar að gera kaupmála með því efni að venjulegt innbú á sameiginlegu heimili hjóna, sem aflað er eftir gerð kaupmála, verði séreign. Þetta er frávik frá þeirri meginreglu að ekki sé unnt að gera óöfluð verðmæti að séreign með kaupmála.
3. Samkvæmt 2. mgr. 74. gr. er lagt til að lögfest verði það nýmæli að unnt sé að tímabinda kaupmála, t.d. til 10 ára, svo og skilyrða með þeim hætti að kaupmáli gildi ekki ef hjón eignist sameiginlegan skylduerfingja. Í 3. mgr. 74. gr. eru nokkur nýmæli í sambandi við kaupmálagerð sem eru þó að mestu í samræmi við lög nr. 10/1962 um breytingu á 29. gr. laga nr. 20/1923.
4. Í 2. mgr. 23. gr. hjrl. segir að tekjur af séreign skuli teljast hjúskapareign nema öðruvísi sé löglega ákveðið. Oft eru ákvæði í kaupmála, gjafagerningi eða erfðaskrá þar sem mælt er svo fyrir að arður af séreign verði einnig séreign. Í 75. gr. er lagt til að síðastgreinda tilhögunin verði lögfest sem aðalregla, þ.e. að arður (tekjur) af séreign verði einnig séreign nema annars sé getið í kaupmála eða í fyrirmælum gefanda eða arfleiðanda. Hliðstætt ákvæði er í sænsku og norsku lögunum nýju og verður væntanlega lögfest hvarvetna á Norðurlöndum.
5. Í 1. mgr. 77. gr., er samsvarar 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. hjrl., er í fyrsta lagi það nýmæli að gefandi eða arfleiðandi geti mælt svo fyrir að gjöf eða arður verði séreign með því efni er greinir í 74. og 75. gr., þar á meðal geti hann bundið séreignina við ævi annars eða tímabundið hana og skilyrt, sbr. 74. gr. Enn er það nýmæli í 2. mgr. að hjónum er fyrirmunað að breyta ákvörðun gefanda eða arfleiðanda um séreign nema slíkt sé heimilað í gjafagerningi eða erfðaskrá eða leiði ótvírætt af þeim gerningum. Er þar lagt til að lögskráð verði regla sem nú er talin gilda.
6. Um aðra samninga hjóna eru ákvæði í 31.–35. gr. hjrl. Eru 31. gr. og 34. gr. teknar upp í 78. og 79. gr. frumvarpsins, en 33. gr. í 73. gr. Ákvæði 33. og 35. gr. hjrl. þótti ekki ástæða til að taka upp í frumvarpið.

Um einstakar greinar skulu að öðru leyti settar fram nokkrar athugasemdir.

A. Almenn ákvæði.

Um 71. gr.

Greinin geymir almennt ákvæði, eins konar formála að XI. kafla.

Með 1. mgr. er gert ráð fyrir að lögfest verði grundvallarregla í fjármálamynstrinu sem talin hefur verið gilda þótt ólögfest hafi verið.

Í 2. mgr. er vísað til ákvæða í frumvarpinu er varða samningsgerð hjóna. Gegnir ákvæðið eingöngu almennu leiðsöguhlutverki.

B. Gjafir milli hjónaefna og hjóna.

Um 72. gr.

Þessi grein er hliðstæð 30. gr. hjrl.

Rétt er að árétta að enda þótt kaupmáli sé gerður um gjöf er ekki þar með sagt að hún verði séreign, heldur fer það eftir nánari ákvæðum kaupmálans.

Nýmæli er í 3. mgr. Þar er lagt til að hjón geti gert kaupmála þess efnis að venjulegt innbú á sameiginlegu heimili þeirra geti orðið séreign þótt aflað sé eftir að kaupmáli er gerður. Er það frávik frá meginreglu 1. málsl. 3. mgr. Slíkir kaupmálar eru tíðkaðir, en hafa ekki gildi nema aðilar fallist á að þeim verði beitt. Er brýn þörf á að lögfesta slíka heimild er styðst við haldgóð rök.

Um 73. gr.

Hún er sama efnis og 33. gr. hjrl. Bætt er þó við 1. mgr. ákvæði um það er bú gefanda er tekið til gjaldþrotaskipta. Er það nánast skýringarákvæði.

C. Séreignir.

1. Séreignir samkvæmt kaupmála.

Um 74. gr.

1. mgr. svarar til upphafs 29. gr. hjrl., sbr. 1. gr. laga nr. 10/1962. Bætt er hér við ákvæði til skýringar og leiðsagnar um lagaáhrif séreignar við skilnað og andlát maka.

Í 2. mgr. er nýmæli er heimilar að tímabinda kaupmála, svo og að skilyrða hann þannig að hann gildi ekki ef hjón eignast sameiginlegan skylduerfingja. Í síðara tilviki eru aðstæður breyttar frá því að kaupmáli var gerður og því eðlilegt að heimilt sé að binda kaupmála skilyrðum er að þessu lúta. Almennt er hins vegar ekki hægt að skilyrða kaupmála.

3. mgr. á um margt sammerkt við 29. gr. hjrl., sbr. 1. gr. laga nr. 10/1962. Þó er sú regla greind hér að séreign geti hlítt reglum um hjúskapareignir að öðru hvoru látnu, ótilgreint eða *tilgreint* (nýmæli auðk. hér). Er mikilvægt að taka af skarið um hvort slíkt sé heimilt, en á því hefur leikið vafi. Eignin verður þá talin hjúskapareign við skipti.

Um 75. gr.

Þetta ákvæði samsvarar 3. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 23. gr. hjrl. Arður (tekjur) af séreign á að verða hjúskapareign skv. 2. mgr. 23. gr. hjrl. nema öðruvísi sé löglega ákveðið. Oft er þess getið í kaupmála, gjafagerningi eða erfðaskrá að arður af séreign eigi einnig að verða séreign og liggur nærri að telja að þessu sé svo skipað ef menn yfirleitt koma auga á vandamálið. Þykir rétt að lögfesta þetta sem aðalreglu. Verður arður (tekjur) þá séreign samkvæmt frumvarpinu nema annars sé getið í kaupmála, gjafagerningi eða erfðaskrá. Þessi breyting hefur þegar verið gerð í sænsku og norsku lögunum og verður væntanlega lögfest á næstunni hvarvetna á Norðurlöndum.

Um 76. gr.

Greinin samsvarar þætti úr 29. gr. hjrl., sbr. 1. gr. laga nr. 10/1962. Breyta má ákvæðum kaupmála eða fella þau niður með nýjum kaupmála, en breytingar fá ekki staðist ella, sbr. þó tímabundna kaupmála. Ef kaupmáli er fallinn úr gildi verður séreign hjúskapareign nema ný ákvæði séu sett er mæli fyrir um séreign. Heimilt er m.a. að fella niður eða breyta ákvæðum í kaupmála er greinir í 3. mgr. 72. og 75. gr. Gæta verður 2. mgr. 77. gr. ef fyrirhuguð er breyting á ákvæðum gjafagernings eða arfleiðsluskrár.

Um breytingu á kaupmála vísast einnig til 88. gr. frumvarpsins.

2. Séreignir samkvæmt ákvörðun gefenda eða arfleiðenda.

Um 77. gr.

Greinin er hliðstæð 23. gr. hjrl. um ákvarðanir gefanda og arfleiðanda um að gjöf eða arfur skuli verða séreign viðtakanda í hjúskap. Hér er lögð til sú breyting að gefandi eða arfleiðandi geti tekið í gjafagerningi eða erfðaskrá þau ákvæði um séreignir er greinir í

74. og 75. gr. Áskilið er sem fyrr að ákvörðun arfleiðanda sé í erfðaskrá er hlíti form- og efnisreglum erfðalaga. Ekki er mælt fyrir um að gjafagerningur skuli vera skriflegur og er þó langtryggilegast að svo sé, enda almennt tíðkað. Hér er ekki haggað við eldri reglum um formleysi gjafar.

Samkvæmt 2. mgr. er hjónum fyrirmunað að breyta ákvæðum gefanda eða arfleiðanda nema slíkt fái stoð í gjafagerningi eða erfðaskrá eða leiði ótvírætt af gerningi. Á þetta t.d. við um skilyrði og tímafresti, svo og t.d. um arð af séreign, svo að ekki sé talað um að fella niður það ákvæði að verðmæti skuli yfirleitt vera séreign. Hér er lagt til að fræðiskýring verði lögfest sem mikilvægt er að lögskráð verði. Orðið „ótvírætt" í lok greinarinnar felur í sér að ríka kröfu verður að gera varðandi viljaafstöðu gefanda eða arfleiðanda.

D. Afhending á tekjuafgangi.

Um 78. gr.

Greinin samsvarar 31. gr. hjrl., en hér er þó lagt til að skjal, sem mælir fyrir um afsal það er greinir í ákvæðinu, verði formbundið, þ.e. gert við *votta*. Þykir það tryggilegra, einkum vegna hættunnar á undanskoti fjár þegar skuldheimtumenn ganga að maka. Verðmæti, sem afhent er samkvæmt þessu, verður hjúskapareign viðtakanda nema sérstakar heimildir séu til annars.

E. Réttur þess hjóna, sem veitir hinu aðstoð við atvinnurekstur þess, til borgunar fyrir vinnu sína.

Um 79. gr.

Greinin er sama efnis og 34. gr. hjrl.

Um XII. kafla.

Í þessum kafla er skipað samfellt ákvæðum um kaupmála, form þeirra og skráningu, hæfi til kaupmálagerðar og upplýsingar úr kaupmálabók um efni þeirra.

Fjöldi kaupmála.

Kaupmálar eru alltíðir hér á landi svo sem ráða má af eftirfarandi skrá um kaupmála á árabilinu 1980–1990. Tala þeirra er borin saman við hjónavígslur og þannig fundin hundraðstala, en grundvöllur þessa samanburðar er þó ekki einhlítur.

Kaupmálar tilkynntir til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 1980–1990.

	Kaupmálar	Hjónavígslur	Hundraðstala
1980:	177	1306	13,5
1981:	159	1357	11,7
1982:	129	1303	12,0
1983:	178	1396	12,4
1984:	176	1413	12,4
1985:	170	1252	13,5
1986:	165	1229	13,4
1987:	216	1160	18,6
1988:	236	1294	18,2
1989:	312	1176	26,5
1990:	239	1154	20,7

Samtals 2157 kaupmálar.

Af skránni má ráða að færst hefur í vöxt hin síðustu ár að stofna til kaupmála og er þá miðað við fjölda hjónavígslna. Valda því m.a. áhættusamur atvinnurekstur og aukin tíðni hjónaskilnaða.

Ákvæði um kaupmála eru nokkuð dreifð í hjrl., sbr. 37. og 38. gr. og svo IX. kafla. Er þeim safnað hér í einn kafla.

Í þessum kafla eru ýmis nýmæli:

A. Form kaupmála.

Um 80. gr.

Greinin fjallar um form kaupmála og er hliðstæð 37. gr. hjrl. Hér kveður allmikið að nýmælum. Í hjrl. er ekki mælt fyrir um neins konar vottfestingu á kaupmála. Þessa ætti þó að vera þörf bæði vegna þess að hann er oft veigamikill löggerningur og formið hvetur hér sem endranær til þess að menn vandi löggerning sinn. Þá stuðlar formið að því að sönnun fáist fyrir því að hjón hafi undirritað kaupmála af fúsum vilja og hvenær undirritun hafi farið fram. Það er út af fyrir sig ekki meðal formkrafna að löggerningur sé nefndur kaupmáli eða að það orð komi fyrir í texta gerningsins, en vottar eiga þó að ganga úr skugga um að skjalið geymi kaupmála að efni til og votta um það. Tíðast er nafnið kaupmáli greint í skjalinu, en endranær veitir efni skjalsins óræka vísbendingu um að kaupmála sé fyrir að fara. Ekki eru hér bein fyrirmæli um vanhæfi votta vegna tengsla við hjónin, en þeir eiga að vera staðfestingarhæfir samkvæmt réttarfarslögum og lögráða.

B. Hæfi aðila.

Um 81. gr.

Greinin kveður á um hæfi til kaupmálagerðar og er sama efnis og 37. gr. hjrl. að því er lögræði varðar. Hér er miðað við að maður sé sviptur *lögræði, sjálfræði* eða *fjárræði*, því að hann verður út af fyrir sig lögráða við hjúskaparstofnun ef ólögráða er vegna æsku, sbr. 2. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984. Gert er ráð fyrir að samþykki lögráðamanns sé ritað á kaupmálann. Það er þó ekki algert gildisskilyrði. Áritun, sem væri rituð á ann-

að skjal, en ætti ótvírætt við kaupmálann, gæti komið hér að haldi.

C. Skráning kaupmála.

Í 82.–89. gr. er mælt fyrir um skráningu kaupmála.

Um 82. gr.

Í 82. gr. er þess getið skýrlega að skráning kaupmála sé forsenda fyrir gildi hans, þ.e. fyrir því að hann hafi réttaráhrif, bæði gagnvart þriðja manni og milli hjóna. Að því er síðarnefnda atriðið varðar er vikið frá almennum reglum um þinglýsingar.

Um 83.–86. gr.

Hér er lagt til að haldið sé því fyrirkomulagi í megindráttum sem lögfest var með IX. kafla hjrl., þ.e. færslu fyrst í dagbók en síðar í kaupmálabók. Reglurnar í frumvarpinu eru lagaðar eftir megintilhögun þinglýsingalaga, nr. 39/1978. Gildi skráningar telst frá viðtökudegi samkvæmt því er í dagbók greinir, sbr. 3. mgr. 85. gr., er endurtekur 80. gr. hjrl. og er þó forsendan að skjalið reynist tækt til skráningar.

Um 83. gr.

Greinin er hliðstæð 82. gr. hjrl. að efni til og fjallar um það hvar kaupmáli skuli skráður. Lagt er til að afnumin verði sú regla að miða skuli við varnarþing bóndans. Kaupmála hjónaefna skal skrá þar í umdæmi sem þau eiga lögheimili eða hyggjast búa, en kaupmála hjóna þar sem þau eiga lögheimili. Ef þau eiga ekki lögheimili hér á landi er rétt að skrá kaupmálann í Reykjavík ef yfirleitt er unnt að skrá hann hér á landi.

3. mgr. er endurtekning á lokamálslið 82. gr. hjrl.

Um 84.–85. gr.

Þær mæla fyrir um skráningu í dagbók, sbr. 84. gr., og í kaupmálabók, sbr. 85. gr.

Í 84. gr. er kveðið á um gerð kaupmála sem afhentur er til skráningar. Skjal á að vera úr garði gert í samræmi við 5. og 6. gr. þinglýsingalaga. Ef kaupmáli er ritaður á erlendu máli má áskilja að viðhlítandi þýðing fylgi skjalinu, sbr. 2. mgr. 5. gr. þinglýsingalaga.

Kaupmáli er skráður í kaupmálabók eftir að kannað er hvort hann sé tækur til þeirrar skráningar. Rita skal síðan á kaupmálann um viðtökudag hans og telst gildi skráningar frá þeim degi, sbr. 3. mgr. 85. gr.

Synjun um skráningu á kaupmála er heimilt að skjóta til dóms- og kirkjumálaráðuneytis, sbr. 132. gr. frumvarpsins.

Reglur 85. gr. um skráningu í kaupmálabók víkja ekki frá núverandi framkvæmd hennar.

Um 86. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um allsherjarskrá um kaupmála er haldin skal í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, svo og um auglýsingar um kaupmála í Lögbirtingablaði. Greinin er hliðstæð 83. gr. hjrl., en efni hennar er lítilega breytt og einfaldað.

Um 87. gr.

Þessi grein er nýmæli þar sem lagt er til að reglur, sem nú er farið eftir víða um landið, verði lögskráðar. Í greininni er fjallað um kaupmála sem varða fasteignir, skip stærri en 5 smálestir og skráð loftför. Eftir að kaupmáli er skráður í kaupmálabók er lagt til að sýslumaður skrái þegar í stað efni kaupmála í veðmálabók viðkomandi eignar. Nokkur

vafi hefur leikið á því hver framkvæmd slíkra mála eigi að vera og ber nauðsyn til að taka hér af skarið. Er ætlandi að ákvæði þetta horfi til réttaröryggis. Þegar sýslumaður skráir efni kaupmála í veðmálabók samkvæmt þessu er ekki tekið sérstakt þinglýsingargjald. Ef eign er í öðru umdæmi, þá ber sýslumanni, sem skráir kaupmála, að senda gögn til sýslumanns sem í hlut á og ber þá að þinglýsa efni kaupmála þar. Þá mun verða tekið þinglýsingargjald. Af eðlisástæðum ber að hraða þessum afgreiðslum eftir því sem frekast eru föng á.

Aðgæta ber þörf á skráningu kaupmála á fyrirtækjaskrá og áritun á verðbréf ef því er að skipta, en um það verður rétthafi sjálfur að annast.

Um 88. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli, en hér er gert ráð fyrir að regla, sem í gildi er, verði lögskráð varðandi breytingu á kaupmála og afturköllun hans.

Um 89. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Þegar hjúskap er lokið og fjárskipti um garð gengin vegna skilnaðar geta hjón haft réttmætra hagsmuna að gæta af því að kaupmáli verði afskráður. Getur hinu sama gegnt um erfingja látins maka. Það er efni þessa ákvæðis að mæla fyrir um rétt þessara aðila til að krefjast afskráningar kaupmála sem þá hefur gegnt hlutverki sínu.

Um 90. gr.

Hér er lagt til að hver sem þess óskar eigi rétt á að fá upplýsingar úr kaupmálabók um tilvist kaupmála og efni. Er það í samræmi við framkvæmd. Felur það í sér nokkrar breytingar á 2. mgr. 83. gr. hjrl.

Um XIII. kafla.

Í VI. kafla hjrl. eru ákvæði um slit á fjárfélagi án þess að til skilnaðar komi, bæði samkvæmt einhliða kröfu annars hjóna vegna vangæslu hins á fjármálum sínum og einnig geta hjón verið sammála um að krefjast slita á fjárfélagi. Þessum ákvæðum hefur lítið verið beitt hér á landi. Í umræðum í norræna löggjafarsamstarfinu hafa skoðanir verið skiptar um hvort halda eigi þessum reglum. Sifjalaganefnd hefur hallast að því að höfðu samráði við reynda lögmenn, m.a. vegna þess að þær eru taldar hafa nokkurt varnaðargildi. Ákvæðin eru lítt breytt frá því sem þau eru í VI. kafla hjrl.

Í XIV. kafla skiptalaga nr. 20/1991 eru ákvæði um sama efni og greinir í þessum kafla. Eru ákvæði frumvarpsins löguð að ákvæðum laga nr. 20/1991. Vísast til athugasemda við næsta kafla varðandi rök fyrir því að halda þessum ákvæðum í hjúskaparlögum.

Um 91. gr.

Hér er fjallað um sama efni og í 39. og 40. gr. hjrl. og 99. gr. laga nr. 20/1991. Hliðsjón skal m.a. af því höfð ef annað hjóna veldur hættu á að fjölskyldan missi af sameiginlegu heimili vegna háttsemi þess eða grundvöllur fyrir atvinnurekstri þess skerðist.

Um 92. gr.

Hún kemur í stað 41.–42. gr. hjrl. en er nokkru einfaldari í sniðum. Greinin er í sam-

ræmi við 101. gr. laga nr. 20/1991. Úrskurð héraðsdómara um kröfu um fjárskipti má kæra til Hæstaréttar skv. 133. gr. laga nr. 20/1991.

Um 93. gr.

Greinin er að nokkru um sama efni og 43. gr. hjrl., en einfaldari til muna. Í greininni er mælt fyrir um að beita skuli efnisreglum um fjárskipti við skilnað er skipti fara fram samkvæmt þessum kafla. Um stöðu maka meðan á skiptum stendur fer eftir sömu reglum og um skipti vegna skilnaðar.

Um 94. gr.

Hér er lögmælt séreign sem ekki er háð kaupmála. Greinin er hliðstæð 44. gr. hjrl. Tímamark 1. mgr. 101. gr. er það sama og í 1. mgr. 104. gr. skiptalaga. Athyglisvert er að séreignafyrirkomulagið hefst þegar krafa um fjárskipti hefur verið sett fram, en ekki er miðað við það er þeim sé lokið.

Um XIV. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um skiptareglur. Þær reglur eru tvenns konar, annars vegar efnislegar skiptareglur og hins vegar form- eða verklagsreglur um framkvæmd skipta. Almennt er talið að efnisreglur um skipti eigi undir hjúskaparlöggjöf en um staðsetningu reglna þessara að öðru leyti er stefna norrænu laganna nokkuð mismunandi. Sums staðar eru þær í hjúskaparlögum að verulegu leyti en annars staðar í skiptalögum. Í norræna löggjafarsamstarfinu voru þessar reglur, einkum efnisreglurnar, ræddar allrækilega. Í fyrstu drögum að frumvarpi til hjúskaparlaga byggði sifjalaganefnd á því að hjúskaparlög tækju til skiptareglna í svipuðum mæli og verið hefur og voru ákvæði þeirra draga stíluð á þeim grundvelli. Með XIV. kafla skiptalaga nr. 20/1991 voru hins vegar sett allvíðtæk ákvæði um skipti vegna hjónaskilnaða, ógildingar hjúskapar og slita á fjárfélagi án hjónaskilnaðar, þar á meðal nokkrar efnisreglur. Sifjalaganefnd endurskoðaði því fyrra frumvarp sitt með hliðsjón af ákvæðum hinna nýju skiptalaga og hefur reynt að samrýma og samlaga það þeim. Hefur verið gengið út frá því að skiptalögin gildi í heild sinni um skipti, auk þeirra ákvæða sem þetta frumvarp hefur að geyma. Hjúskaparlög varða almenning mjög miklu og með hliðsjón af því hefur sifjalaganefnd talið rétt að í lögunum sé gefið aðgengilegt yfirlit yfir fjárskipti hjóna, þar á meðal skiptaferlið, jafnmikilvægur þáttur og þau eru í fjármálaskipan hjóna. Er það gert með því að vísa til viðkomandi ákvæða skiptalaga, en einnig með því að taka upp í frumvarpið ákvæði sem skiptalög geyma reglur um. Með öðrum hætti næst ekki það leiðsöguhlutverk sem hjúskaparlögum er ætlað að gegna fyrir þá er við lögin eiga að búa. Að öðru leyti hefur í frumvarpinu verið lögð áhersla á efnisreglur um skipti. Tekið skal fram að ekki er að öllu leyti auðvelt að greina á milli efnis- og formreglna um skipti og skiptar skoðanir geta verið um greinimarkið.

Ákvæði XIV. kafla má flokka svo sem hér segir:

a. *Ákvæði um skiptahætti*, þ.e. annars vegar skipti er hjón framkvæma sín á milli með *skiptasamningi* og hins vegar *opinber skipti*, sbr. *95. og 96. gr.* frumvarpsins.
b. Reglur um *kröfugerð og hvert beina skuli kröfu* um skipti, sbr. *97. gr.*
c. Reglur um *upplýsingaskyldu* aðila, sbr. *98. gr.*
d. Reglur um það *til hverra eigna og skulda skiptin taki*, þar á meðal reglur um að séreignir skuli vera utan skipta að meginstefnu til og við hvaða *tímamark* skuli miða eigna- og skuldatal, sbr. *99.–101. gr.*
e. Mikilvægt er að afmarka *hvort einstök réttindi séu utan skipta* að einhverju leyti og er það gert í *102. gr.*

f. *Helmingaskiptareglan*, sbr. *103. gr.* frumvarpsins, er rótgróin regla í norrænum hjúskaparrétti. Með 57. gr. laga nr. 60/1972 er heimilað að víkja frá þeirri reglu ef sérstaklega stendur á. Á síðustu árum hafa þær skoðanir notið byrjar að slíkar *fráviksheimildir,* svonefndar „skáskiptareglur", eigi að rýmka og er það gert í þessu frumvarpi, sbr. einkum *104. gr.* og enn fremur að nokkru *105. og 109. gr.*
g. Reglur um *endurgjaldskröfur*, sbr. *107. gr.* frumvarpsins. Þær eru hliðstæðar 51.–54. gr. hjrl.
h. *Úthlutunarreglur* eru í *106. gr.* og *útlagningarreglur* í *108. og 109. gr.*
i. Í *110. gr.* er almenn regla um heimildir hjóna til að gefa eftir af eignarhlut sínum.
j. Þá er skýringarákvæði í *111. gr. sem tengist fjárskiptum vegna skilnaðar að borði og sæng* og loks er regla er varðar *leiguréttindi húsnæðis í 112. gr.*, sbr. 60. gr. laga nr. 60/1972.

Hér á eftir fara athugasemdir um einstakar greinar þessa kafla. Í umsögnum um þær verður vísað hér til samsvarandi ákvæða í VII. kafla laga nr. 20/1923 þótt ýmis þeirra séu afnumin með skiptalögum nr. 20/1991 sem raunar taka ekki gildi fyrr en 1. júlí 1992. Er þetta gert samhengisins vegna.

Um 95. gr.

Rétt þykir að hefja kaflann á ákvæði um fjárskiptasamning, enda æskilegt að hjón ráði skiptum til lykta með samningi. Greinin er að nokkru sambærileg við 54. gr. laga nr. 60/1972. Hér er það nýmæli að lögfest er að slíkur samningur skuli vera skriflegur og undirritaður af hjónum eða umboðsmönnum þeirra. Hann skal enn fremur staðfestur fyrir sýslumanni eða dómara eftir því hvar skilnaðarmál er til meðferðar, sbr. einnig 43. gr. frumvarpsins, sbr. hrd. 1987, bls. 724. Hér er tekin upp sams konar regla og í 54. gr. laga 60/1972 um að unnt sé að ógilda samning ef hann hefur verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma er hann var gerður. Hér er því bætt við að unnt sé að ógilda hann að öllu eða nokkru. Ef hjón eru eignalaus kemur yfirlýsing þeirra um það efni í stað fjárskiptasamnings og skulu þau eða umboðsmenn þeirra staðfesta yfirlýsinguna fyrir sýslumanni eða dómara.

Þar sem rætt er um umboð í 1. mgr. er á því byggt að lögmaður, sem undirritar fjárskiptasamning vegna annars hjóna, hafi sérstakt umboð þess til umsýslunnar, sbr. hrd. 1976, bls. 984.

Sá sem heldur því fram að samningur sé „bersýnilega ósanngjarn" á sönnunarbyrðina þar um. Getur sönnun orðið torveld svo sem ráða má af dómum, sbr. t.d. hrd. 1983, bls. 89, 1984, bls. 133, og 1985, bls. 832, sbr. þó hrd. 1988, bls. 474. Grundvöllur getur brostið undan fjárskiptasamningi, svo sem fyrir það að skilnaður að borði og sæng falli niður eða lögskilnaður er felldur úr gildi, sbr. hrd. 1979, bls. 1369.

Í 2. mgr. eru skorður reistar við því hvenær mál út af ógildingu samnings verði höfðað og er þar endurtekin regla 2. og 3. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972, þar á meðal um upphaf frests, sbr. hrd. 1984, bls. 1085. Er réttmætt að stuðla að því að hafist verði fljótlega handa um málarekstur út af þessu. Þó þykir varhugavert að hafa þröngan frest ef málssókn er reist á almennum reglum fjármunaréttar um ógildingu samnings, sbr. hrd. 1984, bls. 1085. Frestur hefur stundum verið liðinn þegar mál var höfðað, sbr. hrd. 1975, bls. 283.

Um 96. gr.

1. mgr. er til leiðsögu um að aðilar geti krafist opinberra fjárskipta vegna skilnaðar og ógildingar hjúskapar, sbr. hér 98. gr. skiptalaga nr. 20/1991. Tekið skal fram að tilvísun til skiptalaga í lok 1. mgr. felur m.a. í sér að lokaákvæði 1. mgr. 98. gr. skiptalaga eigi hér við.

Í 2. mgr. segir að efnisreglur um skipti í þessum kafla eigi einnig við þegar skipti eiga sér stað vegna andláts maka. Þar ber einnig að beita ákvæðum skiptalaga, sbr. einkum III. kafla þeirra.

Um 97. gr.

Hér er vísað til 92. gr. varðandi það til hvaða héraðsdómstóls eigi að beina kröfu. Er þar miðað við umdæmi þar sem hjón eiga eða áttu síðast sameiginlegt lögheimili nema samið sé um annað, sbr. einnig 101. gr. skiptalaga þar sem mælt er fyrir um kröfugerð og gögn er henni fylgi. Um skipun skiptastjóra segir í 102. gr. skiptalaga.

Um 98. gr.

Greinin fjallar um upplýsingaskyldu hjóna við skiptin. Miklu varðar fyrir skiptastjóra að fá ekki aðeins upplýsingar um eignir og skuldir hjóna, heldur einnig aðrar upplýsingar um fjármál þeirra. Mikilvægt er að halda hjúskapareignum aðskildum, svo og séreignum, og að það komi fram þegar við uppskrift hvort ágreiningur sé í því efni. Sama er um sérskuldir svo og samskuldir.

Um 99. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um það til hverra eigna skiptin taki.

Þar er sú meginregla mörkuð að skiptin nái ekki til séreigna hvort sem þær stafa frá kaupmála hjóna, fyrirmælum gefanda eða arfleiðanda eða leiði af beinum lagaákvæðum er kveði svo á að tiltekin verðmæti skuli vera séreignir, sbr. þó 2. málsl. 99. gr. sem felur í sér sérreglu. Er hún í samræmi við gildandi rétt, sbr. 2. mgr. 52. gr. hjrl. sem heimilar að draga séreign undir skiptin til að fullnægja endurgjaldskröfu. Þetta er sérregla hjúskaparlaga er gengur framar hinum almennu ákvæðum skiptalaga. Til viðbótar er svo ákvæði 102. gr. frumvarpsins. Ákvæðið gegnir fyrst og fremst leiðsöguhlutverki. Efnislega felast ekki nýmæli í greininni.

Um 100. gr.

Í greininni er greint frá þeirri meginreglu að skuldir hvors hjóna um sig skuli dregnar frá eignum þess við fjárskiptin, enda er það skír eign sem til skipta kemur, sbr. 103. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti vísar ákvæðið til viðeigandi ákvæða skiptalaga varðandi nánari útfærslu þessarar reglu.

Um 101. gr.

Í 1. mgr. er tekin afstaða til þess mikilvæga máls við hvaða tímamark skuli miða eignir og skuldir er til skipta koma. Er hér miðað við sama tímamark og í 1. mgr. 104. gr. skiptalaga. Í því felst breyting frá gildandi lögum sem miða við lok fjárfélagsins, þ.e. við útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar eða uppsögu dóms á frumdómstigi ef máli er áfrýjað og dómur staðfestur, sbr. 48. gr. hjrl. og 2. mgr. 65. skiptalaganna dönsku. Við slit á fjárfélagi án skilnaðar ber þó að miða við það er krafa um fjárslit var sett fram. Þetta greinimark við skilnað að borði og sæng og lögskilnað er jafnaðarlega skýrt. Hins vegar er það því verði keypt að maki getur misfarið með eign hinum og fjölskyldunni til tjóns, bæði svo að hann fargi eignum eða stofni til óhæfilegra fjárskuldbindinga. Hafa menn því leit-

að eftir annarri viðmiðun sem fram kemur í greininni.

2. mgr. varðar skuldir er stafa frá öflun verðmæta sem eigi koma undir skiptin eða af kostnaði vegna þeirra. Segir í ákvæðinu að þessar skuldir komi ekki til frádráttar við fjárskiptin. Eru auðsæ rök til þessa. Arður af slíkum eignum kemur ekki heldur undir skiptin.

Um 102. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um verðmæti sem maki, rétthafi, getur krafist að komi ekki til skipta, þ.e. að hann taki að óskiptu. Ákvæði þetta er í heild sinni sniðið eftir norsku hjúskaparlögunum frá 1991 og öðrum norrænum lögum og með hliðsjón af umræðum í norrænu samstarfsnefndunum um hjúskaparlög. Þá er einnig höfð í huga lagaframkvæmd hér á landi. Um þetta efni er að nokkru mælt í 2. mgr. 104. gr. skiptalaga nr. 20/1991. Ákvæði 102. gr. frumvarpsins er um margt fyllri en 104. gr., en í samræmi við það ákvæði svo langt sem það nær. Krafa getur lotið að eigin hjúskapareign maka eða húskapareign hins, sbr. upphaf 102. gr.

Í 1. tölul. er fjallað um muni sem eingöngu eða aðallega eru ætlaðir til persónulegra nota maka og muni sem hafa minjagildi. Mæla rök með því að þeim sé haldið utan skipta að kröfu aðila, sbr. hér 50. gr. hjrl. Ákvæðið tekur einnig til muna sem maka eru nauðsynlegir til að halda áfram atvinnu eða menntun sinni, sbr. hér 2. mgr. 104. gr. skiptalaga.

Í 2. tölul. er tekið á vandasömu máli þar sem eru réttindi maka í opinberum lífeyrissjóðum eða einkalífeyrissjóðum, svo og krafa til lífeyris eða líftryggingarfjár. Aðstaðan við líftryggingu sem slíka er þó almennt ljós og veltur á því hvort tilnefning á rétthafa er afturtæk eða ekki, sbr. einkum 108. gr. laga nr. 20/1954. Um stöðuna við skilnað kunna að vera ákvæði í lögum um opinbera lífeyrissjóði, sbr. tilvísunarákvæði 56. gr. laga nr. 60/1972, en um einkalífeyrissjóði eru oft ákvæði í samþykktum þeirra eða í samningum um frjálsa líftryggingu o.fl. Ákvæði 2. tölul. er almenns eðlis og er ljóst að sérlög ganga hér fyrir. Ekki eru bein ákvæði í gildandi hjúskaparlögum um þessi réttindi að því er skiptin varðar, en sú lausn, sem hér er lögð til, hefur stoð í grunnreglu 2. mgr. 17. gr. hjrl., að því er talið hefur verið, sbr. einnig 2. mgr. 30. gr. er markar þessum réttindum ýmsum sérstöðu, sbr. hér 57. gr. og 2. mgr. 72. gr. frumvarpsins. Bent er á að ákvæðið um að réttindi verði utan skipta er einskorðað við það að þau hafi ekki endurkaupsverð samkvæmt kröfu annars hjóna eða þeirra sameiginlega. Tryggingaréttindi þessi eru með margvíslegu móti. Hér geta vaknað flókin álitaefni sem leysa verður í lagaframkvæmd og lítt gerlegt er að setja nákvæm lagaákvæði um. Ákvæði 2. tölul. felur í sér stefnumið við úrlausn þessara mála, en er eins og fyrr segir almenns eðlis.

Um 3. tölul. vísast til 57. gr. frumvarpsins og 2. mgr. 17. gr. hjrl. Hér er lagt til að lögfestar verði reglur sem ætla má að nú sé farið eftir hér á landi.

Um 4. tölul. Þar er kveðið á um fébætur sem annað hjóna hlýtur vegna líkams- eða heilsutjóns er leitt hefur til skerðingar á starfsorku til frambúðar. Ekki er eðlilegt að hitt hljóti hlutdeild í því fé ef til skilnaðar kemur. Sama er um bætur vegna þjáninga og annars ófjárhagslegs tjóns. Þær fégreiðslur eru bundnar við persónu rétthafans og mæla rök með því að hann geti tekið fé þetta að óskiptu.

Forsenda fyrir því að verðmæti þessi verði tekin að óskiptu er sú að unnt sé að sérgreina þau á því tímamarki er eignatal ber við að miða, sbr. 1. mgr. 101. gr. Um þetta má vitna til hrd. 1970, bls. 897. Þessu er ljóslega fullnægt ef bótaféð er óhreyft á sparisjóðsbók, en ákvæðið tekur einnig til ígildis bóta svo sem þegar féð er fest í verðbréfum eða fasteign er keypt fyrir það, atvinnufyrirtæki o.s.frv., enda verði kröfu um sérgreiningu fullnægt. Ef það stafar af framlögum hins makans M að þetta fé er enn við lýði

er mælt fyrir um það í ákvæðinu að lækka megi fjárverðmæti sem K getur krafist að óskiptu, enda þyki það sanngjarnt, sbr. og lokaákvæði greinarinnar. Hér mætti t.d. benda á að M hafi kostað heimilisreksturinn um langt árabil að öllu verulegu og með því gert K kleift að ganga ekki á verðmæti sem greinir í þessum tölulið. Bætur fyrir missi framfæranda falla undir ákvæði 4. tölul.

Sifjalaganefnd hefur átt þess kost að kynna sér frumvarp til skaðabótalaga sem samið hefur verið. Er ekki sýnilegt að ákvæði 4. tölul. stangist á við hliðstætt ákvæði í greindu frumvarpi.

Um 5. tölul. Hér segir um verðmæti sem aflað hefur verið vegna þarfa barna. Það hjóna, sem barn býr hjá, getur krafist þess að þessum verðmætum sé haldið utan skipta. Er ákvæðið hliðstætt 2. mgr. 104. gr. skiptalaga nr. 20/1991. Vakin er þó athygli á því að í skiptalögunum er miðað við að það hjóna, sem fer með forsjá ófjárráða barns, geti sett fram kröfu. Ætla má að hjón fari oft sameiginlega með forsjá barns á því tímamarki sem hér um ræðir og þykir því heppilegra að miða við hjá hvoru hjóna barn búi. Ekki þótti ástæða til að gera fyrirvara um verðgildi munanna, sbr. hins vegar 2. mgr. 104. gr. skiptalaga. Gengur þetta ákvæði frumvarpsins framar ákvæði skiptalaga hvað þetta snertir.

Ekki er fyrir það að synja að ósanngjarnt kunni að reynast í einstaka tilviki að halda réttindum skv. 2., 3. eða 4. tölul. utan skipta að öllu leyti. Hugsanlegt er að endurgjaldskrafa komi hér til greina, sbr. athugasemd í hrd. 1970, bls. 670. Slík mál hafa þó verið torsótt fyrir norrænum dómstólum og er því gert ráð fyrir því í lokaákvæði greinarinnar að unnt sé að bæta hinu hjóna með fjárgreiðslum við skiptin ef ósanngjarnt þykir að réttindi þessi verði í heild sinni utan skipta.

Að lokum skal bent á að ákvæði 102. gr. skerða ekki heimildir skv. 3. mgr. 104. gr. skiptalaga.

Um 103. gr.

Greinin mælir fyrir um helmingaskiptareglu við fjárskipti, sbr. einnig 6. gr. frumvarpsins og 4. mgr. 109. gr. skiptalaga.

Helmingaskiptareglan við fjárskipti vegna skilnaðar á sér aldahefð í norrænum rétti. 2. mgr. 18. gr. hjrl., er mælir fyrir um þetta efni, var staðfesting á fyrri reglum. Hún byggist á því að í hjúskap ríki efnahagsleg samstaða og hefur það markmið að veita hvorum maka um sig hlutdeild í eignum hins og stuðla þannig að jafnstöðu þeirra við hjúskaparlok. Þessi regla tekur bæði til eignamyndunar eftir að hjúskapur er stofnaður og einnig til hlutdeildar í eignum sem hjón fluttu með sér í búið. Eftir rétti sumra ríkja nær helmingaskiptareglan ekki til síðargreindu verðmætanna, sbr. t.d. þýskan hjúskaparrétt eftir 1957, svo og franskan, grískan og spænskan rétt. Reglan tekur m.a. tillit til þess að hjón hafi mismikil tök á að afla sér tekna og eigna. Einkum verður staða heimavinnandi maka oft lakari en hins, auk þess sem tekjur hjóna geta verið næsta misháar. Helmingaskiptareglunni er ætlað að draga úr þessum mismun í reynd. Búa sanngirnissjónarmið þar að baki og ræður m.a. tillit til afkomu maka eftir skilnað efni þessarar reglu. Hjónin og fjölskyldan í heild sinni hafa notið þessara eigna og hefur þá sjaldnast verið greint milli verðmæta sem hvort um sig á að hjúskapareign. Má raunar segja að í virkum hjúskap líti hjón oft á t.d. íbúð, húsgögn og bifreið nánast sem sameign sína. Er oft torvelt að greina á milli hjúskapareigna þar sem bæði hafa innt af hendi framlög, t.d. til íbúðarbygginga eða íbúðarkaupa, kaupa á húsgögnum o.fl. Helmingaskiptareglan kemur frá þessu sjónarmiði að haldi sem úrræði til að skapa hjónum fjárhagslega jafnstöðu við hjúskaparlok. Ef þessari reglu væri ekki fyrir að fara mundu sanngirnisrök bjóða að lögfestar yrðu víðtækar reglur um framfærslueyri til þess maka er stendur verr að vígi fjárhagslega eftir

skilnað, sbr. t.d. breskan og bandarískan rétt. Á Norðurlöndum hefur verið tekin eindregin afstaða gegn því fyrirkomulagi sem er gallað úrræði frá félagslegu og persónulegu sjónarmiði og mjög erfitt í framkvæmd.

Um 104. gr.

Þótt helmingaskiptareglan sé meginregla í íslenskum hjúskaparrétti voru nokkur frávik frá henni frá upphafi, sbr. séreignir, persónuleg réttindi, endurgjaldsreglur o.fl.

Við endurskoðun norrænu hjúskaparlaganna á sjöunda áratugnum, sbr. lög nr. 60/1972 hér á landi, var það ríkjandi viðhorf að heimila ætti víðtækari frávik frá helmingaskiptareglunni en áður voru í lögum. Einkum var bent á að oft geti verið ósanngjarnt að beita henni ef hjúskapur hefur staðið skamman tíma og ekki leitt til fjárhagslegrar samstöðu að marki. Þegar svo standi á sé réttmætt að heimila hvorum maka um sig að taka að óskiptu þær eigur sem hann flutti í búið eða eftir atvikum verðígildi þeirra. Var þessi tilhögun lögfest með 57. gr. laga nr. 60/1972. Voru þá öðrum þræði hafðar í huga reglur um fjárskipti vegna ógildingar hjúskapar.

Regla 57. gr. laga nr. 60/1972 hefur gegnt góðu og gildu hlutverki svo langt sem hún nær. Allnokkrir hæstaréttardómar hafa gengið um hana, ýmist svo að hafnað hefur verið kröfu um „skáskipti“ eða hún tekin til greina, a.m.k. að nokkru. Þá er einnig kunnugt um úrskurði í skiptaréttum sem gengið hafa án þess að til áfrýjunar hafi komið.

Í norrænu samstarfi síðasta áratugar um endurskoðun hjúskaparlaga voru menn á einu máli um að rýmka þyrfti heimild til frávika frá helmingaskiptareglu. Einkum hafa umræður hnigið að því að ekki sé fullnægjandi að takmarka fráviksheimild svo að binda hana við eigur er makar hafa flutt í bú svo sem gert er í 57. gr. Ýmsar aðrar eignadeildir komi einnig til greina, þar á meðal verðmæti er maki hefur hlotið að gjöf eða arfi án þess þó að þær séu séreignir samkvæmt fyrirmælum gefanda eða arfleiðanda, svo og t.d. þegar maki flytur verðmæti úr séreign sinni í hjúskapareign.

Norrænu lögin eru nokkuð ólík hvað snertir framsetningu reglna þessara. Efnislegur munur verður þó ekki mikill í lagaframkvæmd að því er ætla verður.

Skal nú farið nokkrum orðum um efni 104. gr.:

1. Í 104. gr. er valin sú leið að greina það sem frumforsendu og allsherjarforsendu fyrir fráviki frá helmingaskiptareglu að skiptin yrðu bersýnilega ósanngjörn að öðrum kosti fyrir annað hjóna. Þykir eðlilegt að reglan, sem er raunar svonefnd vísiregla, hefjist á þessu greinimarki. Síðan eru sérgreind tilvik sem einkum ber að taka tillit til þegar sanngirnismælikvarði er á lagður, en þau eru ekki tæmandi talin í greininni.
2. Taka á tillit til fjárhags hjóna og lengdar hjúskapar. Þessu er lýst svo í 57. gr. laga nr. 60/1972 að hafa skuli hliðsjón af því að hjúskapur hafi staðið skamma stund og ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu. Orðalag 1. mgr. 104. gr. er almennara, en hér er átt við svipuð tilvik og þau er greinir í 57. gr. Skammvinnur hjúskapur leiðir sjaldnast til þeirrar fjárhagslegu og félagslegu samstöðu sem er grundvöllur helmingaskiptareglunnar. Hér ber jafnvel að hafa í huga hugsanlegt misferli í sambandi við hjúskaparstofnun þar sem annar aðili stofnar til hjúskaparins nánast í því skyni að komast yfir eignir í skjóli skjótfengins skilnaðar og helmingaskiptareglu.
3. Einnig ber að hafa hliðsjón af því að annað hjóna kann að hafa flutt í búið við hjúskaparstofnun verðmæti sem eru verulega miklu meiri en þau er frá hinu stafa. Þessi þáttur er einnig greindur í 57. gr. laga nr. 60/1972. Ekki er þetta einskorðað við að hjúskapur hafi verið skammvinnur, en mundi einkum eiga við þegar svo hagar til.
4. Þá er það greint að annað hjóna hafi eftir hjúskaparstofnun erft fé eða fengið gjöf frá öðrum en maka sínum. Hér er við það átt að arfur eða gjöf sé ekki séreign, sbr. 77.

gr. frumvarpsins. Ýmsir hafa raunar talið að erfðafé eða gjafafé, er greinin tekur til, ætti að vera utan skipta. Ekki hefur þótt rétt að ganga svo langt því að hér getur staðið mjög misjafnlega á. Þykir heppilegra að láta sanngirnissjónarmið ráða.

5. Loks víkur 104. gr. að því að annað hjóna hafi með vinnu, framlögum til framfærslu fjölskyldu eða á annan hátt stuðlað verulega að aukningu fjáreignar sem falla ætti hinu hjóna í skaut eða átt hlut að því að bæta fjáreign hins að öðru leyti. Hér er m.a. höfð í huga vinna maka á heimili og þann grundvöll sem með því fæst til þess að hinn makinn geti aflað sér tekna og eigna. Hlut þess maka ber einnig að virða þegar til útlagningar verðmæta kemur.
6. Í 3. mgr. 104. gr. er tekið fram að frávik frá helmingaskiptareglu skv. 1. og 2. mgr. verði einnig beitt til hagsbóta fyrir erfingja maka ef hagir þeirra mæla sérstaklega með því. Hér verður að leggja til grundvallar þær lagaforsendur sem fólgnar eru í 1. og 2. mgr. Mælir sanngirni með þessari reglu sem ekki er greind í 57. gr. laga nr. 60/1972.

   Ákvæði 104. gr. fela í sér til muna rýmri frávik frá helmingaskiptareglu en þær er greinir í 57. gr., en bent skal á að þetta eru heimildareglur.

   Reglur um endurgjaldskröfur gilda sjálfstætt við hlið heimilda skv. 104. gr., sbr. hér 107. gr. frumvarpsins.

Um 105. gr.

Hún samsvarar 58. gr. laga nr. 60/1972. Því er hér bætt við að réttur þessi víki fyrir rétti hins makans til að fá verðmæti í sinn hlut til greiðslu skuldbindinga sem á honum hvíla.

Um 106. gr.

Hún samsvarar 48. gr. hjrl. og fjallar að nokkru um sama efni og 109. gr. skiptalaga nr. 20/1991.

Um 107. gr.

Hér eru fyrirmæli um endurgjaldskröfur, sbr. 51.–54. gr., sbr. 55. gr. laga nr. 20/1923. Þær greinar eru ekki afnumdar með skiptalögum nr. 20/1991. Er til endurgjaldskrafna vísað í 2. mgr. 106. gr. og 4. mgr. 109. gr. þeirra laga.

1. mgr. varðar sama efni og greinir í 53. gr. laga nr. 20/1923. Sérregla er hér um fé sem gengur til þess að afla lífeyrisréttinda, sbr. 2. tölul. 102. gr.

2. mgr. svarar til 52. gr. laga nr. 20/1923.

1. málsl. 3. mgr. er nánast skýringarákvæði. Í 2. málsl. segir að krefjast megi greiðslu úr séreign makans ef hjúskapareign hrekkur ekki til, sbr. 2. mgr. 52. gr. hjrl.

4. mgr. er sama efnis og 55. gr. laga nr. 20/1923.

5. mgr. er nýmæli og kveður á um greiðslu endurgjaldskrafna. Er unnt að mæla svo fyrir að greiðsla sé innt af hendi með afborgunum.

Ákvæði 54. gr. laga nr. 20/1923 er ekki tekið með í 107. gr. Þegar svo stendur á sem þar greinir á maki sem notar séreignarfé til þess að auka verðgildi hjúskapareignar eftir atvikum kröfu á hitt hjóna er jafna ber við skiptin ef krafist verður.

Um 108. gr.

Í greininni eru fyrirmæli um útlagninu verðmæta, þ.e. eftir að úthlutun fer fram til greiðslu skulda, sbr. 106. gr.

Í 1. mgr. er mælt svo fyrir að við opinber skipti vegna skilnaðar geti hvort hjóna um sig krafist þess að fá hlut sinn útlagðan eftir virðingu. Er það í samræmi við gildandi rétt.

Í 2. mgr. er haldið þeirri reglu gildandi laga að það hjóna, sem á verðmæti að hjúskapareign, geti krafist þess að fá það í sinn hlut, enda rúmist það innan fjármarka eignarhlutar hans.

Frá meginreglu upphafsákvæðis 2. mgr. eru að öðru leyti frávik skv. 1.–5. tölul. Samkvæmt þeim er heimilt í ákveðnum tilvikum að leggja verðmæti út til þess hjóna sem ekki á mun að hjúskapareign. Sanngirnisrök þóttu mæla með slíkri reglu, auk þess sem hún er í samræmi við niðurstöður í norræna lagasamstarfinu. Samkvæmt 110. gr. skiptalaga getur annað hjóna hins vegar ekki krafist útlagningar úr hjúskapareign hins nema samkomulag verði um það. Ákvæði 108. gr. frumvarpsins hefur því að geyma sérreglu sem gengur framar 110. gr. skiptalaga hvað þetta snertir. Ákvæðið stangast að öðru leyti ekki á við skiptalög, en kveður á um fyllri reglur en ákvæði 110. gr. skiptalaga og gengur sem sérákvæði framar því.

108. gr. getur líka átt við þegar hjón eiga eign í sameign enda þótt ekki sé vikið sérstaklega að sameignum í ákvæðinu. 3. mgr. 110. gr. skiptalaga fjallar um rétt aðila til að krefjast útlagningar úr sameign. Samkvæmt henni skal það hjóna ganga fyrir sem ætla má að hafi meiri þörf fyrir eignina en ella skal varpa hlukesti um í hvors hlut hún komi ef ekki verða sammæli um annað. Forsendan fyrir beitingu 1.–5. tölul. er þörf maka fyrir eign og stangast ákvæðið því ekki á við 110. gr. skiptalaga, en felur vissulega í sér fyllri reglur um þessi tilvik og gengur sem sérákvæði framar því.

1. og 2. tölul. varða íbúðarhúsnæði fjölskyldu og sumarbústað. Ef ágreiningur verður ber að taka tillit til þess við útlagningu hvorum maka sé meiri þörf á húsnæðinu í því skyni að halda uppi heimili og varðandi sumarbústaði ræður sérstaklega tillitið til barna hjóna.

Í 3. og 4. tölul. er kveðið á um atvinnufyrirtæki og vinnutæki og annað lausafé er tengist atvinnu. Þar er viðmiðunin hvort hjóna hafi rekið fyrirtækið (3. tölul.) og tillitið til áframhaldandi atvinnu og til sanngirni (4. tölul.).

Í 5. tölul., sem varðar kröfu til útlagningar húsgagna, búsgagna og annars lausafjár á sameiginlegu heimili, er einnig boðið að taka tillit til þess að krefjanda sé unnt að halda uppi heimili.

Um 109. gr.

Greinin heimilar að leggja maka út verðmæti þótt það fari fram úr eignarhlut hans, enda mæli sanngirni með því. Í 105. gr. er einnig ákvæði um heimild til aukningar á eignarhlut en það ákvæði er bundið við tiltekin verðmæti, búsgögn og annað lausafé á sameiginlegu heimili. 109. gr. er ekki einskorðuð við nein sérstök verðmæti að því er andlag varðar. Þá er sá munur á ákvæðunum að skv. 109. gr. ber maka að greiða fjárhæð sem samsvarar því er verðmætið fer fram úr réttri tiltölu, en það á ekki við skv. 105. gr. Ákveða má þegar sérstaklega stendur á að fjárhæð verði greidd með afborgunum. Að öðrum kosti yrði þeim maka, sem í hlut á, oft ofviða að standa undir greiðslunni. Hér ber að hafa í huga aðstæður allar, en einkum fjárhagsstöðu og afkomu þess er greiða skal og fjölskylduhagi og framfærslubyrði hans.

Svo sem áður er greint nýtur eftirlifandi maki við skipti dánarbúa ýmissa sérréttinda samkvæmt skiptalögum nr. 20/1991, sbr. einkum III. kafla.

Um 110. gr.

Í greininni er fjallað um heimild annars hjóna til að gefa hinu við fjárskiptin eftir af eignarhlut sínum.

Samkvæmt 60. gr. laga nr. 20/1923 geta skuldheimtumenn hins fyrrnefnda gengið að hinu síðarnefnda um fjárhæð sem eftirgjöf nemur ef það er eigi alveg vafalaust að mak-

inn hafi þá átt nægilega fjármuni til þess að fullnægja skuldheimtumönnum sínum. Þetta ákvæði er ekki tekið í frumvarpið, en í 3. mgr. 132. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, er riftunarregla er varðar þann fjárhlut er maki hefur hlotið við fjárskipti umfram rétta tiltölu.

Um 111. gr.

Ákvæðið horfir til skýringar þegar svo er að fjárskipti hafa farið fram vegna skilnaðar að borði og sæng og samvistir takast að nýju. Segir í ákvæðinu að verðmæti, sem hvort hjóna um sig hefur fengið í sinn hlut við fjárskiptin og það flytur með sér er samvistir takast að nýju, falli undir ákvæði 1. mgr. 104. gr. Hér er í raun átt við 2. málsl. 1. mgr. Skilyrðum 1. málsl. 1. mgr. þarf að vera fullnægt. Ákvæðinu er ætlað að taka af tvímæli.

Um 112. gr.

Ef hjón hafa haft íbúðarhúsnæði á leigu mundu þau að jafnaði sjálf ákveða hvort þeirra taki við íbúðinni er hjúskap lýkur. Ef ágreiningur verður í þessu efni ber samkvæmt greininni að leysa málið með tilliti til þarfa hjóna og barna. Ákvæðið er hliðstætt 60. gr. laga nr. 60/1972.

Um XV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um hjúskaparmál svo sem þau eru skýrgreind í 113. gr. frumvarpsins. Er þeim ætlað að leysa af hólmi VII. kafla laga nr. 60/1972. Gert er ráð fyrir að meðferð þessara mála lúti í öllum meginatriðum almennri meðferð einkamála samkvæmt lögum nr. 91/1991 með nokkrum frávikum sem greind eru í kaflanum.

Í hjúskaparmálum þarf oft að taka á fleiri atriðum en skilnaðarkröfunni sjálfri. Eitt og sama dómsmálið getur verið höfðað með kröfu um skilnað, vegna ágreinings um forsjá barna og vegna skyldu til greiðslu lífeyris með maka. Er unnt að sækja þessa þrjá þætti í sama dómsmálinu, en vegna séreðlis hvers þeirra gilda nokkuð ólík réttarfarsleg sjónarmið um þá, einkum hvað varðar forræði aðila á máli. Verður að meta þetta á grundvelli efnislegra lagareglna á þessu sviði.

Varðandi forsjárþáttinn þarf að taka tillit til hagsmuna þriðja aðila, þ.e. barnsins, sem þarfnast sérstakrar verndar. Með tilliti til hagsmuna þess er talið nauðsynlegt að skerða forræði aðila á máli frá því sem tíðkast almennt í einkamálaréttarfari. Í VIII. kafla frumvarps til barnalaga, sem flutt hefur verið á Alþingi, eru sérákvæði um réttarfar í dómsmálum um forsjá barna. Í 3. mgr. 56. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að reglur hjúskaparlaga um lögsögu og varnarþing gildi sé krafa um forsjá þáttur í hjúskaparmáli, en sérákvæði barnalagafrumvarpsins eigi að öðru leyti við um forsjárþáttinn. Þetta á t.d. við um 62. gr. þess þar sem segir að dómari sé ekki bundinn af málsástæðum og kröfum aðila, en hliðstætt ákvæði er ekki í þessu frumvarpi. Rétt er að vekja á því athygli að skv. 44. gr. þessa frumvarps þarf ágreiningur um forsjá barna ekki að standa í vegi fyrir því að skilnaður verði veittur áður en leyst hefur verið úr forsjárdeilu, enda komi fram krafa þar að lútandi.

Við úrlausn um skilnaðarkröfuna sjálfa gilda nokkur önnur sjónarmið en við úrlausn um forsjá barna. Þá er um tvo jafnsetta einstaklinga að ræða og því eðlilegt að aðilar hafi ríkara forræði á máli. Hins vegar koma hér til þau þjóðfélagslegu sjónarmið að styrkja eigi hjónabandið og ófrávíkjanlegar lagareglur um skilnaði sem settar hafa verið í því skyni, svo sem ákvæðin um lágmarksfrest frá því að skilnaður að borði og sæng er veittur og uns lögskilnaður er kræfur, sbr. 36. gr. frumvarpsins, eða um tímalengd samvistaslita, sbr. 37. gr. Einnig reglur þar sem skilnaðarforsendum er lýst með ákveðnu

efnisinntaki, sbr. 39. gr. um hjúskaparbrot og 40. gr. um líkamsárás. Í þessum tilvikum verður að ganga úr skugga um að lagaskilyrðum sé fullnægt og skerða verður forræði aðila á máli með hliðsjón af því. Hér dugir ekki að stefndi samþykki skilnaðarkröfu stefnanda sem reist er t.d. á skemmri samvistaslitum en tveimur árum eða á líkamsárás sem ekki er jafn alvarleg og lýst er í 40. gr. Af þessum ástæðum hefur verið talin þörf á nokkrum sérákvæðum um meðferð þessara mála, sbr. 117. gr. frumvarpsins. Frávikin eru þó færri en um forsjármál samkvæmt barnalagafrumvarpi.

Rétt er að benda á það að stefndi í hjúskaparmáli getur auðvitað sett fram gagnkröfu og krafist skilnaðar á öðrum grundvelli en stefnandi, t.d. skilnaðar að borði og sæng í stað lögskilnaðar vegna hjúskaparbrots.

Þau sjónarmið, sem rakin hafa verið hér að ofan um skilnaðarkröfuna og forsjárþáttinn í hjúskaparmáli, eiga ekki við um eigna- og framfærslumál hjóna. Við meðferð þessara þátta eru ekki sömu rök til að skerða forræði aðila og frávik frá almennri meðferð einkamála verða færri. Verður að líta svo á að aðilar geti gert sátt um þessi mál, sbr. 43. og 95. gr. Ber ekki að túlka 4. mgr. 117. gr. frumvarpsins svo að ekki sé heimilt að gera sátt um slíka afmarkaða þætti sem ófrávíkjanlegar lagareglur gilda ekki um.

Um hjúskaparmál gilda sömu sjónarmið og um forsjármál varðandi nauðsyn þess að dómþing séu lokuð og gætt sé nafnleyndar við birtingu dóms, sbr. 118. og 119. gr.

Um 113. gr.

Hún er sama efnis og 61. gr. laga nr. 60/1972, en 4. tölul. er nýmæli sem mælir fyrir um að komi til dómsmáls um hvort réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng séu fallin niður fari um það mál sem hjúskaparmál.

Um 114. gr.

Lögsögureglur samkvæmt þessu ákvæði eru mótaðar með hliðsjón af dönskum og norskum lögum. Þær fela í sér nokkra rýmkun á reglum 66. gr. laga nr. 60/1972. Lagt er til í 2. mgr. að mál til ógildingar hjúskapar megi höfða hér á landi ef hjónavígsla hefur farið hér fram.

Lögsögureglur 114. gr. eru í samræmi við lögsögureglur 1. mgr. 56. gr. frumvarps til barnalaga að svo miklu leyti sem þessi tvenns konar mál eru sambærileg af eðlisástæðum. Í 1. mgr. 56. gr. segir að þegar krafa um forsjá barns sé þáttur í hjúskaparmáli gildi þær reglur um lögsögu og varnarþing sem greinir í lögum um hjúskaparmál.

Um 115. gr.

Henni er ætlað að koma í stað 67. gr. laga nr. 60/1972 um varnarþing, sjá til samanburðar 57. gr. frumvarps til barnalaga, svo og 3. mgr. 56. gr. er greinir í umsögn um 114. gr. Aðilar geta samið um varnarþing, sbr. og 3. tölul. 42. gr. laga nr. 91/1991.

Um 116. gr.

Þetta ákvæði er í samræmi við gildandi lög.

Um 1. mgr. vísast til 65. og 79. gr. laga nr. 60/1972 og um 2. mgr. til 24. gr. þeirra laga.

Í frumvarpinu er ekki ákvæði hliðstætt 68. gr. laga nr. 60/1972 um að dómsmálaráðuneytið geti látið fresta málssókn til ógildingar tvíkvænishjúskap, sérstaklega ef ætla megi að fyrra hjúskap verði bráðlega slitið. Var ekki talin þörf á slíku ákvæði. Þessi mál sæta ekki lengur meðferð opinberra mála og ráðuneytið getur tekið ákvörðun um frestun, enda þótt lagaákvæði kveði ekki á um það.

Um 117. gr.

Í 1. mgr. er sú meginregla að hjúskaparmál sæti meðferð einkamála, sbr. lög nr. 91/1991. Er það í samræmi við 3. mgr. 68. gr. laga nr. 60/1972. Þetta á einnig við um mál til ógildingar hjúskapar, sbr. 2. mgr. 116. gr. frumvarpsins.

Í 2. og 4. mgr. 117. gr. og greinunum þar á eftir er síðan mælt fyrir um nokkur frávik frá meginreglu 1. mgr.

Í 2. mgr. er lagt til að dómara sé heimilt að skipa stefnda málsvara þegar svo stendur á að ekki er vitað um heimilisfang né dvalarstað stefnda. Enn fremur þegar stefndi er búsettur eða dvelst erlendis og ekki tekst að birta honum stefnu eða hvorki hann né umboðsmaður hans sækja þing við þingfestingu máls og sérstakar ástæður mæla að öðru leyti með því. Brýna nauðsyn getur borið til þessa úrræðis sem ætlað er m.a. að tryggja að mál, sem höfða má hér á landi skv. 113. gr., geti sætt meðferð hér og að skilnaðardómar sem kveðnir eru upp hér á landi gegn mönnum, sem eru búsettir erlendis, verði viðurkenndir utan Íslands. Þetta er þrengri regla en ákvæði 70. gr. laga nr. 60/1972. Málsvari skal tala máli hins stefnda og gæta hagsmuna hans, en hefur ekki heimild til að skuldbinda hann fyrir dómi. Ekki er þess krafist að málsvari skuli vera lögmaður, kæmi t.d. til greina að ættingi eða vinur hins stefnda yrði skipaður málsvari. Eðlilegt er að líta svo á að málsvari verði að fullnægja almennum hæfisskilyrðum lögræðislaga, sbr. 29. gr. laga nr. 68/1984. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna málsvara greiðist í fyrstu úr ríkissjóði, en dómari geti kveðið á um að stefndi skuli endurgreiða ríkissjóði hann að öllu eða nokkru leyti.

Eins og vikið var að í almennum athugasemdum við XV. kafla takmarka ófrávíkjanlegar lagareglur forræði aðila á hjúskaparmáli. Ákvæði 3. mgr. áréttar þetta og vísar til þess að við úrlausn skilnaðarmála beri dómara „ex officio“ að gæta þess að ófrávíkjanlegum lagareglum sé fullnægt. Þannig eiga aðilar ekki að geta vikið sér undan ófrávíkjanlegum lagareglum, t.d. fengið lögskilnað með því að játa á sig hjúskaparbrot sem ekki hefur verið framið.

Í 4. mgr. segir að hjúskap verði ekki slitið með dómsátt aðila. Þessi regla er í samræmi við danska, norska og sænska lagaframkvæmd. Hún helgast af þeim opinberu hagsmunum og einkahagsmunum sem eru af því að niðurstaða byggist á réttum forsendum og þeim víðtæku réttaráhrifum sem skilnaður hefur í för með sér. Hefur verið talið nauðsynlegt að lyktir máls séu með formlegri hætti en dómsátt. Hér þarf einnig að hafa í huga gildi íslenskra skilnaðardóma gagnvart rétti annarra ríkja. Ákvæðið girðir ekki fyrir að dómari staðfesti samkomulag aðila um einstaka þætti sem snerta hvorki ófrávíkjanlegar lagareglur né hagsmuni barns, sbr. hér að ofan.

Um 118. gr.

Dómsmál þessi eru mjög persónuleg og viðkvæm og þykir réttmætt að kveða svo á að þinghöld skuli fara fram fyrir luktum dyrum nema dómari kveði öðruvísi á með samþykki aðila, sbr. hér 1. mgr. 76. gr. laga nr. 60/1972 og 63. gr. frumvarps til barnalaga.

Um 119. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um nafnleynd vegna þessara mála, bæði að því er varðar frásögn um það er gerist í slíkum málum, nema dómari leyfi, og svo þegar dómur er birtur, þar á meðal gefinn út að tilhlutan dóms svo sem er um dómasöfn Hæstaréttar. Stafa þessi ákvæði af því hve persónuleg og viðkvæm þessi mál eru að jafnaði, sbr. hér 2. mgr. 76. gr. laga nr. 60/1972 og 64. gr. frumvarps til barnalaga.

Um 120. gr.

Þetta ákvæði varðar andlát málsaðila og áhrif þess á höfðun eða áfrýjun hjúskaparmáls.

Ákvæði 1. mgr. má leiða af 1. mgr. 116. gr.

2. mgr. kveður svo á að mál falli niður ef annað hjóna andast áður en dómur gengur í máli sem höfðað hefur verið. Á þetta einnig við um áfrýjun. Héraðsdómur verður því ekki endurskoðaður í æðra rétti. Við málalok í héraði verður að sitja.

Um 121. gr.

Aðalgildi þessarar greinar er að kveðið er svo á að unnt sé að höfða mál að nýju innan mánaðar frá því að máli er vísað frá dómi eða fellt niður án kröfu sækjanda þótt málshöfðunarfrestir séu liðnir. Þess eru allmörg dæmi í frumvarpinu að settir séu tímafrestir til málshöfðunar, sbr. t.d. 3. mgr. 39. gr., 2. mgr. 40. gr. 2. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 65. gr.

Um 122. gr.

Í 1. mgr. segir að heimilt sé að áfrýja einstökum þáttum dómsmáls. Dómurinn kveður t.d. á um lögskilnað aðila, forsjá barna þeirra og skyldur til greiðslu lífeyris með maka. Vera má að báðir aðilar uni úrlausn dómara um lögskilnað, en annað eða bæði vilja áfrýja þættinum um forsjá og jafnvel skyldu til greiðslu lífeyris. Er lagt til að tekið sé af skarið um að slíkt sé heimilt. Réttaráhrif þeirra þátta, sem ekki er áfrýjað, haldast óbreytt. Sérreglur eru í lögum um málskot í sambandi við málskostnað og tekur ákvæðið ekki til þess þáttar.

Í 2. mgr. segir að hvorugur málsaðili megi ganga í hjúskap innan loka áfrýjunarfrests nema aðilar, þar á meðal dóms- og kirkjumálaráðuneytið þegar það á aðild máls, hafi fallið bréflega frá áfrýjun. Ákvæðið er sama efnis og 3. mgr. 78. gr. laga nr. 60/1972.

Um áfrýjunarleika dómsathafnar er vakin athygli á 13. gr. laga nr. 44/1981 varðandi úrskurð um að horfinn maður skuli talinn látinn.

Í 3. mgr. segir að endurupptaka máls sé ekki heimil eftir lok áfrýjunarfrests. Af því leiðir að ákvæði einkamálalaga um endurupptöku eiga ekki við um þessi mál eftir lok áfrýjunarfrests. Stafar þetta ákvæði af hinum víðtæku réttaráhrifum dóms í hjúskaparmáli. Ef mál er dæmt að nýju eftir það tímamark sem nefnt er í greininni mundi það leiða til mikilla raunhæfra erfiðleika þar sem aðilar hafa treyst dómsniðurstöðunni og hagað sér samkvæmt því, t.d. gifst að nýju og hagað margvíslegum fjármálaráðstöfunum með hliðsjón af þeim málalokum. Þykir þetta sjónarmið svo mikilvægt að önnur hljóti að þoka.

Um XVI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögunum. Hér er lagt til að lögfestar verði reglur sem mótast hafa í lagaframkvæmd, einkum við meðferð dómsmálaráðuneytisins á hjúskaparmálum. Horfir slík lögskráning til réttaröryggis. Er hennar og sérstök þörf nú þegar margvíslegar úrlausnir flytjast frá dómsmálaráðuneyti til sýslumanna. Tekið skal fram að reglur þessar gilda einnig um meðferð mála hjá dómsmálaráðuneyti þegar mál koma til kasta þess. Við mótun ákvæða þessa kafla hefur verið höfð hliðsjón af frumvörpum til stjórnsýslulaga, almennum viðhorfum í stjórnsýslurétti og sifjarétti og álitsgerðum umboðsmanns Alþingis.

Ákvæði þessa kafla eru í megindráttum, eftir því sem við getur átt, sama eða svipaðs efnis og ákvæði IX. kafla frumvarps til barnalaga. Þykir mega vísa til greinargerðar um þann kafla og einstakra greina hans. Verður hér aðeins getið fáeinna atriða.

Um 123. gr.

Lögsögureglurnar eru nokkru þrengri en hliðstæðar reglur 114. gr. um lögsögu dómstóla. Verður hér að fara að með nokkurri gát. Meðal annars er þess að gæta að víða erlendis eru skilnaðarmál og ágreiningsmál, er tengjast þeim, alfarið háð úrlausn dómstóla.

Um 124. gr.

Þetta ákvæði svarar til 115. gr. um varnarþing í dómsmálum.

Um 125. gr.

Greinin er sama efnis og 67. gr. frumvarps til barnalaga og varðar leiðbeiningarskyldu sýslumanna.

Um 126. gr.

Þessi grein varðar sáttaumleitun sýslumanns og er í megindráttum sama efnis og 1. mgr. 68. gr. frumvarps til barnalaga, sbr. og 43. gr. þessa frumvarps.

Um 127. gr.

Greinin fjallar um kröfur aðila og gagnaöflun og er sama efnis og 69. gr. frumvarps til barnalaga.

Um 128. gr.

Greinin fjallar um rétt aðila til að kynna sér gögn máls. Er hún sama efnis og 1. mgr. 70. gr. frumvarps til barnalaga. 2. mgr. þeirrar greinar er ekki í 128. gr., en þar er heimilað að takmarka aðgang að gögnum vegna hagsmuna barns. Hér horfir mál öðruvísi við.

Um 129. gr.

Greinin er hliðstæð 71. gr. frumvarps til barnalaga og varðar rétt aðila til að tjá sig um mál.

Um 130. gr.

Greinin mælir fyrir um úrskurð stjórnvalds sem skal m.a. vera skriflegur og geyma lýsingu á úrlausnarefni, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, greiningu á kæruheimild og þvingunarúrræði ef því er að skipta. Ákvæðið er sama efnis og 72. gr. frumvarps til barnalaga og er vísað um rökstuðning fyrir ákvæðinu til athugasemda um þá grein. Horfa þeir hættir, sem greinin kveður á um, til réttaröryggis og verða nauðsynleg undirstaða að mati aðila á því hvort úrlausn verði skotið til æðra stjórnvalds. Benda ber á að afgreiðslur mála samkvæmt þessu frumvarpi eru oft og einatt ekki í formi úrskurða, heldur t.d. leyfisbréfa sem nokkuð önnur sjónarmið eiga við um. Í sambandi við leyfisbréf reynir helst á úrskurði ef synjað er um útgáfu leyfis.

Um 131. gr.

Greinin er hliðstæð 73. gr. frumvarps til barnalaga og varðar tilkynningu um úrskurð.

Um 132. gr.

Greinin fjallar um stjórnsýslukæru, sbr. 74. gr. frumvarps til barnalaga. Tekur ákvæðið til allra úrlausna sýslumanna á þessu sviði. Stundum er þess getið í frumvarpinu um einstaka úrlausnir að þær séu kæranlegar, en frá því má ekki gagnálykta svo að úrlausnir séu því aðeins kæranlegar að þessa sé getið í lögunum. Kærufrestur er tveir mánuðir miðað við dagsetningu úrlausnar. Kæra frestar ekki réttaráhrifum úrlausnar nema sýslu-

maður ákveði annað af sjálfsdáðum eða að kröfu aðila. Að því er leyfi til skilnaðar varðar þykja rök standa til þess að kæra fresti réttaráhrifunum þannig að maki geti ekki gengið í hjúskap að nýju að svo stöddu. Ef aðilar hafa lýst því bréflega að þeir muni ekki kæra stendur þetta ákvæði þó ekki í vegi fyrir því að til hjúskapar verði stofnað. Endranær verður að þreyja uns tveggja mánaða fresti lýkur, þ.e. allt til þess að sýnt er hvort úrlausn verði kærð.

Um XVII. kafla.

Hér er fjallað um gildistöku laganna, lög er falla brott og tengsl laganna við eldri lög um sama efni o.fl.

Um 133. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júlí 1992, enda fela þau í sér nýja skipan á úrlausn ýmissa sifjamála vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sbr. lög nr. 92/1989, sem koma á til framkvæmdar þann dag.

Í einstökum greinum frumvarpsins er vikið að útgáfu reglna og reglugerða, sbr. t.d. 13. gr., 19. gr., 22. gr., 24. gr., 26. gr, 42. gr., 43. gr., 64. gr. og 85. gr. Í 2. mgr. 133. gr. er síðan greind almenn heimild til útgáfu reglugerða.

Lögð er áhersla á nauðsynina sem til þess ber að kynna almenningi efni laganna, sbr. 3. mgr.

Um 134.–139. gr.

Meginreglan er sú samkvæmt frumvarpinu að beita skuli lögunum frá gildistöku þeirra. Einnig hvað snertir hjónabönd sem til er stofnað fyrir gildistöku þeirra. Stundum er þetta áréttað sérstaklega, sbr. 134. gr., 3. mgr. 135. gr. og 137. gr.

Lögin eiga við um fjármál hjóna sem gengið hafa í hjónaband fyrir gildistöku laganna. Þessu var andstætt farið um lög nr. 20/1923 og gilti sú skipan allt til 1961. Þótt hjónavígsluskilyrði hafi verið könnuð fyrir gildistöku laganna hlítir hjónavígsla, sem fram fer eftir gildistöku laganna, ákvæðum þeirra o.s.frv.

Um nokkur atriði segir í frumvarpinu að þau fari eftir eldri lögum. Í 1. mgr. 135. gr. segir að krafa um skilnað að borði og sæng og lögskilnað, sem sett er fram fyrir gildistöku laganna, hlíti ákvæðum eldri laga. Ef bæði hjón óska þess er þó unnt að beita reglum þessara laga um slíka kröfu. Hins vegar segir svo í 3. mgr. að um réttaráhrif ógildingar hjúskapar og skilnaðar fari eftir þessum lögum þegar svo stendur á sem í 1. og 2. mgr. segir. Í 1. mgr. 136. gr. er vikið að leyfi til skilnaðar að borði og sæng sem veitt er fyrir gildistöku laganna. Um tímafrest frá því að slíkur skilnaður er veittur uns lögskilnaður er kræfur fer samkvæmt eldri lögum, þ.e afdráttarlaus eins árs frestur. Þó er heimilt að beita sex mánaða fresti ef báðir makar eru sammála um að leita lögskilnaðar, sbr. 2. mgr. Í 138. gr. er kveðið á um að lagaskilareglur skiptalaga gildi um opinber fjárskipti milli hjóna sem ólokið er við gildistöku laganna. Í 139. gr. eru nokkur tilvik greind þar sem beita á eldri lögum. Það á einkum við um samninga sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna, sbr. samning skv. 12. gr. hjrl. (1. tölul.), eða skv. 20. og 21. gr. (2. tölul.) og sama er um 26. og 27. gr. hjrl. er tengjast samningum (4. tölul.). Tekjur af séreign, sem myndast hefur fyrir gildistöku laganna, eiga að hlíta ákvæðum 2. mgr. 23. gr. hjrl., en tekjur, er síðar falla til, þessum lögum. Um kaupmála, sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna, segir í 5. tölul. að um gildi þeirra fari skv. hjrl., en um réttaráhrif eftir gildistöku laganna á að beita lögum þessum.

Stundum er ákvæði valkvætt þannig að aðilum er kostur að óska þess að þessum lögum verði beitt, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 135. gr.

Um 140. gr.

Þar er kveðið á um lög sem lagt er til að felld verði brott. Bent skal á að með skiptalögum nr. 20/1991 eru felld niður nokkur ákvæði laga nr. 20/1923 með gildistöku 1. júlí 1992. Hér er þó sá kostur valinn að fella lög nr. 20/1923 samfellt úr gildi nema VIII. kafla sem afnuminn var með erfðalögum, nr. 8/1962.

711. Tillaga til þingsályktunar [453. mál]

um sölu rafmagns (afgangsorku) til skipa í höfnum landsins.

Flm.: Guðjón Guðmundsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa nefnd er hafi það verkefni að gera tillögu um hvernig best verði staðið að sölu rafmagns (afgangs- eða ótryggrar orku) til skipa í höfnum landsins.

Í nefndinni sitji m.a. fulltrúar Sambands íslenskra rafveitna, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Hafnasambands sveitarfélaga.

Greinargerð.

Tilgangur — helstu kostir.

Tilgangurinn með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er að fá hagsmunaaðila til að gera markaðsátak í því augnamiði að minnka verulega keyrslu dísilrafstöðva um borð í skipum í höfnum en nýta þess í stað innlenda orku, framleidda í vatnsorkuverum landsins. Með slíku átaki vinnst margt og má t.d. nefna:

1. Nýttur er markaður fyrir innlend raforkuver, en afkastageta þeirra er langt frá því að vera fullnýtt eins og er.
2. Dregið er úr notkun olíu, en aukin notkun innlendrar orku og á þann hátt sparaður erlendur gjaldeyrir.
3. Dregið er úr mengun andrúmslofts og hávaðamengun um borð í skipum.
4. Ef vel tækist til og hægt yrði að selja þessa orku á lægra verði en sem nemur framleiðslukostnaði í dísilrafstöð, mundi það spara útgerðinni kostnað. Í þessu sambandi er áríðandi að kanna möguleika á að nýta umframorkutilboð (ótrygg orka) Landsvirkjunar en óvíða er jafn auðvelt að grípa til varaafls ef umframorku þrýtur. Sparnaður gæti einnig komið fram í minni gæslu. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að ef þessi markaður á að nást er afar áríðandi að útgerðin sjái sér hag í þessum viðskiptum.
5. Á það má benda að ef komið er öflugt dreifikerfi á hafnarsvæði þá er líka hægt að nota kerfið til að flytja rafmagn í hina áttina, þ.e. frá skipum í land. Það getur komið sér mjög vel að geta nýtt ljósavélar skipa sem varastöðvar einkum í minni byggðakjörnum, þegar langvarandi bilanir koma fram í dreifikerfi rafveitna af völdum óveðurs eða annarra orsaka. Slík notkun ljósavéla verður að sjálfsögðu að fara fram á vegum viðkomandi rafveitu og er takmörkunum háð.

Núverandi staða.

Raforkusala til skipa fer ýmist fram á vegum hafna sem kaupa rafmagn frá rafveitum eða rafveitna og oft með mismunandi hætti. T.d. í Stykkishólmi fer þessi sala fram á vegum hafnarinnar í gegnum mæla sem eru um borð í skipum. Á Akranesi fer salan fram á vegum rafveitunnar og miðast við daggjöld og stærðir þeirra hafnartengla sem notaðir eru hverju sinni. Verð á rafmagni til skipa er talsvert mismunandi.

Ekki er ljóst hve stór þessi markaður er en ljóst er að talsverð orka er notuð til ljósa og upphitunar. Sem dæmi má nefna að loðnuveiðiskip, sem liggur oft langtímum saman í höfn, notar að jafnaði 25–30 kW afl yfir veturinn og er stærsti hluti þess notaður til upphitunar.

Eitt af hlutverkum nefndarinnar verður að kanna hve stór þessi markaður er.

Markaðsátak á Akranesi.

Fyrir nokkrum árum var ákveðið að gera markaðsátak og bæta þjónustuna á þessu sviði við höfnina á Akranesi. Í þeim tilgangi var byggð sérstök spennistöð við höfnina og lagðar nýjar leiðslur fram allar bryggjur. Síðasti áfangi kerfisins var tekinn í notkun í byrjun mars 1991. Sala á undanförnum árum hefur verið þessi í krónum talið:

Árið 1987	1.121.925
Árið 1988	1.353.752
Árið 1989	1.569.602
Árið 1990	1.410.981
Árið 1991	5.339.691

Tölur þessar eru án söluskatts og virðisaukaskatts. Eftir breytinguna má segja að öll heimaskip og stærri bátar noti landtengingar að undanskildum tveimur togurum sem hafa góða möguleika á hagkvæmri rafmagnsframleiðslu um borð. Af verðlagsástæðum nýta þeir ekki þessa aðstöðu. Verði hægt að lækka verð á landrafmagni munu þessir tveir togarar einnig nýta það. Engu að síður sýna þessar tölur ljóslega að áhugi er hjá útvegsmönnum á þessu sviði og hægt að gera söluátak til notkunar á innlendri mengunarlausri orku.

Leiðir til notkunar á landrafmagni.

Til að lækka verð á landrafmagni og auðvelda sölu þess má fara ýmsar leiðir og skal hér bent á nokkur atriði:

1. Gera þarf átak til að bæta aðstöðu til sölu á landrafmagni víðs vegar í höfnum landsins. Í þessum tilgangi gæti þurft framlög á fjárlögum til hafna í þetta sérstaka verkefni.
2. Leita þarf samninga við Landsvirkjun um að hún lækki rafmagn verulega sé það notað í þessum tilgangi og kæmi til greina að semja um að þetta væri afgangsorka (ótrygg orka), enda óvíða jafngóðir möguleikar á að stöðva raforkusölu tímabundið því ljósavélar eru að sjálfsögðu til staðar í skipum. Sá afsláttur, sem Landsvirkjun veitti í þessum tilgangi, væri greiddur beint til söluaðila að því tilskildu að verðlag til skipa væri innan ákveðinna marka og söluaðili væri reiðubúinn til að leggja fram fullnægjandi reikningsyfirlit.
3. Samræma búnað í höfnum svo skip geti notað sama landtengingarbúnað í hvaða höfn sem er.
4. Nokkrir tæknilegir vankantar eru á sölu rafmagns til skipa. Um borð í hverju skipi þurfa að vera sérstakir spennar. Þann kostnað væri hægt að lækka með sameiginlegum innkaupum margra aðila.

Markaðssókn raforkugeirans.

Ljóst er að talsvert umframafl er til í vatnsorkuverum Landsvirkjunar og á vegum þess fyrirtækis fer fram athugun á nýjum markaði fyrir raforku. Í greinargerð tækniþróunardeildar Landsvirkjunar frá 20. janúar 1992 segir m.a.: Þegar gjaldskrá Landsvirkjunar var breytt um áramótin 1990/1991 var m.a. með nýjum skilmálum um ótrygga orku reynt að höfða til þess hluta af orkumarkaðinum innan lands sem enn notar innflutta orkugjafa.

Segja má að forgangsorkumarkaðurinn sé mettaður hjá núverandi einstökum notendum en aukning í þeim hluta markaðarins er nær eingöngu vegna nýrra notenda sem tengjast kerfinu. Með því að lækka það aflmark, sem ótryggða orkan miðast við, úr 1 MW í 100 kW eða 500 MWh, var leitast við að vinna hluta af þeim markaði sem nú er fullnægt með olíu. Einkum var beint sjónum að húshitun, ýmiss konar iðnaði og stærri opinberum byggingum, skólum, sundlaugum og slíku.

Ljóst er af framanskráðu að áhugi Landsvirkjunar á aukinni sölu er mikill og þótt landtengingar skipa séu ekki taldar upp í þessari greinargerð Landsvirkjunar má gera ráð fyrir að öllum tillögum um aukin raforkuviðskipti verði vel tekið.

Í minnisblaði iðnaðarráðuneytisins frá fundi með fulltrúum raforkufyrirtækja og umhverfisráðuneytisins 23. janúar 1992 er gerð grein fyrir leiðum til að auka nýtingu raforkukerfisins. Í því sambandi er rætt um húshitun, sundlaugar, garðyrkju, fiskimjölsverksmiðjur, rafmagn til skipa í höfnum, m.a. viðgerðir, samgöngur, fiskeldi o.fl. Um rafmagn til skipa í höfnum segir: „Í Reykjavík og víðast á landinu eiga skip kost á að fá rafmagn frá viðkomandi dreifiveitum. Nokkuð mismunandi útfærsla er á því hvernig salan fer fram, ýmist hafnarsjóðir eða rafveitur selja til skipanna. Almennt er landrafmagn lítið notað og kjósa flestir útgerðarmenn að keyra ljósavélar. Í því sambandi má nefna að millilandaskip geta keypt mjög ódýra olíu sem gerir það að verkum að landrafmagn er ekki samkeppnishæft. Bent er á að í sumum skipum væru tæknilegir erfiðleikar við að tengjast landrafmagni. Nefnt var að hugsanlega mætti sporna við notkun ljósavéla í landlegu með því að takmarka heimildir til notkunar þeirra vegna mengunar."

Á þessu minnisblaði kemur ekki fram mikil bjartsýni á að hægt sé að ná árangri á þessum vettvangi. Það er álit flutningsmanna að með samstarfi hagsmunaaðila sé hægt að ná góðum árangri, sbr. árangur af því markaðsátaki sem gert var á Akranesi.

712. Tillaga til þingsályktunar [454. mál]

um fjármögnun á gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sem hafi eftirfarandi verkefni:

a. að kanna hvar sé mögulegt og réttlætanlegt að fjármagna gerð vega og tengdra samgöngumannvirkja á annan hátt en með framlögum samkvæmt núgildandi lögum um bensíngjald og Vegasjóð.
b. að kanna hvernig þurfi að breyta núgildandi lögum um bensíngjald og Vegasjóð til þess að mögulegt og réttlætanlegt sé að fjármagna vegi og tengd samgöngumannvirki í auknum mæli á annan hátt en nú er gert.
c. að kanna hvaða áhrif annars konar fjármögnun en með framlögum úr Vegasjóði samkvæmt núgildandi lögum hefði á uppbyggingu samgöngukerfisins.

Greinargerð.

Við gerð langtímaáætlunar í vegagerð, sem lögð var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991 en hlaut ekki afgreiðslu, var gerð úttekt á vegakerfinu og metið hvað það mundi kosta að koma því í viðunandi horf. Niðurstaðan var sú að heildarkostnaður

miðað við vísitölu vegagerðar 4.560 væri 74,1 milljarður króna. Það má áætla að miðað við framlög til vegagerðar síðustu árin tæki það 25–30 ár að ljúka þessum framkvæmdum. Þá er aðeins að litlu leyti tekið tillit til þeirrar þróunar sem mun verða á þessu tímabili og til þeirra framkvæmda sem sú þróun mun útheimta.

Það er því ljóst að fjáröflun til vegagerðar er alls ófullnægjandi jafnvel þótt tekjustofnar væru nýttir til fulls og skiluðu sér að fullu til framkvæmda. Ef auka á framkvæmdir þarf því annaðhvort að hækka hið almenna bensíngjald og þungaskatt eða leita annarra leiða til fjármögnunar vegagerðar. Það má færa rök fyrir því að almenn hækkun á bensíngjaldi og þungaskatti sé ekki heppileg leið, m.a. þar sem hinn almenni greiðandi tengi verðhækkun á bensíni ekki við bætt samgöngumannvirki. Því er skynsamlegt að leita nýrra leiða þó ekki sé hægt að hafna almennri hækkun alfarið.

Víða í Evrópu, t.d. á Ítalíu, Spáni og í Frakklandi, eru vegir fjármagnaðir af einkaaðilum sem síðan hafa rétt á innheimtu veggjalds af þeim sem um veginn fara. Á Norðurlöndum og í Bretlandi er fjöldi brúa og ganga fjármagnaður á þennan hátt og í Bretlandi er áformað að fjármagna vegi á sama hátt. Það er einnig athyglisvert að í Noregi hafa verið tekin upp aðgangsgjöld af bílum sem aka inn í borgir, t.d. í Ósló og Bergen. Annars staðar hafa tímabundið verið tekin upp staðbundin bensíngjöld sem renna í staðbundinn vegasjóð eins og í Tromsö til þess að standa straum af uppbyggingu vegakerfis á því svæði.

Í ljósi þess sem hér kemur fram telja flutningsmenn nauðsynlegt að þessi mál verði könnuð á þann hátt sem fram kemur í tillögunni.

713. Tillaga til þingsályktunar [455. mál]

um miðlun upplýsinga um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð.

Flm.: Ragnhildur Eggertsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta gera fræðslubækling um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð.

Greinargerð.

Algengt er að upp komi vandamál í sambandi við eignalegan og fjárhagslegan rétt fólks við sambúðarslit eða andlát annars aðila í vígðri eða óvígðri sambúð. Við slíkar aðstæður kemur oft í ljós að það sem fólk hélt að væri réttur þess er það alls ekki. Þessar ranghugmyndir, sem á lagamáli eru kallaðar „lögvilla“, eru sennilega tilkomnar vegna nokkurra lagaákvæða sem til eru um óvígða sambúð og snerta tryggingalög, skattalög og lög um húsaleigusamninga. Í þeim lögum er sambúðarfólki áskilinn réttur til bóta frá Tryggingastofnun hafi sambúð varað í a.m.k. tvö ár eða hafi sambúðarfólk átt barn saman. Raunveruleikinn er hins vegar sá að ef fólk í óvígðri sambúð hefur ekki gert skriflega lögformlega samninga sín á milli um eignir eða erfðaskrá getur sá sem skrifaður er fyrir eignunum farið með þær sem sína eign við sambúðarslit og ef um andlát er að ræða ganga eignir hins látna til lögerfingja hans sem er þá ekki sá sambúðaraðili sem eftir lifir. Fólki, sem býr í óvígðri sambúð, verður einna helst líkt við tvo aðila sem stofna með sér fyrirtæki, fjárfesta í fasteignum og tækjum og stofna til skulda. Þegar slíta á fyrirtækinu verður hvor um sig að sanna sitt fjárframlag og gera grein fyrir sinni skuldastöðu.

Munurinn á hjónabandi og óvígðri sambúð er í aðalatriðum þessi:

1. Í óvígðri sambúð eru engar reglur um helmingaskipti eigna og skulda.
2. Enginn erfðaréttur er milli sambúðarfólks.
3. Enginn réttur er til setu í óskiptu búi.
4. Engin gagnkvæm framfærsluskylda er fyrir hendi.

Það er ekki aðeins í sambandi við óvígða sambúð sem ranghugmyndir eða lögvilla ríkir, heldur er einnig um það að ræða varðandi réttindi í hjónabandi, einkum í sambandi við hjúskapareignir, lögskilnað og erfðamál.

Almenn er sú skoðun að engu máli skipti hvort hjóna sé skráð fyrir eignum, svo sem fasteignum og bifreið. Þetta er rangt. Hvort hjóna um sig á sínar eignir og ábyrgist sínar skuldir. Þær eignir, er hjón flytja með sér í hjónaband eða eignast síðar, verða hjúskapareignir þess og standa undir skuldum sama aðila. Þetta hefur þá þýðingu að þær eignir, sem skráðar eru á nafn annars hjóna, eru hjúskapareignir þess sama aðila. Hitt hjóna á í raun ekki þessar eignir, heldur kemur til svokölluð helmingaskiptaregla þegar um hjónaskilnað eða búskipti vegna andláts er að ræða. Málum er sem sé þannig háttað að sá sem er skráður eigandi hefur rétt til að ráðstafa eignum sínum, selja þær og veðsetja að vild, þó með þeirri mikilvægu undantekningu að samþykki maka þarf til sölu eða veðsetningar fasteigna sem fjölskyldan býr í eða notuð er við atvinnurekstur hjónanna.

Til frekari skýringa má nefna að ef hjón eiga íbúð sem þau búa ekki í eða atvinnuhúsnæði sem þau leigja öðrum og þessar eignir eru t.d. skráðar á nafn mannsins má hann selja þær eða veðsetja án þess að samþykki konunnar þurfi til.

Þá er útbreidd sú skoðun að ári eftir að gengið er frá skilnaði hjóna að borði og sæng gangi lögskilnaður sjálfkrafa fyrir sig „í kerfinu". Þetta er ekki rétt. Fólk verður sjálft að afla sér prestsvottorðs aftur og ganga fyrir borgardómara eða sýslumann vegna skilnaðarins. Í framhaldi af því gefur síðan dómsmálaráðuneytið út lögskilnaðarleyfi. Ókunnugleiki um þetta getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Enn einn útbreiddur misskilningur er varðandi arf. Margir halda að börnum þeirra beri að fá arf og gengur þetta stundum svo langt að gamalt fólk þorir ekki að ganga á sparifé sitt af því að það heldur að börn þess, ef til vill miðaldra fólk í góðum efnum, eigi heimtingu á arfi. Að sjálfsögðu eru börn og eftirlifandi maki skylduerfingjar en arfur er eins konar „vonarpeningar" og eingöngu það sem eftir er og ekki hefur verið eytt þegar arfláti fellur frá.

Mjög margir hafa heldur ekki hugmynd um að þeim er heimilt að ráðstafa ⅓ hluta eigna sinna með erfðaskrá. Þessum hluta er viðkomandi heimilt að ráðstafa með erfðaskrá til stofnana og einstaklinga þótt til staðar séu börn eða maki. Margir nota sér þessa heimild til að bæta við arfhluta sem eftirlifandi maki á rétt á eða til að bæta stöðu einstakra barna. Í erfðaskrá er einnig hægt að setja inn ákvæði þess efnis að þegar börn taka arf samkvæmt henni verði sá arfur séreign þeirra.

Ýmsar umtalsverðar breytingar hafa orðið á erfðalögunum á undanförnum árum, flestar til að bæta hag eftirlifandi maka og auðvelda setu í óskiptu búi. Þessar breytingar hafa greinilega farið fram hjá mörgum sem þekkja þá ekki rétt sinn þegar þessar aðstæður koma upp. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð. Það virðist alls ekki átta sig á réttleysi sínu við sömu aðstæður. Munurinn er aðeins sá að eftirlifandi sambúðaraðili fær að vita um réttleysi sitt, t.d. þegar þær aðstæður koma upp að óskað er eftir makalífeyri eða til kemur erfðaréttur eftirlifandi barna eða erfðaréttur hins opinbera. Réttur eftirlifandi ekkju eða ekkils getur hins vegar farið fram hjá þeim þar sem afskipti hins opinbera varða á engan hátt þann rétt.

Af framangreindu má sjá að hér er um alvarlega brotalöm að ræða sem stjórnvöldum ber að taka á. Flutningsmenn telja að það verði best gert með því að gerður verði

fræðslubæklingur með upplýsingum um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð. Bækling þennan ætti að afhenda fólki þegar það hefur samband við prest, borgardómara eða sýslumann vegna væntanlegs hjónabands og mætti t.d. fela Hagstofunni og/eða Tryggingastofnun ríkisins að koma honum til þeirra sem eru í óvígðri sambúð. Einnig kæmi til greina að láta hann fylgja skattskýrslum til þeirra er telja fram saman. Enn fremur mætti hugsa sér að hann yrði notaður sem námsefni í samfélagsfræði í efstu bekkjum grunnskóla og/eða framhaldsskólum. Slíkur bæklingur gæti auk þess komið að góðum notum hjá fjölskylduráðgjöf kirkjunnar. Ljóst er að til þess að fræðslubæklingurinn komi að fullum notum má hann ekki vera á of fræðilegu máli heldur auðveldur og aðgengilegur öllum. Fólki þarf að vera ljóst að ef það óskar eftir að tryggja betur réttarstöðu sína í hjónabandi eða óvígðri sambúð er hægt að gera það.

714. Frumvarp til laga [456. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, sbr. lög nr. 59/1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa ráðherra skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði þá sitji hann skemur. Skulu fimm skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.

2. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skipar þrjá menn í stjórn Ferðamálasjóðs til tveggja ára í senn. Þar af er einn skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt skipaður formaður sjóðstjórnar, en tveir fulltrúar skulu tilnefndir af Ferðamálaráði. Skipunartími formanns skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem hann skipaði sitji hann skemur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. laganna skal skipunartími núverandi Ferðamálaráðs og stjórnar Ferðamálasjóðs haldast þar til skipað hefur verið í ráðið að nýju.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta miðar að breytingu á skipunartíma Ferðamálaráðs og stjórnar Ferðamálasjóðs. Hvort tveggja er skipað til fjögurra ára samkvæmt gildandi lögum, en lagt er til að skipunartíminn verði til tveggja ára nema þegar ráðherraskipti verða á skipunartímanum.

Ráðherra skipar fimm menn í Ferðamálaráð og einn í stjórn Ferðamálasjóðs án tilnefningar og er lagt til að umboð þeirra sem fulltrúa ráðherra falli niður ef sá ráðherra, er skipaði þá, lætur af embætti. Hefur þá nýr ráðherra frjálsar hendur ef hann kýs að skipta um fulltrúa.

Ferðamálaráð fer með verkefni sem miklu skipta fyrir mótun og framkvæmd stefnu í ferðamálum. Er því nauðsynlegt að fullur trúnaður sé milli ráðherra og fulltrúa hans í ráðinu. Sama gildir um stjórn Ferðamálasjóðs. Lagabreytingu þeirri, sem hér er gerð tillaga um, er ætlað að tryggja að svo sé.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–2. gr.

Í greinunum er kveðið á um þær efnisbreytingar sem skýrðar eru í almennum athugasemdum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

715. Frumvarp til laga [457. mál]

um ferðamiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Ferðamiðlun er í lögum þessum samheiti yfir almennar ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur.

1. Almenn ferðaskrifstofa er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem veitir í atvinnuskyni alla almenna þjónustu við miðlun ferða, gistingu og frístundaiðju, selur almenna farseðla eða skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga í leigu- eða áætlunarferðum fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.
2. Ferðaskipuleggjandi er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem annast í atvinnuskyni fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir hópa og einstaklinga innan lands. Hann skipuleggur fyrir þá dvöl, frístundaiðju, fundi, ráðstefnur og tengda þjónustu. Hann annast ekki almenna þjónustu og farmiðasölu varðandi ferðalög til útlanda.

2. gr.

Ábyrgðaraðili ferðamiðlunar skv. 1. gr. þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði til þess að stunda starfsemi samkvæmt lögum þessum:

a. vera fjárráða,
b. hafa forræði yfir búi sínu,
c. eiga varnarþing á Íslandi.

Eigi má hefja starfsemi samkvæmt lögum þessum fyrr en að fengnu leyfi skv. 3. gr. og trygging fyrir neytendavernd hefur verið lögð fram skv. 4. gr.

Ef ábyrgðaraðili uppfyllir ekki lengur ofangreind skilyrði skal leyfi til starfseminnar afturkallað.

3. gr.

Hver sá, sem vill hefja starfsemi ferðamiðlunar skv. 1. gr., skal sækja um leyfi til samgönguráðherra. Hann sker einnig úr að fenginni umsögn stjórnar Ferðamálaráðs Íslands ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir skilgreiningu um ferðamiðlun.

Samgönguráðherra getur að tillögu stjórnar Ferðamálaráðs afturkallað leyfi til starfrækslu ferðamiðlunar ef stjórn Ferðamálaráðs Íslands telur að viðkomandi starfsemi skaði hagsmuni íslenskrar ferðaþjónustu.

4. gr.

Ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjandi eða samtök slíkra aðila skulu leggja fram tryggingu fyrir neytendavernd í samræmi við reglur sem samgönguráðherra setur.

5. gr.

Samgönguráðherra getur samkvæmt tillögu stjórnar Ferðamálaráðs Íslands sett nánari ákvæði um ferðamiðlun í reglugerð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. maí 1992. Með lögum þessum eru felldar úr gildi 12.–20. gr. í IV. kafla laga nr. 79/1985, sbr. lög nr. 59/1988, um skipulag ferðamála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurnýja skal leyfi til reksturs ferðaskrifstofu sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1985 eða samkvæmt eldri lögum sem umsókn til samgönguráðuneytis fyrir árslok 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér að löggjöf um almennar ferðaskrifstofur verði sérstök lög en ekki hluti af lögum um Ferðamálaráð Íslands. Ferðamálaráð Íslands er stofnun skipuð af stjórnvöldum og starfar í umboði stjórnvalda. Því er talið rétt að lög um frjálsa starfsemi einstaklinga og fyrirtækja að rekstri ferðaskrifstofa sé ekki hluti af þeirri löggjöf. Það er nýmæli í frumvarpinu að fyrirtæki á því sviði, sem frumvarpið fjallar um, kallast samheitinu ferðamiðlun, en þeim er síðan skipt í tvo flokka eftir því hvort þau starfa einungis á innlendum markaði eða hvort þau selja jafnframt farseðla til útlanda. Þessi skipting er gerð í þeim tilgangi að unnt sé að gera mismunandi kröfur um tryggingar fyrir neytendavernd, eins og nánar er skýrt hér á eftir, og fyrirtækjum sem einungis starfa innan lands sé ekki íþyngt með sams konar kröfum um tryggingar og hinum er selja ferðir til útlanda.

Í frumvarpinu er brugðist við alþjóðlegri þróun undangenginna missira og þeirri þróun sem fyrirsjáanleg er á vettvangi Evrópuþjóða á þann veg að gert er ráð fyrir að erlendir aðilar eigi þess kost að eiga og reka ferðaskrifstofur á Íslandi að uppfylltum þeim almennu skilyrðum sem kveðið er á um í 2., 3. og 4. gr. Að því leyti skapast skilyrði til jafnræðis með íslenskum og erlendum fyrirtækjum í greininni hvað varðar starfsemi utan heimalands.

Önnur meginbreyting í þessu frumvarpi varðar neytendavernd skv. 4. gr. Þar er gert ráð fyrir að ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjandi eða samtök slíkra aðila skuli leggja fram tryggingu fyrir neytendavernd í samræmi við reglur sem samgönguráðherra setur. Hér er opnuð leið fyrir fyrirtæki í þessari grein að sameinast um tryggingu, ef þeim sýnist svo, samkvæmt reglunum. Jafnframt er horfið frá því að trygging sú, sem sett verður, sé ætluð til að greiða aðrar skuldbindingar en þær sem greiða þarf til að tryggja hagsmuni neytenda er við ferðamiðlun skipta. Í athugasemdum við 4. gr. er nánar skýrt með hvaða hætti þessi neytendavernd er ætluð. Um upphæð tryggingarfjár verður kveðið á í reglugerð og er gefinn kostur á að tryggingarupphæð einstakra fyrirtækja sé mishá eftir því hver umsvif ferðamiðlunarinnar eru hverju sinni og eftir því hvort ferðamiðlunin starfar á innanlandsmarkaði einvörðungu eða selur farseðla til útlanda.

Með frumvarpi þessu er löggjöfin um rekstur ferðaskrifstofa einfölduð hvað varðar leyfisveitingar og eftirlit með að rekstur ferðamiðlunar sé í samræmi við lög og reglur í

ríkari mæli sett í hendur Ferðamálaráðs Íslands sem gera skal tillögu um afturköllun leyfa ef rekstur fyrirtækis innan greinarinnar er talinn skaða hagsmuni íslenskrar ferðaþjónustu. Með því móti er ábyrgð í ríkari mæli sett á herðar aðila innan greinarinnar á að hvert fyrirtæki starfi innan ramma laga og reglna, en úrskurðarvald er hjá ráðherra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er tekið mið af íslenskum aðstæðum varðandi tvenns konar flokkun á ferðamiðlun. Annars vegar er um að ræða almenna ferðaskrifstofu er sinnir nánast öllu í miðlun þjónustu til ferðamanna innan lands og utan. Hins vegar er um að ræða ferðaskipuleggjanda er veitir nánast eingöngu þjónustu varðandi ferðalög innan lands. Til fyrri flokksins teljast flestar stærri ferðaskrifstofur landsins og aðrir þeir aðilar er selja og skipuleggja ferðir til útlanda. Til hins síðari teljast þeir aðilar er annast móttöku erlendra ferðamanna og skipuleggja fyrir þá ferðir innan lands og aðra ferðaþjónustu. Til seinni flokksins teljast einnig þeir sem skipuleggja eða selja ferðir og aðra þjónustu innan lands til innlendra ferðamanna. Gert er ráð fyrir að ferðaskipuleggjandi geti í tengslum við móttöku erlendra ferðamanna skipulagt og selt ferðir til nágrannalanda, svo sem Grænlands og Færeyja.

Í gildandi lögum er þessi greinarmunur ekki gerður á ferðamiðlun en mikill munur er á starfsemi ferðamiðlunar eftir því hvort hún selur ferðir til útlanda eða ekki. Einnig ber að gera aðrar og meiri kröfur varðandi neytandavernd til fyrirtækja sem skipuleggja ferðir til útlanda og selja þær á neytendamarkaði innan lands, sbr. athugasemdir við 4. gr.

Um 2. gr.

Hér eru talin upp skilyrði sem ábyrgðaraðili ferðamiðlunar þarf að uppfylla til að geta fengið leyfi fyrir starfsemi ferðamiðlunar. Með ábyrgðaraðila er átt við einstakling eða lögpersónu sem ber lagalega ábyrgð á starfsemi ferðamiðlunar. Í 17. gr. gildandi laga um ferðamál, nr. 79/1985, eru sett nokkuð strangari skilyrði fyrir starfsemi ferðaskrifstofa, m.a. að forstöðumaður skuli hafa búsetu á Íslandi og að stjórn fyrirtækis eða félags skuli vera innlend og hafa búsetu hér á landi. Varðandi þessi atriði er vísað til almennra ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því að áður en starfsemi hefst samkvæmt lögum þessum verði að fá leyfi fyrir henni hjá samgönguráðherra. Þetta stjórnsýsluatriði er nauðsynlegt vegna ákvæða í 4. gr. um tryggingu fyrir neytendavernd en samgönguráðuneyti ber að sjá til þess að því skilyrði sé fullnægt. Með neytendavernd er átt við úrræði sem ætlað er að koma í veg fyrir það að neytendur verði fyrir óréttmætu tjóni í viðskiptum. Gert er ráð fyrir því að stjórn Ferðamálaráðs veiti umsögn ef ágreiningur verður uppi um hvort starfsemi telst til ferðamiðlunar eða ekki eða til hvors flokksins skv. 1. gr. starfsemin telst. Einnig getur stjórn Ferðamálaráðs óskað eftir því að samgönguráðherra afturkalli leyfi til starfsemi ferðamiðlunar ef sýnt er að viðkomandi starfsemi skaði hagsmuni íslenskrar ferðaþjónustu að mati ráðsins.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að þeir sem stunda ferðamiðlun skuli leggja fram tryggingu fyrir neytendavernd í samræmi við reglur sem samgönguráðherra setur. Gera verður ráð fyrir að aðrar og meiri kröfur varðandi tryggingar verði settar á almennar ferðaskrifstofur en á ferðaskipuleggjendur. Almennar ferðaskrifstofur selja ferðir til útlanda á neytenda-

markaði innan lands en ferðaskipuleggjendur selja ferðir innan lands í flestum tilvikum í gegnum umboðsmenn erlendis. Þeir starfa því ekki á neytendamarkaði nema í þeim tilvikum er þeir selja ferðir um Ísland eða veita aðra ferðaþjónustu til almennings innan lands. Form tryggingarinnar er ekki bundið í lögum. Einnig er gert ráð fyrir að samtök þeirra aðila, er lög þessi taka til, geti stofnað ábyrgðarsjóð er veiti umrædda tryggingu. Ábyrgð fyrir neytendavernd tryggi viðskiptavini ferðamiðlunar í eftirfarandi tilvikum samkvæmt nánari reglum sem samgönguráðherra setur:

1. Endurgreiðslu innborgaðrar fjárhæðar ef ferð er ekki farin.
2. Greiðslu á kostnaði vegna heimflutnings og gistingu ef með þarf fram að heimflutningi.
3. Hlutfallslega endurgreiðslu ef heimferð verður fyrr en áætlað var.

Um 5. gr.

Almenn stjórnsýsla varðandi starfsemi ferðamiðlunar er í höndum samgönguráðuneytis en gert er ráð fyrir að ráðherra verði að hafa um það samráð við atvinnugreinina ef nauðsynlegt er að setja nánari reglur um starfsemina í reglugerð. Einnig getur verið nauðsynlegt að binda einhver ákvæði í reglugerð samkvæmt ósk atvinnugreinarinnar sjálfrar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

716. Frumvarp til laga [458. mál]

um veitinga- og gististaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Lög þessi taka til sölu á gistingu, sölu veitinga, annarra en áfengis, og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni, þar með talinni veitinga- og gistisölu ferðabænda.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ábyrgðaraðili, einstaklingur eða félag, þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði til að stunda starfsemi samkvæmt lögum þessum:

a. vera fjárráða,
b. hafa forræði á búi sínu,
c. eiga varnarþing á Íslandi.

Eigi má hefja starfsemi samkvæmt lögum þessum fyrr en skráning hefur farið fram skv. 3. gr.

3. gr.

Lögreglustjóri skráir starfsemi samkvæmt lögum þessum að fullnægðum skilyrðum skv. 2. gr., að fengnum nauðsynlegum staðfestingum frá sveitarstjórn, eldvarnaeftirliti og heilbrigðisnefnd og fer um eftirlit samkvæmt lögum og reglugerðum þar að lútandi. Taki nýr ábyrgðaraðili við starfsemi samkvæmt lögum þessum ber að tilkynna það þegar til viðkomandi lögreglustjóra. Lögreglustjóri heldur skrá yfir skrásetta starfsemi samkvæmt lögum þessum.

Ef ábyrgðaraðili uppfyllir ekki lengur ofangreind skilyrði samkvæmt þessari grein og skv. 2. gr. ber lögreglustjóra að stöðva starfsemi hans.

4. gr.

Rekstraraðilar, er undir lög þessi falla, skulu veita Hagstofu Íslands upplýsingar samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar almennt til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustunni sem atvinnugrein.

5. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um menntun starfsfólks og um búnað og flokkun gisti- og veitingastaða sem lög þessi taka til. Um gerð slíkrar reglugerðar skal hafa samráð við Ferðamálaráð Íslands og önnur hagsmunasamtök í greininni. Samgönguráðherra getur samkvæmt tillögu stjórnar Ferðamálaráðs Íslands sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi samkvæmt lögum þessum í reglugerð.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum með heimild í þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með brot gegn lögunum skal fara að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. maí 1992. Þá falla úr gildi lög nr. 67/1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 67 28. júní 1985 skulu halda gildi sínu þann tíma sem þau kveða á um.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér grundvallarbreytingar á löggjöf um veitinga- og gististaði, auk þess sem í því er gert ráð fyrir einföldun laganna. Helstu breytingarnar eru tvíþættar. Annars vegar hvað varðar skilyrði sem sett eru til að starfrækja megi veitinga- og gististaði, hins vegar hvað varðar flokkun veitinga- og gististaða. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að veitinga- eða gististaðir þurfi sérstakt leyfi til rekstrarins heldur þurfi að uppfylla almenn skilyrði skv. 2. og 3. gr. og á þann hátt fá skráningu hjá lögreglustjóra. Sú skráning er ótímabundin á meðan forsendur eru óbreyttar. Kemur sú skráning í stað tímabundinna leyfa samkvæmt gildandi lögum. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að flokkun veitinga- og gististaða sé bundin í lög heldur skuli kveðið á um hana í reglugerð. Það nýmæli er í frumvarpinu að við setningu reglugerðar um flokkun veitinga- og gististaða skal haft samráð við Ferðamálaráð Íslands og önnur hagsmunasamtök í greininni. Þá er gert ráð fyrir að nánari reglur um skipulag og starfsemi samkvæmt frumvarpinu verði settar samkvæmt tillögum stjórnar Ferðamálaráðs Íslands og tryggir það í senn aukinn sveigjanleika reglna um rekstrarumhverfi greinarinnar og áhrif hagsmunaaðila á ákvarðanatöku í þeim efnum.

Með frumvarpi þessu er leitast við að einfalda löggjöf um starfsemi veitinga- og gistihúsa þannig að ákvæði laganna verði ekki til þess að hindra eða tefja uppbyggingu á þessu sviði ferðaþjónustunnar í landinu, jafnframt því að gætt er neytendaverndar með ákvæðum um þau almennu skilyrði sem uppfylla þarf um hollustuhætti, eldvarnir og staðfestingu sveitarstjórnar. Ferðaþjónusta er í örum vexti hér á landi, jafnt við innlenda sem

erlenda ferðamenn, og því mikilvægt að skapa atvinnugreinum innan ferðaþjónustunnar góð skilyrði til að bregðast við auknum umsvifum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein fjallar um gildissvið laganna. Hér er sérstaklega tekið fram að gisti- og veitingasala ferðabænda falli undir lög þessi og er það breyting frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Hér eru talin upp skilyrði sem ábyrgðaraðili fyrir starfsemi samkvæmt lögum þessum þarf að uppfylla til að geta hafið starfsemi. Með ábyrgðaraðila er átt við einstakling eða lögpersónu sem ber lagalega ábyrgð á starfsemi samkvæmt lögunum. Í 2. gr. gildandi laga nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, eru nokkuð strangari skilyrði sem ábyrgðaraðili verður að uppfylla, m.a. að hafa búsetu á Íslandi. Hér er hins vegar látið nægja að setja það skilyrði að ábyrgðaraðili hafi varnarþing á Íslandi. Gildandi lög gera einnig ráð fyrir sérstöku leyfi til ákveðins tíma fyrir starfsemi gisti- og veitingastaða, en hér er lagt til að starfsemin sé skráð, sbr. 3. gr., áður en starfsemi hefst.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé skráð hjá lögreglustjóra að fengnum nauðsynlegum staðfestingum frá sveitarstjórn, eldvarnaeftirliti og heilbrigðisnefnd. Taki nýr rekstraraðili við starfsemi samkvæmt lögunum ber að tilkynna slíkt þegar til lögreglustjóra, en honum ber að halda skrá um ábyrgðaraðila og skrásetta starfsemi. Lögreglustjóri getur stöðvað starfsemi samkvæmt lögum þessum sé skilyrðum samkvæmt þessari grein og 2. gr. ekki fullnægt.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að allir rekstraraðilar, er undir þessi lög falla, skuli veita Hagstofu Íslands tölulegar upplýsingar samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar almennt til könnunar og skipulagningar í atvinnugreininni, enda gera lög um Hagstofu Íslands ekki ráð fyrir öðru.

Um 5. gr.

Hér eru settar ákveðnar skorður á heimildir ráðherra til að setja reglugerðir um starfsemi samkvæmt lögum þessum. Fellt er út úr lögunum ákvæði gildandi laga um búnað og flokkun gisti- og veitingastaða, en slík ákvæði eiga betur heima í reglugerð. Einnig er skilyrt að samráð skuli hafa við atvinnugreinina. Þá er hér gert ráð fyrir því að Ferðamálaráð Íslands geti fyrir hönd atvinnugreinarinnar óskað eftir að sett skuli reglugerð um ákveðna þætti starfseminnar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

717. Frumvarp til laga [459. mál]

um brottfall laga um Skipaútgerð ríkisins, nr. 40/1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Lög um Skipaútgerð ríkisins, nr. 40/1967, falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að fresta því að leggja niður þær stöður sem nauðsyn krefur í tengslum við lokauppgjör Skipaútgerðar ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði frumvarp þetta að lögum lýkur með formlegum hætti sextíu og tveggja ára sögu Skipaútgerðar ríkisins.

Hér á eftir verður stiklað á stóru í sögu Skipaútgerðarinnar. Því næst verður sagt frá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, en einkavæðing starfsemi Skipaútgerðarinnar er liður í þeirri stefnu stjórnvalda að færa verkefni frá ríkinu til fyrirtækja á frjálsum markaði. Rekstur Skipaútgerðarinnar hefur verið styrktur úr ríkissjóði frá öndverðu og því er frumvarp þetta einnig þáttur í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að draga úr hallarekstri ríkissjóðs. Eitt meginmarkmið með rekstri Skipaútgerðarinnar hefur verið að tryggja flutninga um strandir landsins við lágu verði. Nú sinna hins vegar fjársterk einkafyrirtæki þessum flutningum og með hagræðingu í rekstri munu þau kappkosta að flytja vörur við sem lægstu verði í harðri samkeppni. Eftir að sú ákvörðun var tekin að hætta siglingum á vegum Skipaútgerðarinnar hafa einkafyrirtæki stóraukið þjónustu sína og eru nú jafnmörg skip og áður í strandflutningum. Öryggi virðist því síst hafa minnkað.

Sögulegt yfirlit.

Skipaútgerð ríkisins tók til starfa í Reykjavík um áramótin 1929/1930.

Skrifstofa útgerðarinnar var fyrst í húsi Ellingsens við Hafnarstræti en var flutt í Arnarhvol, skrifstofuhúsnæði ríkisins, sumarið 1930 og vorið 1934 í Hafnarhúsið þar sem skrifstofan er nú til húsa.

Vörugeymsla var í upphafi í Nýborg við Skúlagötu en flutti síðla árs 1931 í hús Sambands íslenskra samvinnufélaga við Reykjavíkurhöfn. Eftir seinni heimsstyrjöldina var vöruafgreiðsla útgerðarinnar flutt í bragga sem hernámsliðin höfðu reist á hafnarkantinum við Grófarbryggju. Í októbermánuði árið 1982 tók Skipaútgerð ríkisins í notkun nýtt vöruafgreiðsluhús sem þá hafði verið reist fyrir útgerðina á uppfyllingu við Grófarbryggju. Með hinni nýju vöruafgreiðslu batnaði til muna öll þjónusta við viðskiptavini útgerðarinnar.

Sérstakri innkaupadeild var snemma komið á fót og hefur hún alla tíð annast sameiginleg innkaup fyrir skip útgerðarinnar og margar aðrar ríkisstofnanir.

Skipaútgerð ríkisins hætti rekstri varðskipanna á árinu 1952 þegar Landhelgisgæslan, sem verið hafði sérstök deild innan útgerðarinnar, var gerð að sjálfstæðri stofnun.

Í kjölfar harðnandi samkeppni í flutningum á fyrstu árum sjöunda áratugarins vegna bættra samgangna á landi og í lofti jukust erfiðleikar í rekstri útgerðarinnar. Stjórnvöld skipuðu nefnd sem kanna skyldi hvort unnt yrði að auka hagkvæmni í rekstri. Lagði nefndin m.a. til að skip útgerðarinnar skyldu endurnýjuð.

Samkvæmt ábendingu nefndarinnar var á árinu 1966 skipuð sérstök stjórn yfir Skipaútgerð ríkisins. Fyrsti formaður hennar var Guðjón F. Teitsson forstjóri, en hann hafði tekið við starfi forstjóra eftir fráfall Pálma Loftssonar árið 1953. Guðjón gegndi formannsstörfum í stjórnarnefnd útgerðarinnar til 1. apríl 1977, en þá tók við Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu. Núverandi stjórnarformaður er Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur. Guðjón F. Teitsson lét af störfum forstjóra fyrir aldurs sakir í október árið 1976 og tók þá Guðmundur Einarsson, núverandi forstjóri, við starfi forstjóra.

Frumvarp til laga um Skipaútgerð ríkisins var lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi 1966–1967. Frumvarpið var samið af nefnd þeirri sem fyrr er getið og varð að lögum fyrri hluta árs 1967 (lög nr. 40/1967).

Á árinu 1969 var stofnuð sérstök útgerðarstjórn ríkisskipa, rekstrardeild ríkisskipa, sem var sjálfstæð deild í tengslum við Skipaútgerð ríkisins og heyrði beint undir samgönguráðuneytið. Fjárhagsleg umsýsla strandferðaskipanna færðist þá yfir til þessarar stofnunar og sömuleiðis skipa Hafrannsóknastofnunar og Landhelgisgæslu. Rekstrardeild ríkisskipa var lögð niður árið 1983.

Eftirtalin farþega- og vöruflutningaskip voru í eigu og rekstri Skipaútgerðar ríkisins 1930–1992:

Esja (I)	1923–1938,	brúttórúml.	749, farþegar	118,
Súðin	1930–1949,	brúttórúml.	811, farþegar	64,
Esja (II)	1939–1969,	brúttórúml.	1347, farþegar	148,
Þyrill	1947–1965,	brúttórúml.	809, farþegar	*
Herðubreið	1947–1971,	brúttórúml.	366, farþegar	12,
Skjaldbreið	1947–1966,	brúttórúml.	366, farþegar	12,
Hekla (I)	1948–1966,	brúttórúml.	1456, farþegar	166,
Herjólfur (I)	1959–1977,	brúttórúml.	495, farþegar	64,
Hekla (II)	1970–1983,	brúttórúml.	708, farþegar	12,
Esja (III)	1971–1983,	brúttórúml.	710, farþegar	12,
Askja	1982–1992,	brúttórúml.	498, farþegar	*
Esja (IV)	1983–1992,	brúttórúml.	495, farþegar	4,
Hekla (III)	1984–1992,	brúttórúml.	492, farþegar	*

(Heimild: Skipasaga, Hilmar Snorrason 1990)

Á fyrstu árum útgerðarinnar fóru skip hennar aðallega hringferðir hvort á móti öðru, en sú breyting var gerð á leiðakerfi skipanna á stríðsárunum að hringferðir lögðust að mestu niður og upp voru teknar svokallaðar „pendúlferðir“. Varðskipin voru einnig notuð til strandferða á þessum árum og hélst sú tilhögun fyrstu árin eftir stríðið. Til þess að anna flutningunum á þessum árum og bæta þjónustuna voru auk þess tekin á leigu skip og bátar og hélst það fram á árið 1948 þegar útgerðin fékk ný skip.

Í lok stríðsins voru hringferðirnar að hluta til teknar upp aftur. Á árinu 1949 var gerð

breyting á skipulagi strandferðanna og á því ári hóf útgerðin einnig millilandasiglingar yfir sumartímann með Heklu (I), fyrst til Glasgow, en síðar til Norðurlanda. Þessar siglingar lögðust af þegar Hekla var seld úr landi árið 1966.

Á meðan Herðubreið og Skjaldbreið voru í rekstri var áætlun þeirra að jafnaði þannig hagað að Herðubreið fór aðra hverja ferð austur um land til Austfjarðahafna eða Akureyrar og hina til Breiðafjarðarhafna og Vestfjarða, en Skjaldbreið vestur um land til Breiðafjarðar- eða Húnaflóa-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarhafna og auk þess öðru hverju til Vestmannaeyja.

Frá því að Akureyrarskipin, Hekla (II) og Esja (III) voru tekin í notkun og til ársins 1977 miðaðist skipulag strandferðanna við hringferðir tveggja skipa auk Vestmannaeyjaferða Herjólfs þar til hann hætti siglingum árið 1976 þegar sérstakt fyrirtæki var stofnað um þann rekstur og núverandi Herjólfur hóf siglingar. Þetta þjónustufyrirkomulag útgerðarinnar tryggði jafnmargar ferðir til allra hafna sem siglt var til og tengdi landshluta saman á einfaldan hátt.

Útgerðin tók síðan í notkun nýtt leiðakerfi tveggja skipa á árinu 1978. Siglingar skipanna voru þá þannig að annað skipið fór „pendúlferðir" aðra hverja viku vestur og norður til Akureyrar og hina vikuna austur til Seyðisfjarðar. Hitt skipið fór til skiptis hringferð vestur um land og síðan stutta Vestfjarðaferð. Þegar leiguskipið „Coaster Emmy" hóf siglingar sem þriðja skip fyrir útgerðina árið 1979 var tekið upp þriggja skipa leiðakerfi og var því í aðalatriðum haldið til ársloka 1991.

Fastar viðkomuhafnir Skipaútgerðar ríkisins úti um land voru á síðustu árum 35.

Miklar sveiflur hafa verið í flutningum Skipaútgerðar ríkisins í áranna rás. Fyrir seinni heimsstyrjöldina voru vöruflutningar með skipum útgerðarinnar að jafnaði um 10.000–15.000 tonn á ári. Mikil aukning varð á stríðsárunum og komust flutningar upp í rúmlega 50.000 tonn á árinu 1943. Samhliða jukust farþegaflutningar útgerðarinnar jafnt og þétt og náðu hámarki á árinu 1944 og urðu þá 26.000 farþegar, en höfðu verið 9.500 þegar mest var fyrir stríð. Að loknu stríðinu dró talsvert úr bæði vöru- og farþegaflutningum.

Straumhvörf urðu í flutningum útgerðarinnar með tilkomu nýrra skipa á árinu 1948 og varð á árunum þar á eftir aftur mikil aukning á flutningum. Þá voru í rekstri sex skip í stað tveggja áður og náðu flutningarnir hámarki árið 1953 þegar þeir urðu 130.900 tonn og eru þá olíuflutningar Þyrils taldir með. Stykkjavöruflutningar urðu þó mestir á árinu 1962, um 48.000 tonn, og farþegaflutningarnir á árinu 1960, en á því ári flutti útgerðin rúmlega 27.000 farþega.

Sjöundi áratugurinn var Skipaútgerð ríkisins erfiður. Nýjar samgönguleiðir opnuðust á landi og í lofti og samkeppnin um flutningana harðnaði. Flutningar útgerðarinnar urðu einungis tæp 26.000 tonn á árinu 1969.

Farþegaflutningar Skipaútgerðar ríkisins, sem á tímabili voru mjög umfangsmiklir, lögðust að stórum hluta af eftir að farþegaskipin Hekla (I) og Esja (II) voru seld á árunum 1966 og 1969. Þó voru enn talsverðir farþegaflutningar með Herjólfi til ársins 1976, en það ár lauk þjónustu hans eins og fyrr segir.

Með tilkomu Akureyrarskipanna jukust flutningarnir á ný og urðu að meðaltali um 45.000 tonn á ári. Með breyttu þjónustukerfi á árunum 1978 og 1979 tóku flutningarnir að aukast verulega og á árinu 1985 urðu flutningar útgerðarinnar hinir mestu í sögu hennar, tæplega 137.000 tonn.

Áburðarflutningar Skipaútgerðar ríkisins hafa verið um 25.000–30.000 tonn á ári frá árinu 1983 og á árinu 1985 hóf útgerðin flutninga á allri steinull fyrir innanlandsmarkað frá Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Frá sama ári sá útgerðin einnig um alla flutninga á sekkjuðu sementi frá Sementsverksmiðjunni á Akranesi.

Í lok ársins 1980 gerði Skipaútgerð ríkisins samning við Hafskip hf. um samstarf fyrirtækjanna. Skipaútgerðin tók að sér söfnun og dreifingu millilandaflutnings fyrir Hafskip hf. Þessir flutningar urðu mestir á árinu 1984, rúmlega 37.000 tonn, þar af var kísilgúr, sem Skipaútgerðin flutti frá Húsavík til Reykjavíkur, um 26.000 tonn. Með þessu samstarfi hófst fyrir alvöru endurskipulagning flutninga til og frá landinu á þann veg að millilandaskip stækkuðu og viðkomuhöfnum þeirra fækkaði, en í stað þess voru strandferðaskip í auknum mæli notuð til söfnunar og dreifingar millilandaflutnings. Þetta samstarf fyrirtækjanna stóð þar til Hafskip hf. urðu gjaldþrota í árslok 1985.

Skipaútgerðin og skipadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga, nú Samskip hf., hafa á undanförnum árum aukið mjög samstarf sitt og annaðist Skipaútgerðin m.a. Færeyjasiglingar í samvinnu við skipadeildina og Austfar hf. á Seyðisfirði frá haustinu 1989 til haustsins 1991.

Saga Skipaútgerðarinnar hefur verið rituð tvívegis, fyrst eftir 20 ára rekstur og síðan árið 1990 í tilefni 60 ára afmælis fyrirtækisins. Ársskýrslur og ársreikningar frá upphafi liggja fyrir.

Fulltrúar þjóðskjalavarðar hafa þegar farið yfir skjöl Skipaútgerðarinnar og verður helstu plöggum komið fyrir í Þjóðskjalasafni til skráningar og vörslu.

Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Við myndun núverandi ríkisstjórnar var sú stefna mörkuð að dregið skyldi úr ríkisafskiptum og ríkisrekstri fyrirtækja með einkavæðingu þeirra. Í hvítbók ríkisstjórnarinnar, *Velferð á varanlegum grunni*, var gerð nánari grein fyrir þessum markmiðum. Í fjárlagafrumvarpi komu þessi markmið fram og þegar fjárlög voru samþykkt í árslok 1991 var þar m.a. að finna heimild til að selja eignir Skipaútgerðar ríkisins, auk þess sem sú ákvörðun var tekin með samþykkt fjárlaga á Alþingi að rekstur Skipaútgerðarinnar yrði ekki fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði á árinu 1992.

Í samræmi við einkavæðingarmarkmið ríkisstjórnarinnar ákvað samgönguráðherra í ágústmánuði 1991 að fram færi úttekt á rekstri Skipaútgerðarinnar. Í kjölfar þeirrar úttektar ákvað ríkisstjórnin þann 24. september 1991 að starfsemi Skipaútgerðar ríkisins skyldi endurmetin og kannað hvort enn um sinn væri þörf á áframhaldandi rekstri fyrirtækisins eða hvort tímabært væri að leggja það niður.

Þann sama dag fól samgönguráðherra stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar að segja þegar upp samningum við Samskip hf. um siglingar til Færeyja og setja eitt af skipum fyrirtækisins á söluskrá. Jafnframt lýsti samgönguráðherra því yfir að hann væri reiðubúinn til viðræðna við þá aðila sem hefðu hug á að taka við rekstri Skipaútgerðar ríkisins. Viðræður fóru fram við nokkra aðila á haustmánuðum en leiddu ekki til samninga fyrr en tilboð barst frá Samskipum hf. 7. janúar sl. um kaup á nýjasta skipi fyrirtækisins, ms. Esju. Tilboðinu fylgdi yfirlýsing um að félagið væri reiðubúið til viðræðna um að kaupa fleiri eignir og til að auka strandsiglingaþjónustu sína í kjölfarið.

28. janúar sl. gaf samgönguráðherra út yfirlýsingu um að viðræðum við Samskip hf. hefði lyktað svo að félagið tæki ms. Esju á þurrleigu með kauprétti, félagið tæki ms. Heklu á tímaleigu með kauprétti og félagið keypti gáma, lyftara og annað lausafé Skipaútgerðar ríkisins. Hluti samkomulagsins fól í sér að 20 til 30 starfsmönnum Skipaútgerðarinnar yrði boðið að ráðast til starfa hjá Samskipum hf. Jafnframt lýstu Samskip hf. því yfir að félagið hefði ákveðið að auka strandsiglingar þegar í febrúarmánuði og sigla þremur skipum á fastri áætlun til þeirra hafna sem Skipaútgerð ríkisins hafði veitt þjónustu.

Þriðja skip Skipaútgerðarinnar var selt til Noregs 27. janúar sl.

Í byrjun febrúar 1992 var reglulegri starfsemi Skipaútgerðar ríkisins lokið og hefur síðan verið unnið að uppgjöri og frágangi í fyrirtækinu. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki nærri miðju ári 1992.

Þegar frumvarp þetta er lagt fram eru óseldar eignir Skipaútgerðarinnar vöruskemma fyrirtækisins á Grófarbakka, hlutabréf og hluti skrifstofubúnaðar. Könnunarviðræður hafa farið fram við hugsanlega kaupendur vöruskemmu og verður þeim haldið áfram, auk þess sem skemman er auglýst til sölu. Hlutabréf verða seld á hlutabréfamarkaði og hefur verið samið við Kaupþing hf. um að afla tilboða í þau. Starfsmönnum Skipaútgerðarinnar hefur verið boðið að kaupa skrifstofubúnað, þar með talin húsgögn og borðtölvur.

Þjóðminjavörður hefur farið þess á leit að fá í vörslu Þjóðminjasafns ýmsa muni úr fórum Skipaútgerðarinnar og verða þeir færðir safninu er frumvarp þetta er orðið að lögum.

Taprekstur.

Rekstur Skipaútgerðar ríkisins hefur verið styrktur með árlegu framlagi úr ríkissjóði. Ítrekað hefur þess verið freistað á undanförnum árum að lækka þessa styrki, en árangur orðið lítill að mati stjórnvalda. Í því skyni hefur margt verið reynt, þar má nefna að árin 1982 og 1983 starfaði viðræðunefnd um strandflutninga, skipuð fulltrúum þeirra þriggja skipafélaga sem stunduðu þá áætlunarsiglingar milli landa, samgönguráðuneytisins og Skipaútgerðarinnar. Viðræðunefndin hafði það verkefni að móta samstarf skipafélaganna um strandferðir. Lagði nefndin til að stofnað yrði sameiginlegt hlutafélag þessara aðila um strandferðir. Ágreiningur varð hins vegar um ýmis framkvæmdaratriði og varð ekki úr framkvæmdum. Þá má nefna samkomulag sem forráðamenn Eimskipafélags Íslands hf. og skipadeildar Sambandsins, nú Samskipa hf., undirrituðu ásamt samgönguráðherra 24. ágúst 1989 um samstarf við strandsiglingar. Samkomulag þetta komst aldrei í framkvæmd og á sl. sumri var talið fullreynt að samvinna þessara aðila um strandflutninga tækist ekki.

Á árunum 1981 til og með 1990 námu styrkir úr ríkissjóði til Skipaútgerðar ríkisins alls 3.152,1 milljón króna miðað við verðlag í júnílok 1991. Þar er með talinn sérstakur styrkur til uppgjörs við ríkissjóð árið 1990 vegna eldri skulda. Sá styrkur nam 586 milljónum króna, en miðað við verðlag í júnílok 1991 631 milljón króna. Framlögin á þessu árabili samsvara um 315 milljónum króna að jafnaði hvert ár, á verðlagi í júnílok 1991.

Árið 1991 hélt hallarekstur inn áfram. Á fjárlögum þess árs var veitt 134,4 milljónum króna til rekstrar Skipaútgerðarinnar, en áætlun fyrirtækisins var að 224 milljónir króna þyrfti til að ná jöfnuði í rekstrinum. Sú áætlun stóðst í aðalatriðum og því þurfti að brúa bilið með 100 milljóna króna aukafjárveitingu. Framlag ríkissjóðs til Skipaútgerðarinnar árið 1991 varð því 234,4 milljónir króna.

Þegar Alþingi kom saman sl. haust og fjárlagafrumvarp var lagt fram var ekki sýnilegt að nein sú breyting yrði á rekstri Skipaútgerðar ríkisins að vænta mætti þess að hallarekstur yrði minni á árinu 1992 eða síðar.

Þjónusta.

Þann tíma, sem Skipaútgerð ríkisins starfaði, sinnti fyrirtækið einkum strandsiglingum með farþega og vörur, síðustu tvo til þrjá áratugi þó einkum með vörur eftir að farþegaflutningar urðu almennir með flugvélum og bílum. Fyrri hluta starfstíma fyrirtækisins var öðru hverju siglt á erlendar hafnir, ýmist með áætlunarsiglingum eða vegna sérstakra flutninga. Dæmi um slíka flutninga er för Esju II til Petsamo í Finnlandi skömmu eftir að Þjóðverjar höfðu hernumið Danmörku árið 1941. Skipið sótti 258 Íslendinga sem

orðið höfðu innlyksa í Danmörku vegna stríðsins og er sú för vafalaust frægasta millilandasigling Skipaútgerðarinnar.

Árið 1949 sigldu skip Skipaútgerðarinnar til alls 70 hafna, þar af var siglt 40 sinnum eða oftar það ár á 33 hafnir, 11 til 40 sinnum á 21 höfn, 10 sinnum eða sjaldnar á 16 hafnir. Þá hafði Skipaútgerðin fimm skip í siglingum, þau voru Esja II, Þyrill, Herðubreið, Hekla I og Skjaldbreið.

40 árum síðar, árið 1989, sigldu skip Skipaútgerðarinnar til alls 46 hafna. Þar af voru 28 hafnir á áætlun vikulega, fimm hafnir voru á áætlun á tveggja vikna fresti. Hafnir, sem siglt var til eftir verkefnum og voru utan reglulegra áætlana, voru 13 þetta ár. Auk þessara hafna var þremur höfnum að jafnaði þjónað um næstu höfn. Siglt var á þremur skipum, Heklu III, Öskju og Esju IV.

Að frátöldum millilandasiglingum hefur hlutverk Skipaútgerðar ríkisins öðru fremur verið að tryggja flutninga til allra landshluta og á afskekktari hafnir. Jafnframt hefur sá skilningur verið á hlutverki fyrirtækisins að því bæri að tryggja landsbyggðinni flutninga við lágu verði. Þessa skilnings verður vart á fyrstu áratugum Skipaútgerðarinnar en virðist að nokkru hafa vikið síðustu áratugi þegar kröfur hafa verið um að minnka taprekstur Skipaútgerðarinnar og stjórnendur fyrirtækisins lögðu fyrir samgönguráðherra áætlanir um að draga úr taprekstri.

Í bókinni *Skipaútgerð ríkisins 1929–49,* sem gefin var út í Reykjavík 1951, segir svo um taprekstur og hlutverk fyrirtækisins: „Skipaútgerð ríkisins hefur ekki verið rekin sem gróðafyrirtæki af hálfu ríkissjóðs, heldur eingöngu með það fyrir augum að verða almenningi og atvinnuvegunum að gagni og þá einkum þeim er ekki njóta beinna samgangna við útlönd eða hafa aðalsamgöngur sínar á landi og hafa fargjöld og farmgjöld verið sett með það fyrir augum."

Í þessari tilvitnun kemur fram hvert menn hafa álitið vera meginhlutverk Skipaútgerðar ríkisins, þ.e. að tryggja flutninga og vörudreifingu á milli höfuðborgarinnar annars vegar sem miðstöðvar inn- og útflutnings og landsbyggðarinnar hins vegar. Jafnframt hefur Skipaútgerð ríkisins verið notuð af hálfu stjórnvalda sem hagstýringartæki til þess að halda niðri flutningskostnaði og til þess verið veitt fé úr ríkissjóði.

Á öndverðum tíma Skipaútgerðarinnar voru samgöngur með öðrum hætti um landið en nú er, vegasamgöngur önnuðu ekki miklum flutningum og aðeins um takmarkaðan tíma ársins vegna vetrarófærðar. Flugsamgöngur voru nánast óþekktar á fyrstu árunum.

Nú eru breyttir tímar, vegakerfið hefur tekið stórtækum breytingum til batnaðar og um það fara umfangsmiklir vöru- og fólksflutningar til flestra landsvæða árið um kring og flugsamgöngum með farþega og vörur er haldið uppi allt árið til flestra byggðarlaga landsins. Strandsiglingar hafa einnig tekið breytingum og samhliða þjónustu Skipaútgerðarinnar hafa nú síðustu ár bæði Eimskipafélag Íslands hf. og Samskip hf. haldið uppi reglubundnum siglingum til allmargra hafna, auk þess sem önnur skipafélög hafa sinnt einstökum verkefnum, má þar nefna Jökla hf.

Þegar ljóst varð að rekstri Skipaútgerðar ríkisins yrði hætt kynntu bæði Samskip hf. og Eimskipafélag Íslands hf. nýja strandsiglingaáætlun þar sem félögin brugðust við brotthvarfi Skipaútgerðarinnar með því að auka þjónustu sína í samkeppni hvort við annað.

Þessi tvö skipafélög sigla nú samkvæmt áætlun á 34 hafnir, utan Reykjavíkur og Suðurnesja, vikulega eða oftar. Þó eru nokkrar hafnir inni á áætlun með þeim fyrirvara að viðkoma þar sé háð því hvort flutning er þar að fá eða ekki. Að auki kynna bæði félögin í sínum áætlunum að siglingar á aðra staði verði eftir þörfum. Vikulegar siglingar Skipaútgerðarinnar voru árið 1991 til 32 hafna, utan Reykjavíkur og Suðurnesja, viðkomur voru á fleiri hafnir eftir þörfum og á eina höfn á tveggja vikna fresti.

Hagræðing í strandflutningum.

Á meðan Skipaútgerð ríkisins var enn í rekstri sinntu þrjú skipafélög strandsiglingum og notuðu til þeirra að jafnaði samtals sex skip. Öll ráku félögin vörumóttökustöðvar og aðra starfsemi sem nauðsynleg telst vegna flutninganna, þar á meðal skrifstofur og verkstæði.

Eftir að Skipaútgerðin er hætt rekstri eru áfram sex skip í reglubundnum strandsiglingum. Vöruskemma Skipaútgerðarinnar hverfur úr rekstri auk skrifstofuhalds og fleiri þátta í rekstri fyrirtækisins.

Samskip hf. hafa tekið við rekstri tveggja skipa Skipaútgerðarinnar og Eimskipafélag Íslands hf. hefur bætt einu skipi við og hefur þá hvort félag þrjú skip í reglubundnum strandsiglingum.

Bæði þessi skipafélög bæta nýtingu á ýmsum sviðum í rekstri sínum með auknum verkefnum. Þannig hafa skapast skilyrði til þess að tilkostnaður í strandsiglingum lækki miðað við hvert flutt tonn.

Samkeppni þessara tveggja skipafélaga í strandsiglingum sem millilandasiglingum er mikil og sér hennar m.a. stað í því að bæði félögin sigla reglubundið á 26 sömu hafnir, en átta hafnir njóta þjónustu annars félaganna. Þessi samkeppni veitir félögunum aðhald hvað varðar þjónustu og verðlagningu og getur því ásamt þeirri hagræðingu í rekstri, sem rakin var hér að framan, tryggt lágt verð á flutningi milli landshluta og góða flutningaþjónustu.

Öryggi í strandflutningum.

Ein helsta forsendan fyrir stofnun Skipaútgerðar ríkisins á sínum tíma var sú að tryggja flutningaþjónustu með ströndum landsins. Í því fólst ákveðið öryggi að ríkið sæi fyrir þessum flutningum, ekki síst með tilliti til þess að stjórnvöld voru reiðubúin til að halda rekstrinum áfram þótt halli væri á honum frá ári til árs.

Við þær aðstæður, sem nú eru hér á landi, verður hins vegar ekki séð að öryggi flutninga milli landshluta sé hætt þótt Skipaútgerð ríkisins hætti rekstri. Tvö öflug skipafélög hafa þegar fyllt í þær eyður sem brotthvarf Skipaútgerðarinnar annars hefði skilið eftir sig. Bæði félögin standa fjárhagslega traustum fótum, eigið fé Samskipa var í árslok 1991 um einn milljarður króna, eigið fé Eimskipafélags Íslands hf. var á sama tíma um fjórir milljarðar króna.

Auk skipafélaganna ber einnig að líta til þeirrar flutningaþjónustu sem veitt er og unnt er að veita á landi. Fjöldi aðila, fyrirtækja og einstaklinga, annast flutninga með bílum í harðri innbyrðis samkeppni og við skipafélögin. Landflutningar hafa farið vaxandi ár frá ári með bættum vegasamgöngum og aukinni tækni og hagkvæmni flutningatækjanna sjálfra. Í landflutningum er hvort tveggja um að ræða reglubundinn áætlunarakstur og einstök flutningaverkefni til flestra byggðarlaga landsins.

Ferjur og flóabátar hafa á síðustu árum verið endurnýjuð þannig að nú geta þessir farkostir tengst samgöngukerfi landsmanna í mun ríkari mæli en áður og þannig verið hluti af flutningaleiðum. Breiðafjarðarferjan Baldur tekur flutningabíla og fólksbíla og má jafna henni til vegasambands milli Vestfjarða sunnanverðra frá Brjánslæk og Suðvesturlands um Stykkishólm. Djúpbáturinn Fagranes getur á sama hátt tengt Ísafjörð og nærliggjandi byggðarlög við vegakerfi landsins eftir að hafnaraðstaða hefur verið gerð fyrir skipið. Þá hefur Eyjafjarðarferjan Sæfari annast flutninga milli Grímseyjar og lands. Þessi skip veita tækifæri til bættrar nýtingar í vöru- og fólksflutningum.

Loks ber að geta loftflutninga með farþega og vörur en þeir hafa farið vaxandi á síðustu árum og áratugum.

Samantekt.

Umfangsmiklum þætti í sögu íslenskra samgöngumála lýkur nú er Skipaútgerð ríkisins hættir starfsemi. Fyrirtækið annaðist flutninga með ströndum landsins í rétt liðlega 62 ár og af þeim sökum, þótt ekki kæmi fleira til, urðu Ríkisskip snar þáttur í lífi manna um land allt. Á sumum stöðum voru völ á flutningar háðir þjónustu fyrirtækisins.

Þegar unnið var að undirbúningi breytinga á Skipaútgerðinni á sl. hausti varð þess vart að íbúar landsbyggðarinnar báru margir ugg í brjósti og kviðu því að flutningar til heimabyggða þeirra yrðu stopulli eða legðust af. Þetta átti ekki síst við um íbúa fámennra byggðarlaga. Af þessum sökum var hafinn undirbúningur þess í samgönguráðuneytinu að grípa til sérstakra ráðstafana ef með þyrfti til þess að tryggja flutninga á þá staði sem annars yrðu afskiptir. Framvinda málsins varð á hinn bóginn sú að ekki þurfti neinar sértækar aðgerðir af hálfu stjórnvalda í þessu skyni.

Hagræðing sem þessi hefur óhjákvæmilega í för með sér fækkun starfa og sú varð raunin hvað varðar Skipaútgerð ríkisins. Í árslok 1991 unnu 93 starfsmenn hjá fyrirtækinu, þar af 22 á skrifstofu og 36 á skipum. Þessum starfsmönnum hefur verið sagt upp störfum eða stöður þeirra lagðar niður. Undantekning er áhöfn ms. Heklu á meðan skipið er leigt Samskipum hf. á tímaleigusamningi, einn eftirlitsmaður skipsins og átta starfsmenn á skrifstofu sem annast uppgjör og frágang.

Samningar við Samskip hf. fólu í sér að áhafnir tveggja skipa, alls 20 manns, mundu starfa á skipum Skipaútgerðarinnar á samningstímabilinu og að allt að 10 manns til viðbótar af skrifstofu og úr vöruafgreiðslu yrði boðið starf hjá félaginu. Aðrir starfsmenn Skipaútgerðarinnar njóta hið skemmsta tveggja mánaða uppsagnarfrests, lengri frests þegar kjarasamningar ákveða svo. Starfsmenn skrifstofu eru ríkisstarfsmenn og njóta sem slíkir biðlauna í 6 eða 12 mánuði eftir að störf þeirra hafa verið lögð niður.

Starfsfólk Skipaútgerðarinnar hefur getið sér gott orð meðal viðskiptavina fyrirtækisins og athygli hefur vakið að önnur skipafélög hafa borið þeim vel söguna. Það kom fram í viðræðum sem fulltrúar samgönguráðherra áttu við forsvarsmenn skipafélaganna á liðnu hausti þegar skipafélögunum voru kynnt áform um breytingar á rekstri Skipaútgerðarinnar.

Þá hafa forsvarsmenn ýmissa sveitastjórna, auk margra annarra aðila á landsbyggðinni, talið ástæðu til að geta þess sérstaklega í samtölum við samgönguráðherra og embættismenn ráðuneytisins að starfsfólk Skipaútgerðarinnar hafi skilað góðu verki. Þetta orðspor hefur m.a. liðkað fyrir þegar rætt var um að Samskip hf. byðu starfsmönnum Skipaútgerðarinnar störf og ætti að greiða fyrir öðrum starfsmönnum að afla sér atvinnu.

Eftir að Skipaútgerð ríkisins er hætt siglingum hafa eftirfarandi breytingar helstar orðið á sviði flutninga innan lands:

— Tveir aðilar annast reglubundna strandflutninga í stað þriggja. Vegna hagræðingar, sem af því leiðir, hafa skapast skilyrði til lægri tilkostnaðar við hvert flutt tonn.
— Vörumóttaka í höfuðborginni vegna strandflutninga er á tveimur stöðum í stað þriggja áður. Þetta er til hagræðis fyrir sendendur og viðtakendur vörunnar og getur sparað þeim bæði fé og fyrirhöfn.
— Samkeppni skipafélaganna tveggja, sem stunda reglulegar strandsiglingar, hefur aukist og kosta þau nú kapps um að auka þjónustu sína og halda verðlagningu hennar í hófi. Þessarar samkeppni sér m.a. stað þar sem eru tíðar auglýsingar félaganna í fjölmiðlum um strandsiglingaþjónustuna.

Strandflutningaþjónusta hefur í höfuðatriðum haldist til þeirra byggða sem nutu þjónustu Skipaútgerðarinnar. Helsta undantekningin frá því er sú að ekki er beint, reglubundið siglingasamband frá Austfjarðahöfnum norður um til Norðurlandshafna. Á þeirri leið voru flutningar á árinu 1991 um tvö þúsund tonn, eða tæplega 2% af flutningum Skipaútgerðar ríkisins.

Fjárhagslegur ávinningur ríkissjóðs af því að leggja niður Skipaútgerð ríkisins er ótvíræður. Ekki þarf lengur að leggja fyrirtækinu til 200 til 300 milljónir króna árlega í rekstrarstyrk og söluandvirði eigna skilar sér í ríkissjóð næstu ár. Þótt ekki sé lengur greitt úr ríkissjóði sem nemur á þriðja hundrað milljóna króna árlega til strandflutninga hefur það ekki í för með sér hækkun flutningskostnaðar svo séð verði. Má skýra það með samkeppni skipafélaganna og með þeirri hagræðingu sem orðið hefur.

718. Frumvarp til laga [460. mál]

um brottfall laga nr. 2/1917.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Lög um bann við sölu og leigu skipa úr landi, nr. 2/1917, eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög um bann við sölu og leigu skipa úr landi voru sett í janúar 1917 geisaði fyrri heimsstyrjöldin, mikill skortur var á skipum og boðið var geysihátt verð fyrir skip. Eðlilegt var við þessar aðstæður að setja lög til að koma í veg fyrir óeðlilegan útflutning skipa á meðan þetta ástand héldist.

Í Alþingistíðindum frá aukaþinginu 1916–1917 segir að ástæður fyrir frumvarpinu hafi verið þessar:

„Með því að nú er hvarvetna mikil eftirspurn eftir skipum, bæði vöruflutningaskipum og öðrum, en landið má alls eigi við því, að skipastóll þess sje skertur, eins og nú stendur á, þykir full nauðsyn vera á að reisa sem allra fyrst skorður við sölu skipa út úr landinu.“

Í umræðum á þinginu kom fram hjá flutningsmönnum að heyrst hefði að til stæði að selja eitt til tvö af botnvörpuskipunum íslensku til útlanda. Annar flutningsmanna taldi sig hafa heimildir fyrir því að ekki bara einn eða tveir af botnvörpuskipaeigendunum heldur þeir allir hefðu fengið tilboð um kaup á skipum þeirra og væri þeim boðið afar hátt verð í skipin, en hagur af útgerð væri hins vegar tvísýnn.

Í umræðum á þingi sagði Sigurður Eggerz m.a.: „Það getur rekið að því, að skip hækki svo í verði, að geypifé verði boðið í íslensk skip. Og er því eðlilegt, að freisting skipaeiganda yrði mikil til þess að selja skipin fyrir of fjár. Þetta gæti vel komið fyrir. En hvílík hætta er landinu ekki búin, ef svona færi? Svo lengi sem við höfum nóg kol og salt, getum við lifað, en ef við missum skipin, erum við dauðir. Hér er um nauðsynlega tryggingu að ræða í þarfir lands og þjóðar.“

Einn flutningsmanna, Einar Arnórsson, hafði m.a. þetta um málið að segja: „Tel ég það mjög líklegt, ef engar skorður verða settar, að þá rýrni skipastóll okkar, þar sem nú er geypiverð boðið fyrir skip, og er það freisting fyrir menn að selja skip sín til þess að

græða fé á þeim. Ef ég til dæmis ætti skip nú og vildi hætta kaupsýslu, þá mundi mér innan handar að selja það með 100 þúsunda til 200 þúsunda króna ábata og setjast síðan í helgan stein og eiga náðuga daga.“ Og síðar í sömu ræðu: „Það er satt að enginn ákveðinn tími er til tekinn í frumvarpinu, en full ástæða finnst mér til, að bann þetta standi meðan sömu ástæður haldast og nú eru.“

Frá því að lög nr. 2/1917 voru sett hafa aðstæður breyst verulega og hættan á því að íslenski skipastóllinn gjaldi afhroð er liðin hjá. Lög þessi hafa því lítið raunhæft gildi í dag. Hefur raunar lengi verið um það rætt að fella þau úr gildi. Í ljósi þessa og þar sem nú er fremur unnið að því að efla og greiða fyrir milliríkjaviðskiptum en hefta þau er eðlilegt að afnema lögin.

719. Frumvarp til hafnalaga. [461. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn allra hafnamála.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál. Í hafnaráði skulu eiga sæti fimm fulltrúar. Þar af skulu tveir tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Þrír fulltrúar eru skipaðir af samgönguráðherra og skal einn þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytis og er hann jafnframt formaður ráðsins og skipaður til fjögurra ára í senn. Tvo fulltrúa samgönguráðherra skal skipa að nýju við ráðherraskipti.

Þóknun til hafnaráðsmanna greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Hafnaráð skal fjalla um skipulags-, rekstrar-, starfsmanna- og fjárfestingarmál Hafnamálastofnunar ríkisins og fylgjast almennt með starfsemi hennar.

Hafnaráð skal fjalla um framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafnanna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Hafnamálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti ásamt þeim starfsmönnum stofnunarinnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Skal hann leggja þar fyrir þau mál sem falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir.

4. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt sem ákveðið er í lögum þessum.

5. gr.

Hafnamálastjóri skal að fenginni umsögn hafnaráðs skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu, jafnframt því sem hann gegnir starfi vitamálastjóra og annast framkvæmd laga um leiðsögu skipa. Heimilt er að endurskipa hafnamálastjóra svo oft sem verða vill.

Hafnamálastjóri ræður starfsfólk Hafnamálastofnunar með ráðningarsamningi.

6. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

II. KAFLI
Um stjórn hafna og rekstur.

7. gr.

Höfn táknar í lögum þessum nánar afmarkað svæði þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.

Til þess að um höfn geti verið að ræða samkvæmt lögum þessum þarf henni að hafa verið sett reglugerð samkvæmt staðfestu deiliskipulagi er tilgreini mörk hennar, auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða.

8. gr.

Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög eða hlutafélög. Hafnir geta verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Ráðherra skal ákveða með reglugerð að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna að mynduð verði hafnasamlög um rekstur þeirra þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Innan hvers hafnasamlags skal rekinn einn hafnarsjóður. Með reglugerð um hvert hafnasamlag skal fylgja áætlun um hafnarframkvæmdir innan þess sem verður hluti af hafnaáætlun skv. 29. gr.

9. gr.

Hafnarstjórn, sem kosin er af eigendum hafnar eða hafnasamlaga, skal hafa á hendi stjórn hafnar eða hafnasamlags og hafnarsjóðs á þann hátt sem eigendur ákveða og í samræmi við reglugerð.

Séu eigendur fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt reglugerð og stofnsamningi hafnasamlags.

Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans.

10. gr.

Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum eigenda hafna sérstaka reglugerð fyrir hverja höfn. Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Kosningu, starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.
3. Starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
4. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
5. Hafnsögu.
6. Viðurlög við brotum.

11. gr.

Eftirtalin gjöld skulu greidd fyrir afnot hafna:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota viðkomandi höfn:
   a. Gjöld, miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
   b. Fastagjöld fiskiskips í heimahöfn.
   c. Hafnsögugjöld.
   d. Vigtargjöld af öllum sjávarafla.

e. Gjöld af ferjum.
f. Önnur gjöld.

2. Vörugjöld af vörum, sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
3. Leiga fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 18. gr.
5. Lóðargjöld og lóðarleiga.
6. Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs.
7. Ýmis þjónustugjöld, svo sem fyrir vigtun, móttöku á úrgangi, vatnssölu, rafmagnssölu, festagjöld o.fl.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum er fara um bryggjuna nema hafnarstjórn samþykki.

12. gr.

Öll gjöld skv. 11. gr. má taka lögtaki hjá þeim aðila sem samkvæmt reglugerð er gert að standa skil á greiðslum til hafnarsjóðs.

Skipagjöld skulu miðuð við stærð skipa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi skipi og vátryggingarfé þess ef það skyldi farast. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda.

Hafnarstjórn er heimilt að krefjast þess að útflytjandi leggi fram tryggingu fyrir vörugjaldi áður en vara fer úr höfn.

Vörugjald af vörum, sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við almenna gjaldskrá skv. 13. gr. og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð. Ákvæði þetta nær þó ekki til skipa undir 10 brúttótonnum að stærð þegar um sjávarafla er að ræða.

Leiga af lóðum hafna skal almennt reiknuð sem hundraðshluti af fasteignamati lóðar.

Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. skal renna í Hafnabótasjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjald, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Innheimtuaðilar vörugjalds skv. 2. tölul. 1. mgr. 11 gr. skulu innheimta og standa skil á sérstöku vörugjaldi skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr.

Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu og ákveða hvernig skuli fara með vörslu og daglega afgreiðslu sérstaks vörugjalds samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Hafnaráð skal að fengnum tillögum Hafnasambands sveitarfélaga gera tillögur til samgönguráðuneytisins, a.m.k. einu sinni á ári, um gjaldskrá skv. 1. tölul. a–b og 2. tölul. 11. gr. Skal gjaldskráin við það miðuð að tekjur hafnarsjóðanna standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga.

Slík gjaldskrá, staðfest af samgönguráðherra, skal gilda fyrir allar hafnir er lög þessi ná til.

Önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn.

Ráðuneytið getur heimilað einstökum hafnarstjórnum frávik frá hinni almennu gjaldskrá ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

14. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar.

Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða.

Eigendur hafnar eða hafnasamlags bera ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

15. gr.

Ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana Hafnamálastofnun ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

16. gr.

Halda skal reikning fyrir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, en þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnarstjórn er skylt að senda Hafnamálastofnuninni ársreikninga og þær upplýsingar sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðasta árs fyrir 1. mars ár hvert ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

17. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær eignir hafnarsjóðs er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins.

Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem best með að ákvæði þessarar greinar séu haldin skal senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar sé þess óskað.

18. gr.

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnarinnar og er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn og Hafnamálastofnun við gerð þess.

Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðinu nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Rísi ágreiningur skal málinu vísað til samgönguráðuneytisins til úrskurðar.

Sé leyfi til mannvirkjagerðar eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

Hafnarstjórn er heimilt, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af eða hafa staðið ónotuð í fimm ár eða lengur.

III. KAFLI

Um framkvæmdir í höfnum, greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o.fl.

19. gr.

Frumkvæði um hafnargerðir er hjá eiganda hafnar og framkvæmdir við þær á ábyrgð hans.

20. gr.

Áður en hafnarframkvæmdir hefjast skal Hafnamálastofnun fá staðfest að fjármagn verði handbært til viðkomandi verkáfanga.

21. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komir fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði þeim sem hlut á að máli.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati og getur hann þá krafist yfirmats, en það skal gert innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma af þremur dómkvöddum mönnum og greiðist kostnaður vegna þess samkvæmt venju.

22. gr.

Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu unnar undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins og skulu allar áætlanir og uppdrættir sendar stofnuninni til samþykktar, svo og öll þau reikningsgögn er þarf til að annast nauðsynlega endurskoðun kostnaðar.

Hafnamálastofnun annast framkvæmd frumrannsókna í samráði við viðkomandi hafnarstjórn.

Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu að jafnaði unnar samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti að útboð telst ekki muni gefa góða raun er heimilt að fenginni umsögn Hafnamálastofnunar að víkja frá útboði.

Fari hafnarstjórn þess á leit annast Hafnamálastofnun auk frumrannsókna framkvæmdir eftir því sem við verður komið, skipulagningu hafnarsvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðaráætlana.

23. gr.

Hafnarframkvæmdir eru kostaðar af sjálfsaflafé hafnarinnar og framlagi frá eigendum. Enn fremur greiðir ríkissjóður hluta af kostnaði við hafnargerðir eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

24. gr.

Eftirfarandi hafnarframkvæmdir geta notið framlags úr ríkissjóði:

1. Undirbúningsrannsóknir og hönnun, þar með talið skipulag hafna og hafnarsvæða, svo og kostnaður við útboð einstakra styrkhæfra framkvæmda.
2. Framkvæmdir við hafnargarða, bryggjur, viðlegukanta, ferjuaðstöðu, dýpkanir og uppfyllingar sem teljast nauðsynlegur hluti viðlegumannvirkja.
3. Dreifikerfi rafmagns, skolps og vatns sem nauðsynleg eru vegna starfsemi hafnarinnar samkvæmt staðfestingu Hafnamálastofnunar hverju sinni.
4. Umferðaræðar innan marka hafnarmannvirkja samkvæmt staðfestingu Hafnamálastofnunar hverju sinni.
5. Framkvæmdir við siglingamerki, mengunar- og slysavarnir.
6. Framkvæmdir á hafnarsvæðum við upptökumannvirki fyrir skip.

Niðurrif hafnarmannvirkja í eigu hafnarsjóðs telst hafnarframkvæmd, enda sé það lið-

ur í nýbyggingu, til umhverfisbóta eða mannvirkið í vegi fyrir notkun annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Sé mannvirki svo illa farið að til álita komi að endurbyggja það skal slík endurbygging því aðeins teljast styrkhæf að mannvirkið hafi hlotið eðlilegt viðhald að dómi hafnamálastjóra.

Styrkhæfur telst einnig vaxtakostnaður, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, ásamt kostnaði vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistaps, verði hann til vegna hluta ríkissjóðs í framkvæmdinni og hafi verið stofnað til hans með heimild ráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald, svo sem endurnýjun á þybbum, þekjum og lögnum, og er slíkt viðhald ekki styrkhæft.

Landa- og lóðakaup hafna, svo og landgerð, njóta ekki ríkisstyrks.

Styrkhæfni framkvæmda skal ákveðin áður en þær hefjast.

Rísi ágreiningur um styrkhæfni framkvæmda skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

25. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu úr ríkissjóði skv. 24. gr. eru:

1. Að eigendur hafnar eða hafnasamlags hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt á því landsvæði á strandlengju hafnarinnar sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi sem fram fer við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verslunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun varðandi útgjöld og greiðslu kostnaðar sem eigendur hafnar hafa samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnaráðs og hafnamálastjóra.

26. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum:

1. Ríkissjóður greiðir allt að 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Ríkissjóður greiðir allt að 90% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   hafnargarða (öldubrjóta),
   dýpkanir hafna og innsiglinga,
   siglingamerki,
   sérbúnað fyrir ekjuskip og ferjur.
3. Ríkissjóður greiðir allt að 60% stofnkostnaðar við eftirtaldar framkvæmdir:
   bryggjur og viðlegukanta,
   uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæði,
   upptökumannvirki fyrir skip,
   mengunar- og slysavarnir,
   vatns-, raf- og holræsalagnir um hafnarmannvirkin,
   skipulag hafna og hafnarsvæða,
   niðurrif hafnarmannvirkja.

27. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar Hafnamálastofnun sem vinnur úr tillögunum og leggur fyrir hafnaráð og samgönguráðuneyti. Ráðherra leggur fyrir Alþingi tillögur sínar að fenginni umsögn hafnaráðs.

Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum, þó með þeim takmörkunum um hámark sem kveðið er á um í 26. gr.

Greiðsluþátttaka ríkissjóðs skal ákveðin um leið og verk eru tekin inn á hafnaáætlun. Greiðsluþátttakan skal tekin til endurskoðunar á tveggja ára fresti á sama hátt og hafnaáætlun. Ráðherra er heimilt að ákveða að framkvæmdir í höfnum sem mynda hafnasamlög njóti tímabundið hámarksframlags skv. 26. gr.

Í reglugerð skulu settar nánari reglur um greiðsluþátttöku ríkissjóðs.

28. gr.

Heimilt er að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem ekki hafa nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum vegna styrkhæfra hafnarframkvæmda. Við fjárlagagerð hvers árs skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðherra skal gera tillögu til fjárlaganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fjólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

IV. KAFLI
Um framkvæmdaáætlanir.

29. gr.

Hafnamálastofnun skal vinna að gerð áætlana um hafnarframkvæmdir til nokkurra ára í senn, en þó aldrei skemur en til fjögurra ára.

Við þessa áætlunargerð ber Hafnamálastofnuninni að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð.

Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild.

Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar.

Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmdir í hafnamálum árið áður.

V. KAFLI
Um Hafnabótasjóð.

30. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og fer hafnaráð með stjórn sjóðsins í umboði samgönguráðherra. Hlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til hafnargerða og bæta tjón á hafnarmannvirkjum.

31. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, sbr. 5. mgr. 12. gr.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.
3. Sérstakt vörugjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr.
4. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis.

32. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

33. gr.

Ráðherra ráðstafar fé Hafnabótasjóðs á eftirgreindan hátt að fengnum tillögum Hafnamálastofnunar og hafnaráðs:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda með hliðsjón af fjárþörf í hverju tilviki.
2. Sjóðnum er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, þar með talið tjón sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði eða vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.
3. Sjóðnum er heimilt að veita lán og/eða styrk umfram ríkisframlag til nýrra hafnarframkvæmda sem nemi allt að 30% af heildarframkvæmdakostnaði til staða sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka. Styrkir mega aldrei nema meira en 15% af heildarframkvæmdakostnaði.
4. Sjóðnum er heimilt að veita sérstaka styrki til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga umfram það sem segir í 3. tölul.
5. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum.

Samanlagt mega styrkir og lán úr Hafnabótasjóði að viðbættu ríkisframlagi aldrei fara yfir 90% af styrkhæfum framkvæmdakostnaði.

34. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins annast vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs. Lánasýsla ríkisins veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

35. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána er sjóðurinn veitir með tilliti til þess að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

36. gr.

Hafnabótasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af eigin lántökum.

37. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði skulu sendar til Hafnamálastofnunar ríkisins.

Umsóknum skulu fylgja ítarleg gögn og rökstuðningur, þar á meðal reikningar hafnarinnar síðasta ár og almennar upplýsingar um fjárhag og fjárþörf hennar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

38. gr.

Hvers konar bótakröfum fyrir tjón, sem skip kunna að valda á eignum hafnarsjóða, fylgir lögtaksréttur.

39. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

Til tryggingar greiðslum sektar og vangoldinna gjalda samkvæmt lögum þessum er kyrrsetning heimil.

40. gr.

Ráðherra skal fyrir árslok 1992 setja reglugerð um framkvæmd þessara laga.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld hafnalög, nr. 69 28. maí 1984, svo og 68. og 69. gr. laga nr. 108/1988 og 29.–32. gr. laga nr. 1/1992.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði um greiðsluþátttöku ríkissjóðs koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir til nýrra hafnalaga, er endurskoðuð útgáfa af gildandi hafnalögum, nr. 69/1984.

Nefnd til þessarar endurskoðunar var skipuð með bréfi samgönguráðherra, Halldórs Blöndals, dags. 28. ágúst 1991. Í nefndinni áttu sæti Árni M. Mathiesen alþingismaður, Guðmundur Einarsson, aðstoðarmaður iðnaðarráðherra, Hermann Guðjónsson hafnamálastjóri, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, Ólafur S. Valdimarsson ráðuneytisstjóri og Sturla Böðvarsson, alþingismaður og formaður Hafnasambands sveitarfélaga, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Sveinn Hj. Hjartarson hagfræðingur, varamaður Kristjáns Ragnarssonar, hefur í forföllum hans setið flesta fundi nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Rúnar Guðjónsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu. Nefndin hélt samtals 16 bókaða fundi og var sammála um tillögur að frumvarpi því til nýrra hafnalaga sem hér er lagt fram.

Aðalbreytingarnar í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir frá gildandi hafnalögum, eru sem hér segir:

1. Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að eigendur hafna geti auk sveitarfélaga einnig verið hlutafélög. Jafnframt er gert ráð fyrir því að hafnir geti orðið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Hafnir gætu t.d. samkvæmt þessu ákvæði orðið hluthafar í fiskmörkuðum.
2. Í 8. gr. er einnig gert ráð fyrir því að mynduð verði hafnasamlög um rekstur hafna þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Í fylgiskjali með frumvarpinu eru hugmyndir nefndarinnar sýndar um það hvernig mætti hugsa sér stofnun þessara hafnasamlaga og hvernig þau hvert fyrir sig mundu koma út fjárhagslega. Með stofnun

hafnasamlaganna er stefnt að hagræðingu í nýtingu hafna og framkvæmdum, enda gert ráð fyrir að milli þeirra sé almennt gott vegasamband árið um kring. Þannig er ekki gert ráð fyrir að hafnasamlag á Vestfjörðum verði raunhæft fyrr en lokið er gerð jarðganga milli Ísafjarðar, Suðureyrar og Flateyrar. Nefndin telur eðlilegt að ríkisvaldið stuðli að sínu leyti að því að hafnasamlög verði mynduð, m.a. með gerð sérstakra framkvæmdaáætlana fyrir hvert einstakt hafnasamlag og betri fyrirgreiðslu varðandi ríkisframlög til framkvæmda en einstakar hafnir innan samlaganna gætu annars vænst.

3. Ákvæði um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs er nú breytt á þann hátt að ýmis ytri mannvirki hljóta 90% ríkisframlag. Ber þar aðallega að nefna hafnargarða (öldubrjóta) og dýpkanir hafna og innsiglinga auk siglingamerkja og sérbúnaðar fyrir ekjuskip og ferjur, en þessar framkvæmdir njóta nú 75% ríkisframlags. Í þessum styrkflokki var áður aðeins dýpkun aðalsiglingaleiðar að höfn. Allar aðrar styrkhæfar hafnarframkvæmdir hljóta 60% ríkisstyrk en 40% styrkflokkurinn er felldur niður. Jafnframt er fellt niður 40% ríkisframlag til hafnarvoga, hafnsögubáta og fastra krana til löndunar úr smábátum en ríkisframlag til upptökumannvirkja fyrir skip hækkar í 60% stofnkostnaðar.
   Nefndin telur að þegar á heildina er litið taki ríkissjóður svipaðan þátt í hafnargerðum og verið hefur þrátt fyrir þessar breytingar.
4. Í frumvarpinu eru ákvæði um 25% álag á vörugjald er renni í Hafnabótasjóð. Þetta er í samræmi við 29.–32. gr. laga nr. 1/1992. Sú breyting er gerð að álagið er látið renna til lán- og styrkveitinga úr sjóðnum en ekki sem framlag ríkisins til almennra hafnarframkvæmda eins og þau lög gerðu ráð fyrir. Miðað við núgildandi gjaldskrá má ætla að tekjur af sérstöku álagi á vörugjald nemi um 125 m.kr. á ári og með hliðsjón af því er framlag ríkisins nú gert háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Aðrar breytingar, sem nefndin hefur gert á gildandi hafnalögum, hafa minni áhrif og oft er aðeins um að ræða að sniðnir hafa verið agnúar af gildandi lögum. Fyrir þessum breytingum verður gerð nánari grein í athugasemdum með einstökum greinum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samhljóða 1. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

Skipun hafnaráðs er nú breytt á þann veg að fjölgað er í hafnaráði um tvo fulltrúa, en tveir varamenn eiga hins vegar ekki lengur rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Í stað eins fulltrúa, sem tilnefndur er af Hafnasambandi sveitarfélaga, verða fulltrúarnir nú tveir. Þrír fulltrúar eru skipaðir af samgönguráðherra og er einn þeirra, eins og áður, starfsmaður samgönguráðuneytis og jafnframt formaður ráðsins, skipaður til fjögurra ára, en tvo fulltrúa samgönguráðherra skal skipa að nýju við ráðherraskipti. Þetta er í samræmi við þær skoðanir sem hafa verið að ryðja sér til rúms að eðlilegt sé að ráðherra hverju sinni ráði því hverjir eru fulltrúar hans í föstum nefndum og ráðum og hann hafi möguleika á að skipta um þá fulltrúa sem fyrrverandi ráðherra skipaði án tilnefningar, hugsanlega skömmu áður en ráðherraferli lauk.

Um 3. gr.

Minni háttar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar á þessari grein.

Um 4.–5. gr.

Núverandi 4. gr. hafnalaganna hefur í þessu frumvarpi verið skipt upp þannig að hér er gerð tillaga um að einungis 1. mgr. hennar sé í 4. gr., en hinn hlutinn tilheyri 5. gr., enda er svo mikill eðlismunur á efni þessara málsgreina að eðlilegt þykir að skipta þeim milli lagagreina.

Breytingar á greininni að öðru leyti eru fyrst og fremst þær að ekki þykir ástæða til að ráðherra skipi yfirmenn deilda, heldur skuli þeir ráðnir af hafnamálastjóra eins og annað starfsfólk. Jafnframt er felld niður núverandi 5. gr., þar sem segir að Hafnamálastofnun skuli „hafa umráð yfir vélum og tækjum, sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni, sem henni eru falin og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið. Sérstaklega skal stofnunin búin fullnægjandi rannsóknabúnaði og tækjum til dýpkunarframkvæmda.“ Þessi niðurfelling er í samræmi við breytt starfssvið og tilgang Hafnamálastofnunar.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Tekin eru út orðin „samkvæmt staðfestu deiliskipulagi“.

Um 8. gr.

Eins og getið er um í athugasemdunum hér að framan eru veigamiklar breytingar frá gildandi lögum í þessari grein. Þannig er gerð tillaga um að eigendur hafna samkvæmt lögunum geti verið sveitarfélög eða hlutafélög. Hér er opnað fyrir þann möguleika að hlutafélög með aðild einkaaðila geti fallið undir hafnalögin og notið fyrirgreiðslu ríkissjóðs við hafnarframkvæmdir á sama hátt og er um hafnir sveitarfélaga í dag. Jafnframt er höfnum heimilað að gerast hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra, svo sem fiskmörkuðum, eins og áður er getið um.

Í þessari grein er einnig gert ráð fyrir því að samgönguráðherra ákveði með reglugerð að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna að mynduð verði hafnasamlög um rekstur þeirra þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Um þetta atriði er nánar fjallað í almennu greinargerðinni.

Um 9. gr.

Á þessari grein eru gerðar smávægilegar orðalagsbreytingar sem ekki er ástæða til að skýra nánar.

Um 10. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 11. gr.

Við 1. tölul. þessarar greinar er hér bætt vigtargjöldum af öllum sjávarafla og gjöldum af ferjum. Í 5. tölul. er bætt lóðarleigu og teknir eru upp nýir liðir, 6. og 7. tölul., þar sem annars vegar er um að ræða sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs, sbr. lög nr. 1/1992, og ýmis þjónustugjöld.

Um 12. gr.

Í þessa grein eru tekin inn ákvæði um innheimtu sérstaks vörugjalds í samræmi við ákvæði í áðurgreindum lögum, nr. 1/1992. Skal gjaldið vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjald. Einnig er skotið inn heimild fyrir hafnarstjórn til að krefjast

þess að „útgerðarfélag leggi fram tryggingu fyrir vörugjaldi áður en vara fer úr höfn".

Um 13. gr.

Óbreytt frá 13. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að skotið er inn setningunni „önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn".

Um 14.–17. gr.

Orðalagsbreytingar sem þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 19. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 20. gr.

Orðalagsbreytingar sem þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 22. gr.

Meiri áhersla er lögð á það í þessari grein en í gildandi lögum að hafnarframkvæmdir, sem njóta ríkisstyrks, skuli unnar samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs. Sé hins vegar talið að aðstæður séu slíkar að útboð muni ekki gefa góða raun er heimilt að fenginni umsögn Hafnamálastofnunar að víkja frá útboði.

Um 23. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 24. gr.

Hér er felldur niður 7. tölul. úr gildandi lögum sem er stofnkostnaður við hafnarvogir og fasta krana til löndunar úr smábátum. Enn fremur er tekið fram að landgerð njóti ekki frekar en landa- og lóðakaup hafna ríkisstyrks. Með landgerð er átt við uppfyllingar sem gætu m.a. nýst sem byggingarlóðir. Aðrar breytingar þurfa ekki skýringa við.

Um 25. gr.

Úr 25. gr. gildandi laga er hér felldur niður síðari hluti 1. tölul. sem nefndin lítur svo á að sé óþarfur.

Um 26. gr.

Hér er um veigamiklar breytingar að ræða og vísast um þær til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Um 27. gr.

Hér er um að ræða nokkrar breytingar frá gildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir að fjárlaganefnd Alþingis geti skert fjárframlög til hafna að fenginni umsögn hafnamálastjóra og hafnaráðs. Til að tryggja betur framkvæmd skerðingarákvæða er gert ráð fyrir í frumvarpinu að ráðherra setji reglugerð sem kveði á um framkvæmdina.

Í núgildandi lögum eru ákvæði um að mismunur framlaga úr ríkissjóði, sem þannig myndast, skuli renna sem tekjur í Hafnabótasjóð. Þetta ákvæði hefur aldrei verið framkvæmt og er það fellt niður í frumvarpinu.

Um 28. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 29. gr.

Í greinina er bætt nýrri málsgrein svohljóðandi: „Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild."

Nefndin leggur ríka áherslu á að Alþingi afgreiði fjögurra ára hafnaáætlun á formlegan hátt sem ályktun Alþingis.

Um 30. gr.

Hér er gerð sú breyting frá gildandi lögum að gert er ráð fyrir að hafnaráð fari með stjórn sjóðsins í umboði samgönguráðherra. Jafnframt er hlutverk sjóðsins tilgreint.

Um 31. gr.

Í 3. tölul. er bætt ákvæðum um sérstakt vörugjald sem tekjulið fyrir Hafnabótasjóð. Framlag ríkisins er nú háð ákvörðun Alþingis hverju sinni. Frekari umfjöllun um þessa grein er að finna í almennu athugasemdunum hér að framan.

Um 32. gr.

Í stað þess að veita Hafnabótasjóði heimild til lántöku miðað við ákveðna upphæð er lántakan gerð háð ákvörðun Alþingis.

Um 33. gr.

Hér er skilgreint frekar en í gildandi lögum hverjar lán- og styrkveitingar geti orðið til einstakra hafna. Í 3. tölul. er tekið fram að lán og/eða styrkur umfram ríkisframlag geti ekki numið hærri fjárhæð en 30% af heildarframkvæmdakostnaði og styrkirnir aldrei hærri fjárhæð en 15%. Jafnframt er tekið fram að styrkir og lán úr Hafnabótasjóði geti að viðbættu ríkisframlagi aldrei farið fram úr 90% af framkvæmdakostnaði, en það hefur verið sú óskrifaða regla sem fylgt hefur verið í mörg undanfarin ár. Þá er gert ráð fyrir að samþykki fjárlaganefndar þurfi ekki fyrir ráðstöfun fjár úr sjóðnum.

Um 34. gr.

Í 35. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að Seðlabanki Íslands annist „í umboði ráðherra vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs", jafnframt því sem hann veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár. Hér er gert ráð fyrir því að þessi starfsemi færist að hluta yfir til Hafnamálastofnunar og er það m.a. gert vegna innheimtu á sérstaka vörugjaldinu. Þá er gert ráð fyrir að Lánasýsla ríkisins veiti sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

Um 35. gr.

Greinin er samhljóða 34. gr. gildandi laga.

Um 36. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 37. gr.

Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu að umsóknir um lán og styrki úr Hafnabótasjóði séu sendar beint til Hafnamálastofnunar ríkisins í stað þess að senda þær til samgönguráðuneytisins.

Um 38. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 40.–42. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Hugmynd að hafnasamlögum og aðrar hafnir, tekjur þeirra og gjöld árið 1990.

	Tekjur	Gjöld	Fram-legð	Vextir afborg.	Af-gangur
Akranes Grundartangi og Borgarnes	64,3	23,1	41,2	9,2	32,0
Ólafsvík, Rif og Arnarstapi	24,3	17,4	6,9	2,1	4,8
Grundarfjörður	7,5	7,0	0,5	0,5	0
Stykkishólmur	14,0	6,8	7,2	5,1	2,1
Reykhólar	0,7	0,3	0,5	0	0,5
Brjánslækur	0,5	0,2	0,4	0	0,4
Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur	18,7	14,4	4,4	2,2	2,3
Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík, Ísafjörður og Súðavík	73,5	53,2	20,4	11,7	9,8
Norðurfjörður	0,3	0,4	-0,1	0	-0,1
Hólmavík og Drangsnes	4,3	4,0	0,3	0,5	-0,2
Hvammstangi	4,3	1,9	2,5	0,3	2,2
Blönduós og Skagaströnd	17,6	10,5	7,1	4,4	2,7
Sauðárkrókur og Hofsós	15,0	13,2	1,8	2,3	-0,5
Siglufjörður	21,0	11,9	9,2	0,5	8,7
Ólafsfjörður, Dalvík, Hrísey og Árskógshr.	38,2	23,2	14,9	6,3	8,6
Svalbarðseyri og Akureyri	62,0	33,1	28,9	4,7	24,2
Grenivík	1,5	0,8	0,6	0,6	0,1
Grímsey	1,3	0,7	0,6	0,2	0,4

Hugmynd að hafnasamlögum og aðrar hafnir, tekjur þeirra og gjöld árið 1990.

	Tekjur	Gjöld	Fram-legð	Vextir afborg.	Af-gangur
Húsavík	20,2	10,5	9,6	3,6	6,1
Kópasker	0,3	0,6	-0,3	0,2	-0,5
Raufarhöfn	9,2	4,2	5,0	0,5	4,5
Þórshöfn	4,8	2,2	2,6	0,6	2,0
Bakkafjörður og Vopnafjörður	7,7	4,3	3,4	1,2	2,2
Borgarfjörður eystri	0,6	0,7	-0,1	0	-0,1
Seyðisfjörður	15,5	12,2	3,3	3,6	-0,3
Neskaupstaður	21,4	9,5	11,9	0,3	11,6
Eskifjörður og Reyðarfjörður	30,6	13,9	16,8	0	16,8
Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík	16,8	7,5	9,2	1,7	7,5
Djúpivogur	4,8	4,2	0,6	0,6	0
Hornafjörður	28,0	20,7	7,3	3,2	4,1
Vestmannaeyjar	94,5	55,1	39,4	40,0	-0,6
Stokkseyri, Eyrarbakki Þorlákshöfn	31,1	29,3	1,7	0	1,7
Grindavík, Hafnir, Sandgerði, Garður, Keflavík Njarðvík, Vogar og Keilisnes	99,2	70,3	28,5	8,1	20,3
Hafnafjörður, Garðabær og Kópavogur	101,2	51,4	49,8	26,4	23,3
Reykjavík	554,3	361,3	193,0	75,7	117,3

720. Frumvarp til húsaleigulaga. [462. mál]

(Lagt fram á Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna o.fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um samninga sem fjalla um afnot af húsi eða hluta af húsi gegn endurgjaldi, þar á meðal um framleigu húsnæðis.

Lögin gilda bæði um íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sé húsnæði bæði leigt til íbúðar og til annarra nota gilda um slíka samninga ákvæði laganna um íbúðarhúsnæði. Ákvæði laganna, sem fjalla samkvæmt orðanna hljóðan um íbúðarhúsnæði, gilda um atvinnuhúsnæði eftir því sem við getur átt og að því leyti sem lögin hafa ekki að geyma sérreglur um slíkt húsnæði.

Lögin gilda enn fremur um afnot húsnæðis samkvæmt vinnusamningi eða viðauka við slíkan samning.

Lögin gilda þótt endurgjaldið skuli að öllu leyti eða að hluta greiðast með öðru en peningum, svo sem með vinnuframlagi.

Sé um að ræða samninga sem með öðru fjalla um afnot húsnæðis gegn endurgjaldi þá gilda lögin um þá að því tilskildu að sá þáttur sé meginatriði þeirra.

Fjalli samningur enn fremur um land sem nýta á í tengslum við afnot af húsnæði skal fara um slíkan samning samkvæmt lögum þessum nema um landbúnaðarafnot sé að ræða.

Lög þessi gilda ekki um samninga hótela, gistihúsa og sambærilegra aðila við gesti sína.

Þá gilda ákvæði laga þessara ekki um skammtímaleigu á húsnæði, svo sem orlofsheimilum, sumarhúsum, samkomuhúsum, íþróttasölum, herbergjum eða geymsluhúsnæði, þegar leigugjald er miðað við viku, sólarhring eða skemmri tíma.

Loks gilda lög þessi ekki um samninga um afnot húsnæðis sem sérstakar reglur gilda um samkvæmt öðrum lögum.

2. gr.

Ákvæði laganna um íbúðarhúsnæði eru ófrávíkjanleg að því leyti að óheimilt er að semja um að leigjandi skuli taka á sig ríkari skyldur og öðlast minni réttindi en lögin mæla fyrir um nema ákvæði laganna hafi að geyma sérstök frávik þess efnis.

Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði eru hins vegar frávíkjanleg og gilda þau því aðeins um slíkt húsnæði að ekki sé á annan veg samið.

Sé íbúðarhúsnæði leigt til ákveðinna hópa sem uppfylla nánar tiltekin skilyrði, svo sem námsmanna, aldraða eða öryrkja, þar sem sérstakar aðstæður kalla á aðra skipan en lögin mæla fyrir um, er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt, vegna sérstaks eðlis eða tilgangs starfseminnar, að víkja frá einstökum ákvæðum laganna með samningi.

3. gr.

Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk, en með sambúðarfólki er átt við karl og konu sem búa saman og eru bæði ógift ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.

II. KAFLI
Leigusamningur.

4. gr.

Leigusamningur um húsnæði skal vera skriflegur.

Húsnæðisstofnun ríkisins lætur gera sérstök eyðublöð, eitt fyrir leigusamning um íbúðarhúsnæði og annað fyrir leigusamning um atvinnuhúsnæði. Eyðublöð þessi skulu liggja frammi, almenningi til afnota, á skrifstofum sveitarfélaga eða húsnæðisnefnda, hjá samtökum leigjenda og leigusala, Húsnæðisstofnun ríkisins og annars staðar þar sem ástæða þykir til.

Húsnæðisstofnun ríkisins getur ákveðið hæfilegt endurgjald fyrir eyðublöðin sem dreifingaraðila er skylt að innheimta. Dreifingaraðila er heimilt að áskilja sér hæfilega þóknun úr hendi viðtakanda húsaleigusamningseyðublaða.

5. gr.

Heimilt er félagsmálaráðuneyti að staðfesta eyðublöð skv. 4. gr. sem samtök leigjenda eða leigusala, sveitarstjórnir, félagasamtök eða aðrir þeir sem leigja út húsnæði kunna að láta gera, enda sé á þau skráð um staðfestingu ráðuneytisins.

6. gr.

Í leigusamningi skal m.a. koma fram:

1. Nafn, heimilisfang og kennitala samningsaðila.
2. Greinargóð lýsing hins leigða.
3. Sá eignarhlutur fjölbýlishúss eða fasteignar sem leigjanda er leigður.
4. Hvort samningur sé tímabundinn eða ótímabundinn.
5. Fjárhæð húsaleigu og hvort og hvernig hún skuli breytast á leigutímanum.
6. Hvar og hvernig greiða skuli leiguna.
7. Hvort leigjandi skuli setja tryggingu og með hvaða hætti.
8. Hvort úttekt á hinu leigða skuli fara fram við afhendingu.
9. Forgangsréttur leigjanda skv. X. kafla.
10. Sérákvæði ef um þau er samið og lög heimila.

7. gr.

Nú er leigusala ekki mögulegt að sinna skyldum sínum gagnvart leigjanda, svo sem vegna langvarandi fjarvista eða sjúkleika, og er honum þá skylt að hafa umboðsmann sem leigjandi getur snúið sér til. Skal nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns koma fram í leigusamningi.

8. gr.

Allar breytingar á leigusamningi eða viðbætur við hann, sem heimilar eru samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar skriflegar og undirritaðar af aðilum samningsins.

Ef annar hvor aðila þarf samkvæmt ákvæðum laga þessara eða leigusamningi að fá samþykki hins getur hann krafist þess að fá svarið staðfest skriflega.

9. gr.

Leigusamning má ýmist gera til ákveðins tíma eða ótímabundinn.

Leigusamningur telst ótímabundinn nema um annað sé ótvírætt samið. Um ótímabundna leigusamninga gilda ákvæði 55. gr. um uppsagnir og uppsagnarfresti.

Sé leigusamningur tímabundinn lýkur honum án sérstakrar uppsagnar nema um annað sé samið, sbr. 57. gr. Um tímabundna og ótímabundna leigusamninga gilda ákvæði X. kafla um forgangsrétt.

10. gr.

Hafi aðilar vanrækt að gera skriflegan leigusamning teljast þeir hafa gert ótímabundinn leigusamning og gilda öll ákvæði laganna um réttarsamband þeirra.

Upphæð leigunnar ákveðst þá sú fjárhæð sem leigusali getur sýnt fram á að leigjandi hafi samþykkt. Komi engin sönnunargögn fram um leigufjárhæðina er rétt að leita til Húsnæðisstofnunar ríkisins, sbr. XVII. kafla laga þessara, sem metur sanngjarna fjárhæð leigunnar.

11. gr.

Um heimild til að víkja húsaleigusamningi til hliðar í heild eða að hluta eða til að breyta honum, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, gilda ákvæði laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

12. gr.

Réttindi leigjanda, sem byggjast á eða leiðir af ákvæðum laga þessara, eru gild gagnvart sérhverjum án þinglýsingar.

Um það hvaða réttindi leigjanda, hvenær og gagnvart hverjum, eru háð þinglýsingu fer eftir ákvæðum þinglýsingalaga.

Leigjandi, sem með samningi öðlast víðtækari réttindi, getur krafist þess að samningnum sé þinglýst.

Hafi leigusali ekki látið þinglýsa samningnum í síðasta lagi innan viku frá því að leigjandi fór þess á leit á leigjandi rétt á því að láta þinglýsa honum.

Er leigutíma lýkur skal leigjandi láta aflýsa hinum þinglýsta samningi. Hafi leigjandi ekki látið gera það í síðasta lagi innan viku frá því að leigusali fór þess á leit öðlast leigusali rétt á því að fá honum aflýst.

III. KAFLI
Ástand hins leigða húsnæðis.

13. gr.

Leiguhúsnæði skal, er það er afhent leigjanda, vera í því ástandi sem almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun þess og staðsetningu.

Húsnæðið skal við afhendingu vera hreint, rúður heilar, læsingar og rofar virkir, hreinlætis-, hitunar- og eldhústæki í lagi, sem og vatns- og frárennslislagnir.

Húsnæði, sem leigt er til íbúðar, skal fylgja eftirfarandi fylgifé að svo miklu leyti sem það hefur verið til staðar við sýningu og eigi sé um annað samið:

Í eldhúsi skal vera eldavél, ofn og vifta. Í baðherbergi skulu vera festingar fyrir handklæði og salernispappír, spegill og/eða skápur yfir eða við handlaug. Í geymslu skulu vera uppistöður og hillur. Föst ljós og ljósakúplar í eldhúsi og baðherbergi og allar múr- og naglfastar innréttingar og tæki skulu fylgja með, en ekki gluggatjöld. Sjónvarpsloftnet og festingar skulu fylgja íbúðinni, svo og lögn og tengingar fyrir síma.

14. gr.

Spillist leiguhúsnæði fyrir upphaf leigutíma þannig að það verði óhæft til fyrirhugaðra nota fellur leigusamningurinn úr gildi.

Leigjandi á þó ekki rétt til bóta nema spjöllin séu sök leigusala sjálfs eða hann vanræki að gera leigjanda viðvart um þau.

15. gr.

Nú kemur í ljós að hið leigða húsnæði er ekki í því ástandi sem leigusamningur greinir eða leigjandi hlaut að mega gera ráð fyrir og skal leigjandi þá innan tveggja mánaða frá afhendingu gera leigusala skriflega grein fyrir aðfinnslum sínum og segja til hverra úrbóta er krafist. Að öðrum kosti telst leigjandi una húsnæðinu.

Leigjandi skal segja til galla, sem síðar koma fram á húsnæðinu og voru ekki sýnilegir við venjulega athugun, innan eins mánaðar frá því að hann varð þeirra var.

16. gr.

Geri leigusali ekki innan hæfilegs frests ráðstafanir til að bæta úr annmörkum á húsnæðinu er leigjanda heimilt að ráða bót á þeim og draga frá leigunni þann kostnað sem af því hlýst, enda hafi hann fyrst aflað samþykkis byggingarfulltrúa, sbr. XIV. kafla.

Hafi leigusali ekki sinnt réttmætri kröfu leigjanda um úrbætur innan tveggja mánaða frá því að hún barst honum og leigjandi ekki neytt réttar síns skv. 1. mgr. er leigjanda heimilt að rifta leigusamningnum, enda sé um verulega annmarka að tefla, miðað við fyrirhuguð not leigjanda af húsnæðinu. Leigjandi á kröfu til hlutfallslegrar lækkunar á leigu meðan eigi hefur verið bætt úr annmörkum á hinu leigða húsnæði.

Lækkun leigunnar metur byggingarfulltrúi, en rétt er þó aðilum að bera ákvörðun hans undir Húsnæðisstofnun ríkisins.

IV. KAFLI
Viðhald leiguhúsnæðis.

17. gr.

Leigjanda er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og í samræmi við umsamin afnot þess.

Verði hið leigða húsnæði eða fylgifé þess fyrir tjóni af völdum leigjanda, heimilismanna eða annarra manna sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það skal leigjandi gera ráðstafanir til að bæta úr tjóninu innan hæfilegs frests.

Ef leigjandi vanrækir þessar skyldur sínar er leigusala heimilt að láta fara fram viðgerð á tjóninu á kostnað leigjanda. Áður skal þó leigusali veita leigjanda frest í einn mánuð til þess að ljúka viðgerðinni. Áður en leigusali lætur framkvæma viðgerðina skal hann leita álits byggingarfulltrúa og samþykkis hans fyrir kostnaðinum að verki loknu.

Skylt er leigjanda í tilvikum þeim, sem fjallað er um í 3. mgr., að sæta umgangi viðgerðarmanna án leigulækkunar, enda þótt afnot hans takmarkist um tíma vegna viðgerðarinnar.

18. gr.

Leigusala er skylt að annast á sinn kostnað allt viðhald hins leigða, utan húss og innan. Hann er skyldur að annast viðgerðir á gluggum, raftækjum, hreinlætistækjum og öðru því er fylgir húsnæðinu ef leigjandi sýnir fram á að bilanir verði ekki raktar til vanrækslu eða yfirsjóna leigjanda eða fólks á hans vegum. Leigjanda er þó skylt að annast á sinn kostnað viðhald á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og öðru smálegu.

Leigusali skal jafnan halda hinu leigða húsnæði í leiguhæfu ástandi, m.a. með því að láta mála húsnæðið og endurnýja gólfdúka þess, teppi og annað slitlag með hæfilegu millibili, eftir því sem góðar venjur um viðhald húsnæðis segja til um.

Tjón á hinu leigða, sem er bótaskylt samkvæmt skilmálum venjulegrar húseigendatryggingar, skal leigusali ætíð bera ef um íbúðarhúsnæði er að ræða.

19. gr.

Telji leigjandi viðhaldi af hálfu leigusala ábótavant skal leigjandi skora á leigusala að bæta úr og gera grein fyrir því sem hann telur að úrbóta þarfnist.

Sinni leigusali ekki kröfum leigjanda um úrbætur innan eins mánaðar er leigjanda heimilt að láta framkvæma viðgerðina á kostnað leigusala og draga kostnaðinn frá leigugreiðslum eða krefja leigusala um kostnaðinn sérstaklega. Leigjanda ber þó, áður en vinna hefst, að leita álits byggingarfulltrúa á nauðsyn hennar og samþykkis hans fyrir kostnaðinum að verki loknu.

20. gr.

Viðgerðar- og viðhaldsvinnu alla skal leigusali láta vinna fljótt og vel svo að sem minnstri röskun valdi fyrir leigjanda.

Leiði viðgerðar- eða viðhaldsvinna á vegum leigusala til verulega skertra afnota eða afnotamissis, að mati byggingarfulltrúa, skal leigusali á meðan leggja leigjanda til annað jafngott húsnæði á sinn kostnað eða veita hlutfallslegan afslátt af leigugjaldi. Verði aðilar ekki ásáttir um afsláttinn skal byggingarfulltrúi meta hann.

21. gr.

Í leigusamningum um íbúðarhúsnæði er heimilt að semja sérstaklega um að leigjandi annist á sinn kostnað að hluta eða öllu leyti það viðhald innan íbúðar sem leigusala ber að annast samkvæmt kafla þessum, enda lækki leigugjaldið að sama skapi. Í slíkum tilvikum skal þess nákvæmlega getið í leigusamningnum til hvaða atriða viðhaldsskylda leigjanda nær.

V. KAFLI
Reksturskostnaður.

22. gr.

Reksturskostnaði af leigðu húsnæði skal þannig skipt að leigjandi greiðir fyrir notkun vatns, rafmagns og hitunarkostnað, en leigusali greiðir öll fasteignagjöld, þar með talin fasteignaskatt og tryggingaiðgjöld.

Í fjölbýlishúsum skal leigjandi enn fremur greiða allan kostnað vegna hitunar, lýsingar og vatnsnotkunar í sameign, svo og kostnað við ræstingu og aðra sameiginlega umhirðu hennar. Leigusali skal greiða framlag til sameiginlegs viðhalds, þar á meðal vegna lyftubúnaðar, svo og kostnað vegna endurbóta á lóð eða húseign og kostnað við hússtjórn.

Ef leigjandi óskar þess skal leigusali eða húsfélag láta leigjanda í té sundurliðun á þeim kostnaðarþáttum húsgjalds er leigjandi greiðir.

Þar sem veitustofnanir innheimta sérstakt gjald fyrir leigu á mælum eða öðrum slíkum búnaði sem þær leggja til skal leigjandi greiða það gjald. Leigusali skal greiða fasteignagjöld eða árgjöld slíkra stofnana, sem reiknast af matsverði húsnæðis, rúmfangi þess eða öðrum slíkum gjaldstofnum, án beinna tengsla við vatns- eða orkukaup.

Heimilt er að víkja frá þessari skiptingu, enda séu slík frávik skilmerkilega greind í leigusamningi.

23. gr.

Þegar þjónusta sú, sem leigjandi skal greiða, er seld sameiginlega til fleiri aðila skal

kostnaði skipt í samræmi við ákvæði laga eða samninga um skiptingu afnotaréttar þar sem hann er sameiginlegur, en ella samkvæmt hlutfallstölum í skiptayfirlýsingu. Hafi slík yfirlýsing ekki verið gerð skal kostnaði skipt eftir eignarhlut íbúða í samræmi við ákvæði laga um ákvörðun eignarhlutar í fjölbýlishúsum.

24. gr.

Leggi leigusali út rekstursgjöld þau sem leigjandi skal greiða skv. 22. gr. falla þau í gjalddaga á næsta greiðsludegi húsaleigu. Leggi leigjandi út rekstrargjöld sem leigusala ber að greiða skal honum heimilt að draga þann kostnað frá næstu leigugreiðslu.

25. gr.

Þegar ráðist er í að tengja leiguhúsnæði við hitaveitu eða fjarvarmaveitu eða í aðrar endurbætur á húsnæðinu sem lækka reksturskostnað þess fyrir leigjanda er leigusala heimilt að hækka umsamda húsaleigu um allt að helmingi þeirrar upphæðar er nemur sparnaði leigjanda í reksturskostnaði af völdum slíkrar breytingar.

Hafi leigusali fengið beinan, útlagðan kostnað sinn af endurbótum skv. 1. mgr. endurgreiddan skal lækkun reksturskostnaðarins eftir það koma báðum aðilum til góða að jöfnu til loka leigutímans.

VI. KAFLI
Afnot leiguhúsnæðis.

26. gr.

Óheimilt er leigjanda að nota leiguhúsnæði á annan hátt en um er samið í leigusamningi. Leigusali getur þó ekki borið fyrir sig frávik frá ákvæði þessu sem ekki hafa þýðingu fyrir hann eða aðra þá sem í húsinu búa eða starfa.

27. gr.

Leigjanda er óheimilt að framkvæma breytingar eða endurbætur á hinu leigða húsnæði eða búnaði þess, nema að fengnu samþykki leigusala og gerðu samkomulagi um skiptingu kostnaðar og hvernig með skuli fara að leigutíma loknum. Að öðrum kosti eignast leigusalinn endurbæturnar án sérstaks endurgjalds við lok leigutímans, nema hann kjósi þá, eða áður, að krefjast þess að leigjandi komi hinu leigða í upphaflegt horf, sbr. 68. gr.

28. gr.

Leigjandi skal í hvívetna fara með leiguhúsnæðið á þann hátt sem samræmist góðum venjum um meðferð húsnæðis og fyrirhuguðum notum þess.

Leigjandi skal án tafar tilkynna leigusala um þau atriði utan húss eða innan sem þarfnast lagfæringar eða viðhalds.

29. gr.

Leigjanda er skylt að ganga vel og snyrtilega um hið leigða húsnæði og gæta settra reglna og góðra venja um hreinlæti, hollustuhætti og heilbrigði.

Leigjandi skal fara að viðteknum umgengnisvenjum og gæta þess að raska ekki eðlilegum afnotum annarra þeirra er afnot hafa af húsinu eða valda þeim óþægindum eða ónæði.

Hafi umgengnisreglur verið settar í fjölbýlishúsi er leigjanda skylt að fara eftir þeim, enda skal kynna leigjanda slíkar reglur.

Leigusala er skylt að hlutast til um að aðrir þeir, sem afnot hafa af húsi því sem hið

leigða húsnæði er í, fari að settum umgengnisreglum og gæti að öðru leyti ákvæða þessa kafla á þann veg að hagsmunir leigjanda séu tryggðir.

30. gr.

Leigjanda verslunar- eða veitingahúsnæðis er skylt að halda uppi eðlilegum, daglegum rekstri á viðtekinn hátt nema þegar sérstakar ástæður gera lokun nauðsynlega.

Sé húsnæði leigt fyrir atvinnurekstur í ákveðinni grein má leigusali ekki leigja út annað húsnæði í sömu eign fyrir sömu eða sambærilega starfsemi eða sjálfur hagnýta húsnæði þar á þann veg að um sé að ræða ósanngjarna samkeppni gagnvart fyrri leigjanda.

31. gr.

Ákvæði þessa kafla ná til þess húsnæðis sem leigjandi hefur einn afnot af, svo og sameignar utan húss og innan eftir því sem við getur átt.

VII. KAFLI
Greiðsla húsaleigu. Tryggingarfé.

32. gr.

Húsaleigu skal greiða 1. dag hvers mánaðar fyrir fram fyrir einn mánuð í senn nema um annað sé samið. Ef gjalddaga leigu ber upp á sunnudag eða helgidag skal gjalddagi vera næsti virki dagur þar á eftir.

Húsaleigu og annað endurgjald, sem leigjanda ber að greiða, skal greiða á umsömdum stað, en annars á heimili leigusala, vinnustað hans eða öðrum þeim stað sem hann tiltekur innan lands.

Leigjanda er þó ávallt heimilt að inna greiðslu af hendi í banka eða senda í pósti með sannanlegum hætti. Greiðsla með þeim hætti telst þá greidd á réttum greiðslustað og þann dag sem hún er innt af hendi í bankanum eða pósthúsinu.

Nú hefur leigjandi eigi gert skil á leigunni innan sjö sólarhringa frá gjalddaga og er þá leigusala rétt að krefjast hæstu lögleyfðu dráttarvaxta af henni til greiðsludags.

33. gr.

Óheimilt er að semja um að húsaleiga fyrir íbúðarhúsnæði skuli greiðast fyrir fram fyrir lengri tíma en þrjá mánuði. Heimilt er þó að semja um fyrirframgreiðslu til allt að sex mánaða í upphafi leigutíma ef umsaminn lágmarksleigutími er tvö ár.

Hafi leigjandi reitt fram tryggingarfé skv. 4. tölul. 2. mgr. 38. gr. er óheimilt að krefja hann jafnframt um húsaleigu fyrir fram fyrir lengri tíma en einn mánuð.

Hafi leigjandi íbúðarhúsnæðis greitt húsaleigu fyrir fram fyrir lengri tíma en segir í 1. og 2. mgr. getur hann krafist endurgreiðslu á hinni ofgreiddu fjárhæð ásamt dráttarvöxtum frá greiðsludegi til endurgreiðsludags. Slíka kröfu skal hann gera innan tveggja mánaða frá því að greiðsla fór fram.

Verði leigusali ekki við endurgreiðslukröfunni innan 14 daga frá því hún barst honum öðlast leigjandi leigurétt í þrefaldan þann leigutíma sem hann greiddi fyrir.

Endurkröfuréttur leigjanda og réttur til framlengingar leigutímans fellur niður ef hann setur endurkröfu sína ekki fram innan framangreindra tímamarka.

Sinni leigusali ekki endurgreiðslukröfunni innan tilskilins frests getur leigjandi valið um það hvort hann innheimtir endurkröfuna með lögsókn eða kýs framlengdan leigutíma. Báðum úrræðum verður ekki beitt og útilokar annað hitt.

Skal leigjandi velja það úrræði, sem hann kýs, án ástæðulauss dráttar og kunngera leigusala það. Skal hann þegar í stað svara fyrirspurn leigusala um það hvorn kostinn hann velur. Velji leigjandi annan kostinn þá er það endanlegt og hann getur ekki síðar valið hinn.

Líði mánuður frá því að frestur leigusala til endurgreiðslu rann út, sbr. 4. mgr., án þess að leigjandi tilkynni leigusala valkost sinn fellur réttur leigjanda til endurgreiðslu og framlengds leigutíma niður.

34. gr.

Ef leigjandi afhendir leigusala skuldabréf, víxla, tékka eða annars konar viðskiptabréf til greiðslu á leigu fram í tímann telst það vera fyrirframgreiðsla skv. 33. gr. með þeim takmörkunum og lögfylgjum sem þar greinir.

Greiðsla á leigu með þeim hætti, sem um ræðir í 1. mgr., telst, nema annað sannist, vera móttekin af leigusala á þeirri forsendu að staðið verði í skilum með greiðslur á réttum gjalddögum. Ef sú forsenda brestur og vanskil verða er leigusala heimilt að beita vanefndarúrræðum gagnvart leigjanda samkvæmt þessum lögum, þar á meðal riftun skv. 1. tölul. 62. gr.

35. gr.

Þegar leigjandi á rétt til frádráttar frá leigugreiðslu, svo sem vegna ófullnægjandi ástands húsnæðis í upphafi leigutíma skv. 16. gr., vegna viðgerðar sem hann hefur framkvæmt á kostnað leigusala skv. 19. gr. eða vegna skerðingar á afnotarétti skv. 20. gr., skal hann framvísa reikningi sínum ásamt fylgigögnum og með árituðu samþykki byggingarfulltrúa við leigusala á næsta gjalddaga leigugreiðslu.

Ákvörðun leigusala um að bera lögmæti slíks reiknings undir úrskurð dómstóla leysir hann ekki undan þeirri skyldu að meta reikninginn til bráðabirgða jafngildi réttmætrar leigugreiðslu.

Heimild leigusala til að bera réttmæti reiknings undir dómstóla fellur niður hafi mál eigi verið höfðað innan þriggja mánaða frá því að leigjandi framvísaði reikningnum eða matsgerð lýkur ef ákvörðun byggingarfulltrúa hefur verið borin undir dómkvadda matsmenn.

36. gr.

Aðilum er frjálst að semja um fjárhæð húsaleigu og hvort og þá með hvaða hætti hún skuli breytast á leigutímanum.

Þó skal leigufjárhæðin jafnan vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila.

37. gr.

Nú telur annar hvor aðila að umsamin húsaleiga sé verulega hærri eða lægri en markaðsleiga sambærilegs húsnæðis og er honum þá rétt að leita álits Húsnæðisstofnunar ríkisins, sbr. 3. mgr. 86. gr. og 87. gr.

38. gr.

Áður en afhending hins leigða húsnæðis fer fram er leigusala rétt að krefjast þess að leigjandi setji honum tryggingu fyrir réttum efndum á leigusamningnum, þ.e. fyrir leigugreiðslum og skaðabótum vegna tjóns á hinu leigða sem leigjandi ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessara laga eða almennum reglum.

Trygging skv. 1. mgr. getur verið með einhverjum þeim hætti sem hér að neðan eru taldir:

1. Ábyrgðaryfirlýsing banka eða samsvarandi aðila (bankaábyrgð).
2. Sjálfskuldarábyrgð þriðja aðila, eins eða fleiri.
3. Leigugreiðslu- og viðskilnaðartrygging sem leigjandi kaupir hjá viðurkenndu tryggingafélagi.
4. Tryggingarfé sem leigjandi greiðir til leigusala og hann varðveitir. Leigusali má ekki ráðstafa fénu eða taka af því án samþykkis leigjanda nema genginn sé dómur um bótaskyldu leigjanda. Þó er leigusala jafnan heimilt að ráðstafa tryggingarfénu til greiðslu á vangoldinni leigu, bæði á leigutímanum og við lok leigutímans. Tryggingarfé í vörslu leigusala skal vera verðtryggt, en ber ekki vexti. Að leigutíma loknum skal leigusali segja til þess svo fljótt sem verða má hvort hann gerir kröfu í tryggingarfé eða hefur uppi áskilnað um það. Ella skal hann skila leigjanda tryggingarfénu ásamt verðbótum án ástæðulauss dráttar. Leigusala er aldrei heimilt að halda tryggingarfénu í sinni vörslu, án þess að gera kröfu í það, lengur en í tvo mánuði frá skilum húsnæðisins, sbr. 1. mgr. 66. gr.

Trygging eða ábyrgð skv. 1.–3. tölul. 2. mgr. má nema að hámarki sem svarar til sex mánaða umsaminnar húsaleigu. Tryggingarfé skv. 4. tölul. má hins vegar eigi nema hærri fjárhæð en sem svarar þriggja mánaða húsaleigu.

Krefjist leigusali tryggingar skv. 1. mgr. getur leigjandi valið á milli ofangreindra tryggingarkosta. Þó er trygging í formi sjálfskuldarábyrgðar, sbr. 2. tölul., háð samþykki leigusala.

Þegar trygging er sett skv. 1.–3. tölul. 2. mgr. skal leigusali gæta þess að því marki, sem eðlilegt og sanngjarnt má telja, að gera ábyrgðar- og tryggingaraðilum viðvart um vanefndir leigjanda og önnur þau atriði sem varðað geta hagsmuni þeirra og ábyrgð.

Félagsmálaráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um þau atriði, tryggingar og annað, sem kveðið er á um í þessari grein.

VIII. KAFLI
Aðgangur leigusala að leigðu húsnæði.

39. gr.

Leigusali á rétt á aðgangi að hinu leigða með hæfilegum fyrirvara og í samráði við leigjanda þannig að hvorki fari í bága við hagsmuni hans né leigjanda til að láta framkvæma úrbætur á hinu leigða og til eftirlits með ástandi þess og meðferð. Leigusala er þó aldrei heimill aðgangur að hinu leigða húsnæði þegar leigjandi eða umboðsmaður hans ekki er viðstaddur, nema að fengnu samþykki leigjanda.

Á þremur síðustu mánuðum leigutímabils er leigusala heimilt, sbr. 1. mgr., að sýna hið leigða ákveðinn tíma tvisvar í viku hverri, þó ekki meira en tvær stundir hverju sinni, væntanlegum kaupendum eða leigjendum, en jafnan skal tilkynna slíka heimsókn með minnst eins sólarhrings fyrirvara. Við slíka sýningu húsnæðisins skal leigusali eða umboðsmaður hans jafnan vera viðstaddur.

IX. KAFLI
Sala leiguhúsnæðis, framsal leiguréttar, framleiga o.fl.

40. gr.

Sala leiguhúsnæðis er ekki háð samþykki leigjanda. Leigusala er því heimilt að framselja eignarrétt sinn yfir hinu leigða húsnæði og þar með réttindi sín og skyldur gagnvart leigjanda samkvæmt lögum þessum og leigusamningi.

Við slíkt framsal er hinn upphaflegi leigusali almennt laus mála gagnvart leigjanda og kaupandinn kemur í einu og öllu í hans stað að því leyti.

Sé ekki um annað samið yfirtekur kaupandi miðað við umsaminn afhendingardag öll réttindi og tekur á sig allar skyldur heimildarmanns síns gagnvart leigjanda.

Réttarstaða leigjanda er almennt óbreytt og hin sama þrátt fyrir eigendaskiptin, skyldur hans aukast ekki og réttindi hans minnka ekki.

Frá þeirri meginreglu, sem um getur í 4. mgr., geta verið undantekningar þegar leigusamningi hefur ekki verið þinglýst í þeim tilvikum þegar þess var þörf eða það nauðsynlegt samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga þessara eða ákvæðum þinglýsingalaga. Þá geta traustfangsreglur og þinglýsingarreglur leitt til þess að tiltekin réttindi glatist eða verði að þoka fyrir rétti kaupanda.

Þegar eigendaskipti að leiguhúsnæði verða við gjaldþrot leigusala eða nauðungarsölu gilda sérreglur samkvæmt gjaldþrotalögum og lögum um nauðungarsölu sem fela í sér undantekningar frá ofangreindum meginreglum.

41. gr.

Þegar leiguhúsnæði er selt skal upphaflegur leigusali tilkynna leigjanda söluna og eigendaskiptin með sannanlegum hætti án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en 30 dögum frá því að kaupsamningur var undirritaður.

Í þeirri tilkynningu skal greina nafn og heimilisfang hins nýja eiganda, við hvaða tíma eigendaskiptin eru miðuð gagnvart leigjanda, hvernig leigugreiðslum skuli háttað og önnur þau atriði og atvik sem nauðsynlegt er að leigjandi fái vitneskju um.

Leigjanda er rétt að greiða leigu og beina öllum erindum, kvörtunum og ákvöðum varðandi hið leigða til upphaflegs leigjanda þar til hann hefur fengið tilkynningu um annað skv. 1. og 2. mgr.

42. gr.

Óheimilt er leigjanda að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða húsnæði án samþykkis leigusala nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.

Það telst ekki framsal á leigurétti eða framleiga þótt leigjandi heimili nákomnum skyldmennum eða venslamönnum sínum búsetu í hinu leigða húsnæði ásamt sér eða fjölskyldu sinni, enda haldist fjöldi heimilisfólks innan eðlilegra marka miðað við stærð og gerð leiguhúsnæðisins.

43. gr.

Nú deyr leigjandi áður en leigutíma er lokið og er þá dánarbúi leigjanda heimilt að segja leigusamningi upp með venjulegum fyrirvara enda þótt leigusamningur hafi verið gerður til lengri tíma. Eftirlifandi maka, skyldmennum og venslamönnum, sem voru heimamenn leigjanda við andlát hans eða höfðu framfæri af atvinnustarfsemi sem stunduð var í húsnæðinu og vilja taka við leigusamningnum með réttindum og skyldum, er heimilt að ganga inn í leigusamninginn í stað hins látna nema af hendi leigusala séu færðar fram gildar ástæður er mæla því gegn.

44. gr.

Nú flytur leigjandi úr húsnæði sem hann hefur gert leigusamning um og er þá maka hans, sem verið hefur samvistum við hann í húsnæðinu, rétt að halda leigusamningi áfram með sama hætti og í 43. gr. segir.

45. gr.

Þegar hjón hafa sameiginlega á leigu íbúðarhúsnæði, en hjúskap þeirra lýkur, skal fara um leiguréttindi eftir ákvæðum 60. gr. laga nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar.

Það hjóna, sem hefur aðallega vegna atvinnu sinnar afnot af atvinnuhúsnæði, skal hafa forgangsrétt til áframhaldandi leigu á því án tillits til þess hvort þeirra undirritaði leigusamning.

Um rétt leigusala til uppsagnar leigusamningi vegna hjúskaparslita gilda lokaákvæði 43. gr., eftir því sem við á.

46. gr.

Annað hjóna getur ekki, svo bindandi sé, afsalað þeim rétti sem hinu er með ákvæðum þessa kafla áskilinn til yfirtöku á leigusamningi.

47. gr.

Nú deyr leigjandi að atvinnuhúsnæði en dánarbú hans ákveður að selja atvinnustarfsemi sem þar var stunduð og getur leigusali þá ekki reist uppsögn leigusamnings eða kröfu um breytingu á efni hans á þeim atvikum sérstaklega, enda sé söluverðmæti slíkrar atvinnustarfsemi háð áframhaldandi afnotum af hinu leigða húsnæði og að notkun þess haldist óbreytt áfram. Sama gildir eftir því sem við á ef ástæða fyrir sölu á atvinnustarfsemi er sambúðar- eða hjúskaparslit eða gjaldþrot leigjanda.

48. gr.

Þegar leigjandi er starfsmaður leigusala og hefur fengið íbúðarhúsnæði á leigu vegna þess starfa fellur leigusamningur niður án sérstakrar uppsagnar ef leigjandi lætur af starfanum að eigin ósk, er löglega vikið úr starfi vegna brota í því eða vegna þess að fyrir fram umsömdum ráðningartíma er lokið.

X. KAFLI
Forgangsréttur leigjanda.

49. gr.

Leigjandi íbúðarhúsnæðis skal að leigutíma loknum hafa forgangsrétt til leigu þess.

Forgangsréttur leigjanda gildir svo fremi sem húsnæðið er falt til áframhaldandi leigu í a.m.k. eitt ár.

Forgangsréttur leigjanda gildir ekki:

1. Ef um einstaklingsherbergi er að ræða.
2. Ef hið leigða húsnæði er í sama húsi og leigusali býr í sjálfur, enda séu fjórar íbúðir eða færri í húsinu.
3. Ef íbúð er leigð með húsgögnum að öllu eða verulegu leyti.
4. Ef leigusali tekur húsnæðið til eigin nota.
5. Ef leigusali ráðstafar eða hyggst ráðstafa húsnæðinu til a.m.k. eins árs til skyldmenna í beinni línu, kjörbarna, fósturbarna, systkina sinna eða tengdaforeldra.
6. Ef leigusali hyggst selja húsnæðið á næstu sex mánuðum eftir leigutímalokin. Sé sala þess fyrirhuguð á þeim tíma eða næstu sex mánuðum þar á eftir er aðilum heimilt, þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara, að semja um lok leigutíma með ákveðnum skilyrðum og rýmingu þegar húsnæðið verður afhent nýjum eiganda. Hyggist nýr eigandi leigja húsnæðið út áfram skal leigjandi eiga forgangsrétt að því, en með þeim sömu takmörkunum og gilda samkvæmt öðrum töluliðum þessarar málsgreinar.
7. Ef verulegar viðgerðir, endurbætur eða breytingar, sem gera húsnæðið óíbúðarhæft að mati byggingarfulltrúa um a.m.k. tveggja mánaða skeið, eru fyrirhugaðar á næstu sex mánuðum frá leigutímalokum.
8. Ef leigjandi er starfsmaður leigusala og honum hefur verið látið hið leigða húsnæði í té vegna starfsins eða í tengslum við það.

9. Ef leigjandi hefur á leigutímanum gerst sekur um vanefndir eða brot sem varðað gátu riftun.
10. Ef leigjandi hefur á annan hátt vanefnt skyldur sínar á þann veg eða sýnt af sér slíka háttsemi að eðlilegt megi telja að leigusali vilji ekki leigja honum áfram eða að veigamiklar ástæður að öðru leyti mæli gegn forgangsrétti hans.
11. Ef sanngjarnt mat á hagsmunum beggja aðila og aðstæðum öllum mælir gegn forgangsréttinum.

50. gr.

Vilji leigjandi nota sér forgangsrétt sinn skv. 49. gr. skal hann tilkynna leigusala það skriflega og með sannanlegum hætti a.m.k. þremur mánuðum áður en leigutíminn rennur út við lok uppsagnarfrests eða við lok umsamins leigutíma.

Að öðrum kosti fellur forgangsréttur leigjanda niður nema um megi kenna afsakanlegri villu hans sem leigusala mátti vera kunn eða leigusali hafi leynt atvikum sem máli skipta í því sambandi.

51. gr.

Þegar samningur er framlengdur og hann endurnýjaður samkvæmt ákvæðum 49. og 50. gr. skal leigufjárhæðin vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila.

Löglíkur eru fyrir því að sú leigufjárhæð, sem áður gilti, sé sanngjörn og verður sá sem vefengir það að sýna fram á annað.

Aðrir skilmálar, sem settir eru fyrir framlengdum eða endurnýjuðum leigusamningi, skulu og gilda svo fremi sem þeir eru ekki ósanngjarnir eða brjóti í bága við góðar venjur í leiguviðskiptum.

Skilmálar framlengds leigusamnings skulu að öðru leyti vera hinir sömu og í upphaflegum samningi.

Verði ágreiningur um skilmála framlengds leigusamnings er heimilt að leita álits Húsnæðisstofnunar ríkisins, sbr. 3. mgr. 86. gr. og 87. gr.

52. gr.

Ef leigusali hefur af ásettu ráði, svo sem með málmyndagerningum eða með sviksamlegum hætti, náð til sín leiguhúsnæði eða orðið til þess að leigjandi glati forgangsrétti sínum skal hann svara leigjanda skaðabótum sem nema skulu fjárhæð sem svarar til þriggja mánaða húsaleigu við lok leigutímans nema leigjandi sanni að hann hafi orðið fyrir meira tjóni.

Bótakröfu skv. 1. mgr. verður leigjandi að setja fram með sannanlegum hætti innan sex mánaða frá því að hann rýmdi húsnæðið. Að öðrum kosti fellur bótaréttur hans niður nema leigusali hafi beitt svikum.

53. gr.

Ákvæði kafla þessa skulu jafnframt gilda um annað leiguhúsnæði en íbúðarhúsnæði eftir því sem við getur átt, enda sé ekki um annað samið.

XI. KAFLI
Lok leigusamnings, uppsögn o.fl.

54. gr.

Uppsögn ótímabundins leigusamnings er heimil báðum aðilum hans.

Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

55. gr.

Uppsagnarfrestur ótímabundins leigusamnings skal vera:

1. Tveir mánuðir af beggja hálfu á einstökum herbergjum, geymsluskúrum og þess háttar húsnæði sem ekki er atvinnuhúsnæði.
2. Sex mánuðir af beggja hálfu, en íbúð telst hvert það húsnæði þar sem fjölskylda getur haft venjulega heimilisaðstöðu. Hafi leigjandi haft íbúð á leigu lengur en fimm ár skal uppsagnarfrestur af hálfu leigusala vera eitt ár.
3. Sex mánuðir af beggja hálfu á atvinnuhúsnæði fyrstu fimm ár leigutímans, níu mánuðir næstu fimm ár og síðan eitt ár eftir tíu ára leigutíma.

56. gr.

Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send. Leigjandi skal hafa lokið rýmingu og frágangi hins leigða eigi síðar en kl. 13.00 næsta dag eftir að uppsagnarfresti lauk.

Þar sem lengd uppsagnarfrests skv. 55. gr. ræðst af leigutíma er miðað við þann tíma sem liðinn er þegar uppsögn er send.

57. gr.

Tímabundnum leigusamningi lýkur á umsömdum degi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila.

Tímabundnum leigusamningi verður ekki slitið með uppsögn á umsömdum leigutíma. Þó er heimilt að semja um að segja megi slíkum samningi upp á grundvelli sérstakra forsendna, atvika eða aðstæðna sem þá skulu tilgreindar í leigusamningi. Skal slík uppsögn vera skrifleg og rökstudd og skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera a.m.k. þrír mánuðir.

58. gr.

Nú líða tveir mánuðir frá því að leigutíma lauk samkvæmt uppsögn eða ákvæðum tímabundins leigusamnings, en leigjandi heldur áfram að hagnýta hið leigða húsnæði og getur leigusali þá krafist þess að leigusamningurinn framlengist ótímabundið. Sömu kröfu getur leigjandi einnig gert enda hafi leigusali ekki skorað á hann að rýma húsnæðið eftir að leigutíma var lokið.

59. gr.

Gangi úrskurður um heimild til útburðar leigjanda getur héraðsdómari eftir kröfu ákveðið að leigjandi megi dveljast áfram í húsnæðinu í allt að þrjá mánuði frá úrskurðardegi þyki sú niðurstaða sanngjörn þegar litið er á hagsmuni leigjanda annars vegar og leigusala hins vegar.

Ákvæðum þessum verður þó ekki beitt ef leigjandi hefur unnið til útburðar skv. 1., 2., 7. og 10. tölul. 62. gr.

XII. KAFLI
Riftun leigusamnings.

60. gr.

Leigjanda er heimilt að rifta leigusamningi í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef leigusali bætir eigi úr annmörkum á hinu leigða húsnæði skv. 16. gr.
2. Ef verulegur dráttur verður á afhendingu húsnæðisins. Beri leigusali ábyrgð á slíkum drætti á leigjandi jafnframt rétt til skaðabóta.
3. Ef húsnæðið spillist svo á leigutímanum af ástæðum sem ekki verða raktar til leigj-

anda að það nýtist eigi lengur til fyrirhugaðra nota eða teljist heilsuspillandi að mati heilbrigðisyfirvalda.

4. Ef leigusali gerist sekur um ítrekaða, verulega eða sviksamlega vanrækslu á skyldum sínum til að halda húsnæðinu í leiguhæfu ástandi og framkvæma nauðsynlegar viðgerðir og viðhald fljótt og vel. Það er skilyrði riftunar samkvæmt þessum tölulið að leigjandi hafi áður skorað á leigusala að bæta úr vanefndum sínum og gefið honum sanngjarnan frest í því skyni.
5. Ef réttur leigjanda er verulega skertur vegna laga eða annarra opinberra fyrirmæla eða vegna þess að hann fer í bága við kvaðir sem á eigninni hvíla. Leigusali ber og bótaábyrgð á beinu tjóni leigjanda af völdum slíkrar skerðingar ef hann vissi eða mátti um hana vita við gerð leigusamnings og lét hjá líða að gera leigjanda aðvart.
6. Ef eðlilegum afnotum eða heimilisfriði leigjanda er verulega raskað með ónæði og óþægindum vegna verulegra eða ítrekaðra brota annarra þeirra sem afnot hafa af sama húsi, á umgengnis- eða grenndarreglum, enda hafi leigusali þrátt fyrir áskoranir vanrækt skyldur sínar skv. 4. mgr. 29. gr. eða atvik séu að öðru leyti með þeim hætti að eðlilegt sé og sanngjarnt að leigjandi megi rifta leigusamningi. Slík atvik geta t.d. bæði varðað eðli brota og ónæðis og eins að frekari brot og óþægindi séu fyrirsjáanleg og líkleg.
7. Ef leigusali brýtur ítrekað eða verulega gegn rétti leigjanda til að hafa umsamin óskoruð umráð og afnot hins leigða, svo sem með því að hindra eða takmarka afnotin eða með óheimilum aðgangi og umgangi um hið leigða eða ef leigusali gerist sekur um persónulega meingerð gagnvart leigjanda eða fjölskyldu hans.
8. Ef leigusali vanefnir frekar skyldur sínar samkvæmt leigusamningi eða lögum þessum á svo verulegan eða sviksamlegan hátt að riftun að hálfu leigjanda sé eðlileg eða nauðsynleg.

61. gr.

Nú neytir leigjandi ekki réttar síns til riftunar skv. 60. gr. innan tveggja mánaða frá því að honum varð kunnugt um vanefndir leigusala eða leigusali hefur að fullu bætt úr því sem aflaga fór og fellur réttur leigjanda til riftunar þá niður.

Um bótarétt leigjanda á hendur leigusala vegna riftunar fer eftir almennum reglum kröfuréttar.

62. gr.

Leigusala er rétt að rifta leigusamningi í eftirtöldum tilvikum:

1. Ef leigjandi greiðir ekki leiguna eða framlag til sameiginlegs kostnaðar skv. V. kafla á réttum gjalddaga og sinnir ekki innan 14 sólarhringa skriflegri áskorun leigusala um greiðslu, enda hafi slík áskorun verið send eftir gjalddaga og leigusali þar tekið fram að hann muni beita riftunarheimild sinni.
2. Ef leigjanda ber að vinna leigugreiðslu af sér að hluta eða alveg og honum verður á stórfelld vanræksla eða gerist sekur um meiri háttar handvömm við starfið.
3. Ef leigjandi nýtir húsnæðið á annan hátt en lög þessi eða leigusamningur mæla fyrir um og landslög leyfa að öðru leyti og lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir skriflega áminningu leigusala.
4. Ef leigjandi framselur leigurétt sinn eða misnotar heimild sína til framleigu á húsnæðinu skv. IX. kafla eða ef framleigjandi gerist sekur um einhverja þá háttsemi sem heimilar leigusala riftun gagnvart upphaflegum leigjanda.
5. Ef leigjandi meinar leigusala eða öðrum, án gildra ástæðna, aðgang að hinu leigða húsnæði í bága við ákvæði 17. gr.

6. Ef leigjandi flyst úr húsnæðinu áður en leigutíma er lokið án þess að hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til gæslu og verndar þess.
7. Ef húsnæðið spillist í umsjá leigjanda vegna slæmrar umgengni eða hirðuleysis þeirra sem leigjandi ber ábyrgð á og hann sinnir eigi án tafar kröfu leigusala um úrbætur, sbr. 17. gr.
8. Ef leigjandi vanrækir, þrátt fyrir áminningar leigusala, skyldur sínar til að sjá um að góð regla og umgengni haldist í hinu leigða húsnæði, sbr. 29. gr., eða gerist sekur um persónulega meingerð gagnvart leigusala eða fjölskyldu hans.
9. Ef leigjandi verslunar- eða veitingahúsnæðis vanrækir, þrátt fyrir aðfinnslur leigusala, skyldu sína til að halda uppi eðlilegri starfsemi og venjubundnum rekstri, sbr. 1. mgr. 30. gr.
10. Ef leigjandi vanrækir að öðru leyti en hér að framan greinir skyldur sínar samkvæmt leigusamningi eða lögum þessum á svo stórfelldan hátt að rýming hans úr húsnæðinu telst eðlileg eða nauðsynleg.

63. gr.

Nú er leigusamningi rift af einhverri þeirri ástæðu sem talin er í 62. gr. og skal leigjandi þá bæta leigusala það tjón sem leiðir beint af vanefndum hans. Ef leigusamningur var tímabundinn skal leigjandi auk þess greiða bætur sem jafngilda leigu til loka leigutímans en ella til þess tíma er honum hefði verið rétt að rýma húsnæðið samkvæmt uppsögn.

Leigusali skal þó strax gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leigja húsnæðið hið allra fyrsta gegn hæfilegu gjaldi og skulu þær leigutekjur, sem hann þannig hefur eða hefði átt að hafa, koma til frádráttar leigubótum skv. 1 mgr.

64. gr.

Nú neytir leigusali ekki réttar síns til riftunar skv. 60. gr. innan tveggja mánaða frá því að honum varð kunnugt um vanefndir leigjanda eða leigjandi hefur að fullu bætt úr því sem aflaga fór og fellur réttur leigusala til riftunar þá niður.

XIII. KAFLI
Skil leiguhúsnæðis.

65. gr.

Að leigutíma loknum skal leigjandi skila húsnæðinu í hendur leigusala ásamt tilheyrandi fylgifé í sama ástandi og hann tók við því. Ber leigjandi óskerta bótaábyrgð á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar eða umsaminnar notkunar húsnæðisins eða stafar af atvikum sem voru leigjanda sannanlega óviðkomandi.

66. gr.

Bótakröfu sinni á hendur leigjanda verður leigusali að lýsa skriflega innan tveggja mánaða frá skilum húsnæðisins.

Hafi slíkir ágallar ekki verið sýnilegir við skil húsnæðisins skal þeim lýst með sama hætti innan tveggja mánaða frá því að þeirra varð vart.

Sé þessara tímamarka ekki gætt fellur bótaréttur leigusala niður nema leigjandi hafi haft svik í frammi.

67. gr.

Nú koma leigusali og leigjandi sér ekki saman um bótafjárhæð vegna skemmda á hinu

leigða húsnæði og skal byggingarfulltrúi þá meta tjónið. Rétt er þó hvorum aðila að krefjast mats dómkvaddra manna á bótafjárhæðinni innan tveggja mánaða frá því að aðila var kunn niðurstaða byggingarfulltrúa.

68. gr.

Leigjanda er heimilt að flytja brott með sér fastar innréttingar og annað þess háttar fylgifé sem hann hefur sjálfur kostað til húsnæðisins, enda komi hann því aftur í upprunalegt ástand, sbr. 27. gr.

69. gr.

Hafi leigjandi skipt um læsingar í húsnæðinu ber honum að skila leigusala öllum lyklum að þeim án sérstaks endurgjalds.

70. gr.

Leigjandi skal áður en hann flytur úr húsnæðinu gefa leigusala upp það heimilisfang sem erindi og tilkynningar, er leigusali getur þurft að koma til hans, þar með talin tilkynning skv. 66. gr., má og skal senda til.

XIV. KAFLI
Úttekt leiguhúsnæðis.

71. gr.

Úttektir samkvæmt lögum þessum skal byggingarfulltrúi hlutaðeigandi sveitarfélags framkvæma.

Honum ber að annast störf sín við úttektir af kostgæfni og ætíð gæta fyllsta hlutleysis gagnvart báðum málsaðilum. Hann skal og gæta þagmælsku um einkahagi fólks sem hann kann að fá vitneskju um í starfi sínu.

Sveitarstjórn er heimilt að taka gjald fyrir úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té samkvæmt ákvæðum laga þessara.

72. gr.

Þegar úttekt er gerð á húsnæði í upphafi eða lok leigutíma skulu aðilar leigusamnings staðgreiða að jöfnu kostnað vegna úttektar.

Þegar byggingarfulltrúi er fenginn til aðstoðar af öðrum ástæðum en í 1. mgr. segir skal sá aðili leigusamnings leggja út kostnaðinn sem kvaddi hann til. Að kröfu aðila ákveður byggingarfulltrúi hvort hinn aðilinn skuli greiða þennan kostnað ef hann er bersýnilega valdur að ágreiningsefninu eða kostnaður skiptist milli aðila teljist þeir báðir eiga sök á deilumálinu.

73. gr.

Skylt er aðilum leigusamnings að láta fara fram úttekt á hinu leigða húsnæði við afhendingu ef annar aðilinn krefst þess.

Úttektina framkvæmir byggingarfulltrúi að viðstöddum leigusala og leigjanda eða umboðsmönnum þeirra. Á sérstaka úttektaryfirlýsingu, sem byggingarfulltrúinn leggur til, skal skrá sem ítarlegasta lýsingu á hinu leigða húsnæði og ástandi þess og getur leigjandi þá strax komið að aðfinnslum sínum og óskað úrbóta.

Á úttektaryfirlýsingu skal staðgreina nákvæmlega hið leigða húsnæði, geta fylgifjár, dagsetningar leigusamnings og aðila hans.

74. gr.

Úttektaryfirlýsing skal gerð í þríriti og skulu aðilar leigusamnings og byggingarfulltrúi undirrita hana og halda einu eintaki hver. Úttekt skal leggja til grundvallar ef ágreiningur verður um bótaskyldu leigjanda við skil húsnæðisins.

Aðilar skulu láta byggingarfulltrúa í té afrit af leigusamningi sem hann varðveitir með úttektaryfirlýsingunni.

XV. KAFLI
Leigumiðlun.

75. gr.

Þeim einum, sem hlotið hafa til þess sérstakt leyfi félagsmálaráðherra, er heimilt að reka miðlun með leiguhúsnæði, sem lög þessi taka til, í því skyni að koma á leigusamningi eða annast framleigu eða skipti á leiguhúsnæði. Starfsheiti þess sem rekur leigumiðlun er leigumiðlari.

Félagsmálaráðherra gefur út leyfisbréf til leigumiðlara og skal hann greiða fyrir það gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Leyfið skal gefið út til fimm ára í senn.

76. gr.

Hver sá, sem uppfyllir eftirgreind skilyrði, getur fengið leyfi félagsmálaráðherra til að reka leigumiðlun, sbr. 1. mgr. 75. gr.:

1. Á lögheimili á Íslandi.
2. Er lögráða og hefur forræði á búi sínu.
3. Sannar að hann hafi góða þekkingu á húsaleigulöggjöf og annarri löggjöf er máli skiptir og nauðsynlega kunnáttu í bókhaldi samkvæmt ákvæðum í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.
4. Leggur fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns sem aðilar leigusamnings kunna að verða fyrir af hans völdum sem félagsmálaráðherra ákveður í reglugerð.

Heimilt er að synja manni um leyfi þetta ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hann.

Birta skal auglýsingu um veitingu leyfis til leigumiðlunar í Lögbirtingablaði. Á sama hátt skal birta auglýsingu um sviptingu leyfis, sbr. 83. gr.

77. gr.

Heimilt er samtökum leigusala eða húseigenda, samtökum leigjenda, sveitarstjórnum svo og félögum eða stofnunum að reka leigumiðlun í eðlilegum tengslum við aðra starfsemi sína, enda lúti leigumiðlun stjórn leigumiðlara skv. 76. gr.

78. gr.

Leigumiðlari skal hafa opna skrifstofu þar sem hann rekur starfsemi sína.

Leigumiðlari ber ábyrgð á að leigusamningur sé gerður í samræmi við lög þessi. Honum ber skylda til að upplýsa aðila um réttindi þau og skyldur sem þeir taka á sig með undirritun leigusamningsins, svo og um réttaráhrif hans almennt eftir því sem ástæða er til.

Leigumiðlari skal ætíð vanda til gerðar leigusamnings og gæta þess að þar komi fram allar þær upplýsingar sem máli skipta.

Óheimilt er leigumiðlara að gerast sjálfur aðili að leigusamningi sem honum er falið að koma á.

79. gr.

Leigumiðlara ber þóknun úr hendi leigusala fyrir að koma á leigusamningi. Þóknun skal vera sanngjörn með tilliti til þeirrar vinnu sem hann lætur í té og þeirra hagsmuna sem um er að tefla.

Óheimilt er leigumiðlara að taka þóknun af leigjanda fyrir miðlunina og gerð leigusamnings. Þó er leigumiðlara heimilt að áskilja sér sanngjarna þóknun eða kostnað úr hendi leigjanda ef um er að ræða sérstaka þjónustu í hans þágu. Skal um það semja fyrir fram.

80. gr.

Leigumiðlara er rétt að taka að sér innheimtu og móttöku húsaleigu, eftirlit með umgengni um húsnæðið og framkvæmd viðhalds á því, skiptingu reksturskostnaðar, vörslu tryggingarfjár svo og önnur þau störf í tengslum við framkvæmd leigusamningsins sem aðilar hans, annar eða báðir, fela leigumiðlara að annast fyrir sína hönd.

Umboð leigumiðlara til slíkra starfa skal vera skriflegt, vottfest og báðum aðilum leigusamnings fengið afrit af því.

Endurgjald til leigumiðlara fyrir þessi störf skal sanngjarnt og í samræmi við fyrirhöfn hans.

81. gr.

Leigumiðlara er óheimilt að skýra frá því sem hann kemst að í starfi sínu um hagi viðskiptamanna sinna eða þeir hafa trúað honum fyrir.

82. gr.

Leigumiðlari er bókhaldsskyldur samkvæmt lögum um bókhald.

Leigumiðlari skal halda skrá um húsnæði það sem honum er falið að selja á leigu og varðveita eintak af öllum leigusamningum sem hann gerir.

Leigumiðlara er skylt að veita félagsmálaráðuneytinu þær upplýsingar um starfsemi leigumiðlunarinnar sem óskað er eftir hverju sinni.

83. gr.

Gerist leigumiðlari sekur í starfi sínu um vanrækslu eða brot gegn ákvæðum laga þessara eða hann missir eitthvert þeirra skilyrða sem sett eru fyrir leyfisveitingu getur félagsmálaráðherra svipt hann leyfi sínu tímabundið eða til loka leyfistímans. Við sviptingu leyfis skal leigumiðlari hætta leigustarfsemi sinni. Hlutaðeigandi lögreglustjóra ber að veita atbeina sinn við að stöðva starfsemina og innsigla ef þörf krefur.

84. gr.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um leigumiðlun, þar á meðal um skilyrði fyrir veitingu leyfis til leigumiðlunar og ákvæði um gjaldtöku er hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun þóknunar til leigumiðlara.

XVI. KAFLI
Húsnæðisnefndir.

85. gr.

Þar sem húsnæðisnefndir sveitarfélaga eru kosnar skv. 56. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990, skulu þær fylgjast með framkvæmd húsaleigumála samkvæmt lögum þessum og afla upplýsinga um þau mál í hlutaðeigandi sveitarfélagi eftir því sem kostur er. Þeim ber og að veita aðilum leigusamnings, sem þess

óska, leiðbeiningar um ágreiningsefni og leitast við að sætta slíkan ágreining.

XVII. KAFLI
Kynning laganna, ráðgjöf um húsaleigumál o.fl.

86. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim. Jafnframt skal Húsnæðisstofnun láta útbúa eyðublöð fyrir leigusamninga um íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði og eyðublöð fyrir úttektaryfirlýsingar, svo og sýnishorn af uppsögnum og öðrum tilkynningum sem samkvæmt lögum þessum skulu vera skriflegar. Eyðublöð fyrir úttektaryfirlýsingar skal Húsnæðisstofnun ríkisins láta byggingarfulltrúum í té án endurgjalds.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal fylgjast með þróun og ástandi húsaleigumarkaðarins í samráði við húsnæðisnefndir sveitarfélaga og gefa út og birta ársfjórðungslega leiðbeiningar um fjárhæð húsaleigu.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal veita leigjendum, leigusölum og öðrum þeim, sem þess óska, ráðgjöf og leiðbeiningar í sambandi við húsaleigusamninga.

87. gr.

Telji aðili leigusamnings á rétt sinn hallað við gerð og/eða framkvæmd leigusamnings er honum heimilt að leita til Húsnæðisstofnunar ríkisins og óska eftir að látið verði í té álit um málið.

Beiðni um álit skal vera skrifleg og þar koma skýrt fram hvert sé ágreiningsefnið og hverjar séu kröfur og rökstuðningur fyrir þeim.

88. gr.

Áður en Húsnæðisstofnun ríkisins skilar áliti sínu skal ætíð gefa gagnaðila kost á að tjá sig um ágreiningsefnið. Heimilt er að óska umsagnar hlutaðeigandi húsnæðisnefndar og annarra er málið snertir gerist þess þörf.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal skila skriflegu og rökstuddu áliti í ágreiningsmálinu svo fljótt sem verða má, en í síðasta lagi innan tveggja mánaða frá því að beiðni barst.

89. gr.

Áliti Húsnæðisstofnunar ríkisins verður ekki skotið til félagsmálaráðuneytisins. Mál samkvæmt lögum þessum heyra undir almenna dómstóla.

XVIII. KAFLI
Gildistaka.

90. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1993. Þeir samningar, sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma, skulu endurskoðaðir til samræmis við ákvæði þessara laga fyrir 1. apríl 1993.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 44 1. júní 1979, um húsaleigusamninga, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 10. september 1990 skipaði félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, nefnd með fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, Húsnæðisstofnun ríkisins, Leigjendasamtökunum og Húseigendafélaginu til að gera tillögur um endurskoðun gildandi laga um húsaleigusamninga.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar var það m.a. hlutverk hennar að leggja fram til-

lögur um endurbætur á gildandi lögum um húsaleigusamninga er varða tryggingarfé, tilkynningarskyldu, sérákvæði um leigu á atvinnuhúsnæði, um húsaleigunefndir og úttektarmenn í samræmi við ákvæði um húsnæðisnefndir í lögum nr. 70/1990, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Jafnframt var nefndinni falið að gera tillögur um stofnun og starfrækslu sérstakra húsaleigumiðlana til að annast um samskipti leigusala og leigjenda.

Í nefndinni áttu eftirtaldir sæti: Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, tilnefndur af félagsmálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Jón Kjartansson frá Pálmholti, formaður Leigjendasamtakanna, tilnefndur af Leigjendasamtökunum, Jón Rúnar Sveinsson félagsfræðingur, tilnefndur af Húsnæðisstofnun ríkisins, og Sigurður Helgi Guðjónsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Húseigendafélaginu.

Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, var nefndinni til ráðuneytis.

Á fyrsta fundi nefndarinnar 14. september 1990 var Jón Rúnar Sveinsson, félagsfræðingur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, kosinn ritari hennar.

Strax í upphafi starfs nefndarinnar var leitað bréflega eftir samstarfi eða samráði við fjölda aðila er á einn eða annan hátt tengjast húsaleigumálum. Þar á meðal voru: húsaleigunefndir í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, á Akureyri og í Keflavík, stúdentaráð Háskóla Íslands, bæjarfógeti og borgardómari í Reykjavík, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Sjálfsbjörg — Landssamband fatlaðra, Öryrkjabandalag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þá var aflað gagna um húsaleigulöggjöf og húsaleigumál, bæði innlendra og einnig frá Norðurlöndum.

Leigumarkaðurinn og þróun húsaleigulöggjafar á Íslandi.

Er ör þéttbýlismyndun hófst hér á landi fyrir um einni öld myndaðist jafnframt ört vaxandi leigumarkaður, einkum í hinum stærri kaupstöðum. Árið 1920 var svo komið að 62,9% íbúða í Reykjavík voru leiguíbúðir, 62,5% íbúða á Ísafirði, 57,3% á Akureyri og 54,8% á Seyðisfirði. Hlutfall leiguíbúða hélst hátt fram að síðari heimstyrjöld. Á styrjaldarárunum hófst hins vegar sá almenni lífskjarabati sem átti eftir að einkenna öll eftirstríðsárin. Hér á landi þróuðust mál með þeim hætti að fyrrnefndur lífskjarabati birtist m.a. í sífellt hærra hlutfalli landsmanna sem bjó í eigin húsnæði. Að sama skapi fór stöðugt minnkandi sá hundraðshluti þjóðarinnar sem bjó í leiguhúsnæði. Síðustu 15–20 ár hafa einungis 15–20% landsmanna verið leigjendur. Rétt er að undirstrika að almennur lífskjarabati hefur í ýmsum nágrannalöndum okkar, svo sem Sviþjóð, Þýskalandi, Hollandi og Sviss, ekki birst öðru fremur í aukinni búsetu fólks í eigin húsnæði, þar sem hlutur leiguhúsnæðis hefur í öllum þessum löndum haldist verulegur.

Árið 1917 markar upphaf sérstakrar húsaleigulöggjafar á Íslandi en það ár samþykkti Alþingi í fyrsta skipti lög um húsaleigu.

Heimsstyrjöldinni fyrri fylgdi hvort tveggja í senn: miklir fólksflutningar til bæjanna, sérstaklega Reykjavíkur, og gífurleg verðbólga. Samtímis hækkaði húsaleiga mjög og enn meiri leiguhækkanir voru fyrirsjáanlegar. Þetta varð til þess að þáverandi borgarstjóri í Reykjavík, Knud Zimsen, beitti sér fyrir setningu húsaleigulaga. Þessi fyrstu húsaleigulög giltu einungis í Reykjavík. Þau voru afnumin árið 1926 þar sem þáverandi meiri hluti Alþingis taldi ástand leigumarkaðarins ekki lengur útheimta þau neyðarlagakenndu ákvæði er einkenndu húsaleigulögin frá 1917.

Um þetta leyti árið 1919 var stofnað Fasteignafélag Reykjavíkur sem var fyrsta hagsmunafélag húseigenda og forveri núverandi Húseigendafélags. Leigjendur voru mun seinni til að mynda sérstakt félag til að gæta hagsmuna sinna. Leigjendafélag Reykjavíkur var stofnað á fjórða áratugnum, en lét vart að ráði að sér kveða fyrr en á árunum um og eftir 1950. Þessi þráður mun hafa rofnað einhvern tíma á sjötta áratugnum. Núverandi Leigjendasamtök voru svo stofnuð árið 1978.

Frá árinu 1926 og alveg fram til ársins 1939, er svonefnd gengislög, þar sem m.a. var að finna ákvæði um húsaleigu, voru sett, giltu engin lagaákvæði hérlendis um húsaleigu. Slík lagasetning birtist raunar lengst af einungis sem neyðarráðstöfun í tengslum við styrjaldarástand sem sést vel af því hve víðtæk lagasetning um húsaleigu og málefni leigumarkaðarins átti sér hér stað á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Nærri lætur að tylft ólíkra laga á þessu sviði hafi verið sett á stríðsárunum 1939–1945. Meginlögin voru lög nr. 39 7. apríl 1943.

Árin 1946–1948 fór fram á vegum stjórnvalda margvíslegt starf til endurskoðunar þágildandi húsaleigulaga, einkum með það fyrir augum að veita tilslakanir frá hinum ströngu ákvæðum styrjaldaráranna. Ekki náðist þó samstaða um slíkt.

Árin 1949–1951 störfuðu svo tvær nefndir á vegum félagsmálaráðuneytisins sem skiluðu af sér frumvörpum til almennra heildarlaga um húsaleiguviðskipti. Bæði þessi stjórnarfrumvörp, sem um margt tóku mið af þágildandi dönskum og norskum húsaleigulögum, döguðu uppi á Alþingi, það fyrra árið 1949 og hið síðara árið 1951. Mun um hafa verið að kenna víðtækri óeiningu um tilgang og gildissvið slíkrar lagasetningar.

Húsaleigulögin frá árum síðari heimsstyrjaldarinnar féllu endanlega úr gildi árið 1953, nema í Keflavíkurkaupstað, þar sem þau giltu að hluta til áfram. Það var í samræmi við ákvæði frá 1950 sem heimiluðu einstökum bæjar- og sveitarfélögum að láta húsaleigulagaákvæði haldast áfram. Þá giltu lög um hámarkshúsaleigu allt til ársins 1965 er þau voru felld úr gildi samhliða lagasetningu á því ári er markaði upphaf starfsemi Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar í Breiðholtshverfi í Reykjavík.

Frá árinu 1953 til ársins 1979 giltu því engin húsaleigulög hérlendis nema í Keflavík. Mun þetta nánast hafa verið einsdæmi í heiminum, a.m.k. í svonefndum þróuðum löndum. Á þessum árum varð húsnæðiseign alls almennings æ almennari jafnframt því að hlutur leigumarkaðar varð sífellt minni. Uppbygging félagslegs leiguíbúðastofns var hverfandi lítill miðað við flest okkar nágrannalönd.

Þann 28. september 1978 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Magnús H. Magnússon, nefnd er skyldi „semja frumvarp til laga um réttindi og skyldur leigutaka og leigusala húsnæðis“. Skipun nefndarinnar var í samræmi við samstarfsyfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar þar sem sagði að ríkisstjórnin hygðist gangast fyrir „að sett verði löggjöf um réttindi leigjenda“. Vert er að hafa í huga að vorið 1978 höfðu skipulögð hagsmunasamtök leigjenda verið endurvakin með stofnun Leigjendasamtakanna. Samtökin beittu sér strax mjög fyrir setningu laga um samskipti aðila á leigumarkaði. Í nefndinni áttu sæti þeir Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Hús- og landeigendasambandi Íslands, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Leigjendasamtökunum, og Sigurður E. Guðmundsson framkvæmdastjóri er jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Georg H. Tryggvason héraðsdómslögmaður var ráðinn ritari nefndarinnar. Nefndin skilaði í byrjun janúar 1979 ítarlegu frumvarpi til laga um húsaleigusamninga til félagsmálaráðherra. Frumvarpið var afgreitt sem lög frá Alþingi í maí 1979.

Á þeim tæpu 13 árum, sem liðin eru frá setningu gildandi laga um húsaleigusamninga, hafa einungis þrívegis verið gerðar á þeim breytingar, raunar aðeins einu sinni breytingar sem hafa umtalsverða efnislega þýðingu. Þær breytingar fólu m.a. í sér að tekin voru af öll tvímæli um að fyrirframgreiðsla húsaleigu til lengri tíma en þriggja mánaða leiddi ótvírætt til þess að leigjandi öðlaðist rétt á fjórföldum leigutíma.

Meginatriði frumvarps til húsaleigulaga.

Samkvæmt skipunarbréfi sínu var nefndinni falið, eins og fyrr sagði, að leggja fram tillögur um endurbætur á gildandi lögum um húsaleigusamninga hvað snertir tryggingarfé, tilkynningarskyldu, ákvæði um leigu á atvinnuhúsnæði, húsaleigunefndir, úttektarmenn og að gera tillögur um stofnun og starfrækslu sérstakra húsaleigumiðlana.

Nefndin hefur endurskoðað fyrrgreinda þætti laganna í ýmsum veigamiklum atriðum og gert tillögur um nýskipan starfsramma húsaleigumiðlana. Einnig leggur hún til í frumvarpi því er hér er lagt fram að gerðar verði breytingar hvað varðar forgangsrétt leigjenda sem ætlað er að efla heimilisrétt þeirra og öryggi gagnvart geðþóttauppsögnum. Þá leggur nefndin og til þá veigamiklu breytingu að ákvæði gildandi laga um fardaga verði að fullu og öllu felld niður. Loks skal nefna tillögur um að Húsnæðisstofnun ríkisins fái fastákveðið eftirlits- og umsjónarhlutverk í húsaleigumálum.

Fljótlega eftir að nefndin hófst handa varð ljóst að störf hennar mundu verða mun víðtækari en í upphafi var ráð fyrir gert. Hefur og starfstíminn orðið lengri en menn hugðu er af stað var farið. Nefndin leggur hér fram nýtt frumvarp til heildarlaga í stað frumvarps til breytinga á gildandi lögum.

Frumvarpið byggir þó eigi að síður að stofni til á gildandi lögum. Á því hafa hafa hins vegar verið gerðar þær umfangsmiklu breytingar sem þegar er getið. Þá hefur allri efnisuppröðun verið gerbreytt frá því sem er í gildandi lögum í því skyni að gera lögin aðgengilegri og auðskiljanlegri, en hér er einmitt um að ræða þann lagabálk sem að líkindum er einna oftast notaður af íslenskum almenningi.

Nefndin leggur til að breyta nafni laganna þannig að í stað heitisins „Lög um húsaleigusamninga“ komi: húsaleigulög, þar sem lögin taka til húsaleiguviðskipta á það breiðum grundvelli að hið eldra heiti þeirra má teljast vera of þröngt.

Þá skal það tekið fram að í frumvarpinu er alls staðar kosið að nota orðið leigjandi í stað orðsins „leigutaki“ í gildandi lögum og orðið leigusamningur í stað orðsins „leigumáli“. Ekki er tekið sérstaklega fram í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir þegar einungis þessum orðum hefur verið breytt frá orðalagi gildandi laga.

Meginbreytingarnar frá eldri löggjöf, sem felast í frumvarpi þessu, má draga saman á eftirfarandi hátt:

1. Forgangsréttur leigjenda er aukinn verulega en heimilisréttur leigjenda hefur hingað til, þrátt fyrir að setning gildandi laga um húsaleigusamninga fyrir 13 árum bætti þar nokkuð um, verið mun vanþróaðri en í flestum nágrannalöndum okkur. Um forgangsrétt leigjenda er fjallað í nýjum X. kafla laganna og er lagt til að hann taki nú jafnt til allra leigusamninga, jafnt tímabundinna sem ótímabundinna. Gert er ráð fyrir að leigjandi, sem stendur í skilum með leigugreiðslur og ekki brýtur að öðru leyti gegn leigusamningi, eigi að jafnaði forgangsrétt að hinu leigða, svo fremi húsnæðið sé áfram falt til leigu. Frá forgangsréttinum eru þó verulegar undantekningar samkvæmt frumvarpinu, svo sem þegar leigusali býr sjálfur í sama húsi eða ef hann hyggst ráðstafa húsnæðinu til náinna skyldmenna. Þá getur leigjandi aldrei öðlast forgangsréttinn sjálfkrafa heldur verður hann ætíð að fara skriflega fram á hann.
2. Lagt er til að fellt verði niður ákvæði gildandi laga um fardaga. Það er samdóma álit flestra aðila sem tengjast húsaleigumálum að þessi ákvæði séu óþörf. Ekki verður séð

að meiri þörf sé á að binda flutninga leigjenda milli íbúða við ákveðna daga vor og haust heldur en almenn íbúðaskipti á íbúðamarkaði sem eiga sér stað hvenær ársins sem er. Þá valda núgildandi ákvæði oft lengingu leigutíma sem aðilar höfðu alls ekki reiknað með. Slík lenging er reyndar oftast leigjanda í hag og hefur með þeim hætti nokkuð bætt stöðu leigjenda þó oft hafi slíkur framlengdur leigutími verið mjög í óþökk leigusala. Þó eru einnig ýmis dæmi um það að leigjendur séu krafðir um leigugreiðslu eftir að þeir hafa flutt úr húsnæðinu í krafti fardagaákvæðanna. Nefndin leggur því til að fardagaákvæðin verði afnumin jafnframt því sem uppsagnarfrestur er lengdur þannig að hann verði aldrei styttri en sex mánuðir. Þá er einnig á það að líta að hinn aukni forgangsréttur leigjenda, sem felst í X. kafla frumvarpsins, mundi draga verulega úr gildi þeirrar leigutímalengingar sem leitt getur af núverandi ákvæðum um leigufardaga.

3. Lagt er til að hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins gagnvart íbúðaleigumarkaði verði aukið. Til viðbótar við það ráðgjafar- og kynningarhlutverk, sem stofnunin gegnir nú, er lagt til að hún verði hér eftir bæði eftirlits- og umsagnaraðili með ýmsum þáttum húsaleigumála og skili skriflegum álitsgerðum varðandi deilumál og vafaatriði sem óhjákvæmilega hljóta að rísa í samskiptum aðila leigumarkaðarins.
4. Lagt er til að ákvæði um húsaleigunefndir falli brott. Meginástæða þessa er sú að reynslan hefur sýnt að húsaleigunefndir sveitarfélaganna hafa af ýmsum ástæðum sjaldnast náð að starfa eins og til er ætlast í gildandi lögum. Þá var með lögum nr. 70/1990 kveðið á um að stofna sérstakar húsnæðisnefndir sveitarfélaga sem m.a. skulu fylgjast með framvindu húsaleigumála. Eðlilegast þykir að fela þessum nefndum fyrra hlutverk húsaleigunefndanna og að þær geti, ef þurfa þykir, skotið málum til Húsnæðisstofnunar ríkisins.
5. Lagt er til að byggingarfulltrúaembætti sveitarfélaganna taki við því hlutverki sem sérstakir úttektarmenn hafa í gildandi lögum. Núverandi ákvæði um úttektarmenn og úttekt leiguhúsnæðis hafa engan veginn náð tilgangi sínum og slíkt starf hefur aðeins farið fram í litlum mæli í fáum sveitarfélögum. Störf við úttekt leiguhúsnæðis eru í eðli sínu mjög áþekk störfum byggingarfulltrúanna sem nú þegar eru starfandi í öllum sveitarfélögum og því má telja eðlilegast að fela þeim umrætt úttektarhlutverk.
6. Ákvæði um húsaleigumiðlanir eru í ýmsum atriðum endurskoðuð og gerð fyllri og ítarlegri en áður. M.a. er lagt til að félagsmálaráðuneytið verði sá aðili sem veitir leyfi til þess að reka leigumiðlun í stað lögreglustjóra samkvæmt núgildandi lögum.
7. Lagt er til að ákvæði um atvinnuhúsnæði verði frávíkjanleg og ákvæði frumvarpsins gildi því aðeins um atvinnuhúsnæði að ekki hafi samist um annað milli aðila. Hin ófrávíkjanlegu ákvæði frumvarpsins eru fyrst og fremst sniðin að íbúðarhúsnæði og eiga misvel við um atvinnuhúsnæði, enda standa aðilar þá miklu mun jafnar að vígi en þegar um íbúðarhúnæði er að tefla.
8. Leitast er við að draga nokkuð úr formfestu núgildandi laga, t.d. hvað varðar skyldur aðila um skriflegar tilkynningar. Einnig er lagt til að ákvæði frumvarpsins verði í ríkari mæli frávíkjanleg en verið hefur samkvæmt núgildandi lögum.
9. Efnisröðun og kaflaskipan frumvarpsins er í grundvallaratriðum breytt frá gildandi lögum. Er leitast við að efni sé skipað í eins konar tímaröð, þannig að fyrst sé fjallað um gerð leigusamnings og kröfur um ástand húsnæðisins, en atriði eins og uppsögn, riftun leigusamnings og skil leiguhúsnæðis komi í síðasta hluta laganna.

Í frumvarpinu er lögð til eftirfarandi kaflaskipan:

I. kafli. Gildissvið laganna o.fl.
II. kafli. Leigusamningur.
III. kafli. Ástand hins leigða húsnæðis.
IV. kafli. Viðhald leiguhúsnæðis.
V. kafli. Reksturskostnaður.
VI. kafli. Afnot leiguhúsnæðis.
VII. kafli. Greiðsla húsaleigu. Tryggingarfé.
VIII. kafli. Aðgangur leigusala að leigðu húsnæði.
IX. kafli. Sala leiguhúsnæðis, framsal leiguréttar, framleiga o.fl.
X. kafli. Forgangsréttur leigjanda.
XI. kafli. Lok leigusamnings, uppsögn o.fl.
XII. kafli. Riftun leigusamnings.
XIII. kafli. Skil leiguhúsnæðis.
XIV. kafli. Úttekt leiguhúsnæðis.
XV. kafli. Leigumiðlun.
XVI. kafli. Húsnæðisnefndir.
XVII. kafli. Kynning laganna, ráðgjöf um húsnæðismál o.fl.
XVIII. kafli. Gildistaka.

Flestir kaflar frumvarpsins eiga sér beina samsvörun í núgildandi lögum. Í frumvarpi þessu er að auki að finna tvo nýja kafla. Fyrst skal getið X. kafla frumvarpsins er ber heitið „Forgangsréttur leigjanda“, en í honum er forgangsréttur leigjenda skilgreindur í fimm nýjum greinum. Forgangsréttarákvæði núgildandi laga er að finna í 8. gr. þeirra. Þá skal einnig nefna að VIII. kafli frumvarpsins er heitir „Aðgangur leigusala að leigðu húsnæði“ þar sem síðari hluti 47. gr. gildandi laga eru gerð að sérstökum kafla. Nefnt skal að í frumvarpinu er lagt til að tveir kaflar gildandi laga falli brott, þ.e. XIV. kaflinn, „Könnun bæjarstjórna á fjölda leigjenda o. fl.“ og XVI. kaflinn, „Refsiákvæði“. Að síðustu skal nefnt að í frumvarpi þessu er lagt til að V. kafla núgildandi laga verði skipt upp í tvo kafla, þ.e. VI. kafla, „Afnot leiguhúsnæðis“ og XIII. kafla, „Skil leiguhúsnæðis“.

Full samstaða var í nefndinni um frumvarp þetta í heild sinni. Um ýmis atriði voru þó skoðanir skiptar og ítarlegar umræður fóru fram um nokkra kafla og ýmsar greinar þess. Í öllum tilfellum náðist þó samstaða um efni og orðalag frumvarpsins sem nefndarmenn eru sammála um.

Athugasemdir við einstakar greinar og einstaka kafla frumvarpsins.

Um I. kafla.

I. kafli frumvarpsins nær yfir 1.–3. gr. Kaflinn fjallar um gildissvið laganna o.fl. og svarar til sama kafla og sömu greina í gildandi lögum.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta er að meginstofni sama efnis og 1. gr. núgildandi laga en leitast var við að gera það skýrara og ótvíræðara. Þó eru hér nokkrar breytingar og nýmæli sem hér að neðan verður gerð grein fyrir.

Í 1. mgr. er tekið af skarið um að frumvarpið gildi einnig um framleigusamninga. Núgildandi lög hafa verið túlkuð svo en rétt þykir að taka af öll tvímæli í því efni.

Í 2. mgr. eru ákvæði sem eru nýmæli. Tekið er skýrt fram að frumvarpið gildi bæði um íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði en í núgildandi lögum er ekki kveðið á um það berum orðum. Rétt er að taka fram að frumvarpið gildir einnig um leigusamninga um húsnæði sem hvorki telst íbúðar- né atvinnuhúsnæði. Í 2. mgr. er ákvæði um að reglur frum-

varpsins um íbúðarhúsnæði gildi einnig um svonefnda blandaða leigusamninga, þ.e. þegar sami samningur fjallar bæði um afnot íbúðarhúsnæðis og annars konar húsnæðis. Loks er í 2. mgr. kveðið á um að ákvæði frumvarpsins, sem fjalla samkvæmt hljóðan sinni um íbúðarhúsnæði, gildi um atvinnuhúsnæði, eftir því sem við getur átt, hafi frumvarpið ekki að geyma sérreglur um slíkt húsnæði.

Í 4. mgr. er ákvæði um að frumvarpið gildi þótt endurgjald fyrir afnot af húsi eða hluta af húsi skuli að öllu leyti eða að hluta greiðast með öðru en peningum og er vinnuframlag nefnt sem dæmi. Þetta ákvæði er nýmæli en felur í sjálfu sér ekki í sér breytingu því núgildandi lög hafa verið túlkuð á þennan veg.

Í 5. mgr. er fjallað um samsetta samninga, þ.e. samninga sem öðrum þræði eru um afnot húsnæðis gegn endurgjaldi en hafa einnig að geyma samning af öðrum toga, t.d. um leigu á rekstri fyrirtækis, afnot af innréttingum, vélum og tækjum, hagnýtingu viðskiptavildar fyrirtækis o.s.frv. Hér er lögð til sú regla að samsettur samningur sé metinn heildstætt og ef veigamesta atriði hans er afnot húsnæðis teljist samningur í heild sinni húsaleiga og falli undir frumvarp þetta. Leiði hins vegar slíkt heildstætt mat til þess að veigamesti þátturinn sé annar en húsnæðisafnotin fellur samningurinn ekki undir frumvarpið. Reglum frumvarpsins verður þá ekki beitt nema e.t.v. með lögjöfnun.

Í 8. mgr. er ákvæði sem felur í sér breytingu frá núgildandi lögum. Að vísu er tiltekið í 4. mgr. 1. gr. þeirra að þau gildi ekki um orlofsheimili sem leigð eru til skamms tíma. Hér er hins vegar lagt til að undan gildissviði frumvarpsins verði færð skammtímaleiga á húsnæði og eru nokkrar tegundir húsnæðis taldar upp í dæmaskyni, en ekki er þó um tæmandi talningu að ræða. Það er jafnframt skilyrði að leigugjaldið sé miðað við viku, sólarhring eða skemmri tíma. Með skammtímaleigu er átt við leigusamband sem ætlað er að vara í mjög skamman tíma og yfirleitt ekki lengur en nokkra daga eða vikur og alls ekki lengur en tvo til þrjá mánuði. Hér er um undantekningarreglu að tefla sem byggist á því að almenn ákvæði laganna eiga fyrst og fremst við um varanleg leigusambönd til lengri tíma en ekki slíka skammtímaleigu og þykir því rétt og óhjákvæmilegt að undanskilja hana ákvæðum frumvarpsins. Ákvæði þetta kann að bjóða heim hættu á misnotkun þannig að menn freistist til að gera endurnýjaða skammtímasamninga til að komast undan ófrávíkjanlegum ákvæðum frumvarpsins. En á móti kemur að þetta ákvæði ber að skýra og túlka mjög þröngt, þannig að ekki þarf mikið til að samningur verði talinn falla undir frumvarpið, t.d. ef hann er endurnýjaður eða framlengdur samanlagt í lengri tíma en talist getur skammtímaleiga.

Ákvæðið í 9. mgr. er nýmæli. Það er þó í samræmi við það sem almennt er talið gilda, þ.e. að sérlög eða sérákvæði laga gangi framar almennum lögum um sama efni.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er skýrt kveðið á um það að ákvæði frumvarpsins um íbúðarhúsnæði eru almennt ófrávíkjanleg hvað varðar réttindi og skyldur leigjanda. Réttindi leigjanda samkvæmt frumvarpinu eru samkvæmt því lágmarksréttindi og skyldur hans hámarksskyldur. Með samningi verður almennt ekki við því hróflað, réttindi hans verða ekki rýrð eða skyldur hans auknar. Hins vegar er heimilt að semja um aukinn rétt og minni skyldur leigjanda en frumvarpið mælir fyrir um. Samkvæmt því má með samningi auka skyldur leigusala og rýra réttindi hans frá því sem frumvarpið segir. Það er meginregla að ákvæði frumvarpsins um íbúðarhúsnæði séu ófrávíkjanleg, en frá þeirri meginreglu eru undantekningar sem þá eru tilgreindar í einstökum ákvæðum frumvarpsins. Það skal tekið fram að frumvarp þetta hefur að geyma fleiri undantekningar að þessu leyti en núgildandi lög og er lagt til að samningsfrelsi aðila verði að verulegu leyti aukið. Ákvæði þetta er sama efnis og 2. gr. núgildandi laga, en leitast var við að orða ákvæðið skýrar

og ótvíræðar. Þó er ein veigamikil breyting gerð því þetta ákvæði gildir einvörðungu um íbúðarhúsnæði en ekki atvinnuhúsnæði en um það er fjallað í 2. mgr.

Í 2. mgr. er ákvæði sem felur í sér mjög þýðingarmikla breytingu frá gildandi rétti. Lagt er til að ákvæði frumvarpsins verði frávíkjanleg hvað atvinnuhúsnæði varðar og gildi þá og því aðeins um slíkt húsnæði að ekki hafi um annað samist milli aðila. Núgildandi lög gilda fullum fetum um slíkt húsnæði og eru ófrávíkjanleg varðandi það á sama hátt og um íbúðarhúsnæði. Hins vegar eru hin ófrávíkjanlegu ákvæði laganna fyrst og fremst sniðin að íbúðarhúsnæði og eiga misvel við um atvinnuhúsnæði. Ákvæði frumvarps þessa eru með sama marki brennd og kom til álita að leggja til að lögfest yrðu ítarleg sérákvæði um atvinnuhúsnæði. Lagt er til í frumvarpinu að sett verði nokkur slík ákvæði, en þeim kosti var hafnað að reglubinda samninga um slíkt húsnæði um of með almennum ákvæðum. Slíkir samningar eru í ýmsum grundvallaratriðum frábrugðnir samningum um íbúðarhúsnæði og affarasælast að samningsfrelsi ríki, enda standa aðilar þar yfirleitt jafnar að vígi en þegar um íbúðarhúsnæði er að ræða. Því er lagt til að aðilar hafi óskorað samningsfrelsi, innan venjulegra marka, um það hvernig þeir haga samningum sínum um leigu á atvinnuhúsnæði og ákvæði frumvarpsins koma þá aðeins til álita ef aðilar hafa ekki samið um annað og eftir því sem við getur átt.

Ákvæðið í 3. mgr. er nýmæli. Hér er um að ræða undantekningu frá reglu 1. mgr. og ber því að túlka hana þröngt með hliðsjón af meginreglunni sem þar kemur fram. Rétt þykir, innan þröngra marka, að heimila frávik frá annars ófrávíkjanlegum ákvæðum frumvarpsins. Hér er fyrst og fremst horft til þess þegar félög, stofnanir eða sambærilegir aðilar leigja skjólstæðingum sínum íbúðarhúsnæði. Yfirleitt mundi það vera með sérstökum og betri kjörum en almennt gengur og gerist. Þess vegna er eðlilegt að slíkir aðilar geti sett sérstök ákvæði, skilyrði og fyrirvara í leigusamninga umfram það sem almennir leigusalar geta gert. Ekki þykir ástæða til að óttast að það svigrúm og þau frávik, sem hér eru lögð til, hafi í för með sér misnotkun og harðræði fyrir viðkomandi leigjendur. Leggja ber áherslu á að hér er um þrönga undantekningarheimild að ræða og að leigjendurnir mundu njóta verndar og geta borið fyrir sig ákvæði 11. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. laga nr. 44/1979.

Um II. kafla.

II. kafli frumvarpsins tekur til 4.–12. gr. og er í þessum kafla fjallað um leigusamninga og gerð þeirra. Kaflinn svarar til II. kafla núgildandi laga „Gerð leigumála", þ.e. 4.–11. gr.

Um 4. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá lögum nr. 44/1979.

Í greininni er gert ráð fyrir því Húsnæðisstofnun ríkisins taki við hlutverki félagsmálaráðuneytisins hvað varðar útgáfu eyðublaða fyrir húsaleigusamninga og ákvörðun endurgjalds fyrir slík eyðublöð. Er það í samræmi við aukið hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins á sviði húsaleigumála sem felst í frumvarpi þessu.

Þá er í 2. mgr. er að finna ný ákvæði þess efnis að auk sérstakra eyðublaða vegna íbúðarhúsnæðis skuli Húsnæðisstofnun einnig láta gera eyðublöð fyrir leigusamninga um atvinnuhúsnæði.

Þá er í þessari málsgrein gert ráð fyrir því að húsaleigusamningseyðublöð geti einnig legið frammi á skrifstofum húsnæðisnefnda.

Um 5. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 5. gr. gildandi laga nr. 44/1979. Þó er hér að finna viðbótarákvæði um að sveitarstjórnir, félagasamtök eða aðrir þeir aðilar, sem leigja út húsnæði, geti einnig gefið út sérstök samningseyðublöð. Sem fyrr þurfa slík eyðublöð þó staðfestingu félagsmálaráðuneytis til þess að öðlast lagagildi.

Felld eru niður heimildaákvæði eldri laga um að Fasteignamat ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins geti látið gera eyðublöð um húsaleigusamninga. Slíkar heimildir mega nú orðið teljast úreltar hvað varðar Fasteignamat ríkisins. Ákvæðið á hins ekki við gagnvart Húsnæðisstofnun ríkisins sem skv. 86. gr. frumvarpsins er falin útgáfa eyðublaða fyrir húsaleigusamninga.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lýst þeim atriðum sem fram skulu koma í skriflegum leigusamningi. Greinin svarar til 9. gr. laga nr. 44/1979, en er hins vegar mun ítarlegri.

Rétt er að geta þess að 3. tölul. er efnislega samhljóða 49. gr. laga nr. 44/1979. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í greininni er að finna ákvæði sem eru efnislega samhljóða 3. mgr. 52. gr. gildandi laga. Þessi ákvæði eru þó fyllri en áður og að auki kveðið á um það að nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns leigusala skuli koma fram á sjálfu leigusamningseyðublaðinu.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er lögð til sú breyting frá 6. gr. gildandi laga að ekki verði lengur skylt að skrá allar breytingar á leigusamninginn sjálfan. Þá er lagt til að séu breytingar skráðar á viðauka skuli tekið fram í lögunum að aðilum samningsins beri að undirrita slíkt skjal.

Þá er 2. mgr. nýmæli. Þar er að finna almennt ákvæði er tekur til allra þeirra tilvika þegar annar hvor samningsaðila þarf samkvæmt ákvæðum frumvarpsins eða leigusamningi að fá samþykki hins aðilans. Er þá lagt til að báðir aðilar geti krafist þess að fá svarið staðfest skriflega.

Um 9. gr.

Greinin svarar til 7. gr. laga nr. 44/1979 og er hér er að finna nokkrar veigamiklar breytingar:

Lagt er til í nýrri 2. mgr. að skýrt sé tekið fram að samningur teljist ótímabundinn, nema um annað sé ótvírætt samið.

Í 3. mgr. er afnumin skylda leigusala til þess að tilkynna leigjanda með tímabundinn leigusamning að samningurinn verði ekki endurnýjaður. Tilgangur breytingarinnar er að nokkru sá að einfalda samskipti aðila leigusamnings. Þar sem forgangsréttur leigjenda er styrktur verulega skv. X. kafla frumvarps þessa þykir einnig eðlilegra að það sé leigjandinn sem þurfi að óska sérstaklega eftir áframhaldandi notkun húsnæðisins en að lagt sé á herðar leigusalans að tilkynna sérstaklega að hann telji leigjandann ekki hafa forgangsrétt að hinu leigða.

Þá er einnig lagt til í 3. mgr. að heimilt sé að semja sérstaklega um að tímabundinn leigusamningur geti verið uppsegjanlegur við tilteknar aðstæður. Þá er í málsgreininni vísað til nýju forgangsréttarákvæðanna í X. kafla frumvarpsins.

Loks hefur í 4. mgr. verið afnumin tilvísun til ákvæðis um fardaga, en það er ein af þeim meginbreytingum er felast í frumvarpi þessu að lagt er til að fardagaákvæði eldri laga verði afnumin. Fardagaákvæðin mega nú teljast úrelt orðin og reynslan hefur sýnt að þau geta verið ósanngjörn gagnvart aðilum, einkum leigusölum, sem ekki þekkja ákvæði þetta nógu vel. Telja verður eðlilegt að íbúðaskipti á leigumarkaði geti í nútímaþjóðfélagi átt sér stað á hvaða árstíma sem er, svo sem venja er á almennum fasteignamarkaði hérlendis. Fardagaákvæðin munu a.m.k. að hluta til eiga uppruna í fardagaákvæðum ábúðarlaga og árstíðabundnum vistaskiptum og búferlaflutningum hins gamla bændaþjóðfélags.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 10. gr. gildandi laga. Lagðar eru til tvær breytingar á greininni sem báðar hafa talsverða þýðingu:

Í 1. mgr. er lagt til að fallið verði frá því að notkun óstaðfests samningseyðublaðs leiði sjálfkrafa til þess að aðilar teljist þá hafa gert ótímabundinn leigusamning sín í millum.

Í 2. mgr. er lagt til að í stað þess að kveðja til úttektarmann til þess að meta sanngjarna húsaleigu leiti aðilar álits Húsnæðisstofnunar ríkisins. Er þetta einn liður í auknu hlutverki Húsnæðisstofnunarinnar gagnvart leigumarkaðnum, svo sem lagt er til í XVII. kafla frumvarps þessa.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ákvæði sem fjalla um þinglýsingu leigusamninga og hvernig að henni skuli staðið. Hér er um nýmæli að ræða og eru ekki tilsvarandi ákvæði í núgildandi lögum.

Í 1. mgr. er ákvæði sem felur það í sér að leigjandi hefur ætíð, hvort sem leigusamningi er þinglýst eða ekki, þá réttarstöðu sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins. Þinglýsingar er ekki þörf til að tryggja og vernda þann rétt sem leigjanda er þar fenginn.

Í 2. mgr. er vísað til þinglýsingalaga um það hvenær þinglýsingar leigusamnings er þörf, t.d. varðandi tímalengd, fyrirframgreiðslu o.fl. Þykir rétt m.a. vegna lagasamræmis að efnisreglur þar að lútandi séu í hinum almennu þinglýsingalögum.

Ef leigjandi hefur með samningi öðlast víðtækari rétt en leiðir af ákvæðum 1. og 2. mgr. getur hann krafist þess skv. 3. mgr. að leigusamningi sé þinglýst, enda er það honum nauðsynlegt til að tryggja og vernda þann aukna rétt sinn gagnvart fyrst og fremst viðsemjendum og skuldheimtumönnum leigusala.

Í 2. og 3. mgr. er fjallað um það hvernig skuli staðið að þinglýsingu og aflýsingu leigusamnings og þarfnast þær ekki sérstakra skýringa.

Um III. kafla.

III. kafli frumvarpsins nær yfir 13.–16. gr. og lýsir þeim kröfum sem gerðar eru um ástand hins leigða húsnæðis við upphaf leigutíma. Kaflinn svarar til 24.–27. gr., þ.e. fyrri hluta V. kafla, „Afhending og skil leiguhúsnæðis“, í lögum nr. 44/1979.

Um 13. gr.

1. mgr. er samhljóða 24. gr. gildandi laga, en að öðru leyti er grein þessi ný. Í greininni er að finna mun nákvæmari lýsingu en í eldri lögum á því hvaða kröfur skuli gera til íbúðarhúsnæðis sem leigt er út. Höfð var hliðsjón af orðalagi á kaupsamningseyðu-

blöðum þeim sem notuð eru í almennum fasteignaviðskiptum. Reynslan frá gildistöku laga nr. 44/1979 er talin hafa sýnt að þörf er á skýrari skilgreiningu á þeim kröfum sem gerðar eru til leiguíbúða.

Um 14. gr.

Þessi grein er samhljóða 25. gr. laga nr. 44/1979.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 26. gr. laga nr. 44/1979 að öðru leyti en því að þeir tveir frestir leigjanda, sem hann hefur til þess að skýra frá göllum sem hann telur vera á húsnæðinu, annars vegar við upphaf leigutíma og hins vegar síðar á leigutíma, eru lengdir úr 14 dögum í tvo mánuði og úr 14 dögum í einn mánuð.

Um 16. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 27. gr. laga nr. 44/1979. Einungis er um að ræða þær breytingar að í 1. og 3. mgr. er gert ráð fyrir að byggingarfulltrúi komi í stað úttektarmanns og að aðilar geti borið ákvörðun hans undir Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þá er í 2. mgr. styttur frestur leigjanda til þess að rifta leigusamningi, ef leigusali verður ekki við réttmætum kröfum um úrbætur á hinu leigða, úr þremur mánuðum í tvo mánuði. Talið er að þriggja mánaða frestur leigusala sé í þessu samhengi í lengsta lagi gagnvart leigjanda er bíður eftir að umbætur á hinu leigða verði framkvæmdar.

Um IV. kafla.

Kaflinn fjallar um viðhald leiguhúsnæðis og tekur til 17.–21. gr. Kaflinn svarar til samnefnds IV. kafla laga nr. 44/1979, 36.–41. gr.

Um 17. gr.

Greinin er óbreytt frá 36. gr. laga nr. 44/1979 að undanskildum orðalagsbreytingum í 3. og 4. mgr. Þó er frestur sá, er leigusali skal veita leigjanda til þess að framkvæma úrbætur á tjóni sem kann að hafa orðið á hinu leigða húsnæði, lengdur úr 21 degi í einn mánuð. Þá er lagt til að fela byggingarfulltrúa hlutverk úttektarmanns í gildandi lögum.

Um 18. gr.

Þessi grein kemur í stað 37. gr. og 38. gr. laga nr. 44/1979. Um er að ræða endurskrift á þessum greinum og nokkra áherslubreytingu frá eldri lögum. Þó er 3. mgr. óbreytt frá 2. mgr. 37. gr.

Í greininni er nú leitast við að leggja þyngri áherslu á höfuðábyrgð leigusala á viðhaldi hins leigða, en viðhaldsskylda leigjenda síðan skilgreind nánar þar sem um er að ræða undantekningar á skyldum leigusala. Skilgreining á viðhaldsskyldu leigjenda er nokkuð þrengd frá eldri lögum og lagt til að hún nái ekki lengur til viðhalds á rúðum og hreinlætistækjum.

Um 19. gr.

Þessi grein svarar til 39. gr. gildandi laga. Í greininni er einungis að finna þau nýmæli að í 2. mgr. er frestur leigusala til þess að verða við kröfum leigjanda um úrbætur ákvarðaður einn mánuður, en í gildandi lögum eru engin tímamörk sérstaklega tilgreind og í 3. mgr. er gert ráð fyrir að byggingarfulltrúi taki við hlutverki úttektarmanns.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 40. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er lögð til sú nýjung að leigusali skuli annaðhvort veita afslátt á leigugjaldi ef afnot leigjanda skerðast vegna viðgerðar eða viðhaldsvinnu eða leigusali skuli á meðan leggja leigjanda til annað jafngott húsnæði.

Um 21. gr.

Greinin svarar til 41. gr. gildandi laga. Felld er niður 1. mgr. greinarinnar þess efnis að heimilt sé að víkja frá ákvæðum kaflans gagnvart öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði. Í 2. mgr. er lagt til að afnema tveggja ára lámarksleigutíma þegar um það er að ræða að aðilar semji sérstaklega um að leigjandi annist viðhald gegn lækkun leigugjalds.

Um V. kafla.

Undir V. kafla, er svarar til VII. kafla laga nr. 44/1979 og fjallar um reksturskostnað leiguhúsnæðis, falla 22.–25. gr. sem svara til 42.–45. gr. gildandi laga, kaflans „Um greiðslu reksturskostnaðar".

Um 22. gr.

Grein þessi er nær óbreytt frá 42. gr. gildandi laga. Þó er þess að geta að í 2. mgr. er tekinn af hugsanlegur vafi um það að leigusali skuli greiða kostnað vegna lyftubúnaðar í fjölbýlishúsum. Þá er í 3. mgr. lögð til sú nýskipan að leigjandi geti óskað þess að leigusali eða húsfélag í fjölbýlishúsi láti honum í té sundurliðaða greinargerð um einstaka kostnaðarliði þess hluta húsgjalds sem leigjanda ber að greiða.

Þá er í 5. mgr. lagt til að undanþáguákvæði, er heimila aðilum að víkja frá ákvæðum greinarinnar, séu gerð almenn í stað þess að taka einungis til atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis sem leigt er til lengri tíma en tveggja ára.

Um 23. gr.

Greinin er samhljóða 43. gr. gildandi laga að því undanskildu að í síðasta málslið er lagt til að vísað sé til laga um ákvörðun eignarhlutar í fjölbýlishúsum í stað ákveðinnar reglugerðar.

Um 24. gr.

Lögð er til sú breyting frá 44. gr. gildandi laga að leggi leigjandi út rekstrargjöld sem leigusala ber að greiða skuli honum heimilt að draga þann kostnað frá næstu leigugreiðslu.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 45. gr. gildandi laga að því undanskildu að ekki þykir rétt í 1. mgr. að tala um „lögbundna húsaleigu" þar sem húsaleiga hér á landi er ekki bundin í lögum.

Um VI. kafla.

Undir VI. kafla falla 26.–31. gr. Kaflinn fjallar um afnot leiguhúsnæðis og svarar hann, að viðbættum tveimur nýjum greinum, til VIII. kafla gildandi laga, „Umgengnisskyldur og réttindi", þ.e. 46.–50. gr.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Í 27. gr. er ákvæði sem ekki á sér hliðstæðu eða fyrirmynd í núgildandi lögum. Þar er áréttað að breytingar og endurbætur á hinu leigða séu háðar fyrir fram samþykki leigusala. Sú regla hefur verið talin gilda sem óskráð meginregla en rétt þykir að lögfesta hana. Þá er einnig lagt til að fyrir fram sé samið um hver beri kostnaðinn eða hvernig hann skiptist og hvernig farið sé með breytingarnar og endurbæturnar að leigutíma loknum, þ.e. hvort leigusali eignist þær með eða án endurgjalds eða hvort leigjanda sé heimilt að nema þær brott. Sé ekki um þetta samið er lögð til sú regla að leigusali eignist endurbæturnar án sérstaks endurgjalds við lok leigutímans nema hann krefjist þess að leigjandinn fjarlægi þær og komi hinu leigða í upphaflegt horf.

Þetta ákvæði hefur fyrst og fremst þýðingu við leigu á atvinnuhúsnæði þar sem mjög algengt er að leigjandi framkvæmi viðamiklar breytingar og endurbætur á húsnæði vegna þarfa sinna og starfseminnar. Deilumál, sem risið hafa vegna slíkra framkvæmda, sýna að brýnt er að ganga tryggilega frá samningum um slík atriði fyrir fram. Ákvæði þetta byggir á því að hagsmunir leigjanda séu meiri af því að frá slíkum málum sé tryggilega gengið og því er skylda hans í því efni gerð ríkari með því að láta hann bera hallann af því ef samningar um þessi atriði eru vanræktir eða ófullkomnir.

Um 28. gr.

Þessi grein svarar til og er samhljóða tveimur fyrstu málsgreinum 47. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Greinin er samhljóða 48. gr. laga nr. 44/1979.

Um 30. gr.

Hér er um að ræða nýjung. Í 1. mgr. er leigjendum atvinnuhúsnæðis ótvírætt lögð sú skylda á herðar að halda starfsemi sinni opinni. Í 2. mgr. er kveðið á um það að sé húsnæði leigt fyrir atvinnurekstur í ákveðinni grein má leigusali ekki leigja út annað húsnæði fyrir sömu eða sambærilega starfsemi né sjálfur hagnýta húsnæðið á sama hátt. Slíkt mundi teljast hafa í för með sér ósanngjarna samkeppni gagnvart fyrri leigjanda. Er hér um að ræða hliðstæð ákvæði og nú er að finna í danskri húsaleigulöggjöf.

Um 31. gr.

Þessi grein er samhljóða 50. gr. gildandi laga.

Um VII. kafla.

Kaflinn fjallar um greiðslu húsaleigu og fyrirkomulag trygginga í tengslum við leiguhúsnæði. Kaflinn nær til 32.–38. gr. og svarar til 51.–55. gr. gildandi laga.

Um 32. gr.

Í 32. gr. frumvarpsins eru engar efnisbreytingar frá gildandi lögum. Allar málsgreinar hennar eiga sér hliðstæðu í IX. kafla gildandi laga. Í greininni er skipað saman þeim atriðum og reglum sem rétt og eðlilegt þykir að standi saman í einni grein, en eru dreifð í fleiri greinum í ofangreindum kafla gildandi laga. Þá var einnig leitast við að lagfæra orðalag á stöku stað og gera einstök atriði skýrari og ótvíræðari en í núgildandi lögum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 33. gr.

Í þessari grein eru takmarkanir á frelsi aðila til að semja um fyrirframgreiðslu á leigu

þegar um íbúðarhúsnæði er að tefla. Tilsvarandi takmarkanir eru í 51. gr. núgildandi laga. Meginbreytingin er sú að hér lagt til að skorður við fyrirframgreiðslu eigi aðeins við íbúðarhúsnæði en samningsfrelsi gildi að því leyti um annað húsnæði en til íbúðar. Þótt jafnvægi á leigumarkaðinum hafi aukist á undanförnum árum og kröfur um fyrirframgreiðslu leigu hafi minnkað með rénandi verðbólgu og samningsstaða leigjenda því styrkst þykir enn þörf á því að vernda leigjendur með því að takmarka fyrirframgreiðslu á leigu. Slíkar takmarkanir geta þó verið tvíeggjaðar og ef of langt er gengið er hætt við því að slík ákvæði í lögum verði dauður og óvirkur bókstafur, leigjendum til lítils skjóls. Hins vegar er staða samningsaðila allt önnur þegar um annað húsnæði en til íbúðar er að ræða. Þeir standa tiltölulega jafnt að vígi og þykir því ekki ástæða til að hafa lengur í lögum takmarkanir á fyrirframgreiðslu þegar um þannig húsnæði er að ræða.

Í 3.–8. mgr. eru ákvæði um afleiðingar þess ef leiga er greidd fyrir fram fyrir lengri tíma en segir í 1. og 2. mgr. Þar er mælt fyrir um endurkröfurétt leigjanda og hvernig að þeirri kröfu skuli staðið og um framlengdan leigurétt leigjanda ef leigusali verður ekki við endurgreiðslukröfunni. Hér er lagt til að endurkröfuréttur leigjanda verði lögvarinn og er það nýmæli. Samkvæmt 3. mgr. 51. gr. gildandi laga öðlast leigjandi sjálfkrafa leigurétt í fjórfaldan þann leigutíma sem hann greiðir fyrir ef hann greiðir fyrir fram fyrir meira en þrjá mánuði. Lagt er til að þessi sjálfkrafa framlengingarréttur verði aflagður og rétturinn verði háður því að leigusali verði ekki við endurgreiðslukröfu leigjanda. Þykir það eðlilegra og sanngjarnara fyrirkomulag fyrir báða aðila. Þá er lagt til að þessi réttur til framlengingar verði styttur úr fjórföldum þeim tíma sem leigjandi greiddi fyrir í þrefaldan.

Að öðru leyti þarfnast ákvæði þessarar greinar ekki skýringa.

Um 34. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli og eiga sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum. Hér er tekið á óljósum og umdeildum atriðum.

Í 1. mgr. er fjallað um það þegar leiga er greidd fram í tímann með viðskiptabréfum. Hefur því verið haldið fram að ekki sé um fyrirframgreiðslu að tefla í slíkum tilvikum þar sem leigjandi verði ekki fyrir beinum peningaútlátum í upphafi og frekar sé um tryggingar fyrir leigugreiðslum að ræða. Á þá skoðun verður ekki fallist. Viðskiptabréf eru ígildi peninga og almennt framsalshæf og geta gengið kaupum og sölum og þar með geta rofnað tengslin við leiguviðskiptin að baki þeim, leigjandi getur glatað mótbárum og rétti til að halda leigugreiðslum til baka og til að skuldajafna vegna hugsanlegra vanefnda leigusala. Samkvæmt því er því hér slegið föstu að sé leiga greidd með þessum hætti teljist það fyrirframgreiðsla í skilningi 33. gr. frumvarpsins.

Sú regla, sem lagt er til að lögfest verði í 2. mgr., er í samræmi við það sem almennt er talið gilda í kröfu- og kauparétti og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 35. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 53. gr. núgildandi laga.

Um 36. gr.

Hér er kveðið á um að samningsfrelsi gildi um fjárhæð húsaleigu. Þó er áréttað að það frelsi sé þeim takmörkunum háð að leigan skuli jafnan vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila. Þótt hér sé um nýmæli að ræða þá gilda þessar reglur óskráðar, en rétt þykir að svo mikilvægar grundvallarreglur komi fram berum orðum í lögum.

Hvenær leigufjárhæð telst vera eðlileg og sanngjörn og hvenær ekki hlýtur alltaf að fara mjög eftir staðháttum og atvikum og því hvernig ástandið er á leigumarkaðinum á hverjum tíma hvað varðar framboð og eftirspurn á leiguhúsnæði.

Meginviðmiðunin er því markaðsleiga sambærilegs húsnæðis. Af öðrum atriðum, sem hafa ber hliðsjón af, má nefna:

1. Almennan húsnæðiskostnað, þar með talin vaxtakostnað, skatta og gjöld.
2. Staðsetningu, gerð og ástand leiguhúsnæðis.
3. Endurbætur, breytingar og viðhald sem hvor aðila tekur að sér.
4. Leigutíma og fyrirframgreidda leigu.
5. Aðrar sérstakar samningsskyldur og réttindi sem eðlilegt er að hafi áhrif á leigufjárhæðina.
6. Önnur atriði, bæði hvað varðar húsaleigumarkaðinn almennt og viðkomandi leigusamband, sem þýðingu hafa.

Um 37. gr.

Hér er kveðið á um það að telji annar hvor aðila að umsamin húsaleiga sé verulega hærri eða lægri en markaðsleiga sambærilegs húsnæðis geti hann leitað álits Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Um 38. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um tryggingu sem leigjanda er skylt að setja fyrir réttum efndum á leigusamningi að kröfu leigusala. Ákvæði um tryggingarfé er í 55. gr. núgildandi laga en þar er hins vegar ekki fjallað um önnur form tryggingar. Það ákvæði hefur þótt stirt í vöfum og hefur verið tiltölulega lítið notað.

Hér er lagt til að trygging geti verið með fernu móti. Er á því byggt að leigusali geti ekki krafið leigjanda um annars konar tryggingar en hér eru tilgreindar. Algengt er að tryggingar séu nú í formi tryggingarvíxla, tryggingarbréfa, skuldabréfa og jafnvel óútfylltra tékka. Slíkar tryggingar hafa í för með sér verulegt óöryggi fyrir leigjendur og eru auk þess ekki samþýðanlegar ýmsum ákvæðum gildandi laga og frumvarps þessa og þykir því nauðsynlegt að stemma stigu við þeim. Hagsmunir leigusala eru nægilega tryggðir með þeim tryggingaformum sem tilgreind eru í 2. mgr.

Í 4. tölul. 2. mgr. er fjallað um tryggingarfé og er það hliðstætt 55. gr. núgildandi laga en þó er lögð til sú meginbreyting að gert er ráð fyrir að leigusali varðveiti tryggingarféð sjálfur og það skuli vera vaxtalaust en verðtryggt. Þessar breytingar eru til einföldunar. Búast má við að aðrir tryggingarkostir verði frekar fyrir valinu. Þeir eru fýsilegri fyrir leigjendur að því leyti að þeir þurfa ekki að þýða bein fjárútlát fyrir þá. Fyrir leigusala ætti einnig að vera æskilegt að velja aðra kosti en tryggingarfé því það má aðeins nema sem svarar þriggja mánaða leigu en önnur trygging má nema sem svarar sex mánaða leigu. Þá takmarkar tryggingarfé einnig fyrirframgreiðslu sem semja má um við eins mánaðar leigu, sbr. 2. mgr. 33. gr.

Um VIII. kafla.

Þessi kafli fjallar um aðgang leigusala að leigðu húsnæði. Hér eru ákvæði síðari hluta 47. gr. laga nr. 44/1979, er fjalla um aðgang leigusala að leigðu húsnæði, gerð að sérstökum kafla.

Um 39. gr.

Greinin er að verulegu leyti samhljóða 3. og 4. mgr. 47. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er að finna það nýmæli að skýrt er nú kveðið á um það að leigusala sé óheimill aðgang-

ur að hinu leigða húsnæði þegar leigjandi er ekki viðstaddur nema leigjandinn veiti samþykki til þess. Þá er í 2. mgr. réttur leigusala til þess að sýna hið leigða húsnæði væntanlegum leigjendum eða kaupendum þrengdur nokkuð frá því sem nú er.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla, sem nær yfir 40.–48. gr. (56.–62. gr. laga nr. 44/1979), er fjallað um sölu leiguhúsnæðis, framsal leiguréttar, framleigu o.fl. Kaflinn svarar að meginhluta til X. kafla gildandi laga, „Framsal leiguréttar, andlát leigutaka, hjúskaparslit o.fl.“ Kaflinn er óbreyttur frá hliðstæðum kafla í gildandi lögum að því undanskildu að 40. og 41. gr., er fjalla um sölu leiguhúsnæðis, eru nýmæli.

Um 40. gr.

Grein þessi á sér ekki fyrirmynd eða hliðstæðu í núgildandi lögum. Hún hefur að geyma viðurkenndar meginreglur um réttarstöðu aðila leigusamnings og kaupanda við eigendaskipti á leiguhúsnæði. Þessar reglur hafa verið taldar gilda sem óskráðar meginreglur í kaupa-, kröfu- og eignarrétti, en rétt þykir að þær verði festar í sett lög.

Um 41. gr.

Hér er einnig um nýmæli að tefla. Í ákvæðinu er sú skylda lögð á seljanda leiguhúsnæðis, leigusala, að tilkynna leigjanda um söluna og þau atriða varðandi hana sem snerta hann og hans hagsmuni. Ákvæði þetta er sjálfsagt og eðlilegt og til þess fallið að koma í veg fyrir og eyða óvissu sem oft vill verða við eigendaskipti á leiguhúsnæði.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 56. gr. gildandi laga.

Um 43. gr.

Þessi grein er samhljóða 57. gr. gildandi laga að því frátöldu að ákvæði eldri laga um fardaga hefur verið fellt brott.

Um 44. gr.

Greinin er samhljóða 58. gr. laga nr. 44/1979.

Um 45. gr.

Þessi grein er samhljóða 59. gr. gildandi laga.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 60. gr. gildandi laga.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 61. gr. laga nr. 44/1979.

Um 48. gr.

Greinin er samhljóða 62. gr. laga nr. 44/1979.

Um X. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um forgangsrétt leigjenda íbúðarhúsnæðis til áframhaldandi leigu að leigutímanum loknum. Hann hefur að geyma fimm greinar, 49. til og með 53. gr.

Í kaflanum eru lagðar til grundvallarbreytingar frá gildandi lögum, en um forgangsrétt leigjenda er fjallað í 8. gr. þeirra. Samkvæmt þeirri grein gildir forgangsréttur leigjenda aðeins að loknum tímabundnum leigusamningi, en hér er lagt til að forgangsréttturinn verði aukinn að því leyti að hann gildi einnig um ótímabundna leigusamninga.

Á því er byggt sem meginreglu að leigjandi skuli eiga forgangsrétt að því íbúðarhúsnæði sem hann hefur haft á leigu ef húsnæðið er á annað borð falt til leigu áfram í a.m.k. eitt ár. Samkvæmt núgildandi lögum getur hins vegar til þess komið að forgangsrétturinn verði virkur þótt húsnæðið sé alls ekki falt til leigu. Það er ekki alls kostar eðlilegt og sanngjarnt í garð leigusala og það er tvíeggjað fyrir leigjanda að öðlast slíkan rétt í mikilli óþökk leigusala eins og mörg dæmi sanna. Er leitast við að taka í þessu efni sanngjarnt tillit til hagsmuna beggja aðila. Samkvæmt því eru lagðar til ýmsar undantekningar frá forgangsréttinum sem að sumu leyti eru víðtækari en að öðru leyti þrengri en samkvæmt núgildandi lögum.

Lagt er til að sú kvöð verði lögð á leigjanda að hann tilkynni leigusala með formlegum hætti a.m.k. þremur mánuðum áður en samningur rennur út að hann hyggist nota sér forgangsrétt sinn. Að öðrum kosti falli rétturinn niður. Samkvæmt því er rétturinn ekki sjálfgefinn heldur verður leigjandinn að gæta hans og hafa frumkvæðið að því að gera hann virkan. Verður að telja það sanngjarna og eðlilega tilhögun.

Þá eru lögð til ítarlegri og að sumu leyti önnur ákvæði um skilmála framlengds leigusamnings á grundvelli forgangsréttarins sem nú gildir skv. 8. gr.

Lagt er til að lögfest verði sérstakt ákvæði um bótarétt leigjanda ef leigusali hefur brotið gegn ákvæðum um forgangsrétt hans. Þykir nauðsynlegt að setja slíkt ákvæði til að tryggja forgangsréttinn og verja hann og skapa varnað gegn því að hann verði hafður af leigjendum með málamyndagerningum eða á annan ólögmætan hátt.

Um 49. gr.

Í 1. og 2. mgr. er orðuð sú meginregla að leigjandi íbúðarhúsnæðis skuli hafa forgangsrétt til leigu þess að leigutímanum loknum ef það er falt til leigu í a.m.k. eitt ár. Um skýringar á þessum málsgreinum vísast til þess sem segir hér að ofan.

Í 3. mgr. eru talin upp í 11 tölul. þau tilvik þegar og þar sem forgangsrétturinn gildir ekki. Þar sem hér er um undantekningar frá meginreglunni í 1. og 2. mgr. að ræða ber að túlka þessa málsgrein þröngt. Undantekningar þessar eru gerðar til að koma til móts við þá hagsmuni leigusala sem nauðsynlegt, eðlilegt eða sanngjarnt er að virtir séu þegar eignarréttur hans og ráðstöfunarréttur sætir slíkum takmörkunum sem forgangsréttur leigjanda felur í sér. Undantekningar eru það skýrar og ljósar að ekki þykir sérstök þörf eða ástæða til sérstakra skýringa eða umfjöllunar um einstaka töluliði. Þeir skýra sig sjálfir.

Um 50. gr.

Um skýringu á 1. mgr. vísast til þess sem segir hér að ofan í almennum athugasemdum við kaflann.

Samkvæmt 2. mgr. er það meginregla að forgangsréttur leigjanda falli niður ef hann sendir leigusala ekki þá tilkynningu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og innan þess frests sem þar er tilgreindur. Frá þeirri meginreglu er gerð undantekning ef tilkynningin hefur farist fyrir vegna annaðhvort afsakanlegrar villu leigjanda sem leigusala mátti vera kunn eða leigusali hafi leynt atvikum sem máli skipta í því sambandi. Rétt er að leggja á það áherslu að hér er um undantekningu að ræða sem ætlað er þröngt gildissvið. Hér er nánast um öryggisventil að tefla til að hindra bersýnilega ósanngjarna niðurstöðu hafi leigusali með sviksamlegum hætti beinlínis valdið því eða stuðlað að því að leigjandi

sendi ekki slíka tilkynningu eða of seint í því skyni að hann glataði með því forgangsrétti sínum. Hins vegar mundi vanþekking leigjanda á réttarstöðu sinni og lagareglum hér að lútandi ekki teljast afsakanleg ein og sér fremur en vanþekking manna á lögum almennt.

Um 51. gr.

Í grein þessari eru ákvæði er lúta að skilmálum framlengds eða endurnýjaðs leigusamnings á grundvelli forgangsréttar.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. núgildandi laga skulu skilmálar framlengds leigusamnings almennt vera hinir sömu og í upphaflegum leigusamningi, m.a. um fjárhæð húsaleigu.

Lagt er til að svipaðar reglur gildi áfram, en þó þannig að svigrúm til breytinga og leiðréttinga á leigukjörum verði aukið innan sanngjarnra og eðlilegra marka.

Samkvæmt 1. mgr. skal leigufjárhæðin vera sanngjörn og eðlileg í garð beggja aðila. Má um það vísa til athugasemda við 36. gr. frumvarpsins. Þannig er báðum aðilum heimilt að krefjast leiðréttingar á leigufjárhæð ef hún er samkvæmt upphaflegum leigusamningi hærri eða lægri en sanngjarnt og eðlilegt má telja við upphaf hins endurnýjaða samnings.

Þó er tekið fram í 2. mgr. að löglíkur séu fyrir því að sú leigufjárhæð, sem áður gilti, sé sanngjörn þannig að sá sem vefengir að svo sé verður að sýna fram á að hún sé það ekki.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að aðrir skilmálar, sem leigusali setur, skuli gilda nema þeir séu ósanngjarnir eða andstæðir góðum venjum í leiguviðskiptum. Þessi málsgrein þarfnast ekki skýringa.

Í 4. mgr. er svo áréttuð sú regla sem gildir skv. 1. mgr. 8. gr. núgildandi laga að skilmálar skuli annars vera hinir sömu og í upphaflegum leigusamningi og þarfnast hún heldur ekki skýringa.

Loks er í 4. mgr. það markverða nýmæli að aðilum sé heimilt að leita úrskurðar Húsnæðisstofnunar ríkisins ef ágreiningur rís um skilmála framlengds leigusamnings.

Um 52. gr.

Forgangsréttur sá, sem leigjanda er fenginn samkvæmt frumvarpi þessu, er nokkuð viðkvæmur og berskjaldaður og hætt er við því að hann mundi oftar en ekki reynast meira virði í orði en á borði ef ekki væru gerðar ráðstafanir til að vernda hann og tryggja með einhverjum hætti.

Þótt komið sé til móts við hagsmuni leigusala og þeir ættu að vera vel tryggðir með þeim víðtæku undantekningum frá forgangsréttinum sem lagðar eru til kann oft að vera mikil freisting fyrir leigusala af ýmsum ástæðum að komast fram hjá forgangsrétti leigjanda með málamyndagerningum eða á annan hátt.

Forgangsrétturinn hefur í för með sér takmarkanir á eignarráðum leigusala og ráðstöfunarrétti og er þar af leiðandi mörgum þyrnir í augum. Einnig bjóða undantekningar frá forgangsréttinum í sjálfu sér heim hættunni á málamyndagerningum.

Það þykir því nauðsynlegt að slá skjaldborg um forgangsréttinn og vernda hann gegn því að leigusalar freistist til þess að fara á svig við lög að því leyti og hafa þann rétt af leigjendum með ólögmætum hætt.

Framangreind sjónarmið og rök búa að baki ákvæðum 52. gr. sem kveða á um rétt leigjanda til skaðabóta úr hendi leigusala ef hann hefur orðið til þess að leigjandi glataði forgangsrétti sínum með þeim hætti sem nánar er lýst í ákvæðinu. Ákvæði þetta er fyrst og fremst sett til höfuðs svikum og málamyndagerningum.

Í flestum tilvikum mundi vera erfitt fyrir leigjanda að sýna fram á og sanna fjártjón

sitt vegna slíkra brota leigusala. Þess vegna er ákveðið til að auðvelda leigjanda málssókn og til að skapa frekari varnað að bætur skuli vera staðlaðar að vissu marki og nemi fjárhæð sem svarar til þriggja mánaða leigu við lok leigutímans. Þeirrar fjárhæðar getur leigjandi jafnan krafist séu skilyrði bóta á annað borð fyrir hendi og þarf hann ekki að sanna beint fjártjón sitt að því marki. Nemi tjón hans hærri fjárhæð getur hann krafist hennar, en þá verður hann að sanna umframtjón sitt með venjulegum hætti.

Í 2. mgr. er lagt til að í gildi verði fyrningarfrestur á bótakröfu leigjanda. Hann verður að setja kröfu sína fram með sannanlegum hætti innan sex mánaða frá því að hann rýmdi húsnæðið. Að öðrum kosti fellur bótaréttur hans niður nema leigusali hafi beitt svikum. Það þykir nauðsynlegt að tímabinda þennan bótarétt og sex mánuðir eru í senn hæfilegur og nægilegur frestur. Það er í sjálfu sér ekki skilyrði að leigjandi lýsi kröfu sinni skriflega, en það er þó öruggast þar sem það á að gera með sannanlegum hætti og leigjandinn ber sönnunarbyrðina í því efni. Sex mánaða fyrningarfresturinn gildir ekki ef leigusali hefur beitt svikum. Er það í samræmi við almennar reglur í kröfu- og kauprétti. Í þeim tilvikum mundu gilda almennar reglur um fyrningu.

Um 53. gr.

Rétt þykir að taka sérstaklega fram að forgangsréttur leigjanda gildi líka, eftir því sem við getur átt, um annað leiguhúsnæði en til íbúðar, en þó því aðeins að ekki sé um annað samið. Er þetta að sínu leyti í samræmi við ákvæði 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Um XI. kafla.

XI. kafli, „Lok leigusamnings, uppsögn o.fl.“, 55.–59. gr., svarar til III. kafla laga nr. 44/1979, 12.–18. gr., „Uppsögn leigumála — leigufardagar“.

Um 54. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 55. gr.

Greinin svarar til 13. gr. gildandi laga. Samkvæmt frumvarpinu eru gerðar talsverðar breytingar á þessari grein.

Lagt er til að í stað eins mánaðar uppsagnarfrests skv. 1. tölul. komi tveggja mánaða uppsagnarfrestur.

Lagt er til í 2. tölul. að uppsagnarfrestur af beggja hálfu sé ætíð sex mánuðir þar til leigutími hefur náð fimm árum. Eftir það verði uppsagnarfrestur eitt ár af hálfu leigjanda.

Þá er 3. tölul., er fjallar um uppsagnarfrest atvinnuhúsnæðis, verulega breyttur. Lagt er til að uppsagnarfrestur atvinnuhúsnæðis verði af beggja hálfu sex mánuðir fyrstu fimm ár leigutímans, því næst níu mánuðir næstu fimm ár leigutímans og loks eitt ár eftir tíu ára samfelldan leigutíma atvinnuhúsnæðis.

Um 56. gr.

Greinin svarar til 14. gr. gildandi laga.

1. mgr. er breytt að því er tekur til þess að brottnám ákvæða um fardaga gera skiptingu í íbúðarhúsnæði og annað húsnæði óþarfa.

Í 2. tölul. er gert ráð fyrir því að þegar lengd uppsagnarfrests skv. 13. gr. ræðst af leigutíma sé miðað við þann tíma sem liðinn er þegar uppsögnin er send leigjanda.

Um 57. gr.

Greinin fjallar um lok tímabundins leigusamnings og er hér um að ræða veigamiklar breytingar frá 16. gr. gildandi laga. Þannig er tiltekið í 1. mgr. að tímabundnum leigusamningi ljúki án sérstakrar tilkynningar og því öll ákvæði gildandi laga um gagnkvæma tilkynningarskyldu aðila afnumin.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir þeim nýja möguleika að aðili geti hvor um sig sagt upp tímabundnum leigusamningi ef mjög svo sérstakar ástæður, eins og t.d. brottflutningur annars aðilans eða andlát hans, svo dæmi séu tekin, eiga sér stað.

Um 58. gr.

Greinin er óbreytt frá 17. gr. gildandi laga nema að sá eins mánaðar frestur, sem greinir í eldri lögum, er lengdur í tvo mánuði.

Um 59. gr.

Þessi grein er samhljóða 18. gr. laga nr. 44/1979 eins og henni var breytt, sbr. 73. gr. laga nr. 92/1991, um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Um XII. kafla.

Undir XII. kafla falla 60.–70. gr. Í kaflanum er að finna ákvæði um riftun leigusamnings. Kaflinn svarar til IV. kafla, „Riftun leigumála“, í gildandi lögum, þ.e. 19.–22. gr. Þess skal getið að síðasta grein, þ.e. 23. gr. laga nr. 44/1979, hefur verið felld niður, sbr. 73. gr. laga nr. 92/1991, um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Um 60. gr.

Í þessari grein er að finna verulegar viðbætur miðað við 19. gr. gildandi laga.

Í 2. tölul. breytist orðalagið „ef ónauðsynlegur dráttur verður á afhendingu húsnæðisins“ í orðin: ef verulegur dráttur verður á afhendingu húsnæðisins. Þykir þetta orðalag heppilegra.

Þá er 4. tölul. nýmæli. Þar er lagt til að alvarleg vanræksla leigusala varðandi viðhald íbúðar og almennt ástand hennar geti haft í för með sér riftun af hálfu leigjanda.

5. tölul. er samhljóða 4. tölul. gildandi laga.

Lagt er til að nýr 6. tölul. bætist við þar sem kveðið er á um riftunarheimild leigjanda ef heimilisfriður hans raskast verulega af völdum annarra aðila er afnot hafa af sama húsi.

Í nýjum 7. tölul. er lagt til að leigjandi hafi skýra riftunarheimild ef leigusali hindrar umráð og afnot hans af hinu leigða eða ef leigusali gengur um hið leigða húsnæði í heimildarleysi, ellegar gerist sekur um persónulega meingerð gagnvart leigjanda eða fjölskyldu hans.

8. tölul., sem einnig er nýmæli, tekur á almennan hátt til hugsanlegra vanefnda á leigusamningi af hálfu leigusala. Þessi töluliður er hliðstæða við 9. tölul. 20. gr. núgildandi laga.

Um 61. gr.

Þessi grein er ný. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir því að réttur leigjenda til riftunar leigusamnings vegna vanefnda leigusala falli niður tveimur mánuðum eftir að leigjandanum varð kunnugt um slíkar vanefndir leigusala.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um það að um bótarétt leigjanda á hendur leigusala vegna riftunar fari eftir almennum reglum kröfuréttar.

Um 62. gr.

Greinin er mikið til samhljóða 20. gr. gildandi laga. Þó er um að ræða breytingu í 1. mgr., þar sem síðari hluti þeirrar málsgreinar hefur verið felldur niður.

Þá er því atriði bætt við 4. tölul. að framsal leiguréttar geti haft í för með sér riftunarheimild að hálfu leigusala á sama hátt og misnotkun leigjanda á framleiguheimild sinni.

Meginbreytingin í þessari grein frumvarpsins er hins vegar sú að lagt er til að við bætist nýr tölul., 9. tölul., þess efnis að það varði riftun ef leigjandi atvinnuhúsnæðis vanrækir að halda uppi eðlilegri starfsemi og venjubundnum rekstri. Við þetta flyst fyrri 9. tölul. til og verður 10. tölul.

Um 63. gr.

Hér er einungis um þá breytingu að ræða frá 21. gr. gildandi laga að greiðsluskylda leigjanda, sem búið hefur við ótímabundinn samning, miðast nú við lok leigutímans samkvæmt uppsagnarfresti í stað viðmiðunar við fardaga í gildandi lögum.

Um 64. gr.

Greinin er óbreytt frá 22. gr. gildandi laga að því undanskildu að frestur sá, sem þar er greindur, er lengdur úr einum mánuði í tvo mánuði.

Um XIII. kafla.

Þessi kafli, er fjallar um skil leiguhúsnæðis, nær til 65.–70. gr. Kaflinn svarar til hluta V. kafla gildandi laga, „Afhending og skil leiguhúsnæðis “, þ.e. 28.– 31. gr., svo og 35. gr. Lagt er til að 32. gr. gildandi laga falli niður og greinar er svara til 33. og 34. gr. flytjist í næsta kafla, XIV. kafla, „Úttekt leiguhúsnæðis“.

Um 65. gr.

Greinin er samhljóða 28. gr. gildandi laga.

Um 66. gr.

Greinin er samhljóða 29. gr. gildandi laga að því undanskildu að frestir þeir til 14 daga, sem tilgreindir eru í 1. mgr. og sömuleiðis í 2. mgr., eru í báðum tilvikum lengdir í tvo mánuði.

Um 67. gr.

Greinin er óbreytt frá 35. gr. gildandi laga nema lagt er til að orðið byggingarfulltrúi komi í stað orðsins „úttektarmaður“ og hinn tilgreindi eins mánaðar frestur lengist í tveggja mánaða frest.

Um 68. gr.

Greinin er nær samhljóða 30. gr. gildandi laga, einungis hefur bæst við tilvísun í 27. gr. sem er ný grein er tekur til sama efnisatriðis.

Um 69. gr.

Greinin er samhljóða 31. gr. gildandi laga.

Um 70. gr.

Þessi grein er ný. Hér er lagt til að leigjanda sé gert skylt, áður en hann flytur úr húsnæðinu, að gefa leigusala upp heimilisfang þar sem koma má tilkynningum til leigjanda.

Um XIV. kafla.

Þessi kafli, „Úttekt leiguhúsnæðis“, sem nær yfir 71.–74. gr., svarar til XI. kafla gildandi laga, „Úttektarmenn“, 63.– 67. gr., svo og 33. og 34. gr. gildandi laga.

Um 71. gr.

Í greininni, er kemur í stað 63., 64. og 66. gr. gildandi laga, er skilgreint hlutverk byggingarfulltrúa við úttekt leiguhúsnæðis. Reynsla er talin hafa sýnt að ákvæði gildandi laga um úttektarmenn hafi aldrei náð að gegna að fullu því hlutverki sem þeim er ætlað í lögunum. Talið er vænlegra að aðilar, sem nú þegar eru til staðar í öllum sveitarfélögum, þ.e. byggingarfulltrúarnir, taki að sér störf við úttektir á leiguhúsnæði. Þá er sveitarstjórn heimilað að taka gjald fyrir þessa þjónustu byggingarfulltrúa.

Um 72. gr.

Greinin er óbreytt frá 67. gr. að því undanskildu að í stað orðsins „úttektarmaður“, kemur: byggingarfulltrúi.

Um 73. gr.

Greinin er samhljóða 33. gr. að því undanskildu að í stað orðsins „úttektarmaður“ kemur: byggingarfulltrúi.

Um 74. gr.

Greinin er óbreytt frá 34. gr. að því undanskildu að í stað orðsins „úttektarmaður“ kemur: byggingarfulltrúi.

Um XV. kafla.

Þessi kafli fjallar um leigumiðlun. Kaflinn tekur til 75.–84. gr. sem svara til 68.–75. gr. gildandi laga og sama kafla. Kaflinn er að allmiklu leyti endurskoðaður og ákvæði fyllri en áður.

Um 75. gr.

Sú breyting er lögð til í þessari grein frumvarpsins að félagsmálaráðherra veiti leyfi til leigumiðlunar í stað lögreglustjóra í núgildandi lögum. Talið er eðlilegra að hafa þennan hátt á, m.a. með hliðsjón af því að þessi málaflokkur heyrir undir valdsvið félagsmálaráðuneytis, sbr. staflið B í 4. tölul. reglugerðar nr. 96/1969.

Um 76. gr.

Í þessari grein er að finna þau skilyrði sem menn verða að uppfylla til að geta fengið leyfi til leigumiðlunar. Gert er ráð fyrir að sett verði í reglugerð nánari ákvæði um 3. og 4. tölul. 1. mgr. frumvarpsins, þar á meðal um form og fjárhæð tryggingar, en í því sambandi ber að hafa í huga eðli og umfang starfa leigumiðlara.

Þá er lagt til að félagsmálaráðuneytið birti auglýsingu um veitingu leyfis til leigumiðlara, svo og sviptingu leyfis, m.a. til þess að tryggja réttaröryggi almennings í þessum efnum.

Um 77. gr.

Þetta ákvæði er samhljóða ákvæði sem er að finna í 2. mgr. 69. gr. núgildandi laga. Ekki er gert ráð fyrir að starfandi fasteignasalar og löggiltir lögmenn þurfi að setja sérstaka tryggingu.

Um 78. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samhljóða ákvæðum núgildandi 77. gr., en hnykkt er á því að leigumiðlari skuli ætíð vanda sem best gerð leigusamnings, enda ber hann ábyrgð á því að leigusamningur sé gerður í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins.

Um 79. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að heimta þóknun úr hendi leigusala fyrir gerð leigusamnings, en hins vegar óheimilt að krefjast þóknunar úr hendi leigjanda. Ákvæði sem þetta er að finna í núgildandi lagaákvæðum.

Um 80. gr.

Ákvæði þetta er óbreytt frá núgildandi lagaákvæðum um sama efni. Vakin er þó athygli á því að í 84. gr. frumvarpsins er lagt til að félagsmálaráðuneytið setji reglugerð sem m.a. hafi að geyma leiðbeiningarreglur um hvernig gjaldtöku leigumiðlara skuli hagað.

Þá er gerð sú eðlilega krafa að umboð til handa leigumiðlara skuli vera undirritað af vottum, en ákvæði um slíkt er ekki í núgildandi ákvæði.

Um 81. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi lagaákvæði.

Um 82. gr.

Í 3. mgr. þessarar greinar er að finna nýmæli, en þar er kveðið á um að leigumiðlara sé skylt að veita félagsmálaráðuneytinu upplýsingar um starfsemi sína ef þess gerist þörf. Þessu ákvæði er m.a. ætlað að tryggja það að unnt verði fyrir félagsmálaráðuneytið að fylgjast með því að starfsemi leigumiðlara fari fram lögum samkvæmt.

Um 83. gr.

Með þessu ákvæði er lögð til sú breyting að í stað lögreglustjóra, eins og nú háttar til, verði það í verkahring félagsmálaráðherra að svipta leigumiðlara útgefnu leyfisbréfi ef tilteknar ástæður eru fyrir hendi. Þegar svipting hefur átt sér stað ber leigumiðlara að hætta starfsemi sinni sem slíkur. Sinni hann því ekki ber hlutaðeigandi lögreglustjóra að ljá atbeina sinn og stöðva starfsemina og innsigla hana láti leigumiðlari ekki af starfanum.

Um 84. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðherra gefi út reglugerð sem feli í sér nánari ákvæði um leigumiðlun og þá sérstaklega hvað varðar ákvæði 3. og 4. tölul. 77. gr. og enn fremur ákvæðum 78. og 79. gr. frumvarpsins.

Um XVI. kafla.

Þessi kafli, „Húsnæðisnefndir“, svarar til XIII. kafla, 76. gr., gildandi laga, „Húsaleigunefndir“.

Um 85. gr.

Lagt er til að húsnæðisnefndir sveitarfélaganna taki að hluta við hlutverki því sem húsaleigunefndir hafa samkvæmt núgildandi lögum, en einnig er í XVII. kafla frumvarpsins gert er ráð fyrir því að Húsnæðisstofnun ríkisins fái aukið ráðgjafar- og leiðbeiningarhlutverk gagnvart aðilum leigumarkaðarins. Reynslan hefur sýnt að ákvæðið um húsaleigunefndir sveitarfélaganna hefur aðeins verið virkt í tiltölulega fáum sveitarfélögum. Þá er á það að líta að með lögum nr. 70/1990 er kveðið á um að stofna sérstakar húsnæðisnefndir sveitarfélaga sem m.a. skulu fylgjast með framvindu húsaleigumála. Eðlilegast þykir að fella þessum nefndum fyrra hlutverk húsaleigunefndanna og að þær geti, ef þurfa þykir, skotið málum áfram til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Um XVII. kafla.

Kaflinn ber yfirskriftina „Kynning laganna, ráðgjöf um húsaleigumál", og svarar að nokkru leyti til XVI. kafla, 78. gr., gildandi laga, „Kynning laganna o.fl." Í þessum kafla er að auki að finna skilgreiningar á auknu hlutverki Húsnæðisstofnunar ríkisins á húsaleigumarkaði.

Um 86. gr.

Í greininni er lagt til að fela Húsnæðisstofnun ríkisins stóraukið hlutverk gagnvart leigumarkaðinum og aðilum hans. Til viðbótar við það ráðgjafar- og kynningarhlutverk, sem stofnunin gegnir nú, er lagt til Húsnæðisstofnunin taki að sér að vera eftirlitsaðili með ýmsum þáttum húsaleigumála og skili álitsgerðum varðandi deilumál leigjenda og leigusala og vafaatriði sem óhjákvæmilega hljóta að rísa í samskiptum þeirra.

Þá er Húsnæðisstofnun ríkisins einnig falið að sjá um útgáfu eyðublaða fyrir húsaleigusamninga og gefa út og birta ársfjórðungslegar leiðbeiningar um fjárhæð húsaleigu.

Um 87. gr.

Komið hefur í ljós á undanförnum árum að mikil þörf er fyrir að aðilar leigusamnings geti snúið sér til einhvers óháðs stjórnvalds til að leita álits vegna ágreinings sem rísa kann þeirra í milli vegna ákvæða í leigusamningi. Hér er lagt til að Húsnæðisstofnun ríkisins verði falið að afgreiða lögfræðilegar álitsgerðir varðandi deilu- og vafamál sem kunna að rísa hvað þetta varðar. Gera verður þá sjálfsögðu kröfu að þeir starfsmenn Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem falið verður að vinna að þessum málum, séu lögfræðingar að mennt.

Þeim sem óskar eftir álitsgerð ber að senda Húsnæðisstofnun skriflega beiðni þessa efnis. Í beiðninni þarf að koma fram hvert sé ágreiningsefnið, hvaða kröfur hlutaðeigandi gerir í málinu og jafnframt þarf hann að færa fram rök fyrir kröfum sínum.

Um 88. gr.

Sú óskráða regla hefur verið talin gilda í íslenskum rétti að málsaðili skuli jafnan eiga kost á að láta í ljós álit sitt á efni máls áður en stjórnvald ræður því til lykta ef ákvörðun getur verið íþyngjandi. Hér er lagt til að ætíð skuli gefa gagnaðila kost á að tjá sig, en hins vegar er það lagt í hendur Húsnæðisstofnunar hverju sinni hvort ástæða er til að óska eftir umsögn hlutaðeigandi húsnæðisnefndar eða annarra er mál kann að snerta hverju sinni.

Lagt er til að álitsgerðir Húsnæðisstofnunar skuli vera skriflegar og rökstuddar til að gæta sem best réttaröryggis og stuðla að sem bestum vinnubrögðum í stjórnsýslunni.

Um 89. gr.

Lagt er til að áliti Húsnæðisstofnunar ríkisins verði ekki skotið til félagsmálaráðuneytisins til úrskurðar. Hins vegar er tekið sérstaklega fram að mál samkvæmt lögum þessum heyri undir almenna dómstóla.

Um 90. gr.

Lagt er til að að ákvæði frumvarpsins taki gildi 1. janúar 1993. Rétt þykir að veita visst ráðrúm fram að gildistöku væntanlegra laga svo tími gefist til sem rækilegastrar kynningar þeirra og til þess að kom á fót þeirri umsýslu sem Húsnæðisstofnun ríkisins er ætlað að hafa með höndum. Þá er lagt til að mælt sé fyrir um það að aðilum beri fyrir 1. apríl 1993 að endurskoða samninga sína til samræmis við ákvæði frumvarpsins.

Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

721. Tillaga til þingsályktunar [463. mál]

um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna samkvæmt eftirfarandi framkvæmdaáætlun að aðgerðum til að ná fram jafnrétti kynjanna á tímabilinu 1992 til 1996.

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN
A. Starfsmannamál ríkisins.

1. *Ákvæði um auglýsingar á lausum stöðum hjá ríkinu.*

Ítrekuð verði sú skylda ríkisstofnana að auglýsa allar lausar stöður til umsóknar. Í auglýsingu um starf skal koma fram hvatning til þess kynsins sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein eða hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um starfið.

2. *Ákvæði um ráðningar í störf.*

Það kynið, sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein, skal að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningar í störf þegar umsækjandi er jafnhæfur eða hæfari.

3. *Almennt ákvæði um starfsmenntun í atvinnulífinu.*

Ráðuneyti og ríkisstofnanir móti sérstaka stefnu í starfsmenntunarmálum. Í henni skal þess gætt að kynin hafi jafna möguleika til framhaldsmenntunar, starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru í því skyni að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

4. *Ákvæði um hlut kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum.*

Ríkisstjórninni er falið að ná því markmiði að hlutur kvenna í nefndum á vegum ríkisins verði 30% í lok gildistíma áætlunarinnar. Hér er átt við heildarþátttöku í nefndum á vegum hvers ráðuneytis, en ekki miðað við 30% í hverri nefnd. Þegar leitað er eftir tilnefningu við skipun í opinbera nefnd verði framvegis óskað eftir nafni karls og konu þannig að markmiði þessu verði náð. Jafnréttisráð taki árlega saman tölfræðilegt yfirlit um hlutfall kynjanna í nefndum, stjórnum og ráðum.

5. *Sveigjanlegur vinnutími.*

Í þeim tilgangi að gera starfsmönnum kleift að samræma betur fjölskylduábyrgð og þátttöku í atvinnulífi skulu ráðuneyti og ríkisstofnanir gefa starfsmönnum kost á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem við verður komið.

6. *Bifreiðastyrkir.*

Í 6. gr. jafnréttislaga er kveðið á um að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um laun, launatengd fríðindi, bifreiðastyrki, vinnuaðstæður og veitingu hvers konar hlunninda. Störf skulu því skilgreind með hliðsjón af því hvort bílastyrkja sé þörf.

7. *Starfsmat — starfslýsingar.*

Kerfisbundið mat á störfum ríkisstarfsmanna fari fram í því skyni að framfylgja 4. gr. jafnréttislaga sem kveður á um að greiða skuli konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Taka skal tillit til reynslu og þekkingar sem starfsmenn hafa öðlast, t.d. við ólaunuð umönnunar-, uppeldis- og heimilisstörf. Öllum atvinnurekendum ber skylda til að framfylgja ákvæði 4. gr. jafnréttislaganna. Lagt er fyrir stjórnvöld að þau framfylgi ákvæðinu.

B. Verkefni ráðuneyta og stofnana á þeirra vegum.

Hér fer á eftir kafli varðandi einstök ráðuneyti og stofnanir á þeirra vegum og eru ráðuneytin hvert um sig ábyrg fyrir framkvæmd einstakra liða sem undir þau heyra.

1. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

1.1. *Staða kynja hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.*

Markvisst verði unnið að því að ráða fleiri konur í störf rannsóknarlögreglumanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Auglýst verði eftir konum til starfa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins til að ná þessu markmiði, sbr. 5. og 7. gr. jafnréttislaga.

1.2. *Nauðgunarbrot.*

Á árinu 1984 skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem fékk það hlutverk að kanna rannsóknir og meðferð nauðgunarmála og gera tillögur til úrbóta. Eftirfarandi tillögur nefndarinnar koma til framkvæmda á gildistíma þessarar áætlunar:

1.2.1. *Breytingar á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940,* en kaflinn fjallar um kynferðisafbrot. Þar er m.a. lagt til að ákvæði um kynferðisafbrot verði ókynbundin, að ákvæði laganna verði samræmd ríkjandi viðhorfum nú á dögum og að refsivernd verði almennt aukin þannig að ýmsar kynferðisathafnir verði lagðar að jöfnu við samræði.

1.2.2. *Breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974.*

Markmið þeirra breytinga er að dregið verði úr skaðlegum áhrifum brots og málsmeðferðar á brotaþola og tryggja þeim bætur fyrir fjártjón og miska. Jafnframt að styrkja refsivörslukerfið í baráttunni við refsiverð brot.

1.2.3. *Haldin verði námskeið fyrir lögreglumenn og starfsfólk heilbrigðisþjónustu.*

Jafnframt verði fræðsla um kynferðisafbrot aukin í grunnnámi lögreglumanna.

1.3. *Staða kvenna innan kirkjunnar.*

Dómsmálaráðuneytið beini þeim tilmælum til biskupsstofu að staða kvenna innan kirkjunnar verði sérstaklega skoðuð. Einkum verði kannað hlutfall kynjanna í ýmsum nefndum og ráðum innan kirkjunnar, svo sem sóknarnefndum og kirkjuráði. Óskað verði eftir því að biskupsstofa beiti sér fyrir því með tilmælum og fræðslu að unnið verði að því að jafna hlutfall kynjanna í trúnaðarstörfum hjá þjóðkirkjunni.

2. Félagsmálaráðuneytið.

2.1. *Staða karla í breyttu samfélagi.*

Gerð verði úttekt á stöðu karla í breyttu samfélagi með það að leiðarljósi að jafna fjölskylduábyrgð kynjanna. Starfshópur mun leggja fram áfangaskýrslu í maí 1992 sem verði grundvöllur sérstakrar áætlunar um framkvæmd þessara mála.

2.2. *Jafnréttisráðgjafi.*

Ráðinn verði jafnréttisráðgjafi á tímabilinu til reynslu. Hlutverk jafnréttisráðgjafa verði að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum. Enn fremur vinni hann í samvinnu við atvinnuráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur og starfi í náinni samvinnu við jafnréttisnefndir þar sem þær eru starfandi.

Mikilvægt er að starf jafnréttisráðgjafa efli starfsemi atvinnuþróunarfélaga og atvinnuráðgjafa. Komið verði á fót til reynslu miðstöð í einu kjördæmi þar sem saman starfi atvinnuráðgjafi og jafnréttisráðgjafi sem vinni m.a. að málefnum kvenna í landbúnaði.

2.3. *Vinnuvernd.*

Gerð verði úttekt á nokkrum hefðbundnum kvennastörfum, svo sem umönnunar- og þjónustustörfum, með það að markmiði að draga fram tengslin milli atvinnu annars vegar og streitu, álags og slitsjúkdóma hins vegar. Sérstakur gaumur verði gefinn að einhæfum störfum. Með niðurstöðum úttektarinnar verði lagður grunnur að tillögum til að bæta vinnuumhverfið. Jafnframt verði lögð áhersla á kynningu og umræðu í þeim tilgangi að auka skilning á atvinnusjúkdómum sem tengjast hefðbundnum kvennastörfum og koma í veg fyrir þá.

2.4. *Launamunur kynjanna.*

Á árunum 1992 og 1993 verði valdar fimm stórar ríkisstofnanir og athuguð kjör karla og kvenna, þ.e. laun, aðrar greiðslur og fríðindi innan þeirra. Verkefnið verði unnið í samráði við verkefnisstjórn norræna launaverkefnisins á Íslandi.

2.5. *Starfsmenntun.*

Væntanleg löggjöf um starfsmenntun í atvinnulífinu verði nýtt sérstaklega til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðnum og stuðla að auknu atvinnuöryggi þeirra. Á undanförnum árum hefur félagsmálaráðuneytið stutt starfsmenntunarnámskeið fyrir ófaglærðar konur sem t.d. annast ræstingar og standa að matvælaframleiðslu. Áfram skal lögð áhersla á stuðning ráðuneytisins við slíkt námskeiðahald.

2.6. *Orsakir brottflutnings kvenna úr dreifbýli í þéttbýli.*

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands verði falin nánari úrvinnsla gagna um búferlaflutninga, með sérstöku tilliti til kynferðis þeirra sem flutt hafa af landsbyggðinni eða hafa slíkan flutning í hyggju. Stofnunin hefur kannað ástæður búferlaflutninga fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins.

2.7. *Rekstur kvennaathvarfs og annarra félagasamtaka sem aðstoða konur sem þolendur ofbeldis og sifjaspella.*

Skipuð verði nefnd sem geri úttekt á og setji fram tillögur um það hvernig tryggja megi sem best rekstrargrundvöll félagasamtaka sem aðstoða konur og börn sem eru þolendur ofbeldis og sifjaspella. Í henni eigi sæti fulltrúar dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka.

2.8. *Stefnumótun í málefnum fjölskyldunnar.*

Unnið skal að heildarstefnumótun í málefnum fjölskyldunnar. Landsnefnd um alþjóðaár fjölskyldunnar 1994 mun leggja fram tillögur þar að lútandi. Í tillögunum verði sérstök áhersla lögð á stuðningsaðgerðir varðandi uppeldi og umönnun meðlima fjölskyldunnar. Jafnframt skal þess gætt að einstaklingar innan fjölskyldunnar eigi kost á að taka þátt í atvinnulífinu samhliða heimilisstörfum.

3. Fjármálaráðuneytið.

3.1. *Stjórnsýslufræðsla ríkisins – sérstök námskeið fyrir konur.*

Stjórnsýslufræðsla ríkisins skipuleggi sérstök námskeið fyrir konur sem starfa hjá ríkinu og hafi það að markmiði að auka hæfni þeirra og veiti þeim möguleika á stöðuhækkunum.

3.2. *Nefndaskipan.*

Í nefndum á vegum fjármálaráðuneytis er fjalla um launakjör, þóknanir og hlunnindi verði skipan háttað þannig að hún samrýmist ákvæðum 12. gr. laga nr. 28/1991.

3.3. *Lög um tekjuskatt og eignarskatt.*

Við endurskoðun núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt verði gætt jafnréttissjónarmiða karla og kvenna.

3.4. *Lög um lífeyrissjóði.*

Sett verði lög um lífeyrissjóði. Við þá lagasetningu verði tillit tekið til jafnréttis kvenna og karla, jafnframt verði réttindi heimavinnandi fólks athuguð sérstaklega.

3.5. *Gagnasöfnun.*

Fjármálaráðuneyti geri reglulega, í samráði við félagsmálaráðuneyti, athuganir á starfskjörum ríkisstarfsmanna. Þessar athuganir verði gerðar með tilliti til karla og kvenna.

4. Forsætisráðuneytið.

4.1. *Fjarvinnslustofur.*

Fjarvinnsla verði efld og Byggðastofnun verði falið að vekja athygli opinberra stofnana á verkefnum sem henta til fjarvinnslu og aðstoða þær eins og þurfa þykir.

4.2. *Laun kvenna og karla.*

Þjóðhagsstofnun gefi áfram reglulega út yfirlitsskýrslu um tekjur einstaklinga. Þar komi fram atriði eins og tekjur eftir atvinnugreinum og starfsstéttum, aldri, kyni og enn fremur tekjudreifing.

4.3. *Efling heimilisiðnaðar.*

Heimilisiðnaður og verkmenntun verði efld og stuðningur við hönnun í smáiðnaði verði aukinn. Til hliðsjónar verði hafðar niðurstöður nefndar um eflingu heimilisiðnaðar, en nefndin hefur m.a. kynnt sér atvinnumál kvenna á landsbyggðinni og þróun smáiðnaðar á Norðurlöndum.

5. Hagstofan.

5.1. *Tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla.*

Hagstofunni verði falið að gefa reglubundið út litla handbók sem hafi að geyma tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kvenna og karla hér á landi, en Hagstofan tekur þátt í norrænu verkefni um útgáfu slíkra upplýsinga.

Við reglubundna hagskýrslugerð verði, svo sem unnt er og þar sem það á við, unnar og birtar tölur fyrir bæði kynin sérstaklega.

5.2. *Tölfræðileg úttekt á sifjamálum.*

Hagstofan haldi áfram og auki við tölfræðilegar upplýsingar um sifjamál.

5.3. *Eignarréttur að fasteignum.*

Hagstofu Íslands og Fasteignamati ríkisins verði falið að vinna úttekt á því hverjir eigi fasteignir hér á landi. Tilgangur slíkrar úttektar verði að vekja athygli kvenna á eignastöðu sinni. Við skýrslugerðina ber að gæta þess að engir einstaklingar séu þar greinanlegir.

5.4. *Tölfræðileg úttekt á launamun kvenna og karla.*

Lokið verði við úrvinnslu gagna Hagstofunnar um launamun kynjanna og útgáfa fari sem fyrst fram.

6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

6.1. *Lög um fæðingarorlof.*

Á gildistíma þessarar áætlunar verði lögfestar reglur sem tryggja jafnan rétt foreldra til töku fæðingarorlofs og til greiðslna í fæðingarorlofi óháð því hvort um er að ræða opinberan starfsmann eða starfsmann á almennum vinnumarkaði. Jafnframt verði gildandi lög um fæðingarorlof endurskoðuð að því er varðar sjálfstæðan rétt feðra til töku fæðingarorlofs.

6.2. *Konur og möguleikar þeirra til réttinda hjá Tryggingastofnun ríkisins.*

Athugað verði hvort jafnrétti ríki við útreikninga örorkubóta hjá Tryggingastofnun ríkisins, þ.e. hvort hefðbundið mat á hlutverkum kynja sé hugsanlega lagt til grundvallar.

6.3. *Stofnuð verði neyðarmóttaka* þar sem boðið verði upp á samræmda og markvissa þjónustu við fórnarlömb kynferðisafbrota og annars ofbeldis.

7. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

7.1. *Könnun á stöðu kvenna í iðnaði.*
Iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipi sérstaka nefnd til þess að gera úttekt á stöðu kvenna í iðnaði og móta tillögur í þá átt að jafna hlut kynjanna á öllum starfs- og stjórnunarstigum.

7.2. *Fræðslustarfsemi.*
Unnið verði áfram í samráði við Iðntæknistofnun að námskeiðum sem nýtast konum sérstaklega. Dæmi um slík námskeið eru: Verkstjórn, stofnun og rekstur fyrirtækja, fjarnám í ferðaþjónustu og leiðbeinendanámskeið í starfsfræðslu.

7.2.1. *Námskeið fyrir konur um frumkvæði í atvinnulífinu.*
Lagt er til að Iðntæknistofnun fái sérstaka fjárveitingu til að undirbúa og efna til tveggja daga námskeiða fyrir konur í sveitarfélögum og dreifbýli. Fjallað verði fyrst og fremst um stefnumótun og frumkvæði, leiðir til að meta hugmyndir með hliðsjón af mismunandi forsendum og aðferðum. Einnig verði kennt að gera verk-, tíma- og kostnaðaráætlanir þannig að hugmyndunum sé breytt í framkvæmanleg verkefni.

7.3. *Áherslur.*
Lögð verði áhersla á endurmenntun og starfsmenntun fyrir konur er vilja fara að nýju út á atvinnumarkaðinn og takast á hendur störf í iðnaði.
Efld verði fræðsla um störf í iðnaði og þjónustugreinum á þann veg að þau höfði ekki síður til kvenna en karla og mætti slík fræðsla verða til þess að hvetja konur til starfa í óhefðbundnum kvennagreinum.
Stuðlað verði að því að þekking og menntun kvenna nýtist að jöfnu á við karla við ákvarðanatöku og stjórnunarstöður hinna ýmsu fyrirtækja og stofnana iðnaðarins.

7.4. *Þróunarverkefni.*
Hafið verði fjögurra ára þróunarverkefni í einu byggðarlagi með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur. Verkefnið verði unnið m.a. í samvinnu við atvinnuráðgjafa svæðisins og Byggðastofnun.

7.5. *Jafnrétti til stjórnunarstarfa í bönkum.*
Ráðuneytið fylgi því eftir við ríkisbankana að gerð verði sérstök áætlun um fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum hjá bönkum. Samband íslenskra bankamanna er einnig aðili að þessari áætlunargerð og er að henni unnið.

8. Landbúnaðarráðuneytið.

8.1. *Félagsleg réttindi kvenna í landbúnaði.*
Landbúnaðarráðuneytið athugi ýmis opinber réttindi kvenna í landbúnaði og geri tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf. Samhliða þessari athugun verði kannaðir möguleikar kvenna á landsbyggðinni til að njóta ýmiss konar félagslegrar þjónustu sem sveitarfélögum ber að inna af hendi. Gerðar verði tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf.

8.2. *Atvinnumál kvenna í landbúnaði.*

Landbúnaðarráðuneytið styður það markmið að gera átak til að fjölga atvinnutækifærum kvenna á landsbyggðinni og er reiðubúið til samstarfs við félagasamtök landbúnaðarins við það verkefni.

Í tengslum við átak í atvinnumálum kvenna til sveita verði skipulögð námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja. Námskeiðin taki mið af viðfangsefninu á hverjum stað.

8.3. *Fræðsla fyrir konur í landbúnaði.*

Landbúnaðarráðuneytið beiti sér fyrir fræðslu fyrir konur í landbúnaði. Fræðslan taki til félagskerfis landbúnaðarins, starfa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Jafnframt verði staða landbúnaðarins kynnt og ýmis félagsleg réttindi kvenna á landsbyggðinni.

Leitast verði við að fjölga konum í trúnaðarstörfum á vegum hagsmunasamtaka bænda.

9. Menntamálaráðuneytið.

9.1. *Samfelldur skóladagur.*

Stefnt verður að því að koma á samfelldum skóladegi í grunnskólum eins fljótt og unnt er samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 49/1991.

9.2. *Leikskólinn.*

Hugað verði að endurskoðun laga um leikskóla, nr. 48/1991, í samráði við samtök sveitarfélaga með það fyrir augum að saman fari skuldbindingar, ábyrgð og völd, bæði í fjárhagslegu og faglegu tilliti.

9.3. Menntamálaráðuneytið vinnur samkvæmt tillögum nefndar um eflingu jafnréttis kynjanna á öllum skólastigum. Nefndin starfaði á vegum ráðuneytisins og skilaði hún áliti um framkvæmd jafnréttisfræðslu árið 1990. Stefnt er að því að framkvæmdin taki fjögur ár. Helstu atriðin eru:

9.3.1. *Fræðslufundir og námskeið.*

Starfsfólk allra skólastiga eigi kost á fræðslufundum og námskeiðum um jafnrétti og jafna stöðu kynja í skólum. Þar verði fjallað um stöðu kynja í þjóðfélaginu, starfshætti í skólum, samskipti, sjálfsvitund nemenda o.fl. Þetta á einnig við um fóstru- og kennaranema.

9.3.2. *Starfsmannastefna skóla.*

Starfsmannastefna skóla verði mörkuð með hliðsjón af því að störf innan þeirra séu ekki kynbundin svo að fyrirmyndir nemenda séu ekki of einhæfar.

9.3.3. *Námsefni.*

Náms- og kennslugögn séu án kynjafordóma og staðalmynda og jafnan samin og endurskoðuð með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.

9.3.4. *Náms- og starfsfræðsla.*

Náms- og starfsfræðsla fléttist inn í nám á öllum skólastigum en verði sérstakur þáttur í námi eldri nemenda grunnskóla og í framhaldsskólum.

9.3.5. *Nám í fjölskyldufræðum.*
Í grunn- og framhaldsskólum verði boðið upp á nám í fjölskyldufræðum sem felist m.a. í umfjöllun um stofnun, umhirðu og rekstur heimilis, næringarfræði, barneignir, uppeldi og samskipti kynjanna.

9.3.6. *Fræðsluefni fyrir foreldra.*
Samið verði fræðsluefni fyrir foreldra og forráðamenn barna um stöðu kynja í skólum.

9.3.7. *Skipun framkvæmdanefndar.*
Skipuð hefur verið þriggja manna framkvæmdanefnd til þriggja ára. Hlutverk hennar verði m.a. að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu sem mörkuð er í skýrslu starfshópsins um jafna stöðu kynja í skólum og sjá til þess að lögum um jafnrétti og jafna stöðu kvenna og karla, er varðar menntun, sé framfylgt. Nefndin starfi í samvinnu við aðila frá þeim menntastofnunum sem málin varða.

10. Samgönguráðuneytið.

10.1. *Störf hjá stofnunum sem falla undir samgönguráðuneytið.*
Í stofnunum, sem falla undir samgönguráðuneytið, er meiri hluti þeirra starfa, sem iðn-, tækni- eða háskólamenntun þarf til, unninn af körlum. Hið sama á við um vinnuflokka. Áfram verður unnið að því að jafna hlut kynjanna í þessum störfum.

11. Sjávarútvegsráðuneytið.

11.1. *Gæðaátak í sjávarútvegi.*
Mikill meiri hluti kvenna við sjávarsíðuna um allt land vinnur við fiskiðnað. Í tengslum við gæðaátak sjávarútvegsins, sem nú fer fram, verði sérstaklega skoðað á hvern hátt nýta megi reynslu og þekkingu fiskvinnslukvenna.

11.2. *Þjónustustörf tengd sjávarútvegi.*
Á vegum sjávarútvegsráðuneytisins hefur nokkuð verið unnið að því að færa ýmis þjónustustörf tengd sjávarútvegi frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar.
Lagt er til að áfram verði haldið á þessari braut og að hinar margvíslegu þjónustugreinar tengdar þessari atvinnugrein verði skoðaðar með það í huga að auka fjölbreytni í störfum við sjávarsíðuna. Við þá athugun verði þess sérstaklega gætt að reynsla og hæfni kvenna á viðkomandi stað verði nýtt.

12. Umhverfisráðuneytið.

12.1. *Jafnréttisáætlun umhverfisráðuneytisins.*
Umhverfisráðuneytið hefur samið jafnréttisáætlun og hefur hlutaðeigandi stofnunum sem heyra undir ráðuneytið og hafa 20 starfsmenn eða fleiri verið falið að semja slíka áætlun.
Þar sem því verður við komið verður stefnt að því að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum í ráðuneytinu. Boðið verður upp á sveigjanlegan vinnutíma þar sem því verður við komið. Umhverfisráðuneytið vinnur markvisst að því að auka hlut kvenna í nefnd-

um sem tengjast ráðuneytinu og er ávallt vakin athygli á 12. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir og starfshópa.

13. Utanríkisráðuneytið.

13.1. *Staða kvenna í utanríkisþjónustunni.*

Utanríkisráðuneytið kanni hvernig auka megi tækifæri kvenna til starfsframa í utanríkisþjónustunni. Í framhaldi af því verði settar fram tillögur um hvernig möguleikar kvenna og karla á þessu sviði verði jafnaðir.

Settar hafa verið reglur sem auka möguleika á starfsframa ritara. Frekari útfærsla fari fram.

13.2. *Konur í þróunarríkjunum.*

Í öllum þróunarverkefnum á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði sérstakur gaumur gefinn að stöðu kvenna. Öll þróunarverkefni taki þannig mið af því að vinna kvenna í þróunarlöndunum er undirstaða viðkomandi samfélags og að bætt staða þeirra er forsenda framþróunar.

Ráðnar verði konur á vegum Þróunarsamvinnustofnunarinnar til að fylgja slíku starfi eftir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Fyrstu lögin um jafnrétti kvenna og karla voru sett á árinu 1976. Ný jafnréttislög tóku gildi 1985, en gildandi lög, nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, tóku gildi í mars 1991 og eru þau mun ítarlegri en eldri lögin frá 1985. Í 17. gr. gildandi laga er kveðið á um að félagsmálaráðherra beri að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisráðs. Í áætluninni skulu koma fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Þetta ákvæði er hliðstætt eldra ákvæði í lögum nr. 65/1985 en þar var einungis kveðið á um skyldu félagsmálaráðherra til að kynna fyrir Alþingi framangreinda áætlun og var það gert í annað sinn vorið 1991. Framkvæmdaáætlunin, sem hér er lögð fram, er endurskoðuð áætlun ríkisstjórnarinnar frá febrúar 1991 að fengnum breytingartillögum Jafnréttisráðs og einstakra ráðuneyta.

Fyrsta framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar samkvæmt lögum nr. 65/1985 var lögð fyrir Alþingi í desember 1986. Hún var sett upp með nokkuð öðrum hætti en hér er gert. Í henni voru sett fram markmið á fjórum sviðum sem stefnt skyldi að á gildistíma áætlunarinnar. Þessi svið voru atvinnu- og launamál, menntun og fræðsla, trúnaðarstöður og ábyrgð og félagsleg atriði. Í skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála, sem félagsmálaráðherra lagði fyrir Alþingi í mars 1991, var gerð grein fyrir því hvernig tókst að ná fram þeim markmiðum sem sett voru í fyrstu framkvæmdaáætluninni.

Framkvæmdaáætlunin byggir á því sjónarmiði sem fram kemur í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að stjórnvöldum beri skylda til að vinna að bættri stöðu kvenna í samfélaginu. Í lögunum er jafnframt tekið fram að markvisst skuli unnið að því að jafna stöðu kvenna á vinnumarkaði og veitt er heimild til sérstakra tímabundinna aðgerða til að ná því markmiði. Með lagasetningunni var stjórnvöldum gert að

sýna fordæmi og eiga frumkvæði að aðgerðum á þessu sviði. Í framkvæmdaáætluninni er lögð áhersla á skyldur ráðherra og ráðuneyta til að vinna að því að jafna stöðu kvenna og karla, hverra á sínu sérsviði. Með þessu er ekki verið að draga úr mikilvægi þess að unnið sé að bættri stöðu kvenna á hinum almenna vinnumarkaði. Í áætluninni er einmitt lögð áhersla á að verkefni ráðuneytanna tengist hinum almenna vinnumarkaði. Stjórnvöld geta og eiga á grundvelli frumkvæðisskyldu sinnar að vinna að bættri stöðu kvenna alls staðar í samfélaginu.

Endurskoðun á gildandi framkvæmdaáætlun fór þannig fram að ráðuneytum, Hagstofunni og Jafnréttisráði var gefinn kostur á að gera á henni breytingar og/eða bæta við nýjum atriðum ef þau teldu þörf á. Jafnframt var fjármálaráðuneyti beðið um að fara sérstaklega yfir kaflann um starfsmannamál ríkisins.

Meginmarkmið.

Meginmarkmið þessarar framkvæmdaáætlunar er að bæta stöðu kvenna innan ráðuneytanna og undirstofnana þeirra, jafnframt því að hafa jákvæð áhrif á stöðu kvenna almennt á vinnumarkaðnum.

Áhersla er m.a. lögð á eftirfarandi þætti:

1. Starfsmannamál ríkisins.
2. Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á öllum skólastigum.
3. Launamál kvenna og karla.
4. Aðgerðir til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði.
5. Sérstakar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna í dreifbýli.
6. Ýmis félagsleg réttindi.

Í framkvæmdaáætluninni er lögð áhersla á hin ýmsu verkefni sem leitt geta til meiri jafnaðar kynjanna í samfélaginu. Einstök ráðuneyti eru kölluð til ábyrgðar á tilgreindum verkefnum sem unnin skulu af viðkomandi ráðuneyti. Til að slíkar áætlanir beri árangur er brýnt að Jafnréttisráð taki reglulega saman yfirlit yfir stöðu mála.

Starfsmannamál ríkisins.

Í byrjun ársins 1989 tóku gildi jafnréttisáætlanir hjá ráðuneytum og þeim ríkisstofnunum sem eru með 20 starfsmenn eða fleiri í vinnu. Þær áætlanir taka fyrst og fremst á starfsmannastefnu viðkomandi ráðuneytis/ríkisstofnunar. Í áfangaskýrslu Jafnréttisráðs um jafnréttisáætlanir ríkisstofnana, sem birt var í september 1991, er gerð grein fyrir framgangi þessara jafnréttisáætlana.

Kaflanum um starfsmannamál ríkisins í þessari framkvæmdaáætlun er ætlað að vera rammi að starfsreglum sem hvert ráðuneyti og ríkisstofnun útfæri nánar og hafi að leiðarljósi við gerð sérstakra jafnréttisáætlana til fjögurra ára í senn. Þessi rammi yrði þannig framhald af gildandi jafnréttisáætlunum, en þær falla úr gildi árið 1993. Öll ákvæðin byggja á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991.

Í ákvæði um auglýsingar á lausum stöðum er lagt til að stofnanir láti koma fram hvatningu í auglýsingu þess efnis að konur jafnt sem karlar sæki um þær. Þetta ákvæði byggir á 5. gr. jafnréttislaga en þar er kveðið á um að atvinnurekendur skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og 7. gr. sömu laga hljóðar svo:

„Starf, sem laust er, skal standa opið konum jafnt sem körlum. Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu. Ákvæði þessarar greinar gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.“

Í 5. gr. jafnréttislaga er kveðið á um að atvinnurekendur skuli vinna sérstaklega að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar. Í framkvæmdaáætluninni er lögð á það áhersla að það kynið, sem er í minni hluta í starfsgrein, skuli að öðru jöfnu ganga fyrir þegar umsækjandi er jafnhæfur eða hæfari. Þetta er í samræmi við túlkun Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála.

Lagt er til að ríkisstjórnin setji sér það markmið að hlutur kvenna í nefndum á vegum ríkisins nái 30% í lok gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar. Hér er átt við heildarþátttöku í nefndum á vegum hvers ráðuneytis, en ekki er miðað við 30% í hverri nefnd. Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 1985 er ákvæði um að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið. Í gildandi lögum er fastar að orði kveðið og hljóðar 12. gr. laganna svo: „Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð.“ Lagaákvæðið frá 1985 hefur skilað nokkrum árangri á allra síðustu árum, en fram kemur í úttektum Jafnréttisráðs á hlut kvenna og karla í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins að hlutur kvenna var um 11% árin 1985 og 1987, en í apríl 1990 var hlutur kvenna orðinn um 16,6%. Þetta hlutfall er þó mun lægra en víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum, t.d. er hlutur kvenna í opinberum stjórnum, nefndum og ráðum í Noregi orðinn 36%.

Í áfangaskýrslu Jafnréttisráðs um jafnréttisáætlanir ríkisstofnana 1991 kemur fram að þau ráðuneyti, sem settu sér það markmið að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum og tilgreindu leiðir til að ná því markmiði, hafa náð árangri umfram önnur. Þær leiðir, sem einkum urðu fyrir valinu, voru tvær, annars vegar svokölluð tilnefningarleið og hins vegar að minna tilnefningaraðila á ákvæði 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Sem dæmi um slíkan árangur má nefna nefndir á vegum landbúnaðarráðuneytis, en þar hefur hlutur kvenna aukist töluvert eða úr 3,8% í 10,2%.

Til þess að sem gleggst mynd fáist af þróun jafnréttismála hjá hinu opinbera er mikilvægt að fjármálaráðuneyti taki árlega saman hagskýrslur með tilliti til karla og kvenna um ráðningar, stöðuhækkanir, aukagreiðslur og fleira hjá starfsmönnum ríkisins sem Jafnréttisráð fengi til nánari úrvinnslu.

Fylgiskjal I.

Staða kvenna.

Rétt þykir að rekja hér í stuttu máli samanburð á stöðu kvenna og karla almennt. Jafnframt er gerður ítarlegur samanburður á greiðslum til starfsmanna ríkisins á árabilinu 1987 til 1991. Einungis er fjallað um þá málaflokka þar sem fyrir liggja tölfræðilegar upplýsingar. Erfitt er hins vegar að meta breytingu á viðhorfum til kynjanna, til hlutverka þeirra og stöðu í samfélaginu.

1. Menntun.

Skólaárið 1976/1977 voru konur rúm 47% þeirra nemenda sem luku stúdentsprófi en skólaárið 1989/90 voru þær rúm 60% brautskráðra stúdenta.

Konur voru 17,5% brautskráðra nemenda frá Iðnskólanum í Reykjavík vorið 1975 en voru orðnar 30% brautskráðra nemenda vorið 1989. Konur velja sér hinar hefðbundu iðngreinar og útskrifuðust þær af 9 brautum en karlar af 29 brautum í Iðnskólanum árið 1988. Konur voru 14% af brautskráðum nemendum í Tækniskóla Íslands á árabilinu 1987 til 1989, en þar endurspeglast einnig mjög hið hefðbundna námsval kynjanna.

Frá árinu 1985 hafa konur verið í meiri hluta í framhaldsskólum landsins og einnig sem nýnemar við Háskóla Íslands. Hlutur kvenna í Háskóla Íslands hefur aukist töluvert á undanförnum árum. Skólaárið 1975/1976 voru konur 20% af útskriftarhópnum. Á árabilinu 1987 til 1989 voru þær orðnar 52% brautskráðra. Nám á háskólastigi vitnar að hluta til um kynbundið námsval á framhaldsskólastiginu, þannig voru konur 16% brautskráðra úr verkfræðideild á sama árabili. Aftur á móti hefur orðið mikil aukning á fjölda kvenna í öðrum greinum s.s. lögfræði, en þær voru um 29% brautskráðra árið 1981 en voru orðnar 54% vorið 1989.

2. Atvinnuþátttaka.

Í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar, sem gerð var í apríl 1991, kom fram að þegar miðað er við atvinnuþátttöku allra einstaklinga á aldrinum 16 til 74 ára voru 72% kvenna í einhverri vinnu utan heimilis á móti 85% karla, en af þeim voru 88% karla í fullu starfi á móti 49% kvenna. Sama ár voru heimavinnandi konur 11,8% á móti 0,2% karla. Þessi könnun var hin fyrsta sinnar tegundar hér á landi.

Samkvæmt gögnum frá Þjóðhagsstofnun hefur atvinnuþátttaka íslenskra kvenna aukist ár frá ári. Sérstaklega hefur þáttur giftra kvenna vaxið, hins vegar er atvinnuþátttaka ógiftra mæðra yfirleitt meiri en giftra mæðra. Þegar miðað er við konur á aldrinum 16 til 74 ára voru 90,1% þeirra í launuðu starfi utan heimilis árið 1986 samanborið við 76% árið 1975.

Hafa ber í huga að könnun Þjóðhagsstofnunar er unnin á annan hátt en vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar og eru þessar kannanir því ekki samanburðarhæfar.

3. Atvinnuleysi.

Í yfirliti um atvinnuleysi á árabilinu 1980 til 1990 kemur fram að öll árin voru hlutfallslega fleiri konur en karlar atvinnulausar. Konur á landsbyggðinni hafa fundið sérstaklega fyrir atvinnuleysinu. Á árinu 1991 var 1,7% atvinnuleysi meðal kvenna á móti 1,3% hjá körlum á ársgrundvelli. Lítill munur hefur verið á atvinnuleysi kvenna og karla á höfuðborgarsvæðinu, en töluverður munur hefur verið víðast á landsbyggðinni, t.d. var 3,9% atvinnuleysi meðal kvenna á Suðurnesjum, en 1,3% meðal karla á sama svæði á árinu 1991.

Þegar litið er á atvinnuleysi á undanförnum mánuðum kemur hið sama í ljós. Í janúar 1992 var 7,3% atvinnuleysi meðal kvenna á landsbyggðinni og í febrúar var það 4,8%, hjá körlum á landsbyggðinni var atvinnuleysið 4,3% í janúar og 3,1% í febrúar.

4. Tekjur.

4.1. *Samanburður milli tekna kvenna og karla almennt:*

Konur voru u.þ.b. helmingur launþega árið 1986. En hlutur þeirra í heildaratvinnutekjum var rétt um 33%. Styttri vinnudagur kvenna vegur hér þungt.

Heildartekjur kvenna í fullu starfi hafa verið rúm 60% af heildartekjum fullvinnandi karla frá árinu 1980 eða 60,3% árið 1980; 60,7% árið 1986 en náðu 63% af heildartekjum karla í árslok 1988. Samanburðarhæfar eldri tölur eru því miður ekki til. Meiri menntun kvenna virðist því tæplega hafa skilað sér í auknu launajafnrétti.

Í könnun jafnréttisnefndar B.H.M. kemur fram að laun háskólamenntaðra kvenna í fullu starfi á árinu 1988 voru tæp 75% af launum fullvinnandi karla.

4.2. *Launasamanburður kvenna og karla hjá ríkinu fyrir árin 1987, 1989 og 1991:*

Í janúar 1992 lét félagsmálaráðherra kanna og bera saman laun karla og kvenna hjá hinu opinbera. Í þessum samanburði er um að ræða kyngreindar launagreiðslur starfsmanna ríkisins á árunum 1987, 1989 og 1991 fyrir hvert stöðugildi. Stofnanir ríkisins eru flokkaðar eftir ráðuneytum annars vegar á A-hluta fjárlaga og hins vegar á B-hluta fjárlaga. Þessi samanburður er sýndur í fylgiskjali III, töflum 1-17 hér á eftir. Þessar launagreiðslur skiptast í yfirvinnu, álag, nefndarlaun og greiddan kostnað (akstur, dagpeningar innanlands, símakostnaður, fæðispeningar o.fl.) og eru þær settar fram hér bæði sem hlutfallslegur mismunur (tafla 2) og sem mismunur á hlutfalli af dagvinnulaunum (tafla 1).

Í töflu 1 er sýnt hversu hlutfallslega hærra hlutfall aukagreiðslna rennur til karla en kvenna fyrir hvert stöðugildi.

Tafla 1

Hlutfallslegur mismunur karla og kvenna á vægi aukagreiðslna.

Í %	1987	1989	1991
Yfirvinnulaun	84,44	74,75	77,61
Álagslaun	50,43	30,22	31,25
Nefndarlaun	366,67	307,32	334,78
Kostnaðargreiðslur	488,89	417,31	239,74
Heildaraukagreiðslur	85,75	77,01	77,62

Þó að nokkuð hafi dregið úr þessum mismun frá 1987, þá hefur mismunurinn aukist aftur frá 1989 til 1991 viðvíkjandi öllum liðum nema vegna greidds kostnaðar en verulega hefur dregið úr þeim mismun frá árinu 1989. Þannig er yfirvinnuhlutfall karla um 78% hærra en kvenna árið 1991 en var um 84% hærra árið 1987 og um 75% hærra 1989. Hlutfall álagslauna til karla er um 31% hærra en til kvenna árið 1991, en um 50% hærra árið 1987 og um 30% hærra árið 1989. Hlutfall nefndarlauna til karla er um 335% hærra en til kvenna árið 1991, en um 366% hærra árið 1987 og um 307% hærra árið 1989. Hlutfall greidds kostnaðar til karla er um 240% hærra en til kvenna árið 1991, en um 489% hærra árið 1987 og um 307% hærra árið 1989.

Samanburðurinn hér að framan sýnir fyrst og fremst magnmismun milli kynjanna en ekki mismun á greiðslum fyrir sömu einingu eins og yfirvinnustund eða vaktaálag, svo framarlega sem körlum og konum eru greidd sömu laun fyrir sömu vinnu.

Í töflu 2 er hins vegar bætt við þeim tekjumismun sem felst í að fleiri karlar en konur eru í hærri launaflokkum hins opinbera. Tekjumismunur þessi er reiknaður á hvert stöðugildi.

Tafla 2
Hlutfallslegur tekjumismunur karla og kvenna hjá hinu opinbera.

Í %	1987	1989	1991
Yfirvinnulaun	123,29	108,84	114,10
Álagslaun	82,12	55,51	58,16
Nefndarlaun	464,98	383,46	430,08
Kostnaðargreiðslur	612,96	516,62	308,11
Heildaraukagreiðslur	124,89	111,50	114,09
Dagvinnulaun	21,07	19,49	20,55
Heildarlaun	49,98	45,48	48,15

Í töflu 2 koma fram sömu megindrættir og í töflu 1 nema að hér er mismunurinn alls staðar meiri, þar sem hér bætist við tekjumunur ólíkra stöðugilda karla og kvenna.

Mikið hefur dregið úr þessum mismun frá 1987, en hefur aukist nokkuð aftur frá 1989 til 1991 viðvíkjandi öllum liðum nema vegna greidds kostnaðar en verulega hefur dregið úr þeim mismun frá árinu 1989. Þannig eru yfirvinnulaun karla um 114% hærri en kvenna árið 1991 en voru um 123% hærri árið 1987 og um 109% hærri árið 1989. Álagslaun til karla eru um 58% hærri en kvenna árið 1991, en voru um 82% hærri árið 1987 og um 56% hærri árið 1989. Nefndarlaun karla eru um 430% hærri en kvenna árið 1991, en voru um 464% hærri árið 1987 og um 383% hærri árið 1989. Greiddur kostnaður til karla er um 308% hærri en til kvenna árið 1991, en var um 613% hærri árið 1987 og um 517% hærri árið 1989. Heildaraukagreiðslur eru þannig um 114% hærri hjá körlum en konum 1991, en voru um 125% hærri 1987 og tæplega 112% hærri 1989. Dagvinnulaun eru tæplega 21% hærri hjá körlum en konum árið 1991, en voru rúmlega 21% hærri árið 1987 og rúmlega 19% hærri árið 1989.

Samtals eru heildarlaun karla um 48% hærri en kvenna árið 1991, en voru um 50% hærri árið 1987 og um 45% hærri árið 1989.

5. Stjórnun og ábyrgð.

Sveitarstjórnir: Konur voru 4% sveitarstjórnarmanna árið 1974, þeim fjölgaði í rúm 19% árið 1986 og voru orðnar 21,7% árið 1990.

Ef einungis er litið á hlutfall kvenna í borgar/bæjarstjórnum þá var það 8,3% árið 1974, en var komið í 28,9% árið 1986 og náði 32,4% árið 1990. Hlutfall kvenna í hreppsnefndum er mun lægra en eykst þó stöðugt: Þær voru 15,3% hreppstjórnarmanna eftir kosningar 1986, en voru orðnar 21% árið 1990.

Á höfuðborgarsvæðinu eru konur 45% borgar/bæjarfulltrúa. Þær eru í meiri hluta í tveimur nágrannabæjum Reykjavíkur og í borgarstjórn Reykjavíkur sitja nú 7 konur og 8 karlar.

Alþingi: Á árabilinu 1971 til 1983 voru aðeins 3 konur á Alþingi Íslendinga eða 5%, en eftir kosningarnar 1983 urðu þær 9 eða 15% og munaði þar mest um þingmenn Kvennalistans. Eftir kosningar 1987 voru konur orðnar 20% þingmanna. Á Alþingi sitja nú 15 konur eða 24% þingmanna. Hlutur kvenna á þingum hinna Norðurlandanna er mun meiri, til dæmis eru konur 33% danskra þingmanna og 38,5% finnskra þingmanna.

Í krafti aukinnar menntunar hafa konur sótt inn í embættismannastéttina. Hlutur kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan ráðuneyta og ríkisstofnana hefur aukist á undanförnum árum. Árið 1987 voru konur 32% þeirra sem gegndu ábyrgðarstörfum innan ráðuneyta, en árið 1985 voru þær 24%.

6. Félagsleg réttindi.

Ýmis mikilvæg félagsleg réttindi hafa áunnist á síðustu árum, sem skipta miklu máli með hliðsjón af jafnrétti kynjanna. Nefna má að fæðingarorlof hefur lengst verulega. Í kjarasamningum hefur verið um það samið að eftir tveggja ár starf hjá sama vinnuveitanda teljist fjarvistir vegna fæðingarorlofs til starfstíma við mat á ýmsum réttindum. Flest allir launþegar eiga nú einhvern rétt til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna, en ekki er tillit tekið til barnafjölda í fjölskyldu þegar rétturinn er metinn. Líklegt er að oftar sé boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma í dag en var fyrir um það bil 10 til 15 árum. Engar tölfræðilegar upplýsingar liggja þó fyrir um það.

7. Skólamál.

Í liðlega fjórðu hverri fjölskyldu á Íslandi eru börn á forskólaaldri. Þetta hlutfall er mun hærra en víðast annars staðar í nágrannalöndunum. Örugg og góð gæsla fyrir börnin er forsenda þess að báðir foreldrar geti unnið utan heimilis. Hér á landi hefur áhersla verið lögð á uppbygginu leikskóla fyrir aldurshópinn 3-5 ára og eru hálfsdagsrými algengust. Árið 1981 voru 21,6% allra barna 0-5 ára í hálfsdagsvistun á leikskóla, sambærileg tala fyrir 1990 er 30,3%. Þetta hlutfall hefur þó lítið breyst frá árinu 1986. Í heilsdagsvistun voru 7,8% allra barna 0-5 ára árið 1981, en árið 1990 var þessi tala komin í 11,3%.

Heildarfjöldi barna í leikskólum í hlutfalli af öllum 0-5 ára börnum var 41,5% árið 1990, borið saman við 29,4% árið 1981. Veruleg aukning hefur því orðið á þessu tímabili, en hún kom aðallega fram á árabilinu 1981 til 1986. Lítil breyting hefur orðið frá árinu 1987 þegar litið er á heildarfjölda barna í leikskólum í hlutfalli af öllum 0-5 ára börnum. Þess má geta að 56,8% 3-5 ára barna var í leikskóla hluta úr degi árið 1990.

Í skýrslu sem unnin var af félagsvísindastofnun Háskólans árið 1989 voru foreldrar 4-5 ára barna spurð að því hvort þau teldu að stjórnvöld styddu vel eða illa við bakið á foreldrum með börn á forskólaaldri. Töldu 6,6% að þau gerðu það vel eða mjög vel, en 66,5% töldu þau gera það frekar illa eða mjög illa. Er brýnt að bæta úr þörf barnafjölskyldna fyrir öruggri gæslu barna með aukningu á heilsdags leikskólarýmum. Slíkar aðgerðir bæta vissulega stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Kennslufyrirkomulag í grunnskólum tekur víðast ekki mið af þeirri staðreynd að á flestum heimilum vinna báðir foreldrar utan heimilis. Í sumum skólum er boðið upp á samfelldan skóladag og gæslu fyrir yngri börn. Með því móti dvelja börnin í skólanum samfellt hálfan dag. Hins vegar er skóladagurinn víða rofinn og takmarkar það verulega möguleika kvenna til að stunda vinnu utan heimilis.

Fylgiskjal II.

Umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Hér er um að ræða viðamikla áætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Í fyrri hluta hennar eru sett fram almenn markmið er lúta að starfsmannamálum ríkisins en í síðari hluta eru sett fram verkefni á vegum einstakra ráðuneyta eða stofnana þeirra. Framkvæmdaáætlunin felur í sér margs konar aðgerðir og má skipta þeim í nokkra flokka.

A. Aðgerðir sem fela í sér að:
   1. jafna hlut kvenna í störfum, nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkisins,
   2. starfsfólki sé ekki mismunað eftir kynferði og gildir það m.a. um laun, launatengd fríðindi, bílastyrki, vinnuaðstæður og veitingu hvers konar hlunninda,
   3. kynin hafa jafna möguleika til framhaldsmenntunar, starfsþjálfunar og til að sækja námskeið.

Fyrri hluti framkvæmdaáætlunarinnar snýr nær eingöngu að þessu. Í flestum tilfellum ættu þessar aðgerðir ekki að hafa kostnaðarauka í för með sér þar sem ekki er stefnt að fjölgun starfa heldur að hlutur kvenna og karla í viðkomandi stéttum eða hjá viðkomandi stofnun verði sem jafnastur.

B. Ýmiss konar athuganir eða úttektir með það að markmiði að bæta stöðu kvenna og jafna stöðu kynjanna. Kostnaðarauki vegna slíkra kannanna þarf ekki að vera mikill. Ef niðurstöður leiða hins vegar til nýrrar eða aukinnar starfsemi á vegum ríkisins getur það haft verulegan kostnaðarauka í för með sér nema ef forgangsröðun verkefna er endurmetin.

C. Aðgerðir sem fela í sér breytingar á löggjöf til að tryggja réttindi kvenna og að jafnréttissjónarmiða sé gætt. Kostnaðaráhrif geta verið mjög misjöfn eftir því hvað er verið að fjalla um. T.d. má leiða getum að því að viðamiklar breytingar á lögum um fæðingarorlof geta haft mikinn kostnaðarauka í för með sér en kostnaðaráhrif endurskoðunar á lögum um tekju- og eignarskatt eru mjög óljós.

D. Ný eða aukin starfsemi á vegum ríkisins sem þjónar þeim tilgangi að bæta stöðu barna og fjölskyldunnar og að auka jafnrétti kynjanna. Sem dæmi má nefna samfelldan skóladag, efling heimilisiðnaðar og verkmenntunar og aukinn stuðning við hönnun í smáiðnaði, stofnun neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisafbrota og annars ofbeldis o.fl. Þessi flokkur hefur að öllum líkindum mest áhrif til hækkunar á kostnaði nema forgangsröðun verkefna verði endurmetin.

E. Ýmiss konar fræðslustarfsemi sem í grófum dráttum er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða námskeið sem auka eiga möguleika kvenna til að bæta stöðu sína. Hins vegar er fræðslustarfsemi sem hefur það að markmiði að upplýsa og auka skilning á stöðu kvenna, jafnrétti og mikilvægi þess að jafna stöðu kynjanna. Einhver kostnaðarauki hlýst væntanlega af fræðslustarfsemi en hann þarf ekki að verða mjög mikill, t.d. ef fræðsla er viðbót við nám eða ef nýtt er aðstaða sem er þegar fyrir hendi.

F. Ýmiss konar stefnumótun og þróunarverkefni. Kostnaðaráhrif eru óljós.

Ekki verður séð að samþykkt þessarar þingsályktunartillögu jafngildi skuldbindingu um aukin ríkisútgjöld. Frekar verður að líta svo á að um ákveðna viljayfirlýsingu sé að ræða um forgangsröðun verkefna þegar til þess kemur að deila út takmörkuðu ráðstöfunarfé ríkissjóðs.

Fylgiskjal III.

Töflur yfir launasamanburð.

Skýringar með töflum 1 til 17.

Allar tölur í töflunum eru reiknaðar sem meðaltöl á stöðugildi. Hinar margvíslegu aukagreiðslur eru flokkaðar í fjóra flokka þ.e. yfirvinnu, álag, nefndarlaun og ýmsar kostnaðargreiðslur. Skiptingin í töflunum byggist á flokkun eftir valdssviði ráðuneyta og er skipt upp, annars vegar í A-hluta stofnanir og hins vegar B-hluta stofnanir fjárlaga. Upptalning þeirra B-hluta stofnana sem eru meðtaldar fylgir með þessu skjali.

Í töflum 1 til 4 eru hlutföll hinna ýmsu greiðslutegunda af dagvinnu eftir kynjum. Í töflu 5 eru þessar greiðslur teknar samtals.

Í töflum 6 til 10 er reiknaður hlutfallslegur mismunur talnanna í töflum 1 til 5, þannig að plús tölur sýna hversu hlutfallslega hærra hlutfall karla er en kvenna, en mínus tölur sýna hversu hlutfallslega hærra hlutfall kvenna er en karla.

Í töflum 11 til 17 er hins vegar beinn hlutfallslegur samanburður á sömu tekjuliðum og áður, auk dagvinnulauna og heildarlauna.

Merkingar í töflunum:

„...“ merkir að enginn grundvöllur er fyrir samanburði t.d. að engin kona eða karl vinni í viðkomandi stofnanahópi.

„∞“ merkir að munurinn er hlutfallslega ómælanlega mikill þar sem engin slík greiðsla fellur öðru hvoru kyninu í skaut, þrátt fyrir að bæði kynin starfi í viðkomandi stofnanahópi. Eingöngu er um plústölur að ræða, þar sem karlar eru alltaf með slíkar greiðslur nema þar sem hvorugt kynið fær slíkar greiðslur og hlutfallslegur mismunur er því enginn.

Yfirlit yfir B-hluta stofnanir sem eru meðtaldar:

Menntamálaráðuneytið:
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna,
Sameiginlegur kostnaður skólanna á Laugarvatni,
Verkefna- og námsstyrkjasjóður KÍ,
Lánasjóður íslenskra námsmanna,
Ríkisútvarp,
Þjóðleikhús,
Sinfóníuhljómsveit Íslands,
Menningarsjóður.

Utanríkisráðuneytið:
Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli,
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli,
Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Landbúnaðarráðuneytið:
Rannsóknarstofnun landbúnaðarins tilraunastöð Hesti, Hvanneyri,
Rannsóknarstofnun landbúnaðarins tilraunastöð Reykhólum,
Rannsóknarstofnun landbúnaðarins tilraunastöð Sámsstöðum,
Laxeldisstöðin Kollafirði,
Einangrunarstöð Hrísey.

Sjávarútvegsráðuneytið:
Síldarverksmiðjur ríkisins,
Rannsóknarstofnanir sjávarútvegsins bygging.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið:
Lögbirtingarblaðið,
Kristnisjóður.

Félagsmálaráðuneytið:
Byggingarsjóður ríkisins.

Fjármálaráðuneytið:
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins,
Lyfjaverslun ríkisins,
Innkaupastofnun ríkisins,
Arnarhvoll,
Húseignin Borgartúni 7,
Tollstöðvarhús,
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.

Samgönguráðuneytið:
Póstur og sími,
Skipaútgerð ríkisins,
Vita- og hafnarmál þjónustumiðstöð.

Iðnaðarráðuneytið:
Rafmagnsveitur ríkisins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið:
Ríkisspítalar, stofnanir.

Tafla 1 Hlutfall yfirvinnu af dagvinnu

	í %	KARLAR			KONUR		
		1987	1989	1991	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir						
0	Æðsta stjórn ríkisins	36,00	21,69	26,13	29,70	24,18	23,66
1	Forsætisráðuneyti	45,50	50,07	57,30	39,40	32,44	36,18
2	Menntamálaráðuneyti	33,20	44,25	49,53	15,90	24,66	26,90
3	Utanríkisráðuneyti	77,80	62,39	60,99	50,20	50,09	46,81
4	Landbúnaðarráðuneyti	32,40	41,35	41,58	22,40	29,55	30,08
5	Sjávarútvegsráðuneyti	41,50	58,79	71,46	28,40	36,68	43,47
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	55,00	54,80	58,44	34,30	36,15	34,45
7	Félagsmálaráðuneyti	42,70	54,94	52,95	24,30	29,78	33,54
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	18,40	23,60	34,74	18,00	23,57	23,14
9	Fjármálaráðuneyti	46,40	51,02	55,85	27,60	32,04	29,40
10	Samgönguráðuneyti	69,20	77,82	76,37	40,30	47,68	45,24
11	Iðnaðarráðuneyti	58,50	65,05	74,31	36,40	39,91	46,47
12	Viðskiptaráðuneyti	36,80	42,86	51,89	17,80	32,26	33,96
13	Hagstofa Íslands	41,20	43,92	55,23	24,80	15,38	25,07
14	Umhverfisráðuneyti	...	143,75	58,90	...	10,35	45,29
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	52,50	...	...	30,40	...	...
	B hluta stofnanir						
22	Menntamálaráðuneyti	49,40	47,65	57,15	35,10	35,62	37,89
23	Utanríkisráðuneyti	97,80	105,61	78,03	174,90	99,64	113,76
24	Landbúnaðarráðuneyti	58,00	76,08	83,94	37,30	66,88	65,10
25	Sjávarútvegsráðuneyti	20,00	22,61	29,05	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	31,58	10,20	26,15	14,66
27	Félagsmálaráðuneyti	69,00	87,13	93,03	47,70	51,98	57,50
29	Fjármálaráðuneyti	59,20	71,14	64,87	40,10	49,77	50,84
30	Samgönguráðuneyti	73,20	67,77	71,46	37,20	35,79	36,90
31	Iðnaðarráðuneyti	67,10	66,51	82,04	26,10	40,90	50,98
88	Ríkisspítalar, stofnanir	40,80	48,93	55,88	31,20	30,28	35,14
	SAMTALS	47,40	52,04	56,41	25,70	29,78	31,76

Tafla 2

Hlutfall álags af dagvinnu

	í %	KARLAR			KONUR		
		1987	1989	1991	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir						
0	Æðsta stjórn ríkisins	10,30	2,23	2,40	6,90	2,53	2,61
1	Forsætisráðuneyti	11,20	4,78	6,04	9,30	3,57	4,22
2	Menntamálaráðuneyti	9,80	4,58	4,33	6,10	4,14	4,22
3	Utanríkisráðuneyti	33,50	20,51	16,59	15,10	12,50	9,43
4	Landbúnaðarráðuneyti	9,80	7,37	6,51	8,00	5,62	6,84
5	Sjávarútvegsráðuneyti	10,20	5,69	5,23	7,00	4,80	4,54
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	26,30	21,98	23,85	11,70	8,39	8,73
7	Félagsmálaráðuneyti	18,10	12,17	13,45	18,00	15,73	17,52
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	38,70	25,83	17,15	8,20	4,37	5,80
9	Fjármálaráðuneyti	11,70	4,12	4,19	7,00	4,13	4,40
10	Samgönguráðuneyti	21,50	14,20	15,77	14,00	9,71	10,75
11	Iðnaðarráðuneyti	11,40	3,37	3,02	7,70	4,39	3,86
12	Viðskiptaráðuneyti	8,20	2,94	3,14	5,00	3,81	4,08
13	Hagstofa Íslands	7,40	2,43	2,42	5,90	3,63	4,01
14	Umhverfisráðuneyti	...	1,47	7,58	...	1,88	7,25
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	18,00	...	...	14,90	...	...
	B hluta stofnanir						
22	Menntamálaráðuneyti	16,60	12,66	11,55	13,40	11,98	13,01
23	Utanríkisráðuneyti	38,40	32,05	33,17	47,90	22,24	22,91
24	Landbúnaðarráðuneyti	25,30	15,63	18,13	9,10	3,29	2,69
25	Sjávarútvegsráðuneyti	10,60	9,39	7,53	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	2,44	6,20	3,41	3,64
27	Félagsmálaráðuneyti	10,30	2,96	3,12	8,50	4,01	4,33
29	Fjármálaráðuneyti	14,80	5,23	6,04	13,80	4,07	4,37
30	Samgönguráðuneyti	18,30	9,41	12,05	13,50	8,03	8,24
31	Iðnaðarráðuneyti	33,30	19,60	17,04	6,50	4,54	4,60
88	Ríkisspítalar, stofnanir	31,00	14,94	15,81	21,30	15,88	15,22
	SAMTALS	17,60	10,60	10,50	11,70	8,14	8,00

Tafla 3

Hlutfall nefndarlauna af dagvinnu

í %

		KARLAR			KONUR	
		1987	1989	1991	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir						
0	Æðsta stjórn ríkisins	2,60	0,67	0,80	2,00	0,47	1,40
1	Forsætisráðuneyti	2,90	3,16	3,64	0,00	0,55	0,00
2	Menntamálaráðuneyti	0,50	0,46	0,64	0,20	0,29	0,26
3	Utanríkisráðuneyti	2,40	3,94	5,31	0,00	0,88	0,00
4	Landbúnaðarráðuneyti	1,60	0,71	0,26	1,30	0,00	0,00
5	Sjávarútvegsráðuneyti	2,10	2,16	1,69	0,50	0,61	0,60
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1,00	1,45	1,93	0,30	0,00	0,13
7	Félagsmálaráðuneyti	3,20	3,77	3,90	0,40	0,54	0,75
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	6,40	7,08	9,91	0,60	1,06	0,89
9	Fjármálaráðuneyti	3,60	7,29	10,44	1,50	3,59	4,56
10	Samgönguráðuneyti	1,10	1,33	2,02	0,40	0,74	0,99
11	Iðnaðarráðuneyti	1,00	1,40	0,71	0,10	0,02	0,02
12	Viðskiptaráðuneyti 1	1,70	8,87	6,86	0,00	0,07	0,12
13	Hagstofa Íslands 2	12,40	25,06	25,27	0,20	2,73	5,37
14	Umhverfisráðuneyti	...	0,00	2,32	...	0,00	1,36
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun 1	2,00	...	...	0,00	...	...
	B hluta stofnanir						
22	Menntamálaráðuneyti	0,90	1,58	1,05	0,50	1,10	0,95
23	Utanríkisráðuneyti	4,40	3,62	2,38	0,00	0,00	0,00
24	Landbúnaðarráðuneyti	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
25	Sjávarútvegsráðuneyti 13	10,00	0,00	0,00	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	0,00	0,00	0,00	0,00
27	Félagsmálaráðuneyti 1	4,80	17,45	12,34	0,60	4,50	1,74
29	Fjármálaráðuneyti	1,50	4,82	5,88	0,10	0,37	0,46
30	Samgönguráðuneyti	0,20	0,11	0,12	0,10	0,01	0,01
31	Iðnaðarráðuneyti	0,70	0,72	0,78	0,00	0,00	0,00
88	Ríkisspítalar, stofnanir	1,00	0,61	0,87	0,00	0,02	0,00
	SAMTALS	1,40	1,67	2,00	0,30	0,41	0,46

Tafla 4

Hlutfall kostnaðargreiðslna af dagvinnu

	í %		KARLAR			KONUR		
			1987	1989	1991	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir							
0	Æðsta stjórn ríkisins		1,50	12,21	12,35	0,50	5,50	5,77
1	Forsætisráðuneyti		3,50	3,62	3,57	1,20	0,31	0,67
2	Menntamálaráðuneyti		0,70	0,74	1,00	0,20	0,21	0,35
3	Utanríkisráðuneyti		3,90	1,57	2,58	0,50	0,96	1,36
4	Landbúnaðarráðuneyti		8,00	10,24	9,45	6,20	5,56	4,38
5	Sjávarútvegsráðuneyti		6,30	6,98	6,69	3,60	2,47	2,44
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		5,80	7,01	6,91	2,70	2,73	3,03
7	Félagsmálaráðuneyti	1	0,00	10,88	11,32	1,10	1,38	1,72
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	1	2,00	15,38	13,45	3,20	4,74	9,76
9	Fjármálaráðuneyti	1	3,10	5,19	4,96	2,10	1,09	1,19
10	Samgönguráðuneyti	1	5,50	15,38	16,85	9,60	2,82	3,74
11	Iðnaðarráðuneyti	1	0,50	12,90	14,07	2,70	4,11	4,38
12	Viðskiptaráðuneyti		2,20	3,28	2,44	2,10	3,02	2,20
13	Hagstofa Íslands		1,40	1,84	1,65	0,00	0,19	0,19
14	Umhverfisráðuneyti		...	0,00	5,53	...	0,00	2,72
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun		1,30	...	...	0,00	...	...
	B hluta stofnanir							
22	Menntamálaráðuneyti		0,60	0,76	0,78	0,30	0,24	0,21
23	Utanríkisráðuneyti		0,20	0,47	0,07	0,70	0,60	0,23
24	Landbúnaðarráðuneyti		6,30	0,87	0,34	0,00	1,06	1,84
25	Sjávarútvegsráðuneyti		9,50	11,02	8,27	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	...	7,76	0,00	0,00	4,02
27	Félagsmálaráðuneyti		1,80	1,78	1,40	0,10	0,00	0,00
29	Fjármálaráðuneyti		2,80	2,19	2,51	0,70	0,21	0,27
30	Samgönguráðuneyti		2,20	1,90	1,88	0,80	0,99	1,09
31	Iðnaðarráðuneyti	3	14,00	15,83	17,01	0,90	1,93	2,54
88	Ríkisspítalar, stofnanir		7,30	8,36	8,65	0,60	0,75	0,93
	SAMTALS		5,30	5,38	5,30	0,90	1,04	1,56

Tafla 5 Hlutfall heildaraukagreiðslna af dagvinnu

	í %	KARLAR			KONUR		
		1987	1989	1991	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir						
0	Æðsta stjórn ríkisins	50,40	36,80	41,68	39,10	32,68	33,44
1	Forsætisráðuneyti	63,10	61,63	70,55	49,90	36,87	41,07
2	Menntamálaráðuneyti	44,20	50,03	55,50	22,40	29,30	31,73
3	Utanríkisráðuneyti	117,60	88,41	85,47	65,80	64,43	57,60
4	Landbúnaðarráðuneyti	51,80	59,67	57,80	37,90	40,73	41,30
5	Sjávarútvegsráðuneyti	60,10	73,62	85,07	39,50	44,56	51,05
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	88,10	85,24	91,13	49,00	47,27	46,34
7	Félagsmálaráðuneyti	74,00	81,76	81,62	43,80	47,43	53,53
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	75,50	71,89	75,25	30,00	33,74	39,59
9	Fjármálaráðuneyti	74,80	67,62	75,44	38,20	40,85	39,55
10	Samgönguráðuneyti	107,30	108,73	111,01	64,30	60,95	60,72
11	Iðnaðarráðuneyti	81,40	82,72	92,11	46,90	48,43	54,73
12	Viðskiptaráðuneyti	58,90	57,95	64,33	24,90	39,16	40,36
13	Hagstofa Íslands	72,40	73,25	84,57	30,90	21,93	34,64
14	Umhverfisráðuneyti	...	145,22	74,33	...	12,23	56,62
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	83,80	...	...	45,30	...	...
	B hluta stofnanir						
22	Menntamálaráðuneyti	67,50	62,65	70,53	49,30	48,94	52,06
23	Utanríkisráðuneyti	140,80	141,75	113,65	223,50	122,48	136,90
24	Landbúnaðarráðuneyti	89,60	92,58	102,41	46,40	71,23	69,63
25	Sjávarútvegsráðuneyti	170,10	43,02	44,85	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	41,78	16,40	29,56	22,32
27	Félagsmálaráðuneyti	95,90	109,32	109,89	56,90	60,49	63,57
29	Fjármálaráðuneyti	78,30	83,38	79,30	54,70	54,42	55,94
30	Samgönguráðuneyti	93,90	79,19	85,51	51,60	44,82	46,24
31	Iðnaðarráðuneyti	135,10	102,66	116,87	33,50	47,37	58,12
88	Ríkisspítalar, stofnanir	80,10	72,84	81,21	53,10	46,93	51,29
	SAMTALS	71,70	69,69	74,21	38,60	39,37	41,78

Tafla 6 Hlutfallslegur mismunur yfirvinnuhlutfalls af dagvinnu

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins	21,21	-10,30	10,44
1	Forsætisráðuneyti	15,48	54,35	58,37
2	Menntamálaráðuneyti	108,81	79,44	84,13
3	Utanríkisráðuneyti	54,98	24,56	30,29
4	Landbúnaðarráðuneyti	44,64	39,93	38,23
5	Sjávarútvegsráðuneyti	46,13	60,28	64,39
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	60,35	51,59	69,64
7	Félagsmálaráðuneyti	75,72	84,49	57,87
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	2,22	0,13	50,13
9	Fjármálaráðuneyti	68,12	59,24	89,97
10	Samgönguráðuneyti	71,71	63,21	68,81
11	Iðnaðarráðuneyti	60,71	62,99	59,91
12	Viðskiptaráðuneyti	106,74	32,86	52,80
13	Hagstofa Íslands	66,13	185,57	120,30
14	Umhverfisráðuneyti	...	1288,89	30,05
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	72,70	...	...
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti	40,74	33,77	50,83
23	Utanríkisráðuneyti	-44,08	5,99	-31,41
24	Landbúnaðarráðuneyti	55,50	13,76	28,94
25	Sjávarútvegsráðuneyti	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	115,42
27	Félagsmálaráðuneyti	44,65	67,62	61,79
29	Fjármálaráðuneyti	47,63	42,94	27,60
30	Samgönguráðuneyti	96,77	89,35	93,66
31	Iðnaðarráðuneyti	157,09	62,62	60,93
88	Ríkisspítalar, stofnanir	30,77	61,59	59,02
	SAMTALS	84,44	74,75	77,61

Tafla 7 Hlutfallslegur mismunur álagslaunahlutfalls af dagvinnu

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins	49,28	-11,86	-8,05
1	Forsætisráðuneyti	20,43	33,89	43,13
2	Menntamálaráðuneyti	60,66	10,63	2,61
3	Utanríkisráðuneyti	121,85	64,08	75,93
4	Landbúnaðarráðuneyti	22,50	31,14	-4,82
5	Sjávarútvegsráðuneyti	45,71	18,54	15,20
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	124,79	161,98	173,20
7	Félagsmálaráðuneyti	0,56	-22,63	-23,23
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	371,95	491,08	195,69
9	Fjármálaráðuneyti	67,14	-0,24	-4,77
10	Samgönguráðuneyti	53,57	46,24	46,70
11	Iðnaðarráðuneyti	48,05	-23,23	-21,76
12	Viðskiptaráðuneyti	64,00	-22,83	-23,04
13	Hagstofa Íslands	25,42	-33,06	-39,65
14	Umhverfisráðuneyti	...	-21,81	4,55
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	20,81	...	...
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti	23,88	5,68	-11,22
23	Utanríkisráðuneyti	-19,83	44,11	44,78
24	Landbúnaðarráðuneyti	178,02	375,08	573,98
25	Sjávarútvegsráðuneyti	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	-32,97
27	Félagsmálaráðuneyti	21,18	-26,18	-27,94
29	Fjármálaráðuneyti	7,25	28,50	38,22
30	Samgönguráðuneyti	35,56	17,19	46,24
31	Iðnaðarráðuneyti	412,31	331,72	270,43
88	Ríkisspítalar, stofnanir	45,54	-5,92	3,88
	SAMTALS	50,43	30,22	31,25

Tafla 8 Hlutfallslegur mismunur nefndarlaunahlutfalls af dagvinnu

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins	30,00	42,55	-42,86
1	Forsætisráðuneyti	∞	474,55	∞
2	Menntamálaráðuneyti	150,00	58,62	146,15
3	Utanríkisráðuneyti	∞	347,73	∞
4	Landbúnaðarráðuneyti	23,08	∞	∞
5	Sjávarútvegsráðuneyti	320,00	254,10	181,67
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	233,33	∞	1384,62
7	Félagsmálaráðuneyti	700,00	598,15	420,00
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	966,67	567,92	1013,48
9	Fjármálaráðuneyti	140,00	103,06	128,95
10	Samgönguráðuneyti	175,00	79,73	104,04
11	Iðnaðarráðuneyti	900,00	6900,00	3450,00
12	Viðskiptaráðuneyti	∞	12571,43	5616,67
13	Hagstofa Íslands	11100,00	817,95	370,58
14	Umhverfisráðuneyti	...	0,00	70,59
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	∞	...	...
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti	80,00	43,64	10,53
23	Utanríkisráðuneyti	∞	∞	∞
24	Landbúnaðarráðuneyti	0,00	0,00	0,00
25	Sjávarútvegsráðuneyti	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	0,00
27	Félagsmálaráðuneyti	2366,67	287,78	609,20
29	Fjármálaráðuneyti	1400,00	1202,70	1178,26
30	Samgönguráðuneyti	100,00	1000,00	1100,00
31	Iðnaðarráðuneyti	∞	∞	∞
88	Ríkisspítalar, stofnanir	∞	2950,00	∞
	SAMTALS	366,67	307,32	334,78

Tafla 9 Hlutfallslegur mismunur kostnaðarhlutfalls af dagvinnu

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins	200,00	122,00	114,04
1	Forsætisráðuneyti	191,67	1067,74	432,84
2	Menntamálaráðuneyti	250,00	252,38	185,71
3	Utanríkisráðuneyti	680,00	63,54	89,71
4	Landbúnaðarráðuneyti	29,03	84,17	115,75
5	Sjávarútvegsráðuneyti	75,00	182,59	174,18
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	114,81	156,78	128,05
7	Félagsmálaráðuneyti	809,09	688,41	558,14
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	275,00	224,47	37,81
9	Fjármálaráðuneyti	523,81	376,15	316,81
10	Samgönguráðuneyti	61,46	445,39	350,53
11	Iðnaðarráðuneyti	288,89	213,87	221,23
12	Viðskiptaráðuneyti	4,76	8,61	10,91
13	Hagstofa Íslands	∞	868,42	768,42
14	Umhverfisráðuneyti	...	0,00	103,31
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	∞	...	...
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti	100,00	216,67	271,43
23	Utanríkisráðuneyti	-71,43	-21,67	-69,57
24	Landbúnaðarráðuneyti	∞	-17,92	-81,52
25	Sjávarútvegsráðuneyti	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	93,03
27	Félagsmálaráðuneyti	1700,00	∞	∞
29	Fjármálaráðuneyti	300,00	942,86	829,63
30	Samgönguráðuneyti	175,00	91,92	72,48
31	Iðnaðarráðuneyti	3677,78	720,21	569,69
88	Ríkisspítalar, stofnanir	1116,67	1014,67	830,11
	SAMTALS	488,89	417,31	239,74

Tafla 10 Hlutfallslegur mismunur heidaraukagreiðsluhlutfalls af dagvinnu

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins	28,90	12,61	24,64
1	Forsætisráðuneyti	26,45	67,15	71,78
2	Menntamálaráðuneyti	97,32	70,75	74,91
3	Utanríkisráðuneyti	78,72	37,22	48,39
4	Landbúnaðarráðuneyti	36,68	46,50	39,95
5	Sjávarútvegsráðuneyti	52,15	65,22	66,64
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	79,80	80,33	96,66
7	Félagsmálaráðuneyti	68,95	72,38	52,48
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	151,67	113,07	90,07
9	Fjármálaráðuneyti	95,81	65,53	90,75
10	Samgönguráðuneyti	66,87	78,39	82,82
11	Iðnaðarráðuneyti	73,56	70,80	68,30
12	Viðskiptaráðuneyti	136,55	47,98	59,39
13	Hagstofa Íslands	134,30	234,02	144,14
14	Umhverfisráðuneyti	...	1087,41	31,28
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	84,99	...	...
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti	36,92	28,01	35,48
23	Utanríkisráðuneyti	-37,00	15,73	-16,98
24	Landbúnaðarráðuneyti	93,10	29,97	47,08
25	Sjávarútvegsráðuneyti	...	...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	...	...	87,19
27	Félagsmálaráðuneyti	68,54	80,72	72,86
29	Fjármálaráðuneyti	43,14	53,22	41,76
30	Samgönguráðuneyti	81,98	76,68	84,93
31	Iðnaðarráðuneyti	303,28	116,72	101,08
88	Ríkisspítalar, stofnanir	50,85	55,21	58,33
	SAMTALS	85,75	77,01	77,62

Tafla 11 Hlutfallslegur mismunur dagvinnulauna á mánuði á hvert stöðugildi

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		25,28	26,51
1	Forsætisráðuneyti		35,48	39,74
2	Menntamálaráðuneyti		13,10	14,96
3	Utanríkisráðuneyti		22,44	24,83
4	Landbúnaðarráðuneyti		19,87	22,62
5	Sjávarútvegsráðuneyti		20,14	19,36
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		18,97	15,73
7	Félagsmálaráðuneyti		20,61	17,17
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		15,43	32,71
9	Fjármálaráðuneyti		33,38	28,52
10	Samgönguráðuneyti		19,07	20,74
11	Iðnaðarráðuneyti		30,07	27,34
12	Viðskiptaráðuneyti		38,43	27,85
13	Hagstofa Íslands		45,87	48,58
14	Umhverfisráðuneyti		31,84	20,26
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		13,24	13,53
23	Utanríkisráðuneyti		22,68	52,13
24	Landbúnaðarráðuneyti		-6,71	12,01
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	66,24
27	Félagsmálaráðuneyti		45,81	41,14
29	Fjármálaráðuneyti		6,76	8,98
30	Samgönguráðuneyti		21,03	17,58
31	Iðnaðarráðuneyti		33,95	36,87
88	Ríkisspítalar, stofnanir		41,39	39,99
	SAMTALS	21,07	19,49	20,55

Tafla 12 Hlutfallslegur mismunur yfirvinnulauna á mánuði á hvert stöðugildi

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		12,40	39,71
1	Forsætisráðuneyti		109,13	121,36
2	Menntamálaráðuneyti		102,93	111,70
3	Utanríkisráðuneyti		52,48	62,64
4	Landbúnaðarráðuneyti		67,71	69,53
5	Sjávarútvegsráðuneyti		92,55	96,22
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		80,33	96,33
7	Félagsmálaráðuneyti		122,47	85,01
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		15,57	99,22
9	Fjármálaráðuneyti		112,39	144,14
10	Samgönguráðuneyti		94,32	103,82
11	Iðnaðarráðuneyti		111,98	103,63
12	Viðskiptaráðuneyti		83,90	95,35
13	Hagstofa Íslands		316,50	227,29
14	Umhverfisráðuneyti		1.732,31	56,41
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		51,48	71,21
23	Utanríkisráðuneyti		30,03	4,34
24	Landbúnaðarráðuneyti		6,13	44,43
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	258,18
27	Félagsmálaráðuneyti		144,40	128,36
29	Fjármálaráðuneyti		52,59	39,06
30	Samgönguráðuneyti		129,15	127,68
31	Iðnaðarráðuneyti		117,85	120,26
88	Ríkisspítalar, stofnanir		128,48	122,64
	SAMTALS	123,29	108,84	114,10

Tafla 13 Hlutfallslegur mismunur álagslauna á mánuði á hvert stöðugildi

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		10,46	16,56
1	Forsætisráðuneyti		81,56	100,09
2	Menntamálaráðuneyti		25,39	19,90
3	Utanríkisráðuneyti		100,87	119,78
4	Landbúnaðarráðuneyti		57,16	16,70
5	Sjávarútvegsráðuneyti		42,47	37,53
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		211,63	216,28
7	Félagsmálaráðuneyti		-6,64	-10,04
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		582,96	292,60
9	Fjármálaráðuneyti		32,93	22,53
10	Samgönguráðuneyti		74,16	77,13
11	Iðnaðarráðuneyti		-0,18	-0,43
12	Viðskiptaráðuneyti		6,66	-1,51
13	Hagstofa Íslands		-2,31	-10,42
14	Umhverfisráðuneyti		3,37	25,86
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		19,63	0,74
23	Utanríkisráðuneyti		76,78	120,27
24	Landbúnaðarráðuneyti		343,51	655,89
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	11,50
27	Félagsmálaráðuneyti		7,47	1,66
29	Fjármálaráðuneyti		36,99	50,77
30	Samgönguráðuneyti		41,76	71,93
31	Iðnaðarráðuneyti		478,78	406,67
88	Ríkisspítalar, stofnanir		33,08	45,44
	SAMTALS	82,12	55,51	58,16

Tafla 14 Hlutfallslegur mismunur nefndarlauna á mánuði á hvert stöðugildi

	Í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		81,37	-28,02
1	Forsætisráðuneyti		677,71	∞
2	Menntamálaráðuneyti		80,88	185,32
3	Utanríkisráðuneyti		449,55	∞
4	Landbúnaðarráðuneyti		∞	∞
5	Sjávarútvegsráðuneyti		326,55	238,36
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		∞	1.575,25
7	Félagsmálaráðuneyti		742,81	513,04
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		671,79	1.380,79
9	Fjármálaráðuneyti		171,34	194,52
10	Samgönguráðuneyti		115,25	145,38
11	Iðnaðarráðuneyti		7.081,25	4.666,67
12	Viðskiptaráðuneyti		17.804,55	7.325,00
13	Hagstofa Íslands		1.236,54	599,50
14	Umhverfisráðuneyti		0,00	104,47
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		62,47	25,89
23	Utanríkisráðuneyti		∞	∞
24	Landbúnaðarráðuneyti		0,00	0,00
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	0,00
27	Félagsmálaráðuneyti		465,76	899,03
29	Fjármálaráðuneyti		1.289,42	1.284,91
30	Samgönguráðuneyti		1.725,00	2.300,00
31	Iðnaðarráðuneyti		∞	∞
88	Ríkisspítalar, stofnanir		4.246,15	47.400,00
	SAMTALS	464,98	383,46	430,08

Tafla 15 Hlutfallslegur mismunur greidds kostnaðar á mánuði á hvert stöðugildi

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		178,19	171,03
1	Forsætisráðuneyti		1.508,76	638,64
2	Menntamálaráðuneyti		289,40	223,67
3	Utanríkisráðuneyti		100,99	137,12
4	Landbúnaðarráðuneyti		120,78	164,58
5	Sjávarútvegsráðuneyti		240,22	227,34
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		205,37	163,74
7	Félagsmálaráðuneyti		848,57	670,24
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		274,80	83,01
9	Fjármálaráðuneyti		536,36	437,80
10	Samgönguráðuneyti		548,70	443,46
11	Iðnaðarráðuneyti		308,54	309,25
12	Viðskiptaráðuneyti		50,26	41,75
13	Hagstofa Íslands		1.286,61	1.225,00
14	Umhverfisráðuneyti		0,00	144,61
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		257,41	324,55
23	Utanríkisráðuneyti		-4,63	-52,70
24	Landbúnaðarráðuneyti		-23,45	-79,45
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	220,82
27	Félagsmálaráðuneyti		∞	∞
29	Fjármálaráðuneyti		1.020,51	928,42
30	Samgönguráðuneyti		132,48	102,74
31	Iðnaðarráðuneyti		996,24	817,52
88	Ríkisspítalar, stofnanir		1.471,57	1.201,38
		612,96	516,62	308,11

Tafla 16 Hlutfallslegur mismunur heildaraukagreiðslna á mánuði á hvert stöðugildi

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		41,13	57,70
1	Forsætisráðuneyti		126,54	140,08
2	Menntamálaráðuneyti		93,13	101,51
3	Utanríkisráðuneyti		67,99	85,25
4	Landbúnaðarráðuneyti		75,60	71,62
5	Sjávarútvegsráðuneyti		98,53	98,93
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		114,50	127,59
7	Félagsmálaráðuneyti		107,90	78,69
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		145,98	152,29
9	Fjármálaráðuneyti		120,84	145,24
10	Samgönguráðuneyti		112,40	120,70
11	Iðnaðarráðuneyti		122,13	114,33
12	Viðskiptaráðuneyti		104,80	103,80
13	Hagstofa Íslands		386,97	262,78
14	Umhverfisráðuneyti		1.466,30	57,89
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		44,94	53,79
23	Utanríkisráðuneyti		41,98	26,29
24	Landbúnaðarráðuneyti		21,27	64,74
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	211,22
27	Félagsmálaráðuneyti		163,52	143,98
29	Fjármálaráðuneyti		63,54	54,50
30	Samgönguráðuneyti		113,82	117,44
31	Iðnaðarráðuneyti		190,34	175,23
88	Ríkisspítalar, stofnanir		119,49	121,66
	SAMTALS	124,89	111,50	114,09

Tafla 17 Hlutfallslegur mismunur heildarlauna á mánuði á hvert stöðugildi

	í %	1987	1989	1991
	A hluta stofnanir			
0	Æðsta stjórn ríkisins		29,18	34,32
1	Forsætisráðuneyti		60,00	68,95
2	Menntamálaráðuneyti		31,23	35,71
3	Utanríkisráðuneyti		40,30	46,91
4	Landbúnaðarráðuneyti		36,00	36,94
5	Sjávarútvegsráðuneyti		44,30	46,25
6	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		49,63	51,15
7	Félagsmálaráðuneyti		48,69	38,62
8	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.		48,36	67,60
9	Fjármálaráðuneyti		58,74	61,59
10	Samgönguráðuneyti		54,42	58,51
11	Iðnaðarráðuneyti		60,11	58,11
12	Viðskiptaráðuneyti		57,11	49,69
13	Hagstofa Íslands		107,24	103,68
14	Umhverfisráðuneyti		188,19	33,86
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun			
	B hluta stofnanir			
22	Menntamálaráðuneyti		23,65	27,31
23	Utanríkisráðuneyti		33,31	37,19
24	Landbúnaðarráðuneyti		4,92	33,65
25	Sjávarútvegsráðuneyti		...	...
26	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		...	92,69
27	Félagsmálaráðuneyti		90,17	81,11
29	Fjármálaráðuneyti		26,77	25,31
30	Samgönguráðuneyti		49,75	49,15
31	Iðnaðarráðuneyti		84,22	87,73
88	Ríkisspítalar, stofnanir		66,34	67,68
	SAMTALS	49,98	45,48	48,15

722. Frumvarp til laga [464. mál]

um yfirskattanefnd.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

Upphafsákvæði.

1. gr.

Ágreiningsmál um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna, þar með talin rekstrartöp, skulu úrskurðuð af sérstakri óháðri nefnd, yfirskattanefnd.

Gildissvið.

2. gr.

Úrskurðarvald yfirskattanefndar tekur til ákvörðunar skatta og gjalda samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um tekjustofna sveitarfélaga, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tryggingagjald, lögum um Iðnlánasjóð, lögum um iðnaðarmálagjald, lögum um Útflutningsráð Íslands, lögum um málefni aldraðra, lögum um skattskyldu innlánsstofnana, lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestinga manna í atvinnurekstri, lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, lögum um virðisaukaskatt, lögum um vörugjald, lögum um sérstakt vörugjald, lögum um bókhald, lögum um almannatryggingar er varða skattákvörðun og öllum öðrum lögum um skattákvörðun.

Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur um öll gjöld sem skattstjórar og ríkisskattstjóri úrskurða um skv. 1. mgr.

Yfirskattanefnd skal úrskurða um sektir skv. 107. gr., sbr. 108. gr., laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skv. 30. gr., sbr. 31. gr., laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og skv. 40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Aðild.

3. gr.

Skattaðilum er heimilt að skjóta til yfirskattanefndar kæruúrskurðum skattstjóra og ríkisskattstjóra um skattákvörðun og skattstofna.

Ríkisskattstjóra er heimilt að kæra úrskurði skattstjóra til nefndarinnar með sama hætti og skattaðilar og að uppfylltum sömu skilyrðum.

Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart yfirskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda. Við ákvörðun sekta kemur skattrannsóknarstjóri fram sem kröfuaðili.

Lögsaga.

4. gr.

Yfirskattanefnd hefur lögsögu á öllu landinu og hefur aðsetur í Reykjavík. Nefndinni er þó heimilt að ákveða málflutning og úrskurða um einstök ágreiningsmál annars staðar á landinu ef hún telur þörf á.

Kærufrestur.

5. gr.

Kærufrestur skattaðila til yfirskattanefndar skal vera 30 dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra. Þá hefur ríkisskattstjóri heimild til þess að skjóta úrskurði skattstjóra til yfirskattanefndar á næstu 30 dögum eftir að úrskurður skattstjóra berst ríkisskattstjóra.

Kærur skattaðila skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Heimilt er yfirskattanefnd að krefja skattaðila um frekari upplýsingar ef hún telur ástæðu til.

Gagnaöflun.

6. gr.

Yfirskattanefnd skal tafarlaust senda ríkisskattstjóra kæru skattaðila ásamt endurriti af þeim gögnum er kunna að fylgja kæru hans. Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 5. gr., skal yfirskattanefnd tafarlaust senda skattaðila endurrit kæru ásamt gögnum er henni fylgdu og gefa skattaðila kost á, innan hæfilegs frests, að koma með andsvör sín og gögn.

Ríkisskattstjóri skal í tilefni af málsmeðferð fyrir yfirskattanefnd afla frumgagna skattstjóra varðandi hina kærðu ákvörðun skattstjóra.

Ríkisskattstjóri skal hafa lagt fyrir yfirskattanefnd innan 45 daga, frá því að honum barst endurrit kæru, rökstuðning í málinu fyrir hönd gjaldkrefjenda og nauðsynleg gögn er hann hefur aflað frá skattstjóra.

Málflutningur.

7. gr.

Skattaðila er heimilt að óska þess að hann eða umboðsmaður hans geti flutt mál munnlega fyrir yfirskattanefnd. Sömu óskir getur ríkisskattstjóri sett fram. Ósk skattaðila eða ríkisskattstjóra um munnlegan málflutning skal koma fram í rökstuðningi hans í kæru. Formaður yfirskattanefndar ákveður hvort munnlegur málflutningur fari fram og skal tilkynna skattaðila og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun sína.

Ef mál er flókið, hefur að geyma vandasöm úrlausnarefni, er sérlega þýðingarmikið eða varðar ágreining um grundvallaratriði í skattarétti eða reikningsskilum er yfirskattanefnd heimilt að ákveða sérstakan málflutning. Skal yfirskattanefnd þá afgreiða mál skv. 4. mgr. 9. gr. og eftir atvikum 10. gr.

Sé eigi þörf á sérstökum málflutningi að mati formanns nefndarinnar skal taka mál til uppkvaðningar úrskurðar að fenginni skriflegri kæru skattaðila og umsögn ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóri skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum fyrir yfirskattanefnd að því marki sem hann telur ástæðu til. Jafnframt skal ríkisskattstjóri senda viðbótarupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástæða sé til þess að afla frekari gagna. Yfirskattanefnd er ætíð heimilt að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringa ef hún telur málið ekki nægilega upplýst.

Lok málsmeðferðar.

8. gr.

Yfirskattanefnd skal hafa lagt úrskurði á kærur þremur mánuðum eftir að henni hefur borist umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra. Ef rökstuðningur hefur eigi verið nægjanlegur að mati nefndarinnar reiknast þriggja mánaða fresturinn frá þeim tíma er nægjanlegur rökstuðningur barst eða lokagagnaöflun lauk.

Tímamörk 1. mgr. eiga þó ekki við ef yfirskattanefnd hefur ákveðið sérstakan málflutning skv. 2. mgr.

Nefndarmenn.

9. gr.

Í yfirskattanefnd skulu sitja sex menn sem skipaðir skulu til sex ára í senn er allir hafa starfið að aðalstarfi. Skulu nefndarmenn fullnægja skilyrðum, sem sett eru í 86. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um embættisgengi skattstjóra. Fjármálaráðherra skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar og annan varaformann. Báðir skulu uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Ætíð skal annaðhvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn hvers máls. Laun nefndarmanna skulu ákveðin af Kjaradómi.

Formaður yfirskattanefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber á henni ábyrgð. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Formaður úthlutar nefndarmönnum málum til meðferðar og skipar þeim í deildir ef yfirskattanefnd starfar deildaskipt. Varaformaður er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti þegar formaður situr eigi í nefnd.

Í hverju máli skulu þrír nefndarmenn úrskurða eftir nánari ákvörðun formanns yfirskattanefndar.

Hafi yfirskattanefnd ákveðið sérstakan málflutning, sbr. 2. mgr. 7. gr., skulu fimm nefndarmenn taka þátt í úrlausn máls.

Sérfróðir aðilar.

10. gr.

Yfirskattanefnd er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Skulu þeir aðilar starfa með yfirskattanefnd eftir nánari ákvörðun formanns eða varaformanns.

Sératkvæði.

11. gr.

Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru eigi sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þríklofnar í afstöðu sinni eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni ræður atkvæði formanns eða varaformanns ef formaður situr ekki í nefndinni.

Skattframtal sem kæra.

12. gr.

Berist yfirskattanefnd kæra sem rökstudd er með skattframtali sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra skal nefndin senda kæruna til skattstjóra til uppkvaðningar nýs úrskurðar. Nefndin skal tilkynna skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun.

Með slíkt mál skal skattstjóri fara skv. 99. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og ljúka úrskurði innan tveggja mánaða frá því að honum barst málið til meðferðar frá yfirskattanefnd.

Rökstuðningur úrskurðar.

13. gr.

Úrskurðir yfirskattanefndar skulu ítarlega rökstuddir þannig að í forsendum þeirra komi skýrt fram á hvaða málsástæðum, kæruefnum og skattheimildum sé byggt.

Útgáfa úrskurða.

14. gr.

Yfirskattanefnd skal gefa út helstu úrskurði nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í þeirri útgáfu en tryggja ber að úrskurðir sem fordæmisgildi hafa birtist þar.

Málskot til dómstóla.

15. gr.

Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má þó bera undir dómstóla.

Vanhæfi nefndarmanns.

16. gr.

Skylt er nefndarmanni að víkja sæti úr nefndinni í máli ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómari í málinu.

Þá er nefndarmanni óheimilt að sitja í nefndinni til úrskurðar um kærumál skattaðila sem hann hefur haft afskipti af í fyrri störfum sínum og varðar skattákvörðun viðkomandi.

Starfsmenn yfirskattanefndar.

17. gr.

Yfirskattanefnd er heimilt að ráða sér starfsmenn til undirbúnings úrlausna mála auk almennra skrifstofustarfa eftir nánari ákvörðun Alþingis á fjárlögum hverju sinni.

Gjaldabreytingar.

18. gr.

Þegar yfirskattanefnd hefur lokið úrskurði máls skal hún senda skattaðila og ríkisskattstjóra eintak úrskurðar og tilkynna innheimtumanni um gjaldabreytingu sem nefndin kann að ákveða samhliða því að endurrit úrskurðar er sent skattstjóra. Skattaðilum skal tilkynnt um niðurstöðu máls og breytingu gjalda í ábyrgðarbréfi.

Óheimil afskipti af skattframkvæmd.

19. gr.

Yfirskattanefndarmönnum er óheimilt að hafa afskipti af skattframkvæmd á öðrum málsstigum eða fyrir einstaka skattaðila.

Reglugerð.

20. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfshætti og störf yfirskattanefndar með reglugerð, þar með talið um réttarfarsreglur sem nefndin skal starfa eftir.

Eftirlit.

21. gr.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með störfum yfirskattanefndar og fylgist með að hún ræki skyldur sínar. Árlega skal yfirskattanefnd senda fjármálaráðherra skýrslu um störf sín.

Sektarmeðferð.

22. gr.

Yfirskattanefnd úrskurðar um sektir fyrir brot á lögum þeim sem talin eru í 2. gr. laga þessara nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar. Við meðferð máls skal gæta ákvæða laga um meðferð opinberra mála að því er varðar rétt sökunautar og varnir hans. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni við ákvörðun sekta og annast kröfugerð í sektarmálum. Úrskurðir nefndarinnar um sektarfjárhæð eru fullnaðarúrskurðir. Sektir skulu renna í ríkissjóð, nema vegna brota á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en þá skal sektarfjárhæð renna í viðkomandi sveitarsjóð.

Um innheimtu sekta gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum sem talin eru upp í 2. gr. laga þessara.

Gildistaka.

23. gr.

Yfirskattanefnd skal hefja störf 1. júní 1992. Skal hún þá taka við störfum ríkisskattanefndar og sektarnefndar staðgreiðslu. Frá sama tíma skulu ríkisskattanefnd, sbr. 89. og 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og sektarnefnd staðgreiðslu, sbr. 31. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, ljúka störfum.

Yfirskattanefnd ber að taka við öllum óloknum ágreiningsmálum fyrir ríkisskattanefnd og sektarnefnd staðgreiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ágreining, sem rís vegna ákvæða laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skal yfirskattanefnd úrskurða um. Einnig skal yfirskattanefnd úrskurða skattsektir vegna sömu laga, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

II.

Í fyrsta sinn við skipun nefndarinnar skulu tveir menn skipaðir til fjögurra ára, tveir til sex ára og tveir til átta ára en eftir það skal hún skipuð skv. 1. mgr. 9. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi því, sem nú er lagt fyrir Alþingi um yfirskattanefnd, er gert ráð fyrir verulegri breytingu á störfum æðsta úrskurðaraðila á stjórnsýslustigi í skattamálum. Er

gert ráð fyrir að ríkisskattanefnd og sektarnefnd staðgreiðslu verði lagðar niður og við störfum þeirra taki nýr úrskurðaraðili, yfirskattanefnd.

Þegar ríkisskattanefnd var mynduð árið 1932 voru starfandi skattanefndir, nema í Reykjavík, sem sáu um álagningu opinberra gjalda. Þá voru jafnframt til yfirskattanefndir sem úrskurðuðu um ágreining milli skattaðila og framteljenda í hverju lögsagnarumdæmi. Það skipulag hélst fram til 1. október 1962 þegar skattanefndir og yfirskattanefndir voru aflagðar. Þá tóku í þess stað til starfa skattstjórar í níu skattumdæmum og embætti ríkisskattstjóra. Á sama tíma hættu störf ríkisskattanefndarmanna að vera aukastörf þar sem ríkisskattstjóri gegndi jafnframt formennsku í ríkisskattanefnd. Vararíkisskattstjóri gegndi á sama tíma starfi varaformanns ríkisskattanefndar í forföllum ríkisskattstjóra. Auk ríkisskattstjóra áttu þá sæti í ríkisskattanefnd tveir aðalmenn og tveir varamenn þeirra.

Árið 1972 verður ríkisskattanefnd að sérstakri stofnun án tengsla við ríkisskattstjóraembættið. Þótt ekkert komi fram um það í þágildandi lögum, sem voru nr. 7/1972, var starf formanns ríkisskattanefndar talið hálft starf. Í þeim lögum voru ákvæði um að ekki mætti skipa þá menn í ríkisskattanefnd sem gegndu ábyrgðar- eða trúnaðarstöðum við stjórn samtaka atvinnurekenda, stéttarfélaga eða á sviði fjármála og skattheimtu hjá ríki og sveitarfélögum. Með lögum nr. 40/1978 er síðan skipuð sú ríkisskattanefnd sem tók til starfa á miðju ári 1980 og starfar enn. Féll þá niður umboð fyrri ríkisskattanefndar þar sem hin nýja ríkisskattanefnd skyldi skipuð þremur föstum starfsmönnum. Því ákvæði var síðar breytt með lögum nr. 7/1980 nokkru áður en nýja nefndin tók til starfa. Voru þá skipaðir í nefndina sex menn, þar af tveir sem skyldu hafa störfin að aðalstarfi en fjórir að hlutastarfi.

Með frumvarpi þessu er nú lagt til að ríkisskattanefnd verði lögð niður og í hennar stað komi ný nefnd sem beri heitið yfirskattanefnd. Ástæða þess að hyggilegt er að skipta um nafn á nefndinni er of mikil samlíking ríkisskattanefndar við ríkisskattstjóraembættið og jafnframt til að undirstrika þá breytingu sem verið er að gera á starfsháttum nefndarinnar. Ríkisskattstjóri sat einnig í ríkisskattanefnd til að byrja með og of margir framteljendur tengja stofnanir þessar saman. Heiti ríkisskattanefndar er einnig villandi að því leyti til að ríkisskattanefnd úrskurðar einnig um öll sveitarsjóðsgjöld auk þinggjalda og annarra ríkisgjalda. Heitið yfirskattanefnd leysir úr þessu en undirstrikar einnig að nefndin sé æðsta úrskurðarvald á stjórnsýslustigi um ágreining í skattamálum á landinu öllu.

Sektarnefnd staðgreiðslu var mynduð með lögum nr. 90/1987. Hlutverk hennar er að úrskurða um sektir vegna brota á staðgreiðslulögum. Í nefndinni hafa setið þrír menn í hlutastarfi, þar af einn sem ríkisskattstjóri tilnefnir. Fyrirkomulag þetta er um margt óhentugt og óeðlilegt; að fulltrúi ríkisskattstjóra, sem fer með framkvæmd á staðgreiðslu, sitji í nefndinni. Er með frumvarpi þessu gert ráð fyrir að nefndin verði lögð niður og störf hennar falin yfirskattanefnd.

Ríkisskattanefnd hefur ekki tekist á þeim tólf árum sem hún hefur starfað að uppfylla þau ákvæði skattalaga er fjalla um greiða málsmeðferð. Ár hvert eru rekin fyrir nefndinni um og yfir 1.000 mál. Nú bíða afgreiðslu hjá nefndinni 1.400 mál og er það svipað og hefur verið undanfarin ár. Algengur biðtími frá því að kærandi leggur fram kæru er 1–2 ár en þó eru þess dæmi að gjaldandi hafi þurft að bíða í 3½ ár þar til ríkisskattanefnd lagði úrskurð á deilumálið. Leita má skýringa á hægfara málsmeðferð m.a. til þess að í nefndinni sitji menn í hlutastarfi.

Ástand þetta er með öllu óviðunandi og nauðsyn ber að efla starfsemi æðsta úrskurðarvaldshafa á stjórnsýslustigi í skattamálum með þeim hætti að tryggt sé að gjaldendur

geti fengið úrlausn mála sinna með eðlilegum hætti á tilskildum tíma. Mikill dráttur á uppkvaðningu úrskurða dregur mjög verulega úr skilvirkni skattframkvæmdar og góðrar innheimtu. Þess gætir nokkuð að innheimta skattkrafna dragist vegna deilumála fyrir ríkisskattanefnd og þar með eykst hættan á tapi ríkissjóðs og sveitarfélaga á skattkröfum. Tafir í afgreiðslu skattamála draga einnig mjög verulega úr að réttaröryggi sé tryggt í stjórnsýslunni. Bæta þarf úr þessu ástandi með eflingu æðsta úrskurðaraðila á stjórnsýslustigi í skattamálum og tryggja þannig greiða skattframkvæmd.

Með frumvarpi þessu er reiknað með að yfirskattanefnd starfi að mörgu leyti eins og dómstóll og verði með þeim hætti æðsta úrskurðarvald á stjórnsýslustigi um ágreining í skattamálum. Þá er einnig unnt að breyta ákvæðum laga um nefndina ef ástæða þykir til þannig að unnt verði að skjóta málum beint frá yfirskattanefnd til Hæstaréttar.

Gert er ráð fyrir að í yfirskattanefnd sitji sex menn í föstu starfi. Verður að telja óeðlilegt með vísan til þess sem að framan er rakið að nefndin sé skipuð mönnum í hlutastarfi. Slíkt fyrirkomulag gæti aukið hættu á að vanhæfi myndaðist hjá nefndarmönnum í hlutastarfi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæði þessu er gert ráð fyrir því að hér á landi starfi sérstakur óháður úrskurðaraðili, yfirskattanefnd, sem úrskurða skal um ágreiningsmál um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna, þar með talið að úrskurða um rekstrartöp í atvinnurekstri. Enn fremur felst í þessu ákvæði að yfirskattanefnd skal úrskurða um rétt skattaðila til ýmissa bóta, svo sem vaxtabóta og afslátta eins og sjómannaafsláttar, heimilisfesti, samsköttunar o.fl.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir því að úrskurðarvald yfirskattanefndar taki til ákvörðunar allra skatta og gjalda sem talin eru upp í frumvarpsgreininni. Enn fremur er það lagt á verksvið yfirskattanefndar að úrskurða um sektir samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt. Jafnframt er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði að nefndin ákvarði sektir um söluskatt meðan á þarf að halda. Samhliða því að yfirskattanefnd taki við að úrskurða um sektir vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda verður lögð niður sérstök nefnd, sektarnefnd staðgreiðslu, sem starfar samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hvernig málskoti til nefndarinnar verði háttað. Er öllum skattaðilum (gjaldendum, framteljendum og sveitastjórum) heimilt að skjóta til nefndarinnar kæruúrskurðum skattstjóra og eftir atvikum ríkisskattstjóra um skattákvörðun og skattstofna. Einnig er sama heimild veitt ríkisskattstjóra sem getur þannig skotið málum til yfirskattanefndar ef hann sættir sig ekki við niðurstöðu skattstjóra. Þá er ríkisskattstjóra gert að koma fram gagnvart yfirskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda en við ákvörðun sekta komi skattrannsóknarstjóri fram sem kröfuaðili um sekt.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að yfirskattanefnd hafi lögsögu fyrir allt landið. Nefndinni er ætlað aðsetur í Reykjavík en er þó heimilt að ákveða málflutning og úrskurða um einstök ágreiningsmál annars staðar á landinu ef sérstakar aðstæður krefjast eða hún telur þörf á.

Um 5. gr.

Ákvæðið er sambærilegt lagaákvæðum um ríkisskattanefnd þar sem kærufrestur skattaðila til nefndarinnar er 30 dagar frá póstlagningu úrskurða skattstjóra eða ríkisskattstjóra.

Þá hefur ríkisskattstjóri heimild til þess að skjóta úrskurði skattstjóra til nefndarinnar í 30 daga eftir að úrskurður skattstjóra berst ríkisskattstjóra. Þar er um að ræða breytingu frá núgildandi ákvæðum en samkvæmt þeim hefur ríkisskattstjóri heimild til þess í allt að þrjá mánuði að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattanefndar. Nú er sú heimild þrengd niður í 30 daga eftir að úrskurður berst ríkisskattstjóra en skv. 99. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal skattstjóri tafarlaust senda ríkisskattstjóra eintak úrskurðar síns eftir að hann hefur verið upp kveðinn. Verður að telja eðlilegt að jafnræði sé á milli aðila hvað þetta varðar og frestur ríkisskattstjóra því styttur verulega.

Í ákvæðinu er einnig nýmæli þar sem yfirskattanefnd er heimilt að krefja skattaðila um frekari upplýsingar ef hún telur ástæðu til. Auk þess er í ákvæðinu sú almenna regla að kærur í skattamálum skuli vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skyldu yfirskattanefndar til að senda ríkisskattstjóra tafarlaust kæru skattaðila ásamt endurriti af gögnum, svo og er gert ráð fyrir að yfirskattanefnd sendi skattaðila endurrit kæru ríkisskattstjóra. Í þessu ákvæði er nýmæli þar sem ríkisskattstjóri skal í tilefni af málsmeðferð fyrir yfirskattanefnd afla frumgagna skattstjóra varðandi hina kærðu ákvörðun skattstjóra. Þessa framkvæmd hefur ríkisskattstjóri haft með höndum undanfarin ár án þess að vera það skylt. Þykir sjálfsagt að lögfesta það og undirstrika þar með að yfirskattanefnd skal ekki sjálf afla gagna heldur sé það á verksviði aðila málsins, í þessu tilfelli ríkisskattstjóra, þar sem skattaðili hefur ekki aðstöðu til þess að fá frumgögn skattstjóra í sínar hendur.

Þá er einnig í ákvæðinu fjallað um frest ríkisskattstjóra til þess að senda rökstuðning frá sér og er hann ákveðinn 45 dagar. Núverandi heimild í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er 30 dagar en hefur í reynd verið allt upp undir eitt ár. Á því hefur reyndar orðið veruleg breyting á undanförnu einu ári en nú er algengt að mál séu u.þ.b. 30–60 daga í umsögn hjá ríkisskattstjóra áður en hann sendir málið til ríkisskattanefndar.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að skattaðila sé heimilt að óska þess að hann eða umboðsmaður hans geti flutt mál munnlega fyrir yfirskattanefnd og að sömu óskir geti komið frá ríkisskattstjóra. Þá er einnig í ákvæðinu heimild fyrir nefndina ef mál er flókið, hefur að geyma vandasöm úrslausnarefni, er sérlega þýðingarmikið eða varðar ágreining um grundvallaratriði í skattarétti eða reikningsskilum að ákveða svokallaðan sérstakan málflutning. Með afgreiðslu skal þá fara skv. 5. mgr. 9. gr. og eftir atvikum 10. gr. Ef eigi fer fram munnlegur málflutningur eða sérstakur málflutningur er einnig í ákvæðinu fjallað um skyldur ríkisskattstjóra til að rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerðir í mál-

um fyrir yfirskattanefnd að því marki er hann telur ástæðu til. Jafnframt er sú skylda lögð á ríkisskattstjóra að senda viðbótarupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástæða sé til þess að afla frekari gagna. Þá er yfirskattanefnd veitt almenn heimild til að afla viðbótarupplýsinga eða sérstakra gagna ef hún telur ástæðu til.

Um 8. gr.

Með ákvæðinu er sú skylda lögð á yfirskattanefnd að hafa lagt úrskurði á kærur þremur mánuðum eftir að henni hefur borist umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra. Núverandi frestur ríkisskattanefndar er sex mánuðir en er því miður einungis í örfáum tilfellum virtur eins og rakið var í almennum athugasemdum. Með því að setja aukinn kraft í afgreiðslu mála og fastari reglur er sá frestur sem hér er settur í ákvæðinu, þrír mánuðir, talinn hæfilegur. Í ljósi þess að nokkurn tíma getur tekið að afla frumgagna er talið eðlilegra að frestur nefndarinnar miðist við þann tíma er hún fær gögn málsins í hendur frá ríkisskattstjóra ásamt kröfugerð. Tímamörk ákvæðisins eiga þó ekki við ef ákveðinn er sérstakur málflutningur fyrir yfirskattanefnd.

Um 9. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að í yfirskattanefnd sitji sex menn er allir hafa starfið að aðalstarfi en skipaðir tímabundið. Skulu þeir fullnægja almennum skilyrðum sem sett eru um embættisgengi skattstjóra. Einn nefndarmanna skal gegna starfi formanns nefndarinnar og annar varaformanns, báðir skulu uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara og að annaðhvort skuli formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn hvers máls. Í ákvæðinu er fjallað um að formaður yfirskattanefndar fari með yfirstjórn nefndarinnar og beri á henni ábyrgð. Hann skuli fara með fyrirsvar nefndarinnar út á við og úthluti málum til meðferðar. Með sex föstum nefndarmönnum er unnt að láta nefndina starfa deildaskipt þannig að þrír nefndarmenn starfi í hvorri deild. Gæti þá formaður stýrt annarri deildinni og varaformaður hinni. Er þess þá að vænta að mál safnist ekki fyrir eins og verið hefur á undanförnum árum og tryggja þar með greiða meðferð skattamála hjá æðsta úrskurðaraðila. Í ákvæðinu er fjallað um að fimm nefndarmenn taki þátt í úrslausn máls þegar sérstakur málflutningur er ákveðinn, sbr. 7. gr. Ætti það að stuðla enn frekar að vandaðri málsmeðferð við erfiðari mál.

Um 10. gr.

Jafnframt því að fjölga nefndarmönnum þegar úrskurðað er um flókin og vandasöm deilumál er nefndinni jafnframt heimilað að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Yrði væntanlega um að ræða löggilta endurskoðendur eða aðra viðskiptamenntaða menn til þess að upplýsa um einstök atriði, veita almennar ráðleggingar eða kanna sjálfstætt einstök atriði eða málavexti í heild sinni, allt eftir ákvörðun yfirskattanefndar. Aðilar þessir skulu þannig vera nefndinni til ráðgjafar og aðstoðar um efnisatriði málsins eftir því sem tilefni þykir gefast til. Með þessum hætti er einnig hjá því komist að nefndarmenn séu í hlutastarfi í nefndinni sem dregur um leið úr hættu á ýmsum hagsmunaárekstrum.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um stjórnun nefndarinnar í einstökum ágreiningsmálum. Eðli máls samkvæmt er það formaður eða varaformaður sem stýrir störfum nefndarinnar. Í ákvæðinu er það nýmæli að þríklofni nefndin í afstöðu sinni og niðurstaða geti eigi ráð-

ist af atkvæðamagni skuli atkvæði formanns eða eftir atvikum varaformanns ráða niðurstöðu.

Um 12. gr.

Ákvæði þetta er sambærilegt við ákvæði sem nú gildir um ríkisskattanefnd að því fráskildu að skattstjóri fær nú tvo mánuði til þess að afgreiða málið í stað eins mánaðar. Eins mánaðar fresturinn er afar óraunhæfur og hefur í sárafáum tilfellum verið unnt að virða hann. Tveggja mánaða fresturinn þykir hæfilegur og er þess að vænta að um raunhæf tímamörk sé að ræða. Þá er þetta nú gert að skyldu en er í núgildandi lögum aðeins heimild þótt framkvæmdin hafi verið sú að mál eru undantekningarlaust, eða því sem næst, send til skattstjóra til uppkvaðningar úrskurðar.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að úrskurðir yfirskattanefndar skuli ítarlega rökstuddir þannig að skýrt komi fram á hvaða kæruefnum, málsástæðum eða skattheimildum sé byggt. Á það hefur þótt verulega skorta í úrskurðum ríkisskattanefndar og því þykir nauðsyn að ákvæði þetta verði orðað mun skýrar í lögum um yfirskattanefnd. Grundvallaratriði er í stjórnsýslunni að úrskurðir æðsta úrskurðarvaldshafa í skattamálum séu ítarlega rökstuddir þannig að aðilar velkist ei í vafa. Er þetta til að mynda sérlega þýðingarmikið ef málsaðilar eru eigi sáttir við niðurstöðu nefndarinnar og málssókn fyrir almennum dómstólum stendur fyrir dyrum. Er þá nauðsynlegt að rök yfirskattanefndar fyrir skattákvörðun séu skýr og ótvíræð. Þá er það einnig mjög þýðingarmikið réttaröryggi að niðurstöður séu rökstuddar þannig að skattaðilar sjái ótvírætt á hverju sé byggt, svo og ekki síst að ljóst sé af úrskurði hvaða fordæmi felist í honum fyrir skattframkvæmd.

Um 14. gr.

Sambærilegt ákvæði er nú að finna í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 15. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki sérstakra skýringa og er sambærilegt við ákvæði sem nú er í lögum um ríkisskattanefnd.

Um 16. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 103. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, um vanhæfi skattyfirvalda til að ákvarða niðurstöðu í máli ef viðkomandi hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómari í málinu.

Þá er í ákvæðinu nýmæli þar sem er tekið fram að nefndarmanni sé óheimilt að sitja í nefndinni til úrskurðar um kærumál skattaðila sem hann hefur haft afskipti af í fyrri störfum og varða skattákvörðun viðkomandi. Er tilgangur þess að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra.

Um 17. gr.

Með ákvæðinu er yfirskattanefnd heimilað að ráða sér starfsmenn til undirbúnings úrlausna mála og rekstur skrifstofu. Er það svipað eins og nú er hjá ríkisskattanefnd.

Um 18. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa og er sambærilegt því ákvæði sem nú er um ríkisskattanefnd.

Um 19. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli þar sem tekið er sérstaklega fram að yfirskattanefndarmönnum sé óheimilt að hafa afskipti af skattframkvæmd á öðrum málsstigum eða fyrir einstaka skattaðila. Í ríkisskattanefnd eiga nú sæti aðilar sem hafa m.a. atvinnu af framtalsgerð fyrir skattaðila. Þykir þetta afar óviðeigandi og andstætt almennum hæfissjónarmiðum. Með þessu ákvæði er komið í veg fyrir slík óeðlileg afskipti af skattframkvæmd fyrir einstaka skattaðila á öðrum málsstigum.

Um 20. gr.

Með ákvæðinu er fjármálaráðherra heimilað að ákveða nánar um starfshætti og störf yfirskattanefndar með reglugerð, þar með talið um réttarfarsreglur sem nefndin skuli starfa eftir. Hefur fjármálaráðherra í hyggju að leita til lagadeildar Háskóla Íslands til að semja ásamt ráðuneytinu og væntanlegum formanni og varaformanni yfirskattanefndar, sem í nefndina verða skipaðir, reglugerð þar sem m.a. skal kveðið nánar á um þær réttarfarsreglur sem nefndinni er ætlað að starfa eftir.

Um 21. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 22. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa. Með þessum hætti tekur yfirskattanefnd við störfum sektarnefndar staðgreiðslu og ríkisskattanefndar og úrskurðar um sektir og jafnframt er verið að halda óbreyttu því fyrirkomulagi að yfirskattanefnd geti ákvarðað, eins og ríkisskattanefnd áður, sektir fyrir undandrátt gjalda samkvæmt öðrum lögum sem vísa til sektarmeðferðar í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Um 23. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að yfirskattanefnd hefji störf 1. júní 1992. Líkur þá störfum ríkisskattanefndar og sektarnefndar staðgreiðslu. Er í ákvæðinu gert ráð fyrir að yfirskattanefnd taki við öllum óloknum ágreiningsmálum fyrir þeim nefndum sem nú eru lagðar niður.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðið lýtur að því að lög nr. 10/1960, um söluskatt, hafa eigi sérstaka þýðingu nema í gömlum deilumálum varðandi söluskatt. Því er ákvæðið haft bráðabirgðaákvæði en ekki í 2. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Með ákvæði þessu er lagt til að í fyrsta sinn verði tveir nefndarmanna skipaðir til fjögurra ára, tveir til sex ára og tveir til átta ára. Þannig munu að fjögurra ára tíma liðnum tveir menn skipaðir í nefndina á tveggja ára fresti. Tilgangur þessa er m.a. að koma í veg fyrir mikla röskun á störfum nefndarinnar við mannabreytingar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um yfirskattanefnd.

Með frumvarpi þessu er áformað að setja á stofn yfirskattanefnd skipaða sex mönnum (1. og 9. gr.) og skal hún koma í stað ríkisskattanefndar og sektarnefndar staðgreiðslu (23. gr.).

Ríkisskattanefnd fær 22,4 m.kr. fjárveitingu í fjárlögum 1992. Gera verður ráð fyrir að sú fjárveiting haldi áfram og gangi til að kosta starfsemi yfirskattanefndar. Kostnaðarauki við frumvarp þetta, verði það að lögum, felst í því að til þessa hafa fjórir menn af sex í ríkisskattanefnd verið lausir og komið inn í starf nefndarinnar eftir því sem tilefni hefur gefist til hverju sinni. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að allir sex nefndarmenn verði í föstu starfi. Laun nefndarmanna verða ákveðin af Kjaradómi og því ekki hægt að áætla þau með vissu, en með hliðsjón af hliðstæðum störfum hjá ríkinu má telja kostnaðaraukann liggja á bilinu 6–7 m.kr. Ekki er þá gert ráð fyrir að skrifstofukostnaður eða önnur hliðstæð gjöld aukist, enda mun yfirskattanefnd yfirtaka skrifstofuhald forvera sinna.

723. Frumvarp til laga [465. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Sektir skv. 30. gr. skulu úrskurðaðar af yfirskattanefnd nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Skattrannsóknarstjóri sendir yfirskattanefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá yfirskattanefnd skal veita sakborningi færi á að halda uppi vörnum. Úrskurðir yfirskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vararefsing.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill hlíta því að mál hans verði afgreitt af yfirskattanefnd skv. 1. mgr.

2. gr.

Í stað orðsins „sektarnefnd“ í 2. málsl. 4. mgr. 31. gr. laganna kemur: yfirskattanefnd.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um yfirskattanefnd. Samkvæmt því frumvarpi er gerð tillaga um nokkra breytingu á skipun og starfsháttum ríkisskattanefndar. Stefnt er m.a. að því að hraða mjög verulega gangi mála. Af þessum sökum er jafnframt lagt til að verkefni sektarnefndar skv. 31. gr. laga um staðgreiðslu verði flutt til yfirskattanefndar og jafnframt verði sektarnefnd lögð niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Ákvæðið felur í sér að sérstök sektarnefnd vegna staðgreiðslu er lögð niður og verkefni hennar falin yfirskattanefnd. Jafnframt er gerð sú breyting að skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera gagnvart nefndinni með kröfugerð um sektarbeitingu. Er það í samræmi við þann hátt sem ákveðið er í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um söluskatt og lögum um virðisaukaskatt.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að ákvæðið taki gildi þegar ný yfirskattanefnd hefur störf samkvæmt frumvarpi sem flutt er samhliða þessu um verkefni og skipun yfirskattanefndar.

724. Frumvarp til laga [466. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

3. málsl. 2. mgr. 91. gr. laganna fellur brott. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, útreikning, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjalda samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.

2. gr.

1. mgr. 92. gr. laganna orðast svo:

1. Lán og styrki skal veita úr Fiskræktarsjóði er stuðli að aukningu og viðhaldi íslenska laxastofnsins, þar með talin kaup á úthafslaxveiðikvótum. Enn fremur til framkvæmda er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingunni. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um ráðstöfun fjár úr Fiskræktarsjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér breytingu á ákvæðum XIV. kafla laga nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, sem fjallar um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar.

Í 91. gr. laganna er fjallað um tekjur sjóðsins sem eru annars vegar fjárveiting úr ríkissjóði og gjöld af veiðitekjum og hins vegar tekjur vatnsaflsstöðva sem selja orku til almennings. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er bætt við greinina nýrri málsgrein um heimild ráðherra til að setja reglugerð sem kveður nánar á um gjaldskyldu, innheimtu o.fl. vegna þeirra gjalda sem greiða ber til sjóðsins. Slík ákvæði eru nauðsynleg til að Fiskræktarsjóður fái þær tekjur sem honum ber samkvæmt lögunum og þær innheimtist með eðlilegum hætti.

Í 92. gr. laganna er fjallað um lán og styrkveitingar úr Fiskræktarsjóði og er þar einungis gert ráð fyrir að unnt sé að styrkja framkvæmdir er lúta að fiskrækt og fiskeldi. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild 1. mgr. 92. gr. verði aukin þannig að stjórn Fiskræktarsjóðs geti tekið ákvörðun um að styrkja verkefni sem stuðla að aukningu og viðhaldi íslenska laxastofnsins, t.d. kaup á úthafslaxveiðikvóta, rannsóknir í fiskrækt og fiskeldi o.fl.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á lax- og silungsveiðilögum.

Frumvarp þetta fjallar um þann kafla lax- og silungsveiðilaga er snýr að starfsemi Fiskræktarsjóðs. Með frumvarpinu er starfssvið sjóðsins rýmkað og honum heimilt að ráðstafa fé til kaupa á úthafslaxveiðikvótum o.fl. Þá eru sett ákvæði til að tryggja innheimtu þeirra gjalda sem rafveitum og veiðifélögum ber að skila til sjóðsins samkvæmt gildandi lögum.

Frumvarpið hefur ekki í för með sér nein útgjöld fyrir ríkissjóð.

725. Tillaga til þingsályktunar [467. mál]

um tengsl ferðaþjónustu við íslenska sögu og sögustaði.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Ragnhildur Eggertsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sagnfræðinga, fornleifafræðinga, þjóðháttafræðinga, íslenskufræðinga og fólks úr ferðaþjónustu til að setja fram hugmyndir og tillögur um það hvernig nýta megi sögu þjóðarinnar, sögustaði, þjóðhætti, verkmenningu og bókmenntir til að efla og bæta ferðaþjónustu hér innan lands.

Greinargerð.

Ferðamannaþjónusta er vaxandi atvinnugrein á Íslandi og er oft á hana bent sem einn helsta vaxtarbrodd atvinnulífsins. Á síðasta ári komu rúmlega 150 þúsund erlendir ferðamenn til landsins. Landsmenn sjálfir ferðast auðvitað mikið um landið, jafnt í byggðum sem óbyggðum.

Undanfarna áratugi hefur náttúra Íslands ráðið ríkjum við kynningu á landinu og áherslan þá einkum verið á óbyggðir landsins. Að dómi flutningsmanna hefur landið og þjóðin margt fleira upp á að bjóða, bæði tengt fortíð og nútíð, en þeir möguleikar eru enn að mestu ónýttir. Þannig mætti skapa nýja ferðamannastaði og jafna strauminn um landið.

Íslendingar eiga merka sögu. Hér varð til sérstakt samfélag í kjölfar víkingaferða á miðöldum sem fæddi af sér heimsbókmenntir sem ekki eiga sinn líka í veröldinni. Þessar bókmenntir svo og tungumálið má nýta í ferðaþjónustu í mun ríkara mæli en gert er, með sumarnámskeiðum, ferðum á söguslóðir o.s.frv. Hér á landi er t.d. ekki til neitt víkingasafn eða safn sem gerir sér verulegan mat úr sögu þjóðarinnar. Flest söfn landsins, þótt merkileg séu, eru afar gamaldags, þarfnast endurskipulagningar og aukinnar kynningarstarfsemi svo að þau geti gefið þá mynd af sögu og verkmenningu þjóðarinnar sem þeim er ætlað.

Margir helstu sögustaðir þjóðarinnar hafa ekki upp á neitt að bjóða sem tengist sögunni, ekki svo mikið sem reglubundna leiðsögn um staðinn. Má þar t.d. nefna Skálholt og Hóla í Hjaltadal, en þar væri tilvalið að hefja uppgröft bæjarhúsanna og væri það margra ára verk sem eflaust drægi til sín fjölda ferðamanna. Á gömlu biskupsstólunum mætti hafa stöðuga kynningu á biskupasögunum, umræður um trúmál og kirkju o.fl. Staðir, sem koma við sögu í Sturlungu, gefa kost á ferðum og sviðsetningu þeirra miklu atburða, t.d. í leikformi. Í Reykholti ætti að vera stöðug kynning á verkum Snorra Sturlusonar og bókmenntanámskeið í norrænum fornbókmenntum.

Sjávarútvegur að fornu og nýju, fjörurnar og nýting þeirra, mataræði Íslendinga gegnum aldirnar, gömul verkmenning, heimsókn á sveitabæi, kynning á íslenskum húsdýrum og búskap, minjagripagerð, þjóðsagnaheimur okkar o.fl. Hugmyndirnar eru óþrjótandi og möguleikarnir margir en þeim þarf að safna saman, setja upp forgangsröð og gera áætlun um uppbyggingu ferðaþjónustu sem tekur mið af sögu landsins.

Með þessari tillögu er lagt til að þeir sem gerst þekkja sögu þjóðarinnar, sögustaði, verkmenningu, fornleifar og þjóðhætti verði kallaðir til að setja fram hugmyndir í samráði við fólk úr ferðaþjónustunni. Hugmyndirnar mætti síðan nýta til að auka og bæta þjónustu við ferðamenn.

Hér er ekki fyrst og fremst um það að ræða að nýta söguna og okkar fornu bókmenntir til að kynna fyrir útlendingum, heldur ekki síður að saga okkar, sögustaðir og menning verði Íslendingum aðgengileg á margvíslegan hátt.

726. Tillaga til þingsályktunar [468. mál]

um sérstakar aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti og bæta stöðu fjölskyldufólks á vinnumarkaðnum.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ragnhildur Eggertsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á fót nefnd til að móta markvissar tillögur um nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti og bæta stöðu fjölskyldufólks á vinnumarkaðnum, einkum foreldra ungra barna. Tillögurnar nái jafnt til ríkiskerfisins, sveitarfélaga sem og hins almenna vinnumarkaðar. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar kvennasamtaka, ríkis og sveitarfélaga, Jafnréttisráðs og aðila hins almenna vinnumarkaðar.

Greinargerð.

Staða íslenskra kvenna hefur breyst mikið ef horft er svo sem 100 ár aftur í tímann. Þjóðfélagsbreytingar og barátta kvenna fyrir almennum mannréttindum hafa fært konum lagalegt jafnrétti á flestum sviðum. Möguleikar kvenna til að afla sér menntunar og til að sjá sér og sínum farborða hafa batnað verulega á þessari öld. Við búum þó enn við misrétti á ýmsum sviðum. Þjóðfélag okkar er mótað af aldagömlum hugsunarhætti karla og stofnana karlveldisins. Enn búum við í karlstýrðu þjóðfélagi þar sem allar helstu valdastöður eru „mannaðar“ körlum. Enn er mikið verk að vinna til að staða kvenna geti talist góð og samskipti kynjanna með viðunandi hætti.

Í rúmlega 300 ár hefur það verið ríkjandi stefna fremstu hugsuða og margra stjórnmálahreyfinga á Vesturlöndum að vinna að sem mestum jöfnuði þegnanna, sem mestri hamingju og sem mestum áhrifum hvers og eins á eigið líf og mótun samfélagsins. Lengi vel náði þessi hugmyndafræði aðeins til vel stæðra hvítra karlmanna, en smátt og smátt var látið undan kröfum þeirra sem knúðu á um aukinn rétt, verkamanna, svertingja og loks kvenna.

Rótgrónar en um margt úreltar hugmyndir sem liggja að baki kristni og kirkju, stjórnarhátta, hernaðarbrölts, stéttaskiptingar, forréttinda, hlutverka kynjanna, svo og hugmyndir um karlmennsku og kvenleika, lifa góðu lífi í okkar hugmyndaheimi. Seint gengur að breyta þeim, enda oft miklir hagsmunir í húfi. Því er það sem kvennalistakonur hafa lagt mikla áherslu á nauðsyn hugarfarsbyltingar til að takast megi að jafna stöðu kynjanna.

Hægt er að beita margvíslegum aðferðum til að breyta hugarfari. Það má gera með umræðum, rannsóknum, markvissum aðgerðum og eflingu réttlætiskenndar hvers og eins. Þegar kemur að veruleikanum sjálfum, hinu daglega lífi, er röðin komin að stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðarins og konum sjálfum sem vita best hvar skórinn kreppir. Það má ekki bíða lengur að grípa til aðgerða til að draga úr því óþolandi misrétti sem einkennir íslenskan vinnumarkað. Stjórnvöld eiga að beita tiltækum ráðum til að jafna stöðu þegnanna og hafa almannahag að leiðarljósi. Aðilar vinnumarkaðarins, sem hafa með sámningum sínum mikil áhrif á daglegt líf fólks og aðstæður fjölskyldnanna í landinu, þar

með talið stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum, eiga að semja um aukinn jöfnuð í áföngum. Samtökum kvenna í landinu verður að gefast kostur á að ræða beint við fulltrúa þeirra sem geta beitt sér fyrir breytingum til að koma hugmyndum sínum á framfæri við þá og knýja á um aðgerðir.

Þótt margt megi segja um nauðsyn almennrar hugarfarsbyltingar í íslensku samfélagi til hagsbóta konum og börnum er misréttið mest á vinnumarkaðnum. Það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af vaxandi launamun kynjanna, „kvengervingu“ fátæktarinnar, sem lýsir sér í því hve stór hópur kvenna vinnur fyrir launum sem verða að teljast við eða undir fátæktarmörkum og þær aðstæður sem þjóðfélagið býður barnafjölskyldum upp á, einkum þar sem ung börn eru á heimilum.

Þrátt fyrir lög um sömu laun fyrir sömu vinnu frá árinu 1960 og margendurskoðuð lög um jafnrétti kynjanna blasir sú staðreynd við að launamunur kynjanna hér á landi er verulegur. Heildartekjur kvenna í fullu starfi eru aðeins um 60% af heildartekjum karla og hefur lítil breyting orðið þar á undanfarin ár. Skortur er á dagvistun fyrir börn, einkum í þéttbýlinu, þar hefur hvergi nærri verið komið til móts við þarfir foreldra eða vinnumarkaðarins. Skóladagur barna er ekki í neinu samræmi við vinnutíma foreldra. Vinnumarkaðinn skortir átakanlega sveigjanleika, t.d. hvað varðar vinnutíma, og aðbúnaður á vinnustöðum, einkum með tilliti til heilsufars, má víða batna. Þannig mætti lengi benda á aðgerðir sem bætt geta daglegt líf, dregið úr misrétti og gert samfélagið betra.

Með þessari tillögu er lagt til að skipuð verði nefnd sem komi með markvissar tillögur um aðgerðir til að draga úr misrétti kynjanna á vinnumarkaðnum og til að bæta stöðu barnafjölskyldna. Félagsmálaráðuneytið er í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um ýmis mál sem m.a. snerta misrétti kynjanna, en þar eiga kvennasamtök enga aðild að. Þá hefur nýlega verið skipuð nefnd til að athuga stöðu karla hér á landi og veitir ekki af, en málflutningur sá, sem heyrst hefur frá fulltrúum í nefndinni, vekur ekki miklar vonir um breytt hugarfar eða aðgerðir. Því er hér lagt til að fleiri aðilar, einkum kvennasamtök, verði kölluð til starfa í þágu aukins jafnréttis.

Sem dæmi um nauðsynlegar aðgerðir á vinnumarkaðnum má benda á eftirfarandi:

1. Tryggja þarf að jafnréttislögunum verði fylgt eftir og þau virt.
2. Grípa þarf til aðgerða til að draga úr launamisrétti, þar með talið nýtt starfsmat sem tekur tillit til uppeldis-, umönnunar- og þjónustuþátta hefðbundinna kvennastarfa og hefur að markmiði að bæta kjör kvenna.
3. Skattkerfinu verði breytt þannig að tillit verði tekið til þess kostnaðar sem því fylgir að eiga og ala upp börn.
4. Áætlun verði gerð um að fullnægja þörfinni fyrir dagvistun barna.
5. Samræmi verði komið á milli skóladags barna og vinnutíma foreldra.
6. Jöfnun foreldraábyrgðar utan sem innan heimilis.
7. Bættur aðbúnaður á vinnustöðum með tilliti til heilsufars, afkasta og vinnuanda.
8. Aðgerðir til að breyta hugarfari karla í garð kvenna og styrkja sjálfsvitund kvenna, t.d. hvað það varðar að meta störf sín til launa.
9. Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnunarstörfum, nefndum og ráðum sem snerta vinnumarkaðinn.
10. Styrkja þarf framboð á endurmenntun og fullorðinsfræðslu.
11. Auka þarf vitund um kynferðislega áreitni á vinnustöðum í því skyni að koma í veg fyrir slíkt.
12. Auðvelda þarf feðrum að taka fæðingarorlof.

13. Koma þarf í veg fyrir launaleynd og vinna að því að hækka grunnlaun þannig að ekki sé samið um ýmiss konar launauppbætur sem einkum koma körlum til góða.
14. Taka þarf á rótgrónum hugmyndum um hlutverk karla og kvenna með fræðslu, áróðri og umræðum.
15. Auka þarf rannsóknir á vinnumarkaðnum með tilliti til stöðu kynjanna.
16. Fyrirtæki og stofnanir eigi kost á ráðgjöf þegar tekið verður á hvers kyns misrétti á vinnustað.

Það er von flutningsmanna að sú nefnd, sem hér er lagt til að sett verði á fót, geti komið af stað umræðum í þjóðfélaginu jafnframt því að hún setji fram raunhæfar tillögur sem orðið gætu til þess að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaðnum. Það er löngu viðurkennt að aukinn jöfnuður skilar sér í betra samfélagi fyrir alla.

727. Tillaga til þingsályktunar [469. mál]

um auðlindakönnun í öllum landshlutum.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ragnhildur Eggertsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma auðlindakönnun í öllum kjördæmum landsins sem taki til allra þeirra þátta sem kunna að nýtast til atvinnusköpunar, jafnt kvenna sem karla. Verði könnunin unnin í samstarfi við sérfræðinga, sveitarstjórnir og heimamenn þannig að tryggja megi sem bestan árangur.

Greinargerð.

Í fyrsta sinn í rúma tvo áratugi standa Íslendingar frammi fyrir vaxandi atvinnuleysi sem kann að verða varanlegt verði ekki gripið til raunhæfra aðgerða. Margar atvinnugreinar eiga í miklum erfiðleikum. Minnkandi afli veldur samdrætti í sjávarútvegi auk þess sem fiskvinnslan virðist í auknum mæli vera að færast út á sjó. Fiskeldi hefur brugðist vonum. Breytingar og tækninýjungar, m.a. í landbúnaði, valda því að störfum fækkar. Þeir alþjóðasamningar, sem kunna að vera fram undan, geta ýmist valdið enn meiri samdrætti, svo sem í landbúnaði (GATT-samningarnir), eða að aukinn fjöldi útlendinga leiti eftir störfum hér á landi (EES-samningurinn), en þeir fela einnig í sér ýmsa möguleika til nýjunga í atvinnulífi. Þá hefur allt of litlu fé verið varið til hvers kyns rannsókna sem hefðu getað leitt til atvinnusköpunar.

Stjórnvöld hafa mjög einblínt á stóriðju sem allsherjarlausn og varið miklum tíma og fé til að lokka stórfyrirtæki hingað til lands án árangurs. Afleiðingin af öllu þessu er sú að mjög brýnt er að kanna til hlítar alla hugsanlega möguleika til atvinnusköpunar, safna saman þeim hugmyndum og könnunum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, draga fram það sem nýtilegt er og ýta undir frumkvæði fólks um allt land sem oft þekkir best möguleika síns héraðs.

Möguleikarnir eru margir. Ferðaþjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein á undanförnum árum. Þar er mikið verk að vinna í skipulagningu, auk þess sem kanna þarf nýja möguleika, t.d. minjagripagerð, ullarvinnsla í hágæðaflokki, heilsulindir, ylrækt og ný skoðun á nýtingu orkulinda, smáiðnaður, athugun á jarðefnum til efnavinnslu, fullnýting sjávarafla, ónýttur sjávarafli o.s.frv. Allt kemur þetta til greina við athugun á nýj-

ungum í atvinnulífinu. Tækifærin eru mörg ef menn ganga til verks með opnum huga og með það að leiðarljósi að margt smátt gerir eitt stórt.

Það er lífsnauðsynlegt fyrir framtíð þjóðarinnar að í alvöru verði hugað að atvinnu fyrir þá stóru hópa ungs fólks sem koma út á vinnumarkaðinn á næstu árum og áratugum svo og þá sem missa vinnuna. Það má minna á að í löndum Evrópu og í Bandaríkjunum hefur verið mestur vöxtur í smáfyrirtækjum þar sem einstaklingar eða litlir samvinnuhópar eru að vinna úr hugmyndum sínum, framleiða varning eða bjóða upp á einhvers konar þjónustu. Fjölbreytnin er hinn mikli kostur.

Öldum saman hefur fiskurinn staðið undir þörfum okkar fyrir þær lífsnauðsynjar sem við höfum þurft að kaupa af öðrum þjóðum, svo og þann munað sem við höfum leyft okkur. Við höfum alltaf getað mætt auknum kröfum með því að sækja meiri fisk í sjávardjúpin. Nú erum við komin að ystu mörkum. Við höfum gengið á höfuðstólinn, auðlindir okkar standa ekki lengur undir sívaxandi kröfum til lífsins. Tími er kominn til að hægja á ferðinni, enda nauðsynlegt vegna framtíðarinnar. Eigi okkur að takast að halda uppi fullri atvinnu, mannsæmandi launum og jöfnuði þegnanna verður eitthvað nýtt að koma til. Þessi tillaga er til þess flutt að menn hefjist handa þegar í stað, kanni alla hugsanlega möguleika til atvinnusköpunar, komi hugmyndum á framfæri ogýti undir frumkvæði, jafnt ríkisvalds, sveitarfélaga, samtaka, fyrirtækja og einstaklinga. Það má engan tíma missa, nú verður að virkja hugvitið.

728. Tillaga til þingsályktunar [470. mál]

um eftirlit með opinberum framkvæmdum.

Flm.: Bryndís Friðgeirsdóttir, Jóhann Ársælsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að auka og bæta eftirlit með opinberum framkvæmdum. Í þessu skyni verði endurskoðuð lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63 12. maí 1970, lög um opinber innkaup, nr. 52 30. mars 1987, og önnur lagaákvæði á þessu sviði sem ástæða er til að endurskoða. Nýtt frumvarp verði lagt fyrir næsta Alþingi ásamt tillögum um aðrar nauðsynlegar aðgerðir.

Greinargerð.

Hið opinbera hefur veg og vanda af margvíslegum framkvæmdum á fjölmörgum sviðum um allt land. Þessar framkvæmdir eru ýmist alveg á vegum þess eða í samstarfi við aðra aðila. Mjög miklum fjármunum er ráðstafað með þessum hætti. Þess vegna er mikið í húfi að vel takist til við allar framkvæmdir. Því miður eru fjölmörg dæmi um að hið opinbera hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að ekki var staðið rétt að framkvæmdum. Einnig gerist það allt of oft að fjárhagsáætlanir fari úr böndum og fjárhagslegt eftirlit bregst.

Eitt það allra mikilvægasta til að tryggja góðan árangur og forðast tjón er að hið daglega eftirlit sé vel af hendi leyst. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að ævinlega séu ráðnir aðilar til eftirlitsins sem hafi möguleika til að fylgjast með hvernig staðið er að verki dag frá degi, bæði vegna verklegra og fjárhagslegra atriða. Því er hagkvæmast að ráða heimamenn til þessarar starfsemi þar sem því verður við komið. Eins og nú er háttað hefur framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins veg og vanda af þessu eftirliti, en

hún er í raun ekki hluti af starfsemi Innkaupastofnunar heldur sérstök deild í fjármálaráðuneytinu.

Það var ætlun Alþingis þegar lög um opinber innkaup, nr. 52 30. mars 1987, voru sett að eftirlit með opinberum framkvæmdum yrði í höndum Innkaupastofnunar ríkisins. Þessi ásetningur löggjafans hefur ekki enn orðið að veruleika.

Einnig af þeim sökum er ástæða til að endurskoða umrædd lög og eftir því sem þörf krefur önnur lagaákvæði í þessu sambandi. Rétt er að undirstrika að þótt endurskoðun lagaákvæða um þessi efni sé nauðsynleg er einnig brýnt að betrumbæta framkvæmd þessara mála og ljóst virðist að ýmislegt, sem úrskeiðis hefur farið í opinberum framkvæmdum, má rekja til þess að gildandi lagaákvæðum hefur ekki verið framfylgt.

Fylgiskjal I.

Lög um skipan opinberra framkvæmda.

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Opinber framkvæmd merkir í lögum þessum gerð eða breytingu mannvirkis, sem kostuð er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, enda nemi áætlaður kostnaður ríkissjóðs a. m. k. 1 millj. kr., sbr. þó 2. mgr. 23. gr. Ákvæði laganna taka einnig til kaupa á eignum, eftir því sem við getur átt.

□ Heimilt er fjármálaráðuneytinu að breyta áðurnefndri fjárhæð til samræmis við verðbreytingar.

□ Ríkisstjórnin getur ákveðið, að lög þessi taki, eftir því sem við á, til framkvæmda á vegum ríkisstofnana, er hafa sjálfstæðan fjárhag og því ekki háðar fjárveitingarákvörðunum Alþingis.

■ **2. gr.** Meðferð máls varðandi opinberar framkvæmdir frá upphafi, unz henni er lokið, fer eftir ákveðinni boðleið, er skiptist í fjóra áfanga, svo sem hér segir: Frumathugun, sbr. 3. – 5. gr., áætlunargerð, sbr. 6. – 10. gr., verklega framkvæmd, sbr. 11. – 19. gr., og skilamat, sbr. 20. gr.

II. kafli.[1] **Frumathugun.**

[1] *Rg. 259/1973 (um embætti Húsameistara ríkisins).*

■ **3. gr.** Frumathugun er könnun og samanburður þeirra kosta, er til greina koma við lausn þeirra þarfa, sem framkvæmdinni er ætlað að fullnægja.

□ Í greinargerð um frumathugun skulu vera áætlanir um kosti. Þessar áætlanir skulu vera tvíþættar. Annars vegar áætlun um stofnkostnað, þ. m. t. kostnað við áætlunargerð, og hins vegar áætlun um árlegan rekstrarkostnað, þ. m. t. lánsfjárkostnað og tekjur, ef við á. Í greinargerðinni skal skýrt frá þeim rökum, er liggja að vali kosts þess, sem tekinn er, þ. á m. hagkvæmnireikningum, sem notaðir eru í samanburði. Greinargerð um frumathugun skulu auk þess fylgja tillögur um staðsetningu og stærð, svo og frumuppdrættir að fyrirhugaðri framkvæmd, eftir því sem við á.

■ **4. gr.** Frumathugun fer fram á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis, ríkisstofnunar, sveitarfélags eða annarra væntanlegra eignaraðila. Hafi annar aðili en ráðuneyti látið gera frumathugun, skal greinargerð skv. 3. gr. send viðkomandi ráðuneyti.

□ Viðkomandi ráðuneyti gerir tillögur til fjármálaráðuneytis, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, um fjárveitingar til einstakra framkvæmda á grundvelli frumathugana og jafnframt um röð framkvæmda til ákvörðunar við gerð fjárlagafrumvarps. Tillögur um röð innan sama framkvæmdaflokks, svo sem skólamannvirkja, skulu lagðar fyrir fjárveitinganefnd Alþingis, áður en hún ákvarðar tillögur sínar um skiptingu framkvæmdafjár við afgreiðslu fjárlagafrumvarps.

□ Ef ráðuneyti telur ekki fært að gera tillögu til fjárlaga- og hagsýslustofnunar um fjárveitingu til framkvæmdar skv. frumathugun, sem því hefur borizt, skal sú ákvörðun tilkynnt aðilum svo fljótt sem verða má og gerð grein fyrir ástæðum.

■ **5. gr.** Nú hefur fjárveiting til opinberra framkvæmda verið tekin í fjárlög, án þess að frumathugun hafi verið gerð, og skal þá frumathugun eigi að síður fara fram skv. ákvæðum 3. og 4. gr. laga þessara.

III. kafli.[1] **Áætlunargerð.**

[1] *Rg. 259/1973.*

■ **6. gr.** Áætlunargerð um opinbera framkvæmd fer fram á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis, ríkisstofnunar, sveitarfélags eða annarra væntanlegra eignaraðila í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun.

□ Þegar opinberri framkvæmd, sem ríkið og annar aðili standa að, er ráðstafað til áætlunargerðar, skal gera samning milli væntanlegra eignaraðila og þeirra aðila, er taka að sér áætlunargerð. Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði vegna áætlunargerðar er háð skriflegu samþykki fjármálaráðuneytisins á þeim samningi.

■ **7. gr.** Áætlunargerð um opinberar framkvæmdir skal vera í tvennu lagi:

1. Fullnaðaruppdrættir og tæknileg verklýsing á þeirri framkvæmd, sem fyrirhuguð er, skrá um efnisþörf, nákvæm kostnaðaráætlun um verkið, tímaáætlun um framkvæmd þess og greiðslu- og fjáröflunaráætlun fyrir framkvæmdartímabilið.
2. Rekstraráætlun, sem nær til minnst 5 ára, eftir að framkvæmd er lokið.

■ **8. gr.** Að lokinni áætlunargerð skv. 7. gr. skal hlutaðeigandi ráðuneyti senda fjárlaga- og hagsýslustofnun áætlunina til athugunar.

□ Áætluninni skulu fylgja skilríki um það, að fullnægjandi lóðarréttindi og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru vegna væntanlegrar framkvæmdar, verði fyrir hendi, þegar á þarf að halda.

■ **9. gr.** Nú er áætlun um opinbera framkvæmd í fullu samræmi við ákvæði 7. og 8. gr. og byggð á raunhæfum forsendum að áliti fjármálaráðuneytis, og skal þá áætlunin í heild eða skýrt afmarkaður hluti hennar, er nær nýtanlegum áfanga koma til athugunar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár.

□ Ef fjármálaráðuneytið tekur ekki slíka áætlun í fjárlagafrumvarp, skal það tilkynnt hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem verða má og jafnframt gerð grein fyrir ástæðum.

■ **10. gr.** Í frumvarpi til fjárlaga skal tilfæra þá fjárhæð, sem ætluð er á fjárlagaárinu til viðkomandi framkvæmdar, og í greinargerð skal tilfæra þær fjárskuldbindingar, sem falla á seinni fjárlagaár í samræmi við áætlunina. Þegar um er að ræða fjárveitingar til einstakra framkvæmdaflokka, svo sem skólamannvirkja, skulu atriði þau, sem um getur í 1. málslið, koma fram í tillögum og sérstakri greinargerð fjárveitinganefndar Alþingis. Í fjárlagafrumvörpum næstu ára skal á sama hátt tilgreina fjárhæðir, sem skv. endurskoðaðri áætlun nægja til þess að ljúka framkvæmd á tilsettum tíma.

IV. kafli. Verkleg framkvæmd.

■ **11. gr.** Verkleg framkvæmd merkir í lögum þessum gerð verksamninga, verkið sjálft, eftirlit með því, sbr. 17. gr., og þar með úttekt. Verk merkir bæði vinnu og efni.

■ **12. gr.** Verklega framkvæmd, sem greiða skal eingöngu af ríkisfé, er óheimilt að hefja fyrr en fyrir liggur:

1. Heimild í fjárlögum.
2. Ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis um að nota þá heimild.
3. Staðfesting fjármálaráðuneytisins á því, að fjármagn verði handbært í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

☐ Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila, er eigi heimilt að hefja opinbera framkvæmd fyrr en fé hefur verið veitt til hennar á fjárlögum og undirritaður hefur verið samningur viðkomandi ráðuneytis og aðilans með áritun fjármálaráðuneytisins, er tryggi, að fjármagn verði handbært á framkvæmdartímanum í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

☐ Eigi sveitarfélag hlut að máli og sé í greiðsluáætlun gert ráð fyrir framlögum úr sveitarsjóði, nægir um það atriði skrifleg yfirlýsing sveitarstjórnar, að á framkvæmdartímanum verði fjárhæðir teknar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

■ **13. gr.** Verk skal að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð telst ekki munu gefa góða raun, er heimilt, að fenginni umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr., að víkja frá útboði, sbr. þó 2. mgr.

☐ Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg, skal verkinu ráðstafað á grundvelli fasts samningsverðs eða eftir reikningi.

☐ Útboðslýsingar, verklýsingar og verksamningar skulu vera í samræmi við áætlun skv. 9. gr.

■ **14. gr.** Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka svo og reikningshald og greiðslur vegna verka. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, sbr. 23. gr., undirbýr samningsgerð við verktaka.

☐ Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, annast sveitarfélag útboð, undirbúning samningsgerðar við verktaka og reikningshald og greiðslur vegna verksins, nema öðruvísi um semjist eða fjármálaráðherra ákveði annað.

☐ Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur áskilið, að sveitarfélag, er sér um útboð vegna framkvæmdar, skuli fá samþykki Innkaupastofnunar ríkisins á útboðslýsingu, áður en útboð fer fram.

☐ Þegar framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélags eru miðuð við ákveðið einingarverð, sbr. II. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, annast sveitarfélag útboð og verklega framkvæmd, nema öðruvísi um semjist.

■ **15. gr.** Framkvæmdadeild gerir tillögur til aðila um það, hverju þeirra tilboða, sem borizt hafa, skuli tekið eða hvort öllum skuli hafnað, en þá koma til ákvæði 2. mgr. 13. gr.

■ **16. gr.** Samningur við verktaka skal undirritaður af hlutaðeigandi ráðuneyti. Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags eða annars eignaraðila, skal samningur undirritaður af báðum eða öllum aðilum, nema öðruvísi um semjist, sbr. þó 4. mgr. 14. gr.

■ **17. gr.** Við hvert verk skal framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ráða einn eða fleiri sérfróða eftirlitsmenn eftir þörfum, er hafi eftirlit með framkvæmd verksamnings. Eftirlitsmenn skulu samþykktir af eignaraðila eða eignaraðilum sameiginlega, ef um fleiri er að ræða. Í sérstöku erindisbréfi skal kveða á um störf og valdsvið eftirlitsmanna. Skýrslur eftirlitsmanna ber að senda öllum aðilum að framkvæmdum og ríkisendurskoðun. Framkvæmdadeildin ber ábyrgð á störfum eftirlitsmanna gagnvart eignaraðilum.

■ **18. gr.** Allur kostnaður vegna starfa eftirlitsmanns telst til stofnkostnaðar opinberra framkvæmda.

■ **19. gr.** Nú raskast kostnaðar- eða tímaáætlun verks vegna verðlagsbreytinga eða af tæknilegum orsökum, og skal þá hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem auðið er gera tillögur til fjármálaráðuneytisins um breytta greiðsluáætlun. Samþykki fjármálaráðuneytið hina breyttu greiðsluáætlun, skal miða við hana í frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Sé um að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila, komi einnig til samþykki þess aðila á breyttri greiðsluáætlun.

V. kafli. Skilamat.

■ **20. gr.** Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því, hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir, sem þegar hafa verið metnar.

☐ Ríkisendurskoðun setur nánari reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um það, að greinargerðir um skilamat séu lagðar fyrir fjárveitinganefnd Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila.

VI. kafli. Yfirstjórn opinberra framkvæmda.

■ **21. gr.** Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, fer með fjármálalega yfirstjórn opinberra framkvæmda, þ. e. frumathugunar, sbr. 3. – 5. gr., og áætlunargerðar, sbr. 6. – 10. gr. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins fer með yfirstjórn verklegrar framkvæmdar, sbr. 11. – 19. gr., og ríkisendurskoðun fer með yfirstjórn skilamats, sbr. 20. gr.

☐ Sveitarfélög eða aðrir eignaraðilar fara með stjórn þeirra þátta, sem ræddir eru í 4., 6. og 14. gr., eftir því sem þar segir nánar.

☐ [Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni. Engu síður skal verk að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs, sbr. 13. gr. laganna.][1)]

☐ Ríkisstjórnin úrskurðar vafaatriði, sem snerta gildissvið og efni laganna.

[1)] *L. 32/1984, 1. gr.*

■ **22. gr.** Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laga þessara, sbr. I. – III. kafla. Í nefndinni eiga sæti 3 menn: Formaður fjárveitinganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstöðumaður framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og hagsýslustjóri ríkisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutaðeigandi ráðuneyti hafa rétt til að eiga fulltrúa á fundum, þar sem fjallað er um mál, sem eru innan verksviðs þeirra. Þegar nefndin fjallar um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags, á fulltrúi Sambands íslenzkra sveitarfélaga rétt á að sitja fundi hennar, nema sveitarfélag óski sjálft að tilnefna fulltrúa til fundarsetu.

☐ Nefndin hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúnings- og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð, sem er undanfari verklegrar framkvæmdar. Nefndin fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberrar framkvæmdar.

☐ Ef nefndin telur, að óþarfa dráttur sé á afgreiðslu máls, sem sameignaraðili sendir hlutaðeigandi ráðuneyti, skal hún hlutast til um, að úr sé bætt.

■ **23. gr.** Þegar eftir gildistöku laga þessara skal koma

á fót framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins. Framkvæmdadeildin fer með yfirstjórn verklegrar framkvæmdar, sbr. IV. kafla, nema til komi ákvæði 2. og 3. mgr. 21. gr., og hefur auk þess frumkvæði um stöðlun mannvirkja, eftir því sem við getur átt. Framkvæmdadeildin tekur við starfsemi byggingadeildar menntamálaráðuneytisins og byggingaeftirlits við embætti húsameistara ríkisins.

☐ Heimilt er að fela framkvæmdadeild umsjón með viðhaldi mannvirkja, enda þótt áætlaður kostnaður sé undir þeim talnalegu mörkum, sem getið er í 1. gr.

■ **24. gr.** Fjármálaráðherra getur sett reglugerð um framkvæmd laga þessara.

■ **Ákvæði til bráðabirgða. I.** Um framkvæmdir, sem fé hefur verið veitt til í fjárlögum, en ekki eru hafnar við gildistöku laga þessara, skal farið að þessum lögum, enda sé að jafnaði ekki raskað þeim undirbúningi, sem unninn hefur verið.

☐ Um framkvæmdir, sem hafnar voru, en ólokið við setningu laganna, skal ákvæðum þeirra beitt, eftir því sem við getur átt um framkvæmdirnar í heild og einstaka áfanga þeirra.

☐ Fjármálaráðherra er heimilt fyrst um sinn að hækka þau talnalegu mörk, sem sett eru um kostnað framkvæmda, sbr. 1. gr., hvort heldur er almennt eða fyrir einstakar tegundir framkvæmda.

☐ Við gildistöku laga þessara skal framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins skrá allar opinberar framkvæmdir, sem hafnar eru, en ekki er lokið eða ekki eru að fullu greiddar fyrir þann tíma.

■ [**Ákvæði til bráðabirgða. II.** Ráðherra er heimilt að gefa ríkisstofnunum, sem aðallega hafa framkvæmt verk sín sjálfar, þrátt fyrir ákvæði þessara laga, ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga.][1)]

[1)] *L. 32/1984, ákvæði til bráðabirgða.*

Lög um opinber innkaup.

■ **1. gr.** Tilgangur þessara laga er að tryggja hagkvæmni í rekstri ríkisins að því er varðar kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og framkvæmda. Opinber innkaup heyra undir fjármálaráðuneytið.

■ **2. gr.** Yfirstjórn opinberra innkaupa er falin sérstakri stjórn sem er skipuð þremur mönnum. Fjármálaráðherra skipar stjórnina til tveggja ára í senn.

■ **3. gr.** Á vegum ríkisins skal rekin innkaupastofnun sem starfar samkvæmt ákvæðum 1. gr. Stjórn opinberra innkaupa er jafnframt stjórn innkaupastofnunarinnar. Innkaupastofnunin annast innkaup fyrir allar stofnanir og fyrirtæki ríkisins. Fjármálaráðherra getur þó að fenginni umsögn stjórnarinnar heimilað einstökum ríkisstofnunum eða fyrirtækjum að annast eigin innkaup. Ríkisstofnanir (innkaupadeildir ríkisstofnana) skulu haga viðskiptum sínum í samræmi við ákvæði þessara laga og hlíta fyrirmælum stjórnar opinberra innkaupa.

■ **4. gr.** Fjármálaráðherra skipar forstjóra til fjögurra ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Forstjóri ræður starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar.

■ **5. gr.** Innkaupastofnun ríkisins annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsakar sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beitir sér fyrir samræmdum innkaupum á vörum til þarfa ríkisins. Einnig skal stofnunin láta í té viðskiptalega aðstoð og leiðbeiningar um einstök vörukaup eftir því sem þörf gerist. Stofnunin ráðstafar eigum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir.

■ **6. gr.** Innkaupastofnunin skal viðhafa þá meginreglu að kaupa ekki inn aðrar vörur en þær sem fyrir fram er vitað að ríkisstofnanir þarfnist eða þær hafa pantað hjá stofnuninni. Þeirri meginreglu skal fylgt að bjóða út kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og fjárfestingar. Skal tilboða leitað með hæfilegum fyrirvara. Jafnan skal tekið því boði sem hagkvæmast er miðað við verð, vörugæði, afgreiðslu og aðra skilmála. Skylt er að veita tilbjóðendum upplýsingar um hvaða tilboði er tekið og hvers vegna.

■ **7. gr.** Innkaupastofnunin selur eða útvegar ríkisstofnunum og fyrirtækjum allar vörur á kostnaðarverði að viðbættri þóknun samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar. Gjaldskráin miðast við að þóknunin standi undir rekstri stofnunarinnar.

■ **8. gr.** Stofnuninni er eigi heimilt að binda fjármuni umfram fjárútvegun einstakra ríkisstofnana í kaupum á vörum og þjónustu nema til komi heimild fjármálaráðuneytis.

■ **9. gr.** Á grundvelli laga þessara setur ráðherra reglugerð[1)] um opinber innkaup og starfshætti Innkaupastofnunar ríkisins og innkaupadeilda.

[1)] *Rg. 189/1988.*

■ **10. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og falla þá úr gildi lög nr. 72/1947, um Innkaupastofnun ríkisins.

Fylgiskjal II.

Upplýsingar úr greinargerð Ríkisendurskoðunar um hönnunar- og eftirlitskostnað við opinberar framkvæmdir fyrir árin 1989 og 1990.

(Janúar 1992.)

Helstu niðurstöður

Aðkeypt sérfræðiþjónusta verkfræðinga, tæknifræðinga og arkitekta hjá A- og B-hluta ríkissjóðs ásamt þeim hönnunar- og eftirlitskostnaði sem færður er hjá Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins nam 454 milljónum króna á árinu 1989. Á árinu 1990 nam þessi kostnaður 553 milljónum króna og hækkaði um 99 milljónir króna frá fyrra ári eða um 21,8%. Sé miðað við fast verðlag nam raunaukning kostnaðar 39 milljónum króna eða 7,5%. Í þessum kostnaðarlið eru einnig greiðslur fyrir önnur verkefni en hönnun og eftirlit en þar er ekki um verulegar fjárhæðir að ræða.

Heildarkostnaður þeirra framkvæmda sem bókfærðar voru hjá Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins á árinu 1989 nam 1.075 milljónum króna og skiptist á 117 verk. Hönnunar-og eftirlitskostnaður þessara framkvæmda nam 227 milljónum króna eða 21% af heildarkostnaði. Á árinu 1990 nam kostnaður við framkvæmdir 110 verka 1.520 milljónum króna og nam hönnun og umsjón 306 milljónum króna eða um 20% heildarkostnaðar. Hlutfall hönnunar af framkvæmdakostnaði var að meðaltali 15,0-15,5% og hlutfall eftirlitskostnaðar var um 5,5% af kostnaði þeirra verka sem voru í vinnslu á þessum árum.

Skilamat nokkurra nýframkvæmda sem voru í byggingu á árunum 1980 til 1991 sýnir að hlutfall hönnunar- og eftirlitskostnaðar af þeim byggingaframkvæmdum sem lokið er að fullu er að meðaltali 15,5-16,0% af framkvæmdakostnaði. Hönnunarkostnaður þeirra bygginga sem teknar voru út var um 11% framkvæmdakostnaðar og hlutfall eftirlitskostnaðar var á bilinu 4,5-5,0% heildarkostnaðar. Þá er sýnt að hlutfall hönnunar- og eftirlitskostnaðar af framkvæmdum við endurbyggingar, þ.e. viðgerðir og endurbætur eldri bygginga, er mun hærra en við nýbyggingar. Þannig nam kostnaður við úttektir á ástandi bygginga, áætlunargerð, forhönnun, hönnun og eftirlit um 30% af framkvæmdakostnaði þeirra bygginga er úttektin náði til eða tvöfallt hærri en við nýbyggingar.

- Aflað var upplýsinga frá Noregi um hönnunar- og eftirlitskostnað sem hlutfall af kostnaði við byggingaframkvæmdir á vegum hins opinbera. Þær upplýsingar sýndu að kostnaður við umsjón, hönnun og eftirlit var að meðaltali um 14,0-14,5% af framkvæmdakostnaði og skiptist þannig að hönnunar-kostnaður var á bilinu 11,0-11,5% framkvæmdakostnaðar en eftirlit um 2,5-3,0%. Fram kom að ef um endurbyggingu væri að ræða hækkaði hönnunarkostnaður um 1-2% allt eftir því hversu flókin og umfangsmikil framkvæmdin væri.

- Hönnunar- og eftirlitskostnaður er nokkru lægri sem hlutfall af framkvæmdakostnaði í Noregi samanborið við nýframkvæmdir hérlendis. Hlutfall hönnunar af framkvæmdakostnaði er svipaður í Noregi við það sem hér gerist en kostnaður við eftirlit er um 2% hærri hérlendis. Sé miðað við þá reglu er gildir fyrir endurbyggingar í Noregi er kostnaður hérlendis verulega hærri en þar tíðkast.

- Yfirlit um framkvæmdakostnað 6 heilsugæslustöðva sem voru í byggingu á árunum 1975 til 1988 sýnir að hlutfall hönnunar- og eftirlitskostnaðar af framkvæmdakostnaði var að meðaltali 12,9%. Hönnunarkostnaður var að meðaltali 9,3% framkvæmdakostnaðar en eftirlit 3,6%. Framkvæmdir við heilsugæslustöðvarnar einkennast þó af löngum byggingartíma. Þá hannaði einn arkitekt fjórar af þessum sex byggingum og aðrir hönnuðir voru einnig þeir sömu við fjórar þessara framkvæmda. Athygli vekur hversu hár hönnunarkostnaður er við þær byggingar sem unnar eru eftir sömu teikningu og má samkvæmt því álykta að lítil hagkvæmni sé í því fólgin að nýta sér sömu teikningu vegna byggingar sem nota á í samskonar tilgangi.

- Hlutfall hönnunar- og eftirlitskostnaðar við opinberar framkvæmdir, sem ríkisstofnanir á sviði vegamála, flugmála og orkumála annast, er á milli 8-10% af framkvæmdakostnaði. Það er nokkuð lægra hlutfall en við aðrar framkvæmdir ríkisins s.s. við húsbyggingar eða endurbætur og viðgerðir á eignum.

- Hönnunarkostnaður virðist einkum ráðast af því hve vel verk er undirbúið áður en framkvæmdir hefjast þannig að ekki þurfi að koma til breytinga á hönnun á verktíma. Verk eru oft á tíðum ekki að fullu skilgreind við upphaf framkvæmda og hönnun því skammt á veg komin. Við slíkar aðstæður kemur oft til endurhönnunar vegna breyttra forsendna á verktíma. Þá eru dæmi um verk sem unnin eru í tímaþröng þannig að stutt verður á milli hönnunar og verkframkvæmda og þeir verkþættir falli jafnvel saman en það leiðir til mun hærri hönnunarkostnaðar en þörf er á. Þá standa opinberar framkvæmdir lengi yfir og leiðir það að jafnaði til hærri framkvæmdakostnaðar á verktíma.

- Til að koma í veg fyrir að framkvæmdir fari fram úr áætlunum þarf verkið að vera að fullu skilgreint og hönnun allra verkþátta lokið áður en að framkvæmdir hefjast. Þá þarf að fylgja þeirri verkáætlun sem fyrir liggur og þeim framkvæmdahraða sem áformaður er og forðast þannig flýtingu verks eða hlé á framkvæmdum sem ávallt kallar á hærri verkkostnað.

- Áætlunargerð fyrir opinberar framkvæmdir er oft á tíðum verulega ábótavant. Algengt er að áætlunargerðin einskorðist við verkframkvæmdir og í mörgum tilfellum er ekki áætlað fyrir hönnunar- og eftirlitskostnaði við framkvæmdir og því síður gerðar áætlanir um forhönnun eða ástandskönnun á viðkomandi mannvirki. Ríkisendurskoðun bendir á að samkvæmt lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda skal áætlunargerð um opinberar framkvæmdir hagað þannig að gerð er nákvæm kostnaðaráætlun um verkið, tímaáætlun um framkvæmd þess og greiðslu- og fjáröflunaráætlun fyrir framkvæmdatímabilið.

Fskj. 2.1

Skilamat fyrir framkvæmdir við viðbyggingu Háskólabíós.

Fjárhæðir á verðlagi ársins 1987/100	Þ.kr.	% af hk.
Frumathugun	1.215	0,37%
Áætlanagerð	605	0,19%
Hönnun	30.159	9,22%
Eftirlit	13.221	4,04%
Hönnun og eftirlit	45.200	13,82%
Jarðvinna	17.207	5,26%
Undirbygging	11.645	3,56%
Yfirbygging	109.638	33,53%
Innréttingar	30.886	9,45%
Kerfi	52.085	15,93%
Lóðargerð	19.018	5,82%
Stofngjald og byggingarleyfi	6.633	2,03%
Fjármagnskostnaður	23.071	7,06%
Ýmiss óbeinn kostnaður	11.606	3,55%
Heildarkostnaður	326.989	100,00%

Heildarkostnaður í þús. kr.		
Rauntölur	326.989	
Áætlun	246.302	
Frávik	80.687	32,76%
Kostnaður á fm. í kr.		
Rauntölur	81.747	
Áætlun	61.576	
Frávik	20.171	32,76%

Tegund	Nýbygging
Verkbyrjun	1987
Verklok	1991
Umfang húsnæðis	4.000.0 fm
Áætlunargerð	Frumathugun, fjármagnskostnaður og yfirkostnaður verktaka ekki meðtalinn í áætlun.
Arkitektar	Guðmundur Kr. Kristinsson Ferdinand Alfreðsson

Skilamat fyrir framkvæmdir við nýbyggingu Listasafns Íslands.

Fjárhæðir á verðlagi ársins 1987/100	Þ.kr.	% af hk.
Frumathugun		
Áætlanagerð		
Hönnun	22.224	8,68%
Eftirlit	13.944	5,45%
Hönnun og eftirlit	36.168	14,13%
Verksamningar	172.448	67,39%
Aukaverk	38.514	15,05%
Reikningsfært	8.783	3,43%
Heildarkostnaður	255.913	100,00%

Heildarkostnaður í þús. kr.		
Rauntölur	255.913	
Áætlun	167.790	
Frávik	88.123	52,52%
Kostnaður á fm. í kr.		
Rauntölur	99.849	
Áætlun	65.466	
Frávik	34.383	52,52%

Tegund	Nýbygging
Verkbyrjun	1980
Verklok	1988
Umfang húsnæðis	2.563.0 fm
Áætlunargerð	Samanburður við áætlun ekki marktækur.
Arkitekt	Húsameistari ríkisins

Fskj. 2.3

Skilamat fyrir framkvæmdir við Þönglabakka 4.
Hús Póst og síma og SVFR.

Fjárhæðir á verðlagi ársins 1987/100	Þ.kr.	% af hk.
Hönnun húss	8.470	7,72%
Hönnun lóðar	1.133	1,03%
Hönnunarstjórn, umsjón og eftirlit	5.952	5,42%
Ljósritun o.fl.	1.115	1,02%
Hönnun og eftirlit	16.669	15,19%
Útboðsverk 1	2.626	2,39%
Útboðsverk 2	46.850	42,69%
Útboðsverk 3	21.858	19,92%
Frágangur Pósts og síma	9.670	8,81%
Lóðarframkvæmdir	5.146	4,69%
Annar framkvæmdakostnaður	522	0,48%
Opinber gjöld	6.398	5,83%
Heildarkostnaður	109.739	100,00%
Hlutdeild Póst og síma	50.759	46,25%
Heildarkostnaður í þús. kr.		
Rauntölur	109.739	
Áætlun	106.975	
Frávik	2.764	2,58%
Byggingarkostnaður á fm. í kr.		
Rauntölur	60.775	
Áætlun	59.096	
Frávik	1.679	2,84%

Tegund	Nýbygging
Verkbyrjun	Nóvember 1987
Verklok	September 1989/hús og nóvember 1989/lóð.
Umfang húsnæðis	1.672.8 fm
Áætlunargerð	Fullnaðaráætlun júní 1988/hús og júlí 1989/lóð.
Arkitektar	Arkitektastofa Finns Björgvinssonar og Hilmars Þ. Björnsonar

Byggingarlýsing fyrir Póst og símahús á Kópaskeri.

Fjárhæðir á verðlagi ársins 1987/100	Þ.kr.	% af hk.
Hönnunarkostnaður	373	3,51%
Eftirlit og ýmiss annar kostnaður	397	3,73%
Hönnun og eftirlit	769	7,24%
Áfangi 1	913	8,60%
Áfangi 2	7.295	68,69%
Lóðarframkvæmdir	1.643	15,47%
Heildarkostnaður	10.621	100,00%

Heildarkostnaður í þús. kr.		
Rauntölur	10.621	
Áætlun	10.221	
Frávik	400	3,91%
Byggingarkostnaður á fm. í kr.		
Rauntölur	65.535	
Áætlun	64.939	
Frávik	596	0,92%

Tegund	Nýbygging
Verkbyrjun	Nóvember 1989
Verklok	Júlí 1990
Umfang húsnæðis	137.0 fm
Áætlunargerð	Fullnaðaráætlun.
Arkitektar	Jósef Reynis, Teiknistofunni hf.

Skilamat fyrir framkvæmdir við K-byggingu, 1. hluta.

Fjárhæðir á verðlagi ársins 1987/100	Þ.kr.	% af hk.
Hönnunarkostnaður	52.393	14,60%
Eftirlit hönnuða	7.130	1,99%
Umsjón	6.623	1,85%
Ljósritun	3.178	0,89%
Hönnun og eftirlit	69.324	19,31%
Útboðsverk 1.	10.885	3,03%
Útboðsverk 2.	86.032	23,97%
Útboðsverk 3.	132.860	37,01%
Útboðsverk 4.	35.351	9,85%
Útboðsverk 5.	7.612	2,12%
Breytingar á G-álmu	12.328	3,43%
Lúkning, lokafrágangur	3.635	1,01%
Byggingagjöld	920	0,26%
Heildarkostnaður	358.947	100,00%

Heildarkostnaður m/tækjum og búnaðir í þús. kr.

Rauntölur	412.355	
Áætlun	362.235	
Frávik	50.120	13,84%

Skilamat	Ófullgert
Tegund	Nýbygging
Verkbyrjun	1984
Verklok	1989
Umfang húsnæðis	1.672.8 fm
Áætlunargerð	Miðað er við frumáætlun og raunkostnað án breyting vegna nýrra verka
Arkitektar	Húsameistari ríkisins

729. Frumvarp til laga [471. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson.

1. gr.

2. mgr. 172. gr. laganna orðast svo:

Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla skv. 1. mgr. sem hér segir:

1. Dánarbætur:
   a. 1.630.000 kr. við andlát er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðarreglur mæla fyrir um. Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.
   b. 625.000 kr. til viðbótar greiðslu skv. a-lið ef bætur greiðast skv. d- eða e-liðum og skiptast á sama hátt og bætur skv. a-lið.
   c. Nú lætur sjómaður hvorki eftir sig maka né börn og greiðast þá 815.000 kr. til lögerfingja.
   d. Mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í sex ár ber að greiða skv. a-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar. Við andlát eftirlifandi maka ganga greiðslur þessar ekki í arf. Ákvæði þessi skerða í engu réttindi maka vegna slysa sem orðið hafa fyrir gildistöku laga þessara.
   e. Mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma skv. c-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar.
2. Slysadagpeningar og örorkubætur:
   a. Dagpeningar sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar skv. 33. gr. laga um almannatryggingar og nema 50% hærri fjárhæð en þeir. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei vera hærri en þau laun sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.
   b. Vegna varanlegrar örorku greiðast bætur á eftirfarandi hátt: 45.000 kr. fyrir hvert örorkustig á bilinu frá 1–25%, 90.000 kr. á bilinu frá 26–50% og 135.000 kr. fyrir hvert örorkustig umfram 50%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það má með sanni segja að umræðan um íslensk siglingalög hafa ekki tekið langan starfstíma frá annasömu Alþingi.

Skömmu eftir að stjórn Íslandsmála fluttist inn í landið var þó farið að huga að setningu íslenskra siglingalaga, en fram til þess tíma giltu hér að mestu úrelt og dreifð ákvæði Jónsbókar, hinnar fornu lögbókar Íslendinga, um siglingar og siglingamálefni, og voru þau að sjálfsögðu algjörlega ófullnægjandi eftir að siglingastarfsemi tók að þróast hér að nokkru marki. Árið 1913 voru sett hér á landi siglingalög, en þeim lítillega breytt á næsta ári og síðan gefin út í heild sem lög nr. 56/1914.

Þrátt fyrir mikla þróun í siglingastarfsemi og siglingatækni, sem varð á næstu áratugum, stóðu íslensku siglingalögin lítið breytt allt frá 1914 til 1963, er gerðar voru á

þeim talsverðar breytingar og þau síðan gefin út sem lög nr. 66/1963. Var þar m.a. leitast við að samræma lögin ýmsum alþjóðasáttmálum á sviði siglinga.

Með lögum nr. 14/1968 er ákvæðum siglingalaga um takmörkun ábyrgðar útgerðarmanna breytt með tilvísun til alþjóðasamþykktar sama efnis sem samþykkt var í Brussel 10. október 1957. Þá er sömu ákvæðum breytt með lögum nr. 108/1972, sbr. síðari breytingu með lögum nr. 25/1977. Síðar var unnið að heildarendurskoðun siglingalaga og voru ný lög samþykkt vorið 1985, lög nr. 34/1985, síðar með breytingum á 230. gr. laganna, nr. 34/1986, um rannsóknir á sjóslysum.

Það má furðu gegna um siglingaþjóð, sem byggir sitt efnahagslega sjálfstæði á sjávarútvegi og siglingum, skuli svo sjaldan sem raun ber vitni um hafa talið ástæðu til endurskoðunar siglingalaga með tilliti til þess að mjög örar breytingar eiga sér stað á siglingalögum nágrannaþjóða.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tryggingarfjárhæðum 172. gr. laganna verði breytt, þ.e. við andlát og til eftirlifandi maka. Einnig verði felld niður aldursmörk og tímalengd bótaréttar sem verði einn og sá sami, sex ár. Þá verði einnig bætur til barna yngri en 18 ára hækkaðar. Þá er bætt við ákvæðum þess efnis að lögerfingjum sjómanns skuli við andlát hans greiddar bætur; enn fremur að fjárhæðum slysadagpeninga og örorkubóta verði breytt.

Frá þeim tíma að Tryggingastofnun ríkisins tók upp skráningu á slysum sjómanna 1964 hefur slysatíðni meðal sjómanna því miður aukist. Og þrátt fyrir tilkomu Slysavarnaskóla sjómanna, Sæbjörgu og það ágæta starf sem þar er unnið að fræðslu varðandi öryggismál sjómanna eykst enn slysatíðni til sjós. Þessi þróun mála veldur verulegum áhyggjum meðal forustumanna sjómanna. Þó má líka sjá þróun til réttrar áttar.

Síðastliðna tvo áratugi hafa um 25% þeirra slysa sem tilkynnt hafa verið Tryggingastofnun ríkisins verið vegna sjómannastarfa enda þótt sjómenn séu aðeins um 5% þeirra sem á vinnumarkaðnum eru.

Bótaskyld slys á sjómönnum tilkynnt TR.

Ár	Fjöldi slysa
1964	260
1968	322
1972	319
1976	307
1980	375
1984	415
1985	503
1987	524
1988	619
1989	631
1990	614
1991	522

Hins vegar hefur tíðni dauðaslysa orðið önnur þótt því miður sé tala látinna sjómanna af slysförum allt of há.

Tíðni dauðaslysa á fiskiskipum 1971–1989.

Ár	Dauðaslys
1971–1974	82
1975–1979	59
1980–1984	58
1985–1989	37
1990	4
1991	9



Því miður vantar nokkuð á að öll gögn varðandi slys á sjómönnum séu aðgengileg hjá TR, einkum hvað varðar flokkun og úrvinnslu gagna. Ekki liggur fyrir hjá TR hve margir sjómenn starfa síns vegna fá greiddar örorkubætur. En hjá Lífeyrissjóði sjómanna fjölgar þeim sjómönnum sem eru á örorkulífeyri eins og meðfylgjandi tafla sýnir:

Fjöldi sjómanna á örorkulífeyri.
(Í desember ár hvert.)

1981	52
1984	97
1987	147
1990	247
1991	303

Sem hér að framan hefur verið getið má ljóst vera að störf við sjómennsku eru áhættusöm og erfið og þótt peningar bæti aldrei lífs- eða líkamstjón er þó ekki nema eðlilegt að sú starfstétt, sem býr við jafnalvarlega slysa- og dánartíðni starfans vegna sem íslenskir sjómenn gera, sé vel tryggð. Hugtakið að vera vel tryggður er víðfeðmt og enda þótt flutningsmaður telji mikið á vanta hvað bótafjárhæðir 172. gr. varðar felur lagabreytingin í sér sambærilegar tryggingarfjárhæðir og eru hjá þeim aðilum sem starfa eftir kjarasamningum BSRB.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a- og b-liðum 1. tölul. er einungis breytt fjárhæðum.

C-liður er nýr og felur í sér rétt lögerfingja til fébóta ef hinn látni lætur hvorki eftir sig maka né börn. Ekki eru ákvæði í núgildandi lögum sem hér getur, hins vegar eru ákvæði í kjarasamningum milli sjómanna og útgerðarmanna varðandi þetta ákvæði. Rétt er og eðlilegt að fella þetta ákvæði inn í lögin.

Í d-lið er lagt til að bætur til eftirlifandi maka séu greiddar í sex ár og gildi þá einu um aldur.

Í núgildandi lögum eru ákvæði þess efnis að sé eftirlifandi maki 44 ára og 364 daga gamall eða yngri skuli hann njóta bóta í þrjú ár, en í sex ár sé hann 45 ára eða eldri.

Í a-lið 2. tölul. er lagt til að dagpeningar skv. 33. gr. almannatrygginga hækki um 50%.

Þá er gert ráð fyrir að bætur vegna varanlegrar örorku hækki til samræmis við aðrar hækkanir í frumvarpi þessu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

730. Frumvarp til laga [472. mál]

um flutning ríkisstofnana.

Flm.: Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Kristín Ástgeirsdóttir.

1. gr.

Markmið laga þessara er að jafna aðstöðu landsmanna gagnvart rekstri ríkisstofnana. Á næstu tíu árum skal vinna eftir áætlun um flutning ríkisstofnana út á land, sbr. 3. gr. Forsætisráðherra fer með þau málefni sem lögin varða.

2. gr.

Við lok tímabilsins skulu 40% af starfsemi ríkisstofnana, reiknuð sem hlutfall af heildarlaunagreiðslum, fara fram utan höfuðborgarsvæðisins.

Ákvæði varðandi einstakar stofnanir skal setja í sérlög þeirra.

3. gr.

Byggðastofnun skal annast áætlunargerð og umsjón samkvæmt lögum þessum fyrir hönd forsætisráðherra. Forsætisráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd áætlunarinnar í árlegri skýrslu sinni um Byggðastofnun.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á allra síðustu árum hefur verið vaxandi umræða um uppbyggingu opinberrar þjónustu hér á landi. Fyrir þann tíma hafði nánast öll umræða um eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni beinst að framleiðslugreinunum. Það er ekki fyrr en augu manna opnast fyrir því hve þjónustustarfsemi er orðin afgerandi þáttur í atvinnulífinu, og þá sérstaklega hvað varðar ný störf, að umræða hefst í alvöru um að ekki sé gefið að hagkvæmt sé að nánast öll sameiginleg starfsemi þjóðarinnar fari fram á einum stað. Í framhaldi af því hefur komið upp umræða um að æskilegt geti talist að flytja ríkisstofnanir út á land. Sú umræða hefur verið handahófskennd og æskileg markmið hefur skort. Leiða má að því líkur að í þjóðfélagi, þar sem sífellt færri hendur vinna við að sinna frumþörfum þegnanna, ráði þróun þjónustugreinanna stöðugt meira um atvinnuþróun og búsetu. Ef til vill finnst einhverjum að þau markmið, sem hér eru sett fram, beri ekki vott um mikinn metnað, þ.e. að tæp 8% af núverandi umfangi ríkisrekstrar verði flutt út á land. Þess ber hins vegar að gæta í þessu sambandi að á síðustu árum hefur hallað á hina hliðina. Á árunum 1983 til og með 1991 hafa launagreiðslur ríkisins á landsbyggðinni dregist hlutfallslega saman um 6% á meðan íbúum hefur fækkað um 4%. Af því má ráða að hér er verið að leggja til að þessari þróun verði snúið við á mjög róttækan hátt. Þetta gerist á sama tíma og átt hefur sér stað veruleg uppbygging á landsbyggðinni á sviði heilsugæslu, sjúkrahúsa og framhaldsskóla. Það má því draga þá ályktun að verði ekki spyrnt við fótum muni þessi þróun verða enn hraðari. Með þessu frumvarpi er á engan hátt verið að vinna gegn hagsmunum höfuðborgarinnar.

Flutningsmenn telja að öflugt höfuðborgarsvæði eigi að geta verið stolt allrar þjóðarinnar. Hins vegar er jafnljóst að flutningur fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins í þeim mæli sem spáð er á næstu árum er engum til góðs. Slíkri þróun munu fylgja ófyrirséð félagsleg og efnahagsleg vandamál. Það er skoðun flutningsmanna að þeim markmiðum, sem sett eru fram í frumvarpi þessu, sé hægt að ná án þess að á nokkurn hátt sé vikið frá hagkvæmnissjónarmiðum í rekstri ríkisstofnana. Reyndar má leiða að því líkur að slík þróun geti á mörgum sviðum gert hið opinbera kerfi skilvirkara og sveigjanlegra, m.a. með því að færa verkefni til sveitarfélaga eða samtaka þeirra. Flutningsmenn telja að hér sé um það stórt mál að ræða og þróun þess geti haft svo afdrifaríkar afleiðingar fyrir þróun íslensks þjóðfélags að full ástæða sé til að setja lög þar um þannig að fyrir liggi skýr ákvörðun Alþingis í málinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Breytingin miðast við stöðuna eins og hún var á árinu 1991. Miðað er við greidd laun hjá Launaskrifstofu ríkisins og sjúkrastofnunum á þeim tíma og markmið frumvarpsins reiknað út frá þeim. Á þeim tíma var skiptingin eftirfarandi: Höfuðborgarsvæðið 67,63% og landsbyggðin 32,37%. Markmiðum frumvarpsins er hægt að ná m.a. með flutningi ríkisstofnana í heilu lagi á lengri eða skemmri tíma, með flutningi á hluta af stofnunum, með samningum við einstaklinga eða félög um sérstök verkefni eða flutningi verkefna til sveitarfélaga eða samtaka þeirra.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

731. Tillaga til þingsályktunar [473. mál]

um atvinnuþróun í Mývatnssveit.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu. Að úttektinni verði unnið samhliða rannsóknum á áhrifum kísilgúrnáms úr Mývatni á lífríki svæðisins og fyrstu niðurstöðum skilað og þær kynntar Alþingi fyrir árslok 1992.

Greinargerð.

Íslenska ríkið hefur óvenjumiklar skyldur við Mývatnssveit og svæðið meðfram Laxá. Því valda ákvarðanir sem teknar hafa verið um lögverndun á náttúru svæðisins og aðild ríkisins að uppbyggingu atvinnufyrirtækja þar síðustu áratugi, einkum Kísiliðjunnar og Krófluvirkjunar.

Mývatnssveit er þjóðgarðsígildi og hefur auk þess fengið alþjóðlega stöðu í náttúruvernd með því að flokkast undir Ramsar-sáttmálann. Svæðið er einstakt á heimsmælikvarða, bæði sökum lífríkis og jarðmyndana. Mývatn hefur gífurlegt alþjóðlegt aðdráttarafl eins og best sést á þeim mikla og vaxandi fjölda ferðamanna sem þangað leggur leið sína.

Uppbygging og rekstur Kísiliðjunnar hf. í Mývatnssveit frá árinu 1967 að telja hefur haft mikil áhrif á byggðarlagið og verið aðalundirstaðan undir fjölgun íbúa frá því sem áður var. Starfsemi verksmiðjunnar hefur frá upphafi verið umdeild og margir hafa haft áhyggjur af því að rekstur hennar hefði neikvæð áhrif á lífríki svæðisins. Þessar áhyggjur hafa ýtt undir rannsóknir og með lögunum um verndun Mývatns- og Laxársvæðisins var sett á fót sérstök rannsóknastöð við Mývatn.

Nefndir sérfræðinga hafa starfað á vegum stjórnvalda til að fá sem gleggsta mynd af lífríki Mývatns og til að láta kanna hugsanleg áhrif af starfsemi verksmiðjunnar á það. Í júlí 1991 skilaði sérfræðinganefnd á vegum umhverfisráðuneytisins áliti um „áhrif Kísiliðjunnar hf. á lífríki Mývatns“ og í framhaldi af því setti iðnaðarráðherra á fót sérfræð-

ingahóp til að móta tillögur um frekari rannsóknir á áhrifum kísilgúrnáms á lífríki svæðisins. Sá hópur skilaði tillögum 25. mars 1992 og í samræmi við þær verða nú hafnar rannsóknir á vegum umhverfisráðuneytis á áhrifum efnistöku af botni Mývatns. Þessar rannsóknir eiga að varpa ljósi á þá spurningu hvort og hversu lengi sé ráðlegt að halda áfram kísilgúrtöku af botni Mývatns og þá um leið starfrækslu verksmiðjunnar.

Hér er um svo afdrifaríkt mál að ræða fyrir samfélagið við Mývatn að óverjandi er annað en að stjórnvöld láti samhliða kanna möguleika á þróun atvinnulífs og nýsköpun til að tryggja byggð og sjálfbæra þróun í Mývatnssveit. Það er nú orðin viðurkennd regla víða um lönd að fyllstu varúðar beri að gæta þá mannleg umsvif eru annars vegar og óvissu eigi að meta náttúruverndinni í vil. Það getur varla orkað tvímælis að slíka reglu beri að virða þegar lífríki Mývatns er annars vegar. Því leggja flutningsmenn þessarar tillögu áherslu á að stjórnvöld komi til liðs við heimamenn nú þegar með þeirri úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir.

Svipuð tillaga um áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit var flutt á 110. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Er hún prentuð sem fylgiskjal hér á eftir ásamt fréttatilkynningu umhverfisráðuneytis frá 27. mars 1992 um námaleyfi Kísiliðjunnar við Mývatn. Einnig fylgir útdráttur úr skýrslu ráðgjafarhóps um könnun á áhrifum kísilgúrnáms á setflutninga í Mývatni og mikilvægi þeirra fyrir lífríki vatnsins.

Fylgiskjal I.

Tillaga til þingsályktunar um áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Gunnarsson, Halldór Blöndal, Málmfríður Sigurðardóttir, Stefán Valgeirsson, Valgerður Sverrisdóttir.

(458. mál á 110. löggjafarþingi.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefjast nú þegar handa um gerð áætlunar um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit til að treysta forsendur byggðar á svæðinu og leysa þann vanda sem að óbreyttu mundi skapast ef Kísiliðjan hf. yrði að hætta rekstri. Unnið verði að gerð þessarar áætlunar samhliða ítarlegum rannsóknum á áhrifum kísilgúrnáms á lífríki svæðisins. Leiði slíkar rannsóknir í ljós að lífríki Laxár og Mývatns verði fyrr eða síðar stefnt í hættu með áframhaldandi kísilgúrnámi skal þegar í stað hafist handa um að framkvæma áætlunina. Jafnframt verði þá reynt að meta hve mikinn kísilgúr til viðbótar telst óhætt að nýta og hve langur tími gefst til að hrinda áætluninni í framkvæmd.

Áætlunin skal miða að því að efla atvinnulíf og stuðla að uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi sem samrýmist sérstökum lögum um verndun svæðisins. Skal áætlunin unnin í samvinnu við heimamenn í Mývatnssveit, náttúruverndaraðila og samráð haft við atvinnumálanefnd sameinaðs Alþingis.

Kostnaður við gerð áætlunarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 107. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Hún er nú endurflutt lítillega breytt. Aðstæður eru í aðalatriðum óbreyttar í Mývatnssveit og þörfin því söm og áður fyrir aðgerðir af þessu tagi að mati flutningsmanna. Tillögunni fylgdi á sínum tíma svohljóðandi greinargerð sem er enn í fullu gildi:

„Mývatnssveit og Laxá ásamt næsta nágrenni hafa verulega sérstöðu meðal þeirra svæða á Íslandi sem öðrum fremur hafa náttúrufræðilegt verndargildi. Sérstaðan felst í því að á áðurnefndu svæði er að finna margar dýrmætustu perlur íslenskrar náttúru og einnig í hinu að í Mývatnssveit er fjölmennt sveitarfélag með sjálfstæðan tilverurétt. Ástæður eru því ólíkar því sem gerist til að mynda í lítt byggðum eða óbyggðum þjóðgörðum. Þessa staðreynd höfðu höfundar frumvarps til laga um verndun Mývatns og Laxár í huga en í greinargerð með því frumvarpi frá 1973 segir orðrétt:

„... Ef Mývatnssveit væri óbyggð væri eflaust búið að gera allt svæðið að þjóðgarði með öllum þeim takmörkunum og reglum um umferð og umgengni sem um slíkan þjóðgarð yrðu settar. En horfast verður í augu við þá staðreynd að Mývatnssveit er tiltölulega fjölmennt sveitarfélag og sökum hins sérstæða náttúrufars sveitarinnar er ferðamannastraumur skollinn þar á með fullum þunga. Að því er varðar náttúruvernd á þessu svæði verður því að taka tillit til margra ólíkra sjónarmiða sem stundum getur reynst erfitt að samræma. Þó er auðsætt að keppa ber að því að þar geti haldist blómlegt mannlíf um ókomin ár, en jafnframt verður að leggja ríka áherslu á verndun þeirra miklu náttúruverðmæta sem þar er að finna. Góður árangur af þeirri viðleitni hlýtur að velta á þroska og skilningi heimamanna og raunar allra Íslendinga ...“

Segja má að staðan sé óbreytt enn þann dag í dag hvað þetta varðar. Verndargildi Laxár og Mývatns er óumdeilt, sbr. sérstök lög þar um frá 1974. Þá má einmitt nefna að einmitt þetta svæði, þ.e. Mývatn-Laxá, er skráð fyrir Íslands hönd sem aðili að Ramsarsáttmálanum svonefnda um verndun votlendissvæða, en jafnframt þessu hefur byggð vaxið við Mývatn með árunum og ferðamannastraumur aukist. Verulegur hluti þess fólks, sem býr í þéttbýliskjarnanum í Reykjahlíð, starfar í Kísiliðjunni og allmargt fólk annars staðar úr sveitinni.

Eins og nú standa sakir má segja að þetta fólk eigi allt sitt undir því að fyrirtækið starfi áfram því að atvinna fyrir jafn margt fólk og þar starfar verður ekki hrist fram úr erminni fyrirvaralaust í litlu byggðarlagi. Það er því að vonum að ugg setji að fólki er óvissa skapast um áframhaldandi rekstur Kísiliðjunnar eins og nú hefur nýlega gerst í tengslum við endurnýjun á námavinnsuleyfi fyrirtækisins.

Tillaga þessi er ekki síst flutt vegna þess öryggisleysis fyrir viðkomandi fólk og byggðarlag sem felst í óbreyttu ástandi. Slíkt er óþolandi og leggst sem köld hönd á allt athafnalíf og mannlíf í hverju því byggðarlagi sem við slíkt býr. Það væri hins vegar óhyggilegt að vera ekki við þeim möguleika búinn að til þess geti komið að stöðva verði rekstur Kísiliðjunnar hf. þar sem það á að vera hafið yfir deilur hvort verður að víkja rekstur Kísiliðjunnar eða verndun Mývatns ef í ljós kemur að þetta tvennt fer ekki saman.

Auðvitað er eðlilegt að vona að niðurstöður rannsókna á áhrifum kísilgúrtöku á lífríki Mývatns sýni að sé hægt að nýta vatnsbotninn framvegis á einhverjum svæðum enn um langa hríð. Fram hjá hinu má ekki líta að aðgerðir til verndar Mývatni verða að vera þess eðlis að séð sé við því fyrir fram að ekki hljótist tjón af. Það er ekki réttlætanlegt að taka verulega áhættu þegar í hlut á náttúra og lífríki jafnsérstakt og dýrmætt og hér um ræðir og öll starfsemi á svæðinu verður að vera innan þeirra marka að vissa sé fyrir því að lífríki og náttúrufari sé ekki stofnað í hættu. Til að draga úr slíkri óvissu er þörf öflugra og vandaðra vísindalegra rannsókna á náttúrunni og mats hæfustu sérfræðinga á grundvelli þessara rannsókna.

Hvað varðar þá áætlun sem tillagan gerir ráð fyrir að unnin verði er þar átt við úttekt á möguleikum til atvinnuuppbyggingar í Mývatnssveit sem komið gæti í staðinn fyrir rekstur Kísiliðjunnar hf. ef til þess að hún yrði að hætta rekstri. Ef sú verður niðurstaðan í framtíðinni er mikilvægt að nýta sem best þann tíma sem gefst til aðlögunar að breyttum aðstæðum svo að komast megi hjá röskun á högum fólks eftir því sem kostur er. Eðlilegt er að leita leiða til að skapa hliðstæðan fjölda starfa og nú eru í Kísiliðjunni sem tekið gætu við þegar Kísiliðjan hættir eða samhliða því sem hún dregur saman seglin.

Það er ljóst að opinberir aðilar geta ekki hlaupist frá ábyrgð í þessu máli. Í fyrsta lagi er Kísiliðjan ríkisfyrirtæki að meiri hluta og sú ákvörðun að setja þetta fyrirtæki niður í Mývatnssveit hefur haft úrslitaáhrif á þróun byggðar þar. Í öðru lagi hefur svo Alþingi sett sérstök lög um verndun svæðisins og heimamenn eiga því fullan rétt á að krefjast þess af hinu opinbera að það beiti sér fyrir aðgerðum til lausnar vandamálum sem skapast vegna samspils þessara þátta.

Vonir standa nú til þess að verulega rætist úr með rannsóknir á náttúru og lífríki í Mývatnssveit og léttist þá vonandi eitthvað byrði vanrækslusyndarinnar á herðum opinberra aðila í því sambandi. Öflugar og víðtækar rannsóknir eru fyrsta skrefið til skynsamlegrar lausnar á sambúðarvandamálum manns og náttúru í Mývatnssveit sem og reyndar annars staðar og þar mega ríki og fjárveitingavald ekki lengur halda að sér höndum. Flutningsmaður þessarar tillögu ætlar sér ekki þá dul að segja fyrir um niðurstöður rannsókna en telja verður hyggilegt að nýta tímann sem best og vera viðbúinn hverju því svari sem út úr slíkum rannsóknum kann að koma. Ella er hætt við að menn standi í sömu sporum og með vissu millibili teljist óvissa ríkja um framtíð Kísiliðjunnar öllum aðilum til tjóns.

Reyndar má segja að hvað sem framtíð Kísiliðjunnar hf. líður væri ástæða til að athuga sérstaklega þróunarforsendur atvinnulífs og mannlífs í Mývatnssveit vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem þar eru og vikið var að í upphafi þessarar greinargerðar. Ríkisvaldið sem eigandi Kísiliðjunnar hf. og reyndar einnig Krófluvirkjunar (nú í eigu Landsvirkjunar hf.) svo og Alþingi, sem sett hefur sérstök lög um verndun svæðisins, bera mikla ábyrgð í þessu máli gagnvart heimamönnum og gagnvart íslensku þjóðinni allri.

Fylgiskjal I.

Bréf Steingríms J. Sigfússonar til hreppsnefndar Skútustaðahrepps.
(11. mars 1985.)

Meðfylgjandi uppkast að tillögu til þingsályktunar er afrakstur vangaveltna minna undanfarið um atvinnumál í Mývatnssveit og um framtíð Kísiliðjunnar. Ég hef sent uppkastið til annarra þingmanna kjördæmisins og verður það væntanlega rætt í okkar hópi á næstunni.

Mér þætti vænt um að heyra frá ykkur heimamönnum fljótlega hvernig ykkur líst á tillöguflutning í þessa átt.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal II.

Svarbréf hreppsnefndar Skútustaðahrepps til Steingríms J. Sigfússonar.
(12. apríl 1985.)

Varðandi upphaf að þingsályktunartillögu um atvinnumál í Mývatnssveit.

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þann 29. mars 1985 var tekið fyrir áðurnefnt uppkast.

Eftirfarandi var samþykkt:

„Sveitarstjórn lýsir stuðningi við áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit og væntir þess að þingmenn kjördæmisins standi sameiginlega að tillöguflutningi. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir að fá endanlega tillögu og greinargerð til umsagnar."

Arnaldur Bjarnason,
sveitarstjóri Skútustaðahrepps.

Fylgiskjal III.

Bréf sveitarstjórnar Skútustaðahrepps til þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra.
(8. mars 1988.)

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 25. jan. sl. var rætt bréf frá Steingrími J. Sigfússyni er varðar hugsanlegan endurflutning á tillögu til þingsályktunar um áætlun um

uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit sem hann flutti á 107. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu þá.

Í tilefni af þessu bréfi var eftirfarandi samþykkt:

„Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggur áherslu á að tillaga til þingsályktunar um áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit, sem flutt var á 107. löggjafarþingi af Steingrími J. Sigfússyni, verði endurflutt nú á 110. löggjafarþingi. Sveitarstjórn skorar á þingmenn kjördæmisins að sameinast um flutning hennar og taka með því höndum saman um að tryggja henni framgang. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir því að fá tillöguna til umsagnar í því formi sem hún verður lögð fram í nú."

Jón Pétur Líndal,

sveitarstjóri Skútustaðahrepps.

Fylgiskjal II.

Iðnaðarráðuneytið,
umhverfisráðuneytið:

FRÉTTATILKYNNING

Námaleyfi Kísiliðjunnar við Mývatn

Ráðgjafarhópur um könnun á áhrifum kísilgúrnáms úr botni Mývatns leggur til að efnistaka Kísiliðjunnar h.f. verði áfram í Ytriflóa meðan á rannsóknum á setflutningum í vatninu stendur á árinu 1992. Námaleyfið verði síðan endurskoðað í ársbyrjun 1993 en þá er áætlað að niðurstöður rannsókna á setflutningum liggi fyrir.

Ráðgjafarhópurinn var skipaður af iðnaðarráðherra í ársbyrjun í samráði við umhverfisráðherra eftir að skýrsla sérfræðinganefndar um Mývatnsrannsóknir haustið 1991 hafði beint athyglinni að setflutningum í vatninu, áhrifum kísilgúrnámsins á þá og hugsanlegri röskun á lífríki vatnsins vegna þeirra.

Ráðgjafarhópnum var falið:

* Að gera tillögu um rannsóknaráætlun er taki til breytinga á setflutningunum sem orsakast af námavinnslu Kísiliðjunnar og áhrifa þeirra á lífkerfi vatnsins.
* Að leggja drög að skipulagi rannsóknanna.
* Að skilgreina nánar þá kosti sem um er að velja varðandi takmarkanir á kísilgúrnámi Kísiliðjunnar meðan á rannsóknunum stendur.

Helstu niðurstöður ráðgjafarhópsins sem nú hefur lokið störfum eru þær að gera þurfi frekari rannsóknir á setflutningum í Mývatni, hvernig þeir breytist við áframhaldandi kísilgúrnám og hver séu líkleg áhrif breytinga á setflutningum á lífríki vatnsins.

Hópurinn leggur til að gert verði vandað straumfræðilegt reiknilíkan á grundvelli ítarlegra mælinga á vatninu svo unnt sé að meta áhrif kísilgúrnáms á strauma og setflutninga í vatninu. Hópurinn leggur einnig til að gerðar verði rannsóknir á áhrifum setflutninga og gildi sets fyrir lífríki vatnsins. Þá leggur ráðgjafarhópurinn til að kannaðar verði mismunandi aðferðir við kísilgúrnámið meðal annars til að draga úr áhrifum þess á setflutninga. Enn fremur leggur hópurinn áherslu á að fylgt verði "bestu umgengnisvenjum" og "bestu fáanlegri tækni" við kísilnámið og rekstur verksmiðjunnar frá sjónarmiði umhverfisverndar.

Hópurinn leggur til að rannsóknunum stýri hópur þriggja sérfræðinga sem umhverfisráðherra skipi í samráði við iðnaðarráðherra.

Loks leggur ráðgjafarhópurinn til að efnistaka Kísiliðjunnar h.f. verði áfram í Ytriflóa meðan á rannsóknunum á setflutningunum stendur, þ.e.a.s. á árinu 1992 og námaleyfið verði síðan endurskoðað í ársbyrjun 1993 þegar niðurstöður þessara rannsókna liggja fyrir. Rannsóknaráætlunin í heild verði til þriggja ára og hefjist vinna samkvæmt henni í næsta mánuði.

Á fréttamannafundi sem haldinn var í Hótel Reynihlíð í dag, föstudag, kom fram að iðnaðar- og umhverfisráðherrar hyggjast, að höfðu samráði við þá sem hagsmuna eiga að gæta, fara í meginatriðum að tillögum ráðgjafarhópsins. Á næstunni verða gerðar breytingar á námaleyfinu í samræmi við þetta. Lögð verður sérstök áhersla á að flýta þeim rannsóknum sem nauðsynlegar eru til þess að eyða óvissu um framtíð Kísiliðjunnar við Mývatn.

Mývatnssveit, 27. mars 1992

Fylgiskjal III.

Iðnaðarráðuneytið:

Skýrsla ráðgjafarhóps um könnun á áhrifum kísilgúrnáms á setflutninga í Mývatni og mikilvægi þeirra fyrir lífríki vatnsins

Breytingar á námaleyfi Kísiliðjunnar h.f.

Útdráttur
úr skýrslunni og almennar upplýsingar um málið

1. INNGANGUR

Rekstur Kísiliðjunnar hófst 1967 og rann upphaflegt námaleyfi verksmiðjunnar út í ágúst 1986. Árið 1984 óskaði Kísiliðjan eftir því að námaleyfi félagsins yrði endurnýjað. Árið 1985 ákvað iðnaðarráðherra að framlengja leyfið um 15 ár eða til ársins 2001. Nokkrar breytingar voru gerðar á leyfinu á árinu 1986 og var það endurútgefið hinn 10. desember það ár. Í leyfinu var kveðið á um að fram til 13. ágúst 1991 skyldi námuvinnslan takmörkuð við ákveðið svæði í svonefndum Ytriflóa. Sú takmörkun var síðan framlengd á síðastliðnu ári til 31. mars 1992, þannig að ráðrúm gæfist til að meta niðurstöður skýrslu svokallaðar "Sérfræðinganefndar um Mývatnsrannsóknir" og leggja drög að rannsóknaráætlun um breytingar á setflutningum í vatninu og áhrifum þeirra á lífvef vatnsins.

Í leyfinu frá 1986 var kveðið á um að menntamálaráðherra (umhverfisráðherra) skyldi skipa nefnd fimm sérfróðra manna og fimm til vara ("Sérfræðinganefnd um Mývatnsrannsóknir"), samkvæmt tilnefningu Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn, sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, Kísiliðjunnar og landeigenda og veiðifélaga, til að hafa umsjón með rannsóknum á áhrifum námarekstursins á

dýralíf og gróður í og við Mývatn. Nefndin skilaði áliti í ágúst 1991 og niðurstöður hennar voru meðal annars þær "að áhrif setflutninga innan Ytriflóa og afleiðingar þess að Ytriflói flytur ekki út set eins og áður var gætu skipt máli. Það er verkefni frekari rannsókna sem ekki hefur gefist ráðrúm til eftir að þær staðreyndir komu í ljós."

2. SKIPUN RÁÐGJAFARHÓPS Í ÁRSBYRJUN 1992

Eins og ljóst er af framansögðu beindi "sérfræðinganefndin" athyglinni sérstaklega að setflutningum og hugsanlegum áhrifum kísilgúrnámsins á þá. Undir þetta var tekið í áliti Náttúruverndarráðs og stjórnar Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Ljóst var því að rannsaka þyrfti setflutningana frekar og í lok síðastliðins árs ákvað iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra að skipa ráðgjafarhóp sem falin voru eftirtalin verkefni:

1) Að gera tillögu um rannsóknaáætlun sem taki til breytinga á setflutningum sem orsakast af námuvinnslu Kísiliðjunnar og áhrifa þeirra á lífvef Mývatns.

2) Að leggja drög að skipulagi rannsóknanna.

3) Að skilgreina nánar þá kosti sem um er að velja varðandi takmarkanir á kísilgúrnámi Kísiliðjunnar meðan á rannsóknum stendur.

Í hópinn voru skipaðir

Davíð Egilson, jarðverkfræðingur, formaður,
Árni Snorrason, vatnafræðingur,
Sigurður Snorrason, líffræðingur,
Böðvar Jónsson, bóndi og
Einar Tjörvi Elíasson, verkfræðingur.

3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR RÁÐGJAFARHÓPSINS

Ráðgjafarhópurinn hefur nú lokið störfum. Helstu niðurstöður hans eru:

i. Að leita þurfi svara við eftirfarandi spurningum:

1) Hvernig er setflutningum háttað í Mývatni miðað við núverandi ástand?
2) Hvernig er líklegt að þeim hafi verið háttað fyrir námavinnslu og landris?
3) Hvernig er líklegt að þeir breytist við áframhaldandi kísilgúrnám miðað við mismunandi staðsetningu námasvæðis?
4) Hver eru líkleg áhrif breytinga á setflutningum á lífríkið?
5) Er líklegt að aðrir þættir en kísilgúrnám hafi veruleg áhrif á samspil setflutninga og lífríkis?

ii. Rannsóknaáætlun

Þekking á Mývatni og lífríki þess fyrir landris og kísilgúrnám er takmörkuð. Hópurinn leggur því til að gert verði straumfræðilegt reiknilíkan sem líki eftir straumum og setflutningum í vatninu byggt á ítarlegum mælingum á vatninu. Líkanið verði m.a. notað til þess að meta áhrif liðinna atburða, svo sem kísilgúrnáms og landriss vegna umbrota á Kröflusvæði og spá fyrir um áhrif vegna mismunandi vinnslu kísilgúrs úr vatninu. Þá gerir hópurinn tillögur um rannsóknir er tengjast áhrifum setflutninganna á lífríki Mývatns og fleira.

Mikilvægt er að ljúka gagnaöflun við gerð reiknilíkans á komandi sumri enda er það nauðsynleg forsenda fyrir nánari ákvörðun um ýmis rannsóknaverkefni sem tengjast áhrifum setflutninga á lífríki Mývatns. Lagt er til að beðið verði með dýrari rannsóknir sem byggi á niðurstöðum athugana á setflutningum þar til þær liggja fyrir.

Hópurinn skiptir verkefninu í fjóra þætti:

1) Mat á setflutningum.
2) Áhrif setflutninga á lífríkið.
3) Vinnsla Kísiliðjunnar.
4) Almenn umgengni um svæðið.

Rannsóknaáætlunin miðast við það að niðurstöður úr rannsóknum á setflutningunum fáist fyrir árslok 1992 en niðurstöður úr rannsóknum á áhrifum setflutninga á lífríkið um áramótin 1994/1995.

iii. Stjórn verkefnis

Hópurinn leggur til að verkefninu verði stýrt og árangur þess metinn af þriggja manna verkefnishópi sérfræðinga sem skipaðir verði af umhverfisráðuneytinu. Í hópnum verði einn tæknimenntaður maður, einn líffræðingur og formaður sem hafi reynslu af stjórnun.

iv. Tilhögun kísilgúrnáms á meðan á rannsóknum stendur

Ráðgjafarhópurinn leggur til að Kísiliðjunni h.f. verði gert að halda sig á Ytriflóa meðan á rannsóknum á setflutningum stendur, þ.e. á árinu 1992. Það er nauðsynlegt til þess að unnt sé að kvarða það reiknilíkan sem ætlað er til að meta setflutningana. Námaleyfið verði síðan endurskoðað í ársbyrjun 1993 þegar niðurstöður úr rannsóknum liggja fyrir. Í ljósi þeirra svara sem þar fást verður metið hvort framlengja þurfi takmörkunina.

4. NÁMALEYFI KÍSILIÐJUNNAR HF

Áformað er að gera nauðsynlegar breytingar á námaleyfi Kísiliðjunnar á næstunni. Gert er ráð fyrir að farið verði í meginatriðum að tillögum ráðgjafarhópsins. Þannig er ekki gert ráð fyrir að gildistíma leyfisins verði breytt eða því raskað í grundvallaratriðum. Í leyfinu verði m.a.:

1) Takmarkanir á vinnslu á námasvæðinu verða framlengdar til 31. mars 1993 í samræmi við tillögur ráðgjafarhópsins. Með því verður vinnslan áfram bundin við Ytriflóa þann tíma. Boðuð verði endurskoðun á þessum takmörkunum í ljósi þess mats á setflutningum í vatninu sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir í lok þessa árs.

2) Kveðið verður á um rannsóknir á straumum og setflutningum í vatninu, gerð reiknilíkans til að líkja eftir þeim, mat á áhrifum kísilgúrnámsins á setflutninga og loks áhrifum röskunar í setflutningum á lífvef vatnsins.

3) Kveðið verður á um að Kísiliðjan skuli taka tillit til rannsóknanna við námavinnsluna og við frágang á dældum svæðum.

4) Kveðið verður á um að umhverfisráðherra skipi þriggja manna verkefnishóp til að stýra rannsóknum á setflutningum og áhrifum þeirra á lífríki vatnsins og öðrum rannsóknum sem ráðgjafarhópurinn telur nauðsynlegar.

5) Kveðið verður á um að Kísiliðjan skuli styðjast við "bestu umgengnisvenjur" og "bestu fáanlegu tækni" við námavinnsluna og geymslu og vinnslu efnisins.

5. FJÁRMÖGNUN RANNSÓKNANNA

Heildarkostnaður við rannsóknirnar er áætlaður um 40-45 Mkr á næstu þremur árum. Iðnaðarráðuneytið hefur þegar hafið viðræður við Kísiliðjuna og óskað eftir því að hún leggi aukið fé til þeirra. Ljóst er þó að ekki er unnt að gera kröfu til þess að hún greiði þær að fullu meðal annars vegna þess að gert er ráð fyrir rannsóknum á þáttum er lúta að annarri starfsemi við vatnið og öðrum þáttum er geta skýrt miklar sveiflur í lífríkinu við vatnið. Gert er ráð fyrir að gjald sem verksmiðjunni er gert að greiða vegna kísilgúrnámsins renni áfram til rannsóknanna. Umhverfisráðherra mun gera tillögu um útvegun fjármagns til þess að kosta hlut ríkissjóðs í rannsóknunum.

6. KYNNING MÁLSINS

Miðvikudaginn 25. mars s.l. buðu iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra þingmönnum sem sæti eiga í umhverfisnefnd Alþingis og þingmönnum Norðurlandskjördæmis Eystra til fundar þar sem skýrslan var kynnt.

Fimmtudaginn 26. mars héldu ráðherrar fund með Náttúruverndarráði og formanni og framkvæmdastjóra Rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn.

Föstudaginn 27. mars voru haldnir fjórir fundir með eftirtöldum aðilum á Norðurlandi.

1. Héraðsnefnd Suður Þingeyjarsýslu
2. Stjórnum veiðifélaga og landeigendafélags við Laxá og Mývatn.
3. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.
4. Fulltrúum Kísiliðjunnar hf. og starfsmönnum hennar.

Að loknum þessum samráðsfundum verður skýrslan kynnt opinberlega á fréttamannafundi í Hótel Reynihlíð í Mývatnssveit.

732. Fyrirspurn [474. mál]

til viðskiptaráðherra um Verðlagsstofnun.

Frá Bryndísi Friðgeirsdóttur.

1. Hve mörg störf er ætlunin að leggja niður hjá Verðlagsstofnun á þessu ári og hvenær?
2. Hvernig skiptust stöðugildi Verðlagsstofnunar milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar á síðasta ári og hvernig munu stöðugildin skiptast á þessu ári?
3. Hvaða stöðugildi verða lögð niður?
4. Hvernig er áformað að herða samkeppniseftirlit á þessu ári?

Skriflegt svar óskast.

733. Tillaga til þingsályktunar [475. mál]

um safn þjóðminja að Hólum í Hjaltadal.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Hjálmar Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun safns þjóðminja að Hólum í Hjaltadal er verði einkum helgað kirkjusögu Íslands.

Greinargerð.

Þingsályktunartillagan miðar að því að efla það merka uppbyggingarstarf sem unnið hefur verið að Hólum í kirkju-, skóla- og menningarmálum. Enn fremur miðar tillagan að því að styrkja uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni, virkja í hennar þágu þann mikla menningaráhuga sem fram kemur í starfsemi minjasafna víða um landið og stuðla jafnframt að markvissari uppbyggingu þessarar starfsemi með því að sérhæfa hana í samræmi við hlutverk og vægi sögustaða.

Hólastaður er einn merkasti sögustaður Íslendinga. Þar stóð biskupsstóll frá 1106 til 1800. Þar var annað af tveimur höfuðmenntasetrum þjóðarinnar frá upphafi 12. aldar til 1802. Þar var vagga íslenskrar prentlistar og bókaútgáfu. Þar var lagður grunnur að endurreisn norrænna fræða. Hólar voru höfuðvígi íslenskrar sjálfstæðisbaráttu um siðaskipti. Á staðnum stendur eitt merkasta minnismerki um húsagerðarlist á landinu, Hóladómkirkja, sú fjórða frá dögum Jóns helga Ögmundssonar. Að Hólum var stofnaður annar elsti búnaðarskóli á Íslandi og er Bændaskólinn að Hólum nú elsti starfandi búnaðarskóli á landinu.

Á undangengnum árum og áratugum hefur verið unnið mikið endurreisnarstarf að Hólum á sviði skóla-, kirkju- og menningarmála. Starf Bændaskólans að Hólum hefur eflst og mikil uppbygging orðið á staðnum sem tengist skólanum. Prestar Hólastiftis hafa mjög látið sig varða endurreisn biskupsstóls á Hólum og Skagfirðingar jafnan haft mikinn metnað fyrir hönd Hóla. Hefur vígslubiskupsembættið nú verið bundið Hólastað með lögum. Hólanefnd sú, sem skipuð var 1987, hefur á undanförnum árum haft umsjón með gagngerum endurbótum á Hóladómkirkju og umhverfi hennar. Hefur það starf tekist hið

besta. Kirkjan er frá sögu-, menningar- og byggingarfræðilegu sjónarhorni séð merkasta kirkjubygging sem þjóðin á. Prýða hana nú þegar allmargir mjög merkir safngripir. Á staðnum er einnig gamall bær frá 19. öld og vinnur Þjóðminjasafn Íslands nú að enduruppbyggingu hans.

Meðal merkustu fornminja Íslendinga eru þær bækur sem prentaðar voru á Hólum og varðveist hafa. Prentverk mun hafa verið flutt til Hóla í biskupstíð Jóns Arasonar. Mest var bókaútgáfa á staðnum í tíð Guðbrands biskups Þorlákssonar, en hann mun hafa látið prenta um 90 rit, stærri og smærri. Bækur voru prentaðar á Hólum til loka 18. aldar. Hólaprent má með sanni líta á sem frumkvöðul íslenskrar bókaútgáfu. Sú athyglisverða hugmynd hefur komið fram að stofna sérstakt fornbókasafn að Hólum sem tengt verði Þjóðminjasafni Íslands.

Gera má ráð fyrir að á Hólum séu miklar minjar um liðna tíð fólgnar í jörðu. Hefur lítillega verið grafið þar eftir fornleifum, en þar eins og víðast á Íslandi er mikið verk óunnið.

Þjóðminjum er víða um land sýndur mikill sómi. Hafa sveitarstjórnir sýnt lofsvert framtak og skilning á gildi þjóðminja. Á landinu eru fjölmörg minjasöfn og starfar við þau söfn talsverður mannafli. Á hinn bóginn er það áberandi hve lík þessi héraðssöfn eru innbyrðis að allri uppbyggingu. Þess hefur verið freistað að sérhæfa nokkur þessara safna og er það lofsvert. Nauðsynlegt er að ýta undir þá þróun. Er ekki að efa að það yrði til að efla ferðamannaþjónustu ef þjóðminjasöfnum sem hefðu sérhæfðu hlutverki að gegna yrði komið fyrir víðs vegar um land þar sem sögustaðir og aðstæður gefa tilefni til slíks. Er ekki ofsagt þótt fullyrt sé að meðal sögustaða sé Hólastaður einna best fallinn til þess að gegna slíku hlutverki.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni sé falið að undirbúa stofnun þjóðminjasafns að Hólum er verði helgað íslenskri kirkjusögu. Er það gert með tvennt í huga. Annars vegar hefur ríkisstjórn Íslands sameiginlega tekið ákvarðanir sem skipt hafa sköpum um endurreisn Hóla og Hóladómkirkju. Í öðru lagi ber að taka tillit til þess að það mál, sem hér er flutt, tengist þremur ráðuneytum, kirkjumálaráðuneyti að því er varðar málefni Hóladómkirkju, landbúnaðarráðuneyti að því er varðar staðarhald og bændaskóla og menntamálaráðuneyti að því er þjóðminjar varðar.

734. Fyrirspurn [476. mál]

til samgönguráðherra um leiðsögumannsstörf.

Frá Pétri Bjarnasyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir löggildingu starfsheitisins „leiðsögumaður ferðafólks“? Ef svo er, þá hvenær?
2. Hversu margar undanþágur voru veittar útlendingum til að annast leiðsögumannsstörf á árunum 1985–91, sundurliðað eftir árum og þjóðerni?
3. Hvaða menntunarkröfur þurfa erlendir leiðsögumenn að uppfylla til að öðlast slíkar undanþágur? Er krafist sérþekkingar á Íslandi, náttúrufari, sögu þjóðarinnar og atvinnuháttum?

4. Hvernig verður framkvæmd þessara mála háttað næsta sumar?

Skriflegt svar óskast.

735. Fyrirspurn [477. mál]

til landbúnaðarráðherra um framkvæmd búvörusamnings.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hversu mikinn framleiðslurétt hefur ríkisvaldið keypt af bændum síðan 1. september sl.?
2. Hversu mikil eru viðskipti milli bænda með fullvirðisrétt orðin síðan þau voru leyfð og hvað veldur því að ríkið hefur ekki nema að litlu leyti nýtt sér rétt sinn til að ganga inn í viðskiptin og kaupa fimmtung réttarins til að draga úr þörf á flatri skerðingu næsta haust?
3. Hversu mikil verður seinni niðurfærsla fullvirðisréttarins á komandi hausti eins og nú horfir og hefur ríkisstjórnin í huga einhverjar ráðstafanir til að draga úr eða auðvelda niðurfærslu?

736. Tillaga til þingsályktunar [478. mál]

um skipstjórnarfræðslu.

Flm.: Árni Johnsen, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson, Sigríður A. Þórðardóttir.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að fella úr gildi ný og þrengri skilyrði til inntöku nemenda í skipstjórnarnám, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 174 frá 15. mars 1991.

Greinargerð.

Hinn 15. mars 1991 setti þáverandi menntamálaráðherra nýjar reglugerðir um skipstjórnarnám, nr. 174 og 179. Skv. 4. gr. reglugerðar fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík (nr. 174/1991) eru almenn inntökuskilyrði þessi:

1. Vottorð um sjón, heyrn og málfar sem skipstjórnarstaða krefst.
2. Að hafa lokið 9. stigi í sundi.
3. Að hafa lokið þeim einingafjölda í almennum greinum og faggreinum sem námsvísir kveður á um fyrir hvert skipstjórnarstig.
4. Heilbrigðis- og sakavottorð.
5. Lágmarkssiglingatími til inngöngu í 1. stig er 6 mánuðir á skipi yfir 6 rúmlestir eða brúttótonn að stærð sem aflað er eftir 15 ára aldur. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók innlendri eða útlendri eða vottorði frá lögskráningarstjóra.

Hér er um miklar breytingar að ræða, sérstaklega að því er varðar 3. og 5. lið greinarinnar. Samkvæmt fyrri reglum (3. gr. reglugerðar nr. 259/1974) þurftu nýnemar að hafa lokið gagnfræðaprófi (nú grunnskóla, 10. bekk) og stundað sjó í 24 mánuði eftir 15 ára aldur.

Allt bendir til þess að gangi reglugerðin frá árinu 1991 fram muni aðsókn að skipstjórnarnámi dragast verulega saman og vantar þó menntaða yfirmenn á fiskiskipaflota landsmanna. Reglugerðin frá 1991 gerir í raun ráð fyrir að skipstjórnarefni hafi lokið eins árs framhaldsnámi til þess að fá inngöngu í stýrimannaskóla. Stór hluti nemenda í skipstjórnarfræðum eru menn sem hafa farið á sjóinn að loknu grunnskólanámi, stofnað heimili, komið sér þaki yfir höfuðið og síðan á aldrinum 25–35 ára ákveðið að afla sér skipstjórnarréttinda eftir umtalsverða reynslu á sjó. Þessir menn hafa ekki farið inn í fjölbrautaskólana og er glöggt dæmi Vélskólinn í Vestmannaeyjum sem árlega útskrifaði tugi vélstjóra á fiskibáta, en eftir að hann var fluttur inn í Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum 1979 hafa nemendur verið að öllu jöfnu 1–3 á ári.

Tilhneiging til lengingar náms er ótrúlega mikil en sjaldan er lagt í að fella brott eða minnka eldra námsefni þegar nýjar kröfur koma til. Mikilvægt er að reyna að rúma nauðsynlegt námsefni innan þeirra tímamarka sem hafa gilt um árabil varðandi námstíma. Námskeið koma einnig til greina. Sem dæmi um óeðlilega lengingu náms má nefna fósturnám, hjúkrunarnám og ljósmóðurnám (hefur lengst um átta ár) og kennaranám.

Stýrimannaskólarnir í Vestmannaeyjum og á Dalvík legðu að öllum líkindum upp laupana ef reglugerðin frá 1991 kæmist í framkvæmd og yrði það óbætanlegt fyrir Vestmannaeyjar þar sem skipstjórnarfræðsla hefur verið frá öldinni sem leið og óslitið frá árinu 1957, en lögin um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum eru frá 1964. Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum hafa að jafnaði einnig sótt fjölmargir nemendur víðs vegar að af landsbyggðinni og þar hafa nemendur getað framfleytt sér og sínum á auðveldari hátt en annars staðar vegna atvinnumöguleika með námi í stærstu verstöð landsins. Skólanefndarmenn Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum eru sammála um að sögu skipstjórnarfræðslu í Vestmannaeyjum ljúki ef ekki verður hætt við fyrirhugaða breytingu. Sama er að segja um skipstjórnarfræðsluna á Dalvík sem verið hefur mikil lyftistöng í þessum efnum fyrir Norðurland allt.

35. þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands samþykkti sl. haust áskorun til menntamálaráðherra um að afturkalla reglugerð nr. 174 frá árinu 1991 fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Í umsögn Friðriks Ásmundssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, segir um þetta mál:

„Samkvæmt nýrri skólareglugerð kemur fram í II. kafla, 3. tölul. 4. gr., þar sem kveðið er á um almenn inntökuskilyrði, að væntanlegir nemendur í skipstjórnarnámi þurfi að hafa lokið þeim einingafjölda í almennum greinum og faggreinum sem námsskrá kveður á um fyrir hvert skipstjórnarstig. Samkvæmt þessu þurfa væntanlegir nemendur stýrimannaskólanna að hafa lokið tveimur önnum í almennum greinum eftir grunnskóla til þess að fá innritun.

Það kom skýrt fram hjá skólanefndarmönnum að þeir óttast mjög að aðsókn að skipstjórnarnámi minnki stórlega með þessari nýju skipan. Aðsókn að skipstjórnarnámi á þessu skólaári er mikil vegna þess að nemendur hópuðust í skólana þegar umræða varð um þessa lengingu.

Flestir nemendur stýrimannaskólanna hafa eingöngu lokið grunnskólaprófi þegar þeir hefja nám þar. Skólaárið 1987–1988 hefði enginn nemandi af 17, sem innrituðust í 1. stig, fullnægt væntanlegum námskröfum til setu þar. Einn skólaárið 1988–1989, enginn 1989–1990 og einn 1990–1991.

Stór hluti nemenda okkar, að meðaltali níu undanfarin ár, hefur ekki lokið grunnskólaprófi þegar þeir sækja um 1. stig. Þeir hafa flosnað úr námi í 9. bekk (nú 10. bekk), farið á sjó, náð sér í 24 mánaða siglingatíma eða meira, fest ráð sitt og stofnað heimili þegar þeir koma til okkar á inntökunámskeið í ágúst þar sem þeir hafa lokið námsefni 9. bekkjar í almennu greinunum og farið í framhaldi af því í 1. stig.

Skólanefndarmenn eru hræddir við að þeir sem svona er ástatt um leggi ekki í það viðbótarnám sem nú verður krafist til þess að komast í skipstjórnarnámið. Þarna verður þröskuldur sem þessir menn eiga erfitt með að yfirstíga. Oft hafa þetta reynst ágætis námsmenn með mikla reynslu af sjómennsku þegar í skólann er komið. Það yrði mikill skaði að missa þá.

Skólanefndarmenn telja sex mánaða siglingatíma fyrir skipstjórnarnámið of lítinn, sérstaklega þar sem aðeins gæti um sumarsjómennsku orðið að ræða sem gefur litla mynd af sjómennskunni eins og hún er hér á Norður-Atlantshafi að vetrinum til. Og það er hæpið að unglingar komist nú á sjó sumarlangt eftir grunnskóla og eftir eitt ár í framhaldsnámi þannig að þeir geti náð sex mánaða siglingatíma til að halda námi óslitið áfram eins og áhersla hefur verið lögð á. Skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum telur því sex mánaða siglingatíma of stuttan. Hún telur að væntanlegir nemendur stýrimannaskólanna þurfi að hafa öðlast meiri reynslu á sjónum.

Skipstjórnarnámið hefur ekki verið eftirsótt á undanförnum árum, of fáir hafa farið í það núna þannig að í undanþágur sækir. Skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum telur að sá þröskuldur, sem nú verður til þess að innritast í skipstjórnarnámið eins og það hefur verið, fækki útskrifuðum og undanþágum fjölgi enn.

Skólanefndarmenn taka fram að fyrirhugaðar nýjar námsgreinar eru góð viðbót við núverandi námsefni. En ný skipan skipstjórnarnámsins má alls ekki verða til þess að aðsókn verði minni en nú er. Menntun skipstjórnarmanna er þjóðinni mjög mikilsverð. Þeim má ekki fækka sem í það fara.“

Á málþingi Stýrimannaskólans í Reykjavík um sjómannafræðslu, sem haldið var í Reykjavík 15. febrúar sl., kom fram hjá Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni, skólastjóra Stýrimannaskólans, að strangari skilyrði um inntöku í 1. stig skipstjórnarfræðslu mundu draga verulega úr aðsókn að skipstjórnarnámi. Ómar Þór Karlsson, deildarstjóri stýrimannabrautar Dalvíkurskóla, telur einnig að reglugerðin frá 1991 muni minnka verulega aðsókn að skipstjórnarnámi og yrði það furðuleg þróun að lengja skipstjórnarnámið og gera mönnum erfiðara um vik á sama tíma og það vantar menntaða skipstjórnarmenn.

Mikilvægt er að reglugerðinni verði breytt hið fyrsta svo að eðlileg skipan komist á skipstjórnarfræðsluna næsta haust, en það kom fram hjá Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni á fyrrgreindu málþingi að þótt nokkrir nemendur hefðu hafið nám sl. haust samkvæmt reglugerðinni frá 1991 yrði ekki hægt að halda því námi áfram næsta haust vegna lélegrar aðsóknar, en þessir fáu nemendur mundu fá að stunda nám samkvæmt gamla kerfinu.

Þess vegna er það tillaga flutningsmanns að 3. tölul. 4. gr. reglugerðar orðist svo: Að hafa lokið grunnskólaprófi (10. bekk). Og 5. liður orðist svo: Lágmarkssiglingatími til inngöngu í 1. stig eftir 15 ára aldur er 12 mánuðir samkvæmt lögskráningu á skipi yfir 6 rúmlestir eða brúttótonn að stærð. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók innlendri eða útlendri eða vottorði frá skráningarstjóra.

Fylgiskjal I.

Bréf frá skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum til Stefáns Ólafs Jónssonar, menntamálaráðuneyti.

(7. mars 1991.)

Efni: Úr fundargerð. — Um nýja skipan skipstjórnarnáms.

Föstudaginn 22. febrúar sl. var haldinn fundur í skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum. 1. mál á dagskrá var væntanleg nýskipan skipstjórnarnáms.

Skólastjóri sagði frá fundi sem hann var á í Reykjavík 15. febrúar sl. með Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni, skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, og Stefáni Ólafi Jónssyni, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu. Þar kom fram að ákveðið er að á næsta skólaári 1991–1992 taki gildi ný reglugerð fyrir stýrimannaskóla og einnig ný prófreglugerð fyrir þá.

Samkvæmt nýrri skólareglugerð kemur fram í 3. tölul. 4. gr. II. kafla þar sem kveðið er á um almenn inntökuskilyrði að væntanlegir nemendur í skipstjórnarnámi þurfi að hafa lokið þeim einingafjölda í almennum greinum og faggreinum sem námsskrá kveður á um fyrir hvert skipstjórnarstig. Samkvæmt þessu þurfa væntanlegir nemendur stýrimannaskólanna að hafa lokið tveimur önnum í almennum greinum eftir grunnskóla til þess að fá innritun.

Það kom skýrt fram hjá nefndarmönnum að þeir óttast mjög að aðsókn að skipstjórnarnámi minnki stórlega með þessari nýju skipan. Aðsókn að skipstjórnarnámi á þessu skólaári er mikil vegna þess að nemendur hópuðust í skólana þegar umræða um þessa lengingu varð.

Flestir nemendur stýrimannaskólanna hafa eingöngu lokið grunnskólaprófi þegar þeir hefja nám þar. Skólaárið 1987–1988 hefði enginn nemandi af 17 sem innrituðust í 1. stig fullnægt væntanlegum námskröfum til setu þar. Einn skólaárið 1988–1989, enginn 1989–1990 og einn 1990–1991.

Stór hluti nemenda okkar, að meðaltali níu undanfarin ár, hefur ekki lokið grunnskólaprófi þegar þeir sækja um 1. stig. Þeir hafa flosnað úr námi í 9. bekk (nú 10. bekk), farið á sjó, náð sér í 24 mánaða siglingatíma eða meira, fest ráð sitt og stofnað heimili þegar þeir koma til okkar á inntökunámskeið í ágúst þar sem þeir hafa lokið námsefni 9. bekkjar í almennu greinunum og farið í framhaldi af því á 1. stig.

Nefndarmenn eru hræddir við að þeir sem svona er ástatt fyrir leggi ekki í það viðbótarnám sem nú verður krafist til þess að komast í skipstjórnarnámið. Þarna verður þröskuldur sem þessir menn eiga erfitt með að yfirstíga. Oft hafa þetta reynst ágætis námsmenn með mikla reynslu af sjómennsku þegar í skólann er komið. Það yrði mikill skaði að missa þá.

Nefndarmenn telja sex mánaða siglingatíma fyrir skipstjórnarnámið of lítinn, sérstaklega þar sem aðeins gæti um sumarsjómennsku orðið að ræða sem gefur litla mynd af sjómennskunni eins og hún er hér á Norður-Atlantshafi að vetrinum til. Og það er hæpið að unglingar komist nú á sjó sumarlangt eftir grunnskóla og eftir eitt ár í framhaldsnámi þannig að þeir geti náð sex mánaða siglingatíma til að halda námi óslitið áfram eins og áhersla hefur verið lögð á.

Skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum telur sex mánaða siglingatíma of stuttan. Hún telur að væntanlegir nemendur stýrimannaskólanna þurfi að hafa öðlast meiri reynslu á sjónum.

Mestar eru áhyggjur nefndarmanna af næstu tveimur skólaárum. Sú staða getur orðið að enginn verði á 1. stigi 1991–1992 og enginn á 2. stigi 1992–1993. Skólastjóri sagði

að Stefán Ólafur Jónsson hefði sagt að aðlögunartími yrði gefinn til þess að mæta þessum vanda þannig að 1. stig félli ekki niður 1991–1992 né 2. stig árið eftir vegna þess að væntanlegur fjöldi umsækjenda hefði ekki tilskilinn grunn námslega samkvæmt nýju reglugerðinni. Skólanefndin telur nauðsynlegt að ráðuneytið ákveði sem fyrst hvernig þetta vandamál verður leyst. Hún telur nauðsynlegt að geta frætt umsækjendur strax um þessi mál.

Skipstjórnarnámið hefur ekki verið eftirsótt á undanförnum árum, of fáir farið í það núna þannig að í undanþágur sækir. Skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum telur að sá þröskuldur, sem nú verður til þess að innritast í skipstjórnarnámið eins og það hefur verið, fækki útskrifuðum og undanþágum fjölgi enn.

Nefndarmenn taka fram að fyrirhugaðar nýjar námsgreinar eru góð viðbót við núverandi námsefni. En ný skipan skipstjórnarnámsins má alls ekki verða til þess að aðsókn verði minni en nú er. Menntun skipstjórnarmanna er þjóðinni mjög mikilsverð. Þeim má ekki fækka sem í það fara.

Fylgiskjal II.

Bréf til menntamálaráðherra frá skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum.

(25. september 1991.)

Efni: Um nýja skipan skipstjórnarnáms.

Ljósrit fylgir af bréfi skólanefndar Stýrimannaskólans frá 7. mars. sl. til Stefáns Ólafs Jónssonar, deildarstjóra verk- og tæknimenntunardeildar. Einnig ljósrit af reglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík frá 1991.

Eins og fram kemur í fyrrnefndu bréfi hafa skólanefndarmenn Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum miklar áhyggjur ef og þegar fyrrnefnd reglugerð tekur gildi. Þessar áhyggjur fara vaxandi og nú eru allir sammála um að saga skipstjórnarfræðslu í Vestmannaeyjum sé úr sögunni að þessu skólaári loknu verði ekki hætt við fyrirhugaða breytingu.

Það yrði óbætanlegt fyrir Vestmannaeyjar, en skipstjórnarfræðsla hefur verið þar síðan á öldinni sem leið, óslitið frá árinu 1957, og lögin um skólann eru frá 1964.

Með þessu bréfi fer skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum fram á að hætt verði við að láta fyrrnefnda reglugerð taka gildi. Skólanefndin tekur fram í þessu sambandi að það er mjög erfitt nú að ná endum saman í rekstri skólans og fyrirhugaðar breytingar hafa enn meiri kostnað í för með sér.

Fylgiskjal III.

Bréf til menntamálaráðherra frá skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum.

(12. febrúar 1992.)

Á fundi í skólanefnd 12. febrúar 1992 var einróma samþykkt að fara þess á leit við menntamálaráðherra, Ólaf G. Einarsson, að hann felli úr gildi reglugerð um skipstjórnarnám nr. 174/1991, þannig að reglugerðin sem enn er kennt eftir í Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum verði áfram í gildi.

Hinn 25. september 1991 sendi skólanefnd menntamálaráðherra bréf um þetta efni. Hún tekur fram að við nánari skoðun er álit hennar enn það sama og þá og alltaf hefur verið hvað þetta mál varðar.

Fylgiskjal IV.

Skólanefnd Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum:

MENNTUN SKIPSTJÓRNARMANNA
(Vegna fram kominna tillagna um lengingu skólatíma
og breytingar á námi í stýrimannaskólum.)

1. Viðurkennt er að lengja þurfi námið í stýrimannaskólunum. Nýjar greinar berja að dyrum og vart hægt að fella út nokkuð af því sem fyrir er. Þær tillögur, sem séð hafa dagsins ljós, miða að því að lengja námið um þrjár annir eða eitt og hálft skólaár.

2. Byltingar í skólakerfum hafa ekki gefið góða raun á Íslandi, sbr. mengjakerfið sáluga. Fram komnar tillögur um breytingu á námi skipstjórnarmanna eru byltingarkenndar. Námstíminn er lengdur verulega og mönnum gert erfitt um vik að komast inn í hið eiginlega skipstjórnarnám. Þá gera fram komnar tillögur ráð fyrir að námið í sjálfum stýrimannaskólunum verði slitið sundur, ekki samfellt eins og nú er.

Í tímans rás hafa orðið verulegar breytingar á skipstjórnarnámi á Íslandi. M.a. hefur námið lengst verulega, bæði 1. og 2. stigs námið. Þær breytingar fóru rólega fram, voru ekki byltingarkenndar. Nýjum greinum var smám saman bætt inn í, námið lengdist í rólegheitum og menn tóku því með jafnaðargeði þótt skólatíminn lengdist um einn til tvo mánuði.

3. Nú liggja fyrir tvær tillögur um breytingar á náminu, hin fyrri frá skólanefnd Stýrimannaskólans í Reykjavík og hin síðari frá Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni.

Fyrri tillagan gerir ráð fyrir fornámi eða aðfaranámi kjarnagreina í framhalds- eða fjölbrautaskóla áður en sjálft námið verði hafið við stýrimannaskóla. Gert er ráð fyrir að það fornám taki tvær annir eða heilt skólaár. Að auki skulu svo nemendur að loknu 1. stigi taka eina önn til viðbótar í framhaldsskóla áður en þeir fái rétt til að setjast á 2. stig. Að auki gerir þessi tillaga ráð fyrir mun minni siglingatíma en nú er krafist. Ljóst er, verði þessi tillaga samþykkt, að stýrimannaskólarnir á Dalvík og í Vestmannaeyjum munu leggjast af vegna þátttökuleysis. Spurning er hvernig skólinn í Reykjavík muni fara út úr dæminu.

Tillaga Guðjóns Ármanns gengur ekki jafnlangt hinni, nokkurs konar málamiðlun. Engu að síður er hún byltingarkennd miðað við það sem áður hefur verið sagt um breytingu á náminu. Í þeirri tillögu er lagt til að nemendur komist inn á 1. stig strax að afloknum grunnskóla og fái þar takmörkuð réttindi. Síðan taki við nám í kjarnagreinum í framhaldsskóla áður en nám á 2. stigi geti hafist. Sem sagt, námið slitið í sundur eins og í fyrri tillögunni.

Tillögur skólanefndar Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum.

1. Okkur finnst felast ákveðin þversögn í því þegar annars vegar er talað um að fornámið skuli tekið í framhalds- eða fjölbrautaskólum og hins vegar talað um að skólarnir (þ.e. stýrimannaskólarnir) skuli bjóða upp á það nám. Við sjáum ekki tilgang þess að slíta kjarnagreinarnar úr samhengi við þær greinar er tengjast sjómennsku og ekki er til bóta. Eðlilegra væri að taka þetta samhliða eins og verið hefur.

2. Hér í Vestmannaeyjum höfum við satt best að segja ærið misjafna reynslu af því þegar menn hafa komið með próf upp á vasann frá hinum og þessum framhalds- og fjölbrautaskólum þar sem stendur að viðkomandi hafi lokið hinum og þessum áföngum í íslensku, stærðfræði og tungumálum með viðunandi árangri.

Raunin er oftast sú að þessir nemendur svara alls ekki þeim kröfum sem við gerum um undirstöðu í þessum greinum. Þetta hefur valdið vandræðum, svo sem töfum í námi þeirra (og annarra), auk þess sem dæmi eru um að þessir nemendur hafi fallið á prófum hér.

Með fullri virðingu fyrir fjölbrautakerfinu á Íslandi teljum við okkur betur til þess fallna að vega og meta þá áherslupunkta sem með þarf í íslensku, tungumálum og stærðfræði er tengjast námi í stýrimannaskóla. Satt að segja hrýs okkur hugur við því að eiga e.t.v. eftir að taka á móti nemendum með hina og þessa pappíra í höndunum, pappíra sem ekkert segja um raunverulega færni manna.

3. Við teljum affarasælla að tengja saman bóklegt nám og verklegt eins og verið hefur en að slíta kjarnagreinarnar úr samhengi við sjómennskugreinarnar. Sú hætta er fyrir hendi að nemendur færu að skipta náminu niður í „nauðsynlega hlutann" og „ónauðsynlega hlutann" eða „skemmtilega hlutann" og „leiðinlega hlutann".

Sé aftur á móti námið samtengt, kjarnagreinarnar notaðar til að styðja við aðrar greinar, er tæpast hætta á slíku.

Til sjós þykir það góður kokkur sem býður upp á fjölbreytt fæði en ekki einhæft. Og sá kokkur þætti ekki par góður sem byði upp á eintóma soðningu í heilan mánuð og svo eintómt hangikjöt næsta mánuðinn. Líkt og til sjós þykir okkur eðlilegra að blanda fæðið þannig að enginn verði leiður eða líði næringarskort.

4. Við teljum það varhugavert að ætla að skera siglingatíma jafnverulega niður og áætlað er í báðum tillögum. Spurning er hvort menn eru búnir að gera upp hug sinn um starfið eftir fáeina mánuði á sjó eða hvort þeir hafa þá kunnáttu í sjómennsku sem okkur þykir nauðsynleg til að hefja nám í stýrimannaskóla.

Okkar reynsla er sú að bestu nemendurnir séu þeir sem hafa nokkurra ára starf að baki á sjónum. Þeir vita um hvað málið snýst, auk þess sem þeir taka námið yfirleitt fastari tökum en hinir. Okkur þætti slæmt að missa þennan hóp út eins og við teljum hættu á verði hróflað jafnverulega við náminu og fyrri tillagan gerir ráð fyrir.

5. Við áréttum enn að byltingar í skólamálum eru sjaldnast til góðs, betra að fara hægar í sakirnar og laga hlutina rólega að breyttum tímum. Við gerum það að tillögu okkar að nám til hins meira fiskimannaprófs verði lengt úr tveimur árum í þrjú og gefi hvert námsár ákveðin stighækkandi réttindi.

Við leggjum eindregið til að námið verði allt stundað innan skólans, þ.e. stýrimannaskólans, og það „blandað" í eðlilegum hlutföllum.

Við teljum að sú lenging á náminu, sem óhjákvæmileg er, valdi hvað minnstu umróti verði þessi leið valin.

Við vörum eindregið við því að skerða siglingatíma fyrir skóla niður fyrir 18 mánuði.

6. Náist hljómgrunnur fyrir þessum tillögum erum við reiðubúnir til samstarfs um það hvernig námsgreinum skuli skipt niður á þessi þrjú skólaár; teljum á þessu stigi málsins ekki þörf á að koma með fastmótaðar tillögur um það.

737. Frumvarp til laga [479. mál]

um greiðslur úr ríkissjóði o.fl.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Pálmi Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Margrét Frímannsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Hermann Níelsson, Guðrún Helgadóttir, Árni Johnsen.

1. gr.

Greiðslu úr ríkissjóði má ekki inna af hendi nema heimildar til hennar sé aflað fyrir fram í fjárlögum eða fjáraukalögum fyrir hvert reikningsár, sbr. þó 8. gr.

Á sama hátt eru hvers konar samningar um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, stofnanir ríkisins og fyrirtæki, sem fela í sér aukið rekstrarumfang frá því sem ákveðið er í fjárlögum fyrir hvert reikningsár, óheimilir nema að fenginni heimild í fjáraukalögum enda sé ekki á annan veg mælt fyrir í lögum þessum eða öðrum lögum.

2. gr.

Óheimilt er að auka launa- og rekstrarkostnað ríkisins umfram það sem ákveðið er í fjárlögum nema að fenginni heimild í fjáraukalögum.

Nú eru gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gera ráð fyrir og skal þá svo fljótt sem verða má leita heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með fjáraukalögum. Launagreiðslum skal þó haga í samræmi við hina nýju kjarasamninga.

3. gr.

Kaup, sala, skipti eða langtímaleiga ríkissjóðs, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign á eftirtöldum eignum er óheimil nema samkvæmt heimild í almennum lögum eða fjárlögum hverju sinni, sbr. þó 2. mgr.:

1. fasteignum,
2. eignarhlutum í félögum,
3. skipum og flugvélum,
4. listaverkum, listmunum og söfnum sem hafa að geyma menningarverðmæti,
5. öðrum eignum sem verulegt verðgildi hafa og ekki falla undir 1.–4. tölul. þessarar greinar.

Eignakaup skulu ætíð takmarkast við þá fjárhæð sem ákveðið er í fjárlögum að verja til þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ríkisstofnunum í A-hluta ríkisreiknings heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja lausafé sem þær hafa notað við starfsemi sína, svo sem ökutæki, vélar, áhöld og annan búnað, enda sé söluandvirðinu skilað í ríkissjóð. Fjármálaráðherra getur þó heimilað ríkisstofnun að ráðstafa söluandvirði eigna skv. 5. tölul. 1. mgr. til endurnýjunar á búnaði enda sé ekki um verulega fjármuni að ræða. Á sama hátt er fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja eða leigja varanlega rekstrarfjármuni sína, aðra en þá sem um getur í 1.–4. tölul. 1. mgr., og ráðstafa söluandvirðinu eða leigunni í þágu starfseminnar. Þá getur ríkissjóður ásamt ríkisfyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings án sérstakrar lagaheimildar selt eignir er þessum aðilum sem veðhöfum hafa verið lagðar út á nauðungaruppboðum eða þeir eignast á grundvelli skilmála að baki ábyrgðarskuldbindingum sem fallið hafa á þá.

Ákveði ríkisstjórn eða ríkisstofnun að þiggja gjöf sem gefin er með kvöðum eða skilyrðum sem óhjákvæmilega hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð ber henni að taka við gjöfinni með fyrirvara um samþykki Alþingis, enda hafi hvorki verið gert ráð fyrir útgjöldum þessum í fjárlögum né fjáraukalögum. Á sama hátt er ríkisstjórn og ríkisstofnunum óheimilt að gefa eða afhenda án endurgjalds eignir sem um getur í 1.–5. tölul. 1. mgr. nema fyrir fram sé aflað heimilda í fjárlögum og fjáraukalögum.

4. gr.

Sértekjum, sem ríkisstofnanir í A-hluta ríkisreiknings afla umfram áætlanir fjárlaga, skal skila í ríkissjóð. Fjármálaráðherra getur þó heimilað ríkisstofnunum að ráðstafa öllum eða hluta af umframtekjum sínum til eigin þarfa, þó aldrei til framkvæmda eða ráðstafana sem leiða þegar í stað eða síðar til aukinna rekstrarútgjalda fyrir ríkissjóð.

5. gr.

Ríkisfyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings skulu skila rekstrarhagnaði sínum í ríkissjóð enda mæli lög ekki fyrir um annað. Fjármálaráðherra getur þó sett reglur um að fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings sé heimilt að nota allan rekstrarhagnað sinn eða tiltekinn hluta hans til að auka hreina eign sína. Ráðherra skal hafa samráð við fjárlaganefnd um efni þessara reglna.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. getur fjármálaráðherra heimilað ríkisfyrirtækjum í B-hluta fjárlaga, sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum og þjónustu, að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir enda sé það gert í þeim tilgangi einum að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins.

6. gr.

Ákvæði laga og reglugerða, er hafa útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum hvers árs, svo og ákvarðanir eða fyrirmæli stjórnvalda sama eðlis, koma ekki til framkvæmda fyrr en Alþingi hefur samþykkt fjárveitingu til þessara útgjalda í fjáraukalögum eða fjárlögum settum eftir birtingu laga, reglugerða eða stjórnvaldsfyrirmæla sem hér um ræðir.

7. gr.

Óheimilt er að fella niður eða flytja milli verkefna greiðsluheimildir á stofn- og fjárfestingarframlögum og hvers konar styrkjum sem ákveðnar eru í fjárlögum nema, að fenginni heimild í fjáraukalögum.

Heimilt er að geyma ónotaðar fjárveitingar í lok reikningsárs. Gildir sú heimild í eitt ár fyrir fjárveitingar til rekstrar, en allt að þremur árum fyrir fjárveitingar vegna meiri háttar viðhalds og stofnkostnaðar.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að greiða út fjárveitingar sem geymdar hafa verið á grundvelli heimildar í 7. gr. þessara laga.

9. gr.

Fjármálaráðherra er á hverju fjárlagaári heimilt að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja, ef með þarf, um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör. Hámark yfirdráttar skal ákveðið í fjárlögum ár hvert.

10. gr.

Falli fyrirvaralaus greiðsluskylda á ríkissjóð sem rekja má til óviðráðanlegra atvika sem ókleift var að sjá fyrir eða gera ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga er fjármálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki fjárlaganefndar, að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið.

11. gr.

Með fjárlögum skal kveðið á um hvaða útgjaldaliðir taki verðlagsbreytingum og hvernig þeir skuli breytast.

Nú er óskipt fé veitt á fjárlögum til einstakra ráðuneyta eða ríkisstjórnar og skal í fjáraukalögum gera grein fyrir greiðslum á liðum þeim sem um ræðir í þessari grein, sundurliðuðum á viðfangsefni og málaflokka eftir því sem við á.

12. gr.

Fyrir 1. apríl ár hvert skal fjármálaráðherra leggja fram frumvarp að endanlegum fjáraukalögum fyrir liðið ár. Með frumvarpinu skal leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar fjárveitingar og um þá aðila sem af ófyrirséðum ástæðum hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs.

13. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði 3. mgr. 1. gr. og 3. og 5. gr. laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, 54. og 67. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af þeim alþingismönnum sem sæti eiga í fjárlaganefnd.

I.

Þetta frumvarp byggir í meginatriðum á frumvarpi um sama efni sem fjárveitinganefndarmenn stóðu að og fluttu á síðustu tveimur þingum, en í hvorugt skiptið varð málið útrætt. Núverandi fjálaganefnd hefur gert nokkrar breytingar á frumvarpinu frá síðustu gerð þess. Má einkum geta þeirrar breytingar að ekki er í þessu frumvarpi mælt fyrir um að kjarasamningar ríkisins við opinbera starfsmenn skuli gerðir með skýrum fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum greiðsluheimildum, sbr. 2. gr., en svo hafði verið gert ráð fyrir í fyrri frumvörpum.

II.

Ákvæði 41. gr. stjórnarskrár hljóðar, svo sem kunnugt er, á þessa leið:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Lagafyrirmæli þessi eru skýr og ótvíræð. Ætlun stjórnarskrárgjafans með þeim hefur bersýnilega verið sú að heimildar til fjárveitinga úr ríkissjóði væri ævinlega aflað fyrir fram hverju sinni, annaðhvort í fjárlögum eða fjáraukalögum á hverju fjárlagaári.

Framkvæmdin í þessum efnum hefur hins vegar í veigamiklum atriðum orðið allt önnur en fyrir er mælt í stjórnarskrá. Um árabil hafa svokallaðar aukafjárveitingar fjármálaráðherra tíðkast og þá ýmist með eða án samráðs við ríkisstjórn eða fjárveitinganefnd. Framkvæmd þessi styðst að sjálfsögðu hvorki við fyrirmæli í almennum lögum né aðrar skráðar réttarheimildir, enda ekki furða þar sem slík fyrirmæli hlytu eðli sínu samkvæmt að vera í hróplegu ósamræmi við skýr ákvæði stjórnarskrárinnar. Öllum ætti að vera ljóst að í þessum efnum hefur ein af grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar verið brotin, þ.e. reglan um að Alþingi fari með fjárveitingavaldið. Þrátt fyrir þetta hefur lítið raunhæft verið gert í því skyni að tryggja að lögformlega sé að verki staðið í þessum efnum. Þó hafa mál þessi ítrekað verið til umræðu bæði á Alþingi og víðar og fjármálaráðherrar iðulega sætt gagnrýni fyrir aukafjárveitingar. Ýmsir þingmenn hafa beitt sér fyrir breytingum í þessum efnum, bæði í málflutningi og tillögugerð. Fyrir tveimur árum var m.a. borið fram þingmannafrumvarp er fól í sér verulega takmörkun á því valdi sem fjármálaráðherra hefur verið talinn hafa í þessum efnum. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Í framhaldi af þeirri umræðu, sem hafði farið fram um þessi mál á liðnum þingum, ákvað fjárveitinganefnd á miðju ári 1989 að beita sér fyrir breytingum í þessum efnum enda nefndarmenn allir sammála um að löngu tímabært væri að setja reglur í einhverri mynd sem reisti skorður við greiðslum úr ríkissjóði umfram það sem ákveðið er í fjárlögum. Í því skyni var skipuð undirnefnd fjárveitinganefndar sem gera skyldi tillögur í málinu. Í nefndinni sátu þau Sighvatur Björgvinsson, Pálmi Jónsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Margrét Frímannsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir. Undirnefnd skilaði tillögum sínum 15. desember 1989. Frumvarp þetta er að mestu byggt á þeim tillögum.

Niðurstöður undirnefndarinnar voru í stuttu máli þær að aukafjárveitingar, eins og þær hafa tíðkast til þessa, standast ekki og að tímabært sé að setja reglur sem reisi skorður við greiðslum umfram heimildir fjárlaga. Um þetta segir m.a. svo í nefndarálitinu: „Reglan skal vera sú að greiðslur úr ríkissjóði umfram lagaheimildir eigi sér ekki stað. Við fjárlagagerð og á fjárlögum sjálfum verði hins vegar ákveðið með hvaða hætti tekið skuli á atriðum, svo sem varðandi breytingar frá forsendum fjárlaga. Nægi slíkar heimildir ekki eða komi upp ný viðfangsefni er ekki heimilt að greiða kostnað þeirra vegna nema eftir afgreiðslu fjáraukalaga og skulu fjáraukalög lögð fyrir Alþingi þegar þurfa þykir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma ekki til greiðslu fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum eða útgjöldum sé séð. Þá er óheimilt að gera hvers konar útgjaldasamninga eða skuldbindingar, þar á meðal varðandi ráðstöfun sértekna sem ákvarða eða leiða til útgjalda sem ekki er fyrir séð í fjárlögum."

Nefndarálitið er birt í heild sinni í fylgiskjali I með frumvarpinu og vísast að öðru leyti til þess.

Aflað var upplýsinga frá Norðurlöndum um framkvæmd og meðferð fjárlaga og fjáraukalaga en þjóðþing þessara ríkja fara með fjárveitingavaldið. Af upplýsingum þessum verður ráðið að greiðslur umfram heimildir fjárlaga þekkjast nánast ekki á Norðurlöndum. Um þetta efni vísast að öðru leyti til yfirlits um verklag á afgreiðslu fjárlaga, fjáraukalaga og ríkisreiknings á Norðurlöndum sem birt er sem fskj. II með frumvarpi þessu.

III.

Í meginatriðum er með frumvarpi þessu stefnt að því að girða fyrir greiðslur úr ríkissjóði sem ekki eiga sér stoð í fjárlögum eða eftir atvikum fjáraukalögum. Þess í stað verði í fjárlögunum sjálfum ákveðið með hvaða hætti bregðast skuli við þegar breytingar verða á fjárþörf vegna þess að forsendur fjárlaga standast ekki þegar á reynir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma á sama hátt ekki til greiðslu fyrr en aflað hefur verið sérstakrar greiðsluheimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þá er lagt til að ríkisstofnunum verði óheimilt, með nokkrum undantekningum þó, að gera nokkrar þær fjárskuldbindingar sem ekki eru sérstaklega heimilaðar eða gert ráð fyrir í fjárlögum eða fjáraukalögum. Sama meginregla skal líka gilda um ráðstöfun sértekna. Undantekningar frá þessari reglu lúta einkum að þörfum fyrirtækja í eigu ríkissjóðs sem stunda framleiðslu, verslun eða viðskipti með svipuðum hætti og einkafyrirtæki.

Í kjölfar banns við aukafjárveitingum með gamla laginu verður ekki hjá því komist að laga fjárlagaafgreiðsluna og fjárlögin sjálf að strangari reglum í þessum efnum. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að í fjárlögum verði framvegis gerður skýr greinarmunur á framlögum eftir eðli þeirra og jafnframt verði mælt fyrir um hvort þau geti tekið verðbreytingum innan fjárlagaársins eða ekki. Almennt er frumvarpinu bæði ætlað að stuðla að og tryggja að vandað sé til verka við fjárlagaafgreiðsluna og fjárlögin verði þannig skýrari og raunhæfari áætlun eða rammi um útgjöld og geymi marktækari fyrirmæli um fjárráðstafanir og fjárreiður ríkissjóðs en verið hefur til þessa.

Eðli málsins samkvæmt hlýtur efni fjáraukalaga að vera hliðstætt efni fjárlaga. Því er að mati flutningsmanna óeðlilegt að einskorða efni fjáraukalaga við útgjaldaheimildir eins og ákvæði 41. gr. stjórnarskrár er orðað. Eðlilegt er að gera þar einnig grein fyrir þegar orðnum og fyrirsjáanlegum breytingum á tekjuhlið fjárlaga eftir því sem við verður komið en auðvitað verða skattar og gjöld til ríkissjóðs innheimt þó að tekjur af þeim fari fram úr áætlunum fjárlaga. Engu að síður þykir rétt að gerð sé grein fyrir breytingum á tekjuhlið fjárlaga gefist tækifæri til slíks í fjáraukalögum.

Loks er rétt að geta þess að við gerð frumvarpsins var með tilliti til 41. gr. stjórnarskrár ekki talið fært að nota orðið aukafjárlög í stað orðsins „fjáraukalög“. Hið fyrrnefnda verður þó í alla staði að teljast skýrara og eðlilegra.

Það er von flutningsmanna að frumvarp þetta, nái það fram að ganga, tryggi á sæmilegan hátt að reglur stjórnskipunarlaga um fjárveitingavald Alþingis og eftirlitshlutverk þess verði í heiðri hafðar. Tiltölulega skýrar reglur af þessu tagi hljóta jafnframt að veita framkvæmdarvaldinu nauðsynlegt aðhald í öllu því er lýtur að fjárhagsmálefnum þess og fjármálastjórn jafnframt því sem þær ættu að hvetja til vandaðri og raunhæfari vinnubragða við fjárlagagerð en tíðkast hefur til þessa. Þá ættu reglur af þessu tagi ekki síður að styrkja þingið, stofnanir þess og Ríkisendurskoðun við að rækja það eftirlitshlutverk sem þessum aðilum ber að sinna í þessu efni lögum samkvæmt.

Að öðru leyti vísast til þess sem sagt er í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er grundvallarregla 41. gr. stjórnarskrárinnar um að ekkert skuli greiða úr ríkissjóði nema heimild sé fyrir greiðslunni í fjárlögum eða fjáraukalögum á þeim tíma, sem hún er innt af hendi, áréttuð í áhersluskyni. Um regluna og hugsunina að baki henni

vísast til almennra athugasemda hér að framan. Í öðrum greinum frumvarpsins má svo finna ákvæði til skýringar eða fyllingar á meginreglu þessarar greinar. Í nokkrum tilvikum er kveðið á um óveruleg frávik frá henni er helgast fyrst og fremst af eðli máls og þörfum viðskiptalífsins.

Til þess að taka af allan vafa er í 2. mgr. áréttað að meginreglan taki ekki einungis til fjárgreiðslna í venjulegum skilningi heldur og til hvers konar fjárskuldbindinga ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem fela í sér aukið rekstrarumfang frá því sem fjárlög gera ráð fyrir. Þannig er ekki nægjanlegt að almenn lög heimili að skuldbinda ríkissjóð heldur verður og að afla heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum til greiðslna í samræmi við nefndar skuldbindingar.

Hvers konar viðskiptasamningar stofnana og fyrirtækja ríkisins, hvort sem þær eru í A- eða B-hluta fjárlaga, svo sem kaup-, verk- og þjónustusamningar, falla undir ákvæði þessarar greinar enda séu ekki sérstök fyrirmæli um annað í frumvarpinu. Í því sambandi er vakin athygli á ákvæðum 4. og 5. gr. sem heimila nokkur frávik frá þessari meginreglu þar sem slíkt telst nauðsynlegt eðli málsins samkvæmt.

Um 2. gr.

Þessi grein mælir fyrir um að óheimilt sé að auka launa- og rekstrarútgjöld ríkisins umfram það sem fjárlög mæla fyrir um, nema að fenginni heimild í fjáraukalögum. Ljóst er að ákvæði laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisins, eru ósamrýmanleg ákvæðum þessa frumvarps og munu víkja fyrir þeim verði það að lögum.

Ástæða þykir til að fjalla hér sérstaklega um kjarasamninga ríkisins. Eðli málsins samkvæmt fela þeir í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, stofnanir ríkisins og fyrirtæki þó svo að öllu jöfnu sé þeim ekki ætlað að hafa áhrif á rekstrarumfang stofnunarinnar.

Ríkisstjórnin er sá aðili sem mótar efnahagsstefnu á hverjum tíma og ber henni því jafnan að tryggja að gerð kjarasamninga verði innan rýmilegra marka. Ekki er talið skynsamlegt að takmarka umboð fjármálaráðherra til kjarasamningagerðar með samþykki Alþingis fyrir fram. Bent skal á að kjarasamningar við félög opinberra starfsmanna eru nú á annað hundrað.

Kjarasamningar eru jafnan á ábyrgð fjármálaráðherra með hliðsjón af þeim efnahagsforsendum sem blasa við á hverjum tíma og tengjast því oft gerð annarra kjarasamninga á vinnumarkaðinum. Gerð þeirra raskar iðulega launa- og verðlagsforsendum fjárlaga enda fellur samningagerðin ekki nauðsynlega að gerð fjárlaganna í tíma. Samkvæmt ákvörðun Alþingis fer fjármálaráðherra með samningavaldið fyrir hönd ríkisins. Ákvæði, sem takmarkar vald fjármálaráðherra til að gera kjarasamninga, gæti valdið erfiðleikum við samningagerð, einkum ef ráðherra er ekki talinn hafa fullt umboð til samninganna. Því er hér litið svo á að fjármálaráðherra þurfi að hafa óskorað vald til þess að gera kjarasamninga en sú skylda lögð á hann að leita nauðsynlegra fjárheimilda í fjárlögum og fjáraukalögum til greiðslu í samræmi við gerða kjarasamninga.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein er ríkissjóði, stofnunum ríkisins og fyrirtækjum óheimilt að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma eignir sem telja má verulegar, nema samkvæmt lagaheimild hverju sinni. Með hugtakinu „langtímaleiga“ í þessu sambandi er átt við leigusamninga til lengri tíma en árs. Þá tekur hugtakið „leiga“ í þessu sambandi til fjármögnunarleigusamninga auk hefðbundinna leigusamninga. Með þessum hætti er reynt,

með þeim undantekningum sem leiðir af 2. mgr., að tryggja að hvorki sala á veigameiri eignum ríkisins né kaup, skipti eða leiga á slíkum eignum geti átt sér stað nema Alþingi samþykki viðskiptin fyrir fram. Liggi slík heimild ekki fyrir verður að semja um viðskiptin með fyrirvara um samþykki Alþingis. Umsamin afhending má ekki fara fram fyrr en að slíku samþykki fengnu.

Í 2. mgr. er kveðið á um frávik frá ákvæðum 1. mgr. vegna sölu eða leigu á lausafé sem stofnanir, fyrirtæki eða sjóðir í eigu ríkisins hafa notað við starfsemi sína. Með þessum hætti er reynt að koma í veg fyrir að strangar formkröfur letji ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki þess að koma varanlegum rekstrarfjármunum, sem notaðir hafa verið við starfsemina, í verð, t.d. við endurnýjun þeirra. Einkum á þetta við um ríkisfyrirtækin í B-hluta ríkisreiknings þar sem starfsemi þeirra og rekstrarskilyrði eru í meginatriðum hliðstæð þeim sem einkaaðilar búa við. Árétta skal að ákvæði 2. mgr. eiga hvorki við um fasteignir, hlutabréf, skip, flugvélar né aðrar eignir sem um ræðir í 1.–4. tölul. 1. mgr. Þá er kveðið á um að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, svo og fyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings, geti án sérstakrar lagaheimildar selt eignir sem þessir aðilar hafa fengið útlagðar á nauðungaruppboðum eða leyst til sín samkvæmt skilmálum að baki ábyrgðum er þeir hafa veitt og á þá hafa síðan fallið.

Í 3. mgr. er í samræmi við meginstefið í frumvarpinu kveðið á um að ríkisstjórn skuli hvorki þiggja gjafir er háðar eru kvöðum eða skilyrðum sem hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð, nema með fyrirvara um samþykki Alþingis, né gefa gjafir ef ekki er fyrir útgjöldum þessum séð í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Um 4. gr.

Í samræmi við megintilgang frumvarpsins er í þessari grein lagt til að allar sértekjur A-hluta stofnana, sem fara fram úr áætlun fjárlaga, skuli greiddar í ríkissjóð. Fjármálaráðherra getur þó heimilað ríkisstofnunum að ráðstafa öllum eða hluta teknanna til eigin þarfa, þó aldrei til framkvæmda eða ráðstafana sem leiða þegar í stað eða síðar til aukinna rekstrarútgjalda.

Talið er eðlilegt að stofnanir skili í ríkissjóð þeim fjármunum sem aflað er umfram forsendur fjárlaga. Í þessu sambandi þarf þó að hafa hugfast að á undanförnum árum hafa stofnanir verið hvattar til þess að afla tekna með sölu á þjónustu og annarri starfsemi. Ákvæði um skil sértekna mega því ekki vera letjandi í þessu efni, en slíkt gæti orðið njóti stofnanir ekki í einhverjum mæli teknanna og hafi heimild til ráðstöfunar þeirra. Jafnframt þarf að hafa í huga að séu sértekjur auknar fylgir því oft aukinn kostnaður vegna breyttrar eða aukinnar starfsemi.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að skila skuli í ríkissjóð arði fyrirtækja og sjóða í B-hluta sem fer fram úr áætlunum fjárlaga. Ráðherra er þó heimilt að setja reglur um að B-hluta stofnanir geri skil á rekstrarhagnaði sínum til að auka hreina eign sína. Ákvæði þessi eru nokkuð þrengri en þau sem gilt hafa í þessu efni. Gildandi ákvæði er nú að finna í 54. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Samkvæmt þeim skal fjármálaráðherra setja reglur um greiðslu rekstrarhagnaðar fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings í ríkissjóð að svo miklu leyti sem slíkt er ekki lögákveðið. Þá er þar kveðið á um að fyrirtækjum þessum og sjóðum sé heimilt að nota rekstrarhagnað til að auka hreina eign með þeim takmörkunum sem fjármálaráðherra setur eða ákveðnar eru í lögum. Heildstæðar reglur um skil á rekstrarhagnaði ríkisfyrirtækja hafa því miður aldrei verið settar.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt sé við tiltekin skilyrði að víkja frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. Hér er um að ræða fjárskuldbindingar ríkisfyrirtækja í B-hluta umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir. Það meginskilyrði, sem sett er í þessu efni, er að til fjárskuldbindingar sé stofnað í þeim tilgangi að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins, t.d. að hagnaður af starfseminni verði í samræmi við það sem fjárlög stefna að og að fyrirtækið nái þannig að rækja það hlutverk sem því er ætlað lögum samkvæmt. Um fyrirtæki í eigu ríkisins, sem ætlað er að standa undir kostnaði af starfsemi sinni með tekjum af sölu á vöru og þjónustu, gilda að sjálfsögðu í meginatriðum sömu lögmál og hjá einkaaðilum. Því verður eðli málsins samkvæmt að ætla þeim nokkuð rúmt svigrúm til athafna ef þau eiga að standa sig í samkeppni við einkaaðila. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að þau geti án verulegrar fyrirhafnar aukið við skuldbindingar sínar þegar þau skilyrði, sem að framan eru rakin, teljast uppfyllt. Í því skyni að fyrirmæli 41. gr. stjórnarskrár verði virt að fullu er gert ráð fyrir að í fjárlögum hverju sinni verði aflað almennrar heimildar til fjárskuldbindinga af þessu tagi, t.d. með sérstöku ákvæði þar að lútandi í 6. gr. fjárlaga.

Reglur þessar eru ekki nýmæli. Þannig er í 3. gr. laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, kveðið á um að ríkisfyrirtækjum í B-hluta ríkisreiknings sé óheimilt að stofna til skulda, taka lán eða taka ábyrgð á skuld eða láni nema til þess sé heimild í sérstökum lögum, fjárlögum eða fyrir liggi sérstakt samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Slíkar heimildir þarf til samninga um yfirdrátt á viðskiptareikningi í bönkum, sölu á víxlum samþykktum af fyrirtækinu eða sjóðnum, svo og til sölu eða veðsetningar á verðbréfum útgefnum af þessum aðilum. Þá er í 5. gr. nefndra laga kveðið á um heimild ríkisstofnana til reikningsviðskipta innan lands á grundvelli reglna sem fjármálaráðherra skal setja þar um.

Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins fela í raun ekki í sér efnislegar breytingar á þessum ákvæðum að öðru leyti en því að nokkru strangari kröfur eru gerðar varðandi þau skilyrði sem uppfylla þarf ef nauðsynlegt þykir að fara fram úr fyrirmælum fjárlaga um fjárskuldbindingar ríkisfyrirtækja.

Um 6. gr.

Líta verður svo á að umboð sitt og heimildir til fjárgreiðslna úr ríkissjóði sæki fjármálaráðherra til fjárlaga og fjáraukalaga. Útgjöld, sem fylgja því að hrinda almennum lögum í framkvæmd, á hann samkvæmt framansögðu ekki að greiða nema sérstaka fjárveitingu til þeirra sé að finna í fjárlögum eða fjáraukalögum. Það sama á við um reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli.

Í þessari grein er þessi regla áréttuð og þar beinlínis kveðið á um að lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli, sem hafa í för með sér útgjöld, komi ekki til framkvæmda nema sérstaklega sé gert ráð fyrir þeim í fjárlögum eða fjáraukalögum. Á liðnum árum hefur löngum verið að finna ákvæði í 6. gr. fjárlaga þar sem segir að séu ný lög samþykkt sem hafi í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð breytist tekju- og gjaldahliðin samkvæmt því. Telja verður útgjaldaheimild af þessu tagi í fjárlögum nokkuð vafasama þar sem hún er mjög almenn, ónákvæm og án nokkurrar takmörkunar. Í öllu falli eru meiri líkur á því en ella að kastað sé til höndum við mat á þeim kostnaði sem lagasetning kann að hafa í för með sér ef hrinda má lögunum í framkvæmd án þess að marka til þess sérstaka fjárveitingu. Því er gert ráð fyrir því nái þetta frumvarp fram að ganga að til sérstakrar fjárveitingar verði að koma í fjárlögum eða fjáraukalögum ef greiða á kostnað af nýjum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Um 7. gr.

Samkvæmt greininni er óheimilt að flytja greiðslu á stofn- eða fjárfestingarframlögum milli ára, svo og hvers konar styrkjum, samkvæmt fjárlögum milli verkefna nema að fenginni heimild í fjáraukalögum. Niðurfelling framlaga af þessu tagi eða styrkja getur á sama hátt ekki átt sér stað nema með formlegri ákvörðun fjárveitingavaldsins í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Hugsunin, sem býr að baki þessu ákvæði, er nánast sú sama og á við um 1. gr. frumvarpsins. Ákvörðunum fjárveitingavaldsins, sem birtast í fjárlögum, verður ekki breytt nema af þeim sem með þetta vald fara hverju sinni hvort sem ákvörðunin lýtur að því að auka eða draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Í þessum efnum verður hins vegar að gera nokkurn greinarmun á eðli útgjaldaliða á fjárlögum. Ljóst er að fjárveitingar til rekstrarútgjalda eru í eðli sínu áætlanir sem byggjast á mismunandi traustum forsendum. Fjárveitingar til rekstrar ber því að greiða að svo miklu leyti sem almenn lög eða samningar gera ráð fyrir en aldrei meira en fjárlög heimila. Þannig verða laun vegna tiltekinnar stöðu, sem fjárlög gera ráð fyrir að ráðið verði í, ekki greidd ef ekkert verður úr ráðningu. Um stofnfjárframlög eða styrki gegnir oftast öðru máli að þessu leyti. Því þykir rétt að kveða sérstaklega á um að ákvörðun um flutning á milli verkefna eða niðurfellingu á greiðslum sem þessum sé fjárveitingavaldsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að geyma ónotaðar fjárveitingar í lok reikningsárs og gildir geymsluheimildin í eitt ár sé um rekstrarframlög að ræða en í þrjú ár ef fjárveitingin er til meiri háttar viðhalds og stofnkostnaðar. Þessu ákvæði er ætlað að koma í stað 67. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Sú grein kveður á um að geyma megi allar fjárveitingar aðrar en rekstrarfjárveitingar í fjögur ár. Samkvæmt nefndri 67. gr. ríkisbókhaldslaga er óheimilt að geyma rekstrarframlög. Fjármálaráðherra má veita undanþágu frá banni þessu ef sérstaklega stendur á.

Á undanförnum missirum hefur verið lögð áhersla á að stofnanir og ráðuneyti beri sem mesta ábyrgð á fjármálum hvert á sínu sviði. Í því sambandi hefur áhersla verið lögð á að ráðuneyti hagi fjárgreiðslum sem mest í samræmi við fjárheimildir, þó þannig að ekki sé knýjandi nauðsyn á að fjárheimildir séu að fullu nýttar fyrir árslok. Því hefur verið tekið undir það sjónarmið að stofnunum sé heimilt að sækja um geymslu á rekstrarfjárveitingu til komandi árs sé um afgang að ræða og með sama hætti þurfi stofnanir að bera umframgreiðslu liðins árs af fjárveitingu þess næsta. Þó svo að hér sé um vandasamt mál að ræða er litið svo á að þetta auki ábyrgð stofnana við rekstur og gefi þeim jafnframt færi á meiri sveigjanleika en verið hefur.

Um ráraðir hafa ráðuneyti og stofnanir notfært sér heimild til geymslu á stofnkostnaðar- og viðhaldsfjárveitingum. Reynslan af slíku er ótvírætt góð og því ekki ástæða til að gera breytingu þar á.

Að undanförnu hafa reglur um meðferð þessa máls verið að mótast og í umburðarbréfum hefur fjármálaráðherra sett reglur um framkvæmdina. Þá hefur sú regla komist á að í fjáraukalögum sé gerð grein fyrir geymdum fjárveitingum og hvernig geymdar fjárveitingar, sem heimilaðar hafa verið, hafa verið nýttar. Eðlilegt er að slíkt sé gert í fjáraukalögum hvers árs samkvæmt ákvæði 12. gr. frumvarpsins.

Tekið skal fram að með þessu er alls ekki verið að slá því föstu að einstakir menn eða stofnanir eignist lögvarinn rétt á framlögum eða styrkjum sem þeim kunna að vera ætlaðir í fjárlögum. Almennt verður að ætla að slíkan rétt eignist þessir aðilar ekki.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt þykir að taka af skarið um að heimilt sé að greiða út fjárveitingar sem geymdar eru á grundvelli 7. gr. þessa frumvarps. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í greininni eru ákvæði þess efnis að fjármálaráðherra sé heimilt á hverju fjárlagaári að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins. Að mati þeirra sem að fjármálum ríkisins starfa og þeirra er að stjórn peningamála vinna er tímabært að takmarka heimildir ríkissjóðs til að stofna til yfirdráttar í Seðlabanka Íslands og að sem fyrst þurfi að taka fyrir yfirdráttarmöguleika ríkissjóðs að fullu.

Í lögum um Seðlabanka Íslands er kveðið á um að ríkissjóði sé óheimilt að taka langtímalán hjá bankanum og jafnframt að ríkissjóður verði að gera upp viðskiptaskuldir fyrra árs innan þriggja mánaða frá áramótum. Þessi ákvæði hafa að fullu verið virt en með tilliti til hagstjórnar er oft á það bent að mikill yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabanka veiki stjórn peningamála.

Á liðnum árum hefur ætíð verið að finna í 6. gr. fjárlaga heimild fyrir fjármálaráðherra til þess að stofna til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands í því skyni að mæta árstíðabundnum sveiflum í fjármálum ríkisins og semja ef með hefur þurft um greiðslu yfirdráttarskuldar og lánskjör. Eðlilegt þykir að setja ákvæði í lög sem takmarka þetta. Tvö atriði skipta mestu máli í þessu sambandi. Hið fyrra er að það fellur að nútímaefnahagsstjórn að ríkissjóður hafi ekki ótakmarkaðan aðgang að seðlabanka til fjármögnunar á árstíðabundinni fjárþörf. Slíkt er almennt talið veikja peningamálastjórn og hefur verið aflagt í fjölmörgum löndum. Í þessu frumvarpi er fetað inn á sömu braut. Þó yrði við það miðað fyrst um sinn að á hverjum ársfjórðungi hefði ríkissjóður heimild til yfirdráttar að hámarki 5% af heildargjöldum fjárlaga. Ríkissjóður yrði með öðrum orðum að haga lántökum sínum, innan lands og erlendis, þannig að yfirdráttur yrði ekki langvinnur. Hitt meginatriði þessa máls er það að til þess að ríkissjóður geti fyrirbyggt yfirdrátt í Seðlabanka þarf ríkissjóður að eiga kost á skammtímalántöku. Ríkissjóður hefur í vaxandi mæli tekið lán til skamms tíma í formi ríkisvíxla og má segja að þeir hafi að nokkrum hluta mætt þörf ríkisins fyrir skammtímafjármögnun. Eins og fram kemur í athugasemdum við 4. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir að ákvæðið taki gildi um næstkomandi áramót og gildi fyrst fyrir fjárlagaárið 1993.

Um 10. gr.

Í greininni er til öryggis kveðið á um að fjármálaráðherra sé að fengnu samþykki fjárlaganefndar heimilt að inna af hendi greiðslur sem fyrirvaralaust hafa fallið á ríkissjóð. Er þá átt við að greiðsluskylduna megi rekja til óviðráðanlegra atvika sem ekki var hægt að gera ráð fyrir og verða að öðru leyti ekki taldar þola neina bið.

Dæmi um slíkar greiðslur má nefna bótagreiðslur vegna tjóns sem maður, stofnun eða starfsemi, sem óumdeilt er að ríkið ber ábyrgð á, hefur valdið. Má í þessu sambandi benda á að ríkið kaupir yfirleitt ekki aðrar vátryggingar en lögboðnar skyldutryggingar hjá vátryggingafélögum.

Undirstrikað skal að greiðsluheimild þessa mætti t.d. aðeins nota þegar greiðsla þolir ekki bið. Með því er átt við að ríkissjóður verði fyrir frekari fjárútlátum en ella vegna bótaskyldu sem hann bakar sér með greiðsludrætti. Greiðslur samkvæmt þessari heimild ættu samkvæmt framansögðu að heyra til algerra undantekninga.

Gert er ráð fyrir að í fjárlögum verði að finna almenna heimild, t.d. í 6. gr. þeirra, fyrir fjármálaráðherra til að inna af hendi fjárgreiðslur úr ríkissjóði með vísan til heimildar í þessari grein.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að skýr ákvæði gildi um hvaða útgjaldaliðir fjárlaga taki verðlagsbreytingum og að í fjáraukalögum hverju sinni sé gerð sem best grein fyrir ráðstöfun þeirra liða sem óskiptir eru.

Ákvörðun um verðlagsforsendur í fjárlagafrumvarpi er í eðli sínu hluti efnahagsstefnunnar. Engu að síður á framsetning þessara forsendna að vera skýr þannig að framsetning frumvarpsins sé ljós. Þetta er ekki hvað síst mikilvægt þegar bera á forsendur frumvarpsins saman við raunverulega verðþróun. Við framkvæmd fjárlaga hefur fjármálaráðuneytið mótað reglur um það hvaða fjárlagaliðir taki upphækkun ef verðlagsforsendur fjárlaga breytast. Þeir liðir, sem hér koma einkum til álita, eru launaliðir og annar kostnaður við framkvæmd launasamninga innan fjárlagaársins, önnur rekstrargjöld en laun, hækkun lífeyrisgreiðslna og framlag til rekstrar sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins og loks vaxtagreiðslur. Önnur framlög, svo sem til stofnkostnaðar, viðhalds og einstakra aðila, ætti á hinn bóginn ekki að hækka með þessum hætti. Eðli málsins samkvæmt felur slík uppfærsla ekki í sér efnislegar breytingar á rekstrarumfangi eða þeirri starfsemi sem til er stofnað.

Þá er í greininni kveðið á um að sé óskipt fé veitt til ráðuneytis skuli í fjáraukalögum hverju sinni gerð full grein fyrir ráðstöfun fjárins. Þar með fengist formlegt samþykki á ráðstöfun þess fjár sem ákvarðað er með þessum hætti í fjárlögum.

Um 12. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um að fjármálaráðherra skuli fyrir 1. apríl ár hvert leggja fram frumvarp að endanlegum fjáraukalögum liðins árs komi í ljós að tilteknar greiðsluheimildir skorti eða aðstæður krefjist þess að öðru leyti. Auk þessa þykir eðlilegt að fjármálaráðherra upplýsi Alþingi um geymdar fjárveitingar, svo og þær ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Því er gerð tillaga um að frumvarpinu fylgi sérstök skrá með framangreindum upplýsingum.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Tillögur undirnefndar fjárveitinganefndar um afnám aukafjárveitinga.

(15. desember 1989.)

1. Almenn atriði.

Fjárveitinganefnd er sammála um að svokallaðar aukafjárveitingar standist ekki og tímabært sé að setja reglur sem reisi skorður við greiðslum umfram heimildir fjárlaga. Nefndin leggur áherslu á að þær reglur, sem settar verði, séu í fullu samræmi við ákvæði 41. gr. stjórnarskrárinnar og að jafnframt sé tekið tillit til þeirra atriða sem reynslan sýnir að nauðsynlegt er að takast á við á fjárlagaári eins og t.d. varðandi breytingar á launa-, verðlags- og gengisforsendum fjárlaga sem kalla á meiri útgjöld en fjárlög gera ráð fyrir. Vandi, sem af þessu skapast, hefur verið leystur með aukafjárveitingum fram til þessa en nauðsynlegt er að með breyttum reglum verði tekist á við slík vandamál í fjárlagagerðinni sjálfri þannig að greiðslur án heimilda vegna slíkra breytinga á fjárlagaforsendum eigi sér ekki stað. Nefndinni er ljóst að afnám „aukafjárveitinga" gerir einnig kröfur til þess að fjárlagaafgreiðsla Alþingis verði sem vönduðust og raunhæfari en oft hefur verið. Mikilsvert er í því sambandi að ríkisreikningur fyrir næstliðið ár liggi ávallt fyrir þegar fjárlagavinna hefst á Alþingi á haustmissiri og jafnframt að fjáraukalagafrumvarpið fyrir yfirstandandi ár verði þá einnig lagt fram og er út frá því gengið að slíkt verði framvegis gert.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga frá nágrannalöndum um framkvæmd og meðferð fjárlaga og fjáraukalaga, svo sem um hvernig haldið er á atriðum eins og áætlunum vegna ófyrirséðs kostnaðar og breytingum fjárlagaforsendna á fjárlagaári, hvernig staðið er að meðferð þjóðþinga á launasamningamálum og hvernig brugðist er við sérstökum aðstæðum sem upp kunna að koma innan fjárlagaárs en ekki hefur verið tekið mið af við fjárlagagerð. Hefur verið samin sérstök skýrsla um helstu niðurstöður þeirrar könnunar.

Þá hefur nefndin einnig leitað til lagaprófessoranna Sigurðar Líndals og Stefáns M. Stefánssonar um með hvaða hætti þau efnisatriði verða fram sett, sem nefndin hefur orðið ásátt um, til þess að tryggja framkvæmd í samræmi við tillögur um málsmeðferð.

2. Efnisatriði nýrra reglna um greiðslur úr ríkissjóði.

Meginreglan skal vera sú að greiðslur úr ríkissjóði umfram lagaheimildir eigi sér ekki stað. Við fjárlagagerð og í fjárlögum sjálfum verði hins vegar ákveðið með hvaða hætti tekið skuli á atriðum, svo sem varðandi breytingar frá forsendum fjárlaga sem verða kunna á fjárlagaári umfram áætlanir fjárlaga. Nægi slíkar heimildir ekki eða komi upp ný viðfangsefni er ekki heimilt að greiða kostnað þeirra vegna nema eftir afgreiðslu fjáraukalaga og skulu fjáraukalög lögð fyrir Alþingi þegar þurfa þykir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma ekki til greiðslu fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum eða útgjöldum sé séð. Þá er óheimilt að gera hvers konar útgjaldasamninga eða skuldbindingar, þar á meðal varðandi ráðstöfun sértekna sem ákvarða eða leiða til útgjalda sem ekki er fyrir séð í fjárlögum.

Útgjaldahlið fjárlaga verði skipt efnislega í fjóra þætti:

— Í fyrsta lagi föst framlög en greiðslur til þess viðfangsefnis taka ekki breytingum á fjárlagaárinu.
— Í öðru lagi sérstök framlög. Hér er um að ræða framlög sem ekki taka verðbreyt-

ingum innan fjárlagaársins. Hins vegar má, ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, flytja þau milli fjárlagaára en til þess þarf samþykki fagráðherra auk fjármálaráðherra.

— Í þriðja lagi eru framlög sem taka verðbreytingum og vanáætlunum samkvæmt ákvörðunum í fjárlögum.

— Í fjórða lagi eru svo rammaframlög sem eru rekstrarframlög og stofnunum er heimilt að verja til þess að leysa ákveðin verkefni án þess að þeim sé skipt í fjárlögum á almenna útgjaldaflokka.

3. Einstök efnis- og framkvæmdaratriði í nýjum reglum.

a. Breyttar verðlagsforsendur:

Við fjárlagagerð verði ákveðið hvaða stofnunum og viðfangsefnum sé heimilt að bæta áhrif breyttra verðlagsforsendna og að hvaða marki. Slík greiðsluheimild verði ekki opin og ótakmörkuð heldur tiltekin fjárhæð og nái til tiltekinna stofnana og viðfangsefna. Reglur verði mótaðar um hvernig heimilt sé að ráðstafa af slíkum liðum fyrir „ófyrirséðu".

b. Vanáætlanir:

Með framlagningu ríkisreiknings næstliðins árs og fjáraukalagafrumvarpi yfirstandandi árs á hverju haustþingi á að vera hægt að tryggja gildi og gæði fjárlagaáætlana Alþingis. Vísvitandi vanáætlanir hverfa úr sögunni þegar aukafjárveitingaafgreiðslur hafa verið afnumdar.

Í fjárlagaafgreiðslum Alþingis felast ákvarðanir Alþingis um rekstrarumfang stofnana. Þeim ákvörðunum ber fagráðuneyti og forstöðumönnum ríkisstofnana að fylgja eftir.

c. Magnaukningar:

Launasamningar. Séu gerðir launasamningar sem ekki rúmast innan launaramma fjárlaga verði þeir undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Útgjöld vegna slíkra samninga verði síðan lögð fyrir Alþingi til afgreiðslu svo fljótt sem við verður komið.

Starfsmannaráðningar. Launaumfang fjárlaga táknar ákvörðun Alþingis um starfsmannahald hverrar stofnunar. Skuldbindingar um launagreiðslur umfram það eru óheimilar.

Ný verkefni. Óheimilt er að ráðast í ný verkefni sem ekki hefur verið um fjallað og fé veitt til við fjárlagagerð.

Auknar framkvæmdir. Óheimilt er að auka framkvæmdir umfram heimildir fjárlaga, þó að því undanskildu að heimilt er að ráðstafa af „ófyrirséðu" til að ljúka áföngum eða til þess að bregðast við einstökum vandamálum sem upp kunna að koma enda sé áætlað fyrir slíkum „ófyrirséðum útgjöldum" á fjárlögum.

Áhrif nýrra laga. Lög, sem hafa útgjöld í för með sér og samþykkt kunna að vera eftir að frá fjárlögum hefur verið gengið, geta ekki tekið gildi fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum sé séð.

Niðurgreiðslur. Ekki er heimilt að auka niðurgreiðslur umfram það sem fjárlög segja til um.

Kennslumagn. Um kennslumagn gildir sama og um starfsmannahald að í fjárlögum er umfang launagreiðslna í skólakerfinu ákvarðað. Þeirri ákvörðun verður ekki breytt nema með breytingu á fjárlögum.

Eignaráðstöfun. Eignakaup, eignasölur og eignaleigur, þar á meðal um viðskipti með hlutabréf og eignaskipti milli stofnana ríkisins, eru ekki heimil nema samkvæmt lögum.

Samningar. Enga samninga, sem hafa fjárhagsskuldbindingar í för með sér, er hægt að gera nema með heimild Alþingis. Þetta á einnig við um samninga sem kalla á aukin útgjöld, svo sem vegna lífeyris- eða sjúkratrygginga.

Tryggingamál. Útgjöld, bæði lífeyris- og sjúkratrygginga, eru ákvörðuð í fjárlögum. Um lífeyristryggingar gildir það sama og um laun að útgjöld umfram heimildir fjárlaga þeirra vegna verða aðeins ákvörðuð af Alþingi og sama máli gegnir um sjúkratryggingar. Heimildir ráðherra til að auka útgjöld með reglugerð eru því afnumdar og sömuleiðis heimildir Tryggingastofnunar ríkisins til útgjaldaaukningar með samningum við lækna umfram ákvæði fjárlaga.

d. Annað:

Nái ríkisstofnanir meiri sértekjum en áætlað er fyrir í fjárlögum fái þær að njóta sérteknanna eftir tilteknum reglum en þó þannig að ekki sé heimilt að nýta slíka aukningu sértekna til fjárfestinga eða framkvæmda sem kalla þá eða síðar á aukin rekstrarútgjöld úr ríkissjóði.

Sett verði þak á yfirdráttarheimild ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

Heimildir til eignakaupa skv. 6. gr. fjárlaga takmarkast af því fé sem í fjárlögum er sérstaklega ætlað til slíkrar ráðstöfunar.

Fylgiskjal II.

Yfirlit um verklag á afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga og á ríkisreikningi í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku.

(Ágúst 1989.)

Helstu niðurstöður.

— Meginreglur eru þær að þjóðþingin fara með fjárveitingavaldið og er það virt af framkvæmdarvaldinu. Ríkisstjórnir leita eftir samþykki þingsins fyrir fram um umframútgjöld innan fjárhagsársins eða í gildi eru reglur sem þingin hafa sett framkvæmdarvaldinu um meðferð umframútgjalda.

— Í Finnlandi og Svíþjóð er leitað eftir samþykki þingsins fyrir fram um viðbótarútgjöld með fjáraukalögum. Í Danmörku fer fjárveitinganefnd með ákvörðun um aukafjárveitingar í umboði þingsins. Í Noregi hefur þingið sett reglur um umframútgjöld sem m.a. segja til um hvenær leita skuli sérstaklega samþykkis þingsins og hvenær framkvæmdarvaldið getur afgreitt þau.

— Í Danmörku og Finnlandi er fjárlagafrumvarpinu vísað til fjárveitinganefndar sem fjallar um frumvarpið í meðförum þingsins. Í Svíþjóð og Noregi er frumvarpinu enn fremur vísað til einstakra málefnanefnda þingsins sem fjalla um viðkomandi málaflokka.

— Fjárlagaárið er almanaksárið nema í Svíþjóð þar sem það er frá 1. júlí til 30. júní. Fjárlagafrumvarp er til meðferðar hjá þjóðþingunum í 3–4 mánuði.

— Meginreglan er sú að hvert fagráðuneyti er ábyrgt gagnvart þinginu um tillögur í fjárlagafrumvarpinu. Enn fremur hefur hvert fagráðuneyti umsjón með framkvæmd fjárlaga innan fjárhagsársins.

— Breytingar, sem þjóðþingin gera til hækkunar á gjaldahlið fjárlagafrumvarpa, eru á bilinu 1–2%.

— Framkvæmd fjárlaga sýnir að tiltölulega litlar breytingar eru til hækkunar frá fjárlögum, eða um 1–2%. Takmarkað miðstýrt eftirlit er með framkvæmd fjárlaga. Áætlanir fjárlaga virðast raunhæfar og aðilar telja sér skylt að fylgja þeim.
— Launasamningar í Finnlandi eru að formi til háðir samþykki sérstakrar þingnefndar sem fer með launamál opinberra starfsmanna. Í Svíþjóð eru launasamningar háðir samþykki fjárveitinganefndar. Í Noregi eru launasamningar samþykktir með fyrirvara um samþykki þingsins. Í Danmörku fer fjármálaráðherra með launasamninga án afskipta þingsins.
— Endurskoðaður ríkisreikningur er lagður fyrir þingin. Í Danmörku og Noregi er reikningurinn samþykktur af þinginu en í Finnlandi og Svíþjóð fer fram umræða um reikninginn ef athugasemdir gefa tilefni til.

Finnland.

Fjárlagafrumvarp er lagt fram um miðjan septembermánuð og afgreiðir þjóðþingið það í lok desembermánaðar. Fjárlagafrumvarpinu er vísað til fjárveitinganefndar eftir 1. umr. í þinginu en nefndin fjallar um alla þætti ríkisfjármála, þ.e. tekjur, gjöld og lánahreyfingar. Fjárhagsárið er almanaksárið.

Fjárlagafrumvarpið fer til fjárveitinganefndar sem er skipuð 21 þingmanni og 19 varamönnum. Bæði aðalmenn og varamenn taka þátt í störfum fjárveitinganefndar er varða afgreiðslu fjárlaga. Nefndin skiptist í átta undirnefndir sem fjalla um einstaka málaflokka. Breytingar á fjárlagafrumvarpinu í meðferð þingsins eru um 1–2% af heildargjöldum fjárlagafrumvarpsins.

Á fjárhagsárinu leggur ríkisstjórnin fram fjáraukalög til að afla heimilda fyrir auknum útgjöldum, öflun eða ráðstöfun viðbótartekna eða lántökum. Hversu oft á fjárhagsárinu lögð eru fram fjáraukalög fer eftir ástæðum hverju sinni, en tvisvar til þrisvar sinnum á ári er venjulegt. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum, sem leitað er eftir samþykki finnska þingsins við, eru á útgjaldahlið 1–2% af heildargjöldum.

Hvert ráðuneyti fer með framkvæmd fjárlaga en allar greiðslur eru inntar af hendi gegnum póstbanka sem fjármagnar ríkissjóð innan fjárhagsársins ef þörf er á. Ekki eru gerðar greiðsluáætlanir innan fjárhagsársins fyrir ríkissjóð í heild sinni. Mánaðarlega eru greiðsluupplýsingar færðar vélrænt til ríkisbókhalds sem síðan gerir ýmis fjárhagsyfirlit fyrir einstök ráðuneyti og heildaryfirlit fyrir fjármálaráðuneytið. Eftirlit með því að útgjöld séu innan fjárlagaheimilda er fyrst og fremst hjá fagráðuneytum og stofnunum sem eru ábyrgar fyrir því að ekki sé greitt umfram heimildir. Því til viðbótar fylgjast bæði fjármálaráðuneytið og ríkisendurskoðun með þróun ríkisfjármála innan ársins. Vandamál vegna umframútgjalda eru óveruleg og ekki þörf á mikilli vinnu þeirra vegna. Stafar það fyrst og fremst af því að fjárlög eru raunhæf, bæði er varða verðlagsforsendur og magn.

Útgjaldahlið fjárlaga er skipt efnislega í þrjá þætti, þ.e.:

— Í fyrsta lagi föst framlög en greiðslur til þessara viðfangsefna taka ekki breytingum á fjárhagsárinu, þannig að ekki koma til viðbótargreiðslur.
— Í öðru lagi framlög sem ekki taka breytingum innan fjárhagsársins. Hins vegar má flytja þessi framlög milli ára í allt að þrjú til fimm fjárhagsár.
— Í þriðja lagi koma svo til önnur framlög, þ.e. rekstrarframlög til ráðuneyta og stofnana, launakostnaður, framlög til niðurgreiðslna á vöruverði, atvinnuleysisstyrkir o.fl. Þessir útgjaldaflokkar taka verðlagsbreytingum innan fjárhagsársins og líka ef í fjárlögum hefur ekki verið séð fyrir fjármagni til að mæta ákvæðum laga, svo sem tryggingalaga og atvinnuleysistryggingalaga.

Með þessari skipan hafa framkvæmdarvaldið og þingið komið sér saman um hvaða útgjaldaflokkar skulu taka verð- og magnbreytingum innan fjárhagsársins. Endanleg ákvörðun er hjá þinginu, en framkvæmdarvaldið leggur fram fjáraukalög innan fjárhagsársins til viðbótargreiðsluheimilda. Í fjárlögum eru óverulegar fjárhæðir til að mæta óvissum útgjöldum.

Í Finnlandi fer fjármálaráðuneytið með launasamninga við opinbera starfsmenn en í þinginu starfar sérstök nefnd þingmanna sem þarf að staðfesta launasamninga við opinbera starfsmenn. Hér er um að ræða formsatriði. Viðbótarkostnaður við launasamninga er samþykktur af þinginu með næstu fjáraukalögum.

Ríkisreikningur er lagður fram í apríl–maímánuði árið eftir og endurskoðunarskýrsla í nóvember- eða desembermánuði. Þingið samþykkir ekki reikninginn en athugasemdir ríkisendurskoðunar og svo einstakra ráðherra eru ræddar ef ástæða er talin af einstökum þingmönnum. Ef um umframgreiðslur er að ræða, að teknu tilliti til fjáraukalaga, er ríkisendurskoðun falið að meta þær og afstaða hennar er háð því hvort þær eru samþykktar eða ekki en hér er um að ræða minni háttar umframútgjöld.

Svíþjóð.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram í þinginu í janúarmánuði ár hvert og afgreiðir sænska þingið það fyrir lok aprílmánaðar. Fjárlagaárið er frá 1. júlí til 30. júní. Fjárlagafrumvarpinu er vísað í heild til fjárveitinganefndar, en frumvarpinu er líka vísað til einstakra nefnda þingsins sem fjalla hver um sinn málaflokk. Nefndirnar, 16 að tölu, leggja síðan fyrir þingið tillögur um breytingar á frumvarpinu er snerta viðkomandi málaflokk. Hlutverk fjárveitinganefndar er m.a. að móta heildarramma um efnahags- og peningamál og hafa heildarumsjón með afgreiðslu þingsins á ríkisfjármálum. Safnar hún saman öllum breytingartillögum nefnda og leggur fram í lokin heildarfrumvarpið til afgreiðslu. Þingið hefur fjárlagafrumvarpið til afgreiðslu í allt að fjóra mánuði en fyrir lokaafgreiðslu í apríl kemur ríkisstjórnin með viðbótartillögur við frumvarpið. Breytingar á fjárlagafrumvarpinu hjá sænska þinginu eru á bilinu 1–2%.

Á fjárhagsárinu leggur ríkisstjórnin fram fjáraukalög til að afla heimilda fyrir auknum útgjöldum, nýjum tekjum, ráðstöfun viðbótartekna og lánahreyfingum. Fjáraukalög eru lögð fram eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á fjárhagsárinu. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum, sem framkvæmdarvaldið leitar eftir samþykki sænska þingsins fyrir, eru innan við 1% af heildarútgjöldum.

Hvert ráðuneyti fyrir sig fer með framkvæmd fjárlaga. Allar greiðslur fara í gegnum sænska póstbankann, en ekki eru gerðar greiðsluáætlanir fyrir ríkissjóð í heild innan fjárhagsársins.

Sænska ríkisendurskoðunin, sem sér m.a. um bókhald sænska ríkisins, gefur átta sinnum á ári út greinargerðir um stöðu ríkisfjármála. Eftirlit með því að framlög á fjárlögum séu innan fjárlagaheimilda er fyrst og fremst á ábyrgð einstakra fagráðuneyta og stofnana sem fá fjárveitingar. Fjármálaráðuneytið og ríkisendurskoðun fylgjast með stöðu einstakra fjárlagaliða innan fjárhagsársins. Vandamál vegna umframútgjalda eru óverulega og ekki þörf á mikilli vinnu þeim tengdum. Forsendur fyrir þessu eru fyrst og fremst að áætlanir eru raunhæfar, bæði er að því varðar verðlagsforsendur og magn. Ef til koma umframútgjöld sem skipta máli fara slík mál í mjög almenna skoðun og verða aðilar að svara fyrir.

Útgjaldahlið sænsku fjárlaganna er skipt efnislega í fjóra þætti:

— Í fyrsta lagi föst framlög, en greiðslur til þess viðfangsefnaflokks taka ekki breytingum á fjárhagsárinu.

— Í öðru lagi sérstök framlög sem ekki taka verðbreytingum innan fjárhagsársins. Hins vegar má flytja þau milli fjárlagaára allt að þremur árum.
— Í þriðja lagi eru framlög sem taka verðbreytingum og vanáætlunum. Eru það framlög, t.d. til tryggingamála, launakostnaðar og rekstrarframlaga.
— Í fjórða lagi eru svo rammaframlög sem eru rekstrarframlög. Stefnt er að því að á árinu 1992 séu allar stofnanir með slík framlög. Hér er um að ræða almennar fjárhæðir, sem aðilum eru lagðar til, til þess að leysa ákveðin verkefni án þess að skipta þeim á almenna útgjaldaflokka. Þá má flytja um eitt fjárlagaár bæði það sem ekki nýtist og enn fremur ef stofnanir fara fram úr rammaframlögum. Þó er hámark á tilflutningnum.

Í fjárlögum er áætlað fyrir óvissum útgjöldum sem geta numið allt að 2% af heildargjöldum fjárlaga. Óviss útgjöld eru svo nýtt til að mæta breytingum á framlögum sem fjárlög gera ráð fyrir. Samþykktir sænska þingsins á óvissum útgjöldum koma fram í fjáraukalögum innan fjárhagsársins.

Við gerð launasamninga við opinbera starfsmenn er sá háttur hafður á að það ráðuneyti, sem fer með samninga, hefur nána samvinnu við fjárveitinganefnd þingsins við gerð samninganna og eru þeir samþykktir af nefndinni. Umframkostnaður við launasamninga kemur svo fram í næstu fjáraukalögum.

Ríkisreikningur er lagður fram eigi síðar en um miðjan október en reikningsári lýkur 30. júní. Endurskoðunarskýrsla skal lögð fram eigi síðar en fimm mánuðum eftir lok reikningsársins. Sænska þingið samþykkir ekki ríkisreikning sem slíkan. Hins vegar fer fram umræða ef athugasemdir gefa tilefni til þess og þingmenn telja þörf á. Ef um umframgreiðslur er að ræða sem ekki var tekið tillit til við samþykkt fjáraukalaga er slíkt athugað af ríkisendurskoðun og fer eftir áliti hennar hvort slíkar umframgreiðslur eru samþykktar. Hér er um að ræða tiltölulega fá tilfelli og minni háttar fjárhæðir.

Noregur.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram í byrjun októbermánaðar og afgreiðir þingið það fyrir 15. desember. Fjárlagafrumvarpinu er vísað í heild til fjárveitinganefndar en frumvarpinu er jafnframt vísað til einstakra nefnda þingsins sem hver fjallar um sinn málaflokk. Nefndirnar, 12 að tölu, leggja fyrir þingið tillögur um breytingar á frumvarpinu er taka til viðkomandi málaflokka.

Hlutverk fjárveitinganefndar er m.a. að móta heildarramma, gera breytingar á tillögum einstakra nefnda ef þær samrýmast ekki heildarmarkmiðum, fjalla um efnahags- og peningamál og hafa heildarumsjón með afgreiðslu þingsins á fjárlagafrumvarpinu. Felst það í því að safna saman öllum breytingartillögum nefnda og leggja fram í lokin heildarfrumvarp til afgreiðslu. Breytingar, sem norska þingið gerir á fjárlagafrumvarpinu, eru um 1% af heildargjöldum. Fjárlagaárið er almanaksárið en á árinu 1960 var horfið að þeirri skipan frá því að miða við 1. júlí til 30. júní.

Á fjárhagsárinu kemur til kasta þingsins samþykki á viðbótarfjárveitingum þegar um er að ræða umtalsverðar fjárhæðir til einstakra viðfangsefna. Hins vegar hefur norska þingið gefið út reglur um á hvern hátt, hvenær og hvernig tekið skuli á umframútgjöldum og tilflutningum á framlögum milli viðfangsefna. Meginatriði reglnanna er að ef um minni háttar viðbótarútgjöld er að ræða nægir samþykki fjármálaráðuneytisins, fyrir hærri útgjöldum þarf að koma til samþykki ríkisstjórnar og að lokum, ef um umtalsverðar fjárhæðir er að ræða, þarf samþykki þingsins. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum eru á útgjaldahlið um 1% af heildarútgjöldum fjárlaga.

Framkvæmd fjárlaga annast hvert fagráðuneyti og einstakar stofnanir. Greiðslur fær-

ast að hluta til sameiginlega hjá ríkissjóði en hvert ráðuneyti hefur jafnframt eigin bankareikning. Eftirlit með að fjárlög séu haldin er hjá fagráðuneytum sem hafa sitt eigið fjárhagsbókhald. Á tveggja mánaða fresti sendir hvert fagráðuneyti fjármálaráðuneytinu yfirlit um stöðu einstakra stofnana og viðfangsefna. Því til viðbótar hefur norska ríkisendurskoðunin starfsmenn sína í ráðuneytum til eftirlits og endurskoðunar. Vandamál vegna umframútgjalda eru óveruleg og er ekki mikil vinna sem þau skapa.

Útgjaldahlið norskra fjárlaga er skipt efnislega í þrjá þætti:

— Í fyrsta lagi fjárveitingar sem byggðar eru á lagafyrirmælum. Framlög til þessa útgjaldaflokks geta orðið hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Ef lög kveða á um eru greiðslur inntar af hendi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Hér er t.d. um að ræða atvinnuleysisbætur.
— Í öðru lagi eru framlög þar sem ákveðið er í fjárlögum að þau geti tekið verðbreytingum, svo sem launagjöld.
— Í þriðja lagi eru svo fjárveitingar sem ekki taka breytingum nema til komi samþykki þingsins.

Launasamninga við opinbera starfsmenn gerir ríkisstjórnin með fyrirvara um samþykki þingsins. Þingið samþykkir samninga í formi viðbótarfjárveitinga og er það nánast formsatriði.

Ríkisreikningur er lagður fram í marsmánuði og ríkisendurskoðun leggur fram endurskoðunarskýrslu í ágúst- eða septembermánuði. Endurskoðunarskýrsla er fyrsta mál sem lagt er fram á haustþingi. Hvert ráðuneyti er ábyrgt gagnvart þinginu fyrir niðurstöðu reikningsins. Ef um umframútgjöld er að ræða, að teknu tilliti til samþykktra aukafjárveitinga, er það háð áliti ríkisendurskoðunar hvort slík umframútgjöld eru afgreidd án frekari aðgerða. Ríkisreikningur er samþykktur af þinginu.

Danmörk.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram í þinginu fjórum mánuðum áður en það tekur gildi. Fjármálaráðherra afhendir fjárveitinganefnd fjárlagafrumvarpið í ágústmánuði en gildistími fjárlaga er almanaksárið. Fjárveitinganefnd danska þjóðþingsins fær frumvarpið í heild sinni til afgreiðslu. Fjárveitinganefnd er skipuð 17 þingmönnum, einstökum nefndarmönnum er falið að hafa umsjón með almennum málaflokkum eða ráðuneytum. Danska þingið hefur fjárlagafrumvarpið til afgreiðslu frá því það kemur saman í byrjun október þar til í lok desember en þegar fjármálaráðherra leggur frumvarpið fram í ágústmánuði hefst vinna fjárveitinganefndar. Hvert fagráðuneyti ber ábyrgð á sínum málaflokki gagnvart þinginu. Breytingar, sem danska þjóðþingið gerir á frumvarpi til fjárlaga, svara til 1–2% af heildargjöldum frumvarpsins.

Á fjárhagsárinu leggja einstök ráðuneyti óskir fyrir fjárveitinganefnd um viðbótarútgjöld. Beiðnir eru, áður en þær berast nefndinni, sendar fjármálaráðuneytinu til umsagnar. Fjárveitinganefnd hefur fullt umboð til að samþykkja viðbótarútgjöld, ráðstöfun viðbótartekna og auknar lántökur. Á árinu 1987 bárust nefndinni tæplega 700 beiðnir. Í febrúarmánuði árið eftir eru lögð fyrir þingið fjáraukalög með þeim breytingum sem fjárveitinganefnd hefur afgreitt. Breytingar frá upphaflegum fjárlögum eru um 1% af heildargjöldum fjárlaga.

Framkvæmd fjárlaga er í höndum hvers fagráðuneytis. Greiðslur eru með tvennum hætti, þ.e. sameiginlega, svo sem launagreiðslur, og svo hefur hvert ráðuneyti sinn eigin bankareikning. Tvisvar á fjárhagsárinu gera einstök ráðuneyti fjármálaráðuneytinu grein fyrir stöðu fjármála. Eftirlit með að greiðslur séu innan fjárveitinga eru fyrst og fremst

hjá einstökum fagráðuneytum. Ríkisendurskoðun fylgist með stöðu fjárveitinga hjá hverju ráðuneyti á fjárlagaárinu. Frávik frá fjárlögum eru óveruleg.

Útgjaldahlið dönsku fjárlaganna er skipt þannig að aðilar fá rammafjárlög. Stofnkostnaður er settur fram hjá hverju fagráðuneyti fyrir sig. Fjárhæðum í fjárlögum er skipt eftir því hvort þau taka verðlagsbreytingum eða ekki og þarf að sækja um aukafjárveitingu ef óskað er eftir viðbótarframlögum.

Launasamninga við opinbera starfsmenn gerir danski fjármálaráðherrann. Ekki þarf hann að leita eftir samþykki fjárveitinganefndar eða þingsins um þá. Þingið samþykkir viðbótarkostnað eftir á með fjáraukalögum.

Ríkisreikningur er lagður fyrir þingið með athugasemdum yfirskoðunarmanna sem byggja athugasemdir sínar að mestu á dönsku ríkisendurskoðuninni. Fjárveitinganefnd fær reikninginn til umfjöllunar. Ef um umframútgjöld er að ræða er tekið tillit til samþykkta fjárveitinganefndar og er það háð áliti yfirskoðunarmanna ríkisreiknings hvort slík umframútgjöld eru afgreidd án frekari aðgerða.

738. Tillaga til þingsályktunar [480. mál]

um rannsókn á jarðvegi og grunnvatni við „varnarsvæðin“ á Suðurnesjum.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gangast fyrir rannsókn á jarðvegi og grunnvatni við „varnarsvæðið“ á Keflavíkurflugvelli í þeim tilgangi að leiða í ljós hvort þar hafi á liðnum árum farið niður eiturefni á þeim tíma sem þar hefur verið herstöð.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur verið dregið fram í dagsljósið að fjölmörg mengunarslys hafa orðið í nágrenni herstöðva frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Það er nú ljóst að með ýmsu móti hafa farið niður í jarðveg efni eins og þotueldsneyti, afísingarefni, ýmiss konar hreinsiefni, t.d. hið baneitraða tríklórethylene, TCE, úrgangsolíur, slökkviefni, rafgeymaleifar (blý og sýra), spennaolía sem stundum innihélt PCB, málningarleifar, málmhúðunarleifar og ýmislegt annað miður geðslegt.

Vitað er að hér áður fyrr höfðu menn einkum áhuga á því að nota efni sem voru umfram allt skjótvirk en voru sér ekki meðvitaðir um skaðsemi efnanna. Nú er því brýn nauðsyn á að safnað verði allri fáanlegri vitneskju um þá staði sem kunna að vera hættusvæði meðan enn eru á lífi menn sem hafa unnið við herstöðina frá upphafi og búa yfir vitneskju um hvar slík eiturefni hafa verið urðuð eða fóru niður fyrir slysni eða gáleysi. Í framhaldi af því verði svo kortlögð sú vitneskja sem fæst og nákvæm efnagreining gerð á þeim jarðvegi sem óttast er að sé mengaður.

Meðan niðurstaða slíkrar könnunar liggur ekki fyrir getum við aðeins borið aðstæður hér saman við þær sem nú eru þekktar frá öðrum herstöðvum þar sem slíkar rannsóknir hafa verið gerðar, t.d. í Vestur-Þýskalandi, á Guam og Filippseyjum, en þar hafa víða komið fram alvarleg mengunartilfelli og þurft hefur að leggja í mikinn kostnað við hreinsun jarðvegs.

Þess má geta að í sýnum, sem tekin hafa verið á Heiðarfjalli þar sem var þó aðeins rekin ratsjárstöð í 15 ár, hefur greinst töluvert af baneitruðum þungmálmum, t.d. kadmíum, krómi, blýi og nikkel.

Árið 1989 lét bandarískt herinn gera mælingar á grunnvatnssýnum sem tekin voru á

svæðum sem á meðfylgjandi fylgiskjölum eru merkt með svörtum punkti. Rannsóknin tók aðeins til tveggja hættulegra efna, TCE eða tríklóretylene og PCE eða perklóretylene. Rannsóknin leiddi í ljós að efnið tríklóretylene fannst þá á útbreiddu svæði við flugvöllinn og víða yfir hættumörkum, m.a. við þáverandi vatnsból Njarðvíkinga og hersins eins og marka má af meðfylgjandi korti. Þetta efni TCE er talið geta valdið ýmsum alvarlegum sjúkdómum, svo sem hjartagöllum, og vera krabbameinsvaldandi. Hitt efnið, sem rannsakað var, perklóretylene (PCE) sem er baneitrað, fannst einnig í nokkrum mæli í grunnvatnssýnum. Efni sem þessi eyðast ekki. Það verður að hreinsa jarðveginn, annars breiðast þau sífellt meira út.

Nú er líklegt að umsvif „varnarliðsins“ á Suðurnesjum fari minnkandi á næstu árum og þá verður að finna annars konar atvinnutækifæri fyrir þá Íslendinga sem nú hafa þar atvinnu sína. Talað hefur verið um að möguleikarnir liggi fyrst og fremst í matvælaframleiðslu, ýmiss konar heilbrigðisþjónustu sem yrði starfrækt í formi heilsuhælis í tengslum við Bláa lónið og aukinni ferðamannaþjónustu. Allir þessir möguleikar byggjast á hreinu umhverfi og því er afar brýnt að málið verði gjörkannað áður en lagt verður út í miklar fjárfestingar á svæðinu.

Það má ljóst vera að leiði niðurstaða jarðvegs- og grunnvatnsrannsókna í ljós að þar fyrirfinnist eiturefni í einhverjum mæli verður að gera þá kröfu að herinn hreinsi upp eftir sig áður en lengra er haldið. Og þessi krafa á í raun ekki aðeins við um Suðurnes, heldur og aðra þá staði á Íslandi þar sem herinn hefur haft umsvif. Það þarf ekki mikinn spámann til að sjá fyrir hver yrðu örlög þeirra atvinnugreina sem helst hefur verið rætt um að byggja upp á Suðurnesjum og kynna sem heilsubætandi vegna hreinleika hinnar óspilltu íslensku náttúru ef í ljós kæmi að við flytum hér á eiturpolli.

Því telur flutningsmaður að af ofangreindum ástæðum og með vísan til almennra hollustu- og heilbrigðissjónarmiða sé brýnt að þegar í stað verði tekið á þessum málum.

Meðfylgjandi eru kort gerð á vegum Bandaríkjahers 1989 yfir útbreiðslu eiturefnanna TCE og PCE í grunnvatni á Keflavíkurflugvallarsvæðinu.


KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR
TCE mengun í grunnvatni
Gamlir ruslahaugar
KEFLAVIK
Vatnsból
Keflavíkur
Leifsstöð
YTRI NJARÐVIK
KEFLAVIKURFLUGVOLLUR
Vatnsból Njarðvíkur
Stóraskógur
INNRI
NJARÐVIK
Flugskýlasvæði
NAS
Vatnsból
4000' 0 4000'
SCALE IN FEET
FIGURE 4-14
NAVY - NAS
KEFLAVIK, ICELAND
LOCATION MAP
RAM
JLW
1-N-89
87040-083-AA
r. e. wright associates, inc.
earth resources consultants
BASE MAP: PREPARED FROM MAP PUBLISHED BY LANDMAELINGAR
ISLANDS (ICELAND GEODETIC SURVEY) AND DMAHTC U.S.A.


KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR
PCE mengun í grunnvatni
Gamlir ruslahaugar
KEFLAVIK
Vatnsból
Keflavíkur
Leifsstöð
YTRI NJARÐVIK
KEFLAVIKURFLUGVOLLUR
Vatnsból Njarðvíkur
Stóra skýlið
INNRI
NJARÐVIK
Flugskýlasvæði
NAS
Vatnsból
hersins
4000' 0 4000'
SCALE IN FEET
FIGURE 4-14
NAVY - NAS
KEFLAVIK, ICELAND
LOCATION MAP
RAM
1-24-89
87040-083-AA
r. e. wright associates, inc.
earth resources consultants
BASE MAP: PREPARED FROM MAP PUBLISHED BY LANDMAELINGAR
ISLANDS (ICELAND GEODETIC SURVEY) AND DMAHTC U.S.A.

739. Fyrirspurn [481. mál]

til sjávarútvegsráðherra um sameiginlega fiskstofna.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hver er staða samninga við aðrar þjóðir um helstu sameiginlega fiskstofna okkar?

Skriflegt svar óskast.

740. Tillaga til þingsályktunar [482. mál]

um samstarf menntastofnana með aðstoð tölvunets.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Jóhann Ársælsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Tómas Ingi Olrich, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvernig stjórnvöld geta styrkt þau tölvusamskipti sem þróast hafa á undanförnum árum á milli menntastofnana hér á landi og á milli skóla hér og erlendis. Það skal sérstaklega haft í huga að sú reynsla og þekking, sem þegar hefur skapast, komi að sem bestum notum fyrir íslenskt menntakerfi.

Greinargerð.

Hér á landi hefur á síðustu árum þróast samstarf á milli menntastofnana með aðstoð tölvunets. Nú er svo komið að þó nokkuð á annað hundrað stofnanir taka þátt og er móðurtölvan til húsa á Kópaskeri í Norður-Þingeyjarsýslu. Þær stofnanir, sem hér um ræðir, eru grunnskólar, framhaldsskólar, fræðsluskrifstofur, Námsgagnastofnun, Kennaraháskólinn o.fl. og er meðalfjöldi uppkalla á dag á milli 120 og 190. Gera má ráð fyrir að um 300 einstaklingar séu virkir notendur.

Nú er svo komið að ein vél (móðurtölva) nær ekki að sinna því að þjóna þessum samskiptum og mætti hugsa sér að þær yrðu þrjár í næsta áfanga og dreifðust um landið og ef til vill fleiri síðar. Þannig yrði byggt upp íslenskt menntanet.

Mjög mikilvægt er að sama verð gildi fyrir þessa þjónustu hvar svo sem sú menntastofnun er á landinu sem nýtir sér hana. En eins og málum er háttað í dag getur hér verið um umtalsverðan kostnað að ræða þegar stofnanir þurfa að leita til móðurtölvu utan eigin gjaldskrársvæðis.

Sú móðurtölva, sem er á Kópaskeri, er hluti af alþjóðlegu neti háskóla- og fræðistofnana (Internet) og getur skipst á gögnum við allar aðrar vélar í netinu.

Nemendur Melaskólans í Reykjavík hafa undanfarin ár tekið þátt í tölvusamskiptum við nemendur í Bandaríkjunum. Það verkefni kallast Kid's Network og byggir á umhverfisrannsóknum í raunvísindagreinum og gerir nemendum kleift með víðtæku tölvuneti að bera niðurstöður rannsókna saman við niðurstöður nemenda í öðrum heimshlutum. Þetta víkkar sjóndeildarhring barnanna og opnar augu þeirra fyrir umheiminum. Víða erlendis eru menn að fikra sig áfram við að nýta þessa nýju tækni innan menntakerfisins. Í dreifðum byggðum Noregs hafa fámennir skólar tekið upp samstarf sem þykir hafa reynst mjög vel.

Það er augljóst að nú er komið að því að taka ákvarðanir um það hvernig við Íslend-

ingar viljum efla menntanet okkar með aðstoð tölva. Mikil þekking liggur fyrir í landinu hjá ýmsu skólafólki sem mikilvægt er að nýtist í frekari skipulagningu og framkvæmdum.

Það má hugsa sér að tölvusamskipti sem þessi geti nýst á ýmsan hátt. Má þar nefna aukið samstarf kennara, ekki síst í fámennum skólum, endurmenntun kennara, réttindanám kennara, kennslu í öldungadeildum auk samskipta nemenda sem geta verið á sviði raungreina, tungumálakennslu o.fl.

Ekki er ólíklegt að í einhverjum tilfellum sé hægt að komast af með minna fjármagn í verkefni með tölvusamskiptum en með öðrum samskiptum og má t.d. hugsa sér sparnað í ferðakostnaði í því sambandi.

741. Tillaga til þingsályktunar [483. mál]

um garðplöntuframleiðslu.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að kanna möguleika á að Skógrækt ríkisins dragi úr eða hætti framleiðslu á garðpöntum þannig að aðrir garðplöntuframleiðendur fái aukinn hlut í framleiðslunni hér á landi.

Greinargerð.

Segja má að skógrækt í landinu hafi aukist með ári hverju frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari og á eftir að aukast mikið á næstu árum ef áætlanir standast. Einnig hefur orðið mikil breyting á áhuga fólks á garðrækt og má segja að runnar og tré hafi verið gróðursett í húsagörðum um allt land þar sem náttúrufarslegar aðstæður leyfa. Þetta kallar á mikla framleiðslu plantna. Samt sem áður bendir margt til að um offramleiðslu sé að ræða hér á landi bæði á garðplöntum og skógarplöntum. Því er brýnt að komið verði á einhvers konar skipulagi á framleiðsluna þannig að þau verðmæti, sem hér um ræðir, fari ekki forgörðum.

Samkvæmt fjárlögum er Skógrækt ríkisins gert að skapa sér miklar sértekjur á ári hverju. Þetta gerir hún m.a. með því að selja plöntur. Á sama tíma hafa einstaklingar verið að byggja upp aðstöðu til plöntuframleiðslu víða um land. Framleiðslugeta þeirra gæti fullnægt eftirspurn eftir garðplöntum ef þeir væru einir um þann markað. Því er ástæða til þess að athugað verði hvort ekki sé skynsamlegt og eðlilegt að garðplöntuframleiðendur fái aukna hlutdeild í framleiðslu á garðplöntum og jafnvel einnig skógarplöntum í framtíðinni.

Þess má geta að sú breyting hefur orðið á rekstri gróðrarstöðvar Skógræktar ríkisins á Hallormsstað að þar hefur verið lögð af ræktun og sala á garðplöntum og einkaaðilar hafa tekið við því hlutverki að þjónusta íbúa Austurlands á því sviði. Þessi breyting þykir leiða af sér sérhæfni og aukna hagkvæmni stöðvarinnar.

742. Fyrirspurn [484. mál]

til menntamálaráðherra um endurskoðun laga um grunnskóla og framhaldsskóla.

Frá Bryndísi Friðgeirsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hvers vegna er enginn fulltrúi frá samtökum sveitarfélaga í nefnd um endurskoðun laga um grunnskóla og framhaldsskóla sem þó á meðal annars að kanna kosti þess að færa rekstur grunnskóla alfarið undir sveitarfélögin?
2. Hvers vegna er enginn fulltrúi frá kennarasamtökunum í nefndinni?
3. Hvers vegna er aðeins einn fulltrúi utan höfuðborgarsvæðis í nefndinni?

743. Fyrirspurn [485. mál]

til menntamálaráðherra um málefni grunnskóla og framhaldsskóla.

Frá Bryndísi Friðgeirsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hve margir nemendur útskrifast úr 10. bekk grunnskólans í vor (skipt eftir fræðsluumdæmum)?
2. Hve margir nemendur með grunnskólapróf má áætla að verði teknir inn í framhaldsskóla að hausti (skipt eftir fræðsluumdæmum)?
3. Ef fleiri sækja um framhaldsskóla en fá þar inni í haust hvað verður lagt til grundvallar við inntöku?
4. Hversu mörgum sérkennslustundum er varið til kennslu nemenda í 10. bekk skólaárið 1991–92?
5. Hversu mörgum sérkennslustundum er varið til kennslu nemenda í 1. bekk framhaldsskóla sama ár? Er það fjölgun eða fækkun frá fyrra ári?
6. Hversu margir nemenda, sem innrituðust í framhaldsskóla, náðu ekki prófi eða þreyttu ekki próf eftir haustönn yfirstandandi skólaárs?

Skriflegt svar óskast.

744. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum og fékk til viðræðna um málið Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu og formann þeirrar nefndar er samdi frumvarpið, Guðrúnu Halldórsdóttur, skólastjóra Námsflokka Reykjavíkur, Þuríði Magnúsdóttur frá Fræðslumiðstöð iðnaðarins, Karl Kristjánsson, deildarsérfræðing í menntamálaráðuneytinu, Láru V. Júlíusdóttur, framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands, Þráin Hallgrímsson, skrifstofustjóra Alþýðusambandsins, Snorra Konráðsson, framkvæmdastjóra Menningar- og fræðslusambands alþýðu, Gissur Pétursson, fulltrúa í sjávarútvegsráðuneytinu og fulltrúa í starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar, Þóri Daníelsson, framkvæmdastjóra Verkamannasambands Íslands, Elínborgu Magnúsdóttur, ritara fiskvinnsludeildar Verkamannasambandsins, Þórleif Jónsson, framkvæmdastjóra Landssambands iðnaðarmanna, og Sjöfn Ingólfsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þá lágu fyrir nefndinni umsagnir sem borist höfðu félagsmálaráðuneytinu þegar frumvarpið var til

endurskoðunar í ráðuneytinu. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir frá Kennarasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Vegna sérstakrar óskar, er fram kom við 1. umr. málsins, sendi nefndin frumvarpið til umsagnar menntamálanefndar 12. febrúar sl. Menntamálanefnd fjallaði um málið á nokkrum fundum og í umsögn meiri hluta nefndarinnar, sem birt er sem fylgiskjal með áliti þessu ásamt umsögn minni hluta nefndarinnar, kemur fram að meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins.

Miklar umræður hafa orðið um einstök atriði frumvarpsins í nefndinni, m.a. um ákvæði 4. gr. þess um hvar málaflokkur þessi eigi heima í stjórnsýslunni. Meiri hluti nefndarinnar telur þó ekki ástæðu til breytinga á frumvarpinu nema að því er varðar 11. og 15. gr. Breytingin á 11. gr. felur í sér að bætt er við þau skilyrði sem umsókn um styrk úr starfsmenntunarsjóði þarf að uppfylla og tiltekið að fylgja þurfi upplýsingar um leiðbeinendur. Þá er 15. gr., er varðar hugsanlegt mat á námi til námseininga, umorðuð til að gera ákvæði hennar skýrara, en ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Meiri hluti nefndarinnar leggur á það áherslu að mikilvægt sé að sú starfsmenntun, sem frumvarpið á að stuðla að, komi ekki síst ófaglærðu fólki til góða.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 2. apríl. 1992.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Jón Kristjánsson, með fyrirvara.
Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.	Eggert Haukdal.
Einar K. Guðfinnsson.		Hermann Níelsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn meiri hluta menntamálanefndar.

(31. mars 1992.)

Með bréfi dagsettu 12. febrúar sl. óskaði félagsmálanefnd umsagnar menntamálanefndar um frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, 140. mál þingsins. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um frumvarpið Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu og formann þeirrar nefndar er samdi frumvarpið, Karl Kristjánsson, deildarsérfræðing í menntamálaráðuneytinu, og Gissur Pétursson, fulltrúa í sjávarútvegsráðuneytinu sem jafnframt á sæti í starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar.

Ágreiningur var í nefndinni um frumvarpið, einkum hvar vista bæri málið í stjórnsýslunni. Meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er öllum nefndarmönnum nema Hjörleifi Guttormssyni, mælir með samþykkt frumvarpsins.

Meiri hlutinn álítur að það skipti miklu máli fyrir góðan framgang þessa máls að aðilar atvinnulífsins hafi verulegt frumkvæði í allri starfsmenntun.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Sigríður A. Þórðardóttir,
formaður.

Fylgiskjal II.

Umsögn minni hluta menntamálanefndar.

(1. apríl 1992.)

Vísað er til bréfs yðar til menntamálanefndar dags. 12. febrúar 1992 um ofangreint málefni. Undirritaður myndar minni hluta í nefndinni í afstöðu til frumvarpsins og leyfir sér að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við félagsmálanefnd.

Sá tilgangur með flutningi frumvarpsins að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu er góðra gjalda verður ef málinu verður fylgt eftir með fjárveitingum á fjárlögum. Afar brýnt er að lyfta úr láginni svonefndri verkmenntun og vinna gegn þeirri úreltu aðgreiningu á bóknámi og verknámi sem allt of lengi hefur viðgengist. Það er hins vegar mikill og alvarlegur ljóður á frumvarpinu að gert er ráð fyrir að setja starfsmenntun í atvinnulífinu undir önnur ráðuneyti en ráðuneyti menntamála, sbr. 4. gr. Með því er gengið í öfuga átt að því er varðar samræmingu verkefna innan Stjórnarráðsins. Mikil þörf er á að tengja saman sem verða má almenna fræðslustarfsemi, fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í atvinnulífinu. Aðgreining og sérmeðferð verk- og starfsmenntunar innan skóla og utan reisir hindranir sem þörf er á að fjarlægja. Á undanförnum árum hafa ýmsir sérskólar, sem áður heyrðu undir ýmis fagráðuneyti, verið færðir yfir til ráðuneytis menntamála. Engin frambærileg rök eru fyrir því að ætla nú að festa aðra skipan í sessi að því er starfsmenntun í atvinnulífinu varðar. Slíkt mun auka tilkostnað og draga úr möguleikum á að sú starfsemi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði til að styrkja stöðu verkmenntunar.

Þetta er þeim mun fráleitara þegar litið er til markmiða laganna skv. 1. og 2. gr. þar sem m.a. er gert ráð fyrir „frumkvæði og mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu samkvæmt ákvörðun starfsmenntaráðs". Til þessarar menntunar á m.a. að heyra grundvallarstarfsmenntun til ákveðinna starfa og eftirmenntun, sbr. 3. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi sjö manna starfsmenntaráð sem m.a. á að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar og ákveða forgangsröðun verkefna. Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir að neinn fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu eigi sæti í þessu ráði og væri lítils háttar bragarbót að breytingu í þá veru. Nota hefði átt tækifærið með samningu þessa frumvarps til að tengja saman meginstofn verkmenntunar í landinu sem nú heyrir undir menntamálaráðuneytið og þá starfsfræðslu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þetta er því miður ekki gert. Í umsögnum um frumvarpsdrög um starfsmenntun í atvinnulífinu, sem send voru út á vegum félagsmálaráðuneytis árið 1990, var m.a. bent á þessa brotalöm af Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi iðnmenntaskóla og Sambandi málm- og skipasmiðja.

Þá er félagsmálaráðuneyti ætlað að safna saman upplýsingum um starfsmenntun og framboð hennar og miðla þeim til aðila vinnumarkaðarins. Hér er verið að drepa á dreif

málum sem eðlilega eiga heima í menntamálaráðuneyti. Aðeins á einum stað í frumvarpinu er minnst á menntamálaráðuneytið, þ.e. í 15. gr. þar sem tekið er fram að hægt sé að fá nám sem styrkt er samkvæmt frumvarpinu „metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi samkvæmt reglum sem þar um gilda af hálfu menntamálaráðuneytisins“. Í þessu tilviki má ráðuneyti menntamála koma við sögu þótt það hafi að öðru leyti engan íhlutunarrétt í starfsmenntun í atvinnulífinu.

Til að gera þennan málatilbúnað enn ruglingslegri er síðan í 4. gr. skotið inn svohljóðandi ákvæði: „Starfsfræðsla í fiskvinnslu skal þó heyra undir sjávarútvegsráðuneytið.“ Sjávarútvegsráðherra eða ráðuneyti sjávarútvegsmála er þó hvergi nefnt annars staðar í frumvarpinu þannig að óljóst er um verkaskiptingu þessara ráðuneyta að öðru leyti. Ekki er heldur vikið orði að þeirri starfsemi sem farið hefur fram á vegum Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins um árabil í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands og innan vébanda iðnaðarráðuneytisins.

Undirritaður harmar þá skammsýni sem einkennir stjórnkerfisþátt þessa frumvarps og varar við samþykkt þess í núverandi formi. Hér er verið að spilla annars þörfu máli. Undirritaður mun leitast við að ná fram breytingum á frumvarpinu er það kemur til 2. umr. eða styðja breytingartillögur sem ganga í þá átt sem hér er vísað til.

Rétt er og að benda á að menntamálaráðherra hefur í gær, 31. mars, lagt fram frumvarp til laga um almenna fullorðinsfræðslu. Eðlilegt hefði verið að Alþingi og nefndum þingsins gæfist kostur á að fjalla um þessi frumvörp samhliða.

Hjörleifur Guttormsson.

745. Breytingartillögur [140. mál]

við frv. til l. um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (RG, ISG, IP, EKG, GuðjG, EH, JónK, HN).

1. Við 11. gr. Á eftir b-lið komi nýr stafliður er orðist svo: Upplýsingar um leiðbeinendur.
2. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið ákveður hvaða nám, sem styrkt er samkvæmt lögum þessum, skuli metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi.

746. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Bakgrunnur þessa máls felur í sér jákvætt framlag til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu. Hins vegar hefur málinu verið valinn rangur farvegur með því að drepa starfsmenntun samkvæmt frumvarpinu á dreif í stjórnkerfinu.

Að mati minni hlutans ætti það að vera sjálfsögð stefna að fela ráðuneyti menntamála umsjón þessarar starfsemi innan Stjórnarráðsins. Afar brýnt er að lyfta úr láginni svonefndri verkmenntun og vinna gegn þeirri úreltu aðgreiningu á bóknámi og verknámi sem allt of lengi hefur viðgengist. Það er hins vegar mikill og alvarlegur ljóður á frumvarpinu að gert er ráð fyrir að setja starfsmenntun í atvinnulífinu undir önnur ráðuneyti en ráðuneyti menntamála, sbr. 4. gr. Með því er gengið í öfuga átt að því er varðar samræmingu verkefna innan Stjórnarráðsins. Mikil þörf er á að tengja saman sem verða má almenna fræðslustarfsemi, fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í atvinnulífinu. Aðgreining og sérmeðferð verk- og starfsmenntunar innan skóla og utan reisir hindranir sem þörf er á að fjarlægja. Á undanförnum árum hafa ýmsir sérskólar, sem áður heyrðu undir ýmis fagráðuneyti, verið færðir yfir til ráðuneytis menntamála. Engin frambærileg rök eru fyrir því að ætla nú að festa aðra skipan í sessi að því er starfsmenntun í atvinnulífinu varðar. Slíkt mun auka tilkostnað og draga úr möguleikum á að sú starfsemi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði til að styrkja stöðu verkmenntunar.

Þetta er þeim mun fráleitara þegar litið er til markmiða laganna skv. 1. og 2. gr. þar sem m.a. er gert ráð fyrir „frumkvæði og mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu samkvæmt ákvörðun starfsmenntaráðs". Til þessarar menntunar á m.a. að heyra grundvallarstarfsmenntun til ákveðinna starfa og eftirmenntun, sbr. 3. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi sjö manna starfsmenntaráð sem m.a. á að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar og ákveða forgangsröðun verkefna. Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir að neinn fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu eigi sæti í þessu ráði og væri lítils háttar bragarbót að breytingu í þá veru. Nota hefði átt tækifærið með samningu þessa frumvarps til að tengja saman meginstofn verkmenntunar í landinu sem nú heyrir undir menntamálaráðuneytið og þá starfsfræðslu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þetta er því miður ekki gert. Í umsögnum um frumvarpsdrög um starfsmenntun í atvinnulífinu, sem send voru út á vegum félagsmálaráðuneytis árið 1990, var m.a. bent á þessa brotalöm af Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi iðnmenntaskóla og Sambandi málm- og skipasmiðja.

Þá er félagsmálaráðuneyti ætlað að safna saman upplýsingum um starfsmenntun og framboð hennar og miðla þeim til aðila vinnumarkaðarins. Hér er verið að drepa á dreif málum sem eðlilega eiga heima í menntamálaráðuneyti. Aðeins á einum stað í frumvarpinu er minnst á menntamálaráðuneytið, þ.e. í 15. gr. þar sem tekið er fram að hægt sé að fá nám sem styrkt er samkvæmt frumvarpinu „metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi samkvæmt reglum sem þar um gilda af hálfu menntamálaráðuneytisins". Í þessu tilviki má ráðuneyti menntamála koma við sögu þótt það hafi að öðru leyti engan íhlutunarrétt í starfsmenntun í atvinnulífinu.

Til að gera þennan málatilbúnað enn ruglingslegri er síðan í 4. gr. skotið inn svohljóðandi ákvæði: „Starfsfræðsla í fiskvinnslu skal þó heyra undir sjávarútvegsráðuneytið." Sjávarútvegsráðherra eða ráðuneyti sjávarútvegsmála er þó hvergi nefnt annars staðar í frumvarpinu þannig að óljóst er um verkaskiptingu þessara ráðuneyta að öðru leyti. Ekki er heldur vikið orði að þeirri starfsemi sem farið hefur fram á vegum Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins um árabil í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands og innan vébanda iðnaðarráðuneytisins.

Undirrituð harmar þá skammsýni sem einkennir stjórnkerfisþátt þessa frumvarps og varar við samþykkt þess í núverandi formi. Hér er verið að spilla annars þörfu máli. Undirrituð mun leitast við að ná fram breytingum á frumvarpinu með því að flytja og styðja breytingartillögur sem ganga í þá átt sem hér er vísað til.

Rétt er og að benda á að menntamálaráðherra lagði 31. mars fram frumvarp til laga um almenna fullorðinsfræðslu. Eðlilegt hefði verið að Alþingi og nefndum þingsins gæfist kostur á að fjalla um þessi frumvörp samhliða.

Alþingi, 2. apríl 1992.

Bryndís Friðgeirsdóttir.

747. Breytingartillögur [140. mál]

við frv. til l. um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Frá Bryndísi Friðgeirsdóttur og Hjörleifi Guttormssyni.

1. 4. gr. orðist þannig:
   Starfsmenntun í atvinnulífinu skal heyra undir menntamálaráðuneytið.
2. 1. mgr. 5. gr. orðist svo:
   Menntamálaráðherra skipar átta manna starfsmenntaráð til tveggja ára sem fer með framkvæmd laga þessara. Einn fulltrúi skal skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar og einn samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, tveir af Vinnuveitendasambandi Íslands og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum launafólks, tveir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Starfsmenntaráð skiptir með sér verkum.
3. Í stað orðanna „félagsmálaráðuneytið“ í 7. og 14. gr. og „félagsmálaráðuneytinu“ í 13. gr. komi: menntamálaráðuneytið og menntamálaráðuneytinu og í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 8. gr. komi: menntamálaráðherra.

748. Svar [254. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Sturlu Böðvarssonar um rekstur eigin vinnuflokka Vegagerðar ríkisins.

1. *Hver er fjöldi ársverka fastra starfsmanna eigin vinnuflokka Vegagerðarinnar eftir umdæmum árin 1990, 1991 og samkvæmt áætlun 1992?*
2. *Hver er fjöldi vinnuvéla og bíla eigin vinnuflokka Vegagerðarinnar eftir umdæmum á sama tíma?*
3. *Hverjar eru tekjur og hver eru rekstrargjöld eigin vinnuflokka eftir umdæmum á sama tíma?*
4. *Hversu margar vinnuvélar, bílar og tæki hafa verið endurnýjuð eða keypt árin 1990 og 1991 eða er áætlað að kaupa 1992 fyrir eigin vinnuflokka Vegagerðarinnar?*

Áður en fyrirspurninni svarað er nauðsynlegt að gera nokkra grein fyrir skipulagi Vegagerðarinnar og þróun eigin vinnu hennar að þjónustu og framkvæmdum.

Frá því að almenn útboð hófust hjá Vegagerð ríkisins snemma á níunda áratugnum hefur dregið mjög úr umsvifum Vegagerðarinnar sjálfrar í framkvæmdum. Föstum starfsmönnum fækkaði þá mikið og rekstrar- og þjónustuverkefni urðu meginviðfangsefni flestra þeirra. Þó hefur verið haldið úti nokkrum flokkum sem sinna viðhaldi og nýframkvæmdum í vega- og brúagerð. Markmiðið með þeim er að koma í veg fyrir að einstakir eða fáir verktakar komist í aðstöðu til að ákveða verðlagningu verka án virkrar samkeppni og enn fremur að tryggja lágmarksgetu til framkvæmda hjá Vegagerðinni þegar ófyrirséðir atburðir verða, t.d. vegna náttúrufars, svo og að tryggja betri verkþekkingu og reynslu innan Vegagerðarinnar.

Í þessu samhengi má geta þess að Vegagerðin hefur reynt nokkuð útboð þjónustuverkefna, svo sem snjómoksturs með bílum. Reynslan af því hefur fram að þessu ekki verið eins góð og reynslan af útboðum í almennri vegagerð en hefur þó farið batnandi.

Nýtt skipurit fyrir Vegagerð ríkisins var staðfest af samgönguráðherra í desember 1989 og tók gildi í ársbyrjun 1990. Það var miðað við að nokkrir flokkar yrðu gerðir út áfram, en þó reiknað með að þeim fækkaði frá því sem áður var.

Eitt af markmiðum hins nýja skipurits var að greina milli hlutverka Vegagerð ríkisins í vegaframkvæmdum. Í því skyni var m.a. ákveðið að þeir vinnuflokkar Vegagerðarinnar, sem sinntu viðhaldi eða nýframkvæmdum í vega- og brúagerð, skyldu í framtíðinni vera sjálfstæðar rekstrareiningar og aðskildir frá þjónustu og rekstri. Voru þessir flokkar settir í sérstaka einingu í umdæmum og henni gefið nafnið eigin flokkar. Rétt er að ítreka að ekki var um neina nýja vinnuflokka að ræða, heldur eingöngu breytt skipulag. Vinnuflokkum Vegagerðarinnar hefur fækkað áfram eftir skipulagsbreytinguna.

Hið nýja skipulag miðaði að því að skapa vinnuflokkum Vegagerðarinnar vinnuumhverfi sem líktist sem mest því umhverfi sem verktakar vinna í. Með þessu móti fengist marktækur samanburður á afköstum og kostnaði hjá vinnuflokkum Vegagerðar ríkisins og verktökum og virkari samkeppni á þeim sviðum og landsvæðum þar sem hún er minnst fyrir. Í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist, yrðu síðan teknar ákvarðanir um framhald á rekstri eigin flokka.

Við staðfestingu skipuritsins var þó ákveðið að breytingin á rekstrartilhögun eigin flokka ætti sér stað á tveimur til þremur árum. Hófst hún fyrir alvöru 1991 og verður fram haldið 1992. Þar sem hún er nú í miðjum klíðum er ekki unnt að gefa upp sambærilegar tölur umbeðin ár fyrir eigin flokka Vegagerðarinnar eins og þeir eru skilgreindir nú. Þess í stað eru teknar saman tölur sem sýna heildarumsvif Vegagerðarinnar í mannafla, vélaeign og framkvæmdakostnaði. Þessi umsvif taka til þjónustu, rekstrar, viðhalds og nýbygginga á þjóðvegum, svo og sýsluvega og fjallvega.

Samhliða breytingunni eru vinnuflokkar fluttir milli umdæma í nokkrum mæli. Bókhaldi flokkanna er einnig breytt. Þetta veldur því að tölur fyrir einstök kjördæmi í töflum eru ekki alltaf sambærilegar milli ára. Heildartölur má hins vegar bera saman.

Svarið við fyrirspurninni er eftirfarandi:

1. Fjöldi fastra starfa í útivinnu hjá Vegagerðinni sést í töflu 1. Þar kemur fram að fjöldinn breytist mjög lítið milli ára.

2. Í töflu 2 er sýnd véla- og bílaeign Vegagerðarinnar. Breytingar milli ára eru einnig óverulegar ef frá er talin fjölgun lítilla snjófeykja. Vegheflar eru langstærsti þátturinn í vélaeigninni en þeim hefur fækkað á undanförnum árum og heldur sú fækkun áfram. Hefðbundnar jarðvinnuvélar (jarðýtur, vélskóflur, gröfur) eru að langmestu leyti horfnar úr eigu Vegagerðarinnar.

Nokkrar tilfærslur á vélum og tækjum eru á milli umdæma og eru þær tengdar tilfærslum vinnuflokka eða breyttum aðstæðum.

Smábílar eru einnig tilgreindir þó að þeir séu ekki tengdir vinnuflokkum nema að hluta til.

3. Kostnaður við vinnu allra vinnuflokka Vegagerðarinnar 1990 og 1991 er sýndur í töflu 3. Ekki liggja fyrir áætlanir á þessu ári. Umsvif verða vart meiri en 1991 með þeim fyrirvara þó að það ár var hagstætt í vetrarþjónustu.

Heildarumsvif hjá flokkum Vegagerðarinnar hafa minnkað um tæplega 500 millj. kr. á föstu verðlagi eða um 29% þrátt fyrir nokkra aukningu framkvæmdafjár. Þetta er óvenjulega mikil breyting milli ára og stafar að hluta af hagstæðu veðurfari 1991.

4. Tafla 4 sýnir endurnýjun tækjakosts. Þar koma einnig fram sömu atriði og nefnd voru í svari við 2. spurningu. Mest er endurnýjunin á vegheflum en aukning lítilla snjófeykja.

Tafla 1.

FJÖLDI FASTRA STARFA Í ÚTIVINNU.

Staðsetning	Fjöldi starfa 1990	Fjöldi starfa 1991	Fjöldi starfa 1992 áætlað
Suðurland	19	20	20
Reykjanes	18	15	15
Vesturland	22	21	22
Vestfirðir	18	18	17
Norðurland vestra	18	19	19
Norðurland eystra	20	23	23
Austfirðir	18	17	17
Samtals starfsmenn	133	133	133

Tafla 2.

FJÖLDI TEKJUFÆRÐRA BÍLA OG VÉLA VEGAGERÐARINNAR 1990-1992

	Suðurl.			Reykjan.			Vesturl.			Vestf.			Nl.ve.			Nl. ey.			Austurl.			Samtals		
	90	91	92	90	91	92	90	91	92	90	91	92	90	91	92	90	91	92	90	91	92	90	91	92
Smábílar	13	15	16	31	27	26	10	11	11	13	14	14	11	10	10	13	12	12	13	13	13	104	102	102
Vörubílar (6-13 tonn)		1	1	8	6	6	2	3	3				1	1	1	2	2	2	2	2	1	15	15	14
Vörubílar (2-6 tonn)					1	1	1	1	1					1	2		1	1			1	1	4	6
Dráttarbílar							1	1	1	1	1	1								1	1	2	3	3
Dráttarvélar	4	5	5	4	3	3	3	3	3	2	2	2	3	3	3	2	2	2	1	2	2	19	20	20
Festivagnar		1	1	4	2	2	2	2	2	3	3	3	1	1	1	1	1	1	2	2	2	13	12	12
Tengivagnar		2	2	5	3	3										2	2	2				7	7	7
Hjólaskóflur				1	1	1	2	2	2	1	1	1				1	1	1				5	5	5
Vegheflar	5	5	4	3	3	3	9	8	8	9	9	9	5	4	4	9	9	9	9	8	8	49	46	45
Mulningsvélar																1	1	1				1	1	1
Dreifarar		4	4	7	3	3										3	3	3				10	10	10
Vegbjöppur		2	2	2			1	1	1	1	1	1	1	1	1	4	4	4	1	1	1	10	10	10
Málningavélar							1	1	1													1	1	1
Rafstöðvar													1	1		1	1	1				2	2	1
Jarðvegsborar				1	1	1																1	1	1
Rekhamrar				1	1	1																1	1	1
Vélkranar	1	1	1	1	1	1							1	1	1							3	3	3
Lyftarar				1	1	1										1	1	1				2	2	2
Snjófeykjar stórir				1	1	1				4	3	3	1	1	1	1	1	1	3	3	3	10	9	9
Snjófeykjar litlir	1	1	1		1	1	2	3	3	3	5	5	3	3	3	1	2	3		1	1	10	16	17
Samtals	24	37	37	70	55	54	34	36	36	37	30	39	28	27	27	42	43	44	31	33	33	266	270	270

Tafla 3.

KOSTNAÐUR VIÐ VINNU VINNUFLOKKA VEGAGERÐAR RÍKISINS

(meðalverðlag 1991 (vísitala vegagerðar 4560)).

	1990 mkr.	1991 mkr.
Suðurland	264	207
Reykjanes	119	78
Vesturland	221	152
Vestfirðir	313	178
Norðurl. vestra	173	143
Norðurl. eystra	293	212
Austurland	302	228
	1685	1198

Innifalið í kostnaði er gjald til eigenda vinnuvéla og vörubifreiða fyrir aðkeypta þjónustu.

Tafla 4.

NÝKAUP TEKJUFÆRÐRA VÉLA HJÁ VEGAGERÐINNI

1990-1992.

Fjöldi

	'90	'91	'92	Samt.
Smábílar	19	23	18	60
Vörubílar (6-13 tonn)	2	1		3
Vörubílar (2-6 tonn)		2	2	4
Dráttarbílar	1	1	1	3
Dráttarvélar		4	1	5
Festivagnar	1		3	4
Tengivagnar			1	1
Hjólaskóflur	1			1
Vegheflar	5	3	3	11
Mulningsvélar				0
Dreifarar	1			1
Vegþjöppur				0
Málningarvélar				0
Rafstöðvar				0
Jarðvegsborar				0
Rekhamrar	1			1
Vélkranar			1	1
Lyftarar		1		1
Snjófeykjar stórir	2		1	3
Snjófeykjar litlir	3	9		12
Samtals	36	44	31	111

749. Frumvarp til samkeppnislaga. [486. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi hafa það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og efla virka samkeppni í viðskiptum með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum.

2. gr.

Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Lögin taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Lög þessi taka til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi.

Lögin taka ekki til samninga, skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands.

Ráðherra getur ákveðið að ákvæði laga þessara gildi um samninga, skilmála og athafnir sem áhrif hafa utan Íslands, enda sé kveðið á um slíkt í samningi við annað ríki eða alþjóðastofnun sem Ísland er aðili að. Með slíkum samningi er einnig hægt að takmarka áhrif laganna innan lands á tilteknum sviðum. Ráðherra getur einnig ákveðið með reglugerð að úrskurðir, sem gerðir eru um samkeppnismál af þeim stofnunum sem fara með framkvæmd sameiginlegra samkeppnisreglna samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að, hafi sama gildi hér á landi og úrskurðir samkvæmt lögum þessum.

Samkeppnisstofnun skal aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

II. KAFLI
Orðskýringar.

4. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Atvinnurekstur er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.

Fyrirtæki er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur.

Fyrirtækjasamstæða er samband fyrirtækja með þannig eignauppbyggingu að eitt fyrirtæki á svo stóran hlut í öðru fyrirtæki eða fleiri fyrirtækjum að það fer með meiri hluta atkvæða. Það fyrirtæki skoðast því sem móðurfyrirtæki, en hitt eða hin fyrirtækin sem

dótturfyrirtæki. Til fyrirtækjasamstæðu telst einnig fyrirtæki þar sem móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki eða eitt eða fleiri dótturfyrirtæki eiga saman svo mörg hlutabréf eða hluti að þau fara með meiri hluta atkvæða í þeim.

Markaður er sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.

Neytandi er einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgreiðslu, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.

Sölustig framleiðslu ber að líta á sem eitt sölustig, heildsölu annað sölustig, smásölu það þriðja og svo framvegis.

Þjónusta er hvers konar fyrirgreiðsla, vinna eða þjónusta gegn endurgjaldi, nema launuð vinna í þjónustu annarra.

Vara er samkvæmt lögum þessum fasteignir og lausafé, þar með talin skip, loftför, lofttegundir, rafmagn og aðrir orkugjafar.

Verð er andvirði vöru og þjónustu, þ.e. hvers konar endurgreiðsla án tillits til þess hvort notað er annað heiti, svo sem endurgjald, laun, þóknun, frakt, flutningsgjald, taxti, leiga eða því um líkt.

Virk yfirráð eru yfirráð sem gera aðila kleift að hafa úrslitaáhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis hvort sem þau áhrif eru til komin vegna þess að hann getur:

a. haft áhrif á skipun stjórnar, atkvæðagreiðslur eða ákvarðanir fyrirtækisins,
b. notað eða ráðstafað eignum eða hluta eigna fyrirtækis.

Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtök þessi sker viðskiptaráðherra úr þeim ágreiningi.

III. KAFLI
Stjórnsýsla.

5. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara en í umboði hans annast samkeppnisráð, samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

6. gr.

Í samkeppnisráði eru fimm menn. Skipar ráðherra þrjá þeirra, þ.e. formann ráðsins án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands. Hæstiréttur Íslands skipar tvo menn í ráðið sem skulu hafa þekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími samkeppnisráðs er fjögur ár í senn, en við ríkisstjórnarskipti getur ráðherra fellt niður skipun formanns og varamanns hans og skipað nýja menn í þeirra stað til loka skipunartíma samkeppnisráðs er þá situr.

7. gr.

Samkeppnisráði til ráðgjafar er fastanefnd skipuð þremur mönnum.

Nefnist hún auglýsinganefnd og skal fjalla um auglýsingar og gæta þess að þær veiti ekki rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar og þær brjóti ekki að öðru leyti í bága við ákvæði 21. og 22. gr. laga þessara.

Nefndin skal skipuð af ráðherra og skal formaður og varamaður hans vera úr hópi

aðal- og varamanna í samkeppnisráði samkvæmt ákvörðun ráðsins. Aðra nefndarmenn og varamenn þeirra skipar ráðherra að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila er hlut eiga að máli, þar með talin samtök neytenda. Skipunartími nefndarmanna fellur niður um leið og skipunartíma samkeppnisráðs lýkur.

Ráðherra setur nánari starfsreglur fyrir nefndina sem gera skal tillögur um afgreiðslu mála til samkeppnisráðs.

Auk framangreindrar fastanefndar er ráðherra heimilt að beiðni samkeppnisráðs að skipa ráðgjafarnefndir er skipaðar séu sérfróðum mönnum auk formanns úr hópi aðal- og varamanna samkeppnisráðs í því skyni að fjalla um afmörkuð viðfangsefni á sviði samkeppnismála. Slíkar nefndir skulu skipaðar til takmarkaðs tíma og eigi lengur en til eins árs í senn og aldrei lengur en til loka skipunartíma samkeppnisráðs.

8. gr.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Stofnuninni er jafnframt heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál. Skulu slíkar ákvarðanir lagðar fyrir samkeppnisráð á næsta fundi ráðsins og skal ráðið taka afstöðu til ákvörðunarinnar innan þriggja mánaða ella fellur hún úr gildi. Samkeppnisráð getur falið samkeppnisstofnun ákvörðunarvald sitt á afmörkuðum sviðum samkvæmt nánari reglum sem ráðið setur.

Ráðherra skipar forstjóra samkeppnisstofnunar og stjórnar hann rekstri hennar. Forstjóri eða staðgengill hans sitja fundi samkeppnisráðs með málfrelsi og tillögurétti.

9. gr.

Ákvörðunum samkeppnisráðs og samkeppnisstofnunar má áfrýja til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Áfrýjun frestar ekki gildistöku ákvarðana samkeppnisráðs eða samkeppnisstofnunar. Í áfrýjunarnefnd eru þrír menn skipaðir af viðskiptaráðherra og jafnmargir til vara. Skulu tveir þeirra, formaður og varaformaður, uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara og sá þriðji skal hafa staðgóða kunnáttu á sviði viðskipta. Skipunartími áfrýjunarnefndar samkeppnismála er hinn sami og skipunartími samkeppnisráðs.

IV. KAFLI
Bann við samkeppnishömlum.

10. gr.

Samningar og samþykktir, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja á sama sölustigi eru bannaðar þegar þær lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á:

a. verð, afslætti eða álagningu,
b. skiptingu markaða eftir svæðum, eftir viðskiptavinum, eða eftir sölu og magni,
c. gerð tilboða.

Samvinna á sama sölustigi um leiðsögn við útreikning á verði, afslætti og álagningu er bönnuð.

11. gr.

Óheimilt er að ákveða eða semja um eða á annan hátt að hafa áhrif á verð, afslætti eða álagningu er gilda skal við endursölu vöru á næsta sölustigi. Bannið nær einnig til leiðsagnar um útreikning á verði, afslætti og álagningu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur seljandi gefið upp leiðbeinandi endursöluverð, enda láti hann koma skýrt fram í tilkynningum sínum að verðið sé leiðbeinandi. Jafnframt getur seljandi ákveðið hámarksverð sem endurseljandi getur notað við verðlagningu á vörum, enda komi skýrt fram í öllum tilkynningum seljanda að um hámarksverð sé að ræða. Seljanda ber að tilkynna endurseljanda í hverju tilviki að honum sé frjálst að selja vöruna á verði sem sé lægra en hámarksverðið.

12. gr.

Samtökum fyrirtækja er óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum þessum eða brjóta í bága við ákvarðanir skv. 17.–19. gr.

Bann þetta nær einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna þeirra og manna sem valdir eru til trúnaðarstarfa í þágu samtakanna.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10., 11. og 12. gr. geta fyrirtæki gert með sér samninga eða haft með sér samvinnu enda þótt það leiði til takmörkunar á samkeppni ef takmörkunin hefur að mati samkeppnisstofnunar aðeins lítil áhrif á þann markað sem um er að ræða. Ákvæðin eru heldur ekki til fyrirstöðu samvinnu milli lítilla fyrirtækja ef samvinnan styrkir stöðu þeirra gagnvart stærri fyrirtækjum í sömu grein.

Óski fyrirtæki eða samtök fyrirtækja eftir því að fá skýra afstöðu samkeppnisstofnunar til þess hvort samningar eða samvinna þeirra falli undir ákvæði 1. mgr. geta þau sent tilkynningu þar að lútandi til stofnunarinnar. Geri stofnunin ekki athugasemd við tilkynninguna innan þriggja mánaða frá móttöku hennar telst samkomulagið falla undir 1. mgr. Gildir það í þrjú ár frá því að þriggja mánaða fresturinn er liðinn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10. og 11. gr. geta móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki í sömu grein eða fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu gert með sér samninga eða haft með sér samvinnu enda þótt af því leiði takmörkun samkeppni.

15. gr.

Bannákvæði skv. a- og b-liðum 1. mgr. 10. gr., sbr. 2. mgr. sömu greinar, tekur ekki til samninga og samþykkta um samkeppnishömlur sem nytjaleyfishafi og nytjaleyfisnotandi hafa gert sín á milli um rétt til að nota skráð einkaleyfi, vörumerki eða mynstur á sviði iðnaðar.

16. gr.

Samkeppnisráð getur veitt undanþágu frá bannákvæðunum í 10., 11. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að:

a. samkeppni aukist á þeim markaði sem um ræðir,
b. vænta megi að jákvæð áhrif samkeppnishamlna vegi þyngra en ókostir þeirra við þær aðstæður sem um er að ræða,
c. sérstakar ástæður séu fyrir hendi er varða almannaheill.

V. KAFLI
Eftirlit með samkeppnishömlum.

17. gr.

Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum og athöfnum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:

a. að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir,
b. óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta, t.d. vegna þess að valkostum viðskiptavina fækkar, framleiðsla og sala verður dýrari og keppinautar útilokast frá markaðnum.

Íhlutun getur falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Íhlutun getur m.a. falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa.

18. gr.

Samkeppnisstofnun getur skyldað fyrirtæki til að tilkynna um samruna fyrirtækja, yfirtöku á öðru fyrirtæki, kaup á meiri hluta í öðru fyrirtæki eða yfirtöku á starfsemi annars fyrirtækis með öðrum hætti sem gera má ráð fyrir að hafi veruleg áhrif á samkeppnisaðstæður.

Einnig er hægt að leggja á tilkynningarskyldu um samruna fyrirtækja þegar a.m.k. eitt fyrirtækjanna starfar í vernduðu umhverfi að því er samkeppni varðar sem því hefur verið skapað í skjóli ákvarðana opinberra aðila enda þótt samruninn leiði ekki til markaðsráðandi stöðu.

Telji samkeppnisráð að samruni fyrirtækja eða yfirtaka fyrirtækis á öðru fyrirtæki dragi verulega úr samkeppni og sé andstæð markmiði laga þessara getur ráðið lagt bann við fyrirhuguðum samruna eða yfirtöku fyrirtækja og mælt fyrir um ógildingu á samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað. Sama á við ef eigendur með virk yfirráð í einu fyrirtæki ná virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki þannig að hamlað geti samkeppni og brotið í bága við markmið laganna. Kröfu um slíka ógildingu skal bera fram eigi síðar en þremur mánuðum eftir að ráðinu varð kunnugt um samrunann eða yfirtökuna.

19. gr.

Ef samkeppnisráð eða samkeppnisstofnun telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laga þessara og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal vekja athygli ráðherra á því áliti.

VI. KAFLI
Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum.

20. gr.

Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

21. gr.

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn

eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.

22. gr.

Auglýsingar, sem höfða eiga til íslenskra neytenda, skulu vera á íslenskri tungu.

Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla.

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.

Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna áhrifa og trúgirni barna og unglinga.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.

23. gr.

Nú er vara, þjónusta eða annað það sem í té er látið og lög þessi taka til þannig úr garði gert að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t.d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu sem af vöru eða öðru getur stafað, og ber þá að veita fullnægjandi leiðbeiningar þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu. Leiðbeiningarnar skulu miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið.

24. gr.

Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.

25. gr.

Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni sem hann á tilkall til á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

26. gr.

Óheimilt er við framboð vöru, þjónustu eða annars þess sem látið er í té og lög þessi taka til að bjóða neytendum kaupbæti eða eitthvað það sem jafna má til kaupbætis, nema verðmæti það sem í kaupbætinum felst sé óverulegt. Auglýsingar um kaupbæti sem óheimill er samkvæmt ákvæðum 1. mgr. eru bannaðar.

Greiðsla, sem að öllu leyti er sömu tegundar og aðalgreiðslan, telst ekki kaupbætir.

27. gr.

Óheimilt er að bjóða neytendum annað en peninga gegn afhendingu merkis eða annars skilríkis sem afhent er við sölu vöru eða þjónustu.

Nú veitir merki eða skilríki aðeins rétt til eftirlits, viðgerðar eða því um líks á hinu selda og eiga þá ákvæði 1. mgr. ekki við.

28. gr.

Í atvinnustarfsemi er óheimilt að hafa áhrif á starfsmann annars aðila eða þann sem kemur fram á hans vegum með gjöfum eða öðrum hlunnindum eða loforðum um slíkt sé það gert án vitundar hins síðastnefnda og í þeim tilgangi að afla gefandanum eða öðrum forréttinda í viðskiptum eða hlunninda fram yfir aðra, enda sé gjöfin eða hlunnindin fallin til þess.

Nú eru gjafir gefnar eða hlunnindi veitt eftir að brotið hefur verið gegn starfsskyldum á þann hátt sem greinir í 1. mgr. og eiga þá ákvæði 1. mgr. við ef telja verður ávinninginn óhæfilega umbun.

29. gr.

Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. greinar þessarar og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.

30. gr.

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.

31. gr.

Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur sem merktar eru sjálfar eða á miða eða umbúðir með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum, svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið og lög þessi taka til er óheimilt að nota í heimildarleysi íslenska ríkisskjaldarmerkið, íslensk byggðamerki, svo og erlend ríkis- eða byggðamerki.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum, skjaldarmerki íslenska ríkisins eða öðrum hliðstæðum, þjóðlegum auðkennum eða skírskota til þeirra á annan hátt.

32. gr.

Samkeppnisráð getur sett nánari reglur til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar séu villandi eða óhæfilegar gagnvart neytendum og almennt til fyllingar 20.–23. gr. laga þessara. Samkeppnisstofnun skal eftir því sem kostur er ráðgast við hluteigandi aðila eða samtök þeirra áður en slíkar reglur eru settar.

VII. KAFLI
Eftirlit með gagnsæi markaðarins.

33. gr.

Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með söluverði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Samkeppnisstofnun getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.

34. gr.

Samkeppnisstofnun getur gefið fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði. Fyrirmælin geta falist í skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika og hvernig vara skal mæld, vegin og flokkuð. Samkeppnisstofnun getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

35. gr.

Við framkvæmd þessara laga getur samkeppnisstofnun birt opinberlega upplýsingar um samninga, skilmála og athafnir sem hafa eða er ætlað að hafa þau áhrif að hamla samkeppni.

Tillit skal þó tekið til réttmætra hagsmuna fyrirtækja til að halda leyndum viðskiptalegum og tæknilegum upplýsingum.

36. gr.

Í því skyni að stuðla að og efla virka samkeppni skal samkeppnisstofnun afla upplýsinga um verð, verðmyndun og önnur viðskiptakjör og birta niðurstöður eftir því sem ástæða þykir til.

VIII. KAFLI
Verðstöðvun.

37. gr.

Ef neyðarástand skapast af óvæntum eða utanaðkomandi aðstæðum, svo sem vegna náttúruhamfara, styrjaldarástands eða óvenjulegra verðsveiflna á innlendum og erlendum mörkuðum, getur ríkisstjórnin ákveðið verðstöðvun, hámarksverð og hámarksálagningu eða aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör. Samkeppnisráð og samkeppnisstofnun skulu annast eftirlit með framkvæmd slíkra ákvarðana.

Aðgerðir skv. 1. mgr. geta staðið allt að þrjá mánuði. Ef talið er nauðsynlegt að aðgerðir standi lengur þarf samþykki Alþingis til að koma í formi þingsályktunar.

IX. KAFLI
Upplýsingaskylda.

38. gr.

Samkeppnisstofnun getur krafið einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja sem lög þessi taka til um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Samkeppnisstofnun getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Samkeppnisstofnun getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

Samkeppnisstofnun getur einnig lagt skyldu á þá aðila sem um getur í 1. mgr. að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laga þessara. Samkeppnisstofnun getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

39. gr.

Samkeppnisstofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða ákvörðunum sem teknar hafa verið samkvæmt lögum þessum eða ástæða er til að ætla að skilyrði til íhlutunar séu fyrir hendi.

X. KAFLI
Almenn ákvæði.

40. gr.

Samningar, sem brjóta í bága við bannákvæði laga þessara, eru ógildir.

41. gr.

Þeim sem starfa af hálfu stjórnvalda að framkvæmd laga þessara er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og sem leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Enginn má af hálfu stjórnvalda taka þátt í úrlausn máls er lög þessi ná til ef hann hefur þar persónulegra hagsmuna að gæta. Viðkomandi stjórnvald sker úr um vafaatriði sem upp kunna að koma í því sambandi.

XI. KAFLI
Viðurlög.

42. gr.

Samkeppnisráð getur bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði 20., 21. og 22. gr. laga þessara. Banni má fylgja ákvörðun um dagsektir sem kemur til framkvæmda ef bannið er brotið.

Áður en til banns kemur skv. 1. mgr. getur samkeppnisstofnun lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem bann skv. 1. mgr.

43. gr.

Samkeppnisráð getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn bannákvæðum laga þessara eða ákvörðunum sem teknar hafa verið samkvæmt þeim, sbr. IV. og V. kafla laga þessara, nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé

ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamlna og hvað þær hafa staðið lengi. Sektirnar renna til ríkissjóðs.

Við ákvörðun stjórnvaldssekta skv. 1. mgr. skal tekið tillit til þess skaða sem samkeppnishömlurnar hafa valdið og þess ávinnings sem þær hafa haft í för með sér. Sektir geta hæst numið 10% af veltu síðastliðins almanaksárs hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum.

Ákvörðun samkeppnisráðs um sektir má skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

44. gr.

Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur samkeppnisráð ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

45. gr.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála innan 14 daga frá því að hún er kynnt þeim er hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en frestur er liðinn. Ef áfrýjun er skotið til áfrýjunarnefndar falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir.

46. gr.

Ákvörðun samkeppnisráðs eða samkeppnisstofnunar verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

47. gr.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hans fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðun áfrýjunarnefndar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar samkvæmt honum.

48. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Dæma má fésekt jafnframt refsivist ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sá sem gefur aðilum sem annast framkvæmd laga þessara rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Dæma má upptöku eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

49. gr.

Ákvarðanir samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs um að leggja stjórnvaldssektir eða dagsektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, sbr. 42., 43. og 44. gr., eða mæla fyrir um ógildingu á samruna fyrirtækja, sbr. 18. gr., eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður.

Málskot til áfrýjunarnefndar samkeppnismála frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.

Við aðför samkvæmt ákvörðunum samkeppnisstofnunar, samkeppnisráðs eða áfrýjunarnefndar skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fara skv. 13. kafla aðfararlaga.

50. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal gefa starfsmönnum Verðlagsstofnunar kost á sambærilegu starfi hjá samkeppnisstofnun og skal 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki eiga við í því tilviki.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Ástæður þess að þetta frumvarp til samkeppnislaga er lagt fram er vaxandi þýðing virkrar samkeppni í að vinna að sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta og stuðla almennt að efnahagslegum framförum í þjóðfélaginu. Þótt samkeppni hafi aukist mikið í ýmsum greinum á síðustu árum vantar töluvert á að hún sé fullnægjandi og þess vegna er nauðsynlegt að endurskoða núgildandi samkeppnislöggjöf í því skyni að stuðla að örvun samkeppni. Hér er lagt til að unnið verði að þessu markmiði með því að skerpa þær samkeppnisreglur sem nú eru í gildi, örva upplýsingamiðlun og draga úr opinberum samkeppnishömlum. Síðasttalda atriðinu er þó aðeins með óbeinum hætti hægt að vinna að með endurskoðun samkeppnislöggjafarinnar þar sem opinberar samkeppnishömlur eru bundnar í öðrum lögum eða reglum sem þarf að endurskoða sérstaklega.

En samhliða mikilvægi þess að endurskoða samkeppnislöggjöfina í því skyni að treysta samkeppni á innlendum vettvangi er einnig nauðsynlegt vegna áformaðrar þátttöku okkar í Evrópsku efnahagssvæði að endurskoða reglurnar og samræma þær eftir því sem ástæða þykir til þeim reglum sem gilda annars staðar í Evrópu.

II. Samkeppni.

A. Upphaf samkeppnisreglna.

Þótt samkeppnisreglur hafi komið tiltölulega seint til sögunnar mun hafa verið þörf fyrir þær miklu fyrr. Að minnsta kosti skrifaði Adam Smith 1789 „að fjármagnseigendur gætu undir engum kringumstæðum komið saman, jafnvel þó tilefnið væri einungis til ánægju og skemmtunar, án þess að félagsskapurinn endaði í einhvers konar samsæri gegn almannaheill eða leynilegu samkomulagi um verðhækkanir". En það var ekki fyrr en 100 árum eftir að Adam Smith sagði þetta að fyrstu samkeppnisreglurnar litu dagsins ljós. Þær

áttu upptök sín í Bandaríkjunum með setningu svokallaðra Sherman-laga árið 1890 og Clayton-laga árið 1914 og eru þessar reglur enn í dag í fullu gildi.

Í Evrópu litu menn það hins vegar ekki eins alvarlegum augum lengi fram eftir öldinni þótt samráð og einokun væru viðhöfð í viðskiptum og það var ekki fyrr en um 1950 sem fyrstu formlegu samkeppnisreglurnar komu fram í Evrópu.

B. Bannregla — misbeitingarregla.

Samkeppnisreglur eru byggðar á tveimur mismunandi grundvallaraðferðum. Annars vegar á banni en hins vegar á misbeitingu. Þau lög, sem byggja á banni, fela í sér þá meginreglu að nær allar samkeppnishömlur eru bannaðar. Þau lög, sem byggja á misbeitingu, fela hins vegar ekki í sér að samkeppnishömlur séu fyrir fram bannaðar heldur byggja þau á möguleikum á því að grípa inn í samkeppnishömlur í einstökum tilvikum séu þær taldar skaðlegar.

Bannið er lagt til grundvallar bandarískri löggjöf og einnig samkeppnisreglum Efnahagsbandalagsins. Bannið er einnig lagt til grundvallar í þýskri, franskri, spænskri og ítalskri löggjöf.

Misbeiting hefur almennt verið lögð til grundvallar löggjöf lítilla ríkja í Vestur Evrópu, t.d. í Hollandi, Belgíu, Sviss, Austurríki og á Norðurlöndum. Þróunin er hins vegar í þá átt í þessum ríkjum að færa sig nær bannreglunni.

Ekki ber þó að gera allt of mikið úr þeim mismun sem er á bann- og misbeitingaraðferðinni í framkvæmd. Áhrif bannsins eru oft milduð með því að veita undanþágur frá því og stundum er skerpt á misbeitingaraðferðinni með nokkrum bönnum. En yfirleitt er auðveldara að framfylgja bannaðferðinni þar sem ákvæðin fela í sér hvað má og hvað má ekki. Hitt getur reynst erfiðara að sýna fram á skaðsemi tiltekinna samkeppnishamlna.

C. Tegundir samkeppnishamlna.

Í grófum dráttum eru fjórar tegundir samkeppnishamlna algengastar og þess vegna er samkeppnisreglum helst beint gegn þeim.

Í fyrsta lagi eru það láréttir samningar, þ.e. samningar á milli aðila sem eru á sama stigi í framleiðslu eða dreifingu, t.d. innbyrðis á milli framleiðenda, innbyrðis á milli heildsala eða innbyrðis á milli smásala. Samkeppnisreglur eru yfirleitt strangastar um þessa tegund samkeppnishamlna, sérstaklega þar sem bannaðferðin er lögð til grundvallar.

Önnur aðaltegundin er lóðréttir samningar, þ.e. á milli aðila sem eru ekki á sama stigi í framleiðslu eða dreifingu, t.d. samningur á milli framleiðanda og heildsala eða á milli heildsala og smásala.

Þriðja tegundin er misnotkun á markaðsyfirráðum. Það er almennt viðurkennt að þessari tegund samkeppnishamlna þurfi að fylgjast sérstaklega vel með. Það eru hins vegar skiptar skoðanir um það á alþjóðavettvangi hvort hentar betur að beita aðferðinni eða misbeitingaraðferðinni ef um er að tefla misnotkun á markaðsyfirráðum.

Fjórða aðaltegundin er eftirlit með samruna fyrirtækja sem er reyndar nátengt eftirliti með markaðsyfirráðum. Þessari tegund samkeppnishamlna var gefinn gaumur mun síðar en hinum fyrri, í Bandaríkjunum um 1950 og í Vestur Evrópu ekki fyrr en eftir 1970. Og enn eru menn ekki á eitt sáttir um nauðsyn sérstaks eftirlits með samruna fyrirtækja og heldur ekki um það með hvaða hætti slíkt eftirlit eigi að vera.

III. Samkeppnisreglur á Evrópsku efnahagssvæði.

Eins og að framan greinir er möguleg aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði önnur meginástæða þess að frumvarpið kemur fram nú. Það er því eðlilegt að gera grein fyrir þeim samkeppnisreglum sem gilda munu á efnahagssvæðinu áður en fjallað verður um frumvarpið sjálft.

Samkeppnisreglur á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) eru að meginefni byggðar á samkeppnisreglum Evrópubandalagsins (EB). Þær eru því byggðar á bannaðferðinni. En vakin er sérstök athygli á því að samkeppnisreglur EES gilda aðeins þegar um er að ræða samkeppnishömlur sem hafa eða geta haft áhrif á viðskipti milli tveggja eða fleiri ríkja sem aðild eiga að svæðinu. Samkeppnisreglur hvers lands fyrir sig gilda því áfram um viðskipti sem aðeins hafa áhrif innan landamæra viðkomandi lands. Oft ríkir hins vegar óvissa um hvar draga eigi mörkin og í slíkum tilvikum er líklegt, a.m.k. miðað við reynslu innan EB, að EES-reglur muni oftar en ekki gilda. Samkeppnisreglur EES munu því vafalaust einnig framvegis hafa áhrif í viðskiptum sem aðeins eiga sér stað innan einstakra landa.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu samkeppnisreglum EES.

A. 53. gr. Bann við samningum um samkeppnishömlur.

Samkvæmt 53. gr. EES-samningsins eru samningar, samþykktir og samstilltar aðgerðir um verð, framleiðslutakmarkanir, fjárfestingartakmarkanir, markaðsskiptingu o.fl. bannaðar. Þrjár forsendur þurfa þó að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að framfylgja bönnunum.

Í fyrsta lagi þurfa að vera fyrir hendi, formlega eða óformlega, samningar, samþykktir eða samstillar aðgerðir á milli fyrirtækja. „Heiðursmannasamkomulag" er nóg í þessu sambandi.

Í öðru lagi þurfa aðgerðirnar að geta haft áhrif á viðskipti á milli aðildarlandanna. Þessi forsenda felur í sér tilraun til þess að greina á milli þess hvenær EES-reglur gilda og hvenær gilda reglur einstakra aðildarlanda. Eins og áður segir er þessi forsenda túlkuð mjög vítt af EB og hefur bandalagið m.a. talið það vera nægilega ástæðu til þess að mál falli undir samkeppnisreglur þess að áhrif á viðskipti á milli aðildarlanda séu möguleg í framtíðinni.

Þriðja forsendan er að aðgerðirnar þurfa að hafa að markmiði eða leiða til þess að samkeppni innan hins sameiginlega markaðar skerðist. Til þess að skera úr um það er nauðsynlegt að afmarka sérstaklega þann markað þar sem áhrifa samkeppnishamlnanna gætir í hverju tilviki, þ.e. þann markað sem máli skiptir í einstökum málum. Þar er bæði um að ræða vörumarkaðinn þar sem litið er á innbyrðis staðgengi varanna og hinn landfræðilega markað.

Þótt 53. gr. feli í sér víðtæk bönn eru ekki allar aðgerðir er varða samkeppnishömlur bannaðar. Nefna má svokallaða minniháttarreglu (rule de minimisbagatel-reglu) sem felur í sér að samningar sem ná til innan við 5% markaðshlutdeildar á þeim markaði sem máli skiptir og þar sem heildarvelta fyrirtækjanna, sem hlut eiga að máli, er innan við 200 millj. ECU eru undanþegnir þessu bannákvæði. Skilyrði fyrir undanþágum er að báðar forsendurnar séu uppfylltar.

Fyrir utan minniháttarregluna eru í 53. gr. heimildir til þess að veita aðrar undanþágur frá hinum ströngu bannákvæðum þegar sýnt þykir að jákvæð áhrif samkeppnishamlna séu meiri en hin neikvæðu. Þetta gildir þegar samningar eða samstilltar aðgerðir stuðla að bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða efla tæknilega og efnahagslega framþróun en

það er algjört skilyrði að neytendur fái sanngjarna hlutdeild í því sem á vinnst. Undanþágurnar eru yfirleitt bundnar einstökum tilvikum en einnig eru undanþágur fyrir ákveðna flokka vöru og þjónustu.

Vegna þess hve það er mikilvægt við framkvæmd samkeppnisreglna EES að afmarka þann markað sem skiptir máli hverju sinni er rétt að fjalla stuttlega um hvernig hann er skilgreindur.

A. 1. Vörumarkaður sem skiptir máli.

Það sem úrslitum ræður um það hvort ákveðnar vörur eigi að teljast til sama markaðar er innbyrðis staðgengi varanna.

EB byggir mat sitt á staðgengi vara fyrst og fremst á hlutlausum forsendum sem hægt er að tengja beint við sjálfa vöruna, svo sem einkenni hennar, verð og notkun. Í reynd hefur þó einnig verið tekið tillit til annarra aðstæðna á markaðnum. Þannig hafa líkar vörur sem höfða til mismunandi hópa neytenda verið taldar tilheyra ólíkum mörkuðum. Almennt má segja að það verður að vera töluvert mikið staðgengi fyrir hendi til þess að vörur teljist tilheyra sama markaði. — Í dómi EB-dómstólsins í máli United Brand-fyrirtækisins voru t.d. bananar taldir tilheyra sérmarkaði þó að aðrir ávextir hafi að vissu marki verið taldir geta komið í stað banana. Bananar og aðrir ávextir voru sem sagt ekki taldir vera í beinni samkeppni. — Í svokölluðu Philip Morris-máli var litið svo á að sígarettur væru sérstakur markaður aðskilinn frá markaði fyrir vindla, pípur o.s.frv.

Almennt er því matið á umfangi vörumarkaðarins mjög þröngt hjá EB og það er ótvírætt að samkvæmt löggjöf bandalagsins hefur hann verið túlkaður þrengra en hægt er að færa rekstrarfræðileg rök fyrir. Gera má ráð fyrir að skilgreining EB á hugtakinu „vörumarkaði“ muni hafa áhrif á túlkun EES reglna.

A. 2. Landfræðilegi markaðurinn sem máli skiptir.

Almennt má segja að það sé auðveldara að afmarka hinn landfræðilega markað sem máli skiptir en vörumarkaðinn. EB gerir ráð fyrir að landfræðilegi markaðurinn nái til verulegs hluta af hinum sameiginlega markaði. Í reynd hefur þó annað komið í ljós. Skilgreining á hugtakinu verulegur hluti hins sameiginlega markaðar hefur verið mjög teygjanleg og virðist í reynd geta átt við smæstu markaði, svo framarlega sem þeir eru álitnir sérstakir afmarkaðir samkeppnismarkaðir. Það verður að telja líklegt að þrátt fyrir smæð íslenska markaðarins verði hann í mörgum tilvikum skilgreindur sem sérstakur landfræðilegur markaður vegna einangrunar hans frá öðrum mörkuðum.

B. 54. gr. Bann við misbeitingu á markaðsráðandi stöðu.

Samkvæmt 54. gr. EES-samningsins er markaðsráðandi fyrirtækjum bannað að misnota aðstöðu sína með því t.d. að ákvarða ósanngjarnt verð, takmarka framleiðslu, markaðs- eða tækniþróun til skaða fyrir neytendur, mismuna viðskiptavinum o.fl.

Það ræður úrslitum um notkun 54. gr. hvernig hugtakið markaðsráðandi staða er túlkuð og hvernig vörumarkaðurinn og landfræðilegi markaðurinn eru skilgreindir.

B. 1. Markaðsyfirráð.

Eins og áður hefur komið fram getur verið töluvert erfitt að skilgreina þá vörumarkaði og landfræðilegu markaði sem máli skipta og ýmis sjónarmið virðast ráða við mat á þeim. En þegar það mat hefur farið fram í einstökum málum hefur grunnurinn að skilgreiningu á markaðsyfirráðum verið lagður.

Í United Brand-málinu (bananamálinu) gaf EB-dómstóllinn út eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu markaðsyfirráð: „Það er sú staða þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að fyrirtækinu er kleift að hindra virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að þurfa að taka tillit til samkeppnisaðila, viðskiptavina og neytenda."

Þó að stærð markaðshlutdeildar skipti mestu máli þarf hún ekki alltaf að vera mjög mikil til þess að um markaðsyfirráð sé að ræða. T.d. getur hófleg markaðshlutdeild í tengslum við tæknilega sérþekkingu, yfirráð yfir hráefnum og yfirráð yfir fjármagni gefið fyrirtæki möguleika á að ákvarða verð eða stýra framleiðslu eða dreifingu á verulegum hluta þeirra vara sem um ræðir. Ýmis fleiri atriði geta leitt til markaðsyfirráða þó að markaðshlutdeild sé ekki mjög mikil.

EB telur 80% markaðshlutdeild ótvírætt leiða til markaðsyfirráða. Í reynd hefur markaðshlutdeild 57% og þar yfir verið talin nægileg til þess að um markaðsyfirráð sé að ræða. 40–45% markaðshlutdeild er í sjálfu sér ekki nægileg til þess að hægt sé að fullyrða án frekari upplýsinga að markaðsyfirráð séu fyrir hendi en þó eru ekki gerðar kröfur um miklar viðbótarupplýsingar til þess að sýna fram á að sú markaðshlutdeild sé nægilega mikil.

En eins og áður segir geta ýmis atriði gert það að verkum að lítil markaðshlutdeild leiði til markaðsyfirráða. Undir 11% eru markaðsyfirráð þó talin útilokuð. 20–40% geta hins vegar skapað markaðsyfirráð ef fyrirtæki eru óháð fjármagni, hráefnum, samkeppnisaðilum o.s.frv.

Ítreka skal að markaðsyfirráð sem slík eru ekki bönnuð heldur misbeiting þeirra.

C. 57. gr. Eftirlit með samruna fyrirtækja.

Það er náið samband á milli misbeitingar á markaðsráðandi stöðu og eftirlits með samruna fyrirtækja. En það eru ekki nema rúmlega tvö ár frá því EB setti reglur um eftirlit með samruna fyrirtækja. Þær höfðu þó verið í undirbúningi í um 15 ár en samstaða náðist ekki um þær fyrr en 1989. Samkvæmt 57. gr. EES-samningsins eru reglur EB á þessu sviði teknar upp. Framkvæmd reglnanna verður þó nær eingöngu í höndum EB en í náinni samvinnu við eftirlitsstofnun EFTA.

Samrunareglurnar taka aðeins til samruna sem fer yfir ákveðna í veltutölu. Þannig þarf velta þeirra fyrirtækja sem hyggjast renna saman að vera yfir 5 milljarðar ECU í öllum heiminum og a.m.k. tvö fyrirtækjanna þurfa að selja fyrir 250 milljónir ECU hvort innan Efnahagsbandalagsins til þess að samruninn falli undir reglur þess. Þessi mörk eru mjög há og er því ólíklegt að þessi grein muni hafa áhrif á íslensk fyrirtæki.

D. 59. gr. Opinber fyrirtæki.

Í 59. gr. er kveðið á um með vissum undantekningum, t.d. um skattheimtu fyrir ríkissjóð, að opinber fyrirtæki eða fyrirtæki með einkaleyfi eða sérleyfi skuli laga sig að samkeppnisreglum EES.

E. Aðrar samkeppnisreglur EES.

Fleiri megingreinar samningsins um EES fjalla um samkeppnismál, þar á meðal um skiptingu mála og samvinnu á milli eftirlitsstofnana EFTA og EB og um framkvæmd eftirlits með samkeppnisreglunum. Þá er aragrúi af reglugerðum, fyrirmælum og tilmælum um samkeppnismál sem gerð verður grein fyrir á öðrum vettvangi.

IV. Samkeppnisreglur á Norðurlöndum.

Eins og að framan greinir eru samkeppnisreglur á Norðurlöndum í meginatriðum byggðar á misbeitingaraðferðinni en þó eru nokkur bannákvæði í gildi. Það hefur jafnframt komið fram að aðild að EES felur ekki í sér að einstök lönd þurfi að breyta miklð þeim meginreglum sem þau hafa í dag og sem gilda aðeins um viðskipti sem áhrif hafa innan landanna.

Engu að síður telja Finnland, Noregur og Svíþjóð nauðsynlegt að endurskoða gildandi samkeppnisreglur samhliða aðild að EES og laga þær að þeim reglum sem gilda munu í EES án þess þó að taka að öllu leyti upp bannregluna. Löndin hafa haft samráð við endurskoðun reglnanna og komist að svipaðri niðurstöðu. Þó virðast Svíar ætla að ganga lengst í því að samræma reglur sínar reglum EES.

Þótt Danir hafi verið aðilar að EB í tuttugu ár eru dönsku samkeppnisreglurnar, þ.e. þær reglur sem gilda í viðskiptum innan Danmerkur, í meginatriðum byggðar á misbeitingaraðferðinni. Danir hafa til þessa ekki talið nauðsynlegt að laga algjörlega reglurnar að þeim samkeppnisreglum sem gilda hjá EB en hins vegar taka þeir ríkt tillit til reglna EB við framkvæmd samkeppnismála í Danmörku og þess vegna hefur bannreglan nú þegar mikil áhrif í viðskiptum innan Danmerkur. Danir hafa þó hafið undirbúning að því að samræma reglurnar formlega samkeppnisreglum EB og er stefnt að því að breytingarnar taki gildi um leið og „innri markaður“ EB.

Í þeirri endurskoðun á samkeppnisreglum, sem nú fer fram í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, er, eins og að framan greinir, gert ráð fyrir að laga þær að þeim reglum sem gilda munu í EES. Þó er gert ráð fyrir að banna aðeins þá samninga og samþykktir sem nær undantekningarlaust skerða samkeppni. Þá er m.a. átt við bann við samráði um verð, markaðsskiptingu og við gerð tilboða. Í hugmyndunum er hins vegar gert ráð fyrir að misbeitingaraðferðin verði áfram í gildi þegar um er að ræða skaðlegar samkeppnishömlur sem nauðsynlegt er að meta í einstökum tilvikum. Þá er einkum um að ræða misnotkun á markaðsráðandi stöðu, mismunun á milli viðskiptavina o.fl. sem getur verið matsatriði hvort hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Í þessu frumvarpi er, eins og nánar verður komið að síðar, tekið mið af þeim hugmyndum sem eru uppi á Norðurlöndum en jafnframt tekið tillit til aðstæðna hér á landi. Áður en nánar verður komið að því hvaða meginbreytingar frumvarpið felur í sér er rétt að gera stuttlega grein fyrir þróun þessara mála hér á landi undanfarna áratugi.

V. Þróun verðlags- og samkeppnismála hér á landi.

Þróun verðlags- og samkeppnismála hér á landi hefur á undanförnum áratugum að nokkru verið með öðrum hætti en í nágrannalöndunum eins og rakið verður hér á eftir.

A. 1939–1990. Rauði þráðurinn afskipti af verðlagningu.

Frá því að skipulagt verðlagseftirlit hófst fyrir hálfri öld má segja að starfsemi verðlagsyfirvalda, með stuttum hléum, hafi í meginatriðum verið fólgið í því að framfylgja verð- og álagningarstöðvunum og þess á milli verðlagsaðhaldi í einu eða öðru formi. Rauði þráðurinn hefur því verið bein eða óbein afskipti af verðlagningu en það er ekki fyrr en á síðustu árum sem starfseminni hefur verið beint inn á þá braut að örva samkeppni.

B. 1939–1960. Takmarkað vöruframboð.

Orsakir verðlagsafskiptanna hafa verið breytilegar eftir aðstæðum á hverjum tíma.

Þannig var tilefnið í heimsstyrjöldinni og fyrstu árin eftir hana takmarkað vöruframboð. Það var enginn ágreiningur um nauðsyn verðlagsákvæða á stríðsárunum síðari þegar mikill vöruskortur var og engin skilyrði til samkeppni fyrir hendi enda voru verðlagsákvæði einnig í gildi í nágrannalöndunum á þeim árum.

Þegar vöruframboð jókst eftir stríð drógu nágrannalöndin fljótlega úr opinberu verðlagseftirliti og tóku upp samkeppnisreglur. Hér á landi voru hins vegar sett á innflutningshöft sem í gildi voru til ársins 1960. Það var því ekki ágreiningur um það í þjóðfélaginu að opinber afskipti af verðmyndun væru nauðsynleg fram að þeim tíma.

C. 1960–1970. Hagstæðari samkeppnisskilyrði.

Á áratugnum milli 1960 og 1970 sköpuðust með frelsi í innflutningi og tiltölulega hóflegri verðbólgu skilyrði til þess að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun. Sú ríkisstjórn, sem þá sat að völdum, hafði á stefnuskrá sinni að hrinda þessu í framkvæmd en það gerðist hins vegar ekki.

Frumvarp, sem ríkisstjórnin lagði fram í þessu skyni, var fellt á þinginu 1969.

Ýmsar ástæður voru fyrir því að frumvarpið var fellt, m.a. afstaða launþegasamtakanna. Þau voru tortryggin og töldu að meiri undirbúning þyrfti vegna þess m.a. hve miklu erfiðara það væri að koma á virkri samkeppni hér en í nágrannalöndunum. Fámenni og landfræðileg einangrun gerði það að verkum að samkeppni væri ekki eins mikil og í nágrannalöndunum en einnig kæmi hér til stefna stjórnvalda í tolla- og gjaldeyrismálum o.fl.

D. 1970–1982. Verðstöðvun.

Á árinu 1970 var þvert á umræðuna, sem þá fór fram, sett á verðstöðvun og var hún í einu eða öðru formi í gildi í tólf ár. Í reynd var þó ekki um eiginlega verðstöðvun að ræða nema skamman tíma heldur var verðlagsyfirvöldum falið að koma í veg fyrir að kostnaðarhækkanir færu meira út í verðlagið en brýna nauðsyn bæri til. Ýmsar ástæður lágu því til grundvallar af hálfu stjórnvalda að draga að aflétta verðstöðvuninni. Á þessum árum ríkti mikil spenna í efnahagslífinu. Verulegar launa- og olíuverðshækkanir ásamt gengisfellingum ollu óðaverðbólgu og almenningur hafði því engin tök á að fylgjast með og leggja mat á verð og verðbreytingar. Við þessar aðstæður töldu stjórnvöld sig þurfa að hafa hönd í bagga með þróun verðlagsmála.

E. Samkeppnislöggjöf 1978. Framkvæmd enn frestað vegna lagabreytinga og verðbólgu.

Þrátt fyrir spennuna í efnahagslífinu hættu ekki umræður um breytt fyrirkomulag í verðlagsmálum. Þær héldu áfram og á árinu 1978 voru loks samþykkt þau lög sem nú eru í meginatriðum í gildi. Gildistaka laganna átti að vera 1. nóvember 1978. En ýmislegt gerðist áður en að gildistöku kom sem sýnir hve viðkvæm þessi mál voru á þeim tíma.

Ný ríkisstjórn tók við haustið 1978 og frestaði gildistöku laganna um eitt ár til 1. nóvember 1979 og breytti jafnframt því ákvæði í lögunum sem erfiðast hafði verið að ná pólitískri samstöðu um. Þetta ákvæði hljóðaði þannig eins og lögin voru upphaflega samþykkt:

„Þegar samkeppni er nægileg til að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag, ***skal*** *verðlagning vera frjáls.“*

Ríkisstjórnin beitti sér fyrir breytingu á þessu ákvæði sem hér segir:

*„Þegar samkeppni er nægileg **getur** verðlagsráð, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, vikið frá núgildandi reglum um verðlagningu og m.a. heimilað að fella einstaka flokka vöru og þjónustu undan ákvæðum.“*

Með þessari breytingu var í rauninni verið að ganga enn lengra í átt til opinberrar verðákvörðunartöku en þau lög, sem áður voru í gildi, fólu í sér. Við þessi skilyrði hóf verðlagsráð starf sitt í nóvember 1979. Lagaákvæðið var ekki endurskoðað á ný fyrr en á árinu 1982 er því var í meginatriðum breytt í sama horf og í lögunum sem samþykkt voru 1978.

F. 1983. Hafist handa um afnám verðlagsákvæða.

Á árinu 1983 var því fyrst að marki hægt að huga að því að fella niður verðlagsákvæði þar sem samkeppni var fyrir hendi. Aðstæður til þess að taka þessi skref höfðu að vísu ekki mikið breyst, verðbólga var enn gríðarlega mikil en hins vegar urðu mönnum annmarkar gildandi fyrirkomulags sífellt betur ljósir og töldu að það fælist því ekki mikil áhætta í því að gera tilraun með afnám verðlagsákvæða. Ýmis atriði voru nefnd í þessu sambandi.

1. Í fyrsta lagi væri verðlagskerfið ósveigjanlegt og ekki hvetjandi og veitti fyrirtækjum því ekki nægilegt aðhald. Þvert á móti hvetti það t.d. til óhagkvæmra innkaupa að halda álagningarprósentu verslunarinnar mjög lágri þar sem hlutur verslunarinnar í krónutölu yrði stærri eftir því sem keypt væri dýrara inn.
2. Nátengt þessu hafði komið fram í könnunum Verðlagsstofnunar að hin lága álagning, sem leyfð hafði verið í innflutningsversluninni, hefði leitt til óeðlilegrar umboðslaunatöku erlendis sem áhrif hefði haft til hækkunar á vöruverði.
3. Þá hefði sá seinagangur, sem verið hefði á afgreiðslu mála hjá verðlagsyfirvöldum, sérstaklega eftir að ríkisstjórnin setti þá starfsreglu að ákvarðanir tækju ekki gildi nema með staðfestingu ríkisstjórnar, valdið fyrirtækjum verulegu tjóni og leitt til enn hærra verðs síðar.
4. Þá hefði hið opinbera verðmyndunarkerfi ósjálfrátt þjappað fyrirtækjum og einstaklingum saman í því skyni að geta betur sem heild þrýst á taxtahækkanir. Reynslan sýndi að þegar heilar starfsgreinar tækju sig saman um taxtahækkanir miðuðust kröfur þeirra yfirleitt við þá sem lakast stæðu sig án tillits til þess hvort þörf væri fyrir þá áfram í starfsgreininni. Þess vegna væri veruleg hætta á að í þessum starfsgreinum væri haldið uppi óeðlilega háum verðtöxtum.
5. Þá voru færð rök að því að hið opinbera verðmyndunarkerfi hefði villt um fyrir neytendum þar sem þeir hefðu talið sig betur verndaða af kerfinu en þeir í raun hefðu verið. Neytendur hefðu því ekki haldið nægilega vöku sinni og veitt það aðhald sem enginn annar en þeir gætu veitt.

Þetta leiddi jafnframt til þess að verslunin hefði til hins ýtrasta getað nýtt sér heimilaða hámarksálagningu án tillits til þess hvort hún taldi vera þörf fyrir hana eða ekki.

Þessir annmarkar og fleiri áttu m.a. þátt í því að hafist var handa um afnám verðlagsákvæða á árinu 1983 þrátt fyrir að skilyrði til þess væru að ýmsu leyti óhagstæð. Á næstu þremur árum voru verðlagsákvæði síðan afnumin í flestum greinum iðnaðar og verslunar.

Í framhaldi af þessum ákvörðunum um afnám verðlagsákvæða var gert ráð fyrir því að verðlags- og samkeppnisyfirvöld legðu áherslu á að stuðla að eflingu samkeppni á hinum ýmsu mörkuðum. Það hefur verið gert en þó ekki í eins ríkum mæli og stefnt var

að vegna þess að strax á árinu 1987 og næstu ár á eftir var verðlagsyfirvöldum á ný falið að framfylgja verðstöðvun, hertu verðlagseftirliti, eftirliti með álagningu vörugjalds, virðisaukaskatti o.fl. Enn á ný voru verðlagsafskipti sett á forgangslista. Það dróst því enn nokkuð að færa starfsemina formlega yfir í að sinna samkeppnismálum. Töluvert samkeppnishvetjandi starf hefur þó verið unnið með verðkönnunum og annarri upplýsingamiðlun og eins hefur verið fjallað um einstök kærumál á milli fyrirtækja og hefur þeim fjölgað að undanförnu. Með þessu frumvarpi er lagður grunnur að því að efla þennan þátt í starfsemi verðlags- og samkeppnisyfirvalda enn frekar.

G. Óréttmætir viðskiptahættir.

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum var með lögunum frá 1978 fellt undir löggjöfina um verðlag og samkeppnishömlur. Ástæðan fyrir því að þessi málaflokkur var settur inn í sömu lög á sínum tíma var smæð markaðarins og að of kostnaðarsamt þótti að koma á fót sérstakri stofnun til að fylgjast með óréttmætum viðskiptaháttum. Aðstæður hafa ekki breytst að þessu leyti enda hentar að mörgu leyti vel að þessir málaflokkar sem stefna að sama markmiði séu áfram undir sömu stofnun. Erlendis er mismunandi fyrirkomulag á þessu en m.a. í Bretlandi og Frakklandi er sama fyrirkomulag og hér á landi.

VI. Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér.

Með þessu frumvarpi er stefnt að því að efla virka samkeppni. Ekki vegna þess að samkeppni sé eitthvert takmark í sjálfu sér, heldur samkeppni á þeim sviðum þar sem hún tryggir best hag neytenda, atvinnulífsins og þjóðfélagsins í heild.

Ef litið er á helstu breytingar sem felast í frumvarpinu ber að nefna að andi laganna hefur breyst þar sem í fyrri lögum var meiri áhersla lögð á bein verðlagsafskipti. Í frumvarpinu er hins vegar megináhersla lögð á að efla samkeppni en að sama skapi að draga úr verðlagsafskiptum. Þess vegna m.a. er lagt til að nafni Verðlagsstofnunar verði breytt í samkeppnisstofnun og nafni verðlagsráðs í samkeppnisráð.

Í frumvarpinu er ákvæði um að samkeppnisstofnun eigi að veita aðstoð við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Þarna er m.a. verið að uppfylla kröfur sem gerðar verða til landa sem aðilar verða að Evrópsku efnahagssvæði.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að fjölga bannákvæðum við þeim samkeppnishömlum sem að fenginni reynslu má telja skaðlegastar en jafnframt verði misbeitingarreglan áfram í gildi gagnvart þeim samkeppnishömlum sem nauðsynlegt er að leggja sérstakt mat á hvort hafi skaðleg áhrif.

Að því er varðar láréttu samkeppnishömlurnar, þ.e. samvinnu milli aðila sem eru í beinni samkeppni, er lagt til að samningar eða aðrar samstilltar aðgerðir um verð, gerð tilboða og markaðsskiptingu verði bannaðar. Bann við markaðsskiptingu er nýmæli í íslenskri löggjöf og einnig bann við leiðbeinandi láréttu samráði, t.d. ýmissa starfsstétta um útgáfu sameiginlegs taxta. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gildandi reglur um lóðréttar samkeppnishömlur, þ.e. að seljandi megi ekki binda hendur endurseljanda vöru um ákvörðun verðs, verði áfram í gildi. Nýmæli er þó að seljandi vöru getur ákveðið það verð sem endurseljandi má hæst verðleggja vöruna á.

Frá þessum bannákvæðum eru undanþáguheimildir ef þær geta leitt til aukinnar samkeppni, aukinnar framleiðni eða þegar sérstakar aðstæður er varða almannaheill eru fyrir hendi. Enn fremur er leyfð samvinna á milli aðila sem eru svo litlir að áhrif þeirra á

markaðinn eru svo lítil að hún skiptir ekki máli eða samvinna þeirra getur leitt til þess að samkeppni á markaðnum eflist. Þá gerir frumvarpið m.a. ráð fyrir undanþágu vegna nytjaleyfissamninga.

Fyrir utan bannákvæði, sem eru lögfest, er í frumvarpinu gert ráð fyrir íhlutun í aðrar skaðlegar samkeppnishömlur. Annars vegar er um að ræða almenna heimild til íhlutunar gegn m.a. markaðsráðandi fyrirtækjum sem misnota aðstöðu sína.

Hins vegar er um um að ræða nýmæli í íslenskum lögum sem felur í sér heimild til þess að banna samruna fyrirtækja eða yfirtöku fyrirtækis á öðru fyrirtæki ef það dregur verulega úr samkeppni. Einnig felur heimildin í sér möguleika á að ógilda samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað.

Sjötti kafli laganna felur í sér ákvæði um óréttmæta viðskiptahætti og er hann í meginatriðum óbreyttur frá samsvarandi kafla í gildandi lögum. Þó er bætt inn nýju ákvæði um auglýsingar, einkum til verndar óheppilegum áhrifum auglýsinga á börn. Á hinn bóginn er tekið út ákvæði sem felur í sér bann við úthlutun vinninga í verðlaunasamkeppni ef markmiðið er örvun sölu eða þjónustu og tilviljun ræður hver vinning hlýtur.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að efla gagnsæi markaðarins með upplýsingamiðlun enda er það grundvallarforsenda fyrir þróun virkrar samkeppni að seljendur og kaupendur vöru og þjónustu beri gott skynbragð á verð, viðskiptakjör, gæði o.fl.

Eins og fram er komið gerir frumvarpið ráð fyrir að samkeppnisyfirvöld beiti verðlagsákvæðum aðeins í undantekningartilvikum ef önnur úrræði duga ekki. Í frumvarpinu er hins vegar heimild til handa ríkisstjórn til þess að setja á verðstöðvun eða aðrar verðlagningarreglur ef neyðarástand skapast, t.d. vegna náttúruhamfara eða styrjaldarástands.

Nýmæli er í lögunum að samkeppnisráði er veitt heimild til þess að leggja á sektir vegna brota á samkeppnisreglum. Þetta er í samræmi við þróun í nágrannalöndunum og byggist á því hve samkeppnismál eru flókin og vandmeðfarin og því er talið rétt að þeir sem hafa sérþekkingu fái slíka heimild. Ákvörðun samkeppnisráðs má áfrýja til sérstakrar áfrýjunarnefndar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpið hefst á almennri stefnuyfirlýsingu um tilgang og markmið laganna. Markmið laganna er að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta og efnahagslegum framförum í þjóðfélaginu. Samkvæmt frumvarpinu er þessu markmiði náð m.a. með því að efla virka samkeppni í viðskiptum.

Forðast ber samkeppnishindranir og aðrar takmarkanir á frelsi í atvinnurekstri og er því skerpt á núgildandi samkeppnisreglum og dregið úr mikilvægi beinna verðlagsákvæða. Í b-lið greinarinnar er kveðið á um að unnið skuli gegn óréttmætum viðskiptaháttum og felur frumvarpið ekki í sér veigamiklar breytingar á ákvæðum í núgildandi lögum sem fjalla um þetta efni.

Um 2. gr.

Frumvarpið tekur til allrar atvinnustarfsemi, hvort sem hún er á vegum einstaklinga, félaga, ríkis og sveitarfélaga eða annarra, sem fer fram gegn endurgjaldi. Með því að láta frumvarpið ná til atvinnurekstrar á vegum ríkis og sveitarfélaga, sem og einkaaðila, er tryggt að samræmd framkvæmd næst á ýmsum sviðum atvinnulífsins óháð því hvort rekstur fyrirtækja er á vegum einkaaðila eða hins opinbera.

Tekið er sérstaklega fram að frumvarpið nær ekki til launa og starfskjara fyrir vinnu í þágu atvinnurekenda.

Þjónusta, sem opinberir aðilar veita, svo sem fræðslustarfsemi, heilbrigðisþjónusta og rekstur sjúkrahúsa, félagsmálastarfsemi o.þ.h., telst ekki atvinnustarfsemi og fellur því ekki undir ákvæði frumvarpsins. Lögin ná til samgangna og flutningastarfsemi, hvort heldur hún er á vegum einkaðila eða opinberra aðila. Frumvarpið tekur ekki til góðgerðarstofnana, þar með talið happdrætti, nema atvinnustarfsemin sé rekin á viðskiptagrundvelli. Með þjónustu er átt við hvers konar fyrirgreiðslu, vinnu eða þjónustu gegn endurgjaldi nema launaða vinnu í þjónustu annarra. Hér er t.d. átt við flutningastarfsemi, vöruafgreiðslu, rekstur kvikmyndahúsa, gisti- og sólbaðstofa, tölvu-, dans- og fimleikaskóla, myndbandaleigu o.fl.

Um 3. gr.

Lögin ná til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi. Samkeppnislögin gilda því á Íslandi og er þá stuðst við kenningu um áhrifasvæði eins og samkeppnislög annarra þjóða byggja á, t.d. eins og í ríkjum Evrópubandalagsins og í Bandaríkjunum.

Samkvæmt kenningunni um áhrifasvæði er talið nauðsynlegt að samkeppnisyfirvöld geti beitt sér gegn ráðstöfunum sem hafa áhrif á íslenskum markaði þótt sá sem beiti þeim sé erlent fyrirtæki. Íslenskum lögum sé því hægt að beita innan lands og utan þótt svo íslenskri refsilöggjöf verði einungis við komið hér á landi. Með aukinni fjárfestingu og starfsemi útlendinga hér á landi er þýðingarmikið að hægt sé að hafa áhrif á eða banna skilmála eða athafnir erlendra aðila sem hafa áhrif á Íslandi. Í þessum tilvikum næst ekki til erlendra samningsaðila af íslenskum yfirvöldum en hægt er að ná til umboðsmanna og fulltrúa þeirra á Íslandi varðandi hlutdeild þeirra í ákvörðunum og ábyrgð hér á landi. Þá er hugsanlegt að sakfella viðkomandi útlending vegna þátttöku í broti og framkvæma upptöku eigna hans á Íslandi þótt aðför í heimalandi verði að fara samkvæmt alþjóðlegum reglum varðandi fullnustu dóma og stjórnsýsluákvæða.

Lögin ná ekki til samninga, skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands og ná því ekki til útflutnings. Útflutningur telst jöfnum höndum vera sala vöru úr landi, flutningur frá landinu og þjónusta við erlenda aðila ef hún er greidd af erlendum aðilum. Fyrirtæki í útflutningi sem gerir samninga, beitir skilmálum eða viðhefur aðgerðir sem eru samkeppnishamlandi á heimamarkaði og á útflutningsmarkaði getur samt sem áður ekki borið við útflutningsundanþágu á þeim hluta starfseminnar sem fer fram á Íslandi. Talið er óþarft að íslensk samkeppnislöggjöf taki til útflutnings þar sem eðlilegra þykir að starfsemi útflutningsfyrirtækja sé bundin samkeppnislöggjöf viðkomandi innflutningslands. Það er gert með hliðsjón af því að rétt þykir að allir samkeppnisaðilar á tilteknum markaði séu háðir sömu leikreglum svo ekki komi til árekstra milli samkeppnisyfirvalda viðkomandi ríkja varðandi túlkun mismunandi lagaákvæða.

Því hefur það lagaákvæði verið sett í frumvarpið að ráðherra geti ákveðið að lögin gildi um samninga, skilmála og athafnir sem hafa áhrif erlendis og hér á landi á tilteknum sviðum enda sé kveðið á um slíkt í samningi við annað ríki eða alþjóðastofnun sem Ísland er aðili að. Ráðherra getur því víkkað út áhrifasvæði laganna erlendis eða þrengt áhrifasvæðið hér innan lands á ákveðnum sviðum ef kveðið er á um slíkt í samningum við önnur ríki eða alþjóðastofnanir um samstarf á alþjóðavettvangi. Ekki er nú unnt að segja til um nauðsyn á slíkri útvíkkun á áhrifasvæði laganna en ekki er útilokað að til hennar komi í framtíðinni.

Ráðherra er heimilt að gefa út með reglugerð úrskurði um samkeppnismál sem kveðnir eru upp af þeim stofnunum sem fara með framkvæmd sameiginlegra samkeppnisreglna samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

Samkeppnisstofnun skal aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar sem Ísland er aðili að. Samkvæmt 4. mgr. er búið í haginn fyrir gagnkvæma aðstoð í samkeppnismálum milli Íslands og annarra ríkja og alþjóðastofnana í samkeppnismálum. Þetta ákvæði er sett inn í frumvarpið, m.a. með hliðsjón af áformuðum samningum um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Samkvæmt frumvarpinu verður framkvæmd laganna í höndum viðskiptaráðherra og í hans umboði annast samkeppnisráð, samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála daglega stjórnsýslu á sviði því sem lögin ná til.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um skipun og tilnefningu í samkeppnisráð. Lagt er til að viðskiptaráðherra skipi formann samkeppnisráðs án tilnefningar en Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni hvort sinn fulltrúa. Hlutlausa aðild að samkeppnisráði er reynt að tryggja með því að fela Hæstarétti Íslands að skipa tvo menn og með því að krefjast þess að þeir skuli vera óháðir hagsmunum atvinnulífsins. Þeir eiga að hafa alhliða þekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum. Jafnmargir varamenn séu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Lagt er til að ráðherra geti skipt um formann og varamann hans við ríkisstjórnarskipti.

Um 7. gr.

Það er nýmæli í lögum um samkeppnismál að samkeppnisráði til ráðgjafar sé fastanefnd, auglýsinganefnd, skipuð mönnum með ákveðna fagþekkingu á þeim sviðum.

Auglýsinganefnd á að fjalla sérstaklega um auglýsingar en þær falla undir VI. kafla laganna um óréttmæta viðskiptahætti, sbr. ákvæði 21. og 22. gr. laganna. Nefndin gerir t.d. tillögu til samkeppnisráðs um bann við ákveðnum auglýsingum brjóti þær í bága við 21. og 22. gr. laganna. Sé banni samkeppnisráðs ekki hlítt er hægt að beita ákvæðum XI. kafla laganna um viðurlög. Þar sem oft er erfitt að aðgreina auglýsingar frá öðrum söluhvetjandi viðskiptaaðferðum VI. kafla laganna er auglýsinganefnd látin leggja tillögur sínar um auglýsingar fyrir samkeppnisráð sem hefur ákvörðunarvaldið.

Samkeppnisráð velur formann og varaformann nefndarinnar úr hópi aðal- og varamanna samkeppnisráðs. Ráðherra skipar og aðra nefndarmenn og varamenn þeirra að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Skipunartíma manna í nefndinni lýkur um leið og skipunartíma samkeppnisráðs lýkur. Ráðherra setur fastanefndunum nánari starfsreglur.

Að beiðni samkeppnisráðs er viðskiptaráðherra heimilt að skipa ráðgjafarnefndir úr hópi aðalmanna og varamanna til að fjalla um afmarkað viðfangsefni samkeppnismála. Formaður undirnefnda skal valinn á sama hátt og formaður fastanefndar. Skipunartími undirnefndarinnar er takmarkaður með það fyrir augum að flýta störfum þeirra, en hægt

er að framlengja hann árlega ef verkefni nefndar verður varanlegt á sama hátt og verkefni auglýsinganefndar.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um starfslið samkeppnisstofnunar og hlutverk. Stofnuninni er heimilt undir stjórn forstjóra að taka ákvörðun til bráðabirgða um einstök mál enda taki samkeppnisráð afstöðu til ákvörðunarinnar innan þriggja mánaða annars fellur hún sjálfkrafa úr gildi.

Samkeppnisráði er jafnframt gefin heimild til að framselja vald sitt til samkeppnisstofnunar eftir reglum sem ráðið setur.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um áfrýjunarnefnd samkeppnismála sem er nýmæli í samkeppnislöggjöf hér á landi. Samkeppnisráð er skipað einstaklingum sem eiga að hafa þekkingu á samkeppnismálum, viðskiptum og lögum og á það að vera ákveðin trygging fyrir faglegri meðhöndlun mála og úrskurðum. Þar sem samkeppnisstofnun tekur við og annast umfjöllun mála samhliða því að hún getur haft stefnumarkandi áhrif er nauðsynlegt til að tryggja sem réttlátasta meðferð mála að hægt sé að áfrýja úrskurðum samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs til sérstakrar áfrýjunarnefndar. Til manna í áfrýjunarnefnd samkeppnismála eru gerðar ítarlegar kröfur um þekkingu á sviði samkeppnismála og skal formaður og varaformaður uppfylla sömu skilyrði og dómarar í Hæstarétti Íslands, sbr. 5. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Heimilt er að höfða mál til ógildingar úrskurði áfrýjunarnefndar fyrir dómstólum þegar úrskurður nefndarinnar liggur fyrir. Áfrýjun eða málshöfðun frestar þó ekki gildistöku ákvarðana samkeppnisráðs, samkeppnisstofnunar né áfrýjunarnefndar. Viðskiptaráðherra skipar áfrýjunarnefnd samkeppnismála án tilnefningar.

Um 10. gr.

Greinin tekur til láréttra samkeppnishamlna, þ.e. samkeppnishamlna sem fyrirtæki á sama sölustigi standa að. Hver grundvöllurinn er, þ.e. hvort tilteknar samkeppnishömlur byggja á samningi, samþykkt eða þegjandi samkomulagi sem lýsir sér í samstilltum aðgerðum, skiptir ekki máli. Liggi fyrir að samkeppni sé takmörkuð með einhverjum þeim hætti sem lýst er í greininni og sú takmörkun sé afleiðing af samanteknum ráðum er um að ræða brot á þessari grein. Annað mál er að erfitt kann að vera í einstökum tilvikum að greina annars vegar á milli samræmdra eða samstilltra aðgerða fyrirtækja sem þau meðvitað taka þátt í til þess að takmarka samkeppni og hins vegar þegar fyrirtæki haga sér eins eða líkt á markaði vegna samkeppninnar. Sem dæmi um hið síðarnefnda má nefna fákeppnismarkað (oligopoli) þar sem fyrirtæki á slíkum markaði verða sífellt að hafa í huga hver viðbrögð samkeppnisaðilanna á markaðnum yrðu við tiltekinni ákvörðun, t.d. ákvörðun um verðlækkun. Yfirleitt á þó athugun á markaðnum og markaðsaðstæðum að geta leitt í ljós hvort um samstilltar aðgerðir er að ræða. Á grundvelli slíkra athugana taka samkeppnisyfirvöld ákvörðun um viðeigandi ráðstafanir. Þannig munu samkeppnisyfirvöld geta lagt á stjórnvaldssekt skv. 43. gr. frumvarpsins telji þau að undangenginni slíkri athugun að yfirgnæfandi líkur séu á að um samstilltar aðgerðir sé að ræða enda þótt engin skjalfest sönnun liggi fyrir.

Í þremur stafliðum 1. mgr. 10. gr. eru talin upp þau atriði sem fyrirtæki á sama sölustigi mega ekki koma sér saman um:

a. Samsvarandi ákvæði er að finna í gildandi lögum. Ljóst er að vart er að finna alvarlegri samkeppnistakmarkanir en þegar fyrirtæki koma sér saman um verð, álagningu eða hvaða afslætti skuli veita.
b. Þessi stafliður felur hins vegar í sér nýmæli. Samkvæmt gildandi lögum getur verðlagsráð að vísu bannað samninga um markaðsskiptingu teljist þeir skaðlegir en hér er lagt til að hvers konar samningar um markaðsskiptingu séu „per se“ ólöglegir. Það þýðir að ekki þarf að athuga í hverju tilviki samkeppnislega skaðsemi þeirra. Ástæða bannsins er einfaldlega sú að skipting markaða eftir landsvæðum, viðskiptavinum eða eftir sölu og magni er talin bjóða heim óeðlilegum verðhækkunum og óeðlilega háu verðstigi sem aftur hefur í för með sér óhagkvæma nýtingu á framleiðsluþáttum þjóðfélagsins.
   Rétt er að taka fram að samningar um sérhæfingu eða verkaskiptingu í framleiðslu mundu ekki vera ólöglegir samkvæmt þessu ákvæði svo framarlega sem ekki fylgdu með ákvæði sem miðuðu að því að skipta sölunni á hinu framleidda eftir svæðum, viðskiptavinum o.s.frv. Ákvæði þetta stendur ekki í vegi fyrir þessari verkaskiptingu sem að er stefnt með búvörusamningi ríkisvalds og bænda að því er varðar skipulag, framleiðslu og sölu á búvörum enda um þau efni fjallað í sérstökum lögum.
   Ákvæðið tekur ekki til samvinnu um innkaup.
c. Samsvarandi ákvæði er í gildandi lögum. Samkvæmt þessu ákvæði er aðilum sem gera formlegt tilboð í verk eða þjónustu samkvæmt útboði eins og það er t.d. skilgreint í ÍST 30, íslenskum staðli um verksamninga, bannað að hafa samráð um tilboð sín. Ef aðili leitar eftir tilboðum með óformlegum hætti, þ.e. hætti sem fellur utan skilgreiningar í ÍST 30 og þeir sem tilboðið gera koma sér saman um hvað hver og einn skuli bjóða mundi það hins vegar vera brot á a- eða jafnvel b-lið fyrstu málsgreinar. Að sama skapi mundi það vera brot á b-lið ef tiltekinn aðili, sem hefði getað gefið tilboð, gerir það ekki þar sem sá sem leitar tilboðsins telst vera utan hans markaðssvæðis.

Þegar ákvarða skal hvort samningur, samþykkt eða samstilltar aðgerðir brjóti gegn þessari grein skiptir ekki máli hvort tilgangur samnings, samþykktar eða samstilltra aðgerða hafi verið sú að takmarka samkeppni ef ljóst er að samningurinn hefur þau áhrif að samkeppni minnkar. Þetta á út af fyrir sig einnig við um 11. gr.

Samkvæmt 2. mgr. er einnig hvers konar samráð bannað um hvernig reikna eigi eða megi út verð, afslætti og álagningu. Samsvarandi ákvæði er ekki í gildandi lögum en með þessu ákvæði er tekinn af allur vafi um að bann við samráði um verð, álagningu og afslætti tekur einnig til leiðsagnar um hvernig reikna beri þessar stærðir.

Um 11. gr.

Grein þessi tekur til ákveðinna tegunda lóðréttra samkeppnishamlna. Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar verður bannað að ákveða, semja um eða með öðrum hætti gefa til kynna verð, álagningu eða afslætti sem gilda skulu við endursölu á næsta sölustigi. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort verðákvörðun stendur ein sér eða er hluti samnings sem tekur til fleiri þátta, svo sem vöruúrvals, þjónustu, innréttinga sölustaðar o.s.frv.

Það er alkunna að þeirrar tilhneigingar gætir töluvert hjá seljendum að gefa endurseljendum upp á hvaða verði þeir skuli selja vöruna og þarf ekki að fjölyrða um hversu

mjög slík háttsemi dregur úr samkeppni milli verslana. Líkt og gildir um ákvæði 10. gr. er lagt til að bannið taki einnig til leiðsagnar um útreikning á verði, álagningu og afslætti.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar verður þó seljanda, t.d. framleiðanda eða heildsala, heimilt að gefa upp leiðbeinandi endursöluverð með því skilyrði að endurseljendum sé gert ljóst að einungis sé um leiðbeinandi verð að ræða. Undanþága þessi tekur þó aðeins til leiðbeinandi verðs en ekki leiðbeininga um álagningu eða afslætti. Þá er jafnframt að finna nýmæli í 2. mgr. sem heimilar seljanda að ákveða hámarksverð á vörum sínum enda komi skýrt fram í öllum tilkynningum hans að um hámarksverð sé að ræða. Þetta þýðir að endurseljanda er óheimilt að selja vöruna á hærra verði en seljandi gefur upp en hins vegar er endurseljanda að sjálfsögðu frjálst að selja hana á lægra verði. Ákvæði þetta kemur einkum til með að hafa þýðingu í þeim tilvikum þegar seljandi, sem t.d. er nýr á markaðnum, vill hasla sér völl með því að vera með ódýrar vörur og þarf því að geta tryggt sig gegn því að endurseljendur geri honum þetta ókleift.

Um 12. gr.

Hér er hnykkt á því að jafnt samtökum fyrirtækja sem fyrirtækjunum sjálfum er óheimilt að standa að eða hvetja til hindrana sem brjóta í bága við bannákvæði þessara laga eða við ákvarðanir sem samkeppnisyfirvöld hafa tekið með heimild í 17.–19. gr.

Til þess að koma í veg fyrir allan vafa um túlkun er tekið fram í 2. mgr. þessarar greinar að bannið taki einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna samtaka og manna sem gegna trúnaðarstörfum hjá eða á vegum samtaka fyrirtækja.

Um 13. gr.

Grein þessi er nýmæli. Í flestum ríkjum, þar sem bann er lagt við ákveðnum tegundum samkeppnishamlna, eru jafnframt í gildi ákvæði sem undanþiggja samninga sem ella samkvæmt orðanna hljóðan eru óheimilir enda sé talið að tiltekinn samningur hafi lítil eða „minni háttar" áhrif á þann markað sem um er að ræða (relevant market). Ljóst er að það skiptir töluverðu máli um áhrif samkeppnistakmarkandi samnings hvort fyrirtækin, sem að honum standa, hafa 70%, 20% eða þaðan af minni markaðshlutdeild. Þannig getur samningur fyrirtækja með litla markaðshlutdeild annað tveggja haft svo lítil áhrif á samkeppni að ástæðulaust er að banna hann eða samningurinn beinlínis eykur samkeppni á markaðnum vegna þess að tvö eða fleiri lítil fyrirtæki styrkjast gagnvart hinum ráðandi á markaðnum.

Í mörgum ríkjum hefur sú leið verið farin að tilgreina ákveðin viðmiðunarmörk til að notast við þegar ákveða á hvort samningur telst löglegur eða ólöglegur. Í öllum tilvikum eru þetta þó aðeins mörk til viðmiðunar, t.d. í Noregi 20% og samkvæmt samkeppnisreglum EB 5%. Hér hefur sú leið verið farin að nefna enga hlutfallslega viðmiðun. Það skapar að vísu ákveðna óvissu fyrir fyrirtæki. Á hinn bóginn skapar það e.t.v. falska öryggiskennd hjá fyrirtækjum ef ákveðin viðmiðun er nefnd í lögum, sérstaklega þegar haft er í huga hve erfitt getur verið að leggja mat á og skilgreina hver viðkomandi markaður er.

Ástæða er til að leggja áherslu á að það eru samkeppnisyfirvöld sem meta það hvort skilyrði eru fyrir hendi til að beita „minniháttar-reglunni". Jafnframt er ljóst að oft getur það verið vandkvæðum bundið að meta hver markaðurinn sé í hverju tilviki. Það er þó óhætt að fullyrða að „minniháttar-reglunni" verður ekki beitt á samning eða ákvörðun um bindandi verð á næsta sölustigi.

Með ákvæði 2. mgr. er fyrirtækjum eða samtökum gert kleift að draga úr þeirri réttaróvissu sem þau kunna að búa við að því er varðar „minniháttar-regluna“ með því að bera samning þann sem um ræðir undir samkeppnisstofnun. Stofnunin hefur þá þrjá mánuði til að gera athugasemd við samninginn. Geri hún það ekki telst samningurinn undanþeginn skv. 1. mgr. Undanþágan gildir hins vegar aðeins í þrjú ár enda geta markaðsaðstæður breyst mikið á þremur árum.

Um 14. gr.

Tilgangur samkeppnisreglna er einkum að hamla gegn því að þeir aðilar, sem eru eða ættu að geta verið keppninautar á markaði, dragi úr samkeppni sín á milli með tilheyrandi skaða fyrir þjóðfélagið. Fyrirtæki undir sömu eignaraðild geta vart talist keppinautar í ofangreindum skilningi og því er eðlilegt að undanþiggja þau banni samkvæmt ákvæðum 10. og 11. gr. en hins vegar er hægt að brjóta upp tengsl eignaraðildar í sumum tilvikum, sbr. 18. gr.

Um 15. gr.

Það er talið samræmast þjóðhagslegum hagsmunum að veita eigendum uppfinninga réttarvernd þegar um er að ræða höfundarétt í formi skráðra einkaleyfa. Með vísan til sömu raka og enn fremur með vísan til nauðsynjar á samkvæmni í löggjöf er talið eðlilegt að sá sem einkaleyfis nýtur (nytjaleyfishafi) sé undanþeginn bannákvæðum a- og b-liða 1. mgr. 10. gr. þegar hann gerir samninga um nýtingu einkaleyfis síns (nytjaleyfissamning). Enn fremur er talið eðlilegt að hið sama gildi um notkun eða nýtingu mynsturs á sviði iðnaðar enda njóti sá er telur sig eiga viðkomandi mynstur verndar á grundvelli óhlutbundins eignarréttar.

Að öðru leyti en í greininni segir verða þeir sem gera samning á sviði óhlutbundinna eignarréttinda að sækja um undanþágu skv. 16. gr. ef ákvæði í samningnum stangast á við bannákvæði 10. gr. enda sé samningurinn ekki þegar undanþeginn skv. 13. gr.

Undanþága samkvæmt greininni tekur ekki til samninga eða ákvæða í samningum um notkun skráðra vörumerkja enda væri þá hætt við að farið yrði í kringum bannákvæðin með því að tengja ákvæði sem brjóta gegn 10. gr. samningi um notkun vörumerkis.

Um 16. gr.

Greinin er hliðstæð 24. gr. gildandi laga. Þó eru skilyrðin, sem sett eru fyrir því að undanþágu megi veita, skýrari en gildandi lög. Á það einkum við um stafliði a og b.

Að meginstefnu verður undanþága því aðeins veitt með stoð í þessari grein að það geti betur stuðlað að tilgangi og markmiði frumvarpsins. Eða eins og í a-lið segir — „... samkeppni aukist á þeim markaði sem um ræðir ...“ — og í b-lið — „... vænta megi að jákvæð áhrif samkeppnishamlna vegi þyngra en ókostir þeirra ...“

Um heimildina til að veita undanþágu á grundvelli c.-liðar er það að segja að þetta er almenn heimild sem er sama efnis og c-liður 24. gr. gildandi laga. Ákvæðið er almennt orðað og er ógerlegt að segja við hvers konar aðstæður því kunni helst að verða beitt. Hitt er ljóst að eftir því sem bönn við samkeppnishömlum verða víðtækari þeim mun þrengri verða skilyrðin til að beita undanþáguákvæðum á borð við þau sem er að finna í þessari grein frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í IV. kafla er að finna ákvæði sem banna tilteknar tegundir samkeppnishamlna sem

að öllu jöfnu eru skaðlegar. Í 17. gr. þessa kafla er hins vegar mælt fyrir um þær heimildir sem samkeppnisyfirvöld hafa til að grípa inn í aðrar samkeppnishömlur en notaðar eru í IV. kafla þegar þær teljast vera með þeim hætti að hafi skaðleg áhrif á samkeppni.

Til leiðbeiningar er talið upp í a- og b-liðum 1. mgr. í hverju hinu skaðlegu áhrif geta falist. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi upptalning. Hins vegar eru engin dæmi nefnd um hvers konar samningar, skilmálar eða athafnir geti leitt af sér hin skaðlegu áhrif enda eru hugarflugi manna í þeim efnum lítil takmörk sett. Það eru þó ákveðnar tegundir samkeppnishamlna sem reynslan hefur sýnt að jafnan er mikil freisting að grípa til og birtast þessar tegundir með ýmsum blæbrigðum.

Samkvæmt 2. mgr. getur samkeppnisráð skorist í leikinn með ýmsum hætti. Ráðið getur bannað fyrirtæki að nota ákveðna skilmála eða samningsákvæði, t.d. ákvæði um að samningsaðili skuli ekki hafa vörur frá keppninautum á boðstólum. Íhlutun getur falist í fyrirmælum til fyrirtækis um að selja ákveðnum aðila sem vill kaupa framleiðslu þess. Þá getur samkeppnisráð mælt fyrir um á hvaða verði fyrirtæki eða fyrirtækjahópar skuli selja vörur sínar eða þjónustu. Þessi heimild kemur einkum til greina þegar samkeppni er ófullnægjandi. Hin ófullnægjandi eða takmarkaða samkeppni getur átt sér ýmsar orsakir. Fyrirtækin, sem í hlut eiga, kunna að hafa komið málum svo fyrir með því að viðhafa ýmiss konar samkeppnishindranir. Fyrirtæki kann að vera markaðsráðandi sökum eðlis þess sviðs sem það starfar á, svo sem veitufyrirtæki og ýmis önnur þjónustufyrirtæki fyrir almenning. Loks getur fyrirtæki verið einrátt á markaði sökum þess að hið opinbera eða löggjafinn hefur séð svo til.

Um 18. gr.

Greinin er nýmæli.

Á síðustu árum hefur þeim ríkjum á Vesturlöndum fjölgað sem hafa tekið upp reglur um eftirlit með samruna og yfirtöku fyrirtækja. Hér á landi hefur samruni og yfirtaka fyrirtækja orðið algengari á síðustu árum. Yfirtaka eins fyrirtækis á öðru eða samruni fyrirtækja getur leitt til þess að samkeppni, sem hefur verið til staðar, minnkar eða hverfur jafnvel alveg. Þannig getur við samruna eða yfirtöku orðið til fyrirtæki sem hafa markaðsráðandi stöðu eða jafnvel einokun á markaðnum. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir því að samkeppnisyfirvöld bregðist við slíkri stöðu með því að hafa sérstakt eftirlit með þeim fyrirtækjum sem njóta markaðsyfirráða og geti gripið inn í starfsemi þeirra sé talið að þau misnoti aðstöðu sína. Hér er hins vegar lagt til að yfirvöldum verði gert kleift að koma í veg fyrir að þær aðstæður skapist á markaðnum að fyrirtæki nái með yfirtöku eða samruna einokun eða markaðsráðandi stöðu. Með því að banna yfirtöku eða samruna. Þannig má líkja þessari heimild við forvarnastarf sem einkum yrði beitt þegar ljóst væri að afleiðingar samruna eða yfirtöku yrðu verulega minni samkeppni á viðkomandi markaði, t.d. vegna þess hversu erfitt yrði fyrir ný fyrirtæki að komast inn á markaðinn.

Ljóst er að þegar einokunar- eða markaðsráðandi stöðu hefur verið náð að úrræði á grundvelli 17. gr. frumvarpsins duga ekki alltaf til að gera samkeppni á viðkomandi markaði nægilega virka til að tryggja hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Því er einnig gert ráð fyrir því í greininni að samkeppnisyfirvöldum verði heimilað að mæla fyrir um ógildingu á samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað.

Bann við yfirtöku og samruna er afdrifarík aðgerð og oft eru miklir hagsmunir í húfi. Því er eðlilegt að yfirvöldum séu sett tímamörk til að taka ákvörðun um bann við yfir-

töku eða samruna. Það leiðir af sjálfu sér að engin slík tímamörk geta gilt um heimild samkeppnisyfirvalda til að ógilda yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað. Jafnafdrifaríkum heimildum og samkeppnisyfirvöldum eru fengnar með þessari grein verður ekki beitt nema ríkar ástæður séu til og þau telji að virkri samkeppni sé veruleg hætta búin ef fyrirhuguð yfirtaka fer fram eða samruni sem þegar hefur farið fram fær að standa.

Í 2. málsl. 3. mgr. er sérstaklega tekið fram að ákvæði málsgreinarinnar eigi einnig við þegar fyrirtæki nær virkum yfirráðum í öðru fyrirtæki. Um hugtakið virk yfirráð vísast til orðskýringa. Hér skal því þó bætt við að við skilgreiningu á því hvort fyrirtæki hafi náð virkum yfirráðum að það er hin raunverulega aðstaða sem það hefur til að stjórna eða fara með eignir annars fyrirtækis sem skiptir máli. Hvaða eða hvers konar aðstæður það eru sem gera fyrirtæki þetta kleift skiptir hins vegar ekki máli.

Forsenda þess að yfirvöld geti gripið inn í yfirtöku fyrirtækja, samruna eða aðra yfirráðatöku er að samkeppnisyfirvöld fái upplýsingar um yfirtökuna eða samruna. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. er samkeppnisstofnun opnuð leið til þess að afla þessara upplýsinga með því að leggja tilkynningarskyldu á fyrirtæki sem standa að eða taka þátt í yfirtöku eða samruna hvort sem hann er fyrirhugaður eða hefur þegar átt sér stað.

Samkvæmt greininni verður hægt að leggja á viðvarandi tilkynningarskyldu þannig að fyrirtæki verður í eitt skipti fyrir öll skyldað til að tilkynna stofnuninni um hvers konar yfirtöku eða samruna sem það síðar kann að verða aðili að. Stofnunin getur ákveðið gildistíma tilkynningarskyldunnar. Að öðru leyti gilda ákvæði IX. kafla frumvarpsins um tilkynningarskyldu eftir því sem við á.

Um 19. gr.

Tilgangur með þessari grein er að vinna að því að frjáls samkeppni ríki á öllum sviðum atvinnustarfsemi landsmanna þar sem meginstefna laganna á við. Í ýmsum lagafyrirmælum kunna hömlur að vera settar gegn þessu.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 26. gr. núgildandi laga og er einungis um orðalagsbreytingu að ræða. Hér er um meginreglu að ræða sem er ætlað að ná til ýmissa tilvika sem aðrar greinar kaflans sem fjalla um sérstök tilfelli eða aðrar sérstakar viðskiptaaðgerðir taka ekki til. Viðskiptaaðferðir eru margvíslegar og breytilegar þannig að hætta er á að sérákvæðin nái ekki til allra tilvika sem brjóta í bága við góða viðskiptahætti. Það hefur einnig sýnt sig við framkvæmd laganna að oft hefur þurft að beita þessari meginreglu. Hefur reynt á hana næstoftast þegar horft er t.d. á málafjölda síðasta árs hjá Verðlagsstofnun. Það er nauðsynlegt að hafa almenn varúðarákvæði sem þessi til þess að hægt sé að fylgja eftir breytingum í viðskiptaháttum og beina þeim á grundvelli löggjafar í þann farveg sem telja verður heppilegastan á hverjum tíma. Ekki er nægilegt í þessu tilliti að hafa einungis meginreglu en ekki sérákvæði þar sem réttarframkvæmd mundi ákveða hvað teldist brjóta í bága við góða viðskiptahætti og væri óhæfilegt gagnvart neytendum. Sérákvæðin gegna því mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta. Enn fremur er rétt að hafa ákvæði þar sem verknaðarlýsing er sem nákvæmust.

Ákvæði af þessu tagi er í löggjöf allra Norðurlanda. Greinin er orðuð á mismunandi hátt en efnislega er hún svipuð. Nokkuð er mismunandi hversu víðtæk beiting þessa ákvæðis hefur orðið sem er eðlilegt þar sem þetta svið er í örri þróun og einnig breytilegt eftir löndum. Orðalag þessa ákvæðis er sniðið eftir dönsku og norsku lögunum.

Verknaður sem greininni er ætlað að ná til verður að vera unninn í atvinnustarfsemi. Er um rúma skilgreiningu á því hugtaki að ræða hvers konar atvinnustarfsemi fellur hér undir.

Matið á því hvað telja beri góða viðskiptahætti ræðst af atvikum á þeim stað og tíma sem verknaður er unninn á. Ekki er nægilegt að kanna hvað teljist góðir viðskiptahættir að áliti góðra og grandvarra manna í þeirri grein atvinnulífsins sem um er að tefla hverju sinni. Það er einmitt eitt mikilvægasta hlutverk samkeppnisráðs, jafnt og dómstóla, að leggja á það sjálfstætt mat hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Erlendis starfa ýmsar nefndir og stofnanir sem ætlað er það hlutverk að fylgjast með viðskiptaháttum og stuðla að góðum siðum í þeim efnum.

Samkvæmt lagagreininni er einnig óheimilt að hafast nokkuð það að sem er óhæfilegt gagnvart hagsmunum neytenda. Þarna er verið að leggja sérstaka áherslu á að taka beri fullt tillit til neytendasjónarmiða í ákvörðunum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Greinin beinist að starfsemi fyrirtækja út á við, en hrein innri starfsemi fellur utan við ákvæðið. Greininni er ekki ætlað að veita heimild til að banna vörur sökum þess að þær séu almennt lélegar, standist ekki öryggiskröfur eða séu yfirleitt óæskilegar. Þessari grein er ætlað það hlutverk að leiðrétta óréttmæta samningsskilmála hvort sem um er að ræða einstök tilfelli eða almennt óhæfileg samningsform. T.d. getur komið til kasta greinarinnar þegar um er að ræða ranga eða villandi framsetningu samningsskilmála sem í boði eru. Einnig væri t.d. hægt að banna samningsform sem eru þannig úr garði gerð að viðskiptavinir fá ranga eða ófullkomna hugmynd um efni þeirra.

Lagagrein þessi getur snert svið laga um vörumerki, firmu, gæðamerki og löggjafar um verndun hugverka. Þessi grein getur skipt máli til fyllingar ákvæðum slíkra laga, t.d. þegar einkaréttur er tímabundinn. Ekki er unnt að nota greinina til að veita einkaréttarlega vernd þegar skilyrði sérlaga eru ekki uppfyllt eða verndartími útrunninn. Greinin gæti hins vegar náð til ótilhlýðilegrar hagnýtingar þess að eftirlíkingu svipar mjög til upprunalegrar vöru. Af málum af þessu tagi yrðu það aðallega ýmiss konar óhæfilegar framleiðslueftirlíkingar sem kæmu til kasta þessarar greinar enda fjallar 30. gr. þessa frumvarps og núgildandi laga um tiltekna vernd firmanafns, verslunarmerkis o.þ.h. Á þá grein mundi reyna í dómaframkvæmd samhliða sérlögum, svo sem firmalaga.

Aðalaðgerðir gegn brotum á þessari grein munu felast í ákvörðunum samkeppnisráðs um bann við athöfnum. Um beitingu banns og málsmeðferð fyrir samkeppnisráði, að því er það snertir, er fjallað í XI. kafla frumvarpsins. Þess ber að geta og athuga sérstaklega að athöfn, sem brýtur í bága við siðareglur á borð við þær sem fjallað er um í grein þessari, á ekki út af fyrir sig að geta leitt til viðurlaga, hvorki einkaréttarlega né refsiréttarlega, heldur aðeins til þess að bann verði lagt við því að henni sé haldið áfram eða hún endurtekin. Bannið tekur til framtíðarinnar. Sé hins vegar brotið gegn fyrirmælum samkeppnisráðs um bann er grundvöllur fyrir beitingu viðurlaga, þ.e. refsiákvæða, skv. XI. kafla. Samningar eða samningsákvæði, sem eru óréttmæt og bönnuð, eru ógild, sbr. 40. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Greinin samsvarar 27. gr. núgildandi laga og er einungis um smáorðlagsbreytingu að ræða. Í þessari grein er fjallað um eina mikilvægustu meginregluna sem felst í löggjöf um ólögmæta viðskiptahætti, þ.e. að upplýsingar og skírskotun til annars, er atvinnurekendur beita til framdráttar starfsemi sinni, mega ekki vera villandi enda hefur langmest reynt á þessa lagagrein varðandi framkvæmd laganna.

Sú breyting er gerð hér að nota orðið keppinautur í staðinn fyrir atvinnurekandi sem er þó nokkuð víðtækara.

Samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar. Ástæða þess að bannaðar eru ófullnægjandi upplýsingar er að það sem ekki er látið uppi getur verið vel fallið til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara. Þetta ákvæði þarf oft á tíðum að skoða með hliðsjón af 23. gr. um leiðbeiningarskyldu. Ekki skiptir hér máli í hvaða formi „upplýsingar" eru. Þær geta verið skriflegar eða munnlegar, upplýsingar í auglýsingum, myndum, kvikmyndum, útvarpi eða sjónvarpi. Hugtakið upplýsingar er þannig notað í víðtækri merkingu í þessu ákvæði og á að taka til margvíslegs tjáningarháttar. Hér er þó sérstaklega getið um auglýsingar sem er langalgengasta formið og því rétt að leggja áherslu á það.

Með því að orða „aðrar viðskiptaaðferðir" er tilgangurinn að ná til ýmiss skonar yfirlýsinga og fullyrðinga sem ekki geta fallið undir upplýsingagjöf.

Upplýsingarnar og aðrar viðskiptaaðferðir verða samkvæmt ákvæðinu að vera fallnar til þess að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, þjónustu o.s.frv. en þær þurfa ekki að hafa haft nein áhrif.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar gildir 1. mgr. þegar upplýsingar eða aðrar viðskiptaaðferðir eru óhæfilegar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála. Gagnstætt 1. mgr. geta upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir brotið í bága við reglur þessarar málsgreinar enda þótt þær séu efnislega réttar og sannar.

Ótilhlýðilegt form getur t.d. komið fram í samanburði við vörur frá öðrum. Skírskotun til óviðkomandi mála getur birst í ýmsum myndum, t.d. þannig að stjórnmála- eða trúarskoðanir keppinauta séu dregnar inn í málið eða skírskotað til góðgerðastarfsemi og safnana í þágu almennings sem telja verður að sé óviðkomandi mál.

Með greininni eru ákvæði 3. mgr. núgildandi laga felld niður. Ekki er talin þörf á því að taka það fram sérstaklega að ábyrgð skv. 1. og 2. mgr. hvíli á félögum eða samtökum.

Um 22. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Efni þessarar greinar er að nokkru tekið úr frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem legið hefur fyrir Alþingi og fyrst var lagt fram á 112. löggjafarþingi 1989–90, svokallað auglýsingafrumvarp.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að allar auglýsingar skuli vera á íslenskri tungu sem er í samræmi við ákvæði í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi nema að því leyti að í reglugerðinni er tekið fram að erlendir söngtextar megi vera hluti auglýsingar. Mundi þetta ákvæði gilda framar reglugerðarákvæðinu. Auglýsingar, sem höfða til íslenskra neytenda, eiga því að vera á íslensku. Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi er fjallað um það þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni er sýnir atburði sem gerast í sömu andrá. Skulu auglýsingar, sem eru hluti af slíku dagskrárefni, undanþegnar íslenskuskilyrði reglugerðarinnar. Eðli málsins samkvæmt yrði væntanlega að túlka 1. mgr. 22. gr. með sama fyrirvara en þó ekki um auglýsingar sem sérstaklega er beint að Íslandi.

2. mgr. er þess efnis að auglýsingar skuli þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða og þær verða að vera skýrt aðgreindar frá öðru efni fjöl-

miðla. Er þetta efnislega samhljóða 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi en víðtækara að því leyti að þetta ákvæði nær ekki einungis til auglýsinga í hljóðvarpi og sjónvarpi heldur allra auglýsinga, sbr. 11. gr. siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins. Meðal þeirra tilvika, sem gætu fallið undir 2. mgr. 22. gr., má nefna ef orðið fréttir eða því um líkt væri notað til að auðkenna auglýsingar, t.d. í fyrirsögn þeirra.

Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um auglýsingar í útvarpi er talað um að auglýsingar skuli fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum. Þessi regla er ekki sett inn í frumvarpið. Auglýsingar geta því að einhverju leyti tengst dagskrá.

Þess ber að geta að í 11. gr. tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins um sjónvarpsstarfsemi er aðalreglan sú að auglýsingar skuli birtar á milli dagskrárliða. Ef viss skilyrði eru uppfyllt má skjóta auglýsingum inn í dagskrárliði þannig að þær spilli ekki heildaráhrifum og gildi dagskrárliða enda sé tekið tillit til eðlilegra hléa í dagskrárliðum, lengdar og eðlis þeirra og réttinda rétthafa. Í 11. gr. er m.a. mælt fyrir um það að auglýsingar skuli aðeins vera í hléum í íþróttaþáttum og eru þröngar skorður settar við rofi á kvikmyndum, fréttaþáttum og barnatímum en rýmri skorður settar við rofi á t.d. léttum skemmtiþáttum. Vegna aukins samstarfs Evrópuríkja er þess að vænta að reglur og framkvæmd hér á landi verði með svipuðu sniði er fram líða stundir. Tekið skal fram í þessu tilliti að umboðsmenn neytenda á Norðurlöndum og Verðlagsstofnun hafa nýlega samþykkt sameiginlegar stefnumarkandi reglur um sjónvarpsauglýsingar og er það m.a. liður í því að samræma reglur á þessu sviði. Hafa þær reglur verið kynntar fyrir öðrum þjóðum EB og EFTA-ríkja. Þessar reglur eru enn sem komið er til leiðbeiningar og hafa ekki verið lögfestar á Norðurlöndum. Þær hafa verið kynntar rækilega, m.a. hér á landi. Þær eru byggðar á meginreglu löggjafarinnar um bannið við auglýsingum og öðrum söluaðferðum sem eru óhæfilegar gagnvart neytendum. Verða þessar reglur því hafðar til hliðsjónar við túlkun laganna hvað varðar sjónvarpsauglýsingar.

Í 3.–5. mgr. 22. gr. er sérstaklega fjallað um börn og auglýsingar. Þetta á sér fyrirmynd í 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um um auglýsingar í útvarpi og í ofangreindum, sameiginlegum, norrænum stefnumarkandi reglum um sjónvarpsauglýsingar. Þetta er víðtækara en ákvæði í reglunum og í reglugerð þar sem þetta ákvæði nær til allra auglýsinga almennt eftir því sem við getur átt. Útfæra mætti þessa grein nánar ef þurfa þykir í reglum sem gert er ráð fyrir að samkeppnisráð geti sett, sbr. 32. gr. frumvarpsins. Við setningu reglna á þessu sviði mætti taka mið af fyrrnefndum norrænum reglum um sjónvarpsauglýsingar en þar er í sérkafla sérstaklega fjallað um börn og auglýsingar í fjórum liðum og efnislega fjalla þær reglur að miklum hluta um börn. Einnig má benda á 13. gr. siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingastarfsemi og leiðbeiningar ráðsins við siðareglurnar.

Sem dæmi um það sem fallið getur undir 5. mgr. 22. gr. er ef auglýsing sýnir barn við stýri ökutækis eða að leik aftan við það.

Um 23. gr.

Greinin samsvarar 28. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Hér hefur verið lögfest almenn leiðbeiningar- og upplýsingaskylda við framboð vöru þjónustu og annars þess sem lögin taka til. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á þessari grein. Við túlkun hennar verður að hafa í huga að á ýmsum sviðum hafa myndast fastar venjur um það hversu ítarlegar upplýsingar og leiðbeiningar neytendum eru gefnar.

Í ákvæðinu er tekið fram að leiðbeiningarskyldan sé háð því að leiðbeininga sé þörf við mat á eiginleikum vörunnar eða þess sem í té er látið. Dæmi eru nefnd um eigin-

leika sem taldir eru skipta máli, svo sem notagildi, endingu, hættueiginleika og upplýsingar um meðferð. Þetta er einungis nefnt sem dæmi, aðrir eiginleikar geta einnig skipt miklu máli.

Skyldur þær, sem hér er kveðið á um, er unnt að uppfylla með ýmsum hætti. Eðlilegast er að nota vörumerkingar og notkunarleiðbeiningar með fjöldaframleiddum vörum. Í öðrum tilfellum er heppilegast að veita leiðbeiningar munnlega, t.d. svör við spurningum kaupenda. Er ekki ætlast til þess að meta þurfi einstaklingsbundnar þarfir kaupandans nema sérstakt tilefni væri til þess, s.s. upplýsingar hans sjálfs.

Grein þessi mælir ekki til almennrar skyldu til vörumerkinga en í mörgum tilfellum er upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu fullnægt samkvæmt þessari grein ef vörumerkingarskylda er uppfyllt. Ef kveðið er á um upplýsingaskyldu í sérlögum, t.d. löggjöf um merkingu lyfja og eiturefna, mun mat á þeim kröfum sem ákvæði þessarar greinar gera til upplýsingaskyldu ráðast af því hvernig ofannefnd fyrirmæli hinna ýmsu sérlaga í þessum efnum eru uppfyllt.

Þessi lagagrein á við á öllum sölustigum. Við mat upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu hvers sölustigs samkvæmt greininni verður að taka tillit til þeirra möguleika sem fyrir hendi eru á viðkomandi sölustigi til að veita nauðsynlegar leiðbeiningar.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 29. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Þessi lagagrein tekur bæði til ábyrgðaryfirlýsinga sem eru þáttur í stöðluðum samningsskilmálum og sjálfstæðra ábyrgðaryfirlýsinga sem talsvert eru notaðar, einkum við sölu heimilistækja og skyldra vara og fer það vaxandi.

Oft eru yfirlýsingar um ábyrgðir fremur yfirlýsingar um ábyrgðarleysi þar sem í þeim hefur oft falist lakari réttur en ákvæði laga kveða á um.

Samkvæmt þessu ákvæði má ekki takmarka ábyrgð frá því sem gildir samkvæmt almennum lögum um lausafjárkaup og samningalögum. Hefur hæstaréttardómur fallið sem skýrir ákvæðið þannig. Á það bæði við um ábyrgðartímann og einnig efnislega um ábyrgð almennt. Hún má ekki vera minni en eitt ár samkvæmt kaupalögum, 54. gr., og má ekki takmarkast efnislega frá því sem kveðið er á um í kaupalögum.

Mjög eðlilegt er að tryggja í lögum lágmarksrétt sem svarar til hinna frávíkjanlegu reglna í kaupalögum og hefur þessi grein uppfyllt það hlutverk hvað þetta varðar.

Við mat á því hvort ábyrgðaryfirlýsing veiti móttakanda hennar meiri rétt en ákvæði gildandi laga verður að líta á yfirlýsinguna í heild sinni. Ákvæði í ábyrgðarsamningum, sem takmarka ábyrgðina, eru þá væntanlega ógild, sbr. 40. gr. frumvarpsins.

Um 25. gr.

Þessi grein svarar til 30. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Notkun sérstakra auðkenna skipta mjög miklu máli í viðskiptum. Auðkenni greina starfsemi og vörur eða þjónustu fyrirtækja frá öðrum.

Slíkt ákvæði var fyrst sett í lög nr. 84/1933 en fyrir þann tíma fór um vernd slíkra auðkenna eingöngu eftir ákvæðum í firma- og vörumerkjalögum. Vernd auðkenna, sem veitt er með firma- og vörumerkjalögum, er háð ýmsum skilyrðum og nær því ekki alltaf nógu langt. Þrátt fyrir aukna sérlöggjöf á þessu sviði er enn þörf á því að hafa almenna samkeppnisreglu um vernd auðkenna.

Ákvæðið hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni sem annar á (firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt). Réttur til þessara auðkenna getur hvílt á sérlög-

gjöf, t.d. lögum um vörumerki, nr. 47/1968, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, lögum um gæðamerki, nr. 89/1935, breyting með lögum nr. 47/1968, VIII. kafli. En ákvæði þessarar greinar skipta máli um viðbótarvernd þá sem ofangreind sérlög veita auðkennum.

Rétturinn til að nota eigin auðkenni er með ákvæðum 2. málsl. greinarinnar takmarkaður á þann veg að óheimilt er að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Tekur þetta ákvæði til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málsl.

Rétt þykir að hafa þetta ákvæði áfram í íslenskri löggjöf en það kemur enn að gagni til fyllingar á vörumerkjavernd.

Um 26. gr.

Grein þessi svarar til 31. gr. gildandi laga og er óbreytt. Samkvæmt greininni er bannað að bjóða neytendum svokallaðan kaupbæti með vörum, þjónustu eða öðru því sem haft er á boðstólum.

Greininni er ekki ætlað að útiloka almennan verðafslátt og heldur ekki dagatöl eða aðrar smágjafir sem teljast lítils eða einskis virði og eru hluti af kynningarstarfi eða auglýsingu.

Það má velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að hafa sérstaka reglu um bann við kaupbæti þar sem hér er einungis verið að tala um eina tegund ólöglegra viðskiptaaðferða sem gæti fallið undir önnur ákvæði í kaflanum, 21. gr. eða jafnvel 20. gr., þar sem meginreglurnar eru. Rétt þykir þó að hafa áfram í lögum sérákvæði varðandi þetta atriði enda hefur slíkt ákvæði verið lengi í lögum og hefur reynslan sýnt að fyrirtæki freistast oft og einatt til að beita þessari aðferð við framboð vara sinna.

Rök fyrir banni við notkun kaupbætis í viðskiptalífinu eru tvenns konar. Í fyrsta lagi er hætta á því að með kaupbæti sé villt um fyrir neytendum og í öðru lagi eru viðbótargreiðslur þær, sem felast í kaupbæti, óviðkomandi þeim viðskiptum sem um er að ræða og því almennt fallnar til að hafa truflandi áhrif á markaðnum.

Hugtakið kaupbætir er ekki skilgreint í ákvæðinu. Svo hefur verið litið á varðandi þetta ákvæði að helstu einkenni hugtaksins liggi fyrir og jafnframt svigrúm til að móta það frekar.

Rétt er þó að benda á helstu einkenni hugtaksins. Segja má að kaupbætir sé sérhver sú viðbótargreiðsla (vara, þjónusta eða annað) sem bundin er við framboð aðalgreiðslunnar án þess að eðlileg tengsl séu þar á milli. Hér er því um að ræða að við sölu vara, þjónustu o.s.frv. sé neytendum látin í té án sérstaks endurgjalds önnur vara eða greiðsla.

Í greininni er sú takmörkun gerð að einungis er um löglegan kaupbæti að ræða við sölu til neytenda.

Kaupbætir getur verið fólginn í vörum, þjónustu, vinnuframlagi o.fl. Ekki skiptir máli við mat á því hvort viðbótargreiðslur falli undir ákvæði greinarinnar um kaupbæti þótt notuð hafi verið merki eða önnur skilríki er veita viðtakanda (handhafa) rétt til viðbótargreiðslu. Það er viðbótargreiðslan sjálf og tengsl hennar við aðalgreiðsluna sem máli skiptir. Ekki er unnt að líta öðruvísi á réttinn til viðbótargreiðslunnar en greiðsluna sjálfa.

Um 27. gr.

Grein þessi samsvarar 32. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Fjallar þessi grein um kaupbæti í formi merkis og því um líks. Samkvæmt aðalreglunni er óheimilt að bjóða neytendum gegn afhendingu merkis eða annars vottorðs sem afhent er við sölu vöru eða þjónustu eitthvað annað en peninga.

Samkvæmt þessari grein er það boðið sjálft sem er óheimilt. Það getur verið sá sem selur viðkomandi vöru er veitir boðið, t.d. smásali sem afhendir viðskiptavinum sínum vottorð í einhverri mynd sem hann skuldbindur sig til að innleysa í vörum. Boðið getur einnig verið veitt af framleiðanda. Slíkt boð getur komið fram á umbúðum vörunnar eða t.d. í auglýsingum.

Þessi skilríki og vottorð, sem ákvæðið á við um, geta verið af mörgum og ólíkum gerðum. Þetta geta t.d. verið merkimiðar sem eru festir við vöruna eða hlutar af umbúðum hennar.

Athuga verður að ókeypis afhending til heimila á merkimiðum sem gefa rétt á afslætti við kaup ákveðinnar vöru er ekki refsiverð. Sama gildir um merkimiða sem klipptir eru út úr auglýsingum í blöðum.

Skuli boð teljast óheimilt er gert ráð fyrir að vottorðið sé innleyst með öðru en peningum. Reglan á bæði við vottorð sem beint má skipta á og vörum og vottorð sem veita rétt til afsláttar við innkaup. Greinin tekur einnig til vottorða sem innleysa má annaðhvort með peningum eða vörum.

Í 2. mgr. er undantekning frá aðalreglunni. Undantekningin varðar skilríki eða merki sem aðeins veita rétt til eftirlits, viðgerðar eða því um líks á hinu selda.

Um 28. gr.

Grein þessi svarar til 34. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Eðlilegt er að hafa áfram ákvæði til að fyrirbyggja mútugjafir í lögum um samkeppnis- og viðskiptahætti enda hefur slíkt ákvæði verið lengi í íslenskri löggjöf.

Miðað er hér við að gjafir séu boðnar af hálfu einhverra í atvinnustarfsemi sem frumvarpið tekur til, sbr. 2. gr. og sá sem við tekur þarf ekki að vera starfsmaður atvinnurekanda er rekur slíka starfsemi. Gjafþegar geta því verið starfsmenn ýmissa annarra aðila en þeirra sem falla undir 2. gr. þessa frumvarps.

Hugrænu kröfurnar eru þannig að ákveðins tilgangs er krafist sem er að afla gefandanum eða öðrum forréttinda í viðskiptum eða hlunninda fram yfir aðra.

Gjafirnar eða hlunnindin, sem greinin tekur til, verða að vera fallin til þess að hafa áhrif á viðtakanda. Þessi takmörkun leiðir til þess að venjulegar tækifærisgjafir falla utan ákvæðisins.

Varðandi afstöðu þess aðila, sem starfsmaður starfar fyrir, er sú regla sett að sé gjöfin eða hlunnindin veitt með vitund hans fellur atferlið utan ákvæðisins. Í þessu tilliti er það sjónarmið látið ráða að múturnar séu einkum trúnaðarbrot gagnvart þeim aðila er viðtakandi starfar fyrir. Sé hins vegar litið á mútur fyrst og fremst sem ótilhlýðilega samkeppnisaðferð ætti vitneskja og jafnvel samþykki ekki að leysa undan ábyrgð.

Í 2. mgr. er tekið á því þegar gjafir eru gefnar eða hlunnindi eru veitt eftir að brotið hefur verið gegn starfsskyldum. Nauðsynlegt er að hafa slíkt ákvæði í lögum, m.a. af lagatæknilegum ástæðum, þar sem málum mun oft vera þannig háttað að gjöfum eða hlunnindum er lofað áður en verknaður er unninn en látið líta svo út sem um eftirfarandi umbun sé að ræða. Til þess að ávinningur falli undir þetta verður hann að geta talist óhæfilegur.

Um 29. gr.

Þessi grein er samsvarandi og 35. gr. gildandi laga og er hún óbreytt.

Í þessari grein eru ítarlegar reglur um vernd rekstrarleyndarmála. Eru þessar reglur reistar á því að fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þeirra hagsmuna sem felast í því að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi þeirra er snerta sérstaklega samkeppnisstöðu sé haldið leyndum, þ.e. að upplýsingum um þessa þætti sé haldið innan fyrirtækjanna.

Hagsmunir þeir, sem greinin verndar, eru atvinnuleyndarmál. Það hugtak er ekki skýrt í greininni né heldur rekstrar- og viðskiptaleyndarmál. Ekki eru skörp skil á milli þessara hugtaka og í einstöku leyndarmáli geta verið þættir úr þeim báðum. Rekstrarleyndarmál varða fremur tæknileg atriði. Þó að skilyrði fyrir einkaleyfi séu ekki uppfyllt getur verið um verndað rekstrarleyndarmál að ræða.

Verslunar- eða viðskiptaleyndarmál geta t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skrám yfir viðskiptavini, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl. Athuga verður að viðskiptaleyndarmál geta aldrei öðlast vernd samkvæmt einkaleyfisrétti, svo sem orðið getur um rekstrarleyndarmál þannig að þetta ákvæði er eina vernd þessa atriðis.

Almenn þekking og reynsla starfsmanns getur ekki fallið undir það að vera atvinnuleyndarmál. Til þess að svo sé þarf að liggja fyrir þekking sem er sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skiptir máli fyrir starfsemina.

Það verður að gera þær kröfur til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar samkvæmt greininni að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækis eða það liggi í hlutarins eðli.

Um atvinnuleyndarmál getur verið að ræða enda þótt fleiri en eigandi eða stjórnandi viti um það. En eftir því sem fleiri sem ekki eru háðir þagnarskyldu þekkja atvinnuleyndarmál leikur meiri vafi á um hvort hagsmunirnir eru þess eðlis að þeir eigi að njóta verndar sem atvinnuleyndarmál.

Varðandi mat á því hvað telja beri atvinnuleyndarmál kemur við sögu hugtak sem kallast á erlendu máli „know-how“. Mörk þess hugtaks eru ekki skýr en segja má að það sé eins konar millistig milli atvinnuleyndarmála og almennrar tækniþekkingar. „Know-how“ hefur skipt mestu máli á iðnaðarsviðinu. Ef „know-how“ felur í sér atvinnuleyndarmál nýtur það verndar samkvæmt ákvæðinu annars ekki.

Í 1. mgr. greinarinnar er svo kveðið á að óheimilt sé að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum. Þessi málsgrein beinist að þeim sem aflar sér eða reynir að afla sér upplýsinga um atvinnuleyndarmál annars. Iðnaðarnjósnir falla hér undir. Ákvæðið tekur bæði til utanaðkomandi aðila og starfsmanna í viðkomandi fyrirtæki.

Aðferðin, sem notuð er til þess að afla sér upplýsinga um atvinnuleyndarmál, verður að teljast ótilhlýðileg til þess að málsgreinin taki til háttseminnar.

Í 2. mgr. er lögð þagnarskylda á þá sem eru í tengslum við viðkomandi starfsemi sem starfsmenn eða í félagsskap við aðra. Þagnarskyldan á að haldast í þrjú ár eftir að störfum lýkur.

Í 3. mgr. er lögð þagnarskylda á þá sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum o.þ.h. Samkvæmt ákvæðinu er ekki nauðsynlegt að uppdrættir þeir eða annað það sem ætlunin er að vernda séu atvinnuleyndarmál. Undir málsgreinina getur fallið „know-how“ sem ekki er atvinnuleyndarmál. Hér er ekki miðað við leyndina sem slíka heldur eru talin í málsgreininni öll þau andlög sem njóta verndar.

Samkvæmt ákvæði í 4. mgr. verður sá — í hugrænu tilliti — sem notfærir sér atvinnuleyndarmál að vita að um er að ræða atvinnuleyndarmál eða þau atriði sem um ræðir í 3. mgr. og að upplýsinga um þau eða umráða yfir þeim hafi verið aflað með því að brotið hafi verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr.

Um 30. gr.

Þetta ákvæði svarar til 36. gr. gildandi laga og er það óbreytt.

Vegna þess að sérstök ákvæði um útsölur hafa lengi verið hér í löggjöf og útsölur eru algeng verslunaraðferð hér þykir rétt að hafa áfram sérstakt ákvæði um þetta efni. Annars staðar á Norðurlöndum eru hins vegar engin sérákvæði í lögum um útsölur heldur eru ákvæði um bann við villandi upplýsingum látin nægja.

Aðaláhersla þessa ákvæðis er að tryggja rétt kaupenda.

Tilgangur með lagagreininni er sá að koma í veg fyrir að neytendur séu blekktir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur. Þannig njóta keppinautar einnig verndar.

Samkvæmt 1. mgr. má því aðeins auglýsa eða tilkynna útsölu eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði að um raunverulega verðlækkun sé að ræða og einnig skal þess getið með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var. Verðlækkun verður að felast í því að seljandi bjóði vöru á lægra verði en hann selur sams konar vöru venjulega á. Hafi verð verið hækkað í þeim tilgangi að geta síðan auglýst verðlækkun mundi slík auglýsing teljast villandi og fellur því undir 21. gr. frumvarpsins. Ekki er þess krafist að nein ástæða sé tilgreind fyrir verðlækkuninni.

Samkvæmt lagagreininni má halda útsölur hvenær sem er og engar ástæður þarf að tilgreina fyrir þeim.

Þetta ákvæði á umfram allt að tryggja það að um raunverulega verðlækkun sé að ræða og að kaupendur geti áttað sig á verðmuninum.

Í 2. mgr. er sá réttur kaupenda tryggður enn frekar.

Um 31. gr.

Þessi grein svarar til 37. gr. gildandi laga og er hún óbreytt.

Samkvæmt 1. mgr. er bannað að nota alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi og önnur hliðstæð auðkenni til þess að merkja vörur hvort sem þær eru þannig merktar sjálfar eða umbúðir þeirra eða miðar með þeim. Slík merki er einnig bannað að nota í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.

Ákvæði í 3. mgr. eiga tvímælalaust heima í lögum um óréttmæta viðskiptahætti þar sem tilgangur reglnanna er að koma í veg fyrir að villst verði á íslenskum og erlendum vörum vegna ýmiss konar íslenskra auðkenna sem sett hafa verið á erlendu vörurnar. Rétt er að hafa þetta ákvæði áfram, sérstaklega vegna þess að ekki er víst að tilvik, sem falla undir þessa málgrein, falli undir 21. gr. frumvarpsins um villandi upplýsingar.

Um 32. gr.

Grein þessi er nýmæli.

Lagagreinin gerir ráð fyrir því að samkeppnisráð geti sett nánari reglur til fyllingar 20.–23. gr. frumvarpsins. Er þetta eðlilegt þar sem þau ákvæði eru víðtæk og því eðlilegt að settar séu nánari reglur um þau á hinum ýmsum sviðum atvinnulífsins. Með heimild í þessari lagagrein ætti einnig að verða auðveldara fyrir stjórnvaldið samkvæmt lög-

unum að uppfylla það hlutverk sitt að vera til leiðbeiningar um það hvað séu góðir viðskiptahættir skv. 20. gr. frumvarpsins og móta þá stefnu.

Hér er gert ráð fyrir því að samkeppnisstofnun ráðgist við hlutaðeigandi aðila áður en slíkar reglur eru settar. Eðlilegt er að leyfa atvinnurekendum sjálfum að koma með sínar tillögur við samningu slíkra reglna eftir því sem kostur er. Oft á tíðum vita atvinnurekendur sjáfir best hvernig viðskiptavenjur eru og hafa mótast í viðkomandi atvinnugrein. En oft geta viðskiptavenjur hafa mótast þannig að ástæða er að breyta þeim. Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð bera endanlega ábyrgð á slíkum reglum og ber þeim að framfylgja þeim. Ef ekki er farið eftir slíkum settum reglum brýtur það í bága við góða viðskiptahætti, sbr. 20. gr. eða þá lagagrein sem við á hverju sinni, 20.–23. gr.

Er ætlunin með þessari lagagrein að móta betur hvað telja beri góða viðskiptahætti, sbr. 20. gr., og gefa út leiðbeinandi reglur þannig að komið sé t.d. í veg fyrir að upplýsingar í auglýsingum séu villandi, sbr. 21. gr., og leiðbeiningar um eiginleika vöru.

Um 33. gr.

Í 45. gr. í gildandi lögum eru heimildarákvæði til handa Verðlagsstofnun að setja reglur um verðmerkingar og verðskrár. Heimildir stofnunarinnar eru víðtækar og hafa samkvæmt þeim verið settar reglur um verðmerkingar. Eru reglurnar almenns eðlis auk þess sem settar hafa verið reglur um verðmerkingar hjá nokkrum greinum verslunar og þjónustu.

Samkvæmt 33. gr. frumvarpsins eru fyrirtæki skylduð að lögum til að verðmerkja vörur eða þjónustu sem seld er til neytenda þannig að auðvelt sé fyrir þá að sjá verðmerkinguna. Jafnframt getur samkeppnisstofnun sett nánari fyrirmæli um verðmerkingar með opinberri tilkynningu. Með lagagreininni er vísað til verðupplýsinga til neytenda enda er litið svo á að atvinnurekendur hafi aðrar og betri forsendur til að afla þeirra verðupplýsinga sem þeir þarfnast.

Um 34. gr.

Það er eitt af grundvallarskilyrðunum fyrir virkri samkeppni að kaupendur geti sjálfir áttað sig og haft nægilega yfirsýn yfir markaðinn. Það er ekki nóg að tryggja nægilegt framboð á markaðnum með því t.d. að uppræta samkeppnishömlur þegar viðskiptavinir vegna skorts á yfirsýn hafa ekki forsendur til að meta eða taka afstöðu til hinna ólíku tilboða á markaðnum.

Fyrirmælunum í 34. gr. sem samkeppnisstofnun getur gefið fyrirtækjum er ætlað að auðvelda bæði neytendum og fyrirtækjum að efla yfirsýn um markaðinn. Fyrirmælin geta falist í skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika vöru og þjónustu og hvernig vara skuli mæld, vegin og flokkuð. Samkeppnisstofnun getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

Þær reglur, sem hér er fjallað um, ná ekki aðeins til upplýsinga til neytenda heldur til allra aðila á markaðnum.

Um 35. gr.

Í 14. gr. gildandi laga er fjallað um tilkynningarskyldu markaðsráðandi fyrirtækja og ákvarðanir sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Í 16. gr. laganna er tekið fram að Verðlagsstofnun skuli halda skrá yfir tilkynningar sem berast skv. ákvæðum 14. gr. og skuli hún vera aðgengileg öllum þeim sem óska eftir að kynna sér tilkynningarnar í skránni.

Ákvæðum þessara greina hefur í litlum mæli verið framfylgt. Er það margra mat að tilkynningar um samkeppnishömlur, sem þannig berast samkeppnisyfirvöldum, séu síst þær sem greina frá mikilvægum samningum um samkeppnishömlur. Er víða reynsla fyrir því að slík skrá sem vísað er til í 16. gr. fylgi mikil skriffinnska en skili í raun takmörkuðum upplýsingum um markaðinn til aðila markaðarins.

Í lagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir tilkynningarskyldu fyrirtækja um samkeppnishömlur, sjá þó 2. mgr. 13. gr., 18. gr. og 4. mgr. 38. gr. Hins vegar er gert ráð fyrir að við framkvæmd laganna geti samkeppnisstofnun skv. 35. gr. birt opinberlega upplýsingar um samninga, skilmála og athafnir sem hafa eða er ætlað að hafa þau áhrif að hamla samkeppni.

Opinber upplýsingamiðlun er mikilvægur þáttur í nútíma samkeppnisstefnu. Þess vegna er nauðsynlegt að samkeppnisstofnun hafi rúmar heimildir til að birta opinberlega upplýsingar um samkeppnishömlur samkvæmt því sem að framan segir. Það verður háð mati samkeppnisyfirvalda hvaða upplýsingar þau telja nauðsynlegt að birta til að sinna markmiðum samkeppnislaga. Þó er hafður sá fyrirvari að tekið skuli tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja til að halda leyndum viðskiptalegum og tæknilegum upplýsingum, þ.e. að ekki skuli birta slíkar upplýsingar opinberlega.

Um 36. gr.

Í 13. gr. gildandi laga eru ákvæði svipaðs efnis og í þessari grein. Tilgangurinn með henni er, eins og segir í greininni og vísar í raun til alls VII. kafla frumvarpsins, að stuðla að og efla virka samkeppni. Skal það gert með öflun upplýsinga um verð, verðmyndun og önnur viðskiptakjör og skal birta niðurstöður eftir því sem ástæða þykir til. Að baki þessu liggur að auka gagnsæi á markaðnum. Því gagnsærri sem markaðurinn er því betri forsendur eru fyrir virkri samkeppni.

Þessari grein er ekki síst ætlað að auka upplýsingamiðlun til neytenda þannig að þeir geti veitt fyrirtækjum nauðsynlegt aðhald.

Um 37. gr.

Almenn ákvæði um verðstöðvun, hámarksverð, hámarksálagningu og aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör eru í meginatriðum í mótsögn við markmið og tilgang samkeppnislaga. Þó geta mál þróast með þeim hætti að nauðsynlegt kunni að vera að geta gripið til slíkra aðgerða. Það á einkum við ef skyndilegar og óvæntar breytingar á ytri aðstæðum ógna jafnvæginu í efnahagsmálum þjóðarinnar og leiða til óeðlilegra breytinga á verðlagi. Til að grípa til aðgerða þegar slík hætta steðjar að getur Alþingi sett sérstök lög til að beita við fyrrgreindar aðstæður. Það hefur hins vegar verið horfið til þess ráðs að setja sérstaka grein í samkeppnislögin sem heimilar ríkisstjórninni að ákveða tímabundna verðstöðvun, hámarksverð og hámarksálagningu eða aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör ef neyðarástand skapast af óvæntum eða utanaðkomandi aðstæðum, svo sem vegna nátturuhamfara, styrjaldarástands eða vegna óvenjulegra verðsveiflna á innlendum og erlendum mörkuðum.

Setning sérstakra laga, ef áðurgreindar hættur steðja að, getur verið of seinvirk þar eð þurft getur að grípa til aðgerða með mjög skjótum hætti. Er því nauðsynlegt að þetta heimildarákvæði sé í lögum.

Á það er lögð áhersla að einungis verði unnt að grípa til ákvæða skv. 37. gr. til að koma í veg fyrir óeðlilegar breytingar á verðlagi vegna mikils ójafnvægis við skyndilegar breytingar í efnahagsmálum umheimisins eða skyndibreytingar á stöðu innlends þjóðarbúskapar.

Hér skal vísað til þess sem oft hefur áður komið fram í umræðu um verðlagsákvæði að ávinningur af þeim minnkar eftir því sem þau eru látin gilda lengur. Hins vegar eykst skaðsemin af verðlagsákvæðum á virka samkeppni eftir því sem þau eru látin gilda lengur. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir að aðgerðir ríkisstjórnar skv. 37. gr. geti staðið lengur en í þrjá mánuði án þess að Alþingi samþykki þingsályktun þar að lútandi.

Um 38. gr.

Við athugun einstakra mála getur samkeppnisstofnun krafið þá sem lögin taka til um allar þær upplýsingar sem nausynlegar þykja.

Í 6. gr. gildandi laga er ákvæði svipaðs efnis. Þetta ákvæði í 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins er nauðsynlegt við upplýsingaöflun fyrir samkeppnisstofnun þegar hún er að rannsaka mál sem grunur leikur á að tengist óréttmætum eða ólögmætum samkeppnishömlum. Upplýsingar er unnt að veita munnlega eða skriflega og skal veita innan hæfilegs frests sem samkeppnisstofnun setur.

Á sama hátt og í 1. mgr. 38. gr. getur samkeppnisstofnun skv. 2. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Það kann að reynast nauðsynlegt að yfirvöld fái í hendur frumgögn eða ljósrit af þeim. Getur verið um að ræða tölvugögn, bréfaskriftir og annað.

Í 3. mgr. segir að samkeppnisstofnun geti í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra. Ákvæði sama efnis er í 2. mgr. 6. gr. gildandi laga. Samkvæmt þessu ákvæði á þagnarskylda annarra stjórnvalda ekki að hindra samkeppnisstofnun í athugunum sínum og á hún m.a. rétt á að skoða og athuga skjöl og önnur gögn sem eru í vörslu viðkomandi stjórnvalda. Þetta á samkeppnisstofnun rétt á að gera hvort sem það þjónar hagsmunum eða starfsmarkmiðum þeirra stjórnvalda sem hafa skjölin eða gögnin í vörslu sinni eða ekki.

Samkvæmt 4. mgr. 38. gr. getur samkeppnisstofnun skyldað þá aðila sem um getur í 1. mgr. til að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laganna. Getur stofnunin gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu. Þetta ákvæði nýtist samkeppnisyfirvöldum við almennt eftirlit með samkeppnisháttum, annaðhvort einstakra markaðsráðandi fyrirtækja eða í greinum þar sem sérstök ástæða er til eftirlits. Þetta er gert án þess að um ástæður til gruns um óréttmætar eða ólögmætar samkeppnishömlur sé að ræða. Upplýsingaskyldan getur náð til einstaks fyrirtækis eða hóps af fyrirtækjum og er nauðsynleg til að upplýsa samkeppnisyfirvöld, almennt eða um einstök atriði.

Um 39. gr.

Þessi grein er nýjung í samkeppnislögum. Er litið svo á að við rannsókn máls og þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða ákvörðunum sem teknar hafa verið samkvæmt þeim sé nauðsynlegt að samkeppnisstofnun geti komið óvænt á starfsstað fyrirtækis og lagt hald á gögn. Gögn, sem sýna samráð, samvinnu og athafnir sem eru brot á bannákvæðum laganna, geta verið í formi bréfaskrifta, minnispunkta eða með öðrum óformlegum hætti. Til að koma í veg fyrir að slíkum gögn-

um sé skotið undan eða þau eyðilögð er nauðsynlegt að geta komið í skyndiheimsókn á starfsstað fyrirtækis til að leggja hald á gögnin til rannsóknar.

Um 40. gr.

Hér er kveðið á um að samningar, sem brjóta í bága við bannákvæði laganna, séu ógildir. Er hér átt við bannákvæðin í IV. og VI. kafla frumvarpsins.

Um 41. gr.

Hér er mælt fyrir um þagnarskyldu þeirra sem framfylgja eiga lögunum um þau atriði sem leynt eiga að fara. Jafnframt mega þeir sem af hálfu stjórnvalda eiga að taka þátt í úrlausn mála sem lögin taka til ekki eiga persónulegra hagsmuna að gæta. Viðkomandi stjórnvald sker úr um hvort um slíka hagsmuni er að ræða.

Um 42. gr.

Hér er kveðið á um að samkeppnisráð geti bannað athafnir sem brjóta í bága við 20., 21. og 22. gr. laganna, en þær eru í VI. kafla frumvarpsins, „eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum“. Í 20. gr. er bannað að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti. Í 21. gr. segir að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem frumvarpið tekur til. Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála. 22. gr. fjallar um auglýsingar og vernd barna gagnvart auglýsingum. Ef banni er ekki hlítt getur samkeppnisráð lagt á dagsektir.

Áður en bann er lagt á skal samkeppnisstofnun reyna að ná sáttum.

Um 43. gr.

Grein þessi fjallar um úrræði samkeppnisráðs gagnvart fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem brjóta gegn bannákvæðum laganna eða brotum gegn ákvörðunum sem byggðar eru á þeim. Getur ráðið beitt stjórnvaldssektum nema brot sé óverulegt eða ef ekki er talin þörf á slíku. Með stjórnvaldssekt er átt við fésekt sem ákvörðuð er af samkeppnisráði og rennur hún í ríkissjóð.

Við ákvörðun stjórnvaldssektar skal taka mið af þeim skaða sem samkeppnishömlur hafa valdið og þeim ávinningi sem þær hafa haft í för með sér. Þó má sekt ekki nema hærri upphæð en nemur 10% af veltu sl. almanaksárs hjá hverju einstöku brotlegu fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja.

Ákvörðun samkeppnisráðs má skjóta til áfrýjunarnefndar, sbr. 9. gr. frumvarps þessa.

Hér er um nýmæli að ræða í íslenskri löggjöf, en ákvæðið er sniðið eftir þeirri löggjöf sem væntanlega mun gilda innan EES og gildir nú í ríkjum EB.

Um 44. gr.

Hér er kveðið á um dagsektir sem samkeppnisráð getur ákveðið ef ekki er farið að ákvörðun samkvæmt frumvarpinu. Með dagsektum er átt við févíti sem er sekt til að knýja fram efndir. Greiða skal tiltekna fjárhæð fyrir hvern dag sem líður án þess að til-

tekinni skuldbindingu sé fullnægt. Dagsektir eru ekki refsing heldur óbein þvingunaraðferð.

Ákvörðun um dagsektir ber að tilkynna á sannanlegan hátt, t.d. með ábyrgðarbréfi eða staðfestu símskeyti.

Um 45. gr.

Hér er kveðið á um 14 daga frest til áfrýjunar ákvörðunar um dagsektir til áfrýjunarnefndar. Dagsektir reiknast ekki fyrr en að áfrýjunarfresti liðnum. Ef áfrýjað er til áfrýjunarnefndar reiknast dagsektir ekki fyrr en niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir.

Um 46. gr.

Hér er kveðið á um að úrskurður áfrýjunarnefndar verði að liggja fyrir áður en unnt er að höfða mál vegna ákvörðunar samkeppnisráðs eða samkeppnisstofnunar.

Um 47. gr.

Hér er fjallað um að unnt er að höfða mál fyrir dómstólum til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndar. Um meðferð dómstóla á ákvörðunum áfrýjunarnefndar er það að segja að þeir geta að sjálfsögðu úrskurðað um öll atriði er lúta að lögmæti ákvarðana. Að því er varðar réttmæti ákvarðana áfrýjunarnefndar eða meðferð lögleyfðs valds verða dómstólar að skera úr um hversu langt þeir telja úrskurðarvald sitt ná í þeim efnum en það kann að reynast mismunandi eftir tegund og eðli ákvörðunar.

Um 48. gr.

Hér er mælt fyrir um viðurlög við brotum gegn ákvæðum frumvarpsins og reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Refsiákvæðum þessum svipar til gildandi ákvæða um þessi efni í lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Samkvæmt greininni er það aðalreglan að mælt er fyrir um að brot varði fjársektum. Við miklar sakir eða ítrekað brot er þó heimilt að beita refsivist, þ.e. fangelsi eða varðhaldi. Þar sem brot gegn ákvæðum frumvarps þessa munu oftast vera þess eðlis að brotamaður hefur aflað sér fjár með brotinu er hér vísað til 49. gr. almennra hegningarlaga sem mælir fyrir um að í slíkum tilvikum megi, þegar sérstaklega stendur á, dæma fjársekt jafnframt refsivist sem við brotinu kann að liggja.

Við framkvæmd ákvæða frumvarpsins reynir mjög á skýrslugjöf til þeirra aðila sem framkvæmdina munu hafa með höndum, sbr. t.d. 38. gr. Röng skýrslugjöf er refsiverð skv. XV. kafla almennra hegningarlaga er fjallar um rangan framburð og rangar sakargiftir.

Önnur viðurlög samkvæmt greininni geta verið réttindasvipting um tiltekinn tíma eða ævilangt, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, og upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Sektum má beita hvort heldur er gagnvart einstaklingi eða lögaðila. Ber lögaðili ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til þess að greiða.

Um 49. gr.

Hér er kveðið á um að viðurlög skv. 42., 43. og 44. gr., sbr. 18. gr., og sakarkostnaður séu aðfararhæf. Með aðför er átt við fógetagerð sem framkvæmd er til þess að knýja fram efndir.

Áfrýjun ákvörðunar samkeppnisstofnunar eða samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar frestar aðför þar til úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

Framkvæmd aðfarar samkvæmt úrskurði samkeppnisstofnunar, samkeppnisráðs eða áfrýjunarnefndar skal vera skv. 13. kafla aðfararlaga og skal kveða gerðarþola fyrir héraðsdóm.

Um 50. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Til að taka af öll tvímæli er hér kveðið á um að starfsfólk Verðlagsstofnunar flytjist til samkeppnisstofnunar ef það kýs að halda áfram störfum. Ákvæði laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna varðandi biðlaun, þegar staða eða stofnun er lögð niður, eiga því ekki við.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til samkeppnislaga.

Með frumvarpinu er sett ný löggjöf um samkeppni á markaði í stað núgildandi laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Markmið þess er að efla virka samkeppni á markaði.

Fjármálaráðuneytið telur að frumvarpið hafi í för með sér óverulegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Samkvæmt frumvarpinu fækkar fulltrúum í verðlagsráði, sem framvegis skal heita samkeppnisráð, úr níu í fimm. Á móti kemur skipun sérstakrar þriggja manna áfrýjunarnefndar. Þá munu tvær þriggja manna ráðgjafarnefndir starfa með samkeppnisráði, en greiðsla til nefndarmanna fer eftir fjölda funda og er ekki reiknað með miklum fundahöldum á vegum þeirra. Þá er ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði við rekstur Verðlagsstofnunar sem mun framvegis heita samkeppnisstofnun.

Sú stefna að leggja aukna áherslu á virkt samkeppniseftirlit í stað beins verðlagseftirlits er líkleg til að breyta starfsemi Verðlagsstofnunar (samkeppnisstofnunar) verulega á komandi árum. Aukið samkeppniseftirlit krefst sérmenntaðra lögfræðinga og viðskiptafræðinga en á móti mun fækka verulega í hinu fjölmenna starfsliði stofnunarinnar sem sinnir beinu verðlagseftirliti.

750. Svar [354. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

1. Hverjar eru þær aflaheimildir sem Hagræðingarsjóður hefur til ráðstöfunar á yfir-

standandi fiskveiðiári skv. 5. gr. laga nr. 40/1990, sundurliðaðar eftir fisktegundum og umreiknaðar í þorskígildi?

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, skyldi sjóðurinn árlega fá úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á næstliðnu fiskveiðiári vegna álags á aflamark við útflutning á óunnum fiski. Aflaheimildir þessar skyldu þó aldrei vera meiri en 12.000 þorskígildislestir.

Við ákvörðun á úthlutun aflaheimilda til Hagræðingarsjóðs á þessu fiskveiðiári var tekið mið af álagi vegna útflutnings á óunnum fiski á tímabilinu 1. september 1990 til 31. ágúst 1991 eða á síðasta 12 mánaða tímabili fyrir upphaf yfirstandandi fiskveiðiárs sem er fyrsta heila fiskveiðiárið eftir að lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, komu til framkvæmda. Á áðurnefndu 12 mánaða tímabili féllu niður 11.400 þorskígildislestir af botnfiski vegna álags á aflamark við útflutning á óunnum fiski. Þessar heimildir skiptast á eftirfarandi hátt á milli tegunda: Þorskur 4.205 lestir, ýsa 2.805 lestir, ufsi 1.311 lestir, karfi 4.044 lestir, grálúða 532 lestir og skarkoli 922 lestir.

2. Hvernig skiptast aflaheimildir skv. 1. tölul. reiknað í þorskígildum milli einstakra skipa og báta, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 4/1992?

Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 4/1992, um breyting á lögum nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, hefur aflaheimildum sjóðsins á þessu fiskveiðiári verið úthlutað til fiskiskipa í samræmi við aflahlutdeild hvers skips af þeim tegundum sem sjóðurinn fékk úthlutað. Á þessu fiskveiðiári hafa alls 2.628 fiskiskip og bátar leyfi til veiða í atvinnuskyni. Af þeim eru 1.126 bátar minni en 6 brl. með leyfi til veiða með línu og handfærum auk dagatakmarkana. Skip og bátar með aflahlutdeild eru því 1.502. Öll aflahlutdeild hefur verið flutt af 171 bát og fengu þeir bátar því enga úthlutun af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs. Sama á við um 173 báta sem hefðu fengið minna en sem nemur 100 þorskígildiskílóum. Var þetta lágmark sett þar sem lágmarksgjald, sem útgerð fiskiskips þarf að greiða vegna tilkynningar um aflamark, er eins og kunnugt er 1.000 kr. Alls voru það því 1.158 fiskiskip og bátar sem fengu úthlutað þeim 11.400 þorskígildislestum sem Hagræðingarsjóður hafði til ráðstöfunar á þessu fiskveiðiári.

3. Hvers vegna er ákveðið í 7. gr. reglugerðar nr. 89/1992 að forkaupsréttur útgerða fiskiskipa falli niður ef samanlagðar aflaheimildir, sem útgerð fiskiskipa á forkaupsrétt á, eru minni en 7 þorskígildislestir og hvers vegna er ekki miðað við 3 þorskígildislestir eins og var skv. 9. gr. reglugerðar nr. 156/1991?

Hagræðingarsjóður skal sinna tveimur meginhlutverkum. Annars vegar skal sjóðurinn greiða úreldingarstyrki vegna fiskiskipa sem hverfa endanlega úr rekstri og hins vegar fær sjóðurinn úthlutað aflaheimildum sem sjóðnum er falið að selja og verður andvirði þeirra frá og með næsta fiskveiðiári nýtt til að standa undir hluta af rekstrarkostnaði Hafrannsóknastofnunar. Þótt sjóðnum verði ekki úthlutað aflaheimildum í þessu skyni fyrr en í upphafi næsta fiskveiðiárs var tekin sú ákvörðun að gefa út reglugerð nú um alla þætti í starfsemi sjóðsins, þar á meðal um ráðstöfun á aflaheimildum sjóðsins. Engu að síður er ljóst að gefa þarf út nýja reglugerð fyrir upphaf næsta fiskveiðiárs þar sem sum ákvæði reglugerðarinnar gilda einungis fyrir þetta fiskveiðiár.

Hvað varðar forkaupsrétt til fiskiskipa er ráðherra skv. 6. gr. laganna heimilt að ákveða lágmark þeirra aflaheimilda sem hann nær til. Í reglugerðinni er þetta lágmark sett við 7 þorskígildislestir. Miðað við aflaheimildir þessa árs hefði þessi regla í för með sér að 346 fiskiskipum yrði boðinn forkaupsréttur að aflaheimildum sjóðsins en ef lágmark-

ið væri 3 þorskígildislestir fengju 465 fiskiskip forkaupsréttinn. Það hlýtur ávallt að vera matsatriði hvar draga eigi slík mörk en tilgangur þess að setja lágmark hlýtur að vera að einfalda alla framkvæmd við ráðstöfun á aflaheimildum sjóðsins. Hins vegar ber að benda á það að samkvæmt lögum sjóðsins á að bjóða forkaupsrétt að heimildum sjóðsins á verði er tekur mið af gangverði sams konar heimilda þannig að ekki er um það að ræða að verið sé að niðurgreiða heimildir sjóðsins á neinn hátt.

4. Hvað er áætlað að þær aflaheimildir, mældar í þorskígildislestum, verði samtals á næsta fiskveiðiári sem forkaupsréttur fellur niður á skv. 7. gr. reglugerðar nr. 89/1992 og hvernig verður þeim aflaheimildum ráðstafað?

Á næsta fiskveiðiári verður Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins úthlutað 12.000 þorskígildislestum af botnfiski. Aflaheimildum sjóðsins verður skipt á milli einstakra tegunda í hlutfalli við verðmæti þeirra í leyfilegum botnfiskafla.

Aflaheimildum sjóðsins verður ráðstafað með þrennum hætti. Í fyrsta lagi gefst byggðarlögum, sem höllum fæti standa vegna sölu fiskiskips úr byggðarlaginu, kostur á að fá framseldan til sín hluta af aflaheimildum sjóðsins. Í öðru lagi verður útgerðum fiskiskipa boðinn forkaupsréttur að aflaheimildum sjóðsins í samræmi við aflahlutdeild hvers skips í þeim tegundum sem sjóðurinn fær úthlutað. Áður en útgerðum verður boðinn forkaupsréttur liggur fyrir hvort og að hve miklum aflaheimildum forkaupsréttur verður boðinn til sveitarfélaga. Verði forkaupsréttur t.d. boðinn að 1.000 þorskígildislestum til sveitarfélaga verða því 11.000 þorskígildislestir boðnar til fiskiskipa. Í þriðja lagi verða þær aflaheimildir, sem forkaupsréttur verður ekki nýttur að, boðnar út til hæstbjóðanda. Samkvæmt reglugerð um Hagræðingarsjóð gefst útgerðum þriggja vikna frestur til að nýta forkaupsréttinn. Verði andvirði heimildanna ekki greitt innan þessara þriggja vikna fellur forkaupsrétturinn niður og verða þær þá boðnar út til hæstbjóðanda. Sama á við um þær heimildir sem kunna að hafa verið boðnar sveitarfélögum án þess að þau hafi nýtt sér forkaupsréttinn.

Á þessari stundu er ekki hægt að segja til hvernig forkaupsréttur að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs verður nýttur við upphaf næsta fiskveiðiárs. Margir þættir geta haft þar áhrif á eins og ákvörðun um verð á þessum heimildum, ákvörðun heildarafla fyrir næsta fiskveiðiár, hvort og þá hve miklar aflaheimildir heimilt verður að flytja á milli fiskveiðiára og fiskigengd, svo að einhver atriði séu nefnd.

751. Fyrirspurn [487. mál]

til dómsmálaráðherra um fíkniefnaneyslu í landinu.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hefur ríkisstjórnin uppi einhver ný áform til að uppræta fíkniefnaneyslu í landinu?

752. Fyrirspurn [488. mál]

til samgönguráðherra um öryggismál sjómanna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvers vegna hafa ekki enn verið settar starfsreglur fyrir rannsóknarnefnd sjóslysa svo sem boðað er í lögum nr. 21/1986?
2. Hefur að dómi ráðherra tekist að færa rannsóknir á sjóslysum „í nútímalegt horf“ eins og stefnt var að með breytingu á siglingalögum 1986, t.d. með því að haga þeim eins og gert er þegar flugslys verða?
3. Telur ráðherra koma til greina — einkum í ljósi tíðra sjóslysa að undanförnu — að herða varúðarreglur við siglingar skipa þannig að aldrei verði færri en tveir menn á vakt í brúnni hverju sinni?

753. Svar [348. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um vanskil á staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars.

1. *Hver eru samtals vanskil á staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars:*
   a. af launum ársins 1990 eða eldri,
   b. af launum ársins 1991,
   c. af launum í janúar 1992,
   sundurliðað eftir mánuðum og innheimtumönnum?

Til að fá marktæka mynd af stöðu innheimtumála þarf að sundurliða þá kröfu sem til innheimtu er í höfuðstól, dráttarvexti og viðurlög. Sama þarf og að gera við innheimtu og eftirstöðvar og reikna þær stærðir í hlutfalli við álagningu. Í spurningunni er óskað eftir upplýsingum um vanskil á staðgreiðslu í 49 mánuði hjá u.þ.b. 30 innheimtuaðilum. Alls má reikna með að upplýsingar þessar mundu fylla nálega 50 bls., þ.e. eina síðu fyrir hvern mánuð.

Svo mikil sundurliðun eftir tímabilum er vinnufrek og hefur auk þess lítið upplýsingagildi umfram það sem lesa má úr yfirlitum yfir hvert ár um sig. Eru því slíkar töflur látnar nægja og þess vænst að þær veiti þær upplýsingar sem eftir er leitað.

Við mat á innheimtu þarf að mörgu að gæta. Tvö atriði, þ.e. dráttarvextir og gjaldþrot, geta sérstaklega haft áhrif og gert mælingu innheimtuárangurs ónákvæma. Af þeim sökum eru álagningar- og innheimtutölur greindar í sundur í höfuðstól og annað sem felur í sér dráttarvexti og viðurlög. Á heildaryfirliti eru álagningar- og innheimtutölur sýndar með og án þeirra fyrritækja sem eru í gjaldþrotaskiptum við gerð eftirlitsins.

Álagning staðgreiðslu á árinu 1988–1991 er samtals 113,1 milljarður kr. án viðurlaga og dráttarvaxta. Af þessum höfuðstól hafa verið innheimtir 111 milljarðar kr. eða 98,1%. Eftirstöðvar af höfuðstól eru 2,1 milljarður kr.

Eftirfarandi tafla sýnir höfuðstól álagningar og innheimtu af honum ár hvert:

Ár	Álagning m.kr.	Innheimta m.kr.	Innheimtu hlutfall %
1988	20,7	20,3	98,5
1989	25,0	24,6	98,5
1990	30,8	30,3	98,5
1991	36,7	35,7	97,2
Samtals	**113,1**	**111,0**	**98,1**

Af álögðum höfuðstól eru um 6,2 milljarðar kr. hjá fyrirtækjum sem eru í gjaldþrotaskiptum og eru óinnheimtar eftirstöðvar um 1 milljarður kr. Án þeirra fyrirtækja er álagður höfuðstóll staðgreiðslu 106,9 milljarðar kr., innheimtir eru 105,7 milljarðar kr. eða 98,9%. Eftirstöðvar hjá þessum aðilum eru 1,1 milljarður kr. sem er tæplega 1,1% álagningar.

Séu þau fyrirtæki, sem tekin hafa verið til gjaldþrotaskipta tekin út úr, verða álagningartölur og innheimta hvers árs sem hér segir:

Ár	Álagning m.kr.	Innheimta m.kr.	Innheimtu-hlutfall %
1988	18,6	18,5	99,8
1989	23,2	23,1	99,6
1990	29,2	29,0	99,4
1991	35,9	35,1	97,6
Samtals	**106,9**	**105,7**	**98,9**

Innheimta af höfuðstól hefur verið mjög jöfn frá upphafi staðgreiðslu eða um 98,5% af álagningu alls á árunum 1988–1990 en 99,4%–99,8% af álagningu sé litið fram hjá fyrirtækjum sem eru í gjaldþrotaskiptum.

Innheimta af staðgreiðslu ársins 1991 er nú um 97,2% af álagningu alls og um 97,6% af álagningu á fyrirtæki að frátöldum þeim sem eru í gjaldþrotaskiptum. Með tilliti til þess hve skammt er liðið frá lokum ársins og þess að í tölum þessa árs eru einnig eftirstöðvar staðgreiðslu reiknaðs endurgjalds, sem ekki er í tölum fyrri ára, má fastlega reikna með að innheimta þessa árs verði sambærileg hinum fyrri. Þessa skoðun styrkir einnig það að innheimta af höfuðstól staðgreiðslu vegna 1991 er þegar orðin rúmlega 17% hærri en innheimta af höfuðstól álagningar 1990 og er það nokkuð umfram launabreytingar milli ára.

Innheimta staðgreiðslu er eins og tölurnar bera með sér nokkuð mismunandi eftir umdæmum. Auk þess sem nokkur munur kann að vera á því hvernig að innheimtu er staðið og hvernig hún gengur í umdæmunum þarf að hafa í huga að staðbundið ástand í atvinnumálum kann að hafa veruleg áhrif og að greiðsluerfiðleikar fárra aðila í litlu umdæmi hafa mikil áhrif á innheimtutölur.

2. *Hyggst fjármálaráðherra grípa til aðgerða til að tryggja betri skil staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars og ef svo er, þá hverra?*

Eins og töflurnar bera með sér verður að telja ástand í innheimtu staðgreiðslu viðunandi og verður ekki séð að innheimta hafi slaknað í tímans rás. Ekki er vafi á að góð staða í þessum efnum er m.a. afleiðing þess að innheimtuúrræði eru virk, heimildir eru til álaga vegna vanrækslu á skilum og til lokunar sé greiðsluskyldu ekki sinnt. Þá er einnig að nefna að staðgreiðslukerfið er einfalt að gerð og þess hefur verið gætt að halda kröfum um gögn sem launagreiðendur þurfa að skila í lágmarki og einföldum í vinnslu.

Ráðuneytið telur að til langframa tryggi þessi atriði umfram annað árangur í innheimtu og þurfi að gæta þess að breyta þeim ekki til verri vegar. Ekki virðist að sinni vera ástæða til sérstakra innheimtuaðgerða. Ráðuneytið hefur að undanförnu verið að byggja upp reglulegt eftirlit með innheimtu staðgreiðslu og annarra opinberra gjalda. Verður því haldið áfram og það eflt og samvinna við innheimtumenn treyst. Fyrirhugað er að gefa reglulega út skýrslu um álagningu og innheimtu stærstu tekjuliða ríkisins. Talnaefnið, sem svari þessu fylgir, er úr efni væntanlegrar skýrslu um staðgreiðslu.

Fjármálaráðuneytið, tekju- og lagaskrifstofa

1/4/92

Staðgreiðsla 1988 til 1991

Allar upphæðir í milljónum kr.

Álagning og innheimta alls

Ár	Álagning			Eftirstöðvar			Innheimta			Hlutfallsleg innheimta		
	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað
1991	**37.087**	36.685	402	**1.261**	1.029	232	**35.825**	35.655	170	**96,6**	97,2	42,3
1990	**31.147**	30.757	390	**658**	449	209	**30.489**	30.307	181	**97,9**	98,5	46,5
1989	**25.568**	25.019	549	**655**	370	285	**24.913**	24.649	264	**97,4**	98,5	48,1
1988	**21.217**	20.651	566	**640**	308	332	**20.577**	20.344	233	**97,0**	98,5	41,3
Samtals:	**115.018**	113.112	1.907	**3.215**	2.157	1.058	**111.804**	110.955	849	**97,2**	98,1	44,5

Álagning og innheimta, fyrirtæki í gjaldþrotaskiptum

Ár	Álagning			Eftirstöðvar			Innheimta			Hlutfallsleg innheimta		
	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað
1991	**830**	770	60	**230**	185	45	**600**	585	15	**72,3**	76,0	24,9
1990	**1.710**	1.552	158	**404**	273	131	**1.306**	1.279	27	**76,4**	82,4	17,0
1989	**2.134**	1.844	290	**516**	289	226	**1.618**	1.554	64	**75,8**	84,3	22,0
1988	**2.473**	2.083	390	**568**	271	297	**1.905**	1.811	94	**77,0**	87,0	24,0
Samtals:	**7.147**	6.249	898	**1.718**	1.019	699	5.430	5.230	199	**76,0**	83,7	22,2

Álagning og innheimta án fyrirtækja í gjaldþrotaskiptum

Ár	Álagning			Eftirstöðvar			Innheimta			Hlutfallsleg innheimta		
	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað
1991	**36.256**	35.914	342	**1.032**	844	187	**35.225**	35.070	155	**97,2**	97,6	45,3
1990	**29.437**	29.204	233	**254**	176	78	**29.183**	29.028	154	**99,1**	99,4	66,4
1989	**23.434**	23.175	258	**140**	81	58	**23.294**	23.094	200	**99,4**	99,6	77,4
1988	**18.744**	18.569	175	**72**	36	35	**18.672**	18.532	140	**99,6**	99,8	79,8
Samtals:	**107.871**	106.863	1.009	**1.497**	1.138	359	106.374	105.725	649	**98,6**	98,9	64,4

Álagning er skipt niður í höfuðstól að meðtöldum áætlunum og annað sem er viðurlög og dráttarvextir.

Heimild: Ríkisskattstjóri

Staðgreiðsla, álagning og innheimta 1988 til og með 1991

Allar upphæðir í milljónum kr.

Innheimtumaður	Álagning			Eftirstöðvar			Innheimta			Hlutfallsleg innheimta		
	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað
Búsettir erlendis	**13,5**	0,0	13,5	**4,3**	0,0	4,3	**9,2**	0,0	9,2	**68,2**		68,2
Gjaldheimtan Rvík.	**67.916,7**	67.148,6	768,1	**1.522,6**	1.006,1	516,5	**66.394,1**	66.142,6	251,6	**97,8**	98,5	32,8
Bæjarf. Kópavogi	**2.578,8**	2.499,2	79,6	**187,4**	124,6	62,8	**2.391,4**	2.374,6	16,8	**92,7**	95,0	21,1
Gjaldh. Seltjarnarn.	**510,0**	498,9	11,1	**28,8**	21,8	7,0	**481,2**	477,1	4,1	**94,4**	95,6	37,3
Gjaldh. Garðabæ	**1.082,4**	1.022,9	59,5	**138,7**	95,0	43,7	**943,7**	927,9	15,8	**87,2**	90,7	26,5
Gjaldh. Hafnarfj.	**4.948,0**	4.814,1	134,0	**178,0**	122,0	56,0	**4.770,1**	4.692,1	78,0	**96,4**	97,5	58,2
Gjaldh. Mosfellsbæ	**723,4**	695,7	27,7	**60,2**	43,4	16,8	**663,2**	652,3	10,9	**91,7**	93,8	39,3
Gjaldh. Suðurnesja	**7.513,5**	7.334,3	179,2	**296,1**	196,1	99,9	**7.217,4**	7.138,1	79,3	**96,1**	97,3	44,2
Bæjarf. Akranesi	**1.650,7**	1.616,7	34,0	**71,7**	50,4	21,3	**1.579,0**	1.566,3	12,7	**95,7**	96,9	37,3
Sýsl. Mýra- og Borgarfj.	**1.169,3**	1.165,4	3,9	**4,8**	3,7	1,1	**1.164,5**	1.161,6	2,9	**99,6**	99,7	72,9
Sýsl Snæf. og Hnapp.	**1.445,1**	1.406,4	38,7	**54,1**	33,0	21,1	**1.391,0**	1.373,4	17,6	**96,3**	97,7	45,5
Sýsl. Dalasýslu	**91,3**	81,2	10,1	**19,7**	11,0	8,6	**71,6**	70,2	1,4	**78,4**	86,4	14,2
Sýsl. Ísaf.sýslu	**2.642,1**	2.576,7	65,4	**74,0**	54,5	19,5	**2.568,2**	2.522,2	45,9	**97,2**	97,9	70,3
Gjaldh. Bolungavík	**525,6**	502,4	23,2	**9,6**	8,1	1,4	**516,0**	494,3	21,8	**98,2**	98,4	93,8
Sýsl. Barðastr.sýslu	**772,4**	741,2	31,2	**48,0**	28,6	19,4	**724,4**	712,6	11,9	**93,8**	96,1	38,0
Sýsl. Strandasýslu	**304,3**	297,5	6,8	**12,5**	9,7	2,8	**291,7**	287,7	4,0	**95,9**	96,7	58,7
Bæjarf. Siglufirði	**736,8**	706,0	30,8	**54,2**	37,8	16,4	**682,6**	668,2	14,5	**92,6**	94,6	46,9
Sýsl. Skagafj.sýslu	**918,6**	911,3	7,3	**4,8**	3,6	1,2	**913,8**	907,7	6,1	**99,5**	99,6	83,5
Sýsl. Húnavatnssýslu	**1.155,2**	1.134,5	20,7	**35,9**	24,6	11,2	**1.119,4**	1.109,9	9,5	**96,9**	97,8	45,8
Bæj. Akur. og Dalvík	**6.205,9**	6.143,1	62,8	**79,4**	53,5	25,9	**6.126,5**	6.089,6	36,9	**98,7**	99,1	58,7
Sýsl. Þingeyjasýslu	**1.714,3**	1.661,5	52,8	**47,9**	30,0	17,9	**1.666,4**	1.631,5	34,9	**97,2**	98,2	66,1
Bæjarf. Ólafsfirði	**598,8**	590,1	8,7	**1,0**	0,7	0,3	**597,8**	589,4	8,4	**99,8**	99,9	96,7
Sýsl. N-Múlasýslu	**660,5**	649,7	10,8	**17,1**	12,5	4,6	**643,4**	637,2	6,2	**97,4**	98,1	57,4
Bæjarf. Neskaupstað	**721,6**	714,7	6,9	**15,7**	11,7	4,0	**705,9**	703,0	2,9	**97,8**	98,4	41,8
Sýsl. S-Múlasýslu	**1.704,8**	1.663,8	41,0	**27,8**	19,1	8,8	**1.677,0**	1.644,7	32,3	**98,4**	98,9	78,7
Sýsl. A-Skaftaf.sýslu	**988,3**	979,7	8,7	**6,3**	5,0	1,3	**982,1**	974,7	7,4	**99,4**	99,5	85,6
Bæjarf. Vestmannaeyjum	**2.528,2**	2.505,6	22,7	**17,7**	13,4	4,3	**2.510,5**	2.492,2	18,3	**99,3**	99,5	80,8
Sýsl. Árnessýslu	**2.794,4**	2.658,5	135,9	**174,5**	120,4	54,1	**2.620,0**	2.538,1	81,8	**93,8**	95,5	60,2
Sýsl. V-Skaftaf.sýslu	**68,0**	66,0	2,0	**3,9**	2,8	1,1	**64,2**	63,2	0,9	**94,3**	95,8	46,1
Sýsl. Rangárvallasýsl	**335,7**	326,1	9,6	**18,1**	13,5	4,7	**317,5**	312,6	4,9	**94,6**	95,9	51,2
Samtals:	**115.018,5**	113.111,7	1.906,8	**3.214,7**	2.156,7	1.058,0	**111.803,8**	110.955,0	848,8	**97,2**	98,1	44,5

Heimild: Ríkisskattstjóri

Fjármálaráðuneytið, tekju- og lagaskrifstofa

31/3/92

Staðgreiðsla, álagning og innheimta 1988

Allar upphæðir í milljónum kr.

Innheimtumaður	Álagning			Eftirstöðvar			Innheimta			Hlutfallsleg innheimta		
	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað
Búsettir erlendis	**8,7**	0,0	8,7	**3,3**	0,0	3,3	**5,3**	0,0	5,3	**61,6**		61,6
Gjaldheimtan Rvík.	**12.494,7**	12.258,9	235,7	**324,3**	153,1	171,2	**12.170,3**	12.105,8	64,5	**97,4**	98,8	27,4
Bæjarf. Kópavogi	**463,9**	434,3	29,6	**49,7**	23,4	26,3	**414,1**	410,9	3,3	**89,3**	94,6	11,0
Gjaldh. Seltjarnarn.	**82,3**	80,9	1,4	**0,4**	0,2	0,2	**81,9**	80,7	1,2	**99,5**	99,7	84,0
Gjaldh. Garðabæ	**184,3**	170,0	14,3	**21,7**	11,3	10,4	**162,6**	158,7	3,9	**88,2**	93,4	27,0
Gjaldh. Hafnarfj.	**880,3**	850,7	29,6	**40,4**	19,7	20,7	**839,9**	831,0	8,8	**95,4**	97,7	29,9
Gjaldh. Mosfellsbæ	**128,7**	122,0	6,7	**4,9**	2,8	2,1	**123,8**	119,2	4,6	**96,2**	97,7	68,3
Gjaldh. Suðurnesja	**1.391,1**	1.344,6	46,5	**53,2**	27,2	26,1	**1.337,9**	1.317,4	20,5	**96,2**	98,0	44,0
Bæjarf. Akranesi	**313,1**	308,0	5,0	**6,2**	3,1	3,1	**306,8**	305,0	1,9	**98,0**	99,0	37,5
Sýsl. Mýra- og Borgarfj.	**216,7**	215,9	0,8	**0,0**	0,0	0,0	**216,7**	215,8	0,8	**100,0**	100,0	98,6
Sýsl Snæf. og Hnapp.	**245,7**	232,1	13,6	**15,7**	7,3	8,4	**230,1**	224,9	5,2	**93,6**	96,9	38,1
Sýsl. Dalasýslu	**22,2**	17,2	5,0	**7,8**	3,7	4,2	**14,3**	13,5	0,8	**64,7**	78,7	16,1
Sýsl. Ísaf.sýslu	**474,9**	457,6	17,2	**9,8**	4,7	5,1	**465,0**	452,9	12,2	**97,9**	99,0	70,6
Gjaldh. Bolungavík	**110,1**	100,8	9,3	**0,5**	0,2	0,3	**109,7**	100,6	9,1	**99,6**	99,8	97,1
Sýsl. Barðastr.sýslu	**157,4**	142,2	15,2	**21,2**	10,8	10,4	**136,2**	131,4	4,8	**86,5**	92,4	31,3
Sýsl. Strandasýslu	**50,7**	50,5	0,2	**0,0**	0,0	0,0	**50,7**	50,5	0,2	**100,0**	100,0	100,0
Bæjarf. Siglufirði	**145,1**	140,1	5,0	**4,7**	2,1	2,6	**140,4**	138,0	2,5	**96,8**	98,5	49,0
Sýsl. Skagafj.sýslu	**152,4**	151,0	1,3	**0,5**	0,2	0,3	**151,9**	150,8	1,1	**99,7**	99,9	80,0
Sýsl. Húnavatnssýslu	**229,5**	226,0	3,5	**3,5**	1,7	1,9	**226,0**	224,3	1,7	**98,5**	99,3	47,5
Bæj. Akur. og Dalvík	**1.199,9**	1.181,2	18,7	**18,2**	8,7	9,5	**1.181,7**	1.172,6	9,2	**98,5**	99,3	49,1
Sýsl. Þingeyjasýslu	**334,7**	307,6	27,2	**19,8**	9,7	10,1	**314,9**	297,8	17,0	**94,1**	96,8	62,8
Bæjarf. Ólafsfirði	**105,2**	101,0	4,2	**0,3**	0,1	0,2	**104,9**	100,9	4,0	**99,7**	99,9	96,0
Sýsl. N-Múlasýslu	**149,5**	147,6	1,9	**0,3**	0,2	0,1	**149,2**	147,4	1,8	**99,8**	99,9	94,9
Bæjarf. Neskaupstað	**151,8**	151,0	0,9	**0,8**	0,6	0,2	**151,0**	150,4	0,6	**99,5**	99,6	74,7
Sýsl. S-Múlasýslu	**329,6**	311,3	18,3	**9,3**	4,5	4,8	**320,3**	306,8	13,5	**97,2**	98,6	73,8
Sýsl. A-Skaftaf.sýslu	**169,2**	167,6	1,6	**0,0**	0,0	0,0	**169,2**	167,6	1,6	**100,0**	100,0	100,0
Bæjarf. Vestmannaeyjum	**424,2**	420,1	4,1	**1,6**	0,8	0,9	**422,5**	419,3	3,2	**99,6**	99,8	78,8
Sýsl. Árnessýslu	**523,2**	486,4	36,8	**19,8**	10,7	9,1	**503,4**	475,7	27,7	**96,2**	97,8	75,3
Sýsl. V-Skaftaf.sýslu	**13,1**	12,7	0,4	**0,1**	0,0	0,0	**13,0**	12,6	0,4	**99,5**	99,6	95,2
Sýsl. Rangárvallasýsl	**64,8**	62,0	2,8	**1,5**	0,8	0,7	**63,3**	61,2	2,1	**97,7**	98,7	74,8
Samtals:	**21.217,1**	20.651,4	565,7	**639,8**	307,5	332,2	**20.577,3**	20.343,9	233,5	**97,0**	98,5	41,3

Heimild: Ríkisskattstjóri

Staðgreiðsla, álagning og innheimta 1989

Allar upphæðir í milljónum kr.

	Álagning			Eftirstöðvar			Innheimta			Hlutfallsleg innheimta		
Innheimtumaður	**Samt.**	**Höfuðst.**	**Annað**	**Samt.**	**Höfuðst.**	**Annað**	**Samt.**	**Höfuðst.**	**Annað**	**Samt.**	**Höfuðst.**	**Annað**
Búsettir erlendis	**3,2**	0,0	3,2	**0,9**	0,0	0,9	**2,3**	0,0	2,3	**70,8**		70,8
Gjaldheimtan Rvík.	**15.093,2**	14.889,6	203,6	**302,5**	170,2	132,2	**14.790,7**	14.719,3	71,4	**98,0**	98,9	35,1
Bæjarf. Kópavogi	**499,9**	484,7	15,1	**24,3**	13,8	10,4	**475,6**	470,9	4,7	**95,1**	97,2	31,0
Gjaldh. Seltjarnarn.	**98,1**	95,6	2,5	**2,9**	1,7	1,3	**95,2**	94,0	1,2	**97,0**	98,3	48,4
Gjaldh. Garðabæ	**199,5**	183,4	16,1	**29,4**	16,3	13,1	**170,2**	167,1	3,0	**85,3**	91,1	18,9
Gjaldh. Hafnarfj.	**1.109,7**	1.062,8	46,8	**29,9**	17,0	12,9	**1.079,8**	1.045,8	34,0	**97,3**	98,4	72,5
Gjaldh. Mosfellsbæ	**154,1**	146,9	7,2	**11,4**	6,8	4,6	**142,6**	140,1	2,6	**92,6**	95,4	35,4
Gjaldh. Suðurnesja	**1.751,6**	1.682,6	69,0	**91,0**	50,9	40,1	**1.660,6**	1.631,7	28,9	**94,8**	97,0	41,9
Bæjarf. Akranesi	**385,1**	377,4	7,7	**14,7**	8,6	6,1	**370,4**	368,8	1,6	**96,2**	97,7	20,5
Sýsl. Mýra- og Borgarfj.	**279,6**	278,4	1,3	**0,6**	0,3	0,3	**279,0**	278,0	1,0	**99,8**	99,9	76,9
Sýsl Snæf. og Hnapp.	**321,9**	309,7	12,1	**12,9**	7,5	5,5	**309,0**	302,3	6,7	**96,0**	97,6	54,9
Sýsl. Dalasýslu	**23,4**	19,6	3,9	**8,8**	5,0	3,8	**14,7**	14,6	0,1	**62,6**	74,5	2,4
Sýsl. Ísaf.sýslu	**567,2**	549,4	17,8	**9,1**	5,2	3,8	**558,1**	544,2	14,0	**98,4**	99,0	78,5
Gjaldh. Bolungavík	**111,4**	111,1	0,3	**0,0**	0,0	0,0	**111,4**	111,1	0,3	**100,0**	100,0	100,0
Sýsl. Barðastr.sýslu	**162,6**	154,0	8,6	**11,9**	6,2	5,7	**150,7**	147,8	2,9	**92,7**	95,9	34,0
Sýsl. Strandasýslu	**66,0**	64,0	2,0	**0,0**	0,0	0,0	**66,0**	64,0	2,0	**100,0**	100,0	100,0
Bæjarf. Siglufirði	**171,4**	160,8	10,6	**7,8**	4,4	3,4	**163,6**	156,4	7,2	**95,4**	97,3	67,5
Sýsl. Skagafj.sýslu	**191,2**	188,8	2,4	**0,7**	0,4	0,3	**190,5**	188,3	2,1	**99,6**	99,8	88,7
Sýsl. Húnavatnssýslu	**269,4**	263,3	6,0	**4,5**	2,7	1,9	**264,8**	260,7	4,2	**98,3**	99,0	68,9
Bæj. Akur. og Dalvík	**1.403,5**	1.385,9	17,6	**18,7**	10,7	8,0	**1.384,8**	1.375,2	9,5	**98,7**	99,2	54,4
Sýsl. Þingeyjasýslu	**379,6**	364,4	15,2	**10,4**	5,9	4,5	**369,2**	358,5	10,7	**97,3**	98,4	70,6
Bæjarf. Ólafsfirði	**124,4**	120,9	3,5	**0,0**	0,0	0,0	**124,4**	120,9	3,5	**100,0**	100,0	100,0
Sýsl. N-Múlasýslu	**144,5**	141,6	2,9	**2,8**	1,6	1,1	**141,7**	139,9	1,8	**98,1**	98,8	61,0
Bæjarf. Neskaupstað	**165,9**	163,4	2,5	**3,8**	2,2	1,6	**162,1**	161,2	0,9	**97,7**	98,6	36,1
Sýsl. S-Múlasýslu	**375,9**	366,0	9,8	**2,0**	1,1	0,8	**373,9**	364,9	9,0	**99,5**	99,7	91,4
Sýsl. A-Skaftaf.sýslu	**209,2**	206,6	2,6	**0,0**	0,0	0,0	**209,2**	206,6	2,6	**100,0**	100,0	100,0
Bæjarf. Vestmannaeyjum	**580,3**	574,9	5,4	**0,8**	0,5	0,3	**579,5**	574,4	5,1	**99,9**	99,9	94,9
Sýsl. Árnessýslu	**638,7**	588,8	49,9	**49,9**	29,3	20,5	**588,8**	559,5	29,3	**92,2**	95,0	58,9
Sýsl. V-Skaftaf.sýslu	**13,9**	12,9	1,0	**1,5**	0,8	0,7	**12,4**	12,1	0,3	**89,2**	93,8	27,1
Sýsl. Rangárvallasýsl	**73,4**	71,4	2,1	**1,9**	1,1	0,8	**71,6**	70,3	1,3	**97,5**	98,5	61,7
Samtals:	**25.567,8**	25.019,1	548,7	**655,1**	370,5	284,6	**24.912,7**	24.648,6	264,1	**97,4**	98,5	48,1

Heimild: Ríkisskattstjóri

Fjármálaráðuneytið, tekju- og lagaskrifstofa

31/3/92

Staðgreiðsla, álagning og innheimta 1990

Allar upphæðir í milljónum kr.

	Álagning			Eftirstöðvar			Innheimta			Hlutfallsleg innheimta		
Innheimtumaður	**Samt.**	**Höfuðst.**	**Annað**	**Samt.**	**Höfuðst.**	**Annað**	**Samt.**	**Höfuðst.**	**Annað**	**Samt.**	**Höfuðst.**	**Annað**
Búsettir erlendis	**1,5**	0,0	1,5	**0,0**	0,0	0,0	**1,5**	0,0	1,5	**100,0**		100,0
Gjaldheimtan Rvík.	**18.420,1**	18.257,5	162,5	**339,5**	231,6	107,9	**18.080,5**	18.025,9	54,6	**98,2**	98,7	33,6
Bæjarf. Kópavogi	**642,6**	626,3	16,3	**36,1**	24,3	11,7	**606,6**	602,0	4,6	**94,4**	96,1	28,0
Gjaldh. Seltjarnarn.	**117,5**	115,3	2,2	**4,7**	3,3	1,4	**112,8**	112,0	0,8	**96,0**	97,2	35,9
Gjaldh. Garðabæ	**260,7**	248,8	11,9	**26,7**	17,9	8,9	**234,0**	230,9	3,1	**89,8**	92,8	25,9
Gjaldh. Hafnarfj.	**1.353,2**	1.321,5	31,8	**27,6**	18,9	8,7	**1.325,6**	1.302,5	23,1	**98,0**	98,6	72,7
Gjaldh. Mosfellsbæ	**180,2**	174,4	5,8	**12,1**	8,1	4,0	**168,1**	166,2	1,9	**93,3**	95,3	32,3
Gjaldh. Suðurnesja	**2.084,3**	2.052,6	31,8	**44,8**	30,4	14,5	**2.039,5**	2.022,2	17,3	**97,8**	98,5	54,5
Bæjarf. Akranesi	**446,6**	434,1	12,4	**18,9**	12,7	6,2	**427,7**	421,5	6,2	**95,8**	97,1	50,1
Sýsl. Mýra- og Borgarfj.	**314,9**	314,5	0,4	**0,4**	0,3	0,1	**314,5**	314,2	0,3	**99,9**	99,9	73,6
Sýsl Snæf. og Hnapp.	**383,5**	375,2	8,3	**18,5**	12,3	6,1	**365,0**	362,9	2,2	**95,2**	96,7	26,1
Sýsl. Dalasýslu	**20,0**	19,5	0,5	**0,8**	0,6	0,2	**19,2**	18,9	0,2	**96,1**	97,2	51,9
Sýsl. Ísaf.sýslu	**729,4**	715,4	14,1	**12,9**	9,1	3,7	**716,6**	706,2	10,3	**98,2**	98,7	73,5
Gjaldh. Bolungavík	**139,8**	133,8	6,1	**0,0**	0,0	0,0	**139,8**	133,8	6,1	**100,0**	100,0	100,0
Sýsl. Barðastr.sýslu	**207,4**	203,9	3,5	**4,4**	3,1	1,3	**203,0**	200,7	2,2	**97,9**	98,5	63,3
Sýsl. Strandasýslu	**84,5**	82,3	2,3	**2,8**	2,1	0,8	**81,7**	80,2	1,5	**96,6**	97,5	65,5
Bæjarf. Siglufirði	**224,1**	214,4	9,7	**17,5**	11,8	5,7	**206,6**	202,6	4,0	**92,2**	94,5	41,1
Sýsl. Skagafj.sýslu	**261,3**	260,2	1,1	**0,8**	0,5	0,2	**260,5**	259,6	0,9	**99,7**	99,8	78,8
Sýsl. Húnavatnssýslu	**316,1**	309,7	6,3	**16,7**	11,3	5,5	**299,3**	298,4	0,9	**94,7**	96,4	14,0
Bæj. Akur. og Dalvík	**1.638,5**	1.628,6	9,9	**9,1**	6,3	2,8	**1.629,4**	1.622,3	7,1	**99,4**	99,6	71,8
Sýsl. Þingeyjasýslu	**451,3**	447,1	4,2	**1,0**	0,7	0,3	**450,3**	446,4	3,9	**99,8**	99,8	93,3
Bæjarf. Ólafsfirði	**172,2**	171,9	0,3	**0,3**	0,2	0,1	**171,9**	171,7	0,3	**99,8**	99,9	80,1
Sýsl. N-Múlasýslu	**176,2**	172,9	3,3	**5,6**	3,9	1,7	**170,6**	169,0	1,6	**96,8**	97,7	47,9
Bæjarf. Neskaupstað	**195,9**	194,7	1,2	**1,4**	1,0	0,4	**194,5**	193,7	0,8	**99,3**	99,5	66,5
Sýsl. S-Múlasýslu	**466,8**	460,4	6,3	**2,9**	1,9	0,9	**463,9**	458,5	5,4	**99,4**	99,6	85,2
Sýsl. A-Skaftaf.sýslu	**278,2**	275,7	2,5	**1,2**	0,8	0,4	**277,0**	274,9	2,1	**99,6**	99,7	84,5
Bæjarf. Vestmannaeyjum	**741,5**	737,8	3,7	**0,5**	0,3	0,2	**741,0**	737,6	3,4	**99,9**	100,0	93,4
Sýsl. Árnessýslu	**739,6**	712,1	27,5	**45,0**	31,4	13,6	**694,6**	680,7	13,9	**93,9**	95,6	50,6
Sýsl. V-Skaftaf.sýslu	**15,0**	14,9	0,1	**0,2**	0,1	0,0	**14,8**	14,7	0,0	**98,7**	99,0	48,4
Sýsl. Rangárvallasýsl	**84,0**	81,3	2,7	**6,0**	4,4	1,6	**78,0**	76,9	1,1	**92,9**	94,6	39,4
Samtals:	**31.147,0**	30.756,7	390,3	**658,3**	449,3	209,0	**30.488,7**	30.307,4	181,3	**97,9**	98,5	46,5

Heimild: Ríkisskattstjóri

Staðgreiðsla, álagning og innheimta 1991

Allar upphæðir í milljónum kr.

Innheimtumaður	Álagning			Eftirstöðvar			Innheimta			Hlutfallsleg innheimta		
	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað	Samt.	Höfuðst.	Annað
Búsettir erlendis	**0,0**	0,0	0,0	**0,0**	0,0	0,0	**0,0**	0,0	0,0			
Gjaldheimtan Rvík.	**21.908,8**	21.742,6	166,2	**556,3**	451,1	105,2	**21.352,6**	21.291,5	61,0	**97,5**	97,9	36,7
Bæjarf. Kópavogi	**972,4**	953,8	18,6	**77,4**	63,0	14,3	**895,0**	890,8	4,3	**92,0**	93,4	22,9
Gjaldh. Seltjarnarn.	**212,1**	207,1	5,0	**20,7**	16,7	4,0	**191,4**	190,4	1,0	**90,2**	91,9	19,6
Gjaldh. Garðabæ	**437,9**	420,7	17,2	**61,0**	49,6	11,4	**376,9**	371,1	5,8	**86,1**	88,2	33,8
Gjaldh. Hafnarfj.	**1.604,8**	1.579,0	25,7	**80,0**	66,3	13,7	**1.524,8**	1.512,7	12,0	**95,0**	95,8	46,7
Gjaldh. Mosfellsbæ	**260,4**	252,5	7,9	**31,8**	25,7	6,1	**228,7**	226,8	1,9	**87,8**	89,8	23,4
Gjaldh. Suðurnesja	**2.286,4**	2.254,5	31,9	**107,0**	87,6	19,3	**2.179,4**	2.166,8	12,6	**95,3**	96,1	39,4
Bæjarf. Akranesi	**506,0**	497,1	8,9	**31,8**	26,0	5,9	**474,1**	471,1	3,0	**93,7**	94,8	34,0
Sýsl. Mýra- og Borgarfj.	**358,1**	356,6	1,4	**3,8**	3,1	0,7	**354,3**	353,5	0,8	**98,9**	99,1	54,1
Sýsl Snæf. og Hnapp.	**493,9**	489,3	4,7	**7,0**	6,0	1,1	**486,9**	483,3	3,6	**98,6**	98,8	77,5
Sýsl. Dalasýslu	**25,7**	25,0	0,8	**2,3**	1,8	0,5	**23,4**	23,1	0,3	**91,0**	92,6	38,8
Sýsl. Ísaf.sýslu	**870,6**	854,4	16,3	**42,2**	35,4	6,8	**828,4**	819,0	9,5	**95,1**	95,9	58,1
Gjaldh. Bolungavík	**164,3**	156,8	7,5	**9,1**	7,9	1,2	**155,2**	148,8	6,3	**94,5**	94,9	84,3
Sýsl. Barðastr.sýslu	**245,0**	241,1	3,9	**10,4**	8,5	1,9	**234,6**	232,6	1,9	**95,7**	96,5	49,8
Sýsl. Strandasýslu	**103,0**	100,7	2,3	**9,7**	7,7	2,0	**93,4**	93,1	0,3	**90,6**	92,4	12,3
Bæjarf. Siglufirði	**196,2**	190,7	5,5	**24,1**	19,5	4,6	**172,1**	171,2	0,8	**87,7**	89,8	15,4
Sýsl. Skagafj.sýslu	**313,8**	311,3	2,5	**2,8**	2,4	0,4	**311,0**	308,9	2,1	**99,1**	99,2	82,6
Sýsl. Húnavatnssýslu	**340,3**	335,5	4,8	**11,0**	9,0	2,0	**329,2**	326,5	2,8	**96,8**	97,3	57,7
Bæj. Akur. og Dalvík	**1.964,0**	1.947,4	16,7	**33,4**	27,8	5,6	**1.930,6**	1.919,5	11,0	**98,3**	98,6	66,2
Sýsl. Þingeyjasýslu	**548,7**	542,4	6,4	**16,8**	13,7	3,1	**532,0**	528,7	3,3	**96,9**	97,5	51,3
Bæjarf. Ólafsfirði	**196,9**	196,2	0,6	**0,4**	0,3	0,1	**196,5**	195,9	0,6	**99,8**	99,8	92,1
Sýsl. N-Múlasýslu	**190,3**	187,6	2,6	**8,4**	6,8	1,6	**181,9**	180,9	1,0	**95,6**	96,4	38,4
Bæjarf. Neskaupstað	**207,9**	205,7	2,3	**9,7**	7,9	1,8	**198,3**	197,8	0,5	**95,3**	96,2	21,8
Sýsl. S-Múlasýslu	**532,5**	526,0	6,6	**13,7**	11,5	2,2	**518,8**	514,4	4,4	**97,4**	97,8	66,8
Sýsl. A-Skaftaf.sýslu	**331,7**	329,7	2,0	**5,1**	4,2	0,9	**326,6**	325,5	1,1	**98,5**	98,7	55,8
Bæjarf. Vestmannaeyjum	**782,3**	772,8	9,5	**14,8**	11,9	3,0	**767,5**	760,9	6,5	**98,1**	98,5	68,8
Sýsl. Árnessýslu	**893,0**	871,2	21,8	**59,9**	49,0	10,9	**833,1**	822,2	10,9	**93,3**	94,4	50,0
Sýsl. V-Skaftaf.sýslu	**26,1**	25,5	0,6	**2,1**	1,8	0,3	**24,0**	23,7	0,2	**91,9**	93,1	41,8
Sýsl. Rangárvallasýsl	**113,4**	111,4	2,0	**8,8**	7,3	1,5	**104,6**	104,1	0,5	**92,2**	93,5	23,5
Samtals:	37.086,5	36.684,5	402,0	1.261,5	1.029,4	232,1	35.825,1	35.655,2	169,9	**96,6**	97,2	42,3

Heimild: Ríkisskattstjóri

Staðgreiðsla, álagning og innheimta 1992

Allar upphæðir í milljónum kr.

	Álagning			Eftirstöðvar			Innheimta			Hlutfallsleg innheimta		
Innheimtumaður	**Samt.**	**Höfuðst.**	**Annað**	**Samt.**	**Höfuðst.**	**Annað**	**Samt.**	**Höfuðst.**	**Annað**	**Samt.**	**Höfuðst.**	**Annað**
Búsettir erlendis	**0,0**	0,0	0,0	**0,0**	0,0	0,0	**0,0**	0,0	0,0			
Gjaldheimtan Rvík.	**1.491,4**	1.480,4	11,1	**97,1**	86,9	10,2	**1.394,4**	1.393,5	0,9	**93,5**	94,1	8,2
Bæjarf. Kópavogi	**74,8**	73,4	1,4	**12,5**	11,2	1,3	**62,4**	62,2	0,1	**83,3**	84,8	9,7
Gjaldh. Seltjarnarn.	**18,1**	17,7	0,3	**3,1**	2,8	0,3	**14,9**	14,9	0,0	**82,6**	84,1	4,4
Gjaldh. Garðabæ	**35,7**	34,6	1,1	**9,3**	8,3	1,0	**26,4**	26,3	0,1	**74,0**	76,0	9,8
Gjaldh. Hafnarfj.	**124,1**	121,9	2,2	**18,8**	16,9	2,0	**105,3**	105,0	0,2	**84,8**	86,2	10,1
Gjaldh. Mosfellsbæ	**23,1**	22,6	0,5	**4,8**	4,3	0,5	**18,3**	18,3	0,0	**79,1**	80,9	7,0
Gjaldh. Suðurnesja	**188,9**	186,8	2,0	**17,8**	16,0	1,9	**171,0**	170,9	0,2	**90,6**	91,5	7,9
Bæjarf. Akranesi	**45,3**	44,7	0,7	**2,6**	2,3	0,3	**42,8**	42,4	0,4	**94,3**	94,8	60,5
Sýsl. Mýra- og Borgarfj.	**23,5**	23,3	0,2	**2,0**	1,8	0,2	**21,6**	21,5	0,0	**91,6**	92,4	4,3
Sýsl Snæf. og Hnapp.	**38,5**	38,1	0,5	**3,8**	3,4	0,4	**34,7**	34,6	0,1	**90,1**	91,0	20,5
Sýsl. Dalasýslu	**2,1**	2,1	0,0	**0,4**	0,3	0,0	**1,7**	1,7	0,0	**81,8**	83,4	2,1
Sýsl. Ísaf.sýslu	**62,5**	61,6	0,9	**9,1**	8,2	0,9	**53,4**	53,4	0,0	**85,4**	86,6	1,0
Gjaldh. Bolungavík	**10,9**	10,4	0,5	**2,1**	1,9	0,2	**8,8**	8,6	0,3	**80,9**	82,1	55,3
Sýsl. Barðastr.sýslu	**21,4**	20,9	0,5	**4,5**	4,1	0,4	**16,9**	16,7	0,1	**78,9**	80,2	28,7
Sýsl. Strandasýslu	**4,8**	4,7	0,1	**1,0**	0,9	0,1	**3,8**	3,8	0,0	**78,3**	80,1	1,4
Bæjarf. Siglufirði	**14,6**	14,3	0,3	**2,9**	2,6	0,3	**11,7**	11,7	0,0	**80,1**	81,8	6,1
Sýsl. Skagafj.sýslu	**22,6**	22,4	0,2	**1,4**	1,3	0,1	**21,2**	21,1	0,0	**93,7**	94,3	22,8
Sýsl. Húnavatnssýslu	**25,3**	24,9	0,4	**2,7**	2,5	0,2	**22,6**	22,4	0,2	**89,4**	90,0	51,5
Bæj. Akur. og Dalvík	**134,3**	132,8	1,4	**12,6**	11,3	1,3	**121,7**	121,6	0,1	**90,6**	91,5	7,1
Sýsl. Þingeyjasýslu	**32,1**	31,6	0,5	**4,5**	4,0	0,5	**27,7**	27,6	0,0	**86,1**	87,4	6,7
Bæjarf. Ólafsfirði	**8,3**	8,2	0,1	**0,7**	0,6	0,1	**7,6**	7,6	0,0	**91,7**	92,5	6,5
Sýsl. N-Múlasýslu	**14,7**	14,4	0,3	**2,7**	2,4	0,3	**11,9**	11,9	0,0	**81,5**	83,1	6,8
Bæjarf. Neskaupstað	**20,2**	20,1	0,1	**0,7**	0,6	0,1	**19,5**	19,5	0,0	**96,6**	96,9	7,4
Sýsl. S-Múlasýslu	**41,5**	40,8	0,7	**6,1**	5,4	0,6	**35,4**	35,4	0,0	**85,4**	86,7	6,1
Sýsl. A-Skaftaf.sýslu	**19,1**	18,8	0,3	**2,6**	2,3	0,3	**16,5**	16,5	0,0	**86,6**	87,8	1,7
Bæjarf. Vestmannaeyjum	**44,3**	43,7	0,6	**5,0**	4,5	0,5	**39,3**	39,2	0,1	**88,7**	89,8	8,7
Sýsl. Árnessýslu	**59,7**	58,4	1,3	**11,4**	10,2	1,2	**48,2**	48,2	0,1	**80,8**	82,5	5,2
Sýsl. V-Skaftaf.sýslu	**2,3**	2,3	0,1	**0,6**	0,5	0,1	**1,8**	1,8	0,0	**75,3**	77,3	4,8
Sýsl. Rangárvallasýsl	**8,8**	8,7	0,2	**1,6**	1,4	0,2	**7,3**	7,3	0,0	**82,4**	83,9	5,6
Samtals:	**2.613,0**	2.584,7	28,3	**244,3**	219,0	25,2	**2.368,7**	2.365,6	3,1	**90,7**	91,5	11,0

Heimild: Ríkisskattstjóri

754. Frumvarp til laga [489. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, sbr. lög nr. 10/1978, nr. 15/1980, nr. 48/1981 og nr. 78/1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins getur ákveðið aðra skipan mála.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun eða af löggiltum endurskoðendum.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans. Því má ráðstafa á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í bönkum og sparisjóðum.
5. Í húsnæði til eigin nota.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum. Stjórn sjóðsins skal setja reglur um veðhæfni fasteigna.
7. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingastofnana eða annarra lánastofnana en þeirra er áður er getið, enda hafi Seðlabanki Íslands veitt þeim viðurkenningu í þessu skyni.
8. Í hlutabréfum í fyrirtækjum sem hafa skráð kaup- og sölugengi á markaði hjá a.m.k. tveimur verðbréfafyrirtækjum sem aðild eiga að Verðbréfaþingi Íslands. Þó er óheimilt að verja meira en 5% af árlegu ráðstöfunarfé til kaupa á hlutabréfum og enn fremur er óheimilt að eiga meira en 5% hlutafjár í hverju fyrirtæki.

4. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim ásamt eigin iðgjaldahluta. Á þeim skipum, þar sem hver mánuður telst sérstakt kauptryggingartímabil, er gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar 15. dagur næsta mánaðar. Á þeim skipum, þar sem hver veiðiferð telst sérstakt kauptryggingartímabil, er gjalddagi iðgjalda 15. dagur eftir að veiðiferð lýkur. Verði vanskil á greiðslu iðgjalda lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga er stjórn sjóðsins heimilt að innheimta vangoldin iðgjöld með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga. Verði breytingar í kjarasamningum á framangreindum viðmiðunartímabilum er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða aðrar reglur varðandi gjalddaga iðgjaldagreiðslna.

5. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem tryggingayfirlæknir metur 35% eða meira. Örorkumatið skal miða við vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal þó miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

6. gr.

5. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða sambýliskona hefur sannanlega annast heimili hans um árabil, þó ekki skemur en fimm ár fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju væri að ræða. Láti sjóðfélagi eftir sig sambýliskonu og barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi sambýliskonu sinni er sjóðstjórn heimilt að greiða makalífeyri þótt sambúðin hafi staðið skemur en fimm ár. Þá er sjóðstjórn heimilt að greiða sambýlismanni lífeyri í samræmi við ákvæði 3. og 4. mgr.

7. gr.

7. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

8. gr.

3. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum vegna 100% örorku. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé 75%. Sé örorka metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.

9. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðast svo:

Frá árinu 1980 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum miðast við grundvallarlaun skv. 2. mgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980, 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember hvert ár 1981–1984, en í byrjun hvers mánaðar frá janúar 1985.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði 5. gr. og 8. gr. taka gildi 1. janúar 1993.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna er samið að tilhlutan stjórnar sjóðsins. Þær breytingar, sem hér eru lagðar til, eru af ýmsu tagi og snerta bótarétt sjóðfélaga, rekstur sjóðsins, með hvaða hætti heimilt er að ávaxta fé sjóðsins, vaxtaútreikning vegna vangoldinna iðgjalda og fleiri atriði sem nánar verður vikið að í athugasemdum við einstakar greinar.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt, sem gerð var á Lífeyrissjóði sjómanna miðað við stöðu í árslok 1989, er mikill halli á sjóðnum. Um nokkurt skeið hefur sjóðstjórn leitað leiða til úrbóta. Þær breytingar, sem í þessu frumvarpi eru lagðar til á bótarétti sjóðfélaga, miða aðallega að því að draga úr útgjöldum sjóðsins. Þetta á við um breytingu á ákvæði um örorkulífeyri, en á honum hefur orðið gífurleg aukning á síðustu árum, svo og barnalífeyri til örorkulífeyrisþega. Hins vegar er gerð tillaga um breytingu á rétti sambýliskvenna sjóðfélaga til makalífeyris sem miðar að því að auka þann rétt sem fyrir hendi er samkvæmt núgildandi lögum. Þar er þó ekki um mikla útgjaldaaukningu fyrir sjóðinn að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er bætt við ákvæði sem heimilar stjórn sjóðsins að taka ákvörðun um að rekstur sjóðsins geti verið annars staðar en í Tryggingastofnun ríkisins. Stjórn sjóðsins telur óeðlilegt að það skuli vera bundið í lögum að Tryggingastofnun ríkisins skuli annast rekstur hans. Nauðsynlegt er að stjórnin geti ákveðið annað fyrirkomulag á rekstrinum þyki það heppilegra.

Um 2. gr.

Til samræmis við breytinguna í næstu grein á undan er gert ráð fyrir að reikningar sjóðsins þurfi ekki að vera endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Ef sjóðurinn flyst úr Tryggingastofnun mundu löggiltir endurskoðendur annast endurskoðun sjóðsins eins og flestra annarra lífeyrissjóða.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um það hvernig heimilt er að ávaxta fé sjóðsins. Hér er um umtalsverðar breytingar að ræða frá núgildandi lögum. Er þar helst að nefna heimild til kaupa á hlutabréfum sem nauðsynlegt er talið að sjóðurinn hafi. Grein þessi er að mestu samhljóða samsvarandi ákvæði í frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða.

Um 4. gr.

Þetta ákvæði, sem tekur til þess hvenær á að skila iðgjöldum til sjóðsins svo og dráttarvaxta, er nokkuð breytt miðað við núgildandi ákvæði sem ekki hefur þótt nógu skýrt. Hér er gert ráð fyrir að gjalddagi iðgjalda verði 15. dagur eftir að iðgjaldatímabili lýkur sem er annaðhvort sérhver mánuður eða veiðiferð. Eindagi er síðan 30 dögum eftir gjalddaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti frá gjalddaga ef iðgjöldum er skilað eftir eindaga. Þá er tekið af skarið með það hvaða vexti heimilt er að innheimta af vangreiddum iðgjöldum, en í núgildandi lögum er ekki skýrt kveðið á um þetta atriði. Þessi tillaga tekur mið af þeim kjarasamningum sem nú eru í gildi, en gert er ráð fyrir að sjóðstjórn geti breytt þessum reglum verði breytingar á ákvæðum varðandi uppgjörstímabil í kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna.

Um 5. gr.

Sjóðfélagi, sem metinn er óvinnufær til sjós, nýtur samkvæmt núgildandi lögum örorkulífeyris ótímabundið nema bætur séu felldar vegna tekna fyrir önnur störf. Sjóðfélagi, sem nýtur örorkubóta frá sjóðnum, getur verið vinnufær til margra starfa í landi og haldið örorkubótunum frá sjóðnum óskertum. Hér er lagt til að fyrstu fimm árin eftir að sjóðfélagi verður óvinnufær sé eingöngu miðað við vinnugetu til sjós, en eftir þann tíma verði matið almennt. Þetta þýðir að margir sjóðfélagar mundu eiga rétt á örorkulífeyri í fimm ár en ekki lengur. Með þessari breytingu gæti orðið um verulega lækkun á útgreiddum örorkubótum frá sjóðnum að ræða. Rétt er að geta þess að þessi breyting er í samræmi við reglugerð sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða.

Um 6. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að greiða öðrum aðila en maka lífeyri við fráfall sjóðfélaga, en skilyrði er að sambúð hafi staðið í a.m.k. fimm ár fyrir andlát og skiptir þar ekki máli þótt hinn látni sjóðfélagi láti eftir sig barn sem hann hefur átt með hinni eftirlifandi sambýliskonu. Þetta er strangara skilyrði en hjá flestum öðrum lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun ríkisins, þar sem fallið er frá skilyrði um lengd sambúðar hafi aðilar átt barn saman og barnið er yngra en 18 ára. Hér er lagt til að heimilt sé að greiða sambýliskonu sem á barn innan 18 ára aldurs með hinum látna sjóðfélaga makalífeyri þrátt fyrir að sambúð hafi staðið skemur en í fimm ár.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir að réttur til makalífeyris falli niður stofni eftirlifandi maki til sambúðar, en samkvæmt núgildandi ákvæði fellur þessi réttur aðeins niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband á ný. Eðlilegt þykir að sambúð felli niður makalífeyrisrétt á sama hátt og sambúð getur verið grundvöllur slíks réttar.

Um 8. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er fjárhæð barnalífeyris til barna örorkulífeyrisþega breytileg þar sem í lögunum segir að samanlagður lífeyrir frá sjóðnum og almannatryggingum skuli vera 1½ barnalífeyrir almannatrygginga. Fjárhæð barnalífeyris frá sjóðnum fer eftir því hvort sjóðfélagi nýtur barnalífeyris frá almannatryggingum eða ekki. Hér er lagt til að barnalífeyrir frá sjóðnum verði alltaf ½ barnalífeyrir almannatrygginga. Það bæði dregur úr útgjöldum sjóðsins og auðveldar framkvæmd ákvæðisins þar sem oft liggur ekki fyrir þegar sjóðurinn úrskurðar barnalífeyri hvort réttur sé einnig á slíkum lífeyri frá Tryggingastofnun. Sú breyting, sem hér er lögð til, er einnig í samræmi við reglugerð SAL.

Um 9. gr.

Verðtrygging lífeyris byggist á ákvæði til bráðabirgða. Hér er lagt til að miðað sé við grundvallarlaun í byrjun hvers mánaðar frá og með janúar 1985 ótímabundið.

Um 10. gr.

Lagt er til að ákvæði 5. gr. um breytingu á viðmiðun við örorkumat og 8. gr. um breytingu á barnalífeyri örorkulífeyrisþega komi til framkvæmda 1. janúar 1993 til þess að þeir örorkulífeyrisþegar, sem þessi breyting tekur til, fái aðlögunartíma áður en bætur þeirra lækka. Að öðru leyti taki lögin gildi við birtingu.

755. Breytingartillögur [140. mál]

við frv. til l. um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Við 4. gr. Síðari málsliður greinarinnar falli brott.
2. Við 5. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ráðherra skipar átta manna starfsmenntaráð til tveggja ára sem fer með framkvæmd laga þessara. Einn fulltrúi skal skipaður af félagsmálaráðherra án tilnefningar og einn af menntamálaráðherra. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, tveir af Vinnuveitendasambandi Íslands og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum launafólks, tveir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Starfsmenntaráð skiptir með sér verkum.

756. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneytisins, Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands og Sveinn Hjörtur Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Einnig komu á fund nefndarinnar Grímur Valdimarsson, Jón Ríkharðsson og Sigurjón Arason frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þá bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Verkamannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva og Vélstjórafélagi Íslands.

Nefndin leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að 2. mgr. 4. gr. verði breytt þannig að í stað sérstaks matsmanns verði í áhöfn maður með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu og hafi hann umsjón með vinnslunni ásamt nauðsynlegu gæðaeftirliti.
2. Lagt er til að nýrri grein verði bætt við frumvarpið er kveði á um að ráðherra geti með reglugerð m.a. heimilað frávik frá ákvæðum frumvarpsins varðandi fullvinnslu um borð í bátum undir 20 brúttórúmlestum sem stunda línu- og handfæraveiðar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum þessum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er hún efnislega samþykk áliti nefndarinnar.

Alþingi, 7. apríl 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Stefán Guðmundsson.
Halldór Ásgrímsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Hjálmar Jónsson.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Magnús Jónsson, með fyrirvara.

757. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. 2. mgr. 4. gr. orðist svo.
   Í áhöfn skal vera maður með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu er hafa skal umsjón með allri vinnslu ásamt nauðsynlegu gæðaeftirliti. Skal með reglugerð kveða á um menntunarkröfur og starfssvið hans.
2. Á eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr., svohljóðandi:
   Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, m.a. heimilað frávik frá ákvæðum þeirra varðandi fullvinnslu um borð í bátum undir 20 brúttórúmlestum er stunda línu- og handfæraveiðar.

758. Svar [333. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um áætlanir í ríkisfjármálum fram í tímann.

1. *Hvers vegna fylgdi ekki áætlun um meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992?*

Þegar núverandi ríkisstjórn kom til valda fyrir tæplega ári þótti sýnt að mikil óvissa væri fram undan í ríkisfjármálum. Þróun ríkisfjármála á árinu 1991 var í verulegum atriðum allt önnur en fjárlög höfðu gert ráð fyrir svo sem nú er kunnugt. Fram undan voru miklar breytingar í þróun þjóðarbúskaparins sem erfitt var að spá fyrir um. Allt þetta hefur komið enn betur fram eftir því sem tíminn hefur liðið.

Við þessar aðstæður þótti það þjóna litlum tilgangi að gera langtímaáætlun um ríkisfjármál. Þess í stað skýrði ríkisstjórnin stefnu sína í ríkisfjármálum í stefnuyfirlýsingu sinni, auk þess sem ítarlega er greint frá umhverfi og áformum ríkisfjármála í greinargerð með fjárlagafrumvarpi 1992 á bls. 239–246.

2. *Hvernig hafa þær þriggja ára áætlanir reynst sem fylgt hafa fjárlagafrumvörpum frá því að ákvæði 70. gr. laga um ríkisbókhald kom inn í lög (1985)?*

Greinargerðir um horfur í ríkisfjármálum hafa verið gerðar skv. 70. gr. laga nr. 52/1966 sem kom inn í lög þessi með lögum nr. 84/1985. Þær er að finna í fjárlagafrumvörpum sem hér segir:

Ár	bls.
1986	301–305
1987	308–311
1988	326–327
1989	320–322

Fyrsta árið, sem slík greinargerð fylgdi fjárlagafrumvarpi, er hún nokkuð ítarleg og gerir grein fyrir forsendum um hagvöxt, áætlun um þróun tekna og gjalda og lánsfjármál ríkissjóðs. Síðari áætlanir ná eingöngu til lánsfjármála og gera ekki sérstaklega grein fyrir tekjum, útgjöldum eða jöfnuði. Frá og með 1990 er ekki gerð sérstök grein fyrir horfum í þróun ríkisútgjalda næstu ára.

Reynslan af áætlunum fyrri ára hefur öll verið á þann veg að þær hafa reynst lítt raunhæfar. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig áætlun í fjárlagafrumvarpi frá árinu 1986, bls. 305, leit út og hver raunveruleg útkoma varð. Í frumvarpinu var hún sett fram á verðlagi í árslok 1985 en hefur hér verið færð til meðalverðlags hvers árs samkvæmt lánskjaravísitölu í milljörðum króna:

Áætlun um greiðsluyfirlit ríkissjóðs.
Verðlag hvers árs.

	1986	1987	1988
Tekjur	36,5	42,6	51,5
Gjöld	36,4	43,4	54,6
Jöfnuður	0,1	-0,8	-3,1

Raunveruleg útkoma.

	1986	1987	1988
Tekjur	38,1	48,9	64,4
Gjöld	40,1	51,7	71,6
Jöfnuður	-2,0	-2,8	-7,2

Að nokkru leyti virðist vera hægt að skýra þennan mun með því að forsendur um hagvöxt í áætlun 1986 reyndust of lágt metnar. Hagvöxtur varð mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Hins vegar ber að gæta þess að umrædd áætlun um ríkisútgjöld fékk hvorki pólitíska umfjöllun né var hún sérstaklega samþykkt af Alþingi. Þar á ofan er erfitt að gera áætlanir fram í tímann sem ná fram í valdatímabil næstu ríkisstjórnar.

3.–4. Er áðurnefnt lagaákvæði fullnægjandi til að skapa festu í stefnumörkun ríkisfjármála fram í tímann að mati ráðherra eða telur hann æskilegra að slík stefnumörkun sé ákvörðuð með þingsályktunum á fleiri sviðum en nú tíðkast, sbr. t.d. vegáætlun (lög nr. 6/1977, 10. gr.) og flugmálaáætlun (lög nr. 31/1987, 1. gr.), t.d. á sviði mennta- og menningarmála? Telur fjármálaráðherra æskilegt og raunhæft að gera langtímafjárhagsáætlanir fyrir íslenska ríkið eins og tíðkast t.d. hjá Evrópubandalaginu?

Íslensk stjórnvöld hafa áður reynt þá stjórnunaraðferð að gera langtímaáætlanir um þróun þjóðarbúskaparins og stöðu ríkisbúskapar innan þess ramma. Fyrsta formlega áætlunin af þessu tagi var svokölluð þjóðhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 1963–1966 sem samin var í ríkisstjórnartíð Ólafs Thors. Á fyrstu árum áttunda áratugarins var mikið reynt að koma á hagstjórn með framkvæmdaáætlunum þar sem niðurröðun fjárfestingaráforma átti að sitja í fyrirrúmi. Reynslan af þessari viðleitni varð ekki til þess að auka stöðugleikann í þjóðarbúskapnum. Hins vegar er hægt að leiða rök að því að áætlanir um einstaka verkefnaþætti ríkisins hafi skilað jákvæðum árangri. Á þetta að einhverju leyti við um vegáætlun og flugmálaáætlun.

Nokkrar nágrannaþjóðir okkar hafa lengi aðhyllst þá stjórnunaraðferð að gera langtímaáætlanir. Á það sérstaklega við um Norðmenn sem gert hafa fjögurra ára áætlanir um þróun þjóðarbúskaparins og fellt áætlanir um ríkisbúskap inn í þann ramma. Hið sama á við Svía. Aðrar Evrópuþjóðir, að Frökkum og Hollendingum undanskildum, hafa lítið lagt út á þessa braut. Hvergi er að sjá greinileg merki þess að umræddar þjóðir hafi borið skýran arð af langtímaáætlunum sínum.

Þrátt fyrir þá misjöfnu reynslu, sem lýst hefur verið hér að framan af áætlunarbúskap sem stjórnunaraðferð, má engu að síður telja að gagn geti orðið af áætlunum um ríkisfjármál til lengri tíma. Slík áætlun getur verið til þess fallin að stjórnvöld og Alþingi geri sér grein fyrir hver séu raunhæf mörk þess sem ríkisbúskapurinn getur annað og hvernig æskilegt sé að skipta hlutverkum milli ríkis og annarra geira þjóðarbúskaparins. Vegna þröngra tímamarka að loknum stjórnarskiptum á sl. ári og nauðsynjar þess að ráðast að brýnasta útgjaldavandanum gafst ekki tími til að undirbúa langtímaáætlun. Ríkisstjórnin tók þá ákvörðun við gerð fjárlaga 1992 að ná niður halla á fjárlögum á árunum 1992 og 1993 án þess að grípa til almennra skattahækkana. Gildi áætlunar til langs tíma stendur og fellur með því að pólitísk stefnumörkun liggi að baki. Fjármálaráðherra hyggst beita sér fyrir því að innan ríkisstjórnarinnar náist samstaða um gerð slíkrar áætlunar á þessu ári.

759. Svar [330. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um skólagjöld.

1. Hvernig samræmist hækkun skráningargjalda í Háskóla Íslands í 17 þús. kr. því ákvæði 6. gr. laga um skólakerfi, nr. 55/1974, að kennsla sé veitt ókeypis í öllum opinberum skólum?

Ákvörðun skrásetningargjalds við Háskóla Íslands hefur lagastoð í 1. mgr. 21. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, sem er svohljóðandi: „Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að

vera skrásettur háskólaborgari gegn því að greiða skrásetningargjald." Ákvörðun um skrásetningargjaldið hefur verið tekin samkvæmt fyrirmælum í 7. mgr. 21. gr. laganna þar sem áskilið er að skrásetningargjöld séu háð samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra.

Ákvæði í lögum um skólakerfi, nr. 55/1974, hafa ekki áhrif á efni þessara lagaheimilda. Það kemur ekki til álita að telja skýrar lagaheimildir í lögum um Háskóla Íslands frá árinu 1990 um skrásetningargjöld ógildar vegna almennra ákvæða þeirra eldri laga sem fyrirspyrjandi vísar hér til.

2. Hvernig samræmist áðurnefnt lagaákvæði því að hafa skráningargjöld í framhaldsskólum?

Um gjöld nemenda í framhaldsskólum gildir ákvæði í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla. Samkvæmt lagaákvæðinu skal skólanefnd ákveða upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Þetta ákvæði hefur að sjálfsögðu fullt gildi hvað sem líður ákvæðum laga um skólakerfi, nr. 55/1974.

3. Eru einhver takmörk fyrir því hve skráningargjöld geti verið há eða til hvers þau eru notuð?

Í 21. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, er sú ein takmörkun sett á ákvörðun um skrásetningargjöld að hún sé tekin á þann hátt sem greinir í 7. mgr. greinarinnar og sem vikið var að hér áður. Þar er ekki að finna takmörkun á því hversu skrásetningargjöldin mega nema hárri fjárhæð og ekki heldur á því til hverra þarfa skólans megi nota tekjur af gjöldunum.

Hvað varðar gjöld nemenda í framhaldsskólum þá er ekki sett hámark á þá fjárhæð sem skólanefnd getur ákveðið að nemendum sé gert að greiða, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um framhaldsskóla. Engu að síður verður að líta svo á að gjöld nemenda í framhaldsskólum á grundvelli 3. mgr. 8. gr. laganna takmarkist við útgjaldaliði sem taldir eru upp í þeirri námsgrein, auk þess sem þeim eru settar skorður af öðrum ákvæðum laga um framhaldsskóla, sérstaklega ákvæðum 32. gr. og 33. gr., þar sem fjallað er um skyldur ríkissjóðs til þess að greiða rekstrarkostnað framhaldsskóla.

760. Svar [381. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um kostnað við fundaherferð og kynningu á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er heildarkostnaður við fundi og kynningar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra innan lands frá 1. janúar til 23. mars 1992? Auk heildarkostnaðar er óskað eftirfarandi sundurliðunar:

a. Heildarkostnaður við auglýsingar í dagblöðum.
b. Heildarkostnaður við auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi.
c. Heildarkostnaður við aðrar auglýsingar.
d. Heildarkostnaður við leigu á fundarsölum og annar beinn kostnaður við fundahald.

e. Heildarferðakostnaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, aðstoðarmanns hans og embættismanna.
f. Annar kostnaður.

Heildarkostnaður við fundi og kynningar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á þessu tímabili, sem um er spurt, var 3.785.529 kr. Kostnaðurinn skiptist þannig:

a. Heildarkostnaður við auglýsingar í dagblöðum 1.505.525 kr.
b. Heildarkostnaður við auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi 231.921 kr.
c. Heildarkostnaður við aðrar auglýsingar (kynningarkostnaður) 134.641 kr.
d. Kostnaður við leigu á fundarsölum og annar beinn kostnaður við fundahald (veitingar) 407.429 kr.
e. Ferðakostnaður:
   Fargjöld ..... 240.817 kr.
   Gisting og fæði ..... 245.981 kr.
   Samtals ..... 486.798 kr.
f. Annar kostnaður (gerð rita, prentkostnaður) 923.215 kr.

Tekið skal fram að hér að framan er tilfærður allur kostnaður við kynningu og fundi á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á því tímabili sem um ræðir. Þar á meðal má nefna:

1. Kostnað, þar á meðal ferða-, dvalar- og fundakostnað, vegna kynningar á nýrri reglugerð um gjaldtöku í heilbrigðisþjónustu. Fundir voru haldnir með stjórnendum og starfsfólki heilsugæslustöðva, bæði í Reykjavík og um land allt.
2. Kostnað vegna samráðsfunda við stjórnir og starfsfólk í heilbrigðisþjónustu vegna áforma um lækkun framlaga til heilbrigðisþjónustu og framkvæmda þar að lútandi, þar á meðal funda um „flatan niðurskurð“ og framkvæmd hans.
3. Auglýsingakostnað vegna framkvæmda á lækkun grunnlífeyris til upplýsinga fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, en auglýsingar þar að lútandi voru birtar á vegum ráðuneytisins í öllum dagblöðum, héraðsfréttablöðum og upplýsingaritum á landsbyggðinni.
4. Kostnað vegna útgáfu upplýsingaefnis á vegum ráðuneytisins.
5. Kostnað vegna fundahalda heilbrigðisráðherra og embættismanna með stjórnendum heilbrigðisstofnana víðs vegar um land og kostnað við almenna fundi ráðherra sem haldnir voru á sama tíma.

Í uppgefnum kostnaði er því falinn allur sá kostnaður sem stofnað hefur verið til í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu við auglýsingar, ferðir, útgáfustarfsemi og annað er varðar undirbúning og kynningu mála á vegum ráðuneytisins, hvort sem í hlut hafa átt ráðherra og aðstoðarmaður hans eða embættismenn ráðuneytisins að fyrirlagi ráðherra.

761. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsagnir bárust frá Búnaðarfélagi Íslands, Dýralæknafélagi Íslands og yfirdýralækni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1992.

Egill Jónsson, form.	Árni M. Mathiesen, frsm.	Kristín Ástgeirsdóttir, með fyrirvara.
Magnús Jónsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Guðni Ágústsson.
Einar K. Guðfinnsson.	Eggert Haukdal.	Ragnar Arnalds.

762. Svar [340. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um málefni leikskólans.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig verður því fylgt eftir að framkvæmt verði ákvæði 3. gr. laga um leikskóla um að sveitarfélög geri könnun á óskum foreldra um leikskólavistun og setji fram áætlanir til a.m.k. tveggja ára í senn? Hvaða sveitarfélög hafa gert slíka könnun síðan lögin voru samþykkt?*
2. *Hvert er mat ráðherra á þeirri niðurstöðu úr skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans frá því í desember 1991 að þjóðhagslegur ábati eflingar leikskólans geti verið á bilinu 1–1,5 milljarðar kr. árlega?*
3. *Er ætlun ríkisstjórnarinnar að stuðla að eflingu leikskólans á kjörtímabilinu í ljósi ofannefndrar niðurstöðu?*
4. *Að hverju er stefnt með þeirri endurskoðun á lögum um leikskóla sem boðuð er í stefnuáætlun ríkisstjórnarinnar og hvað líður framkvæmdum?*

1. Í lögum um leikskóla nr. 48/1991, ákvæði til bráðabirgða II, segir: „Stefnt skal að því að sveitarfélög nái markmiðum 3. gr. innan 10 ára.“ Með hliðsjón af þessu ákvæði hefur námsstjóri leikskóladeildar á fundum sínum með leikskólafulltrúum, sem eru starfsmenn sveitarfélaga og yfirmenn leikskólamála í stærstu sveitarfélögum, rætt áætlun sveitarfélaga og stöðu leikskólamála. Kópavogsbær gerði könnun á þörf fyrir leikskólarými árið 1990 og Vík í Mýrdal árið 1991. Könnun stendur yfir í Mosfellsbæ.

Þar sem biðlisti er opinn öllum börnum er hægt að áliti viðkomandi sveitarfélags að meta þörfina á leikskólarými út frá honum. Í ársskýrslu, sem allir leikskólar á landinu skila til menntamálaráðuneytisins, kemur fram að leikskólaþörf hefur nánast verið fullnægt í mörgum smærri sveitarfélögum en í þeim stærri, svo sem Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og Akureyri, eru enn biðlistar og langt í land að eftirspurn sé fullnægt.

2.–3. Þjóðhagslegur ábati af rekstri leikskóla er ljós en erfitt er að meta hann í krónum.

Samkvæmt lögum um leikskóla er bygging og rekstur alfarið í höndum sveitarfélaga og með lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var leitast við að gera verkaskiptinguna skýrari. Það er ljóst að uppbygging leikskóla er mjög kostnaðarsöm fyrir mörg sveitarfélög eigi þau að fullnægja þörf samkvæmt lögum og matsatriði hvenær fjárhagslegur ábati fer að skila sér enda gert ráð fyrir 10 ára aðlögunartíma eins og áður er fram komið.

4. Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að lög um leikskóla verði endurskoðuð í samráði við Samtök sveitarfélaga með það fyrir augum að saman fari skuldbindingar, ábyrgð og völd, bæði í fjárhagslegu og faglegu tilliti. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær þessi vinna fer fram en væntanlega verður það á þessu ári.

763. Fyrirspurn [490. mál]

til fjármálaráðherra um sölu á hlut ríkisins í SKÝRR.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hyggst ríkisstjórnin setja SKÝRR á forgangslista yfir þau fyrirtæki sem hún fyrirhugar að selja hlut sinn í?

764. Fyrirspurn [491. mál]

til samgönguráðherra um reglur um leigu á ökutækjum án ökumanns.

Frá Jóni Helgasyni.

Eru í undirbúningi reglur um leigu á skráningarskyldum ökutækjum án ökumanns, m.a. hámarksstærð þeirra?

765. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Íslenskum sjávarafurðum, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjómannasambandi Íslands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Í ljósi þeirra umsagna, sem nefndinni bárust, telur hún að vísa eigi málinu til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að tekin verði ákvörðun um framtíð Verðjöfnunarsjóðs.

Nefndin leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Árni R. Árnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi þegar málið var afgreitt og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 8. apríl 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Stefán Guðmundsson. Magnús Jónsson.

Halldór Ásgrímsson. Jóhann Ársælsson. Steingrímur J. Sigfússon.

Guðmundur Hallvarðsson. Vilhjálmur Egilsson.

766. Frumvarp til laga [492. mál]

um brottfall laga nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, sbr. lög nr. 30/1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Lög nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku, eins og þeim var breytt með lögum nr. 30/1990, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar utanríkisráðherra hefur birt auglýsingu um framkvæmd þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 67 frá 20. maí 1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, var bannað að flytja til Íslands vörur sem upprunnar voru í Suður-Afríku eða Namibíu og flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku eða Namibíu eða gera samning um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst mátti vera að endanlegur áfangastaður varanna væri Suður-Afríka eða Namibía. Tilgangurinn með setningu laganna var að mótmæla kynþáttaaðskilnaðarstefnu suður-afrískra stjórnvalda.

Lögunum var breytt með lögum nr. 30/1990 að því er varðaði viðskipti við Namibíu. Landið hafði öðlast sjálfstæði í mars 1990 og kynþáttaaðskilnaður verið afnuminn. Forsenda fyrir viðskiptabanni gagnvart Namibíu var því brostinn.

Íslensk stjórnvöld hafa ávallt fordæmt kynþáttaaðskilnaðarstefnu suður-afrískra stjórnvalda og reynt eftir fremsta megni að stuðla að afnámi hennar.

Þróunin í Suður-Afríku hefur verið mjög jákvæð sl. ár í átt til afnáms kynþáttaaðskilnaðar þar sem flest lög, sem fólu í sér kynþáttaaðskilnað, hafa verið numin úr gildi. Hér má nefna að starfsemi stjórnmálahreyfinga, sem berjast fyrir afnámi kynþáttaaðskilnaðar, hefur verið leyfð, neyðarástandslög frá 1986 hafa verið afnumin, kynþáttaaðskilnaður á opinberum stöðum hefur verið bannaður, vegabréfslögin svokölluðu hafa verið felld úr gildi, fólki af ólíkum kynþætti er ekki lengur óheimilt að ganga í hjúskap, lög sem kváðu á um að skrá skyldi alla íbúa samkvæmt kynþætti hafa verið afnumin, lög sem takmörkuðu eignarheimildir blökkumanna á landi hafa verið felld úr gildi og enn fremur lög sem sögðu til um það hvar fólki af tilteknum kynþáttum væri heimilt að búa.

Kynþáttaaðskilnaður hefur þrátt fyrir þessar aðgerðir ekki verið afnuminn að fullu þar sem kosningarréttur landsmanna grundvallast enn á kynþætti. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan verður ekki afnumin að fullu fyrr en núverandi stjórnarskrá hefur verið afnumin og Suður-Afríka fengið nýja stjórnarskrá. Jafnframt er ljóst að nauðsynlegt er að afnema það efnahagslega og félagslega misrétti í Suður-Afríku sem er bein afleiðing kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar.

Samkomulag hefur náðst á milli Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og stjórnvalda í Suður-Afríku um hvernig hátta skuli endurkomu flóttamanna og pólitískra útlaga til landsins. Um er að ræða u.þ.b. 35.000 manns sem fá aðstoð Flóttamannastofnunarinnar við heimflutning.

Atburðir síðustu tveggja ára sýna að það er tvímælalaust stefna suður-afrískra stjórnvalda að afnema að fullu kynþáttaaðskilnað. Jafnframt er ljóst að eftir þær breytingar, sem hafa átt sér stað, verður ekki aftur snúið af þeirri braut sem nú liggur til lýðræðislegra stjórnarhátta í Suður-Afríku. Málsaðilar hafa nú sest að samningaborðinu til að semja um framtíðarfyrirkomulag landsins og áframhaldandi þróun þess til lýðræðislegra stjórnarhátta þótt á báða bóga séu stjórnmálaöfl sem enga samninga vilja. Ráðstefnan um lýðræðislega Suður-Afríku (CODESA) fór fram 20. og 21. desember 1991 með þátttöku allra helstu stjórnmálafylkinga landsins og hún markar ákveðin þáttaskil á þessu ferli.

Á utanríkisráðherrafundi Norðurlandanna í Reykjavík 21. janúar 1992 lýstu ráðherrarnir ánægju sinni yfir því að málsaðilar hefðu m.a. skuldbundið sig til:

— að skapa Suður-Afríku þar sem kynþáttaaðskilnaðarstefnan hefur verið afnumin,
— að vinna að myndun frjáls og opins samfélags byggðu á lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum,
— að mynda fjölflokkalýðræði þar sem kosningar fara fram með reglulegu millibili á grundvelli almenns og jafns kosningarréttar.

Því var jafnframt fagnað að með ráðstefnunni hafi verið tekið skref í þá átt að fulltrúar meiri hlutans hafi bein áhrif á framkvæmdarvaldið og þess er vænst að sem fyrst náist samkomulag um bráðabirgðastjórn. Málsaðilar, þar á meðal ríkisstjórn Suður-Afríku, hafa skuldbundið sig til að framfylgja CODESA-samningunum eins og kostur er.

Í þjóðaratkvæðagreiðslu hvíta minni hlutans í Suður-Afríku, sem fram fór 17. mars 1992, lýsti yfirgnæfandi meiri hluti, eða tæp 70%, yfir stuðningi við áframhaldandi umbótastefnu F.W. de Klerk, forseta Suður-Afríku. Kosningaþátttaka var mjög mikil eða rúm 85%. Hinir hvítu íbúar Suður-Afríku hafa nú endanlega hafnað kynþáttaaðskilnaðarstefnunni og de Klerk hefur fengið fullt umboð til þess að halda áfram viðræðum innan CODESA-ráðstefnunnar um nýja stjórnarskrá.

Rétt þykir því að afnema viðskiptabannið á Suður-Afríku til þess að staðfesta að raunveruleg framþróun í átt til lýðræðislegra stjórnarhátta og afnáms kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar hafi átt sér stað og veita þar með þeim stjórnmálaöflum stuðning sem vilja að áfram verði haldið á sömu braut og raunverulegu lýðræði komið á í Suður-Afríku. Gildistaka laganna verði ákveðin af utanríkisráðherra og hún verði komin undir áframhaldandi lýðræðisþróun í landinu.

Hér á eftir fer stutt yfirlit um afstöðu nokkurra landa til viðskiptabanns á Suður-Afríku.

Danmörk og Evrópubandalagið.

Afstaðan til Suður-Afríku hefur oft og ítarlega verið rædd í danska þinginu á undanförnum árum. Töluverður ágreiningur hefur verið um málið milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Stjórnvöld hafa stefnt að því að afnema viðskiptaþvinganirnar í áföngum. Af-

staða stjórnarandstöðunnar, sem hefur verið á öndverðum meiði, hefur nú tekið breytingunum í ljósi hinnar jákvæðu þróunar í Suður-Afríku og í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu hvíta minni hlutans 17. mars 1992 ákváðu dönsk stjórnvöld að afnema viðskiptabannið á Suður-Afríku. Dönsk stjórnvöld ákváðu í janúar 1992 að hætta að standa í vegi fyrir því að Evrópubandalagið aflétti banni við innflutningi á járni, stáli og gulli frá Suður-Afríku sem sett var á 1986. Ellefu EB-ríki ákváðu í apríl 1991 að aflétta banninu, en það kom ekki til framkvæmda vegna andstöðu dönsku stjórnarandstöðunnar. Að öðru leyti hefur Evrópubandalagið afnumið allar viðskiptaþvinganir gagnvart Suður-Afríku nema að því er varðar útflutning á olíu og vopnum og samvinna á sviði kjarnorkumála er bönnuð. Í framhaldi af niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar hvöttu portúgölsk stjórnvöld, sem nú fara með forystuna innan Evrópubandalagsins, ríki Evrópubandalagsins til þess að aflétta þeim viðskiptaþvingunum sem enn væru í gildi gagnvart Suður-Afríku.

Finnland.

Í finnskum stjórnmálum er ekki ágreiningur um afstöðuna gagnvart Suður-Afríku. Finnsk stjórnvöld afnámu viðskiptabannið við Suður-Afríku í júní 1991. Enn er þó í gildi bann við fjárfestingum, en stefnt er að því að afnema það fljótlega.

Noregur.

Talið er að afnám viðskiptabannsins á Suður-Afríku njóti stuðnings meiri hluta norska þingsins. Norsk stjórnvöld stefna að því að geta afnumið viðskiptabannið með skömmum fyrirvara og hafa því lagt breytingartillögu við lögin um viðskiptabann á Suður-Afríku fyrir þingið sem heimilar stjórnvöldum að afnema bannið með reglugerð.

Svíþjóð.

Viðskiptabann við Suður-Afríku er enn í fullu gildi í Svíþjóð. Í Svíþjóð hefur enginn ágreiningur verið milli stjórnar og stjórnarandstöðu um afstöðuna til Suður-Afríku og það breyttist ekki við síðustu stjórnarskipti. Ríkisstjórnin mun á næstunni senda þingnefnd til Suður-Afríku til að kynna sér ástandið þar og gefa ríkisstjórninni skýrslu um málið. Í þingnefndinni verða bæði þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu. Um það bil tvær vikur þarf til að breyta lögunum um viðskiptabann. Líkur eru taldar á að samstaða náist um að afnema viðskiptabannið, en öðru máli gegnir um fjárfestingabannið.

Sviss.

Svissnesk stjórnvöld settu aldrei almennt viðskiptabann á Suður-Afríku. Hámark var þó sett á flæði svissnesks fjármagns til og frá Suður-Afríku, en þær takmarkanir voru afnumdar 10. júlí 1991. Svissnesk stjórnvöld hafa einnig samþykkt vopnasölubann Sameinuðu þjóðanna á Suður-Afríku.

Austurríki.

Almennt viðskiptabann á Suður-Afríku var afnumið á sl. ári. Enn er þó í gildi bann við sölu á austurrískum tölvubúnaði til Suður-Afríku sem nota má til hernaðar. Enn fremur er bannað að selja til Suður-Afríku hvers konar tækni til kjarnorkuframleiðslu.

Kanada.

Viðtækt viðskiptabann gagnvart Suður-Afríku er enn í gildi í Kanada.

Bandaríkin.

Viðskiptabanni á Suður-Afríku var aflétt 10. júlí 1991, en þá höfðu stjórnvöld í Suður-Afríku uppfyllt öll þau skilyrði sem sett höfðu verið í lögum frá 1986 (Comprehensive Anti-Apartheit Act of 1986). Enn eru þó í gildi ákvæði sem takmarka stuðning Bandaríkjanna við lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Suður-Afríku og bann við stuðningi Export-Import bankans við starfsemi innan Suður-Afríku. Öll viðskipti með vopn við Suður-Afríku eru einnig bönnuð í samræmi við vopnasölubann Sameinuðu þjóðanna.

Rússland.

Sovétríkin og Suður-Afríka slitu öll tengsl milli landanna árið 1954. Stjórnvöld í Moskvu segja að það hafi verið að frumkvæði suður-afrískra stjórnvalda. Síðan þá ríkti algert bann við hvers konar samskiptum Sovétríkjanna og Suður-Afríku. Vegna eðlis hins sovéska stjórnkerfis var ekki þörf á sérstökum lögum um þetta efni í Sovétríkjunum. Algert samskiptabann var ákveðið af æðstu stjórnvöldum og því var hlýtt.

Rússnesk stjórnvöld telja nú að þróunin í átt til lýðræðis og afnáms alls kynþáttamisréttis sé svo vel á veg komin að rétt sé að huga að frekari tengslum við Suður-Afríku. Fyrir um ári síðan var ákveðið að sovéskir sendierindrekar fengju að starfa í sendiráði Austurríkis í Pretoríu og suður-afrískir sendierindrekar í sendiráði Austurríkis í Moskvu. Á meðan rússnesk stjórnvöld hafa viljað fara sér hægt í málefnum Suður-Afríku þá hafa önnur ríki í samveldinu lýst vilja sínum til frekari samskipta við Suður-Afríku og eru reiðubúin að ganga lengra en rússnesk stjórnvöld.

Rússnesk stjórnvöld munu skilyrðislaust hlíta vopnasölubanni öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og leggja áherslu á að ályktunum allsherjarþingsins um afnám kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríku verði framfylgt enn um sinn.

Engin viðskipti eiga sér nú stað milli Rússlands og Suður-Afríku, en það mun líklega breytast innan tíðar.

767. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Á eftir 6. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Ákvæði þessara laga eiga ekki við um flatningu og söltun um borð í smærri bátum er stunda línu- og handfæraveiðar. Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að setja reglur um meðferð afskurðar og fiskúrgangs um borð í þessum bátum.

768. Svar [281. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um innheimtu virðisaukaskatts.

1. Hver var álagður virðisaukaskattur árið 1991?

Greinarmunur er á *álögðum* virðisaukaskatti og *innheimtum* virðisaukaskattstekjum í ríkissjóð. Á þetta er lögð áhersla. Álagningarfjárhæðir víkja eðli máls samkvæmt frá skilum skattsins í ríkissjóð þar sem álagður skattur kemur fyrst til innheimtu tveim mánuðum eftir álagningu. Álagður virðisaukaskattur vegna innlendra viðskipta, t.d. í nóvember–desember 1990, kemur þannig fyrst til innheimtu í febrúar 1991.

Álagning virðisaukaskatts áranna 1990 og 1991 var samkvæmt gögnum ríkisskattstjóra sem hér segir:

Milljarðar króna	Álagning 1.–6. tímabils 1990	1991	% breyting
Heildarálagning	115,3	131,3	13,8
þ.a. innflutningur	20,3	24,0	18,1
þ.a. innlend viðskipti	95,0	107,3	12,9
Innskattur til frádráttar	76,3	86,1	12,8
Álagning, nettó	**39,0**	**45,2**	**15,8**
– Endurgreiðslur	2,3	2,3	–
Krafa til ríkissjóðs	**36,7**	**42,9**	–

Töflunni þurfa að fylgja eftirtaldar athugasemdir:

Virðisaukaskattur bænda vegna síðasta álagningartímabils 1991 (nóv.–des.) liggur ekki enn fyrir, en hann er hér áætlaður hinn sami og var 1990. Í tölunum eru meðtaldar áætlanir skattstjóra á fyrirtæki sem ekki skila virðisaukaskattsskýrslum 1991, en það ýkir nokkuð mun milli ára. Enn fremur er þess að geta að endurgreiðslur eftir nettó álagningu eiga væntanlega eftir að hækka vegna óframkominna krafna um endurgreiðslur, einkum frá sveitarfélögum og íbúðareigendum, en ávallt er um nokkurn drátt að ræða. Endurgreiðslur ná til matvöru, vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði, sveitarfélaga og ríkisstofnana o.fl. Við samanburð á álagningu 1990 og 1991 þarf að hafa ofannefnd atriði í huga.

Til *innheimtu* í ríkissjóð á árinu 1991 kemur skattur sem lagður var á innlenda veltu á tímabilinu 16. nóvember 1990 til októberloka 1991 og virðisaukaskattur af innflutningi fyrir allt árið 1991, sbr. svar við spurningu 2.

2. Hverjar eru innheimtar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti árið 1991, sundurliðað á hvern mánuð ársins?

Til *innheimtu* á árinu 1991 kemur álagður skattur fyrir 6. tímabil 1990, þ.e. 16. nóvember–desember, til og með 5. tímabil 1991, auk þess eftirstöðvar af höfuðstól fyrri tímabila. Uppgjörstími skattsins er 5. mánaðardagur annars hvers mánaðar, en eins og eftirfarandi yfirlit sýnir er ávallt um nokkra innheimtu að ræða aðra mánuði vegna innheimtu af eftirstöðvum álagningar fyrri tímabila. Einnig hefur endurgreiðsla vegna matvöru o.s.frv. verið dregin frá. Yfirlitið sýnir þannig skil í ríkissjóð.

	1991[1] m.kr.
Janúar	962
Febrúar	4.623
Mars	1.496
Apríl	4.964
Maí	1.120
Júní	5.578
Júlí	1.217
Ágúst	6.056
September	1.018
Október	6.293
Nóvember	806
Desember	4.891
Árið allt	**38.952**

[1] Í þessum tölum eru álögur og dráttarvextir ekki meðtaldir.

3. *Hverjar hefðu tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti átt að verða árið 1991 ef miðað er við að neysluútgjöld jukust um 5,5% á árinu, en í forsendum fjárlaga þess árs var talið að þau mundu aukast um 1,5%?*

Samkvæmt lauslegu mati ætti 1% hækkun á heildargjaldstofni (nettó álagning) virðisaukaskatts að skila ríkissjóði nálægt 400 m.kr. viðbótartekjum. Einkaneysla heimilanna ræður mestu um tekjur af virðisaukaskatti eða nálægt 80% af heildarinnheimtu hans. Rétt er að hafa í huga að u.þ.b. fjórðungur einkaneyslu er undanþeginn virðisaukaskatti. Veigamestu undanþágurnar eru sala á heitu vatni, lyf og læknishjálp, tryggingar, íslenskar bækur, fólksflutningar, orlofsferðir til útlanda og ýmis menningarstarfsemi. Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja, má ætla að aukning einkaneyslu úr 1½% í 5½% hafi skilað nálægt einum milljarði í viðbótartekjur af virðisaukaskatti.

4. *Ef um veruleg frávik frá áætlaðri innheimtu er að ræða, hvenær ársins koma þau frávik fram og hver er ástæðan?*

Á árinu 1991 námu skil virðisaukaskatts í ríkissjóð tæpum 39 milljörðum króna sem var tæplega 2.600 m.kr. lægri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Svar við spurningunni er ekki einhlítt, en benda má á að í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1991, sem lagt var fram í október 1990, segir m.a. um áætlaða innheimtu virðisaukaskatts:

„Þegar haft er í huga að einn og sami skattur, þ.e. virðisaukaskatturinn, stendur undir allt að helmingi allra skatttekna ríkissjóðs er ljóst að jafnvel minni háttar breytingar á greiðsluflæði jafnt innskatts sem útskatts og innheimtu virðisaukaskatts í tolli geta leitt til verulegrar röskunar á tekjum og þar með afkomu ríkissjóðs. Í raun má segja að innheimtuferill virðisaukaskatts sé enn óþekkt stærð enda skammur tími liðinn frá upptöku hans. Þetta skapar óhjákvæmilega nokkra óvissu við gerð tekjuáætlunar nú og ber að skoða tölurnar fyrir árið 1990 og 1991 með þessum fyrirvara."

Eins og sjá má af þessari tilvitnun gerðu menn sér glögga grein fyrir því að erfitt væri að áætla með nákvæmni tekjur af VSK á árinu 1991. Í meðförum Alþingis við afgreiðslu fjárlaga 1991 var áætlunin um tekjur af VSK þó hækkuð um einn milljarð króna eða í 41,5 milljarða króna. Hækkunin var skýrð með tvennum hætti, annars vegar að minni innheimta á síðustu mánuðum 1990 gæfi tilefni til þess að ætla að hún skilaði sér eftir áramótin 1990–91 og hins vegar að með sérstöku innheimtuátaki mætti auka tekjur um 400–500 m.kr.

Þegar bornar eru saman tölur um áætlaða innheimtu virðisaukaskatts eftir mánuðum við raunverulega útkomu 1991 kemur eftirfarandi í ljós:

Framan af árinu var innheimtan nokkurn veginn í takt við áætlanir, en búast hefði mátt við nokkrum viðbótartekjum á þessu tímabili í ljósi meiri eftirspurnar en reiknað var með í fjárlögum. Í greinargerð fjármálaráðherra, sem lögð var fyrir Alþingi í maí 1991, er m.a. bent á að skil á virðisaukaskatti fyrir tímabilið janúar til apríl hafi verið minni en áætlað var þrátt fyrir merki um aukin umsvif. Skýringin var m.a. talin sú að frádráttur vegna innskatts, þ.e. endurgreiddur virðisaukaskattur af aðföngum og fjárfestingu í atvinnurekstri, virðist hafa aukist ívið meira en útskattur, þ.e. endanlegur skattur af eiginlegri veltu. Viðbótartekjur af virðisaukaskatti vegna meiri eftirspurnar á fyrri hluta ársins virðist því hafa vegið upp minni skil skattsins í ríkissjóð en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

Eftir mitt ár fór hins vegar að gæta stærra fráviks milli útkomu og áætlunar. Meginskýringin er þó ekki talin lakari innheimta en á fyrri hluta árs, heldur gætir hér fyrst og fremst áhrifa af veltusamdrætti. Auk þess reyndist innskattur fiskverkenda, bænda og sláturleyfishafa talsvert meiri á síðustu mánuðum ársins en reiknað var með í fjárlögum. Hér er væntanlega um að ræða tilfærslur milli tímabila og má ætla að stór hluti þessara greiðslna (innskatts) hafi skilað sér til baka í t.d. endanlegu uppgjöri bænda í mars 1992.

Loks er þess að geta að endurgreiðslur vegna matvöru, íbúðarhúsnæðis og til sveitarfélaga reyndust einnig talsvert meiri en búist hafði verið við í fjárlagaáætlun.

5. *Hver voru vanskil á álögðum virðisaukaskatti árið 1991? Er um aukningu að ræða samanborið við árið 1990?*

Greina þarf á milli virðisaukaskatts sem er innheimtur af innflutningi við tollafgreiðslu og skatts af innlendri veltu.

Álagning virðisaukaskatts á innflutning nam 24,2 milljörðum króna árið 1991 og kemur til fullrar innheimtu og telst því í innheimtu- eða skilatölum til ríkissjóðs. Sé greiðslufrestur veittur telst skatturinn greiddur og fjárhæðin bókast sem innheimt í Ríkisbókhaldi en hlutaðeigandi innflytjandi er skuldfærður á viðskiptareikningi.

Þess má geta að í lok árs 1990 nam greiðslufrestur í tolli 1.133 m.kr. sem svarar til tæplega 15% af almennum vöruinnflutningi (olía meðtalin) í desember sama ár. Samsvarandi tölur í lok árs 1991 eru 1.069 m.kr. sem eru tæp 17% af innflutningi í desember það ár.

Í eftirfarandi töflu kemur innheimtan af álagningu á innlendum þáttum (virðisaukanum) fram. Hafa þarf í huga þegar þessar tölur eru skoðaðar að athugun á innheimtu og vanskilum áranna 1990 og 1991 fer ekki fram á sama tíma. Úttekt á innheimtu álagningar ársins 1990 fór fram 30. apríl 1991, en fyrir árið 1991 5. mars 1992. Þetta veldur því að þar sem verulegar fjárhæðir innheimtast eftir áramót hvert ár verða innheimtuhlutföllin ekki fyllilega samanburðarhæf.

Innheimta á álögðum virðisaukaskatti af innlendri veltu árin 1990 og 1991.

	Álagning 1990[1] m.kr.	Innheimt af álagningu m.kr.	Innheimtu-hlutfall %	Álagning 1991[1] m.kr.	Innheimt af álagningu m.kr.	Innheimtu-hlutfall %
1. tímabil	2.906	2.804	96,5	2.589	2.418	93,4
2. timabil	2.566	2.406	93,8	2.735	2.519	92,1
3. tímabil	3.374	3.208	95,1	3.432	3.180	92,7
4. tímabil	3.449	3.320	90,6	2.948	2.494	84,6
5. tímabil[2]	2.561	3.351	88,7	5.379	4.564	84,8
6. tímabil[3]	3.776	3.351	88,7	5.379	4.564	84,8
Alls	**18.632**	**17.327**	**93,0**	**21.100**	**18.853**	**89,4**
Eftirstöðvar í árslok[4]	–	1.305	–	–	2.247	–

[1]Álagning að meðtöldum áætlunum. Álag á áætlanir er hins vegar undanskilið.
[2]Rétt er að benda á að á árinu 1990 nær álagning á 5. tímabil til 2½ mánaðar veltu, þ.e. 1. september til 15. nóvember, en álagning 6. tímabils tekur hins vegar aðeins yfir 1½ mánuð.
[3]Um er að ræða bráðabirgðatölur fyrir árið 1991.
[4]Við þessar fjárhæðir bætast síðan dráttarvextir og viðurlög.

Samkvæmt yfirlitinu er *innheimta* ársins 1991 af innlendri viðskiptaveltu tæplega 90% af *álögðum skatti* samanborið við um 93% í lok apríl 1990. Rétt er að árétta það sem áður hefur komið fram að innheimtutölurnar eru ekki fyllilega samanburðarhæfar og sama gildir þar af leiðandi um eftirstöðvar í árslok. Ætla má að innheimta á álagningu 1991 verði betri en hér greinir þegar frá líður. Það skýrist af vanmati á innheimtu skattsins fyrst og fremst á 5. og einkum 6. tímabili 1991. Þar eiga áætlanir á fyrirtæki, sem ekki skila skýrslu, stóran hlut að máli, en nokkur hluti þessara áætlana gengur alla jafna til baka innan fárra vikna frá gjalddaga. Athugun á innheimtu ársins 1991, sem gerð verður í lok apríl nk., ætti að leiða fram samanburðarhæfar tölur um innheimtu af álögum hvort ár um sig.

Þegar á heildina er litið benda fyrstu niðurstöður til þess að innheimta hafi orðið eitthvað lakari á síðasta ári en árið 1990 eða um 1–2% en þær niðurstöður ber að túlka með fyrirvara.

769. Svar [384. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Björns Bjarnasonar um virðisaukaskatt á innfluttar einstakar bækur einstaklinga.

1. *Hverjar voru tekjur ríkissjóðs á árinu 1991 af virðisaukaskatti á einstökum bókum sem einstaklingar pöntuðu erlendis og fóru í gegnum tollpóststofu?*
2. *Hvenær hófst innheimta á söluskatti/virðisaukaskatti á innfluttum einstökum bókum einstaklinga í tollpóststofu hér á landi?*
3. *Hvaða reglur gilda um undanþágur frá virðisaukaskatti vegna innflutnings einstaklinga á einstökum bókum?*
4. *Hvað teljast bækur í skilningi skattalaga þegar lagður er virðisaukaskattur á innfluttar einstakar bækur einstaklinga?*

5. *Er innheimtur virðisaukaskattur af einstökum erlendum bókum til einstaklinga þótt þær séu sendar þeim endurgjaldslaust, t.d. til umsagnar eða til að ritdæma?*
6. *Eru íslenskar reglur um þetta efni sambærilegar við það sem tíðkast annars staðar, t.d. á Norðurlöndum eða í aðildarríkjum EFTA?*

1. Þessari spurningu er ekki hægt að svara af nákvæmni, en miðað við tiltækar upplýsingar frá Pósti og síma má ganga út frá því að árið 1991 hafi tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af einstökum erlendum bókum, sem einstaklingar fluttu inn, verið u.þ.b. 10–15 m.kr.

2. Innheimta á söluskatti af innfluttum einstökum bókum einstaklinga hófst þegar með gildistöku laga nr. 10/1960, um söluskatt. Fljótlega var þó tekin upp regla um verðmæti bókasendingar, t.d. árið 1984 var innflutt bók undanþegin söluskatti ef verðmæti hennar var undir 500 íslenskum krónum. Sú verðmætisregla féll síðan úr gildi með upptöku virðisaukaskatts 1. janúar 1990.

3. Engar undanþágur eru á virðisaukaskatti hvað varðar innflutning einstaklinga á erlendum bókum.

4. Þar sem mismunandi virðisaukaskattsreglur gilda um prentvarning eftir því hvort um er að ræða bækur, tímarit, dagblöð og landsmála- og héraðsfréttablöð eða annan prentvarning er augljóst að ýmis vandamál geta komið upp þegar flokka á prentvöru. Embætti ríkisskattstjóra hefur gefið út leiðbeiningar um virðisaukaskatt af útgáfustarfsemi þar sem tekið er á þessum flokkunarvandamálum. Í fylgiskjali er útdráttur úr þessum leiðbeiningum.

5. Hvað varðar bækur sem sendar eru til einstaklinga endurgjaldslaust, t.d. til umsagnar eða til að ritdæma, gilda sömu reglur í slíkum tilfellum og um aðra aðila, þ.e. greiða verður virðisaukaskatt. Hér er rétt að hafa í huga að grundvallarregla virðisaukaskattsins er að þó að aðilar í atvinnurekstri þurfi að greiða virðisaukaskatt af öllum aðföngum til starfseminnar eru það ekki þeir sem bera skattinn endanlega heldur neytandinn þar sem atvinnufyrirtæki geta dregið frá sem innskatt þann virðisaukaskatt sem þau greiða af aðföngum til rekstursins. Því verður að telja eðlilegt að sá sem að einhverju leyti hefur það sem atvinnu að ritdæma eða skrifa umsagnir um erlendar bækur greiði af bókinni virðisaukaskatt.

6. Athugað var hvaða reglur giltu um innfluttar bækur annars staðar á Norðurlöndum. Í Noregi eru bækur undanþegnar virðisaukaskatti og þær upplýsingar fengust frá Danmörku að þarlendis er notast við svipaða verðmætisreglu og áður var við lýði hérlendis. Samkvæmt henni eru bækur, sem berast erlendis frá að verðmæti undir 80 dönskum krónum, undanþegnar virðisaukaskatti. Þær almennu reglur eru einnig í gildi innan Evrópubandalagsins að heimilt er að undanþiggja smásendingar milli landa innflutningsgjöldum að hámarki að upphæð 22 ECU sem eru u.þ.b. 1.620 kr. í dag. Upplýsingar fengust ekki frá öðrum Norðurlöndum.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr leiðbeiningum ríkisskattstjóra um virðisaukaskatt af útgáfustarfsemi.

4.0 Til hvaða rita taka undanþáguákvæðin?

Greina verður á milli þrenns konar flokka rita, enda gilda mismunandi reglur um hvern flokk fyrir sig:

— Tímarit, dagblöð og landsmála- og héraðsfréttablöð.
— Bækur.
— Annar prentvarningur.

4.1 Tímarit, dagblöð og landsmála- og héraðsfréttablöð.

Sala tímarita er undanþegin skattskyldri veltu skráðs aðila. Engu breytir hvort tímarit er á íslensku eða erlendu máli.

Skilgreiningar.

„Tímarit" í skilningi ákvæðisins er hvers konar útgáfa rita, að jafnaði með efni eftir fleiri en einn höfund, önnur en útgáfa dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða, sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

(a) Kemur út reglulega og a.m.k. tvisvar sinnum á ári. Ríkisskattstjóri getur þó í einstökum tilvikum samþykkt frávik frá þessu skilyrði.
(b) Útgáfan er liður í ótímabundinni röð, þ.e. gert er ráð fyrir útgáfu um ófyrirsjáanlega framtíð.
(c) Einstök hefti bera sama heiti og eru númeruð.
(d) Útgáfan er seld á fyrir fram ákveðnu verði eða dreift til félagsmanna gegn greiðslu félagsgjalds.

Með dagblöðum er átt við blöð sem koma út með reglubundnum hætti flesta daga vikunnar og hafa að geyma almennar fréttir af innlendum og erlendum vettvangi. Með landsmála- og héraðsfréttablöðum er átt við blöð sem að formi til eru svipuð dagblöðum og koma út a.m.k. einu sinni í mánuði.

Samstæður tímarita o.fl. — Ritraðir.

Fréttablöð, dagblöð og tímarit eru talin vera í bókarformi ef:

(a) Þau eru heft eða límd í annað en pappír.
(b) Um er að ræða samstæður tveggja eða fleiri eintaka tímarits, fréttablaðs eða dagblaðs sem bundin eru saman í eitt hefti.

Greint er á milli tímarita og ritraða. Ritröð er safn ritverka sem gefin eru út í mörgum bindum með sameiginlegum heildartitli, en hvert bindi er sjálfstæð heild. Dæmi um íslenskar ritraðir eru Safn til sögu Íslands, Safn Fræðafélagsins og Rit Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.

Erlend tímarit o.fl. í bókarformi og erlendar ritraðir bera virðisaukaskatt. Séu rit þessi á íslensku máli að öllu leyti eða að hluta fer um virðisaukaskatt eftir því sem segir í 4.2.

4.2 Bækur á íslenskri tungu.

Sérstaða bóka gagnvart tímaritum og blöðum er sú að sala bókar er aðeins undan-

þegin skattskyldri veltu sé hún á íslenskri tungu. Af lögskýringargögnum má ráða að ástæða þess að löggjafinn takmarkar undanþáguna við bækur á íslensku sé viðleitni til þess að styrkja sérstaklega íslenska tungu og þann menningararf Íslendinga sem birtist á bók. Verður að hafa þann tilgang undanþáguákvæðisins í huga við skýringu þess.

Bækur með erlendum texta.

Samkvæmt framansögðu tekur undanþágan ekki til bóka á öðrum tungumálum en íslensku, hvort sem höfundur og/eða útgefandi er íslenskur eða erlendur. Bækur, sem eingöngu eru með erlendum texta, bera 24,5% virðisaukaskatt við sölu í atvinnuskyni; það gildir einnig um erlendar bækur þar sem texti er minni hluti efnis (listaverkabækur, ljósmyndabækur o.fl.).

Ríkisskattstjóri lítur svo á að bók, sem bæði hefur að geyma erlendan og íslenskan texta (tví- eða fleirtyngd bók), falli ekki undir undanþáguna nema a.m.k. helmingur heildartexta hennar sé á íslensku. Þessi regla á þó ekki við ef íslenskur og erlendur texti er jafngildur í bók, þ.e. ef sami texti er á tveimur eða fleiri tungumálum, þar með talinni íslensku. Þetta á t.d. við um ýmsar landkynningarbækur með sama texta á mörgum tungumálum. Hins vegar er ekki nægilegt að t.d. aðeins formáli slíkrar bókar sé á íslensku ef hún er að öðru leyti á erlendu máli.

Sérstaklega skal tekið fram að undanþáguákvæðið nær til kennslubóka í erlendum tungumálum, enda séu útskýringar og leiðbeiningar á íslensku. Einnig tekur ákvæðið til orðabóka, bæði íslensk-íslenskra og tvítyngdra orðabóka, þar sem íslenska er annað tungumálið.

Textalausar og textalitlar bækur.

Skilyrðið um íslenskan texta leiðir til þess að undanþáguákvæðið tekur almennt ekki til bóka án texta í meginmáli þótt þær séu gefnar út af íslenskum útgefendum. Þó nær undanþágan til myndabóka með íslenskum texta, t.d. barnabóka eða listaverkabóka, þótt texti sé ekki stórvægilegur, og til nótnabóka, enda sé íslenskur texti með nótunum.

4.3 Prentvarningur sem hvorki er tímarit né bók.

Eftirtalinn prentvarningur er hvorki talinn vera tímarit né bók í skilningi undanþáguákvæða laganna og skulu þeir sem í atvinnuskyni selja eða afhenda slíka vöru innheimta og skila 24,5% virðisaukaskatti af andvirði hennar:

(a) Rit til útfyllingar, innsetningar, límingar, heftunar eða til að rífa af eða úr. Má nefna sem dæmi eyðublöð, litabækur, stílabækur og reikningshefti.
(b) Smáprent, svo sem auglýsinga- og kynningarbæklingar, fréttabréf, dreifibréf og aðrir slíkir bæklingar.
(c) Leikskrár og sýningarskrár.
(d) Almanök, dagbækur og önnur regluleg útgáfa rita sem hafa að geyma dagatöl, nema þegar dagatal er minni hluti víðtækrar handbókar.
(e) Uppdrættir og kort, einnig í bókarformi. Þó tekur undanþágan til landakortabóka sem hafa að geyma „tematískar“ upplýsingar auk korta.
(f) Rit sem að meginefni eru skrár eða listar en ekki samfelldur texti, svo sem símaskrár, heimilisfangaskrár, fyrirtækjaskrár, vinningaskrár, verðskrár, leiðabækur um áætlunarferðir, skrár yfir sýningarhluti, fasteignir, rekstrarfjármuni, vörubirgðir og annað lausafé.
(g) Námsvísar og kennsluáætlanir skóla.
(h) Sérútgáfur laga og reglna, svo og staðlar, leiðbeiningar og tilkynningar frá opinber-

um aðilum. Undanþágan tekur þó til samstæðna tveggja eða fleiri slíkra rita sem bundin eru saman í eitt hefti.

4.4 Undanþegin bók eða tímarit sem selt er ásamt annarri vöru.

Sé bók á íslensku eða tímarit selt með annarri vöru sem ein vöruheild ber að innheimta virðisaukaskatt af heildarsöluverði eða heildarandvirði hins selda, einnig þótt undanþáguákvæðið gæti tekið til sölu prentgripsins ef hann væri seldur sérstaklega.

Það er vöruheild ef kaupandi hefur ekki frjálst val um að kaupa einingarnar hvora í sínu lagi eða ef hann hefur ekki full not af einni einingu án annarrar. Sem dæmi má nefna:

— Leiðbeiningarrit með tæki.
— Blað, tímarit eða bók á íslensku selt með hljómplötu, myndbandssnældu eða leikfangi.

770. Breytingartillögur [72. mál]

við frv. til barnalaga.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (REg).

1. Við 38. gr. Greinin falli brott.
2. Við 76. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
   Ákvæði 3. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 33. gr. og önnur ákvæði laganna er fjalla um sameiginlega forsjá öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. júlí 1995 enda verði þá búið að setja öfluga fjölskylduráðgjöf á laggirnar.

771. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til barnalaga.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar styður barnalagafrumvarpið í meginatriðum. Þar er í flestum atriðum gengið út frá hagsmunum barnsins sem er vitanlega tilgangur frumvarpsins.

Minni hluti nefndarinnar telur ekki tímabært að taka upp sameiginlega forsjá eins og heimild er veitt til í 3. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 33. gr. frumvarpsins á meðan ekki er boðið upp á fullnægjandi fjölskylduráðgjöf hér á landi. Því flytur minni hluti allsherjarnefndar breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Samkvæmt breytingartillögunum taka þau ákvæði laganna, er varða sameiginlega forsjá, ekki gildi fyrr en að þremur árum liðnum. Þá verði öflug fjölskylduráðgjöf komin á laggirnar sem allir landsmenn eiga aðgang að. Með frestun á gildistöku ákvæðanna um sameiginlega forsjá er þannig gefið ráðrúm til þess að efla fjölskylduráðgjöf áður en ákvæðin taka gildi. Telur minni hluti nefndarinnar það verða til þess að ýta frekar á að fjölskylduráðgjöf verði efld og aukin en ef ákvæðin tækju umsvifalaust gildi.

Engin teikn virðast vera á lofti um að efla eigi fjölskylduráðgjöf í kjölfar þessa frumvarps en þörf á slíkri ráðgjöf er afar brýn. Sameiginleg forsjá foreldra krefst náins sam-

starfs þeirra og því er mikilvægt fyrir foreldra og börn að kostur sé á vandaðri ráðgjöf áður en slík ákvörðun er tekin. Því miður er slík ráðgjöf ekki í boði enn þá hér á landi nema í mjög takmörkuðum mæli. Helst hefur verið bent á félagsmálastofnanir og fjölskylduráðgjöf kirkjunnar í því sambandi, svo og presta um land allt. Fjölskyldubjónusta kirkjunnar er nýstofnuð og annar ekki eftirspurn. Ekki er víst að allir prestar séu reiðubúnir til að taka við því vandasama hlutverki sem slík ráðgjöf er. Og ekki má gleyma því að hér á landi ríkir trúfrelsi þannig að margir munu ekki kæra sig um að nýta þá þjónustu. Félagsmálastofnanir eru aðeins starfræktar í stærstu sveitarfélögunum. Þær þarf að efla mjög ef þær eiga að geta sinnt því viðbótarhlutverki sem lagt er á þær með þessu frumvarpi. Þá er þeirri spurningu ósvarað hvert vísa á fólki í smærri sveitarfélögum sem ekki kærir sig um að leita til presta um ráðgjöf vegna forsjármála.

Flestir umsagnaraðilar frumvarpsins mæla með sameiginlegri forsjá. Nánast allir benda þó á að nauðsynlegt er að koma á fjölskylduráðgjöf samhliða því að þessi nýbreytni verði tekin upp. Ætla má því að ýmsir þeirra sem styðja sameiginlega forsjá séu því sammála að ótímabært sé að stíga þetta skref nú.

Í umsögn Barnaheilla segir m.a. að samtökin leggi „ ... þunga áherslu á að samhliða nýjum lögum verði gerðar ráðstafanir til að efla fjölskylduráðgjöf hér á landi".

Í umsögn fulltrúaráðs Foreldrasamtakanna segir m.a.: „Skortur á fjölskylduráðgjöf er alvarleg brotalöm í kerfinu sem þarfnast úrlausnar hið fyrsta."

Í umsögn Félagsmálastofnunar Reykjavíkur segir m.a. svo um sameiginlega forsjá: „Ýmislegt í rökum með þessum breytingum höfðar frekar til hagsmuna foreldra en barna. Samræming við norræna löggjöf telst tæpast haldbær rök þar sem ekki er um hliðstæða þjónustu að ræða hér og á það fyrst og fremst við um sára vöntun á fjölskylduráðgjöf hér á landi."

Í umsögn Dómarafélags Íslands segir m.a. um 33. gr. frumvarpsins: „Stjórnin vill ekki mæla gegn nýskipan um sameiginlega forsjá foreldra við skilnað og sambúðarslit. Hún óttast hins vegar að sú skipan sé aðeins frestun á erfiðri ákvörðun og muni skapa fleiri vandamál síðar en hún leysir."

Fleiri umsagnaraðilar lýsa efasemdum um framkvæmd sameiginlegrar forsjár þótt þeir styðji þá meginhugsun sem í henni felst.

Það er enn fremur veikleiki á sameiginlegri forsjá samkvæmt þessu frumvarpi að sífellt er hægt að endurskoða ákvörðun um sameiginlega forsjá. Þótt þetta ákvæði sé nauðsynlegur varnagli getur það haft í för með sér umtalsvert rask á högum barns/barna foreldra sem hafa ákveðið sameiginlega forsjá. Þau geta hvenær sem er samið um breytingu á forsjá og hlýtur það að skapa mikið óöryggi í lífi barnsins. Í umsögn Fóstrufélags Íslands segir: „Stjórn Fóstrufélags Íslands hefur efasemdir um að sameiginleg forsjá sé alltaf í þágu barna og telur að sameiginleg forsjá geti veikt þann stöðugleika sem börnum er nauðsynlegur."

Margt er varðar sameiginlega forsjá hefur færst til betri vegar með þessu frumvarpi frá þeim hugmyndum sem fyrst voru uppi í þeim efnum. Þar vegur þyngst að nú er kveðið skýrt á um að barn skuli eiga lögheimili hjá öðru foreldrinu þótt um sameiginlega forsjá sé að ræða og það foreldri, sem barnið býr hjá, njóti réttarstöðu einstæðs foreldris. Ekki hefur verið girt fyrir að hægt sé að fella niður meðlag með samkomulagi milli foreldra og er það ámælisvert.

Varðandi dagsektir í 38. gr. frumvarpsins telur minni hluti nefndarinnar þau ákvæði geta verið varhugaverð. Umgengni barns við foreldri sem er þvinguð fram með dagsektum getur aldrei verið til góðs fyrir barn. Er því lagt til að greinin verði felld brott.

Alþingi, 9. apríl 1992.

Ragnhildur Eggertsdóttir.

772. Breytingartillögur [72. mál]

við frv. til barnalaga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SP, JHelg, DH, MJ, PBj, IBA, BBj, BF).

1. Við 10. gr. Í stað orðanna „skal þá“ í 3. mgr. komi: er þá heimilt að.
2. Við 23. gr. Í stað orðanna „móður barns eða“ í 3. mgr. komi: móður barns og/eða.
3. Við 25. gr. Í stað orðsins „barnsfeðra“ í 4. mgr. komi: foreldra.
4. Við 33. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Í samningi um sameiginlega forsjá skal greina hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa búsetu.
5. Við 37. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Barn á rétt á umgengni við það foreldra sinna er ekki fer með forsjá þess og gagnkvæmt.
   b. Fyrri málsliður 5. mgr. orðist svo: Nú er annað foreldra barns látið eða bæði eða foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar við barn og geta þá nánir vandamenn látins foreldris eða foreldris, er ekki getur rækt umgengnisskyldur sínar, krafist þess að sýslumaður mæli fyrir um umgengni þeirra við barn.
6. Við 39.–40. gr. 40 gr., svo og fyrirsögn hennar, falli brott. Síðari málsgrein 39. gr. verði ný 40. gr.
7. Við 60. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Dómari getur lagt fyrir aðila eða lögmenn þeirra að aflað verði nánar tilgreindra gagna, svo sem skýrslna sérfróðra manna um foreldra og barn. Um skýrslur samkvæmt þessari málsgrein fer samkvæmt ákvæðum IX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, um dómkvadda matsmenn.

773. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til barnalaga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar kom Drífa Pálsdóttir, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu. Einnig komu Hrafn Bragason, hæstaréttardómari og formaður réttarfarsnefndar, Valtýr Sigurðsson, formaður Dómarafélags Íslands, Skarphéðinn Þórisson frá Lögmannafélagi Íslands, Þorvaldur Karl Helgason og Benedikt Jóhannsson frá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Sæmundur Hafsteinsson og Þorgeir Magnússon frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Ármann Snævarr, fyrrv. prófessor, Anna Guðrún Björnsdóttir, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu, Hjördís Hjartardóttir og María Þorgeirsdótt-

ir frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Arthur Morthens, formaður Barnaheilla. Þá bárust nefndinni umsagnir frá biskupi Íslands, Kennarasambandi Íslands, Sálfræðingafélagi Íslands, Fóstrufélagi Íslands, Foreldrasamtökunum í Reykjavík, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, félagsmálaráðuneytinu, Barnaheillum, Kvennaráðgjöfinni og Félagi einstæðra foreldra.

Frumvarp þetta er heildarfrumvarp til barnalaga. Það felur í sér veigamiklar breytingar frá gildandi barnalögum, nr. 9/1981, og jafnframt mikilvægar réttarbætur. Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

Í fyrsta lagi er kveðið á um þann möguleika að foreldrar geti samið um sameiginlega forsjá barns, sbr. 32. og 33. gr. frumvarpsins. Í núgildandi lögum er það grunnregla að forsjá barns skuli vera óskipt í höndum annars foreldris en réttur og skylda til umgengni hjá hinu. Frumvarp þetta hróflar ekki við þeirri grunnreglu heldur gefur foreldrum kost á að semja um sameiginlega forsjá. Þegar um sameiginlega forsjá er að ræða fara foreldrar báðir með forsjá barns, lögráðin eru í höndum beggja. Þörf er á samþykki beggja og atbeina til allra meiri háttar ákvarðana er barnið varðar, um persónuhagi og fjármál. Þannig geta foreldraskyldur beggja orðið virkari. Sá aðili, sem þess nýtur, er fyrst og fremst barnið. Það er og í samræmi við ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt barna sem auka skyldur foreldra. Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á að sameiginleg forsjá byggist á samkomulagi foreldra. Ef það rofnar er ekki lengur grundvöllur fyrir sameiginlegri forsjá.

Í öðru lagi eru hugtökin skilgetin og óskilgetin börn afnumin. Kveðið er á um réttarstöðu barna án þessara hugtaka og er það í eðlilegu framhaldi af þeirri þróun sem er mörkuð í gildandi barnalögum þar sem réttarstaða barna sambúðarforeldra og giftra foreldra er í reynd sú sama.

Í þriðja lagi felur frumvarpið í sér að sú meginstefna er mörkuð að dómstóll sker úr ágreiningsmáli um forsjá. Ef aðilar eru ásáttir um það geta þeir leitað úrlausnar ágreiningsins í dómsmálaráðuneytinu. Þannig kveður frumvarpið á um tvíþætt úrlausnarkerfi. Dómstólaleiðin í frumvarpinu verði aðalreglan en ráðuneytið taki forsjármál ekki til úrlausnar nema fram komi ósk foreldra um það. Aftur á móti þykir ekki rétt að taka fyrir þá leið að aðilar geti leitað úrlausnar í ráðuneytinu ef þeir eru sammála um það.

Meðferð forsjármála fyrir dómstólum er nokkuð frábrugðin almennri meðferð einkamála vegna séreðlis málanna. Er horft til þess að niðurstaðan eigi að vera barni fyrir bestu. Má þá fyrst nefna að dómari er ekki bundinn af málsástæðum og kröfum aðila. Hann fylgist með öflun sönnunargagna og getur mælt fyrir um öflun þeirra sjálfur ef honum þykir þurfa. Fer m.a. um öflun þeirra sönnunargagna samkvæmt reglum um dómkvadda matsmenn í lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Þá má nefna að aðilar geta komið með nýjar kröfur og málsástæður allt þar til mál er flutt. Þessar reglur miða að því að viðunandi niðurstaða náist í svo vandasömum og margslungnum málum sem forsjármál eru.

Í fjórða lagi er kveðið á um að úrlausn um umgengnisrétt verði hjá sýslumönnum. Úrlausnum sýslumanna má skjóta til dómsmálaráðuneytisins sem hefur endanlegt úrskurðarvald. Það að bera ágreining fyrst fyrir sýslumann getur horft til réttaröryggis og hagræðis fyrir aðila. Foreldrar eiga oft greiðari aðgang að sýslumönnum, ekki síst úti á landsbyggðinni. Sýslumenn eru oft kunnugir högum aðila eða eiga hægt um vik með að kynna sér þá. Réttaröryggi er aukið með því að fjölga stjórnsýslustigum úr einu í tvö. Þessi skipan mála miðast við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem gengur í gildi þann 1. júlí 1992.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að sýslumaður skuli leiðbeina aðilum um réttaráhrif

samnings um forsjá, sbr. 4. mgr. 33. gr. Leiðbeiningarskylda hans tekur bæði til samninga um forsjá annars foreldris og samninga um sameiginlega forsjá. Fram hefur komið að dómsmálaráðuneytið mun setja nánari reglur um afskipti sýslumanns af forsjármálum, þar á meðal leiðbeiningarskyldu og sáttaumleitan í forsjármálum sem fara til úrlausnar dómsmálaráðuneytisins og um samninga um forsjá er sýslumaður staðfestir, m.a. hvenær sýslumaður skuli leita umsagnar barnaverndarnefndar.

Í þessu frumvarpi eru hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi. Nefna má að veita skal barni, sem náð hefur tólf ára aldri, kost á að tjá sig um forsjármál og að rétt er að ræða við yngra barn, miðað við aldur þess og þroska, sbr. 4. mgr. 34. gr. frumvarpsins. Enn fremur er veitt heimild til skipunar sérstaks talsmanns barns í ágreiningsmálum um forsjá, sbr. 5. mgr. 34. gr.

Nefndin leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. Lögð er til breyting á 3. mgr. 10. gr. Ekki þykir eðlilegt að kveða á um skyldu til úrskurðar af því tagi sem ákvæðið mælir fyrir um.
2. Lögð er til breyting á 3. mgr. 23. gr. sem felur í sér að framlög skv. 21. og 22. gr. frumvarpsins geti bæði runnið til móður barns og opinberrar stofnunar. Vera má að báðir aðilar hafi að einhverju leyti staðið straum af þeim útgjöldum sem hér um ræðir og tilheyra þá framlögin hvoru um sig að því marki sem þau hafa innt útgjöldin af hendi.
3. Lagt er til að foreldrar verði nefndir í 4. mgr. 25. gr. í stað barnsfeðra því að hér geta einnig komið til meðlagsúrskurðir á hendur barnsmæðrum og er sjálfgefið að sömu reglur gildi hér um báða foreldra barns.
4. Lagt er til að við 1. mgr. 33. gr. bætist ákvæði þess efnis að í samningi um sameiginlega forsjá skuli greina hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili. Réttarstaða þess foreldris, sem barn á lögheimili hjá, þykir best tryggð með því að kveða á um þetta í texta frumvarpsins. Enn fremur er lagt til að kveðið verði á um að barn skuli að jafnaði hafa búsetu þar sem það á lögheimili og undirstrikar það eðli sameiginlegrar forsjár. Ljóst er að barn, sem er í sameiginlegri forsjá foreldra sinna sem ekki eru samvistum, getur ekki verið bundið af því að hafa fasta búsetu hjá því foreldri sem það á lögheimili hjá. Dvöl barnsins hlýtur að ráðast af samkomulagi foreldra og eftir atvikum í samráði við barnið.
5. Lagt er til að 1. mgr. 37. gr. verði breytt þannig að tekin verði af öll tvímæli um það að barn eigi rétt á umgengni við það foreldri sitt sem ekki fer með forsjá og gagnkvæmt þótt forsjá barns sé í höndum annars en hins kynforeldris þess.
6. Lagt er til að í 5. mgr. 37. gr. verði einnig kveðið á um þau tilvik þegar foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar við barn vegna vanhæfni eða langvarandi dvalar erlendis. Breytingin þjónar einkum því hlutverki að tryggja almenningi vitneskju um það réttarúrræði sem í þessu felst.
7. Lagt er til að 40. gr. falli brott. Greinin tekur í raun til fósturráðstafana og telur nefndin fara best á því að um fóstur verði alfarið fjallað í barnaverndarlögum eins og þau eru hverju sinni. Í þessu sambandi er vert að minna á frumvarp til nýrra laga um vernd barna og ungmenna sem nú er til umfjöllunar í félagsmálanefnd Alþingis, en í frumvarpinu eru ítarleg ákvæði um fóstur og fósturráðstafanir. Jafnframt er lagt til að síðari málsgrein 39. gr. verði að nýrri 40. gr. Er það einkum af hagkvæmnisástæðum. Ekkert virðist mæla því gegn að skipta málsgreinum 39. gr. í tvær sjálfstæðar greinar þar sem fyrri málsgreinin tekur til forsjármála en hin síðari til umgengnismála.
8. Lagt er til að orðalagi 2. mgr. 60. gr. verði breytt þannig að tekin séu af öll tvímæli

um að skýrslur samkvæmt málsgreininni fari samkvæmt ákvæðum IX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, um dómkvadda matsmenn eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. apríl 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Helgason.	Drífa Hjartardóttir.
Magnús Jónsson.	Pétur Bjarnason.	Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.
Björn Bjarnason, með fyrirvara.		Bryndís Friðgeirsdóttir, með fyrirvara.

774. Skýrsla [493. mál]

um starfsleyfistillögur fyrir álver á Keilisnesi.

Frá umhverfisnefnd.

I. INNGANGUR

Á fundi umhverfisnefndar, 31. maí 1991, var samþykkt, með vísan til 26. gr. þingskapa, að taka til umfjöllunar í nefndinni drög að starfsleyfistillögum fyrir álver á Keilisnesi sem unnið var að í umhverfisráðuneytinu og hjá mengunarvarnasviði Hollustuverndar ríkisins. Nefndin hefur rætt þetta mál á mörgum fundum og bæði aflað gagna og fengið á sinn fund gesti til viðræðna um málið eins og nánar verður gerð grein fyrir í skýrslunni.

Í nefndinni var samþykkt samhljóða tillaga um að nefndin gæfi Alþingi skýrslu um störf sín, sbr. áðurnefnda 26. gr. þingskapa, og að nefndin óskaði eftir umræðu á Alþingi um þá skýrslu. Jafnframt var samþykkt tillaga um að beina þeim tilmælum til umhverfisráðherra að starfsleyfi yrði ekki gefið út fyrir álver á Keilisnesi fyrr en umræðu um skýrsluna væri lokið.

II. GÖGN SEM NEFNDIN HEFUR HAFT TIL HLIÐSJÓNAR VIÐ YFIRFERÐ

Nefndin hefur kallað eftir ýmsum upplýsingum varðandi starfsleyfistillögur. Leitaði nefndin fanga víða og lögðu einstakir nefndarmenn fram gögn, auk þess sem óskað var eftir gögnum frá innlendum aðilum. Eðli málsins samkvæmt hafa umhverfis- og iðnaðarráðuneyti verið beðin um flest gögn en gerð er grein fyrir þeim gögnum undir a-lið hér á eftir. Gögn, sem nefndinni bárust frá Alþingi og einstakir nefndarmenn öfluðu, eru talin upp í b-lið. Ekki bárust öll gögn sem óskað var eftir frá umhverfisráðuneyti og er gerð nánari grein fyrir þeim í c-lið. Gögn, sem prentuð eru sem fylgiskjöl með skýrslunni, eru skáletruð hér á eftir.

a. Frá umhverfis- og iðnaðarráðuneytum bárust eftirfarandi gögn:

1. *Upplýsingar um efnisþætti starfsleyfis fyrir álver á Keilisnesi,* dags. 21. júní 1991, fskj. IX.
2. Skýrsla NILU (Norsk institutt for luftforskning) um dreifingu mengunarefna í lofti frá álveri á Keilisnesi. (Model calculations for a planned aluminium smelter at Keilisnes, Iceland. NILU OR:35/90.)
3. *Starfsleyfistillögur fyrir væntanlegt álver,* íslensk útgáfa, dags. 13. ágúst 1991, send með bréfi, dags. 15. ágúst 1991, fskj. I.
4. *Minnisblað um ákvæði 6. gr. aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Atlantsálsaðilanna um útgáfu og endurskoðun starfsleyfis,* dags. 6. september 1991, fskj. II.
5. *Bréf umhverfisráðherra, svar við bréfi umhverfisnefndar,* dags. 25. september 1991, fskj. VI.
6. Starfsleyfistillögur fyrir væntanlegt álver, enskar útgáfur, dags. 28. júní og 21. ágúst 1991, fyrri tillagan afhent nefndinni 11. september en sú síðari 30. september 1991.
7. Þrjár framkvæmdaáætlanir norrænu ráðherranefndarinnar; um að vinna gegn mengun hafsins, gegn mengun loftsins og á sviði hreinni tækni, sorps og endurvinnslu, NU 1990:2, 1990:3 og 1990:4.
8. Minnisblað um rannsóknir varðandi járnblendiverksmiðju á Grundartanga og kísilmálmverksmiðju sem fyrirhugað var að risi á Reyðarfirði, dags. 27. september 1991.
9. Skýrsla sem kanadíska verkfræðifyrirtækið Admont Project Management vann fyrir markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar um lög og reglugerðir á sviði umhverfisréttar sem gilda um álbræðslur í Quebec-fylki og samanburð á þeim við reglur í nokkrum löndum ásamt umsögn um íslenska staðla, dags. 1. nóvember 1989.
10. Minnisblað iðnaðarráðuneytis um mat á dreifingu mengunarefna í lofti frá nýju álveri, dags. 4. september 1990, fskj. X.
11. Ljósrit úr reglum EPA (Enviromental Protection Agency, Bandaríkjunum) um álver.
12. *Minnisblað umhverfisráðuneytisins til umhverfisnefndar,* dags. 16. ágúst 1991, *svar við minnisblaði nefndarinnar,* dags. 11. júlí 1991, fskj. III og IV.
13. *Bréf umhverfisnefndar til umhverfisráðherra,* dags. 12. september 1991, fskj. V.
14. *Bréf umhverfisráðuneytis, svar við bréfi fjögurra nefndarmanna umhverfisnefndar,* dags. 10. október 1991, fskj. VIII.

b. Önnur gögn sem nefndin aflaði sér:

1. Greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl., lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi, þingmál 524.
2. Nefndarálit 1. minni hluta iðnaðarnefndar neðri deildar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um raforkuver o.fl., þskj. 1273, þingmál 524 á 112. löggjafarþingi.
3. Skýrsla iðnaðarráðherra til Alþingis um stöðu samninga um nýtt álver, lögð fram í október 1990 á 113. löggjafarþingi.
4. Skýrsla iðnaðarráðherra um álver á Keilisnesi, lögð fram í mars 1991 á 113. löggjafarþingi.
5. *Tillaga til þingsályktunar um samninga um álver í Vatnsleysustrandarhreppi,* lögð fram á 113. löggjafarþingi, fskj. XV.
6. *Mengunarvarnir í álbræðslum í Noregi, minnispunktar frá viðræðum í norska umhverfisráðuneytinu 9. ágúst 1991,* frá alþingismönnunum Kristínu Einarsdóttur og Hjörleifi Guttormssyni, fskj. XI.

7. Tvær skýrslur Líffræðistofnunar Háskóla Íslands um rannsóknir á lífríki fjöru umhverfis kerbrotagryfjur í Straumsvík. (Agnar Ingólfsson: A survey of intertidal organisms around dumping pits for pot linings at Straumsvík, Southwestern Iceland, fjölrit 27b, Rvk. 1990, og Jörundur Svavarsson: Studies on the rocky subtidal communities in vicinity of a dumping pit for pot linings at Straumsvík, Southwestern Iceland, fjölrit 28, Rvk. 1990.)
8. Skýrsla um loftgæði á Hvaleyrarholti, niðurstöður mælinga sem framkvæmdar voru af heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis 1990, útg. 18. mars 1991.
9. *Minnisblað um mengunarvarnir í norskum álbræðslum*, frá Hjörleifi Guttormssyni, dags. 30. október 1991, fskj. XII.
10. *Bréf fjögurra nefndarmanna umhverfisnefndar til umhverfisráðherra*, dags. 30. september 1991, fskj. VII.
11. *Minnisblað um mengunarvarnakröfur í álveri í Svíþjóð*, frá Kristínu Einarsdóttur, dags. 3. nóvember 1991, fskj. XIII.
12. *Viðbótarupplýsingar um mengunarvarnir í álbræðslum í Noregi*, frá Hjörleifi Guttormssyni, dags. 6. nóvember 1991, fskj. XIV.

c. Gögn sem nefndin bað um frá umhverfisráðuneyti en ekki hafa borist:

1. Hluti gagna um samanburð á álverum í Evrópu og Bandaríkjunum.
2. Upplýsingar um kröfur sem gerðar eru í starfsleyfum til álvera á Norðurlöndum og hafðar voru til hliðsjónar við gerð starfsleyfistillagna.
3. Drög aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Atlantsálshópsins um álver á Keilisnesi eða þeir hlutar hans sem fjalla um mengunarvarnir og vitnað er til í starfsleyfistillögum.

III. FUNDIR MEÐ UMHVERFISRÁÐHERRA OG SÉRFRÆÐINGUM UM STARFSLEYFISTILLÖGURNAR

Á öllum fundum, sem nefndin hélt á 114. löggjafarþingi, var rætt um starfsleyfistillögur vegna álvers og álverssamninga, mismikið þó. Málið hefur einnig borið á góma á fundum nefndarinnar á 115. löggjafarþingi. Til tveggja funda voru boðaðir gestir til viðræðna við nefndarmenn um starfsleyfistillögur. Á þessum fundum var rætt almennt um starfsleyfistillögur og skilyrði fyrir starfrækslu álversins auk þess sem ýmsum gögnum var dreift. Á fundina komu Eiður Guðnason umhverfisráðherra, Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu, Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins, og Þóroddur Þóroddsson, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs. Á fundum með gestum báru nefndarmenn fram fjölmargar fyrirspurnir sem ekki verða raktar hér sérstaklega. Hins vegar verður getið nokkurra atriða sem fram komu í máli gesta á þessum fundum, m.a. sem viðbrögð við fyrirspurnum nefndarmanna.

Á fyrri fundinum, sem haldinn var 3. júlí 1991, var rætt um stöðu álverssamninga, sérstaklega með tilliti til umhverfisþátta, efni væntanlegs starfsleyfis og stöðu vinnu við það, auk flestra þátta sem tengjast starfsleyfi og útgáfu þess.

Umhverfisráðherra lýsti helstu atriðum í samningi um álver sem varða hans ráðuneyti og kom fram í máli hans að mjög viðunandi árangur hefði náðst hvað varðar starfsleyfi og þær kröfur sem þar væru gerðar. Aðspurður greindi hann frá því að Atlantsál muni borga umhverfisrannsóknir í samræmi við ákvæði starfsleyfis og ráða verkefnisstjóra er verði íslenskur sem og aðrir vísindamenn sem að rannsókunum muni vinna. Jafnframt sagði hann að unnið verði eftir reglum sem umhverfisráðuneytið setur um framkvæmd rannsóknanna.

Fulltrúi umhverfisráðuneytisins fór yfir þau atriði sem koma til með að vera í starfsleyfi. Fram kom að starfsleyfistillögurnar hafi verið unnar að grunni til af mengunarvarnasviði Hollustuverndar ríkisins en síðan í samvinnu þess og umhverfisráðuneytisins. Voru tillögurnar sendar lögbundnum umsagnaraðilum til athugunar. Ræddi fulltrúi ráðuneytisins um leyfileg mörk ryks, flúoríðs og brennisteinstvíildis og einnig um förgun fasts úrgangs. Við ákvörðun á leyfilegu flúormagni hafi verið fylgt stöðlum á Norðurlöndum og frárennsli kælivatns verður mjög lítið þar sem hringrás verður á kælivatninu og það verður leitt í gegnum hreinsibúnað. Fráveitur þurfa að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í mengunarvarnareglugerð. Fulltrúi umhverfisráðuneytisins benti á að fastur úrgangur, sem er aðallega kerbrot, falli ekki til fyrr en eftir tíu ár. Heimilt verði að farga slíkum úrgangi í flæðigryfjum ef ekki er hægt að endurnýta hann, en endurnýting er meginregla starfsleyfisins varðandi meðferð úrgangs.

Fulltrúi iðnaðarráðuneytisins fór yfir ákvæði í drögum að fyrirhuguðum aðalsamningi um álver á Keilisnesi er varða endurskoðun starfsleyfis. Gert er ráð fyrir að starfsleyfið hafi sama gildistíma og aðalsamningurinn. Fram kom að endurskoða eða breyta má starfsleyfinu tíu árum eftir að rekstur álversins hefst og síðan sjöunda hvert ár, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Komi fram krafa um að nýr mengunarvarnabúnaður verði settur upp á Keilisnesi þarf hann að hafa verið fyrirskipaður og þeim fyrirskipunum framfylgt í löndum OECD. Jafnframt því þarf búnaðurinn að vera jafnnauðsynlegur á Keilisnesi og á öðrum stöðum þar sem slíkar varnir hafa verið skyldaðar og þeim komið á.

Á fundinum var rætt um búnað til að hreinsa mengunarefni úr útblæstri, einkum hreinsun brennisteinstvíildis. Fram kom að gert er ráð fyrir svokölluðum þurrhreinsibúnaði í fyrirhuguðu álveri. Með þeim búnaði er flúoríð og ryk hreinsað úr útblæstrinum en hann hreinsar hins vegar ekki brennisteinstvíildi. Til þess að hreinsa það þarf að leiða útblástursloftið frá þurrhreinsibúnaðinum um svokallaðan vothreinsibúnað. Vothreinsun felst í því að sjór er nýttur til að binda það brennisteinstvíildi (SO_2) sem fer út í umhverfið við vinnsluna og því er þannig skilað til sjávar. Fram kom að mat á því hvort gerðar eru kröfur um vothreinsibúnað ráðist af staðháttum þar sem reisa á álver og að sá hópur, sem hefur fjallað um umhverfismál í tengslum við undirbúning og vinnslu starfsleyfistillagna, telji að ekki þurfi vothreinsibúnað við álver Atlantsáls vegna staðhátta á Keilisnesi.

Á síðari fundinum, sem haldinn var 11. september 1991, var rætt um tillögur að starfsleyfi vegna álvers á Keilisnesi. Ólafur Pétursson var spurður ítarlega út í efni starfsleyfistillagnanna og um hans skoðun á ýmsum þáttum þeirra. Ólafur taldi þá málsmeðferð að umhverfisráðuneyti og mengunarvarnasvið Hollustuverndar ríkisins hafi haft samvinnu um samningu starfsleyfis vel geta staðist þar sem hér væri um mjög stórt fyrirtæki að ræða. Í heild lýsti hann sig þokkalega sáttan við þær starfsleyfistillögur sem fyrir lægju þótt hans stofnun hefði ekki náð öllu sínu fram. Fram kom sú skoðun Ólafs að ekki væri unnt að gefa út starfsleyfi fyrir álverið fyrr en endanlega er ljóst um efni aðalsamnings. Rætt var um endurútgáfu starfsleyfis, m.a. að verði framleiðsluháttum álvers breytt verulega eða framleiðsla aukin umfram heimild í starfsleyfi þurfi að gefa út nýtt

leyfi samkvæmt þeim reglum sem þá gilda. Hann taldi ekki víst að til förgunar í flæðigryfjum þurfi að koma þar sem kerbrot falla ekki til á næstu árum en ekki sé vitað um óheppileg áhrif slíkrar förgunar. Aðspurður sagði Ólafur að oftast væri ekki samið um starfsleyfi við fyrirtæki, en ávallt væri haft samband við þau og leitað álits. En hér væri um sérlega mikil frávik að ræða að því leyti að fram hefðu farið beinar samningaviðræður við Atlantsál um marga þætti starfsleyfis. Hann taldi sig ekki geta tekið undir það viðhorf að þau mörk, sem sett eru í starfsleyfistillögum, verði orðin fjarstæðukennd eða úrelt eftir 10–15 ár miðað við að þá verði um eldri verksmiðju að ræða. Varðandi afstöðu til vothreinsi- eða þurrhreinsibúnaðar tók Ólafur fram að engar reglur væru gildandi um að ávallt þyrfti að setja upp vothreinsibúnað vegna álbræðslu þótt margt mælti með að sett væri afdráttarlaus regla um þetta atriði. Taldi Ólafur ekki þörf á vothreinsibúnaði miðað við aðstæður á Keilisnesi en ef reist væri álver í Eyjafirði eða Reyðarfirði yrði að gera kröfu um vothreinsibúnað. Fram kom þó hjá honum að með tilliti til brennisteinstvísýrings (SO_2) er sjóþvottur til viðbótar við þurrhreinsun til bóta út frá mengunarvarnasjónarmiði.

Þóroddur Þóroddsson benti á að rannsóknir á sjávardýralífi og sjávargróðri væru óskilgreindar í leyfinu. Ræddi hann m.a. um áhrif álvers á nánasta umhverfi þess. Varðandi útbástur flúoríðs (F) benti Þóroddur á að hægt væri að ná góðum árangri, 0,3–0,6 kg/tAl, en slíkt færi eftir þeirri tækni sem notuð væri, starfsfólki og rekstri álbræðslunnar. Fram kom í máli Þórodds að Náttúruverndarráð væri þeirrar skoðunar að þurft hefði að setja efri mörk á brennisteinsinnihald (S) í skautum. Þá hafi Náttúruverndarráð verið með ýmsar kröfur sem ýmist hafi orðið samkomulag um að breyta eða þeim hafi verið hafnað gegn vilja ráðsins. Taldi hann að ef staðsetning álversins hefði verið í Eyjafirði eða Reyðarfirði hefðu kröfur ráðsins einnig verið aðrar og strangari. Hvað snerti álver á Keilisnesi lýsti Þóroddur því hins vegar yfir að Náttúruverndarráð væri þokkalega ánægt með starfsleyfið.

Auk þessa var fjallað um fjöldamörg atriði sem varða starfsleyfistillögunar á fundinum.

IV. NIÐURSTÖÐUR

a. Álit Gunnlaugs Stefánssonar, Tómasar Inga Olrich, Árna Ragnars Árnasonar, Árna M. Mathiesen og Láru Margrétar Ragnarsdóttur.

1. Efni starfsleyfistillagna fyrir álver Atlantsáls.

Eins og fram kemur í skýrslunni hefur umhverfisnefnd Alþingis fjallað rækilega um drög að starfsleyfi fyrir álver Atlantsáls á Keilisnesi og viðað að sér miklum upplýsingum um málið. Álverið, sem fyrirhugað er að reisa á Keilisnesi, yrði stærsta verksmiðja landsins og því er margs að gæta þegar ákveðið er að veita starfsleyfi til slíks reksturs. Eðlilegt er að umhverfisnefnd Alþingis sýni slíku máli mikinn áhuga, kanni þær tillögur sem leggja á til grundvallar við útgáfu starfsleyfis og skili Alþingi skýrslu um störf sín.

Ekki verður annað séð en að af hálfu umhverfisráðuneytis og mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins hafi verið lögð mikil og góð vinna í undirbúning starfsleyfisins. Í svo viðamiklu og sérstæðu máli sem þessu má telja eðlilegt að sérfræðingar mengunarvarna Hollustuverndar og umhverfisráðuneytisins vinni saman að gerð starfsleyfistillagna. Einnig er óhjákvæmilegt þegar svo stór atvinnurekstur sem hér um ræðir hefst að starfsleyfi verði hluti af efni því sem rætt er við samningsgerð milli rekstaraðila álversins og íslenska ríkisins þótt ekki sé um beinar samningaviðræður um starfsleyfið í heild að ræða.

Veiting þess og þau skilyrði, sem fram koma í því, eru algjörlega á ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Meðal þeirra sem hér eiga hlut að máli hefur náðst góð samstaða um markmið mengunarvarna. Samráð hefur verið haft við fjölda stofnana og hafa engin mótmæli borist frá þeim við efni starfsleyfistillagnanna. Segja má því að bærileg sátt hafi náðst um þá niðurstöðu sem fram kemur í drögum að starfsleyfi fyrir álverið á Keilisnesi. Drögin að starfsleyfi tryggja einnig að uppfylltar eru þær kröfur til umhverfisverndar sem gerðar eru í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Auk þeirra gagna sem fylgja þessari skýrslu er vert að benda á ítarlega skýrslu sem umhverfisráðherra hefur lagt fram um undirbúning starfsleyfis vegna væntanlegs álvers á Keilisnesi og mengunarvarnir í álverum, 136. mál þessa þings. Í skýrslu ráðherrans og bréfi umhverfisráðuneytisins dags. 10. október 1991, sbr. fskj. VIII, er að finna upplýsingar um mest af því sem á skorti af því sem nefndin óskaði eftir á fundum sínum síðasta sumar, sbr. c-lið II. kafla þessarar skýrslu. Í tilvitnuðu bréfi umhverfisráðuneytisins kemur fram að starfsleyfi fyrir fyrirhugað álver sé enn í vinnslu og að aflað verði frekari gagna. Í bréfinu segir enn fremur að ef ný gögn benda til að almennt sé verið að herða kröfur hvað varðar mengun frá áliðnaðinum enn frekar en gert hefur verið á síðustu árum verði það skoðað við endanlega gerð starfsleyfisins. Ekkert bendir til annars en að starfsleyfi fyrir álver á Keilisnesi muni sætta vel sjónarmið atvinnulífs og umhverfisverndar.

2. *Auglýsing starfsleyfistillagna fyrir álver Atlantsáls.*

Starfsleyfistillögurnar voru auglýstar í Lögbirtingablaðinu 16. ágúst 1991 og lágu frammi til kynningar á skrifstofu sveitarstjórnar Vatnsleysustrandarhrepps. Var umsagnaraðilum, sem nánar voru taldir upp í auglýsingunni, gefinn kostur á því að koma athugasemdum á framfæri við mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins fyrir 1. október 1991. Í bréfi fjögurra nefndarmanna til umhverfisráðherra, dags. 30. september 1991, sbr. fskj. VII, en þeir standa ekki að þessum hluta skýrslunnar, kemur fram að þeir telja að nauðsynlegt hefði verið að framlengja umsagnarfrestinn þar sem starfsleyfistillögurnar lágu eingöngu frammi til umsagnar en ekki þeir hlutar aðalsamnings um álver sem tillögurnar vísa í. Umhverfisráðuneytið sendi formanni nefndarinnar svarbréf 10. október 1991, sbr. fskj. VIII, í tilefni af bréfi því sem sent var 30. september. Sá hluti nefndarmanna, sem ekki stóð í umræddum bréfaskriftum, telur að ekki hafi verið tilefni til þess að lengja umsagnarfrest vegna starfleyfistillagna. Lögmæltur umsagnartími var gefinn. Einnig eru nægilegar upplýsingar í starfsleyfistillögum um að aðalsamningur hafi ekki að geyma nein ákvæði sem gera það að verkum að almenningur hafi ekki getað gefið umsögn um tillögurnar sem lagðar voru fram 16. ágúst 1991.

Telja má, með vísan í 26. gr. þingskapalaga, að hlutverk þingnefndar sé ekki að gefa umsögn til ráðuneytis eftir auglýsingum sem birtast opinberlega og almenningi er gefinn kostur á að svara innan ákveðins frests. Fastanefnd hefur heimild til þess að gefa Alþingi skýrslu um sín störf og umræður um slíka skýrslu eru réttur vettvangur fyrir skoðanaskipti að mati þeirra sem standa að þessum hluta skýrslu nefndarinnar.

b. Álit Hjörleifs Guttormssonar, Kristínar Einarsdóttur, Ólafs Ragnars Grímssonar og Valgerðar Sverrisdóttur.

1. Umræður um mengunarvarnir og málsmeðferð stjórnvalda.

Umræða um kröfur um mengunarvarnir í nýrri álbræðslu hérlendis hefur verið í gangi öðru hvoru undanfarin ár. Hún hefur að nokkru tengst baráttu fyrir úrbótum í mengunarmálum álbræðslunnar í Straumsvík.

Kristín Einarsdóttir bar ítrekað fram fyrirspurnir til iðnaðarráðherra um undirbúning vegna álbræðslu, ekki síst með tilliti til mengunarvarna (10. mál á 111. löggjafarþingi 1988, 40. mál á 112. löggjafarþingi 1989). Í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, 524. mál á 112. löggjafarþingi 1990, var fjallað ítarlega um umhverfisáhrif bræðslunnar í nefndarálitum 1. og 2. minni hluta iðnaðarnefndar neðri deildar, þskj. 1273 og 1280 (Hjörleifs Guttormssonar og Kristínar Einarsdóttur).

Í skriflegu svari heilbrigðisráðherra vegna 40. máls 1989 kom fram að óformlegar viðræður væru hafnar milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Hollustuverndar ríkisins annars vegar og iðnaðarráðuneytisins hins vegar um starfsleyfi fyrir nýja álbræðslu í Straumsvík. Vísað er til þess að „um mengunarvarnir gilda hins vegar sérstök lög, sbr. lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989. Samkvæmt henni ber að sækja um sérstakt starfsleyfi til heilbrigðisráðherra og fer að sjálfsögðu um afgreiðslu þess eins og um afgreiðslu annarra starfsleyfa samkvæmt þeirri reglugerð, óháð því hvort fyrir liggur sérstök löggjöf um heimild til rekstrarins."

Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar vann að upplýsingaöflun varðandi mengunarvarnir í áliðnaði. Fékk skrifstofan m.a. kanadískt verkfræðifyrirtæki, Admont Project Management Inc. til að semja skýrslu þar að lútandi, dags. 1. nóvember 1989. Á vegum skrifstofunnar var gerð út sendinefnd níu manna til Frakklands í desember 1989 til að skoða eina álbræðslu í eigu Pechinay í St. Jean de Mourienne. Hópurinn reyndi að fá áheyrn hjá frönskum umhverfisyfirvöldum, en það bar ekki árangur.

Í febrúar 1990 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að vera sér til ráðuneytis um mat á áhrifum áliðju á umhverfið og skilaði hún greinargerð um umhverfisáhrif álvera sem birt var með skýrslu ráðherra til Alþingis í október 1990.

Á þessum tíma var óljóst hvar staðsetja ætti álbræðsluna og ákvörðun þar að lútandi var ekki tekin fyrr en haustið 1990.

Í júní 1990 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að kynna sér umhverfisáhrif frá væntanlegu álveri og vera til ráðgjafar um mat á efri mörkum mengunar og tilhögun mengunarvarna. Forræði þessarar vinnu var ekki á vegum Hollustuverndar ríkisins, en forstöðumaður mengunarvarnasviðs stofnunarinnar var starfsmaður nefndarinnar. Nefndin lauk störfum í desember 1990 og afhenti þá umhverfisráðherra starfsleyfisdrög fyrir væntanlegt álver.

Í nóvember 1990 fór fjögurra manna hópur með umhverfisráðherra utan „til að kynna sér mengunarvarnir, umhverfisrannsóknir og mælitækni við álver í Evrópu". Kom hópurinn við í þessu augnamiði í Svíþjóð, Þýskalandi og Frakklandi. Í hópnum var enginn fulltrúi frá Hollustuvernd ríkisins.

Frá ársbyrjun 1991 hefur samkvæmt upplýsingum umhverfisráðuneytis „vinna við starfsleyfistillögur að mestu verið í höndum Ólafs Péturssonar og Sigurbjargar Sæmundsdóttur", en með þeim unnu tveir starfsmenn iðnaðarráðuneytis „hvað varðar lögfræðileg atriði og tengingu starfsleyfis og aðalsamnings".

Vikið frá ákvæðum reglugerðar.

Samkvæmt mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, VIII. kafla, á Hollustuvernd ríkisins að undirbúa starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og gera tillögur um starfsleyfi til ráðherra. Eins og að ofan greinir hefur í þessu tilviki verið vikið frá ákvæðum reglugerðarinnar að því er undirbúning snertir þar eð hann hefur ekki verið á forræði Hollustuverndar ríkisins eins og heilbrigðisráðherra hafði talið rétt, heldur í höndum starfsmanna og nefnda tveggja ráðuneyta (iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis) þótt starfsmenn Hollustuverndar hafi þar einnig verið til kvaddir. Nefndarmenn hafa ekki kannað sérstaklega ástæður fyrir þessari tilhögun en benda á að óheppilegt er að víkja frá mörkuðum farvegi vegna einstakra mála. Hafi verkefnið af einhverjum ástæðum verið talið ofvaxið mengunarvarnasviði Hollustuverndar ríkisins er rökrétt að draga þá ályktun að styrkja þurfi starfsemi þess.

Þrátt fyrir starf tveggja stjórnskipaðra nefnda og ferðalög á vegum ráðuneyta erlendis virðist sem við undirbúning starfsleyfisins hafi ekki verið fyrirliggjandi í umhverfisráðuneyti eða hjá Hollustuvernd ríkisins upplýsingar um nýjustu kröfur sem nú eru gerðar til álvera í Noregi og Svíþjóð. Það er fyrst haustið 1991, eftir að fulltrúar í umhverfisnefnd höfðu heimsótt norska umhverfisráðuneytið og Statens forurensningstilsyn, að Hollustuvernd fékk í hendur gögn þar að lútandi. Noregur er eitt mesta álframleiðsluland í heimi með nær aldarlanga reynslu að baki í álvinnslu. Það er með ólíkindum að umhverfisráðuneytið og áður iðnaðarráðuneyti skuli hafa leitað langt yfir skammt og forðast að berja upp á hjá stofnunum eins og Statens forurensningstilsyn eða umhverfisráðuneytinu í Ósló vegna umhverfismála Atlantsálsálbræðslunnar.

Fyrir liggur að Hollustuvernd ríkisins aflaði upplýsinga frá STF í Noregi haustið 1988 og þá vegna endurskoðunar á mengunarvörnum hjá Ísal. Í þeim gögnum kom m.a. fram að á þeim tíma væri nýjum álbræðslum að hámarki heimilað að losa 0,5 kg/tAl af flúoríði og 3,5 kg/tSO_2 og stöðugt væri verið að herða kröfur til verksmiðjanna.

Athugun umhverfisnefndar á starfsleyfi.

Eins og fram kemur í III. kafla byrjaði umræða í umhverfisnefnd um væntanlegt starfsleyfi á fundi nefndarinnar 3. júlí 1991 en á hann komu umhverfisráðherra og starfsmenn úr umhverfis- og iðnaðarráðuneyti. Drög að starfsleyfi, dags. 13. ágúst 1991, bárust nefndinni með bréfi frá ráðuneytinu 16. ágúst 1991 og voru þau síðan til umræðu á nokkrum fundum til loka septembermánaðar en þá rann út frestur til athugasemda samkvæmt auglýsingu.

Við athugun á starfsleyfinu kom í ljós að mikilvæga þætti, eins og um endurskoðunarákvæði o.fl., var þar ekki að finna, heldur höfðu þeir verið fluttir yfir í aðalsamning um bræðsluna. Af þessu leiðir m.a. að endurskoðun starfsleyfisins verður á forræði iðnaðarráðuneytis en ekki umhverfisráðuneytis og þannig hafa tvö ráðuneyti bein afskipti af umhverfismálum álversins. Slík tilhögun brýtur í bága við eðlilega verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins.

Þrátt fyrir eindregin skrifleg tilmæli umhverfisnefndar um að fá í hendur drög að aðalsamningi, sbr. fskj. V, var því hafnað af umhverfisráðherra í bréfi, sbr. fskj. VI. Þetta gerði nefndinni og umsagnaraðilum um starfsleyfið í raun ókleift að leggja mat á umhverfiskröfur til fyrirtækisins í heild. Þessari málsmeðferð mótmæltu þeir fulltrúar nefndarinnar, sem standa að þessu áliti, eindregið í bréfum til umhverfisráðuneytis og Hollustuverndar 30. september 1991, sbr. fskj. VII. Þar sagði m.a.: „Að mati undirritaðra fulltrúa í umhverfisnefnd Alþingis er hér um mjög alvarlegt má að ræða sem varðar ekki aðeins aðstöðu nefndarinnar til að gera sér grein fyrir málavöxtum heldur öðru fremur

möguleika alls almennings og annarra þeirra sem hafa rétt til að gera athugasemdir samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990."

Í umræddu bréfi var þess krafist að ráðuneytið hlutaðist til um að frestur til athugasemda um starfsleyfið yrði framlengdur og um leið lagðar fram til kynningar þær greinar aðalsamnings eða drög að þeim greinum sem snertu starfsleyfið. Þessu hafnaði ráðherra með bréfi til nefndarinnar 10. október 1991, sbr. fskj. VIII.

Þau samskipti, sem hér hafa verið rakin, bera vott um afar ámælisverð vinnubrögð stjórnvalda í afdrifaríku máli sem snerta í senn marga einstaklinga um langa framtíð og umhverfismálastefnu í landinu. Ráðherrar hafa hér gripið fram fyrir hendur Hollustuverndar, stofnunar sem samkvæmt reglugerð hefur það verkefni að móta tillögur að starfsleyfi. Þá hefur þingnefnd verið meinað að sjá undirstöðugögn er snerta mál er beinlínis varðar það efni sem er til meðferðar. Þannig er þingkjörnum fulltrúum gert erfiðara fyrir um eðlilega athugun málsins. Hafa ber í huga að umfjöllun nefndarinnar sl. sumar gat orðið síðasta tækifæri af hálfu þingsins til að koma að athugasemdum áður en starfsleyfið yrði gefið út í endanlegu formi. Frestun á ákvörðunum um álbræðsluna gegn vilja íslenskra stjórnvalda hefur hins vegar breytt þeirri stöðu þannig að nú gefst ráðrúm til endurskoðunar á málinu frá grunni sé vilji fyrir hendi.

2. *Ályktanir, yfirlýsingar og skýrslur ýmissa aðila.*

Ráðherrar hafa á undanförnum árum ítrekað gefið yfirlýsingar um fyrirhugaðar mengunarvarnir í nýrri álbræðslu, bæði af tilefni beinna fyrirspurna frá þingmönnum og í umræðum á Alþingi um undirbúning vegna álbræðslunnar. Verða hér nefnd nokkur dæmi þar að lútandi.

* Í skriflegu svari iðnaðarráðherra vegna 10. máls 1988 sagði m.a.: „Álverið mun lúta jafnströngum mengunarvarnakröfum og gilda um ný álver í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Athugun þess máls mun fara fram á grundvelli gildandi reglna um starfsleyfi samkvæmt reglugerð nr. 390/1985."
* Í skriflegu svari Guðmundar Bjarnasonar heilbrigðisráðherra vegna 40. máls 1989, þskj. 74, þar sem spurt var um hvaða kröfur heilbrigðisráðherra teldi að gera þyrfti til mengunarvarna frá nýju álveri sem þá var rætt um að risi við Straumsvík sagði ráðherrann m.a.: „Að mati ráðuneytisins þarf að gera þær kröfur sem almennt eru gerðar vegna rekstrar *nýrra álvera* í heiminum í dag. Þessar kröfur hljóta að verða í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1989. Gera verður ráð fyrir þurrhreinsibúnaði, þannig að *magn flúors* ætti að vera í lágmarki og *í samræmi við það sem nútíma mengunarvarnir bjóða best.* Um brennisteinstvíildið gilda, eins og áður segir, ákveðnar viðmiðunarreglur og vísast til þeirra og hið sama er að segja um ryk. Varðandi kerbrot hlýtur ráðuneytið að leggja áherslu á endurvinnslu eða endurnýtingu þeirra og hefur til þessa ekki verið rætt um aðrar leiðir."

Afstaða Hollustuverndar vorið 1990.

* Í bréfi frá Hollustuvernd ríkisins til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis 3. maí 1990 segir m.a.: „Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins telja, sérstaklega í ljósi þess að stefnt er að samkomulagi um umhverfismál samhliða aðalsamningi, að nokkuð hafi skort á til þessa að stofnunin tæki nægilegan þátt í mótun krafna og að upplýsingar um stöðu mála hafi borist.

Kröfur um mengunarmörk hafa ekki verið settar fram á vegum mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins í tengslum við umræðu um nýtt álver og hefur ekki borist erindi frá stjórnvöldum um að slíkar kröfur yrðu mótaðar."

Í þessu bréfi Hollustuverndar er fjallað um ákvörðun um vothreinsibúnað fyrir brennisteinsdíoxíð (SO_2) og m.a. bent á eftirfarandi:

„— að vothreinsibúnaður eykur einnig hreinsun flúoríðsambanda úr afsogslofti frá kerum,
— að brennisteinsdíoxíðmengun gæti haft skaðleg áhrif á umhverfið ef ekki kæmi til vothreinsun,
— að líkur eru á auknu brennisteinsinnihaldi í forskautum, en samkvæmt upplýsingum áliðnaðarins mun í náinni framtíð reynast erfitt að fá skaut með lágu brennisteinsinnihaldi,
— að á öðrum Norðurlöndum er krafist vothreinsunar kergasa í álverksmiðjum,
— að rísi 200 þúsund tonna álver án vothreinsunar mun losun brennisteinsdíoxíðs út í andrúmsloftið á Íslandi aukast verulega eða um 50% þó aðeins sé miðað við 2% brennisteinsinnihald í skautum (undanskilin er brennisteinsmengun frá millilandaskipum).“

Þá segir Hollustuvernd m.a. varðandi viðmiðunarmörk fyrir loftgæði: „Viðmiðunarmörk fyrir flúoríð hafa ekki verið sett í mengunarvarnareglugerð. *Í umræðum um álver hefur verið miðað við norsk viðmiðunarmörk þar sem mikill áliðnaður er í Noregi og vandamál í sambandi við flúoríðmengun því vel þekkt.* Einnig hafa norskir sérfræðingar unnið að rannsóknum og útreikningum í sambandi við staðsetningu álvera hér á landi og hafa þeir miðað við norsku mörkin.“

Afstaða Náttúruverndarráðs og náttúruverndarþings.

* Í bréfi frá Náttúruverndarráði til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis 3. maí 1990 er rakin eftirfarandi bókun Náttúruverndarráðs um mengunarvarnir í nýju álveri sem samþykkt var á fundi ráðsins þann dag:

„Náttúruverndarráð leggur áherslu á að í nýju álveri, er kann að verða reist hér á landi, verði gerðar ýtrustu kröfur um mengunarvarnir og ekki minni en gerðar eru í nágrannalöndunum.

Að gefnu tilefni er lögð áhersla á vothreinsun á SO_2 og byggist það á eftirfarandi:

1. Ýmsar tegundir plantna hér á landi eru viðkvæmari fyrir mengun en í nágrannalöndunum vegna erfiðra lífsskilyrða.
2. Nýtt álver eykur verulega við heildarútstreymi SO_2 frá mannlegum umsvifum hér á landi, eða um 50–100%, og það er í andstöðu við stefnu í norrænum og alþjóðlegum samningum um umhverfisvernd að einstakar þjóðir auki mengun svo stórlega eins og hér gæti orðið.
3. Við hreinsun á SO_2 næst einnig aukinn árangur í hreinsun á flúor.
4. Mengunaráhrif eru mjög háð staðsetningu álvers en vernda þarf umhverfið sem best hvar sem það verður byggt.
5. Ýmsar upplýsingar benda til þess að magn í forskautum fari vaxandi og geti það tvöfaldast á næstu árum vegna aukinnar notkunar á hráefni sem inniheldur meiri brennistein.“

Sjöunda náttúruverndarþingið, sem haldið var í október 1990, ályktaði um nýtt álver svohljóðandi:

„7. náttúruverndarþing, haldið í Reykjavík í október 1990, leggur áherslu á að í nýju álveri, sem reist kann að verða hér á landi, verði gerðar ýtrustu kröfur um mengunarvarnir sem ekki séu minni en gerðar eru til nýrra álvera í nágrannalöndunum.

Mikilvægt er að hreinsa flúor, brennisteinsdíoxíð og önnur hættuleg efni úr útblæstri. Til að uppfylla þessar kröfur verði beitt bestu tiltækri tækni. Taka verður mið af því að talið er að ýmsar tegundir plantna hér á landi séu viðkvæmari fyrir mengun en í ná-

grannalöndunum vegna erfiðari lífsskilyrða. Ímynd Íslands sem ferðamannalands er hreint og ómengað land og leggur þingið því áherslu á að Ísland verði í fararbroddi í mengunarvörnum.

Jafnframt skorar þingið á umhverfisráðherra að hann beiti sér fyrir auknum umhverfisrannsóknum á þessu sviði enda skortir þar tilfinnanlega grunnþekkingu."

Skýrslur ráðherra.

* Á 112. löggjafarþingi 1989–90 lagði iðnaðarráðherra fram skýrslu (372. mál) þar sem m.a. er gerð grein fyrir yfirlýsingu iðnaðarráðherra og Atlantsálshópsins frá 13. mars 1990. Í henni segir varðandi umhverfismál: „Álbræðslan verður byggð á nýjustu tækni við framleiðslu og steypu á áli og í mengunarvörnum."
* Á 113. löggjafarþingi 1990–91 lagði iðnaðarráðherra fram tvær skýrslur varðandi undirbúning að álbræðslu, 1) skýrslu um stöðu samninga um nýtt álver, í október 1990 (8. mál), og 2) skýrslu um álver á Keilisnesi, í mars 1991 (449. mál). Í báðum skýrslunum er fjallað nokkuð um umhverfismál og vikið að efnisatriðum. Í síðari skýrslunni segir m.a. á bls. 23, í 10. tölul., „að álverið verði frá sjónarmiði umhverfisverndar í fremstu röð álvera í heiminum. Atlantsálsaðilarnir lögðu fram umsókn í júní sl. um starfsleyfi og hefur umsóknin verið til umfjöllunar síðan. Sammæli er um að starfsleyfið verði gefið út í samræmi við ákvæði íslenskra laga og mengunarvarnareglugerðar." Þá kemur og fram að í 6. gr. aðalsamnings verði kveðið nánar á um skuldbindingar félagsins varðandi mengunarvarnir og umhverfismál, en ekki hafi náðst samkomulag um aðstæður sem þurfa að vera fyrir hendi til að starfsleyfið verði endurskoðað.
* Á 113. löggjafarþingi fóru fram miklar umræður um síðari skýrslu iðnaðarráðherra (449. mál) og tillögu hans til þingsályktunar „um samninga um álver í Vatnsleysustrandarhreppi" (448. mál). Náði sú tillaga ekki fram að ganga.

3. Ófullnægjandi upplýsingaöflun.

Það hefur komið í ljós við umfjöllun umhverfisnefndar Alþingis að upplýsingaöflun stjórnvalda við undirbúning starfsleyfis er í meira lagi gloppótt og handahófskennd. Engu er líkara en viðkomandi ráðuneyti hafi forðast að fá heildarmynd af mengunarvörnum við nýjar álbræðslur erlendis og bræðslur sem nú eru í undirbúningi.

Umhverfisnefnd Alþingis óskaði m.a. í bréfi til umhverfisráðuneytisins 11. júlí 1991 eftir: a) gögnum varðandi samanburð á álbræðslum í Evrópu og Bandaríkjunum, b) lista yfir upplýsingar og gögn sem tiltæk væru hjá ráðuneytinu eða Hollustuvernd ríkisins um álbræðslur á öðrum Norðurlöndum.

Í bréfi frá umhverfisráðuneyti 16. ágúst 1991 segir um hið fyrrnefnda: „Ekki hefur enn unnist tími til að taka saman *efnisyfirlit* yfir gögn sem aflað hefur verið varðandi samanburð á álverum í Evrópu og Bandaríkjum *sem eru mjög umfangsmikil.*" Um gögn frá Norðurlöndum segir að unnið sé að því að taka saman *lista* yfir þau. Þrátt fyrir ítrekaðan eftirrekstur nefndadeildar skrifstofu Alþingis fyrir hönd nefndarinnar hafa slíkar skrár ekki borist nefndinni.

Af þessum viðbrögðum, athugunum nefndarmanna erlendis og því takmarkaða efni sem ráðuneytið sendi nefndinni seint og um síðir má ályktа að upplýsingaöflun stjórnvalda um mengunarvarnir erlendis hafi verið í molum og aðstaðan til samninga, sem farið var út í við Atlantsálsfyrirtækin, að sama skapi slæm. Þær takmörkuðu upplýsingar, sem ráðuneytið sendi nefndinni og ráðherra birtir í skýrslu sinni til Alþingis (136. máli 115. löggjafarþings 1991, fskj. 7), eru líka nokkurra ára gamlar og um margt úreltar. Ein

helsta heimildin er skýrsla unnin af kanadísku verkfræðifyrirtæki, Admont Project Management Inc., fyrir iðnaðarráðuneytið og Landsvirkjun á árinu 1989. Í henni koma fram há gildi fyrir flúoríðútblástur frá álbræðslum í nokkrum löndum eða frá 0,95–1,8 kg á tonn! Skýrslan er mjög ágripskennd og hvorki getið heimilda né viðmiðunarmarka fyrir einstakar álbræðslur. Skýrslan virðist unnin með það fyrir augum að rökstyðja sem hæst leyfileg gildi, en þetta fyrirtæki vinnur að ráðgjöf fyrir áliðnaðinn. Upplýsingar úr þessari skýrslu eru teknar upp athugasemdalaust að því er flúor varðar í skýrslu umhverfisráðherra til Alþingis (136. máli á 115. löggjafarþingi 1991).

Eins og áður getur eru í Noregi í undirbúningi ný álver og stækkanir við eldri fyrirtæki. Hollustuvernd ríkisins hefur ítrekað mælt með því að horft verði til Noregs í sambandi við mörk fyrir flúoríðlosun. Í skýrslu iðnaðarráðuneytisins „Mat á dreifingu mengunarefna í lofti frá nýju álveri", dags. 4. september 1990, segir m.a.: „Hollustuvernd ríkisins, sem fer með málefni mengunarvarna, hefur ráðlagt að farið skuli eftir norskum viðmiðunarreglum varðandi flúoríð." Áður hefur verið vitnað til bréfs Hollustuverndar til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis frá 3. maí 1990. Þrátt fyrir þetta hefur umhverfisráðuneytið enga áherslu lagt á að fá heildarmynd af þróun mengunarvarna í norskum áliðnaði og skilyrðum sem Statens forurensningstilsyn setur.

4. Tillögur um starfsleyfi og upplýsingaöflun nefndarmanna.

Fulltrúar í umhverfisnefnd Alþingis, Kristín Einarsdóttir og Hjörleifur Guttormsson, öfluðu sl. sumar upplýsinga millliliðalaust frá norska umhverfisráðuneytinu og Statens forurensningstilsyn (STF) í Ósló, sbr. fskj. XI, XII og XIV.

Hér á eftir verður rætt um niðurstöður þeirra athugana með hliðsjón af fyrirliggjandi tillögum um starfsleyfi fyrir álbræðslu á Keilisnesi.

1. Flúoríð.

Tillaga um starfsleyfi gerir ráð fyrir ársmeðaltali fyrir heildarflúoríð 0,75 kg/t af áli. STF í Noregi gerir hins vegar ráð fyrir að mörk fyrir heildarflúorlosun verði 0,4 kg/tonn (ársmeðaltal) í nýjum og endurnýjuðum álbræðslum með forbökuð skaut. Ráðgerðar eru nýbyggingar í álverksmiðjum í Noregi á árunum 1993–98 sem svara til 260 þúsund tonna ársframleiðslu. Hydro Aluminium telur sig geta komið flúoríðhreinsun enn lægra í reynd en að ofan greinir eða niður í 0,3–0,35 kg/tonn (ársmeðaltal).

Umhverfisnefnd Alþingis sendi upplýsingar um þetta m.a. til umhverfisráðuneytis 16. ágúst 1991. Í bréfi frá ráðuneytinu til nefndarinnar 10. október 1991 segir m.a.:

„Nýjar upplýsingar benda til þess að verið sé að herða útblástursmörk fyrir flúor á Norðurlöndum. Samkvæmt upplýsingum frá Statens forurensningstilsyn í Noregi er verið að ræða um að fara hugsanlega niður í allt að 0,4 kgF/tAl. Slík mörk eru þó hvergi í gildi í dag."

Ofangreint orðalag, „hugsanlega" og „allt að", bendir til þess að ráðuneytinu sé lítið að skapi að viðurkenna þá þróun sem orðið hefur í mengunarvörnum í áliðnaði í Noregi sem Hollustuvernd hafði ítrekað bent á að miða ætti við hérlendis að því er varðar flúoríðlosun. Þetta sést enn betur af því að í nefndu bréfi (og í skýrslu ráðherra til Alþingis, 136. máli 1991) dregur umhverfisráðuneytið fram sem aðalatriði og til staðfestingar stefnu sinni í starfsleyfi fyrir álbræðslu á Keilisnesi úreltar upplýsingar um gömul en endurbætt álver í Noregi. Segir um það m.a. eftirfarandi í bréfi ráðuneytisins:

„Hollustuvernd ríkisins og umhverfisráðuneytið hafa við gerð starfsleyfistillagna fyrir væntanlegt álver á Keilisnesi ekki haft undir höndum nein gögn um það að almennt séu gerðar mun strangari kröfur um mengunarvarnir í álverum erlendis en koma fram í starfsleyfisdrögum.

Þessu til staðfestingar eru eftirfarandi kröfur varðandi útblástursloft frá kerskála úr nýlegum norskum starfsleyfum fyrir álver."

Álfyrirtækin, sem vitnað er til, eru: „Sør-Norge Aluminium A/S Husnes (flúoríð 0,7 kg/tAl, SO_2 7 kg/tAl, frá 1. júní 1992); Norsk Hydro Karmøy Fabrikker (flúoríð 0,9 kg/tAl, SO_2 3,8 kg/tAl, skv. starfsleyfi frá 1985) og Elkem Aluminium Mosjøen (flúoríð 0,8 kg/tAl, SO_2 4,6 kg/tAl, frá 1. janúar 1990).

Spurst var fyrir um stöðuna varðandi þessar verksmiðjur hjá STF í Ósló, sbr. fskj. XIV, og kom m.a. fram í svari 4. nóvember 1991 að hjá Norsk Hydro Karmøy Fabrikker (nú Hydro Aluminium Karmøy Verk) hafi flúoríðmengunin á árinu 1990 að meðaltali numið 0,50 kg/tAl sem skiptist þannig að 0,62 kg komu frá kerskálum með Söderbergsskaut, en 0,38 frá kerskálum með forbökuð skaut (eins og yrðu í verksmiðju á Keilisnesi).

Þessu til viðbótar má nefna upplýsingar sem Kristín Einarsdóttir aflaði frá Svíþjóð, sbr. fskj. XIII, um álbræðslu Gränges Aluminium Metall AB í Sundsvall (verk 1). Starfsleyfi þess fyrirtækis var gefið út 26. febrúar 1991 og eru útblástursmörk fyrir heildarflúoríð 0,5 kg/tAl, en „Naturvårdsverket" vildi setja mun strangari kröfur (0,35 kg/tAl).

Álfyrirtæki Alumax í Suður-Karólínufylki í Bandaríkjunum fékk starfsleyfi til fimm ára endurnýjað með breytingum 31. maí 1990. Samkvæmt því eru útblástursmörk fyrir flúoríð 0,5 kg/tAl (1,02 lb/tAl, ársmeðaltal).

Bæði Gränges og Alumax eru aðilar að Atlantsálshópnum.

Af framangreindu má sjá að **ekki er rétt** að leggja til í starfsleyfi fyrir álbræðslu á Keilisnesi að útblástursmörk fyrir flúoríð verði 0,75 kg/tAl (ársmeðaltal) og það í starfsleyfi sem ætlað er að gilda jafnlengi og aðalsamningur eða í 35 ár.

2. Brennisteinsdíoxíð, SO_2.

Starfsleyfisdrög vegna álbræðslu á Keilisnesi gera ráð fyrir brennisteinsdíoxíðlosun sem svari til 21,0 kg/t af áli (ársmeðaltal). „Ef forskautsefni með nægilega litlu brennisteinsinnihaldi til að fullnægja takmörkunum á útblæstri er ekki fáanlegt á heimsmarkaði á samkeppnishæfu verði skal endurskoða ákvæði þessarar greinar 2.1.6", segir í starfsleyfisdrögunum.

Í bréfi umhverfisráðuneytis til umhverfisnefndar Alþingis 10. október 1991 (og í skýrslu ráðherra til Alþingis, fskj. 7) segir orðrétt:

„Hvað brennisteinstvíoxíð varðar þá er samkvæmt upplýsingum Hollustuverndar ríkisins og umhverfisráðuneytisins almennt ekki gerð krafa um hreinsun þess úr útblæstri álvera. Slík hreinsun er þó í álverum í Noregi og Svíþjóð vegna staðbundinna aðstæðna. Miðað við aðstæður á Keilisnesi og niðurstöður útreikninga, sem framkvæmdar voru af NILU í Noregi og verkfræðistofunni Vatnaskil á dreifingu mengunarefna frá væntanlegu álveri á Keilisnesi, var ekki talin ástæða til að gera kröfu um vothreinsun."

Áður hefur verið getið um rök Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs o.fl. fyrir vothreinsun með sjóskolun sem minnkað getur SO_2-losun í andrúmsloftið um 90% eða meira. Miðað við 200 þúsund tonna álbræðslu og enga hreinsun á brennisteinsdíoxíði eykst mengun af SO_2 af mannavöldum hérlendis um 4.200 tonn á ári (miðað við 21 kg/t) eða sem nemur 60% eða meira, en með hreinsun bættust aðeins við um 10%. Þótt Ísland hafi ekki staðfest alþjóðasamning um loftmengun (ECE-samning frá 1979) og ekki gert

fyrirvara við norrænu umhverfisverndaráætlunina frá 1989 að því er SO_2-losun áhrærir hafa íslensk stjórnvöld þó lýst því yfir að gætt verði varúðar í sambandi við viðbótarmengun. Það er því einkennilegt að ætla að heimila útlendingum að reisa hér álbræðslu án vothreinsunar á SO_2 og ganga þannig gegn umhverfisverndarsjónarmiðum. Með því spara fyrirtækin sér 16 milljónir bandaríska dala í stofnkostnað og 1 milljón bandaríska dala í árlegan rekstrarkostnað að áætlað er. Þetta er gert á kostnað loftgæða við aðalþéttbýli landsins.

Þess ber að gæta að með vothreinsun næst jafnframt aukið öryggi í flúoríðhreinsun ef bilanir verða í þurrhreinsibúnaði og votskolunin hreinsar líka hluta af loftkenndu flúoríði sem sleppur fram hjá þurrhreinsibúnaðinum.

Staðhæfing umhverfisráðuneytis þess efnis að „almennt" sé ekki gerð krafa um hreinsun á SO_2 úr útblæstri álvera og í Noregi og Svíþjóð, sé það gert „vegna staðbundinna aðstæðna", er röng. Vothreinsun á brennisteinsdíoxíði er nú regla í álverum í Noregi óháð staðbundum aðstæðum. Sama máli gegnir um álbræðslu Gränges í Sundsvall í Svíþjóð þar sem starfsleyfi heimilar aðeins 6 kg/tAl sem ársmeðaltal.

Þá er víðar verið að taka upp vothreinsun á brennisteinsdíoxíði, m.a. er það orðin regla í British Columbia í Kanada.

Í álbræðslu Alumax í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum er sett hámark á leyfilegan útblástur um 12 kg/tAl og að auki gerð krafa um hámarksbrennisteinsinnihald í hráefni til rafskautaframleiðslu.

Líkur eru á að brennisteinsinnihald í forskautum fari vaxandi þar eð mjög gengur á lindir með brennisteinssnauðri hráolíu. Árið 1988 var meðaltal brennisteinsinnihalds í skautum til áliðnaðar í vestrænum ríkjum 2,1% árið 1988. Talið er að þetta hlutfall muni hækka í 2,6% til ársins 2000 (Vogt o.fl. í JOM, júlí 1990). Hreinsun á brennisteini vegna forskautaframleiðslu hefur verið reynd, en er kostnaðarsöm og háð ýmsum tæknilegum örðugleikum enn sem komið er. Í ljósi þessa hafa varnaglar, sem reynt hefur verið að orða í tölulið 2.1.1 í drögum að starfsleyfi, lítið gildi, ekki síst þar sem talað er í sömu andrá um „samkeppnishæft verð". Í næstu málsgrein segir síðan:

„Hlutaðeigandi aðilar munu fylgjast grannt með framtíðarþróun í tækninýjungum sem miða að því að draga úr útblæstri brennisteinstvíildis, t.d. með minnkun brennisteins í forskautsefninu, til þess að *íhuga* endurskoðun á framleiðsluaðgerð *ef hún reynist fjárhagslega hagkvæm.*" Menn hljóta að velta því fyrir sér hvaða tilgangi það þjónar að setja svona teygjanlegt orðalag inn í starfsleyfi.

3. Koldíoxíðlosun og alþjóðlegar skuldbindingar.

Ekki er kunnugt um hreinsun á koldíoxíðútblæstri frá álbræðslum erlendis, en CO_2-mengun er nú mikið til umræðu á alþjóðavettvangi vegna áhrifa á hitastig í andrúmslofti (gróðurhúsaáhrif). Ýmis ríki hafa einnig skuldbundið sig til að draga úr koldíoxíðmengun, m.a. Norðurlönd í norrænu framkvæmdaáætluninni gegn loftmengun frá 1990. Einnig hafa Íslendingar ásamt flestum ríkjum Vestur-Evrópu o.fl. samþykkt að draga úr koldíoxíðlosun í andrúmsloftið þannig að árið 2000 verði hún ekki meiri en hún var árið 1990.

Með tilkomu 200 þúsund tonna álbræðslu mundi koldíoxíðlosun hérlendis aukast um 11–16% á ári vegna bruna forskauta (92 þús. t/ári). Samkvæmt eldsneytisspá fyrir árin 1988–2015 er gert ráð fyrir samdrætti á CO_2-losun út í andrúmsloftið um 5% til aldamóta þannig að nettó CO_2-aukning yrði á bilinu 6–11% með tilkomu álbræðslunnar.

Rætt hefur verið m.a. um uppgræðslu og skógrækt til að vega á móti þessari aukningu.

4. Rykmengun.

Samkvæmt starfsleyfi er gert ráð fyrir rykmengun sem svarar til 1,5 kg/t af áli (ársmeðaltal). Þau mörk eru hliðstæð því sem gerist víða um lönd í áliðnaði.

5. Lífræn kolefnasambönd, PAH (polycyklisk aromatisk hydrokarbon).

Hvergi er í drögum að starfsleyfi svo séð verði fjallað um mengun vegna lífrænna kolefnasambanda. Þótt hætta sé e.t.v. óveruleg á teljandi PAH-mengun frá verksmiðjunni er óvarlegt að gera ekki ráð fyrir að fylgst sé með henni og gripið til ráðstafana ef hún reynist í varhugaverðum mæli gagnvart starfsmönnum eða ytra umhverfi verksmiðjunnar. Hér er um að ræða tjöruefni sem tengjast forskautum og eru vandamál þar sem notuð eru Söderbergsskaut, svo og við rafskautaframleiðslu, en í mun minna mæli þar sem notuð eru forbökuð skaut. Talið er að þessi efnasambönd geti verið krabbameinsvaldur.

6. Kerbrot, skautaleifar o.fl.

Starfsleyfisdrög gera ráð fyrir að losa megi slíkan fastan úrgang „í flæðigryfjum á ströndinni innan athafnasvæðis álversins". Síðan segir: „Þegar fundist hefur hagkvæm aðferð til að nýta slík efni samkvæmt ákvæðum í lið 2.3.1 skal hún notuð til að farga öllum úrgangsefnum sem til falla eftir það í stað þess að koma þeim fyrir í flæðigryfjum."

Hér virðist illa um hnúta búið. Þótt ekki hafi verið sýnt fram á að um veruleg skaðleg áhrif sé að ræða af förgun kerbrota í flæðigryfjur ætti varúðarregla að gilda um þetta atriði og fyrirtækjum í áliðnaði að vera skylt að endurvinna slíkan úrgang eða geyma hann ella á forsvaranlegan hátt. Vitað er um mengun af völdum þungmálma, svo og lífrænna kolefnasambanda (PAH), frá slíkum förgunarstöðum.

Ákvæði og tilvísanir til „hagkvæmra leiða" og meðferðar sem sé „fjárhagslega samkeppnisfær við þá aðferð sem notuð er í álverinu" (2.3.1.), svo og í „hagkvæma aðferð til að nýta slík efni" (2.3.3.), eru lítils virði þegar ekki er kveðið nánar á um hvernig og hver eigi að meta þetta.

7. Umhverfisathuganir.

Í drögum að starfsleyfi er gert ráð fyrir umhverfisathugunum, m.a. svonefndum umhverfismælingum samkvæmt lið 3.2.1. Atlantsáli eða öðrum er ætlað að sjá um umhverfismælingar, einnig á tilteknu mælingasvæði, áður en rekstur álbræðslu hefst. Á fundi nefndarinnar með umhverfisráðherra 3. júlí 1991 kom fram að gert væri ráð fyrir að Atlantsál réði sérstakan verkefnisstjóra til að sjá um framkvæmd umhverfismælinganna. Við þetta komu fram athugasemdir á fundinum. Það er óeðlilegt að okkar mati að fyrirtækið hafi sjálft yfirstjórn þessara forathugana og sé einrátt um ráðningu framkvæmdastjóra fyrir því verki. Hið sama á við um yfirstjórn vegna eftirlits samkvæmt tölulið 3.2.2.

Þá má minna á að Náttúruverndarráð hefur gert athugasemdir við viss atriði í útfærslu umhverfisathugana, en ekki hefur verið tekið tillit til þeirra enn sem komið er.

5. Endurskoðunarákvæði og tengsl aðalsamnings og starfsleyfis.

5.1. Alvarlegir formgallar.

Einn alvarlegasti annmarkinn á samningsniðurstöðu við Atlantsálshópinn að því er snertir umhverfismál eru skuldbindingar Atlantsáls hf. varðandi mengunarvarnir og staða og orðalag endurskoðunarákvæða um starfsleyfi. Þessi ákvæði eru ekki í drögum að starfsleyfi heldur hluti af aðalsamningi, 6. gr. Ákvæði þessi lágu ekki fyrir þegar starfs-

leyfið var auglýst lögum samkvæmt 16. ágúst 1991 með fresti til athugasemda til 1. október 1991.

Þrátt fyrir margítrekaðar óskir umhverfisnefndar Alþingis sl. sumar um að fá í hendur fyrirliggjandi drög að aðalsamningi er snertu umhverfismál var nefndinni synjað um það. Með bréfi 25. september 1991 sendi umhverfisráðherra nefndinni minnisblað iðnaðarráðuneytisins, dags. 6. september 1991, um ákvæði 6. gr. aðalsamnings o.fl. Drög að texta greinarinnar, dags. 23. október 1991, er loks að finna í skýrslu umhverfisráðherra til Alþingis, 136. máli á 115. löggjafarþingi 1991, löngu eftir að frestur til athugasemda við starfsleyfið rann út.

Þessum vinnubrögðum var mótmælt harðlega í bréfum til umhverfisráðuneytis og Hollustuverndar 30. september 1991 og m.a. bent á að tilgangi ákvæða um opinbera kynningu starfsleyfisins verði ekki náð nema allir þættir, er það varða, liggi skýrt fyrir. Eins og fram hefur komið neitaði umhverfisráðherra að fallast á kröfu þeirra sem standa að þessu áliti um að framlengja frest til athugasemda um leið og fram yrðu lagðar til kynningar þær greinar aðalsamnings eða drög að þeim greinum er snerta starfsleyfið.

5.2. Stórgölluð endurskoðunarákvæði.

Endurskoðunarákvæði varðandi umhverfismál og starfsleyfi álbræðslunnar, eins og þau birtast í drögum að 6. gr. aðalsamnings, eru þannig orðuð að erfitt verður að beita þeim til varnar íslenskum hagsmunum.

Starfsleyfið á samkvæmt ákvæðum 6. gr. aðalsamnings að gilda jafnlengi og aðalsamningur eða í allt að 35 ár. Ákvæði þess eiga að vera æðri ákvæðum laga og reglugerða ef álitamál eða árekstrar koma upp. Leyfið má aðeins endurskoða eða því breyta eftir tíu ár frá gildistöku og síðan á sjö ára fresti, en þá að settum afar þröngum og samtengdum skilyrðum sem tiltekin eru í þremur liðum, a-, b- og c-liðum, og öll virðast þurfa að vera til staðar. Þetta þýðir í reynd að aðstæður til að knýja fram endurskoðun starfsleyfis eru hinar örðugustu. Þetta er þeim mun afdrifaríkara sem fyrirliggjandi drög að starfsleyfi eru illa úr garði gerð og viðmiðunarmörk fyrir losun efna út í umhverfið allt of rúm.

Meðal skilyrða, sem uppfyllt þurfa að verða samtímis til að hægt sé að krefjast endurskoðunar starfsleyfis, eru:

— að íslensk lög bjóði að upp skuli teknar nýjar aðferðir, aðgerðir eða tæki;
— að slíkt hafi almennt verið skyldubundið og komið til framkvæmda í álbræðslum í OECD-ríkjum sem hönnuð eru um svipað leyti og með áþekkri tækni;
— að jafnmikil þörf sé á nýjum mengunarvörnum við álbræðsluna eins og annars staðar þar sem slíkar aðgerðir hafa verið knúnar fram og þær framkvæmdar.

Önnur ákvæði 6. gr. eru sama marki brenndar. Þar hefur Atlantsál stöðvunarvald gagnvart breytingum á starfsleyfi, m.a. ef upp koma áður óþekkt skaðleg umhverfisáhrif (6.03).

Það er vissulega skiljanlegt að stjórnvöld kinoki sér við að opinbera slíka texta, en jafnóréttlætanlegt er að fela þá á sama tíma og almenningi er ætlaður réttur til athugasemda um starfsleyfi fyrir verksmiðjuna.

5.3. Ummæli forsætisráðherra í fyrri ríkisstjórn.

Mikil umræða varð um endurskoðunarákvæðin á Alþingi í marsmánuði 1991 í tengslum við skýrslu iðnaðarráðherra (449. mál 1991). Síðan hefur komið í ljós að harðar deilur voru um málið í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Fyrrverandi umhverfisráðherra bar sig illa undan þessum ákvæðum og Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi

forsætisráðherra, tjáði sig um alvarleg mistök Jóns Sigurðssonar iðnaðarráðherra í álmálinu í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar með eftirfarandi hætti í fréttaviðtali við Atla Rúnar Halldórsson, fréttamann í Ríkisútvarpinu, 23. maí 1991:

Steingrímur Hermannsson:

Ég er hræddari við mengunarmálin. Þar urðu iðnaðarráðherranum á veruleg mistök sem ég satt að segja forðaðist nú að ræða í kosningabaráttunni. Hann skrifaði undir minnisblað, eða hvað á að kalla það, 4. október (1990) sem hann hefði aldrei átt að gera. Hann telur að með því móti hafi hann fest samningsaðilana mjög. Staðreyndin er sú að þeir hafa vísað í þetta allan tímann og sagt að undir þetta skrifaði ráðherrann og því verður ekki breytt, a.m.k. alltaf þegar þeim hefur hentað.

Fréttamaður:

Steingrímur Hermannsson sagði að á minnisblaðinu væri tekið fram að Íslendingum væri eingöngu heimilt að krefjast strangari mengunarvarna ef slíkt væri samþykkt á alþjóðavettvangi og sýnt væri fram á að tjón yrði að öðrum kosti á landi á Keilisnesi. Þetta eina litla „og" sé stórhættulegt.

Steingrímur Hermannsson:

En ef samþykktur yrði einhver staðall yfir allan heiminn, meiri kröfur um hreinsun á brennisteini og flúor, þá er sem sagt okkur ekki heimilt að krefjast þess nema sýnt sé fram á að það valdi tjóni á Keilisnesi. Þetta náttúrlega gengur ekki og satt að segja var Júlíus Sólnes að berjast við þetta eina „og" síðustu tvo mánuðina fyrir kosningar. Og honum var alltaf sagt, þetta hefur iðnaðarráðherrann skrifað undir. En þetta er atriði sem þeir hafa alls ekki fallist á að breyta til þessa svo ég nefni eitt lítið atriði.

Þær orðalagsbreytingar, sem gerðar voru á 6. gr. sumarið 1991, breyta ekki efnislegri niðurstöðu eins og drögin nú liggja fyrir og gildi þeirra ummæla sem hér er vitnað til.

5.4. Iðnaðarráðherra með forræði yfir aðalsamningi.

Ein afleiðing þess að flytja ákvæði um umhverfismál verksmiðjunnar og endurskoðun starfsleyfis yfir í aðalsamning um álbræðsluna er sú að tveir ráðherrar eru með forræði umhverfismálanna: Iðnaðarráðherra að því er tekur til aðalsamnings, en umhverfisráðherra um starfsleyfi bræðslunnar. Þetta verður að teljast afar óæskilegt í stjórnskipulegu tilliti og getur reynst afdrifaríkt fyrir umhverfisþætti er snúa að fyrirtækinu. Í bréfi umhverfisráðherra til umhverfisnefndar Alþingis 25. september 1991 sagði hann um sinn skilning eftirfarandi:

„Komi til þess að starfsleyfi verði endurskoðað skv. 6. gr. aðalsamnings verður sú endurskoðun á vegum umhverfisráðuneytis.

Rísi deilur um það hvort ákvæðum aðalsamnings sé fylgt er iðnaðarráðherra aðili slíks máls fyrir hönd ríkisins. Snerti slíkar deilur umhverfismál verða þær til lykta leiddar í fullu samráði við umhverfisráðherra."

Síðasta ábending ráðherrans er því miður léttvæg og fellur ekki undir annað en fróma ósk.

6. *Tillögur um framhald málsins.*

Þeir fulltrúar í umhverfisnefnd, sem standa að þessu áliti, telja að umhverfismál álbræðslu á Keilisnesi, eins og þau hafa verið kynnt í drögum að starfsleyfi og ráða má af drögum að aðalsamningi, séu ekki í samræmi við þær kröfur sem gera verður til nýrra álverksmiðja.

Af þeim sökum leggjum við til að það hlé, sem nú hefur skapast vegna frestunar á ráðgerðum framkvæmdum við álbræðslu á Keilisnesi, verði notað m.a. til eftirfarandi:

* Starfsleyfi verksmiðjunnar verði endurskoðað frá grunni og ákvæði draga að aðalsamningi er snúa að umhverfismálum og endurskoðun starfsleyfis, svo sem 6. gr.
* Víðtæk athugun verði gerð á mengunarkröfum til nýrra álbræðslna sem byrjað hafa starfsemi síðustu fimm ár, eru í byggingu eða undirbúningi. Sérstaklega verði athuguð reynsla vegna umhverfismála í áliðnaði annars staðar á Norðurlöndum og í löndum sem standa framarlega í mengunarvörnum í áliðnaði.
* Óvilhallur aðili verði látinn gera úttekt á málsmeðferð af hálfu íslenskra stjórnvalda að því er varðar umhverfismál og mengunarvarnir Atlantsálsbræðslunnar frá því samningur var undirritaður um undirbúning vegna hennar 4. júlí 1988.
* Lög er varða mengunarvarnir iðnfyrirtækja verði endurskoðuð og samræmd og viðeigandi stofnanir sem móta eiga kröfur og annast eftirlit verði efldar. Um leið verði hætt sértækri meðferð að því er varðar orkufrek iðnfyrirtæki og önnur stóriðjuver og hliðstæðar kröfur gerðar um mengunarvarnir óháð staðsetningu fyrirtækja.
* Umhverfisráðherra skili skýrslu til Alþingis í byrjun haustþings 1992 um þær athuganir sem hér hafa verið nefndar og endurskoðun á starfsleyfi sem og öðru sem lýtur að umhverfismálum ráðgerðrar álbræðslu á Keilisnesi.
* Umhverfisnefnd Alþingis verði gert kleift að fylgjast með endurskoðun stjórnvalda á umhverfiskröfum til álbræðslunnar.

V. LOKAORÐ

Eins og fram kom í inngangi er ákvörðun um að taka þetta málefni til umfjöllunar í nefndinni og skila skýrslu um þá umfjöllun sem byggð er á 26. gr. þingskapa. Á síðasta vori setti Alþingi sér ný lög um þingsköp og við það tóku störf og starfshættir Alþingis verulegum breytingum. Var þá m.a. lögfest umrætt ákvæði 26. gr. og ákveðið að ný fastanefnd tæki til starfa, umhverfisnefnd. Þingnefnd hefur ekki áður gefið Alþingi skýrslu um athugun sína á máli sem nefndin hefur ákveðið að taka til umfjöllunar að eigin frumkvæði. Með þessari skýrslu brýtur því yngsta þingnefndin blað í sögu þingsins. Er það von nefndarmanna að skýrsla þessi geti orðið gott fordæmi í þeirri sögu.

Alþingi, 26. mars 1992.

Gunnlaugur Stefánsson, form.	Tómas Ingi Olrich.	Hjörleifur Guttormsson.
Árni R. Árnason.	Kristín Einarsdóttir.	Árni M. Mathiesen.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Fylgiskjal I.

13. ágúst 1991

DRÖG
AÐ STARFSLEYFI FYRIR ÁLVER Á KEILISNESI.

1. ALMENN ÁKVÆÐI.

1.0 Í þessu starfsleyfi merkir „Mengunarvarnir" mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins sem ber ábyrgð á framkvæmd þessa leyfis undir umsjón umhverfisráðuneytisins. Ef breytingar verða gerðar á stjórnun Mengunarvarna skal umhverfisráðuneytið tilkynna ATLANTSÁL um það.
Önnur hugtök sem notuð eru í þessu leyfi og ekki skilgreind í því skulu hafa sömu merkingu og í aðalsamningi sem gerður verður milli RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS, ALUMAX, INC., ALUMAX Á ÍSLANDI H.F., GRÄNGES AB, GRÄNGES Á ÍSLANDI H.F., HOOGOVENS ALUMINIUM BV, HOOGOVENS Á ÍSLANDI H.F. og ATLANTSÁLS H.F. um álver á Keilisnesi og gengur í gildi við undirritun eins og nánar er kveðið á um í 26. gr. aðalsamnings.

1.1. Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum aðalsamnings og 8. kafla reglugerðar um mengunarvarnir, nr. 389/1990 og gildir fyrir framleiðslu á u.þ.b. 230.000 tonnum af áli á ári fyrir sama tímabil, svo og hugsanlegt viðbótartímabil, og aðalsamningurinn. Leyfið gildir fyrir alla starfsemi sem nauðsynleg er fyrir rekstur álversins og hafnarinnar innan athafnasvæðis álversins og hafnarinnar.

1.2. Álver ATLANTSÁLS á Keilisnesi skal hannað samkvæmt núverandi og almennt gildandi reglum um álver sem byggð eru á sama tíma og fullnægja takmörkunum á losun mengunarefna út í umhverfið sem tilgreind eru í þessu starfsleyfi. Í þessu felst m.a. nútímatækni sem er fólgin í notkun á forbökuðum forskautum, þéttum lokum á kerum, eftirliti með risum við venjulegar starfsaðstæður, sjálfvirkri mötun flúoríðs og súráls og öðrum núverandi starfsaðferðum sem teljast í samræmi við eðlilegan og hagkvæman rekstur álversins.

1.3. Ný lög og reglugerðir eiga við um ATLANTSÁL nema þau samrýmist ekki réttindum og skyldum ATLANTSÁLS samkvæmt aðalsamningnum eða þeim takmörkunum á losun mengunarefna út í umhverfið eða öðrum skilmálum þessa starfsleyfis eins og tekið er fram á útgáfudegi þess. Hvers konar breytingar á álverinu vegna setningar nýrra eða breyttra laga eða reglugerða, sem eiga við um ATLANTSÁL samkvæmt þessari grein, 1.3, skulu taka eðlilegan tíma og skal í því sambandi tekið tillit til hvers konar fjárhagslegra skilyrða sem eiga við um slíkar framkvæmdir í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD.

1.4. Þegar unnt reynist að skjóta ágreiningi varðandi þetta starfsleyfi til dómstóla skal hann leystur samkvæmt ákvæðum aðalsamnings um lausn ágreiningsmála.

1.5. ATLANTSÁLI er skylt að sjá um að á öllu athafnasvæði álversins, sem ákvæði greinar, 1.6, ná ekki til, sé gætt fyllsta hreinlætis í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit eins og þau eru á hverjum tíma, nú lög nr. 81/1988.

1.6. Um varnir gegn mengun vinnuumhverfis álversins fer skv. lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eins og þau eru á hverjum tíma, nú lög nr. 46/1980.

1.7. Fulltrúum Mengunarvarna er heimilt að skoða álverið hvenær sem er skv. 3. kafla reglugerðar um mengunarvarnir nr. 389/1990. Fulltrúi ATLANTSÁLS skal vera í för með þeim.

1.8. Mengunarvarnir skulu tilnefna fulltrúa sinn sem tengilið við ATLANTSÁL. ATLANTSÁL skal einnig tilnefna fulltrúa sinn sem tengilið við Mengunarvarnir og skal hann vera ábyrgur fyrir öllum aðgerðum í mengunarvörnum í álverinu.

1.9. Starfsleyfið má endurskoða í samræmi við ákvæði aðalsamnings.

1.10. Óski ATLANTSÁL að gera verulegar breytingar á rekstri álversins, svo sem að auka framleiðsluna verulega, sem mundi valda því að losun mengunarefna út í umhverfið frá álverinu yrði meiri en heimilt er skv. þessu starfsleyfi, skal sækja um starfsleyfi að nýju til Mengunarvarna samkvæmt ákvæðum reglugerðar um mengunarvarnir eins og hún er á hverjum tíma, nú reglugerð nr. 389/1990.

1.11. Á fyrsta rekstrarári, sem skilgreint er sem 12 heilir almanaksmánuðir að loknum undirbúningstíma skv. skilgreiningu þess hugtaks í orkusamningi milli ATLANTSÁLS og Landsvirkjunar, dags. , á meðan verið er að stilla tæki og þjálfa starfsfólk, skal ATLANTSÁL gæta þess, að svo miklu leyti sem unnt er, að allri mengun sé haldið í lágmarki. Næstu tvö rekstrarárin, frá upphafi 13. heila almanaksmánaðar að loknum undirbúningstíma og til loka 36. heila rekstrarmánaðar frá lokum undirbúningstíma, verður þynningarsvæði álversins hringur með fjögurra kílómetra geisla með miðpunkt í miðjum kerskála álversins. Í lok þriðja rekstrarárs verður endanlegt þynningarsvæði ákveðið í ljósi niðurstaðna umhverfisathugana sem skulu þá liggja fyrir.

1.12. „Loftgæðastaðlar". Að loknu fyrsta rekstrarári skulu gilda eftirfarandi takmarkanir um mælanlegt magn mengunarefna í andrúmsloftinu utan þynningarsvæðisins:

Mengunarefni	Hámarksmagn á sólarhr., $\mu g/m^3$	Meðalmagn á ári, $\mu g/m^3$
Brennisteinstvísýringur	50	30
Svifagnir (D< 10 μm)	100	40
Heildarflúoríð (heilsa)	25	10
Loftkennt flúoríð (gróður)	1,0	0,3

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS.

2.1. LOFT.

2.1.1. Útblástursloft, sem í er veruleg rykmengun, t.d. af völdum losunar og flutnings hráefna, undirbúnings rafskauta, mölunar notaðra rafskauta, lofts frá steypuskála o.s.frv., skal hreinsað með viðeigandi búnaði.

2.1.2. Ryk í útblæstri, sem um getur í lið 2.1.1., skal að lokinni hreinsun ekki vera meira en 100 mg/Nm^3 miðað við eðlilegt loftmagn frá viðkomandi starfsemi.

2.1.3. Við reglulega þjónustu kera skal ávallt starfað eftir verkáætlun ATLANTSÁLS sem afhenda skal Mengunarvörnum, sem er heimilt að leggja til breytingar.

2.1.4. Ryk og loftkennt flúoríð skal hreinsað úr soglofti frá rafgreiningarkerum með viðurkenndum hreinsibúnaði með súráli og pokasíum eða öðrum jafngóðum tækjum. Hönnun hreinsibúnaðar skal vera með þeim hætti að hreinsun verði skilvirk þótt bilun verði í einni hreinsieiningu. Til að búnaður komi að góðum notum, skulu ávallt vera nægar birgðir súráls.

2.1.5. Hönnun og fyrirkomulag álversins og hreinsibúnaðar þess skal vera með þeim hætti, eftir því sem hægt er þegar byggingarframkvæmdir standa yfir, að unnt verði að gera breytingar eða koma fyrir viðbótarbúnaði sem kann að þykja æskilegur vegna framfara í tæknibúnaði til mengunarvarna eða kann að vera þörf fyrir í álverinu til að fullnægja skilyrðum starfsleyfisins.

2.1.6. Frá upphafi annars starfsárs skal ATLANTSÁL gera allar tilhlýðilegar ráðstafanir til að draga sem mest úr mengun frá álverinu, sérstaklega þegar ker eru tekin í notkun og á vaxtartíma gróðurs, frá 1. maí til 1. október, eftirfarandi takmarkanir gilda um heildarmagn flúoríðs, brennisteinstvíildis og ryks úr kerskálum :

Mengunarefni	Ársmeðaltal, kg/t af áli	Mánaðar-meðaltal, kg/t af áli	Heildar-tonn á ári
Heildarflúoríð	0,75	1,0	173
Ryk	1,5	2,0	345
Brennisteinstvíildi	21,0	28,0	4830

Ef forskautsefni með nægilega litlu brennisteinsinnihaldi til að fullnægja takmörkunum á útblæstri er ekki fáanlegt á heimsmarkaði á samkeppnishæfu verði skal endurskoða ákvæði þessarar greinar 2.1.6.
ATLANTSÁL skal gera allar tilhlýðilegar ráðstafanir til að draga sem mest úr mengun frá álverinu fyrsta starfsárið á meðan verið er að stilla tæki og þjálfa starfsfólk og ker eru tekin í notkun, einkum á vaxtartíma gróðurs.
Hlutaðeigandi aðilar munu fylgjast grannt með framtíðarþróun í tækninýjungum sem miða að því að draga úr útblæstri brennisteinstvíildis, t.d. með minnkun brennisteins í forskautsefninu, til þess að íhuga endurskoðun á framleiðsluaðferð, ef hún reynist fjárhagslega hagkvæm.

2.1.7. Ef mengunarefni í útblæstri mælist meira en nemur ofangreindum takmörkunum ársmeðaltals á tilteknu 12 mánaða tímabili eða er umfram mánaðarmeðaltal þrjá mánuði í röð skal ATLANTSÁL í samvinnu við Mengunarvarnir gera áætlun, innan tveggja vikna, um að draga úr útblæstrinum. Ef hann fullnægir enn ekki skilyrðum í grein 2.1.6 að eðlilegum tíma liðnum, geta Mengunarvarnir krafist úrbóta og gengið á eftir því að þær verði gerðar skv. 27. gr. laga nr. 81/1988, sbr. 1. gr. laga nr. 28/1990, eða skv. ákvæðum viðeigandi laga.

2.1.8. Á hentugum og áberandi stað skal koma fyrir skilti með uppdrætti af mengunarvarnabúnaðinum. Á skiltinu skal tilgreint það hámark mengunarefna sem heimilt er skv. starfsleyfinu, svo og upplýsingar um árangur álversins í mengunarvörnum.

2.1.9. Brennisteinsinnihald eldsneytisolíu skal ekki vera meira en í olíu sem að jafnaði er notuð í öðrum iðnaði á Íslandi.

2.2. VATN.

2.2.1. Allar fráveitulagnir til sjávar skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengunarvarnir nr. 389/1990. Þó er heimilt að leiða ómengað kælivatn niður fyrir stórstraumsfjörumörk.

2.2.2. Ef fráveituvatn frá salernum, eldhúsi, böðum og þess háttar er leitt í hreinsikerfi skal það vera í samræmi við reglur Mengunarvarna. Ef rotþrær eru notaðar skulu þær tæmdar reglulega í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurnesja.

2.2.3. Fráveituvatn, sem inniheldur jarðolíu, skal hreinsað í olíugildrum áður en því er hleypt í sjóinn. Að hreinsun lokinni skal jarðolíumagnið í vatninu ekki vera meira en 15 mg/l.

2.2.4. Kælivatn frá steypuskála skal endurnýta. Hreinsa skal þann hluta þess sem látinn er renna burt. Að lokinni hreinsun skal vatnið uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Sýrustig	á bilinu	pH 5–9
Ál	ekki umfram	100 mg/l
Flúoríð	"	100 mg/l
Svifagnir	"	200 mg/
Jarðolía og feiti	"	15 mg/l

2.3. FASTUR ÚRGANGUR.

2.3.1. ATLANTSÁL skal leita allra hagkvæmra leiða til að nýta úrgang, sem til fellur, svo sem kerbrot, skautaleifar, brotamálma og úrgang sem inniheldur mikið ál. ATLANTSÁLI er heimilt að nýta slík efni sjálft eða fá önnur fyrirtæki til þess fyrir sína hönd. Mengunarvarnir geta krafist annarrar meðferðar á úrgangsefnum ef hún er tæknilega framkvæmanleg og fjárhagslega samkeppnisfær við þá aðferð sem notuð er í álverinu.

2.3.2. Öllum hættulegum kemískum úrgangsefnum, eins og þau eru skilgreind í reglugerð um mengunarvarnir nr. 389/1990, skal fargað samkvæmt reglum sem gefnar eru út í samræmi við gr. 6.2.7 í reglugerðinni.

2.3.3. Kerbrotum, skautaleifum og byggingarefnaúrgangi, sem ekki er unnt að nýta strax, er heimilt að losa í flæðigryfjum á ströndinni innan athafnasvæðis álversins. Þegar fundist hefur hagkvæm aðferð til að nýta slík efni, samkvæmt ákvæðum í lið 2.3.1, skal hún notuð til að farga öllum úrgangsefnum sem til falla eftir það í stað þess að koma þeim fyrir í flæðigryfjum. Hin nýja aðferð á ekki við um þau úrgangsefni sem hefur þegar verið komið fyrir í flæðigryfjum nema aðilar séu sammála um það eða ákvæði í lið 6.03 í aðalsamningi eigi við og eftir þeim sé farið að fullu. Flæðigryfjurnar skal verja fyrir ágangi sjávar nema hvað í þeim má gæta sjávarfalla. Staðsetning og öll gerð flæðigryfja skal ákveðin í samráði við Mengunarvarnir. Þegar flæðigryfja hefur verið fyllt með úrgangsefnum skal hún án tafar hulin jarðvegi sem fellur að umhverfinu. Hindra skal aðgang óviðkomandi að flæðigryfjunum.

2.3.4. Allt sorp, umbúðir og þess háttar úrgangur skal fluttur til viðurkennds móttökustaðar.

2.3.5. Opin brennsla hvers konar úrgangs á athafnasvæði álversins er óheimil.

2.4. HÁVAÐI.

2.4.1. ATLANTSÁL skal gera allar hæfilegar ráðstafanir til að draga úr hávaða sem stafar frá álverinu. Hávaði við lóðarmörk álversins skal ekki vera meiri en 70 dB (A) Leq, sbr. viðauka 5 við reglugerð um mengunarvarnir, nr. 389/1990.

2.4.2. Ef hávaði, sem berst frá álverinu, hefur greinilega ríkjandi tíðni eða reglubundna hávaðatoppa skulu hávaðamörkin, sem tilgreind eru í lið 2.4.1., lækkuð um 5 dB(A) Leq.

3. AÐFERÐIR VIÐ MÆLINGAR OG EFTIRLIT.

3.1. Mælingar á losun mengunarefna út í umhverfið og eftirlit með rekstri.

3.1.1. Fylgt skal eftirfarandi áætlun um mælingar mengunarefna í útblæstri:

Efni	**Mælistaður**	**Tímabil meðaltals**	**Mælieining**	**Tíðni mælinga**
Loftkennt flúoríð	Hreinsað kergas	Mánuður	kgF/h	Samfelld
Flúoríð í ryki	Hreinsað kergas	"	kgF/h	Mánaðarleg a.m.k.
Ryk	Hreinsað kergas	"	kg/h	Samfelld
Brennisteins-tvíildi	Hreinsað kergas	"	kg SO_2/h	Samfelld
Loftkennt flúoríð	Ræstiloft úr kerskála	"	kgF/h	A.m.k. 8x24 klst. sýni á mán.
Flúoríð í ryki	Ræstiloft úr kerskála	"	kgF/h	"
Ryk	Ræstiloft úr kerskála	"	kg/h	"
Ryk	Ýmsar síur	Meðaltal margra mælinga	mg/Nm^3	Eftir þörfum

Þessa áætlun má endurskoða á tveggja ára fresti ef annar hvor aðili óskar þess.

3.1.2. ATLANTSÁL ber ábyrgð á mælingum skv. lið 3.1.1. og skal koma upp viðeigandi aðstöðu í því skyni og bera allan kostnað af mælingunum.

3.1.3. ATLANTSÁL skal koma fyrir sýnatökubúnaði í rjáfri kerskálans í því skyni að mæla mengunarefni í útstreymi ræstilofts. Til samfelldra mælinga á mengunarefnum í hreinsuðu kergasi skal hafa sjálfvirkan sýnatökubúnað fyrir flúoríð í einum reykháfi á hverri hreinsistöð. Hafa skal sjálfvirkan sýnatökubúnað fyrir ryk í öllum reykháfum.

3.1.4. Fylgt skal eftirfarandi áætlun um mælingar á mengunarefnum í fráveituvatni frá steypuskála álversins:

Efni/ eiginleiki	Tímabil meðaltals	Mælieining	Tíðni mælinga
Flúoríð	Mánuður	mg/l	Vikuleg
Ál	"	"	"
Svifagnir	"	"	"
Jaroðlía og feiti	"	"	"
Sýrustig	"	pH	"
Þungmálmar	"	µ/l	Árleg

3.1.5. Mengunarvörnum skal tilkynnt um það með símbréfi án tafar ef niðurstöður mengunarmælinga skv. liðum 3.1.1. og 3.1.4. fullnægja ekki skilyrðum sem tilgreind eru í liðum 2.1. og 2.2. Skrár um mælingar skulu geymdar í a.m.k. tvö ár og vera aðgengilegar fyrir fulltrúa Mengunvarvarna ríkisins á venjulegum starfstíma.

3.1.6. Mengunarvarnir hafa eftirlit með mælingum og mæliaðferðum ATLANTSÁLS. Slíkt eftirlit skal framkvæmt a.m.k. einu sinni á ári. Nákvæmt mat á niðurstöðum og hugsanleg samanburðarmæling skal fara fram eigi sjaldnar en þriðja hvert ár í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengunarvarnir, eins og hún er á hverjum tíma nú nr. 389/1990.

3.1.7. Fram skal fara reglulegt viðhald skv. ákveðinni áætlun á öllum mengunarvarnabúnaði álversins, þ.m.t. á lokum yfir kerum og sogbúnaði í kerskála. ATLANTSÁL skal gera áætlunina og sjá um endurskoðun hennar. Hún skal birt Mengunarvörnum og geta þær gert tillögur um breytingar.

3.1.8. ATLANTSÁL skal tilkynna Mengunarvörnum innan sólarhrings ef alvarleg bilun verður í þurrhreinsibúnaðinum. ATLANTSÁL og Mengunarvarnir skulu þá ræða vandann sín í milli og finna leið til að draga úr mengun af völdum bilunarinnar. Ef áætluð mengun vegna einstakrar bilunar, sem er ekki af völdum náttúruhamfara skv. skilgreiningu í aðalsamningi, verður meiri á viku en hámarkið er á mánuði, sbr. lið 2.1.6., geta Mengunarvarnir krafist úrbóta og gengið eftir að þær verði framkvæmdar í samræmi við ákvæði 27. gr. laga nr. 81/1988, sbr. 1. gr. laga nr. 28/1990, eða annarra laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem í stað þeirra koma.

3.1.9. ATLANTSÁL skal tilkynna Mengunarvörnum ársfjórðungslega um brennisteinsinnihald forskauta sem notuð eru í álverinu.

3.1.10. ATLANTSÁL skal gefa Mengunarvörnum skýrslu ársfjórðungslega um niðurstöður mælinga sem gerðar eru skv. greinum 3.1.1. og 3.1.4. Í skýrslunni skal koma fram magn loft- og vatnsmengunarefna, sem berast frá álverinu, mælt í kílógrömmum fyrir hvert framleitt áltonn. ATLANTSÁL skal gefa Mengunarvörnum árlega skýrslu um árangur mengunarvarna í álverinu.

3.1.11. Fulltrúar ATLANTSÁLS skulu a.m.k. einu sinni á ári boða til sameiginlegs fundar með fulltrúum Mengunarvarna, Náttúruverndarráðs, Siglingamálastofnunar ríkisins og heilbrigðisnefndar Suðurnesja. Á slíkum fundum skulu fulltrúar ATLANTSÁLS ræða um og kynna öllum þátttakendum rekstur mengunarvarnabúnaðarins undanfarna 12 mánuði, niðurstöður í mælingum á útstreymi mengunarefna, mælingar í umhverfinu og aðra umhverfiþætti sem varða ATLANTSÁL. Með sama hætti skulu aðrir ofangreindir fulltrúar gefa upplýsingar um og ræða umhverfismál er varða starf þeirra og þau umhverfismál sem eru á döfinni og snerta rekstur álversins.

3.2. UMHVERFISATHUGANIR.

3.2.0. ATLANTSÁL skal sjá um þær umhverfismælingar sem krafist er skv. þessum kafla 3.2 og skal starfshópur sérfræðinga, sem umhverfisráðherra skipar, vera til ráðuneytis og hafa eftirlit með þeim. Áætlun um framkvæmd slíkra mælinga er háð samþykki umhverfisráðherra. Umfang og tíðni slíkra mælinga munu vera sambærilegar við umhverfisathuganir sem gerðar eru í tengslum við svipaðar framkvæmdir í öðrum álverum og skal tekið tillit til þeirra atriða sem eru einkennandi fyrir staðinn og geta haft áhrif á niðurstöður.

3.2.1. Áður en rekstur álversins hefst skal ATLANTSÁL eða aðrir áður hafa lokið eftirfarandi umhverfismælingum. Mælingarsvæðið á landi er skilgreint sem það svæði sem sýnt er á uppdrætti í viðauka I.

3.2.1.1. Líffræðilegar athuganir.
a) Gróðurfarsathuganir: safnað skal nægilegum gögnum um gróðurþekju og samsetningu hennar hvað snertir tegundir til þess að unnt sé að fylgjast með væntanlegum magnbreytingum á gróðri á mælingarsvæðinu. Gerð skulu gróður- og jarðvegskort.
b) Athugun á dýralífi: metin skal fjölbreytni tegunda í dýrasamfélögum.
c) Kortleggja skal landnýtingu í nágrenni álversins
d) Fram skal fara athugun á dýralífi og sjávargróðri á ströndinni og undan ströndinni hjá álverinu.

3.2.1.2. Efnafræðilegar athuganir.
a) Könnuð skulu gæði andrúmsloftsins í minnst eitt ár á völdum mælistöðum. Mæld skulu eftirtalin mengunarefni: heildarmagn flúoríðs, loftkennt flúoríð, brennisteinstvísýringur, svifryk og fallryk.
b) Mælt skal magn þungra málma og áls í botnlægum sjávardýrum, þörungum og seti.
c) Mælt skal magn málma, flúoríðs og annarra efnasambanda í jarðvegi, sjó og völdum tegundum gróðurs og hryggleysingja.

3.2.1.3. Eðlisfræðilegar athuganir.
a) Gerðar skulu veðurfarsathuganir sem eru nægilega víðtækar til að spá um dreifingu loftborinna mengunarefna frá álverinu.
b) Gerðar skulu straummælingar í sjó sem eru nægilega víðtækar til að meta dreifingu mengunar vegna reksturs álversins.

3.2.2. Eftirlit með rekstri álversins.
Eftir að rekstur álversins er hafinn skulu eftirtaldar athuganir gerðar í því skyni að meta áhrif þess á umhverfið:

3.2.2.1. Líffræðilegar og efnafræðilegar athuganir.
a) Til samanburðar við niðurstöður athugana skv. liðum 3.2.1.1. a), b) og d), og 3.2.1.2. b), c) og d) skulu gerðar mælingar á sömu stöðum fimm árum eftir að rekstur álversins hefst og síðan á fimm ára fresti.
b) Til samanburðar við niðurstöður athugana skv. lið 3.2.1.2. a) skal gera sambærilegar mælingar á sömu loftmengunarefnum á öðru framleiðsluári álversins.
c) Fylgst skal samfellt með magni loftkennds flúoríðs í andrúmsloftinu á völdum stöðum í nágrenni álversins. Niðurstöður slíkra mælinga skulu birtar sem mánaðarlegt meðaltal.
d) Frá 1. maí til 1. október skulu gerðar mánaðarlegar mælingar á áhrifum flúoríðs á valdar jurtir, svo og mælingar á flúoríði, súlfati og sýrustigi (pH) í jarðvegi á tilteknum mælistöðum í nágrenni álversins.
e) Ef grasbítar á rannsóknasvæðinu, sem skilgreint er í viðauka I, drepast skal athugað flúoríðinnihald skrokkanna.
f) Könnuð skulu langtímaáhrif loftmengunar á jarðfræðikerfi með því að beita aðferð sem miðast við hættuálag vegna uppsöfnunaráhrifa og skulu gerðar nauðsynlegar rannsóknir á rannsóknastofu og notaðar niðurstöður mælinga samkvæmt lið d) hér að ofan.
g) Fylgst skal með mengun í nágrenni flæðigryfja á athafnasvæði álversins.

4. EFTIRLITSGJÖLD OG ANNAR KOSTNAÐUR.

4.1. ATLANTSÁL greiðir þann kostnað sem hlýst af undirbúningi og útgáfu starfsleyfis. ATLANTSÁL greiðir einnig árlegt eftirlitsgjald skv. ákvörðun umhverfisráðuneyt-

isins í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengunarvarnir, nr. 389/1990. Gjaldið skal nægja til að greiða kostnað Mengunarvarna af eftirlitinu.

4.2. ATLANTSÁL greiðir allan kostnað við mælingar skv. ákvæðum liðar 3.2.1. allt að upphæð, sem ekki fari fram úr níu hundruð þúsundum bandaríkjadala (U.S. $ 900.000.00).

4.3. ATLANTSÁL greiðir allan kostnað við umhverfismælingar skv. lið 3.2.2. Mælingarnar skulu framkvæmdar af hæfum aðila sem hlotið hefur samþykki Mengunarvarna.

Fylgiskjal II.

Iðnaðarráðuneytið:

MINNISBLAÐ
(6. september 1991.)

Ákvæði 6. gr. aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Atlantsálsaðilanna um útgáfu og endurskoðun starfsleyfis.

1. Lagaleg umgjörð samninga um álver á Keilisnesi.

Í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um álver á Keilisnesi, sem lögð var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi í mars 1991, var gerð grein fyrir meginefni allra helstu greina fyrirhugaðs aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Alumax, Hoogovens Aluminium og Gränges hins vegar um byggingu og rekstur álvers á Keilisnesi í Vatnsleysustrandarhreppi. Eins og greint er frá í skýrslunni er samkvæmt aðalsamningnum gert ráð fyrir að Atlantsálsaðilarnir stofni hver um sig eignarhaldsfélag hér á landi beint eða óbeint í einkaeign hvers aðila. Eignarhaldsfélögin munu síðan eiga hlutabréf í Atlantsáli hf. en það verður eigandi álversins á Keilisnesi. Ofangreind hlutafélög skulu stofnsett og skráð sem hlutafélög hér á landi og rekin í samræmi við íslensk lög eins og nánar verður kveðið á um í heimildarlögunum og áskilið í aðalsamningnum. Í heimildarlögunum verður ríkisstjórninni og iðnaðarráðherra fyrir hennar hönd heimilað að semja um starfsskilyrði álversins í samræmi við ákvæði frumvarpsins, þ.m.t. um útgáfu, lagalega stöðu og endurskoðun umhverfisstarfsleyfis. Aðalsamningurinn verður þar með það grundvallarskjal sem aðrir samningar og leyfi vegna álversins byggja á. Umræða um útgáfu og endurskoðun starfsleyfis hefur tekið mið af þessari lagaumgjörð samninganna, auk þeirra meginsjónarmiða sem liggja til grundvallar efnisatriðum 6. gr. og vikið er að hér að neðan.

2. Meginmarkmið samningsaðila varðandi 6. gr. aðalsamningsins.

Meginmarkmið af Íslands hálfu varðandi 6. gr. aðalsamningsins voru þau að tryggja vandaða forvinnu við útgáfu starfsleyfisins með það að markmiði að skilmálar leyfisins tryggðu fullnægjandi mengunarvarnir. Þess vegna lögðu íslensk stjórnvöld til við fyrirtækin í júní 1990 að þau sæktu um starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar þrátt fyrir að staðsetning álversins væri þá ekki ákveð-

Fylgiskjal II.

Iðnaðarráðuneytið:

MINNISBLAÐ
(6. september 1991.)
Ákvæði 6. gr. aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Atlantsálsaðilanna um útgáfu og endurskoðun starfsleyfis.

1. Lagaleg umgjörð samninga um álver á Keilisnesi.

Í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um álver á Keilisnesi, sem lögð var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi í mars 1991, var gerð grein fyrir meginefni allra helstu greina fyrirhugaðs aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Alumax, Hoogovens Aluminium og Gränges hins vegar um byggingu og rekstur álvers á Keilisnesi í Vatnsleysustrandarhreppi. Eins og greint er frá í skýrslunni er samkvæmt aðalsamningnum gert ráð fyrir að Atlantsálsaðilarnir stofni hver um sig eignarhaldsfélag hér á landi beint eða óbeint í einkaeign hvers aðila. Eignarhaldsfélögin munu síðan eiga hlutabréf í Atlantsáli hf. en það verður eigandi álversins á Keilisnesi. Ofangreind hlutafélög skulu stofnsett og skráð sem hlutafélög hér á landi og rekin í samræmi við íslensk lög eins og nánar verður kveðið á um í heimildarlögunum og áskilið í aðalsamningnum. Í heimildarlögunum verður ríkisstjórninni og iðnaðarráðherra fyrir hennar hönd heimilað að semja um starfsskilyrði álversins í samræmi við ákvæði frumvarpsins, þ.m.t. um útgáfu, lagalega stöðu og endurskoðun umhverfisstarfsleyfis. Aðalsamningurinn verður þar með það grundvallarskjal sem aðrir samningar og leyfi vegna álversins byggja á. Umræða um útgáfu og endurskoðun starfsleyfis hefur tekið mið af þessari lagaumgjörð samninganna, auk þeirra meginsjónarmiða sem liggja til grundvallar efnisatriðum 6. gr. og vikið er að hér að neðan.

2. Meginmarkmið samningsaðila varðandi 6. gr. aðalsamningsins.

Meginmarkmið af Íslands hálfu varðandi 6. gr. aðalsamningsins voru þau að tryggja vandaða forvinnu við útgáfu starfsleyfisins með það að markmiði að skilmálar leyfisins tryggðu fullnægjandi mengunarvarnir. Þess vegna lögðu íslensk stjórnvöld til við fyrirtækin í júní 1990 að þau sæktu um starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar þrátt fyrir að staðsetning álversins væri þá ekki ákveðin. Jafnframt var reynt að tryggja eðlilegan rétt til að endurskoða skilmála þess ef nýjar aðferðir eða tæki til að draga úr mengun verða almennt skyldubundnar í öðrum OECD-ríkjum eða áður óþekkt skaðleg umhverfisáhrif, sem rekja má til álversins, uppgötvast á Keilisnesi.

Af hálfu Atlantsáls var talið nauðsynlegt að tryggja festu til lengri tíma hvað varðar tæknilegar kröfur til álversins, bæði vegna þarfa eigenda og lánastofnana. Þær síðastnefndu verða að taka ákvörðun um lánveitingar á grundvelli hagkvæmnisútreikninga sem verða að byggja á traustum forsendum um stofn- og rekstrarkostnað. Sammæli var um það milli aðila frá upphafi að álverið á Keilisnesi verði byggt á nýjustu tækni, þ.m.t. varðandi mengunarvarnir, en í viðræðunum þurfti að finna eðlilega málamiðlun varðandi gildistíma og endurskoðun starfsleyfisins.

3. Lýsing meginefnis ákvæða 6. gr. aðalsamningsins í skýrslu til Alþingis vorið 1991.

Í fyrrgreindri skýrslu til Alþingis, sem lögð var fram í mars 1991, var tekið fram að

ekki hefði þá náðst samkomulag um endanlegt orðalag 6. gr. aðalsamningsins en fram tekið að við undirritun áfangasamkomulags aðila frá 4. október 1990 hefði náðst samkomulag um eftirfarandi meginatriði og að efni 6. gr. yrði m.a. byggt á þeim.

„a. Um meðferð umsóknar um umhverfisstarfsleyfi fer samkvæmt íslenskum lögum og reglum.

b. Leyfið verður gefið út samtímis og gildir jafnlengi og aðalsamningurinn, þ.m.t. með hugsanlegri framlengingu.

c. Leyfið verður einungis endurskoðað eða því breytt (á tímamörkum sem samkomulag næst um) ef

i) nýjar aðferðir, aðgerðir eða tæki til að stjórna útrennsli, útstreymi eða losun lofts, vökva eða fasts efnis hafa, á grundvelli alþjóðlegra sáttmála, almennt verið skyldubundnar og komið til framkvæmda í álverum í OECD-ríkjunum sem hönnuð eru um svipað leyti og Atlantsálverið og með áþekkri tækni og Atlantsálverið, og

ii) nýrra aðferða, aðgerða eða tækja er krafist samkvæmt íslenskum lögum, og

iii) nýrra mengunarvarna verður þörf vegna staðbundinna skilyrða á Keilisnesi.

d. Breytingar á álverinu, er leiðir af breytingum á starfsleyfi, skulu gerðar í áföngum á eðlilegu tímabili og að teknu tilliti til fjárhagslegra aðstæðna við framkvæmd slíkra breytinga í OECD-ríkjunum. Álverið skal að öllu leyti hljóta meðferð samkvæmt íslenskum lögum, reglum og stjórnsýsluvenjum ekki óhagstæðari en veitt er íslenskum fyrirtækjum við líkar aðstæður.“

Í skýrslunni var fram tekið að breytingartillögur við þessa grein væru til umræðu og m.a. um sérstaka málsgrein er fjallaði um hvernig bregðast skuli við ef áður óþekktir umhverfisskaðar kæmu fram vegna reksturs álversins.

4. Samkomulag um orðalag 6. gr.

Í samræmi við ofangreinda meginniðurstöðu hefur í sumar verið fram haldið viðræðum um málið og er niðurstaða þeirra viðræðna sem hér segir:

4.1. Meginatriði a- og b-liðar hér að ofan eru sett fram í 1. mgr. 6. gr. aðalsamningsins þar sem kveðið er á um að starfsleyfi skuli gefið út samtímis eða fyrir undirritun aðalsamnings og gildi jafnlengi og aðalsamningurinn, þ.m.t. með hugsanlegri framlengingu. Hönnun álversins og hafnarinnar og rekstur þeirra skulu vera í samræmi við íslensk lög og reglugerðir varðandi mengunarvarnir og umhverfisvernd, svo og í samræmi við ákvæði starfsleyfisins. Komi í ljós að ákvæði laga og reglugerða stangast á við ákvæði starfsleyfisins er kveðið á um að ákvæði þess gildi.

4.2. Meginatriði c-liðar eru óbreytt frá því sem lýst er hér að ofan og samkomulag er um að endurskoða megi leyfið 10 árum eftir að rekstur hefst og eftir það á sjö ára fresti. Meginatriði c-liðar eru í 2. mgr. 6. gr. að öðru leyti en því að samkomulag tókst um að orða tölulið iii) í c-lið sem hér segir: „Uppsetning nýs búnaðar til mengunarvarna er jafnnauðsynlegur í álverinu og á öðrum stöðum þar sem slíks búnaðar hefur verið krafist og hann settur upp.“

4.3. Í 3. mgr. 6. gr. er nú að finna nýtt ákvæði þar sem kveðið er á um að aðilar hefji samningaviðræður um úrbætur ef áður óþekkt skaðleg umhverfisáhrif uppgötvast eða í ljós kemur hætta á slíkum áhrifum sem ekki var hægt að sjá fyrir og rekja má til álversins og ekki er hægt að lagfæra í samræmi við ákvæði starfsleyfisins.

4.4. Ákvæði d-liðar hér að ofan eru óbreytt sem 4. mgr. 6. gr.

4.5. Í lokamálsgrein 6. gr. (5. mgr.) er kveðið á um að hönnun álversins og rekstur þess skuli að öllu leyti vera í samræmi við íslensk lög og reglugerðir er varða heilsu, öryggi og heilbrigði á vinnusvæðinu.

Með þeim breytingum, sem samkomulag hefur nú tekist um, hefur verið lagður traustur grundvöllur að útgáfu starfsleyfis og jafnframt tryggður réttur til endurskoðunar þess í þeim tilvikum sem mikilvægust eru til verndar umhverfi á Keilisnesi.

5. Ákvæði í heimildarlögum.

Drög að frumvarpi til laga um heimild til samninga um álver á Keilisnesi voru fylgiskjal með fyrrgreindri skýrslu til Alþingis. Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimildir til samninga um útgáfu, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis. Þar segir m.a.:

„Með samningum, sem gerðir verða samkvæmt lögum þessum, og í starfsleyfi fyrir álverið skal heimilt að kveða á um eftirfarandi:

1. Að starfsleyfið verði gefið út samhliða þessum samningi og gildi jafnlengi og samstarfssamningarnir skv. 1. gr. laga þessara, þ.m.t. með hugsanlegri framlengingu.
2. Að starfsleyfið verði einungis tekið til endurskoðunar á tilteknum umsömdum tímamörkum og í samræmi við nánari ákvæði samninga sem gerðir verða samkvæmt þessum heimildarlögum."

Fylgiskjal III.

MINNISBLAÐ
(11. júlí 1991.)
Til Jóns Ingimarssonar iðnaðarráðuneyti og Sigurbjargar Sæmundsdóttur umhverfisráðuneyti.
Frá Þórði Bogasyni.

Á minnisblaðinu koma fram þær óskir sem nefndarmenn í umhverfisnefnd báru fram á fundi 3. júlí sl. varðandi upplýsingar frá iðnaðar- og umhverfisráðuneyti um nýtt álver á Keilisnesi.

1. Óskað var eftir upplýsingum varðandi áhrif virkjunarframkvæmda vegna álvers á Keilisnesi á umhverfisþætti, sérstaklega áhrif línulagnar sem ráðgerð er norðan jökla.
2. Óskað var eftir því að nefndin fengi að sjá drög að starfsleyfi fyrir álverksmiðju á Keilisnesi sem fyrst.
3. Óskað var eftir yfirliti um hvernig staðið hefur verið að mati á umhverfisþáttum varðandi álverksmiðju á Keilisnesi og hvaða nefndir og sérfræðingar hafa annast það mat.
4. Óskað var eftir upplýsingum um hvort frávik væru í starfsleyfi álvers frá ákvæðum mengunarvarnareglugerðar 389/1990 er varða útgáfu starfsleyfis og hvort frávik væru frá málsmeðferðarreglum hennar varðandi leyfisbrot.
5. Óskað var eftir yfirliti um þá rannsóknarvinnu sem fram ætti að fara í tengslum við rekstur álversins, bæði stjórnun hennar og eðli rannsóknanna.
6. Óskað var eftir því að nefndin fengi aðgang að þeim gögnum sem aflað hefur verið varðandi samanburð á álverum í Evrópu og Bandaríkjunum og nefndin fengi efnisyfirlit yfir þær upplýsingar.

7. Óskað var eftir yfirliti um mengunarvarnir í Straumsvík og Grundartanga í samanburði við álverið á Keilisnesi, ef unnt væri að framkvæma slíkan samanburð.
8. Óskað var eftir þeim upplýsingum sem tiltækar eru um álver á Norðurlöndum.
9. Rætt var um minnisblað um samanburð á rannsóknum varðandi járnblendiverksmiðju og kísilmálmverksmiðju.

Næsti fundur umhverfisnefndar verður verður föstudaginn 16. ágúst nk.

Fylgiskjal IV.

Umhverfisráðuneyti:

MINNISBLAÐ
(16. ágúst 1991.)

Umhverfisnefnd Alþingis hefur óskað eftir upplýsingum frá umhverfisráðuneyti og iðnaðarráðuneyti varðandi fyrirhugað álver á Keilisnesi, sbr. minnisblað frá 11. júlí 1991.

Eftirfarandi eru svör við umræddri fyrirspurn og tilvísanir í gögn eftir því sem tök eru á á þessu stigi.

1. Áhrif virkjunarframkvæmda á umhverfisþætti.

Meðfylgjandi er skýrsla um umhverfislegt frummat á lagningu Fljótsdalslínu 1, unnin af Skipulagi ríkisins að ósk umhverfisráðuneytis. Jafnframt er bent á að með frumvarpi til laga um raforkuver, sem lagt var fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi, er umsögn Náttúruverndarráðs um virkjun Jökulsár í Fljótsdal, miðað við að vatn frá miðlunarlóni virkjunarinnar yrði leitt um skurði og vötn að inntaki.

2. Starfsleyfistillögur vegna fyrirhugaðs álvers.

Starfsleyfistillögur eru sendar umhverfisnefnd samtímis þessu minnisblaði.

3. Mat umhverfisþátta.

Á vegum umhverfisráðuneytis og mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins hefur verið unnið að gerð starfsleyfis fyrir fyrirhugaða álbræðslu Atlantsáls á Keilisnesi síðan í júlí 1990.

25. júní 1990 skipaði þáverandi umhverfisráðherra nefnd til að kynna sér umhverfisáhrif frá væntanlegu álveri. Nefndinni var ætlað að vera til ráðgjafar um umhverfisáhrif frá fyrirhuguðu álveri og hvernig mati á þeim skyldi háttað, hver efri mörk mengunar, sem eðlilegt væri að miða við frá nýju álveri, væru og hvernig mengunarvarnir skyldu vera til að ná settu markmiði. Enn fremur var nefndinni ætlað að vera til aðstoðar við samninga varðandi umhverfis- og mengunarvarnir vegna álversins.

Í nefndinni sátu: Eggert Steinsen verkfræðingur, formaður, Gísli Már Gíslason prófessor, líffræðingur, Ragnar Sigbjörnsson prófessor, byggingaverkfræðingur, Sigurbjörg Sæmundsdóttir hagverkfræðingur, Þóroddur Þóroddsson jarðfræðingur, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, og Þorsteinn I. Sigfússon prófessor, eðlisfræðingur.

Ólafur Pétursson, efnaverkfræðingur, forstöðumaður mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins var starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin fór yfir frumdrög að starfsleyfi fyrir álver, sem unnin voru hjá mengunarvarnasviði Hollustuverndar ríkisins, og aflaði sér upplýsinga um hvernig staðið er að

þessum málum annars staðar. Nefndin viðaði að sér margvíslegum gögnum um umhverfisáhrif og mengunarvarnir álvera. Einnig kynnti hún sér mælitækni varðandi eftirlit og umhverfisvöktun. Farið var í heimsóknir í álver og umhverfisstofnanir erlendis.

Nefndin lauk störfum í desember 1990 er hún afhenti umhverfisráðherra starfsleyfisdrög fyrir væntanlegt álver.

Síðan um áramót hefur vinna við starfsleyfistillögur að mestu verið í höndum Ólafs Péturssonar og Sigurbjargar Sæmundsdóttur. Starfsmenn iðnaðarráðuneytis, þau Rán Tryggvadóttir lögfræðingur og Jón Ingimarsson verkfræðingur, hafa starfað með þeim hvað varðar lögfræðileg atriði og tengingu starfsleyfis og aðalsamnings.

Þess má einnig geta að 22. febrúar 1990 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að vera sér til ráðuneytis um umhverfisáhrif iðjuvera. Í upphafi var nefndinni sérstaklega ætlað að vera til ráðgjafar varðandi mat á áhrifum áliðju á umhverfið. Nefndarmenn í ráðgjafanefnd iðnaðarráðuneytis um umhverfisáhrif iðjuvera eru: Skúli G. Jónsson læknir, formaður nefndarinnar, Friðrik Pálmason líffeðlisfræðingur, Guðjón Jónsson efnaverkfræðingur, Hákon Aðalsteinsson líffræðingur, Jón Ingimarsson verkfræðingur, Jón Ólafsson haffræðingur og Magnús Jónsson veðurfræðingur.

Magnús Bjarni Baldursson landfræðingur var starfsmaður nefndarinnar sumarið 1990.

Þessi nefnd skilaði iðnaðarráðherra greinargerð, „Greinargerð um umhverfisáhrif álvera. Samanburður á Eyjafirði, Keilisnesi og Reyðarfirði vegna staðarvals". Greinargerðin er fskj. VIII með skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um stöðu samninga um nýtt álver sem lögð var fyrir 113. löggafarþing í október 1990.

Nefnd iðnaðarráðherra hefur ekki komið að vinnslu starfsleyfis og hafa drög að því hvorki verið lögð fram né rædd í nefndinni.

4. Frávik frá ákvæðum mengunarvarnareglugerðar.

Fullt samræmi er milli starfsleyfistillagna og mengunarvarnareglugerðar að því er útgáfu varðar.

Að lokinni kynningu í Vatnsleysustrandarhreppi og eftir að farið hefur verið yfir þær athugasemdir, sem kunna að berast, verður starfsleyfið gefið út af umhverfisráðherra í samræmi við 8. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990.

Meðferð leyfisbrota verður samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 28/1990.

5. Umhverfisrannsóknir.

Vísað er til viðeigandi kafla í starfsleyfistillögum.

Þessu minnisblaði fylgir skýrsla um dreifingu mengunarefna í lofti frá álveri á Keilisnesi sem unnin var af norsku loftrannsóknarstofnuninni, NILU, að beiðni íslenskra stjórnvalda.

Um rúmlega eins árs skeið hafa farið fram veðurmælingar á Keilisnesi með það fyrir augum að hægt verði að gera nákvæmari dreifispá um mengunarefni í lofti frá fyrirhuguðu álveri.

6. Gögn frá Evrópu og Bandaríkjunum.

Ekki hefur enn unnist tími til að taka saman efnisyfirlit yfir gögn sem aflað hefur verið varðandi samanburð á álverum í Evrópu og Bandaríkjunum sem eru mjög umfangsmikil.

7. Samanburður mengunarvarna í Straumsvík, Grundartanga og á Keilisnesi.

Um þetta atriði hafa iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti rætt vegna fyrirspurnar umhverfisnefndar. Ráðuneytin treysta sér ekki til að framkvæma samanburð á mengunarvörnum í álverinu í Straumsvík, járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og fyrirhuguðu álveri á Keilisnesi enda er hér um ólíka starfsemi og fyrirkomulag að ræða þannig að ekki er um sambærilega hluti að ræða.

8. Álver á Norðurlöndum.

Unnið er að því að taka saman lista yfir upplýsingar og gögn sem tiltæk eru hjá umhverfisráðuneytinu og Hollustuvernd ríkisins um álver á Norðurlöndunum.

9. Samanburður á rannsóknum varðandi járnblendiverksmiðju og kísilmálmverksmiðju.

Umhverfisnefnd Alþingis mun síðar fá í hendur minnisblað með upplýsingum um rannsóknir sem unnar voru á sínum tíma vegna fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju og járnblendiverksmiðju, en ekki er enn lokið samantekt vegna þessa máls.

Fylgiskjal V.

Bréf umhverfisnefndar til Eiðs Guðnasonar umhverfisráðherra.

(12. september 1991.)

Umhverfisnefnd Alþingis hefur á fundum 11. og 12. september 1991 fjallað um drög að starfsleyfi fyrir álbræðslu á Keilisnesi sem nefndinni bárust frá ráðuneyti yðar, dagsett 13. ágúst 1991, en ensk útgáfa barst 9. september 1991.

Umhverfisnefnd óskar eftir því að fá í hendur drög að aðalsamningi, a.m.k. þær greinar og efnisþætti sem vísað er til í drögum að starfsleyfi frá 13. ágúst sl. til þess að umhverfisnefnd geti gert sér grein fyrir tengslum aðalsamnings og starfsleyfistillagna þeirra sem drög hafa verið lögð að þar sem nefndin hefur ekki enn lokið umfjöllun um þessi mál.

Jafnframt óskar nefndin eftir túlkun umhverfisráðuneytisins á tengslum aðalsamnings og starfsleyfis með tilliti til útgáfu þess.

Fylgiskjal VI.

Bréf umhverfisráðherra til umhverfisnefndar Alþingis.

(25. september 1991.)

Umhverfisráðuneytinu hefur borist bréf umhverfisnefndar frá 12. þ.m.

Varðandi „túlkun umhverfisráðuneytis á tengslum aðalsamnings og starfsleyfis með tilliti til útgáfu þess“ tekur ráðuneytið fram eftirfarandi:

Um meðferð starfsleyfisumsóknar fer að íslenskum lögum og reglum. Samkvæmt drögum að aðalsamningi gefur umhverfisráðherra út umhverfisstarfsleyfi fyrir Atlantsál hf. samtímis, eða fyrir undirritun samningsins. Gert er ráð fyrir að gildistími leyfisins sé hinn sami og aðalsamnings, einnig ef til framlengingar aðalsamnings kæmi. Þessu bréfi

fylgir minnisblað iðnaðarráðuneytis frá 6. september 1991. Þar er gerð ítarleg grein fyrir ákvæðum draga að aðalsamningi er varða endurskoðun umhverfisstarfsleyfisins. Umhverfisráðuneytið hefur á þessu stigi engu við það að bæta sem þar kemur fram.

Líklegt er að umhverfisstarfsleyfi verði gefið út um leið og eða stuttu áður en aðalsamningur verður undirritaður. Komi til þess að starfsleyfi verði endurskoðað skv. 6. gr. aðalsamnings verður sú endurskoðun á vegum umhverfisráðuneytisins.

Rísi deilur um það hvort ákvæðum aðalsamnings sé fylgt er iðnaðarráðherra aðili slíks máls fyrir hönd ríkisins. Snerti slíkar deilur umhverfismál verða þær til lykta leiddar í fullu samráði við umhverfisráðherra.

Fylgiskjal VII.

Bréf fjögurra nefndarmanna umhverfisnefndar til Eiðs Guðnasonar umhverfisráðherra.

(30. september 1991.)

Athugasemd við starfsleyfi fyrir álbræðslu á Keilisnesi.

Umhverfisnefnd Alþingis hefur frá því þér komuð á fund nefndarinnar 3. júlí í sumar fjallað um starfsleyfi vegna álbræðslu á Keilisnesi. Með bréfi 11. júní sl. óskaði nefndin eftir ýmsum gögnum varðandi málið frá umhverfisráðuneytinu.

Tillaga að starfsleyfi barst nefndinni fyrst með bréfi frá ráðuneytinu 16. ágúst sl., sama dag og auglýsing um „starfsleyfistillögur" var birt í Lögbirtingablaði með fresti til athugasemda fyrir 1. október 1991. Ýmsar aðrar umbeðnar upplýsingar sem þá var lofað af ráðuneytinu hafa hins vegar ekki enn borist í hendur nefndarinnar.

Við athugun á starfsleyfistillögunni í umhverfisnefnd kom í ljós að í ýmsum þýðingarmiklum atriðum er vísað til einstakra greina aðalsamnings um álbræðslu á Keilisnesi, en aðalsamningurinn eða drög að honum hafa ekki legið opinberlega fyrir til þessa. Á fundi umhverfisnefndar á Akureyri 11. og 12. september sl. var þetta atriði rætt sérstaklega. Þá ákvað nefndin að senda yður bréf (dags. 12. september 1991) þar sem óskað var eftir „að fá í hendur drög að aðalsamningi, a.m.k. þær greinar og efnisþætti sem vísað er til í drögum að starfsleyfi frá 13. ágúst sl. til þess að umhverfisnefnd geti gert sér grein fyrir tengslum aðalsamnings og starfsleyfistillagna..." Því miður hefur ráðuneyti yðar enn ekki orðið við þessari beiðni þrátt fyrir að frestur til skriflegra athugasemda renni út á miðnætti í kvöld.

Að mati undirritaðra fulltrúa í umhverfisnefnd Alþingis er hér um mjög alvarlegt mál að ræða sem varðar ekki aðeins aðstöðu nefndarinnar til að gera sér grein fyrir málavöxtum heldur öðru fremur möguleika alls almennings og annarra þeirra sem hafa rétt til að gera athugasemdir samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990.

Tilgangi ákvæða um opinbera kynningu starfsleyfisins verður ekki náð nema allir þættir er það varða liggi skýrt fyrir. Ógerlegt er að leggja heildarmat á tillögur að starfsleyfi fyrir umrætt álver á meðan haldið er leyndum þýðingarmiklum ákvæðum eins og þeim sem vísað er til í aðalsamningi. *Því telja undirrituð nauðsynlegt að ráðuneytið hlutist til um að frestur til athugasemda verði framlengdur og um leið verði lagðar fram til kynningar þær greinar aðalsamnings eða drög að þeim greinum er snerta starfsleyfið.*

Jafnframt ítrekum við nauðsyn þess að fá í hendur þær upplýsingar erlendis frá, ekki síst frá öðrum Norðurlöndum, er varða kröfur til mengunarvarna og útblástursmörk frá nýjum og nýlegum álbræðslum sem ráðuneytið og Hollustuvernd ríkisins hafa haft til

hliðsjónar við mótun tillagna sinna. Nefndinni hafa borist upplýsingar sem m.a. hefur verið aflað frá norska umhverfisráðuneytinu; bera þær vott um að þar séu mun strangari kröfur gerðar um mengunarvarnir en fram kemur í umræddum tillögum að starfsleyfi.

Þá höfum við ástæðu til að ætla að aðstaða til endurskoðunar þessa starfsleyfis verði hér örðugri en víða gerist erlendis, en ekki er unnt að meta það til fullnustu fyrr en fyrir liggja upplýsingar um ákvæði aðalsamnings þar að lútandi.

Þessum athugasemdum er hér með komið á framfæri við yður með vísan til auglýsingar í Lögbirtingablaði 16. ágúst 1991. Jafnframt er ítrekað það sjónarmið undirritaðra að framlengja beri frest til athugasemda við starfsleyfistillögurnar og tryggja jafnframt að frammi liggi viðeigandi ákvæði úr aðalsamningi.

Virðingarfyllst,

Hjörleifur Guttormsson,
Kristín Einarsdóttir,
Ólafur Ragnar Grímsson,
Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal VIII.

Svarbréf umhverfisráðuneytisins við bréfi fjögurra nefndarmanna umhverfisnefndar.

(10. október 1991.)

Varðandi athugasemdir við starfsleyfistillögur fyrir fyrirhugað álver á Keilisnesi, sem umhverfisráðuneytinu hefur borist frá alþingismönnunum Hjörleifi Guttormssyni, Kristínu Einarsdóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni og Valgerði Sverrisdóttur sem öll eiga sæti í umhverfisnefnd Alþingis, vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi:

Starfsleyfi er unnið og gefið út samkvæmt 8. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990. Í starfsleyfi er fjallað um kröfur til fyrirtækis. Umhverfisnefnd Alþingis hefur fengið efnislegar upplýsingar um þau atriði aðalsamnings er varða starfsleyfi fyrir fyrirhugað álver.

Ráðuneytið telur að ekki hafi komið fram rök fyrir nauðsyn þess að framlengja frest til að gera athugasemdir við starfsleyfisdrögin.

Hollustuvernd ríkisins og umhverfisráðuneytið hafa við gerð starfsleyfistillagna fyrir væntanlegt álver á Keilisnesi ekki haft undir höndum nein gögn um það að almennt séu gerðar mun strangari kröfur um mengunarvarnir í álverum erlendis en koma fram í starfsleyfisdrögum.

Þessu til staðfestingar eru eftirfarandi kröfur varðandi útblástursloft frá kerskála úr nýlegum norskum starfsleyfum fyrir álver.

Sør-Norge Aluminium A/S Husnes.

Flúoríð	0,7 kg/tAl
Brennisteinsdíoxíð	7,0 kg/tAl
Ryk	1,3 kg/tAl

Ofangreind mörk eru ársmeðaltöl og taka gildi 1. júní 1992 eftir endurbætur í álverinu. Fram að þeim tíma er fyrirtækinu leyft að sleppa út 1,0 kgF/tAl.

Norsk Hydro Karmøy Fabrikker.

Flúroíð	0,9 kg/tAl
Brennisteinsdíoxíð	3,8 kg/tAl
Ryk	2,8 kg/tAl

Karmøy I/II	1,2 kgF/tAl (notar Söderbergstækni)
Karmøy III/IV	0,8 kgF/tAl (notar forbökuð skaut)

Starfsleyfið var gefið út 1985.

Elkem Aluminium Mosjøen.

Flúoríð	0,8 kg/tAl
Brennisteinsdíoxíð	4,6 kg/tAl
Ryk	2,6 kg/tAl

Ofangreind mörk gilda eftir 1. janúar 1990.

Í öllum ofangreindum tilvikum er um að ræða gömul álver sem hafa verið endurbætt verulega. Verulegar endurbætur hafa verið gerðar á norskum álverum á undanförnum árum og gömul álver stækkuð. Nýjasta viðbótin er við Elkem Aluminium í Mosjøen sem tók endurbætt til starfa í byrjun árs 1990.

Nýjar upplýsingar benda til þess að verið sé að herða útblástursmörk fyrir flúor á Norðurlöndum. Samkvæmt upplýsingum frá Statens forurensningstilsyn í Noregi er verið að ræða um að fara hugsanlega niður í allt að 0,4 kgF/tAl. Slík mörk eru þó hvergi í gildi í dag.

Varðandi það magn flúoríðs, sem berst út í umhverfið frá álverum, er rétt að benda á að meginmáli skiptir að tryggja að sem mest af útblæstrinum fari í gegnum hreinsibúnaðinn því hann sér til þess að um 99% af flúoríðinu, sem í gegnum hann fer, bindist. Þetta atriði ræðst ekki síst af árvekni og vandvirkni starfsfólks í kerskála og hreinsivirkni. Í því sambandi er mjög mikilvægt að gerðar séu kröfur um áætlanir um þjónustu, eftirlit og fyrirbyggjandi viðhald í starfsleyfi.

Hvað önnur lönd varðar hafa Hollustuvernd ríkisins og umhverfisráðuneytið t.d. eftirfarandi upplýsingar:

Samkvæmt svissneskri reglugerð, „Luftreinhaltungverordnung", frá 1. október 1987 eru mörk fyrir leyfilega flúormengun frá álverum 0,7 kg/tAl.

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfisyfirvöldum í Düsseldorf er í Þýskalandi almennt stuðst við þau mörk sem fram koma í tæknilegum leiðbeiningum um varnir gegn loftmengun (T.A. Luft). Þau mörk eru 0,5 kg/tAl af loftkenndu flúoríði, það samsvarar um það bil 1 kg/tAl af heildarflúoríði.

Samkvæmt upplýsingum frá Frakklandi er gert ráð fyrir að frá nýja Pechiney álverinu í Dunkerque fari út í loftið 0,66 kgF/tAl og samkvæmt upplýsingum frá Pechiney samsteypunni, sem framleiðir búnað fyrir álver, telja þeir sig ekki ná betri árangri en 0,65 kgF/tAl.

Í Bandarískri alríkisreglugerð nr. 40, endurskoðuð 1. júlí 1988, eru leyfileg mörk fyrir flúormengun frá áliðnaði 0,95 kgF/tAl þegar um forbökuð skaut er að ræða. Einstök ríki geta gert strangari kröfur.

Starfsleyfi fyrir fyrirhugaða álbræðslu á Keilisnesi er enn í vinnslu og verið er að afla frekari gagna. Ef ný gögn benda til að almennt sé verið að herða kröfur hvað varðar mengun frá áliðnaðinum enn frekar en gert hefur verið á síðustu árum verður það skoðað við endanlega gerð starfsleyfis.

Hvað brennisteinstvíoxíð varðar er samkvæmt upplýsingum Hollustuverndar ríkisins og umhverfisráðuneytisins almennt ekki gerð krafa um hreinsun þess úr útblæstri álvera. Slík hreinsun er þó í álverum í Noregi og Svíþjóð vegna staðbundinna aðstæðna. Miðað við aðstæður á Keilisnesi og niðurstöður útreikninga, sem framkvæmdar voru af NILU í Noregi og verkfræðistofunni Vatnaskil á dreifingu mengunarefna frá væntanlegu álveri á Keilisnesi, var ekki talin ástæða til að gera kröfu um vothreinsun.

Fylgiskjal IX.

Umhverfisráðuneytið:

EFNISÞÆTTIR STARFSLEYFIS FYRIR ÁLVER

(Sent í bréfi 21. júní 1991.)

ALMENN ÁKVÆÐI

HÉR ER M.A. FJALLAÐ UM LÖG OG REGLUGERÐIR, MENGUNARVARNAYFIRVÖLD OG GILDISTÍMA STARFSLEYFIS.

VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

LOFT KRAFA UM HREINSIBÚNAÐ VEGNA UMTALSVERÐS RYKS, SJÁLFVIRK MÖTUN OXÍÐS OG FLÚORÍÐS, KRAFA UM ÞEKJUR, ÁÆTLUN UM ÞJÓNUSTU KERA, ÞURRHREINSUN, TAFLA UM MAGN MENGUNAREFNA, MAX. GILDI HEILDARFLÚORÍÐS, RYKS OG SO_2, GANGSETNING Á VAXTARTÍMA GRÓÐURS, GÆÐI OLÍU.

VATN FRÁVEITULAGNIR, OLÍA Í FRÁVEITUVATNI, KÆLIVATN FRÁ MÁLMSTEYPU, pH, ÁLFLÚORÍÐ, SVIFAGNIR, OLÍA OG FEITI.

FASTUR ÚRGANGUR

KERBROT, SKAUTALEIFAR, GJALL, LEYSIEFNI, FÖRGUN Í FLÆÐIGRYFJU, ÁKVÆÐI UM SORPEYÐINGU, BANN VIÐ OPINNI BRENNSLU.

HÁVAÐI

EFRI MÖRK (dB) Í VISSRI FJARLÆGÐ.

MÆLINGAR OG AÐFERÐIR VIÐ EFTIRLIT

ÚTSTREYMI OG REKSTRAREFTIRLIT

EFNI, MÆLISTAÐIR, MÆLITÍÐNI, LOFTKENNT FLÚORÍÐ, RYK, SO_2, FLÚORÍÐ Í RYKI, HREINSAÐ KERGAS, KERSKÁLI, SÍUR.

KRAFA UM STÖÐUGAR MÆLINGAR.

KRAFA UM VARAHLUTI OG EFTIRLIT.

TILKYNNINGARSKYLDA VEGNA ALVARLEGRA BILANA.
SKÝRSLUSKYLDA TIL MENGUNARVARNAYFIRVALDA, M.A. UM MENGUNAREFNI Í HRÁEFNUM.
SAMRÁÐ AÐILA.

UMHVERFISMÆLINGAR

LÍFFRÆÐI: GRÓÐURFAR, DÝRALÍF, LANDBÚNAÐUR, BOTNDÝRALÍF Í SJÓ.
EFNAFRÆÐI: LOFT, ÞUNGMÁLMAR, MÁLMAR Í JARÐVEGI, FLÚOR Í GRÓÐRI OG BEINUM GRASBÍTA.
EÐLISFRÆÐI: VEÐURFAR, HAFSTRAUMAR.

UMHVERFISMÆLINGAR ERU FRAMKVÆMDAR BÆÐI ÁÐUR OG EFTIR AÐ GANGSETNING HEFST.

EFTIRLITSGJÖLD OG ANNAR KOSTNAÐUR

Fylgiskjal X.

Iðnaðarráðuneytið:

MINNISBLAÐ
(4. september 1990.)
Mat á dreifingu mengunarefna í lofti frá nýju álveri.

1. INNGANGUR

Á undanförnum mánuðum hefur markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar látið meta dreifingu mengunarefna í lofti frá nýju álveri miðað við staðsetningu á sex stöðum. Voru fengin til þess tvö fyrirtæki, norska loftrannsóknastofnunin NILU (Norsk institutt for luftforskning) og Verkfræðistofan Vatnaskil hf. NILU var falið að meta dreifingu efna í lofti frá álveri miðað við staðsetningu við Straumsvík, við Keilisnes á Vatnsleysuströnd, við Dysnes í Eyjafirði og við Hraun í Reyðarfirði. Vatnaskilum var falið að meta dreifingu frá álveri miðað við staðsetningu við Grundartanga og við Þorlákshöfn. Vatnaskilum var jafnframt falið að meta dreifingu frá 200.000 tonna álveri við Keilisnes og við Dysnes í Eyjafirði, m.a. til þess að auðvelda samanburð á reiknilíkönum Vatnaskila og NILU. Þeim var einnig falið að meta dreifingu ef álverið yrði stækkað í 400.000 tonn.

Fulltrúar NILU og Vatnaskila kynntu niðurstöður dreifingarspánna á sameiginlegum fundum með fulltrúum Atlantsálshópsins, ráðgjafarnefndar um áliðju, markaðsskrifstofunnar, iðnaðarráðuneytisins, umhverfisráðuneytisins og mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins 27. júní sl. Fundina sátu enn fremur fulltrúar frá Náttúruverndarráði og Veðurstofu Íslands.

Við rannsóknir þessar er stuðst við tölvulíkan þar sem reynt er að líkja eftir raunverulegum aðstæðum á hverjum stað. Byggt er á veðurfarsgögnum, þ.e. mælingum á vindhraða, vindstefnu og hita. Reynt er að taka tillit til áhrifa landslags og sjávar. Þá eru gefnar forsendur fyrir útblæstri frá álverinu, bæði frá rjáfri kerskála og hreinsibúnaði. Tek-

ið er tillit til staðsetningar verksmiðjunnar, stefnu og stærðar kerskála, hæðar og gerðar skorsteina og annarra atriða sem áhrif hafa á dreifinguna.

Niðurstöður loftdreifingarspánna eru sýndar á korti sem jafngildislínur fyrir mismunandi styrk viðkomandi efna mælt í míkrógrömmum á rúmmetra lofts ($\mu g/m^3$). Gildi þessi eru síðan borin saman við stöðluð viðmiðunarmörk til að meta stærð þess svæðis þar sem ætla má að áhrifa mengunar gæti.

2. MENGANDI EFNI Í ÚTBLÆSTRI ÁLVERA

Ál er framleitt úr súráli með rafgreiningu í þar til gerðum kerjum. Súrálið er leyst upp í bráðinni blöndu af krýólíti og álflúoríði. Með notkun þessara hjálparefna, sem innihalda flúoríð, er mögulegt að framleiða ál við mun lægra hitastig og með minni raforkunotkun en annars þyrfti til þess að bræða súrálið. Ekki er hægt að komast hjá því að flúoríð rjúki frá kerunum bæði sem lofttegund og ryk. Rykið, sem kemur frá kerunum, er þó aðallega áloxíð. Hægt er að minnka útblástur þessara efna verulega með því að loka kerunum með sérstökum þekjum og hreinsa afsogsloftið áður en það fer út í umhverfið.

Öll nútímaálver eru búin mjög fullkomnum þurrhreinsibúnaði sem hreinsar flúorefnin og svifrykið að mestu leyti úr útblæstrinum. Með þessu móti vinnst tvennt: hreinsun útblástursloftsins og endurnýting efna sem nauðsynleg eru við rafgreininguna. Þann tíma, sem kerin standa opin ýmissa hluta vegna, fara ryk og lofttegundir óhreinsuð út í umhverfið.

Því er reynt að halda þeim tíma í lágmarki. Hversu góður árangur næst í hreinsun efnanna ræðst fyrst og fremst af árvekni starfsfólks sem annast rekstur hreinsibúnaðarins og vinnubrögðum í kerskála við nauðsynlega þjónustu kera.

Brennisteinsmengun frá álverum stafar af óhreinindum í rafskautum sem eru gerð úr kolefni. Þar eð skautin innihalda að jafnaði nokkurt magn af brennisteini myndast brennisteinstvísýringur (SO_2) þegar skautin hvarfast við súrefni. Magn brennisteins er háð brennisteinsinnihaldi í skautunum. Venjulegur þurrhreinsibúnaður hreinsar ekki brennisteinstvísýring. Sé talin þörf á að draga úr brennisteinsmengun þarf útblástursloftið frá þurrhreinsibúnaðinum að fara í gegnum annan hreinsibúnað, svokallaðan vothreinsibúnað. Þar er útblástursloftið leitt í gegnum lokað rými með þéttum sjávarúða sem fellir út brennisteinstvísýringinn.

Iðnríki heimsins gera yfirleitt ekki þær kröfur að SO_2 sé hreinsað úr útblæstri álvera þótt það sé í auknum mæli gert við brennslu kola í stórum stíl. Undantekning er þó Norðurlöndin, Noregur og Svíþjóð, sem hafa sett sér mjög ströng skilyrði fyrir mengun andrúmslofts, meðal annars vegna staðbundinna aðstæðna.

Í þeim loftdreifingarspám, sem nú liggja fyrir, var gert ráð fyrir að efni í útblæstri álvers yrðu eins og fram kemur í töflu 1. Útblásturstölur eru gefnar upp í kílóum á hvert framleitt tonn af áli (kg/tAl). Í reikningunum er gert ráð fyrir að helmingur flúoríðsins sé í formi lofttegunda.

Tafla 1: **Efni í útblæstri álvers (ársmeðaltal).**

Útblástur frá:	Útblástur (kg/tAl)		
	SO_2	F	Ryk
Skorsteinum	20,0	0,3	0,5
Kerskálaþökum	2,0	0,7	2,5
Samtals án vothreinsibúnaðar	22,0	1,0	3,0
Samtals með vothreinsibúnaði	4,0	1,0	3,0

3. VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR LOFTGÆÐI

Í mengunarvarnareglugerð, sem tók gildi um sl. áramót, eru ákvæði um loftgæði að því er varðar magn brennisteinstvísýrings og svifryks. Engin ákvæði eru um flúoríð. Hollustuvernd ríkisins, sem fer með málefni mengunarvarna, hefur ráðlagt að farið skuli eftir norskum viðmiðunarreglum varðandi flúoríð. Viðmiðunarmörkin eru mismunandi eftir því hvort tekið er mið af heilsufari manna, dýra (einkum grasbíta) eða áhrifum á gróður. Í töflu 2 er yfirlit yfir þessi viðmiðunarmörk.

Tafla 2: **Viðmiðunarmörk fyrir brennisteinstvísýring, svifryk og flúoríð á Íslandi og í Noregi (mælt í µg/m³ lofts).**

Mengandi efni	Vernd	Land	Viðmiðunartími			
			24 klst.	30 dagar	6 mán.	ár
Brennisteinstvísýringur	gróður	Ísland	50[1]	—	—	30
Brennisteinstvísýringur	heilsufar	Noregur	100–150	—	40–60	—
Brennisteinstvísýringur	gróður	Noregur	—	—	25	—
Svifryk (<10µm)	—	Ísland	100[1]	—	—	40
Flúoríð (heildar)	heilsufar	Noregur	25	—	10	—
Flúoríð[2] (loftkennt)	gróður	Noregur	1,0	—	0,3	—
Flúoríð (heildar)	grasbítar	Noregur	—	0,2–0,4[3]	—	—

[1] Hærri gildi leyfileg í 5% tilvika.

[2] Í loftdreifingarspám ráðunautanna er reiknuð út dreifing fyrir heildarflúoríð. Gert er ráð fyrir að 50% af heildarflúoríði sé loftkennt. Þar sem jafngildislínur í dreifingarspám sýna heildarstyrk flúoríðs þarf að deila í gildin með 2 til að áætla styrk loftkenndra flúoríða.

[3] Við ákvörðun viðmiðunargildisins er miðað við að hey og beitargras innihaldi einungis í undantekningartilvikum yfir 30 mg í hverju kílói af þurrefni. Áætlað er (í Noregi) að þetta samsvari því að heildarmagn flúoríðs í hverjum rúmmetra liggi á bilinu 0,2–0,4 µgF/m³ loft.

Norsku viðmiðunarmörkin fyrir loftgæði eru ákveðin af vinnuhópi sem skipaður var af mengunareftirliti norska ríkisins (Statens forurensningstilsyn). Í skýrslu hópsins, sem kom út árið 1982, kemur eftirfarandi fram í lauslegri þýðingu:

Með „viðmiðunarmörkum fyrir heilsufar" fyrir ákveðið efni er átt við það magn af efninu sem talið er, miðað við núverandi þekkingu, að megi vera til staðar án þess að menn verði fyrir skaðlegum áhrifum heilsufarslega. Gert er ráð fyrir samverkun efnisins og annarra óhreininda sem venjulega eru fyrir hendi. Tekið er tillit til fólks sem er sérstaklega viðkvæmt.

Skilja skal viðmiðunarmörkin fyrir skaða á gróðri eða dýrum á sama hátt.

Taka verður fram að þekking okkar á áhrifum þessara efna í smáum skömmtum er takmörkuð. Við ákvörðun viðmiðunarmarkanna eru því notaðir öryggisstuðlar milli 2 og 5 fyrir mismunandi mengunarvalda. Þetta þýðir að mengun verður að verða 2–5 sinnum meiri en viðmiðunarmörkin áður en örugglega er unnt að greina skaðleg áhrif. Jafnvel við þessi mörk eru áhrifin á mörkum þess sem unnt er að sanna með þeirri tækni sem við ráðum yfir. Ekki má því túlka viðmiðunarmörkin þannig að gildi, sem eru yfir þeim, séu örugglega hættuleg og að gildi undir þeim geti ekki valdið skaða.

Benda verður á að mengað loft inniheldur venjulega önnur skaðleg efni en þau sem hér er minnst á. Það er því engin trygging fyrir því að hið mengaða loft sé óskaðlegt.

Ekki má því nota tölurnar fyrir viðmiðunarmörkin nema í samhengi við skýrsluna.

4. DREIFINGARSPÁR FYRIR EINSTAKA STAÐI

Eins og fram kom í inngangi voru gerðar spár fyrir sex staði. Þar sem staðarval hefur nú verið takmarkað við þrjá staði verður hér einungis gerð grein fyrir helstu niðurstöðum við Dysnes í Eyjafirði, Hraun í Reyðarfirði og Keilisnes á Vatnsleysuströnd.

4.1. Dysnes (mynd 1).

Notaðar voru veðurmælingar frá Ytri-Bakka frá árunum 1982–1985. Ytri-Bakki er u.þ.b. 2 km norðan við Dysnes. Vindrósir, bæði fyrir allt árið og fyrir vaxtartímabilið, sýna að vindar blása aðallega inn eða út fjörðinn. Dreifing efna í lofti frá álveri staðsettu við Dysnes tekur því á sig sömu mynd í reiknilíkaninu. Sett hefur verið upp 38 metra mastur til veðurmælinga við Gilsbakka til að fá áreiðanlegri gögn til að byggja á. Helstu niðurstöður útreikninga á mengun án vothreinsunar eru þessar:

— Loftkennt flúoríð reyndist vera yfir norskum viðmiðunarmörkum fyrir gróður í 4–5 km fjarlægð til norðurs og suðurs frá 200.000 tonna álveri.

  Innan þessara marka eru eftirtaldir bæir: Ásláksstaðir, Bragholt, Búland, Litli-Hvammur, Ós, Pálmholt, Syðri-Bakki og Ytri-Bakki, allir í Arnarneshreppi, og Gásir og Skipalón í Glæsibæjarhreppi. Á jaðrinum eru bæirnir Helluland og Hlaðir í Glæsibæjarhreppi og Arnarnes og Hof II í Arnarneshreppi.

— Brennisteinstvísýringur reyndist vera ofan íslenskra viðmiðunarmarka í allt að 1–1,5 km fjarlægð frá 200.000 tonna álveri.

— Ryk reyndist vera innan íslenskra viðmiðunarmarka alls staðar utan verksmiðjulóðar 200.000 tonna álvers.

— Loftkennt flúoríð frá 400.000 tonna álveri reyndist vera yfir norskum viðmiðunarmörkum fyrir gróður í allt að 7–8 km fjarlægð til norðurs og suðurs frá verksmiðjunni.

— Brennisteinstvísýringur frá 400.000 tonna álveri gæti orðið yfir íslenskum viðmiðunarmörkum í allt að 2 km fjarlægð til norðurs og suðurs frá álverinu.

— Ryk frá 400.000 tonna álveri yrði undir íslenskum viðmiðunarmörkum utan verksmiðjulóðar.

Eftir að dreifingarspárnar voru gerðar hefur verið bent á að ódýrara væri að reisa verksmiðjuna um það bil 1 km sunnar en gert var ráð fyrir við gerð spánna. Ætla má að dreifingarsvæðið flytjist til suðurs sem því nemur.

4.2. Keilisnes (mynd 2).

Ekki eru til veðurmælingar frá Keilisnesi eða næsta nágrenni. Því var ákveðið að meta dreifinguna annars vegar miðað við mælingar frá Straumsvík, 10 km austan við Keilisnes, og hins vegar miðað við mælingar frá Keflavíkurflugvelli, 18 km vestan við Keilisnes. Í byrjun maí hófust mælingar á vindi á Keilisnesi, fyrst með tveggja metra mastri en síðan var sett upp 38 metra hátt mastur þar sem vindur og hiti er mældur í 10 og 36 metra hæð. Þegar mælingar liggja fyrir verður gerð ný spá á grundvelli þeirra. Ekki er mikill munur á dreifingarspánum eftir því hvor veðurgögnin eru notuð. Hann felst fyrst og fremst í því að ef gögn frá Keflavíkurflugvelli eru notuð berast efnin meira beint til suðurs en í suðaustur ef notuð er gögn frá Straumsvík. Hér verða kynntir útreikningar miðað við veðurgögn frá Straumsvík. Útreikningar voru gerðir fyrir mánuðina maí til október og bæði fyrir 200.000 og 400.000 tonna álver. Helstu niðurstöður án vothreinsunar eru:

— Loftkennt flúoríð reyndist vera yfir norsku viðmiðunarmörkunum fyrir gróður í 2–3 km fjarlægð frá 200.000 tonna álveri til suðvesturs.
Innan þessara marka eru bæirnir Minni- og Stóra-Vatnsleysa og Kálfatjörn.
— Brennisteinstvísýringur reyndist vera ofan íslenskra viðmiðunarmarka aðeins í næsta umhverfi 200.000 tonna álvers.
— Ryk reyndist vera innan íslenskra viðmiðunarmarka alls staðar utan verksmiðjulóðar 200.000 tonna álvers.
— Loftkennt flúoríð frá 400.000 tonna álveri reyndist vera yfir norsku viðmiðunarmörkunum fyrir gróður í allt að 3–4 km fjarlægð inn til landsins.
— Brennisteinstvísýringur frá 400.000 tonna álveri gæti orðið yfir íslenskum viðmiðunarmörkum í allt að 1 km fjarlægð frá álverinu.
— Ryk frá 400.000 tonna álveri yrði undir íslensku viðmiðunarmörkunum utan verksmiðjulóðar.

4.3. Reyðarfjörður (mynd 3).

Notaðar voru veðurmælingar frá Sómastaðagerði í norðanverðum Reyðarfirði og voru útreikningar miðaðir við staðsetningu álvers á því svæði, nánar tiltekið við Hraun. Þar sem sú lóð er of lítil fyrir 400 þúsund árstonna álver hefur að undanförnu einkum verið rætt um Leirur sem stað fyrir álver. Ekki liggja fyrir veðurgögn á Leirum og því hefur ekki verið unnt að gera dreifingarspá fyrir álver þar. Mælingarnar frá Sómstaðagerði sýna afdráttarlausa vindstefnu út eða inn fjörðinn. Að vetri til eru vindar tíðastir út fjörðinn og að sumri til eru tíðastir vindar frá austri inn fjörðinn. Helstu niðurstöður fyrir dreifingu mengunar frá 200.000 tonna álveri án vothreinsunar eru þessar:

— Loftkennt flúoríð reyndist vera yfir norsku viðmiðunarmörkunum fyrir gróður í allt að 5 km fjarlægð til austurs og 8 km til vesturs.
Innan þessara marka er Búðareyri.
— Brennisteinstvísýringur reyndist vera ofan íslenskra viðmiðunarmarka í 1–2 km fjarlægð frá verksmiðju.
— Ryk reyndist vera innan íslenskra viðmiðunarmarka alls staðar utan verksmiðjulóðar 200.000 tonna álvers.

Lóð sú, sem miðað var við að álverið risi á, reyndist of lítil eins og áður kom fram. Bent hefur verið á tvo aðra staði fyrir verksmiðjuna, Leirur fyrir botni fjarðarins og Eyri út með firðinum að sunnanverðu. Ekki liggja fyrir veðurgögn svo unnt sé að gera dreifingarspár fyrir þá staði.

5. NIÐURSTÖÐUR

Helstu niðurstöður loftdreifingarrannsókna fyrir alla þá staði, sem skoðaðir voru, er að finna í töflu 3. Þar eru sýndar mestu fjarlægðir yfir landi í km frá hugsanlegu álveri til staða þar sem loftgæðin fara undir viðmiðunarmörk samkvæmt íslenskum og norskum viðmiðunarreglum. Samkvæmt þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að áhrif vegna óæskilegra efna í lofti frá álveri verði minnst á Keilisnesi.

Við mat á áhrifum loftmengunar frá álveri koma einkum þrjár spurningar upp í hugann:

1. Er hætta á að menn bíði tjón á heilsu sinni?
2. Er hætta á að búfénaður og önnur dýr skaðist?
3. Er hætta á varanlegum gróðurskemmdum?

Fyrstu spurningunni virðist óhætt að svara neitandi. Samkvæmt dreifingarspánum er loftmengun hvergi yfir heilsufarsmörkum utan verksmiðjusvæðisins.

Varðandi aðra spurninguna er rétt að taka fram að þolmörk eru breytileg. Talið er að næmustu tegundir grasbíta (nautgripir) megi ekki ala á fóðri sem að jafnaði inniheldur meira en 30–40 milligrömm af flúoríði í kílói af þurrefnum. En það er talið svara til 0,4 $\mu g/m^3$ af heildarflúoríði í lofti við jörð samkvæmt erlendum heimildum. Þetta samband er þó ekki einhlítt og hafa margvíslegar ytri aðstæður áhrif á það (veðurfar, tegundir gróðurs o.fl.). (Einnig ber að hafa í huga að 30 milligrömm af flúoríði á kíló þurrefnis eru lægstu mörk flúoríðs sem rannsóknir hafa sýnt að hafi einhver áhrif á heilsu dýra án þess þó að hafa áhrif á þrif þeirra.)

Hvað varðar þriðju spurninguna verður að hafa hugfast að breytingar geta orðið á gróðurfari í næsta nágrenni verksmiðjunnar. Gróður, sem er viðkvæmur fyrir brennisteinstvísýringi og/eða flúoríði, þrífst ekki eðlilega í næsta nágrenni álvers. Þær tegundir, sem eru næmastar fyrir flúoríði, eru t.d. ýmis barrtré, fléttur og mosar. Nytjagróður er yfirleitt þolnari. Áhrif flúoríðs á gróður eru háð ýmsum ytri skilyrðum, svo sem úrkomu, rakastigi, sólargeislum, hitafari og tegund og ástandi gróðurs.

Hollustuvernd ríkisins mun væntanlega við afgreiðslu starfsleyfis ákveða umfang þynningarsvæðis þar sem loftmengun má fara yfir viðmiðunarmörk. Stærð þynningarsvæðisins fer eftir aðstæðum á hverjum stað.

Tafla 3: **Yfirlit yfir helstu niðurstöður loftdreifingarútreikninga. Taflan sýnir mestu fjarlægðir yfir landi í km frá álveri þar sem búast má við að loftgæði verði undir viðmiðunarmörkum.**

Staður	200.000 tn. álver F (loftkennt)	200.000 tn. álver SO_2	400.000 tn. álver F (loftkennt)	400.000 tn. álver SO_2
Dysnes við Eyjafjörð	4–5	1–2	7–8	2
Keilisnes á Reykjanesi	2–3	0,5	3–4	1
Hraun við Reyðarfjörð	5–8	1–2	[1]	[1]

[1] Ekki reiknað.



200.000 TONNA ÁLVER

LANGTÍMAVIÐMIÐUNARMÖRK SAMKVÆMT ÍSLENSKUM OG NORSKUM MENGUNARSTÖÐLUM FYRIR BRENNISTEINSTVÍSÝRING (SO_2) OG HEILDAR FLÚORÍÐ (F_{ALLS})

– – – – – – 30 µg/m³ JAFNGILDISLÍNA FYRIR SO_2

——— 0,6 µg/m³ JAFNGILDISLÍNA FYRIR F_{ALLS}
(SAMSVARAR 0,3 µg/m³ FYRIR LOFTKENNT FLÚORÍÐ)

Mynd 1.



200.000 TONNA ÁLVER

LANGTÍMAVIÐMIÐUNARMÖRK SAMKVÆMT ÍSLENSKUM OG NORSKUM MENGUNARSTÖÐLUM FYRIR BRENNISTEINSTVÍSÝRING (SO_2) OG HEILDAR FLÚORÍÐ (F_{ALLS})

– – – – – – 30 µg/m³ JAFNGILDISLÍNA FYRIR SO_2

——— 0,6 µg/m³ JAFNGILDISLÍNA FYRIR F_{ALLS}
(SAMSVARAR 0,3 µg/m³ FYRIR LOFTKENNT FLÚORÍÐ)

Mynd 2.


REYÐARFJÖRÐUR
SKÝRINGAR
hæð m.
dýpi m.
strandlína
Þéttbýli
Friðað land
Bær
Kirkjustaður
Gefið út með leyfi Landmælinga Íslands
5 km
ESKIFJÖRÐUR
REYÐARFJÖRÐUR
BÚÐAREYRI
Hólmanes
Hólmatindur
Hólmaströnd
Eskifjarðará
Eskifjörður
Oddsdalur
Oddskarð
Svartafjall
Helgustaðir
Vikurheiði
Flest
Hálsnes
Grímsá
Berunes
Breiðdalsá
Lambafell
Bjarnastaðir
Hjálmanes
Bjarnastaðaós
Bjarnastaðaós
Kollaleira
Hrútey
Skessa
Stuðlar
Skagafell
Jökulbotnar
Búðará
Geirhúsá
Sléttuvaðsá
Sléttuvað
Sléttuvaðsós
Sléttuvaðsós
Sléttuvaðsós

Fylgiskjal XI.

Kristín Einarsdóttir
og Hjörleifur Guttormsson:

MENGUNARVARNIR Í ÁLBRÆÐSLUM Í NOREGI

Minnispunktar frá viðræðum í norska umhverfisráðuneytinu.

(9. ágúst 1991.)

Áliðnaður í Noregi og mengunarvarnir.

Minnispunktar frá viðræðum í norska umhverfisráðuneytinu 9. ágúst 1991.

Frá ráðuneytinu: Per Chr. Jæger, seksjonssjef, Statens forurensningstilsyn.

Frá Íslandi: Kristín Einarsdóttir og Hjörleifur Guttormsson.

Í Noregi eru nú starfræktar sjö álbræðslur, þar af eru fjórar í eigu Norsk Hydro, tvær á Elkem og ein er í eigu Alusuisse og Norsk Hydro (50:50). Staðsetning þeirra er afar ólík með tilliti til umhverfis, sumar í þröngum fjörðum og inni í landi, aðrar úti við ströndina.

Flestar álbræðslurnar eru reknar með tveimur gerðum af rafskautum, þ.e. með forbrenndum skautum og Söderbergsskautum. Í hinum fyrrnefndu myndast ekki lofttegundir (gas) við skautin, en hins vegar 85–90% hjá Söderbergsskautum. Forbrennd skaut eiga að leysa Söderbergsskautin af hólmi.

Um 5% af brennisteinsdíoxíði (SO_2), sem fellur til í Noregi, kemur frá áliðnaðinum. Í tjöruefnum, sem eru í útblæstri álbræðslna, eru 15% PHA (policyclic aromatic hydrocarbons, þ.e. lífræn kolvetnasambönd) sem valdið geta krabbameini.

Til hreinsunar á gastegundum frá kerunum með forbrenndum rafskautum er notað: 1) áloxíð sem dregur í sig gasið (absorberar), 2) pokasíur, 3) vothreinsun (sjøvannsvasker).

Í álverum með Söderbergsskautum er auk þess notuð sjóskolun (vothreinsun) til hreinsunar á gasi úr vinnusölum.

Vothreinsunin þjónar tvenns konar tilgangi:

1) Fjarlægir a.m.k. 80% af brennisteinsdíoxíði (SO_2) og eykur flúorhreinsun (HF).
2) Eykur öryggi í hreinsun ef pokasíur bila (absorbering).

Smám saman hefur náðst góður árangur í hreinsun á útblæstri frá álbræðslunum. Þannig hefur ekki orðið aukning í heildarflúorlosun út í andrúmsloftið frá 1960–87 þótt álframleiðsla hafi aukist úr 185 þús. tonnum í 820 þús. tonn.

Við skolun (vothreinsun) fer flúor og brennisteinn út í vatn (hafið), en ekki er litið á það sem vandamál. PAH (lífræn kolvetnissambönd) falla til í útskoli (sludge) frá skrúbburum og í afrennsli frá förgunarstöðum (waste deposits) og víðar. Verið er að vinna að minnkun á þessari PAH-mengun. Í kerbrotum eru þungmálmar og cýan-sambönd. Cýan-samböndin eru ekki vandamál hjá bræðslum við sjó, en hins vegar mengunin af þungmálmum og er ekki komið viðunandi lag á hana. Um PAH-mengun er fjallað í Parísarsamþykktinni. Með þurrfilterum nást áloxíð til baka. Í stað förgunar á kerbrotum kemur endurvinnsla þar sem unnt verður að nota kolefni, járn- og sementsúrgang á ný.

Hávaðamengun er frá viftubúnaði og verður gerð krafa um að draga úr henni í framtíðinni.

Hreinsunarkröfur miðað við nýtísku framleiðslubúnað:

Flúor: 0,4 kg/tonn ársmeðaltal (mánaðarmeðaltal nokkru hærra). Frekari hreinsun með vothreinsun.

Brennisteinn (SO_2): Með vothreinsun á frumgasi (primer-gassen) í öllum bræðslunum. Í verksmiðjum, sem ekki standa við sjó, er notaður lútur. Auknar kröfur í gagnið síðar á árinu 1991. Aðeins um 1% fer út í skálana í nýrri verksmiðjum. Hreinsun á SO_2 er þannig 85–99%. Samt kann að verða ákveðið að hreinsa einnig skálaloftið. Ef brennisteinsinnihald skauta er 2% þýðir það 20 kg SO_2 á tonn sem með 80% hreinsun gefur 4 kg/tonn.

Það er stöðugt verið að herða kröfurnar. Hafi t.d. starfsleyfi verið útgefið 1988 fylgdi því að gera skyldi athugun á að minnka mengun til 1991, og frá 1993 er enn hert á skilyrðum. Í Lista-verksmiðjunni er þetta t.d. tilfellið. Þar er stækkun í undirbúningi, en framkvæmdir ekki byrjaðar.

Gagnvart CO_2 (koldíoxíði) er ekki enn krafist hreinsunar, en þar hafa verið sett heildarmarkmið fyrir landið allt sem taka verður tillit til í framtíðinni.

Aukning er fram undan í áliðnaði í Noregi þar sem stækka á verksmiðjur, sumar mikið. Dæmi: Lista, Årdal-Sunndal og Mosjøen.

Í einu tilviki nemur stækkunin t.d. 140 þús. tonnum. Þrátt fyrir þá stækkun verður ekki aukning á heildar SO_2 útblæstri því að hreinsunin verður undir 4 kg á tonn sem er viðmiðunin í gömlu verksmiðjunni. Einnig verður helmingi meiri hreinsun í PAH.

Per Chr. Jaeger mun senda nokkrar upplýsingar á blaði fljótlega.

Norsk Hydro telur sig geta komið flúorhreinsun niður í 0,3–0,35 kg á tonn sem ársmeðaltal. Starfsleyfi miðar við 0,4 kg á tonn.

Skráð eftir minnispunktum, 12. ágúst 1991/HG

Aðgengilegt efni frá norska umhverfisráðuneytinu:

* VÅRT FELLES MILJØ. Et hefte om forurensning og miljøspørgsmål.
* THE FUTURE IS NOW. A summary of STF's long term planning 1990–93.
* Statens forurensningstilsyn. Årsmelding 1990.
* Statens forurensningstilsyn. Organisation og ansvar.

Fylgiskjal XII.

Hjörleifur Guttormsson:

Minnispunktar
eftir viðræður í Statens forurensningstilsyn í Noregi,
16. október 1991, um mengunarvarnir í norskum álbræðslum.
(30. október 1991.)

Rætt var við *Per Chr. Jaeger* deildarstjóra á skrifstofu hans í aðalstöðvum SFT, Strømsveien 96 í Ósló.

Viðræðurnar fóru fram að ósk undirritaðs sem hafði haft símasamband þar að lútandi 11. október 1991. Tilefnið var að fá upplýsingar um mengunarvarnir í norskum álbræðslum til viðbótar við það sem fram hafði komið á fundi í norska umhverfisráðuneytinu 9. ágúst 1991 (sjá fskj. III).

Per Chr. Jaeger fór yfir stöðu mála með vísan til nýútkominnar skýrslu um endurnýjun og ráðagerða stækkun álbræðslna Hydro Aluminium á Sunndalsøra og í Årdal (sjá fskj. I). Fjallar hún um umhverfis- og samfélagsleg áhrif þessara framkvæmda og er unnin með tilliti til fyrirmæla í norskum skipulags- og byggingarlögum (kafla VIIa) og mengunarvarnalögum (3. kafla).

Umræddar framkvæmdir eru ráðgerðar á tímabilinu 1993–1998 og í þeim felst m.a. aukning á álframleiðslu sem nemur 260 þús. tonnum (úr 315 þús. tonnum á ári í 575 þús. tonn) en jafnframt endurbyggingu á hluta af eldri framleiðslubúnaði.

Hér verður gefið stutt yfirlit um ákvæði að því er varðar helstu mengunarþætti miðað við núverandi stöðu og eftir ráðgerða stækkun og endurbætur á næstu árum.

Flúor.

Með endurbótum undanfarin 5–6 ár hefur dregið úr flúoríðmengun frá álbræðslunum stig af stigi eða úr um 40 kg/h í 17–18 kg/h árið 1990. Nemur hún frá núverandi bræðslum, sem nota forbökuð skaut, rúmlega 0,6 kg á tonn að meðaltali, en gert er ráð fyrir að hægt sé að ná henni niður í 0,4 kg á tonn með endurbótum. *Frá nýju álbræðslunum (stækkanir) er miðað við flúoríðmengun sem nemur 0,3–0,35 kg á tonn (10–12 kg/h) þannig að heildarmengun af flúoríði verði undir 0,4 kg á tonn (ársmeðaltal) árið 1998. Það eru þau mörk sem SFT gerir nú ráð fyrir að verði í endurskoðuðum starfsleyfum fyrir verksmiðjurnar.*

Brennisteinsdíoxíð, SO_2.

Vothreinsun (sjóskolun) er á brennisteinsdíoxíði í öllum álbræðslum í Noregi, nema í Årdal sem liggur inni í landi. Úr því verður búið að bæta að tveimur árum liðnum þar sem tekin verður upp vothreinsun með lút 1993. SO_2-mengun svarar nú til 4 kg per tonn af áli, *en frá nýjum bræðslum næst hún niður fyrir 2 kg per tonn* þannig að um óverulega heildaraukningu verður að ræða á SO_2 þrátt fyrir stækkun.

SO_2 leysist upp í vatni sem súlfít-jónir (SO_3^-) sem breytast í súlfat-jónir (SO_4^-) við að bindast súrefni. Í náttúrlegum sjó er mikið af súlfati (um 2,6 g/l) og viðbótin nemur um 0,2 g/l. Ekki er talin hætta á skaðlegum áhrifum af þessum sökum.

Ryk.

Rykmengun frá álbræðslum með forbökuð skaut nemur nú rúmlega 2 kg per framleitt áltonn, en kemur auk þess frá steypuskálum og frá flutningi á hráefni. *Gert er ráð fyrir að ná þessari mengun niður um 40–50% eða niður fyrir 1,5 kg á tonn* og auk þess að minnka rykmengun frá flutningi með því að koma upp lokuðum losunar- og flutningskerfum.

Lífræn kolefnasambönd, PAH (polycylisk aromatisk hydrocarbon).

PAH-sambönd eru tjöruefni sem myndast við bruna kolefna, t.d. frá rafskautum í álbræðslum og rafskautaverksmiðjum, en einnig frá umferð og viðarkyndingu. Talið er að þessi sambönd geti verið krabbameinsvaldandi og rannsóknir á starfsmönnum í gömlum álbræðslum, einkum þeim sem nota Söderbergsskaut, benda til aukningar á vissum tegundum krabbameins. Grænmeti getur tekið upp PAH í gegnum blöðin, og þau safnast upp í fæðukeðjunni í sjó, einkum í krabbadýrum og skeldýrum.

Dregið hefur verið úr PAH-menguninni undanfarin ár, einkum í sjó, og enn verður hún minnkuð um 40–50%. Gert er ráð fyrir minnkun úr 1,1 kg/klst. í 0,6 kg á klst. í bræðslunni í Årdal (um 0,01 kg/tonn af áli).

Þessum efnum er safnað úr útblæstri frá kerunum og þau hreinsuð með vothreinsun og látin setjast til í setþróm. Svolítið fer þó út í loft vinnuskála (kerskála) og berst út í andrúmsloft og sjó við sjóskolun. Talsverðar rannsóknir eru í gangi vegna PAH-mengunar.

Koldíoxíð, CO_2.

Ekki hefur verið gert ráð fyrir hreinsun á CO_2 frá álbræðslum í Noregi, en CO_2-mengun er nú mikið til umræðu á alþjóðavettvangi vegna áhrifa á hitastig í andsrúmslofti (gróðurhúsaáhrifa). Þau mál eru til athugunar í sambandi við alþjóðasamninga.

Kerbrot o.fl.

Kerbrotum og ýmsum öðrum föstum úrgangi hefur til þessa verið fargað í svokölluðum flæðigryfjum við ströndina. Mengun frá þeim hefur ekki verið talin mikið vandamál. *Nú standa yfir athuganir á endurvinnslu á kerbrotum (flúor, súrál og kolefni) og/eða endurbættum förgunaraðferðum, annaðhvort varanlegri förgun eða tímabundinni, uns endurvinnsla hefst.* Bráðabirgðaskýrsla um endurvinnslu gæti legið fyrir í árslok 1991.

Þungmálmar.

Með hráefnum berst eitthvað af þungmálmum inn í álframleiðsluna. Þeir hafna að hluta í álmálminum, að hluta í kerbrotum eða berast út í loft og vatn. Ekki liggja fyrir nákvæmar rannsóknir á þungmálmamengun, en í setlögum hefur mælst meira af þeim en ella, m.a. af kadmium.

Hávaði.

Leitast verður við að draga úr hávaða frá nýjum álbræðslum. *SFT hefur sett viðmiðanir fyrir hávaða frá iðnfyrirtækjum sem svarar 50 dBA að degi til, 45 dBA á kvöldin og 40 dBA um nætur og um helgar.* Mesti hávaði má ekki fara yfir 10 dB og komi fyrir slaghljóð á að lækka viðmiðunarmörkin um 5 dB.

Vinnuumhverfi.

Verulegar úrbætur hafa orðið á innra umhverfi í álbræðslum í Noregi, einkum sl. 10

ár. Um þann þátt er fjallað af sérstökum vinnuumhverfisnefndum í verksmiðjunum og Vinnueftirlitið (Arbejdstilsynet) setur um þær reglur. Í nýjum álbræðslum verður ryk og gasmengun (flúoríð) minni en í núverandi verksmiðjum sem nota forbökuð skaut. Fæst það einkum með því að taka upp svokallaða punktmötun í kerin. Einnig er stefnt að því að draga úr áhrifum af hita og hávaða innan dyra.

Sömu umhverfiskröfur óháð staðsetningu.

Það kom fram hjá Per Chr. Jaeger *að í starfsleyfum gagnvart nýjum álverksmiðjum verði settar sömu kröfur gagnvart mengun óháð því hvar í landinu slíkar verksmiðjur verða staðsettar og hvort þær rísa inni í fjörðum eða úti við ströndina.* Við staðarval séu hins vegar almennar aðstæður metnar fyrir fram og verksmiðjur ekki reistar þar sem skilyrði vegna umhverfisaðstæðna eru talin sérstaklega óhagstæð.

Lítið spurst fyrir frá Íslandi.

Í samtali við Jaeger, sem lengi hefur starfað hjá SFT, kom fram sem svar við fyrirspurn minni að íslensk stjórnvöld hefðu lítið gert af því að leita upplýsinga frá stofnuninni. Engir fulltrúar íslenskra stjórnvalda hefðu komið þangað í heimsókn það hann vissi um langt árabil, síðast líklega Eyjólfur Sæmundsson.

Nú nýverið hefði komið fyrirspurn frá Hollustuvernd sem svarað hefði verið með bréfi 1. október sl.

Samanburður á drögum að starfsleyfi og norskum kröfum um mengunarvarnir.

Þegar bornar eru saman kröfur norskra stjórnvalda um mengunarvarnir í nýjum álbræðslum og drög að starfsleyfi fyrir álbræðslu á Keilisnesi kemur eftirfarandi í ljós:

Mengunarvaldur	Norskar kröfur	Íslenskar kröfur
Flúoríð	0,4 kg/t áli	0,75 kg/t áli
Brennisteinsdíoxíð	2,0 kg/t áli	21,0 kg/t áli
Ryk	1,5 kg/t áli	1,5 kg/t áli
Lífræn kolefnissambönd, PAH	0,01 kg/t áli	engin mörk?
Hávaði	40–50 dBA	70 dBA
Hávaði, toppar, tíðni	35–45 dBA	65 dBA

Þegar undirritaður kom heim úr utanferð fékk hann í hendur bréf frá umhverfisráðuneytinu, dags. 10. október 1991, sent umhverfisnefnd Alþingis. Ástæða er til að gera athugasemdir við efni þess, en þeim verður komið á framfæri í öðru samhengi.

Fylgiskjal XIII.

Kristín Einarsdóttir:

MINNISBLAÐ

Mengunarvarnakröfur í álveri í Svíþjóð.

(3. nóvember 1991.)

Upplýsingar sem fengist hafa frá Svíþjóð varðandi mengunarvarnir í álveri í Sundsvall „Koncessionsnämnen för miljöskydd" í Svíþjóð gaf út starfsleyfi *26. febrúar 1991* fyrir álverið í Sundsvall vegna stækkunar og aukinnar framleiðslu.

Fram kemur í gögnunum að fyrirtækinu er skylt að uppfylla eftirfarandi mengunarvarnakröfur:

Heildarflúoríð:	0,50 kg/tonn ál eða 13,1 tonn/ár
Ryk:	1,58 kg/tonn ál eða 39,4 tonn/ár
Brennisteinsdíoxíð:	6 kg/tonn ál

„Naturvårdsverket" vildi hins vegar gera nokkuð strangari kröfur en á þær var ekki fallist. Kröfurnar voru:

Heildarflúoríð:	0,35 kg/tonn ál
Ryk:	1 kg/tonn ál
Brennisteinsdíoxíð:	1 kg/tonn ál
PAH	0,2 kg/tonn ál

Naturvårdsverket taldi þetta eðlilegar kröfur og tók dæmi um mengunarvarnakröfur í álveri Alumax í South Carolina í Bandaríkjunum sem fékk starfsleyfi 5. nóvember 1987. Samkvæmt upplýsingum þeirra hefur Alumax ekki átt í neinum vandræðum með að halda heildarflúoríðmengun undir 0,4 kg/tonn ál sem mánaðarmeðaltal og 0,375 kg/tonn ál sem ársmeðaltal. Naturvårdsverket telur að miðað við tiltæka tækni og reynslu frá öðrum löndum sé ekkert því til fyrirstöðu að krefjast strangari mengunarvarna en starfsleyfið til álversins í Sundsvall gerir ráð fyrir.

Fylgiskjal XIV.

Hjörleifur Guttormsson:

Viðbótarupplýsingar um mengunarvarnir í álbræðslum í Noregi.

(6. nóvember 1991.)

Þann 29. október 1991 spurðist undirritaður fyrir um það hjá Statens forurensningstilsyn í Noregi að hve miklu leyti þau dæmi, sem tiltekin voru í bréfi umhverfisráðuneytisins frá 10. október 1991 til umhverfisnefndar Alþingis, gætu talist viðmiðun og gild að því er varðar starfsleyfi fyrir nýjar álbræðslur þarlendis.

Í svari Statens forurensningstilsyn, dags. 4. nóvember 1991, er vísað til bréfs sem sent var Hollustuvernd ríkisins 1. október 1991, sbr. meðfylgjandi ljósrit. Þar kemur m.a. fram að á síðari árum hafi verið byggt við eldri álbræðslur í Noregi. *Endurskoðuð starfsleyfi fyrir þessar álbræðslur endurspegli hins vegar ekki þær kröfur sem eðlilegt sé að gera til nýrra álverksmiðja. Ástæðan sé sú að mörk varðandi mengun taki einnig til mengunar frá eldri hlutum í slíkum verksmiðjum, og þótt þar hafi einnig verið um endurbætur að ræða sé mengunin frá þeim meiri en frá nýjum einingum.*

Þá er frá því greint að aðeins í einni verksmiðju af þeim þremur, sem vikið er að í bréfi umhverfisráðuneytisins, hafa verið byggðar nýjar einingar, þ.e. hjá Hydro Aluminium, Karmøj Verk. Það hafi gerst fyrir nokkrum árum þannig að reikna verði með að tækninni hafi fleytt fram síðan. Á árinu 1990 var flúoríðmengunin frá þessari verksmiðju samtals 0,50 kgF/tAl sem skiptist þannig að 0,62 kg komu frá kerum með Söderbergsker, *en 0,38 kg frá kerum með forbökuð skaut.* Þetta sé verulega langt undir þeim mörkum sem á sínum tíma voru sett í starfsleyfi.

Þá er í svari SFT tekið fram um vothreinsun á brennisteinsdíoxíði að ekki sé einvörðungu litið á hana sem leið til að fjarlægja SO_2, heldur einnig sem öryggi varðandi flúoríðhreinsun verði bilun í þurrheinsibúnaði. Einnig skili votskolunin hreinsun á því (litla) magni loftkennds flúoríðs sem í daglegum rekstri sleppi fram hjá þurrhreinsibúnaðinum.

Þessar upplýsingar bera ótvíræðan vott um að þær upplýsingar, sem fram koma í bréfi umhverfisráðuneytisins til nefndarinnar, eru engan veginn marktækar að því er varðar aðstæður í Noregi. Þær benda og til þess að ráðuneytið og Hollustuvernd ríkisins hafi skort haldbærar upplýsingar og gögn um aðstæður erlendis við gerð tillagna um starfsleyfi fyrir álbræðslu á Keilisnesi.

Þessu er hér með komið á framfæri við nefndina.

Fylgiskjal XV.

Tillaga til þingsályktunar um samninga um álver í Vatnsleysustrandarhreppi.

(448. mál á 113. löggjafarþingi 1990–91.)

Alþingi ályktar að halda skuli áfram samningaviðræðum um byggingu og rekstur álvers með um 210.000 tonna ársframleiðslugetu og viðræðum um kaup á jarðnæði fyrir álverið og höfn vegna þess í samvinnu við Vatnsleysustrandarhrepp. Þegar samkomulag hefur tekist um orkuverð og mengunarvarnir skulu niðurstöður lagðar fyrir Alþingi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um stöðu samninga um nýtt álver, sem lögð var fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi í október 1990, var gerð ítarleg grein fyrir stöðu viðræðnanna og frá því greint að stefnt væri að framlagningu stjórnarfrumvarps um málið til afgreiðslu á haustþinginu.

Viðræður um nýtt álver hafa tekið nokkru lengri tíma en gert var ráð fyrir í október 1990. Fyrst kom það til að Atlantsálsaðilarnir óskuðu í nóvember sl. eftir fresti til þess að ganga frá samningum sín á milli og við lánastofnanir áður en gengið yrði endanlega frá aðalsamningi. Því var ákveðið að fresta framlagningu heimildalagafrumvarps. Sú tímaáætlun, sem unnið var eftir fram til þess tíma að Persaflóastríðið hófst, miðaðist við að gengið yrði frá aðalsamningi og orkusölusamningi um mánaðamótin janúar/febrúar 1991 og að heimildalagafrumvarp yrði lagt fram í beinu framhaldi af því. Þessi áætlun miðaðist við að lokasamningar yrðu undirritaðir í apríl 1991, álverið tæki til starfa 1. ágúst 1994 og yrði komið í fullan rekstur 1. apríl 1995. Vegna Persaflóastríðsins óskuðu forsvarsmenn álfyrirtækjanna eftir frestun á fundum um málið síðari hluta janúar sl. og raskaðist tímaáætlun viðræðnanna þar með enn frekar. Af þessu leiðir að gangsetning álversins mun frestast frá 1. ágúst 1994 til áramótanna 1994–95. Álverið yrði samkvæmt því komið í fullan rekstur 1. september 1995.

Iðnaðarráðherra átti fund með aðalforstjórum Atlantsálsfyrirtækjanna 12. og 13. febrúar 1991 til að fara yfir stöðu samninga og annarrar undirbúningsvinnu fyrir álverið og til að ræða framhald þess. Í yfirlýsingu, sem út var gefin í fundarlok, sagði m.a.:

„Allir aðilar ítrekuðu eindreginn vilja sinn til að halda Atlantsálsverkefninu áfram. Á fundinum var fjallað um tvö mikilvægustu viðfangsefnin sem nú þarf að leysa. Það fyrra er að tryggja fjármögnun á sanngjörnum kjörum og það seinna að bæta arðsemi verkefnisins þannig að fjárfesting allra samningsaðila skili eðlilegri ávöxtun.

Útvegun fjármagns til álverkefnisins mun taka lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir vegna ástandsins á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og þeirrar sérstöku óvissu sem ríkir um þróun kostnaðar, verðlags og gengismála. Framvinda mála undanfarnar vikur hefur þó ekki dregið úr áhuga samningsaðila á verkefninu, hvorki af hálfu Íslendinga né Atlantsálshópsins. Hins vegar gera samningsaðilar sér ljóst að lengri tíma er þörf, líklega sex til tíu mánaða, til að ljúka fjármögnun verkefnisins. Áformað er að ljúka samningagerð innan næstu þriggja mánaða.

Samningsaðilar munu halda áfram undirbúningi sínum með það fyrir augum að ljúka samningunum og afla verkefninu nauðsynlegra heimilda og samþykkis. Mikilvægt er að fram komi á Alþingi frumvarp til heimildalaga á yfirstandandi þingi til að tryggja lagalegan ramma verkefnisins."

Þrátt fyrir að lokafrágangur samninga taki meiri tíma en upphaflega var gert ráð fyr-

ir er mikilvægt fyrir framhald málsins að fyrir liggi afstaða Alþingis til samningagerðarinnar. Samþykki Alþingis á tillögu þeirri til þingsályktunar, sem hér er lögð til, styrkir samningsumboðið af Íslands hálfu og er til þess fallið að greiða fyrir fjármögnun álversins og lokaumfjöllun um málið í stjórnum álfélaganna.

Samhliða framlagningu þessarar þingsályktunartillögu hefur verið gerð tillaga um heimildir í lánsfjárlögum til kaupa á jarðnæði fyrir álverið og vegna virkjanaundirbúnings á árinu 1991 í þágu nýs álvers. Tillögurnar eru þessar:

1. *Heimild til að veita Vatnsleysustrandarhreppi lán til að kaupa jarðnæði fyrir nýtt álver.*

   Iðnaðarráðuneytið hefur lagt til að við frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 bætist ný grein sem verði 13. gr. og orðist svo:

   Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána Vatnsleysustrandarhreppi allt að 300 Mkr. til að kaupa jörðina Flekkuvík, ásamt mannvirkjum, og lönd úr jörðunum Stóru- og Minni-Vatnsleysu, ásamt mannvirkjum, og fjármagna annan undirbúning hreppsins vegna álvers á Keilisnesi. Endurgreiðsla Vatnsleysustrandarhrepps á veittum lánum samkvæmt þessari grein skal háð því að af byggingu og rekstri álvers verði, en að öðrum kosti skulu hinar keyptu eignir falla til ríkissjóðs.

2. *Heimild Landsvirkjunar til lántöku vegna undirbúnings virkjana.*

   Iðnaðarráðuneytið hefur lagt til að við 3. gr. frumvarps til lánsfjárlaga fyrir árið 1991 bætist ný málsgrein sem orðist svo:

   Landsvirkjun er enn fremur heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka 580 Mkr. að láni eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar, fimmta áfanga Kvíslaveitu og stofnlína eins og nauðsynlegt er til þess að unnt verði að sjá nýju álveri fyrir nægri raforku frá áramótum 1994–95.

Iðnaðarráðuneytið hafði áður sent fjárhags- og viðskiptanefnd bréf, dags. 20. desember 1990, með beiðni um hækkun á heimild Landsvirkjunar til lántöku skv. 3. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1991 úr 3.000 Mkr. í 3.631 Mkr. Það erindi var til komið vegna þess að Landsvirkjun taldi nauðsynlegt að hækka lánsfjárheimildina um 631 Mkr. vegna ákvarðana sem þá höfðu verið teknar um gjaldskrármál og leiddu til þess að ekki var fyrirséð að hægt yrði að taka neitt fé úr rekstri til ráðstöfunar í framkvæmdir á árinu 1991. Af hækkunarbeiðni Landsvirkjunar voru 220 Mkr. vegna virkjanaundirbúnings á árinu 1991 sem nauðsynlegur er til að sjá nýju álveri fyrir raforku frá áramótum 1994–95. Samtals er því gerð tillaga um 800 Mkr. lánsheimild vegna virkjanaundirbúnings í þágu nýs álvers.

Nánari grein er gerð fyrir máli þessu í sérstakri skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um álver á Keilisnesi. Í skýrslunni koma drög að frumvarpi til heimildalaga fram sem fylgiskjal.

Brýnt er að tillaga þessi til þingsályktunar og ofangreindar lánsfjárheimildir verði samþykktar á þessu þingi. Með því hefur af Íslands hálfu verið gert það sem gera þarf til að gangsetning álversins frestist aðeins um fimm mánuði, þ.e. frá 1. ágúst 1994 til áramótanna 1994–95, þótt samningsgerðin sjálf og viðræður um fjármögnun álversins taki meiri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir.

775. Breytingartillögur [214. mál]

við frv. til l. um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, RG, BBj, DH, ÁRÁ).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að tryggja þeim sem falla undir lög þessi tækifæri til náms án tillits til efnahags.
   Sjóðurinn veitir lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lánasjóði er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr. enda stundi þeir sérnám. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um til hvaða sérnáms skuli lánað.
3. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Við 1. mgr. bætist: að teknu tilliti til fjölskyldustærðar námsmanns.
   b. Við 2. mgr. Á eftir orðunum „tillit til“ komi: búsetu og.
4. Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 4. mgr. orðist svo:
      Námsmenn, sem fá lán úr sjóðnum, skulu undirrita skuldabréf við lántöku og leggja fram yfirlýsingu a.m.k. eins manns um að hann taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess allt að tiltekinni hámarksfjárhæð.
   b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Stjórn sjóðsins er heimilt að veita námslán allt að þeirri fjárhæð sem ábyrgð hefur verið veitt fyrir skv. 4. mgr. Sæki námsmaður um hærra lán en ábyrgð er fyrir þarf hann að leggja fram nýtt skuldabréf, sbr. 4. mgr.
   c. Í stað orðanna „eins eða beggja“ í síðari málslið 5. mgr. komi: eins eða fleiri.
5. Við 7. gr. Í stað 3.–5. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Lánstími námsláns er ótilgreindur en greitt skal af námsláni skv. 8. gr. þar til skuldin er að fullu greidd.
   Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir námslok. Sjóðstjórn skilgreinir hvað telja beri námslok samkvæmt lögum þessum og úrskurðar um vafatilfelli.
   Vextir af lánum sjóðsins skulu vera breytilegir en þó aldrei hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar. Vextir reiknast frá námslokum. Ríkisstjórnin, að tillögu menntamálaráðherra, tekur nánari ákvörðun um vexti námslána á hverjum tíma samkvæmt þessari grein.
6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Árleg endurgreiðsla ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla, sem innheimt er á fyrri hluta ársins, óháð tekjum og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimt er á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.
   Fasta ársgreiðslan er 48.000 kr. miðað við lánskjaravísitölu 3.198 nema eftirstöðvar láns ásamt verðbótum og vöxtum séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs.
   Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni ársins á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 5% við afborganir af skuldabréfinu

fyrstu fimm árin. Við næstu afborganir skal hundraðshlutinn nema 7%. Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt þessari málsgrein dregst fasta greiðslan skv. 2. mgr.

Fjárhæðin skv. 3. mgr. skal margfölduð samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári.

Skuldara ber á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hverrar greiðslu.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 1. mgr., að hluta eða öllu leyti, ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum skuldara, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að veita undanþágu frá ársgreiðslu skv. 1. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Skuldari, sem sækir um undanþágu skv. 6. mgr., skal leggja fyrir sjóðstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta.

Heimilt er að endurgreiða lán örar en mælt er fyrir í þessari grein.

7. Við 9. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „3% ársvexti“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: ársvexti skv. 7. gr.
   b. Orðin „skv. 1. mgr.“ í 1. málsl. 2. mgr. falli brott.
8. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

   Ef skuldari samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal hann fyrst endurgreiða að fullu lán sem tekin eru samkvæmt þessum lögum. Greiðslur af eldri námsskuldum frestast þar til lán samkvæmt þessum lögum eru að fullu greidd.

776. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Guðmundur Magnússon prófessor, Gunnar I. Birgisson, formaður stjórnar LÍN, Lárus Jónsson, framkvæmdastjóri LÍN, Guðjón Valdimarsson, fjármálastjóri LÍN, Ingólfur H. Bender frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Grétar Guðmundsson og Vigdís Hreinsdóttir frá Húsnæðisstofnun ríkisins og fulltrúar námsmannahreyfinganna: Steinunn V. Óskarsdóttir og Pétur Þ. Óskarsson frá stúdentaráði HÍ, Arnór Þ. Sigfússon og Ingibjörg Jónsdóttir frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, Bjarni Ingólfsson og Almar Eiríksson frá Bandalagi íslenskra sérskólanema og Kristinn Einarsson og Ólafur Þórðarson frá Iðnnemasambandi Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá eftirtöldum aðilum: ASÍ, BHM, BHMR, BSRB, skólastjórn Bændaskólans á Hólum, Bændaskólanum á Hvanneyri, Fósturskóla Íslands, skólanefnd Fósturskóla Íslands, nemendaráði Fósturskóla Íslands, Háskóla Íslands, háskólaráði Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Húsnæðisstofnun ríkisins, Iðnnemasambandi Íslands, nemendaráði Kennaraháskóla Íslands, skólaráði Kennaraháskóla Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Lánasjóði íslenskra námsmanna, Leiklistarskóla Íslands, Nemendafélagi Verkmenntaskóla Austurlands, Rannsóknaráði ríkisins, Ríkisendurskoðun, Sambandi iðnmenntaskóla, Sambandi ungra jafnaðarmanna, Samstarfsnefnd

námsmannahreyfinganna, skólafélagi Samvinnuháskólans á Bifröst, Sjómannaskólanum, Tæknifræðingafélagi Íslands, Nemendafélagi Tækniskóla Íslands, skólastjórn Tækniskóla Íslands, vinnuhópi um málefni LÍN, vísindaráði og Nemendafélagi Þroskaþjálfaskóla Íslands. Loks bárust gögn frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Frumvarpið er heildarfrumvarp um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Það felur í sér veigamiklar breytingar frá núgildandi lögum og miða þær að því að bæta fjárhagsstöðu sjóðsins til frambúðar. Áhersla er lögð á að styðja við menntun í landinu og tryggja áfram tækifæri til náms án tillits til efnahags.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að 1. gr. verði breytt þannig að hún kveði á um tækifæri til náms án tillits til efnahags.
2. Lagt er til að fellt verði niður það skilyrði 2. gr. að námsmenn í sérnámi þurfi að ná 20 ára aldri til þess að fá námslán.
3. Lagt er til að 3. gr. mæli fyrir um að tekið verði tillit til fjölskyldustærðar og að sjóðstjórn sé heimilt að hafa hliðsjón af búsetu við mat á framfærslukostnaði.
4. Lagðar eru til þrjár eftirtaldar breytingar á 6. gr.:

   Í fyrsta lagi er lagt til að ábyrgðarmaður á námsláni sé a.m.k. einn og að sjálfskuldarábyrgð hans nemi tiltekinni hámarksfjárhæð.

   Í öðru lagi er lagt til að sæki námsmaður um hærra námslán en ábyrgð er fyrir í skuldabréfi leggi hann fram nýtt skuldabréf með nýrri ábyrgðaryfirlýsingu.

   Í þriðja lagi er lögð til orðalagsbreyting í samræmi við þá breytingartillögu sem gerð er um fjölda ábyrgðarmanna.
5. Lagt er til að 7. gr. kveði á um að lánstími verði ótilgreindur og greitt verði af láni skv. 8. gr. þangað til lán er að fullu greitt. Endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok í stað eins árs. Hundraðshluti vaxta af láni verði breytilegur, allt að 3%.
6. Lögð er til sú breyting á 8. gr. að árleg endurgreiðsla verði annars vegar föst greiðsla að ákveðinni upphæð eins og kveðið er á um í núgildandi lögum um námslán. Hins vegar komi til viðbótar greiðsla sem miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni skuldara, 5% fyrstu fimm árin og 7% eftir það. Útfærsla á endurgreiðslureglum er sú sama og í gildandi lögum.
7. Lögð er til breyting á 9. gr. í samræmi við breytingartillögu við 7. gr.
8. Lögð er til sú breyting í 18. gr. að greiðslur af eldri námsskuldum frestist þar til lán samkvæmt frumvarpinu er að fullu greitt.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. apríl 1992.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Björn Bjarnason.

Drífa Hjartardóttir. Árni R. Árnason.

777. Frumvarp til laga [140. mál]

um starfsmenntun í atvinnulífinu.

(Eftir 2. umr., 13. apríl.)

I. Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu í þeim tilgangi að:

a. stuðla að aukinni framleiðni, bæta gæði vöru og þjónustu og greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi,
b. stuðla að bættri verkkunnáttu og aukinni hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum,
c. auka möguleika og treysta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaðinum með því að gefa honum kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera hann um leið hæfari til að takast á við ný og breytt verkefni,
d. jafna möguleika fólks á vinnumarkaði og þess fólks sem er tímabundið utan hans til að afla sér starfsmenntunar, einkum þeirra sem notið hafa lítillar eða engrar starfsmenntunar fyrir, með öflugu framboði á grunnmenntun til ákveðinna starfa eða til starfa í tiltekinni atvinnugrein,
e. greiða fyrir hreyfingum starfsmanna úr einni atvinnugrein í aðra eftir aðstæðum og horfum á hverjum tíma,
f. mæta þörfum starfshópa, sem missa vinnu vegna breytinga í atvinnuháttum, fyrir endurmenntun og þjálfun til annarra starfa eftir aðstæðum á hverjum tíma.

2. gr.

Markmiðum laga þessara skal náð með:

a. stuðningi við skipulega starfsmenntun, undirbúning, náms- og kennslugagnagerð, kennslu og starfsþjálfun, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum,
b. frumkvæði og mótun heildarstefnu varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu samkvæmt ákvörðun starfsmenntaráðs.

3. gr.

Lögin taka til náms (námskeiða) sem þátttakendur stunda til að auka færni og þekkingu til þeirra starfa sem þeir fást við eða stefna að, enda falli það að markmiðum laga þessara og aðstæðum á vinnumarkaði hverju sinni.

Til þessarar menntunar telst:

a. *Grunnstarfsmenntun*: Grundvallarstarfsmenntun til ákveðinna starfa eða til starfa í tiltekinni atvinnugrein í framleiðslu og þjónustu.
b. *Eftirmenntun*: Endurnýjun fagkunnáttu og viðbótarmenntun sem fólk stundar á sínu fagsviði.

II. Skipulag.

4. gr.

Starfsmenntun í atvinnulífinu skal heyra undir félagsmálaráðuneytið. Starfsfræðsla í fiskvinnslu skal þó heyra undir sjávarútvegsráðuneytið.

5. gr.

Ráðherra skipar sjö manna starfsmenntaráð til tveggja ára sem fer með framkvæmd laga þessara. Einn fulltrúi skal skipaður af félagsmálaráðherra án tilnefningar. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum atvinnurekenda, tveir af Vinnuveitendasambandi Íslands og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum launafólks, tveir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Starfsmenntaráð skiptir með sér verkum.

Hlutverk starfsmenntaráðs er að úthluta styrkjum til starfsmenntunar og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar samkvæmt lögum þessum.

Í starfi sínu skal starfsmenntaráð hafa samráð við og efla frumkvæði fræðslunefnda atvinnulífsins samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

6. gr.

Starfsár (fjárhagsár) starfsmenntaráðs er almanaksárið og skal skipta því niður í úthlutunartímabil.

Starfsmenntaráð skal, fyrir upphaf hvers úthlutunartímabils, ákveða forgangsröðun verkefna og skiptingu þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru milli mismunandi verkefnaflokka.

Við upphaf úthlutunartímabils skal starfsmenntaráð auglýsa eftir umsóknum um styrki til undirbúnings og/eða reksturs námskeiða og skal þar gerð grein fyrir forgangsröðun verkefna og skiptingu fjármuna fyrir yfirstandandi tímabil.

Starfsmenntaráð setur sér nánari starfsreglur að fengnu samþykki ráðherra.

7. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal safna saman upplýsingum um starfsmenntun og framboð hennar og koma þeim upplýsingum til helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins.

III. Fjármál.

8. gr.

Ráðstöfunarfé starfsmenntaráðs skal ákveðið í fjárlögum og ráðstafað í sérstakan sjóð.

Félagsmálaráðherra gerir tillögur um fjárþörf vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu að fenginni umsögn starfsmenntaráðs.

9. gr.

Styrki úr starfsmenntasjóði er heimilt að veita til:

a. greiðslu kostnaðar vegna undirbúnings náms (námskeiða), svo sem verkefnisstjórnunar, náms- og kennslugagnagerðar,
b. greiðslu kostnaðar vegna námskeiðahalds, svo sem kostnaðar vegna kennsluaðstöðu og ferða- og flutningskostnaðar,
c. annars kostnaðar eftir ákvörðun starfsmenntaráðs.

Að öðru jöfnu er það forsenda styrkveitingar að tiltekinn hluti af beinum rekstrarkostnaði námskeiða sé borinn af þátttökugjöldum samkvæmt nánari ákvörðun starfsmenntaráðs.

IV. Umsóknir.

10. gr.

Rétt til að sækja um styrk til starfsnáms eiga: samtök atvinnurekenda og launafólks, einstök atvinnufyrirtæki, einkaaðilar eða opinberir aðilar sem standa fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu, starfsmenntaráð einstakra atvinnugreina og samstarfsverkefni tveggja eða fleiri framangreindra aðila.

Skólar hafa rétt til að sækja um styrki þegar um er að ræða samstarf við aðila, einn eða fleiri, sem taldir eru upp í 1. mgr.

11. gr.

Eftirtalin gögn skulu fylgja umsóknum um styrki skv. 9. gr. laga þessara:

a. Markmið með því námi sem sóttur er styrkur til.
b. Lýsing á innihaldi námsins.
c. Upplýsingar um leiðbeinendur.
d. Námslengd.
e. Námskröfur og námsmat.
f. Markhópur námsins og stærð hans.
g. Áætlaður fjöldi þátttakenda.
h. Kostnaðar- og tekjuáætlun.
i. Yfirlit yfir námskeiðahald viðkomandi umsækjanda á sl. almanaksári.

V. Ýmis ákvæði.

12. gr.

Þeim aðilum, sem fengið hafa stuðning samkvæmt lögum þessum, skal skylt að veita upplýsingar um þá menntun og/eða þjálfun sem boðið hefur verið upp á samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

13. gr.

Aðilar skulu senda félagsmálaráðuneytinu eintak af námsefni sem unnið hefur verið eða samið með stuðningi samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra skal heimilt að ráðstafa gögnum skv. 1. mgr. til frekari notkunar samkvæmt tillögum starfsmenntaráðs í samráði við höfundaréttarhafa.

14. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal halda skýrslu yfir það nám sem styrkt er samkvæmt lögum þessum. Það skal jafnframt sjá um að kynna og veita upplýsingar um þá starfsmenntun sem í boði er og þau náms- og kennslugögn sem það hefur til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður hvaða nám, sem styrkt er samkvæmt lögum þessum, skuli metið til námseininga í hinu almenna skólakerfi.

16. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara í reglugerð, þar á meðal um afmörkun og gildissvið að fengnum tillögum starfsmenntaráðs.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lögin skal endurskoða eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þeirra.

778. Svar [326. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um auglýsinga- og kynningarkostnað heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?*
2. *Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?*
3. *Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?*
4. *Fyrir hvað var greitt?*
5. *Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?*

Ráðuneytið óskaði eftir því við Ríkisbókhald að það gæfi upplýsingar um efni fyrirspurnarinnar. Ríkisbókhald varð við þessari ósk og þær upplýsingar, sem hér birtast, eru teknar saman af Ríkisbókhaldi.

Blað hf.		Upphæð í kr.
1990:		
28. febr.	Styrkir Evrópuráðs	24.651
7. júní	Laus staða deildarstjóra	14.791
19. júlí	Lyfsöluleyfi	14.791
	Samtals	**54.233**
1991:		
28. jan.	Laus staða	18.053
	Samtals	**18.053**

BFÖ-blaðið		Upphæð í kr.
1990:		
29. apríl	Styrktarauglýsing	20.000
	Samtals	**20.000**

Dagur		Upphæð í kr.
1990:		
7. mars	Styrkir til Evrópuráðs	20.543
12. júní	Laus staða deildarstjóra	10.682
7. ágúst	Lyfsöluleyfi	12.326
	Samtals	**43.551**
1991:		
7. febr.	Laus staða	15.345
	Samtals	**15.345**

Geðhjálp		Upphæð í kr.
1990:		
23. nóv.	Styrktarlína	40.000
	Samtals	**40.000**

Gættin		Upphæð í kr.
1990:		
18. maí	Styrktarlína	8.000
	Samtals	**8.000**

Frjáls fjölmiðlun		Upphæð í kr.
1990:		
7. mars	Styrkir Evrópuráðs	22.189
13. júní	Laus staða deildarstjóra	10.682
14. ágúst	Lyfsöluleyfi	15.612
	Samtals	**48.479**
1991:		
5. febr.	Laus staða	14.442
	Samtals	**14.442**

Gott fólk		Upphæð í kr.
1990:		
16. maí	Hönnun og vinna við „Borðar þú nógu góðan mat“	197.731
16. maí	Hönnun og vinna við „Borðar þú nógu góðan mat“	1.483.208
16. maí	Prentun vegna „Borðar þú nógu góðan mat“	1.362.455
11. júlí	Prentun vegna „Borðar þú nógu góðan mat“	97.174
5. okt.	Hönnun og gerð fréttabréfs	249.001
	Samtals	**3.389.569**

Læknablaðið		Upphæð í kr.
1990:		
5. sept.	Laus staða aðstoðarlandlæknis	11.167
	Samtals	**11.167**
1991:		
13. febr.	Laus staða yfirlæknis	11.012
	Samtals	**11.012**

Ríkisútvarpið		Upphæð í kr.
1990:		
7. ágúst	Heilbrigðisráðherra	37.679
	Samtals	**37.679**

Morgunblaðið		Upphæð í kr.
1990:		
22. mars	Styrkir Evrópuráðs	18.077
5. júní	Laus staða	18.480
5. júní	Laus staða	9.860
2. ágúst	Lyfsöluleyfi	11.503
	Samtals	**57.920**
1991:		
22. febr.	Laus staða yfirlæknis	18.053
4. apríl	Laus staða deildarstjóra	16.247
	Samtals	**34.300**

Tíminn		Upphæð í kr.
1990:		
14. febr.	Styrkir Evrópuráðs	21.364
18. maí	Laus staða deildarstjóra	11.504
17. júlí	Lyfsöluleyfi	16.434
	Samtals	**49.302**
1991:		
15. jan.	Laus staða	19.858
	Samtals	**19.858**

Þjóðviljinn		Upphæð í kr.
1990:		
13. febr.	Styrkir Evrópuráðs	23.829
10. maí	Laus staða deildarstjóra	14.791
17. júlí	Lyfsöluleyfi	17.256
	Samtals	**55.876**
1991:		
15. jan.	Laus staða yfirlæknis	15.345
	Samtals	**15.345**

Þroskahjálp		Upphæð í kr.
1990:		
15. jan.	Styrktarlína	20.000
	Samtals	**20.000**
1991:		
21. jan.	Veggspjöld	20.000
21. jan.	Styrktarlína	20.000
	Samtals	**40.000**

	Upphæð í kr.
1990 Lögbirtingablaðið	87.516
1991 Lögbirtingablaðið	17.578
1990 Stjórnartíðindi	1.098.800

779. Skýrsla [24. mál]

iðnaðarráðherra um þróun íslensks iðnaðar, án stóriðju, framtíðarhorfur og stefnu ríkisstjórnarinnar, samkvæmt beiðni.

I. Þróun íslensks iðnaðar.

Ísland gerðist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) árið 1970 og 1972 var gerður fríverslunarsamningur við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE). Nú, um tuttugu árum síðar hefur verið undirritaður samningur milli aðildarríkja EFTA og Evrópubandalagsins (EB) um myndun Evrópsks efnahagssvæðis. Innan svæðisins verða engar hömlur lagðar á viðskipti með hvers konar vöru og þjónustu að undanskildum landbúnaðarvörum og takmörkuðum hömlum á viðskiptum með fisk. Fjármagn má streyma hindrunarlaust frá einu ríki til annars og þegnum eins ríkis verður heimilt að starfa og búa hvar sem er innan svæðisins. Með Evrópska efnahagssvæðinu verða nítján aðildarríki EFTA og EB að einu markaðssvæði.

Fríverslun innan EFTA og fríverslunarsamningurinn við EBE snerta einkum iðnaðarvörur. Það er því eðlilegt við þessi tímamót að líta yfir þróun iðnaðar hér á landi frá 1970. Jafnframt er eðlilegt að horfa fram á veginn og gera grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum iðnaðarins.

Efni fyrri hluta skýrslunnar er skipt þannig í kafla að á eftir þessum inngangi kemur yfirlit um meginniðurstöður. Síðan er fjallað um helstu kennitölur iðnaðar: Framleiðslu, vinnuafl, framleiðni vinnuafls, launakostnað, samkeppnisstöðu, markaðshlutdeild, útflutning og afkomu. Þá er fjallað um þróun kjara iðnverkafólks. Í síðari hluta skýrslunnar er gerð nokkur grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum iðnaðarins. Margvíslegt talnaefni er birt í töfluviðauka.

Meginniðurstöður.

Þegar litið er yfir undanfarna tvo áratugi skiptir mjög í tvö horn hvernig menn sjá þróun iðnaðar. Sumir virðast ekki sjá annað en hnignun hvert sem þeir líta en aðrir telja að þegar allt kemur til alls hafi greinin staðið sig bærilega við erfið skilyrði að ýmsu leyti. Tölur um þróun iðnaðar sýna að fyrra sjónarmiðið er mikil einföldun og styðst fremur við afmörkuð dæmi í einstökum greinum iðnaðar eða þróun á tilteknu árabili en heildaryfirsýn yfir þróun greinarinnar í heild á löngu tímabili. Staðreyndin er sú að iðnaðurinn hefur að mörgu leyti staðið sig vel, ekki síst þegar það er haft í huga að starfsskilyrðin hafa gert til hans miklar kröfur. Í því sambandi nægir að benda á aukna samkeppni við erlend fyrirtæki, erfitt sambýli við sjávarútveg og tiltölulega hátt raungengi á stundum eins og langvarandi viðskiptahalli bendir til.

Ekki leikur vafi á því að við inngöngu Íslands í EFTA og gerð fríverslunarsamningsins við EBE töldu flestir að þær breytingar á markaðsaðstæðum, sem þessu fylgdu, myndu efla útflutning. Talið var líklegt að aðild að fríverslunarsvæði í Vestur-Evrópu myndi auka viðskipti þjóðarinnar við önnur ríki á svæðinu, að utanríkisviðskipti ykjust í heild og loks að auknir vaxtarmöguleikar iðnaðar yrðu til þess að auka fjölbreytni atvinnulífs hér á landi, einkum útflutningsiðnaðar. Jafnframt var ljóst að sérhæfing myndi aukast og sumar greinar iðnaðar dragast saman en aðrar eflast.

Mynd 1



Athugun á skiptingu vöruútflutnings og vöruinnflutnings eftir markaðssvæðum sýnir glöggt að útflutningur okkar til aðildarríkja EFTA og EB hefur stóraukist síðan 1970 (mynd 1). Reyndar var hlutfallið nokkuð stöðugt fram á miðjan níunda áratug en eftir það hefur það tekið stökk upp á við. Skipting innflutnings eftir markaðssvæðum hefur hins vegar verið nokkuð stöðug á tímabilinu (mynd 2). Mikil hækkun á hlutdeild Bandaríkjanna í innflutningi á síðstu árum skýrist að mestu af endurnýjun á millilandaflugvélum Flugleiða hf. Á árinu 1991 er hlutdeild Bandaríkjanna í innflutningi aftur komin í svipað horf og var fyrir 20 árum.

Mynd 2



Sé litið á aukningu vöruútflutnings frá 1973 kemur í ljós að hann hefur tvöfaldast að magni (mynd 3). Ekki liggja fyrir beinar upplýsingar um magnþróun einstakra útflutningsgreina annarra en sjávarafurða. Að magni hefur útflutningur sjávarafurða nánast tvöfaldast á tímabilinu. Af myndinni má þó ráða að útflutningur sjávarafurða hefur að magni til látið undan síga í samanburði við aðrar útflutningsgreinar, einkum iðnað, á síðasta áratug. Þetta snýst við árið 1991 enda gætti þá töluverðs samdráttar í útflutningi áls og kísiljárns vegna lægðar á heimsmarkaði þessara afurða.

Mynd 3 Magnþróun vöruútflutnings 1973-1991
Magnvísitölur 1980=100



Athugun á skiptingu verðmætis vöruútflutnings eftir vöruflokkum leiðir hins vegar í ljós að sjávarafurðir hafa í stórum dráttum haldið sínum hlut í því á tímabilinu (mynd 4).

Mynd 4
Hlutfallsleg skipting vöruútflutnings
eftir afurðum, 1970-1991



Þegar þessir þræðir eru dregnir saman má segja að spár um aukinn útflutning iðnaðarvara til Vestur-Evrópu hafi gengið eftir þótt aukningin hafi ekki komið strax fram. Þar kemur ýmislegt til. Í fyrsta lagi útfærsla landhelginnar í 200 mílur sem stórjók sjávarafla Íslendinga. Í öðru lagi gekk fríverslunarsamningurinn við EBE ekki í gildi fyrr en síðasta þorskastríði lauk árið 1976. Í þriðja lagi urðu framfarir í flutningatækni til þess að auðveldara varð að flytja ferskan fisk á markað í Evrópu en áður. Í fjórða lagi drógust fiskveiðar aðildarríkja EB saman og skortur á fiski kom fram í hærra verði. Að síðustu skal nefnd nær stöðug gengislækkun dollars gagnsvart helstu Evrópumyntum á tímabilinu sem olli því að útflutningur til Evrópu varð ábatasamari en útflutningur til Bandaríkjanna.

Í kaflanum hér á eftir er fjallað um þróun nokkurra helstu kennitalna iðnaðar. Þar kemur fram að hlutur iðnaðar í landsframleiðslu hefur haldist nokkuð stöðugur á athugunartímabilinu og sama á við um útflutning iðnaðarvara sem hlutfall af heildarútflutningi. Á sama tíma

hefur störfum í iðnaði fækkað en á móti hefur framleiðni vinnuafls aukist. Með afnámi innflutningstakmarkana og aukinni fríverslun hefur markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu lækkað eins og við mátti búast. Rekstrarafkoma fyrirtækja í iðnaði hefur verið misjöfn eftir einstökum greinum iðnaðar en á heildina litið hefur hún ekki verið nægilega góð. Þetta hefur m.a. komið fram í lækkun á eiginfjárhlutfalli fyrirtækjanna án þess þó að þar sé hætta á ferðinni þegar á heildina er litið.

Ýmis ytri og innri skilyrði hafa löngum verið iðnaði óhagstæð rétt eins og öðrum atvinnugreinum hér á landi. Má þar nefna óstöðugleika í launa-, verðlags- og gengismálum og skrykkjóttan hagvöxt.

Þrátt fyrir það sem á undan er rakið hefur iðnaði að ýmsu leyti farnast vel. Því má ekki gleyma að á síðustu tveimur áratugum hafa sjávarútvegi fallið í skaut mikilvægir búhnykkir vegna útfærslu landhelginnar og mikillar verðhækkunar á helstu útflutningsmörkuðum sjávarafurða. Að iðnaðinum skuli hafa tekist jafnvel að halda sínum hlut í þjóðarbúskapnum og raun ber vitni sýnir glöggt hvers hann er megnugur. Þá er ástæða til að nefna að langt og bagalegt hlé varð á uppbyggingu orkufreks iðnaðar í heilan áratug frá 1978 en frekari uppbygging hans mun væntanlega – með fyrirhugaðri byggingu álvers á Keilisnesi – stórauka hlut iðnaðar í þjóðarbúskapnum og útflutningi landsmanna.

Helstu kennitölur iðnaðar.

Í þessum kafla er fjallað um þróun helstu kennitalna iðnaðar frá 1970, eða sem næst því ári, eftir því sem talnaefni gefur færi á. Fyrst er gerð grein fyrir þróun iðnaðarframleiðslu og hún borin saman við þróun landsframleiðslu. Þá er fjallað um hlutdeild iðnaðar í heildarvinnuafli, framleiðni vinnuafls í iðnaði og launakostnað í hlutfalli við tekjur. Síðan er gerð grein fyrir þróun samkeppnisstöðu iðnaðar út frá þróun raungengis krónunnar. Því næst er fjallað um markaðshlutdeild iðnaðar, bæði í heild og tekin dæmi um þróun einstakra greina. Þá er fjallað um þróun útflutningsiðnaðar. Loks er fjallað um afkomu iðnaðar frá 1980 og hugað að hagnaði sem hlutfalli af tekjum og þróun eigin fjár.

Stuðst er við talnaefni frá Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands, Félagi íslenskra iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna. Í mörgum tilfellum eru ekki til samræmdar tölur fyrir allt athugunartímabilið og sumar talnaraðir því styttri en æskilegt væri í yfirlitsskýrslu sem þessari.

Framleiðsla.

Framleiðsluuppgjör þjóðhagsreikninga varpar ljósi á framleiðslu í einstökum atvinnugreinum og heildarframleiðslu. Það er rétt að undirstrika að með framleiðslu og framleiðslubreytingum er hér átt við framleiðslu í skilningi þjóðhagsreikninga, þ.e. vergar þáttatekjur. Með vergum þáttatekjum er átt við verðmætasköpun eða virðisauka sem verður til í hverri atvinnugrein en ekki brúttóverðmæti framleiðslunnar þar sem viðskipti milli greina eru margtalin. Til vergra þáttatekna teljast greidd laun, afskriftir af framleiðslufjármunum og hreinn hagnaður fyrirtækja áður en kemur til greiðslu vaxta. Einnig má líta á þetta sem mismun framleiðsluverðmætis og aðfanga annarra en launa, afskrifta og vaxta.

Samræmt framleiðsluuppgjör er til fyrir tímabilið 1973–1989. Á þessu tímabili óx landsframleiðsla um 79% á föstu verðlagi. Á sama tímabili óx iðnaðarframleiðsla um 51%. Þótt iðnaðarframleiðsla hafi þannig aukist nokkru minna en landsframleiðsla á þessu tímabili er þetta ef til vill ekki svo ýkja mikill munur, sérstaklega þegar haft er í huga að upphaf þessa tímabils var í lok mikils vaxtarskeiðs í iðnaði. Næstu ár á undan hafði iðnaðarframleiðsla vaxið mjög hratt, ekki síst vegna álframleiðslunnar sem hófst á árinu 1969 og áhrifa frá henni. Þannig jókst iðnaðarframleiðsla um ríflega 40% á árunum 1970–1973 samanborið við 25% aukningu landsframleiðslunnar. Þróun landsframleiðslu og iðnaðarframleiðslu er sýnd á

mynd 5. Í töflu 1 í töfluviðauka kemur fram þróun framleiðslu í megingreinum iðnaðar á tímabilinu 1973–1989.

Mynd 5 Iðnaðarframleiðsla og landsframleiðsla 1970-1991
Magnvísitölur 1980=100



Á árunum fram til 1980 óx iðnaðarframleiðsla um 31% samanborið við 34% vöxt landsframleiðslu. Vöxtur kom fram í flestum greinum. Einna mestur varð vöxturinn á þessum árum í trjávöru- og vefjariðnaði. Framleiðsla orkufreks iðnaðar stóð í meginatriðum í stað fram til 1979 þegar Íslenska járnblendifélagið hf. á Grundartanga tók til starfa.

Á síðari hluta athugunartímabilsins til 1989 óx iðnaðarframleiðsla um 15% samanborið við 34% vöxt landsframleiðslu. Vöxtur iðnaðarframleiðslu er afar skrykkjóttur á þessum áratug. Í upphafi níunda áratugarins varð samdráttur. Á tímabilinu 1984–1987 óx iðnaðarframleiðslan hins vegar um röskan fjórðung, eða um 6% að meðaltali á ári. Þá tekur við samdráttur á árunum 1988 og 1989. Bráðabirgðatölur Þjóðhagsstofnunar og niðurstöður úr könnunum Félags íslenskra iðnrekenda meðal félagsmanna sinna benda til þess að iðnaðarframleiðsla hafi vaxið á ný á árinu 1990 og aukist um 2–3% á árinu 1991.

Þróun framleiðslu í einstökum greinum á árunum 1980–1989 var afar misjöfn. Verulegur samdráttur varð í vefjariðnaði og fataiðnaði. Lætur nærri að í sumum greinum hafi framleiðsla dregist saman um 30–50% á þessum áratug. Hér kemur til alþjóðleg viðskiptaþróun og samkeppni við láglaunasvæði Suð-Austur Asíu. Þessa þróun má sjá í öllum nálægum löndum og fyrr og í meira mæli en hér. Stöðnun og samdráttur hefur verið í húsgagna- og innréttingaiðnaði þar til allra síðustu ár að um nokkra aukningu er að ræða. Miklar sveiflur hafa orðið í málmiðnaði, einkum skipaiðnaði.

Reyndar bendir þróun einstakra greina iðnaðar til þess að samdrátt iðnaðarframleiðslu á árunum 1988–1989 megi að verulegu leyti rekja til vefjariðnaðar og málmiðnaðar. Öðrum greinum hefur hins vegar vegnað mun betur.

Síðustu tvö ár hefur iðnaðurinn verið að rétta úr kútnum á ný. Má þar nefna ýmsar greinar matvælaiðnaðar, eins og drykkjarvöruiðnað, sælgætisgerð og brauð- og kökugerð og pappírsiðnað. Framleiðsla orkufreks iðnaðar jókst einnig verulega fram til 1990 en afturkippur verður 1991 og 1992 vegna lægðar á erlendum mörkuðum fyrir afurðir þessara greina.

Íslenskur iðnaður er háðari innanlandsmarkaði en iðnaður í mörgum vestrænum löndum. Helstu greinar hans aðrar en orkufreki iðnaðurinn tengjast neysluvörum, byggingarstarfsemi og sjávarútvegi. Afkoma þeirra fer því mjög eftir ástandinu innanlands á viðkomandi sviðum efnahagslífsins.

Hlutur iðnaðar í landsframleiðslu.

Þróun þáttatekna í iðnaði gefur vísbendingu um það hvernig hlutur iðnaðar í landsframleiðslu hefur breyst. Hlutur iðnaðar í landsframleiðslu á tímabilinu 1973–1989 er sýndur á mynd 6. Fram kemur að hann hefur verið nokkuð stöðugur á bilinu 12–13%. Hann fór hæst í um 14% á árunum 1984 og 1988.

Mynd 6

Hlutur iðnaðarframleiðslu í vergri landsframleiðslu 1973-1990



Skipting vergra þáttatekna eftir einstökum greinum iðnaðar er sýnd í töflu 2 í töfluviðauka. Fram kemur að vefjariðnaður, fata- og skógerð, trjávöruiðnaður og málmiðnaður hafa látið undan síga en matvælaiðnaður, pappírsiðnaður og orkufrekur iðnaður aukið hlut sinn. Sérstaklega skal bent á að matvælaiðnaður er nú um fjórðungur af iðnaði landsmanna.

Vinnuafl.

Þróun vinnuafls í iðnaði sem hlutfalls af heildarvinnuafli á tímabilinu 1970–1989 er sýnd á mynd 7. Upplýsingar um þróun vinnuafls í einstökum greinum iðnaðar eru í töflu 3 í töfluviðauka.

Mynd 7

Hlutdeild iðnaðar í heildarvinnuafli á Íslandi og í OECD, 1970-1990



* Í OECD er fiskiðnaður talinn til iðnaðar

Árið 1970 voru unnin um 12.400 ársverk í iðnaði. Ársverk í landinu í heild voru tæplega 81.700 þannig að hlutur iðnaðar í upphafi athugunartímabilsins var rúmlega 15%. Þetta hlutfall hélst nánast óbreytt til loka áttunda áratugarins en hefur síðan lækkað nokkuð, einkum á síðari hluta níunda áratugarins. Á árinu 1989 voru ársverk í iðnaði um 16.200 samanborið við um 126.000 ársverk í heild. Hlutur iðnaðar hafði því fallið niður fyrir 13% í lok athugunartímabilsins. Áætlanir benda til að hlutfallið hafi lækkað í um 12% á árinu 1990, en hækkað á ný á árinu 1991 í um 12½%.

Þessar tölur sýna einnig að ársverkum í iðnaði fjölgaði um tæplega fjögur þúsund á tveimur áratugum, eða um 30%, þótt hlutfall starfa í iðnaði af heildaratvinnu sé nú lægra en í upphafi athugunartímabilsins. Fjölgun ársverka hefur verið mest í matvælaiðnaði (1.740 ársverka aukning), pappírsiðnaði (906 ársverka aukning), efnaiðnaði (466 ársverka aukning) og orkufrekum iðnaði (435 ársverka aukning).

Þessa lækkun hlutfalls iðnaðarstarfa má fyrst og fremst rekja til mikils vaxtar í ýmsum þjónustugreinum, svo sem opinberri þjónustu, fjármálastarfsemi og ferðaþjónustu. Þessi þróun er dæmigerð fyrir iðnríkin þar sem efnahagsstarfsemin færist stöðugt frá hefðbundinni iðnaðarframleiðslu yfir í þjónustugreinar. Þannig störfuðu að meðaltali rúmlega 27% af vinnuafli í OECD-ríkjunum í iðnaði (fiskiðnaður meðtalinn) árið 1968 en þetta hlutfall hafði lækkað í 21% árið 1989. Þróunin hér á landi síðustu tvo áratugi er því mjög í samræmi við alþjóðlega þróun eins og fram kemur á mynd 5.

Breyting á ársverkum eftir landshlutum gefur vísbendingu um svæðisbundna þróun iðnaðar. Í töflu 4 í töfluviðauka kemur fram skipting ársverka í iðnaði eftir landshlutum á tímabilinu 1970–1989. Rétt er að benda á að Reykjavík og nágrannasveitarfélög teljast saman til höfuðborgarsvæðis. Árið 1972 voru tveir þriðju hlutar allra ársverka í iðnaði unnin á höfuðborgarsvæðinu. Við lok athugunartímabilsins hafði þetta hlutfall lækkað örlítið niður í 64%. Ársverkum fjölgaði hlutfallslega mest á athugunartímabilinu á Suðurnesjum, eða um 56%, en hlutfallslega minnst á höfuðborgarsvæðinu, 12,5%.

Upplýsingar um þróun fjölda fyrirtækja eftir landsvæðum á tímabilinu 1972–1984 koma fram í töflu 5 í töfluviðauka. Þær eru fengnar úr bók Gylfa Arnbjörnssonar, viðskiptafræðings, Iðnaður og búseta. Hann skiptir landinu í fjögur svæði: miðjusvæði, suðvestursvæði, norðursvæði og fjarðasvæði. Til miðjusvæðis teljast Reykjavík og Akureyri og nágrannasveitarfélög þeirra. Suðvestursvæði nær til Suðurlands, Suðurnesja og Vesturlands. Norðursvæði nær til Norðurlands vestra og Norðurlands eystra að Akureyri og nágrannasveitarfélögum undanskildum. Til fjarðasvæðis teljast Vestfirðir og Austfirðir. Í töflunni kemur fram að iðnfyrirtækjum fjölgaði mest á athugunartímabilinu á norðursvæði en minnst á miðjusvæði. Rétt er að benda á að fyrirtæki í fiskiðnaði eru hér meðtalin.

Framleiðni vinnuafls.

Framleiðni er yfirleitt skilgreind sem framleiðslumagn á hverja einingu vinnumagns, t.d. hvern vinnandi mann eða ársverk, eða fjármagns. Vannýttir framleiðsluþættir eða bætt tækni gefa færi á aukinni framleiðni þar sem unnt er að framleiða meira magn án þess að auka við aðföng.

Framleiðni má finna með því að deila vísitölu vinnuafls upp í magnvísitölu iðnaðarframleiðslu. Aðgengilegar upplýsingar liggja fyrir um þróun framleiðni vinnuafls í einstökum greinum iðnaðar á tímabilinu 1981–1989. Þær eru sýndar í töflu 6 í töfluviðauka. Á mynd 8 er hins vegar sýnd þróun framleiðni vinnuafls í öllum greinum iðnaðar á tímabilinu 1973–1989.

Mynd 8 Framleiðni vinnuafls í iðnaði 1973-1989
Magnvísitölur 1980=100



Í töflu 6 í töfluviðauka kemur fram að þróun framleiðni í einstökum greinum iðnaðar hefur verið afar misjöfn. Langmesta framleiðniaukningin á tímabilinu, 70%, var í trjávöruiðnaði. Einnig varð umtalsverð framleiðniaukning í efnaiðnaði og í orkufrekum iðnaði. Framleiðniaukning varð í matvælaiðnaði, vefjariðnaði, pappírsiðnaði og málmiðnaði en lítilsháttar samdráttur í ýmsum iðnaði. Í steinefnaiðnaði minnkaði framleiðni vinnuafls hins vegar nokkuð á tímabilinu. Rétt er að benda á að þróunin milli ára er afar skrykkjótt í flestum greinum iðnaðar og oft erfitt að túlka slíkar tölur í fámennum iðngreinum.

Launakostnaður.

Launakostnaður, þ.e. laun og launatengd gjöld, í iðnaði sem hlutfall af rekstrartekjum á tímabilinu 1980–1989 er birtur í töflu 7 í töfluviðauka. Fyrir iðnað í heild var hlutfallið tæplega 26% í upphafi athugunartímabilsins en hafði fallið í tæplega 24% í lok þess. Hlutfallið varð hæst rúmlega 28% árið 1988 og lægst tæplega 21% árið 1984. Til samanburðar má nefna að launahlutfall var að meðaltali rúmlega 25% í öllum atvinnugreinum árið 1989.

Launahlutfallið er afar mismundandi eftir einstökum greinum iðnaðar. Það hefur ávallt verið lægst í orkufrekum iðnaði en einna hæst í trjávöruiðnaði, pappírsiðnaði og málmiðnaði.

Samkeppnisstaða.

Iðnaður býr við samkeppni á a.m.k. þrennum vígstöðvum. Annars vegar samkeppni við innfluttar vörur á vörumarkaði og hins vegar samkeppni við aðrar innlendar atvinnugreinar á fjármagnsmarkaði og vinnumarkaði. Raungengi krónunnar gefur góða vísbendingu um samkeppnisstöðu iðnaðar. Raungengi má reikna með tvennum hætti. Annars vegar með því að bera saman verðlagsþróun hér á landi og í helstu samkeppnislöndunum. Hins vegar með því að bera saman þróun launa hér á landi og í helstu samkeppnislöndunum. Hátt raungengi á mælikvarða verðlags þýðir að innfluttar vörur eru hlutfallslega ódýrar miðað við innlenda framleiðslu og samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja erfið að öllu öðru jöfnu. Hátt raungengi á mælikvarða launa gefur til kynna að launakostnaður hér á landi sé hlutfallslega hár í samanburði við helstu samkeppnislöndin og það kemur fram í lakari samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja.

Mynd 9



Þróun raungengis krónunnar á tímabilinu 1970–1991 er sýnd á mynd 9. Þar kemur fram að raungengi og þar af leiðandi samkeppnisstaða iðnaðar hefur verið afar breytileg frá ári til árs. Raungengi á mælikvarða verðlags og á mælikvarða launa hefur í grófum dráttum þróast með svipuðum hætti en raungengi á mælikvarða launa hefur þó sveiflast heldur meira en raungengi á mælikvarða verðlags.

Yfirleitt hefur raungengi krónunnar risið þegar vel hefur árað í þjóðarbúskapnum, einkum þegar hann hefur notið búhnykks frá sjávarútvegi. Það hefur hins vegar fallið þegar kreppt hefur að á ný.

Á tímabilinu 1970–1974 fór raungengi hækkandi og náði hámarki á athugunartímabilinu árið 1974. Til loka áttunda áratugarins fór raungengið smám saman lækkandi en með nokkrum rykkjum. Á fyrri hluta níunda áratugarins fór raungengi í fyrstu lækkandi en stóð síðan nánast í stað. Það hækkaði síðan upp úr miðjum áratugnum en frá 1988 hefur það farið lækkandi. Þessi þróun snerist hins vegar við á árinu 1991 þegar raungengi hækkaði um tæplega 3% á mælikvarða bæði verðlags og launa.

Mikilvægt er að raungengi hækki ekki á þessu ári, svo iðnaðurinn haldi samkeppnisstöðu sinni. Jafnframt er mikilvægt að raungengi krónunnar verði stöðugra í framtíðinni en það hefur lengst af verið. Sambúðarvandi sjávarútvegs og iðnaðar hefur ekki síst falist í samspili sveiflna í sjávarútvegi og raungengi. Á þessu verður breyting með þeirri gengisstefnu sem ríkisstjórnin hefur markað og byggir á því að tengja krónuna í áföngum Evrópumyntinni ECU.

Markaðshlutdeild.

Ekki liggja fyrir fullkomnar upplýsingar um markaðshlutdeild innlendra iðnaðarvara. Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna hafa þó tekið saman upplýsingar um markaðshlutdeild nokkurra vara. Markaðshlutdeild þeirra er birt í töflu 8 í töfluviðauka. Fram kemur að markaðshlutdeild innlendra vara hefur yfirleitt lækkað og í sumum tilvikum verulega enda varla við öðru að búast eftir að innflutningstakmarkanir hafa verið afnumdar og fríverslun komið á. Þróunin er þó mismunandi eftir vöruflokkum. Þannig hefur markaðshlutdeild kaffis og húsgagna lækkað um helming, markaðshlutdeild málningar lækkað óverulega og markaðshlutdeild sælgætis nánast staðið í stað.

Það skal undirstrikað að upplýsingar um markaðshlutdeild ná aðeins til hluta iðnaðarvara, þeirra sem taldar eru sérstaklega viðkvæmar fyrir erlendri samkeppni. Þróun

markaðshlutdeildar þessara vara gefur því ekki fullnægjandi mynd af þróun markaðshlutdeildar allrar innlendrar iðnaðarframleiðslu.

Útflutningur.

Í megindráttum skiptist útflutningur iðnaðarvara í tvennt. Annars vegar afurðir orkufreks iðnaðar, ál og kísiljárn, sem eru um tveir þriðju hlutar af heildarútflutningi iðnaðarvara. Útflutningur annarra iðnaðarvara er um þriðjungur af heildarútflutningi iðnaðarvara. Útflutningur iðnaðarvara sem hlutfall af heildarvöruútflutningi landsmanna er sýndur á mynd 10 og í töflu 9 í töfluviðauka. Fram kemur að útflutningar iðnaðarvara hefur að meðaltali verið um fimmtungur af heildarvöruútflutningi en hlutfallið hefur þó verið afar breytilegt frá ári til árs. Hæst var hlutfallið rúmlega 29% árið 1983 og lægst rúmlega 13% árið 1971. Um 3% samdráttur varð í útflutningi iðnaðarvara árið 1991 sem skýrist að mestu leyti af samdrætti í útflutningi áls og kísiljárns.

Mynd 10 Útflutningur iðnaðarvara 1970-1991
Hlutfall af heildarvöruútflutningi



Hlutfallslegt vægi einstakra iðnaðarvara í heildarvöruútflutningi hefur breyst nokkuð á athugunartímabilinu. Þannig var hlutur niðursuðu og niðurlagningar lengst af rúmlega 1%. Hlutfallið var um 2% á árunum 1982–1990 en lækkaði á ný árið 1991. Hlutur ullarvinnslu óx hægt og bítandi frá fyrri hluta áttunda áratugarins og komst upp í rúmlega 4% af heildarvöruútflutningi árið 1982. Frá miðjum níunda áratugnum hefur hins vegar jafnt og þétt dregið úr þessum útflutningi og árið 1991 var hann kominn niður fyrir 1% af heildarvöruútflutningi. Ýmis annar útflutningur iðnaðarvara hefur vaxið jafnt og þétt frá því að vera um 1% fram á níunda áratuginn í 3% á allra síðustu árum. Undir þennan lið heyra iðnaðarvörur sem miklar vonir eru bundnar við, eins og tæknivörur og aðrar vörur til sjávarútvegs og drykkjarvörur.

Hlutur áls í heildarvöruútflutningi hefur sveiflast nokkuð. Hann var rúmlega 13% árið 1970 og tæplega 9% árið 1991 en hefur iðulega legið á bilinu 10–15%. Hann varð hæstur tæplega 18% árið 1983 og lægstur tæplega 7% árið 1971. Hlutur kísiljárns hefur legið á bilinu 3–4% af heildarvöruútflutningi á síðari árum.

Afkoma og fjármagnskostnaður.

Upplýsingar um afkomu fyrirtækja í einstökum atvinnugreinum fást með athugun á úrtaki úr ársreikningum fyrirtækja. Þar sem talnaefni fyrir og eftir 1980 er ekki sambærilegt er

hér einungis gerð grein fyrir breytingum á afkomu fyrirtækja í helstu greinum iðnaðar eftir 1980.

Afkoma í reglulegri starfsemi í iðnaði sem hlutfall af rekstrartekjum á tímabilinu 1980–1990 er sýnd á mynd 11. Með afkomu í reglulegri starfsemi er átt við hagnað eða tap áður en tekið er tillit til óreglulegra tekna og gjalda og greiðslu tekju- og eignarskatta. Nokkrar sveiflur eru í afkomu milli ára. Þær má meðal annars rekja til breytinga á vöxtum og verðbreytingafærslum. Meðalhlutfall afkomu á árunum 1980–1989 er -1,3% af tekjum. Sé hins vegar orkufrekur iðnaður dreginn frá breytist hlutfallið í -0,2%. Sambærilegt meðaltal fyrir allan atvinnurekstur er -0,1%. Upplýsingar um afkomu í einstöku greinum iðnaðar eru birtar í töflu 10 í töfluviðauka.

Mynd 11 Hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af rekstrartekjum 1980-1989



Bráðabirgðatölur sýna að afkoma fyrirtækja í iðnaði án orkufreks iðnaðar batnaði verulega milli áranna 1989 og 1990. Þannig var afkoma þessara fyrirtækja af reglulegri starfsemi um -3,1% af tekjum árið 1989 en hafði snúist í 2,9% hagnað árið 1990. Með orkufrekum iðnaði fór þetta hlutfall úr -0,8% 1989 í 2,4% 1990. Sambærilegar tölur fyrir fyrirtæki í öllum atvinnugreinum eru 0% hagnaður árið 1989 og 4,4% hagnaður árið 1990.

Þróun eiginfjárhlutfalls fyrirtækja í iðnaði á tímabilinu 1980–1989 er sýnd á mynd 12 og í einstökum greinum iðnaðar í töflu 11 í töfluviðauka. Eiginfjárhlutfall fyrirtækis sýnir eigið fé þess sem hlutfall af heildarskuldum að viðbættu eigin fé. Eiginfjárhlutfallið gefur vísbendingu um gjaldhæfi fyrirtækis, þ.e. hversu stór hluti heildarfjármagns megi tapast áður en tapið bitnar á skuldunautum. Við samanburð á eiginfjárhlutfalli milli atvinnugreina og milli ára þarf að hafa í huga að það lækkar þegar fyrirtæki fjárfesta mikið og fjármagna fjárfestinguna með lánsfé.

Fram kemur að eiginfjárhlutfallið hefur farið lækkandi á athugunartímabilinu, úr tæplega 40% í árslok 1980 í tæplega 31% í árslok 1989. Úrtakskönnum Þjóðhagsstofnunar árið 1990 bendir hins vegar til þess að þessi þróun hafi snúist við og eiginfjárhlutfallið hækkað á árinu 1990. Ekki liggur fyrir hvert var eiginfjárhlutfall allra atvinnugreina í árslok 1980. Hins vegar var eiginfjárhlutfall fyrirtækja í öllum atvinnugreinum að sjávarútvegi, landbúnaði, innlánsstofnunum, tryggingarfélögum og orkuveitum 42% í árslok 1980. Þetta hlutfall hafði lækkað í rúmlega 32% í árslok 1989. Lækkun eiginfjárhlutfallsins í iðnaði á athugunartímabilinu er því sambærileg við það sem gerist og gengur í atvinnulífinu í heild.

Erfitt er að meta fjármagnskostnað fyrirtækja í iðnaði vegna þess að verðbreytingafærsla vegna birgða er meðtalin í vöxtum og verðbreytingafærslu í bókhaldi fyrirtækja. Fjármagnskostnaður fyrirtækja í ársreikningum þeirra sem Þjóðhagsstofnun hefur aðgang að er því ofmetinn sem verðbreytingafærslu birgða nemur. Misvægi milli innlendra verðbreytinga og gengisþróunar krónunnar veldur því að fjármagnskostnaður fyrirtækja sveiflast nokkuð milli ára. Ljóst er að allt fram til ársins 1983 var stór hluti raunvaxta af útlánum annarra en fjárfestingarlána neikvæður. Frá því ári að undanskildu árinu 1984 hafa raunvextir hins vegar verið jákvæðir. Bókfærður fjármagnskostnaður fyrirtækja í ársreikningum var hár á árunum 1988 og 1989 en mun lægri á árunum 1987 og 1990. Sé litið á þessi fjögur ár og verðbreyting vegna birgða áætluð má ætla að vaxtakostnaður fyrirtækja hafi að meðaltali numið 3% af tekjum á þessum árum.

Kjör iðnverkafólks.

Nákvæmar upplýsingar um kjör iðnverkafólks sem sérstaks hóps liggja ekki fyrir. Hins vegar safnar Kjararannsóknarnefnd reglulega upplýsingum um tímakaup karla og kvenna í verksmiðjuvinnu. Ætla má að þær gefi þokkalega vísbendingu um kjör iðnverkafólks. Í töflu 12 í töfluviðauka er sýnd þróun kaupmáttar greidds tímakaups karla og kvenna í verksmiðjuvinnu. Þar kemur fram að hjá körlum er hann nánast hinn sami í lok athugunartímabilsins og við upphaf þess. Kaupmáttur greidds tímakaups kvenna hefur hins vegar aukist um rúmlega 7% á athugunartímabilinu. Að meðaltali jókst kaupmáttur tímakaups beggja kynja um 2,5% á athugunartímabilinu. Til samanburðar lækkaði kaupmáttur landverkafólks í ASÍ um 2,5% á sama tímabili. Kjör iðnverkafólks hafa því batnað samanborið við kjör annars verkafólks, sérstaklega kjör kvenna í iðnaði.

II. Framtíðarhorfur og stefna ríkisstjórnarinnar.

Iðnaður, orkubúskapur og þjónusta munu leggja grunninn að nýrri verkaskiptingu í þjóðfélaginu. Sókn til bættra lífskjara mun að stórum hluta byggjast á afrakstri þessara greina við nýtingu innlendra auðlinda, hugvits og orku. Íslenskur iðnaður þarf að færa sér í nyt breytingar í öðrum Evrópulöndum. Lykilhugtökin eru samstarf, markaðssókn, tækni og aðlögun.

Íslenskt atvinnulíf er nú á breytingaskeiði. Fyrirtæki þurfa að grípa til margvíslegrar hagræðingar og endurskipulagningar til að dafna í breyttu umhverfi.

Fyrir því er margföld reynsla hér á landi og annars staðar að í atvinnu- og viðskiptalífi er markaðsbúskapur besta lausnin á grundvelli skýrra og sanngjarnra leikreglna sem ríkið setur.

Almennt umhverfi iðnaðar.

Atvinnustefna ríkisstjórnarinnar felst fyrst og fremst í því að treysta í sessi þann stöðugleika sem náðst hefur í efnahagsmálum og miðar þannig að því að skapa forsendur fyrir varanlega uppbyggingu í íslensku atvinnulífi. Þannig fær áræði og frumkvæði fyrirtækja og einstaklinga best notið sín.

Stöðugleiki í gengismálum er einn af hornsteinunum í atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar. Til að skapa traust á þessari stefnu hyggst ríkisstjórnin búa innlendan peninga- og gjaldeyrismarkað undir hugsanlega tengingu við evrópsku mynteininguna ECU á næstu árum. Í því skyni er nauðsynlegt að gera miklar skipulagsbreytingar í peninga- og gjaldeyrismálum þjóðarinnar og færa þau í nútímalegra horf. Meðal mikilvægra verkefna á þessu sviði er að fylgja eftir stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að koma á frjálsum fjármagnsviðskiptum milli landa, koma á fót gjaldeyrismörkuðum og efla sjálfstæði Seðlabanka Íslands. Allt eru þetta

verkefni sem unnið hefur verið að og undirbúin hafa verið undanfarin misseri. Þessar skipulagsbreytingar miða að því að setja atvinnu- og efnahagslífinu sanngjarnar leikreglur, undirbúa það undir nánari tengsl við Evrópu og tryggja stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Fátt er iðnaðinum mikilvægara.

Ríkisstjórnin mun efla samkeppni og beita sér fyrir setningu laga sem beinast skulu gegn einokun og hringamyndun í viðskiptalífinu.

Nýlega hefur verið sett á laggirnar nefnd til að kanna sérstaklega hagfræðileg tengsl iðnaðar og sjávarútvegs.

Til að þjóðin fái að njóta til fulls afraksturs nýrra atvinnugreina er nauðsynlegt að skapa þeim eðlileg rekstrarskilyrði m.a. með jöfnun starfskjara milli innlendra atvinnugreina, m.a. í skattamálum.

Þátttaka Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu mun hafa í för með sér miklar breytingar í atvinnulífi Íslendinga og kallar á verulegt átak af hálfu hins opinbera til þess að lagfæra starfsskilyrði innlendra útflutnings- og samkeppnisgreina þannig að þeim verði búin sambærileg skilyrði og erlendir keppinautar njóta. Íslenskt atvinnulíf stendur ekki undir viðunandi lífskjörum nema það fái þrifist í alþjóðlegri samkeppni sem fer síharðnandi. Unnið verður að því að efla og þróa innlendan fjármagnsmarkað þannig að samkeppni milli stofnana tryggi atvinnulífinu greiðan aðgang að fjármagni og trausta en um leið hagkvæma fjármálaþjónustu. Það getur ráðið úrslitum um samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum.

Afnám frekari hafta á þessu sviði er því brýnt hagsmunamál innlendra fyrirtækja. Reglur um fjármálastarfsemi verða samræmdar alþjóðlegum reglum til að jafna sem mest samkeppnisaðstöðu innlendra og erlendra fjármálastofnana. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði og væntanlegur GATT-samningur skuldbindur stjórnvöld til þess. Í framtíðinni getur þetta líka gefið Íslendingum tækifæri til að selja alþjóðaþjónustu á þessu sviði.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir eflingu innlends hlutabréfamarkaðar. Hann gegnir æ mikilvægara hlutverki fyrir íslensk atvinnufyrirtæki sem uppspretta fjármagns. Til að skapa nauðsynlegt traust og eðlilega verðmyndun á markaðnum er brýnt að skrá hlutabréf í fleiri hlutafélögum en nú er á Verðbréfaþingi Íslands og að hlutabréfaviðskipti fari þar fram í auknum mæli.

Aðild okkar að sameiginlegum innri markaði Vestur-Evrópuþjóða fylgir einnig full samræming á þeirri löggjöf og reglum sem fjallar um viðskipti og samræmingu á starfsskilyrðum atvinnufyrirtækja.

Leikreglur á hinum almenna vinnumarkaði grundvallast á hálfrar aldar gömlum lögum. Þessi lög þarf að færa til nútímans í samráði við þá aðila sem málið er skyldast.

Framangreindar breytingar munu vafalaust leiða til fjölgunar almenningshlutafélaga og víðtækari þátttöku sparifjáreigenda í beinni fjármögnun atvinnulífsins. Þá munu erlend eigendaframlög til fyrirtækja í vaxandi mæli koma í stað erlends lánsfjár.

Unnið hefur verið að athugun á breytingum á skattlagningu fyrirtækja í því skyni að færa hana í svipað horf og í samkeppnisríkjunum í Vestur-Evrópu og upptöku jöfnunargjaldskerfis á erlenda iðnaðarframleiðslu sem nýtir niðurgreiddar landbúnaðarafurðir sem hráefni.

Til að forðast neikvæð áhrif á atvinnulífið þarf skattkerfið að vera einfalt, skilvirkt og hlutlaust í þeim skilningi að það mismuni ekki framleiðsluþáttum og atvinnugreinum. Með auknu frjálsræði í gjaldeyris- og utanríkisviðskiptum er nauðsynlegt að samræma skattlagningu hér á landi gildandi reglum í öðrum löndum.

Tekjuskattshlutfall fyrirtækja þarf að lækka til samræmis við það sem gerist í viðskiptalöndum okkar en í þeim hefur það lækkað mikið á undanförnum árum. Samhliða þarf að endurskoða skattstofninn þannig að breytingin hafi ekki í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð. Stefnt er að lækkun eignaskatta á fyrirtæki og í staðinn komi samræmd skattlagning eigna og fjármagnstekna hjá eigendunum eftir því sem við á. Tryggingagjald atvinnurekenda þarf að

samræma þannig að atvinnugreinum sé ekki mismunað. Aðstöðugjald leggist niður og sanngjarnari skattar komi í staðinn.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að starfsskilyrði íslenskrar iðnaðarframleiðslu verði jafngóð eða betri en almennt gerist í öðrum ríkjum hins fyrirhugaða sameiginlega markaðssvæðis í Evrópu.

Staðlar.

Fyrir árslok 1992 verða aðildarríki Evrópubandalagsins orðin að efnaðasta og jafnframt einu kröfuharðasta markaðssvæði í heiminum þar sem staðlar kveða á um eiginleika vöru og hvernig sýnt skuli fram á að hún standist þær kröfur sem til hennar eru gerðar. Vegna aðildar Íslands og annarra EFTA-ríkja ásamt aðildarríkjum Evrópubandalagsins að evrópsku staðlasamböndunum munu sömu staðlar gilda um alla Vestur-Evrópu. Með því móti er dregið úr viðskiptahindrunum. Ríkisstjórnin leggur áherslu á notkun alþjóðlegra staðla hér á landi og ráðuneyti munu í auknum mæli vísa í þá í stað þess að setja ítarlegar reglugerðir um tæknileg málefni.

Unnið er að upptöku sameiginlegra iðnaðarstaðla og gagnkvæmrar viðurkenningar á vottun og prófun iðnaðarvara.

Flutt hefur verið frumvarp til laga um Staðlaráð Íslands og því að Staðlaráðið verði gert að sjálfstæðu hlutafélagi. Þá eru Staðlaráð og Iðntæknistofnun meðal hluthafa í Vottun h.f. sem ætlað er að veita vottunarþjónustu hér á landi.

Gæðastjórnun.

Íslendingar geta eins og aðrar þjóðir náð verulegum árangri með aðferðafræði gæðastjórnunar. Nauðsynlegt er að leggja aukna áherslu á gæði, gæðakerfi og gæðastjórnun í iðnaðarframleiðslu. Styrkja þarf innra starf fyrirtækjanna varðandi aðlögun framleiðslu og gæðakerfa að evrópskum stöðlum. Um það þarf að nást víðtækt samstarf stjórnvalda, hagsmunasamtaka, félaga atvinnulífsins og menntastofnana. Einungis með því móti getur innlendur iðnaður staðist samkeppni á sífellt kröfuharðari markaði. Víðtæk notkun staðla munu auðvelda þetta starf.

Viðurkenningar, prófanir og eftirlit.

Af hálfu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytanna hefur verið unnið að því að koma á fót hér á landi faggildingu, eða accrediteringu.

Ýmsar skyldubundnar prófanir og eftirlit sem fer fram eftir vel skilgreindum aðferðum, til dæmis í stöðlum, má fela einkaaðilum og samræmist það reyndar mjög vel hinu nýja umhverfi staðla og vottunar sem er að komast á í Evrópu. Sama á við um margs konar eftirlitsstarfsemi og ráðgjafarþjónustu.

Með öllu þessu verður stuðlað að öflugra eftirliti með gæðum vöru og þjónustu sem kemur neytendum til góða og er nauðsynlegt til að íslensk framleiðsla eigi aðgang að erlendum mörkuðum.

Nýting íslenskrar sérstöðu.

Unnið er að því að nýta þá sérstöðu sem landið hefur að bjóða til framleiðslu iðnvarnings. Sú sérstaða getur verið margvísleg, s.s. vegna orku, hráefna, sérþekkingar eða umhverfis.

Í sjávarútvegi eru fólgnir möguleikar þar sem áratuga sérþekking og reynsla gefur sérstök tækifæri. Sem dæmi má nefna framleiðslu fyrir fiskveiðar og fiskvinnslu, s.s. toghlera, fiskikör, vogir og flæðilínur.

Í þessu sambandi má nefna vinnslu og pökkun á fersku vatni til útflutnings, sem vikið verður að síðar.

Einnig má nefna kynningu á þeim möguleikum sem felast í notkun jarðhita til iðnaðarframleiðslu. Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar og Orkustofnun eru að taka saman kynningarefni um jarðhita á Íslandi, eiginleika hans, verð o.fl. til að nota til kynningar á möguleikum í þessu efni. Málið hefur m.a. verið kynnt iðnaðardeild Evrópubandalagsins. Í haust verður haldin hér á landi alþjóðleg ráðstefna um þetta efni, sem ýmsir íslenskir aðilar standa að, þar á meðal iðnaðarráðuneytið. Þetta mun vera fyrsta ráðstefna um nýtingu jarðhita til iðnaðar sem haldin hefur verið.

Menntunarmál.

Framfarir í verkmenntun eru ein aðalforsenda þess að við náum góðum árangri. Gæðakröfur eru sífellt að aukast. Framfarir í notkun efna og tækja gera sífellt meiri kröfur um staðgóða undirstöðumenntun, þjálfun og símenntun. Með Evrópusamningum opnast íslenskum iðnaðarmönnum auknir möguleikar til atvinnu á samningssvæðinu. Menn verða frjálsari að því að dvelja og starfa í þeim ríkjum sem aðilar verða að EES-samstarfinu. Þannig mun gefast tækifæri til að öðlast nýja reynslu og miðla af nýrri þekkingu. Þannig mun ný tækniþekking berast til landsins og auðga verkmenntun Íslendinga.

Ýmis sérgreinasamtök iðnaðarins hafa unnið mikilvægt starf við að byggja upp öfluga menntun í sínum greinum. Má þar nefna rafiðngreinar og prentiðn. Taka þarf málefni verkmenntunar sérstaklega til athugunar. Nauðsynlegt er að bæta tengsl atvinnulífs, skóla og rannsóknastofnana til að menntun verði markviss og hagnýt.

Rannsóknir, þróun og nýsköpun.

Öflugt og skilvirkt rannsókna- og þróunarstarf í iðnaði er gífurlega mikilvægt. Nýlega hefur verið skipuð nefnd sem situr á rökstólum til að meta hvort núverandi skipulag þeirra rannsóknastofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið, þ.e. Iðntæknistofnunar, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Orkustofnunar, skili atvinnulífinu árangri í samræmi við þá fjármuni sem til stofnananna er varið. Ýmislegt bendir til þess að verkefni stofnananna skarist á sumum sviðum og nauðsynlegt er að hagræða reglulega í rekstri þeirra til að þær nái sem bestum árangri á hverjum tíma.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á gagnsemi þess að innlend fyrirtæki taki þátt í samstarfsverkefnum í rannsóknum og þróun með erlendum fyrirtækjum. Hér má nefna EUREKA-áætlunina og Brite-Euram-áætlunina. Atvinnustefna stjórnvalda hefur að markmiði að örva nýsköpun í atvinnulífinu, jafnt í smáum sem stórum fyrirtækjum og jafnt í margvíslegri framleiðslustarfsemi sem í þjónustu. Auðvelda þarf stofnun nýrra fyrirtækja, auka fjölbreytni í starfsmöguleikum fólks og aðstoða atvinnulífið við að laga sig að breyttum ytri aðstæðum.

Nýsköpun í atvinnulífinu þarfnast stuðnings hins opinbera á komandi árum. Af hálfu stjórnvalda hefur verið stutt við vöruþróunar- og markaðsstarfsemi með starfi sérstakrar deildar hjá Iðnlánasjóði, og í sumum tilvikum með beinum styrkjum. Búast má við að breytingar í markaðsumhverfi verði örar og líftími framleiðsluvöru styttist. Því þarf að taka skipulag stuðningsaðgerða hins opinbera til endurskoðunar og er nú unnið að því.

Talsverðu fé hefur verið varið til þess að örva nýsköpun með ýmsum hætti. Þar má nefna verkefni sem Iðntæknistofnun hefur haft forgöngu um og miðar að markvissari vinnubrögðum við þróun nýrra framleiðsluvara. Fé hefur verið veitt til þessa af fjárlögum og fjárfestingarsjóðir iðnaðarins hafa stutt þau myndarlega. Nýjasta verkefnið af þessu tagi nefnist „Snjallræði“ og er markmið þess að þróa snjallar uppfinningar frá hugmynd til góðrar markaðsvöru.

Iðnaðarráðuneytið hefur látið taka saman bækling þar sem lýst er ráðgjafarþjónustu fyrir frumkvöðla í atvinnulífi hjá ríki, sveitarfélögum og samtökum atvinnulífsins. Þessu riti verður á næstunni dreift til fyrirtækja, samtaka og einstaklinga.

Samstilltar aðgerðir ríkis og sveitarfélaga geta stuðlað að stofnun smáfyrirtækja. Með námskeiðahaldi og aukinni þjónustu ráðgjafar- og tæknistofnana má styrkja frumkvöðla til að reyna nýjar atvinnuhugmyndir. Mikilvægt er einnig að nýsköpunarstarfið sé öflugt í grónum fyrirtækjum og njóti þannig tækniþekkingar þeirra og markaðskunnáttu og síðast en ekki síst þess drifkrafts sem er forsenda atvinnurekstrar. Hvatning verður því veitt til fyrirtækja sem leggja mikla áherslu á rannsóknar- og þróunarstarf.

Ein af þeim aðferðum sem beitt hefur verið erlendis til að örva nýsköpun er að stofna sérstaka tæknigarða. Rekstur þeirra hefur víða tekist vel. Hér á landi er þegar til vísir að tæknigarði með byggingu samnefnds húss við Háskóla Íslands í samstarfi nokkurra aðila.

Ef við lítum á þróun síðustu ára er áberandi að frumkvöðlar í iðnrekstri hafa komið úr hópi iðnmeistara sem öðlast hafa reynslu í iðngrein sinni en síðan fært út kvíarnar jafnt á skyldum sem óskyldum sviðum. Þessir menn hafa frá upphafi starfsferils síns stefnt að því að vera með sjálfstæðan rekstur og taka þá áhættu og ábata sem því er samfara.

Vaxandi hluti ungs fólks stundar nú langskólanám. Svo virðist sem margt ungt fólk með langskólanám að baki sé tregara til að taka þá áhættu sem sjálfstæðum rekstri fylgir og er það vissulega íhugunar og áhyggjuefni. Í samstarfi við skóla og samtök atvinnulífsins er nauðsynlegt að athuga hvernig stuðla megi að auknu framtaki til nýsköpunar í atvinnulífinu.

Samstarf fyrirtækja.

Leitað verður samvinnu við aðrar Evrópuþjóðir um ráðgjafarstörf og verkefni á sviði jarðvarma og tengdra greina erlendis, ekki síst í nýfrjálsum löndum Mið- og Austur-Evrópu, þar sem Íslendingar njóta velvildar.

Á vegum Evrópubandalagsins hefur verið unnið að því að hvetja smá og meðalstór fyrirtæki til samstarfs í framleiðslu og markaðsmálum. Á síðasta ári gerðust Íslendingar aðilar að sérstöku átaki á því sviði, upplýsingakerfi sem nefnist BC-net. Það byggir á því að finna fyrirtækjum samstarfsaðila með tölvuskráningu og tölvuleit. Iðntæknistofnun hefur tekið að sér að hafa umsjón með þessu starfi af Íslands hálfu og hefur stofnunin komið sér upp nauðsynlegum tölvubúnaði til þess.

Þátttaka í samstarfi af þessu tagi getur bætt stöðu íslensks iðnaðar á marga lund og aflað honum verðmætrar þekkingar á tækniþróun og hugsanlega með nýjum viðskiptasamböndum.

Samstarf fyrirtækja innanlands til að nýta sérþekkingu og styrkja samkeppnisaðstöðu er nauðsynlegt. Reynsla erlendis t.d. á Ítalíu sýnir að slík samvinna getur skilað miklum árangri. Fyrirtæki í málmiðnaði hérlendis hafa tekið upp samstarf sín í milli og ýmis samtök iðnaðarins hafa hvatt til þess. Iðnaðarráðuneytið telur þetta mikilvæga og jákvæða þróun og mun leitast við að styðja slík verkefni.

Vaxtarsvæði á landsbyggðinni.

Brýnasta hagsmunamál landsbyggðarinnar er að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar búi við sanngjörn kjör, stöðugleika og heilbrigð rekstrarskilyrði. Ríkisstjórnin mun með almennum aðgerðum styðja viðleitni til uppbyggingar iðnaðar og þjónustu á vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar og greiða fyrir varanlegri aðlögun að breyttum atvinnuháttum og markaðsskilyrðum. Í fyrri hluta þessarar skýrslu kemur fram að fjölgun fyrirtækja og ársverka í iðnaði hefur verið hlutfallslega meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að stutt verði við þá þróun. Efling vaxtarsvæða með bættum samgöngum og aukinni samvinnu sveitarfélaga og fyrirtækja innan þeirra er í senn hornsteinn árangursríkrar byggðastefnu og almennrar atvinnu- og efnahagsstefnu á næstu árum.

Stuðningur iðnaðarráðuneytisins og stofnana þess hefur að sjálfsögðu nýst fyrirtækjum í öllum landshlutum. Á vegum ráðuneyta og stofnana þeirra hefur að undanförnu verið gerð tilraun til að færa verkefni á sviði tölvuvinnslu til fjarvinnslustofa á landsbyggðinni.

Orka og iðnaður.

Nýting orkulinda.

Náttúrulegur auður Íslendinga felst einkum í orkulindum, fiskstofnum og gróðri landsins. Síðastnefndu auðlindirnar eru fullnýttar og í sumum tilfellum er of nærri þeim gengið. Ísland býr hins vegar yfir orkulindum sem eru að miklu leyti ónýttar. Nýting orkulindanna á grundvelli þekkingar og menntunar mun færa með sér fjölbreytta atvinnu og öruggar tekjur.

Ríkisstjórnin mun láta semja áætlun um nýtingu orkulindanna næstu áratugi. Í henni þarf meðal annars að skilgreina æskilega nýtingarkosti fyrir orku m.t.t. til þjóðhagslegra þátta, atvinnu og búsetu. Nauðsynlegt er að benda á leiðir til að lækka virkjunarkostnað á sama tíma og gætt er fyllstu umhverfisverndar.

Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á víðtækari nýtingu orkulinda landsins í þágu orkufreks iðnaðar. Orkufrekur iðnaður er mikilvægur þáttur í atvinnulífinu og uppbygging hans er því forgangsverkefni en ríkisstjórnin mun jafnframt leggja áherslu á framtíðaruppbyggingu og eflingu almenns iðnaðar. Með því móti eru einnig sköpuð hagstæð skilyrði fyrir almennan iðnað, bæði vegna framkvæmda og efnahagsbata sem fylgja uppbyggingu stóriðju og þeirrar margvíslegu þjónustu iðnfyrirtækja sem stóriðjufyrirtækin þurfa á að halda eftir að starfsemi þeirra hefst. Þannig styður uppbygging stóriðju vöxt almenns iðnaðar.

Áfram verður haldið á þeirri braut að fá erlenda aðila til samstarfs um frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar.

Í samvinnu við heimamenn verður þess freistað að byggja upp orkufrekan iðnað víðar á landinu en nú er. Hafið er samstarf við samtök sveitarfélaga í því skyni að undirbúningur á heimaslóð verði markvissari og kynning fyrir hugsanlegum erlendum samstarfsaðilum betri. Með tilkomu Fljótsdalsvirkjunar vegna Atlantsálsverksmiðjunnar og raflínu frá henni um Norðurland til Suð-Vesturlands styrkist raforkukerfi landsins til muna og unnt verður að koma víðar en nú upp orkufrekum iðnaði án mikils tilkostnaðar við aðflutning raforkunnar.

Unnið er að víðtækum athugunum á útflutningi raforku um sæstreng í samstarfi við erlenda aðila. Með aðild að Orkusáttmála Evrópu verður staða Íslendinga öruggari á orkumarkaði álfunnar. Þá er vandlega fylgst með þróunarstarfi varðandi framleiðslu tilbúins eldsneytis s.s. vetnis.

En það er víðar orka en í fallvötnum og jarðhita. Jan Mayen svæðið er sá hluti efnahagslögsögu okkar þar sem mestar líkur eru á að finna megi olíu. Á síðasta áratug var unnið að rannsóknum á Jan Mayen hryggnum. Þessar rannsóknir voru í samvinnu Íslendinga og Norðmanna.

Af hálfu iðnaðarráðuneytisins og olíu- og orkuráðuneytisins í Noregi hafa verið lagðar fram hugmyndir um leiðir til þess að halda þessum rannsóknum áfram, einkum til að vekja áhuga olíufélaga á þeim. Unnið verður að málinu á næstunni í samstarfi þjóðanna.

Iðnaðarráðuneytið hugar nú að því í samstarfi við orkusölufyrirtækin að auka nýtingu innlendra orkulinda, bæði til iðnaðar og almennra nota. Í því sambandi eru t.d. athugaðir nýir nýtingarkostir og möguleikar á sérkjörum fyrir orku til nýrra fyrirtækja sem nota hlutfallslega mikla raforku eða þar sem rafmagn leysir innflutta orkugjafa af hólmi.

Skipa- og málmiðnaður.

Að undanförnu hefur verið unnið að því að auka samkeppnishæfni iðnfyrirtækja sem eiga í erfiðleikum í harðri samkeppni við erlenda keppinauta svo sem í skipaiðnaði, þar sem verulegar niðurgreiðslur tíðkast á smíðakostnaði keppinautanna. Ríkissjóður Íslands hefur ekki bolmagn til að keppa við ríkissjóði stærri og efnaðri ríkja, en hefur þó veitt skipaiðnaðinum ýmis konar stuðning.

Á árinu 1989 var skipuð nefnd hagsmunaaðila undir forystu iðnaðarráðuneytisins til að athuga samkeppnisstöðu skipasmíðaiðnaðarins og koma með tillögur til úrbóta. Í tengslum við störf nefndarinnar hefur verið hrundið af stað tveimur verkefnum í skipasmíðaiðnaði, annars vegar framleiðniátaki og hins vegar markaðsátaki. Er það mat þeirra aðila sem hafa tekið þátt í þessum verkefnum að þau hafi þegar skilað nokkrum árangri.

Iðnaðarráðuneytið hefur varið umtalsverðum fjármunum til aðgerða m.a. í framhaldi af svokallaðri Appledore-skýrslu, þar sem gerð var úttekt á íslenskum skipaiðnaði.

Frá því á árinu 1989 hefur verið í gangi sérstakt samstarfsverkefni samtaka í málmiðnaði og iðnaðarráðuneytisins sem ber heitið Málmur 92. Verkefnið beinist að því að búa málmiðnaðarfyrirtækin undir aukna samkeppni á öllum sviðum, ekki síst þegar innri markaður Vestur-Evrópuríkja tekur gildi.

Huga þarf að því hvernig best verði staðið að fyrirsjáanlegri endurnýjun fiskiskipaflotans á næstu árum. Sett hefur verið á laggirnar nefnd til að meta endurnýjunarþörf hans. Styðja þarf við nýsköpun í gerð og búnaði fiskiskipa. Ráðuneytið mun styðja undirbúning nýrra verkefna eins og það hefur þegar gert s.s. með hönnunarstyrkjum. Með breytingum á útlánareglum Fiskveiðasjóðs hefur verið stuðlað að því að auka innlenda nýsmíði. Nýlegar lagabreytingar auðvelda erlendum fiskiskipum að sækja hingað þjónustu. Þörf er markaðsátaks á því sviði.

Vatnsútflutningur.

Vegna vatnsútflutnings verður mótuð stefna og settar reglur um nýtingu auðlindarinnar, meðal annars reglur um gæða- og heilbrigðiskröfur og verndun vatnsbóla og mörkuð stefna í uppbyggingu greinarinnar.

Gerð hefur verið skýrsla á vegum iðnaðarráðuneytisins um möguleika á sviði vatnsútflutnings og hvers gæta þarf í undirbúningi vatnspökkunar. Skýrslunni hefur verið dreift til sveitarstjórna og fleiri aðila en þegar hafa nokkur fyrirtæki hafið útflutning á vatni í neytendapakkningum.

Mikilvægt er að fylgja ströngum gæðastaðli um drykkjarvatn sem leyfilegt er að selja úr landi þannig að vatninu sé tryggt það orðspor að um vöru í hæsta gæðaflokki sé að ræða.

Matvælaiðnaður.

Matvælaiðnaður er undirstaða hagkerfis okkar. Hann stendur nú á tímamótum sökum breyttrar markaðsaðstæðna og fjölgunar frystitogara. Mikilvægt er að finna ný verkefni fyrir þá framleiðslugetu í matvælaiðnaði sem nú er víða ónotuð og verður að því unnið en þar er um að ræða flókið verkefni sem meðal annars kallar á aukna þekkingu og þjálfun starfsfólks og verulegt markaðsstarf. Leggja þarf megináherslu á gæðastjórnun í íslenskum matvælaiðnaði. Með EES-samningunum batnar samkeppnisstaða íslensks matvælaiðnaðar á nokkrum sviðum.

Ýmis iðnaður.

Á síðasta ári var sett á fót sérstakt verkefni til að bæta samkeppnishæfni í húsgagnagerð og tréiðnaði. Verkefnið verður meðal annars sniðið eftir samstarfsverkefni málmiðnaðarfyrirtækjanna og munu fyrirtæki, starfsfólk og samtök í tréiðnaði taka þátt í því með nokkrum stuðningi iðnaðarráðuneytisins.

Með stuðningi stjórnvalda hafa risið ný fyrirtæki í ullariðnaði, sem byggja á búnaði og reynslu Álafoss.

Hugbúnaðariðnaður er gott dæmi um atvinnugrein sem verið hefur í örum vexti á Íslandi undanfarin ár. Á ákveðnum sviðum hans þar sem Íslendingar njóta þekkingar og sérstöðu sinnar ættu þeir að geta náð mjög langt.

Ýmsar aðstæður hérlendis, s.s. fiskúrgangur og hveraörverur veita möguleika á uppbyggingu líftækniiðnaðar. Þegar hefur verulegur árangur náðst m.a. með þátttöku íslenskra vísindamanna og fyrirtækja í norrænu samstarfi.

Settar hafa verið reglur um frísvæði. Nú er hafið samstarf ráðuneyta iðnaðar, fjármála og utanríkismála um undirbúning frísvæðis í nágrenni Keflavíkurflugvallar fyrir framleiðslu og þjónustu til útflutnings og á vegum iðnaðarráðuneytis hefur verið gerð skýrsla um frísvæði þar. Nú er unnið að öflun verkefna fyrir frísvæði á Íslandi.

Horft til framtíðar.

Útflutningur.

Íslenski markaðurinn fyrir iðnaðarvöru er smár í sniðum og því er mikilsvert að skapa útflutningsmarkað fyrir sem flestar framleiðslugreinar. Að þessu hefur verið unnið meðal annars með ötulli forystu Útflutningsráðs og má sérstaklega nefna sölu á íslenskri iðnaðarvöru til Færeyja og Grænlands, sem skapa íslenskum iðnfyrirtækjum verulega búbót. Markaðsstarf erlendis fyrir ýmsar útgerðarvörur, svo sem vogir og fiskkör, lofar góðu ef tekst að halda hér stöðugu efnahagsumhverfi samfara aukinni framleiðni iðnfyrirtækjanna.

Evrópska efnahagssvæðið.

Með EES-samningunum er íslenskum fyrirtækjum stórlega auðvelduð umsvif á stærsta og auðugasta markaði á jörðinni. Sérhæfð íslensk framleiðsla og þjónusta mun í auknum mæli finna sér markað erlendis. Íslenskur fiskiðnaður fær tækifæri til að þróast í átt til aukinnar verðmætasköpunar og útflutnings á fullbúnum fiskmáltíðum eða fullunnum matvælum. Samkeppni mun aukast og framleiðni og skilvirkni í atvinnulífinu mun taka miklum framförum. Samkeppnis- og einokunareftirlit mun koma í stað verðlagseftirlits. Bankar og tryggingafélög munu starfa eftir sömu reglum hér á landi og gilda í öðrum ríkjum efnahagssvæðisins. Íslenskur fjármagnsmarkaður mun tengjast fjármagnsmarkaði Evrópu nánum böndum. Erlend fyrirtæki munu auka starfsemi hér á landi en íslensk fyrirtæki munu einnig auka starf sitt á erlendri grundu. Samvinna íslenskra og erlendra fyrirtækja mun aukast á sviði viðskipta, vöruþróunar og rannsókna. Sama á við um samvinnu rannsókna- og menntastofnana.

Iðnaður og umhverfisvernd.

Miklar líkur eru á því að næsta hagvaxtarskeið í heiminum muni ekki síst byggjast á því að finna nýjar aðferðir til að gera framleiðslustarfsemi iðnaðarins óskaðlega umhverfinu og að byggja upp stórvirka tækni til hreinsunar þess. Á því sviði eiga Íslendingar að geta haslað sér völl með kunnáttu sinni í notkun hreinna orkugjafa og líftækni.

Fyrirtæki sem ekki lúta fyllstu kröfum umhverfisverndar munu fara halloka í samkeppni á markaði.

Fjárfesting í nauðsynlegum búnaði og tækni mun reynast arðvænleg, bæði vegna þess að á þennan hátt má spara efni og annan tilkostnað og neytendur á Vesturlöndum munu í auknum mæli gera kröfur til þess að vörur séu ekki skaðlegar umhverfinu.

Iðnaður og umhverfisvernd verða bandamenn í framtíðinni.

Tafla 1 Magnvísitala vergra þáttatekna eftir atvinnugreinum 1973-1989.

1980=100	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
1 Landbúnaður og fiskveiðar	71,5	75,7	78,6	73,4	79,4	91,0	89,0
3 Iðnaður	67,4	67,7	67,5	74,9	85,0	86,4	92,5
30 Fiskiðnaður	53,7	55,2	57,5	65,0	75,2	76,5	86,6
31 Matvælaiðnaður án fiskiðnaðar	82,8	83,6	82,6	86,8	95,5	99,6	102,5
32 Vefjariðnaður, skógerð, fatagerð o.fl.	70,3	69,4	72,9	82,1	88,9	86,0	91,0
33 Trjávöruiðnaður	62,6	71,5	64,5	69,5	80,7	104,8	95,6
34 Pappírsiðnaður	81,1	78,2	81,7	90,6	109,4	105,4	98,9
35 Efnaiðnaður	82,7	85,3	82,2	90,5	93,8	94,0	100,9
36 Steinefnaiðnaður	93,8	101,5	87,9	92,3	92,3	84,0	86,5
37 Ál- og kísiljárnframleiðsla	85,2	81,7	70,5	77,9	84,5	87,9	92,5
38 Málmiðnaður	71,8	66,3	69,3	78,3	92,2	88,2	97,7
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	47,0	47,2	48,5	56,6	76,4	73,5	99,3
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar	76,2	75,8	73,9	81,3	91,4	92,8	96,3
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar og stóriðju	74,8	74,9	74,5	81,8	92,5	93,6	96,8
4 Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	63,7	63,1	70,2	75,4	78,8	84,7	94,5
5 Byggingarstarfsemi	103,6	98,9	96,1	107,6	102,6	96,9	89,8
6 Verslun, veitinga- og hótelrekstur	85,0	91,4	83,4	84,8	93,6	99,4	97,5
7 Samgöngur	79,6	86,5	83,6	86,5	94,0	104,5	107,0
8 Peningastofnanir	64,0	67,7	73,1	81,1	83,3	87,9	94,6
9 Ýmis þjónustustarfsemi	76,5	79,3	84,0	90,8	92,3	98,2	102,1
Starfsemi fyrirtækja alls	74,8	77,2	77,7	82,4	87,6	92,3	94,6
Starfsemi hins opinbera	68,9	73,5	81,6	86,4	88,0	91,2	96,0
Önnur starfsemi	61,8	69,0	75,0	78,0	82,3	90,8	98,7
Starfsemi alls	73,8	76,6	78,2	82,9	87,6	92,1	94,9
Frádr.: Reiknuð bankaþjónusta	55,7	61,0	73,8	81,6	82,1	87,8	94,8
Samtals	74,7	77,3	78,4	83,0	87,9	92,3	94,9

Tafla 1, frh. Magnvísitala vergra þáttatekna eftir atvinnugreinum 1973-1989.

1980=100	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
1 Landbúnaður og fiskveiðar	100,0	101,0	97,6	87,6	98,2	115,0	116,4
3 Iðnaður	100,0	103,3	99,5	93,2	99,9	100,8	105,8
30 Fiskiðnaður	100,0	106,4	94,3	79,9	85,3	82,7	90,8
31 Matvælaiðnaður án fiskiðnaðar	100,0	101,9	110,1	110,6	126,0	130,7	136,2
32 Vefjariðnaður, skógerð, fatagerð o.fl.	100,0	95,9	95,4	91,0	96,7	106,9	95,3
33 Trjávöruiðnaður	100,0	98,4	103,0	88,1	95,1	96,2	92,5
34 Pappírsiðnaður	100,0	101,2	104,1	114,1	112,9	121,2	138,3
35 Efnaiðnaður	100,0	97,2	100,0	108,9	130,2	134,8	135,4
36 Steinefnaiðnaður	100,0	87,1	92,5	94,3	97,5	90,7	90,2
37 Ál- og kísiljárnframleiðsla	100,0	103,1	108,4	113,3	122,4	114,9	120,9
38 Málmiðnaður	100,0	108,2	102,3	93,3	97,9	102,5	110,6
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	100,0	114,6	101,8	124,4	128,2	134,0	127,8
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar	100,0	101,3	102,8	101,8	109,3	112,4	115,4
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar og stóriðju	100,0	101,1	101,9	100,0	107,2	112,0	114,6
4 Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	100,0	105,8	117,3	134,4	144,6	149,5	155,5
5 Byggingarstarfsemi	100,0	99,5	105,7	102,4	106,3	102,7	105,9
6 Verslun, veitinga- og hótelrekstur	100,0	109,7	115,6	108,0	113,3	118,7	128,5
7 Samgöngur	100,0	104,3	104,8	109,4	116,2	124,6	135,6
8 Peningastofnanir	100,0	104,6	111,5	117,7	127,2	136,5	144,2
9 Ýmis þjónustustarfsemi	100,0	104,5	112,2	117,2	120,2	128,8	137,6
Starfsemi fyrirtækja alls	100,0	103,8	106,1	104,5	111,8	118,1	124,3
Starfsemi hins opinbera	100,0	107,6	110,8	116,2	119,7	125,8	133,4
Önnur starfsemi	100,0	112,0	120,8	123,5	131,0	140,8	151,0
Starfsemi alls	100,0	104,4	106,9	106,3	113,1	119,4	125,8
Frádr.: Reiknuð bankaþjónusta	100,0	103,4	106,7	112,3	128,2	143,0	160,4
Samtals	100,0	104,5	106,9	106,0	112,4	118,3	124,2

Tafla 1, frh. Magnvísitala vergra þáttatekna eftir atvinnugreinum 1973-1989.

1980=100	1987	1988	1989
1 Landbúnaður og fiskveiðar	119,0	122,5	118,8
3 Iðnaður	114,1	105,5	101,9
30 Fiskiðnaður	95,6	83,7	81,3
31 Matvælaiðnaður án fiskiðnaðar	142,4	141,2	135,2
32 Vefjariðnaður, skógerð, fatagerð o.fl.	96,1	76,3	71,2
33 Trjávöruiðnaður	112,1	108,0	100,9
34 Pappírsiðnaður	140,4	141,0	140,1
35 Efnaiðnaður	144,4	142,6	140,8
36 Steinefnaiðnaður	109,7	112,0	103,5
37 Ál- og kísiljárnframleiðsla	127,0	129,4	138,3
38 Málmiðnaður	129,7	113,1	100,5
39 Ýmiss iðnaður og viðgerðir	149,1	151,4	157,6
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar	126,1	119,6	115,3
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar og stóriðju	126,0	118,1	111,7
4 Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	157,5	164,7	168,6
5 Byggingarstarfsemi	120,5	118,8	119,1
6 Verslun, veitinga- og hótelrekstur	149,0	144,5	136,8
7 Samgöngur	148,8	146,7	144,1
8 Peningastofnanir	153,6	160,0	161,0
9 Ýmis þjónustustarfsemi	150,8	156,9	153,3
Starfsemi fyrirtækja alls	134,4	133,9	131,5
Starfsemi hins opinbera	145,1	154,2	157,7
Önnur starfsemi	163,5	180,5	185,6
Starfsemi alls	136,1	137,1	135,6
Frádr.: Reiknuð bankaþjónusta	167,7	180,9	177,0
Samtals	134,7	135,1	133,7

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 2 Hlutfallsleg skipting vergra þáttatekna eftir atvinnugreinum 1973-1989.

%	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
1 Landbúnaður og fiskveiðar	13,0	13,7	12,3	12,0	14,1	14,8	14,4	13,8
3 Iðnaður	21,6	17,3	18,3	20,3	20,5	19,3	21,3	21,2
30 Fiskiðnaður	8,5	4,8	6,4	7,5	7,7	7,3	8,9	8,3
31 Matvælaiðnaður án fiskiðnaðar	2,1	1,7	2,1	2,2	2,1	1,7	1,5	1,8
32 Vefjariðnaður, skógerð, fatagerð o.fl.	1,7	1,5	1,5	1,5	1,7	1,6	1,7	1,8
33 Trjávöruiðnaður	1,5	1,6	1,5	1,4	1,3	1,4	1,3	1,4
34 Pappírsiðnaður	1,6	1,5	1,4	1,4	1,6	1,6	1,5	1,4
35 Efnaiðnaður	1,0	0,9	1,0	1,0	0,9	0,9	1,1	0,9
36 Steinefnaiðnaður	0,9	1,0	0,9	1,0	0,9	0,8	0,7	0,7
37 Ál og kísiljárnframleiðsla	1,3	1,0	0,6	1,2	1,1	1,1	1,5	1,7
38 Málmsmíði	2,9	3,0	2,8	2,9	3,0	2,5	2,7	2,8
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	0,2	0,2	0,3	0,3	0,3	0,3	0,4	0,4
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar	13,1	12,5	11,9	12,7	12,8	11,9	12,4	12,9
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar og stóriðju	11,8	11,5	11,3	11,5	11,7	10,8	10,9	11,2
4 Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	3,0	2,8	4,0	3,8	3,5	3,5	3,9	4,5
5 Byggingarstarfsemi	12,3	12,8	11,5	11,7	10,9	10,2	8,9	9,3
6 Verslun, veitinga- og hótelrekstur	10,5	10,0	10,2	10,3	9,5	9,5	9,6	10,8
7 Samgöngur	9,7	9,8	11,7	10,5	9,4	9,4	8,3	8,2
8 Peningastofnanir	14,0	15,2	14,7	15,0	14,6	15,1	16,3	16,3
9 Ýmis þjónustustarfsemi	5,2	6,0	5,7	5,5	5,6	5,9	5,5	4,9
Starfsemi fyrirtækja alls	89,4	87,5	88,3	89,0	88,1	87,7	88,2	89,1
Starfsemi hins opinbera	12,3	13,9	13,5	12,7	13,6	14,3	14,4	14,6
Önnur starfsemi	1,0	1,2	1,3	1,3	1,4	1,5	1,6	0,9
Starfsemi alls	102,7	102,6	103,1	103,0	103,1	103,5	104,3	104,6
Frádr.: Reiknuð bankaþjónusta	-2,7	-2,6	-3,1	-3,0	-3,1	-3,5	-4,3	-4,6
Vergar þáttatekjur	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Mismunur uppgjörsaðferða	0,3	2,1	4,4	5,4	7,6	10,4	10,3	9,7
Landsframleiðsla á tekjuvirði	100,3	102,1	104,4	105,4	107,6	110,4	110,3	109,7
Óbeinir skattar	28,8	32,4	33,5	32,2	31,3	30,6	30,6	31,0
Framleiðslustyrkir	4,4	5,5	6,0	4,4	4,0	4,6	5,3	4,3
Landsframleiðsla á markaðsvirði	124,7	129,0	131,9	133,2	135,0	136,5	135,7	136,4

Tafla 2, frh.Hlutfallsleg skipting vergra þáttatekna eftir atvinnugreinum 1973-1989.

%	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
1 Landbúnaður og fiskveiðar	13,1	10,7	10,7	11,2	13,0	13,6	13,2	12,9	12,6
3 Iðnaður	21,0	20,2	18,9	20,3	19,6	20,6	20,5	19,3	18,8
30 Fiskiðnaður	9,0	6,8	5,6	6,0	6,7	7,5	6,7	5,3	5,6
31 Matvælaiðnaður án fiskiðnaðar	2,4	3,2	3,2	3,2	3,3	3,3	3,3	3,5	3,2
32 Vefjariðnaður	1,5	1,5	1,5	1,6	1,5	1,4	1,3	1,1	0,8
33 Trjávöruiðnaður	1,1	1,2	1,0	1,1	0,9	0,9	1,1	1,1	0,9
34 Pappírsiðnaður	1,5	1,6	1,5	1,6	1,7	1,8	1,8	1,8	2,0
35 Efnaiðnaður	0,9	1,2	0,9	1,1	12,1	1,2	1,0	1,1	1,1
36 Steinefnaiðnaður	0,8	1,1	0,9	1,0	0,8	0,9	0,9	0,8	0,8
37 Ál og kísiljárnframleiðsla	0,7	0,6	1,5	2,0	1,0	0,8	1,0	1,2	1,8
38 Málmsmíði	2,8	2,6	2,3	2,2	2,1	2,5	2,2	2,9	2,2
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	0,4	0,4	0,4	0,4	0,5	0,4	0,5	0,5	0,5
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar	12,0	13,4	13,3	14,3	12,9	13,1	13,8	13,9	13,3
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar og stóriðju	11,3	12,8	11,8	12,3	11,9	12,3	12,8	12,7	
4 Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	4,1	4,7	6,9	7,3	6,4	5,2	4,0	4,7	4,7
5 Byggingarstarfsemi	9,5	11,0	8,9	8,8	8,3	8,8	9,1	8,3	8,5
6 Verslun, veitinga- og hótelrekstur	11,5	10,4	12,6	12,3	11,6	11,8	12,1	10,8	11,5
7 Samgöngur	9,0	9,1	9,7	9,5	8,3	8,1	7,8	7,8	7,3
8 Peningastofnanir	15,1	17,6	18,8	16,9	18,0	15,0	16,3	17,9	18,6
9 Ýmis þjónustustarfsemi	4,9	5,8	5,5	5,0	5,8	5,7	6,3	7,2	6,8
Starfsemi fyrirtækja alls	88,2	89,5	92,0	91,4	91,0	88,8	89,3	88,9	88,9
Starfsemi hins opinbera	14,9	15,5	14,4	13,0	13,6	14,2	14,9	15,9	15,5
Önnur starfsemi	0,8	0,9	0,8	0,8	0,9	0,9	0,9	1,1	1,1
Starfsemi alls	103,9	105,9	107,2	105,2	105,5	103,9	105,1	105,9	105,5
Frádr.: Reiknuð bankaþjónusta	-3,9	-5,9	-7,2	-5,2	-5,5	-3,9	-5,1	-5,9	-5,5
Vergar þáttatekjur	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Mismunur uppgjörsaðferða	9,8	11,0	11,6	8,5	9,6	10,5	4,2	4,6	4,5
Landsframleiðsla á tekjuvirði	109,8	111,0	111,6	108,5	109,6	110,5	104,2	104,6	104,5
Óbeinir skattar	32,8	33,7	30,2	31,2	30,0	29,1	29,0	30,2	29,9
Framleiðslustyrkir	4,3	5,1	4,6	3,7	4,0	3,6	3,0	4,0	4,2
Landsframleiðsla á markaðsvirði	138,3	139,6	137,2	135,9	135,6	136,0	130,1	130,8	130,2

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 3 *Ársverk í iðnaði 1970-1989.*

Ársverk	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
31 Matvælaiðnaður án fiskiðnaðar	2.581	2.587	2.657	2.784	2.851	2.809	2.879	2.931	3.155	3.380
32 Veſjariðn., skógerð, fatagerð o.fl.	2.135	2.310	2.330	2.534	2.345	2.124	2.137	2.379	2.405	2.467
33 Trjávöruiðnaður	1.499	1.572	1.624	1.668	1.675	1.789	1.776	1.780	1.897	1.854
34 Pappírsiðnaður	1.406	1.417	1.606	1.610	1.535	1.554	1.525	1.633	1.770	1.759
35 Efnaiðnaður	680	788	771	754	733	778	845	856	904	992
36 Steinefnaiðnaður	636	676	770	704	752	757	802	779	811	830
37 Ál- og kísiljárnframleiðsla	436	486	491	575	615	658	747	685	690	798
38 Málmsmíði	2.802	3.184	3.235	3.083	2.992	3.122	3.170	3.456	3.471	3.445
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	238	259	286	262	312	306	296	296	282	355
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar	12.413	13.279	13.770	13.974	13.810	13.897	14.177	14.795	15.385	15.880
31-39 Iðn. án fiskiðn. og stóriðju	11.977	12.793	13.279	13.399	13.195	13.239	13.340	14.110	14.695	15.082
Ársverk í öllum atvinnugreinum	81.674	85.549	87.788	90.172	93.319	94.848	98.286	98.561	101.515	102.542

Ársverk	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
31 Matvælaiðnaður án fiskiðnaðar	3.399	3.607	3.696	3.720	3.928	4.117	4.310	4.679	4.339	4.321
32 Veſjariðn., skógerð, fatagerð o.fl.	2.551	2.547	2.443	2.420	2.633	2.707	2.632	2.567	2.046	1.711
33 Trjávöruiðnaður	1.824	1.788	1.685	1.621	1.586	1.527	1.437	1.504	1.277	1.102
34 Pappírsiðnaður	1.761	1.763	1.857	1.920	2.014	2.224	2.343	2.426	2.421	2.312
35 Efnaiðnaður	971	1.013	1.045	1.070	1.061	1.168	1.218	1.280	1.199	1.146
36 Steinefnaiðnaður	800	825	899	908	999	981	953	983	973	929
37 Ál- og kísiljárnframleiðsla	860	893	896	839	854	925	841	815	852	871
38 Málmsmíði	3.547	3.487	3.571	3.453	3.439	3.467	3.570	3.708	3.456	3.268
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	333	337	402	443	443	504	436	477	494	535
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar	16.046	16.260	16.494	16.394	16.956	17.620	17.740	18.439	17.057	16.195
31-39 Iðn. án fiskiðn. og stóriðju	15.186	15.367	15.598	15.555	16.102	16.695	16.899	17.624	16.205	15.324
Ársverk í öllum atvinnugreinum	105.937	110.997	114.410	114.923	116.560	120.795	124.655	131.807	127.916	126.062

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 4 *Ársverk í iðnaði eftir landshlutum[1] 1970-1989.*

Ársverk	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Höfuðborgarsvæði	9.295	9.472	9.272	9.213	9.442	9.634	10.094	10.336
Suðurnes	371	373	358	403	383	436	474	484
Vesturland	708	693	711	732	828	814	819	955
Vestfirðir	315	303	309	329	302	394	330	272
Norðurland vestra	347	359	290	362	388	432	459	608
Norðurland eystra	1.677	1.834	1.828	1.754	1.656	1.874	1.980	1.930
Austurland	391	393	381	405	423	447	462	497
Suðurland	687	576	654	704	705	741	786	792

Ársverk	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Höfuðborgarsvæði	10.323	10.193	10.411	10.322	10.529	10.969	11.081	11.668	10.900	10.456
Suðurnes	509	496	561	536	676	644	564	668	556	580
Vesturland	929	1.043	1.012	988	1.055	1.144	1.188	1.123	1.057	988
Vestfirðir	304	346	321	319	358	357	409	385	369	345
Norðurland vestra	646	677	672	709	796	787	730	754	598	525
Norðurland eystra	2.011	2.054	2.104	2.107	2.153	2.228	2.253	2.295	2.106	1.911
Austurland	485	533	529	519	500	498	589	573	537	487
Suðurland	840	916	887	891	891	993	934	976	935	900

Heimild: Hagstofa Íslands og SVÆRAN, svæðaskiptur gagnagrunnur Gylfa Arnbjörnssonar.

Athugasemdir:

1. Reykjavík og nágrannasveitarfélög teljast saman til höfuðborgarsvæðis. Að öðru leyti er fylgt kjördæmaskipan landsins.

Tafla 5 *Fjöldi fyrirtækja í iðnaði[1] eftir landsvæðum 1972-1984.*

	1972	1984	Meðalvöxtur á ári
Miðjusvæði	453	467	0,22%
Suðvesturssvæði	195	225	1,03%
Norðursvæði	72	106	2,80%
Fjarðasvæði	99	123	1,56%

Heimild: Gylfi Arnbjörnsson: Iðnaður og búseta. Reykjavík 1989.

Athugasemdir:

1. Fyrirtæki í fiskiðnaði meðtalin.

Tafla 6 *Framleiðni vinnuafls í iðnaði 1981-1989.*

1980=100	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
31 Matvælaiðnaður án fiskiðnaðar	97,2	99,5	97,4	103,0	103,2	107,0	104,1	108,8	102,5
32 Veſjariðnaður, skógerð, fatagerð o.fl.	96,2	98,4	93,9	91,3	98,4	91,3	92,9	101,0	104,0
33 Trjávöruiðnaður	100,4	111,9	99,3	109,9	115,7	118,8	137,5	156,5	170,3
34 Pappírsiðnaður	100,7	98,6	104,6	98,3	95,7	103,6	101,8	102,5	106,5
35 Efnaiðnaður	93,8	93,3	99,1	119,4	113,9	110,6	115,3	122,2	126,4
36 Steinefnaiðnaður	84,3	82,0	83,5	78,2	74,7	77,4	91,6	93,2	89,9
37 Ál- og kísiljárnframleiðsla	100,0	104,3	116,4	123,7	106,3	123,4	135,0	130,5	136,7
38 Málmsmíði	109,9	101,4	95,8	100,8	104,8	110,0	124,2	116,2	109,2
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	114,5	83,1	94,4	107,4	98,4	100,3	105,6	100,7	97,6
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar	100,5	99,8	99,4	103,8	102,8	107,0	114,6	116,6	117,4

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 7 *Laun, eigin laun og tengd gjöld í iðnaði 1980-1989 sem hlutfall af rekstrartekjum.*

%	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Meðaltal 1980-1989
31 Matvælaiðnaður án fiskiðnaðar	16,3	15,9	16,3	14,1	13,9	13,1	14,4	17,6	19,2	16,8	15,8
32 Vefjariðnaður, skógerð, fatagerð o.fl.	27,5	28,0	27,7	25,5	25,6	26,6	29,3	34,1	36,9	29,5	29,1
33 Trjávöruiðnaður	41,4	38,3	35,5	35,3	31,9	36,1	31,6	40,0	36,9	30,2	35,7
34 Pappírsiðnaður	39,5	38,7	36,9	30,8	31,7	34,6	30,7	37,1	34,9	35,4	35,0
35 Efnaiðnaður	17,5	17,6	18,9	15,7	15,9	19,5	20,2	24,3	26,4	23,6	20,0
36 Steinefnaiðnaður	23,1	23,9	19,4	22,4	20,5	26,0	25,1	26,1	27,9	27,1	24,2
37 Ál- og kísiljárnframleiðsla	14,8	17,5	17,6	10,9	10,3	14,4	16,5	17,7	16,0	13,2	14,9
38 Málmsmíði	42,9	39,1	42,7	41,9	41,0	47,9	45,1	48,1	52,0	40,1	44,1
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	45,8	42,5	30,8	28,1	25,8	24,6	25,7	21,2	17,3	15,3	27,7
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar	25,8	25,7	24,9	21,6	20,8	22,8	23,7	28,0	28,2	23,9	24,5
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar og stóriðju	27,6	26,8	25,8	23,6	22,8	24,0	24,6	29,2	30,1	25,8	26,0

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 8 *Markaðshlutdeild nokkurra innlendra iðnaðarvara 1977-1991.*

%	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Kaffi	...	94	92	87	80	79	77	80	74	74	67	64	57	52	43
Málning	...	66	67	66	64	62	58	56	53	53	48	61	56	55	52
Sælgæti	...	...	...	44	49	48	50	43	44	44	45	50	46	44	43
Hreinlætisvörur	...	72	71	67	63	60	63	61	56	55	50	49	50	53	50
Öl og gos	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	92	87	85	86
Húsgögn	73	65	63	57	46	46	44	47	42	39	32	32	39	...	...
Innréttingar	87	89	88	87	80	71	66	73	64	67	52	63	60	...	...

Heimild: Félag íslenskra iðnaðarmanna, Landssamband iðnaðarmanna.

Tafla 10 *Hagnaður af reglulegri starfsemi 1980-1989 sem hlutfall af rekstrartekjum.*

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	Meðaltal 1980-1989
31 Matvælaiðnaður án fiskiðnaðar	1,3	1,4	0,8	2,1	0,3	1,8	3,3	1,1	-2,1	-1,5	0,9
32 Vefjariðn., skógerð, fatagerð o.fl.	0,4	-1,9	-2,9	-0,7	-2,3	-2,7	-0,7	-5,1	-16,2	-12,1	-4,4
33 Trjávöruiðnaður	1,3	0,1	3,1	2,2	0,7	-5,2	0,5	-6,9	-6,3	-5,3	-1,6
34 Pappírsiðnaður	-1,2	3,5	3,0	-1,1	0,4	-2,6	2,9	1,8	0,1	1,3	0,8
35 Efnaiðnaður	-3,0	-4,1	-6,8	0,5	-1,5	1,4	6,0	3,2	-6,0	-3,7	-1,4
36 Steinefnaiðnaður	2,0	0,0	4,0	0,6	0,6	-7,9	1,2	4,1	-5,4	-5,9	-0,7
37 Ál- og kísiljárnframleiðsla	-1,2	-30,9	-38,0	-13,0	-1,3	-12,5	-17,7	-1,6	7,2	12,9	-9,6
38 Málmsmíði	0,0	3,2	-0,5	4,3	-2,2	-6,1	3,8	1,7	-1,1	-5,2	-0,2
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	-0,4	3,5	-1,2	6,6	1,0	2,7	1,7	2,5	2,5	3,8	2,3
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar	0,1	-3,0	-4,1	-0,6	-0,5	-2,5	0,5	0,2	-2,3	-0,8	-1,3
31-39 Iðnaður án fiskiðn. og stóriðju	0,3	0,8	0,0	1,7	-0,4	-1,1	2,8	0,4	-3,7	-3,1	-0,2
Samtals atvinnurekstur í heild	1,1	0,2	-2,5	0,8	-0,3	-0,4	1,7	1,0	-2,2	0,0	-0,1

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 9 *Útflutningur iðnaðarvara 1970-1991 sem hlutfall af heildarvöruútflutningi.*

%	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
Iðnaðarvörur	18,3	13,5	23,2	23,3	21,4	18,0	23,9	21,9	19,8	21,6	21,7
Niðursuða og niðurlagning	1,1	1,3	1,4	1,1	1,5	1,0	0,8	1,2	1,1	1,1	1,1
Sútun og vinnsla skinna	1,3	1,5	1,6	1,5	1,3	1,4	1,6	1,2	1,2	1,3	1,6
Ullarvinnsla	1,2	1,5	1,9	1,7	2,3	2,9	2,6	3,2	2,4	2,8	3,4
Ál	13,2	6,7	16,3	17,1	14,6	10,6	16,8	14,7	13,4	13,5	12,1
Kísilgúr	1,0	1,2	1,2	1,0	1,0	1,2	1,0	0,8	0,7	0,6	0,5
Kísiljárn	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Annað	0,6	1,3	0,9	1,0	0,7	0,9	1,0	0,8	0,9	2,3	1,1

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Iðnaðarvörur	19,3	22,3	29,3	27,9	22,4	19,7	20,1	22,4	24,6	20,4	17,3
Niðursuða og niðurlagn	1,0	1,9	2,0	2,1	2,1	1,9	2,1	2,2	1,9	1,9	1,5
Sútun og vinnsla skinn	1,5	1,2	0,8	1,1	1,1	1,2	1,1	0,7	1,0	1,0	0,9
Ullarvinnsla	3,6	4,3	3,5	3,9	3,4	2,3	2,1	1,5	1,3	0,9	0,8
Ál	9,7	10,1	17,6	14,5	9,9	9,2	9,6	10,7	12,9	10,4	8,8
Kísilgúr	0,5	0,8	0,7	0,8	0,8	0,7	0,6	0,6	0,5	0,5	0,5
Kísiljárn	1,9	2,9	3,3	4,3	3,6	3,0	2,8	3,9	3,8	2,6	1,9
Annað	1,1	1,2	1,3	1,2	1,6	1,6	1,9	2,8	3,3	3,2	2,9

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 11 *Eiginfjárhlutfall í iðnaði 1980-1989.*

%	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
31 Matvælaiðnaður án fiskiðnaðar	36,7	37,5	34,3	34,6	37,7	32,5	35,2	35,4	27,0	28,9
32 Vefjariðnaður, skógerð, fatagerð o.fl.	34,6	29,7	21,5	26,7	21,8	23,3	21,1	16,4	15,5	4,9
33 Trjávöruiðnaður	51,8	42,4	31,2	26,2	24,0	16,4	21,6	24,4	9,4	6,5
34 Pappírsiðnaður	43,4	37,7	39,6	31,5	26,0	21,9	27,9	28,6	22,8	27,0
35 Efnaiðnaður	62,5	54,4	50,8	49,2	42,8	46,7	54,5	51,1	43,4	42,9
36 Steinefnaiðnaður	56,2	40,6	39,8	35,9	32,1	27,0	29,0	32,8	23,8	25,1
37 Ál- og kísiljárnframleiðsla	25,4	15,7	3,6	3,1	16,8	29,1	50,1	35,1	43,2	59,8
38 Málmiðnaður	49,4	42,8	44,0	51,3	37,4	37,1	27,8	35,1	36,3	30,7
39 Ýmis iðnaður og viðgerðir	68,7	67,8	42,2	29,0	22,3	28,0	32,6	40,2	46,7	40,5
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar	39,6	33,9	27,9	28,1	29,0	30,6	36,6	33,3	29,5	30,9
31-39 Iðnaður án fiskiðnaðar og stóriðju	44,9	39,6	36,7	37,5	33,5	31,1	32,4	33,0	27,5	26,5

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 12 *Kaupmáttur greidds tímakaups í verksmiðjuvinnu 1980-1991.*

1980=100	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Karlar	100,0	106,2	108,2	91,0	84,7	86,6	94,3	108,7	108,2	106,9	96,9	99,9
Konur	100,0	103,8	109,0	99,8	94,1	98,7	104,7	121,4	116,1	109,8	103,6	107,3
Meðaltal	100,0	105,4	108,5	94,1	88,0	90,9	98,0	113,2	111,0	107,9	99,3	102,5
ASÍ alls	100,0	100,7	103,6	85,6	81,4	83,1	90,6	109,2	110,0	103,4	96,3	97,6

Heimild: Kjararannsóknarnefnd.

Fylgiskjal.

1991. – 1061 ár frá stofnun Alþingis.
115. löggjafarþing. – 24. mál.

24. Beiðni um skýrslu

frá iðnaðarráðherra um þróun íslensks iðnaðar, án stóriðju, framtíðarhorfur og stefnu ríkisstjórnarinnar.

Frá Svavari Gestssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Jóhanni Ársælssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Önnu Kristínu Sigurðardóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni, Ragnari Arnalds og Steingrími J. Sigfússyni.

Með tilvísun til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að iðnaðarráðherra gefi Alþingi skýrslu um þróun hins almenna iðnaðar í landinu, án stóriðju, og um stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum iðnaðarins.

Í skýrslunni komi fram meðal annars:

1. Yfirlit yfir mannafla sem starfar í einstökum greinum iðnaðarins frá 1980 og til þessa árs samkvæmt skýrslum og áætlunum sem fyrir liggja.
2. Yfirlit yfir framleiðslu iðnaðarins í heild og einstakra iðnaðargreina á föstu verðlagi á sama tímabili.
3. Yfirlit yfir markaðshlutdeild iðngreinanna á sama tíma.
4. Yfirlit yfir framleiðniþróun í iðnaði á sama tíma.
5. Yfirlit yfir fjármagnskostnað iðnaðarins á sama tíma.
6. Yfirlit yfir launakostnað iðnaðarins á sama tíma.
7. Yfirlit yfir stöðu samkeppnisiðnaðarins sérstaklega og samanburð á þróun hans við útflutningsiðnaðinn.
8. Yfirlit yfir skiptingu iðnaðarfyrirtækja og þróun iðngreina eftir landsvæðum.
9. Yfirlit yfir stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum iðnaðarins í heild og í málefnum einstakra iðngreina.
10. Mat ríkisstjórnarinnar á kjörum iðnverkafólks og framtíðarhorfum.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu er hún liggur fyrir og að skýrslubeiðnin verði prentuð með skýrslunni þannig að samhengi skýrslu og skýrslubeiðni verði ljóst er málið kemur til umræðu á Alþingi.

780. Fyrirspurn [494. mál]

til iðnaðarráðherra um Landsvirkjun.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hverjar hafa árlegar heildarskuldir Landsvirkjunar verið frá árinu 1982, reiknaðar á núgildandi verðlagi?
2. Hve mikil hefur heildarorkusalan verið á ári hverju, annars vegar mælt í gígavattstundum og hins vegar í krónutölu á núgildandi verðlagi?
3. Hverjar hafa heildarskuldir á hverja selda gígavattstund verið á þessu tímabili?
4. Hve mikil hefur árleg heildarfjárfesting fyrirtækisins verið á framangreindu tímabili á núgildandi verðlagi?

Skriflegt svar óskast.

781. Fyrirspurn [495. mál]

til samstarfsráðherra um áhrif EES-samnings á samnorræna samninga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er staða samninga sem gerðir hafa verið í norrænu samstarfi gagnvart samningnum um Evrópskt efnahagssvæði?
2. Hvaða samnorrænir samningar þyrftu endurskoðunar við vegna EES-samnings?
3. Hvers efnis eru þær breytingar í aðalatriðum sem gera þyrfti á hverjum einstökum samningi?

Skriflegt svar óskast.

782. Fyrirspurn [496. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um áhrif EES-samnings á lyfjainnflutning og lyfjadreifingu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Þarf að breyta lögum og reglugerðum um lyfjainnflutning og lyfjadreifingu ef Ísland gerist aðili að EES-samningi?
2. Ef svo er, hvað felst í þeim breytingum í aðalatriðum?
3. Hefur EES-samningur áhrif á leyfi fyrir lyfjasölur (apótek) og lyfsala?

4. Yrði um að ræða aukið framboð lyfja hérlendis vegna EES-samnings?
5. Hvaða áhrif hefði EES-samningur á starfsemi Lyfjaverslunar ríkisins?

Skriflegt svar óskast.

783. Fyrirspurn [497. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um aukna hættu af ávana- og fíknilyfjum í kjölfar EES-samnings.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Mun EES-samningur hafa áhrif á innflutning og dreifingu ávanabindandi lyfja hérlendis?
2. Hefði EES-samningur í för með sér að rýmka þyrfti ákvæði um sölu lyfja án lyfseðils hér á landi?
3. Hefur farið fram mat á því hvort og í hve ríkum mæli megi ætla að misnotkun ávanabindandi lyfja muni aukast hérlendis í kjölfar EES-samnings?
4. Hvaða áhrif er talið að ákvæði EES um „frelsin fjögur“ geti haft á ólöglegan innflutning fíkniefna innan EES-svæðisins og hingað til lands?
5. Telja stjórnvöld ástæðu til að undirbúa ráðstafanir til mótvægis við áhrif EES-samnings að því er varðar fyrrgreinda þætti?

Skriflegt svar óskast.

784. Fyrirspurn [498. mál]

til dómsmálaráðherra um áhrif EES-samnings á innflutning og sölu áfengis.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvaða áhrif mun EES-samningur hafa að mati ríkisstjórnarinnar á núverandi lög og reglur um innflutning, sölu og dreifingu áfengis hér á landi?

785. Fyrirspurn [499. mál]

til umhverfisráðherra um stöðvun á notkun ósoneyðandi efna.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Er ríkisstjórnin reiðubúin að beita sér fyrir að hætt verði notkun allra ósoneyðandi efna hér á landi í síðasta lagi 1995?

786. Beiðni um skýrslu [500. mál]

frá félagsmálaráðherra um vegalaus börn.

Frá Árna M. Mathiesen, Árna Johnsen, Drífu Hjartardóttur, Guðmundi Hallvarðssyni, Einari K. Guðfinnssyni, Pálma Jónssyni, Sturlu Böðvarssyni, Tómasi Inga Olrich, Sigríði A. Þórðardóttur, Sólveigu Pétursdóttur og Láru Margréti Ragnarsdóttur.

Með tilvísun til 46. gr. þingskapa er þess óskað að félagsmálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um vegalaus börn þar sem fram komi meðal annars:

1. fjöldi vegalausra barna,
2. ástæður fyrir slæmum aðstæðum þeirra,
3. hvað hið opinbera og frjáls félagasamtök gera nú til þess að hjálpa þessum börnum.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi svo fljótt sem verða má eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

787. Beiðni um skýrslu [501. mál]

frá viðskiptaráðherra um sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf.

Frá Stefáni Guðmundssyni, Finni Ingólfssyni, Ingibjörgu Pálmadóttur, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Jóni Helgasyni, Jóni Kristjánssyni, Páli Péturssyni, Pétri Bjarnasyni og Valgerði Sverrisdóttur.

Með tilvísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er óskað eftir að viðskiptaráðherra gefi Alþingi skýrslu um sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf. Þess er óskað að í skýrslunni komi eftirfarandi fram:

1. Hvert var endanlegt söluverð hlutafjárins sem ríkissjóður fékk í hendur fyrir 76,8% hlutabréfa í Útvegsbanka Íslands hf. við söluna til þriggja stærstu hluthafa í Íslandsbanka hf.?
2. Hvert er söluverðið á núvirði þegar notuð eru þau almennu vaxtakjör sem gilt hafa í landinu frá þeim degi? (Óskað er eftir að vextirnir, sem notaðir eru, séu tilgreindir.)
3. Hvert er söluverð þeirra hlutabréfa sem ríkissjóður seldi samkvæmt gengi á almennum hlutabréfamarkaði í dag?
4. Hver er upphæð þeirra lána sem ríkissjóður yfirtók frá Útvegsbanka Íslands? Hve mikið af þeim má ætla að tapist? Hvernig var staðið að mati þessara yfirteknu lána? Var það framkvæmt við yfirtökuna eða fór það fram á löngum tíma? Hefur ríkissjóður orðið að taka á sig tap vegna lána sem við yfirtökuna var talið að mundu greiðast?
5. Hve háum fjárhæðum hefur ríkissjóður orðið af í skatttekjum vegna sölu á skattatapi Útvegsbanka Íslands, fyrst til Útvegsbanka Íslands hf. og síðar til Íslandsbanka hf. (rauntölur + áætlun, ef það er ekki að fullu nýtt)?

6. Telur viðskiptaráðherra að gott verð hafi fengist fyrir hlutabréfin í Útvegsbanka Íslands hf. þegar þau voru seld hluthöfum Íslandsbanka hf.?
7. Telur ráðherra að þær matsaðferðir, sem viðhafðar voru við sölu bréfanna, beri ríkissjóði að viðhafa í framtíðinni við sölumat hlutabréfa í sinni eigu?

788. Nefndarálit [395. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Tyrklands.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund utanríkisráðherra, embættismenn utanríkisráðuneytisins og Sigríði Guðmundsdóttur frá Rauða krossi Íslands.

Grundvöllur tillögunnar er sú staðreynd að vörum frá EFTA-ríkjum og EB-ríkjum er mismunað á tyrkneska markaðinum vörum frá EB-ríkjum í hag. Ástæða þessa er að viðskipti Tyrklands og EB-ríkja byggjast á fríverslunarsamningi sem gerður var árið 1963 og kom til framkvæmda árið 1973. Síðan þá hafa tollar stiglækkað á vörum sem fluttar eru milli Tyrklands og EB-ríkja. Frá og með ársbyrjun 1995 verða allar hindranir á viðskiptum Tyrklands og EB-ríkja, sem enn eru til staðar, afnumdar.

Vegna þessa ástands voru að frumkvæði Austurríkis, Sviss og Svíþjóðar, sem mestra hagsmuna höfðu að gæta, hafnar viðræður um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Tyrklands.

Með fríverslunarsamningi við Tyrkland fá EFTA-ríkin sömu meðferð og EB-ríkin á hinum tyrkneska markaði og frá og með 1995 verður einnig komið á tollfrelsi í vöruviðskiptum landanna að frátöldum viðskiptum með landbúnaðarvörur. Þannig hafa EFTA-ríki fengið þeim kröfum, sem lágu til grundvallar samningaviðræðunum, framgengt. Með samningnum er komið á fríverslunarsvæði og innan þess verður öllum hindrunum á viðskiptum með iðnaðarvarning, tilteknar vörur unnar úr landbúnaðarhráefnum og sjávarafurðir, smám saman rutt úr vegi. Þannig verður komið á fullri fríverslun með fisk og fiskafurðir í viðskiptum við Tyrkland með sama hætti og innan EFTA. Fríverslun með fisk og fiskafurðir verður komið á í áföngum á fjórum árum að því er varðar niðurfellingu tolla í Tyrklandi, en það er sami aðlögunartími og gildir fyrir ýmsar iðnaðarvörur. Samningurinn við Tyrkland er nauðsynlegur til að koma í veg fyrir að íslenskum vörum verði mismunað gagnvart vörum annarra ríkja í Tyrklandi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 13. apríl 1992.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Björn Bjarnason.

Lára Margrét Ragnarsdóttir. Árni R. Árnason.

789. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið frá því 9. janúar 1992 og sent það til umsagnar. Fjölmargar umsagnir bárust nefndinni og á fund hennar komu oftar en einu sinni fulltrúar námsmanna: Steinunn V. Óskarsdóttir og Pétur Þ. Óskarsson frá stúdentaráði HÍ, Arnór Þ. Sigfússon og Ingibjörg Jónsdóttir frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, Bjarni Ingólfsson og Almar Eiríksson frá Bandalagi íslenskra sérskólanema og Kristinn Einarsson og Ólafur Þórðarson frá Iðnnemasambandi Íslands. Enn fremur komu Guðmundur Magnússon prófessor, Gunnar I. Birgisson, formaður stjórnar LÍN, Lárus Jónsson, framkvæmdarstjóri LÍN, Guðjón Valdimarsson, fjármálastjóri LÍN, Ingólfur H. Bender frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Grétar Guðmundsson og Vigdís Hreinsdóttir frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og skilar minni hlutinn séráliti.

Meiri hluti nefndarinnar hefur kynnt breytingartillögur sem hann hyggst flytja og ganga nokkuð til móts við sjónarmið minni hlutans en þær eru þó mjög langt frá því að vera fullnægjandi. Því flytur minni hlutinn tillögu að rökstuddri dagskrá um að vísa frumvarpinu frá og til vara breytingartillögur við frumvarpið.

Aðdragandi.

Lögin, sem sett voru um námslán og námsstyrki árið 1982, hafa í aðalatriðum reynst vel. Þau breyttu aðstæðum námsmanna til hins betra og jöfnuðu aðstöðu til náms frá því sem áður var. Að lagagerðinni var þá unnið í samvinnu við námsmenn og að þróun og breytingum á útlánareglum lengst af síðan. Rétt hefði verið að endurskoða lögin nú með sama hætti og gera á þeim nokkrar breytingar að fenginni 10 ára reynslu, m.a. til að leita lausna á fjárhagsvanda Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Þess í stað lagði menntamálaráðherra fram frumvarp sem samið var í þröngum hópi og án samráðs við námsmenn. Það var fyrst á lokastigi að fulltrúum námsmanna var veitt aðild að nefnd sem ganga skyldi frá tillögum um breytingar á lögum um LÍN. Eftir 10 daga starf þessarar nefndar í nóvember 1991 kom í ljós að ekkert tillit átti að taka til tillagna námsmanna til lausnar á fjárhagsvanda sjóðsins. Fulltrúar ráðherra í nefndinni lögðu fram fullbúið frumvarp og ekki var látið á það reyna hvort unnt væri að ná málamiðlun innan nefndar ráðuneytisins.

Stjórnarandstaðan var í engu kölluð til við undirbúning málsins þótt í menntamálanefnd kæmu fram óskir um upplýsingar um stöðu undirbúnings sumarið 1991 og óskað hafi verið eftir að haft yrði samráð við námsmannahreyfingarnar við mótun tillagna. Við þeim óskum var ekki orðið og niðurstaðan varð það frumvarp ríkisstjórnarinnar sem menntamálanefnd fékk til meðferðar að lokinni fyrstu umræðu á Alþingi.

Almenn viðhorf.

Minni hluti menntamálanefndar er þeirrar skoðunar að taka hefði átt á tímabundnum vanda Lánasjóðs íslenskra námsmanna með allt öðrum hætti en gert er með þessu frumvarpi. Tillögur fulltrúa námsmanna í stjórnskipuðu nefndinni í nóvember 1991 gáfu möguleika á að ná farsælli lausn í samvinnu við námsmannahreyfingarnar og varðveita um leið

helstu kosti gildandi fyrirkomulags í stað þess að kollsteypa því. Minni hlutinn harmar að þessi leið var ekki valin.

Það er skoðun minni hlutans, sem fulltrúar Framsóknarflokks, Alþýðubandalags og Kvennalista í menntamálanefnd mynda, að varðveita beri í meginatriðum núverandi fyrirkomulag námsmannaaðstoðar þótt sníða megi af því nokkra agnúa, einfalda útlánareglur og nýta fjármagn LÍN betur en gert hefur verið. Áfram verður að gera námsmönnum kleift að afla sér menntunar óháð efnahag og félagslegum aðstæðum.

Liður í lausn á fjárhagsvanda sjóðsins ætti að vera að ríkissjóður yfirtaki hluta af áhvílandi lánum eins og gert hefur verið í mörgum tilvikum vegna félagslegra jöfnunaraðgerða. Tímabundið hefði þurft að auka framlög ríkisins til sjóðsins, lengja áhvílandi lán og ná fram sparnaði með breytingu á útlánareglum hans með hliðsjón af því sem fulltrúar námsmanna hafa gert tillögur um.

Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur aðeins starfað um 10 ára skeið á núverandi grunni og er því ung stofnun. Það tekur óhjákvæmilega alllangan tíma að byggja sjóðinn þannig upp að eigin fé að hann geti án verulegs ríkisframlags staðið undir þeim kröfum um félagslegan jöfnuð í aðstöðu til náms sem gildandi lög gera ráð fyrir. Endurgreiðslur til sjóðsins skila sér hægt til baka og fjölgun lánþega hefur verið mikil undanfarinn áratug. Ráðstafanir til að treysta fjárhag sjóðsins þurfa að taka mið af þessum aðstæðum um leið og gætt er eðlilegs aðhalds.

Tillögur meiri hluta ríkisstjórnarflokkanna.

Tillögur meiri hluta menntamálanefndar gera m.a. ráð fyrir allt að 3% vöxtum á lán sjóðsins auk verðtryggingar, lántökugjöldum samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar til að standa undir rekstri sjóðsins og eftirágreiðslum námslána. Endurgreiðslur verða stórlega hertar og eiga að hefjast tveimur árum eftir námslok í stað þriggja ára samkvæmt gildandi lögum. Þá eru þrengdar heimildir til að veita fjárhagsaðstoð öðrum en þeim sem nám stunda á háskólastigi og vald þar að lútandi lagt í hendur sjóðstjórnar. Felld eru niður öll ákvæði um námsstyrki og vísað á Vísindasjóð án þess að nokkuð liggi fyrir um breytingar á gildandi lögum um sjóðinn.

Hér verður fjallað um helstu þætti í tillögum ríkisstjórnarflokkanna eins og þær blasa við í frumvarpinu og samkvæmt breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar.

Vextir á námslán.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að ársvextir af lánum sjóðsins skuli vera allt að 3% af höfuðstóli skuldar, ákveðnir af ríkisstjórn að fenginni tillögu menntamálaráðherra. Hér er á ferðinni grundvallarbreyting á kjörum viðskiptavina sjóðsins. Samkvæmt gildandi lögum hafa lán úr sjóðnum verið verðtryggð en vaxtalaus. Rökin fyrir því eru augljós. Miðað er við að námsmenn greiði jafnvirði þeirrar upphæðar til baka sem þeir fengu að láni, en ekki leigugjald í formi vaxta. Með vaxtatökunni er lánveitandinn að gera kröfu um arð af því fjármagni sem hann lætur af hendi til lántaka líkt og um sé að ræða fjárfestingu í atvinnurekstri. Námslán eru hins vegar allt annars eðlis, ætluð til framfærslu námsmanna og um þau eiga að gilda aðrar forsendur en um lán til fjárfestinga.

Arðurinn af námsaðstoð kemur fram í þeirri menntun og aukinni færni sem námsmenn afla sér og þjóðfélagið nýtur góðs af í störfum þeirra.

Stjórnarmeirihlutinn, sem myndar meiri hluta í nefndinni, hefur þó verið hrakinn á undanhald og gerir hann þá breytingartillögu við frumvarpið að í stað þess að binda vaxtatökuna við 3% er nú gert ráð fyrir breytilegum vöxtum, „aldrei hærri en 3%“. Ríkis-

stjórnin hefur nýlega ákveðið að tillögu menntamálaráðherra að miða skuli við 1% vexti á námslán fyrst um sinn.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur þeirri grundvallarbreytingu, sem felst í tillögum ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar, að taka vexti af námslánum. Þessi tilhögun er ekki aðeins ranglát, heldur mun afrakstur hennar ekki skila sér nema að hluta í bættum hag sjóðsins því að á móti koma aukin afföll af lánum þeirra mörgu sem ná ekki að greiða lánin upp áður en þeir falla frá.

Stytting greiðslufrests og hertar endurgreiðslureglur.

Í gildandi lögum um LÍN er kveðið á um að endurgreiðsla lána hefjist þremur árum eftir námslok, en samkvæmt tillögum meiri hluta nefndarinnar er gert ráð fyrir að stytta þennan tíma í tvö ár. Með því er þrengt að lántakendum og kemur það sér ekki síst illa fyrir þá sem þurfa um svipað leyti að taka á sig fjárskuldbindingar vegna húsnæðis.

Hliðstæð áhrif hafa stórhertar reglur um endurgreiðslu lána, ekki síst mikil hækkun fastrar ársgreiðslu sem leggst jafnt á alla óháð tekjum og bundin er lánskjaravísitölu. Fulltrúar námsmanna töldu sig samkvæmt séráliti með frumvarpinu geta fallist á 34 þús. kr. fasta ársgreiðslu, en tillögur meiri hlutans miða við 48 þús. kr. Afleiðingar af þessum auknu álögum geta orðið afdrifaríkar fyrir fjölmarga eftir námslok.

Minni hlutinn leggur til að um endurgreiðslur verði gerð breyting á gildandi lögum með sama hætti og samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna lagði til í séráliti. Talið er að sú breyting geti bætt stöðu sjóðsins um 400–500 millj. kr. á ári og að mestu komið í veg fyrir þau 10–15% afföll sem reikna má með af lánum samkvæmt reynslu að óbreyttum reglum.

Áhrif á húsnæðismál námsmanna.

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins lagði mat á áhrif fyrirhugaðra breytinga samkvæmt frumvarpinu á íbúðarkaup námsmanna að námi loknu. Ályktanir, sem stjórn Húsnæðisstofnunar stóð samhljóða að um þetta efni og sendar voru menntamálanefnd, eru eftirfarandi:

„— Möguleikar námsmanna til íbúðarkaupa á hinum almenna markaði að námi loknu minnka. Helstu áhrifin stafa af styttra afborgunarlausu tímabili eftir námslok og af hækkun á árlegu endurgreiðsluhlutfalli. Að jafnaði yrðu möguleikar námsmanna til íbúðarkaupa um 10–30% minni en þeir eru í dag.

— Umsóknum um félagslegar íbúðir mun líklega fjölga. Tekjumörk í félagslega íbúðakerfinu eru um 160–170 þús. kr. á mánuði fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Þó nokkur hluti námsmanna verður líklega innan þeirra tekjumarka að námi loknu.

— Ásókn í almenna kaupleigukerfið mun líklega aukast. Biðlistar hjá húsnæðissamvinnufélögum, sbr. Búseta hf., munu líklega lengjast. Þetta stafar af því að fleiri munu væntanlega lenda yfir tekjumörkum í félagslega íbúðakerfinu án þess að geta lagt nauðsynlegt eigið fé til hliðar til kaupa á íbúðum á hinum almenna markaði.“

Eins og þessi umsögn ber með sér getur orðið um víðtækar og alvarlegar afleiðingar að ræða fyrir námsmenn vegna öflunar húsnæðis og auk þess verulega röskun í húsnæðiskerfinu.

Endurgreiðslur og afföll.

Það er að sjálfsögðu mjög háð tekjum manna að námi loknu og fjölskylduaðstæðum, hvernig endurgreiðslu lána miðar til sjóðsins. Í útreikningum, sem gerðir voru á vegum

menntamálanefndar og miða við meðaltekjur samkvæmt könnun sem gerð var á árinu 1989, kemur í ljós afar ójöfn staða þeirra sem skipta við sjóðinn eftir tekjustigi, sbr. fylgiskjöl. Fyrir einstætt foreldri með eitt barn á framfæri, sem tekið hefur lán upp á 2,2 millj. kr. á 3% vöxtum, lítur dæmið þannig út að viðskiptafræðingur með meðaltekjur greiðir lánið upp við 42 ára aldur, hjúkrunarfræðingur á hins vegar ógreidda um 1,9 millj. kr. við starfslok, 67 ára, og framhaldsskólakennari skuldar enn um 450 þús. kr. við sömu aldursmörk. Langtum verr stendur dæmið fyrir einstætt foreldri með tvö börn á framfæri.

Sé hins vegar gengið út frá taxtalaunum lítur dæmið mun verr út, sbr. fylgiskjöl. Ef tekið er dæmi af sömu fjölskylduaðstæðum, þ.e. einstæðu foreldri með eitt barn og lán sem ber 3% vexti kemur í ljós að viðskiptafræðingur skuldar um 4 millj. kr. við 67 ára aldur og framhaldsskólakennari 4,3 millj. kr.

Sé um að ræða einstætt foreldri með tvö börn skuldar viðskiptafræðingur á taxtalaunum 7 millj. kr. við starfslok og framhaldsskólakennari 7,3 millj. kr. og hefur höfuðstóllinn á lánum þessara aðila þá meira en tvöfaldast, þ.e. hækkað úr um 3,5 millj. kr.!

Samkvæmt frumvarpinu er lánstími námsláns ótilgreindur og engin ákvæði um að létta skuli greiðslur við starfslok eða fella þær niður fyrr en lánþegi andast. Þeim lántakendum, sem deyja frá ógreiddum skuldum við sjóðinn, mun fyrirsjáanlega fjölga frá því sem nú er og afföll þar með aukast, en þau eru nú talin nema 10–15%. Það er því engan veginn víst að háir vextir og hertar endurgreiðslureglur skili því sem ætlað er til hagsbóta fyrir sjóðinn.

Eftirágreiðslur og krafan um námsárangur.

Ein lúalegasta breytingin, sem innleiða á með frumvarpinu, er ákvæði sem þannig er orðað: „Námslán skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur“ (6. gr.). Í gildandi lögum á þetta aðeins við um fyrstu námsaðstoð. Afleiðing þessarar breytingar getur leitt af sér allt að 10% flata skerðingu á námslánum þar eð námsmenn þyrftu að brúa bilið allt námstímabilið með fyrirgreiðslum frá almennum lánastofnunum. Fyrir fyrsta árs nema hefur kostnaður við slíka fjármögnun numið um 10% af lánsupphæð þegar allt er talið. Þetta samsvarar því að námsmenn séu að greiða bankavexti af lánum allan námstímann. Með þessu er að engu gerð sú fullyrðing aðstandenda frumvarpsins að námslán séu vaxtalaus á námstímanum.

Þessi breyting samsvarar því að allt fjármagn til námsaðstoðar fari fyrst í gegnum bankakerfið og síðan í gegnum Lánasjóðinn. Fyrir hag sjóðsins hefur þetta litla þýðingu, en þeim mun alvarlegri afleiðingar fyrir námsmenn. Því er með öllu óskiljanlegt að meiri hlutinn skuli ætla að knýja hana fram þrátt fyrir eindregnar aðvaranir og mótmæli.

Lántökugjald.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lagt verði á lántökugjald sem meiri hlutinn reiknar með að geti numið 1,2%. Er því ætlað að standa undir rekstrarkostnaði við sjóðinn. Gjald þetta jafngildir í raun vaxtatöku og verður að teljast afar óeðlilegt til viðbótar við aðrar skerðingar á námslánum.

Afnám námsstyrkja — ávísun á Vísindasjóð.

Í gildandi lögum um LÍN er heimild til að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem þurfa að kosta sig fjarri eigin heimili. Styrkir þessir hafa aðallega verið greiddir út í formi ferðastyrkja sem verulega hefur munað um, ekki síst fyrir Íslendinga við nám erlendis.

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að ráðgert sé að Vísindasjóður verði efldur til þess að veita styrki til námsmanna í langskólanámi og til greiðslu skólagjalda. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir fengust hvorki upplýsingar frá menntamálaráðherra við 1. umr. um frumvarpið né frá meirihlutafulltrúum í menntamálanefnd um það hvernig fyrirhugað sé að breyta lögum um Vísindasjóð til að standa við þessi fyrirheit.

Í umsögn frá Vísindasjóði segir m.a.: „Vísindaráð úthlutar styrkjum úr Vísindasjóði að undangengnu faglegu mati á vísindalegu gildi verkefna og hæfni umsækjenda til að stunda rannsóknir. Eðli starfsemi vísindaráðs og LÍN er því ólíkt. Starfsmenn vísindaráðs eru aðeins tveir. Við núverandi aðstæður er ráðið því engan veginn í stakk búið til að taka að sér þá vinnu sem felst í veitingu styrkja til stúdenta og eftirliti með framvindu námsárangurs.“

Stjórn sjóðsins, samsetning og völd.

Samkvæmt frumvarpinu og breytingartillögum meiri hlutans er fært aukið vald til stjórnar LÍN til að setja reglur um málefni sjóðsins og úthlutun námslána, sbr. 2., 3., 6., 13. og 16. gr. Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að fara beri gætilega í þessu efni og nauðsynlegt sé að kveða í lögum á um skyldur sjóðsins um grundvallaratriði er lúta að jöfnun og námsaðstoð með tilliti til félagslegra aðstæðna. Breytingartillögur, sem fluttar eru af minni hlutanum við frumvarpið, taka mið af þessu, m.a. varðandi 1., 3. og 6. gr.

Þá telur minni hlutinn ekki rétt að veita stjórn LÍN heimild til að ákvarða lántökugjöld eins og kveðið er á um í frumvarpinu.

Að mati minni hlutans fer það að öðru leyti eftir skipan stjórnarinnar hvað skynsamlegt sé að fela henni mikið svigrúm til ákvarðana um málefni sjóðsins og fjárhagsaðstoð við námsmenn. Ef í stjórninni eiga sæti fulltrúar helstu hagsmunasamtaka námsmanna er unnt að ætla stjórn LÍN meira sjálfræði til að setja reglur um málefni sjóðsins. Með þetta í huga telur minni hlutinn rétt að Iðnnemasamband Íslands tilnefni einn stjórnarmann LÍN til viðbótar þeim sem fyrir eru, en á móti komi fulltrúi til viðbótar, tilnefndur af menntamálaráðherra, sem velji hann úr hópi þeirra sem sæti eiga í samstarfsnefnd háskólastigsins. Með því fást um leið betri tengsl en ella við háskóla hérlendis.

Önnur atriði.

Frumvarpið felur í sér mörg önnur atriði sem ekki varða þó jafnmiklu um námsaðstoð og fjárhag sjóðsins en geta skipt verulegu máli. Um sumt hefur meiri hlutinn komið til móts við gagnrýni minni hlutans með breytingartillögum, m.a. að því er varðar ábyrgðarmenn.

Með frumvarpinu eru felld niður ákvæði (3. gr.) þess efnis að námsmenn skuli eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og að LÍN skuli standa sjóðnum skil á iðgjaldshluta lánþega ásamt mótframlagi sínu.

Þetta telur minni hlutinn óskynsamlega breytingu og að halda beri núverandi fyrirkomulagi. Vísast m.a. til umsagnar miðstjórnar Alþýðusambands Íslands til nefndarinnar um það efni þar sem m.a. er bent á það öryggi sem aðild að lífeyrissjóðunum veitir umfram það sem tryggt er í gildandi tryggingalöggjöf. Aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda snertir einnig almenn lífeyrisréttindi námsmanna.

Með frumvarpinu (12. gr.) er stjórn sjóðsins veitt heimild til að veita venjuleg skuldabréfalán með markaðsvöxtum. Ekki hafa komið fram neinar viðhlítandi skýringar á því hvers vegna gera eigi ráð fyrir slíkum viðskiptum á vegum sjóðsins eða hvernig ráðgert er að nota þessa heimild.

Þá er fjárhagsgrundvöllur hagsmunasamtaka námsmanna veiktur með breytingu samkvæmt frumvarpinu (16. gr.) þar sem félagsgjöld til þeirra eru ekki dregin frá námsláni nema um það komi fram sérstök ósk í lánsumsókn.

Breytingartillögur minni hlutans.

Minni hluti nefndarinnar flytur allmargar breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali og hefur þegar verið vikið að nokkrum þeirra. Þær eru fluttar til vara fari svo að dagskrártillaga um að vísa málinu frá hljóti ekki tilskilinn stuðning.

Meginatriðin í breytingartillögum minni hlutans fela í sér eftirfarandi:

— að ekki verði lagðir vextir á námslán,
— að árlegar endurgreiðslur af skuldabréfum verði hertar til að bæta greiðslustöðu LÍN,
— að lögboðin greiðsla námsaðstoðar verði með sama hætti og verið hefur,
— að endurgreiðslur hefjist þremur árum eftir námslok,
— að heimild til að innheimta lántökugjöld verði ekki lögfest,
— að fjölgað verði í stjórn LÍN, þannig að Iðnnemasamband Íslands eigi þar fulltrúa og menntamálaráðherra skipi til viðbótar fulltrúa án tilnefningar úr samstarfsnefnd háskólastigsins.

Þá gera breytingartillögur minni hlutans einnig ráð fyrir:

— að tekin verði af tvímæli um að veita skuli fjárhagsaðstoð til sérnáms í framhaldsskólum með svipuðum hætti og verið hefur samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð,
— að tillit verði áfram tekið til framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða sem áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns,
— að námsmenn eigi áfram kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda,
— að ekki verði breyting á innheimtu félagsgjalda til hagsmunasamtaka námsmanna.

Með þessum lagabreytingum og samhliða ráðstöfunum af hálfu hins opinbera og stjórnar LÍN til að leysa fjárhagsvanda sjóðsins telur minni hluti menntamálanefndar að koma megi málefnum sjóðsins í viðunandi horf án þess að horfið sé frá meginmarkmiðum um námsaðstoð og jafnrétti til náms.

Alþingi, 13. apríl 1992.

Hjörleifur Guttormsson, frsm. Kristín Ástgeirsdóttir. Valgerður Sverrisdóttir.

Pétur Bjarnason.

Fylgiskjal I.

ÚR GREINARGERÐ RÍKISENDURSKOÐUNAR UM FJÁRHAGSSTÖÐU LÁNASJÓÐS ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

(Apríl 1991.)

Helstu niðurstöður.

Lánþegar Lánasjóðsins eru tæplega 24 þúsund. Útistandandi námslán nema um 25 milljörðum króna, en sú fjárhæð hefur verið færð niður um 3,9 milljarða kr. í ársreikningi vegna lána sem ekki munu innheimtast að fullu vegna þeirra takmarkana sem eru á endurgreiðslum námslána.

Útlán sjóðsins dreifast þannig að um 60% lántakenda skulda innan við 1 millj. kr. Aðeins um 1% lántakenda skuldar 5 millj. kr. eða meira.

Ríkisframlög til sjóðsins hafa verið nokkuð sveiflukennd á undanförnum árum. Á sl. áratug hefur hlutfall ríkisframlaga í fjármögnun sjóðsins sveiflast frá 50–90%. Sveiflur þýða í raun að á sumum árum hefur verið greitt meira en sem svarar kostnaði við námslánakerfið og önnur ár hefur verið greitt minna.

Helstu niðurstöður um fjárhagsstöðu Lánasjóðsins og kostnað við námsaðstoð eru eftirfarandi:

Lánasjóðurinn getur staðið undir öllum núverandi skuldbindingum með eigin fé sínu.

Ef sjóðnum hefði verið lokað í árslok 1990 gæti hann staðið við allar sínar skuldbindingar án þess að þurfa á frekari ríkisframlögum að halda. Þar að auki gæti sjóðurinn endurgreitt ríkissjóði á nafnvirði rúma 9 milljarða af eigin fé sínu sem var rúmlega 13 milljarðar kr. um síðustu áramót. Ef þessir 9 milljarðar eru færðir til núvirðis miðað við 6% ávöxtunarkröfu verður útkoman 3 milljarðar kr.

Miðað við áframhaldandi starfsemi þarf sjóðurinn fyrirsjáanlega á miklum ríkisframlögum að halda á næstu árum vegna vaxtamunar inn- og útlána.

Ríkissjóður hefur lagt mikla fjármuni í Lánasjóðinn á undanförnum árum. Fyrirsjáanlegt er að framlög til sjóðsins þurfa að hækka á komandi árum vegna aukinnar fjárbindingar í sjóðnum og aukinnar ásóknar í námslán. Mikill vaxtamunur er á námslánum sem ekki bera vexti og þeim lánum sem sjóðurinn þarf að taka til þess að fjármagna útlán. Vaxtamunur þessi er í dag rúmlega sex af hundraði. Fjárbinding í námslánakerfinu er í dag rúmir 20 milljarðar í vaxtalausum námslánum að teknu tilliti til affalla vegna takmarkana á endurgreiðslum. Miðað við óbreytt útlán mun fjármagn, sem bundið er í þessu kerfi, verða um 40 milljarðar innan 10 ára og 60 milljarðar innan 20 ára.

Það er þó e.t.v. líklegra að útlán aukist nokkuð á komandi árum. Ef reiknað er með að útlán aukist um 2,5% á ári til ársins 2010 munu útistandandi námslán verða um 80 milljarðar kr. eftir 20 ár sem er fjórföldun á því fjármagni sem er bundið í kerfinu í dag. Þar sem námslánin eru vaxtalaus fellur allur fjármagnskostnaður af þessari fjárhæð fyrr eða síðar á ríkissjóð.

Kostnaður ríkissjóðs við námslánakerfið er um 66% af veittum lánum miðað við að eigið fé sjóðsins á hverjum tíma nægi til að standa við skuldbindingar vegna lána. Er þá gert ráð fyrir að vextir af lánum, sem sjóðurinn taki, séu 6%.

Sem nálgun mætti segja að ríkisframlag verði að samsvara um 66% af lánveitingum Lánasjóðsins miðað við að eigið fé sjóðsins standi undir skuldbindingum en þær falli ekki síðar á ríkissjóð. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir að vextir af lánum, sem sjóðurinn taki, séu 6%. Ef ríkisframlagið er lægra er gengið á eigið fé sjóðsins og ef það er hærra er verið að auka við eigið fé sjóðsins. Ef veitt námslán yrðu árlega 3,8 milljarðar þyrfti ríkisframlag samkvæmt framansögðu að vera 2,5 milljarðar á ári og lántaka um 1,7 milljarðar miðað við óbreytt útlán.

Miðað við árlegt framlag úr ríkissjóði 1,75 milljarða kr. sem er það sama og fjárlög gera ráð fyrir á árinu 1991 og að þeirri fjárþörf sem á vantar verði mætt með lántökum (reiknað er með að slík lán séu til 10 ára og beri 6% vexti) fæst sú niðurstaða að Lánasjóðurinn mun stöðugt þurfa að taka hærri lán og verður svo komið árið 2014 að vaxtagjöld verða orðin 3,9 milljarðar sem er hærri fjárhæð en útlán. Þannig skapast í raun vítahringur stigaukinna lántaka og vaxtagjalda.

Kostnaður lækkar hins vegar ef gert er ráð fyrir að fjármagna útlán sjóðsins alfarið með ríkisframlögum án þess að tekin séu lán. Hér fæst sú niðurstaða að ríkissjóður þarf að leggja sjóðnum til 4,8 milljarða kr. á árinu 1991. Stærsti hluti þessa fjár fer til fjármögnunar kerfisins og kemur þannig í stað lánsfjár. Framlög fara síðan smám saman lækkandi niður í um 800 millj. kr. Þessi fjárhæð samsvarar árlegum kostnaði sjóðsins vegna rekstrar og affalla veittra námslána vegna takmarkana á endurgreiðslum.

Styrkir vegna takmarkana á endurgreiðslum.

Vegna endurgreiðslureglna eru námslán að hluta til styrkir. Endurgreiðsla er nú takmörkuð við 40 ár og 3,75% af tekjum. Þetta þýðir að um 19% af veittum námslánum eru í raun styrkir eða um 4,9 milljarðar kr. af útistandandi lánum í árslok 1990.

Styrkir vegna vaxtaniðurgreiðslna.

Námslán eru verðtryggð en bera hins vegar enga vexti. Ef námslán eru borin saman við skuldabréf á almennum markaði kemur í ljós að vaxtaniðurgreiðsla ríkissjóðs á námslánum er veruleg. Ef gerð er 6% ávöxtunarkrafa til fjármagns verða afföll af útistandandi námslánum í árslok 1990 rúmir 9,8 milljarðar kr.

Mat á afskriftahlutföllum vegna takmarkana á endurgreiðslum.

Þau afskriftahlutföll, sem notuð hafa verið á undanförnum árum í reikningsskilum Lánasjóðsins, eru í nokkuð góðu samræmi við niðurstöður þess útreiknings sem gerður var á eldri lánum sjóðsins. Hins vegar virðast þessi hlutföll vera að breytast þar sem afskriftarhlutfall T-lána, þ.e. lán þeirra sem nú stunda nám, virðist vera hærra en S-lána. Afföll af T-lánum virðast verða rúm 16% en í reikningsskilum eru notuð 10%. Skýringu á þessari breytingu er líklega að leita í lengingu þess tíma sem námsmenn eru á námslánum. Ástæður þessa voru hins vegar ekki kannaðar sérstaklega og er látið nægja að benda á þetta hér.

Vaxtaniðurgreiðslur eru ekki sýndar í ársreikningi.

Vaxtaniðurgreiðslur hafa ekki verið dregnar fram í ársreikningum sjóðsins. Þetta er í samræmi við þá reikningsskilavenju sem viðhöfð hefur verið hjá stofnunum og sjóðum sem fjármagna svipaðar niðurgreiðslur með ríkisframlögum. Ríkisendurskoðun telur að samræmis verði að gæta í framsetningu á ársreikningum sjóða sem fá veruleg ríkisframlög. Ekki er talið rétt að breyta framsetningu þessa atriðis eingöngu fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna heldur þarf að skoða þessa framsetningu fyrir alla sjóði sem eru í svipaðri stöðu.

Fjárvöntun á árinu 1991 virðist stefna í að verða 300–400 millj. kr.

Misræmi er á ráðgerðum útlánum samkvæmt fjárlögum og útlánareglum sjóðsins. Ekki hafa verið gerðar breytingar á útlánareglum sjóðsins þannig að öll skerðing námslána mun koma á síðari hluta ársins. Ákvörðun þarf að taka sem fyrst um það hvernig breyta eigi lánareglum sjóðsins þannig að ná megi fram þeim niðurskurði sem fjárlög gera ráð fyrir. Ef þetta er ekki gert verður að hækka fjárheimild sjóðsins í fjáraukalögum.

Fylgiskjal II.

Úr athugun Hagfræðistofnunar HÍ á þróun ríkisframlags til LÍN og endurgreiðslu einstakra tekjuhópa.
(16. mars 1992.)

Eftirfarandi athugun var gerð að beiðni Menntamálanefndar Alþingis 13. mars 1992.

Atriðin sem um var beðið eru:

1. Hver eru áhrif eftirfarandi breytinga á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN), á þróun ríkisframlags til sjóðsins að því gefnu að 55% fjárþarfar sjóðsins sé tekin að láni á 6% vöxtum til 10 ára og 45% fjárþarfar sé fullnægt með ríkisframlagi?

Breytingarnar á lögum sjóðsins felast í að eftirfarandi reglur eru teknar upp:

Tekjutenging 5% fyrstu 5 ár afborgana, 7% eftir það.

Föst ársgreiðsla 48.000 kr.

Endurgreiðslur hefjast 2 árum eftir námslok.

Lántökugjald 1,2%.

Vextir útlána 1%, 2% og 3%.

Í **fylgiskjali 1** eru niðurstöður útreikninga er sýna þróun ríkisframlags frá árinu 1991 til 2036. Þar er sýnd þróun ríkisframlags í gildandi kerfi. Einnig má þar sjá áhrif þess á ríkisframlagið að framkvæmdar séu ofangreindar breytingar.[1]

[1] Forsendur þessara útreikninga er að finna í öðrum kafla greinargerðar Ríkisendurskoðunar um fjárhagsstöðu LÍN, sem gefin var út í apríl 1991, bls. 13-20.

2. Hvernig koma einstakir tekjuhópar út í framangreindu endurgreiðslukerfi námslána?

Þrjú dæmi eru tekin um upphæð láns:

1. Einstaklingur í leiguhúsnæði.	Meðallán á ári 404.425 kr.
2. Einstætt foreldri með eitt barn.	Meðallán á ári 564.318 kr.
3. Einstætt foreldri með tvö börn.	Meðallán á ári 710.821 kr.

Þessi dæmi eru reiknuð fyrir fimm mismunandi tekjuhópa og er þar stuðst við meðaltekjur viðkomandi tekjuhóps[2]. Tekjuhóparnir eru:

1. Viðskiptafræðingar.	Námstími 4 ár.
2. Verkfræðingar.	Námstími 4 ár.
3. Hjúkrunarfræðingar.	Námstími 4 ár.
4. Framhaldsskólakennarar.	Námstími 4 ár.
5. Sálfræðingar.	Námstími 4 ár.

Niðurstöður útreikninga á greiðslubyrði ofangreindra tekjuhópa eru í **fylgiskjali 2.**

[2] Tekjuþróunin sem lögð er til grundvallar er fengin úr skýrslu sem Hagfræðisstofnun H.Í. vann að beiðni stjórnar LÍN og nefnist "Þjóðhagsleg arðsemi menntunar" bls. 20-25.

Ár	*Gildandi kerfi* *Ríkisframlag*	*Tekjutenging 5% fyrstu 5 árin en 7% eftir það. Reiknað með sömu afföllum og í gildandi kerfi.* *Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Föst árgreiðsla 48.000 kr.* *Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Endurgr. hefjast tveimur árum eftir námslok* *Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Áhrif álagningar 1,2% lánaókugjalds* *Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Áhrif 3% vaxtaálags* *Ríkisframlag*	*Lækkun í ríkis-framlagi*	*Heildar-lækkun í ríkis-framlagi*
1991	2.341	2.341	0	2.341	0	2.341	0	2.341	0	2.341	0	0
1992	2.470	2.470	0	2.470	0	2.470	0	2.398	72	2.398	0	72
1993	2.605	2.605	0	2.605	0	2.605	0	2.530	76	2.530	0	76
1994	2.698	2.698	0	2.698	0	2.698	0	2.619	79	2.619	0	79
1995	2.835	2.835	0	2.835	0	2.812	22	2.729	83	2.729	0	106
1996	3.048	3.043	5	3.041	2	2.993	47	2.906	88	2.906	0	142
1997	3.210	3.195	16	3.188	7	3.112	76	3.020	92	3.020	0	191
1998	3.292	3.259	33	3.244	14	3.137	108	3.040	97	3.040	0	252
1999	3.424	3.367	57	3.342	25	3.201	142	3.098	102	3.098	0	326
2000	3.659	3.570	89	3.531	39	3.335	196	3.227	108	3.227	0	431
2001	3.854	3.688	166	3.635	53	3.424	211	3.310	114	3.310	0	544
2002	3.959	3.710	249	3.642	68	3.415	227	3.296	118	3.296	0	663
2003	4.078	3.739	339	3.655	84	3.411	244	3.288	123	3.288	0	790
2004	4.181	3.746	435	3.644	101	3.382	262	3.255	128	3.255	0	927
2005	4.302	3.763	539	3.643	120	3.364	279	3.231	133	3.231	0	1.071
2006	4.422	3.773	649	3.634	140	3.338	296	3.200	138	3.200	0	1.222
2007	4.537	3.772	765	3.611	160	3.300	311	3.157	143	3.157	0	1.380
2008	4.648	3.760	888	3.578	182	3.291	287	3.143	148	3.103	40	1.545
2009	4.764	3.747	1.018	3.581	166	3.357	224	3.204	153	3.049	155	1.716
2010	4.880	3.755	1.126	3.652	102	3.422	231	3.263	159	2.988	275	1.893
2011	4.913	3.746	1.167	3.638	108	3.404	234	3.243	161	2.843	400	2.070
2012	4.934	3.725	1.208	3.613	112	3.376	237	3.212	164	2.683	530	2.251
2013	4.948	3.699	1.249	3.583	116	3.344	239	3.178	166	2.512	666	2.436
2014	4.956	3.667	1.288	3.549	119	3.309	239	3.141	169	2.391	750	2.565
2015	4.955	3.629	1.326	3.508	120	3.270	238	3.100	171	2.280	820	2.675
2016	4.946	3.586	1.360	3.465	121	3.230	234	3.057	173	2.163	895	2.783
2017	4.929	3.539	1.390	3.419	120	3.191	228	3.015	175	2.040	976	2.889
2018	4.905	3.489	1.416	3.372	117	3.152	220	2.975	177	1.912	1063	2.992
2019	4.872	3.438	1.434	3.326	111	3.114	212	2.935	179	1.781	1154	3.091
2020	4.832	3.387	1.446	3.280	107	3.074	206	2.893	181	1.649	1244	3.183
2021	4.783	3.335	1.448	3.229	106	3.029	200	2.847	182	1.515	1331	3.268
2022	4.730	3.283	1.447	3.179	104	2.986	193	2.802	184	1.385	1417	3.345
2023	4.674	3.233	1.442	3.130	102	2.945	185	2.760	186	1.261	1499	3.413
2024	4.616	3.184	1.432	3.085	99	2.909	177	2.722	187	1.144	1578	3.472
2025	4.556	3.139	1.417	3.044	95	2.876	167	2.688	188	1.032	1656	3.524
2026	4.494	3.096	1.398	3.006	90	2.848	158	2.659	190	923	1736	3.571
2027	4.432	3.058	1.373	2.974	85	2.825	148	2.635	191	818	1816	3.613
2028	4.367	3.024	1.344	2.945	78	2.806	139	2.613	192	718	1895	3.649
2029	4.304	2.995	1.309	2.922	73	2.788	133	2.595	193	624	1971	3.680
2030	4.241	2.970	1.270	2.900	70	2.773	128	2.578	194	537	2042	3.704
2031	4.174	2.944	1.230	2.876	67	2.755	122	2.559	195	451	2108	3.723
2032	4.109	2.919	1.190	2.854	65	2.738	116	2.542	196	373	2170	3.736
2033	4.043	2.895	1.148	2.834	62	2.724	110	2.527	197	300	2227	3.743
2034	3.993	2.887	1.106	2.829	59	2.724	104	2.526	198	245	2281	3.748
2035	3.929	2.866	1.063	2.810	56	2.711	99	2.512	199	179	2333	3.750
2036	3.738	2.719	1.020	2.666	53	2.572	94	2.372	200	-12	2384	3.750
Samtals:	191.580	151.287	40.294	147.609	3.678	139.883	7.726	132.940	6.943	93.533	39.407	98.048

Einstætt foreldri með eitt barn
Meðallán á ári: 564.318

Starfsgrein: Viðskiptafræðingar

Meðallán á ári:	564.318	*Tekjutenging*	*5,00%*	*fyrstu 5 árin*
Tekið lán:	2.257.272	*Tekjutenging*	*7,00%*	*frá ári 5*
Námstími í árum:	4			
Vextir:	3%			

Ár úti á vinnumarkaði	*Lífsaldur í árum*	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfuðst*	*Höfuðstóll í lok árs*	*greiðslu-byrði*
0	21	206.526					
0	22	206.526					
0	23	206.526					
0	24	206.526				2.257.272	
1	25	1.904.741	0.000	67.718	-67.718	2.324.990	0,00%
2	26	1.904.741	0.000	69.750	-69.750	2.394.740	0,00%
3	27	2.455.306	122.765	71.842	50.923	2.343.817	5,00%
4	28	2.455.306	122.765	70.315	52.451	2.291.366	5,00%
5	29	2.455.306	122.765	68.741	54.024	2.237.342	5,00%
6	30	3.117.185	155.859	67.120	88.739	2.148.603	5,00%
7	31	3.117.185	155.859	64.458	91.401	2.057.201	5,00%
8	32	3.117.185	218.203	61.716	156.487	1.900.715	7,00%
9	33	3.407.676	238.537	57.021	181.516	1.719.199	7,00%
10	34	3.407.676	238.537	51.576	186.961	1.532.237	7,00%
11	35	3.407.676	238.537	45.967	192.570	1.339.667	7,00%
12	36	3.182.108	222.748	40.190	182.558	1.157.109	7,00%
13	37	3.182.108	222.748	34.713	188.034	969.075	7,00%
14	38	3.182.108	222.748	29.072	193.675	775.400	7,00%
15	39	3.182.108	222.748	23.262	199.486	575.914	7,00%
16	40	3.182.108	222.748	17.277	205.470	370.444	7,00%
17	41	3.182.108	222.748	11.113	211.634	158.810	7,00%
18	42	3.182.108	163.574	4.764	158.810	0.000	5,14%
19	43	3.182.108	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
20	44	3.182.108	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
21	45	3.182.108	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
22	46	3.305.052	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
23	47	3.305.052	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
24	48	3.305.052	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
25	49	3.305.052	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
26	50	3.305.052	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
27	51	3.305.052	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
28	52	3.305.052	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
29	53	3.305.052	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
30	54	3.305.052	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
31	55	3.305.052	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
32	56	2.660.170	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
33	57	2.660.170	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
34	58	2.660.170	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
35	59	2.660.170	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
36	60	2.660.170	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
37	61	2.660.170	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
38	62	2.660.170	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
39	63	2.660.170	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
40	64	2.660.170	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
41	65	2.660.170	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
42	66	2.660.170	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%
43	67	2.660.170	0.000	0.000	0.000	0.000	0,00%

Starfsgrein: Hjúkrunarfræðingar

Meðallán á ári:	564.318	*Tekjutenging*	*5,00%*	*fyrstu 5 árin*
Tekið lán:	2.257.272	*Tekjutenging*	*7,00%*	*frá ári 5*
Námstími í árum:	4			
Vextir:	3%			

Ár úti á vinnumarkaði	*Lífsaldur í árum*	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*	*greiðslu-byrði*
0	21	206.526					
0	22	206.526					
0	23	206.526					
0	24	206.526				2.257.272	
1	25	1.177.299	0,000	67,718	-67,718	2.324,990	0,00%
2	26	1.076,593	0.000	69,750	-69,750	2.394,740	0,00%
3	27	1.044,898	52,245	71,842	-19,597	2.414,337	5,00%
4	28	1.086,178	54,309	72,430	-18,121	2.432,458	5,00%
5	29	1.082,599	54,130	72,974	-18,844	2.451,302	5,00%
6	30	1.103,942	55,197	73,539	-18,342	2.469,644	5,00%
7	31	1.097,935	54,897	74,089	-19,193	2.488,837	5,00%
8	32	1.121,962	78,537	74,665	3,872	2.484,964	7,00%
9	33	1.106,881	77,482	74,549	2,933	2.482,032	7,00%
10	34	1.083,494	75,845	74,461	1,384	2.480,648	7,00%
11	35	1.091,801	76,426	74,419	2,007	2.478,641	7,00%
12	36	1.156,724	80,971	74,359	6,611	2.472,030	7,00%
13	37	1.238,899	86,723	74,161	12,562	2.459,468	7,00%
14	38	1.295,771	90,704	73,784	16,920	2.442,548	7,00%
15	39	1.242,606	86,982	73,276	13,706	2.428,842	7,00%
16	40	1.189,313	83,252	72,865	10,387	2.418,456	7,00%
17	41	1.175,127	82,259	72,554	9,705	2.408,750	7,00%
18	42	1.214,106	84,987	72,263	12,725	2.396,025	7,00%
19	43	1.253,085	87,716	71,881	15,835	2.380,190	7,00%
20	44	1.253,085	87,716	71,406	16,310	2.363,880	7,00%
21	45	1.253,085	87,716	70,916	16,800	2.347,080	7,00%
22	46	1.230,976	86,168	70,412	15,756	2.331,324	7,00%
23	47	1.219,857	85,390	69,940	15,450	2.315,874	7,00%
24	48	1.219,857	85,390	69,476	15,914	2.299,960	7,00%
25	49	1.219,857	85,390	68,999	16,391	2.283,569	7,00%
26	50	1.219,857	85,390	68,507	16,883	2.266,686	7,00%
27	51	1.219,857	85,390	68,001	17,389	2.249,297	7,00%
28	52	1.219,857	85,390	67,479	17,911	2.231,386	7,00%
29	53	1.219,857	85,390	66,942	18,448	2.212,937	7,00%
30	54	1.219,857	85,390	66,388	19,002	2.193,936	7,00%
31	55	1.219,857	85,390	65,818	19,572	2.174,364	7,00%
32	56	1.219,857	85,390	65,231	20,159	2.154,205	7,00%
33	57	1.219,857	85,390	64,626	20,764	2.133,441	7,00%
34	58	1.219,857	85,390	64,003	21,387	2.112,054	7,00%
35	59	1.219,857	85,390	63,362	22,028	2.090,026	7,00%
36	60	1.219,857	85,390	62,701	22,689	2.067,336	7,00%
37	61	1.219,857	85,390	62,020	23,370	2.043,966	7,00%
38	62	1.219,857	85,390	61,319	24,071	2.019,895	7,00%
39	63	1.219,857	85,390	60,597	24,793	1.995,102	7,00%
40	64	1.219,857	85,390	59,853	25,537	1.969,565	7,00%
41	65	1.219,857	85,390	59,087	26,303	1.943,262	7,00%
42	66	1.219,857	85,390	58,298	27,092	1.916,170	7,00%
43	67	1.219,857	85,390	57,485	27,905	1.888,265	7,00%

Starfsgrein: Framhaldsskólakennarar

Meðallán á ári:	564.318	*Tekjutenging*	*5,00%*	*fyrstu 5 árin*
Tekið lán:	2.257.272	*Tekjutenging*	*7,00%*	*frá ári 5*
Námstími í árum	4			
Vextir:	3%			

Ár úti á vinnumarkaði	*Lífsaldur í árum*	*Meðaltekjur starfsgr.*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfu*	*Höfuðstóll í lok árs*	*greiðslu-byrði*
0	21	206.526					
0	22	206.526					
0	23	206.526					
0	24	206.526				2.257.272	
1	25	1.257.686	0.000	67.718	-67.718	2.324.990	0,00%
2	26	1.254.363	0.000	69.750	-69.750	2.394.740	0,00%
3	27	1.286.952	64.348	71.842	-7.495	2.402.234	5,00%
4	28	1.243.756	62.188	72.067	-9.879	2.412.114	5,00%
5	29	1.265.226	63.261	72.363	-9.102	2.421.216	5,00%
6	30	1.259.603	62.980	72.636	-9.656	2.430.872	5,00%
7	31	1.337.434	66.872	72.926	-6.054	2.436.927	5,00%
8	32	1.342.674	93.987	73.108	20.879	2.416.047	7,00%
9	33	1.389.449	97.261	72.481	24.780	2.391.267	7,00%
10	34	1.361.205	95.284	71.738	23.546	2.367.721	7,00%
11	35	1.375.007	96.250	71.032	25.219	2.342.502	7,00%
12	36	1.399.800	97.986	70.275	27.711	2.314.791	7,00%
13	37	1.423.571	99.650	69.444	30.206	2.284.585	7,00%
14	38	1.468.046	102.763	68.538	34.226	2.250.359	7,00%
15	39	1.466.001	102.620	67.511	35.109	2.215.250	7,00%
16	40	1.497.312	104.812	66.457	38.354	2.176.895	7,00%
17	41	1.514.054	105.984	65.307	40.677	2.136.219	7,00%
18	42	1.552.139	108.650	64.087	44.563	2.091.655	7,00%
19	43	1.584.217	110.895	62.750	48.146	2.043.510	7,00%
20	44	1.586.389	111.047	61.305	49.742	1.993.768	7,00%
21	45	1.569.008	109.831	59.813	50.018	1.943.750	7,00%
22	46	1.576.421	110.349	58.313	52.037	1.891.713	7,00%
23	47	1.562.107	109.348	56.751	52.596	1.839.117	7,00%
24	48	1.541.531	107.907	55.174	52.734	1.786.384	7,00%
25	49	1.537.570	107.630	53.592	54.038	1.732.345	7,00%
26	50	1.545.621	108.193	51.970	56.223	1.676.122	7,00%
27	51	1.533.224	107.326	50.284	57.042	1.619.080	7,00%
28	52	1.485.427	103.980	48.572	55.407	1.563.673	7,00%
29	53	1.546.643	108.265	46.910	61.355	1.502.318	7,00%
30	54	1.561.724	109.321	45.070	64.251	1.438.067	7,00%
31	55	1.582.044	110.743	43.142	67.601	1.370.466	7,00%
32	56	1.482.743	103.792	41.114	62.678	1.307.788	7,00%
33	57	1.412.069	98.845	39.234	59.611	1.248.176	7,00%
34	58	1.480.443	103.631	37.445	66.186	1.181.991	7,00%
35	59	1.555.206	108.864	35.460	73.405	1.108.586	7,00%
36	60	1.615.911	113.114	33.258	79.856	1.028.730	7,00%
37	61	1.583.322	110.833	30.862	79.971	948.759	7,00%
38	62	1.532.713	107.290	28.463	78.827	869.932	7,00%
39	63	1.547.155	108.301	26.098	82.203	787.729	7,00%
40	64	1.598.786	111.915	23.632	88.283	699.446	7,00%
41	65	1.563.002	109.410	20.983	88.427	611.019	7,00%
42	66	1.420.504	99.435	18.331	81.105	529.914	7,00%
43	67	1.420.504	99.435	15.897	83.538	446.377	7,00%

Fylgiskjal III.

Úr athugun Hagfræðistofnunar HÍ
á afborgunum mismunandi tekjuhópa.
(9. apríl 1992.)

Eftirfarandi útreikningar voru gerðir að beiðni Menntamálanefndar Alþingis 7. apríl 1992.

Útreikningarnir sem um var beðið eru:

Hvernig er afborgunum mismunandi tekjuhópa háttað í breyttu lánasjóðskerfi ef tekið sé mið af taxtalaunum.

Dæmin sem litið er á eru eftirfarandi:

1. Einstaklingur í leiguhúsnæði. Árslán 432.000 kr.
2. Einstætt foreldri með eitt barn. Árslán 648.000 kr.
3. Einstætt foreldri með tvö börn. Árslán 864.000 kr.

Þessi dæmi eru reiknuð fyrir þrjá tekjuhópa. Þessir tekjuhópar eru:

1. Viðskiptafræðingar. Námstími 4 ár. Launaflokkur 143 skv. almennri launatöflu BHMR-félaga.

2. Verkfræðingar. Námstími 4 ár. Launaflokkar 519, 521, 523, 525, 527, 529, 531 og 533 í launatöflu skv. samningi Fulltrúaráðs félags ráðgjafaverkfr. og Stéttafélags verkfræðinga í ágúst 1986 með seinnitíma breytingum

3. Framhaldsskólakennarar. Námstími 4 ár. Launaflokkur 141 skv. almennri launatöflu BHMR-félaga.

Litið er á hvernig endurgreiðslum lána er háttað í lánakerfi sem hefur eftirfarandi einkenni:

Endurgreiðslur hefjast tveimur árum eftir námslok. Endurgreiðslur eru tekjutengdar 5% fyrstu fimm árin en 7% eftir það. Föst ársgreiðsla 48.000 kr. Þrennskonar vaxtastig á lánunum eru könnuð 1%, 2% og 3%.

Niðurstöður útreikninganna eru hjálagðar.

Einstætt foreldri með eitt barn
Árslán: 648,000
Vextir: 3,00%

Starfsgrein: Viðskiptafræðingar/Hagfræðingar

Árslán:	648.000	*Tekjutenging*	*5,00%*	*fyrstu 5 árin*
Tekið lán:	2.592.000	*Tekjutenging*	*7,00%*	*frá ári 5*
Námstími í árum:	4			
Vextir:	3%			

Ár úti á vinnumarkaði	*Lífsaldur í árum*	*Taxtalaun launafl. 143*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfuðst*	*Höfuðstóll í lok árs*	*greiðslu-byrði*
0	21	0,000					
0	22	0,000					
0	23	0,000					
0	24	0,000				2.592,000	
0	25	778,248	0,000	77,760	-77,760	2.669,760	0,00%
1	26	817,164	0,000	80,093	-80,093	2.749,853	0,00%
2	27	858,024	48,000	82,496	-34,496	2.784,348	5,59%
3	28	858,024	48,000	83,530	-35,530	2.819,879	5,59%
4	29	900,924	48,000	84,596	-36,596	2.856,475	5,33%
5	30	900,924	48,000	85,694	-37,694	2.894,169	5,33%
6	31	936,960	48,000	86,825	-38,825	2.932,995	5,12%
7	32	936,960	65,587	87,990	-22,403	2.955,397	7,00%
8	33	936,960	65,587	88,662	-23,075	2.978,472	7,00%
9	34	936,960	65,587	89,354	-23,767	3.002,239	7,00%
10	35	974,436	68,211	90,067	-21,857	3.024,095	7,00%
11	36	974,436	68,211	90,723	-22,512	3.046,608	7,00%
12	37	974,436	68,211	91,398	-23,188	3.069,796	7,00%
13	38	974,436	68,211	92,094	-23,883	3.093,679	7,00%
14	39	974,436	68,211	92,810	-24,600	3.118,279	7,00%
15	40	1.013,424	70,940	93,548	-22,609	3.140,887	7,00%
16	41	1.013,424	70,940	94,227	-23,287	3.164,174	7,00%
17	42	1.013,424	70,940	94,925	-23,986	3.188,160	7,00%
18	43	1.013,424	70,940	95,645	-24,705	3.212,865	7,00%
19	44	1.013,424	70,940	96,386	-25,446	3.238,311	7,00%
20	45	1.053,960	73,777	97,149	-23,372	3.261,683	7,00%
21	46	1.053,960	73,777	97,851	-24,073	3.285,757	7,00%
22	47	1.053,960	73,777	98,573	-24,796	3.310,552	7,00%
23	48	1.053,960	73,777	99,317	-25,539	3.336,092	7,00%
24	49	1.053,960	73,777	100,083	-26,306	3.362,397	7,00%
25	50	1.053,960	73,777	100,872	-27,095	3.389,492	7,00%
26	51	1.053,960	73,777	101,685	-27,908	3.417,399	7,00%
27	52	1.053,960	73,777	102,522	-28,745	3.446,144	7,00%
28	53	1.053,960	73,777	103,384	-29,607	3.475,751	7,00%
29	54	1.053,960	73,777	104,273	-30,495	3.506,247	7,00%
30	55	1.053,960	73,777	105,187	-31,410	3.537,657	7,00%
31	56	1.053,960	73,777	106,130	-32,353	3.570,009	7,00%
32	57	1.053,960	73,777	107,100	-33,323	3.603,332	7,00%
33	58	1.053,960	73,777	108,100	-34,323	3.637,655	7,00%
34	59	1.053,960	73,777	109,130	-35,352	3.673,008	7,00%
35	60	1.053,960	73,777	110,190	-36,413	3.709,421	7,00%
36	61	1.053,960	73,777	111,283	-37,505	3.746,926	7,00%
37	62	1.053,960	73,777	112,408	-38,631	3.785,557	7,00%
38	63	1.053,960	73,777	113,567	-39,790	3.825,346	7,00%
39	64	1.053,960	73,777	114,760	-40,983	3.866,329	7,00%
40	65	1.053,960	73,777	115,990	-42,213	3.908,542	7,00%
41	66	1.053,960	73,777	117,256	-43,479	3.952,021	7,00%
42	67	1.053,960	73,777	118,561	-44,783	3.996,805	7,00%

Starfsgrein: Framhaldsskólakennarar

Árslán:	648.000	*Tekjutenging*	*5,00%*	*fyrstu 5 árin*
Tekið lán:	2.592.000	*Tekjutenging*	*7,00%*	*frá ári 5*
Námstími í árum:	4			
Vextir:	3%			

Ár úti á vinnumarkaði	*Lífaldur í árum*	*Taxtalaun launafl 14]*	*Afborgun*	*vextir*	*Afb. af höfuð.*	*Höfuðstóll í lok árs*	*greiðslu-byrði*
0	21	0,000					
0	22	0,000					
0	23	0,000					
0	24	0,000				2.592,000	
0	25	733,584	0,000	77,760	-77,760	2.669,760	0,00%
1	26	770,256	0,000	80,093	-80,093	2.749,853	0,00%
2	27	808,776	48,000	82,496	-34,496	2.784,348	5,93%
3	28	808,776	48,000	83,530	-35,530	2.819,879	5,93%
4	29	849,204	48,000	84,596	-36,596	2.856,475	5,65%
5	30	849,204	48,000	85,694	-37,694	2.894,169	5,65%
6	31	883,176	48,000	86,825	-38,825	2.932,995	5,43%
7	32	883,176	61,822	87,990	-26,168	2.959,162	7,00%
8	33	883,176	61,822	88,775	-26,953	2.986,115	7,00%
9	34	883,176	61,822	89,583	-27,761	3.013,876	7,00%
10	35	918,504	64,295	90,416	-26,121	3.039,997	7,00%
11	36	918,504	64,295	91,200	-26,905	3.066,901	7,00%
12	37	918,504	64,295	92,007	-27,712	3.094,613	7,00%
13	38	918,504	64,295	92,838	-28,543	3.123,156	7,00%
14	39	918,504	64,295	93,695	-29,399	3.152,556	7,00%
15	40	955,248	66,867	94,577	-27,709	3.180,265	7,00%
16	41	955,248	66,867	95,408	-28,541	3.208,806	7,00%
17	42	955,248	66,867	96,264	-29,397	3.238,202	7,00%
18	43	955,248	66,867	97,146	-30,279	3.268,481	7,00%
19	44	955,248	66,867	98,054	-31,187	3.299,668	7,00%
20	45	993,456	69,542	98,990	-29,448	3.329,116	7,00%
21	46	993,456	69,542	99,873	-30,332	3.359,448	7,00%
22	47	993,456	69,542	100,783	-31,242	3.390,689	7,00%
23	48	993,456	69,542	101,721	-32,179	3.422,868	7,00%
24	49	993,456	69,542	102,686	-33,144	3.456,012	7,00%
25	50	993,456	69,542	103,680	-34,138	3.490,151	7,00%
26	51	993,456	69,542	104,705	-35,163	3.525,313	7,00%
27	52	993,456	69,542	105,759	-36,217	3.561,531	7,00%
28	53	993,456	69,542	106,846	-37,304	3.598,835	7,00%
29	54	993,456	69,542	107,965	-38,423	3.637,258	7,00%
30	55	993,456	69,542	109,118	-39,576	3.676,834	7,00%
31	56	993,456	69,542	110,305	-40,763	3.717,597	7,00%
32	57	993,456	69,542	111,528	-41,986	3.759,583	7,00%
33	58	993,456	69,542	112,787	-43,246	3.802,828	7,00%
34	59	993,456	69,542	114,085	-44,543	3.847,371	7,00%
35	60	993,456	69,542	115,421	-45,879	3.893,250	7,00%
36	61	993,456	69,542	116,798	-47,256	3.940,506	7,00%
37	62	993,456	69,542	118,215	-48,673	3.989,179	7,00%
38	63	993,456	69,542	119,675	-50,133	4.039,313	7,00%
39	64	993,456	69,542	121,179	-51,637	4.090,950	7,00%
40	65	993,456	69,542	122,729	-53,187	4.144,137	7,00%
41	66	993,456	69,542	124,324	-54,782	4.198,919	7,00%
42	67	993,456	69,542	125,968	-56,426	4.255,345	7,00%

Fylgiskjal IV.

Úr athugun Hagfræðistofnunar HÍ
á vöxtum og þróun eigin fjár.
(6. apríl 1992.)

Eftirfarandi athugun var gerð að beiðni Menntamálanefndar Alþingis 2. apríl 1992. Athugað var hvernig þróun eiginfjár yrði í gildandi og breyttu lánasjóðskerfi m.v. 0%, 1%, 2% og 3% vexti útlána.

Forsendur breytta kerfisins eru þær að tekjutenging er 5% fyrstu 5 ár afborgana en 7% eftir það. Föst árgreiðsla 48.000 kr. Endurgreiðslur hefjast 2 árum eftir námslok. Lántökugjald 1,2%.

Í útreikningunum er gert ráð fyrir m.a að 45% fjárþarfar sjóðins sé mætt með ríkisframlagi en 55% með lántöku. Í báðum kerfunum er reiknað með að um 83% veitra lána innheimtist.

Niðurstöður útreikinga eru hjálagðar.

	Eigið fé í gildandi kerfi vextir 0%	*Eigið fé í breyttu kerfi vextir 0%*	*Eigið fé í breyttu kerfi vextir 1%*	*Eigið fé í breyttu kerfi vextir 2%*	*Eigið fé í breyttu kerfi vextir 3%*
1991	13.195	13.195	13.195	13.195	13.195
1992	14.156	14.143	14.143	14.143	14.143
1993	15.195	15.167	15.167	15.167	15.167
1994	16.279	16.268	16.268	16.268	16.268
1995	17.331	17.398	17.398	17.398	17.398
1996	18.372	18.563	18.563	18.563	18.563
1997	19.461	19.818	19.818	19.818	19.818
1998	20.538	21.095	21.095	21.095	21.095
1999	21.543	22.293	22.293	22.293	22.293
2000	22.537	23.428	23.428	23.428	23.428
2001	23.603	24.551	24.551	24.551	24.551
2002	24.693	25.615	25.615	25.615	25.615
2003	25.798	26.605	26.605	26.605	26.605
2004	26.936	27.533	27.533	27.533	27.533
2005	28.091	28.380	28.380	28.380	28.380
2006	29.279	29.159	29.159	29.159	29.159
2007	30.500	29.867	29.867	29.867	29.867
2008	31.753	30.501	30.501	30.501	30.501
2009	33.035	31.058	31.058	31.058	31.058
2010	34.349	31.641	31.766	31.766	31.766
2011	35.699	32.252	32.549	32.621	32.621
2012	37.034	32.842	33.310	33.566	33.566
2013	38.351	33.406	34.044	34.513	34.588
2014	39.646	33.942	34.748	35.429	35.676
2015	40.917	34.446	35.419	36.310	36.820
2016	42.162	34.915	36.053	37.152	37.942
2017	43.380	35.349	36.648	37.953	39.021
2018	44.571	35.748	37.206	38.713	40.057
2019	45.733	36.114	37.725	39.431	41.048
2020	46.867	36.448	38.208	40.108	41.993
2021	47.972	36.752	38.660	40.748	42.897
2022	49.045	37.028	39.081	41.353	43.760
2023	50.087	37.276	39.473	41.927	44.586
2024	51.097	37.501	39.841	42.475	45.380
2025	52.075	37.705	40.188	43.000	46.146
2026	53.023	37.894	40.517	43.506	46.890
2027	53.940	38.071	40.833	43.997	47.618
2028	54.827	38.239	41.140	44.478	48.333
2029	55.685	38.404	41.441	44.952	49.039
2030	56.515	38.565	41.735	45.417	49.734
2031	57.318	38.724	42.021	45.871	50.416
2032	58.092	38.878	42.296	46.306	51.079
2033	58.837	39.027	42.560	46.724	51.719
2034	59.554	39.172	42.814	47.124	52.335
2035	60.257	39.326	43.071	47.521	52.938
2036	60.932	39.475	43.318	47.900	53.514

790. Breytingartillögur [214. mál]

við frv. til l. um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá minni hluta menntamálanefndar (HG, KÁ, PBj, VS).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Markmið laganna er að stuðla að jafnrétti til náms. Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita námsmönnum fjárhagsaðstoð til náms við menntastofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru við háskóla og sérskóla hérlendis. Þó skal veita fjárhagsaðstoð til sérnáms í framhaldsskólum samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett í reglugerð. Komi fram óskir eða tillögur um breytingar á útreiknuðum framfærslugrunni samkvæmt þessari grein er ráðherra skylt að láta þriggja manna nefnd fjalla um þær áður en slíkar breytingar eru gerðar. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndum sameiginlega af samtökum námsmanna, auk hagstofustjóra eða fulltrúa hans og skal hann vera formaður nefndarinnar.
   Þeir sem eiga rétt á láni samkvæmt lögum þessum skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Lánasjóður skal standa honum skil á iðgjaldshluta lánþega ásamt mótframlagi sínu er telst viðbót við lán eins og það annars reiknast. Það rýrir ekki rétt námsmanns til lánsfyrirgreiðslu úr Lánasjóði sem svarar þeim hluta er nemur iðgjaldi að Söfnunarsjóði þótt hann taki ekki námslán til framfærslu sér eða námskostnaðar.
3. Við 4. gr. 1. mgr. orðist þannig:
   Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar, annar varaformaður og einn úr röðum samstarfsnefndar háskólastigsins.
4. Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Fyrsta námsaðstoð skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur á yfirstandandi missiri.
   b. Í 4. mgr. falli niður orðin „ásamt vöxtum“.
   c. 6. mgr. falli brott.
5. Við 7. gr. Í stað 3.–5. mgr. komi fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Endurgreiðsla lána hefst þremur árum eftir námslok en sjóðstjórnin skal skilgreina nánar hvað telja beri námslok í þessu sambandi.

Ári eftir námslok skal námsmanni tilkynnt upphæð heildarskuldar og sú vísitala sem samsvarar raungildi hennar.

Endurgreiðslur fara fram á grundvelli reglna sem giltu á þeim tíma er námsmaður undirritaði einstök skuldabréf.

Ábyrgð ábyrgðarmanns skv. 6. gr. getur fallið niður þegar fyrsta greiðsla hefur að fullu verið innt af hendi, enda setji lánþegi aðra tryggingu fyrir lánum sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimt er á fyrri hluta ársins og hins vegar er viðbótargreiðsla sem innheimt er á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

Föst ársgreiðsla er 34.000 kr. miðað við lánskjaravísitölu 3.205 nema eftirstöðvar láns, ásamt verðbótum, séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs.

Viðbótargreiðsla miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 4% af árstekjum, allt að upphæð 1.200.000 kr. miðað við lánskjaravísitölu 3.205, en af tekjum umfram þá upphæð er hundraðshlutinn 6%.

Hundraðshlutinn, sem ákvarðar hámark árlegrar endurgreiðslu skv. 3. mgr., skal margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 1. mgr., að hluta eða að öllu leyti, ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum lánþega, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá ársgreiðslu skv. 1. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Lánþegi, sem sækir um undanþágu skv. 5. mgr., skal leggja fyrir sjóðstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta.

Heimilt er að endurgreiða lán örar en mælt er fyrir í þessari grein. Lánþega ber á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hverrar greiðslu.

7. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Hverri árlegri endurgreiðslu skal skipt á höfuðstól og verðbætur í hlutfalli, annars vegar við lánskjaravísitölu við lántöku, sbr. 1. mgr. 7. gr., og hins vegar hækkun vísitölu fram að þeim tíma þegar endurgreiðsla er innt af hendi.

Endurgreiðslur, sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast, falla sjálfkrafa niður.

Endurgreiðslur eru lögtakskræfar ef um vanskil er að ræða. Sama máli gegnir um eftirstöðvar námslána sem felld eru í gjalddaga skv. 11. gr.

8. Við 15. gr. Orðin „og með lántökugjöldum, sbr. 6. gr.“ í 2. mgr. falli brott.

9. Við 16. gr. 3. mgr. orðist svo:

Sjóðstjórn er heimilt, ef hagsmunasamtök námsmanna óska eftir, að draga félagsgjald frá láni nema fram komi í lánsumsókn ósk um að það sé ekki gert.

791. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [214. mál]

í málinu: Frv. til l. um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá minni hluta menntamálanefndar (HG, KÁ, VS, PBj).

Með vísan til þess sem kemur fram í nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar og
— þar sem gildandi lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna hafa í aðalatriðum reynst vel,
— þar sem ríkisstjórnin gengur með fyrirliggjandi tillögum gegn markmiðinu um jafnrétti til náms,
— þar sem með grófum hætti er ráðist gegn hagsmunum námsmanna og hafnað samráði við námsmannahreyfinguna,
samþykkir Alþingi að vísa dagskrármálinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

792. Frumvarp til barnalaga. [72. mál]

(Eftir 2. umr., 14. apríl.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til allra barna, en um kjörbörn eru einnig sérlög. Einstök ákvæði laganna ná til stjúpbarna og fósturbarna samkvæmt því er í þeim segir.

Réttarstaða barna er í hvívetna hin sama nema lög mæli annan veg.

II. KAFLI
Um faðerni barna.

A. Feðrunarreglur um börn giftra foreldra og sambúðarforeldra.

2. gr.

Eiginmaður móður barns telst faðir þess ef það er alið í hjúskap þeirra eða svo skömmu eftir hjúskaparslit að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum. Þetta gildir þó ekki ef hjónin voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barnsins.

Nú giftist móðir barns eftir fæðingu þess manni er hún hefur kennt barnið og telst hann þá faðir þess.

Ef móðir barns og maður, sem hún lýsir föður þess, búa saman við fæðingu þess samkvæmt því er greinir í þjóðskrá eða öðrum ótvíræðum gögnum telst hann faðir barnsins. Sama er ef móðir barns og maður, er hún lýsir föður þess, taka upp sambúð samkvæmt framansögðu, enda sé barn þá ófeðrað.

3. gr.

Eiginmaður eða sambúðarmaður, sem samþykkt hefur skriflega og við votta að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu eða sambúðarkonu hans með sæði úr öðrum manni, telst faðir barns sem þannig er getið.

B. Viðurkenning á faðerni barns er ákvæði 2. og 3. gr. taka ekki til.

4. gr.

Ef feðrunarreglur 2. og 3. gr. eiga ekki við verður barn feðrað með faðernisviðurkenningu manns er móðir lýsir föður þess, sbr. 5. og 6. gr., eða með dómsúrlausn, sbr. VII. kafla A.

5. gr.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir barn sitt, sbr. 4. gr., við faðerni þess með skriflegri yfirlýsingu sinni fyrir presti eða sýslumanni eða bréflega og vottfast og telst hann þá faðir barnsins.

Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára þegar yfirlýsing er uppi látin skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns.

Nú er þann veg háttað sálrænum högum lýsts barnsföður að varhugavert er að taka mark á yfirlýsingu hans og skal dómur þá ganga á mál.

Hið sama er ef upp kemur að fleiri menn en hinn lýsti faðir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barnsins, enda verði eigi talið fyrir fram að faðerni annarra en þess er gangast vill við faðerni sé útilokað.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur mælt svo fyrir að faðernisviðurkenning, sem fengin er erlendis, sé jafngild faðernisviðurkenningu sem fengist hefur hér á landi.

C. Skráning á faðerni barns.

7. gr.

Læknir eða ljósmóðir, sem tekur á móti barni, skal þegar skrá á fæðingarskýrslu öll þau atriði er af má ráða um þroska barnsins, svo og spyrja móður um faðerni þess og rita á skýrsluna frásögn hennar þar um. Sá sem móðir lýsir föður barns verður ekki skráður faðir þess nema barnið sé feðrað samkvæmt lögum þessum.

D. Dómsmál varðandi faðerni barns.

8. gr.

Um dómsmál til feðrunar barns fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla A, en um dómsmál til vefengingar faðernis og ógildingar faðernisviðurkenningar fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla B.

III. KAFLI
Framfærsla barna.

A. Framfærsluskylda foreldra.

9. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra barn sitt. Framfærslu barns skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barns. Ákvæði þetta á einnig við um kjörbarn og kjörforeldra.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra stjúpbarn sitt svo sem eigið barn þess væri. Sama á við um sambúðarforeldri.

Nú er barn í fóstri og er þá fósturforeldri skylt að framfæra fósturbarn sitt með sama hætti og væri það eigið barn þess.

B. Úrskurður um framfærslueyri.

10. gr.

Nú fullnægir foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni og getur sýslumaður þá úrskurðað það til greiðslu framfærslueyris með því. Framlög þessi verða þó ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að krafa var sett fram nema alveg sérstakar ástæður leiði til annars.

Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra.

Nú hefur faðir barns sætt dómi fyrir brot skv. XXII. kafla almennra hegningarlaga gagnvart móður þess og telja verður að barn sé getið við þessa háttsemi og er þá heimilt að úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

11. gr.

Í meðlagsúrskurði skal, auk fulls nafns meðlagsskylds foreldris, tilgreina kennitölu þess, heimilisfang, stöðu og atvinnustað á þeim tíma sem meðlagsúrskurður er gefinn út.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri nemur, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, né heldur takmarka meðlagsskyldu meðlagsskylds foreldris við lægri lágmarksaldur en þann er greinir í 13. gr. laga þessara. Frá gildistöku laga þessara skal greiða meðlag með barni þar til það nær framangreindum aldri þótt annað aldurstakmark hafi verið ákveðið í meðlagsúrskurði.

12. gr.

Nú hefur verið sett fram krafa um framfærslueyri með barni, en fyrirsjáanlegt er að mál muni dragast á langinn þar sem foreldri, sem krafa beinist gegn, er búsett erlendis eða sérstökum örðugleikum er bundið að ná til þess og getur þá sýslumaður kveðið upp bráðabirgðaúrskurð um framfærslueyri með barninu á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær hjá hinu meðlagsskylda foreldri í samræmi við úrskurð sýslumanns á hendur því.

C. Lok framfærsluskyldu.

13. gr.

Framfærsluskyldu lýkur er barn verður 18 ára. Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma ef barn giftist nema sýslumaður ákveði annað. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar ungmennis er heimilt að ákveða samkvæmt kröfu þess allt til þess er það nær 20 ára aldri. 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. á hér við að sínu leyti.

Ákvæði 1. mgr. 16. gr. eiga við um ákvarðanir sýslumanns skv. 1. mgr.

D. Greiðsla meðlags.

14. gr.

Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrir fram nema annað sé löglega ákveðið.

E. Úrskurður vegna sérstakra útgjalda.

15. gr.

Heimilt er að úrskurða framfærsluskyldan (meðlagsskyldan) aðila til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Framlög skv. 1. mgr. verða því aðeins úrskurðuð að krafa um það sé uppi höfð við sýslumann innan þriggja mánaða frá því að svara varð til útgjalda nema eðlileg ástæða hafi verið til að bíða með slíka kröfu.

F. Breyting á meðlagsúrskurði.

16. gr.

Sýslumaður getur breytt meðlagsúrskurði ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda sé sýnt fram á að hagir foreldra eða barns hafi breyst.

Ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er áður en krafa er uppi höfð, verður þó ekki breytt nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess.

G. Samningur um framfærslueyri.

17. gr.

Samningur um framfærslueyri með barni er því aðeins gildur að sýslumaður staðfesti hann. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar og eigi má takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barna en þann sem greinir í 13. gr.

18. gr.

Staðfestur samningur um framfærslueyri, sbr. 17. gr., er því ekki til fyrirstöðu að sýslumaður skipi máli annan veg en samningur kveður á um ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda telji hann að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögg við þarfir barns.

Ákvæði 2. mgr. 16. gr. á hér við að sínu leyti.

H. Hverjir geti krafist framfærslueyris o.fl.

19. gr.

Framfærslueyrir samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni. Nú er greidd af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu og skal þá varðveita fúlguféð með þeim hætti sem fyrir er mælt almennt um fé ófjárráða í lögræðislögum eða í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Sá sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns getur krafist þess að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða barnið búi hjá honum samkvæmt lögmætri skipan. Nú hefur verið innt af hendi framfærsluframlag af hálfu hins opinbera og hefur þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann sem greinir í þessari málsgrein.

I. Framfærslueyrir barna er foreldrar skilja.

20. gr.

Sé samkomulag milli foreldra við skilnað um framfærslueyri með börnum staðfestir sýslumaður eða dómstóll, sem skilnaðarmál hefur til meðferðar, samning foreldra þar að lútandi, enda fullnægi samningur þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 17. gr. Að

öðrum kosti úrskurðar sýslumaður um framfærslueyri að kröfu annars hvors foreldris samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

IV. KAFLI
Greiðslur er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu.

21. gr.

Sýslumaður getur úrskurðað föður barns til að greiða framfærslueyri með konu samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns.

Nú sýkist kona vegna meðgöngu eða barnsfara og er sýslumanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en níu mánuði eftir fæðingu.

Skylda má mann til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein þótt barn fæðist andvana.

22. gr.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður sem um getur í 3. mgr. 10. gr. skal sýslumaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað er af meðgöngu og barnsförum stafar.

Sýslumaður getur enn fremur úrskurðað þann sem valdur er að þunga konu til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar.

23. gr.

Framlög þau, sem greind eru í 21. gr. og 1. mgr. 22. gr., eru gjaldkræf þegar við ákvörðun á þeim, ef barn er þá fætt, og endranær á því tímamarki er sýslumaður ákveður. Framlög skv. 2. mgr. 22. gr. eru gjaldkræf við úrskurð þeirra.

Framlög skv. 1. mgr. verða ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að krafa var sett fram nema alveg sérstakar ástæður leiði til annars.

Framlög skv. 21. og 22. gr. tilheyra móður barns og/eða þeirri opinberu stofnun er staðið hefur straum af útgjöldum þeim sem hér getur verið um að ræða.

V. KAFLI
Greiðsla framfærslueyris og innheimtuúrræði.

24. gr.

Framfærslueyrir (meðlag) með barni, sem sýslumaður hefur úrskurðað, er kræfur með fjárnámi. Hinu sama gegnir um greiðslur sem sýslumaður úrskurðar skv. 13., 15., 21. og 22. gr., sbr. 23. gr.

Greiðslur skv. 1 mgr., sem samningur aðila tekur til, staðfestur af sýslumanni, eru einnig kræfar með fjárnámi.

25. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðilum, er greinir í 27. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni samkvæmt lögmætum úrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns er greinir í almannatryggingalögum svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði á hverjum tíma.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður löglega birtur eða samningur um meðlagsgreiðslur staðfestur af sýslumanni.

Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur verið gert að greiða lægra meðlag með því en nemur barnalífeyri almannatrygginga eða hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því getur sýslumaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins á grundvelli erlends skilnaðarleyfis, skilnaðardóms eða úrskurðar. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist.

Um kröfu skv. 2. mgr. svo og endurgreiðslu hennar gilda að öðru leyti ákvæði laga um almannatryggingar, þar á meðal um endurgreiðslu ríkissjóðs á meðlögum er Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna foreldra sem framfærslurétt eiga erlendis.

26. gr.

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna framfærslueyris skv. 1. mgr. 21. gr. fer svo sem segir í lögum um almannatryggingar.

Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur sem greinir í 15. gr. og barnsmóðir um greiðslur skv. 2. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 22. gr. þessara laga. Ungmenni, sem í hlut á, hefur aðgang að Tryggingastofnun ríkisins vegna úrskurðaðra framlaga skv. 13. gr. eftir því sem almannatryggingalög mæla fyrir um.

Með reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur, má ákveða hámarksgreiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi skv. 1. og 2. mgr.

27. gr.

Þeir sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri skv. 24.–26. gr.

28. gr.

Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

VI. KAFLI
Foreldraskyldur, forsjá barns og umgengnisréttur.

A. Inntak forsjár.

29. gr.

Foreldrum ber að sýna barni sínu umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum. Foreldrum ber að afla barni sínu lögmæltrar fræðslu og ala með því iðjusemi og siðgæði.

Barnið á rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða og eru þeir forsjárskyldir við það. Einstakar forsjárskyldur geta þó haldist lengur ef þarfir barns krefjast þess. Foreldri, sem fer eitt með forsjá barns síns, er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema umgengni sé andstæð hag og þörfum barns að mati lögmælts stjórnvalds.

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðila til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Þeir sem hafa forsjá barns á hendi hafa rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins, sbr. ákvæði lögræðislaga.

Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en persónulegum málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem gerlegt er, þar á meðal með tilliti til þroska barns.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um kynforeldri, kjörforeldri, stjúpforeldri og fósturforeldri, sbr. 3. mgr. 9. gr., svo og um sambúðarforeldri, þ.e. karl eða konu sem er í sambúð við kynmóður barns eða kynföður samkvæmt því er greinir í þjóðskrá eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum.

B. Lögbundin forsjá.

30. gr.

Ósjálfráða barn á rétt á forsjá beggja foreldra sinna sem eru í hjúskap, sbr. þó 1. mgr. 32. gr., eða búa saman, sbr. 3. mgr. 2. gr.

Nú eru foreldrar barns hvorki í hjúskap né búa saman við fæðingu barns og fer móðir þá ein með forsjá þess, sbr. þó 1. mgr. 33. gr.

Taki ógift foreldri, sem fer með forsjá barns síns, upp sambúð eða gangi í hjúskap er forsjá barns einnig hjá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri.

C. Forsjá við andlát forsjárforeldris.

31. gr.

Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og annað þeirra andast og fer þá eftirlifandi foreldri eitt með forsjána ásamt maka sínum eða sambúðaraðila ef því er að skipta. Fela má maka eða sambúðaraðila hins látna foreldris, sem einnig hefur farið með forsjá barnsins, forsjá þess að kröfu hans ef það er talið barninu fyrir bestu.

Nú hefur annað foreldri farið með forsjá barns og fer þá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, sem einnig hefur farið með forsjána, áfram með forsjá eftir andlát forsjárforeldris. Fela má hinu foreldrinu forsjá barnsins að kröfu þess foreldris ef það er talið barninu fyrir bestu.

Við andlát foreldris, sem farið hefur eitt með forsjá barns, hverfur forsjá þess til hins foreldrisins. Fela má öðrum forsjá barnsins komi fram ósk um það og sé það álitið barninu fyrir bestu.

Um mál skv. 1.–3. mgr. fer eftir því sem kveðið er á um í 33., 34. og 36. gr.

Verði barn forsjárlaust vegna andláts forsjárforeldra hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

D. Forsjá við skilnað eða samvistaslit foreldra.

32. gr.

Nú slíta giftir foreldrar samvistir án þess að hjúskap ljúki og geta þeir þá ákveðið að annað þeirra fari með forsjá barns. Ákvæði 4. mgr. 33. gr. á við um samninga samkvæmt þessari málsgrein.

Forsjá barns skal ávallt skipa við skilnað foreldra að borði og sæng og við lögskilnað, svo og við slit óvígðrar sambúðar foreldra, sbr. 3. mgr. 2. gr. og 6. mgr. 29. gr. Skipan forsjár við skilnað að borði og sæng skal gilda óbreytt við lögskilnað, sbr. þó ákvæði 1. mgr. 35. gr.

Foreldrar geta samið svo um að forsjá barns þeirra verði hjá þeim báðum (sameiginleg forsjá) eftir skilnað eða sambúðarslit eða í höndum annars hvors. Ákvæði 4. mgr. 33. gr. á við um samninga samkvæmt þessari málsgrein.

Ef ágreiningur rís um forsjá barns við slit hjúskapar eða við sambúðarslit giftra eða ógiftra foreldra fer um það mál eftir því sem kveðið er á um í 34. gr.

E. Samningar foreldra um forsjá.

33. gr.

Foreldrar, sem ekki fara sameiginlega með forsjá barns síns, geta samið um að forsjáin verði sameiginleg. Í samningi um sameiginlega forsjá skal greina hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa búsetu.

Foreldrar geta samið um breytingu á forsjá barns þannig að forsjá flytjist frá öðru foreldri til hins eða að samningur um sameiginlega forsjá falli niður og forsjá verði í höndum annars foreldris.

Foreldrar geta falið þriðja manni forsjá barns síns með samningi, enda mæli barnaverndarnefnd með þeirri skipan. Ef forsjá barns er í höndum annars foreldris skal leitað umsagnar hins foreldrisins.

Samningur um forsjá barns öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Sýslumaður skal leiðbeina aðilum um réttaráhrif samnings. Hann getur synjað um staðfestingu samnings ef hann er andstæður hag og þörfum barnsins.

F. Ágreiningsmál um forsjá.

34. gr.

Þegar foreldra greinir á um forsjá barns sker dómstóll úr ágreiningsmálinu. Dómsmálaráðuneytið getur skorið úr ágreiningi um forsjá séu aðilar sammála um að fela ráðuneytinu úrskurðarvald. Þegar skilnaðar er leitað fyrir dómi leysir sami dómstóll úr ágreiningi um forsjá nema aðilar séu á einu máli um að leita úrlausnar dómsmálaráðuneytisins í forsjármálinu. Þótt sýslumaður leysi úr kröfu um skilnað er unnt að leggja ágreining um forsjá barns fyrir dómstól. Hraða skal meðferð þessara mála.

Dómstóll eða dómsmálaráðuneytið kveða í úrlausnum sínum á um hjá hvoru foreldri forsjá barns verði eftir því sem barni er fyrir bestu. Eigi verður mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns, nema foreldrar séu sammála um þá skipan. Nú þykir hvorugt foreldra hæft til að fara með forsjá barns og tekur barnaverndarnefnd þá við forsjá þess samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

Dómsmálaráðuneytið skal að jafnaði leita umsagnar barnaverndarnefndar áður en forsjármáli er ráðið til lykta. Dómari leitar umsagnar barnaverndarnefndar ef hann telur þörf á því.

Veita skal barni, sem náð hefur 12 ára aldri, kost á að tjá sig um forsjármál nema telja megi að slíkt geti haft skaðvænleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Rétt er einnig að ræða við yngra barn eftir því sem á stendur miðað við aldur þess og þroska. Dómstóll eða dómsmálaráðuneyti getur falið sérfróðum manni eða mönnum að kynna sér viðhorf barnsins og gefa skýrslu um það.

Skipa má barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls ef sérstök þörf er á því og er þóknun hans greidd úr ríkissjóði.

Nánari ákvæði um meðferð þessara mála eru í VIII. og IX. kafla laganna.

35. gr.

Nú krefst annað foreldra þess að samningi eða úrlausn dómstóls eða dómsmálaráðuneytis um forsjá verði breytt og leysir dómstóll þá úr málinu skv. VIII. kafla, en dómsmálaráðuneytið ef aðilar eru á einu máli um þá málsmeðferð. Krafa samkvæmt þessari málsgrein verður því aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins. Um kröfu foreldris til niðurfellingar samkomulags um sameiginlega forsjá fer þó samkvæmt næstu málsgrein.

Foreldrar, er fara sameiginlega með forsjá barns samkvæmt samningi, geta hvenær sem er krafist þess, bæði eða annað, að hann verði felldur úr gildi. Staðfestir sýslumaður þá nýtt samkomulag foreldranna ef því er að skipta, sbr. 4. mgr. 33. gr., en ágreiningsmál fara til úrlausnar dómstóls eða dómsmálaráðuneytisins, sbr. 34. gr. og 36. gr.

Nú fer móðir með forsjá barns skv. 2. mgr. 30. gr. og má þá fela föður forsjá barnsins að ósk hans, enda þyki sú forsjárskipan koma barni best. Við úrlausn máls samkvæmt þessari málsgrein skal m.a. tekið tillit til tengsla barns við föður. Ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. 34. gr. eiga við um mál samkvæmt þessari málsgrein.

G. Bráðabirgðaúrlausn um forsjá.

36. gr.

Í ágreiningsmáli út af forsjá barns getur dómstóll eða dómsmálaráðuneytið, eftir því hvar forsjármál er til meðferðar, ákveðið til bráðabirgða hvernig fara skuli um forsjá þess eftir því sem barni er fyrir bestu. Breyta má þessari ákvörðun vegna verulega breyttra aðstæðna. Ákvörðun um skipan forsjár til bráðabirgða bindur ekki hendur úrskurðarvalds þegar ákvarða skal forsjá til frambúðar, enda verður sá aðili, sem kveður á um bráðabirgðaforsjá, ekki vanhæfur til að leysa úr forsjármálinu að öðru leyti.

H. Um umgengnisrétt.

37. gr.

Barn á rétt á umgengni við það foreldra sinna er ekki fer með forsjá þess og gagnkvæmt. Foreldri er skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum er að því lúta.

Ef foreldrar verða sammála um hvernig skipa skuli umgengnisrétti skal eftir því farið nema sú skipan komi í bága við hag og þarfir barnsins að mati sýslumanns.

Ef foreldra greinir á um umgengni úrskurðar sýslumaður, að kröfu foreldris, um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt. Sýslumaður getur hafnað því að ákvarða inntak umgengnisréttar og getur einnig breytt eða fellt úr gildi úrskurð eða samning foreldra um umgengni ef slík úrlausn þykir barni fyrir bestu. Ef sérstök atvik valda því að mati sýslumanns að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag barns og þörfum getur hann kveðið svo á að umgengnisréttar njóti ekki við.

Meðan forsjármál er til meðferðar getur sýslumaður að kröfu þess foreldris, sem barn býr ekki hjá, ákveðið umgengni barns við það til bráðabirgða samkvæmt meginreglum 1. og 3. mgr. uns forsjármálinu hefur verið ráðið til lykta.

Nú er annað foreldra barns látið eða bæði eða foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar við barn og geta þá nánir vandamenn látins foreldris eða foreldris, er ekki getur rækt umgengnisskyldur sínar, krafist þess að sýslumaður mæli fyrir um umgengni þeirra við barn. Ræður hann máli til lykta eftir því sem barni þykir koma best.

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar þegar ástæða þykir til, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins. Ákvæði 4. mgr. 34. gr. á hér við að breyttu breytanda.

38. gr.

Nú tálmar foreldri, sem hefur forsjá barns, hinu foreldrinu að njóta umgengnisréttar við barnið er úrskurðaður hefur verið og getur sýslumaður þá að kröfu þess skyldað þann sem með forsjá barnsins fer til að láta af tálmunum að viðlögðum dagsektum að fjárhæð allt að 5.000 kr. Dagsektir verða eigi lagðar á fyrr en að liðnum málskotsfresti þeim

er greinir í 74. gr. eða fyrr en úrskurður ráðuneytisins um umgengni er genginn ef máli hefur verið skotið þangað. Dagsektir skal ákveða með úrskurði, en gefa skal þeim sem með forsjá barnsins fer kost á að tala máli sínu áður en hann er kveðinn upp. Dagsektir skulu ákveðnar til allt að þriggja mánaða í senn fyrir hvern dag sem líður frá uppkvaðningu úrskurðar þar til látið er af tálmunum. Dagsektir falla niður þegar sýslumaður telur að látið hafi verið af tálmunum. Dagsektir má innheimta með fjárnámi samkvæmt kröfu þess sem tálmað er að njóta umgengnisréttar og renna þær í ríkissjóð. Hámarksfjárhæð dagsekta samkvæmt framansögðu skal taka breytingum í samræmi við lánskjaravísitölu sem í gildi verður 1. júlí 1992. Öðrum lagaúrræðum verður ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti.

I. Fyrirhugaður flutningur barns úr landi.

39. gr.

Nú hefur forsjármáli eigi verið ráðið til lykta og getur dómstóll eða dómsmálaráðuneytið, eftir því hvar forsjármál er til úrlausnar, lagt svo fyrir að ósk annars foreldris að eigi megi að svo vöxnu fara með barnið úr landi. Dómstóll eða dómsmálaráðuneytið leysa úr málinu með úrskurði. Úrskurð dómara má kæra til Hæstaréttar. Kæra frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar.

40. gr.

Nú á annað foreldra umgengnisrétt við barn og má hitt foreldra þá eigi flytjast með barnið úr landi nema því foreldri, sem umgengnisréttinn á, sé veitt færi á að tjá sig um málið og þar á meðal bera mál undir sýslumann.

VII. KAFLI
Dómsmál vegna faðernis barna.

A. Faðerni barns sem 2.–6. gr. taka ekki til.

1. Lögsaga.

41. gr.

Dómsmál um faðerni barns er unnt að höfða hér á landi ef:

a. varnaraðili er búsettur hér á landi,
b. dánarbú varnaraðila sætir eða hefur sætt skiptameðferð hér á landi,
c. móðir barns er búsett hér á landi,
d. barn er búsett hér á landi.

Víkja má frá reglum þessarar greinar með samningum við erlend ríki.

2. Varnarþing.

42. gr.

Faðernismál má höfða á heimilisvarnarþingi móður eða varnaraðila, sbr. og 2. mgr.

Nú á móðir ekki varnarþing hér á landi og má þá höfða mál á varnarþingi varnaraðila eða því varnarþingi sem hann átti síðast hér á landi ef hann er farinn af landi eða ókunnugt er hvar hann er niður kominn eða á varnarþingi þar sem með bú hans er farið.

Höfða má mál á varnarþingi barns ef varnarþingi hér á landi skv. 1. og 2. mgr. er ekki til að dreifa eða fyrir öðrum dómstóli hér á landi samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytis.

3. Málsaðild.

43. gr.

Sóknaraðili faðernismáls er móðir barns eða barnið sjálft. Nú hefur móðir barns höfðað mál og hún andast áður en máli er lokið og getur þá einstaklingur eða það sveitarfélag, sem við framfærslu barns hefur tekið að nokkru eða öllu, haldið áfram málinu.

Varnaraðili máls er sá maður eða þeir menn sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Nú er varnaraðili látinn áður en mál er höfðað og má þá höfða það á hendur búi hans.

Ef víst má þykja eða líklegt að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns skal stefna þeim báðum eða öllum.

4. Málsmeðferð.

44. gr.

Faðernismál eru rekin og dæmd í héraðsdómi.

Mál þessi sæta almennri meðferð einkamála nema annan veg sé mælt fyrir um í lögum.

45. gr.

Meðan á meðferð faðernismáls stendur á barnsmóðir kröfu á liðsinni barnaverndarnefndar eftir því sem dómari telur þörf á. Sama er um barn ef það er sóknaraðili.

Sóknaraðili faðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

46. gr.

Dómari fylgist með öflun sönnunargagna.

Hann getur lagt fyrir aðila eða lögmenn þeirra að afla nánar tilgreindra gagna.

Dómari getur enn fremur, ef nauðsynlegt þykir, aflað sjálfur sönnunargagna.

Ákvæði laga um meðferð einkamála um útivist málsaðila eða áhrif þess að ekki er hreyft andmælum við staðhæfingum gilda ekki um mál samkvæmt þessum kafla.

47. gr.

Aðilum máls er skylt, eftir kröfu dómara, að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu, konunni þó ekki ef hún er sóknaraðili máls, enda skal vísa máli frá dómi ef hún neitar að gefa skýrslu sem henni er unnt að gefa fyrir dómi eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn sem dómari mælir fyrir um.

48. gr.

Dómari getur mælt fyrir um að blóðrannsókn sé gerð á móður barns og barninu, svo og varnaraðilum, og enn fremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þar á meðal mannerfðafræðilegar rannsóknir. Eru þeir sem í hlut eiga skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana. Dómari getur kveðið svo á að blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn skuli fram fara á foreldrum og eftir atvikum systkinum barnsmóður og varnaraðila, svo og á öðrum börnum barnsmóður og öðrum börnum lýsts barnsföður.

49. gr.

Dómþing í faðernismálum skulu háð fyrir luktum dyrum. Fulltrúi barnaverndarnefndar getur sótt dómþing með barnsmóður eða barni.

50. gr.

Dómari er ekki bundinn af kröfum þeim sem uppi eru hafðar í faðernismáli.

Í máli samkvæmt framanskráðum ákvæðum skal sá maður teljast faðir barns sem sannað er að hafi haft samfarir við móður þess á getnaðartíma þess nema gögnum sé til að dreifa sem geri það lítt sennilegt að hann sé faðir barnsins.

Nú sannast að móðir barns hefur haft samfarir við fleiri menn en einn á getnaðartíma þess og verður varnaraðili í faðernismáli þá því aðeins dæmdur faðir þess að verulega meiri líkur séu á að hann sé faðir barnsins en annar eða aðrir sem til greina hafa komið.

5. Birting dóms.

51. gr.

Nú er dómur í faðernismáli prentaður eða birtur með öðrum hætti opinberlega og skal þá gæta leyndar um nöfn þeirra, stöðu og heimili sem greindir eru í dóminum.

B. Mál til vefengingar á faðerni barns og ógildingar á faðernisviðurkenningu.

1. Vefenging á faðerni barns skv. 2. og 3. gr.

52. gr.

Mál til vefengingar á faðerni barns skv. 2. og 3. gr. geta höfðað eiginmaður og sambúðarmaður móður barns, móðir þess, barnið sjálft og lögráðamaður barns sem sérstaklega er skipaður ef því er að skipta; enn fremur að eiginmanni eða sambúðarmanni látnum sá erfingi hans er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum.

Mál skal höfða innan eins árs frá því að sóknaraðili fékk vitneskju um atvik sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barns og þó eigi síðar en innan fimm ára frá fæðingu þess. Nú er eiginmaður eða sambúðarmaður látinn, en málshöfðunarfrestur þó ekki liðinn, og getur þá sá er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hinn látna höfðað vefengingarmálið innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um fæðingu barnsins og dauða eiginmannsins eða sambúðarmannsins. Ofangreindir tímafrestir eiga ekki við þegar barn höfðar mál.

2. Ógilding á faðernisviðurkenningu skv. 4.–6. gr.

53. gr.

Mál til ógildingar á faðernisviðurkenningu, sbr. 4.–6. gr., er unnt að höfða ef fram koma nýjar upplýsingar um faðernið eða upplýsingar sem sýna að sá sem viðurkenndi faðernið geti ekki verið faðir barnsins.

Aðild að málssókn samkvæmt þessari grein eiga sá sem viðurkennt hefur faðerni barnsins, móðir þess og barnið sjálft.

2. mgr. 52. gr. á við um mál samkvæmt þessari grein að breyttu breytanda.

3. Málsmeðferð.

54. gr.

Mál skv. 52. og 53. gr. skulu rekin að hætti einkamála. Ákvæði 48., 49. og 51. gr. eiga við um mál þessi.

Nú er lögð fram í vefengingarmáli skrifleg yfirlýsing, staðfest fyrir dómara frá öðrum manni en eiginmanni eða sambúðarmanni móður barnsins, um að hann sé faðir þess og móðirin og eiginmaður eða sambúðarmaður hennar lýsa því með sama hætti að þau telji mann þennan föður barnsins og getur dómari þá kveðið upp dóm um að eiginmað-

ur eða sambúðarmaður móður barns sé eigi faðir þess, enda telji hann yfirlýsinguna studda nægjanlegum gögnum. Þessi háttur verður þó eigi á hafður ef barn er orðið sjálfráða nema samþykki þess til breyttrar feðrunar komi til.

Nú er barn sóknaraðili vefengingarmáls og á þá 2. mgr. 45. gr. við um mál.

Ef eiginmaður eða sambúðarmaður móður barns er látinn áður en mál skv. 2. mgr. 52. gr. er höfðað má beina því gegn búi hans.

4. Vefenging á faðerni barns sem getið er við tæknifrjóvgun.

55. gr.

Nú hefur maður samþykkt að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu eða sambúðarkonu sinni, sbr. 3. gr., og er þá í máli skv. 52. gr. því aðeins unnt að taka til greina kröfu um vefengingu á faðerni barnsins að ljóst sé að það sé ekki getið við tæknifrjóvgunina.

VIII. KAFLI
Dómsmál vegna ágreinings um forsjá barna.

A. Lögsaga.

56. gr.

Dómsmál vegna ágreinings um forsjá barns er unnt að höfða hér á landi ef:

a. stefndi er búsettur hér á landi,
b. barn eða börn, sem málið varðar, eru búsett hér á landi,
c. stefnandi er íslenskur ríkisborgari og leitt er í ljós að hann geti ekki vegna ríkisfangs síns höfðað mál í því landi sem hann býr eða þar sem stefndi eða börn búa,
d. báðir foreldrar eru íslenskir ríkisborgarar og stefndi lýsir sig eigi andvígan því að mál sé höfðað hér á landi.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þó ganga framar ákvæði 1. mgr.

Nú er krafa um forsjá þáttur í hjúskaparmáli og gilda þá þær reglur um lögsögu og varnarþing sem greinir í hjúskaparlögum. Um forsjárþáttinn skal gæta ákvæða þessa kafla.

Íslenskur dómstóll getur, ef alveg sérstaklega stendur á, leyst úr kröfu um forsjárskipan til bráðabirgða ef stefndi eða barnið dvelst hér á landi.

B. Varnarþing.

57. gr.

Mál skal höfða á heimilisvarnarþingi barns eða á heimilisvarnarþingi stefnda að öðrum kosti. Ef hvorugt þeirra á heimilisvarnarþing hér á landi má höfða mál á heimilisvarnarþingi stefnanda.

Nú er eigi til að dreifa varnarþingi skv. 1. mgr. og skal þá höfða mál fyrir dómstóli er dómsmálaráðuneyti kveður á um.

C. Málsmeðferð.

1. Almenn meðferð einkamála og frávik.

58. gr.

Um rekstur máls vegna forsjár barna fer að hætti einkamála nema um frávik sé mælt í lögum.

2. Sáttaumleitun.

59. gr.

Dómari leitar um sættir í forsjármálum.

Dómari getur ákveðið að sáttatilraun í stofnun um fjölskylduráðgjöf komi í stað sátta skv. 1. mgr. að nokkru eða öllu.

3. Sönnunargögn.

60. gr.

Dómari fylgist með öflun sönnunargagna.

Dómari getur lagt fyrir aðila eða lögmenn þeirra að aflað verði nánar tilgreindra gagna, svo sem skýrslna sérfróðra manna um foreldra og barn. Um skýrslur samkvæmt þessari málsgrein fer samkvæmt ákvæðum IX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, um dómkvadda matsmenn.

Dómari getur enn fremur, ef nauðsynlegt þykir, aflað sjálfur sönnunargagna, þar á meðal með yfirheyrslu vitna og öflun sérfræðilegra álitsgerða. Hann getur einnig lagt fyrir aðila að gefa skýrslu í dómi samkvæmt reglum þeim sem gilda um vitni. Dómari leysir úr því í dómi hvort kostnaður vegna gagnaöflunar samkvæmt þessari málsgrein verði greiddur úr ríkissjóði.

61. gr.

Dómari getur ákveðið að öðrum málsaðila eða báðum sé óheimilt að vera viðstaddur er viðhorf barns er kannað skv. 4. mgr. 34. gr. Kynna skal aðilum hvað fram hafi komið um afstöðu barns áður en mál er flutt nema slíkt þyki varhugavert vegna hagsmuna barnsins.

4. Um dómkröfur og málsástæður.

62. gr.

Aðilar geta gert nýjar dómkröfur og flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli allt til þess að mál er flutt, enda þarf ekki að leita sátta að nýju vegna nýrra dómkrafna nema dómari telji ástæðu til þess.

Dómari er ekki bundinn af málsástæðum og kröfum aðila.

5. Um þinghöld.

63. gr.

Forsjármál skulu sótt og varin og aðilar og vitni spurð fyrir luktum dyrum nema dómari kveði öðruvísi á með samþykki málsaðila.

D. Nafnleynd o.fl.

64. gr.

Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem gerst hefur í slíkum málum en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

Nú er dómur í slíku máli birtur, þar á meðal að tilstuðlan dómsins, og skal þá gæta leyndar á nöfnum og upplýsingum sem bent geti til þess hverjir séu aðilar máls eða hvert barn eða börn dómurinn varði.

IX. KAFLI
Um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum.

A. Lögsaga.

65. gr.

Stjórnvöld geta leyst úr þeim málum er tengjast öðrum ríkjum í eftirfarandi tilvikum:

a. ef barn, sem málið varðar, er búsett hér á landi,
b. ef sá sem krafa beinist gegn er búsettur hér á landi,
c. hafi úrskurður eða dómur í forsjár- eða faðernismáli gengið hér á landi má einnig leysa úr meðlagsmáli varðandi það barn, enda komi fram krafa þar að lútandi innan eins árs frá því að úrskurður eða dómur gekk.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þá ganga framar ákvæðum 1. mgr.

B. Úrskurðarumdæmi.

66. gr.

Úrskurða skal ágreiningsmál er sæta úrlausn sýslumanns eftir lögum þessum í umdæmi þar sem barn býr.

Sé barn ekki búsett hér á landi skal úrskurða mál þar sem sá er krafa beinist gegn er búsettur.

Séu samtímis rekin samkynja mál er varða systkin sem ekki eru búsett í sama úrskurðarumdæmi skal sameina málin og úr þeim leysa í því umdæmi þar sem úrskurða átti um þá kröfu er kom fyrr fram.

Dómsmálaráðuneytið ákvarðar úrskurðarumdæmi ef hvorki barn né sá sem krafan beinist gegn eru búsett hér á landi eða ef annars leikur vafi á því hvar leysa skuli úr máli samkvæmt framangreindu.

C. Leiðbeiningarskylda.

67. gr.

Sýslumaður skal leiðbeina aðilum ágreiningsmáls um réttindi þeirra og skyldur er málið varða.

D. Sáttaumleitan.

68. gr.

Sýslumaður leitar sátta með báðum aðilum áður en hann tekur ákvörðun í ágreiningsmáli nema sáttaumleitan sé bersýnilega þýðingarlaus eða aðili sinni ekki ítrekuðum kvaðningum sýslumanns. Ef aðilar máls búa eða dvelja hvor í sínu umdæmi má leita sátta þar sem hvor aðila býr eða dvelst.

Hafi sáttaumleitan í forsjár- eða umgengnismáli farið fram í stofnun um fjölskylduráðgjöf er eigi þörf sáttaumleitana sýslumanns.

E. Kröfur aðila og gagnaöflun.

69. gr.

Aðilum máls ber að setja fram skýrar kröfur fyrir stjórnvaldi og afla þeirra gagna sem stjórnvald telur þörf á til úrlausnar máls. Enn fremur getur stjórnvald aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf krefur.

Ef úrskurðarbeiðandi sinnir eigi ítrekuðum kvaðningum eða tilmælum stjórnvalds um framlagningu gagna er stjórnvaldi heimilt að synja um úrlausn.

Nú sinnir gagnaðili máls eigi ítrekuðum kvaðningum eða tilmælum stjórnvalds um gagnaöflun og skal þá veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja.

F. Réttur aðila til að kynna sér gögn máls.

70. gr.

Aðilum máls er heimilt að kynna sér skjöl og önnur gögn sem málið varða. Réttur þessi nær ekki til vinnuskjala sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð málsins.

Stjórnvaldi er heimilt að takmarka aðgang aðila að gögnum er veita upplýsingar um afstöðu barns ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

G. Réttur aðila til að tjá sig um mál.

71. gr.

Aðilar skulu eiga þess kost að tjá sig um mál áður en ákvörðun er tekin og getur stjórnvald sett þeim ákveðinn frest til þess.

H. Form og efni úrskurða.

72. gr.

Úrskurður stjórnvalds skal vera skriflegur. Þar skal greina úrlausnarefni, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaða byggist á og önnur atriði er máli skipta, þar á meðal kæruheimild og þvingunarúrræði ef því er að skipta.

I. Tilkynning um úrskurð.

73. gr.

Úrskurð stjórnvalds skal senda aðilum máls með ábyrgðarbréfi, hann birtur af einum stefnuvotti eða kynntur með öðrum sannanlegum hætti.

J. Stjórnsýslukæra.

74. gr.

Kæra má úrskurð sýslumanns til dómsmálaráðuneytisins innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans. Kæra frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar nema sýslumaður ákveði annað.

X. KAFLI
Um framkvæmd forsjárákvarðana.

75. gr.

Þegar ákvörðun er fengin um forsjá barns og sá sem barn dvelst hjá neitar að afhenda það réttum forsjáraðila getur forsjáraðili beint til héraðsdómara beiðni um að forsjá hans verði komið á með aðfarargerð.

Ef sá sem barn dvelst hjá neitar þrátt fyrir úrskurð héraðsdómara að afhenda barn samkvæmt framansögðu eða að veita upplýsingar þær sem sýslumaður telur óhjákvæmilegar til framgangs gerðinni getur sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda ákvarðað honum dagsektir á grundvelli 38. gr. Skulu þær renna í ríkissjóð. Fullnægja má ákvörðun um dagsektir með fjárnámi. Gerðarþoli verður ekki sviptur frelsi þrátt fyrir að hann fullnægi ekki upplýsingaskyldu sinni.

Ef til aðfarar kemur að kröfu gerðarbeiðanda skal sýslumaður boða fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddan, svo og talsmann barnsins ef skipaður hefur verið, sbr. 5. mgr. 34. gr. Sýslumaður getur skipað barni talsmann ef slíkt hefur ekki ver-

ið gert áður. Að svo miklu leyti sem lögreglumenn liðsinna við aðför skulu þeir að jafnaði vera óeinkennisklæddir. Reynt skal að haga framkvæmd aðfarar svo að sem minnst álag verði fyrir barnið.

XI. KAFLI
Gildistaka og brottfelld lagaákvæði.
76. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1992.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi barnalög, nr. 9/1981, ásamt breytingalögum nr. 44/1985. Enn fremur ákvæði 47., 48. og 53. gr. laga nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar.

Dómsmálaráðuneytið skal kynna almenningi helstu nýmæli laganna.

Dómsmálaráðuneytið setur reglugerð og önnur fyrirmæli um einstök atriði er varða framkvæmd laganna.

77. gr.

Nú er forsjármál til meðferðar í dómsmálaráðuneytinu við gildistöku laga þessara og skal aðilum þá gerð grein fyrir heimild þeirra til að leita úrlausnar dómstóla um málið. Setja má aðilum frest til að ákveða hvort óskað sé að horfið verði frá meðferð málsins í ráðuneytinu.

Mál út af umgengnisrétti og meðlagsmál, sem til meðferðar eru í dómsmálaráðuneytinu við gildistöku laga þessara, skulu send viðkomandi sýslumanni til úrlausnar nema mál sé komið á lokastig að mati ráðuneytis.

Ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. og 55. gr. verður ekki beitt um börn sem fædd eru fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 32. gr. á ekki við um skilnað að borði og sæng sem veittur er fyrir gildistöku laganna.

793. Breytingartillaga [72. mál]

við frv. til barnalaga.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Við 34. gr. 4. mgr. orðist svo:

Gefa skal barni kost á að tjá sig um forsjármál nema telja megi að slíkt geti haft skaðvænleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit máls. Dómstóll eða dómsmálaráðuneyti getur falið sérfróðum manni eða mönnum að kynna sér viðhorf barnsins og gefa um það skýrslu.

794. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað allrækilega um frumvarpið. Umsagnir bárust frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Grasagarðinum í Reykjavík, Hafrannsóknastofnun, Háskóla Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Norðurlands, Náttúrugripasafni Vestmannaeyja, Náttúrugripasafni Neskaupstaðar, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Rannsóknaráði ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, veiðimálastjóra og Vísindaráði.

Nefndin leggur í meginatriðum til þrjár breytingar á frumvarpinu:

Í fyrsta lagi er lagt til að í nýrri grein verði ítarleg ákvæði um tengsl Náttúrufræðistofnunar við hagsmunaaðila sem og aðra. Skýrt verði kveðið á um það að stofnuninni verði heimilt að framkvæma rannsóknir gegn greiðslu sem falla undir verkefnasvið hennar. Einnig er lagt til að kveðið verði á um það í lagatexta, en ekki einungis í skýringum með frumvarpinu, að stofnunin geti veitt viðtöku gjöfum frá þeim sem ekki eru hagsmunatengdir henni. Lagt er til að ákvæði síðari málsliðar 2. gr. frumvarpsins, um að Náttúrufræðistofnun eigi að vera óháð hagsmunatengdum aðilum, verði 1. málsl. síðari málsgreinar hinnar nýju greinar. Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að kveða á um það í lagatextanum að umhverfisráðherra skeri úr ágreiningi um það hvort sá sem vill færa Náttúrufræðistofnun gjöf sé hagsmunatengdur stofnuninni eða ekki og gerir því tillögu þar um. Í tengslum við tilfærslu ákvæðis síðari málsliðar 2. gr. leggur nefndin til að fyrri málslið 2. gr. og 3. gr. verði steypt saman í eina grein.

Önnur breytingin, sem nefndin leggur til, er að ráðherra geti heimilað stofnun seturs að fenginni umsögn stjórnar Náttúrufræðistofnunar í stað þess að hann sé bundinn tilmælum stjórnarinnar, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Að lokum er lagt til að gildistaka laganna verði 1. janúar 1993. Með því gefst ráðrúm til nauðsynlegs undirbúnings vegna nýs fyrirkomulags stofnunarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. apríl 1992.

Gunnlaugur Stefánsson, form.	Tómas Ingi Olrich, frsm.	Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.
Valgerður Sverrisdóttir.	Hjörleifur Guttormsson.	Kristín Einarsdóttir.
Árni R. Árnason.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.

795. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til l. um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Náttúrufræðistofnun Íslands er í eigu íslenska ríkisins.
   Stofnunin getur byggst upp af allt að fimm setrum sem hvert um sig hefur sjálfstæðan fjárhag. Auk seturs í Reykjavík getur ráðherra heimilað eitt setur í hverjum landsfjórðungi að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar og eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.
2. Við 3. gr. Greinin falli brott.
3. Á eftir 5. gr. komi ný grein svohljóðandi:
   Berist um það ósk er Náttúrufræðistofnun heimilt að framkvæma gegn greiðslu rannsóknir sem falla undir 4. gr.
   Stofnunin er óháð hagsmunatengdum aðilum og þiggur ekki af þeim framlög eða gjafir. Henni er heimilt að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum, náttúrugripum og sambærilegum gjöfum frá einstaklingum eða öðrum sem ekki eru hagsmunatengdir henni. Rísi ágreiningur um hvort aðili er hagsmunatengdur stofnuninni eða ekki sker ráðherra úr.
4. Við 17. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.
5. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „ákvæði 3. gr.“ komi: ákvæði 2. gr.

796. Skýrsla [502. mál]

umhverfisráðherra um þátttöku Íslands í 4. undirbúningsfundi fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. Inngangur.

Fjórði og síðasti undirbúningsfundur ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun var haldinn í New York dagana 2. mars til 3. apríl s.l. Meginverkefni fundarins var að ljúka gerð tillagna að lokasamþykkt fyrir ráðstefnuna sem haldin verður í Ríó de Janeiro 3.-14. júní n.k. Reiknað er með því að helstu samþykktir ráðstefnunnar verði annarsvegar yfirlýsing um grundvallarreglur, rétt okkar og skyldur gagnvart umhverfinu, svonefnd „Ríó-yfirlýsing" og hinsvegar víðtæk framkvæmdaáætlun í umhverfismálum. Þá er ennþá gert ráð fyrir að á ráðstefnunni verði lagðir fram til undirritunar tveir alþjóðasáttmálar, annar um verndun líffræðilegs fjölbreytileika og hinn um verndun andrúmsloftsins. Það er þó að verulegu leyti háð niðurstöðum tveggja funda um sitt hvort málefnið, sem haldnir verða í lok apríl og byrjun maímánaðar.

Á fundinum tókst að ljúka samningum um fjölmörg atriði í framkvæmdaáætluninni, þó enn séu mörg atriði óleyst, sérstaklega þau er varða meðferð skóga og mengun andrúmsloftsins. Stærsta einstaka óleysta málið eftir New York fundinn er fjárstuðningur iðnríkjanna til úrbóta í umhverfismálum, einkum í þróunarríkjunum. Niðurstaða í þessu máli mun hafa afgerandi áhrif á þróun umhverfismála á næstu árum.

Við undirbúning fundarins af Íslands hálfu var meginhersla lögð á nokkra afmarkaða þætti svo sem verndun hafsins og nýtingu lifandi auðlinda þess, verndun andrúmsloftsins, m.a. orkumál, líffræðilegan fjölbreytileika og grundvallarreglur í samskiptum ríkja í umhverfismálum sem fram koma í Ríó-yfirlýsingunni. Sendinefnd Íslands bar fram fjölmargar tillögur á þessum sviðum á fundinum í New York, og fylgdi þeim eftir eins og kostur var.

Sendinefnd Íslands á fundinum var skipuð eftirtöldum fulltrúum sem flestir sátu aðeins hluta af fundinum:

Guðmundur Eiríksson	09.03 - 03.04
Gunnar G. Schram	02.03 - 01.04
Magnús Jóhannesson	09.03 - 27.03
Jón Gunnar Ottósson	06.03 - 28.03
Helgi Gíslason	Fastanefnd Íslands hjá S.Þ
Kornelíus Sigmundsson	Fastanefnd Íslands hjá S.þ.
Grétar M. Sigurðsson	Fastanefnd Íslands hjá S.þ.
Kjartan Júlíusson	09.03 - 21.03
Jóhann Sigurjónsson	09.03 - 14.03
Hörður Bjarnason	23.03 - 28.03

Störf fundarins skiptust á allsherjarnefnd og þrjár vinnunefndir. Í allsherjarnefnd var fjallað um fjármál þ.m.t. þróunaraðstoð á sviði umhverfismála, tækniþróun og flutning tækniþekkingar milli landa, fátækt og menntun.

Verkefni 1. vinnunefndar var að fjalla um þá þætti framkvæmdaáætlunarinnar sem vörðuðu auðlindir á landi, landbúnað og dreifbýlisþróun, verndun og nýtingu skóga, viðhald líffræðilegs fjölbreytileika og þróun líftækni, meðferð viðkvæmra vistkerfa, sérstaklega fjallasvæða, og verndun andrúmsloftsins. Í 2. vinnunefnd var fjallað um þá þætti framkvæmdaáætlunarinnar sem snerta verndun hafsins og lifandi auðlindir þess, vatnsvernd,meðferð eiturefna, hættulegan úrgang, geislavirkan úrgang og sorp. Í 3. vinnunefnd voru helstu viðfangsefni, gerð draga að stefnuyfirlýsingu um réttindi og skyldur ríkja í umhverfismálum (Ríó-yfirlýsing), umfjöllun um hlutverk og samskipti stofnana til að framfylgja ákvörðun ráðstefnunnar, og loks gerð nýrra alþjóðasamninga um umhverfismál. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim málum sem íslenska sendinefndin lagði megináherslu á, á fundinum.

2. Verndun hafsins

Íslenska sendinefndin bar fram strax í upphafi verulega gagnrýni á þær tillögur sem fyrir fundinum lágu um verndun hafsins, einkum þann hluta sem fjallaði um mengun og mengunarvarnir. Mengun hafsins væri, mesta hættan sem nú steðjaði að lífríki hafsins og ógnaði sjálfbærri nýtingu þess í næstu framtíð. Engar alþjóðlegar reglur giltu í dag og um mengun frá starfsemi sem viðurkennt væri að ylli um 60 - 70% af þeirri mengun sem bærist í hafið, þ. e. a. s. fyrirtæki í landi. Tóku fjölmargar þjóðir, einkum fulltrúar þróunarríkja, á fundinum undir þessi sjónarmið.

Sendinefndin lagði fram tillögur í átta liðum um sértækar aðgerðir til varnar gegn mengun sjávar. Þessar tillögur fjölluðu um losun þrávirkra lífrænna efna, meðhöndlun og förgun geislavirkra efna, mengunarvarnir frá hernaðarumsvifum og skipum sem ekki falla undir gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar, þ. e. skip í eigu eða rekstri ríkisstjórna. Tillögurnar fengu mikla umfjöllun.

Mesta andstaðan við framangreindar tillögur Íslands kom frá fulltrúum Bandaríkjanna, Bretlands og Frakklands og voru haldnir sérstakir fundir með fulltrúum þeirra ríkja til að leita samkomulags um afgreiðslu tillagnanna.

Nokkrar tillagnanna voru með tímasettum markmiðum, en því var almennt hafnað á fundinum að setja inn í framkvæmdaáætlunina tímasettar aðgerðir og því var ekki fallist á að þær tillögur Íslands sem samþykktar voru, væru bundnar við ákveðnar tímasetningar.

Niðurstaða umfjöllunar á fundinum um mengunarvarnir og tillögur Íslands varð sú að ákveðið er að boða til alþjóðlegs fundar við fyrstu hentugleika þar sem fjallað verður um varnir gegn mengun sjávar frá landsstöðvum.

Ákveðið er að stórauka rannsóknir sem tengjast hugsanlegum áhrifum vegna hækkunar hitastigs á jörðinni á lífríki hafsins, efla og samræma störf alþjóðastofnana, og fjalla reglulega um mengunarvarnir hafsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Samþykkt var ákvæði þess efnis að ríki hættu allri losun þrávirkra lífrænna halogenefna (einkum klórsambönd), sem safnast fyrir í lífríki hafsins. Þar sem ekki var fallist á að tímasetja þetta bann var ákveðið að hefja könnun í hverju landi fyrir sig á því hvar þessi losun á sér stað, með það fyrir augum að taka sem fyrst ákvörðun um tímasetningu alþjóðlegs banns.

Ákveðið var að skora á Alþjóðasiglingamálastofnunina og Alþjóðakjarnorkumálastofnunina að ljúka gerð reglna um flutning á notuðu eldsneyti kjarnakljúfa með skipi og koma reglunum til framkvæmdar alþjóðlega. Alþjóðasiglingamálastofnuninni var einnig falið að endurskoða reglur um öryggi og umhverfisvernd á skipum sem nýta kjarnorku til framdriftar og stuðla að alþjóðlegri framkvæmd þeirra.

Tillögur Íslands sem fjölluðu um varp geislavirks úrgangs í hafið og förgun efna undir

hafsbotn voru teknar upp í þeirri nefnd sem fjallaði um geislavirkan úrgang og var fallist á að hafa sérstakan kafla í framkvæmdaáætluninni um förgun og meðhöndlun geislavirks úrgangs, en á fyrri fundum hafði ekki náðst um það samstaða. Tillögurnar gengu út á það að hætt yrði allri losun geislavirks úrgangs í sjó og förgun þesskonar úrgangs undir hafsbotn nema hægt væri að sýna fram á að engin hætta væri á skaða gagnvart lífríki hafsins. Hvað varðar umfjöllun um geislavirkan úrgang varð niðurstaðan sú að skora á aðildarríki Lundúnasamkomulagsins að hraða ákvarðanatöku um varp geislavirks úrgangs í hafið með það fyrir augum að breyta tímabundnu banni (moratorium) í bann á árinu 1993. Hvað varðar tillöguna um förgun geislavirks úrgangs undir sjávarbotn hafði tekist samstaða en á síðustu stundu tilkynntu Bandaríkjamenn að þeir gætu ekki fallist á textann þannig að tillagan fer ósamþykkt frá fundinum fyrir ráðstefnuna.

3. Nýting lifandi auðlinda hafsins.

Af Íslands hálfu var lögð áhersla á skynsamlega nýtingu lifandi auðlinda hafsins. Öll nýting skal grundvölluð á vísindalegum rannsóknum með það að leiðarljósi að skapa grundvöll fyrir sjálfbærri þróun lífríkisins. Nýta skal lífverur hafsins til fæðuöflunar fyrir mannkyn, en þó ekki umfram það sem einstakir stofnar þola, þannig að einstökum tegundum sé aldrei stefnt í útrýmingarhættu.

Á fundinum náðist samstaða um ákvæði um samvinnu ríkja varðandi rannsóknir, verndun og nýtingu sjávarspendýra. Á fyrri undirbúningsfundum hafði ríkt mikill ágreiningur um þessi mál. Í niðurstöðum fékkst viðurkenning á starfsemi stofnanna, svæðisbundinna og alþjóðlegra, sem vinna á þessum vettvangi. Sömuleiðis var það viðurkennt sem meginregla að nýta bæri sjávarspendýr á sama hátt og aðrar lífverur hafsins, en að þau ríki sem ekki vildu nýta þau væru frjáls að því að gera það ekki. Var í þessu efni tekið mið af viðeigandi ákvæðum hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Á fundinum studdu fulltrúar Íslands tillögur sem gengu út á það að koma í veg fyrir að úthafsveiðar, sér í lagi veiðar á flökkustofnum og fartegundum, hefðu neikvæð áhrif á þróun veiða innan efnahagslögsögu einstakra ríkja. Ekki náðist samstaða um þessar tillögur né um réttindi úthafsveiðiþjóða til aðgangs að vannýttum eða ónýttum fiskistofnum innan efnahagslögsögu annarra ríkja. Þessum atriðum var því vísað til Ríó-fundarins til ákvörðunar. Búist er við því að óskað verði eftir sérstökum alþjóðlegum fundi á vegum Sameinuðu þjóðanna til að fjalla um og setja reglur til lausnar á vandamálum varðandi veiðar á fiskstofnum sem ýmist halda sig innan eða utan marka efnahagslögsögunnar.

4. Verndun og viðhald líffræðilegs fjölbreytileika.

Af hálfu Íslands var áhersla lögð á viðhald líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbæra nýtingu náttúrunnar, og voru tillögur þess efnis bornar fram. Nokkur ágreiningur varð þá um tillögu Íslands um að ekki skyldi eingöngu rætt um friðun fartegunda, heldur einnig stjórn á þessum dýrastofnum. Tillagan var samþykkt með þeirri áréttingu að um sé að ræða ýmsar nytjategundir og meindýr, ekki síður en dýr í útrýmingarhættu.

5. Verndun andrúmsloftsins.

Íslenska sendinefndin lagði fram margar tillögur um breytingar á texta um verndun andrúmsloftsins og helstu tillögur voru af þrennum toga:

1. Orsök vandans. Ísland lagði fram tillögu um breytingu á skilgreiningu vandans sem miðaði að því að undirstrika að fólksfjölgun væri ein af meginrótum þess umhverfisvanda

sem við væri að glíma. Við gerð tillögunnar var haft náið samráð við mannfjölgunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, sem studdi þetta frumkvæði Íslands.

Tillagan var ekki samþykkt í skjali um verndun andrúmsloftsins, en minnst er á vandamál fólksfjölgunar í ýmsum öðrum samþykktum fundarins.

2. Orkumál. Tillögur Íslands um breytingar á texta um orkumál miðuðu að því að fá þjóðir heims til að draga úr notkun jarðefna (kol, olía, jarðgas) og kjarnorku við orkuframleiðslu, en auka þess í stað notkun á endurnýjanlegum og lítið mengandi orkugjöfum.

a) Sendinefndin mótmælti að vatnsorka yrði flokkuð með orkugjöfum jarðefna og kjarnorku, og lagði fram breytingartillögu þess efnis. Tillagan mætti strax andstöðu þróunarríkjanna, en töluverð umræða varð um málið..

Þróunarríkin lögðu áherslu á að nota hugtakið „nýir og endurnýjanlegir orkugjafar" um þá orkugjafa sem þjóðir heims skyldu leggja áherslu á í framtíðinni. Ísland lagði til að rætt yrði um „jarðefnaeldsneyti" og „ómengandi orkugjafa" og „kjarnorku" þar sem það á við, og að nota hugtakið „örugga og endurnýjanlega orkugjafa" um orkugjafa framtíðar, með vísun til þess að kjarnorka telst ekki vera „öruggur" orkugjafi.

Niðurstaðan varð sú, að hugtökin „nýir og endurnýjanlegir orkugjafar" og „öruggir og endurnýjanlegir orkugjafar" eru notuð, og skv. kröfu Íslands er neðanmálsgrein með textanum þar sem upp eru taldir allir orkugjafar sem falla undir hugtakið „nýir og endurnýjanlegir orkugjafar", þar á meðal vatnsorka.

b) Tillaga Íslands, um að þjóðir heims ættu að leggja áherslu á að virkja mengunarlausa og endurnýjanlega orkugjafa, og að flytja slíka umhverfisvæna orku út frá löndum sem yfir henni ráða til þeirra ríkja sem háð eru olíu og kolum við orkuframleiðslu, mætti einnig töluverðri andstöðu einkum frá þróunarríkjum.

Niðurstaða málsins varð sú að sérstök grein um þetta efni fór inn í lokatexta, þar sem áhersla er lögð á samræmingu orkumála svæðisbundið með þetta fyrir augum. Jafnframt var samsvarandi ákvæði bætt inn í margar aðrar greinar skjalsins um orkumál. Þessi tillaga var samþykkt. Í fréttatilkynningu framkvæmdanefndar ráðstefnunnar er þessi grein Íslands nefnd sem annað af tveimur meginatriðum kaflans um orkumál, sem sýnir mikilvægi málsins.

c) Ísland lagði til að í stefnumótun um orkunýtingu ætti að taka tillit til bæði umhverfis- og efnahagssjónarmiða.

3. Iðnaðarmál. Í samræmi við tillögur sendinefndarinnar í orkumálum setti Ísland fram tillögu um að þjóðir heims ættu að stuðla að því að orkufrekur iðnaður yrði fyrst og fremst byggður upp á svæðum sem byggju yfir mengunarlausum og endurnýjanlegum orkugjöfum, með það fyrir augum að draga úr mengun á heimsvísu.

Tillaga þessi mætti mikilli andstöðu þróunarríkjanna og Bandaríkjanna. Samkomulag náðist þó á síðasta degi eftir mikla umræður um breytt orðalag tillögunnar, sem bjó yfir þeirri hugsun sem upphaflega var fram sett.

6. Förgun og meðhöndlun eiturefna og úrgangsefna.

Íslenska sendinefndin lagði áherslur á nokkur atriði í umfjöllun um meðhöndlun eiturefna og úrgangs á fundinum. Lagt yrði bann við útflutningi eiturefna sem bönnuð væru í notkun í framleiðslulandinu eða væru á bannlista alþjóðasamninga. Einnig að sett yrði bann við útflutningi hættulegs úrgangs til ríkja sem ekki hefðu þekkingu og aðstöðu til að meðhöndla slíkan úrgang á viðunandi hátt gagnvart umhverfinu. Þá studdi Ísland tillögur um að sömu reglur giltu um meðferð og förgun hættulegs úrgangs frá hernaði og hernaðarumsvifum og annan úrgang gagnvart umhverfisvernd.

Um öll þessi atriði nema úrgang frá hernaðarumsvifum náðist ásættanleg niðurstaða á fundinum.

7. Umhverfisvernd og hernaðarumsvif.

Tillögur þær sem Ísland flutti varðandi aðgerðir til að tryggja umhverfisvernd á höfunum gagnvart hernaðarumsvifum og frá skipum í eigu eða rekstri ríkisstjórna mættu mikilli andstöðu og lýstu fulltrúar nokkurar ríkja því yfir í vinnunefndinni að þeir teldu ráðstefnuna ekki vettvang til umræðna um umhverfisvernd varðandi hernaðarumsvif. Var ákveðið að vísa tillögum Íslands ásamt öðrum tillögum sem tengjast hernaðarumsvifum til almennrar umræðu í allsherjarnefnd. Búist er við því, að hægt verði að ná samstöðu á ráðstefnunni í Ríó de Janeiro um almenn tilmæli um að ríki láti sömu reglur gilda fyrir hernaðarumsvif gagnvart umhverfisvernd og gilda fyrir aðrar athafnir manna.

8. Hlutverk Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra í umhverfis- og þróunarmálum.

Íslenska sendinefndin lagði áherslu á að efla samstarf og auka samræmingu stofnana Sameinuðu þjóðanna sem fara með umhverfis- og þróunarmál í stað þess að setja á laggirnar nýjar stofnanir.

Á undirbúningsfundinum náðist samstaða um eftirfarandi atriði varðandi stofnanir

Höfuðáhersla er lögð á, að á ríkisstjórnum aðildarríkjanna hvílir ábyrgð á að fylgja ákvörðunum ráðstefnunnar eftir. Mikilvægt er að ýmis samtök áhugafólks í aðildarríkjunum og reyndar allur almenningur taki þátt í starfi því sem hver ríkisstjórn ákveður á þessu sviði.

Innan Sameinuðu þjóðanna verður að koma á fót viðunandi skipulagi, t.d. með stofnun sérstakrar nefndar og ráðningu starfsliðs til að annast framkvæmd mála á sviði ráðstefnunnar. Skiptar skoðanir eru þó enn um hvort ákjósanlegt sé að fela þetta starf nefnd er heyri undir allsherjarþingið beint, eða sérstakri undirnefnd efnahags- og félagsmálaráðsins. Margir aðrir valkostir hafa verið nefndir og ýmis ríki vilja vísa ákvörðun um þetta atriði til ráðstefnunnar eða 47. allsherjarþingsins á hausti komanda ef ekki næst samstaða um það á ráðstefnunni.

9. Gerð alþjóðasamninga um umhverfismál.

Ísland lagði fram tillögu á fundinum um að hafist skuli handa um undirbúning að gerð alþjóðasáttmála um réttindi og skyldur ríkja á sviði umhverfis og þróunarmála en í ræðu á allsherjarþingi S.þ. 1989 gerði utanríkisráðherra Jón Baldvin Hannibalsson að sérstöku umtalsefni nauðsyn slíkrar alþjóðlegrar lagasetningar.

Tillagan sætti nokkurri andstöðu en samkomulag og full samstaða náðist um tillöguna. Verður Sameinuðu Þjóðunum falið að vinna að undirbúningi slíks alheimssáttmála um umhverfismál og sjálfbæra þróun

10. Ríó yfirlýsing

Unnið var að gerð grundvallarreglna sem gilda eiga fyrir allar þjóðir heims í umhverfismálum. Um er að ræða einskonar stjórnlög umhverfis jarðarinnar - stuttar og skýrar meginreglur um þau atriði sem mestu máli eru talin skipta varðandi framtíð mannlífs á jörðinni.

Ísland lagði sérstaka áherslu á að eftirfarandi meginreglur yrðu teknar upp í sáttmálann. Í fyrsta lagi rétt ríkja til þess að nýta náttúruauðlindir sínar í samræmi við stefnu sína í umhverfis- og þróunarmálum og ákvæði Sáttmála S.Þ.. Sú ábyrgð er jafnframt lögð ríkjum á herðar að tryggja það að athafnir þeirra valdi ekki skaða í umhverfi annarra ríkja eða á alþjóðlegum svæðum svo sem á úthafinu.

Nauðsynlegt sé að ríki setji lög um ábyrgð sína í umhverfismálum og greiðslu skaðabóta til þeirra sem tjón bíða vegna mengunar eða annars umhverfisvanda. Grundvallarreglan er hér sú að sá sem mengar verður að greiða fyrir það tjón sem af menguninni hlýst. Þar sem ljóst sé að mesta mengunin eigi sér í dag stað í iðnríkjum m.a. framleiðsla hættulegra úrgangsefna, sé eðlilegt að þau beri ábyrgð á að komið verði í veg fyrir slíka mengun og hættulegum úrgangsefnum fargað sem næst framleiðslustað.

Einnig að staðfest verði svonefnda varúðarregla, sem felur í sér að ekki skuli farið út í framkvæmdir sem gætu reynst hættulegar umhverfinu, jafnvel þótt það hafi ekki enn verið sannað með vísindalegum rökum á óyggjandi hátt.

Á fundinum var samþykkt að vísa til Ríó ráðstefnunnar tillögu formanns undirbúningsfundarins og verður sá texti umræðugrundvöllur á ráðstefnunni. Verður hér getið nokkurra hinna helstu atriða tillögunnar.

Lögð er áhersla á rétt sérhvers manns til þess að lifa heilbrigðu lífi í hreinu og ómenguðu umhverfi. Jafnframt að hver og einn beri ábyrgð á að vernda umhverfið og skila því óspilltu í hendur komandi kynslóða.

Þá er lögð áhersla á rétt ríkja til þróunar í samræmi við skynsamlega nýtingu umhverfisins og jafnframt minnst á skyldu ríkja til þess að vinna að upprætingu fátæktar sem sé í raun forsenda sjálfbærrar þróunar.

Minnt er á að ein meginástæða fyrir því að ástandið í umhverfismálum jarðar fer versnandi séu ósjálfbærir framleiðslu- og neysluhættir nútíma þjóðfélags. Þessu þurfi að breyta í betra horf og eigi það ekki síst við um hin auðugri ríki heims þar sem umhverfismengun og ónauðsynleg eyðsla sé einna mest.

Í yfirlýsingunni er þáttur kvenna í þróun og umhverfismálum sérstaklega undirstrikaður og nauðsyn fullrar aðildar þeirra eigi árangur að nást í þessum sviðum. Sérstaklega er minnst á málefni og hagsmuni frumbyggja í sáttmálanum og ríkjum gert skylt að hafa fulltrúa þeirra með í ráðum þegar ákvarðanir eru teknar um sjálfbæra þróun sem þá geta varðað.

Loks er minnst á atriði sem hér er ekki síst mikilvægt. Bent er á að þar sem ljóst sé að iðnríki beri meginábyrgð á þeim umhverfisspjöllum sem átt hafa sér stað á jörðinni beri þeim að leggja fram nýtt fjármagn og tækniþekkingu til hagsbóta fyrir þróunarlöndin.

797. Svar [485. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Friðgeirsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um málefni grunnskóla og framhaldsskóla.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. *Hve margir nemendur útskrifast úr 10. bekk grunnskólans í vor (skipt eftir fræðsluumdæmum)?*

Fjöldi nemenda sem útskrifast úr grunnskóla vorið 1992:

Fræðsluumdæmi	Fjöldi
Reykjavík	1.356
Reykjanes	1.021
Vesturland	265
Vestfirðir	164
Norðurland vestra	169
Norðurland eystra	439
Austurland	222
Suðurland	428
Samtals	**4.064**

2. *Hve margir nemendur með grunnskólapróf má áætla að verði teknir inn í framhaldsskóla að hausti (skipt eftir fræðsluumdæmum)?*

Fjöldi nemenda sem útskrifast með grunnskólapróf vorið 1992 og ætla má að innritist í framhaldsskóla í haust:

Fræðsluumdæmi	Fjöldi
Reykjavík	1.112
Reykjanes	817
Vesturland	217
Vestfirðir	131
Norðurland vestra	133
Norðurland eystra	360
Austurland	182
Suðurland	350
Samtals	**3.302**

Miðað er við að 82% nemenda innritist í framhaldsskóla.

3. *Ef fleiri sækja um framhaldsskóla en fá þar inni í haust, hvað verður lagt til grundvallar við inntöku?*

Ráðuneytið hefur ákveðið að ekki verði um að ræða takmörkun á inngöngu nemenda úr grunnskóla í framhaldsskóla í haust.

4. *Hversu mörgum sérkennslustundum er varið til kennslu nemenda í 10. bekk skólaárið 1991–92?*

Skólastjórar grunnskóla gera áætlanir um þörf fyrir sérkennslu í skólum sínum árlega. Fræðslustjórar úthluta stundum til sérkennslu í samræmi við þær áætlanir að því leyti sem sérkennslukvótinn dugir til. Kvóta til sérkennslu í grunnskólum er úthlutað tímabundið eða frá því að vera nokkrar kennslustundir í það að nemandi nýtur sérkennslu allan skólatímann.

Yfirlit yfir fjölda kennslustunda í 10. bekk til sérkennslu á þessu skólaári liggur ekki fyrir. Í grunnskólum landsins er varið 9.836 vikustundum til sérkennslu u.þ.b. 6.600 nemenda á aldrinum 6–16 ára á skólaárinu sem er að líða og er stundunum úthlutað á þann hátt sem að framan greinir.

5. *Hversu mörgum sérkennslustundum er varið til kennslu nemenda í 1. bekk framhaldsskóla sama ár? Er það fjölgun eða fækkun frá fyrra ári?*

Alþingi hefur með samþykkt fjárlaga ársins 1992 varið 26 millj. kr. til sérkennslu og annarrar aðstoðar við fatlaða í framhaldsskólum á þessu ári. Á síðasta ári var upphæðin 16 millj. kr.

Á haustönn 1991 voru 283 vikustundir nýttar til sérkennslu í framhaldsskólum en 475 á vorönn 1992.

6. *Hversu margir nemenda, sem innrituðust í framhaldsskóla, náðu ekki prófi eða þreyttu ekki próf eftir haustönn yfirstandandi skólaárs?*

Ekki liggur fyrir hve margir nemendur, sem innrituðust í framhaldsskóla sl. haust, náðu ekki prófum eða fóru ekki í próf í lok haustannar.

798. Svar [416. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu miklu fé hefur verið ráðstafað úr Framkvæmdasjóði fatlaðra frá stofnun hans árið 1984? Svar óskast sundurliðað eftir árum og einstökum kjördæmum á núgildandi verðlagi.

Í meðfylgjandi töflu er sundurliðun eftir kjördæmum á því fé sem hefur verið ráðstafað úr Framkvæmdasjóði fatlaðra frá stofnun hans árið 1984. Tölurnar eru á verðlagi í janúar 1992. Rétt er að vekja athygli á nokkrum atriðum til skýringar.

Nokkurn hluta framlaga Framkvæmdasjóðs fatlaðra er ekki hægt að sundurliða eftir einstökum kjördæmum þar sem um er að ræða framlög til stofnana sem þjóna öllu landinu. Framlög þessi eru færð undir liðinn ósundurliðað.

Þessi framlög eru til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Sjónstöðvar Íslands og Tölvumiðstöðvar fatlaðra, ýmis framlög til svæðisstjórna færð á sameiginlegt reikningsnúmer, framlög skv. 19. og 27. gr. laga um málefni fatlaðra, til kannana, til Íþróttafélags fatlaðra, til starfsþjálfunar fatlaðra, til framhaldsmenntunar fatlaðra og til atvinnumála.

Þyngst vega framlög vegna uppbyggingar á aðstöðu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, einkum árin 1988 og 1989.

Viðvíkjandi einstökum kjördæmum er rétt að hafa í huga að nokkrar stofnanir þjóna einstaklingum frá fleiri kjördæmum en því kjördæmi sem þær eru í þó að búast megi við að þær þjóni fyrst og fremst viðkomandi kjördæmi og aðliggjandi kjördæmum.

Þannig vega t.d. framlög til Kópavogshælis, Skálatúns, Tjaldaness og Reykjalundar töluvert í úthlutunum til Reykjaneskjördæmis. Þá eru framlög til Sólborgar hluti af úthlutunum til Norðurlandskjördæmis eystra og framlög til Sólheima hluti af úthlutunum til Suðurlandskjördæmis. Ýmsir skólar og verndaðir vinnustaðir í Reykjavík þjóna a.m.k. öllu höfuðborgarsvæðinu. Öll framlög til ýmissa félaga og landssambanda fatlaðra eru færð samkvæmt viðfangsefni og eftir staðsetningu. Þó eru nokkur framlög til fjölmargra landssambanda færð á Reykjavík enda starfsemi þeirra að mestu leyti þar.

Framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra 1984–1991 í þús. kr. á verðlagi í janúar 1992.

	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1984–91
Reykjavík	77.818	95.529	91.891	82.810	93.599	67.307	88.175	113.428	710.557
Reykjanes	51.584	47.531	29.510	66.085	45.086	86.094	74.266	58.162	458.317
Vesturland	18.780	8.441	7.816	3.114	26.645	17.515	7.022	7.464	96.798
Vestfirðir	13.625	12.803	7.034	12.343	8.050	10.042	7.624	4.299	75.819
Norðurland vestra	13.172	8.301	3.908	6.817	17.579	10.108	9.801	9.160	78.846
Norðurland eystra	12.266	8.864	8.946	22.255	13.719	13.994	13.017	24.168	117.229
Austurland	4.879	11.469	6.456	8.028	7.897	7.221	22.375	27.850	96.175
Suðurland	30.108	14.319	10.060	24.522	20.930	7.331	26.291	9.447	143.008
Ósundurliðað	3.031	12.775	893	8.767	74.102	20.771	9.566	4.570	134.474
Allt landið	**225.263**	**220.032**	**166.514**	**234.741**	**307.606**	**240.382**	**258.137**	**258.548**	**1.911.224**

799. Svar [481. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um sameiginlega fiskstofna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er staða samninga við aðrar þjóðir um helstu sameiginlega fiskstofna okkar?

Helstu fiskstofnar, sem sameiginlegir eru Íslandi og öðrum þjóðum, eru: úthafsrækja á Dohrnbanka, karfi (gullkarfi og djúpkarfi), grálúða, loðna, úthafskarfi, kolmunni og íslensk-norski síldarstofninn.

Úthafsrækja, karfi og grálúða eru stofnar sem veiðast í lögsögu Grænlands og Íslands. Enn fremur er talið líklegt að karfi, sem veiðist við Færeyjar, sé úr sameiginlegum stofni. Á undanförnum árum hafa farið fram viðræður milli Íslands og Grænlands um nýtingu þessara sameiginlegu stofna án þess að þær hafi leitt til niðurstöðu. Hins vegar hefur fiskifræðingum landanna verið falið að auka rannsóknir á þessum stofnum en nauðsynlegt þykir að afla frekari vitneskju um útbreiðslu og stærð stofnanna því að henni er í ýmsu áfátt. Af Íslands hálfu er lögð á það áhersla að eiginlegar samningaviðræður um nýtingu þessara stofna hefjist hið fyrsta.

Á árinu 1989 tókust samningar um nýtingu loðnustofnsins milli Íslands, Grænlands og Noregs. Í samningi þessum eru ákvæði um skiptingu heildaraflans milli þjóðanna auk ákvæða um gagnkvæmar veiðiheimildir og fleiri atriði. Samningur þessi gilti til þriggja vertíða og fellur úr gildi 1. maí 1992. Haldinn hefur verið einn samningafundur um gerð nýs samnings en ekki náðist samkomulag á þeim fundi. Noregur og Grænland hafa lýst yfir vilja til að framlengja samninginn án breytinga en Ísland hefur lagt til að takmark-

aðar verði heimildir erlendra skipa til veiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Stefnt er að því að halda nýjan samningafund um loðnu á næstu vikum.

Úthafskarfi og kolmunni veiðast í lögsögu Íslands og fleiri ríkja auk þess sem þessir stofnar veiðast á alþjóðlegu hafsvæði. Um nýtingu þessara stofna hefur nokkuð verið rætt innan Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) en engin ákvörðun tekin um nýtingu þeirra. Stofnar þessir hafa síðustu ár verið vannýttir og því hefur ekki verið knýjandi að skipta aflaheimildum eða takmarka veiðar úr þeim. Hefur Alþjóðahafrannsóknaráðinu verið falið að fylgjast með stærð stofnanna og útbreiðslu þeirra.

Eftir hrun íslensk-norska síldarstofnsins hefur hann haldið sig innan norskrar fiskveiðilögsögu. Árgangurinn frá 1984 var mjög sterkur en síðan hafa allir árgangar verið lélegir og stofninn því ekki vaxið. Stækki stofninn hins vegar og taki upp fyrri göngur gæti hann orðið veiðanlegur í lögsögu ýmissa landa og að auki á alþjóðlegu hafsvæði. Norðmenn hafa stundað takmarkaðar veiðar úr þessum stofni og lýst yfir að þeir væru ekki tilbúnir til að ræða um nýtingu hans fyrr en stofninn hæfi göngur út fyrir norska fiskveiðilögsögu. Ef svo fer væri eðlilegt að Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin fjallaði um nýtingu þessa stofns en ástand hans og nýting hefur nokkuð verið rædd á ársfundum nefndarinnar.

Eftirtaldar fisktegundir veiðast bæði innan og utan fiskveiðilandhelgi Íslands: snarpi langhali, langhali, búrfiskur, blálanga og gulllax. Vitneskju um þessar tegundir er mjög ábótavant. Ekki er ljóst hvort um einn eða fleiri stofna er að ræða og því ekki hvort eða í hvaða mæli þeir eru sameiginlegir.

Matsatriði er hvort telja beri þorskstofninn sameiginlegan með Íslandi og Grænlandi. Vitað er að þorskseiði geta borist með straumum til Grænlands, alist þar upp og komið síðan sem ungþorskar til hrygningar við Ísland. Þetta gerðist síðast í verulegum mæli varðandi 1984-árganginn. Hann óx við V-Grænland en gekk síðan suður fyrir Hvarf og veiddist bæði þar og við Grænland áður en hann gekk til hrygningar við Ísland, einkum árin 1990 og 1991. Líklegt er að sama gerist í minna mæli af og til og að sá þorskur blandist staðbundnum þorskstofni við Grænland. Af Íslands hálfu hefur ekki verið óskað viðræðna um samvinnu við Grænland varðandi nýtingu þorskstofnsins.

800. Svar [496. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um áhrif EES-samnings á lyfjainnflutning og lyfjadreifingu.

1. *Þarf að breyta lögum og reglugerðum um lyfjainnflutning og lyfjadreifingu ef Ísland gerist aðili að EES-samningi?*

   Já.

2. *Ef svo er, hvað felst í þeim breytingum í aðalatriðum?*

Helstu breytingar varða skráningu lyfja sem með samræmdum reglum verður fljótvirkari auk þess sem hún verður að hluta ákveðin fyrir öll löndin í einu af tveimur skráningarnefndum á vegum EB. Ekki er útlit fyrir að EFTA-ríkin fái aðgang að þessum nefndum. Hægt verður áfram að skrá lyf „þjóðlegri skráningu“ vegna sérþarfa í einstökum löndum en hins vegar verður ekki lengur hægt að hafna skráningu lyfs, t.d. vegna verðs eða vegna þess að skráningaryfirvöld telja ekki þörf fyrir lyfið.

Lyfjahugtakið mun ná yfir fleiri lyf en hingað til. Má þar nefna bóluefni, lyf sem unnin eru úr blóði, geislavirk lyf, náttúrulyf og hómapatalyf sem verður að líkindum að skrá hér á landi eins og í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins.

Óheimilt verður að vera með einokun á innflutningi lyfja en að öðru leyti þarf ekki enn sem komið er að breyta sérstaklega þeim ákvæðum núgildandi laga er fjalla um lyfjainnflutning og lyfjadreifingu vegna EES-samningsins. Hins vegar þarf að aðlaga ýmis atriði í reglugerðum breyttum aðstæðum.

Ýmsar breytingar verða á auglýsingum og kynningum lyfja. Heimilt verður að auglýsa lyf fyrir almenning sem fást án lyfseðils með ákveðnum skilyrðum, t.d. í dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi. Auglýsingar og kynningar á lyfseðilsskyldum lyfjum verða hins vegar háðar strangari reglum en gilt hafa. Fylgiseðlar með ítarlegum upplýsingum verða að fylgja öllum lyfjum.

Samkvæmt þeim hluta GATT-samningsins, er fjallar um hugverkaréttindi, er aðildarríkjum samningsins skylt að veita einkaleyfi jafnt fyrir afurðum sem aðferðum á öllum tæknisviðum. Samkvæmt gildistökuákvæði í 2. mgr. 75. gr. einkaleyfislaga, sem tóku gildi um síðustu áramót, er ekki hægt að veita einkaleyfi fyrir læknislyfjum fyrr en fimm árum eftir gildistöku laganna. Þessi tími var hugsaður sem aðlögunartími fyrir innlendan lyfjaiðnað. Í EES-viðræðum um þetta atriði var ekki fallist á sjónarmið Íslands um nauðsyn svo langs aðlögunartíma, þ.e. til 1. janúar 1997. Hins vegar tókst að ná fram tveggja ára aðlögunartíma miðað við gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1993. Þessu ákvæði einkaleyfislaganna verður því að breyta til samræmis við framangreindan aðlögunartíma.

Stefnt er að samræmingu á lyfjaverði, flokkun lyfja í lausasölu og lyfseðilsskyldra lyfja, þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði og ýmsum fleiri atriðum, en óvíst er hvenær þeim markmiðum verður náð.

3. *Hefur EES-samningur áhrif á leyfi fyrir lyfjasölur (apótek) og lyfsala?*
Nei, löndin geta hagað þeim málum að vild, hvað sem síðar verður.

4. *Yrði um að ræða aukið framboð lyfja hérlendis vegna EES-samnings?*
Já, að öllum líkindum, sbr. svar við 2. spurningu.

5. *Hvaða áhrif hefði EES-samningur á starfsemi Lyfjaverslunar ríkisins?*
Nauðsynlegt kann að reynast að afnema einokun Lyfjaverslunar ríkisins á innflutningi bóluefna. Nauðsynlegt gæti einnig reynst að breyta rekstrarformi Lyfjaverslunar ríkisins vegna væntanlegrar samkeppnislöggjafar vegna EES-samnings.

801. Svar [497. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um aukna hættu af ávana- og fíknilyfjum í kjölfar EES-samnings.

1. *Mun EES-samningur hafa áhrif á innflutning og dreifingu ávanabindandi lyfja hérlendis?*
Nei, sömu alþjóðlegu samningar um ávana- og fíknilyf munu gilda áfram, þ.e. „Convention on Psychotropic Substances, 1971“ og „Single Convention on Narcotic Drugs, 1961“.

2. *Hefði EES-samningur í för með sér að rýmka þyrfti ákvæði um sölu lyfja án lyfseðils hér á landi?*
Þau ákvæði, sem gilt hafa hér á landi um sölu lyfja án lyfseðils, eru ekki svo mjög frábrugðin þeim reglum sem rætt er um innan EB. Öll ný efnasambönd verða í fyrstu

atrennu lyfseðilsskyld en afstaða tekin síðar að fenginni reynslu um hvort ástæða sé til að heimila sölu án lyfseðils. Hins vegar má búast við auknu framboði samheitalyfja í lausasölu.

3. *Hefur farið fram mat á því hvort og í hve ríkum mæli megi ætla að misnotkun ávanabindandi lyfja muni aukast hérlendis í kjölfar EES-samnings?*
   Nei.

4. *Hvaða áhrif er talið að ákvæði EES um „frelsin fjögur" geti haft á ólöglegan innflutning fíkniefna innan EES-svæðisins og hingað til lands?*
   Svo vitað sé hefur engin athugun verið gerð á því hvort og þá hvaða áhrif ákvæði EES um „frelsin fjögur" hafi á ólöglegan innflutning fíkniefna innan EES-svæðisins og hingað til lands.

5. *Telja stjórnvöld ástæðu til að undirbúa ráðstafanir til mótvægis við áhrif EES-samnings að því er varðar fyrrgreinda þætti?*
   Að svo stöddu hefur ekki verið talin ástæða til að undirbúa neinar ráðstafanir til mótvægis við áhrif EES-samningsins enda ekkert sem bendir til að EES-samningnum muni fylgja aukin hætta af ávana- og fíkniefnum.

802. Skýrsla [3. mál]

heilbrigðisráðherra um málefni og hagi aldraðra, samkvæmt beiðni.

Í upphafi 115. löggjafarþings lögðu níu alþingmenn fram beiðni um skýrslu frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um málefni og hagi aldraðra. Skýrsla þessi fylgir hér með og er við framsetningu hennar fylgt spurningum þeim sem fram komu í beiðninni með eftirfarandi hætti:

1. Yfirlit yfir þau úrræði sem veitt eru í dag að því er varðar hjúkrunarrými eftir landshlutum, dagvistun aldraðra, rými fyrir heilabilaða aldraða einstaklinga, endurhæfingu, öldunarlækningar og þátt heilsugæslunnar í þjónustu við aldraða.
2. Yfirlit yfir þróun málefna aldraðra sl. 10 ár að því er varðar sömu þætti, þ.e. fjölda aldraðra sem þurfa á þjónustu að halda, hjúkrunarrými, aðra aðstöðu aldraðra, svo sem endurhæfingu, öldrunardeildir, heimaþjónustu, þátt sveitarfélaganna og hlut heilsugæslunnar í þjónustu við aldraða.
   Um tölulið 1 og 2 er fjallað í 1. kafla – Húsnæði fyrir aldraða.
3. Yfirlit yfir þá stefnu sem ríkisstjórnin kann að hafa í uppbyggingu þjónustu við aldraða, þar með taldir allir þeir þættir sem á undan eru nefndir, auk yfirlits yfir þau vandamál sem heilbrigðisráðuneytið telur að helst steðji að öldruðu fólki á komandi árum, bæði heilsufarsleg vandamál og félagsleg vandamál. Þá verði gerð grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar almennt og því er varðar einstök atriði eins og
   - þörf á hjúkrunarrými fyrir aldraða eftir landsvæðum,
   - þörf á öldrunarlækningum,
   - þörf á dagvistum,
   - þörf á hvíldarinnlögnum,
   - þörf á rými fyrir heilabilaða aldraða,
   - breytingar á þjónustu heilsugæslustöðva við gamalt fólk,
   - þörf á íbúðum fyrir aldraða og stefnumótun í þeim efnum eftir landsvæðum,
   - þörf á heimilisþjónustu og áform sveitarfélaganna í þeim efnum.

   Um 3. tölulið er fjallað í 2. kafla – Stefna í öldrunarmálum.
4. Yfirlit yfir kjör aldraðra með hliðsjón af greiðslum almannatrygginga og frá lífeyrissjóðum.
   Um 4. tölulið er fjallað í 3. kafla – Yfirlit yfir kjör aldraðra með hliðsjón af greiðslum almannatrygginga og frá lífeyrissjóðum. Þeim kafla fylgja jafnframt töflur unnar af Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar úr skattframtölum 67 ára og eldri, sbr. fylgiskjal 3.
5. Yfirlit yfir framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra frá upphafi eftir landshlutum, bæði heildargreiðslur og árlegar greiðslur.
   Um 5. tölulið er fjallað í 4. kafla – Framkvæmdasjóður aldraðra 1981 – 1991.
6. Yfirlit yfir önnur atriði og upplýsingar sem ríkisstjórnin telur að veiti sem gleggsta heildarmynd af málefnum aldraðra og þeim úrræðum sem grípa verður til í þeim málaflokki nú og á komandi árum.
   Um 6. tölulið er fjallað í 5. kafla – Samantekt.

1. KAFLI
Húsnæði fyrir aldraða.

1.1 Inngangur.

Vistrými fyrir aldraða bæði hjúkrunarrými og þjónusturými[1] voru 3.235 hér á landi hinn 1. janúar 1991. Þau skiptust þannig, að hjúkrunarrými voru 1.948 og þjónusturými 1.287. Þessi vistrými voru í dvalarheimilum[2], hjúkrunarstofnunum og á hjúkrunar- og langlegudeildum sjúkrahúsa.

Eftirfarandi yfirlit er yfir rúmafjölda eins og hann var í þessum stofnunum 1. janúar 1971, 1. janúar 1981 og 1. janúar 1991. Tölur frá 1. janúar 1971 eru ekki fyllilega samanburðarhæfar við hinar sökum þess, að á þeim tíma var erfiðara að fá upplýsingar um fjölda aldraða sjúka í sjúkrahúsum. Þær upplýsingar voru yfirleitt um langlegusjúklinga, án tillits til aldurs þeirra. Því má gera ráð fyrir að fleiri rúm hafi þá verið fyrir þá öldruðu en þessar tölur sýna.

Samanburður verður þó gerður á þessum tveim áratugum:

Hinn 1. janúar 1971 var heildarfjöldi rýma 1.439, þar af voru:

þjónusturými	875
hjúkrunarrými	564

Hinn 1. janúar 1981 var heildarfjöldi rýma 1.982, þar af voru:

þjónusturými	990
hjúkrunarrými	992

Hinn 1. jan. 1991 var heildarfjöldi rýma 3.235, þar af voru:

þjónusturými	1.287
hjúkrunarrými	1.948

Til samanburðar fjölgaði vistrýmum á áratugnum 1981 til 1991 um 1.253, þar af voru:

þjónusturými	297
hjúkrunarrými	956

Á undanförnum árum hafa stjórnendur dvalarheimila aldraðra sótt mjög fast að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um að breyta þjónusturýmum í hjúkrunarrými. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Þyngst vegur þó að meðalaldur vistmanna á stofnunum hefur hækkað mjög mikið, jafnvel um 5–7 ár. Á mörgum dvalarheimilum er meðalaldur vistmanna nú frá 81 ári upp í 86 ár. Vistmenn eru því nú heilsufarslega lakar á sig komnir en áður vegna hærri aldurs.

Það gefur auga leið, að við það að breyta þjónusturými í hjúkrunarrými þarf ýmsu að breyta. Afla þarf dýrari hjúkrunargagna og hjálpartækja, auk þess sem kröfur um mannafla á stofnuninni aukast og ráða þarf meira hjúkrunarlið. Við þessum óskum hefur ráðuneytið orðið, eftir því sem kostur hefur verið á, en að undangengnu nákvæmu mati á aðstæðum á hverjum stað. Þessa þróun má lesa úr eftirfarandi yfirlitstöflum yfir vistrými aldraðra á undanförnum tveimur áratugum.

Þá er nauðsynlegt að fram komi að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur heimilað fækkun í fjölmennustu dvalarheimilunum vegna þrengsla og breyttra krafna frá vistmönnum, aðstandendum þeirra og starfsliði. Þessi þróun kemur og skýrt fram í töflum þeim sem á eftir fylgja.

Sérfræðingum í öldrunarlækningum hefur fjölgað nokkuð, svo og hjúkrunarfræðingum, sem hafa menntað sig sérstaklega í hjúkrun aldraðra. Sjúkraliðaskóli Íslands gekkst fyrir

---

[1]) Frá gildistöku laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra eru dvalarheimili og þær íbúðir fyrir aldraða sem fengið hafa rekstrarleyfi og greitt er fyrir eins og um dvalarheimili væri að ræða, kölluð þjónustuhúsnæði. Rými í slíku húsnæði er hér kallað þjónusturými.

[2]) Hér í skýrslunni eru hugtökin dvalarheimili og þjónustuhúsnæði notuð jöfnum höndum.

námskeiðum fyrir sjúkraliða í umönnun aldraða. Sjúkraliðaskólinn hefur nú verið lagður niður og námið flutt til fjölbrautarskóla. Þess er að vænta að fjölbrautaskólar haldi þessum námskeiðum áfram.

Endurhæfing og sjúkraþjálfun eru veittar í stærstu dvalarheimilunum eftir því sem kostur er á að fá fagmenn til þeirra starfa.

1.2 Vistrými aldraðra, hjúkrunarrými og þjónusturými, í dvalarheimilum og sjúkrastofnunum, og samanburður á árunum 1971, 1981 og 1991.

1.2.1 Vistrými fyrir aldraða eftir landshlutum 1971, 1981 og 1991.

Héruð	1. janúar 1971			1. janúar 1981			1. janúar 1991		
	Fjöldi rúma	þjón.-rými	hjúkr-rými	Fjöldi rúma	þjón.-rými	hjúkr-rými	Fjöldi rúma	þjón. rými	hjúkr-rými
Reykjavíkurhérað									
Elli- og hjúkr.heim.Grund	380	135	245	327	88	239	285	125	160
Hrafnista, DAS	418	330	88	410	181	229	342	153	189
Borgarspítali, B-álma							81	–	81
„ Hvítabandið							19	–	19
„ Heilsuverndarstöðin	34	–	34	30	–	30	24	–	24
„ Hafnarbúðir, frá				25	–	25			
Landakot, Hafnarbúðir, frá 1986							25	–	25
Landspítalinn, Hátún 10 B frá 1976 og 77				66	–	66	63	–	63
Droplaugarstaðir							68	32	36
Fell, frá 1988							30	30	–
Seljahlíð, frá 1986							83	70	13
Skjól, frá 1987							102	–	102
Samtals:	**832**	**465**	**367**	**858**	**269**	**589**	**1122**	**410**	**712**
Vesturlandshérað.									
Elliheimilið Akranesi	15	15	–						
Höfði, Akranesi, stofnað 1978				44	44	–	73	73	–
Sjúkrahús Akraness							30	–	30
Fellsendi, Dalasýslu	15	15	–	16	–	16	15	–	15
Dvalarheimilið, Borgarnesi, stofnað 1971				60	60	–	57	45	12
Dvalarheimilið, Stykkishólmi, stofnað 1978				17	17	–	25	15	10
St. Fransiskusspít. Stykkish.							25	–	25
Jaðar, Ólafsvík, stofnað 1990							7	3	4
Fellaskjól, Grundarfirði							17	7	10
Samtals:	**30**	**30**	**0**	**137**	**121**	**16**	**249**	**143**	**106**
Vestfjarðahérað									
Elliheimili Ísafjarðar	18	18	–	22	22	–	16	16	–
Fjórðungssjúkrah. á Ísafirði							25	–	25
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri, stofnað 1979	–	–	–	8	4	4	7	–	7
Sjúkrahús Bolungarvíkur				19	–	19	21	–	21
Sjúkrahúsið, Þingeyri				8	–	8	8	–	8
Barmahlíð, Reykhólum[3]							11	4	7
Sjúkrahúsið, Patreksfirði							14	–	14
Sjúkrahúsið, Hólmavík							13	–	13
Samtals:	**18**	**18**	**0**	**57**	**26**	**31**	**115**	**20**	**95**

[3]) Barmahlíð á Reykhólum í Austur-Barðastrandasýslu heyrir undir Vesturlandshérað, samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu, en er hér látin fylgja Vestfjarðahéraði.

Héruð	1. janúar 1971 Fjöldi rúma	þjón.-rými	hjúkr-rými	1. janúar 1981 Fjöldi rúma	þjón.-rými	hjúkr-rými	1. janúar 1991 Fjöldi rúma	þjón. rými	hjúkr-rými
Norðurlandshérað vestra									
Héraðshæli Austur-Húnvetninga Blönduósi, ellideild	27	27	–	26	8	18	42	12	30
Sjúkrahúsið, Hvammstanga							30	–	30
Sæborg, Skagaströnd							15	15	–
Sjúkrahúsið, Sauðárkróki							80	20	60
Sjúkrahúsið, Siglufirði							32	–	32
Samtals:	**27**	**27**	**0**	**26**	**8**	**18**	**199**	**47**	**152**
Norðurlandshérað eystra									
Kristnes, Eyjafirði	78	–	78	72	–	72	24	–	24
Hlíð, Akureyri	75	75	–	109	109	–	128	64	64
Skjaldarvík, Akkureyri	84	84	–	80	80	–	65	65	–
Fjórðungssjúkrahúsið, Akureyri							15	–	15
" " Sel							23	–	23
Vistheimilið, Bakkahl. 5, Akureyri							8	8	–
Sjúkrahúsið Húsavík, ellideild frá 1978				12	12	–	40	–	40
Hvammur, Húsavík, frá 1981,							50	50	–
Dalbær, Dalvík, frá 1979,				30	30	–	44	24	20
Hornbrekka, Ólafsfirði							30	17	13
Naust, Þórshöfn, Stofnað							6	1	5
Samtals:	**237**	**159**	**78**	**303**	**231**	**72**	**433**	**229**	**204**
Austurlandshérað									
Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupst. ellideild	8	8	–	12	5	7	32	11	21
Hulduhlíð, Eskifirði, stofnað 1981							15	9	6
Skjólgarður, Höfn, Hornafirði, stofnað 1974				24	5	19	46	21	25
Sundabúð, Vopnafirði				9	–	9	12	–	12
Uppsalir, Fáskrúðsfirði							13	13	–
Sjúkrahúsið, Egilsstöðum							22	–	22
Lagarás 21-23, Egilsstöðum							8	8	–
Sjúkrahúsið, Seyðisfirði							23	–	23
Samtals:	**8**	**8**	**0**	**45**	**10**	**35**	**171**	**62**	**109**
Suðurlandshérað.									
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	120	120	–	210	130	80	194	130	64
Skálholt, Vestmannaeyjum	24	24	–						
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum, stofnað 1974,				40	40	–	44	21	23
Sjúkrahúsið, Vestm.eyjum							20	–	20
Kumbaravogur, Stokkseyri, stofnað 1975,				45	21	14	74	34	40
Suður-Vík, Vík í Mýrdal, stofnað 1974				4	4	–			
Hjallatún, Vík í Mýrdal							14	7	7
Lundur, Hellu, stofnað 1977				16	16	–	26	26	–

Héruð	1. janúar 1971 Fjöldi rúma	þjón.-rými	hjúkr-rými	1. janúar 1981 Fjöldi rúma	þjón.-rými	hjúkr-rými	1. janúar 1991 Fjöldi rúma	þjón. rými	hjúkr-rými
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli, stofnað 1988							30	30	–
Heiðarbær, Kirkjubæjarkl.							12	5	7
Sólvellir, Eyrarbakka, stofnað 1987							11	11	–
Blesastaðir, Skeiðum, stofnað 1986							12	12	–
Sjúkrahús Suðurlands							19	–	19
Sjúkrahús Suðurlands, Ljósheimar							26	–	26
Samtals:	**144**	**144**	**0**	**315**	**211**	**94**	**482**	**276**	**206**
Reykjaneshérað									
Sólvangur, Hafnarfirði	124	5	119	108	–	108	106	–	106
Sjúkrahúsið, Keflavík							15	–	15
Hlévangur, Keflavík	19	19	–	16	16	–	15	15	–
Garðvangur, Gerðum, stofnað 1976,				22	22	–	41	–	41
Hrafnista, DAS, Hafnarfirði, stofnað 1977				95	66	29	214	66	148
Skjólbraut, Kópavogi, stofnað 1990							14	14	–
Sunnuhlíð, Kópavogi, stofnað 1982							54	–	54
Einkaheimili, Borgarholtsbraut 44, Kópavogi							5	5	–
Samtals:	**143**	**24**	**119**	**241**	**104**	**137**	**464**	**100**	**364**

1.2.2 Heildarfjöldi vistrýma 1971, 1981 og 1991 og fjöldi íbúa 70 ára og eldri 1991.

Landið allt	1. janúar 1971 Fjöldi rúma	þjón.-rými	hjúkr-rými	1. janúar 1981 Fjöldi rúma	þjón.-rými	hjúkr-rými	1. janúar 1991 Fjöldi rúma	þjón. rými	hjúkr-rými
Alls:	**1.439**	**875**	**564**	**1982**	**990**	**992**	**3.235**	**1.287**	**1.948**

Íbúar á Íslandi voru um 255.855 miðað við tölur frá 1. desember 1990. Þar af voru **70 ára og eldri 18.735.** Ef litið er á tölur yfir vistrými fyrir aldraða miðað við 1. janúar 1991 má sjá hversu mörg rými eru á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri.

Hérað	70 ára og eldri	Heild.fj vistrýma	Fjöldi hjúkrr.	Hjúkrr.á 100 íbúa	Fjöldi þjón.r.	Þjón.r.á 100 íbúa.	Samt. rými á 100 íbúa.
Reykjavíkurhérað	8.797	1.122	712	8,1	410	4,7	12,7
Vesturlandshérað	1.024	249	106	10,3	143	14,0	24,3
Vestfjarðahérað	642	115	95	14,8	20	3,1	17,9
Norðurlandsh.vestra	904	199	152	16,8	47	5,2	22,0
Norðurlandsh.eystra	2.056	433	204	10,0	229	11,0	21,1
Austurlandshérað	931	171	109	11,7	62	6,7	18,4
Suðurlandshérað	1.482	482	206	13,9	276	18,6	32,5
Reykjaneshérað	2.892	464	364	12,6	100	3,4	16,0
Allt landið	18.735	3.235	1.948	10,4	1.287	6,9	17,3

Á árinu 1991 urðu óverulegar breytingar á fjölda vistrýma fyrir aldraða í landinu.

Í smíðum er hjúkrunarheimilið Eir í Grafarvogi í Reykjavík með 100 rúm, hjúkrunardeild í Víðihlíð (Grindavík) 29 rúm og hjúkrunardeildir við dvalarheimilin á Hellu 12 rúm og á Kirkjubæjarklaustri 12, eða samtals 153 rúm. Gert er ráð fyrir að 14 rúm komist í notkun á þessu ári enda fáist rekstrarfé en önnur síðar.

1.2.3 Dagvistun aldraðra.

Rýmum í dagvist aldraðra hefur fjölgað mjög undanfarin ár, en þessi þjónusta telst til opinnar öldrunarþjónustu samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 82/1989. Fjöldi vistrýma eftir landshlutum sést í eftirfarandi yfirlitstöflu sem miðast við 1. janúar 1991.

Stofnanir	Fjöldi dagvistarrýma
Reykjavíkurhérað:	
Dalbraut 25–27	40
Landspítali, Hátún 10	20
Landakotsspítali, Hafnarbúðir	14
Skjól	25
Hlíðabær (heilabilaðir sjúklingar)	18
Múlabær	48
Miklabraut 26	9
Vesturlandshérað:	
Höfði, Akranesi	10
Vestfjarðahérað:	
Sjúkrahúsið, Suðureyri	5
Hlíf, Ísafirði	8
Norðurlandshérað eystra:	
Hornbrekka, Ólafsfirði	8
Dalbær, Dalvík	14
Hlíð, Akureyri	12
Hvammur, Húsavík	10
Mörk, Kópaskeri	5
Austurlandshérað:	
Sjúkrahúsið, Seyðisfirði	5
Suðurlandshérað:	
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	8
Reykjaneshérað:	
Hrafnista, DAS, Hafnarfirði	26
Sunnuhlíð, Kópavogi	18
Samtals:	**303**

Engin fjölgun varð á dagvistarrýmum á árinu 1991 en frá og með 1. janúar 1992 voru 18 ný dagvistarrými tekin í notkun.

1.2.4 Íbúðir fyrir aldraða.

Leigu-, sjálfseignar- og búseturéttaríbúðum aldraðra hefur fjölgað mjög verulega síðustu tíu árin. Þær teljast, líkt og dagvistin, til opinnar öldrunarþjónustu samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 82/1989. Fjölda þessara íbúða verður að hafa í huga þegar lagt er mat á vistrýmisþörf fyrir aldraða, þar sem því er haldið fram að þær dragi úr nauðsyn á þjónustuhúsnæði fyrir aldraða, þ.e. því sem kallað hefur verið elli- eða dvalarheimili. Samkvæmt lögum um málefni aldraðra þarf í íbúðum af þessu tagi að vera völ á talsverðri þjónustu til að telja megi þær til sérhannaðra íbúða fyrir aldraða. Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda íbúða fyrir aldraða.[4]

Reykjavík	789
Reykjanes	297
Vesturland	36
Vestfirðir	101
Norðurland vestra	37
Norðurland eystra	102
Austurland	85
Suðurland	103
Samtals	**1.550**

Gera má ráð fyrir að í þessum 1.550 íbúðum geti u.þ.b. 2.200 aldraðir búið á hverjum tíma. Rétt er að geta þess að enn er mikill kraftur í byggingu íbúða fyrir aldraða, ekki síst á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

2. KAFLI
Stefna í öldrunarmálum.

2.1 Inngangur.

Í byrjun síðasta áratugar var mörkuð sú stefna að setja sérstaka löggjöf um málefni aldraðra. Fyrstu lögin um málefni aldraðra hér á landi öðluðust gildi 1. janúar 1983 (nr. 91/1982). Megintilgangur laganna var að skipuleggja og samhæfa þjónustu fyrir aldraða. Markmið þeirra var að stuðla að því að aldraðir gætu lifað eðlilegu heimilislífi svo lengi sem verða mátti en að völ væri nauðsynlegrar stofnanaþjónustu þegar hennar væri þörf. Með lögunum var í fyrsta sinn reynt að koma samræmdu skipulagi á öldrunarþjónustu á Íslandi með tilliti til félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða. Leitast var við að tengja öldrunarþjónustu annarri þjónustu sem fyrir hendi er, bæði heilbrigðisþjónustu í tengslum við heilsugæslustöðvar og félagslega þjónustu sveitarfélaga.

Á næstu árum var lögunum nokkrum sinnum breytt, einkum ákvæðum þeirra um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður með lögum árið 1981 (nr. 49/1981). Tilgangur sjóðsstofnunarinnar var að stuðla að byggingu húsnæðis fyrir aldraða. Þegar frumvarp til laga um málefni aldraðra var samið árið 1982 voru ákvæði laganna um Framkvæmdasjóð aldraðra felld inn í frumvarpið. Um Framkvæmdasjóð aldraðra verður nánar fjallað í 4. kafla þessarar skýrslu.

Lögin um málefni aldraðra höfðu að geyma sólarlagsákvæði um að þau rynnu sjálfkrafa úr gildi 31. desember 1987. Lögin voru framlengd nokkrum sinnum. Hinn 1. janúar 1990 gengu í gildi endurskoðuð lög um málefni aldraðra (nr. 82/1989). Hin endurskoðuðu lög voru í flestum meginatriðum sama efnis og hin eldri. Með endurskoðuninni voru lögin þó samræmd þeirri þróun sem orðið hafði í öldrunarþjónustu. Jafnframt voru helstu agnúar, sem fram höfðu komið við framkvæmd laganna, sniðnir af.

[4]) Taflan er unnin upp úr nefndaráliti til félagsmálaráðherra um 5 ára framkvæmdaáætlun í húsnæðismálum aldraðra á Íslandi. Nefndarálitið birtist í handritsformi og er útgefið af félagsmálaráðuneytinu í mars 1991.

Eftir sem áður er það markmið laga um málefni aldraðra að aldraðir skuli eiga völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að þjónustan sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Tilgangur lagasetningarinnar er að tryggja það að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf, en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar gerist þörf. Eftir því sem kostur er skal sjálfsákvörðunarréttur aldraðra í þessum efnum virtur.

Í þingsályktun um íslenska heilbrigðisáætlun, sem Alþingi samþykkti 19. mars 1991 er hnykkt á þessum markmiðum í lið 25. Þar segir að halda skuli áfram uppbyggingu öldrunarþjónustu og stuðla að því að aldraðir sjúklingar verði vistaðir í sinni heimabyggð. Þar kemur og fram sem stefnuyfirlýsing að vinna skuli áfram að auknum tengslum öldrunarþjónustu og heilbrigðisþjónustu annars vegar og félagslegrar þjónustu hins vegar í samræmi við lög um málefni aldraðra. Loks skal leggja áherslu á endurhæfingu aldraðra og stuðla að því að þeir geti dvalið sem lengst í heimahúsum með aðstoð heimilishjálpar, dagvistar og heimahjúkrunar.

2.2 Þörf á hjúkrunarrými fyrir aldraða eftir landsvæðum.

Í 1. kafla þessarar skýrslu kemur fram fjöldi hjúkrunarrýma fyrir aldraða, bæði miðað við landið í heild og eftir landsvæðum. Engar opinberar viðmiðunartölur eru til hér á landi um þörf á hjúkrunarrými fyrir aldraða. Árið 1973 birti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skýrsluna Vistunarrýmisþörf heilbrigðisstofnana (rit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins 3/1973). Þar var gert ráð fyrir að þörf væri fyrir 6 hjúkrunarrými fyrir hverja 100 íbúa 70 ára og eldri. Þetta samsvarar u.þ.b. 4 hjúkrunarrýmum á hverja 100 íbúa 65 ára og eldri. Tvær kannanir, sem gerðar voru fyrri hluta síðasta áratugs bentu til að þörfin væri 8,4 hjúkrunarrými á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri í Reykjavík og 8,8 rými á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri á Egilsstöðum.[5]

Erlendis hafa sums staðar verið gefnar út viðmiðunartölur í þessu sambandi. Þannig munu Norðmenn miða við 7,5 hjúkrunarrými á hverja 100 íbúa 70 ára og eldri. Í Bandaríkjunum er miðað við 5 hjúkrunarrými á hverja 100 íbúa 65 ára og eldri.

Ef tölur um hjúkrunarrými hér á landi eru skoðaðar með hliðsjón af bæði innlendum og erlendum viðmiðunartölum kemur í ljós að í öllum umdæmum landsins er völ á meira hjúkrunarrými en viðmiðunartölur gera ráð fyrir. Ef litið er á landið í heild er völ 10,4 hjúkrunarrýma fyrir hverja 100 íbúa 70 ára og eldri. Eftir umdæmum er völ 8,1 hjúkrunarrýmis fyrir hverja 100 íbúa 70 ára og eldri í Reykjavík, þar sem hjúkrunarrými eru fæst miðað við íbúa, upp í 16,8 hjúkrunarrými fyrir hverja 100 íbúa 70 ára og eldri í Norðurlandshéraði vestra þar sem hjúkrunarrými eru flest miðað við íbúa. Þessar tölur koma betur fram í töflu í 1.2.2 hér að framan.

Uppbygging hjúkrunarrýma hefur haft það að markmiði að hjúkrunarrýma sé völ um allt land og árangur þeirrar uppbyggingar kemur skýrt fram í töflu 1.2.2. Þetta markmið er ítrekað í fyrrnefndri þingsályktun um íslenska heilbrigðisáætlun.

2.3 Þörf á öldrunarlækningum.

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um hver sé þörf á öldrunarlækningum. Á undanförnum árum hafa öldrunarlækningadeildir verið starfræktar í Reykjavík, á Landspítala og Borgarspítala. Markmið öldrunarlækningadeilda er að endurhæfa öldrunarsjúklinga svo þeir komist að nýju í heimahús.

2.4 Þörf á dagvistum.

Dagvistarrýmum fyrir aldraðra hefur fjölgað mjög verulega á undanförnum árum. Mikilvægi dagvistar í þjónustukeðju aldraðra er ótvírætt enda eiga dagvistir mikinn þátt í því að aldraðir geti dvalið lengur heima en ella. Engar viðmiðunartölur liggja fyrir, svo vitað sé, um það hver sé þörf á dagvist aldraðra.

---

[5]) Aldraðir og heilbrigðisþjónustan. Viðauki við Heilbrigðisskýrslur nr. 2/1981, bls. 37–38.

2.5 Þörf á hvíldarinnlögnum.

Hvíldarinnlagnir eru úrræði í öldrunarþjónustu sem notað er í æ ríkari mæli og sem líkt og dagvistir stuðla að því að aldraðir geti dvalið lengur heima en ella. Þeim fjölgar sífellt öldrunarstofnunum sem bjóða upp á hvíldarinnlagnir, einkum yfir sumarleyfistímann. Engar viðmiðunartölur liggja fyrir um það hver sé þörf á hvíldarinnlögnum.

2.6 Þörf á rými fyrir heilabilaða aldraða.[6]

Tíðni heilabilunar hefur mikið verið rannsökuð á síðustu tveimur áratugum. Til eru ýmsar rannsóknir á algengi heilabilunar. Þrátt fyrir nokkuð mismunandi aðferðir og skilgreiningar á heilabilun eru niðurstöður nokkuð líkar. Flestum rannsóknum ber saman um að algengi alvarlegra heilabilunar sé milli 1–4% í aldurshópunum 65–79 ára. Meira ber á milli þegar væg heilabilun er talin með. Þá verða niðurstöður frá 20 – 50% fyrir aldurshópinn 80 ára, svo dæmi sé tekið. Þetta mun fyrst og fremst endurspegla erfiðleikana við að greina í sundur væg sjúkdómseinkenni og eðlilega hrörnun.

Þar sem mikið mun fjölga í elstu aldurshópunum hér á landi á næstu tveimur áratugum má gera ráð fyrir að mikil aukning verði hér á landi á fjölda heilabilaðra, þar sem allt að 15% af fólki um nírætt hefur alvarleg einkenni af þessu tagi. Engar viðmiðunartölur liggja fyrir um það hver sé þörf á rými fyrir heilabilaða aldraða, hvorki hér á landi né erlendis.

2.7 Breytingar á þjónustu heilsugæslustöðva við gamalt fólk.

Vegna fjölgunar aldraðra hafa ýmsar breytingar orðið á þjónustu heilsugæslustöðva við gamalt fólk. Á vegum heilsugæslustöðva er nú rekin umfangsmikil heimahjúkrun og fer sú þjónusta vaxandi um allt land. Veruleg fjölgun hefur orðið á stöðuheimildum hjúkrunarfræðinga í heilsugæslustöðvum til þess að mæta þessum þörfum.

Þjónustuhópar aldraðra hafa mikilvægu hlutverki að gegna í tengslum við þjónustu heilsugæslustöðva við gamalt fólk. Þjónustuhóparnir eru samstarfshópur starfsliðs heilsugæslustöðva(r) og starfsliðs í félagslegri þjónustu sveitarfélags(a). Hlutverk hópsins er:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra á starfssvæðinu.
2. Að meta vistunarþörf aldraðra á starfssvæðinu.
3. Að setja upp í samvinnu við hinn aldraða samþætta þjónustuáætlun um þjónustu sem byggist á samræmdu faglegu mati.
4. Að leitast við að tryggja að aldraðir á starfssvæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast með það að leiðarljósi að aldrað fólk geti sem lengst búið við eðlilegt heimilislíf.

2.8 Þörf á íbúðum fyrir aldraða og stefnumótun í þeim efnum eftir landsvæðum.

Á árinu 1990 skipaði félagsmálaráðherra starfshóp sem falið var að gera framkvæmdaáætlun í húsnæðismálum aldraðra sem stuðlaði að því að eldri borgarar gætu búið sem lengst á eigin heimilum, í eldri íbúðum eða nýjum og hagkvæmari. Nefnd þessi skilaði tillögum sínum um fimm ára framkvæmdaáætlun fyrri hluta árs 1991. Tillögur nefndarinnar eru birtar í riti félagsmálaráðuneytisins frá mars 1991. Þar er að finna ítarlegar tillögur um uppbyggingu íbúða fyrir aldraða og vísast til þeirra um þörf á íbúðum fyrir aldraða og stefnumótum í þeim efnum eftir landsvæðum.

2.9 Þörf á heimilisþjónustu og áform sveitarfélaganna í þeim efnum.

Markviss og vel skipulögð heimilishjálp er mikilvægur hlekkur í öldrunarþjónustunni og stuðlar að því að aldraðir geti búið sem lengst heima hjá sér. Heimilishjálp er rekin af sveitarfélögum. Með gildistöku laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 var sveitarfélögum gert skylt að reka heimilishjálp, en lögin hvetja til samvinnu sveitarfélaga um rekstur þjónustunnar.

---

[6]) Heimild: Erindi Hallgríms Magnússonar læknis um faraldsfræði heilabilunar á námsstefnu um heilabilun sem haldin var 8. mars 1991. Erindin sem flutt voru á ráðstefnunni voru gefin út í fræðsluriti Öldrunarráðs Íslands nr. 2, desember 1991.

Heimilishjálp sveitarfélaganna hefur vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum. Fylgiskjal 1 sýnir yfirlit um þau sveitarfélög sem ráku heimilishjálp árið 1988 ásamt fjölda stöðugilda í hverju sveitarfélagi og fjölda þeirra sem þjónustunnar nutu. Fylgiskjal 2 sýnir kostnað sveitarfélaganna vegna heimilishjálpar frá árunum 1984 – 1988.[7] Rétt er að taka fram að endurgreiðslur ríkisins vegna hluta kostnaðar sveitarfélaga við heimilishjálp hættu samkvæmt endurskoðuðum lögum um málefni aldraða. Þess í stað kom inn heimildarákvæði í lögin um að Framkvæmdasjóður aldraðra gæti styrkt sveitarfélög, einkum dreifbýlissveitarfélög til að koma á fót heimaþjónustu[8] fyrir aldraða.

3. KAFLI

Yfirlit yfir kjör aldraðra með hliðsjón af greiðslum almannatrygginga og frá lífeyrissjóðum.[9]

3.1 Mannfjöldi 1. desember 1990.

Fjöldi þeirra sem eru 67 ára og eldri 1. desember 1990 var 23.935. Af þeim bjuggu 14.166 í Reykjavík eða í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Skipting eftir búsetu er eftirfarandi:[10]

Reykjavík	11.284
Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu	2.882
Suðurnes	957
Vesturland	1.261
Vestfirðir	820
Norðurland vestra	1.155
Norðurland eystra	2.531
Austurland	1.190
Suðurland	1.855
Samtals	**23.935**

3.2 Greiðslur til 67 ára og eldri frá Tryggingastofnun ríkisins.[11]

Tölur með fjölda einstaklinga miðast við desember 1990. Til samanburðar eru tölur frá nóvember 1991 og árinu 1989, en ekki var í öllum tilvikum unnt að útvega þær. Upplýsingar eru um eftirfarandi bótaflokka: ellilífeyri, tekjutryggingu, makabætur, mæðra- og feðralaun, barnalífeyri, heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót, heimildaruppbót, uppbót vegna rekstrar bifreiðar (bensínstyrk), bifreiðakaupastyrk, dvalarkostnað í þjónustuhúsnæði (elliheimilisuppbót) og hjúkrunarrými aldraðra og mánaðarlegt ráðstöfunarfé ellilífeyrisþega (vasapeningar). Einnig eru upplýsingar um úthlutun á viðvörunarkerfi, hjálpartækjastyrki, greiðslur vegna tannviðgerða, lyfja og læknishjálpar og lán til bifreiðakaupa.

3.3 Ellilífeyrir.

3.3.1 Grunnellilífeyrir.

Í desember 1990 voru 5.325 einstaklingar eingöngu með grunnellilífeyri. Þessir einstak-

---

[7]) Fylgiskjölin eru úr Fræðsluriti Sambands íslenskra sveitarélaga nr. 11, október 1989, útgefið af Öldrunarráði Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í ritinu birtust erindi, sem flutt voru á námsstefnu um heimaþjónustu 5. maí 1989.

[8]) Með hugtakinu heimaþjónusta er átt við heimilishjálp sveitarfélaga, félagslegi þátturinn og heimahjúkrun heilsugæslu, heilbrigðisþátturinn.

[9]) Upplýsingarnar í þessum kafla miðast við lok nóvember 1991. Í neðanmálsgreinum, eða innan sviga í kaflanum er getið breytinga, sem orðið hafa síðan.

[10]) Heimild: Hagtíðindi nr. 12, des. 1990.

[11]) Heimildir: Tölvukerfi Tryggingastofnunar ríkisins (SKÝRR) (tölur frá des. 1990 og nóv. 1991) og Hagtíðindi nr. 3, mars 1991 (tölur frá 1989).

lingar voru með það háar aðrar tekjur að þeir áttu ekki rétt á tekjutryggingu eða öðrum tekjutengdum bótum frá Tryggingastofnun ríkisins.[12]

Í nóvember 1991 voru 5.872 einstaklingar með grunnellilífeyri eingöngu og 1989 voru þeir 5.924

1989	des.'90	nóv.'91
5.924	5.325	5.872

3.3.2 Tekjutrygging.

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr kr. 195.360 á ári (frítekjumark) skal greiða tekjutryggingu kr. 22.305 á mánuði (nóvember 1991). Hafi ellilífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram kr. 195.360 á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru og tekjutrygging fellur þá alveg niður við kr. 790.160. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á. Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður sem frádráttarbær er frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns.

Tryggingaráð ákvað 3. nóvember 1989 að arður af hlutabréfum teljist til tekna í þessu sambandi og er ákvæðum skattalaga beitt við útreikning tekjutryggingar þegar um arð er að ræða. Samkvæmt 2. tl. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. a-lið 1. gr. laga nr. 117/1989, er arður af hlutabréfum skattfrjáls að því marki sem hann fer ekki fram úr 15% af nafnverði hvers einstaks hlutar eða hlutabréfs í eigu hluthafa og, á tekjuárinu 1990 við álagningu gjalda 1991, að því marki sem hann fer ekki fram úr kr. 125.925 hjá einhleypingi eða kr. 251.850 hjá hjónum. Arður, sem fer fram úr þessum mörkum, telst hins vegar að fullu til skattskyldra tekna við ákvörðun tekjuskatts- og útsvarsstofns skv. 4. tl. c-liðar 7. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Ofangreindar fjárhæðir breytast í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin er á fjárlögum fyrir ár hvert.

Frítekjumarkið var kr. 177.600 í desember 1990 (kr. 153.600 í des. 1989) og tekjutrygging féll alveg niður við kr. 726.187 (kr. 686.080 í des. 1989). Óskert tekjutrygging var þá kr. 20.572 (kr. 19.968 í des. 1989).

Frá því 1. júlí 1990 hefur frítekjumarkið verið hærra hjá þeim sem eru með greiðslur úr lífeyrissjóðum. Þeir sem fá greiðslur úr lífeyrissjóðum mega nú hafa kr. 283.800 (nóvember 1991) í árstekjur án þess að tekjutrygging skerðist. Kr. 88.440 dragast frá lífeyrissjóðatekjum áður en útreikningsreglum tekjutryggingar er beitt.

3.3.3 Ellilífeyrir og skert tekjutrygging.

Í desember 1990 voru 6.319 einstaklingar með grunnellilífeyri og skerta tekjutryggingu. Í nóvember 1991 voru 6.104 einstaklingar með grunnellilífeyri og skerta tekjutryggingu og 1989 voru þeir 7.960. A.ö.l. vísast nánar til 3.3.2.

1989	des.'90	nóv.'91
7.960	6.319	6.104

3.3.4 Ellilífeyrir og óskert tekjutrygging.

Í desember 1990 voru 10.799 einstaklingar með grunnellilífeyri og óskerta tekjutryggingu. Í nóvember 1991 voru 10.946 einstaklingar með grunnellilífeyri og óskerta tekjutryggingu og 1989 voru þeir 9.439. A.ö.l. vísast nánar til 3.3.2.

1989	des.'90	nóv.'91
9.439	10.799	10.946

[12]) Með lögum nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1992 var grunnlífeyrir tekjutengdur. Þetta þýðir að grunnlífeyrir u.þ.b. 3000 elli- og örorkulífeyrisþega lækkar eða fellur alveg niður. Samkvæmt lögunum skerðist grunnellilífeyririnn hjá þeim einstaklingum sem hafa launatekjur yfir kr. 790.160 á ári (þ.e. kr. 65.847 á mánuði) um fjórðung þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður við mánaðartekjur sem eru hærri en kr. 114.339 hjá einstaklingum og kr. 109.491 hjá hvoru hjóna.

3.4 Makabætur.

Heimilt er að greiða maka ellilífeyrisþega makabætur allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sbr. 14. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.[13] Úr tölvukerfi Tryggingastofnunar ríkisins er ekki unnt að fá tölur um hversu margir ellilífeyrisþegar eiga maka sem fá þessar greiðslur. Tölurnar hér að neðan sýna fjölda 67 ára eða eldri maka ellilífeyrisþega og fá makabætur.

Í desember 1990 naut einn aðili 67 ára eða eldri makabóta. Í nóvember 1991 naut enginn aðili 67 ára eða eldri makabóta en í desember 1989 voru þeir sjö.

des.'89	des.'90	nóv.'91
7	1	0

3.5 Mæðra- og feðralaun.

Tryggingaráði er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka ellilífeyrisþega þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun sbr. 51. gr (þegar sjúkratryggingar greiða fyrir hann) eða þegar 60. gr. á við um hagi bótaþega (þegar bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun), sbr. og 3. mgr. 15. gr. (þegar barnalífeyrir er greiddur), og 4. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.[14]

Mæðralaun. Í desember 1990 voru 3 aðilar með mæðralaun. Í nóvember 1991 voru 2 aðilar með mæðralaun og 2 í desember 1989.

des.'89	des'90	nóv'91
2	3	2

Feðralaun. Í desember 1990 voru 7 aðilar með feðralaun. Í nóvember 1991 voru 5 aðilar með feðralaun og 3 í desember 1989.

des.'89	des.'90	nóv.'91
3	7	5

3.6 Barnalífeyrir.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega, sbr. 3. mgr. 15. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 með síðari breytingum.[15] Í desember 1990 voru 32 ellilífeyrisþegar með barnalífeyri. Í nóvember 1991 voru 36 einstaklingar með barnalífeyri. Engar tölur eru vegna ársins 1989.

1989	des.'90	nóv.'91
	32	36

3.7 Heimilisuppbót.

Einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal greidd heimilisuppbót. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli, sbr. 2. mgr. 20. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 með síðari breytingum og 10.–12. gr. reglugerðar nr. 351/1977 um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkanir samkvæmt 20. gr. laga um almannatryggingar.[16]

3.7.1 Skert heimilisuppbót.

Í desember 1990 voru 1.434 ellilífeyrisþegar með skerta heimilisuppbót. Í nóvember 1991 voru 1.526 ellilífeyrisþegar með skerta heimilisuppbót. (1989 voru alls 6.191 ellilífeyrisþegar með heimilisuppbót. Talan er ekki sundurliðuð í Hagtíðindum.)

1989	des.'90	nóv.'91
	1.434	1.526

[13]) Var áður 13. gr.
[14]) Var áður 14. og 15. gr.
[15]) Var 14. gr.
[16]) Var 19. gr.

3.7.2 Óskert heimilisuppbót.

Í desember 1990 voru 4.621 ellilífeyrisþegar með óskerta heimilisuppbót. Í nóvember 1991 voru 4.863 ellilífeyrisþegar með óskerta heimilisuppbót. (1989 voru alls 6.191 ellilífeyrisþegar með heimilisuppbót. Talan er ekki sundurliðuð í Hagtíðindum.)

1989	des.'90	nóv.'91
	4.621	4.863

3.8 Sérstök heimilisuppbót.

Frá 1. september 1987 eiga einstaklingar, sem njóta heimilisuppbótar og hafa bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og aðrar tekjur undir lágmarkslaunum, rétt á sérstakri heimilisuppbót, þannig að bætur þeirra og aðrar tekjur nemi lágmarkslaunum. Óskert sérstök heimilisuppbót er kr. 5.215 á mánuði (nóvember 1991). Sérstök heimilisuppbót byrjar að skerðast þegar aðrar tekjur ná kr. 62.580 á ári og tekjur úr lífeyrissjóðum ná kr. 88.440 á ári, sbr. 3. mgr. 20. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 með síðari breytingum[17] og 2. gr. reglugerðar nr. 392/1987 um hækkun bóta almannatrygginga.

Mánaðarleg óskert sérstök heimilisuppbót var kr. 4.810 í des. 1990 og kr. 4.669 í des. 1989.

3.8.1 Skert sérstök heimilisuppbót.

Í desember 1990 voru 1.091 ellilífeyrisþegar með skerta sérstaka heimilisuppbót. Í nóvember 1991 voru 1.356 með skerta sérstaka heimilisuppbót. (1989 voru alls 1.514 ellilífeyrisþegar með sérstaka heimilisuppbót. Talan er ekki sundurliðuð í Hagtíðindum.)

1989	des.'90	nóv.'91
	1.091	1.356

3.8.2 Óskert sérstök heimilisuppbót.

Í desember 1990 voru 842 ellilífeyrisþegar með óskerta sérstaka heimilisuppbót. Í nóvember 1991 voru 1.215 ellilífeyrisþegar með óskerta sérstaka heimilisuppbót. (1989 voru alls 1.514 ellilífeyrisþegar með sérstaka heimilisuppbót. Talan er ekki sundurliðuð í Hagtíðindum.)

1989	des.'90	nóv.'91
	842	1.215

3.9 Heimildaruppbót.

Heimilt er að greiða frekari uppbót á ellilífeyri ef sýnt þykir að ellilífeyrisþegi geti ekki komist af án þess. Þá er og heimilt að greiða uppbót vegna mikils kostnaðar, þó að umsækjandi dvelji í heimahúsum, t.d. vegna heimilishjálpar eða hjúkrunar á heimili, vegna annars óvenjulegs sjúkrakostnaðar, sem sjúkratryggingar greiða ekki, svo og vegna mikillar húsaleigu, sbr. 3. mgr. 20. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 með síðari breytingum[18] og 13. gr. reglugerðar nr. 351/1977 um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkanir samkvæmt 20. gr. laga um almannatryggingar.

Í desember 1990 voru 5.959 ellilífeyrisþegar með heimildaruppbót. Í nóvember 1991 voru 5.920 ellilífeyrisþegar með heimildaruppbót og 1989 voru þeir 7.475. Talan frá 1989 er fengin úr Hagtíðindum nr. 3, mars 1991, og er „elliheimilisuppbót" líklega innifalin í henni.

1989	des.'90	nóv.'91
7.475	5.959	5.920

3.10 Uppbót vegna rekstrar bifreiðar (bensínstyrkur).

Heimilt er að greiða frekari uppbót á ellilífeyri vegna reksturs bifreiðar sem bótaþega er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar ef sýnt er að bótaþegi getur ekki komist af án uppbótarinnar, sbr. 4. mgr. 20. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 með síðari breytingum[19]

[17]) Var 19. gr.
[18]) Var 19. gr.
[19]) Var 19. gr.

og reglugerð nr. 438/1991 um greiðslu sérstakrar fjárhæðar til rekstrar ökutækis hreyfihamlaðra.

Í desember 1990 voru 1.614 ellilífeyrisþegar með uppbót vegna rekstrar bifreiðar (bensínstyrk). Í nóvember 1991 voru 1.853 ellilífeyrisþegar með uppbót vegna rekstrar bifreiðar (bensínstyrk) og árið 1989 voru þeir 1.472.

1989	des.'90	nóv.'91
1.472	1.614	1.853

3.11 Bifreiðakaupastyrkur.

Heimilt er að greiða frekari uppbót á ellilífeyri vegna kaupa á bifreið sem bótaþega er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af án uppbótarinnar, sbr. 4. mgr. 20. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 með síðari breytingum[20] og reglugerð nr. 72/1990 um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra.

Lægri styrkurinn var árið 1990 kr. 180.000, en hærri styrkurinn var kr. 550.000. Alls 650 styrkjum var úthlutað, 600 lægri og 50 hærri. Umsækjendur skulu vera undir 75 ára aldri.

Á árinu 1990 fengu 129 ellilífeyrisþegar bifreiðakaupastyrk. Þar af 3 hærri styrkinn.

1989	1990	1991
	129	

3.12 Dvalarkostnaður í þjónustuhúsnæði og hjúkrunarrýmum aldraðra.

3.12.1 Dvalarkostnaður í þjónustuhúsnæði aldraðra (elliheimilisuppbót).

Tryggingastofnun ríkisins (lífeyrisdeild) greiðir dvalarkostnað ellilífeyrisþega í þjónustuhúsnæði aldraðra ef hann hefur engar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga. Bætur vistmanns frá almannatryggingum renna til greiðlu dvalarkostnaðar hans í þjónustuhúsnæðinu. Ef dvalarkostnaðurinn er hærri en bæturnar greiðir Tryggingastofnun mismuninn (elliheimilisuppbót). Vistmaður sem hefur aðrar tekjur (umfram tiltekið lágmark) tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnuninni, sbr. V. kafla laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, 3. mgr. 20. gr. nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum[21] og II. kafla reglugerðar nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða.

„Elliheimilisuppbótin" sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir var í desember 1989 kr. 27.169, í desember 1990 kr. 29.694 og í nóvember 1991 kr. 36.960. Uppbótin getur orðið hærri ef um tekjur úr lífeyrissjóði er að ræða.

Í desember 1990 fengu 1.069 ellilífeyrisþegar „elliheimilisuppbót". Í nóvember 1991 fengu 1.015 ellilífeyrisþegar „elliheimilisuppbót". Engar tölur eru frá 1989.

1989	des.'90	nóv.'91
	1.069	1.015

3.12.2 Dvalarkostnaður í hjúkrunarrýmum aldraðra.

Tryggingastofnun ríkisins (sjúkratryggingadeild) greiðir dvalarkostnað ellilífeyrisþega í hjúkrunarrýmum aldraðra ef hann hefur engar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga. Bætur langlegusjúklings frá lífeyristryggingum almannatrygginga falla niður ef dvölin verður lengri en fjórir mánuðir. Frá þeim tíma sem bætur almannatrygginga falla niður skal langlegusjúklingur, sem hefur eigin tekjur (umfram tiltekið lágmark), taka þátt í dvalarkostnaði, sbr. V. kafla laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, 41. gr. og lokamgr. 51. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og III. kafla reglugerðar nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða.

Fjöldi einstaklinga, 67 ára og eldri, sem dvaldist á sjúkrastofnunum sem reknar eru með daggjöldum, var 968.

1989	des.'90	nóv.'91
	968	

[20]) Var 19. gr.
[21]) Var 19. gr.

Engar upplýsingar eru hjá Tryggingastofnun ríkisins um fjölda aldraðra sem dvelja í hjúkrunarrými á stofnunum sem reknar eru með beinum fjárlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum hverju sinni, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða.

Þeir, sem njóta þjónustu dagvistar, taka þátt í kostnaði af dagvistinni, að hámarki sem nemur einstaklingsgrunnlífeyri Tryggingastofnunar ríkisins. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna dagvistar af Tryggingastofnun ríkisins, sbr. 24. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra og reglugerð nr. 45/1990 um dagvist aldraðra.

Fjöldi einstaklinga, 67 ára og eldri, sem var í dagvist á sjúkrastofnunum sem reknar eru með daggjöldum, var 243.

1989	des.'90	nóv.'91
	243	

3.13 Mánaðarlegt ráðstöfunarfé ellilífeyrisþega (vasapeningar).

Vistmaður í þjónustuhúsnæði aldraðra, sem ekki hefur aðrar tekjur en bætur almannatrygginga, getur sótt um mánaðarlegt ráðstöfunarfé (vasapeninga) frá lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins. Ef vistmaður er með eigin tekjur og þær ná ekki mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. 20. gr. almannatryggingalaga[22] er heimilt að greiða honum mismuninn, sbr. og V. kafla laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, 3. mgr. 20. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum,[23] II. kafla reglugerðar nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða og 6. gr. reglugerðar nr. 213/1991 um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra.

Langlegusjúklingur í hjúkrunarrými aldraðra, sem ekki hefur aðrar tekjur en bætur almannatrygginga, getur sótt um mánaðarlegt ráðstöfunarfé (vasapeninga) frá sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins. Ef langlegusjúklingur er með eigin tekjur og þær ná ekki mánaðarlegu ráðstöfunarfé (skv. 51. gr. almannatryggingalaga) er heimilt að greiða honum mismuninn, sbr. og V. kafla laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, lokamgr. 51. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, III. kafla reglugerðar um stofnanaþjónustu fyrir aldraða og reglugerð nr. 213/1991 um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra.

Upphæð mánaðarlegs ráðstöfunarfjár (vasapeninga) var á árunum 1989 og 1990 ekki sú sama ef viðkomandi var í þjónustuhúsnæði eða í hjúkrunarrými. Í desember 1989 var ráðstöfunarféð kr. 6.692 (í þjónustuhúsnæði) og kr. 5.623 (í hjúkrunarrými) en í desember 1990 var það kr. 7.089 (í þjónustuhúsnæði) og kr. 5.957 (í hjúkrunarrými). Í nóvember 1991 var ráðstöfunarféð kr. 10.000 á mánuði og er upphæðin sú sama hvort sem viðkomandi er í þjónustuhúsnæði eða í hjúkrunarrými.

Í desember 1990 fengu 919 einstaklingar 67 ára eða eldri greitt mánaðarlegt ráðstöfunarfé (vasapeninga).

Í nóvember 1991 fengu 1.473 einstaklingar 67 ára eða eldri greitt mánaðarlegt ráðstöfunarfé (vasapeninga) og 1989 voru þeir 1.176.

1989	des.'90	nóv.'91
1.176	919	1.473

3.14 Viðvörunarkerfi.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að veita styrk til kaupa viðurkennds viðvörunarkerfis (sendistöðvar) fyrir ellilífeyrisþega, sem býr einn eða býr við samskonar aðstæður, enda sé hann svo sjúkur, að honum sé nauðsyn á slíku viðvörunarkerfi. Kerfið er tengt vaktstöð, sem starfar allan sólarhringinn. Heimild þessi byggir á 39. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og reglum tryggingaráðs frá 14. janúar og 24. júní 1987.

[22]) Var 19. gr.
[23]) Var 19. gr.

Á árinu 1990 fengu 658 ellilífeyrisþegar úthlutað styrk til kaupa á viðvörunarkerfi. Þeir skiptust á eftirfarandi hátt eftir landshlutum

Reykjavík og höfuðborgarsvæðið	574
Akureyri	29
Norðurland	16
Austurland	4
Suðurland	23
Vesturland	12
Samtals	**658**

3.15 Styrkur til öflunar hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta.

Tryggingastofnun ríkisins (sjúkratryggingadeild) veitir styrki til öflunar hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta. Tryggingaráð setur reglur um greiðslur þessara styrkja, sbr. a-lið 1. mgr. og 3. mgr. 39. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

Upplýsingar um styrki til ellilífeyrisþega til öflunar hjálpartækja fengust úr tölvukerfi Tryggingastofnunar ríkisins (sjúkratryggingadeild). Tekið skal fram að hér er eingöngu um upplýsingar úr tölvukerfinu að ræða. Ýmsar greiðslur eiga sér stað vegna hjálpartækja sem ekki eru færðar inn í tölvukerfið í sjúkratryggingadeild. Koma þær fram í bókhaldi Tryggingastofnunar.

Eftirfarandi tölur sýna fjölda ellilífeyrisþegar sem hafa fengið greiðslur vegna hjálpartækja á árinu 1990 og það sem af er árinu 1991. Þeir sem voru ellilífeyrisþegar og þeir sem urðu ellilífeyrisþegar á árinu 1990 eða 1991 eru taldir með. Einnig var tekinn kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna þessara aðila.

Á árinu 1990 fengu alls 4.816 manns greiddan styrk vegna hjálpartækja. Af þeim voru 2.126 ellilífeyrisþegar. Heildarfjárhæð var kr. 178.602.490 en kr. 79.365.232 vegna ellilífeyrisþega. Á árinu 1991 fengu alls 4.429 manns greiddan styrk vegna hjálpartækja. Af þeim voru 2.251 ellilífeyrisþegar. Heildarfjárhæð var kr. 240.016.382 en kr. 87.632.345 vegna ellilífeyrisþega.

1990	**1991**
2.126	2.251

3.16 Tannviðgerðir.

Fyrir ellilífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, er greiddur 75% kostnaðar við tannviðgerðir, en fyrir aðra ellilífeyrisþega er greiddur 50% kostnaðar, þó ekki fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir ellilífeyrisþega eftir reglum, sem tryggingaráð setur, í allt að 100%, sbr. 5. tl. 1. mgr. 44. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 með síðari breytingum.[24]

Gullfyllingar, krónur og brýr eru aldrei greiddar. Greitt er 50% af kostnaði þeirra ellilífeyrisþega sem hafa enga tekjutryggingu, 75% af kostnaði þeirra sem eru með skerta tekjutryggingu og allur kostnaður (100%) þeirra sem eru með óskerta tekjutryggingu.

Tannlæknakostnaður Tryggingastofnunar ríkisins á árinu 1990 er sundurliðaður í ársreikningum Tryggingastofnunar. Reikningarnir voru birtir í riti Tryggingastofnunar „Almannatryggingar – félagsmál“ 2. tbl. 1991. Engar tölur eru um fjölda ellilífeyrisþega sem fá endurgreiddan kostnað vegna tannviðgerða.

[24]) Reglum almannatrygginga um tannviðgerðir var breytt með lögum 1/1992. Í engu var þó breytt ákvæðum laganna um greiðsluþátttöku í tannviðgerðum aldraða og öryrkja.

3.17 Lyf og læknishjálp.

3.17.1 Lyf.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir lyf sem sjúkratryggðum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri (gegn framvísun á sérstöku lyfjaskírteini). Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður lágmarksgjald en sjúkratryggingar það sem á vantar fullt verð, sbr. c.-lið 1. mgr. 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, reglugerð nr. 300/1991 um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði og reglugerð nr. 368/1991.

Sjúkratryggður greiðir í nóvember 1991 kr. 500 fyrir lyf af bestukaupalista og kr. 850 fyrir önnur lyf sem greidd eru af sjúkratryggingum.

Ellilífeyrisþegar greiða í nóvember 1991 kr. 150 fyrir hverja lyfjaafgreiðslu af bestukaupalista og kr. 250 fyrir önnur lyf sem greidd eru af sjúkratryggingum.

Á árunum 1989 (desember) og 1990 (desember) greiddu ellilífeyrisþegar kr. 170 fyrir lyf af bestukaupalista en kr. 230 fyrir önnur lyf greidd af sjúkratryggingum.

Engar tölur er unnt að fá um lyfjakostnað Tryggingastofnunar ríkisins vegna ellilífeyrisþega eða fjölda ellilífeyrisþega er njóta lyfjagreiðslna. Könnun hefur verið gerð í litlu úrtaki og virðist mega ráða af því, að um það bil 40–50% af lyfjakostnaði Tryggingastofnunar sé vegna elli- og örorkulífeyrisþega á árunum 1990 og 1991.

3.17.2 Læknishjálp.

Fyrir sérfræðilæknishjálp og komur á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa greiðir Tryggingastofnun ríkisins en sjúkratryggður greiðir sjálfur kr. 900 (varð kr. 1.500 15. janúar 1992) fyrir hverja komu. Ellilífeyrisþegar greiða kr. 300 (varð kr. 500 15. janúar 1992) fyrir hverja komu.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir fyrir rannsóknir og röntgengreiningu en sjúkratryggður greiðir sjálfur kr. 300 (varð kr. 600 15. janúar 1992) fyrir hverja komu. Ellilífeyrisþegar greiða kr. 100 (varð kr. 200 15. janúar 1992) fyrir hverja komu.

Sjúkratryggðir greiða aldrei hærri fjárhæð en kr. 12.000 á hverju almanaksári í ofangreindum tilvikum en ellilífeyrisþegar greiða aldrei hærri fjárhæð en kr. 3.000.

Engar tölur eru um fjölda ellilífeyrisþega sem njóta læknishjálpar.

3.18 Lán til bifreiðakaupa.

Heimilt er að veita ellilífeyrisþegum lán til bifreiðakaupa ef þeir hafa verið hreyfihamlaðir örorkulífeyrisþegar eða örorkustyrkþegar áður en þeir urðu ellilífeyrisþegar, enda uppfylli þeir önnur tiltekin skilyrði. Umsækjandi þarf að vera eigandi bifreiðar, bifreið þarf að vera brýn vegna hreyfihömlunar, umsækjandi þarf að hafa ökuréttindi (maki eða annar heimilismaður) og launatekjur samkvæmt síðasta skattframtali mega ekki fara yfir hámarkslaun vegna örorkustyrks á hverjum tíma. Lánstíminn er þrjú ár og eru lánin bundin lánskjaravísitölu og bera 1% ársvexti umfram lánskjaravísitölu.

Í nóvember 1991 er hærri lánsfjárhæðin kr. 340.000 (fyrir atvinnubílstjóra og fólk, sem ekur sjálft og er annað hvort bundið hjólastól eða verður að ganga við hækjur, svo og foreldra, sem fá greitt með tveimur börnum eða fleiri). Lægri lánsfjárhæðin er kr. 200.000 (aðrir). Sjá reglur tryggingaráðs frá 18. júlí 1991.

Lánsfjárhæðir voru í desember 1990 kr. 170.000 og kr. 100.000. Engar tölur eru um fjölda veittra lána til ellilífeyrisþega.

3.19 Undanþága frá greiðslu útvarpsgjalds.

Ríkisútvarpið skal veita ellilífeyrisþega, sem nýtur frekari uppbótar (heimildaruppbótar) á lífeyri sinn, undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds af viðtæki í hans eigu, enda sé viðtækið hagnýtt til einkanota, sbr. 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 með síðari breytingum og reglugerð nr. 478/1986 um breytingu á reglugerð um Ríkisútvarpið nr. 457/1986.

Á árinu 1990 fengu 5.617 einstaklingar undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds að fullu. Ekki var unnt að fá sundurliðun á því hversu margir ellilífeyrisþegar væru í þeirri tölu þó var tekið fram hjá Ríkisútvarpinu að undanþágurnar væru mest vegna elli. Hinn 1. nóvember 1991 voru 6.164 einstaklingar með undanþágu.[25]

Vistmenn á hælum sem eru með undanþágu frá greiðslu voru 1.161 á árinu 1990 og 1.182 þann 1. nóvember 1991.

1989	1990	nóv.'91
	5.617	6.164 (einstaklingar alls)
	1.161	1.182 (vistmenn á hælum)

3.20 Eftirgjöf á afnotagjaldi síma.

Póst- og símamálastofnun skal fella niður hið fasta ársfjórðungsgjald af venjulegum síma hjá ellilífeyrisþegum. Það er skilyrði fyrir niðurfellingu gjaldsins að ellilífeyrisþegi njóti óskertrar tekjutryggingar frá Tryggingastofnun ríkisins. Einnig er það skilyrði að ellilífeyrisþegi búi einn í íbúð, þó telst ellilífeyrisþegi uppfylla skilyrðið ef sambýlismaður nýtur makabóta í stað óskertrar tekjutryggingar. Jafnframt telst skilyrðið uppfyllt þó fólk undir 25 ára aldri dveljist á heimilinu, eða eldra, sem þar hefur ekki lögheimili. Framangreind heimild til niðurfellingar á símagjaldi nær einnig til dvalarheimila fyrir aldraða þar sem íbúar annast sig að verulegu leyti sjálfir, enda uppfylli hver einstaklingur önnur skilyrði. Sjá 12. gr. laga nr. 30/1941 um fjarskipti og reglugerð nr. 256/1982 um eftirgjöf af hinu fasta ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Í janúar 1991 voru 5.058 einstaklingar á öllu landinu með eftirgjöf á afnotagjaldi síma. Ekki var unnt að fá sundurliðun á því hversu margir ellilífeyrisþegar væru í þeirri tölu. Hinn 16. október 1991 höfðu 5.669 einstaklingar fengið eftirgjöf.[26]

3.21 Fasteignaskattur og útsvar.

3.21.1 Fasteignagjöld til sveitarfélags.

Sveitarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum ellilífeyrisþegum er gert að greiða, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga.

3.21.2 Lækkun eða niðurfelling álagðs útsvars.

Sveitarstjórn er heimilt að taka til greina umsókn manna um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars þegar svo stendur á sem segir í 1. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt telji hún ástæðu til að veita frekari lækkun en skattstjóri veitti við afgreiðslu á umsókn um lækkun útsvarsstofns. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað eða fellt niður álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga um almannatryggingar (lífeyris- og slysatryggingar).

Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum hlutaðeigandi einstaklinga, svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra, innheimtuaðila og hlutaðeigandi einstaklings.

Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

3.22 Eignar- og tekjuskattur.[27]

3.22.1 Lækkun eignarskattsstofns.

Skattstjóra er heimilt að taka til greina umsókn manns um lækkun eignarskattsstofns hans þegar ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol hans verulega, sbr. 2. mgr. 80. gr. og 1. tl. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

---

[25]) Heimild: Ríkisútvarpið (Páll Jónsson).

[26]) Heimild: Póstur og sími (Þórunn Ragnarsdóttir).

[27]) Upplýsingar í 3.22–3.24 byggja á Handbók Ríkisskattstjóra með lögum um tekjuskatt og eignarskatt, staðgreiðslu og fleiri lögum ásamt reglugerðum er varða opinber gjöld, maí 1991.

3.22.2 Lækkun á tekjuskattsstofni.

Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett af ríkisskattstjóra. Skattstjóri getur veitt ívilnanir þessar án umsókna. Ákvörðun skattstjóra má skjóta til ríkisskattstjóra sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum, sem skattstjórar veita og sjá til þess að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt.

3.23 Ýmsar undanþágur frá sköttum.

3.23.1 Framkvæmdasjóður aldraða.

Undanþegnir gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraða eru þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Skattstjóri skal fella gjald þetta niður af þeim ellilífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum, sbr. 1. tl. 1 mgr. 10. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraða.

3.23.2 Sérstakur eignarskattur.

Sérstakan eignarskatt skal leggja á eignarskattsstofn og rennur hann til sjóðs sem stendur straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana, verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins og bygginga sem vernda þarf að mati Þjóðminjasafnsins og samkvæmt tillögum þess. Í upphafi skal verja sjóðnum til þess að ljúka byggingu Þjóðarbókhlöðunnar.

Sérstakur eignarskattur er ekki lagður á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs né heldur þá menn sem nutu örorkulífeyris skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar (lífeyris- og slysatryggingar) á því tekjuári sem næst er á undan álagningarári.

3.24 Skattafsláttur vegna húsnæðissparnaðarreikninga.

Innlegg manna á húsnæðissparnaðarreikninga skapa rétt til skattafsláttar er nemur fjórðungi árlegs innleggs innan þeirra marka og með þeim skilyrðum er segir í lögum nr. 49/1985 um húsnæðissparnarreikninga, sbr. 1. gr. þeirra laga.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu bundnir til tíu ára, talið frá upphafi þess mánaðar er sparnaður hófst. Að þeim tíma liðnum er innstæða til frjálsrar ráðstöfunar reikningseiganda. Þeir, sem orðnir eru 67 ára, geta þó fengið fé sitt til frjálsrar ráðstöfunar að fimm árum liðnum, sbr. 3. gr. laga nr. 49/1985 um húsnæðissparnaðarreikninga.

3.25 Húsnæðismál 67 ára og eldri.

Ýmsar skýrslur eru til yfir húsnæðismál aldraða t.d. skýrsla til félagsmálaráðherra um húsnæðismál aldraða, desember 1989, og tillögur til félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, um 5 ára framkvæmdaáætlun í húsnæðismálum aldraða á Íslandi, mars 1991. Þá er hér að framan að finna nákvæmt yfirlit um vistrými aldraða síðustu tvo áratugi. Ekki voru kannaðar upplýsingar um leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga.

3.26 Tekjuupplýsingar 67 ára og eldri.

Upplýsingar um tekjur þeirra sem eru 67 ára eða eldri fylgja með þessari skýrslu, sjá fylgiskjal 3. Þar koma fram tekjur giftra karla, giftra kvenna, einhleypinga og hjóna á árinu 1990 og fjöldi í hverjum flokki. Tekjur eru einnig flokkaðar í t.d. greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, eignatekjur, tekjur af innstæðum og verðbréfum o.fl.

4. KAFLI
Framkvæmdasjóður aldraðra 1981 – 1991.

4.1 Yfirlit um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra 1981 – 1991.

Eins og áður hefur verið getur var Framkvæmdasjóður aldraðra stofnaður með lögum árið 1981.

Tekið hefur verið saman yfirlit um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra frá upphafi hans 1981 til ársloka 1991. Í fyrsta dálki eru stofnanir, sem styrk hafa hlotið. Í eftirfarandi dálkum er yfirlit um styrk til viðkomandi stofnunar eftir árum. Fjárhæðir í þessum dálkum eru á verðlagi hvers árs. Í þriðja síðasta dálki eru heildarstyrkveitingar til hverrar stofnunar, framreiknaðar til desemberverðlags 1991 (bvt.187.4). Í næstsíðasta dálki er reiknað hvað styrkurinn er stór hundraðshluti heildarkostnaðar við hverja stofnun. Í síðasta dálki er greint frá til hvaða rýmis í stofnuninni styrkurinn var veittur eða hvers konar stofnun er um að ræða.

Þegar skoðaður er sá hundraðshluti, sem hver stofnun hefur fengið af heildarkostnaði, þá ber að hafa eftirfarandi í huga:

1. Sumar stofnanirnar höfðu verið reistar að hluta eða mestu, þegar sjóðurinn var stofnaður.
2. Margar stofnanirnar eru hluti af fjölnotahúsum, svo hundraðshlutinn er mjög breytilegur miðað við heildarverð húsanna.
3. Reglur Framkvæmdasjóðs hafa tekið breytingum, þannig að sambærileg verk hafa ekki alltaf fengið sambærilega styrki.
4. Fyrir tveimur árum var sett þak á leyfilegan kostnað á fermetra eftir tegundum stofnanna.
5. Sjóðstjórn hefur ekki alltaf fylgt hundraðstölunni upp á krónu miðað við úthlutunarreglur.
6. Nokkrar stofnanir hafa sótt um lægri upphæðir en reglur heimila vegna styrkja og gjafa úr öðrum áttum.
7. Loks ber að geta þess, að margar stofnanir eru í smíðum, þannig að lokakostnaðartölur við byggingu þeirra liggja ekki enn fyrir.

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	heildargr.	%	tegund
REYKJANES														
Hlaðhamrar,Mosfellsbæ						300	1,000	2,000	2,000	2,000		10,629,301	7.6	þjónustumiðstöð
Fannborg 8											3,000	3,828,020	1.03	þjónustumiðstöð
Vogatunga						800	1,500	1,000	2,000			8,608,800	12.84	íbúðir
Sambýlið, Kópavogi							100		2,000	2,200	3,191	8,893,581	29.07	þjónustuhús
Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili	1,500	1,000	500						1,100	2,800		33,596,157	14.12	hjúkrunarheimili
Sunnuhl. Þjón.kjarni							1,000	2,000	3,000	3,600	5,000	18,395,898	25.07	þjónustumiðstöð
Sólvangur		350	1,800	2,000	2,800	5,000	3,000	1,500	2,500		8,000	53,125,890	45.01	hjúkrunarheimili
Hrafnista, Hafnarfirði						1,400	1,500	1,800	1,500	1,800	1,500	13,988,876	29.34	þjónustuhús
Hrafnista, Hafnarfirði	1,975	4,000	1,200	2,500	2,000							77,310,286	16.3	hjúkrunardeild
Grindavík,þjónustuhús					400	1,500	4,500	7,000	9,000		2,000	38,295,120	29.17	Þjónustuhús
Grindarvík, hjúkrunar										27,500	18,000	47,600,804	29.75	hjúkrunarheimili
Keflavík, Sjúkrahús, D-álma							2,000	2,000		2,500		9,708,613	?	hönnun
Keflavík, dvalarheimill			200	200		1,000	1,500	1,250	700	900		10,733,656	12.1	þjónustuhús
Hlévangur											2,000	2,152,786	1.82	þjónustuhús
Garðvangur		500	600	800		1,000	3,000	3,000	3,500	5,600		33,397,756	34.48	hjúkrunarheimili
samtals	3,475	5,850	4,300	5,500	5,200	11,000	19,100	21,550	27,300	48,900	42,691	370,265,544		
REYKJAVÍK														
B-álma, Borgarspítalans	3,000	18,000	22,000	19,000	5,500	8,500	9,000	12,000				426,181,890	54.36	hjúkrunardeild
Droplaugarstaðir				2,000								7,436,508	1.65	hjúkrunar og dv.
Hafnarbúðir							1,000					1,898,975	?	hönnun
Eir											10,000	10,763,929	1.25	hjúkrunarheimili
Skjól						6,000	15,000	22,000	25,000	28,000	40,000	184,229,550	27.52	
Bólstaðarhlíð, þjónustum.						1,200	2,100	2,000	4,000	3,000	7,817	25,300,884	19.46	þjónustumiðstöð
Háaleiti,VR,Þjónustumiðstöð						1,200	2,100	1,575	4,000	3,000	3,117	21,060,250	19.12	þjónustumiðstöð
Verslunarmannafelag R.								525				996,909	0.92	do
Dalbraut									2,000	2,500		5,357,709	31.66	þjónustumiðstöð
Seljahlíð				1,300	9,000	12,000	11,250	12,750	8,000	11,000		122,508,977	21.95	þjónustuhús
Hrafnista				2,500	1,700	3,000	2,000	4,216	3,100	3,000	5,000	44,092,049	35	endurbætur
samtals	3,000	18,000	22,000	24,800	16,200	31,900	42,450	55,066	46,100	50,500	65,934	849,827,630		

VESTURLAND														
Höfði, Akranesi				500		1,000	7,100	7,200	5,500	10,000	18,000	56,625,922	26	þjónustuhús
Borgarnes,dvalarheimili		300	500	500	500	500			2,000	2,000		14,022,435	29.78	endurbætur
Ólafsvík, dvalarheimili			200	200	400	2,300	2,000	1,100	2,330		1,050	17,698,285	28.49	þjónustuhús
Fellaskjól, Grundarfirði					400	1,900	1,500	1,600	5,500	2,000	4,000	24,640,735	32.85	dvalar-og hjúkr.
Stykkishólmur, dvalarh.		300	300									3,823,527	10.44	þjónustuhús
Stykkishólmur,þjónustum.											1,000	1,076,393	5.03	þjónustuhús
Stykkishólmur,þjónustuhús											1,500	1,614,589	11.76	þjónustum.
Búðardalur,dvalarheimili			500	1,000	2,400	2,400	553					19,440,839	18.83	þjónustuhús
Fellsendi, endurb.							630				1,200	2,402,372	14.13	endurbætur
samtals		600	1,500	2,200	3,700	8,100	11,783	9,900	15,330	14,000	26,750	141,345,097		
VESTFIRÐIR														
Barmahlíð, Reykhól.			300	500	300	140	2,000	2,000	2,500	2,000	3,000	20,206,087	14.08	
Patreksfjörður, hjúkrun						300		2,000		500		4,646,079	0.5	hönnun
Patreksfjörður							2,000					3,214,776	5.36	þjónustumiðstöð
Falteyri, þjónustumiðstöð							200	820	500			2,362,813	82.67	endurb.+hönnun
Suðureyri dagvist. þjón.							1,000					1,920,870	35	endurbætur
Þingeyri,dvalar & hj.					200	700	3,000	4,225	5,000	4,600		26,292,112	52.14	dvalar-& hjúkr.
Hlíf,Ísafirði			700	1,100		2,500	3,000	2,000	5,000	13,000	14,000	55,093,380	16.78	þjónustuhús
Bolungarvík, íbúðir					200	1,000	1,500	2,000		2,000		11,073,992	15	þjónustuíbúðir
Bolungarvík, þjónustumiðst.											7,000	7,195,477	7.68	þjónustumiðstöð
samtals			1,000	1,600	700	4,640	12,700	13,045	13,000	22,100	24,000	132,005,586		
NORÐURLAND V.														
Skagastr.,Sæborg			200	300	1,000	1,500	800	900	2,500	2,400	6,000	23,571,931	23.91	þjónustuhús
Hvammstangi,			300	500		300	1,800	1,500			1,575	11,070,351	35	endurbætur
Dh.a. Siglufirði			100	1,000	3,200	5,000	8,000	6,500	8,000	3,000	3,000	67,327,274	36.9	þjónustuhús
Hofsós						250	580					1,677,070	8.94	íbúðir
Hofshreppur, heimaþjónusta											1,050	1,130,213	35	heimaþjónusta
Öldrunarfélag Skagafjarðar		2,200	3,000	4,000	4,100	4,500	1,000	2,350	3,000	3,600	1,000	82,767,730	36.29	þjónustuhús
samtals		2,200	3,600	5,800	8,300	11,550	12,180	11,250	13,500	9,000	12,625	187,544,569		

NORÐURLAND E.														
Ólafsfjörður, Hornbrekka		500										4,042,779	4.54	þjónustuhús
Dalbær, Dalvík		1,000		750		500				700		12,761,852	30.7	dvalar-og hjúkr.
Árskógshreppur, þjónusta											3,850	4,144,113	35	þjónusta+aðsta.
Hrísey											4,500	4,769,964	10.42	þjónustuhús
Hvammur, Húsavík		1,000	1,000	750	200	800	1,500	3,768				26,909,799	8.97	þjónustumiðstöð
Sel I., Akureyri		1,000	300									5,768,748	35.00	hjúkrun
Sel II.,Akureyri						2,000	1,790	2,470				11,841,760	35.00	hjúkrun
Akureyrarbær											800	861,114	35.00	heimaþjónusta
Skjaldarvík, endurb.						2,000		258			1,000	5,995,489	27.91	endurbót
Hlíð, þjónustuhús				3,500	6,000	6,000	12,000	9,200	8,000	7,500	10,806	112,197,862	35.00	þjónustuhús
Hlíð, hjúkrunardeild						1,000			1,300		1,000	5,402,427	7.00	endurbót
Grenivík, íbúð									500			658,468	32.48	þjónustuhús
Kópasker,þjónustumiðstöð								650	700	700	1,671	4,549,372	96.32	þjónustumiðstöð
Raufarhöfn,þjónustumiðstöð								1,000	2,500	2,000	2,220	9,470,967	45.27	þjónustumiðstöð
Þórshöfn, dvalar-og hjúkrun.								260	700	1,000	2,466	5,084,366	35.20	þjónustuhús
samtals		3,500	1,300	5,000	6,200	12,300	15,290	17,606	13,700	11,900	28,313	214,459,080		
AUSTURLAND														
Sundabúðir 1 og 2, Vopn.	320	100	800	1,400	1,000	1,000	1,440					21,452,681	30	þjónustuhús
Sundabúðir 3,Vopnafirði										2,000	6,000	8,637,427	19.63	hjúkrun
Bakkafjörður											700	753,475		
Egilsstaðir		1,000	1,700	2,400	3,500	2,000	3,280	1,000	4,000	2,160		55,159,613	27.07	dvalar-og hjúkr.
Egilsstaðir,Lagarás 21 & 23											700	753,475	13	þjónustuhús
Egilsstaðir,þjónustukj.											1,100	1,184,032	9.69	þjónustumiðstöð
Seyðisfjörður, hjúkrunard.							2,500	2,000	5,000	7,000	9,000	31,921,064	15.78	hjúkrun
Breiðablik, Nesk.			700	500	700	1,000	1,800	1,460	1,150			16,752,275	9.06	þjónustumiðstöð
Hlíðarhlíð, Eskifirði							1,000	2,000	6,000	6,000	9,000	29,268,797	19.35	dvalar-og hjúkr.
Fáskrúðsfjörður, dvalarheim.				300	1,800	1,800	2,300	1,500	2,600	3,900		24,874,133	32.2	þjónustuhús
Djúpivogur											1,000	1,076,393	2.6	þjónustumiðstöð
Höfn, hjúkrunarheimili 1.					518	860	1,000	1,900				8,335,814	?	hönnun
Skjólgarður	400	350	500	400	500	500	1,500	2,478				21,044,171	34.78	dvalar og hjúkr.
Skjólgarður, ný hjúkrunard.				100							1,000	1,444,638	?	hjúkrun
samtals	720	1,450	3,700	5,100	8,018	7,160	14,820	12,338	18,750	21,060	28,500	222,657,988		

SUÐURLAND														
Kirkjubæjarklaustur, íb.			200									941,945	35	endurbót
Heiðarbær							105					199,382	35	endurbót
Kirkjubæjarklaustur,hjúkrun							1,800	3,500	3,000	6,000	9,000	29,320,916	36.6	hjúkrun
Hjallatún, íbúðir			300									1,412,918	3.72	íbúðir
Hjallatún, Vík							1,800	2,000	2,000	3,900		13,581,095	21.95	þjónustuhús
Helmaland			200			250	620					2,693,670	9.85	íbúðir
Biskupstungnahreppur			200									941,945	?	hönnun
Vetmannaeyjar								1,000	1,000	1,800	1,085	6,070,210	4.97	íbúðir
Vetmannaeyjar											1,000	1,076,393	2.11	þjónustumiðstöð
Sjúkrahús Suðurl.,Ljósheim.			400	1,400	700	500	1,500			1,000		14,208,103	35	þjónustuhús
Bergholt,Selfossi			200									941,945	?	íbúðir
Sólvellir, Eyrabakka						200	952	658		500		3,883,164	36.7	þjónustuhús
Blesastaðir							1,250	1,000	500	1,800	2,550	9,408,997	37.26	þjónustuhús
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli					1,000	2,000	1,800	1,400	1,650	1,900	7,000	24,881,462	13.71	þjónustuhús
Hella		500	1,100	2,000	1,500	2,100	4,000	5,000				41,091,367	78.85	hjúkrunardeild
Kumbaravogur				1,000	3,000	500	2,400					18,119,499	37.15	hjúkrunardeild
Selfossbær, þjón.m.											1,500	1,614,589	1.77	þjónustumiðstöð
Þorkákshöfn								1,000	1,500	3,000	3,000	10,083,153	12.93	þjónustuhús
samtals		500	2,400	4,400	6,200	5,550	16,227	15,558	9,650	19,900	25,135	180,470,753		
LOKASUMMA	7,195	32,100	39,800	54,400	54,518	92,200	144,550	156,313	157,330	197,360	253,948	2,298,576,247		

Framkvæmdasjóður aldraða eftir árum	upphæðir á verðlagi hvers árs	framreiknaðar upphæðir til bvt. 187.4	
1981	7.195	89,412,666	
1982	32.1	259,402,328	
1983	40	186,560,478	
1984	61	224,629,593	
1985	54.5	153,352,853	
1986	91.34	203,969,447	
1987	148.3	281,603,202	
1988	160	257,594,502	
1989	160	210,709,768	
1990	197	217,675,707	
1991	266.5	286,858,702	
alls	1217.935	2,371,769,246	
Uthlutað alls	IKR	2,298,576,247	
mismunur	IKR	73,192,999	eða 3.09%
Aðrir styrkir ýmis verkefni og rekstur	IKR	73,192,999	3.09%
FRAMKVÆMDASJ'OÐS ÚTHLUTANIR EFTIR LANDSHLUTUM :	Heildarstyrkur í árslok 1991 eftir landshlutum	Skipting sjóðsins eftir landshlutum	Hluti af heildarfjölda landsmanna
Reykjanes	370,265,544	16.11%	25.11%
Reykjavík	849,827,630	36.97%	38.39%
Vesturland	141,345,097	6.15%	5.60%
Vestfirðir	132,005,586	5.74%	3.75%
Norðurland vestra	187,544,569	8.16%	3.99%
Norðurland eystra	214,459,080	9.33%	10.16%
Austurland	222,657,988	9.67%	5.08%
Suðurland	180,470,753	7.85%	7.92%
alls	2,298,576,247	100%	100%

4.2 Nánari skýringar um styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

REYKJANES:

HLAÐHAMRAR í Mosfellsbæ er sambýli aldraðra, sem staðið hefur á annan áratug. Við hlið þess var byggt þrílyft hús. Í hluta nýja hússins verður þjónusta fyrir aldraða. Einnig verður þar mörg önnur starfsemi. Þjónustumiðstöð aldraðra í Mosfellsbæ er nú í Hlégarði, gamla félagsheimilinu. Upplýsingar og umsóknir í FA vegna Hlaðhamra hafa verið strjálar.

FANNBORG 8 er ný íbúðarblokk aldraðra í Kópavogi, sem stendur steinsnar frá heilsugæslustöðinni og Félagsmálastofnuninni, ofan við Vogatunguhúsin. Efri hæðirnar í húsinu eru sjálfseignaríbúðir en neðstu hæðinni er ætlað að verða þjónustumiðstöð fyrir Kópavogsbúa. Þar eru innréttingar rétt að hefjast. FA mun sennilega styrkja framkvæmdir 20%.

VOGARTUNGA er austan við Hafnarfjarðarveg í suðurhlíðum Kópavogs og hefur þar verið reist raðhúsaþyrping. Kópavogsbær á sjálfur fjögur hús, sem styrkt hafa verið úr FA um tæp 13%.

SAMBÝLIÐ í Kópavogi er stórt og veglegt einbýlishús að Skjólbraut 1a, sem breytt var í 14 vistrýma dvalarheimili. FA styrkti þetta verk um 30% en viðbótarkostnaður varð eftir að styrkveitingum lauk. Ofmat á hlutdeild sjóðsins í kostnaði vegna Vogartungu jafnaði það dæmi út gagnvart bænum.

SUNNUHLÍÐ í Kópavogi byrjaði sem hjúkrunarheimili. Síðan hafa Sunnuhlíðarsamtökin reist íbúðarblokkir fyrir aldraða á lóð Sunnuhlíðar. Þar eru eignaríbúðir aldraðra, þjónustumiðstöð, tengigangur og endurbætur á hjúkrunarheimilinu hafa verið gerðar. Vegna nýrrar blokkar eignaríbúða er í vændum nýr tengigangur. Í Sunnuhlíð eru til mörg þjónustu- og eignarform. Til hjúkrunarheimilisins og til endurbóta á því hafa farið 14.12% kostnaðar frá FA, en Sunnuhlíð, þjónustumiðstöð, gangar og endurbætur hafa fengið um 25% styrk úr FA.

SÓLVANGUR í Hafnarfirði hefur fengið styrk úr FA u.þ.b. 45% kostnaðar vegna byggingarframkvæmda og endurbóta. Þetta er umfram reglur sjóðsins, en mun væntanlega jafnast út þegar upp er staðið, þar eð mörgum verkhlutum er þar enn ólokið.

HRAFNISTA, Hafnarfirði skiptist í hjúkrunarrýmisálmur og þjónustuhúsnæðisálmur. Á lóð Hrafnistu hafa einnig risið sérhönnuð rað- og einbýlishús fyrir aldraða í eigu íbúanna. Þjónustuhúsnæðisálmur hafa verið fjármagnaðar með gjafafé að hluta en styrkur FA nemur 29.34%.

HRAFNISTA, Hafnarfirði sótti í FA vegna endurbóta á 5. hæð hjúkrunarrýmis. Þegar henni lauk hafði FA styrkt verkið um 14.12% af kostnaði allrar deildarinnar, en 35% af þessum hluta hennar.

VÍÐIHLÍÐ í Grindavík er þriggja álmu bygging, þar sem A-álman hýsir 12 íbúðir aldraðra, sem að mestu eru í eigu bæjarins. B-álman er þjónustumiðstöð og að hálfu eign bæjarins. FA hefur styrkt þennan hluta Víðihlíðar, um u.þ.b. 30%. Í C-álmu er fyrirhuguð 29 rúma hjúkrunardeild. Deildin mun væntanlega opna að hálfu nú um sumarmál. Deildin hefur verið styrkt tæp 30% til þessa. Þess er vænst að deildin verði fullgerð 1993. B-álman er að hálfu eign hjúkrunarálmunnar. Þessir hlutar hússins eru 15% eign sveitarfélaganna á Suðurnesjum og 85% eign ríkisins.

SJÚKRAHÚSIÐ Í KEFLAVÍK, D-álma, er óskabarn Suðurnesjamanna, sem verið hefur á teikniborðinu í nokkur ár. FA hefur styrkt hönnunarverk þar, en ekki er enn vitað hvaða útgáfa að hugmyndunum verður valin eða hvenær.

KEFLAVÍKURBÆR hefur sótt í FA vegna tveggja dvalarheimila, sem starfrækt hafa verið í mörg ár. Þar er einnig um endurbætur að ræða. FA hefur styrkt þær framkvæmdir um 12% (10% styrkur til frumbyggingar, 2% til endurbóta).

HLÉVANGUR, er nýtt dvalar- og þjónustuhús fyrir aldraða í Keflavík, sem byggt var á tveimur síðustu árum og verið er að flytja í. Það verk hefur aðeins fengið sína fyrstu úthlutun úr sjóðnum, eða um 2% en þess er að vænta að verkefnið fái 20% heildarkostnaðar í styrk úr sjóðnum.

GARÐVANGUR í Garði var í upphafi dvalarheimili, sem nú hefur verið breytt í hjúkrunardeild að mestu. FA hefur styrkt það um næstum 35%. Þess er að vænta að sjóðurinn muni styrkja á næstunni endurbætur á Garðvangi.

REYKJAVÍK:

B-ÁLMA Borgarspítalans hefur enn ekki verið tekin öll í notkun fyrir þjónustu við aldraða. FA hefur þó styrkt bygginguna um 54.36%. Framtíð B-álmu sem öldrunardeildar veltur á samningaviðræðum Borgarspítala og Landakots um sameiningu þessara tveggja sjúkrahúsa.

DROPLAUGARSTAÐIR sem er þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimili var byggt fyrir stofnun sjóðsins. Sjóðurinn hefur þó styrkt framkvæmdina með fjárhæð sem nemur 1.65% af andvirði stofnunarinnar.

HAFNARBÚÐIR er hjúkrunardeild í tengslum við Landakotsspítala. Árið 1987 voru áform um að stækka húsið og styrkti FA hönnunarvinnu með einni miljón króna. Ekkert varð úr framkvæmdum.

EIR er nýtt hjúkrunarheimili, sem nú er í byggingu í Grafarvogi. FA hefur byrjað að styrkja framkvæmdirnar, með fjárhæð sem nemur 1.25% af áætluðum heildarkostnaði.

SKJÓL er hjúkrunarheimili aldraðra við Kleppsveg. Heimilið hefur verið starfrækt í nokkur ár, en styrkveitingum FA er ekki lokið. Sem stendur hefur Skjól hlotið 27.52% af heildarkostnaði í stað 35%.

BÓLSTAÐARHLÍÐ, þjónustumiðstöð, var byggð í tengslum við sérhannaðar íbúðarblokkir Samtaka aldraðra. FA hefur styrkt þjónustumiðstöðina í samræmi við reglur.

VERSLUNARMANNAFÉLAG REYKJAVÍKUR, þjónustumiðstöð í tengslum við sérhannaðar íbúðir sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hefur fengið styrk úr FA í samræmi við úthlutunarreglur.

DALBRAUT. Við Dalbraut hafa risið tvær íbúðablokkir með eignaríbúðum aldraðra. Þar var í upphafi ekki gert ráð fyrir neinni sameiginlegri þjónustu. Eigendur létu því af hendi tvær íbúðir hússins til að unnt væri að útbúa þjónusturými og tók Reykjavíkurborg þátt í þeim framkvæmdum með því að reisa millibyggingu. FA hefur styrkt þessar framkvæmdir með 5.4 m.kr., eða 31.66% af andvirði íbúðanna, sem lagðar voru til þessa sameiginlega rýmis.

SELJAHLÍÐ skiptist í þjónustuhúsnæði og þjónustumiðstöð fyrir raðhús sem byggð voru á lóðinni. Flest raðhúsanna eru í einkaeigu en Reykjavíkurborg á þó nokkur þeirra. FA styrkti þjónustuhluta þessara framkvæmda í samræmi við reglur, eða með styrk sem nam 21.95%. Nú hefur verið leyfð þarna lítil hjúkrunardeild og mun FA væntanlega styrkja þær breytingar með endurbótafé.

HRAFNISTA í Reykjavík hefur í nokkur ár fengið styrk úr FA vegna endurbóta, eða u.þ.b. 35%.

VESTURLAND:

HÖFÐI á Akranesi er stór stofnun (yngri og eldri hluti), með þjónustu- og hjúkrunarrýmum. Á lóð Höfða hafa síðan verið byggð raðhús fyrir aldraða. Þá er þar stór þjónustumiðstöð. Byggingunni er ekki lokið, en FA hefur látið um 26% í styrk af kostnaðarverði nýrri hluta hússins.

BORGARNES hefur rekið dvalarheimili aldraðra í mörg ár, sem að hluta hefur verið breytt í hjúkrunarheimili. Eftir tilkomu FA hefur sjóðurinn styrkt ýmsar endurbætur samkv. reglum og mati sem nemur um 30% af kostnaði við þær.

ÓLAFSVÍK reisti fyrir nokkrum árum íbúðir fyrir aldraða, en áður en byggingin var tilbúin fengu heimamenn leyfi ráðherra til að breyta henni í þjónustuhúsnæði. Síðan hefur fáeinum þjónusturýmum verið breytt í hjúkrunarrými. FA hefur kostað tæp 30% hússins. Þess ber að geta að húsið byrjaði sem 10% hús, varð síðan 35%-hús og lauk svo að hluta í 40%-húsi skv. reglum sjóðsins.

FELLASKJÓL í Grundarfirði er þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimili ásamt þjónustumiðstöð. Styrkjum FA til framkvæmdanna er ekki lokið en þeir nema nú 32.85% af heildarkostnaði hússins.

STYKKISHÓLMUR. Þar er þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimili í húsi, sem áður var heimavist framhaldsskólans þar. Nú hefur verið byggt við það þjónustuhús, sem hlotið hefur 5.03% styrk af væntanlegum 20%. Hjúkrunardeild verið endurbyggð og bætt. Þangað hafa farið 11.76% af væntanlegum 40%.

BÚÐARDALUR byggði fyrir nokkrum árum íbúðir aldraðra ásamt þjónustukjarna. FA styrkti þá framkvæmd um tæp 20%, en þar var ýmis búnaður settur inn í heildarverðið, sem sjóðstjórn taldi ekki styrkhæfan.

FELLSENDI er létt hjúkrunardeild fyrir andlega veila, aldraða, staðsett skammt frá Búðardal. FA hefur styrkt endurbætur á Fellsenda með styrk sem nemur um 14.12%.

VESTFIRÐIR:

BARMAHLÍÐ, Reykhólum er 800m² hús byggt undir öldrunarþjónustu fimm hreppa, sem nú hafa verið sameinaðir. Þar er nú þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimili ásamt þjónustukjarna. FA hefur styrkt þetta hús um 21% skv. úthlutunarreglum.

PATREKSFJÖRÐUR hefur notað sjúkrahúsið fyrir athvarf aldraðra, en í mörg ár hafa Patreksfirðingar leitað betri lausna. FA hefur látið á fimmtu miljón króna vegna hönnunarkostnaðar meðan fyrirhugað var að byggja við sjúkrahúsið.

PATREKSFJARÐARBÆR fyrirhugar nú byggingu þjónustuhúss ásamt þjónustukjarna. FA hefur styrkt það verk 5.36%, sem er að mestu afgangur hönnunarfjár.

FLATEYRI rekur þjónusturými og hjúkrunarheimili á efri hæð gömlu heilsugæslustöðvarinnar á staðnum. Hönnuð hefur verið viðbygging og endurbætur hafa verið gerðar á húsinu. FA hefur greitt ríflegan hlut af því, sem þar er áætlað að framkvæma eða 82.67%, en áætlanir heimamanna með þjónustumiðstöðvarviðbygginguna hafa hvergi staðist.

SUÐUREYRI hefur rekið þjónustu við aldraða í nokkur ár og fékk 35% af endurbótakostnaði við húsið, þar sem þjónustan er, greidda úr Framkvæmdasjóði.

ÞINGEYRI hefur haft þjónustu- og hjúkrunarrými í byggingu frá 1984 og enn er langt í land með að fullgera það. Heimamenn hafa látið mjög takmarkað fé af mörkum. Framkvæmdasjóður hætti styrkveitingum sínum, þegar sjóðurinn hafði kostað 52.14% verksins.

HLÍF á Ísafirði byrjaði sem íbúðarblokk aldraðra með þjónustukjarna 1982. Árið 1985 ákváðu heimamenn að tvöfalda stærð byggingarinnar þrátt fyrir að samstarfsnefnd um málefni aldraðra væri þeim áformum mótfallin og synjaði styrkumsókn þar að lútandi. Fjárhagsstaða viðbyggingarinnar varð brátt slæm og var þá ákveðið að FA hlypi undir bagga. Um þetta hafa verið gerðir samningar og mun FA hafa greitt ríflega sinn skerf, þegar upp verður staðið.

BOLUNGARVÍK byggði fyrst íbúðir fyrir aldraða með litlum kjarna og fékk 15% kostnaðar úr Framkvæmdasjóði. Þar hefur síðan byggt fjölnotahús, þar sem hlutfall mun verða 15%, en þangað á eftir að greiða 7.32%.

NORÐURLAND VESTRA:

SÆBORG á Skagaströnd hefur verið reist þjónustuhúsnæði og hefur FA nú lagt fram um 24% en á eftir að greiða það sem á vantar að 35%.

HVAMMSTANGI hefur fengið 35% af kostnaði við endurbætur hin síðari ár. Þaðan hafa komið umsóknir um nýbyggingar.

DVALARHEIMILIÐ SIGLUFIRÐI (þjónusthúsnæði) hefur verið í byggingu í áratug. FA hefur frá byrjun haldið í við framkvæmdir þar og greitt 1.9% fram yfir þessa stundina.

HOFSÓS byggði íbúðir fyrir aldraða og greiddi FA tæp 10% kostnaðar.

HOFSHREPPUR hefur fengið 35% byrjunarkostnaðar við heimaþjónustu í styrk.

ÖLDRUNARFÉLAG SKAGAFJARÐAR hefur byggt myndarlegt þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimili, sem er að mestu tilbúið. Framkvæmdasjóður hefur greitt 36.29% af kostnaði til þessa, en það mun jafnast niður til 35% prósenta í lokin.

NORÐURLAND EYSTRA:

HORNBREKKA í Ólafsfirði er þjónustuhúsnæði með margþætta starfsemi. Framkvæmdum var lokið við stofnun FA en framkvæmdir hafa engu að síður verið styrktar með 4.54% af heildarkostnaði sem nokkurs konar endurbótafé.

DALBÆR á Dalvík er þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimili með þjónustukjarna. Þar hefur FA látið 30.7% kostnaðar í bygginguna og síðar í endurbætur.

ÁRSKÓGSSTRENDINGAR hafa fengið 35% aðstoð FA til að hefja heimaþjónustu og tryggja sér aðild að Dalbæ.

HRÍSEY hefur nú í byggingu þjónustuhúsnæði, sem hefur fengið 10.40% kostnaðar greiddan úr Framkvæmdasjóði, en hlutdeildin er áætluð 25%.

SEL I og II eru hjúkrunardeildir í tengslum við FSA. FA hefur styrkt framkvæmdina við hjúkrunardeildirnar með 35% kostnaðar.

HVAMMUR, dvalarheimili á Húsavík, hefur fengið tæp 10% af byggingarkostnaði, en þar hafa sumir keypt sér búseturétt.

AKUREYRARBÆR hefur fengið styrk fyrir 35% kostnaðar til að koma á samræmdri heimaþjónustu félags- og hjúkrunarþátta.

SKJALDARVÍK, sem er gömul hjúkrunardeild utan Akureyrar, hefur fengið um 27% af endurbótakostnaði sínum til þessa úr FA.

HLÍÐ á Akureyri er þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimili, sem hefur fengið 35% af byggingarkostnaði úr FA. Þá hefur Hlíð og fengið til þessa 7% af kostnaði við endurbætur vegna breytinga á húsinu í hjúkrunardeild.

GRENIVÍK keypti eina íbúð vegna aldraða fyrir nokkrum árum. FA styrkti kaupin með fjárhæð sem nam u.þ.b. 35% af kaupverði íbúðarinnar.

KÓPASKER fékk hús Kvenfélags Presthólahrepps til afnota fyrir nokkrum árum. Þar er nú rekin þjónusta fyrir aldraða. FA styrkti endurbæturnar, sem ekki er lokið.

RAUFARHÖFN hefur byggt íbúðir og félagslega miðstöð, sem voru vígðar 12.ágúst 1991. FA hefur styrkt bygginguna umfram reglur, eða 45%, en þegar öllum frágangi að utan og lóð er lokið lætur nærri, að byggingin hafi fengið 35% kostnaðar við bygginguna úr sjóðnum.

ÞÓRSHÖFN hefur tekið gamla læknishúsið í notkun sem þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimili. Verulegar endurbætur hafa verið gerðar á húsinu. FA hefur látið um 35% kostnaðar af hendi rakna til verksins, reglum samkvæmt.

AUSTURLAND:

SUNDABÚÐIR, Vopnafirði er þjónustuhús sem byggt var í þremur áföngum og veitir alla öldrunarþjónustu fyrir Vopnafjörð og Bakkafjörð. Fyrstu tveir áfangarnir hafa verið styrktir um 30% kostnaðar úr FA. Í Sundabúðum III er hjúkrunardeild og íbúðir aldraðra. Þangað hafa farið um 20% kostnaðar úr FA til þessa.

BAKKAFJÖRÐUR hefur ekki sitt eigið þjónustuhús fyrir aldraðra, en hefur keypt sér aðstöðu í Sundabúðum. FA styrkti þau kaup um 35% kostnaðar.

EGILSSTAÐIR hafa byggt upp góða og víðtæka þjónustu fyrir aldraða. Þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimilið ásamt þjónustukjarna hafa fengið 27% kostnaðar úr FA. Þar er einnig raðhúsalengja með íbúðum fyrir aldraða. Tvær íbúðir í raðhúsunum voru endurbættar til að gera þar þjónusturými. Til þessa hefur FA greitt 13% af þeim endurbótum. Þá hefur Egilsstaðabær byggt íbúðarblokk fyrir aldraða neðar í Lagarásnum en þar er þjónustumiðstöð bæjarins. FA hefur greitt u.þ.b. 10% af þeim kostnaði til þessa.

SEYÐISFJÖRÐUR hefur tekið nýtt sjúkrahús í notkun, en þegar það var í byggingu var ákveðið að 10 af 26 rýmum yrðu tekin undir aldraða, sjúka eingöngu. Þess vegna varð hlutdeild FA í öllu húsinu um 16% sem hafa þegar verið greidd.

BREIÐABLIK er nafn íbúðarhúss aldraðra í tengslum við sjúkrahúsið á Neskaupstað. Þar á FA eftir að greiða 0.94% af hlut sínum.

HULDUHLÍÐ á Eskifirði er þrílyft hús, sem hefur að geyma öll þjónustustig fyrir aldraða. Þar hefur FA greitt um 20% af kostnaði til þessa.

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR hefur byggt fyrri hluta af þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimili sínu og hefur FA greitt sinn hlut þar til þessa. Hjúkrunardeildin hefur ekki fengið framkvæmdaleyfi enn sem komið.

DJÚPIVOGUR hefur hafið framkvæmdir við þjónustuhús fyrir aldraða og hefur FA veitt eina miljón til verksins sem byrjunarframlag.

HÖFN hóf fyrir röskum áratug síðan að hanna hjúkrunarheimili, tengt heilsugæslustöðinni. Hönnunarkostnaður hefur verið styrktur 35%.

SKJÓLGARÐUR á Höfn er þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimili aldraða, sem komið var fyrir með breytingum í viðlagasjóðshúsum, þegar Vestmannaeyjagosinu lauk. FA hefur greitt 35% af þeim kostnaði.

SUÐURLAND:

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR byggði fyrir mörgum árum íbúðir fyrir aldraða. FA hefur styrkt endurbætur þeirra með 35% af kostnaði.

HEIÐARBÆR á Kirkjubæjarklaustri er íbúðarhús, sem breytt var í þjónustuhúsnæði og síðar hjúkrunarheimili að hluta. Þetta var neyðarúrræði, sem bjargaði byggðarlaginu algerlega. Færanleg viðbygging var sett við húsið til að geta þjónað fleiri einstaklingum, sem þó eru aðeins 11 að tölu. FA hefur styrkt lítilsháttar endurbætur í Heiðarbæ.

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR hefur undanfarin ár verið með hjúkrunardeild aldraðra í smíðum. FA hefur styrkt það verk 36.6% til þessa.

HJALLATÚN, Vík í Mýrdal eru íbúðir fyrir aldraða. FA styrkti hönnun byggingarinnar lítillega. HJALLATÚN hið nýja var byggt sem framhaldi þess eldra. Þar er nú rekið þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimili í eldri og yngri hlutum hússins. Þarna er líka þjónustumiðstöð. FA hefur styrkt þetta um 22%.

HEIMALAND eru íbúðir aldraðra í Hrunamannahreppi og þar hefur FA greitt 10% kostnaðar.

BISKUPSTUNGNAHREPPUR byggði íbúðir fyrir aldraða og styrkti FA framkvæmdina með óverulegri upphæð.

VESTMANNAEYJARKAUPSTAÐUR hefur komið öllum stigum öldrunarþjónustunnar fyrir í Hraunbúðum, sem er þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimili. Upphaflega voru þar byggðar íbúðir með takmörkuðum þjónustukjarna. Til þessarar byggingar lét FA tæp 5% kostnaðar, sem er í hlutfalli við kostnað kjarnans í heildarbyggingunni. Hafin er viðbygging og endurbætur á Hraunbúðum. FA hefur aðeins látið fyrstu greiðslu upp í þann kostnað til þessa, eða 2.11%

SJÚKRAHÚS SUÐURLANDS á Selfossi hefur um árabil rekið hjúkrunarheimili í gamla sjúkrahúsinu og ber sú stofnun nafnið Ljósheimar. Framkvæmdasjóður styrkti endurbætur á því um 35% .

BERGHOLT á Selfossi eru raðhús fyrir aldraðra sem flest eru í eigu íbúa. Hlutur bæjarins er smávægilegur og styrkti FA hann um 10%.

SELFOSSBÆR hefur nýlega hafið byggingu íbúða fyrir aldraða. Þeim tengdum verður þjónustumiðstöð bæjarins. Til þess hluta hefur FA greitt tæp 2%, sem er fyrsta greiðsla.

SÓLVELLIR á Eyrarbakka er þjónustuhúsnæði sem komið var fyrir í gamla læknabústaðnum. Þá endubyggingu styrkti FA um 35%.

BLESASTAÐIR er þjónustuhúsnæði í einkaeigu á Skeiðum, sem FA hefur styrkt um 35%.

KIRKJUHVOLL á Hvolsvelli er stofnun með íbúðum og þjónustukjarna. Erfiðlega hefur gengið að fjármagna bygginguna þar sem búseturéttur hefur ekki selst eins og vonir stóðu til. FA hefur greitt um 14% af kostnaði við bygginganna til þessa.

HELLA hefur um árabil rekið þjónustuhúsnæðið LUND. Þar er brýn þörf fyrir hjúkrunardeild sem fyrirhugað var að koma fyrir í viðbyggingu, ásamt þjónustukjarna. Viðbyggingin hefur staðið án innréttinga í nokkur ár vegna fjárskorts. FA hefur greitt nálægt 80% af kostnaði til þessa. Það mun jafnast út á þessu ári, því mikill kraftur hefur nú verið settur í verkið.

KUMARAVOGUR er þjónustuhúsnæði og hjúkrunarheimili á Stokkseyri í einkaeigu. FA lét rösk 35% í hjúkrunarheimilisálmuna, sem er nýleg.

ÞORLÁKSHÖFN státar af mjög glæsilegu íbúðarhúsi fyrir aldraða með yfirbyggðri göngugötu og þjónustukjarna. Sjóðsstjórn mat verkið svo, að húsið ætti tilkall í 15% kostnaðar við húsið og hefur greitt nú þegar 12.93%.

6. KAFLI
Samantekt.

Hér að framan hafa verið teknar saman upplýsingar um stöðu öldrunarmála á Íslandi í samræmi við beiðni níu alþingmanna. Af upplýsingum þessum má ráða að stórstígar framfarir hafa orðið í öldrunarþjónustu, ekki síst stofnanaþjónustu síðustu tvo áratugina. Vistrýmum hefur fjölgað verulega og hefur uppbyggingin ekki síst verið í hinum dreifðu byggðum landsins.

Alkunna er hins vegar að öldruðum fjölgar mest allra aldurshópa í þjóðfélaginu. Í árslok 1989 voru 70 ára og eldri 7,1% af þjóðinni. Til samanburðar má geta þess að þessi hópur var 5% þjóðarinnar 1950 og því er spáð að hann verði 11,6% árið 2020. Á sama tíma fjölgar hröðum skrefum í hópi háaldraðra.

Ljóst er að á næstu tuttugu árum mun fjölga umtalsvert í aldurshópunum 70 ára og eldri. Ekki síst mun þar fjölga í hópnum 80 ára og eldri. Þetta skiptir miklu því borið saman við aldurshópinn 65–74 ára hafa 85 ára og eldri líðlega þrefalt auknar líkur á því að tapa sjálfsbjargargetu, sjöfalt auknar líkur á að hafna á hjúkrunarheimili og 2,5 faldar líkur á dauða. [28]

Tölur um vistrými fyrir aldraða hér á landi sýna svo ekki verður um villst að fjöldi hjúkrunarrýma hér er talsvert meiri en viðmiðunartölur, bæði innlendar og erlendar gera ráð fyrir. Á þetta bæði við ef litið er á landið í heild og einstök umdæmi.

Þrátt fyrir þetta er mikið rætt um skort á hjúkrunarrýmí. Ástæður þessa eru margvíslegar. Væntanlega er helsta skýringin þó sú að ekki hefur enn tekist að byggja upp öldrunarþjónustuna um land allt með þeim hætti að hún myndi eina samfellda þjónustukeðju. Vitað er að ef heimaþjónusta, þ.e. heimilishjálp og heimahjúkrun eru óviðunandi eykst þrýstingur á stofnanaþjónustu. Með sama hætti eykst eftirspurn eftir hjúkrunarrýmí ef annað rými á lægra þjónustustigi er af skornum skammti. Önnur skýring er sú að ekki séu vistaðir í þjónustu- og hjúkrunarrýmí þeir einstaklingar sem helst þurfa á slíkri vistun að halda.

Þegar með lögunum um málefni aldraðra frá 1982 var gert ráð fyrir vistunarmati sem undanfara vistunar í öldrunarstofnun. Engar reglur um vistunarmat voru hins vegar settar fyrr en í framhaldi af gildistöku endurskoðaðra laga, þ.e. í ársbyrjun 1990. Þá var sett reglugerð um vistunarmat nr. 46/1990. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að enginn megi vistast á öldrunarstofnun nema að undangengnu vistunarmati. Stjórnendum stofnana er hins vegar í sjálfsvald sett hvern af biðlistum sínum þeir taka í laus rými og á þeim hvílir ekki skylda til að taka þá sem eru með hæst stig í mati.

Í samvinnu við Reykjavíkurborg hafa matsblöð vegna vistunarmats verið tölvuvædd og á næstu mánuðum er að vænta fyrstu niðurstaðna um það hverjir það eru sem teknir eru í laus rými á stofnunum aldraðra og hvort það eru aðrir en þeir sem metnir eru í mestri þörf fyrir stofnanavistun. Komi í ljós að stjórnendur stofnana velja af biðlistum sínum aðra en þá sem eru í mestri þörf mun ráðuneytið þurfa að beita sér fyrir breytingum á lögum um málefni aldraðra til að tryggja að stofnanarými aldraðra nýtist þeim sem mest þurfa á þeim að halda.

Að öðru leyti er ljóst að á næstu árum þarf með enn markvissari hætti að byggja upp heimaþjónustu, þ.e. heimilishjálp og heimahjúkrun um land allt. Mikilvægt var er tekið var inn í lög um málefni aldraðra heimild til að styrkja sveitarfélög til að setja á laggirnar þessa þjónustu. Yfirlit um styrkveitingar úr Framkvæmdasjóði aldraðra sýna að nokkrir styrkir vegna þessa hafa verið veittir.

Vel skipulögð heimaþjónusta og stofnanaþjónusta við hæfi tryggir samfellda þjónustukeðju á sviði öldrunarmála og er grunnur þess að aldraðir megi eiga áhyggjulaust ævikvöld.

---

[28]) Pálmi V. Jónsson, Sigurbjörn Björnsson: Mat á vistunarþörf aldraðra, Læknablaðið 1991:77:313-7.

Fylgiskjal 1

HEIMILSHJÁLP 1988

Hér fer á eftir yfirlit um umfang heimilishjálpar í sömu sveitarfélögum og í yfirlitinu hér á undan. Birtar eru upplýsingar um fjölda stöðugilda í hverju sveitarfélagi og fjölda þeirra einstaklinga, sem heimaþjónustu nutu. Í fyrri dálki er tala þeirra, sem eru 67 ára og eldri, og í hinum aftari fjöldi þeirra, sem eru yngri en 67 ára.

	Fjöldi stöðugilda við heimilishjálp	Fjöldi sem hljóta heimilishjálp	
		>67 ára	<67 ára
Reykjavk	233	1428	317
Kópavogur	35	195	91
Seltjarnarnes	7	32	10
Garabær	9	29	16
Hafnarfjörður	16	124	18
Mosfellsbær	0,5	24	5
Keflavík	6,5	84	14
Grindavík	2,5	18	1
Njarðvík	3	23	1
Miðneshreppur	0,5	6	0
Gerðahreppur	0,6	6	1
Akranes	6,5		

	Fjöldi stöðugilda við heimilishjálp	Fjöldi sem hljóta heimilishjálp >67 ára	<67 ára
Ólafsvík	4	13	2
Lundarreykjad.hr.	1	4	0
Reykholtsdalshreppur		6	1
Borgarnes	2,2	25	2
Ísafjörður	4	25	0
Bolungarvík	1	25	1
Patrekshreppur	2	16	2
Þingeyrarhreppur	0,5	9	0
Suðureyrarhreppur	2	3	0
Hólmavíkurhreppur	0,25	5	0
Siglufjörður	1,2	27	1
Sauðárkrókur		39	0
Hvammstangahreppur	0,8	10	0
Þverárhreppur		1	0
Blönduós	0,85	11	6
Höfðahreppur	0,2	4	0
Lýtingstaðahreppur		6	0
Akureyri	23	285	20
Húsavík	1,5	12	1
Dalvík	1,2	13	1
Árskógshreppur		4	0

	Fjöldi stöðugilda við heimilishjálp	Fjöldi sem hljóta heimilishjálp >67 ára	<67 ára
Skútustaðahreppur	0,5	5	2
Presthólahreppur	0,2	2	1
Seyðisfjörður	0,5		
Neskaupstaður	1,3	11	4
Eskifjörður	1,2	9	1
Hlíðarhreppur		2	0
Egilstaðir	1,7	12	0
Reyðarfjörður	0,5	6	0
Búðahreppur	0,5	12	0
Stöðvarhreppur	0,5	10	0
Breiðdalshreppur	0,5	10	0
Búlandshreppur	0,5	7	1
Hafnarhreppur	1,5	8	1
Vestmannaeyjar	4,9	27	9
Selfoss	10,3	52	10
Kirkjubæjarhreppur	0,5	12	1
Mýrdalshreppur	1	10	0
Stokkseyrarhreppur	0,7	7	0
Eyrarbakkahreppur	1,0	13	0
Hveragerði	2,5	24	4
Samtals	396,1	2751	545

Fylgiskjal 2

KOSTNAÐUR SVEITARFÉLAGA VIÐ HEIMILISHJÁLP 1984 - 1988

Hér fer á eftir yfirlit, sem tekið var saman á skrifstofu Sambands íslenzkra sveitarfélaga um kostnað sveitarfélaga við heimaþjónustu árin 1984 — 1988. Upplýsingar eru frá 55 sveitarfélögum, og eru í efri línu um hvert sveitarfélag sýnd heildarútgjöld þess til málaflokksins og í þeirri neðri endurgreiðsla ríkisins.

	1984	1985	1986	1987	1988
Reykjavík	41.548.605	63.207.512	85.115.174	110.957.109	145.180.055
Þ.a.endurgr.rík.	13.231.362	18.562.157	24.917.691	32.000.841	42.863.860
Kópavogur	5.645.366	8.275.566	14.289.954	21.533.409	27.298.450
Þ.a.endurgr.rík.	1.434.470	2.162.186	3.773.722	5.771.626	7.266. 310
Seltjarnarnes	660.328	1.255.620	2.142.071	2.775.157	3.937. 761
Þ.a.endurgr.rík.	231.114	439.467	749.725	971.678	1.378. 216
Garðabær	825.099	1.093.645	1.419.024	2.568.014	3.027.381
Þ.a.endurgr.rík.	234.173	250.303	356.783	908.987	1.087. 827
Hafnarfjörður	3.195.000	4.525.000	7.111.000	7.580.000	8.877. 000
Þ.a.endurgr.rík.	696.000	953.000	1.507.000	1.402.000	1.659. 000
Mosfellsbær				3.937.640	2.151.649
Þ.a.endurgr.rík.				1.378.174	753.077
Keflavík	895.387	1.594.091	2.659.433	4.315.490	4.531.328
Þ.a.endurgr.rík.	313.385	557.931	927.301	1.510.421	1.585. 965
Grindavík	406.954	646.863	919.863	1.457.773	1.762.606
Þ.a.endurgr.rík.	254.323	175.733	276.424	455.059	584.479
Njarðvík	320.860	354.013	315.811	1.256.266	1.579.122
Þ.a.endurgr.rík.	0	0	110.534	439.693	552.692
Miðneshreppur	84.792	105.650	188.458	216.068	332.813
Þ.a.endurgr.rík.	11.555	34.651	81.840	67.792	110.009

	1984	1985	1986	1987	1988
Gerðahreppur	46.278	82.670	51.752	214.065	255.127
Þ.a.endurgr.rík.	0.680	19.077	11.943	49.399	62.938
Akranes	821.012	1.085.083	2.493.679	4.220.875	5.132.706
Þ.a.endurgr.rík.	215.568	344.460	771.664	1.425.796	1.889. 748
Ólafsvík	400.235	187.581	423.145	890.506	1.282.515
Þ.a.endurgr.rík.	140.082	65.654	148.101	311.677	448.880
Lundarreykhr				111.892	0
Reykholtsdalshr.	37.080	33.381	100.871	167.092	181.627
Þ.a.endurgr.rík.	145.675				
Borgarnes	310.738	414.421	665.193	1.205.203	1.901.488
Þ.a.endurgr.rík.	108.758	145.047	232.812	421.821	665.521
Ísafjörður		620.079	952.725	908.145	979.760
Þ.a.endurgr.rík.		225.016	561.655	337.289	453.193
Bolungarvík	59.701	91.441	489.999	946.893	1.183.711
Þ.a.endurgr.rík.	36.738	73.856	143.147	346.586	434.577
Patrekshreppur	402.000	471.000	619.000	688.000	977.000
Þ.a.endurgr.rík.	194.000	228.000	216.000	234.000	342.000
Þingeyrarhr.		32.964	224.701	263.046	336.241
Þ.a.endurgr.rík.			85.698	86.992	117.684
Suðureyrarhr.			7.344	178.328	404.721
Þ.a.endurgr.rík.			5.810	65.957	136.563
Hólmavíkurhr.	56.108	80.215	161.067	379.400	371.286
Þ.a.endurgr.rík.	0	35.071	82.251	127.405	126.350
Siglufjörður	183.135	192.184	336.997	606.102	1.065. 926
Þ.a.endurgr.rík.	54.940	57.535	100.529	204.748	371.101
Sauðárkrókur	701.792	1.208.652	1.743.374	2.478.058	3.992. 190
Þ.a.endurgr.rík.	226.517	394.936	570.852	815.261	1.336. 185
Hvammstangahr.	167.846	251.925	352.321	563.989	667.271
Þ.a.endurgr.rík.	51.304	154.265	129.477	207.266	245.222
Þverárhreppur				11.000	20.000
Þ.a.endurgr.rík.				0	0

	1984	1985	1986	1987	1988
Blönduós	126.591	180.352	255.410	253.398	410.577
Þ.a.endurgr.rík.	0	67.874	59.656	51.359	178.191
Höfðahreppur	153.881	325.327	348.189	535.925	459.607
Þ.a.endurgr.rík.	0	83.125	0	121.866	187.574
Lýtingsstaðahr.			56.069	31.831	77.654
Þ.a.endurgr.rík.			19.624	11.141	27.179
Akureyri	2.972.878	5.007.512	8.297.871	12.524.217	19.903.969
Þ.a.endurgr.rík.	582.234	896.272	3.500.578	4.051.662	6.733.535
Húsavík	334.400	532.453	640.682	918.847	1.044.011
Þ.a.endurgr.rík.	0	0	170.000	262.000	0
Dalvík	73.805	147.801	277.968	651.717	814.172
Þ.a.endurgr.rík.	38.468	51.730	97.289	228.101	284.961
Árskógshreppur				120.000	147.000
Þ.a.endurgr.rík.				0	0
Skútustaðahr.	66.955	97.842	75.407	0	0
Þ.a.endurgr.rík.	0	0	0		
Svalbarðsstrandarhr.		174.036	218.587	336.448	275.915
Þ.a.endurgr.rík.		56.537	72.789	138.933	0
Seyðisfjörður	196.134	304.416	350.714	461.954	575.158
.a.endurgr.rk	0	74.980	124.409	143.628	207.676
KNeskaupstaður	220.568	370.483	586.617	962.530	1.391.239
Þ.a.endurgr.rík.	77.199	129.669	205.316	336.885	404.061
Eskifjörður	152.875	317.756	444.174	416.374	655.084
Þ.a.endurgr.rík.				247.383	176.651
Hlíðarhreppur					6.000
Þ.a.endurgr.rík.					0
Fljótsdalshr.				17.476	
Þ.a.endurgr.rík.					6.116
Egilsstaðir	26.998	15.383	28.343	321.736	1.156.078
Þ.a.endurgr.rík.	0	0	0	92.848	308.244
Reyðarfjarðarhr.	30.337	24.592	37.870	0	156.504
Þ.a.endurgr.rík.	0	0	0		0

	1984	1985	1986	1987	1988
Búðahreppur	50.735	155.206	205.281	293.480	352.003
Þ.a.endurgr.rík.	0	42.837	78.818	91.371	117.334
Stöðvarhreppur	101.393	302.594	291.958	336.120	439.090
Þ.a.endurgr.rík.	32.125	100.007	102.765	131.190	128.329
Breiðdalshreppur	0	44.848	210.343	299.872	375.003
Þ.a.endurgr.rík.		12.644	78.171	57.801	117.247
Búlandshreppur			57.393	163.772	335.880
.a endurgr.rk.			9.381	24.300	52.920
Hafnarhreppur	0	0	561.755	1.214.680	1.116.101
Þ.a.endurgr.rík.			189.171	301.494	336.876
Vestmannaeyjar	419.175	660.788	1.355.266	2.812.032	3.464.920
Þ.a.endurgr.rík.	190.572	284.182	605.942	1.079.675	1.616.383
Selfoss	2.237.854	3.557.876	4.062.405	6.766.653	10.401.052
Þ.a.endurgr.rík.	899.198	675.668	1.281.899	1.158.488	2.465.596
Kirkjubæjarhr.	0	134.000	241.000	235.000	331.000
Þ.a.endurgr.rík.		19.166	60.882		153.907
Mýrdalshr.	0	0	0	558.000	516.061
Þ.a.endurgr.rík.				21.000	0
Stokkseyrarhr.	95.449	129.106	191.967	228.461	460.215
Þ.a.endurgr.rík.	33.407	45.187	67.188	79.961	161.075
Eyrarbakkahr.	169.073	332.278	381.562	461.704	661.970
.a.endurgr.rk			310.482	159.836	243.792
Hveragerði	124.208	240.694	837.550	1.176.618	2.009.318
.a.endurgr.rk.	43.462	84.243	293.143	411.816	703.261
Samtals	64.321.625	98.864.899	142.797.337	202.528.365	263.965.315
Þ.a.end.rík.	19.341.634	27.502.466	43.088.462	58.743.206	79.221.864

HEILBRIGÐIS TRYGGING — *Fylgiskjal 3* — BLS. 1 — SENT TIL: RSK — TEKJUBIL ÚR FRAMTÍÐ — BLS.
MÁLA RÁÐUN. 15.11.91 — AFRIT...: RSK — TEKJUBÍLATAFLA LISTUÐ 15.11.91

TEKJUBIL GIFTIR KARLAR	SKATTSK.TEKJUR	FJÖLDI	LAUN O.FL.	FJÖLDI	REIKNAÐ ENDURGJ	FJÖLDI	GR.FRÁ TRYGGST.	FJÖLDI	GR.ÚR LÍFEYSJ	FJÖLDI	EIGNATEKJUR
- 250.000	18.480.714	122	366.401	4	232.108	2	7.026.561	69	10.531.647	79	35.334
250.000 - 500.000	311.774.703	736	5.956.700	108	11.902.520	83	223.755.444	692	59.866.409	498	272.377
500.000 - 750.000	1.421.205.187	2.313	51.260.146	395	70.632.897	351	852.402.636	2.245	404.810.217	2.139	7.955.359
750.000 - 1.000.000	1.045.886.874	1.200	193.436.460	526	84.897.831	204	357.746.193	1.114	342.102.407	992	7.993.348
1.000.000 - 2.000.000	3.164.470.177	2.287	1.727.853.961	1.814	185.440.849	307	357.434.354	1.991	658.928.437	1.372	3.095.273-
2.000.000 - 3.000.000	1.109.162.447	470	663.776.883	404	51.625.924	61	51.098.955	396	218.576.344	255	5.083.213
3.000.000 - 4.000.000	536.240.766	157	296.655.310	137	36.963.989	31	15.322.529	117	89.059.498	76	10.693.809
4.000.000 - 5.000.000	217.140.874	49	119.298.494	43	12.215.413	7	4.787.373	41	45.735.202	24	9.004.846
5.000.000 - 6.000.000	140.150.634	26	70.535.063	20	10.115.448	6	2.910.480	23	29.265.817	14	5.776.808
6.000.000 - 7.000.000	70.392.200	11	25.641.741	9	9.579.394	3	733.435	6	12.516.458	4	6.937.821
7.000.000 - 8.000.000	21.449.500	3	5.919.298	3	1.329.008	2	400.437	3	7.895.523	3	90.220
8.000.000 - 9.000.000	42.416.985	5	29.995.831	5	180.000	1	219.712	2	9.237.781	3	1.180.116
9.000.000 - 10.000.000	18.126.281	2	5.527.390	1	2.241.200	1	130.381	1	2.495.717	1	59.784-
10.000.000 - 11.000.000	31.269.503	3	20.387.812	3	0	0	398.229	3	4.421.952	1	2.792.214
11.000.000 - 12.000.000	23.031.119	2	4.475.722	1	1.080.000	1	428.190	2	1.494.366	2	15.049.141
12.000.000 - 13.000.000	49.989.057	4	24.886.436	3	6.000.000	1	460.009	4	1.301.662	2	10.590.872
13.000.000 - 14.000.000	26.840.016	2	508.000	1	4.535.040	2	245.790	2	407.789	1	10.187.018
14.000.000 - 15.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
15.000.000 - 16.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
16.000.000 - 17.000.000	16.760.933	1	0	0	600.000	1	133.499	1	652.560	1	0
17.000.000 - 18.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
18.000.000 - 19.000.000	37.051.065	2	0	0	5.402.088	2	144.866	1	0	0	838.535
19.000.000 - 20.000.000	19.188.384	1	5.999.153	1	0	0	120.149	1	0	0	12.817.232
20.000.000 - 21.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
21.000.000 - 22.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
22.000.000 - 23.000.000	22.521.521	1	0	0	6.150.000	1	133.499	1	896.451	1	0
23.000.000 - 24.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
24.000.000 - 25.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
25.000.000 - 26.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
26.000.000 - 27.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
27.000.000 - 28.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
28.000.000 - 29.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
29.000.000 - 30.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
30.000.000 - 31.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
31.000.000 - 32.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
32.000.000 - 33.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
33.000.000 - 34.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
34.000.000 - 35.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
35.000.000 - 36.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
36.000.000 - 37.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

HEILBRIGÐIS TRYGGING — BLS. 2 — SENT TIL: RSK — TEKJUBIL ÚR FRAMTÍÐ — BLS.
MÁLA RÁÐUN. 15.11.91 — AFRIT...: RSK — TEKJUBÍLATAFLA LISTUÐ 15.11.91

TEKJUBIL GIFTIR KARLAR	SKATTSK.TEKJUR	FJÖLDI	LAUN O.FL.	FJÖLDI	REIKNAÐ ENDURGJ	FJÖLDI	GR.FRÁ TRYGGST.	FJÖLDI	GR.ÚR LÍFEYSJ	FJÖLDI	EIGNATEKJUR
37.000.000 - 38.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
38.000.000 - 39.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
39.000.000 - 40.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
40.000.000 - 41.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
41.000.000 - 42.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
42.000.000 - 43.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
43.000.000 - 44.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
44.000.000 - 45.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
45.000.000 - 46.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
46.000.000 - 47.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
47.000.000 - 48.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
48.000.000 - 49.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
49.000.000 - 50.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
50.000.000 - 51.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
51.000.000 - 52.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
52.000.000 - 53.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
53.000.000 - 54.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
54.000.000 - 55.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
55.000.000 - 56.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
56.000.000 - 57.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
57.000.000 - 58.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
58.000.000 - 59.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
59.000.000 - 60.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
60.000.000 - 61.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
61.000.000 - 62.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
62.000.000 - 63.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
63.000.000 - 64.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
64.000.000 - 65.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
65.000.000 - 66.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
66.000.000 - 67.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
67.000.000 - 68.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
68.000.000 - 69.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
69.000.000 - 70.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
70.000.000 - 71.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
71.000.000 - 72.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
72.000.000 - 73.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
73.000.000 - 74.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
74.000.000 - 75.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
75.000.000 - 76.000.000	75.629.866	1	1.073.375	1	2.189.304	1	160.459	1	132.006	1	668.357
-	8.419.178.806	7.398	3.253.551.176	3.479	503.313.013	1.068	1.876.193.180	6.717	1.900.328.243	5.469	104.805.563

1 SENT TIL: RSK TEKJUBIL UR FRAMTOLUM
AFRIT...: RSK TEKJUBILATAFLA LISTUÐ 15.11.91 ALS. 1 SENT TIL: RSK TEKJUBIL UR FRAMTOLUM
AFRIT...: RSK TEKJUBILATAFLA LISTUÐ N19312

FJÖLDI	HREINAR TEK.ATV	FJÖLDI	ANNAÐ	FJÖLDI	AF INNST. OG VERÐBRÉFUM	FJÖLDI	AF ÖTIST. SKULDUM/VERÐBR.	FJÖLDI	VAXTATEKJUR AF SKATTFRJ.VERÐBR.	FJÖLDI
1	0	0	288.663	9	8.504.555	40	13.264.038	21	411.449	1
17	1.674.018	22	8.347.235	140	54.729.829	243	35.494.434	91	1.985.769	10
168	7.584.750	101	26.559.182	472	188.325.219	880	57.253.823	257	4.928.519	27
161	12.411.661	94	47.298.974	422	94.342.705	526	36.567.654	134	6.585.516	14
506	59.435.361	199	178.472.488	1.166	193.349.303	1.073	96.032.891	317	32.658.307	64
174	30.710.520	45	88.293.608	346	65.803.031	254	26.429.735	84	15.261.394	27
93	35.828.955	36	51.719.776	138	33.995.240	109	21.509.972	50	5.323.946	13
34	9.285.716	6	16.813.830	44	20.390.147	36	10.078.904	14	352.309	3
19	13.034.123	6	8.512.895	24	6.141.341	20	5.022.073	10	449.327	2
10	2.256.337	2	12.727.014	10	4.094.817	8	26.710.054	4	4.016.972	1
2	4.559.721	2	1.255.293	3	3.550.295	3	2.290.132	1	0	0
4	1.003.015	1	600.530	5	1.551.492	3	2.817.841	3	826.490	2
2	6.040.739	1	1.750.638	2	210.677	1	349.662	1	0	0
3	0	0	3.269.296	3	1.297.720	2	0	0	0	0
2	0	0	503.700	2	153.327	2	1.028.448	1	0	0
4	5.490.828	1	1.259.250	4	6.677.863	3	11.444	1	0	0
2	10.200.829	1	755.550	2	423.329	1	52.046	1	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	15.374.118	1	756	1	410.347	1	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2	30.053.750	2	611.826	2	1.566.344	2	0	0	2.060.425	1
1	0	0	251.850	1	111.398	1	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	15.341.571	1	0	0	3.816.924	1	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0

HEILBR.OG TRYGGING — BLS. 1 — SENT TIL: RSK — TEKJUBIL UR FRAMTOLUM — BLS.
MÁLA RÁÐUN. 15.11.91 — AFRIT...: RSK — TEKJUBILATAFLA LISTUÐ 15.11.91

TEKJUBIL GIFTAR KONUR	SKATTSK.TEKJUR	FJÖLDI	LAUN O.FL.	FJÖLDI	REIKNAÐ ENDURGJ	FJÖLDI	GR.FRA TRYGGST.	FJÖLDI	GR.ÚR LÍFEYSJ	FJÖLDI	EIGNATEKJUR
- 250.000	183.673.225	1.307	17.598.360	199	6.188.386	52	134.416.341	1.073	20.325.499	341	251.850-
250.000 - 500.000	1.189.076.946	3.043	176.727.801	675	36.212.214	190	850.788.761	2.615	101.810.370	1.151	711.041
500.000 - 750.000	904.197.126	1.502	366.335.052	804	68.386.592	189	314.074.209	1.012	107.224.887	686	2.931.095
750.000 - 1.000.000	657.619.514	767	430.319.999	609	23.119.328	50	119.091.378	426	52.914.433	232	1.044.525
1.000.000 - 2.000.000	586.876.166	461	464.682.396	420	15.535.323	26	32.955.912	210	36.472.150	106	4.086.579
2.000.000 - 3.000.000	69.977.111	30	50.187.217	28	672.000	1	1.176.913	13	4.701.199	9	5.528.194
3.000.000 - 4.000.000	17.749.213	5	14.259.570	5	0	0	120.149	1	0	0	1.926.022
-	3.609.169.301	7.115	1.520.110.395	2.740	150.113.843	508	1.452.623.663	5.350	323.448.538	2.525	15.975.606

HEILBR.OG TRYGGING — BLS. 1 — SENT TIL: RSK — TEKJUBIL UR FRAMTOLUM — BLS.
MÁLA RÁÐUN. 15.11.91 — AFRIT...: RSK — TEKJUBILATAFLA LISTUÐ 15.11.91

TEKJUBIL EINHLEYPINGAR	SKATTSK.TEKJUR	FJÖLDI	LAUN O.FL.	FJÖLDI	REIKNAÐ ENDURGJ	FJÖLDI	GR.FRA TRYGGST.	FJÖLDI	GR.ÚR LÍFEYSJ	FJÖLDI	EIGNATEKJUR
- 250.000	159.406.581	1.488	8.524.534	100	343.813	7	51.307.978	628	66.010.704	569	595.092
250.000 - 500.000	492.082.498	1.188	11.917.426	78	5.562.025	53	346.525.185	962	71.494.229	543	4.398.106
500.000 - 750.000	3.705.860.790	5.871	85.511.275	551	37.512.227	250	2.670.583.222	5.614	760.851.434	4.743	14.473.169
750.000 - 1.000.000	2.411.313.132	2.825	304.768.131	810	35.546.217	109	1.165.835.663	2.722	795.974.483	2.374	21.092.068
1.000.000 - 2.000.000	1.803.686.102	1.397	758.852.356	932	47.376.393	98	276.927.863	1.295	559.634.336	1.070	36.382.179
2.000.000 - 3.000.000	306.412.788	130	122.698.086	88	18.004.433	22	19.840.890	122	84.897.463	89	18.333.561
3.000.000 - 4.000.000	81.636.171	24	25.745.342	15	597.366	2	3.010.474	21	28.215.093	17	10.851.371
4.000.000 - 5.000.000	39.376.830	9	9.118.981	3	3.380.320	3	791.117	7	5.815.333	5	181.890
5.000.000 - 6.000.000	22.036.874	4	9.154.970	2	0	0	470.100	4	1.115.052	3	10.922.430
6.000.000 - 7.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7.000.000 - 8.000.000	15.273.558	2	0	0	750.000	1	133.499	1	0	0	0
8.000.000 - 9.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
9.000.000 - 10.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
10.000.000 - 11.000.000	10.718.224	1	667.895	1	0	0	442.896	1	122.393	1	9.485.040
11.000.000 - 12.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
12.000.000 - 13.000.000	12.212.994	1	253.000	1	3.603.156	1	133.499	1	496.524	1	125.925-
-	9.060.016.542	12.940	1.337.208.996	2.581	153.175.950	546	4.535.802.386	11.378	2.374.627.044	9.415	126.585.981

HEILBR.OG TRYGGING — BLS. 1 — SENT TIL: RSK — TEKJUBIL UR FRAMTOLUM — BLS.
MÁLA RÁÐUN. 15.11.91 — AFRIT...: RSK — TEKJUBILATAFLA LISTUÐ 15.11.91

TEKJUBIL HJÓN	SKATTSK.TEKJUR	FJÖLDI	LAUN O.FL.	FJÖLDI	REIKNAÐ ENDURGJ	FJÖLDI	GR.FRA TRYGGST.	FJÖLDI	GR.ÚR LÍFEYSJ	FJÖLDI	EIGNATEKJUR
- 250.000	6.331.336	37	147.574	2	0	0	1.137.231	18	4.928.002	31	35.334
250.000 - 500.000	15.077.580	38	881.541	5	348.940	2	7.767.212	28	4.412.250	23	327.633
500.000 - 750.000	116.900.238	180	4.711.831	34	4.591.238	29	77.768.263	166	23.726.936	143	1.814.365
750.000 - 1.000.000	984.393.663	1.080	38.484.602	242	40.254.641	160	708.164.193	1.062	168.516.675	951	5.386.356
1.000.000 - 2.000.000	6.235.316.026	4.520	1.995.152.016	2.704	351.066.490	734	2.250.550.771	4.410	1.331.972.428	3.792	20.931.344
2.000.000 - 3.000.000	2.635.173.601	1.109	1.664.361.549	1.007	113.703.109	165	211.267.831	1.023	418.903.312	713	1.125.602
3.000.000 - 4.000.000	948.390.752	279	604.979.829	261	42.193.485	44	45.192.514	249	130.715.524	154	13.913.447
4.000.000 - 5.000.000	407.544.196	92	223.112.599	80	46.074.331	28	15.057.589	84	53.213.544	53	7.205.610
5.000.000 - 6.000.000	153.795.019	28	73.282.744	23	9.760.788	6	4.641.432	27	39.598.508	18	8.381.914
6.000.000 - 7.000.000	89.267.055	14	51.452.842	12	10.227.306	3	2.050.394	10	9.987.747	6	6.319.223
7.000.000 - 8.000.000	58.598.020	8	14.828.513	7	4.367.096	3	954.401	6	16.761.571	6	1.233.725
8.000.000 - 9.000.000	42.738.028	5	32.979.671	5	1.188.000	2	516.669	5	4.143.313	2	1.223.031
9.000.000 - 10.000.000	28.105.677	3	9.562.954	2	2.795.000	1	384.029	2	7.590.185	2	59.784-
10.000.000 - 11.000.000	31.364.913	3	20.462.812	3	0	0	418.639	3	4.421.952	1	2.792.214
11.000.000 - 12.000.000	11.464.858	1	4.615.722	1	1.080.000	1	240.298	1	857.764	1	4.419.224
12.000.000 - 13.000.000	62.302.783	5	24.886.436	3	6.000.000	1	1.255.366	5	1.938.264	3	21.220.789
13.000.000 - 14.000.000	13.343.538	1	0	0	2.615.040	1	196.366	1	0	0	172.397-
14.000.000 - 15.000.000	14.325.752	1	546.400	1	2.520.000	1	240.298	1	407.789	1	10.359.415
15.000.000 - 16.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
16.000.000 - 17.000.000	16.760.933	1	0	0	600.000	1	133.499	1	652.560	1	0
17.000.000 - 18.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
18.000.000 - 19.000.000	37.771.065	2	420.000	1	5.702.088	2	144.866	1	0	0	838.535
19.000.000 - 20.000.000	19.308.533	1	5.999.153	1	0	0	240.298	1	0	0	12.817.232
20.000.000 - 21.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
21.000.000 - 22.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
22.000.000 - 23.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
23.000.000 - 24.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
24.000.000 - 25.000.000	24.243.929	1	1.722.408	1	6.150.000	1	133.499	1	896.451	1	0
25.000.000 - 26.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
26.000.000 - 27.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
27.000.000 - 28.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
28.000.000 - 29.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
29.000.000 - 30.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
30.000.000 - 31.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
31.000.000 - 32.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
32.000.000 - 33.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
33.000.000 - 34.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
34.000.000 - 35.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
35.000.000 - 36.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
36.000.000 - 37.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

1 SENT TIL: RSK TEKJUBIL UR FRAMTOLUM
AFRIT...: RSK TEKJUBILATAFLA LISTUB 15.11.91 BLS. 1 SENT TIL: RSK TEKJUBIL UR FRAMTOLUM
AFRIT...: RSK TEKJUBILATAFLA LISTUB N19312

FJÖLDI	HREINAR TEK.ATV	FJÖLDI	ANNAÐ	FJÖLDI	AF INNST. OG VERÐBRÉFUM	FJÖLDI	AF ÝTIST. SKULDUM/VERÐBR.	FJÖLDI	VAXTATEKJUR AF SKATTFRJ.VERÐBR.	FJÖLDI
1	332.168	8	5.064.321	70	0	0	0	0	0	0
11	2.448.411	31	20.378.348	167	0	0	0	0	0	0
51	6.881.373	45	38.363.918	218	0	0	0	0	0	0
65	6.271.052	20	24.858.799	143	0	0	0	0	0	0
80	4.870.027	11	28.273.779	129	0	0	0	0	0	0
15	1.340.918	1	6.370.670	19	0	0	0	0	0	0
2	0	0	1.443.472	4	0	0	0	0	0	0
225	22.143.949	116	124.753.307	750	0	0	0	0	0	0

1 SENT TIL: RSK TEKJUBIL UR FRAMTOLUM
AFRIT...: RSK TEKJUBILATAFLA LISTUB 15.11.91 BLS. 1 SENT TIL: RSK TEKJUBIL UR FRAMTOLUM
AFRIT...: RSK TEKJUBILATAFLA LISTUB N19312

FJÖLDI	HREINAR TEK.ATV	FJÖLDI	ANNAÐ	FJÖLDI	AF INNST. OG VERÐBRÉFUM	FJÖLDI	AF ÝTIST. SKULDUM/VERÐBR.	FJÖLDI	VAXTATEKJUR AF SKATTFRJ.VERÐBR.	FJÖLDI
24	91.359	5	32.533.101	393	20.745.449	181	9.775.060	42	56.368	1
62	1.321.719	20	51.063.808	261	57.325.384	294	12.694.642	59	1.937.326	8
298	9.615.687	104	127.313.776	998	227.061.256	1.683	53.334.393	345	8.042.518	31
301	11.605.498	63	76.491.162	682	157.951.015	989	44.360.029	255	4.142.991	29
292	26.847.942	72	97.565.033	599	125.513.405	624	50.123.685	166	8.528.635	33
54	17.460.199	17	25.181.156	84	22.191.692	63	15.453.325	21	1.438.911	6
14	0	0	13.216.525	16	5.231.584	13	6.921.834	7	1.572.282	1
4	13.266.612	4	6.322.577	5	2.645.269	3	0	0	1.720.299	1
4	0	0	374.322	1	1.954.394	3	251.547	1	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	6.540.059	1	7.350.000	1	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1	0	0	0	0	22.640	1	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1	7.606.121	1	249.619	1	6.489.468	1	8.329	1	0	0
1.055	94.355.105	284	438.261.079	3.044	614.136.155	3.865	192.922.844	897	27.439.331	110

1 SENT TIL: RSK TEKJUBIL UR FRAMTOLUM
AFRIT...: RSK TEKJUBILATAFLA LISTUB 15.11.91 BLS. 1 SENT TIL: RSK TEKJUBIL UR FRAMTOLUM
AFRIT...: RSK TEKJUBILATAFLA LISTUB N19312

FJÖLDI	HREINAR TEK.ATV	FJÖLDI	ANNAÐ	FJÖLDI	AF INNST. OG VERÐBRÉFUM	FJÖLDI	AF ÝTIST. SKULDUM/VERÐBR.	FJÖLDI	VAXTATEKJUR AF SKATTFRJ.VERÐBR.	FJÖLDI
1	0	0	83.195	4	2.893.681	12	9.324.423	5	0	0
5	107.835	1	1.232.169	10	4.963.120	6	6.599.294	8	0	0
17	70.483	4	4.217.142	51	21.493.248	69	16.293.705	23	138.407	1
95	4.728.126	46	18.859.070	230	77.288.721	397	31.740.884	132	3.288.695	14
727	58.300.486	307	227.342.491	1.805	346.598.998	1.921	152.420.757	558	35.272.646	79
334	49.818.901	115	175.993.297	729	109.964.279	520	40.408.320	139	16.052.468	44
128	32.279.629	44	79.116.324	229	41.875.408	156	22.188.741	74	11.948.590	13
63	31.834.806	26	31.045.717	82	29.637.653	72	14.337.386	25	528.635	7
21	9.673.278	5	8.456.355	26	8.870.204	22	3.533.615	10	727.095	3
13	3.578.471	3	5.651.072	13	4.620.534	10	31.399.522	6	4.016.972	1
5	7.659.131	4	12.793.583	8	4.025.736	6	2.407.063	3	0	0
5	1.876.880	2	810.464	5	2.546.392	4	2.817.841	3	826.490	2
2	6.040.739	1	1.792.554	3	210.677	1	349.662	1	0	0
3	0	0	3.269.296	3	1.297.720	2	0	0	0	0
1	0	0	251.850	1	46.055	1	1.028.448	1	0	0
5	5.490.828	1	1.511.100	5	6.785.135	4	11.444	1	0	0
1	10.200.829	1	503.700	1	423.329	1	0	0	0	0
1	0	0	251.850	1	0	0	52.046	1	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	15.374.118	1	756	1	410.347	1	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2	30.053.750	2	611.826	2	1.566.344	2	0	0	2.060.425	1
1	0	0	251.850	1	111.398	1	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	15.341.571	1	0	0	3.816.924	1	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

HEILBR.OG TRYGGING BLS. 2 SENT TIL: RSK TEKJUBIL UR FRAMTÍÐUM
MÁLA RABUN. 15.11.91 AFRIT...: RSK TEKJUBILATAFLA LISTU9 15.11.91 BLS.

TEKJUBIL HJÓN	SKATTSK.TEKJUR	FJÖLDI	LAUN Ó.FL.	FJÖLDI	REIKNAÐ ENDURGJ	FJÖLDI	GR.FRA TRYGGST.	FJÖLDI	GR.UR LÍFEYSJ	FJÖLDI	EIGNATEKJUR
37.000.000 - 38.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
38.000.000 - 39.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
39.000.000 - 40.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
40.000.000 - 41.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
41.000.000 - 42.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
42.000.000 - 43.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
43.000.000 - 44.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
44.000.000 - 45.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
45.000.000 - 46.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
46.000.000 - 47.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
47.000.000 - 48.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
48.000.000 - 49.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
49.000.000 - 50.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
50.000.000 - 51.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
51.000.000 - 52.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
52.000.000 - 53.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
53.000.000 - 54.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
54.000.000 - 55.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
55.000.000 - 56.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
56.000.000 - 57.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
57.000.000 - 58.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
58.000.000 - 59.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
59.000.000 - 60.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
60.000.000 - 61.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
61.000.000 - 62.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
62.000.000 - 63.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
63.000.000 - 64.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
64.000.000 - 65.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
65.000.000 - 66.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
66.000.000 - 67.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
67.000.000 - 68.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
68.000.000 - 69.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
69.000.000 - 70.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
70.000.000 - 71.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
71.000.000 - 72.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
72.000.000 - 73.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
73.000.000 - 74.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
74.000.000 - 75.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
75.000.000 - 76.000.000	75.830.612	1	1.070.375	1	2.189.304	1	361.205	1	132.006	1	668.357
-	12.028.348.107	7.410	4.773.661.571	4.396	653.426.856	1.186	3.329.816.843	7.106	2.223.776.781	5.903	120.781.169

2 SENT TIL: RSK TEKJUBIL UR FRAMTÍÐUM BLS. 2 SENT TIL: RSK TEKJUBIL UR FRAMTÍÐUM
AFRIT...: RSK TEKJUBILATAFLA LISTU9 15.11.91 AFRIT...: RSK TEKJUBILATAFLA LISTU9 N19312

FJÖLDI	HREINAR TEK.ATV	FJÖLDI	ANNAÐ	FJÖLDI	AF INNST. OG VERÐBRÉFUM	FJÖLDI	AF ÚTIST. SKULDUM/VERÐBR.	FJÖLDI	VAXTATEKJUR AF SKATTFRJ.VERÐBR.	FJÖLDI
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

803. Svar [494. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um Landsvirkjun.

1. Hverjar hafa árlegar heildarskuldir Landsvirkjunar verið frá árinu 1982, reiknaðar á núgildandi verðlagi?

Ár	Heildarskuldir í árslok (m.kr.)
1982	35.443
1983	46.679
1984	52.725
1985	49.265
1986	47.773
1987	42.007
1988	43.777
1989	44.289
1990	41.553
1991	43.499

2. Hve mikil hefur heildarorkusalan verið á ári hverju, annars vegar mælt í gígavattstundum og hins vegar í krónutölu á núgildandi verðlagi?

Ár	Heildarorkusala í gwst.	Heildarorkusala í m.kr.
1982	2.940,8	4.320
1983	3.281,1	7.112
1984	3.509,8	8.074
1985	3.465,9	7.871
1986	3.626,8	6.732
1987	3.680,4	6.360
1988	3.947,2	7.180
1989	3.974,6	7.030
1990	3.941,5	6.100
1991	3.903,9	5.875

3. Hverjar hafa heildarskuldir á hverja selda gígavattstund verið á þessu tímabili?

Ár	Skuldir á selda gwst. (m.kr.)
1982	12,05
1983	14,23
1984	15,02
1985	14,21
1986	13,17
1987	11,41
1988	11,09
1989	11,14
1990	10,54
1991	11,14

4. Hve mikil hefur árleg heildarfjárfesting fyrirtækisins verið á framangreindu tímabili á núgildandi verðlagi?

Ár	Heildarfjár-festing (m.kr.)
1982	5.143
1983	5.017
1984	4.244
1985	1.987
1986	1.181
1987	1.103
1988	1.745
1989	2.695
1990	4.186
1991	4.405

804. Frumvarp til laga [503. mál]

um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og stjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að draga úr neyslu áfengis og að koma í veg fyrir neyslu annarra vímuefna og þar með það tjón sem neyslan veldur á heilsu manna, fjölskyldulífi, samskiptum, eignum og atvinnu. Einnig að hafa áhrif á viðhorf almennings til neyslu áfengis og annarra vímuefna, ekki síst barna og unglinga.

2. gr.

Með áfengi er í lögum þessum átt við drykki og aðrar neysluvörur sem innihalda magn vínanda (etanóls) yfir 2,25% af rúmmáli.

Lög þessi gilda ekki um vínanda sem notaður er sem lyf eða við lyfjagerð samkvæmt lyfjalögum eða sem eiturefni samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni. Sama gildir um vínanda, sem notaður er sem eldsneyti, við iðnaðarframleiðslu eða á rannsóknastofum, enda sé ekki um framleiðslu á áfengi að ræða.

Lög þessi ná yfir áhöld, útbúnað og umbúðir sem tengjast áfengisframleiðslu og áfengisneyslu.

3. gr.

Með öðrum vímuefnum er í lögum þessum átt við ólögleg ávana- og fíkniefni samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, lífræn leysiefni, plöntuhluta og lyf sem notuð eru sem vímuefni.

4. gr.

Yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Áfengis- og vímuvarnaráð fer með yfirumsjón áfengis- og vímuefnavarna í landinu undir stjórn ráðherra.

Landlæknir er ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um þau atriði sem falla undir lög þessi.

5. gr.

Ráðherra skipar áfengis- og vímuvarnaráð til fjögurra ára í senn. Í ráðinu eiga sæti sjö fulltrúar og skulu þeir hafa þekkingu á skaðsemi áfengis og annarra vímuefna og vörnum við henni. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar sem er formaður. Menntamálaráðherra tilnefnir einn fulltrúa og félagsmálaráðherra einn. Alþingi kýs fjóra fulltrúa. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra áfengis- og vímuvarnaráðs til sex ára í senn að fengnum tillögum ráðsins.

Hlutverk ráðsins er að vinna að því að draga úr neyslu áfengis og að koma í veg fyrir neyslu annarra vímuefna og þar með skaða af völdum neyslunnar. Það skal m.a.:

1. Vera Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneytum, sveitarstjórnum og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að áfengis- og vímuefnavörnum lýtur.
2. Gera tillögur til stjórnvalda um stefnumótun og ráðstafanir til þess að vinna gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna í samræmi við lög þessi.
3. Hvetja aðra aðila, svo sem foreldra-, æskulýðs- og bindindissamtök til átaks í áfengis- og vímuefnavörnum og styðja og samræma störf þeirra á því sviði.
4. Veita aðstoð og leiðbeiningar um áfengis- og vímuefnavarnir, m.a. með því að gefa út og útvega fræðslurit og önnur fræðslugögn í samvinnu við Námsgagnastofnun.
5. Fylgjast með neyslu áfengis og annarra vímuefna, styrkja og stuðla að könnunum og rannsóknum til að finna hvar fyrirbyggjandi aðgerða er þörf og til að fylgjast með árangri aðgerðanna.
6. Nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði.

Áfengis- og vímuvarnaráð gerir tillögur að námsskrá, sbr. 13. og 14. gr., og fylgist með því að lögboðin fræðsla fari fram, enda sé hún í höndum kennara. Telji ráðið að þessum málum sé ábótavant skal það gera menntamálaráðuneyti og hlutaðeigandi fræðslustjóra grein fyrir því og leggja til úrbætur.

6. gr.

Ávallt skal leita álits áfengis- og vímuvarnaráðs þegar teknar eru ákvarðanir um:

1. Verðlagningu áfengis.
2. Stefnumörkun vegna innflutnings, tilbúnings og dreifingar áfengis.
3. Aðgerðir sem hafa áhrif á aðgengi að áfengi og öðrum vímuefnum.
4. Úthlutun fjár til áfengis- og vímuvarnamála.
5. Lagafrumvörp og reglugerðir sem snerta áfengismál og önnur vímuefnamál.

7. gr.

Áfengis- og vímuvarnaráð annast söfnun og miðlun upplýsinga um áfengis- og vímuefnamál. Það skal m.a.:

1. Halda skrá yfir gögn sem gefin eru út um þessi mál hér á landi, svo og það erlent efni sem á boðstólum er í landinu og aðgengilegt er almenningi, svo sem á bókasöfnum eða hjá stofnunum og fyrirtækjum.
2. Hafa til reiðu í aðgengilegu formi þær upplýsingar sem um ræðir í a-lið.
3. Veita þeim sem eftir leita upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar um gagnaöflun og standa fyrir námskeiðum, ráðstefnum, fundum, greinaskrifum og útgáfu efnis um þessi mál.
4. Taka árlega saman og gefa út skýrslu um ástand og breytingar áfengis- og vímuefnamála hér á landi, ásamt yfirliti um breytingar sömu mála erlendis eftir því sem við verður komið og ætla má að hafi gildi hérlendis.

Ríkissjóður stendur straum af kostnaði vegna starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs.

Ráðherra setur nánari ákvæði um hlutverk og störf ráðsins í reglugerð að fengnum tillögum þess.

8. gr.

Áfengis- og vímuvarnanefnd skal starfa í hverju læknishéraði, skipuð eftir sveitarstjórnarkosningar. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd laganna og að skipuleggja áfengis- og vímuefnavarnir í héraðinu í samráði við áfengis- og vímuvarnaráð. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar, skipaðir af heilbrigðisráðherra. Héraðslæknir og fræðslustjóri eiga sæti í nefndinni, enn fremur einn fulltrúi tilnefndur af áfengis- og vímuvarnaráði og tveir fulltrúar tilnefndir af landshlutasamtökum sveitarfélaga og skal annar þeirra vera félagsmálastjóri á svæðinu. Nefndin kýs sér formann og skiptir með sér störfum. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Áfengis- og vímuvarnanefnd skal m.a.:

1. Eiga frumkvæði að og styðja starfsemi sem miðar að því að draga úr eða koma í veg fyrir neyslu áfengis og annarra vímuefna.
2. Starfa með félagsmálanefndum sveitarfélaga, sbr. 9. gr., og stuðla að samvinnu þeirra aðila annarra sem starfa á þessum vettvangi.
3. Veita yfirvöldum ráðgjöf og skal leitað álits nefndarinnar um þau atriði tengd þessum málum sem sérstaklega snerta héraðið, svo sem vegna leyfa til að veita áfengi og til opnunar áfengisútsölustaða og vegna endurveitinga ökuleyfa til þeirra sem hafa verið sviptir þeim ævilangt sakir neyslu áfengis eða annarra vímuefna.

Áfengis- og vímuvarnanefnd sendir áfengis- og vímuvarnaráði og landlækni árlega skýrslu á þar til gerðum eyðublöðum um ástand og breytingar á áfengis- og vímuefnamálum í héraðinu.

Áfengis- og vímuvarnanefnd ræður sér starfsmann.

Ríkissjóður ber kostnað af störfum áfengis- og vímuvarnanefnda.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs og að höfðu samráði við áfengis- og vímuvarnanefndir, reglugerð um störf nefndanna.

9. gr.

Félagsmálanefndir sveitarfélaganna skulu sinna áfengis- og vímuvörnum með skipulögðum hætti, jafnframt því að sinna aðstoð við áfengis- og vímuefnasjúka og fjölskyldur þeirra, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

II. KAFLI
Sala og meðferð áfengis.

10. gr.

Til þess að stýra áfengissölu, svo að neysla verði í lágmarki, er ríkisstjórninni einni heimilt að flytja inn, framleiða og dreifa áfengi.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast sölu og dreifingu áfengis í landinu. Henni skal skipuð sérstök stjórn eftir hverjar alþingiskosningar sem sér um að markmiði 1. gr. verði fylgt.

Stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skal skipuð fimm mönnum sem fjármálaráðherra skipar. Einn skal tilnefndur af áfengis- og vímuvarnaráði, einn af heilbrigðisráðherra, einn af félagsmálaráðherra, einn af dómsmálaráðherra og einn skal skipaður án tilnefningar sem er formaður.

Að öðru leyti fer um sölu og veitingar áfengis eftir áfengislögum.

III. KAFLI
Áfengisauglýsingar og merkingar.

11. gr.

Hvers konar auglýsingar á áfengi og áfengisvörum eru bannaðar hér á landi. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru og þjónustu.

Með auglýsingu er í lögum þessum átt við hvers konar tilkynningar til almennings þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar á áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar. Ákvæðið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn eða firmamerki áfengisframleiðenda. Ekki má selja áfenga drykki undir sama vörumerki og óáfenga drykki.

Undanþegin banni við áfengisauglýsingum eru:

1. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum sem flutt eru til landsins nema megintilgangur ritsins sé að auglýsa áfengi.
2. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilar.
3. Auðkenni með firmanafni eða firmamerki á vöruumbúðum áfengisframleiðanda og á bréfsefni.

Ráðherra setur að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

12. gr.

Áfengi má því aðeins hafa til sölu og dreifingar að skráð sé viðvörun á umbúðir vörunnar um skaðsemi áfengis og upplýsingar um áhrif af neyslu áfengis.

Sett skulu upp viðvörunarskilti í verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og á vínveitingahúsum þar sem vakin skal athygli á lögum um ölvunarakstur, hve lengi vínandi er að fara úr blóði og hver séu viðurlög við því að útvega fólki yngra en 20 ára áfengi.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs, í reglugerð nánari ákvæði um merkingar þessar, þar á meðal um viðvörunartexta, stærð hans, letur, hvar skiltunum skal komið fyrir og um annað er máli kann að skipta.

Áfengisframleiðendur eða áfengisveitingahúsaeigendur standa straum af kostnaði við merkingar samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI
Fræðslustarfsemi.

13. gr.

Í grunnskólum skal veita fræðslu um áfengi og önnur vímuefni og skal hún hefjast í 2. bekk samkvæmt námsskrá grunnskóla um vímuefnavarnir sem menntamálaráðherra setur að höfðu samráði við áfengis- og vímuvarnaráð. Fræðslan skal einkum beinast að því að upplýsa nemendur um eðli áfengra drykkja og annarra vímuefna og áhrif þeirra á manninn, fjölskyldu hans og samfélagið í heild. Búa skal nemendur undir að geta tekið sjálfstæða og ábyrga ákvörðun gagnvart neyslu áfengis og annarra vímuefna. Námsgagnastofnun skal sjá grunnskólum fyrir nauðsynlegum námsgögnum um áfengis- og vímuefnamál og séu þau miðuð við tiltekinn áfanga á hverju námsári nemenda.

14. gr.

Tvö fyrstu ár að loknum grunnskóla skal áfram veita fræðslu í öllum framhaldsskólum um skaðsemi áfengis og annarra vímuefna. Skal fræðslan m.a. taka mið af því að fólk geti verið án áfengis og annarra vímuefna og að ekki sé litið á áfengi sem nauðsynjavöru. Þessi kennsla fer fram samkvæmt námsskrá sem menntamálaráðherra setur að höfðu samráði við áfengis- og vímuvarnaráð.

15. gr.

Nemendur skóla, sem veita kennaramenntun, Fósturskóla Íslands, Lögregluskóla ríkisins og Fangavarðaskóla Íslands, skulu fá ítarlega og skipulagða undirstöðumenntun í áfengis- og vímuefnafræðum til þess að geta sinnt forvarnastarfi. Við fræðslu kennaraefna skal lögð sérstök áhersla á hlutverk kennarans í því starfi, leiðbeiningu um fræðslu í áfengis- og vímuefnamálum, kynningu námsgagna og á færni kennarans til að verða að liði þeim nemendum sem ætla má að séu í sérstakri hættu gagnvart neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Vegna starfsundirbúnings skal veita fræðslu um áfengis- og vímuefnamál í þeim deildum háskóla þar sem það á við eða í tengslum við þær (félagsvísindadeild, lagadeild, guðfræðideild, læknadeild, námsbraut í hjúkrunarfræðum og lyfjafræði lyfsala).

16. gr.

Í menntamálaráðuneytinu skal starfrækt námsstjórn í áfengis- og vímuefnavörnum sem hefur umsjón með og er til ráðgjafar um skipulagða fræðslu í grunnskólum, svo og öðrum skólum.

17. gr.

Áfengis- og vímuvarnaráð, sbr. 7. gr., í samvinnu við landlækni, stendur fyrir almennu forvarna- og upplýsingastarfi. Skal fræðslan sérstaklega taka mið af þörfum ýmissa hópa í samfélaginu, svo sem ungmenna sem horfið hafa frá skyldunámi, foreldra og forráðamanna barna og unglinga, barnshafandi kvenna, stjórnenda farartækja, stjórnenda fyrirtækja og fjölskyldna ofneytenda. Það er og sameiginlegt hlutverk ráðsins og landlæknis að samræma störf félagasamtaka á þessu sviði.

Áfengis- og vímuvarnaráð og landlæknir skulu beita sér fyrir reglubundinni fræðslu á heilsugæslustöðvum um skaðsemi neyslu áfengis og annarra vímuefna í samvinnu við félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki og í ríkisfjölmiðlum sem ber að birta slíkt efni án endurgjalds.

V. KAFLI
Meðferð ölvaðra manna og íhlutun félagsmálanefnda.

18. gr.

Þegar lögregla tekur mann undir 18 ára aldri höndum sakir ölvunar eða annarrar vímu skal hún tilkynna nánustu vandamönnum hans aðgerðir sínar. Sé um ítrekaðar handtökur að ræða skal lögreglan tilkynna hlutaðeigandi barnaverndarnefnd um málið.

Ölvaða menn og menn undir áhrifum annarra vímuefna, sem sæta meðferð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal hafa í gæslu uns af þeim er runnið og allt að tveimur sólarhringum til læknisrannsóknar, eftir því sem ástæða þykir til.

Þegar maður, sem er lögráða, er ítrekað handtekinn sakir ölvunar eða annarrar vímu og grunur leikur á að hann sé haldinn áfengis- eða vímuefnasýki getur lögreglan, þegar bráir af honum, fært hann til hlutaðeigandi heilsugæslustöðvar, heimilislæknis eða göngudeildar áfengis- og vímuefnasjúklinga þar sem fer fram mat á heilsufari og meðferðarþörf og úrræði skulu skipulögð.

Heilsugæslustöðvum er heimilt að kveðja sérfræðing til aðstoðar eða vísa viðkomandi til rannsóknar, mats og meðferðar á göngudeild fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga þar sem þess er kostur. Skal lögð á það meginhersla að telja hlutaðeigandi á að þiggja þá meðferð sem honum stendur til boða.

Því aðeins skal gripið til frelsisskerðingar samkvæmt lögræðislögum að heilsu og hagsmunum hins ölvaða eða aðstandenda hans sé stefnt í voða eða umhverfinu stafi hætta af og önnur ráð dugi ekki.

19. gr.

Lögreglu ber að tilkynna til félagsmálanefndar/félagsmálastofnunar sveitarfélags um öll útköll tengd ofnotkun áfengis og annarra vímuefna á heimilum þar sem búa börn og aldraðir.

Að fenginni tilkynningu um útkall lögreglu á heimili vegna ofnotkunar áfengis eða annarra vímuefna gerir félagsmálanefnd/félagsmálastofnun ráðstafanir til að rannsakað sé hvort hlutaðeigandi sé haldinn áfengissýki eða annarri vímuefnasýki og að honum sé komið í meðferð við henni. Samtímis veitir félagsmálastofnun fjölskyldu hins sjúka nauðsynlega aðstoð.

VI. KAFLI
Meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga.

20. gr.

Meðferð áfengis- og vímuefnasjúkra skal fara fram á sjúkrahúsum, göngudeildum og heilsugæslustöðvum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða á hliðstæðum stofnunum sem til þess hafa hlotið sérstakt leyfi skv. VII. kafla laganna.

21. gr.

Ráðherra skal sjá um að þjónusta við áfengis- og vímuefnasjúklinga sé fyrir hendi á sjúkrahúsum ríkisins eða annars staðar í samræmi við þennan kafla.

22. gr.

Bráðaþjónusta vegna alvarlegrar áfengis- og vímuefnaeitrunar og fráhvarfseinkenna eftir neyslu fer fram á heilsugæslustöðvum, bráðamóttöku og slysadeildum sjúkrahúsa, svo og á geðdeildum, lyflækningadeildum og sérstökum deildum eða meðferðarstofnunum áfengis- og vímuefnasjúklinga, þegar ástand sjúklings gefur tilefni til þess. Það skal tryggt að ætíð sé fyrir hendi nægjanleg læknisfræðileg þekking þannig að fyllsta öryggis sé gætt við greiningu og meðferð.

23. gr.

Meðferð, endurhæfing og aðhlynning, sem fer fram á stofnunum fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, greinist sem hér segir:

1. Afeitrun, rannsókn og upphaf meðferðar.
2. Meðferð er miðar að varanlegu bindindi og því að þroska og byggja upp félagslega hæfni, skapgerð og persónuleika sjúklings.
3. Endurhæfing og aðhlynning sjúklinga sem illa eru farnir heilsufarslega og félagslega.
4. Vernduð heimili þar sem vistmenn greiða dvalarkostnað að hluta eða öllu leyti og þeim er gert að stunda vinnu nema heilsubrestur, skólaganga eða aðrar gildar ástæður hamli.

Heimilt er að semja við meðferðarstofnun fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga um að refsivist eða hluti hennar sé afplánaður þar. Áður en slíkt er heimilað skal liggja fyrir mat hlutaðeigandi yfirlæknis og fangelsislæknis um líkur á árangri meðferðar.

24. gr.

Í hverju læknishéraði skal í tengslum við sjúkrahús eða heilsugæslustöð rekin sérstök göngudeild fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga. Meðferðar- og fræðslustarf deildanna skal m.a. beinast að því að draga úr þörf fyrir innlagnir.

Á göngudeildum fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga og á heilsugæslustöðvum skal gefinn kostur á stuðningsmeðferð að lokinni vist á sjúkrastofnun.

25. gr.

Félagsmálanefndir og heilsugæslustöðvar skulu leitast við að finna þau börn og ungmenni sem eiga við vandamál að stríða vegna neyslu áfengis og annarra vímuefna og koma þeim til aðstoðar í samvinnu við aðra þá aðila sem starfa á þessum vettvangi.

Teljist nauðsynlegt að vista börn og ungmenni, 15 ára og yngri, til áfengis- eða vímuefnameðferðar á stofnun skal það gert í samráði við foreldra/forráðamenn, barnaverndarnefnd og Unglingaheimili ríkisins.

Þeim börnum og ungmennum, 15 ára og yngri, sem auk áfengis- og vímuefnavanda eiga við að stríða mikil og flókin geðræn vandamál, skal vísað til greiningar og meðferðar á barna- og unglingageðdeildum sjúkrahúsa.

Félagsmálastofnanir sveitarfélaga og heilsugæslustöðvar skulu eftir meðferðarvist annast áframhaldandi stuðning við þau börn og ungmenni sem þess þurfa með.

26. gr.

Meðan sjúklingur vistast til áfengis- eða vímuefnameðferðar á sjúkrastofnun skal fjölskyldu hans boðin stuðningsmeðferð.

Við hverja stofnun fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga skal aðstandendum gefinn kostur á stuðningi, sálgæslu og fræðslu. Skal þar m.a. lögð áhersla á að fræða þá um eðli sjúkdómsins, áhrif hans á sjúklinginn og aðstandendur hans.

27. gr.

Fjármálaleg ráðgjöf og aðstoð við áfengis- og vímuefnasjúka og aðstandendur þeirra er í höndum félagsmálastofnana sveitarfélaganna.

Þeim áfengis- og vímuefnasjúklingum, sem hlotið hafa varanlegt heilsutjón vegna neyslu sinnar og ekki geta lengur bjargað sér sjálfir eða nýtt sér meðferð, endurhæfingu eða aðhlynningu á stofnunum, skal veitt varanleg þjónusta og fjárhagsleg fyrirgreiðsla á vegum félagsmálastofnana sveitarfélaga, svo sem við útvegun á fæði, fatnaði og húsaskjóli.

VII. KAFLI
Meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga.

28. gr.

Óheimilt er að setja á stofn eða reka meðferðarstofnun samkvæmt lögum þessum, nema með leyfi ráðherra. Sama máli gildir um allar meiri háttar breytingar á starfsemi slíkra stofnana. Fer um framkvæmdina samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Ráðherra veitir aðeins leyfi ef ætla má að stofnunin geti leyst verkefni sitt á viðhlítandi hátt og skal í slíkum tilvikum ætíð leita álits landlæknis, héraðslæknis og áfengis- og vímuvarnaráðs á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

29. gr.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er óheimilt að afgreiða og selja áfengi, nema samkvæmt opinberri verðskrá.

Útsölustaðir ÁTVR skulu aðeins opnir frá kl. 10:00 til 18:00 virka daga. Útsölustaðir skulu lokaðir alla laugardaga, helga daga og auk þess á aðfangadag jóla. Sama gildir um almenna frídaga, aðra stórhátíðardaga og kosningadaga.

Óheimilt er að veita stöðum, sem eru áningarstaðir ferðafólks eða þjóna ökumönnum, leyfi til áfengissölu.

30. gr.

Áfengis- og vímuvarnanefndir og heilbrigðiseftirlit skulu fylgjast sérstaklega með því að settum skilyrðum leyfis til áfengisveitinga, sbr. áfengislög, sé framfylgt og gera lögreglu viðvart ef út af bregður.

Heilbrigðiseftirlit undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd 11. og 12. gr. og skal fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði þessara greina um merkingar og auglýsingar.

31. gr.

Sala efna, sem einungis eru ætluð til áfengisgerðar, er bönnuð.

32. gr.

Skylt er að verja tveimur hundraðshlutum af brúttósölu áfengis til Áfengis- og vímuvarnasjóðs.

Áfengis- og vímuvarnaráð gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun sjóðsins og skal fénu varið til þess að kosta áfengis- og vímuvarnastarf samkvæmt lögum þessum. Verja má allt að helmingi fjárins til uppbyggingar og endurbóta stofnana, svo og endurmenntunar starfsmanna þeirra sem stunda áfengis- og vímuefnavarnir eða meðferð áfengis- og vímuefnasjúkra.

Heilbrigðisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins þar sem m.a. skal kveðið á um þátt hans í forvörnum og þjálfun starfsmanna á þessu sviði.

IX. KAFLI
Viðurlög.

33. gr.

Sé brotið gegn ákvæðum 11. og 12. gr. og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðiseftirlitsins getur það beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 81/1988.

34. gr.

Brot gegn ákvæðum 11. gr. varða sektum en varðhaldi séu sakir miklar eða brot ítrekað.

Brot gegn ákvæðum 1. mgr. 12. gr. varðar sektum.

Brot gegn 1. mgr. 31. gr. varðar sektum en varðhaldi séu sakir miklar eða brot ítrekað.

Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

35. gr.

Ökumanni, sem dæmdur hefur verið til að missa ökuleyfið ævilangt sakir neyslu áfengis eða annarra vímuefna, skal gert að taka þátt í fræðslunámskeiði sem áfengis- og vímuvarnanefnd viðurkennir. Það er skilyrði fyrir endurveitingu ökuleyfis að ökumaður hafi hlotið fræðslu samkvæmt þessari grein.

36. gr.

Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála og þar sem það á við samkvæmt lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum.

X. KAFLI
Gildistaka.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, með síðari breytingum, og 4. og 5. mgr. 16. gr. og VII. kafli áfengislaga, nr. 82/1969.

Ákvæði til bráðabirgða.

Áfengis- og vímuvarnaráð, skv. 4. gr., skal skipað frá og með 1. júlí 1992 og skal frá þeim tíma annast störf áfengisvarnaráðs, samkvæmt gildandi lögum, og jafnframt vinna að undirbúningi að gildistöku laga þessara.

Reglugerðir skv. 4. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 12. gr. skulu öðlast gildi um leið og lögin.

Þær stofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, sem starfa við gildistöku laga þessara, skulu halda starfsleyfum sínum til 31. desember 1995. Skulu þær fyrir 1. janúar 1995 senda heilbrigðisráðuneyti umsóknir um starfsleyfi í samræmi við lög þessi þar sem m.a. skal tekið fram hvers konar þjónustu þær óska eftir að veita.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta, sem samið var af stjórnskipaðri nefnd, er lagt fyrir Alþingi til kynningar. Þingflokkar stjórnarflokkanna hafa ekki fjallað um frumvarpið. Í athugasemdum við frumvarpið birtist óbreytt skýrsla nefndarinnar til ráðherra.

1. Inngangur.

a. Skipun og störf nefndarinnar.

Með bréfi dags. 19. des. 1989 skipaði þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Guðmundur Bjarnason, nefnd sem falið var að gera tilllögur um sérstök áfengisvarnalög með svipuðum hætti og gert hefur verið um tóbaksvarnir. Nefndinni var fengið það hlutverk að endurskoða þau ákvæði í áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum, sem fjalla um áfengisvarnir, svo og lög nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna

og drykkjusjúkra, með síðari breytingum. Nefndinni var ætlað að taka sérstakt tillit til samþykkta Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í þessum málum og vinna úr áliti áfengismálanefndar ríkisstjórnarinnar frá janúar 1987 hvað snertir áfengisvarnir, en sú nefnd starfaði á árunum 1983 til 1986 og gerði tillögu um mótun heildarstefnu í áfengismálum. Til glöggvunar fylgir álit nefndarinnar með frumvarpinu á sérstöku fylgiskjali.

Í nefndina voru upphaflega skipaðir: Ingimar Sigurðsson lögfræðingur, formaður, Hrafn Pálsson félagsfræðingur, ritari, Níels Árni Lund kennari, Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra, Sigmundur Sigfússon yfirlæknir samkvæmt tilnefningu landlæknis og Ólafur Haukur Árnason áfengisvarnaráðunautur samkvæmt tilnefningu áfengisvarnaráðs.

Eftir að nefndin hafði fengið umsagnir við fyrri drög, sbr. það sem segir hér á eftir, var auðsýnt að bæta þurfti í nefndina aðila sem þekkti til félagsmálastarfsemi á vegum sveitarfélaganna. Var Bragi Guðbrandsson, félagsmálastjóri í Kópavogi, nú aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, skipaður í nefndina í upphafi árs 1991 í þessu skyni.

Nefndin hóf störf vorið 1990 og vann að málinu sleitulaust í hálft annað ár. Nefndin gekk frá sínum fyrstu drögum í nóvembermánuði 1990 og sendi eftirtöldum aðilum til umsagnar að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra: Læknafélag Íslands, Hollustuvernd ríkisins, Sálfræðingafélag Íslands, Hjúkrunarfélag Íslands, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Tómas Helgason prófessor, dr. med., f.h. geðdeildar Landspítalans, Samband íslenskra sveitarfélaga, áfengisvarnaráð, dómsmálaráðherra, menntamálaráðherra, heilbrigðisráðherra, forsætisráðherra, félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, Umferðarráð, landlæknir, Stórstúka Íslands, Landsambandið gegn áfengisbölinu, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Þórarinn Tyrfingsson yfirl., f.h. Samt. áhugafólks um áfengisvandamálið (SÁÁ), Jóhannes Bergsveinsson yfirlæknir, f.h. geðdeildar Landspítalans, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands, Hið íslenska kennarafélag, Kennarasamband Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Íþróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Foreldrasamtökin Vímulaus æska, barnaverndarráð Íslands, þjóðkirkjan, samtök heilbrigðisstétta, Fóstrufélag Íslands, samvinnunefnd bindindismanna, Áhugahópur um bætta umferðarmenningu, Unglingaheimili ríkisins.

Auk þess fengu eftirtaldir einstaklingar drögin til umsagnar: Friðrik J. Friðriksson, héraðslæknir Norðurlands vestra, Halldór Jónsson, héraðslæknir Vesturlands, Ísleifur Halldórsson, héraðslæknir Suðurlands, Jóhann Ágúst Sigurðsson, héraðslæknir Reykjaness, Ólafur H. Oddsson, héraðslæknir Norðurlands eystra, Skúli Johnsen, héraðslæknir Reykjavíkur, Stefán Þórarinsson, héraðslæknir Austurlands, Áslaug Brynjólfsdóttir, fræðslustjóri Reykjavíkur, Helgi Jónasson, fræðslustjóri Reykjaness, Snorri Þorsteinsson, fræðslustjóri Vesturlands, Pétur Bjarnason, fræðslustjóri Vestfjarða, Guðmundur Ingi Leifsson, fræðslustjóri Norðurlands vestra, Trausti Þorsteinsson, fræðslustjóri Norðurlands eystra, Guðmundur Magnússon, fræðslustjóri Austurlands, Jón Hjartarson, fræðslustjóri Suðurlands, Jón Björnsson, félagsmálastjóri á Akureyri, Bragi Guðbrandsson, félagsmálastjóri í Kópavogi, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Böðvar Bragason, lögreglustjóri í Reykjavík, Ásgeir Pétursson, lögreglustjóri í Kópavogi, Már Pétursson, lögreglustjóri í Hafnarfirði, og Elías I. Elíasson, lögreglustjóri á Akureyri.

Alls var um 58 umsagnaraðila að ræða og skiluðu 39 skriflegri umsögn og 6 munnlegri eða samtals 45, tæp 78%, og verða það að teljast góðar heimtur og sýna mikinn áhuga á viðfangsefninu.

Enn fremur leituðu nefndarmenn álits valinkunnra aðila eftir því sem þeim þótti ástæða til.

Umsagnir voru misjafnlega ítarlegar en flestir lögðu í þær töluverða vinnu. Nefndin varpaði þeirri spurningu fram til umsagnaraðila hvort þeir teldu að setja ætti ÁTVR sérstaka stjórn þar sem fulltrúi heilbrigðisyfirvalda ætti sæti eins og þekkist í hliðstæðu

kerfi í Finnlandi. Í skriflegum umsögnum kom fram að 21 umsagnaraðili taldi eðlilegt að yfir ÁTVR starfaði sérstök stjórn sem í ætti sæti fulltrúi heilbrigðisyfirvalda. Enginn umsagnaraðila lagðist gegn því fyrirkomulagi.

Að fengnum umsögnum, sem voru að berast fram á síðasta vor, tók nefndin saman önnur drög þar sem reynt var að samræma sjónarmið þeirra er umsagnir gáfu. Nefndin hugaði sérstaklega að þremur spurningum, en þær eru:

1. Eiga lögin að ná yfir önnur vímuefni en áfengi?
2. Að hve miklu leyti á félagsmálaþátturinn (félagsmálanefndir og félagsmálastofnanir sveitarfélaga) að taka þátt í þessu starfi?
3. Að hve miklu leyti eiga lögin að fjalla um hlutverk lögreglu og um dreifingu og sölu áfengis utan Áfengisverslana ríkisins?

Í öðrum drögum nefndarinnar, sem lágu fyrir í byrjun júní sl., var sérstaklega tekið á þessum þáttum, en eftirtaldir aðilar fengu drögin til umsagnar: Læknafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands, Hjúkrunarfélag Íslands, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, geðdeild Landspítalans, Tómas Helgason prófessor, dr. med., f.h. geðdeildar Landspítalans, áfengisvarnaráð, dómsmálaráðherra, Þórarinn Tyrfingsson yfirlæknir, f.h. SÁÁ, Jóhannes Bergsveinsson yfirlæknir, f.h. geðdeildar Landspítalans, Foreldrasamtökin Vímulaus æska, barnaverndarráð Íslands, þjóðkirkjan, Jón Björnsson félagsmálastjóri, Böðvar Bragason, lögreglustjóri í Reykjavík, Sveinn Ragnarsson, félagsmálastjóri í Reykjavík, menntamálaráðherra, félagsmálaráðherra, Samband íslenskra sveitarfélaga, Unglingaheimili ríkisins, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, Ólafur H. Oddsson, héraðslæknir Norðurlandshéraðs eystra, Skúli G. Johnsen, héraðslæknir Reykjavíkurhéraðs, Stefán Þórarinsson, héraðslæknir Austurlands, Áslaug Brynjólfsdóttir, fræðslustjóri í Reykjavík, Helgi Jónasson, fræðslustjóri Reykjaness, Guðmundur Magnússon, fræðslustjóri Austurlands, og Jón Hjartarson, fræðslustjóri Suðurlands.

Þessir aðilar höfðu sýnt málinu sérstakan áhuga og veitt ítarlegar umsagnir við fyrri drög.

Umsagnir um drög II voru að berast fram í september sl. en af 27 aðilum svöruðu 13.

Í bréfi nefndarinnar með seinni drögum var þess farið á leit að þeir sem óskuðu eftir viðræðum við nefndina um frumvarpið létu þess sérstaklega getið. Í byrjun október hélt nefndin fund með Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, SÁÁ, fulltrúum lögreglustjórans í Reykjavík, áfengisvarnaráði, fulltrúa Læknafélags Íslands og dr. med. Tómasi Helgasyni prófessor, þar sem farið var rækilega yfir drögin, en þessir aðilar höfðu einkum gagnrýnt drög II og óskuðu eftir formlegum viðræðum.

Í framhaldi af umsögnum og viðræðum við áðurnefnda aðila tók nefndin saman ný drög.

Helsta gagnrýnin, sem eftir stendur á frumvarpið miðað við fyrirliggjandi umsagnir, er að hér sé ekki um heildstæða áfengisvarnalöggjöf að ræða, heldur eingöngu lög um þá þætti sem falla undir verksvið heilbrigðisyfirvalda. Enn fremur að meðferðarkaflinn sé allt of ítarlegur og að ástæðulausu sé greint frá hlutverki og starfsemi meðferðarstofnana. Er hér átt við VI. og VII. kafla lagafrumvarpsins. Sem svar við þessari gagnrýni bendir nefndin á að hlutverk hennar var eingöngu að gera tillögur um áfengisvarnaþátt áfengislaga, nr. 82/1969, með síðari breytingu, en það er sá þáttur sem fellur undir heilbrigðisráðuneytið, svo og lög nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, með síðari breytingum, sem falla undir sama ráðuneyti. Deila má um að hve miklu leyti sé nauðsynlegt að kveða á um meðferð og meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga í lögum. Það er hins vegar skoðun nefndarinnar að eigi að móta stefnu í þessum málum þurfi að njörva niður með skipulegum hætti, þó ekki í smáatriðum, hvar meðferð fari fram og um hvers konar meðferð sé að ræða og ekki sé nóg að styðjast við

ákvæði laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, þar sem eingöngu er fjallað um flokkun sjúkrahúsa og leyfi til að reka sjúkrahús.

Nefndin lítur svo á að tekist hafi að koma til móts við flest þau sjónarmið sem fram komu í umsögnum. Þannig er gert ráð fyrir því að lögin gildi ekki eingöngu um áfengi heldur og um önnur vímuefni og verði þannig vímuvarnalög. Gerður er greinarmunur samkvæmt lögum á áfengi annars vegar og öðrum vímuefnum hins vegar þar sem áfengi er eina „löglega" vímuefnið og verður því að taka sérstaklega á því, t.d. í sambandi við sölu, auglýsingar og merkingar, auk þess sem sala og dreifing sætir sérstökum lagaákvæðum sem ekki falla undir þetta frumvarp og verða áfram í áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum. Í umsögnum kom sú skoðun almennt fram að nú skyldi gripið tækifærið og sett fram samræmd löggjöf um vímuefnavarnir þar sem jafnt yrði tekið á áfengi og ólöglegum vímuefnum, en þar er um að ræða ávana- og fíkniefni samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, með síðari breytingum, svo og lífræn leysiefni, plöntuhluta og lyf, sem notuð eru sem vímuefni.

Það er skoðun nefndarinnar að tilgangur lagasetningar á þessu sviði hljóti að vera að draga úr neyslu áfengis og koma í veg fyrir neyslu annarra vímuefna og þar með það tjón sem neyslan veldur á heilsu manna, fjölskyldulífi, samskiptum, eignum og atvinnu og til þess að hafa áhrif á viðhorf almennings til neyslu áfengis og annarra vímuefna, ekki síst viðhorf barna og unglinga. Til þess að ná þessu markmiði leggur nefndin til að kveðið verði á um eftirfarandi í lögunum:

1. Breytta stjórn áfengis- og vímuvarna, bæði á vegum ríkisvaldsins og úti í héraði.
2. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði skipuð sérstök stjórn.
3. Fortakslaust auglýsingabann á áfengi sem er eini „löglegi" vímugjafinn.
4. Merkingar á umbúðir áfengis með hliðsjón af skaðsemi varningsins.
5. Ábyrgð hins opinbera hvað snertir fræðslu um skaðsemi vímuefnaneyslu í grunnskólum og framhaldskólum.
6. Forvarnir og meðferð ölvaðra manna og íhlutun félagsmálanefnda.
7. Meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga með það að markmiði að koma þeim á réttan kjöl.
8. Meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga til þess að marka stefnu í málaflokknum.
9. Að varið verði til áfengis- og vímuvarna (Áfengis- og vímuvarnasjóðs) tveimur hundraðshlutum af brúttósölu áfengis til þess að annast vímuvarnastarf.

Það er álit Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sbr. ályktun frá 1979 og síðar, að áfengisvandamálið sé eitt mesta heilbrigðisvandamálið sem heimurinn stendur frammi fyrir. Stofnunin hefur lagt til við aðildarþjóðirnar að dregið verði úr heildarneyslu áfengis sem nemur fjórðungi fyrir næstu aldamót. Ísland hefur gengist undir þessi ákvæði og er það m.a. ein af ástæðunum fyrir því að frumvarp þetta er samið. Hér er ekki eingöngu átt við sjúkdóma, slys og dauðsföll af völdum áfengisdrykkju og annarra vímuefna, heldur og mikil félagsleg og fjölskylduleg vandamál sem ætíð tengjast ofdrykkju og aukast í réttu hlutfalli við aukningu neyslunnar og hafa veruleg áhrif á samskipti manna, eignir þeirra og atvinnu. Á undanförnum árum hafa einstakar þjóðir reynt að taka á þessu vandamáli og má sem dæmi nefna að í Bandaríkjunum hafa mörg ríki takmarkað verulega aðgengi að áfengi og fært aldursmörk aftur upp í 21 ár úr 18 árum. Í mörgum ríkjanna hefur verið komið í veg fyrir sölu áfengis við þjóðvegi og fleira mætti telja. Í Frakklandi, en þar hafa áfengisvarnir ekki verið í hávegum hafðar, er verið að vinna að mótun stefnu í málaflokknum. Frá áramótum 1990–1991 hefur verið bannað að selja áfengi við þjóðvegi í Frakklandi og skýtur þar skökku við þegar hér á landi hefur á sama tíma verið leyfð slík sala. Ekki skal hér fjölyrt um þessa hluti, en nánar er fjallað um þá í greinargerð hér á eftir og í fylgiskjölum, þar á meðal um þann fjárhagsbagga sem neysla

áfengis og annarra vímuefna er heilbrigðisþjónustunni, almannatryggingakerfinu og þjóðfélaginu í heild.

Þótt lög um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir séu fyrst og fremst heilbrigðislög, sett með það fyrir augum að vernda það sem dýrmætast er í eigu hvers manns, góða heilsu, er lögunum einnig ætlað að stemma stigu við öðrum áhrifum af völdum neyslu áfengis og annarra vímuefna, svo sem á fjölskyldulíf og samskipti manna, eigur og atvinnu. Það er skoðun nefndarinnar að markmið laganna hljóti að vera að skapa lífsstíl eins og átt hefur sér stað með tóbaksvarnalögum, nr. 74/1984, gagnvart tóbaksnotkun og að menn hætti að líta á áfengi sem nauðsynjavöru. Enn fremur að þeir sem eldri eru sýni þeim yngri gott fordæmi. Að þessu verkefni verður ekki nema að litlu leyti unnið með löggjöf og opinberum reglum því það sem skiptir meginmáli er viðhorf almennings þegar til kastanna kemur. Því hlýtur það að vera meginstarf þeirra aðila, sem vinna að vímuefnavörnum, að reyna að hafa mótandi áhrif á viðhorf almennings til neyslu áfengis og annarra vímuefna með það fyrir augum að draga úr áfengisneyslu og koma í veg fyrir neyslu annarra vímuefna eftir því sem nokkur kostur er.

Það er skoðun nefndarinnar að þær tillögur, sem hér liggja þó frammi, séu í fyllsta máta raunhæfar, enda eru þær byggðar á ítarlegri umfjöllun og settar fram að fenginni umsögn sérfróðra og valinkunnra aðila sem hafa látið sig þessi mál miklu skipta. Hafa ber líka í huga að það er álit Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) að eitt áhrifaríkasta ráðið til þess að draga úr neyslu áfengis og annarra vímuefna sé að takmarka aðgengi eftir því sem kostur er, t.d. með því að takmarka opnunartíma áfengisverslana. Sú stefna, sem mótuð hefur verið hér á landi á undanförnum missirum, gengur þvert á þessi sjónarmið þótt Ísland hafi sem aðili að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni samþykkt þau. Það er skoðun nefndarinnar að með þessu frumvarpi eigi að vera hægt að hafa áhrif á stefnu á þessum vettvangi sem ekki hefur verið mótaður af heilbrigðisyfirvöldum heldur af fjármálayfirvöldum og þá aðallega af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, og gildir það um sölu á áfengi í vínbúðum ÁTVR, svo og af dómsmálaráðherrum sem setið hafa undanfarinn áratug, um áfengisveitingahús, en fjölgun þeirra hefur keyrt um þverbak.

Nefndin telur ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um störf sín hér en vísar til annarra athugasemda, svo og athugasemda við einstakar greinar hvað varðar frekari skýringar og útlistanir.

b. Ráðstefna um vímuefnavarnir 29. og 30. nóvember 1991.

Dagana 29. og 30. nóvember 1991 var á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í samvinnu við félagsmála-, dómsmála-, menntamála- og utanríkisráðuneytið og landlækni haldin ráðstefna í Reykjavík um mótun stefnu í vímuefnavörnum. Til ráðstefnunnar var boðið um 200 einstaklingum sem vinna að vímuefnavörnum með einum eða öðrum hætti og sóttu nánast allir ráðstefnuna. Er þetta stærsta ráðstefna sinnar tegundar sem haldin hefur verið hér á landi og markaði tímamót með þeim hætti að drög að frumvarpi því, sem hér er til umfjöllunar, voru rædd og ráðstefnugestum þannig gefinn kostur á að hafa áhrif á stefnumörkun í málaflokknum.

Á ráðstefnunni var ítarlega fjallað um alla þætti frumvarpsdraganna og gerðar tillögur til breytinga sem nefndin hefur margar hverjar fellt inn í frumvarpið. Má þar m.a. nefna tillögur um stjórn yfir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og að mjög takmarkaðar undanþágur verði veittar frá auglýsingabanni laganna. Ríkti um þessa tvo stefnumarkandi þætti í áfengisvörnum algjör eining. Auk þess komu fram margar gagnlegar ábendingar varðandi framkvæmd og skipan mála sem einstakir starfshópar og ráðstefnugestir komu á framfæri.

Ráðstefnugestir létu í ljós ánægju með ráðstefnuna, markmið hennar og hvernig til

tókst og er ætlun að halda aðra ráðstefnu þegar reynsla er fengin af nýjum áfengisvarnalögum, svo sem um hlutverk meðferðarstofnana, löggæslu og fræðslustarfsemi. Á öndverðu ári 1992 er ætlun að gefa út skýrslu um ráðstefnuna þar sem gerð verður grein fyrir umræðum og niðurstöðum.

Það er álit nefndarinnar að sú umfjöllun, sem fram fór á ráðstefnunni, hafi verið ótvíræður stuðningur við meginmarkmið lagafrumvarpsins.

2. Sögulegt yfirlit um löggjöf á sviði áfengisvarna- og annarra vímuefnavarna.

1. Áfengi.

Saga skipulegra varna gegn vímuefnum á vegum hins opinbera, í upphafi eingöngu áfengi, hófst fyrir rúmum 100 árum í tengslum við stofnun Stórstúku Íslands. Árið 1888 kom fram tillaga á þingi hinnar nýstofnuðu Stórstúku Íslands, að koma ætti á aðflutningsbanni á áfengi hér á landi. Árið 1899 voru sett lög um verslun og veitingar áfengra drykkja og árið 1900 lög um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja. Fljótlega eftir aldamótin fór að bera meira á skoðunum svokallaðra bannsinna og á Alþingi árið 1905 kom fram frumvarp um aðflutningsbann á áfengi sem breytt var í meðferð nefndar þannig að það var afgreitt sem þingsályktun um þjóðaratkvæði um málið sem fram fór við alþingiskosningar 1908. Útkoman er flestum kunn, en af þeim sem greiddu atkvæði voru rúmlega 60% meðmæltir banni, en hafa ber í huga að konur höfðu þá ekki kosningarrétt til Alþingis. Á Alþingi 1909 var málið borið fram í formi frumvarps og var það samþykkt, þannig að aðflutningsbann tók gildi frá og með 1. janúar 1912 og vínsölubann að auki frá 1. janúar 1915.

Í umræðunni um málið á Alþingi 1909 var sú mótbára m.a. færð fram gegn bannlögunum að Spánverjar mundu ekki una því að innflutningur á vínum yrði bannaður hér. Þó virðist þessi hugsun hafa verið fremur fjarri mönnum og flestir búist við því að ekki kæmi til þess að Spánverjar létu sig nokkru skipta bannið hér sakir þess að víninnflutningur frá Spáni til Íslands var hverfandi lítill. Þegar bannstefnunni jókst hins vegar fylgi og fleiri þjóðir og stærri tóku upp þessa aðferð opnuðust augu Spánverja fyrir því að hér væri á ferðum alvarleg hætta fyrir vínframleiðslu þeirra og dróst Ísland þá inn í þessa deilu eins og aðrir.

Veruleg hreyfing komst á málið árið 1919 þegar Spánverjar ákváðu að endurskoða tollalöggjöf sína og að koma á nýju skipulagi tollamála og sögðu Spánverjar þá upp verslunarsamningum sínum við aðrar þjóðir, þar á meðal við Danmörku og Ísland, en sá samningur var frá 1893. Sumarið 1921 sagði spánska stjórnin upp verslunarsamningi milli Spánar og Danmerkur/Íslands og tilkynnti að hann yrði ekki endurnýjaður nema aðflutningsbannlögin yrðu upphafin að því er snerti spænsk vín sem ekki hefðu hærri áfengisstyrkleika en 21%. Var allt kapp lagt á að semja um málið, en spánska stjórnin reyndist ófáanleg til þess að falla frá þessari kröfu þótt til bráðabirgða fengist samningurinn endurnýjaður með því skilyrði að ríkisstjórn Íslands skuldbyndi sig til að leggja fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á aðflutningsbannlögunum. Samkomulag náðist við Spánverja um að íslenskur saltfiskur sætti ekki óhagstæðari kjörum á Spáni en saltfiskur nokkurs annars ríkis og áskilinn var réttur til að gera ráðstafanir innan lands gegn misnotkun víns. Í þessu tilviki er fróðlegt að kanna viðhorf ríkisstjórnar Íslands, en í yfirlýsingu hennar, sem birtist í frumvarpi til laga um breytingu á aðflutningsbannslögunum og lagt var fram á Alþingi 1922, kemur fram að stjórnin sé að vísu enn sannfærð um það að æskilegast og heppilegast sé fyrir þjóðfélagið, bæði af haglegum ástæðum og heilbrigðis, að bannlögin héldust óbreytt, en með því að spánska stjórnin hefði ekki fengist til að hvika frá skilyrðum sínum hefði ráðuneytið eigi getað séð sér annað fært en að láta undan nauðsyninni vegna sjávarútvegsins íslenska og fjárhags landsins. Breytingar á bannlögunum náðu fram að ganga á Alþingi 25. apríl 1922 og var þá ákveðið að í eitt ár

skyldu vín undir 21% styrkleika að rúmmáli undanþegin lögunum um aðflutningsbann og var sú ástæða tiltekin að heimildin miðast eingöngu við eitt ár þar sem Spánverjar settu sig ekki á móti því að fullnaðarákvörðun yrði frestað um eitt ár þannig að hún lægi fyrir á Alþingi 1923. Enn var borið við erfiðum fjárhag sem ekki þyldi aðra örðugleika og yrði að taka fram fyrir þær hugsjónir sem lægju í banninu. Spánarmarkaðurinn var talinn dýrmætastur markaða.

Á Alþingi 1923 lagði stjórnin fram fullnaðarfrumvarp þar sem fallið var frá tímabindingu og frá því fjaraði undan bannlögunum. Í millitíðinni hafði verið reynt að afla markaða í Ameríku en ekki tekist. Í lögunum voru m.a. skilyrði um að undanþága næði til framleiðslulanda sem veittu bestu kjör á íslenskum saltfiski. Á sama þingi var samþykkt þingsályktunartillaga um bannlögin þess efnis að þótt Alþingi hefði afgreitt undanþágu frá lögunum vegna samninga við Spánverja hafi það verið gert af knýjandi nauðsyn, en ekki af því að Alþingi vildi hverfa frá lögunum sem í fyrstu voru sett á grundvelli þjóðaratkvæðagreiðslu eins og áður kemur fram.

Á árunum 1922 og 1923 var því mörkuð ný áfengisstefna mjög gegn vilja löggjafarþingsins. Árið 1932 kom fram þingmannafrumvarp þar sem lagt var til að bannið yrði algjörlega afnumið, þar sem þýðingarlaust væri að halda því til streitu vegna gífurlegs heimabruggs, ríkissjóður væri skuldum vafinn og aðrar þjóðir, t.d. Bandaríkjamenn, væru að afnema bannið. Þetta frumvarp náði ekki fram að ganga en með áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, var stigið það skref í áfengismálum sem við búum við í dag að mestu leyti, en þá var bannlögunum aflétt að fullu nema hvað snerti áfengt öl yfir 2,25% að styrkleika og tóku lögin gildi 1. febrúar 1935. Í lögunum er m.a. að finna ákvæði um áfengisvarnir og þar er fyrst að finna ákvæði þess efnis að skipa skuli sérstakan áfengisvarnaráðunaut ríkisstjórnarinnar og að áfengisvarnanefndir skuli starfa í öllum hreppum og kaupstöðum. Enn fremur að verksvið nefndanna skuli ákveðið með reglugerð, sbr. reglugerð nr. 116/1935, um áfengisvarnanefndir.

Áfengislögum og áfengisvarnareglugerð hefur verið margbreytt frá 1935. Eins hafa komið til ný lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, upphaflega frá 1949, en nú frá 1964. Enn fremur var með lögum nr. 38/1988, um breytingu á áfengislögum, nr. 12/1969, heimilað að flytja inn, framleiða og dreifa áfengu öli yfir 2,25% að styrkleika með sama hætti og öðru áfengi og tók breytingin gildi 1. mars 1989.

2. Önnur vímuefni.

Hér að framan hefur verið fjallað um sögu áfengisvarna hér á landi en ekki annarra vímuefnavarna. Saga þeirra er miklu styttri enda vandamál tengt neyslu annarra vímuefna en áfengis tilkomin síðar. Þar er hins vegar um að ræða efni sem talin eru skaðlegri og erfiðari viðfangs og það svo að á síðari árum hefur verið gripið til þess að banna neyslu þeirra.

Hér á landi voru fyrst sett lög á þessu sviði árið 1923 um tilbúning og verslun með ópíum o.fl., en þau lög voru að verulegu leyti reist á svokallaðri Haag-samþykkt frá 1912 sem Ísland gerðist fullur aðili að árið 1921. Á þessum lögum var síðan gerð veruleg breyting með lögum nr. 43/1968 og aftur með lögum nr. 25/1970 þegar lögin frá 1923 voru endurútgefin með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 77/1970, sem voru í gildi allt fram til þess að lög nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, tóku gildi vorið 1974. Helsti ágalli laganna frá 1923 þótti sá að þau gæfu stjórnvöldum ekki nægjanlegt svigrúm til að mæla fyrir um það hvaða efni skyldu lúta lögunum. Enn fremur var sú háttsemi, sem lýst var refsiverð, ekki nægjanlega víðtæk. Lagabreytingarnar 1968 og 1970 stefndu að því að rýmka svigrúm dómsmálaráðuneytisins til þess að mæla fyrir um hvaða efni skyldu lúta lögunum og enn fremur var sú háttsemi, sem lýst var refsiverð, gerð miklu víðtækari en eftir lögunum 1923 og var stefnt til höfuðs hvers konar meðferð á efnum þessum

og einnig voru viðurlög þyngd og eignaupptökuákvæði lögfest. Á grundvelli laganna frá 1968 mælti dómsmálaráðuneytið með reglugerð nr. 257/1969 svo fyrir að ákvæði laganna skyldu taka til kannabis (maríjúana), lysergids (LSD), meskalíns og psílócybins, svo og yfir hvers konar blöndur og samsetningar sem þessi efni höfðu að geyma. Var ákvörðun ráðuneytisins reist á því að sannað þótti við vísindalega rannsókn að efni þessi mætti misnota eða þau hefðu slík skaðvænleg áhrif sem önnur efni sem lögin tóku til.

Með lögum nr. 52/1973, um sérstakan dómara og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum, er mælt fyrir um stofnun sérstaks dómstóls sem fjalla skal um brot á lögum nr. 77/1970 og reglugerðum settum samkvæmt þeim og skyldu mál vegna brota þessara rekin og dæmd fyrir dómstóli þessum. Var dómari í ávana- og fíkniefnamálum skipaður sumarið 1973 og hefur hann með höndum víðtæka rannsókn þessara mála.

Hin samfelldu lög, þ.e. lög nr. 77/1970, þóttu nokkuð brotakennd. Þau voru fólgin í stofnlögunum frá 1923, ásamt breytingum frá 1968 og 1970, og féllu breytingalögin ekki alls kostar vel að stofnlögunum sjálfum. Til fróðleiks skal vísa til ritgerðar eftir Jónatan Þórmundsson prófessor, „Eiturlyf og afbrot" (45). Þótti tímabært að endurskoða lögin og semja ný heildarlög um þetta efni að stofni til. Í grannlöndunum hafði verið farin sú leið að lögfesta refsiákvæði í almennum hegningarlögum um vörslu og ýmiss konar meðferð á fíkni- og ávanaefnum, m.a. í því skyni að árétta hvaða augum menn litu á brot sem þessi. Frumvarp til nýrra laga var samið á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem tók til starfa sem sérstakt ráðuneyti á árinu 1970 í samræmi við ný stjórnarráðslög nr. 73/1969 og voru þau unnin í samráði við dómsmálaráðuneytið og hegningarlaganefnd dómsmálaráðuneytis og var tekið tillit til væntanlegrar aðildar að sáttmálanum um ávana- og fíkniefni frá 1961 og sáttmálanum um fíknilyf frá 1971 (Single Convention on Narcotic Drugs 1961 og Convention on Psychotropic substance 1971). Höfð voru og til hliðsjónar norræn lög við samningu þessa frumvarps, ekki síst dönsk lög.

Á 8. áratugnum jókst neysla svokallaðra ávana- og fíkniefna verulega og fól í sér mikinn vanda fyrir þjóðfélagið og einstaklinga. Vísindalegar rannsóknir höfðu þá fært mönnum heim sanninn um skaðvæni þessara efna, ekki síst meðal ungmenna sem í auknum mæli urðu fíkniefnaneyslu að bráð. Þá þegar hafði varsla fíkni- og ávanaefna, afhending og hvers konar meðferð verið lýst refsiverð vegna þeirrar hættu sem var samfara neyslu efnanna og vegna þess að margvísleg afbrot tengdust neyslu þeirra.

Magnús Kjartansson, þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, mælti fyrir frumvarpi til laga um ávana- og fíkniefni á 94. löggjafarþingi 1974 og var frumvarpið samþykkt sem lög 21. maí 1974, sbr. lög nr. 65/1974. Felldu þau úr gildi lög nr. 77/1970, um tilbúning og verslun á ópíum o.fl. Með lögunum var í fyrsta sinn hér á landi sett heilleg löggjöf um ávana- og fíkniefni. Þess ber þó að geta að í ýmsum lögum, svo sem umferðarlögum, loftferðalögum og lögum um ölvaða menn og drykkjusjúka er getið um æsandi og deyfandi lyf og misnotkun á öðrum slævandi og örvandi efnum en áfengi og í IV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum, er rætt um notkun áfengis og deyfilyfja (57. gr., sbr. og 17. gr.). Sama er að segja um lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, og lyfjalög, nr. 108/1984.

Mikið hefur verið um alþjóðlegt samstarf um ávana- og fíkniefni og lyf. Áður hefur verið drepið á ópíumsamþykktina sem gerð var í Haag 1912. Önnur ópíumsamþykkt var gerð í Genf 1925 og hin þriðja 1931. Sameinuðu þjóðirnar hafa látið sig þessi mál miklu skipta, sbr. áðurnefnda alþjóðasáttmála frá 1961 og 1971. Samkvæmt sáttmálanum 1961 er hverju aðildarríki skylt að hafa eftirlit með og takmarka framleiðslu og viðskipti með þau efni sem samningurinn tekur til, en þau eru miklu fleiri en í eldri ópíumsamþykktum. Enn fremur er aðildarríkjunum gert skylt að setja lög er mæla svo fyrir að þessi efni verði aðeins afhent einstaklingum gegn lyfseðli og enn fremur er þátttökuríkjum gert

skylt að leggja refsingu við vörslu, kaupum og sölu efna þessara. Eiga alvarleg brot að sæta fangelsi eða annars konar refsivist. Hömlur á meðferð efna þeirra, sem samningurinn tekur til, eru mismiklar og er efnum skipt þar í fjóra flokka í því sambandi. Ísland gerðist aðili að þessum samningi og skuldbatt sig þar með til þess að setja löggjöf um þessi mál.

Árið 1971 var gerður nýr samningur, svokallaður Vínarsáttmáli, og nær hann til annarra efna og lyfja sem samningurinn frá 1961 tekur ekki til, svo sem ýmissa samtengdra efna sem hætta stafar af, ofskynjunarefni, amfetamín, svefnlyf (barbítúröt) og róandi lyf. Í honum eru ákvæði um fjóra flokka efna og lyfja sem háð eru mismunandi ströngu eftirliti. Í fyrsta flokki er t.d. LSD og er þar nánast lagt algjört bann við því að það fyrirfinnist innan forráðasvæða aðildarríkja. Í öðrum flokki eru amfetamínsefni og eru þau háð ströngu eftirliti. Í þriðja flokki eru svefnlyf og í fjórða flokki ýmis róandi lyf og er aðildarríkjunum einkum lögð sú skylda á herðar að hafa virkt eftirlit með dreifingu þeirra og sumpart útflutningi. Þetta eftirlit hefur verið sett á með lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, og læknalögum, nr. 53/1988, og eru eftirlitsaðilar hér á landi Lyfjaeftirlit ríkisins og landlæknir.

Auk þess hafa Evrópuráðið og Norðurlandaráð gert margar samþykktir um þessi mál.

3. Gildandi lög og reglugerðir um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir.

Gildandi lagaákvæði um áfengisvarnir er að finna í áfengislögum, nr. 12/1969, með síðari breytingum. Segja má að áfengislögin séu sett að meginstofni til sem áfengisvarnalög. Þannig þjónar einkasala ríkisins fyrst og fremst því takmarki að sporna við misnotkun áfengis, en tilgangur laganna er að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli sem henni er samfara. Til að stuðla að þessu eru sett í lögin ákvæði sem kveða á um einkasölu ríkisins á áfengi, enda lenda flest fjárhagsleg skakkaföll af völdum áfengis á ríkissjóði í ýmiss konar formi, m.a. sjúkrahúsakostnaði. Hefur því verið talið óeðlilegt að aðrir gætu hagnast á sölu áfengis. Í lögunum er einnig að finna ákvæði er takmarka tilbúning, sölu og veitingar áfengis, kveðið á um meðferð áfengis, ölvun og refsingar auk áfengisvarna, en um áfengisvarnir er sérstaklega fjallað í VII. kafla laganna.

Ekki hafa verið gerðar verulegar breytingar á lögunum frá 1969 nema hvað snertir leyfi til innflutnings, framleiðslu og sölu á áfengu öli, sbr. breytingu nr. 38/1988. Eftir tilkomu sérstaks heilbrigðisráðuneytis, sem tók til starfa 1. janúar 1970, hefur áfengisvarnaþátturinn hins vegar verið færður frá dómsmálaráðuneytinu yfir til þess.

Samkvæmt lögunum skipar ríkisstjórnin sérstakan áfengisvarnaráðunaut sér til aðstoðar að fengnum tillögum stjórna þeirra bindindisfélaga sem styrkja njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

Áfengisvarnaráð starfar samkvæmt lögunum skipað fimm mönnum. Áfengisvarnaráðunautur er sjálfkjörinn formaður, en hinir fjórir eru kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Kostnaður ráðsins greiðist úr ríkissjóði. Kveðið er á um að áfengisvarnaráð skuli hafa skrifstofu í Reykjavík og áfengisvarnaráðunautur veiti henni forstöðu. Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn áfengisvarna í landinu. Hlutverk áfengisvarnaráðs er að stuðla að bindindissemi, vinna gegn neyslu áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyslu. Gætir hér tvískinnungs sem svo oft í áfengismálum hér á landi þar sem annars vegar er heimiluð áfengisverslun en síðan er ákveðnum aðilum falið að vinna gegn sölunni.

Eitt aðalhlutverk áfengisvarnaráðs er að hafa yfirumsjón með áfengisvarnanefndum sveitarfélaganna, samræma störf þeirra og leiðbeina. Mörg önnur atriði mætti nefna, t.d. skal leita til ráðsins varðandi verðlagningu, en misbrestur hefur orðið á því.

Áfengisvarnir eru ekki einkamál ríkisins heldur og á verkefnaskrá sveitarfélaganna. Á þennan hátt ríkir blandað kerfi, en skyldur sveitarfélaganna felast í kosningu áfengisvarnanefnda sem eru ráðgefandi nefndir um bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, áfengisvarnaráð, ríkisstjórn og aðra hlutaðeigandi aðila. Nefndirnar skulu skipaðar frá þremur til sjö mönnum en í Reykjavík níu. Ráðherra skipar formann að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, en aðrir nefndarmenn eru kosnir af sveitarstjórnum. Skipunartími er fjögur ár.

Heilbrigðismálaráðherra getur falið félagsmálaráðum sveitarstjórna að nokkru eða öllu leyti störf áfengisvarnanefnda og ákveðið starfssvið nefndanna með reglugerð. Þessi heimild hefur verið nýtt víða. Heilbrigðisráðuneytið tók þá ákvörðun, þegar sett hafði verið á stofn nefnd til að vinna að áfengisvarnalögum, að veita ekki slíkar heimildir meðan á því verki stæði þar sem ætlunin væri að leggja til aðra stefnu en gilt hefur.

Núgildandi reglugerð um áfengisvarnanefndir er reglugerð nr. 595/1982. Þótt nefndirnar séu fyrst og fremst ráðgefandi eru lagðar á þær ákveðnar skyldur í reglugerðinni, m.a. um þau ráð sem skulu efla bindindi.

Til þess að vinna störf sín njóta nefndirnar verndar lögreglu og annarra yfirvalda sé þess þörf. Þannig er beinlínis gert ráð fyrir beinum afskiptum nefndanna og snertir þetta ekki síst afskipti af heimilum drykkjumanna til þess að vernda fjölskyldur þeirra, sbr. 5. gr. Nefndunum er sérstaklega falið að fylgjast með vínveitingaleyfum og ber að leita álits nefndanna áður en ákvörðun er tekin um slíkt. Ein er sú skylda sem hvílir á nefndunum, en hún er sú að útvega ofdrykkjumönnum og drykkjusjúklingum hæli og hjúkrun til þess að venja þá af áfengisneyslu sé um að ræða vandræðamenn eða ósjálfbjarga sökum drykkjuskapar. Ekki geta þó nefndirnar þvingað menn í meðferð því til þess þarf atbeina annarra og sviptingu persónuréttinda í samræmi við lögræðislög, nr. 68/1984.

Þótt ákvæði um störf áfengisvarnanefnda séu tiltölulega skýr hefur þeim ekki verið fylgt sem skyldi þannig að störf nefndanna hafa meira færst yfir á starfsfólk heilbrigðis- og félagsþjónustu svo og lögreglu. Um er að ræða nefndir í hverju sveitarfélagi eða um 200 nefndir í landinu.

Með tilkomu áfengs öls, sem leyft var að selja hér á landi frá 1. mars 1989, reyndist nauðsynlegt að setja sérstaka reglugerð um bann við áfengisauglýsingum, sbr. reglugerð nr. 62/1989, með breytingu nr. 317/1991. Þar er ítrekað bannákvæði í 16. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, og reynt að skilgreina hvað átt sé við með auglýsingu. Er reglugerðin eins og henni var breytt með reglugerð nr. 317/1991 svipuð ákvæðum lagafrumvarpsins um bann við áfengisauglýsingum. Ástæðan fyrir því að grípa þurfti til sérstakrar reglugerðarsetningar með tilkomu bjórsins var sú að margir bjórframleiðendur framleiða enn fremur drykki sem ekki falla undir hugtakið áfengi samkvæmt áfengislögum. Var því nauðsynlegt að skýrt kæmi fram í hvaða tilvikum væri hægt að nota firmamerki eða firmanafn í tengslum við auglýsingar óáfengra drykkja þannig að augljóst væri að um óáfenga drykki væri að ræða í skilningi áfengislaga. Hefur tekist nokkuð vel til um framkvæmdina en að mati fróðra manna, svo sem lögreglustjórans í Reykjavík, er æskilegt að lögfesta ákvæði reglugerðarinnar og er það lagt til í lagafrumvarpinu.

Gildandi lög um önnur vímuefni en áfengi eru fyrst og fremst lög nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, ásamt síðari breytingum nr. 60/1980, nr. 75/1982 og nr. 13/1985. Í lögunum er ríkisstjórn Íslands fyrir Íslands hönd heimilað að gerast aðili að alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni og ákveðið að hugtakið ávana- og fíkniefni taki einnig til ávana- og fíknilyfja. Í lögunum er kveðið á um það að varsla og meðferð ávana- og fíkniefna, eins og þau eru skilgreind í 6. gr. laganna, séu óheimil á íslensku yfirráðasvæði og að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sé heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð að varsla og meðferð annarra ávana- og fíkniefna, sem sérstaklega mikil hætta stafar af samkvæmt alþjóðasamningum, sé með sama hætti óheimil. Innflutningur, útflutning-

ur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla þessara efna er bönnuð, en þó getur ráðherra veitt undanþágur í sérstökum tilvikum.

Enn fremur er ráðherra heimilt að ákveða í reglugerð að efni, sem ekki falla undir 2. gr. laganna, en geta haft hættu í för með sér vegna eiginleika þeirra sem ávana- og fíkniefni og eru skráð sem slík í alþjóðasamningum, megi aðeins nota hér á landi í læknisfræðilegum og vísindalegum tilgangi. Sama gildir um efni sem vísindalegar rannsóknir benda til að haft geti slíka hættu í för með sér.

Brot gegn lögunum og reglugerðum svo og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi í allt að sex ár, sbr. breytingu nr. 13/1985. Í lögunum er að finna ákvæði um upptöku efna.

Samkvæmt 6. gr. laganna falla eftirtalin efni undir lögin:

Asetorfín, Desómorfín, DET, DMHP, DMT, Etorfín, Heróín, Kannabis (maríjúana), Kannabisharpeis, Ketóbemídón, Lýsergíd (LSD, LSD-25), Meskalín (Peyote), Parahexýl, Psílosíne, Psílotsín, Psílocybin, STD, DOM, Tetrahýdrókannabínólar og allir ísómerar.

Eins og áður segir er heilbrigðisráðherra heimilt með reglugerð að kveða nánar á um þessi efni, sbr. reglugerð nr. 16/1986, um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna. Þar eru m.a. talin upp þau efni, sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði merkt sérstaklega í reglugerðinni undir stafnum B, svo og efni sem talin eru upp á fylgiskjölum í alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni 1961 (Haag-samningnum) og Vínarsamningnum frá 1971. Breyting var gerð á reglugerðinni með reglugerð nr. 177/1986, en þá var bætt inn nokkrum efnum og aftur með reglugerðum nr. 455/1986, nr. 110/1987, 445/1987, 488/1987, 483/1988, 221/1989 og 335/1990. Enn fremur má benda á auglýsingu nr. 293/1978 um takmarkanir á ávísun lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf sem þar eru talin upp, en landlækni er heimilt að veita undanþágu fyrir sjúklinga til notkunar á tilteknum lyfjum, enda liggi fyrir rökstuðningur læknis. Landlæknir gefur út leyfi til tiltekins tíma, allt að fimm árum, í formi lyfjakorts. Með auglýsingu nr. 314/1981 er kveðið á um bann við vörslu og meðferð ávana- og fíkniefnanna kókaíns og salta kókaíns og hvers konar samsetninga með ákveðnum undantekningum í læknisfræðilegum tilgangi eftir lyfjaávísun læknis.

Með auglýsingu nr. 84/1986 er kveðið á um takmarkanir á ávísun lækna á amfetamín og fleiri lyf í stað reglugerðar nr. 293/1978 með það fyrir augum að auðvelda framkvæmd undanþágu um leið og þær eru takmarkaðar. Sem áður veitir landlæknir leyfi til tiltekins tíma.

Með lögum nr. 52/1973 er kveðið á um sérstakan dómara og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum, þ.e. stofnað til sérstaks dóms sem fjallar um öll brot á lögum um ávana- og fíkniefni eða notkun ávana- og fíkniefna annarra en áfengi.

4. Breytingar á neyslu áfengis og annarra vímuefna á síðustu árum.

Helstu vísbendingar um heildaráfengisneyslu Íslendinga eru innflutningsskýrslur og söluskýrslur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þær eru samanburðarhæfar milli ára. Slíkar upplýsingar gefa þó takmarkaða mynd af neyslunni, t.d. ná skýrslurnar ekki yfir óskráða áfengisneyslu í landinu. Á rannsóknastofu geðdeildar Landspítala hafa verið gerðar kannanir á áfengisneyslu og neysluvenjum fullorðins fólks á Íslandi á þriðja áratug. Niðurstöðurnar byggja m.a. á slembiúrtaki íbúa í þjóðskrá sem svara skriflegum spurningum um neyslu sína og venjur. Fjöldi ofneytenda, sem koma til meðferðar vegna áfengissýki eða áfengistengdra slysa og sjúkdóma, er ótryggur mælikvarði á áfengisneyslu. Ýmsir aðilar hafa framkvæmt nokkrar kannanir á notkun annarra vímuefna en áfengis meðal unglinga.

Eins og áður segir er opinber áfengissala á hvert mannsbarn einn algengasti og traustasti mælikvarði á áfengisneyslu þjóðar. Með því að bera saman milli ára verður ljóst hvort um aukningu eða minnkun neyslu er að ræða. Gjarnan er þá borið saman við þróun á öðrum Norðurlöndum.

Eftirfarandi tafla gefur hugmynd um neysluþróun á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum síðustu 25 árin (13).

Tafla 1.

Sala áfengra drykkja í lítrum hreins vínanda á hvern einstakling 1966–1989.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1966	5.30	2.50	2.31	2.86	4.80
1970	6.62	4.30	2.49	3.51	5.67
1975	9.09	6.19	2.85	4.34	6.04
1980	9.18	6.31	3.14	4.59	5.42
1985	9.86	6.46	3.26	4.10	4.96
1989	9.43	7.60	4.13	4.03	5.38

Heimild: Norræna tölfræðiárbókin.

Áfengissala virðist töluvert fylgja breytingum á kaupmætti launafólks. Skyndilegt framboð nýrra áfengistegunda, t.d. áfengs öls, og fjölgun áfengissölustaða og vínveitingahúsa hafa þó einnig áhrif til aukningar á áfengisneyslu.

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR fór árin 1981 og 1982 87,2% áfengissölunnar um útsölustaði einkasölunnar, 12,5% um vínveitingahúsin, 0,3% til veitinga stjórnvalda og erlendra sendiráða. Hlutföll höfðu lítið breyst frá árinu 1973. Til frádráttar reiknuðum sölutölum ÁTVR á hvern Íslending koma áfengiskaup og neysla erlendra gesta á Íslandi, en áfengiskaup og neysla Íslendinga á ferðum erlendis vega trúlega þar á móti. Eftir mikla fjölgun vínveitingahúsa á síðasta áratug hefur hlutdeild þeirra í áfengissölunni aukist í 20%. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir fjölgun vínveitingastaða á landinu síðustu fjóra áratugi:

Mynd I.

Skráð sala áfengis á íbúa 15 ára og eldri 1901-1990 og áætlun til ársins 2000 eftir mismunandi stefnumótun



Tómas Helgason 1991

Tafla 2.

Fjöldi veitingahúsa með vínveitingaleyfi á Íslandi 1950–1990 og fjöldi íbúa 15 ára og eldri á hvert leyfi.

Ár	Reykjavík	Utan Reykjavíkur	Fjöldi íbúa 15 ára og eldri á hvert vínveitingaleyfi
1950	1	0	100.000
1960	5	1	19.000
1970	14	7	7.000
1980	22	15	5.000
1985	45	47	2.000
1990	91	115	1.100

Heimild: Tómas Helgason.

Eins og sjá má hefur vínveitingaleyfum fjölgað 200-falt síðustu 40 árin. Mest fjölgun varð á síðasta áratug. Til viðbótar koma vínveitingaleyfi til einkasamkvæma ýmissa félagasamtaka sem ekkert yfirlit finnst yfir. Útsölustöðum ÁTVR hefur einnig fjölgað á síðustu áratugum en í miklu minna mæli en vínveitingaleyfum. Útsölustaðirnir eru nú 20 talsins á landinu, þar af fimm innan marka Reykjavíkur.

Lítið er vitað um óskráða neyslu á Íslandi, en árið 1975 áætlaði Bjarni Þjóðleifsson læknir heimabrugg landsmanna svara til 0,8 lítra af hreinum vínanda á hvern íbúa árlega (12). Þetta er svipað og Norðmenn áætla og gæti enn þá verið nærri lagi hérlendis þar sem engar meiri háttar breytingar hafa orðið á verðlagi áfengis miðað við kaupmátt síðan 1975. Innflutt tollfrjálst áfengi mun á árinu 1984 hafa numið um 0,6 lítra hreins vínanda á hvern landsbúa 15 ára og eldri en smyglað áfengi 0,2 vínandalítra samkvæmt niðurstöðum Ásu Guðmundsdóttur sálfræðings á geðdeild Landspítala (64).

Sýnt hefur verið fram á víða um lönd að hækkun áfengisverðs umfram kaupmátt launafólks dregur úr áfengisneyslu fólks. Þetta á einnig við um stórneytendur áfengis. Sömu lögmál virðast því að mestu gilda um áfengi og um aðrar neysluvörur.

Ætla má af könnunum á Norðurlöndum að sá tíundi hluti fullorðinna áfengisneytenda, sem að jafnaði innbyrðir mest áfengi, taki til sín um það bil helming af áfengissölunni. Í þessum hópi eru að sjálfsögðu þeir sem mest er hætt við heilsutjóni af völdum áfengis. Vert er að benda á það í þessu samhengi sem fáum mun kunnugt að áfengistjón er nokkru meira meðal þeirra 90 af hundraði sem teljast „hófdrykkjumenn“ vegna þess hve margir þeir eru, þrátt fyrir að líkur hvers einstaks „hófdrykkjumanns“ til að hljóta áfengistjón séu margfalt minni en ofdrykkjumannsins (30).

Rannsóknir benda til að tvöföldun á heildarneyslu áfengis í þjóðfélaginu leiði til fjórföldunar á fjölda ofdrykkjumanna og fjórföldunar heilsutjóns af völdum neyslunnar.

Kannanir sýna að síðustu tvo áratugi hefur áfengisneysla íslenskra barna og unglinga aukist jafnt og þétt. Upphafsaldur áfengisneyslu hefur færst niður um mörg ár. Aukningin hefur mest orðið hjá stúlkubörnum (12, 15).

Veruleg aukning hefur orðið á fjölda innlagna á meðferðarstofnanir á Íslandi vegna misnotkunar áfengis og annarra vímuefna (54). Þetta tengist stórauknu framboði á meðferðarúrræðum og meðferðarplássum. Á 11 ára tímabilinu 1975–1985 fjórfaldaðist fjöldi innlagna af þessum sökum og fjöldi þeirra sem komu í fyrsta sinn til meðferðar þrefaldaðist. Í árslok árið 1985 höfðu 3,6 af hundraði fullorðinna Íslendinga verið lagðir inn á

stofnun a.m.k. einu sinni á ævinni vegna misnotkunar áfengis eða annarra vímuefna. Konum, yngra fólki og þeim sem voru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins fjölgaði hlutfallslega í hópi þeirra sem leituðu sér meðferðar vegna misnotkunar áfengis eða annarra vímuefna á þessu tímabili. Við athugun á aldurshópnum 40–49 ára árið 1985 fannst að 9,8% íslenskra karla á þessum aldri höfðu hlotið meðferð við áfengis- og vímuefnasýki, en aðeins 3,1% kvenna.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjölda þeirra einstaklinga sem fengu áfengisgreiningu og aðra fíkniefnagreiningu á öllum geðdeildum Landspítala árin 1980, 1985 og 1990 (2):

Tafla 3.

Áfengisgreiningar og aðrar fíkniefnagreiningar innlagðra sjúklinga á geðdeild Landspítala eftir kynjum.

	1980		1985		1990	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Áfengi	508	125	538	130	482	150
Önnur fíkniefni	111	52	171	88	249	92
þar af						
Róandi lyf	70	37	14	19	84	40
Kannabis	11	6	14	3	26	5
Amfetamín	7	5	23	13	34	4
Morfín	2	0	2	3	2	5
Kókaín	3	0	5	0	7	0
LSD	2	1	2	1	5	0
Mörg efni	0	0	64	19	65	26
Annað/ótilgr.	16	3	47	30	26	12

Á þessu árabili lögðust sífellt yngri einstaklingar inn á geðdeild Landspítala til meðferðar vegna fíkniefnaneyslu. Athygli vakti að konur voru mun fleiri en karlar í aldurshópnum 20 ára og yngri árið 1985.

Mynd II

Innlagnir vegna misnotkunar áfengis og annarra vímuefna 1976-1990



Tómas Helgason 1991

Þingskjal 804

4923

Mynd III

Nýgengi drykkjusýki og áfengismisnotkunar borið saman við áfengissölu á Íslandi 1951-1990



Fyrstu athuganir á áhrifum þess að leyfð var sala áfengs öls á Íslandi í mars 1989 benda til verulegrar aukningar á heildaráfengisneyslu unglinga og einnig á aukna tíðni ölvunar meðal unglinga (17). Lögleiðing bjórsins virðist einnig hafa aukið mikið áfengisneyslu fullorðinna karlmanna (18, 22).

Á 36. allsherjarþingi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 1983 var Ísland meðal þeirra þjóða sem samþykktu að vinna að því að draga úr framboði á áfengi og eftirspurn eftir áfengi vegna þess gífurlega heilsutjóns sem af neyslunni leiðir. Þjóðir Evrópusvæðisins samþykktu síðan árið 1985 áætlun um heilbrigði fyrir alla árið 2000. Studdi Ísland og gekkst undir tilmæli um að stefna að fjórðungsminnkun áfengisneyslu fram að árinu 2000. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni árið 1991 tókst 14 af 23 Evrópuþjóðum að minnka áfengisneysluna jafnt og þétt á árabilinu 1980–88. Á sama árabili varð samfelld aukning á áfengisneyslu með sex þjóðum og voru Íslendingar þar á meðal. Með fjórum þjóðum dró mjög úr áfengisneyslu í byrjun en hún byrjaði síðan að aukast aftur. Með þremur þjóðum varð nokkur aukning áfengisneyslu árin 1980–86 en stóð í stað eða minnkaði árin 1986–88.

Kannanir á neyslu ólöglegra vímuefna leiða í ljós að neytendur efnanna viðurkenna neyslu sína ekki síður en neytendur áfengis. Staðfest var með könnunum að á áttunda áratugnum varð veruleg aukning á notkun kannabisefna meðal skólanemenda 15 ára og eldri. Niðurstöður bentu þó til þess að kannabisneysla flestra væri tímabundin og að flestir sem höfðu prófað neyttu efnisins aðeins einu sinni eða tvisvar. (12, 15, 16).

Landlæknisembættið kannaði vímuefnaneyslu framhaldsskólanema um allt land árin 1984, 1986 og 1989 (46). Í síðustu könnuninni reyndist áfengisneysla enn vera ríkjandi og aukin frá síðustu könnun. Færri unglingar 15–19 ára höfðu neytt kannabisefna 1989 en 1986, en samt virtist um 1% skólaunglinga á þessum aldri neyta kannabis vikulega eða oftar.

Að frumkvæði landlæknis var nýlega safnað í einn stað tölulegum upplýsingum frá ýmsum aðilum um ungt fólk í vímuefnavanda (46). Þessar upplýsingar voru m.a. lagðar fram:

— Árið 1989 nutu 112 unglingar göngudeildarþjónustu Unglingaheimilis ríkisins í Reykjavík. Um 43% þeirra neyttu annarra vímuefna en áfengis í töluverðum mæli. 17% notuðu hass.
— Til Rauða kross hússins í Reykjavík leituðu 63 unglingar í 96 skipti árið 1989. Meðalaldur 16–17 ár. Af þeim áttu 35% við mikla vímuefnaneyslu að stríða og flestir þeirra neyttu kannabisefna daglega.
— Til útideildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkur leituðu árið 1989 72 unglingar á aldrinum 13–23 ára vegna umtalsverðrar fíkniefnaneyslu.
— Meðal unglinga sem leita aðstoðar félagasamtaka og félagsmálastofnana ber mest á þeim sem 1) búa við erfiðar heimilisástæður 2) hafa horfið frá grunnskólanámi 3) eru atvinnulausir. Ofnotkun áfengis og notkun annarra vímuefna er til muna algengari á heimilum þeirra unglinga sem síðar eiga við vímuefnavanda að stríða en þeirra sem ekki lenda í slíkum vandræðum.
— Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík hafði árið 1989 afskipti af 206 ungmennum á aldrinum 15–25 ára vegna fíkniefnaneyslu. Árið áður voru höfð afskipti af 261 ungmenni. Vímuefni tengdust mestum hluta afbrota þessara ungmenna.
— Fangelsismálastofnun ríkisins upplýsir að fjöldi 15–21 árs gamalla pilta í fangavist vegna fíkniefnabrota hafi verið 9 árið 1979, 40 árið 1984 og 25 árið 1989.
— Árið 1989 voru 233 unglingar á aldrinum 15–21 árs með ákærufrestun. Flestir þeirra neyttu áfengis og um 10% þeirra neyttu ólöglegra vímuefna. Um 85% hópsins voru piltar.
— Árið 1987 vistuðust á Vogi (SÁÁ) vegna ofneyslu áfengis og annarra vímuefna 331

einstaklingur 25 ára og yngri, 30% stúlkur. Af þeim 500 sem voru yngri en 30 ára notuðu 40% kannabis, 20% amfetamín og 16% höfðu sprautað vímuefnum í æð.

Þótt gert sé ráð fyrir að sömu einstaklingar komi fyrir í fleiri en einum framangreindra hópa ungmenna er ljóst að þau skipta ekki aðeins tugum heldur hundruðum.

Aðeins nokkur hluti þeirra sem nota ólögleg fíkniefni koma til meðferðar. Á síðustu árum virðist hafa dregið úr fjölda þeirra sem leggjast þurfa inn vegna misnotkunar á kannabisefnum og amfetamíni, og gæti það bent til að heildarneyslan hafi farið minnkandi eða staðið í stað. Samkvæmt upplýsingum yfirlæknis hjá SÁÁ á Vogi lögðust 255 stórneytendur kannabisefna inn á stofnunina 1984 eða 18,8 af hundraði innlagðra sjúklinga, en árið 1990 lögðust inn 217 vegna kannabisneyslu, eða 14,3% innlagðra sjúklinga. Innlagðir stórneytendur amfetamíns voru 217 eða 14,5 af hundraði innlagðra sjúklinga árið 1985, en árið 1990 var fjöldi innlagðra amfetamínneytenda kominn niður í 122 einstaklinga eða 8,1 af hundraði innlagðra sjúklinga.

Þegar leitað er áhættuhópa meðal neytenda vímuefna er gagnlegt að hafa til hliðsjónar niðurstöður rannsókna á neyslu og breytingum á neysluvenjum aldurshópa, búsetuhópa og ýmissa þjóðfélagshópa, svo sem starfstétta (21, 22, 23).

5. Skaðsemi af áfengisdrykkju og neyslu annarra vímuefna.

Vímuefni eru efni sem verka þannig á miðtaugakerfi manns að hann finnur til vellíðunar og ánægjukenndar skömmu eftir inntöku án raunverulegs ytra tilefnis. Einstaklingsbundið er hve stóra skammta þarf til að komast í vímu. Við áframhaldandi inntöku vímuefna geta menn vanist á að nota þau óhæfilega svo oft og lengi að heilsu þeirra er stefnt í voða. Sjúkleg fíkn myndast og gagnvart mörgum efnanna myndar líkaminn þol. Fráhvarfseinkenni eða vanlíðan eftir að vímuáhrifin þverra verða sífellt óbærilegri. Nikótín er dæmi um fíkniefni sem ekki flokkast undir vímuefni.

Vímuefnum má skipta gróft í fjóra flokka:

1. Vínanda.
2. Lífræn leysiefni (sniffefni).
3. Ávanalyf.
4. Ólögleg fíkniefni.

Vínandi er langmest notaða vímuefnið í öllum aldurshópum hér á landi, enda er hann eina efnið sem er löglegt að kaupa og nota üli þessu skyni, þó með þeim takmörkunum sem áfengislög kveða á um.

Um heilsutjón og félagslegt tjón af völdum vímuefnaneyslu liggur fyrir umfangsmikil vitneskja. Það sem hér birtist er aðeins stutt ágrip.

Eftirfarandi flokkun á tjóni af völdum vímuefna er aðallega miðuð við áfengi þar sem það er helsti tjónvaldurinn meðal vímuefna í vestrænum samfélögum.

Tjón vegna ölvunar:

Afleiðingar minni verkhæfni: meiðsli og slys, drukknanir, kal, bruni, minnkuð andleg geta og kyngeta og bráðar áfengiseitranir.

Afleiðingar breyttrar hegðunar ölvaðs manns: Deilur, ofbeldi, misþyrmingar, manndráp, sjálfsvígstilraunir og sjálfsvíg, skemmdarverk, kynsjúkdómar, ótímabærar þunganir og íkveikjur.

Tjón af völdum langvarandi neyslu:
— Í nokkrar vikur og mánuði: fósturskemmdir.
— Árum saman: lifrarskemmdir, meltingartruflanir, briskirtilsbólga, úttaugabólgur, bráð geðveiki, t.d. delirium tremens, og almennt aukin hætta á sjúkdómum. Félagsleg áhrif langvarandi neyslu eru m.a. rofin tengsl og fjölskyldubönd neytandans, innganga hans í samfélag misnotenda og árekstrar við samfélagið í heild.

Vínandi (etyl-alkóhól) er frumueitur og í nægjanlega háum skömmtum truflar hann eða spillir allri líkamsstarfssemi. Hættumörk gagnvart líffæraskaða hafa verið talin við meðalneyslu 30–40 g hreins vínanda á dag fyrir karlmenn, en 15–20 g á dag fyrir konur (31). Þessi mörk hafa þó lítið hagnýtt gildi fyrir einstaklinga, þar sem einstaklingsbundinn breytileiki er mikill hvað þetta varðar. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að áfengi veldur tjóni á nánast öllum líffærum, ekki aðeins á lifur, briskirtli og miðtaugakerfi. Það á hlutdeild í meltingarfærasjúkdómum, bæði bólgusjúkdómum og krabbameini, einnig í blóðþrýstingssjúkdómum og öðrum hjarta- og æðasjúkdómum. Það er samhengi milli mikillar áfengisneyslu og sjúkdóma í öndunarfærum, bæði bráðum og langvarandi. Truflun á hormónastarfsemi er ekki óalgeng og veruleg áfengisneysla dregur úr kynhvöt og frjósemi karlmanna. Svefntruflanir eru mjög algengt einkenni þeirra sem neyta áfengis um of, enn fremur höfuðverkur og einbeitingarerfiðleikar. Sérlega mikilvæg eru þau líkindi sem eru þekkt á því að áfengi, sem þunguð kona drekkur, geti valdið fóstrinu tjóni. Allmörg nýfædd börn eru vansköpuð af völdum áfengisneyslu móðurinnar. Í Bandaríkjunum er áfengissköddun fósturs talin þriðja algengasta skýring á andlegri þroskaskerðingu barna, næst á eftir „mongólisma“ og klofnum hrygg (44).

Líkamstjón af völdum langvarandi áfengisneyslu er algengast meðal stórneytenda. Sem dæmi má nefna að hætti sá eini hundraðshluti íbúa, sem mest drekkur, áfengisneyslu mundu áfengistengdir líkamssjúkdómar verða fátíðari sem næmi 80–90 af hundraði (31). Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að heilsutjón hlýst oft af skammvinnu ölvunarástandi fólks sem annars notar frekar lítið áfengi (á ársgrundvelli). Heilsutjón í þessu samhengi er oftast af völdum slysa, en skammvinn neysla áfengis getur einnig valdið tjóni á líffærum. Slysadauði ölvaðs fólks, sem annars telst ekki vera stórneytendur áfengis, reynist vera umtalsverður hluti af ótímabærum áfengistengdum dauðsföllum. Slysahætta í umferð margfaldast í hlutfalli við aukið vínandamagn í blóði ökumanna. Við athugun á dánartíðni í umferð og seldu áfengismagni meðal 19 vestrænna þjóða 1983 kom í ljós að því minni sem heildaráfengissalan er þeim mun lægri er dánartíðni í umferðinni. Athugun á dauðaslysum í umferð vegna ölvunar og fjölda handtaka ökumanna vegna ölvunar á Norðurlöndum 1984 leiddi í ljós að eftir því sem tiltölulega fleiri eru handteknir vegna ölvunaraksturs virðast dauðaslys vera færri. Athugun á fjölda handtekinna vegna ölvunaraksturs miðað við 100 milljón ekna kílómetra meðal 12 vestrænna þjóða 1985 leiddi í ljós að fjöldinn var mestur á Íslandi, trúlega að hluta vegna öflugs lögreglueftirlits. Dánartíðni í umferðinni miðað við fjölda ekinna kílómetra meðal 18 vestrænna þjóða reyndist einna lægst á Íslandi (38). Árabilið 1974–1989 voru að meðaltali tæplega 2500 ökumenn kærðir árlega hér á landi fyrir meinta ölvun við akstur (35).

Eftirfarandi tafla, sem byggir á upplýsingum frá Umferðarráði, sýnir hlutfall áfengistengdra dauðaslysa í umferðinni á Íslandi:

Tafla 4.

Áfengistengd dauðaslys í umferð á landi 1985–1990.

Ár	Heildarfjöldi látinna í umferðarslysum	Látnir í áfengistengdum umferðarslysum	Hlutfall áfengistengdra dauðaslysa í umferðinni
1985	24	6	25,0%
1986	24	2	8,3%
1987	24	5	20,8%
1988	29	4	13,8%
1989	28	5	17,8%
1990	24	7	29,2%
1985–1990	153	29	18,9%

Á Íslandi, eins og annars staðar á Norðurlöndum, eru öll áfengistengd slys meiri tjónvaldur en áfengissjúkdómar. Þessu er öfugt farið í vínræktarlöndum Suður-Evrópu.

Í ráði er að bæta skráningu allra áfengistengdra slysa á slysadeild Borgarspítala í Reykjavík, en þangað koma flestir alvarlega slasaðir frá öllu landinu.

Upplýsingar liggja fyrir frá árunum 1976 og 1980 um áfengistengd umferðarslys á Íslandi. Á fyrra árinu voru 14 af hundraði slysa með meiðslum tengd áfengi en 18 af hundraði árið 1980. Áfengistengd dauðaslys í umferðinni voru 11 af hundraði 1976 en 25 af hundraði 1980 (34). Þáttur annarra vímuefna en áfengis í umferðarslysum er lítill.

Samkvæmt opinberum íslenskum yfirlitsskýrslum um dánarmein eru að jafnaði á hverju ári aðeins um sex dauðsföll rakin beint til áfengisneyslu. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda skráðra dauðsfalla á Íslandi af völdum áfengissjúkdóma og áfengiseitrunar síðustu fimm árin.

Tafla 5.

Látnir af völdum áfengis sem meginástæðu sjúkdóma og eitrunar á Íslandi 1986–1990.

Dánarorsök (ICD IX)	1986	1987	1988	1989	1990
1. Áfengisgeðveiki (291)	0	1	0	0	0
2. Áfengissýki (303) og áfengismisnotkun (305,0)	2	0	1	3	0
3. Áfengishjartasjd. (425,5)	0	1	0	0	1
4. Áfengismagabólga (535.3)	0	0	0	0	0
5. Áfengislifrarsjúkdómur (571.0–571.3)	0	1	0	0	1
6. Áfengiseitrun (790.3 ; 980)	2	5	7	2	4
Samtals	4	8	8	5	6
Dánir alls á Íslandi	1598	1724	1818	1715	1704

Til viðbótar koma banvænir sjúkdómar þar sem áfengi er meðal annarra orsakavalda, enn fremur áfengistengd slysadauðsföll, sjálfsvíg og manndráp. Þessi dauðsföll eru ekki skráð vera af völdum áfengis í yfirlitsskýrslum um dánarmein á Íslandi. Hagstofa Íslands hefur upplýst að árið 1988 hafi samkvæmt sérstakri könnun dánarvottorða 39 einstaklingar látist á Íslandi af völdum eigin áfengisneyslu eða annarra, 33 karlar og 6 konur (48).

Alma Þórarinsson læknir bar tíðni dauðsfalla meðal áfengissjúkra karla saman við heildartíðni dauðsfalla á Íslandi árin 1951–74. Helstu niðurstöður voru að dánartíðni meðal áfengissjúkra væri 2,24 sinnum hærri en almennt gerðist í landinu þrátt fyrir fá dauðsföll af völdum skorpulifrar og tiltölulega litla heildarneyslu áfengis í landinu. Helstu dánarorsakir meðal áfengissjúkra reyndust vera slys (35%), hjarta- og æðasjúkdómar (19%), sjálfsvíg (11%) og lungnakrabbamein (6%). Dauðsföll af völdum skorpulifrar og fitulifrar námu aðeins 4% (39).

Í nýlegri bandarískri skýrslu eru áfengistengd dauðsföll þar í landi á árinu 1987 talin vera rúmlega 105 þúsund, eða tæplega 5% af dauðsföllum í Bandaríkjunum. Hlutfall karla og kvenna tveir á móti einum (40, 41). Að baki slíkum útreikningum er ákveðin aðferðafræði þar sem metin er hlutdeild áfengis í dauðsföllum af ýmsum sjúkdómum og slysum auk beinna dauðsfalla af völdum áfengis. Þessi dánartala í Bandaríkjunum svarar til um 100 dauðsfalla á Íslandi á ári. Skráð dauðsföll af völdum áfengis á Íslandi árlega eru þó mun færri, sbr. hér að framan.

Tafla 6.

Dauðsföll af völdum áfengis í Bandaríkjunum 1987.
Hlutfallsskipting helstu flokka dánarmeina eftir kynjum.

	Látnir karlar 70.169	Látnar konur 34.928
1. Áfengi meginorsök sjúkdóms	19.0%	12.4%
2. Áfengistengd slys	29.2%	27.3%
3. Áfengistengd sjálfsvíg og manndráp	19.4%	11.5%
4. Hluti sjúkdóma, þar sem áfengi er meðal orsaka	32.4%	48.8%
Samtals	100.0%	100.0%

Töpuð æviár þeirra sem létust af völdum áfengis í Bandaríkjunum árið 1987, miðað við almennar lífslíkur í Bandaríkjunum, eru reiknuð að meðaltali um 26 ár og er lítill munur milli karla og kvenna (40, 41).

Í eftirfarandi töflu eru teknar saman niðurstöður úr nokkrum norrænum könnunum á tengslum áfengisáhrifa og ýmiss konar slysa (33):

Tafla 7.

Hlutfall slysa á Norðurlöndum þar sem meiddir voru undir áhrifum áfengis.

Gangandi menn	24–53%
Hjólreiðamenn	26–35%
Vélhjólamenn	25–46%
Ökumenn vélsleða	26–86%
Vinnuslys	7–19%
Slys á heimilum	8–40%
Byltur	18–45%

Í Svíþjóð er talið að um það bil einn af hverjum fimm sjúklingum á bráðamóttöku sjúkrahúsa komi þangað af ástæðum tengdum áfengisofnotkun. Þar er einnig talið að um fjórðungur karlmanna sem innlagðir eru á sjúkrahúsdeildir fyrir líkamssjúkdóma séu þar af völdum áfengisofneyslu, en aðeins ein af hverjum tuttugu innlagðra kvenna (30). Við könnun á orsökum innlagna á lyflækningadeild í Ósló 1986 fannst enn hærra hlutfall áfengistengdra sjúkdóma (31).

Heilsutjón af völdum áfengis er ekki ný uppgötvun. Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa í meir en 140 ár varað við skaðsemi áfengra drykkja. Í heimildaskrá hér á eftir er vísað til rita tveggja landlækna, hið fyrra er útgefið 1847 (11). Í hinu síðara frá 1910 er sagt frá athyglisverðri athugun á drykkjuskap embættismanna á Íslandi og afleiðingum hans. Af þeim 300 stúdentum sem útskrifuðust frá Lærða skólanum í Reykjavík árin 1851–1885 urðu 110 ofdrykkjumenn. Af þessum 110 tepptust 27 frá því að komast í fyrirhugaða stöðu, 10 misstu embætti og 2 urðu vitskertir, að sögn allt af völdum drykkjuskapar. Þriðjungur ofdrykkjumannanna var látinn árið 1892, allir á unga aldri (10).

Ekki er vitað með vissu hve mikinn hluta afbrota má rekja til áfengisáhrifa. Tölfræðilegar athuganir í iðnríkjum á norðurhveli benda til að helmingur afbrota séu framin undir áhrifum áfengis. Eftirfarandi tafla er byggð á norskum upplýsingum (33):

Tafla 8.

Hlutdeild áfengis og annarra vímuefna í ofbeldisverkum í Noregi 1976–77.

Ofbeldisverk	Áfengi %	Önnur vímuefni %
Árásir	82	1
Líkamsmeiðingar	81	3
Manndráp	71	0
Rán	79	2
Skemmdarverk	60	1
Hótanir og þvinganir	80	5
Valdbeiting gegn opinberum starfsmönnum	82	1
Íkveikjur af ásettu ráði	62	0
Nauðganir	63	6
Algengustu auðgunarbrot:		
1. Innbrot	46	7
2. Bílaþjófnaðir o.þ.h.	45	2
3. Stórþjófnaðir	39	4
4. Smáþjófnaðir	32	2
Siðferðisafbrot gagnvart börnum:		
Ósiðlegt athæfi gagnvart börnum innan 14 ára aldurs	55	0
Ósiðlegt athæfi gagnvart unglingum og börnum	42	0
Kynferðisafbrot gagnvart börnum undir 16 ára aldri	52	0

„Önnur vímuefni“ merkja lyf samkvæmt læknisráði og ólögleg vímuefni. Þáttur þeirra hefur líklega eitthvað aukist síðan þetta var. Enn er þó staðreynd að áfengi á miklu meiri þátt í glæpum en öll ólögleg vímuefni. Fylgni er milli vaxandi heildaráfengisneyslu þjóðar og fjölgunar ofbeldisbrota drukkinna manna.

Verulegur hluti vistana í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík er vegna ölvunar. Eftirfarandi tafla sýnir þróunina síðustu sex árin.

Tafla 9.

Ár	Alls í fangageymslu	Fyrir ölvun	Hundraðshluti fyrir ölvun
1985	6710	4229	63
1986	6669	3736	56
1987	6514	4594	70
1988	5924	3616	61
1989	5599	3369	60
1990	5526	3354	61

Tæplega þriðjungur hinna ölvuðu höfðu sjálfir beðið um gistingu hjá lögreglunni (47).

Yfirlit yfir skaðsemi annarra vímuefna en vínanda.

Lífræn leysiefni (lím, kveikjaragas, þynnir o.fl.) hafa sérstöðu meðal vímuefna. Þetta eru rokgjarnir vökvar og lofttegundir sem neytt er með innöndun. Efnin eru útbreidd og seld löglega til nota í iðnaði og á heimilum. Neysla þeirra í vímuskyni er nær eingöngu bundin við börn og unglinga. Vímuáhrifin eru skammvinn. Þeim fylgir gjarnan svimi, höfuðverkur, þreyta og ógleði. Ofskammtur í eitt eða fáein skipti getur valdið hættulegri eitrun, alvarlegum skemmdum á lifur, nýrum, beinmerg, heila og mænu, jafnvel dauða. Við langvarandi endurtekna notkun skaddast taugakerfi manna.

Lyf eru efni sem fólki er ávísað af læknum í því skyni að bæta heilsu þess. Sum þeirra eru einnig misnotuð í vímuskyni. Algengust er misnotkun kvíðaleysandi lyfja og svefnlyfja og áhrifin líkjast áfengisvímu. Löglega fengin sterk verkjalyf og lyf sem verka örvandi á miðtaugakerfið eru nú misnotuð af tiltölulega fáum einstaklingum hér á landi. Ætla má að kvíðaleysandi lyf eða svefnlyf séu til á tíunda hverju íslensku heimili. Önnur lyf sem misnotuð eru, t.d. ferðaveikilyf og lyf við Parkinsonsveiki, hafa blendin áhrif. Vímuástandi af þeirra völdum fylgja oft mikil óþægindi.

Ólögleg fíkniefni eru vímuefni sem bannað er að flytja inn í landið, selja eða hafa í fórum sínum.

Skynvilluefni:

Sameiginlegt kannabisefnum, LSD og nokkrum sveppategundum er að þau valda truflun á skynjun og hugsun.

Kannabisefni úr indverskum hampi hafa verið notuð til vímu í Austurlöndum um árþúsundir á svipaðan hátt og áfengi á menningarsvæði okkar. Rannsóknir hafa sýnt að misnotendur kannabisefna þar geta endað í hrörnun og uppgjöf líkt og áfengissjúklingar meðal okkar. Hass er algengasta form kannabis hér á landi, hassolía og maríjúana hafa verið notuð í minna mæli. Flestir finna eingöngu þægileg áhrif í kannabisvímu en henni geta fylgt áhrif sem misnotandanum líkar miður:

Hræðsluköst tengd brenglaðri skynjun á eigin líkama og veruleikanum.

Afturkast (flash-back), vímuupplifun og/eða ofsahræðsla án hassneyslu, skömmu eftir mikla neyslu efnisins.

Eitrunarsturlun af bráðri hasseitrun, tap á áttum, rugl, ofskynjanir og hræðsla.

Hassgeðveiki af langvarandi hassnotkun hjá viðkvæmu fólki. Í Indlandi og Egyptalandi er hún vel þekkt, bæði í bráðu og krónisku formi, líkist um margt geðklofa. Einnig fundist á Vesturlöndum á síðustu áratugum. Á Íslandi hefur hassneysla átt verulegan þátt í geðveikiköstum hjá allmörgum ungum sjúklingum.

Hassið er almennt álitið „létt" fíkniefni en það er eiginlega meðal hinna varasömustu og lúmskustu vegna hægfara og langvarandi verkunar. Misnotendur finna sjaldnast á sjálfum sér breytingar til hins verra og langur tími líður þar til aðrir sjá hvað er á seiði. Einn skammtur af efninu er allt að því einn mánuð að brotna niður og skiljast út úr líkamanum.

Sannað er að samfelldri kannabisneyslu fylgja:

Truflun á nærminni og þess vegna truflun á námsgetu. Afdrifaríkt er þetta fyrir þá sem byrja verulega hassneyslu á aldrinum 15–20 ára, þeir ná skemmra en ella í skóla og atvinnulífi.

Truflun á þroskun líkama og sálar á unglingsárum.

Persónuleikabreytingar og félagsleg fátækt. — Langvinn vímuáhrif af hassi gerir manninn innhverfan. Áhugi dofnar á starfi og samskiptum við vini og fjölskyldu.

Líkamleg skaðsemi: Veikluð ónæmisvörn sem eykur hættu á smitsjúkdómum. Minnkuð kyngeta og frjósemi. Reykurinn er meir krabbameinsvaldandi en tóbaksreykur.

LSD er samtengt efni, öflugur geðveikivaldur. Víman er eiginlega eitursturlun með skyntruflunum, ofskynjunum, ranghugmyndum og tapi á áttum.

Efni sem verka slævandi á miðtaugakerfi:

Ópíumefni eru notuð sem kröftug verkjastillandi lyf. Misnotkun ópíums hefur verið þekkt í árþúsundir. Þessi efni eru enn framleidd ólöglega í miklum mæli til ólöglegrar sölu til misnotenda efnanna. Misnotkun ólöglegs morfíns og heróíns hefur farið vaxandi á Vesturlöndum síðustu áratugi. Misnotendur sprauta efnunum oftast í æðar sínar og leiðir regluleg notkun á stuttum tíma til gífurlegrar fíknar og þolmyndunar og á fáum missirum til andlegrar og líkamlegrar hnignunar. Áhugi, kraftar og fjármunir beinast að útvegun á eitrinu. Ávaninn er líkamlegur og sálrænn og fráhvarfseinkenni þjáningafull: órói, ógleði, niðurgangur, uppköst. Horfur eru slæmar án meðferðar. Afleidd skaðsemi af þess konar misnotkun eru æðabólgur, lifrarbólgur, vannæring, kynsjúkdómar, afbrot, slys, sjálfsmorð. Veruleg hætta er á ofskömmtun sem valdið getur dauða.

Örvandi efni (amfetamín, kókaín):

Algengast er amfetamín sem er samtengt efni, áður notað í lækningaskyni, en nú aðeins í litlum mæli. Efnið er ávanabindandi en ekki þolmyndandi. Leiði og vanlíðurnarkennd eftir vímuna eru ekki eiginleg fráhvarfseinkenni. Misnotkun róandi lyfja og áfengis fylgir oft í kjölfarið. Amfetamínmisnotkun berst oft í faröldrum. Sakðsemi af amfetamínnotkun er ofreynsla á líkamann, lifrarbólgur, blóðeitranir. Við langvarandi misnotkun koma ósjálfráðir vöðvakippir, tortryggni, geðveiki sem líkst getur geðklofa með ofsóknarhugmyndum.

Þáttur ólöglegra vímuefna í lyfjaeitrunum.

Nýlega voru birtar niðurstöður rannsóknar á 155 af 185 einstaklingum sem fluttir voru á sjúkrahús í Reykjavík vegna lyfjaeitrana á 12 mánaða tímabili 1987–88 (65). Aldurshópurinn 20–29 ára var langstærstur. Konur voru nokkru fleiri en karlar í aldurshópnum 14–19 ára. Leitað var vínanda, benzódíazepín-lyfja, amfetamíns, kannabisefna, ópíumefna og kókaíns. Alls voru 123 sjúklinganna með eitthvert þessara efna í blóði sínu, 49 með fleiri en eitt efni. Niðurstöður mælinga eru sýndar í eftirfarandi töflu:

Tafla 10.

Vímuefni í blóði 155 sjúklinga sem fluttir voru vegna lyfjaeitrunar á Borgarspítala 1987–88.

Vímuefni	Fjöldi sýna	Hundraðshluti sjúklinga
Vínandi	85	55%
Benzódiazepínlyf	73	47%
Kódein	15	10%
Amfetamín	5	3%
Kannabínoíðar	3	2%
Kókaín	0	0%

Ólögleg vímuefni, amfetamín og kannabínoíðar fundust í blóði aðeins sex sjúklinga, fjögurra kvenna og tveggja karla. Athyglisvert er að hvorki fundust sterk verkjadeyfandi efni né kókaín. Í þessari rannsókn kom fram minni tíðni eitrana af völdum ólöglegra ávana- og fíkniefna en í svipuðum rannsóknum frá ýmsum nágrannalöndum.

6. Fjárhagslegt tjón samfélagsins vegna áfengisneyslu.

Víða í ríkjum hins iðnvædda heims hefur þess verið freistað að gera kostnaðarnytjagreiningu (cost-benefit analysis) á hagnaði þjóðfélagsins af sölu áfengis annars vegar og kostnaði samfélagsins vegna tjóns af völdum neyslunnar hins vegar.

Kostnaðarmegin koma:

1. Framleiðslutap.

— þeirra sem eru á vistheimilum fyrir drykkjusjúka,
— þeirra sem dvelja á sjúkrahúsum vegna áfengisneyslu eða sjúkdóma og slysa af völdum áfengis,
— þeirra sem eru öryrkjar vegna áfengisneyslu,
— þeirra sem afplána dóma tengda áfengi og áfengisneyslu,
— þeirra annarra sem mæta ekki í vinnu vegna neyslu áfengis,
— þeirra sem látast af völdum áfengisneyslu sinnar eða annarra á hverju ári, að viðbættu framleiðslutapi þeirra sem áður hafa látist af sömu ástæðu, en hefðu ekki náð 67 ára aldri viðmiðunarárið.

2. Kostnaður heilbrigðiskerfis.

Rekstrarkostnaður stofnana og vistheimila fyrir drykkjusjúka.

Hluti rekstrarkostnaðar annarra sjúkrahúsa vegna sjúklinga sem hlotið hafa heilsutjón af áfengi (10–20%).

Annar kostnaður heilbrigðisþjónustukerfis sem tengist beint neyslu áfengis.

3. Tjónabætur.

Örorkubætur, slysabætur og aðrar bætur sem greiddar eru vegna líkamstjóns af völdum áfengisneyslu.

Bætur á ökutækjum, fasteignum og mannvirkjum sem tengja má beint neyslu áfengis.

Aðrar tjónabætur er tengjast neyslu áfengis.

4. Félagslegur kostnaður.

Kostnaður við löggæslu og fangavörslu sem tengist áfengi og neyslu þess.
Kostnaður við dómstóla sem tengist áfengi og neyslu þess.
Kostnaður við félagslega aðstoð sem tengist áfengisneyslu.
Kostnaður við áfengisvarnir.
Annar félagslegur kostnaður.

5. Kostnaður við rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Tekjumegin koma eftirtaldir þættir:

1. Hagnaður ÁTVR af sölu áfengis.
2. Störf unnin við framleiðslu áfengis.
3. Störf unnin við sölu áfengis og ýmis störf tengd rekstri vínveitingahúsa.
4. Beinir og óbeinir skattar af veitingarekstri.
5. Hagur af því að nota áfengi í stað róandi lyfja og svefnlyfja.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands framkvæmdi slíka kostnaðar- og nytjagreiningu á áfengissölu á Íslandi fyrir Landsambandið gegn áfengisbölinu veturinn 1990–91 (48). Við vinnslu skýrslunnar var þess gætt að ofáætla hvergi kostnað, en vinnan galt þess að minni og ónákvæmari upplýsingar lágu fyrir um ýmis atriði, svo sem um áfengistengda sjúkdóma og slys en við gerð sambærilegra greininga í nágrannalöndum. Því gæti kostn-

aðarhliðin verið vanáætluð. Á árinu 1985 reiknast kostnaður samfélagsins af áfengissölu hærri en tekjur, en fram til ársins 1989 er þróunin sú að reiknaðar tekjur aukast verulega meira en reiknaður kostnaður, þannig að á árinu 1989 eru tekjur af áfengissölu á Íslandi reiknaðar 5,65 milljarðar króna, en kostnaður samfélagins af áfengissölu og neyslu reiknaður tæpir 4,9 milljarðar króna. Í lok skýrslunnar benda höfundar hennar á að í útreikningana vanti marga veigamikla kostnaðar- og tekjuliði. Enga huglæga þætti var reynt að meta. Sambærilegar kostnaðar- og nytjagreiningar á áfengissölu í Svíþjóð hafa allar sýnt meiri kostnað en hagnað fyrir samfélagið af áfengissölu.

Frá því í desember 1989 liggur fyrir greinargerð til áfengisvarnaráðs frá svokallaðri endurkröfunefnd sem starfar skv. 96. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Á þeim ellefu mánuðum ársins, sem nefndin hafði þá starfað, hafði hún tekið til afgreiðslu 149 bótamál og voru ástæður endurkröfu langoftast ölvun tjónvalds, þ.e. í 120 tilvikum eða í 90% þeirra mála þar sem nefndin samþykkti endurkröfur að öllu leyti eða að hluta. Í fjárhæðum talið námu þessar endurkröfur samtals yfir 23 milljónum króna. Fjórir af hverjum fimm tjónvaldanna voru karlar (52).

Í nýlegu mati á hlutdeild áfengistjóns í kostnaði af sænskri heilbrigðisþjónustu telur höfundur veruleg líkindi á því að áfengisneysla í Svíþjóð muni aukast við aðlögun landsins að reglum Evrópubandalagsins um skattlagningu og sölu áfengis og þar með muni hlutdeild áfengistengdra sjúkdóma og slysa í kostnaði við sænsku heilbrigðisþjónustuna aukast að mun (53). Þetta er einnig rökstutt álit forstöðumanns norsku Áfengis- og fíkniefnarannsóknastofnunarinnar í Ósló (30).

7. Nauðsyn setningar laga og framkvæmd laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir.

Löggjöf um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir er einn þáttur þess sem nefnt er einu nafni heilbrigðislöggjöf. Heilbrigðislöggjöf er gjarnan skipt í fjóra þætti sem hér segir:

1. Löggjöf um þjónustuna, hver beri ábyrgð á að veita hana og hvernig hún skuli framkvæmd.
2. Löggjöf um gæði þjónustunnar, m.a. um starfsemi einstakra heilbrigðisstétta.
3. Almannatryggingalöggjöf sem fjallar um greiðslur samfélgsins og einstaklinganna fyrir veitta þjónustu.
4. Löggjöf sem takmarka sjálfsákvörðunarrétt einstaklinganna.

Lög um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir flokkast undir alla töluliðina en ekki síst lið 4. Um er að ræða löggjöf sem takmarkar sjálfsákvörðunarrétt þegnanna. Sjálfsákvörðunarréttur þegnanna er talinn til grundvallarréttar og bundinn stjórnarskrárákvæðum, að vísu ekki án takmarkana. Þessar takmarkanir hafa áhrif á sjálfsákvörðunarrétt fólks og eiga að skapa lífsstíl. Þótt skoðanir manna séu skiptar á því hversu langt sé hægt að ganga í að takmarka sjálfsákvörðunarréttinn er tilhneiging löggjafans augljós. Um fáa þætti hafa alþjóðasamtök eins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, Norðurlandaráð og Evrópuráðið fjallað og ályktað meira og má þar benda á samþykkt Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í tengslum við „heilbrigði allra árið 2000“ um að draga skuli úr áfengisneyslu um fjórðung fyrir næstu aldamót og að vinna skuli gegn neyslu annarra vímuefna með það fyrir augum að útrýma neyslunni. Það er skoðun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að nauðsynlegt sé að setja lög til að draga úr neyslunni sem m.a. takmarki aðgengi að þessum efnum þar sem þau eru leyfð eða sporna algjörlega við aðgengi að þeim og er þetta talin ein áhrifaríkasta leiðin til þess að stemma stigu við sjúkdómum og öðrum skakkaföllum af völdum neyslunnar. Töluverður munur er á hvernig tekið er á áfengi og öðrum vímuefnum í einstökum löndum en alls staðar gilda þó reglur. Áfengi er víða „löglegt“ vímuefni en ákvæði um verslun eru með ólíkum hætti þótt

reynt sé að sporna með einum eða öðrum hætti við ofneyslu. Í flestum löndum gildir bann við neyslu annarra vímuefna í samræmi við alþjóðasamþykktir sem Ísland er aðili að.

Því verður ekki neitað að litið er á löggjöf, sem ætlað er að hafa áhrif á lífsstíl, þess eðlis að hún gangi gegn þeim grundvallarsjónarmiðum að maðurinn eigi sjálfur að velja og hafna, þ.e. gegn sjálfsákvörðunarréttinum. Vissulega má deila um það hvort það sé sjálfsákvörðunarréttur að drekka frá sér vit og rænu eða neyta annarra vímuefna með sömu afleiðingum þar sem slíkt háttalag bitnar ekki eingöngu á þeim sem það fremur heldur og öðrum. Hvaða skoðanir sem menn kunna að hafa á þessum málum er talið að fara beri mjög varlega í lagasetningu sem ætlað er að hafa áhrif á lífsstíl manna og er almennt viðurkennt að tvær meginforsendur verði að vera fyrir hendi, annars vegar brýn nauðsyn og hins vegar að vænta megi árangurs, þ.e. að almenningur virði lögin og þau hafi þannig tilætluð áhrif. Löggjöfin ein og sér bætir ekkert og læknar ef ekki kemur til ótvíræður vilji almennings til þess að fara eftir þeim.

Hvað snertir áðurnefndar tvær meginforsendur skal á það bent í tengslum við áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir að árlega látast fjölmargir eða verða örkumla af völdum ofnotkunar áfengis og annarra vímuefna. Því liggur ljóst fyrir að brýna nauðsyn ber til þess að setja löggjöf á þessu sviði þótt ekki sé nema vegna heilbrigðisþáttarins. Auk þess má nefna það tjón sem neyslan veldur á fjölskyldulífi og samskiptum manna, eignum þeirra og atvinnu. Öllum eru þessar staðreyndir svo ljósar að ekki þarf að rökstyðja þær frekar. Þannig liggur fyrir að nauðsynin er brýn og vart þarf að efast um að allur þorri almennings muni virða lög sem þessi, séu þau skynsamleg. Rétt er að benda á að þegar unnið var að löggjöf um tóbaksvarnir á árunum 1982 til 1984 fóru fram kannanir á viðhorfum manna til takmörkunar á tóbaksreykingum og reyndust yfir 80% aðspurðra fylgjandi takmörkunum í einni eða annarri mynd. Í Íslenskri heilbrigðisáætlun, sem samþykkt var á síðasta þingi, er að finna ákvæði um neyslu áfengis, sbr. 9. gr., en þar kemur fram að stefnt skuli að því að almenn neysla áfengis minnki og að ofneyslu verði útrýmt. (3). Enn fremur er að finna markmið sem snerta neyslu ólöglegra vímuefna og lyfja, sbr. 10. gr.

Í 9. gr. segir: „Draga þarf úr almennri neyslu áfengis og útrýma ofneyslu. Leggja skal sérstaka áherslu á upplýsingastarfsemi og hefja áróður gegn slæmum drykkjusiðum. Upplýsa þarf um heilsufarslegar afleiðingar áfengisnotkunar og auka ráðgjöf, m.a. til að greina áfengisvanda á byrjunarstigi.

Stofna þarf til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka með það að markmiði að draga úr áfengisneyslu.

Verð áfengra drykkja ætti að hækka stig af stigi næstu fimm ár umfram almennar verðhækkanir, sterkt áfengi meira en létt vín og bjór hlutfallslega minnst".

Í 10. gr. segir: „Skipulagðar verði varnir gegn notkun ólöglegra vímugjafa og neyslu lyfja sem vímugjafa. Upplýsa þarf um heilsufarslegar afleiðingar notkunar þessara efna. Lögð verði áhersla á samstarf við skóla, æskulýðs- og íþróttafélög og önnur þau félagasamtök sem leggja vilja lið baráttunni gegn ólöglegum vímuefnum. Samráð verði haft milli hlutaðeigandi stjórnvalda til að draga úr framboði á ólöglegum vímugjöfum".

Nefnd sú, sem vann frumvarp það sem hér er til umfjöllunar, er þeirrar skoðunar að með frumvarpinu sé m.a. stefnt að því að ná fram markmiðum heilbrigðisáætlunar, jafnt í sambandi við áfengisvarnir sem og aðrar vímuefnavarnir.

8. Mikilvægar skýrslur um neyslu áfengis og annarra vímuefna.

A. Varðandi stefnumótun:

1. *Skýrsla áfengismálanefndar ríkisstjórnarinnar* (ásamt fylgiskjölum). Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, janúar 1987.
2. *Skýrsla um fíkniefnamál.* Álit og tillögur framkvæmdanefndar sem ríkisstjórnin skipaði til þess að samhæfa aðgerðir í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna. Apríl 1987.
3. *Íslensk heilbrigðisáætlun.* 1057. þingsályktun, samþykkt á Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991. (Sjá kaflann: Heilbrigðir lífshættir, 9 og 10.)
4. *Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni.* Samþykkt á ráðstefnu í Vínarborg, desember 1988 (ísl. þýðing).
5. Tómas Helgason: *Udviklingen av islandsk alkoholpolitik.* Debatt. Alkoholpolitik — Tidskrift för nordisk alkoholforskning. Vol 2, 105–107, 1990.
6. Tómas Helgason: *Alcohol Policy: Prevention or promotion.* Erindi, júní 1991.
7. *Alcohol Policies,* ritstj. M. Grant, WHO Regional Publications, European Series No 18, 1985. (153 bls.)
8. *Strategi för droginformation.* Socialstyrelsen redovisar 1986: 13 Stockholm 1986. (47 bls.)
9. *Bannmálið í þinginu.* Sérprentun úr „Höfuðstaðnum". Reykjavík 1917. (92 bls.)
10. Guðmundur Björnsson landlæknir: *Um áfengisnautn sem þjóðarmein og ráð til að útrýma henni.* Reykjavík 1910. (93 bls.)
11. J. Thorstensen landlæknir: *Hugvekja um skaðsemi áfengra drykkja.* Reykjavík 1847. (36 bls.)

B. Varðandi neyslu:

12. *Neysla áfengis, tóbaks, fíkniefna og ávanalyfja á Íslandi.* Heilbrigðisskýrslur, fylgirit nr. 3, 1982. Landlæknisembættið.
13. *Helsestatistik for de nordiske lande 1966–1991.* Nordisk Medicinal statistisk Komité, 36, 1991. (Sjá töflu 6.8. og mynd 6.5.)
14. Tómas Helgason: *Breytingar á neyslu áfengis og annarra fíkniefna 1974–1988.* Læknablaðið 74. árg. 4. tbl. 1988.
15. Guðrún R. Briem: *Könnun á notkun áfengis, tóbaks, ávana- og fíkniefna 15–20 ára skólanemenda.* Bráðabirgðaniðurstöður, Landlæknisembættið 1985.
16. Ómar Þ. Kristmundsson: *Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi.* Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Reykjavík 1985.
17. Ása Guðmundsdóttir: *Aukin áfengisneysla og tíðni áfengisáhrifa meðal íslenskra unglinga eftir afnám banns við sölu á áfengum bjór.* Erindi á ráðstefnu til kynningar á rannsóknum í Læknadeild HÍ, 2.–3. nóv. 1990.
18. Hildigunnur Ólafsdóttir: *The entrance of beer and the persistence of a spirit culture.* Erindi á árlegum fundi um faraldsfræði áfengisneyslu, Sigtuna, Svíþjóð, júní 1991.
19. Árni Einarsson: *Könnun á neyslu áfengis og afstöðu til áfengismála.* Nokkrar bráðabirgðaniðurstöður. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Nefnd um átak í áfengisvörnum. Janúar 1989. (14 bls.)
20. Ólafur Ólafsson landlæknir: *Fíkniefnaneysla á Íslandi og í öðrum vestrænum löndum:* Landlæknisembættið, ágúst 1986. (8 bls.)
21. *Drinking practices of specific categories of employees.* Report on a WHO Consultation, Cologne 1989.
22. Gylfi Ásmundsson: *Changes in alcohol consumption of Icelandic males by*

occupational groups after the legalization of beer. Erindi á ráðstefnu áfengisvísindamanna á vegum NAD á Íslandi, sept. 1990.
23. *Sociocultural factors in drug abuse.* Report on a WHO working group, Reims, des. 1990.
24. *Report 87. Trends in alcohol and drug use in Sweden.* Centralförbundet för alkohol og narkotikaupplysning, Stockholm 1988. (113 bls.)

C. Varðandi skaðsemi af völdum áfengis og annarra vímuefna:

25. Tómas Helgason, Hildigunnur Ólafsdóttir, Kristinn Tómasson: *Nýgengi drykkjusýki og áfengismisnotkunar.* Læknablaðið, fylgirit 17, des. 1983.
26. Tómas Helgason: *Áfengisneysluvenjur og einkenni um misnotkun 1974 og 1984.* Læknablaðið, 74. árg. 4. tbl. 1988.
27. Tómas Helgason: *Prevalence and incidence of alcohol abuse in Iceland.* Psychiatric Epidemiology Progress and Prospects, Part 5: Alcohol — Related Disorders. Ritstj. B. Cooper. Bls. 310–319. Alþjóðageðlæknafélagið. Croom Helm, London og Sidney, 1987.
28. *Health trends in the Nordic countries.* Annus Medicus 1990. 3.3. Alcohol and narcotic drugs, bls. 44–48. NOMESCO no 33, 1990.
29. *Statistik inom alkoholområdet. Försäljning, missbruk och skador 1989.* Socialstyrelsen, Folkhälsoenheten. Stockholm, 1990.
30. *Hur mycket tål Svensken? Forskarnas debatt om alkoholen på gott och ont.* Källa/36. Forskningsrådsnämden, Stockholm, 1991.
31. *Stortingsmelding nr. 17, 1987–88: Alkohol og folkehelse.* Sosialdepartementet, Oslo 1988.
32. Hans Olav Fekjær: *Alkohol og narkotika, myter og virkelighet.* Gyldendal Norsk Forlag, Oslo, 1987.
33. Hans Olav Fekjær: *Áfengi, okkar eigið val.* Námsgagnastofnun, Reykjavík, 1988. (79 bls.)
34. Gylfi Ásmundsson: *Umferð og áfengi.* Læknablaðið 1988; 74: 155–158.
35. *Skýrslur um umferðarslys á Íslandi árin 1988 og 1989.* Umferðarráð. Útg. 1989 og 1990.
36. *Alcohol and Accidents:* Report on a WHO Working Group (Reykjavík 1987) 1988.
37. *Alkohol och Olycksfall:* Socialstyrelsen redovisar 1988: 4. Stockholm 1988.
38. *Yfirlit um umferðarslys:* Lagt fram á Umferðarþingi 1990. Landlæknisembættið 1990.
39. Alma Anna Þórarinsson: *Mortality among Men Alcoholics in Iceland 1951–74.* Journal of Studies on Alcohol, Vol 40, No 7, 1979.
40. *Alcohol and Health.* Seventh Special Report to the US Congress by the Secretary of Health and Human Service. US Dep. of Health and Human Services. 1990.
41. *Alcohol abuse. Alcohol-related mortality and potential years of life lost.* Weekly epidemiological record, 1990, 65, 197–301. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, Genf.
42. *Kvinne, misbruker — og mor.* Skýrsla frá norrænni námsstefnu um misnotendur meðal kvenna og börn þeirra. Útg. Nordisk kontaktmannsutvalg for narkotikaproblemer, í samvinnu við Nordisk Ministerråd, Oslo 1983. (146 bls.)
43. *Women and alcohol. A review of international literature on the use of alcohol by females.* Eftir M.L. Plant, Áfengisrannsóknadeild geðdeildar háskólans í Edinborg. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, ágúst 1988. (43 bls.)
44. Ann P. Streissguth og Robin A. LaDue: *Fetal Alcohol, Teratogenic Causes of Developmental Disabilities.* Kafli í: Toxic Substances and Mental Retardation. Wash. D.C.: American Assn. on Mental Deficiency, bls. 1–32, 1987.

45. Jónatan Þórmundsson. *Eiturlyf og afbrot.* Úlfljótur, rit laganema, 3. tbl. XXV. árg. 1972.
46. *Ungir vímuefnaneytendur. Hvaðan koma þeir og hvert halda þeir?* Heilbrigðisskýrslur, fylgirit nr. 4, 1990. Landlæknisembættið.
47. *Fangageymsla lögreglunnar í Reykjavík. Yfirlit yfir vistanir 1983–1990.* Lögreglan 1991.

D. Varðandi kostnað af neyslu:

48. *Kostnaður og tekjur þjóðfélagsins vegna áfengisneyslu árin 1985–89.* Skýrsla til Landssambandsins gegn áfengisbölinu. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Apríl 1991.
49. *Alcohol, the economy and public health.* Eftir B.M. Walsh, Department of Political Economy, University College, Dublin. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin 1991. (29 bls.)
50. *Economics and Alcohol. Consumption and Controls.* Ritstj. M. Grant, M. Plant, A. Williams. Gardner Press, New York, 1983. (302 bls.)
51. *Skýrsla um þriggja ára feril eiturlyfjaneytanda og kostnað hins opinbera.* Krossgötur 1990 — vörn gegn vímu. Landlæknisembættið.
52. *Endurkröfur vátryggingafélaga á tjónvalda í umferð. Um 90% vegna ölvunaraksturs.* Samantekt frá Endurkröfunefnd fyrir áfengisvarnaráð, desember 1989.
53. Sven Andreasson: *Konsekvenser för svensk sjukvård vid ökad alkoholkonsumption.* Nordisk Alkohol Tidskrift, nr. 1, 1991, bls. 5–9.

E. Varðandi meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga:

54. Hildigunnur Ólafsdóttir, Tómas Helgason: *Innlagnir á meðferðastofnanir vegna misnotkunar áfengis og annarra vímuefna;* Læknablaðið, 74. árg. 4. tbl. 1988.
55. *Management of drinking problems.* WHO Regional Publications, European Series, No 32, 1990. (168 bls.)
56. *Alcohol-realated problems for primary health care workers.* Development of national training seminars. Eftir Peter Schioeler. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin 1991. (74 bls.)
57. *Substance-abuse education for health professionals.* Report on a European Symposium, Haag, okt. 1989. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin 1990.
58. *The family and the use of illegal drugs.* The role of the family and other primary social groups in treatment and prevention in Europe. Report of a WHO study. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin 1990.
59. *Behandlingsforskning.* Rapport från Nordisk samhällsvetenskapligt alkoholforskarmöte 1982. NAD-publikation nr. 7, 1983. (257 bls.)
60. Hildigunnur Ólafsdóttir: *Lekmenn, alkoholisme og behandling.* Alkoholpolitik — Tidskrift för nordisk alkoholforskning. Vol 5: 83–90, 1988.

F. Viðauki:

61. Tómas Helgason: *Hvert stefnir í áfengis- og fíkniefnamálum?* Morgunblaðið, 9. apríl 1986.
62. Tómas Helgason: *Fræðileg rök gegn aukinni áfengisneyslu og bjórfrumvarpi.* Morgunblaðið, 1, mars 1988.
63. Páll Sigurðsson: *Áfengismálastefna á Íslandi.* Læknablaðið 73. árg. 12. tbl. 1987.
64. Ása Guðmundsdóttir: *Icke-registrerad alkohol konsumption på Island.* Alkoholpolitik, 1990, 7 (3), 155–164.

65. Friðrik Sigurbergsson, Guðmundur Oddsson, Jakob Kristinsson: *Rannsóknir á lyfjaeitrunum á Borgarspítala 1987–1988. Þáttur ólöglegra ávana- og fíkniefna í lyfjaeitrunum.* Læknablaðið, 77. árg. 12. tbl. 1991.

9. Erlend löggjöf.

Lög um áfengisvarnir eiga sér langa sögu bæði um norðanverða Ameríku og í Norður-Evrópu. Þegar á 18. öld er vitað um tilraunir til áfengisvarna í ýmsum löndum Evrópu sem áttu rætur að rekja til stjórnmálalegra og þjóðfélagslegra aðstæðna. Þá þegar voru það heilbrigðismálin, félags- og fjölskyldumálin, að ógleymdum framleiðslu- og framreiðslumálunum, sem mótuðu viðhorfin til áfengismála. Neðri deild breska þingsins lét fara fram könnun á almennri ölvun 1834 sem leiddi til setningar reglugerðar um opnunartíma kráa. Síðar á öldinni varð faðir Mathew frægur boðberi reglusemi á Írlandi og hafði þar mikil áhrif á löggjafarvaldið. Sama er að segja um Hjálpræðisherinn í löndum Evrópu. Í Frakklandi var Landsnefnd gegn drykkjusýki stofnuð 1872, sama árið og danska stjórnin setti skatt á áfengisinnflutning Íslendinga, með þeim afleiðingum að neyslan féll um 75%. Önnur vímuefni en áfengi skipuðu ekki mikinn sess í hugum fólks og vitneskjan um þau leiddi ekki til neinna afskipta hins opinbera fyrr en löngu síðar þótt vitað væri um töluverða neyslu þeirra á stundum. Verulegar áhyggjur manna vegna ofneyslu áfengis urðu svo að lokum til þess að bindindishreyfingar fóru að skjóta upp kollinum sem leiddu til þess að áfengisbann var lögleitt í Bandaríkjunum á þriðja áratug aldarinnar og víðar.

Norðurlönd.

Templarar stofnuðu samtök víða fyrir síðustu aldamót og náðu verulegri fótfestu, t.d. í Noregi og hér á landi. Hafði áfengisneysla aukist verulega í flestum Evrópulöndum á ofanverðri 19. öld allt fram til ársins 1914 þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út. Trúar- og bindindisfélög fengu vind í seglin frá stjórnvöldum og byrjað var á því að takmarka aðgengi og hækka verð áfengis með lögum og stjórnvaldsaðgerðum. Æ síðan hefur verið um nokkuð stranga og aðhaldssama löggjöf að ræða á Norðurlöndum, ef undanskilin er Danmörk, en þar höfðu viðskipti með öl veruleg áhrif á viðhorf til áfengismála. Löggjöf um önnur vímuefni er mun yngri á Norðurlöndum.

Evrópubandalagslöndin.

Í flestum Evrópubandalagslöndunum hefur framleiðsla öls, léttra vína og sterkra, verið drjúgur þáttur framleiðsluatvinnuveganna. Hefur almenn neysla verið mun meiri í þessum löndum en þeim sem framleiða lítið áfengi. Víðast hvar í Evrópubandalagslöndunum hefur verið litið á áfengi sem hluta fæðukeðjunnar. Þó dró verulega úr áfengisneyslu í byrjun fyrri heimsstyrjaldar þar sem hráefnið þurfti að nota til manneldis. Á milli heimsstyrjaldanna var mun minni neysla á áfengi í álfunni. Sjúkdómar af völdum áfengisneyslu urðu aftur tíðari á seinni hluta þessarar aldar með vaxandi áfengisnotkun. Stjórnvöld áfengisframleiðslulanda sýna áfengislögum lítinn áhuga. Oft hefur þrýstingur og áhrif frá fjölskyldu og þjóðfélaginu í þessum löndum haft veruleg varnaðaráhrif. Hörð löggjöf er varðandi önnur vímuefni um öll þessi lönd.

Verulegra breytinga er að vænta á næstunni með hertum reglum sem taka mið af áfengisneyslu sem sjúkdómavaldi og ölvunarakstri.

Bandaríkin.

Mikil áfengisneysla allt frá landnámi fram að heimsstyrjöldinni fyrri orsakaði það að áfengisbann var lögleitt í Bandaríkjunum og varði sú skipan mála um líkt skeið og áfengisbann á Íslandi. Skálmöld og glæpastarfsemi þróaðist í kjölfar bannsins sem ekki er séð

fyrir enn. Að vísu hafa gilt nokkuð mismunandi reglur um meðferð áfengis í ýmsum fylkjum Bandaríkjanna, en neyslan hefur verið að því leyti svipuð og í Evrópu að hún jókst mikið á árunum 1950 til 1980, en hefur minnkað víða aftur og má þakka það áróðri um að stunda heilbrigt líferni. Eiturlyfjaneysla hefur verið mikill baggi á bandarísku samfélagi um langt skeið þrátt fyrir ströng viðurlög við innflutningi og dreifingu ólöglegra vímuefna.

Bandarísk lög eru afar hörð gagnvart þeim sem aka undir áhrifum vímuefna, sérstaklega valdi þeir óhappi í slíku ástandi. Aftur á móti er lögð mun meiri áhersla á endurhæfingu en refsingu. Aðrar þjóðir hafa sótt í vaxandi mæli til Bandaríkjanna til að læra af reynslu þeirra hvað meðferð áfengis- og annarra vímuefnasjúklinga snertir. Gildir það ekki síður um Íslendinga en aðra.

10. Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til sú stefnuyfirlýsing að lögunum sé ætlað það markmið að draga úr neyslu áfengis og koma í veg fyrir neyslu annarra vímuefna og þar með það tjón sem neyslan veldur á heilsu manna, fjölskyldulífi, samskiptum, eignum og atvinnu. Enn fremur að hafa áhrif á viðhorf almennings til neyslu áfengis og annarra vímuefna, ekki síst barna og unglinga. Hér er í fyrsta skipti tekið sérstaklega á öðrum vímuefnum en áfengi í löggjöf af þessu tagi.
2. Í 3. gr. er skilgreint hvað átt sé við með öðrum vímuefnum en áfengi og er þar um að ræða ólögleg ávana- og fíkniefni samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, lífræn leysiefni, plöntuhluta svo og lyf sem notuð eru sem vímuefni.
3. Í 4. gr. eru lögð til ótvíræð ákvæði um það hver eigi að fara með yfirstjórn áfengisvarna og annarra vímuefnavarna, þ.e. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og með því er vandamálið fyrst og fremst skilgreint sem heilbrigðisvandamál.
4. Í 5. og 6. gr. er að finna ákvæði um áfengis- og vímuvarnaráð og er þar um að ræða nýmæli þar sem ráðinu er ætlað að taka á málum sem snerta bæði áfengisvarnir og vímuefnavarnir í stað eingöngu áfengisvarna. Ráðið starfar á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra en hann skipar í ráðið. Samsetning ráðsins er önnur en núsitjandi áfengisvarnaráðs og hlutverk ráðsins aukið.
5. Í 5. gr. er gert ráð fyrir því, að framkvæmdastjóri áfengis- og vímuvarnaráðs verði skipaður af ráðherra til sex ára í senn, að fengnum tillögum ráðsins, en verði ekki lögskipaður formaður ráðsins og einn ráðsmanna eins og gildir um áfengisvarnaráðunaut í dag.
6. Í 8. gr. er að finna ákvæði um áfengis- og vímuefnavarnanefndir sem starfa skulu í hverju læknishéraði og koma þær í stað áfengisvarnanefnda sem starfa í hverju sveitarfélagi. Nefndunum fækkar þannig úr rúmlega 200 í átta. Enn fremur er að finna ákvæði um verkefni nefndanna og hverjir skuli sitja í nefndunum.
7. Í 9. gr. eru lagðar skyldur á félagsmálanefndir sveitarfélaganna að sinna áfengis- og vímuefnavörnum með skipulögðum hætti og að aðstoða áfengis- og vímuefna- sjúklinga og fjölskyldur þeirra. Er það í samræmi við nýsamþykkt lög um félagsþjónustu sveitarfélaganna.
8. Í 10. gr. er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði skipuð sérstök stjórn sem í eigi sæti m.a. fulltrúi áfengis- og vímuvarnaráðs og fulltrúi heilbrigðisráðherra.
9. Í 11. gr. eru ákvæði um áfengisauglýsingar og eru þær í samræmi við reglugerð nr. 62/1989, um bann við áfengisauglýsingum, með breytingu nr. 317/1991, að öðru leyti en því að lagðar eru til þrengri undanþágur.
10. Í 12. gr. er að finna ákvæði um viðvaranir á áfengisvarning vegna skaðsemi hans og áhrifa sem hljótast af neyslunni.

11. Í IV. kafla er fjallað um fræðslustarfsemi innan grunnskóla, í framhaldsskólum og í sérskólum. Lagt er til að í menntamálaráðuneytinu verði starfrækt sérstök námsstjórn í áfengis- og vímuefnavörnum og að áfengis- og vímuvarnaráð í samvinnu við landlækni standi fyrir almennu forvarna- og upplýsingastarfi.
12. Aukin er hlutdeild heilsugæslustöðva í forvarnastarfi, sbr. 17. gr.
13. Í 18. og 19. gr. er að finna ákvæði um afskipti lögreglu af unglingum og börnum undir 18 ára aldri og íhlutun félagsmálanefnda sveitarfélaganna þegar í hlut eiga börn og unglingar sem tekin eru höndum sakir ölvunar eða annarar vímu eða þegar ofnotkun áfengis og annarra vímuefna bitnar á heimilum þar sem börn, aldraðir og aðrir, sem aðstoðar eru þurfi, búa.
14. Í VI. kafla er fjallað um meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga og sú þjónusta, sem veita á þeim, skilgreind. Enn fremur er lagt til að í hverju læknishéraði skuli í tengslum við sjúkrahús eða heilsugæslustöð rekin sérstök göngudeild fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga.
15. Í 2. mgr. 23. gr. er ákvæði, sem heimilar að samið sé við meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, um að refsivist eða hluti hennar sé afplánaður á slíkum stofnunum.
16. Í 25. gr. er ákvæði þess efnis að reynt skuli að finna þau börn og ungmenni sem eiga við vandamála að stríða vegna neyslu áfengis og annarra vímuefna og koma þeim til hjálpar. Skyldan er sérstaklega lögð á félagsmálanefndir sveitarfélaga og heilsugæslustöðvar.
17. Í 26. gr. er að finna ákvæði um stuðning við aðstandendur þeirra sem ánetjast hafa áfengi og öðrum vímuefnum.
18. Í 27. gr. er að finna ákvæði um fjármálalega ráðgjöf og aðstoð við þá sem hafa orðið sérstaklega illa úti.
19. Í 2. mgr. 28. gr. er að finna ákvæði um að leita beri álits áfengis- og vímuvarnaráðs um nauðsyn og gagnsemi meðferðarstofnana.
20. Í 29. gr. er að finna ákvæði um að óheimilt sé að afgreiða áfengi nema samkvæmt opinberri verðskrá og að útsölustaðir ÁTVR skuli opnir frá 10–18 virka daga en ekki á öðrum tíma.
21. Í 3. mgr. 29. gr. er lagt til að óheimilt sé að veita stöðum, sem fyrst og fremst séu áningarstaðir fólks eða þjóni ökumönnum, leyfi til áfengisveitinga og sölu.
22. Í 30. gr. er lögð sú skylda á áfengis- og vímuvarnanefndir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna að þessir aðilar fylgist sérstaklega með því að settum skilyrðum leyfis til áfengisveitinga samkvæmt áfengislögum sé framfylgt og gera lögreglu viðvart ef út af bregður. Enn fremur er eftirlit með framkvæmd auglýsinga á áfengi og merkinga fært undir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna í stað þess að hafa það hjá lögreglu eins og nú er.
23. Í 31. gr. er lagt til að sala efna, sem einungis eru ætluð til áfengisgerðar, verði bönnuð.
24. Í 32. gr. er lagt til að varið skuli 2% af brúttósölu áfengis til Áfengis- og vímuvarnasjóðs sem standa skuli undir kostnaði við áfengis- og vímuvarnastarf samkvæmt lögunum. Lagt er til að verja megi allt að helmingi fjárins til uppbyggingar og endurbóta stofnana svo og til endurmenntunar starfsmanna, sem stunda áfengis- og vímuefnavarnir eða meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga.
25. Í 35. gr. er lagt til að ökumanni, sem dæmdur hefur verið til að missa ökuleyfi ævilangt sakir neyslu áfengis eða annarra vímuefna, verði gert að taka þátt í fræðslunámskeiði sem áfengis- og vímuvarnanefnd viðurkennir og er lagt til að það sé skilyrði fyrir endurveitingu ökuleyfis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er kveðið á um markmið laganna sem er að draga úr neyslu áfengis og koma í veg fyrir neyslu annarra vímuefna og þar með það tjón sem neyslan veldur á heilsu manna, fjölskyldulífi, samskiptum, eignum og atvinnu. Einnig að hafa áhrif á viðhorf almennings til neyslu áfengis og annarra vímuefna, ekki síst barna og unglinga.

Það vefst ekki fyrir neinum lengur að neysla áfengis og annarra vímuefna er gríðarlegur sjúkdómavaldur og getur auk þess valdið margvíslegu öðru tjóni. Nauðsyn ber til að stemma stigu við heilsutjóni og öðru tjóni af völdum neyslunnar og að ekki verði litið á neyslu áfengis sem sjálfsagðan hlut og neyslu annarra vímuefna verði útrýmt.

Í athugasemdum hér að framan er gerð grein fyrir breytingum á neyslu áfengis og annarra vímuefna á síðustu árum og er stuðst við niðurstöður kannana á því sviði.

Enn fremur er fjallað um neyslu áfengis og annarra vímuefna vegna skaðsemi neyslunnar á heilsu manna og fjárhagslegt tjón samfélagsins vegna hennar og vísast til þess sem þar segir.

Greinin er hliðstæð 1. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, með síðari breytingum, en þó fyllri. Í 1. gr. áfengislaga kemur fram að tilgangur þeirra sé að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli sem henni er samfara.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er fjallað um skilgreiningu á áfengi og er hún í samræmi við 2. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, með síðari breytingum. Rétt þykir að láta lögin ná yfir öll áhöld, útbúnað og umbúðir sem tengjast áfengi og áfengisneyslu. Er það mjög brýnt vegna ákvæðanna um auglýsingar í 11. gr.

Hér er einnig fjallað um þann vínanda sem ekki fellur undir lögin, en þar er um að ræða vínanda sem notaður er sem lyf eða við lyfjagerð samkvæmt lyfjalögum, nr. 108/1984, eða sem eiturefni samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988. Rétt þykir enn fremur að undanskilja vínanda sem notaður er sem eldsneyti við iðnaðarframleiðslu eða á rannsóknastofum, enda sé ekki um að ræða framleiðslu á áfengi.

Um 3. gr.

Hér er skilgreint hvað átt er við með „öðrum vímuefnum“, en um er að ræða ólögleg ávana- og fíknefni samkvæmt lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum, þ.e. ávana- og fíkniefni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði eða sæta takmörkunum, að svo miklu leyti sem þau eru ekki notuð sem lyf eða við lækningar. Enn fremur er átt við lífræn leysiefni, plöntuhluta og lyf sem notuð eru sem vímuefni.

Ekki er ástæða til þess að lögin skilgreini með sama hætti áhöld, búnað og umbúðir sem tengjast neyslu ólöglegra vímuefna eingöngu vegna þess að hún fellur undir áðurnefnd lög um ávana- og fíkniefni, svo og lög um framleiðslu lyfja og um lyfjadreifingu.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er kveðið á um að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fari með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum. Samkvæmt gildandi lögum, sbr. 28. gr. áfengislaga, fer áfengisvarnaráð með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Nefndin telur rétt að skýrt verði tekið fram að yfirstjórnin sé í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, enda vandamálið fyrst og fremst heilsufarslegs eðlis. Áfengis- og vímuvarnaráð starfar því á vegum ráðherra og fer með yfirumsjón áfengis- og vímuefnavarna í landinu undir hans stjórn.

Gert er ráð fyrir því að landlæknir verði ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnarinnar um atriði sem falla undir lögin með sama hætti og á sér stað í öðrum heilbrigðislögum, en landlæknir hefur látið sig þessi mál miklu skipta, enda er áfengi einn mesti heilbrigðisógnvaldur þjóðarinnar.

Um 5. gr.

Hér er að finna ákvæði um áfengis- og vímuvarnaráð og að það skuli skipað til fjögurra ára í senn. Í því eiga sæti sjö aðilar sérfróðir um skaðsemi áfengis og annarra vímuefna og í vörnum við henni. Samkvæmt gildandi lögum er áfengisvarnaráð skipað fimm mönnum og er áfengisvarnaráðunautur, sem ríkisstjórnin skipar, formaður ráðsins en hinir fjórir, ásamt jafnmörgum varamönnum, skulu kosnir hlutfallskosningu í Alþingi að afstöðnum hverjum almennum þingkosningum, sbr. 26. og 27. gr. áfengislaga. Gert er ráð fyrir því að heilbrigðisráðherra skipi áfengis- og vímuvarnaráð, enda honum falin yfirstjórn málaflokksins samkvæmt lögunum og skal hann skipa formann án tilnefningar, en aðra samkvæmt tilnefningu, þar af einn af menntamálaráðherra, einn af félagsmálaráðherra, og fjórir skulu kosnir af Alþingi. Með hliðsjón af uppbyggingu laganna er nauðsynlegt að menntamálaráðherra eigi fulltrúa í ráðinu þar sem fræðsluþátturinn fellur undir lögin, svo og félagsmálaráðherra, vegna þjónustu félagsmálanefnda sveitarfélaganna. Alþingi kýs áfram fjóra fulltrúa og verður litið á þá sem fulltrúa almennings.

Í greininni er fjallað um framkvæmdastjóra ráðsins og að ráðherra skuli skipa hann til sex ára í senn að fengnum tillögum ráðsins. Með þessu er lögð til sú breyting að staða áfengisvarnaráðunautar verði lögð niður, en í staðinn verði starfandi sérstakur framkvæmdastjóri með skipun til ákveðins tíma og er það í samræmi við skipanir í hliðstæðar stöður hjá hinu opinbera á síðustu árum, má þar nefna framkvæmdastjóra Hollustuverndar ríkisins, forstjóra Vinnueftirlits ríkisins o.fl. Ekkert er í vegi fyrir endurskipun samkvæmt lögunum.

Í 5. gr. eru ákvæði um störf ráðsins, en þau eru fyrst og fremst ráðgefandi fyrir opinbera aðila, tillögugerð og ráðstafanir til að vinna gegn neyslu og að hvetja til samstarfs þeirra sem vinna á þessum vettvangi og að beita sér fyrir slíku samstarfi. Enn fremur að veita aðstoð og leiðbeiningar um áfengis- og vímuefnavarnir, m.a. með því að gefa út og útvega fræðslurit. Ráðinu er enn fremur falið að fylgjast með neyslu áfengis og annarra vímuefna, m.a. með því að styðja og stuðla að könnunum og rannsóknum og að finna og leggja til hvar fyrirbyggjandi aðgerða er þörf. Enn fremur er ráðinu ætlað að gera tillögur að námsskrá og fylgjast með því, að lögboðin fræðsla fari fram. Eitt af meginverkefnum ráðsins verður að fylgjast með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim og er í því fólgið að gera hlutaðeigandi yfirvöldum grein fyrir því ef út af er brugðið, svo og að leiðbeina hlutaðeigandi aðilum um rétta framkvæmd.

Um 6. gr.

Lagt er til að ávallt beri að leita álits áfengis- og vímuvarnaráðs á verðlagningu, stefnumörkun vegna innflutnings, tilbúnings og dreifingar áfengis, og um aðgerðir sem hafa áhrif á aðgengi að áfengi og öðrum vímuefnum. Enn fremur ber hlutaðeigandi yfirvöldum að leita álits ráðsins á úthlutun fjár til áfengis- og vímuvarnamála svo og um öll lagafrumvörp og reglugerðir sem snerta áfengis- og vímuefnamál. Með þessu er reynt að tryggja samræmingarstörf ráðsins, en afar mikilvægt er að ráðið fjalli um alla þætti sem tengjast þessum málum á einn eða annan hátt og skiptir engu hvaða yfirvöld eiga í hlut.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er lagt til að það sé hlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs að annast söfnun og miðlun upplýsinga um áfengis- og vímuefnamál. Í áliti áfengismálanefndar ríkisstjórnarinnar frá janúar 1987 er lögð áhersla á þennan þátt þannig að á einum stað sé að finna, með aðgengilegum hætti, nauðsynleg gögn og að hægt verði að fá upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar um þessi mál á einum stað. Eðlilegt væri að reka þessa starfsemi sem sérstaka deild á vegum ráðsins þegar fram líða stundir.

Lagt er til að ríkissjóður standi straum af kostnaði vegna starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs og í því tilviki er rétt að benda á ákvæði 32. gr. þar sem fjallað er um Áfengis- og vímuvarnasjóð og tekjur hans, en reiknað er með að sjóðurinn standi undir þessari starfsemi.

Um 8. gr.

Lagt er til að áfengis- og vímuvarnanefndir starfi í hverju læknishéraði og skuli skipaðar eftir sveitarstjórnakosningar. Læknishéruð landsins eru átta og taka að langmestu leyti mið af kjördæmunum. Skipulag þessara mála í dag er með þeim hætti, að skipaðar eru áfengisvarnanefndir í hverju sveitarfélagi, sbr. nánar 30. gr. áfengislaga, allt frá þriggja manna upp í níu manna nefndir. Núverandi skipan hefur þótt þung í vöfum og lítt raunhæf, en sveitarfélögin eru um 200 talsins. Framkvæmdin verður þar að auki ákaflega misjöfn. Er því lögð til stórfelld fækkun nefnda, auk þess sem þeim eru einnig falin öll vímuvarnamál. Verða nefndirnar hér eftir átta talsins. Með þessu yrði enn fremur loku fyrir það skotið að félagsmálanefndum sveitarfélaganna yrðu falin þessi störf, enda er hér fyrst og fremst um heilbrigðismál að ræða og fyllsta ástæða til að þeim sé sinnt utan félagsmálanefnda þótt þarna verði að vera samstarf. Sem kunnugt er hafa sveitarfélögin í auknum mæli falið félagsmálanefndum störf áfengisvarnanefnda, en þær hafa ekki þau tengsl við heilbrigðisþjónustuna sem nauðsynleg eru. Í hverri nefnd skulu sitja fimm fullrúar, skipaðir af heilbrigðisráðherra. Lagt er til að héraðslæknir og fræðslustjóri eigi sæti í nefndinni, þ.e. verði lögskipaðir, en í hverju læknishéraði, sem eru nánast þau sömu og fræðsluumdæmin, starfar einn héraðslæknir og einn fræðslustjóri. Í Reykjavíkurlæknishéraði og Norðurlandshéraði eystra eru héraðslæknar í fullu starfi, en annars staðar gegna heilsugæslulæknar störfum héraðslækna í hlutastarfi. Samkvæmt stefnu stjórnvalda er ætlunin að færa frekari framkvæmd heilbrigðisþjónustunnar út í læknishéruðin og hefur fyrsta skrefið þegar verið stigið í tengslum við breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Að því hlýtur að koma að allir héraðslæknar starfi í fullu starfi. Fræðslustjórar gegna fullu starfi. Enn fremur er gert ráð fyrir því að áfengis- og vímuvarnaráð tilnefni einn fulltrúa til þess að treysta tengslin við ráðið og tveir skuli tilnefndir af landshlutasamtökum sveitarfélaga í héraðinu og skal annar þeirra vera félagsmálastjóri á svæðinu. Mjög brýnt er að félagsmálayfirvöld taki þátt í þessu starfi, enda lagðar á þau skyldur í lögunum. Auk þess er í nýsamþykktum lögum um félagsmálaþjónustu sveitarfélaga gert ráð fyrir þjónustu við áfengis- og vímuefnasjúklinga í ríkari mæli en áður.

Í greininni er fjallað um starfsemi áfengis- og vímuvarnanefnda læknishéraðanna sem er m.a. að veita yfirvöldum ráðgjöf, starfa með félagsmálanefndum sveitarfélaga, eiga frumkvæði að og styðja starfsemi sem miðar að því að draga úr eða koma í veg fyrir neyslu áfengis og annarra vímuefna. Leita skal álits nefndanna um þau atriði tengd þessum málum sem sérstaklega snerta héruðin, svo sem vegna leyfa til að veita áfengi og til opnunar áfengisútsölu og vegna endurveitinga ökuleyfa til þeirra sem hafa verið sviptir þeim ævilangt sakir neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Enn fremur er fjallað um skýrslugjöf nefndanna, starfsmenn og að ríkissjóður beri kostnað af störfum þeirra, þ.e. Áfengis- og vímuvarnasjóður. Gert er ráð fyrir, að nefnd-

irnar verði launaðar. Ráðherra skal setja reglugerð um starfsemi nefndanna að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs og nefndanna.

Með þessu er reynt að koma því til leiðar að áfengis- og vímuvarnanefndir verði starfhæfar og taki að sér forystu í þessum málum í héraði, en verulega hefur skort á slíkt samkvæmt gildandi kerfi.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um afskipti félagsmálanefnda sveitarfélaganna af áfengis- og vímuvörnum og að þeim beri að sinna aðstoð við áfengis- og vímuefnasjúklinga og fjölskyldur þeirra. Er þetta í samræmi við nýsett lög um félagsmálaþjónustu sveitarfélaganna, sbr. lög nr. 40/1991.

Um 10. gr.

Vegna þeirrar umræðu, sem átt hefur sér stað að undanförnu um að fella niður einkasölu ríkisins á áfengi, telur nefndin rétt að það komi skýrt fram í lögunum að einkasölu verði viðhaldið þar sem áfengisvarnastefnan tekur og hefur tekið mið af slíku fyrirkomulagi. Einkasalan hefur frá upphafi þjónað þeim tilgangi einum að koma í veg fyrir misnotkun og að útrýma því böli sem henni fylgir, sbr. 1. gr. áfengislaga. Frumvarp þetta tekur í einu og öllu mið af áframhaldandi einkasölu ríkisins á áfengi og er því eðlilegt að lagt sé til að henni verði viðhaldið.

Íslendingar, ásamt Finnum, Svíum og Norðmönnum, hafa gert þann fyrirvara í viðræðum um Evrópska efnahagssvæðið að þeir áskilji sér rétt til að halda einkasölu á áfengi þar sem heilbrigðissjónarmið og velferð þjóðanna ráði áfengismálastefnunni, en ekki viðskiptahagsmunir.

Rétt er að ítreka að samkvæmt niðurstöðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar dregur ríkiseinkasala úr neyslu áfengis. Stofnunin hefur fylgst með þessu í aldarfjórðung í 48 aðildarríkjum.

Til þess að ríkiseinkasala þjóni því hlutverki að vinna gegn heilsutjóni af völdum áfengis er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði skipuð sérstök stjórn sem í eigi sæti m.a. fulltrúar heilbrigðisyfirvalda.

Á ráðstefnu um vímuefnavarnir, sem haldin var 29. og 30. nóvember 1991, kom fram eindreginn stuðningur við ákvæði þessarar greinar og vísast um það til athugasemda með lagafrumvarpinu hér að framan.

Um 11. gr.

Allt frá því að lög um sölu á áfengi voru sett hefur tilgangur áfengislaga verið sá að vinna gegn misnotkun áfengis. Frá því að bannlögin voru afnumin hafa auglýsingar á áfengi verið bannaðar fortakslaust, jafnt óbeinar sem beinar, sbr. nú 4. mgr. 16. gr. áfengislaga, en þar segir að áfengisauglýsingar séu bannaðar og að nánari ákvæði skuli sett í reglugerð. Hugtakið auglýsing er hins vegar ekki skilgreint og ekki kveðið á um undanþágur.

Þegar heimilað var að selja áfengt öl hér á landi 1. mars 1989 stóðu stjórnvöld frammi fyrir því að margir þeir aðilar, sem framleiða bjór, framleiða jafnframt óáfenga drykki undir sama firma- og vörumerki og var því sett sérstök reglugerð þar sem skilgreint var hvað átt væri við með auglýsingu á áfengi og áfengisvörum og hvað væri undanþegið banni gegn auglýsingum. Þessi reglugerð var sett 20. febrúar 1989, sbr. reglugerð nr. 62/1989 um bann við auglýsingum og að fenginni reynslu var henni breytt með reglugerð nr. 317/1991.

Því hefur verið haldið fram að skýring á hugtakinu auglýsing í reglugerðinni eigi sér ekki nægjanlega stoð í áfengislögum og er því lagt til að ákvæði reglugerðarinnar verði

sett inn í 11. gr. laganna með nokkrum breytingum. Er einkum stuðst við reynslu af framkvæmd auglýsingaákvæða tóbaksvarnalaga nr. 74/1984, en þar er að finna fyllri ákvæði um auglýsingar heldur en í áfengislögum, og hefur tekist að framfylgja auglýsingabanni á tóbaki eftir tilkomu þeirra, m.a. vegna þess að ákvæðin eru tiltölulega skýr.

Í greininni er að finna fortakslaust bann við auglýsingum, jafnt beinum sem óbeinum, svo sem að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru og þjónustu. Skilgreint er hvað átt er við með auglýsingu í lögunum, t.d. að hún taki til tilkynninga til almennings, þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingarspjöld o.s.frv. Enn fremur tekur ákvæðið til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn eða firmamerki. Lögð er til sú breyting frá reglugerðinni að óheimilt sé að auglýsa óáfenga drykki undir sama vörumerki og áfenga drykki. Á ráðstefnu um vímuefnavarnir, sem áður er getið, kom fram eindreginn stuðningur við þessa skipan, en samkvæmt reglugerðinni er framleiðanda, sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur, heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, en tekið skal fram með áberandi hætti að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi áfengislaga og ekki má vísa til hinnar áfengu framleiðslu. Þessu verður ekki unað enda gerir það alla framkvæmd erfiða.

Undanþegin auglýsingabanninu eru hins vegar auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum sem flutt eru til landsins nema megintilangur ritsins sé að auglýsa áfengi, auðkenni með firmanafni eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilar og auðkenni með firmanafni eða firmamerki á vöruumbúðum áfengisframleiðanda og á bréfsefni. Með þessu er lagt til að ákvæði gildandi reglugerðar um að undanþágan nái til firmanafns og/eða firmamerkis á flutningatækjum áfengisframleiðanda eða umboðsmanns verði afnumin, enda um að ræða beina auglýsingu þegar hlutaðeigandi er þekktur fyrir það eitt hér á landi að selja áfengi.

Ráðherra skal að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð.

Rétt er að vekja athygli á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, Evrópuráðið og fleiri alþjóðasamtök hafa á undanförnum árum unnið ötullega að því að koma á framfæri þeim sjónarmiðum til þátttökuríkja að bann við auglýsingum á áfengi sé áhrifaríkur þáttur í því að draga úr heildarneyslu áfengis.

Ákvæði 11. gr. ná aðeins til auglýsinga á áfengi, en auglýsingar á öðrum vímuefnum eru hvort eð er ólöglegar samkvæmt öðrum lögum.

Um 12. gr.

Samkvæmt þessari grein má því aðeins selja og dreifa áfengi, að skráð sé viðvörun á umbúðir vörunnar um skaðsemi hennar, þ.e. á neytendaumbúðir. Hér er um svo sjálfsagðan hlut að ræða að vart þarf að rökstyðja hann með öðrum hætti en að benda á að allar neyslu- og nauðsynjavörur eru samkvæmt íslenskum reglum merktar, ekki síst þær sem innihalda efni eða efnasambönd sem geta haft áhrif á heilbrigði fólks. Er sjálfsagt að hið sama gildi um áfengi og er lagt til að sömu reglur gildi um áfengi og um tóbak samkvæmt tóbaksvarnalögum nr. 74/1984, en þær merkingar hafa tekist vel og reyndar vakið heimsathygli og athygli á Íslandi sem brautryðjanda í tóbaksvörnum.

Enn fremur er lagt til að sett skuli upp viðvörunarskilti í verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og í vínveitingahúsum, þar sem vakin skal athygli á lögum um ölvunarakstur, hve lengi vínandi er að fara úr blóði og hver séu viðurlög við því að útvega fólki yngra en 20 ára áfengi. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur þegar að hluta til komið til móts við þau sjónarmið sem hér eru nefnd, en gert var ráð fyrir því í tillög-

um áfengismálanefndar ríkisstjórnarinnar frá janúar 1987 að það yrði gert. Rétt þykir að lögfesta þessi atriði.

Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um merkingar þessar, þar á meðal um viðvörunartexta, stærð hans, letur og hvar skiltum skuli komið fyrir og að áfengisframleiðendur eða áfengisveitingahúsaeigendur standi straum af kostnaði við merkingarnar. Er þetta allt í samræmi við það sem gildir um tóbak.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er kveðið á um fræðslu í grunnskólum um áfengi og önnur vímuefni og að hún skuli hefjast í 2. bekk samkvæmt námsskrá sem menntamálaráðherra setur að höfðu samráði við áfengis- og vímuvarnaráð. Lagt er til að fræðslan beinist einkum að því að upplýsa nemendur um eðli áfengra drykkja, áhrif þeirra á manninn, fjölskylduna og samfélagið og búi þannig nemendur undir það að geta tekið sjálfstæða og ábyrga ákvörðun um neyslu þessara efna. Talið er nauðsynlegt að þessi fræðsla hefjist sem fyrst þótt vissulega megi deila um hversu snemma hún skuli hefjast með hliðsjón af þroska barna. Í þessu tilviki ber að hafa í huga að einhverjir áhrifaríkustu áróðursmenn gegn tóbaksneyslu eru grunnskólanemendur og er fyllsta ástæða til þess að ætla að sama gildi um áfengis- og vímuefnamál almennt sé fræðslu beint til þeirra. Þessi grein er í samræmi við tillögur menntamálaráðuneytis og fræðslustjóra.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um fræðslu að loknu grunnskólanámi þegar nemendum er hvað hættast við að ánetjast áfengi og öðrum vímuefnum. Lagt er til að fyrstu tvö árin að loknum grunnskóla fari fram fræðsla í öllum framhaldsskólum um skaðsemi áfengis og annarra vímuefna og að fræðslan taki mið af því að fólk geti verið án áfengis og annarra vímuefna og að ekki sé litið á áfengi sem nauðsynjavöru. Þessi kennsla skal fara fram samkvæmt námsskrá.

Um 15. gr.

Nauðsynlegt er að þeir sem mennta sig til þess að verða kennarar, fóstrur, lögreglumenn og fangaverðir fái ítarlega og skipulega undirstöðumenntun í áfengis- og vímuefnavörnum til þess að geta sinnt forvarnastarfi. Við fræðslu kennaraefna skal lögð sérstök áhersla á hlutverk kennarans í þessu starfi, leiðbeiningar, fræðslu í áfengis- og vímuvarnamálum, kynningu námsgagna og færni kennarans til þess að verða að liði þeim nemendum sem ætla má að séu í sérstakri hættu gagnvart neyslu áfengis og annarra vímuefna. Gert er ráð fyrir að fræðslan sé í höndum kennara, en ekki eins og tíðkast hefur að fengnir séu við og við sérfróðir jafnt sem ósérfróðir aðilar til þess að fjalla um þessi mál í skólum.

Í þeim deildum háskóla, þar sem það á við, þ.e. í félagsvísindadeild, lagadeild, guðfræðideild, læknadeild, námsbraut í hjúkrunarfræðum og lyfjafræði lyfsala, skal veita fræðslu um áfengis- og vímuefnamál í tengslum við starfsundirbúning, en flestir þeirra, sem stunda nám í þessum deildum, þurfa með einum eða öðrum hætti að fjalla um mál á þessu sviði vegna starfa sinna síðar.

Greinin tekur mið af athugasemdum menntamálaráðuneytis, fræðslustjóra og hlutaðeigandi sérskóla.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að í menntamálaráðuneytinu verði starfrækt námsstjórn í áfengis- og vímuefnavörnum, en það er skilyrði þess að hægt sé að fylgjast með þeirri fræðslu sem kveðið er á um í IV. kafla laganna og er reiknað með að námsstjórnin annist ráðgjöf og

skipulagningu fræðslu í grunnskólum sem og öðrum skólum, þó með sérstakri áherslu á grunnskólana.

Rétt er að benda á að á vegum menntamálaráðuneytisins hefur verið starfrækt námsstjórn í samræmi við ofanritað, en þó engan veginn með fullnægjandi hætti. Best væri að sérstakur námsstjóri annaðist þennan þátt, í fullu starfi, og að hann hefði aðgang að nauðsynlegu aðstoðarfólki.

Um 17. gr.

Í 17. gr. er fjallað um almennt forvarna- og upplýsingastarf og sú skylda lögð á áfengis- og vímuvarnaráð, í samvinnu við landlækni, að standa fyrir slíku. Hér er um að ræða fræðslu utan skólakerfisins. Þessi fræðsla skal sérstaklega taka mið af þörfum ýmissa hópa í samfélaginu, svo sem ungmenna sem horfið hafa frá skyldunámi, foreldra og forráðamanna barna og unglinga, barnshafandi kvenna, stjórnenda farartækja o.s.frv. Sérstaklega er mikilvægt að samræmd verði störf félagasamtaka og áhugamanna á þessu sviði og er sú skylda lögð á ráðið og landlækni að annast það.

Sú verður skylda áfengis- og vímuvarnaráðs og landlæknis að beita sér fyrir reglubundinni fræðslu á heilsugæslustöðvum um skaðsemi neyslu áfengis og annarra vímuefna í samvinnu við félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki og er það í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, sbr. nú lög nr. 97/1990, þar sem áfengisvarnir eru einn af grunnþáttum heilsuverndar og hlutverk heilsugæslustöðva. Styrkja verður heilsugæslustöðvarnar til þess að annast þennan þátt með sama hætti og aðra þætti heilsuverndar.

Áfengis- og vímuvarnaráði og landlækni ber að beita sér fyrir fræðslu í ríkisfjölmiðlum og er lögð sú skylda á ríkisfjölmiðlana að birta slíkt efni án endurgjalds með hliðstæðum hætti og á sér stað í tóbaksvarnalögum um tóbaksvarnaáróður og umferðarlögum um umferðaráróður.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um hvernig við skuli bregðast þegar vímuefnaneysla leiðir til ítrekaðra afskipta opinberra aðila, t.d. lögreglu. Um er að ræða íhlutun sem hefur það að markmiði að stöðva vítahring hins vímuefnasjúka með kerfisbundnum aðgerðum opinberra aðila. Sérstök áhersla er lögð á þessa íhlutun þegar hinn áfengissjúki hefur börn á framfæri sínu eða býr á heimili þar sem börn og aldraðir eru.

Íhlutun af þessu tagi hefur víða verið reynd erlendis með góðum árangri. Sá sem er orðinn háður neyslu vímuefna er ófær um að stjórna eigin lífi. Því má leiða rök að því að samfélagið hafi þær skyldur að grípa í taumana.

Í 1. mgr. 18. gr. er kveðið á um tilkynningarskyldu lögreglu til foreldra þegar um handtöku barna og unglinga undir 18 ára aldri er að ræða vegna vímu. Mikilvægt er að forráðamenn barns séu þannig upplýstir í því skyni að þeir geti brugðist við á ábyrgan hátt. Fjölskyldan er sá vettvangur sem felur í sér áhrifaríkustu forvörnina bregðist hún við með skynsamlegum hætti. Þá er í grein þessari kveðið á um að lögregla tilkynni til barnaverndarnefndar þegar um ítrekaðar handtökur barna og unglinga sökum vímu er að ræða. Ítrekuð afskipti lögreglu vegna vímu barns eða unglings benda til að vandinn sé kominn á það stig að hann sé fjölskyldunni um megn. Í því tilviki er mikilvægt að barnaverndarnefnd láti málið sig varða og veiti stuðning til að glíma við vandann.

Í gildandi lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra er skylt ákvæði þar sem lögreglu er gert að tilkynna handtöku vegna ölvunar til nánustu vandamanna ef um mann undir 21 árs aldri er að ræða, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1964. Þetta ákvæði hefur ekki verið virt í framkvæmd.

Í 2. mgr. 18. gr. er kveðið á um, að lögregla skuli halda manni, sem handtekinn hefur verið vegna vímu, þar til víman er af honum runnin. Jafnframt er veitt heimild til að

sú gæsla vari allt að tveimur sólarhringum ef það er talið nauðsynlegt vegna læknisrannsóknar.

Í 3. mgr. 18. gr. er fjallað um hvernig við skuli brugðist þegar um ítrekaðar handtökur lögráða manna vegna vímu er að ræða. Í þeim tilvikum er heimild veitt til að færa mann til heilsugæslustöðvar eða göngudeildar áfengis- eða vímuefnasjúklinga í því skyni að láta fara fram mat á heilsufari, meðferðarþörf og hvernig koma megi til hjálpar. Að sjálfsögðu skal leita eftir samþykki viðkomandi einstaklings við framkvæmd þessa ákvæðis.

Í 4. mgr. 18. gr. er mælt fyrir um leiðir sem eiga að standa heilsugæslustöðvum til boða við framkvæmd á markmiðum 3. mgr. 18. gr. Lögð er áhersla á að einungis skuli gripið til frelsisskerðingar ef ákvæði lögræðislaga eiga við.

Um 19. gr.

Í þessari grein er kveðið á um samstarf lögreglu og félagsmálanefnda/félagsmálastofnana sveitarfélaga vegna misnotkunar vímuefna. Slíkt samstarf getur haft mjög mikla þýðingu í forvörnum. Félagsmálayfirvöld geta fylgt eftir íhlutun lögreglu með því að bjóða þeim sem misnota vímuefni ráðgjöf eða annan stuðning sem verði til þess að misnotandinn leiti sér meðferðar. Sama gildir um aðstandendur vímuefnasjúkra, börn og maka, en þeir þarfnast oft ráðgjafar og aðstoðar til að gera rofið þann vítahring sem þeir eru í. Grein þessi er í samræmi við ákvæði 51. og 52. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um tilkynningarskyldu lögreglu til félagsmálanefndar/félagsmálastofnunar um öll útköll á heimili vegna vímuefnaneyslu þar sem búa börn eða aldraðir eða ef aðrar ástæður mæla með því. Um þau tilvik, þar sem börn eru beinlínis í hættu eða foreldrar eru ekki færir um að annast þau sökum ofnotkunar vímuefna, fer eftir lögum um vernd barna og ungmenna og skal tilkynna það til barnaverndarnefndar. Oft gegna félagsmálanefndir jafnframt hlutverki barnaverndarnefnda. Það fer eftir mati lögreglu hversu fljótt tilkynnt er, en reikna verður með að í alvarlegum tilvikum sé það gert strax.

Grein þessi kemur m.a. í stað 1. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Þar er kveðið á um tilkynningarskyldu lögreglu, ef maður er handtekinn tvisvar sinnum eða oftar með stuttu millibili sökum ölvunar, til áfengisvarnaráðunautar eða áfengisvarnanefnda. Þetta lagaákvæði hefur ekki verið virt í framkvæmd. Hins vegar hefur lögreglan í Reykjavík haldið skrá yfir handtökur og gistingar í fangageymslum lögreglunnar, sem er mikilvægur þáttur í forvarnastarfi hennar í áfengismálum.

Reynslan hefur sýnt, bæði hérlendis og erlendis, að íhlutun af þessu tagi getur verið mjög árangursrík. Alkunna er að notkun áfengis er oft leyndardómur fjölskyldunnar sem hún reynir í þaula að komast hjá að aðrir öðlist vitneskju um. Þegar lögregla hefur verið kvödd á heimili reynist oft unnt að afhjúpa þennan leyndardóm sem er forsenda þess að fjölskyldan leiti eftir hjálp.

Í 2. mgr. 19. gr. er kveðið á um skyldur félagsmálanefnda til að fylgja málum eftir. Um er að ræða aðgerðir sem beinast að hinum áfengissjúka annars vegar og hins vegar fjölskyldu hans, börnum og maka.

Um 20. gr.

Hér er fjallað um hvar meðferð áfengis- og vímuefnasjúklingar skal fara fram og er þar átt við meðferð til þess að koma einstaklingum á réttan kjöl. Um er að ræða sjúkrahús, göngudeildir og heilsugæslustöðvar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, enda sé um sjúklinga að ræða sem þarfnist aðstoðar heilbrigðisþjónustunnar. Er ætlast til að þessar stofnanir hafi sérstakt leyfi til reksturs í samræmi við VII. kafla laganna.

Um 21. gr.

Það verður hlutverk heilbrigðisráðherra að sjá til þess að heilbrigðisþjónusta við áfengis- og vímuefnasjúklinga sé fyrir hendi á sjúkrahúsum ríkisins eða annars staðar í samræmi við þennan kafla og er með því lögð áhersla á að um heilbrigðismál sé að ræða. Samkvæmt lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, fer heilbrigðisráðherra með yfirstjórn heilbrigðismála, en í lögunum er annars vegar kveðið á um starfsemi og hlutverk heilsugæslustöðva og hins vegar sjúkrahúsa, en það eru þær stofnanir sem annast heilbrigðisþjónustu í landinu.

Um 22. gr.

Hér er fjallað um bráðaþjónustu vegna alvarlegra áfengis- og vímuefnaeitrana og fráhvarfseinkenna eftir neyslu og að hún skuli fara fram á heilsugæslustöðvum, bráðamóttöku og slysadeildum sjúkrahúsa svo og geðdeildum, lyflæknisdeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga þegar ástand sjúklings er þannig háttað. Með þessu er verið að koma því til leiðar að ekki sé sjálfgefið að leggja þurfi sjúkling inn á sjúkrahús, heldur að hægt verði að veita aðstoð innan heilsugæslunnar, á bráðamóttöku og á slysadeildum.

Um 23. gr.

Í 23. gr. er fjallað um meðferð, endurhæfingu og aðhlynningu á sjúkrahúsum. Grein ist hún í afeitrun, rannsókn og upphaflega meðferð, meðferð sem miðar að varanlegu bindindi og þroska og að byggja upp félagslega hæfni, skapgerð og persónuleika sjúklings. Enn fremur í endurhæfingu og aðhlynningu sjúklinga sem illa eru farnir heilsufarslega og félagslega og er í því skyni kveðið á um vernduð heimili þar sem vistmenn greiða dvalarkostnað að hluta til eða öllu leyti og þeim er gert kleift að stunda vinnu, skólagöngu o.s.frv. Engin tímamörk eru sett á lengd meðferðar innan hvers þáttar, en gerð er tillaga um ferli, þannig að fyrst komi afeitrun, því næst rannsókn og upphaf meðferðar og eftir það full meðferð sé talin ástæða til og endurhæfing eftir það. Að lokum vernduð heimili sé annað að fullu reynt. Með þessu er verið að festa í meginatriðum þá stefnu sem ríkt hefur á ríkisspítölum og stofnunum SÁÁ og fleiri aðila þegar í hlut eiga áfengis- og vímuefnasjúklingar. Ekki er sjálfgefið að sama stofnunin annist alla þessa þætti, heldur getur verið eðlilegt að skipta þeim á milli stofnana, m.a. með það fyrir augum að nýta sem best þau úrræði sem fyrir hendi eru og þau sjúkrahús sem eru til ráðstöfunar á þessu sviði, en lítillar samræmingar hefur gætt varðandi þennan þátt í heilbrigðiskerfinu.

Enn fremur er lagt til að heimilt verði að semja við meðferðarstofnun fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga um refsivist, þ.e. að hluti hennar sé afplánaður þar sé það mat hlutaðeigandi yfirlæknis og fangelsislæknis að líkur séu á árangri í meðferð. Er þetta í samræmi við ríkjandi stefnu sem m.a. kemur fram í nýframlögðu frumvarpi dómsmálaráðherra um breytta afplánun refsivistar hér á landi sé ekki um að ræða alvarlegustu brot.

Um 24. gr.

Lagt er til að í hverju hinna átta læknishéraða skuli í tengslum við sjúkrahús eða heilsugæslustöð rekin sérstök göngudeild fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga og að meðferðar- og fræðslustarf á þessum stöðum beinist að því að draga úr þörf fyrir innlagnir. Með þessu er verið að marka stefnu um meðferðar- og fræðslustarf, og að sú skylda hvíli á hverju læknishéraði að veita þessum sjúklingum göngudeildarþjónustu. Hér er bæði átt við þá sem hafa farið í meðferð á sjúkrahús og þá sem ekki hafa þurft hennar með en þurfa stuðning. Brýnt er fyrir þjóðfélagið að forðast óþarfa innlagnir á þessi sjúkrahús

sem og önnur, bæði vegna þess kostnaðar sem af slíku leiðir fyrir samfélagið og hlutaðeigandi einstakling, svo sem vegna frátafa frá vinnu.

Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði 36. og 37. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um vernd barna og ungmenna. Í 1. mgr. 25. gr. er kveðið á um svonefnt leitarstarf sem fólgið er í því að hafa upp á þeim börnum og ungmennum sem gefa til kynna að þau eigi við vanda að stríða sökum áfengis- og vímuefnaneyslu. Í stærstu sveitarfélögum landsins eru starfræktar svonefndar útideildir, en slíkt leitarstarf er einmitt höfuðverkefni þeirra. Ástæða er til að leggja áherslu á að aðrir aðilar, t.d. kennarar og aðrir uppalendur, láti mál til sín taka þegar það á við. Í 2. mgr. 25. gr. er kveðið á um hvernig með skuli fara reynist nauðsynlegt að vista barn eða ungmenni á meðferðarstofnun vegna ofneyslu vímuefna. Rétt er að vekja athygli á að á vegum Unglingaheimilis ríkisins er rekin meðferðarstofnun að Tindum á Kjalarnesi sem ætluð er börnum og ungmennum. Nauðsynlegt er, að barnaverndarnefnd annist milligöngu um vistun á þeirri stofnun. Í 3. mgr. 25. gr. er kveðið á um að vísa skuli þeim börnum og unglingum til greiningar og meðferðar á barna- og unglingageðdeildum, sem líkur benda til að eigi við geðræn vandamál að stríða til viðbótar áfengis- eða vímuefnavanda. Loks er í 2. mgr. 25. gr. kveðið á um skyldur félagsmálanefnda sveitarfélaga og heilsugæslustöðva að veita börnum og ungmennum áframhaldandi stuðning að lokinni meðferð.

Um 26. gr.

Hér er lagt til að aðstandendum sjúklings skuli boðið upp á stuðningsmeðferð meðan sjúklingur vistast til áfengis- eða vímuefnameðferðar, en talið er mjög mikilvægt að fjölskyldum standi slík þjónusta til boða meðan á meðferð stendur, en ekki aðeins eftir á eins og nú tíðkast.

Gert er ráð fyrir því að við hverja stofnun fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga skuli aðstandendum gefinn kostur á þessum stuðningi, jafnframt sálgæslu og fræðslu, og að sérstök áhersla skuli lögð á að fræða þá um eðli sjúkdómsins og um áhrif hans á sjúklinginn og aðstandendur hans þannig að þeir hafi meiri þekkingu á því þegar sjúklingurinn er kominn í sitt venjulega umhverfi hvernig taka beri á málum.

Um 27. gr.

Greinin er í samræmi við V. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, um félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð. Í 1. mgr. 27. gr. er átt við fjárhagsaðstoð sem veitt er t.d. meðan á áfengismeðferð stendur og getur reynst mikilvæg til sjálfshjálpar. 2. mgr. 27. gr. fjallar um þann hóp áfengissjúkra og misnotenda annarra vímuefna sem hafa beðið varanlegt tjón á heilsu sinni og þarfnast aðstoðar af þeim sökum. Í flestum tilvikum eiga slíkir einstaklingar rétt á bótum samkvæmt almannatryggingalögum. Hins vegar er reynslan sú að oft er nauðsynlegt að veita þeim annan stuðning, t.d. vegna húsnæðisöflunar.

Um 28. gr.

Hér er fjallað um meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga og skírskotað til þess að um þær fari samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og þær séu þar með bundnar leyfi heilbrigðisráðherra. Lagt er til að auk héraðslæknis og landlæknis leggi áfengis- og vímuvarnaráð mat á nauðsyn og gagnsemi stofnunar en samkvæmt gildandi heilbrigðisþjónustulögum leggja landlæknir og héraðslæknir einir mat á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

Um 29. gr.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar umræður um afgreiðslu og sölu áfengis utan opinberrar verðskrár, svo sem til ráðuneyta og stofnana. Lagt er til að slíkt verði óheimilt hér eftir og að þessir aðilar verði að sæta sömu kjörum og aðrir.

Lagt er til að útsölustaðir ÁTVR verði opnir eingöngu á virkum dögum frá kl. 10–18 og að þeir verði lokaðir alla laugardaga, helga daga og auk þess aðfangadag jóla og sama gildi um almenna frídaga, stórhátíðardaga og kosningadaga. Hér er um að ræða hliðstæð ákvæði og er að finna í áfengislögum, sbr. 14. gr., en þó er kveðið á um opnunartíma sem ekki er þar gert. Nauðsynlegt er að kveða á um þessa þætti þannig að ekki sé hægt að valsa með opnunartíma eins og gert hefur verið á undanförnum árum, t.d. með lengri opnunartíma á tilteknum dögum eins og á Þorláksmessu, en það virðist gert í þeim eina tilgangi að auka söluna og þar með neysluna þvert á tilgang áfengislaga eins og honum er lýst í 1. gr. laganna.

Enn fremur er lagt til að óheimilt sé að veita stöðum, sem eru áningarstaðir ferðafólks eða þjóna ökumönnum, leyfi til áfengissölu. Sú ósvinna hefur viðgengist hér á landi, eftir að farið var rýmka um áfengissölu, að veita stöðum við þjóðvegi landsins leyfi til áfengissölu og hið sama gildir um flugafgreiðslur. Gengur þetta þvert á þau sjónarmið að koma þurfi í veg fyrir ölvunarakstur og á stefnu annarra þjóða, sem margar hverjar, svo sem Frakkland, hafa bannað sölu áfengis við þjóðvegi.

Þessi ákvæði ættu ekki síður heima í áfengislögum, en mjög brýnt er að taka á þessum málum, og er því lagt til að ákvæðið verði hér.

Um 30. gr.

Hér er fjallað um eftirlitsskyldu áfengis- og vímuvarnanefnda og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna með því að settum skilyrðum í leyfum til áfengisveitinga samkvæmt áfengislögum sé framfylgt og að þessir aðilar geri lögreglu viðvart ef út af bregður, en leyfisveitingar eru í höndum dómsmála- og lögregluyfirvalda.

Um 31. gr.

Allt frá því að sala efna til áfengisgerðar var hafin hér fyrir 15–20 árum hefur verið um það rætt hvort ástæða væri til þess að banna hana séu efnin eingöngu ætluð til áfengisgerðar. Í tillögum áfengismálanefndar ríkisstjórnarinnar frá janúar 1987 er lagt til að sala slíkra efna verði bönnuð, enda vandséð að sala þeirra dragi úr neyslu áfengis. Skýtur skökku við, annars vegar að banna brugg en leyfa síðan sölu á bruggefnum. Hér þarf að gæta samræmis og er því lagt til að salan verði bönnuð.

Um 32. gr.

Lagt er til að 2% af brúttósölu áfengis renni í Áfengis- og vímuvarnasjóð sem verja skal til áfengis- og vímuvarnastarfs samkvæmt lögunum. Þessi sjóður gæti, miðað við tekjur af áfengissölu á síðasta ári, gefið um 150 milljón kr. á ári, en heildarsala áfengis nam þá tæpum 7,5 milljörðum króna. Hér er um verulega upphæð að ræða, en rétt er að benda á, að sjóðnum er ætlað að standa undir öllu áfengisvarnastarfi, uppbyggingu og viðhaldi stofnana og endurmenntun starfsmanna. Mundi flest falla undir hann annað en rekstur stofnana. Kæmi sjóðurinn í stað gæsluvistarsjóðs samkvæmt lögum nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, en hann hefur verið lítið annað en nafnið síðustu árin. Mundi sjóðurinn gjörbreyta möguleikum yfirvalda til þess að takast á við vandann. Það er kunnara en frá þurfi að segja að framlög til áfengisvarna hafa lækkað á undanförnum árum ef frá er talinn kostnaður við meðferðarstofnanir. Með vísun til þess að ætlun er að taka upp stóraukið varnastarf, og ekki eingöngu á áfengissviðinu, heldur á öllu vímuefnasviðinu, er nauðsynlegt að tryggja tekjustofn og væri ekki óeðli-

legt að bæta þessu ofan á áfengisverðið, enda er það skoðun heilbrigðisyfirvalda að kostnaður samfélagsins, heilbrigðisþjónustunnar og félagsmálaþjónustunnar sé meiri en þær tekjur sem hið opinbera hefur af sölunni. Í þessu tilviki er rétt að benda á að við setningu laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, var ákveðið að verja 2 prómillum af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs og er það mál manna að það hafi skilað miklum og góðum árangri, enda kostar verulegt fé að halda úti slíkri starfsemi. Þykir það reyndar sjálfsagt í dag að þeir sem neyta tóbaks standi undir tóbaksvarnastarfinu eins og á sér stað í sambandi við ýmis önnur mál, t.d. um eftirlit með ýmis konar starfsemi, svo sem mengandi starfsemi. Er þess að vænta að með þessu verði skotið traustum fótum undir áfengis- og vímuvarnastarf og að ekki verði hægt að kenna um peningaleysi skili það ekki árangri.

Lagt er til að verja megi allt að helmingi fjárins til uppbyggingar og endurbóta stofnana og endurmenntunar starfsfólks sem stundar áfengis- og vímuefnavarnir eða meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga og yrði með þessu hægt að létta þessum kostnaði af ríkissjóði.

Um 33. gr.

Lagt er til að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafi eftirlit með framkvæmd ákvæða um auglýsingabann og merkingar samkvæmt 11. og 12. gr. og fylgist með því hvert í sínu umdæmi að fylgt sé ákvæðum þessara greina. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna á auðveldara með að fylgjast með þessum þáttum en lögreglan og vísast til lögbundins eftirlit þeirra með tóbaksauglýsingum. Lagt er til að nefndirnar geti beitt sömu úrræðum til að knýja á um úrbætur og mælt er fyrir um í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem er að áminna hlutaðeigandi, gefa tilhlýðilegan frest til úrbóta eða loka hlutaðeigandi starfsemi.

Um 34. gr.

Hér er fjallað um brot gegn ákvæðum 11. og 12. gr. sé auglýsingabann ekki virt og merkingum ekki framfylgt. Enn fremur um brot á ákvæðum 31. gr. um sölu efna til áfengisgerðar og er hér um að ræða hefðbundin refsiákvæði auk þess sem vísað er til almennra hegninarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, varðandi tilraun og hlutdeild í broti.

Um 35. gr.

Eitt alvarlegasta vandamálið í tengslum við áfengisneyslu og neyslu annarra vímuefna er ölvunarakstur. Lengi hefur verið rætt um að herða þurfi ákvæði um ölvunarakstur og akstur undir áhrifum vímuefna, en þeim fjölgar stöðugt sem stunda slíka iðju. Áfengismálanefnd ríkisstjórnarinnar, sem skilaði áliti í janúar 1987, leggur til að sérstaklega verið tekið á þessum atriðum til þess að reyna að stemma stigu við vandamálinu. Ákvæði þetta ætti eins heima í umferðarlögum, en þar sem nefnd þeirri, sem gerði tillögu að þessu frumvarpi, var ekki falið að endurskoða þau lög, leggur hún til að tekið verði á málinu hér. Lagt er til að þeir ökumenn, sem dæmdir hafa verið til að missa ökuleyfið ævilangt, þ.e. þeir sem ekki eiga kost á að endurnýja ökuleyfið fyrr en eftir þriggja ára sviptingu sakir neyslu áfengis og annarra vímuefna, skuli gert að taka þátt í fræðslunámskeiði um áhrif áfengis og annarra vímuefna sem áfengis- og vímuvarnanefnd viðurkennir. Til þess að knýja á um að þeir afli sér slíkrar fræðslu er sett sem skilyrði fyrir endurveitingu ökuleyfis að þeir hafi sótt hana. Ekki ber að líta á þetta sem refsingu heldur viðleitni til þess að koma hlutaðeigandi aðilum til aðstoðar með þeim úrræðum sem heilbrigðiskerfið hefur upp á að bjóða og sannarlega hljóta að eiga hér við miðað við það stjórn- og ístöðuleysi sem hér liggur að baki.

Um 36. gr.

Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögunum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála. Eins og eðlilegt er í málum sem þessum er ekki eingöngu um að ræða hefðbundin viðurlög, heldur eru ákveðnar skyldur lagðar á framkvæmdarvaldshafa, svo sem að sjá svo um að lögunum verði framfylgt, m.a. með leiðbeiningum, fortölum og fræðslu. Verði hins vegar höfðað mál vegna brota á lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu vitanlega gilda um málsmeðferðina ákvæða laga um opinbera málsmeðferð.

Um 37. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1993, þar sem töluverðan tíma tekur að undirbúa gildistöku þeirra. Með lögunum verði felld úr gildi, að öllu leyti, lög nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, svo og tilteknar greinar áfengislaga, nr. 82/1969, með síðari breytingum, en þær eru 4. og 5. mgr. 16. gr. og allur VII. kafli laganna. Eftir standa þau ákvæði áfengislaga sem fjalla um tilgang laganna, sbr. I. kafla, innflutning áfengis, sbr. II. kafla, tilbúning áfengis, sbr. III. kafla, og um sölu og veitingar áfengis, sbr. IV. kafla. Enn fremur standa eftir ákvæði í 1., 2. og 3. mgr. 16. gr. laganna þar sem segir að ekki megi veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, áfengi og að óheimilt sé að selja þeim áfengi sem gerst hafa sekir um ólöglega sölu og bruggun áfengis og að ekki megi selja yngri mönnum en 20 ára áfengi eða veita þeim og afhenda með nokkrum hætti áfengi. Þannig er V. kafli laganna óbreyttur nema hvað snertir 4. og 5. mgr. 16. gr., en í V. kafla er fjallað um meðferð áfengis í landinu, ssvo sem um starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunarinnar, afhendingu, tilbúning, ólöglega sölu og dvöl ungmenna á vínveitingahúsum. Sjötti kafli áfengislaga er líka óbreyttur, en þar er fjallað um ölvun, svo sem ölvun á almannafæri og opinberum samkomum, í bifreiðum og öðrum farartækjum. Enn fremur er þar fjallað um ölvun við embættisfærslur og þar er að finna sérstök ákvæði um lækna, lyfsala, flugmenn, bifreiðastjóra, skipstjóra, stýrimenn og aðra sem annast vélknúin farartæki o.s.frv. Sjöundi kafli áfengislaga, þar sem fjallað er um áfengisvarnir, fellur hins vegar allur úr gildi. Refsiákvæði í VIII. kafla áfengislaga haldast óbreytt og hið sama er að segja um ákvæði IX. kafla.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að áfengis- og vímuvarnaráð skv. 4. gr. taki til starfa 1. júlí 1992 og taki við störfum áfengisvarnaráðs og vinni fyrst og fremst að undirbúningi og gildistöku laganna til að byrja með. Brýnt er að fela undirbúning að gildistöku laganna ákveðnum aðilum, enda um viðamikið starf að ræða. Þetta hefði í för með sér að skipa þyrfti ráðið næsta vor.

Lagt er til að reglugerðir samkvæmt 4. mgr. 11. gr. um áfengisauglýsingar og um merkingar skv. 3. mgr. 12. gr. taki gildi um leið og lögin. Nýtt áfengis- og vímuvarnaráð skal gera drög að slíkum reglum og leggja fyrir ráðherra.

Lagt er til að þær stofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, sem starfa við gildistöku laganna, fái að starfa óbreyttar til loka ársins 1995 eða í fjögur ár, en að þær skuli fyrir 1. janúar 1995 senda heilbrigðisráðuneytinu umsókn um starfsleyfi í samræmi við lögin þar sem m.a. skuli tekið fram hvers konar þjónustu þær óska eftir að veita. Með þessum hætti er ætlunin að marka stefnu um starfsemi þeirra sem annast meðferð og umönnun áfengis- og vímuefnasjúklinga, enda hlýtur það að vera lykilatriðið um framkvæmd heilbrigðisþjónustu á þessu sviði. Engin áætlun hefur verið gerð um starfsemi þessara stofnana eins og t.d. á sér stað varðandi uppbyggingu heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa hins opinbera.

805. Fyrirspurn [504. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslur til stuðningsfjölskyldna.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

1. Hve margar fjölskyldur eru stuðningsfjölskyldur fatlaðra einstaklinga hér á landi?
2. Hve mikið fá stuðningsfjölskyldur greitt fyrir stuðninginn að meðaltali? Hver er hámarksgreiðsla til stuðningsfjölskyldu, hve margar stundir á viku er stuðningur þá veittur og hve margar fjölskyldur fá hámarksgreiðslu? Hver er lægsta greiðsla til stuðningsfjölskyldna, hve margar stundir á viku er stuðningur þá veittur og hve margar fjölskyldur fá lægstu greiðslu?

806. Fyrirspurn [505. mál]

til fjármálaráðherra um landkynningarefni.

Frá Guðmundi Bjarnasyni.

1. Leiðir álagning virðisaukaskatts til þess að prentun á landkynningarefni til dreifingar erlendis flyst úr landi?
2. Ef svo er, hefur ráðherra í huga að grípa til ráðstafana sem leitt gætu til þess að prentunin yrði aftur unnin hér á landi?

807. Fyrirspurn [506. mál]

til utanríkisráðherra um úrskurði dómstóls EB og EES-samninginn.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða athuganir og úttektir hafa verið gerðar á vegum íslenskra stjórnvalda eða EFTA á úrskurðum EB-dómstólsins frá upphafi, sbr. 6. gr. EES-samningsins?
2. Með hvaða hætti verða þessir dómsúrskurðir kynntir Alþingi og almenningi áður en umræða hefst á þingi um EES-samninginn?

Greinargerð.

Vísað er til 6. gr. samnings um Evrópskt efnahagssvæði sem er svohljóðandi:

„Með fyrirvara um dómsúrlausnir í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa, þó að því tilskildu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna framkvæmdar þessara tveggja sáttmála.“

Skriflegt svar óskast.

808. Frumvarp til laga [507. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Staða og markmið.

1. gr.
Staða.

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hann lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans.

2. gr.
Heimili og varnarþing.

Heimili og varnarþing Seðlabankans er í Reykjavík.

3. gr.
Markmið.

Meginmarkmið Seðlabankans er að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins og stuðla að stöðugu verðlagi.

Enn fremur skal hann:

a. Stuðla að virkri og öruggri starfsemi á fjármagnsmarkaði.
b. Varðveita nægjanlegan gjaldeyrisvarasjóð til þess að greiða fyrir frjálsum viðskiptum við útlönd og treysta fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.
c. Stuðla að greiðri og hagkvæmri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

II. KAFLI
Gjaldmiðill Íslands.

4. gr.
Gjaldmiðill Íslands.

Gjaldmiðill Íslands nefnist króna. Í hverri krónu eru hundrað aurar.

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út mynt eða annan gjaldmiðil er geti gengið manna á milli í stað löglegra peningaseðla og löglegrar myntar. Bankinn ákveður hvort slegin skuli og gefin út mynt í aurum.

Seðlar, mynt og annar gjaldmiðill, sem Seðlabankinn gefur út, skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.

5. gr.
Lögun, útlit og ákvæðisverð peninga.

Seðlabankinn ákveður gerð, lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra og myntar sem bankinn gefur út. Hann skal birta auglýsingu um það efni í Lögbirtingablaðinu. Sama gildir um gerð, þunga, stærð og málmblöndu myntarinnar.

6. gr.
Skemmdir eða slitnir peningar.

Peningaseðlar og slegnir peningar, sem eru svo skemmdir eða máðir að númer, áletranir eða ákvæðisverð verður ekki örugglega greint, teljast ekki lögmætur gjaldmiðill. Seðlabankanum er þó heimilt að leysa til sín seðla og slegna peninga með fullu verði

eða hluta af verði. Ákvarðanir þar að lútandi skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

7. gr.

Innköllun peninga.

Seðlabankanum er heimilt að innkalla einstakar gerðir peningaseðla og sleginna peninga sem í umferð eru. Ákvarðanir þar að lútandi skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Innkallaðir peningaseðlar og slegnir peningar hætta að vera lögeyrir einu ári eftir birtingu auglýsingar bankans.

Seðlabankanum er þó skylt að taka við innkölluðum peningaseðlum og slegnum peningum með fullu ákvæðisverði, sbr. þó 6. gr., í a.m.k. fimm ár frá birtingu auglýsingar um innköllun skv. 1. mgr.

Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd innköllunar hverju sinni. Reglurnar skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

Ákvæði 1. mgr. taka ekki til almennrar innköllunar gjaldmiðils.

8. gr.

Fjárhæðir krafna og reikninga.

Seðlabankanum er heimilt að ákveða að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind með heilum tug aura eða aurum sleppt. Ákvarðanir þar að lútandi skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

9. gr.

Takmörkun á skyldu til að taka við slegnum peningum.

Eigi eru aðrir en innlánsstofnanir skyldugir að taka við greiðslu í einu á meira fé en 500 krónum í slegnum peningum.

III. KAFLI
Innlend viðskipti.

10. gr.

Innstæður lánastofnana.

Seðlabankinn tekur við innlánum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, útibú erlendra innlánsstofnana og aðrar stofnanir og félög sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Honum er einnig heimilt að taka við innlánum frá öðrum lánastofnunum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein, þar á meðal hvaða lánastofnunum öðrum en innlánsstofnunum er heimilt að eiga innstæður í bankanum.

11. gr.

Lánveitingar til lánastofnana.

Seðlabankinn getur veitt lánastofnunum, sem innlánsviðskipti geta átt við bankann, sbr. 10. gr., lán með kaupum á verðbréfum eða á annan hátt gegn tryggingum sem bankinn metur gildar. Lánsviðskipti þessi geta verið í innlendri eða erlendri mynt. Bankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari málsgrein.

Þegar sérstaklega stendur á og Seðlabankinn telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins getur hann að höfðu samráði við ráðherra veitt lánastofnunum önnur lán en um ræðir í 1. mgr.

12. gr.

Viðskipti með verðbréf.

Til að ná markmiðum sínum í peningamálum kaupir og selur Seðlabankinn ríkistryggð verðbréf og önnur trygg, innlend og erlend markaðsverðbréf.

13. gr.

Útgáfa verðbréfa til lánastofnana.

Seðlabankanum er heimilt að gefa út verðbréf í innlendri eða erlendri mynt til að selja lánastofnunum sem geta átt innlánsviðskipti við hann. Óheimilt er að framselja slík verðbréf til annarra en lánastofnana sem innlánsviðskipti geta átt við bankann.

14. gr.

Vextir í viðskiptum bankans.

Seðlabankinn ákveður vexti af innlánum við bankann, af lánum sem hann veitir og verðbréfum sem hann gefur út.

15. gr.

Bindiskylda.

Seðlabankanum er heimilt að ákveða að lánastofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum sem nemi tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé eða innlánsfé þeirra. Honum er einnig heimilt að ákveða að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar samkvæmt þessari grein, þar á meðal til hvaða lánastofnana hún tekur. Í þeim má ákveða að bindihlutfall sé mismunandi eftir flokkum lánastofnana, flokkum innlána og annarra skulda sem bindingin nær til.

16. gr.

Laust fé lánastofnana.

Seðlabankinn setur reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana svo þær hafi ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi þeirra fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum innlánsstofnunum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar nettóeignir með skemmri binditíma en 90 daga.

Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar á meðal til hvaða lánastofnana hún tekur og hvaða eignir teljist til lauss fjár. Í þeim má ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lánastofnana.

17. gr.

Bankaþjónusta fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir.

Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu. Innstæður ríkissjóðs skulu vera í bankanum eftir því sem við verður komið.

Seðlabankanum er heimilt að veita ríkisstofnunum og sjóðum í eigu ríkisins bankaþjónustu, aðra en lánafyrirgreiðslu.

Seðlabankanum er heimilt að annast innlendar og erlendar lántökur ríkissjóðs og þeirra aðila sem ríkisábyrgðar njóta, þar með talda útgáfu verðbréfa þessara aðila.

18. gr.

Upplýsingar um ríkisfjármál.

Fjármálaráðherra skal veita Seðlabankanum þær upplýsingar um ríkisfjármál, sem

bankinn telur nauðsynlegar til að ná markmiðum sínum í peningamálum, þar á meðal reglulegar upplýsingar um greiðsluáætlanir ríkissjóðs og áform hans um lántökur á innlendum og erlendum markaði.

19. gr.

Lánveitingar til opinberra aðila.

Seðlabankanum er óheimilt að veita ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum öðrum en lánastofnunum lán.

Verðbréf, sem gefin eru út af þeim aðilum sem um ræðir í 1. mgr. og Seðlabankinn kaupir á verðbréfamarkaði eða af lánastofnunum til að ná markmiðum sínum í peningamálum, skulu ekki teljast lán samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

20. gr.

Önnur banka- og verðbréfaviðskipti.

Seðlabankinn stundar önnur banka- og verðbréfaviðskipti sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka. Í því skyni er bankanum m.a. heimilt að eiga aðild að fyrirtækjum og stofnunum á sviði verðbréfa- og greiðslumiðlunar.

Seðlabankanum er óheimilt að annast viðskipti við einstaklinga og fyrirtæki sem samkvæmt lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni lánastofnana og annarra fjármálastofnana. Honum er þó heimilt að annast frumsölu og innlausn verðbréfa sem ríkissjóður hefur gefið út.

IV. KAFLI
Gengismál og erlend viðskipti.

21. gr.

Gengisskráning.

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið, þar með talið hvort og með hvaða hætti gengi krónunnar miðist við erlendar myntir. Meðal annars er heimilt að ákveða að gengi krónunnar skuli skilgreint gagnvart einum erlendum gjaldmiðli, meðaltali erlendra gjaldmiðla eða samsettum gjaldmiðli, svo sem evrópsku mynteiningunni (ECU) og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR). Heimilt er að ákveða sérstakt hámarks- og lágmarksgengi íslensku krónunnar gagnvart þeirri gengisviðmiðun sem valin hefur verið. Bankinn getur með kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri eða öðrum aðgerðum, sem hann telur nauðsynlegar, hlutast til um að gengi krónunnar sé innan þeirra marka sem ákveðin kunna að verða.

Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn tímabundið ákveðið að takmarka viðskipti með erlendan gjaldeyri. Í því skyni getur hann fellt niður gengisskráningu skv. 22. gr. og takmarkað eða stöðvað viðskipti á skipulögðum gjaldeyrismarkaði.

Birta skal opinberlega ákvarðanir Seðlabankans um skipan gengisskráningar skv. 1. mgr.

22. gr.

Opinbert viðmiðunargengi.

Hvern þann dag, sem bankastofnanir eru almennt opnar til viðskipta, skal Seðlabankinn á þeim tíma dags, sem hann ákveður, skrá gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Það skal notað til viðmiðunar í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin.

23. gr.

Gjaldeyrisviðskipti.

Seðlabankinn kaupir og selur erlendan gjaldeyri og verðbréf sem erlendir ríkissjóðir hafa gefið út eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf í erlendri mynt til að ná markmiðum sínum í peningamálum og sinna hlutverki sínu í gengis- og gjaldeyrismálum, sbr. 21. og 24. gr. Bankanum er jafnframt heimilt að skipuleggja hér á landi markað þar sem slík viðskipti fara fram. Bankinn setur reglur um viðskipti á skipulögðum gjaldeyrismarkaði.

Seðlabankinn annast framkvæmd og eftirlit í gjaldeyrismálum eftir því sem ákveðið er í lögum um gjaldeyrismál eða öðrum lögum.

24. gr.

Gjaldeyrisvarasjóður.

Seðlabankinn varðveitir gjaldeyrisvarasjóð landsins. Hann skal varðveittur, eftir því sem unnt er, í gulli, tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innstæðum í erlendum gjaldmiðlum, erlendum peningaseðlum eða slegnum peningum sem nota má til greiðslu í alþjóðaviðskiptum, sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) eða öðrum sambærilegum eignum.

Seðlabankanum er heimilt að taka lán erlendis til að efla gjaldeyrisvarasjóðinn. Honum er jafnframt heimilt að taka þátt í samstarfi erlendra seðlabanka og alþjóðlegra banka- og fjármálastofnana um lánveitingar til að efla gjaldeyrisvarasjóð þátttakenda.

25. gr.

Aðild að alþjóðlegum stofnunum.

Seðlabankinn hefur með höndum samskipti og viðskipti við alþjóðlegar stofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar eftir því sem óskað er eða honum er falið með lögum.

Seðlabankinn er fyrir hönd ríkisins fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Honum er jafnframt heimilt að eiga aðild að öðrum alþjóðlegum stofnunum enda samrýmist það hlutverki hans sem seðlabanka.

26. gr.

Önnur erlend viðskipti.

Seðlabankinn annast gerð og framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki. Enn fremur stundar hann önnur erlend viðskipti sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka.

V. KAFLI

Bankaeftirlit.

27. gr.

Eftirlit með fjármálastofnunum.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því að lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir eða það sem telja má eðlilega viðskiptahætti nema eftirlitið sé falið öðrum með lögum.

28. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands.

Eftirlit Seðlabankans með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum skal falið sérstakri deild í bankanum er nefnist bankaeftirlit. Bankaeftirlitið starfar undir yfirstjórn bankastjórnar.

Bankaráð ræður forstöðumann bankaeftirlitsins samkvæmt tillögu bankastjórnar. Forfallist forstöðumaðurinn um stundarsakir getur bankaráð samkvæmt tillögu bankastjórnar sett mann tímabundið í stöðu hans.

Seðlabankinn hefur samráð við ráðuneytið um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins og gefur ráðuneytinu skýrslu um starfsemi þess eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

29. gr.

Starfsemi bankaeftirlitsins.

Bankaeftirlitið athugar bókhald og reikninga lánastofnana og annarra fjármálastofnana og kannar að öðru leyti fjárhag og starfsemi þeirra svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita bankaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum í vörslu stofnunarinnar er varða starfsemina og veita að öðru leyti þær upplýsingar sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar til eftirlits með þeim hætti og svo oft sem óskað er.

Bankaeftirlitið fylgist með því að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila við lánastofnun eða aðra fjármálastofnun séu í samræmi við þá áhættu sem í viðskiptunum felst með hliðsjón af greiðslutryggingum, fjárhagslegum styrkleika stofnunarinnar og eigin fé hennar. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptamanns sem eru svo fjárhagslega tengdir að skoða verður sameiginlegar skuldbindingar þeirra við lánastofnun eða aðra fjármálastofnun með tilliti til útlánaáhættu.

30. gr.

Reglur um fjárhagslegt öryggi fjármálastofnana.

Seðlabankinn setur nánari reglur um ýmsa þætti í starfsemi lánastofnana og annarra fjármálastofnana sem snerta fjárhagslegt öryggi þeirra, svo sem ákvæði um jöfnuð gengis- og vísitölubundinna eigna og skulda, um leiðir til að draga úr vaxtaáhættu, um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra lántakenda og um útreikning eiginfjárhlutfalls. Reglur þessar skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

31. gr.

Réttur bankaeftirlitsins til íhlutunar um starfsemi fjármálastofnana.

Komi í ljós við athuganir bankaeftirlitsins samkvæmt ákvæðum þessa kafla að lánastofnun eða önnur fjármálastofnun fylgi ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hennar skal bankaeftirlitið krefjast úrbóta innan ákveðins frests.

Telji bankaeftirlitið að stjórn lánastofnunar eða annarrar fjármálastofnunar hafi vanrækt skyldu sem á henni hvílir samkvæmt lögum, reglugerðum eða samþykktum getur bankaeftirlitið boðað til fundar í stjórn stofnunarinnar um leiðir til úrbóta. Fulltrúi bankaeftirlitsins situr fundinn með málfrelsi og tillögurétti og stýrir honum.

Sé kröfum eða athugasemdum bankaeftirlitsins um úrbætur ekki sinnt getur það gripið til viðurlaga gagnvart lánastofnun eða öðrum fjármálastofnunum, sbr. 49. gr. Bankaeftirlitinu er þá einnig heimilt að skipa fulltrúa sinn eftirlitsmann með viðkomandi stofnun. Er stofnuninni skylt að veita eftirlitsmanninum aðgang að upplýsingum, sbr. 29. gr., og veita að öðru leyti þær upplýsingar sem eftirlitsmaðurinn óskar eftir. Eftirlitsmaðurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn stofnunarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Kostnaður við störf eftirlitsmanns greiðist af viðkomandi lánastofnun eða fjármálastofnun.

Telji Seðlabankinn brýna ástæðu til getur hann að fengnu samþykki ráðherra tekið stjórn lánastofnunar eða annarrar fjármálastofnunar í sínar hendur í allt að þrjá mánuði. Ráðherra er heimilt að framlengja tímabilið um allt að þrjá mánuði að tillögu Seðlabankans.

Bankaeftirlitið skal gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur lánastofnunar eða annarrar fjármálastofnunar óheilbrigðan og brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti enda þótt ákvæði 1. og 2. mgr. eigi ekki við.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu þegar í stað tilkynntar ráðherra, bankaráði Seðlabankans, bankaráði hlutaðeigandi viðskiptabanka og félagsstjórn sé um aðra lánastofnun eða fjármálastofnun að ræða.

VI. KAFLI
Skýrslugerð.

32. gr.
Hagskýrslugerð og upplýsingar til almennings.

Seðlabankinn gerir skýrslur og áætlanir um peningamál, gengis- og gjaldeyrismál og annað sem hlutverk og stefnu bankans varðar. Hann birtir opinberlega sem rækilegastar upplýsingar um þau efni og skýrir stefnu sína og aðgerðir á þeim sviðum.

Skylt skal öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, að láta Seðlabankanum í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar. Bankinn nýtur í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og liggja sömu viðurlög við ef út af er brugðið.

33. gr.
Skýrslur til Alþingis og ríkisstjórnar.

Seðlabankinn skal eigi sjaldnar en tvisvar á ári gera Alþingi og ríkisstjórn skriflega grein fyrir þróun í peningamálum, gengis- og gjaldeyrismálum og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Í greinargerð bankans skal einnig fjallað um horfur í þessum efnum svo og stefnu bankans.

VII. KAFLI
Stjórnskipulag.

34. gr.
Yfirstjórn.

Viðskiptaráðherra fer með málefni Seðlabankans. Stjórn hans er í höndum bankaráðs og bankastjórnar svo sem mælt er fyrir í lögum þessum.

35. gr.
Samskipti við ríkisstjórn.

Seðlabankanum er skylt að hafa samráð við ríkisstjórn um mótun og framkvæmd stefnu í peningamálum, gengis- og gjaldeyrismálum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varðar þau mál.

Seðlabankinn skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum svo fremi sem hann telur það ekki ganga gegn markmiðum sínum skv. 3. gr.

Ríkisstjórnin veitir Seðlabankanum þær upplýsingar um efnahagsmál sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi hans.

36. gr.
Skipan bankaráðs.

Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Eigi má kjósa stjórnendur lánastofnana eða fjármálastofnana, sem Seðlabankinn hefur eftirlit með, til setu í bankaráði. Umboð bankaráðs gildir þar til nýtt bankaráð hefur verið kjörið. Láti bankaráðsmaður af störfum tekur varamaður sæti hans þar til Alþingi hefur kosið nýjan aðalmann til loka kjörtímabils

bankaráðsins. Bankaráðsmenn skulu hafa óflekkað mannorð og víðtæka þekkingu á efnahagsmálum.

Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi aðalmanna. Taki nýr ráðherra við störfum getur hann skipað nýjan formann og varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna.

37. gr.

Starfshættir bankaráðs.

Formaður bankaráðs kallar bankaráð saman til fundar. Ætíð skal þó halda bankaráðsfund þegar einn eða fleiri bankaráðsmenn æskja þess. Fundir bankaráðs eru lögmætir ef a.m.k. þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns. Á fundum bankaráðs skal halda gerðabók.

Bankastjórar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum. Þeir skulu þó víkja af fundi ef bankaráð ákveður. Bankastjórn hefur tillögurétt á fundum bankaráðs.

38. gr.

Verkefni bankaráðs.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans og er bankastjórn til ráðuneytis um stefnu bankans í peningamálum, gengis- og gjaldeyrismálum og um meginþætti í starfsemi hans. Sérstaklega skal bankaráð sinna eftirtöldum verkefnum:

a. Taka að fengnum tillögum bankastjórnar ákvörðun um útgáfu, gerð, lögun, útlit, verðgildi, innlausn og innköllun peningaseðla og sleginna peninga.
b. Vera bankastjórn til ráðuneytis um reglur bankans um viðskipti bankans með verðbréf skv. 12. og 13. gr., vexti í viðskiptum bankans skv. 14. gr., bindiskyldu skv. 15. gr., laust fé lánastofnana skv. 16. gr. og fyrirkomulag gengisskráningar skv. 21. gr.
c. Vera bankastjórn til ráðuneytis um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins og staðfesta reglur um fjárhagslegt öryggi fjármálastofnana, sbr. 30. gr. Enn fremur skal bankaráð gera tillögu til ráðherra um yfirtöku Seðlabankans á stjórn lánastofnunar eða annarrar fjármálastofnunar skv. 4. mgr. 31. gr.
d. Staðfesta tillögur bankastjórnar um höfuðþætti í stjórnskipulagi bankans.
e. Auglýsa eftir umsóknum um stöður bankastjóra og gera tillögur til ráðherra um skipun í þær.
f. Ákveða laun og ráðningarkjör bankastjóra og gera við þá ráðningarsamninga þar sem m.a. er kveðið á um rétt til eftirlauna.
g. Staðfesta ráðningu aðstoðarbankastjóra.
h. Ráða forstöðumann bankaeftirlitsins samkvæmt tillögu bankastjórnar. Bankaráð ákveður laun og ráðningarkjör forstöðumannsins og gerir við hann ráðningarsamning þar sem m.a. er kveðið á um rétt til eftirlauna. Bankaráð segir forstöðumanni bankaeftirlitsins upp störfum að fenginni tillögu bankastjórnar.
i. Hafa umsjón með starfi sérstakrar endurskoðunardeildar við bankann, ráða forstöðumann hennar og segja honum upp starfi, ákveða laun og ráðningarkjör hans og gera við hann ráðningarsamning þar sem m.a. er kveðið á um rétt til eftirlauna.
j. Ákveða hvaða starfsmenn bankans aðrir en bankastjórar hafa heimild til að skuldbinda bankann og setja reglur þar um.
k. Eiga aðild að kjarasamningum við starfsmenn bankans og setja reglur um eftirlaunasjóð þeirra.
l. Gera tillögu til ráðherra um reikningsskil og gerð ársreiknings bankans.
m. Gera tillögu til ráðherra að reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, sbr. 49. gr.

n. Hafa eftirlit með öllum eignum og rekstri bankans og taka ákvörðun um allar meiri háttar fjárfestingar.
o. Taka ákvörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi að því marki sem annað er ekki ákveðið í lögum og staðfesta ársreikning bankans.

39. gr.
Bankastjórn.

Í bankastjórn Seðlabankans eiga sæti þrír bankastjórar og er einn þeirra formaður bankastjórnar. Bankastjórn ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Auglýst skal opinberlega eftir umsóknum um stöðu bankastjóra og þar skal tekið fram hvort um sé að ræða stöðu formanns bankastjórnar. Bankastjórar skulu hafa víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum sviðum efnahagsmála.

Ráðherra skipar bankastjóra til sjö ára úr hópi þeirra sem sótt hafa um stöðuna og atkvæði hafa fengið í bankaráði. Umsækjandi um stöðu formanns bankastjórnar skal þó hafa hlotið a.m.k. tvö atkvæði í bankaráði til að ráðherra geti skipað hann í stöðuna.

Óheimilt er að skipa sama mann í stöðu bankastjóra oftar en tvisvar sinnum. Þó er heimilt að skipa sama mann í þriðja sinn í stöðu bankastjóra enda sé þá um að ræða stöðu formanns bankastjórnar og viðkomandi hafi ekki gegnt henni oftar en einu sinni áður. Bankastjóri skal láta af störfum þegar hann er fullra sjötíu ára að aldri.

Forfallist bankastjóri um stundarsakir getur ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs, sett mann tímabundið í stöðu hans.

Bankaráð getur gert tillögu til ráðherra um að bankastjóri sé leystur frá störfum. Í tillögu bankaráðs skulu tilgreindar ástæður þessa. Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð vikið honum fyrirvaralaust úr starfi án staðfestingar ráðherra og án launa.

40. gr.
Formaður bankastjórnar.

Formaður bankastjórnar er talsmaður Seðlabankans og kemur fram fyrir hönd bankastjórnar. Hinir tveir bankastjórarnir skiptast á um að vera staðgenglar formanns bankastjórnar til eins árs í senn.

Formaður bankastjórnar kallar bankastjórn saman til fundar. Ávallt skal boðað til fundar þegar annar hinna bankastjóranna óskar þess. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns bankastjórnar.

Ákvarðanir bankastjórnar skal skrá í gerðabók.

41. gr.
Störf æðstu stjórnenda utan bankans.

Bankastjórum, aðstoðarbankastjórum og forstöðumanni bankaeftirlitsins er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar gagnvart bankastjórum sker ráðherra úr.

VIII. KAFLI
Reikningsskil og ráðstöfun hagnaðar.

42. gr.
Reikningsár og gerð ársreiknings.

Reikningsár Seðlabankans er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gera ársreikning og skal gerð hans lokið innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs. Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju.

Ráðherra setur nánari reglur um reikningsskil og gerð ársreiknings að fengnum tillögum Seðlabankans.

43. gr.
Endurskoðun.

Við Seðlabankann starfar endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun, sbr. i-lið 38. gr. Auk þess skal endurskoðun hjá Seðlabankanum framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skoðunarmaðurinn skal vera löggiltur endurskoðandi.

Að lokinni endurskoðun á ársreikningi bankans skal hann undirritaður af bankastjórn og staðfestur af bankaráði. Hafi bankaráðsmaður fram að færa athugasemdir við ársreikning skal hann undirritaður með fyrirvara og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Endurskoðaður reikningur skal lagður fyrir ráðherra til úrskurðar eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikning Seðlabankans skal birta í ársskýrslu bankans. Enn fremur skal bankinn birta mánaðarlegt efnahagsyfirlit.

44. gr.
Ráðstöfun hagnaðar.

Árlega skal meðalhagnaður næstliðinna þriggja ára, að frádregnu framlagi í arðsjóð skv. 3. mgr., greiddur í ríkissjóð. Skal við þann útreikning endurmeta afkomu fyrri áranna tveggja til verðlags hins þriðja. Greiðsla fer fram eigi síðar en 1. júní ár hvert.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal greiðsla Seðlabankans í ríkissjóð nema fjórðungi af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára að frádregnu framlagi í arðsjóð skv. 3. mgr. ef eigið fé bankans í lok reikningsárs er lægra en 6% af vergri landsframleiðslu ársins á undan. Endurmeta skal verga landsframleiðslu til verðlags í lok reikningsársins.

Árlega skal leggja í arðsjóð a.m.k. jafngildi 130 milljóna króna miðað við verðlag í árslok 1991. Arðsjóður skal ávaxtaður á bestu fáanlegum vaxta- og verðtryggingarkjörum. Árlega skal helmingur tekna arðsjóðs renna í Vísindasjóð, sbr. lög um Vísindasjóð.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

45. gr.
Hlutabréfaeign og þátttaka í atvinnurekstri.

Seðlabankanum er óheimilt að eiga innlend eða erlend hlutabréf eða önnur verðbréf sem fela í sér þátttöku í atvinnurekstri eða taka að öðru leyti þátt í atvinnurekstri nema það samrýmist hlutverki hans sem seðlabanka.

46. gr.

Biðlaun bankastjóra.

Við starfslok skulu bankastjórar fá greidd biðlaun í tólf mánuði, jafnhá föstum launum er starfi þeirra fylgdu. Eigi bankastjóri rétt til eftirlauna fellur niður greiðsla biðlauna. Taki bankastjóri við annarri stöðu á biðlaunatíma fellur niður greiðsla biðlaunanna ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka biðlaunatímans.

Sé bankastjóra vikið úr starfi vegna brots í starfi fellur greiðsla biðlauna niður.

47. gr.

Þagnarskylda og gagnkvæm upplýsingaskipti.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn Seðlabankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna bankans, málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Bankaráðsmönnum, bankastjórum og öðrum starfsmönnum Seðlabankans er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum, í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Seðlabankanum heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis um atriði er lög þessi taka til, að því tilskildu að sá sem óskar upplýsinga sé háður samsvarandi þagnarskyldu.

48. gr.

Undanþága frá tekjuskatti og eignarskatti og stimpilgjaldi.

Seðlabankinn er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti.

Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

49. gr.

Viðurlög.

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að sekta lögaðila eða svipta starfsréttindum. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Seðlabankanum er heimilt að beita lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir viðurlögum í formi dagsekta sem ákveðnar eru af bankastjórn að höfðu samráði við bankaráð hlíti þær ekki reglum bankans um bindiskyldu skv. 15. gr., laust fé skv. 16. gr. og fjárhagslegt öryggi fjármálastofnana skv. 30. gr. eða fullnægi ekki upplýsingaskyldu sinni gagnvart bankaeftirlitinu skv. 29. gr. Viðurlög skulu kynnt lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum. Úrskurði bankans um viðurlög má skjóta til ráðherra. Sé um ítrekaða vanrækslu að ræða er bankanum heimilt að leggja til við ráðherra að viðkomandi stofnun sé svipt starfsleyfi.

Seðlabankanum er heimilt að beita þá aðila viðurlögum sem vanrækja að veita bankanum upplýsingar sem hann á rétt á skv. 32. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 29/1895, um hagfræðiskýrslur, með áorðnum breytingum.

X. KAFLI
Gildistaka o.fl.

50. gr.
Reglugerð.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu bankaráðs, sett með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd einstakra ákvæða laga þessara.

51. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum, og lög nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara kýs Alþingi fimm menn í bankaráð Seðlabankans og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. 39. gr. gegna bankastjórar Seðlabankans við gildistöku laga þessara starfi sínu til loka skipunartímabils síns. Við gildistöku laga þessara skal bankastjórn Seðlabankans velja sér formann til bráðabirgða. Í fyrsta sinn, sem staða bankastjóra Seðlabankans losnar eftir gildistöku laga þessara, skal bankaráð auglýsa lausa til umsóknar stöðu formanns bankastjórnar skv. e-lið 38. gr. og 2. mgr. 39. gr.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 28. gr. gegnir forstöðumaður bankaeftirlitsins við gildistöku laga þessara starfi sínu til loka skipunartímabils síns.

IV.

Þeir seðlar og slegnir peningar, sem við gildistöku laga þessara eru lögmætur gjaldmiðill á Íslandi, skulu halda gildi sínu þar til gefnir hafa verið út nýir í þeirra stað skv. 4. og 5. gr.

V.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. um laust fé lánastofnana er Seðlabankanum heimilt í allt að sex mánuði frá gildistöku laga þessara að láta gilda reglur um laust fé innlánsstofnana sem settar hafa verið á grundvelli 4. og 5. mgr. 8. gr. og 41. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 11/1989, um breytingu á þeim.

VI.

Þar til lög hafa verið samþykkt um verðbréfaþing hér á landi setur Seðlabankinn reglur um Verðbréfaþing Íslands að fengnu samþykki ráðherra. Ákvæði þetta fellur úr gildi eigi síðar en 1. janúar 1995.

VII.

Þrátt fyrir ákvæði 19. gr. er Seðlabankanum heimilt allt til ársloka 1995 að veita ríkissjóði yfirdráttarlán. Heildarskuld ríkissjóðs í bankanum skal á hverjum tíma ekki verða hærri en 3 milljarðar króna á árinu 1993, 2 milljarðar króna á árinu 1994 og 1 milljarður króna á árinu 1995.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Gerð frumvarpsins.

Hinn 20. febrúar 1991 skipaði Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra nefnd til að fjalla um endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands og gera tillögur um breytingar á þeim í samræmi við niðurstöður slíkrar endurskoðunar.

Í nefndina voru skipaðir: Ágúst Einarsson prófessor, formaður, Geir H. Haarde alþingismaður, Guðmundur Ágústsson alþingismaður, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður, Guðrún J. Halldórsdóttir alþingismaður, Már Guðmundsson hagfræðingur og Ólafur B. Thors forstjóri. Guðmundur Ágústsson hætti störfum í nefndinni í maí 1991. Finnur Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, og Yngvi Örn Kristinsson, forstöðumaður í peningamáladeild Seðlabanka Íslands, störfuðu með nefndinni.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m.a. að breyttar aðstæður á íslenskum fjármagnsmarkaði frá því að núgildandi lög um Seðlabanka Íslands voru samin og aukið fjölþjóðasamstarf á sviði gengis- og vaxtamála muni í vaxandi mæli setja mark sitt á efnahagslíf Íslendinga í framtíðinni. Breyttar aðstæður kalli á breytt vinnubrögð og bætt stjórntæki Seðlabankans í gengis-, vaxta- og peningamálum. Nefndinni var einnig falið að taka skipan og hlutverk bankastjórnar og bankaráðs til endurskoðunar með það að markmiði að stjórnskipulag bankans tryggði sem best faglega stjórnun hans og þátttöku hans í hagstjórn.

Nefndin hélt fjörutíu fundi. Hún leitaði álits bankastjórnar Seðlabankans, forstöðumanns bankaeftirlitsins, skoðunarmanns bankans og embættismanna í fjármálaráðuneytinu auk ýmissa annarra sérfræðinga á þessu sviði.

Í apríl 1992 sendi nefndin viðskiptaráðherra tillögur sínar að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Seðlabanka Íslands. Frumvarp þetta, sem lagt er fram til kynningar, er óbreytt frá tillögum nefndarinnar. Sérálit Guðrúnar J. Halldórsdóttur er birt sem fskj. I með frumvarpinu og sérálit Más Guðmundssonar sem fskj. II.

2. Nýjar aðstæður á fjármagnsmarkaði og í gjaldeyrismálum.

Á undanförnum árum hafa orðið verulegar breytingar á innlendum fjármagnsmarkaði og í gjaldeyrismálum. Fyrstu almennu lögin um viðskiptabanka tóku gildi í ársbyrjun 1986 (lög nr. 86/1985). Þau komu í stað eldri laga um sérhvern af viðskiptabönkunum sem þá störfuðu. Á sama tíma gengu einnig í gildi ný lög um sparisjóði (lög nr. 87/1985). Síðar á sama ári gengu í gildi ný lög um Seðlabanka Íslands (lög nr. 36/1986) og árið eftir vaxtalög (lög nr. 25/1987) í stað laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl. Þessi breyting hafði m.a. annars í för með sér að almennt samningsfrelsi um vexti var lögleitt hér á landi. Árið 1989 gengu í gildi tvenn lög um nýjungar á fjármagnsmarkaðinum: annars vegar lög nr. 19/1989, um eignarleigur, og hins vegar lög nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þá tók fyrsta skipulagða verðbréfaþingið hér á landi, Verðbréfaþing Íslands, til starfa árið 1985 á grundvelli heimildar í 15. gr. seðlabankalaganna frá 1961.

Með setningu fyrrnefndra laga ásamt lögunum um Seðlabankann frá 1986 voru innviðir fjármagnsmarkaðarins styrktir, skýrar leikreglur settar og bankaeftirliti Seðlabankans falið eftirlit með stofnunum á þessum markaði. Jafnframt hefur fjármagnsmarkaðurinn tekið nokkrum breytingum. Viðskiptabönkum og sparisjóðum hefur fækkað við samruna fyrirtækja. Eignarleigur, verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóðir hafa náð að festa sig í sessi. Samhliða hefur þróast markaður fyrir verðbréf, einkum skuldabréf til langs tíma, en einnig víxla og önnur skammtímabréf og hlutabréf.

Samtímis því sem innlendur fjármagnsmarkaður hefur eflst hefur smám saman verið dregið úr gjaldeyrishöftum. Það hefur styrkt tengsl innlends fjármagnsmarkaðar og erlendra fjármagnsmarkaða. Stórt skref í þá átt var stigið árið 1990 þegar ný reglugerð um

gjaldeyrismál og fjórar auglýsingar Seðlabankans á þessu sviði tóku gildi. Mikilvægasta breytingin frá eldri reglum fólst í því að Íslendingum var heimilað að fjárfesta í útlöndum innan tiltekinna fjárhæðarmarka, hvort heldur sem var í atvinnurekstri, fasteignum eða verðbréfum. Fjárhæðarmörkin fara stighækkandi uns þau falla niður í árslok 1992. Með þessum breytingum hafa opnast nýjar leiðir fyrir fjármagn til að streyma til og frá landinu og þær hafa tengt innlendan fjármagnsmarkað erlendum traustari böndum en áður.

Enn eitt skref í sömu átt var stigið í mars 1991 þegar lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri tóku gildi. Í þeim er m.a. kveðið á um að erlendir aðilar megi eiga allt að 25% af hlutafé í innlendum hlutafélagsbanka og að frá og með ársbyrjun 1992 sé erlendum hlutafélagsbönkum heimilt að opna útibú hér á landi. Í viðskiptabankalögunum frá 1985 er hins vegar heimild fyrir erlenda hlutafélagsbanka að opna umboðsskrifstofur hér á landi.

Í lok ársins 1992 verður Vestur-Evrópa orðin nánast að einum fjármagnsmarkaði þar sem fjármagn getur streymt hindrunarlaust frá einu ríki til annars. Hér vega þyngst áform Evrópubandalagsins (EB) um að gera aðildarríkin að einu markaðssvæði frá árslokum 1992. Til þess að þeirra eigin fyrirtæki og almenningur hafi einnig aðgang að stórum fjármagnsmarkaði hafa önnur ríki Vestur-Evrópu brugðist við þessum áformum með því að auka frelsi í gjaldeyrismálum. Er nú svo komið að langflest ríki Vestur-Evrópu hafa þegar afnumið gjaldeyrishöft að mestu eða öllu leyti. Með samningi um Evrópskt efnahagssvæði (EES), sem áformað er að taki gildi í ársbyrjun 1993, verður formlega komið á sameiginlegum fjármagnsmarkaði fyrir aðildarríki EB og Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA). Samkvæmt samningsdrögunum hefur Ísland frest til ársloka 1994 til að aflétta öllum gildandi hömlum á fjármagnshreyfingum ef undan eru skildar hömlur á fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi.

Samruni fjármagnsmarkaða skapar nýjar aðstæður fyrir hagstjórn. Hún verður vandasamari en áður og nýjar áherslur skapast. Stjórntæki, sem áður dugðu, missa gildi sitt þegar einstaklingar og fyrirtæki geta án nokkurra takmarkana leitað eftir fyrirgreiðslu í öðrum ríkjum. Þessar aðstæður gera einnig auknar kröfur til eftirlits með rekstri og starfsemi fjármálastofnana. Slíkt eftirlit er sívaxandi þáttur í starfsemi seðlabanka erlendis.

Á sameiginlegum markaði skapa gengissveiflur óvissu, óþarfa kostnað og draga úr milliríkjaviðskiptum. Þess vegna hefur meiri hluti aðildarríkja EB haft með sér náið samstarf í gengismálum um nokkurra ára skeið. Er ekki talinn leika vafi á því að þetta samstarf og þær skorður, sem það setur við innbyrðis gengisbreytingum myntanna, hafi átt drjúgan þátt í að stuðla að stöðugleika í verðlagsmálum innan bandalagsins. Á leiðtogafundum EB í Madríd á Spáni árið 1989 og í Maastricht í Hollandi árið 1991 var ákveðið að efla þetta samstarf enn frekar. Þar náðist samkomulag um að í síðasta lagi í ársbyrjun 1999 verði evrópska mynteiningin ECU gerð að sameiginlegum gjaldmiðli sem kemur í stað núverandi þjóðmynta þeirra ríkja sem uppfylla tiltekin skilyrði til að geta tekið þátt í þessu samstarfi. Samtímis tekur einnig til starfa sameiginlegur seðlabanki Evrópubandalagsins (Seðlabanki Evrópu) sem gefa mun út hina sameiginlegu mynt og ráða stefnu bandalagsins í peningamálum. Seðlabankar aðildarríkjanna verða þó áfram til en hlutverk þeirra breytist. Í stað þess að móta sjálfstæða stefnu í peningamálum munu þeir ásamt Seðlabanka Evrópu hrinda hinni sameiginlegu stefnu í framkvæmd og taka þátt í mótun hennar. Maastricht-samkomulagið öðlast ekki gildi nema þjóðþingin í öllum aðildarríkjum bandalagsins staðfesti það. Í Danmörku og á Írlandi verður það auk þess borið undir þjóðaratkvæði.

Gengisfesta innan Evrópubandalagsins og góður árangur í baráttunni við verðbólgu hefur leitt til þess að þjóðir utan EB hafa kosið að tengja gjaldmiðla sína við gjaldmiðla aðildarríkja Evrópubandalagsins. Þannig hefur austurríski schillingurinn verið tengdur þýska markinu um langt árabil. Finnland, Noregur og Svíþjóð ákváðu á árinu 1991 að fasttengja gengi gjaldmiðla sinna við ECU.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um gengismál frá 3. október 1991 segir að ekki sé tímabært að sinni að tengja gengi íslensku krónunnar við ECU en unnið skuli markvisst að því að skapa þær aðstæður að tenging með sama hætti og annars staðar á Norðurlöndum verði möguleg árið 1993. Fyrsta skrefið í þá átt var stigið í ársbyrjun 1992 þegar gjaldmiðlavogin, sem gengi krónunnar er miðað við, var einfölduð úr sautján gjaldmiðlum í einungis þrjá, Bandaríkjadollar, japanskt yen og ECU. Á næstu missirum verður unnið að því að þróa gjaldeyrismarkað hér á landi þannig að gengi krónunnar geti í auknum mæli ráðist af framboði og eftirspurn á markaði. Jafnframt þarf að efla stjórntæki Seðlabankans þannig að hann geti með kaupum og sölu á gjaldeyri, vaxtabreytingum og öðrum aðgerðum í peningamálum haldið gengi krónunnar innan þeirra marka sem ákveðin kunna að verða.

Af öllu þessu má ljóst vera að miklar breytingar hafa orðið á innlendum og erlendum fjármagnsmörkuðum frá því að lögin um Seðlabankann gengu í gildi árið 1986. Fjármagnsmarkaðir tengjast æ meir og starfsumhverfi seðlabanka einstakra ríkja verður alþjóðlegra. Þá kallar aukið frjálsræði á fjármagnsmarkaði og í gjaldeyrismálum á endurskoðun á þeim aðferðum sem seðlabankar beita til að hrinda stefnu sinni í peningamálum í framkvæmd. Þessar breyttu aðstæður krefjast aukins sjálfstæðis Seðlabankans og virkrar og faglegrar stjórnunar hans til þess að bankinn geti brugðist skjótt við óvæntum aðstæðum í peninga-, gengis- og gjaldeyrismálum. Sérstaklega er mikilvægt að bankanum sé tryggt sjálfstæði í framkvæmd peningamála.

Á síðustu árum hafa jafnframt komið í ljós ýmis atriði sem betur mættu fara í seðlabankalögunum. Nægir þar að nefna ákvæði um stjórntæki bankans í peningamálum, ákvæði um vaxtaíhlutun, samskipti bankans og ríkisstjórnar, takmarkalausan aðgang ríkissjóðs að lánsfé í bankanum, takmarkandi ákvæði um fyrirkomulag á skráningu á gengi íslensku krónunnar, skort á heimildum til að hafa eftirlit með nýjum tegundum stofnana á fjármagnsmarkaðinum og skort á heimildum til að setja innlánsstofnunum reglur um jafnvægi á milli verðtryggðra eigna og skulda.

3. Lög um Seðlabanka Íslands.

Fyrstu heilsteyptu lög um starfsemi seðlabanka hér á landi voru lög nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands. Um þá starfsemi giltu áður lög nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands. Samkvæmt þeim lögum var Landsbankanum skipt í tvær deildir, seðlabanka og viðskiptabanka, sem hvor um sig laut sérstakri stjórn. Sú skipan hélst til 1961 þegar lögin um Seðlabankann tóku gildi og bankinn varð að sjálfstæðri stofnun.

Árið 1972 var skipuð bankamálanefnd til að endurskoða bankakerfið, þar á meðal lögin um Seðlabankann og starfsemi hans. Nefndin skilaði áliti í janúar 1973. Hún taldi ekki ástæðu til að gerðar yrðu meiri háttar skipulagsbreytingar á bankanum. Aftur á móti mælti hún með ýmsum breytingum í starfsemi hans. Sérstaklega tilgreindi hún ákvæði um útlánahámark innlánsstofnana, takmörkun á lántökum þeirra erlendis og eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða. Nefndin taldi þó ekki ástæðu til að gera ákveðnar tillögur að lagabreytingum á þessu stigi málsins.

Önnur bankamálanefnd var skipuð 1981 til að endurskoða allt bankakerfið, þar á meðal lögin um Seðlabankann og hlutverk hans. Í mars 1984 sendi nefndin viðskiptaráðuneytinu tillögur sínar að lagafrumvörpum um Seðlabanka Íslands og viðskiptabanka. Frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, sem að langmestu leyti var byggt á tillögum

nefndarinnar, var lagt fram á Alþingi snemma á vorþingi 1986 og varð að lögum 5. maí 1986.

Með lögunum var starfsemi Seðlabankans takmörkuð í meira mæli en áður hafði verið við hefðbundin verkefni seðlabanka. Þannig var t.d. lögfest sú meginregla að bankinn ætti einungis viðskipti við innlánsstofnanir og ríkissjóð og honum bannað að skipta við almenning og keppa við innlánsstofnanir um viðskipti. Með lögunum voru tengslin milli bindiskyldu innlánsstofnana og endurkaupa Seðlabankans á afurðalánum af innlánsstofnunum endanlega rofin og bindiskyldan gerð að raunverulegu stjórntæki bankans í peningamálum. Jafnframt var bankanum í fyrsta skipti heimilað að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim beri ætíð að ráða yfir. Þá var almenn heimild Seðlabankans til að ákveða innláns- og útlánsvexti innlánsstofnana felld niður. Þó var bankanum heimilað við tilteknar aðstæður að binda vaxtaákvarðanir innlánsstofnana. Með lögunum var fellt niður það hlutverk Seðlabankans að veita umsagnir um umsóknir innlánsstofnana til að opna útibú og stunda gjaldeyrisviðskipti, enda gert ráð fyrir því að ákvarðanir þar að lútandi færðust alfarið til stofnananna sjálfra. Þá var lögfest að ríkissjóður endurgreiddi skammtímaskuld sína við bankann eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok hvers fjárlagaárs. Að síðustu má nefna að ákvæði um eftirlit Seðlabankans með innlánsstofnunum eru mun ítarlegri en í fyrri lögum.

Frá því að lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, tóku gildi hefur þeim verið breytt í tvígang. Með lögum nr. 11/1989 var breytt skilgreiningu á lausu fé innlánsstofnana (4. mgr. 8. gr.). Jafnframt voru verðbréfasjóðir felldir undir bindiskylduákvæði innlánsstofnana, þó með þeim hætti að í stað bundinna innlána í Seðlabankanum skyldu þeir kaupa örugg verðbréf, einkum ríkisskuldabréf (1. mgr. 8. gr.). Þá var bankanum heimilað að setja innlánsstofnunum reglur um gengisbundnar eignir og skuldir til að draga úr gengisáhættu þeirra (5. mgr. 8. gr.). Á sama tíma var orðalagi ákvæðisins um vaxtaíhlutun Seðlabankans breytt með það að markmiði að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana yrðu bæði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum. Áður gilti einungis síðara skilyrðið. Þá skal við mat á óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána taka tillit til annarra tekna innlánsstofnana en svo var ekki áður (2. mgr. 9. gr.). Vegna þeirra breytinga, sem orðið höfðu á innlendum fjármagnsmarkaði með þróun verðbréfamarkaðar, var sett í seðlabankalögin ákvæði þess efnis að hafi bankinn hlutast til um vexti hjá innlánsstofnunum geti hann einnig bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða (3. mgr. 9. gr.). Þá voru seðlabankalögin aðlöguð lögunum um Ríkisendurskoðun þannig að í stað þess að tveir þingkjörnir skoðunarmenn endurskoðuðu reikninga bankans var Ríkisendurskoðun falin endurskoðunin (33. gr.). Loks var ákveðið að innheimt viðurlög vegna þess að reglum bankans væri ekki hlítt skyldu að þremur fjórðu hlutum renna í ríkissjóð (41. gr. og ákvæði til bráðabirgða VI).

Seðlabankalögunum var breytt á ný í mars 1992 þegar gengisákvæði laganna (18. gr.) var breytt á sama veg og lagt er til í þessu frumvarpi, þ.e. að gengi krónunnar geti ráðist af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði og að Seðlabankanum sé heimilt að kaupa og selja erlendan gjaldeyri á markaði til að halda gengi krónunnar innan einhverra ákveðinna marka. Jafnframt var fellt brott úr 18. gr. ákvæði þess efnis að ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skyldu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina. Þá var ákvæði 18. gr. um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins flutt í b-lið 3. gr. Loks voru ákvæði laganna aðlöguð lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila, með því að bæta útibúum erlendra hlutafélagsbanka við skilgreiningu á innlánsstofnunum (6. gr.) og í upptalningu þeirra stofnana sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri hér á landi (19. gr.).

4. Lög um seðlabanka í iðnríkjunum.

Nefndin fór yfir gildandi lög um seðlabanka í flestum iðnríkjanna, þar á meðal annars staðar á Norðurlöndum, auk stofnskrár hins sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins. Þá fór hún yfir greinargerðir alþjóðastofnana og fræðimanna um starfsemi seðlabanka. Nefndin tók til sérstakrar athugunar atriði eins og markmið og hlutverk seðlabanka, stjórntæki í peningamálum, stjórnskipulag, verkaskiptingu bankaráðs og bankastjóra, tengsl seðlabanka við ríkisstjórn, fyrirgreiðslu við ríkissjóð og hvort seðlabanki hafi bankaeftirlit með höndum.

Athuganir nefndarinnar sýna að lög um seðlabanka í iðnríkjunum geta ekki verið einhlít fyrirmynd um efnisatriði í lögum um Seðlabanka Íslands. Þó má draga þá ályktun af nýlegum lögum á Nýja-Sjálandi, stofnskrá hins sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins og fyrirliggjandi tillögum að breytingum á lögum um Seðlabanka Kanada að þeirri skoðun aukist fylgi að seðlabanki hafi aðeins eitt markmið, þ.e. að stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt er reynt að tryggja í fyrrgreindum lögum, stofnskrá og lagadrögum að bankinn geti mótað stefnu sína í peningamálum og beitt þeim stjórntækjum, sem hann hefur yfir að ráða, án afskipta ríkisstjórnar.

Seðlabanki Danmerkur (Danmarks Nationalbank, lög frá 1942) hefur það hlutverk að viðhalda öruggu fjármálakerfi í landinu og greiða fyrir greiðslumiðlun og lánastarfsemi. Í Finnlandi (Suomen Pankki, lög frá 1925) er bankanum ætlað að viðhalda stöðugu og traustu peningakerfi og tryggja lipra greiðslumiðlun í landinu. Í Noregi (Norges Bank, lög frá 1985) er markmið bankans að stuðla að hagkvæmri greiðslumiðlun í landinu. Hið sama gildir í Svíþjóð (Sveriges Riksbank, lög frá 1988). Á Nýja-Sjálandi (Reserve Bank of New Zealand, lög frá 1989) hefur seðlabankinn það eina markmið að tryggja stöðugt verðlag en ríkisstjórn getur þó ákveðið með sérstökum hætti að bankinn víki tímabundið frá því markmiði. Í Þýskalandi (Deutsche Bundesbank, lög frá 1957) er markmið seðlabankans að tryggja verðgildi gjaldmiðilsins. Hann skal þó styðja almenna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar svo framarlega sem það gengur ekki gegn meginmarkmiði bankans. Svipað ákvæði er í stofnskrá hins sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins (The European Central Bank) frá 1991 nema að þar er meginmarkmið bankans samkvæmt skilgreiningu að viðhalda stöðugu verðlagi.

Með því að setja seðlabanka það eina markmið að stuðla að stöðugu verðlagi er í rauninni verið að gefa stöðugleika í verðlagi forgang umfram önnur efnahagsleg markmið. Rökin fyrir því byggjast á því að stöðugt verðlag sé til lengdar forsenda fyrir því að öðrum mikilvægum markmiðum verði náð, eins og auknum hagvexti og litlu atvinnuleysi. Reynsla, bæði hér á landi og erlendis, hefur sýnt að til lengri tíma litið er enginn ávinningur af verðbólgu. Það er ekki unnt til lengdar að tryggja hátt atvinnustig og hagvöxt með verðbólgu. Þvert á móti gerir verðbólga einstaklingum og fyrirtækjum erfiðara um vik að horfa langt fram á veginn og vinna að ákveðnum framtíðarmarkmiðum. Þá fer mikil orka og tími einstaklinga og fyrirtækja í það að verjast áhrifum verðbólgu auk þess sem hún hefur óæskileg áhrif á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Verðlagsmarkmið er í eðli sínu langtímamarkmið. Því er nauðsynlegt að tryggja seðlabanka sjálfstæði til að geta beitt þeim stjórntækjum, sem hann hefur yfir að ráða, til að ná markmiðinu án afskipta stjórnvalda sem kynnu að láta ýmis skammtímasjónarmið ráða gerðum sínum.

Stjórnskipulag seðlabanka er með ýmsum hætti. Víða eru bankaráðsmenn kosnir af þjóðþingum en annars staðar eru þeir skipaðir af ráðherra eða ríkisstjórn. Sums staðar situr bankastjóri í bankaráðinu, jafnvel sem formaður þess. Víðast er einn bankastjóri ásamt einum eða fleiri varabankastjórum en einnig þekkjast dæmi um fjölskipaðar bankastjórnir, svo sem í Danmörku og Finnlandi. Bankastjórar eru ýmist valdir af bankaráði, ráðherra eða ríkisstjórn. Í sumum tilvikum er óheimilt að endurskipa bankaráðsmenn og

bankastjóra nema í tiltekinn fjölda skipta en í öðrum tilvikum eru engar slíkar takmarkanir og bankastjórar jafnvel ráðnir til óákveðins tíma. Sums staðar tekur bankaráð ákvarðanir um beitingu helstu stjórntækja bankans í peningamálum en annars staðar er valdið í höndum bankastjóra. Í sumum ríkjum er seðlabanka bannað að veita ríkissjóði lán. Í öðrum ríkjum eru settar einhverjar skorður við lánum til ríkissjóðs og í enn öðrum gilda engar takmarkanir á þessu sviði.

Í athugasemdum við einstakar greinar er nánari grein gerð fyrir tilteknum ákvæðum seðlabankalaga annars staðar á Norðurlöndum, Nýja-Sjálandi, Þýskalandi og í stofnskrá hins sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins.

5. Hlutverk seðlabanka við stjórn efnahagsmála.

Í grófum dráttum má segja að hlutverk seðlabanka sé fjórþætt. Í fyrsta lagi að gefa út seðla og mynt. Seðlabankar hafa yfirleitt einkarétt á þessu sviði. Í öðru lagi að varðveita gjaldeyrisforða landsins. Í þriðja lagi að vera banki ríkissjóðs. Í fjórða lagi að vera banki innlánsstofnana og veita þeim lán ef fjárhagslegt öryggi þeirra er í hættu. Vegna viðskipta sinna við innlánsstofnanir og útgáfu seðla og myntar hefur seðlabönkum jafnframt verið falið í mörgum löndum að hafa eftirlit með starfsemi fjármálastofnana og greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

Í löggjöf margra landa eru ofangreind verkefni að einhverju leyti skilgreind sem markmið seðlabanka. Dæmi um slíkt er að seðlabanki skuli stuðla að traustu fjármálakerfi og greiðri og hagkvæmri greiðslumiðlun.

Þau stjórntæki, sem seðlabankar hafa yfir að ráða, eru einkum á sviði peningamála, gengis- og gjaldeyrismála. Algengustu stjórntæki seðlabanka á sviði peningamála eru bindiskylda, markaðsaðgerðir og ákvörðun vaxta í viðskiptum seðlabankans. Með markaðsaðgerðum er átt við kaup og sölu verðbréfa á markaði. Á síðari árum hefur mikilvægi markaðsaðgerða farið vaxandi. Með þeim getur seðlabanki haft áhrif á lausafé lánastofnana og þar með bein eða óbein áhrif á vexti. Meginstjórntæki bankans á sviði gengis- og gjaldeyrismála eru ýmist bein ákvörðun um gengi gjaldmiðilsins eða kaup og sala á erlendum gjaldeyri á gjaldeyrismarkaði til að hafa áhrif á gengið.

Á undanförnum árum hefur vaxandi áhersla verið lögð á gildi þess að tryggja stöðugt verðlag. Þetta á einkum rætur sínar að rekja til reynslunnar af mikilli verðbólgu víða um heim á áttunda áratugnum. Talið er nauðsynlegt að tryggja aga við stjórn peningamála þannig að stjórn þeirra ráðist ekki af skammtímasjónarmiðum ríkisstjórna. Hér liggur að baki það sjónarmið að ríkisstjórnir á hverjum tíma kunni að freistast til að slaka á taumhaldi peningamála í því skyni að ná öðrum efnahagslegum markmiðum en stöðugu verðlagi með stjórmálaleg sjónarmið í huga. Af þessum sökum kann að vera heppilegra að auka sjálfstæði seðlabankans og einfalda markmið hans og fela honum fyrst og fremst það markmið að stuðla að stöðugu verðlagi. Í þessu felst að bankinn mótar stefnu í peningamálum og beitir stjórntækjum sínum á því sviði án afskipta ríkisstjórnar. Með þessu móti er komið á þeirri verkaskiptingu milli ríkisstjórnar og seðlabanka að bankinn einbeiti sér að stjórn peningamála með því markmiði að stuðla að stöðugu verðlagi. Eðli seðlabankastarfsemi gerir það að verkum að eðlilegast er að fela honum þetta verkefni. Þau stjórntæki, sem hann hefur yfir að ráða, hafa áhrif á vexti. Vaxtabreytingar hafa aftur áhrif á bæði gengi viðkomandi gjaldmiðils, þegar engar hömlur eru á fjármagnshreyfingum milli landa, og eftirspurn innan lands. Breytingar á gengi gjaldmiðils og innlendri eftirspurn hafa síðan áhrif á verðlagsþróun. Öðrum efnahagslegum markmiðum, svo sem jöfnuði í viðskiptum við útlönd, háu atvinnustigi og góðum rekstrarskilyrðum atvinnuvega, er alls ekki fórnað á kostnað verðlagsmarkmiðs sjálfstæðs seðlabanka heldur verða þau á verksviði ríkisstjórnar sem starfar í umboði lýðræðislega kjörinna fulltrúa þjóðarinnar. Til að ná þessum efnahagslegu markmiðum getur ríkisstjórn beitt stefnu sinni í

gengismálum, ríkisfjármálum og launamálum að því leyti sem þau koma til kasta ríkisstjórnar. Með þessum hætti verður verkaskipting milli seðlabanka og ríkisstjórnar skýrari.

Sé litið til reynslu annarra þjóða er ekki einhlítt samhengi milli sjálfstæðis seðlabanka og árangurs í verðlagsmálum. Víða hefur seðlabanki takmarkað sjálfstæði en engu að síður hefur náðst góður árangur í verðlagsmálum. Þetta sýnir að löggjöf af þessu tagi er ekki nauðsynleg til að koma á aga í peningamálum. Hægt er að ná sama árangri með samkomulagi seðlabanka og ríkisstjórnar ef skilningur er fyrir hendi um vinnubrögð og aðferðir við stjórn peningamála. Mestu máli skiptir hér að seðlabanki hafi frelsi til að beita stjórntækjum sínum og að ríkissjóður fjármagni ekki halla sinn með lántökum í seðlabanka.

Ljóst er að þau lönd, þar sem seðlabanki hefur umtalsvert sjálfstæði, hafa nánast öll náð góðum árangri í stjórn verðlagsmála. Um það má hins vegar deila hvort þessi árangur stafar af sjálfstæði seðlabanka eða hvort sjálfstæði seðlabankans og árangurinn í verðlagsmálum á hvort tveggja rætur að rekja til almennrar stjórnmálalegrar samstöðu um að halda verðbólgu í skefjum.

Aukið sjálfstæði seðlabanka þýðir hins vegar ekki að seðlabanki beri ekki ábyrgð á gerðum sínum gagnvart lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðarinnar. Með auknu sjálfstæði er eðlilegt að seðlabanka verði lagðar á herðar auknar skyldur til að upplýsa almenning og kjörna fulltrúa hans um stefnu sína og aðgerðir. Einnig er nauðsynlegt að fulltrúar kjörnir til eftirlits með starfsemi bankans fái aukið vald og hlutverk. Þessar breytingar hljóta að vera nauðsynlegt og eðlilegt mótvægi við aukið sjálfstæði bankans.

6. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér mjög miklar breytingar á núgildandi lögum um Seðlabanka Íslands og mun breyta miklu í starfsemi hans. Tilgangurinn er að skapa fjárhagslega traustan og sjálfstæðan seðlabanka sem hefur skýr og afmörkuð markmið og ræður yfir stjórntækjum sem duga til að ná þeim markmiðum.

Tvennt veldur því að þessar breytingar eru nú aðkallandi. Annars vegar kalla breyttar aðstæður á fjármagnsmarkaði á breytingar á lögum um Seðlabankann og hins vegar eru núgildandi seðlabankalög úr takti við þá strauma og þær breytingar sem gerðar hafa verið á markmiðum og stöðu seðlabanka í iðnríkjunum á undanförnum árum. Reyndar byggjast þær breytingar ekki í öllum tilfellum á breyttri löggjöf heldur einnig á skilningi eða samkomulagi milli seðlabanka og stjórnvalda um verkefni og stefnu bankans. Þegar hefur verið gerð nokkur grein fyrir breytingum á fjármagnsmarkaði og lögum um seðlabanka í iðnríkjunum.

Margvíslegir gallar eru á núgildandi seðlabankalögum. Þegar hefur verið vikið að nokkrum þeirra. Í fyrsta lagi má nefna að bankanum eru sett mörg markmið sem geta stangast á. Einnig er ljóst að nokkur þeirra liggja ýmist utan áhrifasviðs stjórntækja bankans eða stjórntæki hans hafa óskýr eða veik áhrif til að ná markmiðunum. Þannig er í núgildandi seðlabankalögum mælt fyrir um að bankinn skuli stuðla að því að verðlag haldist stöðugt og að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt. Hér er um mótsögn að ræða þar sem aðgerðir til að bæta nýtingu á framleiðslugetu atvinnuveganna með stjórntækjum bankans geta hæglega verið verðbólguhvetjandi við viss skilyrði. Jafnframt er ljóst að stjórntæki Seðlabankans eru varla þau sem æskilegast er að beita til að ná þessu markmiði.

Þar til núgildandi seðlabankalögum var breytt í mars 1992 var í þeim kveðið á um að Seðlabankinn skyldi halda gengi krónunnar sem stöðugustu samhliða því sem náð væri jöfnuði í viðskiptum við útlönd og rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina tryggður. Í þessu fólst augljós mótsögn þar sem aðgerðir Seðlabankans til

að tryggja rekstrargrundvöll atvinnugreina stangast í mörgum tilvikum á við markmið um stöðugt gengi og verðlag. Reynslan hér á landi og erlendis sýnir að önnur stjórntæki efnahagsmála, svo sem aðgerðir í ríkisfjármálum, hafa beinni áhrif á viðskiptajöfnuð en þau stjórntæki sem seðlabankar hafa almennt yfir að ráða. Eins er ljóst að vafasamt er að fela seðlabanka markmið um rekstrargrundvöll útflutnings- og samkeppnisgreina. Ábyrgð á því sviði hlýtur fyrst og fremst að hvíla á fyrirtækjunum sjálfum og þeirri almennu umgjörð og þeim sérstöku ráðstöfunum sem önnur stjórnvöld móta eða grípa til á hverjum tíma.

Reynslan hér á landi og erlendis sýnir svo ekki verður um villst að það þjónar engum tilgangi að fela seðlabanka fleiri verkefni en hann hefur stjórntæki til að ráða við. Af eðlilegum ástæðum eru verkefni seðlabanka á sviði peningamála og hallast nú margir fræðimenn og stjórnvöld erlendis að því að binda verkefni þeirra við það svið og styrkja stjórntæki þeirra og auka sjálfstæði til að ná settum markmiðum. Jafnframt hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að stöðugleiki í verðlags- og gengismálum sé mikilvægt skilyrði hagvaxtar og hagsældar. Æ fleiri halda fram þeirri skoðun að það sé aðeins tímabundinn ávinningur af því að auka nýtingu á framleiðslugetu atvinnuveganna með örvandi aðgerðum á sviði peninga- og gengismála. Þegar til lengri tíma er litið hafi aðgerðir af þessu tagi takmörkuð áhrif á hagvöxt og hagsæld en geti hins vegar leitt til aukinnar verðbólgu.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið er í frumvarpi þessu lagt til að markmið Seðlabankans verði einfölduð verulega og honum falið það eitt meginmarkmið að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins og stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt er lagt til að sjálfstæði bankans til að móta og hrinda í framkvæmd stefnu í peningamálum verði aukið verulega frá því sem nú er. Í þessu felst m.a. að beiting á stjórntækjum bankans er ekki háð samþykki ráðherra.

Auk meginmarkmiðsins er lagt til að Seðlabankanum verði sett þrjú önnur markmið. Í fyrsta lagi að stuðla að virkri og öruggri starfsemi á fjármagnsmarkaði. Ljóst er að aukið frjálsræði á fjármagnsmarkaði eykur þær hættur sem starfsemi fjármálastofnunar eru samfara. Mikilvægur þáttur á þessu sviði er eftirlit með starfsemi fjármálastofnana í þeim tilgangi að vernda hag neytenda og fjárfesta. Lagt er til að Seðlabankanum verði áfram falið að hafa eftirlit með starfsemi fjármálastofnana. Í öðru lagi er Seðlabankanum falið að varðveita nægjanlegan gjaldeyrisvarasjóð til þess að greiða fyrir frjálsum viðskiptum við útlönd og treysta með því fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Í þriðja lagi er lagt til að bankanum verði falið að stuðla að greiðri og hagkvæmri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Hér er um mikilvægt verkefni að ræða sem eðlilegt er að fela Seðlabankanum í ljósi einkaréttar hans til að gefa út seðla og mynt.

Auk fækkunar og einföldunar á markmiðum Seðlabankans er í frumvarpinu lagt til að breytingar verði gerðar á ákvæðum um stjórntæki hans í peningamálum í því skyni að laga þau að þegar breyttum aðstæðum á fjármagnsmarkaði og í gjaldeyrismálum og fyrirsjáanlegri framtíðarþróun á allra næstu árum. Því er lagt til að dregið verði úr heimildum bankans til beinnar stýringar en aukið vægi lagt á markaðsaðgerðir.

Einna mikilvægastar eru þær breytingar sem lagðar eru til á lánafyrirgreiðslu Seðlabankans við ríkissjóð. Beinn aðgangur ríkissjóðs að skammtímalánum í Seðlabankanum hefur á undanförnum árum verið eitt meginvandamálið í stjórn peningamála. Sjálfdæmi ríkissjóðs um lántökur í bankanum í formi yfirdráttar á reikningum sínum hefur í raun gert Seðlabankanum ókleift að reka sjálfstæða stefnu í peningamálum. Reynslan hér á landi og annars staðar sýnir greinilega að nauðsynlegt er að fjármagna lánsfjárþörf ríkissjóðs á markaði utan seðlabanka. Með því er dregið úr sveiflum á peningaframboði og seðlabankinn kemst í þá aðstöðu að geta sjálfur vegið og metið hvort hann skuli auka eða minnka lausafé á markaðinum með kaupum og sölu á verðbréfum í ljósi markmiða sinna

í peningamálum. Í frumvarpinu er lagt til að bankanum verði óheimilt að lána ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum öðrum en lánastofnunum. Í ákvæði til bráðabirgða er lagður til þriggja ára aðlögunarfrestur að þessu ákvæði þannig að hámarksskuld ríkissjóðs í bankanum fari stigminnkandi.

Auk þeirra breytinga, sem lagðar eru til og varða sjálfstæði Seðlabankans gagnvart ríkisstjórn, er lagt til að veigamiklar breytingar verði gerðar á ákvæðum um yfirstjórn bankans. Í grófum dráttum má skipta þeim tillögum í tvennt. Annars vegar er lagt til að valdsvið bankaráðs verði aukið frá því sem nú er og gert skýrara. Þó er lagt til að stefnumótun og vald til aðgerða í peningamálum verði hjá bankastjórn en ekki bankaráði. Hins vegar er lagt til að staða formanns bankastjórnar verði styrkt nokkuð og hann m.a. ráðinn sérstaklega en ekki valinn af bankastjórum. Tilgangur þessarar breytingar er sá að auka og treysta faglega yfirstjórn bankans og skilvirkni í stjórn peningamála.

Auk þeirra tillagna, sem þegar hafa verið nefndar, er gert ráð fyrir fjölmörgum breytingum á gildandi lagaákvæðum. Þeirra helstar eru:

1. Lagt er til að lög um gjaldmiðil Íslands verði felld inn í lög um Seðlabankann. Þetta er í samræmi við löggjöf margra annarra þjóða.
2. Lagt er til að felld verði niður ákvæði um möguleika bankans til að hlutast til um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana, enda samræmist það ekki sífellt frjálsara og alþjóðlegra fjármálakerfi.
3. Til að efla möguleika Seðlabankans til að hafa áhrif á þróun peningamála og vaxta með markaðsaðgerðum er gert ráð fyrir að hann hafi ótvíræðar heimildir til að kaupa og selja verðbréf á verðbréfamarkaði og gefa út eigin verðbréf til að selja lánastofnunum á millibankamarkaði.
4. Seðlabankanum er heimilað að skipuleggja hér á landi gjaldeyrismarkað og kaupa og selja erlendan gjaldeyri til að hlutast til um að gengi krónunnar haldist innan þeirra marka sem ákveðin kunna að verða.
5. Lagt er til að ákvæði um laust fé lánastofnana verði þrengt frá því sem nú er, þannig að það þjóni einungis þeim tilgangi að tryggja að stofnanir hafi yfir nægjanlegu lausu fé að ráða til að mæta fjárþörf sinni, en ekki sem almennt stjórntæki í peningamálum eða leið til að örva sölu ríkisverðbréfa.
6. Gert er ráð fyrir því að heimildir bankaeftirlitsins til að grípa inn í starfsemi fjármálastofnana verði auknar frá því sem nú er. Jafnframt er í ákvæðum frumvarpsins um bankaeftirlitið tekið mið af væntanlegum breytingum á fjármagnsmarkaði en ör þróun á því sviði hefur oft verið á undan löggjöf um eftirlit.
7. Lagt er til að Seðlabankanum verði heimilt að höfðu samráði við ráðherra að veita lánastofnunum önnur lán en hefðbundin lán vegna lausafjárerfiðleika þeirra enda telji hann þörf á því til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins.
8. Lagðar eru til verulegar breytingar á stjórn bankans eins og þegar hefur verið rakið. Gert er ráð fyrir að bankinn stuðli að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum svo fremi sem hann telji það ekki ganga gegn markmiðum sínum. Með þessu er sjálfstæði bankans gagnvart ríkisstjórn eflt verulega. Lagt er til að gerðar verði hæfniskröfur til bankaráðsmanna og bankastjóra. Auglýsa skal stöður bankastjóra og skipar ráðherra í þær samkvæmt tillögum bankaráðs til sjö ára í senn. Sérstök ákvæði eru um formann bankastjórnar sem er talsmaður Seðlabankans og kemur fram fyrir hönd bankastjórnar.
9. Gert er ráð fyrir því að ákvæði þar sem kveðið er á um samþykki ráðherra við ákvörðun Seðlabankans verði nær alls staðar felld úr lögum. Slíkt samþykki eða samráð er í flestum tilvikum fært til bankaráðs og miðar að því að auka sjálfstæði Seðlabankans gagnvart ríkisstjórn. Jafnframt eru sett ítarleg ákvæði um verkefni bankaráðs.

10. Lagt er til að eigið fé bankans verði byggt upp með þeim hætti að þar til það hefur náð 6% af vergri landsframleiðslu renni fjórðungur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára í ríkissjóð en þegar þessu eiginfjármarki er náð renni allur hagnaður í ríkissjóð. Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi rennur ávallt helmingur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára í ríkissjóð óháð eiginfjárstöðu bankans. Auk seðla og myntar í umferð stendur eigið fé Seðlabankans og bundið fé lánastofnana á móti gjaldeyrisvarasjóðnum. Með því að breyta ákvæðinu um greiðslur Seðlabankans í ríkissjóð á þann hátt sem lagt er til og byggja upp eigið fé bankans skapast raunhæfar forsendur til að lækka bindiskyldu lánastofnana.

Í fjölmörgum lögum öðrum en seðlabankalögum eru lagðar ýmiss konar kvaðir á Seðlabankann. Sem dæmi má nefna umsögn bankans um vaxtaákvarðanir fjárfestingarlánasjóða, eignaraðild að Útflutningslánasjóði, tilnefningu fulltrúa í stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og þátttöku í rekstrarkostnaði Þjóðhagsstofnunar. Ljóst er að verði frumvarp þetta að lögum er ástæða til að taka ákvæði af þessu tagi til endurskoðunar. Brýnast virðist vera að endurskoða ákvæði laga um eignaraðild Seðlabankans að Útflutningslánasjóði og ákvæði um umsögn bankans um vaxtaákvarðanir fjárfestingarlánasjóða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um stöðu og markmið Seðlabanka Íslands. Í kaflanum eru þrjár greinar, 1.–3. gr. Í I. kafla núgildandi seðlabankalaga, sem heitir **Skipulag bankans og hlutverk** og í eru fjórar greinar, er fjallað um stöðu hans innan stjórnkerfisins, hlutverk og samskipti við ríkisstjórn. Hér eru því lagðar til tvær grundvallarbreytingar á kaflanum. Í fyrsta lagi að markmið bankans skipi höfuðsess en ekki hlutverk hans. Þá er lagt til að fjallað verði um samskiptin við ríkisstjórn í VII. kafla frumvarpsins um stjórnskipulag bankans.

Um 1. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá 1. gr. núgildandi seðlabankalaga.

2. mgr. er efnislega óbreytt frá 1. málsl. 2. gr. núgildandi seðlabankalaga. Eðlilegra þykir að fjallað sé um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum bankans í sömu grein og kveðið er á um stöðu hans innan stjórnkerfisins fremur en í greininni þar sem kveðið er á um heimili hans og varnarþing.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í greininni eru markmið Seðlabankans skilgreind. Í 3. gr. í núgildandi lögum er kveðið á um hlutverk bankans, en honum sett ýmis markmið í nokkrum öðrum greinum laganna. Hér er lagt til að markmið bankans verði skilgreint strax í upphafskafla frumvarpsins en hvorki fjallað þar né annars staðar í einni grein um hlutverk bankans. Hlutverk bankans ræðst því af ákvæðum einstakra greina og er lýst með frumvarpinu í heild.

Samkvæmt 1. mgr. er bankanum sett það meginmarkmið að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilsins og stuðla að því að verðlag haldist stöðugt. Ákvæðið ber að skilja svo að bankinn skuli að jafnaði stefna að því að halda verðbólgu hér á landi í skefjum. Það er hins vegar ljóst að til skemmri tíma litið kann verðbólga að sveiflast eitthvað vegna aðstæðna sem bankinn hefur engin áhrif á og vegna þess að stjórntæki hans hafa ekki full áhrif um leið og þeim er beitt. Í ákvæðinu felst að ekki er ásættanlegt að verðbólga sé mikil, þótt hún sé stöðug, vegna þess að bankanum ber einnig að varðveita verð-

gildi íslenska gjaldmiðilsins þannig að það rýrni ekki vegna verðlagsbreytinga innan lands.

Í greininni felst mikil breyting frá gildandi lögum þar sem verðlagsmarkmiðið er einungis eitt af mörgum jafnréttháum markmiðum og hefur iðulega vikið fyrir öðrum markmiðum eins og reynslan sýnir.

Markmið Seðlabankans samkvæmt núgildandi lögum, sbr. breytingu á þeim í mars 1992, eru:

1. Að vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt (a-liður 3. gr.). Hér er í rauninni um tvíþætt markmið að ræða.
2. Að varðveita og efla gjaldeyrissjóð er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við (b-liður 3. gr.).
3. Að vinna að því að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar nái tilgangi sínum (1. mgr. 4. gr.).

Hér er um fjölda markmiða að ræða. Þau geta hæglega stangast á og nokkur eru í rauninni utan áhrifasviðs stjórntækja Seðlabankans eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarp þetta.

Stjórntæki Seðlabankans eru á sviði peninga- og gengismála. Með þeim er ekki unnt að tryggja að framleiðslugeta atvinnuveganna sé nýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt. Þar verða að koma til önnur stjórntæki í efnahagsmálum auk aðgerða atvinnugreinanna sjálfra. Svipað gildir um markmiðið um að tryggja rekstrargrundvöll útflutnings- og samkeppnisgreina. Einnig má benda á að Seðlabankinn getur ekki einn tryggt jöfnuð í viðskiptum við útlönd heldur skiptir þar ekki minna máli stefnan í gengismálum, ríkisfjármálum og launamálum.

Fjöldi mótsagnakenndra markmiða veldur því að Seðlabankinn þarf að velja á milli þeirra. Slíkt val er í eðli sínu stjórnmálalegt og ætti því með réttu að fara fram á vettvangi kjörinna fulltrúa almennings. Því er lagt til að bankanum verði sett eitt skýrt meginmarkmið sem falli vel að hefðbundnum stjórntækjum seðlabanka.

Í greininni er jafnframt lagt til að bankanum verði gefnar frekari leiðbeiningar í þremur liðum, nokkurs konar undirmarkmið. Þau falla mjög vel að hefðbundinni starfsemi seðlabanka. Í fyrsta lagi er lagt til að bankinn stuðli að virkri og öruggri starfsemi á fjármagnsmarkaði. Samkvæmt þessu er bankanum m.a. falið að hafa með höndum eftirlit með starfsemi fjármálastofnana, sbr. V. kafla frumvarpsins. Hér er um mjög mikilvægt hlutverk að ræða og fer mikilvægi þess vaxandi með auknu frjálsræði og sífelldum nýjungum á fjármagnsmarkaðinum.

Í öðru lagi er lagt til að bankinn varðveiti nægjanlegan gjaldeyrisvarasjóð til að greiða fyrir frjálsum viðskiptum við útlönd. Hér er um að ræða hefðbundið verkefni seðlabanka.

Í þriðja lagi er lagt til að bankinn stuðli að greiðri og hagkvæmri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Hér er um mikilvægt verkefni að ræða sem m.a. tengist útgáfu bankans á seðlum og slegnum peningum en jafnframt notkun annarra greiðslumiðla í viðskiptum innan lands og milli landa. Með þessu ákvæði er lögð ákveðin skylda á bankann til að hafa áhrif á fyrirkomulag greiðslumiðlunar með það fyrir augum að hagkvæmni sé gætt.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um gjaldmiðil Íslands. Í kaflanum eru sex greinar, 4.–9. gr. Hér er lagt til að efnisatriðum laga nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, og efnisatriðum II. kafla núgildandi seðlabankalaga verði steypt saman og öll nauðsynleg lagaákvæði um gjaldmiðil Íslands höfð í lögum um Seðlabanka Íslands. Því er í gildistöku-

grein frumvarpsins lagt til að lög nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, verði felld úr gildi. Nefna má að mjög víða erlendis eru lagaákvæði um gjaldmiðil viðkomandi ríkis í lögum um seðlabankann.

Efnisatriði þessa kafla eru þau sömu og í lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands. Orðalag hefur þó víða verið einfaldað og fært til nútímalegra horfs.

Um 4. gr.

Þessi grein svarar efnislega til 1., 2. og 3. gr. gildandi gjaldmiðilslaga. Í 1. mgr. er tekið fram að krónan skiptist í hundrað aura.

Í 2. mgr. er Seðlabankanum veittur einkaréttur til að gefa út peningaseðla, mynt eða annan gjaldmiðil sem getur komið í stað þeirra. Hér er um að ræða verkefni og einkarétt sem seðlabankar í flestum ríkjum hafa með höndum. Með þessu er þó alls ekki verið að útiloka að aðrir aðilar í þjóðfélaginu geti gefið út ýmiss konar greiðslumiðla, svo sem greiðslukort. Slíkir greiðslumiðlar draga iðulega úr þörf fyrir peningaseðla og mynt en leysa þá þó aldrei algerlega af hólmi.

Í lokamálslið 2. mgr. er bankanum falið að ákveða hvort slegin skuli og gefin út mynt í aurum.

Um 5. gr.

Þessi grein samsvarar 4. og 5. gr. núgildandi gjaldmiðilslaga. Lögð er til sú efnisbreyting að í stað þess að ráðherra ákveði, að tillögu Seðlabankans, gerð, lögun, útlit og ákvæðisverð peningaseðla og myntar ákveði bankinn það sjálfur. Þannig er það á öðrum Norðurlöndum, í Þýskalandi og á Nýja-Sjálandi og þannig verður það innan Evrópubandalagsins þegar sameiginlegur gjaldmiðill hefur verið tekinn í notkun. Í 38. gr. er lagt til að ákvörðunarvald í þessu efni verði í höndum bankaráðs.

Í greininni er einnig lagt til að felld verði brott ákvæði í núgildandi gjaldmiðilslögum um að bankinn þurfi að fullnægja eðlilegri þörf fyrir skiptimynt á hverjum tíma og að mynt skuli vera það rétt slegin að mismunur á þunga einstakra peninga sem eiga að hafa sömu þyngd skuli eigi nema meira en einum af hundraði. Telja verður sjálfgefið að bankinn gæti þess að nóg sé til af mynt í landinu, sbr. c-lið 3. gr. frumvarpsins, og að hann sjái til þess að vandvirkni verði gætt við sláttu hennar.

Um 6. gr.

Þessi grein samsvarar 7. gr. núgildandi gjaldmiðilslaga. Lögð er til sú efnisbreyting að í stað þess að ráðherra geti í reglugerð ákveðið að Seðlabankinn leysi skemmda eða máða peningaseðla eða mynt, sem teljast ekki lengur lögmætur gjaldmiðill, til sín með fullu verði eða hluta af verði, geti bankinn tekið ákvarðanir þar að lútandi. Í 38. gr. er lagt til að ákvörðunarvald í þessu efni verði í höndum bankaráðs.

Um 7. gr.

Þessi grein samsvarar 10. gr. núgildandi gjaldmiðilslaga. Í 1. mgr. er lögð til sú efnisbreyting að ákvörðun um innköllun peningaseðla og myntar verði ekki í höndum ráðherra heldur Seðlabankans. Í 38. gr. er lagt til að ákvörðunarvald í þessu efni verði í höndum bankaráðs. Lagt er til að áfram gildi sú regla að innkallaðir peningaseðlar og slegnir peningar hætti að vera lögeyrir einu ári eftir birtingu auglýsingar um innköllun. Hins vegar er lagt til í 2. mgr. að Seðlabankanum sé skylt að taka við innkölluðum peningaseðlum og slegnum peningum með fullu ákvæðisverði í að minnsta kosti fimm ár frá birtingu auglýsingar um innköllun í stað tveggja ára í gildandi lögum.

Í samræmi við það sem komið hefur fram í athugasemdum við 1. mgr. er í 3. mgr. kveðið á um að Seðlabankanum, en ekki ráðherra, sé heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd innköllunar hverju sinni.

Ákvæði 4. mgr. er efnislega óbreytt frá 4. mgr. 10. gr. núgildandi gjaldmiðilslaga. Með því er tryggt að almenn innköllun gjaldmiðils, eins og árið 1981, verði að eiga sér stoð í sérstökum lögum.

Um 8. gr.

Þessi grein samsvarar 8. gr. núgildandi gjaldmiðilslaga. Hér er lögð til sú efnisbreyting að Seðlabankinn, en ekki ráðherra, ákveði hvort fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind með heilum tug aura eða aurum sleppt. Í 38. gr. er lagt til að ákvörðunarvald í þessu efni verði í höndum bankaráðs. Frá því að gjaldmiðlinum var breytt árið 1981 og verðmæti krónunnar hundraðfaldað hefur dregið úr notkun aura í viðskiptalífinu. Nú er svo komið að ein króna er smæsta eining í viðskiptum ríkissjóðs og fjölmargra annarra aðila. Á grundvelli þessarar greinar gæti Seðlabankinn ákveðið að svo skyldi almennt gilda í þjóðfélaginu.

Um 9. gr.

Þessi grein er efnislega óbreytt frá 6. gr. núgildandi gjaldmiðilslaga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um innlend viðskipti Seðlabankans. Í kaflanum eru ellefu greinar, 10.–20. gr. Í fyrstu tveimur greinum kaflans er fjallað um hlutverk Seðlabankans sem viðskiptabanka lánastofnana. Í næstu fjórum greinum er fjallað um helstu stýritæki bankans í peningamálum, þ.e. kaup og sölu verðbréfa á markaði, útgáfu á verðbréfum á millibankamarkaði, vexti í viðskiptum bankans og bindiskyldu. Síðan er í einni grein fjallað um laust fé lánastofnana. Þá er í þremur greinum fjallað um hlutverk Seðlabankans sem viðskiptabanka ríkissjóðs og ríkisstofnana og lánveitingar til opinberra aðila. Í síðustu grein kaflans er fjallað um önnur banka- og verðbréfaviðskipti Seðlabankans á innlendum markaði.

Kaflinn samsvarar III. kafla í núgildandi seðlabankalögum. Lagt er til að fjölmargar efnisbreytingar verði gerðar á kaflanum og verða þær skýrðar í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 10. gr.

Þessi grein samsvarar 6. gr. núgildandi seðlabankalaga. Í henni er kveðið á um hið hefðbundna hlutverk seðlabanka að taka við innlánum frá innlánsstofnunum. Í greininni er tekið fram að til innlánsstofnana teljist viðskiptabankar, sparisjóðir, útibú erlendra innlánsstofnana og aðrar stofnanir og félög sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánum frá almenningi. Lagt er til að innlánsdeildir samvinnufélaga verði ekki sérstaklega taldar upp í þessari skilgreiningu, enda falla þær undir síðasta hluta skilgreiningarinnar. Með breytingum, sem gerðar voru á seðlabankalögunum í mars 1992, teljast útibú erlendra hlutafélagsbanka nú til innlánsstofnana hér á landi. Í ljósi þeirrar opnunar, sem fyrirsjáanleg er á innlendum fjármagnsmarkaði á komandi árum, er hér lagt til að til innlánsstofnana teljist ekki einungis útibú erlendra hlutafélagsbanka heldur allra erlendra innlánsstofnana, þar á meðal erlendra sparisjóða.

Í 2. mgr. 6. gr. núgildandi seðlabankalaga er ákvæði þess efnis að þegar sérstaklega standi á megi ákveða í reglugerð að Seðlabankinn taki við innlánum frá öðrum peningastofnunum en innlánsstofnunum. Hugtakið peningastofnun er ekki skilgreint í lögunum

né heldur í athugasemdum við greinina í frumvarpinu á sínum tíma. Nú er lagt til að í lokamálslið 1. mgr. verði bankanum heimilað að taka við innlánum frá öðrum lánastofnunum. Fellt er niður það ákvæði að slíkt skuli ákveðið með reglugerð en í stað þess er lagt til að bankinn ákveði það sjálfur. Er það sama fyrirkomulag og var í seðlabankalögunum frá 1961. Slík breyting er liður í því að auka sjálfstæði bankans.

Með hugtakinu lánastofnun er í frumvarpinu átt við stofnanir eða fyrirtæki sem taka við innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum sjóðum frá einstaklingum eða lögaðilum og veita lán í eigin nafni. Með endurgreiðanlegum sjóðum er átt við fjárskuldbindingar sem um gilda skýr ákvæði um endurgreiðslu. Til lánastofnana hér á landi teljast innlánsstofnanir, þ.e. viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar sambærilegar stofnanir, auk fjárfestingarlánasjóða og eignarleiga. Til lánastofnana teljast hins vegar ekki verðbréfasjóðir, verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóðir. Í samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði eru ákvæði um að hér á landi verði lögfest ýmis ákvæði um starfsemi lánastofnana. Það kallar á endurskoðun á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði auk þess sem væntanlega verða sett sérstök lögum aðrar lánastofnanir. Við þessa endurskoðun verður væntanlega kveðið nánar á í lögum um hugtakið lánastofnun til samræmis við skilgreiningu Evrópubandalagsins, sbr. 1. gr. tilskipunar 77/780/EBE.

Lagt er til að felld verði brott sérstök heimild Seðlabankans til að eiga viðskipti við Lánastofnun sparisjóðanna hf., enda telst hún til lánastofnana og því óþarft að tiltaka hana sérstaklega.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Seðlabankinn setji nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein. Í þeim er honum meðal annars heimilað að mismuna á milli einstakra flokka lánastofnana. Eðlilegt þykir að bankinn hafi slíka heimild og geti t.d. ákveðið að hann taki ekki við innlánum frá eignarleigum eða fjárfestingarlánasjóðum.

Um 11. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er efnislega samhljóða 7. gr. núgildandi seðlabankalaga en nokkuð stytt. Í henni er kveðið á um heimild Seðlabankans til að veita lánastofnunum, sem innlánsviðskipti eiga við bankann, lán gegn tryggingum sem bankinn metur gildar. Hér er einkum um að ræða lán vegna tímabundinna lausafjárerfiðleika lánastofnana.

Í síðari málsgreininni er kveðið á um önnur lán til lánastofnana, þegar sérstaklega stendur á, í þeim tilgangi að varðveita traust á fjármálakerfi landsins. Hér er um að ræða breytingu frá gildandi seðlabankalögum. Þau hafa verið túlkuð þannig að Seðlabankinn hafi aðeins heimild til að veita stofnunum, sem viðskipti eiga við bankann, lán með gildum tryggingum. Hefur þetta verið túlkað þannig að Seðlabankinn veiti aðeins lán vegna lausafjárerfiðleika en hafi ekki heimild til að lána stofnunum sem glíma við neikvæða eða ótrygga eiginfjárstöðu.

Lendi lánastofnun í verulegum erfiðleikum getur verið nauðsynlegt að veita lánafyrirgreiðslu til að afstýra keðjuverkandi, neikvæðum áhrifum á fjármálakerfi landsins. Hér er um slíka undantekningu að ræða frá almennri lánafyrirgreiðslu að eðlilegt er talið að haft sé samráð við ráðherra um beitingu þessarar heimildar. Ákvæði af þessu tagi er í lögum um sænska seðlabankann.

Um 12. gr.

Hér er um nýtt ákvæði að ræða. Tekin eru af öll tvímæli um að Seðlabankinn hafi heimild til þess að eiga viðskipti á verðbréfamarkaði. Helst er að finna hliðstæðu í núgildandi seðlabankalögum í upphafsorðum 1. mgr. 11. gr. Lagt er til að heimildin verði bundin við viðskipti með ríkistryggð verðbréf, svo sem spariskírteini, ríkisvíxla, ríkisbréf og verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs og önnur trygg, innlend og erlend verðbréf. Eðli-

legt er að hafa ótvírætt ákvæði af þessu tagi í lögum um Seðlabankann þar sem búast má við að markaðsaðgerðir, þ.e. kaup og sala verðbréfa á markaði, muni á næstu árum skipa mikilvægari sess í stjórn peningamála en verið hefur. Í flestum ríkjum eru aðgerðir af því tagi, ásamt breytingum á vöxtum seðlabankanna í viðskiptum sínum, mikilvægustu stjórntækin í peningamálum. Ótvíræð ákvæði af þessu tagi eru til að mynda í lögum um seðlabankana í Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi og í stofnskrá hins sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins.

Um 13. gr.

Þessi grein er nýjung. Tilgangur hennar er að taka af öll tvímæli um að Seðlabankinn hafi heimild til að gefa út verðbréf í eigin nafni í innlendri eða erlendri mynt og selja þau lánastofnunum. Með því móti getur bankinn haft áhrif á laust fé lánastofnana sem lið í stjórn peningamála. Seðlabankinn hefur í nokkrum tilfellum gefið út slík bréf á undanförnum árum. Það hefur verið gert á grundvelli hins almenna ákvæðis í 12. gr. núgildandi seðlabankalaga um að bankanum sé heimilt að reka önnur bankaviðskipti sem samrýmanleg geta talist hlutverki hans sem seðlabanka.

Lagt er til að óheimilt verði að framselja þessi bréf til annarra en lánastofnana sem innlánsviðskipti eiga við bankann. Verðbréf Seðlabankans munu því eingöngu ganga kaupum og sölum á millibankamarkaði en ekki á almennum markaði. Þau munu því ekki keppa við verðbréf lánastofnana eða annarra aðila á almennum markaði. Í nágrannalöndunum eru slík verðbréf seðlabanka mikilvægur viðskiptamiðill á millibankamarkaði. Ótvírætt ákvæði af þessu tagi er til að mynda í lögum um seðlabanka Noregs og Svíþjóðar.

Um 14. gr.

Þessi grein samsvarar 9. gr. núgildandi seðlabankalaga.

1. mgr. er nánast samhljóða 1. mgr. 9. gr. núgildandi seðlabankalaga. Hún felur það í sér að Seðlabankinn ákveður sjálfur vexti á útlánum sínum og innlánum, sem og verðbréfum sem hann gefur út.

Í 2.–4. mgr. 9. gr. núgildandi seðlabankalaga eru ákvæði sem heimila Seðlabankanum undir vissum kringumstæðum að hlutast til um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana og ávöxtunarkröfu og annað endurgjald eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða. Hér er lagt til að íhlutunarákvæði af því tagi verði ekki í lögum um Seðlabankann. Fyrir því eru einkum tvenn rök. Í fyrsta lagi hefur ákvæðinu ekki verið beitt hingað til þrátt fyrir nær stöðugar deilur um raunvexti hér á landi samanborið við raunvexti erlendis. Í öðru lagi hefur ákvæði af þessu tagi ekkert gildi þegar gjaldeyrishöft einangra ekki lengur innlendan fjármagnsmarkað frá erlendum. Samkvæmt reglugerð nr. 312/1990 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála falla fjárhæðartakmarkanir á langtímahreyfingum fjármagns úr gildi í árslok 1992 og samkvæmt ákvæði í samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði skulu öll höft á skammtímahreyfingum fjármagns hafa fallið úr gildi hér á landi í árslok 1994. Þess er því ekki langt að bíða að einangrun innlends fjármagnsmarkaðar verði að fullu rofin.

Þróun innlends fjármagnsmarkaðar hefur á undanförnum árum leitt til þess að nær ókleift er fyrir Seðlabankann að hlutast til um vexti á markaðinum með beinum hætti. Ástæða þess er aukið vægi verðbréfaviðskipta þar sem ávöxtunarkrafa kemur í stað formlegra vaxta. Þrátt fyrir heimild Seðlabankans í núgildandi seðlabankalögum til að hlutast til um ávöxtunarkröfu er ljóst að ákvæðið er í reynd óframkvæmanlegt. Grípi Seðlabankinn til þess ráðs að hlutast til um vaxtaákvarðanir innlánsstofnana er næsta víst að fjármagn leiti frá innlánsstofnunum yfir á þann hluta fjármagnsmarkaðarins þar sem erfiðara er að beita slíkri íhlutun.

Þróun innlends fjármagnsmarkaðar og þær breytingar, sem lagðar eru til með þessu

frumvarpi, leiða til þess að möguleikar Seðlabankans aukast til að hafa áhrif á vaxtaþróun með óbeinum hætti, svo sem með viðskiptum á verðbréfamarkaði.

Að síðustu skal bent á að ákvæði þess efnis að unnt sé að hlutast til um vaxtamun innlánsstofnana lýtur fremur að samkeppnis- og neytendamálum en peningamálum og samræmist illa því hlutverki Seðlabankans að móta og framfylgja stefnu í peningamálum.

Um 15. gr.

Þessi grein er í meginatriðum sama efnis og 1.–3. mgr. 8. gr. núgildandi seðlabankalaga. Nokkrar efnisbreytingar eru þó lagðar til á þessum ákvæðum. Í fyrsta lagi er lagt til að Seðlabankanum verði heimilað að ákveða að lánastofnanir, en ekki einungis innlánsstofnanir, eigi fé á bundnum reikningi í bankanum. Er þessi breyting til samræmis við breytingar á skilgreiningum í öðrum greinum þessa kafla. Í öðru lagi er í 2. mgr. tekið fram að Seðlabankinn setji nánari reglur um grundvöll og útreikning bindiskyldu og að heimilt sé að ákveða að bindihlutfall sé mismunandi eftir flokkum lánastofnana, innlána og annarra skulda sem bindingin nær til. Í þriðja lagi er fellt niður ákvæði þess efnis að bindiskyldu megi aðeins beita þegar sérstaklega stendur á, enda hefur henni verið beitt samfellt síðan 1961. Í fjórða lagi er sjálfstæði bankans varðandi beitingu bindiskyldu aukið en áður var beiting þessa stjórntækis háð samþykki ráðherra.

Rétt er að taka fram að um vexti af bundnum innstæðum fer samkvæmt ákvæðum 14. gr.

Um 16. gr.

Þessi grein samsvarar 4. mgr. 8. gr. núgildandi seðlabankalaga. Tilgangurinn með þessari grein er sá að lánastofnanir hafi ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi þeirra fylgja. Ákvæðið ber að túlka þröngt þannig að ekki séu lagðar íþyngjandi kvaðir á lánastofnanir. Hér er um ákvæði að ræða sem miðar að því að tryggja öryggi í starfsemi lánastofnana. Núgildandi ákvæði seðlabankalaga um laust fé hefur verið túlkað og beitt mjög rúmt þannig að lausafjárskyldan hefur í raun þjónað tvíþættum tilgangi. Annars vegar hefur því verið beitt í hinum eiginlega tilgangi, þ.e. að tryggja að innlánsstofnanir hafi ætíð yfir að ráða lausu fé til að mæta úttektum. Hins vegar hefur því verið beitt til að örva sölu spariskírteina ríkissjóðs, ríkisvíxla og húsbréfa.

Lagt er til að skilgreiningin á lausu fé verði samræmd því sem er í núgildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Verði þessi breyting að lögum er enginn munur lengur á því gagnvart ákvæðum um laust fé hvort lánastofnun fjármagnar starfsemi sína innan lands eða utan, enda verður slík mismunun að teljast óeðlileg þegar einangrun íslensks fjármagnsmarkaðar er að hverfa. Vegna þessarar breytingar er í ákvæði til bráðabirgða veittur aðlögunartími í allt að sex mánuði frá gildistöku laganna.

Með því að taka fram í skilgreiningunni á lausu fé í greininni að til þess teljist ekki önnur verðbréf en ríkisvíxlar og aðrar sambærilegar eignir með skemmri binditíma en 90 daga er í raun verið að girða fyrir þann möguleika að ákvæði um laust fé verði notuð til að greiða fyrir sölu ríkistryggðra langtímaverðbréfa. Hér er því í rauninni verið að leggja til að vextir og önnur kjör þessara verðbréfa verði ákveðin með þeim hætti að þau verði auðseljanleg á almennum markaði í stað þess að beita reglum Seðlabankans um laust fé til að örva sölu þeirra.

Með sambærilegum eignum við ríkisvíxla er í greininni í fyrsta lagi átt við erlenda ríkisvíxla. Í öðru lagi innlenda og erlenda víxla eða skammtímaskuldabréf sem ríkissjóður Íslands eða ríkissjóður annars lands ábyrgist. Í þriðja lagi er átt við víxla eða skammtímaskuldabréf sem gefin eru út af innlendum eða erlendum lánastofnunum. Með

nettóinnstæðum er í greininni átt við innstæður að frádregnum hliðstæðum skuldum. Með nettóeign er í greininni átt við heildareignir að frádregnum hliðstæðum heildarskuldum.

Í núgildandi seðlabankalögum nær lausafjárskyldan einungis til innlánsstofnana, enda er brýnast að þær hafi yfir að ráða nægjanlegu lausu fé. Hér er hins vegar lagt til að lagaheimildin nái til allra lánastofnana, rétt eins og í flestum öðrum greinum þessa kafla, og að Seðlabankinn setji reglur um framkvæmd hennar. Gera má ráð fyrir að mismunandi reglur um laust fé gildi um innlánsstofnanir og aðrar lánastofnanir. Í sumum tilfellum, t.d. þegar um er að ræða eignarleigur, kann engin þörf að vera á sérstakri lausafjárkvöð.

Um 17. gr.

Þessi grein svarar til 1. mgr. 10. gr. og 2. málsl. 20. gr. núgildandi seðlabankalaga.

Í 2. mgr. er lögð til sú nýjung að Seðlabankanum sé heimilt að annast bankaþjónustu aðra en lánsviðskipti fyrir ríkisstofnanir og sjóði í eigu ríkisins. Seðlabankinn hefur til þessa veitt ýmsum ríkisfyrirtækjum og sjóðum í eigu ríkisins bankaþjónustu án þess að það hafi verið sérstaklega heimilað í lögunum um Seðlabankann. Í mörgum tilfellum hafa slík viðskipti verið heimil á grundvelli sérlaga um viðkomandi ríkisfyrirtæki eða sjóði. Það er þó talið eðlilegt að þessi grein verði túlkuð þröngt og ríkisstofnunum og sjóðum í eigu ríkisins ekki veitt bankaþjónusta í Seðlabankanum nema sérstök rök mæli með því. Jafnframt ber að túlka hugtakið bankaþjónusta þröngt þannig að í henni felist einkum greiðsluþjónusta en ekki t.d. innheimta skuldabréfa og sala ferðamannagjaldeyris til starfsmanna viðkomandi stofnana og sjóða.

Um 18. gr.

Þessi grein er nýjung. Í henni er tekið fram að fjármálaráðherra skuli veita Seðlabankanum upplýsingar um ríkisfjármál. Tilgangurinn er sá að auðvelda Seðlabankanum stjórn peningamála og tryggja honum aðgang að nauðsynlegum upplýsingum vegna stjórnar peningamála. Hér er fyrst og fremst um að ræða upplýsingar um áform ríkissjóðs um lántökur á innlendum og erlendum lánsfjármarkaði og greiðsluáætlanir hans. Slíkar upplýsingar eru Seðlabankanum nauðsynlegar þar sem ríkissjóður er umsvifamikill á fjármagnsmarkaði og vitneskja um fyrirætlanir hans til skamms tíma er bankanum nauðsynleg til að hann geti sinnt verkefnum sínum við stjórn peningamála. Þetta er þeim mun mikilvægara í ljósi þess að í frumvarpinu er lagt til að ríkissjóður hafi ekki lengur aðgang að yfirdráttarlánum eða annarri lánafyrirgreiðslu í Seðlabankanum.

Þótt hér sé um nýtt lagaákvæði að ræða er rétt að benda á að fjármálaráðherra veitir Seðlabankanum nú þegar upplýsingar um stöðu og horfur í ríkisfjármálum. Þá er í upphafi hvers árs gerður samningur milli þessara aðila um lánafyrirgreiðslu við ríkissjóð innan ársins sem byggist á greiðsluáætlun ársins fyrir ríkissjóð.

Um 19. gr.

Grein þessi samsvarar 2. mgr. 10. gr. núgildandi seðlabankalaga en er verulega breytt frá því sem nú er. Í núgildandi lögum er Seðlabankanum heimilað að veita ríkissjóði skammtímalán. Þau skulu greiðast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárlagaárs með fé sem ríkissjóður aflar utan Seðlabankans. Ákvæðið var nýjung í núgildandi seðlabankalögum og tilgangurinn var að stemma stigu við skuldasöfnun ríkissjóðs í Seðlabankanum. Ljóst er að núverandi ákvæði hefur reynst haldlítið til að draga úr yfirdráttarskuld ríkissjóðs í bankanum. Sem dæmi má nefna að á árinu 1990 fór yfirdráttarskuld ríkissjóðs hæst í 10 milljarða króna og 14 milljarða króna árið 1991. Að meðaltali nam hún 4,7 milljörðum króna árið 1990 og 9,3 milljörðum króna árið 1991. Reynsla undanfarinna ára sýnir að takmarkalaus aðgangur ríkissjóðs að yfirdráttarlán-

um í Seðlabankanum er einn helsti veikleiki í stjórn efnahagsmála hér á landi. Ákvæði núgildandi laga um að ríkissjóður skuli gera upp skuld sína við áramót innan þriggja mánaða frá árslokum hefur ekki sett ríkissjóði skorður að þessu leyti. Ákvæði af því tagi er einnig gagnslaust þar sem ríkissjóði er í raun í lófa lagið að taka erlent skammtímalán og nota það til að greiða yfirdráttarskuld sína í Seðlabankanum innan hinna lögbundnu tímamarka og stofna síðan til yfirdráttarskuldar í Seðlabankanum á ný til að endurgreiða erlenda lánið.

Ákvæði um fyrirgreiðslu seðlabanka við ríkissjóð eru afar mismunandi í hinum ýmsu ríkjum. Danska seðlabankanum er heimilt að lána ríkissjóði gegn tryggingum sem bankinn metur gildar. Í Noregi er seðlabankanum heimilt að veita ríkissjóði lán samkvæmt nánari ákvörðun þjóðþingsins til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs innan ársins. Í sérstökum tilfellum er bankanum einnig heimilt samkvæmt nánari ákvörðun þjóðþingsins að veita ríkissjóði langtímalán. Sænska seðlabankanum er heimilt að veita ríkissjóði skammtímalán í formi yfirdráttar án nokkurra takmarkana. Þýska seðlabankanum er heimilt að veita ríkissjóði skammtímalán innan tiltekinna fjárhæðarmarka með tryggingu í ríkisvíxlum. Hinum sameiginlega seðlabanka Evrópubandalagsins verður með öllu óheimilt að veita ríkissjóðum aðildarríkjanna, stofnunum Evrópubandalagsins eða öðrum opinberum aðilum lán.

Hér er lagt til að Seðlabankanum verði með öllu óheimilt að veita ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum öðrum en lánastofnunum lán. Í ákvæði til bráðabirgða VII er lagt til að þessu marki hvað varðar ríkissjóð verði náð í áföngum á þremur árum. Samkvæmt því getur heildarskuld ríkissjóðs vegna yfirdráttarlána á hverjum tíma á árinu 1993 orðið hæst 3 milljarðar króna, 2 milljarðar króna á árinu 1994 og 1 milljarður króna á árinu 1995. Frá og með 1. janúar 1996 verður ekki um að ræða lánafyrirgreiðslu við ríkissjóð í Seðlabankanum. Hér er um að ræða hámark á lánafyrirgreiðslu bankans við ríkissjóð. Ekki er sjálfgefið að ríkissjóður fullnýti þær heimildir sem felast í ákvæði til bráðabirgða VII.

Rétt er að undirstrika að skv. 1. mgr. þessarar greinar eru lánastofnanir í eigu ríkisins, svo sem fjárfestingarlánasjóðir atvinnuvega, byggingarsjóðirnir og Byggðastofnun, undanþegnar banni greinarinnar við lánafyrirgreiðslu til ríkissjóðs, ríkisstofnana og sveitarfélaga. Um fyrirgreiðslu við lánastofnanir í eigu ríkisins gilda sömu reglur og um fyrirgreiðslu við aðrar lánastofnanir skv. 10. og 11. gr. frumvarpsins.

Takmörkun á lánafyrirgreiðslu við ríkissjóð í Seðlabankanum hefur einkum tvennt í för með sér. Í fyrsta lagi verður brýnna en áður að greiðslur úr ríkissjóði taki mið af því hvenær greiðslur berast til ríkissjóðs þannig að þörf hans fyrir skammtímalán verði haldið í lágmarki. Í öðru lagi verður ríkissjóður að eiga aðgang að öflugum markaði fyrir ríkisvíxla og önnur skammtímaverðbréf þannig að hann geti mætt þörf sinni fyrir skammtímalán á markaði. Ríkisvíxlamarkaðurinn hér á landi hefur nú þegar fest sig í sessi og gegnir mikilvægu hlutverki sem uppspretta lánsfjár fyrir ríkissjóð. Í lok mars 1992 var heildarfjárhæð útistandandi ríkisvíxla rúmlega 13 milljarðar króna. Búast má við að sú breyting, sem lögð er til í þessari grein frumvarpsins, verði til þess að efla enn frekar þann markað.

Fjármögnun ríkissjóðs á skammtímasveiflum í lánsfjárþörf sinni með útgáfu víxla og annarra skammtímaverðbréfa á fjármagnsmarkaði í stað yfirdráttarlána í Seðlabankanum getur leitt til meiri sveiflna í skammtímavöxtum en ella. Að því marki sem Seðlabankinn telur slíkt óæskilegt getur hann haft áhrif á vaxtaþróunina með því að kaupa eða selja verðbréf á markaði. Með óbeinum aðgerðum af þessu tagi getur Seðlabankinn því greitt fyrir sölu ríkisverðbréfa og komið í veg fyrir óæskilega tímabundna vaxtahækkun þegar ríkissjóður þarf á mikilum skammtímalánum að halda.

Um 20. gr.

Efnisákvæði þessarar greinar samsvara 1. mgr. 11. gr. og 12. gr. núgildandi laga. Einungis er um orðalagsbreytingar að ræða. Nánar er þó kveðið á um heimildir bankans til að eiga aðild að fyrirtækjum á sviði verðbréfa- og greiðslumiðlunar. Seðlabankinn er einn af eigendum Reiknistofu bankanna sem stundar m.a. greiðslumiðlun. Með verðbréfamiðlun í skilningi þessarar greinar er ekki átt við kaup og sölu á verðbréfum heldur uppgjör á verðbréfaviðskiptum á einum stað, verðbréfamiðstöð. Dæmi um slíkar verðbréfamiðstöðvar er „Værdipapircentralen" í Danmörku og hliðstæðar miðstöðvar í Noregi og Svíþjóð.

Lagt er til að ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. núgildandi seðlabankalaga um að Seðlabankanum sé heimilt að stofna og starfrækja verðbréfaþing í samvinnu við innlánsstofnanir og verðbréfamiðlara verði fellt brott, þar sem gert er ráð fyrir að innan tíðar verði sett lög hér á landi um starfsemi verðbréfaþinga. Verðbréfaþing Íslands hefur allt frá stofnun starfað undir verndarvæng Seðlabankans og innan veggja hans. Nú eru hins vegar uppi áform um að það flytjist út úr bankanum. Því er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða verði Seðlabankanum veitt heimild til að setja reglur um starfsemi þess að fengnu samþykki ráðherra þar til sett hafa verið lög um starfsemi verðbréfaþinga. Einnig má geta þess að verði af samningi um Evrópskt efnahagssvæði verður að lögfesta hér á landi fjölmörg ákvæði um verðbréfaþing.

Í 2. mgr. er lagt til að Seðlabankanum verði óheimilt að taka að sér viðskipti við almenning sem samkvæmt lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni lánastofnana og annarra fjármálastofnana. Í þessu felst m.a. að honum er óheimilt að taka við innlánum frá almenningi og veita almenningi lán. Lagt er til að ein undantekning verði gerð frá þessu banni og bankanum heimilað að annast frumsölu og innlausn verðbréfa sem ríkissjóður gefur út. Víða um lönd annast seðlabankar verkefni af þessu tagi fyrir ríkissjóð. Samkvæmt lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, er heimilt að fela Seðlabankanum verkefni af þessu tagi samkvæmt samkomulagi þar að lútandi.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um gengismál og erlend viðskipti Seðlabankans. Í kaflanum eru sex greinar, 21.–26. gr. Í fyrstu tveimur greinum kaflans er fjallað um skráningu á gengi íslensku krónunnar. Í næstu tveimur greinum er fjallað um gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans og gjaldeyrisvarasjóð. Í síðustu tveimur greinum kaflans er fjallað um aðild bankans að alþjóðlegum stofnunum, aðild hans að greiðslusamningum sem Ísland gerir við erlend ríki og önnur erlend viðskipti.

Í nokkrum greinum í þessum kafla eru lagðar til umtalsverðar, efnislegar breytingar frá ákvæðum núgildandi seðlabankalaga. Þær eru skýrðar ítarlega í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 21. gr.

Þessi grein samsvarar 18. gr. núgildandi seðlabankalaga, sbr. breytingu á þeim í mars 1992. Meginatriði greinarinnar er að Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar hvernig gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum skuli ákveðið. Samkvæmt þessu hefur ríkisstjórnin því endanlegt ákvörðunarvald í gengismálum. Ákvæðið heimilar bæði fljótandi gengi þar sem verðgildið ræðst af kaupum og sölu á gjaldeyrismarkaði og fasttengingu við gullfót, eins og gilti hér á landi á fyrstu áratugum þessarar aldar, og hvers konar gengisfyrirkomulag á milli þessara tveggja kosta. Má í því sambandi nefna viðmiðun við meðaltal gjaldmiðla eins og tíðkast hefur um nokkurt skeið, viðmiðun við samsettan gjaldmiðil eins og evrópsku mynteininguna (ECU), sérstök dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) og hvers konar samsetningu fyrr-

nefndra möguleika. Jafnframt er heimilt að ákveða hámarks- og lágmarksgengi, eða vikmörk, gagnvart þeirri gengisviðmiðun sem er valin. Benda má á að slík gengisskráning tíðkast í flestum ríkjum Vestur-Evrópu, þar á meðal á öðrum Norðurlöndum. Gildir þá einu hvort um er að ræða gengissamstarf Evrópubandalagsríkjanna, gengi sem tekur mið af vegnu meðaltali margra erlendra mynta, þ.e. gengiskörfu eins og hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum til ársins 1991, eða gengi sem er fasttengt annarri mynt (Norðurlandamyntir tengdar ECU frá 1991). Í þeim tilvikum halda seðlabankar gengi myntarinnar innan þeirra vikmarka, sem ákveðin hafa verið, með kaupum og sölu á gjaldeyrismarkaði eða öðrum aðgerðum í peningamálum sem áhrif hafa á gengið.

Í 2. mgr. er lagt til að Seðlabankanum verði heimilað að takmarka tímabundið viðskipti með erlendan gjaldeyri. Er þá átt við bæði eigin viðskipti og viðskipti á skipulögðum gjaldeyrismarkaði sé hann til staðar. Jafnframt getur hann hætt að skrá hið opinbera viðmiðunargengi skv. 22. gr. Ákvæði af þessu tagi er nauðsynlegt þar sem óvenjulegar aðstæður geta leitt til þess að mikið ójafnvægi myndast í gjaldeyrisviðskiptum og við þær aðstæður kann að vera heppilegast að Seðlabankinn takmarki viðskipti á markaðinum um stund. Miðað við núverandi gengisfyrirkomulag mundi Seðlabankinn einfaldlega hætta að skrá gengið eins og gert hefur verið áður en gengið hefur verið fellt.

Í 3. mgr. er tekið fram að ákvarðanir Seðlabankans um skipan gengisskráningar skuli birtar opinberlega. Þetta er gert til að tryggja að almenningi hafi verið tilkynnt hvaða skipan gengisskráningar gildi. Með skipan gengisskráningar er t.d. átt við það hvernig gengiskarfan, sem notuð er til að skrá gengi krónunnar, sé samsett. Ákvæðið ber að túlka þannig að Seðlabankinn geti án fyrirvara breytt skipan gengiskráningar án þess að tilkynna það opinberlega áður.

Um 22. gr.

Þessi grein er samhljóða 3. mgr. 18. gr. núgildandi seðlabankalaga, sbr. breytingu á þeim í mars 1992. Í henni felst að einu sinni á dag, þegar bankastofnanir eru almennt opnar til viðskipta, skal Seðlabankinn skrá á ákveðnum tíma dags gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Það telst opinbert viðmiðunargengi þess dags og skal notað til viðmiðunar í opinberum samningum, dómsmálum og öðrum samningum milli aðila þegar önnur gengisviðmiðun er ekki sérstaklega tiltekin. Miðað við núverandi fyrirkomulag gengisskráningar, þar sem Seðlabankinn ákveður einhliða gengi krónunnar á hverjum morgni, hefur ákvæði af þessu tagi takmarkað gildi. Þá er gengið, sem bankinn birtir á morgni hverjum, hið opinbera viðmiðunargengi þess dags. Ákvæði af þessu tagi er hins vegar nauðsynlegt þegar Seðlabankinn ákveður ekki lengur einhliða gengi krónunnar og það ræðst af framboði og eftirspurn á skipulögðum gjaldeyrismarkaði. Í því tilviki gæti Seðlabankinn annaðhvort ákveðið að hið opinbera viðmiðunargengi væri það gengi, sem hann væri reiðubúinn að eiga viðskipti á, á einhverjum tilteknum tíma dags, t.d. kl. 9 að morgni eða kl. 12 á hádegi, eða meðaltal af því gengi sem hann og aðrir helstu aðilar á markaðinum bjóða á einhverjum tilteknum tíma dags. Þess má geta að hið opinbera gengi evrópsku mynteiningarinnar, ECU, er reiknað út kl. 14:15 dag hvern.

Um 23. gr.

Efni þessarar greinar á sér nokkra samsvörun í 19. og 22. gr. núgildandi seðlabankalaga. Í 1. mgr. er kveðið á um að Seðlabankanum sé heimilt að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og ríkisverðbréf eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf í erlendri mynt til að ná markmiðum sínum í peningamálum og sinna hlutverki sínu í gengis- og gjaldeyrismálum. Þar með er bankanum heimilt að eiga viðskipti á gjaldeyrismarkaði og hlutast á þann hátt til um gengi íslensku krónunnar. Í sömu málsgrein er bankanum einnig heimilað að skipuleggja gjaldeyrismarkað hér á landi. Samsvarandi ákvæði er ekki í núgild-

andi seðlabankalögum. Með gjaldeyrismarkaði skapast möguleikar til að láta gengi krónunnar ráðast af framboði og eftirspurn í stað þess að það sé ákveðið einhliða eins og nú er. Telja verður eðlilegt að Seðlabankinn hafi forustu um að skipuleggja slíkan markað og setja honum leikreglurnar. Sú heimild sem veitt er í 2. og 3. málsl. 1. mgr. er efnislega samhljóða breytingum sem gerðar voru á gildandi seðlabankalögum í mars 1992.

Í 19. gr. núgildandi seðlabankalaga er tilgreint hvaða aðilar hér á landi hafa heimild til að versla með erlendan gjaldeyri. Nú er lagt til að ákvæði af því tagi verði fellt niður. Rökin fyrir því eru þau að eðlilegast sé að fjallað sé um gjaldeyrismál, þar á meðal hvaða aðilar hafi heimild til að versla með erlendan gjaldeyri, í sérstökum lögum um það efni eins og nú er í lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Auk lagaheimilda í núgildandi seðlabankalögum og núgildandi gjaldeyrislögum er kveðið á um heimildir viðskiptabanka og sparisjóða til að versla með erlendan gjaldeyri í lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

Í 2. mgr. er lagt til að Seðlabankinn annist framkvæmd og eftirlit í gjaldeyrismálum eftir því sem ákveðið er í lögum um gjaldeyrismál eða öðrum lögum. Er þetta talið einfaldara og betra orðalag heldur en í 22. gr. núgildandi seðlabankalaga þar sem Seðlabankanum er falið að hafa umsjón með gjaldeyrisversluninni og eftirlit með því að lögum og reglum um verslun með gjaldeyri og ráðstöfun hans sé fylgt. Ítarleg ákvæði um þetta efni eru í lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Þar er einnig að finna allar nauðsynlegar reglugerðarheimildir þannig að reglugerðarheimildin í 2. mgr. 22. gr. núgildandi seðlabankalaga er óþörf.

Um 24. gr.

Efni þessarar greinar samsvarar 21. gr. og b-lið 3. gr. núgildandi seðlabankalaga, sbr. breytingu á þeim í mars 1992. Nokkrar nýjungar er að finna í greininni.

Í 1. mgr. er kveðið á um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins. Í núgildandi seðlabankalögum er aðeins tiltekið að gjaldeyrisvarasjóðurinn skuli varðveittur í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum og gjaldeyri sem nota má til greiðslu hvar sem er. Þar sem gjaldeyrisvarasjóðurinn hefur um langt skeið einnig verið varðveittur í öðrum tryggum eignum en taldar eru upp í núgildandi lagaákvæði, eins og gulli og sérstökum dráttarréttindum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR), þykir rétt að taka það fram í greininni.

Ekki þykir ástæða til að skilgreina í greininni fremur en í núgildandi seðlabankalögum hvað átt er við með „trygg og auðseljanleg verðbréf“ og er mat á því lagt í hendur Seðlabankanum. Seðlabankinn hefur um langt skeið gætt fyllstu varfærni við varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins.

1. málsl. 2. mgr. er efnislega sambærilegur við 1. mgr. 21. gr. núgildandi laga en orðaröð hefur verið breytt og orðalag einfaldað.

2. málsl. 2. mgr. er nýjung. Þar er lagt til að bankanum verði heimilað að taka þátt í samstarfi erlendra seðlabanka og alþjóðlegra stofnana sem felst í því að gerðir eru tvíhliða eða marghliða samningar um gagnkvæm lánsréttindi, þ.e. að einn geti fengið lán hjá öðrum ef gjaldeyrisvarasjóðurinn rýrnar. Þess má geta að norrænu seðlabankarnir að Seðlabanka Íslands meðtöldum hafa gert slíka samninga sín á milli. Einnig má geta þess að þegar norska krónan var tengd evrópsku mynteiningunni, ECU, gerði norski seðlabankinn tvíhliða samninga við seðlabanka aðildarríkja Evrópubandalagsins um fyrirgreiðslu ef verja þyrfti norsku krónuna áhlaupi og efla þyrfti gjaldeyrisvarasjóð Noregs.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði 2. mgr. 21. gr. núgildandi seðlabankalaga verði fellt brott. Í því er Seðlabankanum heimilað að taka lán erlendis í því skyni að endurlána það innan lands enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin. Ákvæði af þessu tagi kann að hafa verið nauðsynlegt á árum áður þegar tiltölulega fáir innlendir

aðilar höfðu reynslu af erlendum lántökum í eigin nafni og áttu ekki greiðan aðgang að erlendu lánsfé. Þetta hefur hins vegar gerbreyst á síðustu árum. Telja verður eðlilegt að lánastarfsemi af þessu tagi sé á hendi lánastofnana eða ríkissjóðs en ekki Seðlabankans.

Um 25. gr.

Efnisatriði þessarar greinar er að finna í 1. málsl. 20. gr. og 23. gr. núgildandi seðlabankalaga. Í 1. málsl. 20. gr. segir að bankinn hafi með höndum viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar. Það hefur verið túlkað þannig að í orðinu viðskipti felist einnig samskipti. Til að taka af öll tvímæli er lagt til orðalagið „samskipti og viðskipti“. Þetta ákvæði ber að túlka þannig að í því felist m.a. að Seðlabankanum sé heimilt að opna reikninga í nafni þessara stofnana í bankanum ef þess er óskað og í nafni hans í þessum stofnunum. Ákvæðið nær ekki aðeins til alþjóðlegra banka- og fjármálastofnana heldur einnig til alþjóðlegra stofnana eins og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í París.

1. málsl. 2. mgr. samsvarar 23. gr. núgildandi laga um bankann en orðaröð hefur verið breytt. Í ákvæðinu felst að Seðlabankinn leggur fram fjárframlög til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samkvæmt reglum og ákvörðunum sjóðsins og að fenginni heimild Alþingis hverju sinni. Fjárframlögin greiðast því ekki úr ríkissjóði. Fjárframlög af þessu tagi voru síðast ákveðin með lögum nr. 103/1990, um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Um aðild Íslands að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að öðru leyti fer samkvæmt lögum nr. 105/1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

2. málsl. 2. mgr. er nýjung. Frá stofnun Seðlabankans árið 1961 hefur hann átt hlutabréf í Alþjóðlega greiðslubankanum (Bank for International Settlements) í Basel í Sviss. Því þykir rétt að í lögum um bankann sé ótvírætt ákvæði sem heimili honum að eiga aðild að öðrum alþjóðlegum stofnunum en Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Slík aðild er þó bundin því skilyrði að hún samræmist hlutverki bankans sem seðlabanka.

Um 26. gr.

Efni 1. málsl. greinarinnar samsvarar 1. málsl. 20. gr. í núgildandi seðlabankalögum. Þó þykir rétt að taka fram að Seðlabankinn mun ekki aðeins annast framkvæmd greiðslusamninga eins og kveðið er á um í núgildandi seðlabankalögum heldur einnig gerð þeirra.

Þrátt fyrir aukið frjálsræði í gjaldeyrismálum víða um heim á undanförnum árum tíðkast enn að greiðslusamningar séu gerðir við einstök ríki. Þetta á einkum við um Austur-Evrópu og fyrrum sovétlýðveldi. Nýjasti greiðslusamningur af þessu tagi var gerður í janúar 1992 milli Seðlabankans og Utanríkisviðskiptabanka Rússlands. Því er talið rétt að hafa ákvæði af þessu tagi í lögum um Seðlabankann.

2. málsl. greinarinnar er nýjung. Eðlilegt þykir að Seðlabankinn hafi almenna heimild til að stunda önnur erlend viðskipti sem ekki eru sérstaklega tilgreind í ákvæðum frumvarpsins enda samrýmist það hlutverki hans sem seðlabanka.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um eftirlit Seðlabankans með fjármálastofnunum og starfsemi bankaeftirlits Seðlabankans. Í kaflanum eru fimm greinar, 27.–31. gr. Kaflinn byggist að miklu leyti á IV. kafla núgildandi seðlabankalaga. Þó hafa verið gerðar veigamiklar efnisbreytingar á einstökum ákvæðum hans og eru þær skýrðar í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. 13. gr. núgildandi seðlabankalaga er honum falið eftirlit með því að inn-

lánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Í sérlögum hefur Seðlabankanum jafnframt verið falið eftirlit með öðrum stofnunum en innlánsstofnunum, þ.e. eignarleigum, verðbréfafyrirtækjum og verðbréfasjóðum, auk þess sem honum hefur verið falið að setja reglur um gerð og endurskoðun á ársreikningum lífeyrissjóða.

Hér er lagt til að eftirlit Seðlabankans nái til lánastofnana og annarra fjármálastofnana. Hugtakið fjármálastofnun er ekki skilgreint í greininni en það ber að túlka rúmt þannig að það nái til allra stofnana og fyrirtækja sem starfa á fjármagnsmarkaði og veita almenningi og fyrirtækjum fjármálaþjónustu. Til fjármálastofnana teljast einkum bankar, sparisjóðir, fjárfestingarlánasjóðir, eignarleigur, verðbréfafyrirtæki, verðbréfasjóðir, lífeyrissjóðir og tryggingarfélög. Tekið er fram í greininni að Seðlabankinn hafi því aðeins eftirlit með starfsemi þessara stofnana og fyrirtækja að eftirlitið sé ekki öðrum falið með lögum. Ákvæði þessarar greinar kemur ekki í veg fyrir að Seðlabankanum sé með sérstökum lögum falið eftirlit með stofnunum eða fyrirtækjum sem ekki eru talin upp hér að framan. Samkvæmt þessu er bankaeftirlitinu falið eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, en það hefur það ekki haft til þessa. Þó voru á vorþingi samþykkt lög nr. 27/1991 þar sem bankaeftirlitinu var falið að setja reglur um gerð ársreiknings og endurskoðun lífeyrissjóða. Jafnframt var því falið visst eftirlit með fjárhagsstöðu lífeyrissjóða.

Lagt er til að Seðlabankinn hafi ekki aðeins eftirlit með því að stofnanir og fyrirtæki hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir heldur einnig það sem telja má eðlilega viðskiptahætti. Síðasta atriðið er nýjung. Eðlilegt þykir að hafa ákvæði af þessu tagi í seðlabankalögum þar sem fjármálaþjónusta tekur mjög örum breytingum og sífellt eru að verða til nýjar tegundir stofnana og fyrirtækja. Iðulega fylgir löggjafinn þessari öru þróun ekki nægjanlega hratt eftir með breytingu á lögum eða setningu nýrra laga. Á meðan svo er kann að skapast óheppilegt millibilsástand þar sem lagaákvæði skortir um viðkomandi starfsemi og óvíst er hvort bankaeftirlit Seðlabankans eða annar aðili skuli hafa eftirlit með starfseminni. Með því orðalagi, sem hér er lagt til, hefur bankaeftirlitið eftirlitsskyldu að gegna gagnvart fjármálastofnunum þó að ekki hafi verið sett lög um starfsemi þeirra. Heimildir bankaeftirlitsins til íhlutunar og aðgerða gagnvart þessum stofnunum eru þó mun takmarkaðri en gagnvart stofnunum sem lög gilda um, og takmarkast við það að gera athugasemdir, sbr. 5. mgr. 31. gr.

Um 28. gr.

Í þessari grein er kveðið á um bankaeftirlit Seðlabankans. Hún samsvarar 2. og 3. mgr. 13. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að veigamiklar breytingar verði gerðar á þeim ákvæðum. Í fyrsta lagi er lagt til að forstöðumaður bankaeftirlitsins verði ráðinn af bankaráði samkvæmt tillögu bankastjórnar en ekki skipaður af ráðherra. Breytingin er bæði liður í því að auka sjálfstæði bankans og skerpa ábyrgðarsvið og stjórnskipulag innan hans. Þykir ekki heppilegt að aðrir starfsmenn bankans en bankastjórar skuli skipaðir af ráðherra. Í ljósi þess að forstöðumaður bankaeftirlitsins gegnir veigamiklu hlutverki er lagt til að hann verði ráðinn af bankaráði. Með því móti fær staða hans aukið vægi frá því sem verið hefði ef forstöðumaðurinn væri ráðinn af bankastjórn.

Í öðru lagi er lagt til að sérstök samstarfsnefnd ráðuneytisins og Seðlabankans til að fylgjast með starfi bankaeftirlitsins verði lögð niður. Nefnd þessi hefur gegnt veigalitlu hlutverki á undanförnum árum. Auk þess er ekki ótvírætt hvort í núgildandi lagaákvæði felist að nefndin beri á einhvern hátt ábyrgð á störfum bankaeftirlitsins. Þess í stað er tilgreint í 3. mgr. að Seðlabankinn skuli hafa samráð við ráðuneytið um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins, auk þess sem hann skal gefa ráðuneytinu skýrslu um starfsemi þess eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Samsvarandi skýrsluskylda er einnig í núgildandi seðlabankalögum. Þá er í 38. gr. frumvarpsins kveðið á um að bankaráð Seðlabank-

ans sé bankastjórn til ráðuneytis um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins.

Í þriðja lagi er lagt til að skýrt verði tekið fram í 1. mgr. að bankaeftirlitið starfi undir yfirstjórn bankastjórnar. Í 2. mgr. 13. gr. núgildandi seðlabankalaga segir að bankaeftirlitið starfi undir yfirstjórn bankastjórnar og bankaráðs. Er talið óheppilegt að kveða á um að tveir aðilar fari með yfirstjórn þessarar starfsemi. Þótt bankaráð ráði forstöðumann bankaeftirlitsins felst þó ekki í því að bankaráð hafi yfir honum að segja eða hafi dagleg afskipti af störfum bankaeftirlitsins. Bankaeftirlitið starfar því undir yfirstjórn og á ábyrgð bankastjórnar eins og allar aðrar deildir bankans að undanskilinni endurskoðunardeild.

Um 29. gr.

Þessi grein samsvarar 14. og 15. gr. núgildandi seðlabankalaga. Efnisatriði eru þau sömu en orðalagi hefur verið breytt á nokkrum stöðum til einföldunar. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 30. gr.

Þessi grein samsvarar 5. mgr. 8. gr. núgildandi seðlabankalaga. Til samræmis við breytingar á gildissviði annars staðar í frumvarpinu er lagt til að reglur um fjárhagslegt öryggi nái ekki aðeins til innlánsstofnana, eins og kveðið er á um í núgildandi seðlabankalögum, heldur til lánastofnana og annarra fjármálastofnana. Í núgildandi ákvæði er einungis kveðið á um gengisbundnar eignir og skuldir en hér er lagt til að Seðlabankanum verði heimilt að setja reglur á fleiri sviðum er miði að því að stuðla að fjárhagslegu öryggi lánastofnana og annarra fjármálastofnana. Þessi svið eru talin upp í greininni.

Um 31. gr.

Þessi grein samsvarar 17. gr. núgildandi seðlabankalaga að undanskilinni 4. mgr. sem er nýjung.

Í 4. mgr. er lagt til að Seðlabankinn geti tekið stjórn lánastofnunar í sínar hendur í allt að þrjá mánuði ef hann telur brýna ástæðu til og að fengnu samþykki ráðherra. Heimilt er að framlengja tímabilið um allt að þrjá mánuði. Þetta ákvæði ber að túlka þröngt þannig að ekki sé gripið til þessa úrræðis nema ótvírætt sé að það þjóni hagsmunum viðskiptamanna viðkomandi stofnunar og tryggi öryggi á fjármagnsmarkaðinum. Í 38. gr. er lagt til að tillöguvald bankans til ráðherra um yfirtöku á stjórn stofnunar verði í höndum bankaráðs.

Í 5. mgr. er fjallað um aðgerðir bankaeftirlitsins í þeim tilvikum þegar ótvíræð lagafyrirmæli skortir um rekstur fjármálastofnana. Í málsgreininni, sem svarar til 3. mgr. 17. gr. núgildandi seðlabankalaga, er lögð til sú breyting að í stað þess að bankaeftirlitinu sé heimilt að gera athugasemdir er því skylt að gera það ef rekstri fjármálastofnunar er á einhvern hátt ábótavant og hann brýtur í bága við eðlilega viðskiptahætti.

Í 6. mgr., sem svarar til 4. mgr. 17. gr. núgildandi seðlabankalaga, er lagt til að kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins skuli einnig tilkynntar bankaráði Seðlabankans. Ákvæði þar að lútandi er ekki í núgildandi seðlabankalögum. Þessi nýjung er lögð til í ljósi þess hversu mikilvæg mál þessi eru.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um skýrslugerð bankans. Í honum eru einungis tvær greinar, 32. og 33. gr. Í þeirri fyrri er fjallað almennt um hagskýrslugerð bankans og upplýsingar til almennings. Í þeirri síðari er fjallað um skýrslur bankans til Alþingis og ríkisstjórnar. Kaflinn samsvarar VI. kafla núgildandi seðlabankalaga.

Um 32. gr.

Efni þessarar greinar samsvarar 24. gr. núgildandi seðlabankalaga. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á ákvæðum þeirrar greinar en orðalagi breytt lítillega.

Í 1. mgr. er tekið fram að Seðlabankinn skuli gera skýrslur og áætlanir um peningamál, gengis- og gjaldeyrismál og annað sem hlutverk og stefnu bankans varðar. Litið er svo á að greiðslujöfnuður við útlönd falli undir þessi svið.

Í síðari málslið 1. mgr. er bankanum falið að birta opinberlega upplýsingar um peningamál og gengis- og gjaldeyrismál og skýra stefnu sína og aðgerðir. Telja verður eðlilegt að sjálfstæður seðlabanki kynni stefnu sína og aðgerðir opinberlega á greinargóðan hátt.

Um 33. gr.

Í 2. mgr. 4. gr. núgildandi laga segir: „Seðlabankinn skal eigi sjaldnar en tvisvar á ári senda ráðherra greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum.“ Bankinn hefur uppfyllt þessa lagaskyldu með því að senda ráðherra ársskýrslu sína að vori og sérstaka greinargerð, svokallaða skammdegisskýrslu, um mánaðamót nóvember og desember.

Í ljósi þess að í frumvarpinu er lagt til að sjálfstæði bankans gagnvart ríkisstjórn verði aukið, m.a. með því að bankaráð, sem kjörið er af Alþingi, gegni stærra hlutverki í starfsemi bankans en áður, en hlutverk ráðherra minnki, er lögð til breyting á ákvæði um skýrslugjöf bankans. Í stað þess að hann sendi ráðherra greinargerð er lagt til að hann sendi Alþingi og ríkisstjórn greinargerð. Þá er lagt til að í greinargerð bankans skuli ekki aðeins vera fjallað um þróun og horfur í peningamálum og gengis- og gjaldeyrismálum heldur einnig stefnu bankans og aðgerðir í þessum málum.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um stjórnskipulag bankans. Í honum eru átta greinar, 34.–41. gr. Kaflinn samsvarar VII. kafla í núgildandi seðlabankalögum. Í fyrstu tveimur greinum kaflans er fjallað um tengsl bankans við framkvæmdarvaldið. Í næstu þremur greinum er fjallað um skipan, starfshætti og verkefni bankaráðs. Þá er í tveimur greinum fjallað um bankastjórn. Í síðustu grein kaflans er fjallað um önnur störf æðstu stjórnenda bankans.

Um 34. gr.

Grein þessi samsvarar 25. gr. núgildandi seðlabankalaga. Í henni segir að yfirstjórn bankans sé í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs og að stjórn hans sé að öðru leyti í höndum bankastjórnar. Hér er lagt til skýrara orðalag sem kveður á um að viðskiptaráðherra fari með málefni bankans og að stjórn bankans sé í höndum bankaráðs og bankastjórnar svo sem fyrir er mælt í frumvarpinu.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969. Í auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, kemur fram að Seðlabankinn heyri undir viðskiptaráðuneytið. Nefndin, sem samdi þetta frumvarp, tók enga afstöðu til breytinga á verkaskiptingu ráðuneyta. 1. málsl. þessarar greinar endurspeglar því núgildandi verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins á grundvelli auglýsingarinnar frá 1969.

Um 35. gr.

Efni þessarar greinar svarar til 1. mgr. 4. gr. og fyrri hluta 2. málsl. 20. gr. núgildandi seðlabankalaga.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Seðlabankanum sé skylt að hafa samráð við ríkisstjórn um mótun og framkvæmd stefnu á starfssviði sínu og vera ríkisstjórn til ráðuneytis. Er

það í samræmi við ákvæði núgildandi seðlabankalaga. Í núgildandi lögum er ákvæði um að bankastjórn Seðlabankans hafi rétt til að lýsa opinberlega verulegum ágreiningi við ríkisstjórnina og skýra skoðanir sínar. Engu að síður skal bankastjórnin telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að stefna ríkisstjórnarinnar nái tilgangi sínum. Nú er lagt til að ákvæði af þessu tagi falli brott, enda skerða þau sjálfstæði bankans. Þess í stað er lagt til í 2. mgr. að bankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum svo fremi að það gangi ekki gegn markmiðum bankans. Það er á valdi bankans að meta hvort svo sé. Með því móti er sjálfstæði hans gagnvart ríkisstjórn undirstrikað enn frekar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ríkisstjórnin veiti Seðlabankanum nauðsynlegar upplýsingar um efnahagsmál sem eru starfsemi hans nauðsynlegar. Ákvæðið ber að skilja þannig að um sé að ræða upplýsingar sem eru ríkisstjórninni tiltækar.

Um 36. gr.

Þessi grein samsvarar 30. gr. núgildandi seðlabankalaga en er nokkru ítarlegri. 2. málsl. 1. mgr. er nýjung. Telja verður óeðlilegt vegna hættu á hagsmunaárekstrum og aðgangs að trúnaðarupplýsingum um samkeppnisaðila að stjórnendur lánastofnana og þeirra fjármálastofnana sem Seðlabankinn hefur eftirlit með sitji í bankaráði Seðlabankans. Því er lagt til að óheimilt verði að kjósa þá í bankaráðið.

3. málsl. 1. mgr. er einnig nýjung. Rétt þykir að tilgreina að umboð bankaráðs gildi þar til nýtt bankaráð hefur verið kjörið til að tryggja að Seðlabankinn verði ekki án bankaráðs. Í þessari málsgrein er einnig tekið fram að varamaður taki sæti aðalmanns sem látið hefur af störfum þar til Alþingi hefur kosið nýjan aðalmann til loka kjörtímabils bankaráðsins. Rétt þykir að hafa skýrt ákvæði af þessu tagi í lögunum. Í þessari málsgrein er einnig nýtt ákvæði um hæfniskröfur til bankaráðsmanna. Ákvæðið um víðtæka þekkingu á efnahagsmálum ber að túlka rúmt.

Í 2. mgr. er lögð til sú nýjung að nýr ráðherra geti skipað nýjan formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna aðalmanna. Þar með gefst nýjum ráðherra kostur á breytingum á forustu bankaráðs kjósi hann það. Með þessu lagafrumvarpi er lagt til að áhrif ráðherra á starfsemi Seðlabankans verði takmörkuð verulega. Það verður því að teljast eðlilegt að samskiptum ráðherra við bankaráð verði hagað þannig að formaður og varaformaður bankaráðs njóti fyllsta trausts ráðherra hverju sinni. Hér er hins vegar ekki lagt til að nýjum ráðherra verði skylt að gera breytingu á forustu bankaráðs heldur verður honum það heimilt.

Um 37. gr.

Þessi grein samsvarar 3. mgr. 31. gr. og 32. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að í stað núgildandi ákvæðis um að bankaráð haldi fundi eftir þörfum en að jafnaði eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega komi ákvæði þess efnis að formaður bankaráðs kalli bankaráð saman til fundar án þess að getið sé um lágmarkstíðni funda. Telja verður eðlilegt að bankaráð setji sér sjálft slíkar reglur ef þörf krefur. Þá er lagt til að lögfest verði ákvæði um að atkvæði formanns ráði úrslitum ef atkvæði falla jafnt á fundum bankaráðs. Einnig er lagt til að lögfest verði að halda skuli gerðabók á fundum bankaráðs.

Í 2. mgr. er fjallað um þátttöku bankastjóra á fundum bankaráðs. Síðasti málsliður þessarar málsgreinar er nýjung. Hann ber að skilja svo að einungis bankastjórn sem heild geti lagt fram tillögur á fundum bankaráðs en ekki einstakir bankastjórar. Ekki er lagt til að kveðið verði á um þátttöku annarra starfsmanna bankans en bankastjóra á fundum bankaráðs. Aðrir starfsmenn bankans sitja því ekki bankaráðsfundi nema að ósk bankaráðs.

Um 38. gr.

Í þessari grein eru talin upp verkefni bankaráðs. Ákvæði þar að lútandi er að finna á víð og dreif í núgildandi seðlabankalögum, svo sem 2. mgr. 13. gr., 25. gr., 2. og 3. mgr. 26. gr., 28. gr., 29. gr., 31. gr. og 34. gr. Einnig eru talin upp fjölmörg verkefni bankaráðs í reglugerð fyrir bankann.

Víða í frumvarpinu er vísað til ákvarðana sem Seðlabankinn skal taka eða tillagna sem hann skal gera. Sé ekki tekið fram í þessari grein að bankaráð hafi ákvörðunarvald á því sviði ber að líta svo á að ákvörðunarvaldið eða tillögurétturinn sé í höndum bankastjórnar.

Í 1. málsl. greinarinnar er tekið fram að bankaráð hafi yfirumsjón með starfsemi bankans. Það ber að skilja þannig að bankaráði, sem er kjörið af Alþingi, sé falin yfirumsjón með starfsemi bankans og veiti rekstri og starfsemi hans aðhald og sinni eftirliti af hálfu löggjafarvaldsins auk annarra verkefna sem eru nánar tilgreind í þessari grein. Þá er í þessum málslið kveðið á um að bankaráð skuli vera bankastjórn til ráðuneytis um stefnu bankans í peningamálum og gengis- og gjaldeyrismálum og um meginþætti í starfsemi hans. Það er því ætlast til að bankaráð fjalli um stefnu bankans.

Í stafliðum a til o eru síðan talin upp verkefni sem bankaráði er sérstaklega ætlað að sinna. Ákvæðið í b-lið ber að túlka þannig að bankastjórn kynni í bankaráði reglur bankans um öll helstu stjórntæki í peningamálum en setning þeirra og beiting sé alfarið á valdi og ábyrgð bankastjórnar. Í sumum tilvikum er um að ræða formlegar reglur sem bankinn gefur út, t.d. reglur um bindiskyldu og laust fé, en í öðrum tilvikum getur verið um að ræða vinnureglur um beitingu stjórntækja, t.d. um kaup og sölu verðbréfa.

Í c-lið er lagt til að bankaráð verði bankastjórn til ráðuneytis um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins. Þar sem gera má ráð fyrir að mikilvægi þessa þáttar í starfsemi bankans aukist enn frekar eftir því sem frjálsræði vex á fjármagnsmarkaði er talið eðlilegt að bankaráð fjalli um meginþætti í starfsemi bankaeftirlitsins. Ákvæðið ber ekki að túlka þannig að bankaráð hafi afskipti af daglegum störfum bankaeftirlitsins eða beri ábyrgð á störfum þess, enda er lagt til í 28. gr. að bankaeftirlitið starfi undir yfirstjórn bankastjórnar.

Ákvæði d-liðar ber að túlka þannig að bankaráð verði að staðfesta skipurit bankans og verkaskiptingu bankastjóra en ekki smærri atriði í stjórnskipulagi bankans, eins og starfslýsingar einstakra starfsmanna hans.

Í g-lið er kveðið á um að bankaráð staðfesti ráðningu aðstoðarbankastjóra, en þeir fara með stjórn veigamikilla málaflokka í bankanum. Eðlilegt verður að telja að bankastjórn kynni í bankaráði fyrirhugaðar ráðningar í aðrar helstu stjórnunar- og ábyrgðarstöður í bankanum.

Um 39. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skipan bankastjórnar Seðlabankans. Efni hennar samsvarar 26. og 29. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að bankastjórar verði þrír eins og verið hefur frá því að Seðlabankinn varð sjálfstæð stofnun árið 1961. Í 1. mgr. er skýrt tekið fram að bankastjórn beri ábyrgð á rekstri bankans og fari með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum. Í 38. gr. kemur fram hvaða málaflokkar heyra undir bankaráð. Sem dæmi um verkaskiptingu bankaráðs og bankastjórnar má nefna að beiting stjórntækja bankans í peningamálum er á valdi og ábyrgð bankastjórnar, svo og ráðning allra starfsmanna bankans annarra en forstöðumanns bankaeftirlits og forstöðumanns endurskoðunardeildar. Þó skal ráðning aðstoðarbankastjóra staðfest af bankaráði.

Lagt er til að ráðningu bankastjóra verði hagað með öðrum hætti en verið hefur hingað til. Í stað núverandi fyrirkomulags að bankastjórar séu skipaðir af ráðherra að fengn-

um tillögum bankaráðs til allt að sex ára er lagt til að stöður bankastjóra verði auglýstar lausar til umsóknar. Í frumvarpinu kemur fram sú nýjung að gerð er krafa um að bankastjórar hafi víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum sviðum efnahagsmála. Telja verður eðlilegt að gera kröfu af þessu tagi í ljósi hlutverks bankans og sjálfstæðis hans til stjórnunar peningamála.

Að fengnum umsóknum um stöður bankastjóra er gert ráð fyrir að bankaráð greiði atkvæði um umsækjendur. Til að ráðherra geti skipað mann bankastjóra verður hann að hafa fengið að minnsta kosti eitt atkvæði í bankaráði. Í þessu felst mikilvæg breyting frá núgildandi lagaákvæði sem hefur verið túlkað þannig að ráðherra geti í raun skipað hvaða mann sem er í stöðu bankastjóra án þess að taka tillit til tillagna bankaráðs. Lagt er til að skipunartímabil bankastjóra verði sjö ár í stað allt að sex ára samkvæmt núgildandi seðlabankalögum. Fastákveðið skipunartímabil skapar ákveðna festu í stjórn bankans.

Í frumvarpinu er lagt til að formaður bankastjórnar gegni veigameira hlutverki en samkvæmt núgildandi lögum. Kveðið er á um formann bankastjórnar í 40. gr. Í ljósi aukins mikilvægis þessarar stöðu er lagt til að skipað verði sérstaklega í hana til sjö ára. Til að undirstrika mikilvægi stöðunnar er lagt til að umsækjandi um stöðuna verði að hafa fengið að minnsta kosti tvö atkvæði í bankaráði til þess að ráðherra geti skipað hann.

Samkvæmt núgildandi seðlabankalögum eru engar takmarkanir á því hversu oft skipa má sama mann í stöðu bankastjóra. Í 4. mgr. þessarar greinar er lagt til að meginreglan verði sú að óheimilt sé að skipa sama mann oftar en tvisvar sinnum í stöðu bankastjóra. Meginreglan er því sú að enginn geti gegnt stöðu bankastjóra lengur en í fjórtán ár. Samkvæmt 2. og 3. mgr. verður maður sem gegnir stöðu bankastjóra að sækja um hana að nýju þegar skipunartímabil hans rennur út. Í 2. málsl. 4. mgr. er þó lagt til að skipa megi sama mann í þriðja sinn í stöðu bankastjóra enda sé þá um að ræða skipun í stöðu formanns bankastjórnar og viðkomandi hafi annaðhvort aldrei eða aðeins einu sinni gegnt þeirri stöðu. Því er hugsanlegt að sami maður geti gegnt stöðu bankastjóra í tuttugu og eitt ár samfleytt. Hann gæti gegnt stöðu bankastjóra í eitt skipunartímabil og síðan stöðu formanns bankastjórnar í tvö skipunartímabil eða stöðu bankastjóra í tvö skipunartímabil og síðan stöðu formanns bankastjórnar í eitt skipunartímabil. Einnig geta komið upp tilvik þar sem sami maður er skipaður þrisvar sinnum en gegnir þó starfinu í skemmri tíma samfleytt en í tuttugu og eitt ár. Það gæti gerst með þeim hætti að starfandi bankastjóri sækti um og væri skipaður í stöðu formanns bankastjórnar áður en sjö ára skipunartímabili hans væri lokið.

Í síðasta málslið 4. mgr. er ákvæði um starfslok bankastjóra fyrir aldurs sakir. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum og gilda því um bankastjóra almennar reglur um starfsmenn ríkisins. Sú hefð hefur hins vegar myndast að bankastjórum er heimilt að vinna til loka þess árs er þeir verða sjötugir. Hér er hins vegar lagt til að lögfest verði að bankastjórar láti af starfi um leið og þeir verða sjötugir.

Í 1. málsl. 6. mgr. er lögð til mikilvæg breyting frá samsvarandi ákvæði í 29. gr. núgildandi seðlabankalaga. Samkvæmt núgildandi ákvæði getur ráðherra vikið bankastjóra úr starfi að fengnu áliti bankaráðs. Hér er lagt til að bankaráð geti tekið frumkvæði í þessu efni og lagt til við ráðherra að bankastjóra verði vikið frá störfum. Sömuleiðis er lagt til að það verði bankaráð en ekki ráðherra, eins og nú gildir, sem geti vikið bankastjóra fyrirvaralaust úr starfi hafi hann brotið af sér í starfi.

Um 40. gr.

Efni þessarar greinar samsvarar 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. núgildandi seðlabankalaga en er mun ítarlegra. Í núgildandi seðlabankalögum segir að bankastjórn kjósi sér formann úr sínum hópi til þriggja ára í senn. Ekki er frekar kveðið á um hlutverk formanns

bankastjórnar í öðrum greinum laganna eða í reglugerð um bankann. Hér er lagt til að formaður bankastjórnar verði skipaður sérstaklega. Í 1. mgr. er lagt til að formaður bankastjórnar sé talsmaður Seðlabankans og komi fram fyrir hönd hans. Í 2. mgr. er lagt til að hann kalli bankastjórn saman til fundar og að atkvæði hans ráði úrslitum þegar atkvæði falla jafnt í atkvæðagreiðslu í bankastjórn.

Um 41. gr.

Efni þessarar greinar svarar til 2. mgr. 28. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að lögfest verði að auk bankastjóra og aðstoðarbankastjóra verði forstöðumanni bankaeftirlitsins óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Telja verður eðlilegt að bankastjórn setji reglur um þetta efni gagnvart öðrum helstu yfirmönnum bankans og öðrum starfsmönnum. Ætla verður að ákvæði um þetta efni verði í ráðningarsamningi þeim er bankaráð gerir við forstöðumann endurskoðunardeildar telji bankaráð ástæðu til þess.

Rísi ágreiningur um efni þessarar greinar gagnvart bankastjórum þykir eðlilegt að ráðherra skeri úr. Gagnvart öðrum starfsmönnum bankans er það bankastjórnar að skera úr.

Ákvæði þessarar greinar ber að túlka þröngt, þannig að bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og forstöðumaður bankaeftirlitsins sitji ekki í stjórn stofnana eða atvinnufyrirtækja utan bankans eða taki þátt í atvinnurekstri nema slíkt sé sérstaklega boðið með lögum. Í lögum um Fiskveiðasjóð er kveðið á um að Seðlabankinn tilnefni einn stjórnarmanna sjóðsins. Óeðlilegt verður að telja að bankastjórar Seðlabankans eða aðrir æðstu yfirmenn hans sitji í stjórnum lánastofnana sem viðskipti geta átt við bankann og eru undir eftirliti hans.

Í viðskiptaráðuneytinu hefur verið samið frumvarp til laga um starfsemi fjárfestingarlánasjóða. Í því er m.a. gert ráð fyrir að fjárfestingarlánasjóðum í eigu ríkisins verði breytt í hlutafélög. Þar með yrðu fyrrgreind tengsl Seðlabankans við fjárfestingarlánasjóði rofin.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um reikningsskil og ráðstöfun hagnaðar. Í honum eru þrjár greinar, 42.–44. gr. Kaflinn samsvarar VIII. kafla í núgildandi seðlabankalögum. Greinar í kaflanum eru að mestu leyti óbreyttar frá ákvæðum núgildandi seðlabankalaga ef undan er skilin 44. gr. um ráðstöfun hagnaðar.

Um 42. gr.

Í þessari grein er kveðið á um reikningsár og gerð ársreiknings. Hún samsvarar 35. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að í stað þess að tilgreina að gerð ársreiknings skuli lokið svo fljótt sem auðið er verði tiltekið að gerð ársreiknings skuli lokið innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs. Í lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, segir að ársreikningur ríkisviðskiptabanka skuli lagður fyrir skoðunarmenn eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok reikningsárs. Í lögum nr. 87/1985, um sparisjóði, segir í samsvarandi ákvæði að gerð og endurskoðun ársreiknings skuli vera lokið eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Um 43. gr.

Þessi grein samsvarar 33. og 36. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að fellt verði brott ákvæði þess efnis að ársreikning Seðlabankans skuli birta í Stjórnartíðindum. Jafnframt er lagt til að ákvæði um að mánaðarlegt efnahagsyfirlit skuli birt í Lögbirtingablaðinu verði fellt brott og í staðinn einungis tiltekið að yfirlitið skuli birt án þess

að tilgreina hvar. Mánaðarlegt efnahagsyfirlit liggur frammi í afgreiðslu bankans.

Um 44. gr.

Þessi grein samsvarar 37. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lögð er til sú nýjung að sé eigið fé bankans í lok reikningsárs lægra en 6% af vergri landsframleiðslu árið á undan greiðist fjórðungur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára að frádregnu framlagi í arðsjóð í ríkissjóð. Sé hlutfallið hins vegar hærra en 6% greiðist allur meðalhagnaður næstliðinna þriggja ára að frádregnu framlagi í arðsjóð í ríkissjóð. Samkvæmt núgildandi seðlabankalögum skal ávallt greiða helming af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára í ríkissjóð.

Í grófum dráttum má segja að eigið fé Seðlabankans og aðrir sjóðir hans, einkum fé á bundnum reikningum lánastofnana og seðlar og mynt í umferð, myndi mótvægi við gjaldeyrisvarasjóð landsins og skuld ríkissjóðs við bankann. Í frumvarpinu er lagt til að aðgangur ríkissjóðs að bankanum verði takmarkaður verulega. Í framtíðinni standa því seðlar og mynt í umferð, eigið fé og bundið fé lánastofnana nánast eingöngu á móti gjaldeyrisvarasjóðnum. Sé eigið fé bankans aukið má því að öðru óbreyttu draga úr bindiskyldu lánastofnana.

Æskileg stærð gjaldeyrisvarasjóðs ræðst einkum af tvennu: annars vegar mikilvægi utanríkisviðskipta fyrir þjóðarbúið og hins vegar hvort víðtækar hömlur gildi um fjármagnshreyfingar til og frá landinu. Athuganir sýna að eigið fé Seðlabankans er lægra í hlutfalli við verga landsframleiðslu en eigið fé seðlabanka á öðrum Norðurlöndum að Finnlandi undanskildu. Í árslok 1990 var hlutfallið 3,6% í Danmörku, 1,8% í Finnlandi, 2,4% á Íslandi, 4,9% í Noregi og 4,4% í Svíþjóð. Einnig má benda á að í árslok 1990 var hlutfall eigin fjár seðlabanka af innflutningi 12,2% í Danmörku, 7,3% í Finnlandi, 6,8% á Íslandi, 13,4% í Noregi og 14,8% í Svíþjóð. Utanríkisviðskipti Íslands eru hærra hlutfall af vergri landsframleiðslu en á öðrum Norðurlöndum. Það kallar því á hlutfallslega stærri gjaldeyrisvarasjóð hér á landi en á öðrum Norðurlöndum. Jafnframt hefur verið markvisst dregið úr hömlum á fjármagnshreyfingum síðan 1990 og innan nokkurra ára má búast við því að þær hafi horfið að fullu. Þá er það stefna ríkisstjórnarinnar að gengi krónunnar ráðist í auknum mæli af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði. Aukið frelsi í gengis- og gjaldeyrismálum leiðir væntanlega til meiri sveiflna í gjaldeyriskaupum og -sölu og kallar á stærri gjaldeyrisvarasjóð en ella. Þá má benda á að hér á landi eru seðlar og mynt í umferð mun lægra hlutfall af vergri landsframleiðslu en á öðrum Norðurlöndum, eða 1,2% í árslok 1990 samanborið við 3,3% í Danmöku, 2,8% í Finnlandi, 2% í Noregi og 5,1% í Svíþjóð. Af öllum þessum atriðum, sem hér hafa verið nefnd, leiðir að eigið fé Seðlabankans er mikilvægara til að fjármagna gjaldeyrisforðann en á öðrum Norðurlöndum og þarf því að vera hlutfallslega meira hér á landi.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið er lagt til að eigið fé bankans verði markvisst byggt upp á næstu árum með því að helminga skattgreiðslu í ríkissjóð frá því sem hún er samkvæmt gildandi seðlabankalögum. Þegar takmarkinu um að eigið fé samsvari 6% af vergri landsframleiðslu er ekki talin þörf á að efla eigið fé bankans frekar. Því er lagt til að þegar takmarkinu er náð renni allur meðalhagnaður bankans í ríkissjóð. Í 3. mgr. er lagt til að lágmarksgreiðsla í arðsjóð, 40 m.kr. á verðlagi í árslok 1984, verði færð til verðlags í árslok 1991. Ný lágmarksgreiðsla er því 130 m.kr. Að öðru leyti er þessi málsgrein samhljóða 2. mgr. 37. gr. núgildandi seðlabankalaga.

Um 45. gr.

Þessi grein er nýjung. Með henni eru tekin af öll tvímæli um að Seðlabankanum er óheimilt að eiga innlend eða erlend verðbréf sem fela í sér þátttöku í atvinnurekstri eða taka að öðru leyti þátt í atvinnurekstri nema það samrýmist hlutverki hans sem seðla-

banka. Í athugasemdum við 20. gr. er greint frá þátttöku Seðlabankans í Reiknistofu bankanna og í athugasemdum við 25. gr. frá hlutabréfaeign Seðlabankans í Alþjóðlega greiðslubankanum.

Um 46. gr.

Efnisatriði þessarar greinar samsvara 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 29. gr. núgildandi seðlabankalaga. Lagt er til að sú breyting verði gerð að í stað þess að bankastjórar eigi rétt á biðlaunum í eitt til þrjú ár ef þeim er sagt upp starfi verði miðað við eitt ár eins og gildir samkvæmt núgildandi seðlabankalögum þegar þeir segja starfi sínu lausu.

Um 47. gr.

Greinin samsvarar 38. gr. í núgildandi seðlabankalögum. Lögð er til sú nýjung að lögfest verði ákvæði um bann við svokölluðum „innherjaviðskiptum", þ.e. viðskiptum þar sem einstaklingar hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón vegna upplýsinga sem þeir komast að í starfi sínu.

Um 48. gr.

Greinin samsvarar 39. gr. í núgildandi seðlabankalögum og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 49. gr.

Efnisatriði þessarar greinar eiga sér hliðstæðu í 41. gr. núgildandi seðlabankalaga og í reglugerð fyrir bankann. Í núgildandi seðlabankalögum er ekki kveðið á um hvernig farið skuli með brot gegn lögunum. Hins vegar er að finna þar heimild til að ákveða í reglugerð viðurlög í formi dagsekta og refsivaxta sé ákvörðunum bankans ekki hlítt. Einnig er í 41. gr. núgildandi seðlabankalaga kveðið á um að ¾ hlutar af innheimtum viðurlögum renni til ríkissjóðs.

Hér er lagt til að í lögum um Seðlabankann verði kveðið á um hvernig farið skuli með brot gegn lögunum. Jafnframt að í lögunum verði kveðið á um viðurlög í formi dagsekta gegn tilteknum ákvæðum í lögunum sem talin eru upp í lagagreininni. Þá er lagt til að horfið verði frá núgildandi fyrirkomulagi um að tiltekinn hluti innheimtra viðurlaga renni í ríkissjóð enda eru innheimt viðurlög hluti af tekjum bankans og mynda því stofn til skattlagningar samkvæmt 44. gr. frumvarpsins.

Um 50. gr.

Við samningu frumvarpsins var við það miðað að ekki þyrfti að setja reglugerð til að kveða nánar á um framkvæmd einstakra ákvæða þess. Hins vegar kann reynslan að leiða annað í ljós. Því er lagt til að ráðherra geti, að fenginni tillögu bankaráðs, sett reglugerð um nánari framkvæmd einstakra ákvæða laganna.

Um 51. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Í 16. gr. frumvarpsins er lagt til að skilgreining á lausu fé verði nokkru þrengri en verið hefur. Því er lagt til að heimilt verði að láta núgildandi reglur um laust fé gilda í allt að sex mánuði frá gildistöku laganna. Telja verður eðlilegt að Seðlabankinn kynni lánastofnunum nýjar lausafjárreglur sem fyrst eftir gildistöku laganna þannig að lánastofnunum gefist nokkurt ráðrúm til að búa sig undir gildistöku nýrra reglna.

Um ákvæði til bráðabirgða VI.

Reglur um Verðbréfaþing Íslands, nú frá 21. janúar 1992, hafa verið settar á grundvelli heimildar í 1. mgr. 11. gr. núgildandi seðlabankalaga. Telja verður eðlilegt að starfsemi af þessu tagi byggist á ítarlegri lagaheimildum en þar um ræðir. Samkvæmt samningsdrögum um Evrópskt efnahagssvæði er gert ráð fyrir að hér á landi verði lögfest ákvæði um kauphöll og kauphallarviðskipti. Þar til það hefur verið gert þykir rétt að heimila Seðlabankanum, þó ekki lengur en til ársloka 1994, að setja reglur um Verðbréfaþing Íslands að fengnu samþykki ráðherra.

Um ákvæði til bráðabirgða VII.

Í ákvæðinu er kveðið á um hámarksskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum á hverjum tíma á árunum 1993–1995 vegna yfirdráttarlána. Fyrsta árið er hámarksfjárhæðin 3 milljarðar króna, 2 milljarðar króna árið 1994 og loks 1 milljarður króna árið 1995. Eftir það verður Seðlabankanum óheimilt að veita ríkissjóði yfirdráttarlán, sbr. 19. gr. frumvarpsins. Um frekari skýringar vísast til athugasemda við þá grein frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

SÉRÁLIT

Guðrúnar J. Halldórsdóttur um tillögur nefndar að frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands.

Undirrituð stendur að þessari tillögu um lagafrumvarp um Seðlabanka með þeim fyrirvara að hún álítur að í bankaráði Seðlabankans eigi að sitja 7 aðilar en ekki 5 eins og lagafrumvarpið gerir ráð fyrir, sbr. 36. gr. Rökin fyrir þessari skoðun eru þau að frumvarpið gerir ráð fyrir miklu sjálfstæði bankans gagnvart ríkisvaldinu og um leið auknu hlutverki seðlabankaráðs. Það er því í hæsta máta eðlilegt að fulltrúar sem flestra stjórnmálaafla sem þjóðin styður til alþingissetu eigi sér málssvara í seðlabankaráði. Auk þess getur hæglega komið upp sú staða að ráðherra sá, er með málefni Seðlabanka fer, eigi sér ekki fulltrúa í seðlabankaráði verði það aðeins skipað 5 mönnum.

Einnig er það álit undirritaðrar að í 31. gr. V. kafla um bankaeftirlit ætti að vera ákvæði um þá skyldu eftirlitsins að fylgjast með og grípa inn í ef vart yrði við eða grunur léki á um innherjaviðskipti í þeim stofnunum sem eftirlitið á að fylgjast með. Rökin mín fyrir þessu eru að ekki virðast vera til nein lagaákvæði um innherjaviðskipti önnur en þau sem er að finna í lögum frá 1989, um verðbréf og verðbréfaviðskipti. Á tímum

þar sem losað er um sífellt fleiri höft og hömlur í viðskiptum verða slík ákvæði að vera skýr í lögum og ná til miklu víðara sviðs og fleiri þátta en verðbréfaviðskipta. Auk þess þarf að vera ljóst hver á að taka á vandanum.

Fylgiskjal II.

SÉRÁLIT
Más Guðmundssonar um tillögur nefndar að frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands.

Það frumvarp að lögum um Seðlabanka Íslands, sem hér liggur fyrir, felur í sér veigamikil skref til að auka sjálfstæði bankans í mótun og framkvæmd stefnu í peningamálum, gera markmið bankans skýrari og styrkja stjórntæki hans í peningamálum. Það er sérstaklega mikilvægt í þessu sambandi að bankinn mun hafa nægjanlega sterk stjórntæki til að geta stýrt nafnvöxtum án beinnar íhlutunar, einkum á styttri enda peningamarkaðarins. Undirritaður styður þessar breytingar heils hugar. Í tveim atriðum hefði ég hins vegar kosið að frumvarpið hefði verið með öðrum hætti. Þar er annars vegar um að ræða yfirstjórn bankans og hins vegar heimildir ríkissjóðs til skuldasöfnunar í bankanum. Ég tel það samrýmast betur markmiðinu um sjálfstæðan faglegan seðlabanka að yfirstjórn bankans sé í höndum bankaráðs og eins faglegs seðlabankastjóra fremur en bankaráðs og fjölskipaðrar bankastjórnar eins og lagt er til í fyrirliggjandi frumvarpi. Ég hefði einnig kosið að nefndin hefði gert tillögu um að hraðar yrði farið í að loka fyrir heimild ríkissjóðs til skuldasöfnunar í Seðlabankanum. Ég vil hér gera nánari grein fyrir þessari afstöðu minni.

Yfirstjórn.

Í starfi nefndarinnar var lengst af unnið samhliða með tvenns konar megintillögur varðandi yfirstjórn bankans. Önnur tillagan fól í sér þá skipan sem er að finna í fyrirliggjandi frumvarpi, þar sem yfirstjórn bankans er í meginatriðum óbreytt frá því sem nú er, þ.e. í höndum bankaráðs og þriggja manna bankastjórnar. Hin tillagan fól í sér að yfirstjórn bankans yrði í höndum bankaráðs og eins seðlabankastjóra. Með þessu séráliti fylgir í viðauka útfærsla þeirrar hugmyndar eins og hún hafði mótast hjá nefndinni áður en hún ákvað endanlega að leggja til fjölskipaða bankastjórn. Þann fyrirvara verður þó að gera að nefndin gerði ýmsar betrumbætur á ákvæðum um stjórnskipulag bankans eftir að hún lagði þennan valkost á hilluna. Sérstaklega á þetta við um verkefni bankaráðs. Gera verður ráð fyrir að þessar breytingar hefðu einnig verið gerðar á þessum valkosti. Verður nú skipan yfirstjórnar með einum seðlabankastjóra lýst stuttlega:

— Einn seðlabankastjóri er æðsti stjórnandi bankans. Þar sem um valdamikinn stjórnanda er að ræða er vandað verulega til vals hans. Ráðherra skipar hann til sjö ára úr hópi þeirra sem sótt hafa um stöðuna samkvæmt auglýsingu og fengið hafa a.m.k. tvö atkvæði í bankaráði. Skilyrði er að seðlabankastjóri hafi víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum sviðum efnahagsmála. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að skipan ráðherra á seðlabankastjóra þurfi með einhverjum hætti staðfestingu Alþingis. Með þessu móti er reynt að tryggja víðtæka samstöðu um val seðlabankastjóra og gefa faglegum sjónarmiðum verulegt vægi.
— Varaseðlabankastjóri er staðgengill seðlabankastjóra. Hann er valinn með sama hætti og seðlabankastjóri, nema hvað hann þarf ekki nema eitt atkvæði í bankaráði og ekki er gert ráð fyrir staðfestingu Alþingis. Dagleg stjórn Seðlabankans er í höndum

seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra og aðstoðarbankastjóra sem seðlabankastjóri ræður. Vægi aðstoðarbankastjóra eykst þar sem bankastjórum fækkar.

— Gert er ráð fyrir að hlutverk bankaráðsins verði meira í þessari skipan en þegar um fjölskipaða bankastjórn er að ræða. Bankaráðið tekur þátt í ákvarðanatöku um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. Vægi seðlabankastjórans er þó verulegt við þá ákvarðanatöku, þar sem tillöguvaldið er hans og hann hefur atkvæðisrétt í bankaráðinu þegar fjallað er um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum, svo sem varðandi verðbréfaviðskipti bankans, eigin vaxtaákvarðanir, bindiskyldu og laust fé.

Ég tel að þessi skipan hafi kosti umfram fjölskipaða bankastjórn, sérstaklega í ljósi þess markmiðs að gera bankann sjálfstæðari, faglegri og marksæknari. Einnig er þessi skipan algengari í löndunum í kringum okkur. Má þar nefna lönd eins og Þýskaland, Svíþjóð, Noreg, Frakkland og Bretland. Einnig má nefna að gert er ráð fyrir einum aðalbankastjóra í drögum að reglum um sameiginlegan seðlabanka EB-landanna. Algengt er þó að slíkir seðlabankastjórar eigi sæti í bankaráðunum. Það hefði komið til greina að þróa þessa hugmynd í þá átt, t.d. þannig að bankaráð hefði orðið sjö manna, þ.e. seðlabankastjóri og sex menn kosnir af Alþingi, á sama tíma og hlutverk bankaráðs í yfirstjórn bankans hefði enn verið aukið.

Dagleg yfirstjórn eins er yfirleitt markvissari en fjölskipaðs stjórnvalds. Boðskapur eins talsmanns er einnig yfirleitt skýrari en þegar talsmenn eru margir. Stór fyrirtæki og ráðuneyti hafa yfirleitt einn aðalstjórnanda. Allt eru þetta röksemdir fyrir því að einn seðlabankastjóri skuli vera æðsti stjórnandi bankans. Meginástæða þess að ég tel kerfi eins seðlabankastjóra betra en kerfi fjölskipaðrar bankastjórnar liggur þó í nauðsyn þess að segja skilið við það kerfi pólitískt eyrnamerktra bankastjórastaðna sem sótt hefur á undanförnum árum ef eitthvað er. Þetta kerfi dregur úr faglegri tiltrú á bankann og stangast á margan hátt á við hugmyndina um sjálfstæðan faglegan seðlabanka. Það er kerfið við val bankastjóra sem hér skiptir máli en ekki mennirnir sem valdir eru. Allir núverandi og fyrrverandi bankastjórar Seðlabankans hafa reynst hæfir og starfi sínu vel vaxnir. Það breytir því ekki að það grefur undan tiltrú almennings á bankanum sem faglegri stofnun ef bankastjórastöður eru svo rækilega eyrnamerktar einstökum stjórnmálaflokkum að jafnvel er leitað eftir tilnefningum forustumanna flokkanna í stöðurnar. Auðvitað þarf slík samtenging ekki nauðsynlega að tengjast fjölskipaðri bankastjórn. Hugsanlega má rjúfa hana með breyttum aðferðum við val bankastjóra, t.d. eins og lagt er til í núverandi frumvarpi. Ég tel hins vegar að kerfi eins seðlabankastjóra hefði falið í sér það mikla breytingu frá fyrra kerfi að það hefði orðið trúverðugt gagnvart almenningi að fagleg sjónarmið muni ráða mestu val bankastjóra. Ég tel að kerfi eins bankastjóra mundi beinlínis neyða alla hlutaðeigandi til að breyta aðferðum hvað þetta varðar. Kerfi eins bankastjóra krefst meiri pólitískrar samstöðu um skipun hans og blátt áfram neyðir menn til að gæta fyrst og fremst faglegra sjónarmiða.

Við fyrstu sýn gæti svo virst að kerfi fjölskipaðrar bankastjórnar væri lýðræðislegra en kerfi eins seðlabankastjóra. Svo er þó alls ekki að mínu mati. Í kerfi eins seðlabankastjóra er vald bankaráðs meira. Kerfi eins seðlabankastjóra mun einnig leiða til meiri umræðu í bankanum og í umhverfi hans þegar stefna hans er mótuð. Einn bankastjóri getur einbeitt sér að því að ræða stefnumótun bankans við bankaráðið og skýra hana utan bankans. Fjölskipuð bankastjórn þarf að eyða meiri tíma og kröftum í að ræða mál innbyrðis og ná málamiðlunum þegar ágreiningur er til staðar. Fjölskipuð bankastjórn er um leið valdameiri sem stofnun heldur en einn seðlabankastjóri. Sú staða getur því skapast að meiri hluti hennar, þ.e. aðeins tveir menn, ráði öllu um aðgerðir bankans í peningamálum í fjölmörg ár, án þess að þurfa að sannfæra bankaráðið um réttmæti stefnu sinnar eða nokkurn annan aðila í þessu þjóðfélagi.

Mín niðurstaða er því sú að það hefði verið eðlileg breyting að taka upp kerfi eins seðlabankastjóra og valdameira bankaráðs samfara þeim breytingum í átt til sjálfstæðari og sterkari seðlabanka sem nú eru lagðar til.

Skuldasöfnun ríkissjóðs í Seðlabankanum.

Í ákvæði til bráðabirgða VII er gert ráð fyrir að Seðlabankanum verði heimilt að veita ríkissjóði yfirdráttarlán til ársloka 1996 sem að hámarki verði 3 ma. kr. á árinu 1993, 2 ma. kr. á árinu 1994 og 1 ma. kr. á árinu 1995. Ég tel hins vegar mikilvægt að reynt verði að loka yfirdráttarheimild ríkissjóðs í Seðlabankanum hraðar og hefði því kosið að nefndin legði til að hámarksyfirdráttur yrði 2 ma. kr. 1993 og 1 ma. kr. 1994. Það er mikilvægt að hér á landi verði byggður upp sem fyrst þróaður peningamarkaður. Það er forsenda þess að Seðlabankinn geti stýrt skammtímavöxtum sem er aftur forsenda þess að Seðlabankinn geti haft virk áhrif á gengi krónunnar á gjaldeyrismarkaði sem stefnt er að því að byggja upp. Því er mikilvægt að ríkissjóður fjármagni skammtímafjárþörf sína í ríkum mæli á markaði utan Seðlabankans. Klukkan gengur í þessum efnum. Verði af EES-samningi verða Íslendingar að hafa aflétt hömlum af öllum fjármagnshreyfingum, löngum sem stuttum, fyrir árslok 1994. Árið 1993 verður því mikilvægt í þessu sambandi. Hámarksyfirdráttur að upphæð 3 ma. kr. er einfaldlega ekki nógu afgerandi skref í þessu sambandi. Yfirdrátturinn var að meðaltali um 4,7 ma. kr. 1990 og sveiflast um þessar mundir á bilinu 1–2 ma. kr. Það ætti því að vera mögulegt að halda yfirdrættinum innan 2 ma. kr. á næsta ári. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að lögbundið hámark á yfirdrátt hefur áhrif á hvernig staðið er að áætlanagerð og ákvörðunum í ríkisfjármálum. Varfærni hlýtur að verða meiri, átak hlýtur að vera gert til að jafna dreifingu á tekjum og útgjöldum o.s.frv. Ég tel það einnig mikilvægt fyrir tiltrú á málið, að sú ríkisstjórn, sem ber það fram, taki afgerandi skref þegar í upphafi og að yfirdráttarheimildin verði afnumin fyrir lok kjörtímabilsins, þannig að málinu sé ekki vísað til nýs þings og nýrrar ríkisstjórnar til endanlegrar úrlausnar.

Viðauki við sérálit Más Guðmundssonar.
Úr drögum nefndarinnar að frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands frá 21. febrúar 1992.

37. gr.

Starfshættir bankaráðs.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum. Ætíð skal þó halda bankaráðsfund þegar einn eða fleiri bankaráðsmenn æskja þess. Fundir bankaráðs eru lögmætir ef að minnsta kosti [þrír] [fjórir] bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns. Á fundum bankaráðs skal halda gerðabók.

Seðlabankastjóri situr fundi bankaráðs með málfrelsi og tillögurétti. Varaseðlabankastjóri situr fundi bankaráðs með málfrelsi. Þeir skulu þó víkja af fundi ef bankaráð ákveður það.

Seðlabankastjóri hefur atkvæðisrétt á fundum bankaráðs þegar fjallað er um tillögur hans að reglum bankans um viðskipti bankans með verðbréf skv. 12. gr., vexti í viðskiptum bankans skv. 14. gr., bindiskyldu skv. 15. gr., laust fé fjármálastofnana skv. 16. gr. og fyrirkomulag gengisskráningar skv. 21. gr.

38. gr.

Verkefni bankaráðs.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans. Sérstaklega skal bankaráð sinna eftirtöldum verkefnum:

a. Taka ákvörðun um útgáfu, gerð, lögun, útlit, verðgildi, innlausn og innköllun peningaseðla og sleginna peninga.
b. Hafa eftirlit með öllum eignum og rekstri bankans og taka ákvörðun um allar meiri háttar fjárfestingar.
c. Staðfesta að fengnum tillögum seðlabankastjóra reglur bankans um viðskipti bankans með verðbréf skv. 12. gr., vexti í viðskiptum bankans skv. 14. gr., bindiskyldu skv. 15. gr., laust fé fjármálastofnana skv. 16. gr. og fyrirkomulag gengisskráningar skv. 21. gr.
d. Staðfesta stjórnskipulag bankans að fenginni tillögu seðlabankastjóra.
e. Auglýsa eftir umsóknum um stöður seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra og gera tillögur til ráðherra um skipun í þær.
f. Ákveða laun og ráðningarkjör seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra og gera við þá ráðningarsamninga þar sem m.a. er kveðið á um rétt til biðlauna og eftirlauna.
g. Ráða forstöðumann bankaeftirlitsins að fenginni tillögu seðlabankastjóra. Bankaráðið ákveður laun og ráðningarkjör forstöðumannsins og gerir við hann ráðningarsamning þar sem m.a. er kveðið á um rétt til biðlauna og eftirlauna. Bankaráð segir forstöðumanni bankaeftirlitsins upp störfum að fenginni tillögu seðlabankastjóra.
h. Staðfesta reglur um fjárhagslegt öryggi fjármálastofnana, sbr. 30. gr.
i. Hafa umsjón með starfi sérstakrar endurskoðunardeildar við bankann, ráða forstöðumann hennar og segja honum upp starfi, ákveða laun og ráðningarkjör hans og gera við hann ráðningarsamning þar sem m.a. er kveðið á um rétt til biðlauna og eftirlauna.
j. Ákveða hvaða starfsmenn bankans aðrir en seðlabankastjóri hafa heimild til að skuldbinda bankann og setja reglur þar um.
k. Eiga aðild að kjarasamningum við starfsmenn bankans og setja reglur um eftirlaunasjóð starfsmanna hans.
l. Gera tillögu til ráðherra um reikningsskil og gerð ársreiknings bankans.
m. Taka ákvörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi að því marki sem annað er ekki ákveðið í lögum og staðfesta ársreikning bankans.

39. gr.

Æðstu stjórnendur.

Dagleg stjórn Seðlabankans er í höndum seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra og aðstoðarbankastjóra.

40. gr.

Seðlabankastjóri.

Seðlabankastjóri ber ábyrgð á rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum. Seðlabankastjóri skal hafa náið samráð við bankaráð um stefnu og meginþætti í starfsemi bankans.

Auglýst skal opinberlega eftir umsóknum um stöðu seðlabankastjóra. Seðlabankastjóri skal hafa [háskólapróf og] víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum sviðum efnahagsmála.

VALKOSTUR 1:

Ráðherra skipar seðlabankastjóra til sjö ára úr hópi þeirra sem sótt hafa um stöðuna og fengið að minnsta kosti tvö atkvæði í bankaráði.

VALKOSTUR 2:

Ráðherra skipar seðlabankastjóra til sjö ára úr hópi þeirra sem sótt hafa um stöðuna

og atkvæði fengið í bankaráði. Skipun ráðherra skal hljóta staðfestingu Alþingis. Synji Alþingi um staðfestingu skal staðan auglýst að nýju.

Óheimilt er að skipa sama mann í stöðu seðlabankastjóra oftar en tvisvar sinnum. Seðlabankastjóri skal láta af störfum þegar hann er fullra sjötíu ára að aldri.

Bankaráð getur gert tillögu til ráðherra um að seðlabankastjóri sé leystur frá störfum. Í tillögu bankaráðs skulu tilgreindar ástæður þessa. Hafi seðlabankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð vikið honum fyrirvaralaust úr starfi án staðfestingar ráðherra.

41. gr.

Varaseðlabankastjóri.

Varaseðlabankastjóri er staðgengill seðlabankastjóra. Í forföllum seðlabankastjóra gegnir varaseðlabankastjóri störfum hans.

Bankaráð auglýsir opinberlega eftir umsóknum um stöðu varaseðlabankastjóra. Ráðherra skipar varaseðlabankastjóra til sjö ára úr hópi þeirra umsækjenda sem atkvæði hafa fengið í bankaráði.

Ákvæði 40. gr. um hæfniskröfur til seðlabankastjóra, skipunartíma, endurskipan og brottvikningu úr starfi gilda einnig um varaseðlabankastjóra.

Forfallist varaseðlabankastjóri um stundarsakir er bankaráði heimilt að setja einn af aðstoðarbankastjórum tímabundið í stöðu hans.

42. gr.

Aðstoðarbankastjórar.

Aðstoðarbankastjórar veita forstöðu einstökum sviðum eða deildum í Seðlabankanum. Seðlabankastjóri ræður aðstoðarbankastjóra og segir þeim upp störfum að höfðu samráði við bankaráð.

43. gr.

Störf æðstu stjórnenda utan bankans.

Seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra, aðstoðarbankastjórum og forstöðumanni bankaeftirlitsins er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar gagnvart seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra sker ráðherra úr.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands.

Megintilgangurinn með frumvarpi þessu er að gera Seðlabanka Íslands að sjálfstæðari stofnun innan stjórnkerfisins en verið hefur. Honum verði falið það meginhlutverk að varðveita verðgildi íslenska gjaldmiðilisins og stuðla að stöðugu verðlagi. Sjálfstæði bankans og geta til að móta og hrinda í framkvæmd stefnu í peningamálum verði eflt og möguleikar annarra þátta stjórnkerfisins til áhrifa á bankann minnkaðir.

Að því er ríkissjóð varðar gerir frumvarpið ráð fyrir tveim meginbreytingum sem hafa munu bein áhrif á tekjur og starfsemi ríkissjóðs. Í 19. gr. er gert ráð fyrir að lokað verði

fyrir möguleika ríkissjóðs til yfirdráttar í Seðlabankanum og í 44. gr. er áformað að breyta reglum um hlut ríkissjóðs af hagnaði Seðlabankans.

Í 19. gr. frumvarpsins er lagt til að bankanum verði óheimilt að veita ríkissjóði, sveitarfélögum og ríkisstofnunum öðrum en lánastofnunum lán. Bráðabirgðaákvæði VII heimilar bankanum allt til ársloka 1996 að veita ríkissjóði yfirdráttarlán. Skuli heildarskuld ríkissjóðs í bankanum ekki vera hærri en 3 milljarðar króna á árinu 1993, 2 milljarðar króna á árinu 1994 og 1 milljarður króna á árinu 1995.

Með þessari breytingu verður takmörkuð sú leið sem ríkissjóður hefur í mörg ár haft til að fjármagna sig til skamms tíma. Ákvæði þetta lagar löggjöf um Seðlabankann að lögum annarra landa þar sem bein lán seðlabanka til ríkissjóðs eru ekki leyfð. Aftur á móti er gert ráð fyrir í 2. mgr. 19. gr. að bankinn geti keypt verðbréf ríkissjóðs á verðbréfamarkaði eða af lánastofnunum. Með því verður ríkissjóður að afla sér lánsfjár að öllu leyti á almennum peninga- og verðbréfamarkaði og mun ekki lengur geta notað yfirdrátt í Seðlabankanum. Það verður síðan aftur sjálfstæð ákvörðun bankastjórnar og bankaráðs Seðlabankans, óháð áhrifum ríkisstjórnar, að hve miklu leyti Seðlabankinn kýs að grípa inn í verðbréfamarkaðinn til að hafa þar áhrif á framboð og eftirspurn.

Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi bein kostnaðaráhrif fyrir ríkissjóðs þar eð vaxtakjör á yfirdrætti ríkissjóðs í bankanum hafa verið nálægt almennum vaxtakjörum á undanförnum árum. Aftur á móti hefur það umtalsverð áhrif á lánsviðskipti ríkissjóðs þar eð hann mun ekki lengur hafa yfirdráttarmöguleikann hjá Seðlabankanum upp á að hlaupa. Miklar líkur eru til að þegar á árinu 1993 muni hið nýja fyrirkomulag hafa snör áhrif þar eð þá verður yfirdráttur ríkissjóðs í bankanum takmarkaður við 3 milljarða króna, en skuld ríkissjóðs við bankann sveiflaðist til um meir en 10 milljarða króna innan ársins 1991.

Bent skal á að fjallað er um yfirdrátt ríkissjóðs í frumvarpi til laga um greiðslur úr ríkissjóði o.fl. flutt af þingmönnum í fjárlaganefnd, 479. mál á þessu þingi. Í því frumvarpi (9. gr.) er gert ráð fyrir heimild til fjármálaráðuherra til að stofna árlega til tímabundins yfirdráttar í Seðlabanka Íslands vegna árstíðabundinna sveiflna og skuli hámark yfirdráttar ákveðið í fjárlögum ár hvert.

Í 44. gr. er gert ráð fyrir að árlega skuli meðalhagnaður næstliðinna þriggja ára að frádregnu framlagi í arðsjóð greiddur í ríkissjóð. Á þessu verði þau takmörk skv. 2. mgr. sömu greinar að greiðsla Seðlabankans í ríkissjóð skuli einungis nema fjórðungi af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára þar til eigið fé bankans hefur verið í aukið í jafngildi 6% af vergri landsframleiðslu. Verg landsframleiðsla er talin muni verða um 385 milljarðar króna á árinu 1992 þannig að 6% þar af eru rúmir 23 milljarðar króna. Eigið fé bankans stendur í rúmum 9 milljörðum í árslok 1991 þannig að hér er lagt til að bankinn noti hluta af hagnaði sínum á næstu árum til að safna u.þ.b. 14 milljörðum króna miðað við núverandi hlutföll eigin fjár og landsframleiðslu.

Samkvæmt núgildandi seðlabankalögum (37. gr.) á helmingur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára að renna í ríkissjóð. Með öðrum orðum, hagnaðarhluti ríkissjóðs frá Seðlabanka mun lækka úr helmingi í fjórðung á komandi árum verði 44. gr. frumvarpsins að lögum. Greiðslur Seðlabankans í ríkissjóð af hagnaði bankans námu 473 m.kr. á árinu 1989, 770 m.kr. 1990 og 686 m.kr. 1991. Á þessu ári er gert ráð fyrir í fjárlögum að greiðsla bankans til ríkissjóðs nemi 600 m.kr.

Því til viðbótar skal bent á að 3. mgr. 44. gr. kveður svo á að leggja beri jafngildi a.m.k. 130 m.kr. árlega í arðsjóð miðað við verðlag í árslok 1991. Framlagið má vera hærra og er það einhliða ákveðið af bankaráði skv. o-lið 38. gr. Arðsjóður er ekki talinn til eigin fjár í ársreikningum Seðlabankans. Ráðstöfun í arðsjóð er eins fyrir komið í núverandi lögum, nema hvað þar er lágmarkið 40 m.kr. miðað við verðlag í árslok 1984 (37. gr. laga nr. 11/1989) sem jafngildir rúmum 140 m.kr. við verðlag í árslok árslok 1991.

Í greinargerð með 44. gr. frumvarpsins eru talin upp rök fyrir því að nauðsynlegt verði að auka eigið fé Seðlabankans, m.a. til að mynda mótvægi við gjaldeyrisvarasjóð landsins. Við þetta vill fjármálaráðuneytið bæta að ekkert samband er milli þess hvað landið safnar í gjaldeyrisvarasjóð og þess hvað Seðlabankinn á af eigin fé. Uppbygging gjaldeyrisvarasjóðs ræðst af því hvernig útflutningur, innflutningur svo og fjármagnsstreymi til og frá landinu vegast á. Aftur á móti getur upphæð eigin fjár hjá Seðlabankanum ráðið því hversu stór hluti þess gjaldeyrisvarasjóðs verði keyptur inn í bankann frá öðrum aðilum í þjóðarbúinu sem annars kynnu að vilja eiga erlendan gjaldeyri. Ber að hafa þessa staðreynd í huga þegar það er metið hver þörf sé á eigin fé fyrir Seðlabankann.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er það lagt fram til kynningar á þessu þingi. Umsögn þessi verður því endurskoðuð þegar frumvarpið verður flutt að nýju.

809. Nefndarálit [395. mál]

um till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Tyrklands.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar hefur tekið þátt í umfjöllun nefndarinnar um tillöguna og þeim umræðum sem fylgdu í kjölfar hennar í nefndinni um mannréttindabrot stjórnvalda í Tyrklandi og árásir þeirra á byggðir Kúrda. Er minni hlutinn þeirrar skoðunar að ekki hafi fengist viðunandi niðurstaða í málið innan nefndarinnar og flytur því tillögu á sérstöku þingskjali um að íslensk stjórnvöld beiti sér með afgerandi hætti til stuðnings Kúrdum í deilum þeirra við tyrknesk stjórnvöld.

Minni hlutinn bendir á að Íslendingar hafa verið í fararbroddi meðal þjóða heims í stuðningi sínum við sjálfstæðis- og mannréttindabaráttu smáþjóða og þjóðabrota. Er í því sambandi skemmst að minnast þess frumkvæðis sem Alþingi átti í desember á síðasta ári þegar það samþykkti stuðningsyfirlýsingu við sjálfstæðisbaráttu þjóðanna við Eystrasalt og sem síðar var fylgt eftir með eftirminnilegum hætti þegar Íslendingar, fyrstir þjóða heims, viðurkenndu sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litáen. Þá hafa íslensk stjórnvöld sýnt þeim þjóðum, sem byggðu ríki Júgóslavíu, stuðning sinn í verki með því að viðurkenna sjálfstæði þeirra.

Með þessum hætti hafa Íslendingar mótað sér sjálfstæða stefnu gagnvart smáþjóðum sem byggir á siðferðilegum grunni og virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti þeirra. Í þessari stefnu þarf að vera samsvörun og samfella og þar af leiðir að Íslendingar hljóta að nota það tækifæri sem gefst þegar fyrir dyrum stendur fríverslunarsamningur við Tyrkland og gera það sem í þeirra valdi stendur til stuðnings Kúrdum sem eiga við ofurefli að etja á mörgum vígstöðvum.

Það er alkunna að víðtæk mannréttindabrot hafa lengi átt sér stað í Tyrklandi og eru það ekki síst Kúrdar sem fyrir þeim verða. Þá hafa byggðir þeirra orðið fyrir árásum tyrkneskra hersveita, nú síðast í mars sl. Þá hafa borist fréttir um að flugher Tyrkja hafi gert árásir á byggðir Kúrda í Norður-Írak. Liggur nokkuð beint við að líta svo á að gagnrýnislaus undirritun fríverslunarsamnings á sama tíma og þessir atburðir eiga sér stað sé nokkurs konar syndakvittun fyrir tyrknesk stjórnvöld.

Þá má benda á að sá fríverslunarsamningur, sem hér er til afgreiðslu, er í raun samningur milli einstakra aðildarríkja EFTA og Tyrklands og mun öðlast gildi milli þeirra ríkja sem hann undirrita þó að önnur haldi að sér höndum. Það er því vægast sagt óeðlilegt ef það er rétt sem fram kemur í bréfi frá fastanefnd Íslands hjá EFTA til utanríkisráðuneytisins dags. 2. apríl sl. að staðfesti Ísland ekki samninginn geti það „haft þær afleiðingar að samstaða EFTA-ríkjanna með kröfu Íslands um að allur fiskur falli undir fríverslunarsamninga, sem EFTA stendur að, mundi bresta“, sbr. fylgiskjal. Slíkar hótanir eru þá slæmur fyrirboði um það sem koma skal ef EES verður að veruleika og EFTA-ríkin eiga að tala þar einum rómi.

Í ljósi þess sem að framan er sagt leggur minni hluti nefndarinnar til að tillagan verði afgreidd með rökstuddri dagskrártillögu sem lögð er fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1992.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, frsm. Ólafur Ragnar Grímsson.

Fylgiskjal.

Bréf Kjartans Jóhannssonar til utanríkisráðuneytisins.

Tyrkland ásamt öðrum EFTA-ríkjum en Íslandi og Austurríki hafa staðfest ofangreindan samning. Fulltrúar þessara ríkja komu saman til óformlegs fundar í dag til að ræða gildistöku samningsins. Ákveðið var að fulltrúar þeirra ríkja, sem staðfest hafa samninginn, komi til fundar 10. þ.m. í samræmi við 2. mgr. 34. gr. samningsins og ákveði að samningurinn taki gildi 17. þ.m., nema varðandi Sviss 1. þ.m. Ástæða þess að ekki var tekin formleg ákvörðun um gildistökuna í dag var að rétt þótti að gefa Íslandi og Noregi tækifæri til að hafa sama gildistökudag og Finnland og Svíþjóð. Noregur hefur staðfest samninginn á Stórþinginu en þarf nokkra daga til að ganga formlega frá staðfestingarskjalinu.

Það væri mjög miður ef Ísland gæti ekki staðfest samninginn fyrir 10. þ.m. og haft sama gildistökudag og hin Norðurlöndin í EFTA. Gæti þetta haft þær afleiðingar að samstaða EFTA-ríkjanna með kröfu Íslands um að allur fiskur falli undir fríverslunarsamninga, sem EFTA stendur að, mundi bresta. Slík krafa náðist í gegn vegna samstöðu EFTA-ríkjanna gagnvart Tyrklandi og Tékkóslóvakíu og næst vonandi gagnvart Póllandi og Ungverjalandi.

810. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [395. mál]

í málinu: Till. til þál. um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Tyrklands.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar (ÓRG, ISG).

Með vísan til þess að

— Alþingi samþykkir að lýsa yfir stuðningi við sjálfstæðisbaráttu Kúrda og fordæmir harðlega mannréttindabrot stjórnvalda í Tyrklandi gagnvart Kúrdum,
— Alþingi samþykkir að árétta þá stefnu Íslendinga að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt smáþjóða og þjóðabrota og tryggja að staðinn sé vörður um mannréttindi íbúa sem eru að berjast gegn ofbeldi, árásum og kúgun,
— Alþingi samþykkir að fela ríkisstjórninni að senda fulltrúa íslenskra stjórnvalda til Tyrklands til að flytja ríkisstjórn Tyrklands mótmæli íslenskrar þjóðar vegna kúgunar á Kúrdum og til að flytja fulltrúum Kúrda stuðning og samúð frá íslensku þjóðinni,
— Alþingi samþykkir að flutt verði skýrsla um viðræður fulltrúa íslenskra stjórnvalda í Tyrklandi og síðan verði metið hvenær fríverslunarsamningur ríkja EFTA við Tyrkland verði tekinn til frekari meðferðar á Alþingi,

samþykkir Alþingi að vísa dagskrármálinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

811. Fyrirspurn [508. mál]

til sjávarútvegsráðherra um eftirlit með veiðum erlendra skipa og könnun á veiðisvæðum búra og blálöngu.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hefur sjávarútvegsráðuneytið látið fylgjast með veiðum erlendra skipa fyrir utan 200 mílna fiskveiðilandhelgina og jafnframt athuga hvaða fisktegundum skipin landa erlendis?
2. Hefur ráðuneytið uppi áform um að kanna þau veiðisvæði þar sem búri og blálanga halda sig helst?

812. Fyrirspurn [509. mál]

til heilbrigðisráðherra um fyrirhugaða lokun deilda vegna sparnaðar á sjúkrahúsunum í Reykjavík.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hvað verða mörg sjúkrarúm tekin úr notkun vegna lokunar deilda í sparnaðarskyni á sjúkrahúsunum í Reykjavík í maí til ágúst 1992?
2. Hvernig skiptist fjöldi þessara rúma eftir sjúkrahúsum, deildum og sérgreinum?
3. Hver er áætlaður sparnaður við að taka þessi rúm úr notkun?
4. Hve miklum fjármunum er ráðstafað á árinu 1992 til breytinga á Landakoti til að hægt sé að koma þar af stað öldrunarlækningaþjónustu?

813. Svar [318. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um auglýsinga- og kynningarkostnað menntamálaráðuneytis.

1. *Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður menntamálaráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?*
2. *Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?*
3. *Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?*
4. *Fyrir hvað var greitt?*

Auglýsingakostnaður árið 1990.

Morgunblaðið	1.336.302
Blað hf.	1.679.941
Þjóðviljinn	1.430.584
Tíminn	1.336.642
DV — Frjálst framtak	1.286.333
Dagur	1.075.908
Stjórnartíðindi	191.196
Ný menntamál	18.675
RÚV	2.918.792
Vímulaus æska	7.500
Bylgjan	24.823
Aðalstöðin	10.832
Iðnnemasambandið	11.703
Alls	**11.329.231**
Fjölritunarstofa Daníels Halldórssonar:	
Árangur á einu ári, minnisatriði, 300 eintök	20.341
NÓN hf.:	
Skýrsla um menntamálaráðuneytið	30.240
Prentsmiðjan Gutenberg:	
Skýrsla menntamálaráðuneytisins um málræktarátakið	73.012
Málrækt 1989, skýrsla verkefnisstjórnar, 1.000 eintök	111.154
Veggspjald um „Ár læsis 1990", 5.000 eintök	68.826
Fréttabréf, „FF-fréttir"	20.804
Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um vísinda- og tæknistefnu, 400 eintök	75.736
Alls	**349.532**
Stensill:	
Vegna alþjóðlegs árs læsis 1990	38.184
Fréttabréf, „FF-fréttir"	18.422
Fréttabréf, „FF-fréttir"	11.500
Alls	**68.106**
Ljósmynd-Stúdíó:	
Teknar ljósmyndir í bækling vegna málræktarátaks	18.526
Haukur Már Haraldsson:	
Útlitshönnun á fréttabréfi menntamálaráðuneytisins	25.896
Vinna við hönnun á útgáfuefni ráðuneytisins	69.860
Útlitshönnun og eftirlit með Fréttabréfi menntamálaráðuneytisins, 2. tbl. 1990	15.936
Alls	**111.692**
Prentsmiðjan Oddi:	
Prentun Fréttabréfs	85.283
Prentun á fréttatilkynningu í tveimur litum, 1.000 eintök	18.147
Alls	**103.430**
Anna Fjóla:	
Myndataka af ráðherra fyrir erlenda kynningarbæklinga	11.703
Athygli:	
Hugmyndavinna og skipulag vegna kynningar á grunnskólafrumvarpi, fundir, gagnasöfnun, hugmyndavinna, úrvinnsla og skýrslugerð	224.038
Samtals auglýsinga- og kynningarkostnaður	**12.266.839**

Auglýsinga- og kynningarkostnaður fyrstu fjóra mánuði ársins 1991.

Morgunblaðið	483.945
Pressan og Alþýðublaðið — Blað hf.	481.449
Þjóðviljinn	312.309
Tíminn	335.779
DV — Frjálst framtak	409.834
Dagur	252.737
Norðurland	33.350
Vestfirðingur	34.800
Iðnneminn	61.005
Lögbirtingablaðið	66.450
FM 957	38.539
RÚV	83.664
Alls	**2.593.861**

Námsgagnastofnun:

Prentun vegna alþjóðlegs árs læsis 1990	41.832

Prentsmiðjan Gutenberg:

Skýrsla menntamálaráðuneytisins um vísinda- og tæknistefnu, 700 eintök	53.199

Jónína M. Guðnadóttir:

Yfirlit og endurskoðun, þýðingar á bækl. um ísl. skólak. á ensku	48.565

Gréta Guðmundsdóttir:

Myndskreyting á kápu Foreldrabæklingsins	100.000

Athygli:

Gerð sjónvarpsauglýsingar um skólamál	183.264
Hugmyndavinna og textagerð + aðkeypt vinna o.fl. samkvæmt reikningi frá Hvíta Húsinu (hljóðsn.)	588.697
Nína Hrönn Sig.:	
Aðkeypt módel	8.591
Guðjón R. Ágústsson:	
Myndataka	8.548
Gerð „Plús mínus" myndb., skipul. blaðamannaf., tengsl við fjölmiðla	278.322
Alls til Athygli	**1.067.422**

Prentsmiðjan Oddi:

Prentun á Fréttabréfi menntamálaráðuneytisins í tveimur litum	131.247

Haukur Már Haraldsson:

Hönnun á Fréttabréfi menntamálaráðuneytisins	17.928
Hönnun blaðhauss vegna Skilabréfs	24.000
Hönnun, umsjón og eftirlit vegna Skilabréfs	55.200
Gerð línurita og grafa vegna Skilabréfs	40.000
Litgreining á blaðhaus vegna Skilabréfs	1.905
Virðisaukaskattur vegna Skilabréfs	29.204
Hönnun á kápu „Til nýrrar aldar"	24.000
Alls	**192.237**

Tækniþjónustan sf:

16 stk. litskyggnur vegna Skilabréfs	15.926

Borgarprent:

Prentun, 3.000 eintök, Fréttabréf menntamálaráðuneytisins	114.041
Prentun, 4.000 eintök, „Skilabréf"	459.158
Alls	**573.199**

Prentrún:

Umbrot og filmuvinna, prentun og pappír vegna upplýsingarits um LÍN	150.293

Póstur og sími:
Innritunar- og póstburðargjöld vegna upplýsingarits um LÍN 79.188

ÁG:
Umsjón með gerð upplýsingarits um LÍN 30.000

Álíming–Umslag:
Vinna vegna dreifingar á upplýsingariti um LÍN 18.277

Félagsbókband:
Bókband vegna upplýsingarits um LÍN 32.370

Háskóli Íslands:
Límmiðar vegna upplýsingarits um LÍN 31.816

Árni Böðvarsson:
Prófarkarlestur á „Til nýrrar aldar" 28.600

Guðni Olgeirsson:
Prófarkarlestur á „Til nýrrar aldar" 33.000

Hvíta húsið:

Greitt fyrir birtingar samkvæmt pöntun í febrúar:
Morgunblaðið:
Menningarþing 35.018
DV:
Menningarþing 30.015
Þjóðviljinn:
Menningarþing 25.013
Tíminn:
Menningarþing 25.013
Alþýðublaðið:
Menningarþing 25.013

Virðisaukaskattur 34.317
Alls **174.389**

Greitt fyrir birtingar í mars:
Morgunblaðið:
Opnun Listaskóla 46.223
DV:
Opnun Listaskóla 39.620
Þjóðviljinn:
Opnun Listaskóla 33.017
Tíminn:
Opnun Listaskóla 33.017
Alþýðublaðið:
Opnun Listaskóla 39.620

Virðisaukaskattur 46.917
Alls **238.414**

Morgunblaðið:
Mörgum foreldrum finnst 116.725
Opnun Þjóðleikhúss 112.056

DV:
Opnun Þjóðleikhúss 96.048
Þjóðviljinn:
Opnun Þjóðleikhúss 80.040
Tíminn:
Opnun Þjóðleikhúss 80.040
Alþýðublaðið:
Opnun Þjóðleikhúss 80.040

Pressan:	
Opnun Þjóðleikhúss	80.040
Virðisaukaskattur	153.612
Alls	**780.592**
Hönnun á auglýsingu vegna menningarþings	97.380
Hönnun á auglýsingu vegna opnunar Þjóðleikhúss	193.418
Alls til Hvíta Hússins	**1.484.193**
Samtals auglýsinga- og kynningarkostnaður	**6.705.225**

5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Í ráðuneytinu gilda þær reglur helstar varðandi þetta mál að þegar um almennar auglýsingar er að ræða eru þær birtar í öllum dagblöðum og í hljóðvarpi, einnig í Lögbirtingablaðinu eftir því sem við á.

814. Svar [319. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um auglýsinga- og kynningarkostnað utanríkisráðuneytis.

1. *Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður utanríkisráðuneytis á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?*

Heildarkostnaður vegna auglýsinga, kynningar- og upplýsingastarfsemi á árinu 1990 nam 6.018 þús. kr. Vísað er í hjálagt sundurliðað töluyfirlit vegna auglýsingakostnaðar sem nam 1.026 þús kr. á árinu 1990. Kostnaður við kynningar- og upplýsingastarfsemi utanríkisráðuneytisins nam 4.992 þús. kr. á árinu 1990. Auglýsingakostnaður fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 nam 370 þús. kr. og kostnaður við kynningar- og upplýsingastarfsemi utanríkisráðuneytisins fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 nam 1.540 þús. kr.

2. *Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?*

Vísað er í hjálagt yfirlit um viðtakendur greiðslna vegna auglýsingakostnaðar á tilgreindu tímabili. Helstu viðtakendur greiðslna vegna kynningar- og upplýsingaefnis voru Iceland Review, Modern Iceland, Gutenberg, framleiðendur myndbanda og Póstur og sími.

3. *Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?*

Jafnframt því að vísa til svars við fyrsta lið auk hjálagðs töluyfirlits um auglýsingakostnað voru greiðslur vegna Iceland Review, Modern Iceland og til myndbandaframleiðenda 3.149 þús. kr. á árinu 1990 og 970 þús. kr. fyrstu fjóra mánuði ársins 1991. Prentunar- og póstkostnaður (Gutenberg og Póstur og sími) var 1.385 þús. kr. fyrstu fjóra mánuði ársins 1990 og 570 þús. kr. fyrstu fjóra mánuði ársins 1991. Óflokkaður kostnaður vegna kynningar- og upplýsingastarfsemi á árinu 1990 nam 458 þús. kr. en enginn fyrstu fjóra mánuði ársins 1991.

Ógerningur er að tilgreina dagsetningar greiðslna á þeim aragrúa reikninga vegna auglýsinga, kynningar- og upplýsingastarfsemi á tilgreindu tímabili.

4. Fyrir hvað var greitt?

Greitt hefur verið fyrir kynningu á Evrópsku efnahagssvæði, auglýsingar um utankjörfundaatkvæðagreiðslu vegna bæjar- og sveitarstjórnarkosninga og alþingiskosninga erlendis. Ráðuneytið dreifir miklu magni kynningar- og upplýsingaefnis til 12 sendiráða/fastanefnda erlendis og um 200 ræðismanna Íslands vítt og breitt um heiminn. Auk þess kalla ótaldar fyrirspurnir um Ísland og einstök málefni er snerta land og þjóð á svör og kynningar- og upplýsingaefni. Þetta má rekja til aukinnar umfjöllunar sem Ísland hefur fengið í erlendum fjölmiðlum varðandi hin ýmsu málefni, svo sem hvalamálið, samningaviðræður um EES, afstöðuna til Eystrasaltsríkjanna o.fl. Ein áþreifanleg afleiðing þessarar umfjöllunar, auk hins venjulega kynningar- og upplýsingastarfs, er vaxandi áhugi ferðamanna á landinu.

5. Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?

Engar fastmótaðar reglur eru í gildi í ráðuneytinu um ofangreind atriði nema þær sem gildandi fjárlög setja því á hverjum tíma. Ráðuneytið reynir eftir bestu getu að dreifa auglýsingum jafnt til fjölmiðla og flæði kynningar- og upplýsingaefnis er samkvæmt svari við fjórða lið.

Auglýsingakostnaður — Yfirlit.

Árið 1990:	
Blað hf.	145.726
Orator	2.500
Þjóðviljinn	108.464
Dagur	62.450
Frjáls fjölmiðlun	49.302
Ríkisútvarpið	66.055
Tíminn	106.784
Lögbirtingablaðið	10.541
Gættin	8.000
Stjórnartíðindi	12.200
Útgáfa og hönnun	32.370
Morgunblaðið	421.530
Samtals	**1.025.922**
Árið 1991:	
Lögbirtingablaðið	6.171
Tíminn	90.986
Blað hf.	90.986
Þjóðviljinn	90.986
Frjáls fjölmiðlun	90.985
Samtals	**370.114**

815. Svar [312. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar um kostnað íslenska ríkisins við samningsgerðina um Evrópskt efnahagssvæði.

1. Hver er beinn launakostnaður og fjöldi þeirra starfsmanna hér heima og erlendis sem hafa að aðalstarfi sinnt samningsgerðinni frá upphafi árs 1989 til loka febrúar 1992?

Allir þeir embættismenn, innan utanríkisráðuneytisins sem utan þess, heima sem er-

lendis, sem sinnt hafa samningsgerðinni, hafa jafnframt þurft að gegna öðrum skyldum og gildir það jafnvel um aðalsamningamann. Þess ber að gæta að það er ærið starf að sinna samskiptum Íslands við Evrópubandalagið hvort sem samningaviðræður standa yfir eða ekki. Meðan á EES-samningaviðræðunum stóð féllu öll samskipti við EB í þann farveg og álag jókst til muna á einstökum starfsmönnum en ekki var ráðið nýtt fólk. Vinna hinna fjölmörgu sérfræðinga í stjórnarráðinu og undirstofnunum þess dreifðist á liðlega hundrað einstaklinga og var ekki haldið sérstaklega til haga þeim tímum sem varið var í undirbúning samningaviðræðna.

2. *Hver er kostnaður við ráðgjafarstörf hér heima og erlendis vegna samningsgerðarinnar á sama tíma?*

Kostnaður við ráðgjafarstörf frá upphafi árs 1989 til loka febrúar 1992 nemur 3.023 þús. kr. Einkum hefur verið leitað ráðgjafar um lögfræðileg málefni. Unnar hafa verið greinargerðir um réttarkerfi EB og lagaáhrif EB-reglna. Óumflýjanlegt er að skapa þekkingargrundvöll vegna EB-réttarreglna sem er nauðsynleg forsenda til réttrar ákvarðanatöku vegna stofnunar Evrópsks efnahagssvæðis í samningum við EB og öðrum samskiptum við bandalagið.

3. *Hver er ferðakostnaður vegna samningsgerðarinnar? Kostnaðurinn óskast sundurliðaður í:*
   a. *ferðakostnað og fjölda ferða utanríkisráðherra,*
   b. *ferðakostnað og fjölda ferða annarra embættismanna,*
   c. *dagpeningagreiðslur til utanríkisráðherra,*
   d. *dagpeningagreiðslur til annarra embættismanna,*
   e. *risnukostnað utanríkisráðuneytisins og þeirra sendiráða sem tengjast samningsgerðinni.*

Vísað er í hjálagt sundurliðað töluyfirlit um ferðakostnað vegna samningsgerðarinnar sem frá upphafi árs 1989 til loka febrúar 1992 nemur alls 85.327 þús. kr.

Áður en EES-viðræðurnar hófust voru samstarfsverkefni EB og EFTA á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984 orðin um 30 talsins. Kostnaður vegna þeirra fór ört vaxandi eftir því sem umfang samstarfsins jókst. Ferðakostnaður vegna framkvæmdar þeirra og rekstrar fimmfaldaðist t.d. milli áranna 1987 og 1988 og þrefaldaðist aftur milli áranna 1988 og 1989. Kostnaður vegna EES-viðræðna er ekki hrein viðbót heldur kemur hann að hluta í stað kostnaðar sem fyrir hendi var því að Lúxemborgarverkefnin falla nú undir EES-samstarfið.

Rétt er að geta þess að á síðari hluta árs 1989 gegndi utanríkisráðherra formennsku í ráðherraráði EFTA og leiddi því ríkjahópinn í samningum um EES gagnvart EB auk venjulegra formennskuskyldna. Formennskuhlutverkinu fylgdu viðræður við alla forsvarsaðila frá EB-ríkjunum auk sameiginlegra viðræðna beggja ríkjahópanna. Ferðakostnaður vegna þess nam 2.891 þús. kr. og fellur undir ferðakostnað í hjálögðu yfirliti.

	Fjöldi ferða	Kostnaður
a. Ráðherra:		
Árið 1989	8	757.896
Árið 1990	6	707.283
Árið 1991	5	460.470
Alls		**1.925.649**
b. Aðrir:		
Árið 1989	106	5.512.223
Árið 1990	272	18.954.800
Árið 1991	235	18.874.360
Árið 1992	6	502.030
Alls		**43.843.413**
c. Dagpeningar ráðherra:		
Árið 1989		577.007
Árið 1990		707.783
Árið 1991		394.615
Alls		**1.679.405**
d. Dagpeningar annarra:		
Árið 1989		5.376.804
Árið 1990		15.497.016
Árið 1991		14.264.040
Árið 1992		733.552
Alls		**35.871.412**
e. Risna:		
Árið 1989		1.294.830
Árið 1990		653.512
Árið 1991		59.246
Alls		**2.007.588**
Samtals		**85.327.467**

816. Svar [268. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um aðild Íslands að alþjóðasamningum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða gildandi alþjóðasamningar eða sáttmálar hafa verið undirritaðir af Íslands hálfu og hverjir þeirra hafa hlotið staðfestingu Alþingis?*
2. *Hverjir þeirra hafa verið þýddir á íslensku og/eða gefnir úr af stjórnvöldum þannig að þeir séu aðgengilegir almenningi?*

Samningarnir óskast sundurliðaðir eftir málefnasviðum ráðuneytanna.

Sem svar við fyrirspurninni fylgir hér skrá um samninga Íslands við fleiri en eitt ríki sem staðfestir hafa verið 1. janúar 1992. Sumir þeirra hafa enn ekki öðlast gildi og er þess getið í neðanmálsgreinum.

Nánari upplýsingar um samningana er að finna í heildarútgáfu utanríkisráðuneytisins árið 1962 á samningum Íslands við erlend ríki (númer samninganna auðkennd SÍ) eða í C-deild Stjórnartíðinda vegna samninga sem auglýstir hafa verið frá og með árinu 1962 (númer auglýsinganna auðkennd C). Í einu tilviki er vísað til auglýsingar í A-deild Stjórnartíðinda.

Þar sem samningar hafa verið tilefni lagasetningar eða ályktunar Alþingis er númers viðkomandi laga eða dagsetningar þingsályktunarinnar getið.

Hafi samningur ekki verið birtur eða hafi hann verið birtur á öðru máli en íslensku er þess sérstaklega getið.

Samningarnir eru sundurliðaðir eftir eftirfarandi málaflokkum:

Afvopnun.
Almannaskráning.
Dómsmál.
Dýravernd, sjá einnig Umhverfismál.
Evrópuráðið.
Félagsmál.
Félagslegt öryggi.
Fjarskipti.
Fjármál, sjá einnig Tollamál og Viðskiptamál.
Flóttamenn.
Flugmál.
Hafréttur.
Heilbrigðismál.
Himingeimurinn.
Iðnaðarmál.
Kjarnorka.
Landbúnaður.
Mannréttindi, sjá einnig Mannúðarmál.
Mannúðarmál, sjá einnig Mannréttindi.
Menntamál.
Norræn samvinna.
Póstsamningar.
Sameinuðu þjóðirnar.
Siglingar.
Sjávarútvegur.
Sjómælingar.
Skattar.
Tollamál, sjá einnig Fjármál og Viðskiptamál.
Umferð á vegum.
Umhverfismál, sjá einnig Dýravernd.
Utanríkismál.
Varnarmál.
Veðurfræði.
Viðskiptamál, sjá einnig Fjármál og Tollamál.

Skrá um samninga Íslands við fleiri ríki en eitt.
(1. janúar 1992.)

Afvopnun.

5. ágúst 1963 Samningur um bann gegn tilraunum með kjarnorkuvopn í gufuhvolfinu, himingeimnum og neðansjávar, C 3/1964. Þál. 27. febrúar 1964.

1. júlí 1968 Samningur um að dreifa ekki kjarnavopnum, C 15/1969 og 5/1970. Þál. 17. maí 1969.

11. febr. 1971 Samningur um bann við staðsetningu gjöreyðingarvopna á hafsbotni, C 11/1971 og 6/1972.

10. apríl 1972 Samningur um bann við sýkla- og eiturvopnum, C 8/1972, 5/1973 og 8/1975 (birtur á ensku).

19. nóv. 1990 Samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu[1], C 34/1991. Þál. 14. des. 1991.

Almannaskráning.

8. maí 1989 Norðurlandasamningur um almannaskráningu, C 13/1990.

Dómsmál.

18. maí 1904 Samkomulag um ráðstafanir til að koma í veg fyrir svonefnda hvíta þrælasölu, SÍ 8 (birt á frönsku).

17. júlí 1905 Samningur um einkamálaréttarfarsákvæði, SÍ 9 (birtur á frönsku).

6. febr. 1931 Samningur Norðurlanda um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð; með lokabókun, SÍ 39. Lög nr. 29/1931.
Breyting 26. mars 1953, SÍ 40. Lög nr. 62/1954.
Breyting 3. nóv. 1969, C 22/1969. Lög nr. 98/1969.
Breyting 20. nóv. 1973, C 26/1973 og 3/1974. Lög nr. 95/1973.

16. mars 1932 Samningur Norðurlanda um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, SÍ 44. Lög nr. 30/1932.

7. nóv. 1933 Samningur Norðurlanda um gjaldþrotaskipti, SÍ 45. Lög nr. 21/1934.

19. nóv. 1934 Samningur Norðurlanda um erfðir og skipti á dánarbúum, SÍ 46. Lög nr. 108/1935
Breytingar 9. des. 1975, C 13/1976.

22. maí 1954 Bókun um að leysa ríkisborgara Norðurlanda undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu, SÍ 102 (birt á dönsku).

12. júlí 1957 Samningur Norðurlanda um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna, C 19/1965.
Viðauki 20. maí 1963, C 19/1965.
Viðauki 2. apríl 1973, C 9/1973.
Breytingar 27. júlí 1979, C 9/1979.

---

[1] Ekki enn í gildi.

13. des. 1957 Evrópusamningur um framsal sakamanna, C 8/1984.
Viðbótarsamningur 15. okt. 1975, C 8/1984.
Annar viðbótarsamningur 17. mars 1978, C 8/1984.
20. apríl 1959 Evrópusamningur um gagnkvæma aðstoð í sakamálum, C 9/1984. Lög nr. 13/1984.
Viðbótarsamningur 17. mars 1978, C 9/1984. Lög nr. 13/1984.
16. des. 1961 Evrópusamningur um ferðalög æskufólks á sameiginlegum vegabréfum, C 1/1969 (birtur á ensku).
23. mars 1962 Norðurlandasamningur um innheimtu meðlaga, C 1/1963. Lög nr. 93/1962.
3. des. 1965 Samningur Norðurlanda um gegnumflutning manna sem vísað hefur verið úr landi, C 21/1965 og 8/1966.
7. júní 1968 Evrópusamningur um upplýsingar um erlenda löggjöf, C 16/1969 og 16/1989.
Viðbótarsamningur 15. mars 1978, C 16/1989.
14. des. 1973 Samningur um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum, C 15/1977.
26. apríl 1974 Norðurlandasamningur um gagnkvæma dómsmálaaðstoð, C 11/1975.
27. jan. 1977 Evrópusamningur um varnir gegn hryðjuverkum, C 14/1980. Þál. 12. maí 1980.
28. júní 1978 Evrópusamningur um eftirlit með umráðum einstaklinga á skotvopnum og með því hvernig þeir afla þeirra, C 10/1984.
18. des. 1979 Alþjóðasamningur um varnir gegn töku gísla, C 17/1981 og 3/1983. Þál. 18. maí 1981.
28. jan. 1981 Samningur um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, C 5/1991. Þál. 17. des. 1990.
17. júní 1981 Norðurlandasamningur um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi, C 5/1987. Þál. 18. mars 1987.

Dýravernd,

(sjá einnig Umhverfismál).

18. okt. 1950 Samþykkt um fuglaverndun, SÍ 87.
13. des. 1968 Evrópusamningur um vernd dýra í millilandaflutningum, C 8/1969 (birtur á ensku).
Viðbótarbókun 10. maí 1979, C 8/1986 og 36/1991.
10. mars 1976 Evrópusamningur um vernd dýra í landbúnaði, C 17/1989.

Evrópuráðið.

5. maí 1949 Stofnskrá Evrópuráðsins, SÍ 79. Þál. 7. febr. 1950.
Breytingar 22. maí 1951, SÍ 80.
Breyting 4. maí 1953, SÍ 82.
Breyting 14. okt. 1970, C 9/1971.
Breyting 26. nóv. 1991, C 30/1991.
2. sept. 1949 Samningur um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins, SÍ 83 (birtur á ensku).
Bókun 6. nóv. 1952, SÍ 84 (birt á ensku).
Bókun 15. des. 1956, SÍ 85 (birt á ensku).
Breyting 6. mars 1959, C 8/1971 (birt á ensku).

Viðbótarsamningur nr. 5, um breytingar á 22. og 40. gr. sáttmálans 20. jan. 1966, C 17/1967 og 39/1991.
Viðbótarsamningur nr. 6 varðandi afnám dauðarefsingar 28. apríl 1983, C 6/1987. Þál. 18. mars 1987.
Viðbótarsamningur nr. 7 22. nóv. 1984, C 6/1987 og 9/1988. Þál. 18. mars 1987.
Viðbótarsamningur nr. 8 19. mars 1985, C 6/1987 og 21/1989. Þál. 18. mars 1987.
Viðurkenning á lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu framlengd til 2. sept. 1994, C 11/1989.

Félagsmál.

28. nóv. 1919 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 2 varðandi atvinnuleysi, SÍ 26. Þál. 5. apríl 1957.
11. nóv. 1921 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 15, um lágmarksaldur kyndara og kolamokara, SÍ 27. Þál. 27. mars 1956.
12. nóv. 1921 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 11, um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks, SÍ 28. Þál. 27. mars 1956.
28. júní 1930 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu, SÍ 37. Þál. 8. maí 1957.
24. okt. 1936 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 58, um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936), SÍ 47. Þál. 27. mars 1956.
9. okt. 1946 Gerð um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, SÍ 60. Þál. 28. jan. 1948.
Breyting 25. júní 1953, SÍ 61.
Gerð um breytingar 22. júní 1962, C 2/1963.
Breyting 22. júní 1972, C 21/1972.
Breyting[2] 24. júní 1986, C 12/1987.
9. júlí 1948 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, SÍ 70. Þál. 16. maí 1950.
18. júní 1949 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 91, um orlof með launum fyrir farmenn, A 63/1952. Þál. 17. jan. 1952.
1. júlí 1949 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, SÍ 86. Þál. 17. jan. 1952.
29. júní 1951 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, SÍ 89. Þál. 8. maí 1957.
28. júní 1952 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis, SÍ 94. Þál. 30. maí 1958.
11. des. 1953 Samþykkt Evrópuríkja um framfærslu- og læknishjálp ásamt viðbótarsamningi, C 11/1964.
25. júní 1957 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 105, um afnám nauðungarvinnu, SÍ 114. Þál. 1. júní 1960.

[2] Ekki enn í gildi.

13. maí 1958 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 108, um persónuskilríki sjómanna, C 27/1970. Þál. 3. des. 1969.
25. júní 1958 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111 er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa, C 14/1963. Þál. 27. mars 1963.
18. okt. 1961 Félagsmálasáttmáli Evrópu, C 3/1976. Þál. 14. maí 1975.
9. júlí 1964 Samþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, C 20/1990. Þál. 26. apríl 1990.
26. okt. 1973 Samningur um flutning líka, C 20/1975.
24. júní 1974 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini[3], C 20/1991. Þál. 13. mars 1991.
21. júní 1976 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, C 14/1981. Þál. 12. mars 1981.
22. júní 1981 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi[4], C 19/1991. Þál. 18. mars 1991.
6. mars 1982 Samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, C 6/1982 og 5/1983. Þál. 3. maí 1982.
6. mars 1982 Norðurlandasamningur um samstarf stjórnvalda og stofnana á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar, C 8/1982 og 2/1983. Þál. 3. maí 1982.
20. júní 1983 Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, C 21/1990. Þál. 8. febr. 1990.
15. okt. 1985 Evrópusáttmáli um sjálfsstjórn sveitarfélaga, C 7/1991. Þál. 17. des. 1990.
12. nóv. 1985 Norðurlandasamningur um atvinnuleysisbætur, C 20/1987.
29. júní 1989 Norðurlandasamningur um vinnuvernd, C 3/1990.

Félagslegt öryggi.

11. des. 1953 Bráðabirgðasamningur Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög varðandi elli, örorku og eftirlifendur, ásamt viðbótarsamningi, C 12/1964.
11. des. 1953 Bráðabirgðasamningur Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög önnur en þau er varða elli, örorku og eftirlifendur, ásamt viðbótarsamningi, C 13/1964.
28. júní 1976 Norðurlandasamningur um reglur varðandi viðurkenningu á réttháfingarskeiði o.fl. vegna réttar til dagpeninga fyrir þá sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi, C 15/1976.
5. mars 1981 Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi, C 16 og 23/1981. Lög nr. 66/1981.
Breyting 29. ágúst / 28. sept. 1984, C 19/1984.
Breyting 7. febr. 1989 / 24. jan. 1990, C 2/1990.

[3] Öðlast gildi 21. júní 1992.

[4] Öðlast gildi 21. júní 1992.

Fjarskipti.

14. mars 1884 Samningur um vernd á hraðfréttaþráðum er lagðir eru neðansævar, SÍ 3. Yfirlýsing 1. des. 1886 og 23. mars 1887, SÍ 4.
30. nóv 1959/
2. mars 1960 Samningar um nýjan sæsíma frá Skotlandi til Íslands og frá Íslandi til Kanada, SÍ 120 (óbirtir).
21. des. 1959 Alþjóðafjarskiptasamningur, SÍ 121 (óbirtur).
12. nóv. 1965 Alþjóðafjarskiptasamningur, C 7/1967 (birtur á ensku).
20. ágúst 1971 Samningur um alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti „INTELSAT" ásamt rekstrarsamkomulagi, C 3/1975. Þál. 27. jan. 1975.
25. okt. 1973 Alþjóðafjarskiptasamningur (Malaga-Torremolinos), 1973, C 5/1977 (birtur á ensku).
3. sept. 1976 Samningur um Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum (INMARSAT), C 8/1991. Þál. 17. des. 1990.
15. júlí 1982 Stofnsamningur Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl (EUTELSAT), C 7/1987. Þál. 18. mars 1987.
6. nóv. 1982 Alþjóðafjarskiptasamningurinn (Nairobi), C 13/1986 (óbirtur).

Fjármál,

(sjá einnig Tollamál og Viðskiptamál).

27. des. 1945 Samkomulag um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, SÍ 54. Lög nr. 105/1945 (birt á ensku).
Breyting 31. maí 1968, C 1/1971. Lög nr. 82/1968.
Önnur breyting 30. apríl 1976, C 18/1978. Lög nr. 15/1977.
27. des. 1945 Samkomulag um samþykktir Alþjóðabanka til endurbyggingar og nýbyggingar, SÍ 55. Lög nr. 105/1945 (birt á ensku).
25. maí 1955 Samkomulag um Alþjóðalánastofnun, SÍ 104 (birt á ensku).
5. ágúst 1955 Gjaldeyrissamningur Evrópu, SÍ 106. Lög nr. 34/1959 (birtur á ensku).
26. jan. 1960 Samningur um Hina alþjóðlegu framfarastofnun, SÍ 122. Lög nr. 59/1961.
Breyting 5. nóv. 1971, C 24/1971.
18. mars 1965 Samningur um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja, C 13/1966. Lög nr. 74/1966.
4. des. 1975 Samningur um stofnun Norræna fjárfestingarbankans, C 12/1976. Lög nr. 26/1976.
29. maí 1990 Stofnsamningur Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, C 2 og 4/1991. Þál. 17. des. 1990.

Flóttamenn.

28. júlí 1951 Samningur um réttarstöðu flóttamanna, SÍ 90. Þál. 9. febr. 1955.
Breytingar 31. jan. 1967, C 5/1968 (birtar á ensku).
20. apríl 1959 Samningur Evrópuríkja um afnám vegabréfsáritana fyrir flóttamenn, C 15/1966 (birtur á ensku).

Flugmál.

12. okt. 1929 Samningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, SÍ 35. Lög nr. 41/1949.
Bókun 28. sept. 1955, SÍ 36 og C 9/1963. Lög nr. 46/1956.

7. des. 1944 Samþykkt um alþjóðaflugmál, SÍ 49. Þál. 28. febr. 1947.
Bókun 14. júní 1954, SÍ 50 (birt á ensku).
Bókun 15. sept. 1962, C 10/1990.
Bókun 12. mars 1971, C 1/1988.
Bókun 7. júlí 1971, C 1/1988.
Bókun 16. okt. 1974, C 18/1975 og 1/1981.
Bókun um gildan texta samþykktarinnar á fjórum tungumálum[5] 30. sept. 1977, C 8/1979.
Bókun[6] 30. sept. 1977, C 8/1979.
Bókun[7] 6. okt. 1980, C 10/1990.
Bókun[8] 6. okt. 1989, C 10/1990.

7. des. 1944 Alþjóðasamningur um viðkomuréttindi flugfara, SÍ 51. Þál. 28. febr. 1947.

19. júní 1948 Samningur um alþjóðaviðurkenningu réttinda í loftförum, C 5/1967. Lög nr. 21/1966.

30. apríl 1956 Samningur um viðskiptaréttindi óreglubundinnar flugþjónustu í Evrópu, SÍ 108 (birtur á ensku).

25. sept. 1956 Samkomulag um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi, SÍ 109 (birt á ensku).
Bókun 3. nóv. 1982, C 14/1987 (birt á ensku).

25. sept. 1956 Samkomulag um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og Færeyjum, SÍ 110 (óbirt).
Bókun 3. nóv. 1982, C 15/1987 (óbirt).

14. sept. 1963 Samningur varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum, C 11/1970.

16. des. 1970 Samningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara (Haag-samningur), C 12/1973.

4. sept. 1971 Bókun um samkomulag varðandi flug Loftleiða til Skandinavíu, C 17/1971.

4. sept. 1971 Bókun um samkomulag varðandi flug Loftleiða til Skandinavíu, C 18/1971.

23. sept. 1971 Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna (Montreal-samningur), C 13/1973.
Bókun til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð 23. febr. 1988, C 9/1990.

Hafréttur.

10. des. 1982 Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna[9], C 7/1985. Þál. 23. maí 1985.

---

[5] Ekki enn í gildi.

[6] Ekki enn í gildi.

[7] Ekki enn í gildi.

[8] Ekki enn í gildi.

[9] Ekki enn í gildi.

Heilbrigðismál.

23. jan. 1912 Samningur um ópíum, SÍ 25 (birtur á frönsku).
1. des. 1924 Samningur um aðstöðu sjómanna á kaupskipum til að fá læknishjálp við kynsjúkdómum, SÍ 29.
22. júlí 1946 Stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, SÍ 59 (birt á ensku).
Breytingar 22. maí 1973, C 28/1975 og 13/1982.
Breytingar 17. maí 1976, C 8/1983 og 24/1989.
Breytingar[10] 18. maí 1978, C 8/1983.
Breytingar[11] 12. maí 1986, C 12/1991.
30. mars 1961 Alþjóðasamningur um ávana- og fíkniefni, 1961, C 22/1974. Lög nr. 65/1974.
18. okt. 1961 Bókun um breytingar 25. mars 1972, C 22/1974 og 16/1975. Lög nr. 65/1974.
22. júlí 1964 Samningur um lyfjaskrá Evrópu, C 15/1975 (birtur á ensku).
8. okt. 1970 Samningur um gagnkvæma viðurkenningu á eftirliti með framleiðslu lyfja, C 6/1971 (birtur á ensku).
21. febr. 1971 Alþjóðasamningur um ávana- og fíkniefni, 1971, C 23/1974 og 19/1976. Lög nr. 65/1974.
25. ágúst 1981 Norðurlandasamningur um viðurkenningu á starfsréttindum ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar, C 7/1982, 11/1983 og 13/1989. Þál. 3. maí 1982.
Breyting 27. ágúst 1987, C 13/1989 og 31/1990.
Viðbótarbókun 27. ágúst 1987, C 4/1990.
Breyting 28. febr. 1990, C 4/1990.
Breyting 28. febr. 1990, C 31/1990.
16. nóv. 1989 Evrópusamningur gegn misnotkun lyfja í íþróttum, C 6/1991.

Himingeimurinn.

27. jan. 1967 Samningur um rannsóknir og not ríkja af himingeimnum, tungli og stjörnum, C 1/1968 (birtur á ensku).
22. apríl 1968 Samningur um björgun geimfara, framsal geimfara og skil á hlutum sem skotið hefur verið út í himingeiminn, C 21/1969 (birtur á ensku).

Iðnaðarmál.

20. mars 1883 Samningur um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, SÍ 2. Lög nr. 102/1961.
11. des. 1953 Samningur Evrópuríkja um formsatriði við umsóknir um einkaleyfi[12], C 5/1966 og 16/1991 (birtur á ensku).
14. júlí 1967 Samningur um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, C 17/1984.

---

[10] Ekki enn í gildi.

[11] Ekki enn í gildi.

[12] Fellur úr gildi 7. maí 1992.

12. des. 1969 Samningur um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland, C 8/1970. Viðbótarsamningur 29. apríl 1980, C 13/1980. Lög nr. 43/1980. Viðbótarsamningur 21. mars 1986, C 7/1986. Lög nr. 59/1985.

20. febr. 1973 Norðurlandasamningur um tækni- og iðnþróunarsjóð, C 18/1973 og 7/1974. Lög nr. 54/1973.

15. júní 1988 Samningur um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi, C 14 og 27/1990. Þál. 26. apríl 1990. Bókun um beitingu samningsins gagnvart furstadæminu Liechtenstein 15. júní 1988, C 14 og 27/1990. Þál. 26. apríl 1990.

19. júní 1989 Samningur milli EFTA-ríkjanna, annars vegar, og Efnahagsbandalags Evrópu, hins vegar, um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða, C 18 og 30/1990.

Kjarnorka.

26. okt. 1956 Stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, SÍ 111. Þál. 31. maí 1957 (birt á ensku). Breyting 28. sept. 1970, C 11/1972 og 38/1991 (birt á ensku). Breyting 27. sept. 1984, C 4/1987 og 38/1991.

Landbúnaður.

16. okt. 1945 Stofnskrá matvæla- og landbúnaðarstofnunar hinna Sameinuðu þjóða, SÍ 53 (birt á ensku).

11. des. 1953 Stofnskrá Evrópunefndar til varnar gin- og klaufaveiki, SÍ 101 (birt á ensku).

2. mars 1982 Samningur um verndun lax í Norður-Atlantshafi, C 5/1982 og 12/1983. Þál. 18. mars 1982.

Mannréttindi,

(sjá einnig Mannúðarmál).

9. des. 1948 Sáttmáli um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð, SÍ 72 (birtur á ensku).

4. nóv. 1950 Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis, SÍ 88. Þál. 19. des. 1952. Viðbótarsamningur 20. mars 1952, SÍ 88. Þál. 19. des. 1952. Viðbótarsamningur nr. 2, um rétt Mannréttindadómstóls Evrópu til álitsgerða 6. maí 1963, C 17/1967 og 39/1991. Viðbótarsamningur nr. 3, um breytingu á 29., 30. og 34. gr. sáttmálans 6. maí 1963, C 17/1967 og 39/1991. Viðbótarsamningur nr. 4, um tiltekin mannréttindi og mannfrelsi, önnur en þau sem greinir í sáttmálanum og fyrsta viðbótarsamningi við hann 16. sept. 1963, C 17/1967 og 7/1968.

31. mars 1953 Samningur um pólitíska réttarstöðu kvenna, SÍ 99 (birtur á ensku).

7. sept. 1956 Samningur um afnám þrælahalds og þrælasölu, C 17/1965 (birtur á ensku).

20. febr. 1957 Samþykkt um ríkisfang giftra kvenna, C 17/1977.

10. des. 1962 Samningur um samþykki og lágmarksaldur til hjúskapar og um skráningu hjónabanda, C 18/1977.

7. mars 1966 Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis, C 14/1968, 17/1969, 20/1981 og 24/1982 (birtur á ensku).
19. des. 1966 Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, C 10/1979. Þál. 8. maí 1979.
19. des. 1966 Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, C 10/1979. Þál. 8. maí 1979.
Valfrjáls bókun 19. des. 1966, C 10/1979. Þál. 8. maí 1979.
Önnur valfrjáls bókun um afnám dauðarefsingar 15. des. 1989, C 11/1991. Þál. 17. des. 1990.
18. des. 1979 Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum, C 5/1985. Þál. 13. júní 1985.
26. des. 1987 Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, C 19/1990. Þál. 26. apríl 1990.

Mannúðarmál,
(sjá einnig Mannréttindi).

16. apríl 1856 Yfirlýsing um nokkur undirstöðuatriði sjóréttar á stríðstímum, SÍ 1 (ekki birt).
18. okt. 1907 Sáttmáli um friðsamlega lausn deilumála milli ríkja, SÍ 11 (birtur á frönsku).
18. okt. 1907 Sáttmáli um takmarkanir á valdbeitingu til að innheimta samningsbundnar skuldir, SÍ 12 (birtur á frönsku).
18. okt. 1907 Sáttmáli um upphaf stríðs, SÍ 13 (birtur á frönsku).
18. okt. 1907 Sáttmáli um reglur og venjur stríðs á landi, SÍ 14 (birtur á frönsku).
18. okt. 1907 Sáttmáli um réttindi og skyldur hlutlausra ríkja og ríkisborgara þeirra í stríði á landi, SÍ 15 (birtur á frönsku).
18. okt. 1907 Sáttmáli um hverja deild skal gera kaupskipum óvinaríkis er stríð hefst, SÍ 16 (birtur á frönsku).
18. okt. 1907 Sáttmáli varðandi breytingu á kaupskipum í herskip, SÍ 17 (birtur á frönsku).
18. okt. 1907 Sáttmáli um lagningu neðansjávardufla er springa við árekstur, SÍ 18 (birtur á frönsku).
18. okt. 1907 Sáttmáli um stórskotaárás frá herskipum í stríði, SÍ 19 (birtur á frönsku).
18. okt. 1907 Sáttmáli um að nota reglur Genfarsáttmálans í sjóhernaði, SÍ 20 (birtur á frönsku).
18. okt. 1907 Sáttmáli um vissar takmarkanir á framkvæmd hertökuréttarins í sjóhernaði, SÍ 21 (birtur á frönsku).
18. okt. 1907 Sáttmáli um réttindi og skyldur hlutlausra ríkja þegar stríð er háð til sjós, SÍ 22 (birtur á frönsku).
17. júní 1925 Genfarsamningur um bann við notkun eiturefna, gass og sýkla í hernaði, C 19/1966 (birtur á ensku).
27. ágúst 1928 Sáttmáli um að fyrirdæma stríð til að skera úr deilum milli ríkja, SÍ 34 (birtur á ensku).
12. ágúst 1949 Genfarsamningur um bætta meðferð særðra og sjúkra hermanna á vígvelli, C 16/1965 (óbirtur).
12. ágúst 1949 Genfarsamningur um bætta meðferð særðra, sjúkra og skipreka sjólíða á hafi, C 16/1965 (óbirtur).

12. ágúst 1949 Genfarsamningur um meðferð stríðsfanga, C 16/1965 (óbirtur).
12. ágúst 1949 Genfarsamningur um vernd almennra borgara á stríðstímum, C 16/1965 (óbirtur).
8. júní 1977 Viðbótarbókun I við Genfarsamningana frá 12. ágúst 1949 um vernd stríðshrjáðra aðila að alþjóðlegum vopnaviðskiptum, C 3/1987 (óbirt).
8. júní 1977 Viðbótarbókun II við Genfarsamningana frá 12. ágúst 1949 um vernd stríðshrjáðra aðila að vopnaviðskiptum sem ekki eru alþjóðleg, C 3/1987 (óbirt).

Menntamál.

4. maí 1910 Samkomulag um ráðstafanir gegn birtingu klámsmíða, SÍ 23.
Bókun 4. maí 1949, SÍ 24 (birt á ensku).
2. júní 1928 Alþjóðasáttmáli til verndar bókmenntum og listaverkum, SÍ 33. Lög nr. 74/1947.
16. nóv. 1945 Stofnskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, C 5/1964.
6. sept. 1952 Samningur um höfundarétt, SÍ 98 (birtur á ensku).
11. des. 1953 Samningur Evrópuráðsríkja um jafngildi prófskírteina til aðgangs að háskólum, SÍ 100 (birtur á ensku).
19. des. 1954 Menningarsáttmáli Evrópu, SÍ 103 (birtur á ensku).
15. des. 1956 Samningur Evrópuríkja um jafngildi námsdvalar í háskólum, C 7/1963.
14. des. 1959 Samningur Evrópuríkja um viðurkenningu á háskólaprófum, C 6/1963.
14. júlí 1967 Samningur um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar, C 11/1986. Þál. 17. apríl 1986.
13. febr. 1969 Samningur um stofnun Sameindalíffræðiþings Evrópu, C 4/1978 (birtur á ensku).
6. maí 1969 Evrópusamningur um vernd fornleifaarfsins, C 15/1989.
12. des. 1969 Evrópusamningur um greiðslu námsstyrkja til námsmanna erlendis, C 12/1971.
15. mars 1971 Norðurlandasamningur um samstarf á sviði menningarmála, C 2/1972.
Breyting 13. júní 1983, C 18/1983 og 2/1984.
Breyting 6. maí 1985, C 15/1985 og 5/1986.
Breyting 15. sept. 1989, C 12/1990.
24. júlí 1971 Sáttmáli til verndar bókmenntum og listaverkum, C 18/1984.
12. júní 1975 Samningur um Menningarsjóð Norðurlanda, C 16 og 23/1976. Þál. 18. maí 1976.
Breyting 3. des. 1990, C 9 og 15/1991.
3. mars 1982 Samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum, C 11/1982 og 5/1984. Þál. 3. maí 1982.
19. ágúst 1985 Evrópusamningur um ofbeldi og ótilhlýðilega hegðun áhorfenda á íþróttamótum, einkum á knattspyrnuleikjum, C 3/1986.
29. sept. 1986 Norðurlandasamningur um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum, C 13/1988. Þál. 20. des. 1988.
29. sept. 1986 Norðurlandasamningur um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum, C 14/1988. Þál. 20. des. 1988.

Norræn samvinna.

23. mars 1962 Samstarfssamningur Norðurlanda, C 7/1962. Þál. 11. apríl 1962.
Breyting 13. febr. 1971, C 16/1971.
Breyting 11. mars 1974, C 17/1975.
Breyting 15. júní 1983, C 13/1983.
Breyting 6. maí 1985, C 16/1985 og 4/1986. Þál. 28. nóv. 1985.
Breyting[13] 21. ágúst 1991, C 33/1991.

5. mars 1981 Samningur um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar, C 5/1981 og 15/1982.

19. ágúst 1986 Samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd, C 2 og 17/1987. Þál. 5. febr. 1987.

13. maí 1987 Samningur um réttarstöðu skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs, C 12/1989. Lög nr. 55/1989.

3. nóv. 1988 Samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs, C 15/1988. Þál. 20. des. 1988.

9. des. 1988 Norðurlandasamningur um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra, C 7 og 20/1989. Lög nr. 55/1989.

6. nóv.1972 Norðurlandasamningur um samstarf á sviði flutninga og samgangna, C 23/1972 og 4/1973.
Breyting 15. júní 1983, C 16/1983 og 1/1984.

Póstsamningar.

5. júlí 1974 Alþjóðapóstsamningar (Lausanne), C 21/1975 (óbirtir).

26. okt. 1979 Alþjóðapóstsamningar (Rio de Janeiro), C 6/1985 (óbirtir).

27. júlí 1984 Alþjóðapóstsamningar (Hamborg), C 12/1986 (óbirtir).

Sameinuðu þjóðirnar.

26. júní 1945 Sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða og samþykktir Milliríkjadómstólsins, SÍ 52. Þál. 25. júlí 1946.
Breytingar 17. des. 1963, C 9/1965.
Breyting 20. des. 1965, C 10/1966.
Breyting 20. des. 1971, C 7 og 22/1973.

13. febr. 1946 Samningur um réttindi og griðhelgi Sameinuðu þjóðanna, SÍ 56. Lög nr. 13/1948.

21. nóv. 1956 Samningur um tæknilega aðstoð milli Íslands og Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra, SÍ 112 (birtur á ensku).

Siglingar.

28. jan. 1926 Norðurlandasamningur um haffæri skipa og skipsbúnað, SÍ 30.
Breyting 11. júní 1928, SÍ 31.

10. júní 1947 Samningur um samræmda aðferð við skipamælingar, SÍ 65.
Breytingar 21. maí 1965, C 18/1967.

6. mars 1948 Samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina, SÍ 67. Lög nr. 52/1960.
Breytingar 15. sept. 1964, C 20/1969.

---

[13] Öðlast gildi 29. jan. 1992.

Breytingar 28. sept. 1965, C 20/1969.
Breytingar 17. okt. 1974, C 10/1976 og 3/1979.
Breytingar 14. nóv. / 9. nóv. 1977, C 15/1980 og 9/1982.
Breytingar 17. nóv. 1977, C 15/1980 og 2/1988.
Breytingar 15. nóv. 1979, C 15/1980 og 2/1988.

10. okt. 1957 Alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð eigenda skipa sem á sjó sigla, C 16/1968. Lög nr. 10/1968.

17. júní 1960 Samningur um öryggi mannslífa á hafinu, C 8/1965.

9. apríl 1965 Alþjóðasamningur um auðveldun flutninga á sjó, C 2/1967 (birtur á ensku).
Breyting 26. apríl 1965, C 20/1972 (birt á ensku).

5. apríl 1966 Alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa, C 19/1970 (óbirtur).

23. júní 1969 Alþjóðasamningur um mælingar skipa, C 18/1970 (óbirtur).

20. okt. 1972 Samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, C 6/1975 og 4/1977.
Breytingar 19. nóv. 1981, C 16/1983 og 1/1984.

1. nóv. 1974 Alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu, 1974, C 7/1983.
Bókun 1978 17. febr. 1978, C 7/1983.

2. apríl 1977 Torremolinos-alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa, 1977[14], C 9/1986. Þál. 17. apríl 1986.

Sjávarútvegur.

2. des. 1946 Alþjóðasáttmáli um skipan hvalveiða, SÍ 62 (birtur á ensku).
Bókun 19. nóv. 1956, SÍ 63 (birt á ensku).

12. sept. 1964 Samningur um Alþjóðahafrannsóknaráðið, C 2/1965 og 10/1968 (birtur á ensku).
Bókun 13. ágúst 1970, C 26/1970 og 2/1976 (birt á ensku).

1. júní 1967 Samningur um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi, C 6/1969 og 1/1977.

7. apríl 1972 Samningur um gæslumenn á hvalveiðistöðvum á Norður-Atlantshafssvæðinu (Ísland, Noregur og Kanada), C 4/1972 og 20/1982 (birtur á ensku).

24. okt. 1978 Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, C 17/1978. Þál. 22. des. 1978.

18. nóv. 1980 Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, C 15/1981 og 14/1982. Lög nr. 68/1981.

12. júní 1989 Samningur milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, C 2/1989. Þál. 11. maí 1989.

Sjómælingar.

3. maí 1967 Samningur um Alþjóðasjómælingastofnunina, C 6/1968 og 16/1970 (birtur á ensku).

[14] Ekki enn í gildi.

Breyting[15] 6. maí 1987, C 4/1989.

Skattar.

12. sept. 1989 Norðurlandasamningur til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, C 19/1989.
Breyting 17. apríl / 9. júlí 1990, C 33/1990.

12. sept. 1989 Norðurlandasamningur til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár, C 11/1990.

7. des. 1989 Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, C 16/1990 og 10/1991. Lög nr. 46/1990.

Tollamál,
(sjá einnig Fjármál og Viðskiptamál).

5. júlí 1890 Samningur um alþjóðastofnun til að gefa út tollalög, SÍ 5 (birtur á frönsku).
Bókun 16. des. 1949, SÍ 6 (birt á frönsku).

30. okt. 1947 Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT) ásamt Genfarbókun frá 30. júní 1967, C 8/1968. Þál. 20. mars 1968.
Genfarbókunin 1979 30. júní 1979, C 7/1980. Þál. 11. mars 1980.

15. des. 1950 Samningur um tollasamvinnuráð, C 2/1971 (birtur á ensku).

7. nóv. 1952 Alþjóðasamningur um auðveldun innflutnings á vörusýnishornum og auglýsingaefni, C 10/1977 (birtur á ensku).

28. apríl 1960 Samningur Evrópuríkja um tímabundinn tollfrjálsan innflutning lækningatækja o.fl., C 1/1967 (birtur á ensku).
Viðbótarbókun 1. jan. 1983, C 3/1988.

8. júní 1961 Tollasamningur varðandi hlunnindi vegna innflutnings á vörum til kynningar eða notkunar á sýningum o.fl., C 24/1970.

8. júní 1961 Tollasamningur varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum, C 25/1970.

6. des. 1961 Tollasamningur um A.T.A. ábyrgðarskjöl fyrir innflutning á vörum um stundarsakir, C 23/1970.

19. okt./
30. nóv. 1965 Samkomulag við Beneluxlöndin um gagnkvæma niðurfellingu tolla af tækjum sem notuð eru til afgreiðslu á flugvélum, C 23/1965 (birt á frönsku).

11. sept. 1981 Norðurlandasamningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, C 19/1981 og 12/1982. Lög nr. 94/1980.
Breyting 3. ágúst 1989, C 6/1989. Lög nr. 55/1989.

14. júní 1983 Alþjóðlegur samningur um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrár C 25/1987.
Bókun um breytingu 24. júní 1986, C 25/1987.

20. maí 1987 Samningur um einföldun formsatriða í vöruviðskiptum, C 23/1987.

20. maí 1987 Samningur um sameiginlegar umflutningsreglur, C 24/1987.

---

[15] Ekki enn í gildi.

Umferð á vegum.

24. apríl 1926 Alþjóðasamningur um bifreiðaumferð, SÍ 32 (birtur á ensku).
19. sept. 1949 Samningur um umferð á vegum, C 9/1983.

Umhverfismál,
(sjá einnig Dýravernd).

12. maí 1954 Alþjóðasamningur um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu, C 4/1962. Lög nr. 101/1961.
Breytingar 13. apríl 1962, C 6/1966. Lög nr. 77/1966.
Breytingar 21. okt. 1969, C 17/1970 og 23/1977.
29. nóv. 1969 Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda, eða geta valdið, olíumengun, C 10/1980. Lög nr. 14/1979.
29. nóv. 1969 Alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, C 10/1980. Lög nr. 14/1979.
2. febr. 1971 Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, C 1/1978.
Bókun 3. des. 1982, C 10/1986.
18. des. 1971 Alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, C 10/1980. Lög nr. 14/1979.
15. febr. 1972 Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum (Óslóarsamningur), C 16/1973 og 5/1974. Lög nr. 20/1973.
Bókun 2. mars 1983, C 10/1987 og 22/1989.
Breyting 13. júní 1985, C 35/1991.
29. des. 1972 Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningur), C. 17/1973 og 1/1976. Lög nr. 53/1973.
2. nóv. 1973 Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, 1973[16], C 9/1985 og 5/1989. Þál. 1. mars 1983.
Bókun 1978 17. febr. 1978, C 9/1985. Þál. 1. mars 1983.
4. júní 1974 Samningur um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, C 13/1981. Lög nr. 67/1981.
Bókun 26. mars 1986, C 16/1987 og 23/1989.
13. nóv. 1979 Samningur um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa, C 1/1983. Þál. 1. mars 1983.
22. mars 1985 Vínarsamningur um vernd ósónlagsins, C 9/1989. Þál. 18. maí 1989.
Montreal-bókun um efni sem valda rýrnum ósónlagsins 16. sept. 1987, C 9/1989. Þál. 18. maí 1989.
26. sept. 1986 Samningur um að tilkynna án tafar um kjarnorkuslys, C 14/1989.
2. mars 1990 Samningur um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfisverndar, C 26 og 29/1990.

Utanríkismál.

27. maí 1938 Yfirlýsing Norðurlanda um samstæð hlutleysisákvæði, SÍ 48.

[16] Viðauki III ekki enn í gildi.

18. apríl 1961 Vínarsamningur um stjórnmálasamband, C 14/1971. Lög nr. 16/1971.
Kjörfrjáls bókun varðandi öflun ríkisborgararéttar 18. apríl 1961, C 14/1971. Lög nr. 16/1971.
Kjörfrjáls bókun varðandi skyldubundna lausn deilumála 18. apríl 1961, C 14/1971. Lög nr. 16/1971.

24. apríl 1963 Vínarsamningur um ræðissamband, C 8/1978. Lög nr. 4/1978.
Kjörfrjáls bókun varðandi ríkisborgararétt 24. apríl 1963, C 8/1978. Lög nr. 4/1978.
Kjörfrjáls bókun varðandi skyldubundna lausn deilumála 24. apríl 1963, C 8/1978. Lög nr. 4/1978.

Varnarmál.

4. apríl 1949 Norður-Atlantshafssamningur, SÍ 75. Þál. 30. mars 1949.
Bókun varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands 22. okt. 1951, SÍ 76.
Bókun um aðild Sambandslýðveldisins Þýskalands 23. okt. 1954, SÍ 77.
Viðbótarsamningur um aðild Spánar 10. des. 1981, C 10/1982. Þál. 25. febr. 1982.

20. sept. 1951 Samkomulag varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa hjá því og starfslið þess, SÍ 78 (birt á ensku).

28. ágúst 1952 Bókun varðandi aðstöðu alþjóðlegra hernaðarbækistöðva sem stofnað hefur verið til samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum, SÍ 97 (birt á ensku).

18. júní 1964 Samningur milli aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins um kjarnorkuupplýsingar, C 3/1965 (birtur á ensku).

Veðurfræði.

11. okt. 1947 Samningur um Alþjóðaveðurfræðistofnun, SÍ 66 (birtur á ensku).

15. nóv. 1974 Samkomulag um rekstur veðurathuganastöðva á Norður-Atlantshafi, C 12/1975 og 24/1976 (birt á ensku).
Breytingar 13.–16. des. 1976, C 8/1977 (birtar á ensku).

21. nóv. 1985 Samningur um að koma á fót í tilraunaskyni evrópsku kerfi hafstöðva (COST 43), C 2/1985.

Viðskiptamál,
(sjá einnig Fjármál og Tollamál).

4. jan. 1960 Samningur um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), C 7/1970 og 1/1986. Þál. 5. des. 1969.
Bókun varðandi úrsögn Bretlands og Danmerkur 21. des. 1972, C 23/1971.
Bókun varðandi Liechtenstein 4. jan. 1960, C 7/1970.
Bókun um löghæfi, sérréttindi og friðhelgi Fríverslunarsamtaka Evrópu 28. júlí 1960, C 7/1970.
Bókun um samkomulag varðandi aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) 27. jan. 1970, C 7/1970.
Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 17/1969 um aðild Íslands 4. des. 1969, C 7/1970.
Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 8/1975 um breytingu á viðauka G 6. nóv. 1975, C 20/1976 (birt á ensku).

Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 4/1976 um stofnun Iðnþróunarsjóðs EFTA fyrir Portúgal 7. apríl 1976, C 17/1976 og 6/1977. Lög nr. 61/1976.
Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 15/1976 um breytingu á viðauka G 16. des. 1976, C 19/1977 og 6/1978 (birt á ensku).
Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 7/1982 um breytingu á viðauka G 1. júlí 1982, C 22/1982 (birt á ensku).
Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 15/1987 um breytingar á samningnum 14. des. 1987, C 7/1988.
Samþykkt EFTA-ráðsins nr. 6/1989 um breytingar á samningnum 14. júní 1989, C 22/1990 .

14. des. 1960 Samningur um Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunina, SÍ 124.

26. júní 1979 Samningur milli EFTA-landanna og Spánar, C 13/1979. Þál. 20. des. 1979.

26. júní 1979 Samningur um gildi samningsins milli EFTA-landanna og Spánar gagnvart furstadæminu Liechtenstein, C 13/1979. Þál. 20. des. 1979.

817. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem er hið seinna um veitingu ríkisborgararéttar á þessu löggjafarþingi. Við afgreiðslu málsins var hafður svipaður háttur á og við afgreiðslu fyrra frumvarpsins á haustþingi. Formaður og einn nefndarmanna, auk starfsmanna nefndadeildar, fóru yfir allar umsóknirnar til þess að kanna hvort þær uppfylltu þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisfangs, sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi. Farið var yfir nýjar umsóknir og umsóknir er hlutu ekki afgreiðslu á haustþingi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. apríl 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Ólafur Þ. Þórðarson. Jón Helgason.

Anna Ólafsdóttir Björnsson. Björn Bjarnason. Össur Skarphéðinsson.

Ingi Björn Albertsson. Kristinn H. Gunnarsson.

818. Breytingartillaga [274. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Al-Kalashini, Tashin, verkstjóri í Reykjavík, f. 20. júní 1950 á Sýrlandi.
2. Alejado, Emilita R., húsmóðir í Reykjavík, f. 30. nóvember 1958 á Filippseyjum.
3. Algarra, Miguel Rodriguez, sjómaður á Ísafirði, f. 21. júlí 1951 á Spáni.
4. Bray, James Arthur, rafeindavirki í Keflavík, f. 12. ágúst 1940 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
5. Baughman, Marcia Jeanne, fulltrúi í Reykjavík, f. 12. maí 1954 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
6. Calderon, Emie Soon, húsmóðir í Reykjavík, f. 17. júní 1969 á Filippseyjum.
7. Canillo, Rosemariflor Lugatiman, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. desember 1960 á Filippseyjum.
8. Campbell, Mary, fiðluleikari á Seltjarnarnesi, f. 9. janúar 1957 á Norður-Írlandi.
9. Cartwright, Lorna, verslunarmaður í Reykjavík, f. 4. ágúst 1971 á Englandi.
10. Cartwright, Raymond, kjötiðnaðarmaður í Reykjavík, f. 28. desember 1947 á Englandi.
11. Castaneda, Ana Patricia Brizuela, nemi í Reykjavík, f. 16. apríl 1959 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
12. Crawford, Cynthia Nell, nemi í Kópavogi, f. 17. júní 1970 í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Fær réttinn 30. september 1992.
13. Cerrato, Delmys Sagrario, nemi í Reykjavík, f. 21. mars 1964 í Hondúras.
14. Cruz, Mendanita Basuel, húsmóðir á Akureyri, f. 2. nóvember 1959 á Filippseyjum.
15. Darna, I Nengah, verkamaður á Selfossi, f. 2. febrúar 1954 í Indónesíu.
16. Devolder, Annabelle, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. desember 1971 í Belgíu.
17. Devolder, Claude Frederik, verkamaður í Reykjavík, f. 2. júní 1966 í Belgíu.
18. Dobreva, Veska Ivanova, húsmóðir í Kópavogi, f. 14. júlí 1961 í Búlgaríu.
19. Dyer, Sigurjón Pálmi, filmuklippari í Reykjavík, f. 28. febrúar 1959 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
20. Frederiksen, Linda Marie, húsmóðir í Austur-Skaftafellssýslu, f. 27. janúar 1954 í Danmörku.
21. Garcia, Vismin Tallede, húsmóðir í Sandgerði, f. 5. ágúst 1964 á Filippseyjum.
22. Gaziza, Shahidabai Taherali Yusufali, verkakona í Reykjavík, f. 20. desember 1945 í Tansaníu.
23. Halvorson, Eiríkur Þór, nemi í Mosfellsbæ, f. 20. október 1966 í Þýskalandi.
24. Hammer, Súsanna, húsmóðir á Akureyri, f. 8. október 1965 á Akureyri.
25. Huttunen, Jukka Tapio, rafeindavirki í Reykjavík, f. 13. mars 1953 í Finnlandi.
26. Jin, Shen Wen, sjúkranuddari í Reykjavík, f. 25. janúar 1965 í Kína.
27. Joensen, Niels Alvinus Sigurd, sjómaður á Selfossi, f. 1. júlí 1944 í Færeyjum.
28. Joensen, Karen Marie, húsmóðir á Eskifirði, f. 19. apríl 1956 á Grænlandi.
29. Joensen, Sigurd, sjómaður á Eskifirði, f. 27. apríl 1959 í Færeyjum.
30. Johnson, Nadja Christina, nemi í Reykjavík, f. 11. ágúst 1971 á Bahamaeyjum.

31. Kumar, Kuldeep, verkamaður í Reykjavík, f. 13. febrúar 1969 á Indlandi.
32. La Paz, Teresita Apple, fiskvinnslukona í Hafnarfirði, f. 23. mars 1968 á Filippseyjum.
33. Leonar, Sergia M., húsmóðir á Selfossi, f. 5. júní 1958 á Filippseyjum.
34. Liebe, Elisabeth Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. mars 1930 í Prússlandi.
35. Ludwig, Thomas Michael, öryggisvörður í Reykjavík, f. 17. maí 1941 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
36. Markovic, Emelija, nemi í Reykjavík, f. 18. júní 1954 í Júgóslavíu.
37. Markovic, Danilo, véltæknifræðingur í Reykjavík, f. 10. apríl 1954 í Júgóslavíu.
38. Meyer, Barbara, húsmóðir í Mosfellsbæ, f. 13. mars 1968 í Þýskalandi.
39. Michel, Bianca, nemi í Keflavík, f. 22. júlí 1963 á Máritíus.
40. Munoz, Ceniza Garciano, verkakona á Akureyri, f. 8. desember 1951 á Filippseyjum.
41. Munoz, Visitacion Gelbolingo, saumakona í Reykjavík, f. 2. júlí 1946 á Filippseyjum.
42. Osinski, Erik David Davidsson, nemi í Reykjavík, f. 26. október 1977 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
43. Osinski, Sigrún Anna Davidsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 25. júlí 1971 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
44. Paraiso, Concordia Alpante, verkakona í Reykjavík, f. 13. ágúst 1948 á Filippseyjum.
45. Petersson, Glenn Ásgrímur Kjartan, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 17. september 1968 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
46. Poulain, Dominique Martine, starfsstúlka í Reykjavík, f. 22. júlí 1955 í Frakklandi.
47. Poulsen Park, Elin, verslunarmaður í Hafnarfirði, f. 1. apríl 1952 í Færeyjum.
48. Rachwat, Maria, verkakona í Reykjavík, f. 6. september 1944 í Póllandi.
49. Sanko, Aase Johanne, verslunarmaður í Reykjavík, f. 25. janúar 1940 í Danmörku.
50. Skowronski, Tekla Guðrún, hárgreiðslumeistari í Keflavík, f. 13. mars 1958 í Keflavík.
51. Thieojanthuk, Lek, iðnverkakona í Reykjavík, f. 4. maí 1961 í Tælandi.
52. Valiente, Maria Erlinda Ganeda, fiskvinnslukona í Njarðvík, f. 29. júlí 1952 á Filippseyjum.
53. Villacorta, Maria Socorro, verslunarstjóri í Andakílshreppi, f. 21. apríl 1958 á Filippseyjum.
54. Wilson, Susan Anna, nemi í Reykjavík, f. 16. júlí 1972 í Reykjavík.
55. Wei, Lin, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. 22. júlí 1964 í Kína.
56. Wen, Jia Chang, þjálfari í Reykjavík, f. 18. mars 1954 í Kína.
57. Yi, Zhu, sjúkranuddari í Reykjavík, f. 20. desember 1967 í Kína.
58. Yuangthong, Srijun, verkakona í Reykjavík, f. 4. mars 1968 í Tælandi.
59. Zalewski, Annel Jón, nemi í Reykjavík, f. 9. júlí 1976 í Reykjavík.
60. Zalewski, Jenný Heiða, nemi í Reykjavík, f. 7. janúar 1978 í Reykjavík.
61. Zalewski, Kristín Helga, húsmóðir í Skorradal, f. 10. júlí 1949 í Reykjavík.
62. Överby, Guðbjörg Ásgerður, fiskvinnslukona á Ísafirði, f. 20. september 1948 í Reykjavík.

819. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um Viðlagatryggingu Íslands.

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur að ekki hafi verið farið nægilega vel yfir frumvarpið. Hér er um að ræða mikilvægan og flókinn málaflokk. Málið hefur verið lengi til meðferðar. Við skoðun málsins í nefnd komu í ljós afar mismunandi sjónarmið þeirra sem um málið hafa fjallað. Tryggingaráðuneytið hefur síðan reynt að samræma þessi sjónarmið, en nefndin hefur að dómi minni hlutans ekki farið nægilega vel yfir forsendur frumvarpsins og frumvarpið sjálft í einstökum atriðum. Þá hafa ekki verið lögð fram nein gögn í nefndinni um fjárhag Viðlagatryggingarinnar, eignastöðu hennar né heldur um hugsanleg fjárhagsleg áhrif frumvarpsins ef samþykkt verður sem lög. Minni hlutinn treystir sér ekki til þess að afgreiða frumvarpið með þessum hætti og telur óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin fjalli um málið á ný og vandi þá betur allan málatilbúnað. Þess vegna leggur minni hlutinn til að frumvarpið um Viðlagatryggingu Íslands verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 29. apríl 1992.

Svavar Gestsson, frsm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

820. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um Viðlagatryggingu Íslands.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Arnljótur Björnsson prófessor, Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur, Freyr Jóhannesson tæknifræðingur og Erlendur Lárusson og Rúnar Guðmundsson frá Tryggingaeftirliti ríkisins. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Húseigendafélaginu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands, Tryggingaeftirliti ríkisins og Viðlagatryggingu Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að í 1. gr. verði vísun í 4. gr. frumvarpsins en í þeirri grein er að finna upptalningu þess konar náttúruhamförum sem viðlagatrygging tekur til.
2. Lögð er til sú breyting við 3. gr. að stjórn Viðlagatryggingar Íslands annist vörslu og ávöxtun fjár og bókhald stofnunarinnar eða geri samkomulag við tiltekinn aðila um það. Þykir eðlilegt að stofnunin sjálf annist þetta verkefni. Ef hún kýs aftur á móti að semja við utanaðkomandi aðila um þessi mál er kveðið á um að hún skuli leita til aðila á vátryggingarsviði.
3. Lagt er til að í 5. gr. sé mælt fyrir um aukna skyldutryggingu frá því sem er í frumvarpinu. Skyldutrygging nái áfram til raforkuvirkja í eigu hins opinbera sem og síma-

og fjarskiptamannvirkja í eigu sömu aðila. Tryggja megi þó þessi mannvirki annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands.

4. Lögð er til breyting í 4. og 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. til samræmis við þá breytingu sem lögð er til við 5. gr. hér á undan. Enn fremur er lagt til að bann við viðlagatryggingu á flotkvíum o.fl. í 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. falli niður þar sem ákvæðið er heimildarákvæði.
5. Lagt er til að ákvæði 11. gr. um lækkun iðgjalda falli niður vegna þess að ekki þykir rétt að hafa slíkt ákvæði í lögum á meðan bolmagn stofnunarinnar er ekki meira en raun ber vitni til að mæta stóráföllum vegna náttúruhamfara.
6. Lagt er til að sérregla um tveggja ára fyrningarfrest bótakrafna á hendur Viðlagatryggingu Íslands í 17. gr. falli niður. Þess í stað gildi reglur laga nr. 20/1954 og verður fyrningarfrestur þá fjögur ár.
7. Lagt er til að í 19. gr. verði kveðið á um úrskurðarnefnd. Samkvæmt því fyrirkomulagi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, á vátryggður engin önnur úrræði en dómstólaleið ef hann unir ekki niðurstöðu stjórnar Viðlagatryggingar. Lagt er því til að úrskurðarnefnd verði starfandi og skipuð ótímabundið. Nefnd af þessu tagi er tjónþola til hagsbóta auk þess sem tilvera hennar veitir stjórn stofnunarinnar aðhald. Nánari ákvæði um störf nefndarinnar kæmu í reglugerð.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum þessum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1992.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.
	Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.	

821. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um Viðlagatryggingu Íslands.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (SigG, LMR, SAÞ, SP, GHall, IP, FI).

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Hlutverk Viðlagatryggingar Íslands er að vátryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. laga þessara.
2. Við 3. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Stjórn stofnunarinnar skal annast vörslu og ávöxtun fjár og bókhald hennar eða gera samkomulag við aðila á vátryggingarsviði um vörslu og ávöxtun fjár eða bókhald stofnunarinnar. Við ávöxtun skal stjórnin leitast við að tryggja verðgildi fjárins og áhættudreifingu svo sem unnt er á hverjum tíma.

3. Við 5. gr. Á greininni verði eftirfarandi breytingar:
   a. Við 2. mgr. bætist tveir nýir töluliðir er orðist svo:
      4. Raforkuvirki, þar á meðal dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki, í eigu hins opinbera.
      5. Síma- og fjarskiptamannvirki í eigu hins opinbera.
   b. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein og orðist svo:
      Vátryggja má eignir, sem nefndar eru í 2. mgr., annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands.
   c. Í stað orðanna „1.–3. tölul.“ í 3. mgr., er verði 4. mgr., komi: 2. mgr.
4. Við 6. gr. Á 1. mgr. verði eftirfarandi breytingar:
   a. Í 4. tölul. falli brott orðin „eigu hins opinbera eða“.
   b. Í 5. tölul. falli brott orðin „hins opinbera eða“.
   c. 8. tölul. orðist svo: Eldisfisk, eldisker og annan búnað fiskeldisstöðva.
5. Við 11. gr. 1. og 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
6. Við 17. gr. 2. mgr. falli brott.
7. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Svo fljótt sem auðið er skal stjórn stofnunarinnar taka afstöðu til ágreinings um greiðsluskyldu sína og fjárhæð vátryggingabóta. Stjórn stofnunarinnar skal úrskurða um ágreiningsefni og vilji tjónþoli ekki sætta sig við úrskurð stofnunarinnar getur hann, innan 30 daga frá því að honum barst tilkynning stjórnarinnar, skotið ágreiningnum til úrskurðarnefndar. Nefndin skal skipuð af ráðherra. Fjórir menn skulu eiga sæti í nefndinni. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar og skal hann vera formaður. Annar skal skipaður eftir tilnefningu Veðurstofu Íslands, hinn þriðji af Háskóla Íslands og hinn fjórði án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga ef ástæða þykir.
8. Við 27. gr. Í stað „1. janúar 1992“ komi: 1. janúar 1993.

822. Fyrirspurn [510. mál]

til forsætisráðherra um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun.

Frá Ragnari Arnalds og Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað líður samningu frumvarps til laga um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun, sbr. ályktun Alþingis 22. maí 1988?

823. Fyrirspurn [511. mál]

til samgönguráðherra um flugrekstur.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hversu lengi verður frestað framkvæmd greinar 9.1.2 í reglugerð um flugrekstur nr. 381/1989, sbr. reglugerð nr. 624/1991, er kveður á um að tveir flugmenn skulu vera í flugstjórnarklefa í atvinnuflugi?
2. Er talin ástæða til að setja strangari reglur en þær sem þegar eru í gildi um lág-

marksafkastagetu flugvéla þar sem einn flugmaður er við stjórnvölinn?
3. Hefur Loftferðaeftirlitið veitt undanþágur til notkunar flugvéla í atvinnuflutningum við aðstæður þar sem reglugerð um lágmarksafkastagetu þeirra er ekki fullnægt? Ef svo er, hverjir hafa fengið undanþágur, hve lengi og á hvaða forsendum?
4. Hvernig er háttað eftirliti samgönguráðuneytis og Loftferðaeftirlits með daglegum rekstri flugrekenda og að þeir uppfylli settar öryggiskröfur varðandi þjálfun, þekkingu, vinnutíma og vinnuaðstöðu starfsmanna sinna?
5. Er ásættanlegt frá öryggissjónarmiði að flugmannsstarfið sé í sumum tilfellum þannig að flugrekandi ræður flugmann til einstakra ferða og greiðir honum mun lægri laun fyrir vinnu sína en stéttarfélag flugmanna hefur samið um fyrir sambærilega vinnu og flugmannsstarfið verði þar af leiðandi illa launað ígripastarf án allra viðurkenndra réttinda launþega?
6. Er löglegt að starfsmenn eða eigendur flugfélaga, sem hagsmuna eiga að gæta, sitji í flugráði?
7. Hvernig hefur sl. þrjú ár verið staðið að uppgjöri þeirra opinberu gjalda sem Flugmálastjórn hefur innheimt af flugrekendum? Má ætla að í slíku uppgjöri hafi falist mismunun flugrekenda?

Skriflegt svar óskast.

824. Nefndarálit [444. mál]

um frv. til laga um að leggja niður Lífeyrissjóð ljósmæðra.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1992.

Matthías Bjarnason, form. frsm.	Halldór Ásgrímsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Vilhjálmur Egilsson.	Ingi Björn Albertsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Sólveig Pétursdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Magnús Jónsson.

825. Fyrirspurn [512. mál]

til félagsmálaráðherra um þýðingu á skýrslu Sameinuðu þjóðanna um stöðu kvenna í heiminum 1970–1990.

Frá Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Hefur ráðherra í hyggju að láta þýða á vegum ráðuneytis síns skýrslu Sameinuðu þjóðanna „The World's Women Trends and Statistics 1970–1990“ sem út kom á sl. ári og hefur að geyma yfirgripsmiklar upplýsingar um stöðu kvenna í heiminum?

826. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fundi hennar kom Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu. Umsagnir bárust frá barnaverndarráði, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og sakadómi Reykjavíkur. Enn fremur var stuðst við umsagnir er bárust á 113. löggjafarþingi frá Dómarafélagi Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Kvennaráðgjöfinni, Kvennaathvarfinu, Stígamótum, Sálfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Geðlæknafélagi Íslands og Vernd.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um skírlífisbrot. Mál þessi hafa verið til umfjöllunar um þó nokkurn tíma. Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp heitið „Kynferðisbrot“ á kaflanum í stað „Skírlífisbrot“. Helstu breytingar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, eru í fyrsta lagi að ákvæði kaflans nái jafnt til karla sem kvenna í samræmi við breytt viðhorf í þjóðfélaginu og réttarþróun í öðrum löndum. Í öðru lagi taki ákvæði kaflans til athafna samkynja persóna eftir því sem við á. Í þriðja lagi felur frumvarpið í sér að svokölluð „önnur kynferðismök“, sem kveðið er á um í 202. gr. almennra hegningarlaga, verði lögð að jöfnu við samræði. Er þetta mjög mikilvægt nýmæli. Í fjórða lagi er nýmæli í frumvarpinu um kynferðislega áreitni sem er háttsemi sem ekki fellur undir hefðbundið samræði eða „önnur kynferðismök“.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að 2. gr. verði breytt þannig að á ný verði tekið upp 1 árs refsilágmark fyrir nauðgun og að refsihámarkið verði 16 ár. Í samræmi við þessa tillögu er lagt til að 2. mgr. verði felld brott. Þetta er gert þar sem ástæða þykir til að óttast, m.a. með hliðsjón af þeim umsögnum sem borist hafa, að sú breyting, sem lögð er til í frumvarpinu, leiði til refsilækkunar almennt fyrir nauðgunarbrot. Samkvæmt breytingartillögunni verður greinin svipuð núgildandi grein með þeim breytingum þó að ákvæðin verða ekki kynbundin, önnur kynferðismök eru lögð að jöfnu við samræði og ekki er lengur gert að skilyrði að ofbeldi eða hótun um það veki ótta um líf, heilbrigði eða velferð viðkomandi. Enn fremur er lagt til að orðið „manneskja“ falli brott og í stað þess komi orðið: maður. Í íslensku máli tekur orðið *maður* bæði til karla og kvenna og þykir ekki fara vel á því í lagatexta að nota orðið *manneskja*.
2. Lögð er til sú breyting við 3. gr. að orðið: maður komi í stað orðsins „manneskja“, sbr. skýringar hér að framan.
3. Lögð er til sú breyting við 4. gr. að þeir sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð njóti einnig refsiverndar þegar slík misneyting á sér stað sem í greininni er kveðið á um. Ljóst þykir þó að í mörgum tilvikum getur verið um erfiða sönnunaraðstöðu að ræða, ekki síst ef meint brot er talið eiga sér stað í hjónabandi eða óvígðri sambúð.
4. Lagt er til að 5. gr. verði breytt vegna þess að hefð er fyrir því að orðið vistmaður á stofnun taki til beggja kynja.
5. Lagt er til að bætt verði inn í 6. gr. orðunum „skjólstæðingur í trúnaðarsambandi“. Þar er t.d. átt við ef læknar eða aðrar heilbrigðisstéttir eða sálfræðingar misnota

samband sitt við sjúkling, prestur við syrgjanda, kennari við nemanda, yfirmaður við undirmann o.s.frv. með þeim hætti sem í greininni segir. Enn fremur er bætt við ákvæði um kynferðislega áreitni. Í 8.–10. gr. frumvarpsins eru ákvæði um kynferðislega áreitni gagnvart börnum en ekki eru sambærileg ákvæði um slíka áreitni gagnvart fullorðnum og er því þess vegna bætt í greinina.

6. Lögð er til sú breyting á 7. gr. að orðið: maður komi í stað orðsins „manneskja“, sbr. skýringar hér að framan.
7. Lagt er til að í 9. gr. verði refsiramma breytt til samræmis við 8. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu er refsirammi lægri þegar um er að ræða brot gagnvart kjörbörnum, fósturbörnum o.s.frv. en þegar kynferðisbrot beinist að eigin börnum eða öðrum niðjum. Ekki þykir ástæða til þess að hafa þennan mun á refsingum og er því lögð til áðurgreind breyting.
8. Lagt er til að refsirammi í 10. gr. verði hækkaður til samræmis við ákvæði núgildandi laga. Hætta þykir á því að sú lækkun refsiramma, sem í frumvarpinu felst, verði túlkuð með þeim hætti að ekki verði litið jafnalvarlega á þessi brot og áður.
9. Lögð er til breyting á 11. gr. vegna þess að tilvísun til andlegs ástands á ekki lengur við þar sem greinin vísar ekki lengur til 195. gr. eins og í gildandi lögum, sbr. 4. gr. frumvarpsins.
10. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 13. gr. Í fyrsta lagi er núverandi 1. mgr. skipt upp í tvær málsgreinar. Í 1. mgr. verði refsiákvæði um þá sem stunda vændi sér til framfærslu og að refsihámark þar verði 2 ára fangelsi, en það er óbreytt frá núgildandi ákvæðum í 181. gr. hegningarlaga. Lagt er til að í 2. mgr. verði flutt ákvæði 1. mgr. um að hafa atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra. Er það gert til að samræmi verði um refsihámark fyrir þau brot er greinir í 2.–4. mgr. Í öðru lagi er lagt til að núverandi 2. mgr. verði breytt til samræmis við breytingartillögu við 1. mgr., þ.e. að í stað orðalagsins „hafa ofan af fyrir sér“ komi: hafa viðurværi sitt af. Í þriðja lagi er 3. mgr. breytt á þann veg að lagt er að jöfnu að stuðla að því að nokkur maður flytjist til landsins og frá því í því skyni að hafa viðurværi sitt af lauslæti. Jafnframt eru gerðar sömu orðalagsbreytingar og í 2. mgr.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum.

Alþingi, 30. apríl 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Björn Bjarnason.	Ingi Björn Albertsson.
Jón Helgason.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.
Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.		Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.

827. Breytingartillögur [58. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. Við 2. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðsins „manneskju“ í 1. efnismgr. komi: manni.
   b. Í stað orðanna „allt að 10 árum“ í fyrri málslið 1. efnismgr. komi: ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum.
   c. 2. efnismgr. falli brott.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „manneskju“ komi: manni.
3. Við 4. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Hver sem notfærir sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.
4. Við 5. gr. Orðin „eða vistkonu“ falli brott.
5. Við 6. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hann er honum háður fjárhagslega, í atvinnu sinni eða sem skjólstæðingur hans í trúnaðarsambandi, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, sé maðurinn yngri en 18 ára, allt að 6 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 2 árum.
6. Við 7. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. efnismgr.:
   a. Í stað orðsins „manneskju“ komi: mann.
   b. Í stað orðsins „hún“ og í stað sama orðs annars staðar í málsgreininni komi: hann.
7. Við 9. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. efnismgr.:
   a. Í stað tölunnar „4“ komi: 6.
   b. Í stað tölunnar „6“ komi: 10.
8. Við 10. gr. Í stað tölunnar „10“ í 1. efnismgr. komi: 12.
9. Við 11. gr. Orðin „andlegt ástand eða“ í efnismálsgreininni falli brott.
10. Við 13. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. 1. efnismgr. orðist svo:
       Hver sem stundar vændi sér til framfærslu skal sæta fangelsi allt að 2 árum.
    b. Á eftir 1. efnismgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
       Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.
    c. Í stað orðanna „ofan af fyrir sér með“ í 2. efnismgr., er verði 3. efnismgr., komi: viðurværi sitt af.
    d. 3. efnismgr., er verði 4. efnismgr., orðist svo:
       Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af lauslæti ef viðkomandi er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang fararinnar.

828. Tillaga til þingsályktunar [513. mál]

um fullgildingu samnings um réttindi barna.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um réttindi barna sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 20. nóvember 1989.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samnings um réttindi barna sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 20. nóvember 1989. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Ríkisstjórn Póllands átti frumkvæði að gerð samningsins árið 1978. Tillögur Pólverja byggðust á yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna frá árinu 1959. Sérstakur starfshópur mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna vann að gerð samningsins á árunum 1979 til 1989. Samningurinn varð mun ítarlegri en upphaflega var gert ráð fyrir, en leita varð málamiðlunar á ýmsum sviðum.

Samningurinn var samþykktur án atkvæðagreiðslu með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 44/25 frá 20. nóvember 1989. Hann var lagður fram til undirritunar í New York 26. janúar 1990 og undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag með fyrirvara um fullgildingu. Samningurinn öðlaðist gildi 2. september 1990 þegar 20 ríki höfðu fullgilt hann. 116 ríki eru nú aðilar að honum.

Hlutaðeigandi stjórnvöld telja framkvæmd þeirra mála, sem samningurinn fjallar um, í fullu samræmi við ákvæði hans og er því ekki talið nauðsynlegt að gera fyrirvara við einstök ákvæði við fullgildingu samningsins. Þó er talið rétt að leggja fram sérstaka yfirlýsingu vegna ákvæða samningsins um endurmat dómstóla á ákvörðunum stjórnvalda um forsjá barna og um aðskilnað ungra fanga frá eldri.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir ákvæðum samningsins með hliðsjón af íslenskum lagaákvæðum.

A. Yfirlit yfir efni samningsins.

Samningurinn skiptist í þrjá hluta, auk inngangs. Í 1. hluta (1.–41. gr.) er kveðið á um þau réttindi sem eiga að njóta verndar samkvæmt samningnum. Í 2. hluta (42.–45. gr.) eru ákvæði um framkvæmd samningsins og í 3. hluta (46.–54. gr.) eru hefðbundnar lokagreinar.

Réttindi sem njóta verndar samkvæmt samningnum.

Samningurinn nær til barna undir 18 ára aldri nema lögræðisaldur sé lægri samkvæmt lögum viðkomandi lands (1. gr.). Aðildarríkjum ber að tryggja börnum þau réttindi, sem samningurinn kveður á um, án mismununar (2. gr.). Þegar tekin er ákvörðun sem varðar barn skal fyrst og fremst haft í huga hvað barninu er fyrir bestu (3. gr.). Aðildarríki eiga að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að réttindi þau, sem samningurinn kveður á um, verði virk (4. gr.). Varðandi fjárhagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi er gerður sá fyrirvari að aðildarríki skuli grípa til þeirra ráðstafana sem þau hafa bolmagn til. Aðildarríki eru hvött til alþjóðlegrar samvinnu til að tryggja þau réttindi sem samningurinn kveður á um. Aðildarríki eiga að virða réttindi og skyldur foreldra til þess að

leiðbeina börnum sínum þannig að þau megi njóta þeirra réttinda sem samningurinn kveður á um (5. gr.).

Kveðið er á um rétt barna til þess að lifa og ná þroska (6. gr.), til þess að fá nafn, ríkisfang og vera skráð strax eftir fæðingu (7. gr.) og til að halda persónulegum auðkennum sínum (8. gr.).

Fjallað er um rétt barna sem skilin hafa verið frá foreldri eða foreldrum sínum gegn vilja þeirra (9. gr.). Aðildarríkjum ber að greiða fyrir sameiningu fjölskyldna sem ekki búa í sama landi og stuðla að því að barn geti viðhaldið sambandi við foreldri sem ekki býr í sama landi og það (10. gr.). Þau skulu gera ráðstafanir gegn því að börn séu flutt ólöglega úr landi og þeim haldið erlendis (11. gr.). Börn eiga að hafa rétt til að tjá sig í málum sem varða þau sjálf (12. gr.).

Í samningnum eru almenn ákvæði um tjáningarfrelsi barna (13. gr.), trúfrelsi (14. gr.), félagafrelsi og friðhelgi einkalífs (15.–16. gr.). Kveðið er á um rétt barna til aðgangs að upplýsingum og hlutverk fjölmiðla í því sambandi (17. gr.).

Aðildarríkjum ber að virða þá meginreglu að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á börnum sínum og aðstoða foreldra við að gegna foreldrahlutverki sínu (18. gr.).

Aðildarríkjum ber að vernda börn gegn hvers konar illri meðferð (19. gr.). Sérstök ákvæði eru um börn sem talin eru þurfa á sérstakri vernd að halda, svo sem börn sem ekki eru í umsjá fjölskyldna sinna (20. gr.), börn sem eru ættleidd, einkum milli landa (21. gr.), börn sem eru flóttamenn (22. gr.) og fötluð börn (23. gr.). Kveðið er á um rétt barna til heilbrigðisþjónustu (24. gr.) og rétt barna sem vistuð eru á stofnunum (25. gr.). Fjallað er um rétt barna til almannatrygginga (26. gr.), rétt þeirra til fullnægjandi lífskilyrða (27. gr.) og menntunar (28.–29. gr.). Sérstakt ákvæði er um réttindi barna sem tilheyra minnihlutahópum (30. gr.).

Aðildarríkjum ber að virða rétt barna til hvíldar og tómstunda og rétt þeirra til að taka þátt í menningar- og listalífi (31. gr.).

Börn eiga rétt á vernd gegn arðráni og vinnu sem getur verið þeim skaðleg (32. gr.). Í því sambandi ber aðildarríkjum m.a. að setja reglur um lágmarksaldur til ráðningar í störf og reglur um vinnutíma og starfskjör.

Aðildarríkjum ber að vernda börn gegn ólögmætri notkun ávana-, fíkni- og skynvilluefna (33. gr.) og gegn kynferðislegri nýtingu og misnotkun (34. gr.). Þeim ber að grípa til ráðstafana til að hindra brottnám barna og verslun með þau (35. gr.). Síðan er almennt ákvæði (36. gr.) um að aðildarríkjum beri að vernda börn gegn hvers kyns annarri notkun sem gæti verið þeim skaðleg.

Fjallað er um réttindi barna sem hafa verið svipt frelsi (37. gr.). Sérstakt ákvæði er um börn sem lenda í vopnuðum átökum (38. gr.). Kveðið er á um skyldur aðildarríkja til þess að sjá börnum, sem sætt hafa illri meðferð eða eru fórnarlömb vopnaðra átaka, fyrir endurhæfingu og félagslegri aðlögun (39. gr.). Fjallað er um réttarvernd barna sem eru ákærð eða dæmd fyrir refsiverða verknaði (40. gr.).

Ekkert í samningnum á að koma í veg fyrir að barni verði veittur betri réttur með innlendum eða alþjóðlegum lögum (41. gr.).

Framkvæmd samningsins.

Aðildarríkjum er skylt að kynna bæði börnum og fullorðnum samninginn (42. gr.).

Sérstök nefnd skal fylgjast með framkvæmd hans (43. gr.). Hún skal skipuð 10 mönnum. Við val þeirra skal gæta þess að sæti í nefndinni dreifist landfræðilega og að nefndarmenn séu fulltrúar helstu réttarkerfa. 44. gr. fjallar um hlutverk og stöðu nefndarinnar. Aðildarríkjum ber að gefa nefndinni skýrslur um það sem þau hafa gert til að fram-

kvæma ákvæði samningsins og hvaða áhrif hann hefur haft. Fyrstu skýrsluna skal gefa innan tveggja ára eftir að samningurinn hefur verið fullgiltur og síðan fimmta hvert ár. Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og aðrar sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna eiga rétt á því að taka þátt í umfjöllun um framkvæmd samningsins, hver á sínu sviði. Nefndin getur boðið þeim að veita sérfræðilega ráðgjöf á sínu sviði um framkvæmd samningsins. Nefndin getur beint tillögum og almennum tilmælum til einstakra aðildarríkja og skal allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna skýrt frá þeim.

B. Athugasemdir við einstakar greinar samningsins.

1. gr.

Samkvæmt 1. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984, verður maður sjálfráða við 16 ára aldur, en fullt lögræði öðlast maður við 18 ára aldur. Samkvæmt 12. gr. laganna ræður sjálfráða maður einn öðru en fé sínu nema lög mæli sérstaklega fyrir á annan veg. Af þessu leiðir að hvað Ísland varðar nær samningurinn ekki til ungmenna 16–18 ára ef um er að ræða réttindi sem falla innan sjálfræðishugtaksins. Verður að túlka einstök ákvæði samningsins með hliðsjón af því.

Samningurinn stangast ekki á við lög ríkja sem heimila fóstureyðingu. Ber ekki að túlka 1. gr. og tilvísun í inngangi samningsins til yfirlýsingar um réttindi barna, þar sem kveðið er á um að börn þarfnist sérstakrar verndar bæði fyrir og eftir fæðingu, þannig að löggjöf um fóstureyðingu stangist á við samninginn.

2. gr.

Bann við mismunun, sem fram kemur í þessari grein, er hliðstætt 2. mgr. 2. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og 1. mgr. 2. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Barnalög, nr. 9/1981, ættleiðingarlög, nr. 15/1978, og barnaverndarlög nr. 53/1966 byggjast á þeim sjónarmiðum sem kveðið er á um í 1. og 2. tölul. 3. gr. Samkvæmt 38. gr. barnalaga, nr. 9/1981, skal dómsmálaráðuneytið leysa úr deilu foreldra um forsjá við skilnað eða samvistaslit eftir sanngirni og því sem best hentar hag og þörfum barnsins. Í 2. mgr. 34. gr. frumvarps til barnalaga, sem nú er til meðferðar á Alþingi, er gert ráð fyrir að leysa skuli úr forsjárdeilu eftir því sem barni er fyrir bestu.

Varðandi 3. tölul. er rétt að benda á 37. gr. barnaverndarlaga þar sem kveðið er á um að sérstakt leyfi þurfi til að reka barnaheimili eða aðrar uppeldisstofnanir og mælt fyrir um eftirlit með rekstri þeirra, sbr. einnig IX. kafla frumvarps til laga um vernd barna og ungmenna sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

4. gr.

Af þessari grein leiðir að aðildarríki eru ekki einungis ábyrg fyrir því að löggjöf þeirra sé í samræmi við samninginn heldur einnig lagaframkvæmd. Sá fyrirvari er þó gerður að ríki eru einungis skuldbundin að því marki sem þau hafa getu til hvað snertir framkvæmd á þeim ákvæðum samningsins sem varða fjárhagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

5. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 35. gr. barnalaga, nr. 9/1981, þar sem segir að forsjáraðili hafi rétt og skyldu til þess að ráða persónulegum högum barns og að foreldrum beri

að hafa samráð við börn sín áður en persónulegum málefnum þeirra er ráðið til lykta eftir því sem gerlegt er, þar á meðal með tilliti til þroska þeirra, sbr. einnig 29. gr. frumvarps til barnalaga.

6. gr.

Lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 98/1990, byggja á þeim sjónarmiðum sem fram koma í þessari grein.

7. gr.

Réttur til nafns helgast af mannanafnalögum nr. 37/1991. Þar er kveðið á um að hverju barni skuli gefið eiginnafn og að forsjáraðila sé skylt að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess.

Samkvæmt 1. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, fær barn íslenskan ríkisborgararétt frá fæðingu ef það er skilgetið og faðir þess eða móðir er íslenskur ríkisborgari eða, sé það óskilgetið, ef móðir þess er íslenskur ríkisborgari. Enn fremur er kveðið á um að barn, sem fundist hefur hér á landi, teljist, þar til annað komi fram, íslenskur ríkisborgari. Af þessu leiðir að ef foreldrar barns, sem fæðist hér á landi, eru erlendir ríkisborgarar eða ef barnið er óskilgetið og móðir þess er erlendur ríkisborgari þá fær barnið ekki íslenskan ríkisborgararétt frá fæðingu og getur orðið ríkisfangslaust ef það fær ekki ríkisfang erlendra foreldra sinna.

7. gr. er hliðstæð 24. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem fullgiltur var fyrir Íslands hönd án fyrirvara hvað þetta ákvæði snertir. Ekki ber að túlka greinina á þann hátt að hún brjóti í bága við löggjöf þeirra þjóða sem leiða rétt til ríkisfangs af ríkisfangi foreldra. Verður að túlka ákvæðið með hliðsjón af 2. tölul. 7. gr., þannig að aðildarríki hafi rétt til þess með lögum og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar að setja ákveðnar reglur og skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar. Norðmenn og Svíar töldu með þessum rökstuðningi ekki þörf á því að gera fyrirvara við 7. gr.

Börn eru skráð strax eftir fæðingu samkvæmt lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962. Er þeim þá gefin kennitala (persónunúmer) til auðkennis. Allar fæðingar á að tilkynna til þjóðskrár. Hvílir sú skylda á viðkomandi fæðingarstofnun. Ef barn fæðist utan stofnunar er ljósmóður skylt að tilkynna fæðinguna til fæðingarstofnunar.

Varðandi rétt íslenskra barna til þess að þekkja foreldra sína eru ekki fyrir hendi hér á landi reglur um rétt ættleiddra barna til að fá upplýsingar um foreldra sína, en í framkvæmd er reynt að koma til móts við slíkar óskir.

8. gr.

Samkvæmt mannanafnalögum nr. 37/1991 er nafnbreyting heimil samkvæmt ákvörðun dómsmálráðuneytisins að fullnægðum nánari skilyrðum. Í framkvæmd fer ráðuneytið fram á að fyrir liggi samþykki barns, sem orðið er 12 ára, til breytingar á nafni þess. Lögbundið er að samþykki barns sem orðið er 12 ára þurfi til nafnbreytingar í tengslum við ættleiðingu. Samkvæmt 15. gr. mannanafnalaga skulu börn manns, sem fær íslenskt ríkisfang með lögum, taka upp íslenskt eiginnafn og kenninafn. Ofangreindar aðstæður eru bundnar við lög og uppfylla því skilyrði 8. gr. samningsins.

Í 7. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, eru settar ákveðnar reglur um missi íslensks ríkisfangs. Meginreglan er sú að ógift börn undir 18 ára aldri fylgja foreldrum sínum ef þeir missa íslenskt ríkisfang, en forsenda þess er að þau öðlist erlent ríkisfang í staðinn.

9. gr.

a. Um endurmat dómstóla á úrlausnum stjórnvalda um forsjá barna.

Samkvæmt 1. tölul. skulu aðildarríki tryggja að barn sé ekki skilið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra, nema samkvæmt ákvörðun lögbærs stjórnvalds sem hægt sé að skjóta til dómstóla. Ákvæðið tekur til úrskurða barnaverndarnefnda um að svipta foreldra forsjá, sbr. 32. gr. barnaverndarlaga nr. 53/1966 og úrskurða dómsmálaráðuneytisins um að annað foreldra skuli hafa forsjá barns þegar foreldrar deila um forsjá við skilnað eða samvistaslit, sbr. 38. gr. barnalaga, nr. 9/1981.

Úrskurðum barnaverndarnefnda er skv. 56. gr. barnaverndarlaga hægt að skjóta til barnaverndarráðs. Í lögunum eru settar ákveðnar reglur um skipun, störf og starfsháttu barnaverndarráðs og í frumvarpi til barnaverndarlaga, sem liggur fyrir Alþingi, er leitast við að styrkja stöðu ráðsins sem málskotsaðila og gera réttarstöðu aðila líkari því sem gerist við meðferð dómsmála. Lagðar eru til breytingar á verksviði ráðsins þannig að það fari eingöngu með fullnaðarúrskurðarvald í barnaverndarmálum. Auk þess er gert ráð fyrir nákvæmari reglum um málsmeðferð og þær kröfur gerðar til formanns ráðsins að hann fullnægi almennum skilyrðum til þess að vera skipaður héraðsdómari.

Þessum úrskurðum barnaverndarnefnda og ráðuneytis er hægt að skjóta til dómstóla innan marka 60. gr. stjórnarskrárinnar. Hún hefur verið skýrð þannig að hún taki til sérhvers ágreinings um það hvort yfirvöld hafi við framkvæmd starfa farið löglega að eða ekki. Samkvæmt þessu eru íslenskir dómstólar ekki aðeins taldir bærir til að úrskurða um staðarleg og málefnisleg takmörk stjórnvalda heldur einnig um það hvort ákvörðun stjórnvalds sé í lögmætu formi, hvort efni hennar sé lögum samkvæmt, hvort gætt hafi verið réttra aðferða við gerð hennar, hvort stjórnvald hafi verið vanhæft til ákvörðunar o.s.frv. Undanfarna áratugi hefur íslensk réttarþróun ótvírætt stefnt í þá átt að rýmka úrskurðarvald dómstóla að þessu leyti. Á síðustu árum hafa fallið í Hæstarétti dómar sem varða lagaákvæði um að stjórnvöld eigi úrskurðarvald í tilteknum málum, þar á meðal dómar um ákvarðanir dómsmálaráðuneytisins í forsjármálum, umgengnis- og meðlagsmálum samkvæmt barnalögum. Dómstólar telja sig því bæra til að hyggja að lögmæti og jafnvel réttmæti stjórnvaldsákvörðunar þótt hún lúti að lögum fullnaðarúrskurðarvaldi stjórnvalds. Dómstólar kveða þá ekki berum orðum á um hvort veita beri eða synja skuli aðila um tiltekin réttindi, heldur meta þeir hvort lögmæltra skilyrða hafi verið gætt og hlutlægu mati beitt við ákvörðun stjórnvaldsins. Telji þeir að svo sé ekki geta þeir lýst ákvörðunina ógilda eða ólögmæta. Í raun felur þetta í sér að dómstólar kanna alla efnisþætti málsins til hlítar til að meta hvort ákvörðun stjórnvaldsins er eðlileg í ljósi allra atvika og hvort réttra reglna um málsmeðferð hafi verið gætt gagnvart hlutaðeigandi aðilum.

Samkvæmt því sem hér hefur verið lýst er það meginregla að dómstólar geti ógilt ákvörðun stjórnvalds ef þeir komast að þeirri niðurstöðu að ólögmæt sjónarmið liggi henni til grundvallar. Þetta vald dómstóla til að endurskoða ákvarðanir stjórnvalda styðst við 60. gr. stjórnarskrárinnar.

Vakin skal athygli á því að í frumvarpi til barnalaga, sem liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að deilur foreldra um forsjá lúti úrlausn dómstóla nema báðir foreldrar óski eftir því að dómsmálaráðuneytið leysi úr málinu, sbr. 34. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 13. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, er foreldrum heimilt að bera undir dómstóla ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um veitingu ættleiðingarleyfis sem átt hefur sér stað gegn vilja þeirra.

b. Um önnur ákvæði 9. gr.

Samkvæmt 20. gr. barnaverndarlaga nr. 53/1966 ber að veita foreldrum eða öðrum forráðamönnum barns kost á að tjá sig áður en meiri háttar barnaverndarmáli er ráðið til lykta. Í frumvarpi til barnaverndarlaga er kveðið nánar á um rétt foreldra og forráðamanna barns til að taka þátt í meðferð mála samkvæmt lögunum, sbr. 49. gr.

Varðandi rétt barna til að taka þátt í rekstri máls og tjá sig vísast til athugasemda við 12. gr.

Samkvæmt 40. gr. barnalaga, nr. 9/1981, sbr. 37. gr. frumvarps til barnalaga, hefur barn lögbundinn rétt til að umgangast foreldri sitt sem ekki fer með forsjá þess. Ekki er fyrir hendi sérstakur lögbundinn réttur barns, sem er í fóstri, til að umgangast foreldri sitt, en í frumvarpi til barnaverndarlaga er mælt fyrir um slíkan rétt, sbr. 36. gr. þess.

10. gr.

Í 1. tölul. er kveðið á um skyldur aðildarríkja til þess að afgreiða umsóknir barna og foreldra um landgöngu og brottför úr landi vegna fjölskylduendurfunda með jákvæðu hugarfari, mannúðlega og með skjótum hætti og að slíkar umsóknir eigi ekki að hafa neikvæðar afleiðingar fyrir umsækjanda eða aðra í fjölskyldunni. Ekki eru fyrir hendi íslensk lagaákvæði um þetta efni. Í 10. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, er kveðið á um hvenær meina beri útlendingi landgöngu, en engin ákvæði eru um það hvenær útlendingur geti átt rétt á að koma inn í landið. Þetta ákvæði samningsins felur í sér fyrirheit um ákveðna framkvæmd og má gera ráð fyrir að lögum nr. 45/1965 verði beitt í samræmi við þetta ákvæði verði samningurinn fullgiltur.

Samkvæmt íslenskum lögum eru engar almennar hindranir á rétti barna til að fara úr landi, sbr. þó ákvæði barnalaga um deilur milli foreldra um forsjá. Sjá athugasemdir við 11. gr. samningsins hér að neðan.

11. gr.

Samkvæmt 41. gr. barnalaga getur dómsmálaráðuneytið, ef forsjármáli hefur ekki verið ráðið til lykta, lagt svo fyrir að ósk annars foreldris að það foreldra, sem hefur barnið hjá sér, megi ekki fara úr landi með það. Ef annað foreldra á umgengnisrétt við barn má hitt foreldrið ekki flytjast með barnið úr landi, nema því foreldra, sem umgengnisréttinn á, sé veitt færi á að tjá sig um málið. Hliðstætt ákvæði er í 39. gr. frumvarps til barnalaga.

Samkvæmt 27. gr. frumvarps til barnaverndarlaga getur barnaverndarnefnd kveðið upp úrskurð um að ekki megi fara með barn úr landi ef hún telur að heilsu eða þroska barns geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra.

Ísland hefur ekki fullgilt Haag-samning frá 25. október 1989 og Evrópusamning frá 20. maí 1980 um þetta efni, en fullgilding þeirra er í undirbúningi.

12. gr.

Samkvæmt 20. gr. barnaverndarlaga nr. 53/1966 skal barni eða ungmenni að jafnaði gefinn kostur á að koma á fund barnaverndarnefndar áður en meiri háttar barnaverndarmáli er ráðið til lykta.

Í 49. gr. frumvarps til barnaverndarlaga er kveðið á um að veita eigi barni kost á að tjá sig um mál sem er til úrskurðar hjá barnaverndarnefnd og það sé skylt ef mál varðar barn sem er 12 ára eða eldra. Enn fremur er kveðið á um að barnaverndarnefnd sé heimilt að skipa barni eða ungmenni talsmann ef sérstaklega stendur á.

Í frumvarpi til barnalaga er börnum tryggður sérstakur réttur til að tjá sig þegar for-

eldrar deila um forsjá og umgengnisrétt, en ákvæði þar að lútandi er ekki í núgildandi barnalögum, enda þótt í framkvæmd sé yfirleitt rætt við börn eftir aldri þeirra og þroska. Enn fremur er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að heimilt sé að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármála, sbr. 4. og 5. mgr. 34. gr. og 6. mgr. 37. gr.

Samkvæmt 6. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, má eigi ættleiða barn sem er orðið 12 ára án samþykkis þess.

Beita verður rétti barnsins samkvæmt þessari grein samningsins í samræmi við aldur þess og þroska.

13. gr.

Þessi grein kveður á um almennt tjáningarfrelsi barns. Hliðstæð ákvæði er að finna í öðrum mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að, t.d. 19. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

14. gr.

Lög um trúfélög, nr. 18/1975, eru í samræmi við þetta ákvæði. Í 6. gr. þeirra segir að foreldrar geti tekið ákvörðun um inngöngu eða úrsögn barns þeirra, sem er yngra en 16 ára, úr trúfélagi, en hafi barn náð 12 ára aldri skuli leita álits þess um slíka ákvörðun.

15. og 16. gr.

Þessar greinar kveða á um félagafrelsi barns og friðhelgi einkalífs. Hliðstæð ákvæði eru í öðrum mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að, t.d. 17., 21. og 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

17. gr.

17. gr. felur í sér viðurkenningu á mikilvægi fjölmiðla í sambandi við uppeldi barna. Um almennt menningarhlutverk útvarps er ákvæði í 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985. Í 5. tölul. er kveðið á um ábyrgð útvarpsstöðva á efni, sem þær senda út, í samræmi við barnaverndarlög. Í 3. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er ákvæði um afhendingu á klámritum og öðru slíku efni til barna. Einnig má benda á 43. gr. barnaverndarlaga nr. 53/1966 um eftirlit barnaverndaryfirvalda með leiksýningum og öðrum opinberum sýningum og skemmtunum, sbr. enn fremur 59. gr. frumvarps til barnaverndarlaga.

18. gr.

Samkvæmt barnalögum, nr. 9/1981, fara giftir foreldrar og foreldrar, sem eru í sambúð, sameiginlega með forsjá barna sinna, sbr. 36. og 37. gr. Þessi ákvæði eru í samræmi við 18. gr. samningsins. Hins vegar er foreldrum, sem hafa skilið eða slitið sambúð, ekki heimilt að fara sameiginlega með forsjá barna sinna. Í frumvarpi til barnalaga, sem liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að foreldrar, sem ekki eru samvistum, geti samið um að fara sameiginlega með forsjá barna sinna, sbr. 33. gr. þess.

Ákvæði barnalaga eru að öðru leyti í samræmi við ákvæðið, sbr. 1. mgr. 37. gr. þar sem segir að foreldrum beri að gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best henti hag barna og þörfum.

2. og 3. tölul. 18. gr. verður að túlka með hliðsjón af 4. gr. samningsins, þannig að aðildarríkjum sé, eftir því sem þau hafa bolmagn til, skylt að aðstoða foreldra og koma á laggirnar stofnunum fyrir börn.

19. gr.

Ákvæðið kveður á um almenna vernd barna gegn hvers konar ofbeldi, líkamlegu og andlegu, misnotkun og vanrækslu. Meginsjónarmið barnaverndarlaga er að vernda börn gegn slíkri meðferð, sbr. enn fremur ákvæði almennra hegningarlaga.

20. gr.

Í barnaverndarlögum nr. 53/1966 eru ákvæði um fósturráðstafanir, sbr. 23. gr. þeirra. Ítarlegri ákvæði um þetta efni eru í frumvarpi til barnaverndarlaga sem liggur fyrir Alþingi, sbr. VI. kafla þess.

21. gr.

Ættleiðingarlög, nr. 15/1978, eru í samræmi við þetta ákvæði.

Ísland hefur undirritað Evrópusamning frá 26. apríl 1967 um ættleiðingu barna en ekki fullgilt hann. Ekki er lengur hægt að mæla með því að það verði gert þar sem hann er talinn ófullkominn á margan hátt. Á vegum Haag-ráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt er unnið að gerð samnings um alþjóðlegar ættleiðingar.

22. gr.

Gera má ráð fyrir að framkvæmd alþjóðlegra skuldbindinga Íslands vegna flóttamanna verði í framtíðinni í samræmi við þetta ákvæði.

23. gr.

Lög um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, eru í samræmi við þetta ákvæði. Með lögunum er tryggt að fötlun barns sé greind eins fljótt eftir fæðingu og unnt er og gerðar séu nauðsynlegar rannsóknir og prófanir á barninu. Þegar greining fötlunar hefur farið fram er gerð áætlun um þjálfun og meðferð, svo sem þroskaþjálfun, leikfangaþjónustu, sjúkraþjálfun o.fl. Lögin tryggja fötluðum börnum bæði almenna þjónustu og sértæka þjónustu þegar hennar er þörf. Jafnframt er það markmið laganna að fötluð börn njóti jafnréttis á við önnur börn og geti lifað sem eðlilegustu lífi. Þannig er nú stefnt að því að fötluð börn njóti dvalar á almennum dagvistarstofnunum og gangi í almenna skóla í stað sérskóla og er byggingu sérskóla nú hætt. Í þessum tilvikum er börnum tryggð sérstök aðstoð, þ.e. sérstakur leiðbeinandi í námi eða fóstra sem sér sérstaklega um hið fatlaða barn á dagvistarheimili. Séð er fyrir flutningsþjónustu barnanna til og frá skólum, dagvistarheimilum, þjálfunarstöðvum o.fl. Öll þjónusta við fötluð börn er greidd úr ríkissjóði og er því forráðamönnum að kostnaðarlausu. Forráðamenn fatlaðra barna eiga rétt á sérstökum fjárstuðningi ef fatlað barn, sem þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu, dvelst í heimahúsi.

24. gr.

Íslensk lög eru í samræmi við það meginmarkmið sem fram kemur í 1. tölul. 24. gr. Samkvæmt 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, skulu allir landsmenn eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem tök eru á að veita á hverjum tíma, til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæslu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsókna, lækninga og hjúkrunar á sjúkrahúsum, læknisfræðilegs endurhæfingarstarfs, tannlækninga og sjúkraflutninga.

Að því er varðar sérstakar ráðstafanir í 2. tölul. til að tryggja rétt barna til að njóta heilsu og hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu má benda á að samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er heilsugæslan undirstaða heilbrigðisþjónustunnar. Sérfræðiþjónusta og

sjúkrahúsþjónusta er tryggð þegar hennar gerist þörf. Heilsugæslustöðvar skulu skv. 19. gr. laganna veita almenna læknisþjónustu, hjúkrunarþjónustu, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, vaktþjónustu, vitjanir og sjúkraflutninga, annast lækningarannsóknir, veita sérfræðilega læknisþjónustu, tannlækningar og læknisfræðilega endurhæfingu, heimahjúkrun og heilsuvernd. Aðalgreinar heilsuverndar eru:

— heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi,
— mæðravernd,
— ungbarna- og smábarnavernd,
— heilsugæsla í skólum,
— ónæmisvarnir,
— berklavarnir,
— kynsjúkdómavarnir,
— geðvernd, áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarnir,
— sjónvernd,
— heyrnarvernd,
— heilsuvernd aldraða,
— hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit,
— félagsráðgjöf, þar með talin fjölskyldu- og foreldraráðgjöf,
— umhverfisheilsuvernd,
— atvinnusjúkdómar og
— slysavarnir.

Hvað varðar 3. tölul. 24. gr. eru að því að best er vitað engar hefðir við lýði sem eru skaðlegar heilbrigði barna.

25. gr.

Vísað er til þess sem fram kemur um 23. gr.

26. gr.

Íslensk lög eru í samræmi við þessa grein. Samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, eru foreldrum tryggðar ýmsar bætur vegna barna. Sömuleiðis er tryggður réttur fatlaðra barna til barnaörorku. Bætur almannatrygginga vegna eða fyrir börn eru almennt ekki tekjutengdar.

27. gr.

Íslensk lög eru í samræmi við þessa grein. Í því sambandi er bent á 71. gr. stjórnarskrár, ákvæði framfærslulaga, nr. 80/1947, og 24. gr. barnaverndarlaga nr. 53/1966.

28. og 29. gr.

Ákvæðin eru í samræmi við íslensk lög, sbr. t.d. ákvæði grunnskólalaga nr. 49/1991.

30. gr.

Engar takmarkanir eru í íslenskum lögum á beitingu réttinda minnihlutahópa og frumbyggja samkvæmt greininni.

31. gr.

Greinin gefur ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

32. gr.

Í 1. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, er tekið sérstaklega fram að vernd barna og ungmenna taki til vinnuverndar. Samkvæmt lögum um hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum, nr. 46/1980, sbr. lög nr. 61/1990, njóta börn undir 16 ára aldri og ungmenni á aldrinum 16–17 ára sérstakrar verndar í atvinnulífinu. Þannig er óheimilt að ráða börn, yngri en 14 ára, nema til léttra og hættulítilla starfa. Ekki má láta börn á aldrinum 14 og 15 ára, né heldur þau sem yngri eru, vinna við hættulegar vélar og við hættulegar aðstæður. Vinnutími barna, 14 og 15 ára, skal ekki fara fram úr venjulegum vinnutíma fullorðinna sem starfa í sömu starfsgrein. Unglingar 16 og 17 ára mega ekki vinna lengur en 10 klukkustundir á dag. Þeir skulu hafa minnst 12 klukkustunda hvíld á sólarhring. Hvíldartími skal að jafnaði vera á tímabilinu milli klukkan 19 og 7. Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

33. gr.

Samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, er varsla og meðferð ávana- og fíkniefna óheimil á íslensku forráðasvæði að viðlögðum refsingum. Samkvæmt 19. gr. barnaverndarlaga nr. 53/1966 ber löggæslumanni og dómara að tilkynna barnaverndarnefnd ef brot eru framin sem börn eða ungmenni innan 18 ára eru viðriðin. Í 28. gr. laganna er almennt ákvæði um úrræði þau sem barnaverndarnefnd ber að grípa til ef hún verður þess vís að hegðun barns sé ábótavant, m.a. vegna drykkjuskapar eða annarrar óreglu eða lögbrota. Í 58. gr. frumvarps til laga um vernd barna og ungmenna segir að barnaverndarnefnd skuli vinna gegn hvers konar vímuefnaneyslu barna og ungmenna og að hún skuli einnig stuðla að því að þeir sem selja, útvega eða veita börnum eða ungmennum vímuefni sæti ábyrgð lögum samkvæmt.

34. gr.

Í XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eru refsiákvæði vegna kynferðisbrota og í lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, sérstaklega 45. gr., er almennt refsiákvæði til verndar börnum og ungmennum. Í íslenskum refsilögum eru ekki bein refsiákvæði sem varða þau atriði sem þessi grein fjallar um, heldur hafa verknaðir, sem greinin fjallar um, verið heimfærðir undir almenn ákvæði, svo sem 209. og 210. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. barnaverndarlaga nr. 53/1966. Réttarþróun erlendis hefur verið í þá átt að setja sérstök refsiákvæði um þessi atriði vegna þrýstings á alþjóðavettvangi og nú er t.d. starfandi nefnd hjá Evrópuráðinu sem er að undirbúa samning um refsivernd vegna þeirra atriða er um er fjallað í þessari grein. Gera má ráð fyrir að stefnumótun hér á landi verði í samræmi við niðurstöður nefndarinnar.

35. gr.

226. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um viðurlög við frelsissviptingu getur náð yfir það atferli sem er lýst er í 35. gr. Einnig má benda á 14. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, þar sem segir að áður en ættleiðingarleyfi sé veitt skuli leiða í ljós hvort innt hafi verið af hendi gjald eða ætlunin sé að inna af hendi gjald í sambandi við ættleiðingu.

Eins og fram kom í athugasemdum við 11. gr. samningsins er til athugunar að fullgilda Haag-samning og Evrópusamning sem snerta efni þessarar greinar.

36. gr.

Eitt af meginsjónarmiðum barnaverndarlaga er að vernda börn gegn meðferð sem fallið gæti undir þessa grein.

37. gr.

Íslensk lög eru í samræmi við a-, b- og d-liði greinarinnar en rétt þykir að gera hér sérstaka grein fyrir ákvæðum c-liðar þar sem segir að halda skuli börnum, sem svipt eru frelsi sínu, aðskildum frá fullorðnum nema það sé ekki talið þeim fyrir bestu.

Í íslenskum lögum eru ekki ákvæði um að ungum föngum skuli halda aðskildum frá eldri föngum. Í 8. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, er hins vegar tekið fram að við ákvörðun um í hvaða fangelsi afplánun eigi að fara fram skuli m.a. taka tillit til aldurs fanga. Mjög skiptar skoðanir eru um það hvort það sé heppilegt fyrir unga fanga að þeim sé haldið sér. Vegna fámennis hér á landi er það einnig illframkvæmanlegt þar sem mjög fáir unglingar eru vistaðir hér árlega í fangelsi og í þeim tilvikum, sem það gerist, er það vegna mjög alvarlegra afbrota.

Önnur ríki á Norðurlöndum hafa heldur ekki fylgt þeirri stefnu að halda ungum föngum aðskildum frá eldri föngum. Við undirbúning fullgildingar samningsins í Noregi og Svíþjóð var sérstaklega athugað hvort rétt væri að gera fyrirvara vegna þessa ákvæðis, en ákveðið var að gera það ekki. Var það rökstutt með því að ýmsir kostir stæðu til boða við ákvörðun um afplánun ungra fanga og ávallt væri leitast við að velja þann kost sem talinn væri fanga fyrir bestu. Ekki sé algilt að ungum föngum sé fyrir bestu að vera haldið aðskildum frá eldri föngum, t.d. væri það yfirleitt talið mikilvægara fyrir fanga að afplána í námunda við heimili sitt. Var talið að stefna ríkjanna hvað varðar afplánun ungra fanga væri í samræmi við markmið samningsins og því væri ekki nauðsynlegt að gera fyrirvara við ákvæðið. Finnland og Danmörk gerðu heldur ekki fyrirvara við þetta ákvæði.

Gerður var fyrirvari af hálfu Íslands við hliðstæða grein í alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. 10. gr., 2. mgr. b-lið og 3. mgr. hans. Það ákvæði er þó afdráttarlausara en c-liður 37. gr. sem kveður á um að taka beri mið af því sem barni er fyrir bestu.

Með hliðsjón af ofangreindu og í trausti þess að við ákvörðun um fangelsun ungmenna sé ávallt tekið mið af hvers konar afplánun sé ungmenni fyrir bestu er ekki talið nauðsynlegt að gera fyrirvara við c-lið 37. gr. Rétt er þó talið að gera sérstaka yfirlýsingu um þetta við fullgildingu samningsins.

38. gr.

Gera má ráð fyrir að framkvæmd Íslands á alþjóðlegum skuldbindingum um mannúðarmál verði í samræmi við þessa grein.

39. gr.

Vísað er til athugasemda með 24. gr. samningsins.

40. gr.

Talið er að almenn ákvæði laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, m.a. um skipan verjanda og aðstoð túlks, fullnægi ákvæðum þessarar greinar þótt ekki séu fyrir hendi sérákvæði um refsimál sem börn eiga aðild að, sbr. þó 19. gr. barnaverndarlaga nr. 53/1966 og 17. gr. frumvarps til barnaverndarlaga sem liggur fyrir Alþingi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um réttindi barna

INNGANGUR

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum,

sem telja, í samræmi við meginreglur þær er fram koma í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, að viðurkenning á meðfæddri göfgi og jöfnum óaðskiljanlegum réttindum allra manna sé grundvöllur frelsis, réttlætis og friðar í heiminum,

sem hafa í huga að hinar Sameinuðu þjóðir hafa í sáttmálanum enn staðfest trú sína á grundvallarmannréttindi og virðingu og gildi allra manna, og hafa einsett sér að stuðla að félagslegum framförum og bættum lífskjörum við meira frjálsræði,

sem viðurkenna að Sameinuðu þjóðirnar hafa í Mannréttindayfirlýsingunni og í alþjóðasamningunum um mannréttindi lýst því yfir og samþykkt að hver maður skuli eiga kröfu á réttindum þeim og frelsi sem þar er lýst, án nokkurs greinarmunar, svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna,

sem minnast þess að hinar Sameinuðu þjóðir hafa lýst því yfir í Mannréttindayfirlýsingunni að börnum beri sérstök vernd og aðstoð,

sem eru sannfærð um að veita beri fjölskyldunni, sem grundvallareiningu samfélagsins og hinu eðlilega umhverfi til vaxtar og velfarnaðar allra meðlima sinna, en sérstaklega þó barna, nauðsynlega vernd og aðstoð til að sinna til hlítar þeirri ábyrgð sem á henni hvílir í samfélaginu,

sem viðurkenna að til að ná fullum og samstilltum þroska persónuleika síns eigi börn að alast upp innan fjölskyldu, við hamingju, ást og skilning,

sem telja að undirbúa beri börn að fullu til að lifa sjálfstæðu lífi innan samfélagsins, og ala þau upp í anda þeirra hugsjóna sem lýst er í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, sérstaklega í anda friðar, virðingar, umburðarlyndis, frelsis, jafnréttis og samstöðu,

sem minnast þess að þeirrar nauðsynjar að börnum sé veitt sérstök vernd hefur verið getið í Genfaryfirlýsingu um réttindi barna frá 1924 og í yfirlýsingu um réttindi barna sem samþykkt var á

CONVENTION
on the Rights of the Child

PREAMBLE

The States Parties to the present Convention,

Considering that, in accordance with the principles proclaimed in the Charter of the United Nations, recognition of the inherent dignity and of the equal and inalienable rights of all members of the human family is the foundation of freedom, justice and peace in the world,

Bearing in mind that the peoples of the United Nations have, in the Charter, reaffirmed their faith in fundamental human rights and in the dignity and worth of the human person, and have determined to promote social progress and better standards of life in larger freedom,

Recognizing that the United Nations has, in the Universal Declaration of Human Rights and in the International Covenants on Human Rights, proclaimed and agreed that everyone is entitled to all the rights and freedoms set forth therein, without distinction of any kind, such as race, colour, sex, language, religion, political or other opinion, national or social origin, property, birth or other status,

Recalling that, in the Universal Declaration of Human Rights, the United Nations has proclaimed that childhood is entitled to special care and assistance,

Convinced that the family, as the fundamental group of society and the natural environment for the growth and well-being of all its members and particularly children, should be afforded the necessary protection and assistance so that it can fully assume its responsibilities within the community,

Recognizing that the child, for the full and harmonious development of his or her personality, should grow up in a family environment, in an atmosphere of happiness, love and understanding,

Considering that the child should be fully prepared to live an individual life in society, and brought up in the spirit of the ideals proclaimed in the Charter of the United Nations, and in particular in the spirit of peace, dignity, tolerance, freedom, equality and solidarity,

Bearing in mind that the need to extend particular care to the child has been stated in the Geneva Declaration of the Rights of the Child of 1924 and in the declaration of the Rights of the Child

Allsherjarþinginu hinn 20. nóvember 1959, og hefur hún verið viðurkennd í Mannréttindayfirlýsingunni, í alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (sérstaklega 23. og 24. gr.), í alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (sérstaklega 10. gr.), og í samþykktum og ýmsum löggerningum sérstofnana og alþjóðastofnana sem láta sig velferð barna varða,

sem hafa í huga að eins og segir í yfirlýsingunni um réttindi barna þarfnast börn þess „að þeim sé látin í té sérstök vernd og umönnun þar sem þau hafa ekki tekið út líkamlegan og andlegan þroska, þar á meðal viðeigandi lögvernd, jafnt fyrir sem eftir fæðingu",

sem minnast ákvæða yfirlýsingarinnar um félagslegar og lagalegar meginreglur um vernd barna og velferð með sérstakri hliðsjón af fóstri barna og ættleiðingu innanlands og milli ríkja, almennra lágmarksreglna Sameinuðu þjóðanna um meðferð afbrotamála ungmenna (Beijingreglnanna), og yfirlýsingarinnar um vernd kvenna og barna er neyð ríkir eða ófriður geisar,

sem gera sér grein fyrir að í öllum löndum heims eru börn sem búa við sérstaklega erfiðar aðstæður, og að þau þarfnist sérstakrar athygli,

sem taka fullt tillit til þess hversu mikilvægar siðvenjur og menningararfleið hverrar þjóðar eru fyrir vernd barns og samstilltan þroska þess,

sem viðurkenna mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu svo bæta megi lífskjör barna í öllum löndum, en þó sérstaklega í þróunarlöndum,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. HLUTI

1. gr.

Í samningi þessum merkir barn hvern þann einstakling sem ekki hefur náð átján ára aldri, nema hann nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur.

2. gr.

1. Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til

adopted by the General Assembly on 20 November 1959 and recognized in the Universal Declaration of Human Rights, in the International Covenant on Civil and Political Rights (in particular in articles 23 and 24), in the International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights (in particular in article 10) and in the statutes and relevant instruments of specialized agencies and international organizations concerned with the welfare of children,

Bearing in mind that, as indicated in the Declaration of the Rights of the Child, "the child, by reason of his physical and mental immaturity, needs special safeguards and care, including appropriate legal protection, before as well as after birth",

Recalling the provisions of the Declaration on Social and Legal Principles relating to the Protection and Welfare of Children, with Special Reference to Foster Placement and Adoption Nationally and Internationally; the United Nations Standard Minimum Rules for the administration of Juvenile Justice (The Bejing Rules); and the Declaration on the Protection of Women and Children in Emergency and Armed Conflict,

Recognizing that, in all countries in the world, there are children living in exceptionally difficult conditions, and that such children need special consideration,

Taking due account of the importance of the traditions and cultural values of each people for the protection and harmonious development of the child,

Recognizing the important of international cooperation for improving the living conditions of children in every country, in particular in the developing countries,

Have agreed as follows:

PART I

Article 1

For the purpose of the present Convention, a child means every human being below the age of eighteen years unless, under the law applicable to the child, majority is attained earlier.

Article 2

1. States Parties shall respect and ensure the rights set forth in the present Convention to each child within their jurisdiction without discrimination of any kind, irrespective of the child's or his or her parent's or legal guardian's race, colour, sex, language, religion, political or other opinion,

þjóðernis, þjóðhátta eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris eða lögráðamanns þess.

2. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að börnum sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þeirra, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra.

3. gr.

1. Það sem börnum er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem þau varða.

2. Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón.

4. gr.

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau, sem viðurkennd eru í samningi þessum, komi til framkvæmda. Hvað efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir skulu aðildarríki gera slíkar ráðstafanir að því marki sem þau framast hafa bolmagn til, og með alþjóðlegri samvinnu þar sem þörf krefur.

5. gr.

Aðildarríki skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra, eða eftir því sem við á þeirra sem tilheyra stórfjölskyldu eða samfélagi samkvæmt staðbundnum venjum, eða lögráðamanna eða annarra sem að lögum eru ábyrgir fyrir barni, til að veita því tilhlýðilega leiðsögn og handleiðslu í samræmi við vaxandi þroska þess er það beitir réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þessum.

national, ethnic or social origin, property, disability, birth or other status.

2. States Parties shall take all appropriate measures to ensure that the child is protected against all forms of discrimination or punishment on the basis of the status, activities, expressed opinions, or beliefs of the child's parents, legal guardians, or family members.

Article 3

1. In all actions concerning children, whether undertaken by public or private social welfare institutions, courts of law, administrative authorities or legislative bodies, the best interests of the child shall be a primary consideration.

2. States Parties undertake to ensure the child such protection and care as is necessary for his or her well being, taking into account the rights and duties of his or her parents, legal guardians, or other individuals legally responsible for him or her, and, to this end, shall take all appropriate legislative and administrative measures.

3. States Parties shall ensure that the institutions, services and facilities responsible for the care or protection of children shall conform with the standards established by competent authorities, particularly in the areas of safety, health, in the number and suitability of their staff, as well as competent supervision.

Article 4

States Parties shall undertake all appropriate legislative, administrative, and other measures for the implementation of the rights recognized in the present Convention. With regard to economic, social and cultural rights, States Parties shall undertake such measures to the maximum extent of their available resources and, where needed, within the framework of international co-operation.

Article 5

States Parties shall respect the responsibilities, rights and duties of parents or, where applicable, the members of the extended family or community as provided for by local custom, legal guardians or other persons legally responsible for the child, to provide, in a manner consistent with the evolving capacities of the child, appropriate direction and guidance in the exercise by the child of the rights recognized in the present Convention.

6. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna að sérhvert barn hefur meðfæddan rétt til lífs.

2. Aðildarríki skulu eftir fremsta megni tryggja að börn megi lifa og þroskast.

7. gr.

1. Barn skal skráð þegar eftir fæðingu, og á það frá fæðingu rétt til nafns, rétt til að öðlast ríkisfang, og eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

2. Aðildarríki skulu tryggja að réttindum þessum sé komið í framkvæmd í samræmi við lög sín og skuldbindingar í viðeigandi alþjóðasamningum á þessu sviði, einkum í þeim tilvikum þegar barn yrði ella ríkisfangslaust.

8. gr.

1. Aðildarríki skuldbinda sig til að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, þar með töldu ríkisfangi sínu, nafni og fjölskyldutengslum eins og viðurkennt er með lögum, án ólögmætra afskipta.

2. Sé barn ólöglega svipt einhverju eða öllu því sem auðkennir það sem einstakling skulu aðildarríkin veita viðeigandi aðstoð og vernd í því skyni að bæta úr því sem fyrst.

9. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja að barn sé ekki skilið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra, nema þegar lögbær stjórnvöld ákveða samkvæmt viðeigandi lögum og reglum um málsmeðferð að aðskilnaður sé nauðsynlegur með tilliti til hagsmuna barnsins enda sé sú ákvörðun háð endurskoðun dómstóla. Slík ákvörðun kann að vera nauðsynleg í ákveðnum tilvikum, svo sem ef barn sætir misnotkun eða er vanrækt af foreldrum sínum, eða þegar foreldrar búa ekki saman og ákveða verður hver skuli vera dvalarstaður þess.

2. Við alla málsmeðferð samkvæmt 1. tl. þessarar greinar skal veita öllum aðilum sem hagsmuna hafa að gæta kost á að taka þátt í málsmeðferð og að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

3. Aðildarríki skulu virða rétt barns sem skilið hefur verið frá foreldri eða foreldrum sínum til að halda persónulegum tengslum og beinu sambandi við þau bæði með reglubundnum hætti, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess.

4. Nú á aðskilnaður rætur að rekja til aðgerða af hálfu aðildarríkis, svo sem varðhalds, fangels-

Article 6

1. States Parties recognize that every child has the inherent right to life.

2. States Parties shall ensure to the maximum extent possible the survival and development of the child.

Article 7

1. The child shall be registered immediately after birth and shall have the right from birth to a name, the right to acquire a nationality and, as far as possible, the right to know and be cared for by his or her parents.

2. States Parties shall ensure the implementation of these rights in accordance with their national law and their obligations under the relevant international instruments in this field, in particular where the child would otherwise be stateless.

Article 8

1. States Parties undertake to respect the right of the child to preserve his or her identity, including nationality, name and family relations as recognized by law without unlawful interference.

2. Where a child is illegally deprived of some or all of the elements of his or her identity, States Parties shall provide appropriate assistance and protection, with a view to speedily re-establishing his or her identity.

Article 9

1. States Parties shall ensure that a child shall not be separated from his or her parents against their will, except when competent authorities subject to judicial review determine, in accordance with applicable law and procedures, that such separation is necessary for the best interests of the child. Such determination may be necessary in a particular case such as one involving abuse or neglect of the child by the parents, or one where the parents are living separately and a decision must be made as to the child's place of residence.

2. In any proceedings pursuant to paragraph 1 of the present article, all interested parties shall be given an opportunity to participate in the proceedings and make their views known.

3. States Parties shall respect the right of the child who is separated from one or both parents to maintain personal relations and direct contact with both parents on a regular basis, except if it is contrary to the child's best interests.

4. Where such separation results from any action initiated by a State Party, such as the deten-

unar, útlegðar, brottvísunar úr landi eða andláts annars hvors foreldranna eða beggja eða barnsins (þar á meðal andláts af hvaða orsök sem er meðan ríkið hafði hinn látna í gæslu), og skal þá aðildarríkið þegar þess er beiðst veita foreldrunum eða barninu, eða öðrum í fjölskyldu þeirra ef við á, nauðsynlega vitneskju um hvar þeir fjölskyldumeðlimir eru niður komnir, sem fjarverandi eru, enda sé það ekki velferð barnsins til skaða að vitneskjan sé látin í té. Aðildarríki skulu ennfremur sjá til þess að það eitt að slík beiðni sé borin fram hafi engar slæmar afleiðingar fyrir það fólk sem í hlut á.

10. gr.

1. Í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt 1. tl. 9. gr. skulu aðildarríki með jákvæðu hugarfari, mannúðlega og með skjótum hætti afgreiða beiðni barns eða foreldris þess um að koma til eða fara frá aðildarríki vegna endurfunda fjölskyldu. Aðildarríki skulu enn fremur sjá til þess að það eitt að slík beiðni sé borin fram hafi engar slæmar afleiðingar í för með sér fyrir beiðendur eða aðra í fjölskyldu þeirra.

2. Barn sem á foreldra búsetta í mismunandi ríkjum á rétt til þess að halda persónulegum tengslum og beinu sambandi við þau bæði með reglubundnum hætti, nema sérstaklega standi á. Í því skyni, og í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt 2. tl. 9. gr., skulu aðildarríki virða rétt barns og foreldra þess til að fara frá hvaða landi sem er, þar á meðal eigin landi, og til að koma til eigin lands. Réttur til að fara frá hvaða landi sem er skal einungis háður þeim takmörkunum sem ákveðnar eru með lögum og nauðsynlegar eru til að gætt sé öryggis þjóðarinnar, allsherjarreglu (*ordre public*), heilbrigðis almennings eða siðgæðis, eða réttar og frelsis annarra, og sem samræmast öðrum réttindum viðurkenndum í samningi þessum.

11. gr.

1. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir gegn því að börn séu ólöglega flutt úr landi og haldið erlendis.

2. Í því skyni skulu aðildarríki stuðla að því að gerðir séu um það tvíhliða eða fjölhliða samningar, eða aðild fengin að samningum sem þegar hafa verið gerðir.

12. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið

tion, imprisonment, exile, deportation or death (including death arising from any cause while the person is in the custody of the State) of one or both parents or of the child, that State Party shall, upon request, provide the parents, the child or, if appropriate, another member of the family with the essential information concerning the whereabouts of the absent member(s) of the family unless the provision of the information would be detrimental to the well-being of the child. States Parties shall further ensure that the submission of such a request shall of itself entail no adverse consequences for the person(s) concerned.

Article 10

1. In accordance with the obligation of States Parties under article 9, paragraph 1, applications by a child or his or her parents to enter or leave a State Party for the purpose of family reunification shall be dealt with by States Parties in a positive, humane and expeditious manner. States Parties shall further ensure that the submission of such a request shall entail no adverse consequences for the applicants and for the members of their family.

2. A child whose parents reside in different States shall have the right to maintain on a regular basis, save in exceptional circumstances personal relations and direct contacts with both parents. Towards that end and in accordance with the obligation of States Parties under article 9, paragraph 2, States Parties shall respect the right of the child and his or her parents to leave any country, including their own, and to enter their own country. The right to leave any country shall be subject only to such restrictions as are prescribed by law and which are necessary to protect the national security, public order (ordre public), public health or morals or the rights and freedoms of others and are consistent with the other rights recognized in the present Convention.

Article 11

1. States Parties shall take measures to combat the illicit transfer and non-return of children abroad.

2. To this end, States Parties shall promote the conclusion of bilateral or multilateral agreements or accession to existing agreements.

Article 12

1. States Parties shall assure to the child who is capable of forming his or her own views the right to express those views freely in all matters affect-

réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

2. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

13. gr.

1. Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.

2. Láta má rétt þennan sæta vissum takmörkunum, en þó aðeins að því marki sem mælt er fyrir í lögum og er nauðsynlegt

a) til þess að virða réttindi eða mannorð annarra, eða

b) til að gæta öryggis þjóðarinnar eða allsherjarreglu (*ordre public*), eða heilbrigðis almennings eða siðgæðis.

14. gr.

1. Aðildarríki skulu virða rétt barna til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar.

2. Aðildarríki skulu virða rétt og skyldur foreldra, og lögráðamanna, eftir því sem við á, til að veita barni leiðsögn við að beita rétti sínum á þann hátt sem samræmist vaxandi þroska þess.

3. Frelsi til að láta í ljós trú eða skoðun skal einungis háð þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í lögum og eru nauðsynlegar til að gæta öryggis almennings, allsherjarreglu, heilsu almennings eða siðgæðis, eða grundvallarréttinda og frelsis annarra.

15. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barna til að mynda félög og koma saman með friðsömum hætti.

2. Þessi réttindi skulu ekki háð öðrum takmörkunum en þeim sem mælt er fyrir um í lögum, og nauðsynlegar eru í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna öryggis þjóðarinnar eða almennings, allsherjarreglu (*ordre public*), verndunar heilbrigðis almennings eða siðgæðis eða verndunar réttinda og frelsis annarra.

ing the child, the views of the child being given due weight in accordance with the age and maturity of the child.

2. For this purpose, the child shall in particular be provided the opportunity to be heard in any judicial and administrative proceedings affecting the child, either directly, or through a representative or an appropriate body, in a manner consistent with the procedural rules of national law.

Article 13

1. The child shall have the right to freedom of expression; this right shall include freedom to seek, receive and impart information and ideas of all kinds, regardless of frontiers, either orally, in writing or in print, in the form of art, or through any other media of the child's choice.

2. The exercise of this right may be subject to certain restrictions, but these shall only be such as are provided by law and are necessary:

(a) For respect of the rights or reputations of others; or

(b) For the protection of national security or of public order (ordre public), or of public health or morals.

Article 14

1. States Parties shall respect the right of the child to freedom of thought, conscience and religion.

2. States Parties shall respect the rights and duties of the parents and, when applicable, legal guardians, to provide direction to the child in the exercise of his or her right in a manner consistent with the evolving capacities of the child.

3. Freedom to manifest one's religion or beliefs may be subject only to such limitations as are prescribed by law and are necessary to protect public safety, order, health or morals, or the fundamental rights and freedoms of others.

Article 15

1. States Parties recognize the rights of the child to freedom of association and to freedom of peaceful assembly.

2. No restrictions may be placed on the exercise of these rights other than those imposed in conformity with the law and which are necessary in a democratic society in the interests of national security or public safety, public order (ordre public), the protection of public health or morals or the protection of the rights and freedoms of others.

16. gr.

1. Eigi má láta barn sæta gerræðislegum eða ólögmætum afskiptum af einkalífi þess, fjölskyldu, heimili eða bréfum, né ólögmætri árás á sæmd þess eða mannorð.

2. Barn á rétt á vernd laganna fyrir slíkum afskiptum og árásum.

Article 16

1. No child shall be subjected to arbitrary or unlawful interference with his or her privacy, family, home or correspondence, nor to unlawful attacks on his or her honour and reputation.

2. The child has the right to the protection of the law against such interference or attacks.

17. gr.

Aðildarríki viðurkenna mikilvægi fjölmiðla, og skulu þau sjá um að börn eigi aðgang að upplýsingum og efni af ýmsum uppruna frá eigin landi og erlendis frá, einkum því sem ætlað er að stuðla að félagslegri, andlegri og siðferðislegri velferð þess, og líkamlegu og geðrænu heilbrigði. Aðildarríki skulu í þessu skyni:

a) Hvetja fjölmiðla til að dreifa upplýsingum og efni sem börn njóta góðs af félagslega og menningarlega og samræmist anda 29. gr.

b) Stuðla að alþjóðlegri samvinnu við undirbúning, skipti og dreifingu á slíkum upplýsingum og efni af fjölbreyttum uppruna, menningarlegum, þjóðlegum og alþjóðlegum.

c) Stuðla að því að barnabækur séu samdar og þeim dreift.

d) Hvetja fjölmiðla til að taka sérstakt tillit til tungumálaþarfa barna sem tilheyra minnihlutahópum eða eru af frumbyggjaættum.

e) Stuðla að því að mótaðar verði viðeigandi leiðbeiningareglur um vernd barna fyrir upplýsingum og efni sem skaðað getur velferð þeirra, með ákvæði 13. og 18. gr. í huga.

Article 17

States Parties recognize the important function performed by the mass media and shall ensure that the child has access to information and material from a diversity of national and international sources, especially those aimed at the promotion of his or her social, spiritual and moral well-being and physical and mental health. To this end, States Parties shall:

(a) Encourage the mass media to disseminate information and material of social and cultural benefit to the child and in accordance with the spirit of article 29;

(b) Encourage international co-operation in the production, exchange and dissemination of such information and material from a diversity of cultural, national and international sources;

(c) Encourage the production and dissemination of children's books;

(d) Encourage the mass media to have particular regard to the linguistic needs of the child who belongs to a minority group or who is indigenous;

(e) Encourage the development of appropriate guidelines for the protection of the child from information and material injurious to his or her well-being, bearing in mind the provisions of articles 13 and 18.

18. gr.

1. Aðildarríki skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar, eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga.

2. Til þess að tryggja og efla réttindi þau sem kveðið er á um í samningi þessum skulu aðildarríki veita foreldrum og lögráðamönnum viðeigandi aðstoð við að rækja uppeldisskyldur sínar og sjá til þess að byggðar séu upp stofnanir og aðstaða og þjónusta veitt til umönnunar barna.

3. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að börn foreldra sem atvinnu

Article 18

1. States Parties shall use their best efforts to ensure recognition of the principle that both parents have common responsibilities for the upbringing and development of the child. Parents or, as the case may be, legal guardians, have the primary responsibility for the upbringing and the development of the child. The best interests of the child will be their basic concern.

2. For the purpose of guaranteeing and promoting the rights set forth in the present Convention, States Parties shall render appropriate assistance to parents and legal guardians in the performance of their child-rearing responsibilities and shall ensure the development of institutions, facilities and services for the care of children.

3. States Parties shall take all appropriate measures to ensure that children of working

stunda fái notið góðs af þjónustu og aðstöðu til umönnunar barna sem þau kunna að eiga rétt á.

19. gr.

1. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda börn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan þau eru í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur barn í umsjá sinni.

2. Eftir því sem við á skulu meðal slíkra verndarráðstafana vera virkar ráðstafanir til að koma á félagslegri þjónustu til að veita barni og þeim sem hafa það í sinni umsjá nauðsynlegan stuðning, og til að koma á öðrum forvörnum, svo og til að greina, tilkynna, vísa áfram, rannsaka, taka til meðferðar og fylgjast með tilfellum er barn hefur sætt illri meðferð svo sem lýst hefur verið, svo og ef við á til að tryggja afskipti dómara.

20. gr.

1. Barn sem tímabundið eða til frambúðar nýtur ekki fjölskyldu sinnar, eða sem með tilliti til þess sem því sjálfu er fyrir bestu er ekki unnt að leyfa að sé lengur innan um fjölskyldu sína, á rétt á sérstakri vernd og aðstoð ríkisvaldsins.

2. Aðildarríki skulu í samræmi við lög sín sjá barni sem þannig er ástatt um fyrir annarri umönnun.

3. Slík umönnun getur meðal annars falist í fóstri, *kafalah* samkvæmt islömskum lögum, ættleiðingu eða, ef nauðsyn krefur, vistun á viðeigandi stofnun sem annast börn. Þegar lausna er leitað skal tekið tilhlýðilegt tillit til þess að æskilegt er að stöðugleiki verði í uppeldi barnsins og til þjóðlegs, trúarlegs og menningarlegs uppruna þess og tungumáls.

21. gr.

Aðildarríki sem viðurkenna og/eða leyfa ættleiðingu skulu tryggja að fyrst og fremst sé litið til þess sem barni er fyrir bestu, og skulu:

a) Sjá til þess að ættleiðing barns sé aðeins heimiluð af þar til bærum stjórnvöldum sem ákveða samkvæmt viðeigandi lögum og reglum um málsmeðferð og á grundvelli viðeigandi og áreiðanlegra upplýsinga að ættleiðing sé leyfileg með hliðsjón af stöðu barnsins gagnvart foreldrum þess, skyldmennum og lögráðamönnum og þeir

parents have the right to benefit from child-care services and facilities for which they are eligible.

Article 19

1. States Parties shall take all appropriate legislative, administrative, social and educational measures to protect the child from all forms of physical or mental violence, injury or abuse, neglect or negligent treatment, maltreatment or exploitation, including sexual abuse, while in the care of parent(s), legal guardian(s) or any other person who has the care of the child.

2. Such protective measures should, as appropriate, include effective procedures for the establishment of social programmes to provide necessary support for the child and for those who have the care of the child, as well as for other forms of prevention and for identification, reporting, referral, investigation, treatment and follow-up of instances of child maltreatment described heretofore, and, as appropriate, for judicial involvement.

Article 20

1. A child temporarily or permanently deprived of his or her family environment, or in whose own best interests cannot be allowed to remain in that environment, shall be entitled to special protection and assistance provided by the State.

2. States Parties shall in accordance with their national laws ensure alternative care for such a child.

3. Such care could include, inter alia, foster placement, kafalah of Islamic law, adoption or if necessary placement in suitable institutions for the care of children. When considering solutions, due regard shall be paid to the desirability of continuity in a child's upbringing and to the child's ethnic, religious, cultural and linguistic background.

Article 21

States parties that recognize and/or permit the system of adoption shall ensure that the best interests of the child shall be the paramount consideration and they shall:

(a) Ensure that the adoption of a child is authorized only by competent authorities who determine, in accordance with applicable law and procedures and on the basis of all pertinent and reliable information, that the adoption is permissable in view of the child's status concerning parents, relatives and legal guardians and that, if

sem í hlut eiga hafi ef þess er krafist veitt samþykki sitt fyrir ættleiðingu, að íhuguðu máli og að fenginni nauðsynlegri ráðgjöf.

b) Viðurkenna að taka megi ættleiðingu milli landa til athugunar sem leið til að sjá barni fyrir umönnun, ef ekki er unnt að koma því í fóstur eða til ættleiðingar eða veita því með einhverjum viðeigandi hætti umönnun í upprunalandi sínu.

c) Sjá til þess að barn sem ættleitt er milli landa njóti sömu verndar og við ættleiðingu innanlands og um það gildi sömu reglur.

d) Gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ættleiðing milli landa hafi ekki í för með sér óeðlilegan fjárgróða fyrir þá sem hlut eiga að henni.

e) Stuðla, þar sem við á, að því að markmiðum greinar þessarar verði náð með því að koma á tvíhliða eða fjölhliða samkomulagi eða tilhögun, og leitast innan þess ramma við að tryggja að þar til bær stjórnvöld eða stofnanir sjái um að koma barni fyrir í öðru landi.

22. gr.

1. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að barn sem sækist eftir réttarstöðu sem flóttamaður, eða sem talið er flóttamaður samkvæmt viðeigandi reglum og starfsháttum þjóðaréttar eða landslaga, fái, hvort sem það er í fylgd foreldra eða annarra eða ekki, viðeigandi vernd og mannúðlega aðstoð við að nýta sér þau réttindi sem við eiga og kveðið er á um í samningi þessum og öðrum alþjóðlegum löggerningum á sviði mannréttinda- eða mannúðarmála sem ríki þau er um ræðir eiga aðild að.

2. Í þessu skyni skulu aðildarríki veita Sameinuðu þjóðunum, svo og öðrum hæfum milliríkjastofnunum eða stofnunum, sem ríki eiga ekki aðild að, er hafa samvinnu við þær, alla þá samvinnu er þau telja að við eigi, í viðleitni þeirra til að vernda og aðstoða börn sem þannig er ástatt um, og við að leita uppi foreldra barns sem er flóttamaður, eða aðra í fjölskyldu þess, til að afla upplýsinga sem þörf er á til að fjölskyldan geti sameinast. Þegar ekki er unnt að hafa uppi á foreldrum eða öðrum í fjölskyldunni skal veita barni sömu vernd og hverju því barni ber sem tímabundið eða til frambúðar nýtur ekki fjölskyldu sinnar, hver sem ástæða þess er, eins og kveðið er á um í samningi þessum.

23. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna að líkamlega eða andlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamrequired, the persons concerned have given their informed consent to the adoption on the basis of such counselling as may be necessary;

(b) Recognize that inter-country adoption may be considered as an alternative means of child's care, if the child cannot be placed in a foster or an adoptive family or cannot in any suitable manner be cared for in the child's country of origin;

(c) Ensure that the child concerned by inter-country adoption enjoys safeguards and standards equivalent to those existing in the case of national adoption;

(d) Take all appropriate measures to ensure that, in inter-country adoption, the placement does not result in improper financial gain for those involved in it;

(e) Promote, where appropriate, the objectives of the present article by concluding bilateral or multilateral arrangements or agreements, and endeavour, within this framework, to ensure that the placement of the child in another country is carried out by competent authorities or organs.

Article 22

1. States Parties shall take appropriate measures to ensure that a child who is seeking refugee status or who is considered a refugee in accordance with applicable international or domestic law and procedures shall, whether unaccompanied or accompanied by his or her parents or by any other person, receive appropriate protection and humanitarian assistance in the enjoyment of applicable rights set forth in the present Convention and in other international human rights or humanitarian instruments to which the said States are Parties.

2. For this purpose, States Parties shall provide, as they consider appropriate, co-operation in any effort by the United Nations and other competent intergovernmental organizations or non-governmental organizations co-operating with the United Nations to protect and assist such a child and to trace the parents or other members of the family of any refugee child in order to obtain information necessary for reunification with his or her family. In cases where no parents or other members of the family can be found, the child shall be accorded the same protection as any other child permanently or temporarily deprived of his or her family environment for any reason, as set forth in the present Convention.

Article 23

1. States Parties recognize that a mentally or physically disabled child should enjoy a full and

legs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg þess og virkri þátttöku í samfélaginu.

2. Aðildarríki viðurkenna rétt fatlaðs barns til sérstakrar umönnunar, og skulu þau stuðla að því og sjá um að barni sem á rétt á því, svo og þeim er hafa á hendi umönnun þess, verði eftir því sem föng eru á veitt sú aðstoð sem sótt er um og hentar barninu og aðstæðum foreldra eða annarra sem annast það.

3. Með tilliti til hinna sérstöku þarfa fatlaða barnsins skal aðstoð samkvæmt 2. tl. þessarar greinar veitt ókeypis þegar unnt er, með hliðsjón af efnahag foreldra eða annarra sem hafa á hendi umönnun þess, og skal hún miðuð við að tryggt sé að fatlaða barnið hafi í raun aðgang að og njóti menntunar, þjálfunar, heilbrigðisþjónustu, endurhæfingar, starfsundirbúnings og möguleika til tómstundaiðju, þannig að stuðlað sé að sem allra mestri félagslegri aðlögun og þroska þess, þar á meðal í menningarlegum og andlegum efnum.

4. Aðildarríki skulu í anda alþjóðlegrar samvinnu stuðla að því að skipst sé á viðeigandi upplýsingum um fyrirbyggjandi heilsugæslu og læknisfræðilega, sálfræðilega og starfræna meðferð fatlaðra barna, þ.á m. með dreifingu á og aðgangi að upplýsingum um endurhæfingaraðferðir, menntun og atvinnuhjálp, er miði að því að gera aðildarríkjum kleift að bæta getu sína og færni og auka reynslu sína að þessu leyti. Hvað þetta snertir skal tekið sérstakt tillit til þarfa þróunarlanda.

24. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barna til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstöðu til læknismeðferðar og endurhæfingar. Aðildarríki skulu kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu.

2. Aðildarríki skulu stefna að því að réttur þessi komist að fullu til framkvæmda, og einkum gera viðeigandi ráðstafanir:

a) Til að draga úr ungbarna- og barnadauða.

b) Til að tryggja öllum börnum nauðsynlega læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu, með áherslu á uppbyggingu heilsugæslu.

decent life, in conditions which ensure dignity, promote self-reliance and facilitate the child's active participation in the community.

2. States Parties recognize the right of the disabled child to special care and shall encourage and ensure the extension, subject to available resources, to the eligible child and those responsible for his or her care, of assistance for which application is made and which is appropriate to the child's condition and to the circumstances of the parents or others caring for the child.

3. Recognizing the special needs of a disabled child, assistance extended in accordance with paragraph 2 of the present article shall be provided free of charge, whenever possible, taking into account the financial resources of the parents or others caring for the child, and shall be designed to ensure that the disabled child has effective access to and receives education, training, health care services, rehabilitation services, preparation for employment and recreation opportunities in a manner conducive to the child's achieving the fullest possible social integration and individual development, including his or her cultural and spiritual development.

4. States Parties shall promote, in the spirit of international co-operation, the exchange of appropriate information in the field of preventive health care and of medical, psychological and functional treatment of disabled children, including dissemination of and access to information concerning methods of rehabilitation, education and vocational services, with the aim of enabling States Parties to improve their capabilities and skills and to widen their experience in these areas. In this regard, particular account shall be taken of the needs of developing countries.

Article 24

1. States Parties recognize the right of the child to the enjoyment of the highest attainable standard of health and to facilities for the treatment of illness and rehabilitation of health. States Parties shall strive to ensure that no child is deprived of his or her right of access to such health services.

2. States Parties shall pursue full implementation of this right and, in particular, shall take appropriate measures:

(a) To diminish infant and child mortality.

(b) To ensure the provision of necessary medical assistance and health care to all children with emphasis on the development of primary health care;

c) Til að berjast gegn sjúkdómum og vannæringu, einnig innan heilsugæslunnar, meðal annars með því að beita þeirri tækniþekkingu sem er auðveldlega tiltæk og með því að útvega nægilega holla fæðu og hreint drykkjarvatn um leið og tekið sé tillit til hættu á umhverfismengun og áhrifa af völdum hennar.

d) Til að tryggja mæðrum viðeigandi heilbrigðisþjónustu fyrir og eftir fæðingu.

e) Til að sjá um að allir þjóðfélagshópar, en einkum foreldrar og börn, fái upplýsingar um og eigi aðgang að fræðslu og séu studdir við að beita lágmarksþekkingu á heilbrigði barna og næringu, kosti brjóstagjafar, hreinlæti, umhverfishreinlæti og slysavörnum.

f) Til að þróa heilsuvernd, leiðbeiningar til foreldra og fræðslu og aðstoð við fjölskylduáætlanir.

3. Aðildarríki skulu gera allar þær ráðstafanir sem vænlegar eru til árangurs og við eiga í því skyni að ryðja úr vegi hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna.

4. Aðildarríki skuldbinda sig til að stuðla að og hvetja til alþjóðasamvinnu er beinist að því að smám saman komi réttur sá sem viðurkenndur er í grein þessari til fullra framkvæmda. Hvað þetta snertir skal tekið sérstakt tillit til þarfa þróunarríkja.

25. gr.

Aðildarríki viðurkenna að börn sem þar til bær stjórnvöld hafa falið öðrum til umönnunar, verndar eða meðferðar vegna líkamlegrar eða andlegrar vanheilsu eigi rétt á að meðferð þeirra og allar aðrar aðstæður sem að vistinni lúta sæti athugun reglulega.

26. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt hvers barns til að njóta félagslegrar aðstoðar, þar með talið almannatrygginga, og skulu þau gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt lögum sínum til að rétti þessum sé komið til fullra framkvæmda.

2. Bætur skulu þar sem við á veittar með hliðsjón af efnum og aðstæðum barns og þeirra sem skyldir eru til að framfæra það, svo og öllu öðru sem snertir umsókn um bætur lagða fram af barninu eða öðrum fyrir þess hönd.

(c) To combat disease and malnutrition, including within the framework of primary health care, through, inter alia, the application of readily available technology and through the provision of adequate nutritious foods and clean drinking-water, taking into consideration the dangers and risks of environmental pollution;

(d) To ensure appropriate pre-natal and post-natal health care for mothers;

(e) To ensure that all segments of society, in particular parents and children, are informed, have access to education and are supported in the use of basic knowledge of child health and nutrition, the advantages of breast-feeding, hygiene and environmental sanitation and the prevention of accidents;

(f) To develop preventive health care, guidance for parents and family planning education and services.

3. States Parties shall take all effective and appropriate measures with a view to abolishing traditional practices prejudicial to the health of children.

4. States Parties undertake to promote and encourage international co-operation with a view to achieving progressively the full realization of the right recognized in the present article. In this regard, particular account shall be taken of the needs of developing countries.

Article 25

States Parties recognize the right of a child who has been placed by the competent authorities for the purposes of care, protection or treatment of his or her physical or mental health, to a periodic review of the treatment provided to the child and all other circumstances relevant to his or her placement.

Article 26

1. States Parties shall recognize for every child the right to benefit from social security, including social insurance, and shall take the necessary measures to achieve the full realization of this right in accordance with their national law.

2. The benefits should, where appropriate, be granted, taking into account the resources and the circumstances of the child and persons having responsibility for the maintenance of the child, as well as any other consideration relevant to an application for benefits made by or on behalf of the child.

27. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt hvers barns til lífsafkomu sem nægir því til að ná líkamlegum, sálrænum, andlegum, siðferðilegum og félagslegum þroska.

2. Foreldrar eða foreldri, eða aðrir sem ábyrgir eru fyrir uppeldi barns, bera höfuðábyrgð á því í samræmi við getu sína og fjárhagsaðstæður að sjá barni fyrir þeim lífsskilyrðum sem eru því nauðsynleg til að komast til þroska.

3. Aðildarríki skulu í samræmi við aðstæður sínar og efni gera viðeigandi ráðstafanir til að veita foreldrum og öðrum sem ábyrgir eru fyrir uppeldi barns aðstoð til að neyta þessa réttar, og skulu þegar þörf krefur láta í té efnislega aðstoð og sjá fyrir stuðningsúrræðum, einkum að því er fæði, klæðnað og húsnæði snertir.

4. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að innheimta framfærslueyri með barninu frá foreldrum eða öðrum sem eru framfærsluskyldir gagnvart barninu, bæði innanlands og frá útlöndum. Einkum skulu þau stuðla að aðild að alþjóðasamningum eða að gerð slíkra samninga svo og gera aðrar ráðstafanir sem við eiga þegar sá sem er framfærsluskyldur gagnvart barni býr í öðru ríki en barnið.

Article 27

1. States Parties recognize the right of every child to a standard of living adequate for the child's physical, mental, spiritual, moral and social development.

2. The parent(s) or others responsible for the child have the primary responsibility to secure, within their abilities and financial capacities, the conditions of living necessary for the child's development.

3. States Parties, in accordance with national conditions and within their means, shall take appropriate measures to assist parents and others responsible for the child to implement this right and shall in case of need provide material assistance and support programmes, particularly with regard to nutrition, clothing and housing.

4. States Parties shall take all appropriate measures to secure the recovery of maintenance for the child from the parents or other persons having financial responsibility for the child, both within the State Party and from abroad. In particular, where the person having financial responsibility for the child lives in a State different from that of the child, States Parties shall promote the accession to international agreements or the conclusion of such agreements, as well as the making of other appropriate arrangements.

28. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar, og til þess að réttur þessi komi smám saman til framkvæmda með þeim hætti að menntunin sé öllum jafnfrjáls skulu þau einkum:

a) Koma á skyldu til grunnmenntunar sem allir geti notið ókeypis.

b) Stuðla að mótun ýmiss konar framhaldsmenntunar, þar á meðal almennrar menntunar og starfsmenntunar, veita öllum börnum kost á að njóta hennar, og gera aðrar ráðstafanir sem við eiga, svo sem með því að veita ókeypis menntun og bjóða fjárhagslega aðstoð þeim sem hennar þurfa með.

c) Veita öllum kost á æðri menntun eftir hæfileikum, með hverjum þeim ráðum sem við eiga.

d) Sjá til þess að upplýsingar og ráðgjöf um nám og starfsval séu fyrir hendi og aðgengilegar öllum börnum.

e) Gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi.

2. Aðildarríki skulu gera allt það sem við á til að tryggja að námsaga sé haldið uppi með hætti sem samræmist mannlegri reisn barnsins og ákvæðum samnings þessa.

Article 28

1. States Parties recognize the right of the child to education, and with a view to achieving this right progressively and on the basis of equal opportunity, they shall, in particular:

(a) Make primary education compulsory and available free to all;

(b) Encourage the development of different forms of secondary education, including general and vocational education, make them available and accessible to every child, and take appropriate measures such as the introduction of free education and offering financial assistance in case of need;

(c) Make higher education accessible to all on the basis of capacity by every appropriate means;

(d) Make educational and vocational information and guidance available and accessible to all children;

(e) Take measures to encourage attendance at schools and the reduction of drop-out rates.

2. States Parties shall take all appropriate measures to ensure that school discipline is administered in a manner consistent with the child's human dignity and in conformity with the present Convention.

3. Aðildarríki skulu stuðla að og hvetja til alþjóðasamvinnu um menntamál, einkum í því skyni að leggja fram skerf til útrýmingar á vanþekkingu og ólæsi hvarvetna í heiminum, og greiða fyrir aðgangi að vísinda- og tækniþekkingu og nútíma kennsluaðferðum. Hvað þetta snertir skal tekið sérstakt tillit til þarfa þróunarríkja.

29. gr.

1. Aðildarríki eru sammála um að menntun barns skuli beinast að því að:

a) Rækta eftir því sem frekast er unnt persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess.

b) Móta með því virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi og grundvallarsjónarmiðum þeim er fram koma í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða.

c) Móta með því virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunnið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs.

d) Undirbúa barn til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðhátta-, þjóðernis- og trúarhópa, og fólks af frumbyggjaættum.

e) Að móta með því virðingu fyrir náttúrlegu umhverfi mannsins.

2. Eigi skal líta svo á að í grein þessari eða í 28. gr. sé fólgin nein íhlutun í rétt manna og hópa til að koma á fót og stjórna menntastofnunum, enda sé ávallt gætt þeirra meginreglna, sem fram koma í 1. tl. þessarar greinar, og lágmarkskrafna sem ríkisvaldið kann að gera til menntunar sem slíkar stofnanir veita.

30. gr.

Í ríkjum þar sem minnihlutahópar hafa myndast vegna sérstakra þjóðhátta, trúarbragða eða tungumála, eða þar sem frumbyggjar eru, skal barni sem heyrir til slíks hóps ekki meinað að njóta eigin menningar, játa og iðka eigin trú, og nota eigið tungumál í samfélagi með öðrum í hópnum.

3. States Parties shall promote and encourage international co-operation in matters relating to education, in particular with a view to contributing to the elimination of ignorance and illiteracy throughout the world and facilitating access to scientific and technical knowledge and modern teaching methods. In this regard, particular account shall be taken of the needs of developing countries.

Article 29

1. States Parties agree that the education of the child shall be directed to:

(a) The development of the child's personality, talents and mental and physical abilities to their fullest potential;

(b) The development of respect for human rights and fundamental freedoms, and for the principles enshrined in the Charter of the United Nations;

(c) The development of respect for the child's parents, his or her own cultural identity, language and values, for the national values of the country in which the child is living, the country from which he or she may originate, and for civilizations different from his or her own;

(d) The preparation of the child for responsible life in a free society, in the spirit of understanding, peace, tolerance, equality of sexes, and friendship among all peoples, ethnic, national and religious groups and persons of indigenous origin;

(e) The development of respect for the natural environment.

2. No part of the present article or article 28 shall be construed so as to interfere with the liberty of individuals and bodies to establish and direct educational institutions, subject always to the observance of the principles set forth in paragraph 1 of the present article and to the requirements that the education given in such institutions shall conform to such minimum standards as may be laid down by the State.

Article 30

In those States in which ethnic, religious or linguistic minorities or persons of indigenous origin exist, a child belonging to such a minority or who is indigenous shall not be denied the right, in community with other members of his or her group, to enjoy his or her own culture, to profess and practise his or her own religion, or to use his or her own language.

31. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómstunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.

2. Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju.

32. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barna til að þau séu vernduð fyrir arðráni og því að inna af hendi nokkra vinnu sem líklegt er að þeim stafi hætta af eða gæti komið niður á námi þeirra eða skaðað heilsu þeirra eða líkamlegan, sálrænan, andlegan, siðferðilegan eða félagslegan þroska.

2. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félagsmála og menntamála til að tryggja framkvæmd þessarar greinar. Í því skyni, og með hliðsjón af viðeigandi ákvæðum annarra löggerninga á sviði þjóðaréttar, skulu aðildarríki einkum:

a) Kveða á um lágmarksaldursmark eða -mörk til ráðningar í starf.

b) Setja viðeigandi reglur um vinnutíma og vinnuskilyrði.

c) Mæla fyrir um viðeigandi refsingar eða önnur viðurlög til að tryggja að ákvæðum greinar þessarar verði framfylgt á virkan hátt.

33. gr.

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félagsmála og menntamála, til verndar börnum gegn ólöglegri notkun ávana- og fíkniefna og skynvilluefna svo sem þau eru skilgreind í alþjóðasamningum sem um þau fjalla, og til að koma í veg fyrir að börn séu notuð við ólöglega framleiðslu slíkra efna og verslun með þau.

34. gr.

Aðildarríki skuldbinda sig til að vernda börn fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi. Í þeim tilgangi skulu þau einkum gera allt sem við á, bæði innanlands og með tvíhliða og fjölhliða ráðstöfunum, til að koma í veg fyrir:

a) Að börn séu talin á eða þvinguð til að taka þátt í hvers konar ólögmætri kynferðislegri háttsemi.

Article 31

1. States Parties recognize the right of the child to rest and leisure, to engage in play and recreational activities appropriate to the age of the child and to participate freely in cultural life and the arts.

2. States Parties shall respect and promote the right of the child to participate fully in cultural and artistic life and shall encourage the provision of appropriate and equal opportunities for cultural, artistic, recreational and leisure activity.

Article 32

1. States Parties recognize the right of the child to be protected from economic exploitation and from performing any work that is likely to be hazardous or to interfere with the child's education, or to be harmful to the child's health or physical, mental, spiritual, moral or social development.

2. States Parties shall take legislative, administrative, social and educational measures to ensure the implementation of the present article. To this end, and having regard to the relevant provisions of other international instruments, States Parties shall in particular:

(a) Provide for a minimum age or minimum ages for admission to employment;

(b) Provide for appropriate regulation of the hours and conditions of employment;

(c) Provide for appropriate penalties or other sanctions to ensure the effective enforcement of the present article.

Article 33

States Parties shall take all appropriate measures, including legislative, administrative, social and educational measures, to protect children from the illicit use of narcotic drugs and psychotropic substances as defined in the relevant international treaties, and to prevent the use of children in the illicit production and trafficking of such substances.

Article 34

States Parties undertake to protect the child from all forms of sexual exploitation and sexual abuse. For these purposes, States Parties shall in particular take all appropriate national, bilateral and multilateral measures to prevent:

(a) The inducement or coercion of a child to engage in any unlawful sexual activity;

b) Að börn séu notuð til vændis eða annarra ólögmætra kynferðisathafna.

c) Að börn séu notuð í klámsýningum eða til að búa til klámefni.

35. gr.

Aðildarríki skulu gera allt sem við á, bæði innanlands og með tvíhliða og fjölhliða ráðstöfunum, til að koma í veg fyrir brottnám barna, sölu á börnum og verslun með börn í hvaða tilgangi sem er, og hvernig sem slíkt á sér stað.

36. gr.

Aðildarríki skulu vernda börn gegn hvers kyns annarri notkun sem á einhvern hátt getur stefnt velferð þeirra í hættu.

37. gr.

Aðildarríki skulu gæta þess að:

a) Ekkert barn sé látið sæta pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Ekki skal leggja dauðarefsingu eða lífstíðarfangelsi án möguleika á lausn við afbrotum sem yngri menn en 18 ára hafa framið.

b) Ekkert barn sé ólöglega eða gerræðislega svipt frelsi sínu. Handtaka, varðhald og fangelsun barns skal eiga sér stað samkvæmt lögum, og skal slíku aðeins beitt sem síðasta úrræði og í skemmsta tíma sem við getur átt.

c) Farið sé mannúðlega með hvert það barn sem svipt er frelsi sínu og af virðingu fyrir meðfæddri göfgi manna og með þeim hætti að tekið sé tillit til þarfa einstaklings á þeim aldri sem um ræðir. Einkum skal halda hverju því barni sem svipt er frelsi sínu aðskildu frá fullorðnum, nema ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki, og á barn rétt á að halda tengslum við fjölskyldu sína með bréfaskriftum og heimsóknum, nema sérstaklega standi á.

d) Hvert það barn sem svipt er frelsi eigi rétt á lögfræðilegri aðstoð og annarri viðeigandi aðstoð, svo og rétt til að vefengja lögmæti frelsissviptingar sinnar fyrir dómstól eða öðru þar til bæru óháðu og óhlutdrægu stjórnvaldi, og til að fá skjótan úrskurð þar um.

38. gr.

1. Aðildarríki skuldbinda sig til að virða og tryggja virðingu fyrir þeim alþjóðlegu mannúðarreglum sem gilda um þau í vopnaátökum og varða börn.

(b) The exploitative use of children in prostitution or other unlawful sexual practices;

(c) The exploitative use of children in pornographic performances and materials.

Article 35

States Parties shall take all appropriate national, bilateral and multilateral measures to prevent the abduction of, the sale of or traffic in children for any purpose or in any form.

Article 36

States Parties shall protect the child against all other forms of exploitation prejudicial to any aspects of the child's welfare.

Article 37

States Parties shall ensure that:

(a) No child shall be subjected to torture or other cruel, inhuman or degrading treatment or punishment. Neither capital punishment nor life imprisonment without possibility of release shall be imposed for offenses committed by persons below eighteen years of age;

(b) No child shall be deprived of his or her liberty unlawfully or arbitrarily. The arrest, detention or imprisonment of a child shall be in conformity with the law and shall be used only as a measure of last resort and for the shortest appropriate period of time;

(c) Every child deprived of liberty shall be treated with humanity and respect for the inherent dignity of the human person, and in a manner which takes into account the needs of persons of his or her age. In particular, every child deprived of liberty shall be separated from adults unless it is considered in the child's best interest not to do so and shall have the right to maintain contact with his or her family through correspondence and visits, save in exceptional circumstances;

(d) Every child deprived of his or her liberty shall have the right to prompt access to legal and other appropriate assistance, as well as the right to challenge the legality of the deprivation of his or her liberty before a court or other competent, independent and impartial authority, and to a prompt decision on any such action.

Article 38

1. States Parties undertake to respect and to ensure respect for rules of international humanitarian law applicable to them in armed conflicts which are relevant to the child.

2. Aðildarríki skulu gera allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja að þeir sem ekki hafa náð fimmtán ára aldri taki ekki beinan þátt í vopnaviðskiptum.

3. Aðildarríki skulu forðast að kalla til herþjónustu þá sem ekki hafa náð fimmtán ára aldri. Við herkvaðningu þeirra sem náð hafa fimmtán ára aldri en ekki hafa náð átján ára aldri skulu aðildarríki leitast við að láta hina elstu ganga fyrir.

4. Í samræmi við skyldur sínar samkvæmt alþjóðlegum mannúðarreglum til að vernda óbreytta borgara í vopnaátökum skulu aðildarríki gera allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja börnum, sem áhrif vopnaátaka ná til, vernd og umönnun.

39. gr.

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að því að börn sem sætt hafa vanrækslu, notkun eða misnotkun af nokkru tagi, pyndingum eða annars konar grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, eða eru fórnarlömb vopnaátaka, hljóti líkamlegan og sálrænan bata og aðlagist samfélaginu á ný. Leita skal bata og aðlögunar í umhverfi sem hlynnir að heilsu, sjálfsvirðingu og göfgi barns.

40. gr.

1. Aðildarríki viðurkenna rétt hvers þess barns, sem er grunað, ásakað eða fundið sekt um brot á refsilögum, til meðferðar sem styrkir vitund þess um eigin göfgi og manngildi, sem treystir virðingu þess fyrir mannréttindum og mannfrelsi annarra, og sem tekur tillit til aldurs barnsins og þess að æskilegt sé að stuðla að aðlögun þess og því að það gegni jákvæðu hlutverki í samfélaginu.

2. Skulu aðildarríki í þessu skyni, og með hliðsjón af viðeigandi ákvæðum alþjóðlegra löggerninga, einkum sjá til þess að:

a) Ekkert barn sé grunað, ásakað eða fundið sekt um brot á refsilögum vegna verknaða eða aðgerðarleysis sem ekki var lagt bann við í landslögum eða að þjóðarétti á þeim tíma er verknaðurinn eða aðgerðarleysið átti sér stað.

b) Hvert það barn sem grunað er eða ásakað um refsilagabrot njóti eftirgreindra lágmarksréttinda:

i) Að vera talið saklaust þar til það er fundið sekt að lögum.

2. States Parties shall take all feasible measures to ensure that persons who have not attained the age of fifteen years do not take a direct part in hostilities.

3. States Parties shall refrain from recruiting any person who has not attained the age of fifteen years into their armed forces. In recruiting among those persons who have attained the age of fifteen years but who have not attained the age of eighteen years, States Parties shall endeavour to give priority to those who are oldest.

4. In accordance with their obligations under international humanitarian law to protect the civilian population in armed conflicts, States Parties shall take all feasible measures to ensure protection and care of children who are affected by an armed conflict.

Article 39

States Parties shall take all appropriate measures to promote physical and psychological recovery and social reintegration of a child victim of: any form of neglect, exploitation, or abuse; torture or any other form of cruel, inhuman or degrading treatment or punishment; or armed conflicts. Such recovery and reintegration shall take place in an environment which fosters the health, self-respect and dignity of the child.

Article 40

1. States Parties recognize the right of every child alleged as, accused of, or recognized as having infringed the penal law to be treated in a manner consistent with the promotion of the child's sense of dignity and worth, which reinforces the child's respect for the human rights and fundamental freedoms of others and which takes into account the child's age and the desirability of promoting the child's reintegration and the child's assuming a constructive role in society.

2. To this end, and having regard to the relevant provisions of international instruments, States Parties shall, in particular, ensure that:

(a) No child shall be alleged as, be accused of, or recognized as having infringed the penal law by reason of acts or omissions that were not prohibited by national or international law at the time they were committed;

(b) Every child alleged as or accused of having infringed the penal law has at least the following guarantees:

(i) To be presumed innocent until proved guilty according to law;

ii) Að fá vitneskju um kærurnar gegn því án tafar og beint, og, ef við á, fyrir milligöngu foreldra sinna eða lögráðamanna og að njóta lögfræðilegrar aðstoðar eða annarrar viðeigandi aðstoðar við undirbúning og framsetningu á vörn sinni.

iii) Að fá gert út um mál sitt án tafar af þar til bæru, óháðu og óhlutdrægu yfirvaldi eða dómstól, við réttláta og lögmælta rannsókn, enda sé til staðar lögfræðileg eða önnur viðeigandi aðstoð, svo og foreldrar þess eða lögráðamenn, nema það sé ekki talið samræmast því sem barninu er fyrir bestu, sérstaklega með tilliti til aldurs eða aðstæðna þess.

iv) Að verða ekki þröngvað til að bera vitni eða játa á sig sök, að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn því, og að vitni þess komi fyrir og séu spurð við sömu aðstæður.

v) Að ákvörðun um að það hafi brotið gegn refsilögum svo og ráðstafanir sem gerðar eru vegna hennar séu endurskoðaðar af æðra þar til bæru óháðu og óhlutdrægu yfirvaldi eða dómstól samkvæmt lögum.

vi) Að fá ókeypis aðstoð túlks ef barnið skilur ekki eða talar ekki mál það sem notað er.

vii) Að friðhelgi einkalífs þess sé virt að fullu á öllum stigum málsmeðferðarinnar.

3. Aðildarríki skulu hvetja til þess að settar séu lagareglur, og reglur um málsmeðferð, skipuð stjórnvöld og settar á fót stofnanir sérstaklega fyrir börn sem eru grunuð, ásökuð eða fundin sek um refsilagabrot, og einkum:

a) Ákveða þann lágmarksaldur, sem börn verða að hafa náð til þess að vera talin sakhæf.

b) Gera, þegar það á við og þykir henta, ráðstafanir til að fara með slík börn án þess að leita til dómstóla, enda sé mannréttinda og lögverndar gætt að fullu.

4. Séð skal til þess að grípa megi til ýmiss konar ráðstafana, svo sem umsjónar, leiðsagnar, eftirlits, ráðgjafar, skilorðs, fósturs, fræðslu- og starfsnámsáætlana og annarra valkosta í stað vistunar á stofnunum, til að tryggja að með börn sé farið á þann hátt sem velferð þeirra hæfir og samræmist bæði aðstæðum þeirra og brotinu.

(ii) To be informed promptly and directly of the charges against him or her, and, if appropriate, through his or her parents or legal guardians, and to have legal or other appropriate assistance in the preparation and presentation of his or her defence;

(iii) To have the matter determined without delay by a competent, independent and impartial authority or judicial body in a fair hearing according to law, in the presence of legal or other appropriate assistance and, unless it is considered not to be in the best interest of the child, in particular, taking into account his or her age or situation, his or her parents or legal guardians;

(iv) Not to be compelled to give testimony or to confess guilt; to examine or have examined adverse witnesses and to obtain the participation and examination of witnesses on his or her behalf under conditions of equality;

(v) If considered to have infringed the penal law, to have this decision and any measures imposed in consequence thereof reviewed by a higher competent, independent and impartial authority or judicial body according to law;

(vi) To have the free assistance of an interpreter if the child cannot understand or speak the language used;

(vii) To have his or her privacy fully respected at all stages of the proceedings.

3. States Parties shall seek to promote the establishment of laws, procedures, authorities and institutions specifically applicable to children alleged as, accused of, or recognized as having infringed the penal law, and, in particular:

(a) The establishment of a minimum age below which children shall be presumed not to have the capacity to infringe the penal law;

(b) Whenever appropriate and desirable, measures for dealing with such children without resorting to judicial proceedings, providing that human rights and legal safeguards are fully respected.

4. A variety of dispositions, such as care, guidance and supervision orders; counselling; probation; foster care; education and vocational training programmes and other alternatives to institutional care shall be available to ensure that children are dealt with in a manner appropriate to their well-being and proportionate both to their circumstances and the offence.

41. gr.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á reglur sem stuðla frekar að því að réttindi barna komist til framkvæmda og vera kunna í

a) lögum aðildarríkis, eða
b) alþjóðalögum sem í gildi eru gagnvart því ríki.

II. HLUTI

42. gr.

Aðildarríki skuldbinda sig til að kynna meginreglur og ákvæði samnings þessa víða með viðeigandi og virkum hætti, jafnt börnum og fullorðnum.

43. gr.

1. Til þess að kanna hvernig aðildarríkjum miðar við að koma í framkvæmd þeim skuldbindingum sem þau taka á sig með samningi þessum skal setja á stofn nefnd um réttindi barna, er fer með þau verkefni sem hér á eftir segir.

2. Í nefndinni skulu eiga sæti tíu sérfræðingar sem séu vammlausir og viðurkenndir fyrir hæfni á því sviði sem samningur þessi tekur til. Nefndarmenn skulu valdir af aðildarríkjum úr hópi ríkisborgara þeirra og starfa sem einstaklingar, en taka skal tillit til þess að landfræðileg dreifing sé sanngjörn, svo og til helstu réttarkerfa.

3. Nefndarmenn skulu kjörnir leynilegri kosningu af skrá um menn sem aðildarríki hafa tilnefnt. Hvert aðildarríki getur tilnefnt einn mann úr hópi eigin ríkisborgara.

4. Fyrsta kosning nefndarmanna skal fara fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að samningur þessi öðlast gildi, og síðan annað hvert ár. Eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir hvern kjördag skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna senda aðildarríkjum bréf, og bjóða þeim að leggja fram tilnefningar sínar innan tveggja mánaða. Skal aðalframkvæmdastjóri síðan gera skrá í stafrófsröð um þá sem tilnefndir hafa verið, þar sem getið sé aðildarríkis þess sem tilnefndi, og leggja hana fyrir aðildarríkin.

5. Kosning skal fara fram á fundum aðildarríkja, sem aðalframkvæmdastjóri kallar saman í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Á fundunum, sem eru lögmætir ef tveir þriðju aðildarríkjanna sækja þá, skulu þeir teljast kosnir til nefndarinnar

Article 41

Nothing in the present Convention shall affect any provisions which are more conducive to the realization of the rights of the child and which may be contained in:

(a) The law of a State Party; or
(b) International law in force for that State.

PART II

Article 42

States Parties undertake to make the principles and provisions of the Convention widely known, by appropriate and active means, to adults and children alike.

Article 43

1. For the purpose of examining the progress made by States Parties in achieving the realization of the obligations undertaken in the present Convention, there shall be established a Committee on the Rights of the Child, which shall carry out the functions hereinafter provided.

2. The Committee shall consist of ten experts of high moral standing and recognized competence in the field covered by this Convention. The members of the Committee shall be elected by States Parties from among their nationals and shall serve in their personal capacity, consideration being given to equitable geographical distribution, as well as to the principal legal systems.

3. The members of the Committee shall be elected by secret ballot from a list of persons nominated by States Parties. Each State Party may nominate one person from among its own nationals.

4. The initial election to the Committee shall be held no later than six months after the date of the entry into force of the present Convention and thereafter every second year. At least four months before the date of each election, the Secretary-General of the United Nations shall address a latter to States Parties inviting them to submit their nominations within two months. The Secretary-General shall subsequently prepare a list in alphabetical order of all persons thus nominated, indicating States Parties which have nominated them, and shall submit it to the States Parties to the present Convention.

5. The election shall be held at meetings of States Parties convened by the Secretary-General at United Nations Headquarters. At those meetings, for which two thirds of States Parties shall constitute a quorum, the persons elected to the

sem fá flest atkvæði og hreinan meiri hluta atkvæða fulltrúa aðildarríkja sem viðstaddir eru og greiða atkvæði.

6. Kjörtímabil nefndarmanna er fjögur ár. Þá má endurkjósa ef þeir eru tilnefndir að nýju. Kjörtímabil fimm þeirra nefndarmanna sem kosnir eru í fyrstu kosningu rennur út að liðnum tveimur árum, og skal fundarstjóri velja nöfn þeirra með hlutkesti þegar er fyrsta kosning hefur farið fram.

7. Nú deyr nefndarmaður eða segir af sér, eða lýsir því yfir að hann geti ekki lengur sinnt nefndarstörfum af einhverjum öðrum ástæðum, og skal þá aðildarríki það sem tilnefndi hann tilnefna annan nefndarmann úr hópi ríkisborgara sinna er gegni störfum það sem eftir lifir kjörtímabilsins, enda samþykki nefndin það.

8. Nefndin setur sér sjálf starfsreglur.

9. Nefndin kýs embættismenn sína til tveggja ára.

10. Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna, eða á öðrum hentugum fundarstað að ákvörðun nefndarinnar. Nefndin skal yfirleitt koma saman árlega. Á fundi aðildarríkja að samningi þessum skal ákveðið, og endurmetið ef þörf krefur, hve lengi fundir nefndarinnar skuli standa að áskildu samþykki allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

11. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal sjá fyrir nauðsynlegu starfsliði og aðstöðu til þess að nefndin geti rækt starf sitt á fullnægjandi hátt samkvæmt samningi þessum.

12. Þeir sem sæti eiga í nefnd þeirri sem stofnuð er samkvæmt samningi þessum skulu, með samþykki allsherjarþingsins, fá þóknun úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna, og með þeim skilmálum og skilyrðum sem þingið kann að ákveða.

Committee shall be those who obtain the largest number of votes and an absolute majority of the votes of the representatives of States Parties present and voting.

6. The members of the Committee shall be elected for a term of four years. They shall be eligible for re-election if renominated. The term of five of the members elected at the first election shall expire at the end of two years; immediately after the first election, the names of these five members shall be chosen by lot by the Chairman of the meeting.

7. If a member of the Committee dies or resigns or declares that for any other cause he or she can no longer perform the duties of the Committee, the State Party which nominated the member shall appoint another expert from among its nationals to serve for the remainder of the term, subject to the approval of the Committee.

8. The Committee shall establish its own rules of procedure.

9. The Committee shall elect its officers for a period of two years.

10. The meetings of the Committee shall normally be held at United Nations Headquarters or at any other convenient place as determined by the Committee. The Committee shall normally meet annually. The duration of the meetings of the Committee shall be determined, and reviewed, if necessary, by a meeting of the States Parties to the present Convention, subject to the approval of the General Assembly.

11. The Secretary-General of the United Nations shall provide the necessary staff and facilities for the effective performance of the functions of the Committee under the present Convention.

12. With the approval of the General Assembly, the members of the Committee established under the present Convention shall receive emoluments from United Nations resources on such terms and conditions as the Assembly may decide.

44. gr.

1. Aðildarríki skuldbinda sig til að láta nefndinni í té fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skýrslur um það sem þau hafa gert til að koma í framkvæmd réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þessum, og um hvernig miðað hefur í beitingu þeirra:

a) innan tveggja ára frá því er samningur þessi hefur öðlast gildi gagnvart aðildarríki því sem í hlut á,

b) og síðan á fimm ára fresti.

Article 44

1. States Parties undertake to submit to the Committee, through the Secretary-General of the United Nations, reports on the measures they have adopted which give effect to the rights recognized herein and on the progress made on the enjoyment of those rights:

(a) Within two years of the entry into force of the Convention for the State Party concerned;

(b) Thereafter every five years.

2. Í skýrslum sem gerðar eru samkvæmt þessari grein skal bent á þá þætti og þau vandkvæði, ef um það er að ræða, sem áhrif kunna að hafa á að hve miklu leyti tekist hefur að fullnægja þeim skuldbindingum sem kveðið er á um í samningi þessum. Í skýrslunum skulu einnig koma fram upplýsingar er nægja til að veita nefndinni gagngera yfirsýn yfir framkvæmd samningsins í viðkomandi landi.

3. Samningsríki, sem lagt hefur fyrir nefndina í upphafi alhliða skýrslu, þarf ekki í síðari skýrslum sínum til nefndarinnar samkvæmt b-lið 1. tl. þessarar greinar að endurtaka grundvallarupplýsingar sem veittar hafa verið áður.

4. Nefndin getur óskað frekari upplýsinga frá aðildarríkjum sem skipta máli fyrir framkvæmd samningsins.

5. Nefndin skal fyrir milligöngu efnahags- og félagsmálaráðs leggja skýrslu um störf sín fyrir allsherjarþingið á tveggja ára fresti.

6. Hvert aðildarríki skal sjá um að skýrslur þess séu auðveldlega tiltækar almenningi í landi sínu.

45. gr.

Til að hlynna að virkri framkvæmd samnings þessa og stuðla að alþjóðlegri samvinnu á gildissviði hans:

a) Eiga sérstofnanirnar, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna rétt á fyrirsvari þegar fjallað er um framkvæmd þeirra reglna samningsins sem skyldur þeirra varða. Nefndin getur boðið sérstofnununum, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og öðrum þar til hæfum stofnunum að veita sérfræðilega ráðgjöf um framkvæmd samningsins á þeim sviðum sem varða skyldur hverrar stofnunar um sig, eins og hún telur henta. Nefndin getur boðið sérstofnununum, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna að leggja fram skýrslur um framkvæmd samningsins á þeim sviðum sem falla innan starfssviðs þeirra.

b) Skal nefndin eins og hún telur henta senda sérstofnununum, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og öðrum hæfum stofnunum skýrslur aðildarríkja þar sem beiðni er borin fram um tæknilega aðstoð eða aðra hjálp, eða þar sem fram kemur að slíks sé þörf, ásamt athugasemdum og tillögum nefndarinnar varðandi slíka beiðni eða ábendingu, ef við á.

c) Getur nefndin mælst til þess við allsherjarþingið að það fari fram á við aðalframkvæmda-

2. Reports made under the present article shall indicate factors and difficulties, if any, affecting the degree of fulfilment of the obligations under the present Convention. Reports shall also contain sufficient information to provide the Committee with a comprehensive understanding of the implementation of the Convention in the country concerned.

3. A State Party which has submitted a comprehensive initial report to the Committee need not, in its subsequent reports submitted in accordance with paragraph 1 (b) of the present article, repeat basic information previously provided.

4. The Committee may request from States Parties further information relevant to the implementation of the Convention.

5. The Committee shall submit to the General Assembly, through the Economic and Social Council, every two years, reports on its activities.

6. States Parties shall make their reports widely available to the public in their own countries.

Article 45

In order to foster the effective implementation of the Convention and to encourage international co-operation in the field covered by the Convention:

(a) The specialized agencies, the United Nations Children's Fund, and other United Nations organs shall be entitled to be represented at the consideration of the implementation of such provisions of the present Convention as fall within the scope of their mandate. The Committee may invite the specialized agencies, the United Nations Children's Fund and other competent bodies as it may consider appropriate to provide expert advice on the implementation of the Convention in areas falling within the scope of their respective mandates. The Committee may invite the specialized agencies, the United Nations Children's Fund, and other United Nations organs to submit reports on the implementation of the Convention in areas falling within the scope of their activities;

(b) The Committee shall transmit, as it may consider appropriate, to the specialized agencies, the United Nations Children's Fund and other competent bodies, any reports from States Parties that contain a request, or indicate a need, for technical advice or assistance, along with the Committee's observations and suggestions, if any, on these requests or indications;

(c) The Committee may recommend to the General Assembly to request the Secretary-Gen-

stjóra að hann geri fyrir hönd nefndarinnar athuganir á tilgreindum álitaefnum sem réttindi barna varða.

d) Getur nefndin lagt fram tillögur og almenn tilmæli er byggjast á vitneskju sem henni hefur borist samkvæmt 44. og 45. gr. samnings þessa. Slíkar tillögur og almenn tilmæli skulu send hverju því aðildarríki sem málið varðar, og skal allsherjarþinginu skýrt frá þeim og athugasemdir aðildarríkja látnar fylgja, ef um þær er að ræða.

III. HLUTI

46. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja.

47. gr.

Samningur þessi er háður fullgildingu. Fullgildingarskjölum skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

48. gr.

Öllum ríkjum skal heimilt að gerast aðilar að samningi þessum. Aðildarskjölum skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

49. gr.

1. Samningur þessi gengur í gildi á þrítugasta degi eftir að tuttugasta fullgildingar- eða aðildarskjalinu hefur verið komið til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

2. Gagnvart sérhverju ríki sem fullgildir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta fullgildingar- eða aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu skal hann öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að fullgildingar- eða aðildarskjali þess hefur verið komið í vörslu.

50. gr.

1. Sérhvert aðildarríki má bera fram breytingartillögu og fá hana skráða hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal síðan senda hana aðildarríkjum, ásamt tilmælum um að þau tilkynni hvort þau séu því hlynnt að haldin verði ráðstefna aðildarríkja til þess að athuga tillögurnar og greiða atkvæði um þær. Ef að minnsta kosti einn þriðji aðildarríkjanna er hlynntur slíkri ráðstefnu innan fjögurra mánaða frá því er tilmælin eru borin fram skal aðalframkvæmdastjórinn boða til hennar á vegum Sameinuðu þjóðanna. Sérhver breytingartillaga,

eral to undertake on its behalf studies on specific issues relating to the rights of the child;

(d) The Committee may make suggestions and general recommendations based on information received pursuant to articles 44 and 45 of the present Convention. Such suggestions and general recommendations shall be transmitted to any State Party concerned and reported to the General Assembly, together with comments, if any, from States Parties.

PART III

Article 46

The present Convention shall be open for signature by all States.

Article 47

The present Convention is subject to ratification. Instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 48

The present Convention shall remain open for accession by any State. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 49

1. The present Convention shall enter into force on the thirtieth day following the date of deposit with the Secretary-General of the United Nations of the twentieth instrument of ratification or accession.

2. For each State ratifying or acceding to the Convention after the deposit of the twentieth instrument of ratification or accession, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after the deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

Article 50

1. Any State Party may propose an amendment and file it with the Secretary-General of the United Nations. The Secretary-General shall thereupon communicate the proposed amendment to States Parties, with a request that they indicate whether they favour a conference of States Parties for the purpose of considering and voting upon the proposals. In the event that, within four months from the date of such communication, at least one third of the States Parties favour such a conference, the Secretary-General shall convene the conference under the auspices of

sem samþykkt er af meiri hluta þeirra aðildarríkja sem ráðstefnuna sækja og atkvæði greiða, skal lögð fyrir allsherjarþingið til samþykktar.

2. Breytingartillaga, sem samþykkt er samkvæmt 1. tl. þessarar greinar, skal öðlast gildi þegar allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt hana og hún hefur verið staðfest af tveimur þriðju hluta aðildarríkjanna.

3. Þegar breytingartillaga öðlast gildi er hún bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana, en önnur aðildarríki skulu áfram bundin af samningi þessum og fyrri breytingum sem þau hafa samþykkt.

51. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal taka við og framsenda öllum ríkjum texta þeirra fyrirvara sem ríki gera er þau fullgilda samninginn eða gerast aðilar að honum.

2. Ekki er heimilt að gera fyrirvara sem ósamrýmanlegur er markmiðum og tilgangi samnings þessa.

3. Fyrirvara má afturkalla hvenær sem er með tilkynningu um það til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem síðan skýrir öllum ríkjum frá því. Tilkynningin öðlast gildi á þeim degi er aðalframkvæmdastjóri tekur við henni.

52. gr.

Aðildarríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögn öðlast gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjóri tekur við tilkynningunni.

53. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna er tilnefndur vörsluaðili samnings þessa.

54. gr.

Frumrit samnings þessa, en arabískur, enskur, franskur, kínverskur, rússneskur og spánskur texti hans eru jafngildir, skal komið til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

the United Nations. Any amendment adopted by a majority of States Parties present and voting at the conference shall be submitted to the General Assembly for approval.

2. An amendment adopted in accordance with paragraph 1 of the present article shall enter into force when it has been approved by the General Assembly of the United Nations and accepted by a two-thirds majority of States Parties.

3. When an amendment enters into force, it shall be binding on those States Parties which have accepted it, other States Parties still being bound by the provisions of the present Convention and any earlier amendments which they have accepted.

Article 51

1. The Secretary-General of the United Nations shall receive and circulate to all States the text of reservations made by States at the time of ratification or accession.

2. A reservation incompatible with the object and purpose of the present Convention shall not be permitted.

3. Reservations may be withdrawn at any time by notification to that effect addressed to the Secretary-General of the United Nations, who shall then inform all States. Such notification shall take effect on the date on which it is received by the Secretary-General.

Article 52

A State Party may denounce the present Convention by written notification to the Secretary-General of the United Nations. Denunciation becomes effective one year after the date of receipt of the notification by the Secretary-General.

Article 53

The Secretary-General of the United Nations is designated as the depositary of the present Convention.

Article 54

The original of the present Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

In witness whereof the undersigned plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed the present Convention.

829. Breytingartillögur [203. mál]

við frv. til l. um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Náttúrufræðistofnun Íslands er í eigu íslenska ríkisins.
   Stofnunin samanstendur af tveimur setrum sem hvort um sig hefur sjálfstæðan fjárhag. Setrin skulu vera á Akureyri og í Reykjavík.
2. Við 4. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Ráðherra skipar fimm manna stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands til fjögurra ára í senn. Fastráðnir starfsmenn hvors seturs Náttúrufræðistofnunar tilnefna einn mann í stjórn og forstöðumenn náttúrustofa með ríkisaðild einn sameiginlega. Ráðherra skipar formann og varaformann án tilnefningar.
   b. 3. mgr. 4. gr. fellur brott.
3. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
   Unnið skal að því í samvinnu við heimamenn að koma á fót náttúrustofu á Austurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1994 og Suðurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1995.

830. Fyrirspurn [514. mál]

til umhverfisráðherra um El Grillo.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða ráðstafanir verða gerðar af stjórnvalda hálfu til að koma í veg fyrir olíumengun frá birgðaskipinu El Grillo sem legið hefur á botni Seyðisfjarðar frá árinu 1944?
2. Hvenær má vænta aðgerða í þessu máli og hvað er talið að þær kosti mikið?
3. Hverjir eru ábyrgir fyrir greiðslu kostnaðar við að koma í veg fyrir olíumengun og við að fjarlægja skipsflakið?

Skriflegt svar óskast.

831. Svar [474. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Friðgeirsdóttur um Verðlagsstofnun.

1. *Hve mörg störf er ætlunin að leggja niður hjá Verðlagsstofnun á þessu ári og hvenær?*

Í lok síðasta árs voru lögð niður fimm störf hjá stofnuninni og tók fækkunin gildi í byrjun þessa árs. Ráðgerð er frekari fækkun starfa hjá stofnuninni með því að ráða ekki í stöður sem losna vegna uppsagna og þess að starfsmenn fara á eftirlaun.

2. *Hvernig skiptust stöðugildi Verðlagsstofnunar milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar á síðasta ári og hvernig munu stöðugildin skiptast á þessu ári?*

Árið 1991 voru 4,5 störf á landsbyggðinni en 29 á höfuðborgarsvæðinu. Nú eru 3 störf á landsbyggðinni og 25,5 störf á höfuðborgarsvæðinu. Fækkun nemur þannig fimm stöðugildum eins og áður segir.

3. *Hvaða stöðugildi verða lögð niður?*

Vísað er til svars við 1. spurningu. Ráðgerð er frekari fækkun starfa sem nemur þremur stöðugildum, en ekki liggur fyrir ákvörðun um hvaða störf það verða.

4. *Hvernig er áformað að herða samkeppniseftirlit á þessu ári?*

Samkeppniseftirlit hefur verið hert með því að breyta áherslum í starfi Verðlagsstofnunar. Samið hefur verið frumvarp til samkeppnislaga sem ef að lögum verður mun gefa aukna möguleika á því að bæta mjög eftirlit með virkri samkeppni og fylgja eftir almennum leikreglum sem settar verða á því sviði.

832. Breytingartillaga [140. mál]

við frv. til l. um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Frá Svavari Gestssyni.

Við 3. mgr. 5. gr. bætist nýr málsliður er hljóði svo: Enn fremur skal starfsmenntaráð hafa formlegt samráð við menntamálaráðuneytið, m.a. til að ráðuneytið geti tekið rökstudda ákvörðun, sbr. 15. gr.

833. Breytingartillögur [72. mál]

við frv. til barnalaga.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Við 32. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Foreldrar skulu að jafnaði semja svo um að forsjá barns verði hjá öðru foreldrinu. Náist ekki samkomulag um forsjá barnsins sker dómstóll úr ágreiningsmálinu, sbr. 4. mgr. 33. gr. og 1. mgr. 34. gr.
2. Við 33. gr.
   a. 1. mgr. falli brott.
   b. Orðin „eða að samningur um sameiginlega forsjá falli niður og forsjá verði í höndum annars foreldris“ í 2. mgr. falli brott.
   c. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.

834. Fyrirspurn [515. mál]

til samgönguráðherra um áhrif aðildar að Evrópsku efnahagssvæði á þróun fjarskiptamála og rekstur Pósts og síma.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvaða áhrif hefði aðild Íslendinga að samningum um Evrópskt efnahagssvæði á einkarétt ríkisins (Pósts og síma) á sviði fjarskipta og gagnaflutninga?
2. Hafa líkleg áhrif þessara breytinga á rekstrarafkomu Pósts og síma verið metin og ef svo er, hver eru þau?
3. Að hve miklu leyti mundu ákvæði samningsins hindra möguleika á að jafna símakostnað og annan fjarskiptakostnað landsmanna?
4. Hvaða almenn áhrif er talið að ákvæði samningsins hefðu á þróun fjarskiptamála hérlendis?

Skriflegt svar óskast.

835. Fyrirspurn [516. mál]

til iðnaðarráðherra um ábyrgð verktaka.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Er þess að vænta að ríkisstjórnin láti semja frumvarp til laga um ábyrgð verktaka?
2. Hver yrðu grundvallaratriði slíks frumvarps?
3. Hverjir munu semja drög að því frumvarpi ef samið yrði á vegum ríkisstjórnarinnar?
4. Hvenær telur ríkisstjórnin unnt að leggja slíkt frumvarp fram?

836. Breytingartillögur [58. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, og við brtt. á þskj. 827.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (AÓB).

1. Við brtt. á þskj. 827. Í stað orðanna „manns“ og „hann“ í 3. tölul. komi: manneskju og hún í viðeigandi beygingarföllum.
2. Við brtt. á þskj. 827. Í stað orðanna „mann“, „hann“ og „maðurinn“ í 5. tölul. komi: manneskju, hún og manneskjan.
3. Við 8. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðunum „annan niðja“ í 1. efnismgr. komi: systkini sitt eða systkinabarn.
   b. Á eftir orðunum „öðrum niðja“ í 2. efnismgr. komi: systkini sínu eða systkinabarni.
   c. 3. efnismgr. falli brott.

4. Við 13. gr. 1. efnismgr. orðist svo:
   Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

837. Svar [332. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um niðurskurð á þjónustu í grunnskólum og framhaldsskólum skólaárið 1992–1993 og um áætlanir um að koma á einsetnum skóla.

1. Hvernig verður niðurskurði hagað í grunnskólum og framhaldsskólum skólaárið 1992–1993 í öllum fræðsluumdæmum?

Menntamálaráðuneytinu er gert að ná fram 180 millj. kr. sparnaði í grunnskólum á árinu 1992. Til þess að ná sparnaðinum fram hefur verið rætt um tvær leiðir og er fengin heimild fyrir því að fara þær í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, 3. gr. Annars vegar að fækka bekkjardeildum/námshópum, sbr. 3. gr., með fjölgun nemenda um allt að tveimur í bekk. Heimild þessi er veitt fræðslustjórum. Hins vegar að fækka kennslustundum.

Eftir að fræðslustjórar höfðu kannað hvernig hægt væri að koma við hagræðingu í hverju fræðsluumdæmi og hversu margar bekkjardeildir yrðu væntanlega í grunnskólum næsta haust var ljóst að ná þyrfti fram meiri sparnaði með fækkun vikustunda. Ákveðið hefur verið að fækkað verði um eina vikustund í 4. og 5. bekk og tvær vikustundir í 6.–10. bekk eða alls um tólf vikustundir. Ný viðmiðunarstundaskrá hefur verið gefin út samkvæmt þessu.

Varðandi framhaldsskólann þá skipaði menntamálaráðherra nefnd í byrjun janúar til þess að gera tillögur um hagræðingu í framhaldsskólum. Nefndin skilaði tillögum sínum til ráðherra í byrjun mars. Meðal þeirra ábendinga, sem nefndin setur fram um hagræðingu, má nefna:

— Aukin verkaskipting á milli skóla. Fámennar námsbrautir verði ekki í boði á fleiri stöðum en svo að hægt sé að ná fram heppilegri stærð námshópa. Komið verði upp „móðurskólum“ fyrir einstakar námsgreinar og námsgreinaflokka.
— Sameining og samstarf skóla. Tekið verði upp náið samstarf skóla þar sem því verður við komið, einkum hvað varðar innritun og námsframboð.
— Fækkun kennslustunda í námsáföngum og greinum. Leitast verði við að fækka kennslustundum í þeim námsáföngum þar sem því verður við komið. Innihald áfanga verði óbreytt en gerðar meiri kröfur um heimavinnu nemenda.
— Fækkun kennslustunda á námsbrautum. Kannað verði hvort ekki megi fækka kennslustundum á brautum, t.d. með því að samræma inntak skyldra áfanga og fækka þannig kenndum áföngum.
— Fækkun námsbrauta. Athugandi er hvort ekki sé hægt að fella niður starfsemi fámennra brauta tímabundið vegna minnkandi fjárframlaga.

Lögð er áhersla á að það verði stjórnendur hvers skóla sem sjálfir velji þær sparnaðarleiðir sem þeir telja að komi best að notum í sínum skóla og raski skólastarfinu sem minnst.

2. *Hvenær má ætla að ákvæði núgildandi grunnskólalaga um einsetinn grunnskóla komi til framkvæmda?*

Menntamálaráðherra hefur nýlega skipað nefnd sem ætlað er að skila drögum að frumvörpum um grunnskóla og framhaldsskóla fyrir 1. sept. nk. Meðal þess sem nefndinni er sérstaklega ætlað að fjalla um er samfelldur skóladagur og einsetinn grunnskóli. Nefndin er m.a. beðin að meta hvort hægt er að nálgast markmið um einsetinn grunnskóla og samfelldan skóladag með því að lengja árlegan skólatíma en fækka kennsluárum.

838. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar styður frumvarp um breytingar á almennum hegningarlögum og telur það bæði brýnt og tímabært. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið var aðdragandi að samningu þess samþykkt þingsályktunartillögu þingkvenna Kvennalistans um að setja á stofn nefnd er kannaði hvernig háttað væri rannsókn og meðferð nauðgunarmála og gerði tillögur um úrbætur í þeim efnum. Nefnd var skipuð 12. júlí 1984 og skilaði hún áliti í skýrsluformi í nóvember 1988. Það var gefið út á vegum dómsmálaráðuneytisins árið 1989. Meðal þess sem nefndin lagði til var að gerðar yrðu veigamiklar breytingar á gildandi hegningarlögum. Nefndin lagði fram tillögur um slíkar breytingar. Í þessu frumvarpi er farið að tillögum nefndarinnar að verulegu leyti að því er varðar þá kafla sem nefndin fjallaði um. Tekið er upp heitið: kynferðisbrot í stað orðsins „skírlífisbrot“. Ákvæði, sem áður voru bundin við annað kynið, ná nú til beggja kynja. Nýjar skilgreiningar eru á samræði í samræmi við tillögur nefndarinnar og „önnur kynferðismök“ samkvæmt skilgreiningu í 202. gr. hegningarlaga eru lögð að jöfnu við samræði. Einnig eru í frumvarpinu ákvæði um ýmiss konar aðra kynferðislega áreitni, svo sem káf, þukl o.fl.

Í umfjöllun nefndarinnar voru gerðar á því allnokkrar efnisbreytingar og eru þær allar mjög til bóta. Í viðbót við breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar leggur minni hlutinn til nokkrar breytingar og er þær að finna á sérstöku þingskjali.

Minni hlutinn fagnar því að horfið hefur verið frá því að milda refsingar og afnema refsilágmark fyrir alvarleg kynferðisbrot, svo sem nauðgun. Minni hlutinn fagnar einnig þeim breytingum sem gerðar eru á 9. gr. frumvarpsins þar sem viðurkennt er að kjörbörn, stjúpbörn, fósturbörn, sambúðarbörn og ungmenni í fóstri til kennslu og uppeldis njóta sömu réttarverndar gagnvart uppalendum sínum og börn sem alast upp hjá kynforeldrum. Sú réttarbót er einnig í breytingartillögunum að þeir sem eru í hjónabandi og óvígðri sambúð njóta einnig verndar skv. 4. gr. Í þeirri grein er það gert refsivert að notfæra sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manneskju til að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök. Minni hlutinn telur það mikilvæg mannréttindi allra að vera varðir fyrir slíkri misnotkun án tillits til þess hvort þeir eru í sambúð eða ekki. Einnig styður minni hlutinn það að bætt var inn í 6. gr. frumvarpsins ítarlegri ákvæðum um að refsivert sé að misnota aðstöðu sína gagnvart skjólstæðingi í trúnaðarsambandi. Bætt var inn í 4. gr. ákvæðum um að kynferðisleg áreitni sé gerð refsiverð. Styður minni hlutinn þá nýjung heils hugar og telur hana mjög til bóta.

Minni hlutinn telur að allsherjarnefnd hafi unnið vel í málinu og tekið ábyrga afstöðu til flestra ábendinga um það sem betur mátti fara.

Minni hlutinn styður þó ekki þær breytingartillögur sem lúta að orðalagi frumvarpsins, þ.e. að í stað orðsins „manneskja“ komi: maður og aðrar breytingar sem af því leiðir. Enda þótt orðið „maður“ sé oft notað bæði um karla og konur er rík hefð fyrir því í íslensku að orðið maður eigi aðeins við um karlmenn. Nægir þar að nefna þá málvenju að tala um „manninn hennar Jónu“ og dettur víst fáum í hug að sá maður heiti Guðrún. Einnig er rétt að benda á eina þekktustu skáldsögu á íslenskri tungu, en hún ber nafnið „Maður og kona“ og blandast engum hugur um hvers kyns sá maður er. Til eru ýmsar leiðir til að sneiða hjá slíkum misskilningi, t.d. að segja „karl og kona“ í stað orðsins „maður“ eða fara leið nefndarinnar, sem samdi frumvarpið sem hér um ræðir, að nota orðið „manneskja“ í stað orðsins „maður“.

Minni hlutinn er fullkomlega sáttur við þá lausn og telur breytingarnar óþarfar og óheppilegar. Auk þess má benda á að meira jafnvægi mætti ríkja í íslensku málfari en nú er þar sem nánast öll stöðuheiti eru karlkennd svo og flest þau samheiti sem oftast eru notuð um bæði kynin. Ástæðulaust er að fúlsa við notkun hins kvenkennda orðs „manneskja“ þegar átt er við bæði kynin.

Í efnislegum breytingartillögum, sem minni hlutinn flytur, er reynt að girða fyrir þann möguleika að hægt sé að refsa fórnarlambi kynferðislegs ofbeldis. Slíkt er að mati minni hlutans ótækt. Einnig er mælt með því í breytingartillögu að ákvæði um sifjaspell verndi einnig börn sem tengd eru brotamanni í hliðarlegg. Verður þá núverandi 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins óþörf.

Fyrsti og annar liður breytingartillagnanna varða orðalag í breytingartillögum meiri hlutans. Notað sé orðið „manneskja“ eins og í öðrum greinum frumvarpsins en ekki orðið „maður“ eins og í breytingartillögum meiri hlutans.

Þriðji liður breytingartillagnanna varðar 8. gr. frumvarpsins. Á eftir orðunum „annan niðja“ í 1. efnismgr. komi: systkini eða systkinabarn. Á eftir orðunum „öðrum niðja“ í 2. efnismgr. komi: systkini sínu eða systkinabarni.

Þar með eru óþörf þau ákvæði frumvarpsins sem kveða á um að samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varði fangelsi allt að 4 árum og er því gerð tillaga um að 3. efnismgr. 8. gr. falli brott.

Minni hlutinn telur að samkvæmt þessu ákvæði sé möguleiki á því að systkini, sem brotið er á, sé refsað ef ekki sannast að um misneytingu sé að ræða. Minni hlutinn telur að með þessu orðalagi sé hagsmunum barns betur borgið og almenn ákvæði um sakhæfi (í 14. gr. laganna) veiti geranda næga vernd sé hann undir 15 ára aldri.

Í því sambandi vill minni hlutinn vísa til álits sem nefndinni barst frá hópi kvenna er m.a. tengjast Stígamótum, Kvennaráðgjöfinni og Kvennaathvarfinu á einn eða annan hátt. Í áliti þeirra segir:

„Hegningarlagahópurinn vill gera það að tillögu sinni að 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins um samræði og önnur kynferðismök milli systkina verði felld brott. Engin ástæða er til að hafa sérstakt ákvæði um þetta þar sem kynferðisbrot eldra systkinis (eða yngra ef því er að skipta), sem misnotar trúnaðartraust barns/yngra systkinis, fellur undir 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins nái tillögur hópsins fram að ganga þar eð það ákvæði tekur einnig til brota þeirra sem skyldir eru barninu í hliðarlegg.

Hópurinn vill koma því á framfæri að reynslan af starfsemi Stígamóta sýnir að fjöldi kynferðisbrota gegn stúlkum er framinn af eldri bræðrum þeirra. Oft er um það að ræða að brotastarfsemin hefst þegar stúlkan er á barnsaldri en kúgunin og ofbeldið heldur áfram eftir að hún hefur náð fullorðinsaldri. Því teljum við að ótækt sé að barn það, sem

er í raun þolandi brotsins, skuli sæta refsingu á sama hátt og sá sem hefur beitt það ofbeldi e.t.v. til margra ára."

Í breytingartillögum minni hlutans við þessa grein er gert ráð fyrir að breyta orðalagi 8. gr. til samræmis við það sem lagt er til í tillögum hópsins. Verði sú breyting ekki samþykkt er það engu að síður álit minni hlutans að fella beri brott 3. mgr. 8. gr. enda veita önnur ákvæði frumvarpsins, ekki síst 10. gr., þolendum sifjaspella af hálfu systkina vernd án þess að hætta sé á að þolandi hljóti dóm ef misneyting sannast ekki.

Fjórða breytingartillagan er við 1. efnismgr. 13. gr. frumvarpsins. Minni hlutinn telur ekki ástæðu til að hafa í íslenskum lögum ákvæði um að vændi sé refsivert eins og lagt er til í 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Á það var bent í umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið að samkvæmt núgildandi lögum og þeim breytingum, sem lagðar eru til með frumvarpinu, væri vændi ekki refsivert nema sá sem það stundaði hefði framfæri sitt af því. Þetta telur minni hlutinn benda til þess að það sé ekki vilji löggjafans að refsa þeim sem búa við þá neyð að framfleyta sér á vændi. Þeir sem stunda vændi eru oftar en ekki fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis í æsku og/eða fíkniefnaneytendur. Þeir sem kaupa vændi eru því að notfæra sér neyð þeirra sem selja vændi. Ef það er raunverulega vilji löggjafans að vændi sé refsivert er það í hæsta máta óeðlilegt að refsa einungis öðrum aðilanum en ekki hinum. Á það var bent í umfjöllun nefndarinnar að slíkt refsiákvæði sé sett fremur til varnaðar en til að beita því. Minni hlutinn telur að ef ekki er gert ráð fyrir að beita lagaákvæðum sé lítið hald í þeim og eins gott að sleppa þeim. Almennt siðgæði er varið með öðrum ákvæðum laga svo að ekki er hægt að rökstyðja ákvæði um að refsa megi fyrir vændi með því að almennu siðgæði sé hætta búin með þessum breytingum.

Í umsögn fyrrnefnds kvennahóps, sem fjallaði um hegningarlögin, er lagt til að þau ákvæði, sem gera vændi refsivert, falli brott. Í umsögninni segir m.a.:

„Það er sjónarmið okkar að ekki sé rétt að lýsa slíkan verknað refsiverðan og raunar algerlega fráleitt þegar verknaður þess er notfærir sér slíka „þjónustu" er refsilaus.

Þeir einstaklingar, sem neyðast til að selja líkama sinn, eru flestir mjög illa staddir félagslega, margir hverjir háðir eiturlyfjum eða öðrum fíkniefnum og fjármagna neyslu sína með þessum aðferðum. Sá sem kaupir „þjónustuna" er því að misnota sér eymd þess sem neyðist til að selja líkama sinn.

Þó ekki sé um það að ræða að einhvers konar neyð sé til staðar koma hér til álita sjónarmið um að þegar um er að ræða tvo fullorðna einstaklinga sem gera slík „kaup" af fúsum og frjálsum vilja þá viljum við að ekki eigi að refsa fyrir slíkt athæfi.

Einnig teljum við að fyrirmæli um refsingu fyrir vændi verði sjálfsagt til þess að þessi starfsemi fari enn neðar undir yfirborðið en nú er og geri því alla uppljóstrun slíkra mála erfiðari en slíkt er síst æskilegt nú á tímum eyðni þar sem vitað er að ein aðalsmitleið eyðniveirunnar er í gegnum vændi."

Minni hlutinn styður ákvæði um að refsivert sé að hafa atvinnu eða viðurværi af lauslæti annarra og stuðla að inn- eða útflutningi einhvers til eða frá landinu vegna vændis.

Frumvörp um breytingar á lögum um almenn hegningarlög hafa verið lögð fram þrívegis á Alþingi án þess að verða útrædd og er brýnt að málið fái nú afgreiðslu. Minni hlutinn ítrekar því stuðning sinn við öll meginefnisatriði frumvarpsins og mun greiða því atkvæði með þeim fyrirvörum sem settir eru fram í nefndarálitinu.

Alþingi, 4. maí 1992.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

839. Frumvarp til laga [125. mál]

um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

(Eftir 2. umr., 5. maí.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið veitir leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipi að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Það telst fullvinnsla í þessu sambandi ef flökun eða flatning botnfisks er þáttur í vinnslunni.

2. gr.

Skipum, sem leyfi hafa til fullvinnslu afla um borð, er óheimilt að fleygja fiski, fiskhlutum eða fiskúrgangi fyrir borð. Er skylt að koma með að landi allan afla þessara skipa, þar á meðal það sem til fellur við vinnsluna, svo sem hryggi, afskurð, hausa og innyfli eða afurðir unnar úr þeim. Er óheimilt að veita skipum vinnsluleyfi nema aðstaða sé um borð til að fullnægja þessum kröfum og nýta aflann með fullnægjandi hætti. Ráðherra getur þó með reglugerð til eins árs í senn heimilað að ekki sé nýttur tiltekinn fiskúrgangur enda verði það ekki gert með arðbærum hætti miðað við vinnslutækni og markaðsaðstæður.

3. gr.

Um borð í vinnsluskipi skal vera aðstaða fyrir móttöku, geymslu, vinnslu og frágang aflans þannig að gæði framleiðslunnar séu tryggð. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um nauðsynlegan búnað í þessu skyni og önnur atriði um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Það er skilyrði fyrir leyfisveitingu, sbr. 1. gr., að fjöldi í áhöfn sé nægilegur til að vinna afla á fullnægjandi hátt miðað við veiðar, vinnslu og gerð skips, að teknu tilliti til áskilins hvíldartíma og að fyrir hendi sé tilskilin aðstaða fyrir þá áhöfn og eftirlitsmenn, sbr. 6. gr.

Í áhöfn skal vera maður með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu er hafa skal umsjón með allri vinnslu ásamt nauðsynlegu gæðaeftirliti. Skal með reglugerð kveða á um menntunarkröfur og starfssvið hans.

5. gr.

Áður en fullvinnsluleyfi er veitt skal liggja fyrir álit Ríkismats sjávarafurða á því hvort búnaður sé fullnægjandi með hliðsjón af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra með stoð í þeim. Þá skal liggja fyrir mat Siglingamálastofnunar ríkisins á því hvort reglum um öryggisbúnað varðandi fiskvinnslu og aðbúnað áhafnar sé fullnægt.

6. gr.

Eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn skulu vera um borð í fiskiskipi sem leyfi hefur til fullvinnslu botnfisks fyrstu sex mánuðina eftir að leyfi er veitt í fyrsta sinn. Eftir þann tíma skal eftirlitsmaður vera um borð eftir því sem ástæða er talin til hverju sinni af veiðieftirliti sjávarútvegsráðuneytisins. Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og að-

stöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð. Þá skal útgerð skips greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanna um borð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipum, sem hafið hafa fullvinnslu botnfiskafla fyrir gildistöku laga þessara, skal veittur frestur til að fullnægja kröfum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Er fresturinn við það miðaður að innan hans sé heimilt að halda áfram fullvinnslu botnfisks með svipuðum hætti og hafin var fyrir gildistöku laganna. Skal fresturinn vera til 1. september 1996 en ráðherra getur með reglugerð ákveðið að tilteknum kröfum um nýtingu skuli fullnægt fyrr. Þetta ákvæði tekur einnig til nýrra fullvinnsluskipa hafi verið samið um smíði eða kaup á þeim með bindandi hætti fyrir 10. nóvember 1991, enda sé smíðin það langt komin að breytingum til samræmis við kröfur laganna verði ekki við komið án verulegrar röskunar og kostnaðarauka.

840. Frumvarp til laga [274. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 5. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Al-Kalashini, Tashin, verkstjóri í Reykjavík, f. 20. júní 1950 á Sýrlandi.
2. Alejado, Emilita R., húsmóðir í Reykjavík, f. 30. nóvember 1958 á Filippseyjum.
3. Algarra, Miguel Rodriguez, sjómaður á Ísafirði, f. 21. júlí 1951 á Spáni.
4. Bray, James Arthur, rafeindavirki í Keflavík, f. 12. ágúst 1940 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
5. Baughman, Marcia Jeanne, fulltrúi í Reykjavík, f. 12. maí 1954 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
6. Calderon, Emie Soon, húsmóðir í Reykjavík, f. 17. júní 1969 á Filippseyjum.
7. Canillo, Rosemariflor Lugatiman, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. desember 1960 á Filippseyjum.
8. Campbell, Mary, fiðluleikari á Seltjarnarnesi, f. 9. janúar 1957 á Norður-Írlandi.
9. Cartwright, Lorna, verslunarmaður í Reykjavík, f. 4. ágúst 1971 á Englandi.
10. Cartwright, Raymond, kjötiðnaðarmaður í Reykjavík, f. 28. desember 1947 á Englandi.
11. Castaneda, Ana Patricia Brizuela, nemi í Reykjavík, f. 16. apríl 1959 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
12. Crawford, Cynthia Nell, nemi í Kópavogi, f. 17. júní 1970 í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Fær réttinn 30. september 1992.
13. Cerrato, Delmys Sagrario, nemi í Reykjavík, f. 21. mars 1964 í Hondúras.
14. Cruz, Mendanita Basuel, húsmóðir á Akureyri, f. 2. nóvember 1959 á Filippseyjum.
15. Darna, I Nengah, verkamaður á Selfossi, f. 2. febrúar 1954 í Indónesíu.
16. Devolder, Annabelle, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. desember 1971 í Belgíu.

17. Devolder, Claude Frederik, verkamaður í Reykjavík, f. 2. júní 1966 í Belgíu.
18. Dobreva, Veska Ivanova, húsmóðir í Kópavogi, f. 14. júlí 1961 í Búlgaríu.
19. Dyer, Sigurjón Pálmi, filmuklippari í Reykjavík, f. 28. febrúar 1959 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
20. Frederiksen, Linda Marie, húsmóðir í Austur-Skaftafellssýslu, f. 27. janúar 1954 í Danmörku.
21. Garcia, Vismin Tallede, húsmóðir í Sandgerði, f. 5. ágúst 1964 á Filippseyjum.
22. Gaziza, Shahidabai Taherali Yusufali, verkakona í Reykjavík, f. 20. desember 1945 í Tansaníu.
23. Halvorson, Eiríkur Þór, nemi í Mosfellsbæ, f. 20. október 1966 í Þýskalandi.
24. Hammer, Súsanna, húsmóðir á Akureyri, f. 8. október 1965 á Akureyri.
25. Huttunen, Jukka Tapio, rafeindavirki í Reykjavík, f. 13. mars 1953 í Finnlandi.
26. Jin, Shen Wen, sjúkranuddari í Reykjavík, f. 25. janúar 1965 í Kína.
27. Joensen, Niels Alvinus Sigurd, sjómaður á Selfossi, f. 1. júlí 1944 í Færeyjum.
28. Joensen, Karen Marie, húsmóðir á Eskifirði, f. 19. apríl 1956 á Grænlandi.
29. Joensen, Sigurd, sjómaður á Eskifirði, f. 27. apríl 1959 í Færeyjum.
30. Johnson, Nadja Christina, nemi í Reykjavík, f. 11. ágúst 1971 á Bahamaeyjum.
31. Kumar, Kuldeep, verkamaður í Reykjavík, f. 13. febrúar 1969 á Indlandi.
32. La Paz, Teresita Apple, fiskvinnslukona í Hafnarfirði, f. 23. mars 1968 á Filippseyjum.
33. Leonar, Sergia M., húsmóðir á Selfossi, f. 5. júní 1958 á Filippseyjum.
34. Liebe, Elisabeth Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. mars 1930 í Prússlandi.
35. Ludwig, Thomas Michael, öryggisvörður í Reykjavík, f. 17. maí 1941 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
36. Markovic, Emelija, nemi í Reykjavík, f. 18. júní 1954 í Júgóslavíu.
37. Markovic, Danilo, véltæknifræðingur í Reykjavík, f. 10. apríl 1954 í Júgóslavíu.
38. Meyer, Barbara, húsmóðir í Mosfellsbæ, f. 13. mars 1968 í Þýskalandi.
39. Michel, Bianca, nemi í Keflavík, f. 22. júlí 1963 á Máritíus.
40. Munoz, Ceniza Garciano, verkakona á Akureyri, f. 8. desember 1951 á Filippseyjum.
41. Munoz, Visitacion Gelbolingo, saumakona í Reykjavík, f. 2. júlí 1946 á Filippseyjum.
42. Osinski, Erik David Davidsson, nemi í Reykjavík, f. 26. október 1977 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
43. Osinski, Sigrún Anna Davidsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 25. júlí 1971 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
44. Paraiso, Concordia Alpante, verkakona í Reykjavík, f. 13. ágúst 1948 á Filippseyjum.
45. Petersson, Glenn Ásgrímur Kjartan, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 17. september 1968 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
46. Poulain, Dominique Martine, starfsstúlka í Reykjavík, f. 22. júlí 1955 í Frakklandi.
47. Poulsen Park, Elin, verslunarmaður í Hafnarfirði, f. 1. apríl 1952 í Færeyjum.
48. Rachwat, Maria, verkakona í Reykjavík, f. 6. september 1944 í Póllandi.
49. Sanko, Aase Johanne, verslunarmaður í Reykjavík, f. 25. janúar 1940 í Danmörku.
50. Skowronski, Tekla Guðrún, hárgreiðslumeistari í Keflavík, f. 13. mars 1958 í Keflavík.
51. Thieojanthuk, Lek, iðnverkakona í Reykjavík, f. 4. maí 1961 í Tælandi.
52. Valiente, Maria Erlinda Ganeda, fiskvinnslukona í Njarðvík, f. 29. júlí 1952 á Filippseyjum.

53. Villacorta, Maria Socorro, verslunarstjóri í Andakílshreppi, f. 21. apríl 1958 á Filippseyjum.
54. Wilson, Susan Anna, nemi í Reykjavík, f. 16. júlí 1972 í Reykjavík.
55. Wei, Lin, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. 22. júlí 1964 í Kína.
56. Wen, Jia Chang, þjálfari í Reykjavík, f. 18. mars 1954 í Kína.
57. Yi, Zhu, sjúkranuddari í Reykjavík, f. 20. desember 1967 í Kína.
58. Yuangthong, Srijun, verkakona í Reykjavík, f. 4. mars 1968 í Tælandi.
59. Zalewski, Annel Jón, nemi í Reykjavík, f. 9. júlí 1976 í Reykjavík.
60. Zalewski, Jenný Heiða, nemi í Reykjavík, f. 7. janúar 1978 í Reykjavík.
61. Zalewski, Kristín Helga, húsmóðir í Skorradal, f. 10. júlí 1949 í Reykjavík.
62. Överby, Guðbjörg Ásgerður, fiskvinnslukona á Ísafirði, f. 20. september 1948 í Reykjavík.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

841. Frumvarp til laga [127. mál]

um Viðlagatryggingu Íslands.

(Eftir 2. umr., 5. maí.)

Hlutverk og stjórn.

1. gr.

Hlutverk Viðlagatryggingar Íslands er að vátryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. laga þessara.

Heimili hennar er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af Alþingi, einn valinn af þeim vátryggingafélögum sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. 11. gr., en tryggingamálaráðherra skipar einn og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

Ávöxtun fjár og ársreikningar.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal annast vörslu og ávöxtun fjár og bókhald hennar eða gera samkomulag við aðila á vátryggingarsviði um vörslu og ávöxtun fjár eða bókhald stofnunarinnar. Við ávöxtun skal stjórnin leitast við að tryggja verðgildi fjárins og áhættudreifingu svo sem unnt er á hverjum tíma.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af tveimur skoðunarmönnum. Annar þeirra skal tilnefndur af ráðherra, en hinn valinn af stjórn stofnunarinnar. Skal hinn síðarnefndi vera

löggiltur endurskoðandi. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar birtir árlega í Lögbirtingablaði.

Áhætta sem vátryggt er gegn.

4. gr.

Viðlagatrygging Íslands skal vátryggja gegn beinu tjóni af völdum eftirtalinna náttúruhamfara: eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Í reglugerð skal skilgreint nánar hvað felist í 1. málsl.

Eignir sem skylt er að vátryggja.

5. gr.

Skylt er að vátryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá vátryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi. Vátryggingarskyldan nær einnig til lausafjár sem vátryggt er almennri samsettri vátryggingu er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík vátrygging undir eignatryggingar samkvæmt skilgreiningu Tryggingaeftirlitsins. Sé brunatrygging á lausafé innifalin í aláhættutryggingu (all risks vátryggingu) eða sértryggingu, t.d. fiskeldistryggingu, skal lausaféð ekki viðlagatryggt, nema með sérstöku samþykki stjórnar stofnunarinnar.

Einnig er skylt að vátryggja neðangreind mannvirki þótt þau séu ekki brunatryggð:

1. Hitaveitur, vatnsveitur og skolpveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
2. Hafnarmannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
3. Brýr sem eru 50 m eða lengri.
4. Raforkuvirki, þar á meðal dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki, í eigu hins opinbera.
5. Síma- og fjarskiptamannvirki í eigu hins opinbera.

Vátryggja má eignir, sem nefndar eru í 2. mgr., annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um vátryggingarskyldu eftir 2. mgr., þar á meðal skal tilgreina hvaða flokkar muna teljist til greindra mannvirkja.

Eignir sem heimilt er að vátryggja.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt með samþykki ráðherra að ákveða að stofnunin vátryggi neðangreint lausafé og fasteignir:

1. Hitaveitur, vatnsveitur og skolpveitur í einkaeign.
2. Hafnarmannvirki í einkaeign.
3. Varanlegar brýr sem eru 10–50 m langar.
4. Raforkuvirki, þar á meðal dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki, í einkaeign.
5. Síma- og fjarskiptamannvirki í eigu einkaaðila.
6. Dæluleiðslur og aðrar lagnir.
7. Geymsluþrær, geyma og yfirfallsþrær.
8. Eldisfisk, eldisker og annan búnað fiskeldisstöðva.
9. Lóðir, lönd og það fylgifé með þeim sem ekki er brunatryggt.

Ef heimild 1. mgr. verður notuð skal gildissvið hvers töluliðar skilgreint nánar með reglugerð. Jafnframt er heimilt að undanskilja í reglugerð tiltekna flokka muna.

Auk þess er stjórn stofnunarinnar heimilt að fengnu samþykki ráðherra að ákveða að stofnunin taki að sér að viðlagatryggja aðra muni en þá sem að framan greinir. Sé heimild þessi notuð skal kveða nánar á um vátryggingu muna þessara í reglugerð.

7. gr.

Nú berst vátryggingafélagi beiðni um brunatryggingu á fasteign eða lausafé sem almennt er ekki venja að brunatryggja eða hætta á brunatjóni er mjög óveruleg og skal félagið þá leita samþykkis stofnunarinnar áður en viðlagaiðgjald er reiknað af vátryggingunni. Sé ákvæðis þessa ekki gætt telst hinn brunatryggði hlutur ekki viðlagatryggður.

8. gr.

Mannvirki, sem reist er gegn banni yfirvalda eða andstætt ákvæðum í settum rétti þannig að ætla má að mannvirkinu sé af þeirri ástæðu hættara við skemmdum af náttúruhamförum en ella, er óheimilt að viðlagatryggja hvort sem það er brunatryggt eða ekki.

Vátryggingarfjárhæð.

9. gr.

Vátryggingarfjárhæðir skulu ákveðnar þannig:

1. Allir munir, sem brunatryggðir eru, skulu viðlagatryggðir fyrir sömu fjárhæð og brunatryggingin nemur á hverjum tíma.
2. Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um ákvörðun vátryggingarfjárhæðar fyrir aðra muni, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 6. gr.

Eigin áhætta vátryggðs.

10. gr.

Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en hér segir:

1. Lágmark eigin áhættu vegna muna, sem vátryggðir eru skv. 1. mgr. 5. gr., er 40.000 kr.
2. Lágmark eigin áhættu vegna muna, sem vátryggðir eru skv. 2. mgr. 5. gr., er 400.000 kr.
3. Stjórn stofnunarinnar setur reglur um lágmarksfjárhæð eigin áhættu vátryggðs vegna tjóns á munum sem vátryggðir eru skv. 6. gr.

Ofangreindar lágmarksfjárhæðir skulu umreiknast til samræmis við gildandi vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma.

Iðgjöld.

11. gr.

Árleg iðgjöld skal reikna sem hér segir:

1. Af munum, sem vátryggðir eru skv. 1. mgr. 5. gr., 0,25‰.
2. Af munum, sem vátryggðir eru skv. 2. mgr. 5. gr., 0,20‰.
3. Af munum, sem vátryggðir eru skv. 6. gr., reiknast iðgjald eftir reglum sem stjórn stofnunarinnar setur.

Fari hrein eign niður fyrir 1‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok almanaksárs er stjórn stofnunarinnar heimilt að innheimta iðgjöld skv. 1. og 2. mgr. 5. gr. með 50% álagi þar til 2‰-markinu er náð.

Vátryggingafélög þau, er brunatryggja muni sem vátryggðir eru hjá stofnuninni, sbr. 1. mgr. 5. gr., skulu innheimta iðgjöld til hennar ásamt brunatryggingariðgjöldum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga. Í reglugerð skal kveðið á um bókhald og skil á iðgjöldum frá félögunum. Um aðgang stofnunarinnar að gögnum vátryggingafélaga fer eftir ákvæðum 24. gr.

Iðgjöld af viðlagatryggingu annarra muna, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 6. gr., skulu reiknuð út og innheimt á vegum stofnunarinnar.

Iðgjöld af viðlagatryggingum njóta lögtaksréttar. Þau njóta einnig lögveðréttar í vátryggðri eign. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu eignarinnar án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms til fullnustu iðgjalds sem er í vanskilum.

Tilkynning um tjón.

12. gr.

Þegar vátryggingaratburður hefur gerst skal vátryggður þegar í stað tilkynna það stofnuninni eða vátryggingafélagi því sem selt hefur honum vátrygginguna.

Vátryggingafélag, sem fær slíka tilkynningu, skal tafarlaust tilkynna stofnuninni um vátryggingaratburðinn. Þegar stofnunin fær vitneskju um tjón sem ætla má að viðlagatrygging taki til skal svo fljótt sem unnt er gera ráðstafanir til að fá úr því skorið hvort bæta skuli tjónið og eftir atvikum láta meta það.

Ráðstafanir til að afstýra tjóni.

13. gr.

Hafi vátryggingaratburð borið að höndum tekur stofnunin afstöðu til þess hvort gera þurfi sérstakar ráðstafanir til björgunar vátryggðum munum eða til að hindra frekara tjón. Slíkar ráðstafanir skulu, svo sem kostur er, gerðar í samvinnu við almannavarnir.

Ákvæði 1. mgr. leysa vátryggðan ekki undan skyldum til að gera ráðstafanir til að varna tjóni eftir lögum um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarstaður.

14. gr.

Sé vátryggður hlutur annars staðar en greint var er vátrygging á honum var tekin þegar vátryggingaratburð ber að höndum skal réttur til bóta fara eftir ákvæðum 83. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, eftir því sem við á. Ákvæði 83. gr. um 10.000 kr. hámark bóta skal þó ekki beita.

Reglur 1. mgr. eiga við án tillits til ákvæða í brunatryggingarsamningi um bætur fyrir skemmdir á munum sem eru utan vátryggingarstaðar.

Greiðsluskylda Viðlagatryggingar og afgreiðsla bótamála.

15. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal setja reglur um meðferð og afgreiðslu bótamála. Heimilt er stjórninni að fela vátryggingafélögum uppgjör bótakrafna.

Setja skal með reglugerð ákvæði um matsmenn og meginreglur um ákvörðun vátryggingabóta.

16. gr.

Heimilt er að lækka bætur eða synja alveg bótakröfu:

1. Þegar hús eða annað mannvirki, sem skemmist, er reist á stað sem almennt var vitað fyrir fram að var hættulegur með tilliti til náttúruhamfara, t.d. ef mannvirki á sama stað hefur oftar en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni. Sama á við um lausafé sem geymt er í húsi eða öðru mannvirki við þær aðstæður sem hér greinir.

2. Þegar gerð eða viðhald húss eða annars vátryggðs hlutar er óforsvaranlegt eða andstætt fyrirmælum í settum rétti og ljóst er að tjón hefur hlotist af eða orðið víðtækara af þessum sökum.

17. gr.

Vátryggingabætur skulu inntar af hendi svo fljótt sem unnt er, sbr. 1. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga.

18. gr.

Heildargreiðsluskylda Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers vátryggingaratburðar takmarkast við 7,5‰ af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum sem í gildi eru við upphaf vátryggingaratburðarins. Frá 1. janúar 1994 takmarkast greiðsluskylda við 10‰ af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum.

Nemi bætur vegna sama vátryggingaratburðar hærri fjárhæð en í 1. mgr. segir skal hlutur allra vátryggðra, sem tjón bíða, skerðast í sama hlutfalli.

19. gr.

Svo fljótt sem auðið er skal stjórn stofnunarinnar taka afstöðu til ágreinings um greiðsluskyldu sína og fjárhæð vátryggingabóta. Stjórn stofnunarinnar skal úrskurða um ágreiningsefni og vilji tjónþoli ekki sætta sig við úrskurð stofnunarinnar getur hann, innan 30 daga frá því að honum barst tilkynning stjórnarinnar, skotið ágreiningnum til úrskurðarnefndar. Nefndin skal skipuð af ráðherra. Fjórir menn skulu eiga sæti í nefndinni. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar og skal hann vera formaður. Annar skal skipaður eftir tilnefningu Veðurstofu Íslands, hinn þriðji af Háskóla Íslands og hinn fjórði án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga ef ástæða þykir.

Endurtrygging og lántökuheimild.

20. gr.

Heimilt er stofnuninni að endurtryggja áhættu sína innan lands eða erlendis.

Nú hrökkva eignir stofnunarinnar að viðbættu fé frá endurtryggjendum ekki til þess að greiða bætur samkvæmt lögum þessum og er stjórn stofnunarinnar þá heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til þess að geta fullnægt skuldbindingum stofnunarinnar. Ríkissjóður ber sjálfskuldarábyrgð á slíkum lánum.

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til rannsókna og til að styrkja framkvæmdir sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni af völdum náttúruhamfara. Árleg heildarfjárveiting í þessu skyni má þó ekki vera meiri en 5% af bókfærðum iðgjöldum síðasta árs.

22. gr.

Viðlagatrygging Íslands er undanþegin greiðslu tekjuskatts og eignarskatts, svo og útsvars og aðstöðugjalds. Eigi skal greiða stimpilgjald af skjölum stofnunarinnar.

23. gr.

Stjórnin semur við vátryggingafélög og aðra sem annast störf fyrir stofnunina samkvæmt lögum þessum.

Verði ágreiningur um þóknun vátryggingafélags skal leyst úr honum með gerðardómi þriggja manna. Hvor aðili tilnefnir einn mann í dóminn. Þessir gerðarmenn velja síðan oddamann sem verður formaður dómsins. Formaður skal fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls. Nú er gerðarmaður ekki tilnefndur innan 15 daga frá því að þess var krafist eða gerðarmenn koma sér ekki saman um oddamann og skal þá fara eftir lögum um samningsbundna gerðardóma. Ákvæðum þeirra laga skal og beita um önnur atriði eftir því sem við getur átt.

24. gr.

Viðlagatrygging Íslands getur krafið vátryggingafélög um hvers konar gögn og upplýsingar er varða störf þeirra fyrir stofnunina. Stofnunin á einnig rétt á að fá á venjulegum skrifstofutíma óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi félaganna og öðrum gögnum varðandi iðgjöld af viðlagatryggingu.

25. gr.

Ef eigi leiðir annað af lögum þessum skal beita reglum laga um vátryggingarsamninga eftir því sem við getur átt.

26. gr.

Tryggingamálaráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Viðlagatryggingar Íslands setja reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laga þessara.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993 og falla þá úr gildi lög nr. 88/1982, um Viðlagatryggingu Íslands.

842. Lög [219. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.

(Afgreidd frá Alþingi 5. maí.)

Samhljóða þskj. 315.

843. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fundi hennar komu Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Halldór Árnason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu,

Gestur Jónsson hrl., Árni Stefán Jónsson, framkvæmdastjóri Starfsmannafélags ríkisstofnana, Gunnar Björnsson, deildarstjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, og Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Sementsverksmiðju ríkisins, fjármálaráðuneytinu og iðnaðarráðuneytinu. Loks barst nefndinni álitsgerð frá Hróbjarti Jónatanssyni hrl.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 5. maí 1992.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm. Sigríður A. Þórðardóttir. Tómas Ingi Olrich.

Guðjón Guðmundsson. Pálmi Jónsson.

844. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Þorsteinn Gíslason, Þórður Jónsson og Kristján Ingibergsson frá Síldarverksmiðjum ríkisins. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda, hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Síldarverksmiðjum ríkisins, Sjómannasambandi Íslands, Starfsmannafélagi ríkisstofnana og Vélstjórafélagi Íslands. Þá barst álitsgerð frá Hróbjarti Jónatanssyni hrl.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að heimili og varnarþing Síldarverksmiðjanna verði á Siglufirði.
2. Lagt er til að stjórn fyrirtækisins verði skipuð fimm mönnum. Enn fremur er lagt til að félagið taki til starfa 1. ágúst 1992 í stað 1. maí 1992. Þá falli úr gildi lög um Síldarverksmiðjur ríkisins, nr. 1/1938.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þessum breytingum.

Alþingi, 4. maí 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Magnús Jónsson. Guðmundur Hallvarðsson.

Vilhjálmur Egilsson. Árni R. Árnason.

845. Breytingartillögur [202. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (MB, MJ, GHall, ÁRÁ, VE).

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „hlutafélag“ í 1. málsl. komi: með heimili og varnarþing á Siglufirði.
2. Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „1. maí 1992“ í 1. málsl. komi: 1. ágúst 1992.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
      Stjórn hlutafélagsins skal skipuð fimm mönnum.
3. Við 10. gr. Í stað orðanna „1. maí 1992“ komi: 1. ágúst 1992.

846. Fyrirspurn [517. mál]

til viðskiptaráðherra um innflutning prófunarefna.

Frá Tómasi Inga Olrich.

1. Er ráðuneytinu kunnugt um að innflytjendur prófunarefna láti sjúkrahúsum í té rannsóknartæki endurgjaldslaust eða fyrir sýndarverð gegn því að þau kaupi prófunarefni á margföldu kostnaðarverði?
2. Sé svo, telur ráðuneytið slíka viðskiptahætti vera í samræmi við lög nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti?

Skriflegt svar óskast.

847. Fyrirspurn [518. mál]

til umhverfisráðherra um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað líður gerð áætlunar um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera?

Greinargerð.

Þann 24. apríl 1989 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar.“

Enn hafa engin drög að þessari áætlun verið lögð fyrir Alþingi til kynningar.

Skriflegt svar óskast.

848. Fyrirspurn [519. mál]

til utanríkisráðherra um samninga Íslands við Evrópubandalagið samkvæmt Lúxemborgaryfirlýsingunni frá 1984.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða samningar hafa verið gerðir milli Íslands og Evrópubandalagsins á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984 og hvert er meginefni hvers þeirra?
2. Hvaða samningar eru á undirbúningsstigi á grundvelli sömu yfirlýsingar?

Greinargerð.

Á ráðherrafundi EB og EFTA í Lúxemborg 9. apríl 1984 var samþykkt yfirlýsing sem verið hefur grundvöllur að gerð tvíhliða samninga einstakra EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins á mörgum sviðum, m.a. í menntamálum, umhverfismálum, stöðlun, rannsóknum og þróunarstarfi. Hér er beðið um yfirlit yfir þá samninga.

Skriflegt svar óskast.

849. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, Þorvarð Alfonsson, forstjóra Iðnþróunarsjóðs, Braga Hannesson, forstjóra Iðnlánasjóðs, Má Elísson, Svavar Ármannsson og Ólaf Stefánsson frá Fiskveiðasjóði Íslands, Jón Guðbjörnsson og Jóhannes Torfason frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Svein Jónsson og Leif Kr. Jóhannesson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Jóhönnu Leópoldsdóttur og Snorra Tómasson frá Ferðamálasjóði, Kristján Ragnarsson, formann LÍÚ, og Svein Hannesson, framkvæmdastjóra Félags íslenskra iðnrekenda.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er lagt til að tvær nýjar málsgreinar bætist við 1. gr. frumvarpsins en í þeim er kveðið á um réttarstöðu opinberra fjárfestingarlánasjóða sem lögin ná til. Sam-

kvæmt tillögunni skulu þeir undanþegnir aðstöðugjaldi og einnig er gert ráð fyrir að lögbundin framlög frá ríki eða sveitarfélagi, svo og aðrar lögbundnar tekjur sjóðanna, teljist ekki til tekjuskattsstofns þeirra.

Í öðru lagi er lagt til að Framleiðnisjóði landbúnaðarins og Lánasjóði sveitarfélaga verði bætt við í upptalningu 2. gr. frumvarpsins á þeim sjóðum sem skattskyldan nær ekki til. Einnig er lagt til að í stað „Byggðasjóðs“ standi: Byggðastofnun.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að breyta gildistökuákvæði frumvarpsins og er lagt til að lögin öðlist þegar gildi.

Að lokum er lagt til að við frumvarpið bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða er verði 10. og 11. gr. frumvarpsins. Hið fyrra kveður á um að ákvæði um skattskyldu komi ekki til framkvæmda um Iðnþróunarsjóð fyrr en við álagningu 1995. Hið síðara gerir ráð fyrir að skuldaskjöl vegna lánveitinga úr Fiskveiðasjóði Íslands, sem formlega hafa verið ákveðnar fyrir gildistöku laga þessara, skuli undanþegin stimpilgjaldi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Ingi Björn Albertsson. Sólveig Pétursdóttir.

Magnús Jónsson. Vilhjálmur Egilsson.

850. Breytingartillögur [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (MB, IBA, SP, MJ, VE).

1. 1. gr. orðist svo:

Í stað 1. mgr. 1. gr. laganna koma þrjár málsgreinar er orðast svo:

Viðskiptabankar, sparisjóðir, veðdeildir við innlánsstofnanir og opinberir fjárfestingarlánasjóðir, sbr. þó 2. gr., skulu með þeim takmörkunum, er síðar greinir, skyld til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum hvar sem þeirra er aflað og eignarskatt af öllum eignum sínum hvar sem þær eru, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Opinberir fjárfestingarlánasjóðir skv. 1. mgr. skulu undanþegnir aðstöðugjaldi, sbr. V. kafla laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

Lögbundin framlög, sem opinberir fjárfestingarlánasjóðir skv. 1. mgr. fá frá ríkissjóði eða sveitarfélögum, sem og lögbundnar tekjur þeirra aðrar, teljast ekki til tekjuskattsstofns viðkomandi sjóðs.

2. 2. gr. orðist svo:
   1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo:
   Til skattskyldra tekna og eigna skv. 1. gr. teljast þó ekki tekjur og eignir Byggðastofnunar, Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna, Framkvæmdasjóðs Íslands, Framkvæmdasjóðs fatlaðra, Framkvæmdasjóðs aldraðra, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Lánasjóðs sveitarfélaga.
3. 5. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1993 vegna tekna á árinu 1992 og eigna í lok þess árs, sbr. þó ákvæði 12. gr.
4. Á eftir 9. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (10. gr.)
   Ákvæði laga þessara skulu þó ekki koma til framkvæmda um Iðnþróunarsjóð fyrr en við álagningu 1995 vegna tekna ársins 1994 og eigna í lok þess árs.
   b. (11. gr.)
   Skuldaskjöl vegna lánveitinga úr Fiskveiðasjóði Íslands, sem ákveðnar hafa verið með formlegu lánsloforði Fiskveiðasjóðs fyrir gildistöku laga þessara, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

851. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1989.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að ríkisreikningurinn fyrir árið 1989 verði samþykktur eins og hann liggur fyrir.

Alþingi, 5. apríl 1992.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Pálmi Jónsson.	Árni Johnsen.
Einar K. Guðfinnsson.	Sturla Böðvarsson.	Gunnlaugur Stefánsson.
Jón Kristjánsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.	Guðrún Helgadóttir, með fyrirvara.
	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	

852. Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga. [520. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið laganna.

Markmið laga þessara er að byggð verði mótuð eftir skipulagsáætlunum og gæðakröfum og felld sem best að umhverfinu. Jafnframt verði stuðlað að hagkvæmri nýtingu auðlinda og landnotkun. Leitast skal við að byggð nýtist sem best, skapi gott umhverfi og að byggingar og önnur mannvirki standist settar kröfur um styrkleika, endingu, útlit, hagkvæmni, öryggi og vellíðan þeirra sem byggingarnar eða mannvirkin nota. Þá skal að því stefnt að við meðferð skipulags- og byggingarmála sé jöfnum höndum tekið tillit til eðlilegra hagsmuna einstaklinga og almannahagsmuna.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

Skipulagsáætlun: Áætlun þar sem gerð er grein fyrir ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og gerð grein fyrir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í fjóra flokka: Landsskipulag, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

Landsskipulag: Skipulagsáætlun um einstaka þætti sem varða landið allt eða tiltekna landshluta, samgöngur, fjarskipti, orkuveitur, þróun atvinnuvega, landnotkun, landnýtingu og byggð í meginatriðum. Hlutverk landsskipulags er m. a. að stuðla að samræmdri stefnu og framkvæmdum ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga og skapa grundvöll að gerð svæðisskipulags og aðalskipulags.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir tvö eða fleiri sveitarfélög. Svæðisskipulag skal gert í því skyni að samræma byggðaþróun á grundvelli landsskipulags og samræma ákvarðanir um landnotkun samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélaga er saman liggja.

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun sem byggð er á stefnu sveitarstjórnar að því er varðar landnotkun, nýtingu lands, meginumferðaræðar og þróun byggðar í sveitarfélaginu.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun sem nær yfir einstaka bæjarhluta, hverfi eða reiti innan marka aðalskipulags þar sem nánari grein er gerð fyrir landnotkun, nýtingu lands, gatnaskipulagi, fyrirkomulagi bygginga og annarri mannvirkjagerð.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli samanlagðs gólffletar húss og lóðarstærðar. Getur einnig átt við hlutfall milli samanlagðs gólffletar á reit milli gatna og stærðar reitsins eða samanlagðs gólffletar og stærðar annars skilgreinds svæðis.

Mæliblað: Uppdráttur sem sýnir legu og stærð lóðar, byggingarreit og kvaðir á lóð.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi þarfa, svo sem íbúðar, iðnaðar, verslunar, vörugeymslu, útivistar, landbúnaðar o.s.frv.

Landnýting: Sameiginlegt heiti á þeim orðum og hugtökum sem lýsa því hversu mikið land er nýtt, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleiki byggðar, ítala, leyfileg umferð um útivistarsvæði, landbúnaðarframleiðsla o.s.frv.

Þéttleiki byggðar: Hlutfallið milli samanlagðs gólffletar og stærðar svæðis eða bæjarhluta. Í íbúðahverfum er þéttleika byggðar einnig lýst sem fjölda íbúða á hektara lands.

Byggingarleyfi: Leyfi til að byggja hús, gera mannvirki, rífa hús, breyta húsi, breyta um notkun húss eða mannvirkis. Leyfið felur í sér samþykki aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma, en ekki heimild til að hefja framkvæmdir.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi til framkvæmda í samræmi við byggingarleyfi að uppfylltum ýmsum nánari skilyrðum.

Hverfisvernd: Með hverfisvernd er átt við að við breytingar á byggð beri að taka sérstakt tillit til svipmóts og heildaryfirbragðs þeirrar byggðar sem fyrir er.

II. KAFLI
Stjórn skipulags- og byggingarmála.

3. gr.
Yfirstjórn skipulags- og byggingarmála.

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála samkvæmt lögum þessum.

Ráðuneytinu til aðstoðar er Skipulagsstofnun ríkisins. Skipulagsstjóri ríkisins er forstöðumaður hennar.

Ráðuneytið getur skipað nefnd sérfróðra manna sér til ráðgjafar um skipulags- og byggingarmál sem getur þá jafnframt verið Skipulagsstofnuninni til ráðgjafar.

4. gr.
Skipulagsreglugerð.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, reglugerð um gerð skipulagsáætlana.

Þar skal m.a. kveðið á um mælikvarða, gerð og frágang skipulagsuppdrátta, hvert skuli vera efni greinargerða og hvaða lágmarkskröfur gildi um einstaka þætti skipulagsáætlana, svo og um menntun og starfsreynslu þeirra sem falin er stjórn vinnu við skipulagsáætlanir.

Í reglugerð skulu einnig vera ákvæði um helstu atriði er varða gerð og málsmeðferð skipulagsáætlana, m.a. um það hvernig meta skuli áhrif framkvæmda á umhverfið.

5. gr.
Gerð skipulagsáætlana.

Skipulagsstofnun fer í umboði umhverfisráðuneytisins með gerð áætlunar (áætlana) um landsskipulag.

Sveitarstjórnir skulu eiga frumkvæði að gerð áætlana um svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

6. gr.
Skipulags- og byggingarnefndir.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa skipulags- og byggingarnefnd.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að starfa skuli tvær nefndir á hennar vegum og fjalli önnur um skipulagsmál en hin um byggingarmál.

Heimilt er sveitarfélagi að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag um kosningu svæðisskipulags- og byggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa. Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu þá gera með sér samning um stofnun svæðisnefndar. Umhverfisráðuneytið skal staðfesta slíka samninga og úrskurða jafnframt um ágreiningsatriði sem upp kunna að koma.

Um skipulags- og byggingarnefndir og starfsemi þeirra gilda sömu reglur og um nefndir samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Í stofnsamþykktum sveitarstjórnar skal nánar kveðið á um fjölda nefndarmanna.

Formaður skipulags- og byggingarnefndar skal vera aðal- eða varamaður í sveitarstjórn.

Ákvæði um skipulags- og byggingarmál skv. 35.–63. gr. laga þessara eiga einungis við um störf byggingarnefndar þar sem starfa tvær nefndir.

7. gr.

Skipulagsstofnun ríkisins.

Hlutverk Skipulagsstofnunar ríkisins er þetta:

a. Að annast gerð og framkvæmd landsskipulags, sbr. 1. mgr. 5. gr. og 25. og 26. gr. laga þessara.
b. Að vera stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga til ráðgjafar og ráðuneytis um skipulags- og byggingarmál.
c. Að hafa eftirlit með störfum samstarfsnefnda um svæðisskipulag.
d. Að fylgjast með skipulagsgerð sveitarfélaga.
e. Að láta úrskurðarnefnd í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála skv. 38. gr. laga þessara.
f. Að gera tillögur til ráðherra um aðgerðir ef ekki er fylgt fyrirmælum laga þessara um gerð skipulagsáætlana eða með öðrum hætti brotið í bág við ákvæði laga þessara, sbr. 9. gr.
g. Að stuðla að rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila, svo og að annast eða stuðla að útgáfu fræðslurita um þau mál.

8. gr.

Skipulagsstjóri.

Skipulagsstjóri fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar. Hann skal hafa sérmenntun á sviði skipulags- og byggingarmála. Ráðherra skipar skipulagsstjóra til fimm ára í senn.

Skipulagsstjóri ber ábyrgð á stjórn og starfsskipulagi Skipulagsstofnunar gagnvart umhverfisráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana.

III. KAFLI
Skipulag byggðar.

9. gr.

Skipulagsskylda.

Allt landið er skipulagsskylt. Með sérstökum lögum skal ákveðið hvernig hagað skuli meðferð skipulags- og byggingarmála á Miðhálendi Íslands og annars staðar þar sem sérreglur gilda samkvæmt landsskipulagi.

Skipulag skal ná til allra bygginga ofan jarðar og neðan og annarra mannvirkja sem áhrif hafa á umhverfi byggðar.

Ef ekki er fyrir hendi staðfest aðalskipulag getur sveitarstjórn leyft einstakar byggingarframkvæmdir að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar.

Ef um verulegar byggingarframkvæmdir er að ræða án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag getur Skipulagsstofnun veitt sveitarstjórn tiltekinn frest til að ganga frá tillögu að aðalskipulagi.

Ef sveitarstjórn gengur ekki frá aðalskipulagstillögu innan þess frests sem Skipulagsstofnun ákveður getur Skipulagsstofnun lagt til við ráðherra að byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð í viðkomandi sveitarfélagi verði stöðvuð þar til fyrir liggur tillaga að aðalskipulagi.

10. gr.

Aðalskipulag.

Gera skal aðalskipulag fyrir öll sveitarfélög.

Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeirri byggð sem þegar er risin, atvinnuháttum og stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, landnýtingu og þróun byggðar næstu 10 árin.

Gæta skal umhverfissjónarmiða, náttúru landsins, heildstæðra eldri húsaþyrpinga og byggðahverfa og annarra sögulegra minja og koma í veg fyrir hvers konar mengun eftir því sem unnt er.

Í aðalskipulagi skal tekið fram hvar deiliskipulag skuli háð staðfestingu ráðherra, sbr. 18. gr.

11. gr.

Kynning aðalskipulagstillögu.

Fyrir fyrri umræðu og áður en sveitarstjórn tekur afstöðu til aðalskipulagstillögu eða meiri háttar breytinga skal efnt til almenns borgarafundar þar sem sveitarstjórn kynnir vinnu vegna aðalskipulags, forsendur og markmið.

Að lokinni kynningu er tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu. Sveitarstjórn sendir síðan Skipulagsstofnun tillögu að aðalskipulagi til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna skal tillagan auglýst óbreytt.

Nú telur Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag og skal hún þá endursenda sveitarstjórn tillöguna og leita samkomulags um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna, en sýna skal athugasemdir Skipulagsstofnunar við hana.

12. gr.

Auglýsing aðalskipulagstillögu.

Sveitarstjórn er skylt að auglýsa fyrir íbúa sveitarfélags tillögu að aðalskipulagi á þann hátt sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á staðnum. Enn fremur skal birta auglýsingu um tillöguna í Lögbirtingablaðinu.

Í auglýsingu skal tilgreina til hvaða svæðis tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hvað lengi, en það skal eigi vera skemmri tími en fjórar vikur. Í auglýsingu skal almenningi og stofnunum boðið að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Jafnframt skal tekið fram hvert skila skuli athugasemdum og að þeir sem eigi geri athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist hafa samþykkt hana.

13. gr.

Umfjöllun um athugasemdir og staðfesting aðalskipulags.

Þegar frestur til athugasemda skv. 12. gr. er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar. Skal við þá umfjöllun m.a. taka afstöðu til þeirra athugasemda við tillöguna sem borist hafa.

Senda skal tillöguna ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær til Skipulagsstofnunar innan fjögurra vikna frá fundi sveitarstjórnar. Skipulagsstofnun skal þá fjalla um niðurstöðu sveitarstjórnar og gera síðan tillögu til ráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins eða synjun á slíkri staðfestingu, en aðalskipulag eða breyting á því tekur eigi gildi nema að fenginni staðfestingu ráðherra og auglýsingu um hana í Stjórnartíðindum.

Tillaga Skipulagsstofnunar um synjun staðfestingar skal rökstudd með greinargerð þar sem m.a. komi fram hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar, hvort aðalskipulag sé í ósamræmi við settar kröfur um gerð þess eða hvort með því sé freklega gengið á rétt einstaklinga, hagsmuni nágrannabyggða eða ríkisins. Komi slík tillaga fram frá Skipulagsstofnun skal ráðherra leita umsagnar sveitarstjórnar áður en hann tekur ákvörðun í málinu.

14. gr.

Frestun á gerð eða staðfestingu skipulagsáætlunar.

Sveitarstjórn er heimilt með samþykki Skipulagsstofnunar að fresta um ákveðið árabil, þó ekki lengur en um 10 ár í senn, gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið svæði enda sé svæðið í eigu eða umráðum sveitarfélagsins eða aðila sem samþykkja þá tilhögun. Þá getur sveitarstjórn ákveðið með sama hætti frestun á gerð aðalskipulags fyrir tiltekið svæði án samþykkis landeigenda ef sérstök óvissa ríkir um þýðingarmikil atriði sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar, frestað staðfestingu á aðalskipulagi fyrir ákveðið landsvæði, þó ekki lengur en 10 ár í senn, ef nauðsyn þykir til bera vegna almannahagsmuna, svo sem vegna óvissu um áætluð samgöngumannvirki eða vegna þess að nauðsynlegt sé að samræma betur skipulagsáætlanir sveitarfélaga er saman liggja. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti.

15. gr.

Endurskoðun aðalskipulagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal að afloknum sveitarstjórnarkosningum meta hvort forsendur aðalskipulagsáætlunar hafi breyst það verulega að ástæða sé til endurskoðunar. Komist sveitarstjórn að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til endurskoðunar aðalskipulagsáætlunar fer um málsmeðferð sem um gerð nýs aðalskipulags væri að ræða.

16. gr.

Óveruleg breyting á aðalskipulagi.

Nú óskar sveitarstjórn eftir því að gerð verði breyting á staðfestu aðalskipulagi sem er það óveruleg að ekki er talin ástæða til meðferðar samkvæmt framanskráðu og skal þá gera rökstudda tillögu til Skipulagsstofnunar um breytinguna. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Ef Skipulagsstofnun fellst á breytinguna tilkynnir stofnunin hana ráðuneytinu sem sér um að auglýsa breytinguna í Stjórnartíðindum.

17. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga.

Nú hagar svo til að aðalskipulag í einu sveitarfélagi er að dómi Skipulagsstofnunar svo háð aðalskipulagi nærliggjandi sveitarfélags að nauðsyn beri til að gera að einhverju leyti sameiginlegt skipulag fyrir þessi sveitarfélög. Ef viðkomandi sveitarstjórnir koma sér ekki saman um sameiginlegt skipulag getur ráðherra ákveðið að samvinnunefnd verði skipuð til þess að gera tillögur um svæðisskipulag sem að þessu leyti er sameiginlegt fyrir sveitarfélögin.

Sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, skipa hver um sig tvo menn í samvinnunefnd en ráðherra einn mann og skal hann vera formaður hennar.

Skipulagsstofnun skal aðstoða nefndina eftir þörfum.

18. gr.

Deiliskipulag.

Deiliskipulag skal gera yfir tiltekin svæði innan marka aðalskipulags þar sem verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

Þar sem um er að ræða byggðarhverfi eða svæði, þar sem fara saman húsaþyrpingar sem æskilegt er talið að vernda og aðrar sögulegar og menningarlegar minjar, skal setja ákvæði um hverfisvernd. Áætlun um deiliskipulag svæðis sem hverfisvernd tekur til, sbr. 10. gr., skal háð staðfestingu ráðherra.

Nú er deiliskipulag eigi fyrir hendi af sveitarfélagi eða hluta þess og getur þá sveitarstjórn leyft einstakar byggingarframkvæmdir sem um kann að verða sótt enda sé fyrirhuguð framkvæmd í samræmi við staðfest aðalskipulag, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 38. gr. Slík leyfi má binda skilyrðum.

Eigi er skylt að gera deiliskipulag um þær byggingar á lögbýlum sem nauðsynlegar eru til búvöruframleiðslu, svo sem íbúðarhús bænda, gripahús, fóðurgeymslur og gróðurhús, en umsóknum um byggingarleyfi skal fylgja afstöðuuppdráttur þar sem m.a. er sýnd tenging við vegi, nærliggjandi byggingar og lagnir.

Byggingar á kirkju- og skólastöðum skal þó ávallt gera í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Við gerð deiliskipulags skal taka sérstakt tillit til sérþarfa barna, fatlaðra og aldraðra eftir því sem aðstæður leyfa.

19. gr.

Deiliskipulag að ósk landeiganda.

Nú er land í einkaeign og sveitarstjórn hefur samþykkt ósk eiganda að það eða hluti þess verði skipulagt sem byggingarlóðir í samræmi við aðalskipulag og er þá landeiganda skylt að láta endurgjaldslaust af hendi til sveitarfélagsins til almenningsþarfa land sem svarar til ⅓ af heildarflatarmáli þess lands sem samþykkt sveitarstjórnar nær til.

Ef landeigandi ræður ekki yfir nægu landi umfram lóðir getur sveitarstjórn heimilað að hann leysi sig undan kvöð þessari með því að greiða andvirði þess sem á vantar samkvæmt mati dómkvaddra manna.

20. gr.

Kynning deiliskipulagstillögu.

Við gerð deiliskipulagstillögu skal, eins og kostur er, leita eftir sjónarmiðum íbúa og annarra hagsmunaaðila á svæðinu að því er varðar mótun byggðar.

Þegar lokið er gerð deiliskipulagstillögu og sveitarstjórn hefur samþykkt hana við fyrri umræðu skal tillagan auglýst og höfð til sýnis í þrjár vikur. Í auglýsingunni skal hagsmunaaðilum boðið að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en fimm vikur frá birtingu auglýsingar. Jafnframt skal tekið fram hvert skuli skila athugasemdum og að þeir sem ekki geri athugasemdir við auglýsta tillögu teljist samþykkja hana.

Þegar um er að ræða deiliskipulagstillögu á landi utan núverandi byggðar, svo sem á nýbyggingarsvæði, er sveitarstjórn heimilt að falla frá auglýsingu. Um slíka tillögu nægir ein umræða í sveitarstjórn. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillöguna er hún send Skipulagsstofnun.

21. gr.

Samþykkt og gildistaka deiliskipulags.

Þegar frestur til að gera athugasemdir við deiliskipulagstillögu er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik og taka m.a. afstöðu til athugasemda sem borist hafa.

Þegar deiliskipulag hefur verið samþykkt í sveitarstjórn við síðari umræðu öðlast það gildi.

Sveitarstjórn skal senda Skipulagsstofnun eintak af samþykktu deiliskipulagi til varðveislu.

22. gr.

Breytingar á samþykktu deiliskipulagi.

Ef sveitarstjórn ákveður að breyta samþykktu deiliskipulagi skal fara með breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag væri að ræða skv. 20. og 21. gr. nema um minni háttar eða óverulega breytingu sé að ræða að mati sveitarstjórnar.

23. gr.

Svæðisskipulag.

Svæðisskipulag skal gera fyrir þau svæði sem hlutaðeigandi sveitarfélög ákveða. Í svæðisskipulagi er skipulag sveitarfélaganna samræmt innbyrðis og stefnumörkun samræmd áætlunum ríkis og ríkisstofnana.

Sveitarstjórnir skulu í samráði við Skipulagsstofnun koma á fót samstarfsnefnd í þessu skyni.

Svæðisskipulag skal endurskoða á fjögurra ára fresti að afloknum sveitarstjórnarkosningum ef sveitarstjórn á svæðinu gerir samþykkt þar um.

24. gr.

Kynning og samþykkt svæðisskipulags.

Þegar samstarfsnefnd hefur lokið gerð tillögu að svæðisskipulagi skal tillagan auglýst í fjórar vikur og kynnt.

Íbúar og aðrir, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi svæði, skulu hafa sex vikna frest frá birtingu auglýsingar til að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna til samstarfsnefndar.

Samstarfsnefnd tekur afstöðu til athugasemda og sendir hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að svæðisskipulagi. Sveitarstjórnir skulu innan þriggja mánaða taka afstöðu til tillögunnar.

Svæðisskipulagið öðlast gildi þegar öll hlutaðeigandi sveitarfélög og Skipulagsstofnun hafa samþykkt hana.

Ef samþykkt svæðisskipulag hefur í för með sér breytingu á staðfestu aðalskipulagi sveitarfélags skal sú breyting fá umfjöllun skv. 12. og 13. gr. eða 16. gr.

25. gr.

Landsskipulag.

Skipulagsstofnun skal í samvinnu við aðra opinbera aðila sjá um að upplýsingar og gögn varðandi landsskipulag séu fyrir hendi og tryggja að innbyrðis samræmi sé milli þeirra. Skipulagsstofnun skal afla gagna og aðgangs að gagnasöfnum annarra opinberra aðila á því sviði.

Ráðherra gefur Alþingi árlega skýrslu um landsskipulag.

26. gr.

Landsskipulagsmeðferð.

Ef opinbert mannvirki, svo sem þjóðvegur, orkuveita eða fjarskiptalína, nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag getur sú stofnun, sem ábyrgð ber á framkvæmdum, óskað eftir því við Skipulagsstofnun að lega mannvirkisins fái landsskipulagsmeðferð.

Landsskipulagsmeðferð er fólgin í því að lega mannvirkis er auglýst eftir að hafa verið kynnt viðkomandi sveitarstjórnum. Tillagan er auglýst sem um breytingu á aðalskipulagi væri að ræða að því leyti sem það á við.

Komi að lokinni auglýsingu upp ágreiningur um tillöguna kveður ráðherra upp úrskurð að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og sveitarstjórna sem hlut eiga að máli.

27. gr.

Landmælingar og kortagerð.

Mæla skal og kortleggja byggð og nærliggjandi svæði eins og ástæða þykir til vegna skipulagsvinnu. Sveitarstjórn, í samvinnu við Skipulagsstofnun, ákveður hvar mælingar, myndataka úr lofti og kortagerð skuli fram fara hverju sinni.

Umráðamönnum lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum að fara um lönd og lóðir eftir því sem þörf krefur vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

28. gr.

Lóðaskrár.

Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélagsins. Skal gefa nöfn öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélaginu.

Í reglugerð, sem ráðherra setur að fenginni tillögu frá Skipulagsstofnun, Fasteignamati ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands, skal kveðið nánar á um skráningu lóða og fasteigna og gerð og frágang lóðaskrár, sbr. 1., 5. og 9. gr. laga nr. 94 20. maí 1976, um skráningu og mat fasteigna.

29. gr.

Skipting landa og lóða.

Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til.

Áður en sveitarstjórn veitir slíkt samþykki fyrir byggingarlóðir ákveður hún nafn götu og númer, en aðrar nýafmarkaðar landareignir skulu hafa heiti til skrásetningar í lóðaskrá, sbr. 28. gr.

Sveitarstjórn getur krafist þess að gerður sé fullnægjandi uppdráttur af hinum nýafmörkuðu lóðum eða löndum til afnota fyrir lóðaskrá og þinglýsingarstjóra.

30. gr.

Forkaupsréttur sveitarstjórna að fasteignum.

Sveitarstjórn getur með sérstakri samþykkt áskilið sér forkaupsrétt að tilteknum fasteignum innan sveitarfélagsins ef hún telur slíkt nauðsynlegt af skipulagsástæðum. Samþykkt um forkaupsrétt skal senda ráðherra til staðfestingar og skal þinglýsa henni sem kvöð á hlutaðeigandi fasteignir.

Eigendur fasteigna þeirra, er slíkar samþykktir taka til, skulu skyldir til að bjóða sveitarstjórn að ganga inn í kaup fasteigna við sölu þeirra á sama verði og með sömu kjörum og stendur til boða hjá öðrum aðilum. Innan fjögurra vikna frá því að sveitarstjórn er boðið að neyta forkaupsréttar skal hún segja til um hvort hún vill neyta réttarins eður ei. Svari sveitarstjórn eigi boði eiganda fasteignar innan tilskilins frests skal líta svo á að forkaupsrétti sé hafnað.

31. gr.

Heimildir til eignarnáms.

Heimilt er sveitarstjórn að taka eignarnámi landsvæði eða fasteignir innan sveitarfélagsins ef nauðsynlegt er talið vegna fyrirsjáanlegrar og eðlilegrar þróunar sveitarfélagsins, enda sé slíkt eignarnám í samræmi við staðfest aðalskipulag.

Sveitarstjórn er og heimilt að taka eignarnámi einstakar fasteignir eða hluta fasteignar ef þess gerist þörf vegna framkvæmda á deiliskipulagi. Það gildir einnig um óbyggðar lóðir innan þeirrar landspildu sem deiliskipulag nær til.

Heimilt er sveitarstjórn að taka eignarnámi, með sömu skilyrðum og tilgreind eru í 1. mgr., efnisnámur sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á staðfestum eða samþykktum skipulagsáætlunum í sveitarfélaginu.

Náist ekki samkomulag milli umráðamanna fasteigna um endurbyggingu byggingarreits eða hluta hans samkvæmt samþykktu deiliskipulagi eða milli sveitarstjórnar og umráðamanna í slíku tilviki getur sveitarstjórn tekið einstakar fasteignir á byggingarreitnum eignarnámi.

Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun um bætur fer eftir reglum laga nr. 11/1973.

32. gr.

Verðrýrnun fasteigna vegna framkvæmdar skipulags.

Nú rýrnar lóð verulega við framkvæmd skipulags þannig að hún nýtist eigi til sömu nota og áður að mati dómkvaddra manna og skal þá greiða bætur ef eigandi getur sýnt fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum. Verði lóð ónothæf til byggingar að mati dómkvaddra manna er sveitarstjórn skylt að kaupa lóðina ef eigandi krefst þess. Náist ekki samkomulag um bætur eða kaupverð skal það ákveðið af matsnefnd eignarnámsbóta, sbr. lög nr. 11/1973.

Nú er ákveðin í staðfestri skipulagsáætlun tiltekin lega götu eða vegar eða að ákveðið svæði skuli tekið til almenningsnota eða húsahverfi til endurnýjunar og slíkt veldur því að mati dómkvaddra manna að eigandi fasteignar getur ekki nýtt hana eins og eðlilegt er miðað við allar aðstæður, m.a. vegna hagnýtingar fasteigna í næsta nágrenni, og á hann þá rétt á bótum. Ef eigandi krefst er sveitarstjórn skylt að kaupa eignina og verði ekki samkomulag um verð skal það úrskurðað af matsnefnd eignarnámsbóta.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðhækkunar sem þær kunna að hafa í för með sér á viðkomandi eign. Ef talið er að verðhækkunin sé jafnmikil eða meiri en bótaskylt tjón skal engar bætur greiða. Enn fremur ber að miða við eftirtalin atriði í sambandi við ákvörðun bóta: Hvort nýtt skipulag hefur áhrif nú þegar eða síðar á verðmæti eignarinnar, hverjar kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna, opin svæði o.s.frv. að því er snertir sambærilegar eignir, enn fremur hvort skipulagið gerir afstöðu fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðari eða óhagstæðari en áður var o.s.frv. Þá ber og að miða við þann arð sem eðlileg notkun eignarinnar gefur af sér.

Sá sem telur sig eiga rétt á bótum samkvæmt þessari grein skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar.

33. gr.

Ákvæði um greiðslu kostnaðar.

Kostnaður við mælingar, loftljósmyndun og kortagerð, sem nauðsynleg er vegna svæðisskipulags og aðalskipulags, skiptist til helminga milli Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Kostnaður við gerð skipulagsáætlana greiðist sem hér segir:

a. Kostnaður við gerð landsskipulags greiðist að fullu af viðkomandi stofnunum, svo sem Vegagerð ríkisins, Póst- og símamálastofnun og Landsvirkjun eftir því sem við á í hverju tilviki. Hins vegar ber Skipulagsstofnun kostnað vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar og gagnavinnslu sem hún annast fyrir landsskipulag.
b. Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum samkvæmt áætlun og samningi.
c. Kostnaður við gerð aðalskipulags sveitarfélaga með færri en 700 íbúa greiðist að ¼ af Skipulagsstofnun og að ¼ af hlutaðeigandi sveitarfélagi samkvæmt fyrirframgerðri áætlun og samningi hverju sinni.
d. Kostnaður við gerð aðalskipulags sveitarfélaga með fleiri en 700 íbúa greiðist að hálfu af Skipulagsstofnun og að hálfu af hlutaðeigandi sveitarstjórn samkvæmt fyrirframgerðri áætlun og samningi hverju sinni.
e. Kostnaður við gerð deiliskipulags greiðist úr sveitarsjóði.
f. Nú annast sveitarstjórn gerð og reglulega endurskoðun aðalskipulags og skal Skipulagsstofnun þá greiða hlutaðeigandi sveitarsjóði árlega helming heildarkostnaðar

sveitarstjórnar við skipulagsvinnuna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur helming þeirra gjalda sem greiðast af gjaldskyldum eignum í sveitarfélaginu skv. 34. gr. enda er þá eigi um frekari greiðslur að ræða skv. c- til e-liðum þessarar greinar.

34. gr.

Skipulagsgjald.

Til þess að standa straum af kostnaði og framkvæmd skipulags- og byggingarmála skal innheimta í ríkissjóð sérstakt gjald er nefnist skipulagsgjald. Skipulagsgjald nemur $^{3}/_{1000}$ — þremur af þúsundi — af brunabótamati hvers mannvirkis sem reist er. Nú er um að ræða mannvirki sem ekki er metið til brunabótaverðs og skal þá miða skipulagsgjaldið við fasteignamat mannvirkisins.

Skipulagsgjald fellur í gjalddaga þegar virðingargjörð hefur farið fram og hún hefur verið tilkynnt til innheimtumanns ríkissjóðs. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með lögtaki.

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmda samkvæmt lögum þessum eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda næstliðins árs.

IV. KAFLI
Mannvirkjagerð.

35. gr.

Gildissvið ákvæða þessa kafla.

Ákvæði þessa kafla taka til hvers konar bygginga ofan jarðar og neðan og annarra mannvirkja sem áhrif hafa á umhverfið.

Undanþegin ákvæðunum eru þó götur, vegir og brýr, flugbrautir, holræsi, dreifikerfi orku, vatns og fjarskipta, svo og hafnarmannvirki og virkjunarmannvirki, enda séu þessi mannvirki byggð á vegum opinberra aðila og hönnuð af sérfræðingum á viðkomandi sviði. Ákvæðin ná þó til varanlegra húsbygginga sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir.

Mannvirki, sem undanþegin eru ákvæðum þessa kafla, skulu byggð í samræmi við skipulagsákvæði skv. III. kafla laga þessara. Óski skipulags- og byggingarfulltrúi þess skulu honum afhentir til varðveislu uppdrættir viðkomandi mannvirkja.

36. gr.

Byggingarreglugerð.

Ráðherra setur almenna byggingarreglugerð að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem nánar er kveðið á um hin ýmsu fyrirmæli og reglur þessa kafla. Hin almenna byggingarreglugerð nær til landsins alls.

Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um hvernig háttað skuli undirbúningi, gerð, útliti, tæknilegum frágangi og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja sem lög þessi taka til. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um þær kröfur sem gerðar eru varðandi m.a. undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftræstingu, lagnir, hollustuhætti og eldvarnir. Þá skulu í byggingarreglugerð vera ákvæði um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru varðandi einstaka hluta bygginga og mismunandi tegundir þeirra, aðgengi fatlaðra, grenndarkynningu, aðstöðu og umgengni á vinnustöðum og gróður og frágang lóða. Enn fremur skal í byggingarreglugerð kveðið á um hönnunargögn og löggildingu hönnuða, viðurkenningu, réttindi og skyldur byggingarstjóra og iðnmeist-

ara, hvernig háttað skuli byggingareftirliti, verksviði skipulags- og byggingarfulltrúa, gjöldum fyrir byggingarleyfi, mælingar, úttektir og vottorð sem skipulags- og byggingarfulltrúi lætur í té og hvernig þau skuli innheimt. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um framkvæmd lokaúttektar.

Í byggingarreglugerð skal skýra orð og hugtök sem þar er fjallað um og orkað geta tvímælis, svo sem um stærðir og byggingarstig mannvirkja. Í byggingarreglugerð skal vísa til gildandi íslenskra staðla um tæknilega útfærslu og annað sem snýr að mannvirkjum. Jafnframt er heimilt að vísa til tilskipana (og/eða sérsamninga) og túlkunarskjala sem hafa verið samþykkt í samstarfi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Evrópubandalagsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Sveitarstjórn getur sett staðbundna samþykkt með viðbótarreglum við þær er hin almenna byggingarreglugerð hefur að geyma. Þar má m.a. fjalla um sérstakar kröfur til bygginga vegna flóða, ofanflóða- eða jarðskjálftahættu, friðunar eldri byggðar og trjágróðurs, girðingar umhverfis lóðir og um uppsetningu auglýsingaskilta og um önnur atriði er ráðast af staðbundnum aðstæðum eða viðhorfum. Einnig má þar setja sérstök ákvæði um atriði er varða staðbundna stjórn byggingarmála í sveitarfélaginu. Hafi sveitarfélög myndað svæðisskipulags- og byggingarnefnd geta þau sameiginlega sett samþykkt samkvæmt þessari málsgrein.

Staðbundnar byggingarsamþykktir skal senda til staðfestingar ráðuneytis og að henni fenginni birta þær í B-deild Stjórnartíðinda.

37. gr.

Hlutverk skipulags- og byggingarnefnda.

Skipulags- og byggingarnefndir fara með skipulags- og byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Óheimilt er að hefja gerð mannvirkja sem ákvæði kafla þessa ná til, sbr. 44. og 49. gr., án heimildar viðkomandi skipulags- og byggingarnefndar. Sama gildir um niðurrif mannvirkja. Fjallar nefndin um leyfisumsóknir sem berast og gerir tillögu um endanlega úrlausn þeirra til viðkomandi sveitarstjórnar. Nefndin skal hafa eftirlit með því að hvarvetna í umdæmi hennar sé byggt í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag, sbr. 10. gr. og 18. gr., lagaákvæði og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál.

38. gr.

Störf skipulags- og byggingarnefnda.

Skipulags- og byggingarnefnd skal halda reglulega fundi a.m.k. einu sinni í mánuði svo framarlega sem erindi liggja fyrir til afgreiðslu. Nefndin skal halda gerðarbók þar sem skráð eru móttekin erindi og hvaða afgreiðslu þau fá. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Nefndinni er skylt að rökstyðja synjanir á erindum sem henni berast sé þess óskað, en afgreiðslur nefndarinnar skal leggja fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Hafi sveitarstjórn ekki ályktanir skipulags- og byggingarnefndar til afgreiðslu innan tveggja mánaða frá því að hún var gerð telst hún samþykkt.

Áður en leyfi er veitt fyrir nýbyggingu, viðbyggingu eða breytingu á húsi í þegar byggðu hverfi, eða verulegri breytingu á notkun húss, skal nágrönnum, sem skipulags- og byggingarnefnd telur að hagsmuna eigi að gæta, gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða framkvæmd innan þess frests sem nefndin setur. Þegar skipulags- og bygging-

arnefnd hefur veitt leyfi að lokinni nágrannakynningu tilkynnir hún þeim sem tjáðu sig um fyrirhugaða framkvæmd um niðurstöðu nefndarinnar.

Telji einhver rétti sínum hallað með samþykkt nefndarinnar eða sveitarstjórnar er heimilt innan mánaðar frá afgreiðslu sveitarstjórnar að skjóta málinu til úrskurðar þriggja manna nefndar sem skipuð skal einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa umhverfisráðuneytis og einum fulltrúa skipuðum af Hæstarétti sem skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin þá kveða upp úrskurð sinn um ágreininginn innan mánaðar að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar og Skipulagsstofnunar sem skila skulu umsögn sinni innan tveggja vikna frá því að þeim barst beiðni um hana.

Nefndinni er að kröfu kæranda heimilt að leggja fyrir sveitarstjórn að láta stöðva framkvæmdir þar til úrskurður liggur fyrir og má fylgja þeirri stöðvun eftir með lögregluvaldi. Slík stöðvun má þó eigi standa lengur en í tvo mánuði.

39. gr.

Sérhæft starfslið skipulags- og byggingarnefnda.

Skipulags- og byggingarfulltrúi skal vera arkitekt eða hafa sérmenntun á byggingartæknisviði frá háskóla eða tækniskóla. Hann skal hafa minnst tveggja ára starfsreynslu sem skipulags- og byggingarnefnd metur gilda.

Fáist ekki maður í stöðu skipulags- og byggingarfulltrúa sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. má ráða í stöðuna tímabundið mann með minni menntun á sviði skipulags- eða byggingarmála og minnst þriggja ára starfsreynslu.

Staðgenglar skipulags- og byggingarfulltrúa skulu, eftir því sem unnt er, fullnægja skilyrðum 1. mgr. Skipulags- og byggingarnefnd skal ákveða þær náms- og reynslukröfur sem gerðar eru til annars starfsliðs.

Tilkynna skal Skipulagsstofnun um breytingar í stöðum skipulags- og byggingarfulltrúa.

Aðili, sem gegnir starfi skipulags- eða byggingarfulltrúa við gildistöku laga þessara, telst fullnægja settum menntunar- og reynslukröfum í skilningi þeirra meðan hann gegnir því starfi.

40. gr.

Störf skipulags- og byggingarfulltrúa.

Skipulags- og byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri skipulags- og byggingarnefndar. Hann gengur úr skugga um að skipulagsuppdrættir séu í innbyrðis samræmi og að aðaluppdrættir séu í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir.

Skipulags- og byggingarfulltrúi ákveður í samræmi við byggingarreglugerð hvaða hönnunargögn skulu lögð fram vegna framkvæmdaleyfis. Hann gengur úr skugga um að þau séu í samræmi við þær reglur er gilda um viðkomandi framkvæmd og hann áritar uppdrætti um samþykkt á þeim. Hann gefur út framkvæmdaleyfi, byggingarleyfi og leyfi til niðurrifs mannvirkja og annast eftirlit með því að allar framkvæmdir við byggingar og önnur mannvirki séu í samræmi við samþykkta uppdrætti. Hann annast úttektir einstakra þátta byggingarframkvæmda eftir því sem nauðsyn krefur, svo og lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis, og gefur út vottorð þar um, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

Skipulags- og byggingarfulltrúi skal sjá um að öll gögn, sem ákvarðanir skipulags- og byggingarnefndar eru byggðar á, séu tryggilega varðveitt. Hann skal einnig annast skráningu fasteigna og önnur störf sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglugerðum eða af sveitarstjórn.

41. gr.

Réttarstaða starfsmanna skipulags- og byggingarnefnda.

Starfsmönnum skipulags- og byggingarnefnda er óheimilt að leggja eigin uppdrætti að byggingu eða öðru mannvirki fyrir skipulags- og byggingarnefnd í hlutaðeigandi byggingarnefndarumdæmi nema nefndin hafi fyrir fram veitt samþykki sitt hverju sinni.

Nánari ákvæði um erindisbréf skipulags- og byggingarfulltrúa, verksvið hans og skyldur og réttarstöðu gagnvart byggingaryfirvöldum og byggingaraðilum skulu sett í byggingarreglugerð.

42. gr.

Eftirlit með byggingarframkvæmdum.

Skipulags- og byggingarnefndarmönnum, skipulags- og byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans skal heimilt að hafa eftirlit með framkvæmdum við mannvirki sem er í byggingu.

Liggi rökstuddur grunur fyrir um að fullbyggðu mannvirki sé verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál skal skipulags- og byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans heimill aðgangur þar til eftirlits. Sé mannvirki verulega áfátt getur byggingarfulltrúi veitt aðila hæfilegan frest til úrbóta að viðlögðum dagsektum.

Nú er ásigkomulagi, frágangi, notkun, umhverfi eða viðhaldi húss eða annars mannvirkis þannig farið að verulega ábótavant er eða hætta stafar af að dómi skipulags- og byggingarfulltrúa og skal hann þá gera eiganda (umráðamanni) þess viðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er.

Sinni eigandi (umráðamaður) ekki áskorun skipulags- og byggingarfulltrúa um úrbætur innan ákveðins frests sem ekki má vera styttri en sex vikur fer um málsmeðferð skv. 62. gr.

43. gr.

Kröfur til þolhönnunar og efnisvals.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt þegar um vandasama hönnun er að ræða, að eigin mati, að óska eftir sérstökum prófreikningum hönnunar á kostnað byggjanda frá sérstökum prófhönnuðum sem skipulags- og byggingarfulltrúi viðurkennir. Heimilt er ráðherra að gefa út sérstakar reglur um viðurkenningu prófhönnuða og kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Telji skipulags- og byggingarfulltrúi ástæðu til getur hann krafið framleiðendur og byggingarefnissala um vottorð frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eða hliðstæðum stofnunum um að timbur, steinsteypa, stál, bendistál og annað byggingarefni, byggingarhlutar og einingahús, sem viðkomandi hefur til sölu, standist gæðakröfur samkvæmt byggingarreglugerð og viðurkenndum gæðastöðlum.

Framleiðandi verksmiðjuframleiddra húseininga eða einingahúsa ber fimm ára ábyrgð á göllum sem fram kunna að koma á þessari vöru og rekja má til hönnunar hennar eða framleiðslu.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að krefjast sérstakra eftirlitsmanna þegar um byggingu meiri háttar mannvirkja er að ræða. Einnig getur hann krafist þess að hönn-

uðum sé falið eftirlit með byggingarframkvæmdum þegar um óvenjulega eða nýja byggingartækni er að ræða.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt, telji hann ástæðu til, að krefjast álagsprófunar mannvirkis til staðfestingar burðarþoli eftir að það hefur verið reist. Standist mannvirkið ekki eðlilega álagsprófun skal skipulags- og byggingarfulltrúi gefa byggjanda ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar umbætur. Að öðrum kosti getur hann látið bæta úr því sem áfátt er á kostnað byggjanda.

44. gr.

Byggingarleyfi.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem lög þessi taka til, nema að fengnu leyfi viðkomandi skipulags- og byggingarnefndar.

Byggingarleyfið felur í sér samþykki uppdrátta og framkvæmdaáforma eða breyttrar notkunar húss. Það felur ekki í sér leyfi til framkvæmda skv. 47. gr.

Sá sem óskar leyfis skv. 1. mgr. skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi skipulags- og byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum hönnunargögnum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um hvaða önnur gögn skuli fylgja leyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið.

Í umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar um niðurrif og breytingar á eldri húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989.

Framkvæmdir skv. 1 mgr. skulu ætíð vera í samræmi við ákvæði III. kafla laga þessara.

45. gr.

Staðfesting sveitarstjórnar.

Byggingarleyfi öðlast ekki gildi fyrr en sveitarstjórn hefur samþykkt það.

Gefa má út byggingarleyfi þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt skipulags- og byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og skipulags- og byggingarfulltrúi hefur áritað aðaluppdrætti.
2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld, svo sem tengigjöld og gatnagerðargjöld, hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Staðfesting skv. 1. tölul. fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan tólf mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar.

46. gr.

Skyldur sveitarfélags.

Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi eftir því sem þörf er á nema sveitarstjórn hafi gert sérstakan fyrirvara.

47. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfi veitir heimild til framkvæmda í samræmi við byggingarleyfi. Standi sérstaklega á má veita leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Skipulags- og byggingarfulltrúi getur veitt

lóðarhafa heimild til að kanna jarðveg á byggingarlóð sinni án þess að framkvæmdaleyfi hafi verið gefið út. Framkvæmdaleyfi skal vera skriflegt og heimilt að gefa það út þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Byggingarfulltrúi hefur áritað öll hönnunargögn sem snerta þá þætti framkvæmda sem leyfðir eru.
2. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á leyfðum framkvæmdum.

48. gr.

Gildistími byggingar- og framkvæmdaleyfis.

Byggingarleyfi fellur úr gildi ef framkvæmdaleyfi hefur ekki verið gefið út og byggingarframkvæmdir hafnar innan tólf mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar. Byggingarframkvæmdir teljast hafnar í þessu sambandi þegar undirstöður hafa verið gerðar.

Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur skipulags- og byggingarnefnd þá fellt úr gildi byggingarleyfið og þann hluta framkvæmdaleyfisins sem ekki er farið að nota.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur sveitarstjórn að tillögu skipulags- og byggingarnefndar með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 62 gr., eða tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um eignarnám.

Sveitarstjórn er heimilt að setja í byggingarskilmála strangari reglur um byggingarhraða.

49. gr.

Hönnunargögn.

Hönnunargögn bygginga og annarra mannvirkja, sem heyra undir þessi lög, greinast í uppdrætti og fylgiskjöl. Uppdrættir greinast í aðaluppdrætti, burðarþolsuppdrætti, kerfisuppdrætti og deiliuppdrætti. Til fylgiskjala heyra m.a. forsendur og útreikningar.

Aðaluppdrættir skulu gera grein fyrir svipmóti mannvirkis, innra skipulagi, skipulagi lóðar, staðsetningu, stærð og útliti og hvernig mannvirkið fellur að næsta umhverfi og samþykktu deiliskipulagi.

Burðarþolsuppdrættir skulu gera grein fyrir burðarkerfi mannvirkis.

Kerfisuppdrættir skulu sýna eðli, fyrirkomulag og frágang innri sem ytri þjónustukerfa, svo sem brunavarnarkerfa og lagnakerfa svo og hvers konar boð-, stjórn- og rafkerfa.

Deiliuppdrættir gera nánar grein fyrir einstökum þáttum mannvirkja, innra skipulagi og skipulagi lóðar.

Í byggingarreglugerð skal kveða nánar á um kröfur varðandi hönnunargögn.

50. gr.

Áritun hönnuða.

Aðal- og séruppdrættir skulu vera gerðir af hönnuðum sem hafa fengið löggildingu, sbr. 53. og 54. gr. Allir hönnuðir skulu árita teikningar sínar og taka þar með ábyrgð á að hönnun þeirra sé í samræmi við lög og reglugerðir um byggingarmál.

Í sérhverju mannvirki skal ákveða hver er samræmingarhönnuður sem að jafnaði er hönnuður aðalteikninga. Samræmingarhönnuður ber ábyrgð á því að séruppdrættir séu í samræmi innbyrðis og við aðaluppdrætti.

Hönnuðir, sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd, skulu hafa ábyrgðartryggingu eða leggja fram bankatryggingu sem verkkaupi hefur samþykkt.

51. gr.

Varðveisla uppdrátta.

Varðveita skal á öruggan hátt í skjalasafni viðkomandi skipulags- og byggingarfulltrúa a.m.k. eitt eintak af öllum samþykktum uppdráttum.

Uppdrættir, samþykktir og áritaðir af skipulags- og byggingarfulltrúa, skulu ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

52. gr.

Löggilding hönnuða.

Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingar- eða framkvæmdaleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu ráðherra.

Þeir sem hlotið höfðu þennan rétt fyrir gildistöku þessara laga teljast einnig löggiltir hönnuðir.

Sérhver arkitekt, byggingarfræðingur, tæknifræðingur, verkfræðingur, innanhússhönnuður eða landslagshönnuður, sem sækir um löggildingu samkvæmt lögum þessum, skal hafa hlotið heimild ráðherra til starfsheitis síns samkvæmt lögum nr. 73/1968.

Sérhver umsækjandi skal hafa sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutími skal ekki vera skemmri en tvö ár, þar af minnst eitt ár hér á landi. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum.

Sérhver umsækjandi skal hafa staðist próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf ásamt tilheyrandi reglugerðum.

Ráðherra skipar, til fjögurra ára í senn, nefnd þriggja manna sér til aðstoðar varðandi mat á sérnámi og starfsreynslu umsækjanda skv. 3. mgr., svo og framkvæmd og mat prófs skv. 4. mgr. Nánar skal kveðið á um nefndina í reglugerð.

Umhverfisráðuneytið skal senda árlega lista yfir löggilta hönnuði til allra skipulags- og byggingarfulltrúa.

53. gr.

Löggilding á sérsvið.

Arkitektar geta hlotið löggildingu sem hönnuðir aðaluppdrátta. Sama gildir um byggingarverkfræðinga, byggingartæknifræðinga og byggingarfræðinga, enda hafi þeir öðlast a.m.k. fjögurra ára starfsreynslu við skipulagsgerð.

Verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geta fengið löggildingu sem hönnuðir á hvers konar burðarvirkjum, boðveitum, rafkerfum og raflögnum í mannvirkjum, vatns-, hita- og frárennsliskerfum, loftræsikerfum og lýsingarkerfum.

Arkitektar, byggingarfræðingar, verkfræðingar, tæknifræðingar, innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir geta fengið löggildingu sem hönnuðir deiliuppdrátta, hver á sínu sviði.

54. gr.

Umsjón með byggingarframkvæmdum.

Við stjórn framkvæmda við gerð hvers mannvirkis skal vera ábyrgur einstaklingur er nefnist byggingarstjóri.

Byggingarstjórar geta orðið:

1. Húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar, rafverktakar og byggingariðnfræðingar sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 55. gr.
2. Arkitektar, byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar, byggingarfræðingar sem hlotið hafa löggildingu skv. 52. og 53. gr.

Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir samningi þeirra á milli. Í byggingarreglugerð skulu vera nánari ákvæði um slíkan samning.

Byggingarstjóri skal hafa ábyrgðartryggingu samkvæmt nánari ákvæðum í sérstakri reglugerð sem ráðherra gefur út.

Byggingarstjóri ber ábyrgð gagnvart skipulags- og byggingarnefnd og öðrum aðilum á því að framkvæmdir séu í samræmi við samþykkta uppdrætti og lög og reglugerðir um byggingarmál. Ábyrgð miðast við fimm ár. Hann gerir byggingarfulltrúa viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta.

Áður en byggingarframkvæmdir hefjast skal byggingarstjóri undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína. Við lok framkvæmda staðfestir byggingarstjóri að byggt hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir.

Hætti byggingarstjóri sem framkvæmdastjóri mannvirkjagerðar áður en verki er lokið skal það tilkynnt skipulags- og byggingarfulltrúa. Byggingarframkvæmdir skulu þá stöðvaðar uns nýr byggingarstjóri er ráðinn. Gera skal úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og skulu fráfarandi og aðkomandi byggingarstjórar undirrita hana, ef þess er kostur, ásamt skipulags- og byggingarfulltrúa.

Ábyrgð nýs byggingarstjóra gagnvart byggingarnefnd takmarkast við þá verkþætti sem unnið er að eftir að hann hefur störf.

55. gr.

Iðnmeistarar.

Iðnmeistari ber ábyrgð gagnvart byggingarstjóra og eiganda byggingarframkvæmda á að þeir verkþættir, sem hann tekur að sér að hafa umsjón með, séu unnir í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti og lög og reglugerðir. Skal hann áður en hann kemur til verksins staðfesta ábyrgð sína fyrir skipulags- og byggingarnefnd.

Nefndin viðurkennir þá meistara sem hún telur hæfa til þess að taka ábyrgð á einstökum verkþáttum við byggingarframkvæmdir. Geta þeir iðnmeistarar, sem hafa fullgilt meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla, hlotið slíka viðurkenningu enda séu þeir starfandi sem iðnmeistarar. Nánar skal kveðið á um menntun, starfsreynslu, réttindi og skyldur iðnmeistara í byggingarreglugerð.

Hætti iðnmeistari umsjón með framkvæmdum áður en verki er lokið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar og tilkynni það án tafar skipulags- og byggingarfulltrúa.

Framkvæmdir við þá verkþætti, sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með, skulu stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal gera úttekt á þeim verkþáttum er fráfarandi iðnmeistari hefur haft umsjón með og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi iðnmeistara og hinum nýja ef þess er kostur. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

Ákvæði þessarar greinar hagga í engu réttindum og skyldum iðnmeistara samkvæmt iðnaðarlögum, nr. 42/1978.

56. gr.

Leyfisgjöld.

Sveitarfélög skulu ákveða gjöld tengd byggingarframkvæmdum, þ.e. gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirki. Enn fremur skal þar kveðið á um gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

Gjöld skv. 1. mgr. renna í sveitarsjóð og skulu þau breytast í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

57. gr.

Greiðsla leyfisgjalda.

Sveitarstjórn ákveður með hvaða hætti byggingarleyfisgjöld eru innheimt.

Verði vanskil á greiðslu byggingarleyfisgjalda getur skipulags- og byggingarfulltrúi neitað að gefa vottorð um viðkomandi mannvirki. Gjaldfallin gjöld má innheimta með lögtaki.

V. KAFLI
Viðurlög.

58. gr.

Framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis.

Ef ákvæði skipulagsáætlunar eru brotin, byggingarframkvæmd hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ef byggt er á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en byggingar- og skipulagsnefnd hefur heimilað varðar það sektum. Enn fremur getur skipulags- og byggingarfulltrúi fyrirskipað stöðvun slíkrar framkvæmdar tafarlaust og mælt fyrir um að jarðrask skuli fært í fyrra horf, að bygging eða byggingarhluti skuli fjarlægður og er lögreglu skylt að aðstoða við slíkar aðgerðir ef þörf krefur. Gera skal skipulags- og byggingarnefnd grein fyrir slíku máli svo fljótt sem við verður komið.

Ráðherra getur hlutast til um að mannvirki, sem reist hefur verið án samþykkis sveitarstjórnar, verði fjarlægt á kostnað eiganda ef sveitarstjórn hefur látið hjá líða að framkvæma verkið innan sex mánaða frá því henni var kunnugt um málið.

Með mál, sem upp koma samkvæmt grein þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

Sveitarsjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði sem hann hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og á sveitarsjóður lögveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í öllu efni sem komið er í hina óleyfðu byggingarframkvæmd.

59. gr.

Úrræði skipulags- og byggingarnefndar gagnvart brotum hönnuða.

Ef hönnuður, sem fengið hefur löggildingu skv. 52. eða 53. gr., leggur fyrir skipulags- og byggingarnefnd uppdrátt þar sem brotið er í bága við ákvæði laga þessara, skipulagsáætlunar eða reglugerðar settri samkvæmt þeim getur nefndin veitt honum áminningu. Hafi nefndin veitt hönnuði áminningu skal tilkynna ráðherra um það.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu skv. 52. eða 53. gr. um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörð-

un um sviptingu löggildingar skal hann leita umsagnar hönnuðar og nefndar þeirrar sem fyrir er mælt um í 52. gr.

60. gr.

Úrræði skipulags- og byggingarnefndar gagnvart brotum byggingarstjóra og iðnmeistara.

Ef byggingarstjóri eða iðnmeistari, sem ábyrgð ber á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni, getur skipulags- og byggingarnefnd veitt honum áminningu. Hafi nefndin veitt iðnmeistara áminningu skal tilkynna ráðherra um það.

Ef brot er ítrekað eða alvarlegt getur skipulags- og byggingarnefnd svipt hann viðurkenningu.

61. gr.

Refsiábyrgð.

Ef hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari gerast sekir um alvarleg brot á lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum settum samkvæmt þeim varðar það sektum og skal um slík mál fara að hætti opinberra mála. Í refsimáli skal gefa sveitarstjórn kost á að bera fram endurgjaldskröfu sem sveitarsjóður hefur haft vegna brotsins.

62. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum skipulags- og byggingarfulltrúa eða skipulags- og byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Skjóta má slíkum málum til dómstóla.

Skipulags- og byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með lögtaki.

VI. KAFLI
Gildistökuákvæði.

63. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt falla þá úr gildi skipulagslög, nr. 19 21. maí 1964, með síðari breytingum, og byggingarlög, nr. 54 16. maí 1978.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Að liðnum 10 árum frá gildistöku laga þessara skulu öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði þar sem aðstæður knýja ekki á um gerð aðalskipulags.

II.

Ákvæði laga þessara skulu ekki hafa áhrif á viðurkenningu byggingaryfirvalda til handa iðnmeisturum og byggingarstjórum sem viðurkenndir eru til þess að standa fyrir framkvæmdum hver á sínu sviði við gildistöku laganna.

III.

Á meðan varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951, er í gildi fer utanríkisráðherra með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á auglýstum varnarsvæðum í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954 og gegnir þeim störfum varðandi skipulags- og byggingarmál á þeim svæðum sem falin eru ráðherra samkvæmt lögum þessum. Ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um skipulags- og byggingarmál á varnarsvæðum eftir því sem við getur átt, en í stað skipulags- og byggingarnefnda samkvæmt lögum þessum skipar utanríkisráðherra fimm manna nefnd sem fer með skipulags- og byggingarmál fyrir varnarsvæðin.

Skipulags- og byggingarnefnd varnarsvæða skal í starfi sínu hafa náið samráð við Skipulagsstofnun ríkisins og forsvarsmenn þeirra sveitarfélaga sem hlut geta átt að máli.

Utanríkisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta hafa samið, að ósk Eiðs Guðnasonar umhverfisráðherra í júní 1991, Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrir lágu tvö frumvörp um sama efni. Það fyrra var samið af nefnd sem Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra skipaði 12. apríl 1989 og lagt var fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi árið 1989. Í nefndinni áttu sæti: Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, formaður, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður og Guðrún Helgadóttir alþingismaður. Með nefndinni störfuðu Stefán Thors skipulagsstjóri og Hólmfríður Snæbjörnsdóttir deildarlögfræðingur sem var ritari nefndarinnar.

Seinna frumvarpið var samið af nefnd sem Júlíus Sólnes umhverfisráðherra skipaði 16. júlí 1990 og var lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91. Í nefndinni áttu sæti: Stefán Hermannsson aðstoðarborgarverkfræðingur, formaður, Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur, Geirharður Þorsteinsson arkitekt og Óttar P. Halldórsson, prófessor í verkfræði. Með nefndinni starfaði Ragnhildur Arnljótsdóttir laganemi sem var ritari nefndarinnar.

Áður hafði verið samið frumvarp til skipulagslaga árið 1986. Var það samið af starfshópi undir forsæti Hallgríms Dalbergs ráðuneytisstjóra. Það var lagt fyrir Alþingi veturinn 1986–1987, en varð þá ekki útrætt.

Þá lá einnig fyrir frumvarp til byggingarlaga sem samið var af nefnd er félagsmálaráðherra skipaði 11. ágúst 1987. Var Stefán Thors formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði frumvarpinu ásamt athugasemdum við það til ráðherra 8. mars 1988.

Lög um skipulagsmál voru fyrst sett hér á landi árið 1921. Á þeim voru gerðar breytingar á árunum 1926, 1932 og 1938. Lögin voru leyst af hólmi af núgildandi skipulagslögum, nr. 19 frá 1964, en á þeim hafa verið gerðar breytingar árin 1972, 1974 og 1978.

Lög um byggingarmál eru nr. 54 frá 1978 og tóku þau gildi 1. janúar 1979. Þau komu í stað nokkurra laga og tilskipana frá eldri tíð þar sem heimild var veitt til þess að stofna byggingarnefndir og setja staðbundnar byggingarsamþykktir, en meginbreytingin, sem

gerð var með lögunum, er sú að samkvæmt þeim var sett byggingarreglugerð sem gildir fyrir landið allt. Upphaflega reglugerðin er nr. 292/1979, en á henni hafa nokkrum sinnum verið gerðar breytingar.

Nefndin kynnti sér fyrri frumvörp og athugasemdir og aðra umfjöllun sem þau hafa fengið. Í tveimur síðustu frumvörpum hefur verið tekin sú stefna að fjalla um skipulags- og byggingarmál í sömu lögum, enda væri um svo náskyld mál að ræða.

Miðað við fyrri frumvörp og athugasemdir við þau hefur skipulagskaflinn fengið mesta umfjöllun og þar hefur verið mestur ágreiningur um það hversu langt skuli ganga í því að staðfesta frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaganna í þeim málaflokki. Í frumvarpinu frá 1989 er t.d. gert ráð fyrir því að áætlun um deiliskipulag teljist ekki samþykkt fyrr en hún hefur verið samþykkt bæði í sveitarstjórn og af Skipulagsstofnun. Í frumvarpinu frá 1990–91 er hins vegar gert ráð fyrir að samþykkt sveitarstjórnar nægi og deiliskipulagið síðan sent Skipulagsstofnun til varðveislu.

Í frumvarpinu frá 1989 er gert ráð fyrir að skipulagsstjórn ríkisins skipi formann í samvinnunefndum um svæðisskipulag en í frumvarpinu frá 1990–91 er ákvæði um slíkt fellt niður en í stað þess *skuli* fulltrúi Skipulagsstofnunar sitja fundi nefndanna og hafa þar tillögurétt.

Nefnd sú, sem nú skilar áliti, var eins og fyrri nefndir á því að frumvarpið skyldi samið með það að markmiði að frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaganna yrði staðfest og meðferð skipulags- og byggingarmála einfölduð. Þá hefur nefndin einnig lagt á það áherslu að þar sem því megi koma við verði ýmis ákvæði í lögum um nánari útfærslu færð yfir í reglugerð.

Helstu breytingar frá gildandi lögum eru eftirfarandi:

1. Skipulagslög og byggingarlög eru sameinuð í einn lagabálk.
2. Skilgreindar eru ólíkar gerðir skipulagsáætlana, þar á meðal landsskipulag sem ekki hafa verið ákvæði um í lögum eða reglugerðum.
3. Skipulagsstjórn ríkisins er lögð niður og verkefni færð til Skipulagsstofnunar og sveitarfélaganna.
4. Frumkvæði, gerð og framkvæmd svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana er fært frá ríki til sveitarfélaga.
5. Skilgreint er nýtt hlutverk Skipulagsstofnunar ríkisins þar sem m.a. er lögð aukin áhersla á ráðgjöf og rannsóknir.
6. Aukin áhersla er lögð á að allar sveitarstjórnir láti vinna aðalskipulagsáætlanir. Þetta á jafnt við um þéttbýli og strjálbýli.
7. Sveitarstjórn þarf ekki að óska eftir heimild skipulagsstjórnar til að auglýsa tillögu að skipulagi.
8. Skipulagsstofnun hefur ekki afskipti af deiliskipulagi svo fremi það sé í samræmi við staðfest aðalskipulag.
9. Ekki er reiknað með að sveitarstjórnir þurfi meðmæli Skipulagsstofnunar og samþykki ráðherra til að taka eignarnámi landsvæði eða fasteignir vegna fyrirsjáanlegrar þróunar sveitarfélagsins.
10. Auk þess sem skipulagsgjald greiðist af brunabótamati hverrar nýbyggingar eins og verið hefur er lagt til að skipulagsgjald verði einnig greitt af mannvirkjum.
11. Skipulags- og byggingarnefndir fara með skipulags- og byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórnar (ekki ráðuneytis).
12. Felld er niður ákvæði um að ráðherra skeri úr komi upp ágreiningur milli skipulags- og byggingarnefndar og sveitarstjórnar.

13. Auknar kröfur eru gerðar um þolhönnun bygginga og efnisval.
14. Hönnunargögn bygginga og annarra mannvirkja eru nánar skilgreind.
15. Skýrari ákvæði eru um löggildingu hönnuða og ábyrgð þeirra.
16. Málsmeðferð, þegar einhver telur rétti sínum hallað með ályktun skipulags- og byggingarnefndar, er breytt á þann hátt að ekki er kært til ráðuneytis eins og gert er samkvæmt gildandi byggingarlögum heldur til nefndar sem skipuð verði fulltrúa umhverfisráðuneytisins, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og formanni, skipuðum af Hæstarétti.
17. Bráðabirgðaákvæði er sett um að öll sveitarfélög skuli hafa gengið frá aðalskipulagi 10 árum eftir gildistöku laganna.

Auk þess sem hér er rakið er mikið um smávægilegar breytingar og ýmislegt fellt niður sem á frekar heima í reglugerð.

Frumvarpið skiptist í sex eftirfarandi kafla:

I. Almenn ákvæði.
II. Stjórn skipulags- og byggingarmála.
III. Skipulag byggðar.
IV. Mannvirkjagerð.
V. Viðurlög.
VI. Gildistaka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fyrstu grein, sem er nýmæli, er gerð grein fyrir þeim markmiðum sem liggja að baki lagasetningunni. Þetta er m.a. gert til þess að leggja áherslu á þær faglegu kröfur sem gerðar eru til áætlunargerðar og hönnunar á sviði skipulags- og byggingarmála.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu hugtök um skipulagsmál sem notuð eru í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að önnur hugtök, sem fyrir koma í lögunum, verði nánar útskýrð í reglugerð eftir því sem ástæða þykir til.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um stjórn skipulags- og byggingarmála. Samkvæmt núgildandi skipulagslögum er það hlutverk skipulagsstjórnar að samþykkja tillögu að skipulagi sem skipulagsstjóri hefur gert og senda hana til viðkomandi sveitarstjórnar til umsagnar. Þannig hefur frumkvæði og ábyrgð á gerð skipulagsáætlana fyrst og fremst verið skipulagsstjórnar og skipulagsstjóra að forminu til þótt sveitarfélögin hafi á síðari árum í raun tekið til sín frumkvæði og framkvæmd á þessu sviði í auknum mæli.

Með frumvarpinu er sú breyting lögð til að frumkvæði og forræði varðandi gerð skipulagsáætlana verði ótvírætt fært til sveitarstjórna. Skipulagsáætlanir um þróun og mótun byggðar eru stjórntæki sveitarstjórnar og því er eðlilegt að þau taki við því hlutverki, jafnframt því sem þau tryggi eftirlit með því að mannvirkjagerð falli að skipulagsáætlunum og þeim almennu gæðakröfum sem gerðar eru til bygginga á hverjum tíma.

Sú stofnun, sem nú heitir Skipulag ríkisins, er í frumvarpinu nefnd Skipulagsstofnun. Það er gert til einföldunar þótt byggingarmál séu til umfjöllunar hjá stofnuninni og í raun um að ræða skipulags- og byggingarstofnun. Þá er gert ráð fyrir því að skipulagsstjórn ríkisins verði lögð niður og verkefni hennar færð yfir til Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga.

Þegar skipulagslög voru fyrst sett árið 1921 var húsameistari ríkisins eini háskólamenntaði arkitekt landsins, en vegamálastjóri einn af örfáum verkfræðingum. Það þótti því ráð að lögfesta setu þeirra í skipulagsnefnd ríkisins eins og skipulagsstjórn þá hét, auk prófessorsins í heilbrigðisfræðum við Háskóla Íslands, Guðmundar Hannessonar, sem sýnt hafði skipulagsmálum sérstakan áhuga.

Með breytingu á lögunum árið 1938 var ákveðið að vitamálastjóri, sem jafnframt var hafnamálastjóri landsins, skyldi eiga sæti í nefndinni í stað prófessorsins er þá hafði náð aldurshámarki starfsmanna ríkisins. Með setningu núgildandi laga var svo nafni nefndarinnar breytt í *skipulagsstjórn ríkisins* og stjórnarmönnum fjölgað í fimm þannig að auk fyrrgreindra embættismanna sitja í stjórninni tveir til viðbótar sem skipaðir eru af ráðherra, annar samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og hinn án tilnefningar.

Ekki þarf að taka fram að aðstæður eru nú gjörbreyttar frá setningu fyrstu laganna um skipulagsmál hvað snertir sérfræðiþekkingu á sviði skipulags- og byggingarmála og þróun undanfarinna ára hefur gengið í þá átt að embættismenn sitji ekki í nefndum og ráðum með hliðstætt hlutverk og hér um ræðir.

Um 3. gr.

Yfirstjórn skipulags- og byggingarmála, sem áður var hjá félagsmálaráðuneytinu, fluttist til umhverfisráðuneytis 1. janúar 1991. Sú breyting er gerð að í stað þess að skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri skuli vera ráðuneytinu til aðstoðar verður það nú hlutverk Skipulagsstofnunar þar sem gert er ráð fyrir að skipulagsstjórn verði lögð niður.

Um 4. gr.

Í 13. gr. gildandi skipulagslaga eru taldir upp ýmsir þættir skipulagsáætlana sem kveða á nánar um í reglugerð, þar á meðal um að öldruðu og fötluðu fólki sé gert auðvelt að komast leiðar sinnar o.s.frv. Kröfur til skipulagsáætlana hafa verið að þróast og þær taka breytingum í tímans rás. Því þykir ekki heppilegt að telja upp einstök atriði sem taka á tillit til í lögunum, en hins vegar verði kveðið á um tæknilega útfærslu skipulagsáætlana í reglugerð. Þá er tekið fram að í reglugerð skuli vera ákvæði um hvernig meta skuli áhrif framkvæmda á umhverfið en hjá Skipulagi ríkisins er unnið að tilraunaverkefni í umhverfismati. Að því loknu verður gerð tillaga um það hvernig umhverfismat geti tengst gerð skipulagsáætlana.

Um 5. gr.

Í greininni er ákveðin sú verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga að gerð og framkvæmd svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags sé í höndum sveitarstjórna. Landsskipulag er hins vegar á vegum ríkisins (ríkisstofnana), enda er þar um að ræða skipulag framkvæmda sem ná til margra sveitarfélaga og skipulagssvæða.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um stjórn og eftirlit sveitarfélaga á sviði skipulags- og byggingarmála. Í flestum stærri sveitarfélögum landsins eru nú starfandi sérstakar skipulagsnefndir sem eru ráðgjafarnefndir sveitarstjórna. Þær styðjast við almenn ákvæði sveitarstjórnarlaga, en í gildandi skipulagslögum eru hins vegar engin ákvæði um slíkar nefndir. Í gildandi byggingarlögum er hins vegar ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skuli eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, þó þannig að nágrannasveitarfélög geti haft samvinnu um kosningu svæðisbyggingarnefndar. Slík svæðisbyggingarnefnd hefur aðeins verið kosin á tveimur svæðum, þ.e. í Eyjafirði og Skagafirði.

Þar sem tvær nefndir eru starfandi á sviði skipulags- og byggingarmála er verkaskipting þeirra sú að byggingarnefnd fjallar um einstök byggingarleyfi sem sótt er um á grundvelli gildandi skipulagsáætlunar, en skipulagsnefnd fjallar um gerð og breytingar á skipulagsáætlunum og veitir umsagnir um hvort tilteknar framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlun. Þar sem ekki hafa verið kosnar sérstakar skipulagsnefndir hafa byggingarnefndir fjallað um skipulagsmál.

Samkvæmt frumvarpinu geta sveitarstjórnir kosið eina skipulags- og byggingarnefnd eða ákveðið að kjósa tvær nefndir, hvora á sínu sviði.

Æskilegt er talið að sveitarfélög geti stofnað svæðisskipulags- og byggingarnefnd með sameiginlegu starfsliði. Þannig yrði smærri sveitarfélögum gert kleift að koma á markvissari umfjöllun og eftirliti á sviði skipulags- og byggingarmála.

Í frumvarpinu, sem lagt var fyrir Alþingi 1989, var sveitarfélögum með færri íbúa en 700 gert skylt að mynda byggðasamlög með nágrannasveitarfélögum um skipulags- og byggingarmál, en hér er lagt til að sveitarfélögin taki ákvörðun um þetta sjálf, en þar sem þeim er gert skylt að hafa í þjónustu sinni sérhæft starfslið á sviði skipulags- og byggingarmála er augljóst, fjárhagslegt hagræði að myndun slíkra byggðasamlaga. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að 1. ágúst 1990 hætti Stofnlánadeild landbúnaðarins að taka þátt í kostnaði vegna embætta byggingarfulltrúa í strjálbýli og munu vera dæmi þess að sveitarfélög hafi hætt samvinnu um ráðningu byggingarfulltrúa og ráði þess í stað ófaglærða menn hvert um sig. Félag byggingarfulltrúa hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að herða ákvæði um svæðisbyggingarnefndir og hefur Skipulag ríkisins tekið undir það með félaginu. Nefnd sú, sem hér skilar áliti, telur æskilegast að sveitarfélög verði sameinuð og að sveitarstjórnir fámennari sveitarfélaga taki sjálfar frumkvæði í því hvernig þær vilja framfylgja ákvæðum skipulags- og byggingarlaga.

Um 7. gr.

Eins og áður er getið er lagt til að Skipulag ríkisins verði nefnt Skipulagsstofnun. Hlutverk hennar er síðan nánar skilgreint í greininni. Það nýmæli er tekið upp að stofnunin skuli beita sér fyrir rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála. Ýmis verkefni skipulagsstjóra samkvæmt gildandi lögum og fyrri frumvörpum eru færð til Skipulagsstofnunar.

Um 8. gr.

Hér eru lagðar til þær breytingar varðandi skipun í embætti skipulagsstjóra að tekið er fram að hann skuli hafa sérmenntun á sviði skipulags- og byggingarmála, en í núgildandi lögum eru ekki gerðar sérstakar menntunarkröfur. Jafnframt er gerð sú breyting að hann skuli skipaður til fimm ára í senn, en nú gildir æviráðning um skipun í embættið.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um skipulag byggðar og er hann verulega breyttur frá því sem gildandi lög kveða á um. Hinar ýmsu gerðir skipulagsáætlana eru skilgreindar og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga breytt þannig að vald er í auknum mæli fært til sveitarfélaga, en eindregnar óskir hafa komið fram um það í athugasemdum við fyrri frumvörp. Markmið með þessum breytingum er að ekki þurfi að koma til afskipti ráðuneytis eða Skipulagsstofnunar nema sveitarfélög fari út fyrir ramma laganna um form og lögmæti ákvörðunar eða að upp komi ágreiningur að öðru leyti.

Um 9. gr.

Samkvæmt þessu frumvarpi eru öll sveitarfélög skipulagsskyld eins og í núgildandi skipulagslögum. Á vegum umhverfisráðuneytisins er nú unnið að því að fastsetja málsmeðferð skipulags- og byggingarmála á Miðhálendi Íslands. Það er talið nauðsynlegt vegna þess að í sveitarstjórnarlögum er ákvæði um að byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög og því óljóst með skipulagsskyldu á svæðum sem teljast til óbyggðar án þess að mörk milli byggðar og óbyggðar hafi verið skilgreind. Vaxandi byggingarframkvæmdir á hálendinu gera það nauðsynlegt að skorið verði úr um málsmeðferð.

Um 10. gr.

Í gildandi lögum er ákvæði um að gera skuli skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar að þéttbýli rísi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gera skuli aðalskipulag fyrir öll sveitarfélög og í bráðabirgðaákvæðum eru sett þau tímamörk að 10 árum eftir gildistöku laganna skuli öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Í mörgum strjálbýlissveitarfélögum er töluvert um byggingarframkvæmdir. Má þar nefna sumarbústaði, íbúðarhús á lögbýlum sem ekki tengjast búskap og byggingar fyrir atvinnustarfsemi. Þar við bætist ýmis mannvirkjagerð á vegum veitustofnana. Samkvæmt gildandi lögum þarf sveitarstjórn, þegar aðalskipulag er ekki fyrir hendi, að leita samþykkis skipulagsstjórnar fyrir öllum byggingarframkvæmdum sem ekki tengjast búskap. Nefndin telur nauðsynlegt að í öllum sveitarfélögum sé mörkuð stefna í landnotkun og landnýtingu, ekki síst vegna fyrirsjáanlegra breytinga á landbúnaðarframleiðslu. Aðalskipulagsáætlun er kjörið hjálpartæki við slíka stefnumörkun.

Lögð er til sú breyting að aðalskipulagsáætlanir séu til 10 ára í stað 20 ára.

Um 11. gr.

Nokkur sveitarfélög hafa efnt til kynningarfunda um aðalskipulagsgerð áður en eiginleg skipulagsvinna hefst. Þetta hefur verið gert til að kynna hagsmunaaðilum hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni og gefa þeim um leið tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum sínum. Þetta hefur reynst betur en að halda kynningarfundi þegar fyrir liggur nánast fullmótuð aðalskipulagstillaga.

Samkvæmt gildandi lögum þarf sveitarstjórn að leita eftir heimild skipulagsstjórnar til að auglýsa aðalskipulagstillögu. Þessu er breytt þannig að sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar og hafi hún ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna er tillagan auglýst.

Um 12. gr.

Ákvæði um auglýsingu er óbreytt frá gildandi lögum nema frestur til að skila athugasemdum er styttur úr átta vikum í sex. Þetta er gert í þeim tilgangi að flýta málsmeðferð.

Um 13. gr.

Málsmeðferð að lokinni auglýsingu er breytt frá gildandi lögum þannig að í stað þess að skipulagsstjórn fjalli um athugasemdir og umsagnir sveitarstjórna um þær fjallar Skipulagsstofnun um málið. Þá er það nýmæli í lögum að leggi Skipulagsstofnun til að synjað verði um staðfestingu skuli synjunin rökstudd með greinargerð.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við 20. gr. gildandi laga. Ákvæði 2. mgr. er nýmæli, en það veitir ráðherra heimild til að fresta staðfestingu á aðalskipulagi fyrir ákveðið landsvæði vegna almannahagsmuna eða vegna ósamræmis milli skipulagsáætlana aðliggjandi sveitarfélaga.

Um 15. gr.

Ákvæði um endurskoðun skipulagsáætlana hafa ekki verið í skipulagslögum, en í skipulagsreglugerð hafa verið ákvæði um að eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skuli aðalskipulag tekið til endurskoðunar. Hér er um lykilatriði að ræða ef aðalskipulagsáætlun á að vera virkt stjórntæki sveitarstjórna og eðlilegt þykir að ákvæði um reglubundna endurskoðun sé að finna í skipulagslögunum sjálfum.

Endurskoðun aðalskipulags getur falið í sér mikla vinnu og er hér lagt til að nýkjörnar sveitarstjórnir meti að afloknum sveitarstjórnarkosningum hvort þörf sé endurskoðunar.

Um 16. gr.

Þessi grein er í samræmi við 3. og 4. mgr. 19. gr. núgildandi skipulagslaga að því undanskildu að Skipulagsstofnun kemur í stað skipulagsstjórnar. Nauðsynlegt er að hafa slíkt ákvæði í því skyni að hægt sé að gera minni háttar breytingar án þess að með þær þurfi að fara skv. 12. og 13. gr. Við framkvæmd aðalskipulags koma oft upp tilvik þar sem breyta þarf minni háttar atriðum.

Um 17. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga hefur reynst erfiður úrlausnar og því þykir nauðsynlegt að lögfest verði skýr ákvæði um það hvernig með verði farið.

Um 18. gr.

Í 11. gr. gildandi skipulagslaga er ákvæði um að þar sem gerður hafi verið aðalskipulagsuppdráttur skuli, þar sem þörf krefji, einnig gera séruppdrætti, þ.e. það sem síðar hefur verið kallað deiliskipulag. Upp hefur komið ágreiningur um deiliskipulagsskyldu og hver eigi að meta þörfina hverju sinni: sveitarstjórn, skipulagsstjórn eða ráðherra. Lagt er til að gert skuli deiliskipulag þar sem verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni. Þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi getur sveitarstjórn engu að síður leyft einstakar byggingarframkvæmdir innan ramma aðalskipulags, en kynna þarf fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir næstu nágrönnum og gefa þeim

kost á því að láta skoðun sína í ljós. Þetta á ekki síst við í eldri hverfum þar sem verið er að byggja í skörð eða á lóðum þar sem hús hafa verið rifin og ekki er talin ástæða til að gera deiliskipulag.

Um 19. gr.

Þessi grein er efnislega í samræmi við 30. gr. gildandi skipulagslaga. Sú breyting er þó gerð að verði sveitarstjórn við tilmælum landeiganda um að land hans verði skipulagt sem byggingarlóðir láti hann sveitarfélaginu endurgjaldslaust í té ⅓ hluta þess lands sem heimildin nær til. Samkvæmt gildandi ákvæðum skal landeigandi láta af hendi ⅓ af heildarflatarmáli þeirra byggingarlóða sem heimildin nær til, en reynslan sýnir að það er allsendis ófullnægjandi.

Um 20. gr.

Um kynningu deiliskipulags hafa ekki verið sérstök ákvæði í lögum. Hér er gerð deiliskipulags einfölduð. Tillögu skal hafa til sýningar fyrir almenning í þrjár vikur og jafnframt skal auglýsa eftir athugasemdum innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar um sýninguna. Senda skal tillöguna Skipulagsstofnun til kynningar.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um meðferð á deiliskipulagstillögu eftir að frestur til að gera athugasemdir við hana er liðinn. Deiliskipulag tekur ekki gildi fyrr en það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn við seinni umræðu.

Um 22. gr.

Í þessari grein er fjallað um breytingar á samþykktu deiliskipulagi og er þar um nokkra einföldun að ræða frá þeim reglum sem nú gilda. Auglýst skal eftir athugasemdum við breytinguna og skal við aðra umræðu í sveitarstjórn taka afstöðu til innsendra athugasemda.

Um 23. gr.

Með vaxandi byggð, nýjum og fullkomnum samgönguæðum og nýjum viðhorfum á sviði atvinnumála hefur skapast þörf fyrir gerð skipulags er nái yfir heilt hérað eða nokkur sveitarfélög í senn. Ákvæði um svæðisskipulag eru í 3. og 12. gr. núgildandi skipulagslaga og hefur talsvert verið unnið eftir þeim. Hér er gert ráð fyrir að nágrannasveitarfélög óski sameiginlega eftir því að gert verði svæðisskipulag til þess að samræma þróun byggðar og aðalskipulag sveitarfélaga á svæðinu.

Um 24. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 25. gr.

Fjölmargar stofnanir ríkisins hafa framkvæmdir á sinni könnu sem ná til landsins alls. Nauðsynlegt er að samræmis sé gætt milli áætlana um þessar framkvæmdir og skipulagsáætlana sveitarfélaga. Því er í greininni mælt fyrir um að Skipulagsstofnun skuli í samvinnu við aðra opinbera aðila sjá um að upplýsingar og gögn varðandi landsskipulag séu fyrir hendi.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um ákvörðun á legu opinberra mannvirkja sem ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Nauðsynlegt er að ákveðnar verklagsreglur komist á um slíkar ákvarðanir. Samkvæmt frumvarpinu skal staðfesta slíka legu og hún skal hafa sama gildi og staðfest aðalskipulag.

Um 27. gr.

Greinin samsvarar 7.–9. gr. núgildandi laga.

Um 28. gr.

Greinin samsvarar 32. gr. gildandi laga, en er ítarlegri.

Um 29. gr.

Greinin samsvarar 31. gr. gildandi laga, en er ítarlegri.

Um 30. gr.

Greinin samsvarar 26. gr. gildandi laga, en er ítarlegri.

Um 31. gr.

Greinin samsvarar 27. og 28. gr. gildandi laga, en bætt er við heimild til þess að taka eignarnámi efnisnámur sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á staðfestum og samþykktum skipulagsáætlunum.

Um 32. gr.

Hér er fjallað um skaðabætur til eigenda fasteigna vegna röskunar sem framkvæmd skipulagsáætlunar hefur í för með sér. Er um sambærileg ákvæði að ræða og nú eru lögfest í 29. gr. skipulagslaga.

Um 33. gr.

Um þetta efni er fjallað í 33. og 34. gr. gildandi laga. Í frumvarpinu er lagt til að settar verði skýrari reglur um kostnaðarskiptingu vegna skipulagsmála og jafnframt er hér um að ræða nokkrar breytingar frá gildandi lögum.

Um 34. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að skylt sé að leggja á skipulagsgjald, en samkvæmt gildandi lögum hefur ráðherra heimild til slíkrar álagningar. Heimildin hefur hins vegar verið notuð frá upphafi og er álagningarprósenta óbreytt samkvæmt frumvarpinu. Sú breyting er gerð að „nýbyggingar“ er breytt í: mannvirki. Þá er lagt til að ríkissjóður greiði árlega framlag til skipulagsmála sem sé eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda næstliðins árs. Er þetta óbreytt fyrirkomulag frá gildandi lögum.

Til tals hefur komið að fella niður ríkisframlagið og leggja í stað þess skipulagsgjald á opinberar framkvæmdir eins og virkjanir, háspennulínur og vegagerð. Á undanförnum árum hefur umfjöllun um þessar framkvæmdir hjá Skipulagi ríkisins stóraukist.

Um 35. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1. gr. núgildandi byggingarlaga. Að gefnu tilefni er þó tekið fram að auk vega séu brýr undanþegnar ákvæðum laganna og því bætt við að mann-

virki undanþegin ákvæðum laganna skuli byggð á vegum opinberra aðila og undir eftirliti sérfræðinga. Þá er því einnig bætt við núgildandi ákvæði að óski byggingarfulltrúi þess skuli honum afhentir til varðveislu uppdrættir viðkomandi mannvirkis. Þessu er bætt við greinina til að tryggja möguleika á virku byggingareftirliti.

Um 36. gr.

Fyrri hluti þessarar greinar (1. og 2. mgr.) er að mestu leyti samhljóða 4. gr. gildandi byggingarlaga. Þær viðbætur eru þó gerðar að í byggingarreglugerð skuli vera ákvæði um mismunandi tegundir bygginga, grenndarkynningu, aðstöðu og umgengni á vinnustöðum, gróður og frágang lóða, hönnunargögn og réttindi og skyldur byggingarstjóra og iðnmeistara.

Vegna aukins samstarfs um setningu staðla á ýmsum tæknilegum sviðum milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Evrópubandalagsins og innan samtakanna CEN og CENELEC er í 3. mgr. sú viðbót að auk þess að í byggingarreglugerð skuli vísað til gildandi íslenskra staðla um tæknilega útfærslu og fleiri atriði sem varða mannvirkjagerð sé heimilt að vísa til sérsviðssamninga og túlkunarskjala sem hafa verið samþykkt í samstarfi milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Evrópubandalagsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Um 37. gr.

Hlutverk skipulags- og byggingarnefnda verður víðtækara en byggingarnefndanna samkvæmt núgildandi byggingarlögum því auk þess að fjalla um byggingarmál og gera tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu þeirra fjallar nefndin um stefnumörkun í skipulagsmálum og gerð skipulagsáætlana.

Um 38. gr.

Fellt er niður ákvæði um að ráðherra skeri úr komi upp ágreiningur milli skipulags- og byggingarnefndar og sveitarstjórnar. Málsmeðferð, þegar einhver telur rétti sínum hallað með ályktun skipulags- og byggingarnefndar, er breytt á þann hátt að ekki er kært til ráðuneytis eins og gert er samkvæmt gildandi byggingarlögum heldur til nefndar sem skipuð verði fulltrúa ráðuneytisins, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og formanni, skipuðum af Hæstarétti.

Um 39. gr.

Í 21. gr. gildandi byggingarlaga eru gerðar þær kröfur að byggingarfulltrúi skuli vera arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur. Í strjálbýli er heimilt að ráða búfræðikandídat úr tæknideild búnaðarháskóla í stöðu byggingarfulltrúa. Í frumvarpinu eru gerðar þær almennu kröfur til skipulags- og byggingarfulltrúa að hann skuli hafa sérmenntun á tæknisviði frá háskóla eða tækniskóla og að hann skuli hafa minnst tveggja ára starfsreynslu sem skipulags- og byggingarnefnd tekur gilda. Fáist ekki maður í stöðuna með fullnægjandi menntun er þó heimilt að ráða tímabundið mann með minni menntun.

Um 40. gr.

Þessi grein er í aðalatriðum samhljóða 22. gr. gildandi byggingarlaga.

Um 41. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 6. mgr. 12. gr. gildandi byggingarlaga og kveður á um að skipulags- og byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans sé óheimilt að gera uppdrætti að byggingu eða öðru mannvirki í hlutaðeigandi umdæmi nema sérstaklega standi á, enda hafi nefndin þá fyrir fram veitt leyfi sitt hverju sinni. Ástæður þessa eru augljóslega þær að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og óeðlileg vinnubrögð við framkvæmd opinbers eftirlits.

Um 42. gr.

Þessi grein er í aðalatriðum samhljóða 25., 26. og 27. gr. gildandi byggingarlaga.

Um 43. gr.

Greinin er nýmæli og liður í hertu byggingareftirliti. Er skipulags- og byggingarfulltrúa veitt heimild til þess í sérstökum tilvikum að óska eftir prófreikningum hönnunar frá sérstökum prófhönnuðum, en þar er um að ræða viðurkennda sérfræðinga á sviði hönnunar, t.d. varðandi styrkleika bygginga gagnvart jarðskjálftum. Er gert ráð fyrir því að ráðherra geti gefið út sérstakar reglur um viðurkenningu slíkra prófhönnuða og um kröfur sem til þeirra eru gerðar, en dæmi eru um slíkt fyrirkomulag í nágrannaríkjum okkar.

Þá er í greininni einnig heimild til að krefja framleiðendur og byggingarefnissala um vottorð frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eða hliðstæðum stofnunum um að söluvörur þeirra standist gæðakröfur byggingarreglugerðar. Krefjast má sérstakra eftirlitsmanna með framkvæmdum við meiri háttar mannvirkjagerð og krefjast má álagsprófunar mannvirkis eftir að það hefur verið reist.

Um 44. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1.,2. og 3. mgr. 9. gr. gildandi byggingarlaga. Bætt hefur verið við ákvæði um að skipulags- og byggingarfulltrúi geti heimilað lóðarhafa könnun jarðvegsgerðar á byggingarlóð þótt framkvæmdaleyfi sé ekki fengið. Þetta er gert m.a. til að koma til móts við þörf á upplýsingum um jarðveg sem nota þarf við hönnun mannvirkis.

Um 45. gr.

Þessi grein er í aðalatriðum samhljóða 4., 5., 7. og 8. mgr. 9. gr. gildandi byggingarlaga. Ákvæði um yfirlýsingu um ábyrgð á framkvæmdum er fært í 47. gr. þessa frumvarps. Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda jafnvel þótt það hafi verið staðfest í sveitarstjórn þar sem framkvæmdaleyfi þarf einnig að koma til, sbr. 47. gr.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. í gildandi byggingarlögum.

Um 47. gr.

Greinin er nýmæli. Byggingarleyfi, sem veitt er út á aðaluppdrætti, veitir ekki heimild til framkvæmda, heldur þarf einnig að koma til sérstakt framkvæmdaleyfi, en það tryggir að fullnægjandi burðarþols-, kerfis- og deiliuppdrættir hafi verið gerðir og að byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi verið ráðnir til verksins og að þeir hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á leyfðum framkvæmdum.

Í undantekningartilvikum er þó heimilt að veita framkvæmdaleyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda eins og t.d. til þess að grafa grunn eða hefja steypuvinnu þótt mannvirkið hafi ekki verið fullhannað í smáatriðum.

Um 48. gr.

Greinin fjallar um það hvenær byggingarleyfi falli úr gildi og er hún að mestu samhljóða núgildandi 15. gr. byggingarlaga. Þær breytingar eru lagðar til að byggingarleyfi falli úr gildi, ef framkvæmdaleyfi hefur ekki verið gefið út og byggingarframkvæmdir hafnar innan tólf mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar.

Um 49. gr.

Greinin ásamt fjórum næstu greinum um hönnunargögn er nýmæli og kemur í stað 12. gr. í gildandi byggingarlögum sem er um margt óljós varðandi uppdrætti og löggildingu hönnuða. Í gildandi lögum eru nefndir aðaluppdrættir og séruppdrættir án þess að fram komi við hvað sé átt. Þá er í sömu grein tekið fram að rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum geti hlotið arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar hver á sínu sviði, án þess að viðkomandi svið séu skilgreind.

Í þessari grein frumvarpsins eru hönnunargögn skilgreind sem uppdrættir og fylgiskjöl. Uppdrættir eru síðan greindir í aðaluppdrætti, burðarþolsuppdrætti, kerfisuppdrætti og deiliuppdrætti. Þessar fjórar ólíku gerðir uppdrátta eru skilgreindar og tekið fram að kröfur varðandi hönnunargögn verði nánar settar fram í byggingarreglugerð.

Um 50. gr.

Tvær fyrstu málsgreinar þessarar greinar um áritun á uppdrætti og ábyrgð á þeim eru í samræmi við 4. og 5. mgr. 12. gr. gildandi byggingarlaga.

Í 2. mgr. er hins vegar það nýmæli lagt til að uppdráttur skuli áritaður af löggiltum hönnuði sem tekið hefur að sér samræmingu þeirra uppdrátta sem mannvirkið verður byggt eftir, en um það eru ákvæði í gildandi byggingarreglugerð.

Í 3. mgr. er það nýmæli lagt til að hönnuðir, sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd, skuli hafa ábyrgðartryggingu sem nánar sé mælt fyrir um í byggingarreglugerð. Sambærileg ákvæði hafa á síðustu árum verið lögfest í nýrri löggjöf varðandi fasteignasala og verðbréfasala, en markmið þeirra er að tryggja að viðskiptavinir geti sótt skaðabætur til sjálfstætt starfandi aðila sem valda þeim tjóni með mistökum í starfi sínu.

Um 51. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 7. mgr. 12. gr. gildandi laga, en leitast er við að gera orðalag ótvíræðara.

Um 52. gr.

Greinin er í samræmi við 1. mgr. 12. gr. gildandi laga, en sú breyting er gerð á orðalagi að í stað „gera uppdrátt“ kemur: leggja fram uppdrátt.

Skilgreint er almennt hvaða skilyrðum hönnuðir þurfa að fullnægja áður en þeir geta öðlast rétt til löggildingar. Hönnuðir þurfa að hafa hlotið heimild ráðherra til starfsheitis, sérhæft sig á viðkomandi sviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila. Meginreglan er sú að umsækjendur þurfa að hafa tveggja ára starfsreynslu. Þá skal umsækjandi hafa staðist próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf ásamt tilheyrandi reglugerðum.

Til að aðstoða ráðherra við mat á sérnámi og starfsreynslu og framkvæmd og mati prófs er lagt til að ráðherra skipi prófnefnd til fjögurra ára í senn. Felld er niður krafa um umsögn stéttarfélaga og skipulagsstjórnar.

Um 53. gr.

Greinin er nýmæli, en í henni er skilgreint nánar hverjir geti hlotið löggildingu sem hönnuðir og þá til hvaða uppdráttagerðar. Varðandi aðaluppdrætti er lagt til að sú regla sé viðhöfð að arkitektar geti hlotið löggildingu. Byggingarfræðingar, byggingartæknifræðingar og byggingarverkfræðingar geti einnig hlotið löggildingu til aðaluppdráttar enda hafi þeir öðlast fjögurra ára starfsreynslu í starfi hjá löggiltum aðila á því sviði. Lagt er til að byggingartæknifræðingar og byggingarverkfræðingar geti hlotið löggildingu sem hönnuðir burðarþolsuppdrátta enda hafi þeir sérhæft sig á því sviði og hlotið starfsreynslu í starfi hjá löggiltum aðila á sama sviði.

Innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir hafa ekki áður verið nefndir í byggingarlöggjöf og hafa því hvorki þurft eða getað hlotið löggildingu. Báðar starfsstéttir hafa nú fengið lögverndun á starfsheiti sínu og gilda um þá sams konar reglur og þær starfsstéttir sem áður eru upp taldar í grein þessari. Lagt er til að innanhússhönnuðir geti fengið löggildingu til að leggja fram deiliuppdrætti að innra skipulagi bygginga og að landslagshönnuðir geti fengið löggildingu til að leggja fram deiliuppdrætti að skipulagi lóðar.

Um 54. gr.

Í þessari grein og í 55. gr. er fjallað um sama efni og nú er fjallað um í 16.–19. gr. byggingarlaga. Hertar eru til muna kröfur um byggingarstjórn og er sett það skilyrði að við gerð hvers mannvirkis skuli vera einn ábyrgur aðili sem nefnist byggingarstjóri, en um það er aðeins heimildarákvæði í gildandi lögum. Tekið er fram hverjir geti orðið byggingarstjórar, en frá setningu núgildandi laga árið 1978 hefur þeim aðilum fjölgað mjög sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til byggingarstjóra samkvæmt frumvarpinu.

Ákvæði um verksvið byggingarstjóra er samhljóða 17. gr. núgildandi laga, en nýmæli er að í byggingarreglugerð skuli kveðið á um samning milli byggingarstjóra og eiganda byggingarframkvæmda. Þá er það einnig nýmæli að byggingarstjóri skuli hafa ábyrgðartryggingu.

Ákvæði um ábyrgð byggingarstjóra er að mestu samhljóða 1. mgr. 18. gr. núgildandi laga. Bætt er við ákvæði um að byggingarstjóri skuli við lok framkvæmda staðfesta að byggt hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir.

Í greininni eru einnig ákvæði um hvernig staðið skuli að málum ef byggingarstjóri hættir áður en verki er lokið, þ.e. með úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og samþykki fráfarandi og aðkomandi byggingarstjóra.

Um 55. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er fjallað um ábyrgð iðnmeistara gagnvart eiganda byggingarframkvæmda og skipulags- og byggingarnefnd og hverjir geti hlotið viðurkenningu skipulags- og byggingarnefndar til að taka á sig slíka ábyrgð.

Ákvæði eru um það hvernig staðið skuli að málum ef iðnmeistari hættir áður en verki er lokið, þ.e. með úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og með samþykki fráfarandi og aðkomandi iðnmeistara.

Ákvæði um meint brot byggingarstjóra eða iðnmeistara er efnislega í samræmi við 33. gr. núgildandi laga. Verði byggingarstjóri eða iðnmeistari uppvís að því að sinna ekki umsjónarskyldu sinni með framkvæmd verks getur skipulags- og byggingarnefnd svipt hann viðurkenningu sinni fyrirvaralaust.

Um 56. og 57. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða VII. kafla núgildandi byggingarlaga.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um ábyrgð aðila og viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum sem settar eru í samræmi við þau.

Um 58. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 31. gr. núgildandi byggingarlaga að öðru leyti en því að hún nær einnig til atriða er varða skipulagsáætlanir.

Um 59. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 32. gr. núgildandi byggingarlaga að breyttu breytanda.

Um 60. gr.

Í þessari grein er fjallað um heimild skipulags- og byggingarnefnda til þess að beita áminningum og sviptingu löggildingar ef byggingarstjórar eða iðnmeistarar gerast sekir um brot á ákvæðum laga og reglugerða um skipulags- og byggingarmál.

Um 61. gr.

Hér er fjallað um refsiábyrgð hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara. Með slík mál skal farið að hætti opinberra mála.

Um 62. gr.

Hér er fjallað um aðgerðir skipulags- og byggingaryfirvalda til þess að knýja fram úrbætur með beitingu dagsekta eða með því að láta vinna verk á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Um 63. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði I og II skýra sig sjálf.

Ákvæði III er sett til þess að ákvarða nánar meðferð skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum. Samkvæmt lögum nr. 106 17. desember 1954 skal þeim ráðherra, sem

falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna er löggiltur var með lögum nr. 110/1951, fengin meðferð málaflokka á varnarsvæðum sem ella eru fengnir öðrum ráðherrum til meðferðar. Í lögunum er ekki getið um hlutverk sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem hafa varnarsvæði innan marka sinna.

Að gefnu tilefni þykir rétt að setja í frumvarpið ótvíræð ákvæði um þetta efni sem segja má að séu í samræmi við þá skipan mála er tekin var upp með setningu reglugerðar nr. 75 frá 15. mars 1982 um skipulagsmál á varnarsvæðunum. Samkvæmt reglugerðinni skipar utanríkisráðherra fimm manna nefnd er fer með skipulags- og byggingarmál innan varnarsvæðanna og skal hún í starfi sínu hafa samráð við Skipulagsstofnun og fyrirsvarsmenn viðkomandi sveitarfélaga.

853. Svar [495. mál]

samstarfsráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um áhrif EES-samnings á samnorræna samninga.

1. *Hver er staða samninga sem gerðir hafa verið í norrænu samstarfi gagnvart samningnum um Evrópskt efnahagssvæði?*

120. gr. EES-samningsins fjallar einungis um tengsl samningsins við gildandi samninga á milli EB annars vegar og EFTA-ríkjanna, eins eða fleiri, hins vegar. 120. gr. á því ekki við um Norðurlandasamningana.

Í 121. gr. EES-samningsins er sérstaklega tekið fram að EES-samningurinn standi ekki í vegi fyrir norrænu samstarfi svo framarlega sem slíkt samstarf skaði ekki góða framkvæmd samningsins. 121. gr. nær einnig til samninga í norrænu samstarfi í framtíðinni.

Um tengsl EES-samningsins við aðra gildandi samninga hafa samningsaðilar gert sameiginlega yfirlýsingu sem fylgir EES-samningnum.

Yfirlýsingin hljóðar svo:

„EES-samningurinn hefur ekki áhrif á réttindi tryggð með gildandi samningum sem eru bindandi fyrir eitt eða fleiri aðildarríki EB annars vegar og eitt eða fleiri EFTA-ríki hins vegar, til að mynda samningum er varða einstaklinga, aðila í atvinnurekstri, samvinnu á tilteknum svæðum og stjórnvaldsráðstafanir, þar til að minnsta kosti samsvarandi réttindi hafa náðst með samningnum.“

Samkvæmt EES-samningnum gilda samnorrænir samningar áfram óbreyttir samhliða EES-samningnum. Samkvæmt framangreindri yfirlýsingu er það sameiginleg túlkun samningsaðila að beita megi norrænu samningunum einnig í þeim tilfellum sem þeir veita betri rétt en EES-samningurinn þar til að minnsta kosti sömu reglur gilda innan EES. Í framkvæmd verður því þeim samningi beitt sem gefur betri rétt.

2. *Hvaða samnorrænir samningar þyrftu endurskoðunar við vegna EES-samnings?*

Breytingar hafa þegar verið gerðar á samnorrænum samningum á sviði almannatrygginga. Endurskoðun norræns samstarfs er til umræðu í mörgum norrænum samstarfsnefndum en engar aðrar ákvarðanir hafa verið teknar um breytingar á samnorrænum samningum vegna EES.

3. *Hvers efnis eru þær breytingar í aðalatriðum sem gera þyrfti á hverjum einstökum samningi?*
   Sjá svar við annarri spurningu.

854. Fyrirspurn [521. mál]

til forsætisráðherra um nefndir á vegum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Frá Svavari Gestssyni og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

1. Hvaða nefndir hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar skipað frá 30. apríl 1991?
2. Hvernær á hver nefnd að skila áliti?
3. Hverjir eiga sæti í hverri nefnd, hverjir samkvæmt tilnefningu og hverjir án tilnefningar?

Skriflegt svar óskast.

855. Fyrirspurn [522. mál]

til dómsmálaráðherra um eftirlit með opinberum fjársöfnunum.

Frá Finni Ingólfssyni.

1. Hvaða tryggingu hefur gefandi fyrir því að það fé, sem hann gefur í opinberri fjársöfnun, renni til þess málefnis er því er ætlað?
2. Getur sá sem tilkynnir til lögreglustjóra eða fær leyfi dómsmálaráðuneytisins fyrir opinberri fjársöfnun látið annan aðila sjá um framkvæmd fjársöfnunarinnar fyrir sig?
3. Hve margar opinberar fjársafnanir hafa verið tilkynntar til lögreglustjóra eða leyfi fengist fyrir hjá dómsmálaráðuneytinu á undanförnum þremur árum?
4. Hefur ákvæðum 7. gr. laga nr. 5/1977 verið fullnægt í öllum tilfellum?

856. Fyrirspurn [523. mál]

til menntamálaráðherra um bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Hvernig verður háttað þátttöku menntamálaráðuneytisins í þeim árlegu bókmenntaverðlaunum sem bera munu nafn Halldórs Laxness og stofnað verður til af ráðuneytinu og útgáfufyrirtækinu Vöku-Helgafelli?

857. Svar [315. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Stefánssonar um gjaldþrota einstaklinga.

1. *Hversu margir einstaklingar voru lýstir gjaldþrota hér á landi á árunum 1987, 1988, 1989, 1990 og 1991?*

Ár	Fjöldi
1987	426
1988	549
1989	547
1990	1049
1991	966

2. *Hve mörg þessara gjaldþrota stöfuðu af því að viðkomandi einstaklingar voru í ábyrgðum fyrir aðra einstaklinga eða fyrirtæki gagnvart bönkum eða öðrum lánastofnunum?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hversu mörg framangreindra gjaldþrota stafa af ábyrgðum á skuldum annarra, enda tíðkast ekki að málaskrár séu svo ítarlegar að rekja megi uppruna hvers og eins gjaldþrots með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Eftir því sem næst verður komist mun þó fátítt að gjaldþrot einstaklinga stafi af því að þeir hafi verið í ábyrgðum fyrir aðra einstaklinga eða fyrirtæki gagnvart bönkum eða öðrum lánastofnunum.

3. *Hafði ríkissjóður einhvern beinan kostnað af þessum gjaldþrotum og þá hve mikinn?*

Ef hér er átt við kostnað er leiðir af launagreiðslum til bústjóra og skiptastjóra þá hefur ríkissjóður ekki orðið að greiða slíkan kostnað. Ekki er um neinn annan beinan kostnað við skiptin að ræða.

4. *Hyggst ríkisstjórnin með lagasetningu eða á annan hátt tryggja betur stöðu ábyrgðarmanna en nú er?*

Eigi er ljóst hvað fyrirspyrjandi á við með orðunum „tryggja betur stöðu ábyrgðarmanna“. Ábyrgð nefnist það þegar maður skuldbindur sig til að greiða skuld annars manns ef sá greiðir hana ekki sjálfur. Á grundvelli meginreglunnar um samningsfrelsi er mönnum það í sjálfsvald sett hvort þeir taka á sig slíkar ábyrgðir eður ei. Hér má þó vekja athygli á ákvæðum í III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, um misneytingu og nauðung.

Ein meginstoð viðskiptalífs okkar er að menn geti almennt treyst á skuldbindingargildi löggerninga. Verði ábyrgð ábyrgðarmanna á einhvern hátt takmörkuð veikir það lánstraust manna og getur þannig orðið til þess að grafa undan grundvelli viðskiptalífsins.

858. Svar [322. mál]

dóms- og kirkjumálarráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um auglýsinga- og kynningarkostnað dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var auglýsinga- og kynningarkostnaður dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á árinu 1990 annars vegar og fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 hins vegar?*
2. *Hvaða aðilar fengu greiðslur vegna þessa kostnaðarliðar?*
3. *Hversu háar voru greiðslurnar og hvenær voru þær greiddar?*
4. *Fyrir hvað var greitt?*
5. *Voru einhverjar reglur í gildi í ráðuneytinu varðandi þessi atriði?*

1. Kostnaður 1990.		Kr.
1.1	Vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins (06–101)	
	Kostnaður alls	914.043
	Skipting:	
1.1.1	Til Lögbirtingablaðs og Stjórnartíðinda vegna birtingar reglugerða og auglýsinga um stöður, embættisveitingar, réttindaveitingar o.fl.	852.043
1.1.2	Til félagsins Geðhjálpar	40.000
1.1.3	Til Orators, félags laganema	15.000
1.1.4	Til blaðs félags stjórnmálafræðinema	6.000
1.2.	Vegna auglýsinga um utankjörfundaratkvæðagreiðslu við sveitarstjórnarkosningar (06–103)	
	Kostnaður alls	868.833
	Skipting:	
1.2.1	Til dagblaða, alls	286.534
1.2.2	Til héraðs- og flokksblaða, alls	582.999
1.3	Vegna aðgerða gegn fíkniefnum (06–281–18200)	
1.3.1	Til Saga film vegna vinnslu auglýsingar um skaðlegar afleiðingar fíkniefnaneyslu	168.449
1.3.2	Til auglýsingastofunnar Gott fólk vegna auglýsingar í sjónvarpi, kvikmyndahúsum og blöðum um fíkniefni: „Segjum *nei* við fíkniefnum“.	388.692
1.3.3	Til SÁÁ á Akureyri	37.350
1.4	Vegna kynningar á lögreglustarfi (06–282)	
1.4.1	Til Stöðvar 2 vegna gerðar myndar um lögreglustörf í þáttaröð til kynningar á ýmsum starfsgreinum	160.328
1.4.2	Til Landssambands slökkviliðsmanna	5.000
1.5	Kynningarstarf tölvunefndar (06–281–14000)	
1.5.1	Til birtingar tveggja auglýsinga í öllum dagblöðum, alls	537.915

2. Kostnaður 1991, greiddur 1. jan. – 30. apríl.

2.1	Vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins (06–101)	
	Kostnaður alls	157.980
	Skipting:	
2.1.1	Til Lögbirtingablaðs og Stjórnartíðinda	134.651
2.1.2	Til Guðjóns Ó hf. vegna auglýsingar í Gulu bókinni	14.824
2.1.3	Til blaðs Bindindisfélags ökumanna	7.500
2.1.4	Til SEM-samtakanna	1.000
2.2	Vegna auglýsinga um kosningar til Alþingis 1991 (06–103)	
	Kostnaður alls	700.319
	Skipting í aðalflokka auglýsingamiðla:	
2.2.1	Ríkisútvarpið	229.564
2.2.2	Dagblöð alls	465.755
2.2.3	Stjórnartíðindi	5.000
	Heildarkostnaður við birtingu auglýsinga vegna alþingiskosninga 1991 var en meginhlutinn kom ekki til greiðslu fyrr en eftir 1. maí 1991.	17.584.605
2.3	Vegna aðgerða gegn fíkniefnum (06–281–18200)	
2.3.1	Til samtakanna Vímulaus æska	25.000
2.4	Vegna löggæslumálefna (06–282)	
2.4.1	Til Landssambands slökkviliðsmanna	5.000
2.4.2	Til Landssambands sjúkraflutningamanna	10.000
2.5	Vegna prófa skjalaþýðenda (06–281–12100)	
2.5.1	Til allra dagblaða fyrir auglýsingar um skjalaþýðendapróf, alls	169.196

859. Lög [444. mál]

um að leggja niður Lífeyrissjóð ljósmæðra.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 702.

860. Lög [274. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 6. maí.)

Samhljóða þskj. 840.

861. Nefndarálit [460. mál]

um frv. til l. um brottfall laga nr. 2/1917.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. maí 1992.

Árni M. Mathiesen, form., frsm.	Guðni Ágústsson.	Sigbjörn Gunnarsson.
Pálmi Jónsson.	Jóhann Ársælsson.	Sturla Böðvarsson.
Halldór Ásgrímsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Árni Johnsen.

862. Fyrirspurn [524. mál]

til samgönguráðherra um endurbætur á Árnanesflugvelli í Hornafirði.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Hvernig standa rannsóknir til undirbúnings þverbraut og öðrum endurbótum á Árnanesflugvelli í Hornafirði?

Hvenær er þess að vænta að niðurstöður liggi fyrir og ákvarðanir verði teknar um framhaldið?

863. Nefndarálit [67. mál]

um till. til þál. um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Axel Eiríksson og Lilja Óskarsdóttir frá forvarnahópi gegn sjálfsvígum ungmenna. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Barnageðlæknafélagi Íslands, biskupi Íslands, Félagi um sorg og sorgarviðbrögð, fræðsluskrifstofum Austurlandsumdæmis, Norðurlandsumdæmis eystra, Reykjanesumdæmis, Suðurlandsumdæmis og Vesturlandsumdæmis, geðdeild Borgarspítalans,

Geðlæknafélagi Íslands, Forvarnahópi gegn sjálfsvígum ungmenna, landlæknisembættinu, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Sálfræðingafélagi Íslands og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Í tillögunni er lagt til að skipuð verði nefnd sem kanni tíðni og orsakir sjálfsvíga. Það er skoðun nefndarinnar að hér sé um mjög brýnt mál að ræða. Í ljósi þess að skjótra aðgerða er þörf og að talsverðar rannsóknir eru nú þegar hafnar er varða sjálfsvíg hér á landi er það skoðun nefndarinnar að hraða beri þeim rannsóknum jafnframt því að notaðar verði rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi og erlendis. Nefndin, sem skipuð verði, hraði störfum sínum og geri tillögur um fyrstu úrbætur í haust. Gerð er breytingartillaga við 2. mgr. tillögunnar þannig að nefndin verði skipuð bæði lærðum og leikum.

Nefndin mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar með breytingum þeim sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Björn Bjarnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Ingi Björn Albertsson.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Jón Helgason.		Össur Skarphéðinsson.

864. Breytingartillaga [67. mál]

við till. til þál. um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga.

Frá allsherjarnefnd.

2. mgr. tillögugreinarinnar orðist svo:

Nefndin verði skipuð aðilum úr þeim stéttum og hópum þjóðfélagsins er hafa reynslu og þekkingu í þessum og skyldum efnum.

865. Nefndarálit [370. mál]

um till. til þál. um velferð barna og unglinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Tillagan snýr að því að skipuð verði nefnd til að leita orsaka þeirra erfiðleika og hættu sem að unglingum steðjar og kemur m.a. fram í aukinni neyslu vímuefna, sjálfsvígum, ofbeldi og öðrum afbrotum. Um brýnt mál er að ræða og nauðsynlegt er að um það verði fjallað. Gert er ráð fyrir að nefnd sú, sem skipuð verði, leggi mat á fyrirliggjandi upplýsingar en ekki verði ráðist í tímafrekar rannsóknir.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.
Björn Bjarnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Helgason.	Össur Skarphéðinsson.
Anna Ólafsdóttir Björnsson.	Ingi Björn Albertsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Kristinn H. Gunnarsson.		Ey. Kon. Jónsson.

866. Nefndarálit [216. mál]

um till. til þál. um breyt. á þál. um vegáætlun fyrir árin 1991–1994.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna en þetta er í fyrsta sinn sem samgöngunefnd hefur vegáætlun til meðferðar. Fyrir breytingu þingskapa var málið lagt fram í sameinuðu Alþingi og vísað til fjárveitinganefndar. Þær venjur, sem skapast höfðu í fjárlaganefnd við umfjöllun vegáætlunar, voru hafðar að leiðarljósi einnig að þessu sinni. Þannig fékk nefndin vegamálastjóra og starfsmenn hans til að aðstoða nefndina við yfirferð málsins og samráð var haft við þingmannahópa kjördæmanna um skiptingu framkvæmdafjár milli einstakra viðfangsefna. Á fund nefndarinnar komu Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri, Jón Birgir Jónsson aðstoðarvegamálastjóri, Jón Rögnvaldsson, yfirverkfræðingur Vegagerðarinnar, Hannes Már Sigurðsson, viðskiptafræðingur Vegagerðarinnar, Maríanna Jónasdóttir, deildarstjóri á efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, Örn Kjærnested, formaður Verktakasambands Íslands, Gunnar Birgisson, fulltrúi Verktakasambands Íslands, Pálmi Kristinsson, framkvæmdastjóri Verktakasambands Íslands, Sigurður Þórðarson vararíkisendurskoðandi og Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun.

Regluleg endurskoðun vegáætlunar fór fram á 113. löggjafarþingi, 1990–1991. Sú endurskoðun, sem nú er gerð, nær því aðeins til tekjuspár og framkvæmdaáforma fyrir yfirstandandi ár. Regluleg endurskoðun vegáætlunar, sem fram fer á tveggja ára fresti, fer hins vegar fram á næsta þingi, 1992–1993. Núgildandi vegáætlun fyrir árin 1991–1994 var samþykkt á Alþingi í mars 1991. Í henni var gert ráð fyrir að á þessu ári yrði 6.318 m.kr. aflað með mörkuðum tekjustofnum og miðað var við að verðlagshækkun milli áranna 1991 og 1992 yrði 8%. Í fjárlagagerð fyrir 1992 var gert ráð fyrir 3,5–4% hækkun milli ára og samkvæmt þeim verðlagsforsendum hefði framkvæmdafé lækkað um tæpar 300 m.kr. Í fjárlögum fyrir árið 1992 er hins vegar gert ráð fyrir að markaðir tekjustofnar gefi af sér 5.830 m.kr. og af þeim renni 265 m.kr. í ríkissjóð. Af þessari ástæðu þurfti að endurskoða vegáætlunina.

Einnig þurfti nú að endurskoða vegáætlunina vegna samkomulags fjármálaráðherra við borgarstjóra Reykjavíkur frá 3. apríl 1991 um greiðslu á skuld ríkisins sem tilkomin er vegna framkvæmda við þjóðvegi í Reykjavík. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir greiðslum að upphæð 370 m.kr. á tímabili núgildandi vegáætlunar en í henni er gert ráð fyrir greiðslum að upphæð 337 m.kr. eða 33 m.kr. lægri upphæð á tímabilinu 1991–1994. Einnig er í samkomulaginu gert ráð fyrir annarri greiðslutilhögun á tímabilinu en er í

samþykktri vegáætlun 1991–1994. Eins og fram kom við fyrri umræðu um þessa tillögu er samkomulag fjármálaráðherra og borgarstjóra umdeilt. Var þeirri ósk þá beint til samgöngunefndar að hún kannaði lögmæti þess. Hefur samgöngunefnd kannað málið ítarlega en óskaði jafnframt eftir áliti fjárlaganefndar á samkomulaginu. Svar fjárlaganefndar er birt sem fylgiskjal með þessu áliti, en því fylgdi álit Ríkisendurskoðunar á tilteknum atriðum. Ekki verður frekar fjölyrt um samkomulag þetta en telja má þó að það sé bindandi fyrir ríkissjóð og því ekki efni til annars en að standa við það.

Meiri hluti nefndarinnar leggur ekki til breytingar á þeirri áætlun um fjáröflun sem gert er ráð fyrir í tillögunni. Við umfjöllun um áætlunina var haft samráð við fjárlaganefnd og er hún innan ramma gildandi fjárlaga.

Varðandi skiptingu útgjalda er lögð til sú breyting að fluttar verði 120 m.kr. af liðnum 2.2.2. Vetrarþjónusta á liðinn 2.3. Til nýrra þjóðvega. Af þessum fjármunum fara 60 m.kr. til stórverkefna, 40 m.kr. í Vestfjarðagöng en 20 m.kr. í Strákagöng. Til almennra verkefna og bundins slitlags á stofnbrautir fara 45 m.kr. og 10 m.kr. til stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu. Til þjóðbrauta fara 5 m.kr.

Við endanlega ákvörðun um framlög til einstakra verkefna hafa þingmenn kjördæma unnið í samráði við Vegagerð ríkisins og hefur nefndin fallist á tillögur þeirra enda hafa þær ekki breytt heildarframlögum til vegamála á árinu 1992.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. maí 1992.

Árni M. Mathiesen, form., frsm. | Sigbjörn Gunnarsson. | Pálmi Jónsson.

Árni Johnsen. | Sturla Böðvarsson.

Fylgiskjal I.

Bréf formanns fjárlaganefndar til formanns samgöngunefndar.

(7. maí 1992.)

Með vísan til bréfs yðar, dags. 13. mars 1992, vill fjárlaganefnd taka fram að athugun hefur leitt í ljós að samkomulagi fjármálaráðherra við Reykjavíkurborg, dags. 3. apríl 1991, var ekki vísað til fjárveitinganefndar á þeim tíma og ekki heldur til núverandi fjárlaganefndar. Nefndin hefur því ekki staðfest samkomulagið.

Hins vegar hefur nefndin leitað álits Ríkisendurskoðunar á tilteknum atriðum samkomulagsins og fylgir svar Ríkisendurskoðunar hér með.

Karl Steinar Guðnason,
formaður fjárlaganefndar.

Fylgiskjal II.

Bréf Ríkisendurskoðunar
til formanns fjárlaganefndar.
(7. maí 1992.)

Vísað er til bréfs nefndarinnar, dags. 30. apríl s.l., þar sem greint er frá því að samgöngunefnd hafi í bréfi hinn 13. mars s.l. óskað eftir upplýsingum um hvort fjárlaganefnd hafi samþykkt samkomulag fjármálaráðherra og borgarstjórans í Reykjavík frá 3. apríl 1991 um uppgjör á skuld ríkissjóðs við Reykjavíkurborg vegna lagningar þjóðvega í borginni. Af þessu tilefni fer fjárlaganefnd þess á leit að Ríkisendurskoðun láti í ljós álit sitt á eftirtöldum atriðum varðandi umrætt samkomulag:

1. Er hægt að byggja samkomulagið á heimild í lið 6.7 í 6. gr. fjárlaga 1991 eins og gert er, sbr. síðustu málsgr. samkomulagsins?

2. Leiðir skortur á samþykki fjárlaganefndar eins og heimildin gerði ráð fyrir til þess að samkomulagið verður ekki talið bindandi fyrir ríkissjóð?

3. Getur fjármálaráðherra á grundvelli heimildar í lið 6.7 í 6. gr fjárlaga ráðstafað mörkuðum tekjum til vegagerðar samkvæmt lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar með öðrum hætti en vegaáætlun og fjárlög gera ráð fyrir?

Hér á eftir fer álit Ríkisendurskoðunar á framangreindum álitaefnum og verður fjallað um þau í sömu röð og hér að ofan.

Um lið 1.

Liður 6.7 í 6. gr. fjárlaga fyrir 1991 kveður á um að fjármálaráðherra sé heimilt "að semja við sveitarfélög með yfir 10.000 íbúa um greiðslu á hluta ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum til þess að ljúka brýnum sameiginlegum verkefnum að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar."

Að mati Ríkisendurskoðunar felur umrætt samkomulag ekki í sér nýjar skuldbindingar fyrir ríkissjóð heldur er í raun um að ræða uppgjör á endurkröfum, sem óumdeilt er að Reykjavíkurborg á á hendur ríkinu, vegna útlagðs kostnaðar við lagningu þjóðvega í Reykjavík á liðnum áratug, þ.e. á svokölluðu þéttbýlisfé samkvæmt V. kafla vegalaga nr. 7/1977. Samkomulagið felur m.ö.o. í sér samkomulag um endanlega fjárhæð endurkröfunnar svo og hvernig hún skuli greiðast.

Til fróðleiks í þessu sambandi má benda á að í ríkisreikningi fyrir árið 1989 er umrædd skuld ríkissjóðs við borgarsjóð sögð vera 865 milljónir króna og er hún flokkuð sem skammtímaskuld. Í drögum að ríkisreikningi fyrir árið 1990 kemur fram að skuldin hafi hækkað um 160 milljónir króna og sé því í árslok 1990 samtals 1.025 milljónir króna eða sama fjárhæðin og samkomulagið gerir ráð fyrir.

Telja verður hæpið í ljósi þess sem nú hefur verið rakið að umrætt samkomulag geti talist samningur "um greiðslu á hluta ríkissjóðs í kaupum eða framkvæmdum til þess að ljúka brýnum sameiginlegum verkefnum" eins og heimildin í lið 6.7 í 6. gr. fjárlaga fyrir 1991 gerir ráð fyrir. Framkvæmdum þeim, sem umrætt uppgjör lýtur að, er fyrir það fyrsta löngu lokið. Þá er þess að geta að tilgangurinn að baki umræddri heimild mun fyrst og fremst hafa verið sá að heimila greiðslur vegna tiltekinna ófrágenginna verkefna eða húsakaupa, einkum þó á sviði heilbrigðismála, í kjölfar breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skv. lögum nr. 87/1989. Algerlega sambærileg heimild var í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1990 en nefnd lög nr. 87/1989 tóku einmitt gildi hinn 1. janúar 1990. Heimildinni mun ekki hvað síst hafa verið ætlað að tryggja uppgjör og greiðslu stofnkostnaðar vegna tiltekinna heilsugæslustöðva í Reykjavík og á Akureyri. Greiðslur eða uppgjör á þéttbýlisfé virðast hins vegar ekki hafa verið inni í myndinni við afgreiðslu heimildarinnar enda virðast lögin um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og ýmis uppgjör, sem

grundvallast á þeim, ekki á neinn hátt taka til þessa þáttar í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Með vísan til þessa má að mati Ríkisendurskoðunar draga í efa að umrætt samkomulag geti byggst á tilvitnaðri heimild í lið 6.7 í 6. gr. fjárlaga fyrir 1991.

Um lið 2.

Almennt verður að mati Ríkisendurskoðunar að viðurkenna það sjónarmið að skuldbindingar, sem stjórnvöld gangast undir og tengjast beint lögmæltri og hefðbundinni starfsemi þeirra, séu bindandi fyrir ríkið þó svo að ekki sé til staðar bein lagaheimild hverju sinni ef viðsemjandinn er á annað borð grandlaus og skuldbindingin brýtur ekki gegn ákvæðum stjórnarskrár. Sama má ætla að eigi við þegar heimildir til samninga af þessu tagi eru háðar samþykki tiltekinna þingnefnda. Grandsemi viðsemjanda um heimildarskort myndi á hinn bóginn almennt leiða til þess að samningur væri ekki talinn bindandi.

Samkomulag það, sem hér um ræðir, felur eins og áður segir ekki í sér nýjar skuldbindingar fyrir ríkissjóð heldur felst í því yfirlýsing af hálfu fjármálaráðherra um að tiltekin skuld verði greidd á nánar tilgreindum gjalddögum á komandi árum. Þá er ekki að finna neinn fyrirvara í samkomulaginu af hálfu ráðherra um að gildi þess sé háð samþykki fjárlaganefndar. Í ljósi þeirra málaflokka, sem fjármálaráðuneytið fer með fyrirsvar fyrir á grundvelli 5. gr. auglýsingar um Stjórnarráð Íslands, er ekki óeðlilegt að það gangi formlega frá skuldamálum sem þessum. Samkomulagið er eins og áður segir fyrirvaralaust af hálfu fjármálaráðherra. Þá er það staðfest af samgönguráðherra. Forsvarsmenn Reykjavíkurborgar sýnast af þeim sökum hafa mátt ganga út frá því að ráðherra hefði eða myndi afla allra nauðsynlegra heimilda og ryðja úr vegi öllum hindrunum til þess að standa við þær skuldbindingar, sem hann gerði fyrir hönd ríkissjóðs í nefndu samkomulagi.

Með vísan til þessa verður að telja það líklegra en hitt að umrætt samkomulag yrði talið bindandi gagnvart borginni ef svo færi að á slíkt reyndi fyrir dómstólum t.d. vegna þess að Alþingi synjaði um greiðsluheimildir í samræmi við þær sem þar er gert ráð fyrir.

Heimild sú, sem samkomulagið er sagt byggja á, gerir eins og áður segir ráð fyrir samþykki fjárlaganefndar. Þessa skilyrðis var ekki getið í samkomulaginu og samþykkis fjárlaganefndar mun ekki hafa verið leitað með formlegum hætti. Í ljósi þess að umrætt samkomulag er sagt gert með vísan til margnefnds liðar 6.7 í 6. gr. fjárlaga verður að líta svo á að ráðherra hafi borið skylda til þess að leggja samkomulagið með formlegum hætti fyrir nefndina til samþykktar eins og heimildarákvæðið sem vitnað er til mælir skýrlega fyrir um.

Rétt er í þessu sambandi þó að geta þess að í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1992, bls. 347, er að finna eftirfarandi skýringu á liðnum Vegamál:

"Á árinu 1991 var gengið frá samkomulagi við Reykjavíkurborg um uppgjör vegna lagningar þjóðvega í þéttbýli. Ákveðið var að skuldin, sem er rúmur milljarður, skyldi greidd af framlagi vegaáætlunar til þjóðvega í þéttbýli. Á næstu þremur árum koma til greiðslu 370 m.kr. af skuld þessari."

Að mati Ríkisendurskoðunar er afar hæpið að ofangreindar upplýsingar í greinargerð fjárlagafrumvarpsins og athugasemdalaus umfjöllun fjárlaganefndarinnar um frumvarpið að þessu leyti verði talin fela í sér samþykki jafngilt því sem umrædd 6. gr. heimild gerði beinlínis ráð fyrir. Í því sambandi má einkum nefna að í tilvitnuðum orðum greinargerðarinnar er hvorki vikið að þeirri heimild, sem umrætt samkomulag var sagt byggja á, né þess getið að afgreiðsla á fjárlagatillögum til vegamála samkvæmt frumvarpinu feli í raun í sér að nefndin blessi með formlegum hætti samkomulagið. Því verður að líta svo á að fjárlaganefnd hafi í raun aldrei staðfest samkomulagið í þeirri mynd sem frá því var gengið á sínum tíma. Hvað svo sem þessum ágöllum líður verður hins vegar ekki fram hjá því litið að samkomulagið er að öllum líkindum bindandi gagnvart Reykjavíkurborg.

Um lið 3.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar skal tekjum samkvæmt þeim lögum einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Með vísan til þess að almennum lögum verður að jafnaði ekki breytt með fjárlögum verður að líta svo á að fjármálaráðherra geti ekki á grundvelli fjárlagaheimilda sambærilegum þeim sem finna má í lið 6.7 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1991, ráðstafað hinum mörkuðu tekjum með öðrum hætti en vegáætlun gerir ráð fyrir. Því sýnist að óbreyttri 2. gr. laga nr. 3/1987 þurfi jafnan að breyta vegáætlun til samræmis við ákvarðanir af þessu tagi.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að greiðslur samkvæmt nefndu samkomulagi verði greiddar af framlagi af vegafé til framkvæmda við þjóðvegi í Reykjavík á næstu tveimur tímabilum vegáætlunar, þ.e. 1992-1998. Í ljósi þessa verður ekki hjá því komist að breyta gildandi vegáætlun til samræmis við samkomulagið með tilliti til einstakra verkefna þar sem í henni er aðeins að hluta tekið tilliti til þessa uppgjörs. Hvort greiðslur samkvæmt samkomulaginu muni ekki skerða framkvæmdafé til vegamála er síðan háð ákvörðun Alþingis. Viljiyfirlýsing fjármálaráðuneytisins í nefndu samkomulagi er ekki bindandi fyrir Alþingi.

Sigurður Þórðarson,
Lárus Ögmundsson.

867. Breytingartillögur [216. mál]

við till. til þál. um breyt. á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1991–1994.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (ÁMM, PJ, StB, SigG, ÁJ).

1. Við II. Liðurinn orðist svo:

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1992	
2.1. Stjórn og undirbúningur:		
1. Skrifstofukostnaður	136	
2. Tæknilegur undirbúningur	103	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	37	
4. Eftirlaunagreiðslur	8	284
2.2. Viðhald þjóðvega:		
1. Almenn þjónusta		
1. Sameiginlegt	250	
2. Malarvegir	278	
3. Vegir með bundnu slitlagi	150	
4. Brýr	28	706
2. Vetrarþjónusta		490
3. Viðhald		
1. Endurnýjun bundins slitlags	320	
2. Endurnýjun malarslitlags	152	
3. Styrkingar og endurbætur	198	
4. Viðhald brúa og varnargarða	78	
5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir	78	
6. Vatnaskemmdir	73	899
2.3. Til nýrra þjóðvega:		
1. Stofnbrautir		
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	862	
2. Sérstök verkefni	353	
3. Höfuðborgarsvæðið	417	
4. Stórverkefni	597	
		2229
2. Þjóðbrautir	282	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	0	
4. Girðingar og uppgræðsla	26	2537
2.4. Til brúagerða:		
1. Brýr 10 m og lengri	152	
2. Smábrýr	13	165

		1992	
2.5.	**Til fjallvega o.fl.:**		
	1. Aðalfjallvegir	24	
	2. Aðrir fjallvegir	11	
	3. Þjóðgarðavegir o.fl.	15	
	4. Vegir á Þingvöllum	2	
	5. Reiðvegir	6	58
2.6.	**Til sýsluvega:**		163
2.7.	**Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:**		234
2.8.	**Til tilrauna:**		29
		Samtals	5565

2. Aftan við II. SKIPTING ÚTGJALDA bætist:

SUNDURLIÐUN

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. stofnbrautir.

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
11	Um Mýrdalssand	12
1	Suðurlandsvegur	
05	Göngubrú á Ölfusá	50
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	
04–07	Þjórsárdalsvegur–Einholtsvegur	6
31	Skálholtsvegur	
01	Skeiðavegur–Hvítá	15
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	2
36	Þingvallavegur	
01	Biskupstungnabraut–Grafningsvegur	16
36	Þingvallavegur	
02	Lýsing í Mosfellsdal	4
41	Reykjanesbraut	
05	Lýsing (1 km)	6
06	Lýsing vegamóta	1
12	Flugvallarvegur–Víknavegur	19
46	Víknavegur	
01	Um Fitjar	42
05	Lýsing (1 km)	5
411	Arnarnesvegur	
04	Bæjarbraut–Reykjanesbraut	15
422	Njarðvíkurvegur	
03	Njarðvíkurbraut–vestribyggð	5
1	Vesturlandsvegur	
12	Arnarbæli–Hvammshorn	24
50	Borgarfjarðarbraut	
04–05	Deildartunga–Kaðalstaðir	38

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
54	Ólafsvíkurvegur	
02–03	Brókarlækur–Hestlækur	20
03	Hestlækur–Hítará	36
05–06	Núpá–Stóra Þúfa	10
60	Vestfjarðavegur	
03	Króksfjarðarnes–Kambur	10
27	Vestfjarðagöng	125
61	Djúpvegur	
25	Óshlíð	9
63	Bíldudalsvegur	
03	Hálfdan–Bíldudalur	13
68	Hólmavíkurvegur	
01–04	Fjarðarhorn–Kjörseyri	6
1	Norðurlandsvegur	
01	Sýslumörk–Staðarskáli	8
21	Reiðgil–Grjótá	7
76	Siglufjarðarvegur	
03–04	Kýrholt–Hlíðarendi	36
09–10	Lambanesá–Sauðanes	11
10	Strákagöng	19
1	Norðurlandsvegur	
02	Öxnadalsá–Þverá	52
03	Þverá–Hörgárdalsvegur	34
17	Fosshóll–Aðaldalsvegur	2
22	Múlavegur–Kísiliðja	15
85	Norðausturvegur	
27	Brekknaheiði	2
87	Kísilvegur	
00	Kirkja–Mývatnsvegur	13
829	Eyjafjarðarbraut eystri	
01	Um Þverá	15
1	Austurlandsvegur	
10	Jökulsá–Dimmidalur	15
11	Skóghlíð–Fellabær	14
21–22	Ós–Núpur	25
38	Mánagarður–Myllulækur	28
43	Reynivellir–Jökulsá	2
45	Hrútá–Kvíá	30
85	Norðausturvegur	
03	Skeggjastaðir–Hafnarvegur	17
04	Á Sandvíkurheiði	10
93	Seyðisfjarðarvegur	
02	Langahlíð–Miðhúsaá	6
96	Suðurfjarðavegur	
03	Götuhjalli–Vattarnes	12
	Samtals	862

1.2. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflanr.		Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
1		Suðurlandsvegur	
	11	Um Mýrdalssand	35
	18	Um Markarfljót	18
1		Vesturlandsvegur	
	13	Hellistungur	3
54		Ólafsvíkurvegur	
	03	Hestlækur–Hítará	61
60		Vestfjarðavegur	
	22	Dýrafjörður	15
61		Djúpvegur	
	01	Tenging Inndjúps	57
1		Norðurlandsvegur	
	01	Sýslumörk–Staðarskáli	8
	21	Reiðgil–Grjótá	28
1		Norðurlandsvegur	
	02	Öxnadalsá–Þverá	51
92		Norðfjarðarvegur	
	09	Ofan Eskifjarðar–Göng	18
	10	Göng–Skuggahlíð	20
917		Hlíðarvegur	
	04–06	Vopnafjörður–Hérað	39
		Samtals	353

1.3. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.		Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
1		Suðurlandsvegur	
	13	Umferðarljós	2
40		Hafnarfjarðarvegur	
	03	Kópavogslækur–Vífilsstaðavegur	10
	06	Reykjavíkurvegur–Reykjanesbraut	15
	06	Engidalur–Flatahraun	70
411		Arnarnesvegur	
	04	Bæjarbraut–Reykjanesbraut	30
	07	Breiðholtsbraut–Elliðavatnsvegur	26
	07	Elliðavatnsvegur–Suðurlandsvegur, lýsing	7
415		Álftanesvegur	
	04	Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur	1
		Sæbraut/Ánanaust	25
		Geirsgata	30
		Bústaðavegur	21
		Höfðabakki (gatnamót)	15
		Vesturlandsvegur	10
		Greiðsla skulda, Reykjavík	118
		Vífilsstaðavegur	37
		Samtals	417

1.4. Stórverkefni.

Stórbrýr.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
18	Um Markarfljót	107
60	Vestfjarðavegur	
22	Dýrafjörður	18
1	Austurlandsvegur	
21	Breiðdalsá	2
	Samtals	127

Jarðgöng.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
	Vestfjarðagöng	417
76	Siglufjarðarvegur	
10	Strákagöng	28
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Um Ólafsfjarðarmúla	16
	Austurlandsgöng	9
	Samtals	470
	Stórverkefni samtals	597

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
26	Landvegur	
01	Suðurlandsvegur–Hagabraut nyrðri	5
239	Eldfellsvegur	3
253	Gunnarshólmavegur	
01	Landeyjavegur–Landeyjavegur	1
255	Akureyjarvegur	
01	Suðurlandsvegur–Landeyjavegur	2
264	Rangárvallavegur	
03	Þingskálavegur–Suðurlandsvegur	9
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Suðurlandsvegur–Holtsvegur	7
35	Biskupstungnabraut	
05	Skálholtsvegur–Reykjavegur	19
09	Kjalvegur við Gullfoss	10
37	Laugarvatnsvegur	
03	Um Laugardalshóla	12
350	Grafningsvegur neðri	
01	Alviðra–Stóri-Háls	4
417	Bláfjallavegur	
01	Suðurlandsvegur–Bláfjöll	23

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
50	Borgarfjarðarbraut	
04–05	Deildartunga–Kaðalstaðir	18
53	Hvítárvallavegur	
01–02	Vesturlandsvegur–Hvanneyri	19
508	Skorradalsvegur	
02	Hjá Vatnsenda	13
589	Sælingsdalsvegur	2
619	Ketildalavegur	
03	Bíldudalur–Hvesta	15
643	Strandavegur	
05–06	Kaldbaksvík–Kolbeinsvík	16
711	Vatnsnesvegur	
01	Hvammstangi–Skarð	1
726	Auðkúluvegur	12
752	Skagafjarðarvegur	
02	Héraðsdalsvegur–Svartárdalsvegur	7
765	Hegranesvegur eystri	14
83	Grenivíkurvegur	
03	Gljúfurá–Grenivík	15
805	Svarfaðardalsvegur	
01	Holt–Tjörn	20
830	Svalbarðseyrarvegur	
02	Norðurlandsvegur–Svalbarðseyri	4
853	Hvammavegur	2
94	Borgarfjarðarvegur	
08	Skriður–Framnes	14
931	Upphéraðsvegur	
08	Hafursá–Freyshólar	15
	Samtals	282

2.4. Til brúagerða.
1. Til brúa 10 m og lengri

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
	Eyjafjarðará (823)	13
	Leirá og Jökulkvísl (Álftaversafréttur)	4
	Reyðarvatnslækur (264)	4
	Kolbeinsdalsá (76)	22
	Gljúfurá (83)	13
	Fjallsá (1)	64
	Fjarðará (þjóðvegur í þéttbýli)	32
	Samtals	152

868. Nefndarálit [208. mál]

um till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1992–1995.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna en þetta er í fyrsta sinn sem samgöngunefnd hefur flugmálaáætlun til meðferðar. Starfsmenn Flugmálastjórnar hafa aðstoðað nefndina við yfirferð málsins. Á fund nefndarinnar komu Haukur Hauksson aðstoðarflugmálastjóri, Jóhann Jónsson, framkvæmdastjóri flugvalla, Ágúst Valgeirsson, fjármálastjóri Flugmálastjórnar, og Maríanna Jónasdóttir, deildarstjóri á efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Erindi bárust frá Flugmálastjórn, Flugfélagi Norðurlands, Stöðvarhreppi og Þórshafnarhreppi.

Flugmálaáætlun var síðast lögð fram á 112. löggjafarþingi 1989–1990. Hana ber að endurskoða á tveggja ára fresti og jafnframt að gera áætlun til tveggja ára til viðbótar, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Hér er því um reglulega endurskoðun að ræða.

Í áætlun um fjáröflun, sem fram kemur í I. lið tillögunnar, er gert ráð fyrir að útgjöld til framkvæmda í flugmálum komi eingöngu af mörkuðum tekjustofnum, en áætlun ársins 1992 er í samræmi við fjárlög. Nefndin gerir ekki athugasemdir við þennan lið tillögunnar.

Nefndin leggur til nokkrar efnisbreytingar á II. og IV. lið tillögunnar. Að auki leggur nefndin til að uppsetningu áætlunarinnar fyrir árin 1994–1995 verði breytt þannig að skipting útgjalda og sundurliðun verkefna til áætlunarflugvalla I–III verði ekki ákveðin heldur einungis tilgreind heildarupphæð óskipt. Nánari grein verður gerð fyrir breytingartillögum í framsögu með nefndaráliti.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. maí 1992.

Árni M. Mathiesen, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Guðni Ágústsson, með fyrirvara.
Pálmi Jónsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
Árni Johnsen.	Sturla Böðvarsson.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.

869. Breytingartillögur [208. mál]

við till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1992–1995.

Frá samgöngunefnd.

1. Við II. Liðurinn orðist svo:

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1992	1993	1994	1995
2.1. Rekstur:				
1. Yfirstjórn	72	76	80	84
2. Loftferðaeftirlit	33	35	37	39
3. Reykjavíkurflugvöllur	87	91	96	101
4. Flugvalladeild	178	187	196	206
5. Flugleiðsöguþjónusta	118	124	130	137
6. Flugumferðarþjónusta	174	183	192	202
7. Alþjóðaflugþjónusta	245	257	270	284
	907	953	1001	1053
2.2. Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	0	0		
2. Byggingar	10	73		
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	4		
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	23		
5. Snjóhreinsibúnaður	14	44		
6. Aðflugs- og rafbúnaður	6	45		
7. Ljósabúnaður	0	14		
8. Bundið slitlag	200	18		
	230	221		
2.3. Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	11	0		
2. Byggingar	27	0		
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0		
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	8	9		
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0		
6. Aðflugs- og rafbúnaður	0	3		
7. Ljósabúnaður	1	10		
8. Bundið slitlag	0	0		
	47	22		

	1992	1993	1994	1995
2.4. Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	25	24		
2. Byggingar	4	38		
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0		
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0		
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0		
6. Aðflugs- og rafbúnaður	4	0		
7. Ljósabúnaður	0	0		
8. Bundið slitlag	0	0		
	33	62		
2.5. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:				
1. Óskipt	0	11	21	21
2.6. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta:				
1. Flugstjórnarmiðstöð og annað	56	63	61	21
2.7. Til leiðréttinga og brýnna verkefna:	0	6	112	189
2.8. Stjórnunarkostnaður:	8	8	8	8
2.9. Óráðstafað vegna endurmats á forsendum og aðstæðum:	0	0	211	195
Samtals	1281	1346	1414	1487

2. Við IV. Liðurinn orðist svo:

IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1992	1993	1994	1995
4.1. Reykjavík				
1. Tækjageymsla	6,0			
2. Aðflugshallasendir		9,5		
3. Slökkvibúnaður		7,4		
	6,0	16,9		
4.2. Akureyri				
1. Flugstöð, hönnun	2,0	21,0		
2. Radíóviti	6,0			
3. Snjóblásari	14,0			
	22,0	21,0		

		1992	1993	1994	1995
4.3.	**Egilsstaðir**				
	1. Bundið slitlag	200,0	17,9		
	2. Flugstöð		52,5		
	3. Slökkvibúnaður		15,8		
	4. Snjóblásari		15,9		
	5. Brautarsópur		14,6		
	6. Vörubifreið með snjótönn		10,8		
	7. Bremsumælir		2,9		
	8. Aðflugshallasendir		17,9		
	9. Skyggnismælir		1,2		
	10. Skýjahæðarmælir		2,5		
	11. Flugbrautarljós		8,0		
	12. Leiðarljós		5,3		
	13. Flugvallarljósviti		1,1		
		200,0	166,4		
4.4.	**Sauðárkrókur**				
	1. Tækjageymsla	2,0			
	2. Radíóviti, endurbætur		4,2		
		2,0	4,2		
4.5.	**Húsavík**				
	1. Aðflugshallasendir		12,6		
			12,6		
4.6.	**Ísafjörður**				
	1. Akbrautir og hlöð	5,4			
	2. Slökkvibúnaður	8,0			
	3. Vararafmagn		2,6		
		13,4	2,6		
4.7.	**Vestmannaeyjar**				
	1. Hlað, bundið slitlag	5,0			
	2. Tækjageymsla	16,8			
	3. Slökkvibúnaður		9,1		
	4. Leifturljós	1,2			
	5. Hindranalýsing		9,0		
		23,0	18,1		
4.8.	**Patreksfjörður**				
	1. Öryggissvæði	0,5			
		0,5			
4.9.	**Hornafjörður**				
	1. Tækjageymsla/þverbraut	10,0			
	2. Leiðarljós		1,0		
		10,0	1,0		
4.10.	**Grímsey**				
	1. Flugbraut, lenging	3,0			
		3,0			

	1992	1993	1994	1995
4.11. Siglufjörður				
1. Flugbraut, endurbætur		2,0		
		2,0		
4.12. Bíldudalur				
1. Flugstöð		15,7		
		15,7		
4.13. Norðfjörður				
1. Öryggissvæði		6,3		
2. Markviti	0,5			
	0,5	6,3		
4.14. Þingeyri				
1. Flugbraut, samanburðarathugun	2,0			
2. Flugbraut, hönnun		3,1		
	2,0	3,1		
4.15. Þórshöfn				
1. Öryggissvæði	13,0			
2. Flugstöð		16,2		
3. Tækjageymsla	3,5			
	16,5	16,2		
4.16. Gjögur				
1. Öryggissvæði		10,5		
2. Markviti	1,0			
	1,0	10,5		
4.17. Raufarhöfn				
1. Öryggissvæði		3,7		
		3,7		
4.18. Kópasker				
1. Markviti	1,0			
	1,0			
4.19. Rif				
1. Öryggissvæði	4,0			
	4,0			
4.20. Stykkishólmur				
1. Markviti	1,0			
	1,0			
4.21. Hólmavík				
1. Hlað	3,1			
2. Tækjageymsla		6,3		
3. Markviti	1,0			
	4,1	6,3		

	1992	1993	1994	1995
4.22. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
1. Óskipt		10,0		
		10,0		
4.23. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta				
1. Flugstjórnarmiðstöð	55,0	57,7	60,7	
2. Aðflugsathugun á Vestfjörðum	1,0	5,2		
3. Tæki og búnaður				21,0
	56,0	62,9	60,7	21,0
4.24. Stjórnunarkostnaður flugmálaáætlunar	8,0	8,0		
	8,0	8,0		
4.25. Óráðstafað til endurmats á forsendum og aðstæðum				
1. Óskipt		5,5	352,3	413,0
		5,5	352,3	413,0
Samtals	374,0	393,0	413,0	434,0

870. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta á sér langan aðdraganda og er flutt lítið breytt frá því að um það var fjallað á Alþingi síðast, en það var á 111. löggjafarþingi. Undirbúningi málsins var þannig háttað þá að ekki þótti mögulegt að afgreiða það. Þrátt fyrir þá augljósu annmarka, sem voru á málinu, var það ekki lagfært í samræmi við þá málsmeðferð sem málið fékk áður á Alþingi. Þótt nokkrar breytingar hafi verið gerðar á frumvarpinu telur minni hluti nefndarinnar að rétt sé að vinna málið enn betur og leggja það fyrir að nýju í upphafi Alþingis á komandi hausti.

Ef frumvarpið verður að lögum mun það leiða til vaxtahækkana hjá nokkrum fjárfestingarlánasjóðum sem mun hafa áhrif á starfsskilyrði atvinnuveganna. Í því sambandi má sérstaklega benda á Fiskveiðasjóð sem hefur skilað ítarlegum greinargerðum um málið, en ríkisstjórnin hefur lofað því að bæta starfsskilyrði sjávarútvegsins. Ekkert hefur bólað á aðgerðum í þessu skyni og það eitt gert að vísa málinu til nefndar sem er upptekin við önnur verkefni.

Minni hluti nefndarinnar getur ekki fallist á að samþykkja frumvarpið og íþyngja atvinnuvegunum við núverandi skilyrði.

Varðandi ágalla málsins vísar minni hluti nefndarinnar til meðfylgjandi fylgiskjals þar sem skýrt koma fram ýmsar athugasemdir fjárfestingarlánasjóðanna. Með tilliti til þessa leggur minni hlutinn til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 29. apríl 1992.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Kristín Ástgeirsdóttir.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Fylgiskjal.

STOFNLÁNADEILD LANDBÚNAÐARINS

11. mars 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Reykjavík.

Efni: Ábendingar um hlutverk og stöðu Stofnlánadeildar landbúnaðarins með hliðsjón af frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofnana með síðari breytingum (198 mál, þskj. 220).

Í athugasemdum með ofangreindu frumvarpi segir að það sé meginmarkmið þess að jafna samkeppnisaðstöðu lánastofnana að því er skattlagningu varðar jafnframt því sem efni frumvarpsins sé í samræmi við þá stefnu sem verið hefur við lýði í skattamálum frá því að staðgreiðsla opinberra gjalda var lögtekin í ársbyrjun 1987. Stofnlánadeild landbúnaðarins er í hópi þeirra opinberu fjárfestingarlánasjóða sem verða tekju- og eignarskattsskyldir frá og með tekjuárinu 1992 ef þetta frumvarp verður lögfest.

Í 1. gr. laga um Stofnlánadeildina segir m.a.:

"Hlutverk Stofnlánadeildar landbúnaðarins er að efla framleiðslu og framleiðni í íslenskum landbúnaði og treysta byggð í sveitum landsins. Hún veitir fjármagn til framkvæmda á sveitabýlum og til þjónustufyrirtækja landbúnaðarins, svo sem nánar er tilgreint í lögum þessum.
Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi taka til."

Stjórn Stofnlánadeildarinnar endurskoðar lánareglur deildarinnar árlega innan þess ramma sem lögin setja. Lánareglurnar eru staðfestar af landbúnaðarráðherra. Lánstími byggingalána er nú að meðaltali 20-25 ár og jarðakaupalán eru veitt til 25 ára. Lán til þessara verkefna eru verðtryggð og með 2% ársvöxtum. Þessir lágu útlánsvextir eru við það miðaðir að jafna rekstrarskilyrði innan landbúnaðarins og auðvelda kynslóðaskipti í þessari atvinnugrein. Rekstrarafkoma Stofnlánadeildar er tryggð með jöfnunargjöldum sem reiknast inn í verðlagningu landbúnaðarvara. Bent skal á að ef vextir af lánum deildarinnar væru hækkaðir í markaðsvexti mundi sú hækkun ganga inn í verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða og vega á móti brottfalli jöfnunargjaldanna.

Þrátt fyrir breytingar á viðhorfum og áherslum í landbúnaðarmálum á seinni árum verður ekki annað séð en framangreindir starfshættir deildarinnar njóti enn almenns stuðnings þeirra er að landbúnaði starfa. Ekki verður um það deilt að sá lánstími og önnur lánskjör sem deildin býður standa bændum ekki til boða í öðrum fjármálastofnunum. Tillaga um afnám skattfrelsis Stofnlánadeildar verður því ekki studd með þeim rökum að jafna eigi samkeppnisstöðu hennar og annara lánastofnana. Um jöfnun samkeppnisstöðu getur aðeins orðið að ræða ef þær kvaðir sem nú hvíla á Stofnlánadeild um lánskjör til landbúnaðar verða einnig lagðar á aðrar lánastofnanir eða þessum kvöðum verður létt af Stofnlánadeildinni. Jafnframt þarf þá að veita deildinni sambærilegar starfsheimildir og bankar og sparisjóðir hafa, þar á meðal rétt til að taka við sparifé til ávöxtunar. Þessar leiðir eru óraunhæfar og mundu þýða að Stofnlánadeildin missti tilverurétt sinn.

"Rökin" fyrir skattlagningu Stofnlánadeildar verða því einungis sótt í aukna tekjuþörf ríkissjóðs. Afleiðing skattlagningar yrði hækkun á útlánsvöxtum deildarinnar sem leiða mundi til hækkunar á verði landbúnaðarafurða og koma þyngst niður á ungu fólki sem er að hefja búskap með takmörkuðu eigin fé.

Ekki skal fjölyrt hér um skattatæknileg atriði í frumvarpinu en þó er ástæða til að vekja máls á því ákvæði er varðar heimild til frádráttar tekjum vegna framlaga í afskriftareikning útlána. Ljóst er að útlánaáhætta hjá fjárfestingarlánasjóðum getur verið veruleg og mun meiri en hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum vegna þess að útlán sjóðs eru öll bundin í einni atvinnugrein. Þannig nemur afskriftareikningur útlána hjá Stofnlánadeildinni 820 millj. kr. í árslok 1991 sem er tæp 10% af heildarútlánum deildarinnar. Með skírskotun til þessa verður að telja að sú almenna 1% heimild til frádráttar vegna afskrifta útlána, sem veitt er bönkum og sparisjóðum, sé allt of þröng fyrir fjárfestingarlánasjóðina.

Virðingarfyllst,
STOFNLÁNADEILD LANDBÚNAÐARINS

Leifur Kr. Jóhannesson

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Reykjavík, 17. mars 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Alþingishúsinu,
150 REYKJAVÍK.

I. **Efni máls og inngangur:**
Efni þessa máls er frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum, lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991. Fulltrúar Fiskveiðasjóðs Íslands komu á yðar fund þann 11. mars 1992, gerðu grein fyrir afstöðu og skoðunum sjóðsins og kváðust senda skriflega greinargerð.
Þetta er sú greinargerð.

II. **Afstaða sjóðsins í örstuttu máli.**
Fiskveiðasjóður Íslands er því andvigur, að þetta frumvarp verði að lögum. Sú afstaða er studd þessum rökum:

a) Um er að ræða miklar og ótímabærar álögur á sjávarútveg, sem lauslega má ætla að verði rúmlega 300 milljónir króna á ári hverju.

b) Meginmarkmið frumvarpsins er að jafna samkeppnisstöðu lánastofnana með því að afnema skattalega mismunun.
Vér teljum, að frumvarpið leiði til nýrrar og engu minni mismununar.

c) Vér teljum frumvarpið óvandað og sjáum á því ýmsa tæknilega galla.
Vér vekjum athygi á því, að nánast samhljóða frumvarp dagaði uppi á þingi fyrir þremur árum m.a. vegna tæknilegra galla.

d) Vér leggjum sérstaka áherslu á þá staðreynd, að þetta frumvarp gengur lengra í skattlagningu, en þriggja ára frumvarpið með því að gera skjól vegna útlána stimpilskyld (u.þ.b. 40 m.kr. á ári í voru tilviki þ.e. 1,5% af fjárhæð).
Þetta er raunar, að voru mati í öllum tilvikum fáránlegur skattur, sem ber að afnema, fremur en auka við.

III. **Afleiðingar lagasetningar af þessu tagi.**
Aðalatriði málsins er auðvitað aukin skattheimta og hvar hún kemur niður. Það vefst að sjálfsögðu ekki fyrir neinum, að hér er eingöngu og einfaldlega um að ræða aukna skattheimtu á íslenskan sjávarútveg, bæði veiðar og vinnslu.
Verði frumvarpið að lögum hlýtur stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands að ákveða vaxtahækkun þegar í stað.
Sú hækkun þyrfti að vera u.þ.b. 2 prósent á lánum með breytilega vexti ef miðað er við 4,5% raunávöxtun eigin fjár svo dæmi sé tekið. Áhrif laganna talin í krónum eru skýrð nánar á meðfylgjandi yfirliti.

IV. **Ósamkvæmni gagnvart meginmarkmiði.**
Meginmarkmið frumvarpsins er að jafna samkeppnisstöðu lánastofnana og a.m.k. draga úr skattalegri mismunum. Sú þverstæða er þó augljós, að Fiskveiðasjóður er settur í sérstakan afkima. Ríkisbankar og opinberir sjóðir nema Fiskveiðasjóður njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum og þar með betri lánskjara. Lánastofnanir í formi hlutafélaga greiða ekki eignarskatt af hlutafé sínu en ríkisbankar og opinberir sjóðir þar með talinn Fiskveiðasjóður greiða eignarskatt af öllu eigin fé verði frumvarpið að lögum.
Enn er þess að geta, að mismunun vegna séreðlis er ekki mjög rækilega rökstudd í athugasemdum.

V. **Tæknilegir ágallar.**
Ýmis tæknileg atriði eru óljós og vísast um það m.a. til laga nr. 9/1944, laga nr. 10/1984 um viðauka við lög nr. 44/1976, laga nr. 24/1986, laga

nr. 93/1986, laga nr. 135/1989 og laga nr. 4/1992 um breyting á lögum nr. 40/1990.
Þá vaknar einnig sú spurning hvort framlög sjávarútvegsins til sjóðsins á umliðnum árum geti talist stofnframlag og hluti eigin fjár þess vegna eignarskattsfrjáls.

VI. Um stimpilgjöld af útlánum.

Varðandi stimpilgjöld af útlánum viljum vér sérstaklega benda á þá afturvirkni, sem felst í því, að slík gjöld komi á útlán sem lofað var fyrir (e.t.v. löngu fyrir) en eru afgreidd eftir gildistöku laganna.

VII. Ýmis atriði.

Allar skyndibreytingar á lögum um lánastofnanir eru óæskilegar. Slík verk þarf að vanda og þau þurfa sinn aðdraganda.
Þetta er auðvitað alltaf mikilvægt, en sérstaklega mikilvægt þegar í hlut eiga stofnanir sem skipta mikið við erlenda aðila.
Sterk eiginfjárstaða er Fiskveiðasjóði lífsnauðsyn og hana verður enn að styrkja.
Að voru mati er ákvæði 9. greinar um 1% afskriftarreikning of þröngt og eðlilegra að miða við 3-5%. Ákvæðið er heldur ekki nægilega skýrt varðandi meðferð afskriftareikninga, sem myndaðir hafa verið og eru hærri en 1% af útlánum og ábyrgðum.
Frumvarpið er afturvirkt frá 1. janúar 1992, sem að voru mati er ekki í anda stjórnskipunar.

VIII. Lokaorð.

Vér ítrekum andstöðu vora við það, að frumvarp þetta verði að lögum. Skipan mála á lánsfjármarkaði hérlendis á auðvitað ekki að vera óumbreytanleg, en breytingar þurfa að vera markvissar og yfirvegaðar.
Þessi breyting er það ekki.

Virðingarfyllst,

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

FISKVEIDASJÓÐUR ÍSLANDS

MARS 1992

Útreikningar á fyrirhugaðri skattlagningu og innheimtu stimpilgjalda.

Forsendur:
Tekjuskattur 45,0 %
Eignaskattur 1,45 %
Innheimt stimpilgjöld 40 m. kr.
Eigið fé 4.193 m. kr.

Raun-ávöxtun eigin fjár %	Tekjuafg. fyrir skatta m.kr.	Teknu-skattur m.kr.	Eignar-skattur m.kr.	Skattar samtals m.kr.	Tekjuafg. eftir skatta m.kr.	Stimpil gjöld m.kr.	Álögur alls m.kr.
-2.00	-22.86	0.00	61.00	61.00	-83.86	40	101.00
-1.50	-1.90	0.00	61.00	61.00	-62.90	40	101.00
-1.00	34.67	15.60	61.00	76.60	-41.93	40	116.60
-0.50	72.79	32.76	61.00	93.76	-20.96	40	133.76
0.00	110.91	49.91	61.00	110.91	0.00	40	150.91
0.50	149.03	67.06	61.00	128.06	20.96	40	168.06
1.00	187.15	84.22	61.00	145.22	41.93	40	185.22
1.50	225.26	101.37	61.00	162.37	62.90	40	202.37
2.00	263.38	118.52	61.00	179.52	83.86	40	219.52
2.50	301.50	135.68	61.00	196.68	104.83	40	236.68
3.00	339.62	152.83	61.00	213.83	125.79	40	253.83
3.50	377.74	169.98	61.00	230.98	146.75	40	270.98
4.00	415.85	187.13	61.00	248.13	167.72	40	288.13
4.50	453.97	204.29	61.00	265.29	188.68	40	305.29
5.00	492.09	221.44	61.00	282.44	209.65	40	322.44
5.50	530.21	238.59	61.00	299.59	230.62	40	339.59
6.00	568.33	255.75	61.00	316.75	251.58	40	356.75
6.50	606.45	272.90	61.00	333.90	272.55	40	373.90
7.00	644.56	290.05	61.00	351.05	293.51	40	391.05
7.50	682.68	307.21	61.00	368.21	314.48	40	408.21
8.00	720.80	324.36	61.00	385.36	335.44	40	425.36
8.50	758.92	341.51	61.00	402.51	356.41	40	442.51
9.00	797.04	358.67	61.00	419.67	377.37	40	459.67
9.50	835.15	375.82	61.00	436.82	398.34	40	476.82

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Reykjavík, 22. apríl 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
b/t formanns Matthíasar Bjarnasonar.
Alþingi.

I. 1. Ég leyfi mér að árétta málflutning fulltrúa Fiskveiðasjóðs á fundi með Efnahags- og viðskiptanefnd hinn 11. f.m., þar sem rætt var frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofnana - og að vísa jafnframt í bréf stjórnar sjóðsins dags. 17. f.m.
Þar sem viðskiptaráðherra hefur boðað, að frumv. til laga um fjárfestingarlánasjóði atvinnuvega verði lagt fram innan tíðar, er það eindregin skoðun Fiskveiðasjóðs, að allar breytingar laga, sem valdi geti veigamiklum breytingum á stöðu einstakra lánastofnana, eigi að bíða setningar umræddrar heildarlöggjafar.

2. Verulegar breytingar á stöðu banka og annara lánastofnana ber að forðast nema eftir vandlegan undirbúning og umræðu.
Fyrir þær stofnanir, sem hafa veruleg erlend viðskipti er sérlega þýðingarmikið, að staðið sé að slíkum breytingum með aðgát og skynsemi.
Góðan tíma þarf að gefa til þess að þessar stofnanir geti lagað sig að breyttum aðstæðum og jafnframt til að kynna slíkar breytingar á stöðu - ekki síst fyrir erlendum lánveitendum.
Skyndibreytingum er hvarvetna tekið með tortryggni.
Mér ber skylda til að tilkynna um allar slíkar breytingar, samkvæmt svohljóðandi ákvæði lánssamninga:

> **"The Borrower will notify the Agent of any Event which is or may become an Event of Default forthwith upon the occurrence thereof and upon receipt of a written request to that effect from the Agent, confirm to the Agent that save as previously notified to the Agent no Default has occured"**

3. Þótt ýmis ákvæði heildarlöggjafar geti vissulega snert ákvæði lánssamninga viðkomandi banka og sjóða við erlenda lánveitendur ganga þó ákvæði slíkrar löggjafar venjulega jafnt yfir alla - a.m.k. þegar vandað er til verka - og lagasetning er byggð á viðurkenndum leikreglum.
Hér er ekki sízt átt við þær viðskiptavenjur og siði, sem gilda hjá aðalviðskiptaþjóðum okkar.
Breytingar, sem taka mið að slíkum meginreglum, eru litnar allt öðrum augum en þær, sem leiða beinlínis til mismununar milli stofnana (sbr. breyting 5. gr. laga 44/1976), svo sem ýmis ákvæði þess frumvarps, sem hér er til umræðu.
Viðskiptabankar okkar erlendis áttu erfitt með að átta sig á því, hversvegna ástæða þótti til að gera þá breytingu á lögum Fiskveiðasjóðs, sem nýlega gengu í gildi og taka til hans sérstaklega, - enda vita þeir flestir hverjir um fyrirætlan viðskiptaráðherra um að beita sér hið fyrsta fyrir setningu almennrar löggjafar.
Sjálfsagt eiga þeir erfitt með að skilja af hverju Fiskveiðasjóði skuli enn mismunað - sbr. efni umræddrs frumvarps.

II. Auk þess sem fram kemur að framan, er frumvarpi því, sem hér er rætt, áfátt í veigamiklum atriðum.

1. Þeim tilgangi þess að jafna samkeppnisaðstöðu eða draga úr aðstöðumun lánastofnana verður ekki náð, að öðru óbreyttu.
Þvert á móti er ljóst, að ákvæði um eignarskatt mismuna gróflega lánastofnunum í ríkiseign annarsvegar og í hlutafélagaformi hinsvegar.

2. Það að auki ber að undirstrika, að Fiskveiðasjóður Íslands býr við algjöra sérstöðu að því leyti til að vera eina opinbera lánastofnunin sem ekki nýtur ríkisábyrgðar.

Hann nýtur lakari lánskjara en aðrar lánastofnanir í eigu ríkisins, en kemur til með samkvæmt frumvarpinu að greiða eignarskatt af öllu eigin fé sínu gagnstætt því, sem lánastofnunum í hlutafélagaeign er gert.

3. Frumvarpið tekur ekki tillit til þess, að lánastarfsemi og lánastofnanir eru í mörgu ólíkar.
Fjárfestingarlánasjóðir, sem veita lán til langs tíma og sem taka langtímalán í því skyni.
Viðskiptabankar, sem varðveita og ávaxta sparifé almennings að stórum hluta með útlánum til skamms tíma.

III. Ljóst er, miðað við áhættu þá, sem fylgir fjárfestingalánastarfsemi (nefna má t.d. töp Fiskveiðasjóðs vegna fiskeldis), að ákvæði frumv. um 1% frádrátt vegna afskrifta er alltof lágt. Nær lagi væri að lögfesta heimild til 5% afskrifta af útlánum.
Minna má á BIS reglur í þessu sambandi.

IV. Að framan var getið um mismunun á skattalegri meðferð eiginfjár lánastofnana eftir eignarformi.
Fyrir skömmu sendi ég formanni Efnahags- og viðskiptanefndar lögfræðilegt álit Markúsar Sigurbjörnssonar prófessors um "Eignarhald að lönlánasjóði"
Athugun fer nú fram á stöðu Fiskveiðasjóðs í þessu efni, einkum með hliðsjón af fjármunum þeim, sem runnu til Fiskveiðasjóðs af sérstöku útlutningsgjaldi á sjávarafurðir.

V. Þótt Fiskveiðasjóður sem slíkur verði ekki fyrir útgjöldum vegna stimpilgjalda af útlánum, þar sem sjóðurinn verður einungis innheimtuaðili, er öllum ljóst, að um nýjan skatt á sjávarútvegsfyrirtæki er að ræða.
Auk þess að 1,5% skattur í þessu tilviki er úr samhengi við raunveruleikann, verður hann afturvirkur samkvæmt frumvarpinu þ.e. hann leggst á lán, sem löngu var búið að lofa, en hafa ekki verið afgreidd.
Óafgreidd lánsloforð Fiskveiðasjóðs námu um síðustu áramót liðlega 2.650 miljónum króna.
Afturvirk innheimta á stimpilgjaldi getur samkvæmt þessu numið um 40 miljónum króna.

Niðurstöður.

1. Að framan er sett fram sú skoðun, að lagabreyting, sem frumv. gerir ráð fyrir, eigi að bíða setningar almennra laga um fjárfestingarlánasjóði atvinnuvega - eða, sem væri öllu betra, setningar almennra laga um viðskiptabanka og fjárfestingarbanka.
Tíðar bitabreytingar laga, sem valda breytingum á stöðu lánastofnana, samkvæmt lánssamningum, skapa tortryggni og vantrú lánardrottna.

2. Leidd er rök að því, að frumv. það, sem hér er til umræðu, þjóni ekki því hlutverki, ef að lögum verður, að jafna samkeppnisaðstöðu lánastofnana - þvert á móti.
Ákvæði frumvarpsins mismuna opinberum sjóðum og bönkum samanborið við hlutafélagabanka.
Þar sem Fiskveiðasjóður nýtur ekki ríkisábyrgðar, eins og aðrar opinberar lánastofnanir, helzt og eykst jafnvel aðstöðumunur í þessu tilfelli.

3. Benda ber á álit Markúsar Sigurbjörnssonar, prófessors, um "**Eignarhald að lönlánasjóði".**
Leiða má rök að því, að útflutningsgjöld, sem sjávarútvegurinn greiddi um áratuga skeið, en hluti þeirra rann til Fiskveiðasjóðs, megi heimfæra undir álit Markúsar á meðferð lönlánasjóðsgjalda.

4. Ljóst er að samþykkt þessa frumvarps mun leggja verulegar byrðar á sjávarútveginn.
Skattar lagðir á Fiskveiðasjóð munu óhjákvæmilega leiða til hærri vaxta.
Greiðsla stimpilgjalds felur í sér nýja skattlagningu, sem numið getur verulegum fjárhæðum; er auk þess afturvirk.

5. Hugmynd um skattfrjálst framlag í afskriftasjóð er alltof lágt samkvæmt frumvarpinu.

Beztu kveðjur,

Virðingarfyllst
FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

IÐNLÁNASJÓÐUR
ÁRMÚLA 13A 155 REYKJAVÍK SÍMI 680400
TELEX 3084 ILFUND TELEFAX 680950

Reykjavík, 16. mars 1992

Stjórn Iðnlánasjóðs hefur verið með til skoðunar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofnana. Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi og er nú á ný til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Með bréfi til efnahags- og viðskiptanefndar dags. 18. október sl. gerði stjórn Iðnlánasjóðs athugasemdir við frumvarpið sem lutu að skattlagningu iðnlánasjóðsgjaldsins.

Nú liggur fyrir breytingartillaga við frumvarpið frá fjármálaráðuneyti, þar sem fjallað er um þennan þátt skattlagningarinnar.

Eftir að hafa kannað þessa breytingartillögu og leitað í því sambandi til endurskoðanda Iðnlánasjóðs Ólafs Nilssonar, verður ekki séð, að um nokkra breytingu sé að ræða frá efni frumvarpsins, hvað varðar skattlagningu iðnlánasjóðsgjaldsins.

Stjórn Iðnlánasjóðs vill því með bréfi þessu vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar á þessu atriði ásamt því að veita umsögn um frumvarpið.

Í Iðnlánasjóði eru starfandi tvær deildir með aðskildum fjárhag, en þær eru Fjárfestingarlánadeild og Vöruþróunar- og markaðsdeild. Þær hafa ólíku hlutverki að gegna. Fjárfestingarlánadeild er rekin á viðskiptalegum grundvelli, en Vöruþróunar- og markaðsdeild er hrein áhættufjármagnsdeild til stuðnings vöruþróun og markaðsmálum hjá iðnfyrirtækjum.

Vöruþróunar- og markaðsdeild

Tekjustofn deildarinnar er iðnlánasjóðsgjaldið, sem er skattur lagður á iðnaðinn í landinu. Úthlutun þessa fjár er einkum með tvennum hætti. Í fyrsta lagi eru veitt óafturkræf framlög og í öðru lagi lán með sérstökum kjörum og án venjulegrar tryggingartöku (áhættulán). Lítils háttar hefur verið gert af því að fjárfesta í hlutafé félaga, sem hafa sérstöku þjónustuhlutverki að gegna fyrir iðnaðinn eins og t.d. Þjónustumiðstöð fataiðnaðarins hf., Vottun hf. og Icecon hf. Að baki þessari fjárfestingu búa ekki arðsemissjónarmið heldur er verið að stuðla að jákvæðri þróun iðnaðarins í landinu.

Komi til þess að vöruþróun eða markaðsaðgerð misheppnist, sem lán hefur hlotið, er stjórn sjóðsins heimilt að fella lánið niður. Þannig voru felld niður lán að fjárhæð 78,9 millj.kr. á síðasta ári.

Eignir Vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs samanstanda einkum af útlánum sem heimilt er að fella niður eins og áður sagði.

Tekju- og eignarskattur sem lagður yrði á Vöruþróunar- og markaðsdeild Iðnlánasjóðs getur haft það í för með sér, að iðnaðurinn mun krefjast afnáms iðnlánasjóðsgjaldsins, sem eðlilegt væri að verða við og þar með mun þessi starfsemi hætta.

Ekki er því hér um framtíðartekjustofn fyrir ríkissjóð að ræða, en spyrja mætti, hvort ekki væri verið að skerða skattstofna í framtíð, sem aukin vöruþróun og markaðssókn í fyrirtækjum mun leiða af sér og Vöruþróunar- og markaðsdeild hefur stutt.

Fjárfestingarlánadeild

Í 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um það að draga megi 1% frá samanlögðum útlánum við mat á eignum.

Sem kunnugt er hefur áhætta í útlánum farið vaxandi á síðari árum. Þannig hafa framlög til afskriftarreiknings útlána verið vaxandi í Iðnlánasjóði og nema þau nú 5% af útlánum. Sama mun gilda hjá öðrum lánastofnunum í landinu. Þess skal auk þess getið, að erlendis er frádráttarbært framlag til afskriftareiknings mun hærra en hjá okkur.

Endanleg afskrift útlána er ekki gerð fyrr en full sönnun er færð á tapið eins og

við gjaldþrot og skipti. Framlög til afskriftareiknings eru hins vegar gerð eftir vandlega skoðun útlána með endurskoðendum sjóðsins. Prósentutala til frádráttar útlánum þyrfti því að vera mun hærri, þar sem afskriftarreikningur útlána hefur í reynd að geyma töpuð útlán.

Skattlagning fjármálastofnana er mjög flókið og viðamikið mál. Mismunandi eignar- og rekstrarform gerir málið ennþá flóknara. Við þetta bætist aukin samkeppni við erlendar lánastofnanir í kjölfar aukins frjálsræðis í alþjóðaviðskiptum.

Þetta hlýtur að kalla á endurskoðun og samræmingu á skattlagninu íslenskra fjármálastofnana.

Stjórn Iðnlánasjóðs er þeirrar skoðunar að löggjöf um skattlagningu fjárfestingarlánasjóða og annarra lánastofnana eigi að vera liður í þeirri heildarendurskoðun, sem nú er unnið að á löggjöf um fjármálastofnanir.

Leggjumst við því alfarið á móti því, að frumvarpið nái fram að ganga í núverandi mynd, en teljum að nauðsyn sé að skoða mál þessi í heild með tilliti til þeirra starfsskilyrða, sem stjórnvöld ætla að búa lánastofnunum á íslenskum fjármagnsmarkaði og með hliðsjón af skattlagningu fjármálastofnana í nálægum löndum.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Iðnlánasjóðs

Bragi Hannesson, forstjóri

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

871. Nefndarálit [442. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsagnir bárust frá BHMR, Landssambandi lífeyrissjóða, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og Verðbréfaþingi Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt en þeir nefndarmenn, sem skrifa undir með fyrirvara, áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Ingi Björn Albertsson og Steingrímur J. Sigfússon voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.	Sólveig Pétursdóttir.
Vilhjálmur Egilsson.	Magnús Jónsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, með fyrirvara.
	Jón Helgason, með fyrirvara.	

872. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Minni hluti nefndarinnar er samþykkur því að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag. Minni hlutinn hefur vænst þess að hægt væri að ná samkomulagi um þau ágreiningsmál sem uppi eru, en því miður hefur það ekki tekist. Þau efnisatriði, sem minni hluti nefndarinnar gerir athugasemdir við, eru eftirfarandi:

1. Sala eigna.
   Minni hluti nefndarinnar getur ekki fallist á að veita heimild til að selja allt fyrirtækið. Eðlilegt er að í upphafi sé gefin heimild til að selja allt að 40% af hlutafénu, en ríkisstjórnin þurfi að fá heimild Alþingis til að selja meira og jafnframt til sölu á einstökum verksmiðjum. Verksmiðjurnar skipta miklu máli fyrir afkomu fólks á þeim stöðum þar sem þær eru. Minni hlutinn telur eðlilegt að áður en ákvarðanir eru teknar um að selja meiri hluta félagsins eða einstakar verksmiðjur sé skylt að leita samþykkis Alþingis.
2. Kjör stjórnar.
   Minni hlutinn telur að eðlilegt sé að Alþingi kjósi stjórnarmenn fyrirtækisins sem eignarhlutur ríkisins gefur rétt til, svo lengi sem ríkið á meiri hluta í fyrirtækinu.

3. Efnahagsreikningur og skattaleg staða.

   Ekkert liggur fyrir um hvert er mat á eignum fyrirtækisins. Eðlilegast hefði verið að áður en málið er afgreitt sé kynntur upphafsefnahagsreikningur hins nýja fyrirtækis. Jafnframt er eðlilegt að félagið yfirtaki rekstrartöp Síldarverksmiðja ríkisins frá fyrri árum. Þótt heimild sé veitt fyrir fjármálaráðherra að yfirtaka hluta af skuldum Síldarverksmiðja ríkisins liggur ekkert fyrir um hvort sú heimild verður notuð. Vonandi getur fyrirtækið greitt skuldir sínar sjálft án þess að ríkið komi þar til. Síldarverksmiðjur ríkisins eiga hafnarmannvirki sem aðrar verksmiðjur hafa ekki þurft að byggja. Ríkið hefur þurft að kosta til þeirra mannvirkja í gegnum tíðina og væri eðlilegt að þessi hafnarmannvirki væru keypt þannig að staða Síldarverksmiðja ríkisins væri svipuð og gerist um aðrar verksmiðjur í landinu.

4. Samstarf við heimamenn.

   Ávallt koma upp margvísleg samstarfsmál þar sem staðbundin þekking verður að vera fyrir hendi og því er nauðsynlegt að í samþykktum félagsins séu ákvæði um sérstaka samstarfsnefnd. Það þarf að tryggja að heimamenn komi að stjórn fyrirtækisins og hafi þar eðlileg ítök. Það er ekki aðeins nauðsynlegt vegna byggðarlaganna heldur jafnframt fyrir fyrirtækið sem heild.

5. Réttindi starfsmanna.

   Verulegur ágreiningur hefur komið upp um réttindi starfsmanna. Í því sambandi vísast til greinargerðar sem fylgir með nefndarálitinu. Minni hluti nefndarinnar óskaði eftir því að fá að ræða við fulltrúa BSRB áður en frumvarpið væri afgreitt frá nefnd. Því var hafnað og vilyrði gefin um slíkar viðræður síðar. Á þessu stigi leggur minni hluti nefndarinnar til að 7. gr. frumvarpsins falli niður og leitað verði samninga við starfsmenn um þetta atriði. Afstaða kann að breytast eftir viðræður við fulltrúa BSRB.

Minni hluti nefndarinnar flytur breytingartillögur á þskj. 873 og að þeim samþykktum getur hann fallist á að styðja frumvarpið. Fulltrúi samtaka um Kvennalista, Anna Ólafsdóttir Björnsson, er samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 8. maí 1992.

Halldór Ásgrímsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Stefán Guðmundsson.

Jóhann Ársælsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn Síldarverksmiðja ríkisins.
(12. mars 1992.)

Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hefur tekið fyrir beiðni yðar um umsögn vegna frumvarps til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins, 202. mál.

Með tilliti til þess að í áratugi hafa Síldarverksmiðjur ríkisins (S.R.) búið við úrelt lög og þess vegna orðið að vinna eftir eigin starfshefðum, þá fagnar stjórn S.R. því, að nú liggur fyrir frumvarp til laga um nýtt og nútímalegra rekstrarform fyrir fyrirtækið. Það mun gera stjórnendum þess auðveldara að reka það og fást við hin margþættu verkefni, sem koma upp hjá því og ekki hvað síst hinar breytilegu kröfur, sem orðið hafa og eru á döfinni varðandi framleiðslu og markaðsetningu afurða.

Það er álit stjórnar S.R. að ekki eigi að hluta fyrirtækið í sundur, því styrkur þess hefur byggst á stærðinni og staðsetningu verksmiðjanna.

Stjórn S.R. leggur ríka áherslu á, að framlagt frumvarp verði að lögum á yfirstandandi þingi.

Meirihluti stjórnar Stjórn S.R. var samþykkur ofanritaðri umsögn en tveir stjórnarmanna óskuðu að eftirfarandi yrði bókað:

1. Sérálit Boga Sigurbjörnssonar.

"Ég er sammála því að brýna nauðsyn bar til þess, að endurskoða gömul og úrelt lög um S.R.
Að breyta rekstrarforminu úr beinum ríkisrekstri í hlutafélagsform, tel ég í sjálfu sér ekki breyta miklu varðandi framtíð fyrirtækisins, sem ég hef mikla trú á, ef þessi stóra og sterka rekstrarheild verður starfrækt óskipt áfram.

Óhjákvæmilegt er að taka tillit til þess, að S.R. hefur verið og verður burðarás atvinnulífsins á þeim stöðum, sem fyrirtækið hefur haft sína starfsemi í áratugi.
Þá tel ég ótvírætt að inn í 1.gr. laganna komi ákvæði um, að lögheimili og varnarþing verði á Siglufirði."

2. Sérálit Jóhanns Ársælssonar.

"Ég get tekið undir flest, sem kemur fram í áliti meirihlutans, en vil þó taka fram eftirfarandi:
Ég tel ekki að ábyrgð stjórnenda vaxi eða að það sé einboðið að skilvirkara samband myndist milli eigenda og stjórnenda við það að breyta fyrirtækinu í hlutafélag.
Það er mín skoðun, að vegna stærðar og mikilvægis þessa fyrirtækis, eigi Alþingi að kjósa sérstaka stjórn til að fara með eignarhlut ríkisins í því og að það form eigi að gilda meðan ríkið ber meirihlutaábyrgð á fyrirtækinu."

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins

Þorsteinn Gíslason

Þorsteinn Gíslason, stjórnarformaður

Bréf Síldarverksmiðja ríkisins til sjávarútvegsnefndar.
(27. mars 1992.)

Í framhaldi af komu okkar, fulltrúa SR, á fund sjávarútvegsnefndar leyfi ég mér í samráði við Þorstein Gíslason stjórnarformann SR að senda viðlagða punkta sem svör við nokkrum spurningum nefndarmanna.

Það skal tekið fram að í þessum punktum koma fyrst og fremst fram skoðanir undirritaðs.

Þórður Jónsson,
rekstrarstjóri SR.

Staða fiskimjölsiðnaðar á Íslandi.

Greinin sem heild stendur frammi fyrir miklum vanda vegna tekjusamdráttar sem stafar af lágu heimsmarkaðsverði á hefðbundnum afurðum og miklum sveiflum í hráefnisframboði.

Á yfirliti um tekjur og gjöld verksmiðja á Íslandi kemur fram að heildartekjur minnkuðu úr 8 milljörðum 1988 í um 5 milljarða 1990. Tölur fyrir 1991 eru ekki fyrirliggjandi en það ár er eitt það versta í sögu fiskimjölsiðnaðarins á Íslandi.

Heildarskilaverðstekjur úr loðnutonni voru í byrjun yfirstandandi vertíðar um 8.000 kr. en eru nú í lok vertíðarinnar komnar niður í um 6.000 kr.

Ekki verður annað séð en að stefnt geti í að hefðbundin vinnsla á bræðslufiski leggist af á Íslandi ef ekki kemur til verulegrar hækkunar á tekjum og/eða lækkunar á útgjöldum.

FÉLAG ÍSLENSKRA FISKMJÖLSFRAMLEIÐENDA



Mynd 1 sýnir heildartekjur loðnuverksmiðja eins og þær koma fram í könnun félagsins á rekstri loðnuverksmiðja árin 1988, 1989 og 1990 þegar búið er að framreikna hlutfall þátttöku yfir á allar loðnuverksmiðjur.
Tölurnar eru á verðlagi hvers árs. Væru þær framreiknaðar til dagsins í dag m.v. verðlagsþróun má áætla heildartekjur verksmiðjanna árið 1988 um 8 milljarða, árið 1989 um 6 milljarða og árið 1990 um 5 milljarða. Þetta er gífurlegt tekjutap milli ára. Á myndinni sést einnig vel hvernig framlegð verksmiðjanna minkar ár frá ári.



Mynd 2 sýnir skiptingu breytilegs kostnaðar verksmiðjanna sem hlutfall af heildartekjum þeirra árin 1988, 1989 og 1990. Sést vel hvernig hlutfall hráefnis vex úr um 50% árið 1988 og er komið í um 58% á síðasta ári.

Verð á bræðslufiski og afurðum.

Til margra ára ákvað Verðlagsráð lágmarksverð á bræðslufiski. SR hélt sig fast við þetta verð. Skip fengu löndun eftir röð í höfn og verðmunur var yfirleitt lítill en þó yfirborguðu einkaverksmiðjur þegar lítið veiddist.

Loðnuverð var gefið frjálst 1987. Til að byrja með ákvað stjórn SR verðið sem boðið var. Þetta verð var mjög hátt miðað við greiðslugetu verksmiðjanna.

Aðrar verksmiðjur fóru samt yfir þetta fasta verð ef þeim bauð svo við að horfa.

Einnig hófu verksmiðjur að kaupa skip og fluttu þar með kvótann í land. SR hefur fyrst og fremst keppt í verði og stefnan hefur verið að gera verksmiðjur fyrirtækisins hæfar til þessarar samkeppni.

Reynslan af rekstri verksmiðjunnar á Seyðisfirði sýnir að of varlega var farið í samkeppninni síðastliðið haust. Grundvöllur var fyrir kaupum SR á síldarkvótum sem síðan hefði verið unnt að fá báta til að veiða. Þetta sést best á þeirri staðreynd að mjöl frá Seyðisfirði seldist á að meðaltali 25–30% hærra verði en annað mjöl.

Til þess að gefa mönnum einfalda hugmynd um hversu lágt verð er nú á loðnuafurðum má nefna að í dag kostar 8.000 kr. að flytja 1 tonn af vöru frá Reykjavík til Húsavíkur með bíl. Sé þetta dæmi heimfært á loðnuvinnslu þá má kostnaður við veiði á einu tonni, sigling til hafnar, löndun, vinnsla, útskipun afurða úr þessu eina tonni ásamt tilheyrandi afskriftum og fjármagnskostnaði skipa og verksmiðja ekki fara yfir 7.000 kr. á loðnutonn eigi þessi iðnaður að bera sig.

Rækjukvóti, sem úthlutað er til verksmiðja sem eiga skip, hefur verið SR mjög dýr því honum hefur verið skipt út fyrir loðnu eða beinlínis notaður sem hluti af greiðslu fyrir loðnu. Þetta kom sérstaklega illa út fyrir SR veturinn 1991 þegar loðnukvótaeigendur fengu aukarækjukvóta vegna loðnubrestsins. Þetta jafngildir því að sumir af keppinautum SR hafi fengið ríkisstyrk til kaupa á loðnu.

Stýring loðnuveiðanna.

Æskilegt væri að í byrjun vertíðar væri gefinn út allur sá kvóti sem talið er mögulegt að leyfður verði með fyrirvara um hugsanlega skerðingu eftir áramót. Til enn frekari hvatningar væri hægt að leyfa þeim skipum sem klára kvóta sína tímanlega að veiða úr því magni sem Norðmenn og Grænlendingar ná ekki.

Staðreynd er að mest verðmæti fást úr loðnu sem veidd er á tímabilinu ágúst–desember. Loðnan fer að horast í desember og lýsisnýtingin fellur úr 14–15% niður í 1–3% í lok mars. Skilaverð hvers loðnutonns lækkar því um 1.500–2.000 kr.

Með öðrum orðum þýðir þetta að hver 50.000 tonn sem veidd eru fyrir áramót skila 80–100 millj. kr. meira en sama magn veitt í mars. Vinnslukostnaður er þó hinn sami í báðum tilfellum.

Á undanförnum árum hefur verið mikil öfugþróun í loðnuverði innan hverrar vertíðar. Haustverð hafa verið lág, en þegar liðið hefur verið á vertíðirnar hefur það hækkað þó svo að skilaverðið úr loðnunni hafi lækkað. Þetta hefur latt menn til haustveiða.

Markaðsmál.

Venjulegt íslenskt fiskimjöl, „FAQ-mjöl“, er í beinni óheftri samkeppni við fiskimjöl frá Suður-Ameríku, t.d. frá Perú þar sem laun eru 10% af því sem hér er greitt.

Verðið, sem við fáum fyrir FAQ-mjöl, ræðst af framboði og verði frá Perú. Kostnaður hér innan lands breytir engu. Íslendingar verða að komast inn á markaði sem Perúmenn eru ekki á, samanber mjölið frá SR á Seyðisfirði.

Algjört útflutningsfrelsi hefur ríkt gagnvart mjöli og lýsi.

Nokkur fyrirtæki hafa í mörg ár selt mjöl og lýsi í umboðssölu. Flest eru þessi fyrirtæki í sambandi við erlenda umboðsaðila sem sjá um hinar endanlegu sölur og sambandið við kaupendurna. Fyrir þessa þjónustu eru greidd 2% af cif-verði afurðanna.

Helsti ókostur þessa kerfis var og er að nánast ekkert samband er á milli framleiðanda og kaupanda. Kvartanir og ábendingar komast seint og illa til skila. Sárafá föst viðskiptasambönd myndast. Þetta fyrirkomulag gekk þó sæmilega á meðan eingöngu var framleitt FAQ-mjöl og kaupendur voru tilbúnir að kaupa með því hugarfari að þeir væru að spila í rúllettu því tilviljun réð hvers konar vöru þeir fengu og verðhugmyndir þeirra voru eftir því.

Það skal þó tekið fram að í sumum tilfellum hafa íslenskir umboðsmenn náð mjög hagstæðum sölum á FAQ-mjöli til Austur-Evrópu og fjarlægari markaða.

Ef ná á árangri með sérframleitt mjöl og lýsi er nauðsynlegt að hafa stöðugt og náið samband við stærstu notendurna og velja til samstarfs þá sem mesta þekkingu hafa.

Nægjanlegt er að hafa einn umboðsaðila ef á annað borð er talið æskilegt að slíkur sé til staðar til þess að sjá um vissa hluta viðskiptanna. Umboðsaðilinn verður að sætta sig við að framleiðandi og kaupandi hafi samband sín á milli varðandi vöruþróun og framleiðsluhætti.

Talið er að þær fáu fiskimjölsverksmiðjur sem eftir eru í Danmörku hafi lifað af vegna eigin markaðssetningar og vöruþróunar sem fært hafi þeim forskot á nú fallna keppinauta.

Það er ekki ásættanlegt að íslenskt loðnumjöl sé yfirleitt alltaf selt á lægra verði en mjöl framleitt úr lakara hráefni í Noregi eða Danmörku.

FÉLAG ÍSLENSKRA FISKMJÖLSFRAMLEIÐENDA

Beinar tekjur sveitarsjóða af 800 tonna loðnufarmi

M.v. forsendur í ársbyrjun 1992.

Verð á loðnu upp úr loðnuskipi	4 500 kr/tonn
Skilaverð loðnuafurða mjöl kr 5.300 lýsi kr 2.500	7 800 kr/tonn af loðnu
Vörugjald af mjöli (800 x 0,175 x 215)	30 100 krónur
Vörugjald af lýsi (800 x 0,13 x 215)	22 360 krónur
Lesta- og bryggjugjöld (450 x 6,20 + 3,10)	4 185 krónur
Aflagjald (800 x 4.500 x 1,0%)	36 000 krónur
Hafnargjald af flutningaskipi (1000 x 6,20 + 3,10 / 5)	1 860 krónur
Vatnsskattur (800 x 35)	28 000 krónur
Aðstöðugj. verksmiðju (800 x 7.800 x 0,85%)	40 560 krónur
Samtals	163 065 krónur
Samtals á hvert landað tonn (163.065/800)	**204 krónur**

Aukakostnaður loðnuverksmiðja vegna reglugerðar nr. 32/1992 um sérstakt vörugjald. Sömu forsendur og að ofan um 800 tonna loðnufarm.

Vörugjald af mjöli (800 x 0,175 x 215 x 1,25)	37 625 krónur
Vörugjald af lýsi (800 x 0,13 x 215 x 1,25)	27 950 krónur
Samtals vörugjöld með 25% álagi	65 575 krónur
Samtals vörugjöld án 25% álags	52 460 krónur
Mismunur	**13 115** krónur

Verkfræðistofa Daníels Gestssonar:

Bryggjur í eigu SR.
(Úr Mati á hafnarmannvirkjum Síldarverksmiðja ríkisins.)



Skipting aflakvóta á vertíð 1991–1992.

Heildarkvóti			751.000
Aflakvóti bundinn verksmiðjum.			
Fasttengdir bátar.	Hlutdeild	Magn	
Bolungarvík			
Júpíter RE 161	*2,50%*	*18.761*	18.761
Neskaupstaður			
Beitir NK 121	*2,53%*	*19.019*	
Börkur NK 122	*2,34%*	*17.595*	36.615
Eskifjörður			
Guðrún Þorkelsdóttir SU 211	*2,00%*	*15.006*	
Hólmaborg SU 11	*2,75%*	*20.638*	
Jón Kjartansson SU 111	*2,31%*	*17.336*	52.980
FIVE Vestmannaeyjum			
Kap VE 4	*1,95%*	*14.617*	
Sighvatur Bjarnason VE 81	*1,95%*	*14.617*	29.234
FES Vestmannaeyjum			
Gígja VE 340	*2,00%*	*15.006*	
Guðmundur VE 29	*2,15%*	*16.172*	
Heimaey VE 1	*1,81%*	*13.583*	
Sigurður RE 4	*2,59%*	*19.462*	64.223
Grindavík			
Háberg GK 199	*2,83%*	*21.280*	
Sunnuberg GK 299	*3,08%*	*23.164*	44.444
Faxamjöl hf			
Faxi RE 241	*1,89%*	*14.230*	14.230
Akranes			
Höfrungur AK 91	*2,43%*	*18.250*	
Ásborg/Skarðsvík	*1,88%*	*14.100*	
Rauðsey AK	*1,85%*	*13.907*	
Víkingur AK 100	*2,52%*	*18.955*	65.212
Samtals:			325.699

Laustengdir bátar.

Hafsíld hf			
Bjarni Ólafsson AK 70	*2,32%*	*17.402*	
Grindvíkingur GK 606	*2,32%*	*17.402*	
Hákon ÞH 250	*2,05%*	*15.395*	
Helga II RE 373	*3,56%*	*26.710*	**76.908**
Njörður hf.			
Dagfari ÞH 70	*1,81%*	*13.583*	
Sjávarborg GK 60	*2,05%*	*15.395*	**28.978**
Samtals:			**105.887**
Samtals bundið:			**431.586**
Óbundnir bátar.			
Albert GK 31	*1,88%*	*14.100*	
Bergur VE 44	*1,79%*	*13.453*	
Björg Jónsdóttir ÞH 321	*1,84%*	*13.842*	
Guðmundur Ólafur ÓF 91	*1,86%*	*13.970*	
Gullberg VE 292	*1,88%*	*14.100*	
Hilmir SU 171	*4,38%*	*32.861*	
Huginn VE 55	*1,88%*	*14.100*	
Húnaröst RE 550	*1,90%*	*14.294*	
Ísleifur VE 63	*2,28%*	*17.149*	
Jón Finnson RE 506	*1,88%*	*14.100*	
Keflvíkingur KE 100	*2,76%*	*20.698*	
Pétur Jónsson RE 69	*2,06%*	*15.459*	
Súlan EA 300	*2,34%*	*17.538*	
Svanur RE 45	*1,95%*	*14.617*	
Víkurberg GK 1	*1,82%*	*13.647*	
Þórður Jónasson EA 350	*1,78%*	*13.387*	
Þórshamar GK 75	*1,87%*	*14.035*	
Örn KE 13	*3,58%*	*26.905*	**298.253**
Óveiðanlegur kvóti			
Harpa RE 342	*2,82%*	*21.213*	**21.213**
Samtals:		*751.052*	**751.052**

Samantekinn afli og verðmæti.
(24. mars 1992.)

VETUR

		Magn	Verðm.	Verðm. m. vsk
Siglufjörður	Loðna	39.685.448	152.703.868	190.116.316
Raufarhöfn	Loðna	27.046.601	111.428.079	138.727.958
Seyðisfjörður	Loðna	60.124.818	238.150.609	296.497.508
Reyðarfjörður	Loðna	32.005.358	127.245.782	158.420.998
		158.862.225	629.528.337	783.762.779
Seyðisfjörður	Loðna norskir báta	3.087.945	13.347.681	16.617.863
Seyðisfjörður	Síld	1.039.493	5.656.594	7.042.460
Samtals vetur		162.989.663	648.532.612	807.423.102

HAUST

Raufarhöfn	Loðna	5.317.527	22.894.648	28.503.837
Seyðisfjörður	Loðna	12.438.973	57.219.276	71.237.998
		17.756.500	80.113.924	99.741.836
Seyðisfjörður	Síld	966.402	5.315.211	6.617.438
Reyðarfjörður	Síld	96.969	484.845	603.632
		1.063.371	5.800.056	7.221.070
Samtals haust		18.819.871	85.913.980	106.962.905
Samtals alls:		181.809.534	734.446.592	914.386.007
Samtals loðna innlendir bátar		176.618.725	709.642.261	883.504.615

Framleiðslugeta verksmiðja S.R

	Magn í t. per sólahring af hráefni	*Mjöl í tonnum per viku 17%*	*Lýsi í tonnum per viku 9%*	*Birgða-geymslur fyrir mjöl*	*Birgða-geymslur fyrir lýsi*
Siglufjörður	*1.500*	*1.785*	*945*	*7.000*	*8.300*
Raufarhöfn	*800*	*952*	*504*	*2.500*	*6.000*
Seyðisfjörður	*1.100*	*1.309*	*693*	*3.500*	*2.900*
Reyðarfjörður	*500*	*595*	*315*	*1.500*	*1.900*
Samtals:	3.900	4.641	2.457	14.500	19.100

Framleiðsla 01.01.1992. - 22.03.1992.

	Mjöl	Lýsi
Siglufjörður	*6.856*	*1.738*
Raufarhöfn	*5.112*	*1.489*
Seyðisfjörður	*10.373*	*4.074*
Reyðarfjörður	*5.387*	*2.197*
Samtals:	27.728	9.498

Móttekinn afli hjá verksmiðjum.
(24. mars 1992.)

	Haust		Vetur		Samtals:	
	Magn:	Hlutdeild	Magn:	Hlutdeild	Magn:	Hlutdeild
Siglufjörður	*0*	*0,00%*	*39.685*	*7,08%*	*39.685*	*6,43%*
Raufarhöfn	*5.318*	*9,46%*	*27.045*	*4,82%*	*32.363*	*5,25%*
Seyðisfjörður	*12.439*	*22,12%*	*60.125*	*10,72%*	*72.564*	*11,76%*
Reyðarfjörður	*0*	*0,00%*	*32.126*	*5,73%*	*32.126*	*5,21%*
Samtals:	*17.757*	*31,58%*	*158.981*	*28,35%*	*176.738*	*28,65%*
Aðrir	*38.468*	*68,42%*	*383.932*	*68,47%*	*422.400*	*68,47%*
Samtals:	*56.225*	*100,00%*	*542.913*	*96,83%*	*599.138*	*97,12%*
Landað erlendis og aðra vinnslu	*0*	*0,00%*	*17.783*	*3,17%*	*17.783*	*2,88%*
	56.225	*100,00%*	*560.696*	*100,00%*	*616.921*	*100,00%*

Fylgiskjal II.

Umsögn hreppsnefndar Raufarhafnarhrepps.

(7. mars 1992.)

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar, dags. 20. febrúar 1992, um frumvarp til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps vekur athygli á því að starfræksla verksmiðju SR á Raufarhöfn skiptir afar miklu máli fyrir atvinnulíf hér svo og afkomu starfsfólks verksmiðjunnar og sveitarfélagsins. Heimamönnum á Raufarhöfn þykir þó núverandi rekstrarform SR ásamt mjög miðstýrðum stjórnarháttum ekki gefa stjórnendum einstakra verksmiðja nægilegt takifæri til að reka þær á sem hagkvæmastan hátt í þágu fyrirtækis, starfsfólks og byggðarlags.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps er því fylgjandi að rekstrarformi SR verði breytt frá því sem nú er.

Í greinargerð með frumvarpinu er bent á að þegar SR hafi verið gert að hlutafélagi verði heimilt að selja öðrum hlutabréfin, öll eða hluta þeirra. Einnig að félaginu verði heimilt að selja einstakar fasteignir eða rekstrareiningar. Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps styður eindregið þann ásetning sem kemur fram í athugasemdum við 3. gr. frv. um að við hugsanlega sölu á rekstrareiningum skuli sérstaklega horft til heimamanna og starfsmanna á þeim stöðum sem verksmiðjur eru starfræktar. Með vísan til mikilvægis verksmiðjunnar fyrir atvinnulíf og byggð á Raufarhöfn telur hreppsnefnd að í lögin þurfi að koma ákvæði sem tryggi heimamönnum á hverjum stað ákveðinn forgang til að kaupa einstakar rekstrareiningar ef til þess kemur að þær verði seldar. Enda munu vera fordæmi um slík ákvæði, sbr. t.d. lög um sölu á Ferðaskrifstofu ríkisins á sínum tíma.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps leggur áherslu á að tryggt verði með viðunandi hætti að verksmiðja SR á Raufarhöfn starfi með nægilegu rekstrarlegu sjálfstæði. Í því efni vill hreppsnefnd koma því á framfæri við nefndina að hér er verulegur áhugi fyrir því að heimamenn kaupi verksmiðjuna og starfræki hana ef hún fæst keypt á ásættanlegu verði.

F.h. hreppsnefndar Raufarhafnarhrepps

Guðmundur Guðmundsson
sveitarstjóri

Fylgiskjal III.

Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

(4. mars 1992.)

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, FFSÍ, hefur borist til umsagnar framangreint frumvarp til laga frá sjávarútvegsnefnd Alþingis.

FFSÍ gerir engar athugasemdir við það frumvarp sem hér er til umsagnar. Aftur á móti vilja samtökin benda á þá staðreynd að Síldarverksmiðjur ríkisins hafa gegnt mikilvægu hlutverki við að koma á og viðhalda frjálsri verðmyndun á loðnu undanfarin ár. Segja má að þessu sé fyrst og fremst að þakka að verksmiðjunum hefur verið óheimilt að reka útgerð.

Virðingarfyllst,
f.h. FFSÍ,
Benedikt Valsson.

Fylgiskjal IV.

Umsögn Vélstjórafélags Íslands.

(10. mars 1992.)

Félagið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
fh. Vélstjórafélags Íslands,
Helgi Laxdal, formaður.

Fylgiskjal V.

Umsögn Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda.
(5. mars 1992.)

Stjórn Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda fjallaði á fundi sínum þann 4. mars um frumvarp til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins. Eftirfarandi var samþykkt:

Stjórn Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda fagnar framkomnu frumvarpi um Síldarverksmiðjur ríkisins og telur það mjög til bóta. Hvetur stjórnin jafnframt til að skrefið til fullkominnar einkavæðingar fyrirtækisins verði stigið hið fyrsta.

Kveðja,
Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda,
Jón Ólafsson.

Fylgiskjal VI.

Umsögn hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps.
(4. mars 1992.)

Á fundi hreppsnefndar Reyðjarfjarðarhrepps þann 2. mars sl. var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps er sammála því að Síldarverksmiðjum ríkisins sé breytt í hlutafélag, jafnframt telur sveitarstjórn eðlilegt að kveðið sé á um í samþykkt væntanlegs hlutafélags að Reyðarfjarðarhreppur fái að tilnefna einn stjórnarmann."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
Ísak J. Ólafsson,
sveitarstjóri.

Fylgiskjal VII.

Umsögn Sjómannasambands Íslands.

(17. mars 1992.)

Stjórn Sjómannasambands Íslands hefur fjallað um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins. Stjórnin styður frumvarpið og telur breytt rekstrarform á fyrirtækinu mjög til bóta.

Vegna fyrirhugaðrar sölu ríkisins á hlut sínum í Síldarverksmiðjum ríkisins, verði frumvarpið að lögum, er það álit stjórnar Sjómannasambands Íslands að ekki eigi að hluta fyrirtækið í sundur því styrkur þess felist í stærðinni og staðsetningu verksmiðjanna.

F.h. Sjómannasambands Íslands,
Hólmgeir Jónsson.

Fylgiskjal VIII.

Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna.

(10. mars 1992.)

Við höfum móttekið bréf ykkar dags. 20. febrúar sl. þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Stjórn LÍÚ samþykkti á fundi sínum í dag að mæla með samþykkt frumvarpsins um að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna,
Kristján Ragnarsson.

Fylgiskjal IX.

Umsögn starfsmannafélags ríkisstofnana.
(17. febrúar 1992.)

Starfsmannafélag ríkisstofnana hefur haft til skoðunar frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins sem nú liggur fyrir Alþingi.

Í 7. gr. frumvarpsins er ákvæði sem ætlað er að skerða áunnin réttindi félagsmanna SFR, sem hjá Síldarverksmiðju ríkisins starfa. Slíkt er hvorki siðlegt né heimilt að gera án þess að bætur komi fyrir.

SFR leyfir sér að mótmæla þessu ákvæði frumvarpsins harðlega. Félagið mun styðja þá félagsmenn sína, sem hlut eiga að máli, til þess að sækja fullar bætur fyrir dómstólum, verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Virðingarfyllst,

Árni St. Jónsson, framk.st. SFR

Meðfylgjandi:
Umsögn Gests Jónssonar, hrl.
um frumvarpið.

Umsögn Gests Jónssonar, hrl.
(15. febrúar 1992.)

Með bréfi dagsettu 6. fyrra mánaðar hefur SFR óskað umsagnar minnar um 7. gr. frumvarps til laga um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins, en umrætt frumvarp mun nú vera til meðferðar á Alþingi. Er þess sérstaklega óskað að skoðað verði hvort frumvarpið, ef að lögum verður, raski áunnum réttindum félagsmanna SFR sem nú starfa hjá Síldarverksmiðjum ríkisins.

Hvernig hljóðar 7. gr. frumvarpsins ?

7. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:

> Fastráðnir starfsmenn Síldarverksmiðja ríkisins skulu hafa rétt til starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá verksmiðjunum. Ákvæði 14. gr. laga nr 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á því ekki við um þá starfsmenn.

Í greinargerð með frumvarpinu er 7. gr. skýrð með þessum orðum:

> Greininni er ætlað að tryggja föstum starfsmönnum SR sömu störf hjá nýja félaginu við stofnun þess og þeir gegna nú. Engin breyting verður því á atvinnumöguleikum, launum eða lífeyrisréttindum starfsmanna. Ákvæði 14. gr. 1, nr 38/1954 um biðlaun þykja því ekki eiga við.
>
> Miklar árstíðasveiflur eru í rekstri Síldarverksmiðja ríkisins. Afar misjafnt er því hversu margir starfsmenn eru í starfi hjá verksmiðjunum. Á síðasta heila vinnslutímabili vertíðina 1990/91 voru um 150 manns starfandi hjá félaginu. Fastráðnir starfsmenn eru nú 45 og starfa þeir allt árið. Í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins greiða 14 starfsmenn. Þrátt fyrir að staða sé lögð niður eiga starfsmenn sem greitt hafa iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins rétt á að greiða þangað áfram iðgjöld sem miðuð eru við launaflokk þann er staðan var í er hún var lögð niður. Nýtur starfsmaður þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hefði hann gengt (sic) starfi sínu áfram. Um réttindi þessi er fjallað

í 2. mgr. 17. gr. laga nr 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Hvenær er staða lögð niður í skilningi 14. gr. starfsmannalaganna ?

Um þetta hafa verið deilur á undanförnum árum. Með dómum Hæstaréttar hefur nú verið staðfest að staða telst vera lögð niður, í skilningi laganna, þegar hún hættir að vera til á vegum ríkisins jafnvel þótt viðkomandi starfi sé haldið áfram alveg óbreyttu á vegum annars aðila. Þetta má t.d. ráða af "Landssmiðjudómi" Hæstaréttar, þegar ríkisfyrirtækinu Landssmiðjunni var breytt í hlutafélag.

Hvað er sambærilegt starf ?

Þessari spurningu verður ekki svarað fáum orðum. Þó má fullyrða á grundvelli dómafordæma Hæstaréttar, t.d. í Landssmiðjumálinu, í máli Guðrúnar Ágústsdóttur og málum starfsmanna flugumsjónardeildar ríkisins á Keflavíkurflugvelli (dæmd 1964), að boð um starf hjá hlutafélagi getur aldrei talist "sambærilegt" við starf hjá ríkinu í skilningi 14. gr. starfsmannalaganna. Hér þarf að hafa það í huga að 14. gr. er einmitt ætlað að tryggja ríkisstarfsmanni bætur í því tilviki að hann missi starf sitt sem ríkisstarfsmaður.

Niðurstaða

Mér sýnist sjálfgefið að SFR mótmæli því harðlega að ákvæðið í 7. gr. frumvarpsins verði að lögum. Fyrir því eru a.m.k. eftirgreindar ástæður.

1. Í fyrsta lagi er verið að gera tillögu um að lögfesta reglu sem ætlað er að taka lögbundin og áunnin réttindi af tilteknum hópi einstaklinga og á reglan einmitt að koma til framkvæmda þegar áunnu réttindin eiga að verða virk. Að mínu mati er rétturinn til biðlauna, hjá núverandi starfsmönnum Síldarverksmiðja ríkisins, einstaklingsbundin réttindi þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og þau verða ekki tekin af þeim án fullra bóta vegna ákvæðis 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ef heimilt væri með lögum að skerða bótalaust slík áunnin eignarréttindi er vandséð að eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar hefði mikið innihald. Á sama hátt væri þessi regla brot á jafnréttisreglunni, sem talin er felast í stjórnarskránni, þ.e. ætlunin er að afnema lögbundin og áunnin réttindi hjá einungis þessum þröngu og afmarkaða hópi manna, en sömu lögbundnu réttindi verði áfram virk hjá öllum öðrum starfsmönnum ríkisins. Er hugsanlega ætlunin að Alþingi taki afstöðu til þess hverju sinni með löggjöf hvort og þá hverjir starfsmanna ríkisins fái notið áunninna lögbundinna kjara ? Slíkt gengur auðvitað ekki.

2. Í öðru lagi virðist sú hugsanavilla felast í frumvarpsgreininni að nýju hlutafélagi verði mögulegt að bjóða starfsmönnum "sambærilegt" starf. Með vísan til þess sem að framan er sagt má fullyrða að það sé ekki ætlunin enda tæpast hægt. Það er t.d. ábyggilega ekki ætlunin að "sambærilega" starfinu fylgi biðlaunaréttur eins og sá sem fylgir núverandi starfi. Hlutafélagið getur aldrei boðið starfsmanni sínum sambærileg starfskjör og ríkið býður, m.a. vegna þeirrar sérstöðu sem felst í varanleika ríkisins. Af frumvarpinu sjálfu og greinargerð þess er ljóst að nýja félaginu er ætlað að starfa skv. almennum lögum

um hlutafélög. Fyrirtækið á enga sérstöðu að hafa á markaðnum gagnvart samkeppnisaðilum sínum. Af þessum orðum leiðir að sömu lögmál eiga að gilda um reksturinn og almennt gilda á frjálsum markaði. Það þýðir t.d. að telji stjórnendur skynsamlegt að leggja niður einstakar rekstrareiningar, telji þeir skynsamlegt að fækka starfsmönnum, ráða nýja starfsmenn í stað þeirra sem nú starfa hjá fyrirtækinu o.s.frv., þá er þeim það frjálst. Með öðrum orðum missa starfsmenn þá vernd sem þeir hafa sem ríkisstarfsmenn, en biðlaunin eru einmitt lögmæltar bætur fyrir þessi réttindi sem þeir missa við breytt rekstrarform.

Sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á orðalagi 7. greinarinnar. Þar kemur fram að tryggja á starfsmönnum starf hjá nýja félaginu <u>við stofnun þess.</u> Nýja félaginu yrði skv. þessu heimilt að láta starfsmennina víkja hvenær sem er eftir að félagið hefur verið stofnað. Atvinnuöryggi starfsmannanna hjá nýja félaginu yrði ekkert.

Því miður virðist reglan í 7. gr. frumvarpsins vera sett fram á grundvelli misskilnings eða vanþekkingar á eðli biðlaunagreiðslunnar. Biðlaunagreiðslunni verður ekki jafnað til greiðslu launa í uppsagnarfresti. Greiðslan felur í sér bætur fyrir ýmis sérstök réttindi sem starfsmenn ríkisins njóta umfram aðra launþega, sem falla niður þegar staða ríkisstarfsmanns er lögð niður og hann fær ekki <u>sambærilegt</u> starf hjá <u>ríkinu.</u>

Ég tel nauðsynlegt að SFR komi athugasemdum sínum á framfæri við Sjávarútvegsnefnd Alþingis sem mun hafa frumvarpið til umfjöllunar.

Virðingarfyllst,

Gestur Jónsson hrl

Fylgiskjal X.

Álit Almennu málflutningsstofunnar sf. á 7. gr. frumvarps til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins með tilliti til 14. gr laga nr. 38/1954.

(7. apríl 1992.)

Með bréfi, dags. 7. apríl 1992, hafið þér óskað álits undirritaðs á því hvort ákvæði 7. gr. frumvarps til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins komi í veg fyrir rétt starfsmanna Síldarverksmiðja ríkisins til biðlauna skv. 14. gr. l. nr. 38/1954 um ríkisstarfsmenn. Jafnframt er óskað álits á því hvort ákvæði nefndrar 7. gr. frumvarpsins geti falið í sér ólögmæta skerðingu á stjórnarskrárvörðum eignarréttindum þessara starfsmanna.

7. gr. frumvarpsins er svofelld:

„Fastráðnir starfsmenn Síldarverksmiðja ríkisins skulu hafa rétt til starfa hjá hinu nýja hlutafélagi við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður hjá verksmiðjunum. Ákvæði 14. gr. l. nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Álit undirritaðs er eftirfarandi:

Um starfskjör ríkisstarfsmanna gilda l. nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur gilda lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, og lög nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 14. gr. l. nr. 38/1954 skal ríkisstarfsmaður, er staða er lögð niður, „jafnan fá föst laun er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði. . ., ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur, enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins".

Þau atriði, sem koma einkum til skoðunar hér, eru í fyrsta lagi skilgreining biðlauna, þ.e. tilgangur með greiðslu launa er staða er lögð niður og í öðru lagi hugtakið „sambærileg staða". Í þriðja lagi réttur til biðlauna. Loks kemur til skoðunar gildi laganna gagnvart ákvæði 67. gr. stjórnarskrár og texti 7. gr. ofangreinds frumvarps borinn saman við ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954.

1. Hvað eru biðlaun?

Tilgangi löggjafans með greiðslu biðlauna, þegar staða er lögð niður, er ýmist jafnað til launa í uppsagnarfresti ellegar til skaðabóta fyrir þá röskun á atvinnuöryggi sem felst í missi starfs hjá ríkinu.

Greinargerð með lögunum er þó eigi skýr um þetta atriði.

Ég tel að ekki skipti máli að skilgreina bakgrunn þessarar bótareglu. Orðalag ákvæðisins um föst laun í tiltekinn tíma til þeirra sem ekki eiga kost á starfi hjá ríkinu verður aðeins skilið á þann veg að um lögbundnar skaðabætur sé að ræða fyrir missi starfs hjá ríkinu fyrir það að staða er lögð niður.

2. Hverjir eiga rétt til biðlauna?

Við ákvörðun þess hverjir eiga rétt til biðlauna er nærtækast að líta á efni l. nr. 38/1954 og skoða þau í samhengi við ákvæði l. nr. 97/1974 og 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samkvæmt ákvæði 14. gr. l. nr. 38/1954 er gert ráð fyrir að allir starfsmenn eigi rétt til biðlauna en starfsaldur ráði lengd biðlaunatímans. Þrátt fyrir að í l. nr. 97/1974 sé

ákveðið (3. gr., 2. mgr.) að ráða megi fólk til starfa hjá ríkinu með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti hefur ákvæði 14. gr. l. nr. 38/1954 eigi verið breytt með tilliti til þessa. Því gerir 14. gr. l. nr. 38/1954 ekki greinarmun á skipun, setningu eða ráðningu með þriggja mánaða uppsagnarfresti við ákvörðun réttinda starfsmanna til biðlauna.

Nærtækast er því, að mínu viti, að túlka ákvæði 14. gr. l. nr. 38/1954 eftir orðanna hljóðan að þessu leyti. Fær þessi skoðun stuðning í dómi Hæstaréttar frá 1964, bls. 936.

Af þeim ástæðum ber öllum ríkisstarfsmönnum réttur til sex mánaða eða tólf mánaða biðlauna eftir starfsaldri án tillits til þess hvort þeir séu æviráðnir eða ránir með þriggja mánaða uppsagnarfresti, svo fremi sem staða sé lögð niður í skilningi l. nr. 38/1954.

Vekja ber þó athygli á því að þessi skilningur hefur lítið gildi að því er varðar starfsmenn sem ráðnir eru með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Ætla má að aðdragandi að því að staða er lögð niður sé það langur að unnt sé að koma fram uppsögn.

3. Sambærilegt starf.

Ákvæði 14. gr. l. nr. 38/1954 gerir einungis ráð fyrir að ráðning eða höfnun ráðningar í sambærilegt starf á vegum ríkisins upphefji rétt til biðlauna. Af því leiðir að launuð atvinna hjá einkaaðila hefur eigi áhrif til biðlaunagreiðslna. Í tilviki starfsmanna Síldarverksmiðja ríkisins sýnist mér ótvírætt að allir starfsmenn þeirra eigi rétt til biðlauna í samræmi við starfstíma sinn á vegum stofnunarinnar enda þótt þeir kunni að þiggja starf hjá hinu nýja hlutafélagi ef frumvarpið verður að lögum.

4. Ólögmæt skerðing á stjórnarskrárvernduðum eignarréttindum?

Íslenskir dómstólar hafa verið tregir til að fallast á að lög brjóti í bága við stjórnarskrá Íslands. Ágreiningur hefur einkum risið út af 67. gr. stjórnarskrárinnar og hafa dómstólar yfirleitt túlkað það ákvæði frjálslega þegar deilt hefur verið um lögmæti skattlagningar.

Í stuttu máli má segja að öllu skipti hvort breyting á lögbundnum starfskjörum sé almenn eða sértæk. Ríkisstarfsmenn mega þola launalækkun og versnandi kjör ef breytingin nær til ríkisstarfsmanna almennt án tillits til þess hvar þeir starfa hjá ríkinu, sbr. grunnsjónarmið 18. gr. l. nr. 38/1954.

Hins vegar verður að álíta að óheimilt sé að beina lagabreytingum að fámennum hópi (þröngum hagsmunum) og rýra þannig lögbundin kjör þeirra. Skilgreining þess hvað sé „fámennur hópur" er afstæð. Það kann að skipta máli hvort sams konar breytingum sé ætlað að taka til margra „fámennra hópa", svo sem nokkurra ríkisstofnana (Síldarverksmiðja ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins o.s.frv.). Ég hygg þó að breyting á fáum ríkisstofnunum í hlutafélög teljist eigi almenn skerðing í lögfræðilegum skilningi.

Í tilfelli Síldarverksmiðja ríkisins virðist mér sem lögunum sé beint að svo afmörkuðum hópi starfsmanna að meta megi hagsmunina sem sértæka en alls ekki almenna.

Mín skoðun er því sú að 7. gr. frumvarps að lögum um Síldarverksmiðjur ríkisins feli í sér óhæfilega skerðingu á lögbundnum starfskjörum þessara umræddu starfsmanna og sé af þeim ástæðum andstæð ákvæði 67. gr. stjórnarskrár.

Þau starfsréttindi, sem boðuð eru í 7. gr., geta því eigi skoðast sambærileg við gildandi starfskjör skv. l. nr. 38/1954. Hið nýja hlutafélag mun bundið af ákvæðum l. nr. 32

1978, um hlutafélög, og réttindi og skyldur starfsmanna ráðast af almennum kjarasamningum og l. nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ákvæði 7. gr. um starfskjör starfsmannanna hjá hinu nýja hlutafélagi er jafnframt stefnuyfirlýsing sem eigi er sérstök þörf fyrir í lagatexta. Yfirlýsing af sama tagi gæti allt eins komið frá stjórnendum verksmiðjanna svo að dæmi sé tekið. Gildi um slíka yfirlýsingu almennar reglur vinnuréttar.

Það er skoðun mín að hið virðulega Alþingi eigi ekki að taka afstöðu til þess í frumvarpi til laga hvort réttindi skv. 14. gr. l. nr. 38/1954 séu niður fallin eður ei. Að mínu viti er það dómstóla að skera úr ágreiningi um hvort slík réttindi teljist vera fyrir hendi ef niðurstaðan verður sú að fjármálaráðuneytið kýs að viðurkenna eigi rétt hlutaðeigandi starfsmanna til biðlauna. Ákvæði 7. gr. frumvarpsins i.f. verður að skoða sem fyrirmæli öðru fremur. Samkvæmt viðurkenndum sjónarmiðum um sjálfstæði dómenda eru fyrirmæli Alþingis eða jafnvel skýringar Alþingis á fyrirmælum sínum eigi bindandi fyrir dómstóla. Dómstólum ber skv. 61. gr. stjórnarskrár að fara einungis eftir lögum í víðasta skilningi orðsins, þ.e. ekki aðeins stjórnskipunarlögum heldur almennum lögum, réttarvenju, lögjöfnun o.s.frv.

Með vísan til þessa er rétt að fella síðustu setningu 7. gr. frv. út úr texta þess.

Sé það ætlun Alþingis að taka á réttindum ríkisstarfsmanna, sem lögbundin eru í 14. gr. l. nr. 38/1954, er að mínu áliti eðlilegra og réttara að breyta ákvæði 14. gr. laganna í þá veru enda hefði slík breyting almennt gildi gagnvart ríkisstarfsmönnum.

Virðingarfyllst,
Hróbjartur Jónatansson, hrl.

Fylgiskjal XI.

Bréf sjávarútvegsráðuneytisins
til Helga Bergs:

Skipun nefndar til að endurskoða lög um Síldarverksmiðju ríkisins.
(15. febrúar 1989.)

Hér með eruð þér skipaður formaður nefndar til að endurskoða lög um Síldarverksmiðjur ríkisins. Núgildandi lög um Síldarverksmiðjur ríkisins eru orðin meira en hálfrar aldar gömul og því um margt úrelt. Er nefndinni m.a. falið að meta hvort Síldarverksmiðjurnar séu eðlileg rekstrareining eða hvort æskilegt sé að brjóta núverandi rekstur upp í fleiri sjálfstæðar einingar. Jafnframt er nefndinni falið að meta hvort æskilegt sé að breyta um rekstrarform, t.d. með því að breyta félaginu í hlutafélag og opna þannig fyrir þátttöku fleiri aðila, m.a. heimaaðila, starfsmanna og eigenda loðnuskipa.

Ásamt yður hafa eftirtaldir menn verið skipaðir í nefndina: Gunnar Hilmarsson, Hörður Þórhallsson, Ísak Ólafsson, Jón Ingi Ingvarsson, Þorsteinn Gíslason og Þorvaldur Jóhannsson. Jafnframt hefur Arndísi Steinþórsdóttur, deildarstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu og Þórði Jónssyni, starfsmanni Síldarverksmiðjanna, verið falið að starfa með nefndinni.

Halldór Ásgrímsson.
Árni Kolbeinsson.

Fylgiskjal XII.

Álit nefndar til að endurskoða lög um Síldarverksmiðjur ríkisins.

(11. september 1989.)

Árið 1928 voru fyrst sett lög um síldarverksmiðjur í eigu ríkisins. Nauðsyn slíkrar lagasetningar var rökstudd með því að allar bræðslustöðvar á Íslandi væru í eigu útlendra manna, sem réðu einir verði á síld til bræðslu og ákvæðu það verð, sem þeim þætti við eiga. En það var svo lágt að menn sáu sér ekki með neinu móti fært að gera út skip til síldveiða með það fyrir augum að selja síld til bræðslu fyrir það verð. Auk þess var það talið nokkurskonar sjálfstæðismál, að við værum sjálfir færir um að annast þann hluta starfsins við framleiðsluna, sem erlendir menn hefðu hingað til haft með höndum. Þessum fyrstu lögum var síðan breytt 1933 og aftur 1938 en hafa staðið í meginatriðum óbreytt síðan.

Fyrsta verksmiðja SR tók til starfa á Siglufirði 1930. Reynslan af henni varð á þann veg að 1933 samþykkti Alþingi einróma að reisa nýja verksmiðju á Norðurlandi og var hún reist, einnig á Siglufirði, á árunum 1934-35. Árið 1933 keypti SR gamla verksmiðju á Siglufirði, sem kennd var við Dr. Paul og 1935 voru keyptar gamlar verksmiðjur á Raufarhöfn og Sólbakka. Árið 1938 var nýrri verksmiðjan á Siglufirði stækkuð og byggð ný verksmiðja á Raufarhöfn, sem svo var stækkuð nokkrum árum seinna og þá var Dr. Pauls-verksmiðjan einnig stækkuð. Á árunum 1945-47 voru svo byggðar nýjar verksmiðjur á Siglufirði og Skagaströnd.

Eftir byggingu þessara nýju verksmiðja voru heildarafköst SR komin í um 5000 tonn á sólarhring en afköst annarra verksmiðja á Norður-og Austurlandi námu um 5700 tonnum á sólarhring. Þannig var nærri helmingur bræðsluafkastanna hjá SR.

Árið 1962 keyptu SR Síldarbræðsluna hf. á Seyðisfirði og sama ár var ný verksmiðja byggð á Reyðarfirði. Báðar þessar verksmiðjur hafa síðan verið stækkaðar verulega og endurbættar.

Síldarverksmiðjur ríkisins reka nú verksmiðjur á fimm stöðum á landinu, Skagaströnd, Siglufirði, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði. Á Skagaströnd er eingöngu unninn fiskúrgangur, en í hinum verksmiðjunum hefur loðna verið aðalvinnslan nú um árabil. Þessar fjórar verksmiðjur afkasta um 3550 tonnum af loðnu á sólarhring, sem talin er vera 29% af afkastagetunni í landinu. Aðeins ein verksmiðja er nú

starfrækt til loðnuvinnslu á Siglufirði, þ.e. SR46, sem hefur verið endurnýjuð að mestu leyti, en eldri verksmiðjurnar hafa lokið hlutverki sínu.

Á vinnsluárinu 1988-89 tóku SR á móti 222.544 tonnum af loðnu, sem var 26% af því magni, sem landað var hjá innlendum bræðslum.

Með bréfum dags. 15. febrúar 1989 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að endurskoða lög um Síldarverksmiðjur ríkisins. Er nefndinni m.a. falið að meta, hvort Síldarverksmiðjurnar séu eðlileg rekstrareining eða hvort æskilegt sé að brjóta núverandi rekstur upp í fleiri sjálfstæðar einingar. Jafnframt var nefndinni falið að meta hvort æskilegt sé að breyta um rekstrarform, t.d. með því að breyta félaginu í hlutafélag og opna þannig fyrir þátttöku fleiri aðila.

Fyrstu mánuðina notaði nefndin til gagnasöfnunar. Ekki þótti fært að kveðja nefndina saman fyr en 8. mai vegna fjarveru nefndarmanna, ótíðar og ófærðar.

Nefndinni þótti nauðsynlegt að kynna sér aðstæður í verksmiðjunum og þeim byggðarlögum, sem þær eru starfræktar í. Ferðaðist nefndin því til Reyðarfjarðar, Seyðisfjarðar, Raufarhafnar og Siglufjarðar. Ekki þótti nauðsynlegt að fara til Skagastrandar. Starfræksla þar hefur verið mjög lítil.

Á öllum stöðum, sem farið var til, voru verksmiðjurnar skoðaðar og fundir haldnir með sveitarstjórnarmönnum.

Sveitarfélögin eiga mikið í húfi varðandi rekstur verksmiðjanna. Í fyrsta lagi er þar um að ræða drjúgan þátt í tekjuöflun þeirra. Hafnargjöld, aðstöðugjöld, fasteignagjöld o.fl. nema verulegum hluta af tekjum þeirra. Í öðru lagi eru svo áhrifin á annað atvinnulíf á staðnum. Verksmiðjurnar eru meðal stærstu atvinnurekenda á stöðunum og það er mjög mikilsvert að þær hagi viðskiptum sínum þannig að þær efli almenna þjónustustarfsemi í kring um sig.

Aukið aflamagn, sem hefur í för með sér meiri umsvif, er því mikið hagsmunamál sveitarfélaganna. Sveiflurnar í aflamagni, sem oft eru miklar, geta valdið sveitarfélögunum miklum tekjutruflunum og erfiðleikum. Þeirri hugmynd var hreyft, hvort hægt væri að koma á einhverskonar jöfnunarsjóði, sem jafnaði slíkum truflunum milli sveitarfélaganna. Hugmyndin á rétt á sér, en kemst varla í framkvæmd í sambandi við breytingu á lögum um SR, heldur er það hlutverk sveitarfélaganna með samningum sín á milli og við SR.

Af hálfu sveitarstjórnarmanna kom það mjög fram í þessum umræðum, að mikið skorti á að nægilega gott samband væri milli stjórnar SR og þeirra. Væri mikil nauðsyn á, að auka áhrif sveitarfélaganna, sem eiga svo mikið í húfi, á stjórn verksmiðjanna.

Það kom fram í þessum viðræðum, að margir sveitarstjórnarmenn töldu sitt byggðarlag afskipt, þannig að það fengi of lítinn hlut af þeim afla, sem unninn er hjá SR. Mikið áhugamál var því að auka upplagt aflamagn á þeirra stað. Í því sambandi kom oft upp hugmyndin um það, að SR keyptu skip, sem þær gerðu út í því skyni að auka aflamagnið, sem til skiptanna væri milli verksmiðjanna og hafa betra vald á því, hvar löndun færi fram. Verður vikið að þessu aftur síðar.

Annað, sem nefnt var í þessu sambandi, var að veiðiheimildirnar eða hluti þeirra yrðu fluttar frá skipunum til verksmiðjanna. Þetta er auðvitað þess eðlis að ekki er tilefni til frekari umfjöllunar um það í þessari nefnd. Bræðslufiskkvótann verður ekki fjallað um án tengsla við fiskveiðistefnuna í heild. Spurningin um það, hvort flytja skuli kvótana yfirleitt eða hluta þeirra á land, er utan verksviðs þessarar nefndar.

Á Seyðisfirði lögðu bæjarfulltrúar einkum áherzlu á þetta: að meðan kvótinn væri bundin veiðiskipum, yrðu SR að hafa möguleika á að tryggja hráefni með einum eða öðrum hætti, að tryggja þyrfti byggðarlögunum, þar sem verksmiðjur SR eru, aðild að stjórn fyrirtækisins og þeirri spurningu var varpað fram, hvort einhverskonar deildaskipting með heimastjórn gæti komið til greina.

Á Siglufirði gerði bæjarráðið einnig ítarlega grein fyrir viðhorfum sínum til SR. Taldi það að þar hafi verið mjög veigamikill þáttur í atvinnulífi bæjarins, stundum sá veigamesti, og lagði því höfuðáherslu á, að endurskoðun laganna leiddi ekki til samdráttar í starfseminni á Siglufirði.

Þá taldi bæjarráðið nauðsyn á, að stjórn fyrirtækisins fái víðtækari heimildir en talið er að séu í gildandi lögum, til sjálfstæðra ákvarðana við daglegan rekstur og fjárfestingar. Bæjarráðið lýsti sig mótfallið því, að SR verði klofnar niður í smærri einingar, þ.e. hver verksmiðja gerð að sjálfstæðri einingu, sem síðan kynnu að verða seldar eða leigðar. Þvert á móti taldi bæjarráðið, að stærð SR og dreifing verksmiðja þeirra sé einmitt meginstyrkur fyrirtækisins og efli aðstöðu þess í samkeppni við aðra framleiðendur. Að lokum lýsti bæjarráð Siglufjarðar þeirri skoðun sinni, að svo lengi sem loðnuveiðar eru háðar opinberum leyfum (kvóta) sé ekki óeðlilegt að veiðiheimildum verði úthlutað til þeirra byggðarlaga

þar sem loðnuverksmiðjur eru starfræktar, a.m.k. til jafns við veiðiheimildir til útgerðaraðila loðnuveiðiskipa.

Á Siglufirði komu einnig á fund nefndarinnar fulltrúar frá starfsmannafélagi SR þar, en það er eini staðurinn þar sem starfsmenn hafa félag, enda starfslið fámennt annarsstaðar. Erindi þeirra var að mótmæla hugsanlegri sölu verksmiðjanna og einnig hverskonar klofningi heildarinnar. Þá töldu þeir sig ekki sjá neinn ávinning við að stofna hlutafélag um reksturinn. Loks vildu þeir að starfsmenn verksmiðjanna fengju að kjósa áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundi SR.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er henni sérstaklega "falið að meta hvort Síldarverksmiðjurnar séu eðlileg rekstrareining eða hvort æskilegt sé að brjóta núverandi rekstur upp í fleiri sjálfstæðar einingar." og einnig "hvort æskilegt sé að breyta um rekstrarform, t.d. með því að breyta félaginu í hlutafélag og opna þannig fyrir þátttöku fleiri aðila, m.a. heimaaðila, starfsmanna og eigenda loðnuskipa."

Þau sjónarmið komu sterklega fram í nefndinni að varasamt væri að brjóta SR upp í fleiri og smærri einingar. Stærð SR og dreifing verksmiðja þeirra hefur einmitt mjög jákvæð áhrif á stöðu þeirra. Efnahagur þeirra er mjög sterkur og stærðin gerir þeim mögulegt að mæta sveiflum og áföllum, sem eru algeng í þessari grein, og sem gætu haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir minni fyrirtæki og jafnvel riðið þeim að fullu.

Reksturssveiflurnar eru með ýmsum hætti. Oft veldur staðbundinn aflabrestur eða veðurfar því, að mikill afli berst að einni verksmiðju en lítill að annarri. Þá eru líkur fyrir því að vandinn geti jafnast út hjá fyrirtæki, sem rekur fleiri verksmiðjur. Einnig á afurðamarkaðnum hefur stór framleiðandi sterkari stöðu. Hann getur gert stóran samning við kaupanda, sem er þess fullviss, að sá sem rekur margar og dreifðar bræðslur hefur mun betri líkur á að geta alltaf uppfyllt samning en sá litli.

Einnig er það ljóst, að aðeins stórt fyrirtæki stendur undir kröfum þessa iðnaðar um að hafa í þjónustu sinni mikla tækniþekkingu, góðar varahlutabirgðir og fljótvirka viðgerðaþjónustu. Af þessum sökum verður að telja stærð SR og dreifingu verksmiðja þeirra meginstoð rekstraröryggisins, sem sterklega verður að vara við að fórna með því að skifta þeim upp í smærri einingar.

Það er margt sem mælir með því, að SR verði breytt í hlutafélag, ekki aðeins það að þannig sé opnað fyrir þátttöku fleiri aðila. Þeirri skoðun vex nú mjög fylgi

bæði hér á landi og annarsstaðar að eðlilegt sé, að ríkið reki þá atvinnustarfssemi, sem það hefur með höndum, sem hlutafélög. Í hlutafélagi takmarkast ábyrgð eiganda við framlagt hlutafé, en að sama skapi vaxa völd og ábyrgð stjórnenda og skilvirkara samband skapast milli eigenda og stjórnenda. Hlutafélagsformið á þó enn betur við, ef menn vilja halda þeim möguleika opnum að bjóða síðar öðrum til samstarfs um reksturinn. Um starfsemi hlutafélaga gilda ítarlegar reglur laganna um hlutafélög (lög no.32 1978). Í þeim er að finna nákvæmar reglur um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar, og þau geyma einnig ákvæði til verndar rétti minnihlutaaðila.

Eins og fram kemur að framan vantar allar verksmiðjur meira hráefni, enda eru þær orðnar of margar og samkeppni því hörð um það. Hún hefur m.a. birzt í því, að verksmiðjurnar hafa leitast við að tengja skipin við sig t.d. með því að verksmiðjurnar eiga skip, útgerðarmenn eiga hlut í verksmiðjum, gerðir eru langtímasamningar af ýmsu tagi eða á annan hátt. Á undanförnum árum hefur um helmingur loðnuflotans tengst verksmiðjum með eignaraðild. Sum skipanna leggja þó aðeins hluta afla síns upp hjá verksmiðjum, sem þau eru tengd.

Í reynd mun liðlega þriðjungur loðnukvótans vera fastbundinn vegna eignatengsla, annar þriðjungur laustengdur eða með tímabundna samninga en þriðjungur er á algerlega frjálsum markaði.

SR hefur mætt þessum aðgerðum með því að veita útgerðunum ýmiskonar fyrirgreiðslu. Hún getur verið í formi lána eða lánsábyrgða, eða að skip fái í byrjun vertíðar fyrirframgreiðslu á afla eða greiðsluábyrgðir út á hann enda skuldbinda þau sig þá til að landa hjá SR.

En þrátt fyrir þessa viðleitni virðist hlutur SR í heildaraflanum hafa farið minnkandi.

Ástæða er þó til að ætla að þessi þróun haldi ekki áfram mikið lengur. Geri hún það eykst vald verksmiðjanna yfir verðlagningu aflans svo að útvegsmenn og sjómenn hljóta að stinga við fótum. Verður raunar að telja eins líklegt að dæmið snúist brátt við og útvegsmenn reyni að seilast eftir áhrifum í verksmiðjunum og eignarhaldi á þeim. Enn er verulegur hluti flotans óháður verksmiðjunum og það er þeim skipum, sem SR verður að ná í viðskipti til sín með því að bjóða hæst verð og bezta þjónustu og aðra fyrirgreiðslu, sem er á valdi SR að veita.

Þróist málin hinsvegar á þá lund, að SR sjái þann kost vænstan að tengja skipin fastar við sig með

einhverjum hætti, vaknar spurningin með hvaða hætti það yrði skynsamlegast gert. Ríkisreknar bræðsluverksmiðjur eiga sér sögulega skýringu og réttlætingu eins og vikið er að í upphafi þessa álits, auk þess sem þær hafa heilbrigð áhrif til jafnvægis á hráefnismarkaðnum. Erfitt er hinsvegar að koma auga á rök fyrir því að SR kaupi skip og ríkið hefji einnig umfangsmikla útgerðarstarfsemi. Það er þó skoðun nefndarinnar, að ekki sé óeðlilegt, að SR geti átt hlut í útgerð með öðrum.

Öðru máli gegnir um það, ef tengsl geta skapast við útgerðina með því að gefa eigendum loðnuskipa kost á að kaupa hluti í SR. Má raunar líta á þetta sem viðbótarrök fyrir því, að hentugt væri að verksmiðjurnar væru hlutafélag.

Aukin þátttaka ríkisins í rekstri í sjávarútvegi og fiskvinnslu er ekki fýsileg auk þess sem útgerðin mundi leiða til mikillar fjárfestingar, sem sízt væri æskileg.

Þetta á raunar einnig við um fjárfestingu í fiskimjölsiðnaðnum í landi, sem þegar er orðin allt of mikil, bræðslurnar of margar og afkastamiklar. Framundan má þó gera ráð fyrir að sé mikil fjárfesting í gufuþurrkurum til framleiðslu á gæðamjöli, sem markaðurinn greiðir hærra verð fyrir en venjulegt mjöl. Má ætla að verksmiðjurnar sæki í að ná þeim ávinningi. Það er hinsvegar aðeins sá hluti af framleiðslunni, sem unnin er úr alveg nýju hráefni, sem kemst í þennan gæðaflokk. Verður því að gera ráð fyrir að áfram verði framleitt mikið af venjulegu mjöli.

Sjálfsagt verða SR að fylgjast með tímanum og afla sér tækja til þessarar framleiðslu, en yfirburðir stóra fyrirtækisins, sem rekur margar verksmiðjur, birtast m.a. í því að það getur aflað sér þessara möguleika með því að breyta einni eða tveimur verksmiðjum. Fyrirtæki, sem aðeins reka eina verksmiðju, verða að hrökka eða stökka.

Eins og fram kemur hér að framan eru þær raddir háværar, sem telja, að alsendis ónóg tengsl séu milli stjórnar SR og þeirra byggðarlaga þar sem verksmiðjurnar eru starfræktar og telja af þeim sökum nauðsynlegt og eðlilegt að sveitarstjórnir í þeim byggðarlögum tilnefni fulltrúa í stjórnina.

Hinsvegar verður að ætla að erfitt verði fyrir eigendur verksmiðjanna, í þessu tilfelli ríkisvaldið, að una því að þeim sé stjórnað af mönnum, sem eru tilnefndir af öðrum aðilum. Af skilvirknis ástæðum verður að hafna þeirri leið í öllum tilfellum en þó sérstaklega ef um er að ræða hlutafélag.

Tilgangi hugmyndarinnar mætti þó ná með því að sveitarfélögin tilnefndu menn í nefnd, sem síðan ætti reglulega fundi með stjórninni til þess að tryggja nauðsynleg og æskileg tengsl.

Það varð niðurstaða nefndarinnar að leggja til að Síldarverksmiðjum ríkisins verði breytt í hlutafélag. Yrðu þá sérlög um SR afnumin og þær starfræktar samkvæmt almennum hlutafélagalögum. Myndu þær þannig standa jafnfætis keppinautum sínum m.a. í skattamálum. Um breytingar á skattgreiðslum þeirra er nánar fjallað í bréfi endurskoðanda verksmiðjanna, Ólafs Nílssonar, lögg. endurskoðanda, sem er fylgiskjal með þessu áliti.

Nefndin varð sammála um að heimili og varnarþing hlutafélagsins skuli vera á Siglufirði og að stefnt skuli að því, að aðalskrifstofa verði þar, þó söluskrifstofa yrði áfram í Reykjavík.

Fjórir nefndarmanna telja eignaraðild sveitarfélaga, þar sem SR rekur verksmiðjur, æskilega. Samkomulag er ekki innan nefndarinnar um þetta.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið, eru niðurstöður nefndarinnar þessar:

1. Ekki er rétt að skifta Síldarverksmiðjum ríkisins upp í minni einingar.

2. Ekki er mælt með því, að Síldarverksmiðjur ríkisins hefji útgerð fiskiskipa.

3. Nauðsynlegt er að auka og bæta samstarf stjórnar SR og þeirra sveitarstjórna, þar sem starfræksla fer fram. Lagt er til að þetta verði gert með því að sveitarstjórnirnar tilnefni fastanefnd, sem hafi reglulega fundi með stjórn og framkvæmdastjórum.

4. Rétt er að breyta SR í hlutafélag. Ríkið verði eigandi allra hlutabréfanna. Setja skal lög um þessa breytingu og feli þau í sér þau frávik frá hlutafélagalögunum, sem nauðsynleg eru, og önnur ákvæði, sem rétt þykir að slá föstu að tekin séu inn í samþykktir félagsins.

5. Felld verði úr gildi núgildandi lög um Síldarverksmiðjur ríkisins, sem eru í flestum efnum úrelt. Í staðinn myndu hlutafélagalögin gilda um SR. Rétt er þó að vekja athygli á nokkrum þeirra sérákvæða um SR, sem þá falla úr gildi:
   5.1. Ákvæði um að leyfi ríkisstjórnarinnar þurfi til að reisa eða stækka síldarverksmiðju. Ákvæðið hefur ekki verið framkvæmt um árabil og er því ekki óeðlilegt að það hverfi úr gildi.

5.2. Ríkissjóður hefur forkaupsrétt að síldarverksmiðjum. Ekki er talin þörf á slíku ákvæði í lögum lengur.

5.3. Núgildandi lög gera ráð fyrir því, að SR kaupi ekki hráefni heldur taki það til vinnslu fyrir reikning innleggjanda. Með lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, sem sett voru 1961, hurfu forsendur þessa ákvæðis enda hefur það ekki verið framkvæmt síðan. Engin þörf er heldur fyrir slíkt lagaákvæði verði verksmiðjurnar hlutafélag, þar sem stjórn þess getur að sjálfsögðu samið við útvegsmenn um hvert það fyrirkomulag, sem talið er henta. Auk þess mætti, ef þurfa þykir, taka sérstaka heimild um það inn í samþykktir hlutafélagsins.

5.4. Ákvæði núgildandi laga um sérstaka skattmeðferð SR falla niður og þær greiða opinber gjöld eins og önnur hlutafélög. Þykir eðlilegt að SR standi jafnfætis keppinautum sínum í þessu efni.

September 1989.

Helgi Bergs — Gunnar Hilmarsson

Hörður Þórhallsson — Ísak Ólafsson

Jón Ingi Ingvarsson, með fyrirvara — Þorsteinn Gíslason, með fyrirvara

Þorvaldur Jóhannsson

Fyrirvari.

Tveir nefndarmanna skrifa undir með fyrirvara. Fyrirvarinn lýtur að því, að þeir vilja hafa 3. grein meðfylgjandi frumvarps þannig:

"Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa í hinu nýja félagi. Til sölu þeirra eða hluta þeirra þarf samþykki Alþingis."

Fylgisköl:

1. Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.
2. Bréf Ólafs Nílssonar, lögg. endurskoðanda, Endurskoðun hf.

Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.

1. gr.

Stofna skal hlutafélag sem heiti Síldarverksmiðjur ríkisins h.f. Heimili þess og varnarþing skal vera á Siglufirði. Er ríkisstjórninni heimilt að leggja hlutafélaginu til allar eignir Síldarverksmiðja ríkisins sem hlutafé. Skal láta fara fram mat á þeim eignum til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags.

2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera að eiga og reka verksmiðjur til framleiðslu á fiskimjöli og fisklýsi, svo og að stunda eða taka þátt í annarri skyldri starfsemi.

3. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa í hinu nýja félagi. Heimilt er að selja allt að 25% hlutafjár. Til frekari sölu þarf samþykki Alþingis.

4. gr.

Sjávarútvegsráðherra fer með málefni félagsins.

5. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 17. gr. og 2. tl. 3.mgr. 114. gr. sömu laga ekki um tölu hluthafa.

Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og það greiðir opinber gjöld með sama hætti og önnur hlutafélög. Það tekur við eftirstöðvum rekstrartaps Síldarverksmiðja ríkisins eins og það verður í lok síðasta rekstrarárs þeirra. sbr. 7. tl. 31. gr. laga nr 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt með áorðnum breytingum og má draga það frá tekjum eftir ákvæðum þeirra laga þar til það hefur verið jafnað.

6. gr.

Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda fyrir aprílok 1990 og skal félagið taka til starfa 1. janúar 1991. Á stofnfundi skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

Í samþykktum skal ákveða að stjórn félagsins skuli kjörin til a.m.k. þriggja ára í senn.

Þá skal einnig ákveða í samþykktum að í félaginu skuli vera fulltrúanefnd, sbr. 57. gr laga nr. 32/1978 um hlutafélög, en þrátt fyrir ákvæði þeirrar greinar skal nefndin tilnefnd af sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga, þar sem félagið rekur framleiðslustarfsemi, einn af hverri, og hlutverk hennar skal vera að vera félagsstjórninni til ráðuneytis um þau efni, sem snerta hagsmuni þessara sveitarfélaga, og að tryggja samstarf hennar og þeirra í hvívetna. Í því skyni skal nefndin halda reglulega fundi með stjórn félagsins og framkvæmdastjórn eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

7. gr.

Fastráðnir starfsmenn Síldarverksmiðja ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna á ekki við um þá.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 1 5.janúar 1938 um Síldarverksmiðjur ríkisins með öllum síðari breytingum og lög nr. 93 25. september 1942 um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Athugasemdir.

Um 1. gr.

Greinin ákveður að stofna skuli hlutafélag um Síldarverksmiðjur ríkisins. Í því skyni heimilast ríkisstjórninni að leggja fram allar eignir SR. Mat skal fara fram á þeim eignum til viðmiðunar við ákvörðun hlutafjár.

Um 2. gr.

Hlutverk hlutafélagsins verður það sama og SR nú.

Um 3. og 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þar sem ríkissjóður er eini hluthafinn er nauðsynlegt að gera frávik frá hlutafélagalögum að því er varðar tölu stofnenda og hluthafa.

Um 6. gr.

Greinin setur tímamörk fyrir stofnun félagsins. Ennfremur kveður hún á um tvennt, sem taka skal upp í samþykktir félagsins. Annarsvegar að stjórnin skuli kosin til þriggja ára eins og nú er. Er þetta gert til þess að koma í veg fyrir of ör mannaskipti. Hinsvegar að komið skuli á nefnd til þess að tryggja sem best samstarf milli stjórnenda SR og þeirra sveitarfélaga þar sem starfsemi fer fram. Til þess að gefa nefndinni skilgreinda stöðu og ábyrgð, þykir rétt að hún starfi samkvæmt 57. gr. hlutafélagalaga eftir því sem við á.

Um 7. gr.

Greinin tryggir starfsmönnum SR óbreytta stöðu hjá nýja félaginu. Ákvæði laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna um störf, sem lögð eru niður, eiga því ekki við.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Bréf Endurskoðunar hf. til Helga Bergs.

(31. ágúst 1989.)

Hr. Helgi Bergs,
Snekkjuvogi 11,
104 Reykjavík

Reykjavík, 31. ágúst 1989

Efni: Skattaleg áhrif breytinga á SR í hlutafélag.

Með vísun til samtals við þig nú á dögunum munum við í bréfi þessu gera í stuttu máli grein fyrir skattalegum áhrifum þess að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag.

1. Hvernig gerist breytingin.

Það er í sjálfu sér ekki tæknilega flókið mál að breyta SR í hlutafélag. Til þess þarf að setja lög og breyta lögum á Alþingi, en við teljum æskilegt að slíkt hlutafélag lúti lögum og reglum sem gilda almennt um hlutafélög, en að ekki verði settar neinar sérreglur um félagið ef af breytingu verður. Væntanlega yrði ríkissjóður eigandi alls hlutafjár í félaginu í fyrstu, en jafnframt er líklegt að leitað yrði eftir breytingu á eignaraðildinni þegar tímar líða fram.

Í árslok 1988 var eigið fé SR 530,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi og nam bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna, þ.e. mannvirkja, lóða og vélbúnaðar, 730,5 millj. kr. Kanna þyrfti hvort bókfært verð eigna getur talist eðlilegt verð til að leggja fram í hlutafélagi eða hvort fara þurfi fram sérstakt mat á eignunum áður en slíkt gerist. Ljóst er að mikil breyting hefur orðið á rekstri og nýtingu verksmiðjanna á undanförnum árum og er ekki víst að þær breytingar hafi ratað með eðlilegum hætti inn í bækur fyrirtækisins. Þar er einkum átt við niðurrif eldri eigna og breytingar á þeim.

Þegar upphafsefnahagsreikningur liggur fyrir liggur jafnframt fyrir mat á eigin fé, þ.e. eignum umfram skuldir. Þeirri fjárhæð yrði væntanlega breytt í hlutafé, en æskilegt getur þó verið að eigin fénu yrði ekki öllu breytt í hlutafé heldur yrði hluti þess talinn til varasjóðs og hlutaféð því "greitt inn" með yfirverði í upphafi.

2. Tekjuskattar.

Eins og kunnugt er greiðir fyrirtækið "tekjuskatt" samkvæmt gildandi lögum, en það er landsútsvar sem reiknað er af hagnaði og nemur 10%, eða nánar tiltekið 9% af hagnaði þar sem landsútsvarið er talið frádráttarbært. Fyrirtækið hefur hins vegar ekki greitt landsútsvar á síðustu árum vegna taprekstrar.

Sömu megin reglur gilda um ákvörðun á skattskyldum hagnaði til landsútsvars og gilda almennt um skattskyldan hagnað lögaðila, þ.e. lög um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 með áorðnum breytingum. Álagning landsútsvars byggist hins vegar á ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 73/1980 með áorðnum breytingum. Áður en til skattlagningar á hagnað kemur hafa lögaðilar heimild til að leggja 15% af hagnaði í fjárfestingarsjóð og draga það hlutfall frá tekjum gegn því að leggja helming þeirrar fjárhæðar inn á sérstakan bundinn bankareikning, sem nota má til nýrrar fjárfestingar eftir tiltekinn tíma. Þessi heimild á reyndar einnig við um álagningu landsútsvars. Tap má flytja milli ára framreiknað samkvæmt sérstakri vísitölu og draga það frá hagnaði síðar þar til það hefur verið að fullu jafnað. Tap er hins vegar ekki heimilt að flytja til baka á móti hagnaði á liðnum árum.

Með lögum nr. 91, 1. júní 1989, sem eiga að koma til framkvæmda við álagningu útsvars á árinu 1991, er verksmiðjunum ekki lengur gert að greiða landsútsvar.

Við breytingu á SR í hlutafélag yrði félaginu gert að greiða 50% af hagnaði í tekjuskatt í stað þess 9% landsútsvars sem því ber að greiða samkvæmt gildandi lögum, en það fellur niður frá og með rekstrarárinu 1990 eins og áður segir. Skilgreining hagnaðar yrði hin sama og nú er.

3. Eignarskattar.

Fyrirtækið er ekki skattskylt til eignarskatts, en við breytingu á því í hlutafélag yrði því gert að greiða eignarskatt sem nemur nú 1,45% af skattgjaldseign og er þá svonefndur þjóðarbókhlöðuskattur meðtalinn. Það liggur ekki fyrir hver skattstofninn yrði í þessu sambandi, en ef öllu eigin fé fyrirtækisins yrði breytt í hlutafé í upphafi yrði ekki um neina eignarskattskyldu að ræða hjá félaginu. Það eru hluthafarnir sem eru eignarskattsskyldir af hlutabréfaeign eftir tilteknum reglum, en ríkið sjálft er þó undanþegið. Það er með öðrum orðum eigið fé í heild að frádregnu nafnverði hlutafjár sem myndar eignarskattsstofn hjá lögaðilum. Sérstakt mat er þó lagt á nokkra eignaliði, sem ekki þarf að vera í samræmi við bókfært verð, svo sem fasteignamat fasteigna og nafnverð hlutabréfaeignar.

Allir skattskyldir aðilar greiða sérstakan skatt af verslunar- og skrifstofuhúsnæði samkvæmt lögum nr. 100/1988, en hann nemur nú 1,5% af fasteignamati húsa og lóða sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds eins og segir í lögunum. Síldarverksmiðjur ríkisins eru undanþegnar þessum skatti, en allir lögaðilar verða að greiða þennan skatt.

Varðandi eignarskattinn er niðurstaðan sú að hlutafélag greiðir eignarskatt af eiginfjármyndun umfram nafnverð hlutafjár með nokkrum undantekningum, en SR greiða ekki eignarskatt eftir núgildandi reglum. Þá greiðir hlutafélag sérstakan skatt af verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

4. Aðstöðugjald.

Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga er heimilt að leggja aðstöðugjald á fyrirtækið auk landsútsvars og hefur sú heimild verið

notuð. Breyting fyrirtækisins í hlutafélag ætti því ekki að breyta skattgeiðslum að þessu leyti.

5. Atvinnutryggingar og aðrir launatengdir skattar.

Fyrirtækið greiðir launaskatt og aðrar atvinnutryggingar svo sem slysatryggingargjald, lífeyristryggingargjald atvinnurekenda og atvinnuleysistryggingargjald, eftir núgildandi reglum eins og aðrir atvinnurekendur og yrði ekki um neina breytingu að ræða á þessum gjöldum við breytingu í hlutafélag.

6. Niðurstöður.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir helstu sköttum sem til álita koma við samanburð á skattalegri aðstöðu fyrirtækisins eftir núgildandi reglum og þeim reglum sem gilda myndu um reksturinn í hlutafélagsformi. Það er eflaust tekjuskatturinn sem skiptir hér mestu máli, en hann kemur þó aðeins til ef um hagnað er að ræða. Í því sambandi er rétt að geta þess að sá arður sem kann að verða greiddur til hluthafa er frádráttarbær í hlutafélögum allt að 10% af nafnverði hlutafjár. Eignarskattar verða hærri í hlutafélagi en fyrirtækið greiðir nú, en fjárhæð þeirra veltur mjög á því hve hlutaféð verður stór hluti af eigin fénu í heild.

Ljóst er að ekki er hér um ítarlega umfjöllum á skattamálum fyrirtækisins að ræða, enda ekki til þess ætlast á þessu stigi. Við erum hins vegar reiðubúnir að fjalla frekar um einstaka þætti þessa máls eða ræða þá ef og þegar óskað verður eftir.

Virðingarfyllst,

KPMG Endurskoðun hf.
löggiltir endurskoðendur

873. Breytingartillögur [202. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar (HÁ, SJS, StG, JÁ).

1. 3. gr. orðist svo:
   Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa í hinu nýja félagi. Heimilt er að selja allt að 40% hlutafjár, þó ekki fyrstu þrjú árin. Til frekari sölu þarf samþykki Alþingis og jafnframt þarf Alþingi að heimila sölu einstakra verksmiðja.
   Stjórn er skipuð fimm mönnum og skal sá fjöldi stjórnarmanna, sem ríkið á rétt til samkvæmt hlutabréfaeign sinni á hverjum tíma, kosinn hlutfallskosningu á Alþingi svo lengi sem ríkið er meirihlutaeignaraðili. Eftir það tilnefnir sjávarútvegsráðherra stjórnarmenn af hálfu ríkisins.
2. Við 4. gr. bætist við nýr málsliður er orðist svo: Félagið tekur við eftirstöðvum rekstrartaps Síldarverksmiðja ríkisins eins og það verður í lok síðasta rekstrarárs þeirra, sbr. 7. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, og má draga það frá tekjum eftir ákvæðum þeirra laga þar til það hefur verið jafnað.
3. Við 6. gr. bætist við þrír nýir málsliðir er orðist svo: Í samþykktum skal ákveða að í félaginu skuli vera sérstök samstarfsnefnd. Skal nefndin tilnefnd af sveitarstjórnum þar sem félagið rekur framleiðslustarfsemi, einn fulltrúi frá hverri. Nefndin skal vera félagsstjórninni til ráðuneytis um þau málefni er sérstaklega varða hagsmuni þessara sveitarfélaga og tryggja samstarf stjórnar félagsins og viðkomandi sveitarfélags. Í því skyni skal nefndin halda fundi með stjórn félagsins og framkvæmdastjóra eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
4. Við 7. gr. Greinin falli brott.
5. Við 9. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Fjármálaráðherra er jafnframt heimilt að semja um kaup á hafnarmannvirkjum í eigu Síldarverksmiðja ríkisins.

874. Frumvarp til laga [203. mál]

um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

I. KAFLI
Um Náttúrufræðistofnun Íslands.

1. gr.

Lög þessi fjalla um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur með ríkisaðild í kjördæmum, samræmingu á starfsemi þessara aðila og samvinnu um rannsóknir og fræðslu.

Ráðherra umhverfismála fer með þau málefni sem lögin taka til.

2. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands er í eigu íslenska ríkisins.

Stofnunin getur byggst upp af allt að fimm setrum sem hvert um sig hefur sjálfstæðan fjárhag. Auk seturs í Reykjavík getur ráðherra heimilað eitt setur í hverjum landsfjórðungi að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar og eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

3. gr.

Ráðherra skipar stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands til fjögurra ára í senn. Fastráðnir starfsmenn hvers seturs Náttúrufræðistofnunar tilnefna einn mann í stjórn og forstöðumenn náttúrustofa með ríkisaðild í kjördæmum einn sameiginlega. Ráðherra skipar formann án tilnefningar og varaformann úr hópi annarra stjórnarmanna.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hún fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og fer yfir fjárhagsáætlanir setra og fylgist með fjárhag þeirra og ráðstöfun fjár. Fjármál einstakra setra eru að öðru leyti á ábyrgð forstöðumanna þeirra.

Komi til atkvæðagreiðslu í stjórninni og verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórnin boðar árlega eða oftar til fundar með starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar og forstöðumönnum náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna.

Stjórnin gætir samráðs við Náttúrverndarráð, Vísindaráð og Rannsóknaráð og stuðlar að sem bestu samstarfi við aðrar rannsóknastofnanir.

Ráðherra skipar forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands og forstöðumenn setra hennar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Forstjóri starfar í umboði stjórnar sem framkvæmdastjóri hennar og stofnunarinnar í heild.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur forstjóra, forstöðumanna og stjórnar, svo og um aðsetur forstjóra á hverjum tíma.

4. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands stundar undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands. Hún varðveitir niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum er veiti sem best yfirlit um náttúru landsins.

Aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar eru:

a. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands,
b. að varðveita náttúrugripi, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum og byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru,
c. að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta, m.a. um jarðfræði og útbreiðslu tegunda,
d. að styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings,
e. að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna,
f. að vinna að rannsóknum á villtum stofnum spendýra og fugla í samvinnu við embætti veiðistjóra,
g. að sjá um fuglamerkingar og hefur Náttúrufræðistofnun ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi,

h. að greina frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum og lýsa meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu.

5. gr.

Berist um það ósk er Náttúrufræðistofnun heimilt að framkvæma gegn greiðslu rannsóknir sem falla undir 4. gr.

Stofnunin er óháð hagsmunatengdum aðilum og þiggur ekki af þeim framlög eða gjafir. Henni er heimilt að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum, náttúrugripum og sambærilegum gjöfum frá einstaklingum eða öðrum sem ekki eru hagsmunatengdir henni. Rísi ágreiningur um hvort aðili er hagsmunatengdur stofnuninni eða ekki sker ráðherra úr.

6. gr.

Náttúrufræðistofnun skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfssvið hennar. Skýrslur íslenskra og erlendra vísindamanna um rannsóknir á náttúru landsins skulu varðveittar í heimildasafni Náttúrufræðistofnunar.

Skylt er Náttúrufræðistofnun að varðveita vísindalegar upplýsingar og niðurstöður rannsókna í aðgengilegu formi og veita aðgang að þeim samkvæmt nánari reglum.

Grunngögn um íslenska náttúru í vörslu stofnunarinnar, svo sem um fuglamerkingar og endurheimtur, upplýsingar um dreifingu plantna og dýra, sem og skrásett safnaeintök, skulu vera aðgengileg vísindamönnum til frekari rannsókna og flokkuð á samræmdan hátt.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða samkvæmt þessari grein að fengnum tillögum stjórnar.

7. gr.

Setur Náttúrufræðistofnunar Íslands geta verið deildaskipt. Deildarstjórar og sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands skulu hafa lokið háskólaprófum á hlutaðeigandi fræðasviði eða vera að öðru leyti viðurkenndir fræðimenn á sérsviði sínu. Kveða skal á um starfsskyldur þeirra í reglugerð. Ráðherra skipar deildarstjóra og fastræður sérfræðinga að fengnum tillögum stjórnar.

8. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands getur með leyfi ráðherra gerst aðili að sýningarsöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu. Hún aðstoðar við gerð sýninga og henni er heimilt að lána til þeirra gripi úr söfnum setranna um lengri eða skemmri tíma.

II. KAFLI
Náttúrustofur.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi. Slíkar náttúrustofur starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 3. gr. Starfsemi náttúrustofu getur verið á fleiri en einum stað í kjördæmi eftir skipulagi sem rekstraraðilar koma sér saman um. Heimilt er kjördæmum að sameinast um eina náttúrustofu.

10. gr.

Héraðsnefndir, sveitarfélög og aðrir heimaaðilar geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Nú starfar náttúrustofa í leiguhúsnæði og fer þá með sama hætti um greiðslu kostnaðar. Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar er bundið því skilyrði að þær eignir, er til stofnkostnaðar teljast, séu einvörðungu nýttar í þágu náttúrustofu nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað.

11. gr.

Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

a. að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum, einkum í viðkomandi landshluta,
b. að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál,
c. að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

Heimilt er náttúrustofu að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

12. gr.

Stjórn náttúrustofu með ríkisaðild skipa þrír menn. Eigendur í héraði tilnefna tvo stjórnarmenn en ráðherra einn og er hann formaður. Varastjórn skal skipuð á sama hátt. Starfstími stjórnar er milli almennra sveitarstjórnarkosninga.

Standi fleiri en eitt kjördæmi að náttúrustofu tilnefnir hvert kjördæmi tvo menn í stjórn og ráðherra formann stjórnar. Um skiptingu kostnaðar vegna starfa stjórnar skal kveðið á í reglugerð.

13. gr.

Stjórn náttúrustofu ræður forstöðumann, fjallar um árlega fjárhagsáætlun fyrir stofuna og fylgist með fjárhag hennar og starfsemi.

14. gr.

Forstöðumaður náttúrustofu skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða þekkingu sem meta má til jafns við það. Hann er í fyrirsvari fyrir stofuna í heild, stjórnar daglegum rekstri hennar og ræður að henni annað starfslið með samþykki stjórnar, eftir því sem fé er veitt til hverju sinni.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

15. gr.

Náttúrufræðingum og aðstoðarmönnum þeirra, sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugripi sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti sem áður voru ókunn og ber þá rannsakanda að tilkynna það rétthafa þess lands þar sem verðmætin eru.

Náttúrugripi má ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni.

16. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa með ríkisaðild.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Um leið falla úr gildi lög nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. þessara laga skal stofnað setur Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri eigi síðar en í ársbyrjun 1993. Jafnframt skal að því unnið í samvinnu við heimamenn að koma á fót náttúrustofu á Austurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1994 og á Suðurlandi eigi síðar en í ársbyrjun 1995.

875. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

1. gr.

Heiti XXII. kafla breytist svo að í stað „**Skírlífisbrot**“ komi: **Kynferðisbrot**.

2. gr.

194. gr. orðist svo:

Hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manni til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

3. gr.

195. gr. orðist svo:

Hver sem með annars konar ólögmætri nauðung þröngvar manni til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

4. gr.

196. gr. orðist svo:

Hver sem notfærir sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

5. gr.

197. gr. orðist svo:

Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, geðsjúkrahúsi, vistheimili, uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann á stofnuninni varðar það fangelsi allt að 4 árum.

6. gr.

198. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hann er honum háður fjárhagslega, í atvinnu sinni eða sem skjólstæðingur hans í trúnaðarsambandi skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, sé maðurinn yngri en 18 ára, allt að 6 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 2 árum.

7. gr.

199. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann vegna þess að hann heldur ranglega að þau hafi samræði eða önnur kynferðismök í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða hann er í þeirri villu að hann heldur sig hafa samræði eða önnur kynferðismök við einhvern annan skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu varðar það ef samræði eða önnur kynferðismök eiga sér stað vegna þeirrar blekkingar að um læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð sé að ræða.

8. gr.

200. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 6 árum og allt að 10 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja en sú er greinir í 1. mgr. varðar allt að 2 ára fangelsi og allt að 4 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að 4 árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri þegar verknaður átti sér stað má ákveða að refsing falli niður að því er þau varðar.

9. gr.

201. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni, yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 6 árum og allt að 10 ára fangelsi sé barn yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 2 árum og allt að 4 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

10. gr.

202. gr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi allt að 12 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir ungmenni á aldrinum 14–16 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

11. gr.

204. gr. orðist svo:

Hafi brot skv. 201. eða 202. gr. verið framið í gáleysi um aldur þess er fyrir broti varð skal beita vægari refsingu að tiltölu sem þó má ekki fara niður úr lægsta stigi refsivistar.

12. gr.

205. gr. orðist svo:

Refsing skv. 194.–199., 202. og 204. gr. má falla niður ef karl og kona, er kynferðismökin hafa gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð eða, ef þau voru þá í hjónabandi eða óvígðri sambúð, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram sambúð.

13. gr.

206. gr. orðist svo:

Hver sem stundar vændi sér til framfærslu skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngra en 18 ára, til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af lauslæti ef viðkomandi er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang fararinnar.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða gerir sér lauslæti annarra að tekjulind, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða varðhaldi ef málsbætur eru.

14. gr.

208. gr. orðist svo:

Nú hefur maður, sem sæta skal refsingu eftir 206. gr., áður verið dæmdur fyrir brot á þeirri grein, eða hann hefur áður verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot, má þyngja refsingu svo að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

15. gr.

209. gr. orðist svo:

Hver sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis skal sæta fangelsi allt að 4 árum, en varðhaldi eða sektum ef brot er smávægilegt.

16. gr.

Úr 181. gr. falli niður orðin „eða lauslæti eða fær viðurværi sitt frá kvenmanni, sem hefur ofan af fyrir sér með lauslæti“.

Enn fremur falli brott 190. gr., 203. gr. og 207. gr.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

876. Frumvarp til laga [214. mál]

um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

I. KAFLI

Hlutverk og stjórn.

1. gr.

Hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að tryggja þeim sem falla undir lög þessi tækifæri til náms án tillits til efnahags.

Sjóðurinn veitir lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

2. gr.

Lánasjóði er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr. enda stundi þeir sérnám. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um til hvaða sérnáms skuli lánað.

3. gr.

Miða skal við að námslán samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur að teknu tilliti til fjölskyldustærðar námsmanns.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka tillit til búsetu og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns.

Stjórn sjóðsins setur nánari ákvæði um úthlutun námslána.

4. gr.

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnar en hinn varaformaður.

Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skal þó takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu sitji þeir skemur. Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk með samþykki sjóðstjórnar að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. ákvæði laga nr. 97/1974.

5. gr.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er:

1. að veita námsmönnum námslán,
2. að annast fjármál sjóðsins og gerð fjárhagsáætlana,
3. að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á námslánum,
4. að setja reglur um úthlutun námslána,
5. að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum,
6. að afla upplýsinga um námsskipan og námstíma þeirra skóla sem lánað er til,
7. að hafa eftirlit með árangri og ástundun námsmanna,
8. að annast útgáfustarfsemi og aðra kynningu á starfsemi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela bankastofnunum útborgun lána, innheimtu og aðra daglega afgreiðslu.

Bókhaldi skal haga samkvæmt fyrirmælum Ríkisbókhalds, sbr. lög nr. 52/1966.

II. KAFLI
Námslán.

6. gr.

Námslán skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju missiri meðan hann er við nám, þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla þar sem nám er stundað.

Námslán skal ekki veitt nema námsframvinda sé með eðlilegum hætti.

Námsmenn, sem fá lán úr sjóðnum, skulu undirrita skuldabréf við lántöku og leggja fram yfirlýsingu a.m.k. eins manns um að hann taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess allt að tiltekinni hámarksfjárhæð.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita námslán allt að þeirri fjárhæð sem ábyrgð hefur verið veitt fyrir skv. 4. mgr. Sæki námsmaður um hærra lán en ábyrgð er fyrir þarf hann að leggja fram nýtt skuldabréf, sbr. 4. mgr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn skuli fullnægja. Ábyrgð ábyrgðarmanns, eins eða fleiri, getur fallið niður enda setji námsmaður aðra tryggingu sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta lántökugjöld af veittum lánum.

7. gr.

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 13/1979. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt, eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

Verði breyting á grundvelli lánskjaravísitölunnar eða við útreikning hennar skal þriggja manna nefnd ákveða hvernig vísitölur samkvæmt nýjum breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Nefndin skal þannig skipuð að Seðlabanki Íslands tilnefnir einn mann, Hæstiréttur annan en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

Lánstími námsláns er ótilgreindur en greitt skal af námsláni skv. 8. gr. þar til skuldin er að fullu greidd.

Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir námslok. Sjóðstjórn skilgreinir hvað telja beri námslok samkvæmt lögum þessum og úrskurðar um vafatilfelli.

Vextir af lánum sjóðsins skulu vera breytilegir en þó aldrei hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar. Vextir reiknast frá námslokum. Ríkisstjórnin, að tillögu menntamálaráðherra, tekur nánari ákvörðun um vexti námslána á hverjum tíma samkvæmt þessari grein.

8. gr.

Árleg endurgreiðsla ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla, sem innheimt er á fyrri hluta ársins, óháð tekjum og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimt er á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

Fasta ársgreiðslan er 48.000 kr. miðað við lánskjaravísitölu 3.198 nema eftirstöðvar láns ásamt verðbótum og vöxtum séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs.

Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni ársins á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 5% við afborganir af skuldabréfinu fyrstu fimm árin. Við næstu afborganir skal hundraðshlutinn nema 7%. Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt þessari málsgrein dregst fasta greiðslan skv. 2. mgr.

Fjárhæðin skv. 3. mgr. skal margfölduð samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári.

Skuldara ber á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hverrar greiðslu.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 1. mgr., að hluta eða öllu leyti, ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum skuldara, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að veita undanþágu frá ársgreiðslu skv. 1. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Skuldari, sem sækir um undanþágu skv. 6. mgr., skal leggja fyrir sjóðstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta.

Heimilt er að endurgreiða lán örar en mælt er fyrir í þessari grein.

9. gr.

Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól, verðbætur og vexti. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu skv. 7. gr. frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga.

Skuldari skuldbindur sig til að greiða ársvexti skv. 7. gr. af höfuðstól skuldarinnar þegar hann hefur verið reiknaður út. Vextir reiknast frá námslokum og greiðast eftir á á sömu gjalddögum og afborganir.

Endurgreiðslur eru aðfararhæfar án undangengins dóms eða sáttar ef um vanskil er að ræða. Sama gildir um eftirstöðvar skuldar sem felld er í gjalddaga skv. 11. gr.

Endurgreiðslur, sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast, falla sjálfkrafa niður.

10. gr.

Verði á endurgreiðslutíma námslána breyting á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því er telst útsvarsstofn frá því sem nú er skal hámark árlegrar endurgreiðslu skv. 8. gr. reiknað af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra tilnefnir einn nefndarmann, fjármálaráðherra annan en ríkis-

skattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin leitast við að setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns sem geri hámark árlegrar endurgreiðslu hvers skuldara sem líkast því og orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

Sé skattþega áætlaður útsvarsstofn skal miða við hann. Komi í ljós að útsvarsstofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnstæðum.

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að telja fram tekjur sínar til Lánasjóðs og yrði hámark árlegrar endurgreiðslu ákveðið í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verði framtal hans ósennilegt og ekki unnt að sannreyna útsvarsstofn samkvæmt því verður árleg endurgreiðsla hans ákveðin skv. 1. mgr. 8. gr.

11. gr.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga.

Sömu heimild hefur sjóðstjórn ef í ljós kemur að lánþegi hefur vantalið tekjur á framtali sínu.

Sú hækkun, sem verður á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar lánþega, skal gjaldkræf þegar í stað og skulu reiknaðir af henni hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar viðbótargreiðslu sem hækkuð er.

12. gr.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild má veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf. Lán þessi eru veitt með sömu kjörum og almenn námslán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita venjuleg skuldabréfalán sem séu verðtryggð og beri vexti sem eru sambærilegir við almenna útlánavexti banka á hverjum tíma. Vextir skulu reiknast frá útborgun láns. Lánstími skal að hámarki vera 10 ár. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu lána samkvæmt þessari málsgrein.

13. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða að námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlendis, hafi rétt til námslána samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu.

Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

14. gr.

Umsækjendur um lán skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar sem sjóðstjórn telur máli skipta við ákvörðun um veitingu námsláns.

Umsækjendur skulu tilgreina í lánsumsókn hvort þeir óski eftir fullu láni samkvæmt reglum sjóðsins eða lægri fjárhæð.

Innlendum skólum, sem lög þessi taka til, er skylt að láta Lánasjóði í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjenda.

Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið með sem trúnaðarmál.

III. KAFLI
Ráðstöfunarfé o.fl.

15. gr.

Ráðstöfunarfé Lánasjóðs er:

1. Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum og vextir og afborganir af eldri námslánum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé.

Árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins og með lántökugjöldum, sbr. 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega gera fjárhagsáætlanir fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.

Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðstjórn og endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

16. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Sjóðstjórn setur reglur um önnur atriði er greinir í lögum þessum og reglugerð skv. 1. mgr. Stjórnin gefur árlega út þessar reglur sem skulu samþykktar af ráðherra.

Sjóðstjórn er heimilt, ef hagsmunasamtök námsmanna óska eftir, að draga félagsgjald frá láni enda komi ósk námsmanns þar að lútandi fram á lánsumsókn.

17. gr.

Skjöl samkvæmt lögum þessum skulu undanþegin stimpilgjöldum samkvæmt lögum nr. 36/1978.

18. gr.

Ef skuldari samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal hann fyrst endurgreiða að fullu lán sem tekin eru samkvæmt þessum lögum. Greiðslur af eldri námsskuldum frestast þar til lán samkvæmt þessum lögum eru að fullu greidd.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla samtímis úr gildi lög nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

877. Fyrirspurn [525. mál]

til utanríkisráðherra um samskipti Íslands og Bandaríkjanna.

Frá Árna R. Árnasyni.

Hvaða samningar gilda á eftirfarandi sviðum um samskipti Íslands og Bandaríkjanna og hver eru kjör okkar Íslendinga:
— í útflutnings- og innflutningsverslun,
— í viðskiptum með sjávarafurðir á öllum vinnslustigum,
— í viðskiptum með önnur matvæli, svo sem landbúnaðarafurðir, einnig eftir vinnslustigum,
— í flutningum og þjónustu,
— í samstarfi um tækniþróun og flutning tækniþekkingar,
— í aðgangi að bandarískum menntastofnunum og vísindastarfsemi?

Telur ráðherra þessi kjör okkar svara þörfum okkar eða telur hann að þau þurfi að bæta?

Telur ráðherra að staðfesting samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og aðild Íslands að honum muni hafa áhrif á framangreind samskipti og viðskiptakjör Íslands við Bandaríkin og þá hvernig?

878. Nefndarálit [155. mál]

um till. til þál. um athugun á vistfræðilegri þróun landbúnaðar á Íslandi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsagnir bárust frá Búnaðarfélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins, mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Stéttarsambandi bænda. Þessir aðilar mæla allir með samþykkt tillögunnar.

Nefndin telur að hér sé um ákaflega mikilvægt mál að ræða og nauðsynlegt sé að vanda til þeirrar úttektar sem lagt er til að gerð verði. Á undanförnum árum hefur talsvert starf verið unnið til að bæta vistfræðilega þróun íslensks landbúnaðar og í undirbúningi eru mikilvæg áform í þessum efnum. Má minna á að á 112. löggjafarþingi samþykkti Alþingi þingsályktun um gerð áætlunar til að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs og á 113. löggjafarþingi var þingsályktun um kortlagningu gróðurlendis Íslands samþykkt.

Við þá úttekt, sem tillagan gerir ráð fyrir, þarf að meta hvaða kröfur beri að gera til íslensks landbúnaðar með tilliti til sjálfbærrar þróunar. Sjálfsagt er að styðjast við yfirlýsingu alþjóðaráðstefnu um umhverfismál og sjálfbæra þróun — lykilhlutverk bænda þegar þær kröfur, sem gera á til landbúnaðarins, eru metnar. Ráðstefnan var haldin í Reykjavík í október 1991 af Alþjóðasambandi búvöruframleiðenda. Einnig má ætla að ráðstefna Sameinuðu þjóðanna, sem haldin verður í Brasilíu í júní nk., veiti mikilvæga leiðsögn í þessum efnum.

Þá þarf einnig að meta hvort úttektin nái einungis til nánasta umhverfis landbúnaðarins eða hvort tillit sé tekið til umhverfisþátta eins og loftmengunar, lofthjúpsbreytinga og áhrifa mengunar í innfluttum aðföngum á íslenskan landbúnað. Um það má finna athyglisverðar ábendingar í umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins um tillöguna.

Vegna þess hve skammur tími er til stefnu áður en ráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefst má telja útilokað að þessi athugun geti nýst við undirbúning íslenskra stjórnvalda að ráðstefnunni. Því leggur nefndin til að síðari málsgrein tillögunnar falli brott.

Mælt er með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Síðari málsgrein tillögugreinarinnar falli brott.

Kristín Ástgeirsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1992.

Egill Jónsson, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Guðni Ágústsson.
Eggert Haukdal.	Einar K. Guðfinnsson.	Árni M. Mathiesen.
Sigurður Hlöðvesson.		Valgerður Sverrisdóttir.

879. Nefndarálit [466. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, Landssambandi veiðifélaga og Veiðimálastofnun.

Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu á 2. gr. frumvarpsins. Lagt er til að auk stuðnings við mannvirkjagerð verði Fiskræktarsjóði enn fremur heimilt að styrkja önnur verkefni sem stuðla að aukningu og viðhaldi íslenskra laxfiska án þess að þau séu sérstaklega ákveðin í lögunum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Kristín Ástgeirsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1992.

Egill Jónsson, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Guðni Ágústsson.
Eggert Haukdal.	Einar K. Guðfinnsson.	Árni M. Mathiesen.
Sigurður Hlöðvesson.		Valgerður Sverrisdóttir.

880. Breytingartillaga [466. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Efnismgr. 2. gr. orðist svo:

1. Heimilt er að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði til mannvirkjagerðar er lýtur að fiskrækt eða fiskeldi enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu. Enn fremur er heimilt að veita úr Fiskræktarsjóði lán eða styrki til annarra verkefna sem stuðla að aukningu og viðhaldi íslenskra laxfiska. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um ráðstöfun fjár úr Fiskræktarsjóði.

881. Nefndarálit [441. mál]

um frv. til l. um Jarðasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsagnir bárust frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda.

Nefndin er því fylgjandi að sett verði sérstök lög um Jarðasjóð eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Í meginatriðum fellst nefndin á frumvarpið en leggur þó til að heimild 6. tölul. 40. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, verði áfram í lögum. Því leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 4. tölul. 2. gr. komi nýr töluliður er orðist svo:

5. jarðir sem hreppsnefndir hafa hafnað forkaupsrétti á en jarðanefnd sýslunnar mælir með að Jarðasjóður kaupi.

Kristín Ástgeirsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1992.

Egill Jónsson, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Guðni Ágústsson.
Eggert Haukdal.	Einar K. Guðfinnsson.	Árni M. Mathiesen.
Sigurður Hlöðvesson.		Valgerður Sverrisdóttir.

882. Barnalög. [72. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 792.

883. Lög [140. mál]

um starfsmenntun í atvinnulífinu.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 777.

884. Breytingartillaga [58. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Við 13. gr. Í stað 1. og 2. efnismgr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 5 árum.

885. Þingsályktun [67. mál]

um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna tíðni og orsakir sjálfsvíga á Íslandi. Leiti nefndin jafnframt leiða til að snúa við þeirri ógnvekjandi þróun sem skýrslur sýna að nú á sér stað.

Nefndin verði skipuð aðilum úr þeim stéttum og hópum þjóðfélagsins er hafa reynslu og þekkingu í þessum og skyldum efnum.

886. Þingsályktun [370. mál]

um velferð barna og unglinga.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 600.

887. Nefndarálit [426. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Benedikt Valsson og Harald Holsvík frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Áður en frumvarpið var lagt fram hafði nefndin leitað eftir áliti eftirfarandi aðila um breytingu þá sem hér er um að ræða: Landssambands íslenskra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Guðmundur Hallvarðsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Matthías Bjarnason og Steingrímur J. Sigfússon voru fjarstaddir er málið var afgreitt úr nefndinni. Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um Kvennalista, sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 9. maí 1992.

Össur Skarphéðinsson, varaform., frsm.	Árni R. Árnason.	Halldór Ásgrímsson.
Stefán Guðmundsson.	Jóhann Ársælsson.	Tómas Ingi Olrich.

888. Skýrsla [233. mál]

utanríkisráðherra um samning við Flugleiðir hf. um rekstur flugþjónustu á Keflavíkurflugvelli, samkvæmt beiðni.

Samkvæmt skjalaukum 1,9 og 15, skulu aðildarríki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) veita tiltekna þjónustu á millilandaflugvöllum, þ. á m. losun og lestun flugvéla, upplýsingar til flugáhafna o.fl.

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli annaðist þessa þjónustu á árabilinu 1951-1962.

Í maímánuði 1962 var gerður samningur við Loftleiðir hf. um að félagið yfirtæki þjónustuna í umboði viðkomandi stjórnvalda. Hagkvæmnisjónarmið réðu þessari breytingu. Þegar Loftleiðir hf. og Flugfélag Íslands hf. voru sameinuð tóku Flugleiðir hf. við framkvæmd samningsins. Samningur við Flugleiðir hf. var endurnýjaður 1987 til 5 ára (fskj. I).

Eins og kunnugt er sagði Flugmálastjórn samningnum upp á s.l. ári. Uppsögnin var gerð til að ná fram ákveðnum breytingum. Samkomulag náðist um þessar breytingar. Forsendur höfðu að öðru leyti ekkert breyst frá því upphaflegur samningur var gerður við Loftleiðir hf. 1962. Samningurinn var síðan endurnýjaður hinn 30. desember 1991 til 1. apríl 1996 með sérstakri bókun (fskj. II). Eins og bókunin ber með sér, var m.a. gerð ein veigamikil breyting á samningnum, hægt er að taka ákvæði um afgreiðslu fraktvéla til endurskoðunar hvenær sem er á samningstímanum.

Árið 1991 höfðu 6.441 flugvélar viðkomu á Keflavíkurflugvelli. Um völlinn fóru samtals 687.215 farþegar. Fraktflutningar til og frá landinu voru samtals 16.463 tonn.

Árið 1991 störfuðu 172 fastráðnir starfsmenn við flugafgreiðsluna en samtals 261 á orlofstímabilinu. Auk þeirra eru 20-30 flugvirkjar til taks ef á þarf að halda. Til að annast afgreiðsluna hafa Flugleiðir hf. fjárfest verulega í tækjabúnaði (fskj. III). Bókfært verð flugafgreiðslutækja er um 328 milljónir króna. Þá er félagið að fjárfesta í tölvubúnaði til að flýta fyrir innritun farþega í flugstöðinni. Búnaðurinn mun kosta 3540 milljónir króna. Félagið hefði ekki lagt í þessa fjárfestingu hefði þjónustusamningurinn ekki verið framlengdur.

Greiðslur fyrir veitta þjónustu eru samningsatriði milli seljanda þjónustu og kaupanda og eru því einkamál viðkomandi fyrirtækja. Þjónustutaxtar eru samþykktir af utanríkisráðuneytinu og er ekki breytt nema með samþykki þess.

Fylgiskjal I.

Samningur
milli Flugleiða hf. og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli
um rekstur flugþjónustu.

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og Flugleiðir hf. hafa ákveðið að gera með sér eftirfarandi samning um rekstur flugþjónustu á Keflavíkurflugvelli og leigu á húsnæði hennar vegna. Við framkvæmd samnings þessa skuldbinda Flugleiðir sig til að taka fullt og ótakmarkað tillit til þess að starfsemi þessi fer fram innan varnarsvæða, og að hlíta þeim kvöðum og samningum, sem af því leiða og utanríkisráðuneytið og Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hafa skuldbundið sig til að halda uppi, eða munu gera á því tímabili sem samningur þessi er í gildi.

Samningur

Samningur um rekstur flugþjónustu og leigu á húsnæði hennar vegna, á milli Flugleiða annars vegar og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli hins vegar, hér eftir nefndir Flugleiðir og flugmálastjórn.

Samningurinn nær til reksturs eftirtalinnar þjónustu og leigu á eftirgreindu húsnæði:

A. Þjónusta:
a. Flugumsjón
b. Flugvirkjadeild
c. Flugvélaafgreiðsla
d. Farþegaafgreiðsla

B. Húsnæði:
a. Flugumsjón
b. Flugvirkjadeild
c. Flugvélaafgreiðsla
d. Farþega- og farangursafgreiðsla
e. Áhafnaherbergi
f. Skrifstofur
g. Annað húsnæði

A. Þjónusta.

1. Flugleiðir taka að sér þjónustu allan sólarhringinn alla daga ársins við flugvélar sem um Keflavíkurflugvöll fara og er miðað við að þjónusta sé ekki lakari en samkvæmt þjónustusamningum milli Flugleiða og annarra flugfélaga, sem í gildi eru við undirritun samnings þessa

2. Flugleiðir taka að sér fjarskiptaþjónustu vegna flugvallarins og miðlun upplýsinga til flugmanna, m.a.um veður og ástand flugvalla og flugleiðsögubúnaðar (NOTAMS).

3. Flugfélög sem ekki hafa fasta þjónustusamninga við Flugleiðir skulu hljóta jafn góða þjónustu og samningsbundin félög.

4. Flugleiðir taka að sér, án endurgjalds, að færa inn á reikningseyðublöð flugmálastjórnarinnar, gjöld samkvæmt gjaldskrá flugvallarins, afla undirskrifta forsvarsmanns flugvélar

og annast innheimtu sé um staðgreiðslu að ræða. Skil skulu gerð á innheimtufé og óinnheimtum reikningum þegar þess er óskað. Skýrslugerðir í sambandi við viðkomur og afgreiðslur flugvéla skulu Flugleiðir gera samkvæmt samningi þessum, í samræmi við óskir flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli.

5. Afgreiða skal flugvélar í þeirri röð sem þær eru tilbúnar til afgreiðslu á flugvélastæði. Flugvélar skulu fá afnot af flugskýli í þeirri röð sem um er beðið.

6. Flugleiðir skuldbinda sig til að hafa til reiðu á sinn kostnað allan nauðsynlegan tækjabúnað og mannafla til að annast umrædda þjónustu, þar með talinn búnað til að koma flugvélum á og af stæðum við landgang.

7. Flugleiðir munu annast viðgerðir á flugvélum sem fara um flugvöllinn og aðra þjónustu sem flugvirkjadeild Flugleiða annast.

B. Húsnæði.

1. Leiga fyrir húsnæði samkvæmt lið „B" skal vera samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins og greiðast skrifstofu flugvallarstjóra mánaðarlega fyrirfram.

2. Flugleiðir greiða Hitaveitu Suðurnesja fyrir rafmagn og hita samkvæmt mæli, eða mati Hitaveitu Suðurnesja, og aðra þjónustu, sem notuð er í hinu leigða húsnæði, samkvæmt reikningi frá þjónustuaðila.

3. Að öðru leyti en greint er í samningi þessum gilda ákvæði laga um húsaleigu.

4. Flugleiðir taka við ofangreindu húsnæði í því ástandi sem það er í þegar leigutímabil hefst og Flugleiðir hafa kynnt sér vandlega og sætt sig við.

5. Flugmálastjórn skal sjá um allt viðhald á hinu leigða, sem leiðir af eðlilegu sliti. Flugmálastjórn ábyrgist að viðgerðir fari fram svo fljótt sem verða má, þegar tilkynnt hefur verið um nauðsyn á viðgerðum eða viðhaldi, og greiðir allan kostnað af því.

6. Óheimilt er að breyta hinu leigða húsnæði nema með samþykki flugmálastjórnar.

7. Samningi þessum fylgja teikningar af húsnæði samkvæmt staflíðum a) til og með g).

C. Önnur ákvæði.

1. Flugleiðum skal heimilt að hafa tollvörugeymslu á flugstöðvarsvæðinu, enda sé fullnægt ákvæðum laga þar að lútandi.

2. Slökkvilið Keflavíkurflugvallar skal vera til reiðu hvenær sem Flugleiðir óska þess, á sama hátt og það er til reiðu fyrir aðra starfsemi á flugvellinum, án endurgjalds.

3. Utanríkisráðuneytið mun leitast við að tollafgreiðsla og önnur afgreiðsla farþega sem um flugvöllinn fara, skuli vera gerð svo lipur og hraðvirk sem mögulegt er.

4. Aðilum er ljós nauðsyn þess að afgreiðslu- og þjónustugjöld verði miðuð við að gjöld og tekjur vegna flugþjónustunnar standist á, að viðbættri hæfilegri þónun, og skulu afgreiðslugjöld miðuð við það. Gjaldskrá skal tekin til endurskoðunar þegar þurfa þykir og skulu Flugleiðir þá jafnframt leggja fram tölulegar upplýsingar sé þess óskað.

Samþykki utanríkisráðuneytisins þarf til gjaldskrárbreytinga. Flugmálastjórn hefur heimild til að fylgjast með að gera athugasemdir við framkvæmd þjónustu sem Flugleiðir láta í té, samkvæmt samningi þessum. Flugleiðir munu árlega láta utanríkisráðuneytinu og flugmálastjórn í té rekstraryfirlit yfir starfsemi flugþjónustunnar og skal upplýsa þau atriði, sem utanríkisráðuneytið og flugmálastjórn óska eftir. Farið verður með yfirlit þetta sem trúnaðarmál, nema samkomulag verði um annað.

5. Samkomulag er um að hvor aðili beri ábyrgð á sínum eignum í flugstöðvarbyggingunni.

6. Flugleiðir eru lausir við afgreiðsluskyldur samkvæmt samningi þessum ef til verkfalls eða annarra ráðstafana kemur sem félaginu verður ekki gefin sök á (Force majeure).

7. Meðan samningur þessi er í gildi, mun flugmálastjórn ekki, nema með samkomulagi við Flugleiðir, heimila öðrum aðilum að starfrækja samskonar rekstur sem samningur þessi nær til innan flugvallarins.

8. Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli skal sjá um framkvæmd á samningi þessum af hálfu flugmálastjórnar og utanríkisráðuneytisins. Öll viðskipti við varnarliðið vegna samnings þessa skulu fara fram á vegum skrifstofu flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli, önnur en þau sem að dómi utanríkisráðuneytisins falla undir daglegan rekstur.

9. Samningur þessi er gerður til 5 ára og tekur gildi strax og flugrekstur hefst frá nýrri flugstöð og framlengist sjálfkrafa um önnur 5 ár, hafi honum ekki verið sagt upp af hálfu annarshvors aðila með 6 mánaða fyrirvara fyrir þann tíma.

10. Framsal á samningi þessum eða hluta hans, er heimilt af hálfu Flugleiða til sérstaks félags eða félaga, sem Flugleiðir kunna að stofna, vegna rekstrar þessa. Að öðru leyti er framleiga óheimil nema með samþykki utanríkisráðuneytis.

Keflavíkurflugvelli, 15. desember 1987.

F.h. flugmálastjórnar

Pétur Guðmundsson,
Sign.

F.h. Flugleiða hf.

Sigurður Helgason,
Sign.

Vottar:

Sturla Sigurjónsson,
Sign.

Sigurður Ásmundsson,
Sign.

Staðfest af utanríkisráðuneyti:

Þorsteinn Ingólfsson,
Sign.

Fylgiskjal II.

Bókun

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og Flugleiðir hf. hafa komið sér saman um eftirfarandi breytingar á C. lið samnings um rekstur flugþjónustu á Keflavíkurflugvelli, dags. 15. desember 1987:

1. Töluliður 9 breytist í tölulið 12 og hljóðar sem hér segir:
„12. Samningur þessi gildir til 1. apríl 1996 og framlengist sjálfkrafa til jafnlengdar hafi honum ekki verið sagt upp af hálfu annars hvors aðila með 6 mánaða fyrirvara fyrir þann tíma".

2. Töluliður 9 hljóði sem hér segir:
„9. Flugleiðir skulu stjórna umferð flugvéla á flugvélastæðum sem notuð eru vegna almennrar flugstarfsemi skv. reglum ICAO um verkaskiptingu flugumferðarstjórnar og annarra og samningsaðilar koma sér saman um".

3. Töluliður 10 hljóði sem hér segir:
„10. Flugleiðir skulu setja öryggisreglur, sem flugvallarstjóri og aðrir hlutaðeigandi samþykkja um viðbúnað í óveðrum og annarri vá".

4. Töluliður 11 hljóði sem hér segir:
„11. Utanríkisráðuneytið getur óskað eftir að samningsákvæði um afgreiðslu fraktvéla verði tekið til endurskoðunar hvenær sem er á samningstímanum ef ætla má að umtalsverðar breytingar verði á fraktflutningum til og frá Keflavíkurflugvelli að mati ráðuneytisins, m.a. í tengslum við iðnaðarsvæði".

Reykjavík, 30. desember 1992.

F.h. flugmálastjórnar Keflavíkurflugvelli

Pétur Guðmundsson
Sign.

F.h. Flugleiða hf.

Pétur J. Eiríksson
Sign.

Vottar:

Gunnar Ólsen
Sign.

Arnór Sigurjónsson
Sign.

Staðfest af utanríkisráðuneyti

Róbert T. Árnason
Sign.

Fylgiskjal III.

Tæki í eigu Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli

1. JANÚAR 1992

FL-1	61-29	GAFFALLYFTARI STILL 10 TN DIESEL
FL-2	"	HIGHLIFTER TRUCK 1970 BENSÍN
FL-3	"	AFÍSINGARBÍLL SUPERIOR M-5000 1988 DIESEL
FL-4	"	AIRCRAFT TOW-TRACTOR S.STECENSONS 1988 DIESEL
FL-5	"	GAFFALLYFTA STILL 10 TN 1976 DIESEL
FL-6	62-31	GAFFALLYFTARI STILL 1,5 TN 1986 RAF
FL-7	61-29	GAFFALLYFTARI STEINBOCK 3 TN 1980
FL-8	62-31	FORD FIESTA 1986 R-28782
FL-9	61-29	LOFTSTARTPRESSA DIESEL 1987
FL-10	"	AIRCRAFT TOW-TRACTOR EQUI-RECH 1985 DIESEL
FL-11	"	RAFMAGNSKERRA 1985
FL-12	"	RAFMAGNSKERRA (DIESEL) 1982
FL-13	"	RAFMAGNSKERRA 1985
FL-14	"	RAFMAGNSKERRA 1985
FL-15	"	VATNSDÆLA TANKUR M/BENSÍNMÓTOR
FL-16		
FL-17		
FL-18	61-29	RAFMAGNSKERRA 1979
FL-19		
FL-20	61-29	RAFMAGNSKERRA 1978
FL-21	"	RAFMAGNSKERRA 1980
FL-22	"	RAFMAGNSKERRA 1976
FL-23	"	RAFMAGNSKERRA 1978
FL-24	"	STIGABÍLL FORD 1979
FL-25	"	STIGABÍLL FORD 1979
FL-26	"	STIGABÍLL FORD 1977
FL-27	"	LOFTSTART TANKUR
FL-28	"	STIGABÍLL FORD 1982
FL-29	53-03	VERKST.BÍLL FORD BENSÍN 1991 MG-868
FL-30	95-00	ELDHÚSBÍLL CHV 1974 J-575
FL-31	"	ELDHÚSBÍLL BENZ 1976 J-486
FL-32	53-03	VINNUPALLUR MÓTORDRIFINN 1978
FL-33	61-29	KOBOTA TRAKTOR 1984
FL-34	53-03	LYFTUBÍLL FORD 1984 J-470
FL-35	"	VINNUKRANI RAFDRIFINN
FL-36	"	ÝMIS ÁHÖLD Í FLUGSKÝLI
FL-37	61-29	STIGABÍLL FORD 1976
FL-38	"	STIGABÍLL FORD 350 1984
FL-39	53-03	DEKKJAVAGN
FL-40	"	BÓMULYFTA DIESEL

FL-41	61-29	HLEÐSLUTÆKI HOBART 110/208V 90KAB 1978
FL-42	"	HLEÐSLUTÆKI HOBART 110/208V 90KAB 1983
FL-43	"	HLEÐSLUTÆKI FYRIR RAFMAGNSKERRUR
FL-44	"	HLEÐSLUTÆKI HOBART 110/208V 90KVA 1984
FL-45	"	PALLETTUVAGNAR 12 STK.
FL-46	"	CARGOLOADER 8300 200 5 TN 1970
FL-47	"	PALLETTUGRINDUR 8 STK.
FL-48	62-31	PALLETTUKASSAR
FL-49	61-26	RAFMAGNSLYFTARI Á TOLLVÖRULAGER 1 TN.
FL-50	53-03	HLEÐSLUTÆKI RAFDRIFIÐ HOBART 1978
FL-51	61-26	RAF.LYFTA TOLLVÖRULAGER 1 TN.
FL-52	61-29	FÆRIBAND COCHRAN WESTERN 1970
FL-53	"	FÆRIBAND COCHRAN WESTERN 1970
FL-54	"	CARGOLOADER BMA 12 TN. 1979
FL-55	61-29	DRÁTTARBEISLI DC-9/8 B/747/37/27/57 AIRBUS/707/DC-10/1011/TRISTAR
FL-56	61-29	FÆRIBAND AVIALIFT DIESEL ÁRG. 1978
FL-57	"	FÆRIBAND AVIALIFT DIESEL ÁRG. 1978
FL-58	"	HITARI KOCOVERK 1988 DIESEL
FL-59	"	RUSLABÍLL FORD 350 1981
FL-60	95-00	ELDHÚSBÍLL FORD 1991
FL-61	"	FÆRIBAND COCHRAN WESTERN 1970
FL-62	"	HLEÐSLUTÆKI 28V REKTIFIER
FL-63	53-03	TOYOTA HICH 1991 BENSÍN 1991 T-703
FL-64	61-29	RUSLABÍLL FORD 1989
FL-65	95-00	ELDHÚSBÍLL BENZ 808 1976 DIESEL J-572
FL-66	62-31	HESTAGÁMAR
FL-67	61-29	FARANGURSKERRUR (LITLAR) 36 STK.
FL-68	"	STÓRAR KERRUR 4 STK.
FL-69	53-03	TOYOTA ÁRG. 1987 R-77133
FL-70	61-29	AFÍSINGARTÆKI FLITE-LINE 1965 BENSÍN
FL-71	"	TRACTOR FORD 4600 1978
FL-72	"	HITARI KOCOVERK 1986 DIESEL
FL-73	"	CARGO LOADER 8300-200-4 5 TN. 1970
FL-74	"	GAFFALLYFTARI TOYOTA 1 5 TN. 1970
FL-75	62-31	GAFFALLYFTARI RAF. 1 5 TN 1985
FL-76	53-03	VINNUPALLUR BENSÍN 1985 (V/FLUGVIRKJAR)
FL-77	61-29	AIRCRAFT TOW-TRACTOR DOUGLAS
FL-78	"	AIRCRAFT TOW-TRACTOR SCHOPF
FL-79	"	FORD TRANSIT DIESEL 1978 R-77703
FL-80	95-00	RENO SENDI 1991 BENSÍN LK-551
FL-81	53-03	FORD ECOL 1990 BENSÍN NP-391
FL-82	61-22	TOYOTA 1989 DIESEL KT-490
FL-83	61-29	FÆRIBAND AVIALIFT DIESEL ÁRG. 1978
FL-84	"	FÆRIBAND AVIALIFT DIESEL ÁRG. 1978
FL-85	62-31	RÚLLUGÓLF
FL-86	95-00	TÆKI OG ÁHÖLD Í FLUGELDHÚSI
FL-87	61-29	GAFFALLYFTARI DIESEL 3T
FL-88	62-31	GAFFALLYFTARI RAF 1.5T

FL-100		ÝMISLEGT TILHEYRIR ÖLLUM DEILDUM
FL-234	61-29	RENO KV-391 ÁRG. 1990
FL-666	97-00	BÍLALEIGUBÍLAR BENSÍN
FL-667	"	BÍLALEIGUBÍLAR DIESEL
FL-444		BÍLAR FLUGAFGREIÐSLUNNAR H/F AÐEINS V/BENSÍN
FL-445		BÍLAR FLUGAFGREIÐSLUNNAR H/F AÐEINS V/OLÍU

889. Fyrirspurn [526. mál]

til sjávarútvegsráðherra um starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar.

Frá Birni Inga Bjarnasyni.

Hefur starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar og sjávarútvegsráðuneytið uppi áform um að koma á framhaldsnámskeiðum fyrir fiskvinnslufólk og sértækum námskeiðum, svo sem í flökun eða flatningu fisks?

890. Fyrirspurn [527. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni Sléttuhrepps.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hefur ráðherra áform um að sameina Sléttuhrepp öðru sveitarfélagi og ef svo er, þá hverju?
2. Hvaða sveitarfélög telur ráðherra vera „nágrannasveitarfélög“, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1986?
3. Hvernig hyggst ráðherra standa að sameiningunni?
4. Telur ráðherra koma til greina að Sléttuhreppur og Grunnavíkurhreppur heyri til sama sveitarfélagi?

891. Lög [125. mál]

um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. maí.)

Samhljóða þskj. 839.

892. Frumvarp til laga [441. mál]

um Jarðasjóð.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

Við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins skal starfrækja sjóð er nefnist Jarðasjóður ríkisins. Hlutverk sjóðsins er að kaupa jarðir bænda sem afsalað hafa framleiðslurétti og jarðir sem ekki seljast á frjálsum markaði og aðstoða sveitarfélög með lánveitingum við eigendaskipti að jörðum.

Erindi, sem Jarðasjóði berast varðandi kaup og sölu jarða, skulu send til umsagnar stjórnum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda áður en þau eru afgreidd.

2. gr.

Jarðasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir sem svo er ástatt um er hér greinir, enda hafi sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti:

1. jarðir sem ekki seljast með eðlilegum hætti en eigandi þeirra verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu,
2. jarðir sem hafa óhagstæð búskaparskilyrði og eru án framleiðsluréttar,
3. jarðir sem eru afskekktar og liggja illa við samgöngum,
4. jarðir sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sitji seljendur jarðarinnar áfram,
5. jarðir sem hreppsnefndir hafa hafnað forkaupsrétti á en jarðanefnd sýslunnar mælir með að Jarðasjóður kaupi,
6. jarðir sem hlunnindi eða önnur sérstök verðmæti fylgja eða eru þýðingarmiklar fyrir sveitarfélög til að koma betra skipulagi á byggð,
7. jarðir sem heppilegar teljast til almennra útilífsnota.

3. gr.

Við ákvörðun kaupverðs skv. 2. gr. skal höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða sé þess kostur. Náist ekki samkomulag um kaupverð skal mat dómkvaddra manna ráða.

4. gr.

Tekjur Jarðasjóðs eru:

a. andvirði seldra ríkisjarða,
b. afgjald ríkisjarða sem eru á forræði landbúnaðarráðuneytisins,
c. framlag á fjárlögum ár hvert sem nauðsynlegt er talið til þess að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu.

5. gr.

Heimilt er að selja jarðir sjóðsins sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum sem þær tilheyra, svo og einstaklingum eða félagasamtökum.

Þá er heimilt, að fengnum meðmælum jarðanefndar, að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi til þess að bæta búrekstraraðstöðu þeirra. Ábúendur jarða, sem selt hafa jarðir sínar skv. 4. tölul. 2. gr., eiga rétt á að kaupa þær aftur ef þeir óska þess. Náist ekki samkomulag milli Jarðasjóðs og kaupanda skal mat dómkvaddra manna ráða.

6. gr.

Jarðasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum af ónytjuðum jörðum sjóðsins, öðrum en fasteignaskatti og fjallskilum. Öll skjöl, sem gefin eru út af sjóðnum og í hans nafni, skulu undanþegin stimpil- og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti og ber þá uppboðshaldara að rannsaka hvort eignin sé veðsett Jarðasjóði og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist skal landbúnaðarráðuneytinu gert aðvart svo tímanlega að unnt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

7. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi VI. kafli jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. breytingu með 11. gr. laga nr. 90/1984, 39.–46. gr.

893. Frumvarp til laga [446. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr., 11. maí.)

1. gr.

3. málsl. 2. mgr. 91. gr. laganna fellur brott. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, útreikning, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjalda samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.

2. gr.

1. mgr. 92. gr. laganna orðast svo:

1. Heimilt er að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði til mannvirkjagerðar er lýtur að fiskrækt eða fiskeldi enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu. Enn fremur er heimilt að veita úr Fiskræktarsjóði lán eða styrki til annarra verkefna sem stuðla að aukningu og viðhaldi íslenskra laxfiska. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um ráðstöfun fjár úr Fiskræktarsjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

894. Breytingartillaga [198. mál]

við brtt. á þskj. 850 [Skattskylda innlánsstofnana].

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Í stað orðanna „og Lánasjóðs sveitarfélaga“ í niðurlagi 2. tölul. komi: Lánasjóðs sveitarfélaga og Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda.

895. Frumvarp til laga [528. mál]

um breytingu á lögum nr. 34/1988, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. málsl. 4. mgr. 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 64/1981“ komi: laga nr. 96/1990.
b. Í stað orðanna „sex vikur“ komi: níu vikur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 16. janúar 1992 var gert samkomulag milli Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um að í tengslum við kjarasamninga yrði frá því gengið við stjórnvöld að breyta lögum nr. 34/1988, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Breytingin, sem samið var um að beita sér fyrir, felst í því að lengja þann hámarkstíma á hverju almanaksári sem fyrirtæki í fiskvinnslu eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna þess að starfsmönnum er haldið á launaskrá þrátt fyrir tímabundna framleiðslustöðvun vegna hráefnisskorts. Lengingin yrði úr sex vikum (30 greiðsludögum) í níu vikur (45 greiðsludaga).

Hinn 26. apríl sl. var heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilkynnt um þetta samkomulag og að umrædd lagabreyting væri nauðsynlegur þáttur í lausn kjarasamninga. Að fengnu mati Atvinnuleysistryggingasjóðs á kostnaði við umrædda lagabreytingu samþykkti ríkisstjórnin tillögu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um að frumvarp hér að lútandi yrði lagt fram og afgreitt á vorþingi eins og gert er ráð fyrir í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

896. Frumvarp til laga [529. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III hljóði svo:

Á árunum 1992 og 1993 er Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að greiða þeim sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir. Í reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, skal setja nánari reglur um uppbótina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í nýgerðum kjarasamningum er gert ráð fyrir greiðslu launaauka 1. júlí 1992 og 1. febrúar 1993. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að heimilt skuli að greiða sambærilega uppbót til þeirra sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili. Nánari reglur um þetta skal setja í reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Í samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins er gert ráð fyrir að frumvarp þetta geti náð afgreiðslu á vorþingi enda þurfa ákvæði þess að koma til framkvæmda að hluta til í sumar.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

897. Nefndarálit [513. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um réttindi barna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 11. maí 1992.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Steingrímur Hermannsson.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Páll Pétursson.	Björn Bjarnason.
Geir H. Haarde.	Karl Steinar Guðnason.	Árni R. Árnason.

898. Nefndarálit [185. mál]

um till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1991.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. maí 1992.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Steingrímur Hermannsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Björn Bjarnason.	Geir H. Haarde.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Páll Pétursson.	Karl Steinar Guðnason.	Árni R. Árnason.

899. Breytingartillaga [185. mál]

við till. til þál. um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1991.

Frá utanríkismálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Qaqortoq á Grænlandi 7. ágúst 1991.

900. Nefndarálit [216. mál]

um till. til þál. um breyt. á þál. um vegáætlun fyrir árin 1991–1994.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hluti nefndarinnar mótmælir harðlega þeim niðurskurði til vegamála sem fram kemur í tillögum meiri hlutans. Skynsamlegt hefði verið að hamla á móti samdrættinum í þjóðfélaginu með því að auka verulega fjármagn til framkvæmda í vegagerð. Í stað þess er framkvæmdafé dregið saman um 765 millj. kr. frá fyrri áætlunum. Aðallega bitnar þessi samdráttur á almennri vegagerð.

Rétt er að hafa í huga að fé til almennrar vegagerðar, ef frá eru dregin framlög til höfuðborgarsvæðisins og stórverkefna og 62,5% fjárveiting til Ó-vega, hefur minnkað ár frá ári sl. 10 ár, úr 2.415 millj. kr. árið 1982 í 1.662 millj. kr. árið 1992.

Fjármunir til stórverkefna koma þyngra niður á þessu ári en áætlað var. Miðað hafði verið við að fjármögnunin dreifðist á fleiri ár en framkvæmdir stæðu. Stjórnvöld hafa horfið frá því og ákveðið að fjármagna verkin jafnóðum af vegafé. Þessi breyting hefur það í för með sér að meira fer af vegafé til Vestfjarðaganga í ár en ráð var fyrir gert. Þar er horfið frá 250 millj. kr. lántöku en 40 millj. kr. aukafjárveitingu bætt við til að semja við verktaka um seinkun verkefna.

Samningur milli fjármálaráðherra og Reykjavíkurborgar um greiðslu á skuldum vegna fyrri framkvæmda eykur útgjöld þessa árs um 74 millj. kr. Ríkisstjórnin skar niður fé til vegamála um 350 millj. kr. á síðasta ári og af þeim sökum var ýmsum verkefnum frestað til þessa árs. Aðallega bitnar þessi þróun á almennum vegaframkvæmdum sem dragast saman um 20% milli ára.

Almennar vegaframkvæmdir eru hvað mest atvinnuskapandi og sérlega mikilvægar nú þegar byggðir landsins þurfa að bregðast við atvinnumissi vegna minnkandi búvörufram-leiðslu, rýrari aflaheimilda og samdráttaraðgerða ríkisstjórnarinnar. Vegagerð er fjárfesting til framtíðar og samkvæmt þjóðhagslegum útreikningum eru vegaframkvæmdir meðal arðbærustu framkvæmda sem kostur er á. Minni hluti nefndarinnar hefur ítrekað bent á að í því atvinnuástandi, sem nú ríkir, er niðurskurður á fé til vegamála óskynsamlegur. Þvert á móti ættu stjórnvöld að nýta sér það svigrúm, sem nú er hjá verktökum og öðrum aðilum vinnumarkaðarins, til að flýta brýnum úrbótum í samgöngumálum sem bíða hvar sem farið er um landið. Það er mikið áhyggjuefni að stjórnvöld skuli ekki hafa meiri skilning á þessum málum en raun ber vitni.

Við umræðuna munu einstakir nefndarmenn gera nánari grein fyrir afstöðu sinni til tillögunnar og framkominna breytingartillagna við hana.

Alþingi, 11. maí 1992.

Jóhann Ársælsson, frsm. Guðni Ágústsson. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Stefán Guðmundsson.

Fylgiskjal.

Vegagerð ríkisins:

Þróun fjárveitinga til almennrar vegagerðar.
(20. mars 1992.)

1982	2.415
1983	1.965
1984	2.366
1985	2.096
1986	2.094
1987	1.773
1988	1.824
1989	1.698
1990	1.652
1991	1.527
1992 áætl.	1.612

Allar ofangreindar tölur eru í milljónum króna og á áætluðu verðlagi 1992, vísitala vegagerðar 4.740.

Innifaldar í tölunum eru fjárveitingar til almennra verkefna, bundinna slitlaga og sérstakra verkefna á stofnbrautum, til þjóðbrauta og brúagerðar. Með í tölunum eru einnig 37,5% af fjárveitingum til Ó-vega.

Ekki eru meðtaldar fjárveitingar til stórverkefna, höfuðborgarsvæðis og 62,5% fjárveitinga til Ó-vega.

Tölur fyrir árin 1982–1990 eru teknar úr skýrslum samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar. Tölur 1991 eru samkvæmt vegáætlun og tekið tillit til lækkunar fjárveitinga sem ákveðin var sl. sumar. Tölur 1992 eru samkvæmt fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar um breytingu á vegáætlun.

Yfirlit um breytingar á vegáætlun 1992.
(6. mars 1992.)

Eftirfarandi tölur sýna breytingar á niðurstöðutölum vegáætlunar 1992:

	M.kr.
1. Niðurstöðutala samkvæmt gildandi vegáætlun (vísitala vegagerðar 4.925)	6.318
2. Niðurstöðutala samkvæmt gildandi vegáætlun færð til áætlaðs verðlags 1992 (vísitala vegagerðar 4.740) . .	6.081
3. Niðurstöðutala tekna samkvæmt fjárlögum	5.830
4. Niðurstöðutala útgjalda samkvæmt fjárlögum	5.566

Mismunur (magnminnkun) 6.081 – 5.566 = 515 millj. kr. (þar af flatur niðurskurður á launum og rekstri 14 millj. kr.).

Við gerð vegáætlunar var enn fremur miðað við að aflað yrði lánsfjár til Vestfjarðaganga að upphæð um 250 millj. kr. Átti lánsfé þetta að koma til viðbótar fjárveitingum til verkefnisins í vegáætluninni. Samkvæmt fjárlögum 1992 verður þessa lánsfjár ekki aflað.

Minnisblað um greiðslu kostnaðar við gerð Vestfjarðaganga.

(17. desember 1991.)

Ein af forsendum gildandi vegáætlunar var að fjármögnun Vestfjarðaganga yrði nokkru hægari en framkvæmdahraði og við það miðað að mismunur yrði brúaður með lántökum.

Í verksamningi er gert ráð fyrir verklokum 1995 en að lán tekin á verktímanum yrðu greidd með framlögum á vegáætlun 1996–1998. Ríkisstjórnin heimilaði þessa tilhögun áður en verksamningur var undirritaður.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1992 er gert ráð fyrir að framkvæmdir þessar verði fjármagnaðar án lántöku.

Hér á eftir er samanburður á nauðsynlegu fjármagni samkvæmt verksamningi og fjárveitingum samkvæmt gildandi vegáætlun (vísitala vegagerðar 4.740 stig).

	Fjárveiting	Kostnaður	Mismunur
1991	320[1]	320	0
1992	502	760	258
1993	492	650	158
1994	492	750	258
1995		810	

[1] Fjárveiting samkvæmt vegáætlun á árinu 1991 er 390 millj. kr. og innstæða frá fyrra ári 30 millj. kr. Niðurskurður fjárveitinga samkvæmt sérstakri ákvörðun var síðan 100 millj. kr.

Minnisblað um greiðslu skuldar Vegasjóðs til borgarsjóðs Reykjavíkur.

(17. desember 1991.)

Samkvæmt samningi fyrrverandi fjármálaráðherra og borgarstjóra frá 3. apríl 1991 um greiðslu skuldar Vegasjóðs til borgarsjóðs var gert ráð fyrir eftirfarandi greiðslum á yfirstandandi vegáætlunartímabili (upphæðir í milljónum króna):

1992	123
1993	123
1994	124

Upphæðir þessar eru miðaðar við lánskjaravísitölu 2.969 stig og skulu taka breytingum í samræmi við hana. Greiðsludagur er 1. júlí ár hvert. Miðað við forsendur fjárlagafrumvarps gæti lánskjaravísitala 1. júlí 1992 numið u.þ.b. 3.280 stigum.

Hér á eftir er samanburður á fjárveitingum samkvæmt gildandi vegáætlun (vísitala vegagerðar 4.740 stig) og greiðslum samkvæmt samningnum (lánskjaravísitala 3.280 stig). Upphæðir eru í milljónum króna.

	Vegáætlun	Samningur
1991	18	
1992	44	136
1993	121	136
1994	141	137

Til viðbótar fjárveitingum 1991 og 1992 vantar 74 millj. kr. á árinu 1992 til að standa við samninginn. Á árinu 1993 vantar 15 millj. kr. en fjárveiting 1994 virðist lítið eitt of há.

901. Breytingartillögur [426. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá Árna Johnsen og Einari K. Guðfinnssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   Í stað 2. og 3. tölul. 9. gr. laganna komi nýr liður er orðast svo:
   Til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, sjómanna innan alþýðusambanda Austfjarða og Vestfjarða, og Vélstjórafélags Íslands 4,0%
2. 2. gr. orðist svo:
   Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Sjávarútvegsráðherra setur reglur um skiptingu fjár milli landssambanda og félaga sjómanna á fiskiskipum sem talin eru upp í 1. gr. Skal við þá ákvörðun m.a. taka mið af hlutaskiptum, aflaverðlaunum, aukaaflaverðlaunum og fjölda félagsmanna sem við fiskveiðar starfa.

902. Fyrirspurn [530. mál]

til utanríkisráðherra um stöðu samþykkta sem EB hefur gert eftir mitt ár 1991.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hver er staða samþykkta Evrópubandalagsins sem gerðar voru eftir að efnislegum samningaviðræðum EB og EFTA lauk í júlí 1991 og þar til undirritun EES-samnings fór fram 2. maí 1992?
2. Hvaða meðhöndlun fá samþykktir EB sem varða Evrópskt efnahagssvæði og gerðar hafa verið á tímabilinu 2. maí 1992 og til 1. janúar 1993 þegar EES-samningi er ætlað að taka formlega gildi?

Greinargerð.

Í EES-samningi er gert ráð fyrir að EFTA-löndin hafi möguleika á undirbúningsstigi

til að segja álit sitt á ákvörðunum EB sem varða EES. Um 70 tilskipanir (direktíf) hafa verið samþykktar í EB frá því í júlí 1991 og fram til 2. maí þegar utanríkisráðherrar skrifuðu undir EES-samning. Frá 2. maí og fram til 1. janúar 1993, þegar áætlað er að EES-samningur taki gildi, er búist við að um 70 reglur til viðbótar verði samþykktar innan EB sem gilda eiga á Evrópsku efnahagssvæði. EFTA-löndin hafa ekki neitt um þessar reglur að segja og spurningin er hver staða þessara EB-samþykkta er með tilliti til EES-samningsins.

Skriflegt svar óskast.

903. Frumvarp til laga [531. mál]

um breytingu á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, og lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923.

Frá allsherjarnefnd.

I. KAFLI

Um breytingu á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972.

1. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Nú eru hjón sammála um að leita skilnaðar að borði og sæng og ber þá að veita þeim leyfi til slíks skilnaðar.

2. gr.

32. gr. laganna orðast svo:

Maki, sem telur sig ekki geta haldið áfram hjúskap, á rétt á skilnaði að borði og sæng.

3. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Nú eru hjón á einu máli um að leita lögskilnaðar og er hann þá kræfur er liðnir eru sex mánuðir frá því að leyfi var gefið út til skilnaðar að borði og sæng eða dómur gekk, sbr. þó 33. gr.

Hvor maki um sig á rétt á lögskilnaði eftir að eitt ár er liðið frá því að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng eða dómur gekk, sbr. þó 33. gr.

4. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Nú hafa hjón slitið samvistir vegna ósamlyndis og getur þá hvort þeirra krafist lögskilnaðar þegar samvistaslit hafa staðið í tvö ár hið skemmsta.

5. gr.

36. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Leyfi til skilnaðar að borði og sæng skv. 31. gr. og lögskilnaðar skv. 1. mgr. 34. gr. veita sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.

Skilnaðar samkvæmt öðrum ákvæðum má leita hjá sýslumönnum ef hjón eru sammála um það, en ella hjá dómstólum.

Nú synjar sýslumaður um leyfi til skilnaðar og getur aðili þá skotið synjuninni til dómsmálaráðuneytis, sbr. 80. gr. Synjun er ekki því til fyrirstöðu að skilnaðar sé leitað fyrir dómstólum.

7. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Áður en skilnaður að borði og sæng eða lögskilnaður er veittur skal sýslumaður eða dómari reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skipan forsjár fyrir börnum, um framfærslueyri og aðra skilnaðarskilmála. Hjón skulu staðfesta samkomulag um þessi efni fyrir sýslumanni eða dómara.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef óskað er lögskilnaðar á grundvelli skilnaðar að borði og sæng, sbr. 34. gr., með óbreyttum skilnaðarskilmálum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti setur nánari reglur um umleitun skv. 1. mgr.

8. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Forsjá barns og framfærslueyri með því skal skipa við skilnað að borði og sæng og við lögskilnað í samræmi við ákvæði barnalaga, enn fremur framfærslueyri með maka. Áður en skilnaður er veittur skal annað tveggja vera samkomulag milli hjóna um fjárskipti eða opinber skipti hafin vegna fjárslita.

Ágreiningur foreldra um forsjá og framfærslueyri kemur ekki í veg fyrir að skilnaður verði veittur að kröfu aðila.

9. gr.

48. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 50. gr. laganna fellur niður orðið „dómsmálaráðuneyti“, en í stað þess kemur: sýslumaður.

11. gr.

Í 1. mgr. 52. gr. laganna fellur niður orðið „ráðuneytis“, en í stað þess kemur: sýslumanns.

12. gr.

53. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Í 2. málsl. 60. gr. laganna fellur niður orðið „dómsmálaráðuneyti“, en í þess stað kemur: sýslumaður.

14. gr.

Í stað 61.–81. gr. laganna (VII. kafli: Um réttarfar í hjúskaparmálum o.fl.) koma tíu nýjar greinar er orðast svo:

a. (61. gr.)

Hjúskaparmál samkvæmt þessum kafla eru eftirfarandi dómsmál:

1. Mál sem höfðuð eru til ógildingar hjúskap.
2. Mál sem höfðuð eru til hjónaskilnaðar.
3. Mál til úrlausnar um hvort hjúskapur sé gildur eða ekki gildur.
4. Mál til úrlausnar um hvort réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng séu fallin niður.

b. (62. gr.)

Hjúskaparmál má höfða hér á landi í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef stefndi er búsettur hér á landi.
2. Ef stefnandi er hér búsettur og hefur verið það sl. tvö ár eða búið hér áður svo langan tíma.
3. Ef stefnandi er íslenskur ríkisborgari og leitt er í ljós að hann geti ekki vegna ríkisfangs síns höfðað mál í því landi sem hann er búsettur í.
4. Ef bæði eru íslenskir ríkisborgarar og stefndi lýsir eigi andstöðu sinni gegn því að málið sæti úrlausn dómstóls hér á landi.
5. Ef lögskilnaðar er krafist á grundvelli undanfarandi skilnaðar að borði og sæng enda hafi leyfi verið veitt eða dómur gengið hér á landi.

Mál til ógildingar hjúskap má höfða hér á landi ef hjónavígslan hefur farið fram hér.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þó ganga framar ákvæðum þessarar greinar.

c. (63. gr.)

Mál skal höfða á heimilisvarnarþingi stefnda. Ef stefndi á ekki heimilisvarnarþing hér á landi skal mál höfða þar sem stefnandi á heimilisvarnarþing. Aðilar geta samið um annað varnarþing en að framan greinir.

Nú er eigi til að dreifa varnarþingi skv. 1. mgr. og skal þá höfða mál fyrir dómstóli er dóms- og kirkjumálaráðuneytið kveður á um.

d. (64. gr.)

Annað hjóna og það eitt getur höfðað hjúskaparmál, sbr. þó 2. mgr. 24. gr.

e. (65. gr.)

Hjúskaparmál sæta meðferð einkamála nema um frávik sé mælt í lögum.

Ef hvorki er vitað um heimilisfang né dvalarstað stefnda er dómara heimilt að skipa honum málsvara. Sama á við þegar stefndi er búsettur eða dvelst erlendis og ekki tekst að birta honum stefnu eða hvorki hann né umboðsmaður hans sækir þing við þingfestingu máls og sérstakar ástæður mæla að öðru leyti með því að honum verði skipaður málsvari. Málsvari skal hafa samráð við umbjóðanda sinn ef unnt er. Dómari ákveður þóknun til málsvara sem greiðist úr ríkissjóði. Dómari getur kveðið á um að stefndi skuli endurgreiða ríkissjóði kostnað vegna málsvara að öllu eða nokkru leyti ef rök mæla með því.

Dómari gætir óhjákvæmilegra lagaskilyrða við úrlausn hjúskaparmáls.

Hjúskap verður ekki slitið með dómsátt.

f. (66. gr.)

Dómþing í hjúskaparmálum skulu háð fyrir luktum dyrum nema dómari kveði öðruvísi á með samþykki málsaðila.

g. (67. gr.)

Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem gerst hefur í hjúskaparmálum en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

Nú er dómur í slíku máli birtur, þar á meðal að tilstuðlan dómstólsins, og skal þá gæta leyndar á nöfnum og upplýsingum sem bent geti til þess hverjir séu aðilar máls.

h. (68. gr.)

Hjúskaparmál verður eigi höfðað eftir dauða annars hjóna.

Nú deyr annað hjóna áður en dómur gengur í hjúskaparmáli og fellur þá málið niður. Á þetta einnig við ef máli er áfrýjað.

i. (69. gr.)

Nú er máli vísað frá dómi eða það fellt niður án kröfu sækjanda og getur sækjandi þá höfðað mál að nýju innan mánaðar þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sé þá liðinn.

j. (70. gr.)

Heimilt er að áfrýja einstökum þáttum dóms.

Hvorugur málsaðili má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests nema því aðeins að gagnaðili og dóms- og kirkjumálaráðuneyti, þegar það á aðild máls, hafi bréflega fallið frá áfrýjun.

Endurupptaka máls er ekki heimil eftir lok áfrýjunarfrests.

15. gr.

Á eftir VII. kafla laganna kemur nýr kafli, **VIII. kafli: Um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum**, með tíu nýjum greinum er orðast svo:

a. (71. gr.)

Stjórnvöld geta leyst úr málum er tengjast öðrum ríkjum í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef sá sem krafa beinist gegn er búsettur hér á landi.
2. Ef aðilar eru íslenskir ríkisborgarar og sá sem krafa beinist gegn samþykkir að málið sæti úrlausn hér á landi.
3. Ef lögskilnaðar er krafist á grundvelli undanfarandi skilnaðar að borði og sæng, enda hafi leyfi til skilnaðar að borði og sæng verið veitt hér á landi.

Ákvæði milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að, skulu þó ganga framar ákvæðum 1. mgr.

b. (72. gr.)

Leysa skal úr máli í því umdæmi þar sem sá sem krafa beinist gegn er búsettur. Ef hann er ekki búsettur hér á landi skal leysa úr máli í því umdæmi þar sem krefjandi er búsettur. Hjón geta samið um annað úrlausnarumdæmi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákvarðar úrlausnarumdæmi ef hvorki sá sem krafa beinist gegn né krefjandi eru búsettir hér á landi eða ef annars leikur vafi á því hvar leysa skuli úr máli samkvæmt framangreindu.

c. (73. gr.)

Sýslumaður skal leiðbeina aðilum um réttindi þeirra og skyldur er málið varðar.

d. (74. gr.)

Sýslumaður leitar sátta með aðilum áður en hann leysir úr ágreiningsmáli.

Ef aðilar máls búa eða dvelja hvor í sínu umdæmi má leita sátta þar sem hvor aðila býr eða dvelst.

e. (75. gr.)

Aðilum máls ber að setja fram skýrar kröfur fyrir stjórnvaldi og afla þeirra gagna sem stjórnvald telur þörf á til úrlausnar máls. Enn fremur getur stjórnvald aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf krefur.

Ef sá sem kröfu gerði sinnir eigi ítrekuðum kvaðningum eða tilmælum stjórnvalds um framlagningu gagna er stjórnvaldi heimilt að synja um úrlausn.

Nú sinnir gagnaðili máls eigi ítrekuðum kvaðningum eða tilmælum stjórnvalds um gagnaöflun og má þá veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja.

f. (76. gr.)

Aðilum máls er heimilt að kynna sér skjöl og önnur gögn sem málið varðar. Réttur þessi nær ekki til vinnuskjala sem rituð hafa verið hjá stjórnvaldi til eigin afnota í sambandi við meðferð málsins.

g. (77. gr.)

Aðilar skulu eiga þess kost að tjá sig um mál áður en ákvörðun er tekin og getur stjórnvald sett þeim ákveðinn frest til þess.

h. (78. gr.)

Úrskurður stjórnvalds skal vera skriflegur. Þar skal greina úrlausnarefni, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaða byggist á og önnur atriði er máli skipta, þar á meðal kæruheimild og þvingunarúrræði ef því er að skipta.

i. (79. gr.)

Úrskurð stjórnvalds skal senda aðilum máls með ábyrgðarbréfi, hann birtur af einum stefnuvotti eða kynntur með öðrum sannanlegum hætti.

j. (80. gr.)

Kæra má úrlausn sýslumanns til dóms- og kirkjumálaráðuneytis innan tveggja mánaða frá dagsetningu hennar.

Kæra frestar ekki réttaráhrifum úrlausnar nema sýslumaður ákveði annað.

Málsaðilum, sem fengið hafa leyfi til lögskilnaðar, er ekki heimilt að ganga í hjúskap að nýju fyrr en eftir lok kærufrests nema þeir hafi fallið bréflega frá kæru.

16. gr.

Í VIII. kafla laganna, er verður IX. kafli, kemur ný grein, 81. gr., er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

II. KAFLI
Um breytingu á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923.

17. gr.

II. kafli laganna, Um foreldravald (16. gr.), fellur brott.

18. gr.

Á eftir 86. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (87. gr.)

Við meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum skal beita ákvæðum VIII. kafla laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

b. (88. gr.)

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Frá sama tíma fellur úr gildi 2. tölul. 62. gr. laga nr. 92/1991, um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú var sett fram krafa um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað samkvæmt lögum nr. 60/1972, með síðari breytingum, fyrir gildistöku laga þessara og skal þá fara um þá kröfu eftir eldri lögum. Ef bæði hjón óska þess er þó heimilt að beita reglum þessara laga.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar, og lögum nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna. Breytingar þessar eru sumar hverjar nauðsynlegar og aðrar mjög æskilegar vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem tekur gildi 1. júlí nk. Auk þess fela þær í sér verulegar réttarbætur að öðru leyti.

Helstu breytingar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, eru annars vegar við VII. kafla laga nr. 60/1972 um réttarfar í hjúskaparmálum. Hins vegar er lagt til að nýjum stjórnsýslukafla, sem verður VIII. kafli, verði bætt við lög nr. 60/1972 og að við bætist tilvísun í þann kafla í lög nr. 20/1923. Er það gert til þess að skapa samræmi við ný barnalög sem samþykkt voru 9. maí sl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að samkomulag hjóna um skilnað nægi sem grundvöllur leyfis til skilnaðar að borði og sæng eins og er skv. 31. gr. laga nr. 60/1972. Felld eru niður önnur skilyrði 31. gr. en þau eru tilgreind í 8. gr. þessa frumvarps og eiga við um öll skilnaðarmál.

Um 2. gr.

Þessi grein er nýmæli og felur í sér að annað hjóna getur einhliða krafist skilnaðar að borði og sæng. Greinin á sér nokkra samsvörun í núgildandi 32. gr. laga nr. 60/1972 en er til muna einfaldari og ekki er að finna í henni þau sakaratriði sem eru í 32. gr. Úr-

lausnaraðili hlýtur að verða að una mati maka sjálfs á því hvort hann telji sig geta haldið áfram sambúðinni, enda er utanaðkomandi torvelt að virða það mál.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um lágmarkstíma er líða verður frá því að skilnaður að borði og sæng er veittur og fram til þess að lögskilnaður er kræfur. Í ákvæðinu er greint milli þess hvort hjón séu á einu máli um að leita lögskilnaðar eða ekki. Í fyrra tilvikinu er frestur sex mánuðir, en eitt ár í hinu síðarnefnda. Í núgildandi ákvæði er fresturinn ávallt eitt ár.

Um 4. gr.

Greinin er hliðstæð 35. gr. laga nr. 60/1972, en fresturinn er styttur úr þremur árum í tvö ár.

Um 5. gr.

Ákvæði 36. gr. laga nr. 60/1972 þykir óþarft, sbr. þá breytingu sem lögð er til við 35. gr. hér að framan.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um hverjir leysi úr kröfu um skilnað að borði og sæng og lögskilnað. Ákvæðið byggir á þeirri grunnreglu að í flestum tilvikum eigi að vera unnt að leita skilnaðar hvort sem er hjá dómstólum eða stjórnvöldum. Með ákvæðinu er þó stofnað til allmikilla breytinga á úrlausnarvaldi stjórnvalda. Er úrlausnarvald sýslumanna aukið til muna, en gert er ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið verði málskotsstig um úrlausnir sýslumanns.

1. Sýslumenn og þeir einir veita leyfi til skilnaðar að borði og sæng skv. 1. gr. frumvarpsins, svo og til lögskilnaðar skv. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins, þ.e. þegar hjón eru sammála um að leita skilnaðar. Hér er af eðlisástæðum ekki gert ráð fyrir málskoti til dómsmálaráðuneytis og ekki þykja rök til þess að dómstóll fjalli um mál þegar svona stendur á.
2. Skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar samkvæmt öðrum ákvæðum en hér að framan greinir má leita hjá sýslumönnum ef hjón eru sammála um það, en endranær leysir dómstóll úr kröfu aðila um skilnað.
3. Synjun sýslumanns á úrlausn skv. 2. mgr. greinarinnar getur aðili skotið til ráðuneytis innan tveggja mánaða, sbr. j-lið 15. gr. frumvarpsins. Synjun sýslumanns gæti einkum átt sér stað þegar hann teldi vandkvæði á sönnunarfærslu. Þótt dómsmálaráðuneytið felli synjun sýslumanns úr gildi gefur það ekki út skilnaðarleyfi heldur leggur fyrir sýslumann að taka málið til nýrrar meðferðar.
4. Synjun stjórnvalds um útgáfu leyfis er ekki því til fyrirstöðu að unnt sé að leggja skilnaðarkröfu fyrir dómstóla. Þetta ákvæði á bæði við um skilnað að borði og sæng og lögskilnað.

Víða um lönd er úrlausn skilnaðarmála hjá dómstólum einum. Ekki hafa þótt rök til þess að fara þá leið þegar hjón eru sammála um skilnað eða um að leita hans hjá stjórnvaldi. Er á það að líta að stjórnvaldsleiðin er að jafnaði greiðfærari og ódýrari fyrir aðila, auk þess sem hún styðst við langa hefð hér á landi. Ekki verður séð að þessi skipan sé andstæð þjóðréttarsamningum er Ísland hefur bundist frekar en t.d. norska tilhögunin.

Í nýsamþykktum barnalögum er sýslumönnum ætlaður aukinn hlutur í úrlausnum

sifjaréttarmála. Er vafalaust hagræði að því fyrir fólk er býr utan höfuðborgarsvæðisins að geta leitað til sýslumanns með þessi mál. Auk þess sem það horfir til réttaröryggis að hægt sé að skjóta málum til ráðuneytis. Á það sama við um skilnaðarmál. Þekking sýslumanna á högum fólks í umdæmi þeirra getur hér komið að liði.

Um 7. gr.

Umleitun um skilnaðarkjör fyrir sýslumanni eða dómara gegnir verulegu hlutverki. Í fyrsta lagi því hlutverki að reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skilnaðarkjör þar sem það er ekki fyrir hendi, en einnig til að staðreyna að raunverulegt samkomulag sé milli hjóna um þau og til að athuga hvort hallað sé á ósanngjarnan hátt á annað hjóna með slíku samkomulagi eða a.m.k. að vekja athygli á því ef slíku er til að dreifa. Ekki sýnist þörf á slíkri umleitun ef hún hefur verið framkvæmd við skilnað að borði og sæng og er kveðið á um að sú skipan skuli einnig gilda eftir lögskilnað, sbr. 2. mgr.

Á því er byggt að lögmaður geti komið fyrir sýslumann eða dómara og undirritað þau skjöl sem hér er um að ræða fyrir hönd hjóna, enda hafi hann sérstakt umboð til þess.

Athygli er vakin á því að skv. 107. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 91/1991, er hægt að vísa sáttaumleitunum í dómsmáli til sýslumanns og ætti það einnig við í hjúskaparmálum sem rekin eru fyrir dómi.

Samningur hjóna um skilnaðarkjör verður ekki endanlega skuldbindandi fyrr en hann hefur verið staðfestur fyrir sýslumanni eða dómara, sbr. hrd. 1987, bls. 724.

Um 8. gr.

Hér segir um atriði sem skipa þarf við skilnað, þ.e. um forsjá barna, framfærslu og fjárskipti.

Ákvæði 2. mgr. er mikilvægt. Langan tíma getur tekið að leysa úr deilu foreldra um forsjá barna. Ekki þykir ástæða til að fresta úrlausn um skilnaðarkröfu þótt foreldrar deili um forsjá. Ákvæðið byggist að sjálfsögðu á því að ágreiningur um forsjá sé til meðferðar hjá lögmæltum yfirvöldum í samræmi við ákvæði barnalaga. Sama á við þegar foreldrar deila um framfærslueyri.

Gert er ráð fyrir að sérstök krafa verði að koma fram hjá öðrum aðila eða báðum um að skilnaður verði veittur áður en leyst verði úr ágreiningi um forsjá eða framfærslueyri.

Um 9. og 12. gr.

Efni þessara greina er nú í barnalögum.

Um 10., 11. og 13. gr.

Breytingarnar, sem hér eru lagðar til, eru vegna væntanlegs aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Um 14. gr.

Hér er lögð til breyting á VII. kafla laga nr. 60/1972 í heild sinni. Gert er ráð fyrir að meðferð þessara mála lúti í öllum meginatriðum almennri meðferð einkamála samkvæmt lögum nr. 91/1991 með nokkrum frávikum sem greind eru í kaflanum.

Í hjúskaparmálum þarf oft að taka á fleiri atriðum en skilnaðarkröfunni sjálfri. Eitt og sama dómsmálið getur verið höfðað með kröfu um skilnað, vegna ágreinings um forsjá barna og vegna skyldu til greiðslu lífeyris með maka. Er unnt að sækja þessa þrjá þætti

í sama dómsmálinu, en vegna séreðlis hvers þeirra gilda nokkuð ólík réttarfarsleg sjónarmið um þá, einkum hvað varðar forræði aðila á máli. Verður að meta þetta á grundvelli efnislegra lagareglna á þessu sviði.

Varðandi forsjárþáttinn þarf að taka tillit til hagsmuna þriðja aðila, þ.e. barnsins sem þarfnast sérstakrar verndar. Með tilliti til hagsmuna þess er talið nauðsynlegt að skerða forræði aðila á máli frá því sem tíðkast almennt í einkamálaréttarfari. Í VIII. kafla barnalaga eru sérákvæði um réttarfar í dómsmálum um forsjá barna. Í 3. mgr. 56. gr. þeirra laga er gert ráð fyrir að reglur hjúskaparlaga um lögsögu og varnarþing gildi sé krafa um forsjá þáttur í hjúskaparmáli, en sérákvæði barnalaga eigi að öðru leyti við um forsjárþáttinn. Þetta á t.d. við um 62. gr. þeirra þar sem segir að dómari sé ekki bundinn af málsástæðum og kröfum aðila, en hliðstætt ákvæði er ekki í þessu frumvarpi.

Við úrlausn um skilnaðarkröfuna sjálfa gilda nokkuð önnur sjónarmið en við úrlausn um forsjá barna. Þá er um tvo jafnsetta einstaklinga að ræða og því eðlilegt að aðilar hafi ríkara forræði á máli. Hins vegar koma hér til þau þjóðfélagslegu sjónarmið að styrkja eigi hjónabandið og ófrávíkjanlegar lagareglur um skilnaði sem settar hafa verið í því skyni, svo sem ákvæðin um lágmarksfrest frá því að skilnaður að borði og sæng er veittur og uns lögskilnaður er kræfur, sbr. 3 gr. frumvarpsins, eða um tímalengd samvistaslita, sbr. 4. gr. frumvarpsins; einnig reglur þar sem skilnaðarforsendum er lýst með ákveðnu efnisinntaki, sbr. 39. gr. laga nr. 60/1972 um hjúskaparbrot og 40. gr. laganna um líkamsárás. Í þessum tilvikum verður að ganga úr skugga um að lagaskilyrðum sé fullnægt og skerða verður forræði aðila á máli með hliðsjón af því. Hér dugir ekki að stefndi samþykki skilnaðarkröfu stefnanda sem reist er t.d. á skemmri samvistaslitum en tveimur árum eða á líkamsárás sem ekki er jafnalvarleg og lýst er í 40. gr. Af þessum ástæðum hefur verið talin þörf á nokkrum sérákvæðum um meðferð þessara mála, sbr. e-lið 14. gr. frumvarpsins. Frávikin eru þó færri en um forsjármál samkvæmt barnalögum. Rétt er að benda á það að stefndi í hjúskaparmáli getur auðvitað sett fram gagnkröfu og krafist skilnaðar á öðrum grundvelli en stefnandi, t.d. skilnaðar að borði og sæng í stað lögskilnaðar vegna hjúskaparbrots.

Þau sjónarmið, sem rakin hafa verið hér að ofan um skilnaðarkröfuna og forsjárþáttinn í hjúskaparmáli, eiga ekki við um eigna- og framfærslumál hjóna. Við meðferð þessara þátta eru ekki sömu rök til að skerða forræði aðila og frávik frá almennri meðferð einkamála verða færri. Verður að líta svo á að aðilar geti gert sátt um þessi mál, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Ber ekki að túlka 4. mgr. e-liðar 14. gr. frumvarpsins svo að ekki sé heimilt að gera sátt um slíka afmarkaða þætti sem ófrávíkjanlegar lagareglur gilda ekki um.

Um hjúskaparmál gilda sömu sjónarmið og um forsjármál varðandi nauðsyn þess að dómþing séu lokuð og gætt sé nafnleyndar við birtingu dóms, sbr. f- og g-liði í 14. gr. frumvarpsins.

Um a. (61. gr.)

Greinin er efnislega samhljóða 61. gr. laga nr. 60/1972 nema 4. tölul. sem er nýmæli þar sem mælt er fyrir um að komi til dómsmáls um hvort réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng séu fallin niður fari um það mál sem hjúskaparmál.

Um b. (62. gr.)

Lögsögureglur samkvæmt þessu ákvæði eru mótaðar með hliðsjón af dönskum og norskum lögum. Þær fela í sér nokkra rýmkun á reglum 66. gr. laga nr. 60/1972. Lagt er

til í 2. mgr. að mál til ógildingar hjúskap megi höfða hér á landi ef hjónavígsla hefur farið hér fram.

Lögsögureglur greinarinnar eru í samræmi við lögsögureglur 1. mgr. 56. gr. barnalaga að svo miklu leyti sem þessi tvenns konar mál eru sambærileg af eðlisástæðum. Í 1. mgr. 56. gr. barnalaga segir að þegar krafa um forsjá barns sé þáttur í hjúskaparmáli gildi þær reglur um lögsögu og varnarþing sem greinir í lögum um hjúskaparmál.

Um c. (63. gr.)

Greininni er ætlað að koma í stað 67. gr. laga nr. 60/1972 um varnarþing, sjá til samanburðar 57. gr. barnalaga, svo og 3. mgr. 56. gr. sömu laga er greinir í umsögn um bið hér að framan. Aðilar geta samið um varnarþing, sbr. og 3. tölul. 42. gr. laga nr. 91/1991.

Um d. (64. gr.)

Þetta ákvæði er í samræmi við gildandi lög.

Um ákvæðið vísast til 65. gr. laga nr. 60/1972.

Í frumvarpinu er ekki ákvæði hliðstætt 68. gr. laga nr. 60/1972 um að dómsmálaráðuneytið geti látið fresta málssókn til ógildingar tvíkvænishjúskap, sérstaklega ef ætla megi að fyrra hjúskap verði bráðlega slitið. Var ekki talin þörf á slíku ákvæði. Þessi mál sæta ekki lengur meðferð opinberra mála og ráðuneytið getur tekið ákvörðun um frestun enda þótt lagaákvæði kveði ekki á um það.

Um e. (65. gr.)

Í 1. mgr. er sú meginregla að hjúskaparmál sæti meðferð einkamála, sbr. lög nr. 91/1991. Er það í samræmi við 3. mgr. 68. gr. laga nr. 60/1972.

Í 2. og 4. mgr. þessarar greinar frumvarpsins og greinunum þar á eftir er síðan mælt fyrir um nokkur frávik frá meginreglu 1. mgr.

Í 2. mgr. er lagt til að dómara sé heimilt að skipa stefnda málsvara þegar svo stendur á að hvorki er vitað um heimilisfang né dvalarstað stefnda. Enn fremur þegar stefndi er búsettur eða dvelst erlendis og ekki tekst að birta honum stefnu eða hvorki hann né umboðsmaður hans sækja þing við þingfestingu máls og sérstakar ástæður mæla að öðru leyti með því. Brýna nauðsyn getur borið til þessa úrræðis sem ætlað er m.a. að tryggja að mál, sem höfða má hér á landi skv. a-lið 14. gr. frumvarpsins, geti sætt meðferð hér og að skilnaðardómar, sem kveðnir eru upp hér á landi gegn mönnum sem eru búsettir erlendis, verði viðurkenndir utan Íslands. Þetta er þrengri regla en ákvæði 70. gr. laga nr. 60/1972. Málsvari skal tala máli hins stefnda og gæta hagsmuna hans, en hefur ekki heimild til að skuldbinda hann fyrir dómi. Ekki er þess krafist að málsvari skuli vera lögmaður, kæmi t.d. til greina að ættingi eða vinur hins stefnda yrði skipaður málsvari. Eðlilegt er að líta svo á að málsvari verði að fullnægja almennum hæfisskilyrðum lögræðislaga, sbr. 29. gr. laga nr. 68/1984. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna málsvara greiðist í fyrstu úr ríkissjóði, en dómari geti kveðið á um að stefndi skuli endurgreiða ríkissjóði hann að öllu eða nokkru leyti.

Eins og vikið var að í almennum athugasemdum við þennan kafla takmarka ófrávíkjanlegar lagareglur forræði aðila á hjúskaparmáli. Ákvæði 3. mgr. áréttar þetta og vísar til þess að við úrlausn skilnaðarmála beri dómara „ex officio“ að gæta þess að ófrávíkjanlegum lagareglum sé fullnægt. Þannig eiga aðilar ekki að geta vikið sér undan ófrávíkjanlegum lagareglum, t.d. fengið lögskilnað með því að játa á sig hjúskaparbrot sem ekki hefur verið framið.

Í 4. mgr. segir að hjúskap verði ekki slitið með dómsátt aðila. Þessi regla er í samræmi við danska, norska og sænska lagaframkvæmd. Hún helgast af þeim opinberu hagsmunum og einkahagsmunum sem eru af því að niðurstaða byggist á réttum forsendum og þeim víðtæku réttaráhrifum sem skilnaður hefur í för með sér. Hefur verið talið nauðsynlegt að lyktir máls séu með formlegri hætti en dómsátt. Hér þarf einnig að hafa í huga gildi íslenskra skilnaðardóma gagnvart rétti annarra ríkja. Ákvæðið girðir ekki fyrir að dómari staðfesti samkomulag aðila um einstaka þætti sem snerta hvorki ófrávíkjanlegar lagareglur né hagsmuni barns, sbr. hér að ofan.

Um f. (66. gr.)

Dómsmál þessi eru mjög persónuleg og viðkvæm og þykir réttmætt að kveða svo á að þinghöld skuli fara fram fyrir luktum dyrum nema dómari kveði öðruvísi á með samþykki aðila, sbr. 1. mgr. 76. gr. laga nr. 60/1972 og 63. gr. barnalaga.

Um g. (67. gr.)

Í ákvæðinu er kveðið á um nafnleynd vegna þessara mála, bæði að því er varðar frásögn um það er gerist í slíkum málum, nema dómari leyfi, og svo þegar dómur er birtur, þar á meðal gefinn út að tilhlutan dóms svo sem er um dómasöfn Hæstaréttar. Stafa þessi ákvæði af því hve persónuleg og viðkvæm þessi mál eru að jafnaði, sbr. hér 2. mgr. 76. gr. laga nr. 60/1972 og 64. gr. barnalaga.

Um h. (68. gr.)

Þetta ákvæði varðar andlát málsaðila og áhrif þess á höfðun eða áfrýjun hjúskaparmáls.

Ákvæði 1. mgr. má leiða af ákvæði d-liðar 14. gr. frumvarpsins.

2. mgr. kveður svo á að mál falli niður ef annað hjóna andast áður en dómur gengur í máli sem höfðað hefur verið. Á þetta einnig við um áfrýjun. Héraðsdómur verður því ekki endurskoðaður í æðra rétti. Við málalok í héraði verður að sitja.

Um i. (69. gr.)

Aðalgildi þessarar greinar er að kveðið er svo á að unnt sé að höfða mál að nýju innan mánaðar frá því að máli er vísað frá dómi eða fellt niður án kröfu sækjanda þótt málshöfðunarfrestir séu liðnir. Þess eru allmörg dæmi í lögum nr. 60/1972 að settir séu tímafrestir til málshöfðunar, sbr. t.d. 3. mgr. 39. gr. og 2. mgr. 40. gr.

Um j. (70. gr.)

Í 1. mgr. segir að heimilt sé að áfrýja einstökum þáttum dómsmáls. Dómurinn kveður t.d. á um lögskilnað aðila, forsjá barna þeirra og skyldur til greiðslu lífeyris með maka. Vera má að báðir aðilar uni úrlausn dómara um lögskilnað, en annað eða bæði vilja áfrýja þættinum um forsjá og jafnvel skyldu til greiðslu lífeyris. Er lagt til að tekið sé af skarið um að slíkt sé heimilt. Réttaráhrif þeirra þátta, sem ekki er áfrýjað, haldast óbreytt.

Sérreglur eru í lögum um málskot í sambandi við málskostnað og tekur ákvæðið ekki til þess þáttar.

Í 2. mgr. segir að hvorugur málsaðili megi ganga í hjúskap innan loka áfrýjunarfrests nema aðilar, þar á meðal dóms- og kirkjumálaráðuneytið þegar það á aðild máls, hafi fallið bréflega frá áfrýjun. Ákvæðið er sama efnis og 3. mgr. 78. gr. laga nr. 60/1972.

Um áfrýjunarleika dómsathafnar er vakin athygli á 13. gr. laga nr. 44/1981 varðandi úrskurð um að horfinn maður skuli talinn látinn.

Í 3. mgr. segir að endurupptaka máls sé ekki heimil eftir lok áfrýjunarfrests. Af því leiðir að ákvæði einkamálalaga um endurupptöku eiga ekki við um þessi mál eftir lok áfrýjunarfrests. Stafar þetta ákvæði af hinum víðtæku réttaráhrifum dóms í hjúskaparmáli. Ef mál er dæmt að nýju eftir það tímamark sem nefnt er í greininni mundi það leiða til mikilla raunhæfra erfiðleika þar sem aðilar hafa treyst dómsniðurstöðunni og hagað sér samkvæmt því, t.d. gifst að nýju og hagað margvíslegum fjármálaráðstöfunum með hliðsjón af þeim málalokum. Þykir þetta sjónarmið svo mikilvægt að önnur hljóti að þoka.

Um 15. gr.

Greinin kveður á um nýjan kafla þar sem eru ákvæði um meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögunum. Hér er lagt til að lögfestar verði reglur sem mótast hafa í lagaframkvæmd, einkum við meðferð dómsmálaráðuneytisins á hjúskaparmálum. Horfir slík lögskráning til réttaröryggis. Er hennar og sérstök þörf nú þegar margvíslegar úrlausnir flytjast frá dómsmálaráðuneyti til sýslumanna. Tekið skal fram að reglur þessar gilda einnig um meðferð mála hjá dómsmálaráðuneyti þegar mál koma til kasta þess. Við mótun ákvæða þessa kafla hefur verið höfð hliðsjón af frumvörpum til stjórnsýslulaga, almennum viðhorfum í stjórnsýslurétti og sifjarétti og álitsgerðum umboðsmanns Alþingis.

Ákvæði þessa kafla eru í megindráttum eftir því sem við getur átt, sama eða svipaðs efnis og ákvæði IX. kafla barnalaga. Þykir mega vísa til greinargerðar um þann kafla og einstakra greina hans. Verður hér aðeins getið fáeinna atriða.

Um a. (71. gr.)

Lögsögureglurnar eru nokkru þrengri en hliðstæðar reglur b-liðar hér að framan um lögsögu dómstóla. Verður hér að fara að með nokkurri gát. Meðal annars er þess að gæta að víða erlendis eru skilnaðarmál og ágreiningsmál, er tengjast þeim, alfarið háð úrlausn dómstóla.

Um b. (72. gr.)

Þetta ákvæði svarar til ákvæða c-liðar hér að framan um varnarþing í dómsmálum.

Um c. (73. gr.)

Greinin er sama efnis og 67. gr. barnalaga og varðar leiðbeiningarskyldu sýslumanna.

Um d. (74. gr.)

Þessi grein varðar sáttaumleitun sýslumanns og er í megindráttum sama efnis og 1. mgr. 68. gr. barnalaga, sbr. og 7. gr. þessa frumvarps.

Um e. (75. gr.)

Greinin fjallar um kröfur aðila og gagnaöflun og er sama efnis og 69. gr. barnalaga.

Um f. (76. gr.)

Greinin fjallar um rétt aðila til að kynna sér gögn máls. Er hún sama efnis og 1. mgr. 70. gr. barnalaga. 2. mgr. þeirrar greinar er ekki í þessu ákvæði, en þar er heimilað að takmarka aðgang að gögnum vegna hagsmuna barns. Hér horfir mál öðruvísi við.

Um g. (77. gr.)

Greinin er hliðstæð 71. gr. barnalaga og varðar rétt aðila til að tjá sig um mál.

Um h. (78. gr.)

Greinin mælir fyrir um úrskurð stjórnvalds sem skal m.a. vera skriflegur og geyma lýsingu á úrlausnarefni, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, greiningu á kæruheimild og þvingunarúrræði ef því er að skipta. Ákvæðið er sama efnis og 72. gr. barnalaga og er vísað um rökstuðning fyrir ákvæðinu til athugasemda um þá grein. Horfa þeir hættir, sem greinin kveður á um, til réttaröryggis og verða nauðsynleg undirstaða að mati aðila á því hvort úrlausn verði skotið til æðra stjórnvalds. Benda ber á að afgreiðslur mála samkvæmt þessu frumvarpi eru oft og einatt ekki í formi úrskurða, heldur t.d. leyfisbréfa sem nokkuð önnur sjónarmið eiga við um. Í sambandi við leyfisbréf reynir helst á úrskurði ef synjað er um útgáfu leyfis.

Um i. (79. gr.)

Greinin er hliðstæð 73. gr. barnalaga og varðar tilkynningu um úrskurð.

Um j. (80. gr.)

Greinin fjallar um stjórnsýslukæru, sbr. 74. gr. barnalaga. Tekur ákvæðið til allra úrlausna sýslumanna á þessu sviði. Stundum er þess getið í frumvarpinu um einstaka úrlausnir að þær séu kæranlegar, en frá því má ekki gagnálykta svo að úrlausnir séu því aðeins kæranlegar að þessa sé getið í lögunum. Kærufrestur er tveir mánuðir miðað við dagsetningu úrlausnar. Kæra frestar ekki réttaráhrifum úrlausnar nema sýslumaður ákveði annað af sjálfsdáðum eða að kröfu aðila. Að því er leyfi til skilnaðar varðar þykja rök standa til þess að kæra fresti réttaráhrifunum þannig að maki geti ekki gengið í hjúskap að nýju að svo stöddu. Ef aðilar hafa lýst því bréflega að þeir muni ekki kæra stendur þetta ákvæði þó ekki í vegi fyrir því að til hjúskapar verði stofnað. Endranær verður að þreyja uns tveggja mánaða fresti lýkur, þ.e. allt til þess að sýnt er hvort úrlausn verði kærð.

Um 16. gr.

Hér er kveðið á um heimild ráðherra til setningar reglugerða.

Um 17. gr.

Efni þessarar greinar er nú í barnalögum.

Um 18. gr.

Hér er lagt til að tilvísunargrein í VIII. kafla um meðferð og úrlausn stjórnvalda, sbr. II. kafla frumvarpsins, bætist við lög nr. 20/1923. Greininni er ætlað að hafa sama gildi og breytingunni sem lögð er til í II. kafla frumvarpsins.

Enn fremur er lagt til að við bætist heimild ráðherra til setningar reglugerða.

Um 19. gr.

Gildistaka er miðuð við 1. júlí 1992 en þá taka gildi lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

904. Nefndarálit [435. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 22. apríl 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið en það er flutt að ósk hreppsnefndar Grímsneshrepps. Með lögum nr. 33/1947 fór fram sala á jörðinni Stóru-Borg í Grímsneshreppi til hreppsins. Við meðferð málsins á Alþingi var gerð sú breyting á upphaflegu frumvarpi um söluna að ríkissjóður hefði forkaupsrétt að jörðinni og þá á fasteignamatsverði. Breytingin var gerð til samræmis við hliðstæðar lagaheimildir um sölu ríkisjarða á þeim tíma.

Þegar Grímsneshreppur seldi jörðina árið 1974 giltu þær kvaðir sem settar voru á endursölu hennar með nýsamþykktum lögum, nr. 70/1974, um breytingu á lögum 33/1947. Fólust þær í því að hreppnum og ríkissjóði var tryggður forkaupsréttur að jörðinni á fasteignamatsverði. Ætla má að sú breyting hafi verið gerð samkvæmt vilja sveitarstjórnar Grímsneshrepps.

Tveimur árum eftir að lögin um sölu Stóru-Borgar í hendur núverandi ábúenda hennar voru samþykkt tóku gildi jarðalögin, nr. 65/1976. Jafnframt gilti sú regla til ársins 1984 að þjóð- og kirkjujarðir voru seldar á fasteignamatsverði til ábúenda, sbr. 47. og 49. gr. laga nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða. Nú gilda jarðarlög um forkaupsrétt sveitarfélaga og ríkis að jörðum og í 38. gr. þeirra, sbr. lög nr. 90/1984, er ákveðið hvernig söluverð jarðanna til ábúenda þeirra er fundið. Náist ekki samkomulag um verð milli kaupanda og seljanda skal mat dómkvaddra manna ráða. Enn fremur kveður 38. gr. jarðalaga á um forkaupsrétt ríkissjóðs á jörðum eða jarðarhlutum sem hann hefur selt. Hér er því vissulega vel fyrir því séð að réttur ríkissjóðs og sveitarfélaganna í landinu sé tryggður við sölu jarðeigna. Eðlilegt er að þær kvaðir, sem jarðalögin ákveða varðandi eigendaskipti á jörðum, taki að jöfnu til jarðeigna í landinu. Þess vegna mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt með breyttri uppsetningu sem kveður á um afnám sérstakra lögbundinna kvaða við sölu jarðarinnar og flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Eggert Haukdal tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 1992.

Egill Jónsson, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Guðni Ágústsson.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Árni M. Mathiesen.
Sigurður Hlöðvesson.		Einar K. Guðfinnsson.

905. Breytingartillaga [435. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 22. apríl 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Orðin „en óheimilt er honum að selja hana aftur öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði og þá á fasteignamatsverði, nema þeir hafni kaupunum“ í 2. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 70/1974, falli brott.

906. Breytingartillaga [58. mál]

við frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Við 7. gr. Fyrri efnismálsgrein orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann vegna þess að sá heldur sig ranglega hafa samræði eða önnur kynferðismök í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða hann er í þeirri villu að hann heldur sig hafa samræði eða önnur kynferðismök við einhvern annan skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

907. Breytingartillaga [58. mál]

við frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Við 7. gr. Fyrri efnismálsgrein orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við karl eða konu sem heldur ranglega að fram fari í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða er í þeirri villu að um annan aðila sé að ræða skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

908. Breytingartillaga [208. mál]

við brtt. á þskj. 869 [Flugmálaáætlun 1992–1995].

Frá samgönguráðherra.

Við 2. tölul., 4.9. Hornafjörður. Liðurinn orðist svo:

	1992	1993
1. Tækjageymsla	5,0	
2. Flugbraut, þverbraut	5,0	
3. Leiðarljós		1,0
Samtals	**10,0**	**1,0**

909. Nefndarálit [464. mál]

um frv. til l. um yfirskattanefnd.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund hennar komu Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, Sigurður P. Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi, Sigurður H. Pálsson, löggiltur endurskoðandi, og Gunnar Jóhannsson og Ólafur H. Ólafsson frá ríkisskattanefnd. Umsagnir bárust frá BHMR, BSRB, Félagi löggiltra endurskoðenda, Lögmannafélagi Íslands, ríkisskattanefnd, ríkisskattstjóra og Verslunarráði Íslands.

Frumvarpi þessu er ætlað að hraða málsmeðferð skattamála sem kærð verða og jafnframt er stefnt að því að afgreiða mikinn fjölda mála sem bíða úrskurðar. Frumvörp svipaðs efnis hafa verið lögð fram áður, nú síðast á haustþingi 1991, en ekki hlotið afgreiðslu. Nefndin telur ekki forsvaranlegt að óvissa ríki um stöðu æðsta úrskurðaraðila um skattkærur á stjórnsýslustigi. Því er nauðsynlegt að ákveða hver framtíðarskipan þessara mála eigi að vera. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að yfirskattanefnd muni starfa að mörgu leyti eins og dómstóll. Þar er einnig bent á að unnt verði að breyta lagaákvæðum um nefndina þannig að skjóta mætti úrskurðum hennar beint til Hæstaréttar. Frá Lögmannafélagi Íslands barst ítarleg umsögn þar sem bent var sérstaklega á þau atriði í frumvarpinu sem væru ekki í samræmi við réttarfarsreglur um dómstóla. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á þeirri stöðu ríkisskattanefndar eða arftaka hennar, yfirskattanefndar, að hún sé æðsti úrskurðarvaldshafi á stjórnsýslustigi í meðferð skattkærna og ekki er gert ráð fyrir breytingu á stöðu nefndarinnar gagnvart dómstólum. Málsmeðferðarreglum fyrir nefndinni hefur verið þokað nær málsforræði aðila þótt enn sé jafnframt að hluta stuðst við rannsóknarreglu réttarfars. Nefndin telur á þessu stigi ekki rétt að gera frekari breytingar á málsmeðferðarreglum og að ekki sé rétt að fresta afgreiðslu málsins vegna þess atriðis. Nauðsynlegt er að afgreiða málið nú. En sjálfsagt er að endurskoða það í ljósi þeirrar reynslu sem fæst af yfirskattanefnd og meðferð mála fyrir henni með eðlilegum hætti og þá jafnframt að breyta lagaákvæðum um hana ef þörf krefur. Þá telur nefndin brýna nauðsyn vera á að endurskoða meðferð skattkærna á fyrra kærustiginu.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að lög um bókhald falli niður úr upptalningu laga sem úrskurðarvald yfirskattanefndar nær til, enda ekki um álagningu gjalda að ræða samkvæmt þeim lögum.
2. Lagt er til að sveitarfélögum verði einnig heimilt að skjóta til yfirskattanefndar kæruúrskurðum skattstjóra ef þeir varða hagsmuni sveitarfélagsins. Breytingartillögur við 3., 5. og 6. gr. lúta að þeirri nýbreytni.
3. Rétt þykir að yfirskattanefndin öll meti hvort þörf sé á sérstökum flutningi máls fyrir nefndinni en ekki einungis formaður hennar og er því lagt til að 3. mgr. 7. gr. verði breytt til samræmis við það.
4. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að í yfirskattanefnd eigi sæti sex menn sem hafi nefndarstarfið að aðalstarfi. Nefndin telur æskilegt að menn, sem starfa við skattskil, eigi áfram sæti í yfirskattanefnd þótt fallast megi á að óæskilegt sé að þeir sem ekki hafa starf í nefndinni að aðalstarfi skipi meiri hluta hennar eins og nú er um ríkisskattanefnd. Því leggur nefndin til að fjórir af sex mönnum í ríkisskattanefnd hafi starfið að aðalstarfi og að formaður og varaformaður nefndarinnar komi úr þeirra hópi. Tveir nefndarmanna munu hins vegar vera í hlutastarfi verði tillaga nefndar-

innar samþykkt. Laun þeirra, sem hafa setu í yfirskattanefnd að aðalstarfi, eru ákveðin af Kjaradómi og er óþarft að taka það fram í frumvarpinu þar sem sérstök lög gilda um Kjaradóm.

5. Lagt er til að í 10. gr. frumvarpsins verði ákveðið að formaður eða varaformaður yfirskattanefndar ákveði þóknun til sérfróðra aðila sem kunna að verða kallaðir til starfa fyrir nefndina.
6. Lagt er til að 18. gr. verði breytt þannig að umboðsmaður skattaðila fái sent eintak af úrskurði yfirskattanefndar en ekki einungis skattaðilinn og skattstjórar.
7. Önnur meginbreytingin, sem nefndin leggur til, lýtur að 19. gr. frumvarpsins. Í stað fyrra ákvæðis greinarinnar er lagt til að komi nýtt ákvæði er fjalli um þagnarskyldu starfsmanna yfirskattanefndar.
8. Lagt er til að lög um yfirskattanefnd öðlist gildi 1. júlí. Einnig er lagt til að yfirskattanefnd ljúki afgreiðslu þeirra mála sem ríkisskattanefnd hefur ekki úrskurðað um á fyrstu sex mánuðunum sem hún starfar. Þá er gerð tillaga um að nýrri málsgrein verði bætt við 23. gr. er kveði á um að yfirskattanefnd taki við því hlutverki sem löggjöfin ætlar ríkisskattanefnd.
9. Að lokum leggur nefndin til að inn komi tvö ný ákvæði til bráðabirgða er kveður á um stöðu þeirra sem starfa hjá ríkisskattanefnd eða eru skipaðir til starfa við hana í hlutastarfi. Ekki verður um breytingu á högum starfsmanna ríkisskattanefndar að ræða. Þörf er á heimild til þess að framlengja skipunartíma þeirra sem eru í hlutastarfi í ríkisskattanefnd fram að gildistöku laga um yfirskattanefnd. Þá er lögð til breyting á síðara bráðabirgðaákvæði frumvarpsins þannig að nefndarmenn í yfirskattanefnd verði í fyrsta sinn skipaðir þannig að tveir nefndarmenn verði skipaðir til tveggja ára, tveir til fjögurra ára og tveir til sex ára, í stað fjögurra, sex og átta ára.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. maí 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Sólveig Pétursdóttir.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Árni M. Mathiesen.	Össur Skarphéðinsson.	Árni R. Árnason.

910. Breytingartillögur [464. mál]

við frv. til laga um yfirskattanefnd.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Orðin „lögum um bókhald“ í 1. mgr. falli niður.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „Ríkisskattstjóra“ í 2. mgr. komi: Ríkisskattstjóra og eftir atvikum viðkomandi sveitarfélagi.
3. Við fyrri málsgrein 5. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Með sama hætti og ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til yfirskattanefndar getur viðkomandi sveitarfélag skotið úrskurði skattstjóra eða ríkisskattstjóra til nefndarinnar.

4. Við 1. mgr. 6. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Sama gildir eftir því sem við á um kæru sveitarfélags.
5. Orðið „formanns“ í 3. mgr. 7. gr. falli brott.
6. Við 8. gr. Í lok 2. mgr. komi orðin: 7. gr.
7. Við 9. gr. 1. mgr. orðist svo:

   Í yfirskattanefnd skulu sitja sex menn sem skipaðir skulu til sex ára í senn og skulu fjórir nefndarmannanna hafa starfið að aðalstarfi. Skulu nefndarmenn fullnægja skilyrðum sem sett eru í 86. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt um embættisgengi skattstjóra. Fjármálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi þeirra nefndarmanna sem hafa starfið að aðalstarfi. Báðir skulu uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Ætíð skal annaðhvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn hvers máls.
8. Við 10. gr. Í stað orðsins „varaformanns“ í síðari málslið greinarinnar komi: varaformanns sem ákveða þeim þóknun fyrir starfann.
9. Við 18. gr. Í stað orðsins „skattaðila“ í fyrri málslið greinarinnar komi: skattaðila, umboðsmanni hans.
10. Við 19. gr.
    a. Greinin orðist svo:

       Starfsmönnum yfirskattanefndar er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar á meðal um tekjur og efnahag skattaðila. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Hafi óviðkomandi aðili lagaheimild til að krefja yfirskattanefnd ofangreindra upplýsinga skal sama þagnarskylda hvíla á þeim sem fær slíkar upplýsingar nema ríkari þagnarskylda hvíli á honum að lögum.
    b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Þagnarskylda.*
11. Við 23. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „júní“ í 1. málsl. fyrri málsgreinar komi: júlí.
    b. Við síðari málsgrein bætist: og skal hún hafa lokið afgreiðslu þeirra eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.
    c. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:

       Hvarvetna þar sem í lögum kemur fyrir orðið „ríkisskattanefnd“ skal í þess stað koma orðið yfirskattanefnd. Lagaákvæði, þar sem sérstaklega er vikið að ríkisskattanefnd og ekki fá samrýmst þessum lögum, falla úr gildi við gildistöku laga þessara.
12. Í stað síðara ákvæðis til bráðabirgða komi þrjú ný ákvæði er orðist svo:
    a. (II).

       Í fyrsta sinn við skipun nefndarinnar skulu tveir menn skipaðir til tveggja ára, tveir til fjögurra ára og tveir til sex ára en eftir það skal hún skipuð skv. 1. mgr. 9. gr.
    b. (III).

       Frá og með þeim tíma, sem yfirskattanefnd tekur við störfum ríkisskattanefndar, skulu starfsmenn ríkisskattanefndar verða starfsmenn yfirskattanefndar og halda óbreyttum kjörum.
    c. (IV).

       Fjármálaráðherra er heimilt að framlengja skipunartíma þeirra nefndarmanna ríkisskattanefndar sem hafa störfin að hlutastarfi til 30. júní 1992 eða skipa aðra í þeirra stað þann tíma.

911. Nefndarálit [465. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál samhliða 464. máli, um yfirskattanefnd, og vísast til álits nefndarinnar á þskj. 909.

Nefndin leggur til að gerðar verði tvær breytingar á frumvarpinu. Í síðari efnismálsgrein 1. gr. frumvarpsins hefur fallið niður orðið „ekki“. Þá er lagt til að gildistöku frumvarpsins verði breytt þannig að lögin taki gildi 1. júlí nk.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. maí 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Sólveig Pétursdóttir.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Árni M. Mathiesen.	Össur Skarphéðinsson.	Árni R. Árnason.

912. Breytingartillögur [465. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Í stað orðanna „vill hlíta“ í niðurlagi síðari efnismálsgreinar 1. gr. komi: vill ekki hlíta.
2. Í stað orðsins „júní“ í 3. gr. komi: júlí.

913. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til laga um umboðsmann barna.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og bárust henni umsagnir frá eftirtöldum aðilum: barnaverndarráði, Félagi íslenskra barnalækna, Kvenfélagasambandi Íslands, sifjalaganefnd og umboðsmanni Alþingis. Enn fremur studdist nefndin við umsagnir er bárust á 113. löggjafarþingi um samhljóða frumvarp frá Sálfræðingafélagi Íslands, Foreldrasamtökunum, Þroskahjálp, Barnaheillum, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Barnavinafélaginu Sumargjöf, Félagi íslenskra sérkennara, Félagi þroskaþjálfa, Fóstrufélagi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands og fjármálaráðuneytinu.

Frumvarpið fjallar um málefni sem er athyglisvert og kanna þarf nánar. Í því sambandi má nefna að kanna verður tengsl málsins við frumvarp til laga um vernd barna og

ungmenna, 422. mál, sem nú er til umfjöllunar í félagsmálanefnd. Þarf m.a. að athuga hvort verkefni þau, sem frumvörpin mæla fyrir um, skarist. Enn fremur þarf að athuga frumvarp þetta vandlega með hliðsjón af lögum um umboðsmann Alþingis, hvort fyrirhugað hlutverk umboðsmanns barna muni rekast á við hlutverk hins fyrrnefnda. Fleira mætti nefna og er það skoðun meiri hluta nefndarinnar að vel færi á því að sifjalaganefnd tæki mál þetta til rækilegrar skoðunar.

Í ljósi þess sem fram hefur komið og í trausti þess að um málið verði fjallað frekar er lagt til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Anna Ólafsdóttir Björnsson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1992.

Sólveig Pétursdóttir, form.	Björn Bjarnason, frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.
Jón Helgason.		Björn Ingi Bjarnason.

914. Breytingartillögur [58. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Í stað orðsins „manni“ í 2. gr. komi: karli eða konu.
2. Í stað orðsins „manns“ í 3. gr. komi: einstaklingi.
3. Í stað orðsins „manns“ í 4. gr. komi: annars einstaklings.
4. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „mann“ í fyrra málslið efnismálsgreinarinnar komi: einstakling.
   b. Í stað orðsins „maðurinn“ í fyrra málslið efnismálsgreinarinnar komi: viðkomandi.

915. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um málefni fatlaðra.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fjölmörgum fundum og fengið um það umsagnir frá fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis, stjórnarnefnd málefna fatlaðra, Foreldra- og vinafélagi Kópavogshælis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, félagsmálastjóra Akureyrarbæjar, fræðslustjóra Reykjavíkurumdæmis, héraðslækninum í Suðurlandshéraði, bæjarstjórn Ísafjarðar, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Vestfjörðum, stjórn Sólheima í Grímsnesi, Félagi framkvæmdastjóra svæðisstjórna málefna fatlaðra, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Austurlandi, Blindrafélaginu, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Norðurlandi eystra, menntamálaráðuneytinu, héraðslækninum í Reykjaneshéraði, fræðslustjóra Suðurlandsumdæmis, Öryrkjabandalagi Íslands, Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, Þroskaþjálfaskóla Íslands, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Austurlandi, bæjarstjórn Hafnarfjarðar, ráðningarskrifstofu Reykjavíkurborgar, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Suðurlandi, bæjarstjórn Siglufjarðar, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra, héraðslækninum í Austurlandshéraði, bæjarstjórn Akraness, svæðisstjórn málefna

fatlaðra í Reykjavík, biskupi Íslands, Þroskahjálp, Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra, svæðisstjórn málefna fatlaðra á Reykjanesi, bæjarstjórn Egilsstaðabæjar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, bæjarstjórn Vestmannaeyja, Félagi sérkennara, bæjarstjórn Selfoss, Félagi þroskaþjálfa, Félagi heyrnarlausra, Sjálfsbjörg, bæjarstjórn Húsavíkur, Samstarfshópi um málefni daufblindra, Sálfræðingafélagi Íslands, bæjarstjórn Njarðvíkur, borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórn Dalvíkur, stjórn Skálatúnsheimilisins í Mosfellsbæ, Geðhjálp, Kópavogshæli, bæjarstjórn Sauðárkróks, Geðverndarfélagi Íslands, landlækni, Ingimar Sigurðssyni, í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra, Umsjónarfélagi fatlaðra, Félagi nýrnasjúkra og Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Þá fékk nefndin á sinn fund til viðræðna um frumvarpið Braga Guðbrandsson, aðstoðarmann félagsmálaráðherra, Þórð Skúlason og Vilhjálm S. Vilhjálmsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bjarna Kristjánsson og Soffíu Lárusdóttur frá Félagi framkvæmdastjóra svæðisstjórna fatlaðra, Birgi Guðmundsson, Ólaf Kristinsson og Jóhann Arnfinnsson frá Foreldra- og vinafélagi Kópavogshælis, Sigfús Jónsson, formann sveitarfélaganefndar, Tómas Grétar Ólafsson, frá stjórn Sólheima í Grímsnesi, og Ingimar Sigurðsson, framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva í Reykjavík.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingartillögurnar miða einkum að því að draga úr þeirri auknu miðstýringu sem margir umsagnaraðilar hafa talið einkenna frumvarpið. Í þessu felst að dregið er úr valdi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt leitast við að auka áhrif heimamanna. Til viðbótar eru allnokkrar breytingartillögur sem flestar eru tilkomnar í ljósi athugasemda umsagnaraðila. Breytingartillögur við frumvarpið eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að síðasti málsliður 3. gr. falli brott. Í fyrsta lagi hefur ákvæðið verið efnislega umdeilt. Í öðru lagi þykir vafasamt að kveða á um skipan Stjórnarráðsins í sérlögum.
2. Lagðar eru til þrjár breytingar við 6. gr. Sú fyrsta lýtur að því að svæðisráð geti gert tillögur bæði til svæðisskrifstofa og beint til ráðuneytis. Er þannig lagt til aukið vægi svæðisráðs. Önnur breytingartillagan felur í sér að svæðisráð hafi frumkvæði að aukinni ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra. Er hér um mjög mikilvægt atriði að ræða. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þetta sé verkefni ráðuneytisins en telja verður æskilegt að fela heimamönnum þetta viðfangsefni. Í þriðju tillögunni felst að fulltrúum í svæðisráði verði fjölgað um tvo. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins er felldur út en héraðslæknir og fræðslustjóri taka sæti í svæðisráðinu. Jafnframt er fulltrúum sveitarfélaga fjölgað um einn og skal sá fulltrúi vera félagsmálastjóri innan svæðisins. Telja verður að svæðisráðið sé betur fallið til að sinna samræmingu þjónustu innan svæðis með setu héraðslækna, fræðslustjóra og félagsmálastjóra í því. Stuðlar þetta og að aukinni samvinnu og samráði félags-, heilbrigðis- og menntakerfis í málefnum fatlaðra. Þá felur þessi skipan í sér aukin áhrif heimamanna og aukið vægi svæðisráðsins.
3. Lagt er til að 8. gr. falli brott. Er það í samræmi við óskir margra umsagnaraðila. Með þeirri breytingu, sem lögð er til á 6. gr., ætti samráð að vera leyst á hverju svæði fyrir sig og nefnd ráðuneyta að vera óþörf.

4. Við 10. gr. er annars vegar lögð til sú breyting að 4. tölul. falli niður þar sem orðið „þjónustumiðstöð“ er einungis samheiti þjónustu sem frumvarpið kveður að öðru leyti á um. Ef hagkvæmt þykir að reka fleiri en einn þjónustuþátt saman ætti að vera óþarft að kveða sérstaklega á um það. Hins vegar er lögð til breyting í 4. mgr. sem kveður á um að umsögn stjórnarnefndar er ekki nægileg ein sér og undirstrikar það aukið vægi svæðisráða.
5. Lagt er til að 11. gr. verði breytt til þess að útrýma misskilningi sem orðið hefur vart vegna orðalags greinarinnar. Skipulagt svæði samkvæmt skipulagslögum er ýmist íbúðabyggð, stofnanasvæði eða atvinnusvæði.
6. Lagðar eru til tvær breytingar við 12. gr. Fyrri breytingin felur í sér aukna áherslu á vilja hins fatlaða. Sú seinni lýtur að því að breyta orðalagi sem þykir bera vott um of mikið forræði.
7. Lagðar eru til fjórar breytingar við 13. gr. Lögð er í fyrsta lagi til breyting við 1. málsl. 1. mgr. sem ætti að taka af tvímæli um að óþarft sé að starfrækja svæðisskrifstofu þegar sveitarfélög taka yfir þjónustu við fatlaða að öllu leyti. Færi um slíkan rekstur samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá er annars vegar lögð til breyting á 1. tölul. 1. mgr. og hins vegar er lögð til viðbót við 2. tölul. 1. mgr. Þessar breytingar þykja nauðsynlegar til að taka af tvímæli um að ekki er ætlunin að svæðisskrifstofur hafi yfirumsjón með þjónustu, framkvæmdum og rekstri sveitarfélaga og sjálfseignarstofnana. Í fjórða lagi er lagt til að 2. málsl. 2. mgr. falli brott. Ákvæðið er óþarft og hefur valdið misskilningi. Um ráðningu starfsfólks fer samkvæmt almennum reglum, þ.e. framkvæmdastjóri ræður starfsfólk enda er ráðningin staðfest af ráðuneyti.
8. Lögð er til breyting við 14. gr. og vísast um það til seinni athugasemdar við 6. gr.
9. Lagt er til að síðari málsliður 15. gr. falli brott. Veruleg andstaða hefur komið fram hjá mörgum aðilum vegna þessa heimildarákvæðis.
10. Lagt er til að 6. tölul. 1. mgr. 17. gr. falli á brott. Sjá má af mörgum umsögnum að menn óttast þá miðstýringu á þjónustu sem í ákvæðinu felst. Umsagnaraðilar láta og í ljós efasemdir um gildi göngudeildar fullorðinna á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Í ljósi þessa þykir ekki rétt að stofnað verði til slíkrar deildar einkum þegar haft er í huga að hún hefði talsverð útgjöld í för með sér. Enn fremur eru lagðar til leiðréttingar við misritun í 7. og 9. tölul. 1. mgr. greinarinnar.
11. Lagt er til að 18. gr. verði breytt vegna þess að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sérhæfir sig fyrst og fremst í þroskafrávikum. Því er í mörgum tilvikum eðlilegra að vísa til annarra aðila, svo sem Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands eða Sjónstöðvarinnar.
12. Lagt er til að í 20. gr. verði mælt fyrir um að fötluð börn skuli eiga rétt til leikskóladvalar á vegum sveitarfélaga og skuli veita hana á almennum leikskóla með nauðsynlegri stuðningsþjónustu eða á sérhæfðum deildum, sbr. leikskólalög.
13. Breytingin, sem lögð er til við 25. gr., felur ekki í sér efnislega breytingu.
14. Lögð er til sú breyting við 26. gr. að heimaaðilar taki þær ákvarðanir sem um er að ræða í stað félagsmálaráðuneytis.
15. Lagt er til að 31. gr. verði breytt á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er lagt til að eftir 1. málsl. komi nýr málsliður til fyllri skýringar á efni greinarinnar. Þá eru lagðar til breytingar á tveimur síðustu málsliðum til að taka af öll tvímæli um að ákvæði greinarinnar vísar til launaðra starfa.
16. Lagt er til að 32. gr. verði breytt vegna þess að ekki þykir rökrétt að binda í lög að könnun skuli gera á ákveðnu árabili.

17. Lögð er til breyting á 36. gr. vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um akstur fatlaðra en gert er ráð fyrir að ferðaþjónusta fatlaðra, sem kveðið er á um í greininni, greiðist af sveitarfélögum.
18. Lögð er til breyting á tilvísun í 49. gr. vegna breytingartillögu við 36. gr. Þá er bætt við greinina ákvæði þess efnis að ríkissjóður greiði þann kostnað sem er umfram almennar greiðslur vegna fatlaðra barna á leikskólum.
19. Lögð til breyting á 52. gr. og vísast til athugasemda við breytingartillögu á 36. gr.
20. Lagt er til að 53. gr. verði breytt til samræmis við þá breytingu sem lögð er til við 8. gr. frumvarpsins.
21. Lögð er til sú breyting við 57. gr. að ákvæði 36. og 52. gr., sem byggjast á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um akstur fatlaðra, öðlist gildi 1. janúar 1993. Þá er gerð breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins er verður 1. september í stað 1. júní.
22. Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða III falli brott með hliðsjón af breytingum við 49. gr. Þá er lagt til að bráðabirgðaákvæði IV falli niður með hliðsjón af því að síðari málsliður 15. gr. falli niður.

Meiri hluti nefndarinnar vill að fram komi að hann telji mikilvægt vegna þeirrar óskýru réttarstöðu sem íbúar Kópavogshælis búa við að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra beiti sér þegar fyrir skipan fimm manna nefndar sem hafi það verkefni að gera tillögur um framtíðarhlutverk og skipan Kópavogshælis. Meiri hluti nefndarinnar telur eðlilegt að félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, stjórnarnefnd Ríkisspítalanna og stjórnarnefnd í málefnum fatlaðra tilnefni sinn fulltrúa hver og að jafnframt skipi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra formann án tilnefningar.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 12. maí 1992.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Gunnlaugur Stefánsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Einar K. Guðfinnsson.	Eggert Haukdal, með fyrirvara.
Jón Kristjánsson, með fyrirvara.		Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.

916. Breytingartillögur [222. mál]

við frv. til l. um málefni fatlaðra.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (RG, GuðjG, GunnS, ISG, EKG, EH, IP, JónK).

1. Við 3. gr. Síðasti málsliður falli brott.
2. Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðunum „tillögur til“ í 1. tölul. 2. mgr. bætist: félagsmálaráðuneytis og.

b. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður svohljóðandi: Að hafa frumkvæði að aukinni ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra, sbr. ákvæði 14. gr. um þjónustusamninga.
c. 3. mgr. orðist svo:

Í svæðisráði sitja sjö fulltrúar og skulu þeir skipaðir af ráðherra til fjögurra ára í senn. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið skulu tilnefna sinn fulltrúann hvor og svæðisbundin samtök sveitarfélaga þrjá og skal einn þeirra vera félagsmálastjóri á svæðinu. Jafnframt skulu fræðslustjóri og héraðslæknir eiga sæti í svæðisráði.

3. Við 8. gr. Greinin falli brott.
4. Við 10. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. 4. tölul. 2. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „svæðisráða eða“ í lok 4. mgr. komi: svæðisráða og.
5. Við 11. gr. Í stað orðanna „almennri íbúðabyggð“ í lok síðustu málsgreinar komi: íbúðabyggð, sbr. skipulagslög.
6. Við 12. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „eða ósk“ í 3. málsl. fyrri málsgreinar komi: og ósk.
   b. Við 4. málsl. fyrri málsgreinar bætist: að höfðu samráði við umsækjanda og væntanlegt sambýlisfólk.
7. Við 13. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: nema sveitarfélög yfirtaki þjónustu að öllu leyti skv. 14. gr.
   b. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Að annast rekstur fyrir fatlaða á vegum ríkisins, svo og aðra þjónustu og starfsemi fyrir fatlaða á vegum ríkisins samkvæmt lögum þessum.
   c. Við 2. tölul. 1. mgr. bætist: og ekki eru á vegum sveitarfélaga eða sjálfseignarstofnana.
   d. 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
8. Við 14. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í upphafi 1. mgr. komi: Svæðisráð.
   b. Orðin „að höfðu samráði við svæðisráð“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
9. Við 15. gr. Síðari málsliður falli brott.
10. Við 17. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 6. tölul. 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðsins „svæðisráða“ í 7. tölul. 1. mgr. komi: svæðisskrifstofa.
   c. Í stað orðsins „svæðisstjórnir“ í lok 9. tölul. 1. mgr. komi: svæðisskrifstofur.
11. Við 18. gr. Síðari málsliður orðist svo: Leiði frumgreining í ljós að þörf sé frekari greiningar eða meðferðarúrræða skal tilkynna það Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða öðrum viðeigandi aðilum sem leita heppilegra úrræða í samráði við foreldra.
12. Við 20. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Við fyrri málslið bætist: eða á sérhæfðum deildum, sbr. lög um leikskóla, nr. 48/1991.
   b. Síðari málsliður falli brott.
13. Við 25. gr. Orðin „þegar þörf er á“ í lok fyrri málsliðar falli brott.
14. Við 26. gr. Síðari málsliður orðist svo: Svæðisskrifstofur taka ákvörðun um frekari liðveislu samkvæmt heimildum fjárlaga hverju sinni að fenginni umsögn svæðisráða.

15. Við 31. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
    a. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsliður er orðist svo: Vernduð vinna getur falist í störfum sem skipulögð eru með tilliti til fötlunar.
    b. Í stað orðsins „starfsþjálfun“ í 3. málsl. komi: launaða starfsþjálfun.
    c. Í stað orðsins „störf“ í lok greinarinnar komi: föst störf.
16. Við 32. gr. Greinin orðist svo:
    Félagsmálaráðuneytið beitir sér fyrir, í samráði við samtök fatlaðra og aðila vinnumarkaðarins, að reglulega sé gerð könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum og í framhaldi af því verði gerðar tillögur um úrbætur.
17. Við 36. gr. Í stað orðanna „á vegum ríkisins“ í 2. mgr. komi: á vegum sveitarfélaga.
18. Við 49. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðanna „sbr. 1. mgr. 36. gr.“ komi: sbr. 36. gr.
    b. Við greinina bætist: Þó skal ríkissjóður greiða þann kostnað sem er umfram almennar greiðslur vegna fatlaðra barna í leikskólum.
19. Við 52. gr. Í stað orðanna „úr ríkissjóði“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: á vegum sveitarfélaga.
20. Við 53. gr. Seinni málsliður falli brott.
21. Við 57. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðanna „1. júní“ í fyrri málslið komi: 1. september.
    b. Við greinina bætist: Þó skal síðari málsgrein 36. gr. og fyrri málsgrein 52. gr. öðlast gildi 1. janúar 1993.
22. Ákvæði til bráðabirgða III og IV falli brott.

917. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um Háskólann á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um málið Þorstein Gunnarsson, deildarsérfræðing í menntamálaráðuneytinu og formann nefndar er samdi frumvarpið, Harald Bessason, rektor Háskólans á Akureyri, og Kristján Kristjánsson, sérfræðing við skólann.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingar nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Við 1. gr. Ákvæði frumvarpsins um hlutverk stofnunarinnar er gert fyllra með því að kveða skýrt á um að Háskólinn skuli veita nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum.
2. Við 2. gr. Lagt er til að f-liður 2. mgr. falli brott en hann kveður á um að einn fulltrúi Akureyrarbæjar og einn fulltrúi heildarsamtaka sveitarfélaga á Norðurlandi skuli eiga sæti í háskólanefnd. Það er skoðun nefndarinnar að Háskólinn á Akureyri sé, líkt og Háskóli Íslands, skóli allra landsmanna og því sé ekki eðlilegt að í stjórn hans sitji fulltrúar staðbundinna samtaka. Þá er gerð orðalagsbreyting við 1. mgr. greinarinnar.

3. Við 9. gr. Orðalagi síðari málsliðar 1. mgr. er breytt til að kveða skýrar að orði um heimild menntamálaráðuneytisins til að stofna fleiri deildir við háskólann að því tilskildu að fyrir liggi tillögur háskólanefndar. Við háskólann eru núna starfandi þrjár deildir, heilbrigðisdeild, rekstrardeild og sjávarútvegsdeild. Nefndin styður að hið fyrsta verði stofnuð kennaradeild við skólann en ljóst er að verulegur áhugi og stuðningur er við stofnun slíkrar deildar.
4. Við 11. gr. Um er að ræða orðalagsbreytingar til að taka af öll tvímæli um að með ákvæði greinarinnar er átt við rannsóknarleyfi en ekki orlof í hefðbundnum skilningi þess orðs.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 1992.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. Kristín Ástgeirsdóttir. Valgerður Sverrisdóttir.

Tómas Ingi Olrich. Björn Bjarnason. Árni Johnsen.

Hjörleifur Guttormsson. Rannveig Guðmundsdóttir.

918. Breytingartillögur [218. mál]

við frv. til l. um Háskólann á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Háskólinn á Akureyri skal vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, gegna ýmsum störfum í atvinnulífinu, öðrum ábyrgðarstöðum og stunda frekara háskólanám. Háskólanum er einnig heimilt að annast endurmenntun á vettvangi fræða sem kennd eru í deildum skólans, sbr. 9. gr.
2. Við 2. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Háskólinn á Akureyri heyrir undir menntamálaráðuneyti.
   b. F-liður falli brott.
3. Við 9. gr. Í stað orðanna „getur samþykkt“ í síðari málslið 1. mgr. komi: heimilar.
4. Við 11. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „orlof“, „orlofinu“ og „orlofið“ komi: rannsóknarleyfi, rannsóknarleyfinu og rannsóknarleyfið.
   b. Í stað orðsins „orlofsumsókn“ í lok 1. mgr. komi: umsókn um rannsóknarleyfi.

919. Svar [351. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um innheimtu og ráðstöfun sérstaks eignarskatts.

Svör við 1.–4. tölul. eru byggð á upplýsingum fjármálaráðuneytisins 30. apríl 1992.

1. *Hve mikið innheimtist árlega gjaldárin 1987–1989 af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögum um þjóðarátak til byggingar Þjóðarbókhlöðu?*

Samkvæmt upplýsingum úr ríkisreikningi 1987–1989 var innheimta á sérstökum eignarskatti sem hér segir:

	Millj. kr.
Árið 1987	120,7
Árið 1988	151,3
Árið 1989	212,2
Samtals	**484,2**

2. *Hvernig var því fé varið sem innheimtist skv. 1. tölul., sundurliðað eftir árum?*

Samkvæmt ríkisreikningi 1987–1989 var eftirfarandi fjárhæðum varið til byggingar Þjóðarbókhlöðu:

	Millj. kr.
Árið 1987	74,0
Árið 1988	50,0
Árið 1989	120,1
Samtals	**244,2**

3. *Hve mikið innheimtist árlega árin 1990 og 1991 af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga?*

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisbókhaldi var innheimta á sérstökum eignarskatti samkvæmt lögum nr. 83/1989 eftirfarandi:

	1990 millj. kr.	1991 millj. kr.
Innheimta, sbr. lög nr. 83/1989	211,8	283,0
Innheimta á eftirstöðvum fyrri ára	49,3	45,5
Samtals	**261,1**	**328,5**
Fjárlagaáætlun til samanburðar	267,0	335,0

4. *Hvernig var því fé varið sem innheimtist skv. 3. tölul., sundurliðað eftir árum og verkefnum?*

Hér á eftir er tilgreint hvaða fjárhæðum var varið til endurbóta menningarbygginga á árunum 1990 og 1991. Ekki liggur fyrir skipting á innheimtu eignarskattsins til sérstakra verkefna, en eins og fram kemur eru útgjöld langt umfram tekjur bæði árin.

	1990 millj. kr.	1991 millj. kr.
Bessastaðir	161,2	81,2
Þjóðskjalasafn	5,3	10,8
Þjóðarbókhlaða	67,0	145,0
Þjóðleikhús	329,0	395,8
Þjóðminjasafn	22,3	34,6
Samtals	**584,7**	**667,4**

Svör við 5. tölul. eru byggð á greinargerð byggingarnefndar Þjóðarbókhlöðu 31. mars 1992.

5. *Hvað er áætlað að bygging Þjóðarbókhlöðu kosti á núgildandi verðlagi og hve miklu hefur verið varið til byggingarinnar frá 1987, framreiknað til sama verðlags?*

	Millj. kr.
Miðað við áramót 1991–1992 hefur verið varið til byggingar Þjóðarbókhlöðu á verðlagi dagsins	1.079,0
Áætluð viðbótarfjárþörf til loka fyrsta starfsárs	1.681,0
Frá áramótum 1987 til ársloka 1991 hefur verið varið til byggingarinnar á verðlagi 1. apríl 1992	563,7

Svör við 6. tölul. eru byggð á svörum viðkomandi byggingarnefnda.

6. *Hvað er áætlað að kostnaður sé mikill við endurbætur þeirra bygginga sem fengið hafa fé af sérstökum eignarskatti skv. 4. tölul., sundurliðað eftir byggingum, og hvað er áætlað að kostnaður sé mikill við óunnar framkvæmdir, einnig sundurliðað eftir verkefnum?*

Svar við fyrri hluta spurningarinnar:

Kostnaður við endurbætur og nýbyggingar	1991 millj. kr.
Bessastaðastofa	222,9
Þjóðskjalasafn	23,3
Þjóðarbókhlaða	1.079,0
Þjóðleikhús	695,0
Þjóðminjasafn	24,8

Svar við seinni hluta spurningarinnar:

Áætluð fjárþörf til verkloka	1991 millj. kr.
Þjóðskjalasafn	390,0
Þjóðarbókhlaða	1.681,0
Þjóðleikhús*	
Þjóðminjasafn	747,0

* Þjóðleikhús: Vegna óvissu um með hvaða hætti staðið verður að frekari endurbótum í Þjóðleikhúsinu hefur ekki verið gerð endanleg áætlun um kostnað í því sambandi.

920. Lög [441. mál]

um Jarðasjóð.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 892.

921. Lög [460. mál]

um brottfall laga nr. 2/1917.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 718.

922. Lög [466. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 893.

923. Þingsályktun [513. mál]

um fullgildingu samnings um réttindi barna.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 828.

924. Þingsályktun [185. mál]

um ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins 1991.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna þingmannaráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins í Qaqortoq á Grænlandi 7. ágúst 1991.

925. Nefndarálit [459. mál]

um frv. til laga um brottfall laga um Skipaútgerð ríkisins, nr. 40/1967.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Benedikt Jóhannesson, formann stjórnarnefndar Skipaútgerðar ríkisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Þeir nefndarmanna, sem skrifa undir með fyrirvara, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 11. maí 1992.

Árni M. Mathiesen, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Guðni Ágústsson, með fyrirvara.
Sturla Böðvarsson.	Sigríður Anna Þórðardóttir.	Árni Johnsen.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttur, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.

926. Breytingartillögur [459. mál]

við frv. til l. um brottfall laga um Skipaútgerð ríkisins, nr. 40/1967.

Frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Stefáni Guðmundssyni og Guðna Ágústssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Ráðherra er heimilt að ráðstafa allt að 50 millj. kr. af því fé sem fæst við sölu á eignum Skipaútgerðar ríkisins til að leysa vanda þeirra byggðarlaga sem við sölu skipanna missa nauðsynlega þjónustu.
2. Við 2. gr. (er verður 3. gr.). Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1992. Þó skal 2. gr. taka þegar gildi.

927. Breytingartillögur [214. mál]

við frv. til l. um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Valgerði Sverrisdóttur, Hjörleifi Guttormssyni og Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Við 16. gr. Í stað orðanna „enda komi ósk námsmanns þar að lútandi fram á lánsumsókn“ í niðurlagi greinarinnar komi nýr málsliður er orðist svo: Óski námsmaður eftir því að greiða ekki félagsgjald skal orðið við því.
2. Við 19. gr. bætist nýr málsliður á þessa leið: Í samráði við samtök námsmanna skal fyrir lok þessa árs endurskoða lög þessi og leggja frumvarp um ný lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna fyrir næsta þing.

3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr. skal haustið 1992 veita lán er nema a.m.k. ⅔ hlutum áætlaðra námslána á haustmissiri.

928. Nefndarálit [456. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, sbr. lög nr. 59/1988.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Ferðamálasamtökum Norðurlands, Ferðaþjónustu bænda, Félagi sérleyfishafa, Íslandsflugi hf. og Sambandi veitinga- og gistihúsa.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að almennur skipunartími fulltrúa í Ferðmálaráði og stjórn Ferðamálasjóðs verði óbreyttur frá því sem nú er eða fjögur ár en ekki tvö eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Flutt er tillaga þessa efnis á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. maí 1992.

Árni M. Mathiesen, form., frsm. Sigbjörn Gunnarsson. Sturla Böðvarsson.

Árni Johnsen. Sigríður Anna Þórðardóttir.

929. Breytingartillögur [456. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, sbr. lög nr. 59/1988.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (ÁMM, StB, ÁJ, SigG, SAÞ).

1. Í stað orðanna „tveggja ára“ í 1. gr. komi: fjögurra ára.
2. Í stað orðanna „tveggja ára“ í 2. gr. komi: fjögurra ára.

930. Nefndarálit [280. mál]

um frv. til l. um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu Magnús Jóhannesson, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, og Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu. Umsagnir bárust frá Búnaðarfélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins, Landssambandi slökkviliðsmanna, Landvernd, samtökunum Lífi og landi, lögreglunni í Reykjavík, Náttúruverndarráði, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stéttarsambandi bænda, Sýslumannafélagi Íslands, umhverfisráðuneytinu og dóms-

málaráðuneytinu. Einnig bárust frá dómsmálaráðuneytinu bréf frá flestum lögreglustjórum landsins þar sem fram kemur lauslegt mat þeirra á framkvæmd gildandi laga um sinubrennur. Þá hefur nefndin haft til athugunar breytingartillögu við frumvarpið frá Pálma Jónssyni á þskj. 587.

Umhverfisnefnd telur að skort hafi á að fyrirmælum laga nr. 8/1966, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, væri framfylgt. Nefndin telur þörf á að setja ný lög um efnið. Til þess að tryggja að lögunum verði framfylgt þarf fræðslu og upplýsingar til almennings um skaðsemi sinubruna, en jafnframt um ástæður þess að heimild er til að leyfa að brenna sinu á bújörðum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Nefndin leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu og varða sumar þeirra einungis breytingu á framsetningu. Í fyrsta lagi leggur nefndin til að einungis megi brenna sinu á jörðum sem eru í ábúð eða nýttar eru af ábúendum lögbýla og að til þess þurfi leyfi sýslumanns. Gert er ráð fyrir því að ábúendur jarða geti einir fengið að brenna sinu. Nýti ábúandi lögbýlis hins vegar jörð, sem ekki er byggð, vegna búreksturs síns getur hann einnig fengið leyfi sýslumanns til að brenna sinu á þeirri jörð. Ekki er heimilað að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert nema við sérstakar aðstæður og með leyfi sýslumanns sem gefið er í samráði við umhverfisráðuneytið. Verða sérstakar veðurfarslegar ástæður að gefa tilefni til slíks leyfis. Í breytingartillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að þessi ákvæði komi í 1. og 3. gr.

Þá leggur nefndin til að í sérstakri grein, 2. gr., komi fram nokkur almenn atriði sem valda því að ekki má brenna sinu, t.d. ef almannahætta stafar af eða tjón getur hlotist á náttúruminjum. Varðandi reglugerð, sem umhverfisráðherra setur, leggur nefndin til að leita beri umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Náttúruverndarráðs. Að lokum leggur nefndin til að breytt verði framsetningu á ákvæðum um meðferð elds á víðavangi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Ólafur Ragnar Grímsson voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 1992.

Gunnlaugur Stefánsson, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Hjörleifur Guttormsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Kristín Einarsdóttir.	Árni R. Árnason.
	Björn Bjarnason.	

931. Breytingartillögur [280. mál]

við frv. til l. um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

Frá umhverfisnefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Óheimilt er að brenna sinu nema á jörðum sem eru í ábúð eða nýttar af ábúendum lögbýla og þá samkvæmt leyfi sýslumanns og að fylgt sé ákvæðum í reglugerð, sbr. 4. gr.
2. Í stað 2. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (2. gr.)
      Aldrei má brenna sinu þar sem almannahætta stafar af eða tjón getur hlotist af á náttúruminjum, fuglalífi, mosa, lyng- eða trjágróðri og mannvirkjum.

b. (3. gr.)
Ábúendur jarða geta einir fengið leyfi til að brenna sinu á jörðum, sbr. 1. gr., enda sé það gert fyrir 1. maí ár hvert að uppfylltum skilyrðum í reglugerð, sbr. 4. gr. Eftir þann tíma er hvarvetna óheimilt að brenna sinu. Þó getur sýslumaður, að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið, ákveðið aðra dagsetningu ef sérstakar veðurfarslegar ástæður gefa tilefni til.

3. 3. gr., er verði 4. gr., orðist svo:
Í reglugerð, sem umhverfisráðherra setur að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands og Náttúruverndarráðs, skal mælt fyrir um hver skilyrði ábúanda, sbr. 3. gr., skuli sett, m.a. um skyldu til að tilkynna hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra, eftirlit með brennu og annað sem nauðsynlegt þykir.

4. 4. gr., er verði 5. gr., orðist svo:
Óheimilt er að kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er gróðri, dýralífi eða mannvirkjum.
Skylt er hverjum þeim sem ferðast um að gæta ýtrustu varkárni í meðferð elds.
Sá sem verður þess var að eldur er laus á víðavangi skal svo fljótt sem auðið er gera aðvart umráðamanni lands eða hlutaðeigandi yfirvaldi.

5. Í stað orðanna „sem hlýst af“ í niðurlagi 5. gr., er verði 6. gr., komi: sem af hlýst.

932. Nefndarálit [432. mál]

um frv. til l. um Fiskistofu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, Þórarinn Árnason, Marías Þ. Guðmundsson, Jónas Blöndal og Emil Ragnarsson fyrir hönd starfsmanna Fiskifélags Íslands, Jón Gíslason frá Hollustuvernd ríkisins, Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir og Einar Jóhannsson frá Ríkismati sjávarafurða. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, Fiskifélagi Íslands, starfsmönnum Fiskifélags Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Ríkismati sjávarafurða, Samtökum fiskvinnslustöðva og Vélstjórafélagi Íslands.

Frumvarp þetta mælir fyrir um breytingu á stjórnsýslu á sviði sjávarútvegsmála, að komið verði á fót Fiskistofu sem verði opinber stofnun og starfi á ábyrgð sjávarútvegsráðherra. Við umræðu málsins í nefndinni kom m.a. fram varðandi 3. gr. frumvarpsins að réttara hefði verið að kjósa stjórn fyrir Fiskistofu og að hún hefði sjálfstæða stöðu. Rétt væri þó að láta reynslu skera úr um það hvort gera þyrfti breytingar í þessa átt. Enn fremur kom fram að ástæða væri til þess að stofnun þessi væri utan höfuðborgarsvæðisins að nokkru eða öllu leyti og það gæti átt við um ákveðna starfsemi, svo sem veiðieftirlit.

Nefndin leggur til tvær breytingar við frumvarpið, annars vegar að ákvæði 2. málsl. 2. gr. falli brott og hins vegar leggur nefndin til breytingu við 4. gr. frumvarpsins þar sem kveðið verði skýrt á um að Fiskistofa skuli, að höfðu samráði við Hagstofu Íslands, fela Fiskifélagi Íslands söfnun tiltekinna upplýsinga, úrvinnslu þeirra og útgáfu hagskýrslna á sviði sjávarútvegsmála.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. maí 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Árni R. Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.	Árni Johnsen.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.	Jón Helgason, með fyrirvara.

933. Breytingartillögur [432. mál]

við frv. til l. um Fiskistofu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. 2. málsl. greinarinnar falli brott.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Fiskistofa skal að höfðu samráði við Hagstofu Íslands fela Fiskifélagi Íslands söfnun tiltekinna upplýsinga, úrvinnslu þeirra og útgáfu hagskýrslna á sviði sjávarútvegsmála.
3. Við 13. gr. 2. málsl. greinarinnar falli brott.

934. Breytingartillögur [188. mál]

við frv. til l. um brunavarnir og brunamál.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Við 31. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Heimili og varnarþing Brunamálastofnunar skal vera utan höfuðborgarsvæðisins samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.
2. Við 33. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Ráðherra skal fyrir árslok 1992 ákveða hvar heimili og varnarþing Brunamálastofnunar verður, sbr. 2. mgr. 31. gr., og skal flutningi Brunamálastofnunar vera lokið fyrir árslok 1993.

935. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar kom Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hafrannsóknastofnun, Íslenskum sjávarafurðum hf., Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtök-

um fiskvinnslustöðva, Sýslumannafélagi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Vélstjórafélagi Íslands.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til sú breyting við 5. gr. að vald til þess að krefjast upplýsinga og gagna frá þeim sem eftirlit beinist að, og öðrum sem taldir eru í greininni, verði í höndum Fiskistofu í stað þess að fá eftirlitsmönnum stofnunarinnar það beint. Enn fremur er lagt til að 3. mgr. 5. gr. falli brott þar sem kveðið er á um aðgang eftirlitsmanna að gögnum, upplýsingum og aðstoð opinberra stofnana, viðskiptabanka, sparisjóða og lánastofnana, en hann þykir of rúmur.
2. Lagt er til að 4. mgr. 10. gr. falli brott en þar er kveðið á um heimild ráðherra til að fella niður veiðiheimildir útgerðarmanns eða skipa sem hann gerir út vegna vangoldinna gjalda skv. 1. gr. frumvarpsins. Hér er um mjög harkalegar aðgerðir að ræða sem bitna ekki aðeins á útgerð heldur einnig á sjómönnum og jafnvel landverkafólki.
3. Lögð er til breyting á 12. gr. í samræmi við breytingartillögu við 5. gr.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. maí 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Árni R. Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.	Árni Johnsen.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.	Jón Helgason, með fyrirvara.

936. Breytingartillögur [430. mál]

við frv. til l. um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „Þeim sem hafa með höndum eftirlit skv. 1. mgr. 4. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Fiskistofu.
   b. Orðið „eftirlitsmanna“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „eftirlitsmenn mælast“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: Fiskistofa mælist.
   d. Í stað orðsins „Eftirlitsmönnum“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: Fiskistofu.
   e. Í stað orðanna „þeim, sem hafa með höndum eftirlit skv. 1. mgr. 4. gr.“ í 2. mgr. komi: Fiskistofu.
   f. 3. mgr. falli brott.
   g. Í stað orðanna „eftirlitsmenn Fiskistofu telja“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: Fiskistofa telur.
   h. Í stað orðanna „þeir telja“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: hún telur.
   i. Í stað orðanna „skulu þeir“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: skal hún.
2. Við 10. gr. 4. mgr. falli brott.
3. Við 12. gr. Orðið „eftirlitsmönnum“ í 1. málsl. falli brott.

937. Skýrsla [532. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1991.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. FJÁRÖFLUN

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur vegasjóðs af mörkuðum tekjustofnum á árinu 1991 sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Rauntekjur (bráðab.tölur) m.kr.
1.1. Markaðar tekjur 1991:		
1. Bensíngjald	3.570	3.632
2. Þungaskattur, árgjald	345	418
3. Þungaskattur, km-gjald	1.275	1.114
	5.190	5.164
1.2. Framlag úr ríkissjóði	350	0
Samtals vegáætlun	5.540	5.164
Breytingar samkvæmt fjáraukalögum	- 350	
Samtals fjárveiting	5.190	

Greiðslur til Vegagerðarinnar voru samkvæmt vegáætlun, með þó þeim breytingum, sem gerðar voru með fjáraukalögum.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign

Samkvæmt tölum frá Bifreiðaskoðun Íslands voru nýskráðar fólksbifreiðar og hópferðabifreiðar 9.601 á árinu 1991 á móti 6.922 árið áður (aukning 26,5%). Nýskráðar vöru- og sendibifreiðar voru 2.342, en voru 1.918 árið áður (aukning 22,1%).

Innflutningur á bifreiðum virðist nú vera að aukast að nýju eftir mikla lægð á árunum 1989 og 1990. Ennþá er mikil aukning í innflutningi á vöru- og sendibifreiðum.

	Bifreiða-eign 31.12.89	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.90	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.91
Fólksbifreiðar	125.601	-3,62	121.059	0,98	122.251
Vöru-/sendibifreiðar	12.177	7,76	13.122	11,44	14.623
Alls	137.778	-2,60	134.181	2,01	136.874

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsalan á tekjuárinu 1991 varð 175,4 m.ltr og var söluaukningin um 3,5% frá fyrra ári.

Í febrúar 1991 var hafin sala á 95 oct. blýlausu bensíni og hafði það í árslok 1991 náð yfir 20% hlutdeild í heildarbensínsölunni. Tekur það einkum sölu frá 98 oct. superbensíni.

Bensíngjald var í ársbyrjun 20,55 kr./ltr, en á árinu urðu eftirtaldar hækkanir á því:

Dagsetning	Bensíngjald kr/ltr	Hækkun %	Byggingar vísitala stig	Bensíngjald mætti vera kr/ltr
29. janúar 1991	21,20	3,16	176,5	23,53
1. júní 1992	22,25	4,95	183,5	24,47
1. september 1991	23,35	4,94	187,0	24,93

Enn er við lýði sá afsláttur sem ákveðinn var 1989 af bensíngjaldi af blýlausu bensíni, en hann nemur 8,5%. Með tilkomu blýlausa 95 oct. bensínsins hefur hlutdeild þess bensíns, sem fullt bensíngjald er lagt á, minnkað stórlega og um áramótin 1991/1992 var hlutdeild blýlauss bensíns komið upp í 73,4% af sölunni. Afsláttur þessi nemur á einu ári um 250 m.kr. miðað við selt magn 1991 og gjaldskrá frá 1. september 1991.

Verð á blýlausu 92 oct. bensíni lækkaði í ársbyrjun úr 56,80 kr/ltr í 54,40 kr/ltr, en hækkaði síðan, að hluta til vegna hækkunar bensíngjalds, og var verðið komið í 59,40 kr/ltr í september.

Ár	Bensínsala m.ltr	Meðaleyðsla lítrar á bifr.	Verð á lítra 31.12. 92 oct	95 oct	98 oct.	Bensíngjald Venjulegt	Blýlaust
1982	126,9	1353	13,8			3,06	
1983	124,0	1281	22,3			5,08	
1984	126,0	1267	25,8			5,72	
1985	129,6	1275	35,0			9,54	
1986	136,8	1250	25,0		27,5	9,54	
1987	155,7	1324*	33,7		35,4	12,60	
1988	164,8	1321	36,6		38,3	12,60	
1989	166,4	1336	49,9		54,1	19,39	17,74
1990	169,4	1387	56,8		62,9	20,55	18,80
1991	175,4	1436	59,4	63,3	66,4	22,25	20,35

* Samanburður á meðaleyðslu bensínbifreiða milli áranna 1986 og 1987 er ekki raunhæfur. Við álagningu nýs bifreiðaskatts 1987 átti sér stað mikil hreinsun í bifreiðaskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins og ætti því talan fyrir meðaleyðslu 1987 að gefa mun réttari mynd, en fyrri tölur.

1.1.2 Þungaskattur

Gjaldskrár þungaskatts voru hækkaðar 1. janúar 1991 um 9% og síðan aftur 1. júní 1991 um 15%. Hækkanir á þungaskatti höfðu ekki haldist í hendur við bensíngjaldshækkanir á árinu 1990 og var verið að leiðrétta það að hluta á árinu 1991. Þrátt fyrir þessar hækkanir var, eftir hækkunina í júní, ónýtt heimild til hækkunar upp á 10,2%.

Um 11% aukning varð á innheimtu fasta árgjaldsins umfram hækkanir á gjaldskrám, en innheimta km-gjalds virðist hafa verið svipuð og árið áður þegar tekið hefur verið tillit til gjaldskrárbreytinga.

Enn hafa ekki verið gerðar neinar breytingar á innheimtu- og álagningarkerfi þungaskatts, sem gert var ráð fyrir við gerð vegáætlunar.

1.2. FRAMLAG ÚR RÍKISSJÓÐI

Í vegáætlun fyrir 1991 var gert ráð fyrir sérstöku framlagi úr ríkissjóði upp á 350 m.kr. til jarðgangagerðar á Vestfjörðum. Þetta framlag var síðar skorið niður.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA 1991 OG YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Við gerð vegáætlunar fyrir 1991 var meðalvísitala vegagerðar árið 1991 áætluð 4560 stig og hafði þá verið gert ráð fyrir verðlagshækkun upp á rúm 7% milli ára. Meðalvísitalan varð í raun 4554 þannig að frávikið reyndist aðeins vera um 0,1%.

Vegagerðin hefur á undanförnum árum fengið allar sínar tekjur af mörkuðum tekjustofnum. Á árinu 1991 var hins vegar gert ráð fyrir því í vegáætlun að Vegagerðin fengi sérstakt framlag 350 m.kr. úr ríkissjóði vegna jarðgangagerðar á Vestfjörðum einkum vegna flýtingar á þeirri framkvæmd, sem Alþingi ákvað á 112. löggjafarþingi. Framlag þetta var síðan skorið niður. Þá var aftur á móti ljóst að ekki var hægt að láta nema hluta af niðurskurðinum lenda á Vestfjarðagöngunum, þar sem útboð hafði farið fram. Niðurstaðan varð sú að 100 m.kr. voru teknar af Vestfjarðagöngum, 100 m.kr. voru teknar af vetrarþjónustu og 150 m.kr. voru teknar af almennum nýbyggingarframkvæmdum.

Fjárhagsstaða Vegagerðarinnar í árslok 1991 var góð. Munaði þar mestu að vetrarmánuðir voru snjóléttir og voru um 80 m.kr. eftir af snjómokstursfé í árslok, þrátt fyrir það að áður höfðu verið skornar niður 100 m.kr. af þeim lið.

Taka vinnulána var með minnsta móti á árinu.

Heildarútgjöld til vegamála, á föstu verðlagi voru um 4% meiri á árinu 1991 en þau voru árið áður. Kostnaður við sumarviðhald var um 14% hærri og má að hluta rekja orsökina til snjóléttra vetrarmánaða. Viðhaldsþörfin fer hins vegar stöðugt vaxandi og má reikna með því að stöðugt stærri hluti af heildarfjárveitingum fari í þjónustu og viðhald á næstu árum.

Kostnaður við vetrarþjónustu var aftur á móti í lægri kantinum þrátt fyrir aukna þjónustu í kjölfar nýrra snjómokstursreglna, sem gefnar voru út í mars 1991.

Fjármagn til nýbygginga jókst um 5% milli ára, en taka verður tillit til þess að hin stóru verkefni, jarðgöng, stórbrýr og höfuðborgarsvæðið taka til sín umtalsvert fjármagn. Varð því minna fjármagn til almennrar vegagerðar og bundinna slitlaga en oft áður, enda urðu ný bundin slitlög 1991 styttri en verið hafði í mörg ár.

Í súluritinu hér að neðan koma fram útgjöld til vegamála í m.kr. á verðlagi 1991 á árunum 1964 til 1991.



Hér að neðan má sjá útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1964 til 1991. Miðað er við endurskoðaðan grunn þjóðarframleiðslu.



2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald

Um sl. áramót voru fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins 340 í 333 stöðugildum en voru 342 í 336 stöðugildum um áramótin 1990-1991. Af þessum 340 eru 153 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 150 stöðugildum.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1991 var 396 en var 407 árið 1990. Heildarvinnuframlag á árinu 1991 reiknað í dagvinnustundum nam 560 mannárum og hafði lækkað úr 581 frá árinu 1990. Launagreiðslur voru 609 m.kr. á árinu 1991 og launatengd gjöld 84 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um sl. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

Fastir starfsmenn 31. desember 1991

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Sam-tals
Yfirstjórn, skrifstofa	21	3	2	4	3	3	3	4	43
Tæknilegur undirbúningur	38	6	5	6	5	4	7	4	75
Vegaeftirlit	5								5
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	13						1	1	15
Iðnlærðir verkstjórar	1	1	3	1	1	2	1	1	11
Verkstjórar	2	9	4	9	8	5	13	10	60
Iðnaðarmenn	6	2	6	4	2	3	4	4	31
Vélamenn	4	6	6	14	9	6	11	8	64
Verkamenn	0	5	2	5	4	5	3	0	24
Ráðskonur, matreiðslumenn	4	1	0	1	1	1	2	2	12
Fastir starfsmenn í desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn í desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn í desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn í desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371
Fastir starfsmenn í desember 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385
Fastir starfsmenn í desember 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423
Fastir starfsmenn í desember 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455
Fastir starfsmenn í desember 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461

2.1.1. Skrifstofukostnaður

Fjárveiting í vegáætlun var 133 m.kr.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, sem nær yfir fjárreiðudeild, hagdeild og lögfræði- og starfsmannadeild.




Ársumferð 1991
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur

Fjárveiting í vegáætlun var 102 m.kr.

Tæknisvið nær yfir áætlanadeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild og þjónustudeild. Tæknideildir Vegagerðarinnar vinna að hönnun verkefna, stjórnun framkvæmda og eftirliti með þeim. Auk þess vinna þær ýmiss konar rannsóknar- og tilraunastörf. Ef hægt er að tengja vinnuna við ákveðna framkvæmd sem hefur fjárveitingu í vegáætlun er kostnaðurinn færður á verkið en ef vinnan hins vegar tengist ekki ákveðnum verkum eða verkum sem ekki hafa enn fjárveitingu á vegáætlun er hún greidd af þessum lið.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit

Fjárveiting var 29 m.kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi sem byrjað var að vinna eftir 1985. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Vesturlandi. Heildarumferð á þjóðvegum jókst um rúmlega 10% frá árinu 1989.

Umferðaraukning var um allt land en nokkuð mismunandi eftir landshlutum, mest á Vesturlandi yfir 20% en minnst á Austurlandi rúmlega 3%.

Kortið á síðunni hér til vinstri, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem um var gerð lögregluskýrsla á árinu 1990. Niðurstöður birtast í sérstakri skýrslu. Söfnun upplýsinga um umferðarslys á þjóðvegum árið 1991 stendur yfir.

C. Skráning vega og vegalengda.

Haldið var við skrám um opinbera vegi og lengd þeirra. Taflan hér að neðan sýnir lengd vegakerfisins.

Kjördæmi	Stofnbrautir		Þjóðbrautir		Þjóðvegir í þéttbýli				Þjóðvegir	Sýsluv.	Alls akf. þjóðv. og sýsluv.
	Ekki akfært	Akfært	Ekki akfært	Akfært	Ekki akfært	Akfært malarslitlag	Akfært bundið slitlag	Alls akfært	Alls akfært	akfært	
	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km
Reykjavík					6,08	1,80	35,39	37,19	37,19		37,19
Suðurland		559,0	2,7	1.014,1	0,07	0,16	14,53	14,69	1.587,80	564,6	2.152.40
Reykjanes	6	217,1		178,0	1,79	0,18	31,06	31,24	426,34	69,3	495,64
Vesturland		579,0	17,5	768,9		0,05	14,38	14,43	1.362,30	455,6	1.817,90
Vestfirðir		788,3	9,0	507,0			14,82	14,82	1.310,10	537,2	1.847,30
Norðurl.v.		401,5	14,9	660,3			14,20	14,20	1.076,00	455,3	1.531,30
Norðurl.ey.		625,3		568,5		1,33	14,69	16,02	1.209,80	444,7	1.654,50
Austurland		911,9		470,2		1,17	25,91	27,08	1.409,20	514,8	1.924,00
Samtals:	6	4.082,1	44,1	4.167,0	7,94	4,69	164,98	169,67	8.418,80	3.041,5	11.460,00

Í meðfylgjandi töflu er sýndur km-fjöldi bjóðvega í hverjum umferðarflokki (júní-sept.). Gerður er greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi. Einnig er sýnt hve eknir eru margir km í hverju kjördæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstrinum.

		Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1991													Ársumferð		
		Minni en 50	50-100	100-200	200-300	300-500	500-750	750-1.000	1.000-1.500	1.500-2.000	2.000-3.000	3.000-5.000	5.000-10.000	Yfir 10.000		% skipting	
		Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki															
Kjördæmi	Gerð slitlags	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	Alls km	Eknir m.km	Í kjörd. %	Í landi %
Suðurland	Malar	258	215	340	66	115	26	9	13	0	0	0	0	0	1.042	39,2	21,8	4,4
	Bundið	12	2	31	50	133	86	49	73	20	45	27	8	0	535	140,4	78,2	15,8
	Samt.	270	218	371	115	248	112	58	86	20	45	27	8	0	1.578	179,6	100,0	20,2
Meðalt. bílar/dag		25	74	143	254	384	579	880	1148	1784	2398	4808	5865	0	464	312		
Reykjanes	Malar	0	36	53	19	19	9	5	11	0	2	0	0	0	154	13,7	4,2	1,5
	Bundið	0	6	7	6	16	9	14	12	23	36	40	49	23	240	309,4	95,8	34,8
	Samt.	0	41	60	25	35	18	19	23	23	38	40	49	23	394	323,1	100,0	36,3
Meðalt. bílar/dag		0	79	152	219	368	626	947	1.138	1.775	2.521	3.508	6.544	16.101	2.666	2.249		
Vesturland	Malar	260	213	270	126	94	50	0	5	0	0	0	0	0	1.018	36,3	32,1	4,1
	Bundið	0	3	19	14	71	90	5	29	41	44	15	0	0	331	76,8	67,9	8,6
	Samt.	260	216	290	140	165	140	5	34	41	44	15	0	0	1.349	113,1	100,0	12,7
Meðalt. bílar/dag		31	74	137	236	375	586	897	1.253	1.627	2.396	3.177	0	0	375	230		
Vestfirðir	Malar	252	244	460	55	21	0	0	0	0	0	0	0	0	1.033	21,8	50,3	2,5
	Bundið	0	6	102	79	54	10	16	0	3	3	2	0	0	276	21,5	49,7	2,4
	Samt.	252	250	562	134	75	10	16	0	3	3	2	0	0	1.309	43,3	100,0	4,9
Meðalt. bílar/dag		26	78	150	238	356	745	905	1.063	1.863	2.262	3.030	0	0	162	91		
Norðurland vestra	Malar	341	162	155	51	45	14	0	6	0	0	0	0	0	772	21,8	30,2	2,4
	Bundið	0	0	10	12	70	34	40	121	1	0	0	0	0	289	50,3	69,8	5,7
	Samt.	341	162	165	63	115	48	40	127	1	0	0	0	0	1.062	72,1	100,0	8,1
Meðalt. bílar/dag		30	73	142	262	386	636	886	1.127	1.525	0	0	0	0	299	186		
Norðurland eystra	Malar	151	303	163	151	97	45	8	0	0	0	0	0	0	917	36,5	38,8	4,1
	Bundið	1	7	9	35	36	68	38	35	37	5	7	0	0	278	57,5	61,2	6,5
	Samt.	152	309	172	185	133	112	46	35	37	5	7	0	0	1.194	94,0	100,0	10,6
Meðalt. bílar/dag		34	77	151	245	398	581	896	1.269	1.669	2.530	3.158	9.297	0	337	216		
Austurland	Malar	311	220	202	178	66	0	0	0	0	0	0	0	0	978	28,2	43,9	3,2
	Bundið	5	1	25	198	109	55	5	5	0	3	0	0	0	405	36,0	56,1	4,0
	Samt.	316	221	227	376	175	55	5	5	0	3	0	0	0	1.383	64,2	100,0	7,2
Meðalt. bílar/dag		29	75	139	245	406	631	879	1.145	0	2.630	0	0	0	197	127		
Samtals	Malar	1.573	1.392	1.644	645	457	143	23	35	0	2	0	0	0	5.914	197,5	22,2	22,2
	Bundið	18	25	203	393	488	352	168	276	125	135	90	57	23	2.354	692,0	77,8	77,8
	Alls	1.591	1.418	1.847	1.038	946	495	191	311	125	137	90	57	23	8.269	889,5	100,0	100,0
Meðalt. bílar/dag		29	75	145	244	386	598	895	1.164	1.696	2.437	3.802	6.466	16.101	422	295		

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegaverkstjóra og verkamanna, sem störfuðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, en höfðu ekki aðgang að neinum lífeyrissjóði, voru áætlaðar 8,0 m.kr., en urðu ekki nema tæplega 7,0 m.kr. Þrír fyrrverandi verkamenn og tvær ekkjur létust á árinu, en tvær ekkjur bættust við. Alls nutu því 5 fyrrverandi verkstjórar, 17 ekkjur og 3 fyrrverandi verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 25 á móti 28 í árslok árið 1990.

2.2. ÞJÓNUSTA OG VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Markmið þjónustu og viðhalds er að stuðla að greiðum samgöngum og að varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu. Hér er um að ræða mikið og vaxandi starf.

Heildarlengd stofnbrauta og þjóðbrauta er hátt á níunda þúsund km (sjá töflu á bls. 12) og umferðin er á níunda hundrað milljóna ekinna km á ári og eykst stöðugt sbr. línurit hér að neðan. Þá má nefna að væntingar vegfarenda, sem þó er erfitt mæla, aukast og munu stöðugt vera nokkuð á undan þróuninni til bættrar þjónustu.



Í vegáætlun 1991 var fjárveiting til þjónustu og viðhalds 2.353 m.kr. Henni var nú skipt með öðrum hætti en gert hefur verið á undanförnum árum (sbr. fskj. 1). Þannig var þjónustu- og viðhaldsliðnum nú deilt upp í almenna þjónustu, vetrarþjónustu og viðhald. Tengdist þetta breyttum starfsháttum innan Vegagerðarinnar.

Í súluritinu hér að neðan kemur fram þróun í kostnaði við þjónustu og viðhald frá 1964. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi 1991.



Taflan hér fyrir neðan sýnir fjárveitingar og heildarkostnað viðhalds og þjónustu ásamt hlutdeild vetrarþjónustu á árunum 1974 til 1991. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi hvers árs.

Ár	Fjárv. í vegáætlun m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.	Vetrar-þjónusta m.kr.	Vetrarþjónusta sem hlutfall af heildarkostnaði %
1974	7,16	8,44	1,64	19,4
1975	10,49	11,62	3,22	27,7
1976	13,81	14,62	3,16	21,6
1977	18,78	19,80	5,00	25,3
1978	32,20	35,00	8,45	24,1
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,01	16,87	20,8
1981	140,06	138,76	42,98	31,0
1982	220,90	236,58	55,95	23,6
1983	414,00	425,13	136,90	32,2
1984	532,30	561,67	157,00	28,0
1985	691,00	645,30	96,80	15,0
1986	821,10	777,00	179,10	23,1
1987	875,00	909,26	141,73	15,6
1988	1.063,00	1.055,30	248,20	23,5
1989	1.485,00	1.489,70	526,70	35,4
1990	1.852,00	1.800,82	594,35	33,0
1991	1.878,00	1.869,00	374,80	20,1

Taflan hér að neðan sýnir skiptingu á kostnaði við viðhald og þjónustu milli umdæma 1991. Upphæðirnar eru í m.kr.

	Viðhald og þjónusta					Viðhald og almenn þjónusta		
Kjördæmi	Kostnaður árið 1991 m.kr.	Lengd akfærra vega km	Kostnaður á hvern km þ.kr.	Akstur 1991 m.km	Kostnaður á ekna 100 km kr.	Kostnaður alls m.kr.	Kostnaður á km þ.kr.	Kostnaður á ekna 100 km kr.
Suðurland	220,3	1573	140,1	180	122	195,9	124,6	109
Reykjanes	380,2	395	962,6	323	118	325,9	825,1	101
Vesturland	277,0	1348	205,5	113	245	234,3	173,8	207
Vestfirðir	322,0	1295	248,6	43	749	223,0	172,2	519
Norðurl. vestra	171,9	1062	161,9	72	239	132,1	124,4	183
Norðurl. eystra	242,4	1194	203,0	94	258	177,3	148,5	189
Austurland	255,1	1382	184,6	64	399	205,6	148,8	321
Samtals/meðaltal:	1.869,0	8249	226,6	889	210	1.494,2	181,1	168

Í eftirfarandi töflu kemur fram kostnaður við viðhald og almenna þjónustu vega árin 1980 - 1991 ásamt ýmsum stærðum sem áhrif hafa á viðhaldsþörfina.

Ár	Kostnaður m.kr	Vísitala viðhalds-kostnaðar	Kostnaður á verðlagi 1991 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Kostnaður pr. km. á verðlagi 1991 þ.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á á öllum þjóðvegum m.km.	Kostnaður pr 100 ekna km verðl. 1991
1980	63,63	228	1304	8409	155,1	90.015	472	276,3
1981	95,70	351	1274	8411	151,5	95.606	485	262,7
1982	180,63	570	1481	8306	178,3	100.936	500	296,2
1983	288,20	1064	1266	8277	152,9	100.459	485	261,0
1984	399,90	1198	1560	8268	188,7	108.254	524	297,7
1985	548,40	1595	1607	8222	195,4	113.202	586	274,2
1986	597,90	1825	1531	8231	186,0	117.117	606	252,6
1987	767,50	2285	1570	8265	189,9	129.818	726	216,2
1988	807,10	2890	1305	8269	157,8	137.409	774	168,6
1989	963,00	3538	1272	8256	154,1	138.489	795	160,0
1990	1.222,47	4375	1306	8254	158,2	137.778	807	161,8
1991	1.494,20	4673	1494	8249	181,1	137.181	889	168,1

Súluritið hér á eftir sýnir þróun í kostnaði við viðhald og almenna þjónustu frá 1964.



Súluritið hér að neðan sýnir kostnað við viðhald og almenna þjónustu stofnbrauta og þjóðbrauta á hverja 100 ekna km á verðlagi 1991, samanber síðasta dálk töflunnar neðst á bls. 15.



2.2.1. Almenn þjónusta

Verkefni sem tilheyra almennri þjónustu afmarkast af því viðhaldi og viðgerðum sem gera þarf á vegum til að viðhalda því ástandi sem er og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla kröfur um greiða umferð og öryggi.

Fjárveiting til almennrar þjónustu var 657 m.kr. og var skipt í fjóra megin flokka þ.e. sameiginlegrar þjónustu, þjónustu malarvega, þjónustu vega með bundnu slitlagi og þjónustu brúa.

2.2.1.1. Sameiginlegt

Fjárveiting til þessara verkefna var 237 m.kr. og var henni varið til að greiða kostnað við rekstur lýsingar meðfram vegum, endurnýjunar og viðhalds á kantstikum, umferðarmerkjum og leiðurum, hreinsunar vegsvæðis og áningastaða meðfram vegum, upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars sem auðveldar vegfarendum að komist leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

2.2.1.2. Malarvegir

Fjárveiting til þjónustu malarvega var 260 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verkefni eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru 1991 með klórkalsíum, salti eða sjó. Í töflunni kemur einnig fram lengd malarvega með mikla sumarumferð í hverju umdæmi, annars vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 200 bíla á dag og hins vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 300 bíla á dag.

	Rykbundnir km					Umferð	
Umdæmi	Klór-kalsíum	Úrgangs-salt	Nýtt salt	Sjór	Samtals	SDU> 200	SDU> 300
Suðurland	21	609			630	229	163
Reykjanes	14	0	22		36	65	46
Vesturland	1	201	243	939	1.384	275	149
Vestfirðir	0	0	50	500	550	76	21
Norðurland vestra	24		140	12	176	115	65
Norðurland eystra		58	452	49	559	301	150
Austurland	26	96	264	234	620	244	66
Samtals	86	964	1.171	1.734	3.955	1.305	660

2.2.1.3. Vegir með bundnu slitlagi

Fjárveiting til þjónustu vega með bundnu slitlagi var 134 m.kr. og var varið til að greiða kostnað við yfirborðsmerkingar á vegum, viðgerðir á tilfallandi skemmdum á bundnum slitlögum, lagfæringu á öxlum og aðra þætti sem tengdir eru þjónustu á vegum með bundnum slitlögum.

2.2.1.4. Brýr

Fjárveiting til þjónustu brúa var 26 m.kr. Henni var varið til að greiða kostnað við umhirðu og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, vegskálum og varnargörðum.

2.2.2. Vetrarþjónusta

Þrátt fyrir nokkra rýmkun á reglum um snjómokstur var kostnaður við vetrarþjónustu með minna móti enda var víðast hvar snjólétt. Að venju var þó talsverður snjór á Vestfjörðum og þar var varið um 20% af þeirri upphæð sem sem fór til vetrarþjónustu á landinu.

Fjárveiting var 473 m.kr. en kostnaður um 393 m.kr. Rekstrarafgangur varð því um 80 m.kr.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu á öllu landinu árin 1982 - 1991. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi 1991.

Ár	Vísitölur	Jan.-júní m.kr	Okt.-des. m. kr.	Allt árið m.kr.
1982	569	254,5	216,8	471,3
1983	1083	401,0	205,0	606,0
1984	1219	471,0	146,3	617,3
1985	1603	152,5	136,9	289,4
1986	1885	222,7	185,6	408,3
1987	2358	157,8	130,8	288,6
1988	2997	276,7	120,3	397,0
1989	3710	529,2	151,3	680,5
1990	4483	480,5	155,5	635,9
1991	4793	232,4	160,7	393,1
Meðalkostnaður sl. 10 ára.				478,7

Hér að neðan má sjá heildarkostnaðinn við vetrarþjónustu á árunum 1964 - 1991 í súluriti. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi 1991.



Á töflunni hér á eftir má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 1991.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostnaður á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík-Hveragerði og Þrengslavegur	52	10,5	202
Holtavörðuheiði	38	3,4	89
Fróðárheiði	13	2,4	184
Miklidalur og Hálfdán	29	6,4	219
Breiðadalsheiði	16	8,0	500
Botnsheiði	17	7,5	441
Steingrímsfjarðarheiði	47	4,7	100
Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður	31	5,9	190
Öxnadalsheiði	27	4,0	150
Dalvík - Ólafsfjörður	18	2,4	134
Fjarðarheiði	25	3,6	144
Oddsskarð	22	4,3	196

Á töflunni hér á eftir má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa á árinu 1991. Einnig kemur fram á hve mörgum dögum ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Vetrarþjónustudagar														
	Hlutfall af 365 dögum														
	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	%	
Fróðárheiði	1										2		3	0,8	48
Svínadalur											1		1	0,3	24
Klettsháls	31	27	31	19						1	11	16	136	37,3	11
Hálfdán	4	2	4	4							1	4	19	5,2	65
Dynjandisheiði	31	25	31	30	3						22	30	172	47,1	12
Hrafnseyrarheiði	21	14	23	24	1					3	16	16	118	32,3	25
Breiðadalsheiði	10	4	10	6	2					2	10	8	52	14,2	95
Botnsheiði	9	5	8	7						1	9	7	46	12,6	81
Steingrímsfjarðarheiði	1	1	10	10							5	1	28	7,7	62
Holtavörðuheiði													0	0,0	19
Vatnsskarð nyrðra	1		1										2	0,5	24
Siglufjv: Sólg.-Siglufj.	1		1	1									3	0,8	37
Lágheiði	30	14	23	25	1					5	25	31	154	42,2	9
Öxnadalsheiði	1										2		3	0,8	50
Ólafsfjarðarmúli			1										1	0,3	43
Hólssandur	30	18	31	30	31	1					22	31	194	53,2	1
Öxarfjarðarheiði	30	18	31	30	31	2				3	25	31	201	55,1	2
Sandvíkurheiði			1	2									3	0,8	22
Vopnafjarðarheiði	13		17	13							1		44	12,1	6
Möðrudalsöræfi	8	1	19	17							3		48	13,2	18
Vatnsskarð eystra	6	3	10	4							1		24	6,6	19
Fjarðarheiði	2	1	6	1							2		12	3,3	64
Oddsskarð	2	1	3										6	1,6	66
Breiðdalsheiði	22		20	9							13		64	17,5	8

2.2.3. Viðhald

Heildarfjárveiting til viðhalds var 748 m.kr.

Við gerð langtímaáætlunar í vegagerð 1983 var miðað við að vegir yrðu endurbyggðir í ríkum mæli og lagðir bundnu slitlagi. Fjármagn til þessa verks hefur í reynd orðið verulega minna en vera átti. Til þess að komast áfram með bundið slitlag, hefur verið gripið til þess ráðs í nokkrum mæli að styrkja og lagfæra vegi í stað þess að endurbyggja þá undir slitlag.

Jafnframt hefur verið lögð áhersla á styrkingu aðalvegakerfisins fyrir viðhaldsfé. Í nokkrum tilvikum hefur verið lagt bundið slitlag í framhaldi af slíkum styrkingum. Hefur það þá að hluta verið greitt af viðhaldsfé. Árangurinn af þessu er sá, að verulega hefur dregið úr sérstökum takmörkunum öxulþunga á aðalvegum á undanförnum árum. Þá hefur einnig tekist að halda áætlun hvað varðar gerð bundins slitlags. Alls er bundið slitlag komið á 2.356 km eða 28,2% þjóðvega, og fara nú um 78% af öllum akstri á þjóðvegum fram á bundnu slitlagi.

Vegir, sem meðhöndlaðir eru á þennan hátt, jafnast ekki á við vegi, sem byggðir eru samkvæmt staðli, að því er varðar feril, öryggi og fleira. Það er þó mat Vegagerðarinnar að bundið slitlag sé svo mikilvægt að rétt sé að leggja áherslu á það. Á árinu 1991 var lagt mun minna af bundnu slitlagi en á nokkrum undanförnum árum eða 97 km. Fyrir því eru fleiri ástæður. Þeim köflum á vegakerfinu, sem styrkja má með ódýrum hætti til undirbúnings bundnu slitlagi, fer fækkandi. Stöðugt vaxandi hluti viðhaldsfjárins fer til viðhalds bundinna slitlaga, en það verkefni verður að hafa forgang.

2.2.3.1. Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting var 285 m.kr. Lagðir voru 229,6 km af bundnu slitlagi sem skiptist þannig:

Steinsteypa	3,6 km
Malbik	22,2 km
Kaldblandað asfalt	5,7 km
Fræsing og klæðing	4,0 km
Klæðing	194,1 km

Á árinu 1991 var lögð tvöföld klæðing á nýjan 3,3 km langan kafla Laugarvatnsvegar (37) um Laugardalshóla og verkið greitt af þessum lið.

Lengd bundinna slitlaga í mismunandi umferðarflokkum kemur fram í töflu á bls. 12.

Til þess að varðveita þau miklu verðmæti sem eru í bundnum slitlögum er nauðsynlegt að halda þeim lokuðum með viðgerðum og yfirlögnum. Þetta verkefni hefur því fengið forgang umfram ýmsar endurbætur. Vegna takmarkaðs fjármagns hafa því ýmsar knýjandi viðhaldsaðgerðir svo sem breikkanir, afréttingar og hjólfarafyllingar setið á hakanum.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting var 133 m.kr. Lagðir voru 460 km af malarslitlagi.

Í töflu hér fyrir neðan kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli umdæma.

	Óunnið efni				Unnið efni				Mölburður alls			
Umdæmi	km	m^3	m^3/m	Meðal þykkt cm	km	m^3	m^3/m	Meðal þykkt cm	km	m^3	m^3/m	Meðal þykkt cm
Suðurland	22	13.422	0,61	15	26	13.004	0,50	10	48	26.426	0,55	12
Reykjanes					19	5.600	0,29	7	19	5.600	0,29	7
Vesturland	42	55.376	1,32	22	23	4.788	0,21	4	65	60.164	0,93	15
Vestfirðir	3	1.100	0,44	44	53	15.330	0,29	6	55	16.430	0,30	
Norðurland vestra	16	21.850	1,37	23	25	6.600	0,26	5	41	28.450	0,69	12
Norðurland eystra	2	1.482	0,74	13	111	27.045	0,24	5	113	28.527	0,25	5
Austurland	78	51.406	0,66	10	40	9.219	0,23	4	118	60.625	0,51	8
Samtals	163	144.636	5,13		297	81.586	2,03		460	226.222	3,52	

Vinnsla efnis í malarslitlög 1991 var eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

	Mölun m^3				Samtals
Umdæmi	16mm	19mm	25mm	>25mm	m^3
Suðurland	–	–	4.013	–	4.013
Reykjanes	–	–	–	–	–
Vesturland	3.289	14.639	–	–	17.928
Vestfirðir	–	–	22.213	–	22.213
Norðurland vestra	–	5.000	–	–	5.000
Norðurland eystra	–	–	37.483	–	37.483
Austurland	21.745	–	–	–	21.745
Samtals	25.034	19.639	63.709	–	108.382

Vegagerðin starfrækir eina mulningsvélasamstæðu en meginhluti verksins var boðinn út.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 140 m.kr. Af hagkvæmnisástæðum var mestum hluta þessa fjár varið til tiltölulega stórra og skipulagðra verkefna. Þannig hefur verið leitast við að komast hjá vorviðgerðum. Til þess að komast hjá vorskemmdum hefur verið lögð áhersla á að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann þar sem nauðsyn krefur. Kortið á bls. 22 sýnir takmarkanir á öxulþunga vegna aurbleytu.


Takmarkanir á öxulþunga vegna aurbleytu
á helstu þjóðvegum landsins vorið 1991.
Vegur lokaður eða aðeins opinn jeppum (v.l. eða o.j.)
5 tonna öxulþungi (5t.)
7 tonna öxulþungi (7t.)
Kafla skipting

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða

Fjárveiting var 65 m.kr. Stærstu verkefnin voru eftirtalin:

Umfangsmiklar endurbætur og viðgerðir á brúm á Köldukvísl á Vesturlandsvegi (1) í Mosfellssveit, Blöndu á Norðurlandsvegi (1) á Blönduósi, Köldukvísl á Norðfjarðarvegi (92) á Fagradal og Selfljóti á Borgarfjarðarvegi (94) við Unaós. Auk þess var unninn fjöldi smærri verka.

2.2.3.5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir

Fjárveiting var 65 m.kr. Auk þess voru eftirstöðvar frá fyrra ári 10. m.kr.

Byrjað var að setja upp nýtt leiðamerkjakerfi og var um 37 m.kr. varið til þess verkefnis. Áætlað er að því verki ljúki 1993.

Um 30 m.kr. var varið til öryggisaðgerða við einbreiðar brýr á tveggja akreina vegum, en reynslan sýnir að þar eru hættulegar aðstæður. Alls tóku þessar aðgerðir til meira en 60 brúa og þar af voru nokkrar rifnar og endurnýjaðar með röraræsum með fullri vegbreidd.

2.2.3.6. Vatnaskemmdir

Fjárveiting var 60 m.kr. Í óveðri í janúar urðu víða skemmdir af foki, vatnavöxtum og ágangi sjávar. Einkum voru þetta minni háttar skemmdir og voru mest á vestanverðu landinu. Stærstu einstöku skemmdirnar voru á grjótvörnum við sjó á Ólafsvíkurvegi (54) á Fróðárrifi og á Hólmavíkurvegi (68).

Annars var árið hagstætt hvað snertir slík áföll og fjárveitingin reyndist því rífleg.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda

2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda

Ríkissjóður þurfti ekki að afla neinna lána til vegagerðar á árinu 1991. Eftir að beint framlag úr ríkissjóði að upphæð 350 m.kr. hafði verið fellt niður, voru útgjöld samkvæmt vegáætlun við það miðuð að markaðar tekjur gætu að fullu staðið undir þeim.

Þann 15. maí tók Áhaldahús Vegagerðar ríkisins lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands að upphæð 49,2 m.kr. til brúargerðar á Markarfljót, en gamla brúin hafði orðið fyrir áföllum og varð ótrygg af þeim sökum. Lán þetta er bundið gengi Bandaríkjadollars og skal endurgreiðast á árunum 1992-1994 af framlögum í vegáætlun til framkvæmda á Suðurlandi. Enga vexti þurfti að greiða af láni þessu á árinu 1991, en reiknaðir áfallnir vextir um áramót voru 1,6 m.kr. Höfuðstóll lánsins í árslok miðað við gengi nam ekki nema 46,1 m.kr. sökum mikillar lækkunar á gengi Bandaríkjadollars gagnvart íslensku krónunni.

Á árinu 1987 tók Áhaldahús Vegagerðar ríkisins lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands að upphæð 18,0 m.kr. til að endurgreiða lán, sem Bæjarsjóður Akureyrar tók árið 1981 vegna brúargerðar á Eyjafjarðará hjá Hrafnagili, en brú þessi kom að miklum notum við lagningu hitaveitunnar á sínum tíma. Lán þetta er bundið lánskjaravísitölu og endurgreiðist á árunum 1990-1992 af framlögum í vegáætlun til framkvæmda á Norðurlandi eystra, en vextir greiðast árlega. Á árinu 1991 námu vaxtagreiðslur af þessu láni 1,7 m.kr. og afborgun með verðbótaþætti nam 10,7 m.kr. Eftirstöðvar lánsins í árslok uppfærðar samkvæmt vísitölu námu 10,8 m.kr.

2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda

Eftir venju voru tekin nokkur bráðabirgðalán til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmum vinnubrögðum. Sökum góðrar fjárhagsstöðu í lok ársins þurfti þó að taka mun minni bráðabirgðalán en horfur voru á í upphafi framkvæmdatímabils. Voru þau lán, sem tekin voru, að mestu leyti í formi vinnulána frá verktökum eða samtals 119,6 m.kr. Þar af endurlánuðu verktakar 19,9 m.kr., en bæjar- og sveitarfélög endurlánuðu 44,9 m.kr. Engin bankalán þurfti að taka að þessu sinni.

Bráðabirgðalán til stofnbrauta urðu samtals 139,08 m.kr. og þar af fóru 46,64 m.kr. til vega í Reykjaneskjördæmi. Ný lán til Reykjanesbrautar námu 6,61 m.kr., en verktakar endurlánuðu 19,32 m.kr. til Víknavegar og Álftanesvegar og bæjarfélög endurlánuðu 20,71 m.kr. til Hafnarfjarðarvegar og Vesturlandsvegar. Til Vesturlandsvegar í Vesturlandskjördæmi fóru 30,40 m.kr. og til jarðganga um Breiðadals- og Botnsheiði í Vestfjarðakjördæmi fóru 62,04 m.kr.

Lán til þjóðbrauta urðu samtals 24.01 m.kr. og var þar eingöngu um að ræða endurlán sveitarfélagsins til Þykkvabæjarvegar.

Lán til sýsluvega urðu 1,42 m.kr. og var það að mestu endurlán til sýsluvegar á Álftanesi í Reykjaneskjördæmi.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 164,51 m.kr. á móti 193,49 m.kr. í árslok 1990 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum: (tafla efst á næstu síðu)

	Árslok 1991 m.kr.	Árslok 1990 m.kr.
Til stofnbrauta	139,08	152,90
Til þjóðbrauta	24,01	36,98
Til þjóðgarðavega	0,00	2,43
Til sýsluvega o.fl.	1,42	1,18
Samtals	164,51	193,49

2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda

Engin önnur lán voru tekin til vegaframkvæmda árið 1991, en ríkissjóður yfirtók á sínum tíma greiðslu vaxta og afborgana af öllum lánum, sem tekin höfðu verið til vegaframkvæmda, og þarf Vegagerðin ekki að bera neinn kostnað af þeim lengur.

2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega samkvæmt vegáætlun voru 2.353 m.kr. Skiptist sú tala þannig að til stofnbrauta fóru 2.057 m.kr., til þjóðbrauta 243 m.kr., til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum 27 m.kr. og til girðinga og uppgræðslu 26 m.kr.

Í súluritinu hér að neðan má sjá heildarframlag til nýbygginga stofnbrauta, þjóðbrauta og fjallvega á árunum 1964 til 1991. Upphæðirnar eru í m.kr. á verðlagi 1991.



2.3.1. Stofnbrautir

2.3.1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

Fjárveitingar til almennra verkefna og bundinna slitlaga á stofnbrautum voru 716 m.kr. og skiptist eins og sýnt er í fylgiskjali 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.2. Sérstök verkefni

Fjárveitingar til sérstakra verkefna á stofnbrautum voru 389 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.3. Höfuðborgarsvæðið

Fjárveitingar til stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu voru 288 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.4. Stórverkefni

Fjárveitingar til stórverkefna á stofnbrautum voru 664 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.2. Þjóðbrautir

Fjárveitingar til nýbygginga þjóðbrauta voru 243 m.kr. og skiptast eins og sýnt er í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum

Fjárveiting til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum var 27,0 m.kr. í vegáætlun. Auk þess var óráðstafað fé frá fyrra ári 1,5 m.kr. Var fé þessu skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Kaupstaður Kauptún	Vegáætlun 1991	Fjárveiting Lækkun	1991
Blönduós	4,0		4,0
Eskifjörður	5,5		5,5
Grenivík, Grýtubakkahreppur	2,5		2,5
Fáskrúðsfjörður, Búðahreppur	11,8		11,8
Djúpivogur, Búlandshreppur	4,7		4,7
	28,5		28,5
Óráðstafað frá 1990	- 1,5		- 1,5
	27,0		27,0

2.3.4. Girðingar og uppgræðsla

Fjárveiting var 26 m.kr. og var 13 m.kr. varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar og 13 m.kr. til uppgræðslu.

Auk þess var 12 m.kr. varið til uppgræðslu vegna nýbygginga sem unnar hafa verið síðustu ár. Til uppgræðslu var alls varið 25 m.kr.

Í töflunum hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir 1991 og stöðu mála á þessum sviðum.

Umdæmi	Framkvæmdir 1991 Sáning ha.	Áburðardreifing ha.	Samtals ha.	Ósáð 1. jan. 1992 ha.
Suðurland	62	19	81	80
Reykjanes	32	52	84	30
Vesturland	56	111	167	257
Vestfirðir	152	0	152	393
Norðurland vestra	67	15	82	295
Norðurland eystra	10	160	170	703
Austurland	36	102	138	752
Samtals	415	459	873	2.510

	Óafgreitt 1.1.'91		Afgreitt 1991		Nýjar kröfur		Óafgreitt 1.1.'92	
	Girð km	Ristar stk.	Girð km	Ristar stk.	Girð km	Ristar stk.	Girð km	Ristar stk.
Suðurland	78,3	0	19,1	0	9,1	2	68,3	2
Reykjanes	17,2	1	0	0	0	0	17,2	1
Vesturland	140,2	8	47,8	2	8,8	0	101,2	6
Vestfirðir	17,7	5	0,5	0	0	0	9,3	5
Norðurland vestra	104,8	7	15,7	0	1,5	0	90,6	7
Norðurland eystra	198,1	13	7,6	0	8,8	0	199,3	13
Austurland	72,5	2	5,6	0	-7,9	2	59	4
Samtals	628,8	36	96,3	2	20,3	4	544,9	38

2.4. BRÝR

2.4.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 126 m.kr. og var henni skipt eins og segir í fskj. 1 en gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa, í fskj. 2 og í kafla 2.6.

2.4.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 21 m.kr. í vegáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti:

Heiti	Vegáætlun 1991	Fjárveiting Lækkun	Fjárveiting 1991
Andakílsá, skurður (50), Borgarfirði	5,3		5,3
Tunguá (53) á Hvítárvallavegi	2,0		2,0
Múlaá (60) í Gilsfirði, Vestfjarðavegi	4,0		4,0
Deildará (68) á Hólmavíkurvegi	1,4		1,4
Brekkuá (68) á Hólmavíkurvegi	1,3		1,3
Laxá hjá Birningsstöðum (856)	7,0		7,0
	21,0		21,0

2.5. FJALLVEGIR O.FL.

2.5.1. Aðalfjallvegir

Fjárveiting á þessum lið var 20 m.kr. og var henni skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti, en síðar í skýrslunni verður gerð grein fyrir einstökum fjárveitingum.

	Fjárveiting 1991 í þús.kr.
F-22 Fjallabaksleið nyrðri	1.300
F-28 Sprengisandsleið	1.700
F-35 Kaldadalsleið	1.200
F-37 Kjalvegur	8.000
F-72 Skagafjarðarleið	600
F-82 Eyjafjarðarleið	900
F-98 Gæsavatnaleið	1.100
Vegur í Jökulsárgljúfur, (þjóðgarðavegur - lán)	3.000
Óskipt	2.200
	20.000

2.5.2. Aðrir fjallvegir

Fjárveiting til annarra fjallvega var 12 m.kr. og henni skipt eins og hér greinir:

	Heiti vegar	Kjördæmi	Upphæð í þús. kr.	
1.	Vegur að Laka	Suðurland	600	
2.	Fjallabaksleið syðri, GJ	—	100	
3.	Afréttarvegur Hörgslandshreppi	—	20	
4.	Vegur að Núpsstaðarskógi	—	80	
5.	Afréttarvegur Kirkjubæjarhreppi	—	20	
6.	Afréttarvegur Mýrdalshreppi	—	20	
7.	Afréttarvegur Álftavershreppi	—	20	
8.	Vegur á Fimmvörðuháls	—	200	
9.	Fjallabaksleið syðri, STK	—	200	
10.	Emstruleið	—	100	
11.	Afréttarvegur Vestur-Eyjafjalla	—	20	
12.	Vegur í Jökulheima	—	50	
13.	Vegir í Þjórsárdal	—	30	
14.	Vegur á Haukadalsheiði	—	20	
15.	Vegur í Kerlingarfjöll	—	300	
16.	Hlöðuvallavegur	—	20	
17.	Afréttarvegur Flóa og Skeiða	—	20	
18.	Afréttarvegur Gnúpverja	—	25	
19.	Afréttarvegur Hrunamanna	—	25	
20.	Vegur af Gjábakkavegi vegna vélsleðaumferðar	—	200	
				2.070
21.	Vegur að Djúpavatni og Vígdísarvöllum	Reykjanes	100	
22.	Vegur að Reykjanesvita	—	50	
23.	Vegur að skíðaskála í Hamragili	—	600	
24.	Vegur að Fossárdal	—	210	
				960
25.	Vegur að Surtshelli	Vesturland	125	
26.	Vegur að Langavatni	—	133	
27.	Vegur að Hítarvatni	—	100	
28.	Vegur að Glanna	—	102	
29.	Vegur á Snæfellsjökul	—	255	
30.	Vegur að Saurum	—	300	
31.	Við Móðulæk á Snæfellsjökul	—	42	
32.	Viðhald fjallvega á Snæfellsnesi	—	3	
33.	Vegur um Reykjadal og Austurárdal	—	71	
34.	Vegur um Villingadal og fram Búðardal	—	6	
35.	Viðhald fjallvega í Dalasýslu	—	123	
				1.260
36.	Vegur í Nesdal	Vestfirðir	100	
37.	Vegur úr Dýrafjarðarbotni	—	200	
38.	Kollafjarðarheiði	—	350	
39.	Skálavíkurvegur	—	100	
40.	Hvalá í Ófeigsfirði	—	440	
				1.190

	Heiti vegar	Kjördæmi	Upphæð í þús. kr.	
41.	Arnarvatnsheiði	Norðurl.vestra	250	
42.	Haukagilsheiði	—	250	
43.	Ýmsir vegir í Húnavatnssýslu	—	150	
44.	Ýmsir vegir í Skagafjarðarsýslu	—	50	
45.	Lambahraun	—	400	
46.	Ölvesvatnsvegur Skagaheiði	—	250	
				1.350
47.	Vegur um Barkárdal	Norðurl.eystra.	80	
48.	Vegur norður Látraströnd	—	80	
49.	Vegur um Flateyjardalsheiði	—	50	
50.	Vegur um Leirdalsheiði	—	150	
51.	Ýmsir fjallvegir í Eyjafirði	—	60	
52.	Vegur um Reykjaheiði og Þeistareyki	—	100	
53.	Vegur í Öskju og Herðubreiðarlindir	—	250	
54.	Vegur að Dettifossi að vestan	—	100	
55.	Ýmsir fjallvegir í Suður-Þingeyjarsýslu	—	180	
56.	Vegur að Dettifossi að austan	—	220	
57.	Skoruvíkurvegur	—	70	
58.	Vegur upp með Sandá	—	80	
59.	Vegur að Búrfellsheiði	—	60	
60.	Vegur við Hafralónsá	—	50	
				1.530
61.	Vegir í Vopnafirði	Austurland	100	
62.	Brúarvegur Jökuldal	—	30	
63.	Þríhyrningsleið	—	30	
64.	Kverkfjallaleið	—	40	
65.	Snæfellsleið	—	210	
66.	Maríutunguvegur	—	730	
67.	Afréttarvegur Jökulsárhlíð	—	80	
68.	Þórudalsheiðarvegur	—	70	
69.	Vöðla- og Viðfjarðarvegur	—	50	
70.	Kollumúlavegur	—	100	
71.	Jökulvegur Smyrlabjörgum	—	500	
				1.940
72.	Ferðafélag Íslands, sæluhús		200	
73.	Ferðafélag Skagfirðinga, sæluhús		100	
74.	Ferðafélag Akureyrar, sæluhús		100	
75.	Ferðafélag Húsavíkur, sæluhús		100	
76.	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, sæluhús		100	
				600
	Óskipt			1.100
		Samtals		12.000

2.5.3. og 4. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum

Fjárveiting til þjóðgarðavega o.fl. var 10 m.kr. og fjárveiting til vega á Þingvöllum var 5 m.kr. Í samvinnu við Náttúruverndarráð var fjárveitingu til þjóðgarðavega o.fl. skipt eins og hér segir:

		Fjárveiting 1991 í þús.kr.
1.	Vegir að Fjallabaki	800
2.	Vegur að Laka	700
3.	Vegur að Dyrhólaey	200
4.	Kjalvegur um Gullfoss (F-37)	1.000
5.	Brú við Barnafossa	200
6.	Vegur að Surtshelli	200
7.	Vegur að Dritvík og Hólahólum	150
8.	Vegur á Látrabjarg	300
9.	Vegur og brú norður Hornstrandir	1.000
10.	Vegur að Borgarvirki	300
11.	Við Örlygsstaði	300
12.	Vegur í Öskju og Herðubreiðarlindir	1.000
13.	Vegur og bílastæði Höfða Mývatnssveit	300
14.	Vegur í Jökulsárgljúfur	3.000
15.	Vegur í Ásbyrgi	200
	Óskipt	350
		10.000

2.5.5. Reiðvegir

Fjárveiting var 6 m.kr. Landssamband hestamannafélaga skipti þessari fjárhæð milli hestamannafélaga á eftirfarandi hátt.

			Fjárveiting 1991 í þús.kr.
1.	Hestamannafélagið	Geysir, Rangárvallasýslu	1.800
2.	—	Gustur, Kópavogi	600
3.	—	Ljúfur, Hveragerði, nágrenni	300
4.	—	Logi, Biskupstungum	400
5.	—	Máni, Keflavík, nágrenni	350
6.	—	Sindri, Mýrdal	150
7.	—	Skógarhólar, Þingvallasveit	200
8.	—	Sleipnir, Selfossi, nágrenni	1.400
9.	—	Sleipnir/Smári v/Þjórsárbakka, Árnessýslu	200
10.	—	Sóti, Álftanesi	300
11.	—	Sörli, Hafnarfirði	100
12.	—	Trausti, Laugardal Grímsnesi	200
			6.000

2.6. SÝSLUVEGIR

Fjárveiting til sýsluvega í vegáætlun 1991 var 187.000 þús.kr. og auk þess geymt fé frá 1990 að upphæð 490 þús.kr. Voru því samtals til ráðstöfunar 187.490 þús.kr. Var fé þessu skipt milli sýslna í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

		Fjárveiting 1991 í þús.kr.
1.	Gullbringusýsla	942
2.	Kjósarsýsla	4.937
3.	Borgarfjarðarsýsla	6.670
4.	Mýrasýsla	7.096
5.	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	9.234
6.	Dalasýsla	6.270
7.	Austur-Barðastrandarsýsla	2.558
8.	Vestur-Barðastrandarsýsla	3.568
9.	Vestur-Ísafjarðarsýsla	3.531
10.	Norður-Ísafjarðarsýsla	2.470
11.	Strandasýsla	4.189
12.	Vestur-Húnavatnssýsla	7.450
13.	Austur-Húnavatnssýsla	6.961
14.	Skagafjarðarsýsla	12.559
15.	Eyjafjarðarsýsla	11.923
16.	Suður-Þingeyjarsýsla	14.019
17.	Norður-Þingeyjarsýsla	8.958
18.	Norður-Múlasýsla	15.286
19.	Suður-Múlasýsla	9.362
20.	Austur-Skaftafellssýsla	4.805
21.	Vestur-Skaftafellssýsla	8.809
22.	Rangárvallasýsla	15.826
23.	Árnessýsla	20.067
		187.490

Sérstök fjárveiting 7 m.kr. var til byggingar brúar á Staðarhólsá á sýsluvegi í Dalasýslu. Þar var byggð 14 m stálbitabrú með timburgólfi.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd sýsluvega 1. janúar 1992.

Umdæmi	Skv. a-c lið 19. gr. Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	Skv. d-e lið 19. gr. km	Sýslu-vegir alls km	Kjör-dæmi alls km
V.- Skaftafellssýsla				126,0		126,0	
Rangárvallasýsla				137,8		137,8	
Árnessýsla				300,8		300,8	
							564,6
Gullbringusýsla			5,8	5,8		5,8	
Kjósarsýsla			63,5	63,5		63,5	
							69,3
Borgarfjarðarsýsla		5,6	68,8	74,4	8,7	83,1	
Mýrasýsla		1,5	100,6	102,1	34,9	137	
Dalasýsla	2,8	9,2	62,3	74,3	13	87,3	
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1,7	12,7	110,9	125,3	27,4	152,7	
							460,1
A.-Barðastrandarsýsla		5,4	24,7	30,1	63,8	93,9	
V.-Barðastrandarsýsla		3,6	50,2	53,8	51,9	105,7	
V.-Ísafjarðarsýsla		16,6	24,5	41,1	69,8	110,9	
N.-Ísafjarðarsýsla		3,6	32,6	36,2	51,1	87,3	
Strandasýsla		5,9	45,1	51	88,4	139,4	
							537,2
V.-Húnavatnssýsla	0,6	6,5	94,6	101,7	62,3	164	
A.-Húnavatnssýsla		5,3	92,2	97,5	11,6	109,1	
Skagafjarðarsýsla	0,3	4,4	161,9	166,6	16,5	183,1	
							456,2
Eyjafjarðarsýsla		2	125,8	127,8	13,1	140,9	
S.-Þingeyjarsýsla		6,6	162,6	169,2	1,8	171	
N.-Þingeyjarsýsla		4,3	128,5	132,8		132,8	
							444,7
N.-Múlasýsla		19,4	198,8	218,2	35,3	253,5	
S.-Múlasýsla		11,1	119,2	130,3	42,5	172,8	
A.-Skaftafellssýsla	0,8	0,8	60,7	62,3	27	89,3	
							515,6
				2.429,0		3.047,7	3.047,7

2.7. VEGIR Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 200 íbúa og fleiri var samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi þann 1. desember 1990 útgefnum af Hagstofu Íslands þann 18. júní 1991:

Reykjavík og kaupstaðir	213.781
Þéttbýlisstaðir með 200 íbúa og fleiri	18.437
Samtals	232.218
Framlag samkvæmt vegáætlun 1991	Kr. 270.000.000
25% sjóður samkv. 34. gr. vegalaga	- 67.500.000
Til skipta 1991 eftir íbúatölu	Kr. 202.500.000

Skiptitala á hvern íbúa: $\frac{202.500.000}{232.218}$ = Kr. 872,03

	Kaupstaðir:	Íbúar	Framlag 1991
1.	Reykjavík	97.569	85.082.646
2.	Kópavogur	16.186	14.114.603
3.	Seltjarnarnes	4.143	3.612.801
4.	Garðabær	6.954	6.064.065
5.	Hafnarfjörður	15.151	13.212.057
6.	Grindavík	2.172	1.894.039
7.	Sandgerði	1.253	1.092.648
8.	Keflavík	7.525	6.561.991
9.	Njarðvík	2.405	2.097.221
10.	Mosfellsbær	4.259	3.713.956
11.	Akranes	5.230	4.560.693
12.	Borgarnes	1.725	1.504.244
13.	Ólafsvík	1.216	1.060.383
14.	Stykkishólmur	1.209	1.054.279
15.	Bolungarvík	1.187	1.035.094
16.	Ísafjörður	3.498	3.050.345
17.	Blönduós	1.084	945.276
18.	Sauðárkrókur	2.534	2.209.712
19.	Siglufjörður	1.815	1.582.726
20.	Ólafsfjörður	1.171	1.021.142
21.	Dalvík	1.481	1.291.470
22.	Akureyri	14.174	12.360.088
23.	Húsavík	2.503	2.182.680
24.	Egilsstaðir	1.457	1.270.541
25.	Seyðisfjörður	981	855.457
26.	Neskaupstaður	1.738	1.515.580
27.	Eskifjörður	1.056	920.859
28.	Höfn í Hornafirði	1.668	1.454.538
29.	Vestmannaeyjar	4.926	4.295.597
30.	Selfoss	3.915	3.413.980
31.	Hveragerði	1.596	1.391.753
	Samtals	213.781	186.422.464

	Kauptún	Íbúar	Framlag 1991
1.	Gerðar	1.074	936.555
2.	Vogar, (Vatnsleysustrandarhreppur)	560	488.334
3.	Álftanes, (Bessastaðahreppur)	1.082	943.532
4.	Grundarhverfi, (Kjalarneshreppur)	202	176.149
5.	Hellissandur og Rif, (Neshreppur)	617	538.040
6.	Grundarfjörður, (Eyrarsveit)	723	630.474
7.	Búðardalur, (Laxárdalshreppur)	292	254.632
8.	Patreksfjörður	926	807.496
9.	Tálknafjörður	339	295.617
10.	Bíldudalur	355	309.569
11.	Þingeyri	426	371.483
12.	Flateyri	396	345.322
13.	Suðureyri	365	318.289
14.	Súðavík	229	199.694
15.	Hólmavík	447	389.795
16.	Hvammstangi	706	615.650
17.	Skagaströnd, (Höfðahreppur)	658	573.793
18.	Hofsós	244	212.774
19.	Hrísey	264	230.215
20.	Grenivík, (Grýtubakkahreppur)	301	262.480
21.	Reykjahlíð, (Skútustaðahreppur)	242	211.030
22.	Raufarhöfn	387	337.474
23.	Þórshöfn	399	347.938
24.	Vopnafjörður	686	598.210
25.	Fellabær, (Fellahreppur)	311	271.200
26.	Reyðarfjörður	727	633.963
27.	Fáskrúðsfjörður, (Búðahreppur)	757	660.123
28.	Stöðvarfjörður, (Stöðvarhreppur)	343	299.105
29.	Breiðdalsvík, (Breiðdalshreppur)	245	213.646
30.	Djúpivogur, (Búlandshreppur)	456	397.644
31.	Vík í Mýrdal, (Mýrdalshreppur)	335	292.129
32.	Hvolsvöllur, (Hvolhreppur)	590	514.495
33.	Hella, (Rangárvallahreppur)	559	487.462
34.	Stokkseyri	435	379.331
35.	Eyrarbakki	541	471.766
36.	Þorlákshöfn, (Ölfushreppur)	1.218	1.062.127
	Samtals	18.437	16.077.536

2.7.1. Úthlutun úr 25% sjóði þéttbýlisfjár árið 1991 samkvæmt bréfi fjárveitinganefndar Alþingis, dags. 14. mars 1991

Eftirstöðvar frá 1990		Kr. 1.914.079
Framlag árið 1991		67.500.000
		Kr. 69.414.079
Úthlutun árið 1991:	**Kr**	
Kópavogur	5.800.000	
Njarðvík	2.000.000	
Borgarnes	1.000.000	
Ólafsvík	2.000.000	
Bolungarvík	3.000.000	
Ísafjörður	1.000.000	
Seyðisfjörður	5.000.000	
Vestmannaeyjar	2.600.000	
Selfoss	2.000.000	
Gerðar, Gerðahreppur	1.000.000	
Álftanes, Bessastaðahreppur	1.500.000	
Varmaland, Stafholtstungnahreppur Mýrasýslu	3.000.000	
Hellissandur, Neshreppur	1.500.000	
Búðardalur, Laxárdalshreppur	1.300.000	
Saurbæjarhreppur, Dalasýslu	1.000.000	
Reykhólar, Reykhólahreppur	1.300.000	
Patreksfjörður	1.500.000	
Súðavík	1.000.000	
Hólmavík	700.000	
Skagaströnd, Höfðahreppur	2.000.000	
Hólar í Hjaltadal, Hólahreppur	1.000.000	
Hjalteyri, Arnarneshreppur Eyjafjarðarsýslu	1.000.000	
Þórshöfn	3.000.000	
Vopnafjörður	2.500.000	
Eiðar, Eiðahreppur	1.200.000	
Borgarfjörður eystri, Borgarfjarðarhreppur	3.000.000	
Fellabær, Fellahreppur, Norður-Múlasýslu	2.000.000	
Hallormsstaður, Vallahreppur, Suður-Múlasýslu	2.000.000	
Mjóifjörður, Mjóafjarðarhreppur, S-Múlasýslu	1.200.000	
Reyðarfjörður	4.500.000	
Stöðvarfjörður, Stöðvarhreppur	2.000.000	
Djúpivogur, Búlandshreppur	2.000.000	
Stokkseyri	400.000	
Kostnaður Vegagerðar ríkisins	1.400.000	
		Kr. 67.400.000
Eftirstöðvar í „25% sjóði“ til 1992		Kr. 2.014.079

2.8 TILRAUNIR

Fjárveiting var 15,0 m.kr.

Unnið var að eftirtöldum verkefnum á árinu:

Hálkuvarnarkerfi
Burðarþolshönnun
Eiginlekar íslensks bergs
Umferðarrannsóknir
Glitaugu
Jarðskjálftamælingar
Burðarþol vega með þunnu slitlagi
Vatnshæðar- og rennslismælingar
Prófun á kantstikum
Viðloðun bindiefna við steinefni
Nagladekk - hálkuvarnir
Styrking á gömlum brúm
Snjóflóðavarnir
Orkuupptaka í blýfylltum legum
Sýnileiki kantlína
Rannsóknir á bindiefnum
Styrking vega með dúk
Snjógirðingar
Viðloðun massa við steinefni
Bikfestun undirlags

Flest verkefni þau, sem nú eru í gangi, eru langtímaverkefni þar sem unnið er að mælingu og söfnun upplýsinga um ýmis atriði.

Langumfangsmesta verkefnið sem unnið var að var bikfestun burðarlags. Tilraunin var gerð á vegum í nágrenni Borgarness og voru prófaðar tvær gerðir bindiefna.

Bráðabirgðaskýrsla hefur verið gerð um tilraunina en úrvinnsla rannsókna stendur yfir.

Fskj. 1

SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

	Vegáætlun 1991	Lækkun	Fjárveiting 1991
2.1. Stjórn og undirbúningur	**276**		**276**
1. Skrifstofukostnaður	133		133
2. Tæknilegur undirbúningur	102		102
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	33		33
4. Eftirlaunagreiðslur	8		8
2.2. Viðhald þjóðvega			
1. Almenn þjónusta	**657**		**657**
1. Sameiginlegt	237		237
2. Malarvegir	260		260
3. Vegir með bundnu slitlagi	134		134
4. Brýr	26		26
2. Vetrarþjónusta	**573**	**100**	**473**
3. Viðhald	**748**		**748**
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	285		285
2. Endurnýjun malarslitlaga	133		133
3. Styrkingar og endurbætur	140		140
4. Viðhald brúa og varnargarða	65		65
5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir	65		65
6. Vatnaskemmdir	60		60
2.3. Til nýrra þjóðvega	**2.587**	**234**	**2.353**
1. Stofnbrautir			
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	768	52	716
2. Sérstök verkefni	419	30	389
3. Höfuðborgarsvæðið	301	13	288
4. Stórverkefni	770	106	664
2. Þjóðbrautir	276	33	243
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	27		27
4. Girðingar og uppgræðsla	26		26
2.4. Til brúagerða	**163**	**16**	**147**
1. Brýr 10 m og lengri	142	16	126
2. Smábrýr	21		21
2.5. Til fjallvega o.fl.	**53**		**53**
1. Aðalfjallvegir	20		20
2. Aðrir fjallvegir	12		12
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	10		10
4. Vegir á Þingvöllum	5		5
5. Reiðvegir	6		6
2.6. Til sýsluvega	**187**		**187**
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	**270**		**270**
2.8. Til tilrauna	**26**		**26**
Samtals	5.540	350	5.190

1. Til stofnbrauta

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 1991	Fjárveiting Lækkun	Fjárveiting 1991
	Suðurlandskjördæmi			
1	Suðurlandsvegur			
11	Um Mýrdalssand	31		31
18	Um Markarfljót	18	9	9
30	Skeiða- og Hrunamannavegur			
04	Þjórsárdalsvegur – Flúðir	30		30
34	Eyrarbakkavegur			
05	Um Ölfusárós	9		9
	Reykjaneskjördæmi			
1	Suðurlandsvegur			
12	Vegamót við Víkurveg	4	4	0
19	Vegrið í Hvalfirði	3		3
36	Þingvallavegur			
02	Lýsing í Mosfellsdal			
41	Reykjanesbraut			
03	Landbætur	8	8	0
06-07	Lýsing vegamóta	6		6
411	Arnarnesvegur			
04	Bæjarbraut – Reykjanesbraut	53	4	49
415	Álftanesvegur			
04	Lýsing	6		6
06	Landakot – Sviðholt (slitlag)	4		4
416	Bessastaðavegur			
01	Lýsing að Bessastöðum	6		6
	Vesturlandskjördæmi			
1	Vesturlandsvegur			
01	Hvalstöð – Olíustöð	9		9
12	Arnarbæli – Hvammshorn	45		45
54	Ólafsvíkurvegur			
02	Borg – Langá	19		19
03	Fíflholtamelar - Hítará	8	4	4
05-06	Núpá – Stóra-Þúfa	19		19
60	Vestfjarðarvegur			
10	Klofningsvegur – Brunná	21		21
	Vestfjarðakjördæmi			
60	Vestfjarðavegur			
03	Króksfjarðarnes – Kambur	23		23
23	Grænanes – Næfranes	12		12
27	Vestfjarðagöng	14		14
61	Djúpvegur			
16	Seljalandsós – Svarfhóll	12	2	10
25	Óshlíð	12	2	10

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 1991	Fjárveiting Lækkun	Fjárveiting 1991
62	Barðastrandarvegur			
05	Hlaðseyri – Raknadalur	6	1	5
63	Bíldudalsvegur			
03	Hálfdan – Bíldudalur	31	1	30
68	Hólmavíkurvegur			
03-04	Borðeyri – Hróðmundará	5		5
	Norðurlandskjördæmi vestra			
1	Norðurlandsvegur			
06	Um Víðihlíð (lýsing)	1		1
09	Við Blönduós	1		1
19	Miklibær – Kjálkavegur	20		20
21	Reiðgil – Grjótá	8		8
76	Siglufjarðarvegur			
03-04	Kýrholt – Hlíðarendi	5		5
	Norðurlandskjördæmi eystra			
1	Norðurlandsvegur			
02	Öxnadalsá – Þverá	35		35
03	Þverá – Hörgárdalsvegur	39		39
82	Ólafsfjarðarvegur			
06	Um Ólafsfjarðarmúla	6		6
85	Norðausturvegur			
06	Húsavík – Hallbjarnarstaðir	4		4
87	Kísilvegur			
00	Kirkja – Mývatnsvegur	16		16
829	Eyjafjarðarbraut eystri			
01	Um Þverá	15	14	1
	Austurlandskjördæmi			
1	Austurlandsvegur			
10	Jökulsá – Dimmidalur	18		18
17	Um Haugahóla	12		12
21-23	Ós – Fagrihvammur	32		32
25-26	Fossá – Framnes	9		9
38	Mánagarður – Myllulækur	13	1	12
43	Reynivellir – Jökulsá	9		9
44	Jökulá - austan Fjallsár	22		22
85	Norðausturvegur			
03	Skeggjastaðir – Hafnarvegur	13	2	11
04	Á Sandvíkurheiði	5		5
93	Seyðisfjarðarvegur			
02	Langahlíð – Miðhúsaá	20		20
96	Suðurfjarðavegur			
01	Norðfjarðarvegur – Handarhald	32		32
03	Götuhjalli – Vattarnes	19		19
	Samtal	768	52	716

1.2. Sérstök verkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 1991	Fjárveiting Lækkun	Fjárveiting 1991
1	Suðurlandsvegur			
18	Um Markarfljót	56		56
54	Ólafsvíkurvegur			
02-03	Brókarlækur – Hítará	61		61
57	Snæfellsnesvegur			
13	Búlandshöfði	2		2
1	Vesturlandsvegur			
03	Hólmavíkurvegur – sýslumörk	35		35
60	Vestfjarðavegur			
22	Dýrafjörður	36		36
61	Djúpvegur			
01	Tenging Inn-Djúps	55	15	40
1	Norðurlandsvegur			
01	Sýslumörk – Staðarskáli	9		9
21	Reiðgil – Grjótá	49	7	42
1	Norðurlandsvegur			
01	Grjótá – Öxnadalsá	10		10
02	Öxnadalsá – Þverá	40		40
92	Norðfjarðarvegur			
09	Ofan Eskifjarðar – Göng	17		17
917	Hlíðarvegur			
04-06	Vopnafjörður – Hérað	46	8	38
	Jarðgangarannsóknir	3		3
	Samtals	419	30	389

1.3. Höfuðborgarsvæðið

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 1991	Fjárveiting Lækkun	1991
36	Þingvallavegur			
02	Lýsing í Mosfellsdal	5		5
40	Hafnarfjarðarvegur			
03	Um Arnarneshæð	140		140
	Sæbraut	65	4	61
	Kringlumýrarbraut	15	7	8
	Eiðsgrandi	15		15
	Ánanaust	7		7
	Greiðsla skulda Reykjavík	18		18
	Vífilsstaðavegur	36	2	34
	Samtals	301	13	288

1.4. Stórverkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 1991	Fjárveiting Lækkun	1991
	Stórbrýr:			
1	Suðurlandsvegur			
18	Um Markarfljót	42		42
60	Vestfjarðavegur			
22	Dýrafjörður	78		78
	Jarðgöng:			
	Vestfjarðagöng	376	100	276
76	Siglufjarðarvegur			
10	Strákagöng	72		72
82	Ólafsfjarðarvegur			
06	Um Ólafsfjarðarmúla	192		192
	Austurlandsgöng	10	6	4
	Samtals	770	106	664

2. Þjóðbrautir

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 1991	Fjárveiting Lækkun	Fjárveiting 1991
	Suðurlandskjördæmi			
211	Álftaversvegur			
01	Suðurlandsvegur – Herjólfsstaðir	5		5
261	Fljótshlíðarvegur			
02	Kirkjulækur – Hlíðarendi	10		10
264	Rangárvallavegur			
03	Þingskálavegur – Suðurlandsvegur	10		10
268	Þingskálavegur			
02-03	Selsund – Næfurholt	5		5
30	Skeiða- og Hrunamannavegur			
07	Um Brúarhlöð	4	4	0
33	Gaulverjabæjarvegur			
01	Suðurlandsvegur – Holtavegur	9		9
35	Biskupstungnabraut			
05	Skálholtsvegur – Reykjavegur	13		13
324	Vorsabæjarvegur			
01	Um Vorsabæ	1		1
360	Grafningsvegur efri			
02	Grafningsvegur neðri – Nesjavellir	11		11
374	Hvammavegur			
01	Ýmsir staðir	2		2
	Reykjaneskjördæmi			
425	Nesvegur			
02	Íslandslax – Grindavíkurvegur	23	3	20
	Vesturlandskjördæmi			
50	Borgarfjarðarbraut			
04	Deildartunga – Hvítá	17	17	0
53	Hvítárvallavegur			
01-02	Vesturlandsvegur – Hvanneyri	24		24
59	Laxárdalsvegur			
02	Laxárdalsheiði	4		4
567	Kolviðarnesvegur			
01	Að Laugagerðisskóla	5		5
574	Útnesvegur			
01	Um Klifhraun	2		2
	Vestfjarðakjördæmi			
612	Örlygshafnarvegur			
01	Barðastrandarvegur – Skápadalur	1		1
633	Vatnsfjarðarvegur			
01-03	Djúpvegur – Vatnsfjarðarnes	26	1	25
634	Reykjanesvegur			
01	Vatnsfjarðarvegur – Reykjanes	3		3

Vegnr. Kaflanr.		Vegheiti Kaflaheiti	Vegáætlun 1991	Fjárveiting Lækkun	Fjárveiting 1991
		Norðurlandskjördæmi vestra			
711		Vatnsnesvegur			
	01	Hvammstangi – Skarð	11	1	10
731		Svínvetningabraut			
	01	Blönduós – Hnjúkahlíð	6	1	5
745		Skagavegur			
	01	Skagastrandarvegur – Örlygsstaðir	3		3
752		Skagafjarðarvegur			
	02	Héraðsdalsvegur – Svartárdalsvegur	7		7
	03	Svartárdalsvegur – Austurdalsvegur	3		3
764		Hegranesvegur vestari	2		2
765		Hegranesvegur eystri	2		2
		Norðurlandskjördæmi eystra			
83		Grenivíkurvegur			
	03	Gljúfurá – Grenivík	24		24
811		Hjalteyrarvegur			
	02	Bakkavegur – Hjalteyri	5	5	0
830		Svalbarðseyrarvegur			
	02	Norðurlandsvegur – Svalbarðseyri	5		5
864		Hólsfjallavegur			
	01-04	Norðurlandsvegur – Norðausturvegur	5		5
		Austurlandskjördæmi			
94		Borgarfjarðarvegur			
	01	Mýnes – Eiðar	13		13
923		Jökuldalsvegur	1		1
931		Upphéraðsvegur			
	03	Hrafnsgerði – Parthús	4		4
	08	Hafursá – Freyshólar	6	1	5
953		Mjóafjarðarvegur	4		4
		Samtals	276	33	243

Fskj. 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 1991

Suðurland

1 Suðurlandsvegur

11 Um Mýrdalssand

Fjárveiting var 31 m.kr. Þar af fóru 24 m.kr. til greiðslu skulda en afganginum var varið til landgræðslu og minni háttar framkvæmda.

18 Um Markarfljót

Fjárveiting til almennra verkefna var 9 m.kr., til sérstakra verkefna 56 m.kr. og til stórverkefna 42 m.kr. Auk þess var frestað öllum framkvæmdum við brúagerð á Litlu Laxá (30) og Grjótá (F37) og fjárveitingarnar, samtals 35 m.kr., notaðar við Markarfljót. Til framkvæmda voru því alls 142 m.kr.

Lokið var byggingu þriggja brúa sem allar eru með tveimur akreinum. Austast er 10 m brú á Seljalandsá. Næst er Markarfljótsbrúin sem er 250 m löng stálbitabrú í 8 höfum á steyptum undirstöðum og með steyptu gólfi. Vestast er 12 m brú á Ála. Eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist brúagerðina.

Lokið var að mestu undirbyggingu 10,5 km langs kafla Suðurlandsvegar frá Vorsabæ að Seljalandi og 2,6 km af varnargörðum ofan Markarfljótsbrúar og leiðigörðum við brúna. Verktaki við þær framkvæmdir er Suðurverk hf.

Gert er ráð fyrir að kaflinn um Markarfljót verði lagður tvöfaldri klæðingu og tekinn í notkun um mitt ár 1992. Þá styttist Suðurlandsvegur um 5,4 km og 15 km langur kafli af malarvegi leggst af. Á þeim kafla eru 7 einbreiðar brýr. Þar á meðal er gamla brúin á Markarfljóti sem byggð var 1933 og er orðin mjög léleg. Bundið slitlag verður þá samfellt á Hringveginum úr Mýrdal í Hellistungur.

26 Landvegur

01 Um Marteinstungu og Laugaland

Fjárveiting var engin en innistæða frá 1990 var 2,2 m.kr. Auk þess var unnið fyrir 3,5 m.kr. lánsfé. Lögð var tvöföld klæðing á 2 km langan kafla. Eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur

04 Þjórsárdalsvegur - Flúðir

Fjárveiting var 30 m.kr. en þar af fóru 5,8 m.kr. til greiðslu skulda. Lögð var tvöföld klæðing á 7,1 km langan kafla. Eigin flokkar Vegagerðarinnar önnuðust verkið.

06 Brú á Litlu Laxá

Fjárveiting var 26 m.kr. Hún var öll lánuð til brúar á Markarfljót.

33 Gaulverjabæjarvegur

01 Suðurlandsvegur - Holtsvegur

Fjárveiting var 9 m.kr. en auk þess var unnið fyrir 3 m.kr. lánsfé. Vegurinn var lagfærður og tvöföld klæðing lögð á 2 km langan kafla. Eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

34 Eyrarbakkavegur

05 Um Ölfusárós

Fjárveiting var 9 m.kr. Unnið var að jöfnun náma og sáningu.

35 Biskupstungnabraut

05 Skálholtsvegur - Reykjavegur

Fjárveiting var 13 m.kr. Undirbyggður var 2 km langur kafli frá Brúará að Smalaskála. Verktaki var Páll Óskarsson.

36 Þingvallavegur

01 Brú á Búrfellslæk

Fjárveiting var 2 m.kr. og fór hún til efniskaupa en öðrum framkvæmdum var frestað.

211 Álftaversvegur

01 Suðurlandsvegur - Herjólfsstaðir

Fjárveiting var 5 m.kr. og fór til greiðslu skuldar.

261 Fljótshlíðarvegur

02 Kirkjulækur - Hlíðarendi

Fjárveiting var 10 m.kr. en auk þess var unnið fyrir 11 m.kr. lánsfé. Lögð var tvöföld klæðing á 7,2 km langan kafla frá Kirkjulæk að Múlakoti. Eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

264 Rangárvallavegur

03 Þingskálavegur - Suðurlandsvegur

Fjárveiting var 10 m.kr. Auk þess var tekið bráðabirgðalán að upphæð 8 m.kr. Styrktur var 5 km langur kafli og lagður tvöfaldri klæðingu. Verktaki við jarðvinnu var Ræktunarsambandið Ketilbjörn en Slitlag hf. á Hellu lagði slitlag.

268 Þingskálavegur

02 - 03 Selsund - Næfurholt

Fjárveiting var 5 m.kr. og fór til greiðslu skuldar.

324 Vorsabæjarvegur

Um Vorsabæ

Fjárveiting var 1 m.kr. Lagfærður var 0,5 km langur kafli.

358 Einholtsvegur

Um Tungufljót

Fjárveiting var engin en innistæða frá 1990 var 3,2 m.kr. Lokið var frágangi á nýjum vegi um Tungufljót. Eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

360 Grafningsvegur efri

02 Grafningsvegur neðri - Nesjavellir

Fjárveiting var 11 m.kr. og fór til greiðslu skuldar.

374 Hvammsvegur

01 Ýmsir staðir

Fjárveiting var 2 m.kr. Unnið var að styrkingum á 4 km löngum kafla austan Hvamms.

Reykjanes

1 Suðurlandsvegur

12 Vegrið í Hvalfirði

Fjárveiting var 3 m.kr. Sett var upp vegrið á 0,7 km langan kafla um Votaberg. Verktaki var Hagvirki - Klettur hf.

36 Þingvallavegur

Fjárveiting (höfuðborgarsvæði) var 5 m.kr. Lýstur var 2,5 km langur kafli frá Tjaldanesi að Hraðastöðum. Verktaki var Rafmagnsveita Reykjavíkur.

40 Hafnarfjarðarvegur

03 Um Arnarneshæð

Fjárveiting (höfuðborgarsvæði) var 140 m.kr. Greidd voru vinnulán að upphæð 63,7 m.kr. Malbikun vegarins var lokið, göngustígar malbikaðir og gengið frá vegsvæði. Verktaki var Hagvirki hf.

41 Reykjanesbraut

06 - 07 Lýsing vegamóta.

Fjárveiting var 6 m.kr. er fór til greiðslu skuldar vegna lýsingar á gatnamótum við Vogaveg og Grindavíkurveg sem sett var upp 1990. Verktaki var Hitaveita Suðurnesja.

411 Arnarnesvegur

04 Bæjarbraut - Reykjanesbraut

Fjárveiting var 49 m.kr. Lokið var gerð 1,1 km langs vegar frá Bæjarbraut að Reykjanesbraut. Vegurinn næst Reykjanesbraut er bráðabirgðavegur sem mun hverfa þegar vegbrú kemur yfir Reykjanesbraut. Vegurinn var lýstur og gengið frá gatnamótum en lokafrágangur er eftir. Verktaki var J.V.J. hf.

415 Álftanesvegur

04 Lýsing

Fjárveiting var 6 m.kr. og fór til greiðslu skuldar vegna lýsingar á kaflanum frá Herjólfsbraut að Bessastaðavegi er sett var upp 1990. Verktaki var Jón og Tryggvi hf.

06 Landakot - Sviðholt

Fjárveiting var 4 m.kr. og fór til greiðslu skuldar vegna lagningar slitlags 1990.

416 Bessastaðavegur

01 Lýsing að Bessastöðum

Fjárveiting var 6 m.kr. Verkinu var frestað til næsta árs.

425 Nesvegur

02 Íslandslax - Grindavíkurvegur

Fjárveiting var 20 m.kr. Byggður var 3,2 km langur kafli frá enda slitlags við Grindavík að Íslandslaxi. Lögð var tvöföld klæðing á veginn og frágangi lokið. Verktaki var Klæðning hf.

Vesturland

501 Vesturlandsvegur

01 Hvalstöð - Olíustöð

Fjárveiting var 9 m.kr. og fór til greiðslu skuldar.

12 Arnarbæli - Hvammshorn

Fjárveiting var 45 m.kr. Fullgerður var 5,9 km langur kafli með bundnu slitlagi sem byrjað var á 1990. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða.

50 Borgarfjarðarbraut

02 Um Andakílsá

Fjárveiting af fé til brúa 10 m og lengri var 23 m.kr. og af smábrúafé 5,3 m.kr. Geymd fjárveiting til þjóðbrauta frá árinu 1990 var 7 m.kr. Á Andakílsá var byggð 26 m eftirspennt bitabrú í einu hafi með tveimur akreinum og 6 m brú var byggð á aðveituskurð Andakílsárvirkjunar. Þá var byggður 0,7 km langur kafli af nýjum vegi með malarslitlagi. Með þessum framkvæmdum er lagður af hættulegur vegarkafli með tveimur lélegum brúm. Eigin flokkar Vegagerðarinnar önnuðust verkið.

53 Hvítárvallavegur

01 Vesturlandsvegur - Hvanneyri

Fjárveiting af þjóðbrautafé var 24 m.kr. og af smábrúafé til endurnýjunar brúar á Tunguá 2 m.kr. Lokið var að mestu byggingu 3,3 km langs kafla frá Seleyri að Grjóteyri. Frágangi og lagningu bundins slitlags er enn ólokið. Verktaki er Ræktunarsamband Flóa og Skeiða.

54 Ólafsvíkurvegur

02 Borg - Langá

Fjárveiting var 19 m.kr. Greiddar voru skuldir og lagt bundið slitlag á 3,8 km langan kafla sem undirbyggður var veturinn 1989 - 1990. Verktaki var Klæðning hf.

01 - 03 Brókarlækur - Hítará

Fjárveiting til stofnbrauta var 4 m.kr. og 61 m.kr. til sérstakra verkefna. Auk þess var fengin að láni 5 m.kr. fjárveiting til Kolviðarnesvegar (567). Lokið var undirbyggingu á 7,4 km löngum kafla frá Hestlæk að Fíflholtum. Verktaki var Borgarverk hf. Kaflinn Fíflholt - Hítará sem er 5,4 km langur var boðinn út í október 1991. Verktaki er Völur hf. Gert er ráð fyrir að ljúka báðum þessum köflum með bundnu slitlagi í september 1992.

05 - 06 Núpá - Stóraþúfa

Fjárveiting var 19 m.kr. og fór til greiðslu skuldar.

57 Snæfellsnesvegur

13 Búlandshöfði

Fjárveiting var 2 m.kr. og var varið til kortagerðar og jarðfræðirannsókna vegna fyrirhugaðrar vegalagningar um Búlandshöfða.

508 Skorradalsvegur

02 Um Vatnsenda

Fjárveiting var engin en tekið var 8 m.kr. lán og byggður 0,9 km langur kafli um Vatnsenda. Eigin flokkur Vegagerðarinnar vann verkið.

567 Kolviðarnesvegur

01 Að Laugagerðisskóla

Fjárveiting var 5 m.kr. Framkvæmdum var frestað en féð lánað í Ólafsvíkurveg á Mýrum.

574 Útnesvegur

01 Um Klifhraun

Fjárveiting var 2 m.kr. og fór til greiðslu skuldar.

586 Haukadalsvegur

01 Um Haukadalsvatn

Fjárveiting var engin en heimild var til að taka allt að 7,5 m.kr. lán og endurbyggja 2,5 km langan kafla um Haukadalsvatn. Framkvæmdum er ekki lokið. Eigin flokkur Vegagerðarinnar annast verkið.

59 Laxárdalsvegur

02 Laxárdalsheiði

Fjárveiting var 4 m.kr. og fór til greiðslu skuldar.

60 Vestfjarðavegur

10 Klofningsvegur - Brunná

Fjárveiting var 21 m.kr. og fór til greiðslu skuldar.

Vestfirðir

1 Vesturlandsvegur

03 Hólmavíkurvegur - sýslumörk

Fjárveiting á liðnum sérstök verkefni var 35 m.kr. Til lúkningar framkvæmda á Holtavörðuheiði fóru 3 m.kr. en afgangurinn 32 m.kr. var lánaður til Djúpvegar, kafla 25 Óshlíð. Unnið var að skipulagningu og hönnun og var staðfest skipulag fyrir nýja veglínu yfir Hrútafjörð á móts við Stað.

60 Vestfjarðavegur

03 Króksfjarðarnes - Kambur

Fjárveiting var 23 m.kr. Lokið var að mestu gerð 3,2 km vegar frá stað 500 m sunnan vegamóta Tröllatunguvegar, um nýja brú á Geiradalsá, sem byggð var 1990, að slitlagsenda við Klett. Vegurinn er enn án slitlags. Verktaki var Árvélar hf. Selfossi.

22 Dýrafjörður og

23 Grænanes - Næfranes

Fjárveiting til stofnbrauta var 12 m.kr., til sérstakra verkefna 36 m.kr. og til stórverkefna 78 m.kr. eða alls 126 m.kr. Greitt var vinnulán að upphæð 9 m.kr. Endurgreidd voru lán til annarra vega 15 m.kr til Djúpvegar og 5 m.kr. til kaflans um Gemlufallsheiði á Vestfjarðavegi. Lokið var við vegfyllingu yfir Dýrafjörð sem byrjað var á 1990 og vantar nú aðeins slitlagið á þennan kafla. Verktakar voru Suðurverk hf. og Klæðning hf. Við opnun vegarins yfir Dýrafjörð styttist Vestfjarðavegur um 13,5 km. Vegurinn inn fyrir Dýrafjarðarbotn sem nú leggst af er vondur auk þess sem hann er snjóþungur og á vissum stöðum hættulegur vegna snjóflóða.

37 Vestfjarðagöng

Fjárveiting til stofnbrauta var 14 m.kr. og til stórverkefna 276 m.kr. eða alls 290 m.kr. Auk þess var tekið vinnulán að upphæð 62 m.kr. Gerð jarðganganna ásamt aðliggjandi vegum var boðin út í febrúar og tilboð opnuð 18. apríl. Alls bárust 8 tilboð. Samið var við lægstbjóðanda sem er samsteypa fyrirtækjanna ÍSTAK hf., Skånska AB, Selmer Anlegg A.S. og Pihl og Søn A.S. Samningsupphæðin er 2.475 m.kr. Fyrirtækin stofnuðu í júlí sameignarfélagið VESTURÍS sf. um framkvæmdirnar.

Framkvæmdir hófust í júlí við aðstöðusköpun í Tungudal og uppsetningu vinnubúða á Dagverðardal. Á árinu voru laus jarðefni grafin frá öllum gangamunnum og unnið að vegagerð í öllum dölunum þremur. Þann 5. september hófst jarðgangagröftur á Tungudal með því að samgönguráðherra sprengdi fyrstu hleðsluna. Um áramót var búið að grafa 476 m af tvíbreiðum göngum og ganga frá um 115 þús. rúmmetrum í vegfyllingum.

61 Djúpvegur

01 Tenging Inn - Djúps

Fjárveiting til sérstakra verkefna var 40 m.kr. Lagður var 3,5 km langur kafli frá Grjótá í Steingrímsfirði að vegamótum Strandavegar. Þó vantar enn slitlag á þennan kafla. Verktaki var Ellert Skúlason hf. Njarðvík.

16 Seljalandsós - Svarfhóll

Fjárveiting var 10 m.kr. Lagður var 1,7 km langur kafli með einföldu klæðingarslitlagi. Eftir er að tvöfalda slitlagið. Verktaki við jarðvinnu var Jón og Magnús sf. Ísafirði en eigin flokkur Vegagerðarinnar lagði slitlagið.

Með þessum vegabótum er slitlag orðið samfellt frá Bolungavík inn í Hestfjörð.

25 Óshlíð

Fjárveiting var 12 m.kr. og 32 m.kr. voru fengnar að láni af fjárveitingu af sérstökum verkefnum til Vesturlandsvegar, 03 Hólmavík - sýslumörk eins og getið er hér að framan.

Sett var upp lýsing frá Hnífsdal að sorpeyðingarstöð á Skarfaskeri og frá Óshólavita að Syðradalsvegi í Bolungavík samtals 5,8 km. Sett voru upp grjótvarnarnet á 200 m kafla á skriðum innan við netin sem sett voru upp 1989. Á tveimur stöðum á Seljadalshorni og utan við Seljadalinn voru settir grjótfylltir netkassar (gabions) til þess að verja veginn fyrir minni háttar grjóthruni. Margir verktakar komu við sögu í verkinu auk eigin flokka Vegagerðarinnar.

62 Barðastrandarvegur

05 Hlaðseyri - Raknadalur

Fjárveiting var 5 m.kr. Lagt var bundið slitlag á 2,5 km langan kafla frá Hlaðseyri að Raknadal og lokið frágangi á honum og á 1 km löngum kafla á Björgunum. Verkið var unnið af eigin flokkum Vegagerðarinnar.

Með þessum áfanga er komið samfellt slitlag frá Patreksfirði inn í Patreksfjarðarbotn.

63 Bíldudalsvegur

03 Hálfdán - Bíldudalur

Fjárveiting var 30 m.kr. Lagður var 3,3 km langur vegarkafli frá Seljadalsá að vegamótum Ketildalavegar við Bíldudal. Eftir er að leggja slitlag á veginn. Verktaki var Fylling hf. Hólmavík.

68 Hólmavíkurvegur

03 - 04 Borðeyri - Kjörseyri

Fjárveiting var 5 m.kr. Auk þess var unnið fyrir 10,3 m.kr. afgang sem varð 1990 við framkvæmdir á Djúpvegi 05 Snæfjallastrandarvegur - flugvöllur. Lagður var 1,7 km langur kafli með bundnu slitlagi frá Hróðmundará að Kjörseyri. Auk þess var lagt bundið slitlag á 1,7 km langan kafla frá Borðeyri að Hróðmundará sem lagfærður var 1990. Verktaki í jarðvinnu var Vélgrafan hf. Selfossi en eigin flokkur Vegagerðarinnar lagði slitlagið.

612 Örlygshafnarvegur

01 Barðastrandarvegur - Skápadalur

Fjárveiting var 1 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

633 Vatnsfjarðarvegur

01 Djúpvegur - Vatnsfjarðarnes

Fjárveiting var 25 m.kr. Lagður var 10 km langur vegarkafli úr Reykjafirði út á Vatnsfjarðarnes að enda nýbyggingar frá 1989. Frágangi er ólokið. Verktaki var Fylling hf. Hólmavík.

634 Reykjanesvegur

01 Vatnsfjarðarvegur - Reykjanes

Fjárveiting var 3 m.kr. Lagður var 0,6 km langur kafli fram hjá laxeldisstöðinni. Eigin flokkur Vegagerðarinnar vann verkið.

Norðurland vestra

1 Norðurlandsvegur

01 Sýslumörk - Staðarskáli

Fjárveiting af sérstökum verkefnum var 9 m.kr. Framkvæmdum var frestað en unnið var að skipulagningu og hönnun og var staðfest skipulag fyrir nýja veglínu yfir Hrútafjörð á móts við Stað.

06 Um Víðihlíð

Fjárveiting var 1 m.kr. og var sú upphæð greidd sem framlag til hreppsins vegna lýsingar á veginum framhjá Víðigerði og Víðihlíð.

1 Norðurlandsvegur

09 Við Blönduós

Fjárveiting var 1 m.kr. en auk þess var unnið fyrir 2,5 m.kr. þéttbýlisfé, 6 m.kr. viðhaldsfé brúa og 3 m.kr. viðhaldsfé vega. Gert var hringtorg á vegamótum Norðurlandsvegar, Svínvetningabrautar og Hnjúkabyggðar. Einnig var vegurinn frá torginu að Blöndubrú styrktur og gangstétt brúarinnar breikkuð og skilin frá akbrautinni með handriði. Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir var 15 m.kr. Verktaki við hringtorgið var Þorvaldur Evensen en eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist endurbætur á brúnni.

19 Miklibær - Kjálkavegur

Fjárveiting var 20 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

21 Reiðgil - Grjótá

Fjárveiting var 8 m.kr. auk 42 m.kr. fjárveitingar til sérstakra verkefna eða alls 50 m.kr. Byggður var nýr vegur um Reiðgil og að Grjótá 4,5 km að lengd. Hann er enn án slitlags. Einnig var byggð ný brú á Reiðgil. Verktaki í jarðvinnu var Höttur sf. en eigin flokkur Vegagerðarinnar byggði brúna.

76 Siglufjarðarvegur

03 - 04 Kýrholt - Hlíðarendi

Brú á Hjaltadalsá

Fjárveiting til vegagerðar var 5 m.kr. Framkvæmdir næsta árs voru undirbúnar m.a. var malað efni.

Fjárveiting til brúar á Hjaltadalsá var 17 m.kr. Unnið var að gerð brúa á Hjaltadalsá og Kolbeinsdalsá (76). Skammt verður milli brúnna og þær verða sömu gerðar þ.e. stálbitabrýr með steyptu gólfi. Þær verða 43 m langar með tveimur akreinum. Á árinu 1991 voru smíðaðir bitar í báðar brýrnar og gerðar undirstöður fyrir brúna á Kolbeinsdalsá. Brýrnar verða í nýrri veglínu neðar en núverandi brýr og koma í stað mjórra og lélegra brúa sem hafa slæma aðkomu. Gert er ráð fyrir að nýi vegurinn verði tekinn í notkun á næsta ári.

10 Strákgöng

Fjárveiting af stórverkefnum var 72 m.kr. og auk þess var 3 m.kr. innistæða frá fyrra ári. Skipt var um drenlagnir, göngin fóðruð með sprautusteypu og plastklæðningu, gólfið malbikað og sett upp ný lýsing. Lokið var sprengingum vestan gangamunna vegna lengingar forskála. Kostnaður var 98 m.kr. Aðalverktaki var ÍSTAK hf. en Rafbær hf. annaðist lýsingu.

711 Vatnsnesvegur

01 Hvammstangi - Skarð

Fjárveiting var 10 m.kr. Byggður var 1,8 km langur kafli um Kárastaði og 1,8 km langur kafli um blindhæð sunnan Skarðs. Frágangi er ólokið. Verktakar voru Einar Schiöth og Borgarfell sf.

731 Svínvetningabraut

01 Blönduós - Hnjúkahlíð

Fjárveiting var 5 m.kr. Lögð var tvöföld klæðing á 2,0 km nýbyggingu frá síðasta ári frá Héraðshæli suður á Hjúkahlíðarflóa. Verktaki var Borgarverk hf.

745 Skagavegur

01 Skagastrandarvegur - Örlygsstaðir

Fjárveiting var 3 m.kr. Styrktur var 4,7 km langur kafli frá Harastöðum að Hofsá. Verktakar voru Sigurður Hjálmarsson og Sigurgeir Jónasson.

752 Skagafjarðarvegur

02 Héraðsdalsvegur - Svartárdalsvegur

Fjárveiting var 7 m.kr. Endurbyggður var 2,5 km langur kafli frá Mælifellsá suður fyrir Svartá. Verktaki var Fjörður sf.

03 Svartárdalsvegur - Austurdalsvegur

Fjárveiting var 3 m.kr. Endurbyggður var 1,3 km langur kafli um Tunguháls. Verktaki var Fjörður sf.

764 Hegranesvegur vestri

Fjárveiting var 2 m.kr. Lokið var nýbyggingu um Hróarsdal sem byrjað var á 1990. Verktaki var Króksverk hf.

765 Hegranesvegur eystri

Fjárveiting var 2 m.kr. Lokið var nýbyggingu um Ás sem byrjað var á 1990. Verktaki var Króksverk hf.

Norðurland eystra

1 Norðurlandsvegur

01 Grjótá - Öxnadalsá

Fjárveiting til sérstakra verkefna var 10 m.kr. og var henni varið til efnisvinnslu vegna framkvæmda 1992. Eigin flokkur Vegagerðarinnar vann verkið.

02 Öxnadalsá - Þverá

Fjárveiting til stofnbrauta var 35 m.kr. og til sérstakra verkefna 40 m.kr. eða samtals 75 m.kr. Lagður var 3,7 km langur kafli frá Þverá að Engimýri og byggð ný brú á Þverá. Verktaki var Króksverk hf. Sauðárkróki.

03 Þverá - Hörgárdalsvegur

Fjárveiting var 39 m.kr. og eftirstöðvar frá 1990 8,1 m.kr. Lokið var gerð 8,8 km langs kafla frá Þverá að Bægisá. Einnig var lagt seinna lag klæðingar á 7,8 km langan kafla frá skógræktargirðingu að Bægisá. Verktaki við jarðvinnu var Jarðverk sf. Fnjóskadal en eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist lögn slitlags.

81 Ólafsfjarðarvegur

06 Um Ólafsfjarðarmúla

Fjárveiting til stofnbrauta var 6 m.kr. og til stórverka 192 m.kr. eða samtals 198 m.kr. Greidd var 145 m.kr. skuld frá 1990. Lagt var seinna lag malbiks í jarðgöngin (3,4 km) og frágangi þeirra lokið.

Göngin sem tekin voru í notkun í desember 1990 voru opnuð formlega til umferðar við hátíðlega athöfn 1. mars 1991.

Með tilkomu ganganna styttist leiðin milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur um 1,3 km. Meiru skiptir þó að vegfarendur losna við einn hættulegasta vegarkafla landsins, en á árunum 1977-86 var skráð 1381 snjóflóð í Múlanum auk þess sem hætta stafaði oft af grjóthruni. Mikilvægur óbeinn ávinningur er einnig, að með tryggum samgöngum koma nýir möguleikar á samstarfi og samnýtingu þjónustu á Dalvík og Ólafsfirði.

Verktaki við jarðgangaframkvæmdir og jarðvinnu í aðliggjandi vegum var Kraftak sf.

Auk þess sem að ofan getur var lagt seinna lag klæðingar á 1,1 km langan kafla frá Klifi að eystri gangamunna og á 1,6 km langan kafla frá vestri gangamunna að Ólafsfirði. Einnig var lögð klæðing á 1,0 km langan kafla í Klifi og sett upp vegrið á alls 3,0 km á hættulegum stöðum. Þessi verk voru unnin af eigin flokkum Vegagerðarinnar.

83 Grenivíkurvegur

03 Gljúfurá - Grenivík

Fjárveiting var 24 m.kr. Lagður var 3,0 km langur kafli frá Gljúfurá að Grenivík ásamt 0,6 km langri tengingu að Grenivíkurhöfn. Kaflarnir eru enn án slitlags. Verktaki var Marín hf. Grenivík.

85 Norðausturvegur

06 Húsavík - Hallbjarnarstaðir

Fjárveiting var 4 m.kr. Endurbyggður var 0,5 km langur kafli til norðurs frá Húsavík og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Eigin flokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

87 Kísilvegur

00 Kirkja - Mývatnsvegur

Fjárveiting var 16 m.kr. Lagður var 3,1 km langur kafli frá Flugvallarvegi að Mývatnsvegi og sett á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki við jarðvinnu var Arnarfell hf. en eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist gerð slitlags.

815 Hörgárdalsvegur

01 Norðurlandsvegur - Melar

Fjárveiting var engin en fyrir nýbyggingarfé frá Norðurlandsvegi í Öxnadal var lagt seinna lag klæðingar á 0,8 km langan kafla frá Norðurlandsvegi að Melum. Eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

823 Miðbraut

01 Um Eyjafjarðará

Fjárveiting til brúa var 13 m.kr. og fór hún öll til greiðslu á afborgunum og vöxtum af skuldum vegna byggingar brúarinnar.

829 Eyjafjarðarbraut eystri

01 Um Þverá

Fjárveiting til stofnbrauta var 1 m.kr. og til brúa 18 m.kr. eða alls 19 m.kr. Byggður var 6,7 m breiður stokkur 62 m langur sem verður undir hárri fyllingu. Eigin flokkur Vegagerðarinnar vann verkið. Stokkurinn er í nýrri veglínu nokkru neðar en gamla brúin. Vegagerð var frestað.

864 Hólsfjallavegur

01-04 Norðurlandsvegur - Norðausturvegur

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Ekið var leir í 18,5 km langan kafla frá Hólsseli að Fosshrauni, styrktur 4,5 km langur kafli frá Fosshrauni að Hafragilsfossi og lagfærður 19 km langur kafli frá Hafragilsfossi að Austaralandi. Eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

Austurland

1 Austurlandsvegur

08 Um Teigará

Fjárveiting var engin en innistæða frá 1990 af stofnbrautafé var 5 m.kr. og af brúafé 3 m.kr. eða alls 8 m.kr. Byggður var 0,4 km langur kafli um Teigará og stálhólkur með 3,6 m þvermál settur í ána. Verktaki var Gunnar og Kjartan sf. Egilsstöðum.

10 Jökulsá - Dimmidalur

Fjárveiting var 18 m.kr. Greidd var skuld frá 1990 að upphæð 7,4 m.kr. Lokið var undirbyggingu 2,1 km langs kafla sem boðinn var út 1990. Byggður var 0,9 km langur kafli til viðbótar eða samtals 3,0 km. Eftir er að leggja klæðingu. Verktaki var Austfirskir verktakar hf.

17 Um Haugahóla

Fjárveiting var 12 m.kr. Greidd var skuld frá 1990 að upphæð 7,9 m.kr. Lokið var frágangi og malarslitlagi á 2,2 km löngum kafla sem undirbyggður var 1990. Eigin flokkur Vegagerðarinnar vann verkið.

21 - 23 Ós - Fagrihvammur

Fjárveiting var 32 m.kr. Unnið var að lagfæringum á 4,0 km löngum kafla frá Hvarfsbót að Streitishvarfi og lögð klæðing á 5,6 km langan kafla frá Núpi að Krossá. Eigin flokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

25 - 26 Fossá - Framnes

Fjárveiting var 9 m.kr. og fór öll til greiðslu skuldar frá 1990.

38 Mánagarður - Myllulækur

Fjárveiting var 12 m.kr. og innistæða frá 1990 var 21 m.kr. Hluti fjárveitingarinnar var lánaður í klæðingu á kafla 45 Hrútá - Kvíá. Byrjað var á undirbyggingu á 4,5 km löngum kafla. Verktaki er Helgi G. Kjartansson, Hornafirði.

43 Reynivellir - Jökulsá

Fjárveiting var 9 m.kr. Greidd var skuld frá 1990 að upphæð 2,0 m.kr. Lögð var klæðing á 0,7 km langan kafla sem undirbyggður var 1990. Byrjað var á undirbyggingu á 1,2 km löngum kafla austan Jökulsár á Breiðamerkursandi. Eigin flokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

44 Jökulsá - austan Fjallsár

Fjárveiting var 22 m.kr. og fór öll til greiðslu skuldar frá 1990.

45 Hrútá - Kvíá

Fjárveiting var engin. Lögð var klæðing á 7,4 km langan kafla fyrir fé sem lánað var frá kafla 38 Mánagarður - Myllulækur. Eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

85 Norðausturvegur

03 Skeggjastaðir - Hafnarvegur

Fjárveiting var 11 m.kr. Undirbyggður var 4,1 km langur kafli frá Skeggjastöðum að Hölkná. Eftir er að leggja klæðingu. Verktaki var Átak hf. Þórshöfn.

04 Á Sandvíkurheiði

Fjárveiting var 5 m.kr. Lokið var undirbyggingu frá 1990. Eftir er að leggja klæðingu. Verktaki var Guðmundur Björgólfsson, Breiðdalsvík.

92 Norðfjarðarvegur

09 Ofan Eskifjarðar - göng

Fjárveiting var 17 m.kr. Innistæða frá 1990 var 13 m.kr. Lokið var gerð undirbyggingar frá 1990 milli Beljanda og Háhlíðarhorns og endurbyggður 1,2 km langur kafli frá Háhlíðarhorni að göngum. Lögð var klæðing á 4,6 km langan kafla ofan Eskifjarðar að Háhlíðarhorni. Verktaki við jarðvinnu var Héraðsverk hf. Egilsstöðum en eigin flokkar Vegagerðarinnar önnuðust undirbyggingu kaflans frá Háhlíðarhorni að göngum og lögn klæðingar.

93 Seyðisfjarðarvegur

02 Langahlíð - Miðhúsaá

Fjárveiting var 20 m.kr. Lögð var klæðing á 4,6 km langan kafla. Eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

94 Borgarfjarðarvegur

01 Mýnes - Eiðar

Fjárveiting var 13 m.kr. Greidd var skuld frá 1990 að upphæð 12 m.kr. Lögð var klæðing á 0,7 km langan kafla um Kirkjuhöfða. Eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

08 Skriður - Framnes

Fjárveiting var engin en unnið var fyrir lánsfé að upphæð 17 m.kr. Undirbyggður var 2,0 km langur kafli sem þó vantar enn hluta burðarlags, slitlag og lokafrágang. Eigin flokkur Vegagerðarinnar vann verkið.

96 Suðurfjarðavegur

01 Norðfjarðarvegur - Handarhald

Fjárveiting var 32 m.kr. Lokið var undirbyggingu frá 1990 og lögð klæðing á 4,0 km langan kafla. Verktaki við jarðvinnu var Austfirskir verktakar hf. en eigin flokkur Vegagerðarinnar annaðist lögn klæðingar.

02 Götuhjalli - Vattarnes og brú á Eyrará

Fjárveiting til stofnbrauta var 19 m.kr. og 4 m.kr. til brúar á Eyrará. Endurbyggður var 3,8 km langur kafli um Götuhjalla að Eyri og hann lagður klæðingu. Framkvæmdum við brú á Eyrará var frestað. Eigin flokkar Vegagerðarinnar unnu verkið.

917 Hlíðarvegur

04 - 06 Vopnafjörður - Hérað

Fjárveiting var 38 m.kr. Unnið var að undirbyggingu á 7,3 km löngum kafla frá Hellisá að Fjallshólum og henni lokið að mestu þó nokkur ræsagerð sé eftir. Verktaki er V. Brynjólfsson sf. Skagaströnd.

923 Jökuldalsvegur

Fjárveiting var 1 m.kr. og fór hún öll til greiðslu skuldar.

931 Upphéraðsvegur

03 Hrafnsgerði - Partshús

Fjárveiting var 4 m.kr. Endurbættur var 2,0 km langur kafli um Hrafnsgerði. Eigin flokkur Vegagerðarinnar vann verkið.

08 Hafursá - Freyshólar

Fjárveiting var 5 m.kr. Undirbyggður var 2,1 km langur kafli en frágangi og lagningu klæðingar er ólokið. Verktaki er Vélaleiga Sigga Þórs hf. Egilsstöðum.

953 Mjóafjarðarvegur

Fjárveiting var 4 m.kr. Greidd var skuld frá 1990 að upphæð 2,1 m.kr. Unnið var að lagfæringum á 1,0 km löngum kafla milli Hesteyrar og Brekkuþorps. Eigin flokkur Vegagerðarinnar vann verkið.

Austurlandsgöng

Fjárveiting til stórverkefna var 4 m.kr. og til stofnbrauta 3 m.kr. eða alls 7 m.kr. Haldið var áfram gagnasöfnun og úrvinnslu gagna um jarðfræði, snjóalög, umferð o.fl. Meginhersla var lögð á hugsanlegar jarðgangatengingar til Seyðisfjarðar og Norðfjarðar. Möguleikar á göngum milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar voru einnig skoðaðir nokkuð svo og möguleikar á göngum milli Vopnafjarðar og Héraðs. Viðamikil jarðfræðiskýrsla unnin af Orkustofnun var nánast frágengin í árslok.

Greinargerð um framkvæmdir við aðalfjallvegi 1991

F22 Fjallabaksleið nyrðri

Fjárveiting var 1,3 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á veginum.

F28 Sprengisandsleið

Fjárveiting var 1,7 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á veginum.

F35 Kaldadalsvegur

Fjárveiting var 1,2 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á veginum.

F37 Kjalvegur

Fjárveiting af aðalfjallvegafé var 8 m.kr. Auk þess var 1 m.kr. af fé til þjóðgarðavega og vega að fjölsóttum ferðamannastöðum. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 2,8 m.kr. Lagður var 1,6 km langur nýr vegur frá slitlagsenda við Biskupstungnabraut. Þá var styrktur 0,9 km langur kafli gamla vegarins í framhaldi af honum. Þessi framkvæmd tengist fyrirhugaðri byggingu þjónustumiðstöðvar á svæðinu.

Sunnan og vestan Helgufells var 5,5 km langur kafli styrktur og gerð fjögur ný ræsi.

Auk þess var unnið að heflun og almennu viðhaldi á veginum.

Sérstök fjárveiting til brúar á Grjótá var 9 m.kr. Hún var öll lánuð til brúar á Markarfljót.

F72 Skagafjarðarleið

Fjárveiting var 0,6 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á veginum.

Sérstök fjárveiting til brúar á Jökulsá eystri var 7 m.kr. Sett var ný yfirbygging á gamla stöpla og þeir hækkaðir og endurbættir.

F82 Eyjafjarðarleið

Fjárveiting var 0,9 m.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á veginum.

F98 Gæsavatnaleið

Fjárveiting var 1,1 m.kr. og auk þess var innistæða frá 1990 að upphæð 2,1 m.kr. Gert var við skemmdir af völdum flóða við brú á Kreppu en fénu var annars varið til heflunar og almenns viðhalds á veginum.

938. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um brunavarnir og brunamál.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk um það umsagnir frá Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Landssambandi slökkviliðsmanna, Arkitektafélagi Íslands, starfsfólki Brunamálastofnunar ríkisins, Verkfræðingafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi byggingarfulltrúa, stjórn Brunamálastofnunar ríkisins, brunamálastjóra og Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Þá komu á fund nefndarinnar Bergsteinn Gizurarson brunamálastjóri, Guðmundur Vignir Óskarsson, formaður Landssambands slökkviliðsmanna, Kristján Jóhannsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Þórhildur Líndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Guðmundur Gunnarsson, Árni Árnason og Guðmundur Bergsson, fulltrúar starfsmanna Brunamálastofnunar ríkisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Fjölmargar athugasemdir bárust nefndinni frá umsagnaraðilum og hefur nefndin tekið tillit til margra þeirra í breytingum sínum. Breytingartillögur nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Við 2. gr. Sú breyting er gerð á 1. mgr. að í stað þess að Brunamálastofnun hafi á hendi „yfirumsjón“ með öllum brunamálum hafi hún „eftirlit“ með þessum málum. Þessi breyting er gerð með hliðsjón af því að samkvæmt sveitarstjórnarlögum eru eldvarnir og eldvarnaeftirlit verkefni sveitarfélaga. Þá eru gerðar breytingar á 4. mgr. þar sem skilgreind eru verkefni Brunamálastofnunar. Breytingarnar taka mið af því að óeðlilegt er talið að Brunamálastofnun ríkisins sinni verkefnum í samkeppni við starfandi ráðgjafa en á síðustu árum hefur verið að byggjast upp þekking á brunamálum á íslenskum ráðgjafarmarkaði, einkum fyrir tilstuðlan Brunamálastofnunar ríkisins. Lögð er því til breyting á a-, f- og g-liðum. Enn fremur er í d-lið kveðið á um að Brunamálastofnun skuli hafa forgöngu um að fyrirmælum reglugerðar um skyldubundna menntun verði framfylgt en slíkt ákvæði var ekki fyrir hendi. Breyting á e-lið er orðalagsbreyting.
2. Við 3. gr. Í fyrri málsgrein er í fyrsta lagi lögð til sú breyting að niður falli ákvæði um að stjórn stofnunarinnar fari með yfirstjórn brunamála. Hlutverk stjórnar ætti fremur að vera það að marka stefnu stofnunarinnar og jafnframt hafa nokkurs konar rammaeftirlit með því að stofnunin gegni hlutverki sínu. Í öðru lagi er lögð til sú breyting við fyrri málsgrein að í stað Arkitektafélags Íslands, Verkfræðingafélags Íslands og Tæknifræðingafélags Íslands tilnefni Brunatæknifélag Íslands mann í stjórn, en síðastnefnt félag er sameiginlegur vettvangur allra hönnuða sem og annarra sem hafa aukna þekkingu á brunahönnun og brunavörnum að markmiði. Þá er í síðari málsgrein lögð til breyting á stöðu brunamálastjóra. Hlutverk hans samkvæmt frumvarpinu er að sjá um daglegan rekstur í umboði stjórnar. Eðlilegra þykir að hann veiti stofnuninni forstöðu og sé ábyrgur gagnvart stjórninni. Hvað varðar menntun hans virðist ekki vera ástæða til að breyta verulega skilyrðum gildandi laga og er gerð breytingartillaga til samræmis við það.
3. Við 4. gr. Breytingin er með hliðsjón af 5. mgr. 27. gr. frumvarpsins.
4. Við 5. gr. Greininni er breytt vegna þess að fortakslaus skylda allra sveitarfélaga til að tryggja vatn og vatnsþrýsting fyrir slökkvibúnað og sérstakan búnað, t.d. vatnsúðakerfi í meiri háttar byggingar, getur reynst óraunhæf vegna kostnaðar. Eðlilegt

þykir að heimilt verði að leita annarra lausna til að tryggja nauðsynlegar brunavarnir þar sem vatnsöflun er erfið.

5. Við 6. gr. Ákvæði síðari hluta 2. mgr. greinarinnar um sérstaka almannahættu, t.d. af völdum vatnsflóða og fárviðris, fellur út. Það hlýtur ávallt að vera mat slökkviliðsstjóra hvenær nota beri tækjakost slökkviliðs og hvenær ekki og ekki hægt að binda það við sérstaka almannahættu.
6. Lagt er til að 12. gr. falli brott þar sem ákvæðið þykir óþarft.
7. Við 15. gr. Þar sem ekki er alltaf þörf fyrir löggæslu við slökkvistörf og sjaldnast við æfingar slökkviliðs þykir rétt að slökkviliðsstjóri eigi sjálfur frumkvæði að því að meta hvort þörf sé á löggæslu.
8. Við 18. gr. Lagt er til að ákvæði greinarinnar verði rýmkað þannig að það nái til byggingarefna, tækja og annars varnings. Mjög brýnt er fyrir Brunamálastofnun að geta fylgst með innflutningi og sölu ýmissa efna, tækja og varnings sem eldhætta getur stafað af. Enn fremur er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein til að tryggt sé að einungis verði notuð viðurkennd efni þar sem ákveðnar kröfur eru gerðar samkvæmt byggingar- og brunamálareglugerðum. Það er og nauðsynlegt að upplýsingum um slíkar viðurkenningar sé komið á framfæri með skipulögðum hætti við þá sem á þurfa að halda.
9. Við 19. gr. Breyting á 4. mgr. greinarinnar er orðalagsbreyting. Þá er lögð til sú breyting við 5. mgr., er fjallar um húsnæði sem þegar er byggt og í rekstri, að ótvírætt sé að slökkviliðsstjórar eða byggingarfulltrúar hafi heimild til að fara fram á brunatæknilega hönnun eða úttekt á slíku húsnæði sé brunavörnum þess ábótavant í veigamiklum atriðum. Í 6. mgr. er sú breyting lögð til að þegar gerðar eru breytingar á mannvirki eða starfsemi þess breytt þannig að gerðar eru auknar eða nýjar kröfur um brunavarnir í þeim skuli eiganda eða forráðamanni skylt að fá til þess samþykki byggingarnefndar og slökkviliðsstjóra. Í 7. mgr. er gert ráð fyrir að Brunamálastofnun, í stað félagsmálaráðherra í frumvarpinu, geti gert sérstakar ráðstafanir til brunavarna í þeim mannvirkjum sem kveðið er á um í 5. mgr. Í 8. mgr. er gerð sú breyting að eiganda eða forráðamanni mannvirkis eða tryggingafélagi beri að gera viðeigandi ráðstafanir til björgunar verðmæta eftir bruna.
10. Við 23. gr. Lagt er til að í greininni verði kveðið á um að Brunamálastofnun sjái um að rannsókn fari fram á orsökum eldsvoða eftir brunatjón. Hjá stofnuninni er tæknileg þekking mikil og óhagkvæmt vegna fámennis að byggja upp þessa sérþekkingu hjá öðrum stofnunum. Ef grunur leikur á um refsiverðan verknað skal Rannsóknarlögregla ríkisins sjá um lögregluransókn í samráði við Brunamálastofnun.
11. Við 24. gr. Lagt er til að b- og c-liðir greinarinnar falli brott. Sömu ákvæði eru í gildandi lögum um brunamál en ekki hefur þurft að beita þessum ákvæðum og er ekki talin ástæða til halda þeim í greininni.
12. Við 26. gr. Lögð er til breyting á 2. mgr. greinarinnar þar sem núverandi orðalag stangast hugsanlega á við 66. gr. stjórnarskrárinnar.
13. Við 27. gr. Gert er ráð fyrir að meira samráð verði en áður milli sveitarstjórna og slökkviliðsstjóra. Þá er kveðið á um að dagsektir, sem heimilaðar eru ef eigandi mannvirkis framkvæmir ekki nauðsynlegar úrbætur, skuli renna í sveitarsjóð í stað ríkissjóðs áður.

14. Við 28. gr. Lagt er til að greininni verði breytt þannig að vanræki sveitarfélag skyldur sínar samkvæmt frumvarpinu geri Brunamálastofnun ráðuneytinu viðvart sem þá veiti sveitarfélagi áminningu og áskorun um að bæta úr vanrækslunni. Sinni sveitarfélag því ekki sé heimild til þess að grípa til dagsekta.

Jón Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1992.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Gunnlaugur Stefánsson.	Einar K. Guðfinnsson.	Eggert Haukdal.
Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	

939. Breytingartillögur [188. mál]

við frv. til l. um brunavarnir og brunamál.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Brunamálastofnun ríkisins hefur á hendi eftirlit með öllum brunavörnum og brunamálum í landinu.
   b. Við 4. mgr. A- til g-liðir orðist svo:
      a. Að leiðbeina sveitarstjórnum um allt það er lýtur að brunavörnum, þar á meðal að skilgreina þær brunatæknilegu kröfur sem vatnsveitukerfi sveitarfélaga eiga að uppfylla og hafa eftirlit með að þeim kröfum sé fullnægt.
      b. Að yfirfara brunahönnun og uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjum sem slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi vísar til hennar og stofnunin sjálf kallar eftir til að ganga úr skugga um að lögum og reglugerðum um brunavarnir sé fullnægt. Einnig skal Brunamálastofnun gefa út leiðbeiningar og reglur um brunavarnir og brunahönnun mannvirkja eftir því sem kostur er.
      c. Að hafa eftirlit með og samþykkja slökkvibúnað, brunavarnakerfi, byggingarhluta og efni og annað það er snertir brunavarnir.
      d. Að hafa forgöngu um að fylgt sé fyrirmælum reglugerðar um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna, þar á meðal slökkviliðsstjóra og eldvarnaeftirlitsmanna.
      e. Að hafa æfingar með slökkviliðum svo og að stuðla að aukinni menntun slökkviliðsmanna og eldvarnaeftirlitsmanna, m.a. með því að gangast fyrir reglubundnum námskeiðum.
      f. Að beita sér fyrir kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir þá er sinna reglubundnu eldvarnaeftirliti; að gangast fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir hönnuði og aðra tæknimenn og kynna þeim nýjungar á sviði brunavarna; að beita sér fyrir kynningar- og fræðslustarfsemi meðal almennings.
      g. Að halda uppi rannsóknastarfsemi á sviði brunavarna.
2. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „sameiginlegri tilnefningu Arkitektafélags Íslands, Verkfræðingafélags Íslands og Tæknifræðingafélags Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: tilnefningu Brunatæknifélags Íslands.

b. Orðin „Stjórnin fer með yfirstjórn stofnunarinnar“ í 1. mgr. falli brott.
c. Í stað 2. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

Stjórn Brunamálastofnunar skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar og að fylgt sé ákvæðum laga og reglna sem um stofnunina gilda. Stjórnin skal móta stefnu stofnunarinnar í samráði við brunamálastjóra, m.a. með því að samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Stjórnin ber ábyrgð gagnvart ráðherra.

Ráðherra skipar brunamálastjóra til sex ára í senn að fengnum tillögum stjórnar Brunamálastofnunar. Hann skal veita stofnuninni forstöðu og bera ábyrgð gagnvart stjórninni. Hann ræður starfsmenn Brunamálastofnunar og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Brunamálastjóri skal vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur eða með aðra sambærilega menntun á háskólastigi og hafa sérþekkingu á brunamálum.

3. Við 4. gr. 3. mgr. falli brott.
4. Við 5. gr. 2. og 3. mgr. orðist svo:

Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða svo og vatnsnotkun til slökkvistarfa.

Sveitarfélögum ber að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað í þéttbýli, t.d. úðakerfi í meiri háttar byggingum. Í þeim sveitarfélögum, þar sem vatnsöflun er erfið, er þó heimilt að leita annarra lausna til að tryggja nauðsynlegar brunavarnir.

5. Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „verksvið hans“ í 4. málsl. fyrri málsgreinar komi: starfsemi slökkviliða og verksvið slökkviliðsstjóra.
   b. Orðin „og um sérstaka almannahættu sé að ræða, t.d. af völdum vatnsflóða og fárviðris“ í síðari málsgrein falli brott.
6. Við 12. gr. Greinin falli brott.
7. Við 15. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „Ef lögreglustjóri býr í sveitarfélaginu skal hann ásamt lögregluliði staðarins“ í 1. málsl. komi: Ef slökkviliðsstjóri óskar þess skal lögregla.
   b. Í stað orðsins „lögreglulið“ í 3. málsl. komi: lögregla.
   c. Á eftir orðunum „störfum sínum“ í 3. málsl. komi: vernda brunarústir sem rannsaka þarf eða bjarga verðmætum úr.
8. Við 18. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðinu „tækja“ í 1. málsl. fyrri málsgreinar komi: eða annars varnings.
   b. Í stað orðanna „húss gegn“ í 1. málsl. fyrri málsgreinar komi: mannvirkja og fólks gagnvart.
   c. Í stað orðanna „efnið (tækið)“ í 3. málsl. fyrri málsgreinar komi: byggingarefnið, tækið eða annan varning.
   d. Í stað orðanna „efnis (tækis) sem“ í síðari málsgrein komi: byggingarefnis, tækis og annars varnings sem stofnunin telur geta valdið hættu á brunatjóni eða.
   e. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Brunamálastofnun skal halda skrá yfir þær viðurkenningar sem veittar eru á grundvelli 1. mgr. svo og það sem bannað er á grundvelli 2. mgr. Brunamálastofnun ber að senda slíka skrá reglulega til slökkviliðsstjóra, byggingarfulltrúa, hönnuða og annarra er þess óska.

9. Við 19. gr. 4.–8. mgr. orðist svo:

Skylt er að láta fara fram sérstaka brunahönnun á mannvirki þegar um er að ræða nýbyggingu þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman eða dveljast, eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni

í eldsvoða. Skal hún fullnægja þeim kröfum sem gildandi byggingarreglugerð og reglugerð um brunavarnir og brunamál mælir fyrir um.

Sé um að ræða mannvirki sem þegar er byggt og í rekstri og þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman eða dveljast, eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða skal slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi gera úttekt á brunavörnum þess, m.a. með tilliti til viðvörunar- og slökkvibúnaðar, leggja hana fyrir eiganda eða forráðamann og senda síðan til vátryggingafélaga og Brunamálastofnunar. Sé brunavörnum slíks mannvirkis í veigamiklum atriðum ábótavant hafa slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi heimild til að fara fram á að gerð sé brunatæknileg hönnun eða úttekt á mannvirkinu.

Séu breytingar gerðar á mannvirki, eða starfsemi þess breytt þannig að gerðar eru nýjar eða auknar kröfur um brunavarnir í þeim, er eiganda eða forráðamanni skylt að fá til þess samþykki byggingarnefndar og slökkviliðsstjóra og jafnframt að gera viðeigandi ráðstafanir til að kröfum um brunavarnir sé fullnægt fyrir hið breytta mannvirki eða hina breyttu starfsemi.

Brunamálastofnun getur að höfðu samráði við sveitarfélag lagt svo fyrir að í mannvirkjum, sbr. 5. mgr., séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi.

Eiganda eða forráðamanni mannvirkis og tryggingafélagi ber að gera viðeigandi ráðstafanir til björgunar verðmæta eftir bruna.

10. Við 23. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. 1. mgr. orðist svo:

    Brunamálastofnun ríkisins skal sjá um að rannsókn fari fram á orsökum eldsvoða þegar eftir brunatjón. Brunarannsókn þarf ekki að fara fram séu orsakir kunnar eða tjón óverulegt. Rannsóknarlögregla ríkisins eða lögreglustjóri skal sjá um að lögregluranns ókn fari fram sé grunur um að um refsivert athæfi hafi verið að ræða. Haft skal samráð við sérfræðinga Brunamálastofnunar við slíka rannsókn. Rafmagnseftirlit ríkisins skal tilkynnt um slíkar rannsóknir.

    b. Í stað orðsins „Lögregluranns ókn“ í 2. mgr. komi: Brunarannsókn.
    c. 3. mgr. falli brott.
    d. 4. mgr., er verði 3. mgr., orðist svo:

    Afrit af gögnum um hverja brunarannsókn skal senda til hlutaðeigandi lögregluyfirvalda, slökkviliðsstjóra og vátryggingafélags þegar rannsókn er lokið.

11. Við 24. gr. B- og c-liðir greinarinnar falli brott.
12. Við 26. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

    Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur að atvinnu- og stofnanahúsnæði og öðrum þeim vinnustöðum þar sem eftirlits er þörf.

13. Við 27. gr. Í stað 3. og 4. mgr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

    Að fengnu samþykki sveitarstjórnar getur slökkviliðsstjóri í samráði við lögreglustjóra ákveðið að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda eða forráðamanns eða ákveðið dagsektir uns úr verður bætt. Dagsektir renni til sveitarsjóðs.

    Ef almannahætta stafar af því að settum reglum um brunavarnir er ekki fylgt ber slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra að tilkynna það tafarlaust hlutaðeigandi sveitarstjórn. Að því loknu skal lögreglustjóri stöðva rekstur í viðkomandi mannvirki og loka því þar til úr hefur verið bætt með fullnægjandi hætti að mati þessara aðila.

Ef upp kemur ágreiningur á milli slökkviliðsstjóra og sveitarstjórnar annars vegar og eiganda eða forráðamanns hins vegar um úrræði þau sem mælt er fyrir um í 1. eða 3. mgr. ber að vísa þeim ágreiningi tafarlaust til Brunamálastofnunar sem fellir úrskurð í málinu.

14. Við 28. gr. Síðari málsgrein verði svohljóðandi:

Telji Brunamálastofnun að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum þessum ber stofnuninni að undangenginni viðvörun til sveitarstjórnar að tilkynna það félagsmálaráðuneytinu sem veita skal sveitarstjórn áminningu og skora á hana að bæta úr vanrækslunni. Verði sveitarstjórn eigi við áskorun ráðuneytisins innan frests sem það tiltekur getur ráðuneytið með lögsókn krafist dagsekta af sveitarstjórn þar til úr hefur verið bætt. Dagsektir þessar skulu renna í ríkissjóð.

940. Breytingartillaga [58. mál]

við frv. til l. um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Við 7. gr. 1. efnismgr. orðist svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann sem heldur ranglega að mökin eigi sér stað í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða hann er í þeirri villu að hann eigi mök við einhvern annan skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

941. Nefndarálit [456. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, sbr. lög nr. 59/1988.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Fyrir löngu er tímabært að heildarendurskoðun fari fram á lögunum um skipan ferðamála. Fyrir 113. löggjafarþingi lágu tvö mjög mikilvæg þingmál sem ekki tókst að koma í gegnum þingið. Þar var um að ræða frumvarp til laga um ferðaþjónustu og tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu. Nefndir þingsins lögðu mikla vinnu í bæði málin og full ástæða hefði verið fyrir ráðherra að endurflytja þau nú á þessu þingi. Minni hlutinn hvetur samgönguráðherra til að leggja þessi mál tímanlega fyrir næsta þing svo að örugglega takist að ljúka umfjöllun um þau.

Þess vegna er óeðlilegt að endurskoða nú sérstaklega skipan stjórna Ferðamálaráðs og Ferðamálasjóðs. Sú afstaða, sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, þ.e. að nauðsynlegt sé að gera þessa breytingu svo að fullur trúnaður geti ríkt milli ráðherra annars vegar og stjórna Ferðamálaráðs og Ferðamálasjóðs hins vegar, er ekki studd neinum rökum. Það verður að gera þá kröfu til ráðherra að hann styðji mál sitt veigamiklum rökum þegar hann lýsir yfir vantrausti á stjórnir Ferðamálaráðs og Ferðamálasjóðs með þeim hætti sem hér kemur fram.

Það að taka einstakar stjórnir eða nefndir, setja þær af og skipa nýjar með þessum hætti verður ekki skilið nema á einn veg, þ.e. sem vantraust á þá einstaklinga sem eiga hlut að máli. Beri að líta svo á að hér sé stefnubreyting á ferðinni og hugmynd ríkisstjórnarinnar sú að endurskoðun fari fram á skipan stjórna og ráða með svo handahófskenndum hætti sem þessum er hér um forkastanleg vinnubrögð að ræða.

Minni hlutinn telur að heildarendurskoðun á því með hvaða hætti skipan stjórna, nefnda og ráða á vegum hins opinbera fer fram komi vel til greina. En slík endurskoðun er mikið vandaverk og getur ekki farið fram á þann máta sem hér er lagt til.

Með vísan til þess sem að framan er sagt leggur minni hlutinn til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 14. maí 1992.

Jóhann Ársælsson, frsm. Guðni Ágústsson. Stefán Guðmundsson.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

942. Lög [442. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. maí.)

Samhljóða þskj. 700.

943. Lög [80. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1989.

(Afgreidd frá Alþingi 14. maí.)

Samhljóða þskj. 82.

944. Breytingartillögur [222. mál]

við frv. til l. um málefni fatlaðra.

Frá Ingibjörgu Pálmadóttur.

1. Við 13. gr. Í stað orðisins „sálfræðiþjónustu“ í 10. tölul. 1. mgr. komi: sálfræði- og geðlæknisþjónustu.
2. Við 14. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðinu „sveitarfélög“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: eða sjálfseignarstofnanir.
   b. Í síðari málslið 3. mgr. falli orðin „við sveitarfélögin“ brott.
3. Við 57. gr. Í stað orðanna „1. júní 1992“ komi: 1. janúar 1993.
4. Ákvæði til bráðabirgða I falli brott.

945. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um málefni fatlaðra.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur rétt og eðlilegt að endurskoða lög um málefni fatlaðra sem sett voru á vordögum 1983 og að sú endurskoðun taki mið af reynslunni af framkvæmd laganna, breyttum áherslum í þjóðfélaginu gagnvart fötluðum og þeim lögum öðrum sem sett hafa verið frá þeim tíma. Er þar einkum um að ræða lög um heilbrigðisþjónustu, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, ný barnalög, sveitarstjórnarlög og lög um grunnskóla og framhaldsskóla. Enn fremur er rétt að taka mið af framkomnu frumvarpi um vernd barna og ungmenna og hafa hliðsjón af þeirri endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu sem nú stendur yfir.

Þegar rétt er talið að setja sérlög eins og um málefni fatlaðra er nauðsynlegt að þau lög séu í sem bestu samræmi við áðurgreind almenn lög. Sérstaklega er áríðandi að gott samræmi sé milli laganna um stjórnunarlega þáttinn, framkvæmd þeirra og eftirlit. Þróunin í lagasetningu hefur verið að færa framkvæmd þjónustunnar sem næst þeim sem hennar eiga að njóta með því að fela heimaaðilum stjórnunarþáttinn undir yfirstjórn viðkomandi ráðuneytis sem fer þá einkum með eftirlitshlutverk. Þá kemur skýrlega í ljós í athugasemdum við frumvarpið um félagsþjónustu sveitarfélaga sem síðar varð að lögum að stefnt er að samskipan almennrar þjónustu og sérstakrar aðstoðar eftir því sem kostur er. Lögð er rík áhersla á mikilvægi þess að skipan félagsþjónustu stuðli ekki að aðskilnaði á almennri þjónustu og aðstoð við fólk sem á í félagslegum vanda, enn fremur að framkvæmd sé í höndum sveitarfélaga og hlutverk framkvæmdarvaldsins sé eftirlit.

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er fötluðum tryggður víðtækur réttur til sambærilegra lífskjara og jafnréttis á við aðra þjóðfélagshópa jafnframt því sem þeim skulu sköpuð skilyrði til að lifa eðlilegu lífi. Enn fremur er þeim tryggður réttur til félagslegrar heimaþjónustu auk almennrar þjónustu og aðstoðar. Allar þessar skyldur eru lagðar á herðar sveitarfélaga nú þegar. Frumvarp um málefni fatlaðra hefur þann tilgang að taka við þar sem lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sleppir.

Samkvæmt framansögðu þarf slíkt frumvarp að tryggja samskipan og heimastjórn á framkvæmd laganna svo að samræmis sé gætt og enn fremur verður frumvarpið að tryggja nauðsynlegt samráð og samstarf milli þeirra sem vinna við félags-, heilsufars- og menntunarþætti þjónustunnar.

Frumvarpinu var vísað til félagsmálanefndar 25. febrúar sl. og bárust um 60 umsagnir, flestar með fjölmörgum og veigamiklum athugasemdum og tillögum til breytinga. Að mati minni hlutans ganga breytingartillögur meiri hlutans, eins og þær voru kynntar í félagsmálanefnd, of skammt til úrbóta. Rétt er að taka fram að unnið var að frumvarpinu á vegum ráðuneytisins í tvö ár og hefur félagsmálanefnd haft allt of nauman tíma til að vinna að þessu máli, en umsagnir voru að berast allt til 6. maí. Hefur nánast ekkert ráðrúm gefist til að fjalla um frumvarpið í ljósi umsagna og ræða efnislega um það.

Það er skoðun minni hlutans að gefa verði frekari tíma til umfjöllunar um frumvarpið, fara yfir framkomnar athugasemdir og samræma stefnu frumvarpsins að áður settum lögum, einkum um félagsþjónustu sveitarfélaga, og yfirlýsingum stjórnvalda um hlutverk sveitarfélaga í þessum málaflokki. Bent er sérstaklega á að að störfum er nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins, skipuð fulltrúum allra þingflokka og samtaka sveitarfélaga, sem hefur það hlutverk m.a. að endurskoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í þeirri nefnd, sem mun skila áliti í haust, eftir nokkra mánuði, er sérstaklega tekin fyr-

ir sú hugmynd að flytja málaflokkinn að fullu og öllu til sveitarfélaga. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga lýstu því yfir á fundi félagsmálanefndar að sveitarfélögin væru tilbúin til að taka við þessu verkefni. Því liggur fyrir að innan skamms verða fyrirliggjandi tillögur um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem munu kollvarpa þeirri stjórnsýsluskipan sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þess vegna er óskynsamlegt að lögfesta frumvarpið eins og það lítur út nú að teknu tilliti til breytingartillagna meiri hlutans.

Eðlilegasta málsmeðferðin er sú að félagsmálanefnd vinni áfram að þessu máli og við það verði miðað að nefndin flytji frumvarp um málefni fatlaðra næsta haust í ljósi þeirra breytinga sem boðaðar hafa verið og að ný lög geti tekið gildi um næstu áramót.

Afar mikilvægt er að vel sé vandað til lagasetningar um svo þýðingarmikinn málaflokk sem málefni fatlaðra eru. Það er skoðun minni hlutans að flytja eigi málaflokkinn til sveitarfélaga og að mikilvægt sé að framkvæmd verði í höndum heimaaðila og lögin tryggi að efld verði sérfræðiþjónusta á landsbyggðinni og hún byggð upp í öllum kjördæmum í stað þess að stefna að uppbyggingu hennar einkum í Reykjavík.

Núgildandi lög hafa í meginatriðum reynst afar vel og stórstígar framfarir hafa orðið í málefnum fatlaðra og má segja að risaskref hafi verið stigin sl. áratug. Grundvallaratriðið hefur verið að koma á þjónustu við fatlaða og aðstandendur þeirra í heimabyggð og undir stjórn heimamanna. Endurskoðun laganna hlýtur að taka mið af þessum árangri og einnig þeirri þróun löggjafar á Norðurlöndum, einkum í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Í þessum löndum hefur hlutur sveitarfélaga verið aukinn varðandi framkvæmd og ábyrgð og jafnvel að hafa þau að öllu leyti tekið við þessum málaflokki.

Frumvarpið gengur til gagnstæðrar áttar hvað þetta varðar og gert er ráð fyrir að framkvæmd laganna verði í höndum ráðuneytisins og starfsmenn svæðisskrifstofa heyri undir félagsmálaráðuneytið í stað þess að lúta heimastjórn undir yfirstjórn ráðuneytisins eins og nú er. Gert er ráð fyrir að svæðisstjórnirnar verði lagðar niður og í stað þeirra komi svæðisráð sem verða valdalaus. Með þessari breytingu er félagsmálaráðuneytið og svæðisskrifstofurnar í þeirri mótsagnakenndu stöðu að vera bæði framkvæmdar- og eftirlitsaðili. Svæðisráðin, sem eiga að vera eftirlitsaðilar, eru augljóslega ófær um að gegna því hlutverki þar sem ekki er heimild til að ráða starfsmenn.

Þessi kafli laganna, sem fjallar um stjórnunarlega uppbyggingu málaflokksins, er í hróplegu ósamræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnalög og frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna sem öll heyra undir félagsmálaráðuneytið. Í öllum þessum lögum er ráðuneytið eftirlitsaðili og fer með yfirstjórn en framkvæmd er í höndum heimamanna. Þá er sá galli á frumvarpinu að rofinn er formlegur samgangur milli heilbrigðis- og menntamálayfirvalda annars vegar og félagsmálayfirvalda hins vegar. Afar áríðandi er að samráð sé gott milli þessara aðila og vettvangur fyrir þá til samstarfs og þannig sé komið í veg fyrir að einstaklingar velkist milli kerfa vegna ágreinings um það undir hvaða lög þeir heyra. Minni hlutinn telur því rétt að málaflokkurinn heyri undir félagsmálaráðherra í stað þriggja ráðherra eins og nú er.

Í frumvarpinu er gerð veigamikil breyting á stöðu og hlutverki stjórnarnefndar. Breytingin leiðir af sér að enginn aðili verður til að úrskurða um ágreiningsefni og nauðsynlegt er að gera breytingar á frumvarpinu hvað þetta varðar. Einnig er það veigamikil breyting að ekki verður lengur úthlutað úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til verkefna á sviði heilbrigðis- og menntamála. Sækja verður fé til þeirra beint af fjárlögum. Slíkt veikir fjármögnun verkefna þar sem ótvírætt hefur verið ávinningur af Framkvæmdasjóði fatlaðra. Staðreyndin er sú að betur gengur að sækja fé til nauðsynlegra úrbóta fyrir fatlaða

gegnum sérstakan sjóð en eingöngu gengum beinar fjárveitingar á fjárlögum. Sú staðreynd að áfram er gert ráð fyrir sjóðnum staðfestir þetta því að annars væri lagt til að fjárveitingar til málefna fatlaðra á sviði félagsmálaráðuneytisins kæmu beint gegnum fjárlög.

Þá vill minni hlutinn gera athugasemd við greinargerð fjármálaráðuneytisins. Þar kemur fram að úthlutanir til heilbrigðisstofnana og skóla undanfarin fjögur ár á vegum ráðuneyta mennta- og heilbrigðismála hafi verið um 20–30% af heildarúthlutunum Framkvæmdasjóðs fatlaðra og að gera megi ráð fyrir að árleg fjárþörf til framkvæmda stofnana á vegum þessara tveggja ráðuneyta verði um 20–30 millj. kr. auk viðhalds. Þetta tilgreinda hlutfall af úthlutun sjóðsins er mun hærra en 20–30 millj. kr. eða um 50–70 millj. kr. Sú röksemdafærsla að fjárþörf þessara stofnana minnki við það eitt að Framkvæmdasjóður fatlaðra hættir að úthluta til þeirra er afar hæpin svo að ekki sé meira sagt. Það liggur fyrir að kostnaður sveitarfélaga mun aukast verulega vegna breytinga á hlutverki sjóðsins.

Áfram er gert ráð fyrir að stjórnarnefnd þurfi samþykki ráðherra fyrir tillögum sínum um fjárveitingar úr sjóðnum, en félagsmálaráðuneytið styrkir tök sín á stjórnarnefndinni með því að skipa tvo menn af fimm í stað eins af sjö. Minni hlutinn telur eðlilegt að skipan stjórnarnefndar verði svipuð og verið hefur, einkum til þess að tryggja samráð milli ráðuneyta.

Í frumvarpinu eru ýmis atriði sem til framfara horfa. Þar má nefna ákvæði um stoðþjónustu og liðveislu. Enn fremur eru ákvæði kaflanna um ferlimál og ferðaþjónustu og réttindagæslu áhugaverðar nýjungar sem skoða ber vandlega.

Minni hlutinn hefur efasemdir um þá breytingu sem felst í frumvarpinu á stöðu verndaðra vinnustaða, sbr. 31. gr. frumvarpsins. Má benda á umsögn Blindrafélagsins sem lýsir furðu sinni á athugasemdum um verndaða vinnustaði í frumvarpinu. Aðrir aðilar gera alvarlega athugasemd við þessa breytingu, t.d. svæðisstjórn málefna fatlaðra í Reykjavík, ráðningarskrifstofa Reykjavíkurborgar, félagsmálaráð Vestmannaeyja og Sjálfsbjörg.

Almennt má segja um frumvarpið að skilgreiningar á hugtökum eru óljósar og ákvæði um úrskurðaraðila fátækleg. Má þar nefna skilgreiningu á gildissviði laganna og einstakra orða, svo sem orðanna stoðþjónusta, liðveisla og frekari liðveisla. Nauðsynlegt er að mörkin milli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og frumvarpsins séu svo skýr sem kostur er og aðilar tiltækir til að skera úr um ágreining ef nauðsyn krefur, sérstaklega í ljósi þess að ýmist greiða sveitarfélög eða ríki kostnaðinn.

Loks skal það álit sett fram að einboðið er að frumvarpið taki gildi um áramót í ljósi breytinga á stjórnsýslukafla laganna.

Hér hefur verið rakið í nokkrum atriðum hvers vegna minni hlutinn telur nauðsynlegt að skoða frumvarpið betur þannig að það megi sem best ná tilgangi sínum, að vera fötluðum og aðstandendum þeirra til hagsbóta og framfara. Tekið er undir þann vilja sem fram kemur í frumvarpinu og góðan hug til málaflokksins.

Minni hlutinn mun flytja tillögur til breytinga á frumvarpinu sem miða að því að draga úr göllum þess en tekur fram að allt of skammur tími hefur gefist til að gaumgæfa það og framkomnar umsagnir.

Alþingi, 14. maí 1992.

Kristinn H. Gunnarsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn Félags framkvæmdastjóra svæðisstjórna málefna fatlaðra.
(22. mars 1992.)

Með tilvísun til erindis félagsmálanefndar Alþingis frá 26. feb. s. l. sendist hér með umsögn í formi greinargerðar um frumvarp til laga um málefni fatlaðra.

Greinargerðin fjallar um II. - VIII. kafla frumvarpsins eða nánar tiltekið stjórn og skipulag, þjónustu og framkvæmd hennar svo og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þessir kaflar kveða á um grundvallarþætti sem ástæða er til að gaumgæfa sérstaklega.

Breytingar sem ganga í þá átt sem um er fjallað í greinargerðinni kalla á efnislegar breytingar á ýmsum öðrum greinum frumvarpsins. Um þær verður þó ekki fjallað hér þar sem þær leiða nokkuð af sjálfu sér verði fallist á þau sjónarmið sem fram eru sett.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi áliti með nánari vísan í greinargerðina:

1. Frumvarpið virðist gera ráð fyrir mjög aukinni miðstýringu þar sem félagsmálaráðuneytinu er bæði ætlað að fara með stefnumótandi hlutverk og eftirlit ásamt því að hafa svæðisbundið framkvæmdavald í mikilsverðum málum sem betur færi á að væri í höndum heimastjórnar.

2. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir svæðisbundinni heimastjórn en það veikir stöðu Svæðisskrifstofanna og veldur óvissu um frumkvæðisvald þeirra og þá ábyrgð sem þær bera á framkvæmd þjónustunnar.

3. Í frumvarpinu er ekki tryggt að þær stofnanir sem reknar verða í nafni félagsmálaráðuneytisins og Svæðisskrifstofurnar hafa umsjón með njóti nauðsynlegs faglegs stuðnings sérhæfðra starfsmanna.

Til að koma í veg fyrir of mikla miðstýringu og tryggja svæðisbundna fagþjónustu er þetta lagt til:

a. Svæðisskrifstofunum ber að ætla svæðisbundið framkvæmdavald sem þær fara með í umboði ráðuneytisins. Þær beri einnig ábyrgð á faglegu starfi og ráðgjöf til þeirra stofnana og einstaklinga sem á henni þurfa að halda á viðkomandi svæði.

b. Svæðisskrifstofunum verði sett stjórn er skipuð sé 4 fulltrúum tilnefndum af samtökum sveitarfélaga á viðkomandi svæði. Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og sé hann formaður stjórnarinnar.

c. Skrifstofurnar séu sjálfstæðar stofnanir er ekki heyri undir neina ákveðna deild innan ráðuneytisins. Samskipti skrifstofanna við ráðuneytið eða einstaka starfsmenn þess fari eftir eðli máls og erindis hverju sinni.

d. Framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu verði skipaður af ráðherra eins og lagt er til í frumvarpinu en annað starfsfólk ráði framkvæmdastjóri.

e. Svæðisskrifstofan er fái nafnið þjónustumiðstöð fatlaðra skiptist annars vegar í rekstrardeild en hins vegar í fagdeild sbr. umfjöllun um VII. kafla frumvarpsins í meðfylgjandi greinargerð.

f. Svæðisbundin fagþjónusta verði treyst og efld sbr. umfjöllun um VI. og VIII. kafla frumvarpsins í greinargerðinni.

Verði þær breytingar gerðar á frumvarpinu sem hér er vísað til er eindregið mælt með samþykkt þess, þar sem í því er margt er horfir til bóta. Þar er sérstaklega bent á kafla nr. IX um málefni barna og fjölskyldna þeirra, X. kafla þar sem fjallað er um liðveislu og XII. og XIII. kafla. Með ákvæðum í þeim öllum eru tekin þýðingarmikil skref í átt frá stofnanabundinni þjónustu til almennari og einstaklingsbundnari úrræða.

F.h. framkvæmdastjóra svæðisstjórna,
Bjarni Kristjánsson,
Soffía Lárusdóttir.

FRUMVARP TIL LAGA UM MÁLEFNI FATLAÐRA

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991.)

U M S Ö G N

Greinargerð I, stjórn og skipulag.

Í II. kafla frumvarpsins, gr. 3 - 6, er fjallað um stjórn og skipulag auk þess sem 8. gr. (III. kafli) lýtur einnig að þeim þætti. Þar er gert ráð fyrir nokkrum veigamiklum breytingum miðað við núgildandi lög og eru þessar helstar:

1. Félagsmálaráðuneytinu er alfarið ætluð yfirstjórn málaflokksins og skal það annast stefnumótun, gerð heildaráætlana og eftirlit með framkvæmd laganna. Þessi skipan skýrir mjög línur hvað ábyrgð varðar, en áður áttu ráðuneyti heilbrigðis- og menntamála aðild að stjórnsýslunni með þátttöku sinni í stjórnarnefnd.

2. Félagsmálaráðuneytið fer eitt með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra og er honum ætlað að fjármagna þær framkvæmdir einar sem undir það ráðuneyti heyra. Þessi breyting er til bóta og ætti að geta leitt til markvissari nýtingar á fjármagni sjóðsins og auðveldað þá stefnumótun er felst í ráðstöfun fjármagns.

3. Hlutverk Stjórnarnefndar er þrengt frá núgildandi lögum og skipan hennar önnur en var. Fulltrúar heilbrigðis- og menntamálaráðuneytis eiga þar ekki lengur sæti sem er eðlileg afleiðing af stjórnsýslubreytingu sbr. lið 1 og 2.

4. Samræmingarhlutverk það sem Stjórnarnefndin hafði áður hvað varðaði framkvæmd á þjónustu við fatlaða o. fl. er falið nýrri nefnd, Samráðsnefnd um málefni fatlaðra, og skal hún m. a. leitast við að tryggja rétt fatlaðra til þjónustu skv. almennum lögum.

5. Svæðisráð taka við af svæðisstjórnum. Svæðisráðin hafa ekki stjórnsýsluhlutverk, en umsagnar- og tillögurétt um skipulag og framkvæmd þjónustunnar. Einnig skulu þau annast réttindagæslu fatlaðra og eftirlit með framkvæmd þjónustunnar.

6. Sérstökum skrifstofum á hverju svæði; Svæðisskrifstofum í málefnum fatlaðra er ætlað ákveðið framkvæmda- og stjórnsýsluvald. Þær heyra beint undir félagsmálaráðuneytið og er framkvæmdastjóri þeirra skipaður af ráðherra að fengnum umsögnum svæðisráða. Annað starfsfólk ræður félagsmálaráðherra að fenginni umsögn framkvæmdastjóra sbr. 13. gr.

7. Ýmsar greinar frumvarpsins kveða á um aukið hlutverk sveitarfélaga í framkvæmd þjónustunnar og jafnframt er heimilt að skipta starfssvæðum í þjónustusvæði er miðist við

einstök sveitarfélög, héraðsnefndir eða byggðarsamlög sveitarfélaga, sbr. sveitarstjórnarlög, eða heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu.

Eins og vikið er að í 1. lið hér að framan er stjórnsýslan að vissu leyti einfölduð hvað varðar efsta þrep hennar þar sem ábyrgðin er nú fyrst og fremst í höndum eins ráðuneytis, þ.e. félagsmálaráðuneytisins. Það fer jafnframt eitt sér með fjármálalega ábyrgð og þar með úthlutun þess fjár sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur til ráðstöfunar. Sérþjónusta við fatlaða skal heyra undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins en yfirstjórn skóla- og fræðslumála fyrir fatlaða er í höndum menntamálaráðuneytisins og heilbrigðisþjónustunnar í höndum heilbrigðismálaráðuneytis eins og vera ber.

Skil á milli faglegrar ábyrgðar ráðuneytanna þriggja í þessum málaflokki er þar með gerð ljósari. Þeirri breytingu fylgja ótvíræðir kostir þar sem fyrri skipan var um margt óskýr og leiddi oft til togstreitu milli ráðuneyta um völd og áhrif ekki síst þegar fjármagn var annars vegar.

Um leið og frumvarpið gerir ráð fyrir einföldun af þessum toga virðist miðstjórnarvald félagsmálaráðuneytisins aukið til muna sem m. a. lýsir sér í eftirfarandi:

1. Svæðisráðin taka við eftirlitshlutverki því sem svæðisstjórnirnar höfðu áður og sömuleiðis svæðisbundnu eftirliti ráðuneytisins. Þau fá einnig umsagnar- og tillögurétt sbr. lið 5 hér að framan og 6. gr. frumvarpsins. Og þau skulu annast réttindagæslu fatlaðra sbr. 37. og 38. gr. Hins vegar hafa svæðisráðin ekkert stjórnsýslulegt vald eða rekstrarábyrgð eins og svæðisstjórnirnar höfðu fyrr en það fólst m. a. í ráðningu starfsmanna og umsjón með því fjármagni sem til ráðstöfunar var á hverju svæði.

2. Stjórnsýslulegt vald svæðisstjórnanna er fyrst og fremst fært til ráðuneytisins m. a. með ráðningu framkvæmdastjóra Svæðisskrifstofanna og annarra starfsmanna þeirra. Skrifstofurnar heyra þar með orðið beint undir deild málefna fatlaðra innan ráðuneytisins án sérstaks millilliðs í héraði er þar beri ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd þjónustunnar.

3. Engri formlegri heimastjórn er ætlað að bera rekstrar- og framkvæmdalega ábyrgð á starfsemi þeirra stofnana sem lögin ná til sbr. framanskráð. Í heilbrigðis- og menntakerfinu sem ekki er óeðlilegt að leitað sé samanburðar við er þessu á annan veg farið. Sérstakar stjórnir eru settar yfir sjúkrahús og heilsugæslustöðvar en heilbrigðisráð er starfa svæðisbundið fara með samræmingar og eftirlitshlutverk.

Skólanefndir fara með yfirstjórn skóla en fræðsluráð eru samstarfsvettvangur sveitarfélaga svo þessar hliðstæður séu nefndar.

4. Skv. almennri stjórnsýslureglu fara ráðuneyti hvert á sínu sviði með yfirstjórn, stefnumótun og eftirlit með framkvæmd afmarkaðra málaflokka. Í fyrirliggjandi frumvarpi virðist félagsmálaráðuneytinu bæði ætlað slíkt hlutverk sem og svæðisbundið framkvæmdavald.

Það er eðlilegt að leggja áherslu á valddreifingu í þessum málaflokki ekki síður en öðrum eins og t. d. í heilbrigðis- og menntamálum. Það verður ekki séð, að frumvarpið eins og það liggur fyrir tryggi að svo verði. Þessu þarf að breyta þannig að ótvírætt sé hvar yfirstjórn ráðuneytisins á stefnumótun og áætlanagerð lýkur og við tekur eftirlitshlutverk þess. Einnig hvert vera skal vald og ábyrgð svæðisbundinnar stofnunar (Svæðisskrifstofa í málefnum fatlaðra eða Þjónustumiðstöð fatlaðra sbr. breytingartillögu), sem í umboði ráðuneytisins annast skipulag og framkvæmd þjónustunnar á hverju svæði fyrir sig.

Sem dæmi um óljós mörk hvað þetta varðar er bent á eftirfarandi:

a. Í 14. gr. frumvarpsins segir að félagsmálaráðuneytið skuli eiga frumkvæði að samningum milli ríkis og sveitarfélaga um það að sveitarfélögin annist þjónustu við fatlaða að hluta eða öllu leyti. Haft skal samráð við svæðisráð um gerð slíkra samninga, en Svæðisskrifstofunnar sem bera hita og þunga af framkvæmd þjónustunnar, eru ekki nefndar á nafn í því sambandi.

b. 15. gr. frumvarpsins heimilar félagsmálaráðherra sveitarfélögum, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum að setja á fót og reka ákveðna þjónustu sem í frumvarpinu er kveðið á um. Ekki er skylt að leita álits Svæðisskrifstofanna hvað þetta varðar né heldur starfsleyfissviptingu sbr. 16. gr.

Annars staðar í frumvarpinu má finna dæmi þess að gengið sé framhjá Svæðisskrifstofunum. Í 7. og 9. tl. 17. gr. er t.d. talað um svæðisráð í samhengi þar sem eðlilegra virðist að Svæðisskrifstofurnar séu tilteknar eða þær a. m. k. jafnframt svæðisráðunum.

Til að koma í veg fyrir of mikla miðstýringu en nýta þess í stað þá þekkingu sem fyrir er á hverju svæði og næst er vettvangi verði þessi breyting gerð á stjórnsýslulegri stöðu Svæðisskrifstofanna (Þjónustumiðstöðvanna):

a. Svæðisskrifstofunum (Þjónustumiðstöðvunum) ber að ætla svæðisbundið framkvæmdavald sem þær fara með í umboði ráðuneytisins. Þeim sé sett stjórn er skipuð verði 4 fulltrúum tilnefndum af sveitarfélögum á svæðinu og einum fulltrúa er ráðherra skipar án tilnefningar.

b. Þær verði sjálfstæðar stofnanir er ekki heyri undir neina ákveðna deild innan ráðuneytisins. Samskipti skrifstofanna við ráðuneytið eða einstaka starfsmenn þess fari eftir eðli máls og erindis hverju sinni.

c. Framkvæmdastjóri Sveðisskrifstofu (Þjónustumiðstöðvar) verði skipaður af ráðherra að fenginni umsögn stjórnar hennar. Aðra starfsmenn er eðlilegast að framkvæmdastjóri ráði sjálfur.

Í frumvarpinu kemur víða fram, og einnig í greinargerð sem því fylgir, að með því sé stefnt að auknum hlut og ábyrgð sveitarfélaga á þjónustu við fatlaða. Með það í huga er eðlilegt að ætla sveitarfélögunum nú þegar aukin áhrif í framkvæmd þjónustunnar eins og lagt er til með þátttöku fulltrúa þeirra í stjórn Sveðisskrifstofanna (Þjónustumiðstöðvanna). Stjórnirnar bæru þá, í umboði ráðuneytisins, ábyrgð á fjármálalegri og skipulagslegri framkvæmd þjónustunnar á starfssvæðinu. Það yki ábyrgð og völd sveitarfélaganna, færði þeim meiri yfirsýn, gæti leitt til virkari samskipunar innan málaflokksins og auðveldaði þá breytingu sem stefnir í yfirtöku þeirra á fleiri og fleiri þáttum þjónustunnar. Síðast en ekki síst yrði með þeim hætti komið í veg fyrir miðstýringu.

Í frumvarpinu er lagt til, að tvær nefndir starfi á vettvangi ráðuneyta; annars vegar á vegum félagsmálaráðuneytisins og sé hún því til ráðgjafar um málefni fatlaðra, geri tillögur um þjónustu á landsvísu sem er óháð skiptingu í starfssvæði og fari með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra (stjórnarnefnd sbr. 4. gr.). Hins vegar samráðsnefnd sbr. 8. gr. er hafi það hlutverk að tryggja fötluðum þjónustu skv. almennum lögum, efla og samræma þjónustu á sviði heilbrigðis- mennta- og félagsmála og fjalla um mál er snerta tengsl væntanlegra laga við önnur lög.

Hér verður ekki gerð athugasemd við hlutverk stjórnarnefndarinnar en um samráðsnefndina gegnir öðru máli. Að fenginni reynslu af samræmingar- og frumkvæðishlutverki núverandi stjórnarnefndar er mjög vafasamt að nokkur verulegur árangur hafi orðið af starfi hennar á þeim vettvangi. Hún hefur fyrst og fremst haft með úthlutun á fé Framkvæmdasjóðs að gera en ekki sinnt öðrum verkefnum svo nokkru nemi. Reynslan er líka sú, ekki bara í þessum málaflokki heldur mjög víða í stjórnsýslu ríkisins, að samræming og skipulagning sú sem nefndinni er ætlað að hafa frumkvæði að fari ekki fram á þessu stjórnsýslustigi. Það gerist þar sem vandinn brennur heitast á starfsmönnum hinna ýmsu "kerfa" sem daglega fást við margþætt verkefni sem ekki verða leyst svo vel fari nema í samvinnu og samstarfi fleiri aðila. Um það má finna mörg dæmi í þjónustu við fatlaða þar sem víða um land hefur tekist gott samstarf milli félags-, mennta- og heilbrigðisþjónustunnar. Þetta samstarf verður til fyrir frumkvæði starfsmanna, embættismanna sem annarra, sem stöðu sinnar vegna og nálægðar eru best færir um að finna það skipulag er mestum árangri skilar. Fjarlægt yfirvald nær aldrei slíkum árangri.

Það verður því enn endurtekið, að skilyrði fyrir virkri þjónustu, samræmingu og samvinnu stofnana og þjónustukerfa er ekki miðstýring heldur vald og ábyrgð til þeirra sem vinna við grasrótina.

Að lokum er vakin athygli á því, að rannsóknar og þróunarstarf getur aldrei orðið hlutverk deildar í ráðuneyti (sjá 3. gr.). Það hlutverk á heima í höndum óháðs aðila s. s. háskólastofnunar eða annars aðila er fær er um að annast þannig verkefni.

Greinargerð II, V. - VIII. kafli frumvarpsins

Kaflarnir fjalla um þjónustustofnanir, búsetu, framkvæmd þjónustunnar og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þetta eru allt veigamiklir þættir sem ásamt stjórnskipulaginu ráða miklu um það hvernig til tekst um framkvæmd laganna. Hér á eftir verður vikið að nokkrum atriðum er snerta fyrrnefnda framkvæmd og þjónustu.

V. kafli.

Þjónustustofnanir.

Sértækar þjónustustofnanir fyrir fatlaða eru skv. V. kafla þessar:

1. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar.
2. Dagvistarstofnanir fatlaðra.
3. Verndaðir vinnustaðir.
4. Þjónustumiðstöðvar.
5. Leikfangasöfn.
6. Skammtímavistun.

1. - 2. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, dagvistarstofnanir fatlaðra.

Ástæðulaust virðist vera að greina sérstaklega á milli hæfingar- og endurhæfingarstöðva annars vegar og dagvistarstofnana fyrir fatlaða hins vegar þegar fullorðnir eiga í hlut. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar eiga að gegna víðtæku þjálfunar- og meðferðarhlutverki óháð því hvort sá er þjónustunnar nýtur er mikið eða lítið fatlaður. Að skipa fötluðum á bása eftir eðli og umfangi fötlunarinnar (en þannig er hlutverk umræddra stofnana skýrgreint á bls. 25 í athugasemdum með frumvarpinu) er í andstöðu við ríkjandi viðhorf innan þessa málaflokks. Skilin á milli hlutverka þessara stofnana yrðu auk heldur ávallt mjög óljós.

Það á að vera ófrávíkjanleg krafa að fötluð börn njóti þjónustu almenna dagvistarkerfisins. Sé fötlun barns svo mikil eða sértæk að þörfum þess verði ekki mætt nema með sérstökum aðgerðum umfram það sem almenna þjónustukerfið ræður við, ber að styrkja það bæði fjárhagslega og faglega til að takast á við verkefnið. Aukinn fjárstyrkur ríkissjóðs til þeirra sveitarfélaga, sem þurfa að grípa til sérstakra aðgerða vegna þjónustu við mikið fötluð börn, ætti að gera flestum þeirra kleift að veita þá þjónustu sem þarf. Faglegur stuðningur þarf einnig að vera fyrir hendi, en um þann þátt verður nánar fjallað í kaflanum um "framkvæmd þjónustunnar."

Fullorðinn fatlaður maður sem daglangt þarf á sértakri þjónustu að halda utan heimilis síns á að eiga hennar kost á hæfingar- og endurhæfingarstöð, ef vinna á almennum vinnumarkaði eða vernduðum vinnustað hentar honum ekki.

Dagþjónustu, sem fötluð börn á grunnskólaaldri (10 - 16 ára) þurfa á að halda, ætti fyrst og fremst að veita í tengslum við skólastarf. Vakin er athygli á, að skóladagheimili eru almennt ekki rekin fyrir þennan aldurshóp. Með skýrum ákvæðum um liðveislu og aðra stuðningsþjónustu mætti í flestum tilvikum mæta þörfinni án sérstakrar stofnunar. Tryggja þarf ákvæði þess efnis í lögunum þannig að ótvírætt sé hver beri ábyrgð á þeirri þjónustu og skipulagningu hennar en ákvæði í IX. og X. kafla um málefni barna og fjölskyldna þeirra svo og um liðveislu eru alls ekki nógu skýr hvað þetta varðar.

4. Þjónustumiðstöðvar.

Þjónustumiðstöð er skv. athugasemdum með frumvarpinu heiti á þjónustu, sem ekki hefur áður verið ákvæði um í lögum um málefni fatlaðra. Þetta er ekki allskostar rétt, þar sem á flestum vistheimilum fyrir þroskahefta hefur verið veitt sú þjónusta sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verða muni í verkahring þjónustumiðstöðvanna. Það er að segja langtímavistun, skammtímavistun, dagvistun og ráðgjöf. Þjónustumiðstöðvunum virðist því að nokkru leyti vera ætlað hið altæka hlutverk, sem vistheimilin höfðu áður. Það er í andstöðu við þá yfirlýsta stefnu stjórnvalda, að vistheimilin verði lögð niður sem þjónustuúrræði eða verði a. m. k. víkjandi.

Sé talið hentugt að reka undir sama þaki fleiri þætti þjónustunnar þá er það framkvæmdaatriði á hverjum stað sem ástæðulaust virðist vera að setja um sérstakt ákvæði í lögum. Enda er að finna í sömu grein frumvarpsins upptalningu á allri þeirri þjónustu (ráðgjöf undanskilin), sem þjónustumiðstöðvarnar eiga að veita sbr. bls. 25 í athugasemdum þess.

Ákvæði um þjónustumiðstöðvar ber að fella út úr V. kafla frumvarpsins en heitið komi í stað Svæðisskrifstofa sbr. umfjöllun um VII. kafla þess. Af því leiðir, að þar sem fjallað er um Svæðisskrifstofur annars staðar skal standa Þjónustumiðstöð eða miðstöðvar.

5. Leikfangasöfn.

Of mikil áhersla er lögð á hlutverk leikfangasafna sem sjálfstæðra stofnana. Sú skoðun hefur oft komið fram í umræðum um þjónustu við fatlaða, að leikfangasöfnin ættu fyrst og fremst að teljast hluti miðstöðvar sem hefði með höndum greiningu og alhliða ráðgjöf til fatlaðra, aðstandenda þeirra og stofnana. Leikfangasöfnin ein sér verða þess aldrei megnug að veita slíka ráðgjöf, enda hafa tilraunir stjórnvalda í þá átt að festa þau í sessi sem sjálfstæðar ráðgefandi stofnanir, m. a. með reglugerðarsetningu, ekki hlotið þann stuðning umsagnaraðila sem e. t. v. hefur verið vænst.

Leikfangasöfnin verði hluti af fagdeild þjónustumiðstöðvanna sbr. umfjöllun um VII. kafla frumvarpsins.

VI. kafli.

Búseta.

Telja verður "félagslegar íbúðir" og í raun einnig "verndaðar íbúðir" almenn búsetuúrræði. Það orkar tvímælis að tilgreina þessar tegundir íbúða sem sérstakt búsetuform fyrir fatlaða. Ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins ætti að vera nægileg trygging fyrir því að fatlaðir njóti fyrirgreiðslu þeirrar stofnunar til íbúðarkaupa eins og aðrir. Í 4. tl. 41. gr. frumvarpsins er að finna heimild til handa Framkvæmdasjóði fatlaðra til að fjármagna að hálfu eða öllu leyti 10% hlut framkvæmdaaðila í byggingu félagslegra íbúa þannig að ekki ætti að vera þörf frekari ákvæða í lögum hvað varðar möguleika fatlaðra á fyrirgreiðslu til kaupa á félagslegum íbúðum. Hins vegar þarf að tryggja fötluðum er þannig búa eðlilegan stuðning og þjónustu en um það virðast ákvæði laganna vart nógu skýr.

VII. kafli.

Framkvæmd þjónustunnar.

Kaflinn kveður á um hlutverk Svæðisskrifstofa í málefnum fatlaðra og viðfangsefni þau er undir þær heyra, en þeim er ætlað að sjá um framkvæmd þjónustunnar á vegum ríkisins. Nafngiftin er á margan hátt óheppileg sbr. skrifstofur svæðisstjórna skv. núgildandi lögum. Skrifstofunafnið gefur í raun ranga mynd af þeirri starfsemi sem fram fer nú þegar á flestum svæðum.

Lagt er til að svæðisbundin yfirstjórn í málaflokknum verði í höndum stofnunar er heiti Þjónustumiðstöð fatlaðra og skiptist hún í rekstrardeild og fagdeild. Hlutverk rekstrardeildar verði það sama og tilgreint er í 1. - 5. og 7. -8 tl. 13. gr. frumvarpsins hvað stjórnsýslu varðar. Hlutverk fagdeildarinnar er ýmiss konar fagleg stjórnun og skipulagning svo og greining, stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og stofnanir (sbr. 6., 9. og 10. tl. 13. gr., einnig að hluta 7. -8. tl.); bæði stofnanir sem beint heyra undir Þjónustumiðstöðina eða sjálfseignarstofnanir og stofnanir sveitarfélaga. Það er einnig verkefni fagdeildarinnar að tryggja að fatlaðir fái þá þjónustu sem ákveðið er í lögum og leiðbeina um notkun hennar.

Þjónustumiðstöðinni verði skipuð stjórn sbr. tillögu á bls. 3.

Um þörf og nauðsyn þjónustu eins og þeirrar sem fagdeildin hefði með höndum er annars þetta að segja:

Í gildandi lögum um málefni fatlaðra er engin ákvæði að finna er tryggja óháða og nauðsynlega ráðgjafar- og fagþjónustu. Fljótlega varð þó ljóst, að þörf slíkrar þjónustu var mikil og hefur vísir hennar orðið til í nafni sumra svæðisstjórna. Á nokkrum stöðum var þessi þjónusta áður bundin einstaka stofnunum, en vegna breyttra viðhorfa til uppbyggingar og skipulags þjónustu við fatlaða má ætla, að hlutverk altækra stofnana fari minnkandi.

Engu að síður og reyndar enn frekar þarf að efla svæðisbundna ráðgjafar- og fagþjónustu er styður við bakið á þeirri þróun sem hafin er í átt að aukinni samskipan, fjölbreyttni og dreifingu þjónustuúrræða. Hugmyndir í þessa átt hafa átt erfitt uppdráttar þar sem stjórnvöld hafa lagt aðaláherslu á eflingu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins sem landsstofnunar á þessum vettvangi. Hér er ekki dregið úr þýðingu þeirrar stofnunar, en bent er á að þjónusta hennar kemur að takmörkuðum notum svæðisbundið, nema fyrir hendi sé í heimahéraði öflug starfsemi fagaðila, sem færir eru um að framkvæma ákveðna frumgreiningu, annast ráðgjöf og skipuleggja meðferð og fylgja henni eftir. Í þessu samhengi er ástæða til að minna á álitsgerð nefndar er skilaði tillögum á árinu 1984 um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningstöðvarinnar en þar segir m. a.:

> "Í greinargerð þessari hefur verið lögð áhersla á samræmda uppbyggingu í málefnum fatlaðra hér á landi. Þannig hefur verið bent á, að vel skipulögð svæðisþjónusta í þágu fatlaðra er forsenda þess, að miðstöð fyrir greiningu, ráðgjöf og meðferð komi að fullum notum. Jafnframt hefur verið bent á, að virk svæðisbundin þjónusta, einkum m.t.t. frumgreiningar og meðferðar getur ekki þróast án vel skipulagðrar miðstöðvar, sem annast þverfaglega greiningu, ráðgjöf og meðferð flóknari tilfella að einhverju leyti." (bls. 11). Í niðurstöðum nefndarinnar (bls. 18) leggur hún til, "að á næstu 3 árum verði fjármagni beint að uppbyggingu meðferðarúrræða og greiningar- og ráðgjafarþjónustu í öllum landshlutum ....."

Efling Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, eins og frumvarpið virðist gera ráð fyrir, er í andstöðu við fyrrnefndar hugmyndir ef hún verður á kostnað svæðisbundinna úrræða á þessu sviði.

Skipan félagslegrar þjónustu á að byggja á nálægð hennar við neytandann. Nálægðin tryggir skilvirkni og blöndun þar sem hún byggir á þekkingu þeirra sem þjónustuna ábyrgjast á möguleikum, styrk eða veikleika, grenndarsamfélagsins. Því fjarlægari sem skipuleggjandinn eða ráðgjafinn er því meiri hætta er á að honum sjáist yfir þau úrræði sem heimabyggðin býr yfir.

Verkefni fagdeilda Þjónustumiðstöðvanna á að vera eftirfarandi:

að annast greiningu og ráðgjöf í kjölfar hennar.

að sækja um, útvega eða annast nánari greiningu og sérhæfðari þegar hennar er þörf og vera tengiliður milli einstaklinga/foreldra /aðstandenda/stofnana og annarra greiningaraðila.

að vera nánast samstarfsaðili á heimasvæði við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

að skipuleggja meðferðarúrræði og hafa eftirlit með framkvæmd meðferðar- og þjálfunaráætlana og tryggja þannig nauðsynlega samfellu í ráðgjöf og meðferð.

að starfrækja leikfangasafn sem lið í ráðgjafar- og meðferðarstarfi deildarinnar.

að hafa með höndum ráðgjöf og faglegt eftirlit með starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir Þjónustumiðstöðina.

að vera til ráðuneytis um skipulag og uppbyggingu þjónustu við fatlaða á starfssvæðinu.

að vera tengiliður á heimasvæði við þau stuðningsúrræði sem börnum, unglingum og fullorðnum stendur til boða.

að veita foreldraráðgjöf og annast fræðslu til starfsmanna á stofnunum er Þjónustumiðstöðinni tilheyra.

Fagdeildin yrði þannig miðstöð víðtækrar greiningar- ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu í umdæmi Þjónustumiðstöðvanna og um leið sá aðili er ætlað væri að tryggja fagmennsku í framkvæmd þjónustunnar.

Áður var að því vikið að hugmyndir af þessum toga hafi átt undir högg að sækja þegar stjórnvöld eru annars vegar; sérstaklega fjárveitingavaldið sem óttast kostnaðarauka. Einnig virðist sú skoðun furðu lífsseig sem telur sérfræðiþjónustu við landsbyggðina best komna í höndum annarra en heimamanna og þá helst sérstofnana sem staðsettar eru á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hér er ekki mælt gegn því að slíkt fyrirkomulag geti reynst nauðsynlegt þegar um mjög sérhæfða þjónustu er að ræða. Hins vegar virðast stjórnvöld hafa tilhneigingu til að telja ónauðsynlegt að koma á fót ýmiss konar fagþjónustu svæðisbundið, ef unt er að vísa til sérhæfðra landsstofnana. Mörg dæmi má finna um það, að stofnanir sem staðsettar eru á fyrrnefndu svæði, hafi þróast yfir í það að gegna þar í auknum mæli almennu svæðisbundnu hlutverki sem í mörgum tilvikum getur talist eðlilegt og hagkvæmt. Löggjafanum ber hins vegar skylda til að tryggja öðrum svæðum sömu almennu þjónustuna; í þessu tilviki greiningu og faglega ráðgjöf og þjónustu sem alls ekki getur talist það sérhæfð að hún eigi sér ekki tilvistarrétt annars staðar en í skjóli landsstofnunar.

VIII. kafli.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Hlutverk stofnunarinnar á fyrst og fremst að vera það að annast mjög sérhæfða þjónustu sem ekki verður auðveldlega veitt svæðisbundið. Öll önnur þjónusta á vettvangi greiningar og ráðgjafar verði efld innan fagdeilda Þjónustumiðstöðvanna eins og lagt

hefur verið til í athugasemdum við VII. kafla frumvarpsins. Forðast ber einnig að ætla Greiningar- og ráðgjafarstöðinni hlutverk sem betur er komið í höndum annarra aðila. Sama gildir um hlutverk svæðisbundinnar þjónustustofnunar nema glögg kostnaðargreining sé á milli þess hlutverks hennar annars vegar og svæðisbundna hlutverksins hins vegar. Það er því mikið álitamál hvort göngudeild fyrir fullorðna skv. 6. tl. á að tengjast hlutverki stöðvarinnar þar sem slík starfsemi getur að því er virðist auðveldlega fallið að hlutverki og þjónustuskyldum annarra stofnana. Eðli málsins samkvæmt getur göngudeildarþjónusta heldur aldrei orðið annað en svæðisbundin nema að mjög takmörkuðu leyti. Sama á reyndar við um rekstur leikfangasafns sbr. 5. tl. og langtímameðferð sbr. 3. tl.

Upptalning skv. þessum þremur töluliðum er því fyrst og fremst dæmi um svæðisbundið hlutverk stöðvarinnar. Ef það er talið hagkvæmt að ætla henni það hlutverk verður að gera kröfu til þess, að kostnaðarlega sé það aðskilið landsbundnu hlutverki hennar. Hugsanlegt er einnig að þessi þjónusta sé einungis veitt skv. samningi við nærliggjandi svæði (Reykjavík og Reykjanes) og kostnaður við hana greiðist þá af fjárheimildum þeirra svæða.

Fylgiskjal II.

Umsögn svæðisstjórnar málefna fatlaðra í Reykjavík.
(26. mars 1992.)

Svæðisstjórn málefna fatlaðra í Reykjavík barst samrit af bréfi dags. 26. febrúar 1992 frá Félagsmálanefnd Alþingis, þar sem nefndin óskar eftir umsögn um frumvarp til laga um málefni fatlaðra, 222. mál heildarlög.

Svæðisstjórn vill koma til móts við óskir nefndarinnar og sendir meðfylgjandi athugasemdir og breytingartillögur við frumvarpið, sem meirihluti samþykkti á fundi sínum í dag.

Héraðslæknir, fræðslustjóri og einn fulltrúi hagsmunasamtaka fatlaðra, Hörður Sigþórsson, sátu hjá við afgreiðslu umsagnarinnar, vegna þess að þeir senda félagsmálanefnd umsögn á öðrum vettvangi.

F.h. Svæðisstjórnar málefna fatlaðra í Reykjavík,

Ásta M. Eggertsdóttir, framkvæmdastjóri.

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM MÁLEFNI FATLAÐRA.

Almennt.

Svæðisstjórn Reykjavíkur telur að mörg atriði í frumvarpinu séu til hagsbóta fyrir fatlaða. Nokkur atriði þarf þó að færa til betri vegar. Önnur atriði vantar í frumvarpið, m.a.ákvæði um kynningu til almennings um réttindi fatlaðra og úrræði sem þeim á að standa til boða.

Í núgildandi lögum er sérstakur kafli um kynningu á málefnum fatlaðra (25. gr.). Ákvæði þetta er ekki að finna í frumvarpinu og er það miður. Dæmi um vanþekkingu almennings á eðli fötlunar eru vissulega tiltæk í íslensku samfélagi og er því full ástæða til þess að ætla félagsmálaráðuneytinu sem og öðrum ábyrgum aðilum að sinna þessum þætti vel.

Vakin er athygli á nauðsyn þess að tryggja fötluðum almenna þjónustu á sviði mennta og heilbrigðismála með beinum fjárframlögum, þar sem fjárveitingar vegna framkvæmda á vegum þeirra ráðuneyta eru ekki lengur á verksviði Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Ef frumvarpið verður að lögum er litið á næstu fjögur ár sem aðlögunartíma fyrir sveitafélögin til að taka alfarið við málaflokknum. Þegar að því kemur verða tekjustofnar að fylgja með.

Helstu breytingartillögur við frumvarpið eru:

1. *Tillaga. Lagt er til að breyta hlutverki og samsetningu Svæðisráða.*

2. *Tillaga. Lagt er til að stofnað verði Hagsmunaráð fatlaðra.*

Hér á eftir eru tillögurnar skýrðar stuttlega en vísað að öðru leyti til meðfylgjandi greinargerðar.

*1. **Tillaga.***

Svæðisstjórn Reykjavíkur leggur til að hlutverki svæðisráða verði breytt frá því sem er í frumvarpinu.

Þessar breytingar eru helstar:
- ***að hlutverk svæðisráðs verði m.a tillögu - og áætlanagerð um uppbyggingu á þjónustu og stofnunum.***
- ***að Svæðisráð beri ábyrgð á málaflokknum gagnvart ráðuneytinu.***

- *að sveitarstjórnarmenn verði í meirihluta, t.d. 3, og 1 frá hagsmunasamtökum og 1 frá félagsmálaráðuneyti.*
- *að eftirlitshlutverk og réttindagæsla verði felld út og falin Hagsmunaráði fatlaðra.*

Helsti galli frumvarpsins er sá, að gert er ráð fyrir meiri miðstýringu en í núgildandi lögum, þrátt fyrir "anda frumvarpsins" að stefnt skuli að flutningi málaflokksins frá ríki til sveitafélaga.

Til að draga úr miðstýringu félagsmálaráðuneytisins verði Svæðisráð Reykjavíkur eflt til aukinnar ábyrgðar og tengsla við sveitafélögin, hvort sem um er að ræða almenna eða sérhæfða þjónustu. Öflugri heimastjórn í málaflokknum en sú sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, leiðir m.a. til meira frumkvæðis heimamanna og eykur líkur á góðum árangri við uppbyggingu á nýrri þjónustu við fatlaða vegna nálægðar þeirra við vandamálin.

Svæðisráð hafi frumkvæði um samninga á milli sveitarfélaga og ríkis í samræmi við 14. gr. frumvarpsins og stuðli þannig að aukinni ábyrgð sveitarfélaga á skipulagi, framkvæmdum og rekstri.

2. Tillaga.

Vegna hugmynda sem hér eru kynntar um breytt hlutverk svæðisráða er gerð tillaga að nýrri skipan svæðisbundinna nefnda sem gegna eftirliti og réttindagæslu fatlaðra. Nefndin beri heitið Hagsmunaráð fatlaðra.

Hagsmunaráð fatlaðra hefði með höndum eftirlitshlutverk og réttindagæslu. Í því yrðu 5 fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðra.

GREINARGERÐ MEÐ ATHUGASEMDUM OG BREYTINGARTILLÖGUM.

Í greinargerðinni er efnisinnihaldi frumvarpsins skipt í tvo aðalhluta:

I. hluti.

- Fjallað er um markhóp, stjórn, skipulag, framkvæmd og eftirlit þjónustunnar ásamt réttindagæslu fatlaðra, sbr. I., II., VII. og XV. kafla frumvarpsins.

II. hluti.

- Fjallað er um þjónustu við fatlaða sbr. III. 2.gr., IV., VI., XI., XII., XIII., XIV. og XV. kafla frumvarpsins.

I. hluti.

I. kafli. Markmið og skilgreining.

Í I. kafla frumvarpsins 2. gr. er fjallað um markhóp laganna.

Skilgreining á fötluðum er ennþá ófullnægjandi. Orðalag í 2. gr. " og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim (fötlunar) sökum," - vekur upp spurningar um hvaða áhrif félagslegar aðstæður hins fatlaða hafa á möguleika hans á þjónustu. Nauðsynlegt er m.a. að fá skýringu á tengslum á milli örorkumats og fötlunar. Óljóst er t.d. hvort allir 75% öryrkjar teljast fatlaðir, eða hvort einungis þeir 75% öryrkjar teljast fatlaðir (og eiga rétt á þjónustu sem um getur í lögunum) sem eru óvinnufærir.

II. kafli. Stjórn og skipulag.

Í II. kafla frumvarpsins, gr. 3 - 6, er fjallað um stjórn og skipulag auk þess sem 8. gr. (III. kafli) lýtur einnig að þeim þætti. Þar er gert ráð fyrir nokkrum veigamiklum breytingum miðað við núgildandi lög.

Helstu breytingar á stjórn og skipulagi eru þær að félagsmálaráðuneytinu er alfarið ætluð yfirstjórn málaflokksins og skal það annast stefnumótun, gerð heildaráætlana og eftirlit með framkvæmd laganna. Þessi skipan skýrir mjög línur hvað ábyrgð varðar, en áður áttu ráðuneyti heilbrigðis- og menntamála aðild að stjórnsýslunni með þátttöku sinni í Stjórnarnefnd.

Í frumvarpinu kemur víða fram, og einnig í greinargerð sem því fylgir, að með því sé stefnt að auknum hlut og ábyrgð sveitarfélaga á þjónustu við fatlaða. Það væri því í rökréttu samhengi við það, að ætla sveitarfélögunum nú þegar aukin áhrif í stjórnun málaflokksins.

Svæðisstjórn Reykjavíkur leggur til að hlutverki svæðisráða verði breytt frá því sem er í frumvarpinu.

Þessar breytingar eru helstar:
- ***að hlutverk svæðisráðs verði m.a tillögu - og áætlanagerð um uppbyggingu á þjónustu og stofnunum.***
- ***að Svæðisráð beri ábyrgð á málaflokknum gagnvart ráðuneytinu.***
- ***að sveitarstjórnarmenn verði í meirihluta, t.d. 3, og 1 frá hagsmunasamtökum og 1 frá félagsmálaráðuneyti.***

Svæðisstjórn Reykjavíkur tekur með þessum hætti undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu og greinargerð með því að stefnt skuli markvisst að því að auka hlut sveitarfélaga í þjónustu við fatlaða eins og áður er komið fram.

Svæðisráð beri í umboði ráðuneytisins, ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd þjónustunnar á starfssvæðinu. Það yki ábyrgð og völd sveitarfélaganna, færði þeim meiri yfirsýn og auðveldaði þá breytingu sem stefnir í yfirtöku þeirra á málaflokknum. Síðast en ekki síst yrði með þeim hætti dregið úr miðstýringu.

Fari svo að Reykjavíkurborg taki yfir alla þjónustu skv. 14. gr. á gildistíma væntanlegra laga, þarf með sérstöku ákvæði að tryggja möguleika á yfirfærslu stjórnunar frá svæðisráði og svæðisskrifstofu til Reykjavíkurborgar, þannig að ekki verði um tvöfalt stjórnkerfi að ræða. Hagsmunaráð fatlaðra myndi eftir sem áður gegna eftirlitshlutverkinu.

Vegna hugmynda sem hér eru kynntar um breytt hlutverk svæðisráða er gerð tillaga að nýrri skipan svæðisbundinna nefnda sem gegna eftirliti og réttindagæslu fatlaðra. Nefndin beri heitið Hagsmunaráð fatlaðra.

Hagsmunaráð fatlaðra hefði með höndum eftirlitshlutverk og réttindagæslu. Í því yrðu eingöngu 5 fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðra.

Hér er tekið undir þau sjónarmið, að skilja beri á milli ábyrgðar á framkvæmd og skipulagningu þjónustunnar annars vegar og eftirlitshlutverksins hins vegar.

Hagsmunaráð fatlaðra, sem skipað væri eingöngu fulltrúum tilnefndum af hagsmunasamtökum á viðkomandi svæði, fullnægir kröfum um aukið eftirlit og réttindagæslu fatlaðra.

Niðurstaða er því þessi:

a. *Hverfa verður frá miðstýringu þeirri sem felst í stjórnskipan frumvarpsins og efla völd í heimahéraði.*

b. *Gera verður ráð fyrir skipan stjórnsýsluaðila er beri ábyrgð gagnvart ráðuneyti á framkvæmd og skipulagi þjónustunnar svæðisbundið.*

c *Þetta stjórnsýsluvald verði skipað 3 fulltrúum sveitafélaga er myndi þar öruggan meirihluta.*

d. *Fari svo að Reykjavíkurborg taki yfir alla þjónustu skv. 14. gr. á gildistíma væntanlegra laga, þarf með sérstöku ákvæði að tryggja möguleika á yfirfærslu stjórnunar frá svæðisráði og svæðisskrifstofu til Reykjavíkurborgar, þannig að ekki verði um tvöfalt stjórnkerfi að ræða.*

d. *Réttindagæsla verði efld og skipan hennar skýrð betur en gert er í frumvarpinu m. a. með tilliti til þeirra breytinga á stjórnsýslunni sem hér hefur verið fjallað um. Hagsmunasamtökum fatlaðra verði með sérstökum ákvæðum í væntanlegum lögum tryggðir raunhæfir möguleikar á framkvæmd réttindagæslunnar. Þannig verði t.d. trúnaðarmaður, sbr. 38. gr. 1. mgr. skipaður af hagsmunaráði.*

II. og III. kafli. Tvær nefndir sbr. 4. og 8.gr.

Í frumvarpinu er lagt til, að tvær nefndir starfi á vettvangi ráðuneyta; Stjórnarnefnd, sbr. 4.gr. á vegum félagsmálaráðuneytisins. Hún verður til ráðgjafar um málefni fatlaðra, geri tillögur um þjónustu á landsvísu sem er óháð skiptingu í starfssvæði og fari með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Hér verður ekki gerð athugasemd við hlutverk Stjórnarnefndarinnar.

Samráðsnefnd, sbr. 8. gr. er hafi það hlutverk að tryggja fötluðum þjónustu skv. almennum lögum, efla og samræma þjónustu á sviði heilbrigðis- mennta- og félagsmála og fjalla um mál er snerta tengsl væntanlegra laga við önnur lög.

Þessu hlutverki væri betur þjónað á hverju svæði fyrir sig, þar sem þekking á viðfangsefnum er best.

Reynslan er sú, að samræming og skipulagning af þessu tagi fer fram þar sem vandinn brennur heitast á starfsmönnum hinna ýmsu "kerfa" sem daglega fást við margþætt verkefni sem ekki verða leyst svo vel fari nema í samvinnu og samstarfi fleiri aðila.

Með frumvarpinu eru fræðslustjóri og héraðslæknir farnir úr svæðisstjórnum (-ráðum), sem er í eðlilegu samræmi við breytingarnar á ábyrgð ráðuneytanna gagnvart væntanlegum lögum. Breytingin vekur þó spurningar um hvort frumkvæði og þrýstingur fyrir málefnum fatlaðra, einkum hvað varðar fjármagn, verði nægur innan mennta - og heilbrigðisgeirans.

Svæðisstjórn Reykjavíkur telur því ekki þörf á samráðsnefnd sbr. 8. gr. Í staðinn komi samstarf embættismanna á hverju svæði.

VII. kafli. Framkvæmd þjónustunnar.

Í 13. gr. kveður á um hlutverk svæðisskrifstofa í málefnum fatlaðra og viðfangsefni þau er undir þær heyra.

Svæðisstjórn Reykjavíkur leggur til að viðfangsefni svæðisskrifstofu skiptist í tvær deildir, rekstrardeild og fagdeild.

Ýmsar greinar frumvarpsins kveða á um aukið hlutverk sveitarfélaga í framkvæmd þjónustunnar og jafnframt er heimilt að skipta starfssvæðum í þjónustusvæði er miðist við einstök sveitarfélög, héraðsnefndir eða byggðarsamlög sveitarfélaga, sbr. sveitarstjórnarlög, eða heilsugæslu umdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu.

Í 14. gr. er opnuð ný leið fyrir sveitafélög að taka að sér uppbyggingu og rekstur þjónustu við fatlaða með ákvæðum um samning við ríkið um greiðslu kostnaðar.

Ákvæðið er sett til þess að stíga fyrstu skrefin í þessa átt en þar segir m.a.:

"Félagsmálaráðuneytið skal eiga frumkvæði að því í samráði við svæðisráð að unnið sé að samningum milli ríkis og sveitafélaga um það að sveitafélögin annist þjónustu við fatlaða að hluta til eða að öllu leyti".

Í greinargerð með frumvarpinu er bent réttilega á ástæður þess að ekki er gengið lengra en raun ber vitni um í átt til þess að sveitafélögin yfirtaki þjónustu við fatlaða, en helsta ástæðan er m.a. smæð sveitafélaga á landinu og að ekki hafa verið markaðir tekjustofnar fyrir sveitafélögin í þessu skyni.

Auðveldast er að auka hlut Reykjavíkurborgar í þátttöku í uppbyggingu og rekstri á þjónustu og stofnunum fyrir fatlaða, þar sem um er að ræða eitt sveitafélag og hefur Reykjavík sérstöðu að því leytinu til í hópi átta starfssvæða á landinu.

Svæðisstjórn Reykjavíkur leggur ríka áherslu á að ákvæði 14. gr. frumvarpsins verði nýtt, þannig að unnið verði að samningum við Reykjavíkurborg um að hún taki að sér að annast framkvæmd þeirrar þjónustu sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Reykjavíkurborg veitir fötluðum margvíslega þjónustu nú þegar, sem hún fjármagnar m.a. fjölda heimila geðfatlaðra þar sem borgin hefur útvegað leiguhúsnæði og veitir heimaþjónustu til aðstoðar íbúum til sjálfstæðrar búsetu.

Borgin annast einnig rekstur stofnana fatlaðra en ríkið greiðir allan kostnað t.d. skammtímavistheimili barna, vistheimili barna og atvinnuleit fatlaðra sem er starfrækt á vegum Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar.

Æskilegt er að öll félagsleg þjónusta við fatlaða í Reykjavík sé á einni hendi m.a. til að koma í veg fyrir togstreytu á milli þessara aðila um hvort ríki eða borg eigi að bera ábyrgð á að veita tiltekna þjónustu.

Varðandi framkvæmd þjónustunnar í Reykjavík er áhersla lögð á eftirfarandi:

a. *Svæðisskrifstofunni ber að ætla svæðisbundið framkvæmdavald sem hún fer með í umboði ráðuneytisins.*

b. *Hún verði sjálfstæð stofnun er ekki heyri undir neina ákveðna deild innan ráðuneytisins. Samskipti skrifstofunnar við ráðuneytið eða einstaka starfsmenn þess fari eftir eðli máls og erindis hverju sinni.*

c) *Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu verði skipaður af ráðherra að fenginni umsögn svæðisráðs. Aðra starfsmenn er eðlilegast að svæðisráð ráði, að fenginni tillögu framkvæmdastjóra.*

II. hluti.

Þeir kaflar sem hér er fjallað um eru um búsetu, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, atvinnumál, ferlimál og ferðaþjónustu.

VI. kafli. Búseta.

Í 10. gr. eru taldir upp mismunandi búsetukostir fyrir fatlaða, þar á meðal áfangastaðir. Athygli er vakin á eftirfarandi atriði:
Nauðsynlegt er að allir fatlaðir hafi aðgang að áfangastöðum en ekki aðeins geðfatlaðir, sbr. bls. 28 í greinargerð með frumvarpinu. Áfangastaðir eru heppilegur stökkpallur fyrir ýmsa fatlaða, t.d. greindarskerta og hreyfihamlaða einstaklinga sem gætu búið í íbúðum eftir ákveðna þjálfun þar.

VIII. kafli. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Hlutverk stofnunarinnar á fyrst og fremst að vera það að annast mjög sérhæfða þjónustu sem ekki verður auðveldlega veitt svæðisbundið. Öll önnur þjónusta á vettvangi greiningar og ráðgjafar verði efld innan fagdeilda á svæðunum.

Forðast ber einnig að ætla Greiningar- og ráðgjafarstöðinni hlutverk sem annast má heima í héraði.

XII. kafli. Atvinnumál.

Atvinnuleit fatlaðra í Reykjavík hefur verið starfrækt á vegum Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar frá gildistöku núgildandi laga, en ríkið greiðir kostnað. Fjárveitingar eru ákveðnar árlega á fjárlögum ríkisins. Undanfarin ár hefur verið sótt um aukið fjármagn við fjárlagatillögugerð vegna þarfar á eflingu þessarar starfsemi, en lítill árangur er af þeim tilraunum.

Bryddað er upp á nýmælum í frumvarpinu, sem eiga að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku fatlaðra á vinnumarkaðnum, s.s. starfsráðgjöf, liðveislu, starfsþjálfun og verndaðri vinnu á almennum vinnumarkaði.

Nýmæli er einnig að einungis er heimilt að starfrækja verndaða vinnustaði, skv. frumvarpinu. Við þessa breytingu verður að gera alvarlega athugasemd. Í Reykjavík er ekki raunhæft að ætla að atvinnumál fatlaðra verði leyst með nýjum stuðningsúrræðum á almennum vinnustöðum. Vegna þess hve fjöldi fatlaða er mikill svo og eftirspurn eftir vinnu á vernduðum vinnustað verður þessi valkostur að vera fyrir hendi með ótvíræðum lögbundnum ákvæðum þar um.

Svæðisstjórn hafa borist athugasemdir frá Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar um XII. kafla frumvarpsins, um atvinnumál.

Svæðisstjórn tekur undir athugasemdir Ráðningarstofunnar sem varða 29., 30., 31. og 33.gr. frumvarpsins, og er sammála þeim atriðum sem þar koma fram. Er vísað til þeirra um einstaka athugasemdir.

Svæðisstjórn Reykjavíkur telur mikilvægt að unnið verði að samningum við Reykjavíkurborg um að hún taki að sér að annast atvinnu - og dagvistarmál fatlaðra, svo og hæfingu- og endurhæfingu til starfa. Tryggja verður fjármagn til þess að vinna að úrbótum í þessum mikilvæga málaflokki.

Í þessu felst m.a. að Reykjavíkurborg komi á fót og annist, auk atvinnuleitar og margvíslegs stuðnings við fatlaða á almennum vinnumarkaði, önnur sérhæfð vinnuúrræði m.a. stofnsetningu verndaðra vinnustaða, sbr. XII. kafla frumvarpsins, hæfingar - og endurhæfingastöðvar og dagvistarþjónustu, sbr. V. kafla frumvarpsins svo og félagslega hæfingu og endurhæfingu sbr. XI. kafla.

Of lágar fjárveitingar til atvinnuleitar fatlaðra í Reykjavík undanfarin ár, á sama tíma og athygli beinist að mikilvægi þátttöku fatlaðra í atvinnulífinu, hafa komið í veg fyrir eðlilega þróun deildarinnar.

Árangurs er varla að vænta nema að fjárveitingar verði í samræmi við umfang þessa mikilvæga málaflokks.

XIV. kafli. Ferlimál og ferðaþjónusta.

í 36. gr. eru ákvæði um að sveitarfélög skulu gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu og eiga þau að setja reglur um hana. Jafnframt er kveðið á um að fatlaðir eigi rétt á ferðaþjónustu á vegum ríkisins vegna aksturs á þjónustustofnanir og annarrar sértækrar þjónustu sem fötluðum er veitt sérstaklega.

Ætla má að betra og hagkvæmara skipulag náist á ferðaþjónustu fyrir fatlaða ef hún er á einni hendi, en ekki skipt niður á ríki og sveitafélag. Að sjálfsögðu verður að tryggja fé til sveitarfélaga taki þau að sér alla þjónustuna. Nauðsynlegt er að skýrar reglur verði settar um rétt fatlaðra á henni.

XV. kafli. Réttindagæsla fatlaðra.

Í 37. gr. eru ákvæði um að starfsmenn sem sinna þjónustu við fatlaða og starfa á stofnunum fatlaðra, skulu standa vörð um hagsmuni þeirra og gæta þess að réttindi þeirra séu virt.

Æskilegt væri að í væntanlegum lögum fyndust ákvæði sem tryggðu ófaglærðu starfsfólki, sem starfar með fötluðum einhverja grunnmenntun á því sviði.

Að lokum til umhugsunar:
*- Að heiti svæðisskrifstofu verði breytt í "**Þjónustumiðstöð fatlaðra**".*

Fylgiskjal III.

Umsögn svæðisstjórnar Vesturlands.
(6. maí 1992.)

Svæðisstjórn Vesturlands telur að margt í umræddu frumvarpi sé til framfara og því sé æskilegt að það fái framgang. Hinsvegar telur svæðisstjórn að almenn félagsmálalöggjöf eigi að tryggja rétt allra þegna þjóðfélagsins og leggur áherslu á að stefnt sé ákveðið að því að koma því í framkvæmd og þar með gera sérlög óþörf. Því lýsir svæðisstjórn sérstökum stuðningi við V. lið ákvæða til bráðabirgða um endurskoðun laganna innan fjögurra ára.

Þá vill svæðistjórn koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum

2. gr. I skilgreiningu á fötlun eru skilin milli þess að vera veikur og fatlaður óljós. Mikilvægt er að þau séu skýr. Nú er tilhneiging til þess að vísa einstaklingum milli þjónustukerfa og því er nauðsynlegt að hlutverk þeirra og staða þeirra er þjónustu þurfa sé skýr og greinileg.

I II. kafla er fjallar um hlutverk svæðisráða vantar skýrari ákvæði um faglega möguleika og fjárhagslega getu þeirra til þess að sinna eftirlits og réttindagæsluhlutverki sínu sbr. 6. og 16. grein og XV. kafla frumvarpsins.

7. gr. Lagt er til að önnur málsgrein falli út.

VIII. kafli 17. gr. Við tölulið 1. bætist:
" Greiningu skal veita í heimabyggð, sé þess nokkur kostur. "

X. kafli
25. grein orðist svo: " Sveitarfélög skulu eftir föngum gefa fötluðum kost á liðveislu. Með liðveislu er átt við Margháttaða aðstoð við athafnir daglegs lífs og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun. "

26. grein verði þannig: " I sérstökum tilfellum skal veita einstaklingum frekari liðveislu, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Að fenginni umsögn svæðisráðs tekur svæðisskrifstofa ákvörðun í málinu. "

XII. kafli

29. gr. Við síðustu málsgrein hennar bætist:
" samningi við svæðisskrifstofu. "

30. gr. Ný málsgrein svohljóðandi bætist við:
" Skal um það hafa samráð við viðkomandi verkalýðsfélag. "

XIV. kafli
35. gr. Síðasta málsgrein verði þannig: " Bæjarstjórnir og héraðsnefndir eða ef hentugra þykir önnur svæðisbundin samtök sveitarfélaga skulu skipa samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra, með þátttöku samtaka fatlaðra, sem m. a. geri tillögur um forgangsröðun verkefna á sviði ferlimála. "

XV. kafli Svæðisstjórn lýsir ánægju með það að réttindagæsla fatlaðra hljóti umfjöllun í lögum, en telur að sterkar þurfi að kveða að og betur að búa um til þess að fullnægjandi sé. Einkum vantar skýrari ákvæði um fjárhagslegt og faglegt bolmagn svæðisráða til þess að valda verkefninu.
Þá vantar ítarlegri útfærslu og skilgreiningu á starfi trúnaðarmanns er tryggi honum trúnað hinna fötluðu og myndugleika gagnvart einstaklingum, stofnunum og opinberum aðilum sem er nauðsynlegt eigi skipulagið að þjóna tilgangi sínum.

XVI. kafli
41. gr. Síðasta setning 7. málsliðar falli út.

Þá vill svæðisstjórn árétta að tryggt verði með lögunum fjármagn til þess að hægt sé að koma í framkvæmd nýjum verkefnum Framkvæmdasjóðs sem talin eru upp í 41. grein.

Með vinsemd og virðingu

f. h. svæðisstjórnar Vesturlands

Snorri Þorsteinsson

Fylgiskjal IV.

Umsögn svæðisstjórnar málefna fatlaðra á Vestfjörðum.
(22. mars 1992.)

Stjórnun og skipulag :

1. Hverfa frá þeirri miðstýringu sem felst í stjórnskipan frumvarpsins og efla völd í heimahéraði.
2. Setja þarf ákvæði um skipanstjórnsýlsuaðila í heimahéraði sem beri ábyrgð gagnvart ráðuneyti á framkvæmd og skipulagi þjónustunnar.
3. Þetta stjórnsýslulega vald verði skipað fulltrúum sveitarfélaga og færi með framkvæmdavald í heimahéraði.
4. Fulltrúar hagsmunasamtakanna sitja í svæðisráðum. Þeim verði tryggt svigrúm til að sinna réttinda-og hagsmunagæslu.
5. Einnig kemur til greina að svæðisráðin starfi eins og frumvarpið segir til um. Þeim verði tryggt stjórnsýsluvald í heimahéraði og sveitarfélögin tilnefni meginhluta fulltrúa í ráðunum.

Almenn þjónusta:

5. Skipan samráðsnefndar ekki innan ráðuneytisins heldur á hverju svæði. Þetta samráð verður eingöngu til fyrir frumkvæði starfsmanna sem stöðu sinnar vegna og nálægðar eru best færir um að finna það skipulag sem mestum árangri skilar.

Þjónustustofnanir:

6. Heitið Þjónustumiðstöðvar falli út. Sé talið hentugt að reka undir sama þaki fleiri þætti þjónustunnar, þá á það að vera framkvæmdaratriði á hverjum stað sem ástæðulaust virðist vera að setja um sérstakt ákvæði í lögum.
Leikfangasöfn eiga fyrst og fremst að teljast hluti ráðgjafarþjónustu svæðisstjórna.

Framkvæmd þjónustunnar :

7. Skrifstofur svæðisstjórna heiti Þjónustumiðstöðvar og skiptist í rekstrardeild og fagdeild.
Þær starfi á ábyrgð heimastjórnar og í eigin húsnæði.

Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins :

8. Hlutverk hennar á fyrst og fremst að vera það að annast mjög sérhæfða þjónustu.
Öll önnur þjónusta á vettvangi greiningar og ráðgjafar verði efld innan fagdeilda Þjónustumiðstöðva hvers svæðis.

Gildistaka :

9. Lögin taki gildi 1. janúar 1993, ekki 1. júní 1992.

F.h. Svæðisstjórnar málefna fatlaðra á Vestfjörðum

Laufey Jónsdóttir

Laufey Jónsdóttir framkvæmdastjóri

Greinargerð um frumvarpið

Það skal tekið fram að ekki verður fjallað um þær greinar sem engin athugasemd er við, heldur er litið á að þær greinar séu samþykktar.

II. kafli.
Stjórnun og skipulag.

Nauðsynlegt er að yfirstjórn málefna fatlaðra heyri undir eitt ráðuneyti, þ.e. félagsmálaráðuneytið.

Óbreytt skipting landsins í starfssvæði virðist besta tilhögunin, þ.e. ákvæðið um sérstök þjónustusvæði er tímabært, m.a. með tilliti til fyrirsjáanlegrar þróunar byggðar í landinu.

Skipan og hlutverk svæðisráða er ekki sannfærandi. Ekki er gert ráð fyrir neinu stjórnsýslulegu valdi í heimahéraði heldur er valdið fyrst og fremst fært til ráðuneytisins. Gert er ráð fyrir auknum hlut og ábyrgð sveitarfélaga í þjónustu við fatlaða og því væri rökrétt að ætla sveitarfélögum nú þegar aukin áhrif í stjórnun málaflokksins. Völd og áhrif hagsmunasamtakanna ættu fyrst og fremst að felast í virku eftirlitshlutverki og réttindagæslu. Bein aðild að stjórnsýslunni setur hagsmunasamtökin í erfitt og mótsagnarkennt hlutverk hvað þetta varðar.

Hverfa verður frá miðstýringu þeirri sem felst í stjórnskipan frumvarpsins og efla völd í heimahéraði.

Setja þarf ákvæði um skipan stjórnsýsluaðila í heimahéraði sem beri ábyrgð gagnvart ráðuneyti á framkvæmd og skipulagi þjónustunnar, svæðisbundið. Þetta stjórnsýslulega vald verði skipað fulltrúum sveitarfélaga sem skipaðir yrðu af heildarsamtökum sveitarfélaga. Hægt væri að kalla þetta rekstrarstjórn sem færi með framkvæmdarvald í heimahéraði.

Fulltrúar hagsmunasamtaka sætu í svæðisráðum. Svæðisráðum verði tryggt svigrúm til að sinna réttinda-og hagsmunagæslu.

Til greina kemur einnig að halda svæðisráðum eins og frumvarpið segir til um en um leið verði þeim tryggt stjórnsýslulegt vald í heimahéraði. Sveitarfélög tilnefni meginhluta fulltrúa í ráðunum og hagsmunasamtök í minnihluta.

Rétt er að benda á mikilvægt hlutverk fræðslustjóra og héraðslæknis í núverandi svæðisstjórnum og mikilsvert að njóta sérþekkingar þeirra áfram, þótt þeir eigi ekki beina aðild að svæðisráðum. Þetta á sérstaklega við á fámennari starfssvæðum þar sem sérfræðiþjónusta á vegum svæðisstjórna er af skornum skammti.

III. kafli.
Almenn þjónusta.

Skipan í samráðsnefnd ætti ekki heima á þessu stjórnsýslustigi. Samræming og skipulagning gengur best þar sem vandinn brennur hvað heitast á mönnum sem daglega fást við margþætt verkefni sem sem ekki verða leyst svo vel fari nema í samvinnu og samstarfi fleiri aðila.

Um það má finna mörg dæmi í þjónustu við fatlaða þar sem víða um land hefur tekist gott samstarf milli félags-, mennta- og heilbrigðisþjónustunnar. Þetta samstarf verður til fyrir frumkvæði starfsmanna, embættismanna og annarra sem stöðu sinnar vegna og nálægðar eru best færir um að finna það skipulag sem mestum árangri skilar. Fjarlægt vald hjá ráðuneytinu næði aldrei slíkum árangri.

V. kafli.
Þjónustustofnanir.

Þjónustumiðstöðvar virðast koma í stað vistheimila sem hafa gengt því hlutverki að veita langtímavistun, skammtímavistun, dagvistun og ráðgjöf. Sé talið hentugt að reka undir sama þaki fleiri þætti þjónustunnar þá á það að vera framkvæmdaratriði á hverjum stað sem ástæðulaust virðist vera að setja um sérstakt ákvæði í lögum.
Ákvæði um þjónustumiðstöðvar ber því að fella út úr V. kafla en heitið komi í stað Svæðisskrifstofa sbr. VII. kafli.

Of mikil áhersla er lögð á hlutverk leikfangasafna sem sjálfstæðra stofnana. Leikfangasöfn eiga fyrst og fremst að teljast hluti miðstöðvar sem hefði með höndum greiningu og alhliða ráðgjöf til fatlaðra, aðstandenda þeirra og stofnana. Söfnin ein og sér verða aldrei þess megnug að veita slíka ráðgjöf. Leikfangasöfnin verði því hluti að fagdeild þjónustumiðstöðvanna, sbr. umfjöllun um VII. kafla frumvarpsins.

VII. kafli.
Framkvæmd þjónustunnar.

Kaflinn kveður á um hlutverk Svæðisskrifstofa í málefnum fatlaðra. Nafngiftin er á margan hátt óheppileg, þ.e. skrifstofunafnið gefur í raun ranga mynd af þeirri starfsemi sem nú þegar fer fram á flestum svæðum.

Lagt er til að svæðisbundin yfirstjórn í málaflokknum verði í höndum stofnunar er heiti Þjónustumiðstöðfatlaðra og skiptist hún í rekstrardeild og fagdeild. Hlutverk rekstrardeildar verði það sama og tilgreint er í 1.-5. og 7.-8. tl. 13. gr., hvað stjórnsýslu varðar. Hlutverk fagdeildarinnar er ýmiss konar fagleg stjórnun og skipulagning, svo og greining, stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og stofnanir.

Lögð er áhersla á að Þjónustumiðstöðvar (Svæðisskrifstofur) starfi á ábyrgð heimastjórnar svo sem verið hefur undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins. Þrátt fyrir mikilvæg og náin tengsl við ráðuneytið er ekki hægt að fallast á þá miðstýringu, sem í því fælist að reka skrifstofuna sem útibú frá ráðuneytinu, án afskipta heima í héraði.

Einnig er mikil áhersla lögð á það að Þjónustumiðstöðvar (Svæðisskrifstofur) starfi í eigin húsnæði svo tryggðir verði þróunarmöguleikar og stöðugleiki þjónustunnar.

VIII. kafli.
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Hlutverk stofnunarinnar á fyrst og fremst að vera það að annast mjög sérhæfða þjónustu sem ekki verður auðveldlega veitt svæðisbundið.

Öll önnur þjónusta á vettvangi ráðgjafar verði efld innan fagdeilda Þjónustumiðstöðvanna Forðast ber einnig að ætla Greiningar- og ráðgjafarstöðinni hlutverk sem betur er komið í höndum annarra aðila. Það er því álitamál hvort göngudeild fyrir fullorðna skv. 6.tl. á að tengjast hlutverki stöðvarinnar þar sem slík starfsemi getur að því er virðist fallið að hlutverki annarra stofnana (t.d. Reykjalundur). Eðli málsins samkvæmt getur göngudeildarþjónusta heldur aldrei orðið annað en svæðisbundin nema að mjög takmörkuðu leyti.

XIX. kafli.
Gildistaka.

Eðlilegra virðist að lögin taki gildi 1. janúar 1993 heldur en 1. júní n.k.

Almennt um frumvarpið.

Mörg nýmæli eru í þessu frumvarpi t.d. aukin ábyrgð sveitarfélaga varðandi þjónustu við fatlaða, stoðþjónusta, réttindagæsla, rétt til búsetu í íbúðum, réttur til atvinnu og fleira. Allt eru þetta nýmæli sem eru í takt við þá þróun og breytingu á viðhorfum til þjónustu við fatlaða sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Þessi þróun er mjög jákvæð og ýtir enn frekar á það að fatlað fólk búi við sömu aðstæður og ófatlað fólk í þjóðfélaginu.
Sú stefnubreyting sem frumvarpið boðar varðandi stjórnsýsluna, þ.e. að færa allt valdið til ráðuneytisins er skref aftur á bak miðað við núgildandi lög. Alfarið er mælt gegn þessari miðstýringu og þess krafist að völdin verði áfram tryggð í heimahéraði. Einnig er nauðsynlegt að byggja upp kröftuga ráðgjafarþjónustu á svæðunum. Skipan þessarar þjónustu á að byggja á nálægð hennar við neytandann. Því fjarlægari sem skipuleggjandinn eða ráðgjafinn er, því meiri hætta er á að honum sjáist yfir þau úrræði sem heimabyggðin býr yfir.

Fylgiskjal V.

Umsögn svæðisstjórnar málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra.
(23. mars 1992.)

Með tilvísun til erindis félagsmálanefndar Alþingis frá 26. feb. s.l. sendist hér með umsögn Svæðisstjórnar málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra um frumvarpið.

Svæðisstjórn telur frumvarpið til verulegra hagsbóta fyrir fatlaða nái það fram að ganga, hinsvegar telur Svæðisstjórn rétt að gera eftirfarandi athugasemdir.

1. Leggja verður áherslu á að hlutur sveitarfélaga í stjórnsýslu málaflokksins verði aukinn. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að á næstu árum taki sveitastjórnir aukinn þátt í framkvæmd laganna, mat svæðisstjórnar er, að því fyrr sem sveitarstjórnir koma inn því auðveldara verður ferlið. Sveitarfélög á landsbyggðinni eru misjafnlega í stakk búin til að taka að sér málaflokkinn, því teljum við rétt að næstu ár verði notuð til að setja sveitarstjórnir inn í rekstarlega hlið málaflokksins en það muni síðan auðvelda þeim að yfirtaka hann.

Svæðisstjórn vill einnig benda á að ef frumvarpið verður afgreitt eins og það er, er hætta á óeðlilegri miðstýringu sem svæðisstjórn telur eðlilegt að draga úr.

2. Leggja verður þyngri áherslu á faglega uppbyggingu á hverju svæði fyrir sig. Svæðin verða að hafa skilyrði til að koma á legg sterkri fagþjónustu sem gerir þeim kleift að vinna skv. frumvarpinu sbr. (6. 9. 10 tl. 13. gr. og einnig að hluta 7. og 8. tl.). stór þáttur skipan félagslegrar þjónustu er nálægð hennar við neytandan. Þetta verður að tryggja á þann hátt að hvert svæði geti sinnt á bestan hátt skjólstæðingum með misjafnar þarfir. Með hliðsjón af því að sveitarfélög munu á næstu árum taka ríkari þátt í rekstri málaflokksins og með tilliti til misjafnrar stöðu sveitarfélaganna (stærð og efnahag) er brýnt að þessari uppbyggingu verði lokið áður en þau taka málaflokkin yfir. Þannig væri hægt að tryggja öllum fötluðum burtséð frá búsetu sömu þjónustu.

3. Svæðisstjórn telur ákvæði um réttindagæslu fatlaðra í frumvarpinu einn merkasta þátt þess, en telur að ekki sé mörkuð nægjanlega skýr stefna um framkvæmd hennar. Því leggur svæðisstjórn fram eftirfarandi tillögu um breytingu á XV. kafla frumvarpsins.

XV.Kafli

Réttindagæsla fatlaðra

37.gr.

Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga skal skipa úrskurðarnefnd málefna fatlaðra. Þrír menn skulu eiga sæti í úrskurðarnefnd, skipaðir til fjögurra ára í senn. Hæstiréttur skipar formann og varamann hans og skulu þeir hafa lokið embættisprófi í lögfræði, félagsmálaráðherra skipar einn mann í nefndina og einn til vara sama gildir um hagsmunasamtök fatlaðra. Úrskurðarnefnd málefna fatlaðra gætir lögbundinna hagsmuna fatlaðra og er trúnaðarmönnum og svæðisráðum til ráðgjafar.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan þriggja mánaða frá því nefndinni barst mál til úrskurðar. Ef ástæða þykir getur nefndin mælt fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á sviði stjórnsýslunnar.

Kostnaður af störfum úrskurðarnefndar málefna fatlaðra greiðist úr ríkissjóði.

38.gr.

Svæðisráð í málefnum fatlaðra skulu standa vörð um rétt fatlaðra til þjónustu skv. lögum þessum og öðrum lögum eftir því sem við á. Fulltrúar hagsmunasamtakanna í svæðisráði skipa sérstakan trúnaðarmann á hverju svæði. Trúnaðarmaður er starfsmaður svæðissráða, hann fylgist með högum hinna fötluðu. Starfsmenn sem sinna þjónustu við fatlaða skulu veita honum upplýsingar sem hann þarfnast starfs síns vegna. Sé um að ræða skráðar upplýsingar um persónuleg atriði eða upplýsingar um einkafjármuni hins fatlaða skal leita eftir samþykki hans.

Kostnaður af störfum trúnaðarmanna greiðist úr ríkissjóði.

Starfsmenn sem sinna þjónustu við fatlaða og starfa á stofnunum fatlaðra, skulu standa vörð um hagsmuni þeirra og gæta þess að réttindi þeirra séu virt.

39.gr.

Telji hinn fatlaði að réttur hans sé fyrir borð borinn getur hann tilkynnt það trúnaðarmanni/svæðissráði sem veitir honum nauðsynlegan stuðning og kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun metur trúnaðarmaður/svæðissráð hvort málið skuli lagt fyrir úrskurðarnefnd málefna fatlaðra. Sama gildir telji trúnaðarmaður/svæðissráð að réttur hins fatlaða sé ekki virtur.

Telji aðstandendur fatlaðra, hagsmunasamtök fatlaðra eða aðrir, sem láta sig hag fatlaðra varða, að réttur fatlaðra sé ekki virtur skal tilkynna það trúnaðarmanni/ svæðisráði sem kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun metur trúnaðarmaður/ svæðisráð hvort málið skuli lagt fyrir úrskurðarnefnd málefna fatlaðra.

f.h. Svæðisstjórnar málefna fatlaðra Norðurlandi vestra

Sveinn Allan Morthens, framkvæmdastj.

Fylgiskjal VI.

Umsögn svæðisstjórnar málefna fatlaðra á Norðurlandi eystra.
(23. mars 1992.)

Svæðisstjórn málefna fatlaðra á Norðurlandi eystra hefur samkvæmt beiðni félagsmálanefndar Alþingis, sbr. erindi nefndarinnar frá 26. febrúar sl., kynnt sér frumvarp til laga um málefni fatlaðra sem nú er til umfjöllunar þingsins. Á fundi svæðisstjórnar þann 18. þ.m. samþykkti hún að vekja sérstaka athygli á eftirfarandi er varðar umrætt frumvarp:

1. Frumvarpið virðist gera ráð fyrir aukinni miðstýringu í málaflokknum sem felst í auknum afskiptum ráðuneytisins af svæðisbundinni framkvæmd þjónustunnar. Skýra þarf mun betur en gert er mörkin milli framkvæmdarvalds og ábyrgðar ráðuneytisins annars vegar og svæðisskrifstofanna hins vegar.
2. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir svæðisbundinni og kjörinni stjórn er beri rekstrar- og skipulagslega ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar á viðkomandi svæði. Svæðisstjórn leggur til að inn í frumvarpið verði tekið ákvæði um slíka stjórn er skipuð sé fulltrúum sveitarfélaga í meiri hluta. Stjórnin ber ábyrgð gagnvart ráðuneyti á starfsemi þeirra stofnana sem ríkið rekur á hverju svæði.
3. Í frumvarpið vantar ákvæði er ótvírætt tryggja áframhaldandi uppbyggingu þeirrar fagþjónustu sem nú þegar er vísir að á flestum svæðum. Svæðisstjórn telur að stefna beri að aukinni samskipan í þessum málaflokki og að öflug og virk fagþjónusta sé ein meginforsenda þróunar í þá átt.

Með hliðsjón af þessum atriðum lýsir svæðisstjórn yfir fullum stuðningi við umsögn framkvæmdastjóra svæðisstjórna um fyrirliggjandi frumvarp og hvetur löggjafann eindregið til að taka fullt tillit til þeirra athugasemda er þar koma fram.

Að öðru leyti telur svæðisstjórn margt í frumvarpinu horfa til bóta, svo sem ákvæði um aukna stoðþjónustu, og mælir því með framgangi þess að gerðum þeim breytingum sem lagðar eru til í umsögn framkvæmdastjóranna.

F.h. svæðisstjórnar í Norðurlandsumdæmi eystra,
Bjarni Kristjánsson, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal VII.

Umsögn svæðisstjórnar málefna fatlaðra á Austurlandi.
(23. mars 1992.)

Svæðisstjórn málefna fatlaðra Austurlandi hefur fjallað um frumvarp til laga um málefni fatlaðra og telur að margt sem þar kemur fram sé til verulegra bóta, ekki síst vegna þess að þau draga úr að þjónusta þurfi að vera stofnanabundin og gefa aukna möguleika á sveigjanlegri einstaklingsmiðaðri þjónustu.

Jafnframt miða þau að frekari þátttöku sveitarfélaga í þjónustu við fatlaða og að við endurskoðun þeirra eftir fjögur ár, verði miðað að aukinni þátttöku sveitarfélaga í málefnum fatlaðra.

Svæðisstjórn vill þó gera athugasemdir við ákveðna þætti frumvarpsins og koma með tillögu um breytingar á vissum lagagreinum:

II. Kafli. Stjórn og skipulag.

Svæðisstjórn gerir athugasemd við að stjórnsýslulegt vald málaflokksins er skv. þessu frumvarpi að verulegu leiti, fært úr höndum heimaaðila til félagsmálaráðuneytisins. Þar með er horfið frá þeirri grundvallarreglu núgildandi laga að byggja á frumkvæði þeirra sem næstir eru vettvangi og þekkja málin best.

Það stjórnsýslufyrirkomulag sem er skv. núgildandi lögum hefur reynst mjög vel hér á Austurlandi og má segja að málefni fatlaðra hafi á sl. 10 árum verið að flytjast heim í fjórðunginn. Staðarþekking og nálægð við neytandann hefur fært margt í þjónustu við fatlaða til betri vegar og að mati Svæðisstjórnar ætti næsta skref að snúa í þá átt að flytja ábyrgð og vald til framkvæmda enn nær vettvangi, þ.e. á hendur bæjar - og sveitarfélaga.

Telur Svæðisstjórn eðlilegast að sú svæðisbundna stjórn á fjórðungsvísu sem er skv. núgildandi lögum verði haldið óbreyttri þar til málaflokkurinn færist enn nær vettvangi, þ.e. á hendur sveitarfélaga.

VII. Kafli. Framkvæmd þjónustunnar.

Svæðisstjórn vill leggja áherslu á breytingar á kaflanum um framkvæmd þjónustunnar á þann hátt að tryggð verði óháð en nauðsynleg ráðgjafar- og fagþjónusta á hverju svæði.

Markmið þessara laga skv. frumvarpinu er það sama og markmið núgildandi laga, þ.e. að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.

Reynslan af framkvæmd núgildandi laga sýnir að mati Svæðisstjórnar, þörf á styrkri ráðgjafar- og fagþjónustu á hverju svæði sem forsendu þess að þetta markmið náist og þess að þróun geti orðið í dreifðri einstaklingsmiðaðri þjónustu.

Byggð er dreifð á Íslandi og sveitarfélög eru fámenn og bera almennt ekki það fagfólk á sviði félagslegra þjónustu sem að jafnaði er talið nauðsynlegt að sé fyrir hendi til að fatlaðir geti nýtt sér opinbera þjónustu og búið og lifað eðlilegu lífi með fjölskyldum sínum þar sem þeim vegnar best, eins og kveðið er á um í lögum.

Þessi þjónusta þarf að vera hreyfanleg og vera til stuðnings fötluðum, aðstandendum þeirra og þeim sem veita þjónustu til fatlaðra, hvort sem úrræðið er almennt eða sértækt.

Á mörgum svæðum er komin vísir að þessari þjónustu, m.a. hér á Austurlandi og þyrfti að mati Svæðissjórnar ekki mikla viðbót til þess að hún væri styrk og skilvirk. Jafnframt bendir Svæðissjórn á að þessi ráðgjafar- og fagþjónusta þarf ekki að vera staðsett í sama bæjar- eða sveitarfélagi, heldur tengist hún fyrst og fremst innbyrðis.

Svæðisstjórn leggur því til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 13. gr. lagafrumvarpsins:

Á hverju starfssvæði, sbr. 5. gr., skal starfrækt **Þjónustumiðstöð**

fatlaðra (skilgreining á þjónustumiðstöð skv. 10 gr. falli út og þetta nafn komi í stað svæðisskrifstofu). Þjónustumiðstöðvar fatlaðra skulu hafa með höndum eftirfarandi viðfangsefni:

Engar breytingartillögur eru gerðar við 1. - 9. tl. heldur er lagt til að eftirfarandi tl. bætist við:

10. Að vera nánasti samstarfsaðili á svæðinu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, aðstoða við greiningu fötlunar og fylgja eftir meðferðar- og þjálfunaráætlunum.

11. Að starfrækja leikfangasafn þar sem veitt er þjálfun, ásamt útlánum á þjálfunargögnum sem lið í ráðgjafar- og meðferðarstarfi þjónustumiðstöðvarinnar, (skilgreining á leikfangasafn skv. 10. gr. sem sjálfstæð stofnunun falli út).

12. Að skipuleggja meðferðarúrræði og hafa eftirlit með framkvæmd meðferðar- og þjálfunaráætlana og tryggja þannig nauðsynlega samfellu í ráðgjöf og meðferð.

13. Að hafa með höndum ráðgjöf og faglegt eftirlit með starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir þjónustumiðstöðina.

14. Að vera tengiliður á heimasvæðinu við þau stuðningsúrræði sem börnum, unglingum og fullorðum stendur til boða.

15. Að vera til ráðuneytis um skipulag og uppbyggingu þjónustu við fatlaða á starfssvæðinu.

16. Að veita ráðgjöf til foreldra fatlaðra og annast fræðslu til starfsmanna á stofnunum er þjónustumiðstöðinni tilheyra.

Svæðisstjórn gerir jafnframt athugasemd við að félagsmálaráðherra skuli eiga að ráða allt starfsfólk svæðisskrifstofunnar, telur hún eðlilegt að það sé í höndum framkvæmdastjóra og viðkomandi heimastjórnar.

Varðandi 14., 15., 16., og 17. gr. - 7.tl. og 9.tl., telur Svæðisstjórn að skýrara þurfi að kveða á um þátt svæðisskrifstofu sem fer með framkvæmd þjónustunnar þar sem stundum er talað um svæðisráð í samhengi þar sem eðlilegra virðist að svæðisskrifstofur séu tilteknar eða þær a. m. k. jafnframt svæðisráðum.

VIII. Kafli Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Varðandi þennan kafla vill Svæðisstjórn benda á að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins muni ekki nýtast sem skyldi, öðrum en þeim sem búa í næsta nágrenni hennar ef ekki er um leið byggð upp sú ráðgjafar- og fagþjónusta á öðrum svæðum sem gerð hefur verið skil hér að framan.

Á það sérstaklega við um 3. tl. og hluta 4. tl. og 5. tl. Foreldrar fatlaðra, í flestum tilfellum mæður þurfa að dvelja langtímum saman í Reykjavík með fatlaða barnið sitt í greiningu, þjálfun og reglulegu endurmati fyrstu 6 æviárin. Svæðisstjórn telur því mikilvægt að efla alla fagþjónustu úti á landi í þeim tilgangi að gera eftirmeðferð skilvirkari, stytta þar með dvöl foreldra og fækka ferðum þeirra.

Varðandi 6. tl. þá telur Svæðisstjórn að þeim þætti verði ekki sinnt annars staðar en í nánum tenglum við heimabyggð og eðlilegt sé að þetta hlutverk verði í höndum heimaaðila, s.s. svæðisskrifstofa (þjónustumiðstöðva), grunn- eða framhaldsskóla.

Svæðisstjórn vill jafnframt benda á að ef fullorðnir fatlaðir eiga að dvelja langtímum saman í Reykjavík þurfi að gera ráð fyrir vistun þeirra og starfsmannahaldi þar í kring, kostnaðurinn sem áætlaður er við stofnun og rekstur þessarar deildar er því metin of lágt.

IX. Kafli Málefni barna og fjölskyldna fatlaðra.

Varðandi 22., 23., og 24. gr. vill Svæðisstjórn benda á að sú þjónusta er ekki eingöngu nýtt fyrir börn í dag heldur líka fyrir fullorðið fatlað fólk búsett í foreldrahúsum, ýmist vegna þess að þeir hafa kosið það búsetuform eða af því að þeir bíða eftir að bútsetumál þeirra verði leyst á annan hátt. Þessi þjónusta er ekki síður mikilvæg fyrir þennan hóp og mælir Svæðisstjórn með að þessar greinar verði ekki bundnar við börn.

Niðurlag:

Svæðisstjórn Austurlands gerir ekki frekari athugasemdir við þetta frumvarp til laga um málefni fatlaðra en telur það kost að endurskoða eigi lögin innan fjögurra ára með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Vill hún að lokum leggja ríka áherslu á að á þeim tíma verði lagður grundvöllur að yfirtöku sveitarfélaganna á málaflokknum, m.a. með kynningu og fræðslu til sveitarfélaga og þátttöku þeirra í nefndum og ráðum sem snúa að málaflokknum.

Virðingarfyllst,
f/h Svæðisstjórnar Austurlands,

Soffía Lárusdóttir

Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal VIII.

Umsögn svæðisstjórnar Suðurlands.
(13. mars 1992.)

Lagt hefur verið fram frumvarp til nýrra laga um málefni fatlaðra til að leysa af núgildandi lög um málefni fatlaðra nr. 41/1983. Núgildandi lög hafa þannig þjónað í tæpan áratug, en þau tóku við af lögum um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979. Á þessum árum hefur margt jákvætt áunnist fyrir fatlaða. Fjöldi sambýla hafa verið byggð og þjónusta fyrir fatlaða aukist.

Ýmsir annmarkar eru á núgildandi lögum, en þó ekki svo miklir að ástæða hafi verið að hlaupa til við gerð nýrra laga og þá meira af kappi en forsjá.

Miðstýring - skref aftur á bak.

Í nýja lagafrumvarpinu er að finna margar jákvæðar breytingar, sem horfa til framfara. Aðalgalla lagafrumvarpsins telur Svæðisstjórn Suðurlands hins vegar vera stjórnunarkaflann og finnst sú miðstýring sem þar er boðuð ekki í takt við tímann og vera skref aftur á bak.
Svæðisstjórn leggur áherslu á að byggja þurfi upp öfluga ráðgjöf og þjónustu svæðisbundið í samræmi við þá reynslu sem hlotist hefur af framkvæmd núgildandi laga.

Sérlög - fyrir hverja?

Það er umdeilt hvort setja eigi sérlög fyrir fatlaða þegna þessa þjóðfélags. Geta málefni þeirra ekki fallið undir almenna félagsmálalöggjöf og þá löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga og sérhæfða þjónustu á sviði heilbrigðis- og menntamála, sem lög um þau efni segja til um? Svæðisstjórn telur, að þróunin geti orðið í þá átt, að með tíð og tíma færist þessi málaflokkur yfir á herðar sveitarfélaganna, en við núverandi aðstæður sé nauðsynlegt að sérstök löggjöf verði áfram um málaflokkinn. Málefni fatlaðra heyri áfram undir ríkisvaldið, en með minni miðstýringu og meira valdi heima í héraði en boðað er í lagafrumvarpinu. Til þess að hægt sé að færa málaflokkinn að hluta eða að öllu leyti yfir á

herðar sveitarfélaganna þarf að styrkja þau og stækka. Í sveitarstjórnalögum þarf þá að kveða á um lögformlegt samstarf sveitarfélaganna á héraða- eða kjördæmagrundvelli. Öðruvísi er ekki hægt að fela sveitarfélögunum málaflokkinn, þannig að tryggt verði að einstaklingar í hinum smærri sveitarfélögum fái sambærilega þjónustu og einstaklingar í hinum stærri.

Önnur greinin.

Við lestur lagafrumvarpsins er strax hnotið um aðra greinina, þ.e. fyrst er byrjað á því að greina frá því að líkamlega og andlega fatlaðir eigi rétt á sérstakri þjónustu, en skilgreining á því, hvað það er að vera fatlaður kemur, síðan í síðari málsgrein. Eðlilegra væri að í fyrri málsgrein væri skilgreiningin á orðinu fatlaður, en í þeirri síðari kveðið á um þjónustuna. Varhugavert getur og verið að telja upp einstaka hópa vegna hættu á að einhverjir verði útundan. Eðlilegt væri að 2. gr. væri orðuð svo: Sá er fatlaður, andlega eða líkamlega sem þarfnast sérstakrar þjónustu eða umönnunar vegna fötlunarinnar. Hér er m.a. átt við þroskahömlun hvers konar, geðfötlun, hreyfihömlun bæði vegna sjúkdóma og slysa, sjón- og heyrnarskaða og fötlun vegna langvarandi sjúkdóma.
Spurningar vakna og um það, hvort allir þessir hópar eiga að falla undir lög um málefni fatlaðra eða hvort þeir væru betur komnir innan heilbrigðisgeirans og málefni þeirra þá færð inn í lög um heilbrigðisþjónustu. Um það mun fjallað nánar síðar.

Valdið færist burt úr héraði.

Í þessu lagafrumvarpi er ríkisvaldið, nánar tiltekið félagsmálaráðherra, að taka allt valdið frá héruðunum inn á sitt borð en mun síðan dreifa því út að eigin geðþótta. Þannig virðast svæðisskrifstofurnar eiga að verða nokkurs konar deildir eða útibú frá félagsmálaráðuneytinu og verða þannig valdalausar og máttlitlar með lítið svigrúm og sjálfstæði til athafna.

Ekki verður séð hvaða tilgangi það þjónar að draga allt vald inn í ráðuneytið og dreifa því þaðan í stað þess að byggja það upp og styrkja út í kjördæmunum. Ef litið er til annarra málaflokka, t.d. laga um heilbrigðisþjónustu, þar sem fjármögnun kemur frá ríkinu til þjónustunnar þá er stjórnunarkerfið þar byggt upp á allt annan hátt og færir meira vald heim í héruð. Þannig skipar ráðherra heilbrigðismála stjórn heilsugæslustöðva einn eftir tilnefningu starfsliðs stöðvarinnar, þrír eru kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum og einn án tilnefningar og á hann jafnframt að vera formaður. Stjórnirnar ráða starfslið og framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur og annast fjármál. Yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri eru honum til ráðgjafar um áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir

hvor á sínu sviði. Í lagafrumvarpinu um málefni fatlaðra er hinsvegar gert ráð fyrir því að ráðherra skipi allt starfslið og það heyri beint undir hann en ekki undir svæðisráð.

Stjórn málefna fatlaðra.

Að fenginni áratugar reynslu við stjórf að málefnum fatlaðra telur Svæðisstjórn Suðurlands nauðsynlegt að horfið verði frá þeirri miðstýringu, sem boðuð er í lagafrumvarpi þessu. Við núverandi aðstæður sé málum best þannig fyrir komið, að héraðslæknir og fræðslustjóri sitji áfram í svæðisráðum. Félagsmálaráðherra skipi formann, en síðan tilnefni samtök sveitarfélaga í hverju kjördæmi og/eða viðkomandi byggðarsamlög tvo fulltrúa og hagsmunasamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið einn fulltrúa hvort. Svæðisráðin fái það hlutverk að vera stjórn svæðisskrifstofanna og ráði framkvæmdastjóra sem síðan sér um að ráða annað starfslið í samráði við svæðisráðið. Framkvæmdavaldið verði þannig úti í héruðunum, en ráðuneytið sjálft hafi með höndum eftirlitshlutverk um, að ákvæðum laganna sé framfylgt og beiti að sjálfsögðu svæðisráðunum til að annast það hlutverk með sér, svo sem verið hefur, sbr. 11. gr. núgildandi laga, en þar segir: "Þegar svæðisstjórn annast sjálf rekstur stofnana skal félagsmálaráðuneytið annast eftirlit með rekstri þeirra."

Hlutverk svæðisráða og svæðisskrifstofa.

Í lagafrumvarpinu er hlutverk svæðisráða og svæðisskrifstofa að finna undir ótal lagagreinum. Þannig er hlutverk svæðisráða til umfjöllunar í alls 15 greinum m.a. 6., 10., 12., 13.-17., 26., 33., 37.-38., 42., 46., 54., og hlutverk svæðisskrifstofu í a.m.k. 9 lagagreinum, 6., 12., 13., 18., 26., 28., 35., 42. og 46. grein. Nauðsynlegt er að umskrifa lagafrumvarpið þannig að í einum og sama bálki sé annars vegar skilgreint hlutverk svæðisráðs og hins vegar hlutverk svæðisskrifstofu.

Búseta.

Í greinargerð með fumvarpinu er vitnað til þess, að Norðmenn hafi sett sér það markmið að leggja af allar sólarhringsstofnanir fyrir fatlaða fyrir árið 1996. Rök fyrir þessum breytingum eru einkum þau að með þeim sé fremur stuðlað að samskipan og jafnrétti fatlaðra á við aðra þjóðfélagsþegna. Þetta er að sjálfsögðu fallegt og háleitt markmið, en í ljósi reynslunnar verðum við að hafa það hugfast að fötlun einstaklinga er mismunandi. Því miður er það svo, að alltaf verða til svo mikið fatlaðir einstaklingar að þeir þarfnast

umönnunar allan sólarhringinn. Ekki er öllum gefið að búa einir og á það ekki eingöngu við um fatlaða heldur einnig um þá sem kallaðir eru "alheilbrigðir". Þannig verða að vera áfram inni í myndinni öll möguleg meðferðarform og búsetuform. Þótt stefnt sé að því að sem flestir búi í eigin íbúðum, verðum við áfram að hafa til staðar vernduð heimili og sambýli af ýmsum gerðum.

Þetta sést augljóslega þegar litið er til geðfatlaðra einstaklinga. Þannig getur geðfatlaður einstaklingur, sem kominn er út í samfélagið á ný og býr sjálfstætt með eða án stuðnings veikst á ný og þarf að leggjast inn á sjúkrahús. Hefst þá gjarnan endurhæfing á ný, þar til viðkomandi kemst aftur í sitt fyrra búsetuform eftir þjálfun í 1-2 ár.

Málefni geðfatlaðra þurfa sérstakrar skoðunar við. Þar er um að ræða hóp einstaklinga sem þarfnast mjög sérhæfðrar þjónustu. Geðfatlaðir þurfa ávallt að vera í nánum tengslum við geðheilbrigðisþjónustuna.

Til að nýta þá þekkingu og reynslu sem fyrir er og vegna þess að áfram verður þörf fyrir sérhæfða þjónustu frá geðheilbrigðisstofnunum er stór spurning hvort málefnum geðfatlaðra verði ekki best komið þar áfram. Ef tryggja á geðfötluðum bestu mögulega þjónustu og meðferð þyrfti í sérstakri lagagrein eða lagabálki að kveða á um samstarf geðheilbrigðisþjónustunnar og svæðisstjórna.

Nefndarskipan.

Að lokum lætur Svæðisstjórn Suðurlands í ljós undrun sína á skipan manna í nefnd þá, er endurskoðað hefur lög um málefni fatlaðra. Þar er enginn sem starfað hefur í svæðisstjórn þann tæpa áratug sem lög um málefni fatlaðra hafa verið í gildi og enginn sem starfað hefur á vegum svæðisstjórna. Hefðu slíkir aðilar átt sæti í umræddri nefnd þá hefðu ýmsar hagnýtar upplýsingar komist til skila - upplýsingar og lærdómur sem fengist hefur í skóla reynslunnar síðustu árin. Þótt leitað sé álits svæðisstjórna um lagabálkinn þegar hann er kominn á þrykk, kemur það aldrei í stað þess að fá inn í nefndina aðila, sem "unnið hafa á akrinum" - hafa lært af reynslunni hvað betur mætti fara í lögum um málefni fatlaðra.

Hvað skal gera?

Svæðisstjórn Suðurlands leggur eindregið til, að þessu lagafrumvarpi verði vísað til endurskoðunar og endurvinnslu milli þinga og tekið upp á þinginu næsta haust. Í þeirri nefnd, sem falin væri slík endurskoðun, sætu einn eða fleiri aðilar, sem hefðu reynslu úr daglegu starfi á vettvangi svæðisstjórnanna.

Athugasemdir
við einstaka kafla frumvarpsins

II. kafli

Í þessum kafla laganna sem fjallar um stjórn og skipulag er kveðið á um, að félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn málefna fatlaðra og félagsmálaráðuneytið skuli annast stefnumótun, gera heildaráætlanir og hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Gert er ráð fyrir sérstakri deild innan ráðuneytisins sem á að hafa umsjón með málaflokknum og m.a. annast ráðgjöf, öflun og miðlun upplýsinga, rannsóknir og þróunarstarf. Þá er gert ráð fyrir sérstakri nefnd til ráðgjafar um málefni fatlaðra þ.e. stjórnarnefnd um málefni fatlaðra sem samkvæmt lagafrumvarpinu um málefni fatlaðra á nú eingöngu að heyra undir félagsmálaráðuneyti en ekki undir þrjú ráðuneyti eins og áður. Þá hefur fulltrúum menntamála- og heilbrigðismálaráðuneytis verið ýtt út úr stjórnarnefndinni. Í 8. grein er hins vegar gert ráð fyrir samráðsnefnd um málefni fatlaðra og sitja í þeirri nefnd fulltrúar frá ráðuneytunum svo og frá Landsamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands. Vel má fallast á þessar nefndarskipanir, en uppbygging svæðisráða er fráleit. Gert er ráð fyrir því, að fulltrúar menntamála og heilbrigðismála, þ.e.a.s. fræðslustjóri og héraðslæknir, sitji ekki lengur í svæðisráðunum. Sú breyting er varhugaverð og skref aftur á við. Þessir aðilar hafa verið nauðsynlegir tengiliðir í svæðisstjórnunum og geta miðlað þar af faglegri reynslu og þekkingu sem hefur verið ómetanlegt. Ef eitthvað er þá hafa tengslin milli þessara þriggja ráðuneyta í málaflokki fatlaða ekki verið nógu góð og því fráleitt að slíta tengslin út í héruðunum með því að víkja héraðslækni og fræðslustjóra úr ráðunum. Þess í stað bæri að styrkja tengslin og samstarfsgundvöllinn. Lagafrumvarpið gerir ennfremur ráð fyrir að svæðisráðið verði nánast valdalaus stofnun, fyrst og fremst ráðgefandi og tillögugefandi svo og til að hafa eftirlit með þjónustu, starfsemi og rekstri stofnana, sem svæðisskrifstofurnar eiga að reka í nafni ráðuneytisins. Þá á svæðisráð að veita félagsmálaráðuneytinu umsögn um svæðisáætlanir um uppbyggingu þjónustu fyrir fatlaða og annast réttindagæslu fatlaðra. Skv. lögunum er ekki gert ráð fyrir að svæðisráð hafi neina starfsmenn og virðast svæðisráðin eiga að nota starfskrafta svæðisskrifstofanna sem þær eiga að hafa eftirlit með til að rækja þetta eftirlit fyrir sig. Hér er greinilega verið að reyna að aðskilja eftirlit og réttindagæslu og síðan framkvæmd laganna og þjónustu. Eins og þetta er sett fram í lagafrumvarpinu er vonlaust að þessi markmið náist. Ef þau ættu að nást yrði að byggja upp nýtt starfsmannahald í

kringum svæðisráðið og þá væri um leið komið tvöfalt skrifstofukerfi út í héruðunum.

V. kafli
Þjónustustofnanir.

Sértækar þjónustustofnanir fyrir fatlaða eru skv. V. kafla þessar:

1. Hæfingar-ogendurhæfingarstöðvar.
2. Dagvistarstofnanirfatlaðra.
3. Verndaðir vinnustaðir.
4. Þjónustumiðstöðvar.
5. Leikfangasöfn.
6. Skammtímavistun.

1.- 2. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, dagvistarstofnanir fatlaðra.
Ástæðulaust virðist vera að greina sérstaklega á milli hæfingar- og endurhæfingarstöðva annars vegar og dagvistarstofnana fyrir fatlaða hins vegar þegar fullorðnir eiga í hlut. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar eiga að gegna viðtæku þjálfunar- og meðferðarhlutverki óháð því hvort sá er þjónustunnar nýtur er mikið eða lítið fatlaður. Að skipa fötluðum á bása eftir eðli og umfangi fötlunarinnar (en þannig er hlutverk umræddra stofnana skilgreint á bls. 25 í athugasemdum með frumvarpinu) er í andstöðu við ríkjandi viðhorf innan þessa málaflokks. Skilin á milli hlutverka þessara stofnana yrðu auk heldur ávallt mjög óljós.

Fullorðinn fatlaður maður sem daglangt þarf á sérstakri þjónustu að halda utan heimilis síns á að eiga hennar kost á hæfingar- og endurhæfingarstöð, ef vinna á almennum vinnumarkaði eða vernduðum vinnustað hentar honum ekki.

Það á að vera ófrávíkjanleg krafa að fötluð börn njóti þjónustu í almenna dagvistarkerfinu. Sé fötlun barns svo mikil eða sértæk að þörfum þess verði ekki mætt nema með sérstökum aðgerðum umfram það sem almenna þjónustukerfið ræður við, ber að styrkja það bæði fjárhagslega og faglega til að takast á við verkefnið. Aukinn fjárstyrkur ríkissjóðs til þeirra sveitarfélaga, sem þurfa að grípa til sérstakra aðgerða vegna þjónustu við mikið fötluð börn, ætti að gera flestum þeirra kleift að veita þá þjónustu sem þarf. Faglegur stuðningur svæðisstjórna þarf einnig að vera fyrir hendi, en um þann þátt verður nánar fjallað í kaflanum um "framkvæmd þjónustunnar".

Þörf á sérhæfðri eða sérgreindri dagþjónustu fyrir eldri börn og unglinga (10 - 16 ára) sem komnir eru yfir þann aldur sem almennt er miðað við í rekstri skóladagheimila er aftur á móti fyrir hendi. Tryggja þarf ákvæði þess efnis í lögunum þannig að ótvírætt sé hver beri ábyrgð á þeirri þjónustu og skipulagningu hennar.

4. Þjónustumiðstöðvar.

Þjónustumiðstöð er skv. athugasemdum með frumvarpinu heiti á þjónustu, sem ekki hefur áður verið ákvæði um í lögum um málefni fatlaðra. Þetta er ekki allskostar rétt, þar sem á flestum vistheimilum fyrir þroskahefta hefur sú þjónusta verið veitt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verða muni í verkahring þjónustumiðstöðvanna, þ.e.a.s. langtímavistun, skammtímavistun, dagvistun og ráðgjöf. Þjónustumiðstöðvunum virðist því að nokkru leyti vera ætlað hið altæka hlutverk, sem vistheimilin höfðu áður. Það er í andstöðu við yfirlýsta stefnu stjórnvalda, að vistheimilin verði lögð niður sem þjónustuúræði eða verði a.m.k. víkjandi.

Sé talið hentugt að reka undir sama þaki fleiri þætti þjónustunnar þá er það framkvæmdaatriði á hverjum stað sem ástæðulaust virðist vera að setja um sérstakt ákvæði í lögum. Enda er að finna í sömu grein frumvarpsins upptalningu á allri þeirri þjónustu (ráðgjöf undanskilin), sem þjónustumiðstöðvarnar eiga að veita sbr. bls. 25 í athugasemdum þess.

Ákvæði um þjónustumiðstöðvar ber að fella út úr V. kafla frumvarpsins en heitið komi í stað Svæðisskrifstofa sbr. umfjöllun um VII. kafla þess.

Leikfangasöfn.

Of mikil áhersla er lögð á hlutverk leikfangasafna sem sjálfstæðra stofnana. Sú skoðun hefur oft komið fram í umræðum um þjónustu við fatlaða, að leikfangasöfnin ættu fyrst og fremst að teljast hluti miðstöðvar sem hefði með höndum greiningu og alhliða ráðgjöf til fatlaðra, aðstandenda þeirra og stofnana. Leikfangasöfnin ein og sér verða þess aldrei megnug að veita slíka ráðgjöf, enda hafa tilraunir stjórnvalda í þá átt að festa þau í sessi sem sjálfstæðar ráðgefandi stofnanir, m.a. með reglugerðarsetningu, ekki hlotið þann stuðning umsagnaraðila sem e.t.v. hefur verið vænst.

Leikfangasöfnin verði hluti af fagdeild þjónustumiðstöðvanna sbr. umfjöllun um VII. kafla frumvarpsins.

VI. kafli.

Heimili fatlaðra.

Telja verður "félagslegar íbúðir" og í raun einnig "verndaðar íbúðir" almenn búsetuúrræði. Ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins ætti að vera nægileg trygging fyrir því að fatlaðir njóti fyrirgreiðslu þeirrar stofnunar til íbúðarkaupa eins og aðrir. Í 4. tl. 41. gr. frumvarpsins er að finna heimild til handa Framkvæmdasjóði fatlaðra til að fjármagna að hálfu eða öllu leyti 10% hlut framkvæmdaaðila í byggingu félagslegra íbúða þannig að ekki ætti að vera þörf frekari ákvæða í lögum hvað varðar möguleika fatlaðra á fyrirgreiðslu til kaupa á félagslegum íbúðum. Til að tryggja slíka búsetu þarf að sjá hinum fatlaða fyrir viðhlítandi þjónustu.

VII. kafli.

Framkvæmd þjónustunnar.

Kaflinn kveður á um hlutverk Svæðisskrifstofa í málefnum fatlaðra og viðfangsefni þau er undir þær heyra, en þeim er ætlað að sjá um framkvæmd þjónustunnar á vegum ríkisins. Nafngiftin er á margan hátt óheppileg sbr. skrifstofur svæðisstjórna skv. núgildandi lögum. Skrifstofunafnið gefur í raun ranga mynd af þeirri starfsemi sem fram fer nú þegar á flestum svæðum.

Lagt er til að svæðisbundin yfirstjórn í málaflokknum verði í höndum stofnunar er heiti Þjónustumiðstöð fatlaðra og skiptist hún í rekstrardeild og fagdeild. Hlutverk rekstrardeildar verði það sama og tilgreint er í 1. - 5. og 7. - 8. tl. 13 gr. frumvarpsins hvað stjórnsýslu varðar. Hlutverk fagdeildarinnar er ýmiss konar fagleg stjórnun og skipulagning svo og greining, stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og stofnanir (sbr. 6., 9. og 10. tl. 13. gr., einnig að hluta 7.- 8. tl. 13. gr.); bæði stofnanir sem heyra beint undir Þjónustumiðstöðina eða sjálseignarstofnanir og stofnanir sveitarfélaga. Það er einnig verkefni fagdeildarinnar að tryggja að fatlaðir fái þá þjónustu sem ákveðið er í lögum og leiðbeina um notkun hennar.

Um þörf og nauðsyn þjónustu eins og þeirrar sem fagdeildin hefði með höndum er annars þetta að segja:
Í gildandi lögum um málefni fatlaðra er engin ákvæði að finna er tryggja óháða og nauðsynlega ráðgjafar- og fagþjónustu. Fljótlega varð þó ljóst, að þörf slíkrar þjónustu var mikil og hefur vísir hennar orðið til í nafni sumra svæðisstjórna. Á nokkrum stöðum var þessi þjónusta áður bundin einstaka stofnunum, en vegna breyttra viðhorfa til uppbyggingar og skipulags þjónustu við fatlaða má ætla, að hlutverk altækra stofnana fari

minnkandi. Engu að síður og reyndar enn frekar þarf að efla svæðisbundna ráðgjafar- og fagþjónustu er styður við bakið á þeirri þróun sem hafin er í átt að aukinni samskipan, fjölbreytni og dreifingu þjónustuúrræða. Í þessu samhengi er ástæða til að minna á álitsgerð nefndar er skilaði tillögum á árinu 1984 um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, en þar segir m.a.:

"Í greinargerð þessari hefur verið lögð áhersla á samræmda uppbyggingu í málefnum fatlaðra hér á landi. Þannig hefur verið bent á, að vel skipulögð svæðisþjónusta í þágu fatlaðra er forsenda þess, að miðstöð fyrir greiningu, ráðgjöf og meðferð komi að fullum notum. Jafnframt hefur verið bent á, að virk svæðisbundin þjónusta, einkum m.t.t. frumgreiningar og meðferðar getur ekki þróast án vel skipulagðrar miðstöðvar, sem annast þverfaglega greiningu, ráðgjöf og meðferð flóknari tilfella að einhverju leyti." (bls. 11). Í niðurstöðum nefndarinnar (bls. 18) leggur hún til, "að á næstu 3 árum verði fjármagni beint að uppbyggingu meðferðarúrræða og greiningar- og ráðgjafarþjónustu í öllum landshlutum ..."

Skipan félagslegrar þjónustu á að byggja á nálægð hennar við neytandann. Nálægðin tryggir skilvirkni og blöndun þar sem hún byggir á þekkingu þeirra sem þjónustuna ábyrgjast, á möguleikum, styrk eða veikleika, grenndarsamfélagsins. Því fjarlægari sem skipuleggjandinn eða ráðgjafinn er því meiri hætta er á að honum sjáist yfir þau úrræði sem heimabyggðin býr yfir.

Verkefni fagdeilda Þjónustumiðstöðvanna á að vera eftirfarandi:

að annast frumgreiningu og ráðgjöf í kjölfar hennar.

að sækja um, útvega eða annast nánari og sérhæfðari greiningu þegar hennar er þörf og vera tengiliður milli fatlaðra, aðstandenda þeirra, stofnana og annarra greingaraðila.

að vera nánast samstarfsaðili á heimasvæði við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

að skipuleggja meðferðarúrræði og hafa eftirlit með framkvæmd meðferðar- og þjálfunaráætlana og tryggja þannig nauðsynlega samfellu í ráðgjöf og meðferð.

að starfrækja leikfangasafn sem lið í ráðgjafar- og meðferðarstarfi deildarinnar.

að hafa með höndum ráðgjöf og faglegt eftirlit með starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir Þjónustumiðstöðina.

að vera til ráðuneytis um skipulag og uppbyggingu þjónustu við fatlaða á starfssvæðinu.

að vera tengiliður á heimasvæði við þau stuðningsúrræði sem börnum, unglingum og fullorðnum stendur til boða.

að veita foreldraráðgjöf og annast fræðslu til starfsmanna á stofnunum er Þjónustumiðstöðinni tilheyra.

Fagdeildin yrði þannig miðstöð frumathugunar-, ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu í umdæmi Þjónustumiðstöðvanna og um leið sá aðili er ætlað væri að tryggja fagmennsku í framkvæmd þjónustunnar.

Áður var að því vikið að hugmyndir af þessum toga hafi átt undir högg að sækja þegar stjórnvöld eru annars vegar; séstaklega fjárveitingavaldið sem óttast kostnaðarauka. Einnig virðist sú skoðun furðu lífsseig sem telur sérfræðiþjónustu við landsbyggðina best komna í höndum annarra en heimamanna og þá helst sérstofnana sem staðsettar eru á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hér er ekki mælt gegn því að slíkt fyrirkomulag geti reynst nauðsynlegt þegar um mjög sérhæfða þjónustu er að ræða. Hins vegar virðast stjórnvöld hafa tilhneigingu til að telja ónauðsynlegt að koma á fót ýmiss konar fagþjónustu svæðisbundið, ef unnt er að vísa til sérhæfðra landsstofnana. Mörg dæmi má finna um það, að stofnanir sem staðsettar eru á fyrrnefndu svæði, hafi þróast yfir í það að gegna þar í auknum mæli almennu svæðisbundnu hlutverki sem í mörgum tilvikum getur talist eðlilegt og hagkvæmt. Löggjafanum ber hins vegar skylda til að tryggja öðrum svæðum sömu almennu þjónustuna; í þessu tilviki greiningu og faglega ráðgjöf og þjónustu sem alls ekki getur talist það sérhæfð að hún eigi sér ekki tilvistarrétt annars staðar en í skjóli landsstofnunar.

VIII. kafli.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Hlutverk stofnunarinnar á fyrst og fremst að vera það að annast mjög sérhæfða þjónustu sem ekki verður auðveldlega veitt svæðisbundið. Mikilvægt er að svæðisbundið hlutverk Greiningarstöðvarinnar verði kostnaðarlega aðskilið landsbundnu hlutverki hennar, þannig að tryggt sé að það fjármagn sem ætlað er í þjónustu á landsvísu komist rétt til skila. Það er því mikið álitamál hvort göngudeild fyrir fullorðna skv. 6. tl. á að tengjast hlutverki stöðvarinnar þar sem slík starfsemi getur að því er virðist auðveldlega fallið að hlutverki og þjónustuskyldum annarra stofnana. Eðli málsins samkvæmt getur göngudeildarþjónusta heldur aldrei orðið annað en svæðisbundin nema að mjög takmörkuðu leyti. Sama á reyndar við um langtímameðferð sbr. 3. tl. Einnig má benda á að Greiningar- og ráðgjafarstöð á Stór-Reykjavíkursvæðinu ein og sér skilar mjög takmarkaðri þjónustu til fatlaðra á landsbyggðinni.
Þá skal lögð áhersla á uppbyggingu öflugra fagdeilda er veiti frumathugun og ráðgjöf á svæðunum er tryggi viðeigandi þjónustu heima í héruðunum.

Upptalning skv. þessum þremur töluliðum er því fyrst og fremst dæmi um svæðisbundið hlutverk stöðvarinnar. Ef það er talið hagkvæmt að ætla henni það hlutverk verður að gera kröfu til þess, að kostnaðarlega sé það aðskilið landsbundnu hlutverki hennar. Hugsanlegt er einnig að þessi þjónusta sé einungis veitt skv. samningi við nærliggjandi svæði (Reykjavík og Reykjanes) og kostnaður við hana greiðist þá af fjárheimildum þeirra svæða.

Ástæða er til að hvetja til nánari skoðunar á þessum kafla frumvarpsins m.a. með hliðsjón af hugmyndum um fagdeildir Þjónustumiðstöðvanna. Svæðisstjórnir munu væntanlega leggja mikla áherslu á eflingu þeirra í sínum umsögnum. Þar sem svæðisstjórnirnar og starfsmenn þeirra eru þeir aðilar sem mesta reynslu hafa af framkvæmd þjónustunnar kemst löggjafinn vart hjá því að taka verulegt tillit til sjónarmiða þeirra. Þessar efnislegu athugasemdir verða því látnar nægja um þennan kafla þar sem gera má ráð fyrir að ákvæði hans verði tekin til alvarlegrar endurskoðunar áður en að samþykkt frumvarpsins kemur.

IX. kafli.
Málefni barna og fjölskyldna fatlaðra.

Ekki er nægilega skýrt kveðið á um tilkynningaskyldu í 18. og 19. gr. frumvarpsins.
Stuðningsfjölskyldur - Skammtímavistun.
Varað er við því að þjónustugjöld vegna þessara þátta verði sett á fjölskyldu hins fatlaða í þeim tilgangi að lækka verulega kostnað ríkisins.
Kostnaður ríkisins í dag vegna t.d. stuðningsfjölskyldna getur varla orðið lægri þegar haft er í huga að greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru tæpast fyrir kostnaði vegna vistunarinnar hvað þá að talist geti verið um laun að ræða. Auk þess eykur þetta úrræði tvímælalaust möguleika hins fatlaða til að búa hjá fjölskyldu sinni og er þetta því mikilvægur liður í þjónustu við fatlaða og fjölskyldur þeirra.

X. kafli.
Liðveisla.

Mjög óljóst er hvernig framkvæmd á 26. gr. frumvarpsins skal vera. Eiga svæðisráðin að gera umsögn almennt eða í einstaka málum?
Hvað ræður hvort sveitarfélag eða svæðisskrifstofur gera tillögur um liðveisluna? Erfitt er að sjá fyrir um hvernig framkvæmd þessarar greinar yrði nema kveðið verði skýrar að orði um verkaskiptingu.

XV. kafli.
Réttindagæsla fatlaðra.

Ýmsar spurningar vakna varðandi þennan annars ágæta kafla. Svo sem hvort einn trúnaðarmaður geti sinnt heilu svæði, og hvar trúnaðarmaður geti haft aðsetur því hann á að vera starfsmaður svæðisráðs. Hver greiðir kostnað við starf trúnaðarmanns o.s.frv.

Fskj.

Samþykkt svæðisstjórnar Suðurlands.
(26. mars 1990.)

Á fundi Svæðisstjórnar Suðurlands 25 mars s.l. var gerð eftirfarandi samþykkt sem svar við bréfi ráðuneytisins dags. 19 janúar s.l.

Reynslan af lögum um málefni fatlaðra hefur í heild verið góð hér á Suðurlandi. Á síðastliðnum áratug hefur orðið gerbreyting á allri þjónustu við fatlaða á svæðinu sem óumdeilanlega verður ekki rakið til annars en laga um málefni fatlaðra.
Í framkvæmd hafa ekki komið í ljós neinir þeir agnúar á lögum um málefni fatlaðra, að þeir standi í vegi fyrir nauðsynlegri þjónustu við fatlaða.
Við endurskoðun á einstökum lagaákvæðum í lögum um málefni fatlaðra er þýðingarmest, að hafa í huga, að almenn lög um ýmisskonar félagslega þjónustu eru í endurskoðun, sum það langt komin að fyrir liggja frumvörp á lokastigi.
Meginatriðið er að við alla þessa endurskoðun á lögum og reglugerðum verði tryggt að samfella náist í þjónustuferlinum og að sérlög eins og málefni fatlaðra taki við í beinu framhaldi almennra laga og að leitast verði við að markalínan verði sem skýrust.

Hér á eftir verða talin upp þau lög, frumvörp og reglugerðir sem vitað er að eru í endurskoðun eða í vinnslu og þau lög nefnd sem þyrftu endurkoðun til að styrkja rétt fatlaðra. En þetta verður langt frá því að vera tæmandi upptalning.

Fyrst skal nefnd Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem inniheldur mörg ákvæði sem auka rétt fatlaðra og er til mikillar bóta.
Boðuð frumvörp Menntamálaráðherra um leikskóla og grunnskóla.
Reglugerð um sérkennslu á framhaldsskólastigi er á lokastigi.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.

Bygginga og skipulagslög og meðfylgjandi reglugerðir, ákvæði um aðgengi fatlaðra bæði er snýr að byggingu og ytra umhverfi.
Lög um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
Lög um almannatryggingar.
Í áðurnefndum lögum og reglugerðum þar með talin lög um málefni fatlaðra þarf m.a. að gæta þess að eftirtaldir þjónustuþættir verði tryggðir og aðgengilegir. Greiður gangur milli einstakra laga og reglugerða.

0 - 2 ára.	Aðstoð við heimilið - frá sveitarfélagi og svæðisstjórn, sjúkra-, þroskaþjálfun - leikfangasafn, ráðgjafarþjónusta, dagvistun, stuðningsfjölskylda, skammtímavistun.
2 - 6. ára.	Leikskóli, dagheimili, sérstuðningur / þjálfun, leikfangasafn - þroskaþjálfun, stuðningsfjölskylda, skammtímavistun, sumardvöl, tilsjónarmaður.
6 - 16 ára.	Skóli - skyldunám, skóladagheimili, skammtímavistun, sumardvöl, atvinna á unglingsárum (unglingavinna), tilsjónarmaður, stuðningsfjölskylda.
16 - 18 ára.	Skóli - starfsþjálfun, tilsjónarmaður, stuðningsfjölskylda, skammtímavistun, sumardvöl, atvinna á sumrin, búseta.
18 ára-eldr.	Framhaldsnám / fullorðinsfræðsla, starfsþjálfun, atvinna, skammtímavistun, stuðningsfjölskylda, tilsjónarmaður, búseta, heimili.

Jafnframt verður að gæta þess að í sveitarfélögum þar sem félagsleg þjónusta er talmörkuð verður fatlaður einstaklingur að geta sótt þjónustu til viðkomandi svæðisstjórnar þó almenn lög kveði á um sveitarfélaga þjónustu.

Líta verður svo á að í þeim tilfellum komi ríkisvaldið til móts við lítil og vanmegnuð sveitarfélög með það í huga að stærð sveitarfélagsins ráði ekki möguleikum fatlaðra til búsetu. Slík fyrirgreiðsla er ekki síðra framlag til " byggðarstefnu " en margt annað og óhjákvæmilegt þar til öflug sveitarfélagaskipan kemst á í landinu.

Virðingarfyllst,

Eggert Jóhannesson,
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal IX.

Umsögn svæðisstjórnar málefna fatlaðra á Reykjanessvæði.
(15. mars 1992.)

Svæðisstjórn Reykjanessvæðis hefur fjallað um frumvarp til laga um málefni fatlara.
Eftirfarandi athugasemdir varðandi einstaka lagagreinar voru gerðar:

1. gr.

Engar athugasemdir.

2. gr.

Engar sérstakar athugasemdir, en þó er lögð áhersla á að enn er gert ráð fyrir auknu starfi á vegum svæðisskrifstofanna. Þetta kallar á enn frekari styrkingu á forsendum þeirra til þess að þær geti sinnt sínu hlutverki á sómasamlegan hátt. Svæðisstjórn hefur af því þungar áhyggjur að ef taka á inn í þjónustu eins stóran skjólstæðingahóp sem geðsjúkir eru, þá verður að auka mannahald á skrifstofunum til muna. Það er ljóst að miðað við núverandi forsendur, þá nær Svæðisstjórn ekki að sinna þeirri þjónustu sem er lífsnauðsyn fyrir þá sem þegar njóta þjónustu og ætlast er til skv. núgildandi lögum.

3. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

4. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

5. gr.

Engar athugasemdir.

6. gr.

Engar athugasemdir.

7. gr.

Engar athugasemdir.

8. gr.

Engar athugasemdir.

9. gr.

Engar athugasemdir.

10. gr.

Varðandi 5. punkt:

Leikfangasöfn.

Of mikil áhersla er lögð á hlutverk leikfangasafna sem sjálfstæðra stofnana. Sú skoðun hefur oft komið fram í umræðum um þjónustu við fatlaða, að leikfangasöfnin ættu fyrst og fremst að teljast hluti svæðisskrifstofanna sem hefði með höndum greiningu og alhliða ráðgjöf til fatlaðra, aðstandenda þeirra og stofnana. Leikfangasöfnin ein sér verða þess aldrei umkomin að geta veitt þá þjónustu að þær festist í sessi sem sjálfstæðar ráðgefandi stofnanir.
Eðlilegt þykir að starfsemi leikfangasafna verði hluti af þeirri heildstæðu fagþjónustu sem svæðisskrifstofur koma til með að veita.

11. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

12. gr.
Við setninguna " sé um að ræða stofnanir sem eru reknar af öðrum en ríkinu þarf að koma til samþykki rekstraraðila"
Þetta fyrirkomulag kallar á það að einstaka stofnanir geta " valið " sér skjólstæðinga. Það þarf að tryggja það að einstaka stofnanir sem fjármagnaðar eru af ríkinu geti ekki neitað um vistun þegar hún er talin nauðsynleg.
Setninguna mætti því orða þannig " sé um að ræða stofnanir sem reknar eru af öðrum en ríkinu, skal leita samráðs við rekstraraðila."

Almennt um 13. gr. til og með 16. gr.

Kaflinn kveður á um hlutverk Svæðisskrifstofa í málefnum fatlaðra og þau viðfangsefni sem undir þær heyra, en þeim er ætlað að sjá um framkvæmd þjónustunnar á vegum ríkisins.

Lagt er til að svæðisbundin yfirstjórn í málaflokkum verði í höndum svæðisskrifstofunnar og taki yfir rekstrarlega og faglega þætti.
Rekstrarlegt hlutverk skrifstofunnar verður það sama og skilgreint er í 1. - 5. og 7. - 8 tl. 13. gr. frumvarpsins hvað stjórnsýslu varðar. Faglega hlutverkið lýtur að ýmiss konar faglegri stjórnun og skipulagningu svo og greiningu, stuðningi við einstaklinga, fjölskyldur og stofnanir (sbr. 6., 9. og 10. tl. 13. gr. einnig að hluta 7. 10. tl.); og einnig stofnanir sem heyra beint undir svæðisskrifstofuna. Að þessu viðbættu er það einnig hlutverk svæðisskrifstofunnar að tryggja að fatlaðir fái þá þjónustu sem kveðið er á um í lögum og leiðbeina um notkun hennar.

Um þörf og nauðsyn fagþjónustu er annars þetta að segja:

Í gildandi lögum um málefni fatlaðra eru engin ákvæði að finna er tryggja nauðsynlega ráðgjafar- og fagþjónustu. Fljótlega eftir gildistöku þeirra varð þó ljóst, að þörf fyrir slíka þjónustu var mikil og hefur vísir að henni orðið til á vettvangi sumra svæðisstjórna.

Reynslan hefur sýnt að það þarf að efla svæðisbundna ráðgjafar- og fagþjónustu er styður við bakið á þeirri þróun sem hafin er í átt að aukinni samskipan, fjölbreytni og dreifingu þjónustuúrræða. Hugmyndir í þessa átt hafa átt erfitt uppdráttar þar sem stjórnvöld hafa lagt aðaláherslu á eflingu

Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins sem landsstofnunar á þessum vettvangi. Hér er ekki dregið úr þýðingu þeirrar stofnunar, en bent er á að þjónusta hennar kemur að takmörkuðum notum svæðisbundið, nema fyrir hendi er í heimahéraði öflug starfsemi fagaðila, sem færir eru um að framkvæma ákveðna frumgreiningu, annast ráðgjöf og skipuleggja meðferð og fylgja henni eftir.

Verkefni svæðisskrifstofu ætti skv. ofanskráður að vera eftirfarandi:

** að annast frumgreiningu og ráðgjöf í kjölfar hennar.*

** að sækja um, útvega eða annast nánari og sérhæfðari greiningu þegar hennar er þörf og vera tengiliður við aðra greiningaraðila.*

** að vera nánasti samstarfsaðili á heimasvæði við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.*

** að skipuleggja meðferðaúrræði og hafa eftirlit með framkvæmd meðferðar- og þjálfunaráætlana og tryggja þannig nauðsynlega samfellu í ráðgjöf og meðferð.*

** að starfrækja leikfangasafn sem lið í ráðgjafar- og meðferðarstarfi svæðisskrifstofunnar.*

** að hafa með höndum ráðgjöf og faglegt eftirlit með starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir svæðisskrifstofuna.*

** að vera til ráðuneytis um skipulag og uppbyggingu þjónustu við fatlaða á starfssvæðinu.*

** að vera tengiliður á heimasvæði við þau stuðningsúrræði sem börnum, unglingum og fullorðnum stendur til boða.*

** að veita foreldraráðgjöf og annast fræðslu til starfsmanna á stofnunum á svæðinu.*

Faglegt starf skrifstofunnar yrði þannig miðstöð greiningar- ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu í umdæmi svæðiskrifstofunnar og um leið yrði svæðisskrifstofan sá aðili er ætlað væri að tryggja fagmennsku í framkvæmd þjónustunnar.

13. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

14. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

15. gr.

Við setninguna " .....veitir félagsmálaráðherra að fenginni umsögn viðkomandi svæðisráðs."
Setningin orðist ".....veitir félagsmálaráðherra að fenginni umsögn viðkomandi svæðisráðs og svæðisskrifstofu."
Inn komi ný setning: " Starfsleyfi skal ekki veitt nema að starfsemi sú sem um ræðir sé í fullu samræmi við meginstefnumörkun félagsmálaráðuneytisins.

16. gr.

Svæðisstjórn leggur ríka áherslu á að þeir einir skipi stjórn stofnunar eða fyrirtækis sem sækja vald sitt til eiganda eða annars þess aðila sem er ábyrgur fyrir rekstri þess. Hér má nefna sjálfseignarstofnanir af ýmsu tagi þar sem ríkisvaldið í sumum tilvikum fjármagnar reksturinn 100% en hefur lítið eða ekkert um um það að segja hvernig rekstri er háttað.

Það má því segja að ákvæði sem fela í sér eftirlit og leiðbeiningu til þessara stofnana hafi haft lítil sem engin áhrif vegna þess að stjórnendur þessara stofnana hafi ekki talið sig þurfa að að láta leiðbeiningu fulltrúa ríkisins.(Svæðisstjórna) Þessu fyrirkomulagi verður að breyta eigi að nást samræming í þessum málaflokki og enn markvissari notkun þess takmarkaða fjármagns sem er til ráðstöfunnar, og að það nýtist í þágu þeirra grundvallarhugmynda sem lagafrumvarpið byggir á.

Er þetta í fullu samræmi við rétta og góða stjórnsýslureglu. Þeir einir skipa stjórn stofnunar eða fyrirtækis sem sækja vald sitt til eigenda eða annars þess aðila sem ábyrgur er fyrir rekstri þess. Það eru ríki og sveitarfélög sem bera ábyrgð og kosta framkvæmd laganna.

17. gr.

Um Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins.
Hlutverk stofnunarinnar á fyrst og fremst að vera það að annast mjög sérhæfða þjónustu sem ekki verður auðveldlega veitt svæðisbundið. Öll önnur þjónusta á vettvangi greiningar og ráðgjafar verði efld innan svæðisskrifstofanna.
Forðast ber einnig að ætla Greiningar- og ráðgjafarstöðinni hlutverk sem betur er komið í höndum annarra aðila.
Það er mikið álitamál hvort göngudeild fyrir fullorðna á að tengjast hlutverki stöðvarinnar þar sem slík starfsemi getur oft á tíðum að því er virðist auðveldlega fallið að hlutverki og þjónustuskyldum annarra stofnana.

Eðli málsins samkvæmt getur göngudeildarþjónusta heldur aldrei orðið annað en svæðisbundin nema að mjög takmörkuðu leyti. Sama á reyndar við um rekstur leikfangasafns sbr. 5. tl. og langtímameðferð sbr. 3. tl.
Í þessu samhengi er ástæða til að minna á álitsgerð nefndar er skilaði tillögum á árinu 1984 um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningarstöðvarinnar en þar segir m. a.:

> *"Í greinargerð þessari hefur verið lögð áhersla á samræmda uppbyggingu í málefnum fatlaðra hér á landi. Þannig hefur verið beint á, að vel skipulögð svæðisþjónusta í þágu fatlaðra er forsenda þess, að miðstöð fyrir greiningu, ráðgjöf og meðferð komi að fullum notum. Jafnframt hefur verið bent á, að virk svæðisbundin þjónusta, einkum m.t.t. frumgreiningar og meðferðar getur ekki þróast án vel skipulagðrar miðstöðvar, sem annast þverfaglega greiningu, ráðgjöf og meðferð flóknari tilfella að einhverju leyti." (bls. 11). Í niðurstöðum nefndarinnar (bls. 18)leggur hún til, " að á næstu 3 árum verði fjármagni beint að uppbyggingu meðferðarúrræða og greiningar- og ráðgjafarþjónustu í öllum landshlutum."*

Efling greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, eins og frumvarpið virðist gera ráð fyrir, er í andstöðu við fyrrnefndar hugmyndir ef hún verður á kostnað svæðisbundinna úrræði á þessu sviði.

Skipan félagslegrar þjónustu á að byggja á nálægð hennar við neytandann. Nálægðin tryggir skilvirkni og blöndun þar sem hún byggir á þekkingu þeirra sem þjónustuna ábyrgjast og á möguleikum, styrk eða veikleika, grenndarsamfélagsins.

18. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

19. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

20. gr.

Athugasemdir við setninguna " .... fötluð börn sem ekki geta fært sér í nyt almenna dagvistarþjónustu að mati Greiningar og ráðgjafarstöðvar ríkisins, skulu eiga kost á dvöl..."

Setningin orðist " ... fötluð börn sem ekki geta fært sér í nyt almenna dagvistarþjónustu að mati Svæðisskrifstofu og Greiningar og ráðgjafarstöðvar ríkisins skulu eiga kost á...."

21. gr.

Athugasemdir við greinina eru: Svæðisstjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að svæðisbundin ráðgjafarþjónusta verði efld á svæðinu. Vegna þess, er talið eðlilegt að þjónusta leikfangasafna færist inn undir heildstæða þjónustu svæðis-skrifstofanna.

22. gr.

Engar athugasemdir.

23. gr.

Engar athugasemdir.

24. gr.

Engar athugasemdir.

25. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

26. gr.

Svæðisstjórn leggur áherslu á að eðlilegt sé að umsóknir um sérstaka liðveislu verði unnar og samþykktar á vettvangi svæðisskrifstofu. Hægt væri að hugsa sér þetta fyrirkomulag þannig, að hvert svæði fengi úthlutað ákveðnum kvóta sem viðkomandi svæðisskrifstofa hefði síðan sjálfdæmi með hvernig væri nýtt. Hversu mikið hvert svæði fengi byggðist síðan á fjölda fatlaðra á hverju svæði. Þetta myndi stuðla að enn ábyrgari notkun fjársins, jafnframt því sem það tryggði enn árangursríkari þjónustu.
Jafnframt þessu leggur Svæðisstjórn áherslu á að "frekari" liðveisla sé nákvæmlega skilgreind og hún sé markviss.

27. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

28. gr.

Svæðisstjórn leggur áherslu á að umsóknir um styrk skv. 1 og 2 tölulið berist til viðkomandi svæðisskrifstofu þar sem heildstætt mat fari fram. Hér er um að ræða mat sem kallar á þá fagþekkingu sem svæðisskrifstofan hefur yfir að ráða.
Í þessu tilviki má einnig segja að það sé eðlilegt að hvert svæði fái ákveðin kvóta þar sem svæðisskrifstofan myndi ákveða innbyrðis skiptingu.

29. gr.

Við setninguna " þar sem sveitarfélög starfrækja sérstaka vinnumiðlun skal fela þeirri vinnumiðlun að annast atvinnuleit fatlaðra...."
Setningin orðist svo: " þar sem sveitarfélög starfrækja sérstaka vinnumiðlun skal leita samstarfs til atvinnuleitar svæðisskrifstofunnar varðandi úrlausnir í atvinnumálum fatlaðra."
Hér er lögð áhersla á það að sveitarfélög eigi samstarf við svæðisskrifstofur um atvinnuleit fyrir fatlaða og þeim sé ekki skipað að leysa verkefni, heldur sé það öllu heldur leyst á vettvangi eðlilegs samstarfs.

30. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

31. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

32. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

33. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

34. gr.

Engar sérstakar athugasemdir.

35. gr.

Síðasta setning hljóði: Til að sinna verkefnum sínum skv. 1 mgr. þessarar greinar skulu sveitarstjórnir skipa samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra með þátttöku samtaka fatlaðra.

36. gr. Önnur setning hljóði þannig: "markmið ferðaþjónustu fatlaðra er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda atvinnu, nám, njóta tómstunda og sækja heilbrigðisþjónustu."
Það þarf að tryggja að það fjármagn fáist til þess aksturs sem lög og reglugerð segir til um.

Virðingarfyllst,
f.h. Svæðisstjórnar Reykjaness,

Þór Garðar Þórarinsson, framkv.stj.

Fylgiskjal X.

Umsögn héraðslæknis Austurlands.
(24. mars 1992.)

Eg vil þakka fyrir að fá til umsagnar frumvarp til laga um málefni fatlaðra, 222 mál. Svar mitt er nokkuð síðbúið þar sem ég hef verið fjarverandi en ég óska eigi að síður eftir því að mega tjá mig um málið.

Í frumvarpinu eru ýmis nýmæli sem horfa til bóta og vil ég vísa til umsagnar svæðisstjórnar um málefni fatlaðra á Austurlandi þar að lútandi en gera að meginmáli mínu þá miklu ágalla sem felast í tillögunum varðandi stjórn málaflokksins.
Það má réttlæta það að félagsmálaráðuneytið taki eitt að sér yfirstjórn málaflokksins. Samvinnu milli ráðuneytanna á ráðuneytisstigi virðist ekki hafa lánast m.a. vegna "hrepparígs" sem gætir víðar en af er látið.
Sú hugmynd að koma upp sérstakri deild í ráðuneytinu sem annist málefni fatlaðra hugnast mér ekki vel þar sem reynslan er sú að slíkri deild hættir við að tefja þörf en bryn erindi ef starfsmenn þar vilja ekki gera málið að sínu og geta þannig einangrað erindið frá öðrum starfsmönnum ráðuneytisins.

Stærsti ágallinn varðandi stjórnun kemur þó við starfið úti í héruðum. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að í stað þess að nefnd heimamanna, svæðisstjórn, beri ábyrgð á framhvæmd og hafi með höndum frumkvæði í þjónustu við fatlaða á sínu svæði í samvinnu við ráðuneyti félagsmála, ætlar ráðuneytið að taka þetta hlutverk alfarið að sér en heimamenn fái að sitja í nokkurskonar "nöldurnefnd", svæðisráði, án raunverulegrar ábyrgðar á málinu. Ráðherra á að ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn skrifstofu fatlaðra í kjördæmum landsins.
Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir stóraukinni lóðréttri skyringu félagsmálaráðuneytis út í kjördæminu, miðstýringu, í stað þess lárétta stjórnarforms sem nú ríkir.
Á sama tíma á að stefna að aukinni þátttöku og ábyrgð sveitastjórna á málaflokkunum. Þetta gengur ekki upp og gengur þvert á reynslu undangenginna áratuga í opinberum rekstri sem hefur synt að hætta er á tregðu við ákvarðanatöku með þessu stjórnarformi og að það ytir undir ábyrgðarleysi heimamanna, dregur úr frumkvæði og stuðlar að óvirkni þeirra.

Af þessu leiðir að málaflokkurinn verður gerður að "málefni ríkisins" með þeim göllum sem því fylgir fyrir alla aðila.
Reynslan af skrifstofu svæðisstjórnar í núverandi mynd er sú a.m.k. hér á Austurlandi að heimamenn líta á hana sem sína og því viðhorf[illegible]vex fylgi að málefni fatlaðra séu fyrst og fremst verkefni fyrir heimamenn að leysa og það sé þeirra metnaðarmál að vel takist til. Samvinna er vaxandi milli skrifstofu svæðisstjórna, sveitafélaga, heilsugæslustöðva og skóla um málefni fatlaðs fólks.
Þátttaka héraðslæknis og fræðslustjóra í svæðisstjórn veitir henni aukinn styrk og tengsl við þjónustustofnanir innan fjórðungsins og ef þessir embættismenn verða settir út úr svæðisstjórn ytir það fremur undir einangrun fatlaðra en hið gagnstæða. Vandamál fatlaðra og hugmyndafræði sú er ræður ríkjum í þjónustu við þá berst með þessum mönnum út til menntakerfisins og heilbrigðisþjónustunnar.
Félagsmálaráðuneytið ræður því sem það þarf að ráða með því að setja leikreglur, reglugerðir, ráða yfir fjármagni og beita öðrum áhrifum sínum. Þetta virðist þó ekki fullnægjandi og því skal fórnað stjórnkerfi sem vel hefur reynst á margan hátt fyrir meira formlegt vald og beinan húsbóndarétt yfir skrifstofum svæðisstjórna og framkvæmdastjórum þeirra.
Þetta tel ég alranga aðferð við stjórnun málaflokks sem þessa, afturför frá því sem nú er og afturhvarf til stjórnarhátta sem eiga sér orðið formælendur fáa meðal þeirra sem kynnt hafa sér kosti og galla opinberrar stjórnsyslu

Angi af sama meiði eru hugmyndir um að auka hlutverk Greiningarstöðvar ríkisins í stað þess að efla sérfræðiþjónustu svæðisstjórnar fyrir fatlaða (félagsráðgjöf, sálfræðihjálp, talkennslu, iðjuþjálfun o.þ.h.) út í kjördæmunum þar sem hana vantar sárlega. Stefna þarf að því að fækka fremur ferðum fatlaðra og fjölskyldna þeirra suður og efla í staðinn þjónsutu í heimabyggð.
Göngudeild fyrir fullorðna fatlaða finnst mér orka mjög tvímælis og vera dæmigerð lausn í þeim anda að stefna öllum suður í "sérfræðingana" í stað þess að leysa málin heimafyrir með þeirra aðstoð. Geiningarstöðin hefur mikilvægu og þörfu hlutverki að gegna en hluta af hennar starfi þarf að flytja út í kjördæmin.

Þessa gagnryni mína má styðja frekari rökum en hér verður staðar numið. Legg ég til að sá kafli lagafrumvarpsins sem snyr að stjórnum málaflokksins verði endurskoðaður.

Virðingarfyllst,

Stefán Þórarinsson héraðslæknir

Fylgiskjal XI.

Umsögn héraðslæknis Suðurlands.
(10. mars 1992.)

Undirritaður vill hér með gera eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp.

1. Skilgreining á fötlun samkv. 2. grein laganna er víð og í meðfylgjandi greinargerð er gert ráð fyrir því að starfsfólk svæðisskrifstofanna skeri úr hverjir eigi rétt til þjónsustunnar.
   Í framhaldi af þessu þykir mér rétt að benda á að ekki er gert ráð fyrir því að starfsfólk svæðisskrifstofanna hafi neina ákveðna faglega menntun. Það væri því æskilegt að skilgreining á fötlun yrði nánari í lögunum eða að einhver aðili, þar sem tryggt væri að fagleg menntun væri til staðar annaðist þetta mat.
   Mætti benda á að Greiningarstöð ríkisins annaðist þetta og jafnvel mætti hugsa sér að hægt væri að meta fólk til mismikillar fötlunar samanber örorkumat.

2. Í 13. grein frumvarpsins 9. lið segir að svæðisstofur í málefnum fatlaðra skuli annast mat og umönnun fatlaðra barna samkv. lögum um almannatryggingar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur einnig fram að lagt er til að svæðisskrifstofurnar meti umönnunarþörf sjúkra barna og greiðslur vegna þessa eigi að koma frá almannatryggingum. Með vísan til athugasemda í 1. lið þykir mér ljóst að það þurfi að taka þessa fyrirhuguðu framkvæmd laganna til endurskoðunar með það í huga að tryggja umsækjendum um þessa þjónustu faglegt mat.

3. Í 7. kafla frumvarpsins 17. grein segir að forstöðumaður greiningar- og ráðgjarastöðvarinnar skuli hafa sérþekkingu á málefnum fatlaðra. Ekki kemur fram í 17. greininni að læknismenntun sé áskilin eða æskileg til þess að veita greiningarstöðinni forstöðu né heldur að þörf sé á læknismenntuðu fólki til starfa við stofnunina. Þykir því ljóst að úr þessu þurfi að bæta og tiltaka í lögunum um frekari menntunarkröfur á þessari stofnun.

4. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breyttri skipan svæðisstjórna. Lagt er til að héraðslæknir og fræðslustjóri sitji ekki lengur í stjórninni vegna ósamræmis milli eftirlitsskyldu stjórnarinnar og framkvæmdarskyldu ofangreindra embættismanna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að svæðisstjórnirnar geri annars vegar tillögur um þjónustu en hins vegar að þær hafi eftirlit með því að þessi þjónusta sé veitt og þykir þá vera komið ósamræmi á milli eftirlitsskyldu og framkvæmdarskyldu hjá stjórninni sjálfri sú sama og talin er vera hjá héraðslækni og fræðslustjóra.
Undirritaður telur að full ástæða sé til þess að fagmenntað fólk innan uppeldis og læknisfræði sitji í stjórninni því þegar ágreiningsmál rísa á milli fatlaðra og starfsmanna svæðisskrifstofu þarf faglegt mat oft til að koma hjá stjórninni. Nú er aðeins gert ráð fyrir að aðilar frá hagsmunaraðilum annars vegar og framkvæmdaraðilum hins vegar sitji í stjórninni.

Virðingarfyllst,



Pétur Skarphéðinsson
héraðslæknir Suðurlands.

Fylgiskjal XII.

Umsögn héraðslæknis Reykjaness.
(22. mars 1992.)

Undirritaður hefur kynnt sér ofannefnt frumvarp og lýsir sig samþykkan þeirri heildarstefnu, sem þar kemur fram.

Tel ég þó rétt að leggja áherslu á, að svæðisbundin þjónusta verði sem styrkust, þannig að hún verði á sem fyllstan máta veitt í heimahéruðum, sbr. heimild í 5. gr.

Að öðru leyti vísast í álitsgerð Svæðisstjórnar Reykjanessvæðis, undirritaður á sæti í þeirri stjórn og er þeirri álitsgerð að fullu samþykkur.

Virðingarfyllst,



Sveinn Magnússon
Héraðslæknir Reykjaness

Fylgiskjal XIII.

Umsögn stjórnarnefndar málefna fatlaðra.
(11. mars 1992.)

Í framhaldi af bréfi yðar 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar stjórnarnefndar málefna fatlaðra um frumvarp til laga um málefni fatlaðra, 222. mál, skal eftirfarandi tekið fram:

Stjórnarnefnd málefna fatlaðra er skipuð 7 fulltrúum. Þrír þeirra eru tilnefndir af Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, félags-, mennta- og heilbrigðisráðuneyti eiga einn fulltrúa hvert. Þá er formaður skipaður af félagsmálaráðherra. Þar sem að öll þau samtök og ráðuneyti er tilnefna fulltrúa í stjórnarnefnd hafa fengið frumvarpið til umsagnar, telur stjórnarnefnd eðlilegra að byggt sé á umsögnum þessara aðila.

Þess skal getið að leitað var umsagnar stjórnarnefndar varðandi reynsluna af gildandi lögum og gaf stjórnarnefnd eftirfarandi umsögn til endurskoðunarnefndarinnar:

"Nefndarmenn eru sammála um að mikið hafi áunnist í málefnum fatlaðra síðan lög nr. 41/1983 voru sett. Helstu ágallar teljast þó vera ákvæði sem tengjast framkvæmdasjóði. Tekjur sjóðsins eru ákaflega óvissar og einnig er nokkuð óljóst hvaða verkefni sjóðnum ber að styrkja. Ennfremur eru menn sammála um að lang mestur hluti vinnutíma stjórnarnefndar fari í úthlutun úr sjóðnum, sem undanfarið hefur aðeins haft fjármagn til að sinna broti af umsóknum sem berast. Því verður sáralítill tími til að sinna þeirri samræmingu á málefnum fatlaðra, sem lögin gera ráð fyrir.

Nefndarmenn eru ennfremur sammála um að æskilegast væri ef til kæmi almenn félagsmálalöggjöf í landinu, sem tæki til allra þegna jafnt, fatlaðra, sem ófatlaðra. Varðandi það hvaða ákvæði laganna þarfnist sérstaklega endurskoðunar við, bendum við aftur á ákvæði er varða framkvæmdasjóð og er varða störf og skyldur stjórnarnefndar.

Nefndarmenn lýsa ánægju sinni með það að lög nr. 41/1983 skuli nú vera til endurskoðunar, og vænta þess að fá að fylgjast með störfum endurskoðunarnefndarinnar."

Önnur afskipti hefur stjórnarnefnd ekki haft af málinu.

F.h. stjórnarnefndar fatlaðra,
Berglind Ásgeirsdóttir.

Fylgiskjal XIV.

Bréf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis til félagsmálanefndar.

(17. mars 1992.)

Með bréfi 26. febrúar sendir Félagsmálanefnd Alþingis ráðuneytinu til umsagnar frumvarp til laga um málefni fatlaðra.

Þar sem ráðherra hefur tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri við meðferð málsins á Alþingi mun ráðuneytið ekki senda umsögn um málið.

Sighvatur Björgvinsson.
Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal XV.

Umsögn fulltrúa heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra.

(27. apríl 1992.)

Undirritaður, sem situr sem fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra skv. lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, leyfir sér hér með að senda nefndinni athugasemdir við framkomið frumvarp til nýrra laga um málefni fatlaðra, sem nú er til umfjöllunar hjá nefndinni. Rétt er að vekja athygli á að Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra ákvað að gefa ekki umsögn um frumvarpið heldur að láta einstökum nefndarmönnum það eftir, enda ljóst að skoðanir nefndarmanna eru skiptar á frumvarpinu.

Athugasemdirnar eru eftirfarandi:

1. Frumvarpið er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði á sínum tíma. Rétt er að benda á að þrátt fyrir að núgildandi lög heyri, auk félagsmálaráðuneytis, bæði undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, var ekki óskað eftir tilnefningu þessara ráðuneyta í nefndina, þrátt fyrir að Guðmundur Bjarnason, þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, benti ítrekað á nauðsyn þess, m.a. í bréfum. Það virðist því ljóst að stefnan hafi verið sú að þessi tvö ráðuneyti ættu ekki að hafa með þessi mál að gera áður en endurskoðun var hafin.

2. Allt frá því að fyrstu lög á þessum vettvangi, lög um aðstoð við þroskahefta, tóku gildi, 1. janúar 1980, hefur verið gott og náið samstarf þessara þriggja ráðuneyta um málaflokkinn og ég fæ ekki séð að neitt það hafi gerst sem réttlæti breytingar á því. Þess ber ennfremur að geta að það var fyrir tilstuðlan þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Matthíasar Bjarnasonar, að þau lög voru samin og sett. Það hefur verið hlutverk fulltrúa ráðuneytanna að vinna að samræmingu mála á þessu sviði og ég tel að seta fulltrúa heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra hafi auðveldað lausn ýmissa mála sem sérstaklega tengjast heilbrigðisþjónustunni, starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og fræðsluþjónustunni. Verði þetta frumvarp að lögum tel ég að tengsl við heilbrigðisþjónustu og fræðsluþjónustu verði með öðrum hætti og verri ef ekki erfiðleikum bundin.

3. Stærsta stofnun fyrir fatlaða sem rekin er á Íslandi, Kópavogshælið, heyrir undir heilbrigðisráðuneytið og er rekin sem sjúkrahús skv. sérstakri reglugerð, sem sett var 1985. Er ætlunin að frá og með árinu 1995 verði á Kópavogshæli eingöngu vistaðir um 100 einstaklingar og að hælið þjóni hlutverki sérhæfðs sjúkrahúss á þessu sviði, þar sem m.a. verði gert ráð fyrir miðstöð læknisþjónustu, sérstaklega fyrir þroskahefta. Það er ekkert launungarmál að uppbygging Kópavogshælis á undanförnum árum hefur verið kostuð úr Framkvæmdastjóði fatlaðra, og má segja að sjóðurinn hafi á þann hátt lyft grettistaki á staðnum. Með því að koma heilbrigðisþættinum algerlega út úr stjórnkerfi málefna fatlaðra er greinilega ætlunin að Framkvæmdasjóðurinn standi ekki undir framkvæmdum á Kópavogshæli með sama hætti og verið hefur.

4. Margar aðrar stofnanir á vegum fatlaðra, s.s. þær sem annast læknisfræðilega endurhæfingu, eru reknar á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og er greinilega ætlunin að slíta tengslin við þær. Uppbygging þeirra hefur jafnframt verið kostuð úr Framkvæmdastjóði fatlaðra. Má hér nefna Reykjalund, starfsemi Styrktarfélags lamaðara- og fatlaðra o.fl. og verður þessi starfsemi að leita á náðir fjárveitingavaldsins með bein fjárframlög en það hefur ekki gengið á undanförnum árum og er vandséð að gangi betur á komandi árum þegar litið er til stöðu ríkisfjármála.

5. Samkvæmt 2. gr. er lögunum ætlað að ná yfir þá sem eru andlega og líkamlega fatlaðir og er þar átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlum, sjón- og heyrnarskerðingu. Enfremur getur fötlun verið afleiðing langvarandi veikinda svo og slysa. Komin eru miklu víðtækari ákvæði en í 2. gr. gildandi laga og tekið er í ríkari mæli á atriðum sem snerta starfsemi heilbrigðisyfirvalda svo sem geðfötlun, hreyfihömlun og sjón- og heyrnarskerðingu. Hér kunna að koma upp deilur um hvað átt sé við með geðfötlun annars vegar og geðsjúkdómi hins vegar, eða hvenær sjón- og heyrnarskerðing sé með þeim hætti að hún falli ekki lengur undir starfsemi heilbrigðisráðuneytis, sem rekur greiningarstöðvar á þessu sviði, Heyrnar og talmeinastöð Íslands annars vegar og Sjónstöð Íslands hins vegar samkvæmt sérstökum lögum. Upp kunna að koma deilur við heilbrigðiskerfið um vistun langlegusjúklinga. Auðveldara yrði að greiða úr þessum málum ef heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu væri ætlað stjórnunarhlutverk á þessu sviði eins og það hefur í dag en til þessa hefur verið leyst úr slíkum ágreiningi.

6. Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um skipan stjórnarnefndar um málefni fatlaðra og eins og áður greinir er ekki ætlast til þess að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti eigi fulltrúa í þeirri nefnd. Um það hefur verið fjallað hér að framan. Nefndin á að vera ráðgjafanefnd en ekki móta stefnu. Hún á ekki að fara með yfirumsjón með málaflokknum og ekki að leysa ágreiningsmál eins og gildir í dag. Hér er því um miðstýringarfrumvarp að ræða þar sem allt er dregið inn í félagsmálaráðuneytið og er frumvarpið ekki í anda þeirrar stefnu sem hefur verið boðuð í heilbrigðiskerfinu t.d. í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og fjarri þeim hugmyndum sem nú er verið að vinna að í tengslum við breytt lög en ætlunin er að færa verkefnin sem mest út í héruð og að þau verði sem mest á ábyrgð læknishéraðanna. Er það reyndar í samræmi við ályktanir Alþingis um aukna ábyrgð héraðanna á heilbrigðisþjónustunni. Hví skyldi annað gilda í þessari þjónustu?

7. Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um svokölluð Svæðisráð um málefni fatlaðara og koma þau í stað Svæðisstjórna um málefni fatlaðra. Bæði fræðslustjóra og héraðslækni er kippt út og er það í samræmi við boðaða stefnu frumvarpsins. Það er skoðun mín að verði þessum embættismönnum kippt út, en þeir eru tengiliðir heilbrigðisþjónustunnar annars vegar og fræðsluþjónustunnar hins vegar við fatlaða, sé verið að móta afar slæma stefnu þar sem um grundvallarþjónustu í héraði er að ræða, bæði almenna þjónustu og ekki síður sérþjónustu, sem þessum aðilum ber að sjá til að verði veitt. Ein aðalástæðan fyrir því að vel hefur tekist til um framkvæmd gildandi laga út í héraði eru lögboðin afskipti héraðslækna og fræðslustjóra en þeir hafa oft verið formenn svæðisstjórna og helst beitt sér fyrir framgangi mála í héraði vegna sérþekkingar á málaflokknum.

8. Í 7. gr. er vísað til þjónustu skv. almenum lögum á sviði menntunar, heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu. Í þessu tilviki vil ég benda á að ástæðan fyrir því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu er ætlað hlutverk í gildandi lögum er ekki þessi almenna þjónusta heldur sérþjónustan, stoðþjónustan, svo sem sérkennsla, sjúkraþjálfun, læknisfræðileg endurhæfing svo og yfirstjórn þessara ráðuneyta á stofnunum fyrir fatlaða en þau hafa með stórar stofnanir að gera eins og Kópavogshælið og Öskjuhlíðarskólann. Hver eiga að vera tengsl þessara stofnana við málefni fatlaðra hér eftir? Hver verða tengslin við Tryggingastofnun ríkisins?

9. Í 8. gr. er reynt að tryggja samráð við mennta- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti þar sem fjallað er um Samstarfsráð um málefni fatlaðra sem skuli skipað fulltrúum þessara ráðuneyta ásamt fulltrúa félagsmálaráðuneytis, Landssamtakanna Þroskjahjálpar og Öryrkjabandalagsins. Þessi svokallaða samráðsnefnd er hvorki yfirumsjónaraðili með lögunum né annast úrskurði ágreiningsmála um framkvæmd hvað þá úthlutun fjár til uppbyggingar á þessu sviði og þjónar því harla litlum tilgangi og gæti sem best starfað án lagafyrirmæla. Hér er eingöngu um eðlileg samráð milli ráðuneyta að ræða og fleiri en þessarra þriggja, sem óþarfi er að lögbinda.

10. Í 5. kafla þar sem fjallað er um þjónustustofnanir og búsetu og eru nefndar stofnanir búsetuform sem hæglega geta fallið undir heilbrigðisþjónustuna. Nefni ég þar endurhæfingarstöðvar, þjónustumiðstöðvar, skammtímavistun, verndaðar íbúðir, sambýli og vistheimili. Slík starfsemi er rekin á vegum heilbrigðisráðuneytis fyrir fatlaða og aldraða. Er viðbúið að ruglings gæti varðandi mat á umsóknum, sbr. 12. gr., því hér eftir mun um umsóknir t.d. um vistun á Kópavogshæli eða stofnunum heilbrigðisráðuneytis annars vegar og menntmálaráðuneytis hins vegar ekki fara skv. lögum um málefni fatlaðra eins og nú á sér stað. Varla getur þetta verið í anda samræmingar.

11. Í 13. gr. kemur fram að félgasmálaráðherra skipi framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa að fenginni umsögn svæðisráða og að félagsmálaráðherra annist ráðningu annars starfsfólks að fenginni tillögu framkvæmdastjóra. Hér er greinilega stefnt að miðstýringu þar sem framkvæmd málaflokksins verður í höndum aðila sem skipaður er af ráðherra sem og annað starfsfólk sem undir honum starfar. Ég tel rétt að vekja athygli á því að við endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu sem nú stendur yfir eru ríkjandi allt önnur sjónarmið eins og áður kemur fram og ítreka ég þau.

Að ofan hef ég tekið saman nokkur atriði sem ég taldi rétt að vekja athygli á vegna starfa minna í Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra en þar hef ég setið allar götu síðan 1980 að fyrstu lög á þessum vettvangi tóku gildi og tel mig mæla af meiri reynslu og þekkingu en sumir þeir sem stóðu að samningu frumvarpsins. Ég vara eindregið við því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti verði kippt út úr því samstarfi sem nú á sér stað innan málaflokksins. Skoðun mín er sú að ástæðulaust sé að breyta lögum um málefni fatlaðra með öðrum hætti en afnema þau, þegar þau hefðu náð þeim tilgangi að fötluðum sé tryggt jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélgsþegna, sem hlýtur að vera ein af hornsteinum þjóðfélagsins. Sé réttarinn ekki nægjanlega tryggður í Stjórnarskránni væri æskilegt að breyta henni og byrja á því.

Mér þætti ekki óeðlilegt að nefndin kallaði mig á sinn fund til að ræða þessi mál nánar og fer þess vinsamlegast á leit að það verði gert.

Alúðarfyllst,



Ingimar Sigurðsson,
fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
í Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra skv. lögum
nr. 91/1983, um málefni fatlaðra.

Fylgiskjal XVI.

Athugasemd Ingimars Sigurðssonar varðandi lög um málefni fatlaðra.
(14. maí 1992.)

Gildandi ákvæði laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, standa ekki í vegi fyrir því að geðfatlaðir njóti sama réttar sem aðrir fatlaðir einstaklingar. Hlutaðeigandi ráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðismálaráðuneyti, svo og stjórnarnefndir um málefni fatlaðra, hafa til þessa leyst ágreiningsmál sem upp hafa komið varðandi þennan þátt. Sem dæmi má nefna rekstur sambýlis á Akureyri sem er á vegum félagsmálaráðuneytis en var í upphafi á vegum heilbrigðisráðuneytis.

Annað mál er að úrræði skortir varðandi vistun geðfatlaðra og hafa þeir því á stundum verið vistaðir á geðsjúkrahúsum sem í reynd samrýmist ekki lögum um málefni fatlaðra og breytist ekki með breyttum og fyllri lagaákvæðum einum saman.

Fylgiskjal XVII.

Umsögn menntamálaráðuneytis.
(23. mars 1992.)

Í umsögninni er fyrst og fremst gerð grein fyrir þeim atriðum sem snerta breytingar frá núgildandi lögum og ná til menntamálaráðuneytis.

Það má líta svo á að lög um málefni fatlaðra séu nauðsynleg enn um sinn vegna þess að heildstæð félagsmálalöggjöf er ekki til og að þetta sé frumvarp til laga vegna umframþjónustu til fatlaðra á félagsmálasviðinu.

Nú þegar gera lög á sviði heilbrigðis- og menntamála ráð fyrir þjónustu við fatlaða jafnt sem ófatlaða, þó eflaust megi þar bæta úr.

Það er til bóta að þau atriði, sem öll eru á sviði félagsþjónustu og fjallað er um í frumvarpinu, heyri undir eitt ráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, í stað þriggja eins og nú er.

Ákvæði eru skýr um að það er félagsmálaráðherra sem fer með yfirstjórn málaflokksins, en ekki stjórnarnefnd um málefni fatlaðra eins og nú er.

Hin nýja stjórnarnefnd er félagsmálaráðuneyti til ráðuneytis.

Ef samráðsnefnd sú sem gert er ráð fyrir í *8. grein* frumvarpsins nær að starfa eins og gert er ráð fyrir er nefndin af hinu góða.

Það má teljast eðlilegt að sveitarfélög eigi þarna fulltrúa líka.

Nokkuð mikið vald virðist lagt í hendur svæðisskrifstofa ef ekki er ætlunin að hafa samvinnu við hinn fatlaða eða aðstandendur hans um úrræði eins og til dæmis búsetu. Svæðisskrifstofum verði gert að meta óskir hins fatlaða og/eða aðstandenda hans í samvinnu við ráðgjafar og- greiningaraðila og ákveða síðan um þjónustu og búsetuform eins og *12 grein* virðist gefa til kynna.

Til framfara horfa ákvæði *14. greinar* um frumkvæði félagsmálaráðuneytis að því að vinna að samningum á milli ríkis og sveitarfélaga um það að sveitarfélög annist þjónustu við fatlaða að einhverju eða öllu leyti.

Það telst vafasamt að lögfesta að einungis ein greiningar- og ráðgjafarstöð skuli vera starfrækt á landinu. Helsta ástæða þess er sú einokunaraðstaða sem Greiningarstöðin fengi í skjóli laganna gagnvart fötluðum og fjölskyldum þeirra.

Það er einnig vafasamt vegna þess hve erfitt getur reynst að skylda alla, hvar á landinu sem þeir búa, til að koma í greiningu og mat til Greiningarstöðvar ríkisins.

Samkvæmt *20.grein* virðist sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins geti ákveðið hvort leikskólabarn er fært um að vera á almennri deild eða sérdeild. Að mati menntamálaráðuneytisins getur Greiningarstöðin mælt með því hvaða úrræði henta tilteknu barni, en getur ekki ákveðið það, því útilokað er að starfsfólk Greiningarstöðvar þekki svo til aðstæðna í leikskólum landsins. Slíkt er ekki á færi annarra en heimamanna.

Í *25. grein* er fjallað um liðveislu Ráðuneytið telur að það þurfi að kveða nánar á um hvers konar liðveislu um er að ræða.

Er hér um að ræða liðveislu sem felst í aðstoð við tjáskipti s.s. táknmálstúlkun, og aðstoð við athafnir daglegs lífs í og utan skóla?
Það er nauðsynlegt að kveða nánar á um hvers konar liðveislu er um að ræða.

Í *27.grein.* er fjallað um hæfingar- og endurhæfingarstöðvar. Skilgreina þarf muninn á hæfingar- og endurhæfingarstöðvum fyrir unglinga og fullorðna og sérstökum námsbrautum fyrir þroskahefta.

Í *39. grein* er fjallað um framkvæmdasjóð fatlaðra. Það horfir til bóta að fulltrúi úr fjárlaganefnd starfi með stjórnarnefnd þegar fjallað er um málefni sjóðsins. Varasamt verður að teljast að veita fé úr framkvæmdasjóði til endurbóta á aðgengi opinberra bygginga.vegna hreyfihamlaðra og blindra. Hætta er á að framkvæmda/rekstraraðilar uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru til aðgengis nema að fá til þess fé úr framkvæmdasjóði.

F.h.r.,
Kolbrún Gunnarsdóttir.

Fylgiskjal XVIII.

Umsögn landlæknis.
(27. apríl 1992.)

Ég hefi eftirfarandi athugasemdir fram að færa:

1. Orsakir fötlunar eru að meginhluta af læknisfræðilegum orsökum, en síðan skapast oft félagsleg vandræði fyrir viðkomandi. Ég tel því nauðsynlegt að héraðslæknir sitji áfram í svæðisstjórn.

2. Þjónusta við fatlaða er um of beint til Reykjavíkur. Ég tel að sú stefna sé röng. Nauðsynlegt er að flytja þjónustuna til heimahéraðs þess fatlaða og að svæðisnefndir haldi vissri ábyrgð og sjálfstæði. Ég er sammála því að deild verði sett í stofn í ráðuneytinu.

Virðingarfyllst

Ólafur Ólafsson
landlæknir

Fylgiskjal XIX.

Umsögn biskups Íslands.

Lög um málefni fatlaðra, nr.41/1983, fólu í sér mikla réttarbót fyrir fatlaða. Í krafti þeirra hefur markvisst verið unnið að velferðarmálum fatlaðra víða um land, þannig að verulega um munar. En sem vænta mátti hefur bráðum tíu ára reynsla af lögunum leitt í ljós, að ýmislegt má betur gera. Endurskoðun laganna var því orðin tímabær. Því frumvarpi, sem nú liggur fyrir, er ætlað „að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi", 1.gr. Verður ekki betur séð en að þeirri stefnumörkun sé fylgt fast eftir í lagasmíðinni í heild.

Það breytir því þó ekki, að æskilegast væri, að velferðarmálum fatlaðra væri nú þegar svo skipað í heildarlöggjöf um félagslega þjónustu, menntun og heilbrigðisþjónustu, að sérlög um málefni fatlaðra væru talin óþörf. Frumvarpið ber því vitni, að almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga er í ýmsu ábótavant, þegar fatlaðir eiga í hlut. Meðan svo er, svo lengi sem þörf er á sérlögum fyrir fatlaða, verður ekki sagt, að þeir sitji við sama borð og aðrir þjóðfélagsþegnar. Í vissum skilningi stríða sérlög um málefni fatlaðra, hversu vel gerð þau annars kunna að vera, gegn því meginmarkmiði sínu, að tryggja fötluðum jafnrétti. Því ber að líta svo á, að núverandi lagasmíð sé áfangi á þeirri leið, sem stefnir að því að gera sérlög óþörf. Vonandi verður reynt til þrautar að ná því markmiði við endurskoðun laganna að fjórum árum liðnum, sem boðuð er í ákvæðum til bráðabirgða, V. lið.

Athugasemdir við einstakar greinar:

2. gr.

Fagnað er því nýmæli, að geðfatlaðir öðlist rétt til þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

7. gr.

1. málsliður, „Fatlaðir skulu eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga", er í raun niðurlægjandi fyrir fatlaða, eins og það sé nokkurt áhorfsmál, að þeir skuli njóta þeirra almennu lýðréttinda, sem kveðið er á um í stjórnarskrá lýðveldisins. Lagt er til, að þessi málsliður verði felldur niður.

11. gr.

Lýst er sétstakri ánægju með þau fyrirmæli, að búseta fatlaðra skuli vera í almennri íbúðabyggð.

25. gr.

Ekki þykir ástæða til að skilyrða skyldu sveitarfélaga til að sinna liðveislu með orðalaginu „eftir föngum". Markmið liðveislu, „að rjúfa félagslega einangrun", er grundvallaratriði, og má leggja að jöfnu við ákvæði 36. gr. um ferðaþjónustu, sem sett er án skilyrða. Þessar tvær lagagreinar eru enda nátengdar samkvæmt eðli máls.

Fylgiskjal XX.

Umsögn framkvæmdastjóra Kópavogshælis.
(15. apríl 1992.)

6. gr.

Hlutverk svæðisráða er nokkuð mótsagnakennt. Þau eiga að gera tillögur til skrifstofa í málefnum fatlaðra um þjónustu og samræmingu á einstökum svæðum. Um leið eiga þau að hafa eftirlit með því að þjónusta, starfsemi og rekstur stofnana, m.a. á vegum skrifstofa í málefnum fatlaðra, séu í samræmi við markmið laganna. Ekki er gert ráð fyrir neinum starfsmanni í svæðisráðum vegna þessa og því er það verkefni skrifstofu í málefnum fatlaðra að veita svæðisráðum aðstoð og þjónustu (sjá 5. lið 13. gr.). Með öðrum orðum eiga skrifstofur í málefnum fatlaðra sjálfar að hafa eftirlit með þeirri þjónustu og rekstri sem þær annast.

11. gr.

Þar segir að fatlaðir skuli eiga kost á búsetu í samræmi við þarfir þeirra og óskir eftir því sem kostur er.

Í 1. gr. þessa frumvarps segir að markmið laganna sé að tryggja fötluðum jafnrétti. Ófatlaðir eiga þann kost að búa í hinum dreifðu byggðum landsins, þ.e. utan almennrar íbúðarbyggðar. Engin rök mæla því mót að fatlaðir skuli ekki eiga kost á því líka að búa í sveit ef þeir vilja. Því ætti síðasta setning 11. gr. að strikast út.

Í greininni er enn fremur talað um heimili fyrir börn en í athugasemdum kemur fram að vistun þar er til langframa að ósk aðstandenda. Slíkt heimili hættir því fljótlega að vera heimili fyrir börn. Réttara væri því að tala um meðferðaheimili fyrir fjölfatlaða.

16. gr.

Um eftirlitshlutverk svæðisráða. Svo virðist sem fulltrúi svæðisráðs í eftirliti með stofnunum fyrir fatlaða eigi að koma frá skrifstofu í málefnum fatlaðra sem jafnframt er rekstraraðili fjölmargra stofnana fyrir fatlaða. Því virðist svo vera í reynd að skrifstofur í málefnum fatlaðra hafi á sinni könnu rekstur, eftirlit og samræmingu og fer illa á því.

17. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að efla Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Eigi stofnunin að annast þau verkefni, sem í greininni eru talin upp, þarf að fjölga starfsmönnum verulega. Það er ljóst að það verður ekki gert nema á kostnað annarrar þjónustu fyrir fatlaða. Tölur fjármálaráðuneytisins um reksturskostnað við þessar breytingar eru stórlega vanmetnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fimm menn skipi stjórn Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins. Eðlilegra væri að sjö menn skipuðu stjórnina, þ.e. við bættust fulltrúar frá heilbrigðis- og menntamálaráðuneyti þar sem ljóst er að skjólstæðingar stöðvarinnar njóta mikillar þjónustu frá þessum ráðuneytum eða stofnunum tengdum þeim.

22. og 24. gr.
Hver metur þörfina, hver greiðir kostnaðinn og hvaða aðili á að veita þjónustuna?

30. gr.
Taka þarf fram hver annast og greiðir fyrir sérstaka liðveislu og starfsþjálfun.

36. gr.
„Jafnframt skulu fatlaðir eiga rétt á ferðaþjónustu á vegum ríkisins vegna aksturs á þjónustustofnanir ...“
Hver borgar fyrir þessa ferðaþjónustu?

38. gr.
Góð grein og tímabær. Hins vegar er kostnaður við störf trúnaðarmanns á hverju svæði stórlega vanmetinn. Talað er um 1–2 millj. kr. sem þýðir að meðaltalskostnaður á hverju svæði liggur á bilinu 125–250 þús. kr. Á þéttbýlustu svæðunum má búast við að starf trúnaðarmanns verði full vinna fyrir fleiri en einn.

41. gr.
1. liður verði:
„Sjóðurinn skal fjármagna stofnkostnað þjónustustofnana fatlaðra, sbr. 10. gr., og heimila fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 11. gr., svo og sjúkrahúsa fyrir fatlaða (Kópavogshæli), sem eru á vegum ríkisins.“

Verði þetta frumvarp samþykkt óbreytt þýðir það að úthlutanir Framkvæmdasjóðs fatlaðra til Kópavogshælis leggjast af. Í umsögn fjármálaráðuneytisins kemur fram að úthlutanir til skóla og sjúkrastofnana á vegum ráðuneyta menntamála og heilbrigðismála hafa á undanförnum fjórum árum numið 20–30% af heildarúthlutunum Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Miðað við 250 millj. kr. úr sjóðnum þýðir það að skólar og sjúkrastofnanir hafa fengið 50–70 millj. kr. árlega undanfarin fjögur ár. Í umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins segir að gera megi ráð fyrir að árleg fjárþörf til framkvæmda stofnana á vegum heilbrigðis- og menntamálaráðuneytis séu um 20–30 millj. kr. næstu árin. Fjárþörf þessara stofnana lækkar sem sagt um 20–55 millj. kr. á ári við það að Framkvæmdasjóður fatlaðra hættir að úthluta til þeirra. Þessi röksemdafærsla fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er afar hæpin svo ekki sé meira sagt.

Kópavogshæli er skilgreint sem sjúkrahús fyrir þroskahefta. Þar dveljast nú 134 einstaklingar. Það er skoðun stjórnenda Kópavogshælis að verulega stór hluti núverandi vistmanna geti útskrifast á sambýli sem þyrftu að vera mjög vel mönnuð. Jafnframt koma um 10 umsóknir árlega um vistun og dvelst það fólk í flestum tilvikum á sambýlum en er talið betur sett á Kópavogshæli vegna þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Þessum umsóknum hefur orðið að hafna vegna þrengsla.

Einstaklingar á almennum deildum eða heimiliseiningum munu smám saman útskrifast og þjónusta við þá flytjast til félagsmálaráðuneytisins og/eða sveitarfélaga í samræmi við þá þróun sem nú þegar er í gangi en hefur gengið hægt fyrir sig. Miðað við reynslu undanfarinna ára af útskriftum af Kópavogshæli er ljóst að til þarf að koma sérstakt átak af hálfu stjórnvalda til að hraða útskriftum. Núverandi fjöldi heimilismanna stendur starfseminni fyrir þrifum og torveldar mjög eða kemur algjörlega í veg fyrir æskilegar breytingar á starfseminni.

Á staðnum dveljast þroskaheftir einstaklingar sem ekki eru sjúklingar í þeim skilningi en geta ekki annað farið vegna skorts á sambýlum. Ekki er sanngjarnt að þessir einstaklingar gjaldi þessarar búsetu með réttindamissi, a.m.k. í samanburði við aðra fatlaða búsetta á sambýlum.

Meðan ekki hefur verið tekin ákvörðun um framtíðarhlutverk Kópavogshælisins er e.t.v. full ástæða til að setja inn í þetta frumvarp bráðabirgðaákvæði um að vistmenn á Kópavogshæli skuli njóta sömu réttinda og aðrir fatlaðir samkvæmt lögum þessum.

Á undanförnum árum hafa orðið verulegar breytingar og umbætur á starfsemi Kópavogshælis og hefur staðurinn notið góðs af úthlutunum úr framkvæmdasjóði fatlaðra. Ef það verður fest í lög að Framkvæmdasjóður fatlaðra megi ekki úthluta til Kópavogshælis því að það tilheyri heilbrigðisráðuneytinu er illa komið fyrir þeim hópi fatlaðra sem þar dvelst. Hætt er nefnilega við að Kópavogshæli verði út undan í samkeppni deilda ríkisspítala um takmarkað fjármagn til uppbyggingar á nýrri starfsemi, breytinga eða viðhalds. Því er ákaflega mikilvægt að búa svo um hnútana í þessu frumvarpi að Framkvæmdasjóður fatlaðra geti eftir sem áður úthlutað fjármunum til framkvæmda við Kópavogshæli. Það er og líka í þágu þeirra fatlaðra sem verst eru settir og minnst mega sín.

Pétur J. Jónasson,
framkvæmdastjóri Kópavogshælis.

Fylgiskjal XXI.

Umsögn foreldra- og vinafélags Kópavogs.
(17. mars 1992.)

VI Kafli 11 gr. Búseta:
4. Vistheimili: Í greinargerð er aðeins minnst á Skálatún, Sólheima og Sólborg. Þarna ætti Kópavogshælis að vera með. Það er eins með Kópavogshæli og Sólborg á Akureyri að það er stefan að flytja alla út sem ekki eru sjúklingar á sambýli eða íbúðir, og leggja stofnuna niður sem Vistheimili.
Við síðustu málsgrein greinargerðarinar þyrfti að koma fram að meðan fatlaðir eru vistaðir þar, að réttur þeirra væri tryggður gagvart lögunum.

Greinargerðin yrði þannig:
Hér er átt við sólahringssofnanir eins og Skálatún, Sólheima, Sólborg og Kópavogshæli.Mikil umræða hefur átt sér stað á undanförnum árum um breitt hlutverk þessara stofnana í þágu fatlaðra eða að leggja þær af. Vistun fatlaðra á slíkum stofnunum þykir ekki lengur í samræmi við hugmyndafræði samskipunar.
Við aðra málgrein bættist. Vegna Kópavogshælis er áætlað að útskrifa alla fatlaða sem ekki eru sjúkir á næstu 4 árum. Þriðja málgrein yrði óbreitt, við fjórðu málgrein bættist. Þrátt fyrir þetta verður réttur vistmanna á Kópavogshæli sá sami og á öðrum visteimilum.

Við óttumst að ef þetta kemur ekki skýrt fram, verði réttur skjólstæðinga okkar véfengdur gagnvart þessum lögum.
Í því sambandi má nefna 6. gr. um Svæðisráð og eftirlit þess, 13. gr. um svæðisskrifstofu, upplýsingar um þjónustuþörf og gerð svæðisáætlana, vegna þeirra er útskrifuðust af Kópavogshæli. 28 gr. um styrk til tækjakaupa. 34 gr. um rétt til félagslegra íbúða. 37 gr. um réttargæslu, svo sem skipan trúnaðarmanns. 39 gr. um Framkvæmdasjóð og hlutverk hans um styrki til íbúðakaupa í félagslega húsnæðiskerfinu.

Þar sem ekki hefur náðst samkomulag um að Kópavogshæli heyrðir undir félagsmálaráðuneytið eins og önnur vistheimili verður að setja bráðabirgðar ákvæði í lögin, þar sem kemur fram að meðan fatlaðir eru vistaðir þar nái lögin til þeirra, jafnt og á öðrum vistheimilum.

Allir þættir 10 gr. um þjónustustofnanir eru til staðar á Kópavogshæli og hafa verið byggðar upp með fjárveitingum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og ættu að vera áfram fyrir þann hóp hvar sem hann býr.

F.h. stjórnar,
Birgir Guðmundsson, formaður.

Fylgiskjal XXII.

Umsögn stjórnar Skálatúnsheimilisins í Mosfellsbæ.
(8. apríl 1992.)

Almennar athugasemdir:

1. Það er álit stjórnar Skálatúnsheimilisins að frumvarpið geri ráð fyrir óheppilega mikilli miðstýringu, sem verður til þess að þátttaka félaga og einstaklinga verður minni og, ef til vill engin, eins og dæmin sanna á mörgum öðrum sviðum, þar sem ríkið tekur allt frumkvæði og stjórnun í sínar hendur. Ekki verður pláss fyrir einstaklinginn, frumkvæði hans, áhuga og hugsjónir, sem hefur reynst mjög dýrmætt, einmitt í starfi fyrir fatlaða og ekki hvað síst fyrir vangefna og þroskahefta. Sjálfseignastofnanir eins og Skálatún eru glöggt dæmi um slíkt starf. Á slíkum stöðum hafa nýjar hugmyndir fengið að þróast og vaxa og mörg nýlundan hefur þar sprottið upp sem reynst hefur vel og komið öðrum til góða. Það væri mjög illa farið ef samþykkt væru lög sem drægju úr áhuga og gleði einstaklinga og félaga til að leggja eitthvað að mörkum til hagsbóta fyrir fatlaða og þjóðfélagið í heild.

2. 14.gr. "Þegar sveitafélag annast einstaka þjónustuþætti skal miða greiðslur við sannanlegan rekstrarkostnað."
Í greinargerð með 14.gr. kemur eftirfarandi fram: "Láti sveitarfélög í té afnot af mannvirkjum, tækjum eða öðrum gæðum vegna rekstrar sem ekki hefur verið fjármagnað úr framkvæmdasjóði, skal í samningi vera ákvæði um afgjald sem ríkissjóður greiðir."
Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að greiða félögum eða sjálfseignastofnunum afgjald, það getur tæplega talist sanngjarnt, því ekki eiga sjálfseignastofnanir á þessu sviði

digra sjóði úr að moða. Þetta þarf að laga og taka fram í lögunum sjálfum að þetta ákvæði nái til sjálfseignastofnana og félaga.

3. 15.gr. "Félagsmálaráðherra er heimilt að binda starfsleyfi til handa félagasamtökum og sjálfseignastofnunum til að starfrækja verndaða vinnustaði og vistheimili því skilyrði að félagsmálaráðherra eigi fulltrúa í stjórn þeirra."

Stjórn Skálatúnsheimilisins vill harðlega mótmæla því að þetta ákvæði verði leitt í lög. Í marga áratugi hafa sjálfseignastofnanir starfað hér á landi við góðan orðstýr, skilað ómetanlegu starfi til velferðarmála fatlaðra.
Ekki verður séð að það efli starf þessara stofnana, eða auðgi hugmyndaflug stjórna þeirra þó maður frá félagsmálaráðuneyti komi inn í stjórn Skálatúns. Minna má á að samkv. skipulagsskrá Skálatúnsheimilisins hefur Landlæknir tilnefnt stjórnarmann sem jafnframt er formaður stjórnar frá upphafi starfs í Skálatúni, það fyrirkomulag hefur reynst vel og því ekki ástæða til að breyta því. Stjórn Skálatúnsheimilisins leggur því eindregið til að það fyrirkomulag verði óbreytt.

4. 16.gr. "Félagsmálaráðherra getur svift rekstraraðila starfsleyfi að tillögu svæðisráðs hafi hann ekki uppfyllt kröfur þess eða ráðuneytisins um það sem talið er ábótavant í rekstri innan ákveðinna tímamarka."

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum, en hefði þurft að vera betur skilgreind, eins og t.d. í hvaða tilfelli varðar brot sviftingu starfsleyfis og hvaða brot eru það, hverjar eru helstu kröfur sem uppfylla þarf. Einnig má benda á að ekki er gert ráð fyrir að stofnun geti skotið máli sínu til annars aðila ef um ágreining er að ræða.

5. 33.gr. Lagt er til að 24.gr. í gildandi lögum um sama efni Verði óbreitt.

6. 38.gr. Nauðsynlegt er að skilgreina betur hlutverk trúnaðarmanns fatlaðra, til að tryggja að starf hans nái tilætluðum árangri.

Fylgiskjal XXIII.

Umsögn stjórnar Sólheima í Grímsnesi.
(Febrúar 1992.)

Eftirtaldar lagagreinar varða sérstaklega Sólheima.

1. 11. gr. "Búseta fatlaðra samkvæmt lögum þessum skal vera í almennri íbúðabyggð."

Bæta þarf við greinina skýringum sem fram koma í greinargerð frumvarpsins þar sem stendur: "nema fatlaðir sjálfir óski sérstaklega eftir öðru".
Þessi lagagrein óbreytt er einsdæmi. Eru það ekki lágmarks mannréttindi að fatlaðir ráði sjálfir búsetu sinni?

Engin fagleg rök sem mæla með því að búseta í íbúðabyggð sé annari búsetu æskilegri. Þvert á móti er hægt að færa fagleg rök fyrir því að ákveðnum hópum þess fatlaða fólks sem lögin ná til henti ekki að búa við slíkar aðstæður. Hér er átt við hluta einhverfra og geðsjúkra einstaklinga.

Það hlýtur að vera óeðlilegt að setja svo þröng skilyrði í lög um atriði sem í framkvæmd er að öllu leyti háð leyfi ráðuneytisins. Sambýli eða önnur húsnæðisúrræði eru háð umsögn svæðisráðs og starfsleyfi ráðuneytisins þannig að óþarft og óeðlilegt er að setja þetta skilyrði í lög. Má benda á að Svæðisstjórn Norðurlands vestra og Svæðisstjórn Suðurlands hafa á síðustu árum báðar mælt með sambýlum utan almennrar íbúðarbyggðar (Skaftholt og Gauksmýri, sem bæði eru sambýli á sveitabæ, fjarri almennri íbúðabyggð.)

Umræðan um vistheimili fyrir þroskahefta utan almennrar íbúðarbyggðar hefur vikið fyrir umræðunni um sambýli fyrir sérstaka umönnunarhópa í þéttbýli (einhverfa og geðsjúka.) Varnarstaða ráðuneytisins í því máli kemur glögglega fram í greinargerð um frumvarpið.

Málið er sett upp sem mannréttindakrafa fatlaðra að búa meðal annars fólks. Og á sama hátt getur þessi umræða heldur ekki leitt til neinnar niðurstöðu, þar sem grundavallarsjónarmið þeirra sem deila eru gjörólík. Jafnrétti er blint teflt fram gegn sjónarmiðum er byggja á velferð einstaklingsins og árangri í meðferðarstarfi.

Hvernig getur þessi umræða þá endað? Blind jafnréttissjónarmið leiðir fólk alltaf í ógöngur: Ef þjóðfélaginu ber skylda til að búa þeim sambærilegar aðstæður, sem vegna takmakaðs þroska eða

getu eru ófærir almennri þátttöku í daglegu lífi, hvar á þá að setja mörkin? Hvað með aldraða? Hvað með börn? Hvað með langlegusjúklinga? Er ekki daglega verið að brjóta rétt á þessum hópum með því að einangra þá; með því að meina þeim aðganga að vinnumarkaði; með því að takmarka ferðafrelsi þeirra o.s.frv.

Í þessari umræðu er verið að rugla saman tveimur hugtökum: mannréttindum og jafnrétti. Jafnrétti nær til þess persónulega réttar hvers manns að hafa lagalega jafnan rétt og aðrir þegnar. Mannréttindi ná hins vegar til þess réttar hvers manns að fá að lifa sínu lífi á eigin forsendum. Grundvallarkrafa þroskaheftra er því að fá að lifa sínu lífi sem þroskaheftir einstaklingar, ekki þrátt fyrir, heldur með fötlun sinni.

2. 13. gr. 2. málsgr. um viðfangsefni svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. "Að bera ábyrgð á framkvæmdum í málefnum fatlaðra sem veitt er fé til úr Framkvæmdasjóði sbr. 41. gr."

Breyta þarf greininni þannig að öll tvímæli séu tekin af um að ákvæðið eigi ekki við um framkvæmdir sveitarfélga og sjálfseignarstofnana. Ágreiningur um þetta atriði kom upp 1981 eftir að lög um aðstoð við þroskahefta voru samþykkt.

Ennfremur varðandi 13. gr. um svæðisskrifstofur:
Nýmæli er skifting svæðisstjórnar í svæðisráð og svæðisskrifstofu. Stjórn Sólheima hefur bent á nauðsyn þess að eftirlit með rekstri sjálfseignarstofnana (og sveitarfélaga) sé ekki í höndum þeirra sem sjá um annan rekstur. Breytingin á frumvarpinu er því aðeins á pappírunum, þar sem hlutverk svæðisskrifstofanna er að aðstoða svæðisráðin við að gegna hlutverki sínu. Hætt er því við að framkvæmd eftirlitsins verði í höndum svæðisskrifstofanna, þar sem svæðisráðin hafa ekki möguleika á sjálfstæðu eftirlitshlutverki.

3. 14. gr. "Þegar sveitarfélög annast einstaka þjónustuþætti skal miða greiðslur við sannanlegan rekstrarkostnað."

Í greinargerð með 14. gr. kemur eftirfarandi fram: "Láti sveitarfélag í té afnot af mannvirkjum, tækjum eða öðrum gæðum vegna rekstrar sem ekki hefur verið fjármagnað úr framkvæmdasjóði skal í samningi vera ákvæði um afgjald sem ríkissjóður greiðir."
Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að greiða afgjald til sjálfseignarstofnana eða félaga. Þetta er stórmál gagnvart Sólheimum. Skýringargreinin þarf að vera í lögunum sjálfum og taka til sjálfseignarstofnana og félaga.

4. 15. gr. "Félagsmálaráðherra er heimilt að binda starfsleyfi til handa félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum til að starfrækja verndaða vinnustaði og vistheimili því skilyrði að félagsmálaráðherra eigi fulltrúa í stjórn þeirra."

Rétt er að minna á ágreining vegna starfsleyfis Sólheima eftir gildistöku laga um málefni fatlaðra 1983. Þá krafðist félagsmálaráðuneytið þess að skipa fulltrúa í stjórn Sólheima. Ríkið hefur víðtækt eftirlitskerfi með sjálfseignarstofnunum eins og fram kemur í lagafrumvarpinu. Jafnframt ætlar það að taka ábyrgð á stjórn viðkomandi sjálfseignarstofnunar með því að eiga þar fulltrúa. Ríkið verður því bæði beinn aðili að rekstri og eftirlitsaðili með rekstri sem það á aðild að.
Þessi grein brýtur upp það sjálfseignarfyrirkomulag sem í gildi er á Sólheimum. Þar er gengið út frá að enginn aðili eigi fulltrúa í fulltrúaráði eða stjórn. Fulltrúaráðsmenn (21 maður) og stjórnarmenn (5 menn) bera ábyrgð sem einstaklingar en ekki sem fulltrúar einhvers aðila.
Sjálfseignarfyrirkomulag hefur reynst Sólheimum afburða vel og er sá grunnur sem starfsemi heimilisins byggir á.
Í greinargerð er vísað til laga um heilbrigðisstofnanir. Slíkt hefur ekkert fordæmisgildi. Fulltrúi ríkisins á ekki sæti í stjórn S.Á.Á og Reykjalundar, svo dæmi sé tekið, sem ríkissjóður greiðir hærri fjárhæð til. Samkvæmt sömu túlkun ætti fulltrúi ríkisins að taka sæti í stjórn D.A.S. (Hrafnistu) og allra elliheimila í landinu.
Um leið og ríkið fer að taka beinan þátt í stjórn Sólheima mun stórlega draga úr velvild og fjárhagsaðstoð sem heimilið hefur notið hjá almenningi, fyrirtækjum og félagasamtökum. Þetta viðhorf kom greinilega fram þegar Sólheimar fóru á "föst fjárlög."
Athygli vekur hvernig lagagreinin er orðuð "Ráðherra er heimilt að binda starfsleyfi og svo framv...."
Ráðherrar koma og fara. Einn ráðherra notar slíka heimild annar e.t.v. ekki. Þannig getur stjórnarmaður, skipaður af ráðherra, setið í stjórn í eitt ár og næsta ár enginn.
Ráðherraskipaðir stjórnarmenn þiggja opinber laun fyrir stjórnarsetu. Stjórnarstörf í stjórn Sólheima eru ólaunuð. Stjórnarmönnum er þannig mismunað. Stjórnarmenn Sólheima hafa gengist í ábyrgðir vegna rekstrar og framkvæmda Sólheima. Mun fulltrúi ríkisins taka á sig slíkar ábyrgðir?
Heiðarlegra er að ganga hreint til verks og segja það sem höfundar frumvarpsins vilja, að skipa opinbera eftirlitsmenn í stjórn viðkomandi heimila.

Tilgangur þessara lagagreinar leynir sér ekki í greinargerð. Á bls. 42 um ákvæði til bráðabirgða stendur:
"Eins og fram kemur í 15. gr. frumvarpsins er lagt til að félagsmálaráðherra verði heimilt að binda starfsleyfi til handa sveitarfélögum, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum því skilyrði að félagsmálaráðuneytið eigi fulltrúa í stjórn þeirra. Athygli skal vakin á því að þetta á ekki eingöngu

við um þær stofnanir sem komið verður á fót eftir að lög þessi taka gildi, heldur einnig þær stofnanir sem starfræktar eru við gildistöku laganna. Hér er því veittur nokkur frestur til að stofnunum þessum gefist ráðrúm til að skipa nýja stjórn (undirstrikun undirritaðs). Nægilegt er því að umsókn um nýtt starfsleyfi verði lögð fram á næsta ári eftir að lög þessi taka gildi."

5. 16. gr. "Félagsmálaráðherra getur svipt rekstraraðila starfsleyfi að tilllögu svæðisráðs hafi hann ekki uppfyllt kröfur þess eða ráðuneytis um það sem talið er ábótavant í rekstri innan ákveðins tíma."
Þessi grein er óbreytt frá gildandi lögum. Athygli vekur að hún skuli standa áfram óbreytt.
Hvaða kröfur á rekstraraðili að uppfylla? Hvaða brot varða starfsleyfissviftingu?
Rekstraraðili á ekki málsskotsrétt samkvæmt þessari grein. Um er að ræða einhliða ákvörðun félagsmálaráðherra og svæðisráðs. Í frumvarpinu er ekkert sem skýrir þetta mál. Minnt er á að stofnandi Sólheima var svift starfsleyfi með geðþótta ákvörðunum ráðherra og þurfti að sækja það mál til Hæstaréttar. Svifting starfsleyfis er stór og alvarleg ákvörðun.

6. 20. - 33. gr. Atvinnumál
Veikasti þáttur frumvarpsins eru þær greinar sem fjalla um atvinnumál fatlaðra. Góð og fjölbreytt atvinna við skapandi störf skiptir fatlaða ekki minna máli en sjálft búsetuformið.
Í umsögn fjármálaráðuneytis er talið að frumvarpið boði lækkun á kostnaði ríkisins, varðandi atvinnumál fatlaðra og vitnað til 31. gr. frumvarpsins um að fötluðum skuli standa til boða vinna á almennum vinnumarkaði. 31. gr. frumvarpsins er ámóta og að ef í lögum um Veðurstofu Íslands stæði að "gott veður eigi að vera um allt land 365 daga á ári." Lagt er til við háttvirta félagsmálanefnd að atvinnumálakafli frumvarpsins verði samin upp að nýju.
Í flestum Evrópulöndum eru atvinnumál fatlaðra talin erfiðasti þáttur málaflokksins.

7. 38. gr. "Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga á heimilum fatlaðra skv. 3-6 tölul. 11. gr., á sviði einkalífs og meðferðar fjármuna þeirra skulu svæðisráð skipa sérstakan trúnaðarmann fatlaðra á hverju svæði."

Vakin er athygli á þessu nýmæli í lögunum og hversu erfitt verður að fara með mál þetta. Í fljótu bragði mætti ætla að lögin sem slík, reglugerðir, dómstólar, svæðisráð og svæðisskrifstofur, umboðsmaður Alþingis, löggiltir endurskoðendur og hagsmunasamtök fatlaðra gætu tryggt þennan sjálfsagða rétt hins fatlaða án þess að til komi sérstakir opinberir réttindagæslumenn fatlaðra eins og þetta nýmæli í lögunum gerir ráð fyrir. Trúnaðarmenn fatlaðra vegna réttindagæslu fatlaðra eiga eingöngu að starfa á vistheimilum, sambýlum, heimilum fyrir börn og áfangastöðum. Næsta starfsstétt verður e.t.v. trúnaðarmenn aldraðra á öllum elliheimilum landsins, en margir aldraðir eiga mun erfiðara að fara með fjármuni en fatlaðir.

8. 44. gr. "Framkvæmdasjóður fatlaðra greiðir að fullu stofnkostnað þjónustustofnana skv. 10. gr., heimila fatlaðra skv. 3-6 tölul. 11. gr. á vegum ríkisins og samkvæmt samningi við sveitarfélög skv. 14. gr."

Hér er ekki minnst á sjálfseignarstofnanir né félög.

9. Ákvæði til bráðabirgða IV. gr. "Þær stofnanir og heimili fatlaðra, er starfa við gildistöku laganna, skulu á næsta ári eftir gildistökuna senda umsóknir um starfsleyfi í samræmi við 15. gr. laganna. Starfsleyfi skal veita innan árs frá því að umsókn er lögð fram."

Það hlýtur að vekja furðu að heimili sem starfrækt hefur verið í 62 ár skuli þurfa að sækja um starfsleyfi að nýju svo og önnur þau heimili og stofnanir fatlaðra sem starfað hafa fram til þessa. Reynsla Sólheima af meðferð félagsmálaráðuneytisins á starfsleyfisumsókn heimilisins eftir síðustu breytingar á lögunum er slæm. Krafist er breytinga á skipulagsskrá heimilisins og settar fram kröfur sem ekki áttu sér neina stoð í löggjöf. Heimilið var þá svipt þeim rétti að sækja um fé úr framkvæmdasjóði fatlaðra þar sem það hafði ekki starfsleyfi formlega afgreitt af ráðuneytinu. Þrátt fyrir að heimilið væri hið fyrsta á Íslandi og búið að starfa yfir hálfa öld.

Ekki verður séð hvaða tilgangi það þjónar að láta heimili og aðrar stofnanir fatlaðra, sem nú eru starfandi samkvæmt sérstöku starfsleyfi útgefnu af félagsmálaráðuneytinu, sækja um slíkt leyfi að nýju.
Alþingi tekur afsöðu til heimila og stofnana fatlaðra einu sinni á ári með fjárveitingu á fjárlögum. Auðvelt er því fyrir hið opinbera að veita eðlilegt aðhald í gegnum opinberar fjárveitingar.

Hér að framan hafa eingöngu verið nefnd atriði er varða beint sjálfa starfsemi Sólheima. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að málefni fatlaðra færist að nokkru yfir til sveitarfélaga. Þrátt fyrir það er sama stjórnkerfið fyrir þennan málaflokk og aukið við það. Slíkt ástand býður upp á margskonar misskilning og árekstra sem bitnar á hinum fötluðu. Annað hvort á þessi málaflokkur að vera alfarið á vegum ríkisins eða í höndum sveitarstjórna, sjálfseignarstofnana og félaga. Hið síðarnefnda er æskilegast. Má í því sambandi benda á nýja löggjöf í Noregi sem tók gildi 1. janúar 1991 þar sem þessi málaflokkur, þ.e. málefni broskaheftra var færður yfir til sveitarstjórna.

10. Varðandi skipan stjórnarnefndar bendir stjórn Sólheima á að með öllu er óeðlilegt að hagsmunasamtök séu gerð ábyrg fyrir framkvæmd pólitískrar stefnu, með því að tilnefna fulltrúa í stjórnarnefnd. Reynslan hefur sýnt að samábyrgð er hagsmunasamtökum ekki góður kostur og gerir í raun hagsmunasamtök vanhæf til þess að gegna þýðingarmiklu hlutverki sínu. Eðlilegra er

og samræmanlegra lýðræðislegum stjórnarháttum að aðilar úr röðum hagsmunasamtaka fatlaðra sitji þar sem fulltrúar pólitískra flokka, þannig að stjórnarnefnd sé kjörin á Alþingi.

11. Sólheimar eru Heimili eins og hvert annað heimili fólks sem á þar lögheimili (ekki vistheimili) samkvæmt lögum um lögheimili. Sólheimar er skilgreind sem vistheimili "sólarhringsstofnun " eins og í gildandi lögum. Þessi skilgreining er í mótsögn við vilja stofnanda Sólheima, núverandi stjórnenda og heimilisfólks. Þessu mótmælir stjórn heimilisins harðlega og væntir þess að með nýjum lögum verði tryggt að slík skilgreining verði ekki viðhöfð áfram. Að skilgreina Sólheima sem vistheimili kemur í veg fyrir eðlilega þróun og uppbyggingu og sníður starfseminni of þröngan stakk. Sólheimar hafa skapað sér sess í íslenskri menningar- og félagsmálasögu. Slíkt ber að virða.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Sólheima í Grímsnesi,

Pétur Sveinbjarnarson,
formaður.

Fylgiskjal XXIV.

Umsögn Félags þroskaþjálfa.
(31. mars 1992.)

Félag þroskaþjálfa þakkar fyrir að fá að kynna sér og veita umsögn um nýtt frumvarp til laga um málefni fatlaðra og vill sérstaklega láta í ljós ánægju með þær áherslubreytingar frá núgildandi löggjöf sem miða að frekari þátttöku fatlaðra í íslensku samfélagi. Vonandi verða þau skref í þá átt að auðvelda fötluðum að lifa og starfa innan þess og í raun um leið öllum þegnum þessa lands, ekki síst þeim sem eiga undir högg að sækja á einhvern hátt.

Enn fremur vill félagið vekja athygli á því að þroskaþjálfar starfa í órofa tengslum við fatlaða á öllum aldri og hvar sem þá ber niður, enda sú fagstétt sem markvisst miðar nám sitt við þarfir fatlaðs fólks.

Í ljósi þessa þykir Félagi þroskaþjálfa sem þroskaþjálfun hafi ekki verið gefið nægilegt vægi í þessu nýja frumvarpi þó að það hafi ekki komið fram í beinum athugasemdum félagsins.

Athugasemdir um einstakar lagagreinar frumvarpsins.

I. KAFLI

2. gr.

Lagt er til að síðasta málsgrein falli út og í staðinn komi: Enn fremur getur fötlun verið meðfædd og áunnin.

II. KAFLI

5. gr.

Mælt er með því að þjónustusvæði nái yfir fleiri en eitt starfssvæði með tilliti til hagræðingar landfræðilega séð.

IV. KAFLI

12. gr.

Samkvæmt 8. gr. gildandi laga er haft samráð við forstöðumann viðkomandi stofnunar um vistun fatlaðra. Félag þroskaþjálfa telur nauðsynlegt að samráð þetta haldist óbreytt.

Einnig er breyting á 3. mgr. og hljóði hún svo: Sveðisskrifstofur meta þörf hins fatlaða fyrir þjónustu *og* ósk hans um búsetu í samráði við viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðila.

VII. KAFLI

13. gr.

Starfshætti svæðisráðs þarf að skilgreina nánar með tilliti til framkvæmdar á eftirlitsskyldu ráðsins.

Ekkert kemur fram í frumvarpinu sem tryggir framkvæmd á mati umönnunarþarfar fatlaðra og sjúkra barna. Nauðsynlegt er að skýrari ákvæði séu um frmakvæmdina og hvaða fagaðilar annist þetta mat.

VIII. KAFLI

17. gr.

6. tölul. breytist og hljóði svo:

Göngudeild fullorðinna. Athugun, greining og ráðgjöf fatlaðra sem komnir eru á fullorðinsár. Mat á starfshæfni, félagslegri aðlögun, ráðgjöf og tilvísun til viðeigandi aðila fyrir þá sem ekki eiga þess kost á öðrum stofnunum.

7. tölul. breytist og hljóði svo:

Fagleg aðstoð til *svæðisskrifstofa* og að ... í stað „svæðisráða“ eins og stendur í frumvarpinu.

IX. KAFLI

18. gr.

Breyting á 1. mgr. og hljóði hún svo:

Komi í ljós einkenni eftir fæðingu er benda til þess að barn geti verið fatlað *ber að tilkynna foreldrum það* og hlutast til um að fram fari frumgreining.

19. gr.

Lagt er til að síðasta málsgrein verði felld út og í staðinn komi:

Verði þeir þess áskynja að barn hafi einkenni um fötlun skal upplýsa forráðamenn um það og í samráði við þá tilkynna Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

XI. KAFLI

27. gr.

Við þessa grein bætist upptalning á innihaldi þjónustunnar, sbr. 6. gr. gildandi laga, með eftirtöldum breytingum:

2. liður Þroskaþjálfun sem áður var „Þroskaþjálfun og leikfangaþjónusta“.

3. liður Leikfangaþjónusta sem áður var „Þroskaþjálfun og leikfangaþjónusta“.

4. liður Menntamál sem áður var „Sérkennsla og námsráðgjöf“.

5. liður Hjálpartæki og ferðaþjónusta sem áður var „Hjálpartæki og flutningaþjónusta“.

XII. KAFLI

Félag þroskaþjálfa leggur áherslu á að félagsmálaráðuneytið setji reglugerð um atvinnumál fatlaðra, liðveislu, starfsþjálfun o.fl. Komi sú málsgrein í beinu framhaldi af 33. gr.

XV. KAFLI

38. gr.

Í grein þessari kemur fram að svæðisráð skipi sérstakan trúnaðarmann fatlaðra á hverju svæði. Hérna vantar nánari skilgreiningu á starfssviði hans og samræmingu við greinargerð.

Breyting á 1. mgr. 1. gr.: Fellt verði út „á heimilum fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 11. gr.“

Breyting á 2. mgr. 2. gr.: Fellt verði út „forstöðumenn viðkomandi heimila“ og í staðinn komi: allir er málið varðar.

Breyting á 1. mgr. 4. gr. og hljóði hún svo: Telji einhver að réttur fatlaðra sé ekki virtur skal tilkynna það trúnaðarmanni sem kannar það tafarlaust.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Félags þroskaþjálfa,
Margrét Ríkarðsdóttir, formaður.

Fylgiskjal XXV.

Umsögn Þroskaþjálfaskóla Íslands.
(25. mars 1992.)

Fastir kennarar við Þroskaþjálfaskóla Íslands hafa fundað með yfirkennara og skólastjóra og skoðað frumvarpið með tilliti til umbeðinnar umsagnar. Eftirfarandi var rætt á fundunum:

Við erum sátt við anda þessara laga og fögnum þeim vilja til að standa vörð um hag og tilveru fatlaðra sem þar birtist. Við lestur og athugun var margspurt: "Hvernig verða markmið laganna og framkvæmd tryggð þannig að þau verði annað og meira en áferðarfallegt plagg?" Nú verður vikið að einstökum greinum.

I. kafli.
2.gr. Hér virðist okkur andinn vera í þá átt að verið sé að tala um ungt fatlað fólk en hvorki börn né aldraða. Einnig eru taldar upp nokkrar tegundir fötlunar. Frekar hefðum við kosið að lögiin tækju til allra þeirra sem fatlaðir eru, óháð heiti fötlunar og ástæðum hennar og því hvenær hún verður á æviskeiðinu.

II.kafli
2. gr. Við köllum eftir ákvæði um eftirlit sem felur í sér leiðsögn sem styrkir framkvæmd laganna.
3. gr. Hér vantar að kveðið sé á um hvaða menntun og reynslu fólk skal hafa til að það sé ráðið í nefnd störf. (sbr. ákvæði í VIII kalfa, 17.gr. um forstöðumann Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.)

III. kafli.
7.gr.Við fögnum sérstaklega anda þessarar greinar.

IV. kafli.
4.gr.Vísast til umsagnar VIII. kafla, 17. gr.

V. kafli.
10.gr. Hér köllum við eftir afdráttarlausu ákvæði um aðstoð við foreldra fatlaðra barna sem vilja hafa börn sín heima eins lengi og kostur er. Einnig teljum við þörf á að ákvæði verði sett í lög þessi um starfrækslu skólaheimilis fyrir fötluð börn.

VI. kafli.
11.gr.Við leggjum til að síðasta setning greinarinnar verði felld út og í staðinn komi: "Búseta fatlaðra skal vera hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli". Þá teljum við að í einhverjum almennum lagabálki um réttindi borgaranna stæði að óheimilt væri að vísa fólki úr íbúðarhverfi sökum fötlunar eða einhvers sérstaks útlits.

VII kafli.
13. gr. Hvaða menntun skal það fólk hafa sem annast margslungin störf sem greinin lýsir?

14.gr. Ef þjónusta við fatlaða verður meira en áður hefur verið á ábyrgð sveitarfélaga teljum við brýna þörf að setja um það ljós ákvæði að ríkinu beri skýlaus skylda til að styrkja fámenn sveitafélög til þess að þau geti orðið við ákvæðum laganna. Í öllum tilvikum þarf ábyrgur aðili að hafa eftirlit með því að sveitafélögin sinni hlutverki sínu.

16.gr.Hér köllum við eftir ákvæði um að inni séu aðilar sem færir eru um að meta og veita leiðbeiningu um innra starf stofnana, það sem snýr beint að íbúunum. Heill og hamingja íbúanna kann að velta á hve vel er að þessum þáttum staðið.

VIII. kafli
17.gr.4. Setningin: "Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda .....þegar þess er óskað" verði: "Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda .....og fylgi henni eftir." Hér óskum við eftir ákvæði um að Greiningar- og ráðgjafarstöðinni beri skylda til eftirfylgdar í réttu lífsumhverfi barnanna / skjólstæðinga sinna.

6. Við fögnum þessu nýmæli.

IX. kafli.
Við leggjum til að heiti kaflans verði: "Málefni fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra."

19.gr.Hverjir eru "starfsmenn"? Er hér átt við faglærða og ófaglærða? Við teljum að hér vanti ákvæði sem tryggir að viðkomandi starfsstéttir hafi og / eða fái þá menntun sem þarf til að þær geti gegnt þessu hlutverki.
Einnig leggjum við til að hér verði sett inn ákvæði um að yfirvöldum beri að fræða almenning um ýmsar tegundir fatlana og hvar er hjálpar að leita.

Okkur þykir orðalag kaflans (gr. 18-24) loðið hvað varðar hver er ábyrgur fyrir því að markmið greina kaflans nái fram að ganga. Verður ekki að ákveða hver er í raun ábyrgur?

X. kafli.
25.gr. Í setningunni " Sveitafélögin skulu eftir föngum" verði "eftir föngum" fellt út.

XI. kafli.
27.gr. Málsgreinin :" Starfrækja skal sérstakar..... fyrir fatlaða sem geta veitt þroskaþjálfun....." verði " Starfrækja skal sérstakar ....."fyrir fatlaða sem veita þroskaþjálfun.....".

28.gr. Hér vantar ákvæði um að heimilt sé að veita fötluðum aðstoð til ADL þjálfunar og alhliða þroskaþjálfunar.

XII. kafli.
Varðandi atvinnumálin teljum við alveg nauðsynlegt að tryggt sé að vinnuveitandinn fái aðstoð þegar hann ræður til sín fatlaða einstaklinga sem ekki eru fullgildir starfsmenn. Aðstoðin getur verið með ýmsu móti en við teljum að tryggja verði að atvinnuveitendur beri ekki skaða af því að hafa fatlaða í vinnu. Annars er hætta á að þeir yrðu neðstir á lista þeirra er völ ættu á vinnu.

XIV. kafli.
35. og 36. gr. Við óttumst vangetu sveitarfélaga á landsbyggðinni til að verða við ákvæðum þessara greina. Hér finnst okkur vanta ákvæði um eftirlitsaðila sem hefði vald til að sjá um að lögin nái fram að ganga. Hugsanlega þarf í reynd baktryggingu ríkisins.

XV. kafli.
38.gr. Hér er talað um trúnaðarmann. Við teljum að hér væri farsælla að hafa trúnaðarráð af því að erfitt og óvinsælt er að taka á innri málum stofnana og hætt er við að fáir fengjust til að vera virkir trúnaðarmenn. Í greininni er gert ráð fyrir frumkvæði hins fatlaða, aðstandenda o.fl er skuli hafa samband við trúnaðarmann. Ekki er að sjá að trúnaðarmaður geti haft frumkvæði til að taka á máli eins og kynni að vera þörf á. Væri það óeðlilegt ?

XVIII. kafli.
55.gr. Hér er rætt um þagmælsku. Við teljum að eðlilegra væri í ljósi þróunar í dag að tala um fyllsta trúnað. Blöndun og virkari þátttaka fatlaðra í samfélaginu hefur að okkar mati gefið kröfunni um þagmælsku annan blæ en áður var. Við leggjum til að hugtakið trúnaður verði vel skilgreint bæði fyrir þá sem starfa með fötluðum og öðrum og auk þagmælsku verði megin áhersla lögð á fyllsta trúnað við skjólstæðingana. Við teljum brýna þörf á að siðaviðmið séu skýr og að fólk komi sér saman um siðareglur sem það treystir sér að lifa við.

Bryndís Víglundsdóttir, skólastjóri.

Fylgiskjal XXVI.

Umsögn Vinnumiðlunar fyrir fatlaða.
(19. mars 1992.)

Athugasemdir við XII. kafla — Atvinnumál.

Undirrituð mun takmarka umfjöllun sína um frumvarpið við þann kafla sem fjallar um atvinnumál, þar sem hún þekkir best til. Ég hef starfað hjá Vinnumiðlun fyrir fatlaða, Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar í um 7 ár og vil gera eftirfarandi athugasemdir við ofangreindan kafla frumvarpsins í ljósi reynslu minnar af þessum málaflokki:

30. gr. : Rætt er um skyldu til að veita fötluðum sérstaka liðveislu á vinnustað. Ekki er útskýrt í greinargerð með frumvarpinu hvað við er átt. Eðlilegt hefði verið að útlista þetta nánar þar sem hér er kveðið á um skyldu til að veita þjónustu og talað um að slíkt sé nýmæli hér á landi.

Í greininni segir að veita skuli fötluðum starfsþjálfun í almennum fyrirtækjum og stofnunum þar sem því verður við komið. Í greinargerð með frumvarpinu er talað um að hér sé um nýmæli að ræða. Undirrituð vill hins vegar benda á að í gildi hefur verið Reglugerð um öryrkjavinnu, sem að vísu hefur reynst gagnslítil sökum annmarka sem á henni voru frá upphafi. Þar er kveðið á um að Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið greiði hluta launa öryrkja sem ráðnir eru til fyrirtækja á almennum vinnumarkaði. Starfshópur um atvinnumál fatlaðra vinnur nú í nánu samstarfi við Tryggingastofnun ríkisins að endurskoðun þessarar reglugerðar.

Hægt er að hugsa sér að Félagsmálaráðuneytið greiði einnig götu fatlaðra inn í fyrirtæki á almennum vinnumarkaði en þá á annan hátt en Reglugerð um öryrkjavinnu kveður á um - þannig yrðu valmöguleikar fleiri. Því miður er ekkert dæmi tekið í greinargerð með frumvarpinu hvernig sú starfsþjálfun sem um er fjallað í þessari grein yrði skipulögð.

Undirrituð vill geta þess hér að hún hefur gert ítarlegar tillögur varðandi eitt hugsanlegt fyrirkomulag starfsþjálfunar á almennum vinnumarkaði - sem nefnt hefur verið vinnuaðlögunargreiðslur. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að helmingur launa hins fatlaða sé greiddur í 3 mánuði. Slíkt fyrirkomulag hefur verið reynt í einu fyrirtæki í Reykjavík og reynst vel. Starfsþjálfun sem þessi hæfir einkum þeim sem hafa allnokkra reynslu á vinnumarkaði en eiga í erfiðleikum að komast inn fyrir dyr fyrirtækja til að spreyta sig. I þessu fyrirkomulagi er ekki gert ráð fyrir möguleika á jafnmikilli niðurgreiðslu og Reglugerð um öryrkjavinnu kveður á um og tímabil vinnuaðlögunargreiðslna stæði aldrei lengur en í 3 mánuði.

Erfitt er að ráð í hvort með hugtakinu starfsþjálfun er átt við aðstoð við almenna vinnuaðlögun eins og að ofan greinir eða mun viðameiri þjálfun í fyrirtækjum sem beinist að undirbúningi til ákveðins afmarkaðs starfs sem tekur mun lengri tíma að tileinka sér og þar sem hinn fatlaði þarf mun meiri beina kennslu heldur en gert hefur verið ráð fyrir í hugmyndum um vinnuaðlögunargreiðslur.

31.gr.: I upphafi greinarinnar segir að skylt sé að vernduð vinna standi fötluðum til boða. Engin skilgreining er í greinargerð með frumvarpinu hvað átt er við með hugtakinu vernduð vinna en vísað í að slík tilraun hafi verið gerð hér á landi. Mikilvægt er að hafa skilgreiningu á þessu hugtaki þar sem hér er verið að tala um skyldu að veita þessa þjónustu. Erfitt er að sjá hvernig hægt yrði að skylda fyrirtæki á almennum vinnumarkaði til að veita þessa þjónustu - eðlilegra hefði verið að orða greinina á annan hátt, hér byggist allt á því að ná samvinnu við fyrirtæki um svona starfsemi.

Nýmæli er að nú verður aðeins heimilt að starfrækja verndaða vinnustaði á hverju svæði. Ekki er ólíklegt að með tilkomu þessara nýju laga muni framlög til þeirra vernduðu vinnustaða sem fyrir eru

skerðast. Mjög líklegt er að erfiðara yrði um vik að stofnsetja nýja verndaða vinnustaði þótt verkefni og góðar forsendur a.ö.l. væru til staðar. Eðlilegt væri að í umdæmi Svæðisstjórnar Reykjavíkur þar sem búa um 100.000 manns, yrði ekki aðeins um heimildarákvæði að ræða heldur skyldu.

Í Reykjavík er eftirspurn eftir plássum á vernduðum vinnustöðum mjög mikil og langtum meiri en hægt er að fullnægja. Hvað Reykjavík varðar er ekki raunhæft að ætla að úrræði á almennum vinnumarkaði geti leyst verndaða vinnustaði af hólmi og gert þá óþarfa í náinni framtíð. Það mun taka langan tíma að þróa starfsþjálfun í fyrirtækjum á almennum vinnumarkaði enda ekki æskilegt að gera slíkt í miklum flýti, heldur vanda vel til og læra af reysnlunni. Ekki má gleyma því að hér byggist allt á að ná samvinnu við fyrirtæki um slíkt fyrirkomulag.

Það er skoðun undirritaðrar að þrátt fyrir alls kyns stuðnings aðgerðir á almennum vinnumarkaði verði í Reykjavík áfram í náinni framtíð þörf fyrir verndaða vinnustaði fyrir þá sem eru alls ekki samkeppnisfærir á almennum vinnumarkaði, þurfa mikla aðstoð og leiðbeiningu vegna mjög skertrar vinnugetu. Enda þótt einhverjir sem svona er ástatt um kæmust á almennan vinnumarkað með miklum stuðningi er eftirspurnin eftir vinnu á vernduðum í Reykjavík slík og fjöldi öryrkja það mikill (um helmingur allra öryrkja á landinu býr í höfuðborginni) að valkosturinn verndaður vinnustaður yrði að vera til.

Síðast í greininni segir: "Verndaðir vinnustaðir skulu annars vegar veita fötluðum starfsþjálfun svo að þeir geti starfað á frjálsum vinnumarkaði. Hins vegar skulu þeir veita fötluðum launuð störf". (Athugasemd er gerð við orðalagið frjáls vinnumarkaður, almennur vinnumarkaður er eðlilegra orðalag).

Auðvelt er að skilja þessa grein svo að fólk í starfsþjálfun á vernduðum vinnustöðum fái ekki laun þar sem á hinn bóginn aðrir á vernduðum vinnustöðum fái greitt fyrir sína vinnu.

Tekið skal fram að þeir vernduðu vinnustaðir á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem skilgreina sig sérstaklega sem starfsþjálfunarstaði, greiða fötluðum laun í dag. Eiga þeir hinir sömu vernduðu

vinnustaðir að hætta að greiða fötluðum laun verði þetta frumvarp að lögum? Undirrituð telur slíkt afar hæpna ráðstöfun. Hins vegar væri spurning hvort ekki væri hægt að hafa sérstaka starfsþjálfunartaxta - ef slíkt stæðist lög.

Hafa ber í huga að þó að verndaður vinnustaður skilgreini sig ekki sem starfsþjálfunarstað er ekki þar með sagt að störf sem þar eru unnin hafi ekkert þjálfunargildi.

Undirrituð veit ekki um neinn verndaðan vinnustað sem Vinnumiðlun fyrir fatlaða hefur samvinnu við sem greiðir engin laun í dag.

Það eina sem gæti réttlætt að greiða engin laun í starfsþjálfun á vernduðum vinnustað er að starfsþjálfunin væri nánast byggð upp sem skóli eða sem kerfisbundið námsskeið sem undirbyggi hina fötluðu undir viss afmörkuð störf svo sem trésmíði, bókband, vélritun, bókhald svo að eitthvað sé nefnt.

Lagt er til að hugmyndir um launalausa starfsþjálfun á vernduðum vinnustöðum verði tekin til vandlegrar endurskoðunar og breytingar.

32.gr.: Hvers vegna er nauðsynlegt að festa í lög að kannanir skuli endurteknar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti? Eðlilegra væri að gera könnun þegar brýn þörf er á því burtséð frá vissu árabili sem liðið hefur frá síðustu könnun . Félagsmálaráðuneytinu ætti að vera vel treystandi til að meta hvenær þörf er á slíku framtaki í samráði við viðkomandi aðila. Könnun - könnunarinnar vegna - getur ekki þjónað neinum tilgangi og mun brýnna er að meta hverju sinni hvenær hennar í raun og veru er þörf.

33 gr.: Í þessu sambandi er rétt að minna á að síðustu árin hefur það því miður mjög færst í vöxt að opinberar stofnanir auglýsi störf undir dulnefni. Meðan svo er geta fatlaðir alls ekki ekppt á jafnréttisgrundvelli um þessi störf þrátt fyrir þessa nýju lagagrein.

Vonast er til að Félagsmálanefnd taki til umræðu og athugunar þær athugasemdir sem hér hafa verið gerðar við atvinnumálakafla frumvarpsins.

Undirrituð er tilbúin að skýra mál sitt frekar hvað varðar atvinnumál fatlaðra.

Bréf þetta hefur verið kynnt Atvinnumálanefnd Reykjavíkurborgar og hefur nefndin ekki gert athugasemdir við bréfið.

Virðingarfyllst,

Elísabet Guttormsdóttir,
deildarstjóri
Vinnumiðlunar fyrir fatlaða.

Fylgiskjal XXVII.

Umsögn stjórnar Blindrafélagsins.
(22. mars 1992.)

Stjórn Blindrafélagsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um málefni fatlaðra, sem nú liggur fyrir Alþingi. Stjórnin hefur farið yfir frumvarpið og vonast til þess að það nái fram að ganga. Stjórn Blindrafélagsins telur þó nauðsynlegt að benda á nokkur atriði, sem fara mættu betur að hennar mati:

1. Svæðisráð
   Í frumvarpinu (3. kafla, stjórn og skipulag) er lagt til að svæðisráð taki við af núverandi svæðisstjórnum. Stjórnin tekur ekki afstöðu til þessarar breytingar, en vill benda á að nauðsynlegt er að tryggja áhrif heimamanna á ákvarðanir í hverju kjördæmi, sem varða málefni fatlaðra. Þá væri æskilegt að svæðisráð hefðu tillögu- eða umsagnarrétt um ráðningu framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu á hverjum stað.

2. Ferðaþjónusta
   Í 36 grein frumvarpsins er kveðið á um að sveitarfélög skuli sjá fötluðum fyrir ferðaþjónustu, svo að þeir geti notið náms, atvinnu eða tómstunda. Þar er einnig kveðið á um að fatlaðir skuli njóta ferðaþjónustu samkvæmt 1.-5. tölulið 10. greinar frumvarpsins.

   Stjórn Blindrafélagsins telur að setja þurfi mjög skýrar reglur um ferðaþjónustu sveitarfélaga eða ríkisins. Komið hefur í ljós að ferðaþjónusta handa fötluðum er ótrygg. Þegar skórinn kreppir að, er fyrst skorið á hana (sbr. Kópavog).

3. Fjármögnun framkvæmda
   Í 14. grein og 41. grein frumvarpsins er fjallað um fjármögnun framkvæmdasjóðs fatlaðra vegna framkvæmda. Nú er sett það nýmæli í frumvarpið að framkvæmdasjóður skuli fjármagna viðhald þeirra fasteigna, sem hýsa starfsemi fyrir fatlaða. Stjórn Blindrafélagsins telur þetta ákvæði mjög varhugavert. Ef framkvæmdasjóður á að fjármagna viðhald, þarf að auka fé til hans sem þeim fjárútlátum nemur. Þá þarf að kveða skýrar á um hvaða aðilar geti sótt um styrk í þessa veru. Óljóst er um eldri byggingar, sem félagasamtök hafa reist, en ef lagaákvæði þessa frumvarps eru túlkuð þröngt, mætti ætla að þær væru undanþegnar styrkjum til viðhalds.

4. Um verndaða vinnustaði
Í 10. grein frumvarpsins er kveðið á um að starfrækja skuli þjónustustofnanir fyrir fatlaða í því skyni að koma til móts við sérstakar þarfir þeirra svo að þeir geti lifað sjálfstæðu og eðlilegu lífi. Þessar stofnanir eru taldar upp. Nr. 3 eru þar taldir upp verndaðir vinnustaðir.

Í 31. grein, annarri málsgrein segir að heimilt sé að reka verndaða vinnustaði. Nánar er svo kveðið á um hlutverk vinnustaðanna. Stjórn Blindrafélagsins bendir á ákveðna misvísun þarna. 31. greinin dregur úr skyldum þeim, sem felast í 10. grein frumvarpsins.

Í athugasemdum frumvarpsins segir svo orðrétt um verndaða vinnustaði og að nú sé aðeins heimilt að starfrækja þá:

"Rökin fyrir þessum nýju áherslum eru þau að annars vegar hefur komið í ljós að verndaðir vinnustaðir eru mjög fjármagnsfrekir og líkur benda til að þeim fjármunum yrði betur varið með því að stuðla að því að fatlaðir fái atvinnu á óverndaðum vinnumarkaði. Hins vegar hafa margir orðið til að draga í efa raunverulegt gildi verndaðra vinnustaða til hæfingar þar sem athuganir benda til að mörgum þeirra sem útskrifast á almennan vinnumarkað vegnar ekki alltaf vel. Ljóst er þó að verndaðir vinnustaðir henta ákveðnum hópi fatlaðra sem undirbúningur undir störf á almennum vinnumarkaði og jafnframt að viss hluti fatlaðra kýs fremur að eiga kost á varanlegri atvinnu á vernduðum vinnustöðum en að reyna fyrir sér í óvernduðu starfsumhverfi".

Stjórn Blindrafélagsins lýsir furðu sinni á þessari athugasemd. Blindrafélagið hefur starfrækt verndaðan vinnustað í rúma fimm áratugi. Jafnframt skal félagið leitast við að koma sjónskertu fólki að þeim störfum sem það getur leyst af hendi (sbr. 3. grein laga félagsins). Vitað er að fatlað fólk er ákaflega misjafnlega til atvinnu farið eins og ófatlað fólk. Verndaður vinnustaður er oft á tíðum eina lausnin fyrir þetta fólk. Ef atvinna væri ekki fyrir hendi, kæmu upp ýmiss félagsleg vandamál, sem þyrfti að leysa með dýrum aðgerðum. Því álítur stjórn Blindrafélagsins að því fjármagni, sem varið er til verndaðra vinnustaða, sé vel varið. Það hefur sálrænt gildi fyrir alla að hafa atvinnu við sitt hæfi. Sé fötluðum sköpuð atvinna, greiða þeir sína skatta og skyldur til þjóðfélagsins og þeim finnast þeir vera nýtir þjóðfélagsþegnar. Því er nauðsynlegt að undirstrika í lögunum að starfrækja skuli verndaða vinnustaði, en draga úr heimildinni. Stjórn Blindrafélagsins hefur sannreynt að viðhorf þau, sem birtast í athugasemdum frumvarpsins lýsa fremur skoðun eða vanþekkingu embættismanna, sem sömdu frumvarpið, en skoðun allra nefndarmanna.

Þá leggur stjórn Blindrafélagsins til að ákvæði í 33. grein frumvarpsins um forgang fatlaðra til atvinnu hjá hinu opinbera verði miklu ákveðnari.

Fylgiskjal XXVIII.

Umsögn samstarfshóps um málefni daufblindra.
(1. apríl 1992.)

(Í hópnum eru fulltrúar Félags heyrnarlausra, Blindrafélagsins, Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra, Sjónstöðvar Íslands, Tryggingastofnunar ríkisins, Sambýlis blindra og stjórnarfulltrúa í Norrænu menntamiðstöðinni fyrir daufblindrastarfsmenn (NUD).)

Samstarfshópur um málefni daufblindra telur að hagsmuna daufblindra sé ekki nægilega gætt í frumvarpi þessu.

Daufblinda er sérstök og mjög alvarleg fötlun, sem ekki ræðst aðeins af umfangi sjónskaða ásamt heyrnarskerðingu. Vegna þess að fötlunin er tvíþætt takmarkar hún iðulega nýtingu þeirrar sjónar og heyrnar sem eftir er, t.d. getur daufblindur oft ekki nýtt sér tilboð ætlað sjón- eða heyrnarskertum.
Daufblinda veldur mjög alvarlegri einangrun einstaklingsins, hann þarf sérhæfðar boðskiptaaðferðir til að hafa samskipti við aðra, getur ekki aflað sér upplýsinga nema eftir sérhæfðum leiðum og getur ekki farið sinna ferða án sérstakra ráðstafana.

Til að rjúfa einangrun daufblindra, og ekki síður til þess að fyrirbyggja einangrun þeirra sem eru að verða daufblindir er nauðsynlegt að tryggja rétt þeirra til hæfingar/endurhæfingar, stoðtækja og aðstoðar/túlkunar.

Tryggja verður rétt þeirra til máls, þannig að daufblindir og þeir sem eru að verða daufblindir hafi rétt til að læra táknmál hjá samskiptamiðstöð heyrnarlausra eða önnur málkerfi ef það hentar einstaklingnum betur. Daufblindir þurfa sérstaka táknmálskennslu þar sem þeir verða að lesa táknmálið með höndunum, sumir daufblindir nota fingrastafróf sem stafað er í lófa, en það er seinvirk samskiptaaðferð.

Tryggja verður rétt þeirra til tækjabúnaðar til samskipta við aðra, þ.m.t. tölvur. Í því sambandi er ekki síst þörf á að benda á þarfir þeirra sem eru að verða daufblindir, til að tryggja framtíð þeirra.

Tryggja verður rétt þeirra til túlkunar/leiðsagnar. Daufblindratúlkur er ekki aðeins eyru og munnur hins daufblinda heldur þarf hann einnig að miðla öllu því sem gerist í umhverfinu.

Fyrir hönd samstarfshópsins,

Anna Soffía Óskarsdóttir,
stjórnarfulltrúi NUD.

Kristín Jónsdóttir,
blindraráðgjafi.

HVAÐ ER DAUFBLINDA?

DREIFIBRÉF

Málefni daufblindra hafa lítt verið í sviðsljósinu hér á landi fram til þessa. Á hinum Norðurlöndunum hófust athuganir á aðstæðum daufblindra um 1980. Þetta hefur leitt til ýmissa aðgerða t.d. í kennslumálum daufblindra. Einnig hefur talsvert starf verið unnið í þá átt að skilgreina daufblindu og þær hömlur, sem fylgja henni. En hvað er daufblinda?

Norræn skilgreining á daufblindu:

"Einstaklingur er talinn daufblindur, þegar hann er haldinn samtímis alvarlegum sjón- og heyrnarskaða. Margir daufblindir eru algerlega blindir og heyrnarlausir. Aðrir hafa mismunandi miklar leyfar sjónar og heyrnar. Þar sem fötlunin er tvíþætt, takmarkar hún möguleikana á nýtingu þeirrar sjónar og heyrnar, sem eftir er. T.d. geta daufblindir ekki notfært sér ýmsa möguleika sjón- eða heyrnarskertra. Daufblindir lenda því oft í miklum vandræðum hvað varðar skólagöngu, framhaldsnám, atvinnu, fjölskyldu- og félagslíf og útilokar einstaklinginn frá því að takavið upplýsingum og hafa eðlil. samskipti við umhverfi sitt. Fyrir þá, sem fæddir eru daufblindir eða hafa orðið það á unga aldri, verða aðstæðurnar enn erfiðari þegar við bætast vandamál hvað snertir persónuleika eða atferli. Slík vandamál rýra enn frekar möguleikana á að nýta það sem væntanlega er eftir af sjón og heyrn og gerir erfiðara um vik að þroska með sér aðra eiginleika. Það verður því að líta á daufblindu sem sérstaka tegund fötlunar, sem krefst sérstakra aðferða til að ná sambandi við aðra og bjarga sér í daglegu lífi."

Nýlega var stofnaður hér á landi samstarfshópur um málefni daufblindra á Íslandi. Í honum eiga sæti fulltrúar Blindrafélagsins og Sjónstöðvar íslands, Félags heyrnarlausra og Samskiptastöðvar, sambýlis fatlaðra og Tryggingastofnunar ríkisins. Markmið þessa hóps er að gera úttekt á þessum

málum hér á landi og leita leiða til úrbóta. Fyrsta skrefið er kynning á daufblindu sem fötlun og könnun á fjölda daufblindra og aðstæðum þeirra.
Fötlun daufblindra er mjög mismunandi mikil og má skipta þeim í tvo hópa:

1) Þeir, sem fæddir eru með alvarlega sjón- og heyrnarskerðingu svo og þeir sem hlotið hafa slíka fötlun áður en þeir lærðu að tala.

2) Þeir, sem hljóta alvarlega sjón- og heyrnarskerðingu seinna á ævinni:

a) Heyrnarlausir eða mikið heyrnarskertir, sem fá allvarlega sjónskerðingu.
b) Blindir- og mikið sjónskertir, sem fá alvarlega heyrnarskerðingu.
c) Þeir, sem sjá og heyra eðlilega en af einhverjum ástæðum fá bæði alvarlega sjón- og heyrnarskerðingu

Hér á landi eru þekktir tæplega 30 einstaklingar, sem geta talist daufblindir. Grunur leikur á að þessi hópur sé töluvert stærri og því mikilvægt að finna alla þá einstaklinga, sem eru mikið sjón- og heyrnarskertir svo hægt sé að veita þeim alla þá aðstoð sem völ er á. Mjög mikilvægt er að greina þessa einstaklinga snemma og einnig þá, sem eru í áhættuhópum t.d. vegna hratt versnandi sjónar- og eða heyrnar.

Daufblindir eru mjög alvarlega fatlaðir einstaklingar og í sumum tilfellum algjörlega einangraðir frá umhverfinu. Þessa einangrun er hægt að rjúfa með markvissum aðgerðum og fyrirbyggjandi ráðstöfunum. Það ætti því öllum að vera ljóst að hér er um þjóðþrifamál að ræða!

Ákveðið hefur verið að senda fljótlega spurningalista á allar heilsugæslustöðvar. Á þessum lista verða spurningar bæði almenns eðlis en einnig meira sérhæfðar spurningar. Hér er um viðamikið átak að ræða og því nauðsynlegt að virkja sem flesta aðila til samstarfs. Skorað er á alla héraðslækna og aðra þá aðila, sem fá þessa spurningalista í hendur að svara þeim fljótt og skilmerkilega.

Fylgiskjal XXIX.

Umsögn Félags heyrnarlausra og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Í 6. grein núgildandi laga stendur:

"Á hverju svæði skal stefnt að því að eftirfarandi þjónusta verði veitt:"

Í þessari upptalningu ætti að vera túlkaþjónusta í íslensku táknmáli. Því til þess að heyrnarlausir geti notfært sér þjónustu 6. gr. og aðra þjónustu samfélagsins verður hún að standa til boða á táknmáli eða vera túlkuð af táknmálstúlki.

Í IV kafla 16. gr. 2. stendur: "Gerð, prófun og mat viðeigandi meðferðar- og þjálfunaráætlana. Ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir foreldra/forráðamenn eða aðra meðferðaraðila"

Við viljum að greinin verði: "Gerð, prófun og mat viðeigandi meðferðar- og þjálfunaráætlana ef grunur er um heyrnskerðingu eða daufblindu verði það gert í samráði við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Ráðgjöf ... "

Í kaflann um rekstur og kostnað verði bætt grein:

"Kostnaður vegna þjónustu táknmálstúlka verði greiddur úr ríkissjóði.

Athugasemdir við frumvarp til laga um málefni fatlaðra.

Í III Kafla **Almenn þjónusta** 7. gr. stendur:
"Fatlaðir skulu eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ávallt skal leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis og félagsþjónustu. Reynist þjónustuþörf hins fatlaða...

Þessi grein viljum við að breytist:
"Fatlaðir skulu eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ávallt skal leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis og félagsþjónustu. *Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir (eða þeir sem eiga í erfiðleikum með samskipti á rödduðu máli) skulu eiga rétt á þjónustu táknmálstúlks til þessarar þjónustu.* Reynist þjónustuþörf hins fatlaða...

IV. KAFLI **Stoðþjónusta** 9. gr.

"Veita skal fötluðum þjónustu sem miðar að því að gera þeim kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra. Stoðþjónustu þessa skal veita á hverju svæði með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað...
Ef stoðþjónustan er bundin við það sveitarfélag sem sá fatlaði býr í viljum við að fram komi að heimilt sé að veita þeim, sem eiga í erfiðleikum með samskipti á rödduðu máli, þjónustu þessa á þeim svæðum þar sem túlkaþjónusta stendur til boða.

VII. KAFLI
Framkvæmd þjónustunnar
13. gr.

Í þessum kafla vildum við að fram kæmi að svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra hefðu samráð við SHH um mat á þörf hins fatlaða fyrir þjónustu ef grunur léki á að hinn fatlaði væri heyrnarskertur eða daufblindur.
Einnig að tryggt væri að hinn fatlaði fengi þjónustu táknmálstúlks við alla þjónustu á svæðinu.

VIII. KAFLI
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
17. gr.

1. Athugun, rannsókn og greining á fötluðum sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði. *Ef grunur leikur á að um*

heyrnskerðingu eða daufblindu sé að ræða verði samráð við Samskiptamiðtöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

2. Gerð, prófun og mat viðeigandi meðferðar- og þjálfunaráætlana *ef grunur er um heyrnskerðingu eða daufblindu verði það gert í samráði við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.* Ráðgjöf og leiðbeiningar ... "

IX: KAFLI
Málefni barna og fjölskyldna fatlaðra.
18. gr.

Verði:
Komi í ljós einkenni eftir fæðingu er benda til þess ... ...Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins sem leitar heppilegra úrræða í samráði við foreldra, svæðisskrifstofu, *Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra ef grunur er um heyrnskerðingu eða daufblindu* og aðra þá aðila er þurfa þykir.

Bætt verði inn nýrri grein í þennan kafla sem veitir fjölskyldum heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufbindra barna rétt til þess að sækja táknmálsnámskeið við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra sér að kostnaðarlausu.

XII. KAFLI
Atvinnumál

Gefa þarf sérstakan gaum atvinnumálum heyrnarlausra. Í aldurshópnum frá 20-30 ára er nú um 20% atvinnuleysi. Þetta atvinnuleysi er meðal ungra, hraustra og velgefinna einstaklinga og stafar að langmestu leyti af hindrunum við samskipti á vinnustað. Afleiðingarnar verða á báða bóga misskilningur, fordómar og vanlíðan. Fræðsla um heyrnarlausa, örstutt kynning á vinnustað og heimsókn túlks einu sinni í viku, jafnvel táknmálsnámskeið myndi gjörbreyta þessu ástandi.

Þegar heyrnarlausir fara í viðtal vegna vinnu eiga þeir að hafa heimild til að fara með sérstakan ráðgjafa sem þekkir vel heim heyrnarlausra, mál þeirra og menningu og túlk. Hlutverk ráðgjafans er að upplýsa og fræða á báða bóga en túlksins að túlka á milli íslensku og táknmáls það sem fram fer.

XVII. KAFLI
Fjármögnun og rekstur.
Rekstur.

Bætt verði inn nýrri grein:
Kostnaður vegna fastráðinna túlka við túlkaþjónustu ríkisins (túlkaþjónustu SHH) skal greiddur úr ríkissjóði.

NÝR KAFLI

Sérstaklega þarf að tryggja rétt heyrnarlausra og daufblindra til þess að eiga rétt á að fá tæki til samskipta við umheiminn eins og textasíma. Textasímar eru tölvur - með blindraletursskjá fyrir daufblinda, sem gera heyrnarlausu fólki mögulegt að nota síma. Þessar tölvur geta einnig tengst t.d. fréttastofum eða dagblöðum og þannig gert daufblindum manni kleift að fylgjast með fréttum eða slúðri. Samkvæmt núgildandi lögum eiga daufblindir ekki rétt á að fá styrk til þess að kaupa svona tæki vegna þess að það er hvorki notað til atvinnu eða náms.

F.h. Félags heyrnarlausra,
Haukur Vilhjálmsson.

F.h. Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra,
Valgerður Stefánsdóttir.

Fylgiskjal XXX.

Umsögn Geðhjálpar.
(Mars 1992.)

Geðhjálp fagnar framkomnu frumvarpi að lögum um málefni fatlaðra. Er það ánægjuefni að í þessu frumvarpi er leitast við að tryggja geðfötluðum rétt á við aðra fatlaða.

Geðfatlaðir eru sá hópur fatlaðra sem hefur orðið útundan í þjónustu við fatlaða á undanförnum árum og búa því við afar slæmar aðstæður (margir hverjir) hvað varðar búsetu, umönnun og félagslegan stuðning. Með frumvarpi þessu er reynt að rétta hag þessa hóps, bæði með því að tilgreina geðfatlaða sérstaklega svo og með sérstökum fjárframlögur til búsetumála þeirra.

Alltaf er álitamál hvort nauðsyn sé á sérlögum fyrir þá einstaklinga í samfélaginu sem við fötlun búa. Það ætti að vera grundvallaratriði að sömu lög og réttindi eigi að gilda fyrir alla þjóðfélagsþegna. Túlkun og framkvæmd almennra laga er slík að í dag er nauðsyn á sérlögum sem tryggja réttindi fatlaðra og gera þeim kleyft að lifa mannsæmandi lífi, á við aðra þjóðfélagsþegna . Slík sérlög eiga jafnframt að hafa það meginmarkmið að almenn þjónusta t.d. sveitarfélaganna yfirtaki alla sérþjónustu, þannig að hún verði eðlilegur hluti af almennu þjónustunni.

Megin annmarkar núgildandi laga er þau gefa möguleika á að fólki sé kastað á milli þjónustuaðila t.d. ríkis og sveitarfélaga eða á milli þjónustukerfa mismunandi ráðuneyta. Þessi tilhneiging til að losna undan ábyrgð og fría sig frá skyldum, er helsta vandamál geðfatlaðra í dag.

Ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og umrætt frumvrp, gefa vísbendingu um vilja stjórnvalda til að taka á þessu máli.

Einstök atriði frumvarpsins

Um markmið laganna og skilgreiningu er Geðhjálp sammála.

Í kaflanum um stjórn og skipulag telur Geðhjálp að rannsóknum og þróunarstarfi væri betur borgið í höndum félagsvísindadeildar Háskóla Íslands eða sérstofnun í samvinnu við Félagsmálaráðuneytið.

Kaflinn um almenna þjónustu er skref til blöndunar og jafnréttis til þjónustu ríkis og sveitarfélaga.

Öflug stoðþjónusta er stórt atriði í búsetu og félagsmálum geðfatlaðra.
Margir geðfatlaðir gætu búið einir í íbúð ef stoðþjónusta fengist.
Stoðþjónusta gæti líka komið í veg fyrir endurinnlagnir á geðdeildir
Ótal mörg dæmi eru um að geðfatlaðir útskrifast af sjúkrahúsi í herbergi eða íbúð einangra sig, ráða ekki við hversdagsleg vandamál, veikjast því og verða að fara á geðdeild.
Stoðþjónusta og Liðveisla geta gert Geðfötluðum það kleyft að taka þátt í atvinnulífinu og nýtt sér menntun sína á margvíslega hátt sér til hagsbóta.

Kaflarnir um þjónustustofnanir og búsetu skýra sig að mestu leyti sjálfir.

Inn í kaflann um framkvæmd þjónustunnar þyrfti að geta um nauðsyn á samvinnu við geðheilbrigðiskerfið til þess að unnt sé að koma á heildrænni umönnun geðfatlaðra utan stofnana.
Einnig er nauðsynlegt að á hverju svæði sé öflug stuðningsþjónusta sem byggi á fagþekkingu og samvinnu svæðisskrifstofu, heilbrigðisþjónustu og þjónustu sveitarfélaga.

Um málefni barna og fjölskyldna fatlaðra.
Geðhjálp telur nauðsynlegt að svæðisskrifstofur hafi yfir starfsfólki að ráða sem geti annast samræmingu þjónustu fyrir þann fatlaða.(heilsugæslu, félagsþjónustu,greiningarstöð o.fl.) Starfsfólk sem geti fylgt eftir að heildræn umönnun verði byggð upp í kringum hvern einstakling.

Breytingar á kaflanum um Liðveislu
25. gr.
Sveitarfélög skulu veita fötluðum liðveislu þegar þörf er á. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkun miðast við að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð við að njóta menningar og félagslífs og margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs.

26. gr.
Í sérstökum tilvikum skal veita fötluðum einstaklingum frekari liðveislu enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Að fenginni umsögn svæðisráðs gera sveitarfélög eða svæðisskrifstofur tillögur um slíka aðstoð til félagsmálaráðuneytis sem tekur ákvörðun í málinu.

Um Réttindagæslu fatlaðra.
Geðhjálp telur að nauðsyn sé að kveða nokkuð sterkara að um Réttindagæslu fatlaðra.
Til þess að tryggja betur réttindi fatlaðra einstaklinga bæði á stofnunum og á heimilum þyrfti að koma til úrskurðarnefnd skipuð einstaklingum frá hæstarétti, félagsmálaráðuneyti og hagsmunasamtökum fatlaðra.
Nefnd þessi yrði skipuð til að gæta hagsmuna fatlaðra, til úrskurðar í ágreiningsmálum um hag og rétt, fjalli um sjálfræðissviptingar og verði trúnaðarmönnum og svæðisráðum til ráðgjafar.

Framkvæmdasjóður fatlaðra. Geðhjálp er það sérstakt ánægjuefni að í frumvarpi þessu er ákveðið sérstakt framlag til uppbyggingar þjónustu fyrir geðfatlaða næstu fimm árin.

Geðhjálp óskar félagsmálanefnd Alþingis gæfu og gengis við fullnaðarafgreiðslu þessa frumvarps og oskar um leið eftir að samráð verði haft við félagið við samningu reglugerða (vegna geðfatlaðra) er verða settar vegna frumvarps þessa

Virðingarfyllst
F.h. Geðhjálpar
Sigrún B. Friðfinnsdóttir
Sigrún Bára Friðfinnsdóttir

Fylgiskjal XXXI.

Umsögn Geðverndarfélags Íslands.
(22. apríl 1992.)

Geðverndarfélag Íslands þakkar félagsmálanefnd Alþingis fyrir að leita umsagnar félagsins um frumvarp til laga um málefni fatlaðra, 222. mál, heildarlög.

Geðverndarfélag Íslands telur að frumvarpið sé mjög vel hugsað og unnið og með samþykkt þess verði stigið veigamikið skref í þá átt að tryggja þeim sem fatlaðir eru sömu lífsskilyrði og öðrum þjóðfélagsþegnum. Sérstaklega er mikilvægt hve skýrt er kveðið á um ýmis atriði í frumvarpinu, sérstaklega í markmiðum og skilgreiningum og síðan um stjórn og skipulag í samræmi.

Eitt atriðið veldur þó nokkrum áhyggjum, nefnilega hvort nægilega vel sé gengið frá þeirri samvinnu sem nauðsynleg er milli svæðisráða og heilbrigðisþjónustu. Afar náin samvinna á sviði heilbrigðis- og félagsmála er sérstaklega nauðsynleg í þjónustu við fatlaða. Vissulega er gert ráð fyrir þessu í frumvarpinu þar sem talað er um að svæðisráð kveðji héraðslækni á sinn fund þegar ástæða er til og eigi samstarf og samráð við héraðslækna. Hér þyrfti þó að kveða nokkuð ákveðnar að orði og tryggja á einhvern veg að þessi samvinna verði raunveruleg og náin.

Ekki verður þó hér gerð nein tillaga um hvernig þessu skuli breytt í frumvarpinu, heldur aðeins bent á að hugsanlega er þessi samvinna ekki nægilega tryggð með núverandi orðalagi, en afar mikilvægt að hún verði sem allra nánust þegar til framkvæmdarinnar kemur.

Geðverndarfélag Íslands lýsir ánægju sinni með frumvarpið og álítur það mjög lofsvert framtak í átt til réttlátari og skynsamlegri þjónustu við fatlaða.

Virðingarfyllst,

f.h. Jóns G. Stefánssonar, formanns

Sigurlaug Jóna Sigurðardóttir

Sigurlaug Jóna Sigurðardóttir

Fylgiskjal XXXII.

Umsögn Sálfræðingafélags Íslands.
(5. apríl 1992.)

Með tilvísun til erindis félagsmálanefndar Alþingis frá 4. mars s.l. sendist hér með umsögn í formi greinargerðar um frumvarp til laga um málefni fatlaðra frá Sálfræðingafélagi Islands.

Greinargerðin fjallar um nauðsyn á ráðgjöf og fagþjónustu á heimasvæði og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

Um fagþjónsutu á heimasvæði

Hvorki í gildandi lögum um málefni fatlaðra né í núverandi frumvarpi eru ákvæði að finna sem tryggja að nauðsynleg ráðgjafar- og fagþjónusta komist á fót á heimasvæði.

Ýmsar stofnanir hafa reynt að bregðast við þörf fyrir þessari þjónustu, þar má nefna að sumar svæðisstjórnarskrifstofur hafa byggt upp vísi að henni, ráðgjafar- og sálfræðideildir skóla og dagheimila hafa einnig reynt af veikum mætti að sinna ráðgjöf og sálfræðiaðstoð fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Þörf fyrir slíka þjónustu er mjög brýn og henni er í dag hvergi nærri fullnægt. Það þarf því að efla svæðisbundna ráðgjafar- og fagþjónustu sem styður við bakið á þeirri þróun sem hafin er í átt að aukinni samskipan, fjölbreytni og dreifingu þjónustuúrræða. Mikil áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu og eflingu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins sem landsstofnunar. Er það vel en bent skal á að sú uppbygging má alls ekki draga úr því að öflug starfsemi fagaðila í heimahéraði komist á fót. Hér er ekki verið að draga úr þýðingu Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins, einungis verið að benda á að þjónusta þeirrar stofnunnar nýtist mun betur svæðisbundið ef fyrir hendi er fagþjónusta og þekking á hverju svæði fyrir sig.

Að mati Sálfræðingafélags Islands er það brýnt að svæðisbundinni fagþjónustu sé sinnt og hún elfd verulega frá því sem nú er. Verkefni slíkrar þjónustu í þágu fatlaðra væru m.a.:

- Að annast greiningu og ráðgjöf til foreldra, starfsfólks dagheimila og skóla í kjölfar hennar.
- Að sækja um og útvega nánari og sérhæfðari greiningu þegar hennar er þörf
- Að vera nánasti samstarfsaðili Greiningar og ráðgjafarstöðvar ríkisins á heimasvæði.
- Að skipuleggja meðferðarúrræði og hafa eftirlit með framkvæmd meðferðar- og þjálfunaráætlanna og tryggja þannig nauðsynlega samfellu í ráðgjöf og meðferð
- Að starfrækja leikfangasafn sem lið í ráðgjafar- og meðferðarstarfi.
- Að hafa með höndum ráðgjöf og faglegt eftirlit með starfsemi þeirra stofnanna sem heyra undir svæðisskrifstofuna.
- Að vera til ráðuneytis um skipulag og uppbyggingu þjónustu við fatlaða á starfssvæðinu.
- Að vera tengiliður á heimasvæði við þau stuðningsúrræði sem börnum, unglingum og fullorðnum stendur til boða.

Uppbygging á þjónustu getur verið sú að halda áfram uppbyggingu á faggeildum svæðisstjórna. Þó teljum við betra að tengja þessa þjónustu við aðra þjónustu á svæðinu eins og meðfylgjandi tillögur Sálfræðingafélagsins um samfelda ráðgjafar og sáfræðiþjónustu fyrir börn 0-18 ára og fjölskyldur þeirra gerir ráð fyrir. Í þessum tillögum er gert er ráð fyrir sjálfstæðri svæðisbundinni faggjónustu sem sinnir börnum og fjölskyldum þeirra, þvert á hefðbundna skiptingu milli sveitarfélaga og heilbrigðis, mennta eða félagsmálaráðuneytis. Ofantalin faggjónusta við fatlaða getur sem best fallið að þessum tillögum.

Um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Hlutverk stofnunarinnar á fyrst og fremst að vera það að annast mjög sérhæfða þjónustu sem ekki verður auðveldlega veitt svæðisbundið. Öll önnur þjónusta á vettvangi greiningar og ráðgjafar verði elfd svæðisbundið.

Það er mikið álitamál hvort göngudeild fyrir fullorðna á að tengjast hlutverki stöðvarinnar. Slík þjónusta getur oft á tíðum, að því er virðist, auðveldlega fallið að hlutverki og þjónustuskyldum annarra stofnanna. Eðli málsins samkvæmt, getur göngudeildarþjónusta aldrei orðið annað en svæðisbundin nema í fáum tilfellum. Í þessu samhengi er ástæða til að minna á álitsgerð nefndar er skilaði tillögum árið 1984 um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningarstöðvarinnar en þar segir m.a.:

"Í greinargerð þessari hefur verið lögð áhersla á samræmda uppbyggingu í málefnum fatlaðra hér á landi. Þannig hefur verið bent á, að vel skipulögð svæðisþjónusta í þágu fatlaðra

er forsenda þess, að miðstöð fyrir greiningu, ráðgjöf og meðferð komi að fullum notum. Jafnframt hefur verið bent á, að virk sværðisbundin þjónusta, einkum m.t.t. frumgreiningar og meðferðar getur ekki þróast án vel skipulagðrar miðstövar, sem annast þverfaglega greiningu, ráðgjöf og meðferð flóknari tilfella að einhverju leyti" (bls. 11)

I niðurstöðum nendarinnar (bls. 18) leggur hún til:

"...að á næstu 3 árum verði fjármagni beint að uppbyggingu meðferðarúrræða og greiningar- ráðgjafarþjónustu í öllum landshlutum."

Efling Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, eins og frumvarpið virðist gera ráð fyrir, er í andstöu við fyrrnendar hugmyndir ef hún verður á kostnað sværðisbundinna úrræða á þessu sviði.

I lokin er rétt að benda á að skipan félagslegrar þjónustu á að byggja á nálægð hennar við neytandann. Nálægðin tryggir skilvirkni og blöndun þar sem hún byggir á þekkingu þeirra sem þjónustuna ábyrgjast og á möguleikum, styrk eða veikleika grenndarsamfélagsins.

F.h. Sálfræðingafélags Íslands,
Margrét Arnljótsdóttir, ritari.

NÚVERANDI SKIPULAG OG ANNMARKAR ÞESS.

Í dag falla málefni barn og unglinga undir félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, menntamálaráðuneytið og sveitarfélög. Í lögum um grunnskóla segir að í hverju fræðsluumdæmi skuli rekin ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir grunnskóla. Uppbygging þeirra þjónustu hefur ekki verið markviss, og víða utan Reykjavíkur vantar mikið á að þjónustan standi undir nafni. Mörg fræðsluumdæmi eru nánast án þessarar þjónustu, engin þjónusta er við framhaldsskólanna, og einungis í stærstu sveitarfélögunum er þjónusta við dagvistarstofnanir, sem þau sjálf hafa komið sér upp.

Ef Reykjavík er skoðuð má sjá að þjónusta við börn og unglinga er sundurslitin og dreifð. Margir sérfræðingar innan mismunandi þjónustustofnanna eru oft að sinna sömu fjölskyldunni, jafnvel sama barninu, þannig að upplýsingar eru á mörgum stöðum og berast í raun illa. Foreldrar þurfa því að leita til marga ólíkra aðila til að fá sjálfsagða þjónustu.
Svo dæmi séu tekin um fjölda aðila sem veita sérfræðiþjónustu í Reykjavík má nefna sálfræðiþjónustu dagvistar barna, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskólanna, Félagsmálastofnun Reykjavíkur, bæði hverfaskrifstofur og Unglingadeild, Barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Greininga- og ráðgjafastöð ríkisins, Svæðisstjórn um málefni fatlaðra og Unglingaheimili ríkisins.

Sem dæmi um þörfina fyrir öflugri sálfræðiþjónustu má nefna að á síðasta áratug hefur orðið 300% aukning á beiðnum um aðstoð á einni af sálfræðideildum skóla í Reykjavík. Stöðugildum hefur hins vegar ekki verið fjölgað. Á Reykjanesi hafa fjórir sálfræðingar verið beðnir um að sinna á fimmta hundrað einstaklingsmálum á einum vetri auk allra annara verkefna sem falla innan þeirra starfssviðs.

Verkefni þeirra deilda og stofnana sem í dag sinna ráðgjöf og aðstoð við börn og fjölskyldur eru ærin, starfssviðið fjölbreytt og fellur sjaldnast undir einn málaflokk s.s. heilbrigðismál eða menntamál. (Sjá yfirlit bls. 4.)

Nauðsynlegt er að bregðast við erfiðleikum eins fljótt og auðið er, áður en þeir eru orðnir óyfirstíganlegir fyrir barnið og fjölskyldu þess. Góð sálfræðiþjónusta er í eðli sínu fyrirbyggjandi úrræði og ef vel er unnið er hægt að koma í veg fyrir dýrar og örlagaríkar vistanir á sérstofnunum.

VERKEFNI SÁLFRÆÐI- OG RÁÐGJAFARÞJÓNUSTU FYRIR BÖRN 0-18 ÁRA OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA.



Fylgiskjal XXXIII.

Umsögn Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga.
(19. mars 1992.)

Ekki gefst stjórn SÍBS tækifæri til að fjalla sérstaklega um ofangreint frumvarp fyrir þann tíma sem tilgreindur er í bréfi ÖBÍ (23.þ.m.). Með hliðsjón af því að frumvarpið er unnið af starfshópi sem í voru m.a. fulltrúar frá hagsmunahópum fatlaðra er það álit undirritaðs að ekki sé ástæða til að gera athugasemdir við einstakar greinar þess.

Varðandi heildarstefnumiðun frumvarpsins telur undirritaður þó ástæðu til að goldinn sé varhugur við þeirri hugmynd að draga úr vægi yfirvalda heilbrigðis- og menntamála í málefnum fatlaðra.

Það er kunnugra en frá þarf að segja að allir fatlaðir og öryrkjar hafa á einum tíma eða öðrum þarfnast og notið þjónustu sem lýtur heilbrigðisyfirvöldum. Þar er m.a. um að ræða þá þjónustu sem í flestum tilvikum á sér stað við upphaf fötlunar eða örorku, hina almennu læknisfræðilegu þjónustu á sjúkrahúsum eða utan þeirra, sem oftar en ekki þarf að halda áfram meðan maðurinn lifir. Þar er ekki síst átt við læknisfræðilega endurhæfingu og greinar henni tengdar. Telja verður brýnt að þessi þjónusta standi fötluðum og öryrkjum greiðlega til boða áfram sem hingað til og að gæði hennar séu tryggð.

Það er viðtekið álit um allan heim að fötluðum og öryrkjum gagnast fátt betur en að öðlast þekkingu og kunnáttu, hvort sem er almennt eða á afmörkuðum sviðum, og kemur þar til kasta yfirvalda menntamála. Margt hefur áunnist í kennslumálum fatlaðra á seinni árum hér á landi en margt er ennþá úti í kuldanum. Nauðsynlegt er að ganga svo frá hnútum að menntunarþátturinn losni ekki úr tengslum við aðra málaflokka sem að öryrkjum snúa.

Nú er undirrituðum kunnugt um að nokkuð hefur reynst örðugt að tvinna saman sjónarmið yfirvalda félags-, heilbrigðis- og menntamála varðandi málefni fatlaðra og getur vissulega tekið undir að gera þarf þá tvinnun greiðari. Í þeirri viðleitni verður þó að varast að draga úr vægi eins málaflokks eða fleiri á kostnað annars eða annarra.

Með kveðju,

Haukur Þórðarson,
formaður SÍBS.

Fylgiskjal XXXIV.

Umsögn Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.
(31. mars 1992.)

Öryrkjabandalag Íslands hefur beint því til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra að koma á framfæri við félagsmálanefnd Alþingis athugasemdum sínum við áðurnefnt frumvarp. Sjálfsbjörg hefur haft skamman tíma til verksins en hefur engu að síður tekið frumvarpið til umræðu bæði hjá framkvæmdastjórn Sjálfsbjargar og á sambandsstjórnarfundi sem haldinn var dagana 20. -21. mars sl. Þann fund sitja fulltrúar allra aðildarfélaga Sjálfsbjargar 16 að tölu.

Í upphafi vill Sjálfsbjörg fagna hinu framkomna frumvarpi. Sjálfsbjörg telur að tímabært hafi verið að endurskoða lög um málefni fatlaðra.

Meðal jákvæðra efnisatriða frv. má nefna 14. kaflann um ferlimál og ferðaþjónustu, 15. kaflann um réttindagæslu svo og 10. kaflann um liðveislu, þó sérstaklega 26. gr. frv. Einnig má nefna 1. tl. 40. gr. frv. en þar kemur fram að tekjur framkvæmdasjóðs fatlaðra eru m.a. óskertar tekjur erfðafjársjóðs. Í núverandi lögum er einungis talað um tekjur erfðafjársjóðs.

Hvað varðar neikvæð atriði frv. má þar helst nefna miðstýringaráform þess, þ.e. að vald er áður var í höndum svæðisstjórna er nú flutt til svæðisskrifstofa sem eru skv. frv. útibú ráðuneytis félagsmála. Einnig má nefna viljayfirlýsingar í frv. sem ekkert gagn er í sbr. 25. gr. og 2. mgr. 35. gr. Nánar verður vikið að þessu hér á eftir.

Umsögn um einstök efnisatriði frumvarpsins.

1. kafli. Aftan við síðari málsgrein **1. gr. frv.** komi **komma** í stað **punkts** og áframhaldið verði síðan:

> **svo sem með því að leita umsagnar heildarsamtaka fatlaðra og aðildarfélaga þeirra vegna gerðar og framkvæmdaáætlana laga og reglugerða er lúta að málefnum fatlaðra.**

Sjálfsbjörg telur að rétt samtaka fatlaðra til áhrifa þurfi að tryggja með afgerandi hætti.

2. kafli. Í síðustu mgr. **3. gr.** komi á eftir orðinu upplýsinga

> **....og stuðla að rannsóknum og þróunarstarfi.**

Falli því út "rannsóknir- og þróunarstarf".

Sjálfsbjörg telur það ekki hlutverk ráðuneytisins að sinna rannsóknum og þróunarstarfi heldur sé eðlilegra að ráðuneytið stuðli að því starfi t.d. hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, svæðisskrifstofum og Háskóla Íslands.

Í **4. gr.** falli út "Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna 1 fulltrúa hver. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar þar af annan formann". Þess í stað komi:

> **Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna 3 fulltrúa. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir 1 fulltrúa. Ráðherra skipar 1 fulltrúa án tilnefningar og er hann jafnframt formaður. Skipunartími formanns verði frábrugðinn skipunartíma annarra stjórnarmanna þannig, að hann lætur af störfum um leið og ráðherra þó þannig að hann er aldrei skipaður til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.**

Til skýringar skal tekið fram að Sjálfsbjörg telur að Öryrkjabandalag Íslands skuli eiga að jafnaði tvo fulltrúa af þremur fulltrúum heildarsamtaka fatlaðra. Sjálfsbjörg telur ekki þörf á að tíunda ástæður í þessu sambandi.

Sjálfsbjörg telur að formaður stjórnarnefndar þurfi að eiga mjög náið samstarf við ráðherra og því sé nauðsynlegt að skipunartíma hans ljúki um leið og ráðherra lætur af störfum. Sjálfsbjörg telur eðlilegt að varamenn séu skipaðir og taki þeir sæti aðalmanna í forföllum þeirra.

Hvað varðar síðari mgr. **4. gr.** vill Sjálfsbjörg setja fyrirvara við skerðingu á verkefnum stjórnarnefndar og telur eðlilegt að inn komi sérstök mgr. er verði 2. mgr. og hljóði svo:

> **Nefndin úrskurðar ágreiningsatriði sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laga þessara en vísa má þeim úrskurði til ráðherra.**

Sjálfsbjörg telur það að mörgu leyti jákvætt að stjórnarnefnd heyri nú aðeins undir eitt ráðuneyti. Á þessari stundu er auðvitað ófyrirséðar þær breytingar er þetta leiðir af sér. Sjálfsbjörg treystir því þó að fjármagn til menntunar- og heilbrigðismála fatlaðra verði tryggt á fjárlögum hverju sinni.

Sjálfsbjörg bendir á að ákvæði **2. mgr. 5. gr.** eru óljós, þ.e. ekki er ljóst hver tekur ákvörðun um skiptingu starfssvæða í þjónustusvæði né hvert hlutverk þeirra og staða innan stjórnsýslunnar er.

Í **6. gr.** frv. er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á valdsviði og verkefnum svæðisstjórna. Samkvæmt greinargerð með 6. gr. liggur sú hugmynd að baki þessari breyttu tilhögun að aðskilja framkvæmd þjónustunnar annarsvegar og mat á þjónustuþörf og eftirlit með framkvæmd hinsvegar. Sjálfsbjörg telur að hér hafi ekki tekist til sem skyldi. Í fyrsta lagi veldur þessi breyting stóraukinni miðstýringu í málefnum fatlaðra sem Sjálfsbjörg telur óeðlilega. Þau rök eru alkunn að þeir sem næst vettvangi eru séu hæfastir til að taka ákvarðanir um þjónustu og framkvæmd hennar á viðkomandi svæði. Sjálfsbjörg telur því að millistjórnstig heima í héraði hljóti að vera nauðsynlegt.

Í öðru lagi telur Sjálfsbjörg að með núverandi 6. gr. frv. sé markmiði breytingarinnar ekki náð. Eins og ákvæði frumvarpsins eru skulu svæðisskrifstofur og starfsmenn þeirra sjá um framkvæmd þjónustunnar. Skv. 5. tl. 13. gr. frv. skulu starfsmenn svæðisskrifstofunnar veita svæðisráðum aðstoð og þjónustu til þess að þau geti sem best sinnt hlutverki sínu. Það eru því sömu starfsmenn sem eiga að sjá um framkvæmd og sinna eftirliti með framkvæmdinni í frumvarpinu og verður því ekki séð að tilgangi frumvarpsins um aðskilnað framkvæmdar og eftirlits sé náð með frv.

Sjálfsbjörg telur því að um tvennt sé að ræða, annaðhvort að svæðisráðin fái sama hlutverk og vald og þau hafa í núverandi löggjöf eða að aðskilja hlutina fullkomlega þannig að svæðisráðin hafi sérstaka starfsmenn og skrifstofu til að sinna eftirlitshlutverki sínu. Í því tilfelli telur Sjálfsbjörg að jafnframt þyrfti að koma upp millistjórnstigi sem í yrðu fullrúar sveitarfélaga á viðkomandi starfssvæði. Því til stuðnings má benda á að sveitarfélögum eru ætluð aukin ábyrgð og auknar skyldur á komandi árum í málefnum fatlaðra.

Þá leggur Sjálfsbjörg til að **4. tl. 6. gr.** frv. falli niður. Sjálfsbjörg gerir tillögu að því, sbr. breytingartillögur við 15. kafla hér að aftan, að Umboðsmaður Alþingis annist réttindagæslu fatlaðra.

Ný málsgrein bætist við á milli **næstsíðustu og síðustu málsgreinar 6. gr.** svohljóðandi:

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Um **8. gr.** frv. vill Sjálfsbjörg koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum. Sjálfsbjörg telur nauðsynlegt að tryggja samstarf ráðuneyta félags- heilbrigðis- og menntamála annarsvegar og hagsmunasamtaka fatlaðra hinsvegar í því skyni að tryggja rétt fatlaðra til þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði félags- mennta- og heilbrigðismála eins og greininni er ætlað að gera. Sjálfsbjörg telur hinsvegar að miðað við það stjórnkerfi sem upp er sett í frumvarpsdrögunum sé eðlilegra að þetta samráð verði tryggt með því að stjórnarnefnd fjalli um þessi mál en kalli í þeim tilvikum á fulltrúa heilbrigðis- og menntamálaráðuneytisins til samráðs. Þetta telur Sjálfsbjörg vera eðlilegri lausn en að setja upp sérstaka nefnd eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

10. gr. Í niðurlagi greinarinnar breytist "svæðisráða eða stjórnarnefndar" í

....svæðisráða og stjórnarnefndar.

Þetta er gert til samræmis við áherslur Sjálfsbjargar á aukið vægi stjórnarnefndar í frumvarpinu.

Engar athugasemdir við **11. gr.** Því er fagnað sérstaklega að tekin eru af öll tvímæli um að búseta fatlaðra skuli vera í almennri íbúðabyggð.

Sjálfsbjörg telur gæta ákveðinnar forræðishyggju í **12. gr.** sbr. "Svæðisskrifstofur meta þörf..... eða ósk ...." og "Svæðisskrifstofur taka ákvarðanir um þjónustu og búsetuform." Strax væri skárra ef þetta væri gert í samráði við umsækjanda eða umboðsmann/forráðamann hans. Athygli er einnig vakin á því að felld er út úr frumvarpinu grein sem er í núgildandi lögum sem gerir ráð fyrir að sé umsókn um vistun synjað sé hægt að vísa málinu til stjórnarnefndar, sem leitar lausnar. Sjálfsbjörg telur mjög mikilvægt að ámóta grein komi inn í frumvarpið þannig að ótvírætt sé hverjir hafa ákvörðunarvaldið þegar í hlut eiga stofnanir sem reknar eru af öðrum en opinberum aðilum.

Þá telur Sjálfsbjörg ástæðu til að breyta **1. málslið 12. gr.** frv. þannig að umsóknir um búsetu skv. 2. - 6. tl. 11. gr. breytist í **umsóknir um búsetu skv. 3. - 6. tl. 11. gr.** Sjálfsbjörg bendir á félagsmálaráðherra veitir ekki starfsleyfi fyrir verndaðar íbúðir skv. 2. mgr. 11. gr. frv. Það verður að teljast óeðlilegt að svæðisskrifstofur ráði því hverjir búa í vernduðum íbúðum. Eðlilegast hlýtur að vera að það sé rekstraraðili íbúðarinnar eða eigandi sem því ræður.

13. gr. Vísað er til umsagnar hér að framan um 6. gr. Með greininni er stefnt að aukinni miðstýringu sem á engan hátt er viðunandi.

Sjálfsbjörg telur eðlilegt að framkvæmdastjóri sé ráðinn af millistjórnstigi í héraði og tekur undir að þeim séu sett erindisbréf.

Hvað varðar einstaka töluliði **13. gr.** telur Sjálfsbjörg mikilvægt að bæta inn í 6. tl. tilvísun til 7. gr. laganna. Þannig verði greinin því:

> **....., sbr. 2. og 7. gr. í samráði við greiningaraðila.**

Með breytingu þessari vill Sjálfsbjörg leitast við að tryggja rétt fatlaðra til almennrar þjónustu.

Í **8. tl.** falli niður "og ferlimála fatlaðra". Þess í stað komi **nýr tl. 9. tl.** Hann hljóði svo:

> **Að stuðla að, bættu aðgengi fyrir fatlaða í samstarfi við byggingar- og ferlinefndir sveitarfélaga sbr. 35. gr.**

9. og 10. tl. færist aftar sem því nemur.

14. gr. Sjálfsbjörg telur að ýmis áform er fram koma í frumvarpstexta og skýringunum um að auka hlut sveitarfélaga í þjónustu við fatlaða geti orðið málefnum fatlaðra til framdráttar, enda verði sveitarfélögunum tryggt fjármagn til þjónustunnar.

15. gr. Sjálfsbjörg telur enga ástæðu til að félagsmálaráðherra eigi 1 ftr. í stjórn þar til greindra stofnana.

Sbr. 14. gr. skulu gerðir sérstakir samningar við sveitarfélögin um reksturinn. Svæðisstjórn er skylt að hafa eftirlit með stofnunum fyrir fatlaða sbr. 16. gr. Sjálfseignarstofnanir og stofnanir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka skulu skila félagsmálaráðuneyti, viðkomandi svæðisráði, Ríkisbókhaldi og Ríkisendurskoðun ársreikningi undirrituðum af löggiltum endurskoðanda ásamt skýrslu um starfsemi liðins árs sbr. 54. gr. og þær stofnanir er starfa við gildistöku laganna skulu endurnýja starfsleyfi sitt sbr. ákvæði 4 til bráðabirgða.

Af þessum ákvæðum má sjá að aðild félagsmálaráðuneytisins, svæðisráða og ýmissa annarra aðila að rekstri á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka er mjög mikil og að mati Sjálfsbjargar fyllilega nægjanleg þó ekki komi til sérstakur ftr. í stjórn stofnananna. Er varað við miðstýringu og auknum kostnaði er af þessu leiðir.

17. gr. Sjálfsbjörg telur að með nýju frumvarpi sé dregið úr vægi þeirrar greiningarstarfsemi sem fram fer á svæðunum skv. 6. gr. núgildandi laga. Sjálfsbjörg telur að fremur hefði átt að auka vægi greiningar úti á svæðunum, þannig að ákveðnir þættir í starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins yrðu framkvæmdir þar í nánu samráði við Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Hvað varðar 17. gr. að öðru leyti ber að fagna nýmæli í 6. tl. greinarinnar um göngudeild fullorðinna. Sjálfsbjörg gerir ekki athugasemd við skipan stjórnar Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins.

Sjálfsbjörg fagnar 10. kafla frumvarpsins um liðveislu en telur þó að orðalag sé of almenns eðlis og lítið gagn í t.d. **25. gr.** þar sem segir: "Sveitarfélög skulu eftir föngum.....". Sjálfsbjörg telur að sleppa hefði mátt "eftir föngum".

Sjálfsbjörg telur að ef til vill sé **26. gr.** mest stefnumarkandi grein frumvarpsins. Telur þó að með markvissara orðalagi hefði enn mátt bæta greinina þannig að fullkomlega væri ljóst hver bæri faglega og ekki síður fjárhagslega ábyrgð á því að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.

Engar athugasemdir við **11. kafla** laganna en vakin sérstök athygli á mikilvægi félagslegrar hæfingar og endurhæfingar. Er það mat Sjálfsbjargar að brýna nauðsyn beri til að koma upp sem víðast, a.m.k. á einum stað á hverju svæði hæfingar- og endurhæfingarstöð sbr. 1. tl. 10. gr. Leggja ber

megináherslu á uppbyggingu slíkra stöðva á sama tíma er unnt að draga úr fjölgun verndaðra vinnustaða, sjá þó athugasemdir við 31. gr. hér að aftan.

12. kafli. Atvinnumál.

Í **30. gr.** frv. eru ýmsar stefnumarkandi nýjungar. Sjálfsbjörg telur þó varhugavert að draga úr vægi verndaðra vinnustaða sbr. **31. gr.** og telur mikilvægt að enn sé skylt að koma vernduðum vinnustöðum á fót enda sé ekki unnt að leysa atvinnumál fatlaðra með öðrum hætti. Sjálfsbjörg vill gera veigamiklar breytingar á **33. gr.** frv. Hér á eftir kemur því ný tillaga um hljóðan 1. ml. **33. gr.**

> **Fatlaðir skulu eiga jafnan rétt til atvinnu á við aðra hjá vinnuveitanda óháð fötlun sinni.**

Sjálfsbjörg telur það ekki stuðla að jafnrétti að fatlaðir hafi rétt umfram aðra þjóðfélagsþegna á einhverjum sviðum. Sjálfsbjörg leggur áherslu á að breyting þessi nái fram að ganga ekki síst vegna þess að í núgildandi lögum er sambærilegt ákvæði sem mjög sjaldan hefur reynt á og hefur það því litlu breytt í atvinnumálum fatlaðra.

13. kafli. Húsnæðismál.

Sjálfsbjörg telur að með **34. gr.** frv. séu fötluðum skapaðir auknir möguleikar á búsetu. Sjálfsbjörg leggur þó til að gerðar verði lítilsháttar breytingar við 1. ml. Hann hljóði svo:

> **Stuðla skal að því að fötluðum standi til boða eignaríbúðir á almennum markaði og félagslegar íbúðir o.s.frv.**

Sjálfsbjörg telur eðlilegt að einnig sé stuðlað að því að fatlaðir eigi kost á íbúðum á almennum markaði. Fatlaðir þurfa á sérstökum breytingum á almennu íbúðarhúsnæði að halda, þeir þurfa á sérútbúnu húsnæði að halda í ýmsum tilvikum auk þess fylgir aukinn kostnaður ýmsum þörfum fatlaðra s.s. hiti í bílastæði. Sjálfsbjörg telur að eðlilegt sé að unnið sé að því gefa fötluðum kost á íbúðum hvort heldur sem er á almennum markaði eða félagslegum.

Sjálfsbjörg fagnar ákvæðum **14. kafla** um ferlimál og ferðaþjónustu. Vill þó gera ákveðnar breytingar og leggur hér með til breytingu á síðari **mgr. 35. gr.** Hún hljóði svo:

> **Til að sinna verkefni sínu skv. 1. mgr. skulu sveitarstjórnir skipa samstarfsnefndir um ferlimál fatlaðra með þátttöku samtaka fatlaðra.**

Breyting verði í lok **2. ml. 36. gr.** við bætist

> **.....og nýta sér heilbrigðisþjónustu.**

Sjálfsbjörg leggur til talsverðar breytingar á seinni **mgr. 36. gr.** og hljóði hún svo:

> **Jafnframt skulu sveitarfélög veita fötluðum ferðaþjónustu vegna aksturs á þjónustustofnanir skv. 1. - 5. tl. 10. gr. og vegna annarrar sértækrar þjónustu sem veitt er fötluðum sérstaklega. Kostnað vegna þeirrar þjónustu skal ríkið greiða sveitarfélögum.**

Sjálfsbjörg bendir á að nauðsynlegt sé að einn aðili sé ábyrgur fyrir allri ferðaþjónustu við fatlaða. Telur vera eðlilegt að sveitarfélög sinni þessari þjónustu en eigi jafnframt endurkröfurétt á ríkið vegna aksturs á þjónustustofnanir skv. 1. - 5. tl. 10. gr. og vegna sértækrar þjónustu sem um er rætt í málsgreininni. Það verður að telja að tvískipting þjónustunnar auki líkur á að þeir fötluðu lendi á milli kerfanna og þjónusta þeirra skerðist. Breyting þessi er því nauðsynleg.

15. kafli. Réttindagæsla fatlaðra.

Sjálfsbjörg fagnar því að settar eru reglur um réttindagæslu fatlaðra en telur eðlilegt að réttindagæslunni sé sinnt af Umboðsmanni Alþingis og hann skipi trúnaðarmenn á svæðunum.

Sjálfsbjörg leggur til að út falli eftirfarandi úr **2. mgr. 39. gr.:** "Þegar stjórnarnefnd fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis taka sæti í nefndinni."

Síðasta mgr. 39. gr. breytist og hljóði svo:

Stjórnarnefnd geri tillögu til ráðherra um úthlutun.

Sjálfsbjörg bendir á að er fulltrúi sem hefur verið tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis hefur tekið sæti í nefndinni er sjóðstjórnin ekki einungis 5 manna heldur 6 manna og getur ákvarðanataka því reynst erfið. Einnig ber á það að líta að það er Alþingi sem ákveður hversu mikið fjármagn fer til framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þar með ætti Alþingi að vera fullljóst hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér varðandi rekstur. Sjálfsbjörg leggst eindregið gegn því að inn í sjóðstjórnina komi sérstakur fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis þegar fjallað er um málefni framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Sjálfsbjörg fagnar að tekin eru af öll tvímæli um að tekjur erfðafjársjóðs renni óskertar í framkvæmdasjóð fatlaðra sbr. **1. tl. 40. gr.** Sjálfsbjörg fagnar einnig **4. tl. 41. gr.** og bindur vonir við að á næstu árum takist að byggja upp húsnæði í þágu fatlaðra m.a. með tilstyrk þessa áðurnefnda liðar. Sjálfsbjörg leggur til breytingar á **5. tl.** Hann hljóði svo:

....með það að markmiði að hreyfihamlaðir, blindir og **heyrnarskertir** geti athafnað sig....

Sjálfsbjörg leggur til að **síðasti ml. 7. tl.** falli út. Sjálfsbjörg telur að fjármagn til að gera kannanir og áætlanir í málefnum fatlaðra hljóti að koma af almennu rekstrarfé þeirra stofnana er því sinna.

Eftir **1. ml. 42. gr.** er endar "....og skulu svæðisráð veita umsögn um þær." komi inn **nýr málsliður** er hljóði svo:

Umsögn svæðisráða skal fylgja sérprentuð sem hluti svæðisáætlunar.

Aftast í **42. gr.** komi **nýr ml.** er hljóði svo:

Stjórnarnefnd skal jafnframt veita umsögn um heildaráætlanir áður en endanlega er gengið frá þeim.

Sjálfsbjörg bendir á að ákvæði **43. gr.** eru í samræmi við athugasemdir Sjálfsbjargar við 39. gr. Verði þeirri grein ekki breytt í samræmi við tillögur Sjálfsbjargar samræmast 39. og 43. gr. frumvarpsins ekki hvor annarri.

Sjálfsbjörg leggur til breytingu á **48. gr.** Niðurlag hennar sem er nú "árlega." verði:

.....eftir ákvörðun eftirlitsaðila.

Sjálfsbjörg leggur til að **51. gr.** falli niður. Sjálfsbjörg telur ekki eðlilegt að ráðherra hafi heimild til að ákveða með reglugerð, gjaldtöku vegna þjónustu.

Sjálfsbjörg hefur nú lokið yfirferð á frumvarpi til laga um málefni fatlaðra. Það er von samtakanna að tekið verði mið af tillögum okkar.

Sjálfsbjörg telur að frumvarp þetta breytt til samræmis við ábendingar samtakanna sé málefnum fatlaðra til framdráttar og væntir þess að það verði að lögum eigi síðar en 1. janúar 1993.

Virðingarfyllst,

f.h. Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra,
Jóhann Pétur Sveinsson, formaður,
Tryggvi Friðjónsson, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal XXXV.

Umsögn Þroskahjálpar.
(24. mars 1992.)

Almennt um frumvarpið
Landssamtökin Þroskahjálp fagna því að nýtt frumvarp til laga um málefni fatlaðra hefur verið lagt fyrir Alþingi. Þroskahjálp telur að frumvarp þetta feli í sér mikla réttindabót fyrir fatlaða í mörgum mikilvægum málum.
Landssamtökin Þroskahjálp leggja þunga áherslu á að frumvarpið nái fram að ganga á yfirstandandi þingi og vilja benda á nokkur atriði í því sambandi, máli sínu til stuðnings.

Frumvarpið gerir yfistjórn málaflokkssins mun skýrari og einfaldari með því að Félagsmálaráðuneytinu er alfarið falin yfirstjórn hans í stað þess sem nú er þegar heilbrigðis - og menntamálaráðuneyti eiga aðild að stjórnsýslunni t.d.í gegnum stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra.
Samtökin telja þetta framför sem ætti m.a. að geta leitt til markvissari nýtingar á fjármagni sjóðsins og þar af leiðandi auðveldað stefnumótun.

Mismunandi ábyrgð þessara þriggja ráðuneyta, bæði fagleg og fjárhagsleg, verður einnig skýrari og ætti að koma í veg fyrir þá togstreitu sem oft vill verða þegar ábyrgðin hvílir á margra höndum.

Enn fremur breytist svæðisbundin yfirstjórn á þann veg að skilið er á milli þess yfirvalds sem sér um framkvæmd og rekstur stofnana og þess sem fara á með eftirlit með starfsemi sömu stofnana. Slík breyting er augljóslega tímabær og þörf.

Ýmsar greinar frumvarpsins gera ráð fyrir aukinni þátttöku sveitarfélaga í þjónustu við fatlaða og er það vel. Það hefur lengi verið baráttumál Þroskahjálpar að færa sem flesta þætti þjónustu við fatlaða til sveitarfélaganna. Til bóta eru ákvæði frumvarpsins um að skipta megi starfssvæðum í þjónustusvæði er miðist við einstök sveitarfélög, héraðsnefndir eða byggðasamlög sveitarfélaga.
Samtökin lýsa einnig sérstökum stuðningi við ákvæði til bráðabirgða V.lið þar sem fram kemur að vinna skuli að því á næstu 4 árum að auka ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra.

Frumvarpið gerir ráð fyrir auknum rétti fatlaðra til almennrar þjónustu og er það samtökunum mjög að skapi þar sem það er skref í þá átt að sérlög í málefnum fatlaðra verði óþörf og almenn lög um félagsþjónustu taki við verkefnum þeirra.
Nokkur nýmæli eru í frumvarpinu sem vert er að geta. Þar eru m.a. tekin af öll tvímæli um rétt geðfatlaðra til þjónustu eftir lögunum sem er mikið réttlætismál.Gert er ráð fyrir sérstöku átaki næstu fimm ár til þess að byggja upp þjónustu við geðfatlaða.

Sérstakur kafli er í frumvarpinu um málefni barna og fjölskyldna þeirra, sem er skýrari en ákvæði núgildandi laga. Hann undirstrikar m.a.það mikilvæga sjónarmið að þjónusta við börn þarf að vera annars eðlis en sú er varðar fullorðna.

Samtökin fagna því að ákvæði um réttindagæslu fatlaðra er að finna í frumvarpinu þar sem slíkt ákvæði skortir mjög í núgildandi lög. Samtökin munu þó gera tillögur um enn afdráttarlausari ákvæði varðandi þetta mál og vísast til tillagna um einstaka lagagreinar hér að neðan.

Athugasemdir við einstaka lagagreinar

4. grein
Við greinina bætist eftirfarandi setning:" Nefndin úrskurðar um ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laga þessara en vísa má þessum úrskurði til ráðherra."
Nauðsynlegt er að einhver fari með úrskurðarvald þegar upp koma ágreiningsatriði er varða framkvæmd laganna. Má í þessu sambandi minna á mál sambýlis í Reykjavík sem vísað var til stjórnarnefndar af umhverfisráðherra vegna ágreinings um túlkun laganna.

5. grein
Eftir fyrstu málsgrein komi ný setning sem hljóði svo: " Ráðherra er heimilt að tillögu stjórnarnefndar að breyta svæðaskiptingu þessari."
Samtökin telja að reynsla undanfarinna ára bendi til þess að svæðaskipting eftir kjördæmaskipan vinni oft gegn hagsmunum þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta. Landfræðilega ná svæðin oft yfir dreifð og ólík svæði sem gerir það að verkum að þau eiga ekki sameiginlega hagsmuni. Sem dæmi má nefna Austurland, Vestfirði og Reykjanesumdæmi. Því óttast samtökin t.d. að svæðisráð staðsett á Egilsstöðum gæti ekki gætt hagsmuna fatlaðra á Höfn nægilega vel.

6. grein
Við næst síðustu setningu greinarinnar bætist eftirfarandi:" og ræður sér starfsmann ".
Mikilvægt er að tryggt sé að svæðisráðin hafi launuðu starfsfólki á að skipa til þess að sinna þeim verkefnum sem þeim er ætlað. Mætti hugsa sér að starfsmaður gegndi einnig stöðu trúnaðarmanns sem 38. grein laganna gerir ráð fyrir að svæðisráðin skipi. Enn fremur þarf að tryggja að aðsetur svæðisráðanna verði utan þjónustumiðstöðvanna (svæðisskrifstofa) eða annarra þeirra stofnana sem þau eiga að hafa eftirlit með.

8. grein
Samtökin leggja til að 8. grein falli niður.
Efasemdir eru uppi um að ein samráðsnefnd á landsvísu geti unnið að samræmingarmálum sem eiga að koma til framkvæmda úti á svæðunum. Slík samræming sé betur komin í höndum þeirra sem á hverju svæði vinna að þjónustu við fatlaða á sviði félags- mennta- og heilbrigðismála.

10. grein
Við næst síðustu málsgrein bætist við á eftir.... að fenginni umsögn stjórnarnefndar: " eða svæðisráða og þjónustumiðstöðva".

12. grein
Við setninguna : Svæðisráð taka ákvarðanir um þjónustu og búsetuform., bætist eftirfarandi: "að höfðu samráði við umsækjanda og væntanlegt sambýlisfólk."

13. grein
A) Í stað orðsins svæðisskrifstofa verði notað: "þjónustumiðstöð". Heitið svæðisskrifstofa lýsir ekki til hlítar þeirri starfsemi sem þar fer fram. Á hverju svæði um allt land hefur á undanförnum áratug verið unnið að því að byggja upp margvíslega þjónustu við fatlaða í samræmi við núgildandi lög. Ef fyrirliggjandi frumvarp verður að lögum eru líkur á að þessi uppbygging haldi áfram . Er því að mati samtakanna heppilegra að nafnið þjónustumiðstöð komi alls staðar í stað orðins svæðisskrifstofa.

B) Liður 10 breytist og hljóði þannig: " Að hafa með höndum sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf."
Tryggt verður að vera að þjónusta sem þessi sé fyrir hendi á hverju svæði og að ekki þurfi eingöngu að sækja hana til Reykjavíkur. Lagt er til að þessi þjónusta verði byggð upp á þjónustumiðstöðvunum þar sem fyrirliggjandi fagþekking í málaflokknum getur verið ein af forsendum þess að sveitarfélögin treysti sér til þess að taka í auknum mæli við þjónustunni.

C) Lok greinarinnar, næst síðasta málsgrein, breytist þannig:
" Framkvæmdstjóri ræður annað starfsfólk."

14. grein
Samtökin leggja til að upphaf greinarinnar breytist og verði þannig:" Þjónustumiðstöðvar skulu eiga frumkvæði að því, að höfðu samráði við svæðissráð.."
Þessi breyting er í samræmi við það sem áður er sagt um að eðlilegt sé að frumkvæði sé í höndum heimamanna sem eru væntanlega í bestum tengslum við þá sem eiga að njóta þjónustunnar.

17. grein
A) Í upptalingu um verkefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar breytist 6. liður þannig að síðusta setning hans fellur brott .
Samtökin telja umrædda göngudeild nauðsynlega fyrir þá sem ekki hafa notið þeirrar þjónustu sem nú er í boði á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins svo og þá er fatlast á fullorðinsárum og njóta ekki þjónustu endurhæfingarstofnana t.d. vegna vals á sérhæfðum hjálpartækjum. Hins vegar telja samtökin að verkefni sem talin eru upp í síðasta hluta 6. liðs eigi að falla undir starfsvið svæðisbundinna þjónustustofnana.

B) Liður 7 breytist og hljóði þannig: "Fagleg aðstoð til svæðisráða og þjónustumiðstöðva og að veita umsögn um þjónustu og vistun á stofnun þegar þess er óskað."

20. grein
Í síðustu málsgrein falli niður "... að mati Greiningar - og ráðgjafastöðvar ríkisins.." og hljómar setningin þannig: " Fötluð börn sem ekki geta fært sér í nyt almenna dagvistarþjónustu , skulu eiga kost á sérdeildum við almenna leikskóla."
Samtökin telja grundvallaratriði að öllum fötluðum börnum sé gert kleift að vera á almennum leikskólum. Enn fremur telja þau að ákvarðanir um dagvistun fatlaðra barna hljóti að vera í höndum foreldra þeirra í samvinnu við starfsfólk leikskólanna og þjónustumiðstöðva.

26. grein
Síðasta málsgrein breytist og hljóðar þannig: " Þjónustumiðstöðvar gera í samvinnu við sveitarfélögin tillögur um slíka liðveislu og áætlanir um kostnað."
Eðlilegt er að ríkið greiði kostnað vegna frekari liðveislu en þó skal gera ráð fyrir því að sveitarfélögin geti tekið að sér þetta verkefni samkvæmt sérstökum samningi, smbr. 14.grein í VI kafla.

38. grein
A) Fyrsta málsgrein breytist og hljóði þannig:" Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra á sviði einkalífs og meðferðar fjármuna skulu svæðissráð skipa sérstakan trúnaðarmanna fatlaðra á hverju svæði."
Nauðsynlegt er að réttinda fatlaðra sé gætt alls staðar þar sem þeir starfa eða/og búa og eru háðir öðrum vegna fötlunar sinnar. Því ætti greinin ekki að einskorða sig við heimili fatlaðra 3 - 6 tölulið í frumvarpinu.
B) Við greinina bætist einnig: " Úrskurðarnefnd málefna fatlaðra gætir hagsmuna fatlaðra samkvæmt lögum þessum og er trúnaðarmönnum og svæðisráðum til ráðgjafar."

39. grein
Samtökin leggja til að hér komi til ný lagagrein um úrskurðarnefnd, sambærilega úrskurðarnefnd í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
Nefndin hefði t.d. það verkefni að úrskurða um:
1. Málsmeðferð samkvæmt lögunum
2. Réttindagæslumál sem ágreiningur rís um.
Nefndin yrði skipuð á sama hátt og úrskurðarnefnd félagsþjónustu nema í stað fulltrúa sveitarfélaga komi fulltrúi hagsmunasamtaka fatlaðra.

Að lokum vilja samtökin vekja sérstaka athygli á málefnum íbúa Kópavogshælis sem eru yfir 140 manns. Þar sem Kópavogshælið er skilgreint sem sjúkrahús mun það og þeir sem þar dvelja falla utan laga um málefni fatlaðra eftir gildistöku nýrra laga. Samtökin hafa lengi talið að allir íbúar Kópavogshælis ættu að flytja þaðan á sambýli þar sem dvöl á stofnun sem þessari samrýmist ekki nútíma viðhorfum um málefni fatlaðra. Samtökin leggja því til að í frumvarpið bætist ákvæði um að allir íbúar á Kópavogshæli útskrifist af stofnuninni næstu 4 árum. Um leið ætti að gera samninga við Ríkisspítala um að stöðugildi fylgi íbúunum. Hjálagðar sendast einnig athugasemdir um þetta mál frá einu af aðildafélögum Þroskahjálpar, Foreldra og vinafélagi Kópavogshælis.

Virðingarfyllst

F.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

Ásta B. Þorsteinsdóttir
formaður

Lára Björnsdóttir
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal XXXVI.

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands.
(24. mars 1992.)

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist erindi yðar frá 26. fyrra mánaðar ásamt frumvarpi að lögum um málefni fatlaðra.

Öryrkjabandalagið hefur beint því til aðildarfélaga sinna að þau fjalli um frumvarpið og hefur það verið til umfjöllunar í flestum þeirra.

Þar sem Öryrkjabandalag Íslands átti beina aðild að samningu frumvarpsins og einstök aðildarfélög bandalagsins munu senda nefndinni umsagnir sínar, telur framkvæmdaráð Öryrkjabandalags Íslands eigi ástæðu til sérstakra athugasemda.

Þó er rétt að benda á að stjórnunarþáttur frumvarpsins, þ. e. 6. og 13. gr. ásamt greinum sem tengjast þeim, hefur verið gagnrýndur mjög. En að öðru leyti er vísað til umsagna aðildarfélaga Öryrkjabandalags Íslands.

Sem fylgirit þessa bréfs er sent ljósrit af bréfi Hauks Þórðarsonar, formanns SÍBS, dagsett 19. mars 1992.

Virðingarfyllst,

Arnþór Helgason

Arnþór Helgason
formaður stjórnar
Öryrkjabandalags Íslands

Fylgiskjal XXXVII.

Umsögn Félags íslenskra sérkennara.

Félagið telur að réttur fatlaðra grunnskólabarna sé ekki nægilega vel tryggður í lögum þessum. Í grunnskólalögum er kveðið á um að grunnskólinn sé fyrir öll börn og að stefnt skuli að samskipan fatlaðra og ófatlaðra nemenda í heimaskóla. Fötluð grunnskólabörn hafa vegna fötlunar sinnar þörf fyrir þjónustu og aðstoð á ýmsum sviðum umfram þau réttindi sem tryggð eru öllum nemendum í grunnskólalögum. Það er hins vegar alls ekki ljóst hver beri ábyrgð á að fatlaðir nemendur í almennum grunnskóla fái þá þjónustu sem þau þarfnast og tryggð er öðrum aldurshópum fatlaðra samkvæmt frumvarpi þessu. Þetta á t.d. við um:

Stoðþjónustu sem kveðið er á um í 9. gr. Til að fatlaðir nemendur geti stundað nám í almennum grunnskóla þurfa þeir margháttaða aðstoð aðra en þá sem sérkennsla nær til. Hér má nefna aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, að komast um skólann, líkamlega hirðingu, þátttöku í félagslífi skólans og margt fleira. Eins og málum er nú háttað er ekki á hreinu hver skuli standa straum af kostnaði við þjónustu sem þessa. Því er lagt til að kveðið verði á um stoðþjónustu við grunnskólabörn í 9. gr. og þar með tekin af öll tvímæli um það hver skuli greiða.

Dagvistarstofnanir fatlaðra samkvæmt 10. gr. Í langflestum tilfellum hafa fatlaðir nemendur þörf fyrir gæslu og þjálfun umfram þann takmarkaða skólatíma sem grunnskólanemendum er tryggður. Skilgreina þarf hver ber ábyrgð á að veita þessa þjónustu. Fyrirbyggja þarf ósamræmi, t.d. með því að ríkissjóður sjái um slíka þjónustu í sumum landshlutum en í öðrum sé litlum sveitarfélögum ætlað þetta hlutverk.

Varðandi greinargerð um 4. tölul. 11. gr. skal tekið undir það að vistun fatlaðra á sólarhringsstofnunum þykir ekki lengur í samræmi við hugmyndafræði samskipunar. Það gerir svo sannarlega ekki heldur tillaga um að setja á fót sérstakt sjúkrahús fyrir fatlaða sem sett er fram í niðurlagi greinargerðarinnar.

Varðandi Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í 17. gr. er tekið undir það sem kemur fram í greinargerð um mikilvægi starfsemi hennar. Telja má þó að óheppilegt sé að byggja þessa þjónustu upp að öllu leyti á einum stað á landinu. Ráðgjafarþjónusta, sem veitt er í beinum tengslum við þær aðstæður sem hinn fatlaði býr við, er líklegri til að nýtast mun betur en hin sem slitin er úr tengslum við umhverfi hans. Öflug ráðgjafarþjónusta á svæðisskrifstofum gæti tekið við hluta af þessu starfi. Í þessu sambandi má benda á að ráðgjöf sú, sem sérskólum er ætlað að sinna, er öll veitt frá Reykjavíkursvæðinu þar sem sérskólarnir eru staðsettir þar.

Það sama er að segja um göngudeild samkvæmt 6. tölul. sem eðli sínu samkvæmt getur eingöngu verið svæðisbundin og því óeðlilegt að á vegum ríkisins sé einungis starfrækt ein slík þegar tillit er tekið til þess að fatlaðir búa víðs vegar um landið.

Réttindagæsla fatlaðra samkvæmt 37. og 38. gr. Félagið telur að slík réttindagæsla eigi einnig að ná til grunnskólabarna.

Á grundvelli þess sem að ofan er sagt telur Félag íslenskra sérkennara ekki tímabært að rjúfa sameiginlega ábyrgð félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis á framkvæmd laga um málefni fatlaðra. Í greinargerð um 3. gr. er réttilega bent á að ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla veita fötluðum sama rétt og ófötluðum. Það er hins vegar gert með almennu orðalagi og að litlu leyti er tekið tillit til þarfa hins fatlaða fyrir þjónustu umfram það sem almennt er veitt í skólakerfinu. Þar hefur einnig gleymst að taka tillit til þess, þegar stefnt skal að samskipan fatlaðra og ófatlaðra í heimaskóla, að heimaskólinn getur verið hvar sem er á landinu.

Höfundum þessa frumvarps hefur að sama skapi láðst að gera ráð fyrir þeirri óheppilegu staðreynd að fatlaðir fæðast og eru búsettir um allt land og sveitarfélög eru misjafnlega í stakk búin til að sinna nauðsynlegri þjónustu.

Fylgiskjal XXXVIII.

Umsögn fræðslustjóra Reykjavíkurumdæmis.
(23. mars 1992.)

Inngangsorð:

Í upphafi vil ég taka fram að réttur fatlaðra til almennrar þjónustu á sviði menntunar hefur í raunverulegri framkvæmd ekki verið sá sem í veðri er látið vaka í þessu frumvarpi. Vissulega væri slíkt ákjósanlegt, en því miður er raunin allt önnur. Ef fatlaðir eiga að geta notið eðlilegrar menntunar, þarf að tryggja með fjárveitingum möguleika á að hægt sé að koma upp viðhlýtandi aðstæðum í almennum skólum.

Ef félagslegri almennri þjónustu er ábótavant og sérstök lög þarf til að tryggja fötluðum rétt innan þess málaflokks, þá þyrfti ekki síður að hafa ákvæði um slíkt varðandi skólagöngu fatlaðra.

Þó að lágmarksþjónusta eigi að vera tryggð í lögum um grunnskóla og framhaldsskóla, þá skortir stórlega á fjármagn til að koma á góðri og markvissri þjónustu við fatlaða í almenna skólakerfinu. Að því leyti virðist mér full þörf á að koma á fót sérstökum framkvæmdasjóði til að byggja upp markvissa þjónustu og skapa aðstæður fyrir fatlaða innan almenna skólakerfisins, ekki síður en í félagslega kerfinu.

Í **37. gr.** er svæðisráði í málefnum fatlaðra ætlað að standa vörð um þennan rétt, skv. grunnskóla- og framhaldsskólalögum, en ljóst er að athugasemdir slíks ráðs verða lítils megnugar ef engar fjárveitingar verða til framkvæmda.

Í **6. gr.** er talað um svæðisráð og hlutverk þess. Erfitt er að sjá hvernig svæðisráð getur sinnt því veigamikla hlutverki, sem því er ætlað, án þess að hafa til þess starfsfólk.

Mér virðist nauðsynlegt að nánari tengsl séu milli svæðisráðs og svæðisskrifstofu.

Í **9. gr.** er rætt um stoðþjónustu. Afar brýnt er að fjallað sé um stoðþjónustu fyrir fatlaða nemendur í skólum. Bent skal á að fötluð börn og ungmenni dveljast löngum stundum í skólum og því er nauðsynlegt að þeim sé tryggð félagsleg þjónusta þar eins og öðru fötluðu fólki annars staðar. Félagslega þjónustu við fatlaða nemendur má ekki að skilgreina sem sérkennslu eins og nú er gert, enda óréttmætt að umbreyta og þar með skerða sérkennslutíma til nemenda.

Nú eru til sérstök **leikskólalög**, sem ættu að tryggja fötluðum börnum sérþjónustu, en í 20. gr. þykir ástæða til að tryggja þessa þjónustu sérstaklega.

Eðlilegt er að spurt sé, hvers vegna frekar þar en í grunnskólunum?
Börnum á leikskólum, sem eru alfarið á vegum sveitarfélaga, er tryggð miklu betri sérþjónusta frá ríkinu en í grunnskólanum. Þar fá börn sérfræðiaðstoð samkvæmt greiningu, en í grunnskólanum er settur **"kvóti"** miðað við fjölda nemenda í almennum skólum umdæmisins. Þetta leiðir til þess að fötluðum nemendum er ekki nægilega vel tryggður sá réttur sem þeim ber.

Í 23. gr. er talað um skammtímavistun fyrir fötluð börn. Er gert ráð fyrir að þarna geti líka verið um að ræða skammtímavistun fyrir geðfötluð börn og hvernig yrði hún skilgreind?

Í 36. gr. er talað um ferðaþjónustu. Ég tel mjög svo óæskilegt og óeðlilegt að þessi þjónusta sé á hendi tveggja aðila, þ.e.a.s. bæði sveitarfélaga og ríkis. Slíkt fyrirkomulag kallar óhjákvæmilega á togstreitu og er þungt í vöfum. Auk þess fæ ég ekki séð hversvegna 6. töluliður 10. gr. er undanskilinn í ferðaþjónustu á vegum ríkisins, ef á annað borð er um tvískipta þjónustu að ræða.

Í 41. gr. 7. t.lið segir:
"Framkvæmdasjóði fatlaðra er heimilt að veita fé til framkvæmda sem nauðsynlegar eru taldar í þágu fatlaðra, svo sem breytinga á almennum vinnustöðum þar sem fatlaðir starfa."
Spurt er:
Er heimilt að veita slíkt til skóla? Skólar eru vinnustaður barna og ungmenna.

Varðandi atvinnumál í XII. kafla væri ýmislegt hægt að segja, en ég vil aðeins árétta eftirfarandi: Nauðsynlegt er að tryggt sé með meira afgerandi hætti að fötluðum unglingum gefist kostur á starfsþjálfun og atvinnu að loknu námi í grunn- og framhaldsskóla.

Enda þótt ýmislegt fleira vekti upp spurningar við lestur þessa frumvarps, læt ég staðar numið við þessar ábendingar varðandi skóla og nemendur.

Með vinsemd og virðingu,

Áslaug Brynjólfsdóttir, fræðslustjóri

Fylgiskjal XXXIX.

Umsögn fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis.
(11. mars 1992.)

Borist hefur til umsagnar fræðslustjóra frumvarp til laga um málefni fatlaðra, 222. mál 115. löggjafarþings.

Af því tilefni vill hann koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið:

2. grein. Í henni er skilgreindur markhópur þessara laga. Þar sem lögin fjalla um annan og meiri rétt honum til handa og serstaka umframþjónustu við þá einstaklinga er til hans teljast sbr. síðari málsgrein 7. greinar er mjög nauðsynlegt að afmörkun og skilgreining hans se skýr og otvíræð. Þannig að ekki komi til þess sem ekki er örgrannt um að hafi gerst til þessa að einstaklingum se svipt milli ríkis og sveitarfélaga og báðir visi frá ser vegna þess að sú skilgreining sem lögin gefa passar ekki nákvæmlega við þá. Varðandi þessa grein vakna spurningar s. s. hvenær er geðveikur maður orðinn geðfatlaður, hvenær telst barn eða fullorðinn sem á í langvarandi veikindum sem hindra eðlilega þátttöku í skólagöngu eða atvinnulífi og seinka þroska orðinn fatlaður og þar með kominn í markhóp þessara laga.
Í þessu sambandi er ekki hægt að stilla sig um að lýsa þeirri skoðun, byggðri á talsverðri reynslu af lögum um málefni fatlaðra og öðru starfi innan þessa málaflokks, að serlög af þessu tagi um þjonustu við einhverja sergreinda hópa seu mjög svo varasöm og geti verið hættuleg fyrir þann hóp sem á að styðja. Þetta hefur gerst og til eru ymis " grá " svæði á þessu sviði - sum til komin eftir breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, s. s. óleyst vandamál um akstur og umönnun aðra en kennslu fatlaðra nemenda í almennum grunnskólum og serdeildum fræðsluumdæma, og raunar einnig í framhaldsskólum - sem búið er að þvælast milli aðila í langan tíma og allir biðja þann kaleik frá sér tekinn að greiða kostnaðinn. Því er það eindregin skoðun fræðslustjóra Vesturlands að æskilegt se að sett verði heildstæð félags-málalöggjöf sem taki í einu lagi á félagslegri þjónustu fyrir alla þegna þjóðfélagsins, en hætt verði að setja merkispjöld á einstaklinga og draga þá í dilka eftir litnum á þessum merkispjöldum.

Til að fyrirbyggja misskilning skal þó rækilega tekið fram að lögin um aðstoð við þroskahefta gerðu á sínum tíma mikið gagn og hrundu af stað stórfelldum framförum í málefnum þess hóps, enda var þar um " neyðarlög " að ræða sem sett voru af brýnni nauðsyn vegna þess ófremdarástands sem þá ríkti í málefnum vangefinna enda byggðu þessi lög á nýjum viðhorfum og sjónarmiðum sem foreldrar fylgdu eftir og unnu samkvæmt í baráttu sinni fyrir réttindum barna sinna.

9. grein. Ástæða er til að fagna og taka undir það sem segir í þessari grein um margvíslega stoðþjónustu, en sé farið að ryna í nánari útfærslu síðar í frumvarpinu dettur nú stærstu gullhringarnir af sbr. orðalag 25. greinar:
" Sveitarfélög skulu eftir föngum gefa fötluðum kost á liðveislu þegar þörf er á. " Er nú hægt að orða þetta mattleysislegar eða opna fleiri smugur til undankoma en þann tvöfalda fyrirvara sem gefinn er. Auðvitað er lengi hægt að segja að föng sveitarfélags (tekjur þess) leyfi ekki slíkt og alltaf má halda fram að þörf sé þannig uppfyllt að ekki sé mögulegt að gera betur. en fatlaðir þurfa skilgreinda þjónustu sem blífur - ekki sætar dúsur í lagagreinum sem hægt er að komast fram hjá ef einhverjum sýnist svo.
Þá er leiðin til þess að ná fram rétti til frekari liðveislu orðin æði löng ef fylgja á þeirri boðleið sem rakin er svo í síðari málsgrein 26. greinar: " **Að fenginni umsögn svæðisráðs gera sveitarfélög eða svæðisskrifstofur tillögur um slíka liðveislu til félagsmálaráðuneytis sem tekur ákvörðun í málinu.** " Það á greinilega ekki að íþyngja svæðisskrifstofunum með of mikilli ábyrgð eða vandasamri ákvarðanatöku. Þetta viðhorf er mjög ríkjandi í þessu frumvarpi og er raunar áréttað í athugasemdum frumvarpsins á bls. 16 í síðustu setningum um svæðisráð og svæðisskrifstofur þar sem stendur:
" **Jafnframt verða framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa nú ráðnir af félagsmálaráðuneyti og bera þeir ábyrgð gagnvart því í stað þess að sækja umboð sitt til svæðisstjórna. Með þeirri breytingu má ætla að stjórnunarleg og rekstrarleg ábyrgð ráðuneytisins verði auðveldari í framkvæmd en nú er.** "
Að sjálfsögðu hafa menn alls konar skoðanir og sjónarmið um miðstýringu eða dreifingu valds, en er líklegt að þeir sem fjær eru vettvangi hafi betri yfirsýn og meiri möguleika að meta þörf fatlaðs barns eða fullorðins fyrir þjónustu en þeir er fjalla um málin í heimabyggð, er fullvíst að ákvörðun ráðuneytis sé ábyrgari en heimaaðila eða að þessi málsmeðferð yti undir ábyrg vinnubrögð starfsmanna svæðisskrifstofu.

6. 13. 15. 16. grein. Í þessum greinum er fjallað um svæðisráð og verkefni þeirra. Ekki er annað að sjá en þau verði valdalaus umsagnar og eftirlitsaðili sem hafi ekkert um rekstur eða aðra starfsemi að segja og litla möguleika að fylgja vilja sínum og ákvörðunum eftir. Út af fyrir sig er æskilegt fyrir svæðisráðin að losna við þá ábyrgð og umsvif sem fylgja afskiptum af rekstri og peningamálum. Hinsvegar er ekki hægt að sjá í frumvarpinu að þeim sé sniðinn sá fjárhagslegi stakkur sem geri þeim kleift að sinna umsjónar og eftirlitshlutverki sínu af nokkru viti eða alvöru.
Sagt er að kostnaður við þau skuli greiddur úr ríkissjóði, en hvergi kemur fram við hvað skuli miða í því sambandi og raunar sagt í athugasemdum bls. 29 " **Gert er ráð fyrir að svæðisskrifstofur veiti svæðisráðum aðstoð og þjónustu svo að þau geti sinnt verkefnum sínum. Sú hugsun býr að baki að ekki komi til þess að svæðisráð hafi eigin starfsliði á að skipa og þannig verði komið í veg fyrir tvöfalt stjórnkerfi á einstökum starfssvæðum.** " Spurningin er sú, ef ætlunin er að gera svæðisráðin sjálfstæðari í eftirlitshlutverki sínu en þær svæðisstjórnir sem nú bera jafnframt eftirliti ábyrgð á rekstri stofnana er þá hægt að ætlast til þess að þau láti svæðisskrifstofur mata sig á upplýsingum um kvartanir eða klögumál án þess að hafa möguleika á því að kanna málið

sjálfstætt og leggja á það mat út frá eigin rannsókn. Ekki síst vekur þetta efasemdir í sambandi við það hlutverk sem þeim er ætlað í réttindagæslu fatlaðra sem dveljа á stofnunum. Ætla má að í slíkum tilfellum geti reynst erfitt að treysta mati og vitnisburði starfsmanna sveitarstjórnarstofu sem hugsanlega getur haft staðið á bak við eða látið af hendi upplýsingar sem fatlaður einstaklingur eða aðstandendur hans telja umkvörtunarefni.
Nýleg atvik hafa komið hreyfingu á svipuð mál í dómskerfinu og því ástæða til að svæmla ekki áfram í sama pytti í þessum málaflokki. Eigi sveitarstjórnarstofu að vera í færum til þess að sinna þessu hlutverki somasamlega þarf annað tveggja að vera fyrir hendi að fullnægjandi í ráðinu hafi til þess svigrúm, bæði hvað snertir tíma til og umbun fyrir að sinna þeim verkefnum er ráðinu eru ætluð eða því séð fyrir möguleikum til að kaupa sérfróðan starfsmann að annast þau. Annars verða þetta ein og tom orð á blaði. Þar með er réttindagæsla fatlaðra, eitt mikilvægasta verkefni sveitarstjórnarstofu í jafn lausu lofti og fyrr.

37. 38. grein. Ástæða er til að fagna því að tekinn er inn sérstakur kafli um réttindagæslu fatlaðra, þó að hann hefði mátt vera mun ítarlegri, einkum hvað varðar stöðu og valdsvið trúnaðarmanns fatlaðra, en vonandi stendur það til bóta. Í grannlöndum okkar, Noregi og Svíþjóð, hafa nýlega farið fram ítarlegar kannanir á þessum málum og er álit og tillögugerð sérstakra nefnda fyrir stuttu komin út í báðum löndum. Er ástæða til að fylgjast með þeirri stefnumörkun sem þar er á ferð og hafa til hliðsjónar hvort sem heppilegt þykir að semja um það sérstök lög, festa ítarlegri ákvæði í þessi lög eða setja reglugerð á grundvelli þeirra.

41. grein. Fræðslustjóri lýsir ánægju með rýmkað hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, einkum þó möguleika á stuðningi við byggingu og kaup félagslegra íbúða fyrir fatlaða og til lagfæringa og breytinga á vinnustöðum að bæta aðstöðu þeirra á almennum vinnumarkaði.

Í því sem að ofan er skráð hefur verið drepið á ýmsa þætti sem fræðslustjóri telur að athuga þurfi og reyna að koma betur og skilvirkar fyrir. Þetta frumvarp, ef að lögum verður, býður ýmsa möguleika til framfara í málaflokknum og getur því stuðlað að frekari framþróun og úrbótum í málefnum fatlaðra. Þess vegna er mælt með samþykkt þess, en með því er ekki horfið frá þeirri skoðun að málið verði í heild best leyst með einni samfelldri félagsmálalöggjöf sem raunar er þó fyrst raunhæft að ætla að nái tilgangi sínum þegar sveitarfélög hafa annað hvort með samstarfi eða sameiningu skapað nægilega sterkar einingar til þess að valda alhliða félagsþjónustu við alla sína íbúa.

Virðingarfyllst,

Snorri Þorsteinsson,
fræðslustjóri.

Fylgiskjal XL.

Umsögn fræðslustjóra Suðurlandsumdæmis.
(24. mars 1992.)

Hefi lesið yfir frumvarp til laga um málefni fatlaðra. Sendi hér með umsögn fræðslustjóra Vesturlands og er henni fullkomlega sammála.

Vil þó leggja áherslu á að gagnvart fötluðum á skólaskyldualdri sé skýrt og skilmerkilega kveðið á um hver eigi að gera hvað og hver eigi að borga í hverju tilfelli, þannig að enginn vafi sé þar á.

Að öðru leyti sammála áliti Snorra eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Jón Hjartarson.

Fylgiskjal XLI.

Umsögn stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir stuðningi við þá stefnumótun, er fram kemur í frumvarpinu um, að fatlaðir njóti sem mest almennrar þjónustu ríkis og sveitarfélaga og að fötluðum verði gert kleyft að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra.

Stjórn sambandsins gerir hinsvegar ýmsar athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir og verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim helstu auk þess sem settar eru fram hugleiðingar almennt um frumvarpið.

Með frumvarpinu fylgja mjög takmarkaðar upplýsingar um málefni fatlaðra. Vekur það athygli, þar sem um viðmikinn og kostnaðarsaman málaflokk er að ræða. Í fjárlögum er ráðstafað tæpum tveimur milljörðum til málefna fatlaðra - auk tryggingabóta. Engar upplýsingar liggja fyrir um kostnað sveitarfélaga. Hvergi er að finna tölur um fjölda þeirra, sem þjónustu njóta samkvæmt gildandi lögum og skiptingu þeirra eftir fötlun og þjónustusvæðum né lagt á það mat, hve margir muni njóta þjónustu sem fatlaðir, verði frumvarpið að lögum.

Í athugasemd með frumvarpinu er fullyrt, að ekki séu enn þjóðfélagslegar og stjórnmálalegar forsendur fyrir hendi til þess að kveðið væri á um málefni fatlaðra í heildarlöggjöf í félagsmálum. Þessi fullyrðing er með öllu órökstudd. Ef átt er við smæð sveitarfélaga, skal bent á, að nær öll sambýli fatlaðra eru í sveitarfélögum, sem nú þegar reka öfluga félagsmálaþjónustu. Hvað minni sveitarfélög varðar, getur þjónustan verið samstarfsverkefni á vegum héraðsnefnda eða byggðasamlaga. Ekki er langt síðan að færa átti hluta þessa málaflokks á "einni nóttu" yfir til sveitarfélaganna og það án þess, að tekjur fylgdu.

Í frumvarpinu felst víðtækari skilgreining á fötlun en í gildandi lögum og bætast málefni geðfatlaðra við þennan málaflokk. Í heilbrigðislöggjöf eru hinsvegar ákvæði um geðfatlaða. Ekki er að finna í greinargerð með frumvarpinu upplýsingar um, hvort svo víðtæka skilgreiningu á fötlun sé að finna í sértækri löggjöf annarra þjóða. Ný lög í Noregi, sem eingöngu taka til málefna þroskaheftra tóku gildi 1. janúar 1991. Í þeirri löggjöf eru málefni þroskaheftra alfarið færð til sveitarfélaga. Í greinargerð með frumvarpinu er rangt farið með, þegar vitnað er til lagabreytinga í Noregi. Þau lög eru ek eingöngu um málefni þroskaheftra.

Fá mál standa sveitarstjórnum nær en málefni fatlaðra. Ábyrgð og stjórnun á að vera sem næst þeim, sem þjónustunnar njóta. Með frumvarpinu er áfram stuðlað að aðskilinni þjónustu við fatlaða frá almennri félagsþjónustu við aðra íbúa sveitarfélagsins. Þau vandamál, sem upp hafa komið um staðsetningu sambýla má að verulegu leyti rekja til þess, að um sérlög er að ræða og ríkið með forsjá málaflokksins en ekki sveitarfélögin.

Í frumvarpinu er lagt til "að félagsmálaráðuneytið hafi frumkvæði að því að unnið sé að samningum milli ríkis og sveitarfélaga, um það að sveitarfélagið annist þjónustu við fatlaða að hluta eða að öllu leyti." Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir sama stjórnkerfi ríkisins og ef eitthvað er aukið við það. Stjórnkerfi fatlaðra kostar nú um 70 milljónir króna. Taki t.d. Reykjavíkurborg yfir rekstur sambýla og önnur viðfangsefni fatlaðra, sem er bæði sjálfsagt og eðlilegt, verður þrefalt stjórnkerfi í Reykjavík, ríkið, þ.e. svæðisskrifstofa og svæðisstjórn, Styrktarfélag vangefinna, sem rekur flest sambýli í Reykjavík og Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Ekki er að finna í frumvarpinu skýr ákvæði um, að svæðisskrifstofa verði felld niður, yfirtaki sveitarfélag starfsemina.

Þótt ætlunin sé að flytja þennan málaflokk síðar til sveitarfélaganna, verður það erfiðara eftir því sem stjórnkerfi ríkisins stækkar og gildissvið laganna rýmkar.

Athugasemd við 4. gr.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra er samkvæmt frumvarpinu skipuð fimm fulltrúum. Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar, þar af annan formann. Stjórnarnefndin fer með stjórn framkvæmdasjóðs fatlaðra. Erfitt er að sjá, að það samræmist, að hagsmunasamtök fatlaðra verði með þessum hætti hluti af framkvæmdavaldinu, sem þau eiga að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna gagnvart. Eðlilegra er, að Alþingi kjósi 3 fulltrúa í stjórnarnefnd og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni 2. Hvernig eiga samtök fatlaðra að leggja hlutlaust mat á störf stjórnarnefndar? Samkvæmt frumvarpinu skal fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd, taka sæti í nefndinni, þegar fjárveitinganefnd fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra, skv. 39. gr. Náið samstarf Framkvæmdasjóðs og fjárlaganefndar er mikilvægt. Vafamál er hinsvegar, hvort einn fulltrúi fjárlaganefndar eigi þannig beina aðild að stjórn sjóðsins.

Athugasemd við 15. gr.

Ekki verður séð nein knýjandi nauðsyn þess, að félagsmálaráðherra verði heimilt að binda starfsleyfi til handa félagasamtökum og sjálfseignarstofnun til að starfrækja verndaða vinnustaði og vistheimili því skilyrði, að ráðherrann eigi fulltrúa í stjórn þeirra, eins og segir í ákvæðum 15. gr.

Öllu skynsamlegra væri að gefa sveitarstjórnum, þar sem slíkar stofnanir starfa, kost á því að tilnefna áheyrnarfulltrúa í viðkomandi stjórnir í þeim tilgangi að efla og styrkja tengsl þessara aðila og auka upplýsingastreymi.

Athugasemd við 20. gr.

Í dag eru það mörg hundruð börn, sem njóta sérstuðnings á leikskólum og skóladagheimilum, bæði á fámennum stofnunum og á sérdeildum. Endurgreiðslur ríkisins vegna umframkostnaðar við vistun fatlaðra barna, nemur tugum milljóna króna á þessu ári. Ríkið hefur túlkað einhliða, hvernig greiðslum vegna vistunar fatlaðra skal varið og hefur sú túlkun tekið mið af fjárlögum en kostnaðar- hlutur sveitarfélaga heldur aukist á síðari árum.

Í núgildandi lögum stendur í 28. gr.:

"Kostnaður við rekstur stofnana skv. 1. og 14. tölul. 7. gr. greiðist í samræmi við lög nr. 112/1976. Jafnframt greiðir ríkissjóður þann kostnað, sem er umfram almennar greiðslur í viðkomandi stofnun, enda skerðist réttur barnsins til annarra bótagreiðslna ekki.
Ríkissjóður greiðir þann rekstrarkostnað stofnana skv. 2. - 13. tölul. 7. gr. sem ekki er greiddur af sértekjum eða eigin fé.
Sérstaka flutningsþjónustu fyrir fatlaða, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki til og frá stofnunum skv. 9. og 10. gr. skal greiða úr ríkissjóði."

Í þessu frumvarpi er sagt í athugasemdum á bls. 42 (III. kafli) að eðlilegra sé að kveða á um þennan umframkostnað í lögum um leikskóla og greinilega að því stefnt, að sveitarfélögin beri þennan kostnað framvegis.
Í lögunum er kveðið afdráttarlaust á um, að "fötluð börn skulu eiga rétt til leikskóladvalar" (20. gr.) og í athugasemdum er sagt, að þar sé átt við forgangsvistun.

Þá er sveitarfélögum gert (í 20. gr.)að koma á sérdeildum fyrir fötluð börn, sem ekki geta fært sér í nyt almenna dagvistarþjónusu að mati Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.
Þetta hlýtur að skoðast sem stórmál fyrir sveitarfélögin og alveg fráleitt að setja í lög án undangengins náins samráðs við sveitarfélögin.

Athugasemdir við 36. gr.

Samkvæmt 36. gr. er sveitarfélögum skylt að gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu og þeim ætlað að setja sérstakar reglur þar að lútandi.
Jafnframt þessari almennu ferðaþjónustu rekur ríkið ferðaþjónustu vegna aksturs á þjónustustofnanir sbr. 10. gr. 1.-5. tl. og vegna annarrar sértækrar þjónustu, sem veitt er fötluðum sérstaklega.
Athygli skal vakin á því, að akstur sbr. 10. gr. 6.tl. á skammtímavistheimili barna er undanskilin þátttöku ríkisins.

Í greinargerð með 36. gr. segir m.a.:

"Skyldur sveitarfélaga hvað ferðaþjónusut fatlaðra viðvíkur taka til almennrar þjónustu við fatlaðra, þ.e. ferða, sem tengjast atvinnu, menningu, félagslífi og námi. Um akstur til og frá skóla, skal tekið fram, að samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 48/1991, er sveitarfélögum skylt að sjá um akstur skólabarna og gildir það jafnt um fötluð sem ófötluð börn. Öðru máli gegnir um framhaldsskóla, en lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, eru ekki jafnótvíræð varðandi akstur fatlaðra nemenda. Til að brúa þetta bil þykir því nausynlegt, að í lögum um málefni fatlaðra sé kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að bjóða upp á ferðaþjónustu vegna náms. Vart þarf að taka fram, að auk náms í grunn-

og framhaldsskóla getur hér verið um að ræða nám í háskóla, ýmis námskeið, símenntun o. fl."

Ákvæði 36. gr. gera því ráð fyrir verulegri kostnaðaraukningu fyrir sveitarfélögin.

Athugasemdir við 41. gr.

Framkvæmdasjóður skal fjármagna stofnkostnað þjónustustofnana sbr. 10. gr. og heimila fatlaðra sbr. 11. gr. 3.-6. tl., sem eru á vegum ríkisins. Það sama á við, þegar um er að ræða þjónustustofnanir og heimili á vegum sveitarfélaga. Aftur á móti er aðeins um að ræða heimildarákvæði, þegar í hlut eiga félagasamtök og sjálfseignarstofnanir. Auk þess er nú heimilt að styrkja byggingu félagslegra leiguíbúða og kaupleiguíbúða og verja jafnframt hluta af ráðstöfunarfé viðhalds framkvæmda, svo og til annarra framkvæmda í þágu fatlaðra.

Er hér um að ræða verulega breytingu á hlutverki Framkvæmdasjóðs og ekki kemur fram nægilegur rökstuðningur fyrir þessari breyttu stefnumörkun.

Ljóst er, að kostnaður sveitarfélaga vegna þessarar breyttu stefnumörkunar mun aukast töluvert. Sú er einnig skoðun fjármálaráðuneytisins en í umsögn þess segir m.a.:

> "Þá er með þessari lagasetningu stefnt að því að auka áherslu á félagslegar íbúðir í stað sambýla. Þessi breyting léttir á rekstrarkostnaði ríkissjóðs frá núgildandi lögum. Á móti mun kostnaður sveitarfélaga aukast þar sem þau greiða stærsta hluta kostnaðaraverðs félagslegra íbúða og heimaþjónustu til íbúa samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga."

Með vísan til þeirra ábendinga og athugasameda, sem fjallað hefur verið um hér að framan, getur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga ekki mælt með samþykkt frumvarpsins, eins og það liggur nú fyrir, en hvetur til þess, að frumvarpið verði endurskoðað m. t. t. framkominna athugasemda.

Stjórnin áskilur sér jafnframt allan rétt til frekari athugasemda við frumvarpið.

Fylgiskjal XLII.

Umsögn borgarritarans í Reykjavík.
(2. apríl 1992.)

Í umsögn félagsmálaráðs, dags. 30. f.m., um ofangreint frumvarp er ekki vikið sérstaklega að fjárhagslegum áhrifum þeirra breytinga, sem felast í frumvarpinu. Af því tilefni er rétt að benda á eftirfarandi:

1. Samkv. 20. gr. frumvarpsins skulu fötluð börn eiga rétt til leikskóladvalar á vegum sveitarfélaga og er sveitarfélögum skylt að koma á sérdeildum fyrir börnin, ef þau geta ekki, að mati Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins, fært sér í nyt almenna dagvistarþjónustu með stuðningsþjónustu

   Eftir gildandi lögum greiðir ríkissjóður umframkostnað vegna vistunar fatlaðra barna, að vísu eftir einhliða túlkun, sem tekið hefur mið af fjárveitingum á fjárlögum.

   Þessar endurgreiðslur ríkissjóðs til borgarsjóðs námu á árinu 1991 kr. 35.4 millj. og eru áætlaðar samkv. fjárhagsáætlun 1992 kr. 38.6 millj.

   Í athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram, að talið sé eðlilegast að kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins vegna þessa umframkostnaðar í lögum um leikskóla. Sé það svo væri eðlilegt að frumvarp að slíkum lagatexta liggi fyrir um leið og þetta frumvarp hlýtur umfjöllun.

   Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins veitir ríkisstofnun mikið ákvörðunarvald um málefni, sem sveitarfélögum er falið til úrlausnar.

2. Í X. kafla frumvarpsins eru ákvæði um svonefnda "liðveislu". Þessi ákvæði virðast sniðin eftir þeirri framkvæmd, sem verið hefur í Reykjavík með tilsjónarkerfi, og veldur því ekki útgjaldaauka fyrir borgarsjóð. Öðru máli kann að gegna um önnur sveitarfélög.

3. Ákvæði 36. gr. frumvarpsins um skyldu sveitarfélaga til að gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu til að stunda atvinnu og nám og til að njóta tómstunda fela í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin, án þess að fyrir liggi upplýsingar um, hversu mikill hann er.

4. Breytingar sem felast í ákvæðum 41. gr. frumvarpsins um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra fela í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög, sbr. eftirfarandi umsögn fjármálaráðuneytisins um þessa frumvarpsgrein:

"Þá er með þessari lagasetningu stefnt að því að auka áherslu á félagslegar íbúðir í stað sambýla. Þessi breyting léttir á rekstrarkostnaði ríkissjóðs frá núgildandi lögum. Á móti mun kostnaður sveitarfélaga aukast þar sem þau greiða stærsta hluta kostnaðarverðs félagslegra íbúða og heimaþjónustu til íbúa samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga".

Engar upplýsingar liggja fyrir um þennan kostnaðarauka.

Hér hefur einungis verið fjallað um fjárhagsleg áhrif frumvarpsins, en nauðsynlegt verður að telja, að upplýsingar um þau liggi fyrir, áður en frumvarpið verður tekið til afgreiðslu og þá jafnframt, hvernig ætlast er til að sveitarfélögin mæti þeim kostnaðarauka, sem af samþykkt frumvarpsins leiðir.

Jón G. Tómasson

Fylgiskjal XLIII.

Umsögn félagsmálaráðs Reykjavíkur.
(30. mars 1992.)

Lýst er yfir stuðningi við þá stefnumótun, sem fram kemur í frumvarpi til laga um málefni fatlaðra, þar sem lögð er megináhersla á:

- að fatlaðir njóti sem mest almennrar þjónustu ríkis- og sveitarfélaga en sértæk þjónusta samkvæmt lögum þessum verði til viðbótar almennri þjónustu til að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna.

- að aukin verði ýmiskonar stoðþjónusta, rekstur þjónustustofnana og efld búsetuform, sem gera fötluðum kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra.

- að auka ábyrgð sveitarfélaga og stefnt að því að fella þjónustu við fatlaða sem mest að almennri þjónustu sveitarfélaga, þó innan gildandi lagaákvæða um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við einstakar greinar frumvarpsins:

2. gr.
Æskilegt væri að skilgreina fötlun almennt betur en hér er gert.

6. gr.
Eðlileg rök geta verið fyrir skiptingu verkefna milli svæðisráðs og svæðisskrifstofu, þar sem talið er að ekki fari saman annarsvegar rekstur og framkvæmd þjónustu og svo hins vegar eftirlit með rekstri og réttindagæsla.
Aftur á móti er vandséð samkvæmt frumvarpinu, hvernig svæðisráði verður sköpuð aðstaða til að sinna mikilvægu hlutverki sínu í sambandi við eftirlit með rekstri og þjónustu við fatlaða og réttindagæslu þeirra ásamt þeim öðrum verkefnum sem ráðið skal sinna. Þó starfsfólk svæðisskrifstofu hafi samkvæmt 13. gr. 5. t.l. skyldur til að veita svæðisráðum aðtoð, hlýtur sú aðstoð að vera takmörkuð. Annars væri það í mótsögn við rök fyrir aðskilnaði verkefna.

7. gr.
Svo sjálfsagt þykir að fatlaðir eigi rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga, að 1. málsliður 1. málsgr. 7. gr. þykir óþarfur eða jafnvel ótilhlýðilegur. Því er lagt til að fyrsti málsliður 1. málsgr. falli niður.

9. gr.
Stoðþjónusta sbr. 9. gr. skal veitt fötluðum til viðbótar almennri þjónustu sbr. 7. gr. Í frumvarpinu er ekki minnst á þjónustuþætti almennrar þjónustu. Í nokkrum tilvikum koma fram annmarkar á því t.d. þar sem í 9. gr. t.l. 1. segir "þarfir fatlaðra fyrir þjónustu á heimilum sínum, sem felst í því að treysta möguleika þeirra til sjálfstæðs heimilishalds. Um þjónustu þessa fer m.a. samkvæmt ákvæðum X. kafla".

Þegar X. kafli er skoðaður kemur í ljós að hann fjallar eingöngu um liðveislu (tilsjón), sem þó mikilvæg sé, getur ekki talist jafnmikil forsenda fyrir dvöl í heimahúsum og t.d. heimaþjónusta.
Telja verður heimaþjónustu svo sérstæðs eðlis, þó hún falli undir almenna þjónustu sbr. 7. gr. að ekki verði hjá því komist að benda á í frumvarpinu að um heimaþjónustu sé fjallað í lögum félagsþjónustu sveitarfélaga og vísað til þess.

10. og 11. gr.
Í frumvarpi þessu er lögð mikil áhersla á að fella niður stofnanahugtakið. Stundum svo, að getur orkað tvímælis t.d. þegar vistheimili eru færð undir búsetuform. Með tilliti til orðalags 10. og 11. gr. kemur því á óvart, að í 12. gr. er talað um stofnanir og vitnað í 10. gr. 1.-4. t.l., sem á við um þjónustustofnanir. Reyndar kemur þetta orðalag fyrir á fleiri stöðum t.d. í 13., 14. og þó sérstaklega 16. gr.
Talið rétt að endurskoða orðalag til samræmingar.

12. gr.
Samkvæmt 11. gr. þarf ekki að sækja um starfsleyfi í sambandi við verndaðar íbúðir og samkvæmt 41. gr. 1. t.l. greiðir Framkvæmdasjóður ekki stofnkostnað vegna þeirra. Virðist því tæplega rétt, að umsóknir um búsetu í íbúðum þessum gangi til svæðisskrifstofu.

14. gr.
Takist samningar milli sveitarfélags og ríkisins um yfirtöku sveitarfélags (Reykjavík) á þjónustu við fatlaða að mestu leyti eða öllu sbr. 14. gr. má telja eðlilegt að leggja svæðisskrifstofu og svæðisráð niður og því sjálfsagt að hafa heimildarákvæði þess efnis í 14. gr.

25. gr.
Lagt er til að niður falli orðin "eftir föngum" í 1. málslið.

26 gr.
Frekari liðveisla samkvæmt 26. gr. er nýmæli, sem ríkið greiðir. Hugtakið "frekari liðveisla" þarfnast nánari skilgreiningar í lögum þessum.

29.-33. gr.
Umsögn um atvinnumál frá Öryrkjadeild Ráðningaskrifstofu Reykjavíkurborgar, sem kynnt hefur verið í Atvinnumálanefnd Reykjavíkur mun send sérstaklega og því ekki fjallað um þennan kafla hér.

36. gr.
Samkvæmt 36. gr. 2. málsgr. eiga fatlaðir rétt á ferða-þjónustu af hendi ríkisins þegar um er að ræða akstur til þjónustustofnana sbr. 10. gr. 1.-5. t.l. Vafasamt er talið að undanskilja akstur til skammtímaheimila fyrir börn frá þátttöku ríkisins í akstri sbr. 10. gr. 6. t.l.

Fylgiskjal XLIV.

Umsögn bæjarráðs Hafnarfjarðar.
(24. mars 1992.)

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar þann 19. mars s.l. var samþykkt eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um málefni fatlaðra:

"Frumvarp til laga um málefni fatlaðra byggir í öllum meginatriðum á sama hugmyndafræðilegum grundvelli og núgildandi lög um málefni fatlaðra nr. 41/1983.

Í frumvarpinu er augljóslega tekið mið af reynslu þeirri sem fengist hefur af framkvæmd núgildandi laga og þeim annmörkum sem á þeim voru, m.a. er nú skýrari ýmis ákvæði er lúta að stjórnsýslu og fjármálum.

Aukin áhersla er á það lögð að fatlaðir njóti allrar almennrar þjónustu sem sveitarfélög veita þegnum sínum og er í því sambandi bent á nýleg lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Áhersla er á það lögð að lög um málefni fatlaðra eru sérlög sem taka við þegar hin almennu úrræði nægja ekki til að veita fötluðum æskilega og nauðsynlega þjónustu.

Sveitarfélögin tilnefna áfram fulltrúa í svæðisráð (svæðisstjórnir) og Samband ísl. sveitarfélaga tilnefnir fulltrúa í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra.

Í 14. gr. frumvarpsins er að finna heimild sem gerir sveitarfélögum mögulegt að annast rekstur stofnana/þjónustu fyrir fatlaða gegn föstu framlagi ríkissjóðs af fjárlögum.

Í 25. gr. er fjallað um liðveislu sem sveitarfélög skulu láta fötluðum í té, m.a. til að rjúfa félagslega einangrun þeirra. Hér er um óljóst orðalag að ræða og ætla verður að í reglugerð verði kveðið nánar á um framkvæmdina.

Nauðsynlegt er að sveitarfélögin eigi fulla aðild að setningu allra reglugerða sem snerta þá þætti laganna sem snúa að sveitarfélögunum og fullt samráð verði reyndar við þau um framkvæmd þessarar lagasetningar, m.a. m.t.t. þeirrar skörunar sem verður á almennri þjónustu sveitarfélaganna og þeirri sérþjónustu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í þessu sambandi skal aðeins getið um þau ákvæði frumvarpsins, sem lúta að vinnumiðlun 29. gr., 34. gr. sem lýtur að húsnæðismálum, og 35. og 36. gr. sem snúa að ferlimálum og þeirri skyldu sveitarfélaga að annast ferðaþjónustu fatlaðra. Hér kynnu að vera um útgjaldaaukandi ákvæði að ræða fyrir sveitarfélögin.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ræddur hefur verið sá möguleiki að færa málaflokk þennan að fullu til sveitarfélaganna, þ.e.a.s. þau málefni fatlaðra sem samkvæmt frumvarpinu heyra undir félagsmálaráðuneytið.

Útgjöld þess ráðuneytis eins til þessa málaflokks eru um 2 milljarðir króna samkvæmt fjárlögum ársins 1992 og hafa farið ört vaxandi á s.l. áratug.

Áhersla er á það lögð að ef um slíkan flutning verði hugsanlega að ræða verði hann í fullu samráði við sveitarfélögin og þeim tryggðar tekjur til að mæta þeim auknu útgjöldum sem af hljótast.

Að lokum skal undirstrikað og á það lögð áhersla að fullt samráð verði haft við sveitarfélögin um framkvæmd laga þeirra sem hér eru til umfjöllunar, þ.á.m. samningu reglugerða.

Í ljósi ofanritaðs er mælt með samþykki frumvarpsins."

Virðingarfyllst,

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson.

Fylgiskjal XLV.

Umsögn bæjarstjórnar Akraness.
(26. mars 1992.)

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 24. mars s.l. var m.a. til umfjöllunar umsögn um frumvarp til laga um málefni fatlaðra, sbr. erindi félagsmálanefndar Alþingis, dags. 24/2 1992.

Bæjarstjórn Akraness gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um málefni fatlaðra:

> Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að auka beri ábyrgð og þjónustu sveitarfélaga gagnvart fötluðum. Í fyrirliggjandi frumvarpi er ljóst að sveitarfélögum er ætlaður aukinn hlutur í kostnaði við þjónustu til handa fötluðum án þess að þeim sé gert slíkt kleift með flutningi fjármagns frá ríkinu. Nokkrir þjónustuþættir, sem sveitarfélögum er ætlað að annast, eru háðir sérstöku samkomulagi við félagsmálaráðuneytið. Bæjarstjórn getur ekki fallist á tilflutning verkefna án þess að því sé mætt með tilflutningi tekna og bendir einnig á að samningar um kostnaðarhlutdeild ráðuneytis í ýmsum þjónustuþáttum er aðferð sem gefist hefur illa. Slíkir samningar hafa verið sveitarfélögum óhagstæðir auk þess sem þeir kalla á töluverða uppgjörsvinnu sem síðustu verkaskiptingu var ætlað að draga úr.
>
> Bæjarstjórn telur eðlilegra að kveða í nýjum lögum skýrt á um hlutverk sveitarfélaga og ríkis gagnvart fötluðum og marka skýrar línur um fjárhagslega ábyrgð og framkvæmd. Tryggja verður að nýjum og auknum verkefnum sveitarfélaga fylgi tekjur.

Ef um verður að ræða nýja verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga varðandi málefni fatlaðra þá er ljóst að breyta má yfirstjórn þessa málaflokks. Í núgildandi lögum um málefni fatlaðra nr. 41 frá 1983 er stjórn málaflokksins í höndum félagsmálaráðherra, stjórnarnefnd og svæðisstjórna. Gagnrýni hefur komið fram á þetta fyrirkomulag en í frumvarpinu er gert ráð fyrir lítið breyttu fyrirkomulagi.

Ofangreint tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

Gísli Gíslason, bæjarstjóri.

Fylgiskjal XLVI.

Umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðar.

(19. mars 1992.)

I. kafli.

Markmið og skilgreining.

Líta ber á texta kaflans sem niðurstöðu af reynslu laganna frá 1979 og 1983. Fagna ber rétti "geðfatlaðra" til nauðsynlegrar þjónustu.

II. kafli.

Stjórn og skipulag.

Nauðsynlegt er að yfirstjórn málefna fatlaðra heyri undir eitt ráðuneyti, félagsmálaráðuneytið.

Ekki virðist ástæða til að gera athugasemd við breytta skipan stjórnarnefndar.

Óbreytt skipting landsins í starfssvæði virðist besta tilhögunin, en ákvæðið um sérstök þjónustusvæði er tímabært, m.a. með tilliti til fyrirsjáanlegrar þróunar byggðar í landinu.

Skipan og hlutverk svæðisráða er ekki sannfærandi. Huga ber að því að sveitarfélögin tilnefni meginhluta fulltrúa í ráðunum og að hlutverk þeirra verði sem næst óbreytt frá því sem nú er að undanskildu eftirlits- og réttindagæsluhlutverki sem væri væntanlega best komið hjá fulltrúum "hagsmunaaðila" (Öryrkjabandalag, Sjálfsbjörg, Þroskahjálp).

Rétt er að benda á mikilvægt hlutverk fræðslustjóra og héraðslæknis í núverandi svæðisstjórnum og mikilsvert að njóta sérþekkingar þeirra áfram, þótt þeir eigi ekki beina aðild að svæðisráðum. Þetta á sérstaklega við á fámennari starfssvæðum þar sem sérfræðiþjónusta á vegum svæðisstjórna er af skornum skammti.

III. kafli.

Almenn þjónusta.

Fagna ber því afgerandi ákvæði að fatlaðir skuli eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga.

Ekki virðist ástæða til að gera athugasemd við skipan samráðsnefndar. Mikilvægt er það hlutverk nefndarinnar að fjalla um mál sem snerta tengsl laga um málefni fatlaðra við önnur lög.

IV. kafli.

Stoðþjónusta.

Merkur kafli sem skipt getur sköpum fyrir fatlaða, verði tryggt fé til framkvæmdarinnar.

V. kafli.

Þjónustustofnanir.

Hvað sem líður lagaákvæðum, góðum vilja og viðleitni til að fatlaðir fái notið almennrar þjónustu í þjóðfélaginu, virðist ljóst að þjónustustofnanir fyrir þá sérstaklega verða áfram við lýði.

Þjónustumiðstöðvar (10. gr. 4) virðast heppilegar á fámennum svæðum og stöðum m.a. vegna samnýtingar starfsmanna á mismunandi vettvangi, fræðslu-, heilbrigðis- og félagsmála.

VI. kafli.

Búseta.

Fagna ber þeirri viðleitni sem fram kemur í þessum kafla, að fatlaðir búi í félagslegum íbúðum. Þátttaka Framkvæmdasjóðs í slíkum lausnum er mikils virði.

VII. kafli.

Framkvæmd þjónustunnar.

Lögð er áhersla á að svæðisskrifstofur starfi á ábyrgð svæðisráðs, svo sem verið hefur undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins. Þrátt fyrir mikilvæg og náin tengsl svæðisskrifstofu og félagsmálaráðuneytisins er ekki hægt að fallast á þá miðstýringu, sem í því fælist að reka skrifstofuna sem útibú frá ráðuneytinu, án afskipta heima í héraði.

Lögð er áhersla á að svæðisskrifstofurnar starfi í eigin húsnæði svo tryggðir verði þróunarmöguleikar og stöðugleiki þjónustunnar.

VIII. kafli.

Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

Starfsemi greiningarstöðvarinnar er mjög mikilvæg. Skapa þarf skilyrði fyrir því að stöðin geti sinnt enn betur en fram til þessa starfssvæðunum utan Reykjavíkursvæðisins. Þetta er afar mikilvægt.

IX. kafli.

Málefni barna og fjölskyldna fatlaðra.

Mjög mikilvægt er að tryggja að farið sé að ákvæðum þessa kafla.

Með tilvísun til góðrar reynslu af stuðningsfjölskyldum er fagnaðarefni að þjónustuhlutverk þeirra skuli vera bundið lögum.

X. kafli.

Liðveisla.

Hér skarast eða fara saman lög um málefni fatlaðra og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Nauðsynlegt virðist að setja skýrari ákvæði t.d. um greiðslu kostnaðar vegna þessarar þjónustu.

Ekki skal dregin í efa þörfin fyrir slíka liðveislu sem hér er gert ráð fyrir.

XI. kafli.

Félagsleg hæfing og endurhæfing.

Ekki virðist ástæða til að fjölyrða um kaflann, en bent á mikilvægi líkamlegrar þjálfunar sem er undirstaða andlegrar uppbyggingar. Stuðningur við íþróttaiðkun fatlaðra gæti hæglega fallið undir þennan kafla.

XII. kafli.

Atvinnumál.

Atvinnumál fatlaðra hafa verið sérstakt vandamál, sem erfitt hefur verið að fást við. Ákvæðin í þessum kafla gefa góð fyrirheit. Á meðan verkefni fást fyrir verndaða vinnustaði fatlaðra er sjálfsagt að halda starfseminni áfram.

Með aukinni fræðslu og með vaxandi þátttöku fatlaðra í mannlífinu (m.a vegna jákvæðrar löggjafar frá árinu 1979 þeim til handa) hefur tekist að tryggja fötluðum aðgang að almennum vinnustöðum. Jákvæða afstöðu vinnuveitenda, sem tekið hafa fatlaða einstaklinga í sína þjónustu ber að meta að verðleikum og hugsanlega með raunhæfum stuðningi í formi fyrirgreiðslu eða fjárstuðnings.

XIII. kafli.

Húsnæðismál.

Það ákvæði að Framkvæmdasjóði fatlaðra sé heimilt að ráðstafa fé í því skyni að standa undir framlagi framkvæmdaraðila við byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum fyrir fatlaða er athyglisvert. Með þeim stuðningi af ýmsu tagi, sem fötluðum er boðið upp á skv. frumvarpinu, mun færast í vöxt að fatlaðir leiti eftir húsnæði á hinum "almenna félagsíbúðamarkaði". Þetta er mjög jákvæð þróun.

XIV. kafli.

Ferlimál og ferðaþjónusta.

Allt of lengi hefur dregist að ráðast í úrbætur sem tryggja hreyfihömluðum umferð um þjóðfélagið. Jafnvel nauðsynlegustu opinberar byggingar og þjónustustofnanir ríkis og sveitarfélaga hafa verið með öllu óaðgengilegar þeim sem í hjólastólum þurfa að ferðast. Slíkt getur ekki gengið öllu lengur. Tímasetja þarf úrbætur í þessu efnum í frumvarpinu.

Hvað varðar þá skyldu sveitarfélaga að gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu verður trúlega erfitt hjá þeim minni að uppfylla skyldur sínar nema í samstarfi við aðra aðila.

XV. kafli.

Réttindagæsla fatlaðra.

37. gr. frumvarpsins kveður skýrt á um skyldur svæðisráða og starfsmanna, sem sinna þjónustu við fatlaða sem standa skulu vörð um hagsmuni þeirra og gæta þess að réttindi þeirra séu virt.

Með vísan til athugasemda við II. kafla frumvarpsins um stjórn og skipulag mætti hugsa sér að "hagsmunaaðilar" tilnefni fulltrúa í fámenna nefnd (3ja manna) á hverju svæði, en hlutverk þessarar nefndar verði eftirlit og réttindagæsla í þágu fatlaðra. Nefndinni verði samkvæmt lögum tryggt tækifæri til að rækja hlutverk sitt.

Rétt er þó að vekja athygli á því að með aðild "hagsmunaaðila" að svæðisráðum (sem ættu t.d. tvo fulltrúa af fimm í ráðunum) væri óþarfi að hafa slíka eftirlits- og réttindagæslunefnd.

XVI. kafli

Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Tekið er undir þær breytingar sem boðaðar eru í 4., 5. og 6. lið 41. greinar. Eðlilegt er nú, þegar framlög sjóðsins til nýbygginga hljóta að minnka, að verja hluta af tekjum hans til viðhalds, sbr. 6. lið. Úthlutun viðhaldsfjár ætti þó að vera í höndum sjóðsstjórnarinnar en ekki ráðuneytisins svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

XVII. kafli.

Fjármögnun og rekstur.

Áréttuð er sú skoðun um skipan og hlutverk svæðisráða sem fram kemur í II. kafla hér að framan.

Áfram verða skýrar línur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga þ.e. að ríkissjóður standi nær alfarið undir kostnaði við framkvæmd laga um málefni fatlaðra og er það vel. Þar sem lögin um málefni fatlaðra skarast við önnur lög svo sem lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um heilbrigðisþjónustu og lög um málefni fatlaðra, þarf að draga eins skýrar línur um kostnaðarskiptingu og framkvæmd og kostur er.

XVIII. kafli.

Ýmis ákvæði.

Engar athugasemdir eða ábendingar.

XIX. kafli.

Gildistaka.

Eðlilegra virðist að lögin taki gildi 1. janúar 1993 heldur en 1. júní n.k.

Almennt um frumvarpið.

Með frumvarpi þessu er lagt til að þriðju lögin um málefni fatlaðra taki gildi í framhaldi af lögunum frá 1979 og 1983. Mikil reynsla og stórfelldar umbætur hafa fengist á þessu tímabili sem vert er að hafa í huga.

Svæðaskiptingin og heimastjórnin sem gengið var út frá á árinu 1979 hafa sannað gildi sitt og er því óráðlegt að breyta slíkri tilhögun. Í umsögninni hér að framan er mælt gegn þeirri miðstýringu, sem leiða myndi af skertu valdi svæðisstjórnanna (ráðanna) og lagt til að þau starfi áfram á sama grundvelli. Með því er á engan hátt mótmælt þeirri staðreynd að félagsmálaráðuneytið þurfi að hafa veruleg áhrif á skrifstofur svæðisráðanna og starfshætti þeirra. Svo hefur verið og mun verða áfram.

Í frumvarpi þessu er að finna ýmis merk nýmæli, sem byggjast á reynslu liðinna ára og nútímaviðhorfum.

Því ber að fagna að málefni fatlaðra skuli vera í sífelldri endurskoðun, til að tryggja velferð þeirra.

Fylgiskjal XLVII.

Umsögn félagsmálaráðs Sauðárkróks.
(13. apríl 1992.)

Félagsmálaráð Sauðárkróks tók til umræðu frumvarp til laga um málefni fatlaðra á fundi sínum 31. mars sl. Eftirfarandi bókun var gerð:

2. mál.

Vegna frumvarps til laga um málefni fatlaðra, sem lagt var fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991, ályktar félagsmálaráð Sauðárkróks eftirfarandi:

„Til að tryggja skilvirkni þjónustu við fatlaða og að hún verði við hæfi þeirra sem hennar njóta er nauðsynlegt að stjórnsýsluleg og fagleg umsjón þjónustunnar verði sem næst þeim er á henni þurfa að halda.

Með lagasetningum er sífellt verið að færa fleiri félagsleg verkefni og skyldur frá ríki til sveitarfélaga og þar með auka á fjárhagsbyrði þeirra. Til að mæta þessari auknu byrði er augljóst að nýir tekjustofnar verða einnig að koma til."

Þessa bókun félagsmálaráðs Sauðárkróks staðfesti bæjarstjórn á fundi sínum 7. apríl.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Matthías Viktorsson,
félagsmálastjóri.

Fylgiskjal XLVIII.

Umsögn bæjarráðs Siglufjarðar.
(26. mars 1992.)

Á fundi bæjarráðs Siglufjarðar 25. mars 1992 var samþykkt eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um málefni fatlaðra:

„Bæjarráð Siglufjarðar leggur áherslu á að þjónusta við fatlaða á landsbyggðinni verði aukin og fagleg ráðgjöf efld.

Bæjarráð telur mikilvægt að í framtíðinni verði stefnt að því að sveitarfélögin taki enn meiri þátt í framkvæmd laga um málefni fatlaðra, jafnframt því sem þeim verði markaðir auknir tekjustofnar vegna málaflokksins.

Það er mat bæjarráðs að með því að færa fjárhagslega og faglega ábyrgð af málaflokknum til sveitarfélaganna verði þjónusta við fatlaða úti á landsbyggðinni best tryggð. Með því ætti einnig að nást fram besta nýting á því fjármagni sem ætlað er til málefna fatlaðra."

Virðingarfyllst,

Baldvin Valtýsson,
skrifstofustjóri.

Fylgiskjal XLIX.

Umsögn félagsmálaráðs Dalvíkur.
(30. mars 1992.)

Félagsmálanefnd Alþingis hefur farið þess á leit við bæjarstjórn Dalvíkur að hún veiti umsögn um frumvarp til laga um málefni fatlaðra. Bæjarstjórn vísaði erindinu til félagsmálaráðs sem á fundi sínum þann 30. mars 1992 gerði eftirfarandi samþykkt:

Félagsmálráð Dalvíkur telur að margt í frumvarpinu sé ótvírætt til bóta miðað við gömlu lögin frá 1983. Ber þar sérstaklega að nefna ákvæði um aukna stoðþjónustu sem gerir fötluðum kleift að búa í eðlilegu samfélagi við aðra, eiga heimili, stunda atvinnu, nám og geta notið tómstunda, allt til jafns við aðra.

Litið er á það jákvæðum augum að stjórnsýslan sé einfölduð með því að yfirstjórn málaflokksins verði eingöngu í höndum félagsmálaráðuneytisins. Hinsvegar telur ráðið það umhugsunarvert að gert er ráð fyrir aukinni miðstýringu sem felst í auknum afskiptum ráðuneytisins af svæðisbundinni framkvænd þjónustunnar. Skýra þarf mun betur mörkin milli framkvæmdavalds og ábyrgðar ráðuneytisins annars vegar og svæðisskrifstofanna hinsvegar.

Í þessu sambandi styður félagsmálaráð Dalvíkur þær hugmyndir sem fram hafa komið í umsögn Félags framkvæmdastjóra svæðisstjórna um drögin og varða valddreifingu. Tekið er undir þær tillögur sem beinast að því að svæðisráðin fái stjórnsýslulegt vald og rekstrarábyrgð en hafi ekki eingöngu umsagnar- og tillögurétt um skipulag og framkvæmd þjónustunnar.

Sömuleiðis lýsir ráðið fullum stuðningi við hugmyndir um að svæðisskrifstofurnar hafi svæðisbundið framkvæmdavald í umboði ráðuneytisins. Þær beri einnig fulla ábyrgð á faglegu starfi og ráðgjöf til þeirra stofnana og einstaklinga sem á henni þurfa að halda á viðkomandi svæði.

Mikilvægt er að tryggja aukinn hlut og ábyrgð sveitarfélaga á þjónustu við fatlaða. Það fyrirkomulag að sveitarstjórnir fái fulltrúa í svæðisráðum, sem fara með fjármálalega og skipulagslega framkvæmd þjónustunnar á starfssvæðinu, tryggir meiri yfirsýn og leiðir til virkari samræmingar innan málaflokksins og ýtir jafnframt undir þróun í þá átt að sveitarfélög taki við fleiri og fleiri þáttum þjónustunnar í framtíðinni.

Verði þær breytingar gerðar á frumvarpinu sem hér er drepið á mælir Félagsmálaráð Dalvíkur með samþykki þess, þar sem í því er margt er horfir til bóta.

Fyrir hönd Félagsmálráðs Dalvíkur

Steinunn Hjartardóttir
félagsmálastjóri

P.S. Umsögnin var samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur þann 7.apríl 1992, þar sem sömuleiðis var vísað til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.

Fylgiskjal L.

Umsögn félagsmálastjóra Akureyrarbæjar.
(20. mars 1992.)

Frumvarp til laga um málefni fatlaðra var sent bæjarstjórn Akureyrar til umsagnar þann 26. feb. sl. Undirrituðum hefur verið falið að svara erindinu fyrir hönd Akureyrarbæjar.

Um frumvarpið í heild:

Þegar lög voru sett um aðstoð við þroskahefta og síðar um málefni fatlaðra 1983, var það yfirlýst ætlan flestra er komu að því verki, að sértæk lög um fatlaða væru til bráðabirgða en stefnt skyldi að því að fella þjónustu við þann hóp inn í almenna löggjöf. Það eru vonbrigði að enn skulu lögð fram drög að lögum, án þess að við þetta sé staðið. Það er þeim mun lakara, sem frá síðasta ári er til heildstæð löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er lappað upp á suma þeirra galla sem fólust í fyrri lögum, en í því felst engin stefnubreyting í grundvallaratriðum. Í sumu efni yrðu þessar viðgerðir til bóta, annað er líklegt að færðist til verri vegar, og fyrirkomulag sem hefur auðséna annmarka er treyst í sessi.

Frumvarpið einkennist af málamiðlunum fremur en framsýnni og heildstæðri hugmynd um verkefnið. Ef til vill voru þesshættar málamiðlanir beinlínis innbyggðar í skipan þeirrar nefndar sem samdi frumvarpið.

Megingallar frumvarpsins felast að mati undirritaðs í eftirtöldu:

- eftir sem áður er hópur hinna fötluðu, sá hópur sem njóta á þjónustunnar er lögin lofa, illa afmarkaður og óljóst skilgreindur.
- eftir sem áður er ráðgert að veita honum þjónustu á annan veg, þ.e. með sérstöku kerfi, heldur en öðrum hópum, sem þurfa samskonar þjónustu (frumvarpið er "hópmiðað" en ekki "þjónustumiðað").

- eftir sem áður er þjónustukerfið ákaflega miðstýrt og mun því héreftir jafnvel í enn meira mæli en hingað til vera þungt og seint í vöfum og dýrt í rekstri.
- eftir sem áður gengur það út frá ríkinu sem burðarási allrar sértækrar þjónustu við fatlaða en hlutverk sveitarfélaganna er óljóst skilgreint.

Hið síðasttalda telur undirritaður megingalla frumvarpsins. Það er orðið tímabært að ætla sveitarfélögunum að taka við þjónustunni við fatlaða í flestum atriðum. Þau eru eðlilegri aðili til þess að veita einstaklingum viðhlýtandi þjónustu heldur en miðstýrt ríkiskerfi. Þau geta nýtt staðarþekkingu betur og geta samræmt þessa þjónustu annarri, þannig að hún verði skilvirkari, einstaklingsbundnari og hagkvæmari. Það eru á fjölmörgum sviðum að þróast samvinnuform milli hinna smærri sveitarfélaga, þannig að þeim er ætlandi að ráða við þetta verkefni, og það mundi styrkja þau í félagslegum efnum í framtíðinni ef rétt væri að farið. Tilflutningur þessa verkefnis frá ríki til sveitarfélaga þarf góðan undirbúning og aðdraganda og það þarf að tryggja að það fé sem varið hefur verið til þessa málaflokks af ríkinu hingaðtil flytjist örugglega með verkefninu.

Það er því álit undirritaðs almennt, að affarsælast væri að fyrirliggjandi frumvarp yrði lagt í skjalasafn, ráðherra félagsmála stofnaði til viðræðna við Samband íslenskra sveitarfélaga um það, með hvaða hætti sveitarfélögin geti og vilji taka að sér þetta verkefni, og að svo búnu yrði fulltrúum sveitarfélaganna falið að leggja drög að nýjum lögum um málefni fatlaðra fyrir ráðherra.

Sakir þessa almenna álits mun ég undirritaður lítið elta ólar við einstök atriði eða greinar laganna. Þó skal bent á þrennt:

Að 2.gr.

Í greininni er tiltekinn sá hópur fólks, sem á að njóta réttinda skv. lögunum, en hann er á engan hátt afmarkaður. Það er nánast geðþóttaákvörðun hvern eigi að telja til hans eins og greinin er, og svo hefur og verið til þessa. Það er ekki auðvelt að skilgreina hóp fatlaðra, en það er þó auðveldara heldur en að láta það alveg ógert eins og hér er tilfellið. Meðan svo er, verður t.d. ekki unnt að skilgreina fjárhagslega hve stórt viðfangsefnið er, þar af leiðir er óhægt um vik að fela öðrum að til framkvæmdar. Undirritaður leggur til að sá kostur verði kannaður, að fötlun verði metin einstaklingsbundið, líkt og örorka, og þjónustþörf metin til fjár í nokkra misháa flokka. Þetta yrði hinsvegar vart vel gert nema með því samtímis að gera löngu tímabærar breytingar á fyrirkomulagi örorkumats.

Að II. og VIII. kafli

Í báðum þessum köflum er miðstýring á þjónustunni aukin. Svæðisskrifstofurnar heyra samkvæmt frumvarpinu milliliðalaust og alfarið undir ráðuneyti félagsmála. Svæðisráðin hafa engin völd heldur einasta ráðgjafar- og

eftirlitshlutverk. Hér hefur verið brugðið á það gamalkunna ráð, að þegar óánægja er með eina opinbera stofnun, eru búnar til úr henni tvær. Undirritaður getur verið samdóma frumvarpshöfundum um að vissir gallar hafi verið á svæðisstjórnarfyrirkomulaginu, en telur ólíklegt að úr því sé bætt með frumvarpinu.

Í VIII. kafla er fjallað um hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Vissulega er þörf fyrir að til sé sérhæfð miðstöð til þess að leggja á ráð um meðferð fatlaðra, en það er vægast sagt ófugt við tíðarandann að ætla einni stofnun allt mat á fötlun og þjónustuþörf. Hver sem framtíðarskipan þessara mála verður, þá er frumatriði að sem flestar ákvarðanir séu teknar sem næst neytendunum, að ekki sé talað um að ráðgjöf verði veitt hið næsta þeim.

Með hliðsjón af því, sem áður hefur verið nefnt um 2. gr. frumvarpsins er hér bent á hvort ekki væri æskilegt að sú greining og mat sem fram fer á vegum Tryggingastofnunar ríkisins á örorku, sé sameinuð greiningu og mati á fötlun og þessu sameinuðu verði ætlaður staður a.m.k. í hverjum landsfjórðungi.

Að 14. gr. o. fl.

Sú verkaskipting í málefnum fatlaðra sem gerð var með lögum nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þarfnast endurskoðunar. Verkefni hafa færst til og meiri tilfærsla er greinilega í aðsigi. Sem dæmi má nefna heimaþjónustu sveitarfélaga við sambýli. Frumvarpið tekur ekki á neinn hátt á því sem ýmist er orðið eða er að verða í þessu efni. Sveitarfélögin taka að sér í sívaxandi mæli að veita fötluðum kostnaðarsama þjónustu, sem er vel, en það er eðlilegt að þeim fjárhagsbyrgðum sem þetta veldur þeim og um leið er létt af ríkinu, sé gefinn gaumur í nýjum lögum um málefni fatlaðra.

Undirritaður harmar að geta ekki verið jákvæðari í garð þessa frumvarps. Vissulega hafa höfundar þess unnið margt vel og samviskusamlega en meinið er að frumvarpið í heild stefnir ekki í rétta átt. Það er jafnaugljóst, hvort heldur litið er til þróunar í málefnum fatlaðra í nágrannalöndunum, eða þróunar í sveitarstjórnarmálefnum hérlendis, að frumvarp þetta fer andstreymis.

Jón Björnsson,
félagsmálastjóri Akureyrarbæjar.

Fylgiskjal LI.

Umsögn félagsmálaráðs Húsavíkur.
(31. mars 1992.)

Með tilvísun til erindis félagsmálanefndar Alþingis frá 26. febr. s.l. sendir Félagsmálaráð Húsavíkur hér með umsögn í formi greinargerðar um frumvarp til laga um málefni fatlaðra.

Greinargerðin fjallar um II. -VIII. kafla frumvarpsins eða nánar tiltekið stjórn og skipulag, þjónustu og framkvæmd hennar svo og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þessir kaflar kveða á um grundvallarþætti sem ástæða er til að gaumgæfa sérstaklega.

Breytingar sem ganga í þá átt sem um er fjallað í greinargerðinni kalla á efnislegar breytingar á ýmsum öðrum greinum frumvarpsins.
Um þær verður þó ekki fjallað hér þar sem þær leiða nokkuð af sjálfu sér verði fallist á þau sjónarmið sem fram eru sett.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi áliti með nánari vísan í greinargerðina:

1. Frumvarpið virðist gera ráð fyrir mjög aukinni miðstýringu þar sem félagsmálaráðuneytinu er bæði ætlað að fara með stefnumótandi hlutverk og eftirlit ásamt því að hafa svæðisbundið framkvæmdavald í mikilsverðum málum sem betur færi á að væri í höndum heimastjórnar.

2. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir svæðisbundinni heimastjórn en það veikir stöðu Svæðisskrifstofanna og veldur óvissu um frumkvæðisvald þeirra og þá ábyrgð sem þær bera á framkvæmd þjónustunnar.

3. Í frumvarpinu er ekki tryggt að þær stofnanir sem reknar verða í nafni félagsmálaráðuneytisins og Svæðisskrifstofurnar hafa umsjón með njóti nauðsynlegs faglegs stuðnings sérhæfðra starfsmanna.

Til að koma í veg fyrir of mikla miðstýringu og tryggja svæðisbundna fagþjónustu er þetta lagt til:

a. Svæðisskrifstofunum ber að ætla svæðisbundið framkvæmdavald sem þær fara með í umboði ráðuneytisins. Þær beri einnig ábyrgð á faglegu starfi og ráðgjöf til þeirra stofnana og einstaklinga sem á henni þurfa að halda á viðkomandi svæði.

b. Svæðisskrifstofunum verði sett stjórn er skipuð sé 4 fulltrúum tilnefndum af samtökum sveitarfélaga á viðkomandi svæði. Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og sé hann formaður stjórnarinnar.

c. Skrifstofurnar séu sjálfstæðar stofnanir er ekki heyri undir neina ákveðna deild innan ráðuneytisins. Samskipti skrifstofanna við ráðuneytið eða einstaka starfsmenn þess fari eftir eðli máls og erindis hverju sinni.

d. Framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu verði skipaður af ráðherra eins og lagt er til í frumvarpinu en annað starfsfólk ráði framkvæmdastjóri.

e. Svæðisskrifstofan er fái nafnið Þjónustumiðstöð fatlaðra skiptist annars vegar í rekstrardeild en hins vegar í fagdeild sbr. umfjöllun um VII. kafla frumvarpsins í meðfylgjandi greinargerð.

f. Svæðisbundin fagþjónusta verði treyst og efld sbr. umfjöllun um VI. og VIII. kafla frumvarpsins í greinargerðinni.

Verði þær breytingar gerðar á frumvarpinu sem hér er vísað til er eindregið mælt með samþykkt þess, þar sem í því er margt er horfir til bóta. Þar er sérstaklega bent á kafla nr. IX um málefni barna og fjölskyldna þeirra, X kafla þar sem fjallað er um liðveislu og XII. og XIII. kafla. Með ákvæðum í þeim öllum eru tekin þýðingarmikil skref í átt frá stofnanabundinni þjónustu til almennari og einstaklingsbundnari úrræða.

Álit Félagsmálaráðs Húsavíkur er samhljóða álitsgerð frá Svæðisstjórn málefna fatlaðra í Norðurlandi-eystra, en ráðið gerir hana að sinni.

F.h. Félagsmálaráðs Húsavíkur,

Sigríður Birna Ólafsdóttir

Sigríður Birna Ólafsdóttir, formaður.

Fylgiskjal LII.

Umsögn félagsmálafulltrúa Egilsstaðabæjar.
(24. mars 1992.)

Undirritaður hefur samkvæmt beiðni farið yfir frumvarp til laga um málefni fatlaðra og vill í því sambandi benda á nokkur atriði,sem gera mætti athugasemdir við eða skoða nánar.

Í heild virðist áfram vera gert ráð fyrir verulegri miðstýringu í frumvarpinu og hún enn aukin frá því sem verið hefur í þessum málum. Nær öll greining fötlunar fer áfram fram í Greiningarstöð ríkisins á Reykjavíkursvæðinu,svo fólk verður áfram að sækja þá þjónustu suður. Ákvarðanir um þjónustu ríkisins við fatlaða einstaklinga verða í auknum mæli teknar í ráðuneytinu í Reykjavík,en ekki af fagfólki á vegum Svæðisstjórna í samráði við heilsugæslu og annað fagfólk á svæðinu sbr. t. d. 26. grein.,en það hlýtur að vera afturför frá því sem verið hefur.

Fullyrt er í athugasemdum frumvarpsins sbr. bls. 17. að ekki sé með frumvarpinu í neinu hróflað við núverandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Var ein ástæða þess andstaða samtaka sveitarfélaganna. Hins vegar taldi nefndin,sem vann að frumvarpinu,að í náinni framtíð bæri að stefna að yfirtöku sveitarfélaganna á þjónustu við fatalaða að mestu leyti sbr. bls. 16.

Í X. kafla 25. og 26. grein er talað um liðveislu (Annað orð yfir heimilihjálp?). 25. gr. segir að sveitarfélög skuli eftir föngum gefa fötluðum kost á liðveislu,þegar þörf er á. Þar er átt við persónulegan stuðning og aðstoð einkum til að rjúfa einangrun. Hér er um nýtt aðtriði að ræða jafn vel þótt þetta hafi tíðkast eitthvað hjá stærri sveitarfélögum. Frekari liðveisla sbr. 26. grein er hins vegar á kostnað ríkisins. 36. grein skyldar sveitarfélög til að gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu,ef þeir geta ekki nýtt sér almenningsfarartæki til að stunda vinnu,nám eða tómstundir. Er þetta einnig ný skylda á sveitarfélögin sbr. einnig 49. gr. Ríkið á þó áfram að sjá um akstur fatlaðra til og frá þjónustustofnunum sbr. 1.-5. tölulið 10. greinar.

Loks má benda á bráðabirgða ákvæði III.,sem segir að ríkið greiði áfram þann kostnað,sem umfram er almennar greiðslur vegna fatlaðra barna á leikskóla. Óvíst er þó hve lengi það ákvæði stendur,en ný lög um málefni fatlaðra á að

endurskoða innan fjögurra ára frá gilditöku þeirra samkvæmt lið V í ákvæðum til bráðabirgða í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Guðgeir Ingvarsson.

Fylgiskjal LIII.

Umsögn félagsmálaráðs Vestmannaeyjabæjar.
(25. mars 1992.)

5.mál.

Félagsmálaráð hefur farið yfir frumvarp til laga um málefni fatlaðra, eins og það hefur verið lagt fyrir Alþingi. Félagsmálaráð tekur undir athugasemdir Svæðisstjórnar Suðurlands að öllu leyti, en vill jafnframt gera athugasemdir við 31. gr. 2. málsgrein samkv. fylgiskjali no. 1 og 2. Félagsmálaráð leggur til að þessu lagafrumvarpi verði vísað til endurskoðunar og endurvinnslu milli þinga og tekið upp í þinginu næsta haust. Og jafnframt verði leytað eftir því að í nefndinni sitji aðilar sem hafi reynslu úr daglegu starfi á vettvangi Svæðisstjórnar.

Undir fundargerðina rita,
Auróra Friðriksdóttir
Guðmunda Steingrímsdóttir
Guðrún R. Jóhannsdóttir
Hera Ósk Einarsdóttir
Þórunn Gísladóttir
Guðný Bjarnadóttir

Rétta útskrift staðfestir,
Margrét Traustad.
Margrét Traustadóttir.

Fylgiskjal nr. 1.

Athugasemd við 31 grein 2 málsgrein í frumvarpi til laga um málefni fatlaðra:

31. grein 2 málsgrein verði:

Jafnframt SKAL starfrækja verndaða vinnustaði...
Þ.e. að í stað"heimilt" í greininni verði sagt "skal"

Félagsmálaráð Vestmannaeyja er þess fullvisst að þar sem margir fatlaðir öðlast aldrei þá færni sem til þarf til þess að geta stundað vinnu á alm. vinnumarkaði þá sé nauðsynlegt að efla til muna verndaða vinnustaði frá því sem nú er og gera þeim betur kleyft að þjóna því hlutverki sem þeim er ætlað.

Félagsmálaráð tekur undir þann skilning sem fram kemur í 29 og 30 grein frumvarpsins um nauðsyn þess að efla á markvissan hátt atvinnuleit fatlaðra á alm. vinnumarkaði, en telur það ekki geta komið í stað verndaðra vinnustaða.

Fylgiskjal nr. 2 er umsögn um frumarp til laga um málefni fatlaðra frá Svæðisstjórn Suðurlands eins og það fylgir með hér.

Sjá einnig hjálagða bókun félagsmálaráðs Vestmannaeyja 5. mál frá 25. mars 1992.

Virðingafyllst
f.h. félagsmálaráðs Vestmannaeyja

Hera Ósk Einarsdóttir

Hera Einarsdóttir, félagsmálastjóri.

Fylgiskjal LIV.

Umsögn bæjarráðs Selfoss.
(30. mars 1992.)

Með vísan til erindis yðar, f.h. félagsmáladeildar Alþingis, dags. 26. feb. 1992, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar Selfoss um frumvarp til laga um málefni fatlaðra, upplýsist að á fundi bæjarráðs Selfoss var eftirfarandi samþykkt gerð:

"Bæjarráð Selfoss tekur í meginatriðum undir athugasemdir Svæðisstjórnar Suðurlands við frumvarp til laga um málefni fatlaðra og telur að sú miðstýring sem í frumvarpinu felst sé óæskileg og geti dregið verulega úr möguleika heimamanna til að sinna þessum málaflokk eins vel og raun ber vitni þar sem bæði frumkvæði og áhugi þeirra hefur notið sín og sannanlega reynst fötluðum heilladrjúgt.
Bæjarráð Selfoss leggur áherslu á að ávallt verði skýr mörk milli verkefna og kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga í þessum málaflokk og telur eðlilegt að sveitarfélög leggi sitt af mörkum til að efla þjónustu við fatlaða frá því sem nú er enda tryggi ríkisvaldið sveitarfélögum viðbótartekjur samfara því."

Undirrituðum er kunnugt að yður hafa verið sendar athugasemdir Svæðisstjórnar Suðurlands við frumvarpið þannig að þær fylgja ekki hér með.

Virðingarfyllst,

Karl Björnsson, bæjarstjóri.

Fylgiskjal LV.

Umsögn bæjarráðs Njarðvíkur.
(3. apríl 1992.)

Á fundi bæjarráðs þann 4. mars sl. var frumvarpið tekið fyrir og samþykkt að vísa því til félagsmálaráðs Njarðvíkur til umsagnar.

Á fundi félagsmálaráðs þann 25. mars sl. var frumvarpið til umfjöllunar. Í fundargerðbók félagsmálaráðs er svofellt bókað: "Nefndarmenn hafa farið yfir frumvarpið og lýsa ánægja sinni með það."

Á fundi bæjarráðs þann 1. þm. var samþykkt að gera umsögn félagsmálaráðs að umsögn bæjarráðs.

Ofangreint er yður hér með gjört kunnugt

Virðingarfyllst,

Bæjarstjórinn í Njarðvík, *Kristján Pálsson.*

946. Breytingartillögur [222. mál]

við frv. til l. um málefni fatlaðra.

Frá minni hluta félagsmálanefndar (KHG).

1. Við 2. gr. 3. málsl. orðist svo: Fötlun getur verið meðfædd eða áunnin, svo sem vegna langvarandi veikinda eða slysa.
2. Við 4. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Sérstök nefnd skal vera félagsmálaráðuneyti til ráðuneytis um málefni fatlaðra. Nefnist hún stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og skal hún skipuð sjö mönnum til fjögurra ára í senn. Félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti skipa sinn manninn hvert og skal fulltrúi félagsmálaráðuneytis vera formaður. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands skipa einn fulltrúa hvort og Samband íslenskra sveitarfélaga tvo menn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
   b. Við 2. mgr. bætist: Nefndin úrskurðar um ágreiningsatriði sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laga þessara, en vísa má úrskurði til ráðherra.
3. 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. orðist svo: Svæðisráðum er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að skipta starfssvæðum í sérstök þjónustusvæði.
4. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: sjö.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Svæðisráð fer með stjórn svæðisskrifstofu í málefnum fatlaðra skv. 13. gr. og ræður framkvæmdastjóra svæðisskrifstofunnar og annað starfsfólk í samráði við framkvæmdastjóra. Svæðisráð annast rekstur stofnana fyrir fatlaða á vegum ríkisins, svo og aðra þjónustu og starfsemi fyrir fatlaða á vegum ríkisins samkvæmt lögum þessum. Svæðisráðið skal samræma aðgerðir þeirra aðila sem fara með málefni fatlaðra á svæðinu og úrskurða um ágreining sem upp kann að koma, þar með talið hvort einstaklingar eigi rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum. Skjóta má þeim úrskurði til stjórnarnefndar.
   c. Við 4. mgr. bætist: Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
   d. 5. mgr. falli brott.
5. Á eftir 2. málsl. 7. gr. komi nýr málsliður svohljóðandi: Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir eða þeir sem eiga í erfiðleikum með samskipti á röddu máli skulu eiga rétt á þjónustu táknmálstúlks til þessarar þjónustu.
6. 8. gr. falli brott.
7. Við 9. gr. bætist nýr töluliður svohljóðandi: Þarfir fatlaðra fyrir þjónustu í skólum.
8. Við 11. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
   Óheimilt er að takmarka búsetu fatlaðra.
9. Við 12. gr.
   a. Í stað orðanna „skv. 2.–6. tölul. 11. gr.“ í 1. og 6. málsl. 1. mgr. komi: skv. 3.–6. tölul. 11. gr.
   b. Í stað orðsins „Svæðisskrifstofur“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: Svæðisráð.
   c. 2. mgr. falli brott.

10. Við 13. gr.
    a. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: undir yfirstjórn svæðisráðs og verkefni þeirra er eftirfarandi.
    b. 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
    c. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Að annast greiningu og ráðgjöf í kjölfar hennar.
    d. 5. tölul. 1. mgr. orðist svo: Að skipuleggja meðferðarúrræði og hafa eftirlit með framkvæmd meðferðar- og þjálfunaráætlana og tryggja þannig nauðsynlega samfellu í ráðgjöf og meðferð.
    e. 10. tölul. orðist svo: Að hafa með höndum sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf.
    f. Í stað 2. og 3. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

       Við ráðningu framkvæmdastjóra og annars starfsfólks skal þess gætt að svæðisskrifstofan geti veitt þá fagþjónustu sem kveðið er á um í lögum þessum.
11. Við 2. mgr. 17. gr. bætist: og skal þar tekið mið af faglegri uppbyggingu svæðisskrifstofa sem kveðið er á um í 13. gr.
12. Við 25. gr. 1. málsl. orðist svo: Sveitarfélög skulu gefa fötluðum kost á liðveislu.
13. Við 31. gr. 2. málsl. falli brott.
14. Við 38. gr.
    a. Í stað orðsins „svæðisráð“ í 1. og 5. mgr. komi: stjórnarnefnd.
    b. Við 1. mgr. bætist: og er hann starfsmaður félagsmálaráðuneytisins.
15. Við 39. gr. 2. málsl. orðist svo: Stjórnarnefnd gerir tillögu til ráðherra um úthlutun.
16. Við 41. gr.
    a. Í stað orðanna „Heimilt er sjóðnum að veita“ í 3. tölul. komi: Sjóðurinn veitir.
    b. Í stað orðanna „svo sem breytinga á almennum vinnustöðum“ í 7. tölul. komi: svo sem breytinga á skólum og almennum vinnustöðum.
17. Við 42. gr. 1. málsl. orðist svo: Svæðisráð annast gerð svæðisáætlana um þjónustu við fatlaða.
18. Við 44. gr. bætist: eða samningi við sjálfseignarstofnanir og félagasamtök skv. 45. gr.
19. Við 46. gr.
    a. Í stað orðanna „Svæðisskrifstofur skulu“ og „svæðisskrifstofu“ komi: Svæðisráð skal og svæðisráðs.
    b. 4. málsl. falli brott.
20. Við 51. gr. Greinin falli brott.
21. Við 57. gr. 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.
22. Ákvæði til bráðabirgða V orðist svo:

    Félagsmálaráðuneytið skal þegar í stað taka upp viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra í þeim tilgangi að sveitarfélög taki við verkefnum ríkisins í málefnum fatlaðra. Skal stefnt að því að tillögur liggi fyrir innan árs frá gildistöku laganna.

947. Frumvarp til laga [533. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1992 o.fl.

Frá forsætisráðherra.

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1992 skal koma saman mánudaginn 17. ágúst. Sama dag lýkur 115. löggjafarþingi.

116. löggjafarþing skal standa til samkomudags reglulegs Alþingis 1993, sbr. 35. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

Frestur samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 36. gr. og 6. mgr. 44. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, til að leggja fram lagafrumvörp og þingsályktunartillögur, svo að þau megi koma á dagskrá og til meðferðar, skal á 116. löggjafarþingi vera til 1. apríl 1993.

3. gr.

Lög nr. 3/1967, um samkomudag reglulegs Alþingis, falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við samkomulag þingflokka um þingmeðferð mála er tengjast samningum um Evrópskt efnahagssvæði. Samkvæmt 1. gr. þess mun nýtt reglulegt Alþingi, 116. löggjafarþing, verða sett mánudaginn 17. ágúst 1992, en frá sama tíma lýkur 115. löggjafarþingi. Með þessari bráðabirgðabreytingu á samkomudegi Alþingis er stefnt að því að lengja starfstíma Alþingis haustið 1992. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því að 116. löggjafarþing standi fram til septemberloka 1993 eins og stjórnarskrárákvæðið mælir fyrir um.

Í 35. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 9. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 56/1991, eru ákvæði um að reglulegt Alþingi skuli koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar og standa til jafnlengdar næsta árs. En jafnframt er í greininni veitt heimild til þess að breyta samkomudeginum með lögum. Slík lögbundin undanþága frá stjórnarskrárákvæðinu um samkomudag Alþingis var líka í eldri stjórnarskipunarlögum og var henni alloft beitt þar til sett voru almenn ákvæði um samkomudag Alþingis árið 1967. Var þá miðað við 10. október sem reglulegan samkomudag, en í stjórnarskránni var samkomudagurinn 15. febrúar. Lögin frá 1967 eru enn í gildi en eðlilegt hefði verið að fella þau brott um leið og sett var nýtt stjórnarskrárákvæði um samkomudag Alþingis. Þess vegna er nú í 3. gr. frumvarpsins kveðið á um brottfall laganna um samkomudag Alþingis.

Í þingsköpum segir að lagafrumvörp og þingsályktunartillögur, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verði því aðeins tekin á dagskrá að meiri hluti þings samþykki það. Að öllu óbreyttu hefði sá frestur runnið út 17. febrúar 1993. En til þess að lenging haustþings hafi ekki áhrif á framlagningarfrestinn er í 2. gr. frumvarpsins gerð sú bráðabirgðabreyting á þingsköpum að á 116. löggjafarþingi verði fresturinn lengdur til 1. apríl 1993 eins og verið hefði ef þing hefði komið saman á eðlilegum tíma.

948. Nefndarálit [177. mál]

um till. til þál. um eflingu íþróttaiðkunar kvenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar.
Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1992.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Björn Bjarnason.
Hjörleifur Guttormsson.	Árni Johnsen.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.		Sturla Böðvarsson.

949. Nefndarálit [292. mál]

um till. til þál. um könnun á gerð jarðganga á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk ítarlega umsögn frá Vegagerð ríkisins um hana.

Nefnd um hugsanlega jarðgangagerð á Austurlandi er að störfum og mun væntanlega skila tillögum sínum á þessu ári. Sú nefnd fjallar um öll hugsanleg jarðgöng á Austurlandi og á að gera arðsemisathuganir um þau. Nefndin leggur því til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 11. maí 1992.

Árni M. Mathiesen, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Jóhann Ársælsson.
Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.	Guðni Ágústsson.
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Sturla Böðvarsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.

950. Nefndarálit [115. mál]

um till. til þál. um eflingu ferðaþjónustu.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Ferðamálaráði, Ferðaþjónustu bænda, Náttúruverndarráði og Sambandi veitinga- og gistihúsa.

Nefndin tekur undir þau orð flutningsmanna tillögunnar að leggja beri áherslu á aukna

ferðaþjónustu. Nefndin telur jafnframt að aukin ferðaþjónusta geti eflt og aukið fjölbreytni atvinnulífs víðast hvar á landinu. Lagt er til að athugun verði gerð á því á hvaða stöðum framkvæmdir í ferðaþjónustu eru brýnastar og skila mestum árangri til þess að unnt sé að taka á móti fleiri erlendum ferðamönnum. Niðurstöður þessarar athugunar verði tiltækar fyrir þá sem ráðast vilja í eða fjármagna verkefni á þessu sviði.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. maí 1992.

Árni M. Mathiesen, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Stefán Guðmundsson.
Jóhann Ársælsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Sturla Böðvarsson.
Árni Johnsen.	Guðni Ágústsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.

951. Breytingartillaga [115. mál]

við till. til þál. um eflingu ferðaþjónustu.

Frá samgöngunefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því á hvaða stöðum framkvæmdir í ferðaþjónustu eru brýnastar og skila mestum árangri til að gera kleift að taka á móti fleiri erlendum ferðamönnum.

Upplýsingarnar verði tiltækar þeim aðilum sem ráðast vilja í eða fjármagna þessi verkefni.

952. Nefndarálit [153. mál]

um till. til þál. um styrkingu Kolbeinseyjar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Hafrannsóknastofnun, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Orkustofnun, Rannsóknaráði ríkisins, raunvísindadeild Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands, Vita- og hafnamálaskrifstofunni og Vísindaráði.

Nefndin telur að hér sé um mikilvægt málefni að ræða sem brýnt er að sinna og vonar að áætlun um styrkingu Kolbeinseyjar geti legið fyrir áður en langt um líður. Nefndin telur hins vegar ekki rétt að binda gerð áætlunarinnar við ákveðna tímafresti, mikilvægara sé að hún sé vel unnin. Nefndin leggur því til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðin „næsta sumar“ í fyrri málsgrein tillgr. og orðin „og lögð fyrir þingið til staðfestingar fyrir árslok 1992“ í síðari málsgrein tillgr. falli brott.

Alþingi, 11. maí 1992.

Árni M. Mathiesen, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.
Guðni Ágústsson.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Stefán Guðmundsson.	Jóhann Ársælsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.

953. Lög [58. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 875 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

199. gr. laganna orðast svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann sem heldur ranglega að mökin eigi sér stað í hjónabandi eða óvígðri sambúð eða hann er í þeirri villu að hann eigi mök við einhvern annan skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu varðar það ef samræði eða önnur kynferðismök eiga sér stað vegna þeirrar blekkingar að um læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð sé að ræða.

954. Frumvarp til laga [464. mál]

um yfirskattanefnd.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

Upphafsákvæði.

1. gr.

Ágreiningsmál um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna, þar með talin rekstrartöp, skulu úrskurðuð af sérstakri óháðri nefnd, yfirskattanefnd.

Gildissvið.

2. gr.

Úrskurðarvald yfirskattanefndar tekur til ákvörðunar skatta og gjalda samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, lögum um tekjustofna sveitarfélaga, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tryggingagjald, lögum um Iðnlánasjóð, lögum um iðnaðarmálagjald, lögum um Útflutningsráð Íslands, lögum um málefni aldraðra, lögum um skattskyldu innlánsstofnana, lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, lögum um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestinga manna í atvinnurekstri, lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, lögum um virðisaukaskatt, lögum um vörugjald, lögum um sérstakt vörugjald, lögum um almannatryggingar er varða skattákvörðun og öllum öðrum lögum um skattákvörðun.

Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur um öll gjöld sem skattstjórar og ríkisskattstjóri úrskurða um skv. 1. mgr.

Yfirskattanefnd skal úrskurða um sektir skv. 107. gr., sbr. 108. gr., laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skv. 30. gr., sbr. 31. gr., laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og skv. 40. gr., sbr. 41. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Aðild.

3. gr.

Skattaðilum er heimilt að skjóta til yfirskattanefndar kæruúrskurðum skattstjóra og ríkisskattstjóra um skattákvörðun og skattstofna.

Ríkisskattstjóra og eftir atvikum viðkomandi sveitarfélagi er heimilt að kæra úrskurði skattstjóra til nefndarinnar með sama hætti og skattaðilar og að uppfylltum sömu skilyrðum.

Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart yfirskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda. Við ákvörðun sekta kemur skattrannsóknarstjóri fram sem kröfuaðili.

Lögsaga.

4. gr.

Yfirskattanefnd hefur lögsögu á öllu landinu og hefur aðsetur í Reykjavík. Nefndinni er þó heimilt að ákveða málflutning og úrskurða um einstök ágreiningsmál annars staðar á landinu ef hún telur þörf á.

Kærufrestur.

5. gr.

Kærufrestur skattaðila til yfirskattanefndar skal vera 30 dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra. Þá hefur ríkisskattstjóri heimild til þess að skjóta úrskurði skattstjóra til yfirskattanefndar á næstu 30 dögum eftir að úrskurður skattstjóra berst ríkisskattstjóra. Með sama hætti og ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til yfirskattanefndar getur viðkomandi sveitarfélag skotið úrskurði skattstjóra eða ríkisskattstjóra til nefndarinnar.

Kærur skattaðila skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Heimilt er yfirskattanefnd að krefja skattaðila um frekari upplýsingar ef hún telur ástæðu til.

Gagnaöflun.
6. gr.

Yfirskattanefnd skal tafarlaust senda ríkisskattstjóra kæru skattaðila ásamt endurriti af þeim gögnum er kunna að fylgja kæru hans. Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 5. gr., skal yfirskattanefnd tafarlaust senda skattaðila endurrit kæru ásamt gögnum er henni fylgdu og gefa skattaðila kost á, innan hæfilegs frests, að koma með andsvör sín og gögn. Sama gildir eftir því sem við á um kæru sveitarfélags.

Ríkisskattstjóri skal í tilefni af málsmeðferð fyrir yfirskattanefnd afla frumgagna skattstjóra varðandi hina kærðu ákvörðun skattstjóra.

Ríkisskattstjóri skal hafa lagt fyrir yfirskattanefnd innan 45 daga, frá því að honum barst endurrit kæru, rökstuðning í málinu fyrir hönd gjaldkrefjenda og nauðsynleg gögn er hann hefur aflað frá skattstjóra.

Málflutningur.
7. gr.

Skattaðila er heimilt að óska þess að hann eða umboðsmaður hans geti flutt mál munnlega fyrir yfirskattanefnd. Sömu óskir getur ríkisskattstjóri sett fram. Ósk skattaðila eða ríkisskattstjóra um munnlegan málflutning skal koma fram í rökstuðningi hans í kæru. Formaður yfirskattanefndar ákveður hvort munnlegur málflutningur fari fram og skal tilkynna skattaðila og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun sína.

Ef mál er flókið, hefur að geyma vandasöm úrlausnarefni, er sérlega þýðingarmikið eða varðar ágreining um grundvallaratriði í skattarétti eða reikningsskilum er yfirskattanefnd heimilt að ákveða sérstakan málflutning. Skal yfirskattanefnd þá afgreiða mál skv. 4. mgr. 9. gr. og eftir atvikum 10. gr.

Sé eigi þörf á sérstökum málflutningi að mati nefndarinnar skal taka mál til uppkvaðningar úrskurðar að fenginni skriflegri kæru skattaðila og umsögn ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóri skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum fyrir yfirskattanefnd að því marki sem hann telur ástæðu til. Jafnframt skal ríkisskattstjóri senda viðbótarupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástæða sé til þess að afla frekari gagna. Yfirskattanefnd er ætíð heimilt að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringa ef hún telur málið ekki nægilega upplýst.

Lok málsmeðferðar.
8. gr.

Yfirskattanefnd skal hafa lagt úrskurði á kærur þremur mánuðum eftir að henni hefur borist umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra. Ef rökstuðningur hefur eigi verið nægjanlegur að mati nefndarinnar reiknast þriggja mánaða fresturinn frá þeim tíma er nægjanlegur rökstuðningur barst eða lokagagnaöflun lauk.

Tímamörk 1. mgr. eiga þó ekki við ef yfirskattanefnd hefur ákveðið sérstakan málflutning skv. 2. mgr. 7. gr.

Nefndarmenn.
9. gr.

Í yfirskattanefnd skulu sitja sex menn sem skipaðir skulu til sex ára í senn og skulu fjórir nefndarmannanna hafa starfið að aðalstarfi. Skulu nefndarmenn fullnægja skilyrðum sem sett eru í 86. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt um embættisgengi skattstjóra. Fjármálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi þeirra nefndarmanna sem hafa

starfið að aðalstarfi. Báðir skulu uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Ætíð skal annaðhvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn hvers máls.

Formaður yfirskattanefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber á henni ábyrgð. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við. Formaður úthlutar nefndarmönnum málum til meðferðar og skipar þeim í deildir ef yfirskattanefnd starfar deildaskipt. Varaformaður er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti þegar formaður situr eigi í nefnd.

Í hverju máli skulu þrír nefndarmenn úrskurða eftir nánari ákvörðun formanns yfirskattanefndar.

Hafi yfirskattanefnd ákveðið sérstakan málflutning, sbr. 2. mgr. 7. gr., skulu fimm nefndarmenn taka þátt í úrlausn máls.

Sérfróðir aðilar.

10. gr.

Yfirskattanefnd er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á. Skulu þeir aðilar starfa með yfirskattanefnd eftir nánari ákvörðun formanns eða varaformanns sem ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

Sératkvæði.

11. gr.

Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru eigi sammála um niðurstöðu ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef nefndin þríklofnar í afstöðu sinni eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni ræður atkvæði formanns eða varaformanns ef formaður situr ekki í nefndinni.

Skattframtal sem kæra.

12. gr.

Berist yfirskattanefnd kæra sem rökstudd er með skattframtali sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra skal nefndin senda kæruna til skattstjóra til uppkvaðningar nýs úrskurðar. Nefndin skal tilkynna skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun.

Með slíkt mál skal skattstjóri fara skv. 99. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og ljúka úrskurði innan tveggja mánaða frá því að honum barst málið til meðferðar frá yfirskattanefnd.

Rökstuðningur úrskurðar.

13. gr.

Úrskurðir yfirskattanefndar skulu ítarlega rökstuddir þannig að í forsendum þeirra komi skýrt fram á hvaða málsástæðum, kæruefnum og skattheimildum sé byggt.

Útgáfa úrskurða.

14. gr.

Yfirskattanefnd skal gefa út helstu úrskurði nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í þeirri útgáfu en tryggja ber að úrskurðir sem fordæmisgildi hafa birtist þar.

Málskot til dómstóla.
15. gr.

Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má þó bera undir dómstóla.

Vanhæfi nefndarmanns.
16. gr.

Skylt er nefndarmanni að víkja sæti úr nefndinni í máli ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómari í málinu.

Þá er nefndarmanni óheimilt að sitja í nefndinni til úrskurðar um kærumál skattaðila sem hann hefur haft afskipti af í fyrri störfum sínum og varðar skattákvörðun viðkomandi.

Starfsmenn yfirskattanefndar.
17. gr.

Yfirskattanefnd er heimilt að ráða sér starfsmenn til undirbúnings úrlausna mála auk almennra skrifstofustarfa eftir nánari ákvörðun Alþingis á fjárlögum hverju sinni.

Gjaldabreytingar.
18. gr.

Þegar yfirskattanefnd hefur lokið úrskurði máls skal hún senda skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra eintak úrskurðar og tilkynna innheimtumanni um gjaldabreytingu sem nefndin kann að ákveða samhliða því að endurrit úrskurðar er sent skattstjóra. Skattaðilum skal tilkynnt um niðurstöðu máls og breytingu gjalda í ábyrgðarbréfi.

Þagnarskylda.
19. gr.

Starfsmönnum yfirskattanefndar er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar á meðal um tekjur og efnahag skattaðila. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Hafi óviðkomandi aðili lagaheimild til að krefja yfirskattanefnd ofangreindra upplýsinga skal sama þagnarskylda hvíla á þeim sem fær slíkar upplýsingar nema ríkari þagnarskylda hvíli á honum að lögum.

Reglugerð.
20. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfshætti og störf yfirskattanefndar með reglugerð, þar með talið um réttarfarsreglur sem nefndin skal starfa eftir.

Eftirlit.
21. gr.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með störfum yfirskattanefndar og fylgist með að hún ræki skyldur sínar. Árlega skal yfirskattanefnd senda fjármálaráðherra skýrslu um störf sín.

Sektarmeðferð.

22. gr.

Yfirskattanefnd úrskurðar um sektir fyrir brot á lögum þeim sem talin eru í 2. gr. laga þessara nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar. Við meðferð máls skal gæta ákvæða laga um meðferð opinberra mála að því er varðar rétt sökunautar og varnir hans. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni við ákvörðun sekta og annast kröfugerð í sektarmálum. Úrskurðir nefndarinnar um sektarfjárhæð eru fullnaðarúrskurðir. Sektir skulu renna í ríkissjóð, nema vegna brota á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en þá skal sektarfjárhæð renna í viðkomandi sveitarsjóð.

Um innheimtu sekta gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum sem talin eru upp í 2. gr. laga þessara.

Gildistaka.

23. gr.

Yfirskattanefnd skal hefja störf 1. júlí 1992. Skal hún þá taka við störfum ríkisskattanefndar og sektarnefndar staðgreiðslu. Frá sama tíma skulu ríkisskattanefnd, sbr. 89. og 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og sektarnefnd staðgreiðslu, sbr. 31. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, ljúka störfum.

Yfirskattanefnd ber að taka við öllum óloknum ágreiningsmálum fyrir ríkisskattanefnd og sektarnefnd staðgreiðslu og skal hún hafa lokið afgreiðslu þeirra eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

Hvarvetna þar sem í lögum kemur fyrir orðið „ríkisskattanefnd“ skal í þess stað koma orðið yfirskattanefnd. Lagaákvæði, þar sem sérstaklega er vikið að ríkisskattanefnd og ekki fá samrýmst þessum lögum, falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ágreining, sem rís vegna ákvæða laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skal yfirskattanefnd úrskurða um. Einnig skal yfirskattanefnd úrskurða skattsektir vegna sömu laga, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

II.

Í fyrsta sinn við skipun nefndarinnar skulu tveir menn skipaðir til tveggja ára, tveir til fjögurra ára og tveir til sex ára en eftir það skal hún skipuð skv. 1. mgr. 9. gr.

III.

Frá og með þeim tíma, sem yfirskattanefnd tekur við störfum ríkisskattanefndar, skulu starfsmenn ríkisskattanefndar verða starfsmenn yfirskattanefndar og halda óbreyttum kjörum.

IV.

Fjármálaráðherra er heimilt að framlengja skipunartíma þeirra nefndarmanna ríkisskattanefndar sem hafa störfin að hlutastarfi til 30. júní 1992 eða skipa aðra í þeirra stað þann tíma.

955. Frumvarp til laga [465. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Sektir skv. 30. gr. skulu úrskurðaðar af yfirskattanefnd nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Skattrannsóknarstjóri sendir yfirskattanefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá yfirskattanefnd skal veita sakborningi færi á að halda uppi vörnum. Úrskurðir yfirskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vararefsing.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill ekki hlíta því að mál hans verði afgreitt af yfirskattanefnd skv. 1. mgr.

2. gr.

Í stað orðsins „sektarnefnd“ í 2. málsl. 4. mgr. 31. gr. laganna kemur: yfirskattanefnd.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

956. Frumvarp til laga [218. mál]

um Háskólann á Akureyri.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

Háskólinn á Akureyri skal vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, gegna ýmsum störfum í atvinnulífinu, öðrum ábyrgðarstöðum og stunda frekara háskólanám. Háskólanum er einnig heimilt að annast endurmenntun á vettvangi fræða sem kennd eru í deildum skólans, sbr. 9. gr.

II. KAFLI

Stjórn.

2. gr.

Háskólinn á Akureyri heyrir undir menntamálaráðuneyti.

Í háskólanefnd eiga sæti:

a. Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

b. Forstöðumenn deilda háskólans.
c. Einn fulltrúi fastráðinna kennara og annar til vara, kjörnir til tveggja ára á almennum fundi þeirra.
d. Einn fulltrúi og annar til vara, kjörnir af starfsmönnum öðrum en fastráðnum kennurum til tveggja ára á almennum fundi þeirra.
e. Tveir fulltrúar nemenda og tveir til vara kjörnir til eins árs á almennum fundi þeirra.
f. Framkvæmdastjóri, sbr. 4. gr., á sæti á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóri er ritari nefndarinnar.

Háskólanefnd kýs sér varaformann úr hópi forstöðumanna deilda til eins árs í senn og er hann jafnframt staðgengill rektors.

Rektor boðar til funda í háskólanefnd eftir þörfum. Skylt er að boða til fundar ef fjórir eða fleiri nefndarmenn krefjast þess. Varamenn sitja fundi nefndarinnar í forföllum aðalfulltrúa. Háskólanefnd er ályktunarhæf ef tveir þriðju hlutar nefndarmanna sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors.

Háskólanefnd, undir forsæti rektors, fer með yfirstjórn málefna er varða háskólann í heild, stuðlar að, skipuleggur og hefur umsjón með samvinnu deilda og samskiptum við aðila utan skólans, þar með talið samstarf við aðra skóla og rannsóknastofnanir. Enn fremur afgreiðir háskólanefnd árlega fjárhagsáætlun fyrir skólann í heild og hefur að öðru leyti úrskurðarvald í málefnum háskólans eftir því sem lög mæla og nánar er ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans. Hann vinnur að mörkun heildarstefnu í málefnum háskólans og hefur eftirlit með rekstri hans, kennslu, rannsóknum, þjónustu og annarri starfsemi.

Rektor er skipaður af menntamálaráðuneyti til fimm ára. Skal staðan auglýst laus til umsóknar.

Háskólanefnd skipar hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu rektors. Menntamálaráðuneytið tilnefnir einn mann í nefndina en háskólanefnd Háskólans á Akureyri hina tvo og er annar þeirra formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa æðri prófgráðu við háskóla og öðlast stjórnunarreynslu á háskólastigi.

Hæfni umsækjanda um rektorsembætti skal metin eftir vísinda- og útgáfustörfum hans, ferli hans sem háskólakennara, stjórnunarreynslu og öðrum störfum sem á einhvern hátt lúta að háskólastjórn og æðri menntun. Engum manni má veita embætti rektors við Háskólann á Akureyri nema meiri hluti dómnefndar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess og meiri hluti háskólanefndar hafi mælt með honum.

Heimilt er að tillögu háskólanefndar að endurskipa sama mann rektor önnur fimm ár.

4. gr.

Rektor ræður framkvæmdastjóra að fengnum tillögum háskólanefndar. Framkvæmdastjóri stýrir í umboði rektors og í samvinnu við forstöðumenn deilda skrifstofuhaldi háskólans og annast fjárreiður hans. Með sama hætti undirbýr hann árlega fjárhagsáætlun og hefur eftirlit með því að rekstur skólans sé í samræmi við gildandi heimildir.

Rektor ræður annað starfslið við stjórnsýslu og rekstur eftir því sem fjárveitingar leyfa og heimildir standa til.

5. gr.

Forstöðumaður, í umboði deildarfundar, hefur yfirumsjón með starfsemi og rekstri deildar og vinnur að stefnumörkun í málefnum hennar. Hann á jafnframt sæti í háskólanefnd.

Forstöðumaður hverrar deildar er kjörinn á deildarfundi. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Kjörgengur er hver sá umsækjandi sem uppfyllir hæfnisskilyrði um stöðu háskólakennara, sbr. 10. gr. þessara laga, 11. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, eða 32. gr. laga nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, á vettvangi fræða sem annaðhvort eru kennd í viðkomandi deild eða tengjast viðfangsefnum hennar. Að fengnu samþykki háskólanefndar ræður rektor þann sem kjör hlýtur til þriggja ára. Deildarfundur kýs jafnframt staðgengil hans til þriggja ára úr hópi fastráðinna kennara við deildina. Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun við kjör forstöðumanns.

6. gr.

Á deildarfundum eiga sæti forstöðumaður deildar, prófessorar, dósentar og lektorar hvort sem þeir gegna fullu starfi eða hlutastarfi. Einnig eiga þar sæti tveir fulltrúar stundakennara og tveir fulltrúar nemenda viðkomandi deildar. Framkvæmdastjóra eða fulltrúa hans er heimilt að sitja deildarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Deildarfundur er ályktunarfær ef fund sækir meira en helmingur atkvæðisbærra manna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði forstöðumanns.

Deildarfundur fjallar um meginatriði í starfsemi viðkomandi deildar og ber ásamt forstöðumanni ábyrgð á að hún sé í samræmi við lög og gildandi reglur. Deildarfundur sker úr málum er varða skipulag kennslu og próf, kýs forstöðumann, leggur fram tillögu til háskólanefndar um árlega fjárhagsáætlun deildarinnar og sinnir að öðru leyti þeim verkefnum sem honum eru falin í lögum og reglugerð.

7. gr.

Nánar skal ákveðið í reglugerð um verksvið og starfsskyldur háskólanefndar, deildarfunda, rektors, framkvæmdastjóra, forstöðumanna deilda og annars starfsfólks háskólans.

8. gr.

Háskólinn á Akureyri og einstakar deildir hans skulu fyrir sitt leyti hafa samráð og samstarf við aðra skóla á háskólastigi til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttari menntunartækifærum. Í því skyni skulu samstarfsaðilar m.a. setja framkvæmdareglur um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Háskólanum er einnig heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir, sem tengjast starfssviði skólans, um kennslu, rannsóknir og ráðningu starfsfólks. Réttindi þess skulu skilgreind í reglugerð.

III. KAFLI
Kennarar, deildir og stofnanir háskólans.

9. gr.

Í Háskólanum á Akureyri eru þessar deildir: heilbrigðisdeild, rekstrardeild og sjávarútvegsdeild. Menntamálaráðuneytið heimilar stofnun fleiri deilda og skiptingu deilda í námsbrautir að fengnum tillögum háskólanefndar og innan marka fjárveitinga í fjárlögum.

Deildir háskólans skulu hafa með sér náið samstarf. Þannig skal með samnýtingu mannafla, bókasafns, kennslutækja og annarrar aðstöðu stefnt að því að efla fjölbreytta menntunarkosti og tryggja hagkvæmni í rekstri. Í þessu skyni má nýta starfsskyldu þeirra sem ráðnir eru til starfa við einhverja deild háskólans í þágu annarra deilda eða skólans í heild.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um deildir háskólans, þar með talið mat á starfsemi þeirra.

10. gr.

Fastir kennarar háskólans eru lektorar, dósentar eða prófessorar. Einnig starfa stundakennarar við skólann. Dósents- eða prófessorsstöðu skal því aðeins stofna að forsendur séu fyrir því að staðan tengist rannsóknastörfum.

Forseti Íslands skipar prófessora, menntamálaráðuneyti skipar dósenta, en háskólanefnd ræður lektora. Rektor ræður stundakennara.

Þá eina má skipa fasta kennara sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri er þeir eiga að kenna.

Háskólanefnd skipar hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna fastri stöðu prófessors, dósents eða lektors. Menntamálaráðuneyti tilnefnir einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan og háskólanefnd Háskólans á Akureyri hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar þegar embættið er veitt og má engum manni veita embætti prófessors, dósents eða lektors við Háskólann á Akureyri nema meiri hluti dómnefndar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess og að meiri hluti háskólanefndar hafi mælt með honum.

Um starfsskyldur og réttindi kennara fer eftir kjarasamningum og nánari ákvæðum í lögum og reglugerðum.

11. gr.

Háskólanefnd er heimilt að veita kennurum og öðrum fastráðnum starfsmönnum háskólans rannsóknarleyfi um allt að eins árs skeið með föstum embættislaunum, enda liggi fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig umsækjandi hyggst verja rannsóknarleyfinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum rannsóknaverkefnum. Leita skal umsagnar rektors um umsókn um rannsóknarleyfi.

Eftir því sem fjárlög heimila getur háskólanefnd veitt einstaklingi, sem rannsóknarleyfi hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferða- og dvalarkostnaði í sambandi við rannsóknarleyfið.

Nánari reglur um rannsóknarleyfi og styrkveitingar má setja í reglugerð.

12. gr.

Háskólanum er heimilt með samþykki menntamálaráðuneytis að koma á fót rannsóknastofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra aðila.

Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Í reglugerð skal m.a. kveða á um starfssvið og deildir stofnunarinnar, stjórn, tengsl við háskólanefnd og deildir skólans, samstarf við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins og aðr-

ar stofnanir sem tengjast kennslu- og rannsóknasviði háskólans hverju sinni.

Háskólanefnd skal setja reglur um skipulag og ráðstöfun á rannsóknasjóðum sem háskólinn hefur til umráða.

13. gr.

Við háskólann er rannsókna- og sérfræðibókasafn sem tengist fræðasviðum skólans. Hlutverk þess er að veita nemendum og kennurum háskólans og öðrum lánþegum safnsins sérhæfða þjónustu vegna kennslu, náms og rannsókna.

Rektor ræður yfirbókavörð að fengnum tillögum háskólanefndar. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfrækslu bókasafns og tilhögun ráðninga yfirbókavarðar og annars starfsfólks safnsins.

IV. KAFLI
Nemendur, kennsla og próf.

14. gr.

Háskólaárið telst frá 15. ágúst til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár skiptist í tvö kennslumissiri, haustmissiri og vormissiri. Á kennslumissiri skulu vera eigi færri en 15 kennsluvikur, próf og leyfi koma þar til viðbótar. Missiraskipting, próftímabil, leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

15. gr.

Hver sá, sem staðist hefur stúdentspróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald. Háskólanefnd er heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en að ofan greinir ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur að um sé að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskólann. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um inntökuskilyrði.

Inntaka nemenda er í höndum háskólanefndar og getur hún að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis takmarkað fjölda þeirra sem hefja nám við deildir skólans. Setja skal í reglugerð ákvæði er mæla fyrir um árlega skráningu nemenda. Skrásetningargjöld skulu háð árlegu samþykki háskólanefndar og menntamálaráðuneytis.

16. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, fullnaðarpróf, einkunnir, prófdómara og annað er að prófum lýtur.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum háskólanefndar, reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 18/1988, um Háskólann á Akureyri.

957. Frumvarp til laga [280. mál]

um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

1. gr.

Óheimilt er að brenna sinu nema á jörðum sem eru í ábúð eða nýttar af ábúendum lögbýla og þá samkvæmt leyfi sýslumanns og að fylgt sé ákvæðum í reglugerð, sbr. 4. gr.

2. gr.

Aldrei má brenna sinu þar sem almannahætta stafar af eða tjón getur hlotist af á náttúruminjum, fuglalífi, mosa, lyng- eða trjágróðri og mannvirkjum.

3. gr.

Ábúendur jarða geta einir fengið leyfi til að brenna sinu á jörðum, sbr. 1. gr., enda sé það gert fyrir 1. maí ár hvert að uppfylltum skilyrðum í reglugerð, sbr. 4. gr. Eftir þann tíma er hvarvetna óheimilt að brenna sinu. Þó getur sýslumaður, að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið, ákveðið aðra dagsetningu ef sérstakar veðurfarslegar ástæður gefa tilefni til.

4. gr.

Í reglugerð, sem umhverfisráðherra setur að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands og Náttúruverndarráðs, skal mælt fyrir um hver skilyrði ábúanda, sbr. 3. gr., skuli sett, m.a. um skyldu til að tilkynna hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra, eftirlit með brennu og annað sem nauðsynlegt þykir.

5. gr.

Óheimilt er að kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er gróðri, dýralífi eða mannvirkjum.

Skylt er hverjum þeim sem ferðast um að gæta ýtrustu varkárni í meðferð elds.

Sá sem verður þess var að eldur er laus á víðavangi skal svo fljótt sem auðið er gera aðvart umráðamanni lands eða hlutaðeigandi yfirvaldi.

6. gr.

Sá sem veldur tjóni með sinubrennu eða meðferð elds á víðavangi þannig að saknæmt sé ber fébótaábyrgð á því tjóni sem af hlýst.

7. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 8/1966, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

958. Lög [214. mál]

um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 876.

959. Breytingartillögur [222. mál]

við frv. til l. um málefni fatlaðra.

Frá Eggert Haukdal.

1. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Sérstök nefnd skal vera félagsmálaráðherra til ráðgjafar um málefni fatlaðra. Nefnist hún stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og skal hún skipuð til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Alþingi kýs þrjá menn og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir tvo menn. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.
2. Við 14. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Láti sveitarfélag, sjálfseignarstofnun eða félag í té afnot af mannvirkjum, tækjum eða öðrum gæðum til rekstrar sem ekki hefur verið fjármagnaður úr Framkvæmdasjóði skal í samningi vera ákvæði um afgjald sem ríkissjóður greiði.
3. Síðasti málsliður 16. gr. orðist svo: Félagsmálaráðherra getur svipt rekstraraðila starfsleyfi að tillögu svæðisráðs og stjórnarnefndar hafi hann ekki uppfyllt kröfur þess eða ráðuneytis um það sem talið er ábótavant í rekstri innan ákveðinna tímamarka.
4. Við 50. gr. Greinin falli brott.

960. Frumvarp til laga [534. mál]

um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Innstæðum á reikningum einstakra framleiðenda í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins 1. júní 1992 skal varið til greiðslu skulda þeirra eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, sbr. þó 2. mgr.

Af innstæðum á einstökum reikningum í deild fyrir óunnar botnfiskafurðir skulu 30% renna til lífeyrissjóða sjómanna eins og nánar er kveðið á um í 5. gr. laga þessara. Á sama hátt skulu renna til lífeyrissjóða sjómanna 32,5% af þeim hluta innstæðna á reikningum í deild fyrir unnar botnfiskafurðir sem myndast hafa vegna útflutnings afurða vinnsluskipa.

2. gr.

Óskiptum innstæðum á sérstökum reikningum Verðjöfnunarsjóðs vegna saltfiskafurða og vegna humars, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, skal skipt niður á framleiðendur í hlutfalli við þann þátt sem inngreiðslur vegna afurða einstakra framleiðenda áttu í myndun innstæðnanna. Áður en til skiptingar kemur samkvæmt þessari málsgrein skal 34 m.kr. af reikningi vegna humars og 16 m.kr. af reikningi vegna saltfiskafurða ráðstafað til lífeyrissjóða sjómanna samkvæmt

ákvæðum 5. gr. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd þessarar málsgreinar.

Innstæður, sem skipt hefur verið skv. 1. mgr., skulu ganga til greiðslu skulda framleiðanda eftir sömu reglum og innstæður þær sem rætt er um í 1. mgr. 1. gr.

Innstæður skv. 1. mgr., sem myndaðar hafa verið af félögum sem slitið hefur verið fyrir gildistöku laga þessara með öðrum hætti en sameiningu við önnur félög, skulu renna í óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs. Sama á við hafi framleiðandi orðið gjaldþrota eftir að innstæða var mynduð eða ekki stundað framleiðslu sjávarafurða til útflutnings síðustu sex árin fyrir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Innstæðum framleiðanda skal varið til greiðslu eftirtalinna skulda þannig að skuldir í hverjum tölulið séu að fullu greiddar áður en kemur til greiðslu skulda í næsta tölulið:

1. Afborgana og vaxta af veðskuldum viðkomandi framleiðanda sem hvíla á eignum er tengjast fiskveiðum og fiskvinnslu og gjaldfallnar eru við gildistöku laga þessara. Skuldir, sem tryggðar eru með veði í framleiðsluvörum framleiðanda, falla ekki undir þennan tölulið.
2. Skattskulda framleiðanda við ríki og sveitarfélög sem gjaldfallnar eru við gildistöku laga þessara og vaxta af þeim.
3. Annarra gjaldfallinna skulda framleiðanda er tengjast fiskveiðum og fiskvinnslu og vaxta af þeim.
4. Afborgana og vaxta af skuldum sem um ræðir í 1. tölul. sem falla í gjalddaga fyrir lok ársins 1992.
5. Lækkunar höfuðstóls skulda er um ræðir í 1. tölul. enda liggi fyrir samþykki skuldareiganda um greiðslu ógjaldfallins hluta höfuðstóls.

Hrökkvi innstæða ekki fyrir greiðslu allra skulda í einhverjum þeirra flokka er falla undir 1.–4. tölul. skal henni ráðstafað til greiðslu þeirra í hlutfalli við fjárhæð gjaldfallinna krafna.

4. gr.

Þeir framleiðendur, sem telja sig falla undir ákvæði þessara laga, skulu fyrir 1. júlí 1992 senda Verðjöfnunarsjóði yfirlit yfir gjaldfallnar afborganir og vexti skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 3. gr., sundurliðuð eftir skuldategund og kröfuhöfum. Jafnframt skulu fylgja yfirlit yfir þær veðskuldir þar sem óskað er greiðslu á ógjaldföllnum höfuðstól skv. 4. og 5. tölul. 1. mgr. 3. gr.

Verðjöfnunarsjóður skal sannreyna innsendar upplýsingar og inna greiðslur af hendi samkvæmt ákvæðum laga þessara.

5. gr.

Greiðslur til lífeyrissjóða sjómanna skv. 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. skulu skiptast milli sjóðanna í hlutfalli við iðgjöld sjómanna á fiskiskipaflotanum til einstakra sjóða á árinu 1991.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga nr. 39 15. maí 1990 skal ekki inna af hendi greiðslur til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins vegna útflutnings frá gildistöku laga þessara til 31. desember 1992. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. sömu laga skal ekki inna af hendi reglulegar greiðslur af verðjöfnunarreikningum sjóðsins vegna útflutnings á sama tímabili.

7. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 78 23. desember 1991, um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árunum 1990 og 1991 greiddu sjávarútvegfyrirtæki um 2.500 m.kr. til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins. Er áætlað að inngreiðslur í sjóðinn hafi á árinu 1991, sem var fyrsta heila starfsárs sjóðsins, numið um 3,5% af tekjum botnfiskveiða og -vinnslu. Þessar miklu inngreiðslur stöfuðu af háu verði botnfiskafurða á þessum tveim árum. Þar sem lögum um Verðjöfnunarsjóð var breytt tímabundið um síðustu áramót hafa engar inngreiðslur átt sér stað í sjóðinn á þessu ári. Ef reglum sjóðsins hefði ekki verið breytt hefði komið til inngreiðslna á fyrstu mánuðum þessa árs. Verð á sjávarafurðum hefur hins vegar farið lækkandi og er ekki tilefni til inngreiðslna í neina deild sjóðsins um þessar mundir.

Á síðustu tveimur missirum hafa orðið mikil umskipti í afkomu sjávarútvegsins sem fyrst og fremst má rekja til þess að nauðsynlegt reyndist að minnka mjög sókn í þorskstofninn. Af þeim sökum er áætlað að verðmæti botnfiskaflans verði um 15–16% minna á yfirstandandi fiskveiðiári en á síðasta ári. Ekki er útlit fyrir að úr rætist með ástand þorskstofnsins á næstu árum þar sem fyrir liggur að nýliðun hans á árunum 1986 til 1990 hefur brugðist og er stærð þessara árganga langt undir meðallagi. Því er ekki að vænta að hægt verði að auka þorskaflann frá því sem nú er næstu fjögur til fimm árin.

Til að mæta þessum aflasamdrætti hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða til að bæta stöðu sjávarútvegsins. Hefur m.a. verið gripið til almennra ráðstafana til að minnka greiðslubyrði af langtímalánum greinarinnar, stöðvunar inngreiðslna í Verðjöfnunarsjóð og hækkunar á greiðslu úreldingarstyrkja úr Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins. Þá munu niðurskurður ríkisútgjalda, lækkun raunvaxta og nýgerðir kjarasamningar skapa grundvöll fyrir minni verðbólgu hér en í helstu viðskiptalöndum og styrkja þannig samkeppnisstöðu greinarinnar. Einstök sjávarútvegsfyrirtæki hafa enn fremur gripið til margvíslegra hagræðingaraðgerða til að bæta rekstrarafkomuna. Þrátt fyrir þetta er sjávarútvegurinn rekin með halla um þessar mundir. Samkvæmt nýlegri athugun Þjóðhagsstofnunar er áætlað að botnfiskveiðar og -vinnsla hafi verið rekin með um 3,5% halla í janúarmánuði sl. Staða botnfiskvinnslunnar er þó töluvert lakari en meðaltalið og er áætlað að hún hafi verið rekin með rúmlega 8% halla á sama tíma en útgerðin með um 2% hagnaði. Því til viðbótar er sjávarútvegurinn mjög skuldsettur en áætlað er að heildarskuldir hans hafi numið um 95 milljörðum króna um síðustu áramót.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tímabundin breyting verði gerð á lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Lagt er til að innstæðum á reikningum einstakra framleiðenda í sjóðnum verði ráðstafað til greiðslu á skuldum þeirra, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þó er lagt til að 30% af innstæðum á einstökum reikningum í deild fyrir óunnar botnfiskafurðir og 32,5% af þeim hluta innstæðna í deild fyrir unnar botnfiskafurðir, sem myndast hafa vegna afurða vinnsluskipa, verði ráðstafað til lífeyrissjóða sjómanna. Loks er lagt til að óskiptir reikningar vegnar humars og saltfiskafurða, sem mynduðust í tíð Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, verði skipt upp á milli þeirra framleiðenda sem stóðu fyrir inngreiðslum þessara fjármuna. Hlut einstakra framleiðanda verði ráðstafað til greiðslu skulda með sama hætti og innstæðum einstakra framleiðenda sem myndast hafa í tíð Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins. Áður en innstæðum verður skipt á milli einstakra framleiðanda er lagt til að 34 m.kr. af reikningi humars og 16 m.kr. af innstæðum saltfiskafurða, samtals 50 m.kr., verði ráðstafað til lífeyrissjóða sjómanna.

Gert er ráð fyrir að Verðjöfnunarsjóður annist greiðslu á skuldum einstakra framleiðenda. Einstakir framleiðendur þurfa að senda sjóðnum yfirlit fyrir 1. júlí nk. yfir van-

skil veðskulda og annarra skulda sem fjallað er um í 3. gr. frumvarpsins. Sjóðurinn mun staðreyna innsendar upplýsingar og annast greiðslu til einstakra skuldareigenda í samræmi við þá töluröð sem fram kemur í 3. gr. frumvarpsins. Reynist innstæða ekki fyrir hendi til greiðslu allra skulda í einhverjum flokki verður henni ráðstafað í hlutfalli við fjárhæð gjaldfallinna krafna.

Gera má ráð fyrir að meginhlutinn af innstæðum einstakra framleiðenda gangi til greiðslu vanskila af veðskuldum. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um heildarvanskil sjávarútvegsins af þessum skuldum en ljóst er að þau eru veruleg. Meginhlutinn af innstæðunum mun því ganga til greiðslu þessara skulda. Reynist inneign framleiðanda hærri en sem nemur vanskilum veðskulda ganga innstæður næst til greiðslu opinberra gjalda við ríkissjóð og sveitarfélög og svo koll af kolli, sbr. 3.–5. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Ekki liggja fyrir upplýsingar um vanskil sjávarútvegsfyrirtækja skv. 2.–3. tölul.

Þann 13. maí 1992 námu innstæður í deild fyrir unnar botnfiskafurðir rúmlega 2.100 m.kr. Þar af er áætlað að innstæður vegna afurða vinnsluskipa nemi tæpum 340 m.kr. Í deild fyrir óunnar botnfiskafurðir voru innstæður rúmlega 392 m.kr. Á óskiptum reikningi humars námu innstæður um 300 m.kr. króna og saltfiskafurða um 143 m.kr.

Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að tæplega 2.700 m.kr. verði ráðstafað til lækkunar á skuldum þeirra framleiðenda sem mynda innstæður í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Auk þess verður um 278 m.kr. ráðstafað til lífeyrissjóða sjómanna. Er lagt til að greiðslum til lífeyrissjóða sjómanna verði skipt milli einstakra lífeyrissjóða í hlutfalli við iðgjöld sjóðanna á árinu 1991.

Tilgangur þessara tímabundnu breytinga á lögum sjóðsins er að stuðla að því að þau fyrirtæki sem myndað hafa þessar inneignir geti ráðstafað þeim til greiðslu vanskilaskulda og þannig lækkað þann mikla vaxtakostnað sem þeim fylgir. Hér er einungis um tímabundna ráðstöfun að ræða og ekki gerð tillaga um neinar varanlegar breytingar á starfsemi sjóðsins að öðru leyti. Hins vegar er tillagna að vænta um framtíðarskipan sjóðsins nú í sumar frá nefnd sem sjávarútvegsráðherra skipaði sl. haust. Engar ákvarðanir verða því teknar um framtíðarskipan sveiflujöfnunar í sjávarútvegi fyrr en þær tillögur liggja fyrir. Leiði tillögur nefndarinnar til þess að ákvarðanir verði teknar um varanlegar breytingar á skipulagi þessara mála verður frumvarp lagt fram á Alþingi um það efni í haust.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er lagt til að innstæðum á reikningum einstakra framleiðenda í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins verði varið til greiðslu skulda þeirra eins og nánar er kveðið á um í 3. gr. frumvarpsins. Samkvæmt lögum nr. 39/1990 teljast innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins eign hans en eru bundnar til verðjöfnunar á afurðum þess framleiðanda er inneign myndaði. Er hér lagt til að ráðstöfun þeirra til greiðslu tiltekinna skulda framleiðenda verði heimiluð enda þótt lækkun afurðaverðs gefi ekki tilefni til útborgunar eftir almennum reglum sjóðsins. Ástæða þess er hinn mikli rekstrarvandi sem sjávarútvegurinn stendur nú frammi fyrir vegna aflasamdráttar eins og nánar er rakið í almennum athugasemdum. Frá því að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins hóf störf 1. júní 1990 hefur komið til innborgunar í þremur deildum sjóðsins. Er það deild fyrir óunnar botnfiskafurðir, deild fyrir unnar botnfiskafurðir og hörpudiskdeild. Voru innstæður í þessum deildum samtals 2.518.324.383 kr. 13. maí 1992 en reikningarnir 1.150 talsins en fjöldi eigenda mun minni. Það eru þessar innstæður sem ráðstafað skal skv. 1. gr. til greiðslu skulda framleiðanda. Við þá ráðstöfun ber þó að taka tillit til þess að inngreiðslur vegna afurða frystitogara og inngreiðslur í deild fyrir óunnar botnfiskafurðir voru dregnar frá heildaraflaverðmæti skips áður en til skipta kom og höfðu því bein

áhrif á hlutaskipti. Er því lagt til að sá hluti þessara innstæðna, sem bein áhrif hafði á skiptakjör sjómanna, gangi til lífeyrissjóða sjómanna og komi þar með sjómannastéttinni í heild að gagni. Það hlutfall er hér um ræðir er 32,38% af innstæðum er myndast hafa vegna frystitogara en nokkuð lægra af innstæðum í deild fyrir óunnar botnfiskafurðir eða 28,87% þegar togarar eiga í hlut en 31,6% fyrir báta. Ekki liggur fyrir nákvæmt yfirlit um hvernig ísfisksölur erlendis skiptast milli þessara skipagerða en öruggt er að ekki er á sjómenn hallað ef til lífeyrissjóða þeirra er ráðstafað 30% af heildarinnstæðum í deild fyrir óunnar botnfiskafurðir. Samtals verða það því um 2.241 m.kr. sem til greina koma til ráðstöfunar upp í skuldir framleiðenda samkvæmt þessari grein en u.þ.b. 228 m.kr. munu ganga til lífeyrissjóða sjómanna eins og nánar er kveðið á um í 5. gr.

Um 2. gr.

Þegar Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins var settur á stofn vorið 1990 var kveðið svo á að innstæður í deildum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem þá var lagður niður, skyldu færðar á sérstaka reikninga í nýja sjóðnum og skyldi þeim varið til greiðslu verðbóta á afurðir viðkomandi deildar eftir því sem verðjöfnunartilefni skapaðist samkvæmt reglum nýja sjóðsins, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 39/1990. Langstærstur þessara biðreikninga er reikningur humars en á honum voru 300.318.656 kr. miðað við 13. maí 1992. Næstur kom reikningur saltfiskafurða en þar var innstæða 143.196.954 kr. miðað við sama tíma. Könnun hefur leitt í ljós að unnt er að rekja þessar innstæður til innborgana vegna afurða einstakra framleiðenda í gildistíð eldri laga. Er með þessari grein lagt til að innstæðum á þessum reikningum verði skipt niður á einstaka framleiðendur og þeim varið til greiðslu tiltekinna skulda þeirra með sama hætti og innstæðum á reikningum einstakra framleiðenda, sbr. 1. gr. Þá er lagt til að áður en til skiptingar kemur verði teknar 16 m.kr. af biðreikningi saltfiskdeildar og 34 m.kr. af biðreikningi humardeildar og þeim ráðstafað til lífeyrissjóða sjómanna samkvæmt nánari ákvæðum 5. gr.

Skipting þessara reikninga milli einstakra framleiðanda skal gerð í hlutfalli við þann þátt sem inngreiðslur einstakra framleiðenda áttu í myndun innstæðnanna. Er ráðherra ætlað að útfæra þessa meginreglu nánar með reglugerð en ljóst má vera að fjölmörg álitamál koma upp við slíka skiptingu innstæðna sem orðið hafa til á löngum tíma við mismunandi aðstæður, t.d. varðandi vaxtareikning, tillit til verðbreytinga og hvernig með skuli fara þegar bæði hefur verið um inn- og útgreiðslur að ræða á myndunartíma reikninganna.

Í 3. mgr. er kveðið á um við hvaða aðstæður innstæður skulu renna í óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs. Eru það sömu tilvik skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1990.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um í hvaða röð innstæður á reikningum einstakra framleiðenda ganga til greiðslu á skuldum þeirra. Er skuldunum skipt upp í fimm flokka og skal að fullu staðið við greiðslur í hverjum flokki áður en kemur til greiðslna í næsta flokki. Hrökkvi innstæða ekki fyrir greiðslu allra skulda í einhverjum fjögurra fyrstu flokkanna skal henni ráðstafað til greiðslu þeirra í hlutfalli við fjárhæð gjaldfallinna krafna. Fyrst skal innstæðum varið til greiðslu gjaldfallinna afborgana vaxta af veðskuldum framleiðanda. Vegna þeirra er blandaðan rekstur stunda, svo og vegna einstaklinga í atvinnurekstri, er nauðsynlegt að takmarka greiðslu við skuldir er hvíla á eignum er tengjast fiskveiðum og fiskvinnslu. Er líklegt að langstærsti hluti innstæðna Verðjöfnunarsjóðs gangi til greiðslu þessara skulda. Skuldastaða einstakra fyrirtækja er þó að sjálfsögðu mjög mismunandi að þessu leyti þannig að nokkurt fé ætti að verða eftir hjá ýmsum aðilum til greiðslu skulda í síðari flokkunum. Það er hins vegar útilokað að áætla fjárhæðir í þeim efnum.

Greiðslur til lækkunar höfuðstóls skulda skv. 5. tölul. eru annars eðlis en greiðslur skv. 1.–4. tölul. Er það á valdi framleiðanda að fengnu samþykki skuldareiganda hvaða skuldir hann kýs að greiða á grundvelli þessa töluliðar.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að Verðjöfnunarsjóður annist alla framkvæmd greiðslna samkvæmt lögum þessum og fé renni ekki um hendur framleiðenda heldur beint frá sjóðnum til einstakra kröfuhafa. Er því lagt til að þeir framleiðendur, sem telji sig falla undir lögin, skuli fyrir 1. júlí senda sjóðnum tilskildar upplýsingar. Ætti hálfur annar mánuður að duga en miklu skiptir að framkvæmdin gangi hratt fyrir sig. Framkvæmd Verðjöfnunarsjóðs mun að sjálfsögðu byggjast á upplýsingum framleiðanda um skuldastöðu en sjóðnum er ætlað að sannreyna þær upplýsingar eftir því sem ástæða þykir til. Hins vegar er ljóst að sjóðurinn getur ekki haft uppi á skuldum eða kröfuhöfum sem skuldari lætur ógetið í yfirliti sínu og getur því ekki borið ábyrgð á því að einhverjir verði af greiðslu af þeim ástæðum.

Um 5. gr.

Með grein þessari er gert ráð fyrir að hlutur sjómanna í útgreiðslum Verðjöfnunarsjóðs renni til lífeyrissjóða þeirra. Talið er að sjómenn á fiskiskipum greiði iðgjöld í sjö lífeyrissjóði en þeir eru: Lífeyrissjóður sjómanna, Lífeyrissjóður Vestmannaeyinga, Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Lífeyrissjóður Bolungarvíkur, Lífeyrissjóður stéttarfélaga í Skagafirði, Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra og Lífeyrissjóður Austurlands.

Iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna eru talin nema um 65% af heildariðgjöldum sjómanna á fiskiskipum til lífeyrissjóða. Allir lífeyrissjóðir, aðrir en Lífeyrissjóður sjómanna, eru blandaðir sjóðir, þ.e. fleiri stéttir en sjómenn greiða iðgjöld til þeirra. Samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð sjómanna geta þeir sjómenn, sem til hans greiða, hafið töku lífeyris 60 ára gamlir. Aðrir lífeyrissjóðir munu beita sömu reglu og veita sínum sjómönnum sama rétt. Það hafa þeir gert án þess að séð hafi verið fyrir sérstakri fjármögnun til að standa undir þessum réttindum sjómanna umfram aðra sjóðfélaga, en sjómenn greiða sama hlutfall launa sinna í lífeyrissjóðina og aðrir sjóðfélagar. Innborgun eins og hér er gert ráð fyrir ætti að treysta fjárhag sjómannadeilda lífeyrissjóðanna.

Gera má ráð fyrir að í hlut lífeyrissjóðanna komi um 278 m.kr. sem skiptist þannig: Af hluta innstæðna á reikningum í deild fyrir óunnar botnfiskafurðir um 110 m.kr. Um 118 m.kr. komi frá hluta innstæðna á reikningum í deild fyrir unnar botnfiskafurðir sem myndast hefur vegna útflutnings afurða vinnsluskipa. Lagt er til að greiðslur til lífeyrissjóðanna af reikningi vegna humars verði 34 m.kr. og 16 m.kr. af reikningi vegna saltfiskafurða. Í greininni er gert ráð fyrir að útborgun úr Verðjöfnunarsjóði skiptist á milli lífeyrissjóða sjómanna á fiskiskipum í samræmi við hlut viðkomandi sjóðs í heildariðgjöldum. Er hér átt við samanlögð iðgjöld launþega og atvinnurekanda eins og atvinnurekanda ber að skila til lífeyrissjóðs. Innheimta á iðgjöldum og skil til lífeyrissjóða fara fram um greiðslumiðlun sjávarútvegsins. Útgerðarmenn skila skilagreinum um iðgjaldagreiðslur til viðkomandi lífeyrissjóðs. Engin vandkvæði eru því á að finna út hlut hvers sjóðs í þeirri fjárhæð sem til skipta kemur.

Um 6. gr.

Með lögum nr. 78 23. desember 1991, um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, voru greiðslur til sjóðsins stöðvaðar á tímabilinu 1. janúar 1992 til 31. ágúst 1992. Með þessari grein er lagt til að stöðvun innborgana verði framlengd til næstu áramóta og jafnframt verði reglulegar útborganir vegna verðlækkana afurða stöðvaðar á sama tímabili. Af augljósum ástæðum eru miklir framkvæmda-

örðugleikar því samfara að sjóðurinn sé virkur í verðjöfnun samtímis því að verið er að tæma reikning hans til greiðslu skulda innstæðueigenda og til lífeyrissjóða sjómanna. Að sjálfsögðu hefur þessi grein þó engin áhrif á innheimtu ógreiddra krafna vegna útflutnings fyrir síðustu áramót.

Um 7. og 8. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

961. Svar [519. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um samninga Íslands við Evrópubandalagið samkvæmt Lúxemborgaryfirlýsingunni frá 1984.

1. *Hvaða samningar hafa verið gerðir milli Íslands og Evrópubandalagsins á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984 og hvert er meginefni hvers þeirra?*

Sem svar við 1. spurningu fylgir hér skrá um samninga Íslands við Evrópubandalagið samkvæmt Lúxemborgaryfirlýsingunni frá 9. apríl 1984 og stutt lýsing á meginefni hvers þeirra.

Nánari upplýsingar um samningana er að finna í C-deild Stjórnartíðinda. Hafi samningur ekki verið birtur er þess sérstaklega getið.

2. *Hvaða samningar eru á undirbúningsstigi á grundvelli sömu yfirlýsingar?*

Hvað varðar 2. spurningu skal upplýst að engir samningar eru á undirbúningsstigi á grundvelli þessarar yfirlýsingar.

Skrá yfir samninga Íslands og Evrópubandalagsins samkvæmt Lúxemborgaryfirlýsingunni ásamt lýsingu á meginefni hvers þeirra.

20.5.1987. Samningur um einföldun formsatriða í vöruviðskiptum (C 23/1987).

Samningur þessi mælir fyrir um ráðstafanir til að einfalda formsatriði í vöruviðskiptum milli Efnahagsbandalags Evrópu og EFTA-ríkjanna, svo og milli EFTA-ríkjanna sjálfra, sérstaklega með því að taka upp samræmt stjórnsýsluskjal til hvers kyns notkunar við útflutning, innflutning og flutning vara um lönd samningsaðila án tillits til tegundar eða uppruna varanna.

20.5.1987. Samningur um sameiginlegar umflutningsreglur (C 24/1987).

Samningur þessi kveður á um umflutning vara milli Efnahagsbandalags Evrópu og EFTA-ríkjanna, svo og milli EFTA-ríkjanna sjálfra, m.a. þar sem það á við, umskipun, endurútflutning eða geymslu í vörugeymslum, með því að setja sameiginlegar umflutningsreglur án tillits til tegundar eða uppruna varanna.

19.12.1989. Samningur milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu til að koma á samstarfi á sviði starfsþjálfunar í tengslum við framkvæmd á COMETT II (1990–1994) (C 6/1990).

Samningur þessi mælir fyrir um að koma á samstarfi milli bandalagsins og Íslands á sviði tækniþjálfunar í tengslum við framkvæmd COMETT II. COMETT II áætlunin nær til fjölda samstarfsverkefna þjóða í milli sem eiga að efla og örva samstarf milli háskóla og fyrirtækja innan Evrópu að því er snertir byrjunar- og framhaldsþjálfun, einkum á sviði hátækni, til að bregðast við tæknilegum og þjóðfélagslegum breytingum sem verða

þegar innri markaðurinn kemst á og eins til að efla efnahagslega og félagslega einingu innan hans. Aðgerðum er beint til starfsþjálfunarnema, þar á meðal til þeirra sem lokið hafa byrjunarþjálfun sinni, og til fólks sem þegar er virkt á vinnumarkaði, þar á meðal til fulltrúa atvinnurekenda og launþega og viðkomandi þjálfunarstjóra.

15.12.1990. Samningur milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti (C 8/1990).

Samningur þessi kveður á um þátttöku Íslands í áætlun bandalagsins á sviði tölvugagnaskiptakerfis fyrir viðskipti, iðnað og stjórnsýslu, svonefndri TEDIS-áætlun. Þátttaka Íslands í þessari áætlun mun m.a. stuðla að því að sneitt verði hjá myndun nýrra tæknilegra hindrana í viðskiptum milli bandalagsins og aðildarríkja EFTA og stuðla að samræmdri þróun í tölvuvæddri sendingu viðskiptagagna.

30.10.1989. Rammasamningur um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli Íslands og Evrópubandalaganna (C 15/1990).

Samningur þessi skilgreinir ramma um þróun vísinda- og tæknisamstarfs Íslands og Evrópubandalaganna á sameiginlegum hagsmunasviðum sem rannsókna- og þróunaráætlanir samningsaðilanna falla undir. Fyrirtæki og framkvæmdaraðilar á vegum hins opinbera eða einkaaðila, sem taka þátt í rannsóknaáætlunum á Íslandi eða í Evrópubandalögunum, geta stundað þetta samstarf.

19.12.1989. Samningur milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Efnahagsbandalags Evrópu hins vegar um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða (C 18 og 30/1990).

Samningur þessi kveður á um að Efnahagsbandalag Evrópu skuli tilkynna EFTA-ríkjunum, fyrir milligöngu EFTA-ráðsins, um drög að tæknilegum reglugerðum sem Efnahagsbandalagi Evrópu er tilkynnt um af aðildarríkjum þess í samræmi við viðeigandi lagasetningar bandalagsins. Aðildarríki EFTA skulu sömuleiðis fyrir milligöngu EFTA-ráðsins tilkynna bandalaginu um drög að tæknilegum reglugerðum sem tilkynntar eru innan EFTA í samræmi við viðeigandi ákvæði EFTA.

9.10.1991. Samningur milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar (C 28/1991).

Samningur þessi mælir fyrir um að komið skuli á samstarfi milli bandalagsins og Íslands sem byggir á samstarfi milli háskóla og nemendaskiptum í tengslum við framkvæmd ERASMUS. Markmið ERASMUS-áætlunarinnar er að styrkja samstarf háskóla, örva nemendaskipti, stuðla að gagnkvæmu mati háskóla á prófskírteinum og námstíma og kennaraskipti.

18.7.1991. Samstarfssamningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands um starfsáætlun til að örva alþjóðasamstarf og nauðsynleg samskipti evrópskra vísindamanna í rannsóknum (SCIENCE) (C 29/1991).

Samningur þessi kveður á um aðild Íslands að framkvæmd vísindaáætlunarinnar. Ísland skal taka þátt í fjölda aðgerða til að efla þjálfun og stuðla að auknum möguleikum vísindamanna í aðildarríkjunum til að flytja sig til og til að þróa, styðja og efla vísinda- og tæknisamstarf innan Evrópu, svo og samskiptanet á öllum sviðum er varða nákvæmnivísindi og náttúruvísindi.

16.3.1992. Samstarfssamningur milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um rannsóknir og þróun á sviði umhverfismála: Vísindi og tækni til verndar umhverfinu (STEP) og evrópsk áætlun um veðurfarsfræði og náttúruvá (EPOCH)[1] (óbirtur).

Samningurinn kveður á um aðild Íslands að tveimur áætlunum bandalagsins um rannsóknir, tækni og þróun á sviði umhverfismála (1989–1993): Vísindi og tækni til verndar umhverfinu (STEP) og Evrópsk áætlun um veðurfarsfræði og náttúruvá (EPOCH). Aðild Íslands að áætlunum bandalagsins getur stuðlað að því að efla gagnsemi þeirra rannsókna sem samningsaðilarnir standa fyrir á sviði umhverfisverndar og geta komið í veg fyrir óþarfa tvíverknað. STEP-áætlunin fæst við eftirfarandi rannsóknasvið: Umhverfi og heilsa almennings, mat á áhættu í tengslum við efni, ferli í gufuhvolfi og loftgæði, vatnsgæði, verndun jarðvegs og grunnvatns, rannsóknir á vistkerfum, verndun evrópskrar menningararfleifðar, tækni í þágu umhverfisverndar og stórfelld tæknileg vá og öryggi gegn eldhættu. EPOCH-áætlunin fæst við eftirfarandi rannsóknasvið: Veðurfar fortíðarinnar og veðurfarsbreytingar, veðurfarsferli og reiknilíkön, veðurfarsleg áhrif og hættur tengdar veðurfari og jarðskjálftavá.

[1] Ekki enn í gildi.

962. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um lífeyrisréttindi hjóna.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Þar er lagt til að lífeyrisréttindi, sem hjón hafa áunnið sér í hjúskap, teljist hjúskapareign þeirra. Þannig verði litið á lífeyrisréttindi sem sameign hjóna.

Nefndin er þeirrar skoðunar að mál þetta sé mikilvægt en það er vandasamt og þarf nánari skoðunar við, t.d. hvort eðlilegt sé að kveðið sé á um þetta í hjúskaparlögum. Í ljósi þess er lagt til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 15. maí 1992.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Guðmundur Hallvarðsson.	Svavar Gestsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ingibjörg Pálmadóttir.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Finnur Ingólfsson.	Björn Bjarnason.

963. Nefndarálit [529. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Margréti Tómasdóttur,

deildarstjóra í Tryggingastofnun ríkisins, fyrir hönd Atvinnuleysistryggingasjóðs, Jón Magnússon, viðskiptafræðing á gjaldaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, og Ólaf Hjálmarsson, deildarstjóra í fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Nefndin hefur kynnt sér fjárhagsstöðu sjóðsins og fullvissað sig um að sjóðurinn muni geta greitt út atvinnuleysisbætur fram yfir þann tíma að þing kemur saman að nýju. Af þessum sökum sé ekki nauðsynlegt að afla aukinna fjárheimilda fyrir sjóðinn nú, auk þess sem Atvinnuleysistryggingasjóður getur leyst úr tímabundinni fjárþörf með sölu eigin skuldabréfa.

Í trausti þess að greiðsla atvinnuleysisbóta sé þannig tryggð fram yfir þann tíma að Alþingi kemur saman að nýju mælir nefndin með að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 15. maí 1992.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Svavar Gestsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ingibjörg Pálmadóttir.	Finnur Ingólfsson, með fyrirvara.	Björn Bjarnason.

964. Nefndarálit [528. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1988, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Margréti Tómasdóttur, deildarstjóra í Tryggingastofnun ríkisins, fyrir hönd Atvinnuleysistryggingasjóðs, Jón Magnússon, viðskiptafræðing á gjaldaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, og Ólaf Hjálmarsson, deildarstjóra í fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 15. maí 1992.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Ingibjörg Pálmadóttir.	Finnur Ingólfsson.
Svavar Gestsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Björn Bjarnason.

965. Breytingartillaga [479. mál]

við frv. til l. um greiðslur úr ríkissjóði o.fl.

Frá fjárlaganefnd.

Við 14. gr. 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

966. Nefndarálit [479. mál]

um frv. til l. um greiðslur úr ríkissjóði o.fl.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar, en nefndarmenn eru jafnframt flutningsmenn þess. Málið var einnig sent efnahags- og viðskiptanefnd þannig að henni gæfist kostur á að gera athugasemdir við það og fylgir svar formanns þeirrar nefndar með sem fylgiskjal.

Á fund nefndarinnar kom ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, svaraði spurningum nefndarmanna og greindi frá áliti ráðuneytisins á nokkrum þáttum málsins.

Þegar frumvarpið var afgreitt í nefndinni voru mættir tveir varamenn, Sigbjörn Gunnarsson og Björn Ingi Bjarnason, í stað Karls Steinars Guðnasonar, formanns nefndarinnar, og Gunnlaugs Stefánssonar.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með einni breytingu sem flutt er breytingartillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðrún Helgadóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1992.

Pálmi Jónsson, varaform., frsm.	Guðmundur Bjarnason.	Margrét Frímannsdóttir.
Sigbjörn Gunnarsson.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Sturla Böðvarsson.	Jónas Hallgrímsson.	Árni Johnsen.
	Björn Ingi Bjarnason.	

Fylgiskjal.

Efnahags- og viðskiptanefnd:

Bréf til fjárlaganefndar.

(13. maí 1992.)

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar í dag var fjallað um bréf formanns fjárlaganefndar dags. 12. maí sl. Í bréfinu er óskað eftir umsögn efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um greiðslur úr ríkissjóði o.fl., 479. mál.

Vegna hins skamma frests, sem gefinn er, getur nefndin ekki gefið efnislega umsögn um þetta mál.

F.h. efnahags- og viðskiptanefndar,
Matthías Bjarnason, formaður.

967. Nefndarálit [183. mál]

um till. til þál. um útboð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. mgr. tillögugreinarinnar falli brott.

Alþingi, 15. maí 1992.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson.	Finnur Ingólfsson.
Páll Pétursson.	Svavar Gestsson.	Kristín Einarsdóttir.
Guðjón Guðmundsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Árni Johnsen.

968. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 frá 1990, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Efni þess er samhljóða reglugerð heilbrigðisráðherra frá því í desember 1991, þ.e. að gjöld skuli ekki tekin fyrir ungbarnaeftirlit og mæðravernd. Því er nefndin samþykk.

Nefndin telur að ákvæði um þetta efni eigi fremur heima í lögum um almannatryggingar en lögum um heilbrigðisþjónustu. Með hliðsjón af því að nú er verið að endurskoða lög um almannatryggingar telur nefndin rétt að **vísa málinu til ríkisstjórnarinnar**, enda verði stuðst við álit nefndarinnar varðandi þetta efni við þá endurskoðun.

Alþingi, 15. maí 1992.

Sigbjörn Gunnarsson, form., frsm.	Svavar Gestsson.	Finnur Ingólfsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Ingibjörg Pálmadóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Björn Bjarnason.

969. Nefndarálit [436. mál]

um frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972, sbr. lög nr. 78 30. maí 1984.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk um það umsagnir frá Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar, Bandalagi íslenskra listamanna, Námsgagnastofnun, Myndstefi, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Miðlun hf., Tónskáldafélagi Íslands, Bandalagi íslenskra listamanna, Samtökum íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja, Verslunarráði Íslands, Sambandi hljómplötuframleiðenda, Sambandi íslenskra hljómlistarmanna, Ríkisútvarpinu og Félagi íslenskra rithöfunda. Þá fékk nefndin á sinn fund um frumvarpið Þórunni Hafstein, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu.

Við umfjöllun um 10. gr. frumvarpsins fékk nefndin einnig á sinn fund Knút Bruun, Svölu Lárusdóttur og Úlfar Þormóðsson. Samkvæmt 10. gr. er lagt til að svokallaður fylgiréttur verði lögfestur, en inntak þess réttar er að við endursölu myndverka í atvinnuskyni renni tiltekinn hundraðshluti endursöluverðs til rétthafa. Slík ákvæði eru þegar í gildi í þágu höfunda í lögum um listmunauppboð o.fl., nr. 36/1987, þannig að frumvarpið felur aðeins í sér nýmæli við endursölu utan slíkra uppboða, þ.e. í svokölluðum galleríum. Sá munur er hins vegar á sölu listaverka á listmunauppboðum og í galleríum að virðisaukaskattur leggst ekki á listaverk sem eru til endursölu á listmunauppboðum en slíkur skattur leggst á sölu í galleríum. Undanþága listaverka, sem seld eru á listmunauppboðum, frá virðisaukaskatti var heimiluð með lögum nr. 119/1989, um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, og í því sambandi vísað til laga nr. 36/1987, en skv. 3. gr. þeirra laga skal ekki leggja sölugjald á málverk, myndir og listmuni heldur 10% gjald er renni til rétthafa listaverka. Samkvæmt upphaflegum virðisaukaskattlögum, nr. 50/1988, var sala á listmunauppboðum hins vegar ekki undanþegin virðisaukaskatti.

Nefndin vill vekja athygli á að sá mismunur, sem er á aðstöðu listmunauppboða og gallería, getur ekki talist eðlilegur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Um er að ræða orðalagsbreytingu í fyrri efnismálsgrein 8. gr. til að taka af öll tvímæli um efni greinarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1992.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Hjörleifur Guttormsson.	Sturla Böðvarsson.	Björn Bjarnason.
Valgerður Sverrisdóttir.		Árni Johnsen.

970. Tillaga til þingsályktunar [535. mál]

um aukna þjónustu Ríkisútvarpsins á Suðurlandi.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að Ríkisútvarpið ráði fréttamann í fast starf til að annast fréttaöflun og úrvinnslu á fréttatengdu útvarpsefni frá Suðurlandi. Jafnframt verði komið á fót hljóðstofum á Selfossi og í Vestmannaeyjum og húsnæði tekið á leigu eða keypt til starfseminnar. Þar verði starfrækt reglubundið svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins.

Greinargerð.

Hér er endurflutt tillaga nær samhljóða þeirri sem flutningsmaður lagði fram á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu nefndar.

Í greinargerð með þeirri tillögu kom m.a. fram að Sunnlendingar eru þeirrar skoðunar að þeir séu afskiptir í umfjöllun Ríkisútvarpsins um málefni líðandi stundar.

Með stofnun svæðisútvarps á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum og við það að ráða fréttamenn í fastar stöður utan höfuðborgarsvæðisins var gert stórt átak. Starfsemi þessara svæðisútvarpsstöðva hefur fyrir löngu sannað ágæti sitt. Fréttir, fréttatengdir þættir og annað útvarpsefni hefur verið flutt frá þessum stöðum. Enginn vafi er á því að svæðisútvarp hefur sinnt hlutverki sínu afar vel.

Á Suðurlandi, að Vestmannaeyjum meðtöldum, eru samtals um sex þúsund heimili sem eiga rétt á sömu eða svipaðri þjónustu af hálfu Ríkisútvarpsins og Norðlendingar, Vestfirðingar og Austfirðingar njóta nú.

Á Suðurlandi er fjölbreytt og kröftugt mannlíf sem borið er uppi af undirstöðuatvinnuvegum íslensks samfélags. Þar ber daglega eitthvað til tíðinda sem vert er að gefinn sé gaumur af hálfu fjölmiðla. Sunnlendingum er þess vegna mikið í mun að rödd þeirra fái að hljóma til jafns við aðra á öldum ljósvakans.

Vissulega höfum við haft ötula fréttaritara Ríkisútvarps á Suðurlandi sem sinnt hafa starfi sínu af alúð og samviskusemi en þar er aðeins um hlutastarf að ræða því ekki hefur fengist heimild til þess að fastráða fréttamann í fullt starf. Það segir sig því sjálft að þrátt fyrir dugnað fréttaritara hafa þeir aldrei möguleika til að rækja starf sitt sem skyldi.

Hlustunarskilyrði Ríkisútvarpsins á Suðurlandi eru á flestum svæðum vel við unandi. Þó er sums staðar verulegra úrbóta þörf, t.d. í Ölfusi og í Hverageröi.

Það er eins og áður segir ánægjuleg þróun að þjónusta Ríkisútvarpsins við landsbyggðina skuli hafa verið stóraukin á síðustu árum. Þar má þó ekki vera um mismunun að ræða. Uppbygging á einum stað má ekki verða til þess að þjónusta við annan stað verði í lágmarki. Ríkisútvarpið þarf að koma víðar upp sambærilegri aðstöðu við þá sem nú er fyrir hendi í þeim þremur landshlutum sem áður hafa verið nefndir. Má þar benda á Selfoss eða annan heppilegan stað á Suðurlandi. Einnig er sjálfsagt að hafa í huga sérstöðu Vestmannaeyja.

Ríkisútvarpið er útvarp allra landsmanna. Þangað greiða menn þjónustugjöld án tillits til búsetu á landinu og þess vegna er eðlileg krafa að greiðendur allir njóti sambærilegrar þjónustu þessarar stofnunar. Að lokum er hér látin fylgja áskorun sem aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga samþykkti 25. apríl sl.

„Aðalfundur SASS skorar á menntamálaráðherra að hann hlutist til um að nú þegar verði hafinn undirbúningur að rekstri svæðisútvarps á Suðurlandi í tengslum við RÚV."

971. Breytingartillaga [436. mál]

við frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972, sbr. lög nr. 78 30. maí 1984.

Frá menntamálanefnd.

Í stað orðanna „samþykkis höfunda“ í lok fyrri efnismálsgreinar 8. gr. komi: samþykkis rétthafa.

972. Þingsályktun [155. mál]

um athugun á vistfræðilegri þróun landbúnaðar á Íslandi.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á að hve miklu leyti íslenskur landbúnaður uppfyllir þær kröfur sem gera verður til hans með tilliti til sjálfbærrar þróunar þannig að hann spilli ekki náttúrulegum auðlindum heldur auki á verðmæti þeirra.

973. Lög [531. mál]

um breytingu á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, og lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 903.

974. Frumvarp til laga [188. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Eftir 2. umr., 16. maí.)

I. KAFLI

Stjórn brunamála.

1. gr.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn brunamála í landinu.

2. gr.

Brunamálastofnun ríkisins hefur á hendi eftirlit með öllum brunavörnum og brunamálum í landinu.

Brunamálastofnun ríkisins skal hlutast til um að farið sé í hvívetna eftir lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál.

Brunamálastofnun ríkisins ber að gera sjálfstæðar athuganir og úttektir til þess að geta gert sér grein fyrir ástandi mála, hvenær sem þurfa þykir, með fullri vitneskju og í sem bestri samvinnu við hlutaðeigandi brunamálayfirvöld.

Önnur helstu verkefni Brunamálastofnunar ríkisins eru:

a. Að leiðbeina sveitarstjórnum um allt það er lýtur að brunavörnum, þar á meðal að skilgreina þær brunatæknilegu kröfur sem vatnsveitukerfi sveitarfélaga eiga að uppfylla og hafa eftirlit með að þeim kröfum sé fullnægt.
b. Að yfirfara brunahönnun og uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjum sem slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi vísar til hennar og stofnunin sjálf kallar eftir til að ganga úr skugga um að lögum og reglugerðum um brunavarnir sé fullnægt. Einnig skal Brunamálastofnun gefa út leiðbeiningar og reglur um brunavarnir og brunahönnun mannvirkja eftir því sem kostur er.
c. Að hafa eftirlit með og samþykkja slökkvibúnað, brunavarnakerfi, byggingarhluta og efni og annað það er snertir brunavarnir.
d. Að hafa forgöngu um að fylgt sé fyrirmælum reglugerðar um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna, þar á meðal slökkviliðsstjóra og eldvarnaeftirlitsmanna.
e. Að hafa æfingar með slökkviliðum, svo og að stuðla að aukinni menntun slökkviliðsmanna og eldvarnaeftirlitsmanna, m.a. með því að gangast fyrir reglubundnum námskeiðum.
f. Að beita sér fyrir kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir þá er sinna reglubundnu eldvarnaeftirliti; að gangast fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir hönnuði og aðra tæknimenn og kynna þeim nýjungar á sviði brunavarna; að beita sér fyrir kynningar- og fræðslustarfsemi meðal almennings.
g. Að halda uppi rannsóknastarfsemi á sviði brunavarna.
h. Að semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða. Vátryggingafélög skulu senda Brunamálastofnun, eigi síðar en 1. mars ár hvert, sundurliðaðar skýrslur um brunatjón á næstliðnu ári. Skal árleg yfirlitsskýrsla Brunamálastofnunar um eldsvoða birt opinberlega.
i. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál og sjá svo um að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
j. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verkefni, svo og starfshætti Brunamálastofnunar.

3. gr.

Ráðherra skipar fimm manna stjórn Brunamálastofnunar ríkisins til fjögurra ára í senn. Hann skipar einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna, einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra tryggingafélaga og einn eftir tilnefningu Brunatæknifélags Íslands. Einn mann skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Skipa skal varamenn með sama hætti. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.

Stjórn Brunamálastofnunar skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar og að fylgt sé ákvæðum laga og reglna sem um stofnunina gilda. Stjórnin skal móta stefnu stofnunarinnar í samráði við brunamálastjóra, m.a. með því að samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Stjórnin ber ábyrgð gagnvart ráðherra.

Ráðherra skipar brunamálastjóra til sex ára í senn að fengnum tillögum stjórnar Brunamálastofnunar. Hann skal veita stofnuninni forstöðu og bera ábyrgð gagnvart stjórninni.

Hann ræður starfsmenn Brunamálastofnunar og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Brunamálastjóri skal vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur eða með aðra sambærilega menntun á háskólastigi og hafa sérþekkingu á brunamálum.

4. gr.

Sveitarstjórn og slökkviliðsstjóri skulu halda uppi almennum brunavörnum og opinberu eldvarnaeftirliti í sveitarfélagi í samræmi við kröfur sem nánar er kveðið á um í reglugerðum um brunavarnir og brunamál. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

Sveitarstjórnir geta haft samvinnu sín á milli um brunavarnamál sveitarfélaga. Um þá samvinnu skulu gilda ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Félagsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn Brunamálastofnunar, undanþegið sveitarfélag skyldu til að halda uppi sérstökum brunavörnum berist rökstudd beiðni um slíkt frá sveitarstjórn.

II. KAFLI
Slökkvilið og slökkvistarf.

5. gr.

Sveitarfélögum er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og búnaði til almenns slökkvistarfs og brunavarna, þar með talið nauðsynlegt húsnæði fyrir slökkviliðið.

Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og vatnsnotkun til slökkvistarfa.

Sveitarfélögum ber að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað í þéttbýli, t.d. úðakerfi í meiri háttar byggingum. Í þeim sveitarfélögum, þar sem vatnsöflun er erfið, er þó heimilt að leita annarra lausna til að tryggja nauðsynlegar brunavarnir.

Við skipulag byggðar og staðsetningu slíkra bygginga í sveitarfélagi ber að taka fullt tillit til ofangreindra þátta.

6. gr.

Sveitarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi slökkviliðs. Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og brunahönum. Um starfsemi slökkviliða og verksvið slökkviliðsstjóra skal nánar kveðið á í reglugerð.

Tæki og búnað slökkviliðs má einungis nota til slökkvi- og björgunarstarfs nema slökkviliðsstjóri heimili annað.

7. gr.

Allir verkfærir menn 18–60 ára að aldri, sem hafa fasta búsetu í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til slökkviæfinga allt að 20 klukkustundir á ári og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum samkvæmt nánari reglum um útköll.

Sveitarstjórn skipar menn í slík slökkvilið eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar að höfðu samráði við samtök slökkviliðsmanna.

8. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur skv. 7. gr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

9. gr.

Slökkviliðsstjóra, eða staðgengli hans, er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að kveðja til slökkvistarfa eins marga menn og hann telur nauðsynlegt og getur enginn vinnufær maður skorast undan þeirri skyldu. Slík aðstoð skal veitt án endurgjalds.

10. gr.

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna í samræmi við áhættu starfsins. Lágmarkstrygging þeirra skal vera í samræmi við skilmála um slysatryggingar opinberra starfsmanna samkvæmt kjarasamningum. Þeir sem verða fyrir tjóni við störf í þágu brunavarna eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af vátryggingafélagi. Náist ekki samkomulag um bætur skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

11. gr.

Félagsmálaráðherra getur að nokkru eða öllu leyti undanþegið sveitarfélag þeirri skyldu að hafa slökkvilið ef það hefur samið um að slökkvilið í nærliggjandi sveitarfélagi annist slökkvistarf. Um slíka samvinnu skal gera skriflegan samning og skal hann staðfestur af félagsmálaráðherra að fenginni umsögn Brunamálastofnunar.

12. gr.

Hverjum manni er skylt, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf þegar eldsvoða ber að höndum.

13. gr.

Fjártjón, sem hlýst af ráðstöfunum skv. 12. gr., telst brunatjón.

14. gr.

Ef slökkviliðsstjóri óskar þess skal lögregla annast löggæslu við slökkviæfingar og slökkviliðsstörf, en ella hreppstjóri eða sérstakur fulltrúi sem lögreglustjóri skipar. Við eldsvoða er löggæslulið á brunastað undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögregla skal sjá slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði sem slökkviliðið þarf til að gegna störfum sínum, vernda brunarústir sem rannsaka þarf eða bjarga verðmætum úr og varðveita muni sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

15. gr.

Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim sem þessir aðilar kveðja til að fjarlægja hvern þann er truflar slökkvistarf og gera fullnægjandi ráðstafanir til að hann valdi ekki frekari truflun.

16. gr.

Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við að slökkva eld utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni hversu mikið af tækjum og mannafla megi senda með hliðsjón af því að eigin umdæmi sé ekki stofnað í óeðlilega hættu.

Kostnaður við slíka aðstoð telst til brunavarnakostnaðar þess sveitarfélags sem aðstoðar nýtur. Verði ágreiningur um kostnað skal hann ákveðinn af dómkvöddum mönnum. Héraðsdómari í því umdæmi, sem aðstoð veitir, útnefnir matsmenn.

III. KAFLI
Brunavarnir og meðferð eldfimra efna.

17. gr.

Seljanda byggingarefna eða tækja eða annars varnings, sem haft geta áhrif á öryggi mannvirkja og fólks gagnvart eldi, er skylt að afla nauðsynlegra upplýsinga um brunatæknilega eiginleika þeirra og láta Brunamálastofnun þær í té. Slíkar upplýsingar skulu vera frá viðurkenndum og óháðum aðila sem Brunamálastofnun samþykkir. Brunamálastofnun tekur á grundvelli þessara upplýsinga ákvörðun um hvort nota megi byggingarefnið, tækið eða annan varning, til hvers og með hvaða skilyrðum.

Brunamálastofnun getur bannað sölu byggingarefnis, tækis og annars varnings sem stofnunin telur geta valdið hættu á brunatjóni eða ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir eða fullnægjandi brunatæknilegar upplýsingar fást ekki um. Lögreglu er skylt að aðstoða við slíkar aðgerðir ef þörf krefur.

Brunamálastofnun skal halda skrá yfir þær viðurkenningar sem veittar eru á grundvelli 1. mgr., svo og það sem bannað er á grundvelli 2. mgr. Brunamálastofnun ber að senda slíka skrá reglulega til slökkviliðsstjóra, byggingarfulltrúa, hönnuða og annarra er þess óska.

18. gr.

Eigandi mannvirkis er ábyrgur fyrir því að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum um byggingar- og brunamál.

Forráðamanni mannvirkis er skylt að sjá til þess að það fullnægi kröfum um brunavarnir fyrir þá starfsemi sem í mannvirkinu fer fram á hverjum tíma.

Eigandi og/eða forráðamaður mannvirkis ber fulla ábyrgð á eigin brunavörnum, að þær séu virkar og því að haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Jafnframt er þeim skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanna sveitarfélaga og opinberra stofnana um úrbætur sem eiga sér stoð í gildandi lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál, byggingarmál, öryggismál og hollustuhætti.

Skylt er að láta fara fram sérstaka brunahönnun á mannvirki þegar um er að ræða nýbyggingu þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða. Skal hún fullnægja þeim kröfum sem gildandi byggingarreglugerð og reglugerð um brunavarnir og brunamál mæla fyrir um.

Sé um að ræða mannvirki sem þegar er byggt og í rekstri og þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman eða dveljast eða

þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða skal slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi gera úttekt á brunavörnum þess, m.a. með tilliti til viðvörunar- og slökkvibúnaðar, leggja hana fyrir eiganda eða forráðamann og senda síðan til vátryggingafélaga og Brunamálastofnunar. Sé brunavörnum slíks mannvirkis í veigamiklum atriðum ábótavant hafa slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi heimild til að fara fram á að gerð sé brunatæknileg hönnun eða úttekt á mannvirkinu.

Séu breytingar gerðar á mannvirki, eða starfsemi þess breytt þannig að gerðar eru nýjar eða auknar kröfur um brunavarnir í þeim, er eiganda eða forráðamanni skylt að fá til þess samþykki byggingarnefndar og slökkviliðsstjóra og jafnframt að gera viðeigandi ráðstafanir til að kröfum um brunavarnir sé fullnægt fyrir hið breytta mannvirki eða hina breyttu starfsemi.

Brunamálastofnun getur að höfðu samráði við sveitarfélag lagt svo fyrir að í mannvirkjum, sbr. 5. mgr., séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi.

Eiganda eða forráðamanni mannvirkis og tryggingafélagi ber að gera viðeigandi ráðstafanir til björgunar verðmæta eftir bruna.

19. gr.

Nauðsynlegum búnaði vegna almennra brunavarna má koma fyrir þar sem slíkt telst nauðsynlegt ef það veldur ekki óeðlilegu tjóni eða óþægindum. Slökkviliðsstjóri skal tilkynna aðila fyrir fram um slíkar aðgerðir.

20. gr.

Fara skal þannig með eld eða eldfim efni að sem allra minnst hætta sé á því að eldsvoði geti af því hlotist.

IV. KAFLI
Tilkynningar um eldsvoða og rannsóknir.

21. gr.

Sá sem verður fyrir brunatjóni, eða sé hann ekki viðstaddur sá er kemur í hans stað, er skyldur að tilkynna brunann hlutaðeigandi vátryggingafélagi, svo og lögreglustjóra, fulltrúa hans, sbr. 14. gr., eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

22. gr.

Brunamálastofnun ríkisins skal sjá um að rannsókn fari fram á orsökum eldsvoða þegar eftir brunatjón. Brunarannsókn þarf ekki að fara fram séu orsakir kunnar eða tjón óverulegt. Rannsóknarlögregla ríkisins eða lögreglustjóri skal sjá um að lögreglurannsókn fari fram sé grunur um að um refsivert athæfi hafi verið að ræða. Haft skal samráð við sérfræðinga Brunamálastofnunar við slíka rannsókn. Rafmagnseftirliti ríkisins skal tilkynnt um slíkar rannsóknir.

Brunarannsókn skal beinast að því að kanna hver upptök eldsins hafi verið og þróun og útbreiðsla brunans, enn fremur hvernig háttað hafi verið brunahönnun hlutaðeigandi húss, hvernig staðið hafi verið að brunavörnum þess og hvernig slökkvistarfið hafi gengið fyrir sig. Kanna ber síðustu úttektir eldvarnaeftirlits fyrir brunann, hvaða athugasemdir þar hafi verið fram settar og hvernig eftir þeim hafi verið farið.

Afrit af gögnum um hverja brunarannsókn skal senda til hlutaðeigandi lögregluyfirvalda, slökkviliðsstjóra og vátryggingafélags þegar rannsókn er lokið.

V. KAFLI
Fjármál brunavarna.

23. gr.

Öll tryggingafélög og aðrir, sem annast vátryggingar, skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum, sérstakt brunavarnagjald fyrir Brunamálastofnun ríkisins. Brunavarnagjaldið má nema allt að 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Félagsmálaráðherra ákveður hversu hátt fyrrgreint hlutfall skal vera og setur nánari reglur um innheimtu brunavarnagjaldsins í reglugerð. Þeir aðilar, sem innheimta brunavarnagjaldið, skulu hafa staðið Brunamálastofnun ríkisins skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra aðila, sem annast innheimtu brunavarnagjaldsins, liggja fyrir.

24. gr.

Heimilt er Brunamálastofnun að veita slökkviliðsmönnum, eldvarnaeftirlitsmönnum og öðrum þeim, sem starfa að brunamálum, styrki til náms á sviði brunamála.

Fjármagn til þessara styrkveitinga má nema allt að 5% brunavarnagjaldsins á hverju ári. Ráðherra ákveður hversu hátt þetta hlutfall skal vera hverju sinni og setur nánari ákvæði um styrki þessa í reglugerð.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

25. gr.

Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim.

Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur að atvinnu- og stofnanahúsnæði og öðrum þeim vinnustöðum þar sem eftirlits er þörf.

26. gr.

Nú kemur í ljós að ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, eru brotin og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Slökkviliðsstjóra er heimilt að leita aðstoðar byggingarnefndar til að knýja eiganda og/eða forráðamann mannvirkis til úrbóta, sbr. 18. gr., og jafnframt er honum heimilt af sömu ástæðu að hafa samráð við Rafmagnseftirlit ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins ef þörf krefur.

Við áhættumat einstakra mannvirkja mega vátryggingafélög setja álag á brunatryggingaiðgjöld húsa þegar og meðan fyrir liggur að eigandi hefur ekki sinnt kröfum slökkviliðsstjóra um úrbætur skv. 1. mgr.

Að fengnu samþykki sveitarstjórnar getur slökkviliðsstjóri í samráði við lögreglustjóra ákveðið að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda eða forráðamanns eða ákveðið dagsektir uns úr verður bætt. Dagsektir renni til sveitarsjóðs.

Ef almannahætta stafar af því að settum reglum um brunavarnir er ekki fylgt ber slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra að tilkynna það tafarlaust hlutaðeigandi sveitarstjórn. Að því loknu skal lögreglustjóri stöðva rekstur í viðkomandi mannvirki og loka því þar til úr hefur verið bætt með fullnægjandi hætti að mati þessara aðila.

Ef upp kemur ágreiningur á milli slökkviliðsstjóra og sveitarstjórnar annars vegar og

eiganda eða forráðamanns hins vegar um úrræði þau sem mælt er fyrir um í 1. eða 3. mgr. ber að vísa þeim ágreiningi tafarlaust til Brunamálastofnunar sem fellir úrskurð í málinu.

27. gr.

Nú telur Brunamálastofnun að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerða byggðra á þeim og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skv. 26. gr. og skal þá Brunamálastofnun benda slökkviliðsstjóra á misbrestina og hefur stofnunin síðan rétt til að beita þeim heimildum sem slökkviliðsstjóra eru veittar í þeirri grein ef ekki er úr bætt.

Telji Brunamálastofnun að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum þessum ber stofnuninni að undangenginni viðvörun til sveitarstjórnar að tilkynna það félagsmálaráðuneytinu sem veita skal sveitarstjórn áminningu og skora á hana að bæta úr vanrækslunni. Verði sveitarstjórn eigi við áskorun ráðuneytisins innan frests sem það tiltekur getur ráðuneytið með lögsókn krafist dagsekta af sveitarstjórn þar til úr hefur verið bætt. Dagsektir þessar skulu renna í ríkissjóð.

28. gr.

Um matsgerðir samkvæmt lögum þessum fer að almennum reglum og venjum um möt dómkvaddra matsmanna. Meta skal raunverulegt fjártjón hverju sinni.

29. gr.

Gjöld og dagsektir samkvæmt lögum þessum, svo og kostnað skv. 26. og 27. gr., má innheimta með lögtaki.

30. gr.

Ráðherra setur, að fenginni tillögu Brunamálastofnunar, reglugerðir þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

31. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim varða sektum en varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 74 12. maí 1982, um brunavarnir og brunamál.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. um tímabundna skipun brunamálastjóra tekur ekki til núverandi brunamálastjóra.

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra skipa nýja stjórn Brunamálastofnunar ríkisins í samræmi við 1. mgr. 3. gr. Umboð núverandi stjórnar fellur niður um leið og ráðherra hefur skipað hina nýju stjórn.

975. Nefndarálit [434. mál]

um frv. til l. um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, Hákon Sigurgrímsson, framkvæmdastjóra Stéttarsambands bænda, og Jón Höskuldsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Umsagnir bárust frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Meginbreyting nefndarinnar felst í því að breytt er framsetningu frumvarpsins og því er öllum greinum frumvarpsins breytt. Telur nefndin nýju framsetninguna skýrari og markmið laganna komist betur til skila þannig.

Nefndin leggur einnig til nokkrar efnisbreytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um að réttur til forfallaþjónustu sé bundinn við bóndann, en starfsmenn hans hafi ekki sjálfstæðan rétt til hennar. Ef starfsmenn bónda forfallast á hann rétt á afleysingamanni að skilyrðum laganna uppfylltum, en um rétt starfsmannsins í veikindaorlofi fer eftir ráðningarsamningi hans og almennum reglum sem gilda um launþega.

Í öðru lagi er lagt til að búnaðarsamböndum verði skylt að starfrækja forfallaþjónustu en sambönd geta sameinast um framkvæmd þjónustunnar ef það þykir hentugt. Stjórn afleysingaþjónustunnar gerir í samráði við Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands árlega áætlun um greiðslur fyrir forfallaþjónustuna til hvers búnaðarsambandssvæðis. Lagt er til að Búnaðarfélagi Íslands verði falið að annast um bókhald og reikningsskil forfallaþjónustunnar með líkum hætti og verið hefur og skulu endurskoðaðir reikningar og ársskýrsla stjórnar lögð fram á búnaðarþingi.

Í þriðja lagi er lögð áhersla á að þessi þjónusta tekur fyrst og fremst til forfalla vegna slysa eða veikinda. Stjórn forfallaþjónustunnar er þó heimilt að ráða starfsmenn hennar til afleysinga ótímabundið enda greiði viðkomandi bóndi laun þeirra. Til að leggja enn frekari áherslu á hlutverk forfallaþjónustunnar leggur nefndin til að í heiti frumvarpsins komi eingöngu fram að þau séu um forfallaþjónustu í sveitum.

Í fjórða lagi er nánar kveðið á um hvað eigi að ákveða í reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar forfallaþjónustunnar og er m.a. skilyrði fyrir aðstoð að sá sem hennar óskar hafi staðið skil á gjöldum sínum til Búnaðarmálasjóðs.

Að lokum er lagt til að inn í frumvarpið verði bætt nýrri grein er varðar búgreinafélög sem segja sig frá forfallaþjónustunni. Ef Stéttarsamband bænda nýtir þá heimild, sem veitt er í 3. mgr. 4. gr. laga um Búnaðarmálasjóð, að óska eftir því við landbúnaðarráðherra að búgreinafélag verði undanþegið því að greiða til forfallaþjónustunnar þá nær sú undanþága aðeins til þeirra félagsmanna sem undirrita yfirlýsingu um að þeir séu ekki lengur aðilar að forfallaþjónustunni. Er þetta gert til þess að bændur, sem kjósa að njóta

þeirra réttinda sem í forfallaþjónustunni felast, glati ekki þeim rétti vegna ákvörðunar félags þeirra. Þessir bændur eru ábyrgir fyrir greiðslu á búnaðarmálasjóðsgjaldi sínu ef félag þeirra greiðir ekki til forfallaþjónustunnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. maí 1992.

Egill Jónsson, form., frsm.	Sigbjörn Gunnarsson.	Guðni Ágústsson.
Eggert Haukdal.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Einar K. Guðfinnsson.	Árni M. Mathiesen.	Sigurður Hlöðvesson.

976. Breytingartillögur [434. mál]

við frv. til l. um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Í stað 1.–11. gr. komi tíu nýjar greinar er orðist svo:
   a. (1. gr.)
      Tilgangur laga þessara er að veita starfandi bændum og mökum þeirra aðstoð við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum.
   b. (2. gr.)
      Stjórn forfallaþjónustu í sveitum skal skipuð þremur mönnum og skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Stéttarsambandi bænda og einn tilnefndur af búnaðarsamböndunum sameiginlega.
   c. (3. gr.)
      Búnaðarsambönd skulu starfrækja forfallaþjónustu eftir lögum þessum hvert á sínu svæði. Þó er tveimur eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að sameinast um framkvæmd þjónustunnar.
      Stjórn forfallaþjónustunnar ákveður fjölda afleysingamanna (stöðugilda) og/eða greiðslur fyrir hvert búnaðarsambandssvæði ásamt rétti til afleysinga samkvæmt áætlun er hún gerir árlega að höfðu samráði við Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda.
      Kostnaður við forfallaþjónustu í sveitum greiðist af tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sbr. lög um Búnaðarmálasjóð.
      Búnaðarfélag Íslands annast bókhald og reikningsskil fyrir forfallaþjónustuna og skulu endurskoðaðir reikningar og ársskýrsla stjórnar lögð fram á búnaðarþingi.
   d. (4. gr.)
      Allir bændur og makar þeirra eiga rétt á aðstoð vegna bústarfa í veikinda- og slysatilfellum. Enn fremur ef bústjórar og aðrir fastráðnir starfsmenn á búum forfallast enda hafi ráðning staðið sex mánuði eða lengur.

Réttur til afleysingar skal miðast við vinnuframlag þess sem forfallast. Eitt ársverk við landbúnaðarstörf gefur rétt á hámarksþjónustu bæði fyrir bónda og maka hans.

Sé um blandaðan rekstur að ræða skal réttur til afleysingar ráðast af hlutdeild landbúnaðarstarfa í vinnu þess sem forfallast. Nemi vinnuframlagið minna en einu ársverki við landbúnaðarstörf skerðist réttur til forfallaþjónustu í samræmi við það. Þó skulu þeir sem hafa allt framfæri sitt af landbúnaði ætíð njóta fullrar þjónustu nema sá aðili, er sinnir forföllum, hafi sannanlega tækifæri til að ná fullum daglaunum með vinnu annars staðar.

e. (5. gr.)

Þegar forföll ber að höndum og óskað er aðstoðar skal tilkynna það til viðkomandi búnaðarsambands. Skal þá liggja fyrir læknisvottorð um að viðkomandi sé óvinnufær.

f. (6. gr.)

Afleysingamenn skulu hafa alhliða starfsreynslu við bústörf. Koma skal á námskeiðum við búnaðarskóla sem þjálfa fólk til afleysingastarfa.

g. (7. gr.)

Föst mánaðarlaun skulu miðast við 40 stunda vinnuviku.

Afleysingamenn skulu hafa fæði og húsnæði endurgjaldslaust hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum þar. Einnig greiðir búið ferðakostnað og yfirvinnu sem samið er um.

Heimilt er að framlengja dvöl afleysingamanns á búi þegar tilskilinni þjónustu er lokið ef hans er ekki þörf annars staðar, enda greiðir þá viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins. Slík ráðning skal þó vera ótímabundin ef þörf er á aðstoð annars staðar, t.d. í bráðum veikinda- eða slysatilfellum. Þá er stjórn forfallaþjónustunnar heimilt að taka upp samvinnu um skipulag og ráðningu starfsmanna við almenna afleysingaþjónustu sem rekin er á vegum samtaka bænda eða hóps bænda.

h. (8. gr.)

Leiti Stéttarsamband bænda eftir því við landbúnaðarráðherra að greiðsla einstakra búgreinafélaga á búnaðarmálasjóðsgjaldi til forfallaþjónustunnar falli niður samkvæmt heimild í 3. mgr. 4. gr. laga um Búnaðarmálasjóð, nr. 41/1990, nær sú niðurfelling einungis til þeirra félagsmanna búgreinafélagsins sem staðfest hafa með undirskrift sinni að þeir séu ekki lengur aðilar að forfallaþjónustu bænda.

i. (9. gr.)

Landbúnaðarráðuneytið setur, að fengnum tillögum stjórnar forfallaþjónustunnar, reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga. Þar skal nánar skilgreint ársverk og mat á vinnuframlagi við landbúnaðarstörf, sbr. 2. mgr. 4. gr., og kveðið á um réttindi og skyldur afleysingamanna. Jafnframt skal kveðið á um hverjir hafa rétt til aðstoðar samkvæmt lögum þessum en þó skal ávallt vera skilyrði fyrir aðstoð að sá sem hennar óskar hafi staðið skil á gjöldum sínum til Búnaðarmálasjóðs.

j. (10. gr.)

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 32 29. maí 1979, um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

2. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um forfallaþjónustu í sveitum.

977. Nefndarálit [422. mál]

um frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund um málið Sigríði Ingvarsdóttur héraðsdómara, Ingibjörgu Rafnar lögfræðing, Drífu Pálsdóttur, deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu, og Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá studdist nefndin við umsagnir sem menntamálanefnd efri deildar bárust á 113. þingi um frumvarpið, sem og breytingartillögur sem sú nefnd gerði við frumvarpið, en það varð eigi útrætt á því þingi.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Flestar breytingarnar byggjast á breytingartillögum menntamálanefndar frá 113. þingi en í þeim breytingartillögum var í flestum tilvikum ekki um verulegar efnisbreytingar að ræða. Auk þessa gerir nefndin nokkrar viðbótarbreytingar. Í þeim breytingartillögum eru nokkrar efnisbreytingar, sem og lagfæringar á tilvísunum til laga sem tekið hafa breytingum frá því að frumvarpið var samið, þ.e. barnalaga, laga um meðferð einkamála, laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og aðfararlaga. Þá gerir nefndin tillögu um að gildistöku frumvarpsins verði frestað til 1. janúar 1993.

Nefndin vill vegna ákvæða 5. mgr. 36. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um að barnaverndarnefnd eigi úrlausnarvald um umgengni barna í fóstri við kynforeldra, láta koma fram að hún telur að það ákvæði gildi aðeins um þau tilvik þar sem barnaverndarástæður liggja til grundvallar fóstri.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 16. maí 1992.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Eggert Haukdal.	Ingibjörg Pálmadóttir.
Einar K. Guðfinnsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.	Kristinn H. Gunnarsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Jónas Hallgrímsson.	Sigbjörn Gunnarsson.

978. Breytingartillögur [422. mál]

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „6. mgr. 35. gr. barnalaga, nr. 9/1981“ í 3. mgr. komi: 6. mgr. 29. gr. barnalaga.
2. Við 3. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Fyrri málsgrein verði tvær málsgreinar þannig að 1. málsl. verði 1. mgr. og 2.–7. málsl. verði 2. mgr.

b. Síðasti málsliður síðari málsgreinar orðist svo: Það skal annast fræðslustarfsemi fyrir þá sem starfa að barnaverndarmálum, m.a. með útgáfustarfsemi og námskeiðum.

3. Við 4. gr. Í stað orðanna „og hátterni“ í 1. efnismálsl. 2. mgr. komi: hátterni og uppeldisskilyrðum.
4. Við 6. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir. Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórnir í kaupstöðum kjósa barnaverndarnefndir, sbr. þó 2. mgr. Minni sveitarfélög skulu sameinast um kosningu barnaverndarnefndar. Heimilt er sveitarstjórn að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir.
   b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálaráði (félagsmálanefnd) störf barnaverndarnefndar og í þeim tilvikum skal gæta þeirra sjónarmiða sem nefnd eru í 4. mgr. um kjör barnaverndarnefnda.
   c. Orðin „t.d. barnalækni, sálfræðing eða félagsráðgjafa“ í niðurlagi 3. mgr. falli brott.
5. 7.–9. gr. frumvarpsins falli brott.
6. Við 10. gr. Í stað orðanna „héraðsnefndar, bæjarstjórnar eða borgarstjórnar“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: hlutaðeigandi sveitarstjórna.
7. Við 12. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 2. málsl. fyrri málsgreinar falli brott.
   b. Í stað orðanna „32. gr. laga nr. 85/1936“ í 3. málsl. fyrri málsgreinar komi: 5. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.
8. Við 17. gr. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Barnaverndarnefnd er skylt að tilkynna foreldri barns ef mál, er varðar barnið, er til meðferðar hjá lögreglu eða dómstólum, sbr. 1. og 2. mgr., enda mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því. Óski foreldri eftir því að vera viðstatt yfirheyrslu yfir barni sínu yngra en 16 ára skal það að jafnaði heimilt. Dómari úrskurðar um þetta atriði ef ágreiningur verður og sætir úrskurður hans ekki kæru.
9. Við 19. gr. Í stað orðsins „dagvistarstofnana“ í 1. mgr. og í stað sama orðs í 3. mgr. komi (í viðeigandi beygingarföllum): dagvistarheimila.
10. Við 20. gr. Í stað orðanna „35. gr. laga nr. 9/1981“ í 1. málsl. komi: 29. gr. barnalaga.
11. Við 21. gr. Orðið „ástæðulausrar“ í lok b-liðar 1. mgr. falli brott.
12. Við 23. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðinu „börn“ í 1. málsl. komi: og ungmenni.
   b. Í stað orðanna „hefur rökstuddan grun um“ í 1. málsl. komi: telur.
   c. Orðin „en tólf mánuði þaðan í frá“ í lok 2. málsl. falli brott.
13. Við 25. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er að gefa barni undir 12 ára aldri kost á að tjá sig með sama hætti óski barnið þess.
   b. Í stað orðsins „sínum“ í 3. mgr. komi: þess.
14. Við 26. gr. Orðin „eða aðfinnslur“ í seinni málsgrein falli brott.
15. Við 28. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðsins „reyndar“ í fyrri málslið síðari málsgreinar komi: fullreyndar.

b. Síðari málsliður síðari málsgreinar orðist svo: Úrskurð á grundvelli d-liðar fyrri málsgreinar, þegar um er að ræða nýfætt barn sem enn hefur ekki flust í umsjá foreldra, er einungis heimilt að kveða upp hafi viðeigandi aðgerðir skv. 24. gr. verið reyndar til þrautar án árangurs.

16. Við 30. gr. Í stað orðanna „ef þörf krefur“ í niðurlagi 3. mgr. komi: svo lengi sem þörf krefur.
17. Við 31. gr. Í stað orðanna „til bæjarfógeta í heimilisumdæmi barns eða ungmennis (í Reykjavík borgarfógeta) eða sýslumanns, sbr. 10. gr. laga nr. 90/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði“ í fyrri málslið komi: með beinni aðfarargerð, sbr. 12. kafla aðfararlaga.
18. Við 32. gr. Í stað orðanna „35. gr. barnalaga, nr. 9/1981“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: 29. gr. barnalaga.
19. Við 33. gr. Í stað orðsins „þjálfa“ í upphafi seinni málsgreinar komi: aðstoða.
20. Við 35. gr. Í stað orðanna „þrefaldan barnalífeyri sé það innan sjö ára aldurs og tvöfaldan sé það eldra“ í 1. mgr. komi: umsaminn lífeyri.
21. Við 36. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðsins „barni“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: barninu.
    b. Í stað orðanna „er skylt“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: er rétt og skylt.
22. Við 43. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Orðin „42. gr. barnalaga, nr. 9/1981“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
    b. Í stað orðanna „níu mánuði eða lengur“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: til frambúðar.
23. Við 45. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Um vanhæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála gilda lagareglur um vanhæfi héraðsdómara til að fara með einkamál eftir því sem við getur átt.
24. Við 46. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Í stað orðanna „125. gr. laga nr. 85/1936“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: laga um meðferð einkamála.
    b. Í stað orðanna „einkaheimili eða barnaheimili“ í 4. mgr. komi: einkaheimili, barnaheimili eða annan þann stað þar sem börn dveljast.
25. Við 47. gr. Í stað orðanna „hafi gert sér fulla grein“ komi: hafi verið gerð full grein.
26. Við 48. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
    a. Í stað „3. og 4. mgr.“ í fyrri málslið fyrri málsgreinar komi: 3.–5. mgr.
    b. Í stað orðsins „héraðsdómari“ í síðari málslið fyrri málsgreinar komi: sýslumaður eða löglærður fulltrúi hans.
27. Við 50. gr. Í stað orðanna „innan tveggja vikna“ í lok 1. málsl. komi: án tafar og eigi síðar en innan viku.
28. Við 51. gr. Í stað orðanna „fógeta eða lögreglu“ í fyrri málslið komi: sýslumann.
29. Við 54. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
    a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Kostnaður slíkra heimila greiðist úr ríkissjóði.
    b. 4. mgr. orðist svo:

       Barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði með rekstri vistheimila eða á annan hátt til að veita börnum viðtöku vegna aðstæðna á heimili þeirra, svo sem vegna forfalla foreldra, vanrækslu eða illrar meðferðar á barni eða til könnunar á aðstæðum þeirra, sbr. 21. gr.
30. Við 60. gr. bætist: Sveitarstjórnir geta þá breytt þessum aldursmörkum og tímasetningum með sérstakri samþykkt.
31. Við 71. gr. Í stað orðanna „1. *júní* 1992“ komi: 1. janúar 1993.

979. Nefndarálit [152. mál]

um till. til þál. um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk umsagnir frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Hafrannsóknastofnun, bæjarstjórn Dalvíkur, bæjarstjórn Akureyrar, bæjarstjórn Ólafsfjarðar, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Byggðastofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Tillagan gerir ráð fyrir að komið verði á fót miðstöð rannsókna og fræðslu á sviði sjávarútvegs á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu. Nefndin fór í dagsferð til Akureyrar sl. haust og heimsótti sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri, Niðursuðuverksmiðju KJ, Útgerðarfélag Akureyringa, Slippstöðina, fiskeldið á Hjalteyri og bæjarstjórn Akureyrar. Upp úr þeirri ferð spannst umræða sem reyndist gott innlegg í umfjöllun um tillöguna.

Nefndin mælir með samþykkt málsins með breytingu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Nefndin lítur svo á að málið svo breytt nái jafnframt markmiði tillögu til þingsályktunar um sjávarútvegsmiðstöð á Akureyri, 159. máli á þskj. 171, sem vísað var til nefndarinnar.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi samtaka um Kvennalista, sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti nefndarinnar.

Alþingi, 16. maí 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Vilhjámur Egilsson.	Jóhann Ársælsson.	Halldór Ásgrímsson.
Stefán Guðmundsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Árni R. Árnason.

980. Breytingartillaga [152. mál]

við till. til þál. um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um frekari uppbyggingu og eflingu Háskólans á Akureyri og annarra rannsókna- og fræðslustofnana á svæðinu svo að þar verði öflug miðstöð rannsókna- og fræðslustarfsemi á sviði sjávarútvegs.

981. Nefndarálit [193. mál]

um till. til þál. um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá bæjarstjórn Njarðvíkur, bæjarstjórn Akraness, landsnefnd um alnæmisvarnir, bæjarstjórn Borgarness, Sálfræðifélagi Íslands, Samtökunum 78, bæjarstjórn Ísafjarðar, biskupi Íslands, Rauða krossi Íslands, bæjarstjórn Mosfellsbæjar, bæjarstjórn Hafnar, Félagmálastofnun Reykjavíkur, bæjarstjórn Keflavíkur, bæjarstjórn Selfoss og bæjarstjórn Akureyrar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunar með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. maí 1992.

Rannveig Guðmundsdóttir, form., frsm.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Kristinn H. Gunnarsson.	Jónas Hallgrímsson.	Ingibjörg Pálmadóttir.
Eggert Haukdal.	Sigbjörn Gunnarsson.	Einar K. Guðfinnsson.

982. Breytingartillögur [193. mál]

við till. til þál. um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki.

Frá félagsmálanefnd.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Nefndin skal skipuð fulltrúum dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka samkynhneigðs fólks. Skal nefndin kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Till. til þál. um skipun nefndar til að kanna stöðu samkynhneigðs fólks.

983. Nefndarálit [533. mál]

um frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1992 o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Efni þess byggist á samkomulagi þingflokka um þingmeðferð EES-málsins. Í því felst að nýtt þing komi saman 17. ágúst nk. Með þessum hætti verði haustþingið lengt en þinghaldið að öðru leyti með venjubundnu sniði.

Heimildin til að breyta samkomudegi Alþingis byggist á ákvæðum 35. gr. stjórnarskrárinnar. Þeim var breytt á síðasta ári á þann hátt að Alþingi starfar nú allt árið. Með því að ákveða samkomudaginn með þessum hætti sem í frumvarpinu segir er jafnframt verið að ákveða hvenær núverandi þingi, 115. löggjafarþingi, lýkur.

Sólveig Pétursdóttir, Ingi Björn Albertsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Björn Bjarnason voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1992.

Össur Skarphéðinsson, varaform., frsm. | Ey. Kon. Jónsson. | Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Jón Helgason. | Kristinn H. Gunnarsson.

984. Nefndarálit [165. mál]

um till. til þál. um kennslu í réttri líkamsbeitingu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá Íþróttakennarafélagi Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis og Verkamannasambandi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin er til að leggja áherslu á þá skoðun nefndarinnar að eðlilegast sé að kennsla í réttri líkamsbeitingu sé hluti af almennri íþróttakennslu í grunnskólum landsins en ekki sérstök kennslugrein.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1992.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. | Rannveig Guðmundsdóttir. | Valgerður Sverrisdóttir.

Hjörleifur Guttormsson. | Björn Bjarnason. | Árni R. Árnason.

Árni Johnsen. | Kristín Ástgeirsdóttir.

985. Breytingartillaga [165. mál]

við till. til þál. um kennslu í réttri líkamsbeitingu.

Frá menntamálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að gera fræðslu um rétta líkamsbeitingu að hluta af almennri íþróttakennslu í grunnskólum landsins.

986. Fyrirspurn [536. mál]

til utanríkisráðherra um lagahreinsun.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hyggst utanríkisráðherra beita sér fyrir lagahreinsunarátaki í samræmi við breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna þannig að orðið „jafnrétti“ verði fellt niður úr íslenskum lögum alls staðar þar sem það kemur fyrir?

987. Lög [280. mál]

um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 957.

988. Lög [464. mál]

um yfirskattanefnd.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 954.

989. Lög [465. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 955.

990. Lög [528. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1988, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 895.

991. Lög [188. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 974.

992. Skýrsla [537. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1990.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

INNGANGUR

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1990, urðu sem hér segir.

	Milljónir kr.
Almennar hafnir	661,1
Reykjavíkurhöfn	161,7
Ferjuhafnir	11,1
Samtals	833,9

Árið 1989 urðu heildarframkvæmdir í höfnum 914.9 milljónir kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, og sérstakur kafli um rannsóknir á vegum Hafnamálastofnunar.

FRAMKVÆMDIR Í ALMENNUM HÖFNUM.

Akranes.

Samið var við Suðurverk h.f. um gerð brim- og flóðavarnar við Aðalhafnargarðinn á Akranesi að undangengnu útboði. Verkið hófst í ágúst 1990 og því lauk í mars 1991. Settir voru yfir 20.000 m^3 af stórgrýti utan á Aðalhafnargarðinn og er hann þá kominn í endanlega mynd. Nýr lóðsbátur var tekinn í notkun, smíðaður af Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts. Unnið var að raflögnum við Bátabryggju og á Faxabryggju.
Framkvæmdakostnaður: 28,4 millj.

Borgarnes.

Engar framkvæmdir.

Arnarstapi/Hellnar.

Vegna stöðugs sandburðar að höfninni var lítilsháttar dýpkað með bryggu og einnig voru sett upp innsiglingarmerki á Arnarstapa. Eftir tjón var gert við bryggjuna á Hellnum, m.a. steypt 100 m^2 þekja.
Framkvæmdakostnaður: 1,4 millj.

Rifshöfn.

Á árinu vann Köfunarstöðin að dýpkun í höfninni verkinu lauk ekki að fullu, en fjarlægðir voru alls 30.700 m^3 af dýpkunarsvæðum. Verkið fylgdi yfirtöku sveitarfélagsins á landshöfninni og er því ekki talið með í framkvæmdakostnaði. Einnig var keyptur og settur upp löndunarkrani.
Framkvæmdakostnaður: 1,0 millj.

Ólafsvík.

Flotbryggjur úr tveimur steyptum einingum frá Króla í Garðabæ voru settar upp og tengdar eldri flotbryggjum, sem fyrir voru við Suðurgarð. Áfram var unnið við smíði ljósamasturhúsa samkvæmt samningi við verktaka frá árinu áður.
Framkvæmdakostnaður: 5,2 millj.

Grundarfjörður.

Engar framkvæmdir.

Stykkishólmur.

Unnið var að frágangi við ferjuaðstöðu, við lagnir og fleira. Köfunarstöðin annaðist dýpkun á ýmsum stöðum í höfninni og fjarlægði alls um 6.000 m^3.
Innsiglingarmerki við Skipavík voru endurnýjuð
Framkvæmdakostnaður: 9,2 millj.

Reykhólahöfn.

Engar framkvæmdir.

Brjánslækur.

Byggt var ljósamasturs- og vatnshús, sett upp varanleg lýsing og lagnir til ídráttar fyrir vatn og rafmagn grafnar niður.
Framkvæmdakostnaður: 5,6 millj.

Patreksfjörður.

Gerður var skjólgarður og dýpkað í smábátahöfn að hluta niður í -1,5 metra. Alls var ekið 7.000 m^3 í garðinn og dýpkun nam 3.600 m^3. Einnig var sett upp lýsing við smábátahöfn. Gert var við tjón á Oddanum.
Framkvæmdakostnaður: 11,7 millj.

Tálknafjörður.

Dýpkað var í smábátahöfn alls um 3.600 m^3. Einnig voru smíðaðar og settar út þrjár flotbryggjueiningar og voru þessi verk unnin af heimamönnum.
Framkvæmdakostnaður: 3,3 millj.

Bíldudalur.

Engar framkvæmdir.

Þingeyri.

Trébryggja að utanverðu við togarabryggju var endurbyggð að hluta, en hér var um 205 m^2 a ð ræða. Á innri bryggju var 60 m kantur og hluti lagna, bæði vatn og rafmagn, endurnýjað. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir ásamt heimamönnum.
Framkvæmdakostnaður: 7,3 millj.

Flateyri.

Skjólgarður innanvert við höfnina var lengdur um 35 metra og fóru í það um 2.900 m^3 af grjóti og kjarna. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir ásamt heimamönnum. Verkið var unnið í ágúst og september.
Framkvæmdakostnaður: 4,4 millj.

Suðureyri.

Undirbúningur var hafinn að styrkingu grjótvarnar utan á Brjótinn fremst. Unnið var grjót til þessa verks uppi á Botnsheiði og einnig var safnað stóru grjóti úr skriðum. Hafnamálastofnun annaðist þetta verk ásamt heimamönnum og var það framkvæmt síðla sumars.
Framkvæmdakostnaður: 2,0 millj.

Bolungarvík.

Unnið var að dýpkun í innri hluta hafnar með dælingu og var áætlað að dýpka að hluta í -6.0 metra og hluta í -3.0 metra. Þessi dýpkun náðist þó ekki að öllu leyti. Samið var um verkið við Dæluskip h/f og voru fjarlægðir alls 33.300 m^3. Gert var við gat sem komið hafði neðansjávar á utanverðan Brjótinn og önnuðust heimamenn viðgerðina.
Framkvæmdakostnaður: 19,0 millj.

Ísafjörður.

Unnið var að lengingu Mávagarðs um 37 metra og fóru í verkið um 6.200 m^3 af grjóti og kjarna. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir ásamt heimamönnum og var verkið unnið í nóvember.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 14,1 millj.

Súðavík.

Lokið var við byggingu 42.5 metra langrar harðviðarbryggju framan við frystihúsið og er viðlegudýpi við hana -4.5 metrar. Verkið var unnið fyrrihluta árs og annaðist Hafnamálastofnun framkvæmdir ásamt heimamönnum.
Framkvæmdakostnaður: 12,0 millj.

Norðurfjörður.

Steypt var 600 m^2 þekja á stálþilsbryggjuna. Heimaaðilar önnuðust verkið. Verkið var unnið í júlí.
Fjármagns-og framkvæmdakostnaður: 7,6 millj.

Drangsnes.

Engar framkvæmdir.

Hólmavík.

Byggður var 160 metra langur skjólgarður úr grjóti og kjarna austan við höfnina og fóru í hann alls um 18.000 m^3. Verkið var unnið af heimamönnum undir stjórn verkstjóra frá Hafnamálastofnun og stóðu framkvæmdir yfir fyrri hluta sumars.
Framkvæmdakostnaður: 14,8 millj.

Hvammstangi.

Lokið var við endurbyggingu Norðurgarðs, að svo miklu leyti sem gert verður við með steinsteypu og voru steyptir 18 metrar á þessu ári. Alls hafa þá verið endurbyggðir um 100 metrar af bryggjunni. Heimamenn önnuðust þessar framkvæmdir.
Framkvæmdakostnaður: 4,8 millj.

Blönduós.

Steypt var 900 m^2 þekja á hluta hafnargarðsins og unnu heimamenn að því verki. Unnið var að undirbúningi útboðs fyrir framkvæmdir við brimvarnargarð.
Framkvæmdakostnaður: 5,0 millj.

Skagaströnd.

Lokið var við smíði 18 m langrar trébryggju þvert á Skúffugarð. Unnið var að opnun grjótnáms úti á Skaga til undirbúnings framkvæmda næsta árs. Byggt var nýtt ljósamastursshús og sett í það rafmagnstafla. Heimamenn önnuðust þessar framkvæmdir.
Framkvæmdakostnaður: 12,5 millj.

Sauðárkrókur.

Unnið var við dýpkun í höfninni og fjarlægðir 17.000 m^3. Dýpkunarfélagið h.f. sá um dýpkunina. Þá var sandfangarinn lengdur og sett um 2.400 m^2 malbikað slitlag á gámasvæði, en þessar framkvæmdir voru unnar af heimamönnum.
Framkvæmdakostnaður: 22,5 millj.

Hofsós.

Unnið var að viðgerð á grjótvörn við Norðurgarð fyrir tjónastyrk sem nam 2,5 millj.
Framkvæmdakostnaður: 0,0 millj.

Haganesvík.

Engar framkvæmdir.

Siglufjörður.

Dýpkað var í höfninni við væntanlega togarabryggju, og sá Dýpkunarfélagið h.f. um verkið. Fjarlægðir voru alls um 29.000 m^3 af efni. Þá gróf Dýpkunarfélagið skurð fyrir stálþil en heimamenn fylltu í skurðinn. Einnig var sett út flotbryggja sem keypt hafði verið árið áður.
Framkvæmdakostnaður: 12,4 millj.

Ólafsfjörður.

Haldið var áfram endurbótum á trébryggjunni við Norðurgarðinn. Gert var við undirstöðu kersins, sem er næst innsiglingunni með steypu undir kerendann. Unnið var að lengingu Vesturgarðs um 55 metra, samkvæmt niðurstöðu líkantilraunar. Sett var grjótvörn utan á staurakistu, í sunnanverðri höfninni og byggður um 50 m langur skjólgarður þar. Einnig var grjótvörn utan á Norðurgarði styrkt og lengd. Alls fóru í þessar framkvæmdir um 22.000 m^3 af grjóti. Um verkið var samið á einingaverðum við Árna Helgason á Ólafsfirði.
Framkvæmdakostnaður: 32,9 millj.

Dalvík.

Byggður var fyrirstöðugarður norðan við aðalhafnargarðinn og fóru í hann um 30.000 m^3 af grjóti. Um verkið var samið á einingaverðum við Jarðverk h.f. frá Dalvík.
Framkvæmdakostnaður: 34,5 millj.

Hrísey.

Engar framkvæmdir.

Árskógssandur.

Engar framkvæmdir.

Hauganes.

Engar framkvæmdir.

Hjalteyri.

Engar framkvæmdir.

Akureyri.

Haldið var áfram framkvæmdum við nýju fiskihöfnina. Dýpkað var í höfninni og sá Akureyrarhöfn um það með eigin krana og dragskóflu. Mokað var upp 25.000 m^3 af efni. Þá var unnið við rafmagn og lýsingu og sett slitlag á svæðið fyrir ofan steyptu þekjuna. Steypt var þekja á stálþilsbrúsa sem er við austurenda viðgerðarkants Slippstöðvarinnar. Einnig var unnið að deiliskipulagi fyrir höfnina.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 30,4 millj.

Svalbarðseyri.

Engar framkvæmdir.

Grenivík.

Hönnun hafin á 50 m stálþilskanti.
Kostnaður: 0,1 millj.

Grímsey.

Unnið var við smábátahöfn samkv. útboði þar sem Ístak h.f. var lægstbjóðandi. Unnið var við tvo grjótgarða, ytri og innri garð, alls um 13.200 m^3. Dýpkað var með sprengingum, um 9.600 m^3, og byggð 40 m löng harðviðarbryggja, auk þess að sett var niður flotbryggja og aðalhafnargarðurinn styrktur með grjóti.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 60,7 millj.

Húsavík.

Lokið var við að grjótverja Norðurgarðinn. Magn 4,300 m^3. Hafnamálastofnun sá um verkið ásamt heimamönnum.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 11,3 millj.

Tjörneshöfn.

Engar framkvæmdir.

Kópasker.

Keypt var krókavog.
Framkvæmdakostnaður: 0,3 millj.

Raufarhöfn.

Gert við suðurenda hafskipabryggju, en hann er úr timbri. Hafnamálastofnun sá um verkið ásamt heimamönnum.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 13,1 millj.

Þórshöfn.

Tæknikostnaður vegna tjóns á grjótgarði.
Kostnaður: 0,2 millj.

Bakkafjörður.

Engar framkvæmdir.
Fjármagnskostnaður: 7,0 millj.

Vopnafjörður.

Eftirstöðvar kostnaðar vegna grjótgarðs frá fyrra ári.
Framkvæmdakostnaður: 1,6 millj.

Borgarfjörður Eystri.

Lokið var við svokallaða Nýju bryggju, sem er harðviðarbryggja við Hafnarhólma, en framkvæmdir við hana hófust 1989. Þá var steypt skáplan í SA-horni hafnarinnar, 18 m á lengd og 4 m á breidd. Fest voru kaup á löndunarkrana og hann settur upp við Gömlu bryggju. Þá var dýpkað í höfninni næst Hafnarhólma. Grafa sem er til á staðnum mokaði nokkur hundruð rúmmetrum úr höfninni. Heimamenn sáu um allar framkvæmdir.
Framkvæmdakostnaður: 4,7 millj.

Seyðisfjörður.

Keyptur var löndunarkrani og settur upp í smábátahöfn. Einnig fór fram lokauppgjör vegna kaupa á dráttarbraut.
Framkvæmdakostnaður: 7,1 millj.

Neskaupstaður.

Unnið var við dýpkun í höfninni og fjarlægðir 38.000 m^3. Dýpkunarfélagið h.f. sá um dýpkunina. Fest voru kaup á 60 tonna hafnarvog og hún sett upp. Heimamenn sáu um uppsetningu.
Framkvæmdakostnaður: 27,2 millj.

Eskifjörður.

Steypt var 1.200 m^2 þekja á innra hafnarsvæði við hafnarvogina.
Framkvæmdakostnaður: 4,2 millj.

Reyðarfjörður.

Hönnun á stálþili við Kollaleiru hafin.
Kostnaður: 0,1 millj.

Fáskrúðsfjörður.

Steypt var 1.050 m^2 þekja á stálþilsbakka við frystihús. Einnig voru settar ídráttarlagnir fyrir vatn, steypt ljósamasturhús og sett upp lýsing. Verkið var boðið út og var samið við lægstbjóðanda, Þorstein Bjarnason frá Fáskrúðsfirði.
Framkvæmdakostnaður: 6,8 millj.

Stöðvarfjörður.

Unnið var að dýpkun og fjarlægðir 15.000 m^3. Dýpkunarfélagið h.f. annaðist framkvæmdir.
Framkvæmdakostnaður: 10,1 millj.

Breiðdalsvík.

Samið var við Dýpkunarfélagið h.f. um að taka rúmlega 17.000 m^3 úr höfninni og grafa skurð fyrir stálþil.
Framkvæmdakostnaður: 12,6 millj.

Djúpivogur.

Dýpkunarfélagið vann að dýpkun og fjarlægðir voru rúmlega 13.000 m^3 af efni. Einnig var dýpkað með gröbbun meðfram gamla þilinu. Það verk önnuðust heimamenn.
Framkvæmdakostnaður: 9,2 millj.

Höfn í Hornafirði.

Dýpkunarskip hafnarinnar, Soffía, vann við dýpkun innan hafnar og fjarlægði tæplega 28 þús. m^3 úr höfninni. Dæluskip frá Björgun hf vann við dýpkun í innsiglingu og fjarlægði rúmlega 60 þús. m^3 af efni þaðan. Steypt var 1.000 m^2 þekja á Krosseyjarbakka, unnið af heimamönnum. Innsiglingarmerki voru endurbyggð og unnið við raflagnir. Þá var unnið við bráðabirgðaaðgerð á Suðurfjörutanga. Þar var hlaðið stórum pokum, fylltum af sandi, í varnargarð, til að koma í veg fyrir að sjórinn bryti sér leið gegnum tangann. Tjónastyrkur 12,5 millj.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 48,1 millj. að frádregnum tjónastyrk.

Vestmannaeyjar.

Rekið var niður stálþil, 98 m á lengd, við svokallaðan Skáa, en þetta þil tengir saman Binnabryggju og Skipalyftukant. Kantur var steyptur á þilið, gengið fra vatns- og raflögnum, steypt 8 m breið þekja og sett slitlag á gámasvæðið þar fyrir ofan. Steypt var upp eitt ljósamastursh ús við Skáann og undirstaða steypt undir ljósamastur við vesturenda Skipalyftukants. Þá var unnið við vatns- og raflagnir við Gjábakka, framan við Nótastöð. Keyptir voru 8 hliðarfærsluvagnar fyrir Skipalyftuna en þeir voru ekki teknir í notkun vegna fjárskorts. Sett var niður flotbryggja fyrir 16 smábáta, innan við Nausthamarsbryggju. Hafnamálstofnun annaðist niðurrekstur þilsins, en heimamenn sáu um aðrar framkvæmdir. Fjarlægðir voru 10.000 m^3 úr höfninni með dæluskipi hafnarinnar.
Framkvæmdakostnaður: 64,9 millj.

Stokkseyri.

Unnið við grjótvörn á hafnarsvæði.
Framkvæmdakostnaður: 1,8 millj.

Eyrarbakki.

Engar framkvæmdir.

Þorlákshöfn.

Vatnslögn lagfærð og endurnýjuð á Svartaskersbryggju. Einnig voru sett upp ný ljós í ljósamöstrin þar. Þá var öll bryggjan malbikuð eða um 5.000 m^2. Við Norðurvararg arð voru 80 m af kantinum endursteyptir og steypt var upp í göt á kerjum. Dýpkað var með gröbbun innan við garðinn og þannig fjarlægðir 2.700 m^3.
Framkvæmdakostnaður: 4,4 millj.

Grindavík.

Við suðurkant Eyjabakka var endurbyggð 75 m harðviðarbryggja. Þverbryggjan við Svíragarð, sem var úr furu og tengir kerið við land, var endurbyggð úr harðvið. Því verki lauk þó ekki á árinu. Þessi verk voru unnin af starfsmönnum hafnarinnar, í umsjá Hafnamálastofnunar.
Austurgarður, sem er grjótgarðurinn austan við innsiglinguna, var endurbyggður og fóru í hann tæpl. 5.500 m^3 af grjóti. Verkið var unnið af Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða a ð undangengnu útboði. Tjónastyrkur 9,5 millj.
Framkvæmdakostnaður: 35,6 millj. að frádregnum tjónastyrk.

Hafnir.

Unnið við innsiglingamerki.
Framkvæmdakostnaður: 0,5 millj.

Sandgerði.

Dýpkun innsiglingarinnar var boðin út og samið við finnska verktakafyrirtækið HAKA. Verkið verður framkvæmt á næsta ári.
Settur upp löndunarkrani fyrir smábáta á Norðurgarð.
Framkvæmdakostnaður: 17,0 millj.

Garður.

Engar framkvæmdir.

Keflavík/Njarðvík.

Settur upp löndunarkrani í smábátahöfn í Keflavík. Tæknivinna vegna tengibrautar milli hafnanna.
Framkvæmdakostnaður: 1,7 millj.

Vogar.

Dýpkunarfélagið h.f. dýpkaði í smábátahöfn samkvæmt útboði og fjarlægði 6.500 m^3. Steyptur var landstöpull fyrir flotbryggjur.
Framkvæmdakostnaður: 2,0 millj.

Hafnarfjörður.

Brimvörn á Norðurgarði.
Framkvæmdakostnaður: 2,0 millj.

Garðabær.

Frágangur við stálþil.
Framkvæmdakostnaður: 1,5 millj.

Kópavogur.

Engar framkvæmdir.

Reykjavík.

Við Vogabakka í Kleppsvík, voru stærstu framkvæmdir ársins á nýju hafnarsvæði. Lokið var við byggingu 120 m hafnarbakka, aðsigling að bakka dýpkuð, gengið frá lögnum og öðrum búnaði og yfirborð bakka steinlagt.
Við Kleppsbakka var lokið framkvæmdum við lengingu sporbrautar fyrir gámakranann Jaka. Einnig lauk á árinu frágangi skjólgarðs við Korngarð.
Í Austurhöfn var hafinn undirbúningur að flutningi á aðstöðu Akraborgar að Faxagarði og keyptar voru flotbryggjur fyrir smábáta í Suðurbugt.
Framkvæmdakostnaður: 161,7 millj.

Slysavarnir.

Óskipt. Unnið á ýmsum stöðum.
Framkvæmdakostnaður: 3,3 millj.

FERJUBRYGGJUR

Stærstu verkefnin voru á Flatey á Breiðafirði, en þar var bryggjan endurbyggð. Lokið var við endurbyggingu bryggjunnar á Melgraseyri. Þá var unnið við lagfæringar á ferjubryggjunum á Mjóafirði og í Vigur.
Framkvæmdakostnaður: 11,1 millj.

SJÓVARNARGARÐAR.

Stærstu sjóvarnarverkefnin voru á Stokkseyri og Eyrarbakka. Í sjóvarnargarðana þar var búið að setja u.þ.b. 65.000 m^3 af kjarna og grjóti um áramót, en verkinu var ekki lokið. Verkið unnið samkv. útboði. Verktaki Sveinbjörn Runólfsson s.f.

Einnig var unnið við verulegar endurbætur á sjóvörn í Grindavík. Unnið var á svæðinu sunnan við Svíragarð, við Hóp og Hópsnes, og voru settir í hana rúmlega 5.000 m^3 af grjóti. Verkið var boðið út. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða. Verkinu lauk í desember.

Unnið var við sjóvarnir á ýmsum öðrum stöðum og voru þessar helstar: Haldið var áfram vinnu við sjóvarnir á Akranesi. Í Ólafsvík var lengd sjóvörn undir bökkum við olíugeyma. Í Vestmannaeyjum var sjóvörn á Eiðinu lengd og endurbætt. Einnig var unnið við sjóvarnir á Skagaströnd, Sauðárkrók, Dalvík, austan við höfnina í Hrísey, og sömuleiðis á Árskógsandi.

Á Vestfjörðum var unnið að sjóvörnum á Patreksfirði, Flateyri, Suðureyri og Ísafirði.

Á Reykjanesi var unnið við sjóvarnir á Breiðbólsstaðareyri á Álftanesi, í Miðneshreppi, Garði, Vogum og Selvogi. Einnig var lítilsháttar framkvæmd í Vík í Mýrdal.

Framkvæmdakostnaður: 112,8 millj.

RANNSÓKNIR.

Á vegum Hafnamálastofnunar var unnið að frumrannsókum fyrir 29,6 milljónir króna árið 1990. Kostnaður við frumrannsóknir er að fullu greiddur af ríkissjóði, en fé til rannsókna kemur af sérstökum fjárlagalið, er nefnist hafnarannsóknir og mælingar.

Dýptarmælingar og botnrannsóknir voru framkvæmdar eftir þörfum verkefna eins og undanfarin ár og ýmis rannsóknarverkefni voru unnin í samvinnu við aðrar stofnanir.

Úthafsöldumælingar fóru fram á Grímseyjarsundi, við Surtsey og vestur af Garðskaga. Einnig fóru fram öldumælingar við Ísafjarðarhöfn, Skagaströnd, Höfn í Hornafirði og Keilisnes.

Á árinu var unnið að og lokið líkantilraunum af Sauðárkrókshöfn, Borgarfirði eystra og Bíldudal og tilraunir hafnar á líkani af Skagaströnd.

Gengið var frá rannsóknaáætlun vegna siglingaleiðar um Hornafjörð og hafin vinna í samræmi við þá áætlun. Markmið rannsóknanna er að finna leiðir til að bæta skilyrði og auka öryggi sjófarenda, sem eiga leið um Hornafjarðarós. Auk öldumælinga var unnið að straummælingum, vatnshæðarmælingum, tekin botnssýni, framkvæmd jarðfræðiathugun og fleira.

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1990
(í millj. króna)

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
I. Almennar hafnir:					
Akranes	Brimvarnargarður	55%	23.3		
	Raflagnir, endurnýjun	55%	2.7		
	Lóðsbátur, lokagr.	20%	2.4	28.4	14.8
Arnarstapi	Innsiglingamerki	75%	0.2		
	Dýpkun	75%	1.2	1.4	1.1
Rif	Löndunarkrani	40%	1.0	1.0	0.4
Ólafsvík	Flotbryggja	75%	3.2		
	Stálþil Norðurt. frág.	75%	1.7		
	Rafmagnsheimtaug	75%	0.3	5.2	3.9
Stykkishólmur	Ferjuaðstaða lagnir ofl.	75%	5.0		
	Dýpkun	75%	2.4		
	Fjármagnskostnaður	75%	1.4		
	Innsiglingarmerki	75%	0.4	9.2	6.9
Brjánslækur	Ferjuaðstaða; lagnir ofl.	75%	5.6	5.6	4.2
Patreksfjörður	Smábátahöfn: Garður og dýpkun	75%	10.5		
	Smábátahöfn: Lýsing	75%	0.4		
	Tjónaviðgerð lokið (sjá f. ár)	75%	0.8	11.7	8.8
Tálknafjörður	Smábátahöfn: Dýpkun	75%	0.9		
	Flotbryggja	75%	2.1		
	Löndunarkrani	40%	0.3	3.3	2.4
Þingeyri	Endurbyggð trébryggja	75%	1.5		
	Endurb. kantur og lagnir	75%	5.8	7.3	5.5
Flateyri	Grjótgarður	75%	4.4	4.4	3.3
Suðureyri	Grjótnám	75%	2.0	2.0	1.5
Bolungarvík	Dýpkun	75%	12.8		
	Viðgerð á Brjótnum	75%	6.2	19.0	14.3
Ísafjörður	Mávagarður lengdur	65%	9.7		
	Gamla bátahöfn	65%	1.1		
	Fjármagnskostnaður	75%	3.3	14.1	9.5
Súðavík	Löndunarbryggja	75%	12.0	12.0	9.0
Norðurfjörður	Fjármagnskostnaður	75%	3.5		
	Steypt þekja	75%	4.1	7.6	5.7

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
Hólmavík	Grjótgarður	75%	14.8	14.8	11.1
Hvammstangi	Norðurgarður: Endurb.	75%	4.8	4.8	3.6
Blönduós	Steypt þekja	75%	4.5		
	Brimvarnagarður, undirb.	75%	0.5	5.0	3.8
Skagaströnd	Trébryggja	75%	3.0		
	Grjótnám	75%	5.3		
	Vesturgarður, endurb.	75%	1.1		
	Ljósamastur, raf.m.tafla	75%	3.1	12.5	9.4
Sauðárkrókur	Dýpkun	75%	15.1		
	Sandfangari	75%	2.0		
	Slitlag	75%	5.0		
	Mengunarvarnir	75%	0.4	22.5	16.9
Hofsós	Tjónaviðgerð	75%	2.5		
	-Tjónastyrkur	75%	-2.5	0.0	0.0
Siglufjörður	Dýpkun	75%	5.2		
	Flotbryggja	75%	0.5		
	Jarðvegssk.v/Togarabryggju	75%	6.7	12.4	9.3
Ólafsfjörður	Norðurgarður: Trébryggja endurb.	75%	6.4		
	Viðgerð á keri	75%	0.9		
	Grjótvörn	75%	4.3		
	Vesturhöfn: Grjótgarður	75%	13.0		
	Suðurgarður: Grjótvörn	75%	8.3	32.9	24.7
Dalvík	Fyrirstöðugarður	75%	34.5	34.5	25.9
Grímsey	Smábátahöfn: Grjótgarður	75%	13.3		
	Dýpkun	75%	30.1		
	Trébryggja	75%	13.1		
	Flotbryggja	75%	2.6		
	Aðalhafnargarður, viðgerð	75%	0.4		
	Fjármagnskostnaður	75%	1.2	60.7	45.5
Akureyri	Fiskihöfn: Dýpkun	55%	8.9		
	Lagnir og lýsing	55%	2.9		
	Slitlag	55%	12.9		
	Þekja á brúsa	55%	3.3		
	Deiliskipulag	55%	0.6		
	Fjármagnskostnaður	50%	1.8	30.4	16.6
Grenivík	Hönnun stálþils	75%	0.1	0.1	0.1
Húsavík	Norðurgarður: Grjótvörn	75%	10.3		
	Fjármagnskostnaður	75%	1.0	11.3	8.5

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnað		Ríkishl.
Kópasker	Vog	40%	0.3	0.3	0.1
Raufarhöfn	Hafskipabryggja endurb.	75%	7.8		
	Fjármagnskostnaður	75%	1.6		
	Fjármagnskostnaður	90%	3.7	13.1	10.4
Þórshöfn	Tæknikostnaður	75%	0.2	0.2	0.2
Bakkafjörður	Fjármagnskostnaður	75%	7.0	7.0	5.3
Vopnafjörður	Brimvarnargarður (sjá f. ár)	75%	1.6	1.6	1.2
Borgarfj.eystri	Trébryggja	75%	1.7		
	Skáplan	75%	1.5		
	Löndunarkrani	40%	1.5	4.7	3.0
Seyðisfjörður	Dráttarbraut leiðr. v/89	40%	6.0		
	Löndunarkrani	40%	1.1	7.1	2.8
Neskaupsstaður	Dýpkun	75%	23.1		
	Hafnarvog	40%	4.1	27.2	19.0
Eskifjörður	Steypt þekja	75%	4.2	4.2	3.2
Reyðarfjörður	Hönnun v/stálþils	75%	0.1	0.1	0.1
Fáskrúðsfjörður	Þekja, lagnir og lýsing	75%	6.8	6.8	5.1
Stöðvarfjörður	Dýpkun	75%	10.1	10.1	7.6
Breiðdalsvík	Dýpkun	75%	12.6	12.6	9.5
Djúpivogur	Dýpkun ofl.	75%	9.2	9.2	6.9
Höfn í Hornaf.	Innsiglingam. og raflagnir	75%	1.0		
	Dýpkun í höfn	75%	8.3		
	Dýpkun í innsiglingu	90%	25.3		
	Fjármagnskostnaður	90%	0.3		
	Steypt þekja	75%	8.3		
	Suðurfjörut.: Bráðaaðgerðir	75%	17.4		
	-Tjónastyrkur	75%	-12.5	48.1	39.9
Vestmannaeyjar	Binnabryggja: Stálþil og frág.	75%	57.5		
	Dýpkun	75%	3.5		
	Lagnir v/Nótastöð	75%	0.7		
	Skipalyfta: Vagnar	40%	3.2	64.9	47.6
Stokkseyri	Grjótgarður	75%	1.8	1.8	1.4
Þorlákshöfn	Ýmsar endurbætur	75%	3.1		
	Dýpkun	75%	1.3	4.4	3.3

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
Grindavík	Eyjabakki: Endurbyggð bryggja	75%	17.2		
	Svíragarður: Endurb. bryggja	75%	19.0		
	Tjónaviðg. á grjótgörðum	75%	8.9		
	-Tjónast. v/grjóts og Svírag.	75%	-9.5	35.6	26.7
Hafnir	Innsiglingamerki	75%	0.5	0.5	0.4
Sandgerði	Löndunarkrani	40%	1.5		
	Dýpkun innsiglingar	90%	15.5	17.0	14.6
Keflav./Njarðv.	Tæknikostn.	75%	0.2		
	Löndunarkrani	40%	1.5	1.7	0.8
Vogar	Smábátah.: Dýpkun	75%	1.3		
	Flotbryggjur	75%	0.7	2.0	1.5
Hafnarfjörður	Norðurgarður: Brimvörn	45%	2.0	2.0	0.9
Garðabær	Frágangur v/stálþil	75%	1.5	1.5	1.1
Óskipt	Slysavarnir	75%	3.3	3.3	2.5
	Samtals almennar hafnir:	20%	2.4		
		40%	20.5		
		45%	2.0		
		50%	1.8		
		55%	54.6		
		65%	10.8		
		75%	524.2		
		90%	44.8	661.1	481.0

II. Ferjubryggjur:

Flatey á Breiðafirði	100%		9.1	9.1
Vigur	100%		1.0	1.0
Melgraseyri	100%		0.3	0.3
Mjóifjörður	100%		0.7	0.7
Samtals ferjubryggjur:			11.1	11.1

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
III.Reykjavíkurhöfn					
Kleppsvík:	Vogabakki	0%	54.8		
	Dýpkun	0%	28.7		
	Landfrágangur	0%	9.2	92.7	0.0
Vatnagarðar:	Kleppsbakki	0%	49.6		
	Skjólg. v/Korngarð	0%	6.1		
	Klettagarðar	0%	3.6	59.3	0.0
Austurhöfn:	Ferjuaðstaða	0%	1.2		
	Flotbryggjur	0%	8.5	9.7	0.0
	Samtals Reykjavíkurhöfn:			161.7	0.0
	Alls framkvæmdir :			**833.9**	**492.1**

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 1990

(í millj. króna)

Akranes	4.3
Ólafsvík	1.9
Flateyri	6.7
Suðureyri	5.7
Ísafjörður	2.2
Sauðárkrókur	2.0
Dalvík	0.6
Hrísey	2.2
Árskógssandur	1.9
Vík í Mýrdal	0.1
Vestmannaeyjar	2.9
Stokkseyri	33.7
Eyrarbakki	28.3
Selvogur	2.5
Grindavík	7.2
Sandgerði	2.7
Gerðahreppur	2.1
Vogar, Vatnsleysustr.hr	2.1
Bessastaðahreppur	3.7
Samtals:	**112.8**

Tafla III. Rannsóknaverkefni 1990

(í millj. króna)

Almennar rannsóknir óskipt		12.9
Líkantilraunir:		
Þórshöfn	0.7	
Borgarfjörður eystri	2.4	
Bíldudalur	0.4	
Skagaströnd	1.5	
Sameiginlegur kostnaður	0.7	5.7
Rannsóknaverkefni í höfnum:		
Arnarstapi	0.2	
Búðardalur	0.4	
Reykhólar	0.1	
Ísafjörður	0.2	
Skagaströnd	0.6	
Sauðárkrókur	0.1	
Kópasker	0.1	
Borgarfjörður eystri	0.1	
Breiðdalsvík	0.1	
Höfn í Hornafirði	8.8	
Vestmannaeyjar	0.1	
Ýmsar hafnir	0.2	11.0
Samtals :		29.6

Tafla IV. STAÐA RÍKISSJÓÐS V/HAFNAGERÐAR 1990

(í millj. kr.)

Höfn:	Staða ríkissjóð í árslok 1989		Ríkishl. framkv. 1990	Fjárveiting 1990	Staða ríkissjóðs í árslok 1990	
	Vantar	Ónotað			Vantar	Ónotað
Akranes	16.6		14.8	27.0	4.4	
Borgarnes		0.5	0.0			0.5
Arnarstapi		0.7	1.1		0.4	
Rif			0.4		0.4	
Ólafsvík		5.5	3.9	3.9		5.5
Grundarfjörður	1.8		0.0	1.8		
Stykkishólmur	33.7		6.9	20.3	20.3	
Karlsey		0.1	0.0			0.1
Brjánslækur	3.5		4.2	6.7	1.0	
Patreksfjörður	1.7		8.8	8.1	2.4	
Tálknafjörður	2.2		2.4	3.6	1.0	
Bíldudalur	0.4		0.0		0.4	
Þingeyri		1.1	5.5	2.8	1.6	
Flateyri	0.1		3.3	3.7		0.3
Suðureyri		0.3	1.5	8.4		7.2
Bolungarvík	17.1		14.3	16.5	14.9	
Ísafjörður	16.1		9.5	14.6	11.0	
Súðavík		0.9	9.0	8.1		
Norðurfjörður	4.8		5.7	7.2	3.3	
Drangsnes		0.2	0.0			0.2
Hólmavík			11.1	10.2	0.9	
Hvammstangi			3.6	3.0	0.6	
Blönduós		1.2	3.8	2.7		0.1
Skagaströnd	2.0		9.4	8.6	2.8	
Sauðárkrókur		0.4	16.9	19.0		2.5
Hofsós		0.1	0.0			0.1
Haganesvík		0.1	0.0	0.3		0.4
Siglufjörður		5.0	9.3	1.2	3.1	
Ólafsfjörður	5.3		24.7	21.8	8.2	
Dalvík	9.6		25.9	12.6	22.9	
Grímsey		0.9	45.5	28.0	16.6	
Hrísey		0.2	0.0			0.2
Árskógssandur	0.8		0.0	0.8		
Hjalteyri			0.0			
Akureyri	48.1		16.6	18.3	46.4	
Svalbarðseyri		0.0	0.0			
Grenivík	1.4		0.1	1.6		0.1
Húsavík	10.6		8.5	10.7	8.4	
Tjörnes	0.1		0.0		0.1	
Kópasker		2.6	0.1			2.5
Raufarhöfn	7.3		10.4	18.4		0.7
Þórshöfn	4.3		0.2	4.2	0.3	
Bakkafjörður	26.4		5.3	12.1	19.6	
Vopnafjörður	6.5		1.2	6.4	1.3	
Borgarfjörður-eystri	0.7		3.0	2.2	1.5	
Seyðisfjörður	8.9		2.8	11.3	0.4	

Tafla IV. STAÐA RÍKISSJÓÐS V/HAFNAGERÐAR 1990

(í millj. kr.)

Höfn:	Staða ríkissjóð í árslok 1989		Ríkishl. framkv. 1990	Fjárveiting 1990	Staða ríkissjóðs í árslok 1990	
	Vantar	Ónotað			Vantar	Ónotað
Neskaupsstaður	0.2		19.0	14.0	5.2	
Eskifjörður	6.7		3.2	5.8	4.1	
Reyðarfjörður	6.5		0.1	6.0	0.6	
Fáskrúðsfjörður		1.7	5.1	6.0		2.6
Stöðvarfjörður	0.5		7.6	6.3	1.8	
Breiðdalsvík	0.3		9.5	9.2	0.6	
Djúpivogur	0.5		6.9	7.2	0.2	
Höfn í Hornafirði	6.5		39.9	19.1	27.3	
Vestmannaeyjar		9.8	47.6	16.1	21.7	
Stokkseyri			1.4	1.4		
Eyrarbakki		1.0	0.0			1.0
Þorlákshöfn			3.3		3.3	
Grindavík		1.5	26.7	13.9	11.3	
Hafnir	2.0		0.4	2.7		0.3
Sandgerði		0.3	14.6	6.9	7.4	
Garður	0.2		0.0	0.2		
Keflavík/Njarðvík			0.8		0.8	
Vogar	1.2		1.5	4.6		1.9
Hafnarfjörður	3.9		0.9	2.9	1.9	
Garðabær		1.3	1.1			0.2
Slysav. óskipt		5.0	2.5			2.5
Samtals:	**258.5**	**40.4**	**481.8**	**448.4**	**280.4**	**28.9**

Tafla V. Fjárveitingar til hafnaframkvæmda 1990
(í millj. króna)

Almennar hafnir		448.4
Lendingabætur:		
Skarðsstöð	0.7	
Haukabergsvaðall	0.4	
Selvík á Skaga	1.0	
Lónkot	0.5	
Núpskatla	0.4	
Óskipt (skerðing)	-0.1	2.9
Ferjubryggjur:		
Flatey	4.9	
Vigur	1.1	
Melgraseyri	0.2	
Mjóifjörður	0.7	
Óskipt fjárveiting frá fyrra ári	-1.0	5.9
Samtals fjárveitingar:		**457.2**

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 1990
(í millj. króna)

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-333):	
Akranes	3.9
Ólafsvík	2.9
Búðardalur	0.3
Flateyri	1.1
Suðureyri	2.9
Ísafjörður	2.0
Skagaströnd	1.5
Sauðárkrókur	2.0
Hrísey	1.8
Árskógssandur	1.9
Húsavík	2.0
Mýrdalshreppur (Vík)	1.0
Vestmannaeyjar	3.4
Stokkseyri	12.2
Eyrarbakki	10.1
Selvogur	1.3
Grindavík	5.8
Sandgerði	2.5
Garður í Gerðahreppi	1.9
Vatnsleysustrandarhreppur	1.9
Bessastaðahreppur	2.4
Seltjarnarnes	2.4
Ósundurliðað (skekkja í fjárl.)	-0.5
Samtals	**66.7**

Tafla VII. Úthlutanir hafnabótasjóðs 1990

(í millj. króna)

Styrkir:		
a) Styrkir til nýframkvæmda:		
Ólafsvík	0.2	
Stykkishólmur	2.0	
Brjánslækur	0.6	
Patreksfjörður	0.4	
Flateyri	0.4	
Bolungarvík	3.4	
Norðurfjörður	1.5	
Hólmavík	1.1	
Hvammstangi	0.6	
Ólafsfjörður	2.2	
Grímsey	10.9	
Árskógssandur	0.2	
Grenivík	0.3	
Bakkafjörður	2.1	
Vopnafjörður	0.2	
Borgarfjörður eystri	0.5	
Stöðvarfjörður	1.3	
Djúpivogur	1.5	
Hafnir	0.6	
Garður	0.1	
Vogar, Vatnsleysuströnd	0.9	31.0
b) Tjónastyrkir:		
Hofsós	2.5	
Borgarfjörður eystri	0.3	
Höfn í Hornafirði	12.5	
Grindavík	9.5	
Keflavík/Njarðvík	3.0	27.8
Styrkir alls:		58.8
Lán:		
a) Lán v/heimahluta í nýframkvæmdum:		
Patreksfjörður	0.8	
Súðavík	1.3	
Hólmavík	1.0	
Blönduós	0.4	
Skagaströnd	1.8	
Sauðárkrókur	2.5	
Ólafsfjörður	2.2	
Dalvík	0.8	
Fáskrúðsfjörður	1.2	
Breiðdalsvík	1.9	
Vestmannaeyjar	3.3	17.2
b) Bráðabirgðalán v/væntanlegra fjárveitinga:		
Grímsey	20.0	
Höfn í Hornafirði	11.5	31.5
Lán alls		48.7
Samtals lán og styrkir:		**107.5**

993. Skýrsla [538. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1991.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

INNGANGUR

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1991, urðu sem hér segir.

	Milljónir kr.
Almennar hafnir	1.071,9
Reykjavíkurhöfn	237,3
Ferjuhafnir	6,5
Samtals	1.315,7

Til samanburðar má geta þess að árið 1990 urðu heildarframkvæmdir í höfnum 833,9 milljónir kr.
Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað og sérstakur kafli um rannsóknir á vegum Hafnamálastofnunar.

FRAMKVÆMDIR Í ALMENNUM HÖFNUM.

Akranes.

Unnið var við grjótvörn utan á aðalhafnargarðinn. Verkið var boðið út árið áður og var samið við Suðurverk hf. um það. Vinnu lauk í mars og höfðu þá 24.373 m^3 af grjóti farið í garðinn. Áfram var unnið að endurnýjun rafmagns í höfninni samkvæmt eldri samningi við Rafveituna og er endurnýjun rafmagns í aðalhöfn þá lokið. Boðin var út smíði á löndunarbryggju fyrir smábáta og samið við lægstbjóðanda Tréverk hf um smíðina. Verkinu var ekki lokið um áramót. Stigar voru settir á aðalhafnargarð og er þeim hluta öryggismála nú lokið.
Framkvæmdakostnaður: 46,3 milljón kr.

Borgarnes.

Engar framkvæmdir.

Arnarstapi/Hellnar.

Vegna stöðugs sandburðar að höfninni á Arnarstapa var lítilsháttar dýpkað meðfram bryggunni. Gamall skipskrani var keyptur, endurbyggður og settur upp.
Framkvæmdakostnaður: 1,5 milljón kr.

Rifshöfn.

Á árinu vann Köfunarstöðin að dýpkun í höfninni. Verkinu lauk ekki að fullu, en fjarlægðir voru alls 8.000 m^3 af dýpkunarsvæðum. Verkið fylgdi yfirtöku sveitarfélagsins á landshöfninni og er því ekki talið með í framkvæmdakostnaði. Miklar endurbætur voru gerðar á Norðurgarði í kjölfar tjóns, sem á honum varð og fóru í þær bætur um 12.000 m^3 af grjóti og kjarna. Hafnamálastofnun sá um framkvæmdir.
Steypt var 625 m^2 þekja á austurkant stálþilsins og lögð ídráttarrör fyrir vatn og rafmagn. Verkinu var ekki lokið um áramót. Heimamenn sjá um þessa framkvæmd í umsjá Hafnamálastofnunar.
Tjónastyrkur: 8,5 milljón kr.
Framkvæmdakostnaður: 21,5 milljón kr.

Ólafsvík.

Suðurgarðurinn, frá Stakkholtshúsi og norður fyrir olnboga, var endurbyggður. Grjótvörnin næst ráltunnunni, sem er á enda Suðurgarðsins, var einnig endurbyggð og kaflinn þaðan og a ð olnboga var styrktur. Í þetta verk fóru rúmlega 2.600 m^3 af grjóti og kjarna.
Steypt var 1.920 m^2 þekja á Norðurtanga. Einnig var lokið við ljósamastursbús. Guðmundur Jónsson, verktaki í Ólafsvík, sá um framkvæmdir að undangengnu útboði.
Á árinu vann Köfunarstöðin að dýpkun sem ekki lauk á s.l. ári. 900 m^2 svæði við Norðurtanga var dýpkað í -6,0 m.
Framkvæmdakostnaður: 30,3 milljón kr.

Grundarfjörður.

Löndunarkrani fyrir smábáta var keyptur og settur upp.
Framkvæmdakostnaður: 1,8 milljón kr.

Stykkishólmur.

Keyptar voru flotbryggjur og settar upp í kverkinni við garðinn út í Súgandisey. Um er að ræða 3 steyptar einingar. Ennfremur voru keyptir ljósastaurar vegna götulýsingar að ferjulægi. Verða þeir settir upp á næsta ári.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 7,6 milljón kr.

Reykhólahöfn.

Engar framkvæmdir.

Brjánslækur.

Dýpi var mælt við ferjulægi.
Framkvæmdakostnaður: 0,3 milljón kr.

Patreksfjörður.

Byggð 40 m. löng flotbryggja, ásamt landgangi og landvegg, í Vatnskrók. Verkið var boðið út og unnið af lægstbjóðanda, Byggir h.f. Gengið var frá klæðningu á garðinn í smábátahöfninni alls um 1050 m^2. Ljósamastur var reist og lögð rafmagnsheimtaug, en ekki gengið frá lögnum og lýsingu að öðru leyti.
Framkvæmdakostnaður: 6,2 milljón kr.

Tálknafjörður.

Dýpkað með gröfu og fjarlægðir 800 m^3 úr smábátahöfn. Lokið var við flotbryggju í smábátahöfn og endurbyggt ljósa- og vatnshús við nýja stálþilið. Þessi verk voru unnin af heimamönnum í umsjón Hafnamálastofnunar.
Einnig var lokið við raflagnir við nýja stálþilið. Þetta verk var boðið út og samið við lægstbjóðanda, Sævar Arnarson.
Framkvæmdakostnaður: 3,2 milljón kr.

Bíldudalur.

Engar framkvæmdir.

Þingeyri.

Steypt var 1.232 m^3 þekja á eldri bakka Samið var við heimamann, Sigmundur Þórðarson annaðist framkvæmdir.
Framkvæmdakostnaður: 5,4 milljón kr.

Flateyri.

Hafin var hönnun á flotbryggjum.
Tæknikostnaður: 0,1 milljón kr.

Suðureyri.

Bætt var 4.040 m^3 af grjóti á Brjótinn. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir með aðstoð heimamanna.
Framkvæmdakostnaður: 8,9 milljón kr.

Bolungarvík.

Boðin var út bygging ytri brimvarnargarðs og var í framhaldi af því gerður samningur við lægstbjóðanda, Gunnar og Guðmund s.f. og Klæðningu hf. Unnið var að verkinu frá september fram í nóvember.
Framkvæmdakostnaður: 29,0 milljón kr.

Ísafjörður.

Rekinn var niður 104 m. stálþilskantur í Sundahöfn. Hafnamálastofnun annaðist þessa framkvæmd ásamt heimamönnum. Hluti þekju (940 m^2) á Ásgeirsbakka, var brotinn upp og steyptur að nýju. Verk þetta var boðið út og samið við lægstbjóðanda, sem var Naglinn h.f. Unnið var að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 49,7 milljón kr.

Súðavík.

Dýpkað var við stálþilsbryggju, og annaðist Dýpkunarfélagið þessa framkvæmd. Fjarlægðir voru 2.700 m^3 af efni.
Steypt var 900 m^2 þekja ofan við nýju harðviðarbryggjuna. Að undangengnu útboði var samið við Naglann h.f. um framkvæmdina.
Framkvæmdakostnaður: 10,7 milljón kr.

Norðurfjörður.

Steypt var utan á löndunarbryggjuna framan við kaupfélagið. Hér var um endurbyggingu að ræða. Steyptir voru nýir veggir utan á hana alla og kanttré var endurnýjað. Heimamenn önnuðust framkvæmdir undir stjórn Hafnamálastofnunar.
Fjármagns-og framkvæmdakostnaður: 8,9 milljón kr.

Drangsnes.

Furubryggjan, sem fyrir var í Kokkálsvík var lengd um 20 m. og var viðbótin byggð úr harðviði. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir með heimamönnum.
Framkvæmdakostnaður: 9,5 millj

Hólmavík.

Keypt var hafnarvog og hafinn undirbúningur að byggingu vogarhúss og uppsetningu vogarinnar.
Framkvæmdakostnaður: 5,2 millj

Hvammstangi.

Dýpkun fór fram að undangengnu útboði og sá Dýpkunarfélagið um framkvæmdir. Fjarlægðir voru rúml. 22.000 m^3 af efni úr höfninni. Einnig var lagt malbiksslitlag á um 1900 m^2 á Norðurgarði, Austurbakka og við smábátabryggju.
Framkvæmdakostnaður. 14,2 milljón kr.

Blönduós.

Keypt var hafnarvog og hún sett upp.
Framkvæmdakostnaður: 5,0 milljón kr.

Skagaströnd.

Brimvörn utan á Vesturgarði var styrkt á um 70 m. kafla og keyrður út garður fyrir væntanlegt stálþil. Alls var ekið um 25.000 m^3 af grjóti og fylligarefni. Samið var við Viggó Brynjólfsson um framkvæmd þessa, að undangengnu útboði.
Unnið var að dýpkun í höfninni og grafinn skurður fyrir stálþilskantinn. Dýpkunarfélagið sá um þessa framkvæmd. Fjarlægðir voru tæplega 16.000 m^3 af efni.
Rekinn var niður 90 m. langur stálþilskantur, settur á hann þybbur og stigar ásamt bráðabirgðapollum. Einnig var gengið frá rafmagnstöflu í ljósamastursbús frá fyrra ári. Löndunarbryggja var stytt um tæpa 8 m. og endinn lagfærður. Hafnamálastofnun annaðist þetta verk ásamt heimamönnum.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 83,8 milljón kr.

Sauðárkrókur.

Gámasvæði var stækkað með fyllingu og grjótvörn um 1.850 m^2. Fjörður s.f. vann þetta verk að undangengnu útboði. Malbikað var 1.030 m^2 gámaplan. Króksverk sá um sjálfa malbikunina en hafnarsjóður undirvinnuna. Þá var brotin upp og endursteypt 270 m^2 þekja í vöruhöfn. Einnig var gert við steyptan kant á sama stað. Heimamenn sáu um þessa framkvæmd. Keyptur var löndunarkrani og hann settur upp.
Framkvæmdakostnaður: 5,3 milljón kr.

Hofsós.

Gert var við tjón á brimvarnargarði.
Tjónastyrkur 1,0 milljón kr.
Framkvæmdakostnaður: 1,1 milljón kr.

Haganesvík.

Engar framkvæmdir.

Siglufjörður.

Rekið var niður 80 m. langt stálþil vestan Togarabryggju. Verkstjóri frá Hafnamálastofnun sá um framkvæmdir með heimamönnum. Boðin var út smíði kantbita og tók fyrirtækið Berg h.f. að sér framkvæmdina.
Sett var upp 30 m. löng flotbryggja úr steyptum einingum við smábátakví, en einingarnar voru keyptar fyrir 2 árum.
Framkvæmdakostnaður: 32,7 milljón kr.

Ólafsfjörður.

Lokið var vinnu við grjótvörn sem hófst 1990. Árni Helgason, verktaki á Ólafsfirði, vann verkið samkvæmt samningi frá fyrra ári. Alls voru lagðir út um 6.500 m^3 af grjóti og kjarna.
Framkvæmdakostnaður: 8,6 milljón kr.

Dalvík.

Dýpkað var með gröfu frá landi í smábátahöfn og sá Jarðverk hf. um þessa framkvæmd a ð undangengnu útboði. Bygging tveggja ljósamasturs -og vatnshúsa ásamt tilheyrandi raflögnum á Suðurgarð var boðin út og samið við lægstbjóðendur, Elektró og Tréverk.
Flotbryggjur úr plasteiningum voru nú teknar inn í uppgjör, en þær höfðu verið settar niður árið 1989. Gerðar voru á þeim þær endurbætur, sem Hafnamálastofnun taldi nauðsynlegar til að þær uppfylltu tæknilegar kröfur.
Settur var upp löndunarkrani á aðalhafnargarð. Byggð var 80 tonna bílavog og lítil úrtaksvog sett upp. Heimamenn sáu um þessar framkvæmdir.
Fyllt var innan aðalhafnargarðs og er styrkhæfum hluta þeirrar framkvæmdar nú lokið.
Framkvæmdakostnaður: 18,8 milljón kr.

Grímsey.

Steypt var upp vatns- og ljósamastursshús, sett upp ljósamastur og unnið við vatns- og raflagnir. Lokauppgjör við Ístak hf vegna framkvæmdanna 1990 fór fram í janúar.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 17,7 milljón kr.

Hrísey.

Engar framkvæmdir.

Árskógssandur/Hauganes.

Malbikaðir voru 1.150 m^2 á hafnarsvæði, keypt vog og hafin bygging 12 m^2 vogarhúss.
Framkvæmdakostnaður: 2,3 milljón kr.

Hjalteyri.

Engar framkvæmdir.

Akureyri.

Haldið var áfram dýpkun í nýju fiskihöfninni og sá Akureyrarhöfn um hana með eigin krana og dragskóflu. Mokað var upp 14.400 m^3 af efni. Furubryggjan við fiskverkunarhús Útgerðarfélags Akureyringa var endurnýjuð að verulegu leyti. Lokið var við snjóbræðslukerfi í fiskihöfn.
Einnig var unnið að deiliskipulagi fyrir höfnina.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 16,2 milljón kr.

Svalbarðseyri.

Engar framkvæmdir.

Grenivík.

Rekið var niður 52 m. stálþil og steyptur á það kantbiti. Lítilsháttar lagfæringar voru gerðar á grjótvörn við bryggjuna.
Framkvæmdakostnaður: 24,2 milljón kr.

Húsavík.

Unnið var að frágangi í smábátahöfn og athafnasvæðið þar, hafnarstéttin og efsti hluti Suðurgarðs malbikað, alls um 6.300 m^2. Ennfremur var gengið frá lýsingu við smábátabryggjuna. Hafinn var undirbúningur að dýpkun og stálþili við Norðurgarð, með því að boraðar voru rannsóknarholur í þilstæðið.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 13,7 milljón kr.

Tjörneshöfn.

Engar framkvæmdir.

Kópasker.

Endursteyptur var hluti þekjunnar, sem var illa farinn og gert við steypuskemmdir. Einnig var steypt aðkomubraut að höfninni, auk þess sem ný skábraut til upptöku smábáta var steypt. Samið var við fyrirtæki á Kópaskeri, Trémál h.f., um framkvæmd þessa.
Framkvæmdakostnaður: 3,0 milljón kr.

Raufarhöfn.

Þekja við Hafskipabryggju breikkuð um 4 m., á um 50 m löngu svæði. Einnig var byrjað á endurnýjun á 60 m. löngum kantbita á bryggjuna. Samið var við heimamann, Jón Ómar Finnsson húsasmið um framkvæmd þessa á föstu verði.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 2,7 milljón kr.

Þórshöfn.

Byggt var 110 m. langt brimbretti og grjótvörn utan á fremsta hluta brimvarnargarðsins, og fóru í það 6.300 m^3 af grjóti og kjarna. Einnig var útbúið gámaplan innan við brimvarnargarðinn og þurfti um 1.700 m^3 af efni í það verk.
Þá var dýpkað bæði innan og utan hafnar og sá Dýpkunarfélagið h.f. um þá framkvæmd, en dýpkun þessi var hluti af eldri samningi við Dýpkunarfélagið. Fjarlægðir voru um 8.400 m^3 af efni.
Framkvæmdakostnaður: 17,5 milljón kr.

Bakkafjörður.

Engar framkvæmdir.
Fjármagnskostnaður: 7,6 milljón kr.

Vopnafjörður.

Unnið var að dýpkun í höfninni og sá Dýpkunarfélagið h.f. um framkvæmdir. Fjarlægðir voru rúmlega 17.000 m^3 af efni. Þekja á Ásgarð var steypt, alls um 1.115 m^2 og byggt ljósamasturs- og vatnshús. Keypt var hafnarvog, en beðið með uppsetningu hennar.
Framkvæmdakostnaður: 19,6 milljón kr.

Borgarfjörður eystri.

Gengið var frá uppsetningu á nýjum löndunarkrana á Gömlu bryggju, sem keyptur hafði verið í árslok 1990. Heimamenn sáu um verkið.
Framkvæmdakostnaður: 0,5 milljón kr.

Seyðisfjörður.

Hafin var vinna við uppsetningu dráttarbrautar, sem keypt var til landsins frá Póllandi árið 1989. Samið var við heimamenn um fyrsta áfanga verksins, sem stóð fram yfir áramót.
Framkvæmdakostnaður: 4,9 milljón kr.

Neskaupstaður.

Byggt var vogarhús við nýju bílavogina og lauk framkvæmdum í nóvember og var hún þá tekin í notkun. Heimamenn önnuðust framkvæmdir.
Framkvæmdakostnaður: 4,5 milljón kr.

Eskifjörður.

Engar framkvæmdir.

Reyðarfjörður.

Rekið var niður 80 m. stálþil við Kollaleiru. Heimamenn önnuðust framkvæmdir. Framkvæmdir stóðu yfir frá janúar til september og var lokið við að fylla bak við þilið.
Framkvæmdakostnaður: 37,3 milljón kr.

Fáskrúðsfjörður.

Unnið var að gögnum vegna dýpkunar í smábátahöfn.
Tæknikostnaður: 0,1 milljón kr.

Stöðvarfjörður.

Engar framkvæmdir.

Breiðdalsvík.

Engar framkvæmdir.

Djúpivogur.

Smíðaðar voru flotbryggjur og sáu heimamenn um það verk. Einnig var keypt hafnarvog, en beðið með uppsetningu hennar.
Framkvæmdakostnaður: 2,8 milljón kr.

Höfn í Hornafirði.

Dýpkunarskip hafnarinnar, Soffía, vann við dýpkun innan hafnar og fjarlægði tæplega 15.000 m^3 af efni. Vélsmiðja Seyðisfjarðar afhenti í byrjun desember nýjan lóðsbát, sem samið hafði verið um smíði á fyrir áramót.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 58,3 milljón kr.

Vestmannaeyjar.

Bygging ferjuaðstöðu fyrir nýjan Herjólf var boðin út í alútboði og tilboð opnuð í lok nóvember. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, sem var SH verktakar h.f. o.fl. Engar framkvæmdir voru í þessu verki á árinu. Kostnaður við hönnun og útboð var greiddur af ferjubryggjufé.
Ný þekja við Gjábakka var malbikuð og unnið var við raflagnir á Skáanum við Binnabryggju.
Fjarlægðir voru 12.000 m^3 úr höfninni með dæluskipi hafnarinnar. Keyptar voru skorður fyrir Skipalyftuna hf.
Undirbúnings- og framkvæmdakostnaður: 12,4 milljón kr.

Stokkseyri.

Engar framkvæmdir.

Eyrarbakki.

Engar framkvæmdir.

Þorlákshöfn.

Boðin var út bygging ferjulægis fyrir nýja Vestmannaeyjaferju og voru tilboð opnuð í lok nóvember. Um svokallað alútboð var að ræða. Lægsta tilboð áttu SH verktakar h.f. o.fl. Engar framkvæmdir voru í þessu verki á árinu. Kostnaður við hönnun og útboð var greiddur af ferjubryggjufé.
Keyptar voru 2 flotbryggjueiningar úr steypu frá Króla í Garðabæ, steyptur landstöpull og einingarnar settar út og dýpkað lítilsháttar undan þeim.
Unnið var að endurbótum á rafmagni á Suðurvarargarði og kantbitar lagfærðir þar og á Norðurvarargarði.
Keypt var ný 60 tonna hafnarvog og hún sett upp.
Framkvæmdakostnaður: 15,2 milljón kr.

Grindavík.

Lokið var við endurbyggingu þverbryggjunnar við Svíragarð sem tengir steypta kerið við land. Bryggjan var furubryggja, en er nú endurbyggð úr harðvið. Þessi verk voru unnin af starfsmönnum hafnarinnar með umsjón Hafnamálastofnunar.
Einnig var Kvíabryggja endurbyggð fyrir tryggingabætur frá Viðlagasjóði Íslands. Starfsmenn hafnarinnar sáu um þessa framkvæmd, en tæknilega umsjón annaðist Hafnamálastofnun.
Boðin var út dýpkun í höfninni og samið við lægstbjóðanda sem var Dýpkunarfélagið h.f.
Tjónastyrkur: 8,5 milljón kr.
Framkvæmdakostnaður: 7,9 milljón kr.

Hafnir.

Byggð var 90 m. löng brimvörn meðfram bryggjunni og fóru í garðinn 5.400 m^3 af grjóti og kjarna. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda, Ellert Skúlason h.f. Starfsmenn Vitastofnunar settu upp ljósmerki í eyju austan við bryggju. Löndunarkrani var endurbyggður og settir upp stigar á bryggjuna.
Framkvæmdakostnaður: 8,6 milljón kr.

Sandgerði.

Unnið var að dýpkun innsiglingarinnar og í höfninni. Finnska verktakafyrirtækið HAKA sá um framkvæmdina, en þeir voru lægstbjóðendur í verkið. Alls var 40.189 m^2 klapparsvæði sprengt og fjarlægðir 63.568 m^3 af lausu efni og klöpp. Innsiglingin var dýpkuð í -5,5 m. á ystu 350 metrunum en niður í -5,0 m. inn að höfninni. Innsiglingarrennan er um 800 m. löng og 50 m. breið. Innan hafnar var sömuleiðis dýpkað niður í -5,0 m. Þar var um að ræða um 8.200 m^2 svæði og um 18.000 m^3 af efni. Ennfremur var gengið frá tveimur innsiglingarmerkjum meðfram rennunni og eldri merki lagfærð. Verkið allt var unnið á tímabilinu frá maí til ágúst. Hafist var handa við lýsingu við flotbryggju, en verkinu var ekki lokið um áramót.
Framkvæmdakostnaður: 333,9 milljón kr.

Garður.

Engar framkvæmdir.

Keflavík/Njarðvík.

Í Njarðvík fór fram dýpkun með sprengingu klappar og annaðist finnska verktakafyrirtækið HAKA framkvæmdina. Dýpkað var 2.500 m^2 svæði innan hafnar með borun og sprengingum niður í kóta -5.0 m. og í innsiglingu utan hafnarinnar, var dýpkað með borun og sprengingum 650 m^2 svæði, í kóta -6.0 m. Auk þess var laust efni fjarlægt ofan af klöppinni.
Í Keflavík var boðin út bygging smábátahafnar í Grófinni, nyrst í bænum þar sem Dráttarbraut Keflavíkur var áður með slipp. Tilboð voru opnuð í lok desember og var verktakafyrirtækið Hagvirki Klettur h.f. lægstbjóðandi.
Undirbúnings- og framkvæmdakostnaður: 25,6 milljón kr.

Vogar.

Settar voru upp 2 steyptar flotbryggjueiningar frá Króla í Garðabæ. Dýpkun á lausu efni, samkvæmt samningi frá fyrra ári við Dýpkunarfélagið hf, lauk án þess að fullu dýpi væri náð.
Framkvæmdakostnaður: 6,1 milljón kr.

Hafnarfjörður.

Boðin var út dýpkun í höfninni. Samið var við Dýpkunarfélagið h.f. sem var lægstbjóðandi. Dýpkun hófst ekki á þessu ári. Einnig var boðið út stálþilsefni vegna Suðurbakka IV og samið um kaup á efni frá Thyssen í Þýskalandi.
Framkvæmdakostnaður: 1,5 milljón kr.

Garðabær.

Engar framkvæmdir.

Skerjafjörður.

Siglingaleiðin um Skerjafjörð var endurbætt og komið fyrir nýjum merkjum. Verkefni þetta var samvinnuverkefni milli Garðabæjar, Kópavogs og Reykjavíkur.
Framkvæmdakostnaður: 5,9 milljón kr.

Kópavogur.

Engar framkvæmdir.

Reykjavík.

Helstu framkvæmdir Reykjavíkurhafnar á árinu voru í Sundahöfn. Í Kleppsvík hófst bygging 2. áfanga Vogabakka, sem er 180m lenging hafnarbakkans. Fyllt var upp bakland og hafist var handa við gerð stálþilsbakka. Í lok árs var öllum frágangi við gerð stálþils lokið en eftir er gerð kantbita og frágangur yfirborðs. Þeim verkum lýkur á miðju ári 1992. Verktaki við gerð hafnarbakkans er Hagvirki-Klettur hf.
Einnig var unnið að dýpkun aðsiglingar og snúningssvæðis í Kleppsvík. Verktaki við dýpkunarframkvæmdir er Köfunarstöðin hf.
Aðrar helstu framkvæmdir Reykjavíkurhafnar í Sundahöfn voru landgerðir við Kleppsbakka og Klettagarða.
Af verkefnum í gömlu höfninni eru þessi helst: Unnið var að landgerð í Vesturhöfn og aðstaða smábáta við suðurbugt var bætt með kaupum og uppsetningu á flotbryggjum. Annað verkefni í gömlu höfninni var flutningur á aðstöðu Akraborgar. Undanfarin fimmtán ár hefur aðstaða Akraborgar verið við Grófarbryggju en vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Geirsgötu á Miðbakka þurfti að flytja aðstöðu Akraborgar að Faxagarði.
Framkvæmdakostnaður: 237,3 milljón kr.

Gámar, vogir og búnaður vegna tölvuvæðingar þeirra.

Óskipt. Sett upp á ýmsum stöðum.
Framkvæmdakostnaður: 22,3 milljón kr.

FERJUBRYGGJUR.

Unnið var að viðhaldi á ferjubryggjum, aðallega í Ísafjarðardjúpi, m.a. settar upp þybbur þar sem þær höfðu fallið niður. Athugun fór fram á hvar mögulegt væri að staðsetja ferjubrýr í Ísafjarðardjúpi, vegna nýrrar ferju þar.
Undir þennan lið féll einnig kostnaður vegna útboðs og hönnunar á ferjulægi fyrir nýja Vestmannaeyjaferju.
Framkvæmdakostnaður: 6,5 milljón kr.

SJÓVARNARGARÐAR.

Byggður var 660 m. langur grjótgarður á Suðurfjörutanga við Hornafjarðarós, til að varna því að sjór brjóti sér leið í gegnum tangann. Í garðinn fóru 66.000 m^3 af kjarna og grjóti. Samið var við lægstbjóðanda, Hagvirki Klett h.f., að undangengnu útboði.
Lokið var við gerð sjóvarnargarða á Stokkseyri og Eyrarbakka. Í sjóvarnargarðana þar var búið að setja u.þ.b. 65.000 m^3 af kjarna og grjóti um s.l. áramót, og á þessu ári voru settir til viðbótar 30.000 m^3. Verkið var unnið samkvæmt útboði Hafnamálastofnunar frá árinu áður. Verktaki Sveinbjörn Runólfsson s.f.
Samið var við Suðurverk h.f. um gerð 2. áfanga sjóvarnargarðs við Leyni á Akranesi að undangengnu útboði og fóru í þetta verk 4.800 m^3 af efni. Verkið hófst í nóvember 1990 og lauk um áramót. Með þessum verkhluta er sjóvörnum við Leyni lokið.
Unnið var við sjóvarnir á ýmsum öðrum stöðum og voru þessar helstar:
Í Vestmannaeyjum var áfram unnið að lengingu og endurbótum á sjóvörn á Eiðinu. Á Þórshöfn var unnið að sjóvörn við Bakkaveg. Einnig var unnið við sjóvarnir á Skagaströnd og á Seltjarnarnesi.
Á Vestfjörðum var unnið að sjóvörnum á Patreksfirði, Flateyri, Suðureyri og Ísafirði.
Á Reykjanesi var unnið við sjóvarnir í Sandgerði og Selvogi. Einnig var lítilsháttar framkvæmt í Vík í Mýrdal.
Framkvæmdakostnaður: 195,6 milljón kr.

RANNSÓKNIR.

Á vegum Hafnamálastofnunar var unnið að frumrannsókum fyrir 23,1 milljón króna árið 1991. Kostnaður við frumrannsóknir er að fullu greiddur af ríkissjóði, en fé til rannsókna kemur af sérstökum fjárlagalið, er nefnist hafnarannsóknir og mælingar.
Úthafsöldumælingar fóru fram á Grímseyjarsundi, við Surtsey og vestur af Garðskaga. Einnig fóru fram öldumælingar við Ísafjarðarhöfn, Skagaströnd, Höfn í Hornafirði og Keilisnes. Óvenju erfiðlega gekk að halda úti ölduduflum og urðu nokkur þeirra fyrir skemmdum eða töpuðust alveg.
Á árinu var unnið að og lokið líkantilraunum af Skagaströnd og Þórshöfn og hafin bygging líkans af Vestmannaeyjahöfn. Byrjað var á langtíma sjávarfallamælingum í Vestmannaeyjum og Sandgerði í samvinnu við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.
Unnið var eftir rannsóknaáætlun vegna siglingaleiðar um Hornafjörð og innsiglingin í Hornafjarðarósi var dýptarmæld í tengslum við rannsóknir á þar.
Hafinn var undirbúningur að rannsóknum við hafnarstæðið við Keilisnes.
Tekið er þátt í alþjóðlegu verkefni við að skilgreina leyfilegar hreyfingar skipa í höfnum.

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1991
(í millj. króna)

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
I. Almennar hafnir:					
Akranes	Brimvarnargarður	45%	35.0		
	Raflagnir, endurnýjun	45%	4.5		
	Löndunarbryggja	45%	3.0		
	Öryggismál	45%	3.2		
	Leiðr. v/framkv. '90	55%	0.6	46.3	20.9
Arnarstapi	Löndunarkrani	40%	1.0		
	Dýpkun ofl.	75%	0.5	1.5	0.8
Rif	Steypt þekja	75%	4.0		
	Grjótgarður endurbyggður	75%	17.5		
	-Tjónastyrkur	75%	-8.5	13.0	9.8
Ólafsvík	Dýpkun	75%	12.9		
	Norðurt.: Þekja og frágangur	75%	11.7		
	Suðurgarður: Grjótvörn	75%	5.7	30.3	22.7
Grundarfjörður	Löndunarkrani	40%	1.8	1.8	0.7
Stykkishólmur	Ferjuaðstaða , frágangur	75%	0.9		
	Flotbryggjur	75%	5.7		
	Fjármagnskostnaður	75%	0.8		
	Innsiglingarmerki	75%	0.2	7.6	5.7
Brjánslækur	Dýptarmælingar ofl.	75%	0.3	0.3	0.2
Patreksfjörður	Smábátahöfn: Þekja og lagnir	75%	2.2		
	Flotbryggjur	75%	4.0	6.2	4.7
Tálknafjörður	Smábátahöfn, frágangur	75%	1.5		
	Vörukantur, raflagnir	75%	1.5		
	Hafnarvog	40%	0.2	3.2	2.3
Þingeyri	Endurb. þekja og lagnir	75%	5.4	5.4	4.1
Flateyri	Flotbryggjur, hönnun	75%	0.1	0.1	0.1
Suðureyri	Grjótvörn á Brjót	75%	8.9	8.9	6.7
Bolungarvík	Brimvarnargarður	75%	29.0	29.0	21.8
Ísafjörður	Stálþil	75%	40.7		
	Þekja á Ásgeirsbakka	75%	5.4		
	Deiliskipulag	75%	0.3		
	Fjármagnskostnaður	75%	3.3	49.7	37.3

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
Súðavík	Steypt þekja	75%	7.4		
	Dýpkun	75%	3.3	10.7	8.0
Norðurfjörður	Endurb. Bátabryggja	75%	5.8		
	Fjármagnskostnaður	75%	3.1	8.9	6.7
Drangsnes	Löndunarbryggja	75%	9.5	9.5	7.1
Hólmavík	Hafnarvog	40%	5.2	5.2	2.1
Hvammstangi	Slitlag á hafnarsvæði	75%	3.2		
	Dýpkun	75%	11.0	14.2	10.7
Blönduós	Hafnarvog	40%	5.0	5.0	2.0
Skagaströnd	Stálþil og fylling	75%	41.3		
	Dýpkun	75%	12.4		
	Grjótvörn	75%	27.2		
	Rafm.tafla	75%	1.0		
	Stytt bryggja ofl.	75%	1.6		
	Fjármagnskostnaður	75%	0.3	83.8	62.9
Sauðárkrókur	Fylling í kverk	75%	1.7		
	Endurb. kantur	75%	0.8		
	Slitlag	75%	1.7		
	Löndunarkrani	40%	1.1	5.3	3.6
Hofsós	Tjónaviðgerð	75%	1.1		
	-Tjónastyrkur	75%	-1.0	0.1	0.1
Siglufjörður	Flotbryggjur	75%	1.4		
	Stálþil v/Togarabryggju	75%	31.3	32.7	24.5
Ólafsfjörður	Vesturhöfn: Grjótvörn	75%	8.6	8.6	6.5
Dalvík	Suðurgarður: Lagnir og lýsing	75%	2.4		
	Norðurgarður: Fylling	75%	4.0		
	Smábátahöfn: Dýpkun	75%	1.6		
	Flotbryggjur	75%	3.8		
	Hafnarvog	40%	5.9		
	Löndunarkrani	40%	1.1	18.8	11.7
Grímsey	Smábátahöfn, frágangur	75%	16.1		
	Fjármagnskostnaður	75%	1.6	17.7	13.3
Árskógssandur	Endurb. þekja	75%	1.6		
	Hafnarvog	40%	0.7	2.3	1.5

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
Akureyri	Fiskihöfn, frágangur	55%	1.8		
	Endurb. bryggja v/ÚA	55%	9.0		
	Dýpkun	55%	3.5		
	Vöruhöfn, hönnun	55%	0.1		
	Deiliskipulag	55%	0.8		
	Fjármagnskostnaður	50%	1.0	16.2	8.9
Grenivík	Stálþil	75%	24.2	24.2	18.2
Húsavík	Dýpkun, undirb.	75%	1.6		
	Raflagnir í smáb.höfn	75%	2.0		
	Slitlag á hafnarsvæði	75%	9.6		
	Fjármagnskostnaður	75%	0.5	13.7	10.3
Kópasker	Endurb. þekja ofl.	75%	3.0	3.0	2.3
Raufarhöfn	Hafskipabryggja endurb.	75%	2.7	2.7	2.0
Þórshöfn	Brimvarnargarður	75%	12.0		
	Dýpkun hafnar	75%	3.8		
	Dýpkun innsiglingar	90%	1.7	17.5	13.4
Bakkafjörður	Fjármagnskostnaður	75%	7.6	7.6	5.7
Vopnafjörður	Þekja á Ásgarð	75%	7.8		
	Dýpkun	75%	10.3		
	Hafnarvog	40%	1.5	19.6	14.2
Borgarfj.eystri	Löndunarkrani , frágangur	40%	0.5	0.5	0.2
Seyðisfjörður	Dráttarbraut , uppsetning	40%	4.9	4.9	2.0
Neskaupsstaður	Hafnarvog	40%	4.5	4.5	1.8
Reyðarfjörður	Stálþil ofl.	75%	37.3	37.3	28.0
Fáskrúðsfjörður	Smábátahöfn, tækniv.	75%	0.1	0.1	0.1
Djúpivogur	Flotbryggjur	75%	0.7		
	Hafnarvog	40%	2.1	2.8	1.4
Höfn í Hornaf.	Lóðsbátur	40%	51.3		
	Dýpkun	75%	5.5		
	Fjármagnskostnaður	90%	1.5	58.3	26.0
Vestmannaeyjar	Þekja og lagnir	75%	2.8		
	Dýpkun	75%	3.5		
	Hörgaeyrargarður, undirb.	75%	0.3		
	Skipalyfta: Skorður	40%	5.8	12.4	7.3

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
Þorlákshöfn	Ýmsar endurbætur	75%	7.8		
	Hafnarvog	40%	4.6		
	Flotbryggjur	75%	4.8	17.2	11.3
Grindavík	Svíragarður, endurb	75%	7.8		
	Dýpkun, undirb.	75%	0.1		
	Tjónast. v/Svírag.og frkv.f.árs	75%	-8.5	-0.6	-0.5
Hafnir	Innsiglingamerki	75%	0.3		
	Grjótvörn	75%	7.4		
	Öryggisbúnaður	75%	0.6		
	Löndunarkrani	40%	0.3	8.6	6.3
Sandgerði	Lýsing á flotbryggju	75%	0.9		
	Siglingarmerki	75%	5.3		
	Dýpkun hafnar	75%	50.4		
	Dýpkun innsiglingar	90%	277.3	333.9	292.0
Keflav./Njarðv.	Smábátahöfn, undirb.	75%	2.8		
	Dýpkun hafnar	75%	16.5		
	Dýpkun innsiglingar	90%	6.3	25.6	20.1
Vogar	Smábátah.: Dýpkun	75%	1.0		
	Flotbryggjur	75%	5.1	6.1	4.6
Hafnarfjörður	Suðurbakki: Stálþil, undirb.	45%	0.7		
	Dýpkun, undirb.	45%	0.8	1.5	0.7
Skerjafjörður (Garðab./Kópav.)	Innsiglingarmerki	75%	5.9	5.9	4.4
Óskipt	Gámar	75%	9.3		
	Vogir og búnaður	40%	13.0	22.3	12.2
	Samtals almennar hafnir:	40%	110.5		
		45%	47.2		
		50%	1.0		
		55%	15.8		
		75%	610.6		
		90%	286.8	1071.9	791.4

Höfn:	Verkefni:	Ríkisþátt.	Heildarkostnaður		Ríkishl.
II. Ferjubryggjur:					
Staður á Reykjanesi		100%		0.1	0.1
Ísafjarðardjúp (ath. ferjuaðstöðu)		100%		1.0	1.0
Vigur		100%		0.1	0.1
Æðey		100%		0.1	0.1
Bæir á Snæfjallaströnd		100%		0.1	0.1
Vestmannaeyjar/Þorlákshöfn (undirb. v/ferjuaðstöðu)		100%		5.1	5.1
	Samtals ferjubryggjur:			6.5	6.5
III.Reykjavíkurhöfn					
Kleppsvík:	Vogabakki	0%	112.3		
	Dýpkun	0%	28.0		
	Landfrágangur	0%	37.2	177.5	0.0
Vatnagarðar:	Kleppsbakki	0%	9.9		
	Skjólg. v/Korngarð	0%	2.4		
	Kleppsskaft	0%	4.0		
	Klettagarðar	0%	1.5	17.8	0.0
Austurhöfn:	Ferjuaðstaða v/Akraborgar	0%	19.9		
	Smábátaaðstaða í Suðurbugt	0%	15.2	35.1	0.0
Vesturhöfn:	Landgerð	0%	6.9	6.9	
	Samtals Reykjavíkurhöfn:			237.3	0.0
	Alls framkvæmdir :			**1315.7**	**797.9**

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 1991
(í millj. króna)

Akranes	3.0
Patreksfjörður	2.8
Flateyri	2.0
Suðureyri	1.8
Ísafjörður	3.0
Skagaströnd	2.5
Þórshöfn	2.3
Hornafjörður	126.2
Vík í Mýrdal	0.3
Vestmannaeyjar	4.7
Stokkseyri	19.9
Eyrarbakki	20.3
Selvogur	3.5
Sandgerði	1.0
Gerðahreppur	0.1
Seltjarnarnes	2.1
Samtals:	**195.5**

Tafla III. Rannsóknaverkefni 1991
(í millj. króna)

Almennar rannsóknir óskipt		11.0
Líkantilraunir:		
Skagaströnd	2.6	
Þórshöfn	4.5	
Vestmannaeyjar	1.8	
Sameiginlegur kostnaður	0.7	9.6
Rannsóknaverkefni í höfnum:		
Reykhólar	0.1	
Ísafjörður	0.2	
Skagaströnd	0.2	
Höfn í Hornafirði	1.3	
Vestmannaeyjar	0.5	
Ýmsar hafnir	0.2	2.5
Samtals :		**23.1**

Tafla IV. STAÐA RÍKISSJÓÐS V/HAFNAGERÐAR 1991

(í millj. kr.)

Höfn:	Staða ríkissjóð í árslok 1990		Ríkishl. framkv.	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 1991	
	Vantar	Ónotað	199	1991	Vantar	Ónotað
Akranes	4.4		20.9	17.0	8.3	
Borgarnes		0.5				0.5
Arnarstapi	0.4		0.8	0.8	0.4	
Rif	0.4		9.8		10.2	
Ólafsvík		5.5	22.7	21.6		4.4
Grundarfjörður			0.7		0.7	
Stykkishólmur	20.3		5.7	13.5	12.5	
Reykhólahöfn		0.1				0.1
Brjánslækur	1.0		0.2	2.6		1.4
Patreksfjörður	2.4		4.7	5.5	1.6	
Tálknafjörður	1.0		2.3	4.1		0.8
Bíldudalur	0.4			0.4		
Þingeyri	1.6		4.1	6.6		0.9
Flateyri		0.3	0.1			0.2
Suðureyri		7.2	6.7			0.5
Bolungarvík	14.9		21.8	24.1	12.6	
Ísafjörður	11.0		37.3	10.9	37.4	
Súðavík			8.0	5.7	2.3	
Norðurfjörður	3.3		6.7	3.3	6.7	
Drangsnes		0.2	7.1	5.8	1.1	
Hólmavík	0.9		2.1	3.9		0.9
Hvammstangi	0.6		10.7	11.5		0.2
Blönduós		0.1	2.0	1.8	0.1	
Skagaströnd	2.8		62.9	40.0	25.7	
Sauðárkrókur		2.5	3.6		1.1	
Hofsós		0.1	0.1			
Haganesvík		0.4				0.4
Siglufjörður	3.1		24.5	17.1	10.5	
Ólafsfjörður	8.2		6.5	10.5	4.2	
Dalvík	22.9		11.7	20.0	14.6	
Grímsey	16.6		13.3	11.6	18.3	
Hrísey		0.2				0.2
Árskógssandur			1.5		1.5	
Hjalteyri						
Akureyri	46.4		8.9	18.0	37.3	
Svalbarðseyri						
Grenivík		0.1	18.2	20.0		1.9
Húsavík	8.4		10.3	11.3	7.4	
Tjörnes	0.1				0.1	
Kópasker		2.5	2.3			0.2
Raufarhöfn		0.7	2.0	3.1		1.8
Þórshöfn	0.3		13.4	10.0	3.7	
Bakkafjörður	19.6		5.7	23.5	1.8	
Vopnafjörður	1.3		14.2	10.5	5.0	
Borgarfjörður-eystri	1.5		0.2	0.9	0.8	
Seyðisfjörður	0.4		2.0	0.5	1.9	

Tafla IV. STAÐA RÍKISSJÓÐS V/HAFNAGERÐAR 1991

(í millj. kr.)

Höfn:	Staða ríkissjóð í árslok 1990		Ríkishl. framkv.	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 1991	
	Vantar	Ónotað	1991	1991	Vantar	Ónotað
Neskaupsstaður	5.2		1.8	4.5	2.5	
Eskifjörður	4.1				4.1	
Reyðarfjörður	0.6		28.0	17.2	11.4	
Fáskrúðsfjörður		2.6	0.1			2.5
Stöðvarfjörður	1.8			1.8		
Breiðdalsvík	0.6			0.5	0.1	
Djúpivogur	0.2		1.4	2.1		0.5
Höfn í Hornafirði	27.3		26.0	47.7	5.6	
Vestmannaeyjar	21.7		7.3	19.0	10.0	
Stokkseyri						
Eyrarbakki		1.0				1.0
Þorlákshöfn	3.3		11.3	29		14.4
Grindavík	11.3		-0.5	9.4	1.4	
Hafnir		0.3	6.3	5.4	0.6	
Sandgerði	7.4		292.0	12.4	287.0	
Garður						
Keflavík/Njarðvík	0.8		20.1	19.9	1.0	
Vogar		1.9	4.6		2.7	
Hafnarfjörður	1.9		0.7	1.9	0.7	
Garðabær		0.2				0.2
Skerjafj. Garðab/Kópav.			4.4	4.4		
Óskipt		2.5	12.2	9.7		
Samtals:	**280.4**	**28.9**	**791.4**	**521.0**	**554.9**	**33.0**

Tafla V. Fjárveitingar til hafnaframkvæmda 1991
(í millj. króna)

Almennar hafnir		521.0
Lendingabætur:		
Skarðsstöð	1.00	
Gjögur	1.40	
Djúpavík	0.50	
Selvík á Skaga	0.65	
Lónkot	0.25	
Óskipt v/kostnaðar	0.20	4.0
Ferjubryggjur:		
Búðardalur	0.07	
Aðstaða fyrir Djúpferju (athugun)	1.03	
Staður	3.50	
Flatey	4.20	
Mjólká	0.10	
Vigur	0.10	
Melgraseyri	0.10	
Æðey	0.10	
Bæir	0.20	
Vestmanneyjar (undirb. v/ferjulægis)	1.13	
Þorlákshöfn (undirb. v/ferjulægis)	3.97	14.5
Samtals fjárveitingar:		**539.5**

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 1991
(í millj. króna)

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-333):	
Innri Akraneshreppur	2.0
Akranes	5.2
Ólafsvík	2.0
Patreksfjörður	2.6
Flateyri	2.5
Suðureyri	2.8
Ísafjörður	2.8
Sauðárkrókur	1.0
Hrísey	0.4
Þórshöfn	2.4
Hornafjörður	130.0
Vestmannaeyjar	4.9
Stokkseyri	32.8
Eyrarbakki	29.2
Selvogur	2.3
Grindavík	0.5
Sandgerði	1.0
Garður í Gerðahreppi	0.1
Vatnsleysustrandarhreppur	0.1
Bessastaðahreppur	0.4
Ósundurliðað (v/skekkju í fjárl. 90)	0.5
Samtals	**225.5**

Tafla VII. Úthlutanir hafnabótasjóðs 1991

(í millj. króna)

Styrkir:			
a) Styrkir til nýframkvæmda:			
	Ólafsvík	1.8	
	Stykkishólmur	0.9	
	Brjánslækur	0.5	
	Suðureyri	1.4	
	Bolungarvík	4.5	
	Norðurfjörður	0.7	
	Drangsnes	1.2	
	Hólmavík	0.7	
	Skagasrönd	4.0	
	Grímsey	0.4	
	Grenivík	4.0	
	Þórshöfn	0.7	
	Bakkafjörður	1.1	
	Vopnafjörður	1.0	
	Borgarfjörður eystri	0.2	
	Seyðisfjörður	6.7	29.8
b) Tjónastyrkir:			
	Rif	8.5	
	Hofsós	1.0	
	Þórshöfn	0.4	
	Breiðdalsvík	2.5	
	Grindavík	8.5	20.9
		Styrkir alls:	50.7
Lán:			
a) Lán v/heimahluta í nýframkvæmdum:			
	Ólafsvík	1.5	
	Súðavík	0.7	
	Hólmavík	0.8	
	Hvammstangi	2.1	
	Blönduós	0.4	
	Skagaströnd	4.0	
	Ólafsfjörður	0.5	
	Dalvík	2.7	
	Þórshöfn	0.7	
	Vopnafjörður	1.1	
	Vestmannaeyjar	3.8	
	Hafnir	1.5	19.8
b) Bráðabirgðalán v/væntanlegra fjárveitinga:			
	Drangsnes	1.1	
	Skagaströnd	12.0	
	Sandgerði	275.0	288.1
		Lán alls	307.9
		Samtals lán og styrkir:	**358.6**

994. Nefndarálit [402. mál]

um frv. til l. um greiðslukortastarfsemi.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Fékk hún á sinn fund Sigurð Hafstein, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sparisjóða, Jóhann Ágústsson aðstoðarbankastjóra sem kom fyrir hönd Sambands íslenskra viðskiptabanka, Tryggva Pálsson, formann stjórnar Kreditkorta hf., Gunnar Bæringsson, framkvæmdastjóra Kreditkorta hf., Einar S. Einarsson, forstjóra VISA-Ísland Greiðslumiðlunar hf., og Björn Friðfinnson, ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins. Umsagnir bárust frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Kaupmannasamtökum Íslands, Kreditkortum hf., Neytendasamtökunum, samtökunum Nýrri framtíð, Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Stéttarsambandi bænda, Verslunarráði Íslands og VISA-Ísland Greiðslumiðlun hf.

Nefndin leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** með ósk um að meginefni þess verði fellt inn í frumvarp til samkeppnislaga sem nú liggur fyrir Alþingi. Þar á meðal verði samkeppnisráði veitt heimild til setningar reglna um greiðslukortastarfsemi sem tryggi að hagur neytenda hér á landi verði eigi lakari í slíkum viðskiptum en almennt gerist í öðrum ríkjum hins fyrirhugaða Evrópska efnahagssvæðis.

Alþingi, 18. maí 1992.

Matthías Bjarnason, form.	Vilhjálmur Egilsson, frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Ingi Björn Albertsson.	Halldór Ásgrímsson.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Árni M. Mathiesen.

995. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsagnir bárust frá Þjóðhagsstofnun, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Seðlabanka Íslands.

Fram hefur komið í umsögnum Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands að hér sé um áhugavert mál að ræða og tekur nefndin undir það. Telur Þjóðhagsstofnun að landshlutauppgjör, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, gefi mun réttari mynd af þeim virðisauka sem myndast í hverjum landshluta en samanburður á útflutningstekjum á íbúa. Að ósk nefndarinnar gaf Þjóðhagsstofnun upp lauslegt mat á þeim kostnaði sem samþykkt frumvarpsins hefði í för með sér fyrir ríkissjóð. Bendir stofnunin á að sé byggt á núverandi vinnutilhögun við framleiðsluuppgjör þjóðhagsreikninga við gerð landshlutagreindra reikninga yrði kostnaðaraukinn verulegur. Þjóðhagsstofnun telur hagkvæmara að byggja á skýrslum um virðisaukaskatt og í framtíðinni stöðluðum ársreikningum fyrirtækja en

kostnaðarauki yrði samt talsverður. Í umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er á það bent að kjördæmaskipan þurfi ekki að vera heppilegasta skiptingin sem stuðst er við við gerð landshlutareikninga.

Nefndin telur að þetta mál þurfi að kanna betur, sérstaklega með tilliti til samstarfs Þjóðhagsstofnunar og skattyfirvalda á þessu sviði. Hún leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. maí 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Halldór Ásgrímsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Ingi Björn Albertsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.	Árni M. Mathiesen.

996. Nefndarálit [489. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, sbr. lög nr. 10/1978, nr. 15/1980, nr. 48/1981 og nr. 78/1985.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Gunnar Hafsteinsson, formann stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna, og Árna Guðmundsson, forstöðumann sjóðsins.

Samstaða er innan stjórnar sjóðsins um þær lagabreytingar sem frumvarpið mælir fyrir um. Er reglum breytt til samræmis við þær reglur sem gilda í lífeyrissjóðum innan Sambands almennra lífeyrissjóða en Lífeyrissjóður sjómanna er samstarfssjóður sambandsins.

Nefndin leggur til að gerðar verði tvær breytingar á frumvarpinu. Meginbreytingin felst í því að við bætist bráðabirgðaákvæði um fimm ára aðlögunartíma þeirra örorkulífeyrisþega og barnalífeyrisþega sem 5. og 8. gr. frumvarpsins kunna að hafa áhrif á. Vegna þessarar breytingar þarf síðari málsliður 10. gr. að falla brott en í honum var gert ráð fyrir að umrædd ákvæði kæmu til framkvæmda 1. janúar 1993.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Ingi Björn Albertsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, með fyrirvara.	Vilhjálmur Egilsson.	Árni M. Mathiesen.

997. Nefndarálit [489. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, sbr. lög nr. 10/1978, nr. 15/1980, nr. 48/1981 og nr. 78/1985.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Á allra síðustu dögum þingsins fékk nefndin til umfjöllunar breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Breytingartillögurnar eru komnar frá stjórn sjóðsins vegna þeirrar slæmu stöðu sem sjóðurinn stendur frammi fyrir. Breytingarnar eru margar og má þar nefna að verið er að bæta stöðu sambýliskvenna sjómanna, en sjóslys sl. vetrar leiddu í ljós að úrbóta var þörf. Veigamestu breytingarnar fela þó í sér að örorkulífeyrir til sjóðfélaga og lífeyrir til barna þeirra verður skertur verulega. Að sjálfsögðu fá þessir hópar áfram bætur úr tryggingakerfinu, en það breytir ekki því að í allmörgum tilfellum verður um verulega skerðingu að ræða. Af hálfu sjóðsins er um neyðarúrræði að ræða þar sem útstreymi úr sjóðnum er meira en þær greiðslur sem til hans renna. Sú breyting, sem hér er verið að gera, dugir þó hvergi nærri til að bæta stöðuna, enda eru fleiri aðgerðir til umræðu.

Það er mjög brýnt að taka stöðu lífeyrissjóðanna í landinu til rækilegrar athugunar, enda ljóst að margir þeirra munu standa frammi fyrir miklum erfiðleikum á næstu árum, auk þess sem réttindi fólks eru afar misjöfn. Málefni Lífeyrissjóðs sjómanna þarfnast sérstakrar endurskoðunar, enda hefur hann um margt sérstöðu. Sjóslys og vinnuslys eru því miður allt of algeng hér við land sem veldur því að miklar bætur eru greiddar úr lífeyrissjóðum sjómanna. Þá má nefna að sjómenn geta hafið töku lífeyris 60 ára að aldri. Það þarf að kanna í samráði við andstandendur sjóðsins hvort ekki eigi að afnema lögin um sjóðinn þannig að hann falli undir þann lagaramma sem gildir um flesta lífeyrissjóði landsins. Þannig væri það fyrst og fremst á valdi sjóðstjórnar og eigenda sjóðsins að ráða stefnunni í stað þess að þurfa að leita til Alþingis á tímum mikilla breytinga og vanda sem blasir við sjóðnum.

Þær breytingar, sem frumvarpið um Lífeyrissjóð sjómanna gerir ráð fyrir, snerta afar viðkvæm mál þar sem um afkomu fjölda einstaklinga og fjölskyldna er að ræða. Á þessum vetri hafa sjómenn orðið fyrir verulegum áföllum, annars vegar vegna aflasamdráttar, hins vegar vegna margfaldra árása ríkisstjórnarinnar á kjör þeirra. Samdráttur í tekjum sjómanna gerir Lífeyrissjóði sjómanna að sjálfsögðu erfiðara að standa við skuldbindingar sínar. Undirrituð draga ekki í efa að sjóðstjórn þarf að grípa til aðgerða, en þar sem málið hefur fengið afar litla umfjöllun í nefnd og ekki hefur gefist ráðrúm til að ræða við samtök sjómanna eða þá sem málið snertir treysta undirritaðir nefndarmenn sér ekki til að bera ábyrgð á afgreiðslu þessa máls og munu því sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 16. maí 1992.

Kristín Ástgeirsdóttir, frsm. Steingrímur J. Sigfússon.

998. Breytingartillögur [489. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, sbr. lög nr. 10/1978, nr. 15/1980, nr. 48/1981 og nr. 78/1985.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (MB, RG, HÁ, VE, JGS, ÁMM).

1. Síðari málsliður 10. gr. falli brott.
2. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

   Örorkumat örorkulífeyrisþega, sem nýtur bóta vegna orkutaps fyrir gildistöku laga þessara, skal fyrstu fimm árin eftir gildistöku laganna miða við vanhæfni sjóðfélaga til þess að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd en eftir það skal miða við vanhæfni til almennra starfa. Þá skal breyting á barnalífeyri örorkulífeyrisþega vegna áhrifa ákvæðis 8. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda fyrr en fimm árum eftir gildistöku þeirra.

999. Nefndarálit [534. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, Ásmund Stefánsson, forseta ASÍ, Óskar Vigfússon, formann Sjómannasambands Íslands, og Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóra þess, Þórarin V. Þórarinsson, framkvæmdastjóra VSÍ, Svein Hjört Hjartarson, hagfræðing LÍÚ, Árna Benediktsson frá Íslenskum sjávarafurðum, Arnar Sigurmundsson, formann Samtaka fiskvinnslustöðva, Friðrik Pálsson, forstjóra Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sigurð Haraldsson, framkvæmdastjóra Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, Ólaf B. Ólafsson frá Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins og Ögmund Jónasson, formann BSRB.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. Jafnframt beinir hún því til sjávarútvegsráðherra að við þá endurskoðun á frambúðarfyrirkomulagi sveiflujöfnunar í sjávarútvegi, sem nú stendur yfir, verði það tryggt að greiðslur í og úr sveiflujöfnunarsjóðum hafi ekki bein áhrif á hlutaskipti sjómanna.

Anna Ólafsdóttir Björnsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti, en hefur fyrirvara. Einstakir nefndarmenn munu gera grein fyrir afstöðu sinni við umræðu um málið.

Alþingi, 18. maí 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Árni R. Árnason.	Vilhjálmur Egilsson.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.
Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.

1000. Frumvarp til laga [222. mál]

um málefni fatlaðra.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

I. KAFLI
Markmið og skilgreining.

1. gr.

Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.

Við framkvæmd á markmiðum laganna skal tryggja heildarsamtökum fatlaðra og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðra.

2. gr.

Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.

II. KAFLI
Stjórn og skipulag.

3. gr.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn málefna fatlaðra samkvæmt lögum þessum. Skal félagsmálaráðuneytið annast stefnumótun, gerð heildaráætlana og eftirlit með framkvæmd laganna.

4. gr.

Sérstök nefnd skal vera félagsmálaráðuneyti til ráðgjafar um málefni fatlaðra. Nefnist hún stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og skal hún skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar, þar af annan formann.

Stjórnarnefnd skal gera tillögur til félagsmálaráðherra um sérhæfða þjónustu við fatlaða á landsvísu sem er óháð skiptingu í starfssvæði skv. 5. gr. Þá fer stjórnarnefnd með stjórn Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sbr. 38. gr.

5. gr.

Landinu skal skipt í starfssvæði málefna fatlaðra og fer svæðaskipting eftir kjördæmaskipan.

Heimilt skal að skipta starfssvæðum í sérstök þjónustusvæði. Þjónustusvæði geta miðast við einstök sveitarfélög, héraðsnefndir eða byggðasamlög sveitarfélaga, sbr. sveitarstjórnarlög, eða heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu.

6. gr.

Á hverju starfssvæði, sbr. 5. gr., skal starfa fimm manna svæðisráð í málefnum fatlaðra.

Svæðisráð skulu hafa eftirtalin verkefni:

1. Að gera tillögur til félagsmálaráðuneytis og svæðisskrifstofu um þjónustu og stuðla að samræmingu hennar á svæðinu.
2. Að hafa eftirlit með að þjónusta, starfsemi og rekstur stofnana samkvæmt lögum þessum séu í samræmi við markmið laganna.
3. Að veita félagsmálaráðuneyti umsögn um svæðisáætlanir, sbr. 4. tölul. 12. gr., um uppbyggingu þjónustu fyrir fatlaða, sbr. 41. gr., og um nýja eða breytta starfsemi, sbr. 45. gr.
4. Að annast réttindagæslu fatlaðra skv. XV. kafla, þar á meðal að fatlaðir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.
5. Að hafa frumkvæði að aukinni ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra, sbr. ákvæði 13. gr. um þjónustusamninga.

Í svæðisráði sitja sjö fulltrúar og skulu þeir skipaðir af ráðherra til fjögurra ára í senn. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið skulu tilnefna sinn fulltrúann hvor og svæðisbundin samtök sveitarfélaga þrjá og skal einn þeirra vera félagsmálastjóri á svæðinu. Jafnframt skulu fræðslustjóri og héraðslæknir eiga sæti í svæðisráði.

Svæðisráð kýs sér sjálft formann.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um störf svæðisráða.

III. KAFLI
Almenn þjónusta.

7. gr.

Fatlaðir skulu eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ávallt skal leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Reynist þjónustuþörf hins fatlaða meiri en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal hinn fatlaði fá þjónustu samkvæmt lögum þessum.

IV. KAFLI
Stoðþjónusta.

8. gr.

Veita skal fötluðum þjónustu sem miðar að því að gera þeim kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra. Stoðþjónustu þessa skal veita á hverju svæði með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Skal hún miðast við eftirtaldar þarfir fatlaðra:

1. Þarfir fatlaðra fyrir þjónustu á heimilum sínum sem felst í því að treysta möguleika þeirra til sjálfstæðs heimilishalds. Um þjónustu þessa fer m.a. samkvæmt ákvæðum X. kafla.
2. Þarfir fatlaðra til hæfingar, endurhæfingar og atvinnu sem m.a. felast í því að þeir geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu. Um þjónustu þessa fer m.a. samkvæmt ákvæðum XI. og XII. kafla.
3. Þarfir fatlaðra fyrir sálfræðiþjónustu, ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þar með talið að njóta tómstunda og menningarlífs. Um þjónustu þessa fer m.a. samkvæmt ákvæðum 10. tölul. 12. gr., 24. gr. og XIV. kafla.
4. Þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri aðstoð við fjölskyldur þeirra svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Þjónusta þessi er m.a. skv. VIII. og IX. kafla.

V. KAFLI
Þjónustustofnanir.
9. gr.

Starfrækja skal þjónustustofnanir fyrir fatlaða í því skyni að koma til móts við sértækar þarfir þeirra svo að þeir geti lifað sjálfstæðu lífi.

Þjónustustofnanir þessar skulu starfræktar á hverju svæði eftir því sem þörf er á:

1. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar.
2. Dagvistarstofnanir fatlaðra.
3. Verndaðir vinnustaðir.
4. Leikfangasöfn.
5. Skammtímavistun.

Félagsmálaráðherra er heimilt að bæta við þjónustustofnunum eða fella niður að fenginni umsögn stjórnarnefndar.

Félagsmálaráðherra veitir leyfi fyrir starfsemi nýrra stofnana, svo og fyrir meiri háttar breytingum á starfsemi stofnana að fengnum tillögum svæðisráða og stjórnarnefndar.

VI. KAFLI
Búseta.
10. gr.

Fatlaðir skulu eiga kost á búsetu í samræmi við þarfir þeirra og óskir eftir því sem kostur er. Búseta fatlaðra, sem lög þessi taka til, getur verið:

1. Félagslegar íbúðir.
2. Verndaðar íbúðir.
3. Sambýli.
4. Vistheimili.
5. Heimili fyrir börn.
6. Áfangastaðir.

Félagsmálaráðherra veitir starfsleyfi skv. 3.–6. tölul. þessarar greinar.

Búseta fatlaðra samkvæmt lögum þessum skal vera í íbúðabyggð, sbr. skipulagslög.

11. gr.

Umsóknir um þjónustu á stofnunum skv. 1.–3. tölul. 9. gr., svo og um búsetu skv. 2.–6. tölul. 10. gr., skulu sendar viðkomandi svæðisskrifstofum í málefnum fatlaðra, sbr. 12. gr. Umsókn er gild þegar hinn fatlaði eða forráðamaður hans stendur að henni. Svæðisskrifstofur meta þörf hins fatlaða fyrir þjónustu og ósk hans um búsetu í samráði við viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðila. Svæðisskrifstofur taka ákvarðanir um þjónustu og búsetuform að höfðu samráði við umsækjanda og væntanlegt sambýlisfólk. Sé um að ræða stofnanir, sem reknar eru af öðrum en ríkinu, þarf að koma til samþykki rekstraraðila. Óheimilt er að ákveða búsetuform skv. 2.–6. tölul. 10. gr. án þess að þörf fyrir þjónustu hafi verið metin.

Verði ágreiningur um afgreiðslu umsóknar fjallar svæðisráð um það mál.

VII. KAFLI
Framkvæmd þjónustunnar.
12. gr.

Á hverju starfssvæði, sbr. 5. gr., skal starfrækt skrifstofa fyrir málefni fatlaðra nema sveitarfélög yfirtaki þjónustu að öllu leyti skv. 13. gr. Svæðisskrifstofur í málefnum fatlaðra skulu hafa með höndum eftirfarandi viðfangsefni:

1. Að annast rekstur fyrir fatlaða á vegum ríkisins, svo og aðra þjónustu og starfsemi fyrir fatlaða á vegum ríkisins samkvæmt lögum þessum.
2. Að bera ábyrgð á framkvæmdum í málefnum fatlaðra sem veitt er fé til úr Framkvæmdasjóði, sbr. 40. gr., og ekki eru á vegum sveitarfélaga eða sjálfseignarstofnana.
3. Að safna upplýsingum um þörf fyrir þjónustu vegna fatlaðra samkvæmt lögum þessum.
4. Að annast gerð svæðisáætlunar til þriggja ára um uppbyggingu þjónustu við fatlaða og leggja fyrir svæðisráð til umsagnar.
5. Að veita svæðisráðum aðstoð og þjónustu til þess að þau geti sem best sinnt hlutverki sínu.
6. Að annast mat á þörf hins fatlaða fyrir þjónustu, sbr. 2. gr., í samráði við greiningaraðila.
7. Að eiga samstarf og samráð við héraðslækna og fræðslustjóra vegna málefna fatlaðra.
8. Að eiga samstarf við sveitarfélög vegna félagsþjónustu og ferlimála fatlaðra.
9. Að annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna samkvæmt lögum um almannatryggingar.
10. Að sjá til þess að fatlaðir fái sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf á svæðinu.

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa að fenginni umsögn svæðisráða. Framkvæmdastjórum skal sett erindisbréf.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um starfsemi svæðisskrifstofa.

13. gr.

Svæðisráð skal eiga frumkvæði að því að unnið sé að samningum milli ríkis og sveitarfélaga um það að sveitarfélögin annist þjónustu við fatlaða að hluta til eða að öllu leyti, ýmist á vettvangi sveitarfélaga, byggðasamlaga eða héraðsnefnda. Skal ráðuneytið leita álits og umsagnar stjórnarnefndar um slíka samninga. Í þeim samningum skal kveðið á um þá þjónustu sem sveitarfélögunum er ætlað að inna af hendi, greiðslu kostnaðar úr ríkissjóði og framlög til stofnana úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, enda sé ráð fyrir slíku gert í heildaráætlun, sbr. 41. gr.

Þegar sveitarfélögin annast þjónustu við fatlaða að öllu leyti á sérstökum þjónustusvæðum, sbr. 5. gr., skulu greiðslur miðast við fjölda fatlaðra á svæðinu og þörf þeirra fyrir þjónustu annars vegar, svo og sannanlegan rekstrarkostnað einstakra stofnana hins vegar.

Þegar sveitarfélög annast einstaka þjónustuþætti skal miða greiðslur við sannanlegan rekstrarkostnað. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um samninga við sveitarfélögin samkvæmt grein þessari.

14. gr.

Leyfi til handa sveitarfélögum, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum til að setja á fót og reka stofnanir skv. 9. gr. eða heimili fyrir fatlaða skv. 3.–6. tölul. 10. gr. veitir félagsmálaráðherra að fenginni umsögn viðkomandi svæðisráðs.

15. gr.

Svæðisráð annast eftirlit með stofnunum fyrir fatlaða. Skylt er að veita fulltrúum svæðisráða aðgang að stofnunum og heimilum fatlaðra, sem leyfi hafa verið veitt til skv. 14. gr., til eftirlits og upplýsinga um allt er varðar starfsemi þeirra og rekstur. Svæðis-

ráðum ber að leiðbeina um það sem betur má fara. Félagsmálaráðherra getur svipt rekstraraðila starfsleyfi að tillögu svæðisráðs hafi hann ekki uppfyllt kröfur þess eða ráðuneytis um það sem talið er ábótavant í rekstri innan ákveðinna tímamarka.

VIII. KAFLI
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

16. gr.

Á vegum ríkisins skal vera starfrækt ein greiningar- og ráðgjafarstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Verkefni hennar eru:

1. Athugun, rannsókn og greining á fötluðum sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði.
2. Gerð, prófun og mat viðeigandi meðferðar- og þjálfunaráætlana. Ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir foreldra/forráðamenn eða aðra meðferðaraðila.
3. Langtímameðferð fyrir þá einstaklinga sem þarfnast hennar, enda sé hún ekki fáanleg á öðrum stofnunum eða annars staðar.
4. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi skjólstæðingur njóti þar þeirrar þjónustu og þjálfunar sem þörf er hverju sinni. Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda til að láta meðferðaraðilum í té leiðbeiningar og ráðgjöf þegar þess er óskað.
5. Starfræksla leikfangasafns. Útlán leikfanga til foreldra og forráðamanna ásamt ráðgjöf og leiðbeiningum. Enn fremur fagleg aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu og starfsemi annarra leikfangasafna á landinu.
6. Fagleg aðstoð til svæðisskrifstofa og að veita umsögn um þjónustu og vistun á stofnunum þegar þess er óskað.
7. Skráning og varðveisla upplýsinga um fötlun einstaklinga í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.
8. Fræðilegar rannsóknir á sviði fötlunar og fagleg ráðgjöf varðandi kannanir á högum fatlaðra í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og svæðisskrifstofur.

Félagsmálaráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og verkefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar skal hafa sérþekkingu á málefnum fatlaðra og skal hann bera ábyrgð á faglegri starfsemi og samskiptum við aðrar stofnanir. Framkvæmdastjóri skal bera ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar og hafa umsjón með daglegum rekstri. Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann og framkvæmdastjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Stjórn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins skipa fimm menn. Skulu Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna sinn aðilann hvor, stjórnarnefnd einn en ráðherra skipar tvo án tilnefningar, þar af annan formann.

IX. KAFLI
Málefni barna og fjölskyldna fatlaðra.

17. gr.

Komi í ljós einkenni eftir fæðingu er benda til þess að barn geti verið fatlað ber að hlutast til um að fram fari frumgreining. Leiði frumgreining í ljós að þörf sé frekari greiningar eða meðferðarúrræða skal tilkynna það Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða öðrum viðeigandi aðilum sem leita heppilegra úrræða í samráði við foreldra.

18. gr.

Starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, skólakerfi og félagsþjónustu skulu sérstaklega gefa gaum andlegu og líkamlegu atgervi barna. Verði þeir þess áskynja að barn hafi einkenni um fötlun skal upplýsa forráðamenn um það. Fer um slíkt skv. 17. gr.

19. gr.

Fötluð börn skulu eiga rétt til leikskóladvalar á vegum sveitarfélaga og skal veita hana á almennum leikskólum með nauðsynlegri stuðningsþjónustu eða á sérhæfðum deildum, sbr. lög um leikskóla, nr. 48/1991.

20. gr.

Fötluð börn skulu eiga kost á þjónustu leikfangasafna. Auk útlána úr leikfangasafni fer þar fram þroska- og leikþjálfun barna. Á leikfangasöfnum skal veitt uppeldisleg ráðgjöf og leiðbeiningar við notkun leikfanga í þjálfunarskyni.

21. gr.

Fjölskyldur fatlaðra barna skulu eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Dvöl fatlaðs einstaklings hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil. Um þjónustu þessa fer samkvæmt reglugerð.

22. gr.

Foreldrar skulu eiga kost á skammtímavistun fyrir fötluð börn sín þegar þörf krefur. Skammtímavistun er ætlað að veita fötluðum tímabundna dvöl til hvíldar eða vegna erfiðra heimilisaðstæðna, svo sem vegna veikinda eða annars álags.

23. gr.

Stuðla skal að því að fötluð börn eigi kost á sumardvöl þegar þörf er á. Sumardvöl er ætlað að gefa fötluðum kost á að skipta um umhverfi og dveljast utan heimilis síns sér til ánægju og tilbreytingar.

X. KAFLI
Liðveisla.

24. gr.

Sveitarfélög skulu eftir föngum gefa fötluðum kost á liðveislu. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

25. gr.

Í sérstökum tilvikum skal veita fötluðum einstaklingum frekari liðveislu sem felur í sér margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Svæðisskrifstofur taka ákvörðun um frekari liðveislu samkvæmt heimildum fjárlaga hverju sinni að fenginni umsögn svæðisráða.

XI. KAFLI
Félagsleg hæfing og endurhæfing.

26. gr.

Fatlaðir skulu njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni fatlaðra til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Starfrækja

skal sérstakar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, svo og dagvistarstofnanir fyrir fatlaða sem geta veitt þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun. Iðju- og starfsþjálfun skal jafnframt veita á vernduðum vinnustöðum, sbr. 30. gr.

Um læknisfræðilega endurhæfingu fer samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

27. gr.

Heimilt er að veita fötluðum aðstoð vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Svæðisskrifstofur eða sveitarfélög, sbr. 13. gr., annast mat á þörf á aðstoð skv. 1.–2. tölul.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara ákvæða, svo sem skilyrði sem uppfylla þarf til að njóta aðstoðarinnar og viðmiðunarreglur um fjárhæð styrkja.

XII. KAFLI
Atvinnumál.

28. gr.

Á hverju starfssvæði skal starfrækt atvinnuleit sem hefur það markmið að afla fötluðum atvinnu við sitt hæfi. Í tengslum við atvinnuleit skal veita starfsráðgjöf. Þar sem sveitarfélög starfrækja sérstaka vinnumiðlun skal fela þeirri vinnumiðlun að annast atvinnuleit fatlaðra samkvæmt sérstökum samningi.

29. gr.

Veita skal fötluðum aðstoð til að sinna störfum á almennum vinnumarkaði þegar þess gerist þörf. Skal það gert með sérstakri liðveislu á vinnustað, svo og fræðslu og leiðbeiningum til annars starfsfólks.

Veita skal fötluðum starfsþjálfun í almennum fyrirtækjum eða stofnunum þar sem því verður við komið. Í þeim tilvikum skal gera sérstakan samning þar sem m.a. er kveðið á um þjálfunartímabil og greiðslu kostnaðar.

30. gr.

Á hverju starfssvæði skal fötluðum standa til boða vernduð vinna á almennum vinnumarkaði. Vernduð vinna getur falist í störfum sem skipulögð eru með tilliti til fötlunar. Heimilt skal jafnframt að starfrækja verndaða vinnustaði fyrir fatlaða. Verndaðir vinnustaðir skulu annars vegar veita fötluðum launaða starfsþjálfun svo að þeir geti starfað á frjálsum vinnumarkaði. Hins vegar skulu þeir veita fötluðum launuð föst störf.

31. gr.

Félagsmálaráðuneytið beitir sér fyrir, í samráði við samtök fatlaðra og aðila vinnumarkaðarins, að reglulega sé gerð könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum og í framhaldi af því verði gerðar tillögur um úrbætur.

32. gr.

Fatlaðir skulu eiga forgang að atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Sé að mati svæðisráðs

gengið á rétt fatlaðs manns við veitingu starfs getur það krafið veitingarvaldhafa um skriflega greinargerð fyrir ákvörðun sinni í sambandi við stöðuveitinguna.

XIII. KAFLI
Húsnæðismál.

33. gr.

Stuðla skal að því að fötluðum standi til boða félagslegar íbúðir, þ.e. félagslegar leiguíbúðir, kaupleiguíbúðir og félagslegar eignaríbúðir samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Heimilt er að ráðstafa fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra í því skyni að standa undir framlagi framkvæmdaraðila við byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum fyrir fatlaða sem ætlaðar eru til leigu, sbr. 4. tölul. 40. gr.

XIV. KAFLI
Ferlimál og ferðaþjónusta.

34. gr.

Sveitarstjórnir skulu sinna ferlimálum fatlaðra með skipulögðum hætti, m.a. með gerð áætlana um endurbætur á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana í samræmi við ákvæði byggingarlaga og byggingarreglugerðar, sbr. og skipulagslög og skipulagsreglugerð. Svæðisskrifstofur skulu koma á framfæri ábendingum til byggingarnefnda um úrbætur á sviði ferlimála.

Heimilt er sveitarstjórn að skipa samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra, með þátttöku samtaka fatlaðra, sem m.a. geri tillögur um forgangsröðun verkefna á sviði ferlimála.

35. gr.

Sveitarfélög skulu gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu. Markmið ferðaþjónustu fatlaðra er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda. Sveitarfélög setja reglur um rekstur ferðaþjónustu fatlaðra.

Jafnframt skulu fatlaðir eiga rétt á ferðaþjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir skv. 1.–4. tölul. 9. gr. og vegna annarrar sértækrar þjónustu sem veitt er fötluðum sérstaklega.

XV. KAFLI
Réttindagæsla fatlaðra.

36. gr.

Svæðisráð í málefnum fatlaðra skulu standa vörð um rétt fatlaðra til þjónustu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum eftir því sem við á. Starfsmenn, sem sinna þjónustu við fatlaða og starfa á stofnunum fatlaðra, skulu standa vörð um hagsmuni þeirra og gæta þess að réttindi þeirra séu virt.

37. gr.

Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga á heimilum fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 10. gr. á sviði einkalífs og meðferðar fjármuna þeirra skulu svæðisráð skipa sérstakan trúnaðarmann fatlaðra á hverju svæði.

Trúnaðarmaður fylgist með högum hinna fötluðu og skulu forstöðumenn viðkomandi heimila veita honum nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Sé um að ræða skráðar upplýsingar um persónuleg atriði eða upplýsingar um einkafjármuni hins fatlaða skal leitað eftir samþykki hans.

Telji hinn fatlaði að réttur hans sé fyrir borð borinn getur hann tilkynnt það trúnaðar-

manni sem veitir honum nauðsynlegan stuðning og kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun metur trúnaðarmaður hvort málið skuli lagt fyrir svæðisráð. Sama gildir telji trúnaðarmaður að réttur hins fatlaða sé ekki virtur.

Telji aðstandendur fatlaðra, hagsmunasamtök fatlaðra eða aðrir sem láta sig hag fatlaðra varða að réttur fatlaðra á heimili fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 10. gr. sé ekki virtur skal tilkynna það trúnaðarmanni sem kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun metur trúnaðarmaður hvort málið skuli lagt fyrir svæðisráð.

Svæðisráð sér um að mál samkvæmt þessari grein fái þá meðferð sem við á hverju sinni, lögum samkvæmt. Trúnaðarmaður veitir hinum fatlaða stuðning við meðferð málsins sé þess óskað.

XVI. KAFLI
Framkvæmdasjóður fatlaðra.

38. gr.

Framkvæmdasjóður fatlaðra, sem stofnaður var með lögum nr. 41/1983, skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytis og skal stjórnarnefnd annast stjórn sjóðsins, sbr. 4. gr. Þegar stjórnarnefnd fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis taka sæti í nefndinni.

Sjóðstjórn gerir tillögur til ráðherra um úthlutun.

39. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra eru:

1. Óskertar tekjur Erfðafjársjóðs.
2. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum hvers árs.
3. Sérstakt framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun Alþingis til uppbyggingar þjónustu í þágu geðfatlaðra næstu fimm ár frá gildistöku laga þessara.
4. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
5. Vaxtatekjur.

40. gr.

Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur eftirfarandi hlutverk:

1. Sjóðurinn skal fjármagna stofnkostnað þjónustustofnana fatlaðra, sbr. 9. gr., og heimila fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 10. gr. sem eru á vegum ríkisins.
2. Sjóðurinn fjármagnar þjónustustofnanir og heimili fatlaðra á vegum sveitarfélaga, sbr. 1. tölul., eftir því sem nánar er kveðið á um í samningum skv. 13. gr.
3. Heimilt er sjóðnum að veita félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum styrk til að koma á fót þjónustustofnunum og heimilum fatlaðra, sbr. 1. tölul.
4. Sjóðnum er heimilt að veita framkvæmdaraðilum félagslegra leiguíbúða og kaupleiguíbúða í leigu, sbr. lög um Húsnæðisstofnun ríkisins og 1. og 2. tölul. 10. gr. laga þessara, styrk til greiðslu framlags sem framkvæmdaraðilum ber að leggja fram samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Styrkur þessi má nema helmingi af framlagi framkvæmdaraðila þegar sveitarfélög eiga í hlut, en má ná til alls framlagsins þegar um aðra framkvæmdaraðila er að ræða. Framlag Framkvæmdasjóðs samkvæmt þessu ákvæði er endurkræft sé íbúð tekin til annarra nota en í þágu fatlaðra.
5. Heimilt er að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga með það að markmiði að hreyfihamlaðir og blindir geti athafnað sig með eðlilegum hætti. Framlag úr sjóðnum skal aldrei vera meira en sem nemur helmingi af kostnaði vegna hverrar einstakrar framkvæmdar.

6. Heimilt er að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhaldsframkvæmda, sem ekki falla undir rekstrarviðhald í skilningi fjárlaga, á þeim heimilum fatlaðra og þjónustustofnunum fatlaðra, sbr. 1.–3. tölul., sem byggðar/keyptar hafa verið og falla innan gildissviðs þessara laga. Úthlutun þess fjár sem varið er til viðhaldsframkvæmda skal vera í höndum félagsmálaráðuneytis.
7. Auk verkefna skv. 1.–6. tölul. er Framkvæmdasjóði fatlaðra heimilt að veita fé til annarra framkvæmda sem nauðsynlegar eru taldar í þágu fatlaðra, svo sem breytinga á almennum vinnustöðum þar sem fatlaðir starfa. Enn fremur er sjóðnum heimilt að veita fé til kannana og áætlana í málefnum fatlaðra.

XVII. KAFLI
Fjármögnun og rekstur.

Stofnkostnaður.

41. gr.

Svæðisskrifstofur í málefnum fatlaðra annast gerð svæðisáætlana um þjónustu við fatlaða og skulu svæðisráð veita umsögn um þær. Félagsmálaráðuneytið annast gerð heildaráætlunar á grundvelli svæðisáætlana ásamt tillögum stjórnarnefndar um framkvæmdir vegna sérhæfðrar þjónustu á landsvísu.

42. gr.

Stjórnarnefnd gerir árlega tillögur um framlög úr Framkvæmdasjóði í samræmi við heildaráætlun skv. 41. gr.

43. gr.

Framkvæmdasjóður fatlaðra greiðir að fullu stofnkostnað þjónustustofnana skv. 9. gr. og heimila fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 10. gr. á vegum ríkisins og samkvæmt samningi við sveitarfélög skv. 13. gr.

44. gr.

Framlög úr Framkvæmdasjóði til sveitarfélaga, félaga fatlaðra og sjálfseignarstofnana skulu innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi við félagsmálaráðuneytið. Í slíkum samningi skal kveðið á um að óheimilt sé að ráðstafa húsnæðinu eða selja það nema með samþykki félagsmálaráðuneytis og skal kvöð um það þinglýst. Framlagið er afturkræft sé húsnæðinu ráðstafað til annarra en fatlaðra, sbr. 3. tölul. 40. gr.

Rekstur.

45. gr.

Svæðisskrifstofur skulu árlega gera fjárlagatillögur og senda þær til félagsmálaráðuneytis. Sé um rekstur á vegum sveitarfélaga að ræða, sbr. 13. gr., skulu þau senda fjárlagatillögur sínar til viðkomandi svæðisskrifstofu til umsagnar. Sama gildir um félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem hafa á hendi rekstur í þágu fatlaðra. Tillögur um nýja eða breytta starfsemi skal senda svæðisráðum til umsagnar.

46. gr.

Gera skal fjárlagatillögur um stoðþjónustu byggða á grundvelli 8. gr.

47. gr.

Fjárlagatillögur vegna þjónustustofnana skv. 9. gr. og heimila fatlaðra skv. 3.–6. tölul.

10. gr. skulu miðast við mat á þjónustuþörf. Skal slíkt mat fara fram þegar starfsemi hefst og síðan árlega.

48. gr.

Þjónusta og annar rekstrarkostnaður samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Þó skulu sveitarfélög greiða kostnað vegna liðveislu, sbr. 24. gr., ferlimála, sbr. 34. gr., og ferðaþjónustu, sbr. 35. gr. Um kostnað vegna leikskóladvalar fatlaðra barna, sbr. 19. gr., fer samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 48/1991. Þó skal ríkissjóður greiða þann kostnað sem er umfram almennar greiðslur vegna fatlaðra barna í leikskólum.

49. gr.

Tekjur, sem falla til vegna starfsemi stofnana, svo sem af atvinnurekstri, skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði þeirra.

50. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða gjaldtöku vegna þjónustu skv. 21. og 22. gr. enda njóti viðkomandi umönnunarbóta eða örorkulífeyris og tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar.

51. gr.

Ferðir fatlaðra til og frá þjónustustofnunum skv. 1.–4. tölul. 9. gr. og vegna annarrar nauðsynlegrar þjónustu, sem veitt er fötluðum sérstaklega, greiðist á vegum sveitarfélaga. Ákvæði þetta á þó ekki við um akstur til og frá sumardvalarheimili og skammtímavistun.

Félagsmálaráðherra skal setja reglur um greiðslu kostnaðar við ferðir fatlaðra utan af landsbyggðinni til og frá Greiningarstöð ríkisins sem greiðist úr ríkissjóði. Skal þar höfð hliðsjón af reglum um ferðakostnað sjúklinga innan lands samkvæmt lögum um almannatryggingar, eftir því sem við á.

52. gr.

Kostnaður vegna starfsemi svæðisskrifstofa, svæðisráða og stjórnarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

53. gr.

Sjálfseignarstofnanir og stofnanir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka, sem reknar eru samkvæmt lögum þessum og njóta framlaga úr ríkissjóði, skulu skila félagsmálaráðuneyti, viðkomandi svæðisráði, Ríkisbókhaldi og Ríkisendurskoðun ársreikningi undirrituðum af löggiltum endurskoðanda ásamt skýrslu um starfsemi liðins árs.

XVIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

54. gr.

Sérhverjum, er starfar samkvæmt lögum þessum, ber að gæta fyllstu þagmælsku um það sem hann kemst að í starfi sínu.

55. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

XIX. KAFLI
Gildistaka.
56. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1992. Frá sama tíma falla úr gildi lög um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 87/1989. Þó skal síðari málsgrein 35. gr. og fyrri málsgrein 51. gr. öðlast gildi 1. janúar 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Þrátt fyrir ákvæði 56. gr. skal ráðstöfun fjár úr Framkvæmdasjóði fatlaðra vera samkvæmt núgildandi lögum fram til ársloka 1992.

II.

Ákvæði 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, á við þar til ákvæði um umönnunarbætur fatlaðra barna hefur öðlast gildi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

III.

Lög þessi skal endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra. Endurskoðun laganna skal m.a. miða að því að auka ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra.

1001. Frumvarp til laga [539. mál]

um húsgöngusölu o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Lög þessi eiga við um samninga sem gerðir eru í húsgöngusölu milli seljanda sem lætur í té vöru eða þjónustu og neytanda í söluferð sem seljandi skipuleggur utan fastrar starfsstöðvar sinnar eða í tengslum við sölustarfsemi á heimili neytandans eða annars neytanda eða á vinnustað neytandans og neytandi hefur ekki óskað eftir.

Lögin eiga einnig við um samninga sem gerðir eru um afhendingu vöru eða þjónustu, annarrar en þeirrar sem tengist komu seljanda að beiðni neytandans sjálfs. Það er skilyrði að þegar neytandinn hefur sjálfur óskað eftir komu seljandans hafi honum ekki verið kunnugt um eða getað verið kunnugt um að afhending þeirrar vöru eða þjónustu væri hluti af viðskipta- eða þjónustustarfsemi seljanda.

Lögin eiga við um samninga þar sem neytandinn leggur fram tilboð við svipaðar aðstæður og lýst er í 1. mgr. eða 2. mgr. þótt neytandinn sé ekki bundinn af því tilboði fyrr en seljandi hefur gengið að því.

Lögin eiga einnig við um tilboð sem neytandinn gerir samningsbundið við svipuð skilyrði og lýst er í 1. mgr. eða 2. mgr. þegar neytandinn er bundinn af tilboði sínu.

2. gr.

Húsgöngusala merkir farandsölu sem venjulega fer fram með þeim hætti að seljandi kveður óbeðinn dyra hjá neytanda og býður varning eða þjónustu til sölu.

Neytandi merkir í lögum þessum einstakling sem í viðskiptum, sem lög þessi taka til, kemur fram sem kaupandi og í tilgangi sem telja má óskyldan starfi hans.

Seljandi merkir í lögum þessum einstakling eða lögaðila sem vegna hlutaðeigandi viðskipta kemur fram í atvinnuskyni sem verslunarmaður eða hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda.

Fjarsala merkir í lögum þessum sölu sem fer fram milli kaupanda og seljanda án þess að þeir hittist augliti til auglitis. Þetta getur gerst með notkun síma, bréfsíma, sjónvarps, sölulista og heimatölvu.

3. gr.

Lög þessi eiga ekki við um:

1. Samninga um smíði, sölu og leigu fasteigna eða samninga um önnur réttindi í sambandi við fasteignir.
   Samningar um að látnar skuli í té vörur og þær felldar að fasteignum eða samningar um viðgerðir fasteigna skulu þó falla undir gildissvið laganna.
2. Samninga um reglubundna afhendingu matvöru, drykkjarvöru eða annarrar vöru sem ætluð er til heimilisnota.
3. Vátryggingasamninga.
4. Samninga um verðbréfakaup.
5. Samninga um afhendinga vöru eða þjónustu að því tilskildu að eftirfarandi þrjú skilyrði séu uppfyllt:
   a. Að gengið sé frá samningnum á grundvelli sölubæklings seljanda sem neytandinn hefur fengið tækifæri til að skoða án þess að umboðsmaður seljanda sé viðstaddur.
   b. Að ráðgert sé framhald á sambandi neytanda og umboðsmanns seljanda með tilliti til yfirstandandi viðskipta eða annarra viðskipta síðar.
   c. Að í sölubæklingi og samningi komi skýrt og greinilega fram réttur neytanda til að skila vörunum aftur til þess sem lét hana í té innan tíu daga hið minnsta frá móttöku vörunnar eða að öðrum kosti falla frá samningnum án annarrar skuldbindingar en þeirrar að veita vörunni eðlilega umsjá.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. er heimilt að undanskilja samninga um afhendingu vöru eða þjónustu sem er í beinum tengslum við þá vöru og þjónustu sem orðið hafa tilefni til þess að neytandi óskaði sjálfur eftir heimsókn seljanda.

4. gr.

Þegar um er að ræða samninga er falla undir 1. gr. skal seljandi upplýsa neytanda skriflega um rétt hans til þess að segja samningnum upp innan þess frests sem um getur í 5. gr. Jafnframt skal í hinum skriflegu upplýsingum tilkynna nafn og heimilisfang aðila sem unnt er snúa sér til með uppsögn samnings.

Hinar skriflegu upplýsingar seljanda skulu vera dagsettar og hafa að geyma einkenni þess samnings sem gerður er milli seljanda og neytanda. Þær skulu látnar neytanda í té við gerð samningsins þegar um er að ræða tilfelli eins og greinir í 1. og 2. mgr. 1. gr. eða þegar neytandi leggur fram tilboð sitt í tilvikum er greinir í 3. og 4. mgr. 1. gr.

5. gr.

Neytandi skal hafa rétt til að falla frá samningi við seljanda, er fellur undir lög þessi, með því að tilkynna um það með ábyrgðarbréfi sem sent er innan tíu daga frá því að neytanda berast í hendur upplýsingar um söluskilmála sem um getur í 4. gr.

Með tilkynningunni er neytandi leystur undan öllum skilmálum samningsins sem sagt er upp.

6. gr.

Neytandi getur ekki afsalað sér þeim réttindum sem honum eru veitt samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Nýti neytandi sér rétt til að falla frá samningi samkvæmt lögum þessum skal um réttaráhrif þess fara eftir lögum um lausafjárkaup, einkum með tilliti til endurgreiðslu vöru eða þjónustu sem látin var í té og skila á móttekinni vöru.

8. gr.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

9. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er honum heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð. Í slíkri reglugerð getur ráðherra ákveðið að lögin nái einnig til fjarsölu og getur hann sett nánari reglur um neytendavernd í því sambandi.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið, en í 72. gr. EES-samningsins, sem vísar til XIX. viðauka hans, samþykkja stjórnvöld EFTA-ríkja að laga löggjöf sína að tilteknum gerðum Evrópubandalagsins. Tilskipun EB-ráðsins frá 22. desember 1985 (85/577/EBE) fjallar um þetta efni og er frumvarpið sniðið eftir efni hennar.

Viðskiptahættir, þar sem seljendur og kaupendur gera með sér samninga eða takast á hendur einhliða skuldbindingar utan starfsstöðva seljanda verða æ algengari í samfélagi nútímans. Þeir eru í frumvarpi þessu nefndir „húsgöngusala“ sem er nýyrði er svarar til orðanna „door-to-door“ sales á enskri tungu og „dörsalg“ á skandinavískum málum. Frumvarpið nær einnig til fjarsölu, en markmið þess er að sett verði lög sem verndi neytendur gegn óréttmætum viðskiptaháttum er tengjast sölumennsku utan fastra starfsstöðva verslunarmanna eða verslunarfyrirtækja.

Það einkennir þá samninga sem gerðir eru utan starfsstöðvar seljanda að það er nær undantekningarlaust seljandinn sem á frumkvæði að viðskiptunum. Neytandinn er því oft óviðbúinn viðskiptunum og tilboð seljanda koma honum í opna skjöldu. Neytendum gefst sjaldnast kostur á því að bera gæði og verð tilboðsins saman við önnur tilboð á markaðnum. Viðskipti, sem koma neytendum í opna skjöldu, eiga ekki aðeins við um sölumennsku við húsdyr eða í heimahúsum, heldur einnig í mörgum öðrum tilvikum þegar seljandi býður vörur eða þjónustu til neytenda sem staddir eru utan fastrar starfsstöðvar seljanda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er skilgreint til hvers konar samninga frumvarpi þessu er ætlað að taka. Er hér um að ræða samninga milli seljenda og neytenda sem gerðir eru utan fastrar starfsstöðvar seljanda, t.d. á heimili neytanda eða vinnustað hans og neytandinn hefur ekki óskað eftir komu seljanda.

Um 2. gr.

Greinin hefur að geyma skilgreiningar á nokkrum hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Hér eru taldar upp þær tegundir samninga sem frumvarpið nær ekki til. Er þar um að ræða samninga er tengjast fasteignum, samninga um vörur til heimilisnota sem afhentar eru neytandanum reglulega, samning varðandi afhendingu vöru eða þjónustu þegar hann er gerður á grundvelli sölubæklings seljanda og réttur neytanda til að skila vörunni innan tíu daga frá móttöku hennar kemur skýrt fram í sölubæklingnum, vátryggingasamninga og samninga um verðbréfakaup.

Um 4. gr.

Gera þarf viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að neytandi fái skriflegar upplýsingar um rétt sinn til að rifta samningnum. Jafnframt er lögð sú skylda á seljanda að hann tilgreini skriflega nafn og heimilisfang aðila sem hægt er að snúa sér til í framhaldi af samningsgerð. Ákvæði þetta er sett í þeim tilgangi að veita neytendum aukna vernd er þeir kaupa vörur eða þjónustu af húsgöngusölum, t.d. er gallar koma upp og koma þarf kvörtunum á framfæri við seljandann.

Um 5. gr.

Með þessu ákvæði er neytanda veittur tíu daga frestur til að rifta kaupsamningi sem lög þessi ná til. Er fresturinn talinn hæfilegur tími til þess að neytanda gefist færi á því að meta þær skuldbindingar sem í kaupsamningnum felast.

Um 6. gr.

Grein þessari er ætlað að koma í veg fyrir að seljandi í húsgöngusölu geti komið sér undan þeim skyldum sem á honum hvíla, t.d. með því að bjóða neytanda sérstakan afslátt af kaupverði gegn réttindaafsali.

Um 7. gr.

Í þessari grein er vísað til laga um lausafjárkaup, um endurgreiðslu vöru eða þjónustu sem látin er í té og skil á móttekinni vöru. Í núgildandi lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922, segir í 57. gr. að sé kaupum rift eigi seljandi ekki rétt á að fá hlutinn aftur nema hann skili aftur því er hann hefur fengið af andvirði hans og kaupandi á ekki rétt á að fá andvirði endurgreitt nema hann skili aftur því er hann hafði við tekið í sama ástandi og mergð eða stærð að öllu verulegu sem það var í er hann tók við því.

Um 8. gr.

Um brot gegn lögunum skal fara að hætti opinberra mál og varða brot sektum. Þetta merkir að neytendur skulu beina kærum vegna brota á lögunum til sýslumanns eða lögreglustjóra.

Um 9. gr.

Unnið er nú að gerð samræmdra reglna um fjarsölu á vegum Evrópubandalagsins og munu EFTA-ríkin koma að því verki við gildistöku EES-samnings. Með fjarsölu er átt við viðskipti þar sem kaupandi og seljandi hittast ekki, en sölustarfsemi seljanda fer fram með aðstoð síma, bréfsíma, sjónvarpi, útsendum sölulistum, tölvusamskiptum o.fl. Þessi tegund markaðsstarfsemi er í örri þróun og þykir því nauðsynlegt að veita ráðherra heimild til þess að láta ákvæði laga þessara einnig ná til hennar eftir því sem nauðsyn krefur. Er lagt til að ráðherra geti með reglugerð fellt slíka sölustarfsemi undir lögin og um leið gefst honum ráðrúm til þess að skilgreina nánar þær tegundir markaðsstarfsemi sem um er að ræða í samræmi við sameiginlegar reglur EES-svæðisins.

Um 10. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið að því er Ísland varðar. Áformað er að samningurinn taki gildi 1. janúar 1993, en ef það dregst eitthvað þá dragist gildistaka laganna um sama tíma.

1002. Frumvarp til laga [540. mál]

um öryggi framleiðsluvöru.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Tilgangur laganna er að koma í veg fyrir að vörur og þjónusta geti valdið tjóni á mönnum, munum og umhverfi.

Til að stuðla að því er seljanda gert skylt að gefa nauðsynlegar upplýsingar í öryggis- og aðvörunarskyni og í vissum tilfellum er hægt að banna honum að bjóða fram vöru eða þjónustu eða skylda hann til að afturkalla vöru eða þjónustu af markaði.

2. gr.

Lögin ná til vöru og þjónustu sem boðin er fram í atvinnuskyni og neytendur færa sér í nyt í einhverjum mæli.

Lögin ná til framleiðslu, innflutnings, sölu, notkunar, framsals afnotaréttar og annarrar meðhöndlunar svo og til útflutnings.

Lög þessi gilda ekki ef fyrir hendi eru fyrirmæli í sérlögum sem hafa sama markmið og úrræði þessara laga.

3. gr.

Vara merkir í lögum þessum sérhverja vöru sem ætlunin er að afhenda neytendum til notkunar, gegn gjaldi eður ei, sem lið í viðskiptum hvort heldur varan er ný, notuð eða endurgerð. Þetta á þó aðeins við í þeim tilfellum sem um er að ræða viðskipti við neytendur, en ekki um vörur sem einungis eru notaðar í tengslum við atvinnurekstur. Þetta

gildir heldur ekki ef um er að ræða notaða vöru sem telst hafa fornmunagildi eða þarfnast lagfæringar fyrir notkun, þó með því skilyrði að seljandinn geri kaupanda grein fyrir því áður en viðskiptin fara fram eða kaupanda megi vera það augljóst.

Þjónusta merkir í lögum þessum sérhverja tegund þjónustu sem boðin er fram til neytenda gegn þóknun eða í kynningarskyni.

Örugg vara eða þjónusta merkir í lögum þessum sérhverja vöru eða þjónustu sem er notuð á þann hátt sem eðlilegt kann að teljast og hefur ekki í för með sér áhættu. Áhættan má þó vera í eðlilegu samræmi við notkun vörunnar og í samræmi við kröfur sem gerðar eru með tilliti til almannahagsmuna um öryggi og heilsu.

Hættuleg vara merkir í lögum þessum sérhverja vöru sem ekki fellur undir ofangreinda skilgreiningu á *öruggri vöru*.

Seljandi merkir í lögum þessum framleiðanda vöru, innflytjanda, millilið á síðari stigum og dreifingaraðila, að svo miklu leyti sem afskipti hans geta haft áhrif á öryggi vörunnar.

Neytandi merkir kaupanda vörunnar og notanda hennar.

4. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, þar á meðal um eftirlitsaðila með framkvæmd þeirra.

5. gr.

Hafi seljandi sett á markað vöru eða boðið þjónustu sem haft getur í för með sér hættu fyrir menn, muni eða umhverfi getur eftirlitsaðilinn skyldað seljanda til að veita upplýsingar er komið gætu í veg fyrir hugsanlegt tjón. Hægt er að nota eftirfarandi úrræði:

1. Skylda seljanda til að merkja vöruna sjálfa eða láta henni fylgja leiðbeiningar.
2. Skylda seljanda til að hafa upplýsingar til reiðu í öðru formi á sölustað.
3. Ef um er að ræða þjónustu má skylda seljanda til að láta af hendi leiðbeiningar í formi skriflegra upplýsinga eða í öðru formi sem seljandi notar við markaðssetninguna.

6. gr.

Hafi seljandi látið fara frá sér vöru sem getur valdið tjóni á mönnum, munum eða umhverfi getur eftirlitsaðilinn skipað honum að afturkalla vöruna. Fyrirmæli um afturköllun skulu ná til allra eintaka af vörunni. Afturköllun getur verið með eftirfarandi hætti:

1. Seljandi fái möguleika á að lagfæra vöruna þannig að hún reynist ekki lengur hættuleg.
2. Seljandi taki vöruna til baka og afhendi sams konar vöru, gallalausa.
3. Seljandi taki vöruna til baka og greiði bætur í staðinn.

7. gr.

Eftirlitsaðili getur bannað seljanda að setja vöru á markað eða bjóða þjónustu sem hætta er á að geti valdið tjóni á mönnum, munum eða umhverfi.

8. gr.

Ef ekki er hægt að nota úrræði 5.–7. gr. og veruleg hætta er á tjóni á mönnum, munum eða umhverfi skal eftirlitsaðilinn sjá til þess að aðrar aðgerðir séu tiltækar í því skyni að koma á sanngjarnan hátt í veg fyrir tjónið.

9. gr.

Nú er fyrirmælum eftirlitsaðila ekki hlýtt og getur ráðherra þá fylgt þeim eftir með ákvörðun um dagsektir. Slíkar dagsektir eru aðfararhæfar.

10. gr.

Seljanda ber að veita eftirlitsaðila þær upplýsingar sem krafist er vegna rannsóknar, auk þess sem honum ber að hafa til reiðu sýnishorn.

Seljandi getur átt rétt til bóta vegna sýnishorna er hann hefur látið af hendi í þágu rannsóknar.

Eftirlitsaðili getur skyldað seljanda til að bera kostnað við rannsókn að hluta.

Starfsmenn á vegum eftirlitsaðila eru bundnir þagnarskyldu um atriði er koma fram við rannsókn og varða starfsleyndarmál.

11. gr.

Eftirlitsaðila ber að tilkynna aðila um rökstudda ákvörðun sína svo fljótt sem unnt er og veita honum eðlilegan frest til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Heimilt er að endurskoða ákvörðun ef breyttar aðstæður eru fyrir hendi.

Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi getur eftirlitsaðilinn tekið bráðabirgðaákvörðun um fyrirmæli eða bann. Ákvörðun samkvæmt þessari grein má skjóta til ráðherra, en málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Um meðferð þeirra fer að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur gildi að því er Ísland varðar.

Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992. Skv. 72. gr. og XIX. viðauka samningsins skal samræma löggjöf ríkja efnahagssvæðisins á sviði neytendamála með ákveðnum hætti og er þar á meðal nefnd tilskipun EB-ráðsins frá 25. júní 1987 (87/357/EBE) um vörur sem reynst gætu hættulegar heilsu og öryggi neytenda eða þær virðast aðrar en þær eru. Er efni frumvarpsins byggt á tilskipuninni, en það flokkast undir hugtak sem nefnt er „produkt sikkerhed“ á skandinavískum málum og „product safety“ á ensku.

Hér á landi hafa ekki verið í gildi sérstök lög um öryggi framleiðsluvöru, en hins vegar hafa ákvæði laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, náð til þess atriðis að hluta. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga segir að þau séu sett til að sporna við því „að ekki séu hafðar á boðstólum og seldar sviknar matvörur og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur er fyrir það skorti aðallega hollustu eða séu beinlínis skaðlegar heilbrigði manna, enda má svo heita, að til þessa hafi hér á landi ekkert opinbert eftirlit verið haft með slíku“. Á þeim 56 árum sem síðan hafa liðið hefur margt breyst og lögin svara ekki lengur kalli tímans. Hafa þau nú verið endur-

skoðuð að því er matvæli varðar og frumvarp þetta kemur í stað þess sem þá stóð eftir af lögunum frá 1936.

Lög um öryggi framleiðsluvöru á Norðurlöndum.

Í **Danmörku** er verið að aðlaga gildandi löggjöf með hliðsjón af EB-tilskipuninni. Nokkur sérlög eru til varðandi vöruöryggi, t.d. um rafmagnsvörur, matvæli, snyrtivörur og eiturefni.

Í **Noregi** eru lög um öryggi framleiðsluvöru að stofni til frá árinu 1976 en gerðar hafa verið á þeim nokkrar breytingar. Tilgangur laganna er að koma í veg fyrir að framleiðsluvara valdi tjóni á heilsu manna eða umhverfi. Lögin taka til framleiðslu, innflutnings, sölu, notkunar eða annarrar meðferðar á vöru. Eftirlitsstofnun getur tekið ákvörðun um það hvaða aðferðum beri að beita til að koma í veg fyrir hugsanlegt tjón, jafnframt því sem hægt er að skylda seljanda til að veita nauðsynlegar upplýsingar í því skyni. Þau úrræði, sem eftirlitsstofnun hefur til að fylgja fyrirmælum sínum eftir, eru bann og afturköllun af markaði.

Í **Finnlandi** tóku almenn lög um öryggi framleiðsluvöru gildi 1. maí 1987. Lögunum er beitt varðandi innflutning, framleiðslu og viðskipti með neysluvörur en taka hvorki til útflutnings né þjónustu. Tilgangur laganna er að vernda heilsu og eignir neytenda. Eftirlitsstofnun getur krafist þess að gert sé við vörur og að aðvörun fylgi með þeim. Hægt er að krefjast þess að varan sé eyðilögð eða leggja bann við því að hún sé sett á markað. Eftirlitsstofnunin getur einnig gert seljandanum skylt að tilkynna um bannið á heppilegan hátt svo og um hættur sem notkun vöru getur haft í för með sér. Í finnsku lögunum er hins vegar ekki að finna ákvæði um afturköllun eða hald á vörur.

Í **Svíþjóð** tóku lögin um öryggi framleiðsluvöru gildi 1. júlí 1989. Tilgangur þeirra er að koma í veg fyrir að hættulegar vörur og þjónusta geti valdið tjóni á mönnum eða munum. Lögin taka fyrst og fremst til vöru eða þjónustu sem seljendur láta af hendi til neytenda. Seljendum ber að gera þær ráðstafanir sem lögin boða af fúsum og frjálsum vilja. Eftirlitsstofnunin getur í einstaka tilvikum samið við viðkomandi seljanda um það hvaða ráðstafana hann eigi að grípa til. Ef samkomulag næst ekki getur eftirlitsstofnunin sett seljanda ákveðin fyrirmæli eða beitt banni. Fyrirmælin geta verið fólgin í því að skylda seljanda til að gefa vissar aðvörunar- og öryggisupplýsingar, banna honum að bjóða ákveðna vöru eða þjónustu eða skylda hann til að afturkalla vöru. Aðvörunarupplýsingar og afturköllunarúrræði eru nýmæli í sænskri löggjöf en reglurnar um öryggisupplýsingar og sölubann hafa að mestu leyti verið teknar úr lögunum um markaðsöflun. Afturköllun getur verið með þrennu móti, þ.e. hægt er að láta lagfæra vöru, skipta henni eða skila henni aftur.

Í frumvarpi þessu er að mestu leyti stuðst við ákvæði sænsku laganna sem fyrirmynd, en löggjöf í Finnlandi og Noregi verður aðlöguð EB-tilskipuninni við gildistöku EES-samningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna almenna stefnuyfirlýsingu um tilgang og markmið laganna. Markmiðið er að koma í veg fyrir að vörur og þjónusta geti valdið tjóni á mönnum, munum og umhverfi. Í frumvarpinu er fjallað um þau stjórnsýsluúrræði sem þörf er á til að koma í veg fyrir hugsanlegt tjón sem stafað getur af hættulegum eiginleikum framleiðsluvöru

eða þjónustu. Þær aðferðir, sem hægt verður að nota til að ná því fram, felast í því að skylda seljanda til að veita nauðsynlegar upplýsingar, leggja bann við að bjóða fram vöru eða þjónustu eða skylda til afturköllunar af markaði.

Markmiðið með þessu frumvarpi er einnig að efla neytendavernd en brýn þörf er á að lögfesta fleiri reglur á því sviði hér á landi.

Um 2. gr.

Ákvæði frumvarpsins ná einungis til vöru eða þjónustu sem boðin er fram í atvinnuskyni. Aðeins er átt við vöru eða þjónustu sem boðin er neytendum, en ekki er hér átt við aðila sem stunda viðskipti í atvinnuskyni.

Í 2. mgr. eru talin upp þau svið sem ákvæði frumvarpsins ná yfir, allt frá fyrsta framleiðslustigi til almennrar notkunar.

Ákvæði frumvarpsins gilda ekki ef fyrir eru ákvæði í sérlögum, t.d. varðandi matvæli, lyf eða leikföng.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er fjallað um helstu skilgreiningar á hugtökum þeim er koma fram í ákvæðum frumvarpsins.

Hugtakið *vara* á einungis við framleiðsluvöru sem boðin er neytendum til notkunar gegn gjaldi eða endurgjaldslaust í tengslum við atvinnurekstur seljanda. Með *vöru* er átt við framleiðsluvöru á öllum stigum framleiðslu hvort heldur varan er seld sem hráefni, hálfunnin eða fullunnin vara. Ekki er hér gerður greinarmunur á því hvort varan er seld ný, notuð eða endurgerð. Sérstök ástæða þykir hér til að undanskilja vörur sem hafa fornmunagildi.

Með *þjónustu* er aðeins átt við þjónustu sem boðin er neytendum. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða þjónustu gegn gjaldi eða endurgjaldslaust.

Við mat á *öruggri vöru eða þjónustu* ber að miða við að hvort tveggja sé notað á eðlilegan hátt. Er meta á hvort áhættan sé í eðlilegu samræmi við notkunina ber að taka tillit til ýmissa þátta eins og samsetningar, umbúða, viðhalds, kynningar og merkingar. Sérstaklega ber að gera ríkari kröfur ef um er að ræða neytendahópa sem eru í sérstakri áhættu, t.d. börn.

Að hægt sé að útvega aðra vöru eða þjónustu sem er síður hættuleg að einhverju leyti er ekki nægileg ástæða til að telja að umrædd vara eða þjónusta sé hættuleg.

Hættuleg vara er hér skýrð með neikvæðri skýringu.

Seljandi merkir í frumvarpinu aðila á öllum stigum en það er gert að skilyrði að afskipti hans geti haft einhver áhrif á öryggi vörunnar.

Um 4. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laganna og hefur heimild til að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um hana auk þess sem þar verða sett fyrirmæli um það hvaða stofnun eigi að hafa eftirlit með því að ákvæðunum sé framfylgt.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er fjallað um eitt þeirra stjórnsýsluúrræða sem ákvæði frumvarpsins heimila eftirlitsaðila að beita, þ.e. að skylda seljanda til að veita skriflegar upplýsingar til neytenda í öryggis- og aðvörunarskyni.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er að finna fyrirmæli um afturköllun. Umfang hennar verður að vera í samræmi við þörfina á að koma í veg fyrir tjón. Gert er ráð fyrir þrenns konar aðferðum sem hægt er að beita varðandi afturköllun, þ.e. að seljandi lagfæri vöruna, afhendi nýja og sams konar vöru eða greiði bætur í stað vöru sem hann tekur aftur. Við val á milli þessarra aðgerða ber að taka mið af hættunni sem stafar af vörunni.

Fyrirmæli um afturköllun skulu ná til allra eintaka af vörunni og hægt er að binda þau við fleiri en einn seljanda ef það þykir nauðsynlegt til að ná fram markmiði laganna.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er fjallað um þriðja úrræðið sem eftirlitsstofnun getur beitt, þ.e. að leggja bann við því að seljandi setji vöru á markað eða bjóði fram þjónustu sem hætta er á að valdið geti tjóni.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er að finna ákvæði sem heimilar eftirlitsstofnun að grípa til annarra aðgerða en þeirra er að framan getur í þeim tilfellum sem ekki er hægt að beita þeim. Vissar takmarkanir verður þó að gera á svo víðtækri heimild stjórnvalds og því verður að vera um að ræða verulega hættu á tjóni. Aðgerðirnar mega ekki fara út fyrir ramma þess sem nauðsynlegt má teljast til að koma í veg fyrir tjón.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um dagsektir sem ráðherra getur lagt á seljanda ef ekki er farið að fyrirmælum eftirlitsaðila samkvæmt frumvarpinu. Með dagsektum er átt við févíti sem er úrræði til að knýja fram efndir. Greiða skal tiltekna fjárhæð fyrir hvern dag sem líður án þess að tiltekinni skuldbindingu sé fullnægt. Dagsektir eru ekki refsing heldur óbein þvingunaraðferð.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um skyldu seljanda til að veita eftirlitsaðila nauðsynlegar upplýsingar og að láta af hendi sýnishorn í þágu rannsóknar þegar þess er krafist. Ef um er að ræða verulegar fjárhæðir getur seljandi átt rétt til bóta vegna sýnishorna er hann hefur látið af hendi. Eðlilegt verður að teljast að kostnaður við rannsókn sé að mestu leyti lagður á seljanda ef hún leiðir í ljós að veruleg hætta getur stafað af vöru þeirri eða þjónustu sem hann er að bjóða.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á þá þagnarskyldu sem eftirlitsaðilar eru bundnir varðandi atriði er þeir komast að í starfi sínu og varða atvinnuleyndarmál og trúnaðarupplýsingar.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er kveðið á um skyldu eftirlitsaðila til að rökstyðja íþyngjandi ákvarðanir sínar og að veita beri aðila kost á að koma fram með andmæli sín innan eðlilegs frests. Jafnframt er hér að finna ákvæði sem heimilar endurskoðun ákvörðunar ef aðstæður hafa breyst.

Í 3. mgr. eru ákvæði um bráðabirgðabann ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Eftirlitsaðili verður þó ætíð að láta skriflegan rökstuðning fylgja ákvörðun sinni. Hægt er að skjóta ákvörðun eftirlitsaðila til ráðuneytis sem þá fjallar um málskotið sem stjórnsýslukæru. Málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, eru viss ákvæði sem fjalla að hluta til um sama málefni og frumvarp þetta. Á vegum heilbrigðisráðuneytisins hefur verið samið frumvarp til laga um matvæli sem leysa mun lög nr. 24/1936 af hólmi hvað varðar eftirlit með matvælum. Verði frumvarp þetta að lögum er því rétt að fella lögin frá 1936 úr gildi.

1003. Frumvarp til laga [541. mál]

um breytingar á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, og lögum nr. 47/1968, um vörumerki, sbr. og lög nr. 31/1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi.

1. gr.

Í stað orðanna „hér á landi“ í 2. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: á Evrópska efnahagssvæðinu.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 47/1968, um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984.

2. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Vörumerki geta verið hvers konar tákn er birta má á prenti og til þess eru fallin að greina vörur eða þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra, þ.e.:

1. orð eða orðasambönd, þar á meðal vígorð, mannanöfn, nöfn á fyrirtækjum eða fasteignum;
2. bókstafir og tölustafir;
3. myndir og teikningar;
4. útlit, búnaður eða umbúðir vöru.

3. gr.

Aftan við 2. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Í rétti þessum felst þó ekki að eigandi vörumerkisins geti hindrað að aðrir noti nafn sitt, firmanafn eða nafn á fasteign sinni í atvinnuskyni í samræmi við góða viðskiptavenju.

4. gr.

Aftan við 3. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Hætta á ruglingi telst þó vera til staðar gagnvart vel þekktu vörumerki hér á landi ef notkun á öðru líku merki felur í sér misnotkun eða rýrir aðgreiningareiginleika eða orðspor hins þekkta merkis.

5. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Yngri réttur á skráðu vörumerki getur notið verndar jafnhliða rétti á eldra vörumerki þótt merkin séu svo lík að villast megi á þeim, að því tilskildu að tilkynning um skráningu hafi verið afhent í góðri trú og eigandi eldra vörumerkisins hafi þrátt fyrir vitneskju um yngra merkið látið notkun á því afskiptalausa hér á landi í fimm ár samfellt frá skráningardegi.

6. gr.

Síðasti málsliður 1. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Í 2. málsl. 17. gr. laganna falla niður orðin: „og hver atvinnurekstur hans er“.

8. gr.

Aftan við 1. mgr. 25. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Skráningin verður þó ekki felld úr gildi vegna ruglingshættu við annað vörumerki ef skilyrði 25. gr. a eiga við um það merki.

9. gr.

Við lögin bætist ný grein, 25. gr. a, sem orðast svo:

Ef eigandi að skráðu vörumerki hefur eigi, innan fimm ára frá skráningardegi, notað vörumerkið hér á landi fyrir þær vörur eða þjónustu sem það er skráð fyrir eða hafi slík notkun ekki átt sér stað í fimm ár samfellt má ógilda skráninguna með dómi ef ekki koma fram gildar ástæður fyrir því að notkun á vörumerkingu hefur ekki átt sér stað.

Ef vörumerki er notað í annarri útfærslu en greinir í vörumerkjaskrá, þó þannig að um sé að ræða óveruleg frávik sem ekki raska aðgreiningarhæfi þess eða ef merkið hefur verið sett á vörur hér á landi sem eingöngu eru ætlaðar til útflutnings eða á umbúðir þeirra skal leggja slíkt að jöfnu við notkun skv. 1. mgr.

Ef vörumerki er notað af öðrum en eiganda, en með samþykki hans, skal leggja þá notkun að jöfnu við notkun eiganda.

Skráning verður þó ekki afmáð ef notkun á merki hefur hafist eftir lok fimm ára tímabilsins en áður en krafa um ógildingu kemur fram. Nú er krafa um ógildingu eigi lögð fram fyrr en þrír mánuðir hið skemmsta eru liðnir frá lokum fimm ára tímabilsins en eigandi merkis hefur hafið eða tekið aftur upp notkun þess á síðustu þremur mánuðum áður en krafa um ógildingu kom fram. Skal þá slík notkun ekki hafa áhrif á kröfu um ógildingu hafi eiganda merkis verið kunnugt um að krafan mundi koma fram er hann hóf undirbúning að notkun þess.

10. gr.

Við lögin bætist ný grein, 25. gr. b, sem orðast svo:

Hafi notkunarskyldu verið fullnægt fyrir hluta af þeim vörum eða þjónustu er vörumerkið var skráð fyrir skal ógildingin ekki taka til þess hluta skráningarinnar.

11. gr.

2. mgr. 26. gr. orðast svo:

Vörumerkjaskrárritari er réttur sóknaraðili í málum samkvæmt ákvæðum 13. gr., 1.–3. tölul. 14. gr., 2. mgr. 25. gr. og 25. gr. a.

12. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Eigandi að skráðu vörumerki getur veitt öðrum leyfi til að nota merkið í atvinnuskyni (nytjaleyfi). Nytjaleyfi getur tekið til allrar vöru eða þjónustu sem vörumerkið nýtur verndar fyrir eða takmarkaðs hluta skráningar. Nytjaleyfi getur tekið til landsins alls eða afmarkaðra svæða þess. Eigandi að skráðu vörumerki getur krafist vörumerkjaréttar fram yfir rétt nytjaleyfishafa brjóti hann ákvæði nytjaleyfissamnings varðandi gildistíma, leyfilega útfærslu merkis, hvar og hvernig nota má það eða ákvæði er varða gæði vöru eða þjónustu er leyfishafi býður fram undir merkinu.

Eigandi vörumerkis eða leyfishafi getur, gegn ákveðnu gjaldi, farið fram á að nytjaleyfi verði fært í vörumerkjaskrá og birt, sbr. 20. gr. Sami háttur skal á hafður er nytjaleyfi fellur úr gildi. Skráningaryfirvöld geta hafnað því að færa inn nytjaleyfi ef þau telja að notkun leyfishafa á merkinu geti leitt til ruglingshættu. Um áfrýjun slíkrar synjunar gilda ákvæði 4. mgr. 21. gr.

Leyfishafi getur því aðeins framselt rétt sinn að um það hafi verið samið.

III. KAFLI
Gildistaka.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um Evrópska efnahagssvæðið að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við frumvarp um aðild Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið sem undirritaður var í Óportó 2. maí sl.

Fjallar I. kafli frumvarpsins um breytingu á löggjöf um einkaleyfi til samræmis við ákvæði samningsins, II. kafli fjallar um breytingu á löggjöf um vörumerki til samræmis við ákvæði samningsins og þriðji kafli frumvarpins hefur að geyma gildistökuákvæði.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Hér er um að ræða samræmingu á íslenskri einkaleyfislöggjöf við ákvæði í 3. gr. í bókun 28 við EES-samninginn.

Breytingin tekur til svonefndrar neyslureglu (e. *exhaustion of rights*) er kveður á um það hvenær einkarétt samkvæmt einkaleyfi dagar uppi.

Í reglu þessari felst að hafi íslenkur einkaleyfishafi sett á markað einkaleyfisverndaða afurð í einu aðildarríki EES-samningsins hefur hann þar með afsalað sér frekari rétti til hennar samkvæmt einkaleyfinu. Hann getur með öðrum orðum ekki lengur í krafti einkaleyfisins hindrað inn- eða útflutning afurðarinnar frá einu aðildarríki EES-samningsins til annars aðildarríkis.

Um 1. gr.

Í 3. mgr. 3. gr. gildandi laga eru ákvæði varðandi nokkur tilvik þar sem einkaréttur í skilningi einkaleyfalaga getur ekki átt við eða þar sem hann dagar uppi. Í 2. tölul. greinarinnar er kveðið á um það tilvik þegar einkarétt dagar uppi af þeirri ástæðu að einkaleyfishafi eða aðili með hans samþykki setur hina einkaleyfðu afurð á markað hér á landi.

Af breytingu samkvæmt frumvarpsgreininni leiðir að umrædd endamörk einkaleyfisréttarins (neyslureglan) miðast nú við allt markaðssvæðið innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um II. kafla.

Hér er fjallað um breytingar á löggjöfinni um vörumerki til samræmis þeim breytingum sem leiðir af 65. gr. EES-samningsins og XVII. viðauka þar sem vitnað er í tilskipun nr. 89/104/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu löggjafar aðildarríkja EB varðandi vörumerki.

Samkvæmt EES-samningnum er ekki gert ráð fyrir að vörumerki aðildarríkjanna verði að öllu leyti samræmd, en breytingar þær, sem lagðar eru til í frumvarpinu, takmarkast við þau atriði í gildandi lögum sem beinlínis gætu torveldað frjálsa flutninga vöru og þjónustu milli aðildarríkja EES.

Helstu nýmæli frá gildandi löggjöf varða notkunarskyldu á skráðum vörumerkjum. Enn fremur felur frumvarpið í sér nokkra breytingu á þeim kröfum sem gerðar eru til auðkenna er unnt er að nota sem vörumerki.

Um 2. gr.

Vörumerki er samkvæmt greininni skilgreint sem hvert það tákn er birta má á prenti og uppfyllir kröfur um aðgreiningarhæfi. Í því felst að vörumerkjahugtakið er víkkað nokkuð frá gildandi lögum. Orðið tákn er hér notað í víðtækri merkingu. Það höfðar fyrst og fremst til sjónskynjunar en getur líka átt við um auðkenni sem skynjuð verða með öðrum hætti, að því tilskildu að þau uppfylli skilyrði um aðgreiningarhæfi og séu hæf til birtingar á prenti.

Um 3. gr.

Með ákvæðinu er lögð áhersla á að eigandi vörumerkis er notar þau auðkenni sem tilgreind eru í 1. málsl. greinarinnar geti ekki hindrað aðra í að nota eigið nafn, firmanafn eða nafn á fasteign sinni í atvinnuskyni, að því tilskildu að fylgt sé góðri viðskiptavenju.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að þekktum merkjum sé veitt ríkari vernd en verið hefur. Er þetta í samræmi við þróun á þessu sviði í ríkjum V-Evrópu.

Um 5. gr.

Í gildandi lögum er að finna undantekningu frá þeirri meginreglu vörumerkjaréttarins að eldri réttur gangi fyrir yngri þegar um er að ræða merki er villast má á.

Þessi grein felur í sér smávægilega breytingu frá þessu ákvæði. Í stað þess skilyrðis að yngra vörumerki hafi verið skráð í fimm ár er nú gert að skilyrði að eigandi eldra vörumerkis hafi vitað af yngra merkinu í samfellt fimm ár frá skráningardegi þess en látið það afskiptalaust.

Um 6. gr.

Breytingin felur í sér að víkkaðar eru frá gildandi lögum heimildir til að skrá bókstafi og tölustafi sem vörumerki. Slík auðkenni þurfa þó áfram að uppfylla almenn skilyrði laganna um aðgreiningarhæfi. Við mat á því hvort merki af þessu tagi hafi nægilegt sérkenni getur markaðsfesta skipt verulegu máli.

Um 7. gr.

Ekki þykir lengur rétt að gera þá kröfu til umsækjanda að hann greini í umsókn hver sé atvinnurekstur hans. Breytingin er í samræmi við núgildandi framkvæmd.

Um 8.–11. gr.

Ákvæði um notkunarskyldu er ekki að finna í núgildandi vörumerkjalögum. Í notkunarskyldu felst að hafi eigandi skráðs vörumerkis ekki byrjað að nota merkið innan fimm ára frá skráningardegi getur hver sá, er hagsmuna hefur að gæta, höfðað mál gegn honum í því skyni að fá skráninguna fellda úr gildi. Sama á við ef eigandi vörumerkis hefur hafið notkun merkisins en síðar hætt henni og ekki notað merkið samfellt í fimm ár.

Notkun vörumerkis, sbr. 6. gr. frumvarpsins, verður að tengjast raunverulegri markaðssetningu vöru eða þjónustu.

Hafi eigandi vörumerkis fengið vörumerki skráð fyrir heilan vöruflokk (samkvæmt viðurkenndu alþjóðlegu flokkunarkerfi) en eftir fimm ár frá skráningu einungis hafið notkun á því fyrir ákveðnar vörur er tilheyra flokknum verður skráningin ekki gerð ógild í heild sinni, heldur einungis fyrir þær vörur sem hann hefur ekki hafið notkun vörumerkisins fyrir. Þó verður að telja að skráningin yrði heldur ekki gerð ógild fyrir vörur er teljast mjög skyldar þeim vörum sem framleiðsla hefur verið hafin á.

Geti eigandi vörumerkis fært fyrir því gild rök hvers vegna hann hefur ekki hafið notkun á vörumerkinu innan fimm ára frá skráningu verður skráningin ekki ógilt. Erfitt er að setja nokkra vísireglu um hvað telja skuli gild rök. Brostnar forsendur, svo sem fjárskortur, skortur á starfsfólki, erfiðleikar við öflun hráefnis eða markaðssetningu, yrðu væntanlega ekki talin gild rök. Þó mætti gera undantekningu á ef erfiðleikar þessir væru til komnir vegna aðstæðna sem eigandi fær ekki við ráðið (force majeur).

Um 12. gr.

Þær reglur, er hér eru lagðar til, eru í meginatriðum þær sömu og gilt hafa í framkvæmd hér á landi. Lagt er til að lögfestar verði nú ítarlegri reglur um notkun nytjaleyfa en verið hafa í lögum til þessa.

Um III. kafla.

Lagt er til að gildistaka laganna verði hin sama og gildistaka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992. Áformað er að hann taki gildi 1. janúar 1993, en verði fullgildingu allra samningsaðila þá ekki lokið gæti gildistökudagur samningsins breyst.

1004. Frumvarp til laga [542. mál]

um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Sá sem hannar svæðislýsingu smárása í hálfleiðara hefur einkarétt til hagnýtingar hennar samkvæmt lögum þessum.

Nú hafa tveir menn eða fleiri sameiginlega hannað svæðislýsingu smárása í hálfleiðara og framlög þeirra verða ekki aðgreind hvert frá öðru sem sjálfstæð verk og eiga þeir

þá saman einkarétt til hagnýtingar svæðislýsingarinnar samkvæmt lögum þessum. Hvor aðili um sig getur krafist bóta vegna skerðingar á réttinum.

Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum er háð því að um nýsköpun sé að ræða, annaðhvort í heild eða að hluta.

Ef einstakir þættir svæðislýsingarinnar eru almennt þekktir er verndin háð því að samsetning einstakra þátta svæðislýsingarinnar uppfylli skilyrði um nýsköpun. Skilyrði er að um eigið verk uppfinningamannsins sé að ræða og að það sé almennt ekki þekkt á sviði hálfleiðaratækni.

Vernd samkvæmt lögum þessum tekur ekki til hugmynda, ferla, kerfa, tækni eða upplýsinga sem svæðislýsingin hefur að geyma en teljast ekki til hennar sjálfrar.

2. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Hálfleiðari* er fullbúin vara eða vara á framleiðslustigi sem
   a. er samsett úr ýmsum efnum, þar á meðal einu lagi af hálfleiðaraefni,
   b. hefur eitt lag eða fleiri lög af leiðandi efnum, einangrandi efnum eða hálfleiðaraefnum þar sem lögunum er raðað eftir fyrirframgefnu þrívíddarmynstri og
   c. til stendur að nota hana annaðhvort eingöngu eða m.a. í rafeindatæki.
2. *Svæðislýsing smárása* á hálfleiðara er teikning af uppröðun samverkandi hluta sem hver rás er samsett úr, hvernig sem þetta mynstur er áfest eða áritað,
   a. sem sýnir þrívíddarmynstur allra laganna sem mynda smárásir á hálfleiðara og
   b. þar sem hver hluti teikningarinnar hefur að geyma mynstur eða hluta af mynstri á yfirborði hálfleiðara á ákveðnu stigi í framleiðslu þess.

3. gr.

Rétthafi telst sá sem hannar svæðislýsingu smárása í hálfleiðara. Hafi svæðislýsingin verið hönnuð sem hluti af starfi hönnuðarins eignast vinnuveitandi einkarétt til hennar nema kveðið sé á um annað í ráðningarsamningi.

Hafi svæðislýsing verið hönnuð samkvæmt samningi öðrum en ráðningarsamningi eignast verkkaupi einkarétt til hennar nema kveðið sé á um annað í verksamningi.

4. gr.

Verndar samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir ríkisborgarar eða þeir sem hafa fasta búsetu hér á landi. Einnig njóta verndar þau fyrirtæki og lögaðilar sem starfrækja iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki hér á landi.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að réttarvernd samkvæmt lögum þessum skuli einnig taka til ríkisborgara í þeim ríkjum sem veita íslenskum ríkisborgurum sams konar rétt.

5. gr.

Í einkarétti aðila á nýtingu svæðislýsingar smárása í hálfleiðara felst eftirfarandi:

1. Réttur til afritunar svæðislýsingar smárása sem nýtur verndar skv. 1. gr. laganna.
2. Réttur til hagnýtingar svæðislýsingar smárása í atvinnuskyni (útleigu).
   Hagnýting í atvinnuskyni þýðir sala, leiga, langtímaleiga eða önnur notkun svæðislýsingar smárása í atvinnuskyni eða tilboð gerð í þeim tilgangi.
3. Réttur til innflutnings svæðislýsingar eða hálfleiðara sem framleiddur var með þeirri svæðislýsingu til nota í atvinnuskyni.

6. gr.

Einkaréttur aðila á hagnýtingu svæðislýsingar smárása takmarkast á eftirfarandi hátt:

1. Heimilt er að afrita svæðislýsingar smárása sé það gert af einkaaðilum og ekki í atvinnuskyni.
2. Einkarétturinn nær ekki til afritunar í þeim tilgangi að rannsaka, meta eða fræða aðra um hugmyndir, ferli, kerfi eða tækni sem liggur að baki hlutaðeigandi svæðislýsingu smárása eða um svæðislýsinguna sjálfa.
3. Einkarétturinn gildir ekki þegar um er að ræða svæðislýsingu smárása sem hefur orðið til á grundvelli rannsóknar og mats á svæðislýsingu smárása sem fram fór í samræmi við 2. tölul.
4. Einkaréttur til að heimila eða banna atferli, sem er nánar lýst í lögum þessum, gildir ekki um slíkt atferli eigi það sér stað eftir að rétthafi eða annar sem hefur nytjaleyfi frá honum hefur sett svæðislýsingu smárása á markað.
5. Óheimilt er að koma í veg fyrir að einstaklingur, sem hefur eignast hálfleiðara en hefur enga vitneskju um né gildar ástæður til að ætla að rétturinn njóti verndar, hagnýti sér hann í atvinnuskyni.

   Sé aftur á móti um að ræða atferli sem á sér stað eftir að einstaklingur hefur fengið vitneskju um eða hefur gildar ástæður til að halda að hálfleiðari njóti verndar samkvæmt lögum þessum skal að beiðni rétthafa úrskurða honum sanngjarnar bætur.
6. Ákvæði 5. tölul. gilda líka um síðari handhafaréttinda sem lýst er í fyrstu setningu þess.

7. gr.

Einkaréttur til hagnýtingar svæðislýsingar smárása í hálfleiðurum stofnast þegar svæðislýsing er fyrst áfest eða árituð. Hún rennur út 10 árum eftir lok þess almanaksárs er hún var fyrst hagnýtt í atvinnuskyni einhvers staðar í heiminum. Einkarétturinn fellur niður 15 árum eftir lok þess almanaksárs er svæðislýsingin var fyrst kynnt ef hún hefur ekki enn þá verið notuð í atvinnuskyni.

8. gr.

Hverjum þeim, sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn rétti þeim er lög þessi veita aðila, er skylt að bæta honum tjón það er af hefur hlotist. Bætur þessar mega þó aldrei vera hærri en nemur hagnaði hins bótaskylda af brotinu. Krafa samkvæmt ofangreindu fyrnist á 5 árum. Sé krafan út af refsiverðu verki fyrnist hún á 10 árum.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Um meðferð þeirra fer að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði höfum við skuldbundið okkur til að laga íslenska löggjöf að hluta til að reglum Evrópubandalagsins. Frumvarp til laga um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum er eitt þeirra frumvarpa sem lögð eru fyrir Alþingi í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Smárásir (e. *integrated circuits*).

Smárás er fullkomin rafmagnsrás framleidd sem ein eining (flaga, kubbur) og getur gegnt sjálfstæðu hlutverki. Rétt eins og smárinn (e. *transistor*) olli byltingu í rafeindatækninni vegna fjölbreyttra notkunarmöguleika og hve þægilegur hann er í notkun miðað við rafeindalampann ollu smárásirnar byltingu með því að breikka það svið sem hægt er að beita rafeindatækninni á. Nú er hægt að framkvæma hluti með smárásum sem ekki var hægt að framkvæma með rásum samansettum af einstökum íhlutum (e. *components*). Með smárásartækninni er hægt að koma flókinni rás, sem inniheldur marga smára, díóður, viðnám og þétta, fyrir á einum kubb af hálfleiðara (e. *semiconductor*). Því er hægt að smækka flóknar rásir það mikið að hægt er að nota þær í geimförum, stórum tölvum og öðrum tækjum þar sem ekki væri gerlegt að nota rásir samansettar úr fjölda stakra íhluta. Smárásir eru unnar úr hálfleiðaraefnum, t.d. kísil og germaníum. Aðallega hefur verið notast við kísil og af því kemur enska nafnið „silicon chip".

Smárásir voru fundnar upp árið 1958 og síðan hefur þróunin á þessu sviði verið mjög ör hvað varðar tæknina við að rækta kísilkristal og myndun rásanna í kristalinn. Þetta hefur leitt til þess að fjöldi eininga á rás hefur tvöfaldast á ári mörg undanfarin ár. Nú geta, t.d. í svonefndri LS (e. *large-scale*) smárás, falist yfir 100.000 einingar á flögu sem er smærri en frímerki. Þó er nú svo komið að dregið hefur úr þróun í kristallagerð og aðferðum við að mynda rásirnar í kristallinn. Því hafa sjónir manna beinst stöðugt meir að því að vanda til gerðar plans sem ákvarðar hvar hver íhlutur á að vera í kubbnum. Segja má að hægt sé að líkja þessu plani við uppdrátt af húsi þar sem sýnt er á fleti hvar hvert herbergi er. Fyrir smárásina á þetta þá við um hvar hver hlutur fyrir sig á að vera. Nánar verður vikið að þessu plani síðar.

Til eru nokkrar aðferðir til að flokka smárásir ýmist eftir notkun þeirra eða framleiðsluaðferðum. Algengustu flokkunaraðferðirnar eru að flokka smárásir í línulegar og stafrænar rásir eftir notkun eða í einsleitar og svonefndar hybrid-rásir eftir framleiðsluaðferð. Línuleg smárás magnar rafmerki eða hefur einhvers konar önnur línuleg áhrif á merkið. Dæmi um línulega rás er einfaldur magnari. Stafrænar rásir eru notaðar í rökrásir og minni, t.d. í tölvum, vasareiknum og örgjörvum. Langflestar smárásir sem framleiddar hafa verið eru stafrænar rásir. Smárásir, sem eru allar á einum kubb af hálfleiðaraefni, eru kallaðar einsleitar (e. *monolithic*) rásir. Hybrid-rás getur aftur á móti verið samansett af einni eða fleiri einsleitri rás eða einstökum smárásum festum á einangrandi efni með viðnámum, þéttum og öðrum íhlutum, öllu samtengdu.

Til að gefa betri innsýn inn í gerð smárásar skal hér farið stuttlega yfir framleiðsluferlið. Hér verður aðeins tekið fyrir framleiðsluferli einsleitra rása, en það er einmitt tilurð þeirra sem veldur því að upp koma spurningar um verndun rása.

Fyrst er hlutverk rásarinnar ákveðið. Þá þarf að hanna rásina sjálfa, þ.e. rásarteikning er búin til. Til þess þarf töluverða þekkingu í rásarfræði. Ef þetta væri rás þar sem eingöngu væru notaðir íhlutir væri hönnuninni nú lokið og hægt væri að raða íhlutunum saman og byrja að prófa rásina. En þar sem þetta er smárás þarf að ganga einu skrefi lengra í hönnuninni. Það þarf að búa til planið af rásinni á/í hálfleiðarann. Það þarf með öðrum orðum að raða einstökum hlutum, sem rásin samanstendur af, á hálfleiðarann. Það

krefst mikillar huglægrar vinnu og krafta margra sérfræðinga sem vinna að hönnuninni með hjálp tölvu. Árangurinn af hönnunarvinnunni er svæðislýsingin (e. *topography*) af smárásinni. Að notað er orðið svæðislýsing, en ekki rásarteikning, á að undirstrika það að rásin er yfirleitt búin til í fleiri en einu lagi hálfleiðarans. Þá er teikningin yfirleitt smækkuð. Smækkunin er gerð í skrefum til að auka nákvæmnina. Í lokin er teikningin orðin minni en fersentimetri að stærð. Þá eru búnir til „maskar" úr teikningunni. Hægt er að líkja þessum „möskum" við maska sem notaðir eru við silkiþrykk. Munurinn er sá að „þrykkt" er á þunnan hálfleiðarakubb en ekki silkiefni og ekki eru notaðir litir heldur ákveðnar kemískar og fótógrafískar aðferðir, auk þess sem kubburinn er hitaður. Yfirleitt eru 100–200 rásir búnar til samtímis á einni silíkon-flögu. Hægt er í stuttu máli að lýsa framleiðsluaðferðinni í fimm skrefum:

1. Þunnt lag af oxíð er lagt yfir flöguna.
2. Þunnt lag af ljósnæmu efni er lagt yfir oxíðið. Í þetta lag er síðan dregið mynstrið og það framkallað. Flagan er síðan sett í ætandi efnalausnir sem ná burtu því lagi sem ljósnæma efnið er enn á ásamt oxíðinu þar undir. Þetta mynstur, sem nú myndast í kristalinn, gerir það mögulegt að hægt er að tengja saman hina fjölmörgu virku og óvirku íhluta. Þetta mynstur kallast svæðislýsingin.
3. Hlutar hálfleiðaraflögunnar eru nú berir og því er hægt að setja „óhreinindi" á flöguna eða hægt er að „sía" þau inn í flöguna staðbundið. Þessi óhreinindi eru yfirleitt bóron, fosfór eða arseník og þau breyta eiginleikum hálfleiðaraefnisins.
4. Þá er lag af leiðandi efni lagt yfir alla flöguna, það er yfirleitt pólýsilíkon eða málmur.
5. Með ætandi efnum er síðan málmurinn fjarlægður af ákveðnum stöðum á flögunni og árangurinn er einfaldur málm-oxíð hálfleiðari. Að lokum eru rásirnar skildar að með því að skera þær hverja frá annarri.

Nýjustu aðferðir við að teikna rásarmyndina á silíkonflöguna felast í að tölva er notuð til að teikna. Með tímanum mun sú aðferð, sem hér að ofan er lýst, verða úrelt og ekki þörf á möskum.

Af framangreindu er ljóst að smárásartæknin hefur gert það kleift að hægt er að framleiða áreiðanlegri og ódýrari rásir heldur en hægt er með því að nota staka íhluti. Það liggur í því að hægt er að búa til hundruð sams konar rása á einni kísilflögu. Þetta segir þó ekki alla söguna því að áður en hægt er að hefja framleiðslu á smárás þarf að hanna hana. Hönnun slíkra rása krefst mikillar og sérhæfðrar vinnu og því mikils stofnkostnaðar. Því liggja háar fjárupphæðir að baki hverri vel heppnaðri smárás. Aftur á móti er hægt að afrita rásarmynstrið fyrir brot af upphafskostnaði. Vegna þess mikla kostnaðar, sem hönnuður rásarinnar þarf að standa straum af í byrjun, er mikilvægt að umbunin sé nokkuð örugg. Annars mundi þróunin á þessu sviði staðna. Því stofnar það þróuninni á þessu sviði í nokkra hættu hve einfalt og kostnaðarlítið það er að afrita smárásir. Af þessum sökum hafa flest iðnaðarríki sett löggjöf um verndun smárása.

Á þessari stundu er engin framleiðsla smárása á Íslandi. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvort svo muni verða í næstu framtíð. Þó er ólíklegt að allt ferlið frá hönnun til framleiðslu verði til staðar hér á landi á næstunni. Til þess þarf sérfræðinga á þessu sviði, en þá er ekki að finna hér á landi nú. Flest fyrirtæki, sem framleiða smárásir og standa í hönnun, eru stór fjölþjóðafyrirtæki eða smærri fyrirtæki sem hafa stórfyrirtæki sem bakhjarl.

Tæknin við framleiðslu smárása hefur þegar hlotið einkaleyfavernd, enda uppfyllir hún öll skilyrði einkaleyfaréttar. Aftur á móti er ekki hægt að fá einkaleyfavernd fyrir svæðislýsingunni. Svæðislýsingin uppfyllir ekki skilyrði um nýnæmi. Hægt er að líkja vinn-

unni að svæðislýsingunni við forritun, allar skipanirnar eru þekktar, en svo er bara að raða þeim saman svo að útkoman verði sú sem til var ætlast.

Fyrir hendi eru tvær leiðir til að tryggja vernd réttinda að svæðislýsingum. Annars vegar að gera kröfur um formlega skráningu hjá ákveðnum skráningaraðila. Sú leið hefur t.d. verið valin í Danmörku. Henni fylgir mikill kostnaður og umfang þar sem mikil sérþekking þarf að vera fyrir hendi á þeirri stofnun er sér um skráninguna.

Hin leiðin er sú að byggja á sömu vernd og samkvæmt höfundalögum, þ.e. að skráning sé ekki gerð að skilyrði. Sú leið hefur verið farin í Noregi, en við gerð þessa frumvarps hefur að mestu verið farið að fyrirmynd þeirra laga, auk þess sem ákvæði tilskipunar EB hafa verið tekin inn í frumvarpið. Samkvæmt tilskipuninni er ríkjum það í sjálfsvald sett hvort skráning verði gerð að skilyrði fyrir vernd réttindanna. Með tilliti til þess að fyrirsjáanlega muni framleiðsla á þessu sviði hérlendis verða óveruleg hefur í frumvarpinu verið tekinn sá kostur að skráning skuli ekki verða gerð að skilyrði, heldur tryggist verndin á sama grunni og réttindi á sviði höfundaréttar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um það hver hafi einkarétt til hagnýtingar svæðislýsingar. Í lögunum eru ekki gerðar kröfur um skráningu réttindanna heldur stofnast hann á óformbundinn hátt og fer til þess sem hagnýtir sér hann. Aðilar geta átt einkaréttinn í sameiningu ef ekki er hægt að greina í sundur framlög þeirra til verksins. Gera verður þær kröfur að um sé að ræða eigið verk uppfinningamannsins og að það sé ekki almennt þekkt á sviði hálfleiðaratækni. Ef málum er hins vegar þannig farið að einstakir þættir svæðislýsingarinnar eru almennt þekktir verður samsetning einstakra þátta að uppfylla skilyrði um nýsköpun.

Um 2. gr.

Í hugtakaskilgreiningum 2. gr. er alfarið stuðst við þær skilgreiningar er koma fram í tilskipun EB varðandi þetta efni.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er fjallað um það hver teljist rétthafinn að svæðislýsingunni, þ.e. sá sem hannar hana. Þó þykir ástæða til að gera undantekningu hvað varðar vinnusambönd, en þá fer einkarétturinn til vinnuveitanda hönnuðarins nema ákvæði í ráðningarsamningi segi annað. Hið sama gildir varðandi samband verksala og verkkaupa.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um þá aðila er notið geta verndar samkvæmt lögum þessum. Þar er fyrst og fremst um að ræða íslenska ríkisborgara eða þá sem hafa fasta búsetu hér á landi. Hér er um að ræða réttindi er ganga í erfðir eftir rétthafa. Verndar njóta einnig þau fyrirtæki eða lögaðilar sem starfrækja raunveruleg iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki hér á landi. Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að verndin skuli einnig taka til ríkisborgara í þeim ríkjum sem veita gagnkvæman rétt.

Um 5. gr.

Í 5. gr. kemur fram hvað felst í einkarétti aðila á nýtingu svæðislýsingar.

Í fyrsta lagi er um að ræða einkarétt á að gera eftirgerð af svæðislýsingunni. Í því felst öll hagnýting svæðislýsingarinnar sem líkist hinni upprunalegu.

Í öðru lagi felur einkarétturinn í sér rétt til hagnýtingar í atvinnuskyni. Undir skilgreiningu laganna á „hagnýtingu í atvinnuskyni“ falla hvorki kaup né notkun. Því falla t.d. ekki undir þetta ákvæði þau tilvik er aðili kaupir sér tölvu til einkanota vitandi það að svæðislýsingin hefur verið fengin á ólögmætan hátt.

Í þriðja lagi felur einkarétturinn í sér að rétthafinn má einn flytja inn svæðislýsingu eða hálfleiðara en þetta á aðeins við ef um er að ræða not í atvinnuskyni.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er fjallað um á hvaða hátt einkarétturinn á hagnýtingu takmarkist.

Einkaaðilum er heimilt að afrita svæðislýsinguna ef það er til einkanota þeirra. Einnig er heimilt að nota svæðislýsinguna í fræðsluskyni hvað varðar þá tækni er liggur að baki svæðislýsingunni. Ef um er að ræða svæðislýsingu sem hefur orðið til á grundvelli slíkra upplýsinga gildir einakrétturinn heldur ekki um hana.

Ef rétthafi eða annar sem hefur svokallað nytjaleyfi frá honum hefur sett svæðislýsingu á markað getur einkarétthafi ekki bannað ráðstafanir og athafnir sem bann er lagt við í lögum þessum.

Að lokum er fjallað um stöðu grandalauss notanda. Mikil áhersla hefur verið lögð á að vernda rétt hans og í ákvæðum 5. tölul. kemur fram að hafi einstaklingur enga vitneskju um né gildar ástæður til að ætla að hann sé að skerða réttindi annars manns megi ekki koma í veg fyrir að hann hagnýti sér réttindin. Það er þó afdráttarlaust skilyrði að aðili sé grandalaus. Ef hann er grandsamur skal úrskurða rétthafa bætur ef hann fer fram á það. Lögð er áhersla á að fjárhæð þeirra verður að vera sanngjörn.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um gildistíma einkaréttarins sem er 10 ár frá lokum þess almanaksárs er svæðislýsing var fyrst hagnýtt í atvinnuskyni einhvers staðar í heiminum. Ef svæðislýsing er ekki hagnýtt í 15 ár frá lokum þess almanaksárs er hún var fyrst kynnt fellur hún niður ef hún hefur ekki enn þá verið notuð í atvinnuskyni.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er að finna bótaákvæði og ákvæði um fyrningu.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

1005. Svar [518. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvað líður gerð áætlunar um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera?

Ályktun Alþingis frá 24. apríl 1989 um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða var rædd

á nokkrum fundum árið 1990 í samstarfsnefnd Náttúruverndarráðs og iðnaðarráðuneytis um orkumál (SINO-nefndin). Þar var ákveðið að kanna virkjunar- og verndarsjónarmið sitt í hvoru lagi og bera saman líkt og gert hefur verið í Noregi. Virkjunaraðili geri skrá yfir vatnsföll og fossa og flokki með tilliti til hagkvæmni virkjunar og Náttúruverndarráð geri sambærilega skrá eftir verndargildi. Niðurstöður verði síðan bornar saman og gengið frá áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera.

Jafnframt samþykkti nefndin í júní 1990 að gera þyrfti Alþingi grein fyrir því að verk þetta geti tekið nokkurn tíma eigi að vanda vel til verksins. Ekki væri ráðlegt að leggja fyrir Alþingi eitthvert bráðabirgðaálit byggt á lélegum grunni.

Iðnaðarráðuneyti fól Orkustofnun að vinna að þessu fyrir sína hönd í samráði við Náttúruverndarráð. Í framhaldi af því var vinnuhópur settur á laggirnar til að annast verkefnið og var hann skipaður fulltrúum Orkustofnunar, Landsvirkjunar og Náttúruverndarráðs.

Orkustofnun og Landsvirkjun hófu þegar vinnu við flokkun vatnsfalla og fossa og nú hefur verið gengið frá greinargerð þar sem fjallað er um virkjunarmöguleika á landinu. Greinargerð þessi er til í handriti. Sambærileg vinna við skráningu jarðhitasvæða og hvera hefur ekki farið fram enn.

Vinna að þessu verkefni á vegum Náttúruverndarráðs hefur dregist. Með bréfi dagsettu 18. mars sl. óskar Náttúruverndarráð eftir því við ráðuneytið að það geri ráðstafanir til þess að fé verði varið til þessa verkefnis á fjárlögum fyrir árið 1993 þannig að ljúka megi gerð áætlunar um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða fyrir haustið 1993.

1006. Svar [521. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um nefndir á vegum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða nefndir hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar skipað frá 30. apríl 1991?*
2. *Hvernær á hver nefnd að skila áliti?*
3. *Hverjir eiga sæti í hverri nefnd, hverjir samkvæmt tilnefningu og hverjir án tilnefningar?*

Í eftirfarandi greinargerð eru taldar upp allar nefndir sem ráðherrar í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafa skipað frá 30. apríl 1991. Ýmsum stjórnum og ráðum, sem ráðherrar skipa, er hins vegar sleppt. Sé ekki tilgreint hvenær einstakar nefndir eiga að skila áliti ber að líta svo á að þeim hafi ekki verið settar sérstakar takmarkanir í þeim efnum. Sé um tilnefningu að ræða er þess getið sérstaklega.

FORSÆTISRÁÐUNEYTI

Nefnd um fortíðarvanda ríkissjóðs (skipuð 23. júní 1991).
Hreinn Loftsson, formaður, Birgir Árnason (varamaður: Guðmundur Einarsson), Grétar J. Guðmundsson (varamaður: Hilmar Þórisson), Jón Ragnar Blöndal, Hrafn Sigurðsson, Þorsteinn Guðnason.
Nefndin lauk störfum 23. desember 1992.

Nefnd um alþjóðlega fjármálaþjónustu (skipuð 13. mars 1992).
Birgir Ísleifur Gunnarsson, formaður, Finnur Sveinbjörnsson, Guðmundur Hauksson, Gunnar Helgi Hálfdanarson, Tryggvi Pálsson.
Nefndinni er ætlað að ljúka störfum 1. september 1992.

Stjórnarfarsnefnd (skipuð 28. febrúar 1992).
Eiríkur Tómasson, formaður, Páll Hreinsson lögfr., Gunnar Jóhann Birgisson hdl., allir án tilnefningar.
Þess er vænst að nefndin ljúki störfum í septembermánuði nk.

Skilanefnd vegna Framkvæmdasjóðs Íslands (skipuð 27. janúar 1992.)
Snorri Olsen, formaður, Tryggvi Jónsson, Tryggvi Gunnarsson, allir án tilnefningar.
Þess er vænst að nefndin ljúki störfum á næstu vikum.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (skipuð 4. febrúar 1992).
Hreinn Loftsson, formaður, tilnefndur af forsætisráðuneyti, Björn Friðfinnsson, tilnefndur af viðskiptaráðuneyti, Steingrímur Ari Arason, tilnefndur af fjármálaráðuneyti.

Starfshópur til að hafa eftirlit með framgangi þingmála sem tengjast samningi um EES frá Stjórnarráðinu til Alþingis (skipaður hinn 16. maí 1992).
Ólafur Davíðsson, formaður, tilnefndur af forsætisráðherra, Björn Friðfinnsson, tilnefndur af viðskiptaráðherra, Gunnar Snorri Gunnarsson, tilnefndur af utanríkisráðherra.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

Vinnuhópur á sviði tölfræði við norræna jafnlaunaverkefnið (skipaður 18. september 1991).
Sigurður Snævarr, fulltrúi þjóðhagsstofnunar, Eiríkur Hilmarsson, fulltrúi Norræna jafnlaunaverkefnisins, Gylfi Arnbjörsson, fulltrúi kjararannsóknarnefndar, Sigríður Vilhjálmsdóttir, fulltrúi Hagstofu Íslands, Rannveig Sigurðardóttir, fulltrúi kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna.

Nefnd um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla (skipuð 16. september 1991).
Hrafn V. Friðriksson, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Áslaug Þórarinsdóttir, tilnefnd af dómsmálaráðuneyti, Sveinn Kjartansson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigurjón Fjeldsted, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Magnús Baldursson, tilnefndur af Hafnarfjarðarbæ, Jón Björnsson, tilnefndur af Akureyrarbæ, Erlendur Kristjánsson, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Anna Sigurbjörg Sigurðardóttir, tilnefnd af Félagsmálastofnun Kópavogs.
Nefndin skilaði áliti 18. febrúar 1992.

Starfshópur til að fara yfir og gefa umsögn um greinargerð Seðlabanka Íslands um húsnæðismál og húsbréfakerfið o.fl. (skipaður 9. janúar 1992).
Bjarni Bragi Jónsson, tilnefndur af Seðlabanka Íslands, Grétar J. Guðmundsson, tilnefndur af félagsmálaráðuneyti, Finnur Sveinbjörnsson, tilnefndur af viðskiptaráðuneyti.
Starfshópurinn skilaði áliti 7. febrúar 1992.

Nefnd um ný umdæmi sveitarfélaga (skipuð 26. febrúar 1992).
Ásgerður Pálsdóttir, tilnefnd af þingflokki Samtaka um kvennalista, Birgir Þórðarson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ellert Eiríksson, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ingimundur Sigurpálsson, Samband íslenskra sveitarfélaga, Jón Kristjánsson, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokks, Kristinn H. Gunnarsson, tilnefndur af þingflokki Alþýðubandalags, Kristinn Pétursson, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðisflokks, Sigurður Guðmundsson, tilnefndur af Byggðastofnun, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigfús Jónsson, formaður.

Nefnd til að kanna hvort setja eigi reglugerð um lögheimili (skipuð 15. janúar 1992).
Anna Theódóra Gunnarsdóttir, tilnefnd af dómsmálaráðuneyti, Gunnar Eydal, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Kristinn Ó. Guðmundsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Magnús Ólafsson, tilnefndur af Fasteignamati ríkisins, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri.

Starfshópur til að endurskoða ákvæði reglugerðar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um jöfnunarframlög (skipaður 17. febrúar 1992).
Húnbogi Þorsteinsson, tilnefndur af félagsmálaráðuneyti, Guðmundur Árni Stefánsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gunnlaugur Stefánsson, án tilnefningar, Sturla Böðvarsson, án tilnefningar, Valgarður Hilmarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

Undirbúningsnefnd vegna þátttöku Íslands í norrænu kvennaþingi í Finnlandi (skipuð 17. febrúar 1992).
Valgerður Gunnarsdóttir, án tilnefningar, Drífa Hjartardóttir, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands, Jóhanna Magnúsdóttir, tilnefnd af Æskulýðssambandi Íslands, Ragnheiður Guðmundsdóttir, tilnefnd af framkvæmdanefnd um launamál kvenna.

Starfshópur til að meta reynsluna af framkvæmd laga um félagslegar íbúðir (skipuð 25. febrúar 1992).
Þorgerður Benediktsdóttir, án tilnefningar, Hilmar Þórisson, tilnefndur af Húsnæðisstofnun ríkisins, Ingi Valur Jóhannsson, án tilnefningar, Percy B. Stefánsson, tilnefndur af Húsnæðisstofnun ríkisins.

Starfshópur til að fjalla um breytta tekjuöflun sveitarfélaga við niðurfellingu aðstöðugjalds (skipaður 19. mars 1992).
Eggert Jónsson og Guðjón Guðmundsson, tilnefndir af Sjálfstæðisflokki, Guðmundur Oddsson og Óttar Yngvason, tilnefndir af Alþýðuflokki.

Starfshópur til að gera tillögur um staðarval, skipulagningu og fyrirkomulag sambýlis fyrir þroskahefta, atferlistruflaða einstaklinga (skipaður 3. september 1991).
Jón G. Stefánsson, án tilnefningar, Stefán Hreiðarsson, án tilnefningar, Jóhann Thoroddsen, án tilnefningar, Ingimar Sigurðsson, tilnefndur af heilbrigðisráðuneyti.
Starfshópurinn skilaði tillögum ásamt greinargerð 30. október 1991.

Nefnd til að undirbúa aðild Íslands að frjálsum atvinnu- og búseturétti á Evrópsku efnahagssvæði (skipuð 10. febrúar 1992).
Ari Skúlason, tilnefndur af ASÍ, Gylfi Kristinsson, án tilnefningar, Hrafnhildur Stefánsdóttir, tilnefnd af VSÍ, Kristján Jóhannsson, tilnefndur af VSÍ, Lára V. Júlíusdóttir, tilnefnd af ASÍ, Þórhildur Líndal, án tilnefningar.

Starfshópur til að gera athugun á byggingarkostnaði og söluverði þjónustuíbúða fyrir aldraða (skipaður 14. ágúst 1991).
Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, formaður, Ásgeir Jóhannesson forstjóri, Gunnar S. Björnsson byggingameistari, Höskuldur Sveinsson arkitekt, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, forstöðumaður húsnæðisnefndar Hafnarfjarðar.
Nefndin er að störfum.

Starfshópur til að gera úttekt á framkvæmd laga um húsbréfaviðskipti, nr. 76/1989, sem og að gera tillögur sem stuðli að meira jafnvægi á húsbréfamarkaði (skipaður 13. maí 1991).
Yngvi Örn Kristinsson, formaður húsnæðismálastjórnar, formaður, Grétar J. Guðmundsson, þjónustustjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, Þórólfur Halldórsson, formaður Félags fasteignasala, Sigurður Geirsson, forstöðumaður húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins, Gunnar Helgi Hálfdanarson, forstöðumaður Landsbréfa hf., Sigurður B. Stefánsson, framkvæmdastjóri Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka hf.
Nefndin er að störfum.

Nefnd til að semja reglugerð um daggæslu í heimahúsum og gæsluvelli, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 (skipuð 25. mars 1992).
Guðrún Guðjónsdóttir, Bragi Guðbrandsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, formaður, Guðrún Guðjónsdóttir, Bergur Felixson, forstöðumaður Dagvistar barna, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Helga Jónsdóttir fóstra, tilnefnd af Fóstrufélagi Íslands, Málfríður Lorange sálfræðingur, tilnefnd af Sálfræðingafélagi Íslands, Regína Ásvaldsdóttir félagsráðgjafi, tilnefnd af Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Selma Júlíusdóttir tilnefnd af Samtökum dagmæðra.
Nefndin er að störfum.

Nefnd til að semja reglugerð um daggæslu í heimahúsum og rekstur gæsluvalla, sbr. 35. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 (skipuð 18. júní 1991).
Bragi Guðbrandsson formaður, Bergur Felixson, forstöðumaður Davistar barna í Reykjavíkurborg, Helga Jónsdóttir fóstra, Regína Ásvaldsdóttir félagsráðgjafi, Málfríður Lorange sálfræðingur, Selma Júlíusdóttir, formaður Samtaka dagmæðra.
Nefndin er að störfum.

Nefnd til að gera úttekt á byggingarkostnaði félagslegra íbúða með það fyrir augum að leita leiða til að lækka byggingarkostnað og stuðla að hagkvæmum byggingarháttum (skipuð 6. maí 1991).
Grétar J. Guðmundsson, þjónustuforstjóri, formaður, Benedikt Jónsson verkfræðingur, tilnefndur af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Björgvin Hjálmarsson aðstoðarmaður tæknideildar Húsnæðisstofnunar, tilnefndur af Húsnæðisstofnun ríkisins.
Nefndin skilaði skýrslu 15. apríl 1992.

Nefnd til að semja reglur um gerð byggðarmerkja fyrir sveitarfélög, sbr. ákvæði 2. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986 (skipuð 27. júní 1991).
Hallgrímur Dalberg, fyrrv. ráðuneytisstjóri, formaður, Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri Bolungarvík, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þórhildur Líndal deildarstjóri.
Nefndin skilaði áliti í desember 1991.

Nefnd til að kanna hvaða breytingar séu að verða í atvinnumálum að því er varðar sumaratvinnu námsmanna (skipuð 18. nóvember 1991).
Ásgeir Leifsson framkvæmdastjóri, formaður, Árni Steinar Jóhannsson, umhverfisstjóri Akureyri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Gylfi Guðmundsson hagfræðingur, tilnefndur af ASÍ, Jón H. Magnússon lögfræðingur, tilnefndur af VSÍ, Kristrún Ísaksdóttir deildarsérfræðingur, tilnefnd af menntamálaráðuneyti.
Nefndin lauk störfum í apríl 1992.

Nefnd til að gera tillögur um aðgerðir til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar (skipuð 23. ágúst 1991).
Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri, formaður, Rannveig Guðmundsdóttir alþingismaður, Sólveig Pétursdóttir alþingismaður, tilnefnd af fjármálaráðherra, Þórhallur Jósepsson blaðamaður, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðismanna.
Nefndin er að störfum.

Starfshópur um atvinnuhorfur í ýmsum greinum í samráði við aðila vinnumarkaðarins (skipaður 8. október 1991).
Margrét Björnsdóttir endurmenntunarstjóri, Halldóra J. Rafnar, tilnefnd af VSÍ, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Starfsmannafélaginu Sókn, tilnefnd af ASÍ.

Nefnd um stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari verkaskiptingu og fjölskylduábyrgð (skipuð 24. október 1991).
Margrét Björnsdóttir, endurmenntunarstjóri, Ari Skúlason hagfræðingur, Guðmundur Ólafsson hagfræðingur, Ingimar Ingimarsson fréttamaður, Ragnheiður Harðardóttir fræðslufulltrúi, Sigurður Snævarr hagfræðingur, Sigurður Svavarsson ritstjóri, öll án tilnefningar.
Nefndin lauk störfum 1. maí 1991.

Nefnd til að undirbúa þátttöku Íslands í alþjóðaári fjölskyldunnar sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur ákveðið að verði 1994 (skipuð 27. janúar 1992).
Bragi Guðbrandsson, aðstoðarmaður ráðherra, formaður, Ásgerður Ingimarsdóttir framkvæmdastjóri, Barði Friðriksson hrl., Belinda Theriautt, formaður ÆSÍ, Bjarni Sveinbjörnsson vélstjóri, Guðfinna Eydal sálfræðingur, Guðríður Ólafsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Aradóttir bóndi, Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir félagsfræðingur, Hjörleifur Sveinbjörnsson, Hrafn V. Friðriksson yfirlæknir, Jón Agnar Eggertsson, formaður Verkalýðsfélags Borgarness, Jóngeir H. Hlinason hagfræðingur, Kristinn Karlsson félagsfræðingur, Lára Björnsdóttir framkvæmdastjóri, Margrét Theódórsdóttir skólastjóri, Ólafur Oddsson fulltrúi, Páll Ásgeirsson læknir, Ragnheiður Ólafsdóttir húsfreyja, formaður Landssambands heimavinnandi, Ragnhildur Helgadóttir, fyrrv. menntamálaráðherra, Regína Ásvaldsdóttir félagsráðgjafi, Signý Jörundsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir lektor, Sjöfn Sigurbjörnsdóttir kennslustjóri, Stefanía M. Pétursdóttir, formaður Kvenfélagasambands Íslands, Stefanía Traustadóttir félagsfræðingur, Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur, Svanhvít Björgvinsdóttir sálfræðingur, Þórey Guðmundsdóttir.
Nefndin er að störfum.

Nefnd til að undirbúa þátttöku Íslands í alþjóðaári fjölskyldunnar 1994 (skipuð 27. janúar 1992).
Bragi Guðbrandsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, formaður, Ásgerður Ingimarsdóttir framkvæmdastjóri, Öryrkjabandalagi Íslands, Barði Friðriksson hrl, Vinnuveitendasambandi Íslands, Belinda Theriautt, formaður ÆSÍ, Bjarni Sveinbjörnsson, vélstjóri, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Guðríður Ólafsdóttir framkvæmdastjóri, Landssambandi aldraðra, Guðrún Aradóttir bóndi, Stéttarsambandi bænda, Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir félagsfræðingur, Kvenréttindafélagi Íslands, Hjörleifur Sveinbjörnsson, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, dr. Hrafn V. Friðriksson yfirlæknir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Jón Agnar Eggertsson, Alþýðusambandi Íslands, Jóngeir H. Hlinason hagfræðingur, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Kristinn Karlsson félagsfræðingur, Hagstofu Íslands, Lára Björnsdóttir framkvæmdastjóri, Landssamtökum Þroskahjálpar, Margrét Theódórsdóttir skólastjóri, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ólafur Oddsson, fulltrúi, Rauða Kross Íslands, Páll Ásgeirsson læknir, Barnaheillum, Ragnheiður Ólafsdóttir húsfreyja og Kristinn Pétursson, fyrrv. alþingismaður, Landssambandi heimavinnandi, Ragnhildur Helgadóttir, fyrrv. menntamálaráðherra, menntamálaráðuneyti, Regína Ásvaldsdóttir félagsráðgjafi, Kvennaráðgjöfinni, Signý Jörundsdóttir, Félagi einstæðra foreldra, Sigrún Júlíusdóttir lektor, Háskóla Ís-

lands, félagsvísindadeild, Sigrún Sturludóttir, Áfengisvarnaráði, Sjöfn Sigurbjörnsdóttir kennslustjóri, Bandalagi kvenna í Reykjavík, Stefanía M. Pétursdóttir, form. Kvenfélagasambandi Íslands, Stefanía Traustadóttir félagsfræðingur, Jafnréttisráði, Steinunn Sigurðardóttir, Samfoki, Svanhvít Björgvinsdóttir, sálfræðingur, Bandalagi háskólamanna, Sæmundur Hafsteinsson sálfræðingur, barnaverndarráði, Þórey Guðmundsdóttir, Þjóðkirkju Íslands, allir án tilnefningar nema formaður nefndarinnar.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTI

Ráðgjafarnefnd um verðjöfnunargjald (skipuð 30. maí 1991).
Baldur Pétursson, án tilnefningar, formaður, Gunnar I. Hjartarson, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, Ingvi Harðarson, samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda, Sveinn Á. Björnsson, samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytisins, Gísli Karlsson, samkvæmt tilnefningu Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Kjartan Gunnarsson, viðskiptaráðuneyti, Guðrún Á. Sigurðardóttir, samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, Guðmundur Sigþórsson, samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðuneytisins.
Nefndin skilaði áliti í desember 1991.

Nefnd varðandi undirbúning fjárlagafrumvarpsins 1992 vegna iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta (skipuð 22. júlí 1991).
Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Kristmundur Halldórsson deildarstjóri. Varamenn: Guðmundur Einarsson, aðstoðarmaður ráðherra, og Kjartan Gunnarsson deildarstjóri. Af hálfu fjármálaráðuneytis: Margeir Guðmundsson deildarsérfræðingur og til vara Skarphéðinn B. Steinarsson hagfræðingur.
Nefndin lauk störfum í ágúst 1991.

Starfshópur til könnunar á endurnýjunarþörf fiskiskipaflotans (skipaður 22. ágúst 1991).
Baldur Pétursson, deildarstjóri, formaður, Arndís Steinþórsdóttir, samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðuneytisins, Guðfinnur G. Johnsen, samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sigurður Ringsted, samkvæmt tilnefningu Sambands málm- og skipasmiða, Skúli Jónsson, samkvæmt tilnefningu Sambands málm- og skipasmiða.
Nefndin skilaði áliti í desember 1991.

Verkefnastjórn markaðsátaks og aukinnar samkeppnishæfni í húsgagnaiðnaði (skipuð 3. júlí 1991).
Baldur Pétursson, deildarstjóri frá iðnaðarráðuneytinu, formaður, Kristján Guðmundsson, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, Rafn B. Rafnsson, samkvæmt tilnefningu Félags húsganga- og innréttingaframleiðenda, Guðrún M. Ólafsdóttir, samkvæmt tilnefningu Félags húsgagna- og innanhússarkitekta, FHI, Kristbjörn Árnason, samkvæmt tilnefningu Félags starfsfólks í húsgagnaiðnaði, Halldór Grönvold, samkvæmt tilnefningu Iðju félags verksmiðjufólks.

Nefnd um skipulag rannsóknastarfsemi, samstarf rannsóknastofnana og hugsanlegan samruna þeirra (skipuð 23. desember 1991).
Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Pétur Reimarsson, form. stj. Iðntæknistofnunar Íslands, Helgi Hafliðason, form. stj. Rannsóknastofnunar byggingariðnaðar-

ins, Sigþór Jóhannesson, form. stj. Orkustofnunar, Páll Kr. Pálsson, framkvæmdastjóri, samkvæmt tilnefningu Sjálfstæðisflokks, Össur Skarphéðinsson alþingismaður, samkvæmt tilnefningu Alþýðuflokks.
Nefndin er að störfum.

Ráðgjafarhópur til þess að gera tillögur til iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis um rannsóknaáætlun, skipulag rannsókna og takmarkanir námaleyfis varðandi kísilgúrtöku í Mývatni (skipaður 10. janúar 1992).
Davíð Egilsson, verkfræðingur, formaður, Árni Snorrason vatnafræðingur, Böðvar Jónsson bóndi, Einar Tjörvi Elíasson verkfræðingur, Sigurður Snorrason líffræðingur.
Starfsmaður hópsins var Hermann Sveinbjörnsson líffræðingur.
Ráðgjafahópurinn skilaði áliti í mars 1992.

Nefnd til að meta hagfræðileg tengsl sjávarútvegs og iðnaðar (skipuð 23. mars 1992).
Ari Skúlason, samkvæmt tilnefningu ASÍ, formaður, Guðlaugur Stefánsson, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, Gylfi Arnbjörnsson, samkvæmt tilnefningu Málm- og skipasmiðasambands Íslands, Magnús Gunnarsson, samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi, Benedikt Valsson, samkvæmt tilnefningu FFSÍ og SSÍ, Sveinn Hjörtur Hjartarson, samkvæmt tilnefningu LÍÚ, Halldór Árnason, samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðuneytisins, Yngvi Harðarson, samkvæmt tilnefningu félags íslenskra iðnrekenda, Baldur Pétursson, frá iðnaðarráðuneyti.
Nefndin er að störfum.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

Úthlutunarnefnd sérstakra fiskeldislána (skipuð 26. júní 1991).
Ingimar Jóhannsson, fiskifræðingur, formaður, Snorri Tómasson, fulltrúi Framkvæmdasjóðs Íslands, Jóhanna Ottesen, fulltrúi Landsbanka Íslands.

Nefnd til að meta hvernig helst megi tryggja verðmætasköpun úr íslensku ullinni (skipuð 29. ágúst 1991).
Ingjaldur Hannibalsson, formaður, án tilnefningar, Guðjón Kristinsson, Álafossi, fulltrúi ullarkaupenda, Þórarinn Þorvaldsson, bóndi, fulltrúi Stéttarsambands bænda.

Nefnd til að gera tillögur að vörsluskyldu á búfé við vegi (skipuð 9. september 1991).
Níels Árni Lund deildarstjóri, formaður, án tilnefningar, Ellert Eiríksson bæjarstjóri, Keflavík, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Gunnar Gunnarsson, Vegagerð ríkisins, Magnús Jóhannesson, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, Ólafur R. Dýrmundsson landnýtingarráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Stefán Tryggvason bóndi, Skrauthólum, Stéttarsambandi bænda.

Nefnd til að kanna stöðu og framtíðarmöguleika loðdýraræktar (skipuð 19. nóvember 1991).
Níels Árni Lund deildarstjóri, formaður, án tilnefningar, Arvid Kro, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra loðdýraræktenda, Einar Guðfinnsson, alþingismaður, Gunnlaugur Júlíusson hagfræðingur, Stéttarsambandi bænda, Jón Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Leifur Kr. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Nefnd skipuð fulltrúum samningsaðila og skattayfirvalda til að fjalla um skattalega meðferð í sölu fullvirðisréttar (skipuð 4. desember 1991).
Ketill Hannesson hagfræðingur, formaður, Snorri Olsen skrifstofustjóri, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, Ari Teitsson, fulltrúi Stéttarsambands bænda.

Nefnd til að gera tillögur um innflutning á erfðaefni eða gripum til kynbóta í svínarækt (skipuð 5. desember 1991).
Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, formaður, Árni Möller, fulltrúi Svínaræktarfélags Íslands, Pétur Sigtryggsson, tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands.

Nefnd til að fjalla um og undirbúa breytingar sem verða í framleiðslu- og sölumálum landbúnaðarins vegna brottfalls útflutningsbóta (skipuð 16. desember 1991).
Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmaður ráðherra, formaður, Óskar H. Gunnarsson, fulltrúi Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Birgir Guðmundsson, fulltrúi Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Árni S. Jóhannsson, fulltrúi Landssamband sláturleyfishafa, Steinþór Skúlason, fulltrúi Landssamband sauðfjárbænda, Ari Teitsson, fulltrúi Landssambands sauðfjárbænda, Guðmundur Lárusson, fulltrúi Landssamband kúabænda, Rögnvaldur Ólafsson, fulltrúi Landssamband kúabænda.

Nefnd til að gera úttekt á stöðu íslensks landbúnaðar vegna harðnandi samkeppni vegna samninga um EES og GATT (skipuð 19. desember 1991).
Þórður Friðjónsson forstjóri, formaður, Ketill Hannesson hagfræðingur, Búnaðarfélagi Íslands, Magnús B. Jónsson, forstm. Hagþjónustu landbúnaðarins.

Nefnd til að athuga forsendur og gera tillögur um rannsóknastörf í skógrækt í Eyjafirði (skipuð 15. janúar 1992).
Tómas Ingi Olrich alþingismaður, formaður, Hallgrímur Indriðason, Akureyri, Pétur Helgason, Hranastöðum Eyjafjarðarsveit.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI

Nefnd til að gera úttekt á flugrekstri Landhelgisgæslunnar (skipuð í maí 1991).
Björn Bjarnason, Þorsteinn Geirsson og Gunnar Bergsteinsson án tilnefningar, Róbert Trausti Árnason, samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytisins, og Þórhallur Árnason, tilnefndur af fjármálaráðuneytinu.
Nefndin skilaði áliti í október 1991.

Nefnd til að gera heildarúttekt á stöðu fangelsismála og leggja fram tillögur til ráðherra um stefnumörkun (skipuð í júlí 1991).
Haraldur Johannessen, Guðmundur Þór Guðmundsson, Erlendur Baldursson, Gústaf Lilliendahl, Björk Bjarkadóttir, Guðmundur Gíslason, öll án tilnefningar, Jón H. Steingrímsson, tilnefndur af fjármálaráðuneyti.
Nefndin skilaði áliti í lok mars 1992.

Nefnd til að huga að málefnum Skálholtsstaðar og gera tillögur þar að lútandi (skipuð í maí 1991).
Lára Margrét Ragnarsdóttir, án tilnefningar, sr. Jónas Gíslason, samkvæmt tilnefningu

biskups, sr. Jón Einarsson, samkvæmt tilnefningu kirkjuráðs, sr. Sigurður Sigurðsson, samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra, Ásdís Sigurjónsdóttir, samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra.
Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Nefnd til að endurskoða lög um lögreglumenn og Rannsóknarlögreglu ríkisins og vinna að samningu starfsreglna fyrir lögreglu er koma eiga í stað ákvæða í V. kafla laga nr. 74/1974 er felld voru brott með lögum nr. 19/1991 (skipuð í janúar 1992).
Þorsteinn Geirsson, Hallvarður Einvarðsson, Bogi Nilsson, Böðvar Bragason og Ólafur K. Ólafsson, allir án tilnefningar.
Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Nefnd til að ná um það samkomulagi við samsvarandi nefnd þjóðkirkjunnar hver skuli vera á grundvelli álits kirkjueignanefndar framtíðarskipan kirkjueigna í landinu og hverjar skyldur kirkjan taki á sig á móti (skipuð í janúar 1992).
Þorsteinn Geirsson, án tilnefningar, fulltrúi landbúnaðarráðherra, Sveinbjörn Dagfinnsson, fulltrúi fjármálaráðherra, Magnús Pétursson, fulltrúi umhverfisráðherra, Páll Líndal.
Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Ráðgjafarhópur til að gera tillögur um verð og aðstoða við kaup á hentugri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna (skipaður í febrúar 1992).
Gunnar Bergsteinsson, Leifur Magnússon, Þorsteinn Þorsteinsson, Páll Halldórsson, allir án tilnefningar og dr. Þorgeir Pálsson, tilnefndur af fjármálaráðuneyti.
Nefndin hefur lokið störfum.

Nefnd til að endurskoða lög nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands (skipuð í febrúar 1992).
Leifur Magnússon, Gunnar Bergsteinsson, Ólafur W. Stefánsson, án tilnefningar, Ólafur S. Valdimarsson, samkvæmt tilnefningu samgönguráðherra, og Jón B. Jónasson, samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra.
Nefndin hefur ekki lokið störfum.

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI

Nefnd til að vinna að undirbúningi að breytingum á rekstrarformi Síldarverksmiðja ríkisins (skipuð 19. júlí 1991).
Eggert Hauksson formaður, Óttar Yngvason, Valbjörn Steingrímsson.
Nefndin skilaði áliti 27. september 1991.

Nefnd um mótun sjávarútvegsstefnu (skipuð 20. ágúst 1991).
Magnús Gunnarsson, formaður, Þröstur Ólafsson, formaður, Árni Vilhjálmsson, Björn Dagbjartsson, Pétur Bjarnason, Vilhjálmur Egilsson, Þorkell Helgason, Örn Traustason, allir skipaðir án tilnefningar.
Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Nefnd til að yfirfara ýmsa þætti er lúta að hugsanlegri úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu (skipuð 29. ágúst 1991).
Einar K. Guðfinnsson, formaður, Guðmundur Einarsson, Guðmundur Eiríksson, Jóhann Sigurjónsson, Kjartan Júlíusson, Jakob Jakobsson.
Nefndin hefur skilað áliti.

Nefnd til að endurskoða gildandi lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins (skipuð 31. október 1991).
Hallgrímur Snorrason, formaður, Ólafur Ísleifsson, Þorvarður Gunnarsson, Hallgrímur Þorsteinsson og Björn Björnsson, allir skipaðir án tilnefningar.
Nefndin er að störfum.

Ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila um mótun sjávarútvegsstefnu (skipuð 2. október 1991).
Magnús Gunnarsson, formaður, án tilnefningar, Þröstur Ólafsson, formaður, án tilnefningar, Arnar Sigmundsson, tilnefndur af Samtökum fiskvinnslustöðva, Sturlaugur Sturlaugsson, tilnefndur af Samtökum fiskvinnslustöðva, Árni Benediktsson, tilnefndur af íslenskum sjávarafurðum, Kristján Ragnarsson, tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sigurður Einarsson, tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Arthur Bogason, tilnefndur af Landssambandi smábátaeigenda, Þorsteinn Gíslason, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, Óskar Vigfússon, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, Snær Karlsson, tilnefndur af Verkamannasambandi Íslands, Guðjón A. Kristjánsson, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Varamenn: Gunnar Tómasson, tilnefndur af Samtökum fiskvinnslustöðva, Kristinn Pétursson, tilnefndur af Samtökum fiskvinnslustöðva, Hermann Hansson, tilnefndur af Íslenskum sjávarafurðum, Sveinn H. Hjartarson, tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sverrir Leósson, tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Örn Pálsson, tilnefndur af Landssambandi smábátaeigenda, Eiríkur Tómasson, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, Hólmgeir Jónsson, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, Hervar Gunnarsson, tilnefndur af Verkamannasambandi Íslands, Helgi Laxdal, tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands f. Guðjón Kristinsson.
Nefndin er enn að störfum.

Samráðshópur til að fjalla um hvernig megi bæta umgengni um auðlindir sjávar (skipuð 10. desember 1991).
Björn Dagbjartsson, formaður, án tilnefningar, Arthur Bogason, tilnefndur af Landssambandi smábátaeigenda, Guðjón A. Kristjánsson, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sveinn Rúnar Hauksson, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Jakob Jakobsson, tilnefndur af Hafrannsóknastofnun, Jónas Haraldsson, tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sævar Gunnarsson, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

Varnarmálanefnd, til viðræðna við varnarliðið. Endurskipuð.
Róbert Trausti Árnason skrifstofustjóri, formaður, Guðfinnur Sigurvinsson, fyrrv. bæjarstjóri, Höskuldur Ólafsson, fyrrv. bankastjóri, Ólafur Björnsson, fyrrv. útgerðarmaður, Páll Jónsson, sparisjóðsstjóri, allir án tilnefninga.

Nefnd til að leggja mat á það hvort EES-samningurinn brjóti í bága við íslensk stjórnskipunarlög.
Þór Vilhjálmsson, hæstaréttardómari, formaður, dr. Gunnar G. Schram prófessor, Stefán Már Stefánsson prófessor, Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri, tilnefndur af dómsmálaráðherra.
Nefndin er að störfum.

SAMGÖNGURÁÐUNEYTI

Mönnunarnefnd (skipuð 20. desember 1991).
Hafsteinn Hafsteinsson, formaður, Jón H. Magnússon, Ásbjörn Skúlason, Guðjón Ármann Einarsson, Jóhann Gíslason, Björgvin Björgvinsson, Haraldur M. Ingólfsson, Jón Vigfússon, Hilmar Snorrason, Albert Gunnarsson, Ásgeir Guðnason, Steinn Ágúst Baldvinsson, Jónas Haraldsson, Halldór Ibsen, Ragnar G.D. Hermannsson, Gunnar M. Ólafsson. Varamenn: Helgi G. Þórðarson, varaformaður, Kristján Ólafsson, Einar Hermannsson, Hjörtur Emilsson, Magnús Helgason, Ámundi J. Játvarðsson, Helgi Laxdal, Örn Sævar Daníelsson, Ingvar Friðriksson, Guðlaugur Gíslason, Sveinn Á. Sigurðsson, Birgir Stefánsson, Harald Holsvík.
Nefndin er að störfum.

Öryggisfræðslunefnd (skipuð 20. desember 1991).
Ragnhildur Hjaltadóttir, formaður, Árni Johnsen, Hilmar Snorrason, Einar Hermannsson, Magnús Jóhannesson, Ólafur Þór Ragnarsson, Rögnvaldur Einarsson, Harald Holsvik, Jónas Haraldsson Helgi Laxdal, Gunnar Tómasson, varamaður, Ásbjörn Skúlason, varamaður.
Nefndin er að störfum.

Nefnd um framkvæmd ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A. 481 (skipuð 8. ágúst 1991).
Ragnhildur Hjaltadóttir, formaður, Jónas Garðarsson, Einar Hermannsson, Sigurjón Hannesson, Guðlaugur Gíslason.

Skólanefnd Slysavarnaskóla sjómanna (skipuð 31. júlí 1991).
Gunnar Tómasson, formaður, Einar Sigurjónsson, Hannes Þ. Hafstein, Ragnar G.D. Hermannsson, Ólafur Þór Ragnarsson.
Nefndin er að störfum.

Smíðanefnd Herjólfs (skipuð 13. september 1991).
Guðmundur Karlsson, formaður, Halldór S. Kristjánsson, Sveinbjörn Óskarsson, Páll Flygenring, Tryggvi Jónasson, Grímur Gíslason.

Nefnd til að endurskoða hafnalög (skipuð 28. ágúst 1991).
Sturla Böðvarsson, formaður, Árni Mathiesen, Guðmundur Einarsson, Kristján Júlíusson, Ólafur S. Valdimarsson, Hermann Guðjónsson, Kristján Ragnarsson.

Nefnd til að endurskoða Vitastofnun Íslands (skipuð 28. ágúst 1991).
Ólafur S. Valdimarsson, Hermann Guðjónsson.

Nefnd til að endurskoða lög um stjórn og starfrækslu Póst- og símamálastofnunar, nr. 36/1977 (skipuð 12. ágúst 1991).
Halldór S. Kristjánsson, Ólafur Tómasson, Ragnhildur Hjaltadóttir, Guðmundur Björnsson.

Nefnd um hafnargerð fyrir Fagranes (skipuð 17. júlí 1991).
Auðunn Karlsson, formaður, Sverrir Hestnes, Gunnar Jóhannsson.

Nefnd um flugskóla (skipuð 2. október 1991).
Þórhallur Jósepsson, formaður, Hjálmar Árnason, Grétar Óskarsson, Ólafur W. Finnsson, Ólafur Arnarson, Skúli Jón Sigurðarson, varamaður, Ámundi H. Ólafsson.

Sæfaranefnd (skipuð 18. október 1991).
Þórhallur Jósepsson, formaður, Sveinbjörn Óskarsson, Skarphéðinn Steinarsson, Rúnar Guðjónsson.

Nefnd um endurskoðun vegalaga (skipuð 12. febrúar 1992).
Þórhallur Jósepsson, formaður, Árni M. Mathiesen, Pálmi Jónsson, Karl Steinar Guðnason, Gunnlaugur Stefánsson, Helgi Hallgrímsson, Gunnar Gunnarsson. Ritari: Rúnar Guðjónsson.

Starfshópur um notkun gervihnatta (skipaður 12. febrúar 1992).
Ragnhildur Hjaltadóttir, formaður, Róbert Trausti Árnason, Haukur Hauksson, Þorgeir Pálsson, Guðjón Scheving Tryggvason, Haraldur Sigurðsson.

Nefnd um endurskoðun fjarskiptalaga (skipuð 27. apríl 1992).
Þórhallur Jósefsson, formaður, samgönguráðuneyti, Ragnhildur Hjaltadóttir, samgönguráðuneyti, Þorvarður Jónsson, tilnefndur af Pósti og síma, Jónas Friðrik Jónsson, tilnefndur af Verslunarráði, Eyjólfur Valdimarsson, tilnefndur af Ríkisútvarpinu, Guðmundur Gunnarsson, Jón Kristinn Valdimarsson.

UMHVERFISRÁÐUNEYTI

Nefnd um Umhverfisbótasjóð (skipuð 9. júlí 1991).
Páll Líndal, formaður, umhverfisráðuneyti, Húnbogi Þorsteinsson, tilnefndur af félagsmálaráðuneyti, Þórður Skúlason, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
Nefndin er að störfum.

Starfshópur til að fjalla um mengunarvarnasvið Hollustuverndar ríkisins (skipaður 31. júlí 1991).
Magnús Jóhannesson, formaður, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, Hermann Sveinbjörnsson tilnefndur af Hollustuvernd, Ólafur Pétursson, tilnefndur af Hollustuvernd.
Skilaði áliti í febrúar 1992.

Nefnd vegna frumvarps um Náttúrufræðistofnun Íslands (skipuð 8. ágúst 1991).
Jón Gunnar Ottósson, formaður, umhverfisráðuneyti, Össur Skarphéðinsson, tilnefndur af Alþýðuflokki, Hjörleifur Guttormsson, tilnefndur af Alþýðubandalagi, Kristín Einarsdóttir, tilnefnd af Kvennalista, Valgerður Sverrisdóttir, tilnefnd af Framsóknarflokki, Tómas Ingi Olrich, tilnefndur af Sjálfstæðisflokki.
Nefndin skilaði áliti í nóvember 1991.

Nefnd til að endurskoða frumvarp um dýravernd (skipuð 8. ágúst 1991).
Jón Gunnar Ottósson, formaður, umhverfisráðuneyti, Páll Hersteinsson, veiðistjóri, Sigurður Richter, Keldum, Árni Mathiesen, tilnefndur af Sjálfstæðisflokki, Margrét Haraldsdóttir menntaskólakennari, tilnefnd af Alþýðuflokki.
Nefndin skilað áliti í nóvember 1991.

Nefnd til að semja frumvarp um stjórnsýslu Miðhálendis (skipuð í ágúst 1991).
Páll Líndal, formaður, umhverfisráðuneyti, Árni Gunnarsson, tilnefndur af Alþýðuflokki, Árni Ragnar Árnason, tilnefndur af Sjálfstæðisflokki, Gunnar Eydal, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stefán Thors, skipulagsstjóri.
Nefndin skilaði áliti í mars 1992.

Nefnd til að fjalla um viðbrögð við mengunaróhöppum (skipuð 23. september 1991).
Jón Bragi Bjarnason prófessor, formaður, Davíð Egilsson, tilnefndur af Siglingamálastofnun, Jón Ólafsson, tilnefndur af Hafrannsóknastofnun, Sigurður Magnússon, tilnefndur af Geislavörnum ríkisins, Ævar Petersen, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun.

Nefnd til að semja frumvarp til laga um vatnsvernd (skipuð 21. nóvember 1991).
Páll Líndal, formaður, umhverfisráðuneyti, Gunnar Steinn Jónsson, tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, Freysteinn Sigurðsson, tilnefndur af Orkustofnun, Gísli Gíslason bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Elín R. Líndal, tilnefnd af Stéttarsambandi bænda.
Nefndin er að störfum.

Nefnd til að gera tillögur um varnir gegn hundæði (skipuð 29. nóvember 1991).
Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir, Sigurður Sigurðsson dýralæknir, Páll Hersteinsson veiðistjóri. Allir skipaðir án tilnefningar.

Nefnd til að gera úttekt á ástandi fráveitumála og móta stefnu og gera tillögur um bætta skipan fráveitumála (skipuð 12. desember 1991).
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, formaður, umhverfisráðuneyti, Björn Árnason, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Davíð Egilsson, tilnefndur af Siglingamálastofnun ríkisins, Ólafur Pétursson, tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, Sigurður Skarphéðinsson, tilnefndur af Samtökum tæknimanna sveitarfélaga.
Nefndin er að störfum.

Nefnd til að endurskoða lög nr. 47/1971, um náttúruvernd (skipuð 29. janúar 1992).
Höskuldur Jónsson, formaður, Gísli Már Gíslason, tilnefndur af Náttúruverndarráði, Hjörleifur Guttormsson, tilnefndur af Alþýðubandalagi, Sigurður Þráinsson, umhverfisráðuneyti, Sigríður Einarsdóttir, tilnefnd af Alþýðuflokki, Sigrún Helgadóttir, tilnefnd af Samtökum um kvennalista, Tómas Ingi Olrich, tilnefndur af Sjálfstæðisflokki, Valgerður Sverrisdóttir, tilnefnd af Framsóknarflokki.
Nefndin er að störfum.

Nefnd til að leita leiða til förgunar landbúnaðarplasts (skipuð 25. mars 1992).
Gunnar Bragason, formaður, Sigurbjörg Sæmundsdóttir, umhverfisráðuneyti, Birgir Þórðarson, tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, Grétar Einarsson, tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Loftur Þorsteinsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þórólfur Sveinsson, tilnefndur af Stéttarsambandi bænda.
Nefndin er að störfum.

Nefnd til að undirbúa umhverfisverndardag 5. júní 1992 (skipuð 2. apríl 1992).
Gunnar Eyjólfsson, formaður, tilnefndur af Bandalagi íslenskra skáta, Herdís Þorvaldsdóttir, tilnefnd af Lífi og landi, Sædís Guðlaugsdóttir, tilnefnd af Skógræktarfélagi Íslands, Þóroddur F. Þóroddsson, tilnefndur af Náttúruverndarráði, Þórunn Lárusdóttir, tilnefnd af Landvernd.

Nefnd til að kanna aðferðir við útreikning þjóðhagsstærða (skipuð 26. febrúar 1992).
Þórir Ibsen deildarsérfræðingur, umhverfisráðuneyti, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, formaður, Gamalíel Sveinsson, tilnefndur af Þjóðhagsstofnun.
Nefndin er að störfum.

Nefnd til að kanna ágreiningsefni sem undanfarið hafa risið vegna ósamræmis sem ríkir um löggildingu meistara á sviði byggingarmála og gera tillögur um úrbætur (skipuð 3. apríl 1992).
Aðalheiður Jóhannsdóttir, umhverfisráðuneyti, Haraldur Sumarliðason, tilnefndur af Landsambandi iðnaðarmanna, Helga J. Benediktsdóttir, tilnefnd að iðnaðarráðuneytinu, Magnús Óskarsson, borgarlögmaður, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
Nefndin er að störfum.

Starfshópur um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar (skipaður 5. júlí 1991).
Jón Gunnar Ottósson, formaður, umhverfisráðuneyti, Gunnar Steinn Jónsson, tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, Sigurður Ármann Þráinsson, tilnefndur af Náttúruverndarráði, Unnsteinn Gíslason, tilnefndur af Skipulagi ríkisins, Vigfús Jóhannsson, tilnefndur af Veiðimálastofnun.
Nefndin er að störfum.

Starfshópur til að undirbúa tilraunaverkefni í kortagerð (skipaður 10. maí 1991).
Jón Gunnar Ottósson, formaður, umhverfisráðuneyti, Ágúst Guðmundsson, tilnefndur af Landmælingum Íslands, Ingvi Þorsteinsson, tilnefndur af RALA, Jón Rögnvaldsson, tilnefndur af Vegagerð ríkisins, Stefán Thors, skipulagsstjóri, tilnefndur af Skipulagi ríkisins.
Skilaði áliti í desember 1991.

Verkefnisstjórn til að hafa umsjón með tilraunaverkefni í gerð staðfræðikorta, gróðurkorta og landfræðilegs upplýsingakerfis (skipuð 28. janúar 1992).
Jón Gunnar Ottósson, formaður, umhverfisráðuneyti, Ágúst Guðmundsson, tilnefndur af Landmælingum Íslands, Haukur Tómasson, tilnefndur af Orkustofnun, Ingvi Þorsteinsson, tilnefndur af RALA, Jón Rögnvaldsson, tilnefndur af Vegagerð ríkisins, Páll Guðjónsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stefán Thors, tilnefndur af Skipulagi ríkisins.

Samstarfshópur um jákvæðar umhverfismerkingar (skipuð 4. september 1991).
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, umhverfisráðuneyti, Birgir Þórðarson, tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, Guðjón Jónsson, tilnefndur af Iðntæknistofnun, Hallur A. Baldursson, tilnefndur af Verslunarráði, Jóhannes Gunnarsson, tilnefndur af Neytendasamtökunum, Jóhannes Jónsson, tilnefndur af Landvernd, Jóhannes Þorsteinsson, tilnefndur af Iðntæknistofnun, Ólafur Kjartansson, tilnefndur af Félagi íslenskra iðnrekenda, Þóroddur F. Þóroddsson, tilnefndur af Náttúruverndarráði.
Föst nefnd sem hittist fjórum sinnum á ári.

Starfshópur til að kanna möguleika á eyðingu spilliefna í ofni Sementsverksmiðju ríkisins (skipaður 24. júlí 1991).
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, formaður, Daníel Árnason, forstöðumaður tæknideildar Akraneskaupstaðar, dr. Guðmundur Guðmundsson, Guðni Halldórsson, heilbrigðisfulltrúi Akranesi, Ólafur Pétursson, Hollustuvernd ríkisins.

Starfshópur til að endurskoða reglur um hreindýraráð (skipaður 15. júní 1991).
Páll Hersteinsson, formaður, Aðalsteinn Aðalsteinsson, tilnefndur af Búnaðarsambandi Austurlands, Einar Már Sigurðsson, tilnefndur af Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Skarphéðinn Þórisson, líffræðingur Fellabæ.
Hópurinn skilaði áliti í mars 1992.

Starfshópur til að hafa eftirlit með umhverfisathugunum við álver á Keilisnesi (skipaður 9. september 1991).
Magnús Jóhannesson, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, formaður, Gunnar Steinn Jónsson, Hollustuvernd ríkisins, Þorsteinn I. Sigfússon, prófessor.

Verkefnisstjórn til að skipuleggja og hafa umsjón með rannsókn á sjávarbotndýrum í efnahagslögsögu Íslands (skipuð 29. janúar 1992).
Jón Gunnar Ottósson, formaður, umhverfisráðuneyti, Jörundur Svavarsson, tilnefndur af Líffræðistofnun HÍ, Ragnar Árnason, tilnefndur af Sjávarútvegsstofnun HÍ, Sigmar Á. Steingrímsson, tilnefndur af Hafrannsóknastofnun, Ævar Petersen, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Ólafur Gunnlaugsson, tilnefndur af Sandgerðishreppi.
Skipuð til eins árs.

Starfshópur vegna förgunar sorps í Bolungarvík og Súðavík (skipuð 12. ágúst 1991).
Birgir Þórðarson, Hollustuvernd ríkisins, Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri, tilnefndur af Bolungarvíkurkaupstað, Sigríður Hrönn Elíasdóttir, sveitarstjóri tilnefnd af Súðavíkurbæ, Sigurbjörg Sæmundsdóttir, umhverfisráðuneyti, Smári Haraldsson, bæjarstjóri, tilnefndur af Ísafjarðarkaupstað.
Hópurinn skilaði áfangaskýrslu í janúar 1992 og er enn að störfum.

Starfshópur um umhverfisvernd og ferðamennsku á Miðhálendinu (skipaður 10. apríl 1992).
Sigurður Þráinsson, formaður, umhverfisráðuneyti, Björn Ólafsson, tilnefndur af Vegagerð ríkisins, Sævar Gunnarsson, tilnefndur af umferðardeild Lögreglunnar í Reykjavík, Guðríður Þorvarðardóttir, tilnefnd af Náttúruverndarráði, Magnús Oddsson, tilnefndur af ferðamálaráði.
Nefndin er að störfum.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

Samninganefnd ríkisins í launamálum (skipuð 11. júlí 1992).
Ágúst Einarsson, formaður, Magnús Pétursson, Sigrún V. Ásgeirsdóttir, ritari, Birgir Guðjónsson, Steingrímur Ari Arason, Guðríður Þorsteinsdóttir, Haraldur Sverrisson trúnaðarmaður, Sólrún Jensdóttir trúnaðarmaður, Sigurður Helgason trúnaðarmaður, Gunnar Björnsson trúnaðarmaður, Guðmundur H. Guðmundsson trúnaðarmaður, Arnhildur Ásdís Kolbeinsdóttir trúnaðarmaður, Ásta Lára Leósdóttir trúnaðarmaður, Sólveig Guðmundsdóttir trúnaðarmaður.

Nefnd til að stjórna framkvæmdum við endurbætur á húsnæði Skattstofunnar í Reykjavík (skipuð 4. september 1991).
Guðmundur Rúnar Guðmundsson, formaður, Snorri Olsen, Ingvar Rögnvaldsson, Leifur Eysteinsson.

Nefnd um sparnað á tölvukostnaði (skipuð 20. janúar 1992).
Birgir Guðjónsson, formaður, Jóhann Gunnarsson, Skúli Eggert Þórðarson, Þorsteinn Garðarsson, Gunnar Guðnason.
Starfslok 15. maí 1992.

Nefnd um skipulag hagsýslustarfs ríkisins (skipuð 19. september 1991).
Magnús Pétursson, Þorsteinn Geirsson, Berglind Ásgeirsdóttir.

Samráðsnefnd Seðlabanka og fjármálaráðuneytis um lánsfjár- og ábyrgðarmál ríkisins (skipuð 6. nóvember 1991).
Magnús Pétursson, formaður, Þórhallur Arason, Sigurgeir Jónsson, Jóhannes Nordal, og Birgir Ísleifur Gunnarsson, Seðlabanka Íslands.

Nefnd um afskriftir á opinberum gjöldum (skipuð 1. nóvember 1991).
Snorri Olsen, Ingi K. Magnússon, Ríkisendurskoðun.

Bílanefnd (skipuð 10. desember 1991).
Gunnar Gunnarsson, Kristinn Ólafsson, Bjarni Ólafsson.

Ríkistollanefnd (skipuð 23. desember 1992).
Ingólfur Friðjónsson, formaður, Eyþór Borgþórsson, Jónas Jónasson.

Nefnd sem gera á tillögu um reikningsgrundvöll mótframlags skv. 7. gr. laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda (skipuð 9. janúar 1992).
Áslaug Guðjónsdóttir, formaður, Jón Ragnar Blöndal, Jóhann Guðmundsson, Benedikt Jónsson, Guðmundur Þorsteinsson.

Byggingarnefnd listaskóla (SS húsið) (skipuð 20. maí 1991).
Þórhallur Arason, formaður, Guðmundur Rúnar Guðmundsson, Örlygur Geirsson, tilnefndur af menntamálaráðherra, Stefán Stefánsson, tilnefndur af menntamálaráðherra.

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI

Nefnd til að gera tillögur um aðgerðir til að draga úr lyfjakostnaði (skipuð 25. júní 1991).
Jón Sæmundur Sigurjónsson hagfræðingur, formaður, Einar Magnússon deildarstjóri, Ólafur Ólafsson landlæknir, Júlíus Valsson læknir, Guðrún Eyjólfsdóttir lyfjafræðingur, Kristján Guðjónsson deildarstjóri, Eggert Sigfússon aðstoðarlyfjafræðingur, ritari.

Nefnd til að gera tillögur um framkvæmd íslenskrar heilbrigðisáætlunar (skipuð 25. júní 1991).
Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Guðjón Magnússon skrifstofustjóri, Hrafn V. Friðriksson yfirlæknir, Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri, Ólafur Ólafsson landlæknir, Valgerður Gunnarsdóttir sjúkraþjálfari, Vilborg Ingólfsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Nefnd til að semja tillögur um námsskrá vegna náms sjúkraflutningamanna (skipuð 3. júlí 1991).
Skúli Johnsen héraðslæknir, formaður, Heimir Bjarnason, aðstoðarhéraðslæknir, samkvæmt tilnefningu landlæknis, Stefán Ólafur Jónsson deildarstjóri, samkvæmt tilnefningu menntamálaráðuneytis, Kristinn Guðmundsson yfirlæknir, samkvæmt tilnefningu sjúkraflutningaráðs, Ármann Pétursson, formaður Landssambands sjúkraflutningamanna, samkvæmt tilnefningu þeirra.
Nefndin lauk störfum 25. febrúar 1992.

Matsnefnd vegna leyfisveitinga samkvæmt bráðabirgðaákvæði reglugerðar nr. 184/1991, um menntun, réttindi og skyldur fótaaðgerðafræðinga (skipuð 6. ágúst 1991).
Sólveig Guðmundsdóttir deildarstjóri, formaður, Jón Hjaltalín Ólafsson dósent, samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, Anna Björg Aradóttir hjúkrunarfræðingur, samkvæmt tilnefningu landlæknis.

Vinnuhópur til að vinna drög að námsskrá vegna fyrirhugaðs náms í fótaaðgerðum hér á landi (skipuð 6. ágúst 1991).
Sólveig Guðmundsdóttir deildarstjóri, formaður, Karl Kristjánsson deildarstjóri, samkvæmt tilnefningu menntamálaráðuneytis, Jón Hjaltalín Ólafsson dósent, samkvæmt tilnefningu embættis landlæknis.

Nefnd til að hafa umsjón með löggildingarnámskeiði fyrir þá sem starfa sem læknaritarar en hafa ekki til þess tilskilin réttindi (skipuð 20. nóvember 1991).
Sólveig Guðmundsdóttir deildarstjóri, formaður, Karl Kristjánsson deildarstjóri, samkvæmt tilnefningu menntamálaráðuneytis, Anna Björg Aradóttir hjúkrunarfræðingur, samkvæmt tilnefningu embættis landlæknis, Guðfinna Ólafsdóttir, formaður Félags íslenskra læknaritara samkvæmt tilnefningu félagsins.
Nefndin hefur lokið störfum.

Nefnd um tilflutning Kristnesspítala (skipuð 6. ágúst 1991).
Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri, formaður, Ingi Björnsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af stjórn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Bjarni A. Arthursson framkvæmdastjóri, tilnefndur af stjórn ríkisspítalanna.
Nefndin lauk störfum í október 1991.

Uppstillingarnefnd skv. 3. gr. laga nr. 76/1982, um lyfjadreifingu (skipuð 22. júlí 1991).
Einar Magnússon deildarstjóri, formaður, Benedikt Sigurðsson lyfsali, Hjörleifur Þórarinsson, samkvæmt tilnefningu Stéttarfélags íslenskra lyfjafræðinga.

Nefnd til að vinna tillögur um lækkun útgjalda vegna fjárlaga 1992 sem að er stefnt í heilbrigðisráðuneytinu (skipuð 16. júlí 1991).
Guðjón Magnússon skrifstofustjóri, Svanhvít Jakobsdóttir deildarstjóri, Björn Matthíasson, hagfræðingur, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, Þorkell Helgason, aðstoðarmaður ráðherra.
Nefndin hefur lokið störfum.

Nefnd til að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990 (skipuð 25. september 1991).
Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri, formaður, Ólafur Ólafsson landlæknir, Gunnar Ingi Gunnarsson heilsugæslulæknir, Sigbjörn Gunnarsson alþingismaður, Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður.

Nefnd skv. 3. gr. reglugerðar nr. 311/1986, um veitingu lækninga- og sérfræðileyfa (skipuð 24. október 1991 til fjögurra ára).
Guðmundur Vikar Einarsson dósent, formaður, samkvæmt tilnefningu læknadeildar HÍ, Gunnar Sigurðsson yfirlæknir, samkvæmt tilnefningu Landssambands sjúkrahúsa á Íslandi, Leifur N. Dungal heilsugæslulæknir, samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands.

Nefnd til að athuga hugmyndir um breytingu á lyfjadreifingu (skipuð 18. ágúst 1991).
Brynjólfur Sigurðsson prófessor, formaður, Jón Sæmundur Sigurjónsson hagfræðingur, varaformaður, Einar Magnússon deildarstjóri, Guðrún Eyjólfsdóttir lyfjafræðingur, Kristján Guðjónsson deildarstjóri, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir.
Nefndin hefur lokið störfum.

Nefnd skv. 28. gr. laga nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir (skipuð 18. október 1991 til fjögurra ára).
Benedikt Ó. Sveinsson læknir, formaður, varamaður: Ósk Ingvarsdóttir læknir, Sigríður Ólafsdóttir borgardómari, varamaður: Jón Rúnar Pálsson lögfræðingur, Kristín Kristmundsdóttir félagsráðgjafi, varamaður: Sigurrós Sigurðardóttir félagsráðgjafi.

Nefnd til að fjalla um ágreiningsmál innan heilbrigðisþjónustunnar skv. 5. tölul. 3. gr. laga nr. 97/1990 (skipuð 1. október 1991 til fjögurra ára).
Ragnar Hall borgarfógeti, formaður, varamaður: Gréta Baldursdóttir, settur borgarfógeti, Guðrún Agnarsdóttir læknir, varamaður: Guðmundur Pétursson læknir, Guðrún Marteinsdóttir dósent, varamaður: Helga Jónsdóttir lektor.

Afgreiðslunefnd skv. 3. gr. reglugerðar nr. 170/1987, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra (skipuð 1. október 1991 til fjögurra ára).
Haukur Þórðarson yfirlæknir, formaður, varamaður: Magnús Ólason læknir, Kári Sigurbergsson læknir, tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands, varamaður: Garðar P. Jónsson læknir, Hilmar Björgvinsson, deildarstjóri lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins, ritari: Haukur Haraldsson, deildarstjóri greiðsludeildar Tryggingastofnunar ríkisins.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur (skipuð 29. janúar 1992 fyrir árið 1992).
Skúli Johnsen héraðslæknir, formaður, Ólafur F. Magnússon læknir, tilnefndur af borgarráði, Óttar Guðmundsson læknir, tilnefndur tryggingaráði.

Vinnuhópur til að semja drög að reglugerð um göngudeildarþjónustu sjúkrahúsa, þar með talin einnar nætur innlögn sem hluti göngudeildarþjónustu (skipaður 28. janúar 1992).
Þorkell Helgason, aðstoðarmaður ráðherra, formaður, Guðjón Magnússon skrifstofustjóri, Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri, Kristján Guðjónsson deildarstjóri, Víglundur Þór Þorsteinsson læknir.

Nefnd til að kanna hvort og þá með hvaða hætti vátryggingafélög geti tekið að sér slysatryggingar almannatrygginga (skipuð 3. febrúar 1992).
Jón Sæmundur Sigurjónsson hagfræðingur, formaður, skipaður af ráðherra, Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóri, tilnefndur af Tryggingaeftirlitinu, Lára V. Júlíusdóttir framkvæmdastjóri, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Bjarni Þórðarson framkvæmdastjóri og Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri, tilnefndir af Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefnd sem fær það hlutverk að vera fulltrúi ríkisins í samningum um stofnun nýs sjúkrahúss í Reykjavík (skipuð 11. febrúar 1992).
Ragnar Kjartansson, framkvæmdastjóri, formaður, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra, Halldór Árnason skrifstofustjóri, fulltrúi fjármálaráðherra, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einnig Þorkell Helgason, aðstoðarmaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Svanhvít Jakobsdóttir deildarstjóri.
Nefndin hefur lokið störfum.

Nefnd um endurskoðun laga um bátaábyrgðarfélög (skipuð 25. mars 1992).
Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri, formaður, Páll Sigurðsson forstjóri, frá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Ragnar Þ. Ragnarsson deildarstjóri, frá Tryggingaeftirlitinu, Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri, frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Jónas Haraldsson lögmaður, frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Gunnar Svavarsson skipstjóri, frá Landssambandi smábátaeigenda, Einar Oddur Kristjánsson frá bátaábyrgðarfélögunum.

Nefnd um sjúkraflutninga (skipuð 25. mars 1992).
Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri, formaður, Svanhvít Jakobsdóttir deildarstjóri, Kristján Guðjónsson deildarstjóri, Ólafur Hjálmarsson deildarstjóri.

Rekstrarnefnd vegna vistheimilis ósakhæfra geðsjúkra afbrotamanna að Sogni í Ölfusi (skipuð 27. mars 1992, skipunartími frá og með 10. apríl 1992).
Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Guðjón Magnússon skrifstofustjóri, varaformaður, Elín Óskarsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af stjórn Sjúkrahúss Suðurlands á Selfossi, Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni Ölfusi, tilnefndur af Ölfushreppi, Þorsteinn A. Jónsson deildarstjóri, tilnefndur af dómsmálaráðherra.

Nefnd til að gera tillögur um reglur um húsnæðisþarfir hjúkrunarheimila (skipuð 7. apríl 1992, óskað eftir að nefndin hraði störfum).
Þorkell Helgason, aðstoðarmaður ráðherra, formaður, Ingibjörg R. Magnúsdóttir skrifstofustjóri, Baldur Ólafsson deildarstjóri, Helgi Hjálmarsson arkitekt, Hrafn Pálsson, deildarstjóri.

Vinnuhópur til að greina störf og rekstur sjúkrahúsa m.a. í samanburði við önnur lönd (skipaður 30. apríl 1992, óskað eftir að vinnuhópurinn hraði störfum).
Þorkell Helgason, aðstoðarmaður ráðherra, formaður, Guðjón Magnússon skrifstofustjóri, Ingibjörg R. Magnúsdóttir, skrifstofustjóri, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Skúli Johnsen héraðslæknir.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

Námsbrautanefnd meinatæknibrautar í heilbrigðisdeild Tækniskóla Íslands (skipuð 14. febrúar 1992).
Martha Á. Hjálmarsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Meinatæknifélagi Íslands, Eggert Ó. Jóhannsson, aðalmaður, tilnefndur af stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkur, Þorvaldur Veigar Guðmundsson, aðalmaður, tilnefndur af stjórnarnefnd Ríkisspítalana, Kristrún Ólafsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af stjórnarnefnd Ríkisspítala. Rektor Tækniskóla Íslands og námsbrautarstjóri meinatæknibrautar skólans eiga einnig sæti í nefndinni samkvæmt stöðu sinni.
Nefndin er að störfum.

Nefnd um meðferð trúnaðarskjala og upplýsinga í grunnskólum (skipuð 25. febrúar 1992).
Margrét Harðardóttir, formaður, Jón Hjartarson, aðalmaður, tilnefndur af fræðslustjóra, Guðjón Ólafsson, aðalmaður, tilnefndur af Félagi sérkennara, Húgó L. Þórisson, aðal-

maður, tilnefndur af Sálfræðingafélagi Íslands, Málfríður Ragnarsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Félagi skólastjóra og yfirkennara.
Nefndin er að störfum.

Starfshópur um tilhögun bókmenntastyrkja Snorra Sturlusonar (skipuð 1992).
Úlfar Bragaon, formaður, Sigurgeir Steingrímsson, aðalmaður, Stefán Stefánsson, aðalmaður, allir án tilnefningar.
Nefndin er að störfum.

Framkvæmdanefnd vegna M-hátíðar á Suðurnesjum 1992 (skipuð 9. mars 1992).
Björk Guðjónsdóttir, formaður, Halldór Ingvarsson, aðalmaður, Guðjón Guðmundsson, aðalmaður, Erlendur Kristjánsson, aðalmaður, allir án tilnefningar.
Nefndin er að störfum.

Nefnd til að efla Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði (skipuð 11. mars 1992).
Stefán Ólafur Jónsson, formaður, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, aðalmaður, Guðrún Hallgrímsdóttir, aðalmaður, Sæmundur Guðmundsson, aðalmaður, Torfi Þorsteinsson, aðalmaður, allir án tilnefningar.
Nefndin er að störfum.

Nefnd til að endurskoða lög um grunnskóla og framhaldsskóla (skipuð 11. mars 1992).
Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður, Arnar Þórisson, aðalmaður, Árni Sigfússon, aðalmaður, Björn Búi Jónsson, aðalmaður, Björn Halldórsson, aðalmaður, Halldóra Rafnar, aðalmaður, Haukur Helgason, aðalmaður, Helgi Jónasson, aðalmaður, Ingibjörg Guðmundsdóttir, aðalmaður, Ingimundur Sigurpálsson, aðalmaður, Linda Rós Mikaelsdóttir, aðalmaður, Ólafur H. Jóhannsson, aðalmaður, Sigurveig Sæmundsdóttir, aðalmaður, Sólrún Jensdóttir, aðalmaður, Stefán Baldursson, aðalmaður, Trausti Þorsteinsson, aðalmaður, Þórleifur Jónsson, aðalmaður, María Gunnlaugsdóttir, aðalmaður, allir án tilnefningar.
Nefndin er að störfum.

Nefnd um framtíð Reykjanesskóla (skipuð 16. mars 1992).
Sigurður Helgason, formaður, án tilnefningar, Einar Kristinn Guðfinnsson, aðalmaður, tilnefndur af þingmönnum Vestfjarðarkjördæmis, Guðmundur H. Ingólfsson, aðalmaður, tilnefndur af héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu, Hákon Torfason, aðalmaður, án tilnefningar, Sigmundur Sigmundsson, aðalmaður, tilnefndur af héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu.
Nefndin er að störfum.

Nefnd um hagræðingu í framhaldsskólum (skipuð 15. janúar 1992).
Hörður Lárusson, formaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Bjarni Daníelsson, aðalmaður, tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands, Friðrik Friðjónsson, aðalmaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Jón F. Hjartarson, aðalmaður, tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands, Karl Kristjánsson, aðalmaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Örlygur Geirsson, aðalmaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Sigurður Ragnarsson, aðalmaður, tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands, Þórir Ólafsson, aðalmaður, tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands.
Starfslok 1. mars 1992.

Samráðsnefnd um fjármál Háskóla Íslands (skipuð 30. janúar 1992).
Gunnlaugur Jónsson, formaður, tilnefndur af Háskóla Íslands, Örlygur Geirsson, aðalmaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Ásdís Sigurjónsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af fjármálaráðuneyti.
Nefndin er að störfum.

Úthlutunarnefnd þróunarsjóðs grunnskóla (skipuð 7. janúar 1992).
Hrólfur Kjartansson, formaður, án tilnefningar, Hjördís Guðbjörnsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Bandalagi kennarafélaga, Matthías Kristiansen, aðalmaður, tilnefndur af Bandalagi kennarafélaga, Stella Guðmundsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Bandalagi kennarafélaga, Gerður G. Óskarsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Háskóla Íslands, Ólafur H. Jóhannsson, aðalmaður, tilnefndur af Kennaraháskóla Íslands.
Nefndin er að störfum.

Sveinsprófsnefnd í tannsmíði (skipuð 15. júlí 1991).
Marteinn Jónsson, formaður, Einar Sveinsson, aðalmaður, tilnefndur af Tannsmíðafélagi Íslands, Ingvar Vifússon, aðalmaður, tilnefndur af Sambandi íslenskra tannsmíðaverkstæða, Ása E. Sæmundsdóttir, varamaður, tilnefnd af Tannsmíðafélagi Íslands, Þorsteinn Kjartansson, varamaður, tilnefndur af Sambandi íslenskra tannsmíðaverkstæða.
Nefndin er að störfum.

Sveinsprófsnefnd í rafeindavirkjun (skipuð 17. maí 1991).
Jón Már Richardsson, formaður, Davíð E. Sigmundsson, aðalmaður, tilnefndur af Félagi rafeindavirkja, Sveinbjörn Matthíasson, aðalmaður, tilnefndur af Pósti og síma, Þórmundur Sigurbjarnarson, aðalmaður, tilnefndur af Meistarafélagi rafeindavirkja, Birgir Benediktsson, varamaður, tilnefndur af Meistarafélagi rafeindavirkja, Haukur Konráðsson, varamaður, tilnefndur af Félagi rafeindavirkja, Reynir Valdimarsson, varamaður, tilnefndur af Pósti og síma.
Nefndin er að störfum.

Nefnd um breytt hlutverk sérskóla á Íslandi (skipuð 31. október 1991).
Arthúr Morthensen, aðalmaður, Trausti Þorsteinsson, aðalmaður, Þorsteinn Sigurðsson, aðalmaður, allir án tilnefningar.
Nefndin er að störfum.

Framtíðarskipan náms við Kennaraháskóla Íslands (skipuð 4. nóvember 1991).
Sólrún Jensdóttir, formaður, Ólafur Proppé, aðalmaður, Trausti Þorsteinsson, aðalmaður, Þórir Ólafsson, aðalmaður, Þórólfur Þórlindsson, aðalmaður, allir án tilnefningar.
Nefndin er að störfum.

Nefnd til að fjalla um lokapróf úr framhaldsskóla (skipuð 15. nóvember 1991).
Hörður Lárusson, formaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Kristján Bersi Ólafsson, aðalmaður, tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands, Sigríður J. Hannesdóttir, aðalmaður, tilnefndur að Hinu íslenska kennarafélagi, Þorsteinn Vilhjálmsson, aðalmaður, tilnefndur af Háskóla Íslands, Sverrir Einarsson, aðalmaður, tilnefndur af Menntaskólanum við Hamrahlíð.
Nefndin er að störfum.

Nefnd til að annast mat á umframmenntun tónlistarkennara (skipuð 4. október 1991).
Ólöf Sighvatsdóttir, formaður, án tilnefningar, Brynja Guttormsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Félagi tónlistarskólakennara, Kjartan Óskarsson, aðalmaður, tilnefndur af Félagi íslenskra hljómlistarmanna, Lúðvík Hjalti Jónsson, aðalmaður, tilnefndur af launanefnd sveitarfélaga.
Nefndin er að störfum.

Nefnd um innritun nýnema í framhaldsskóla (skipuð 11. september 1991).
Haraldur Finnsson, formaður, Bernharð Haraldsson, aðalmaður, tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands, Jón Hjartarson, aðalmaður, tilnefndur af Félagi fræðslustjóra, Margrét Anna Garner, aðalmaður, tilnefnd af Hinu íslenska kennarafélagi, Ólafur H. Óskarsson, aðalmaður, tilnefndur af Félagi skólastjóra og yfirkennara, Pétur Garðarsson, aðalmaður, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands.
Skiladagur 11. nóvember 1991.

Starfshópur til að endurskoða námsframboð fyrir sk. fornámsnemendur í VMA (skipaður 13. nóvember 1991).
Kolbrún Gunnarsdóttir, formaður, tilnefnd af menntamálaráðuneyti, Haraldur Finnsson, aðalmaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Nanna Þórisdóttir, aðalmaður, tilnefnd af VMA, Hermann Tómasson, aðalmaður, tilnefndur af VMA, Bernharð Haraldsson, aðalmaður, tilnefndur af VMA.
Starfslok 1. apríl 1992.

Nefnd til að endurskoða lög um kvikmyndamál, nr. 94/1984 (skipuð 29. júlí 1991).
Knútur Hallsson, formaður, Hrafn Gunnlaugsson, aðalmaður, Eiríkur Thorsteinsson, aðalmaður, Helgi Jóhannesson, aðalmaður, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, Kristín Jóhannesdóttir, aðalmaður.
Nefndin er að störfum.

Nefnd um nám fyrir starfsfólk sem vinnur við slátrun búfjár (skipuð 6. september 1991).
Stefán Ólafur Jónsson, formaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Rögnvaldur Ingólfsson, aðalmaður, tilnefndur af Dýralæknafélagi Íslands, Sigurður Örn Hansson, aðalmaður, tilnefndur af Landssamtökum sláturleyfishafa, Níels Hjaltason, aðalmaður, tilnefndur af Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna, Einar Sigurðsson, varamaður, tilnefndur af Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna.
Nefndin er að störfum.

Nefnd um nám í dýralækningum (skipuð 11. júlí 1991).
Þorsteinn Gunnarsson, formaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Brynjólfur Sandholt, aðalmaður, án tilnefningar, Guðmundur Pétursson, aðalmaður, án tilnefningar, Jóhannes Björnsson, aðalmaður, tilnefndur af Læknadeild Háskóla Íslands, Ólafur Oddgeirsson, aðalmaður, tilnefndur af Dýralækningafélagi Íslands.
Nefndin er að störfum.

Samstarfsnefnd um uppeldismenntun (skipuð 1. ágúst 1991).
Árni Guðmundsson, aðalmaður, tilnefndur af Íþróttakennaraskóla Íslands, Bjarni Daníelsson, aðalmaður, tilnefndur af Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Gerður G. Óskarsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Háskóla Íslands, Gyða Jóhannsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Fósturskóla Íslands, Þórir Ólafsson, aðalmaður, tilnefndur af Kennaraháskóla Íslands, Stefán Edelstein, aðalmaður, tilnefndur af Tónlistarskóla Reykjavíkur, Vilborg Jóhannsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Þroskaþjálfaskóla Íslands, Sólrún Jensdóttir, aðalmaður, tilnefnd af menntamálaráðuneyti, Þorsteinn Gunnarsson, aðalmaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti.
Nefndin er að störfum.

Þróunarnefnd Háskólans á Akureyri (skipuð 31. maí 1991).
Þórir Sigurðsson, aðalmaður, tilnefndur af Háskólanum á Akureyri, Halldór Jóhannsson, aðalmaður, tilnefndur af Háskólanum á Akureyri, Jón Hallur Pétursson, aðalmaður, tilnefndur af Háskólanum á Akureyri, Elsa Friðfinnsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Háskólanum á Akureyri, Þorsteinn Gunnarsson, aðalmaður, án tilnefningar, Þorleifur Þór Jónsson, ritari.
Starfslok 1. janúar 1992.

Samstarfsnefnd um fullorðinsfræðslu (skipuð 1. febrúar 1992).
Guðný Helgadóttir, formaður, Þuríður Magnúsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Iðntæknistofnun Íslands, Snorri Konráðsson, aðalmaður, tilnefnd af Menningar- og fræðslusambandinu, Margrét Björnsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af endurmenntunarnefnd Háskóla Íslands, Guðrún Friðgeirsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Bréfaskólanum, Guðrún Halldórsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Námsflokkum Reykjavíkur, Albert Einarsson, aðalmaður, tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands, Halldóra Rafnar, aðalmaður, tilnefnd af Vinnuveitendasambandi Íslands, Gylfi Kristinsson, aðalmaður, tilnefndur af félagsmálaráðuneyti.
Nefndin er að störfum.

Ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna (skipuð 10. desember 1991).
María Ásgeirsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þórdís Þorvaldsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Bókavarðafélagi Íslands, Páll Lýðsson, varamaður, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Rósa Traustadóttir, varamaður, tilnefnd af Bókavarðafélagi Íslands.
Nefndin er að störfum.

Orlofsnefnd fyrir framhaldsskóla (skipuð 18. nóvember 1991).
Stefán Ólafur Jónsson, formaður, Lucy W. Jóhannsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Hinu íslenska kennarafélagi, Eggert Lárusson, aðalmaður, tilnefndur af Hinu íslenska kennarafélagi, Helga Björnsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands, Karl Kristjánsson, aðalmaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti.
Nefndin er að störfum.

Íþróttanefnd ríkisins (skipuð 8. júlí 1991).
Ingi Björn Albertsson, formaður, Reynir G. Karlsson, varaformaður, Hafsteinn Þorvaldsson, aðalmaður, tilnefndur af UMFÍ, Friðjón B. Friðjónsson, aðalmaður, tilnefndur af ÍSÍ, Gunnar Sveinsson, varamaður, tilnefndur af UMFÍ, Jón Árnason, varamaður, tilnefndur af ÍSÍ.
Nefndin er að störfum.

1007. Svar [352. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um greiðslu opinberra gjalda með skuldabréfi.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvaða aðilar í atvinnurekstri hafa fengið að greiða opinber gjöld með skuldabréfi síðan 1. janúar 1984? Hver var upphæð skuldabréfsins í hverju tilviki og útgáfudagur þess, hvaða opinber gjöld voru greidd með þessum hætti, hver var lánstíminn, fjöldi gjalddaga og fyrsti gjalddagi hvers skuldabréfs, og hver eru vanskil nú (og frá hvaða gjalddaga) og hverjar eru eftirstöðvar í skilum?

Til svars við fyrirspurn yðar vill fjármálaráðherra taka fram að frá því að lög nr. 62/1989, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, voru samþykkt hefur Ríkisendurskoðun árlega tekið saman skýrslu til Alþingis um þær skuldbreytingar á vangreiddum opinberum gjöldum sem heimilaðar hafa verið. En með lögum þessum var gerð breyting á 2. mgr. 111. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og hljóðar það ákvæði svo:

„Það skal vera stefna við innheimtu á tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum þessum að allir gjaldendur, sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir, skuli hljóta sams konar meðferð. Telji innheimtumaður tök á að tryggja greiðslu á kröfu, sem ella mundi tapast, með samningi um greiðslu skal hann gefa fjármálaráðherra ítarlega skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja slíkan samning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Að loknu hverju innheimtuári skal Ríkisendurskoðun gefa Alþingi skýrslu um alla samninga af þessu tagi."

Síðan lög þessi tóku gildi hefur Ríkisendurskoðun árlega tekið saman skýrslu til Alþingis um samninga af þessu tagi. Þannig hefur Ríkisendurskoðun sent Alþingi skýrslu yfir samninga fyrir árin 1989 og 1990 og skýrsla yfir samninga ársins 1991 mun væntanleg á næstu dögum og vísast fyrir þessi tímabil til þessara skýrslna. Ráðuneytið hefur áður sent Alþingi upplýsingar um samninga sem gerðir voru fyrir gildistöku þessara laga. Samhengis vegna sendast þær upplýsingar að nýju.

Í fyrirspurn þingmannsins er spurt hvaða aðilar í atvinnurekstri hafa fengið að greiða opinber göld með þessum hætti. Af því tilefni skal tekið fram að skv. 115. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er skattyfirvöldum óheimilt að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Með vísan til þessa ákvæðis og þeirrar ríku trúnaðar- og þagnarskyldu, sem það leggur á skattyfirvöld, fylgdi ráðuneytið þeirri reglu í svörum sínum að gefa ekki upp nöfn þeirra aðila sem skuldbreytingar fengu. Hefur sama framkvæmd verið viðhöfð í skýrslu Ríkisendurskoð-

unar. Af þessum ástæðum sér ráðuneytið sér ekki fært að svara fyrirspurnum með þeim hætti sem óskað var eftir, en vonar að þær upplýsingar, sem hér fylgja og þær sem er að finna í skýrslum Ríkisendurskoðunar, séu fullnægjandi.

Yfirlit um móttöku skuldabréfa sem greiðslu opinberra gjalda 1980–1987.

Dags.	Gjaldandi	Teg. gjalda	Upphæð	Skilmálar
1980:				
Febrúar	Einstakl.	Þinggjöld	8.263.365	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, 2% vextir.
1981:				
Desember	Lögaðili	Sölusk.	300.000	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, lögl. vextir.
1982:				
Júní	Lögaðili	Vextir og viðurlög	126.573	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, 2,5% vextir.
	Lögaðili	Vextir og viðurlög	500.192	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, 2,5% vextir.
Október	Lögaðili	Sölusk. og þinggjöld	680.908	Verðtryggt skuldabréf til tveggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld	942.981	Verðtryggt skuldabréf til tveggja ára, hæstu lögl. vextir.
Samtals 1982:			**2.250.654**	
1983:				
Maí	Lögaðili	Þinggjöld	8.965.853	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.
Júní	Lögaðili	Þinggjöld	2.726.883	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk. og þinggjöld	1.605.430	Verðtryggt skuldabréf til átta ára, hæstu lögl. vextir.
Ágúst	Lögaðili	Þinggjöld	1.662.551	Verðtryggt skuldabréf til sex ára, hæstu lögl. vextir.
Október	Lögaðili	Þinggjöld vextir.	722.608	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl.

	Lögaðili	Sölusk.	1.702.944	Fimm verðtryggð skuldabréf í fimm ár hvert, tvö verðtr. skuldabréf í tíu ár hvort, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	996.035	Verðtryggt skuldabréf til eins árs, hæstu lögl. vextir.
Nóvember	Lögaðili	Sölusk.	300.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir. Breytt í febr. 1984 í bréf til fimm ára.
	Lögaðili	Sölusk.	909.078	Fjögur verðtr. skuldabréf til fjögurra ára hvert, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld	658.857	Verðtryggt skuldabréf til átta ára, hæstu lögl. vextir.
Desember	Lögaðili	Þinggjöld	995.083	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld	4.000.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, 3% vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld	2.783.322	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld	7.831.695	Verðtryggt skuldabréf til sex ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld	2.007.403	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld og launask.	1.010.895	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Einstakl.	Þinggjöld	590.082	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld	1.804.885	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld	101.683	Verðtryggt skuldabréf til tveggja ára, hæstu lögl. vextir.
Samtals 1983:			**41.375.287**	

1984:				
Janúar	Lögaðili	Þinggjöld og launask.	2.489.135	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
Febrúar	Lögaðili	Sölusk.	750.667	Þrjú verðtr. skuldabréf til fjögurra ára hvert, hæstu lögl. vextir.
Mars	Lögaðili	Þinggjöld	770.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
Apríl	Lögaðili	Þinggjöld	664.036	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld	3.135.960	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
Júní	Lögaðili	Launask og sölusk.	2.670.267	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld	472.606	Verðtryggt skuldabréf til eins árs, hæstu lögl. vextir.
	Einstakl.	Sölusk.	130.000	Verðtryggt skuldabréf til tveggja ára, hæstu lögl. vextir.
Júlí	Lögaðili	Þinggjöld, launask. og sölusk.	6.703.816	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
Október	Lögaðili	Sölusk.	131.257	Verðtryggt skuldabréf til þriggja mán., hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	1.563.571	Verðtryggt skuldabréf til sex mán., hæstu lögl. vextir.
Nóvember	Lögaðili	Þinggjöld, sölusk. og launask.	1.800.000	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	547.135	Verðtryggt skuldabréf til tveggja ára, 8% vextir.
	Lögaðili	Vörugjald og þinggj.	2.000.977	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
Desember	Lögaðili	Launask., sölusk. og þinggjöld	5.432.832	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	350.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.

	Einstakl.	Tekjusk.	90.000	Verðtryggt skuldabréf til sex mán., hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld	4.289.172	Skuldabréf til sjö mán., engir vextir né veð.
	Lögaðili	Sölusk.	150.000	Verðtryggt skuldabréf í tvö ár, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	2.000.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	765.000	Verðtryggt skuldabréf til eins árs, hæstu lögl. vextir.
Samtals 1984:			**36.906.431**	
1985:				
Janúar	Lögaðili	Vextir og viðurlög	315.000	Verðtryggt skuldabréf í eitt ár, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.og launask.	700.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	4.000.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	5.115.175	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, 5% vextir.
	Lögaðili	Sölusk. og þinggjöld	589.043	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	1.200.000	Verðtryggt skuldabréf til tveggja ára, hæstu lögl. vextir.
Febrúar	Lögaðili	Þinggjöld	1.156.617	Verðtryggt skuldabréf til tveggja ára, 5% vextir.
	Einstakl.	Sölusk.	223.396	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, 5% vextir.
	Lögaðili	Launask. og þinggjöld	1.900.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Einstakl.	Vörugjald og sölusk.	517.861	Verðtryggt skuldabréf til 20 mán., hæstu lögl. vextir.
	Einstakl.	Sölusk.	400.000	Verðtryggt skuldabréf til sex mán., 4% vextir.
Mars	Lögaðili	Sölusk.	580.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.

	Lögaðili	Sölusk.	200.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, 5% vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld	340.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Vörugjald	500.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Einstakl.	Sölusk.	58.644	Verðtryggt skuldabréf til 18 mán., hæstu lögl. vextir.
Apríl	Lögaðili	Launask., sölusk. og þinggjöld	4.525.739	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, 4% vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	650.000	Verðtryggt skuldabréf til 18 mán., hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	900.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm mán., hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk., launask. og þinggjöld	2.000.000	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.
	Einstakl.	Þinggjöld	278.436	Verðtryggt skuldabréf til eins árs, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld, launask. og sölusk.	1.301.447	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld, launask. og sölusk.	1.107.000	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.
Júní	Lögaðili	Sölusk. og þinggjöld	1.200.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Launask.	947.444	Verðtryggt skuldabréf til tveggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	600.000	Verðtryggt skuldabréf til sex mán., hæstu lögl. vextir.
	Einstakl.	Sölusk.	371.897	Verðtryggt skuldabréf til sex mán., hæstu lögl. vextir.
Júlí	Lögaðili	Sölusk.	1.200.000	Verðtryggt skuldabréf til eins árs, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk. og launask.	1.300.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.

	Lögaðili	Launask.	545.267	Fimm verðtr. skuldabréf til tíu ára hvert, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	1.894.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. v.
	Einstakl.	Sölusk.	308.964	Óverðtr. skuldabréf til eins árs, 32% vextir.
	Lögaðili	Launask. og sölusk.	1.600.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
Ágúst	Lögaðili	Sölusk.	642.615	13 víxlar alls í um tvö ár.
	Lögaðili	Sölusk.	224.720	Verðtryggt skuldabréf til tveggja ára, 4% vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	1.069.413	Óverðtr. skuldabréf til sex mán., 30,5% vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	4.303.517	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	292.000	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, 5% vextir.
September	Lögaðili	Sölusk.	3.200.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, 5% vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	1.050.345	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	1.600.000	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	811.065	Óverðtr. skuldabréf til fjögurra mán., 30,5% vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	1.000.000	Verðtryggt skuldabréf til tíu mán., hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk. og launask.	23.210.868	Óverðtr. skuldabréf til sex ára, 22% vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	1.292.753	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, 5% vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	1.100.000	Tvö verðtr. skuldabréf 600.000 kr. til tveggja og hálfs árs, 500.000 kr. til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk. og launask.	2.000.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	550.000	Óverðtr. skuldabréf til fjögurra mán., 32% vextir.

Október	Lögaðili	Sölusk.	4.000.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, 5% vextir.
	Lögaðili	Vörugjald	1.200.000	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	1.720.621	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, 5% vextir.
	Einstakl.	Þinggjöld	150.000	Verðtryggt skuldabréf til 18 mán., 4% vextir.
	Lögaðili	Vörugjald	7.000.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, 5% vextir.
	Lögaðili	Sölusk., þinggj. og launask.	6.000.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, 5% vextir.
	Einstakl.	Þinggjöld	500.000	Verðtryggt skuldabréf til tveggja ára, 5% vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	1.000.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, 5% vextir.
	Lögaðili	Sölusk. og launask	620.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, 5% vextir.
Desember	Lögaðili	Sölusk. og þinggjöld	7.500.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	2.000.000	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	1.858.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
Samtals 1985:			**114.421.847**	
1986:				
Janúar	Lögaðili	Sölusk. og þinggjöld	2.300.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
Febrúar	Lögaðili	Sölusk. og launask.	3.220.453	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk. og launask.	700.000	Verðtryggt skuldabréf til tíu ára, hæstu lögl. vextir.
	Einstakl.	Tekjusk.	100.000	Verðtryggt skuldabréf til tveggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	643.154	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.

Mars	Lögaðili	Sölusk.	9.000.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
Apríl	Einstakl.	Sölusk.	640.000	Verðtryggt skuldabréf til níu mán., hæstu lögl. vextir.
	Einstakl.	Þinggjöld	586.058	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, 5% vextir.
Maí	Lögaðili	Þinggjöld	525.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk. og launask.	2.636.096	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
Ágúst	Lögaðili	Launask. og þinggjöld	456.741	Verðtryggt skuldabréf til sex ára, hæstu lögl. vextir.
	Einstakl.	Sölusk.	217.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
September	Einstakl.	Sölusk.	1.699.247	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.
Október	Lögaðili	Sölusk.	2.330.118	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
Samtals 1986:			**25.053.597**	
1987:				
Mars	Einstakl.	Sölusk.	558.890	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.
Apríl	Einstakl.	Þinggjöld	755.030	Verðtryggt skuldabréf til tíu ára, engir vextir.
	Lögaðili	Sölusk. launask. og þinggjöld	350.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
Maí	Lögaðili	Sölusk. launask. og þinggjöld	1.555.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, hæstu lögl. vextir.
	Einstakl.	Þinggjöld	1.506.000	Verðtryggt skuldabréf til sex ára, 5% vextir.
Júní	Lögaðili	Sölusk. og launask.	44.027.853	Verðtryggt skuldabréf til átta ára, hæstu lögl. vextir.

Október	Einstakl.	Þinggjöld	484.562	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.
Samtals 1987:			**49.237.335**	

Yfirlit um samninga um greiðslu áfallinna opinberra gjalda til ríkissjóðs með útgáfu skuldabréfa eða eftirgjöf á skuldum eða á annan hátt sem ráðuneytið hefur heimilað á tímabilinu frá október 1987 til 15. febrúar 1989.

Dags.	Gjaldandi	Teg. gjalda	Upphæð	Skilmálar
1987:				
Október	Einstakl.	Sölusk.	89.066	10% greitt fyrir 1. des. Afg. (80.159 kr.) felldur niður.
Nóvember	Einstakl.	Launaskattur	70.000	5% greitt. Afg. (66.500 kr.) felldur niður.
Desember	Lögaðili	Launaskattur	2.237.276	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, hæstu lögl. vextir.
		þinggjöld	5.549.894	
Samningsandlag okt.–des. 1987:			**7.946.236**	
		Skuldbreytt:	7.787.170	
		Fellt niður:	146.659	
	Einstaklingar: 2			
	Lögaðili: 1			
1988:				
Janúar	Lögaðili	Sölusk. höfuðst.	4.615.405	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, fyrir höfuðst. vextir sambæril. við Landsb. Íslands, dráttarvextir falla niður.
		dráttarvextir	6.361.457	
	Lögaðili	Sölusk. launask. op. gjöld	2.000.000	Veðtryggt skuldabréf til átta ára, 9,1% vextir.
Mars	Einstakl.	Tekjuskattur	130.000	Felldur niður v/mikils kostn. af læknismeðferð barns.

Apríl	Lögaðili	Þinggj., launask. höfuðst.	2.416.875	Höfuðst. greiddur með verðtr. skuldabréfi til
		sölusk., dr. vextir	2.654.399	fimm ára, hæstu lögl.
		viðurl.	110.526	vextir. Afg. felldur niður.
Maí	Lögaðili	Þinggjald launask., sölusk.	10.630.951	Verðtryggt skuldabréf til átta ára, hæstu lögl. vextir.
Ágúst	Einstakl.	Sölusk. álagn.	292.453	200.000 kr. greitt m. pen.
		dr. vextir	260.486	afgangur höfuðst. á verðtr. skuldabr. til 18 mánaða. Afgangur felldur niður.
	Einstakl.	Sölusk.	280.000	100.000 kr. felldar niður gegn því að afg. greiðist fyrir 1. sept.
	Lögaðili	Sölusk.	2.094.960	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, vextir sambæril. við Landsb. Íslands.
	Einstakl.	Tekjusk.	229.854	146.474 kr. felldar niður 83.380 kr. standa eftir. Gert í samræmi við útsvarslækkun Reykjav.
	Einstakl.	Þinggjöld	223.983	Felld niður í samræmi við niðurf. Reykjav.
September	Einstakl.	Þinggjöld, launask., sölusk.	4.500.000	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, meðaltals-vextir. skv. ákv. Seðlab. Íslands.
Október	Einstakl.	Launask., höfuðst.	11.550	Höfuðstóll greiddur
		dr. vextir	10.193	vextir felldir niður.
	Einstakl.	Launask., höfuðst.	19.904	Höfuðstóll greiddur,
		dr. vextir	16.996	vextir felldir niður.
	Einstakl.	Tekjusk., höfuðst.	61.814	Dr. vextir felldir niður.
		dr. vextir	61.814	Afg. skuldbreytt, verðtryggt til eins árs, vextir sambæril. við Landsb. Íslands.
	Einstakl.	Tekjusk., höfuðst.	174.487	Dr. vextir felldir niður
		dr. vextir	174.487	Afg. skuldbreytt verðtryggt til eins árs, vextir sambæril. við Landsb. Íslands.

	Lögaðili	Launask., þinggj., höfuðst.	6.967.625	Höfuðstóll greiddur með verðtr. skuldabr. til þriggja og hálfs árs, vextir sbr. við Landsb. Ísl. dr. vextir felldir niður.
		dr. vextir	5.641.107	
	Einstakl.	Launask., sölusk. v/verslunar	1.029.651	Gjaldandi eignalaus — fellt niður.
	Einstakl.	Sölusk.	978.087	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, vextir sbr. Landsb. Íslands.
Nóvember	Einstakl.	Sölusk.	2.500.000	Greitt með verðtr. skuldabr. til þriggja ára, vextir sbr. Landsb. Íslands.
	Lögaðili	Sölusk.	1.200.000	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, vextir sbr. Landsb. Íslands.
	Lögaðili	Launask., höfuðst.	1.065.592	Dr. vextir felldir niður gegn gr. höfuðstóls fyrir 1. des.
		dr. vextir	770.784	
Desember	Einstakl.	Op. gjöld höfuðst.	209.037	Dr. vextir felldir niður gegn gr. höfuðstóls í pen.
		dr. vextir	231.593	
	Lögaðili	Sölusk.	6.000.000	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, 12% vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	12.765.707	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, vextir sbr. Landsb. Íslands.
	Lögaðili	Sölusk.	24.357.027	Verðtryggt skuldabréf til átta ára, vextir sbr. Landsb. Íslands.
	Lögaðili	Sölusk., launask.	199.726	179.753 kr. felldar niður gegn greiðslu 19.973 kr.
	Lögaðili	Þinggjald, launask.	13.277.066	4.673.257 kr. greitt í pen. 8.603.809 kr. felldar niður.
Samningsandlag 1988:			**114.394.862**	
		Skuldbreytt:	81.354.527	
		Fellt niður:	26.707.512	
	Einstaklingar: 15			
	Lögaðilar: 12			

1989:				
Janúar	Fjórir aðilar skuldbr. skv. heimild í 3. gr. laga nr. 10/1958 miðað við stöðu 10 mars 1988:			
	Lögaðili	Op. gjöld	97.354	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Op. gjöld	2.205.619	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Þinggjöld	460.209	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára hæstu lögl. vextir.
Janúar	Lögaðili	Þinggjöld og launask.	1.507.481	Verðtryggt skuldabréf til fjögurra ára hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk., launask., þinggj., vörugj.	44.600.000	Verðtryggt skuldabréf til sex ára, hæstu lögl. vextir.
	Lögaðili	Sölusk., launask., þinggjöld	19.000.00	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, markaðs-vextir.
	Lögaðili	Sölusk.	5.923.825	Verðtryggt skuldabréf til tíu ára, hæstu lögl. vextir.
	Einstakl.	Sölusk., höfuðst., dr. vextir	467.780 296.937	Höfuðstóll greiddur með skuldabr. til tveggja ára, verðtr. með vöxtum sbr. Landsb. Íslands, dr. vextir felldir niður.
Febrúar	Einstakl.	Sölusk.	555.328	Greitt 55.133 kr. 496.195 kr. felldar niður (höfuðst. 179.914 kr.). Gr.þr.
	Einstakl.	Sölusk.	262.721	Verðtryggt skuldabréf til þriggja ára, vextir sbr. Landsb. Íslands.
	Einstakl.	Op. gjöld	1.092.591	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, vextir sbr. Landsb. Íslands.
	Lögaðili	Sölusk.	1.567.350	Verðtryggt skuldabréf til tveggja ára, vextir sbr. Landsb. Íslands.

Lögaðili	Sölusk., launask.	680.502	Verðtryggt skuldabréf til fimm ára, vextir sbr. Landsb. Íslands.
Lögaðili	Launask.	3.829.052	Verðtryggt skuldabréf til tveggja ára, vextir sbr. Landsb. Íslands.
Samningsandlag 1989:		**82.542.749**	
	Skuldbreytt:	81.694.484	
	Fellt niður:	793.132	

Einstaklingar: 4
Lögaðilar: 10

1008. Svar [365. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um lækkun ríkisútgjalda.

1. *Hver er lækkun útgjalda hvers ráðuneytis fyrir sig á verðlagi ársins 1992 frá niðurstöðu reiknings 1991 til fjárlaga 1992?*

Ríkisreikningur fyrir árið 1991 liggur enn ekki fyrir. Tiltækar eru aftur á móti upplýsingar um greiðslustöðu einstakra ráðuneyta og stofnana í árslok 1991 og eru þau gögn notuð til úrvinnslu. Ekki liggur fyrir nákvæm sundurliðun útgjaldategunda samkvæmt greiðsluuppgjöri. Þannig er ógerlegt að segja nákvæmlega fyrir um hver launaútgjöld urðu og hver önnur rekstrargjöld einstakra stofnana og viðfangsefna reyndust.

Til samanburðar eru lögð fjárlög 1992 eins og þau voru afgreidd í desember 1991, þó með þeirri undantekningu að áætlaðar verðbreytingar launa- og rekstrargjalda samkvæmt verðlagsforsendum fjárlaga er skipt á einstök ráðuneyti. Í fjárlögum var verðbreyting á milli áranna 1991–1992 áætluð 3% samkvæmt vísitölu landsframleiðslu. Tafla 1 sýnir hver heildarútgjaldabreyting varð milli ára, flokkað eftir ráðuneytum.

Hafa ber í huga við samanburð útgjalda milli ára eftir ráðuneytum að útgjaldabreytingar, hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar, geta skýrst af ýmsum atriðum. Hér ber að athuga að í ýmsum tilvikum er um samningsbundnar fjárhæðir að ræða sem koma til gjalda eitt ár en annað ekki, t.d. má nefna útgjöld vegna búvörusamnings, byggingarframkvæmda o.fl. Samanburður útgjalda getur þannig verið skekktur bæði vegna tilflutnings og samsetningar gjaldategunda.

Helsta niðurstaða yfirlitsins er sú að útgjöld ríkissjóðs hafi, þegar á allt er litið, dregist saman um sem nemur 6.288 m.kr., en það jafngildir um 5,4% ríkisútgjalda 1991 eða 1,6% vergrar landsframleiðslu.

2. *Hvað er gert ráð fyrir mikilli fækkun ríkisstarfsmanna 1992 eftir ráðuneytum samkvæmt fjárlögum?*

Í fjárlögum ársins 1992 er hvergi tilgreint hver heildarfækkun ríkisstarfsmanna verði. Í athugasemdum með frumvarpi til fjárlaga ársins kemur fram að starfsmönnum fjölgar í vissum málaflokkum, t.d. málefnum þeirra er starfa að málum fatlaðra og sérgreind-

um málum heilbrigðisþjónustu. Í öðrum tilvikum er getið um fækkun starfsmanna, en þó einkum og sér í lagi lækkun launagjalda sem jöfnum höndum getur komið fram sem lækkun dagvinnulauna eða yfirvinnu starfsmanna hlutaðeigandi stofnunar.

Samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1992 er fjármálaráðherra heimilt að hafna nýráðningu starfsmanna uppfylli stofnanir og ráðuneyti ekki skilyrði um nauðsynlega fjármuni og að starfsmaður komi utan ríkiskerfisins. Ráðninganefnd ríkisins var falið að framfylgja umræddu ákvæði og í starfsreglum, sem nefndinni hafa verið settar, er henni skylt að gera ríkisstjórn ársfjórðungslega grein fyrir starfsmannamálum ríkisins. Nefndin hefur nýverið gert ríkisstjórn grein fyrir starfsmannabreytingum frá 4. ársfjórungi 1991 til 1. ársfjórðungs 1992. Samkvæmt niðurstöðum hefur starfsmönnum á dagvinnulaunum fækkað á milli þessara tveggja tímabila um sem nemur 237 ársverkum. Fækkun kemur einkum fram hjá eftirtöldum ráðuneytum: menntamálaráðuneyti sem fækkar um 57 ársverk og landbúnaðarráðuneyti um 18 ársverk. Hjá samgönguráðuneyti er fækkunin þó mest eða um 160 ársverk sem einkum kemur fram hjá Skipaútgerð ríkisins og Vegagerð ríkisins.

Jafnframt voru greiðslur vegna yfirvinnu metnar til ársverka og kemur þá fram að yfirvinna hefur dregist saman um sem nemur 400 ársverksígildum. Yfirlit sýnir breytingu á dagvinnu og yfirvinnu mælda í ársverkum fyrir hlutaðeigandi ráðuneyti, sjá töflu 2.

Vakin skal athygli á því að hér eru bornir saman ársfjórðungar sem ekki eru á sama árstíma hvort ár um sig. Því skal ósagt látið hvort vinnubreytingin er að einhverju leyti háð árstíma hvors árs um sig eða að hve miklu leyti raunveruleg fækkun hefur orðið. Upplýsingar eru ekki til í aðgengilegu formi fyrir hvern ársfjórðung ársins 1991, en að úrvinnslu þeirra er nú unnið. Þá mun jafnframt í lok 2. ársfjórðungs 1992 verða mögulegt að bera saman 1. ársfjórðung og 2. ársfjórðung þess árs ásamt því sem það er borið saman við sama tímabil liðins árs.

TAFLA 1

Greiðslustaða 1991 í samanburði við fjárlög 1992

	Greiðslur 1991 í millj. kr.	Gr. 1991 á verðl. fjárlaga 92	Fjárlög 1992 í millj. kr.	Mismunur í millj. kr.	Hlutfallsl. breyting
Æðsta stjórn	1.090	1.123	1.048	-75	-6,7
Forsætirsráðuneyti	777	800	341	-459	-57,4
Menntamálaráðuneyti	17.357	17.878	16.908	-970	-5,4
Utanríkisráðuneyti.	1.540	1.586	1.400	-186	-11,7
Landbúnaðarráðuneyti	5.426	5.589	5.329	-260	-4,6
Sjávarútvegsráðuneyti	1.040	1.071	579	-492	-45,9
Dóms-og kirkjumálaráðuneyti	5.022	5.173	5.125	-48	-0,9
Félagsmálaráðuneyti.	4.977	5.126	5.128	2	0,0
Heilbrigðisráðuneyti	45.095	46.448	44.182	-2.266	-4,9
Fjármálaráðuneyti	15.374	15.835	15.200	-635	-4,0
Samgönguráðuneyti	7.588	7.816	7.713	-103	-1,3
Iðnaðarráðuneyti	1.303	1.342	1.035	-307	-22,9
Viðskiptaráðuneyti	5.224	5.381	4.941	-440	-8,2
Hagstofa Íslands	141	145	145	0	-0,2
Umhverfisráðuneyti	533	549	500	-49	-8,9
Samtals	**112.487**	**115.862**	**109.574**	**-6.288**	**-5,4**

TAFLA 2

Fjármálaráðuneytið

18. maí 1992

Ráðuneyti	Dagvinna/ ársverk 4/1991	Dagvinna/ ársverk 1/1992	Dagvinna/ ársverk frávik	Dagvinna/ ársverk frávik %	Yfirvinna/ ársverk 4/1991	Yfirvinna/ ársverk 1/1992	Yfirvinna/ ársverk frávik	Yfirvinna/ ársverk frávik %
00 Æðsta stjórn ríkisins	237	233	-3	-1,4%	49	54	5	9,6%
01 Forsætisráðuneytið	42	44	1	3,3%	13	13	0	0,4%
02 Menntamálaráðuneyti	7.080	7.023	-57	-0,8%	1.853	1.689	-164	-8,9%
03 Utanríkisráðuneyti	254	246	-8	-3,3%	111	108	-3	-3,1%
04 Landbúnaðarráðuneyti	362	344	-18	-4,9%	82	71	-11	-13,7%
05 Sjávarútvegsráðuneyti	300	300	1	0,2%	114	120	6	5,3%
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1.593	1.602	10	0,6%	520	495	-25	-4,9%
07 Félagmálaráðuneyti	792	796	3	0,4%	185	181	-4	-2,0%
08 Heilbr.- og tryggingam.ráðuneyti	3.459	3.473	13	0,4%	702	608	-94	-13,4%
09 Fjármálaráðuneyti	908	902	-6	-0,6%	259	252	-7	-2,9%
10 Samgönguráðuneyti	3.006	2.846	-160	-5,3%	1.026	965	-61	-5,9%
11 Iðnaðarráðuneyti	518	513	-5	-1,0%	231	199	-32	-13,7%
12 Viðskiptaráðuneyti	60	53	-7	-11,8%	17	13	-4	-26,3%
13 Hagstofa Íslands	53	52	-1	-2,3%	12	9	-4	-28,8%
14 Umhverfisráðuneyti	185	186	1	0,5%	49	42	-8	-15,5%
Samtals	18.849	18.613	-237	-1,3%	5.224	4.818	-406	-7,8%

1009. Svar [514. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um El Grillo.

Ráðuneytið hefur með bréfi dags. 30. október 1991 óskað eftir greinargerð frá Siglingamálastofnun ríkisins um hættu á olíumengun frá skipsflakinu El Grillo sem liggur á botni Seyðisfjarðar. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni er öflun gagna ekki lokið en vænst er tillagna frá henni varðandi frekari aðgerðir í málinu innan tíðar.

Ráðuneytinu hafa borist eftirfarandi upplýsingar frá Siglingamálastofnun ríkisins.

1. *Hvaða ráðstafanir verða gerðar af stjórnvalda hálfu til að koma í veg fyrir olíumengun frá birgðaskipinu El Grillo sem legið hefur á botni Seyðisfjarðar frá árinu 1944?*

Olíuskipinu El Grillo var sökkt á Seyðisfirði í loftárás þýskrar flugvélar árið 1944. Fyrstu árin eftir að skipið sökk reyndu íslensk stjórnvöld að fá bresk stjórnvöld til að bæta það tjón sem varð vegna olíumengunar. Einnig var reynt að fá bresk stjórnvöld til að fjarlægja flakið eða að minnsta kosti láta fjarlægja alla olíu úr flakinu. Bresk stjórnvöld hafa alltaf neitað þessum málaumleitunum og alfarið vísað þeim á bug.

Árið 1952 gerðu Olíufélagið hf. og Vélsmiðjan Hamar hf. samning við bæjarfélagið á Seyðisfirði um að Olíufélagið tæki að sér að dæla olíu úr skipinu. Sumarið 1952 var dælt upp öllu því magni af svartolíu sem tæknilega var framkvæmanlegt að ná til á þeim tíma. Þær upplýsingar, sem liggja fyrir um upphaflegt olíumagn í skipinu og losun úr því, eru eftirfarandi:

Upphaflega voru u.þ.b. 8.600 tonn af olíu í El Grillo. Áður en skipinu var sökkt voru losuð úr því u.þ.b. 3.000 tonn. Árið 1952 var dælt upp úr skipinu af Hamri hf. u.þ.b. 4.500 tonnum. Áætlað er að frá því skipið sökk allt til ársins 1972 hafi lekið í sjó u.þ.b. 500–600 tonn. — Samtals hafa því verið losuð eða lekið í sjó 8.000–8.100 tonn af olíu.

Benedikt Gröndal, fyrrum framkvæmdastjóri Vélsmiðjunnar Hamars hf., telur að um 500–600 tonn af svartolíu hafi verið eftir í skipinu þegar dælingu lauk árið 1952.

Samkvæmt upplýsingum frá Grími Eysteroy kafara, sem sá um alla köfunarvinnu við skipið árið 1952, var ekki hægt að tæma fjóra tanka í skipinu undir yfirbyggingu þess þar sem ekki var unnt að komast að mannopum þeirra.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Siglingamálastofnun hefur í sínum gögnum, voru þessir tankar fullir þegar skipið sökk. Nefndir fjórir tankar innihalda trúlega um 2 x 450 tonn + 2 x 250 tonn eða samtals um 1.400 tonn af olíu. Séu þessir geymar fullir er magn olíu í skipinu því talsvert meira en áður var talið.

Loks ber þess að geta að á árunum 1972, 1983 og 1985 fjarlægðu starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands allar djúpsprengjur sem voru á dekki flaksins og var þeim eytt. Einnig er vert að taka fram að líklega er enn umtalsvert magn af sprengiefni um borð í flakinu. Hér er um að ræða kveikjur og forsprengjur djúpsprengjanna, enn fremur tölúvert magn skotfæra fyrir byssur skipsins.

2. *Hvenær má vænta aðgerða í þessu máli og hvað er talið að þær kosti mikið?*

Siglingamálastofnun telur ekki rétt að leggja fram tillögur að aðgerðum um losun eða aðrar framkvæmdir við flakið fyrr en gerð hefur verið nákvæm athugun á ástandi flaksins. Hér er bæði átt við mat á tæringu í flakinu og hversu mikið magn af olíu er enn um borð.

Gerð hefur verið lausleg kostnaðaráætlun um ítarlega könnun á ástandi flaksins sem hefur það að markmiði að kanna möguleika á að losa það sem eftir er af olíu úr skipinu. Miðað er við að Landhelgisgæslan útvegi skip, afþrýstiklefa og hluta kafaranna, auk þess þarf að leigja neðansjávarmyndavél til verksins. Miðað við þessar forsendur gæti kostnaðurinn orðið allt að 1,5 millj. kr. Unnið er að endanlegri tillögugerð á vegum Siglingamálastofnunar ríkisins og er hennar að vænta á næstunni.

3. *Hverjir eru ábyrgir fyrir greiðslu kostnaðar við að koma í veg fyrir olíumengun og við að fjarlægja skipsflakið?*

Samkvæmt lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, er það á verksviði Siglingamálastofnunar ríkisins eða viðkomandi hafnaryfirvalda að koma í veg fyrir mengun sjávar. Ólíklegt er í þessu umrædda tilfelli að hægt verði að gera mengunarvald ábyrgan fyrir hugsanlegum skaða, m.a. vegna þess að ekki hefur farið fram þjóðréttarleg könnun á málinu.

Fylgiskjal.


FORECASTLE
BRIDGE
BRIDGE
POOP DECK
Ca 80-100 cm
Ca 50-60cm
Depth Charge Racks (P&S)
F. P.
CARGO Hold
DEEP TANK P&S
Bunker DEEP Tank
No 10
No 9
No 8
Pump Room
No 7
No 6
No 5
No 4
Pump Room
No 3
No 2
No 1
Engine & Boiler Room
A.P.
Bunker
Deep opið Tank
Hold opið
Deep Tómur Tank
Tómur Fore Peak
Bunker Deep Tank
Pump Room
No 4 50cm
Pump Room
E.R. & B.R.
AFT PEAK
Damage
Walkway
Hatch
Summer Tanks (P&S)
W.L.
Tank
Section Aft
Vessel – El Grillo
Owners – Bowring Steamship %
Built – 1922
Gross Tonnage – 7264
Nett " – 4267
Deadweight – 6702
Length – 440.5' 134.3 m
Breadth – 57.5'
Depth (Mld) – 34.0'
Draft – 26.0'
SIGLINGAMÁLASTOFNUN RÍKISINS
HAMARSHÚS, TRYGGVAGOTU
PÓSTHÓLF 484, REYKJAVÍK

1010. Nefndarálit [446. mál]

um till. til þál. um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Umsagnir bárust frá Kaupmannasamtökunum, Sambandi veitinga- og gistihúsa og Verslunarráði Íslands.

Í þeim umsögnum, sem nefndinni bárust, er mælt með endurskoðun reglna um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Við slíka endurskoðun þarf að hafa ríkt samráð við alla hagsmunaaðila en meginmarkmið hennar er að mati nefndarinnar að efla íslenska ferðaþjónustu og viðskipti við erlenda ferðamenn.

Nefndin telur rétt að einfalda tillögugreinina nokkuð þannig að endurskoðunin geti náð til sem flestra þátta sem varða endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta endurskoða reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna og framkvæmd hennar.

Alþingi, 18. maí 1992.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Halldór Ásgrímsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Jóhannes Geir Sigurgeirsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Ingi Björn Albertsson.	Árni M. Mathiesen.

1011. Lög [218. mál]

um Háskólann á Akureyri.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 956.

1012. Lög [459. mál]

um brottfall laga um Skipaútgerð ríkisins, nr. 40/1967.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 717.

1013. Frumvarp til laga [436. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972, sbr. lög nr. 78 30. maí 1984.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

Samhljóða þskj. 694 með þessari breytingu:

8. gr. hljóðar svo:

24. gr. laganna orðast svo:

Heimil er sala, lán, leiga og önnur dreifing til almennings á eintökum bókmenntaverks eða tónverks sem út hefur verið gefið. Útleiga og lán á eintökum tónverka er þó óheimil án samþykkis rétthafa.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar taka einnig til kvikmyndaverka, þar á meðal myndbanda, en útleiga og lán þeirra til almennings er þó óheimil án samþykkis rétthafa. Sama gildir um útleigu tölvuforrita.

1014. Frumvarp til laga [434. mál]

um forfallaþjónustu í sveitum.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að veita starfandi bændum og mökum þeirra aðstoð við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum.

2. gr.

Stjórn forfallaþjónustu í sveitum skal skipuð þremur mönnum og skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Stéttarsambandi bænda og einn tilnefndur af búnaðarsamböndunum sameiginlega.

3. gr.

Búnaðarsambönd skulu starfrækja forfallaþjónustu eftir lögum þessum hvert á sínu svæði. Þó er tveimur eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að sameinast um framkvæmd þjónustunnar.

Stjórn forfallaþjónustunnar ákveður fjölda afleysingamanna (stöðugilda) og/eða greiðslur fyrir hvert búnaðarsambandssvæði ásamt rétti til afleysinga samkvæmt áætlun er hún gerir árlega að höfðu samráði við Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda.

Kostnaður við forfallaþjónustu í sveitum greiðist af tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sbr. lög um Búnaðarmálasjóð.

Búnaðarfélag Íslands annast bókhald og reikningsskil fyrir forfallaþjónustuna og skulu endurskoðaðir reikningar og ársskýrsla stjórnar lögð fram á búnaðarþingi.

4. gr.

Allir bændur og makar þeirra eiga rétt á aðstoð vegna bústarfa í veikinda- og slysatilfellum. Enn fremur ef bústjórar og aðrir fastráðnir starfsmenn á búum forfallast enda hafi ráðning staðið sex mánuði eða lengur.

Réttur til afleysingar skal miðast við vinnuframlag þess sem forfallast. Eitt ársverk við landbúnaðarstörf gefur rétt á hámarksþjónustu bæði fyrir bónda og maka hans.

Sé um blandaðan rekstur að ræða skal réttur til afleysingar ráðast af hlutdeild landbúnaðarstarfa í vinnu þess sem forfallast. Nemi vinnuframlagið minna en einu ársverki við landbúnaðarstörf skerðist réttur til forfallaþjónustu í samræmi við það. Þó skulu þeir sem hafa allt framfæri sitt af landbúnaði ætíð njóta fullrar þjónustu nema sá aðili, er sinnir forföllum, hafi sannanlega tækifæri til að ná fullum daglaunum með vinnu annars staðar.

5. gr.

Þegar forföll ber að höndum og óskað er aðstoðar skal tilkynna það til viðkomandi búnaðarsambands. Skal þá liggja fyrir læknisvottorð um að viðkomandi sé óvinnufær.

6. gr.

Afleysingamenn skulu hafa alhliða starfsreynslu við bústörf. Koma skal á námskeiðum við búnaðarskóla sem þjálfa fólk til afleysingastarfa.

7. gr.

Föst mánaðarlaun skulu miðast við 40 stunda vinnuviku.

Afleysingamenn skulu hafa fæði og húsnæði endurgjaldslaust hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum þar. Einnig greiðir búið ferðakostnað og yfirvinnu sem samið er um.

Heimilt er að framlengja dvöl afleysingamanns á búi þegar tilskilinni þjónustu er lokið ef hans er ekki þörf annars staðar, enda greiðir þá viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins. Slík ráðning skal þó vera ótímabundin ef þörf er á aðstoð annars staðar, t.d. í bráðum veikinda- eða slysatilfellum. Þá er stjórn forfallaþjónustunnar heimilt að taka upp samvinnu um skipulag og ráðningu starfsmanna við almenna afleysingaþjónustu sem rekin er á vegum samtaka bænda eða hóps bænda.

8. gr.

Leiti Stéttarsamband bænda eftir því við landbúnaðarráðherra að greiðsla einstakra búgreinafélaga á búnaðarmálasjóðsgjaldi til forfallaþjónustunnar falli niður samkvæmt heimild í 3. mgr. 4. gr. laga um Búnaðarmálasjóð, nr. 41/1990, nær sú niðurfelling einungis til þeirra félagsmanna búgreinafélagsins sem staðfest hafa með undirskrift sinni að þeir séu ekki lengur aðilar að forfallaþjónustu bænda.

9. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur, að fengnum tillögum stjórnar forfallaþjónustunnar, reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga. Þar skal nánar skilgreint ársverk og mat á vinnuframlagi við landbúnaðarstörf, sbr. 2. mgr. 4. gr., og kveðið á um réttindi og skyldur afleysingamanna. Jafnframt skal kveðið á um hverjir hafa rétt til aðstoðar samkvæmt lögum þessum en þó skal ávallt vera skilyrði fyrir aðstoð að sá sem hennar óskar hafi staðið skil á gjöldum sínum til Búnaðarmálasjóðs.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 32 29. maí 1979, um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

1015. Frumvarp til laga [435. mál]

um breyting á lögum nr. 33 22. apríl 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. maí.)

1. gr.

Orðin „en óheimilt er honum að selja hana aftur öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði og þá á fasteignamatsverði, nema þeir hafni kaupunum“ í 2. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 70/1974, falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1016. Þingsályktun [115. mál]

um eflingu ferðaþjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því á hvaða stöðum framkvæmdir í ferðaþjónustu eru brýnastar og skila mestum árangri til að gera kleift að taka á móti fleiri erlendum ferðamönnum.

Upplýsingarnar verði tiltækar þeim aðilum sem ráðast vilja í eða fjármagna þessi verkefni.

1017. Þingsályktun [153. mál]

um styrkingu Kolbeinseyjar.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera svo fljótt sem við verður komið áætlun um styrkingu Kolbeinseyjar. Í þessu skyni verði lokið úrvinnslu gagna sem aflað var við eyjuna 1989 og 1990 og frekari rannsóknir framkvæmdar reynist þeirra þörf.

Síðan verði unnin áætlun um varanlega styrkingu eyjarinnar þannig að hún fái sem lengst staðist ofan sjávar. Áætlunin skal einnig taka mið af hagnýtingu eyjarinnar í öryggis- og vísindaskyni, svo sem með uppsetningu sjálfvirkrar veðurathugunarstöðvar og jarðfræði- og haffræðirannsóknum. Áætlunin skal unnin í samráði við viðkomandi nefndir Alþingis.

1018. Þingsályktun [177. mál]

um eflingu íþróttaiðkunar kvenna.

(Afgreidd frá Alþingi 18. maí.)

Samhljóða þskj. 194.

1019. Svar [506. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um úrskurði dómstóls EB og um EES-samninginn.

1. *Hvaða athuganir og úttektir hafa verið gerðar á vegum íslenskra stjórnvalda eða EFTA á úrskurðum EB-dómstólsins frá upphafi, sbr. 6. gr. EES-samningsins?*

Hátt í eitt hundrað sérfræðingar Stjórnarráðsins og undirstofnana hafa tekið þátt í samningagerð við EES-samninginn á undanförnum árum. Þegar ákvörðun var tekin hverju sinni um að taka inn í EES-samninginn samhljóða ákvæði og er í stofnsáttmála Evrópubandalagsins var það kannað hverju sinni hvaða þýðingu ákvæðið hefði með hliðsjón af dómaframkvæmd EB-dómstólsins. Var það gert með því að kanna eitt eða fleiri hinna fjölmörgu fræðirita eða handbóka sem eru til um þetta efni, með munnlegum samtölum við aðra sérfræðinga, bæði innan og utan samningafunda, eða með því að skoða einstaka dóma eftir atvikum.

2. *Með hvaða hætti verða þessir dómsúrskurðir kynntir Alþingi og almenningi áður en umræða hefst á þingi um EES-samninginn?*

Þeir dómar, sem skipta máli, eru þeir sem fjalla um ákvæði stofnsáttmála Evrópubandalagsins sem eru efnislega samhljóða í EES-samningnum. Í viðbæti við frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið verður yfirlit yfir þessi ákvæði. Þessu yfirliti er ætlað að auðvelda lesendum að kynna sér þá dóma, sem hér um ræðir, í þeim ritum sem til eru um Evrópurétt, t.d. Evrópurétti Stefáns Más Stefánssonar (392 bls., Reykjavík 1991), svo eitt dæmi sé tekið. Að auki er ætlunin að gera grein fyrir helstu dómum í athugasemdum við einstakar greinar við samninginn í fyrrgreindu frumvarpi. Þetta er sú leið sem hefur verið valin annars staðar á Norðurlöndum.

Rétt er að taka fram í þessu sambandi að framangreindir dómar eru ekki hluti af EES-samningnum, heldur aðeins lögskýringargögn til þess að samræma túlkun. Það breytir því ekki að æskilegt er að allir þessir dómar séu bæði aðgengilegir og þýddir. Finnar ráðgera að taka ákvörðun í því efni eftir að EES-samningurinn tekur gildi. Fell-

ur það í hlut Alþingis að ákveða fjárveitingar í þetta verkefni hvað Ísland varðar, en vert er að hafa í huga að aðildarlöndin í Evrópubandalaginu, Danmörk, Grikkland og Portúgal, hafa ekki látið þýða dóma EB-dómstólsins sem féllu fyrir inngöngu þeirra í bandalagið.

1020. Frumvarp til laga [543. mál]

um Evrópska efnahagssvæðið (EES).

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd:

1. Samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn), þ.e. meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka, ásamt gerðum, sem í viðaukunum er getið, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;
2. samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992;
3. samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna sem undirritaður var í Óportó hinn 2. maí 1992.

2. gr.

Meginmál EES-samningsins skal hafa lagagildi hér á landi. Sama gildir um ákvæði bókunar 1 við samninginn og ákvæði 9. tölul. VIII. viðauka og g-liðar 1. tölul. XII. viðauka við samninginn.

Ákvæði EES-samningsins, bókunarinnar og viðaukanna, sem vísað er til í 1. mgr., eru prentuð sem fskj. 1–4 með lögum þessum.

3. gr.

Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.

4. gr.

Ráðherra, sem í hlut á, getur, ef sérstök nauðsyn krefur, sett reglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd EES-samningsins.

5. gr.

Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi um leið og EES-samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR UM EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU,
KOLA- OG STÁLBANDALAG EVRÓPU,
KONUNGSRÍKIÐ BELGÍA,
KONUNGSRÍKIÐ DANMÖRK,
SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,
LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,
KONUNGSRÍKIÐ SPÁNN,
LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
ÍRLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,
KONUNGSRÍKIÐ HOLLAND,
LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,
HIÐ SAMEINAÐA KONUNGSRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS

OG

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,
KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,
RÍKJASAMBANDIÐ SVISS,

sem nefnast hér á eftir SAMNINGSAÐILAR;

ERU SANNFÆRÐIR UM að Evrópskt efnahagssvæði muni stuðla að uppbyggingu Evrópu á grundvelli friðar, lýðræðis og mannréttinda;

ÁRÉTTA að höfuðáhersla er lögð á náin samskipti Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og EFTA-ríkjanna, sem grundvallast á nálægð, sameiginlegu gildismati frá fornu fari og evrópskri samkennd;

HAFA EINSETT SÉR að stuðla á grundvelli markaðsbúskapar að auknu frjálsræði og samvinnu í viðskiptum um gjörvallan heim, einkum í samræmi við ákvæði Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og samninginn um Efnahags- og framfarastofnunina;

HAFA Í HUGA það markmið að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði er grundvallist á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, tryggri framkvæmd, meðal annars fyrir dómstólum, og jafnrétti, gagnkvæmni og heildarjafnvægi hagsbóta, réttinda og skyldna samningsaðila;

HAFA EINSETT SÉR að beita sér fyrir því að frelsi til vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutninga verði sem víðtækast á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, svo og að styrkja og auka samvinnu í jaðarmálum og tengdum málum;

HAFA ÞAÐ AÐ MARKMIÐI að stuðla að samræmdri þróun á Evrópska efnahagssvæðinu og eru sannfærðir um nauðsyn þess að draga með samningi þessum úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða;

VILJA LEGGJA SITT AF MÖRKUM til að styrkja samvinnu milli þingmanna Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA-ríkjanna, svo og milli aðila vinnumarkaðarins í Evrópubandalaginu og EFTA-ríkjunum;

ERU SANNFÆRÐIR UM að einstaklingar muni gegna mikilvægu hlutverki á Evrópska efnahagssvæðinu vegna beitingar þeirra réttinda sem þeir öðlast með samningi þessum og þeirrar verndar dómstóla sem þessi réttindi njóta;

HAFA EINSETT SÉR að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða;

HAFA EINSETT SÉR að við mótun nýrra reglna verði lagðar til grundvallar strangar kröfur um að vernda beri heilsu, öryggi og umhverfi;

GERA SÉR LJÓST mikilvægi framþróunar í félagsmálum, þar á meðal jafnréttismálum karla og kvenna, á Evrópska efnahagssvæðinu og láta í ljós vilja sinn til að tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir, skapa skilyrði fyrir fullri atvinnu, bættum lífskjörum og bættum starfsskilyrðum á Evrópska efnahagssvæðinu;

HAFA EINSETT SÉR að efla hagsmuni neytenda og styrkja stöðu þeirra á markaðinum, með öfluga neytendavernd að markmiði;

SETJA SÉR ÞAU SAMEIGINLEGU MARKMIÐ að styrkja vísindalegar og tæknilegar undirstöður evrópsks iðnaðar og gera hann samkeppnishæfari á alþjóðavettvangi;

ÁLÍTA að gerð samnings þessa eigi ekki á nokkurn hátt að hafa áhrif á möguleika EFTA-ríkja til að gerast aðilar að Evrópubandalögunum;

STEFNA AÐ ÞVÍ, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, að ná fram og halda sig við samræmda túlkun og beitingu samnings þessa og þeirra ákvæða í löggjöf bandalagsins sem tekin eru efnislega upp í samning þennan, svo og að koma sér saman um jafnræði gagnvart einstaklingum og aðilum í atvinnurekstri að því er varðar fjórþætta frelsið og samkeppnisskilyrði;

ÞAR EÐ samningur þessi takmarkar hvorki sjálfræði samningsaðila til ákvarðanatöku né rétt þeirra til að gera samninga, samanber þó ákvæði samnings þessa og takmarkanir sem leiðir af reglum þjóðaréttar;

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera með sér eftirfarandi samning:

I. HLUTI
MARKMIÐ OG MEGINREGLUR

1. gr.

1. Markmið þessa samstarfssamnings er að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði sem nefnist hér á eftir EES.

2. Til að ná þeim markmiðum sem sett eru í 1. mgr. skal samstarfið í samræmi við ákvæði samnings þessa fela í sér:

a) frjálsa vöruflutninga;
b) frjálsa fólksflutninga;
c) frjálsa þjónustustarfsemi;
d) frjálsa fjármagnsflutninga;
e) að komið verði á kerfi sem tryggi að samkeppni raskist ekki og að reglur þar að lútandi verði virtar af öllum; og einnig
f) nánari samvinnu á öðrum sviðum, svo sem á sviði rannsókna og þróunar, umhverfismála, menntunar og félagsmála.

2. gr.

Í þessum samningi merkir:

a) hugtakið „samningur" meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka auk þeirra gerða sem þar er vísað til;
b) hugtakið „EFTA-ríki" samningsaðila sem eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu;
c) hugtakið „samningsaðilar", að því er varðar bandalagið og aðildarríki EB, bæði bandalagið og aðildarríki EB eða annaðhvort bandalagið eða aðildarríki EB. Merkingin, sem leggja ber í þetta orð í hverju tilviki, ræðst af viðkomandi ákvæðum samnings þessa hverju sinni og jafnframt viðkomandi valdsviði bandalagsins og aðildarríkja EB í samræmi við stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu.

3. gr.

Samningsaðilar skulu gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningi þessum leiðir. Þeir skulu varast ráðstafanir sem teflt geta því í tvísýnu að markmiðum samnings þessa verði náð.

Þeir skulu enn fremur auðvelda samvinnu innan ramma samnings þessa.

4. gr.

Hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs er bönnuð á gildissviði samnings þessa nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans.

5. gr.

Samningsaðilar geta hvenær sem er vakið máls á áhyggjuefnum í sameiginlegu EES-nefndinni eða EES-ráðinu í samræmi við þær aðferðir sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 92. gr. og 2. mgr. 89. gr. eftir því sem við á.

6. gr.

Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa, þó að því tilskildu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála.

7. gr.

Gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samning þennan, eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, binda samningsaðila og eru þær eða verða teknar upp í landsrétt sem hér segir:

a) gerð sem samsvarar reglugerð EBE skal sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila;
b) gerð sem samsvarar tilskipun EBE skal veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.

II. HLUTI

FRJÁLSIR VÖRUFLUTNINGAR

1. KAFLI

GRUNDVALLARREGLUR

8. gr.

1. Koma skal á frjálsum vöruflutningum milli samningsaðila í samræmi við ákvæði samnings þessa.
2. Ákvæði 10.-15., 19., 20. og 25.-27. gr. taka einungis til framleiðsluvara sem upprunnar eru í ríkjum samningsaðila nema annað sé tekið fram.
3. Ef annað er ekki tekið fram taka ákvæði samningsins einungis til:

a) framleiðsluvara sem falla undir 25.-97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2;

b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun 3 í samræmi við það sérstaka fyrirkomulag sem þar er greint frá.

9. gr.

1. Kveðið er á um upprunareglur í bókun 4. Þær eru settar með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar sem samningsaðilar eru eða kunna að verða bundnir af samkvæmt Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti.
2. Samningsaðilar skulu áfram leitast við að bæta og einfalda upprunareglur á allan hátt og auka samvinnu á sviði tollamála með það fyrir augum að byggja á grundvelli þess árangurs sem náðst hefur með samningi þessum.
3. Fyrsta endurskoðun skal fara fram fyrir árslok 1993. Síðan fer endurskoðun fram á tveggja ára fresti. Á grundvelli þessarar endurskoðunar skuldbinda samningsaðilar sig til að ákveða þær viðeigandi ráðstafanir sem eiga að verða hluti samningsins.

10. gr.

Tollar á innflutning og útflutning, svo og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðir milli samningsaðila. Með fyrirvara um það fyrirkomulag sem um getur í bókun 5 skal þetta einnig eiga við um fjáröflunartolla.

11. gr.

Magntakmarkanir á innflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila.

12. gr.

Magntakmarkanir á útflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila.

13. gr.

Ákvæði 11. og 12. gr. koma ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, eða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.

14. gr.

Einstökum samningsaðilum er óheimilt að leggja hvers kyns beinan eða óbeinan skatt innanlands á framleiðsluvörur annarra samningsaðila umfram það sem beint eða óbeint er lagt á sams konar innlendar framleiðsluvörur.

Samningsaðila er einnig óheimilt að leggja á framleiðsluvörur annarra samningsaðila innlendan skatt sem er til þess fallinn að vernda óbeint aðrar framleiðsluvörur.

15. gr.

Þegar framleiðsluvörur eru fluttar út til yfirráðasvæðis annars samningsaðila má endurgreiðsla á innlendum skatti ekki nema hærri fjárhæð en skattinum sem þegar hefur verið lagður á þær beint eða óbeint.

16. gr.

1. Samningsaðilar skulu tryggja breytingar á ríkiseinkasölum í viðskiptum þannig að enginn greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar vara.
2. Ákvæði þessarar greinar gilda um allar stofnanir sem þar til bær yfirvöld samningsaðilanna nota samkvæmt lögum eða í reynd, beint eða óbeint, til að hafa eftirlit með, ráða eða hafa umtalsverð áhrif á inn- eða útflutning milli samningsaðila. Þessi ákvæði gilda einnig um einkasölur sem ríki hefur fengið öðrum í hendur.

2. KAFLI

LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARAFURÐIR

17. gr.

Í I. viðauka eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi heilbrigði dýra og plantna.

18. gr.

Með fyrirvara um sérstakt fyrirkomulag varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir skulu samningsaðilar tryggja að fyrirkomulaginu, sem kveðið er á um í 17. gr. og a- og b-lið 23. gr. varðandi aðrar vörur en þær er heyra undir 3. mgr. 8. gr., verði ekki stofnað í hættu vegna annarra tæknilegra viðskiptahindrana. Ákvæði 13. gr. skulu gilda.

19. gr.

1. Samningsaðilar skulu taka til athugunar alla erfiðleika sem upp kunna að koma í viðskiptum þeirra með landbúnaðarafurðir og leitast við að finna viðeigandi lausn á þeim.
2. Samningsaðilar skuldbinda sig til að halda áfram viðleitni sinni til að auka smám saman frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarafurðir.
3. Í þeim tilgangi skulu samningsaðilar sjá um að fram fari endurskoðun á skilyrðum fyrir viðskipti með landbúnaðarafurðir fyrir árslok 1993 og á tveggja ára fresti þaðan í frá.
4. Samningsaðilar munu, í ljósi þeirra niðurstaðna sem fást af þessari endurskoðun, innan ramma landbúnaðarstefnu hvers um sig og með tilliti til niðurstaðna Úrúgvæ-viðræðnanna, ákveða, innan ramma samnings þessa, á grundvelli fríðindaréttinda, með tvíhliða eða marghliða hætti og með gagnkvæmu samkomulagi sem er hagstætt hverjum aðila, frekara afnám hvers kyns viðskiptahindrana í landbúnaði, að meðtöldum þeim viðskiptahindrunum sem leiðir af ríkiseinkasölum í viðskiptum á sviði landbúnaðar.

20. gr.

Ákvæði og fyrirkomulag varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir er að finna í bókun 9.

3. KAFLI

SAMVINNA Á SVIÐI TOLLAMÁLA OG AUÐVELDUN VIÐSKIPTA

21. gr.

1. Til að greiða fyrir viðskiptum skulu samningsaðilar einfalda eftirlit og formsatriði á landamærum. Fyrirkomulag í þessu skyni er að finna í bókun 10.
2. Samningsaðilar skulu aðstoða hver annan í tollamálum til þess að tryggja rétta framkvæmd tollalöggjafar. Fyrirkomulag í þessu skyni er að finna í bókun 11.
3. Samningsaðilar skulu styrkja og auka samvinnu sín í milli með það að markmiði að einfalda framkvæmd vöruviðskipta, einkum að því er varðar áætlanir, verkefni og aðgerðir bandalagsins sem miða að því að greiða fyrir viðskiptum í samræmi við reglurnar í VI. hluta.
4. Þrátt fyrir 3. mgr. 8. gr. skal þessi grein taka til allra framleiðsluvara.

22. gr.

Samningsaðili er hefur hug á að lækka virkt stig tolla eða gjalda sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart þriðju löndum með bestu kjör eða íhugar frestun þeirra skal, sé slíkt gerlegt, tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni það eigi síðar en þrjátíu dögum áður en lækkunin eða frestunin kemur til framkvæmda. Hlutaðeigandi samningsaðili skal gefa gaum athugasemdum frá öðrum samningsaðilum um röskun sem hlotist gæti af þessu.

4. KAFLI

AÐRAR REGLUR UM FRJÁLSA VÖRUFLUTNINGA

23. gr.

Sérstök ákvæði og fyrirkomulag er að finna í:

a) bókun 12 og II. viðauka varðandi tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottanir;
b) bókun 47 varðandi afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín;
c) III. viðauka varðandi skaðsemisábyrgð.

Þau skulu taka til allra framleiðsluvara nema annað sé tekið fram.

24. gr.

Sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi orkumál er að finna í IV. viðauka.

25. gr.

Leiði framkvæmd 10. og 12. gr. af sér:

a) endurútflutning til þriðja lands á framleiðsluvöru sem er af hálfu samningsaðila er flytur út háð magntakmörkunum, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif; eða
b) alvarlegan skort, eða hættu á alvarlegum skorti, á framleiðsluvöru sem er mjög mikilvæg samningsaðila er flytur út;

og valdi þær aðstæður, sem að ofan getur, samningsaðila er flytur út meiri háttar erfiðleikum eða eru líklegar til þess getur hann gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við reglurnar í 113. gr.

26. gr.

Í samskiptum samningsaðila skal ekki gera ráðstafanir gegn undirboðum, leggja á jöfnunartolla og grípa til aðgerða gegn ólöglegum viðskiptaháttum sem rekja má til þriðju landa nema annað sé tekið fram í samningi þessum.

5. KAFLI

KOLA- OG STÁLVÖRUR

27. gr.

Ákvæði og fyrirkomulag varðandi kola- og stálvörur er að finna í bókunum 14 og 25.

III. HLUTI

FRJÁLSIR FÓLKSFLUTNINGAR, FRJÁLS ÞJÓNUSTUSTARFSEMI OG FRJÁLSIR FJÁRMAGNSFLUTNINGAR

1. KAFLI

LAUNAFÓLK OG SJÁLFSTÆTT STARFANDI EINSTAKLINGAR

28. gr.

1. Frelsi launþega til flutninga skal vera tryggt í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum.
2. Umrætt frelsi felur í sér afnám allrar mismununar milli launþega í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum.
3. Með þeim takmörkunum sem réttlætast af allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði felur það í sér rétt til þess að:
   a) þiggja atvinnutilboð sem raunverulega eru lögð fram;
   b) fara að vild í þeim tilgangi um yfirráðasvæði aðildarríkja EB og EFTA-ríkja;
   c) dveljast á yfirráðasvæði aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis í atvinnuskyni í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um starfskjör ríkisborgara þess ríkis;
   d) dveljast áfram á yfirráðasvæði aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis eftir að hafa starfað þar.
4. Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um störf í opinberri þjónustu.
5. Í V. viðauka eru sérstök ákvæði um frelsi launþega til flutninga.

29. gr.

1. Til að veita launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum frelsi til flutninga skulu samningsaðilar á sviði almannatrygginga, í samræmi við VI. viðauka, einkum tryggja launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum og þeim sem þeir framfæra að:
   a) lögð verði saman öll tímabil sem taka ber til greina samkvæmt lögum hinna ýmsu landa til að öðlast og viðhalda bótarétti, svo og reikna fjárhæð bóta;
   b) bætur séu greiddar fólki sem er búsett á yfirráðasvæðum samningsaðila.

30. gr.

Til að auðvelda launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum að hefja og stunda starfsemi skulu samningsaðilar í samræmi við VII. viðauka gera nauðsynlegar ráðstafanir varðandi gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, svo og samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum samningsaðila varðandi rétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til að hefja og stunda starfsemi.

2. KAFLI

STAÐFESTURÉTTUR

31. gr.

1. Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera á rétti ríkisborgara aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis til að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði einhvers annars þessara ríkja. Hið sama gildir einnig þegar ríkisborgarar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði einhvers þeirra, setja á stofn umboðsskrifstofu, útibú eða dótturfyrirtæki.

Staðfesturéttur felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki, einkum félög eða fyrirtæki í skilningi annarrar málsgreinar 34. gr., með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin, þó með fyrirvara um ákvæði 4. kafla.

2. Í VIII.-XI. viðauka eru sérstök ákvæði um staðfesturétt.

32. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um starfsemi sem á yfirráðasvæði ákveðins samningsaðila fellur undir meðferð opinbers valds jafnvel þótt svo sé aðeins í einstökum tilvikum.

33. gr.

Ákvæði þessa kafla og ráðstafanir í samræmi við þau útiloka ekki að beitt verði ákvæðum í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um sérstaka meðferð á erlendum ríkisborgurum er grundvallast á sjónarmiðum um allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði.

34. gr.

Með félög eða fyrirtæki, sem stofnuð eru í samræmi við lög aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis og hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð á yfirráðasvæði samningsaðila, skal farið, að því er þennan kafla varðar, á sama hátt og einstaklinga sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum.

Með félögum eða fyrirtækjum er átt við félög eða fyrirtæki, stofnuð á grundvelli einkamálaréttar eða verslunarréttar, þar með talin samvinnufélög, svo og aðrar lögpersónur sem lúta allsherjarrétti eða einkamálarétti, þó að frátöldum þeim sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni.

35. gr.

Ákvæði 30. gr. gilda um málefni sem fjallað er um í þessum kafla.

3. KAFLI

ÞJÓNUSTA

36. gr.

1. Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera á frelsi ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja til að veita þjónustu á yfirráðasvæði samningsaðila enda þótt þeir hafi staðfestu í öðru aðildarríki EB eða EFTA-ríki en sá sem þjónustan er ætluð.
2. Í IX.-XI. viðauka eru sérstök ákvæði um frelsi til að veita þjónustu.

37. gr.

Með „þjónustu" er í samningi þessum átt við þjónustu sem að jafnaði er veitt gegn þóknun að því leyti sem hún lýtur ekki ákvæðum um frjálsa vöruflutninga, frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa fólksflutninga.

Undir „þjónustu" fellur einkum:

a) starfsemi á sviði iðnaðar;
b) starfsemi á sviði viðskipta;
c) starfsemi handverksmanna;
d) sérfræðistörf.

Sá sem veitir þjónustu getur, með fyrirvara um ákvæði 2. kafla, í því skyni stundað starfsemi sína tímabundið í því ríki þar sem þjónustan er veitt, með sömu skilyrðum og það ríki setur eigin ríkisborgurum.

38. gr.

Frelsi til að veita þjónustu á sviði flutninga fellur undir ákvæði 6. kafla um flutningastarfsemi.

39. gr.

Ákvæði 30. og 32.-34. gr. gilda um málefni sem fjallað er um í þessum kafla.

4. KAFLI

FJÁRMAGN

40. gr.

Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera milli samningsaðila á flutningum fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum né nokkur mismunun, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar fé er notað til fjárfestingar. Í XII. viðauka eru nauðsynleg ákvæði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

41. gr.

Gengar greiðslur í tengslum við þjónustustarfsemi, vöruflutninga, fólksflutninga eða fjármagnsflutninga milli samningsaðila samkvæmt ákvæðum samnings þessa skulu lausar við öll höft.

42. gr.

1. Ef beitt er innlendum reglum um fjármagnsmarkað og lánsviðskipti í fjármagnsflutningum sem höftum hefur verið létt af samkvæmt ákvæðum samnings þessa skal það gert án mismununar.
2. Lán til beinnar eða óbeinnar fjármögnunar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis eða sveitarstjórna þess skulu ekki boðin út eða tekin í öðrum aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum nema viðkomandi ríki hafi gert með sér samkomulag um það.

43. gr.

1. Kunni munurinn milli gjaldeyrisreglna aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna að verða til þess að menn, búsettir í einu þessara ríkja, færi sér í nyt þær rýmri yfirfærslureglur á yfirráðasvæði samningsaðila sem kveðið er á um í 40. gr. til þess að fara fram hjá reglum einhvers þessara ríkja um fjármagnsflutninga til eða frá þriðju löndum getur viðkomandi samningsaðili gert viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því.
2. Leiði fjármagnsflutningar til röskunar á starfsemi fjármagnsmarkaðar í aðildarríki EB eða EFTA-ríki getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til verndarráðstafana á sviði fjármagnsflutninga.
3. Breyti þar til bær yfirvöld samningsaðila gengisskráningu sinni þannig að alvarlegri röskun á samkeppnisskilyrðum valdi geta hinir samningsaðilarnir gert nauðsynlegar ráðstafanir um mjög takmarkaðan tíma til að vinna gegn áhrifum breytingarinnar.
4. Eigi aðildarríki EB eða EFTA-ríki í örðugleikum með greiðslujöfnuð eða alvarleg hætta er á að örðugleikar skapist, hvort sem það stafar af heildarójafnvægi í greiðslujöfnuði eða því hvaða gjaldmiðli það hefur yfir að ráða, getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til verndarráðstafana, einkum ef örðugleikarnir eru til þess fallnir að stofna framkvæmd samnings þessa í hættu.

44. gr.

Bandalagið annars vegar og EFTA-ríkin hins vegar skulu beita eigin málsmeðferð, sem mælt er fyrir um í bókun 18, vegna framkvæmdar ákvæða 43. gr.

45. gr.

1. Tilkynna skal sameiginlegu EES-nefndinni ákvarðanir, álit og tilmæli vegna þeirra ráðstafana sem lýst er í 43. gr.
2. Ekki má grípa til neinna verndarráðstafana nema að höfðu samráði í sameiginlegu EES-nefndinni og eftir að henni hafa verið veittar upplýsingar.
3. Í því tilviki sem um ræðir í 2. mgr. 43. gr. getur hlutaðeigandi samningsaðili þó gert ráðstafanirnar, án þess að áður fari fram samráð eða skipti á upplýsingum, þegar það reynist óhjákvæmilegt vegna þess að þær verða að fara leynt eða þola ekki bið.

4. Komi skyndilega upp vandi er varðar greiðslujöfnuð, í því tilviki sem um ræðir í 4. mgr. 43. gr., og sé ekki unnt að fylgja málsmeðferðinni í 2. mgr., getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til nauðsynlegra fyrirbyggjandi verndarráðstafana. Ráðstafanirnar skulu hafa í för með sér eins litla röskun á framkvæmd samnings þessa og kostur er á og mega ekki vera víðtækari en brýnasta nauðsyn krefur til að ráða bót á þeim skyndilega vanda sem komið hefur upp.
5. Þegar gerðar eru ráðstafanir í samræmi við 3. og 4. mgr. skal tilkynna það eigi síðar en þann dag sem þær öðlast gildi og skulu upplýsingaskiptin, samráðið og tilkynningarnar sem um getur í 1. mgr. eiga sér stað eins fljótt og auðið er í kjölfar þess.

5. KAFLI

SAMVINNA UM STEFNU Í EFNAHAGS- OG PENINGAMÁLUM

46. gr.

Samningsaðilar skulu skiptast á skoðunum og upplýsingum um framkvæmd samnings þessa og áhrif samstarfsins á efnahagsstarfsemi og framkvæmd stefnu í efnahags- og peningamálum. Þeir geta enn fremur rætt stefnu, ástand og horfur í efnahagsmálum. Þessi skipti á skoðunum og upplýsingum skulu fara fram án nokkurra skuldbindinga.

6. KAFLI

FLUTNINGASTARFSEMI

47. gr.

1. Ákvæði 48.-52. gr. gilda um flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum.
2. Í XIII. viðauka eru sérstök ákvæði um allar tegundir flutninga.

48. gr.

1. Engu aðildarríki EB eða EFTA-ríki er heimilt að setja nokkur þau ákvæði um flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum utan ramma XIII. viðauka sem beint eða óbeint eru óhagstæðari flutningsaðilum frá öðrum ríkjum en innlendum flutningsaðilum.
2. Sérhver samningsaðili er víkur frá meginreglunni í 1. mgr. skal tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni það. Aðrir samningsaðilar, sem fallast ekki á frávikið, geta gripið til viðeigandi gagnráðstafana.

49. gr.

Aðstoð er samrýmanleg samningi þessum ef hún bætir úr þörf fyrir samræmingu á sviði flutninga eða í henni felst endurgjald fyrir að rækja tilteknar skyldur sem falla undir hugtakið opinber þjónusta.

50. gr.

1. Þegar um er að ræða flutninga á yfirráðasvæði samningsaðila skal ekki vera nokkur mismunun sem kemur fram í því að flutningsaðilar leggi á mismunandi gjöld eða setji mismunandi skilmála við flutning sams konar vöru á sömu flutningaleiðum, allt eftir því hvert uppruna- eða ákvörðunarland viðkomandi vöru er.

2. Þar til bært yfirvald samkvæmt VII. hluta skal að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis rannsaka öll tilvik um mismunun sem falla undir þessa grein og taka nauðsynlegar ákvarðanir samkvæmt eigin reglum.

51. gr.

1. Bannað er að leggja á gjöld og setja skilmála er varða flutningastarfsemi innan yfirráðasvæðis samningsaðila og fela í einhverjum mæli í sér aðstoð eða vernd, einu eða fleiri fyrirtækjum eða atvinnugreinum í hag, nema þar til bært yfirvald samkvæmt 2. mgr. 50. gr. heimili það.

2. Þar til bært yfirvald skal að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis kanna gjöld þau og skilmála sem um getur í 1. mgr., annars vegar einkum með kröfur um æskilega efnahagsstefnu á einstökum landsvæðum í huga, svo og þarfir vanþróaðra svæða og erfiðleika svæða þar sem alvarlegt stjórnmálaástand ríkir, og hins vegar með tilliti til áhrifa gjaldanna og skilmálanna á samkeppni milli mismunandi greina flutningastarfsemi.

Þar til bært yfirvald skal taka nauðsynlegar ákvarðanir samkvæmt eigin reglum.

3. Bannið sem um getur í 1. mgr. tekur ekki til gjalda sem ákveðin eru til að bregðast við samkeppni.

52. gr.

Álögur eða gjöld, sem flutningsaðili innheimtir umfram flutningsgjöld vegna flutnings yfir landamæri, mega ekki vera hærri en sanngjarnt er með hliðsjón af raunverulegum kostnaði vegna þessa. Samningsaðilar skulu leitast við að draga smám saman úr slíkum kostnaði.

IV. HLUTI

SAMKEPPNISREGLUR OG AÐRAR SAMEIGINLEGAR REGLUR

1. KAFLI

REGLUR UM FYRIRTÆKI

53. gr.

1. Eftirfarandi skal bannað og talið ósamrýmanlegt framkvæmd samnings þessa: allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað á því svæði sem samningur þessi tekur til, einkum samningar, ákvarðanir og aðgerðir sem:
   a) ákveða kaup- eða söluverð eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti;
   b) takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu;
   c) skipta mörkuðum eða birgðalindum;
   d) mismuna öðrum viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra;
   e) setja það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.
2. Samningar og ákvarðanir sem grein þessi bannar eru sjálfkrafa ógildir.
3. Ákveða má að ákvæðum 1. mgr. verði ekki beitt um:
   samninga eða tegundir samninga milli fyrirtækja;
   ákvarðanir eða tegundir ákvarðana af hálfu samtaka fyrirtækja;
   samstilltar aðgerðir eða tegundir samstilltra aðgerða;
   sem stuðla að bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir, enda sé neytendum veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst, án þess að:
   a) höft, sem óþörf eru til að hinum settu markmiðum verði náð, séu lögð á hlutaðeigandi fyrirtæki;
   b) slíkt veiti fyrirtækjunum færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna sem um er að ræða.

54. gr.

Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á svæðinu sem samningur þessi tekur til, eða verulegum hluta þess, er ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa og því bönnuð að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Slík misnotkun getur einkum falist í því að:
   a) beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir;
   b) settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns;
   c) öðrum viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum

og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt;

d) sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

55. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði sem hrinda 53. og 54. gr. í framkvæmd og er að finna í bókun 21 og XIV. viðauka við samning þennan skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA, sem kveðið er á um í 1. mgr. 108. gr., tryggja beitingu meginreglnanna sem mælt er fyrir um í 53. og 54. gr.

Hin þar til bæra eftirlitsstofnun, sem kveðið er á um í 56. gr., skal að eigin frumkvæði eða að beiðni ríkis á viðkomandi svæði eða hinnar eftirlitsstofnunarinnar rannsaka tilvik þar sem grunur leikur á að meginreglur þessar séu brotnar. Hin þar til bæra eftirlitsstofnun skal framkvæma þessar rannsóknir í samvinnu við þar til bær stjórnvöld á viðkomandi svæði og í samvinnu við hina eftirlitsstofnunina sem skal veita henni aðstoð í samræmi við eigin reglur.

Komist hún að þeirri niðurstöðu að um brot hafi verið að ræða skal hún gera tillögur um viðeigandi ráðstafanir til að binda enda á það.

2. Ef ekki er bundinn endi á umrætt brot skal þar til bær eftirlitsstofnun skrá slíkt brot á meginreglunum í rökstuddri ákvörðun.

Hin þar til bæra eftirlitsstofnun getur birt ákvörðun sína og heimilað ríkjum á viðkomandi svæði, með þeim skilyrðum og á þann hátt sem hún kveður nánar á um, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu. Hún getur einnig farið fram á það við hina eftirlitsstofnunina að hún heimili ríkjum á viðkomandi svæði að gera slíkar ráðstafanir.

56. gr.

1. Eftirlitsstofnanirnar skulu taka ákvarðanir í einstökum málum, sem falla undir 53. gr., í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í þeim málum sem einungis hafa áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna;

b) með fyrirvara um c-lið skal eftirlitsstofnun EFTA taka ákvarðanir, eins og kveðið er á um í ákvæðum 58. gr., bókun 21 og reglum um framkvæmd hennar, bókun 23 og XIV. viðauka, í málum þar sem velta viðkomandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna er 33% eða meiri en velta þeirra á svæðinu sem samningur þessi tekur til;

c) framkvæmdastjórn EB skal taka ákvarðanir í öðrum málum, svo og í þeim málum sem falla undir b-lið og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB, og skal hún þá taka tillit til ákvæðanna í 58. gr., bókun 21, bókun 23 og XIV. viðauka.

2. Eftirlitsstofnun á því svæði þar sem yfirburðastaða er talin vera fyrir hendi skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir 54. gr. Reglurnar sem settar eru í b- og c-lið 1. mgr. gilda því aðeins að um yfirburðastöðu á svæðum beggja eftirlitsstofnananna sé að ræða.

3. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir c-lið 1. mgr. og hafa ekki umtalsverð áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB eða samkeppni í bandalaginu.
4. Hugtökin „fyrirtæki" og „velta" eru, að því er þessa grein varðar, skilgreind í bókun 22.

57. gr.

1. Samfylkingar, sem gert er ráð fyrir eftirliti með í 2. mgr. og skapa eða efla yfirburðastöðu er hindrar virka samkeppni á samningssvæðinu eða umtalsverðum hluta þess, skal lýsa ósamrýmanlegar samningi þessum.
2. Eftirtaldir aðilar skulu hafa eftirlit með samfylkingum sem falla undir 1. mgr.:
a) framkvæmdastjórn EB í þeim málum sem falla undir reglugerð EBE nr. 4064/89, í samræmi við þá reglugerð, bókanir 21 og 24 og XIV. viðauka við samninginn. Með fyrirvara um endurskoðunarvald dómstóls EB hefur framkvæmdastjórn EB ein vald til að taka ákvarðanir í þessum málum.
b) eftirlitsstofnun EFTA í þeim málum sem falla ekki undir a-lið hafi viðmiðunarmörkum, sem sett eru í XIV. viðauka, verið fullnægt á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í samræmi við bókanir 21 og 24 og XIV. viðauka við samninginn. Þetta er með þeim fyrirvara að aðildarríki EB séu ekki valdbær í þessu tilliti.

58. gr.

Með það fyrir augum að þróa og viðhalda samræmdu eftirliti á Evrópska efnahagssvæðinu á sviði samkeppni, svo og að stuðla að einsleitri framkvæmd, beitingu og túlkun ákvæða samningsins í þessu skyni, skulu lögbær yfirvöld hafa með sér samvinnu í samræmi við ákvæði bókana 23 og 24.

59. gr.

1. Eigi í hlut opinber fyrirtæki, og fyrirtæki sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veita sérstök réttindi eða einkarétt, skulu samningsaðilar tryggja að hvorki séu gerðar né viðhaldið nokkrum þeim ráðstöfunum sem fara í bága við reglur samnings þessa, einkum reglur sem kveðið er á um í 4. gr. og 53.-63. gr.
2. Reglur samnings þessa, einkum reglurnar um samkeppni, gilda um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða eru í eðli sínu fjáröflunareinkasölur, að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Þróun viðskipta má ekki raska í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna.
3. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu hvor innan síns valdsviðs tryggja að ákvæðum þessarar greinar sé beitt og gera, eftir því sem þörf krefur, viðeigandi ráðstafanir gagnvart þeim ríkjum sem eru á svæðum hvorrar um sig.

60. gr.

Í XIV. viðauka eru sérstök ákvæði um framkvæmd þeirra meginreglna sem settar eru í 53., 54., 57. og 59. gr.

2. KAFLI

RÍKISAÐSTOÐ

61. gr.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

2. Eftirtalið samrýmist framkvæmd samnings þessa:

a) aðstoð af félagslegum toga sem veitt er einstökum neytendum enda sé hún veitt án mismununar með tilliti til uppruna viðkomandi framleiðsluvara;

b) aðstoð sem veitt er til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða.

c) aðstoð sem veitt er til atvinnuvega á ákveðnum svæðum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, þar sem skipting Þýskalands hefur áhrif, að því marki sem þörf er á slíkri aðstoð til að bæta upp efnahagslegt óhagræði vegna skiptingarinnar.

3. Eftirtalið getur talist samrýmanlegt framkvæmd samnings þessa:

a) aðstoð til að efla hagþróun á svæðum þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið;

b) aðstoð til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum eða ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis;

c) aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum;

d) aðstoð af öðru tagi sem sameiginlega EES-nefndin kann að tiltaka í samræmi við VII. hluta.

62. gr.

1. Fylgjast skal stöðugt með öllum kerfum vegna ríkisaðstoðar sem eru til á yfirráðasvæðum samningsaðila, svo og öllum áætlunum um að veita slíka aðstoð eða breyta henni, með það í huga að þau samrýmist 61. gr. Eftirtaldir aðilar skulu framkvæma slíkt eftirlit:

a) framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins, að því er varðar aðildarríki EB, í samræmi við reglurnar í 93. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu;

b) eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar EFTA-ríkin, í samræmi við þær reglur sem settar eru í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar EFTA en mælt er fyrir um valdsvið hennar og störf í bókun 26.

2. Með það fyrir augum að tryggja samræmt eftirlit á sviði ríkisaðstoðar á svæðinu sem samningur þessi tekur til skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA hafa með sér samvinnu í samræmi við ákvæðin í bókun 27.

63. gr.

Í XV. viðauka eru sérstök ákvæði um ríkisaðstoð.

64. gr.

1. Ef önnur eftirlitsstofnunin telur að framkvæmd hinnar eftirlitsstofnunarinnar á 61. og 62. gr. samningsins, svo og 5. gr. bókunar 14, samræmist ekki kröfum um sömu samkeppnisskilyrði á svæðinu sem samningur þessi tekur til skal skipst á skoðunum innan tveggja vikna í samræmi við málsmeðferð f-liðar í bókun 27.

Hafi ekki fundist lausn innan þessara tveggja vikna sem aðilar geta sætt sig við getur þar til bært yfirvald samningsaðila, sem málið snertir, gripið án tafar til bráðabirgðaráðstafana til þess að ráða bót á þeirri röskun sem orðið hefur á samkeppni.

Samráð skal síðan hafa í sameiginlegu EES-nefndinni með það fyrir augum að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við.

Hafi sameiginlegu EES-nefndinni ekki tekist að finna lausn innan þriggja mánaða og umræddar aðgerðir valda, eða hætta er á að þær valdi, röskun á samkeppni sem hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila er unnt að gera þær varanlegu ráðstafanir í stað bráðabirgðaráðstafananna sem eru bráðnauðsynlegar til að jafna áhrif röskunarinnar. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst starfsemi EES.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda um ríkiseinkasölur sem settar eru á stofn eftir undirritunardag samningsins.

3. KAFLI

AÐRAR SAMEIGINLEGAR REGLUR

65. gr.

1. Í XVI. viðauka eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi innkaup sem gilda, nema annað sé tekið fram, um allar framleiðsluvörur og þjónustu eins og tilgreint er.

2. Í bókun 28 og XVII. viðauka eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi hugverk og eignarréttindi á sviði iðnaðar og verslunar sem gilda um allar framleiðsluvörur og þjónustu nema annað sé tekið fram.

V. HLUTI

ALTÆK ÁKVÆÐI ER VARÐA FJÓRÞÆTTA FRELSIÐ

1. KAFLI

FÉLAGSMÁL

66. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að stuðla að bættum starfsskilyrðum og lífskjörum launþega.

67. gr.

1. Samningsaðilar skulu sérstaklega leggja áherslu á að hvetja til umbóta, einkum varðandi vinnuumhverfi, með tilliti til heilsu og öryggis launþega. Til að stuðla að því að þessu markmiði verði náð skulu lágmarkskröfur smám saman koma til framkvæmda og þá með hliðsjón af þeim aðstæðum og tæknilegu reglum er gilda hjá hverjum samningsaðila. Slíkar lágmarkskröfur eru því ekki til fyrirstöðu að samningsaðili láti strangari reglur um starfsskilyrði halda gildi sínu eða setji slíkar reglur enda samrýmist þær samningi þessum.
2. Í XVIII. viðauka eru tilgreind nauðsynleg ákvæði vegna framkvæmdar lágmarkskrafna samkvæmt 1. mgr.

68. gr.

Á sviði vinnulöggjafar skulu samningsaðilar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja góða framkvæmd samnings þessa. Þessar ráðstafanir eru tilgreindar í XVIII. viðauka.

69. gr.

1. Hver samningsaðili skal tryggja og viðhalda beitingu þeirrar meginreglu að karlar og konur hljóti jöfn laun fyrir jafna vinnu.

Með „launum" er í þessari grein átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup ásamt öllum öðrum greiðslum, hvort heldur er í fé eða fríðu, sem launþegi fær beint eða óbeint frá vinnuveitanda sínum vegna starfa síns.

Með sömu launum án mismununar vegna kynferðis er átt við að:

a) laun fyrir sömu ákvæðisvinnu skuli miðuð við sömu mælieiningu;
b) laun fyrir tímavinnu skuli vera hin sömu fyrir sams konar starf.

2. Í XVIII. viðauka eru sérstök ákvæði um framkvæmd 1. mgr.

70. gr.

Samningsaðilar skulu stuðla að því að meginreglan um jafnrétti karla og kvenna verði virt með því að hrinda ákvæðunum sem tilgreind eru í XVIII. viðauka í framkvæmd.

71. gr.

Samningsaðilar skulu leitast við að auka skoðanaskipti milli vinnuveitenda og launþega í Evrópu.

2. KAFLI

NEYTENDAVERND

72. gr.

Í XIX. viðauka eru ákvæði um neytendavernd.

3. KAFLI

UMHVERFISMÁL

73. gr.

1. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu byggjast á eftirtöldum markmiðum:

a) að varðveita, vernda og bæta umhverfið;
b) að stuðla að því að vernda heilsu manna;
c) að tryggja að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi.

2. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Kröfur um umhverfisvernd skulu vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum.

74. gr.

Í XX. viðauka eru sérstök ákvæði um verndarráðstafanir sem skulu gilda samkvæmt 73. gr.

75. gr.

Verndarráðstafanirnar, sem um getur í 74. gr., eru því ekki til fyrirstöðu að einstakir samningsaðilar láti strangari verndarráðstafanir halda gildi sínu eða grípi til þeirra enda samrýmist þær samningi þessum.

4. KAFLI

HAGSKÝRSLUGERÐ

76. gr.

1. Samningsaðilar skulu tryggja úrvinnslu og dreifingu samfelldra og sambærilegra hagskýrslna sem lýsi og geri kleift að fylgjast með öllum þeim þáttum sem máli skipta á sviði efnahags-, félags- og umhverfismála á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Í þessu skyni skulu samningsaðilar þróa með sér og nota samræmdar aðferðir, skýrgreiningar og flokkanir, svo og sameiginlegar starfsáætlanir og vinnubrögð við hagskýrslugerð hvar sem það á við í stjórnsýslunni og hafa þá í huga nauðsyn þess að fyllsta trúnaðar sé gætt.
3. Í XXI. viðauka eru sérstök ákvæði um hagskýslugerð.
4. Í bókun 30 eru sérstök ákvæði um skipulag samstarfs á sviði hagskýrslugerðar.

5. KAFLI

FÉLAGARÉTTUR

77. gr.

Í XXII. viðauka eru sérstök ákvæði um félagarétt.

VI. HLUTI

SAMVINNA UTAN MARKA FJÓRÞÆTTA FRELSISINS

78. gr.

Samningsaðilar skulu efla og auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins á sviði:

rannsókna og tækniþróunar,
upplýsingaþjónustu,
umhverfismála,
menntunar, þjálfunar og æskulýðsmála,
félagsmála,
neytendaverndar,
lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
ferðamála,
hljóð- og myndmiðlunar og
almannavarna,

að því leyti sem samstarf á þessum sviðum lýtur ekki ákvæðum annarra hluta samnings þessa.

79. gr.

1. Samningsaðilar skulu auka skoðanaskipti sín í milli með öllum viðeigandi aðferðum, einkum samkvæmt reglum VII. hluta, með það fyrir augum að ákveða starfssvið og starfsemi þar sem nánari samvinna getur aukið líkur á að sameiginleg markmið náist á þeim sviðum sem um getur í 78. gr.
2. Þeir skulu einkum skiptast á upplýsingum og ræða í sameiginlegu EES-nefndinni, að beiðni einstakra samningsaðila, áform og tillögur um að stofna til eða breyta rammaáætlunum, einstökum áætlunum, aðgerðum og verkefnum á þeim sviðum sem um getur í 78. gr.
3. Ákvæði VII. hluta gilda að breyttu breytanda um þennan hluta þegar sérstaklega er kveðið á um það í þessum hluta eða bókun 31.

80. gr.

Samvinna samkvæmt 78. gr. skal að öðru jöfnu fara fram með eftirfarandi hætti:
þátttöku EFTA-ríkja í rammaáætlunum EB, einstökum áætlunum, verkefnum eða öðrum aðgerðum;
komið verði á sameiginlegri starfsemi á tilteknum sviðum þar sem meðal annars gæti verið um að ræða samræmingu eða samstillingu á starfsemi, sameiningu starfsemi sem fyrir er og komið verði á sérstakri sameiginlegri starfsemi;
formlegum og óformlegum upplýsingaskiptum eða -miðlun;
sameiginlegu átaki til að hvetja til tiltekinnar starfsemi á yfirráðasvæði samningsaðila;
hliðstæðri löggjöf, eftir því sem við á, með sömu eða svipuðum reglum;
samræmingu aðgerða og starfsemi á vettvangi eða fyrir tilstilli alþjóðastofnana, svo og samræmingu samvinnu við þriðju lönd, þar sem um gagnkvæmt hagsmunamál er að ræða.

81. gr.

Þegar samvinna felur í sér þátttöku EFTA-ríkja í rammaáætlun EB, einstakri áætlun, verkefni eða annarri aðgerð skulu eftirfarandi meginreglur gilda:

a) EFTA-ríkin skulu hafa aðgang að öllum þáttum áætlunar.
b) Staða EFTA-ríkjanna í nefndum, sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða þróun starfsemi bandalagsins, skal vera í fullu samræmi við það fjárframlag sem EFTA-ríkin kunna að greiða vegna þátttöku sinnar.
c) Ákvæði 3. mgr. 79. gr. gilda um þær ákvarðanir bandalagsins er hafa bein eða óbein áhrif á rammaáætlun, einstaka áætlun, verkefni eða aðra aðgerð sem EFTA-ríki taka þátt í samkvæmt ákvörðun á grundvelli samnings þessa, þó ekki ákvarðanir sem varða fjárlög bandalagsins. Sameiginlega EES-nefndin getur endurskoðað skilmála og skilyrði fyrir áframhaldandi þátttöku í viðkomandi starfsemi í samræmi við 86. gr.
d) Þegar um samstarfsverkefni er að ræða skulu stofnanir, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar EFTA-ríkja hafa sömu réttindi og skyldur í áætlun bandalagsins eða annarri aðgerð sem um ræðir og samstarfsstofnanir, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar aðildarríkja EB. Hið sama gildir að breyttu breytanda um þátttakendur sem fara milli landa vegna viðkomandi samstarfs aðildarríkja EB og EFTA-ríkja.
e) EFTA-ríki, stofnanir þeirra, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar skulu hafa sömu réttindi og skyldur að því er varðar úrvinnslu, mat og nýtingu niðurstaðna og aðildarríki EB, stofnanir þeirra, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar.
f) Samningsaðilar skuldbinda sig í samræmi við viðkomandi reglugerðir og reglur sínar til að auðvelda flutninga þátttakenda í áætluninni og annarri starfsemi að því marki sem nauðsynlegt er.

82. gr.

1. Þegar samvinna samkvæmt þessum hluta felur í sér fjárframlag frá EFTA-ríkjunum skal framlagið látið í té á einhvern eftirtalinn hátt:

a) Framlag EFTA-ríkjanna vegna þátttöku þeirra í starfsemi bandalagsins skal reiknað í hlutfalli við:
fjárhagsskuldbindingar; og
greiðsluskuldbindingar;
sem varðandi bandalagið eru settar árlega á þann lið fjárlaga þess sem á við um viðkomandi starfsemi.
Hlutfallsstuðullinn sem ákvarðar framlag EFTA-ríkjanna skal vera summa hlutfallsins milli annars vegar vergrar landsframleiðslu hvers EFTA-ríkis um sig miðað við markaðsverð og hins vegar summa vergrar landsframleiðslu allra aðildarríkja EB og umræddra EFTA-ríkis miðað við markaðsverð. Stuðullinn skal reiknaður fyrir hvert fjárhagsár á grundvelli nýjustu tölfræðilegra upplýsinga.
Bæði að því er varðar fjárhagsskuldbindingar og greiðsluskuldbindingar skal fjárframlag EFTA-ríkjanna koma til viðbótar fjárframlagi bandalagsins á þeim lið fjárlaga þess sem á við um viðkomandi starfsemi.
Þau framlög sem EFTA-ríkin skulu greiða árlega skulu ákveðin á grundvelli greiðsluskuldbindinganna.
Skuldbindingar sem bandalagið tók á sig áður en EFTA-ríkin hófu á grundvelli samnings þessa þátttöku í viðkomandi starfsemi, svo og greiðslur sem af henni leiðir, kalla ekki á framlög af hálfu EFTA-ríkjanna.

b) Fjárframlag EFTA-ríkjanna vegna þátttöku þeirra í ákveðnum verkefnum eða annarri starfsemi skal grundvallast á þeirri meginreglu að sérhver samningsaðili skuli bera eigin kostnað, svo og viðeigandi hluta af fastakostnaði bandalagsins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

c) Sameiginlega EES-nefndin skal taka nauðsynlegar ákvarðanir varðandi fjárframlag samningsaðila til þeirrar starfsemi sem um ræðir hverju sinni.

2. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar eru í bókun 32.

83. gr.

Þegar samvinnan felst í upplýsingaskiptum milli opinberra aðila skulu EFTA-ríkin hafa sama rétt á að fá upplýsingar og aðildarríki EB og ber þeim jafnframt sama skylda til að veita upplýsingar, samanber þó kröfur um trúnað sem sameiginlega EES-nefndin ákveður.

84. gr.

Ákvæði um samvinnu á tilteknum sviðum eru í bókun 31.

85. gr.

Ef ekki er kveðið á um annað í bókun 31 skal samvinna, sem þegar fer fram milli bandalagsins og einstakra EFTA-ríkja á sviðunum sem um getur í 78. gr. við gildistöku samnings þessa, eftir það lúta viðeigandi ákvæðum þessa hluta og bókunar 31.

86. gr.

Sameiginlega EES-nefndin skal, í samræmi við VII. hluta, taka allar nauðsynlegar ákvarðanir vegna framkvæmdar 78.-85. gr. og ráðstafana sem af henni leiðir og geta þær meðal annars falið í sér viðbætur við og breytingar á bókun 31, ásamt því að ákveða nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir vegna framkvæmdar 85. gr.

87. gr.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að þróa, efla eða auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins á sviðum sem eru ekki tilgreind í 78. gr. þegar slík samvinna þykir líkleg til að greiða fyrir því að markmiðum samnings þessa verði náð eða samningsaðilar telja slíkt hagstætt báðum aðilum af öðrum ástæðum. Slíkar ráðstafanir geta haft það í för með sér að 78. gr. verði breytt þannig að nýjum sviðum verði bætt við þau sem þar eru tilgreind.

88. gr.

Með fyrirvara um ákvæði annarra hluta samnings þessa skulu ákvæði þessa hluta ekki koma í veg fyrir að einstakir samningsaðilar geti undirbúið, samþykkt og hrundið ráðstöfunum í framkvæmd einhliða.

VII. HLUTI

ÁKVÆÐI UM STOFNANIR

1. KAFLI

SKIPULAG SAMSTARFSINS

1. ÞÁTTUR

EES-RÁÐIÐ

89. gr.

1. EES-ráði er hér með komið á fót. Hlutverk þess er einkum að vera pólitískur aflvaki varðandi framkvæmd samnings þessa og setja almennar viðmiðunarreglur fyrir sameiginlegu EES-nefndina.

Í þessum tilgangi skal EES-ráðið meta hvernig samningurinn í heild hefur verið framkvæmdur og hvernig hann hefur þróast. Það skal taka stjórnmálalegar ákvarðanir sem leiða til breytinga á samningnum.

2. Samningsaðilar, að því er varðar bandalagið og aðildarríki EB eftir valdsviði viðkomandi, geta tekið mál er valda erfiðleikum upp í EES-ráðinu eftir að hafa rætt þau í sameiginlegu EES-nefndinni, eða geta tekið þau beint upp í EES-ráðinu er mjög brýna nauðsyn ber til.

3. EES-ráðið setur sér starfsreglur með ákvörðun þar að lútandi.

90. gr.

1. EES-ráðið skipa fulltrúar í ráði Evrópubandalaganna og úr framkvæmdastjórn EB ásamt einum fulltrúa ríkisstjórnar hvers EFTA-ríkis.

Skipa skal fulltrúa í EES-ráðið í samræmi við þau skilyrði sem mælt verður fyrir um í starfsreglum þess.

2. Ákvarðanir EES-ráðsins skulu teknar með samkomulagi milli bandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar.

91. gr.

1. Fulltrúi ráðs Evrópubandalaganna og ráðherra í ríkisstjórn EFTA-ríkis skulu gegna embætti forseta EES-ráðsins til skiptis sex mánuði í senn.

2. Forseti EES-ráðsins skal kalla það saman tvisvar á ári. EES-ráðið skal einnig koma saman, þegar aðstæður krefjast, í samræmi við starfsreglur sínar.

2. ÞÁTTUR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

92. gr.

1. Sameiginlegu EES-nefndinni er hér með komið á fót. Skal hún tryggja virka framkvæmd samnings þessa. Í þeim tilgangi skal þar skipst á skoðunum og upplýsingum og taka ákvarðanir í þeim málum sem kveðið er á um í samningi þessum.
2. Samningsaðilar, að því er varðar bandalagið og aðildarríki EB eftir valdsviði viðkomandi, skulu hafa samráð í sameiginlegu EES-nefndinni um öll þau mál á grundvelli samningsins sem valda erfiðleikum og einhver þeirra hefur tekið upp.
3. Sameiginlega EES-nefndin setur sér starfsreglur með ákvörðun þar að lútandi.

93. gr.

1. Sameiginlegu EES-nefndina skipa fulltrúar samningsaðila.
2. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar skulu teknar með samkomulagi milli bandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna, sem mæla einum rómi, hins vegar.

94. gr.

1. Fulltrúi bandalagsins, þ.e. framkvæmdastjórnar EB, og fulltrúi eins EFTA-ríkis skulu gegna embætti formanns sameiginlegu EES-nefndarinnar til skiptis sex mánuði í senn.
2. Sameiginlega EES-nefndin skal að öðru jöfnu koma saman að minnsta kosti einu sinni í mánuði til að gegna störfum sínum. Hana má einnig kalla saman að frumkvæði formannsins eða samkvæmt beiðni einhvers samningsaðila í samræmi við starfsreglur hennar.
3. Sameiginlega EES-nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir eða starfshópa sér til aðstoðar við framkvæmd verkefna sinna. Sameiginlega EES-nefndin skal í starfsreglum sínum mæla fyrir um skipan og starfshætti umræddra undirnefnda og starfshópa. Sameiginlega EES-nefndin skal ákveða verkefni þeirra í hverju tilviki fyrir sig.
4. Sameiginlega EES-nefndin skal gefa út ársskýrslu um framkvæmd og þróun samnings þessa.

3. ÞÁTTUR

SAMVINNA ÞINGMANNA

95. gr.

1. Sameiginlegri EES-þingmannanefnd er hér með komið á fót. Hana skipa jafnmargir þingmenn Evrópuþingsins annars vegar og þjóðþinga EFTA-ríkjanna hins vegar. Heildarfjöldi þingmanna í nefndinni kemur fram í stofnsamþykktinni í bókun 36.
2. Fundir sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar skulu haldnir til skiptis í bandalaginu og EFTA-ríki í samræmi við ákvæði bókunar 36.
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal með umræðum og fundum stuðla að auknum skilningi milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna á þeim sviðum sem samningur þessi tekur til.
4. Sameiginlegu EES-þingmannanefndinni er heimilt að láta álit sitt í ljós í formi skýrslna eða ályktana eftir því sem við á. Hún skal einkum taka til athugunar ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar um framkvæmd og þróun samnings þessa sem gefin er út í samræmi við 4. mgr. 94. gr.
5. Forseti EES-ráðsins má koma fyrir sameiginlegu EES-þingmannanefndina og taka þar til máls.
6. Sameiginlega EES-þingmannanefndin setur sér starfsreglur.

4. ÞÁTTUR

SAMVINNA AÐILA ER STARFA Á SVIÐI EFNAHAGS- OG FÉLAGSMÁLA

96. gr.

1. Fulltrúar efnahags- og félagsmálanefndarinnar og annarra samtaka, sem eru í fyrirsvari fyrir aðila á sviði félagsmála í bandalaginu, og fulltrúar samsvarandi aðila í EFTA-ríkjunum skulu vinna að því að styrkja tengslin sín í milli og eiga samstarf á skipulagðan og reglubundinn hátt með það að markmiði að auka skilning á efnahagslegum og félagslegum þáttum í stöðugt samofnara efnahagssamstarfi samningsaðilanna og á hagsmunum þeirra innan EES.
2. Ráðgjafarnefnd EES er hér með komið á fót í þessum tilgangi. Hana skipa jafnmargir fulltrúar efnahags- og félagsmálanefndar bandalagsins annars vegar og ráðgjafarnefndar EFTA hins vegar. Ráðgjafarnefnd EES er heimilt að láta í ljós álit sitt í formi skýrslna eða ályktana eftir því sem við á.
3. Ráðgjafarnefnd EES setur sér starfsreglur.

2. KAFLI

TILHÖGUN ÁKVARÐANATÖKU

97. gr.

Með fyrirvara um meginregluna um jafnræði, og eftir að öðrum samningsaðilum hafa verið veittar upplýsingar þar um, hefur samningur þessi ekki áhrif á rétt einstakra samningsaðila til að breyta innlendri löggjöf á þeim sviðum sem samningurinn tekur til:

ef sameiginlega EES-nefndin kemst að þeirri niðurstöðu aðl öggjöf, eins og henni hefur verið breytt, hafi ekki áhrif til hins verra á framkvæmd samningsins; eða

ef skilyrðum 98. gr. hefur verið fullnægt.

98. gr.

Breyta má viðaukum samningsins, svo og bókunum 1-7, 9-11, 19-27, 30-32, 37, 39, 41 og 47, eftir því sem við á, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í samræmi við 93. (2. mgr.), 99., 100., 102. og 103. gr.

99. gr.

1. Þegar framkvæmdastjórn EB hefur undirbúning að nýrri löggjöf á sviði sem samningur þessi tekur til skal hún leita óformlega ráða hjá sérfræðingum EFTA-ríkjanna á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkja EB við mótun tillagnanna.
2. Þegar framkvæmdastjórnin sendir ráði Evrópubandalaganna tillögur sínar skal hún senda afrit af þeim til EFTA-ríkjanna. Fyrstu skoðanaskipti skulu fara fram í sameiginlegu EES-nefndinni óski einhver samningsaðila þess.
3. Á þeim tíma sem líður fram að töku ákvörðunar í ráði Evrópubandalaganna skulu samningsaðilar, í samfelldu ferli upplýsingaskipta og samráðs, ráðgast hver við annan í sameiginlegu EES-nefndinni að beiðni einhvers þeirra á öllum tímamótum á leið að endanlegri töku ákvörðunar.
4. Samningsaðilar skulu starfa saman af heilum hug á upplýsinga- og samráðstímabilinu með það fyrir augum að auðvelda ákvarðanatöku í sameiginlegu EES-nefndinni í lok meðferðar málsins.

100. gr.

Framkvæmdastjórn EB skal tryggja sérfræðingum EFTA-ríkjanna eins víðtæka þátttöku og unnt er á viðkomandi sviðum við undirbúning á drögum að tillögum er síðar eiga að fara fyrir þær nefndir sem eru framkvæmdastjórninni til aðstoðar við beitingu framkvæmdarvalds hennar. Í þessum málum skal framkvæmdastjórn EB, þegar hún gengur frá tillögum, ráðgast við sérfræðinga EFTA-ríkjanna á sama grundvelli og hún ráðgast við sérfræðinga aðildarríkja EB.

Í þeim tilvikum þegar mál er til meðferðar hjá ráði Evrópubandalaganna í samræmi við starfsreglur sem gilda um viðkomandi nefnd skal framkvæmdastjórn EB koma áliti sérfræðinga EFTA-ríkjanna á framfæri við ráð Evrópubandalaganna.

101. gr.

1. Að því er varðar nefndir, sem falla hvorki undir 81. né 100. gr., skal haft samstarf við sérfræðinga EFTA-ríkjanna þegar góð framkvæmd samningsins krefst slíks.

Þessar nefndir eru skráðar í bókun 37. Kveðið er á um tilhögun slíks samstarfs í bókunum og viðaukum um einstök svið þar sem fjallað er um viðkomandi málefni.

2. Telji samningsaðilar að slíkt samstarf ætti að taka til annarra nefnda sem eru svipaðs eðlis getur sameiginlega EES-nefndin breytt bókun 37.

102. gr.

1. Til að tryggja réttaröryggi og einsleitni EES skal sameiginlega EES-nefndin taka ákvörðun um breytingu á viðauka við samning þennan eins fljótt og unnt er, eftir að bandalagið hefur samþykkt nýja samsvarandi löggjöf bandalagsins, með það að markmiði að unnt sé að beita samtímis þeirri löggjöf og breytingunum á viðaukunum við samninginn. Bandalagið skal í þessum tilgangi tilkynna öðrum samningsaðilum í sameiginlegu EES-nefndinni eins fljótt og unnt er þegar það samþykkir réttargerð um málefni sem fjallað er um í samningi þessum.

2. Sameiginlega EES-nefndin skal meta á hvaða hluta viðauka við samning þennan þessi nýja löggjöf hefur bein áhrif.

3. Samningsaðilar skulu gera sitt ítrasta til að komast að samkomulagi um málefni sem samningur þessi tekur til.

Sameiginlega EES-nefndin skal einkum gera sitt ítrasta til að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við þegar upp koma alvarleg vandamál á sviðum sem falla undir valdsvið löggjafans í EFTA-ríkjunum.

4. Ef ekki er unnt að komast að samkomulagi um breytingar á viðauka við samning þennan, þrátt fyrir beitingu undanfarandi málsgreinar, skal sameiginlega EES-nefndin kanna alla frekari möguleika á því að tryggja áframhaldandi góða framkvæmd samningsins og taka nauðsynlegar ákvarðanir þar að lútandi, meðal annars möguleika á viðurkenningu á sambærilegri löggjöf. Taka verður slíka ákvörðun eigi síðar en við lok sex mánaða tímabils, frá því að málinu er vísað til sameiginlegu EES-nefndarinnar, eða á gildistökudegi samsvarandi löggjafar bandalagsins ef sá dagur er síðar.

5. Hafi sameiginlega EES-nefndin ekki tekið ákvörðun um breytingu á viðauka við þennan samning við lok frests sem settur er í 4. mgr. skal litið svo á að framkvæmd viðkomandi hluta viðaukans, sem ákveðinn er samkvæmt 2. mgr., sé frestað til bráðabirgða nema sameiginlega EES-nefndin ákveði annað. Frestun af þessu tagi gengur í gildi sex mánuðum eftir lok tímabilsins sem um getur í 4. mgr., þó ekki fyrir þann dag er samsvarandi gerð EB kemur til framkvæmda í bandalaginu. Sameiginlega EES-nefndin skal áfram leitast við að koma á samkomulagi um lausn sem aðilar geta sætt sig við svo að draga megi frestunina til baka við fyrsta tækifæri.

6. Ræða skal um raunhæfar afleiðingar þeirrar frestunar sem um getur í 5. mgr. í sameiginlegu EES-nefndinni. Réttindi og skyldur sem einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri hafa þegar áunnið sér með samningi þessum skulu haldast. Samningsaðilar skulu, eftir því sem við á, ákveða hvaða breytingar þurfi að gera vegna frestunarinnar.

103. gr.

1. Ef ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar getur einungis verið bindandi fyrir samningsaðila eftir að hann hefur uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin ganga í gildi á þeim degi sem getið er í henni, ef sérstakur dagur er tiltekinn, að því tilskildu að hlutaðeigandi samningsaðili hafi tilkynnt hinum samningsaðilunum fyrir þann dag að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt.

Hafi tilkynningin ekki farið fram fyrir umræddan dag gengur ákvörðunin í gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynningu.

2. Hafi tilkynningin ekki átt sér stað sex mánuðum eftir að sameiginlega EES-nefndin tók ákvörðun sína skal ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar gilda til bráðabirgða meðan stjórnskipulegum skilyrðum hefur ekki verið fullnægt, nema samningsaðili tilkynni að slík gildistakatil bráðabirgða geti ekki átt sér stað. Í síðara tilvikinu, eða tilkynni samningsaðili að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hafi ekki hlotið samþykki, skal frestunin sem kveðið er á um í 5. mgr. 102. gr. ganga í gildi einum mánuði eftir að tilkynningin fer fram en þó ekki fyrir þann dag er samsvarandi gerð EB kemur til framkvæmda í bandalaginu.

104. gr.

Ákvarðanir teknar af sameiginlegu EES-nefndinni í tilvikum sem kveðið er á um í samningi þessum skulu vera bindandi fyrir samningsaðila frá og með gildistökudegi þeirra, nema kveðið sé á um annað í þeim, og skulu þeir gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framkvæmd þeirra og beitingu.

3. KAFLI

EINSLEITNI, TILHÖGUN EFTIRLITS OG LAUSN DEILUMÁLA

1. ÞÁTTUR

EINSLEITNI

105. gr.

1. Til að ná því markmiði samningsaðila að ná fram og halda sig við eins samræmda túlkun og unnt er á ákvæðum samningsins og þeim ákvæðum í löggjöf bandalagsins sem tekin eru efnislega upp í samninginn skal sameiginlega EES-nefndin starfa í samræmi við þessa grein.

2. Sameiginlega EES-nefndin skal stöðugt hafa til skoðunar þróun dómsúrlausna dómstóls Evrópubandalaganna og EFTA-dómstólsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 108. gr. Í þessum tilgangi skal senda dóma þessara dómstóla til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal gera ráðstafanir til að varðveita einsleita túlkun á samningnum.

3. Ef sameiginlegu EES-nefndinni hefur ekki tekist að varðveita einsleita túlkun á samningnum innan tveggja mánaða frá því að mismunur á úrlausnum dómstólanna tveggja var lagður fyrir hana má beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 111. gr.

106. gr.

Til að tryggja að samningur þessi verði túlkaður á eins samræmdan hátt og kostur er, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, skal sameiginlega EES-nefndin koma á kerfi til að skiptast á upplýsingum um dóma EFTA-dómstólsins, dómstóls Evrópubandalaganna og dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og dómstóla EFTA-ríkjanna á síðasta dómstigi. Í kerfi þessu skal felast:

a) að þessir dómstólar sendi ritara dómstóls Evrópubandalaganna dóma sína um túlkun og beitingu annars vegar samnings þessa og hins vegar stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu, með áorðnum breytingum og viðbótum, auk þeirra gerða sem hafa verið samþykktar í samræmi við þá, að því leyti sem þeir varða ákvæði sem eru efnislega samhljóða ákvæðum samnings þessa;
b) að ritari dómstóls Evrópubandalaganna sjái um að flokka þessa dóma og semja og birta, eins og þörf krefur, þýðingar og útdrætti;
c) að ritari dómstóls Evrópubandalaganna sendi þau skjöl sem máli skipta til lögbærra yfirvalda hvers lands sem sérhver samningsaðili tilnefnir fyrir sig.

107. gr.

Í bókun 34 eru ákvæði er gefa EFTA-ríki kost á að heimila dómstóli eða rétti að biðja dómstól Evrópubandalaganna að ákveða túlkun EES-reglna.

2. ÞÁTTUR

TILHÖGUN EFTIRLITS

108. gr.

1. EFTA-ríkin skulu koma á fót sjálfstæðri eftirlitsstofnun (eftirlitsstofnun EFTA) svo og kerfi svipuðu og fyrir er í bandalaginu, meðal annars kerfi til að tryggja efndir á skuldbindingum samkvæmt samningi þessum og til eftirlits með lögmæti aðgerða eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni.
2. EFTA-ríkin skulu koma á fót dómstóli (EFTA-dómstóli).

Undir valdsvið EFTA-dómstólsins skal með tilliti til beitingar samnings þessa og í samræmi við sérstakan samning milli EFTA-ríkjanna einkum heyra:

a) mál um tilhögun eftirlits er varðar EFTA-ríkin;
b) áfrýjanir á ákvörðunum eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni;
c) lausn deilumála milli tveggja eða fleiri EFTA-ríkja.

109. gr.

1. Annars vegar skal eftirlitsstofnun EFTA fylgjast með efndum á skuldbindingum samkvæmt samningi þessum og hins vegar framkvæmdastjórn EB sem starfar samkvæmt stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og samningi þessum.

2. Til að tryggja samræmt eftirlit á öllu Evrópska efnahagssvæðinu skulu eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB hafa samstarf sín í milli, skiptast á upplýsingum og ráðgast hvor við aðra um stefnu í eftirlitsmálum og einstök mál.
3. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu taka við umkvörtunum varðandi beitingu samnings þessa. Þær skulu skiptast á upplýsingum um kvartanir sem borist hafa.
4. Hvor þessara stofnana um sig skal rannsaka allar kvartanir sem falla undir valdsvið hennar og koma kvörtunum sem falla undir valdsvið hinnar stofnunarinnar til hennar.
5. Komi upp ósamkomulag milli þessara tveggja stofnana um það til hvaða aðgerða skuli gripið í tengslum við kvörtun eða um niðurstöðu rannsóknar getur hvor þeirra sem er vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um það í samræmi við 111. gr.

110. gr.

Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB, samkvæmt samningi þessum, sem leggja fjárskuldbindingar á aðra aðila en ríki skulu vera fullnustuhæfar. Hið sama skal eiga við um slíka dóma dómstóls Evrópubandalaganna, dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og EFTA-dómstólsins samkvæmt samningi þessum.

Fullnustan skal fara fram í samræmi við gildandi réttarfarsreglur í einkamálum í ríkinu þar sem fullnustan fer fram. Fullnustuúrskurður skal fylgja ákvörðuninni með því eina formskilyrði að gengið hafi verið úr skugga um að ákvörðunin hafi verið tekin af þar til bæru yfirvaldi sem sérhver samningsaðili tilnefnir í þessu skyni og sendir öðrum samningsaðilum, svo og eftirlitsstofnun EFTA, framkvæmdastjórn EB, dómstóli Evrópubandalaganna, dómstóli Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og EFTA-dómstólnum, tilkynningu um.

Þegar þessum formsatriðum hefur verið fullnægt að beiðni hlutaðeigandi aðila má hinn sami láta fullnustu fara fram, í samræmi við lög þess ríkis þar sem fullnustan á að fara fram, með því að fara með málið beint fyrir lögbært yfirvald.

Fullnustunni verður einungis frestað með úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna hvað varðar ákvarðanir framkvæmdastjórnar EB, úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi eða dómstóls Evrópubandalaganna, eða með úrskurði EFTA-dómstólsins hvað varðar ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA eða úrskurði EFTA-dómstólsins. Dómstólar hlutaðeigandi ríkja hafa þó lögsögu varðandi kvartanir um að ekki sé staðið rétt að fullnustunni.

3. ÞÁTTUR

LAUSN DEILUMÁLA

111. gr.

1. Bandalagið eða EFTA-ríki getur lagt deilumál er varðar túlkun eða beitingu samnings þessa fyrir sameiginlegu EES-nefndina í samræmi við eftirfarandi ákvæði.
2. Sameiginlegu EES-nefndinni er heimilt að leysa deilumálið. Henni skulu gefnar allar upplýsingar sem hún kann að þarfnast til þess að framkvæma nákvæma rannsókn á málinu, með það fyrir augum að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við. Í þessum tilgangi skal sameiginlega EES-nefndin rannsaka alla möguleika til að viðhalda góðri framkvæmd samningsins.
3. Varði deilumál túlkun ákvæða samnings þessa, sem eru efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála, og hafi málið ekki verið leyst innan þriggja mánaða frá því að það var lagt fyrir sameiginlegu EES-nefndina, geta samningsaðilar, sem eiga aðild að deilumálinu, samþykkt að fara fram á það við dómstól Evrópubandalaganna að hann kveði upp úrskurð um túlkun á viðkomandi reglum.

Hafi sameiginlega EES-nefndin ekki náð samkomulagi um lausn á slíku deilumáli innan sex mánaða frá þeim degi er þessi málsmeðferð hófst, eða hafi samningsaðilar, sem eiga aðild að deilumálinu, á þeim tíma ekki ákveðið að fara fram á úrskurð dómstóls Evrópubandalaganna, getur samningsaðili, til að draga úr hugsanlegu ójafnvægi,

annaðhvort gripið til öryggisráðstafana í samræmi við 2. mgr. 112. gr. og málsmeðferð 113. gr.;

eða beitt 102. gr. að breyttu breytanda.

4. Varði deilumál umfang eða gildistíma öryggisráðstafana, sem gripið er til í samræmi við 3. mgr. 111. gr. eða 112. gr., eða umfang jöfnunarráðstafana, sem gerðar eru í samræmi við 114. gr., og hafi sameiginlegu EES-nefndinni ekki tekist að leysa deiluna þremur mánuðum eftir þann dag er málið var lagt fyrir hana getur hver samningsaðila sem er vísað deilumálinu til gerðardóms samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í bókun 33. Óheimilt er að fjalla um túlkun á ákvæðum samnings þessa, sem um getur í 3. mgr., samkvæmt þessari málsmeðferð. Gerðin er bindandi fyrir deiluaðila.

4. KAFLI

ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

112. gr.

1. Ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, getur samningsaðili gripið einhliða til viðeigandi ráðstafana með þeim skilyrðum og á þann hátt sem mælt er fyrir um í 113. gr.

2. Slíkar öryggisráðstafanir skulu vera takmarkaðar, að því er varðar umfang og gildistíma, við það sem telst bráðnauðsynlegt til þess að ráða bót á ástandinu. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst framkvæmd samnings þessa.
3. Öryggisráðstafanirnar skulu gilda gagnvart öllum samningsaðilum.

113. gr.

1. Samningsaðili sem hyggst grípa til öryggisráðstafana í samræmi við 112. gr. skal tilkynna hinum samningsaðilunum það án tafar fyrir milligöngu sameiginlegu EES-nefndarinnar og skal hann veita allar nauðsynlegar upplýsingar.
2. Samningsaðilar skulu tafarlaust bera saman ráð sín í sameiginlegu EES-nefndinni með það fyrir augum að finna viðunandi lausn fyrir alla aðila.
3. Hlutaðeigandi samningsaðili má ekki grípa til öryggisráðstafana fyrr en einum mánuði eftir dagsetningu tilkynningarinnar samkvæmt 1. mgr. nema samráði samkvæmt 2. mgr. hafi verið lokið áður en umræddur frestur var liðinn. Þegar óvenjulegar aðstæður, sem krefjast tafarlausra aðgerða, útiloka könnun fyrirfram getur hlutaðeigandi samningsaðili strax gripið til þeirra verndarráðstafana sem bráðnauðsynlegar teljast til þess að ráða bót á ástandinu.

Framkvæmdastjórn EB skal grípa til öryggisráðstafana fyrir bandalagið.

4. Hlutaðeigandi samningsaðili skal án tafar tilkynna ráðstafanirnar, sem gerðar hafa verið, til sameiginlegu EES-nefndarinnar og veita allar nauðsynlegar upplýsingar.
5. Í sameiginlegu EES-nefndinni skal hafa samráð um öryggisráðstafanirnar á þriggja mánaða fresti frá því að gripið er til þeirra með það fyrir augum að fella þær niður fyrir áætluð lok gildistímabilsins eða takmarka umfang þeirra.

Hver samningsaðilanna um sig getur hvenær sem er farið fram á það við sameiginlegu EES-nefndina að hún endurskoði umræddar ráðstafanir.

114. gr.

1. Ef öryggisráðstöfun, sem samningsaðili hefur gripið til, veldur misvægi milli réttinda og skyldna samkvæmt samningi þessum getur hver hinna samningsaðilanna gripið til jafnumfangsmikilla jöfnunarráðstafana gagnvart fyrrnefndum samningsaðila og bráðnauðsynlegar eru til að jafna umrætt misvægi. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst starfsemi Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Málsmeðferðin sem kveðið er á um í 113. gr. gildir.

VIII. HLUTI

FJÁRMAGNSKERFI

115. gr.

Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða sinna með það fyrir augum að stuðla að jafnri og stöðugri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila eins og kveðið er á um í 1. gr. Í þessu tilliti hafa þeir í huga ákvæði sem er að finna annars staðar í samningi þessum og bókanir er tengjast honum, að meðtöldum tilteknum ráðstöfunum er varða landbúnað og sjávarútveg.

116. gr.

EFTA-ríkin skulu koma upp fjármagnskerfi í þeim tilgangi að leggja sitt af mörkum, í tengslum við EES og til viðbótar því sem bandalagið gerir þegar á þessu sviði, til framgangs markmiðunum sem sett eru í 115. gr.

117. gr.

Í bókun 38 eru ákvæði um fjármagnskerfið.

IX. HLUTI

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

118. gr.

1. Álíti samningsaðili það öllum samningsaðilum til hagsbóta að þróa tengslin, sem stofnað er til með samningi þessum, með því að láta þau ná til fleiri sviða en þar er gert ráð fyrir skal hann leggja fram rökstudda beiðni til hinna samningsaðilanna í EES-ráðinu. Ráðið getur falið sameiginlegu EES-nefndinni að rannsaka alla þætti beiðninnar og leggja fram skýrslu.

EES-ráðið getur, eftir því sem við á, tekið stjórnmálalegar ákvarðanir með það fyrir augum að hafnar verði samningaviðræður milli samningsaðila.

2. Samningar sem samningaviðræður samkvæmt 1. mgr. leiða til skulu háðir fullgildingu eða samþykki samningsaðila í samræmi við þeirra eigin reglur.

119. gr.

Viðaukar, svo og gerðir sem vísað er til í þeim og aðlagaðar eru vegna samnings þessa, skulu auk bókana vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.

120. gr.

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum og einkum í bókunum 41, 43 og 44 skulu ákvæði samningsins ganga framar ákvæðum í gildandi tvíhliða eða marghliða samningum sem Efnahagsbandalag Evrópu annars vegar og eitt eða fleiri EFTA-ríki hins vegar eru bundin af að því leyti sem samningur þessi tekur til sömu efnisatriða.

121. gr.

Ákvæði samnings þessa útiloka ekki samstarf:

a) innan ramma norrænnar samvinnu að því leyti sem slík samvinna raskar ekki góðri framkvæmd samnings þessa;
b) innan ramma svæðissambandsins milli Sviss og Liechtensteins að því leyti sem markmið sambandsins nást ekki með beitingu ákvæða samnings þessa og góð framkvæmd samningsins raskast ekki;
c) innan ramma samvinnu Austurríkis og Ítalíu varðandi Tíról, Vorarlberg og Trentínó Suður-Tíról/Altó Adíge að því leyti sem slík samvinna raskar ekki góðri framkvæmd samnings þessa.

122. gr.

Fulltrúar, sendimenn og sérfræðingar samningsaðila, svo og embættismenn og aðrir starfsmenn samkvæmt samningi þessum, skulu bundnir þagnarskyldu, sem helst enda þótt þeir láti af störfum, um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra, einkum upplýsingar um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra og kostnaðarþætti.

123. gr.

Ekkert í samningi þessum skal hindra samningsaðila í að gera ráðstafanir:

a) sem hann telur nauðsynlegar til að girða fyrir uppljóstrun upplýsinga andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum;
b) sem snerta framleiðslu á eða viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn eða aðrar framleiðsluvörur, nauðsynlegar til varna, eða varða rannsóknir, þróun eða framleiðslu, nauðsynlega til varna, enda raski þessar ráðstafanir ekki samkeppnisskilyrðum hvað varðar framleiðsluvörur sem eru ekki sérstaklega ætlaðar til hernaðarþarfa;
c) sem hann telur nauðsynlegar vegna eigin öryggis þegar alvarlegar innanlandserjur ógna lögum og reglu, stríð geisar eða alvarleg spenna ríkir í alþjóðamálum, sem leitt getur til styrjaldar, eða til að uppfylla skyldur sem hann hefur tekið á sig til að gæta friðar og alþjóðaöryggis.

124. gr.

Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða samnings þessa skulu samningsaðilar sjá til þess að ríkisborgarar aðildarríkja EB og EFTA-ríkja sitji við sama borð og eigin ríkisborgarar hvað varðar hlutdeild í fjármagni félaga eða fyrirtækja í skilningi 34. gr.

125. gr.

Samningur þessi hefur engin áhrif á reglur samningsaðila um skipan eignarréttar.

126. gr.

1. Samningurinn gildir á þeim svæðum sem stofnsáttmáli Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmáli Kola- og stálbandalags Evrópu taka til, með þeim skilmálum sem þar eru settir, og á yfirráðasvæðum Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs, Konungsríkisins Svíþjóðar og Ríkjasambandsins Sviss.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal samningur þessi ekki gilda um Álandseyjar. Ríkisstjórn Finnlands getur þó gefið út yfirlýsingu, sem lögð skal fram hjá vörsluaðila við fullgildingu samnings þessa og hann skal senda samningsaðilum staðfest endurrit af, þess efnis að samningurinn skuli gilda um þessar eyjar með sömu skilmálum og hann gildir um aðra hluta Finnlands, samanber þó eftirfarandi ákvæði:

a) Ákvæði samnings þessa skulu ekki hindra beitingu ákvæða er gilda hverju sinni á Álandseyjum og varða:
   i) höft á rétti einstaklinga, sem hafa ekki svæðisbundinn borgararétt á Álandseyjum, og lögpersóna til að eignast og eiga fasteignir á Álandseyjum án heimildar þar til bærra yfirvalda eyjanna;
   ii) höft á rétti einstaklinga, sem hafa ekki svæðisbundinn borgararétt á Álandseyjum, eða lögpersóna til staðfestu og til að veita þjónustu án heimildar þar til bærra yfirvalda eyjanna.
b) Samningur þessi hefur ekki á áhrif á réttindi íbúa Álandseyja í Finnlandi.
c) Yfirvöld á Álandseyjum skulu veita öllum einstaklingum og lögpersónum samningsaðila sömu kjör.

127. gr.

Sérhver samningsaðili getur sagt upp aðild sinni að samningi þessum að því tilskildu að hann veiti öðrum samningsaðilum að minnsta kosti tólf mánaða fyrirvara með skriflegum hætti.

Jafnskjótt og fyrirhuguð uppsögn hefur verið tilkynnt skulu hinir samningsaðilarnir boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til þess að meta hvaða breytingar sé nauðsynlegt að gera á samningnum.

128. gr.

1. Evrópuríki sem gengur í bandalagið er skylt, en heimilt gangi það í EFTA, að gerast aðili að samningi þessum. Það skal senda EES-ráðinu umsókn sína.
2. Samningsaðilar og ríki sem sækir um skulu gera með sér samkomulag um skilmála og skilyrði fyrir slíkri aðild. Slíkt samkomulag skal lagt fyrir alla samningsaðila til fullgildingar eða samþykktar í samræmi við eigin reglur þeirra.

129. gr.

1. Samningur þessi er gerður í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

Textar gerða, sem vísað er til í viðaukunum, eru jafngildir á dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku, eins og þeir birtast í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins, og skulu með tilliti til jafngildingar gerðir á finnsku, íslensku, norsku og sænsku.

2. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja samning þennan í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Honum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingar- og samþykktarskjölunum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

3. Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 1993 að því tilskildu að allir samningsaðilar hafi afhent fullgildingar- eða samþykktarskjöl sín til vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag skal samningurinn öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynninguna. Lokafrestur varðandi þá tilkynningu skal vera 30. júní 1993. Eftir þann dag skulu samningsaðilar boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að meta stöðu mála.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Óportó annan dag maímánaðar árið nítján hundruð níutíu og tvö.

Fylgiskjal 2.

BÓKUN 1
UM ALTÆKA AÐLÖGUN

Ákvæði gerða sem vísað er til í viðaukum við samning þennan skulu gilda í samræmi við samninginn og þessa bókun, nema kveðið sé á um annað í viðkomandi viðauka. Sérstaka nauðsynlega aðlögun fyrir einstakar gerðir er að finna í þeim viðauka þar sem viðkomandi gerð er skráð.

1. Inngangur að gerðum

Inngangsorð gerða sem vísað er til eru ekki aðhæfðir hvað samning þennan varðar. Mikilvægi þeirra fer eftir því hversu nauðsynleg þau eru fyrir rétta túlkun og beitingu, innan ramma samningsins, þeirra ákvæða sem í gerðunum felast.

2. Ákvæði um EB-nefndir

Í 81., 100. og 101. gr. samningsins og bókun 31 er fjallað um starfshætti, fyrirkomulag stofnana eða önnur ákvæði um EB-nefndir í gerðunum sem vísað er til.

3. Ákvæði um tilhögun aðlögunar/breytinga á gerðum bandalagsins

Ef gerð sem vísað er til gerir ráð fyrir Evrópubandalagstilhögun við aðlögun, útvíkkun eða breytingu á gerðinni eða þróun nýrrar stefnu, frumkvæðis og gerða innan bandalagsins gilda viðeigandi reglur um ákvarðanatöku samkvæmt samningnum.

4. Tilhögun varðandi upplýsingaskipti og tilkynningar

a) Þegar aðildarríki EB ber að veita framkvæmdastjórn EB upplýsingar skal EFTA-ríki veita eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd EFTA-ríkjanna slíkar upplýsingar. Hið sama gildir þegar þar til bær yfirvöld eiga að annast sendingu upplýsinga. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu skiptast á upplýsingum sem þeim hafa borist frá aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjunum eða þar til bærum yfirvöldum.

b) Þegar aðildarríki EB ber að veita einu eða fleiri aðildarríkjum EB upplýsingar skal það einnig veita framkvæmdastjórn EB þessar upplýsingar og skal hún koma þeim á framfæri við fastanefndina sem dreifir þeim til EFTA-ríkjanna.

EFTA-ríki skal veita einu eða fleiri EFTA-ríkjum samsvarandi upplýsingar og einnig fastanefndinni sem kemur upplýsingunum á framfæri við framkvæmdastjórn EB er dreifir þeim til aðildarríkja EB. Hið sama gildir þegar þar til bær yfirvöld eiga að veita upplýsingarnar.

c) Á sviðum þar sem brýn þörf er á skjótvirkri upplýsingamiðlum ber að leita viðeigandi lausna fyrir einstök svið til þess að greiða fyrir beinum upplýsingaskiptum.

d) Starfsemi framkvæmdastjórnar EB vegna tilhögunar við sannprófun eða samþykki, upplýsingar, tilkynningar eða ráðgjöf og skyld málefni skal að því er EFTA-ríkin varðar fara fram í samræmi við starfsreglur þeirra. Þetta gildir með fyrirvara um ákvæði 2., 3. og 7. tölul. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, skulu skiptast á öllum upplýsingum um þessi málefni. Öllum ágreiningsefnum sem upp koma í þessu samhengi má vísa til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

5. Skýrslugerð

Þegar framkvæmdastjórn EB eða önnur stofnun EB á, samkvæmt gerð sem vísað er til, að vinna að skýrslu eða mati eða öðru slíku, skal eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, nema annað sé ákveðið, samtímis gera, eftir því sem við á, samsvarandi skýrslu eða mat eða annað slíkt, með tilliti til EFTA-ríkjanna. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, skulu hafa samráð sín á milli og skiptast á upplýsingum meðan á skýrslugerðinni stendur, en afrit af skýrslunni skal senda sameiginlegu EES-nefndinni.

6. Birting upplýsinga

a) Þegar aðildarríki EB á, samkvæmt gerð sem vísað er til, að birta ákveðnar upplýsingar um staðreyndir, málsmeðferð og annað slíkt skulu EFTA-ríkin einnig, samkvæmt samningnum, birta viðkomandi upplýsingar á samsvarandi hátt.

b) Þegar birta á, samkvæmt gerð sem vísað er til, staðreyndir, málsmeðferð, skýrslur og annað slíkt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins skal birta þar samsvarandi upplýsingar varðandi EFTA-ríkin í sérstakri EES-deild.[1]

7. Réttindi og skyldur

Líta ber á réttindi og skyldur aðildarríkja Evrópubandalagsins eða opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðru sem réttindi og skyldur samningsaðila, og er með samningsaðilum einnig átt við, eftir atvikum, þar til bær yfirvöld þeirra, opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

8. Tilvísanir til yfirráðasvæða

Þegar gerðirnar vísað er til geyma tilvísanir til yfirráðasvæða „bandalagsins" eða „sameiginlega markaðarins" ber að líta svo á að því er samninginn varðar að þær séu tilvísanir til yfirráðasvæða samningsaðila samkvæmt skilgreiningu í 126. gr. samningsins.

9. Tilvísanir til ríkisborgara aðildarríkja EB

Þegar gerðirnar sem vísað er til geyma tilvísanir til ríkisborgara aðildarríkja EB ber að líta svo á, að því er samninginn varðar, að þær séu einnig tilvísanir til ríkisborgara EFTA-ríkjanna.

---

[1] Í efnisyfirliti EES-deildarinnar yrði einnig vísað til þess hvar umræddar upplýsingar varðandi Evrópubandalagið og aðildarríki þess væri að finna.

10. Tilvísanir til tungumála

Þegar gerð sem vísað er til veitir aðildarríkjum EB eða opinberum stofnunum þeirra, fyrirtækjum eða einstaklingum réttindi eða setur þeim skyldur um notkun einhvers hinna opinberu tungumála Evrópubandalaganna, ber að líta svo á að samsvarandi réttindi og skyldur um notkun á einhverju opinberu tungumáli allra samningsaðila eigi við um samningsaðila, þar til bær yfirvöld þeirra, opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

11. Gildistaka og framkvæmd gerða

Ákvæði um gildistöku eða framkvæmd þeirra gerða sem vísað er til í viðaukum við samninginn eiga ekki við að því er samninginn varðar. Tímamörk og dagsetningar fyrir gildistöku og framkvæmd EFTA-ríkja á þeim gerðum sem vísað er til miðast við 3. mgr. 129. gr. samningsins, svo og ákvæði um bráðabirgðafyrirkomulag.

12. Viðtakendur gerða bandalagsins

Ákvæði þar sem þess er getið að gerð bandalagsins sé beint til aðildarríkja bandalagsins eiga ekki við að því er samninginn varðar.

Fylgiskjal 3.

9. TÖLUL. VIII. VIÐAUKA

Þrátt fyrir 31. - 35. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram höftum, sem eru í gildi við undirritun samningsins um staðfestu þeirra sem i eru ekki ríkisborgarar og ríkisborgara sem eiga ekki lögheimili á Íslandi, á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu.

Fylgiskjal 4.

G-LIÐUR 1. TÖLUL. XII. VIÐAUKA

Þrátt fyrir 40. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram þeim höftum sem eru í gildi við undirritun samningsins um eignarrétt erlendra aðila og/eða eignarrétt aðila sem ekki eru búsettir á Íslandi á sviði fiskveiða og fiskvinnslu.

Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara sem eru ekki með lögheimili á Íslandi í félögum sem taka aðeins á óbeinan hátt þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu. Þó hafa innlend yfirvöld rétt til að skuldbinda fyrirtæki sem hafa að hluta eða að öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða ríkisborgurum sem ekki eru með lögheimili á Íslandi til að losa sig við fjárfestingar í starfsemi á sviði fiskvinnslu eða í fiskiskipum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Inngangur

Frumvarp þetta var lagt fram á 115. löggjafarþingi og á ný á 116. löggjafarþingi. Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild Alþingis til þess að fullgilda samning um Evrópskt efnahagssvæði, hér nefndur EES-samningurinn, milli Efnahagsbandalags Evrópu (EBE), Kola- og stálbandalags Evrópu (KSBE) og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hins vegar, sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992.

Einnig er leitað eftir heimild til þess að fullgilda tvo fylgisamninga milli EFTA-ríkjanna, annars vegar samning um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, hér nefndur ESE-samningurinn, og hins vegar samning um fastanefnd EFTA.

Frumvarpinu fylgir samningur í formi bréfaskipta milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði, en gildistaka hans er háð gildistöku EES-samningsins.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er viðamesti samningur sem Ísland hefur gert og er jafnframt einn sá mikilvægasti. Honum er ætlað að koma á sameiginlegum markaði 19 ríkja Evrópubandalagsins (EB) og Fríverslunarsamtaka Evrópu, með um 380 milljónir íbúa, frá og með 1. janúar 1993.

Með samningnum er stefnt að því að koma á frjálsum vöru- og þjónustuviðskiptum, frjálsum fjármagnsflutningum og sameiginlegum vinnumarkaði á þessu svæði. Jafnframt verður samvinna þessara Vestur-Evrópuríkja stóraukin á margvíslegum sviðum, m.a. á sviði félagsmála, jafnréttismála, neytendamála, umhverfismála, menntamála, vísinda- og tæknimála, svo að dæmi séu tekin.

Markmið samningsins eru m.a. að auka viðskipti, glæða hagvöxt, bæta lífskjör og velsæld íbúa allra þátttökuríkja í efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu tilliti og ekki síst að styrkja grundvöllinn að varanlegum friði í Evrópu.

EES-samningurinn skapar íslenskum fyrirtækjum og einstaklingum bæði tækifæri og hvatningu til þess að þróa ný atvinnutækifæri, greiðir fyrir aðgangi íslenskra afurða og þjónustu að Evrópumarkaði og stuðlar þar með að aukinni fjölbreytni í íslensku atvinnulífi.

Um áhrif EES-samningsins á íslenskt efnahagslíf vísast í skýrslu Þjóðhagsstofnunar „Íslenskur þjóðarbúskapur og Evrópska efnahagssvæðið" (116. bls., Reykjavík, september 1991). Í viðbæti 2 við frumvarpið er yfirlit yfir utanríkisviðskipti Íslands 1987-91 og í viðbæti 3 er yfirlit yfir hagvöxt 1988-92.

B. Meginefni EES-samningsins

1. Fjórþætta frelsið

Með því að koma á sameiginlegum markaði EB og EFTA-ríkja á sviði vöruviðskipta, þjónustu, fjármagns og vinnuafls eru hin 19 aðildarríki að samræma leikreglur viðskiptalífsins og þar með tengjast þau nánari böndum.

Hinu má ekki gleyma að þær reglur sem Ísland hefur búið við á sviði vöruviðskipta innan EFTA síðan 1970 og skv. fríverslunarsamningum við EB síðan 1972 eru nánast hliðstæðar þeim sem felast í EES-samningnum. Sama má segja um hinn sameiginlega norræna vinnumarkað, sem Ísland hefur verið aðili að um árabil.

Fjórþætta frelsið byggist á grundvallarreglunni um jafnrétti eftir þjóðerni og búsetu. Innan EES-svæðisins verður ekki heimilt að mismuna einstaklingum eða fyrirtækjum á þessum grundvelli, með nokkrum undantekningum þó. Samningurinn er hins vegar ekki því til fyrirstöðu að settar séu skorður á atvinnustarfsemi af ýmsum öðrum toga, eins og t.d. málakunnátta eða aðrir eiginleikar séu áskildir í tiltekinni starfsgrein. Einnig má takmarka frelsi til atvinnurekstrar, í samningnum nefndur „staðfesturéttur", með vísan í allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði.

Á sviði vöruviðskipta verður með EES-samningnum rutt úr vegi mörgum svonefndum tæknilegum viðskiptahindrunum sem geta hamlað milliríkjaviðskiptum á sama hátt og tollar. Sama gildir um magntakmarkanir í inn- og útflutningi, með nokkrum undantekningum þó. Upprunareglur og tollafgreiðslureglur eru samræmdar, án þess að ytri tollur EB taki gildi fyrir EFTA-ríkin. EES verður ekki tollabandalag. EFTA- ríkjunum verður áfram frjálst að ákveða tolla og reglur þar að lútandi gagnvart þriðju ríkjum, innan þess ramma sem settur er af Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, GATT.

Sameiginleg sjávarútvegs- og landbúnaðarstefna EB gildir ekki á EES-svæðinu, en greitt er fyrir viðskiptum með sjávarafurðir og landbúnaðarvörur, eins og nánar er greint frá að neðan. Jafnhliða EES-samningnum hefur Ísland gert samning við Efnahagsbandalag Evrópu um sjávarútvegsmál. Sá samningur stendur sjálfstætt og verður því ekki fjallað um hann í frumvarpi þessu.

Til þess að tryggja samkeppni með vörur og þjónustu eru í samningnum reglur sem eiga að koma í veg fyrir misbresti á þessu sviði, útiloka hringamyndun og misbeitingu markaðsyfirráða.

Samningurinn takmarkar ríkisstyrki sem skekkja samkeppni og setur reglur um starfsemi ríkiseinkasölufyrirtækja.

EES-samningurinn kemur á sameiginlegum vinnumarkaði á samningssvæðinu. Ríkisborgurum aðildarríkja verður heimilt að fara til allra aðildarríkja í atvinnuleit og dvelja þar í allt að þrjá mánuði á meðan á leit stendur. Þetta mun auðvelda þeim Íslendingum sem þess óska að starfa t.d. tímabundið erlendis. Á sama hátt auðveldar samningurinn íbúum Vestur-Evrópu að leita sér starfa hér á landi. Félagsmálaráðuneytið hefur gefið út ítarlega skýrslu um íslenskan vinnumarkað með tilliti til erlends vinnuafls.

Samningurinn hefur einnig að geyma reglur um frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga, m.a. til fjárfestinga. Undantekning er gerð með fyrirtæki í sjávarútvegi og er lagt til að þau ákvæði, sem eru í VIII. og XII. viðauka, verði lögfest með 2. gr. frumvarpsins.

Sú undantekning er gerð frá grundvallarreglum fjórþætta frelsisins að hægt er að beita öryggisráðstöfunum samkvæmt 112.-114. gr. samningsins. Þeim verður beitt einhliða ef upp koma alvarlegir erfiðleikar í efnahagsmálum, þjóðfélagsmálum eða umhverfismálum sem tengjast sérstökum framleiðslugreinum eða svæðum, eins og nánar verður útskýrt.

2. Jaðarmálefni

Samningurinn fjallar einnig um svonefnd jaðarmálefni. Þeim má skipta í tvennt, sameiginleg hagsmunamál sem varða fjórþætta frelsið og önnur skyld mál. Hin fyrrnefndu eru félagsmál, öryggi á vinnustað, jafnréttismál, neytendavernd, umhverfismál, hagskýrslugerð og félagaréttur. Hin síðarnefndu eru t.d. rannsóknir og tækniþróun, upplýsingamál, menntamál, aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki, ferðamál, almannavarnir o.fl.

3. Stofnanir

Loks fjallar samningurinn um sameiginlegar stofnanir. Þar er tekið á samráðsmálum, samvinnu þingmanna, samvinnu á sviði efnahags- og félagsmála, ákvarðanatöku og lausn deilumála. Sett er á stofn EES-ráð þar sem koma saman ráðherrar aðildarríkja og fulltrúar framkvæmdastjórnar EB til þess að fjalla um stjórnmálalega stefnumörkun. Sameiginlega EES-nefndin er embættismannanefnd sem fjallar um framkvæmd og útfærslu samningsins. EES-þingmannanefnd er samráðsvettvangur fyrir fulltrúa þjóðþinganna. Ráðgjafarnefnd EES er skipuð fulltrúum efnahags- og félagsmálanefndar EB og ráðgjafarnefndar EFTA.

Með EFTA-fylgisamningunum tveimur eru sett á stofn eftirlitsstofnun EFTA (ESE), sem á að hafa eftirlit með framkvæmd EES-reglna, EFTA-dómstóll, hliðstæður EB-dómstólnum, og fastanefnd EFTA, sem er samráðsvettvangur EFTA-ríkjanna um mál er varða samninginn.

C. Réttaráhrif EES-samningsins

1. Yfirlit

EES-samningurinn skiptist í meginmál, sem er í 129 greinum, 49 bókanir, 22 viðauka, 71 yfirlýsingu og fjölda samþykkta. Í viðaukunum er vísað til um 1400 heimilda, hér nefndar „gerðir", fyrst og fremst reglugerða og tilskipana Evrópubandalagsins sem hafa verið aðlagaðar að Evrópska efnahagssvæðinu.

2. Lögfesting samningsins

EES-samningurinn er þjóðréttarsamningur. Sem slíkur bindur hann íslenska ríkið að þjóðarrétti, en ekki einstaklinga eða fyrirtæki að landsrétti. Þar sem í honum eru ákvæði sem er ætlað að hafa áhrif að landsrétti verður að lögfesta þau. Mælst er til þess í 2. gr. frumvarpsins að sjálft meginmálið verði lögfest, ásamt bókun 1, sem aðlagar gerðir EB, með 12 aðildarríkjum, að Evrópska efnahagssvæðinu, með 19 aðildarríkjum. Einnig er lagt til að mikilvægustu undanþágur Íslands, á sviði fiskveiða og fiskvinnslu, verði lögfestar.

Nauðsynlegt er að lögfesta ýmsa aðra þætti samningsins, sem er lagt til í fylgifrumvörpum með honum. Listi yfir ráðgerð fylgifrumvörp eru í viðbæti við frumvarp þetta. Það fellur í hlut viðkomandi ráðuneyta að undirbúa lagasetninguna, í samræmi við reglugerð Stjórnarráðsins um starfsskiptingu milli ráðuneyta.

Með lögfestingu meginmáls EES-samningsins fá sum ákvæði hans svonefnd bein réttaráhrif, þ.e. þau binda einstaklinga og lögpersónur, en önnur ákvæði samningsins hafa ekki slík áhrif. Það fer eftir túlkun þeirra hverju sinni hvort um bein réttaráhrif er að ræða, eins og ávallt er þegar milliríkjasamningar eru lögfestir. Lögfesting meginmáls samningsins og annarra hluta hans er ein forsenda þess að skapa samræmdar reglur á markaðssvæðinu.

3. Dómaframkvæmd

EES-samningurinn miðar að því að koma á sameiginlegum markaði með sömu leikreglum. Niðurstaða samningaviðræðnanna við EB varð sú að nota reglur þess sem grunn. Til þess að tryggja sem mest samræmi voru margar greinar stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (Rómarsamningsins) teknar inn í EES-samninginn og gerðir sem byggja á honum voru teknar inn í viðauka hans. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að beita þessum ákvæðum eins og þau hafa verið túlkuð af dómstól EB og er það einnig af samræmisástæðum. Í viðbæti við frumvarpið er yfirlit yfir samsvörun EES-ákvæða og Rómarsamningsins. Með yfirlitinu er gert auðveldara að kynna sér dómaframkvæmd EB-dómstólsins sem hér skiptir máli með aðstoð handbóka og fræðirita, innlendra og erlendra (t.d. Evrópurétt eftir Stefán Már Stefánsson, 392 bls., Reykjavík 1991). Í athugasemdum við EES-samninginn hér að neðan er einnig getið um helstu dóma, sem samninginn varða.

4. Samningsmarkmið

Af framangreindu má ráða að við EES-samningagerðina reyndist ekki einfalt að ná samræmdum réttaráhrifum EB og EFTA-ríkjanna, sem þó var nauðsynlegt til þess að tryggja sem líkasta lagaframkvæmd á öllu markaðssvæðinu. Af Íslands hálfu var eitt meginsamningsmarkmiðið, sem fleiri EFTA-ríkja, að samningurinn myndi ekki leiða til breytinga á stjórnarskrá, að ekkert löggjafarvald yrði fært til sameiginlegra stofnana og að engar breytingar yrðu nauðsynlegar á fyrirkomulagi ákvarðanatöku innanlands.

5. Réttaráhrif EB-reglna

Þess ber að geta að réttarkerfi EB er öðruvísu uppbyggt en meðal EFTA-ríkja. EB hefur yfirþjóðlegt vald og getur sett reglur sem hafa bein réttaráhrif í aðildarríkjunum. Hér skal stuttlega gerð grein fyrir þessum reglum eða gerðum og áhrifum þeirra innan EB.

EB-reglugerðum er ætlað að binda alla aðila, ríki, sveitarfélög, einstaklinga og lögpersónur.

EB-tilskipanir beinast eingöngu að ríkjum. Þær eru hugsaðar þannig að eingöngu markmið þeirra er bindandi. Aðildarríkjum er frjálst að velja hvernig því markmiði er náð, en ákveðin stjórnsýsluframkvæmd er ekki nægjanleg í þessu tilliti. Þeim svipar að þessu leyti til þjóðréttarsamninga. Frá þessari meginreglu er mikilvæg undantekning, sem er sú að að svo miklu leyti sem tilskipun er skýr, nákvæm og skilyrðislaus er hún bindandi á sama hátt og EB-reglugerð.

EB-ákvarðanir eru að jafnaði bindandi á sama hátt og reglugerðir fyrir þann eða þá sem þær beinast að.

EB-tilmæli, skoðanir og aðrar heimildir eru ekki bindandi, en ætlast er til þess að tekið sé tillit til þeirra. Þeim getur verið beint til aðildarríkja, stofnana, lögaðila og einstaklinga.

6. Réttaráhrif EES-reglna

Framangreindar skilgreiningar eiga við samkvæmt EB-rétti, sem fyrr segir, en þær eiga ekki við innan EES. Réttaráhrif gerðanna í EES-samningnum fara eftir því hvernig til þeirra er vísað í viðaukunum, en þar er greint á milli bindandi gerða og óskuldbindandi. Bindandi gerðir eru tilgreindar sem „gerðir sem vísað er til", en óskuldbindandi gerðir sem „gerðir sem samningsaðilar skulu taka mið af" eða „tilhlýðilegt tillit til". M.ö.o. getur reglugerð verið bindandi innan EB, en óskuldbindandi innan EES. EES-samningurinn tilgreinir hvort gerð er bindandi fyrir samningsaðila, en ekki form hennar.

En í flestum tilfellum eru skuldbindandi gerðir reglugerðir eða tilskipanir, en óskuldbindandi gerðir tilmæli, leiðbeiningar, ályktanir, bréf eða þess háttar. Þótt gerð sé óskuldbindandi ber samt sem áður að taka tillit til hennar.

Í 7. gr. samningsins segir með hvaða hætti reglugerðir og tilskipanir, sem vísað er til í viðaukum, skulu teknar upp í landsrétt.

Íslenskum stjórnvöldum ber samkvæmt samningnum að lögfesta (bindandi) reglugerðir óbreyttar, sem lög eða stjórnvaldsreglur. Í flestum tiltilvikum yrði það gert með stjórnvaldsreglum, en það fer eftir því hvers eðlis reglurnar eru, hvort þær eru á sviði lagasetningar eða stjórnvaldsreglna samkvæmt almennum íslenskum stjórnarfarsheföum. Viðkomandi ráðuneyti gerir tillögu um hvor leiðin sé farin.

Tilskipanir er ekki nauðsynlegt að lögfesta sem slíkar. Þær kveða oftast á um ákveðinn ramma eða lágmarkskröfur sem verður að uppfylla. Samningsaðilar verða hins vegar að tryggja að tilgangi (bindandi) tilskipunar sé náð, þótt ákveðin formskilyrði séu ekki sett. Ef tilskipun er skýr, nákvæm og skilyrðislaus er hins vegar rétt að taka hana upp í lög eða stjórnvaldsreglur.

7. Aðrir hlutar samningsins

Í bókunum við samninginn er fjallað um nánari útfærsluatriði á samningnum, önnur en þau sem varða EB-gerðir og taldar eru upp í viðaukunum. Bókanirnar eru 49 talsins og er vísað til þeirra í meginmáli EES-samningsins, sem og viðaukanna. Dæmi er bókun 9 um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir. Í athugasemdum við EES-samninginn hér á eftir er nánar greint frá bókunum og viðaukum á viðkomandi stað í umfjöllun um einstakar greinar hans.

Með lokagerð við samninginn fylgja 30 sameiginlegar yfirlýsingar, 2 yfirlýsingar allra samningsaðila og 39 yfirlýsingar eins eða fleiri samningsaðila. Yfirlýsingar eru ekki hluti af samningnum, en hafa þýðingu við túlkun á ákvæðum hans. Ísland setti t.d. fram yfirlýsingar varðandi beitingu öryggisráðstafana og um áfengiseinkasölu.

Með lokagerðinni fylgja einnig samþykktir, sem eru bindandi fyrir samningsaðila. Þær fjalla um túlkun eða nánari útfærslu á einstökum ákvæðum samningsins, hvort heldur er meginmáli, bókunum eða viðaukum.

8. Viðbótarbókanir

EES-samningurinn var gerður þegar Evrópubandalagið var að leggja síðustu hönd á hinn sameiginlega innri markað, sem öðlast gildi 1. janúar 1993. Stefnt er að því að frá þeim tíma geti EFTA-ríkin tekið fullan þátt í þeim markaði. Lokaátak EB við að hrinda í framkvæmd áætlun sinni um innri markað hefur leitt til umfangsmikillar lagasetningar sem enn er ekki að fullu lokið. EES-samningurinn tekur mið af þeim EB-reglum sem hafa verið settar á undanförnum 30 árum, fram til 1. ágúst 1991.

Samningsaðilar gera ráð fyrir því að undirrita sérstaka viðbótarbókun við samninginn um þær gerðir, sem hafa bæst við á samningssviðinu frá þeim tíma eins fljótt og auðið er. Varðandi gerðir sem bætast við eftir þann tíma og fram að gildistöku samningsins, gildir umsamið fyrirkomulag, sem fylgir lokagerð með samningnum, þ.e. að vinnuhópar starfi áfram og semji um hvaða gerðir eigi við innan EES. Árangurinn verði annaðhvort skráður í viðbótarbókunum eða afgreiddur í sameiginlegu EES-nefndinni.

D. Sögudrög

Hinn 11. maí 1988 samþykkti Alþingi að kjósa nefnd um stefnu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu, Evrópustefnunefnd. Nefndin gaf út sex bæklinga, sem Alþingi gaf síðan út í einni bók, ásamt áfangaskýrslu Evrópustefnunefndar til Alþingis, í lok árs 1990. Vísast til hennar um sögulegan aðdraganda að EES-samningnum. Að neðan verður stiklað á stóru á því tímabili sem bókin nær yfir, en heldur nánar greint frá því sem gerst hefur á s.l. tveimur árum. Einnig vísast til skýrslna utanríkisráðherra til Alþingis.

1. EB og EFTA

Evrópubandalagið er samheiti á þremur bandalögum, þ.e. Kola- og stálbandalagi Evrópu (stofnað 1951), Efnahagsbandalagi Evrópu (1957) og Kjarnorkubandalagi Evrópu (1957). Efnahagsbandalagið er langvíðtækast og veigamest þessara þriggja bandalaga, sem nú hafa sameiginlegan rekstur og stjórnarstofnanir. Stofnsamningur þess, Rómarsamningurinn, sem stundum hefur verið nefndur Rómarsáttmálinn, ásamt síðari breytingum, þ. á m. með Einingarlögum Evrópu sem tóku gildi 1987, er megingrundvöllur Evrópubandalagsins. Stofnaðilar þessara bandalaga voru sex, þ.e. Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg og Sambandslýðveldið Þýskaland. Árið 1973 urðu Bretland, Danmörk og Írland aðilar að EB, en tvö hin fyrrnefndu höfðu áður verið aðilar að EFTA. Árið 1981 varð Grikkland aðili að bandalaginu og árið 1986 Spánn og Portúgal, en það síðastnefnda hafði áður verið í EFTA. Voru aðildarríki Evrópubandalagsins þá orðin tólf með um 320 milljónir íbúa.

Tilgangur Evrópubandalagsins er mjög náin samvinna eða samruni á fjölmörgum sviðum. Má þar nefna tollabandalag og þar með sameiginlega viðskiptastefnu út á við, sameiginlega landbúnaðarstefnu, sameiginlega fiskimálastefnu o.s.frv. Innan bandalagsins er stefnt að óhindruðum vöruviðskiptum, fjármagnsflutningum og þjónustuviðskiptum og óhindruðum atvinnurétti og búseturétti þegna bandalagsríkjanna. Þessu marki á að verða náð að fullu fyrir 1. janúar 1993, þ.e. sama tíma og EES-samningurinn á að öðlast gildi. Einnig stefnir bandalagið að náinni samvinnu á sviði fjármála og peningamála, félagsmála

og utanríkismála, svo að dæmi séu nefnd. Í upphafi níunda áratugarins voru miklar umræðu um hvert skyldi stefnt. Tvö meginsjónarmið voru uppi: Stækkun bandalagsins, frekari útvíkkun til annarra Evrópuríkja, annars vegar og dýpkun, styrking ríkjasamstarfsins sem þróast gæti til eins konar sambandsríkis, hins vegar. Með Maastricht-samkomulaginu í desember sl. var tekið stórt skref í átt til dýpkunar bandalagsins og ætlar það nú að snúa sér að stækkun þess sem í fyrsta áfanga gæti náð til Finnlands, Svíþjóðar og Austurríkis, sem þegar hafa sótt um aðild, og e.t.v. Noregs og Sviss, sem hafa lýst vilja sínum til þess að sækja um aðild.

EFTA, eða Fríverslunarsamtök Evrópu, voru stofnuð árið 1960 í þeim tilgangi að tryggja að þróun EB stefndi ekki í tvísýnu því sem áunnist hafði í auknu viðskiptafrelsi í Vestur-Evrópu í heild eftir síðari heimsstyrjöld. Samtökunum var ekki ætluð löng sjálfstæð tilvera og var fremur litið á stofnun þeirra sem áfanga aðildarríkja að nánara samstarfi við Evrópubandalagið. Stofnaðilar EFTA voru sjö ríki, þ.e. Austurríki, Bretland, Danmörk, Noregur, Portúgal, Sviss og Svíþjóð. Finnland gerðist aukaaðili 1961, en fullgildur aðili 1986. Ísland varð aðili að EFTA 1970. Bretland og Danmörk sömdu um aðild að EB og gengu úr EFTA árið 1973, sem fyrr segir. Noregur hafði þá einnig samið um aðild að EB, en sú aðild var felld í þjóðaratkvæðagreiðslu og var landið áfram í EFTA. Portúgal gekk úr EFTA í EB árið 1986, en Liechtenstein bættist í samtökin árið 1991. Voru þá sjö ríki í EFTA, þ.e. Austurríki, Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noregur, Sviss og Svíþjóð. Íbúafjöldi þessara ríkja er samtals 32 milljónir eða einn tíundi hluti af íbúafjölda í ríkjum Evrópubandalagsins.

EFTA var stofnað sem fríverslunarsvæði en ekki tollabandalag, þar sem aðildarríkin felldu niður verndartolla hvert gagnvart öðru, aðallega af iðnaðarvörum, en héldu hvert sinni tollskrá að öðru leyti gagnvart öðrum ríkjum. Fríverslun með fisk gekk í gildi 1. júlí 1990 milli ríkja EFTA. Á árunum 1972-1973 sömdu öll EFTA-ríkin, en þó hvert fyrir sig, við Evrópubandalagið um fríverslun. Hún náði fyrst og fremst til iðnaðarvara, en Ísland samdi jafnframt við EB um tollaívilnanir fyrir mikinn hluta af þeim fiski og fiskafurðum, sem þá voru seld til bandalagsins. Ákvæði um viss fríðindi fyrir sjávarafurðir er einnig að finna í samningum Svía við EB og í sérstökum erindaskiptum Norðmanna og bandalagsins.

2. Samvinna EFTA og EB

Fram til ársins 1984 var samvinna EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið að mestu á tvíhliða grundvelli, þ.e. hvert EFTA-ríki átti sjálfstæð samskipti við bandalagið.

Árið 1984 efndu ríki EFTA og EB til sameiginlegs ráðherrafundar í Lúxemborg og samþykktu þar að efla mjög samvinnu allra EFTA-ríkjanna og EB á sviðum sem tengdust vöruviðskiptum, svo og á öðrum sviðum, m.a. í rannsókna og þróunarstarf, mennta- og menningarmálum og umhverfismálum. Þessu samstarfi, sem nefnt hefur verið Lúxemborgarferlið, miðaði vel áfram á þeim árum, sem í hönd fóru, og gerir enn.

Þó þótti ýmsum sem betur mætti gera og þrýsti það ekki síst á, að árið 1985 ákvað Evrópubandalagið að setja sér fasta áætlun um að ryðja úr vegi öllum þeim hindrunum sem enn væru fyrir fullri framkvæmd ákvæða Rómarsamningsins um innri markað bandalagsins. Hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um aðgerðir til að koma á raunverulegum innri markaði fyrir árslok 1992 var lögð fram árið 1985 og árið 1987 gengu gildi ýmsar breytingar á stofnsáttmála bandalagsins, svonefnd Einingarlög Evrópu,

sem m.a. áttu að tryggja auðveldari framgang þessara mála. Í Lúxemborgarferlinu var á mörgum sviðum farið að gæta tregðu af hálfu EB varðandi þátttöku EFTA-ríkjanna í ýmsum samstarfsverkefnum innan EB, sérstaklega vegna þátttöku EFTA-ríkjanna í stjórnun þeirra.

Í árslok 1988 bauð Gro Harlem Brundtland, þáverandi forsætisráðherra Noregs, til leiðtogafundar EFTA-ríkjanna í Osló dagana 14.-15. mars 1989 til þess að fjalla um samskipti þessara ríkja við Evrópubandalagið. Áður en að þeim fundi kom, eða hinn 17. janúar 1989, flutti Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, ræðu á fundi þings þess í Strasborg þar sem hann vék m.a. að sambandi EFTA og EB og braut þar upp á nýjum hugmyndum um frekara samstarf. Þar velti Delors fyrir sér þeirri spurningu hvort nýtt skipulag þyrfti að koma til í stað þess sem nú var milli EFTA og EB. Í raun væri þá um tvær leiðir að ræða: Í fyrsta lagi að halda sig við þáverandi samskiptahætti, sem væru í eðli sínu tvíhliða, þ.e. EB og hvert EFTA-ríkjanna fyrir sig, og stefna þannig að fríverslun sem næði til EFTA og EB. Í öðru lagi að ganga til mun víðtækara samstarfs en áður hefði verið talið koma til greina og gera samstarfið virkara með sameiginlegum stofnunum og ákvörðunum og leggja áherslu á samvinnu á sviði efnahagsmála, félagsmála, fjármála og menningarmála. Með öðrum orðum: samvinna og samstarf á sem flestum sviðum nema í öryggismálum og stjórnmálum.

Þessi ræða Delors og sú viljayfirlýsing um nánara samstarf við EFTA-ríkin, sem fram kom á leiðtogafundi Evrópubandalagsríkja á Ródos í desember 1988, urðu tilefni þess að EFTA-ríkin settu fram á leiðtogafundi sínum í Osló í mars 1989 ákveðnar hugmyndir um samstarf EFTA og EB og samskipti sín innbyrðis í Oslóaryfirlýsingunni. Framhald þessa máls hefur verið nefnt Osló-Brussel ferillinn.

Í yfirlýsingu leiðtogafundar EFTA segir m.a.:

„Við svörum frumkvæði Delors á jákvæðan hátt og lýsum yfir vilja okkar til að kanna með EB aðferðir og leiðir til að ná fram kerfisbundnara samstarfi með sameiginlegri ákvarðanatöku og stjórnstofnunum til þess að samstarf okkar verði árangursríkara.

Við gerum ráð fyrir því að fyrirhugaður ráðherrafundur EFTA og EB sem haldinn verður í Brussel 20. mars leggi grunninn að því að hefja viðræður um framtíðarform og umfang samvinnu milli EFTA-ríkja og bandalagsins í náinni framtíð.

Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður myndu leiða til samkomulags, að svo miklu leyti sem það er mögulegt, um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki, með það að markmiði að koma á einu samræmdu, evrópsku efnahagssvæði. Við erum því reiðubúin til að kanna ýmsa möguleika og leiðir til að styrkja formleg tengsl milli EFTA-ríkjanna og EB. Við myndum ekki útiloka neinn valkost innan ramma framtíðarviðræðna okkar við EB. Við sjáum verulegan gagnkvæman hag í að þróa samstarf okkar á öðrum sviðum en þeim sem tengjast beint áætluninni um innri markaðinn. Við höfum sérstakan áhuga á að stefna að:

- Víðtækari þátttöku þeirra aðila innan EFTA sem taka þátt í rannsókna- og þróunaráætlunum bandalagsins og leggja þannig fram verulegan skerf til að bæta samkeppnisstöðu evrópsks iðnaðar;
- auknu samstarfi á sviði menntamála til að auðvelda óhindruð skipti á nemendum, kennurum og vísindamönnum og veita gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina;

- lausn á svæðisbundnum og alþjóðlegum umhverfisvandamálum með því að leggjast á eitt og samræma starfsemi á þessu sviði um alla Evrópu. Við erum sammála þeirri skoðun að markmiðið með efnahagslegum samruna í Evrópu verði að taka mið af verndun umhverfisins. Við erum reiðubúin til að kanna með Evrópubandalaginu nýjar leiðir sem gætu gert aðgerðir okkar markvissari;
- auknu samráði um efnahags- og peningamálastefnu.

Við erum sammála um að aukinni efnahagssamvinnu þurfi að fylgja myndun „Evrópu fólksins" og þróun á hinum félagslega þætti samrunans með náinni samvinnu við hagsmunasamtök atvinnulífsins. Til að efla frekari samruna og til að fá niðurstöður á sama tíma innan Evrópska efnahagssvæðisins gerum við ráð fyrir að upplýsingaskipti um fyrirhugaða löggjöf, ráðgjafarstarf, gagnkvæma viðurkenningu á sambærilegri löggjöf og ákvarðanatöku fari fram tímanlega. Þessu ætti að vera fylgt eftir með öflugu og öruggu eftirliti með fullnustu dóma og sameiginlegri meðferð á lausn deilumála. Við leggjum áherslu á að athugun á leiðum til fastmótaðri samskipta megi ekki draga úr sameiginlegum ásetningi okkar að ná árangri í núverandi samstarfi.

Við viðurkennum sjálfsákvörðunarrétt hverrar einstakrar EFTA-þjóðar hvað varðar tvíhliða frumkvæði og samninga við EB með tilliti til sérhagsmuna þeirra. Við lítum á EFTA sem meginvettvang til fjölhliða samninga við EB og erum sammála um að auka frekar samstarf innan EFTA á öllum sviðum tengdum Evrópska efnahagssvæðinu. Við munum gera nauðsynlegar ráðstafanir til að styrkja ákvarðanatöku innan EFTA og sameiginlega getu okkar til samningagerðar. Við munum einnig styrkja það kerfi sem við höfum til eftirlits og framkvæmdar á samningsskuldbindingum til þess að tryggja samræmda og samhæfða framkvæmd og túlkun á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Það er ennfremur markmið okkar að styrkja innra samstarf EFTA, s.s. með fullri fríverslun með sjávarafurðir."

Spánverjar, sem þá gegndu formennsku í Evrópubandalaginu, höfðu frumkvæði að því að boða til sameiginlegs fundar utanríkisráðherra EB og EFTA-ríkja, hins fyrsta þessara ráðherra síðan Lúxemborgarfundurinn var haldinn 1984, þar sem tekin var ákvörðun um nánara samstarf EB og EFTA. Þessi sameiginlegi fundur var haldinn í Brussel 20. mars 1989, eða aðeins 5 dögum eftir leiðtogafund EFTA. Á honum kom fram mikill vilji til þess að efla samstarfið í Vestur-Evrópu, en of skammt var um liðið frá leiðtogafundi EFTA til þess að unnt væri að taka þar stefnumótandi ákvarðanir. Hins vegar var ákveðið að ráðherrarnir hittust aftur fyrir lok ársins og mætu þá stöðuna í ljósi þeirra athugana og frumviðræðna sem þá ættu að hafa farið fram um aukið samstarf EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins.

Í framhaldi af þessu settu EFTA-ríkin og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins á fót stjórnarnefnd háttsettra embættismanna EFTA-ríkja og EB til að skipuleggja og hafa á hendi yfirstjórn væntanlegra viðræðna til að athuga möguleika á víðtækara og nánara samstarfi EFTA-ríkja og EB á öllum sviðum sem tengjast myndun innri markaðar bandalagsins. Þessi hópur háttsettra embættismanna „High Level Steering Group" (skammstafað „HLSG") ákvað á fyrsta fundi sínum, sem haldinn var 28. apríl 1989, að koma á fót fjórum vinnuhópum, þ.e. um (1) vöruviðskipti, (2) þjónustuviðskipti, þ.m.t. fjármagnsflæði, (3) atvinnu- og búseturétt og loks (4) önnur svið, þ.e. jaðarverkefni sem ekki falla beint undir aðra vinnuhópa, s.s. menntamál, neytendamál og umhverfismál. Fimmta hópnum var komið á síðar til að fjalla um (5) réttarreglur og stofnanir.

Þessi stjórnarnefnd og undirnefndir hennar luku könnunarþætti viðræðnanna með því að skila sameiginlegum niðurstöðum hinn 20. október 1989. Skýrsla um þessar könnunarviðræður var lögð fyrir Alþingi í nóvember 1989.

Ráðherrar EFTA-ríkjanna og EB komu að nýju saman til fundar í Brussel hinn 19. desember 1989 og ræddu þar niðurstöður könnunarviðræðnanna. Þar var ákveðið að hefja, eins fljótt og auðið yrði, á fyrra árshelmingi 1990, formlegar samningaviðræður, sem hefðu það að markmiði að ná víðtækum samningum milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Fram til þess tíma skyldu fara fram undirbúningsviðræður til þess að skilgreina nánar umfang og efnisþætti þessa nýja samskiptaramma.

Stjórnarnefndin kom aftur saman 18. janúar 1990 og ákvað að stefna saman að nýju starfshópunum fimm, sem hafði verið komið á fót í fyrri viðræðum þeirra í apríl-október 1989. Þessum formlega þætti undirbúningsviðræðnanna lauk síðan með fundi stjórnarnefndarinnar 20. mars 1990, þar sem ályktað var, að þessar viðræður hefðu leitt til skýrari skilnings á afstöðu hvers aðila. Eftir þessa fundi væri það álit stjórnarnefndarinnar, að nægilegu ljósi hefði verið varpað á mögulegt umfang, efnisatriði og form væntanlegs EES-samnings, og að sú athugun hefði styrkt það mat fundarins 20. október 1989 að efnt skyldi til formlegra samningaviðræðna.

Á fundi stjórnarnefndarinnar var skýrt frá því, að EFTA-ríkin væru þess reiðubúin að Liechtenstein yrði þátttakandi í samningaviðræðunum með það fyrir augum að verða samningsaðili EFTA-megin.

3. Upphaf samningaviðræðna

Ráðherrar EFTA-ríkjanna fjölluðu um niðurstöður könnunar- og undirbúningsviðræðnanna á óformlegum fundi sínum í Genf hinn 3. apríl 1990. Þeir lýstu þar ánægju með undirbúningsstarfið og niðurstöður stjórnarnefndarinnar jafnframt því sem þeir ítrekuðu helstu stefnumið EFTA-ríkjanna í komandi samningaviðræðum.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins undirbjó á næstu vikum tillögu sína til ráðherraráðs bandalagsins um umboð fyrir sig til formlegra samningaviðræðna. Það olli nokkrum töfum á endanlegri afgreiðslu þess umboðs að ýmsir þingmenn Evrópuþingsins töldu framkvæmdastjórn EB hafa stefnt sjálfræði bandalagsins við ákvörðun innri mála sinna í hættu með atriðum í yfirlýsingu stjórnarnefndarinnar frá 20. mars 1990. Með henni væri verið að lofa EFTA-ríkjum meiri áhrifum á mótun og töku ákvarðana en Evrópuþingið hefði. Nokkurt tillit var tekið til þessa málflutnings við endanlega mótun samningsumboðsins til framkvæmdastjórnarinnar þar sem hnykkt var á því að ekki mætti stefna sjálfræði aðila til mótunar eigin ákvarðana í hættu.

Ráðherraráð Evrópubandalagsins samþykkti samningsumboð framkvæmdastjórnar á fundi sínum 17.-18. júní 1990 og fyrsti fundur aðalsamninganefndar var síðan haldinn hinn 20. júní það ár.

4. Staða samningaviðræðna í byrjun október 1990

Á fyrsta fundi sínum 20. júní 1990 tóku aðalsamninganefndirnar þá ákvörðun að skipa fimm undirnefndir vegna einstakra efnisþátta. Fyrsta nefnd skyldi fjalla um vöruviðskipti, þ.á m. samkeppnisreglur, ríkisstyrki, opinber innkaup og framkvæmdir, önnur nefnd um fjármagns- og þjónustuviðskipti, þriðja nefnd um atvinnu- og búseturéttindi, fjórða nefnd um jaðarmálin og fimmta nefnd um lagaleg og stofnanaleg málefni.

Fyrstu fundir undirnefnda fóru fram í lok júní og fyrri hluta júlí, en raunverulegar samningaviðræður hófust ekki fyrr en snemma í septembermánuði.

Á sameiginlegum fundi ráðherra EFTA-ríkjanna, Evrópubandalagsríkja og fulltrúa í framkvæmdastjórn EB í Brussel hinn 19. desember 1990 var staðfestur sá árangur sem náðst hafði í samningaviðræðunum um Evrópska efnahagssvæðið fram að þeim tíma og samningamönnum falið að leita allra leiða til að samningar mættu nást á fyrra helmingi árs 1991.

Í yfirlýsingu fundarins er vísað til sameiginlegrar yfirlýsingar frá desember 1989 og ítrekuðu ráðherrarnir staðfastan pólitískan ásetning sinn um að ljúka viðtækum EES-samningi á jafnréttisgrundvelli sem fyrst. Hann ætti að tryggja gagnkvæma hagsmuni samningsaðilanna að svo miklu leyti sem unnt væri og ná til allra þátta samstarfs þeirra og tryggja jafnvægi í samstarfinu.

Eftir að hafa hlýtt á skýrslur hvors aðila um sig um samningastöðuna lýstu þeir ánægju með þann verulega árangur sem náðst hafði frá því að samningaviðræðum um EES var hleypt af stokkunum 20. júní 1990. Þeir fögnuðu því hversu dregið hefði saman með samningsaðilum um fjölmarga mikilvæga þætti. Þeir viðurkenndu einnig að varðandi önnur mikilvæg atriði hefði samningaviðræðum ekki miðað nægilega áfram og frekara starfs væri þörf. Þeir tóku fram að lokasamþykki hlyti að byggjast á því að viðunandi lausn fengist á öllum atriðum samningsins, jafnt efnisatriðum sem stofnanahliðum. Einnig þyrfti að tryggja heildarjafnvægi réttinda og skyldna innan samningsins.

Þeir lýstu yfir ánægju með að tekist hefur að mestu að afmarka sameiginlega hvaða reglugerðir Evrópubandalagsins eigi að fella inn í EES-samninginn sem sameiginlegan réttargrundvöll fyrir frjáls vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og atvinnu- og búseturéttindi. Auk viðeigandi innihalds Rómarsamningsins eru tilgreindir réttargjörningar alls um 1400 talsins. Enn er starf óunnið við að ljúka afmörkun viðeigandi samþykkta á tilteknum sviðum. Þeir hvöttu samningamenn sína til að leita lausna varðandi þau svið sem enn bíða úrlausnar.

Lögð var áhersla á nauðsyn þess að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði um allt EES. Til þess að ná þessu markmiði ætti að leggja viðeigandi greinar Rómarsamningsins til grundvallar samkeppnisreglum innan EES og beiting þeirra ætti að tryggja í reynd sama árangur um allt EES. Ráðherrar tóku fram að samningamenn ynnu nú á þeim grundvelli að sett yrði upp sjálfstæð EFTA-stofnun til að tryggja framkvæmd samkeppnisreglna. Slík stofnun ætti að hafa samsvarandi umboð og hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Sérstaklega verður að semja um það hvernig beri að skilgreina hlutverk hvorrar stofnunar um sig, hvernig skipuleggja eigi samstarf þeirra sem og hlutverk úrskurðaraðila.

Varðandi þau vandkvæði sem upp hafa komið varðandi framkvæmd samþykkta Evrópubandalagsins lögðu þeir áherslu á það að stefnt yrði að því að samræma tryggar og strangar verndarkröfur á sviði heilbrigðis-, öryggis- og umhverfisverndar og frjáls vöruviðskipti. Þeir hvöttu samningamenn til þess að leita viðeigandi og raunhæfra lausna með því að taka hvert mál fyrir sérstaklega.

Ennfremur lögðu þeir áherslu á nauðsyn þess að ná frekari árangri á sviði flutninga, atvinnu- og búseturéttinda og fjármagnsflutninga; þeir tóku þó tillit til þess að afstaða EFTA- ríkjanna hefði þróast varðandi mögulega niðurfellingu beiðna um varanlegar

undanþágur og tóku einnig fram að tvíhliða samningaviðræður stæðu nú yfir varðandi gegnumflutninga.

Þeir tóku jafnframt fram að verulegur árangur hefði náðst um öryggisákvæði og samningamenn ynnu nú á þeim grundvelli að helstu einkenni slíkra öryggisákvæða ættu að vera eftirtalin: Þeim yrði beitt samkvæmt einhliða ákvörðun en eftir að aðgerðir hafa verið tilkynntar og ræddar með það fyrir augum að finna sameiginlega viðunandi lausn. Aðgerðir á grundvelli öryggisákvæða ættu að vera í samræmi við tilefni þeirra og raska samningi sem minnst. Þær ættu að vera undir eftirliti og heyra undir dómstóla og mögulegt yrði að grípa til viðeigandi gagnaðgerða til að ná aftur jafnvægi samkvæmt svipuðum leiðum. Þeir hvöttu samningamenn til að vinna rösklega að þessum málum. Þeir tóku fram að á tilteknum sviðum, sem hefðu úrslitaþýðingu fyrir heildarjafnvægi samningsins sem og til þess að tryggja allsherjarjafnvægi milli þess sem hver aðili bæri úr býtum, ættu samningaviðræður enn langt í land. Einkum átti þetta við um sjávarútveg. Einnig þyrfti að ná frekari árangri í landbúnaði.

Varðandi samstarf utan hins fjórþætta frelsis (jaðarverkefni) lögðu þeir áherslu á það að EES-samningur ætti að leggja traustan réttargrunn fyrir víðtækt og kraftmikið samstarf. Einnig ætti hann að stuðla að þróun starfsemi í beggja þágu. Ráðherrar lögðu áherslu á það sameiginlega markmið að halda við, vernda og bæta umhverfið.

Þeir voru ásáttir um það að samningum skyldi haldið áfram af fullum krafti til að kanna aðferðir og leiðir sem gætu dugað til þess að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða innan EES til þess að tryggja allsherjar jafnvægi milli þess sem hver samningsaðili bæri úr býtum.

Atriði á borð við stál, orku, undirboðsreglur og upprunareglur krefjast nánari athugunar.

Þeir tóku fram að umtalsverður árangur hefði nú náðst varðandi laga- og stofnanaatriði en minntu á að virða þyrfti að fullu sjálfræði hlutaðeigandi aðila við ákvarðanatöku og að sjá þyrfti fyrir því að sjónarmið þeirra yrðu tekin til greina til þess að auðvelda samkomulag við ákvarðanir varðandi EES.

Samþykkt var að sérfræðingar frá samningsaðilum ættu að fá sömu tækifæri til að leggja sitt af mörkum við undirbúning tillagna EB um nýja löggjöf um EES-málefni. Samningsaðilarnir munu með því að skiptast stöðugt á upplýsingum og ráða ráðum sínum við mótun ákvarðana gera sitt ítrasta til að komast að sameiginlegri niðurstöðu eftir að málefni hefur verið skilgreint sem EES-málefni. Við mótun ákvarðana verður þeim kleift að taka upp hvað það sem veldur áhyggjum hvenær sem er og á hvaða stigi sem er án þess að valda viðbótartöfum („droit d'évocation" - upptökuréttur). Ákvarðanir á EES-stigi yrðu teknar samhljóða, EFTA-ríkin mundu tala einum rómi. Þær yrðu í formi þjóðréttarreglu, ekki er þörf á því að flytja löggjafarvald til EES. Allir samningsaðilar ættu að framkvæma EES-reglur þannig að þær komist í raun til framkvæmda á sama tíma um allt EES, til þess að tryggja fullt samræmi innan svæðisins. Frekar verður samið um það hvernig bregðast eigi við því ef ekki verður hægt að ná samkomulagi um nýjar EES-reglur.

Þeir lögðu ennfremur áherslu á nauðsyn fulls réttarsamræmis EES-reglna til þess að tryggja að einstaklingar og aðilar atvinnulífsins gætu notið um allt EES-reglna sem skiluðu sama réttarárangri, gætu starfað við sömu skilyrði og notið sömu kjara. Þeir lögðu sérstaka áherslu á það að til þess að ná þessu markmiði hefði það úrslitaþýðingu að

tryggja jafnsterkt og áreiðanlegt eftirlit og fullnustu reglna um allt EES með skilvirku EES-eftirlitskerfi og EES-úrskurðaraðila. Stofnanafyrirkomulag um ákvarðanatöku skyldi ná til EES-ráðsins en í því skyldu sitja meðlimir EB-ráðsins, meðlimir framkvæmdastjórnar EB og ráðherrar EFTA-ríkja. Það skyldi einkum fara með:

1. Almenna pólitíska stefnumótun og frumkvæði;
2. leggja heildarmat á framkvæmd og þróun samningsins, þ.á.m. ef nauðsynlegt reyndist að taka upp sérstaklega mál sem veldur áhyggjum („droit d'évocation" - upptökuréttur);
3. pólitískar ákvarðanir sem gætu leitt af sér breytingar á EES-samningum.

Sameiginleg EES stofnun skyldi fara með framkvæmd og rekstur samningsins þ.á m. með ákvarðanir varðandi EES. Þær yrðu teknar samhljóða af EB annars vegar og EFTA-ríkjunum, með einum rómi, hins vegar.

Þeir töldu brýnt að samningamenn sínir gengju frá útistandandi atriðum varðandi víðtækt samkomulag um fyrirkomulag EES-ákvæðanna. Tekið verður tillit til verkefna sem EB-nefndir sinna.

Ráðherrar létu að lokum í ljósi þá ósk að EES-samningurinn gæti gengið í gildi 1. janúar 1993. Í ljósi þess að fullgilda þarf samninginn töldu þeir að allt yrði að reyna til þess að undirrita EES-samninginn fyrir sumarið 1991. Þeir gáfu samningamönnum þau fyrirmæli að herða samningaviðræður til að svo mætti verða.

Á fyrstu mánuðum 1991 var hafist handa við að útfæra þessar ákvarðanir ráðherra EFTA og EB, en sú vinna gekk hægt. Á ráðherrafundi EFTA og EB hinn 14. maí það ár í Brussel náðist samkomulag um stofnanahliðar EES-samningsins og í sameiginlegri yfirlýsingu þess fundar eru staðfestar þær meginreglur sem settar voru fram í hinni sameiginlegu yfirlýsingu ráðherra 19. desember 1990. Jafnframt náðist samkomulag um aðrar óleystar laga- og stofnanahliðar samningsins, þ.e. dómstólaþátt hans og nánari útfærslu á þátttöku EFTA í mótun EES-reglna (fyrir utan svokallaðar þriðja flokks nefndir, sem samkomulag náðist fyrst um í október).

Um nánari útfærslu á þátttöku EFTA í mótun EES-reglna segir í sameiginlegu yfirlýsingunni:

„Þeir (ráðherrar EFTA og EB) lögðu einnig áherslu á mikilvægi þess að tryggja hið fyllsta réttarsamræmi. Til þess að ná því markmiði þyrfti að þróa á þeim sviðum, sem snertu evrópskt efnahagssvæði, stöðugt ferli upplýsingaskipta og samráðs samhliða löggjafarferli Evrópubandalagsins. Ennfremur þyrfti að gefa sérfræðingum EFTA-landanna kost á því að eiga hlut að máli að svo miklu leyti sem hægt er og eftir því hvaða svið er til umfjöllunar við vinnslu tillagna framkvæmdastjórnar til nefnda EB. Í þessu samhengi tóku þeir fram að þegar framkvæmdastjórn undirbýr tillögur sínar mun hún leita til sérfræðinga EFTA-landanna á sama hátt og til sérfræðinga aðildarríkjanna. Einnig tóku þeir fram að hægt væri að ræða raunhæfar lausnir fyrir tiltekin sérstök vandamál og ennfremur að staða EFTA-landanna í nefndum sem varða jaðarverkefni muni að fullu mótast af mögulegri fjárhagslegri þátttöku þeirra í viðeigandi verkefnum."

Með ráðherrafundum EFTA og EB í desember 1990 og maí 1991 voru þannig leidd til lykta, ef undan er skilinn dómstólaþáttur EES-samningsins, svo gott sem allar laga- og stofnanahliðar samningsins, sem síðar hafa verið útfærðar af fulltrúum EFTA og EB í lagatexta.

Þegar leið á sumarið tók að kristallast hvaða ágreiningsmál væru óleyst. Nauðsynlegt var talið að leysa þau í einum áfanga þar sem gæta þyrfti jafnvægis gagnvart öllum samningsaðilum. Þyngst á vogarskálinni voru málefni sem vörðuðu fisk, EFTA-sjóð og þungaflutninga um Alpalöndin. Talið var að með úrlausn á þessum þremur ágreiningsmálefnum mætti finna heildarlausn á öðrum málum.

Á ráðherrafundi EFTA og EB 18.-19. júní 1991 í Lúxemborg var gerð tilraun til að leysa útistandandi ágreiningsmál. Höfuðáhersla var lögð á að finna lausn á þremur fyrrnefndu sviðunum. Eftir fundinn var almennt talið að tekist hefði að finna stjórnmálalega lausn varðandi fiskþáttinn. EB túlkaði síðan niðurstöðu fundarins á annan veg og taldi að vegna fyrirvara um útfærslu væri samkomulag ekki fyrir hendi.

Ástæður þess að ekki tókst að ná heildarlausn á ráðherrafundinum í júní eru vafalaust margar. Þyngst vegur væntanlega að flutningar um Alpalöndin voru til umræðu í tvíhliða viðræðum milli Austurríkis, framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja þess og á milli Sviss, framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja þess. Þær umræður voru einfaldlega ekki komnar nógu langt á veg í júlí til þess að hægt væri að finna lausn þá. Niðurstaða um EFTA-sjóð var háð því að samkomulag næðist um alla aðra þætti. Aðildarríki EB voru ekki nógu kunnug málum til að vera í stakk búin að standa að samkomulagi um heildarlausn. Tíminn var einfaldlega ekki nægur vegna fjölda flókinna ágreiningsmála, þó að hann væri notaður til hins ítrasta. Ýmislegt jákvætt kom þó út úr fundinum og þá einkum það að allir aðilar, ekki síst af hálfu EB, höfðu kynnst allvel óleystum ágreiningsefnum og hugsanlegum lausnum á flestum þeirra. Þetta var því allgóður undirbúningur undir ráðherrafund EFTA og EB í október. Listi ágreiningsefna frá júní-fundinum fylgdi viðræðunum fram að ráðherrafundi EFTA og EB 21.-22. október. Í millitíðinni vannst embættismönnum tími til að ræða þessi mál og mögulegar lausnir ásamt áframhaldandi vinnu að gerð samningstexta um önnur mál.

Á ráðherrafundi EFTA og EB 21.-22. október tókst að ná heildarlausn á óleystum málum, þó enn ætti eftir að útfæra þær niðurstöður og setja í samningstexta.

5. Samkomulagið 21.-22. október 1991

Niðurstaðan varðandi fisk má segja að hafi verið sú að góður samningur náðist fyrir Ísland. Alla tíð var á brattann að sækja vegna afstöðu framkvæmdastjórnar EB og einstakra aðildarríkja þess. Hlutfall frjáls markaðsaðgangs fyrir íslenskar sjávarafurðir í EB-ríkjunum miðað við viðskipti eykst úr rúmlega 60% í yfir 90%. Núverandi íslensk lög um fjárfestingar erlendra aðila nr. 34/1991 gilda áfram eftir að EES-samningurinn tekur gildi, þ.e. engar fjárfestingar útlendinga í útgerð og frumvinnslu verða leyfðar. Allt undir lok samningalotunnar 21. október var það eindregin krafa EB að EFTA-ríkin féllu frá þessu og á tímabili leit út fyrir að öll samningalotan og hugsanlega hugmyndir um EES-samning færu út um þúfur vegna afstöðu EFTA-ríkjanna, einkanlega fyrir hönd Íslands, um þetta efni. Samkomulagið um gerð tvíhliða samnings milli Íslands og EB um gagnkvæm skipti veiðiheimilda að jafnvirði 3.000 tonna af karfa er hlutfallslega óverulegt miðað við þá kröfu sem EB hafði uppi gagnvart Íslandi í samningaviðræðunum.

Samhliða ráðherrafundi EFTA og EB 21.-22. október 1991 voru haldnir tvíhliða fundir milli Austurríkis, framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB og Sviss, framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB. Á þessum fundum náðist samkomulag um

þungaflutninga um Alpana og vísað verður til þessara tvíhliða samninga í sérstökum viðaukum við EES-samninginn.

Á þjóðleiðum um Sviss er þungatakmörkun 28 tonn. Allflestar vöruflutningabifreiðar, sem aka milli landa í Vestur-Evrópu, eru þyngri en það. EB hótaði í upphafi samningaviðræðnanna að ekki yrði um neinn EES-samning að ræða varðandi þetta ef Sviss og Austurríki sýndu ekki sveigjanleika. Síðan breytti EB afstöðu sinni þannig að ef ekkert samkomulag næðist á þessu sviði myndi allur flutningakaflinn falla niður í EES-samningnum. Samkomulag náðist milli Sviss og EB um að gefið yrði leyfi fyrir 50 vörubifreiðar frá EB-ríkjum til flutninga um Sviss með því skilyrði að bifreiðarnar væru yngri en tveggja ára og í viðkomandi tilviki væri ekki rúm fyrir þær á flutningavögnum í járnbrautarlestum. Jafnframt er ætlun Sviss að auka stórlega flutningsgetu járnbrauta gegn um landið.

Í Austurríki er leyfður hámarksþungi vöruflutningabifreiða 38 tonn og Austurríki hefur gert tvíhliða samninga við flest EB-ríki um takmarkanir á flutningum með vörubifreiðum. Austurríki vildi verulega takmarka þessa flutninga, sem samið hafði verið um, til að minnka mengun í Austurríki. Samkomulag náðist um að miða leyfilega flutninga við mengunarmörk og eiga heimilaðir flutningar að fela í sér u.þ.b. 60% samdrátt í mengun á 12 árum. Þetta mun einnig verða hvatning fyrir EB-ríkin til að nota vörubifreiðar, sem valda minni mengun, þannig að flutningar þeirra um Austurríki takmarkist ekki í þeim mæli sem annars væri.

Samkomulag varð um stofnun sjóðs, sem EFTA-ríkin greiddu til á fimm árum. Upphæð sjóðsins verði 2 milljarðar evrópskra mynteininga (ECU). Einn og hálfur milljarður verði í formi niðurgreiddra lána (með 3% vöxtum og afborgunarlaust fyrstu tvö árin) og 500 milljónir ECU í formi styrkja. Lán og styrkir verða einkum veitt úr sjóðnum til Suður-Evrópulanda og Írlands, en markmið sjóðsins er að auka jafnstöðu í lífskjörum innan Evrópu og því fara framlög úr honum til landa eða héraða sem eru illa sett í þeim efnum. Framlag Íslands er u.þ.b. 0,7%.

Auk ofangreindra þriggja meginmálefna, sem samkomulag varð um í október 1991, náðist samkomulag um önnur óleyst ágreiningsefni.

1. Gengið var frá sameiginlegum EES-lista yfir þær vörur unnar úr landbúnaðarhráefnum, sem falla undir samninginn. Ísland undanskildi af sinni hálfu á listanum smjörlíki með lágu fitu- og kolvetnisinnihaldi og mjólkur- og rjómaís. Austurríki fékk aðlögunarfrest varðandi nokkrar vörur á þessum lista.
2. Samkomulag varð um að eftirlitsstofnun EFTA fjalli um meint brot á samkeppnisreglum EES ef í hlut eiga fyrirtæki frá EFTA- og EB-ríki og 33% eða meira af sameiginlegri veltu fyrirtækjanna á sér stað í EFTA-ríkjum.
3. Samkomulag varð um þátttökurétt EFTA-ríkjanna í ýmsum þar til greindum, svokölluðum þriðja flokks nefndum EB.
4. EB hélt til streitu kröfu um að aðrar reglur gildi um styrki til skipasmíða innan EB en innan EFTA. Núverandi reglur EB gilda til 1. janúar 1994. Samkomulag náðist um að við endurskoðun þeirra muni EB hafa samráð við EFTA-ríkin og endurmeta afstöðu sína varðandi gildi reglnanna gagnvart EFTA-löndum í samræmisátt. Á meðan verði ekki beitt gagnaðgerðum vegna opinberra styrkja til skipasmíða.

5. Samkomulag varð um að EFTA-ríkin geti, ef ekki hefur komið tilkynning frá EFTA-ríki um að slíkt sé ekki hægt, beitt nýjum eða breyttum EES-reglum tímabundið þótt endanleg ákvörðun um viðunandi reglu hafi ekki verið tekin af hálfu EFTA- og EB-ríkjanna sameiginlega vegna þess að eitt eða fleiri EFTA-ríki hafi ekki, vegna ákvæða stjórnarskrár getað tekið afstöðu til málsins.
6. Staðfest var viljayfirlýsing um rétt ungs fólks frá EFTA-ríkjunum, sem er í starfsþjálfunarverkefnum á EES, til dvalarleyfis í viðkomandi ríki.

6. Lok samningaviðræðna

Eftir samkomulagið sem tókst 21.-22. október 1991 sendi framkvæmdarstjórnin EB-dómstólnum samninginn til umsagnar. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í desember 1991 að stofnanafyrirkomulag EES-samningsins bryti í bága við ákvæði stofnsamnings Evrópubandalagsins. Ástæðan var sú að gert var ráð fyrir því að EES-dómstóllinn, sem skyldi koma á stofn, gæti túlkað ákvæði EES-samningsins sem væru efnislega samhljóða ákvæðum EB-réttarins. Vegna mismunandi markmiða EB- og EES-samninganna gæti það leitt til mismunandi túlkunar á sömu ákvæðum sem EB-dómstóllinn yrði bundinn af.

Eftir þessa niðurstöðu hófust samningaviðræður að nýju um dómstólaþáttinn og náðist saman um lausn 14. febrúar 1992. Hætt var við að setja á stofn EES-dómstól en ákveðið að vísa deilumálum um túlkun einstakra ákvæða samningsins til sameiginlegu EES-nefndarinnar til pólitískrar úrlausnar. Í afmörkuðum tilfellum má vísa ágreiningi vegna umfangs öryggisráðstafana og jöfnunarráðstafana við öryggisákvæði til gerðardóms. Ákveðið var að stofna EFTA-dómstól sem starfi jafnhliða EB-dómstólnum.

Niðurstaða samninganna 14. febrúar var einnig send EB-dómstólnum til umsagnar og féllst hann á að samningurinn væri í samræmi við Rómarsamninginn, en taldi rétt að árétta að þær úrlausnir deilumála sem EES nefndin kæmist að hefðu ekki fordæmisgildi fyrir EB dómstólinn. Var það leyst með bókun 48 við EES-samninginn, sem hljóðar einfaldlega svo: „Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar samkvæmt 105. og 111. gr. mega ekki hafa áhrif á dómsúrlausnir dómstóls Evrópubandalaganna."

Aðalsamningamenn árituðu EES-samninginn 14. apríl 1992. og var hann undirritaður í Óportó 2. maí 1992, með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Sama dag voru undirritaðir tveir EFTA-samningar, samningur milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og um fastanefnd EFTA-ríkjanna. Einnig voru undirritaðir tveir tvíhliða samningar Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu, annar um sérstakt fyrirkomulag með verslun tiltekinna vara í landbúnaði og hinn um sjávarútvegsmál. Sá fyrri tengist EES-samningnum með bókun 42 við samninginn, en sá síðari tengist EES-samningnum aðeins með óbeinum hætti.

EES-samningurinn inniheldur reglur um innri markað EB sem samkomulag hafði orðið um fyrir 1. ágúst 1991. Samningaviðræður halda því áfram varðandi þær reglur á samningssviðinu sem EB hefur sett frá þeim tíma og mun setja fram að gildistöku samningsins. Ráðgert er að ganga frá viðbótarbókun um þessar reglur eins fljótt og auðið er.

E. Athugasemdir við EES-samninginn

Um inngangsorð samningsins

Inngangsorð samningsins eru almenns eðlis. Þau kveða ekki skýrt á um skuldbindingar eða réttindi en setja samninginn allan í stjórnmálalegt og sögulegt samhengi. Með því að setja fram forsendur samningsins og skýra hvað fyrir samningsaðilum vakti við gerð hans hafa þau áhrif á það hvernig túlka beri ákvæði hans. Nokkrar málsgreinar eru teknar því sem næst orðrétt úr yfirlýsingum sameiginlegra ráðherrafunda EB og EFTA-ríkja á undanförnum árum.

Fyrst er áréttað að samningsaðilar eigi samleið í mikilvægum málum og að EES-samningurinn geti stuðlað að styrkingu frelsis, lýðræðis og mannréttinda í álfunni. Tekið er fram að stefnt sé að auknu viðskiptafrelsi um heim allan og með vísunum til GATT og OECD er gert ljóst að samstarfi þessu er ekki beint gegn þjóðum utan þess. Lögð er áhersla á jafna samkeppnisstöðu, viðskiptafrelsi, réttarsamræmi og jafnvægi milli réttinda og skyldna.

Það kemur einnig skýrt fram að markmið samningsins eru ekki eingöngu efnahagslegs eðlis. Tryggja verði örugga umhverfisvernd og grundvallarreglur um sjálfbæra þróun og fyrirbyggjandi aðgerðir eru ítrekaðar. Mikilvægi neytendaverndar, rannsókna og þróunar, jafnréttis karla og kvenna og framþróunar í félagsmálum er áréttað.

Um I. hluta
Markmið og meginreglur

Um 1. gr.

Kjarni EES-samningsins kemur fram strax í fyrstu grein. Til þess að efla viðskipti og styrkja efnahagstengsl samningsríkjanna er gert ráð fyrir því að viðskipti með vörur og þjónustu verði frjáls og hindrunum á fjármagnsflutningum og atvinnu- og búseturéttindum verði aflétt. Ennfremur er talið nauðsynlegt að setja reglur sem tryggi jöfn samkeppnisskilyrði. Náin samvinna á öðrum sviðum er áskilin og sérstaklega er tilgreint samstarf á sviði rannsókna og þróunar, umhverfismála, menntunar og félagsmála. Hið fjórþætta frelsi atvinnulífsins, samkeppnisreglur og jaðarverkefnin eru sett fram í stuttu máli en nánari útfærsla bíður annarra ákvæða samningsins.

Um 2. gr.

Hér eru skilgreind nokkur hugtök sem samninginn varða. Samningurinn sjálfur telst vera, auk þeirra 129 greina sem eru í sjálfu meginmálinu, 49 bókanir og 22 viðaukar. Þær gerðir, hin afleidda löggjöf, sem vísað er til í viðaukum, teljast einnig hluti samningsins.

Hugtakið EFTA-ríki í samningnum merkir þau ríki sem eru aðilar að þessum samningi sem einnig eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA). Fríverslunarsamtökin (EFTA) sem slík eru ekki aðili að samningnum. Ríki sem gerist aðili að Fríverslunarsamtökunum (EFTA) síðar fær ekki sjálfkrafa aðgang að EES-samningnum, heldur yrði að semja um það sérstaklega.

Evrópubandalagið er aðili að samningunum og einnig öll aðildarríki þess. Í c-lið er nánar tilgreint að það fari eftir samhengi hverju sinni hvort orðið samningsaðili eigi við Evrópubandalagið, aðildarríki þess eða bæði Evrópubandalagið og aðildarríkin. Flest samningssvið EES falla undir valdsvið Evrópubandalagsins. Framkvæmdastjórn EB kemur þá fram fyrir hönd aðildarríkjanna. Á þeim samningsviðum sem falla utan valdsviðs Rómarsamningsins t.d. að því er varðar einstaka þætti hugverkaréttinda, framkvæmd landamæraeftirlits o.fl., reka aðildarríkin sjálf sín erindi.

Um 3. gr.

Hér er áréttað að orð skuli standa og samningsaðilar muni gera sitt til þess að samstarf gangi hnökralaust. Hnykkt er á skuldbindingum án þess þó að nokkru sé efnislega bætt við.

Um 4. gr.

Ein grundvallarregla EES-samningsins er að öll mismunun á grundvelli ríkisfangs sé bönnuð á þeim sviðum sem samningurinn nær til. Þetta á að tryggja að stjórnvöld hniki ekki til samkeppnisaðstæðum til þess að hygla vissum fyrirtækjum á kostnað annarra. Ekki verður t.d. hægt að setja strangari reglur um innfluttar vörur en þær sem gilda um innlenda framleiðslu og réttarstaða fyrirtækja alls staðar á EES-svæðinu verður að vera söm og jöfn. Samsvarandi regla er í 7. gr. Rómarsamningsins en hún er víðtækari þar því Rómarsamningurinn nær til miklu fleiri þátta en EES-samningurinn. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að gerðar séu efnislegar kröfur, t.d. um tungumálakunnáttu umsækjenda í starf eða um að vara eða þjónusta sem falboðin er hæfi íslenskum aðstæðum.

Sérstakar undanþágur eru tilgreindar frá þessari meginreglu annars staðar í samningnum. T.d. er hægt að áskilja ríkisborgararétt þegar ráðið er í stöður á vegum ríkisins, sem fela í sér sérstakt trúnaðarsamband við vinnuveitanda (28. gr.). Ef allsherjarregla, almannaöryggi eða almannaheilbrigði krefst þess er einnig hægt að láta sérstakar reglur gilda um erlenda ríkisborgara (33. gr.). Loks má geta þess að tekin eru af öll tvímæli um það í samningnum að Ísland og Noregur geti takmarkað aðgang erlendra ríkisborgara að fyrirtækjum í sjávarútvegi, eins og gildandi lög kveða á um.

Rétt er að taka fram að þessi meginregla hefur ekki í för með sér að allar reglur þátttökuríkja EES verði að fullu samræmdar. Töluverður munur getur verið á því hvaða reglur eru í gildi á tilteknum sviðum en tryggja verður aðeins að framkvæmd þeirra mismuni ekki eftir ríkisfangi. Þannig er hægt að setja strangari reglur hér um ýmsan varning eða starfsemi en tíðkast annars staðar svo fremi þær reglur gildi jafnt um Íslendinga sem erlenda ríkisborgara og valdi ekki hindrunum í milliríkjaviðskiptum innan EES.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um rétt samningsaðila til þess að taka upp mál í sameiginlegu EES-nefndinni eða EES-ráðinu eftir þeim reglum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 89. og 2. mgr. 92. gr. Gert er ráð fyrir að vandamál séu fyrst tekin fyrir í sameiginlegu EES-nefndinni. Almennt hefur verið litið svo á að hér gangi EB til móts við sjónarmið EFTA-ríkja og auki möguleika þeirra á að hafa áhrif á afgreiðslu mála innan EB þegar líklegt er talið að þau hafi áhrif innan EES. Upptökurétturinn gildir um öll mál sem varða

samningssviðið. Einnig gildir upptökurétturinn fyrir vandamál sem koma upp á öllum stigum samstarfsins hvort sem það er á meðal sérfræðinga, embættismanna eða ráðherra. Þetta ákvæði tryggir því sérhverjum samningsaðila rétt til að færa umræðuna á það stig sem nauðsynlegt er talið til þess að úrlausn fáist á vandamálum hans.

Um 6. gr.

Grundvallarmarkmið EES-samningsins er að tryggja samræmi innan alls svæðisins og jafna samkeppnisaðstöðu. Byggt er á þeim réttargrundvelli sem settur hefur verið innan EB á viðskiptasviðinu. Mörg samningsákvæði EES-samningsins taka því mið af samsvarandi ákvæðum Rómarsáttmálans og reglur sem settar eru á grundvelli hans eru teknar upp í viðauka við EES-samninginn. En þótt orðanna hljóðan sé hin sama getur túlkun ákvæðanna orðið mismunandi. Því hefur verið talið nauðsynlegt að setja skýrt fram þá túlkunarreglu að samningsákvæði beri að túlka í samræmi við þá úrskurði EB-dómstólsins sem máli skipta og varða þau ákvæði EB-réttar sem eru efnislega samhljóða EES-reglum. Þetta gildir þó aðeins um þá úrskurði sem upp hafa verið kveðnir fyrir undirskrift samningsins.

Ákvæði EB-réttar og EES-réttar teljast aðeins vera efnislega samhljóða þegar efni þeirra og þar með talin markmið eru þau sömu. Þannig eiga t.d. dómar EB um bein réttaráhrif og forgang EB-réttar ekki við um túlkun EES-ákvæðanna þar sem ekki er yfirfært löggjafarvald til stofnanna EES sbr. bókun 35 og álit EB-dómstólsins 1/91 14. desember 1992 tölul. 23-29.

Framangreind regla er túlkunarregla sem sett er með fyrirvara um sjálfstæði dómstólanna og þróun á dómaframkvæmd. Dómarnir eru því lögskýringargagn en þeir eru ekki lögfestir sem slíkir. Það er alltaf í höndum dómstóla að meta hvort EB-dómarnir eigi við EES-ákvæðin að efni til og hvort forsendur séu fyrir sömu túlkun.

Ákvæðið á ekki við um framtíðardóma EB-dómstólsins en í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA er gert ráð fyrir að réttmætt tillit sé tekið til þeirra við túlkun. Sérstakar ráðstafanir verða gerðar um upplýsingaskipti á dómum sbr. 106. gr. til þess að auðvelda samningsaðilum að fylgjast með því hvernig aðrir samningsaðilar túlka einstök ákvæði einnig eftir undirskrift og gera þeim þannig kleift að tryggja samræmi. Komi upp alvarlegt misræmi í túlkun verður það tekið fyrir í sameiginlegu EES-nefndinni.

Í greinargerð þessari er vísað til helstu dóma EB-dómstólsins sem varða EB-reglur sem eru sambærilegar við EES-reglur.

Um 7. gr.

EES-samningurinn er bindandi að þjóðarétti fyrir samningsaðilana. Þær gerðir sem vísað er til í viðaukunum eru einnig bindandi að þjóðarétti. Innan EB hafa reglugerðir bein réttaráhrif sem felur í sér að einstaklingar geta sótt rétt sinn samkvæmt ákvæðum EB-reglna fyrir dómstólum í aðildarríkjunum á sama hátt og á grundvelli landslaga. Aðildarríkin hafa framselt löggjafarvald frá þjóðþingum sínum til stofnana EB sem gerir þeim kleift að setja reglur sem hafa lagagildi án þess að til komi sérstakt samþykki þjóðþinganna. Hið sama gildir ekki innan EFTA. Til þess að einstaklingar í EFTA-ríkjunum geti byggt rétt sinn á ákvæðum samningsins þar á meðal þeim gerðum sem vísað er til í viðaukum hans verða ákvæðin að vera hluti af landsrétti aðildarríkjanna. Hið sama

gildir um ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þessi grein kveður nánar á um með hvaða hætti EES-reglugerðir og EES-tilskipanir verða teknar upp í landsrétt.

Í réttarkerfi EB er gerður greinarmunur á reglugerð (regulation, forordning, Verordnung), sem hefur lagagildi í aðildarrríkjunum og tilskipun (directive, direktiv, Richtlinie), þar sem sett eru ákveðin markmið en aðildarríkjum er gefinn viss tími til lagasetningar í samræmi við þau á viðeigandi hátt. Tiltölulega lítill hluti gerða þeirra sem vísað er til í EES-samningnum er reglugerðir en þær ber skv. 7. gr. að taka upp orðrétt í landsrétt samningsaðila. Mun meira svigrúm er til þess að meta hvernig hægt sé að standa við þær samningsskuldbindingar sem upp eru teknar vegna tilskipana. Samningsaðilar hafa það í sinni hendi í hvaða formi efni tilskipananna er gert hluti af landsrétti.

Aðrar gerðir sem nefndar eru í viðaukunum oftast í formi tilmæla, orðsendinga eða ályktana eru ekki bindandi fyrir samningsaðilana heldur ber þeim ýmist að taka tilhlýðilegt tillit til þeirra eða að taka mið af þeim. Einnig eru nefndar gerðir sem eftirlitsstofnunum samningsaðila ber að taka tilhlýðilegt tillit til.

Um bókun 1
Altæk aðlögun

Við samningagerðina voru uppi tveir valkostir við yfirtöku EB-gerða í EES-samningnum, þ.e. reglugerða, tilskipana o.s.frv. Annars vegar með því að umskrifa allar gerðirnar og aðlaga þær að stjórnskipun EES-svæðisins eða með því að notast við tilvísanir og setja sérstakar reglur um aðlögun þeirra vegna EES.

Fyrri kosturinn þótti óframkvæmanlegur miðað við þann tímaramma sem EES-samningnum var settur. Endursamning á öllum gerðunum hefði kallað á samningaviðræður um túlkun og orðalag á einstökum ákvæðum í þeim. Síðari kosturinn var því valinn, en samningurinn er ekki eins auðveldur aflestrar fyrir bragðið.

Reglur um aðlögun EB-gerðanna sem vísað er til í samningnum eru þrenns konar. Í fyrsta lagi eru reglur um altæka aðlögun sem fjallað er um í þessari bókun, þ.e. almennar reglur sem eiga við um allar gerðir. Í öðru lagi eru aðlögunarreglur sem eiga eingöngu við einn málaflokk og er þeirra þá getið í viðkomandi viðauka. Í þriðja lagi eru aðlögunarreglur sem eingöngu eiga við einstakar gerðir eða ákvæði í þeim og er þeirra þá getið í viðaukum þar sem viðkomandi gerð er skráð.

Inngangsorð að EB-gerðunum eru miðuð við markmið og stjórnskipun EB. Oftast fara markmið EB og EES saman að því er varðar fjórfrelsið. Ber því að notast við inngangsorð gerðanna sem túlkunargagn fyrir EES-reglurnar eingöngu að því leyti sem þau eiga við.

Um aðlögun vegna ákvæða er varða þátttöku í EB-nefndum og ákvarðanatöku er vísað til almennra reglna í meginmáli samningsins sem gilda um þessi efni.

Í gerðunum eru framkvæmdastjórn EB falin ýmis störf er varða upplýsingaskipti og tilkynningar til aðildarríkjanna. Þessi störf verða að því er varðar EFTA-ríkin í höndum annars vegar fastanefndar EFTA og hins vegar í höndum eftirlitsstofnunar EFTA. Bókun 1 við samning milli EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól og bókun 1 við samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna fjalla nánar um hvernig þessi störf falla undir valdsvið hvorrar stofnunarinnar um sig.

Þegar skýrslugerðar er krafist innan EB ber fastanefnd EFTA eða eftirlitsstofnun EFTA eftir atvikum að gera samsvarandi skýrslu. Í sameiginlegri yfirlýsingu við samninginn er hins vegar kveðið á um að sameiginlega EES-nefndin geti, hvenær sem hún telur að slíkt komi að gagni, farið fram á að sameiginleg skýrsla verði gerð.

Upplýsingar varðandi staðreyndir og málsmeðferð sem gerðirnar gera ráð fyrir að séu birtar í Stjórnartíðindum EB verða að því er EFTA-ríkin varðar birtar í sérstakri EES-deild Stjórnartíðinda EB. Um fyrirkomulag birtinga EES vísast til bréfaskipta aðalsamningamanna þar um, en þau eru birt með samningnum.

Þegar rætt er um réttindi og skyldur EB-ríkjanna, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja og einstaklinga í EB-gerðunum er, að því er varðar EES, einnig átt við EFTA-ríkin og opinberar stofnanir þeirra o.s.frv. Þannig eiga t.d. ákvæði um samstarf opinberra stofnana á tilteknu sviði í EB-ríkjunum við um samstarf opinberra stofnana á því sviði í öllum aðildarríkjum EES.

Þegar vísað er til yfirráðasvæða, sameiginlegs markaðar og ríkisborgara EB-ríkja í gerðunum eiga þær tilvísanir einnig við yfirráðasvæði, markaði og ríkisborgara EFTA ríkjanna.

Réttur til að nota eitthvert opinbert tungumál EB-ríkjanna felur í sér rétt til að nota öll hin 13 opinberu tungumál aðildarríkja EES sem talin eru upp í 129.gr. samningsins.

Um gildistöku gerðanna í EES gilda almenn gildistökákvæði sbr. 3. mgr. 129. gr. samningsins og ákvæði um bráðabirgðafyrirkomulag, en þar er átt við aðlögunartíma fyrir einstök ríki sem getið er um í viðaukum.

Um II. hluta
Frjálsir vöruflutningar

Þótt samstarf um aukna fríverslun milli EB og EFTA eigi sér alllanga forsögu og standi fastari fótum á vörusviðinu en t.d. í þjónustuviðskiptum eða fjármagnsflutningum hefur reynst nauðsynlegt að kveða skýrar á um nokkur atriði en gert er í fríverslunarsamningunum frá 1972. Í fyrsta lagi eru áréttaðar þær reglur sem nauðsynlegar eru til þess að ákvarða uppruna vöru. Þær eru nokkru einfaldari en tíðkast hefur til þessa og er það nánar skýrt hér á eftir. Einnig eru endurteknar reglur um að tollar og magntakmarkanir séu ekki leyfð á þeim vörum sem undir samninginn falla og fjáröflunargjöld ýmiss konar mega ekki leggjast af meiri þunga á innfluttar vörur en innlendar. Þar eru ennfremur settar sérstakar starfsreglur fyrir ríkiseinkasölur. Landbúnaðar- og sjávarafurðir falla ekki undir meginákvæði samningsins og er því fjallað sérstaklega um meðferð þeirra í 2. kafla. EES verður ekki tollabandalag en samstarf tollyfirvalda verður aukið og er það skilgreint nánar í 3. kafla. Loks er í 4. kafla tekið á ýmsum öðrum þáttum, t.d. tæknilegum viðskiptahindrunum, orkumálum og undirboðsaðgerðum, en á kola- og stálvörum í 5. kafla.

Um 1. kafla
Grundvallarreglur

Um 8. gr.

Í þessari grein er nánar kveðið á um óhindruð vöruviðskipti milli samningsaðila. Þar sem EES verður ekki tollabandalag og samræmir því ekki tolla gagnvart ríkjum utan svæðisins er sérstaklega tekið fram í 2. tölulið að nokkur tilgreind ákvæði samningsins eigi aðeins við um vörur sem upprunnar eru á samningssvæðinu. Hér er um að ræða ákvæði samningsins um afnám tolla og annarra gjalda (10. gr.), afnám magntakmarkana í innflutningi og útflutningi (11., 12. og 13. gr.), afnám allrar mismununar við skattlagningu innanlands (14. og 15. gr.), frekara samstarf við þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir (19. gr.), vísan til sérmeðferðar fyrir sjávarafurðir (20. gr.), útflutningstakmarkanir í undantekningartilvikum (25. gr.), afnám allra undirboðsaðgerða (26. gr.) og vísan til sérstakra reglna um kol og stál (27. gr.).

Loks er tekið fram í 3. mgr. að ákvæði samningsins eigi við um iðnvarning í tollflokkum 25-97 í samræmdu tollskránni. Undanskilin eru örfá efni, t.d. kasein, albúmín, albúmínöt, dextrín og umbreytt sterkja. Þessi tilhögun endurspeglar það fyrirkomulag sem er t.d. í fríverslunarsamningi Íslands við EB frá 1972 en þar eru einnig almennar reglur samningsins látnar gilda um iðnvarning, með sömu undantekningum og hér, en sérstakt fyrirkomulag haft um landbúnaðar- og sjávarafurðir. Nokkrar vörur sem unnar eru úr landbúnaðarhráefni falla undir ákvæði samningsins, sbr. b-lið, en um þær gilda þó að auki sérstakar reglur. T.d. er heimilt að setja á þær verðjöfnunargjöld við innflutning eins og nánar er kveðið á um í bókun 3. Sams konar ákvæði var í fyrsta viðauka fríverslunarsamningsins.

Um bókun 2

Vörur þær sem taldar eru upp hér eru í flokki með iðnvarningi í tollskrá en í þeim eru landbúnaðarhráefni og hafa þær því verið undanþegnar fríverslun. Í fríverslunarsamningnum frá 1972 var samsvarandi listi (viðauki I) en þar var einnig talinn upp korkur auk albúmíns.

Um bókun 49
Ceuta og Melilla

Ceuta og Melilla eru spænsk landsvæði á norðurströnd Afríku, umkringd af Marokkó, sem gerir tilkall til þeirra. Bæði þessi landsvæði eru fríhafnir og er hið fyrrnefnda 19,5 ferkm að stærð og hefur um 70.000 íbúa en hið síðara 12,5 ferkm með rúmlega 60.000 íbúa. Vegna sérstakrar stöðu þessara svæða er talin ástæða til þess að árétta að vörur þaðan skuli hljóta EES-meðferð.

Um bókun 3
Framleiðsluvörur sem um getur í b-lið 3. mgr. 8. gr. samningsins
(Breytingar frá fyrri útgáfu skáletraðar)

Í fríverslunarsamstarfi eftirstríðsáranna hefur lengi tíðkast að gera greinarmun á almennum landbúnaðarafurðum og unnum landbúnaðarvörum eða iðnvarningi sem unninn

er úr landbúnaðarhráefni. Í fríverslunarsamningi Íslands við EB frá 1972 eru þessar afurðir skráðar í bókun 2 og í stofnskrá EFTA, Stokkhólmssamningnum, í viðauka D. Gilt hafa þær reglur að tollar og magntakmarkanir eru afnumin en heimilt hefur verið að leggja á sérstök verðjöfnunargjöld *á innflutning og greiða sérstakar útflutningsbætur vegna útflutnings* til þess að jafna samkeppnisaðstöðu vegna mismunandi verðs á landbúnaðarafurðum sem notaðar eru sem hráefni í viðkomandi vörum. *Þetta tryggir iðnfyrirtækjum sem nota landbúnaðarvörur sem hráefni sambærileg samkeppnisskilyrði hvernig sem landbúnaðarstefna er rekin í löndum samningsaðila, en það er einmitt megintilgangur kerfisins.*

Í bókun 3 er reynt að tryggja að þessi framkvæmd verði sem einföldust og leiði ekki til frekari viðskiptahindrana. Í stað staðlaðra uppskrifta er miðað við raunverulegt innihald *samkvæmt yfirlýsingu framleiðenda við staðgreiðslu* og þegar reiknaður er út verðjöfnunarþáttur má ekki lengur miða við mismun á heimaverði og heimsmarkaðsverði heldur verður miðað við mismun á heimaverði og því verði sem lægst er á EES-svæðinu. *Í þeim tilvikum sem ákvæði 3.-9. gr. bókunar 3 eru ekki uppfyllt sbr. 11. gr., s.s. þegar raunuppskriftir eru ekki til staðar, verður bókun 2 í fríverslunarsamningunum notuð áfram, t.d. hvað varðar staðlaðar uppskriftir við útreikning verðjöfnunargjalds.* Ekki er gert ráð fyrir því að heildarálögur verði hærri eftir að kerfið hefur verið tekið upp en þær sem tíðkuðust 1. 1. 1992. *Viðmiðun hvað Ísland varðar er þó árið 1991, sjá hér að neðan.* Reikna má niðurgreiðslur innlends hráefnis sem jafngildi innflutningsgjalds og í þeim tilfellum sem algert innflutningsbann hefur ríkt verður ekkert slíkt þak. Sérstakar reglur munu gilda um það hvaða hráefni megi verðjafna, hvernig tilkynna eigi um innihald, hvernig reikna eigi viðmiðunarverð og innihald við frekari vinnslu en tæknilegri forvinnu er enn ekki að fullu lokið. Í vissum tilfellum munu ákvæði fríverslunarsamningsins frá 1972 gilda. Ákvæði bókunarinnar eiga aðeins við um þær vörur sem þar eru taldar upp en listinn er heldur lengri en samsvarandi listi í bókun 2 (við bætist kaffi, te, kakaómassi o.fl.) *og er hann að fullu samræmdur þ.e. sami listi gildir fyrir öll EFTA-ríki og EB.*

Tvenns konar varningur á lista þessum er undanþeginn ákvæðum bókunarinnar við innflutning til Íslands: 21.05 rjómaís og úr 21.06.90 blöndur af smjöri og jurtafitu þar sem smjörinnihald er meira en 15%. Þetta tollnúmer nær til afurða á borð við „Létt og laggott" og „Smjörva". Heimilt er því samkvæmt þessu að viðhalda innflutningsbanni en rétt er að minna á að rjómaís með súkkulaði var á samsvarandi lista í fríverslunarsamningnum frá 1972. Rétt er einnig að taka fram að ekki er hægt samkvæmt þessu að banna innflutning á blöndu af jurtafeiti og smjöri ef smjörinnihald er milli 10 og 15 %.

Hér að framan var sagt að ekki mætti leggja á hærri gjöld en tíðkuðust 1. janúar 1992. Þar sem íslensk stjórnvöld hafa lítið notað sér möguleika til verðjöfnunargjalda setur þetta nokkrar skorður við innheimtu þeirra í framtíðinni þar sem innflutningur hefur verið frjáls. Undanþága frá þessu ákvæði fékkst fyrir nokkrar afurðir í 5. gr. 1. viðbætis, t.d. jógúrt, bragðbætt eða blandað ávöxtum, hnetum eða kakaó (0403), smjörlíkisblöndur sem innihalda meira en 10% en minna en 15% smjör (1517), súkkulaði og aðrar vörur sem innihalda kakaó (1806), maltextrakt (1901), pasta (1902), brauð, kökur og kex (1905), sultur og marmelaði (2007), sósur (2103) og súpur (2104). Allar þessar vörur eru nú án tolla, en jöfnunargjald hefur verið á sumum þeirra. *Í 2. mgr. 2. tölul. 5. gr. I. viðbætis*

er fjallað um aðrar vörur sem ekki eru innan ramma undanþágunnar í 1. mgr. 2. töluliðs og er þar tekið fram að fyrir þessar vörur verði miðað við álögð gjöld árið 1991 en ekki 1. 1. 1992, sem er viðmiðun annarra samningsaðila. Þar sem þak verðjöfnunarkerfis fyrir Ísland miðast við álögð aðflutningsgjöld árið 1991, reyndist ekki nauðsynlegt að hafa allar vörutegundir sem nú eru framleiddar hér á landi og eru á lista bókunar 3, innan áðurnefndrar undanþágu. Þetta stafar af því að verulega há aðflutningsgjöld voru á nokkrum vörutegundum 1991 s.s. frönskum kartöflum, kartöfluflögum o.fl. auk þess sem jöfnunargjald var lagt á margar þeirra. Auk þess ber að taka tillit til innri sem ytri verðjöfnunar. Þetta þýðir að reikna má niðurgreiðslur innlends hráefnis sem jafngildi innflutningsgjalds, þótt þær hafi ekki verið fluttar inn. Þá er einnig vert að geta þess að þegar bókun 2 verður notuð gildir þak á verðjöfnunargjald ekki gagnvart þeim vörum sem taldar eru upp í vörulista hennar.

Um 1. gr. bókunar 3

Hér er kveðið á um að öll ákvæði samningsins skuli gilda um þær vörur sem falla undir bókunina (þ.e. vörur sem falla undir verðjöfnunarkerfið í töflu I og vörur sem verða í fullri fríverslun í töflu II). Ákvæðið er sett til öryggis þar sem vörur í 1.-24. kafla tollskrárinnar falla almennt ekki undir samninginn.

Um 2. gr. bókunar 3

Þessi kafli fjallar um verðjöfnunarkerfið sem gildir um vörur í töflu I. Hér eru sett fram nánari ákvæði um hvernig samningsaðilar skuli standa að verðjöfnun á unnum landbúnaðarvörum.

Vinnu við ýmis tæknileg framkvæmdaatriði vegna verðjöfnunarkerfisins var ekki hægt að ljúka fyrir undirritun samningsins, sbr. 2.-7. viðbæti. Þessari vinnu á hins vegar að ljúka fyrir 1. júlí 1992.

Eins og í bókun 2 við fríverslunarsamninginn frá 1972 á verðjöfnunarkerfið að jafna þann mun sem er á verði landbúnaðarhráefna í framleiðslu á unnum landbúnaðarvörum sem taldar eru upp í töflu I. Þetta er gert með því að leggja breytilegt gjald - verðjöfnunargjald - á innfluttar vörur og endurgreiða útflytjendum varanna þennan mismun.

Ef einhver samningsaðilanna gerir ráðstafanir innanlands til lækkunar á hráefnisverði, t.d. með því að niðurgreiða hráefni til iðnaðarins, ber að taka tillit til þess við álagningu verðjöfnunargjalds og endurgreiðslu við útflutning.

Um 3. gr. bókunar 3

Verðjöfnun skal reiknuð út á grundvelli raunverulegs magns landbúnaðarhráefnis í endanlegu framleiðslunni. Verðjöfnunin verður með því eðlileg og sanngjörn. Hér er um að ræða breytingu frá því sem gilt hefur í fríverslunarsamningnum frá 1972 en þar er gert ráð fyrir að reikna megi verðjöfnunina út á grundvelli staðlaðra uppskrifta og getur það leitt til mismununar gagnvart einstökum framleiðendum.

Um 4. gr. bókunar 3

Til að finna raunverulegt magn hráefnis í vörunni er tekið upp það fyrirkomulag að framleiðandi eða útflytjandi vörunnar gefur yfirlýsingu um innihaldið, sem er staðfest af yfirvöldum í útflutningslandinu og lögð fram við tollafgreiðslu eða útflutning, og verðjöfnunargjald eða endurgreiðsla til útflytjanda reiknuð á grundvelli hennar.

Um 5. gr. bókunar 3

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr. bókunar 3

Það viðmiðunarverð, sem lagt verður til grundvallar verðjöfnuninni verður staðfest af sameiginlegu EES-nefndinni, þ.e. það verð sem greitt er af framleiðendum á svæðinu. Verðjöfnunin verður síðan reiknuð sem mismunur á innlendu hráefnisverði og lægsta verði sem gildir innan EES. Þetta þykir skapa sem mest samræmi innan svæðisins en í bókun 2 við fríverslunarsamninginn 1972 gildir sú regla að verðjöfnun er reiknuð á grundvelli mismunar á innlendu hráefnisverði og heimsmarkaðsverði.

Um 7. gr. bókunar 3

Ef ekki hefur verið samþykkt viðmiðunarverð fyrir hráefni sem notað hefur verið við framleiðsluna verða notaðir ákveðnir stuðlar til að umreikna hráefnisverð sem samþykkt hefur verið.

Um 8. gr. bókunar 3

Hér er kveðið á um það sem áður hefur komið fram að munurinn á innlendu viðmiðunarverði og lægsta viðmiðunarverði innan EES skuli vera grundvöllur verðjöfnunarinnar.

Um 9. gr. bókunar 3

Verðjöfnunarkerfi fyrir unnar landbúnaðarvörur hefur verið framkvæmt í nokkra áratugi og er m.a. útfært í fríverslunarsamningum milli EFTA-landanna og EB og í stofnsamningi EFTA. Bókun 3 er í raun ekki ætlað að breyta miklu frá fyrra kerfi. Meiri áhersla hefur verið lögð á að einfalda kerfið og samræma þær reglur sem munu gilda á svæðinu. Því er í þessari grein kveðið á um að samningsaðilarnir skuldbindi sig til að leggja ekki hærri gjöld á þær vörur sem falla undir kerfið en þeir gerðu 1. janúar 1992. Um er að ræða nokkurs konar varnagla til að einstaka lönd noti ekki tækifærið og hækki sín gjöld. Nokkrar undantekningar eru frá þessari reglu, sjá síðar.

Um 10. gr. bókunar 3

Hér er fjallað um vörur sem taldar eru upp í töflu II. Um þær mun gilda full fríverslun. Samkvæmt því má hvorki leggja á þær tolla, önnur innflutningsgjöld, þ.m.t. verðjöfnunargjöld, né leggja bann eða takmarkanir á innflutning þeirra.

Undantekningar frá þessu ákvæði er að finna í 1. viðbæti en þar er að finna ákvæði um stiglækkun tolla sem enn eru lagðir á ýmsar vörur sem falla undir töflu I. Þessi ákvæði hafa ekki áhrif á Íslandi þar sem aðflutningsgjöld hafa þegar verið felld niður af þeim vörum sem þar eru taldar upp.

Um 11. gr. bókunar 3

Til að ákvæði bókunar 3 um verðjöfnun verði framkvæmd þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt, m.a. ákvæði 3.-9. gr. bókunarinnar. Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt, t.d. ef ekki er lögð fram yfirlýsing um hráefni eða ef viðmiðunarverð hefur ekki verið ákveðið af sameiginlegu nefndinni, er ekki hægt að nota kerfið. Því er kveðið á um í

þessari grein að þá skuli nota ákvæði bókunar 2 við fríverslunarsamninga EFTA-landanna og EB.

Um 12. gr. bókunar 3

Í þessari grein er fjallað um tilkynningar og upplýsingaskipti samningsaðilanna innan sameiginlegu EES-nefndarinnar um verðjöfnunaraðgerðir, bæði innan EES og ef slíkar aðgerðir eru notaðar í viðskiptum aðilanna við þriðju ríki.

Um 13. gr. bókunar 3

Vegna ákvæða 9. gr. um takmörkun verðjöfnunaraðgerða við þau gjöld, sem lögð voru á vörur hinn 1. janúar 1992 sáu nokkur EFTA-landanna fram á að þeim yrði óheimilt að nota verðjöfnunarákvæðin varðandi ýmsar vörur. Sérstakar undanþágur er því að finna í 4.-6. gr. 1. viðbætis.

Þetta á við, að því er varðar ákvæði fyrir Finnland og Noreg, vegna innflutningsbanns sem verið hefur á tilteknum vörutegundum, og þar af leiðandi tollfrelsi, og að því er varðar Austurríki, vegna sérstakra ákvæða um stiglækkun tolla á áfengi. Ennfremur hefur Austurríki fengið samþykkt sérstök ákvæði vegna sterkjuframleiðslu þar sem hún mun hafa verulega þýðingu fyrir ákveðin fátæk landbúnaðarsvæði í landinu.

Sérstök ákvæði sem gilda um Ísland er að finna í 5. gr. 1. viðbætis. Gerð hefur verið grein fyrir þeim í almennum athugasemdum við bókunina.

Um 14. gr. bókunar 3

Viðskipti með unnar landbúnaðarvörur, svo og verðjöfnunarkerfi bókunarinnar, verða endurskoðuð á tveggja ára fresti, m.a. til að kanna möguleika á auknum viðskiptum, svo og þróun verðjöfnunarkerfisins almennt.

Um 9. gr.

EES-samningurinn veitir varningi af EES-svæðinu talsverð fríðindi umfram vörur annars staðar frá. En áður en fríðindi þessi eru veitt við tollafgreiðslu verður að sýna fram á að vörurnar séu í raun upprunnar af EES-svæðinu. Sérstakar reglur gilda um það hvernig sýna skal fram á EES-uppruna og eru þær að verulegu leyti byggðar á upprunareglum þeim sem gilt hafa samkvæmt bókun 3 við fríverslunarsamninga EB og EFTA-ríkja. Fjallað er um þessar upprunareglur í bókun 4 við EES-samninginn, en einnig er áréttað að skuldbindingar þær sem samningsaðilar hafa tekist á herðar eða munu gangast undir innan GATT skuli standa. Eftir að vara hefur verið afgreidd inn til EB verður ekki þörf frekari eftirlits.

Vara telst upprunavara EES ef hún er að fullu unnin á svæðinu úr hráefni af svæðinu. Einnig getur hún öðlast upprunaréttindi ef vinnsla hennar uppfyllir viss skilyrði, sjá nánar II. viðbæti við bókun 4 en þar er skráð hvaða aðvinnsla veitir upprunaréttindi. Þar er einnig nánar kveðið á um það hversu mikið hráefni má nota frá ríkjum utan svæðisins án þess að missa tollfríðindi. Heimilt er að láta vinna vöru að hluta utan EES-svæðis án þess að glata upprunaréttindum ef virðisauki vegna aðvinnslunnar þar nemur ekki meira en 10% af heildarverðmæti. Reglur um vefnaðarvörur og fatnað eru þó strangari hvað þetta varðar. Engu máli skiptir hins vegar þótt aðvinnslan fari fram á mörgum stöðum innan

EES. Almennt er sú krafa gerð að vöru fylgi annaðhvort upprunavottorð eða yfirlýsing framleiðanda á reikningi.

Samningsaðilar skuldbinda sig í 2. mgr. 9. gr. til þess að endurbæta frekar og einfalda allar upprunareglur og efla samstarf sitt í tollamálum.

Upprunareglur þessar verða teknar til fyrstu endurskoðunar fyrir árslok 1993. Væntanlega verður það gert í hópi upprunasérfræðinga landanna 19 en þeir hafa haft með sér náið samstarf um árangaðir. Þaðan í frá verður samstarfið endurskoðað á tveggja ára fresti.

Um bókun 4
Upprunareglur

Í fríverslunarsamningi Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu eru ákvæði um upprunareglur í bókun 3. Upprunareglur eru reglur sem vara þarf að uppfylla til að hún geti notið fríðindameðferðar samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamningsins.

Í bókun 4 eru ákvæði um upprunareglur sem gilda munu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Við gerð þeirra var höfð hliðsjón af sambærilegum reglum fríverslunarsamninga EB og EFTA-landanna en reynt eftir mætti að einfalda orðalag, svo og reglurnar sjálfar og framkvæmd alla, til að inn- og útflytjendur og tollyfirvöld eigi auðveldara með að nota þær. Helstu breytingar frá gildandi upprunareglum eru eftirfarandi:

1. EES-uppruni

Vörur sem framleiddar eru innan svæðisins úr hráefnum sem þar eru fengin eða uppfylla að öðru leyti aðvinnslureglur bókunarinnar verða svokallaðar EES-upprunavörur. Samkvæmt fríverslunarsamningnum eru vörur upprunavörur í því landi sem þær eru framleiddar í.

2. Hráefnanotkun

Unnt verður að nota hráefni hvaðanæva að af frá svæðinu án þess að vara glati upprunaskráningu sinni. Þá eru einnig veittar rýmri heimildir til að nota hráefni utan svæðisins án þess að uppruni glatist og ennfremur opnast möguleikar á aðvinnslu upprunavara utan svæðisins.

3. Formsatriði og eyðublöð

Formsatriði við staðfestingu á að upprunareglum sé fullnægt eru einfölduð, m.a. eru mörk fjárhæða hækkuð að því er varðar undanþágur frá framlagningu upprunavottorða og vegna upprunayfirlýsingar á vörureikningi.

Eyðublöðum og vottorðum er fækkað og verða nú tvö í stað fjögurra áður, þ.e. EUR 1 skírteini og yfirlýsing útflytjanda á vörureikningi.

Ákvæði um samvinnu og upplýsingagjöf stjórnvalda og reglur um sannprófanir upprunayfirlýsinga o.s.frv. eru sambærilegar við núgildandi ákvæði um upprunareglur.

Benda má á að í 9. gr. samningsins er ákvæði um samvinnu samningsaðilanna um frekari þróun og einföldun upprunareglnanna.

Um 1. gr. bókunar 4

Hér eru taldar upp skilgreiningar sem nota á við framkvæmd bókunarinnar. Skilgreiningarnar eru almennt sambærilegar við þær sem notaðar eru í bókun 3 við

fríverslunarsamninga EFTA-landanna og EB en þó hefur verið reynt að einfalda orðalag og gera það skýrara.

Um 2.-9. gr. bókunar 4

Þær vörur sem framleiddar eru á EES og uppfylla skilyrði sem sett eru í þessum ákvæðum og í öðrum ákvæðum bókunarinnar teljast vera upprunnar í EES. Hér er um að ræða verulega breytingu frá því sem gildir í fríverslunarsamningum milli EBE og EFTA-landanna, en samkvæmt þeim getur vara einungis verið upprunnin í því landi þar sem varan er framleidd. Framleiðendum verður heimilt að nota hráefni frá hvaða landi innan EES sem er án þess að framleiðsluvaran glati upprunaskráningu sinni. Í fríverslunarsamningunum er almenna reglan hins vegar sú að einungis má nota hráefni frá hinum samningsaðilanum, t.d. í viðskiptum Íslands og EB má einungis nota íslenskt eða hráefni frá EB-ríki, en ekki frá öðru EFTA-landi. Þessar reglur voru hins vegar rýmkaðar nokkuð fyrir nokkrum árum en reglur EES-samningsins eru mun frjálslegri þar sem uppruni hráefnis má vera hvaðanæva að af svæðinu. Þá er einnig gert ráð fyrir svokallaðri „valkvæðri hlutfallsreglu", sem er nýmæli, en hún gerir ráð fyrir að sækja megi 10% af verðmæti vörunnar utan svæðisins án þess að hún glati uppruna sínum.

Í þessum bálki er nánar kveðið á um skilyrði þess að vara verði talin upprunavara innan EES og eru þau að sumu leyti sambærileg við það sem gildir nú. Við gerð bókunarinnar var hins vegar reynt að einfalda reglur og orðalag til þess að auðvelda notkun hennar fyrir inn- og útflytjendur, tollyfirvöld o.s.frv.

Vert er að geta þess að í II. viðbæti er skrá yfir aðvinnslu efna, sem ekki teljast upprunavörur, til að framleiðsluvaran öðlist upprunaréttindi innan EES. Þessi skrá er í samræmi við sams konar skrá sem er í bókun 3 við fríverslunarsamning Íslands og EB.

Um 10.-17. gr. bókunar 4

Almenna reglan er sú að auk reglna um notkun hráefna þurfi framleiðsla og aðvinnsla þeirra að fara fram á EES til þess að vara teljist EES-upprunavara. Í samningaviðræðunum lögðu EFTA-ríkin ríka áherslu á að reglur um þetta yrðu rýmkaðar þannig að aðvinnsla og öflun hráefna gætu einnig komið frá þriðju ríkjum. Niðurstaðan varð hins vegar sú að sett voru inn ákvæði sem gera aðvinnslu utan svæðisins mögulega í takmörkuðum mæli. Þetta gildir hins vegar ekki um vefnaðarvörur.

Gert er ráð fyrir því að á þessu ári hefjist viðræður milli EB, EFTA ríkja og Póllands, Tékkóslóvakíu og Ungverjalands um einföldun upprunareglna.

Um 25. gr. bókunar 4

Hér er lagt bann við endurgreiðslum eða undanþágum frá tollum og gjöldum vegna framleiðslu upprunavara í ríkjum EES. Ákvæðið á að tryggja að einstakt land geti ekki veitt innlendri framleiðslu vernd gagnvart vörum frá öðrum samningsaðilum.

Um 12.-31. gr. bókunar 4

Til að vara geti notið tollfrelsis samkvæmt samningnum þarf að liggja fyrir sönnun á að hún uppfylli upprunareglur bókunar 4. Í þessum ákvæðum eru settar form- og framkvæmdareglur um útgáfu upprunayfirlýsinga, þ.e. EUR 1 flutningsskírteini og yfirlýsingu á vörureikningi. Reglurnar eru sambærilegar við reglur núgildandi

fríverslunarsamninga milli EB og EFTA-ríkja en þó hefur verið reynt að einfalda reglurnar og fækka þeim skjölum sem notuð eru við staðfestingu uppruna. Þau verða tvö í stað fjögurra áður. Í III.-VI. viðbæti við bókunina eru fyrirmyndir þeirra skjala sem nota skal og nánari reglur um notkun þeirra.

Um 32.-36. gr. bókunar 4

Hér er að finna ákvæði um gagnkvæma aðstoð tollyfirvalda vegna framkvæmdar upprunareglnanna, t.d. ef sannprófa þarf uppruna. Reglurnar eru sambærilegar við reglur fríverslunarsamninganna milli EB og EFTA-ríkja.

Um 37.-38. gr. bókunar 4

Um hin spænsku landsvæði Ceuta og Melilla gilda sérstök ákvæði, sbr. einnig bókun 48. EES-upprunareglurnar munu ekki gilda um vörur sem framleiddar eru á þessum svæðum heldur eru í þessum ákvæðum sérstakar upprunareglur fyrir þær. Er þetta í samræmi við margnefndar reglur bókunar 3 í fríverslunarsamningum EB-EFTA.

Um 10. gr.

Hér er lagt bann við öllum tollum á innflutning eða útflutning í viðskiptum milli samningsaðila. Bann þetta á einnig við fjáröflunartolla. Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á vörugjöld eða aðra skattlagningu sem leggst jafnt á innlenda sem erlenda framleiðslu og hefur því engin verndaráhrif. Sérstakar undanþágur eru þó veittar í bókun 5 fyrir Sviss og Liechtenstein fyrir nokkrar tilteknar vörur (kaffi, bensín, vélar, bifreiðar og varahluti) í takmarkaðan tíma. Það fyrirkomulag verður tekið til endurskoðunar í sameiginlegu EES-nefndinni fyrir árslok 1996. Undirbúningur er hafinn að breytingu á skattlagningu þar og er gert ráð fyrir því að neysluskattar komi í stað fjáröflunartolla þessara. Skattabreytingar eru þungar í vöfum í Sviss og því veitir ekki af þessum tíma til breytinganna.

Svipuð ákvæði eru í fríverslunarsamningi Íslands og EB frá 1972 í 3.-7. gr. Í þeim var Íslandi þó veitt undanþága fyrir langan lista fjáröflunartolla sem skv. tollskrá í dag hefði fyllt 174 síður. Íslenska ríkið hafði einhliða fallið frá mörgum þeirra í áranna rás en kröfu um að halda inni sömu heimildum og í fríverslunarsamningunum var haldið til streitu til síðustu stundar eða þar til ljóst var að viðunandi árangur mundi nást hvað varðar tollfrelsi sjávarafurða. Í fríverslunarsamningnum voru langir aðlögunartímar og tollar felldir niður í áföngum en þar sem tollar á iðnvarningi tíðkast ekki lengur í samskiptum EES-ríkjanna er hér hægt að gera langa sögu stutta.

Fjáröflunartollar voru á árinu 1991 einkum lagðir á ljós- og kvikmyndavörur, ýmsar vörur úr plasti, gúmmíi, leir, járni, stáli og áli, ýmsar vélar, heimilistæki, rafmagnstæki, ökutæki og skotfæri. Tekjur ríkissjóðs vegna þessara tolla á vörum frá löndum hins Evrópska efnahagssvæðis voru um 940 milljónir á árinu 1991. Í stað þessara tekna gætu komið vörugjöld eða skráningargjöld. Aðalatriðið er að gjöld þessi leggist jafnt á innlenda sem erlenda framleiðslu.

Um bókun 5
Fjáröflunartollar (Liechtenstein, Sviss)

Sjá athugasemdir við 10. gr.

Um bókun 6
Söfnun lögboðins varaforða í Sviss og Liechtenstein

Sviss hefur lengi rekið mjög viðamikið almannavarnakerfi. Þannig er í hverju fjölbýlishúsi öruggt geislavarið byrgi, lofthreinsitæki og matarbirgðir til reiðu ef til kjarnorkustyrjaldar kæmi. Ríkið stendur þess vegna í allumfangsmiklum innkaupum. Í bókun þessari er tekið fram að ekki megi mismuna í rekstri þessa kerfis gagnvart innflutningi.

Um 11. gr.

Hér er aftur verið að árétta hlut sem í raun var kominn á að mestu leyti með fríverslunarsamningi Íslands við EB 1972, sbr. 13. gr. þess samnings. Orðalagið endurspeglar 30. grein Rómarsamningsins. Í stuttu máli má segja að bannið nái til allra viðskiptahindrana sem tálma viðskiptum milli samningsaðila, beint eða óbeint. Þó hefur verið viðurkennt að nauðsynlegt geti verið að grípa til ráðstafana sem í raun hindra viðskipti, ef hægt er að færa fyrir þeim gild rök, t.d. vegna neytendaverndar, umhverfisverndar, vinnueftirlits eða skattaeftirlits.

Í fríverslunarsamningnum frá 1972 var þó haldið inni heimild til innflutningstakmarkana á olíu og olíuvörum vegna viðskiptahátta við Ráðstjórnarríkin og á ýmiss konar burstum vegna innlendrar framleiðslu á vegum Blindrafélagsins. Ekki þótti ástæða til þess að halda við takmörkunum á olíu og olíuvörum í ljósi breyttra viðskiptahátta en í samráði við Blindrafélagið var haldið inni takmörkunum á nokkrum tegundum sópa og bursta. Er nánar kveðið á um þær í bókun 7 við samninginn.

Um svipað efni fjalla m.a. eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:

(DEB, 29.11.78, mál 83/78, Pigs Marketing Board, B 1978, bls. 2347)
(DEB, 11.07.74, mál 8/74, Dassonville, B 1974, bls. 837)
(DEB, 20.02.79, mál 120/78, Rewe, Cassis de Dijon, B 1979, bls. 649)
(DEB, 20.02.75, mál 12/74, Sekt und Weinbrand, B 1975, bls. 181)
(DEB, 08.11.79, mál 15/79, Viande Chevaline, B 1979, bls. 3409)
(DEB, 26.06.80, mál 788/79, Gilli et Andres, B 1980, bls. 2071)
(DEB, 16.12.80, mál 27/80, Fietje, B 1980, bls. 3839)
(DEB, 22.01.81, mál 58/80, Dansk Supermarked, B 1981, bls. 181)
(DEB, 05.02.81, mál 53/80, Nisine, B 1981, bls. 409)
(DEB, 19.02.81, mál 130/80, Kelderman, B 1981, bls. 527)
(DEB, 17.05.81, mál 113/80, Articles de bijouterie, B 1981, bls. 1625)
(DEB, 14.07.81, mál 155/80, Oebel, B 1981, bls. 1993)
(DEB, 09.12.81, mál 193/80, Vinaigre II, B 1981, bls. 3019)
(DEB, 17.12.81, mál 272/80, Biologische Producten, B 1981, bls. 3277)
(DEB, 31.03.82. mál 75/81, Blesgen, B 1982, bls. 1211)
(DEB, 10.11.82. mál 261/81, Rau (Margarine), B 1982, bls. 3961)
(DEB, 17.03.83, mál 94/82, De Kikvorsch, B 1983, bls. 947)
(DEB, 20.04.83, mál 59/82, Vermouth, B 1983, bls. 1217)
(DEB, 14.07.83, mál 174/82, Sandoz, B 1983, bls. 2445)
(DEB, 29.11.83, mál 181/82, Roussel, B 1983, bls. 3849)
(DEB, 30.11.83. mál 227/82, Van Bennekom, B 1983, bls. 3883)
(DEB, 07.02.84, mál 238/82, Duphar, B 1984, bls. 523)

(DEB, 13.03.84, mál 16/83, Prantl, B 1984, bls. 1299)
(DEB, 06.06.84, mál 94/83, Melkunie, B 1984, bls. 2367)
(DEB, 19.09.84, mál 94/83, Heijn, B 1984, bls. 3263)
(DEB, 10.01.85, mál 229/83, Prix fixe du livre, B 1985, bls. 1)
(DEB, 11.07.85, mál 60 og 61/84, Cinétheque, B 1985, bls. 2605)
(DEB, 26.11.85, mál 182/84, Miro, B 1985, bls. 3731)
(DEB, 10.12.85, mál 247/84, Motte, B 1985, bls. 3887)
(DEB, 28.01.86, mál 188/84, Homologation des machines á travailler le bois, B 1986, bls. 419)
(DEB, 13.03.86, mál 54/85, Mirepoix, B 1986, bls. 1067)
(DEB, 06.05.86. mál 304/84, Kampfmeyer, B 1986, bls. 1511)
(DEB, 04.12.86, mál 179/85, Pétillant de raisin, B 1986, bls. 3879)
(DEB, 12.03.87, mál 178/84, Loi de pureté de la biere, B 1987, bls. 1227)

Um bókun 7
Mągntakmarkanir sem Ísland má viðhalda

Hér vísast til athugasemda við 11. gr.

Um 12. gr.

Þessi grein endurspeglar orðalag 34. gr. Rómarsamningsins og gildir um hana það sama og sagt var hér að framan um 11. gr. Rétt er að minna á að bann þetta nær ekki til sjávarafurða því að um þær gilda sérstakar reglur samkvæmt bókun 9 en þar er ekki kveðið á um útflutningsbann. Í 25. gr. samningsins eru sérstök ákvæði um leyfilegar útflutningstakmarkanir, t.d. vegna hráefnisskorts.
Um svipað efni fjalla m.a. eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 30.10.74, mál 190/73, Van Haaster, B 1974, bls. 1123)
(DEB, 15.12.76, mál 41/76, Donckerwolcke, B 1976, bls. 1921)
(DEB, 23.01.75, mál 51/74, Van der Hulst, B 1975, bls. 79)
(DEB, 03.02.77, mál 53/76, Bouhelier, B1977, bls. 197)
(DEB, 18.05.77, mál 111/76, Van Den Hazel, B 1977, bls. 901)
(DEB, 29.11.78, mál 83/78, Pigs Marketing Board, B 1978, bls. 2347)
(DEB, 08.11.79, mál 15/79, Groenveld, B 1979, bls. 3409)
(DEB, 14.07.81, mál 155/80, Oebel, B 1981, bls. 1993)
(DEB, 15.12.82, mál 286/81, Oosthoek, B 1982, bls. 4575)
(DEB, 07.02.85, mál 173/83, Huiles usagées, B 1985, bls. 491)

Um 13. gr.

Þessa grein má kalla fastagest í fríverslunarsamningum því að orðalag hennar er að heita má samhljóða 36. gr. Rómarsamningsins, 21. gr. fríverslunarsamnings Íslands við EB, 8. grein fríverslunarsamnings EFTA við Tyrkland og svipaðra samninga sem EFTA hefur gert við önnur lönd. Efnisinnihald 12. gr. stofnsamnings EFTA, Stokkhólmssáttmálans er og hið sama. Greinin gefur stjórnvöldum svigrúm til þess að beita hindrunum þegar mikið liggur við til þess að vernda m.a. almennt siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi, heilsu manna, dýra eða gróðurs, þjóðarverðmæti eða hugverkaréttindi. Hefð er fyrir því að túlka þessi ákvæði þröngt. Sýna verður fram á að

þær aðgerðir sem gripið er til séu ekki umfangsmeiri en nauðsyn krefur, að þær séu markvissar og að ekki sé önnur leið fær til þess að ná fram sömu áhrifum sem ekki veldur röskun á viðskiptum. Sérstaklega er tekið fram í 25. gr. hvenær grípa megi til magntakmarkana á útflutningi.
Um svipað efni fjalla m.a. eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 19.12.61, mál 7/61, Viande porcine et produits dérivés, B 1961, bls. 635)
(DEB, 10.12.68, mál 7/68, Æuvres d´art, B 1968, bls. 617)
(DEB, 19.12.68, mál 13/68, Salgoil, B 1968, bls. 661)
(DEB, 20.02.75, mál 12/74, Sekt und Weinbrand, B 1975, bls. 181)
(DEB, 20.05.76, mál 104/75, De peijper, B 1976, bls. 613)
(DEB, 25.01.77, mál 46/76, Bauhuis, B 1977, bls. 5)
(DEB, 27.10.77, mál 30/77, Bouchereau, B 1977, bls. 1999)
(DEB, 12.10.78, mál 13/78, Eggers, B 1978, bls. 1935)
(DEB, 23.11.78, mál 7/78, Regina/Thopmson, B 1978, bls. 2247)
(DEB, 20.02.79, mál 120/78, Cassis de Dijon, B 1979, bls. 649)
(DEB,14.12.79, mál 34/79, Henn & Darby, B 1979, bls. 3795)
(DEB, 10.07.84, mál 72/83, Campus Oil Lts, B 1984, bls. 2727)
(DEB, 06.11.84, mál 177/83, Kohl, B 1984, bls. 3651)
(DEB, 25.09.85. mál 34/84, Leclerc, B 1985, bls. 2915)
(DEB, 25.09.85, mál 114 og 115/84, Leclerc S.A et Carrefour supermarché S.A., B 1985, bls. 2961)
(DEB, 11.03.86, mál 121/85, Conegate, B 1986, bls. 1007)

Um 14. gr.

Hér er nánar útfærð almenn krafa EES-samningsins um að ekki sé mismunað eftir þjóðerni við óbeina skattlagningu eða gjaldtöku. Ákvæðið gefur stjórnvöldum fullt svigrúm til þess að haga skattheimtu með hvaða hætti sem er, svo fremi hún leggist með jöfnum þunga á innlenda og erlenda framleiðslu. Samsvarandi ákvæði er að finna í 19. grein fríverslunarsamnings Íslands við EB. Orðalag endurspeglar 95. gr. Rómarsamningsins. Greinina ber einnig að lesa með hliðsjón af 11. gr. samningsins, sem bannar allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif og magntakmarkanir. Þetta á við um skattlagningu sem hefur það í för með sér að erlend framleiðsluvara er látin sæta hærri álögum en sambærileg innlend vara. Hið sama gildir ef lagt er á gjald sem síðan nýtist aðeins eða er endurgreitt innlendum iðnaði, jafnvel þótt gjaldið sjálft leggist jafnt á innlenda sem erlenda framleiðslu. Hægt er að skattleggja vöru þótt ekki sé um neina samsvarandi framleiðslu að ræða innanlands ef gjaldið er hluti af almennu skattheimtukerfi sem rekið er án tillits til uppruna vöru.
Um svipað efni fjalla m.a. eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 22.03.77, mál Steinike, 78/76, B 1977, bls. 595)
(DEB, 07.05.87, Bananaskattur, mál 193/85, B 1987, bls. 2085)

Um 15. gr.

Efni greinarinnar er í beinu framhaldi af greininni á undan og tekur efnislega upp síðari hluta 19. greinar fríverslunarsamningsins við EB. Aftur er hér verið að tryggja að ekki sé mismunað með því að endurgreiða meiri skatt en þann sem lagður hefur verið á

vöru og með því móti niðurgreiða útflutning til annars samningsríkis. Orðalagið endurspeglar 96. gr. Rómarsamningsins. Ekkert hefur reynt á þetta ákvæði innan EB eftir að virðisaukaskattur var almennt tekinn upp.
Um svipað efni fjalla m.a. eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB. 01.12.65, Endurgreiðsla skatta til útfl., mál 45/64, Rec. 1965, bls. 1057)
(DEB. 16.06.66, mál 57/65, Lutticke, B 1966, bls. 293)
(DEB. 27.02.80, mál 168/78, Framkvæmdastj. gegn Frakklandi, B 1980, bls. 347)

Um 16. gr.

Þessi grein endurspeglar orðalag 37. gr. Rómarsamningsins en þar er kveðið á um að tryggja verði að ríkiseinkasala geri ekki greinarmun á grundvelli ríkisfangs hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar. Ákvæðið gildir einnig í þeim tilfellum sem ríkið hefur framselt öðrum einkarétt sinn eða stýrir á einn eða annan hátt inn- og útflutningi milli aðildarríkja EES. Grein þessi á hins vegar hvorki við um ríkiseinkarétt til framleiðslu, sem getur verið óskertur, né til þjónustu.

Taka verður tillit til þess hvernig ákvæðið hefur verið túlkað innan EB en þar hefur áherslan verið lögð á það að ávallt verði að vera hægt að stunda svokallaðan samhliða innflutning og veita einkaréttarhafanum þar með samkeppni. Í samningaviðræðum um EES hafa Norðurlöndin öll innan EFTA, sem öll hafa með hendi ríkiseinkasölu á áfengi, ekki talið að skuldbindingar samningsins gefi ástæðu til þess að breyta fyrirkomulagi áfengissölu, svo fremi einkasölurnar ábyrgist það að þær mismuni ekki áfengistegundum eftir uppruna þeirra. Bent hefur verið á að í raun sé um að ræða fyrirkomulag smásölu og því innanríkismál fremur en mál sem beint snerti alþjóðaviðskipti. Framkvæmdastjórn EB hefur í samningaviðræðum ekki dregið þessa túlkun í efa.

Til þess að tryggja stöðu sína enn frekar ef til þess kæmi að þetta atriði kæmi fyrir dómstóla hafa Norðurlöndin fjögur, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð, gefið yfirlýsingu við samninginn þar sem áréttað er að áfengiseinkasala sé mikilvægur þáttur í stefnu þessara ríkja í heilbrigðis- og félagsmálum.

Þess má geta að upp hefur komið dómsmál innan EB þar sem tóbakseinkasölu Ítalíu var gert að breyta starfsemi sinni vegna 37. gr. Rómarsamningsins. Þar var hins vegar um að ræða greinilega tilraun til þess að vernda innlenda tóbaksframleiðslu.

Vegna þessarar greinar verður skylt að svipta Áburðarverksmiðju ríkisins einkaleyfi til þess að flytja inn áburð. Tveggja ára aðlögunartími er þó til ársins 1995, sbr. bókun 8 við samninginn.

Nánar er rætt um ríkiseinkasölur að neðan.
Um svipað efni fjalla m.a. eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 17.02.76, mál 91/75, Göttingen, B 1976, bls. 217)
(DEB, 30.04.74, mál 155/73, Sacchi, B 1974, bls. 409)
(DEB, 03.02.76, mál 59/75, Manghera, B 1976, bls. 91)
(DEB, 21.03.72, mál 82/71, Sail, B 1972, bls. 119)
(DEB, 20.02.79, mál 120/78, Cassis de Dijon, B 1979, bls. 649)
(DEB, 13.03.78, mál 91/78, Hansen, B 1979, bls. 935)
(DEB, 13.03.79, mál 119/78, Peureux II, B 1979, bls. 975)

Um bókun 8
Ríkiseinkasölur

Nokkrar EFTA-þjóðir, Austurríkismenn, Íslendingar og Svisslendingar, fóru fram á aðlögunartíma til þess að aðlaga einkasölur sínar breyttum aðstæðum. Ísland fékk aðlögunartíma fyrir áburð, Austurríki fyrir salt en Sviss og Liechtenstein fyrir salt og byssupúður. Fékkst það fram til ársbyrjunar 1995 eins og greint er frá hér að framan.

Í bókuninni er tekið fram að 16. gr. samningsins eigi einnig við um vín og er það gert vegna þess að í raun fellur vín ekki undir almenn ákvæði samningsins þar sem í 8. gr. er tekið fram að ákvæði hans nái einungis til varnings í tollskrárflokkum 25-97 og þess varnings sem tilgreindur er í bókun 3, en vín fellur undir hvorugan flokkinn.

Um 2. kafla
Landbúnaðar- og sjávarafurðir

Allar meginreglur fríverslunar hafa til þessa miðast við iðnvarning en sérstakar reglur gilt um landbúnaðar- og sjávarafurðir. EES-samningurinn er engin undantekning frá þessari reglu. Reynt verður þó að greiða fyrir viðskiptum einnig á þessu sviði eftir föngum og er nánar kveðið á um það í þessum kafla.

Um 17. gr.

Grein þessi vísar til umfangsmikils viðauka um reglur þær sem gilda skulu um eftirlit með heilbrigði dýra og plantna. Við upphaf samningaviðræðna var talið víst að ógerlegt væri að samræma reglur á þessu viðkvæma og margslungna sviði en svo fór að lokum að EFTA-ríkin, öll nema Ísland, samþykktu að taka upp reglur EB um heilbrigði dýra, með nokkrum undantekningum þó. Ástæða þess að fast var haldið af Íslands hálfu í algera undanþágu var sérstaða íslenskra bústofna vegna langvarandi einangrunar og viðkvæmni fyrir farsóttum. Samningurinn breytir því engu um innflutningsbann það sem verið hefur, ekki aðeins á lifandi dýrum heldur einnig kjöti, eggjum og ýmsum búfjárafurðum. Íslensk löggjöf um fóður og plöntur, verður hins vegar samræmd EES reglum með fáeinum undantekningum.

Mikilvægt var hins vegar að tryggja hagsmuni íslensks sjávarútvegs, en heilbrigðiseftirlit með sjávarfangi fellur undir dýralæknadeildir EB. Því var sérstaklega tekið fram að reglur um sjávarafurðir skyldu einnig gilda um Ísland, þrátt fyrir ofangreinda undanþágu. Með þessu er tryggt að heilbrigðiseftirliti verður ekki beitt á Evrópumarkaði harðar gegn íslenskum sjávarafurðum en samsvarandi afurðum frá EB-löndum, en þess er nokkuð farið að gæta nú.

Rétt er að taka fram að landamæraeftirliti verður haldið áfram fyrir bæði dýr og plöntur.

Um I. viðauka
Heilbrigði dýra og plantna

Viðaukanum um heilbrigði dýra og plantna er skipt í þrjá meginkafla, þ.e. heilbrigði dýra, fóðurvörur og heilbrigði plantna.

1. Heilbrigði dýra

Í þessum kafla er fjallað um heilbrigði lifandi dýra, hollustu mjólkur-, eggja- og sláturafurða, varnir gegn útbreiðslu dýrasjúkdóma og útrýmingu þeirra, fiskafurðir, fiskeldi, notkun vaxtarhvetjandi efna, notkun fúkkalyfja í dýrafóður, eftirlit með efna- og lyfjaleifum í sláturafurðum, reglur um viðurkenndar rannsóknastofur, hreinræktun búfjár og ýmsar stjórnarnefndir.

Önnur EFTA-ríki munu fella allar reglur í þessum kafla inn í löggjöf sína, öll nema Ísland, sem halda mun sinni löggjöf óbreyttri. Þrjár tilskipanir sem mikilvægar eru vegna markaðssetningar og útflutnings sjávarafurða eru teknar með hvað Ísland varðar og íslenskri löggjöf breytt til samræmis. Hér er um að ræða:

a. tilskipun ráðsins um fiskafurðir 91/493/EBE:
b. tilskipun ráðsins um lindýr 91/492/EBE;
c. tilskipun ráðsins um fiskeldi 91/67/EBE.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, sem mun uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í ákvæðum fyrrgreindra tilskipana um eftirlit og sölu fiskafurða, þar með talin eldisfisks.

Undanþegin eru ákvæði í tilskipun 91/67/EB, þar sem fjallað er um lifandi fiska og krabbadýr, hrogn og kynfrumur fiska og krabbadýra til eldis eða til endurnýjunar stofna en þar mun núgildandi íslensk löggjöf gilda áfram óbreytt.

2. Fóðurvörur handa dýrum

Gerðir EB sem taldar eru upp í þessum kafla I. viðauka skulu samkvæmt samningnum öðlast gildi hér á landi 1. janúar 1993. Þó skal Ísland geta stuðst við eigin löggjöf hvað snertir blöndun sýklalyfja í fóður, sem skal endurskoða á árinu 1995, og um þráavarnarefni, bragðbætandi og lystaukandi efni, svo og litarefni, þar með talda dreifuliti, sem gildir fram til 31. desember 1995.

Lögum nr. 53/1978 um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær verður að breyta til að þau stangist ekki á við gerðir EB.
Þær breytingar felast í 2. gr. um eftirlit og 19. gr. um verslun með áburð.
Einnig þarf að taka lög nr. 43/1970 til endurskoðunar vegna einkasölu Áburðarverksmiðju ríkisins á áburði.

3. Plöntur

Í þessum kafla er fjallað um fræ og sáðvörur og gilda þar sömu athugasemdir og tekið var fram um 2. kafla hér að framan, að breyta þarf lögum nr. 53/1978 til samræmingar við gerðir EB.

EES-samningnum fylgir sameiginleg yfirlýsing um að meðan á endurskoðun gerða er snerta plöntur stendur yfir og þar til þeirri endurskoðun er lokið skal löggjöf einstakra aðildarríkja gilda óbreytt.

Um 18. gr.

Þar sem EES-samningurinn gildir ekki almennt um landbúnaðarafurðir þótti rétt í þessari grein að árétta að ekki verði settar frekari viðskiptahindranir en þær sem heimilar eru samkvæmt þeim sérstöku reglum sem kveðið er á um í I. viðauka um heilbrigði dýra og plantna, II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottun, bókun 12

um samninga við þriðju lönd um samræmismat eða bókun 47 um um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín.

Um 19. gr.

Frá upphafi samningaviðræðna þrýstu mörg aðildarríki EB á um að gera hlut landbúnaðar sem stærstan í þessum samningum og litu hýru auga til markaða EFTA-ríkja. Árangur þessarar viðleitni er lítill, ef frá er talið að EFTA-ríkin greiddu í sérstökum erindaskiptum götu nokkurra suðrænna landbúnaðarafurða inn á markaði sína. Til þess að miðla málum var sæst á þetta orðalag sem skuldbindur samningsaðila aðeins til þess að koma saman og ræða leiðir til þess að auðvelda viðskipti með landbúnaðarafurðir á tveggja ára fresti. Í fríverslunarsamningnum frá 1972 var í 15. gr. einnig kveðið á um það að samningsaðilar væru reiðubúnir til þess að þróa viðskipti með landbúnaðarafurðir, forðast mismunun við beitingu heilbrigðisreglugerða og leita lausna á þeim vandamálum sem upp kynnu að koma.

Ákvæði 4. mgr. eru byggð á þeim grundvallarforsendum sem ákvarðast af sjálfstæðri landbúnaðarstefnu hvers aðila um sig, niðurstöðum Úrúgvæ-viðræðnanna og EES-samningnum. Hins vegar hafa tíðkast milli samningsríkjanna 19, samningar af ýmsu tagi á landbúnaðarsviðinu, sem veitt hafa vissum ríkjum forgang. Sérstaklega var Austurríkismönnum annt um samninga þá sem þeir hafa gert við EB um forgangsaðgang að EB-mörkuðum fyrir tilteknar landbúnaðarafurðir. Einnig var þeim í mun að tryggja að gagnkvæmt jafnvægi yrði að ríkja á landbúnaðarsviðinu en óskyld vandamál væru ekki leyst með því að vísa á þetta svið.

Um bókun 42
Tvíhliða fyrirkomulag
varðandi tilteknar landbúnaðarvörur

Sjá athugasemdir við samninginn um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði.

Um 20. gr.

Hér er aðeins vísað til bókunar 9 en nánari skýringar við hana fara hér á eftir.

Um bókun 9
Viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir

Í könnunarviðræðum EFTA og Evrópubandalagsins 1989 um grundvöll fyrir stofnun Evrópsks efnahagssvæðis urðu aðilar sammála um það, að hvorki yrði stefnt að sameiginlegri landbúnaðarstefnu né sameiginlegri sjávarútvegsstefnu. Hver samningsaðili heldur þannig sinni eigin stefnu á þessum sviðum.

Ríki EFTA lögðu síðan höfuðáherslu á í samningaviðræðunum að tekin yrði upp fríverslun með sjávarafurðir innan EES á sama hátt og með sömu samkeppnisskilyrðum og giltu um iðnaðarvörur.

Haustið 1990 hafnaði Evrópubandalagið kröfu EFTA um fríverslun með sjávarafurðir, m.a. á þeirri forsendu að ekki stæði til að taka upp sameiginlega sjávarútvegsstefnu innan EES og hver aðili myndi því halda sinni stefnu. Kröfur EFTA taldi bandalagið jafngilda því, að höggið væri að rótum sjávarútvegsstefnu EB sem, eins og landbúnaðarstefnan, byggði á því að þessar atvinnugreinar væru sérstakar og yrðu að njóta verndar á ýmsan

hátt til að tryggja framboð matvæla, jafnvægi í byggð og lífskjör fyrir þá sem þessar atvinnugreinar stunda, sambærileg við þau sem fengjust við aðra starfsemi.

Þegar ljóst varð að bandalaginu varð ekki þokað með hreina fríverslun fyrir sjávarafurðir breyttu EFTA-ríkin kröfu sinni á þann veg að krefjast a.m.k. niðurfellingar allra tolla af sjávarafurðum innan EES. Evrópubandalagið svaraði þeirri kröfu á þann hátt, að tollaniðurfelling myndi raska því viðkvæma jafnvægi sem væri til staðar á sviði sjávarútvegs innan bandalagsins. Ef jafnvægi ætti að haldast eftir að tollfrelsi væri komið á yrðu EFTA-ríkin að veita sjómönnum bandalagsins fiskveiðiheimildir í lögsögu EFTA-ríkja svo að aukinn afli gæti bætt upp minni tollvernd.

Á sameiginlegum ráðherrafundi EFTA-ríkja og Evrópubandalagsins í Lúxemborg í júní 1991 komu Norðmenn nokkuð til móts við þessi sjónarmið EB með því að bjóðast til að bæta aðgang sjómanna frá ríkjum EB að norskum fiskimiðum. Svo virtist í Lúxemborg sem tekist hefði að leysa málin og að EFTA ríkin fengju tollfrjálsan aðgang að mörkuðum EB. Við nánari umræður innan EB urðu þær skoðanir hins vegar ofaná að hvorki væri tilboð Norðmanna nógu hátt til að réttlæta fullt tollfrelsi né væri undir neinum kringumstæðum unnt að veita fullt tollfrelsi fyrir allar fisktegundir inn á markað EB. Ýmis ríki á suðurvæng EB voru tilbúin til að veita fullt tollfrelsi ef meiri veiðiheimildir væru í boði en önnur ríki EB norðar í Evrópu neituðu fullu tollfrelsi, sama hvaða veiðiheimildir kynnu að vera í boði.

Allar tilraunir til að samræma þessi ólíku sjónarmið reyndust árangurslausar og var þessi deila helsta ástæða þess að EES-viðræður sigldu tímabundið í strand um sumarið.

Þegar samningaviðræður um sjávarútvegsmál hófust að nýju fyrir alvöru í september og október 1991 lögðu Norðmenn höfuðáherslu á tvennt, annars vegar að þar yrði þróunargrein sem gæfi þeim möguleika á að halda því fram að samningurinn stefndi að því - til lengri tíma litið - að allir tollar af sjávarafurðum yrðu felldir niður og hins vegar að fá tryggingu fyrir því að norskar fiskafurðir, ekki síst lax, sættu ekki undirboðsaðgerðum og jöfnunartollum. Önnur ríki EFTA studdu Norðmenn við að reyna að ná fram þessum kröfum. Evrópubandalagið gat hins vegar ekki fallist á þær nema ýmsir aðrir þættir kæmu þá inn í myndina líka. Þróunargrein gæti ekki átt við bættan markaðsaðgang nema bandalaginu væri jafnframt heimilt að ræða önnur atriði, m.a. aðgang að fiskimiðum og ekki væri unnt að lofa að beita ekki undirboðsaðgerðum eða jöfnunartollum nema ríkisstjórnir einstakra EFTA-ríkja skekktu ekki samkeppnisstöðu með ríkisstyrkjum umfram það sem bandalagið veitir sjálft samkvæmt sameiginlegri sjávarútvegsstefnu sinni, með markaðsskipulagi sem veitti framleiðendum í EFTA ríkjunum meiri lögbundinn stuðning við samkeppni en framleiðendur innan EB nytu, eða með því að neita hafnaraðstöðu og umflutningsrétti („transit") sem skip EFTA-ríkja hefðu óhindrað í ríkjum EB. Fleiri atriði töldu samningamenn EB að kynnu að geta komið til athugunar áður en ákvæði 26. gr. EES-samningsins og bókunar 13 gætu gilt um fisk, þ.e. að undirboðsaðgerðum eða jöfnunartollum yrði ekki beitt.

Hér fara á eftir skýringar og athugasemdir við einstakar greinar bókunarinnar.

Um 1. gr. bókunar 9

Hér er kveðið á um afnám hafta á innflutningi sjávarafurða til EFTA-landa og gildir það jafnt um tolla, gjöld, magntakmarkanir og aðrar aðgerðir sem hafa svipuð áhrif.

Evrópubandalagið sóttist eftir því að fá inn í þessa grein sérstök ákvæði um afnám útflutningsgjalda, útflutningstakmarkana og annarra aðgerða sem hefðu svipuð áhrif og vísaði þar til þess að almennt ákvæði þess eðlis er í 12. gr. samningsins. Þessu var vísað á bug af Íslands hálfu þar sem ekki þótti ráðlegt að skerða frekar svigrúm til útflutningsstjórnar frá því sem nú er, á meðan sömu samkeppnisskilyrði eru ekki að fullu tryggð innan EES í sjávarútvegi. Ennfremur var bent á að í 20. gr. samningsins er gert ráð fyrir sérstöku fyrirkomulagi varðandi sjávarafurðir í bókun 9. EB lét þessa kröfu sína niður falla og samþykkti textann eins og hann var upphaflega lagður fram af Íslands hálfu. Þess ber þó að geta að Evrópubandalagið hefur oftar en einu sinni látið í ljós, að beiting útflutningsleyfa til þess að tryggja hámarksverð sé ekki í samræmi við fríverslunarsamningana né GATT-skuldbindingar, án þess þó að sækja það mál af neinni hörku.

Um 2. gr. bókunar 9

Hér er kveðið á um tollalækkanir á innflutningi sjávarafurða til Evrópubandalagsins. Athygli er vakin á því að þegar um er að ræða 70% niðurfellingu tolla er miðað við það tollstig sem gildir samkvæmt gildandi tvíhliða samningum en ekki tolla samkvæmt almennri tollskrá EB. Ef tollar lækka í GATT-viðræðunum verður lækkaður tollur tekinn til viðmiðunar. Bætt er inn vísan til 13. gr. samningsins líkt og í 1. gr.

Um 3. gr. bókunar 9

Greinin kveður á um uppruna varnings sem bókunin nær til og vísar til bókunar 4 við samninginn um upprunareglur.

Um 4. gr. bókunar 9

Hér er kveðið á um að allir ríkisstyrkir til sjávarútvegs sem skekki samkeppni skuli afnumdir og löggjöf um markaðsskipulag í sjávarútvegi breytt til þess að skekkja ekki samkeppnisstöðu. Einnig er samningsaðilum uppálagt að tryggja þær samkeppnisaðstæður sem geri hinum samningsaðilunum kleift að forðast undirboðstolla. Þessi grein styrkir stöðu Íslands við gagnrýni á þá styrki sem einstök aðildarríki EB veita til sjávarútvegs en þau fjárframlög sem koma beint frá framkvæmdastjórn EB teljast ekki skekkja samkeppni samkvæmt eigin skilgreiningum EB.

Um 5. gr. bókunar 9

Hér er kveðið á um aðgang að höfnum og rétt til landana. Að kröfu Íslendinga er tekið fram að þetta gildi ekki um landanir fisks ríki ágreiningur um nýtingu viðkomandi fiskistofns. Orðalagið er byggt á orðalagi samsvarandi texta innan EFTA.

Aðalatriðið hér er að tryggt er að hægt er að stöðva landanir EB-skipa sem stunda veiðar með leyfi Grænlendinga ef ágreiningur kemur upp um nýtingu t.d. karfa eða rækju á miðum milli Íslands og Grænlands, en ekki hafa náðst samsvarandi samningar um þessa stofna og varðandi loðnu.

Um 6. gr. bókunar 9

Líkt og fyrr er tekið fram að sé lagalegri framkvæmd ákvæða þessarar bókunar áfátt að einhverju leyti skuli vísa því máli til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Náist ekki samkomulag geta aðrir samningsaðilar gripið til gagnaðgerða.

Um 7. gr. bókunar 9

Sérstaklega er tekið fram að þar sem fyrri samningar gefi meiri réttindi en þessi samningur skuli fyrri samningar gilda. Þetta tryggir meðal annars áframhaldandi tollfrelsi á rækjum, bæði frystum og niðurlögðum, lýsi og fiskimjöli en allar þessar afurðir njóta tollfrelsis samkvæmt bókun 6 við fríverslunarsamning Íslands við EBE en falla almennt ekki undir Fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við EBE. Athygli er ennfremur vakin á því að á listanum sem kemur fram í 3. viðbæti við bókunina um fyrri samninga sem áfram skuli gilda er einungis vitnað til 1. gr. bókunar 6, sem kveður á um tollalækkanir en ekki til 2. gr. sem vísar til efnahagsvandkvæða EB vegna útfærslu fiskveiðlögsögu Íslands. EB hefur gjarnan vitnað til síðari greinarinnar þegar það hefur gengið eftir kröfum um fiskveiðiheimildir við Ísland.

Um 1. viðbæti við við bókun 9

Hér er kveðið á um undanþágur og aðlögunartíma EFTA-þjóða frá tollalækkunum. Finnar hafa aðlögunartíma svipað og í EFTA-samningum fyrir lax og síld, Sviss fyrir vatnafisk. Sviss hefur einnig leyfi til þess að leggja breytilegt gjald á fiskimjöl og lýsi frá EB og Svíþjóð hefur leyfi til magntakmarkana á síld og þorsk fram til ársloka 1993 ef það reynist nauðsynlegt til að forðast markaðshrun.

Um 2. viðbæti við bókun 9

Þessi viðbætir hefur að geyma þrjár töflur og sérstakt fylgiskjal við þá þriðju. Hin fyrsta er tæmandi upptalning sjávarafurða samkvæmt fríverslun með sjávarafurðir innan EFTA. Tollar og magntakmarkanir falla niður af öllum þessum vörum við innflutning inn til EFTA-landa frá EB.

Önnur taflan telur upp þær sjávarafurðir sem tollar falla niður af við innflutning inn til EB frá EFTA-löndum. Þar á meðal eru margar þær afurðir sem þyngstan toll hafa borið við innflutning til EB og nægir að nefna saltaðan þorsk, saltfiskflök og fersk þorsk-, ýsu- og ufsaflök.

Þriðja taflan er tæmandi skrá yfir allar sjávarafurðir í 3. kafla tollskrár og nær allar í 16. kafla (vantar 1603-fiskisafa). Af öllum þessum afurðum fæst 70% tollafsláttur, sem kemst að fullu til framkvæmda 1.1.1997. Samningurinn nær ekki til hvalkjöts (tollfl. 0208), lýsis (tollfl. 1504 og 1516) né fiskimjöls (tollfl. 2301), en þessar afurðir falla undir bókun 6 í fríverslunarsamningnum við EBE, þannig að ekki kemur að sök.

Loks eru í sérstöku fylgiskjali við þriðju töflu taldar upp þær afurðir sem falla utan samnings og er um að ræða síld, lax, makríl, hörpudisk, rækju og leturhumar og afurðir unnar úr þeim. Það hefur þó fengist staðfest að söltuð síldarflök sem falla undir tollfl. 0305 3090 eru tollfrjáls.

Nákvæm skilgreining á því hvað falli undir einstök tollskrárnúmer er víðtækara mál en svo að um það sé yfirleitt samið í viðskiptasamningum milli einstakra ríkja eða ríkjasamtaka. Tollasamvinnuráðið (Customs Cooperation Council) er sá alþjóðavettvangur þar sem sú vinna er framkvæmd og hafa verið gefnar út víðtækar skilgreiningar og leiðbeiningar um tollaflokkanir á vegum ráðsins.

Nokkrar vísbendingar um flokkun einstakra tegunda saltsíldarflaka með aukaefnum er að finna í útgefnum leiðbeiningum Tollasamvinnuráðsins „Harmonized commodity description and coding system, explanatory notes". Í skýringum við kafla 03.05. segir

m.a.: „The salt used in the preparation of fish, salted or in brine, may contain added sodium nitrite or sodium nitrate. Small quantity of sugar may be used in the preparation of salted fish without affecting the classification of the fish in this heading". Síðar í skýringum Tollasamvinnuráðsins stendur: „The heading does not cover:
(a) Cooked fish (subject to the above provisions regarding smoked fish) and fish prepared in any other way, for example preserved in oil or vinegar or in a marinade, and caviar substitutes (heading 16.04)."

Síldarútvegsnefnd (SÚN), sem flokkar söltuð síldarflök eftir mismunandi framleiðsluaðferðum, vill að eftirtalin flök, við innflutning til EB-ríkja, flokkist undir tollflokk CN 0305 30 90 og njóti þannig tollfrelsis:

1.	Saltflök				
	- léttsöltuð	saltinnihald	7-10%		
	- millisöltuð	"	10-13%		
	- harðsöltuð	"	13-16%		
2.	Sykurflök	"	10-13%	sykur	1-3,5%
3.	Kryddflök	"	10-13%	"	1-3,5%
4.	Edikflök	"	4-8%	"	0,5-2,5%

Í byrjun desember 1991 leitaði sendiráðið í Brussel eftir áliti skrifstofu Tollasamvinnuráðsins á tollskrárflokkun saltsíldarflaka samkvæmt framangreindri lýsingu Síldarútvegsnefndar. Samkvæmt því telur skrifstofa ráðsins rétt að flokka saltflökin, sykurflökin og kryddflökin undir 0305 (og þar með yrðu þau tollfrjáls í EES). Á hinn bóginn telur skrifstofan rétt, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, að flokka edikflök undir tollskrárflokk 16.04. Sá tollflokkur er utan EES-samnings að því er síld varðar, en hins vegar njóta íslensk edikflök þá tollívilnunar við innflutning til EB á grundvelli bókunar 6, þ.e. 10% í stað 20%, en sú bókun gildir áfram jafnhliða EES-samningnum.

Samkvæmt framansögðu virðist nokkuð ljóst að fyrstu þrír flokkarnir á lista Síldarútvegsnefndar eiga að falla undir 0305 og njóti tollfrelsis. Sama gildir ekki um fjórða flokkinn, ediksöltuð flök, en þar gæti oltið nokkuð á skilgreiningu ediksins sem notað er, þ.e. hvort um er að ræða landbúnaðarvöruna edik = vinegar eða kemiskt framleidda sýru. Síðari möguleikinn yki líkurnar á flokkun í 0305. Þetta atriði þarf nánari athugunar við en formleg niðurstaða fæst væntanlega ekki fyrr en endurskoðun á aukaefnaskrá EB hefur verið lokið.

Saltsíldarútflutningur til EB hefur ekki verið mikill á undanförnum árum. Þannig hefur saltsíldarútflutningur til EFTA-ríkja verið tífalt meiri en til EB og útflutningur til Austur-Evrópu fjórtánfaldur. Nokkrar vonir eru þó bundnar við þróun síldarmarkaðar í Þýskalandi. Þegar og ef Svíþjóð og önnur Evrópuríki ganga í EB verða af sjálfu sér teknar upp að nýju samningaviðræður þar sem tillit verður tekið til þess að tollar eru engir á síld innan EFTA.

Makrílveiðar hafa litlar sem engar verið hér við land og er sú undanþága því léttvæg. Sama máli gegnir um rækju því að samkvæmt bókun 6 við samninginn við EBE er bæði fryst og niðurlögð rækja frá Íslandi tollfrjáls nú þegar. Ennfremur er staðfest að íslenskur hörpudiskur (Chlamys Islandica) fellur undir tollflokk 03072990 en ekki 03072100 (pecten maximus) og nýtur því 70% tollalækkunar eins og aðrar sjávarafurðir á töflu III við bókun 9. Íslenskur leturhumar nýtur hins vegar engra tollalækkana samkvæmt þessum samningi,

sem vissulega er bagalegt þar sem t.d. Frakklandsmarkaður verður æ mikilvægari. Andstöðu EB við að lækka tolla á þessari afurð má rekja til byggða- og verndarstefnu franskra stjórnvalda sem er umhugað um að vernda svæði nokkur í Bretagne sem óttast samkeppni frá EFTA-löndum. Þegar fram í sækir er vel mögulegt að ná fram tollkvóta og aðrar ívilnanir. Loks er það laxinn sem engra tollfríðinda nýtur. Þetta kemur mun harðar niður á Norðmönnum en Íslendingum því að á flestum þeim laxafurðum sem fluttar hafa verið út frá Íslandi hefur aðeins verið 2% tollur.

Um 3. viðbæti við bókun 9

Hér eru taldir upp samningar milli EFTA-ríkjanna og EB sem snerta sjávarútveg. Taldir eru upp fríverslunarsamningar Sviss, Svíþjóðar og Noregs og þau bréfaskipti um landbúnaðar- og sjávarútvegsmál, sem þessi þrjú ríki hafa gengið frá síðan. Það er með ráðum gert að þegar kemur að fríverslunarsamningi Íslands og EB er aðeins vísað til 1. gr. bókunar 6, en hún kveður á um tollalækkanir. Ákvæði 2. gr. bókunar 6 fjalla um óleystan efnahagsvanda EB vegna útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögu og tengir lausn hans gildistöku bókunarinnar. EB hefur túlkað þessa grein svo að það eigi kröfu á hendur Íslandi um fiskveiðiheimildir hér við land en þeim kröfum hefur sem kunnugt er ævinlega verið vísað á bug. Það að ekki er lengur vísað til þessarar greinar er óbein viðurkenning EB á því að hún eigi ekki lengur við og sé úrelt.

Um sameiginlega yfirlýsingu um túlkun á 1. og 2. mgr. 4. gr. bókunar 9

Hér er sérstaklega áréttað að EFTA-ríkin taka ekki upp sameiginlega fiskveiðistefnu EB. Innan EB eru þó í gildi samkeppnisreglur á sjávarútvegssviðinu sem takmarka t.d. svigrúm til ríkisstyrkja (þótt beinir styrkir frá stofnunum EB séu þar undanþegnir) og skipulagðra ríkisaðgerða til að skipuleggja markaði. Tekið verður tillit til þessara reglna þegar metið er hvað skekkir samkeppnisstöðu og hvað ekki. EB-ríkin, einkum Danmörk, hafa ásakað Noreg um að misnota ríkisstyrki til sjávarútvegs og vilja halda möguleikum opnum til gagnaðgerða. Norðmönnum er hins vegar mjög í mun að tryggja sig gegn slíkum aðgerðum. Eina leiðin sem Norðmönnum er fær er að laga sig sem mest að reglum EB á þessu sviði. Geti þeir sýnt fram á að þessar reglur séu virtar er ekki grundvöllur fyrir gagnaðgerðir af hálfu EB.

Um yfirlýsingu Evrópubandalagsins og ríkisstjórna Austurríkis, Finnlands, Liechtensteins, Svíþjóðar og Sviss um hvalaafurðir

Tekið er fram að fimm EFTA-ríki og EB framfylgi banni við innflutningi hvalafurða og muni halda því áfram. Þetta var áður neðanmálsgrein í 2. viðbæti bókunar 9 en krafa EB var að textinn yrði settur upp sem sameiginleg yfirlýsing allra samningsaðila. Ekki var á það fallist af Íslands hálfu að slík yfirlýsing gæti verið sameiginleg þar sem það hefði mátt túlka sem samþykki við slíku banni.

Um bókun 46
Þróun samvinnu í sjávarútvegi

Í samantekt um samningsniðurstöður var tekið fram hvernig texti þessi ætti að hljóma og er það að ósk EB að hann er nú settur upp sem sérstök bókun. Vildi EB upphaflega

hafa yfirskriftina „Bókun um fiskveiðar" en því var hafnað af hálfu EFTA þar sem það gæti gefið villandi hugmyndir um inntak hennar. Hér er lýst yfir vilja til þess að efla samstarf í sjávarútvegi innan ramma sjávarútvegstefnu samningsaðila.

Um yfirlýsingu Evrópubandalagsins varðandi umflutninga í sjávarútvegi

Hér vísar EB til 6. gr. í bókun 9 og áskilur sér rétt til gagnaðgerða hafi ekki náðst samkomulag um gegnumflutning fisks áður en samningurinn gengur í gildi.

Um 3. kafla
Samvinna á sviði tollamála og auðveldun viðskipta

Um 21. gr.

Eins og fram hefur komið verður landamæraeftirlit við lýði á EES-svæðinu en leitast verður við að tryggja að það hindri viðskipti sem minnst. Í því skyni hefur verið samið um aðferðir til þess að einfalda eftirlit og formsatriði á landamærum. Nánar er gerð grein fyrir þessu í skýringum við bókun 10.

Í 2. mgr. er vísað til ákvæða í bókun 11 um samstarf tollvarða og rétta framkvæmd tollalöggjafar. Slíkt samstarf er nauðsynlegt ef hægt á að vera að halda uppi virku eftirliti, bæði með gjaldtöku og innflutningstakmörkunum. Einnig er gert ráð fyrir að saman verði unnið að því að einfalda viðskiptahætti, þ.m.t. ýmis skjöl og yfirlýsingar sem fylgja verða varningi. Nánar er gerð grein fyrir þessu í skýringum við bókun 11. EFTA-ríkin og EB hafa nú þegar gengið frá tveimur samningum til þess að auðvelda viðskipti, nefndir „SAD" og „Transit" frá 1987.

Einnig er vísað til þess almenna samstarfs sem verður milli EES-ríkja utan hins fjórþætta frelsis og rakið er í VI. hluta samningsins, en innan EB hafa verið starfrækt samstarfsverkefni, t.d. um tölvuvæðingu tollgagna (TEDIS).

Sérstaklega er tekið fram að grein þessi nái til allra vara, þ.m.t. sjávarafurða og landbúnaðarafurða.

Um bókun 10
Einföldun skoðunar og formsatriða vegna vöruflutninga

Til að auðvelda viðskipti samningslandanna munu þau einfalda landamæraeftirlit og formsatriði við flutning vara um landamæri. Ákvæði um þetta eru í 21. gr. samningsins og bókun 10 þar sem settar eru nánari reglur um framkvæmd og samskipti.

Ákvæði bókunarinnar munu auðvelda flutning varnings og farartækja um landamæri og með því er stefnt að því að auðvelda viðskipti innan svæðisins. Bókuninni er ætlað að tryggja það, þó án þess að nauðsynlegt eftirlit með innfluttum varningi verði fyrir borð borið eða að ólöglegur innflutningur geti flætt óhindrað á milli landa.

Ákvæði bókunarinnar taka aðallega til afgreiðslu vara og farartækja á raunverulegum landamærum milli landa og munu því ekki hafa mikil áhrif á tollafgreiðslur hér á landi, t.d. varðandi opnunartíma landamærastöðva og hraðlínur á landamærum.

Tollyfirvöld skulu viðurkenna sérstakar skoðanir, t.d. að því er varðar plöntuheilbrigði, sem gerðar hafa verið í öðru landi, nema sérstakar ástæður liggi fyrir. Einnig er gert ráð

fyrir að skoðanir tollyfirvalda á innfluttum vörum verði gerðar með úrtaki til að afgreiðsla geti gengið hraðar fyrir sig og komið verði í veg fyrir hindranir í viðskiptum á milli landa.

Í bókuninni er auk þess að finna ákvæði um samskipti og samvinnu tollyfirvalda.

Um bókun 11
Gagnkvæm aðstoð í tollamálum

Á liðnum árum hefur Ísland gert samninga við önnur lönd um gagnkvæma aðstoð í tollamálum auk þess að gerast aðili að ályktun Tollasamvinnuráðsins frá árinu 1953 um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð. Þó að sú ályktun taki til margra landa og hafi oft gagnast tollyfirvöldum hér á landi þá hefur hún takmarkaðra gildissvið en sérstakir tvíhliða samningar sem síðar hafa verið gerðir. Nú eru í gildi þrír samningar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum á milli Íslands og Þýskalands, milli Íslands og Póllands og Norðurlandasamningur.

Áður nefndir samningar hafa reynst tollyfirvöldum hér á landi mjög gagnlegir þegar þurft hefur að afla upplýsinga eða sönnunargagna vegna innflutnings frá þessu löndum hingað til lands. Hins vegar hefur oft þurft að leita fanga í þessu efni hjá fleiri Evrópulöndum og þrátt fyrir að samningar um aðstoð hafi ekki verið gerðir hefur íslenskum tollyfirvöldum verið veitt margvísleg aðstoð og upplýsingar. Styrkari stoðum er skotið undir samstarf í tollamálum við lönd EFTA og Evrópubandalagsins með þessari bókun. Efni hennar er að flestu leyti sambærilegt við þá samninga sem Ísland hefur áður gert. Þó að telja verði að tollasamstarf Íslands við aðrar þjóðir hafi verið til verulegs ávinnings fyrir tollyfirvöld hér á landi þá höfum við ekki eingöngu verið þiggjendur heldur getað veitt samstarfsaðilum okkar upplýsingar oft og tíðum. Ljóst er að tollasamstarf milli þjóða mun verða enn mikilvægara í framtíðinni en verið hefur þar sem tolleftirlit á landamærum í Evrópu mun minnka innan EES og jafnvel hverfa innan EB í framtíðinni.

Um 22. gr.

Þar sem ekki er um tollabandalag að ræða milli EFTA-ríkja og EB verða tollar gagnvart ríkjum utan svæðisins ekki samræmdir. Þar sem viðskipti eru hins vegar eins mikil og raun ber vitni milli samningsaðilanna þykir rétt að samráð sé haft áður en meiri háttar breytingar eru gerðar á innheimtu tolla gagnvart ríkjum utan svæðisins. Því er þetta ákvæði sem skyldar til þess að tilkynna um tollalækkanir 30 dögum fyrir framkvæmd. Ákvæði 12. gr. fríverslunarsamningsins við EB frá 1972 eru svipaðs eðlis þó þau séu ekki eins afdráttarlaus.

Um 4. kafla
Aðrar reglur um frjálsa vöruflutninga

Um 23. gr.

Hér er vísað til ákvæða og fyrirkomulags í bókunum 12 og 47 og II. og III. viðauka og tekið fram að þau skuli ná til alls varnings, þ.e.a.s. ekki aðeins þess sem vísað er til í 8. gr. samningsins heldur einnig þess sem fellur undir tollflokka 1-24.

EES-samningurinn hefur ekki í för með sér samræmingu á viðskiptastefnu gagnvart ríkjum utan svæðisins en æskilegt er þó að samráð sé haft um ýmsa hluti, þ.m.t. hvað varðar samninga við lönd utan svæðisins um samræmismat. Í bókun 12 er gert ráð fyrir því að þegar EB semur við þriðju lönd um gagnkvæma viðurkenningu merkinga og samræmismats verði samhliða gengið frá svipuðum samningum milli þessara ríkja og EFTA-ríkjanna. Náið samráð verður haft við gerð slíkra samninga milli EB og EFTA-ríkja. Komi upp ágreiningur verður reynt að leysa hann í sameiginlegu nefndinni.

Að slepptum tollum og magntakmörkunum hafa svonefndar tæknilegar viðskiptahindranir helst staðið í vegi fyrir viðskiptum. Í mörgum tilfellum hefur tæknilegum reglugerðum um framleiðslu vöru og ákvæðum um staðla, prófanir og vottanir verið beitt til þess að hindra innflutning og beint eða óbeint vernda innlenda framleiðslu. EB og EFTA-ríkin hafa unnið að því um alllangt skeið að ryðja úr vegi hindrunum sem þessum. EFTA-ríkin gengu árið 1988 frá samningi sín á milli um gagnkvæma viðurkenningu prófana og vottana og 1989 var gengið frá samningi milli EB og EFTA-ríkja um gagnkvæma upplýsingagjöf um nýjar tæknilegar reglugerðir. Samningaviðræður hafa staðið yfir lengi milli sérfræðinga um samræmingu á einstökum sviðum en þeim hefur miðað hægt áfram. Einn umfangsmesti hluti EES-samningsins eða um helmingur gerða þeirra sem vísað er til fjallar einmitt um þetta og eru þær taldar upp í II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottun. Viðaukinn er í 27 þáttum, frá vélknúnum ökutækjum og landbúnaðardráttarvélum til lyfja og áfengra drykkja. Nánar er um þetta fjallað í skýringum við II. viðauka.

Í greininni er einnig vísað til bókunar 47 um afnám hindrana í viðskiptum með vín, einkum hvað varðar vöruskilgreiningu og markaðssetningu, en ákvæði hennar snerta ekki gjaldtöku eða tolla.

Loks er vísað til III. viðauka um skaðsemisábyrgð en íslensk löggjöf hefur nú þegar verið færð til samræmis við EB-reglur á þessu sviði.

Um bókun 12
Samningar við þriðju lönd um samræmismat

Sjá athugasemdir við 23. gr.

Um II. viðauka
Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun

Inngangur

Efni það sem hér um ræðir er oftast nefnt samheitinu tæknilegar viðskiptahindranir og er flokkað í 27 þætti í II. viðauka. Áður en vikið verður að einstökum þáttum skal farið um efnið nokkrum almennum orðum.

Löggjöf, reglugerðir og staðlar eru mismunandi eftir löndum. Þetta hefur í för með sér að gerðar eru mismunandi kröfur til varnings sem á markaði er, hvaða viðurkenningar hann nýtur og hvaða eftirlit með honum er haft uppi. Allt þetta getur dregið úr eðlilegum og æskilegum viðskiptum milli landa. Til ýmissa ráða hefur verið gripið til að eyða eða koma í veg fyrir slíkar tæknilegar viðskiptahindranir. Hin helstu eru:

- Víðtæk samvinna milli stjórnvalda einstakra landa til að stuðla að samræmingu reglna, sem gilda í þessum efnum.

- Setning sameiginlegra reglna til prófunar, gagnkvæmrar viðurkenningar og eftirlits með varningnum.
- Sérstakir samskiptahættir um upplýsingagjöf landa milli um nýjar tæknireglugerðir og staðla.

Unnið hefur verið að afnámi tæknilegra viðskiptahindrana bæði í GATT, EB/EFTA og meðal Norðurlandaþjóðanna. Samræmd löggjöf hefur verið ofarlega á blaði innan EB og skipar verulegan sess við framkvæmd hins svonefnda innri markaðar. Síðan 1984 hafa EFTA-löndin og EB átt náið samstarf um afnám tæknilegra viðskiptahindrana á vettvangi Lúxemborgarferlisins.

Hér verður á eftir vikið nánar að því hvernig mál þessi hafa þróast innan EFTA og hvernig samstarfinu við EB hefur verið háttað.

Samræmdar vörukröfur

Árið 1985 samþykkti Evrópubandalagið áætlun um að koma á svokölluðum „innri markaði". Í áætluninni voru tillögur um á þriðja hundrað aðgerða til að gera raunverulegan sameiginlegan markað að veruleika. Ákveðið var árið 1986 að breyta Rómarsamningnum á þann veg að tilskipanir mætti að jafnaði setja með auknum meirihluta í stað þess að vera samþykktar samhljóða. Með afgreiðslu slíks meirihluta hefur öll ákvarðanataka reynst miklu skilvirkari.

Þá voru í maímánuði 1985 settar nýjar grundvallarreglur um samræmingu lagabálks EB - hin svonefnda „nýja aðferð" („New Approach"). Í aðferðinni felst í stórum dráttum að hinar almennu kröfur (grundvallarkröfur) vegna heilbrigði, öryggis og umhverfis eru settar fram í svonefndum rammatilskipunum. Einstökum aðildarríkjum er látið það eftir hvernig þetta er framkvæmt, þ.e. hvernig grundvallarkröfunum er fullnægt, en oftast koma evrópsku staðlastofnanirnar, CEN (Evrópska staðlaráðið), CENELEC (Evrópska rafstaðlaráðið) og ETSI (Evrópska fjarskiptastaðlastofnunin) við sögu og setja nánari tæknilegar reglur um útfærslu í formi evrópskra staðla. Varningur sem fellur undir eða er háður tilskipunum samkvæmt nýju aðferðinni (nýaðferðartilskipunum) og framleiddur er samkvæmt evrópskum staðli óhindraðrar umsetningar innan EB og sama mun gilda innan EES.

Nú þegar hefur EB beitt nýju aðferðinni á vörusviðunum vélar, byggingarvörur, notendabúnaður fyrir síma, lækningatæki og leikföng. Farið er að vinna að tilskipunum í þessum dúr fyrir skemmtibáta, skipabúnað, togbrautir og bólstruð húsgögn.

Fyrir önnur vörusvið hafa verið settar miklu nákvæmari reglur í EB samkvæmt eldri aðferð. Reglur af því tagi gilda t.d. fyrir matvæli, hættuleg efni, ökutæki og lyf, svo að dæmi séu nefnd. Fyrir þessi vörusvið mun bandalagið setja í auknum mæli rammatilskipanir með tilheyrandi sértilskipunum um tæknilega útfærslu. Evrópskum staðlastofnunum mun m.ö.o. ekki verða falið að setja staðla að þessu leyti.

Með Lúxemborgarferlinu var eins og áður segir stofnað til náinnar samvinnu milli EFTA og EB um sameiginlegar aðgerðir til að greiða fyrir viðskiptum og auka skilning og innsýn í lög og reglur sem gilda í EFTA-löndum og aðildarríkjum bandalagsins. Þessi samvinna hefur fyrst og fremst beinst að almennum upplýsingaskiptum svo og til þeirra sviða þar sem EB hefur sett tilskipanir samkvæmt nýju aðferðinni. EFTA og EB standa t.d. þannig að verki í þessum efnum að samtímis eru sendar stöðlunarbeiðnir til evrópsku

staðlastofnananna um setningu staðla sem nauðsynlegir eru vegna nýaðferðartilskipana. Ísland er eins og önnur EFTA-lönd og aðildarríki EB fullgildur aðili að þessum samtökum.

Í EES-samningi felst að þessi nána samvinna verður enn aukin milli samningsaðilanna um þróun og setningu sameiginlegra reglna. Samræmdar reglur á þessu sviði munu hafa í för með sér samræmdar vörukröfur og eftirlitskerfi fyrir þær og skapa grundvöll að raunverulega frjálsri umsetningu varnings innan EES.

Eftirlitskerfi og notkun CE-merkis

Það hefur sýnt sig að sameiginlegar vörureglur og staðlar er hvorugt einhlítt til að tryggja frjálsa umsetningu vara milli landa. Til þess að fylgjast með að tilteknum kröfum í tilskipun sé fullnægt og farið sé eftir tæknilýsingum í stöðlum er nauðsynlegt að koma á fót eftirlitskerfum sem tryggja að svo sé. Í EB hafa því verið settar almennar viðmiðunarreglur um prófanir og eftirlit sem byggjast á samræmdum kröfum til rannsóknastofa og gæðatryggingarkerfa. Gert er ráð fyrir náinni samvinnu milli þeirra stofnana í einstökum löndum sem annast prófanir og eftirlit. Þetta nána samstarf er forsenda þess að treysta megi prófunum og skoðunum sem framkvæmdar hafa verið í öðrum löndum. Svonefnd faggilding er aðferð til að slá því föstu að eftirlitsstofnun standist settar evrópskar kröfur. Nú er óðum verið að setja á laggirnar slíkar faggildingarstofnanir í Evrópulöndum.

Vörur sem háðar eru nýaðferðartilskipunum og framleiddar í fullu samræmi við þær mega bera svonefnt CE-merki. Merkið tryggir ekki gæði heldur sýnir það að óhætt er að nota vöruna vegna þess að útfærsla grundvallarskilyrðanna hefur verið tryggð.

EFTA-löndin gerðu með sér samning 1988 um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi (Tampere-samninginn) til að efla samvinnu á þessu sviði. Þá gerðu EFTA-löndin, Evrópubandalagið og evrópsku staðlaráðin með sér samkomulag um stofnun Evrópusamtaka fyrir prófanir og viðurkenningar (European Organization for Testing and Certification, EOTC). Íslendingar eru aðilar að stofnuninni.

Upplýsingaskylda um tæknilegar reglugerðir

Til þess að hamla gegn nýjum tæknilegum viðskiptahindrunum gerðu EFTA og EB með sér samning í júlí 1989 um að ekkert aðildarland gæti sett tæknilega reglugerð fyrr en henni hefði verið dreift til hinna landanna til umsagnar. Frestur til að koma athugasemdum á framfæri er almennt þrír mánuðir. Ef nauðsynlegt reynist að setja reglugerð með skömmum fyrirvara af heilbrigðis-, öryggis- eða umhverfisástæðum er hægt að láta reglugerð taka gildi umsvifalaust, en nauðsyn þess þarf að rökstyðja sérstaklega. Upplýsingaskylda þessi helst óbreytt í EES-samningnum.

Hér fer á eftir umsögn um einstaka þætti II. viðauka.

Ökutæki og dráttarvélar

Vélknúið ökutæki sem er gerðarviðurkennt í einhverju landi innan Evrópska efnahagssvæðisins á í framtíðinni, án tæknilegra hindrana, að fá viðurkenningu til skráningar hér á landi. Ekki verður séð að þetta skapi vandkvæði, en getur þegar fram

líða stundir aukið festu, þægindi og öryggi við innflutning vélknúinna ökutækja. Samræmd gerðarviðurkenning er samt ekki enn þá komin til framkvæmda í EB-löndum.

Ekki gilda alveg sömu reglur um búnað ökutækja í Bandaríkjunum og í Evrópu. Ísland hefur haft þá sérstöðu að viðurkenna ökutæki til skráningar hér á landi sem búin eru samkvæmt bandarískum reglum (stöðlum). Áfram verður unnt að flytja til landsins ökutæki frá löndum utan svæðis þó útbúnaður sé annar.

Með hliðsjón af ákvæðum í II. viðauka samningsins þarf að aðlaga íslenskar reglur um gerð og búnað ökutækja. Heimild er til þess í umferðarlögum.

Engin tæknileg vandkvæði eru sjáanleg á innflutningi á dráttarvélum.

Lyfti- og flutningabúnaður, gastæki, byggingarsvæði og búnaður, aðrar vélar, þrýstihylki, persónuhlífar og vélar

Við skoðun á tilskipunum EB sem snerta ofangreinda þætti er ljóst að breyta þarf flestum tæknilegum reglum Vinnueftirlits ríkisins varðandi vélar og tæki, eða semja nýjar. Þetta er talið hafa í för með sér mjög umfangsmikla vinnu á næstu misserum, svo og vegna útkomu nýrra Evrópustaðla sem fjalla um þessa málaflokka og tengjast þessari löggjöf. Ljóst er að Evrópustaðlar sem fjalla um öryggisbúnað véla og tækja munu bæta mjög og verða mun ítarlegri en núgildandi reglur. Sérstaka athygli má hér vekja á tilskipun EB um persónuhlífar og Evrópustaðla sem verið er að semja fyrir þann málaflokk. Engar íslenskar sérreglur hafa fram að þessu verið til á þessu sviði þótt nauðsynlegar hafi verið.

Þess skal getið að hjá Vinnueftirliti ríkisins var á sl. ári samin ítarleg greinargerð um EB og vinnuvernd. Þar er m.a. að finna greinargóðar upplýsingar um þær tilskipanir EB sem fjalla um ofangreinda þætti II. viðauka.

Mælitæki

Öll EFTA-ríki og aðildarríki EB hafa með sér náið samstarf innan Alþjóðamælifræðistofnunarinnar, (OIML), og hafa notað niðurstöður hennar við reglugerðasmíði. Löggildingarstofan hér á Íslandi hefur fylgst með undirbúningi nýrra reglna á þessu sviði innan EB. Á grundvelli þeirra er gert ráð fyrir setningu Evrópustaðla sem fari í öllu eftir ábendingum OIML.

Heimilistæki og rafmagnsvörur

Tilskipun EB 74/23/EBE er megintilskipun í viðfangsefnunum „Heimilistæki" og „Rafmagnsvörur" og fjallar hún um meðferð raffanga og rafkerfa, svonefnd „lágspennutilskipun". Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar verða rafföng og rafkerfi að uppfylla kröfur um að þau veiti mönnum, dýrum og mannvirkjum nógsamlega vernd til að koma í veg fyrir tjón og slys. Um þessi mál fjallar fjöldi samræmdra staðla, sem þegar hafa verið settir hérlendis eða eru í vinnslu. Vegna krafna um afnám tæknilegra viðskiptahindrana verður lögð áhersla á ábyrgð framleiðenda, innflytjenda og dreifenda á að varan sé í fullu samræmi við kröfur.

Önnur megintilskipun EB í þessum málaflokkum er tilskipun 89/336/EBE, um rafsegulsviðssamhæfi. Með þessari tilskipun er leitast við að koma í veg fyrir að rafföng valdi rafsegultruflunum eða verði fyrir áhrifum frá þeim. Þetta á m.a. við um það að opinber fjarskiptakerfi og -tæki séu varin gegn rafsegultruflunum.

Rafmagnseftirlit ríkisins hefur í áratugi haft eftirlit með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum í samræmi við reglugerð um raforkuvirki og alþjóðlegar reglur, staðla og hefðir. Við gildistöku tilskipana EB má ætla að starfsemi stofnunarinnar muni breytast á næstu árum. Má þar einkum nefna að þörf á raffangaprófun minnkar, þar sem gera má ráð fyrir að æ fleiri rafföng komi til landsins fullprófuð samkvæmt samræmdum kröfum ríkjanna. Frumprófana verður því ekki þörf nema að litlu leyti hér á landi, og þá einkum fyrir íslenskan iðnað, og til að sinna þörfum markaðseftirlits og úrtaksprófana. Skráning raffanga verður ekki leyfð, heldur ekki viðurkenningarskylda í því formi sem hún hefur verið hér á landi. Því verður að stórauka markaðseftirlit með rafföngum hérlendis.

Raflagnareglur þjóðanna verða samræmdar. Vegna þess eru mikilvægar breytingar á gildandi reglugerð um raforkuvirki nauðsynlegar. Framvegis verður í henni vísað í samræmda staðla sem skýringar verða skrifaðar við eftir þörfum notenda.

Ekki er talin þörf á að breyta lögum nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Matvæli

Eins og fram hefur komið er eitt af markmiðum með samskiptum EB og EFTA að tryggja frjáls viðskipti með vörur. Þessu markmiði skal náð án þess að slaka á heilbrigðiskröfum, um leið og tryggt verði að neytendur fái þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að öðlast þekkingu á samsetningu og eiginleikum vöru. Þetta er ekki hvað síst mikilvægt á matvælasviði þar sem ein umfangsmesta löggjöf sem EES-samningurinn nær til eru reglur (tilskipanir) EB um matvæli og matvælaeftirlit og sambærilegar reglur EFTA-ríkja.

Helstu efnisatriði. Á matvælasviði ná samningarnir til reglna um efnainnihald matvæla og þá sérstaklega aukefna og varnarefna (pesticides), reglna um samsetningu umbúða og umbúðamerkingar, auk matvælaeftirlits og þátta því tengdra. Þetta eru helstu efnisatriðin, en einnig má nefna sérreglur um einstakar fæðutegundir eða tilgreinda fæðuflokka.

Samræmd matvælalöggjöf EB á framangreindum sviðum nær í sumum tilvikum lengra en sambærilegar íslenskar reglur, en á öðrum sviðum eru reglur hér á landi mun ítarlegri. Samræmdar reglur EB um aukefni eru þannig nokkuð takmarkaðar, en það sama verður ekki sagt um reglur varðandi samsetningu umbúða fyrir matvæli, og þá helst plastumbúða, og einnig reglur um mesta leyfilegt magn varnarefna í matvælum.

Ný löggjöf - breyttar áherslur. Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hefur samræmd matvælalöggjöf EB verið lögð til grundvallar og leiðir það til verulegrar breytingar á íslenskri matvælalöggjöf. Breyttar áherslur verða í framkvæmd matvælaeftirlits og þá ekki síst hvað varðar eigið eftirlit (innra eftirlit) þeirra sem framleiða og dreifa matvælum og ábyrgð þeirra á eigin vöru. Samstarf Evrópuríkja mun jafnframt aukast og verður meginstefnan í opinberu matvælaeftirliti sú að hvert ríki stuðli að því að matvæli framleidd þar uppfylli heilbrigðiskröfur og aðra þætti matvælalöggjafar í EES. Þetta merkir þó ekki að eftirlit með vörum sem fluttar eru til landsins frá öðrum Evrópuríkjum verði lagt niður. Þess í stað mætti líta á íslenskt matvælaeftirlit sem hluta af matvælaeftirliti í EES, þar sem markmiðið er frjáls viðskipti með matvæli, án þess að slakað verði á heilbrigðiskröfum og framkvæmd matvælaeftirlits. Breyttar áherslur í matvælaeftirliti eiga því ekki aðeins við um eigið eftirlit framleiðenda og dreifenda, heldur einnig eftirlit opinberra aðila.

Kostir og gallar. Samningur um Evrópska efnahagssvæðið mun hafa í för með sér kosti og galla hvað varðar matvælalöggjöf og matvælaeftirlit. Ekki er hins vegar einfalt að meta kosti á móti göllum, þar sem reynsla af auknu samstarfi Evrópuríkja á þessum vettvangi er ekki fengin og ekki er ljóst hver þróun mála verður varðandi löggjöf um tiltekna þætti á matvælasviði.

Breyttar áherslur í matvælaeftirliti og aukið samstarf á þeim vettvangi má telja til augljósra kosta, enda þótt reynsla af slíkum breytingum verði ekki nægileg fyrr en að nokkrum árum liðnum. Á hinn bóginn er einn helsti ókosturinn sá að Evrópubandalagið hefur enn ekki náð fram samræmingu á mikilvægum sviðum löggjafarinnar, auk þess sem tímabært er að endurskoða vissa þætti í samræmdri matvælalöggjöf bandalagsins. Að þessum verkefnum er nú unnið, en ríki EFTA hafa ekki haft raunhæfa möguleika á að leggja fram tillögur eða hafa á annan hátt áhrif á endurskoðun og gerð nýrra reglna EB á matvælasviði. Þetta mun hins vegar breytast til batnaðar með EES-samningnum.

Lyf

Helstu breytingar varða skráningu lyfja, sem með samræmdum reglum verður fljótvirkari, auk þess sem hún verður að hluta ákveðin fyrir öll löndin í einni af tveimur skráningarnefndum á vegum EB. Hægt verður áfram að skrá lyf „þjóðlegri skráningu" vegna sérþarfa í einstökum löndum, en hins vegar verður ekki lengur hægt að hafna skráningu lyfs, t.d. vegna verðs eða vegna þess að skráningaryfirvöld telja ekki þörf fyrir lyfið.

Lyfjahugtakið mun ná yfir fleiri lyf en hingað til. Má þar nefna blóðefni, lyf sem unnin eru úr blóði, geislavirk lyf, náttúrulyf og hómópatalyf, sem verður að líkindum að skrá hér á landi jafnt og í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins.

Óheimilt verður að vera með einokun á innflutningi lyfja en að öðru leyti þarf ekki enn sem komið er að breyta sérstaklega þeim ákvæðum núgildandi laga er fjalla um lyfjainnflutning og lyfjadreifingu vegna EES-samningsins. Hins vegar þarf að laga ýmis atriði í reglugerðum að breyttum aðstæðum.

Ýmsar breytingar verða á auglýsingum og kynningu lyfja. Heimilt verður að auglýsa lyf fyrir almenning, sem fást án lyfseðils, með ákveðnum skilyrðum, t.d. í dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi. Auglýsingar og kynningar á lyfseðilsskyldum lyfjum verða hins vegar háðar strangari reglum en gilt hafa. Fylgiseðlar með ítarlegum upplýsingum verða að fylgja öllum lyfjum.

Samkvæmt þeim hluta GATT-samningsins er fjallar um hugverkaréttindi er aðildarríkjum samningsins skylt að veita einkaleyfi jafnt fyrir afurðum sem aðferðum á öllum tæknisviðum. Samkvæmt gildistökuákvæði í 2. mgr. 75. gr. einkaleyfislaga, sem tóku gildi um síðustu áramót, er ekki hægt að veita einkaleyfi fyrir læknislyfjum fyrr en fimm árum eftir gildistöku laganna. Þessi tími var hugsaður sem aðlögunartími fyrir innlendan lyfjaiðnað. Í EES-viðræðum tókst hins vegar að ná fram tveggja ára aðlögunartíma, til 1. janúar 1995. Þessu ákvæði einkaleyfalaganna verður því að breyta til samræmis við framangreindan aðlögunartíma.

Stefnt er að samræmingu á lyfjaverði, flokkun lyfja í lausasölu og lyfseðilsskyldum lyfjum, þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði og ýmsum fleiri atriðum, en óvíst er hvenær þeim markmiðum verður náð.

Áburður

Íslensk lög og gildandi reglugerð (nr. 256/81) eru mun ófullkomnari en reglur EB. Drög að nýrri reglugerð, sem draga dám af dönskum EB-reglum, hafa legið fyrir um hríð en ekki hefur orðið af útgáfu. Er það einkum vegna þess að þessi mál eru mjög í deiglunni og línur eiga eftir að skýrast. Nauðsynlegt er að takmarka kadmíum magn í tilbúnum áburði, sem er eiturefni er það skolast út í náttúruna. Ríki EFTA geta samkvæmt EES-samningnum gengið lengra en EB hefur til skamms tíma viljað.

Hættuleg efni

Reglur eru samræmdar til að tryggja frjáls viðskipti með eiturefni og hættuleg efni milli aðildarríkja EFTA og EB. Þetta skal þó gert á þann hátt að tryggja sem best öryggi og heilsu fólks og verndun umhverfis fyrir skaðlegum áhrifum efnanna, m.a. með því að þeir sem umgangast efnin fái nægjanlegar upplýsingar um þau. Árið 1986 tóku stjórnvöld hér þá stefnumarkandi ákvörðun að við flokkun og merkingu eiturefna og hættulegra efna skyldi taka mið af reglum Evrópubandalagsins og annarra Norðurlandaþjóða eins og framkvæmanlegt þætti og hagkvæmt.

Reglur (tilskipanir) EB, sem lagðar eru til grundvallar, eru einkum á eftirfarandi þremur sviðum:

Flokkun, merking og meðferð eiturefna og hættulegra efna. Stefnt er að því að ákvæði tilskipana EB um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna taki gildi 1. janúar 1995. Fram til þess tíma vinna samningsaðilar að því að leysa þau atriði sem enn er ágreiningur um. Árið 1994 á að meta stöðuna og þau ríki sem eru óánægð með gang mála geta sótt um að EB-reglurnar gildi ekki fyrir sig.

Takmarkanir og bönn. Tilskipanir EB um takmarkanir og bann við sölu og notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna öðlast strax gildi. Þó er EFTA-ríkjunum heimilt að halda þeim reglum sem ganga lengra á eftirtöldum sviðum: lífræn klórsambönd - asbest -kvikasilfurssambönd - arsensambönd - lífræn tinsambönd - pentaklórenól - kadmíum - rafhlöður. Árið 1995 verður staða mála könnuð á ný.

Varnarefni. Tilskipanir EB um flokkun og merkingu varnarefna og um varnarefni sem innihalda tiltekin virk efnasambönd öðlast gildi strax. EFTA-ríkin geta þó takmarkað innflutning á varnarefnum samkvæmt landsreglum sem í gildi eru við undirritun samningsins.

Snyrtivörur

Engin löggjöf mun vera til á Íslandi sem fjallar sérstaklega um snyrtivörur. EB hefur hins vegar sett reglur um framleiðslu og samsetningu þessara vara, svo og reglur um greiningu á þessum vörum til eftirlits með samsetningu þeirra. Þessar reglur eru í stöðugri endurskoðun. EFTA hefur þegar stofnað sérfræðingahóp á þessu sviði (sem heyrir undir fastanefnd um tæknilegar viðskiptahindranir) til að taka þátt í að móta setningu reglna á þessu sviði.

Umhverfisvernd

Eins og áður segir hefur eitt veigamikið samningsatriði á vörusviðinu verið að afnema skuli, að svo miklu leyti sem unnt er, tæknilegar viðskiptahindranir sem fyrir hendi eru og skapast vegna ólíkra tæknilegra fyrirmæla og um leið að koma í veg fyrir að nýjar

hindranir verði til. Heimilt er að halda íslenskum umhverfisverndarkröfum í þeim tilvikum sem þær ná lengra en samsvarandi reglur EB.

Aðlögun að reglum EB um hávaða og útblástursreglum fyrir dráttarvélar mun hafa í för með sér að íslensk ákvæði um umhverfi verða hert. Hvað snertir brennistein í olíubrennslu og blýmagn í bensíni þá eru íslenskar reglur samrýmanlegar reglum EB. Sama gildir um þvottaefni. Núverandi íslenskar reglur um umbúðir fyrir drykkjarvörur eru í samræmi við reglur EB.

Auk þessa hefur verið samið um eftirfarandi sérlausnir:

Bílaútblástur. Heimilt er að halda núverandi reglum um útblástur fyrir allar gerðir vélknúinna farartækja. Fram til 1. 1. 1995 er heimilt að neita að viðurkenna bíla sem hafa verið framleiddir í EB-löndum, ef þeir standast ekki íslenskar lágmarkskröfur. Frá og með 1. 1. 1995 verða bifreiðar frá EB viðurkenndar, sem standast lágmarkskröfur EB enda eru hertar EB-kröfur nú í undirbúningi sem verða gengnar í gildi þá.

Unnið verður sameiginlega að því að semja strangari reglur í framtíðinni, innan ramma þess samstarfsfyrirkomulags sem EES-samningurinn kveður á um.

Efnavörur. Aðilar eru sammála um þau áform, að EFTA-löndin viðurkenni reglur EB um flokkun og merkingu hættulegra efnavara eins og þær eru 1. 1.1995. Þangað til verður unnið sameiginlega að því að minnka mismuninn. Fari svo, engu að síður, að Ísland (eða eitthvert annað EFTA-land) telji að ekki sé unnt 1.1. 1995 að viðurkenna reglur EB skal þeim ekki framfylgt í viðkomandi landi. Það land mun þá standa utan við samstarfið hvað varðar þennan þátt, svo framarlega sem ekki semst um annað.

Hvað snertir takmarkanir og bönn við hættulegum efnavörum verður heimilt að halda gildandi reglum, í þeim tilvikum er þær ganga lengra en reglur EB, varðandi klórhreinsuð lífræn upplausnarefni, asbest, kvikasilfur, arsenik, pentaklórfenól, kadmíum og lífræn tinefnasambönd. Aðilar munu endurmeta stöðuna árið 1995.

Áburðarefni. EFTA-löndin eiga rétt á að takmarka kadmíum-magn í tilbúnum áburði samkvæmt þeim reglum sem gilda þegar EES-samningurinn gengur í gildi. Endurmat fer fram árið 1995.

Eiturefni. Einnig varðandi eiturefni eiga EFTA-löndin rétt á að takmarka verslun samkvæmt reglum sem gilda þegar EES-samningurinn gengur í gildi. Samvinna verður um það þegar nýjar reglur eru mótaðar.

Rafhlöður. EFTA-löndin eiga rétt á að takmarka verslun samkvæmt reglum sem gilda þegar EES-samningurinn gengur í gildi. Endurskoðun fer fram 1995.

Efni sem leysa upp ósonlagið. EFTA-löndin eiga rétt á að fara eftir reglum sem gilda þegar EES-samningurinn gengur í gildi. Endurskoðun fer fram árið 1995.

Upplýsingatækni, fjarskipti og gagnavinnsla

Reglur EB á þessu sviði eru í reynd tvenns konar. Annars vegar er um að ræða sölu á vörum, og um það verður fjallað hér nánar, og hins vegar er sala á þjónustu. Ljóst er að víðtæk notkun staðla á þessu sviði ræður úrslitum um raunhæfan sameiginlegan markað. Hvert land um sig hefur eða hefur haft til skamms tíma mismunandi flóknar reglur um tækni og búnað fyrir fjarskipti sem gilda í hverju landi. Á sviði upplýsingatækni og tölvuvinnslu eru opinberar reglur aftur á móti miklu fáskrúðugri, enda hafa framleiðendur sjálfir ráðið ferðinni í ríkum mæli. Að undanförnu hefur EB þó lýst því með margvíslegum hætti á ýmsum vettvangi hvernig það hyggst þoka þessum málum

til réttari vegar. Hér er því um ærin verkefni að ræða í samskiptum samningsaðila innan EES.

Almenn ákvæði um tæknilegar viðskiptahindranir og frjálsir vöruflutningar - almennt

Um þess tvo þætti vísast til hinnar almennu greinargerðar um II. viðauka hér að framan.

Byggingarvörur

Tilskipunin um byggingarvörur er frábrugðin öðrum tilskipunum að því leyti að sérstök túlkunarskjöl munu fylgja henni til þess að færa hinar svokölluðu grunnkröfur yfir á tæknimál. Vinnu við gerð þessara sex túlkunarskjala er ekki enn lokið en lokadrög liggja fyrir.

Áhrif tilskipunarinnar og tengdra skjala hér á landi munu verða mjög mikil þar eð samræmdar upplýsingar munu verða til staðar um einstakar vörur og vöruflokka sem fengið hafa sérstakt EB-merki. Áhersla á að vera á upplýsingar um vörurnar með fyrirhugaða notkun í huga. Varðandi vörur sem hafa ekki EB-merki eru breytingar aðeins þær að með tilkomu samræmdra evrópskra staðla og leiðbeininga um tæknisamþykki verður auðveldara að krefjast upplýsinga um þær og/eða fara fram á prófanir.

Samþykkt tilskipunarinnar um byggingarvörur leggur nokkrar kvaðir á herðar stjórnvöldum. Nefna má eftirfarandi:

- Framkvæmdastjórn EB hefur ákveðið hlutverk samkvæmt tilskipuninni. Ekki hefur verið ákveðið hver fer með þetta hlutverk fyrir hönd Íslands með samþykkt tilskipunarinnar.
- Hugsanleg aðild að fastanefndinni um byggingarmál (eða samsvarandi nefnd á vegum EFTA).
- Aðild að „Samtökum um evrópskt tæknisamþykki" („European Organization for Technical Approvals, EOTA"). EFTA-lönd hafa ekki fram að þessu átt þess kost að gerast aðilar að EOTA. Samkvæmt 3. tölul. 11. gr. í tilskipuninni er aðildarríkjum skylt að birta viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki á þjóðtungu sinni. Hér gæti því komið til mikillar vinnu við þýðingar.
- Tilnefna þarf vottunaraðila, skoðunaraðila og prófunarstofur til að leysa af hendi verkefni í sambandi við tæknisamþykki, vottun samræmis, skoðanir og prófanir samkvæmt tilskipuninni. Þessir aðilar verða að uppfylla skilyrði sem tilgreind eru í IV. viðauka tilskipunarinnar.
- Ísland er þegar aðili að Staðlaráði Evrópu (CEN) eins og öll lönd EB og EFTA.

Leikföng

Tilskipun ráðsins 88/378/EBE um samræmingu aðildarríkjanna um öryggi leikfanga var ein af þeim fyrstu sem samdar voru samkvæmt hinni svokölluðu nýju aðferð, þ.e. að leikföngin þurfa að vera í samræmi við gildandi staðla til að þau uppfylli öryggiskröfur tilskipunarinnar. Þau leikföng sem uppfylla þessar kröfur eru merkt CE og eiga þannig að geta borist um allt Evrópska efnahagssvæðið hindrunarlaust. Til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar hér á Íslandi verður samin reglugerð á grundvelli laga um öryggi framleiðsluvara.

Tóbak

Íslensk löggjöf varðandi tóbak er annars vegar lög nr. 63/1969 um að allt tóbak til sölu innanlands skuli merkt ÁTVR og hins vegar lög nr. 74/1984 og reglugerð nr. 499/1984 um að skráð skuli aðvörun um skaðsemi vörunnar á umbúðir hennar. Auk þess eru tóbaksauglýsingar bannaðar með lögum á Íslandi. Löggjöf EB á þessu sviði er tiltölulega ný. Ráðstilskipun 89/622/EBE fjallar um merkingu tóbaksvara og mælir fyrir um samræmda aðvörunar- og innihaldsmerkingu fyrir tóbaksvörur frá 1. janúar 1993 að telja. Þegar hafa komið fram fjölmargar breytingartillögur um annan aðvörunartexta og staðsetningu hans á umbúðum og er verið að vinna úr þessum tillögum. Á þessu stigi er ekki ljóst hvort eða hvernig þurfi að breyta íslenskum reglum um þetta efni. Á Íslandi hafa engar reglur verið settar um tjöruinnihald tóbaks. ÁTVR hefur þó birt upplýsingar um tjöruinnihald í verðskrám sínum. Með tilskipun 90/239/EBE setti hins vegar EB reglur sem kveða á um 15 mg hámarksinnihald tjöru. Nokkur skriður er á frekari löggjöf innan EB. Unnið er að tillögu að tilskipun um bann við tóbaksauglýsingum og drög að tilskipun sem banna mundi vissar tegundir munntóbaks eru talin komin vel á veg. Um þessar tillögur að tilskipunum verður fjallað af fulltrúum EFTA og EB samkvæmt samskiptareglum EES-samningsins.

Orkumál

Í þessum þætti er ein tilskipun þar sem kveðið er á um að aðildarríkin skuli ekki hamla, takmarka eða hindra markaðssetningu á bensíni (eða öðru eldsneyti fyrir sprengihreyfla) sem blandað hefur verið með súrefnisbindandi efnasamböndum sem upp eru talin í viðauka við tilskipunina, í þeim hlutföllum sem þar koma fram. Á grundvelli tilskipunarinnar skal starfa nefnd til að aðlaga viðaukann framþróun á sviði vísinda og tækni. Í nefndinni sitja fulltrúar aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar. Tilskipunin vísar til 235. gr. Rómarsamningsins.

Áfengir drykkir

Í reglum EB um vín og brennd vín eru ákvæði um framleiðslu, skilgreiningar, notkun íblöndunarefna, merkingar o.fl. Reglurnar eru birtar sem reglugerð sem er bindandi fyrir öll aðildarríkin. Samkvæmt EES-samningi þurfa EFTA-lönd að fella þessi ákvæði inn í landslög eins og efni standa til. Sérreglur munu gilda með Norðurlandaþjóðunum í EFTA að þau geta bannað sölu á vodka sem er framleitt úr öðrum efnum en korni og kartöflum. Þá geta þau einnig hafnað umsetningu áfengis með hærra alkóhólmagni en 60%. Vöruheitin Íslenskt brennivín og Íslenskt vodka eru vernduð samkvæmt samningnum.

Um bókun 47
Afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

Bókunin kveður á um að heimila skuli innflutning og markaðssetningu á vínum sem eru upprunnin innan EES, svo fremi sem þau uppfylli skilyrði þeirra gerða sem taldar eru upp í viðbæti við bókunina.

Í viðbætinum eru gerðir, ásamt breytingum, varðandi skilgreiningu á vínum, starfsvenjum í vínfræði, samsetningu á vínum og aðferðir við dreifingu og markaðssetningu.

Um III. viðauka
Skaðsemisábyrgð

Í III. viðauka við samninginn er fjallað um skaðsemisábyrgð, en þar er um að ræða skaðabótaábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila á tjóni, sem hlýst af ágalla á vöru, sem þeir hafa framleitt eða dreift.

Vísað er til tilskipunar EB-ráðsins frá 25. júlí 1985 (85/374/EBE) um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum.

Frumvarp til laga um skaðsemisábyrgð var flutt á 112. löggjafarþingi og síðan aftur á 113. löggjafarþingi með nokkrum breytingum. Voru lög nr. 25 frá 27. mars 1991 samþykkt á grundvelli þess. Íslensku lögin um skaðsemisábyrgð eru í fullu samræmi við framangreinda tilskipun og þarf því ekki að gera á þeim breytingu í tengslum við EES-samninginn.

Um 24. gr.

Hér er vísað til IV. viðauka um orku. Innan EB hefur ekki þróast nema í mjög takmörkuðum mæli sameiginleg stefna í orkumálum. Ennfremur kom fljótt í ljós í samningaviðræðum um EES að erfitt yrði að sameinast um reglugerðir um birgðahald vegna þess að sameiginlegar stofnanir skorti til eftirlits. Því varð ofan á að samstarf á þessu sviði er nokkru takmarkaðra en stefnt var að í fyrstu. Sameiginlegar reglur verða þó um gagnkvæma tilkynningarskyldu um fjárfestingar á sviði jarðolíu, jarðgass og raforku, blöndun annars eldsneytis í olíu og aðgang að orkuflutninganeti. Hið síðasta gæti komið að gagni ef og þegar af útflutningi orku frá Íslandi til Evrópu með sæstreng verður.

Um IV. viðauka
Orka

Í IV. viðauka er vísað í eftirfarandi tilskipanir og reglugerðir:

Reglugerð **1056/72/EBE** frá 18. maí 1972 um tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um áhugaverð fjárfestingarverkefni fyrir bandalagið á sviði jarðolíu, jarðgass og raforku, eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins 1215/76/EBE frá 4. maí 1976.

Í reglugerðinni er m.a. kveðið á um að aðildarríkin skuli greina framkvæmdastjórninni frá fjárfestingarverkefnum sem lúta að vinnslu, flutningi, geymslu eða dreifingu á jarðolíu, jarðgasi eða rafmagni og að framkvæmdastjórnin (ESE fyrir EFTA-ríki) skuli birta árlega yfirlit um þessi fjárfestingarverkefni. Farið er með upplýsingar sem veittar eru sem trúnaðarmál.

Tilskipun **75/405/EBE** frá 14. apríl 1975 um takmarkanir á notkun olíuvara í orkuverum.

Í tilskipuninni er kveðið á um að leyfi stjórnvalda í viðkomandi aðildarríki þurfi til að reisa rafstöðvar sem brenna olíu eingöngu eða að mestu leyti. Ákvæði eru um hvenær veita megi slík leyfi. Þannig má t.d. veita slíkt leyfi ef afl rafstöðvarinnar er undir 10 MW eða ef hún er eingöngu notuð sem toppaflsstöð eða ef um vararafstöð er að ræða. Kveðið er á um að tilkynna skuli framkvæmdastjórn bandalagsins (ESE fyrir EFTA-ríki) um leyfi sem veitt eru og um ástæður leyfisveitingarinnar.

Tilskipun **76/491/EBE** frá 4. maí 1976 um starfshætti bandalagsins varðandi upplýsingamiðlun og samráð um verð hráolíu og olíuvara í bandalaginu.

Tilskipunin kveður á um að aðildarríkin skuli veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um fob- og/eða cif-verð á innfluttum olíuvörum og smásöluverð á olíuvörum bæði með og án tolla og skatta. Þau aðildarríki sem hafa hámarksverð á olíuvörum skulu gefa upplýsingar um það bæði með og án gjalda og skatta. Farið er með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál. Á grundvelli þessara upplýsinga tekur framkvæmdastjórnin (ESE fyrir EFTA-ríki) ársfjórðungslega saman og sendir aðildarríkjunum yfirlit um verð á hráolíu og olíuvörum, samanburð á verði olíuvara í aðildarríkjunum o.fl.

Tilskipun **78/170/EBE** frá 13. febrúar 1987 um virkni tækja til upphitunar húsnæðis og vatns í nýjum og eldri byggingum, sem ekki eru notaðar til atvinnurekstrar, og um einangrun hita- og neysluvatnskerfa í nýjum byggingum sem ekki eru notaðar til atvinnurekstrar, eins og henni var breytt með tilskipun frá 10. desember 1982.

Samkvæmt tilskipuninni skulu aðildarríkin sjá til þess að ný tæki til upphitunar húsnæðis og/eða vatns í nýjum og eldri byggingum, sem ekki eru notaðar til atvinnurekstrar, fullnægi lágmarkskröfum um virkni. Hún nær til katla sem hita vatn, gufukatla, lofthitunartækja og tækja sem hita vatn og vinna rafmagn samhliða óháð því hvaða orkuberi er nýttur. Tilskipunin kveður einnig á um að aðildarríkin skuli gera ráðstafanir til að hita- og neysluvatnskerfi séu einangruð eftir því sem hagkvæmt getur talist.

Reglugerð **1893/79/EBE** frá 28. ágúst 1979 um að koma á skráningu á innflutningi hráolíu- og/eða olíuvara til bandalagsins, eins og henni var breytt með reglugerð 4152/88/EBE frá 21. desember 1988.

Reglugerðin kveður á um að þeim sem flytja inn hráolíu eða olíuvörur sé skylt að láta viðkomandi aðildarríki í té upplýsingar um hvern farm. Einstök aðildarríki senda síðan reglulega yfirlit um innflutninginn til framkvæmdastjórnarinnar (ESE fyrir EFTA-ríki), sem síðan er dreift til ríkjanna. Farið er með upplýsingarnar sem trúnaðarmál.

Tilskipun **85/536/EBE** frá 5. desember 1985 um sparnað á hráolíu með notkun eldsneytislíkis í bensíni, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/441/EBE frá 29. júlí 1987 um sparnað á hráolíu með notkun eldsneytislíkis í bensíni.

Tilskipunin kveður á um að aðildarríkin skuli ekki hamla, takmarka eða hindra markaðssetningu á bensíni (eða öðru eldsneyti fyrir sprengihreyfla) sem blandað hefur verið með súrefnisbindandi efnasamböndum, sem upp eru talin í viðauka við tilskipunina, í þeim hlutföllum sem þar koma fram. Á grundvelli tilskipunarinnar skal starfa nefnd til að aðlaga viðaukann framþróun á sviði vísinda og tækni. Í nefndinni sitja fulltrúar aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar (ESE fyrir EFTA-ríki).

Tilskipun **90/377/EBE** frá 29. júní 1990 um starfsreglur bandalagsins til að auka gagnsæi verðlagningar á gasi og rafmagni til endanlegra notenda í atvinnuskyni.

Þessi tilskipun er tilgreind í upplýsingaskyni.

Tilskipun **90/547/EBE** frá 29. október 1990 varðandi gegnumflutning á rafmagni um flutningskerfi (transit).

Tilskipunin kveður á um gegnumflutning á raforku milli meginflutningskerfa að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau fela meðal annars í sér að orkuflutningurinn hefjist eða að honum ljúki í aðildarríki bandalagsins og að hann sé yfir landamæri milli bandalagsríkja. Listi yfir flutningskerfin og orkufyrirtæki sem eru ábyrg fyrir þeim er í viðauka sem fylgir tilskipuninni. Samningar um gegnumflutning skulu vera milli fyrirtækja sem bera ábyrgð á flutningskerfunum og fyrirtækja sem annast inn- eða útflutning á rafmagni í aðildarríkjunum, ef það á við. Kveðið er á um að tilkynna skuli viðkomandi aðildarríkjum og framkvæmdastjórn bandalagsins (ESE fyrir EFTA-ríki) um samningaviðræður. Ef samningar nást ekki skal greina frá ástæðum. Ef skýringarnar eru ekki taldar studdar nægum rökum eða eru ófullnægjandi ber framkvæmdastjórninni (ESE) að eigin frumkvæði eða ósk þess aðila sem biður um gegnumflutninginn að gera ráðstafanir sem hún hefur heimild til í lögum bandalagsins. Sérhvert hlutaðeigandi orkufyrirtæki getur farið fram á að skilmálar um gegnumflutning séu samræmdir af stofnun sem framkvæmdastjórnin (ESE) kemur á fót.

Kveðið er á um aðlögun þessarar tilskipunar í viðaukanum. Þar segir að sérhvert hlutaðeigandi orkufyrirtæki geti farið fram á að stofnun sem eftirlitsstofnun EFTA (ESE) kemur á fót samræmi skilmála um gegnumflutninginn að því er varðar viðskipti innan EFTA. Í honum er einnig kveðið á um að hlutaðeigandi orkufyrirtæki geti farið fram á það að sameiginlega EES-nefndin samræmi reglur um gegnumflutning að því er varðar viðskipti milli bandalagsins og EFTA-ríkis. Í 1. viðbæti með IV. viðauka er skrá um flutningskerfi sem heyra undir tilskipunina. Meðal þeirra er kerfi Landsvirkjunar.

Tilskipun ráðsins **91/296/EBE** frá 31. maí 1991 varðandi gegnumflutning á jarðgasi um flutningskerfi.

Tilskipunin kveður á um gegnumflutning á jarðgasi um meginflutningskerfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau fela meðal annars í sér að flutningurinn skuli hefjast eða ljúka í aðildarríki bandalagsins og að hann sé yfir landamæri milli bandalagsríkja. Listi yfir flutningskerfin og orkufyrirtæki sem eru ábyrg fyrir þeim er í viðauka sem fylgir tilskipuninni. Samningar um gegnumflutning skulu vera milli fyrirtækja sem bera ábyrgð á flutningskerfunum og fyrirtækja sem annast inn- eða útflutning á jarðgasi í aðildarríkjunum, ef það á við. Kveðið er á um að tilkynna skuli viðkomandi aðildarríkjum og framkvæmdastjórn bandalagsins (ESE fyrir EFTA-ríki) um samningaviðræður. Ef samningar nást ekki skal greina frá ástæðum. Ef skýringarnar eru ekki taldar studdar nægum rökum eða eru ófullnægjandi ber framkvæmdastjórninni að eigin frumkvæði eða ósk þess aðila sem biður um gegnumflutninginn að gera ráðstafanir sem hún hefur heimild til í lögum bandalagsins. Sérhvert hlutaðeigandi orkufyrirtæki getur farið fram á að stofnun sem framkvæmdastjórnin (ESE) kemur á fót samræmi skilmála um gegnumflutninginn. Í tilskipuninni er vísað til greinar 100c í Rómarsamningnum.

Í viðaukanum er kveðið á um hvernig ákvæði tilskipunarinnar skulu aðlöguð vegna EES-samningsins. Þar er meðal annars kveðið á um að sérhvert hlutaðeigandi orkufyrirtæki geti farið fram á að stofnun sem eftirlitsstofnun EFTA (ESE) kemur á fót samræmi skilmála um gegnumflutninginn að því er varðar viðskipti innan EFTA. Í

honum er einnig kveðið á um að hlutaðeigandi orkufyrirtæki geti farið fram á það að sameiginlega EES-nefndin samræmi reglur um gegnumflutning að því er varðar viðskipti milli bandalagsins og EFTA-ríkis. Í 2. viðbæti með IV. viðauka er skrá fyrir flutningskerfi sem heyra undir tilskipunina.

Um 25. gr.

Hér er sleginn varnagli og svigrúm gefið til þess að grípa til sérstakra aðgerða ef framkvæmd ákvæða 10. og 12. gr. hefur í för með sér röskun á viðskiptastefnu gagnvart ríki utan svæðisins eða ef frjáls útflutningur leiðir til alvarlegs skorts á hráefni sem er útflutningslandinu mikilvægt. Almenn framkvæmd aðgerða sem þessara skal vera í samræmi við 113. gr., sem kveður á um framkvæmd öryggisaðgerða.

Um 26. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir því að samkeppnisaðstæður allar verði hinar sömu alls staðar á hinu Evrópska efnahagssvæði mun enginn samningsaðila grípa til undirboðsaðgerða gegn öðrum. Undirboðsaðgerðir hafa í raun verið eitt beittasta vopn EB við framkvæmd viðskiptastefnu sinnar og EFTA-ríkin hafa staðið uppi berskjölduð gagnvart því. EB hefur t.d. tekið til athugunar að grípa til undirboðsaðgerða gagnvart járnblendi frá Íslandi og formlega eru nú í gildi undirboðstollar á íslensku járnblendi þótt Grundartangaverksmiðjan hafi umsamda undanþágu. Grein þessi styrkir því verulega stöðu orkufreks iðnaðar á Íslandi á mikilvægasta markaðssvæðinu, Evrópu. Grein þessi nær þó ekki til sjávarafurða vegna þess að ekki eru sameiginlegar samkeppnisreglur á því sviði í gildi innan svæðisins.

Um bókun 13
Jöfnunartollum og aðgerðum gegn undirboðum verði ekki beitt

Sérstaklega er tekið fram að bann það sem lagt er við undirboðsaðgerðum og jöfnunartollum eigi aðeins við um þær vörur sem falla undir samninginn og þar sem reglur EB eru að fullu felldar inn í samninginn. Þetta gefur t.d. EB svigrúm til þess að beita undirboðsaðgerðum gegn niðurgreiddum, norskum laxi.

Um 5. kafla
Kola- og stálvörur

Um 27. gr.

Sögulegar ástæður eru fyrir því að sérstaklega er með kol og stál farið. Undanfari EB var einmitt Kola- og stálbandalagið, þar sem koma átti í veg fyrir styrjöld í Evrópu með því að samtvinna framleiðslu kola og stáls í álfunni. Þótt Evrópubandalögin þrjú, Kola- og stálbandalagið, Efnahagsbandalagið og Kjarnorkubandalagið (EURATOM), séu nú í raun runnin saman eru ýmis stjórnsýsluákvæði enn í gildi sem gera það að verkum að verkaskiptingu milli Framkvæmdastjórnar og aðildarríkja er öðruvísi háttað þegar kemur að kolum og stáli en þegar aðrar vörur eru til umfjöllunar. Í upphafi samningaviðræðna gerði EB ekki ráð fyrir því að viðskipti með þessar vörur yrðu hluti af samningnum en lét undan kröfu EFTA-ríkja, einkum Austurríkis og Sviþjóðar. EB-ráðið gaf því

framkvæmdastjórninni sérstakt umboð til samninga um þetta efni. Þetta endurspeglast í EES-samningnum í bókunum 14 og 25.

Þegar Ísland gerði fríverslunarsamning við EB 1972 var ekki gert ráð fyrir því að af útflutningi á stáli frá Íslandi til EB gæti orðið. Því féllu tollar ekki niður á íslensku stáli inn til EB þótt EB-stál yrði tollfrítt inn til Íslands. Þegar Stálfélagið hóf framleiðslu sína og miðaði við að flytja út til EB var hafist handa við að fá leiðréttingu á þessu. Var það mál komið á góðan rekspöl þótt ekki tækist að fá því framgengt áður en verksmiðjan hætti starfsemi sinni. EES-samningurinn mun hins vegar sjálfkrafa leiðrétta þessa stöðu og tryggja fulla gagnkvæmni.

Um bókun 14
Verslun með kola- og stálvörur

Í bókuninni er tekið fram að ákvæði fríverslunarsamninganna haldi gildi sínu en allir tollar og magntakmarkanir skuli falla burt. Þar sem ekki er um sérstök ákvæði í fríverslunarsamningunum að ræða gilda almenn ákvæði samningsins. Þetta mun m.a. auðvelda viðskipti með brotajárn, sem hafa verið nokkrum takmörkunum háð milli Evrópuríkja. Þetta er enn áréttað í 3. gr. bókunarinnar þar sem hvers kyns höft eru bönnuð í viðskiptum með kol og stál. Vísað er til samkeppnisreglna í bókun 21 og 25 og XIV. viðauka. Sérstakar reglur skulu þó gilda um aðstoð við stáliðnaðinn svipað og tíðkast innan EB. Innan EB hefur þó verið reynt að halda aðstoð við stáliðnaðinn í þröngum skorðum og binda hana við umhverfisaðgerðir, rannsóknir og þróun, félagslega hjálp og aðstoð við lokun.

Í 6. gr. er kveðið á um upplýsingaskipti um markaðsmál og fjárfestingar. Þetta var sérstakt áhugaefni EB þar sem það auðveldar starf framkvæmdastjórnar við að hafa yfirlit með þróun stálmarkaðarins.

Loks er tekið fram í 7. gr. að upprunareglur bókunar 4 í þessum samningi skuli gilda, en þær eru einfaldari og þægilegri í notkun en þær sem tíðkast hafa samkvæmt bókun 3 í fríverslunarsamningum EBE og EFTA-ríkja.

Um bókun 25
Samkeppni varðandi kol og stál

Bókun 25 fjallar um samkeppnisreglur á sviði kola og stáliðnaðar. Þar er t.d. allt það bannað sem hindrað gæti frjálsa samkeppni, þ.á m. samninga um fast verð, framleiðslutakmarkanir og samningar milli fyrirtækja um skiptingu markaðar. Leita verður umsagnar eftirlitsstofnunar við samruna fyrirtækja ef heildarvelta er veruleg og sérstaklega er reynt að forðast að einn aðili nái ríkjandi stöðu á markaði. Ákvæði 1. og 2. gr. bókunarinnar endurspegla 65. og 66. gr. stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins. Einnig er vísað til almennra ákvæða samningsins um framkvæmd eftirlits og samvinnu EB og EFTA á því sviði.

Um III. hluta
Frjálsir fólksflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar

Um 1. kafla
Launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklingar

Frelsi íbúa í einstökum ríkjum er tilheyra munu Evrópska efnahagssvæðinu til að þiggja störf í öðrum ríkjum innan svæðisins skal vera tryggt. Ennfremur skal þeim frjálst að setja á stofn sjálfstæða starfsemi í öðru ríki með því að próf þeirra, sem jafngilda prófum innlendra borgara séu viðurkennd. Þá skal einstaklingum frjálst að veita persónulega þjónustu milli ríkja innan svæðisins. Þeim einstaklingum sem starfs síns vegna er nauðsynlegt að taka sér búfestu í öðru ríki en sínu eigin innan svæðisins, skal tryggt dvalarleyfi. Þetta eru höfuðatriði þess sem nefnt hefur verið atvinnu- og búsetufrelsi.

Um 28. gr.

Afnema skal alla mismunun milli einstaklinga í aðildarríkjum EB og EFTA sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum. Þetta felur í sér að óheimilt er að ráða ríkisborgara frá öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins upp á önnur launakjör en ákveðin hafa verið í viðkomandi ríki. Þá er ekki heimilt að gera aðrar kröfur um t.d. menntun, starfsreynslu og þess háttar en krafist er af innlendum mönnum. Í reglugerð sem sett var árið 1968 um frjálsa flutninga launþega er öll mismunun varðandi ráðningar bönnuð. Hins vegar er tekið fram að það teljist ekki mismunun að krefjast tungumálakunnáttu þegar viðkomandi starf krefst hennar. Starf kennara, hver svo sem kennslugrein viðkomandi er, hefur verið tekið sem dæmi um starf þar sem krefjast verður kunnáttu í tungumáli viðkomandi starfslands. Þetta felur það í sér að sæki Íslendingur og ríkisborgari frá öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins um sama starf og báðir uppfylla kröfur til starfans, teljist það ekki mismunun að hafna hinum erlenda borgara, ef hann hefur ekki nægilegt vald á íslenskri tungu. Ef hinn erlendi borgari er talinn betri umsækjandi hvað varðar menntun og starfsreynslu, þarf að meta sérstaklega hvort hann hafi tilhlýðilega íslenskukunnáttu. Gæti það orðið til þess að hinum erlenda borgara yrði hafnað, þrátt fyrir aðra yfirburði til starfans.

Bannið við mismunun ríkisborgara frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins felur í sér að ekki má mismuna þeim varðandi þjónustu vinnumiðlunar, eða gera aðrar kröfur, í tengslum við störf, svo sem varðandi búsetu um tiltekið árabil. Allt það sem felur í sér dulbúnar hindranir er ósamrýmanlegt ákvæðunum. Má nefna sem dæmi að gera hinum erlenda borgara að uppfylla kröfur, sem einungis er hægt að uppfylla með búsetu um árabil í viðkomandi landi. Aðrar hindranir, eins og það að gera hinum erlenda borgara erfiðara að fá húsnæði en innlendum eru einnig óheimilar.

Óheimilt er að skattleggja tekjur hins erlenda borgara á annan hátt en innlendra. Aðild að verkalýðsfélögum skal standa hinum erlenda borgara til boða. Hann hefur sama rétt og innlendir til að gegna trúnaðarstörfum í verkalýðsfélögum.

Forsenda allra þessara réttinda er að hinn erlendi borgari hafi raunverulega starf með höndum. Samningurinn kveður því fortakslaust á um það að frelsið felist m.a. í því að mega þiggja atvinnutilboð sem raunverulega eru gerð. Hafi tekist samningar við atvinnurekanda um starf í öðru ríki öðlast launþeginn rétt til þess að dveljast í viðkomandi landi í samræmi við þær reglur sem gilda um störf innlendra manna. Venjulega er gefið út skilríki til fimm ára í senn um rétt launþegans til dvalar í landinu. Hinum erlenda borgara er heimilt að koma til landsins með fullgilt vegabréf og leita sér að starfi í allt að þrjá mánuði. Hafi hann ekki fengið starf innan þess tíma, verður hann að fara úr landi. Hverju ríki er frjálst að beita því eftirliti við landamæri er þar tíðkast og ennfremur að fylgjast með því að erlendir borgarar hafi fengið dvalarleyfisskilríki.

Skilyrði þess að fá útgefið dvalarleyfi er að viðkomandi leggi fram:

1. Skilríki er þeir höfðu við komu til landsins;
2. staðfestingu atvinnurekenda um ráðningu þess starfsmanns.

Fjölskylda launþegans öðlast sama rétt til dvalar og launþeginn. Gildir það óháð því af hvaða þjóðerni maki er. Þannig á maki frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins rétt til að dveljast jafnlengi og launþeginn. Maki og börn eiga rétt til allrar félagslegrar þjónustu sem innlendir og aðgang að skólum og endurmenntunarnámi.

Til að fjölskylda fái útgefin dvalarleyfisskilríki þarf hún að leggja fram:

1. Skilríki sem viðkomandi lögðu fram við komu til landsins;
2. staðfestingu sveitarstjórna í heimaríki um fjölskyldutengsl við starfsmann.

Eftir að starfsævi lýkur öðlast launamaðurinn rétt á að dveljast áfram í viðkomandi ríki og hið sama gildir um fjölskyldu hans. Fjölskylduhugtakið nær til maka, barna og forfeðra. Skilyrði er að viðkomandi hafi dvalist í landinu síðustu 3 ár fyrir starfslok, þar af hafi starfsmaðurinn unnið a.m.k. 12 mánuði.

Framangreint er einungis heimilt að takmarka með því að byggja það á allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði. Eru það í reynd sömu reglur og hvert ríki hefur rétt á að beita gagnvart sérhverjum útlendingi. Er þar um að ræða reglur um öryggi ríkisins, hættulegar farsóttir og þess háttar.

Framangreint á við um öll störf á almenna vinnumarkaðinum. Í samningnum er hins vegar tekið fram að þetta eigi ekki við um störf í opinberri þjónustu. Við gerð Rómarsamningsins mun hafa verið litið svo á, að öll störf í opinberri þjónustu væru undanskilin. Í gegnum árin hafa hins vegar gengið allmargir dómar er varða túlkun þessa ákvæðis. Af þeim verður ekki ráðið nákvæmlega hvaða störf falli undir opinbera þjónustu, en hins vegar má ráða af dómum EB-dómstólsins að til að starf teljist til opinberrar þjónustu þurfi það að fela í sér ákveðið trúnaðarsamband milli ríkisvaldsins og starfsmannsins. Honum sé falið að fara með ákveðið vald af hálfu hins opinbera, sem ekki er talið æskilegt frá sjónarmiði öryggishagsmuna að sé í höndum erlendra borgara. Störf sem í sumum ríkjum innan svæðisins eru í höndum einkaaðila, en annars staðar í höndum opinberra aðila, virðast almennt falla utan við þetta ákvæði. Af dæmum má ráða að eftirtalin störf falli ekki undir opinbera stjórnsýslu: Starfsmenn við póstþjónustu, lestarstjórar, hlaðmenn, ófaglærð störf tengd járnbrautum, hjúkrunarfræðistörf við sjúkrahús, barnahjúkrunarfræðingar, næturverðir, pípulagningarmenn, rafvirkjar, garðyrkja,

arkitektar og verkstjórar hjá sveitarfélögum, kennaranemar í starfsþjálfun, rannsóknarmenn og tungumálakennarar við háskóla. Af þessu er ljóst að innihald starfans skiptir höfuðmáli, en ekki ráðningarform eða þess háttar.

Með hverjum dómi sem kveðinn er upp skýrist þetta ákvæði betur. Ágreiningur hefur verið um það innan Evrópubandalagsins hvort það sé á valdsviði EB að skilgreina hvað séu störf í opinberri þjónustu. Virðist litið svo á að það sé á valdi hvers ríkis að ákveða þetta. Hverju ríki er frjálst að gera kröfu um ríkisfang að skilyrði fyrir skipun í opinbera stöðu. Slíkt skilyrði er í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 38/1954.
Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 04.12.1974, mál 41/74, Van Duyn, B 1974, bls. 1337)
(DEB, 19.03.1964, mál 75/63, Unger, B 1964, bls. 347)
(DEB, 15.10.1969, mál 15/69, Ugliola, B 1969, bls. 363)
(DEB, 13.12.1972, mál 44/72, Marsman, B 1972, bls. 1243)
(DEB, 11.04.1973, mál 76/72, Michel S., B 1973, bls. 457)
(DEB, 30.09.1975, mál 32/75, Cristini, B 1975, bls. 1058)
(DEB, 03.07.1986, mál 66/85, Lawrie-Blum, B 1986, bls. 2121)
(DEB, 12.02.1974, mál 152/73, Sotique, B 1974, bls. 153)
(DEB, 03.07.1974, mál 9/74, Casagrande, B 1974, bls. 744)
(DEB, 28.11.1974, mál 16/78, Choquet, B 1978, bls. 2293)
(DEB, 28.02.1975, mál 67/74, Bonsignore, B 1975, bls. 297)
(DEB, 27.10.1977, mál 30/77, Bouchereau, B 1977, bls. 1999)
(DEB. 16.06.1987, mál 225/85, Framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu, B 1987, bls. 2625)
(DEB, 17.12.1980, mál 149/79, Framkvæmdastjórnin gegn Belgíu)
(DEB, 04.04.1974, mál 167/73, Framkvæmdastjórnin gegn Frakklandi, B 1974, bls. 359)

Um V. viðauka
Frelsi launþega til flutninga

Tilskipun ráðsins **64/221/EBE** frá 25. febrúar 1964 um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis (Stjtíð. EB nr. 56, 4.4.1964, bls. 850).

Almenna reglan samkvæmt EB-rétti er sú að einstaklingar innan EB eiga rétt til að fara úr landi, dvelja, leita að atvinnu og hverfa á braut. Tilskipunin kveður á um hvenær hægt er að takmarka atvinnu- og búseturétt vegna allsherjarreglu, öryggis eða heilbrigðis. Tilskipunin nær til ríkisborgara aðildarríkja og fjölskyldna þeirra, sem dvelja í eða ferðast til annars aðildarríkis til að taka að sér starf sem launþegar eða sjálfstætt starfandi eða til að inna af hendi eða njóta þjónustu.

Takmörkun á rétti til útgáfu og endurnýjunar dvalarleyfis og brottvísunar má ekki byggjast á fjárhagsástæðum.

Takmörkun vegna allsherjarreglu og öryggis verður að byggjast eingöngu á persónulegri hegðun viðkomandi. Brottvísun má ekki byggja á því að vegabréf eða kennivottorð sé útrunnið.

Aðeins tilgreindir sjúkdómar eða fötlun réttlæta synjun á komu til lands eða útgáfu fyrsta dvalarleyfis. Sjúkdómar sem koma til eftir útgáfu fyrsta dvalarleyfis réttlæta ekki synjun á endurnýjun dvalarleyfis eða brottvísun.

Með breytingartilskipunum 72/194/EBE og 75/35/EBE var tilskipunin einnig látin ná til launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga að loknum starfsferli.

Framangreindar tilskipanir gera nauðsynlegt að breyta lögum nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum.

Reglugerð ráðsins **(EBE) nr. 1612/68** frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins.

Reglugerðin byggir á 48. og 49. gr. Rómarsamningsins. Reglugerðin er nánari útfærsla á markmiðum hans um frjálsan atvinnu- og búseturétt launþega og fjölskyldna þeirra og byggir á þeirri meginreglu að allir launþegar aðildarríkja hafi jafnan rétt til vinnu og tengdra félagslegra réttinda án tillits til þjóðernis.

Launþegi og fjölskylda hans hefur m.a. sama rétt til skattaafsláttar, almannatrygginga, starfsmenntunar og endurmenntunar, aðildar að stéttarfélagi, rétt til húsnæðis, þ.á m. að kaupa það húsnæði sem hann þarf.

Réttur til starfsmenntunar nær einnig til almenns aðgangs að framhaldsskólum og háskólum þó viðkomandi hafi ekki verið starfandi eða tilheyrt fjölskyldu launþega í viðkomandi landi.

Setja má skilyrði um tungumálakunnáttu launþega ef starfið krefst þess. Frjáls atvinnuréttur nær ekki til opinberra trúnaðarstarfa.

Reglugerðin kveður á um samstarf vinnumiðlana í aðildarríkjunum og evrópskrar samræmingarskrifstofu um dreifingu á upplýsingum um atvinnuástand og lausar stöður. Verði röskun á vinnumarkaði í einu aðildarríki sem gæti ógnað lífskjörum eða atvinnustigi á vissu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein, á EB-aðildarríki að upplýsa framkvæmdastjórnina, en EFTA-ríki eftirlitsstofnun og fastanefnd EFTA, um ástandið. Fastanefnd EFTA ber þá að grípa til ráðstafana til að draga úr atvinnuumsóknum á því svæði.

Tilskipun ráðsins **68/360/EBE** frá 15. október 1968 um afnám takmarkana á flutningum og búsetu innan bandalagsins gagnvart launþegum og fjöldskyldum þeirra (Stjtíð. EB nr. L 257, 19.10.1968, bls. 13).

Markmiðið með tilskipuninni er að afnema hömlur á tilflutningum og búsetu ríkisborgara samningsríkjanna og fjölskyldna þeirra. Tilskipunin kveður á um að ríkisborgarar aðildarríkjanna skuli hafa rétt til að fara úr landi í því skyni að hefja starf í öðru samningsríki gegn framvísun vegabréfs eða kennivottorðs, án áritunar, en slíkur réttur gildir einungis fyrir ríkisborgara aðildarríkja. Réttur er til dvalarleyfis, einnig fyrir fjölskyldumeðlimi sem eru ekki ríkisborgarar samningsaðila. Dvalarleyfi skal veitt til 5 ára og endurnýjað sjálfkrafa. Allt að 6 mánaða rof á dvöl breytir ekki gildi leyfis. Ef um skammtímaráðningu er að ræða má gefa út leyfi til samningstímans. Dvalarleyfi verður ekki afturkallað þótt vinnu ljúki, hvort heldur er vegna veikinda eða atvinnuleysis eða gegn eigin vilja. Viðurkenna skal dvalarrétt þeirra sem taka að sér starf sem ekki er áætlað að standi lengur en í 3 mánuði án sérstaks dvalarleyfis.

Ákvæði tilskipunarinnar gilda með hliðstæðum hætti um þá sem eru sjálfstætt starfandi, eða ætla sér að láta í té þjónustu og þeirra sem ætla að njóta þjónustu í öðru ríki (tilskipun 73/148/EBE frá 21. maí 1973).

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar **(EBE) nr. 1251/70** frá 29. júní 1970 um rétt launþega til að dveljast áfram á yfirráðasvæði aðildarríkis eftir að hafa gegnt starfi í því ríki (Stjtíð. EB nr. L 142, 30.6.1970, bls. 24).

Reglugerðin tekur til launþega og fjölskyldna þeirra sem starfað hafa í aðildarríki EB skv. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1612/68.

Rétt til áframhaldandi dvalarleyfis í aðildarríki á:

a. Launþegi sem náð hefur ellilífeyrisaldri þegar hann lætur af starfi og hefur haft þar vinnu í a.m.k. 12 mánuði og búið þar samfellt í meira en 3 ár.
b. Launþegi sem hættir störfum vegna varanlegs óhæfis til vinnu og búið hefur í viðkomandi aðildarríki í a.m.k. 2 ár samfellt. Ekki skal þó gerð krafa um tímalengd búsetu ef óhæfi til vinnu stafar af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi sem veitir rétt til lífeyris að hluta til eða að öllu leyti frá stofnun í því ríki.
c. Launþegi sem eftir þriggja ára samfellda vinnu og búsetu í því ríki starfar í öðru ríki en heldur heimili í fyrra ríkinu og hverfur þangað að jafnaði daglega eða a.m.k. einu sinni í viku.

Ákvæðin í a- og b-lið um tímalengd vinnu eða búsetu eiga ekki við ef maki launþegans er ríkisborgari viðkomandi ríkis eða hefur misst hann við að giftast launþeganum. Ákvæði eru um rétt fjölskyldunnar.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda með hliðstæðum hætti um þá sem tilskipun 73/148/EBE tekur til, þ.e. til sjálfstætt starfandi fólks sem látið hefur af starfi, sbr. tilskipun 75/34/EBE frá 17. desember 1974.

Tilskipun ráðsins **72/194/EBE** frá 18. maí 1972 um útfærslu gildissviðs tilskipunar 64/221/EBE frá 25. febrúar 1964, um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis, svo að það nái einnig til launþega sem neyta réttarins til að dveljast áfram í aðildarríki eftir að hafa verið þar við störf (Stjtíð. EB nr. L 121, 26.5.1972, bls. 32).

Tilskipunin kveður á um að ferðafrelsi og búseturéttur þeirra aðila sem eiga rétt til áframhaldandi dvalar í aðildarríki eftir að hafa starfað í því verði eingöngu takmarkaður á grundvelli aðgerða sem byggðar eru á allsherjarreglu, öryggis- eða heilbrigðissjónarmiðum.

Tilskipun ráðsins **77/486/EBE** frá 25. júlí 1977 um menntun barna farandlaunþega (Stjtíð. EB nr. L 199, 6.8.1977, bls. 32).

Tilskipun þessi kveður á um að stjórnvöld skuli gera viðeigandi ráðstafanir til þess að börn farandlaunþega fái kennslu í tungumáli gistiríkis og í samvinnu við upprunaríkin efla kennslu barnanna í móðurmáli sínu. Þetta skal fara fram í samræmi við þær reglur og þær aðstæður sem gilda í hverju ríki.

Um bókun 15
Aðlögunartímabil vegna frjálsra fólksflutninga
(Sviss og Liechtenstein)

Bókun 15 kveður á um aðlögunartíma varðandi frjálsan atvinnu- og búseturétt ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA í Sviss og Svisslendinga í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum fram til 1. janúar 1998. Ríkjunum verður frjálst að halda gildandi lögum gagnvart þeim fram til þess tíma.

Sviss verður heimilt að beita fjöldatakmörkunum vegna nýrra íbúa og farandverkamanna fram til 1. janúar 1998 og jafnframt takmörkunum á því að árstíðabundið vinnuafl geti flutt sig á milli greina eða svæða.

Frá 1. janúar 1993 verða tímabundnir ráðningarsamningar framlengdir sjálfkrafa. Þá er m.a. kveðið á um það að Sviss geti viðhaldið takmörkunum varðandi þá sem fara yfir landamæri til vinnu, þó lengst til 1. janúar 1998.

Svipuð ákvæði gilda um Liechtenstein að öðru leyti en því að 10., 11. og 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68 gilda um farandverkamenn í Sviss frá 1. janúar 1997 en um þá sem hafa lögheimili í Liechtenstein munu aðilar sameiginlega fara yfir þetta svið þar sem tekið verði sérstaklega tillit til hinnar sérstöku landfræðilegu stöðu Liechtensteins.

Um 29. gr.

Ein forsenda þess að fólk geti flutt milli landa í atvinnuskyni er sú að flutningurinn hafi ekki í för með sér missi réttinda til almannatrygginga. Rómarsamningurinn hefur því að geyma ákvæði í 51. gr sem á að tryggja það að launþegi eða einstaklingur sem starfar sjálfstætt og kýs að vinna og dveljast í öðru aðildarríki en heimaríkinu missi í engu almannatryggingaréttindi vegna flutningsins milli landa. Tvær reglugerðir um almannatryggingar hafa og verið settar hjá EB sem lýsa nánar reglum á þessu sviði. Þetta er reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

Reglum EB á sviði almannatrygginga er ætlað að tryggja samræmda og samfellda beitingu löggjafar aðildarríkjanna á sviði almannatrygginga gagnvart launþegum og sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem skipta um vinnustað eða dvalarstað innan EB. Þær koma ekki í veg fyrir að reglur EB-ríkjanna á sviði almannatrygginga séu ólíkar bæði að formi og efni þannig að réttindi launþega og sjálfstæðra atvinnurekenda geta verið mismunandi eftir því hvar þeir starfa.

Í EES-samningnum er gert ráð fyrir að reglur EB á sviði almannatrygginga verði jafnframt reglur EES-svæðisins. Í 29. gr. EES-samningsins er því að finna ákvæði sambærilegt við 51. gr. Rómarsamningsins. Í VI. viðauka við samninginn er síðan að finna nánari útfærslu einstakra EFTA-ríkja vegna aðlögunar þeirra að fyrrnefndum reglugerðum EB á sviði almannatrygginga.

Í 29. gr. felast tvær af fjórum meginreglum Evrópubandalagsins á sviði almannatrygginga, annars vegar samlagningarreglan og hins vegar útflutningsreglan.

Samlagningarreglan tryggir að launþegar og einstaklingar sem starfa sjálfstætt missa í engu áunnin réttindi eða réttindi sem þeir eru um það bil að ávinna sér þó svo að þeir flytjist til eða hefji störf í öðru samningsríki. Í samlagningarreglunni felst að ef löggjöf lands hefur t.d. að geyma ákvæði um það að launþegi skuli hafa verið tryggður eða starfað

í ákveðinn tíma áður en hann öðlast rétt til bóta þá skal við ákvörðunina um það hvort skilyrði þessu sé fullnægt taka tillit til þess að launþeginn hefur verið tryggður eða unnið í öðru samningsríki. Þetta þýðir að tryggingatímabil, starfstímabil og búsetutímabil sem áunnin eru samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis skal telja með eins og þau væru áunnin samkvæmt löggjöf viðkomandi lands.

Útflutningsreglan hefur í för með sér að almannatryggingabætur skal greiða hvarvetna innan EES-svæðisins. Reglunni er þannig ætlað að tryggja hinn tryggða gegn tekjutapi eingöngu af þeirri ástæðu að hann kýs að flytja frá því landi þar sem hann á rétt á bótunum. Útflutningsreglan er mismunandi eftir því hvort um er að ræða útflutning á peningabótum, s.s. dagpeningum eða lífeyri eða sjúkrahjálp, s.s. læknishjálp eða sjúkrahúsdvöl. Um sjúkrahjálpina gildir sú meginregla að hún er greidd í samræmi við löggjöf þess ríkis sem bótaþeginn býr í eða dvelst í án tillits til þess hvort hann heyri undir löggjöf þess ríkis. Útflutningurinn felst í því að stofnun í því landi þar sem bótaþeginn telst tryggður í skal endurgreiða stofnun í dvalarlandinu þann kostnað sem hún hafði af sjúkrahjálpinni við bótaþegann. Um peningagreiðslur gildir sú regla að þær eru inntar af hendi í samræmi við löggjöf þess lands þar sem viðkomandi telst tryggður. Peningagreiðslurnar á að greiða honum án tillits til þess hvort hann búi í öðru samningsríki. Tvennt kemur til greina varðandi peningasendinguna, annaðhvort er hægt að senda viðkomandi peningana beint eða í gegnum stofnun í því ríki þar sem hann býr.

Aðrar meginreglur almannatrygginga hjá Evrópubandalaginu sem verða reglur EES samkvæmt samningnum eru jafnræðisreglan og *pro rata temporis* reglan. Jafnræðisreglan byggist á 7. gr. Rómarsamningsins og 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71. Í jafnræðisreglunni felst að launþegar og einstaklingar sem starfa sjálfstætt munu að því er varðar aðgang þeirra að almannatryggingabótum og greiðslu þeirra standa jafnfætis ríkisborgurum viðkomandi ríkis. Af þessu leiðir að ef almannatryggingalöggjöf viðkomandi lands hefur að geyma skilyrði um ríkisborgararétt, má ekki beita þessu skilyrði gagnvart þeim sem heyra undir reglur EES um almannatryggingar. *Pro rata temporis* reglan tryggir bótaþega hlutfallsgreiðslu ef hann, vegna breytinga á vinnustað, hefur ekki náð því að vinna sér inn nægileg réttindi til að fá fullar bætur. Reglan er ekki almenn að því leyti að henni er ekki beitt um allar bótagreiðslur. Beiting reglunnar er takmörkuð við greiðslur sem byggja á söfnun réttinda þ.e.a.s. lífeyrisgreiðslur, og í ákveðnum tilvikum bætur samkvæmt löggjöf um slysatryggingu vegna atvinnusjúkdóma. Ef lífeyrir er greiddur samkvæmt *pro rata temporis* reglunni þá hefur það í för með sér að greiddur lífeyrir er í hlutfalli af tryggingatímabili eða búsetutímabili viðkomandi í samningsríkinu.

Um svipað efni fjallar eftirfarandi dómur EB-dómstólsins:
(DEB, 21.10.1975, mál 24/75, Petroni, B 1975, bls. 1161)

Um VI. viðauka
Félagslegt öryggi

Vísað er til ahugasemda við 29. gr.

Um bókun 16
Ráðstafanir á sviði félagslegs öryggis varðandi aðlögunartímabil vegna frjálsra fólksflutninga (Sviss og Liechtenstein)

Mikill fjöldi Spánverja og Portúgala en þó einkum Ítala hefur stundað árstíðabundin störf í Sviss. Því hefur reynst nauðsynlegt að setja sérstök tímabundin ákvæði um réttindi þeirra á aðlögunartímabili.

Í bókuninni er kveðið á um aðlögunartímabil fyrir beitingu almannatryggingareglugerðar (EBE) nr. 1408/71 að því er varðar launþega sem vinna árstíðabundin störf. Á aðlögunartímanum á farandverkamaður rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt löggjöf Sviss og Liechtensteins á sama hátt og innlendir. Sérreglur gilda um endurgreiðslur atvinnuleysisiðgjalda.

Jafnframt er tekið fram að nokkrir tvíhliða samningar sem Sviss hefur gert um atvinnuleysisbætur skuli gilda út aðlögunartímann.

Gildistími þessarar bókunar er hinn sami og bókunar nr. 15.

Um 30. gr.

Mikið starf hefur verið unnið á undanförnum áratugum innan Evrópubandalagsins til að ryðja úr vegi þeirri hindrun að próf og starfsréttindi fólks fáist ekki viðurkennd. Í samningnum er kveðið á um, til að auðvelda launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum að hefja starfsemi, að gerðar skuli nauðsynlegar ráðstafanir varðandi gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur menntun ákveðinna heilbrigðisstétta verið samræmd. Fyrirliggjandi eru tilskipanir sem tryggja læknum, hjúkrunarfræðingum, lyfjafræðingum, ljósmæðrum, tannlæknum og dýralæknum rétt á viðurkenningu menntunar sinnar í hverju einstöku aðildarríki. Með þessum samningi njóta þessar heilbrigðisstéttir viðurkenningar hvar sem er á efnahagssvæðinu.

Um VII. viðauka
Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi

Í viðaukanum er að finna tilskipun um lögfræðinga, sem felur þó ekki í sér gagnkvæma viðurkenningu prófa. Hún felur í sér viðurkenningu á starfsheiti, en unnt er að skilyrða lögfræðistörf við það að þau fari fram í samvinnu við innlenda lögmenn. Arkitektatilskipunin byggist ekki á samræmdu námi, heldur á lista yfir þau próf sem menn þurfa að hafa til að eiga rétt á viðurkenningu sem arkitektar.

Á sviði verslunar er í viðaukanum tilskipanir um milliliði í verslun eins og smásala, heildsala, umboðssala og farandsala. Sérstakar tilskipanir eru um handverk og iðnað. Á þessum sviðum eru menntunarkröfur afar mismunandi í aðildarríkjum samningsins. Í sumum löndum er einungis krafist starfsreynslu um tiltekið árabil, en ekki formlegra prófa. Gert er ráð fyrir að iðnmeistari, sem hefur full réttindi í heimalandi sínu, geti fengið réttindi sín viðurkennd í öðru ríki, ef hann hefur starfað sex ár sjálfstætt. Sömu kröfur varðandi tryggingar og aðrar þær kröfur sem gerðar eru til borgara viðkomandi ríkis myndu gilda um stofnsetningu fyrirtækis.

Tilskipanir eru um ýmiss konar starfsemi tengda flutningum, s.s. flutningamiðlun, ferðaskrifstofurekstur og skipamiðlun. Ef um er að ræða svið þar sem krafist er

viðurkenningar hérlendis getur sjálfstætt starf um tiltekið árabil gefið fólki rétt á að fá viðurkenningu. Hinn erlendi borgari byggi eftirleiðis við nákvæmlega sömu kröfur og gerðar eru til innlendra rekstraraðila.

Tilskipanir á sviði landbúnaðar heimila borgurum frá öðru aðildarríki svæðisins að gerast sjálfstæðir bændur hafi þeir unnið sem landbúnaðarverkamenn um tiltekið árabil. Ennfremur er erlendum bændum heimilað að taka við jörðum sem hafa verið í eyði um tveggja ára skeið, með þeim skilyrðum sem viðkomandi landslög kveða á um.

Tilskipanir um prófaviðurkenningar eru aðlagaðar í viðaukanum að prófgráðum í EFTA-ríkjum. Með hliðsjón af þeim fjölda Íslendinga sem lýkur háskólanámi eða framhaldsnámi utan Evrópu gáfu samningsaðilarnir út sameiginlega yfirlýsingu við samninginn þar sem mælst er til þess að próf sem Íslendingar hafa lokið í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins séu viðurkennd, hafi þau hlotið viðurkenningu íslenskra stjórnvalda.

Þróunin innan Evrópubandalagsins hefur leitt í ljós að afar flókið og tímafrekt er að samræma menntunarkröfur. Var því valin sú leið að semja almenna tilskipun um viðurkenningu á æðra námi sem tæki a.m.k. þrjú ár.

Nær hún til þeirra starfa er krefjast löggildingar og byggjast á að minnsta kosti þriggja ára háskólanámi. Hún myndi hins vegar ekki hrófla við eldri tilskipunum sem ná til einstaka starfsgreina þar sem krafist er æðri menntunar. Gert er ráð fyrir að hverju ríki fyrir sig verði falið að yfirfara umsóknir um viðurkenningu á æðra námi og kanna hvort menntun viðkomandi sé sambærileg við það sem krafist er af innlendum aðilum til að fá löggildingu. Skorti þar eitthvað á yrði að gefa hinum erlenda borgara kost á að þreyta próf eða bæta við sig námi, ef nám er verulega styttra en í gistiríki. Aldrei mætti þó krefjast meira en þriggja ára viðbótarnáms eða starfsþjálfunar. Stjórnvöld gætu því aðeins fyrirskipað hvor leiðin sé farin, ef um er að ræða löggildingu til starfa sem krefjast mikillar þekkingar á innlendum lögum og reglum. Gert er ráð fyrir að afgreiðsla mála taki aðeins þrjár vikur, þannig að hinir erlendu borgarar þurfi ekki að velkjast í vafa um stöðu sína. Með þessari tilskipun er stefnt að því að ekki þurfi eftirleiðis að semja tilskipanir um einstök störf er njóta löggildingar. Samsvarandi almenn tilskipun um iðnnám er í undirbúningi.

Að lokum skal getið um tilskipanir á þessu sviði varðandi kvikmyndaiðnaðinn.

Tilskipun um framkvæmd á ákvæðum hinnar almennu áætlunar um afnám hafta á rétti til að veita þjónustu að því er varðar kvikmyndaiðnaðinn, 63/607/EBE frá 15. október 1963, fjallar m.a. um skilgreiningar hugtaka, hvenær kvikmynd telst hafa þjóðerni aðildarríkis og bann við takmörkunum á innflutningi, dreifingu og nýtingu á tilteknum tegundum kvikmynda.

Tilskipun um framkvæmd á ákvæðum hinnar almennu áætlunar um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu á sviði kvikmyndaiðnaðar, 65/264/EBE frá 13. maí 1965, fjallar um afnám hafta á kvikmyndasviðinu.

Tilskipun ráðsins um hvernig koma skuli á staðfesturétti sjálfstætt starfandi einstaklinga að því er varðar starfsemi á sviði kvikmyndadreifingar, 68/369/EBE frá 15. október 1969.

Framangreindar reglur um frjálsan atvinnu- og búseturétt gera ríkisborgara frá EES-ríkjum í reynd jafnsetta og norrænir ríkisborgarar samkvæmt samningi um norrænan vinnumarkað frá 1982. Þau ganga lengra að því leyti að mun betur er tryggt að borgarar

þessara ríkja fái starfsréttindi sín viðurkennd. Hvað almannatryggingar áhrærir er staðan sú sama og nú gildir fyrir norræna borgara. Áfram munu hins vegar gilda þær verulegu takmarkanir sem eru á atvinnuþátttöku annarra erlendra borgara á Íslandi.

Um 2. kafla
Staðfesturéttur

Orðið „staðfesturéttur" er nýyrði og er þýðing á enska hugtakinu „right of establishment" eða norræna hugtakinu „etableringsfrihet" (stofnsetningarréttur, atvinnurekstrarréttur). Um staðfesturétt er fjallað í þessum kafla.

Um 31. gr.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar, sem svarar til 52. gr. Rómarsamningsins, skulu ekki vera hömlur á rétti borgara aðildarríkjanna til að setjast að og stofna til atvinnurekstrar hvar sem er á EES-svæðinu. Þetta gildir einnig um stofnsetningu umboðskrifstofa, útibúa eða dótturfyrirtækja. Staðfesturrétturinn felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi eftir sömu reglum og gilda að landslögum um borgara eða lögaðila þess ríkis, þar sem staðfestan er fengin. Frá þessu er þó undanþága í EES-samningnum að því er varðar starfsemi á sviði fiskveiða og fiskvinnslu á Íslandi.

Atvinnu- og búsetufrelsi nær til einstaklinga sem í krafti löggildingar öðlast rétt til að starfa sjálfstætt. Engar hömlur eða hindranir má leggja á starfsemi þeirra, umfram það sem gert er við starfsemi innlendra aðila. Hins vegar er það skilyrði sett, að viðkomandi borgarar frá öðrum ríkjum EES-svæðisins hafi hlotið löggildingu þar til bærra íslenskra stjórnvalda.

Um svipað efni fjallar eftirfarandi dómur EB-dómstólsins:
(DEB, 21.06.1974, mál 2/74, Reyners, B 1974, bls. 631)

Um VIII. viðauka
Staðfesturéttur

Hér er að finna nánari ákvæði um staðfesturétt. Í 8. tölul. er vísað í tilskipun ráðsins 90/366/EBE frá 28. júní 1990 um búseturétt námsmanna og í 9. tölul. er tekið fram að Íslandi sé heimilt að beita áfram höftum á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu, sem eru í gildi við undirritun samningsins. Þetta ákvæði yrði lögfest með frumvarpinu.

Ýmis atriði í IX. - XI. viðauka snerta staðfesturétt, en jafnframt frelsi til að veita þjónustu og verður fjallað nánar um viðaukana í framhaldi af umfjöllun um 36. gr. samningsins.

Um 32. gr.

Í greininni, sem samsvarar 55. gr. Rómarsamningsins, segir að ákvæði kaflans um staðfesturétt gildi ekki um starfsemi sem fellur undir meðferð opinbers valds, jafnvel þótt svo sé aðeins í einstökum tilvikum. Hér er átt við störf ýmissa opinberra embættis- og sýslunarmanna, sem eftir sem áður verður unnt að binda við ríkisborgara eina.

Um 33. gr.

Hér er um að ræða frekari undantekningu frá staðfesturétti, er byggist á sjónarmiðum um allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði. Í tilskipun 64/221/EBE er að finna nánari reglur um þær takmarkanir á staðfesturétti, sem byggst geta á greininni, og miðast tilskipunin við að samræma ólík ákvæði í löggjöf einstakra landa. Kemur þar fram að aðgerðir verða að miðast við tiltekna háttsemi erlendra ríkisborgara í landinu og mega ekki byggjast á aðstæðum, sem ekki eiga við í því tilviki sem til umfjöllunar er.

Um 34. gr.

Af þessari grein samningsins leiðir að ríki innan EES skuldbinda sig til þess að gefa fyrirtækjum frá öðrum ríkjum svæðisins sama rétt og innlendum fyrirtækjum eða það sem nefna mætti „landskjör" („national treatment" á enskri tungu).

EES-samningurinn hefur í för með sér að aðildarríkin geta haldið áfram hömlum á staðfesturétti fyrir aðila sem koma frá ríkjum utan EES-svæðisins. Samkvæmt bókun 17 hafa aðildarríkin rétt til þess að grípa til aðgerða til þess að hindra að reglur, sem takmarka staðfesturéttinn eða aðgang að sameiginlega markaðnum verði sniðgengnar af hálfu lands utan EES með því að nýta aðstöðu á landsvæði annars EES-ríkis. Samkvæmt hinum almennu reglum samningsins ber þó að leitast við að samræma reglur um slíkar aðgerðir á öllu samningssvæðinu.

Í flestum EFTA-ríkjunum hafa gilt reglur, sem takmarka rétt útlendinga til staðfestu og til kaupa á fyrirtækjum eða fasteignum. Ríkin verða nú að breyta þessum reglum og er veittur sérstakur aðlögunartími til þess í samningnum, sbr. ákvæðin um frjálsa fjármagnsflutninga og ákvæði XII. viðauka. Gera þarf breytingar á lögum nr. 34 frá 25. mars 1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. og lög nr. 23 frá 27. mars 1991 um breytingu á lagaákvæðum er varða fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl.

Að því er staðfesturéttinn sjálfan varðar þarf að fella út eins árs búsetuskilyrði í fjölmörgum lögum um atvinnuréttindi þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra EES-ríkja.

Um bókun 17
Varðandi 34. gr.

Í framangreindri bókun 17 segir í 1. tölul. að ákvæði 34. gr. skuli ekki koma í veg fyrir að samningsaðilar setji löggjöf eða beiti neinum þeim ráðstöfunum sem varða aðgang þriðja lands að mörkuðum þeirra. Farið skuli með löggjöf á sviði sem samningurinn tekur til í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í samningnum og beri samningsaðilum að kappkosta að starfa í samræmi við samsvarandi reglur EES.

Þá segir í bókuninni að samningsaðilum beri í öllum öðrum tilvikum að upplýsa sameiginlegu EES-nefndina um ráðstafanirnar og leitast við, eftir því sem þörf krefur, að samþykkja ákvæði er tryggi að ráðstafanirnar séu ekki sniðgengnar á yfirráðasvæðum annarra samningsaðila. Ef ekki tekst að koma að samkomulagi um slíkar reglur eða ákvæði, geti hlutaðeigandi samningsaðili gripið til ráðstafana sem nauðsynlegar kunna að reynast til að koma í veg fyrir að ráðstafanirnar séu sniðgengnar.

Um 35. gr.

Í greininni er kveðið á um að ákvæði 30. gr. EES-samningsins gildi um málefni er falla undir staðfesturétt og vísast til athugasemda við þá grein.

Um 3. kafla
Þjónusta

Um 36. grein

Frjáls viðskipti með þjónustu eru eitt af fjórfrelsum EES-samningsins á sama hátt og í Rómarsamningnum. Um þetta er fjallað í 36. gr. samningsins, sem svarar til 59. gr. Rómarsamningsins. Í IX.-XI. viðauka er að finna nánari ákvæði um útfærslu frjálsra þjónustuviðskipta á EES-svæðinu og um aðlögunartíma einstakra ríkja að tilteknum breytingum.

Með þjónustu er átt við þjónustu á sviði iðnaðar eða verslunar eða ýmiss konar handiðnað og þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga, sem veitt er gegn greiðslu. Þetta hefur í för með sér að ýmiss konar opinber þjónusta fellur utan gildissviðs EES-samningsins. Samningurinn hefur ekki að geyma tæmandi upptalningu á þeirri þjónustu sem ákvæði hans ná til en eins og áður segir er hér um meginreglu að ræða sem gildir nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Frjáls þjónustuviðskipti og fjármagnshreyfingar eru ekki þáttur í gildandi fríverslunarsamningum Íslands við Vestur-Evrópuríkin og EES-samningurinn markar tímamót í efnahagssamvinnu EFTA-ríkjanna innbyrðis og við aðrar þjóðir. Með því að setja sameiginlegar reglur um frjáls þjónustuviðskipti og frelsi í fjármagnshreyfingum er stefnt að því að auka skilvirkni og lækka kostnað þeirra sem kaupa þjónustu á sviði flutninga, fjármálastofnana og á fleiri sviðum, að bæta nýtingu fjármagns og að skapa sambærileg samkeppnisskilyrði fyrir þjónustuviðskipti og um fjármagnshreyfingar jafnframt því sem tekið sé tillit til sameiginlegra hagsmuna varðandi umhverfisvernd, öryggi og neytendavernd.

Frelsi í fjármagnshreyfingum, óheftir greiðslustraumar og afnám mismununar í staðfesturétti og fyrirtækjarekstri eru grundvöllur sameiginlegs markaðar með fjármálaþjónustu í EB-ríkjunum. Nánari ákvæði um framkvæmd sameiginlegs markaðar á þessu sviði er ekki að finna í Rómarsamningnum, en með heimild í 2. mgr. 54. gr. hans hefur Evrópubandalagið gefið út allmargar tilskipanir sem leggja grunn að skipan fjármálaþjónustu í bandalaginu. Þær byggjast á þremur meginreglum. Í fyrsta lagi á einu starfsleyfi, í öðru lagi á eftirliti heimaríkis og í þriðja lagi á lágmarkssamræmingu löggjafar aðildarríkjanna svo að unnt sé veita gagnkvæma viðurkenningu á stofnunum og starfsemi. Tilskipanirnar sem hér um ræðir hafa í öllum meginatriðum verið teknar upp í EES-samninginn og verður því að breyta íslenskri löggjöf um fjármálaþjónustu til samræmis við þær.

Meginreglan um „eitt starfsleyfi" merkir að starfsleyfi eða löggilding, sem fjármálafyrirtæki fær í því ríki, sem það hefur aðalstöðvar í, skal gilda hvarvetna innan EES-svæðisins. Fyrirtækið getur án hindrana selt þjónustu sína frá heimalandi yfir landamæri milli aðildarríkjanna og það getur jafnframt sett á fót útibú í öðrum aðildarríkjum.

Meginreglan um „eftirlit heimaríkis" merkir að það eru eftirlitsstofnanir þess ríkis, sem fjármálafyrirtækið hefur aðalstöðvar í, sem fylgjast skulu með því að fyrirtækið standist allar lögskyldar kröfur og að starfsemi þess sé með eðlilegum hætti. Þessar stofnanir skulu einnig fylgjast með útibúum fyrirtækisins í öðrum aðildarríkjum. Þannig

yrðu það bankaeftirlit Seðlabanka Íslands eða Tryggingaeftirlitið sem hafa eftirlit með íslenskum bönkum og vátryggingafélögum og útibúum þeirra erlendis.

Skipanin um eitt starfsleyfi og eftirlit heimaríkis byggist á því að hvert aðildarríki viðurkenni reglur annarra aðildarríkja um fjármagnshreyfingar og rekstur fjármálafyrirtækja og að opinbert eftirlit heimaríkis sé nægilegt til þess að tryggja að allt sé með felldu í rekstri fjármálastofnana þess á erlendri grundu. Því hafa tilskipanir EB beinst að því að setja lágmarkskröfur um samræmingu starfsreglna fyrir banka og aðrar lánastofnanir, vátryggingafélög og verðbréfafyrirtæki. Og í því skyni að forðast árekstra á hinum samræmdu mörkuðum hafa verið settar verklagsreglur fyrir stjórnsýslulega samvinnu eftirlitsstofnana aðildarríkjanna.

Um IX. viðauka
Fjármálaþjónusta

Þjónusta á sviði vátryggingastarfsemi

Í viðaukanum er fyrst fjallað um vátryggingastarfsemi, en hún fellur bæði undir staðfesturétt og rétt til að selja þjónustu yfir landamærin milli EB-ríkjanna. Markmið EB er að neytendur geti keypt sér þá vátryggingu sem þeim hentar best og þar sem þeim líkar þjónustan best í ríkjum EB. Vátryggingafélög geti því boðið þjónustu sína hvar sem er á svæðinu og ekki megi koma í veg fyrir það með ákvæðum í lögum einstakra ríkja. Samræmingarreglur EB um vátryggingastarfsemi eru hluti af reglum EES og skal hér getið þeirra helstu.

Staðfesturéttur til vátryggingastarfsemi var lögfestur á áttunda áratugnum með svokallaðri staðfestutilskipun. Í fyrstu tilskipuninni um skaðatryggingar (73/239/EBE) frá árinu 1973 og í fyrstu tilskipuninni um líftryggingar (79/267/EBE) frá 1979 er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli setja starfsleyfi sem skilyrði fyrir rekstri vátryggingastarfsemi. Í báðum tilskipununum var lýst þeim reglum sem gilda ættu og hvaða skilyrði skyldi setja fyrir stofnun útibús vátryggingafélags með aðalstöðvar í öðru EB-ríki. Í þessum tilskipunum var líka að finna ákvæði er miða að því að tryggja að fjárhagur vátryggingafélaga sé fullnægjandi sterkur miðað við þau viðskipti sem viðskiptavinum standa til boða. Í annarri tilskipuninni um skaðavátryggingar, sem samþykkt var á árinu 1988 (88/357/EBE), er gerður greinarmunur á stóráhættu og annarri áhættu (þar á meðal fjöláhættu). Sala vátrygginga gegn stóráhættum er gefin frjáls á öllu EB-svæðinu með einu starfsleyfi og undir eftirliti heimalands, en hér er fyrst og fremst um að ræða flutninga-, sjóvá- og greiðslu- og efndavátryggingar, sem teknar eru af atvinnurekendum ásamt fasteigna- og ábyrgðartryggingum sem teknar eru af stórum fyrirtækjum. Eftirlit gistiríkis er þó ekki alveg fellt niður þótt það sé takmarkað og leyfisveitingin sé í höndum heimaríkis. Eftirlit gistiríkis skal fylgjast með starfseminni og gera athugasemdir þegar þörf krefur. Í vissum tilvikum getur eftirlit gistiríkis jafnvel bannað sölu stóráhættuvátrygginga í því ríki, en afturköllun starfsleyfis er hins vegar í höndum heimaríkis þegar um stóráhættu er að ræða.

Fyrir sölu vátrygginga gegn fjöláhættu, en þar er m.a. átt við heimilistryggingar, bifreiðavátryggingar og fleiri neytendavátryggingar, eru gerðar sérstakar kröfur um neytendavernd. Aðildarríkin hafa því rétt til þess að setja skilyrði um þjónustuviðskipti á því sviði yfir landamærin og að fella þau undir eftirlitsstarfsemi sína.

Í nóvember 1990 var önnur tilskipunin um líftryggingar samþykkt (90/619/EBE). Hún fjallar bæði um tryggingasamninga við einstaklinga og um hóplíftryggingar. Meginreglurnar um eitt starfsleyfi og eftirlit heimaríkis eru teknar upp að því er varðar líftryggingar sem tryggingartaki tekur að eigin frumkvæði í öðru aðildarríki en hann er búsettur í. Ákvæði tilskipunarinnar um líftryggingar þegar um er að ræða töku líftrygginga að eigin frumkvæði tryggingartaka er nánast samhljóða annarri skaðavátryggingartilskipun að því er eftirlit gistiríkis varðar.

Varðandi aðrar líftryggingar er talin þörf fyrir sérstaka neytendavernd og geta aðildarríkin því valið hvort þau vilja taka upp regluna um eftirlit heimaríkis eða hvort þau vilja áfram byggja á eigin starfsleyfi skv. samræmdum reglum fyrir slíkum þjónustuviðskiptum yfir landamæri sín.

Í 4. gr. fyrstu tilskipunarinnar um skaðatryggingar (73/239/EBE) eru tiltekin vátryggingafélög og stofnanir undanþeginr almennum ákvæðum hennar sökum lögbundinnar sérstöðu í aðildarríkjum EB. Í viðaukanum er bætt við nokkrum slíkum félögum í EFTA-ríkjum og eru þar á meðal Húsatryggingar Reykjavíkurborgar og Viðlagatrygging Íslands. Í kaflanum um líftryggingar er í c-lið veittur aðlögunarfrestur vegna smárra líftryggingafélaga, m.a. hér á landi, en hann skal endurskoðaður fyrir 1. janúar 1995. Aðlögunarfrestur er einnig veittur til 1. janúar 1995 fyrir smá skaðatryggingafélög í samþykktum vegna IX. viðauka. Hér er fyrst og fremst átt við bátaábyrgðarfélögin.

Verið er að endurskoða íslenska löggjöf um vátryggingastarfsemi. Sérstök nefnd fjallar um endurskoðun laga nr. 50/1978 og er starf hennar langt komið. Flestar breytingartillögur nefndarinnar hefðu vafalaust komið fram án tillits til EES-samningsins, þar eð löggjöfin er komin til ára sinna og ekki nægilega ítarleg í ýmsum atriðum. En til viðbótar koma nokkur ákvæði, sem nauðsynlegt þykir að taka upp til samræmingar við löggjöf EB.

Varðandi löggjöf á vátryggingasviði að öðru leyti skal þess getið, að fyrirhugað er að leggja fram frumvarp sem ná mun til breytinga á þeim sérlögum á sviði vátrygginga sem nauðsynlegt er að breyta til þess að þau samrýmist EES-samningnum.

Þjónusta banka og annarra lánastofnana

Í fyrstu tilskipun EB um samræmingu bankareglna frá árinu 1977 (77/780/EBE) er mælt fyrir um að aðildarríki skuli ætíð krefjast starfsleyfis af lánastofnunum. Með lánastofnun er ekki einungis átt við banka heldur einnig stofnanir eða fyrirtæki sem taka á móti innlánsfé eða á annan hátt taka fé að láni frá almenningi og veita það að láni fyrir eigin reikning.

Í því skyni að undirbúa jarðveginn fyrir hið endanlega markmið um eitt starfsleyfi voru á níunda áratugnum settar nokkrar reglur um lágmarkssamræmingu, þ.á m. tilskipun um uppsetningu ársreikninga og samstæðureikninga fyrir lánastofnanir, um höfuðstól þeirra og eiginfjárhlutfall.

Í desember 1989 var svo sett önnur tilskipun EB um samræmingu bankareglna (89/646/EBE), sem skapa á grundvöll fyrir fullkominni samræmingu fjármagnsmarkaðarins með einu starfsleyfi og eftirliti heimalands. Lánastofnun á rétt á því í krafti starfsleyfis frá heimaríki að starfa í öðrum aðildarríkjum, annaðhvort með viðskiptum yfir landamæri eða frá útibúi, sem hún á rétt á að koma þar upp. Í fylgiskjali með tilskipuninni eru taldar

upp ýmsar stofnanir sem reka fjármálaþjónustu á einn eða annan hátt og falla undir það. Allar þessar stofnanir skulu hafa starfsréttindi hvar sem er á svæðinu í krafti starfsleyfis síns, burtséð frá því hvort gistiríkið heimilar eigin lánastofnunum slíkan rekstur.

Eftirlit heimalands nær yfir útibú innan EB-svæðisins en ekki til dótturfélaga. Þau eru að forminu til sjálfstæð fyrirtæki með starfsleyfi og undir eftirliti þess ríkis, sem þau eru stofnuð í. Í vissum tilvikum er þó litið á heildarsamstæðu fyrirtækja. Í tilskipun frá árinu 1983 er kveðið á um eftirlit með heildarsamstæðu fyrirtækja (1983/350/EBE), en þar segir að heimaríki lánastofnunar skuli krefjast samstæðuuppgjörs milli stofnunarinnar og annarra lána- og fjármálastofnana, sem lánastofnunin á verulegan hlut í.

Enn eru ekki fyrir hendi bindandi reglur um innstæðutryggingu innan EB. Framkvæmdastjórn EB gaf á árinu 1986 út meðmæli um innstæðutryggingu (87/63/EBE). Búist er við tillögu um nýja tilskipun um innstæðutryggingu á árinu 1992, en efni meðmælanna er hluti af EES-samningnum. Í júní árið 1991 var samþykkt tilskipun um „peningaþvott", þ.e. starfsemi sem miðar að því að koma í löglega umferð ólöglega fengnu fé, svo sem afrakstri fíkniefnasölu o.fl. Tilskipunin (91/308/EBE) er einnig hluti af reglum EES.

Í viðaukanum er m.a. tekið fram að byggingarsjóðir ríkisins séu undanþegnir ákvæðum reglnanna um lánastofnanir, og Íslendingar hafa aðlögunarfrest til þess að koma á ákvæðum fyrstu og annarrar bankatilskipunarinnar með síðari breytingum allt til 1. janúar 1995. Á aðlögunartímanum njóta íslenskar lánastofnanir ekki starfsréttar í öðrum EES-ríkjum fyrr en tilskipanirnar hafa komið alfarið til framkvæmda.

Framangreind ákvæði kalla á ýmsar breytingar á íslenskri löggjöf um viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar fjármálastofnanir. Sérstakur starfshópur á vegum viðskiptaráðuneytisins, með þátttöku fulltrúa Seðlabankans og annarra fjármálastofnana, hefur umsjón með frumvörpum til þessara breytinga á lögunum.

Verðbréfaþing og verðbréf

Markmið samræmingar á reglum um verðbréfaviðskipti innan EB er að koma á sameiginlegum verðbréfamarkaði þar sem ólíkir aðilar geta gefið út og átt viðskipti með verðbréf yfir landamæri um leið og fjárfestum í aðildarríkjunum er eftir samræmdum reglum veitt aukin vernd gegn misferli.

Nokkrar tilskipanir á sviði kauphallarviðskipta hafa verið samþykktar. Í þeim eru settar lágmarkskröfur um ýmislegt sem tengist viðskiptum með verðbréf á markaðsþingi. Kjarna þeirra er að finna í þremur kauphallartilskipunum (79/279/EBE, 80/390/EBE og 82/121/EBE) sem innihalda ákvæði um þær kröfur sem gerðar eru til opinberrar skráningar verðbréfa í kauphöll eða á verðbréfaþingi, hvaða upplýsingar útboðslýsing verðbréfa skal hafa að geyma, skýrslugjöf til fjárfesta um hag fyrirtækja o.fl.

Tilskipuninni um efni útboðslýsinga verðbréfa var fylgt eftir með tilskipun um gagnkvæma viðurkenningu þeirra (87/345/EBE og 90/211/EBE). Þar segir m.a. að útboðslýsing sem viðurkennd er af yfirvöldum í einu EB-ríki skuli einnig njóta viðurkenningar í hinum EB-ríkjunum. Mælt er fyrir um gagnkvæmni á gildi fleiri kauphallarskjala í tilskipun frá árinu 1990 (90/211/EBE) og má þar nefna umsóknargögn um skráningu í kauphöll. Til viðbótar má svo nefna svokallaða „flöggunartilskipun" frá árinu 1988 (88/627/EBE) en hún mælir fyrir um að tilkynna skuli með ákveðnum hætti

um kaup eða sölu hlutafjáreignar yfir tilteknum mörkum í hlutafélagi sem skráð er kauphöll.

Svipaðar reglur og er að finna í áðurnefndum tilskipunum um útboðslýsingu skráðra verðbréfa er einnig að finna í tilskipun frá 1989 (89/298/EBE) um útboðslýsingu verðbréfa, sem ekki eru skráð í kauphöll eða á verðbréfaþingi en ætlunin er að selja almenningi.

Ákvæði um verðbréfasjóði („UCITS") er að finna í tveimur tilskipunum frá árinu 1985 (85/611/EBE og 85/612/EBE). Þær hafa að geyma ákvæði um lágmarkssamræmingu reglna varðandi fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og byggjast þau á meginreglunum um eitt starfsleyfi og eftirlit heimaríkis. Tilskipunin um innherjaviðskipti (89/592/EBE) miðar að því að koma í veg fyrir að menn notfæri sér trúnaðarupplýsingar, sem þeir öðlast í starfi sínu, til þess að afla sér ágóða eða forðast tap í verðbréfaviðskiptum.

EES-samningurinn nær ekki til EB-tilskipunar um starfsleyfi heimaríkis og eftirlit heimaríkis með fjárfestingarfélögum.

Framangreindar tilskipanir munu leiða til talsverðra breytinga á íslenskri löggjöf um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, en Íslendingar hafa aðlögunarfrest á nokkrum sviðum til 1. janúar 1995, enda er þróun verðbréfamarkaðar ekki komin jafnlangt hér á landi og í öðrum ríkjum EES.

Um X. viðauka
Hljóð- og myndmiðlunarþjónusta

Tilskipun ráðsins frá 1989 (89/552/EBE) um samræmingu reglna um sjónvarpssendingar yfir landamæri er byggð á markaðssamræmingu og miðar m.a. að því að styrkja markaðsstarf fyrir vöru- og þjónustuviðskipti á hinum sameiginlega innra markaði.

Í tilskipuninni eru sett markmið um að auka hlut evrópsks efnis í sjónvarpssendingum frá aðildarríkjunum og samvinnu framleiðenda slíks efnis í ríkjunum. Þá hefur tilskipunin að geyma reglur um að nýjar kvikmyndir skuli ekki sýndar í sjónvarpi fyrr en tiltekinn tími er liðinn frá frumsýningu þeirra nema öðruvísi sé um samið milli rétthafa og sjónvarpsstöðvar, reglur um hvernig auglýsingar séu birtar í sjónvarpi og siðareglur um auglýsingar í sjónvarpi. Samkvæmt tilskipuninni skulu tóbaksauglýsingar bannaðar í sjónvarpi og hömlur settar á áfengisauglýsingar, sem þó eru ekki bannaðar með öllu.

Í EES-samningaviðræðunum var tekist á um síðastnefnda atriðið og varð niðurstaðan sú, sem greinir í b-lið 1. tölul. X. viðaukans, þar sem segir að EFTA-ríkjunum sé í sjálfsvald sett hvort þau geri kapalfyrirtækjum, sem starfa á yfirráðasvæði þeirra, skylt að rugla eða á annan hátt trufla innskotsauglýsingar fyrir áfenga drykki. Þessi undanþága hefur ekki áhrif á takmarkanir á endurvarpi á hluta sjónvarpsefnis, öðru en innskotsauglýsingum fyrir áfenga drykki. Samningsaðilar munu endurskoða þessa undanþágu sameiginlega árið 1995, en þess skal getið að vaxandi raddir eru uppi í EB-ríkjunum um algert bann við áfengisauglýsingum í sjónvarpi.

Á vegum Evrópuráðsins hefur verið saminn sáttmáli um sjónvarpssendingar yfir landamæri. Hann var undirritaður af fyrstu aðildarríkjunum á árinu 1989 og reiknað hefur verið með að hann geti öðlast gildi á árinu 1992. Íslendingar hafa ekki undirritað sáttmálann.

Samræmi er á milli sáttmálans og tilskipunarinnar í mörgum atriðum, t.d. varðandi auglýsingar og þátttöku utanaðkomandi aðila í kostnaði við sjónvarpsþætti. Sáttmálinn byggist þó meira á menningarlegum en viðskiptalegum sjónarmiðum, en þar er m.a. heimilað að þurrka út áfengisauglýsingar við beint endurvarp efnis um kapalkerfi.

Íslendingar hafa haft sérstöðu bæði varðandi tilskipunina og sáttmálann sökum þýðingarskyldu á beinni endurútsendingu sjónvarpsefnis. Ekkert er því til fyrirstöðu að krefjast þýðingarskyldu á venjulegri útsendingu efnis frá íslenskum sjónvarpsstöðvum eða í kapalkerfum, en þegar um er að ræða beint endurvarp erlends efnis, sem t.d. er móttekið frá útsendingu útvarpshnattar og samtímis endurvarpað um þráð eða þráðlaust, er ekki hægt að krefjast samtímis þýðingar yfir á íslensku.

Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjum um sjónvarpsrekstur fjallar um reglur um sjónvarpsdreifingu innan bandalagsins. Í tilskipuninni segir m.a. að:

1. Leitast skuli við að styrkja hinn sameiginlega markað framleiðslu og dreifingar á sjónvarpsefni með því m.a. að aðildarríki leitist við að helmingur dagskrárefnis sé evrópskur og að sjónvarpsstöðvar skuli leitast við að leggja a.m.k. 10% af dagskrárgerðarfé til sjálfstæðra kvikmyndagerðarmanna eða verka framleiddra af þeim;
2. greiða skuli fyrir sjónvarpssendingum milli landa með því að aðildarríkin skuldbindi sig til að ryðja burt hindrunum sem kunna að vera fyrir dreifingu á sjónvarpssendingum annarra aðildarríkja. Þetta atriði knýr á um breytingu á fortakslausri þýðingarskyldu á erlendu dagskrárefni í upprunalegum útsendingum;
3. settar eru lágmarkskröfur sem sjónvarpssendingar þurfa að uppfylla, einkum með tilliti til barna en einnig varðandi efni og tilhögun auglýsinga. Samþykktur er sérstakur fyrirvari vegna banns við áfengisauglýsingum.

Tilskipun þessi kallar á breytingar á útvarpslögum og reglugerðum, sérstaklega varðandi þýðingarskyldu og einstökum skilgreiningu hugtaka.

Um XI. viðauka
Fjarskiptaþjónusta

Hið almenna frelsi EES-samningsins um þjónustuviðskipti nær einnig til fjarskiptaþjónustu. Í þessum viðauka er að finna mikilvægar gerðir, sem hafa munu mikil áhrif á framþróun fjarskiptaþjónustu í álfunni. Fjarskipti verða sífellt mikilvægari í efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri þróun innan Evrópu. Þau hafa ekki aðeins mikil áhrif á þjónustu almennt, s.s. fjármálaþjónustu, samgöngur og ferðaþjónustu, heldur einnig á vöruviðskipti og samvinnu Evrópuríkja á sviði iðnaðar.

Stefna EB í fjarskiptum var mörkuð með útgáfu svokallaðrar „grænbókar" árið 1987 um þróun sameiginlegs markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu og fjarskiptabúnað. Á grundvelli þeirrar stefnumörkunar hefur EB gefið út ýmsar gerðir, sem verða hluti af EES-samningnum.

Um langan aldur hafa ríkisreknar símastjórnir og símafélög annast fjarskipti, yfirleitt í skjóli einkaréttar sem löggjöf hlutaðeigandi ríkja hefur veitt þeim. Breytt viðskiptalegt umhverfi, ör tækniþróun, aukin samkeppni frá öðrum ríkjum og þrýstingur frá notendum varð til þess að stjórnvöld í ríkjum EB hófu endurskoðun stefnunnar í fjarskiptamálum. Markmið þeirra, sem síðan endurspeglaðist í áðurnefndri grænbók, var að veita evrópskum

notendum fjölbreyttari og betri fjarskiptaþjónustu á lægra verði. Með EES-samningnum hafa EFTA-ríkin fallist á að aðlaga löggjöf sína sama markmiði.

Mikilvægustu gerðirnar eru tilskipanir sem setja ramma um þær breytingar sem áformaðar eru á fjarskiptakerfum EB-ríkjanna. Meðal þessara tilskipana má nefna ráðstilskipun um samkeppni á markaði fyrir símaþjónustu, tilskipun um fjarskiptaþjónustu og ráðstilskipun um að koma skuli á fót sameiginlegum markaði fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að hinum opinberu símanetum (grunnnetum) þannig að aðrir aðilar en þeir sem netin reka geti selt almenningi ýmsa viðbótarþjónustu við venjulega símtalaþjónustu. Þar á meðal má nefna rekstur gagnaneta, upplýsinga- og svarþjónustu og margs konar tengingar fyrir tölvubúnað. Er síðastnefnda tilskipunin nefnd ONP-*tilskipunin en skammstöfunin stendur fyrir ensku orðin* „Open Network Provision".

Þessar tilskipanir hafa í för með sér að markaðurinn er opnaður fyrir samkeppni á öllum sviðum öðrum en á sviði venjulegrar símtalaþjónustu, sem heimilt er að halda áfram í höndum einokunarfyrirtækja. Varðandi gagnanet er heimilt að setja það skilyrði fyrir aðgangi að símakerfi ríkisins, að slíkt net nái til landsins alls eða hluta þess en ekki einungis til þeirra svæða, þar sem búast má við mestri notkun á netinu. En tryggja skal þeim sem setja vilja upp viðbótarþjónustu aðgang að símakerfinu gegn sanngjarnri þóknun fyrir afnotin og þær takmarkanir sem settar eru skulu byggðar á hlutlægum sjónarmiðum með meginregluna um frjálsan aðgang að leiðarljósi.

Meðal annarra reglna, sem upp eru taldar í viðaukanum, má nefna samræmingarreglur um farsíma, um boðkerfi, um stafræn þráðlaus fjarskipti, um stöðlun o.fl. Þá er mælt fyrir um að aðskilja skuli eftirlit og rekstur á sviði fjarskipta, sem hefur í för með sér að fjarskiptaeftirlit, svo sem leyfisveitingar, eftirlit með gerðarskoðunum og úthlutun tíðna til þráðlausra fjarskipta, skal aðskilið frá viðkomandi símastjórn eða opinberu símafélagi. Skal eftirlitið vera óháð einstökum rekstraraðilum. Þetta kallar á breytingar hér á landi og er undirbúningur þeirra þegar hafinn.

Íslendingar hafa aðlögunartíma til 1. janúar 1995 varðandi gildistöku ákvæða tilskipunarinnar um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að símakerfum.

Upplýsingaþjónusta

Markaðurinn fyrir tölvutæka upplýsingaþjónustu vex mjög ört. Talið er að heimsmarkaðurinn á þessu sviði hafi numið að jafnvirði um 500 milljörðum króna á árinu 1988, þar af um 140 milljörðum í Evrópu. Árlegur vöxtur er áætlaður um 20% fram til aldamóta.

Með nútímafjarskiptum hefur Íslendingum opnast ódýr möguleiki á því að nýta margvíslega gagnabrunna innanlands og erlendis, og jafnframt hafa opnast möguleikar á því að koma á fót slíkri sérhæfðri upplýsingaþjónustu hér landi sem selji þjónustu sína út fyrir landsteinana.

Sökum þeirra möguleika sem nútíma upplýsingaþjónusta hefur í för með sér fyrir þróun og vaxtarskilyrði verslunar, iðnaðar og rannsókna, ákvað EB-ráðið á árinu 1988 að framkvæma áætlun um að koma á fót sameiginlegum innri markaði EB-ríkjanna á sviði upplýsingaþjónustu fyrir árslok 1992 (IMPACT). Á árinu 1991 var svo ákveðið að framlengja líf áætlunarinnar árin 1992-1995 undir heitinu IMPACT 2.

EFTA-ríkin hafa sýnt því áhuga að taka þátt í IMPACT 2 með sömu kjörum og EB-ríkin. Við gildistöku EES-samnings skal sameiginlega EES-nefndin ákveða skilmálana fyrir þátttöku EFTA-ríkjanna í IMPACT 2.

Samkvæmt IMPACT-áætluninni er m.a. unnið að því að samræma réttarreglur um upplýsingaþjónustu. Slíkar reglur fjalla m.a. um gjald fyrir aðgang að opinberum gagnabrunnum, um höfundarrétt, persónuvernd, um lögfulla sönnun í tölvusamskiptum, um refsiverð brot í tölvunotkun, um bankaviðskipti og innkaup með aðstoð tölva og um útgáfustarfsemi í gagnabrunnum. Þetta samræmingarstarf á eftir að hafa mikil áhrif á markaðinn fyrir upplýsingaþjónustu í Evrópu á næstu árum.

EB vinnur jafnframt að því að framkvæma áætlun um að breiða út upplýsingar um nýjungar og hátækni (SPRINT) á árunum 1989-1992. Með EES-samningnum opnast möguleikar fyrir EFTA-ríkin að taka þátt í SPRINT- áætluninni.

Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 03.12.1974, mál 33/74, Van Binsbergen, B 1974, bls. 1299)
(DEB, 02.02.1989, mál 186/87, Cowan, B 1989, bls. 195 (ferðamenn)
(DEB, 31.01.1984, mál 286/72, Luisi og Carone, B 1984, bls. 377 (sjúklingar)
(DEB, 18.01.1979, mál 110-111/78, Van Wesemael, B1979, bls. 35)

Um 37. gr.

Í 37. gr., sem svarar til 60. gr. Rómarsamningsins, er þjónusta skilgreind á þann veg að átt sé við þjónustu sem að jafnaði sé veitt gegn þóknun að því leyti sem hún lúti ekki ákvæðum um frjálst vöruflæði, frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa flutninga fólks. Síðan eru talin upp helstu svið þjónustu og er þar að finna starfsemi á sviði iðnaðar, starfsemi á sviði viðskipta, starfsemi handverksmanna og sérfræðistörf. Jafnframt segir að sá sem veiti þjónustu geti í því skyni, með fyrirvara um ákvæði kaflans um staðfesturétt, stundað starfsemi sína tímabundið í því ríki þar sem þjónustan er veitt, með sömu skilyrðum og það ríki setur eigin ríkisborgurum.

Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 11.07.1985, mál 61/84, Cinéthéque, B 1985, bls. 2605)
(DEB, 18.03.1980, mál 52/79, Debauve, B 1980, bls. 833)
(DEB, 27.09.1988, mál 263/86, Humbel, B 1988, bls. 5365)

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Í þessari grein er tekið fram að ákvæði 30. gr. um ráðstafanir til þess að auðvelda launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum að hefja og stunda starfsemi skuli gilda um þau atriði, sem fjallað er um í þjónustukaflanum, og sömuleiðis ákvæði 32.-34. gr. í kaflanum um staðfesturétt.

Um 4. kafla
Fjármagn

Ein af meginreglum EES-samningsins er á sama hátt og regla 67. gr. Rómarsamningsins sú, að ekki skuli lagðar hindranir í veg fjármagnshreyfinga yfir landamæri aðildarríkjanna, en það hlýtur að vera forsenda fyrir staðfesturétti og markaðssamrunanum sem áætlað er að komi að fullu til framkvæmda í ársbyrjun 1993.

Um 40. gr.

Hér er staðfest meginreglan um frjálsar fjármagnshreyfingar. Óheimil eru hvers konar höft á flutningi fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB og EFTA og önnur mismunun byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar féð er notað til fjárfestingar. Síðan er í greininni vísað til XII. viðauka, sem fjallar nánar um framkvæmd þessarar meginreglu.

Um XII. viðauka
Frjálsir fjármagnsflutningar

Í þessum viðauka er vísað til einnar tilskipunar ráðsins, þ.e. tilskipunar frá árinu 1988 (88/361/EBE) um framkvæmd 67. gr. Rómarsamningsins, sem samsvarar 40. gr. EES-samningsins eins og áður segir. Tilskipunin fjallar um afnám hafta á fjármagnshreyfingum milli aðildarríkja. Í viðaukanum er bætt við hana ýmsum sérákvæðum er varða EFTA-ríkin í EES-samstarfinu. Þannig er að finna þar nokkur sérákvæði er varða Ísland sérstaklega.

Í fyrsta lagi er þar að finna heimild fyrir Íslendinga til að viðhalda hömlum á skammtímahreyfingum fjármagns til 1. janúar 1995. Samkvæmt reglugerð nr. 312/1990 verða þær hömlur sem eftir standa á fjármagnshreyfingum milli Íslands og annarra ríkja, aðrar en hömlur á skammtímahreyfingum fjármagns, felldar niður frá 1. janúar 1993. Afnám hafta á skammtímahreyfingum fjármagns kallar á bætt stjórntæki Seðlabankans til þess að koma í veg fyrir óeðlilegar sveiflur á íslenskum gjaldeyrismarkaði.

Í öðru lagi er Íslendingum heimilt að viðhalda hömlum á beinum fjárfestingum innanlands til 1. janúar 1996 og á fjárfestingum í fasteignum innanlands til sama tíma.

Í þriðja lagi er Íslendingum áfram heimilt þrátt fyrir ákvæði 40. gr. og hinna almennu ákvæða viðaukans að beita áfram þeim höftum, sem í gildi eru við undirritun samningsins um eignarrétt erlendra aðila og/eða eignarrétt aðila sem ekki eru búsettir á Íslandi sviði fiskveiða og fiskvinnslu.

Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara sem eru ekki með lögheimili á Íslandi í félögum sem taka aðeins á óbeinan hátt þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu. Þó hafa innlend yfirvöld rétt til að skuldbinda fyrirtæki sem hafa að hluta eða að öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða ríkisborgurum sem ekki eru með lögheimili á Íslandi til að losa sig við fjárfestingar í starfsemi á sviði fiskvinnslu eða í fiskiskipum.

Hér er um varanlega undanþágu að ræða frá meginreglunni um frjálsar fjármagnshreyfingar innan EES-svæðisins.

Af Íslands hálfu var í upphafi samningaviðræðnanna um EES farið fram á varanlega undanþágu varðandi aðgang og eignarrétt erlendra aðila að orkulindum Íslands. Fram

kom að ekkert er því til fyrirstöðu í reglum EB að orkuvinnsla og dreifing raforku og jarðvarma hér á landi sé í höndum opinberra fyrirtækja eins og nú er. Ef einkaaðilum væru hins vegar falin þessi hlutverk mætti ekki mismuna einstaklingum eða lögaðilum frá ríkjum EES-svæðisins á grundvelli þjóðernis. Sama gilti um eignarrétt að orkulindunum sjálfum.

Eins og kunnugt er, hefur töluverð óvissa verið ríkjandi hérlendis varðandi eignarrétt að orkulindum landsins, t.d. um það hvort eignarrétti á landi fylgi ótakmarkaður réttur til nýtingar hita í iðrum jarðar. Iðnaðarráðuneytið hefur umsjón með frumvörpum er fjalla um eignarrétt og nýtingarrétt jarðvarma og vatnsafls hér á landi, leitast er við að afmarka þann rétt nánar.

Varðandi rétt erlendra aðila til kaupa á fasteignum voru upphaflega ýmsir fyrirvarar og beiðnir um varanlegar undanþágur sett fram af EFTA-ríkjunum. Niðurstaðan varð hins vegar sá aðlögunartími, sem um getur í þessum viðauka, en jafnframt munu ákvæði laga um eignarrétt að jarðeignum og öðrum fasteignum í ýmsum tilvikum tekin til endurskoðunar. Slík endurskoðun fer nú fram á vegum landbúnaðarráðuneytisins hér á landi, en jafnframt gaf ríkisstjórnin í samningaviðræðunum sérstaka yfirlýsingu um beitingu öryggisráðstafana samkvæmt samningnum, ef til komi alvarleg röskun vegna innstreymis á vinnumarkað eða alvarleg röskun á fasteignamarkaði.

Um 41. gr.

Ákvæði 41. gr. svarar til 2. mgr. 67. gr. Rómarsamningsins og er eðlilegt fylgiákvæði 40. gr., en það slær því föstu að gengar greiðslur í tengslum við þjónustustarfsemi, vöruflæði, fólksflutninga eða fjármagnsflutninga milli samningsaðila samkvæmt ákvæðum samningsins skuli vera lausar við öll höft af hálfu stjórnvalda.

Um 42. gr.

Í þessari grein er fjallað um þá grundvallarreglu að ekki megi mismuna íbúum samningsríkjanna á grundvelli þjóðernis við beitingu reglna um fjármagnsmarkað og lánsviðskipti í fjármagnsflutningum, og í 2. mgr. sömu greinar er sett um það regla að ekki skuli án samkomulags við viðkomandi stjórnvöld í EES-ríki bjóða þar út lán til beinnar eða óbeinnar fjármögnunar annars EES-ríkis eða sveitarfélags í því. Þykir eðlilegt að stjórnvöld hvers ríkis hafi forræði um það, hvort þau leyfi öðrum ríkjum eða sveitarfélögum þeirra að taka lán á fjármagnsmarkaðinum, m.a. með tilliti til stefnu stjórnvaldanna í vaxtamálum.

Um 43. gr.

Þessi grein hefur að geyma öryggis- eða varnaglaákvæði sem grípa má til ef menn notfæra sér reglur í öðru samningsríki til þess að fara fram hjá þeim reglum, sem gilda um fjármagnsflutninga í heimalandi þeirra, og ef fjármagnsflutningar leiða til röskunar á fjármagnsmarkaði.

Ákvæði 1. mgr. 43. gr., sem svarar til 2. mgr. 70. gr. Rómarsamningsins, og gefur samningsaðila sem ekki hefur að öllu leyti gefið frjálsar fjármagnshreyfingar gagnvart öllum ríkjum („erga omnes") heimild til þess að grípa til ráðstafana til þess að hindra að hægt sé að fara í kringum reglur samningsaðilans um fjármagnshreyfingar til og frá þriðja landi með því að notfæra sér milligöngu í öðru EES-ríki.

Ákvæði 2. mgr. 43. gr. svarar til 73. gr. Rómarsamningsins, en það veitir samningsaðila rétt til þess að grípa til verndarráðstafana á sviði fjármagnsflutninga, ef fjármagnshreyfingar valda röskun á starfsemi fjármagnsmarkaðar samningsaðilans.

Ákvæði 3. mgr. 43. gr., sem svarar til 2. mgr. 107. gr. Rómarsamningsins, fjallar um rétt samningsaðila til þess að grípa til tímabundinna gagnráðstafana, ef þar til bær yfirvöld annars samningsaðila breyta gengisskráningu sinni þannig að valdi alvarlegri röskun á samkeppnisskilyrðum.

Ákvæði 4. mgr. 43. gr. svara til 1. mgr. 108. gr. Rómarsamningsins, en hún veitir samningsaðila rétt til þess að grípa til verndarráðstafana, ef erfiðleikar á sviði greiðslujafnaðar við önnur ríki og í gjaldeyrismálum koma upp og þá einkum ef örðugleikarnir eru til þess fallnir að stofna framkvæmd EES-samningsins í hættu.

Um 44. gr.

Í þessari grein segir að EB annars vegar og EFTA-ríkin hins vegar skuli beita eigin málsmeðferð vegna framkvæmdar 43. gr. Jafnframt er vitnað til bókunar 18 um þetta efni.

Um bókun 18
Reglur aðila vegna framkvæmdar 43. gr.

Bókunin fjallar um innri reglur varðandi beitingu verndarráðstafana.

Segir þar að, að því er bandalagið varðar, séu þær reglur sem fara eigi eftir settar fram í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (Rómarsamningnum).

Að því er EFTA-ríkin varðar séu reglurnar settar fram í samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna og muni þær taka til eftirfarandi atriða:

- EFTA-ríki sem hafi í hyggju að gera ráðstafanir í samræmi við 43. gr. samningsins skuli tilkynna það fastanefnd EFTA-ríkjanna með góðum fyrirvara.
- Þó, ef um leynd sé að ræða og málið sé aðkallandi, skuli tilkynna það hinum EFTA-ríkjunum og fastanefnd EFTA í síðasta lagi daginn sem ráðstafanirnar öðlast gildi.
- Fastanefnd EFTA-ríkjanna skal athuga aðstæður og skila áliti um hvort beita skuli þessum ráðstöfunum. Hún skal endurskoða aðstæður og henni er heimilt hvenær sem er, með meirihluta atkvæða, að mælast til mögulegra breytinga, niðurfellingar eða afnáms á þeim ráðstöfunum sem komið hefur verið á eða varðandi aðrar ráðstafanir aðstoða hlutaðeigandi EFTA-ríki við að ráða fram úr vandamálum sínum.

  Framangreindar verklagsreglur eru settar fram til uppfyllingar á ákvæðum 44. gr.

Um 45. gr.

Tilkynna skal sameiginlegu EES-nefndinni ákvarðanir, álit og tilmæli vegna þeirra ráðstafana sem lýst er í 43. gr. og fjallar 45. gr. um samráð samningsaðila í slíkum tilvikum. Megintilgangur þessara ákvæða er að koma í veg fyrir að einn samningsaðili valdi öðrum samningsaðilum erfiðleikum með ráðstöfunum, sem haft geta alvarleg áhrif t.d. á greiðslujöfnuð, eða spákaupmennsku með gjaldeyri þeirra. Því er lögð áhersla á greitt upplýsingaflæði og samráð, þegar alvarlegir örðugleikar koma upp á fjármagnsmarkaði einstakra samningsaðila.

Um 5. kafla
Samvinna um stefnu í efnahags- og peningamálum

Um 46. gr.

Í 46. gr. er fjallað um skipti samningsaðila á skoðunum og upplýsingum um framkvæmd samningsins og áhrif samstarfsins á efnahagsleg umsvif og stefnumörkun í efnahags- og gjaldeyrismálum. Ennfremur geta samningsaðilar rætt framtíðarhorfur og stefnu í efnahagsmálum. Tekið er fram í lokamálslið greinarinnar að þetta skuli gert án nokkurra skuldbindinga.

Samræmd efnahagsstefna samningsaðilanna er ekki forsenda fyrir markaðssamruna af því tagi sem stefnt er að með EES-samningnum. Það er hins vegar æskilegt að efnahagsstefna einstakra samningsaðila gangi ekki þvert á stefnu annarra samningsaðila. Þá dregur markaðssamruninn, t.d. afnám hafta á fjármagnshreyfingum, óneitanlega úr möguleikum einstakra samningsaðila til þess að reka algjörlega sjálfstæða efnahagsstefnu, sem gengur þvert á ríkjandi efnahagsstefnu á svæðinu. Því er eðlilegt að samningsaðilar skiptist reglulega á skoðunum um ýmsa þætti efnahags- og gjaldeyrismála.

Innan EFTA hafa upplýsingaskipti af þessu tagi farið fram í efnahagsnefnd EFTA um langt árabil. Á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984 var komið á árlegum fundum efnahagsnefndar EFTA og fulltrúa framkvæmdanefndar EB þar sem rætt var um ýmsa þætti efnahagsmála. Eftir að könnunarviðræður EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði hófust var fundunum fjölgað í tvo á ári. Á þeim hefur verið skipst á skoðunum og upplýsingum um efnahagsmál og hefur höfuðáherslan verið lögð á upplýsingar um áhrif efnahagssamruna á EB- og EFTA-ríkin. Ráðgert er að áframhald verði á þessum fundum og að þeir verði aðalvettvangur þeirra skoðanaskipta, sem kveðið er á um í 46. gr. Í efnahagsnefnd EFTA sitja fyrir Íslands hönd fulltrúar Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnunar og fjármálaráðuneytisins.

Á Maastrichtfundinum í desember 1991 ákváðu aðildarríki EB að stefna að enn nánara samstarfi í efnahags- og peningamálum en áður og taka upp sameiginlegan gjaldmiðil í síðasta lagi í ársbyrjun 1999. Þessi áform hafa ekki áhrif á framkvæmd EES-samningsins. Efnahagsstefna EB-ríkjanna verður hins vegar mun samhæfðari en verið hefur og áhrifameiri en áður um efnahagsmál í álfunni allri. Þörfin fyrir skipti samningsaðila á skoðunum og upplýsingum um efnahagsmál verður því enn mikilvægari.

Um 6. kafla
Flutningastarfsemi

Í 74. gr. Rómarsamningsins er kveðið á um að aðildarríki EB skuli móta sér sameiginlega stefnu í flutningastarfsemi. Ekki er um sambærilegt ákvæði að ræða í EES-samningnum, en EFTA-ríkin hafa ákveðið að samþykkja ýmsar mikilvægar reglur EB á sviði flutningamála sem hluta af honum. Rétt er að vekja athygli á því að ákvæði þessa kafla eiga við um alþjóðlega flutningastarfsemi og eiga því ekki við um landflutninga hér á landi nema að mjög litlu leyti. Eftir sem áður gildir íslensk löggjöf um landflutninga íslenskra aðila og ekki er um starfsemi erlendra aðila að ræða á því sviði á íslensku yfirráðasvæði að ræða nema í algerum undantekningartilvikum. Í slíkum

tilvikum mætti þó ekki mismuna flutningaaðilum á grundvelli þjóðernis og í ýmsum tilvikum yrði að hafa hliðsjón af hinum sameiginlegu reglum. Þessu er öðruvísi farið með önnur EFTA-ríki, sem öll eru í vega- og bílferjusambandi við EB-ríkin. Þó er þess að geta að þær reglur EB sem EFTA-ríkin hafa fallist á í EES-samningnum hafa auk ákvæða um flutninga að geyma ýmis ákvæði um flutningatæki, þ.e. gerð og búnað ökutækja, sem Íslendingar verða að laga sínar reglur að. Eins má nefna reglur um ökuskírteini, lágmarksreglur um skoðun ökutækja o.fl. en um bæði þessi atriði hafa nýlega verið settar samræmingarreglur í ráðstilskipunum EB og eru þær nú til umfjöllunar á sameiginlegum fundum fulltrúa EB og EFTA-ríkja.

Þá eru í EES-samningnum margvíslegar reglur um flutninga með járnbrautum og á vatnaleiðum, sem ekki eiga við hér á landi af alkunnum ástæðum. Ísland er samt ekki undanþegið þessum reglum frekar en aðrar EFTA-þjóðir.

Hins vegar eiga Íslendingar samleið með öðrum EFTA- og EB-ríkjum á sviði sjó- og loftflutninga og samningurinn gerir ráð fyrir samræmdum reglum á því sviði. Slíkar reglur hjá EB byggjast á ákvæðum 2. mgr. 84. gr. Rómarsamningsins, en EFTA-ríkin hafa samþykkt að taka margar þeirra með í XIII. viðauka, sem fjallar um allar tegundir flutningastarfsemi.

Stefna EB á sviði flutningastarfsemi byggist á eftirfarandi meginreglum:

1. Frelsi til að láta í té þjónustu;
2. afnámi hindrana á frjálsri samkeppni;
3. afnámi ríkisstyrkja á sviði flutninga, auknu öryggi flutningatækja og í umferð og bættum mengunarvörnum í flutningum;
4. almennum reglum Rómarsamningsins um staðfesturétt, frjálsa samkeppni og um fleiri atriði;

Þrátt fyrir þessar meginreglur er þó langt í land að stefnan hafi náð fram að ganga á öllum sviðum. Að því er þó markvisst unnið.

Ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins um frjálsa samkeppni munu hafa mikil áhrif á rekstur á sviði flutningastarfsemi og mun það koma í hlut væntanlegrar eftirlitsstofnunar EFTA að framfylgja þeim.

Um 47. gr.

Þessi grein fjallar um gildissvið 48.-52. gr. og vísar til XIII. viðauka samningsins. Eins og áður segir hefur hann að geyma ákvæði um allar tegundir flutningastarfsemi. Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 04.04.1974, mál 167/73, Framkvæmdastjórnin gegn Frakklandi, B 1974, bls. 359)
(DEB, 22.05.1985, mál 13/83, EB-þingið gegn EB-ráðinu, B 1985, bls. 1513)

Um XIII. viðauka
Flutningastarfemi

Landflutningar

Þær gerðir EB, sem teknar hafa verið með í EES-samninginn, fjalla m.a. um kröfur til flutningatækja á sviði tæknistaðla og öryggis, um skattlagningu á flutningastarfsemi, reglur um vinnuvernd og fleiri félagsleg atriði, um aðgang að flutningamarkaði, rétt

ríkisborgara EES-ríkis til innanlandsflutninga í öðru EES-ríki (s.k. „cabotage"), kröfur um gerð og ástand flutningatækja og fleira mætti nefna .

Sérstök ákvæði gilda um flutninga á vegum og með járnbrautum gegnum Sviss og Austurríki.

Nákvæmar reglur gilda um flutningastarfsemi á landi milli og innan meginlandsríkjanna í EB og EFTA og setja þær verulegt mark á XIII. viðaukann. Þar sem íslenskir flutningaaðilar starfa lítt á þeim markaði verða þær ekki raktar hér. Reglurnar eru í örri þróun um þessar mundir.

Siglingar

Reglur EES-samkomulagsins um sjóflutninga lúta fyrst og fremst að rekstri kaupskipaútgerðarinnar. Afskipti stjórnvalda jafnt í EB- sem EFTA-ríkjum af flugrekstri annars vegar og siglingum hins vegar hafa verið með ólíkum hætti. Opinber afskipti eru mikil af flugrekstri og ýmiss konar leyfa er krafist til rekstrar á því sviði. Meginreglan á sviði sjóflutninga er athafnafrelsi, þ.e. starfsemi án afskipta stjórnvalda, en stefnumótun EB hefur einkum miða að því að styrkja stöðu kaupskipaútgerðar aðildarríkjanna undir eigin þjóðfána og auka hlutdeild þeirra í alþjóðlegri kaupskipaútgerð. Kaupskipafloti aðildarríkja EB er stór, en hefur að stórum hluta verið skráður undir „þægindafánum". Stefna EB miðast við að ná fram breytingum á þessu. Með EES-samningnum hafa EFTA-ríkin tekið undir þessa stefnu, en Norðurlandaríkin fjögur í EFTA hafa sömu hagsmuna að gæta varðandi kaupskipasiglingar, þótt mikill stærðarmunur sé á flota þeirra.

Kjarnann í gerðum EB á þessu sviði er að finna í nokkrum reglugerðum, en auk þess eru tvær tilskipanir EB-ráðsins teknar með í XIII. viðauka, sem fjallar um tæknileg efni.

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 er fjallað um beitingu samkeppnisreglna Rómarsamningsins gagnvart flutningastarfsemi á sjó. Þar er skilgreindur frjáls aðgangur að kaupskipasiglingum til og frá bandalagslöndum og má ekki mismuna útgerðum í slíkum siglingum með magnkvótum, forgangi að flutningum o.þ.h. Reglugerðin gildir eingöngu um mismunun í kaupsiglingum til og frá EB-ríkjum gegn skipum í eigu og/eða rekstri útgerða innan EB. Þar er einnig skilgreint til hvaða aðgerða EB geti gripið, ef EB-útgerð er mismunað í alþjóðlegum siglingum og geta slíkar aðgerðir falist í sektum vegna flutninga einstakra útgerðarfyrirtækja allt til afskipta af heildarútflutningi þeirra til og frá EB. Dæmi er um að framkvæmdastjórn EB hafi ákvarðað sektir á útgerðarfyrirtæki í Suður-Kóreu sökum opinberrar mismununar sem það naut í samkeppni um flutninga milli EB-ríkis og Kóreu. Íslensk stjórnvöld og útgerðarfyrirtæki yrðu á sama hátt að aðlaga sig reglum EB um siglingar milli Íslands og EB-ríkja þótt ekki væri um EES-samninginn að ræða, en samningurinn kveður á um gagnkvæmar skuldbindingar, sem felast í því að virða þær meginreglur sem staðfestar eru í reglugerðinni.

Í bókun 19 við samninginn er fjallað um tengsl við þriðju lönd á sviði sjóflutninga.

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4055/86 frá 22. desember 1986 er fjallað um frelsi til að veita þjónustu í kaupskipasiglingum. Markmið hennar er að afnema hindranir og verndarmúra í kaupsiglingum milli EB-ríkjanna. Með því að taka þess reglu í EES-samninginn er samkomulag um að á EES-svæðinu gildi sú meginregla, að aðgangur sé frjáls fyrir öll skipafélög í EES-ríkjum. Upphaflega tillagan að framangreindri

reglugerð gerði ráð fyrir að frelsið næði einnig til innanlandssiglinga („cabotage"), en um það náðist ekki samkomulag og er enn fjallað um það efni innan EB.

Þessi reglugerð er almennt talin veigamest af þeim reglum sem gilda í EB um kaupskipasiglingar. Hún nær til allra sjóflutninga og stefnir að afnámi tvíhliða samninga um kvótaskiptingu milli ríkja. Sá fyrirvari er þó gerður, að þar sem reglugerðin stangast á við ákvæði samþykktar Sameinuðu þjóðanna um samsiglingakerfi (línusiglingar), gilda ákvæði samþykktarinnar, en hún fjallar um samvinnu í áætlunarsiglingum á ákveðnum siglingaleiðum, um samræmd flutningsgjöld og tíðni þjónustu. Samþykktin mælir einnig fyrir um skiptingu farmmagns milli aðildarríkja og um hlutdeild þriðju ríkja eftir svonefndri 40-40-20%-reglu. Ríki EB hafa gert veigamikinn fyrirvara við samþykktina (Brusselfyrirvarann), þar sem segir að 40% flutninganna, sem falli í hlut EB-ríkis, skuli opin fyrir samkeppni allra EB-ríkja og einnig OECD-ríkja, sem staðfest hafa samþykktina með Brusselfyrirvörunum. Íslendingar hafa ekki staðfest þessa samþykkt Sameinuðu þjóðanna.

Samkvæmt reglugerðinni (EBE) nr. 4056/86 gilda samkeppnisreglur Rómarsamningsins í alþjóðlegum siglingum, öðrum en tilfallandi flutningum. Reglugerðin hefur að geyma ítarleg ákvæði um hvernig samkeppnisreglunum skuli beitt í sjóflutningum. Samkvæmt ákvæðunum eru heimilaðar ýmsar undanþágur frá frjálsri samkeppni og banni gegn samráði og samningum, t.d. varðandi samsiglingakerfin, samræmingu á viðkomu skipa í áætlunarsiglingum, viðbótarþjónustu áætlunarútgerða, þ.á.m. um heildarflutningsgjöld og skipti á flutningsrými í áætlunarsiglingum. Undirboð á farmgjöldum í skjóli ríkisaðstoðar eru bönnuð, en undirboð eru skilgreind sem flutningsgjöld sem eru lægri en aðrar útgerðir innan eða utan samsiglingakerfis bjóða á ákveðinni siglingaleið. Allir rekstrarstyrkir eða forréttindi sem fánaríki veitir útgerðum sínum eru skilgreind sem forsenda fyrir aðgerðum EB (eða eftirlitsstofnunar EFTA) og geta útgerðarfélög í EES-ríkjunum kært óraunhæf undirboð keppinauta sinna á þeim grundvelli.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91 frá 4. mars 1991 um tilfærslu skipa frá einni skipaskrá til annarrar innan ríkja EB getur haft verulega þýðingu hér á landi. Samkvæmt henni er aðildarríki óheimilt að neita að skrá skip á tæknilegum forsendum þegar skip hefur gild skírteini og fullnægir kröfum fyrra heimalands. Þar með er í raun numin brott heimild einstakra ríkja til að framfylgja sérreglu um tækni- og öryggisbúnað, en um leið eykst þrýstingur á að setja sameiginlegar reglur fyrir EES-svæðið á þessu sviði.

Tillögur um frekari aðgerðir stjórnvalda í EB-ríkjum til þess að styðja við kaupskipaútgerð í ríkjunum voru lagðar fram árið 1989. Ekki hefur enn náðst samkomulag um þær innan EB, en einstök atriði þeirra kunna að komast á dagskrá EES-samstarfsins á næstunni.

Loftflutningar

Samgöngur í lofti eru sú grein samgangna sem býr við ítarlegustu reglur allra samgöngugreina innan EES sem utan. Áhersla EB á breytingar í flugsamgöngum, sem nú er staðfest í EES-samningnum, lýtur að því að koma á almennum leikreglum og frelsi í áætlunarflugi og væntanlega einnig leiguflugi. Þessi stefna mun líklega leiða til stórfelldra breytinga á flugsamgöngum í Evrópu.

Stefnt er að því að mynda einn sameiginlegan markað fyrir flutningsþjónustu með flugvélum, markað þar sem virk samkeppni ríkir, m.a. með auknu frelsi í ákvörðun fargjalda, og markað sem er opinn öllum flugfélögum í ríkjum EES-svæðisins. Með þessum hætti er stefnt að því að bæta rekstrarskilyrði og samkeppnisstöðu evrópskra flugfélaga og stuðla að lækkun fargjalda.

Flugsamgöngur í Evrópu hafa um áratugaskeið byggst á tvíhliða samningum milli ríkja og samningum einstakra flugfélaga sem deilt hafa með sér markaðnum. Þetta fyrirkomulag um tvíhliða samninga byggist á yfirráðarétti þjóða yfir lofthelgi sinni, en efnislega hafa samningarnir kveðið á um aðgang að mörkuðum, skiptingu sætaframboðs milli flugfélaga og ákvörðun fargjalda. Slíkir samningar hafa takmarkað athafnafrelsi flugfélaga en jafnframt hafa þeir verndað þau gegn samkeppni.

Áformað er nú að breyta þessu, en ákveðið var að breytingin gerðist í þremur áföngum, sem öðlast hafa gildi 1. janúar 1988, 1. janúar 1990 og þriðji áfanginn á að öðlast gildi 1. janúar 1993. Í þeim áföngum, sem þegar hafa öðlast gildi og eru þáttur í EES-samningnum, eru veittar undanþágur frá meginreglunni um frjálsa samkeppni á sviði flugsamgangna. Jafnframt eru settar ýmsar samræmingarreglur. Reglurnar gilda einungis um millilandaflug en ekki um innanlandsflug.

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 gilda hinar almennu samkeppnisreglur um flugsamgöngur með þeim undanþágum sem þar eru veittar. Víkja má frá þessu þegar markmið takmarkana er að stuðla að endurbótum eða samvinnu um tæknileg málefni og er það nánar útfært í reglugerðinni. Í reglugerð ráðsins nr. 4261/88 eru síðan settar nánari verklagsreglur um framkvæmd framangreindrar reglugerðar.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2343/90 frá 24. júlí 1990 fjallar um markaðsaðgang flugfélaga í áætlunarflugi innan bandalagsríkjanna og skiptingu á sætaframboði milli áætlunarflugfélaga í flugi innan ríkjanna.

Reglugerð (EBE) nr. 2299/89 frá 24. júlí 1989 setur reglur um notkun tölvuvæddra bókunarkerfa flugfélaganna, reglugerð (EBE) nr. 294/91 frá 4. febrúar 1991 setur reglur um vöruflutningaflug milli aðildarríkjanna og reglugerð (EBE) nr. 295/91 frá 4. febrúar 1991 setur sameiginlegar reglur um skaðabætur flugfélaga til farþega, sem ekki fá far með flugfélagi þrátt fyrir staðfesta farpöntun. Þessar reglur er varða markaðsaðgang áætlunarflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins og skiptingu á sætaframboði fyrir farþega stefna að því að öll höft á skiptingu sætaframboðs verði afnumin 1. janúar 1993. Hverju aðildarríki er nú heimilað að tilnefna fleiri en eitt flugfélag til áætlunarflugs („multiple designation"). Með reglugerðinni um vöruflutningaflug er leitast við að afnema höft sem nú hindra frjálsan aðgang að markaðinum fyrir slíka þjónustu og aðildarríkjunum er gert að heimila farmflugfélögum víðtækan flugrétt, ef þau hafa slíkt flugrekstrarleyfi í öðru aðildarríki. Farmtaxtar skulu ákveðnir með frjálsum samningum milli aðila að farmflutningasamningum.

Reglugerð (EBE) nr. 2342/90 frá 24. júlí 1990 fjallar um fargjöld flugfélaga. Þar eru reglur um ákvörðun fargjaldanna rýmkaðar. Flugfélög þurfa ekki lengur að samræma fargjöld sín fargjöldum samkeppnisaðilanna og heimild ríkisstjórna til afskipta af fargjöldum, sérstaklega lágum fargjöldum, er takmörkuð. Reglugerðin mælir fyrir um að aðildarríkjum beri að samþykkja fargjöld í áætlunarflugi innan svæðisins ef þau eru í eðlilegu samhengi við kostnað flugfélags á viðkomandi flugleið. Jafnframt skal taka tillit til þess að fjármagn skili viðunandi arði og að lágmarkskostnaður nægi til þess að tryggja

fullnægjandi öryggi. Það skal taka tillit til fleiri þátta, svo sem þarfa neytenda og samkeppnissjónarmiða. En það, að fargjald flugfélags sé lægra en fargjald sem annað flugfélag býður sem þjónar sömu flugleið, réttlætir ekki synjun yfirvalda á fargjaldinu.

Hér að framan hefur verið fjallað um meginefni þeirra reglna um flugmál, sem eru hluti EES-samningsins. En eins og áður er getið er ætlunin að þriðji þáttur breytinganna í flugmálum taki gildi 1. janúar 1993 og að tillögur framkvæmdastjórnar EB verði lagðar fyrir ráðherraráð EB í júní 1992. Rétt þykir að gera grein fyrir efni þeirra breytinga eins og það birtist í þeim þremur reglugerðardrögum, sem kynnt hafa verið og ætlunin er að hafi að geyma meginefni breytinganna. Fjalla þær um leyfisveitingu til flugfélaga, markaðsaðgang þeirra og verðlagningu á flugþjónustu.

Varðandi leyfisveitingu til flugfélaga er þess getið að meginhluti starfsemi flugrekanda og skráðar höfuðstöðvar séu innan þess aðildarríkis EB, sem flugrekstrarleyfi veitir, og ennfremur að flugfélagið sé í beinni eigu eða meirihluti hlutabréfa sé í eigu aðila innan EB. Frá þessu má þó víkja í vissum tilvikum. Verði þriðji þátturinn samþykktur sem hluti af EES-samningnum ná reglurnar til alls EES-svæðisins að breyttu breytanda. Til þess að tryggja nauðsynlegan stöðugleika í flugrekstri eru gerðar kröfur um fjárhagsstöðu flugrekenda. Samkvæmt þeim þarf nýtt flugfélag að hafa a.m.k. 100 000 ECU eða rúmlega 7,2 millj. kr. í stofnfé og geta sýnt fram á greiðslugetu fyrir a.m.k. þriggja mánaða rekstur. Önnur flugfélög þurfa hvenær sem er að geta sýnt fram á að þau geti fullnægt öllum fjárhagsskyldum sínum í a.m.k. 12 mánuði.

Lagt er til að sömu reglur gildi um leyfi til áætlunarflugs og leiguflugs og er það gert í því skyni að einfalda reglur um leyfisveitingarnar. Loks eru gerðar miklar kröfur um ýmis tæknileg atriði og þjálfun flugliða. Er óheimilt að veita leyfi nema þessum kröfum sé fullnægt.

Í reglugerðardrögunum um markaðsaðgang er gert ráð fyrir mjög víðtækum heimildum til flugs innan markaðssvæðisins. Er þá miðað við að viðurkennd verði svokölluð þriðju, fjórðu og fimmtu réttindi í flugrekstri og að samkeppni verði heimiluð í innanlandsflugi aðildarríkjanna að vissu marki. Aðildarríki verður þó heimilt að takmarka þátttöku í innanlandsflugi, þar sem notkun opinberra stuðningsaðgerða er talin réttlætast af aðgerðum gegn neikvæðri byggðaþróun. Slíkt skal þó aðeins heimilt að höfðu samráði við önnur aðildarríki og það á ekki við um flug til alþjóðaflugvalla. Varðandi aðgang að innanlandsflugi er gert ráð fyrir að ekki megi mismuna flugfélögum á grundvelli skrásetningarríkis flugfélags innan EES og meginreglan verður sú, að ekki sé unnt að takmarka aðgang að flugrekstri til eða frá innanlandsflugvelli sem um fara meira en 30.000 farþegar á ári. Þetta á við um fjóra flugvelli utan Reykjavíkur og Keflavíkur, en það eru flugvellirnir á Akureyri, í Vestmannaeyjum, á Egilsstöðum og á Ísafirði.

Varðandi verðlagningu á flugi er markmiðið það að gefa verðlagningu frjálsa sem meginreglu frá ársbyrjun 1993. Verður þá stjórnvöldum óheimilt að neita um staðfestingu fargjalda nema bæði ríkin komist að þeirri niðurstöðu, þegar um millilandaflug er að ræða, að verðlagning feli í sér óraunhæft undirboð eða augljóst okur. Þrátt fyrir framangreinda meginreglu verða þó ýmsar undanþágur frá henni í gildi, en í greinargerð framkvæmdastjórnar EB kemur fram að stefnt sé að því, að frjáls verðlagning sé komin til framkvæmda að fullu í ársbyrjun 1996.

Leiguflug er mjög verulegur hluti af allri loftflutningaþjónustu í EB-ríkjunum. Þar hefur því stefnumörkun í málefnum leiguflugs verið til umfjöllunar og er niðurstaða

framkvæmdastjórnar EB, að sömu reglur skuli gilda um áætlunarflug og leiguflug. Þetta þýðir að sömu reglur gildi um flugfargjöld, markaðsaðgang og flugrekstrarleyfi fyrir öll flugfélög. Þessi stefna myndi láta flugrekendum það eftir að ákveða á viðskiptalegum grunni, hvort þau vilji þjóna markaðnum með leiguflugi eða áætlunarflugi.

Loks er þess að geta að á sl. hausti samþykkti EB nýjar reglur á sviði flugþjónustu til viðbótar reglugerðinni um tæknilega samræmingu. Þessar reglur eru þegar til umræðu á fundum fulltrúa EB og EFTA-ríkja. Hér er um að ræða reglur um þær kröfur sem gera á til flugmanna og nýjar lágmarkskröfur um tæknilega getu flugfélaga á sviði viðhalds og rekstrar.

Í undirbúningi eru reglur EB um hámarksvinnutíma flugáhafna og reglur um úthlutun til flugfélaga á afgreiðslutíma á flugvöllum („slots"-reglur). Þessar reglur eru þáttur í því að skapa sambærilegt rekstrarumhverfi fyrir flugfélögin hvarvetna á markaðssvæðinu.

Um bókun 19
Flutningar á sjó

Í þessari bókun eru ákvæði er varða samskipti EES-ríkja við þriðju lönd og félög í þriðju löndum á sviði flutninga á sjó. Er þar áhersla lögð á samræmingu aðgerða aðildarríkjanna í málefnum er varða stöðu þeirra gagnvart samkeppni í farmflutningum með skipum frá ríkjum utan EES-svæðisins.

Um bókun 20
Aðgangur að skipgengum vatnaleiðum

Í bókun 20 er fjallað um aðgang að skipgengum vatnaleiðum, en flutningar á þeim eru flokkaðir með flutningum á landi. Segir þar m.a. að ráðstafanir til þess að tryggja gagnkvæman, jafnan aðgang að vatnaleiðum innan yfirráðasvæðis samningsaðila fyrir alla samningsaðila skuli gerðar á vegum hlutaðeigandi alþjóðlegra stofnana fyrir 1. janúar 1996, að teknu tilliti til þeirra skuldbindinga sem er að finna í tilheyrandi marghliða samningum, og er þar t.d. átt við sérstaka milliríkjasamninga um skipaumferð á fljótunum Rín og Dóná.

Um 48. gr.

Þessi grein inniheldur bann við reglum einstakra aðildarríkja um flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum utan ramma XIII. viðauka, sem beint og óbeint eru óhagstæðari flutningsaðilum frá öðrum aðildarríkjum en innlendum flutningsaðilum. Reglan svarar til 76. gr. Rómarsamningsins.

Þó er gert ráð fyrir að frávik geti verið frá þessu, en þá skal það tilkynnt öðrum samningsaðilum og geta þeir gripið til mótaðgerða.

Um 49. gr.

Hér er fjallað um opinbera aðstoð við flutningaþjónustu og er reglan í samræmi 77. gr. Rómarsamningsins.

Um 50. gr.

Hér er lagt bann við ákveðinni mismunun á flutningasviði og svarar greinin til 1. mgr. og 4. mgr. 79. gr. Rómarsamningsins.

Um 51. gr.

Í þessari grein er einnig fjallað um mismunun fyrirtækja eða atvinnugreina gagnvart flutningaþjónustu af völdum opinberra aðgerða og svarar greinin til 80. gr. Rómarsamningsins.

Um 52. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um kostnað umfram flutningsgjöld, sem heimilt er að krefja um. Jafnframt skal stefnt að því að draga úr slíkum kostnaði.

Um IV. hluta
Samkeppnisreglur og aðrar reglur

Um 1. kafla
Reglur um fyrirtæki

Eitt megin markmið EES-samningsins er að skapa jöfn samkeppnisskilyrði á öllu Evrópska efnahagssvæðinu sbr. 1. gr. samningsins. Í EES-samningnum fjalla 53.-60. gr. um samkeppnismál og fela 53. gr. og 54. gr. í sér helstu efnisreglurnar. Reglurnar gilda í framkvæmd aðeins um stór fyrirtæki þegar athafnir þeirra fela í sér samkeppnishömlur sem hafa eða geta haft áhrif á viðskipti milli tveggja eða fleiri ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum. Samkeppnisreglur hvers lands fyrir sig gilda því áfram um viðskipti sem aðeins hafa áhrif innan landamæra viðkomandi lands. Eftirlit með framkvæmd samkeppnisreglna EES verður í höndum framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA og fer skipulag málanna eftir því hvar áhrif viðskiptanna koma fram. Reglur um eftirlit með samkeppnisreglum EES er að finna í 108.-110. gr. samningsins og í samningi EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól.

Um 53. gr.

Samkvæmt þessari grein eru samningar, samþykktir og samstilltar aðgerðir um verð, framleiðslutakmarkanir, fjárfestingatakmarkanir, markaðsskiptingu o.fl. bannaðar. Þrjár forsendur þurfa þó að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að framfylgja bönnunum.

Í fyrsta lagi þurfa að vera fyrir hendi samningar, samþykktir eða samstilltar aðgerðir á milli fyrirtækja. Þegjandi samkomulag er nóg í þessu sambandi þegar augljóslega er um samstilltar aðgerðir að ræða.

Í öðru lagi þurfa aðgerðirnar að geta haft áhrif á viðskipti á milli aðildarlandanna. Í framkvæmd er reglunum aðeins beitt á samkeppnishömlur sem hafa afgerandi áhrif á milliríkjaviðskipti eða sem kunna að hafa slík áhrif.

Þriðja forsendan er að aðgerðirnar þurfa að hafa að markmiði eða leiða til þess að samkeppni innan hins sameiginlega markaðar skerðist. Til þess að skera úr um það er nauðsynlegt að afmarka sérstaklega þann markað þar sem áhrifa samkeppnishamlanna gætir í hverju tilviki, þ.e.a.s þann markað sem máli skiptir í einstökum málum. Þar er bæði um að ræða vörumarkaðinn þar sem litið er á innbyrðis staðgengi varanna og hinn landfræðilega markað. Verður nánar vikið að þessum hugtökum hér á eftir.

Þrátt fyrir að 53. gr. feli í sér víðtæk bönn eru ekki allir samningar sem fela í sér samkeppnishömlur bannaðir. Nefna má s.k. minniháttarreglu (rule de minimis - bagatel-regla), sem felur í sér að samningar, sem ná til innan við 5% markaðshlutdeildar á þeim markaði sem máli skiptir og þar sem heildarvelta fyrirtækjanna sem hlut eiga að máli er innan við 200 millj. ECU (um 15 milljarðar kr.), eru undanþegnir þessu bannákvæði. Skilyrði fyrir undanþágum er að báðar forsendurnar séu uppfylltar.

Fyrir utan minniháttarregluna eru í 53. gr. heimildir til þess að veita aðrar undanþágur frá hinum ströngu bannákvæðum þegar sýnt þykir að jákvæð áhrif samkeppnishamla séu meiri en hin neikvæðu. Þetta gildir þegar samningar eða samstilltar aðgerðir stuðla að

bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða efla tæknilega og efnahagslega framþróun en það er algjört skilyrði að neytendur fái sanngjarna hlutdeild í því sem ávinnst. Undanþágurnar eru yfirleitt bundnar einstökum tilvikum en einnig eru undanþágur fyrir ákveðna flokka samninga, sbr. XIV. viðauki.

Um 54. gr.

Bann við misbeitingu á markaðsráðandi stöðu

Samkvæmt þessari grein er markaðsráðandi fyrirtækjum bannað að misnota aðstöðu sína með því t.d. að ákvarða ósanngjarnt verð, takmarka framleiðslu, markaðs- eða tækniþróun til skaða fyrir neytendur, mismuna viðskiptavinum o.fl. Regla þessi á aðeins við ef misbeitingin hefur áhrif á viðskipti á milli aðildarríkjanna. Ákvæði 54. gr. eiga bæði við fyrirtæki sem hefur markaðsráðandi stöðu og einnig til fyrirtækja sem með samstarfi ná markaðsráðandi stöðu. Afmörkun á þeim markaði sem skiptir máli hverju sinni bæði út frá innri staðgengi varanna og út frá landfræðilegum sjónarmiðum ræður úrslitum um túlkun hugtaksins markaðsráðandi staða.

Vörumarkaðurinn

EB byggir mat sitt á staðgengi vara fyrst og fremst á hlutlausum forsendum sem hægt er að tengja beint við sjálfa vöruna, eins og einkenni hennar, verð og notkun. Í reynd hefur þó einnig verið tekið tillit til annarra aðstæðna á markaðnum. Þannig hafa líkar vörur sem höfða til mismunandi hópa neytenda verið taldar tilheyra ólíkum mörkuðum. Almennt má segja að það verður að vera töluvert mikið staðgengi fyrir hendi til þess að vörur teljist tilheyra sama markaði. Í dómi EB-dómstólsins í máli United Brand-fyrirtækisins voru t.d. bananar taldir tilheyra sérmarkaði þó að aðrir ávextir hafi að vissu marki verið taldir geta komið í stað banana. Bananar og aðrir ávextir voru sem sagt ekki taldir vera í beinni samkeppni. Í svokölluðu Philip Morris-máli var litið svo á að sígarettur væru sérstakur markaður aðskilinn frá markaði fyrir vindla, pípur o.s.frv. Almennt er því matið á umfangi vörumarkaðarins þröngt hjá EB.

Landfræðilegi markaðurinn

Almennt mætti gera ráð fyrir að auðveldara væri að afmarka hinn landfræðilega markað sem máli skiptir en vörumarkaðinn. Í EB-rétti er gert ráð fyrir að landfræðilegi markaðurinn nái til verulegs hluta af hinum sameiginlega markaði. Skilgreining á hugtakinu „verulegur hluti hins sameiginlega markaðar" hefur verið mjög teygjanleg og virðist í reynd geta átt við smæstu markaði, svo framarlega sem þeir eru álitnir sérstakir afmarkaðir samkeppnismarkaðir. Það er hugsanlegt að þrátt fyrir smæð íslenska markaðarins verði hann í ýmsum tilvikum skilgreindur sem sérstakur landfræðilegur markaður vegna einangrunar hans frá öðrum mörkuðum.
Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 10.07.1980, mál 37/79, Marty/Lauder, B 1980, bls. 2481)
(DEB, 14.07.1972, mál 48/69, Imperial Chemical Industries, B 1972, bls. 619)
(DEB, 16.12.1975, mál 40-48/50, 54-56/111, 113-114/73, Suiker Unie, B 1975, bls. 1663)
(DEB, 25.11.1971, mál 22/71, Béguelin, B 1971, bls. 949)
(DEB, 22.06.1973, mál 48/72, „Haecht II" B 1973, bls. 77)

(DEB, 27.01.1987, mál 45/85, Verband der Sachversicherer, B 1987, bls. 405)
(DEB, 14.07.1981, mál 172/80, Züchner, B 1981, bls. 2021)
(DEB, 20.06.1966, mál 56/65, Société Technique Miniére, B 1966, bls. 281)
(DEB, 06.04.1962, mál 13/61, Bosch, B 1962, bls. 93)

Markaðsyfirráð

Í United Brand-málinu (bananamálinu) gaf EB-dómstóllinn út eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu yfirburðastaða eða markaðsyfirráð: „Það er sú staða þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að fyrirtækinu er kleift að hindra virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að þurfa að taka tillit til samkeppnisaðila, viðskiptavina og neytenda." Innan EB hefur verið miðað við þá meginreglu að markaðshlutdeild undir 40% feli ekki í sér markaðsyfirráð. Ítrekað skal að markaðsyfirráð sem slík eru ekki bönnuð, heldur misbeiting þeirra.

Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 14.07.1981, mál 172/80, Züchner, B 1981, bls. 2021)
(DEB, 10.07.1980, mál 37/79, Marty/Lauder, B 1980, bls. 2491)
(DEB, mál 27/76, „Chiquita-bananar", B 1978, bls. 207)
Við 53.-54. gr.:
(DEB, 17.10.1989, mál 97-99/87, „Dow Chemical", B 1989, bls. 3165)
(DEB, 21.09.1989, mál 46/87 og 227/88 Hoechst, B 1989, bls. 2859)
(DEB, 20.03.1985, mál 41/83, Ítalía, misnotkun yfirburða á markaði, B 1985, bls. 873)
(DEB, 03.10.1985, mál 311/84, Télémarketing (CBEN), B 1983, bls. 3261)
(DEB, 05.10.1988, mál 247/86, Alsatel/Novanianu, B 1988, bls. 5987)
(DEB, 13.02.1969, mál 14/69, Walt Wilhelm, B 1969. bls. 1)

Um 55. gr.

Hér er kveðið á um að framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA (ESE) skuli tryggja framkvæmd meginreglnanna sem felast í 53.-54. gr. og úrskurða um brot á þeim.

Fyrir flestar tegundir samkeppnismála hafa verið settar reglur um framkvæmd eftirlits, sbr. reglur í bókun 21 og XIV. viðauka. Þær almennu reglur sem settar eru fram um framkvæmd eftirlitsins í 55. gr. eiga við þegar sérstakar reglur hafa ekki verið ákveðnar á því sviði.

ESE er skylt að framkvæma rannsóknir á meintum brotum í samvinnu við þar til bær stjórnvöld á viðkomandi svæði og í samvinnu við framkvæmdastjórn EB. Á sama hátt skal framkvæmdastjórn EB hafa samvinnu við eftirlitsstofnun EFTA og viðkomandi stjórnvöld.

Um bókun 21
Framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki

Í bókun 21 skuldbinda EFTA-ríkin sig til að fela eftirlitsstofnun EFTA, í sérstökum samningi á milli EFTA-ríkjanna, sambærilegt valdsvið og framkvæmdastjórn EB á sviði samkeppnisreglna til tryggingar á framkvæmd þeirra meginreglna sem EES-samningurinn kveður á um. Einnig skuldbindur EB sig til að setja ákvæði sem tryggi framkvæmd á samkeppnisreglum EES-samningsins.

Í bókuninni eru jafnframt settar fram nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins á sviði samkeppnisreglna.

Um XIV. viðauka
Samkeppni

Í viðaukanum er getið um 15 bindandi gerðir á sviði samkeppnismála. Meginreglunum sem þar koma fram er lýst í athugasemdum hér á undan.

Um 56. gr.

Greinin fjallar um framkvæmd á 53.-54. gr. og hvernig framkvæmdastjórn EB og ESE skulu skipta á milli sín þeim málum sem koma til umfjöllunar hjá þeim.

Eftirlit samkvæmt þessari grein og 57. gr. beinist að fyrirtækjum. Við skiptingu á valdsviði og eftirlitsstörfum eftirlitsstofnananna, ESE og framkvæmdastjórn EB, skiptir ekki máli hvar fyrirtækið á heimili heldur er skipting mála miðuð við hvar áhrifa þeirra viðskipta sem fela í sér samkeppnishömlur gætir. Með tilliti til réttaröryggis fyrirtækja og til að koma í veg fyrir að mál séu til rannsóknar á tveimur stöðum í einu miðast reglurnar um skiptinguna við að mál geti aðeins heyrt undir aðra hvora stofnunina.

Eftirlitsstofnun EFTA mun fjalla um mál sem aðeins snerta viðskipti á milli EFTA-ríkjanna. Mál sem einungis hafa áhrif á viðskipti á milli EB-ríkja falla undir valdsvið framkvæmdastjórnar EB.

Svokölluð blönduð mál sem hafa áhrif á viðskipti bæði á meðal EFTA-ríkjanna og EB falla undir eftirlitsstofnun EFTA ef þau hafa áhrif á viðskipti á milli EFTA-ríkjanna og eins EB-ríkis, en þó aðeins að því gefnu að velta fyrirtækjanna á EFTA-svæðinu sé minnst einn þriðji hluti af veltunni á öllu EES. Einnig falla undir eftirlitsstofnun EFTA öll blönduð mál sem ekki hafa umtalsverð áhrif á viðskipti á milli EB-ríkjanna. Öll önnur blönduð mál verða undir eftirliti framkvæmdastjórnar EB.

Um bókun 22
Skilgreining á „fyrirtæki" og „veltu" (56. gr.)

Í bókuninni er að finna skilgreiningar á „fyrirtæki" og „veltu" og hvernig hún reiknast.

Um 57. gr.

Eftirlit með samruna fyrirtækja

Það er náið samband á milli misbeitingar á markaðsráðandi stöðu og eftirlits með samruna fyrirtækja. En það er ekki fyrr en á síðustu árum sem athyglin í Vestur-Evrópu hefur beinst að því að setja á sérstakar samrunareglur. EB tók upp samrunareglur á árinu 1989. Samkvæmt 57. gr. taka samrunareglur EES aðeins til samruna sem fer yfir ákveðna veltutölu. Þannig þarf velta þeirra fyrirtækja sem hyggjast sameinast að vera yfir 5 milljarðar ECU (370 milljarðar kr.) í öllum heiminum og a.m.k. tvö af fyrirtækjunum þurfa að selja fyrir 250 milljónir ECU (18 milljarða kr.) innan Evrópska efnahagssvæðisins til þess að samruninn falli undir reglur þess. Þessi mörk eru mjög há og er því mjög ólíklegt að þessi grein muni hafa áhrif á íslensk fyrirtæki.

Um 58. gr.

Samvinna eftirlitsstofnana

Í þessari grein er kveðið á um að framkvæmdastjórn EB og ESE og samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum skuli hafa með sér nána samvinnu um túlkun og samræmt eftirlit með samkeppnisreglum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Bókanir 23 og 24 fjalla um nánari reglur fyrir samstarf stofnanna. Sjá nánar umfjöllun um samstarf eftirlitsstofnana í athugasemdum við samning EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól.

Um svipað efni fjallar eftirfarandi dómur EB-dómstólsins:

(DEB, 21.09.1989, mál 46/87 og 227/88, Hoechst, B 1989, bls. 2859)

Um bókun 23
Samvinna milli eftirlitsstofnana (58. gr.)

Sjá athugasemdir við 58. gr.

Um bókun 24
Samvinna varðandi eftirlit með samfylkingum

Sjá athugasemdir við 58. gr.

Um 59. gr.

Opinber fyrirtæki

Í 59. gr. er kveðið á um að opinber fyrirtæki eða fyrirtæki með einkaleyfi eða sérleyfi skuli aðlaga sig samkeppnisreglum EES.

Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:

(DEB, mál 10/71, ríkissaksóknari Lúxemborgar gegn Mutter, B 1971, bls. 738)

(DEB, mál 6 og 7/73, Commercial Solvents, B 1974, bls. 223)

Um 60. gr.

Í 60. gr. er vísað til XIV. viðauka við samninginn sem felur í sér ákvæði um nánari framkvæmd á þeim reglum sem eru í 53., 57. og 59. gr. Í XIV. viðauka eru m.a. reglur um undanþágur flokka fyrirtækja á samkeppnissviðinu.

Um 2. kafla
Ríkisaðstoð

Í samningnum er miðað við að reglur um ríkisstyrki hafi ekki áhrif á samkeppni fyrirtækja í viðskiptum milli aðildarríkja. Meginreglan er sú að allir opinberir styrkir sem hefta samkeppni með því að mismuna fyrirtækjum eða framleiðsluvörum teljast ósamrýmanlegir framkvæmd samningsins svo framarlega sem þeir hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkja. Undanþágum frá þessari reglu má skipta í tvennt. Annars vegar eru styrkir sem alltaf samrýmast framkvæmd samningsins, s.s. félagslegir styrkir til einstaklinga og styrkir til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða sérstakra atburða.

Hins vegar eru styrkir sem geta samrýmst framkvæmd samningsins, s.s. styrkir til að efla atvinnuþróun og stuðla að efnahagslegum framgangi á svæðum þar sem lífskjör eru slæm, styrkir sem efla sameiginlega hagsmuni aðildarríkja eða bæta úr alvarlegri röskun á efnahagslífi. Ráðherraráð og framkvæmdastjórn EB hafa sett nánari reglur um framkvæmd þessarar stefnu og eru þær lagðar til grundvallar samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Skilgreining á ríkisstyrkjum nær yfir bein fjárframlög, ábyrgðir og skattaívilnanir, auk trygginga og niðurgreiðslu lánskjara frá markaðskjörum, og á jafnt við styrki veitta af ríkisvaldinu, sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum og sjóðum í eigu opinberra aðila að hluta til eða öllu leyti.

Samningurinn kveður á um að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins annars vegar og eftirlitsstofnun EFTA hins vegar fylgist stöðugt með öllum ríkisstyrkjum sem veittir eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Aðildarríki hafa upplýsingaskyldu gagnvart þessum eftirlitsstofnunum og þurfa að tilkynna fyrirfram og fá samþykki fyrir áætlunum sínum um veitingu ríkisstyrkja. Eftirlitsstofnanirnar skulu tryggja að styrkir séu í samræmi við samningsákvæði og útfærslu þeirra í XV. viðauka. Til að tryggja enn frekar samræmda framkvæmd beggja eftirlitsstofnana á umsóknum og eftirliti með veitingu ríkisstyrkja í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, þá er í sérstakri bókun kveðið nánar á um samvinnu þeirra í milli.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið mun leiða til umtalsverðrar kerfisbreytingar hér á landi, bæði hvað snertir framkvæmd og form ríkisstyrkja. Styrkir til fyrirtækja og atvinnuvega eru hlutfallslega lágir hér á landi ef tekið er mið af öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Þess vegna verður ekki um mikla breytingu að ræða varðandi opinberar styrkveitingar. En vegna hinnar almennu bannreglu við ríkisstyrkjum, reglunum um tilkynningu, samþykkt og eftirlit með styrkveitingum í „undanþágutilvikum", verður framkvæmd styrkveitinga að breytast í veigamiklum atriðum hér á landi. Í því efni skal nefna þrjú atriði: áætlanir um styrkveitingar, gegnsæi styrkja og söfnun upplýsinga um styrkveitingar og áhrif þeirra.

Við gildistöku samnings um Evrópska efnahagssvæðið mun eftirlitsstofnun EFTA safna upplýsingum um gildandi áætlanir um styrkveitingar í EFTA-ríkjunum. Þegar einstök ríki óska samþykktar stofnunarinnar fyrir nýjum styrkveitingum, skulu þær vera í formi áætlana, en ekki upplýsingar um styrki til einstakra verkefna eða fyrirtækja. Þannig leggja ríkin fram áætlun um veitingu byggðastyrkja, styrkja til rannsóknar- og þróunarverkefna, til einstakra atvinnugreina, umhverfisverndar o.fl. á tilteknu tímabili. Fram koma helstu markmið, umfang styrkja, hvers konar verkefni fái notið þeirra o.s.frv. Að fengnu samþykki eftirlitsstofnunar þurfa ríkin síðan að gera nákvæma grein fyrir framkvæmd styrkáætlana. Í XV. viðauka er gerð grein fyrir þeim kröfum sem báðar eftirlitsstofnanirnar, ESE og framkvæmdastjórn EB, gera til styrkáætlana á einstökum sviðum til þess að þær hljóti samþykki. Á það t.d. við um gegnsæi styrkja, þ.e. að augljóst sé með hvaða hætti styrkir séu veittir og einfalt að áætla upphæðir styrkja.

Ef einstök ríki veita ríkisstyrki án samþykktar eftirlitsstofnunar, þá getur hún krafist þess að styrkþegar endurgreiði styrkveitingar og skal viðkomandi ríki framfylgja þeirri ákvörðun.

Um 61. gr.

Grein þessi endurspeglar orðalag 92. greinar Rómarsamningsins og setur almennt bann við ríkisaðstoð sem raskar samkeppni og áhrif hefur á milliríkjaviðskipti. Tilgreindar eru undanþágur, vegna félagslegra aðstæðna, náttúruhamfara o.s.frv., sbr. athugasemdir við 2. kafla. Í sameiginlegri yfirlýsingu um c-lið 3. mgr. taka samningsaðilar fram að einnig skuli tekið tillit til strjálbýlis þegar athugað er hvort ríkisaðstoð eigi rétt á sér. Sameiginlega EES-nefndin getur ævinlega úrskurðað aðstoð samrýmanlega samningum á stjórnmálalegum forsendum, sbr. d-lið 3. mgr.

Tilgangur þessarar greinar er sem fyrr að tryggja sem jöfnust samkeppnisskilyrði og sem greiðust viðskipti. Ríkisstyrkir geta í raun haft sömu áhrif og tollar, þ.e. skekkt samkeppnisstöðu jafnmikið. Hins vegar er viðurkennt að þeir geti átt rétt á sér í vissum tilfellum. Fyrsta málsgrein skilgreinir ekki „hvers kyns aðstoð sem ríki veitir", en túlkun hefur skýrst í áranna rás í meðferð EB-dómstólsins. Þar hefur verið áréttað að ekki er aðeins um beinar greiðslur að ræða heldur einnig afslætti, fríðindi eða undanþágur frá gjöldum sem vanalega eru innheimt. Allar aðgerðir ríkisins til styrktar fyrirtæki sem hafa í för með sér útgjöld eða tekjutap fyrir ríkið geta flokkast undir ríkisaðstoð, jafnvel þótt fyrirtækið greiði fyrir að hluta. Hið sama gildir um aðstoð sem veitt er úr sjóðum sem ríkið hefur stofnað til og fjármagnar, jafnvel þó þeir séu reknir sjálfstætt. Ríkisaðstoð getur verið í formi beinna framlaga, skattafsláttar, lána á vildarkjörum, undanþágu frá launatengdum gjöldum, hagstæðra kjara við innkaup, afhendingu bygginga eða lóða undir markaðsverði, lánatrygginga eða tekjutryggingar. Í vissum tilfellum getur hugtakið einnig náð til beinna greiðslna til stofnana tiltekinnar iðngreinar. Einnig hefur verið viðurkennt að hlutabréfakaup ríkisins í fyrirtækjum geta í vissum tilfellum talist ríkisaðstoð. Öll aðstoð sem er almenns eðlis og beinist ekki að tilteknum fyrirtækjum er undanþegin ákvæðum greinarinnar. Greinin á hins vegar jafnt við um ríkisfyrirtæki sem einkafyrirtæki.

Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:

(DEB, 23.02.61, mál 30/59, De Gezamenlijke Steenkolenmijnen, B 1961, bls. 3)
(DEB, 09.07.69. mál 5/69, Völk-Vervaecke, B 1969, bls. 295)
(DEB, 10.12.69, mál 6 og 11/69, Taux de réescompte préférentiel á l´exportation, B 1969, bls. 523)
(DEB, 25.06.70, mál 47/69, Taxe parafiscale appliquée aux produits textiles en France, B 1970, bls. 487)
(DEB, 19.06.73, mál 77/72, Capolongo, B 1973, bls. 611)
(DEB, 12.07.73, mál 70/72, Aides á la reconversion des région miniéres, B 1973, bls.813)
(DEB, 11.12.73, mál 120/73, Lorenz, B 1973, bls. 1471)
(DEB, 02.07.74, mál 173/73, Allocation familiales dans le secteur textile, B 1974, bls. 709)
(DEB, 22.03.77, mál 78/76, Steinike, B 1977, bls. 595)
(DEB, 21.05.77, mál 31/77 R og 53/77 R, Ordonnance, B 1977, bls. 921)
(DEB, 17.09.80, mál 730/79, Philip Morris, B 1980, bls. 2671)
(DEB, 14.11.84, mál 323/82, Intermills, B 1984, bls. 3809)
(DEB, 13.03.85, mál 296 og 318/82, Aide dans le secteur de la transformation du carton, B 1985, bls. 809)
(DEB, 07.05.85, mál 18/84, Avantages fiscaux pour la presse, B 1985, bls. 1339)

(DEB, 15.01.86, mál 52/84, Prise de participation dans le capital d´une entreprise - droits de la défense, B 1986, bls. 89)
(DEB, 10.07.86, mál 234/84, Prise de participation dans le capital d´une entreprise - droits de la défense, B 1986, bls. 2263)
(DEB, 10.07.86. mál 40/85, Prise de participation dans le capital d´une entreprise - droits de la défense, B 1986, bls. 2321)
(DEB, 24.02.87, mál 310/85, Deufil, B 1987, bls. 901)

Um 62. gr.

Hér er kveðið á um framkvæmd eftirlits með ríkisaðstoð innan EB og EFTA. EFTA-ríkin hafa á undanförnum árum haft eftirlit með ríkisstyrkjum með þeim hætti að þeir hafa verið tilkynntir og ræddir á sérfræðingafundum. Skamkvæmt stofnskrá Stokkhólmssamningsins er og hægt að taka meirihlutaákvörðun um það innan EFTA-ráðsins að grípa til aðgerða gegn ríki sem misnotar útflutningsstyrki. Innan EFTA hefur einnig verið bönnuð ríkisaðstoð við sjávarútveg.

Reglur EFTA hafa þróast í sömu átt og reglur EB en ekki verið eins víðtækar né skýrar. Einnig skorti lengi skilvirkt eftirlitskerfi þó samþykkt hafi verið árið 1989 að koma því á fót. Með samningi þessum skuldbinda EFTA-ríkin sig til að koma á sambærilegu eftirliti með ríkisstyrkjum og er við líði innan EB. Sjá nánari umfjöllun í athugasemdum við bókun 3 við EES-samninginn.

Sjá einnig dómatilvísanir við 61. grein.

Um bókun 26
Valdsvið og störf eftirlitsstofnunar EFTA
á sviði ríkisaðstoðar

Bókunin kveður á um skuldbindingu EFTA-ríkjanna að fela með samningi sín á milli eftirlitsstofnun EFTA sams konar eftirlitsvald á sviði ríkissaðstoðar og framkvæmdastjórn EB hefur innan EB. Sjá 24. gr. ESE-samningsins og bókun 3 við sama samning.

Um bókun 27
Samvinna á sviði ríkisaðstoðar

Hér er vísað til athugasemda við ESE-samninginn.

Um 63. gr.

Hér er vísað til XV. viðauka.

Um XV. viðauka
Ríkisaðstoð

Í viðauka þessum er aðeins tilgreind ein bindandi gerð, tilskipun sem leggur aðildarríkjum þá skyldu á herðar að veita upplýsingar um fjármálatengsl aðildarríkja og opinberra fyrirtækja. Eftirlitsaðilum innan EES, þ.e.a.s. Framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA er hins vegar gert að taka tilhlýðilegt tillit til nokkurra annarra.

Eins og kunnugt er rekur EB umfangsmikla byggðastefnu sem kostuð er úr sameiginlegum sjóðum. Framlög vegna hennar eru undanþegin ákvæðum um bann við ríkisaðstoð. Aðstoðaraðgerðir einstakra ríkja ber að tilkynna og hefur innan EB verið talið

að aðstoð til svæðis eigi alla jafnan rétt á sér þegar tekjur íbúa eru innan við 75% af meðaltekjum EB-íbúa. Einnig hefur ríkjum verið heimilað að aðstoða einstök héröð ef atvinnuleysi er þar mun meira en í landinu öllu eða fátækt meiri.

Sérstakar reglur gilda innan EB um aðstoð til skipasmíða. Þar er heimiluð ríkisaðstoð sem nemur allt að 9% kostnaðar fyrir stærri verkefni en 4,5% fyrir þau smærri. Þó er aðstoð sem leiðir til aukinnar skipasmíðaaðstöðu bönnuð. Meiri aðstoð er heimiluð ef skipið er flutt út frá EB. Ekki náðist samkomulag um að taka upp sameiginlegar reglur um aðstoð við skipasmíðar innan EES, en í yfirlýsingu er tekið fram að stefnt sé að því fyrir árslok 1993, þegar 7. tilskipun EB um aðstoð til skipasmíða rennur út.

Sérstakar reglur gilda og um aðstoð til bílaiðnaðar, textílframleiðslu, kol- og stálframleiðslu vegna samdráttar í þessum greinum.

Heimilað hefur verið að fjármagna allt að 50% kostnaðar við rannsóknir og þróun. Einnig hefur ekki verið amast við aðstoð við fyrirtæki sem færri en 150 vinna hjá og þar sem árleg velta er minni en 1.100 millj. kr. ef tilgangurinn er að skapa atvinnutækifæri eða ef hvert fyrirtæki fær minna en 15 millj. kr. í sinn hlut.

Innan EB hefur og tíðkast að veita undanþágur ef verkefnið er talið vera í þágu allra EB-ríkja. Með sameiginlegri yfirlýsingu er tekið fram að samningsaðilar skuli taka tillit hver til annars við beitingu slíkra undanþágna.

Um 64. gr.

Grein þessi kveður á um það hvernig bregðast eigi við ef önnur hvor eftirlitsstofnunin slær slöku við að mati hinnar. Þá er efnt til viðræðna. Ef þær eru árangurslausar er gripið til bráðabirgðaráðstafana og máli vísað til sameiginlegu EES nefndarinnar. Ef engin lausn fæst þar geta ráðstafanirnar orðið viðvarandi.

Oftast gæti slíkt misræmi stafað af því að samningsaðilar túlka samninginn á mismunandi hátt en eins og kunnugt er nú enginn sameiginlegur úrskurðaraðili í slíkum tilfellum.

Minnt er á að skv. 2. mgr. 109. gr. er tekið fram að stofnanirnar skuli hafa samstarf sín á milli, skiptast á upplýsingum og ráðgast hvor við aðra um stefnu í eftirlitsmálum og einstök mál. Ekki er því gert ráð fyrir því að mismunandi túlkunarhefðir geti náð að þróast.

Umfang þeirra ráðstafana sem minnst er á takmarkast af almennum reglum samningsins um að sem minnst beri að raska framkvæmd hans og frjálsum viðskiptum.

Um 3. kafla
Aðrar sameiginlegar reglur

Um 65. gr.

Í 1. mgr. er vísað til XVI. viðauka um opinber innkaup.

Um XVI. viðauka
Opinber innkaup

Samkomulag um opinber innkaup á Evrópumarkaði miðar að því að tryggja aukna alþjóðlega samkeppni á markaði opinberra innkaupa. Samkomulagið felur í sér ítarlegar reglur um það hvernig þeir aðilar sem tilgreindir eru eiga að haga útboðum vegna opinberra innkaupa og samþykkja tilboð. Skamkvæmt samningnum eiga lög, reglugerðir, framkvæmdareglur og venjur varðandi opinber innkaup að vera skýr og tryggja að innlend framleiðsla eða seljendur sé ekki vernduð eða gert upp á milli erlendrar framleiðslu og innlendrar.

Núverandi opinbert innkaupakerfi á Íslandi

Um opinber innkaup gilda í dag lög nr. 63/1970 um opinberar framkvæmdir og lög nr. 57/1987 um opinber innkaup, ennfremur reglugerð nr. 189/1988 um opinber innkaup og starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins. Tilgangur þessara laga er að tryggja hagkvæmni í rekstri ríkisins að því er varðar kaup á vörum og þjónustu til rekstrar og framkvæmda og hagkvæmni við verkframkvæmdir.

Opinber innkaup heyra undir fjármálaráðuneytið. Það er meginregla í lögunum að bjóða út kaup á vörum og þjónustu og verkframkvæmdir.

Í meginatriðum eru útboðsaðferðir, meðferð tilboða og val svipað og í þeirri reglu sem tíðkast í GATT og þeim reglum sem gilda hjá EB.

Innkaupastofnun ríkisins er falið að annast útboð, vörukaup og verksamninga fyrir ríkisstofnanir, nema ráðherra feli eða heimili ríkisstofnunum að annast eigin viðskipti. Hefur það verið gert í nokkrum tilfellum í sambandi við verkframkvæmdir, t.d. Vegagerð ríkisins, Vita- og hafnamálastofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Póst- og símamálastofnun og Flugmálastjórn. Þá hefur og Landsvirkjun annast eigin viðskipti á þessu sviði. Ekki eru ákvæði í þessum lögum eða reglugerðum um lágmarksverðmæti þess sem skylt er að bjóða út á opinberum markaði eða um lágmarksútboðstíma.

Í verkútboðum er mikið stuðst við staðalinn ÍST 30 og þær reglur sem þar eru tilgreindar.

Reykjavíkurborg rekur eigin innkaupastofnun sem annast innkaup og verkútboð fyrir borgina og er eina sveitarfélagið sem rekur sérstaka innkaupastofnun. Önnur sveitarfélög hafa í mörgum tilfellum falið Innkaupastofnun ríkisins að annast meiriháttar innkaup fyrir sig. Í EB- reglum er opinberum innkaupum skipt í fjóra þætti:

i. Opinber vörukaup

Hjá EB eru vörukaup fyrir ríkisstofnanir og sveitarfélög yfir verðmæti 130 þús. ECU, eða um 10 millj. kr. án virðisaukaskatts, boðin út á Evrópumarkaði samkvæmt sérstökum lista og tilgreindum reglum um útboðsaðferðir og val tilboða. Um ýmsar aðrar vörutegundir gilda verðmætismörk yfir 200 þús. ECU eða um 15 millj. kr. Ekki verður séð að þær meginreglur sem Evrópubandalagið hefur í gildi stangist í grundvallaratriðum á við íslensk lög og venjur, en reglurnar eru og nákvæmari um einstök útfærsluatriði en í íslenskum lögum og reglugerð.

Enginn vafi er á því að verulegur fjöldi vörukaupaútboða fyrir ríkisstofnanir hér á landi eru yfir þeim mörkum, sem hér að framan eru talin. Hins vegar munu vera fá tilfelli yfir mörkum hjá sveitarfélögum öðrum en Reykjavíkurborg.

ii. Opinberir verksamningar

Annar þáttur opinberra innkaupa hjá EB eru opinber verkútboð og verksamningar. Þar er gert ráð fyrir í meginatriðum sams konar útboðsaðferðum og við opinber vörukaup, en þar er lágmarksútboðsverðmæti 5 millj. ECU eða 375 millj. kr. Verðmæti miðast við heildarverkið, það er að segja hönnun, vinnu og helstu vörukaup.

Aðföng sem nauðsynleg eru við framkvæmdir og samningsaðilar hafa látið verktaka í té teljast innifalin í lágmarksútboðsverðmæti.

iii. Útboð vegna opinberra rekstrarfyrirtækja (orkusala, Póstur og sími, vatnsveitur og flutningar)

Um þennan þátt gilda í meginatriðum sömu reglur og um opinbera verksamninga, verðmæti lágmarksútboðs er 5 millj. ECU eða 375 millj. kr. og vörukaup skal bjóða út ef verðmæti er yfir 400 þús. ECU eða um 30 millj. kr. nema hjá Pósti- og síma. Þar er lágmark vörukaupa 600 þús. ECU eða um 45 millj. kr.

iv. Opinber innkaup á þjónustu

Tilskipun um það efni er enn í vinnslu hjá EB og því ekki hluti af EES-samkomulaginu.

Sameiginleg atriði

Eftirtalin atriði eru sameiginleg fyrir alla 4 innkaupaflokka á EES-svæðinu:

1. Strangar reglur gilda um auglýsingar og meðferð útboða og val bjóðenda. Útboðum er skipt í flokka, m.a. almenn útboð, sem er öllum opið og lokuð útboð, þar sem útboðslýsing er gerð í samráði við 1 eða 2 aðila og um fáa framleiðendur eða bjóðendur að ræða.
2. Allar auglýsingar skulu birtast í Stjórnartíðindum EB, í sérstakri EES-deild, og eru á kostnað bandalagsins. Óheimilt að auglýsa í heimalandi fyrr en auglýsing hefur verið send til Stjórnartíðinda EB.
3. Útboðstími er nákvæmlega skilgreindur í hverju tilfelli og er langur miðað við það sem tíðkast hefur á Íslandi.
4. Sérstakir aðilar á vegum EB úrskurða innan EB eða fjalla um ágreiningsmál er varða gerð útboðslýsinga og val bjóðenda. Á EES-svæðinu skiptist eftirlit milli framkvæmdastjórnar EB og eftirlitstofnunar EFTA.
5. Lögð er áhersla á Evrópustaðla við gerð útboðslýsinga.
6. Lögð er rík áhersla á að öll aðildarríki fari eftir tilskipunum og reglugerðum, en einstaka EB og EFTA-ríki hafa fengið lengdan aðlögunartíma eftir 1992.
7. Mikil upplýsingaskylda hvílir á þátttökuþjóðum hvað varðar öll opinber innkaup og skulu upplýsingar sendar til framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA.
8. Verðmætismörk í útboðum eru endurskoðuð annað hvort ár.

Væntanlegar breytingar á Íslandi

Af framangreindu má ályktа að eftirfarandi aðgerða sé þörf hér á landi:

1. Breyting á lögum eða reglugerðum um opinber innkaup til samræmis við Evrópumarkaðinn, þar með talið að skylda sveitarfélög til að efna til opinberra útboða samkvæmt reglum á Evrópumarkaði.
2. Einni opinberri stofnun sé falið að annast öll opinber samskipti hvað varðar upplýsingar og framkvæmd opinberra útboða á Evrópumarkaði. Jafnframt sé þeirri stofnun falið að vera öðrum opinberum stofnunum ríkis og sveitarfélaga til ráðuneytis við gerð útboðslýsinga og túlkun og framkvæmd þeirra reglna sem í gildi eru á Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Sennilega þarf að efla þýðingamiðstöð til að annast þýðingar á útboðslýsingum og öðrum gögnum sem snerta þetta mál, en væntanlega mun kostnaður við þýðingar á útboðsgögnum aukast eitthvað. Einnig er möguleiki á því að sameiginleg þýðingamiðstöð starfi á einum stað í Evrópu.

Lokaorð

Um langt skeið hefur verið fyrir hendi opinn alþjóðlegur útboðsmarkaður hér á landi við opinber innkaup, bæði hvað varðar vörur og meiri háttar verkkaup. Með aðild að EES er því ekki um verulega grundvallarbreytingu að ræða hvað varðar samkeppnisaðstæður eða samkeppnisreglur. Samkeppnisávinningur er óviss vegna þess hve útboð eru nú þegar opin og á alþjóðamörkuðum, en væntanlega kemur hann fram í aukinni þátttöku bjóðenda. Hins vegar aukast möguleikar innlendra framleiðenda og verktaka vegna upplýsingaflæðis hingað til lands um opinber innkaup í öðrum aðildarríkjum.

Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:

(DEB, 31.10.1974, mál 15/74, Centrafarm, B 1974, bls. 1147)

(DEB, 08.06.1971, mál 78/70, Deutsche Grammophon, B 1971, bls. 487)

Um 2. mgr. 65. greinar

Hér er vísað til bókunar 28 og XVII. viðauka

Um bókun 28
Hugverk

Um 1. gr. bókunar 28

Ákvæði samningsins hagga ekki þeirri vernd sem þegar er veitt með núgildandi höfundarlögum.

Nánari ákvæði um þær gerðir sem falla undir bókun 28 eru í XVII. viðauka. Þessar gerðir eru á sviði höfundarréttar:

Tilskipun ráðsins 91/250/EBE frá 14. maí 1991 um lögvernd fyrir tölvuforrit og að sínu leyti einnig tilskipun ráðsins 87/54/EBE frá 16. desember 1986 um vernd svæðislýsinga smárása, en slík vernd er sérstaks eðlis og byggist í flestum ríkjum á sérstakri löggjöf.

Tillögur liggja fyrir um tilmæli um leigu, lán og viss réttindi höfundaréttar (COM (90) 586 final-SYN 319) og ennfremur tilmæli sem lúta að skuldbindingu til að gerast aðilar að alþjóðasáttmálum á þessu sviði (COM (90) 582 final-SYN 318).

Höfundaréttarleg vernd í öllum ríkjum Evrópu grundvallast á alþjóðlegum sáttmálum á þessu sviði, þ.e. Bernarsáttmálanum til verndar bókmenntum og listaverkum og alþjóðlega höfundarréttarsáttmálanum. Því er inntak verndar nánast hið sama í þessum ríkjum.

Um vernd tölvuforrita verður sérstaklega vikið í greinargerð með XVII. viðauka.

Um 2. gr. bókunar 28

Tæming réttinda á sviði hugverkaréttar innan Evrópubandalagsins byggist á þeirri meginreglu að handhafi höfundarréttar, eða hugverkaréttar almennt, að hugverki, sem nýtur verndar samkvæmt löggjöf aðildarríkis, megi ekki beita þeirri löggjöf til þess að koma í veg fyrir innflutning hugverksins, hafi það með lögmætum hætti verið markaðssett af handhafanum sjálfum eða með samþykki hans í öðru aðildarríki EB.

Með tæmingu réttinda er ekki átt við tæmingu á einkaréttalegum heimildum sem felast í höfundarrétti að öðru leyti, s.s. heimildum til opinbers flutnings, eintakagerðar, leigu, aðlögunar og þýðingar o.s.frv.

Tilgangur EB-reglna um tæmingu réttinda byggist á því sjónarmiði að afnema hindranir í viðskiptum milli ríkja.

Um 3. gr. bókunar 28

Samningsaðilar skuldbinda sig til að leitast við að ljúka samningaviðræðum innan þriggja ára frá gildistöku samningsins um einkaleyfi í bandalaginu (89/695/EBE) ACP um að EFTA-ríkin taki þátt í þeim samningi.

ACP-samningurinn miðar að því að koma á EB-einkaleyfi, þ.e. einkaleyfi sem yrði veitt og hefur gildi í öllum aðildarríkjum EB, en í dag eru einkaleyfi eingöngu veitt fyrir hvert ríki fyrir sig. Tilgangur samkomulagsins er að hindra að einkaleyfi valdi viðskiptahindrunum. Samkomulagið gerir ráð fyrir að samhliða venjulegum landsbundnum einkaleyfum verði hægt að skrásetja EB-einkaleyfi sem gilda fyrir allt EB-svæðið. Slík einkaleyfi yrðu veitt af Einkaleyfastofnun Evrópu (European Patent Office eða EPO). EPO veitir einkaleyfi fyrir aðildarríki EPO samhliða einkaleyfastofnunum einstakra aðildarríkja. Eftir að einkaleyfin eru veitt gilda þau í hverju ríki fyrir sig, óháð einkaleyfum í öðrum ríkjum eins og er um venjuleg einkaleyfi. Ef samkomulagið gengi í gildi þá myndu einkaleyfi sem EPO veitti fyrir aðildarríki ACP-samkomulagsins gilda fyrir allt það landsvæði, sem það nær til, en ekki hafa óháða tilveru í hverju aðildarríki eins og nú er.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að EB-ráðið geti boðið öðrum ríkjum að gerast aðilar að sáttmálanum ef þau eru í fríverslunar- eða tollabandalagi við EB og eru jafnframt aðilar að EPO. Ísland er ekki aðili að EPO.

Hinn 1. janúar 1992 tóku gildi ný einkaleyfalög á Íslandi sem eru í öllum atriðum byggð á norrænum einkaleyfalögum. Norrænu lögin eru efnislega samhljóða EPO-sáttmálanum auk þess sem mið hefur verið tekið af efni ACP-samningsins.

Ef Ísland gerðist aðili að ACP-samningnum yrðu Íslendingar að gerast aðilar að EPO. EFTA-ríkin vilja að þau EFTA-ríki sem eru aðilar að EPO geti sjálfkrafa gerst aðilar að ACP.

Ísland getur gerst aðili að EPO án þess að til efnisbreytinga á einkaleyfalögunum þurfi að koma. Ekki hefur verið gerð ítarleg úttekt á áhrifum þess að Ísland gerðist aðili að

EPO en svo virðist sem íslensk þátttaka geti verið til hagsbóta þar sem það leiddi til að allar erlendar umsóknir um einkaleyfi yrðu rannsakaðar af EPO. Of fljótt er að segja nokkuð um aðild að ACP-samkomulaginu þar sem mörg atriði um framkvæmd þess eru enn óljós.

Um 4. gr. bókunar 28

Í bókuninni er einnig fjallað um vernd svæðislýsinga á hálfleiðurum. Þar er tekið fram að samningsaðilar EES geti tekið ákvarðanir um að láta verndina einnig ná til aðila sem ekki er aðili að samningnum. Í slíkum tilfellum skal leitast við að tryggja að sá aðili veiti öðrum samningsaðilum samningsins rétt til verndar með sambærilegum skilmálum og þeim sem honum eru veittir. Þessi aukna vernd skal viðurkennd og virt af öllum samningsaðilum.

Um 5. gr. bókunar 28

Hér er fjallað um skuldbindingu samningsaðila EES til að fara að tilteknum sáttmálum á sviði hugverkaréttar. Ísland er þegar aðili að stjórnunarkafla Parísartexta Bernarsamningsins frá 1971, en ekki efnisákvæðum þess texta. Undirbúningur er þegar hafinn fyrir fullgildingu Rómarsamningsins frá árinu 1961 um vernd listflytjenda o.fl..

Núgildandi höfundarlög eru samin með hliðsjón af ákvæðum þessara samninga. Ekki er því þörf á breytingum á núgildandi löggjöf vegna þeirra, en brýnt er að tryggja innlendum og erlendum höfundum og listflytjendum þá réttarvernd sem í þessum alþjóðasamningum felst.

Um 6. gr. bókunar 28

Samningsaðilar samþykkja að bæta það stjórnarfyrirkomulag sem komið hefur verið á með EES-samningnum í ljósi niðurstaðna Úrúgvæ-samningalotunnar í GATT-viðræðunum.

Um 7. gr. bókunar 28

Samningsaðilar skuldbinda sig til að veita hver öðrum upplýsingar á sviði hugverkaréttar og að hafa samráð á því sviði.

Um 8. gr. bókunar 28

Í bráðabirgðaákvæði bókunarinnar segir að samningsaðilar samþykki aðild að samningaviðræðum til þess að þau EFTA-ríki sem áhuga hafi geti síðar meir tekið fullan þátt í ráðstöfunum vegna hugverka sem samþykktar kunna að verða í löggjöf bandalagsins.

Um 9. gr. bókunar 28

Þarfnast ekki skýringa.

Um XVII. viðauka
Hugverkaréttindi

Í viðaukanum er vísað í eftirfarandi tilskipanir og ákvarðanir:

Tilskipun **87/54/EBE** frá 16. desember 1986 um lögvernd smárása.

Smárás er fullkomin rafmagnsrás fyrir lágspennu, framleidd sem ein eining og getur gegnt sjálfstæðu hlutverki. Smárásir eru unnar úr hálfleiðaraefnum og eru ómissandi í öllum nútímarafeindatækjum. Með tilskipuninni eru settar fram reglur um hvernig vernd smárása skuli háttað efnislega í aðildarríkjum EB. Hins vegar er einstökum ríkjum eftirlátið að ákveða ýmis formskilyrði, eins og t.d. hvort skráning skuli vera grundvöllur verndar. Ólíkt því sem gildir almennt í hugverkarétti byggist tilskipunin á því að vernd smárása skuli aðeins ná til ríkisborgara EB eða fyrirtækja og annarra lögpersóna sem staðsett eru í aðildarríkjum þess.

Tilskipun **89/104/EBE** frá 21. desember 1988 um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna varðandi vörumerki.

Reglur tilskipunarinnar miða að því að samræma vörumerkjalög aðildarríkja þannig að ákvæði þeirra valdi ekki viðskiptahindrunum. Í tilskipuninni er kveðið á um það hvaða merki geti talist vörumerki, af hvaða ástæðum megi hafna eða ógilda skráningu vörumerkja, hvað vörumerkjaréttur feli í sér, verndarsvið þekktra vörumerkja, takmörkun á vörumerkjarétti, hvenær vörumerkjaréttur teljist tæmdur, skyldu til að nota skráð vörumerki og afleiðingar þess ef skráð vörumerki er ekki notað. Tilskipunin kveður hins vegar ekki á um hvernig staðið skuli að skráningu eða ógildingu skráningar. Aðildarríkin geta því skipað málum þessum sjálf. Tilskipunin tekur heldur ekki afstöðu til þess hvort vörumerkjaréttur geti eingöngu stofnast með skráningu eða hvort notkun geti verið grundvöllur vörumerkjaréttar eins og byggt er á hjá Norðurlandaþjóðunum.

Gera þarf nokkrar efnisbreytingar á gildandi vörumerkjalögum. Helsta breytingin er sú að notkun skráðs vörumerkis sé forsenda fyrir gildiskráningar, en í dag hvílir ekki notkunarskylda á eigendum skráðra vörumerkja. Notkun sem grundvöllur áframhaldandi vörumerkjaverndar er eðlileg þróun í vörumerkjarétti. Á síðustu áratugum hefur skráðum vörumerkjum fjölgað verulega. Það hefur leitt til þess að samkeppnisaðilar eiga erfiðara með að finna ný nothæf vörumerki sem þeir geta skráð.

Önnur breyting er sú að auka þarf vernd frægra vörumerkja til að koma í veg fyrir að samkeppnisaðilar geti notfært sér viðskiptavild þeirra eða rýrt gildi þeirra. Aðrar efnisbreytingar eru minni háttar og ættu ekki að skapa erfiðleika fyrir íslenskan iðnað. Vörumerkjalög okkar byggjast á norrænum grunni og eru efnislega samhljóða vörumerkjalögum annarra Norðurlandaþjóða. Í Danmörku öðluðust ný vörumerkjalög gildi 1. janúar 1992. Í þeim er tekið tillit til ofangreindrar tilskipunar auk þess sem Danir hafa notað tækifærið og breytt ýmsum öðrum atriðum. Af Íslands hálfu verður haft samráð við Finna, Svía og Norðmenn um útfærsluatriði.

Ákvörðun ráðsins **90/510/EBE** frá 9. okt. 1990 um aukna lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til einstaklinga frá tilteknum löndum og yfirráðasvæðum.

Þegnar ríkja eða þeir sem hafa heimilisfesti í þeim ríkjum sem talin eru upp í viðauka við ákvörðunina eiga sama rétt og þegnar EB. Þetta getur einnig gilt um lögaðila.

Ákvörðun ráðsins **90/511/EBE** 9. okt. 1990 um aukningu á vernd smárása.
Ákvörðunin er nær samhljóða tilskipun 90/510/EBE.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar **90/541/EBE** frá 26. okt. 1990.
Vísar til ákvörðunar ráðsins 90/511/EBE frá 9. okt. 1990 og bætir Bandaríkjunum og Sviss í hóp þeirra ríkja er njóta verndar.

Tilskipun ráðsins **91/250/EBE** frá 14. maí 1991 um lögvernd fyrir tölvuforrit.
Samkvæmt tilskipuninni ber að veita tölvuforritum vernd eins og um bókmenntaverk í skilningi Bernarsáttmálans væri að ræða. Orðið „tölvuforrit" tekur einnig til undirbúnings- og hönnunarvinnu við gerð forrita. Einstaklingar, hópar einstaklinga eða lögpersónur geta talist höfundar forrits. Þegar starfsmaður hefur hannað forrit í starfi sínu eða samkvæmt fyrirmælum vinnuveitanda á vinnuveitandinn að öllu jöfnu einkaréttinn. Einkaréttur höfundarins nær til afritunar, þýðingar, aðlögunar, uppröðunar, dreifingar og leigu. Helstu undanþágur eru fólgnar í því að ekki þarf leyfi rétthafa til að gera leiðréttingar á forriti sem aflað hefur verið með lögmætum hætti. Auk þess má sá sem rétt hefur til að nota forritið gera af því öryggisafrit og kynna sér eða kanna hvernig forritið verkar. Einnig er óþarfi að fá leyfi höfundar þegar afritun forrits og þýðing þess er óhjákvæmileg til að ná þeim upplýsingum sem þörf er á fyrir rekstrarsamhæfni utanaðkomandi forrits, þó að nokkrum skilyrðum uppfylltum. Aðildarríkjum ber að kveða á í landslögum sínum um viðeigandi úrræði gagnvart þeim sem brýtur á rétti höfundar.
Verndin gildir svo lengi sem höfundur forritsins lifir og í 50 ár frá dauða hans eða dauða síðasta eftirlifandi höfundar verksins.
Miðað er við að aðildarríkin verði búin að aðlaga lög sín fyrir 1. janúar 1993.
Í menntamálaráðuneytinu hefur verið samið frumvarp til nýrra höfundarlaga en núgildandi lög eru nr. 73/1972. Þar er fjallað sérstaklega um tölvuforrit og njóta þau verndar á sama hátt og önnur höfundarréttindi, en þó með sérstökum hætti, í samræmi við tilskipunina. Er vikið frá meginreglum höfundarréttarverndar að nokkru leyti, sérstaklega hvað varðar takmörkun á heimildum höfundarréttarhafa til þess að koma í veg fyrir að eigandi eintaks geti gert fleiri eintök af því. Eintakagerð er því heimiluð ef hún er nauðsynleg af tæknilegum ástæðum vegna afnota af forritinu. Þá eru einnig sérstök ákvæði um heimildir vinnuveitenda til að ráðstafa forriti ef það er unnið á grundvelli vinnusamnings.
Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 29.02.68, mál 24/67, Parke Davis, B 1968, bls. 81)
(DEB, 08.06.71, mál 78/70, Deutsche Grammophon, B 1971, bls. 487)
(DEB, 03.07.74, mál 192/73, Van Zuylen/Hag, B 1974, bls. 731)
(DEB, 31.10.74, mál 15/74, Centrafarm/Sterling Drug, B 1974, bls. 1147)
(DEB, 31.10.74, mál 16/74, Centrafarm/Winthrop, B 1974, bls. 1183)
(DEB, 22.06.76, mál 119/75, Terrapin/Terranova, B 1976, bls. 1039)
(DEB, 23,05.78, mál 102/77, Hoffmann La Roche/Centrafarm, B 1978, bls. 1139)
(DEB, 10.10.78, mál 3/78, Centrafarm/American Home products, B 1978, bls. 1823)

(DEB, 20.01.81, mál 55 og 57/80, Musik-Vertrieb Membran/Gema, B 1981, bls. 147)
(DEB, 22.01.81. mál 58/80, Dansk Supermarked/Imerco, B 1981, bls. 181)
(DEB, 15.07.81, mál 187/80, Merck/Stephar, B 1981, bls. 2063)
(DEB, 03.12.81, mál 1/81, Pfizer/Eurim-Pharm, B 1981, bls. 2913)
(DEB, 14.09.82, mál 144/81, Keurkoop/Nancy Kean Gifts, B 1982, bls. 2853)
(DEB, 06.11.84, mál 177/83, Kohl/Ringelhan & Rennett, B 1984, bls. 3651)
(DEB, 09.07.85, mál 19/84, Pharmon/Hoechst, B 1985, bls. 2281)
(DEB, 09.04.87, mál 402/85, Basset/SACEM, B 1987, bls. 1747)

Um V. hluta
Altæk ákvæði er varða fjórþætta frelsið

Þessi hluti samningsins fjallar um samstarf sem einskorðast ekki við neitt eitt svið fjórþætta frelsisins. Hér er að finna almenn ákvæði, sem geta haft áhrif á öll sviðin. Þetta samstarf er mjög mikilvægt til þess að markmið innri markaðar um jafna samkeppnisaðstöðu náist.

Samstarfið nær til félagsmála, umhverfismála, neytendaverndar, hagskýrslna og félagaréttar. Samkvæmt EES-samningnum eru þessi svið meðhöndluð eftir sömu reglum og þau, sem varða innri markaðinn, og þær gerðir EB, sem vísað er til í þessum hluta, eru bindandi á sama hátt og aðrar sem varða fjórþætta frelsið. Flestar greinarnar eiga sér samsvörun í Rómarsamningnum og er gert ráð fyrir að í framtíðinni gildi sömu reglur um þessa málaflokka innan EES.

Samstarfið grundvallast á XVIII.-XXII. viðauka við EES-samninginn. Í flestum tilvikum er um að ræða lágmarkskröfur og samningsaðilar geta því sett strangari reglur innan landamæra sinna.

Þegar um er að ræða samstarfsáætlanir eða einstök verkefni á sviði félagsmála, umhverfismála og neytendaverndar, fellur það samstarf undir VI. hluta samningsins um samvinnu utan marka fjórþætta frelsisins.

Um 1. kafla
Félagsmál

Innri markaðurinn gerir ráð fyrir umfangsmiklu og bindandi samstarfi um málefni sem tengjast aðstæðum á vinnumarkaði. Meðal markmiða þessa samstarfs eru útrýming atvinnuleysis, bætt starfsumhverfi, jafnrétti á vinnumarkaði, starfsmenntun og jöfn tækifæri íbúa á öllu svæðinu, sem felur í sér stuðning við þá sem verr eru settir, bæði landfræðilega og félagslega.

Í samningaviðræðunum um EES lögðu EFTA-ríkin mikla áherslu á að samningurinn yrði grundvöllur að umfangsmiklu lagalega bindandi samstarfi á sviði félagsmála með það að meginmarkmiði að auka gæði á öllum sviðum samfélagsins.

Samstarfið innan EB á þessu sviði, sem er hluti af samningnum um EES, byggist á 117., 118., 119. og 123. gr. í Rómarsamningnum og 118. gr. a og b, sem bættust við með Einingarlögunum.

Til viðbótar við ofangreind markmið er í þessum greinum gert ráð fyrir að framkvæmdastjórn EB stuðli að því að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins. Slíkt samráð fellur í hlut fastanefndar EFTA í EFTA-ríkjunum samkvæmt EES-samningnum.

Árið 1988 átti framkvæmdastjórn EB frumkvæði að því að semja stofnskrá um félagsleg grundvallarréttindi launafólks til þess að settar yrðu rammareglur, sem tryggðu íbúum bandalagslandanna félagslegt og efnahagslegt öryggi. Aðilar vinnumarkaðarins tóku þátt í því að móta þessar reglur.

Stofnskráin um félagsleg grundvallarréttindi er ekki bindandi, en hún var undirrituð árið 1989 af öllum bandalagsríkjunum nema Bretlandi. Með EES-samningnum fylgir

yfirlýsing ríkisstjórna EFTA-ríkjanna um að þau vilji fylgja þeim reglum, sem settar eru fram í stofnskránni. Á ráðherrafundi EB-landanna í Maastricht í desember sl. sameinuðust löndin 11, sem undirritað hafa stofnskrána, um félagsleg grundvallarréttindi um að efla samstarfið á sviði félagsmála og renna traustari stoðum undir það með nýjum greinum í Rómarsamningnum.

Í framhaldi af undirritun stofnskrárinnar 1989 gerði framkvæmdastjórn EB áætlun til að fylgja henni eftir. Í áætluninni eru 47 ráðstafanir sem eiga að vera komnar til framkvæmda ekki síðar en 1. janúar 1993, en aðeins nokkrar þeirra hafa enn verið samþykktar af EB-ráðinu.

Innan EB hefur mikil áhersla verið lögð á að aðilar vinnumarkaðarins taki þátt í að móta samstarfið á sviði félagsmála og hefur framkvæmdastjórnin þar frumkvæði. Er það einnig eitt af markmiðum EES-samningsins að samningsaðilar auki skoðanaskipti milli vinnuveitenda og launþega í Evrópu, sbr. 71. gr.

Um 66. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 67. gr.

Ákvæði greinarinnar skylda samningsaðila til að leitast við að bæta vinnuumhverfi til verndar heilsu og öryggi launþega. Í þessum tilgangi skulu lágmarkskröfur koma smám saman til framkvæmda, en samningsaðilum er heimilt að setja strangari reglur.

Í XVIII. viðauka eru þær gerðir EB, sem fela í sér þær lágmarkskröfur sem fylgja á.

Meðal þeirra ákvæða sem eru í gerðum þessum má nefna ákvæði um skyldur atvinnurekenda og launafólks, verndaraðgerðir og fyrirbyggjandi aðgerðir, þátttöku launafólks í stjórn fyrirtækja, menntun og eftirlit.

Settar eru reglur um búnað á vinnustað, einkum með tilliti til öryggis launafólks.

Um 68. gr.

Í XVIII. viðauka eru þær gerðir EB sem fela í sér ákvæði um þær ráðstafanir á sviði vinnulöggjafar sem samningsaðilum ber að hlíta til að tryggja góða framkvæmd samningsins.

Hér er einkum fjallað um réttindi launafólks við yfirtöku eins fyrirtækis á öðru, en sá sem tekur við fyrirtæki er skyldugur til að uppfylla þær skuldbindingar sem fyrri atvinnurekandi hafði við launafólk fyrirtækisins.

Ákvæði eru um að tryggja skuli stöðu launafólks verði atvinnurekandi gjaldþrota. Aðildarlöndin eru skylduð til að koma á fót stofnunum, sem bera eiga ábyrgð á að launakröfur vegna gjaldþrots séu uppfylltar.

Ákvæði eru um hópuppsagnir (10 starfsmanna eða fleiri). Tilgangurinn er að styrkja stöðu launafólks gegn hópuppsögnum með því m.a. að skylda atvinnurekendur til að ræða fyrirhugaðar hópuppsagnir við trúnaðarmenn launafólks. Tilgangurinn með viðræðunum er að reyna að koma í veg fyrir uppsagnir eða draga eins mikið úr þeim og gera þær eins léttbærar launafólki og unnt er.

Tilkynna skal stjórnvöldum um hópuppsagnir og þau skulu leitast við að leysa vandamál sem af þeim leiðir.

Um 69. gr.

Sjá athugasemdir við 70. gr.
Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dósmstólsins:
(DEB, 13.05.1986, mál 107/84, Bilka, B 1986, bls. 1607)
(DEB, 26.02.1986, mál 152/84, Marshall, B 1986, bls. 723)

Um 70. gr.

Ákvæði 69. og 70. gr. skuldbinda samningsaðila til þess að stuðla að því að meginreglan um jafnrétti kynjanna sé virt og í 69. gr. er sérstaklega kveðið á um jöfn laun fyrir jafna vinnu. Hér er byggt á 119. gr. Rómarsamningsins.

Í XVIII. viðauka eru þær gerðir EB, sem fela í sér ákvæði um jafnrétti kynjanna. Þar er m.a. kveðið á um launajafnrétti, jafnan aðgang að störfum, starfsmenntun og frama í starfi.

Þeir sem telja sig misrétti beitta að þessu leyti eiga að geta vísað máli sínu til dómstóla án þess að hætta á að missa vinnuna. Atvinnurekandi verður að sýna fram á að allur launamismunur eigi sér aðrar orsakir en mismunandi kynferði.

Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir að aðildarlöndin geti gripið til aðgerða til þess að bæta stöðu kvenna.

Mikil áhersla er lögð á jafnrétti kynjanna varðandi bætur, m.a. vegna veikinda, en viðurkenndur er sérstakur réttur kvenna vegna barneigna.

Gerðir EB á sviði jafnréttismála eru lágmarkskröfur og hverju landi er heimilt að setja strangari reglur.
Um svipað efni fjalla eftirfarandi dómar EB-dómstólsins:
(DEB, 08.04.1976, mál 43/75, Defrenne, B 1976, bls. 455)
(DEB, 11.03.1981, mál 69/80, Worringham, B 1981, bls. 767)

Um 71. gr.

Þessi grein skyldar samningsaðila til þess að leitast við að auka skoðanaskipti milli atvinnurekenda og launafólks í Evrópu. Samsvarandi ákvæði er í 118. gr. a í Rómarsamningnum.

Um bókun 29
Starfsþjálfun

Hér er staðfestur vilji samningsaðila til þess að auðvelda námsmönnum að sækja skóla í öðru ríki en sínu eigin. Þó er tekið fram að samningurinn breyti engu um innheimtu skólagjalda. Breskir háskólar geta því t.d. eftir sem áður innheimt hærri skólagjöld af námsmönnum frá EFTA-ríkjunum en af sínum eigin.

Um XVIII. viðauka
Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna

Sjá athugasemdir við einstakar greinar í 1. kafla um félagsmál

Um 2. kafla
Neytendavernd

Hinn sameiginlegi markaður sem EES-samningurinn skapar, með frjálsum flutningum vöru og þjónustu, hlýtur að byggjast á því m.a. að neytendur á svæðinu megi treysta nýjum vörum sem koma á markað. Gera verður strangar kröfur um öryggi framleiðslunnar og auka upplýsingar um vörurnar. Einnig verður að tryggja réttindi neytenda.

Sú neytendalöggjöf sem er hluti af samningnum um EES byggist fyrst og fremst á reglum um hvaða kröfur megi gera til vöruframleiðslu og hvaða skilyrðum verði að fullnægja til þess að selja megi vöru og þjónustu.

Um 72. gr.

Greinin vísar í XIX. viðauka.

Um XIX. viðauka
Neytendavernd

Í þessum viðauka eru eftirfarandi gerðir EB sem hafa að geyma ákvæði um neytendavernd og eru hluti EES-samningsins.

Tilskipun ráðsins nr. **87/102/EBE** frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrimælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán.

Tilskipun **90/88/EBE** frá 22. febrúar 1990 til breytingar á tilskipun 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi upplýsingaskyldu um lánskjör til neytenda.

Tilgangur tilskipananna er að koma skipulagi á samkeppni milli lánveitenda, svo og að vernda neytendur með því að samræma kröfur til lánveitenda, einkum að því er upplýsingaskyldu þeirra varðar. Eru þar m.a. ákvæði um að allur kostnaður sem neytandinn þarf að greiða fyrir lántökuna eigi að reiknast út sérstaklega á sama hátt og vextir.

Tilskipun **84/450/EBE** frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar.

Tilgangur tilskipunarinnar er að vernda neytendur, viðskiptafólk og hagsmuni almennings gegn villandi auglýsingum og óréttlátum afleiðingum þeirra.

Engra breytinga er þörf á íslenskri löggjöf varðandi þetta mál.

Tilskipun **85/577/EBE** frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva, þ.e í svokallaðri húsgöngusölu.

Ákvæði tilskipunarinnar miða að því að tryggja rétt neytenda þegar þeir eiga í viðskiptum í heimahúsum eða í gegnum póstverslun. Í slíkum viðskiptum eiga neytendur rétt á minnst sjö daga umhugsunarfresti eftir að kaupin fóru fram og er farandsölum skylt að gera neytendum grein fyrir þessu áður en kaupin eru gerð. Setja þarf lög um húsgöngusölu til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar.

Tilskipun **90/314/EBE** frá 13. júní 1990 um pakkaferðir, sumarleyfis- og skoðunarferðapakka.

Í tilskipuninni er kveðið á um skyldur seljenda og skipuleggjenda ferðanna gagnvart neytendum. T.d. eru seljendur skyldaðir til að hafa starfsábyrgðarvátryggingu svo að öruggt reynist að þeir geti staðið við skuldbindingar sínar, bæklingar verða að vera auðlesnir og án villandi upplýsinga. Ekki má hækka áður umsamið verð 30 dögum fyrir brottför og eftir það verður að gefa upp nafn á umboðsmanni seljanda á áfangastað þannig að hægt verði að leysa fljótt og örugglega úr öllum kvörtunarmálum sem upp kunna að koma.

Setja þarf ákvæði í lög og reglugerðir til að framfylgja ákvæðum tilskipunarinnar hér á landi.

Í viðauka þessum eru einnig nefndar tvær óskuldbindandi gerðir. Þær eru:

Tilmæli **88/590/EBE** frá 17. nóvember 1988 um greiðslumiðlanir einkum sambandið milli korthafa og kortaútgefanda í greiðslukortaviðskiptum.

Tilmæli þessi fjalla um þörf neytenda á upplýsingum og vernd í tengslum við notkun fjármálaþjónustu, sem veitt er með notkun tölvukerfa, einkum með tilliti til greiðslumiðlunar, sem fram fer með notkun greiðslukorta. Er þá fyrst og fremst verið að huga að hvernig samningsgerð er háttað á milli kortaútgefanda annars vegar og korthafa hins vegar. Tilmælin taka m.a. til hvaða upplýsingum neytandinn á rétt á áður en samningur um notkun kortsins er gerður. Jafnframt er fjallað um hvaða upplýsingar eigi að koma fram í samningnum sjálfum, hvernig ábyrgðin skiptist á milli aðila þegar kort týnist, því er stolið eða það falsað og hver sé ábyrgð kortaútgefanda þegar greiðslumiðlunin mistekst.

Á árinu 1989 lagði viðskiptaráðherra fram frumvarp á Alþingi varðandi greiðslukortastarfsemi. Síðan þá hefur frumvarp þetta verið lagt fram þrisvar sinnum án þess að hafa fengið afgreiðslu. Við samningu frumvarpsins á sínum tíma voru ofangreind tilmæli höfð til hliðsjónar.

Ályktun **88/C153/01/EBE** frá 7. júní 1988 um neytendavernd að því er varðar hvernig verð á matvælum og öðrum vörum er tilgreint.

Tilgangurinn með þessari ályktun er að auðvelda afgreiðslu innan aðlögunartímabilsins á tilskipunum sem fjalla um verðlagningu á matvælum. Lagt er til í ályktuninni að teknar verði upp staðlaðar magnumbúðir innan bandalagsins fyrir ýmsa vöruflokka, endurskoðað það úrval magnumbúða sem fyrir er og það bætt.

Samkvæmt 45. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti getur verðlagsstofnun sett reglur um verðmerkingar og verðskrár og getur ákveðið að tilteknar vörur skuli bjóða í nánar tilteknum einingum.

Löggjöf Evrópubandalagsins á sviði neytendaverndar er víðtækari en íslensk löggjöf og með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu verður neytendalöggjöf hérlendis færð til betri vegar.

Um 3. kafla
Umhverfismál

EES-samningurinn gefur nýja möguleika á samstarfi á sviði umhverfismála og skapar Íslandi vettvang til að hafa áhrif á sameiginlega stefnu Vestur-Evrópuríkja í umhverfismálum framtíðarinnar. Aðlögunin að reglum EB um umhverfismál hefur í mörgum tilvikum í för með sér að ákvæði í íslenskum umhverfisreglum verða hert. Vegna ákvæðanna um eftirlit með framkvæmd samningsins mun Íslandi einnig gefast kostur á geta brugðist við innan stofnanaramma EES þegar aðildarríki EB fara ekki eftir settum reglum á sviði umhverfismála.

Um 73. gr.

Samkvæmt samningnum eiga ráðstafanir sem gerðar eru vegna umhverfismála að miða að því að:

1. Viðhalda, vernda og bæta umhverfið;
2. stuðla að heilsuvernd manna;
3. tryggja skynsamlega og hagkvæma nýtingu náttúruauðlinda.

Ráðstafanir sem samningsaðilar gera varðandi umhverfið eiga að byggjst á þeim meginreglum, að gerðar skuli fyrirbyggjandi ráðstafanir, að umhverfisspjöllum skuli, eins og frekast er kostur, sinnt við upptökin og að sá sem skaðar umhverfið skuli bera kostnaðinn við að lagfæra það sem aflaga hefur farið (s.k. PPP-regla). Kröfur um umhverfisvernd skulu vera hluti af stefnumiðum samningsaðila á öðrum sviðum.

Um 74. gr.

Greinin vísar í XX. viðauka. Í honum eru þær tilskipanir sem fjalla um umhverfismál, sem eru 32 talsins auk tilskipana sem breyta þeim. Efni þeirra má skipta í fimm flokka. Í fyrsta lagi eru tvær sem fjalla almennt um umhverfismál, í öðru lagi 11 sem fjalla um varnir gegn vatnsmengun, í þriðja lagi eru átta sem fjalla um varnir gegn loftmengun, í fjórða lagi fjórar sem fjalla um mengun af völdum hættulegra efna og í fimmta og síðasta lagi eru sjö sem fjalla um aukið eftirlit með úrgangi og förgun hans.

Um 75. gr.
(Viðbót við fyrri útgáfu)

Samkvæmt 75. gr. samningsins geta einstakir samningsaðilar viðhaldið strangari umhverfislöggjöf, eða gripið til hennar, að því tilskyldu að slíkar reglur samræmist samningnum að öðru leyti. Til dæmis verður að telja að umhverfislöggjöf einstakra samningsaðila samræmist ekki samningnum ef hún hefur þær afleiðingar í för með sér að samkeppnisstaða einstakra samningsaðila skerðist. EB-dómstóllinn hefur þó gefið til kynna að umhverfisvernd geti haft forgang fram yfir reglur um frjálsa flutninga ef sýnt væri fram á brýna þörf fyrir umhverfisvernd.

Um XX. viðauka
Umhverfismál
(Breytt frá fyrri útgáfu)

Gerðir sem vísað er til í þessum viðauka fjalla m.a. um:

1. *Mat vegna framkvæmda sem geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið;*
2. *aðgang að upplýsingum stjórnvalda um umhverfismál og upplýsingamiðlun þeirra;*
3. *vatnsvernd, þ.e. takmörkun eða bann við losun ýmissa óæskilegra efna í vatn;*
4. *reglur um hættulegan úrgang t.d. um losun og flutning.*

Reglurnar í XX. viðauka hafa oft á tíðum þær afleiðingar í för með sér að íslenskar reglur verða gerðar ítarlegri eða þær hertar auk þess sem nýmæli verða tekin upp. Heimilaður hefur verið aðlögunartími til 1. janúar 1995 varðandi margar af tilskipununum sem birtar eru í viðaukanum.

Um 3. gr. bókunar 31
(Viðbót við fyrri útgáfu)

Bókunin fjallar um þau svið þar sem styrkja skal samvinnu samningsaðila í umhverfismálum. Samningsaðilar stefna að aukinni samvinnu á eftirfarandi sviðum:

-Við stefnumótun og gerð framkvæmdaáætlunar um umhverfið,

-við samþáttun umhverfissjónarmiða við aðra málaflokka,

-við noktun hagtækja í þágu umhverfisverndar,

-við lausn alþjóðlegra umhverfisvandamála og

-við lausn mikilvægra svæðisbundinna eða alþjóðlegra málefna, sem til umræðu eru innan alþjóðastofnana.

Ennfremur segir í 2. mgr. 3. gr. bókunarinnar að nauðsynlegt sé að tryggja þátttöku EFTA-ríkjanna í Umhverfisstofnun Evrópu (EEA) þegar hún tekur til starfa. Hlutverk hennar verður m.a. að sjá aðilum samningsins og almenningi fyrir hlutlausum og áreiðanlegum upplýsingum um ástand umhverfisins.

Umhverfismál tengd verslun

Eitt veigamikið samningsatriði á vörusviðinu fjallar um afnám tæknilegra viðskiptahindrana og bann við upptöku nýrra. Þó er unnt að halda íslenskum umhverfisverndarkröfum í þeim tilvikum sem þær ná lengra en samsvarandi reglur EB.

EFTA-löndin hafa innan ramma EES-samningsins skuldbundið sig til að fylgja ákveðnum samræmdum reglum EB, sem eru mikilvægar fyrir umhverfið.

Aðlögun að reglum EB um hávaða og útblástursreglur fyrir dráttarvélar mun hafa í för með sér að íslensk ákvæði um gerð og búnað ökutækja verða hert. Hvað snertir brennistein í olíubrennslu og blýmagn í bensíni eru íslenskar reglur samrýmanlegar reglum EB. Sama gildir um þvottaefni. Núverandi íslenskar reglur um umbúðir fyrir drykkjarvörur eru í samræmi við reglur EB.

Auk þessa hefur verið samið um eftirfarandi sérlausnir:

Útblástur ökutækja. Hægt er að halda núverandi reglum um útblástur fyrir allar gerðir vélknúinna farartækja. Fram til 1. 1. 1995 er heimilt að neita að viðurkenna bíla sem hafa verið framleiddir í EB-löndum, ef þeir ekki standast lágmarkskröfur hér á landi varðandi útblástur. Frá og með 1. 1. 1995 verða Íslendingar að viðurkenna ökutæki frá EB-ríkjunum, sem standast lágmarkskröfur bandalagsins.

Unnið verður sameiginlega að því að semja strangari reglur í framtíðinni, innan ramma þess samstarfsfyrirkomulags sem EES-samningurinn kveður á um.

Efnavörur. Samningsaðilar eru sammála um þau áform, að EFTA-löndin viðurkenni reglur EB um flokkun og merkingu hættulegra efnavara eins og þær verða 1. 1. 1995. Þangað til, verður unnið að aukinni samræmingu. Fari svo, engu að síður, að Ísland (eða eitthvert annað EFTA-land) telji að ekki sé unnt 1. 1. 1995 að viðurkenna reglur EB, skal þeim ekki framfylgt í viðkomandi landi. Þetta land mun þá standa utan við samstarfið hvað varðar þann þátt, svo framarlega sem ekki semst um annað.

Hvað snertir takmarkanir og bönn við hættulegum efnavörum geta þjóðarreglur gilt áfram í þeim tilvikum er þær ganga lengra en reglur EB (klórhreinsuð lífræn upplausnarefni, asbest, kvikasilfur, arsenik, pentaklórfenol, kadmíum og lífræn tinefnasambönd). Aðilar munu endurmeta stöðuna árið 1995.

Áburðarefni. EFTA-löndin eiga rétt á að takmarka kadmíummagn í tilbúnum áburði samkvæmt þeim reglum sem gilda í hverju ríki þegar EES-samningurinn gengur í gildi.

Endurmat árið 1995

Eiturefni. EFTA-ríkin geta takmarkað verslun með eiturefni og rafhlöður samkvæmt gildandi reglum þegar EES-samningurinn gengur í gildi. Atriði þetta verður endurskoðað árið 1995.

Umhverfisrannsóknir

EB starfrækir samstarfsverkefni um rannsóknir og þróun á sviði umhverfismála. Ísland og önnur EFTA-ríki hafa samið um þátttöku í starfsáætlun um vísindi og tækni til verndar umhverfinu (STEP) og áætlun um veðurfarsfræði og náttúrurvá (EPOCH).

Starfið innan EES
(Breytt frá fyrri útgáfu)

Innan EB eru starfandi fjöldi nefnda og starfshópa á sviði umhverfismála (u.þ.b. 40), sem vinna að undirbúningi nýrrar lagasetningar eða breytingum á gildandi reglum. Þegar EES-samningurinn tekur gildi ber EB að tryggja að sérfræðingar EFTA-ríkjanna geti tekið þátt í þessu starfi og leitað ráða hjá þeim.

Annað

Að öðru leyti er vísað til skýrslu Eiðs Guðnasonar umhverfisráðherra um lagasetningu vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði og áhrif hans á umhverfismál.

Um 4. kafla
Hagskýrslugerð

Evrópuríki hafa um langan aldur átt með sér víðtækt samstarf á sviði hagskýrslugerðar. Þetta samstarf hefur einkum verið innan vébanda Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega hagskýrslunefndar samtakanna og hagstofu þeirra í New York og Efnahagsnefndar Evrópu í Genf. Þetta starf hefur m.a. falist í þróun sameiginlegra flokkunarkerfa og staðla, mótun og hagnýtingu nýrra aðferða og tækni og útgáfu hagskýrslna. Ofangreindar stofnanir Sameinuðu þjóðanna gegndu lengi forystuhlutverki á þessu sviði. Á því hefur orðið talsverð breyting nokkur undangengin ár og stafar hún bæði af fjárhagsvanda samtakanna og af auknum umsvifum hagstofu EB í Lúxemborg, Eurostat. Mikil aukning umsvifa hagstofu EB og opinberrar hagskýrslugerðar á vegum Evrópubandalagsins stafar af stóraukinni áherslu EB á hagskýrslugerð. Ákvarðanir þar að lútandi voru teknar í kjölfar þess að bandalagið ákvað að stofna innri markað sinn frá og með árinu 1993 og að stefna að því að auka til muna samstarfið innan bandalagsins á sviði efnahagsstjórnar. Aukin og endurbætt hagskýrslugerð var talin meðal grundvallarforsendna þessa samstarfs. Í því skyni samþykkti ráð EB á árinu 1989 víðtæka áætlun um forgangsverkefni á sviði hagskýrslugerðar fyrir árin 1989-1992. Í hagskýrsluáætluninni er lögð áhersla á allt í senn, útvíkkun hagskýrslugerðar EB-ríkja til sviða sem hafa verið vanrækt eða ekki notið forgangs, svo sem skýrslugerðar um umhverfis- og félagsmál, aukna samræmingu í hagskýrslugerð aðildarríkja með notkun sameiginlegra flokkunarkerfa og samræmdra aðferða og vinnubragða og aukna útgáfu sameiginlegra skýrslna. Í ljósi þessara ákvarðana og þeirrar forystu sem Evrópubandalagið og hagstofa þess tóku með þessu ákváðu hagstofustjórar EFTA-ríkjanna á árinu 1988 að óska eftir sérstöku samstarfi við Hagstofu EB. Áhugi EFTA-hagstofanna stafaði m.a. af tvennu, að sýnt var að stefnt væri að víðtæku þróunarstarfi, sem væri faglega mjög áhugavert, og að EB-ríkin væru að færa sig inn á starfssvið þar sem EFTA-ríkin töldu sig hafa mikilla hagsmuna að gæta og höfðu mikinn áhuga á að hafa áhrif á. Átti það ekki síst við hagskýrslugerð á sviði umhverfismála. Hagstofa EB tók málaleitan hagstofustjóra EFTA-ríkjanna mjög vel og bauð til sameiginlegs hagstofustjórafundar haustið 1989.

Frá þeim tíma hefur þróast víðtækt samstarf með þessum aðilum. Samstarfið hefur greinst í tvennt. Annars vegar hefur það snúist um að undirbúa formlegt samkomulag um samstarf í hagskýrslugerð sem hluta af EES-samningnum. Hins vegar hefur hagskýrslusamstarfið beinst að þeim hluta hagskýrslugerðar EB sem háður er óformlegu samkomulagi hagstofa aðildarríkjanna fremur en formlegum laga- og reglugerðarákvæðum. Undir þetta fellur mikill meirihluti hagskýrslugerðarinnar því að lauslega er áætlað að 2/3 hlutar hennar byggist á óformlegu samkomulagi hagstofanna en 1/3 hluti á formlegum ákvæðum í lögum og reglum bandalagsins.

Á fundi sínum haustið 1989 urðu hagstofustjórarnir sammála um að leggja til við aðalsamninganefndir aðila að EES-samningurinn tæki til hagskýrslugerðar sem sjálfstæðs verkefnis. Bent var á að hagskýrslugerðin ætti við samningssviðið allt en ekki einstaka hluta þess og því sýndist nauðsynlegt að rætt yrði og samið um hana sem slíka. Aðalsamninganefndirnar samþykktu þetta, ákváðu að verkefnið skyldi falla undir samningahóp IV sem þverfaglegt viðfangsefni og fólu hagstofustjórunum að mynda sérfræðinganefnd til að undirbúa þennan hluta EES-samningsins. Þessi nefnd hefur starfað

frá því í ársbyrjun 1990 og verið lengst af undir formennsku íslenska hagstofustjórans. Verkefni nefndarinnar hefur verið að kanna og leggja fram tillögur um hvaða ákvæði laga og reglna Evrópubandalagsins um hagskýrslugerð væru samningsefni milli aðila og hvernig staðið skuli að hagskýrslusamstarfi milli aðila eftir að EES-samningurinn væri kominn á.

Þær reglugerðir og tilskipanir sem EB hefur sett um hagskýrslugerð með formlegum hætti lúta m.a. að skýrslugerð sem nauðsynleg hefur verið talin vegna sameiginlegrar stefnu EB í tilteknum málaflokkum eða sameiginlegrar fjármögnunar úr sjóðum bandalagsins. Hvað EES-samninginn snertir hefur verið samkomulag um að hann tæki einungis til þess hluta hinna formlegu ákvæða sem snerust um almenna hagskýrslugerð. Ekki yrði hins vegar samið um þau ákvæði er lúta að sérgreindri skýrslugerð sem unnin væri vegna stjórnvaldsþarfa EB. Um þetta hefur tekist gott samkomulag og er lagt til að samningurinn taki til þeirra reglugerðarákvæða EB sem snerta hagskýrslugerð um umsvif og fjárfestingu í iðnaðar- og byggingarstarfsemi, um flutningastarfsemi innanlands og milli landa, um utanríkisverslun, samræmda gerð þjóðhagsreikninga, notkun atvinnugreinaflokkunar EB, um landbúnaðarframleiðslu, fiskiskýrslur og meðferð trúnaðarupplýsinga í hagskýrslugerð. Í nokkrum tilvikum hefur EB sett reglugerðir um hagskýrslugerð eftir að samningaviðræðum lauk eða áformar að setja reglugerðir áður en samningurinn öðlast gildi. Er þá gert ráð fyrir að semja sérstaklega um þetta og er undirbúningur þess í höndum sérfræðinganefnda aðila. Hér má einkum nefna reglugerðir um samræmdar vinnumarkaðskannanir, um samræmt flokkunarkerfi í framleiðsluskýrslum og skýrslur um fiskafla. Sem fyrr segir er sá hluti hagskýrslugerðarinnar, sem byggist á óformlegu samkomulagi, miklu viðameiri en hinn formlegi. Hér er m.a. um að ræða hagskýrslugerð um mannfjölda, félagsmál, verðlagsmál, laun og tekjur, samgöngur á sjó og í lofti, um umsvif í verslunar- og þjónustugreinum, um umhverfismál og margt fleira.

Hagskýrslusamstarf EB- og EFTA-ríkjanna hefur að undanförnu þróast þannig að dregið hefur úr skilunum milli hins formlega og óformlega samstarfs og er sýnt að lítill munur verður þar á er samningurinn kemur til framkvæmda. Samstarfið snýst fyrst og fremst um vinnu að þróun og upptöku samræmdra aðferða, flokkunarkerfa og vinnubragða, og að samhæfingu gagnaöflunar og úrvinnslu, bæði hvað snertir efni og tímasetningar. Meginmarkmið er samræmd og samhæfð hagskýrslugerð á sviði efnahags-, félags- og umhverfismála sem lýsi stöðu þessara mála og breytingum í tímans rás. Áhersla er nú lögð á að leggja drög að sameiginlegri hagskýrsluáætlun EB og EFTA. Er ætlunin að unnið verði eftir þessari áætlun næstu árin. Þá er gert ráð fyrir að samstarfið verði innan vébanda þeirra stofnana, sem fyrir eru, og byggist á gildandi tilhögun í þessum efnum, þar sem það er talið skjótvirkara og ódýrara en að koma á nýju skipulagi og stofnunum í þessu skyni. Gert er ráð fyrir að sameiginlegir hagstofustjórafundir hafi yfirumsjón með samstarfinu og leiði það en unnið verði að sameiginlegum verkefnum í starfsnefndum. Þá er gengið út frá því að samhæfing gagnaöflunar verði á vegum Skrifstofu hagskýrsluráðgjafa EFTA og hagstofu EB en hún annist jafnframt varðveislu og úrvinnslu sameiginlegra skýrslna. Loks má nefna að samningsákvæði um hagskýrslugerð eru í 76. gr. samningsins, í bókun 30 þar sem kveðið er á um skipulags- og framkvæmdaratriði og í XXI. viðauka er skrá um þær tilskipanir og reglugerðir EB, sem um er samið, og um frávik frá þeim.

Um 76. gr.

Í 76. gr. eru ákvæði um samstarf í hagskýrslugerð innan EES og á þeim sviðum sem samningurinn tekur til. Segir þar fyrst að samningsaðilar skuli vinna og dreifa samfelldum og sambærilegum hagskýrslum um helstu þætti á sviði efnahags-, félags- og umhverfismála innan EES. Hér er um stefnumarkandi ákvæði að ræða. Verður þá að hafa í huga að stofnun innri markaðar Evrópubandalagsins og hið víðtæka samstarf og viðskiptafrelsi milli aðildarríkjanna nítján, sem að er stefnt með samningnum, gerir sérstakar kröfur til hagskýrslugerðar. Nauðsynlegt er að skýrslugerðin verði aðlöguð nýjum viðskiptaháttum og sameiginlegum verkefnum og að hún verði sem sambærilegust. Í 76. gr. er þannig kveðið á um að samningsaðilar skuli þróa með sér og beita samræmdum aðferðum, skilgreiningum og flokkunum og móta sameiginlegar starfsáætlanir og vinnubrögð við hagskýrslugerð, sem beitt skuli á öllum sviðum stjórnsýslu ríkjanna.

Í 76. gr. er ennfremur vísað til XXI. viðauka, en þar eru upp taldar þær tilskipanir og reglugerðir EB um hagskýrslugerð sem aðilar hafa orðið ásáttir um að taka upp í samninginn. Í þessu sambandi má hafa eftirfarandi atriði í huga:

1. Þær reglugerðir og tilskipanir, sem hér um ræðir, varða aðeins hluta verkefna á sviði hagskýrslugerðar. Mikill meirihluti verkefna er ekki háður formlegum ákvæðum laga og reglna og hefur fram til þessa fremur byggst á óformlegu samkomulagi. Eftir að samningurinn gengur í gildi er gert ráð fyrir að samstarf í hagskýrslugerð verði einkum markað með sameiginlegri hagskýrsluáætlun sem nái til allra þeirra sviða sem EES-samningurinn tekur til.
2. Í XXI. viðauka koma fram þær undantekningar frá ákvæðum tilskipana og reglugerða sem samkomulag er um. Eru þær í aðalatriðum þrenns konar. Í fyrsta lagi er að hluta tekið tillit til aðstæðna í einstökum ríkjum. Í öðru lagi tekur samningurinn til almennrar hagskýrslugerðar en ekki til stjórnsýslu- eða fjárúthlutunarþarfa EB. Í þriðja lagi er í nokkrum tilvikum að finna undantekningar fyrir EFTA-ríkin frá því að beita nákvæmlega þeim aðferðum sem bandalagið hefur lagt fyrir aðildarríkin. Í þessum tilvikum telja EFTA-ríkin sig beita aðferðum sem eru síst lakari en þær sem bandalagið hefur áskilið.
3. Sýnt er að hagskýrslusamstarfið krefst talsverðs undirbúnings- og aðlögunartíma. Því er samkomulag um að það taki gildi frá og með skýrslugerð um árið 1995. Hér er sleginn allsherjarvarnagli og víst er að úrvinnsla og birting sameiginlegra hagskýrslna mun hefjast mun fyrr á mörgum sviðum.

Í 76. gr. er loks vísað til bókunar 30 um skipulag hagskýrslusamstarfsins. Af hagkvæmnisástæðum er gert ráð fyrir að samstarfið fylgi þeim farvegi sem þegar hefur verið markaður og byggist á þeim stofnunum sem þegar eru tiltækar. Þannig er að því stefnt að sameiginlegir hagstofustjórafundir verði vettvangur ákvarðana og umsjónar með samstarfinu, en að unnið verði að þróunarverkefnum í sameiginlegum starfsnefndum. Loks er gert ráð fyrir að hagstofa EB, Eurostat í Lúxemborg, annist úrvinnslu sameiginlegra hagskýrslna en skrifstofa hagskýrsluráðgjafa EFTA í Lúxemborg verði samhæfingaraðili og annist samskipti milli EFTA-ríkjanna og hagstofu EB.

Um XXI. viðauka
Hagskýrslugerð

XXI. viðauki hefur að geyma skrá um tilskipanir og reglugerðir Evrópubandalagsins um hagskýrslur sem um hefur samist að EFTA-ríkin taki upp. Í skránni kemur fram hvernig viðkomandi tilskipanir og reglugerðir skuli aðlagaðar að því er samninginn varðar, þ.e. hvaða frávik, undantekningar og sérákvæði skuli gilda, ýmist fyrir EFTA-ríkin í heild eða einstök EFTA-ríki. Hér á eftir verður gerð grein fyrir efni þessara gerða, helstu frávikum og sérákvæðum og áhrifum þeirra á íslenska hagskýrslugerð.

Sérákvæði um upphaf hagskýrslugerðar samkvæmt þeim gerðum sem samningurinn tekur til

Ljóst er að þær hagskýrslur, sem gera á samkvæmt ákvæðum þeirra tilskipana og reglugerða sem greinir í XXI. viðauka, bætast í ýmsum tilvikum við núverandi hagskýrslugerð EFTA-ríkjanna eða eru frábrugðnar þeim skýrslum, sem nú eru gerðar. Frávikin geta varðað efni skýrslna, tíðni athugana og úrvinnslu, tímasetningu og aðferðir við gagnaöflun og úrvinnslu. Af þessu leiðir að nauðsynlegt hefur þótt að nægur tími gæfist til aðlögunar fyrir EFTA-ríkin, þ.e. fyrir upptöku nýrra hagskýrslna og breytinga á núverandi hagskýrslugerð. Því hefur orðið að samkomulagi að EFTA-ríkin skuli hefja skýrslugerð samkvæmt þeim gerðum sem hér um ræðir eigi síðar en á árinu 1995. Er þá átt við gagnaöflun vegna þess árs. Gildir þetta um allar þær tilskipanir og reglugerðir um gagnasöfnun, úrvinnslu og afhendingu hagskýrslna, sem falla undir samninginn. Auk þessa eru í nokkrum tilvikum sérákvæði fyrir einstök ríki og er gerð grein fyrir slíkum ákvæðum um Ísland hér á eftir.

Almenn efnisleg frávik

Þau ákvæði gerða EB um hagskýrslugerð, sem talin eru samningsefni, lúta að almennri hagskýrslugerð. Ákvæði sem lúta að sérgreindri hagskýrslugerð til nota við stjórnvaldsákvarðanir innan EB, svo sem við ákvörðun fjárhagsgrundvallar til að innheimta gjöld eða úthluta fé og til eftirlits með stjórnvaldsákvörðunum, eru ekki talin samningsefni. Í XXI. viðauka er að finna ýmis dæmi um undantekningar af þessum ástæðum. Af öðrum efnislegum sérákvæðum má nefna að EFTA-ríkin hafa yfirleitt áskilið að ekki yrði samið um hagskýrslugerð í sundurliðun eftir landsvæðum. Þá er jafnframt að finna ákvæði um undantekningar frá ákvæðum um notkun tiltekinna aðferða við gagnaöflun í þeim tilvikum, þar sem EFTA-ríkin telja sig beita jafngóðum eða betri aðferðum en áskildar eru enda bitni það ekki að marki á sambærileika skýrslna. Í þessu sambandi má m.a. nefna hagnýtingu Norðurlanda á ýmsum stjórnvaldsskrám til hagskýrslugerðar, svo sem þjóðskrám, fyrirtækjaskrám og skattskrám, sem oft má telja að gefi betri vitneskju en sérstakar kannanir.

Efni reglugerða og áhrif á íslenska hagskýrslugerð

Þær reglugerðir og tilskipanir sem eru samningsefni skiptast í nokkra málaflokka. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir hverjum þeirra og áhrifum viðkomandi gerða á íslenska hagskýrslugerð eins og unnt er að meta þau nú.

Iðnaðarskýrslur. Hér er um að ræða fjórar tilskipanir um athuganir á umsvifum og fjárfestingu í iðnaði og byggingarstarfsemi. Tvær þeirra verða árlegar athuganir og svipar þeim að mörgu leyti til íslenskra skýrslna. Nokkru meiri sundurliðunar er þó krafist, sem unnt ætti að vera að fullnægja án mikillar fyrirhafnar. Þá er samkomulag um að beitt verði nýrri atvinnugreinaflokkun EB. Hér á landi hefur um nokkurt skeið verið stefnt að upptöku nýrrar atvinnugreinaflokkunar og því koma þessi samningsákvæði vel heim við innlenda þörf. Flokkunarkerfið sem um er að ræða er leitt af hliðstæðri flokkun hagstofu Sameinuðu þjóðanna (ISIC, 3. endursk.) og tengist henni með einfaldri lyklun. Tvær tilskipanir um iðnaðarskýrslur lúta að gerð mánaðarlegra skýrslna um skammtímabreytingar umsvifa í iðnaði og byggingarstarfsemi. Fallist er á að Ísland sé undanþegið þessari skýrslugerð enda yrði hún fjárfrekari en réttlætanlegt væri að svo stöddu fyrir innanlandsþarfir.

Flutningaskýrslur. Um er að ræða skýrslur um vöruflutninga og er kveðið á um þær í þremur tilskipunum eftir því hvort um er að ræða vöruflutninga eftir vegum, vatnaleiðum eða járnbrautalestum. Tvær þær síðasttöldu eiga ekki við Ísland eðli málsins samkvæmt. Íslensk hagskýrslugerð um vöruflutninga eftir vegum er mjög fátækleg en áhugi er á að efla hana. Hins vegar eru kannanir þær, sem hér yrðu nauðsynlegar, mjög dýrar. Því er fallist á að Íslendingar hefji þessa skýrslugerð þremur árum síðar en almennt gildir, þ.e. frá 1998, og að skýrsluna þurfi ekki að gera oftar en þriðja hvert ár.

Verslunarskýrslur. Á þessu sviði er um að ræða níu reglugerðir um hagskýrslugerð um utanríkisverslun. Hér er um hefðbundna skýrslugerð að ræða sem þegar er sinnt hér á landi og ekki þarf að gera teljandi breytingar vegna samningsins.

Trúnaðarkvaðir í hagskýrslum. EB hefur sett reglugerð um þetta efni til að tryggja að gætt sé fyllsta trúnaðar í meðferð gagna sem háð eru trúnaðarkvöðum í hagskýrslugerð. Þessi reglugerð er samningsefni og nauðsynleg ef unnt á að vera að afhenda Hagstofu EB gögn til úrvinnslu og birtingar eins og kveðið er á um í 76. gr. samningsins. Í þessu sambandi má nefna að EFTA-ríkin fá fulla aðild að þeirri nefnd EB, sem fjallar um ákvörðunar- og álitamál á þessu sviði.

Mannfjölda- og félagsmálaskýrslur. Á þessu sviði er aðeins um eina reglugerð að ræða og lýtur hún að skýrslugerð um erlent vinnuafl. Hér er um nýja skýrslugerð að ræða fyrir Íslendinga sem telja verður bæði áhugaverða og nauðsynlega.

Þjóðhagsreikningar. Í þessum málaflokki telst tilskipun um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði vera samningsefni. Tilskipunin mælir fyrir um að beita skuli evrópska þjóðhagsreikningakerfinu við gerð þjóðhagsreikninga. Íslendingar fylgja 2. útgáfu af þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu Þjóðanna og þurfa brátt að taka upp 3. útgáfu þess, en á henni og evrópska kerfinu er óverulegur munur.

Flokkunarkerfi. Hér er samkomulag um upptöku atvinnugreinaflokkunar EB, eins og þegar hefur verið vikið að.

Landbúnaðarskýrslur. Reglugerðir EB og tilskipanir á þessu sviði miðast að mörgu leyti við sérgreinda hagskýrslugerð til stjórnvaldsnota í tengslum við hina sameiginlegu landbúnaðarstefnu EB fremur en almenna skýrslugerð. Því er hér samkomulag um ýmiss konar frávik og áhersla lögð á að einungis sé samið um almenna skýrslugerð um framleiðslu og umsvif.

Fiskiskýrslur. Um er að ræða nýlega reglugerð EB um landanir fiskafla. Skýrslugerðin, sem hér er krafist, er nokkuð frábrugðin íslenskum skýrslum um þetta efni en á þó að vera fyrirhafnarlítil.

Orkuskýrslugerð. Undir hagskýrslugerð í þessum málaflokki fellur aðeins ein reglugerð og er þar kveðið á um öflun og birtingu upplýsinga um verð á rafmagni og gasi til þess að verðlagning verði auðskildari en ella. Þar sem reglugerðin miðast við samkeppni í orkusölu á meginlandi Evrópu hafa upplýsingar frá Íslandi ekki þýðingu í þessu sambandi og er Ísland undanþegið því að láta í té upplýsingar samkvæmt þessari reglugerð.

Um bókun 30
Sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar

Í þessari bókun eru ákvæði um skipulag samstarfs á sviði hagskýrslna. Eins og rakið er í almennum athugasemdum og í athugasemd við 76. gr. hafa Evrópubandalagið og EFTA-ríkin þegar með sér mikið samstarf í hagskýrslugerð. Sameiginlegir hagstofustjórafundir EB- og EFTA-ríkjanna hafa yfirumsjón með þessu samstarfi. Í bókun 30 er gert ráð fyrir að hið formlega samstarf í hagskýrslugerð innan Evrópska efnahagssvæðisins verði byggt á þeim grunni sem fyrir er og ráðstefnu hagstofustjóra ríkjanna falin umsjón með því. Þessar ráðstefnur hafa verið haldnar tvisvar á ári og er fyrirhugað að svo verði áfram. Á þessum ráðstefnum er farið yfir samstarfið og teknar ákvarðanir um starfsáætlanir. Vinna að sameiginlegum verkefnum fer nú að mestu fram í allmörgum starfsnefndum. Þessar nefndir voru upphaflega settar á stofn innan EB til þess að fjalla um og útfæra í nákvæmum atriðum áætlanir EB um hagskýrslugerð. EFTA-ríkin hafa tekið þátt í starfi margra af þessum nefndum sem fullgildir aðilar um þau verkefni sem þegar hafa verið skilgreind sem formleg samstarfsverkefni, en sem áheyrnaraðilar á þeim sviðum þar sem enn er unnið að skilgreiningu sameiginlegra verkefna.

Í 2. tölul. bókunar 30 er kveðið á um að EFTA-ríkin skuli taka þátt í áætlunum um forgangsaðgerðir á sviði hagskýrslugerðar. Þetta starf er þegar í undirbúningi og er byggt á fyrirliggjandi hagskýrsluáætlun EB sem samþykkt var í tengslum við þá ákvörðun bandalagsins að koma á fót innri markaði þess 1993. Hagskýrsluáætlunin tekur til allra sviða hagskýrslugerðar. Er að því stefnt að EFTA-ríkin taki fullan þátt í því þróunarstarfi, sem hér um ræðir, að svo miklu leyti sem um almenna hagskýrslugerð er að ræða. Áætlun EB felur að auki í sér allmörg verkefni, sem miða að þróun skýrslugerðar vegna beinna stjórnvaldsþarfa bandalagsins. Er þá oft um að ræða gerð hagskýrslna til að mynda grundvöll fyrir ákvarðanir um úthlutun fjár úr sameiginlegum sjóðum eða fyrir eftirlit með þess háttar fjárnotkun og framkvæmd stjórnvaldsaðgerða. Skýrslugerð af þessu tagi fellur

ekki undir samstarfsverkefni EES og munu EFTA-ríkin ekki taka þátt í henni eða þróun hennar.

Í 3 tölul. eru frekari ákvæði um framkvæmd og er fyrst vikið að hlutverki skrifstofu hagskýrsluráðgjafa EFTA í því sambandi. Þessi skrifstofa var stofnuð 1. febrúar 1991 og er staðsett í húsakynnum hagstofu Evrópubandalagsins (Eurostat) í Lúxemborg. Á skrifstofunni eru nú þrír starfsmenn og er verkefni þeirra að koma fram fyrir hagstofur EFTA-ríkjanna gagnvart hagstofu EB og aðstoða EFTA-ríkin við þátttöku í starfsnefndum EB. Skrifstofa hagskýrsluráðgjafans lýtur faglegri stjórn hagstofustjóra EFTA-ríkjanna. Sýnt er að hagskýrslusamstarf EB og EFTA verður mjög umfangsmikið. Hagstofur EFTA-ríkjanna hafa á hinn bóginn takmarkað bolmagn til að taka fullan þátt í því með reglubundinni þátttöku í sameiginlegum starfsnefndum eins og þó er nauðsynlegt eigi EFTA-ríkin að hafa áhrif á samstarfið. Því er áhugi á því að efla skrifstofu hagskýrsluráðgjafa EFTA þannig að unnt verði að fela henni að taka mun meiri þátt í starfsnefndunum, fylgjast með framgangi mála og halda fram þeim áhersluatriðum sem EFTA-ríkin verða sammála um. Væri þetta mjög æskilegt þar sem þeim er ókleift vegna smæðar sinnar að taka verulegan þátt í svo víðtæku samstarfi sem hér er að stefnt.

Í 3. tölul. bókunar 30 felst beinlínis að þegar sameiginleg hagskýrslugerð EB og EFTA hefst muni hagstofur EFTA-ríkjanna senda hagskýrslugögn sín til skrifstofu hagskýrsluráðgjafans. Hlutverk skrifstofunnar verði að skipuleggja innheimtu og fylgjast með samhæfingu gagnaöflunar og úrvinnslu. Jafnframt er svo gert ráð fyrir því að hagstofa EB taki við gögnunum, varðveiti þau og vinni úr þeim heildarskýrslur fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Í þessu sambandi má benda á að aðilar eru sammála um að byggja á og nýta þá stofnun, sem þegar er til staðar, hagstofu EB, til sameiginlegrar skýrslugerðar. Sýnist það mun vænlegri og ódýrari kostur en að koma upp nýrri stofnun í þessu skyni. Í 5. tölul. eru ákvæði um hvernig fara skuli með þann kostnað sem af þessu hlýst.

Ákvæði 4. og 6. tölul. bókunar 30 fela í sér tvær meginreglur um hina sameiginlegu hagskýrslugerð. Í 4. tölul. er sú meginregla mörkuð að framkvæmdaraðilum sé skylt að koma skýrslum sínum til notenda og fyrir almenningssjónir. Þessi birtingarskylda er sjálfsögð og hvílir í reynd á öllum opinberum hagskýrslustofnunum. Skýrslugerðin er til orðin vegna ákveðinna þarfa, almennra og sérgreindra, en kemur ekki að gagni nema notendur og almenningur hafi fullan aðgang að skýrslunum. Meginreglan sem felst í 6. tölul. er hin mikilvægasta en hún lýtur að meðferð trúnaðarupplýsinga. Sú regla sem þar kemur fram, að hagskýrslugögn, sem háð eru trúnaðarkvöðum, megi einungis nýta til hagskýrslugerðar, er grundvallarregla í allri opinberri hagskýrslugerð. Með þessu ákvæði er tryggt að svo verður einnig í hagskýrslusamstarfi EB- og EFTA-ríkja.

Auk þess, sem hér hefur verið rakið um skipulag og framkvæmdaratriði samstarfs í hagskýrslugerð skv. bókun 30 má nefna að í samþykktum með EES-samningnum er kveðið á um fimm nefndir EB á sviði hagskýrslugerðar sem EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í. Nefndirnar eru þessar:

1. Nefnd um hagskýrsluáætlanir EB sem verður í reynd nefnd um hagskýrsluáætlanir EES. Nefndin skal skipuð fulltrúum hagskýrslustofnana aðildarríkjanna (í reynd hagstofustjórum). Nefndin skal fjalla um framkvæmd hagskýrsluáætlana til margra ára og vera til ráðuneytis um ákvarðanir í þeim efnum. Nefndin sinnir auk þess vissum úrskurðar- og ráðgjafarskyldum í tengslum við framkvæmd reglugerða um atvinnugreinaflokkun EB, kannanir á iðnaðarframleiðslu og árlegar vinnumarkaðskannanir.
2. Nefnd um hagskýrslur um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð. Nefndin er skipuð fulltrúum þeirra stofnana í aðildarríkjunum, sem fara með ofangreinda málaflokka. Verkefni hennar eru hliðstæð verkefnum hagskýrsluáætlananefndarinnar.
3. Nefnd um samræmingu skýrslugerðar um þjóðarframleiðslu á markaðsvirði. Nefndin er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna og skal hafa eftirlit með að samræmis sé gætt í þjóðhagsreikningagerð í aðildarríkjunum. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að þjóðartekjur og aðrar þjóðhagsreikningastærðir mynda í mörgum tilvikum grunn að skattlagningu, skiptingu greiðslna eða úthlutun fjár milli aðildarríkja EB. Nauðsynlegt er að EFTA-ríkin eigi aðild að þessari nefnd, einkum þar sem skipting kostnaðar milli EB og EFTA byggist samkvæmt samningnum á þjóðarframleiðslu ríkjanna.
4. Ráðgjafarnefnd um hagskýrslugerð á sviði efnahags- og félagsmála. Hér er um fjölmenna nefnd að ræða sem skipuð skal fulltrúum úr ýmsum greinum efnahags- og félagsmála í aðildarríkjum, hagstofustjórum og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar. Nefndin skal koma saman a.m.k. árlega og vera vettvangur umræðna um upplýsingastefnu og hagskýrslugerð á fyrrnefndum sviðum.

Um 5. kafla
Félagaréttur

Um 77. gr.

Greinin vísar í XXII. viðauka.

Um XXII. viðauka
Félagaréttur

Ein af meginreglum Evrópska efnahagssvæðisins felur í sér rétt til að stofna og reka félög eða fyrirtæki í svæðisríkjum með sama rétti og landsmenn þar, sbr. 31. og 34. gr. samningsins. Í 77. gr. samningsins, sem fjallar um félagarétt, segir aðeins að XXII. viðauki við samninginn geymi sérstök ákvæði um félagaréttinn. Í viðaukanum er að finna upptalningu á níu tilskipunum, með áorðnum breytingum, og einni reglugerð.

Framangreindum tilskipunum má skipta í nokkra flokka: 1) um rétt hluthafa í hlutafélögum, 2) um samruna og skiptingu almenningshlutafélaga, 3) um ársreikninga félaga og því um líkt og 4) um hlutafélög eins aðila.

Í 1. tilskipuninni um rétt hluthafa (og kröfuhafa) í stórum og smáum hlutafélögum (almenningshlutafélögum og einkahlutafélögum), er m.a. fjallað um aðgang að ársreikningum, en í 2. tilskipuninni um almenningshlutafélög er m.a. að finna ákvæði um stofnun þeirra og hlutafé. Ákvæði 3. tilskipunarinnar taka til samruna almenningshlutafélaga en ákvæði 6. tilskipunarinnar til skiptingar slíkra félaga. Um bókhaldstilskipanirnar fjórar má segja að 4. tilskipunin fjalli um ársreikninga hlutafélaga og jafnvel fleiri félaga, m.a. aðgang að ársreikningum, 7. tilskipunin um samstæðureikninga, 8. tilskipunin um samþykki á endurskoðendum og 11. tilskipunin um reikning útibúa hlutafélaga. Ákvæði 12. tilskipunarinnar fjalla um hlutafélög eins aðila.

Tilskipanirnar miða að því að samræma réttarreglur ríkja á sviði félagaréttar. Áberandi er sú viðleitni að samræma reglur um vernd hluthafa og lánardrottna og auka vernd þeim til handa en slíkt er talið skapa jafnari samkeppnisaðstöðu félaga í mismunandi ríkjum. Samræming félagaréttarreglna, sem felur í sér aðlögun að þróun félagaréttar í Evrópu, hefur ýmsa aðra kosti. Meðal annars verður stofnun og rekstur félaga og fyrirtækja annars staðar en í heimalandi auðveldari en nú er þegar reglurnar verða hvarvetna þær sömu.

Ákvæði reglugerðarinnar um Evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið, sem stofna má t.d. um sameiginleg innkaup á hráefnum, miða að því að skapa nýtt form félagsskapar er aukið geti samvinnu aðila í mismunandi ríkjum.

Athugun á framangreindum heimildum EB-réttar hefur leitt í ljós að efnisreglur virðast almennt séð vera nokkuð svipaðar og í íslensku hlutafélagalögunum en formið er mismunandi og EB-reglurnar almennt miklu ítarlegri. Ekki virðist vandkvæðum bundið að aðlaga á hlutafélagalögin og skylda löggjöf EB-réttinum. Meðal annars vegna ákvæða 2. tilskipunarinnar um að lágmarkshlutafé í almenningshlutafélögum skuli eigi vera lægra en sem svarar 25.000 evrópskum mynteiningum, ECU, (tæpum 2 millj. kr.) er talið rétt að stefna að setningu tvennra laga hér á landi um hlutafélög, annars vegar um almenningshlutafélög og hins vegar um einkahlutafélög (þar sem lágmarkshlutafé er ekki ákveðið í EB-reglum). Væntanlega verður við samningu frumvarpa til nýrra laga byggt á tvennum hlutafélagalögum í Danmörku og löggjöf þar í landi um ársreikninga o. fl. Þarf með öðrum orðum að breyta lögum um bókhald hér á landi en fella ákvæði um ársreikninga og því um líkt úr hlutafélagalöggjöfinni (og lögum um samvinnufélög).

Að því er varðar 3. tilskipunina má nefna að þar eru miklu ítarlegri ákvæði um skilmála vegna samruna almenningshlutafélaga en í íslensku hlutafélagalögunum og ákvæði 6. tilskipunarinnar um skiptingu slíkra félaga eiga sér ekki samsvörun í íslensku löggjöfinni.

Í 4. tilskipuninni um ársreikninga er aðeins gert ráð fyrir verðbólgureikningsskilum sem undantekningu. Hefðbundin kostnaðarreikningsskil eru aðalreglan. Þarf því að byggja á slíkum reikningsskilum þegar verðbólga hefur náðst niður á Íslandi þannig að varanlegt megi telja. Ekki þarf að breyta um aðferð þótt skammtímasveiflur verði. Í þessu sambandi má hafa í huga það sem greint er frá hér að neðan um almennan aðlögunartíma á sviði félagaréttarins.

Nefna má að í 4. tilskipuninni, sbr 1. tilskipun, eru gerðar nokkru strangari kröfur hjá EB en hér á landi til félaga, m.a. að því leyti að félög geta ekki komist hjá því að birta hagnaðartölur. Eru þó reglur tilskipunarinnar um sumt vægari fyrir lítil félög en stór.

Loks má vekja athygli á því í tengslum við 4. tilskipunina, sem er aðalheimildin meðal bókhaldstilskipananna, að hún tekur til fleiri félaga en hlutafélaga. Kunnáttumenn hér á landi telja því að nauðsynlegt sé að samræma fá og ófullkomin ákvæði laga um ársreikninga annarra félaga en hlutafélaga og þá til samræmis við reglurnar um ársreikninga hlutafélaganna. Endurskoða þarf lögin um bókhald af þessum sökum og er að því unnið á vegum fjármálaráðuneytisins.

Ákvæði 7. tilskipunarinnar um samstæðureikninga eru miklu ítarlegri og fullkomnari en ákvæðin í hlutafélagalögunum. Er talin þörf á skýrari reglum hér á landi. Virðast ákvæði tilskipunarinnar þá koma vel til greina.

Ákvæði 8. tilskipunarinnar um samþykki endurskoðenda eru ekki talin kalla á endurskoðun íslenskra lagaákvæða varðandi löggilta endurskoðendur né breytingar á menntun þeirra.

Engin lagaákvæði eru til á Íslandi sambærileg þeim sem finna má í 11. tilskipuninni um reikninga útibúa erlendra félaga, og kallar slíkt á setningu lagaákvæða á Íslandi. Í íslensku hlutafélagalögunum er ekki gert ráð fyrir því að um hlutafélög eins aðila geti verið að ræða. Skortir því lagaákvæði á svið 12. tilskipunarinnar um einkahlutafélög eins aðila. Ákvæði tilskipunarinnar virðast þó ekki valda sérstökum erfiðleikum, sérstaklega þegar þess er gætt hversu hátt lágmarkshlutafé til stofnunar almenningshlutafélaga þarf að vera samkvæmt 2. tilskipuninni.

Ákvæði reglugerðarinnar um Evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið virðast ekki fela í sér sérstök vandamál í íslenskri löggjöf, en breytingar kann að þurfa að gera á löggjöfinni síðar ef reglugerðinni verður breytt þannig að slík félög geti átt aðsetur í EFTA-löndunum.

Ýmsar tillögur EB á sviði félagaréttar kunna að tengjast Evrópska efnahagssvæðinu í framtíðinni, m.a. tillaga um yfirtökutilboð til verndar minnihluta í almenningshlutafélögum þannig að skylt sé við vissar kringumstæður að gera tilboð í öll hlutabréf en ekki einungis ákveðinn hluta þeirra. Nánar tiltekið er um að ræða drög að 13. tilskipuninni um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð. Í íslenskri hlutafélagalöggjöf eru engin ákvæði um slíkt. Þriðjungsreglan samkvæmt drögum þessum, um skyldur til að gera tilboð í öll hlutabréf en ekki einungis ákveðinn hluta þeirra, getur fræðilega séð valdið vandkvæðum. Hins vegar ættu ekki að vera sérstök vandamál í framkvæmdinni vegna almennrar undanþáguheimildar sem virðist ná til svo að segja allra íslenskra félaga, smárra á evrópskan mælikvarða. Ný lagaákvæði mundi þurfa hér á landi til að hrinda þessari tilskipun í framkvæmd, ef samþykkt yrði, og tilnefna þyrfti eftirlitsaðila.

Þá liggja fyrir í EB drög að reglugerð um Evrópufélagið svokallaða, sem yrði almenningshlutafélag, til að auðvelda samruna félaga í mismunandi aðildarríkjum, svo og í tengslum við þau drög að tilskipun er geymir ákvæði um atvinnulýðræði. Í drögunum um Evrópufélagið hafa ákvæðin verið slípuð til. Þar eru ýmsir valmöguleikar fyrir hendi varðandi form atvinnulýðræðisins, þátttöku launþega í rekstri fyrirtækja, sem íslensk löggjöf geymir svo til engin ákvæði um.

Um þrjár meginleiðir er að ræða í drögunum varðandi form atvinnulýðræðisins. Í fyrsta lagi er um að ræða þýska reglu er gerir ráð fyrir því að starfsmenn eigi frá þriðjungi

til helmings fulltrúa í stjórn eða yfirstjórn. Í öðru lagi er gert ráð fyrir sérstöku starfsmannaráði en reglur um kosningu eða skipun fulltrúa í það yrðu í samþykktum félags og yrði um þetta haft samráð við fulltrúa starfsmannanna í samræmi við lög eða venjur aðildarríkjanna. Í þriðja lagi yrði um að ræða samkomulag milli stjórnar fyrirtækis (eða stjórnar og yfirstjórnar) annars vegar og starfsmanna eða fulltrúa þeirra hins vegar. Í öllum þessum þremur mismunandi þátttökukerfum er byggt á því að starfsmenn geti fylgst með meginþáttum í rekstri fyrirtækisins með fundum á a.m.k. þriggja mánaða fresti og sérstaklega þarf að upplýsa þá og hafa samráð við þá um meiri háttar ákvarðanir sem snerta fyrirtæki (m.a. lokun fyrirtækis ellegar flutning þess eða mikilvægs hluta þess). Enn er gert ráð fyrir því að Evrópufélagið megi aðeins stofna í aðildarríkjum EB.

Almennur aðlögunartími til að samræma ofangreindar níu tilskipanir og reglugerðina er til 1. janúar 1995.

Um svipað efni fjallar eftirfarandi dómur EB-dómstólsins:

(DEB, 27.09.1988, mál 81/87, Daily Mail, B 1988, bls. 5483)

Um VI. hluta
Samvinna utan marka fjórþætta frelsisins

Í VI. hluta samnings þessa er kveðið á um eflingu samstarfs utan marka fjórþætta frelsisins. Byggist það einkum á samstarfssamningum og stefnuyfirlýsingum sem eru óskuldbindandi. Þótt samstarfið sé í öðru formi en samstarf á sviði fjórþætta frelsisins, er það mikilvægt til þess að ná markmiði samningsins. Hér er rennt stoðum undir umfangsmikið samstarf á sviði menntamála, rannsókna og þróunar, umhverfismála, félagsmála, neytendaverndar, samstarfs lítilla og meðalstórra fyrirtækja og á fleiri sviðum, sem aðrir hlutar samningsins taka ekki til en eru talin upp í 78. gr. Nánar er gerð grein fyrir samstarfinu utan marka fjórþætta frelsisins í bókun 31. Fjallað er um bókunina í athugasemdum við 84. gr.

Samstarf á sumum þessara sviða milli EB og EFTA-ríkjanna er þegar hafið, en það hefur verið mjög takmarkað og tekið langan tíma fyrir EFTA-ríkin að fá aðild að samstarfinu þar sem gera hefur þurft sérstaka samninga um hvert einstakt verkefni. Einnig hefur EB haldið ýmsum verkefnum utan samstarfsins, t.d. á sviði rannsókna og þróunar og menntamála.

Á þeim takmörkuðu sviðum, sem samstarf hefur farið fram hafa EFTA-ríkin ekki haft nein áhrif á skipulag, stjórnun og þróun verkefnanna eða á það hvaða verkefni hafa forgang. Þetta breytist með EES-samningnum þar sem EFTA-ríkjunum er tryggður réttur til áhrifa á öll þessi atriði.

Þegar til þátttöku í verkefnum hefur komið, hafa EFTA-ríkin ekki notið fulls jafnréttis, þrátt fyrir fjárframlög, en ákvæði VI. hluta tryggja slíkt jafnrétti eftir gildistöku þessa samnings.

Þegar samningurinn gengur í gildi fá EFTA-ríkin aðgang að nær öllum verkefnum EB á umræddum sviðum. Eina undantekningin er á sviði menntamála, þar sem þátttaka hefst í áföngum, sbr. 4. gr. bókunar 31. Þau verkefni sem þegar er samstarf um samkvæmt tvíhliða samningum verða hluti af EES-samningnum frá gildistöku hans með þeim auknu réttindum sem lýst hefur verið hér að ofan.

Hvað Ísland varðar hefst full þátttaka í rammaáætlun EB á sviði rannsókna og þróunar ekki fyrr en 1. janúar 1994 að ósk Íslendinga.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að efla og auka samstarfið á grundvelli VI. hluta þessa samnings. Gert er ráð fyrir stöðugum skoðanaskiptum í þeim tilgangi að komast að samkomulagi um starfsemi og aðgerðir til þess að ná sameiginlegum markmiðum á þeim sviðum sem VI. hluti fjallar um. Ákvæði eru um að þessi skoðanaskipti skuli fara fram eftir sömu reglum og þegar um samstarf innan fjórþætta frelsisins er að ræða, þótt niðurstaðan verði ekki lagalega bindandi.

Til samstarfsverkefna samkvæmt VI. hluta greiða EFTA-ríki í hlutfalli við verga landsframleiðslu. Fyrsta samstarfsárið a.m.k. greiða EFTA-ríkin helming framlags síns í janúar og helming í júlí með þeim hætti að fé verður lagt inn á reikning í seðlabönkum eða öðrum stofnunum í viðkomandi EFTA-ríki, sbr. bókun 32. EB hefur heimild til að taka út af reikningnum til greiðslu vegna þeirra verkefna sem samið hefur verið um, þegar starfræksla þeirra hefst.

Sameiginlega EES-nefndin á að taka allar ákvarðanir vegna framkvæmdar VI. hluta samningsins og getur hún m.a. gert breytingar á bókun 31, en þar er nánari útfærsla á

samstarfinu og samstarfsformum á umræddum sviðum. Einnig er gert ráð fyrir því að sameiginlega nefndin geti bætt nýjum samstarfssviðum inn í VI. hluta telji samningsaðilar æskilegt að þróa samstarfið enn frekar.

Um 78. gr.

Hér eru talin upp þau svið utan marka fjórþætta frelsisins þar sem samningsaðilar hafa ákveðið að efla og auka samstarf sitt innan ramma þess samstarfs sem EB hefur þegar komið á milli bandalagsríkjanna. Gerð er nánari grein fyrir umfangi og tilhögun samstarfsins á hinum ýmsu sviðum í bókun 31, eins og fram kemur í 84. gr.

Um 79. gr.

Hér er kveðið á um skyldu samningsaðila til að efla skoðanaskipti sín í milli til þess að ákveða hvaða nánara samstarf geti stuðlað að sameiginlegum markmiðum á þeim sviðum sem talin eru upp í 78. gr. Þótt samstarfið samkvæmt VI. hluta EES-samningsins sé utan marka fjórþætta frelsisins er kveðið á um að sömu reglur gildi um ákvarðanatöku og gilda um aðrar gerðir, sé þess getið í samningnum eða í bókun 31. Ákvæði um ákvarðanatökuna eru í VII. hluta samningsins.

Allir samningsaðilar hafa rétt til að gera athugasemdir og beita áhrifum sínum ef áformuð er endurskoðun eða breytingar á verkefnum, sem hafin eru. Sama gildir um ný verkefni, bæði rammaáætlanir, einstakar áætlanir, aðgerðir og önnur verkefni.

Um 80. gr.

Hér er kveðið á um þau samstarfsform sem gert er ráð fyrir á þeim sviðum sem 78. gr. tiltekur. Bæði er gert ráð fyrir þátttöku EFTA-ríkja í einstökum áætlunum og verkefnum EB, sameiginlegri starfsemi á tilteknum sviðum og formlegum og óformlegum upplýsingaskiptum. Loks er gert ráð fyrir að samningsaðilar samræmi aðgerðir sínar á starfsvettvangi alþjóðastofnana og samstarf sitt við lönd utan EES.

Um 81. gr.

Þessi grein tryggir jafnrétti EFTA-ríkja á við aðildarlönd EB í samstarfi á grundvelli VI. hluta. Í því samstarfi sem fram hefur farið til þessa milli EB og EFTA-ríkja á sviðum sem getið er í 78. gr. hafa EFTA-ríkin ekki setið við sama borð og aðildarlönd EB. En hér er t.d. kveðið á um að EFTA-ríki skuli hafa aðgang að öllum þáttum áætlana, en þetta hefur ekki verið raunin, t.d. á sviði rannsókna og þróunar. EFTA-ríkin hafa til þessa ekki átt sæti í nefndum sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun og þróun verkefna þótt þau hafi greitt fé til þeirra, heldur hafa verið settar upp sameiginlegar nefndir EB annars vegar og hvers EFTA-ríkis fyrir sig hins vegar, enda hafa samstarfssamningarnir verið tvíhliða. EFTA-ríkin hafa því ekki haft tækifæri til að hafa bein áhrif á þróun og stjórnun samstarfsverkefnanna, en slík áhrif á þessi samningsgrein að tryggja.

Eins og fram kemur í greinargerð með 79. gr. á að fara með ákvarðanir sem hafa áhrif á þau samstarfsverkefni samkvæmt reglum í VII. hluta þessa samnings. Þó er hér tekið fram að slíkt eigi ekki við þegar um er að ræða ákvarðanir sem varða almenna fjárhagsáætlun bandalagsins.

Í d- og e-lið er hnykkt á um jafnrétti EFTA-ríkja og aðildarríkja EB í samstarfinu sem byggt er á VI. hluta, og skiptir þá ekki máli hvort um stofnanir eða einstaklinga er að

ræða, og í f-lið felst skuldbinding um að greiða fyrir því að þegnar ríkja samningsaðila geti tekið þátt í samstarfinu og ekki séu lagðar hindranir í veg þeirra þótt samstarfið feli í sér flutning milli landa. Oftast er um skammtímadvöl að ræða.

Um 82. gr.

Hér er kveðið á um með hvaða hætti EFTA-ríki greiða kostnað af samstarfi, sem fram fer á grundvelli VI. hluta þessa samnings. Gert er ráð fyrir þremur möguleikum:

1. Þegar EFTA-ríki taka þátt í verkefnum bandalagsins er framlag þeirra reiknað hlutfallslega eins og nánar er skilgreint í 2. mgr., bæði miðað við áætlun bandalagsins um kostnað við viðkomandi verkefni og raunverulegan kostnað, þegar hann liggur fyrir. Framlög EFTA-ríkjanna eru færð árlega inn á viðkomandi fjárlagalið á fjárlögum bandalagsins.

   Framlög EFTA-ríkja koma til viðbótar þeim fjárveitingum sem EB notar til hvers verkefnis og verða greiðslur fyrir hvert ár miðaðar við raunverulegan kostnað.
2. Ef samningsaðilar hafa með sér samstarf sem ekki flokkast undir reglulega starfsemi bandalagsins, skal hver greiða sinn eigin kostnað og hluta af fastakostnaði bandalagsins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.
3. Sameiginlega EES-nefndin á að taka allar nauðsynlegar ákvarðanir varðandi framlög samningsaðila til starfseminnar.

Í 2. tölul. er vísað til bókunar 32 þar sem settar eru reglur um framkvæmd þessarar greinar.

Um bókun 32
Fjárhagsfyrirkomulag vegna framkvæmdar á 82. gr.

Um 1. gr. bókunar 32

Hér er gerð grein fyrir tilhögun við ákvörðun fjárframlags EFTA-ríkjanna. Fyrstu upplýsingar um fjárframlög EFTA-ríkjanna byggjast á fjárlagatillögum EB til þeirra verkefna sem EFTA-ríkin taka þátt í. Hlutfall fjárframlags EFTA-ríkjanna er ákveðið samkvæmt reglunni, sem sett er fram í 82. gr. Sameiginlega EES-nefndin fær útreikningana til staðfestingar í síðasta lagi 30. maí ár hvert og skal staðfestingin eða athugasemdir ef einhverjar eru hafa borist EB fyrir 1. júlí.

Þegar fjárlög EB hafa verið samþykkt skulu lokaútreikningar á framlagi EFTA-ríkjanna tilkynntar sameiginlegu EES-nefndinni og hefur hún þá 15 daga til að staðfesta að þær séu í samræmi við ákvæði 82. gr.

Fastanefnd EFTA-ríkjanna ákveður hve stóran hluta fjárframlagsins hvert EFTA-ríki á að greiða og skal tilkynna framkvæmdastjórn EB um skiptinguna eigi síðar en 1. janúar á hverju fjárhagsári. Hafi þessar upplýsingar ekki borist miðar EB við skiptingu ársins á undan til bráðabirgða.

Um 2. gr. bókunar 32

Gert er ráð fyrir að fjárframlög EFTA-ríkjanna séu greidd tvisvar á ári, helmingur eigi síðar en 20. janúar og helmingur eigi síðar en 15. júlí. Þau eru greidd inn á reikninga hjá ríkissjóði í hverju landi eða stofnun sem tilnefnd er í þessu skyni. Liggja því

peningarnir hjá EFTA-ríkjunum þar til EB þarf að greiða til samstarfsverkefnanna. Þegar að greiðslum kemur getur framkvæmdastjórnin tekið út fé af reikningunum.

Um 3. gr. bókunar 32

Þessi ákvæði eiga við ef breytingar verða á fjárlögum EB, eftir að þau hafa verið samþykkt, sem valda breytingu á framlagi EFTA-ríkjanna. EFTA-ríkin telja sig ekki geta samþykkt að taka á sig hækkanir eftir að þau hafa samþykkt fjárlög fyrir viðkomandi fjárhagsár. Hækkanir verða stundum hjá EB, m.a. með tilfærslum og fjáraukalögum.

Hér er gert er ráð fyrir þeirri almennu reglu að EFTA-ríkin jafni mun þann er skapast kann á fjárlögum næsta fjárhagsárs á eftir. Þó er gert ráð fyrir að sameiginlega EES-nefndin geti samþykkt að farið sé fram á viðbótarframlag frá EFTA-ríkjunum á sama fjárhagsári og breyting er gerð. Er gerð grein fyrir því í 3. mgr. hvernig með slíkar viðbótagreiðslur skuli farið.

Einnig er hér ákvæði um að sameiginlega EES-nefndin skuli setja viðbótarreglur um framkvæmd 1.-3. mgr. ef slíkt reynist nauðsynlegt.

Um 4. gr. bókunar 32

Sameiginlega nefndin skal endurskoða, fyrir 1. janúar 1994, 1. og 2. mgr. 2. gr. og 2. og 3. mgr. 3. gr., sem fjalla um fyrirkomulag greiðslna EFTA-ríkjanna.

Ástæðan til þessa er að EFTA-ríkin telja hagkvæmara að greiða framlög sín með jöfnum mánaðarlegum greiðslum og féllust samningamenn EB á að þessi atriði mætti endurskoða.

Um 5. gr. bókunar 32

Framlög EFTA-ríkjanna eru færð inn á fjárlagaliði, merkta þeim verkefnum sem þau taka þátt í, og er óheimilt að nota þau til annars.

Um 6. gr. bókunar 32

Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr. bókunar 32

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr. bókunar 32

Upplýsingar um verga landsframleiðslu á markaðsverði skulu veittar á grundvelli samstarfsins innan EES um hagskýrslugerð, sem ákvæði eru um í 76. gr. samningsins. Ekki er ráðgert að það samstarf hefjist að fullu fyrr en 1. janúar 1995 og þess vegna verða upplýsingar OECD notaðar a.m.k. fyrstu tvö árin.

Um 83. gr.

Hér er kveðið á um að réttindi og skyldur opinberra aðila í EFTA-ríkjum séu þær sömu og aðildarríkja EB þegar samstarfið felur í sér upplýsingamiðlun milli opinberra aðila. Gert er ráð fyrir að sameiginlega EES-nefndin setji reglur um hvaða upplýsingar skuli farið með sem trúnaðarmál.

Um 84. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um bókun 31
Um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

Um 1. gr. bókunar 31
Rannsóknir og tækniþróun

Hér er kveðið á um tilhögun þátttöku EFTA-ríkja í rammaáætlun um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar (1990-1994).

Um a-lið 1. mgr. 1. gr.

Hér er kveðið á um að frá og með gildistöku þessa samnings skuldbindi EFTA-ríkin sig til að taka þátt í þriðju rammaáætlun um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar með þeim skilmálum sem hér að neðan greinir.

Rammaáætlanir EB eru heildaráætlanir til ákveðins tíma um rannsóknir og þróun, einkum á sviðum raunvísinda og tækni. Annarri rammaáætluninni lauk í árslok 1991 en þá tók við þriðja rammaáætlunin sem gildir frá 1990-94. Innan hverrar rammaáætlunar er fjöldi undiráætlana um rannsóknir á tilteknum afmörkuðum sviðum.

Með rammaáætlunum EB hefur verið stuðlað að aukinni samvinnu ríkja EB með því að veita úr sameiginlegum sjóðum bandalagsins styrki til ákveðinna samvinnuverkefna. Þessi verkefni eru afmörkuð svo sem framkvæmdastjórn bandalagsins ákveður hverju sinni í samvinnu við aðildarríki þess. Markmiðið með þessum rammaáætlunum er m.a. að efla vísindalegan og tæknilegan grundvöll evrópsks iðnaðar og efla alþjóðlega samkeppnisstöðu hans. Þær eiga að stuðla að hagkvæmari verkaskiptingu milli ríkja bandalagsins og koma í veg fyrir að fleiri en einn aðili vinni sömu verkin. Við val á viðfangsefnum í rammaáætlanirnar eru höfð í huga eftirfarandi verkefni:

1. Sem hvert ríki eitt og sér ræður ekki við;
2. sem reikna má með að hafi hagnýtar, seljanlegar niðurstöður;
3. sem eru fjölþjóðleg í eðli sínu;
4. sem styrkja heildarmarkmið aðildarríkjanna.

Rannsóknaverkefni lúta fyrst og fremst að undirstöðuatriðum en ekki vöru- eða afurðaþróun í markaðslegum skilningi. Þess ber þó að geta að verkefni fást fyrst og fremst við raunvísindi, tækni og þróun sem leitt geta til bættrar samkeppnisaðstöðu aðildarríkjanna á heimsmarkaði.

Í þriðju rammaáætluninni fyrir árin 1990-1994 er lögð megináhersla á þrjú svið:

1. Þróun nýrrar tækniþekkingar eða tæknigetu.
2. Auðlindastjórn.
3. Mannauð.

Nánar tiltekið skiptist þriðja rammaáætlun EB í eftirfarandi 15 undiráætlanir:

1.	Upplýsingatækni	1352
2.	Fjarskiptatækni	489
3.	Flutningsþjónusta fyrir uppl. á vegum símastofnana	380
4.	Iðn- og efnistækni (áður BRITE/EURAM í 2. rammaáætluninni)	748
5.	Mælingar og prófanir	140
6.	Umhverfisrannsóknir (áður STEP/EPOCH í 2. rammaáætluninni)	414
7.	Hafrannsóknir (áður MAST í 2. rammaáætluninni)	104
8.	Líftækni	164
9.	Rannsóknir á sviði landbúnaðar, fiskveiða og -vinnslu	333
10.	Læknisfræði- og heilbrigðisrannsóknir	133
11.	Rannsóknir í líffræðigreinum m.t.t. þróunarlanda	111
12.	Rannsóknir á öðrum orkugjöfum en kjarnorku (áður JOULE)	157
13.	Öryggi í kjarnorkuvinnslu	199
14.	Beislun kjarnasamruna	458
15.	Mannauður (human capital and mobility) (áður SCIENCE)	518
	Samtals millj. ECU	**5700**

Ákvæði VI. hluta þessa samnings og 1. gr. þessarar bókunar tryggja að EFTA-ríkin verða fullgildir aðilar að öllum þessum rannsóknaáætlunum nema kjarnorkurannsókna-áætlunum, nr. 13 og 14, en þær eru hluti af samþykktum Kjarnorkubandalags Evrópu (EURATOM) sem EES-samningurinn nær ekki til. Full aðild EFTA-ríkja að rammaáætlun EB gefur rannsóknastofnunum, fyrirtækjum og vísindamönnum í EFTA-ríkjunum möguleika á að EB fjármagni samstarfsverkefni þeirra við aðila í EB-ríkjum um allt að 50% af verkefniskostnaði. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að þegar á þessu ári verður Ísland, samkvæmt tvíhliða samningum þar um, aðili að tveimur af ofangreindum undiráætlunum, þ.e. á sviði umhverfisrannsókna og mannauðs, nr. 6 og 15.

Bæði Rannsóknaráð ríkisins og Vísindaráð hafa mælt með því að Ísland gerist aðili að rammaáætlun EB með þeim skilmálum sem um ræðir í EES-samningnum. Fram hefur komið við mat á aðild Íslands að rammaáætlunum EB að meirihluti einstakra undiráætlana sem gilda fyrir árin 1990-1994 uppfyllir eftirfarandi skilyrði: 1) Íslenskir vísindamenn og rannsóknastofnanir hafa mikilvæga sérfræðiþekkingu fram að færa á viðfangsefnum áætlananna, 2) þátttaka í þeim gæti eflt vísinda- og tæknistig hérlendis á umtalsverðan hátt og 3) meiri fjármunir gætu skilað sér til baka til hérlendrar vísindastarfsemi en sem nemur kostnaði Íslands við aðild að áætlunum.

Hér á landi mun menntamálaráðuneytið tryggja framkvæmd ákvæða EES-samnings á sviðum sem snerta rannsóknir og tækniþróun, en gera má ráð fyrir að Vísindaráði og Rannsóknaráði ríkisins verði falin umsjón með þátttöku Íslands í einstökum áætlunum.

Um b-lið 1. mgr. 1. gr.

Samtals munu EFTA-ríkin greiða u.þ.b. 800 milljónir ECU til þriðju rammaáætlunarinnar en þær greiðslur bætast við fjárframlag EB. Reikna má með að aðild Íslands að rammaáætluninni á árinu 1994 komi til með að kosta u.þ.b. 100 millj. kr. Upphæð fjárframlags Íslands á árinu 1993 fer eftir þeim fjölda undiráætlana sem Ísland

fær aðild að 1. janúar 1993 en frá því máli hefur ekki verið endanlega gengið við EB. Útreikningar á fjárframlögum EFTA-ríkjanna fara eftir ákvæðum í 82. gr. og bókun 32.

Um c-lið 1. mgr. 1. gr.

Hvert aðildarríki EFTA fær rétt til að tilnefna 1-2 fulltrúa í hinar 13 stjórnunarnefndir undiráætlana rammaáætlunar EB en hver stjórnunarnefnd skipar síðan vinnuhópa á ákveðnum sérsviðum. Fulltrúar EFTA-ríkjanna hafa ekki atkvæðisrétt í umræddum nefndum en hafa að öðru leyti jafnan rétt og aðildarríki EB til að móta starfsemi þessara nefnda, hafa áhrif á innihald áætlana og koma sínum sjónarmiðum fram að öðru leyti. Í þeim nefndum sem hér um ræðir er atkvæðisrétti sjaldnast beitt heldur mótast verkefni og áætlanir af gæðum faglegs framlags hvers og eins.

Um d-lið 1. mgr. 1. gr.

Nefnd um vísinda- og tæknirannsóknir (Scientific and Technical Research Committee, CREST) er æðsta ráðgjafar- og stefnumótandi nefnd EB á sviði vísindamála. Hvert EFTA-ríki tilnefnir tvo fulltrúa í nefndina. Hlutverk CREST er einkum þrenns konar:

1. Ráðgefandi fyrir EB-ráðherraráðið.
2. Ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórn EB í málefnum sem eru utan EES-samningsins.
3. Ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórn EB í málefnum sem eru á sviði EES-samningsins.

Í sameiginlegri yfirlýsingu samningsaðila er samkomulag um að frá og með gildistöku samnings taki fulltrúar EFTA-ríkjanna fullan þátt í störfum CREST-nefndarinnar þegar hún fjallar um mál sem falla undir lið 3.

Aðrar nefndir á þessu sviði sem EFTA-ríkin fá aðild að á grundvelli þessa ákvæðis eru vísinda- og tækniþróunarnefnd Evrópu (Committee for the European Development of Science and Technology, CODEST) og ráðgjafarnefnd um iðnaðarrannsóknir og þróun (Industrial Research and Development Advisory Committee, IRDAC). Báðar þessar nefndir eru ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórn EB. Í CODEST-nefndinni eru 24 EB-fulltrúar en í IRDAC-nefndinni eru þeir 14. CODEST-nefndin fjallar um málefni sem varða mótun og framkvæmd á almennri vísinda- og tæknistefnu EB en IRDAC-nefndin um málefni er snerta iðnaðarrannsóknir og þróun. Ekki hefur endanlega verið gengið frá hvernig aðild EFTA-ríkjanna að þessum tveimur nefndum verður háttað.

Um 2. mgr. 1. gr.

Ákvæðið felur í sér að Ísland er ekki skuldbundið til að taka fullan þátt í rammaáætlun EB á sviði vísinda- og tækniþróunar fyrr en 1. janúar 1994, enda er samstarf Íslands og EB hvað varðar þennan málaflokk skammt á veg komið í samanburði við samstarf EB og annarra EFTA-ríkja. Ákvæðið hindrar samt ekki að Ísland verði fullgildur aðili að einstökum undiráætlunum fyrir þennan tíma á grundvelli tvíhliða rammasamnings sem gerður var 1990 og fái þar með fulla aðild að stjórnunarnefndum einstakra áætlana, sbr. c-lið mgr. 1. hér á undan, þótt ekki sé gert ráð fyrir slíkri aðild í tvíhliða samningnum. Samkomulag er um að Ísland fái þangað til 1. janúar 1994 áheyrnaraðild að CREST-, CODEST- og IRDAC-nefndunum og þeim stjórnunarnefndum einstakra undiráætlana rammaáætlunar EB sem Ísland er ekki fullgildur aðili að nú þegar.

Eins og áður hefur komið fram verður Ísland þegar á þessu ári, samkvæmt tvíhliða samningum þar um, aðili að rannsóknaáætlunum EB á sviði umhverfisrannsókna og mannauðs. Í EES-viðræðum við EB var einnig af Íslands hálfu lögð áhersla á að frá 1. janúar 1993 fengi Ísland fulla aðild að eftirtöldum undiráætlunum rammaáætlunar EB: Upplýsingatækni, líftækni, hafrannsóknir, læknisfræði- og heilbrigðisrannsóknir.

Um 3. mgr. 1. gr.

Hér er einkum um að ræða nýjar aðgerðir á sviði rannsókna og tækniþróunar sem framkvæmdastjórn EB kynni að samþykkja á gildistíma rammaáætlunar. Þessar samþykktir kynnu að hafa í för með sér auknar fjárhagsskuldbindingar fyrir aðildarríki samningsins en tryggja jafnframt áhrif EFTA-ríkja á endurskoðun rammaáætlunarinnar.

Um 4. mgr. 1. gr.

Þeir samningar sem Ísland hefur gert við EB og falla undir þetta ákvæði eru rammasamningur um samvinnu á sviði vísinda og tækni sem öðlaðist gildi 6. júní 1990 og samstarfssamningur um starfsáætlun til að örva alþjóðasamstarf og nauðsynleg samskipti evrópskra vísindamanna í rannsóknum (SCIENCE-áætlunin) en hann öðlaðist gildi 28. október 1991.

Um 2. gr. bókunar 31
Upplýsingaþjónusta

Hér er kveðið á um að samningsaðilar feli sameiginlegu EES-nefndinni að ákveða skilyrði fyrir og tilhögun þátttöku EFTA-ríkja í eftirfarandi áætlunum EB-ráðsins, eða öðrum áætlunum sem leiðir af þeim, á sviði upplýsingaþjónustu:

1. Aðgerðaáætlun til að koma á fót markaði fyrir upplýsingaþjónustu. Áætlunin felur í sér eftirfarandi verkefni: a) Öflun og úrvinnslu tölfræðiupplýsinga um evrópskan markað fyrir upplýsingaþjónustu. b) Kynna EB-ráðinu tillögur um afnám lagalegra, stjórnunarlegra og tæknilegra viðskiptahindrana á markaði á sviði upplýsingaþjónustu. c) Örva samstarf hins opinbera og einkageirans á sviði upplýsingaþjónustu. d) Hefja undirbúning að samtengingu bókasafna í aðildarríkjum EB.
2. SPRINT-áætlunin sem er aðallega ætlað að stuðla að tæknisamvinnu á milli smærri fyrirtækja yfir landamæri. Verkefnið felur m.a. í sér að komið verður á fót upplýsinganeti á milli fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana og atvinnugreinasamtaka. Auk þess er gert ráð fyrir miðlun um árangur af starfrækslu áðurgreindra upplýsinganeta, rannsóknum og námsstefnum og endurskoðun lagareglna, skattareglna, fjármögnunarmöguleika o.fl.

Um 3. gr. bókunar 31
Umhverfismál

Um þetta samstarf vísast í athugasemdir við 3. kafla V. hluta.

Um 4. gr. bókunar 31
Menntun, þjálfun og æskulýðsmál

Samstarf EB á sviði menntamála fer yfirleitt fram með þeim hætti að ákveðin eru samstarfsverkefni og miðað við að þau séu þess eðlis að samstarf skili betri árangri en aðgerðir á vegum stjórnvalda hvers lands.

EB hefur ekki sameiginlega menntastefnu og forræði í málaflokknum er hjá stjórnvöldum hvers bandalagslands.

Menntamálaráðherrar bandalagsins hittast reglulega, taka ákvarðanir um vænleg samstarfsverkefni og gefa út yfirlýsingar um stefnumál, sem þeir eru sammála um að fylgja í löndum sínum.

Menntamálasamstarf það, sem hér er kveðið á um, byggist á samstarfsverkefnum líkum þeim sem EB hefur staðið að á undanförnum árum, einkum í þeim tilgangi að gera ungu fólki, bæði háskólanemum og öðrum, og einnig kennurum, auðveldara að kynnast öðrum EB-löndum en heimalöndum sínum og stunda þar nám og störf. Einnig hefur verið unnið að því í tengslum við þessi samstarfsverkefni að koma á samstarfi milli skóla, einkum á háskólastigi, og tengslum háskóla og atvinnulífs, einkum á sviði tækniþjálfunar.

EFTA-ríki hafa þegar gert tvíhliða samstarfssamninga við EB um þátttöku í tveimur verkefnum á sviði menntamála, COMETT II, sem stuðlar að samstarfi háskóla og atvinnulífs á sviði tækniþjálfunar, og ERASMUS, sem stuðlar einkum að nemendaskiptum á háskólastigi en auk þess kennaraskiptum og samstarfsnetum háskóla.

EFTA-ríkin hafa tekið þátt í COMETT II frá 1990, en áætlunin nær til fimm ára tímabils. Ráðstöfunarfé til áætlunarinnar úr sjóðum bandalagsins, sem EFTA-ríki greiða einnig til, er um 16,5 milljarðar kr. Eftir að Ísland hóf þátttöku í COMETT II var eitt fyrsta verkefnið að sækja um styrk til að reka samstarfsnefnd um eflingu tækniþjálfunar á Íslandi. Í nefndinni sem nefnist SAMMENNT (Samstarfsnefnd atvinnulífs og skóla um menntun og þjálfun í tengslum við COMETT) eiga sæti um 20 aðilar, skólar, fyrirtæki og stofnanir. Slíkar samstarfsnefndir eru um 150 innan EB- og EFTA-ríkja. Þær mynda þéttriðið net samstarfs um alla Evrópu.

Fjárframlag Íslands til COMETT II er reiknað út með sama hætti og gert er ráð fyrir í 82. gr. þessa samnings. Er gert ráð fyrir að Íslendingar greiði um 3,5 millj. kr. í framlag til áætlunarinnar árlega.

SAMMENNT hefur hlotið um 12 millj. kr. í styrk frá COMETT til reksturs verkefnanna í þrjú ár. Auk þess hafa fengist styrkir til endurmenntunar, samstarfs um fiskvinnslu og nemendaskipta samtals að upphæð 3,1 millj. kr.

Þátttaka EFTA-ríkja í ERASMUS-áætluninni hefst á þessu ári, en áætlunin hefur verið starfrækt hjá EB frá 1987. Markmiðið með ERASMUS er einkum að efla samstarf milli háskóla og stuðla að því að nemendur stundi hluta háskólanáms síns utan heimalandsins, en skilyrði fyrir slíkri námsdvöl eru að heimaskóli nemandans viðurkenni námsdvöl hans erlendis sem hluta námsins og hann tapi ekki tíma. Evrópubandalagið stefnir að því að 10% háskólanemenda stundi hluta af námi sínu í háskóla utan heimalandsins 1992, en mikið vantar á að þetta markmið sé í sjónmáli og aðeins 2-3% nemenda njóta stuðnings ERASMUS á þessu skólaári.

Framlag EB til ERASMUS til þriggja ára frá 1990-1993 nemur um 14,5 milljörðum kr. Miðað við þann útreikning sem notaður er vegna þátttöku EFTA-ríkja greiðir Ísland um það bil 7 millj. kr. á ári vegna þátttöku sinnar í áætluninni. Styrkur til nemendaskipta

úr sjóðum EB samkvæmt áætluninni nemur um 15 millj. kr. á ári en auk þess eru möguleikar á styrkjum til annarra verkefna eins og fram kemur hér að neðan;

ERASMUS-áætlunin skiptist í fjóra þætti sem styrktir eru sérstaklega:

1. Skólar á háskólastigi geta fengið styrk til undirbúnings og reksturs samstarfsneta, til þess að koma á nemendaskiptum, kennaraskiptum, hafa samstarf um skólaþróun og setja upp námskeið bæði fyrir nemendur og kennara.
2. Nemendaskipti eru megintilgangur áætlunarinnar. Skilyrði fyrir styrk til nemendaskipta er að nemandi fái nám sitt erlendis metið sem hluta af náminu við heimaskóla. Styrkirnir eiga að greiða þann umframkostnað, sem af því hlýst að stunda nám erlendis, en gert er ráð fyrir að nemandinn haldi námsaðstoð sem hann á rétt á í sínu heimalandi til framfærslu, hér á landi námslánum.
3. Starfsfólk skóla á háskólastigi getur fengið styrki til að fara náms- og kynnisferðir til þátttökulanda í áætluninni, m.a. til að kanna möguleika á samstarfsnetum og ýmsa aðra þætti samstarfs sem tengjast áætluninni, t.d. varðandi mat og viðurkenningu á prófgráðum og námsáföngum. Einnig eru kennurum veittir styrkir til stuttra kennsluheimsókna, hámark er fjórar vikur.
4. Stofnanir í aðildarlöndum geta sótt um styrki til aðgerða til að efla nemendaskipti, m.a. útgáfustyrki og styrki til kynningar á ERASMUS-áætluninni.

Styrkjum samkvæmt 1, 3 og 4 er úthlutað af ERASMUS-skrifstofunni í Brussel, en styrkjum samkvæmt 2 er úthlutað af yfirvöldum í hverju landi og hefur alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands verið falið að hafa forgöngu um úthlutunina og hafa til samráðs nefnd, skipaða fulltrúum frá öðrum skólum á háskólastigi. Alþjóðaskrifstofa háskólans hefur ennfremur með höndum upplýsingastarfsemi bæði vegna COMETT II og ERASMUS og sér um samskipti við aðila í Brussel vegna þátttöku í áætlununum, í umboði menntamálaráðuneytisins.

Í samræmi við 85. gr. þessa samnings kemur hann í stað tvíhliða samninga um COMETT II og ERASMUS og samstarfið verður innan ramma EES frá gildistöku hans. Það hefur þá breytingu í för með sér fyrir EFTA-ríki að þau fá fulltrúa í nefndum sem stjórna verkefnunum, sbr. b-lið 81. gr. þessa samnings. EFTA-ríki hafa því í framtíðinni áhrif á undirbúning, skipulag og stjórnun verkefna sem EB efnir til, en samkvæmt tvíhliða samningunum hafa EFTA-ríki fengið aðild að fullmótuðum verkefnum EB án nokkurra möguleika á því að hafa áhrif á þróun þeirra. Samkvæmt tvíhliða samningunum er það einnig skilyrði að hver samstarfsaðili í EFTA-ríki verði að finna samstarfsaðila í tveimur EB-ríkjum, en samkvæmt þessum samningi nægir einn samstarfsaðili innan EB.

Í 1. mgr. þessarar greinar kemur fram að EFTA-ríki fá aðild að einni samstarfsáætlun til viðbótar við COMETT II og ERASMUS, þegar þessi samningur gengur í gildi, í samræmi við VI. hluta og nefnist hún "Æska í Evrópu".

Markmið áætlunarinnar er að gefa ungu fólki á aldrinum 15-25 ára tækifæri til að kynnast öðrum löndum. Áætlunin skiptist í fjóra hluta:

1. Ferðastyrkir til ungs fólks.
2. Styrki fyrir þá sem starfa að æskulýðsmálum til stuttra kynnisferða innan bandalagsins.
3. Styrki til samtaka sem eru ekki á vegum opinberra aðila en vilja beita sér fyrir ungmennaskiptum.

4. Styrki til menntunar æskulýðsleiðtoga, einkum frá evrópsku sjónarmiði.

Styrkirnir eru veittir til verkefna sem fela í sér þátttöku frá 16-60 ungmenna og er gert ráð fyrir að þeir greiði 50% kostnaðar, nema um sé að ræða fatlaða sem hafa sérstakan forgang og fá 74% heildarkostnaðar. Einnig hafa forgang ungmenni sem ekki hafa áður átt kost á að taka þátt í skipulögðum ungmennaskiptum.

Ekki eru veittir styrkir til ferða sem telja má hluta af reglulegu námi.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir fullri þátttöku EFTA-ríkja í verkefnum bandalagsins frá 1. janúar 1995. Ástæðan til þess að hér er ekki miðað við gildistöku samningsins er, að af hálfu EB var bent á að flest þau verkefni önnur sem EFTA-ríkin lýstu áhuga á þátttöku í væru tímabundin og við það að renna út 1. janúar 1993. Því gæti ekki orðið um raunverulega þátttöku að ræða fyrr en ný verkefni, annaðhvort á grunni þeirra sem nú er unnið að eða annars konar verkefni, hæfust og rétt væri að miða við 1. janúar 1995. Gert er ráð fyrir að EFTA-ríki taki frá gildistöku samningsins þátt í skipulagningu og þróun verkefna bandalagsins á þessu sviði.

Samkvæmt 5. mgr. er gert ráð fyrir að umfangsmikið samstarf hefjist þegar við gildistöku samningsins, bæði á grundvelli starfsemi bandalagsins og einnig geti samningsaðilar haft frumkvæði um ný samstarfsverkefni.

Í 6. mgr. er sérstaklega vikið að samstarfi um málefni sem heyra undir Evrópumiðstöð um þróun starfsmenntunar (CEDEFOP). Hlutverk stofnunarinnar er að aðstoða framkvæmdastjórnina við eflingu og þróun starfsmenntunar og endurmenntunar. Hún á að stuðla að sameiginlegri starfsmenntastefnu og hvetja til upplýsingaskipta og samanburðar á reynslu. Stofnunin á að taka mið af þeim tengslum, sem eru milli starfsmenntunar og annarra hluta menntakerfisins. Ekki er ljóst með hvaða hætti samstarf EFTA-ríkja við CEDEFOP verður.

Starf stofnunarinnar til þessa hefur fyrst og fremst verið að lýsa og bera saman starfsmenntun í bandalagsríkjum EB.

Um 5. gr. bókunar 31
Félagsmál

Á sviði félagsmála utan fjórþætta frelsisins er gert ráð fyrir skoðanaskiptum og samstarfi í samræmi við 79. gr. samningsins, m.a. milli sérfræðinga. Samningsaðilar skulu einkum efla samstarf sitt á grundvelli þeirra EB-gerða, sem taldar eru upp í bókun 31 og er óskuldbindandi.

Gert er ráð fyrir að EFTA-ríkin taki þátt í samstarfi EB um málefni aldraðra frá gildistöku samningsins. Þetta samstarf felur einkum í sér fræðslu um starfslok og fundi um önnur málefni, sem varða aldraða.

Um önnur samstarfsverkefni á þessu sviði tekur sameiginlega EES-nefndin ákvörðun. EFTA-ríkin eiga að taka fullan þátt í störfum nefnda sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun og þróun áætlana á sviði félagsmála.

Loks er gert ráð fyrir að EFTA-ríkin taki þátt í starfi Dublin-stofnunarinnar frá gildistöku samningsins, en stofnunin vinnur að því að bæta lífskjör og vinnuumhverfi í Evrópu og eiga aðilar vinnumarkaðarins aðild að stjórn hennar.

Um 6. gr. bókunar 31
Neytendavernd

Í bókuninni segir m.a.: „Á sviði neytendaverndar skulu samningsaðilar auka skoðanaskipti sín í milli eftir viðeigandi leiðum, í þeim tilgangi að finna þau svið og starfsemi þar sem nánari samvinna myndi stuðla að því að markmið þeirra náist."

Í þessu sambandi er lögð áhersla á ályktun ráðsins um forgangsröð í framtíðinni til að endurvekja stefnu um neytendavernd, aðgerðaáætlun til þriggja ára um stefnu í neytendamálum í EB (1990-1992) og ályktun ráðsins um aukna þátttöku neytenda við gerð staðla.

Í ályktun ráðsins um forgangsröð í framtíðinni er aðalmarkmiðið að tryggja heilsu, öryggi og hagsmuni neytenda og efla fræðslu til þeirra. Vinna þarf að því að afgreiða endanlega þær tillögur sem fram hafa komið er varða neytendur, s.s. aukin áhrif neytenda á staðla, tryggja öryggi vara og þjónustu, halda áfram með EHLASS-slysaskráningarkerfið, svo og upplýsingakerfið varðandi hættulegar vörur á markaðinum, auðvelda neytendum aðgang að dómskerfinu, fullgera tilskipunina varðandi óréttmæta samningsskilmála, auka þekkingu neytenda hvað varðar tækninýjungar og efla vitund þeirra gagnvart óréttlátum auglýsingum.

Flestir þessara málaflokka eru þegar til umfjöllunar á ýmsum stigum innan EB og hér á landi er verið eða stendur til að semja frumvörp varðandi sum þessara mála og munum við í framtíðinni væntanlega fylgja þróuninni í Evrópu.

Liðið er á seinni hlutann í þriggja ára áætluninni og má reikna með að ný áætlun verði kynnt á þessu ári.

Í ályktuninni um staðlamál eru ákvæði um að auka eigi áhrif neytenda á staðlavinnuna heima fyrir með setu þeirra í staðlaráðum og -stofnunum og eins að þeir eigi sína fulltrúa í evrópskum og alþjóðlegum staðlasamtökum.

Í fjölþjóðasamstarfi hefur að undanförnu verið lögð mikil áhersla á aukið vægi staðla í tengslum við öryggi framleiðsluvara. Þar af leiðandi hafa fulltrúar neytenda farið að hafa meiri afskipti af staðlavinnunni til að hafa áhrif á það að staðlar hljóti ekki samþykki nema þeir uppfylli vissar kröfur.

Síðastliðin tvö ár hefur verið til umfjöllunar á Alþingi frumvarp til laga um stöðlun. Í frumvarpi þessu segir m.a. að í starfi Staðlaráðs sé tekið tillit til hagsmuna neytenda og er gert ráð fyrir að neytendur eigi fulltrúa í ýmsum nefndum ráðsins. Ef frumvarp þetta verður að lögum þá munu áhrif neytenda á staðlavinnuna hér á landi aukast og er það í fullu samræmi við þróunina annars staðar. Lög nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum eru nú í endurskoðun og munu verða sett ný lög um öryggi framleiðsluvöru. Til að framfylgja ákvæðum þessarar tilskipunar er eðlilegt að setja reglugerð á grundvelli laga um öryggi framleiðsluvöru.

Um 7. gr. bókunar 31
Lítil og meðalstór fyrirtæki

Evrópubandalagið skilgreinir lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) þannig að það séu fyrirtæki með færri en 500 starfsmenn og nettó fastafjármuni innan við 5,3 milljarða kr. (75 millj. ECU). Jafnframt er skilyrði að minna en 33% af hlutafé viðkomandi fyrirtækis sé í eigu stærri fyrirtækja en áðurnefnd mörk segja til um. Samkvæmt þessari skilgreiningu eru LMF um 95% af heildarfjölda fyrirtækja innan bandalagsins. Nær öll fyrirtæki á Íslandi eru innan þessara marka.

Árið 1986 kynnti framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins sérstaka áætlun um lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) innan bandalagsins. Áætlunin hafði þau aðalmarkmið að skapa hagstætt starfsumhverfi fyrir atvinnulíf innan bandalagsins og veita LMF aukna þjónustu sem stuðlað gæti að aukinni nýsköpun og aukinni framþróun þeirra, jafnhliða því að gera þau hæfari til að takast á við aukna samkeppni vegna innri markaðarins eftir 1993. Áhersla var lögð á að lækka útgjöld fyrirtækja með því að einfalda lög og reglugerðir. Reynt er að fjölga tækifærum í rannsóknum og þróun og efla samstarf

Samvinna innan EB um bættar starfsaðstæður lítilla og meðalstóra fyrirtækja hefur einkum farið fram með því:

1. Að aflétta óeðlilegum hömlum á sviði stjórnunar, fjármála og laga er varða fyrirtæki og örva þannig myndun og þróun þeirra;
2. að miðla upplýsingum og aðstoð til fyrirtækja um stefnu og áætlanir bandalagsins, reglugerðir og framkvæmdir;
3. að hvetja til samstarfs á milli fyrirtækja, sérstaklega LMF, frá hinum ýmsu svæðum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í EES-samningnum eru um 6 gerðir um þetta efni.

Starfandi verður sérstök sérfræðinganefnd í málefnum LMF. Meginverkefni sérfræðinganefndarinnar verða að móta stefnu í málefnum LMF, sem tekur mið af EES-samningnum, og stuðlar að aukinni samvinnu fyrirtækja í tengslum við verkefni bandalagsins og við miðlun upplýsinga. Megináhersluatriði eru eftirfarandi:

1. Aukið samstarf (m.a. BC-NET);
2. upplýsingamiðlun (m.a. Euro-Info);
3. rannsóknir og tækniþróun;
4. fjármögnun.

Á hverju þessara sviða eru svo ótal verkefni sem hér er gerð grein fyrir í stuttu máli.

1. Aukið samstarf

Aukin samvinna getur haft margvíslega kosti fyrir fyrirtæki, m.a. dreifingu áhættu, nýtingu á hagkvæmni stærðarinnar, nýtingu tæknikunnáttu, markaðssamstarf og samstarf um að koma framleiðslu á erlenda markaði. Dæmi um verkefni á þessu sviði er BC-NET-verkefni bandalagsins en í mars sl. gerðust EFTA-þjóðirnar aðilar að verkefninu. Iðntæknistofnun Íslands annast samskipti fyrir hönd Íslands, en rúmlega 460 slíkir aðilar eru starfandi innan bandalagsins. Innan kerfisins, sem er tölvutengt upplýsingakerfi, geta fyrirtæki leitað eftir samstarfi og upplýsingum. Ennfremur skal minnst á verkefni s.s. Europartnership sem hvetur til samstarfs á milli svæða sem standa höllum fæti og þeirra sem standa betur, Evrópskt fjárhagslegt hagsmunafélag (European Economic Interest

Grouping, EEIG) sem gerir aðilum kleift að stofna fjárhagslega sjálfstæða fyrirtækjahópa. Ennfremur má nefna verkefni um undirverkastarfsemi milli ríkja.

2. Upplýsingamiðlun

EB hefur lagt mikla áherslu á að auka upplýsingamiðlun, ekki síst til og á milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í því sambandi hafa verið settar á stofn sérstakar upplýsingaskrifstofur, svokallaðar Euro-Info-Centers, EIC. Þær eiga að miðla upplýsingum um allt er varðar EB, s.s. varðandi lán og stuðning EB, rannsókna- og þróunarverkefni, opinber útboð o.fl. EB gefur auk þess út handbók fyrir stjórnendur, með hagnýtum upplýsingum um verkefni á vegum EB er lúta að LMF. Fyrirtæki geta einnig nálgast upplýsingar um EB í gegnum gagnabanka sem staðsettir eru víða innan bandalagsins.

3. Rannsóknir og tækniþróun

Árið 1990 kynnti EB aðgerðir á sviði rannsókna og tækniþróunar sem gætu orðið til eflingar LMF. Helstu atriðin eru:

1. Hvetja LMF til þátttöku í rannsóknum;
2. miðlun upplýsinga á niðurstöðum rannsókna og tækniverkefna;
3. hvetja til starfsemi með áhættufjármagn;
4. mynda ný verkefni sem m.a. tengjast upplýsingamiðlun, þjálfun starfsmanna og samstarfi fyrirtækja. Ennfremur eru margvísleg verkefni í gangi á þessu sviði, s.s. ESPRIT um þróun upplýsingatækni, BRITE um grunnrannsóknir í þágu iðnþróunar og EUREKA um samstarf í hátækni, COMETT til að styrkja tengsl háskóla og fyrirtækja og SPRINT um nýsköpun og tæknivæðingu, auk fjölda annarra verkefna. Eins og kom fram í athugasemdum við 1. og 4. gr. bókunar 31 er Ísland þegar aðili að sumum þessara verkefna.

4. Fjármögnun

EB hefur ennfremur verkefni á sviði fjármögnunar, m.a. til að auðvelda LMF aðgang að fjármagni, sérstaklega í gegnum hin ýmsu verkefni. Í þessu sambandi má nefna starfsemi Fjárfestingarbanka Evrópu sem lánar til ákveðinna byggðasvæða gegnum viðkomandi svæðisbanka og NIC (New community Instruments) sem eru sérstök lán til LMF, s.s. vegna endurskipulagningar, rannsókna o.fl. Fjárfestingarbankinn sér einnig um þessi lán. Ennfremur er um fjármálaráðgjöf að ræða og áhættufé, s.s. með verkefninu EUROTEC CAPITAL.

Með tilkomu innri markaðarins 1993 mun samkeppni á markaði almennt aukast í Evrópu. Með aðild að EES gefast atvinnulífi auknir möguleikar til þátttöku í hinum ýmsu verkefnum EB á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja auk annarra áhersluþátta sem áður hafa verið taldir upp. Starfsskilyrði fyrirtækja hér á landi munu því þróast í samræmi við þessar áherslur. Helstu breytingar verða þær að möguleiki íslenskra fyrirtækja til þátttöku í hinum ýmsu verkefnum EB á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja vex til muna. Íslensk fyrirtæki geta því nýtt sér verkefni EB á þessu sviði og það mun væntanlega leiða til aukinnar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki verður að telja að einungis sé um kosti fyrir íslensk fyrirtæki að ræða þar sem viðbótarmöguleikar eru verulegir á þessu sviði sem fyrirtæki geta valið að nýta sér eða ekki, allt eftir aðstæðum. Mikilvægt er þó að fyrirtækin sjálf geri sérstakar ráðstafanir sem allra fyrst til þess að fylgjast reglubundið og

markvisst með þeim möguleikum og tækifærum sem skapast á þessu sviði. Fyrstu skrefin þurfa ekki að vera stór, en þó er mikilvægt að þau séu stigin sem allra fyrst, t.d. ákveðinn tími vikulega eða mánaðarlega til upplýsingaöflunar á þessu sviði.

Um 8. gr. bókunar 31
Ferðamál

Eins og hér kemur fram er ekki ákveðið um hvað samstarfið á þessu sviði kemur til með að snúast, en samningsaðilar vilja vinna saman að bættum hag ferða iðnaðarins.

Hjá EB hefur að undanförnu verið til umfjöllunar tillaga að framkvæmdaáætlun um ferðamál sem framkvæmdastjórnin hefur lagt fram. Þessi áætlun hefur ekki verið samþykkt ennþá, en það verður væntanlega á þessu ári. Í áætluninni er gert ráð fyrir aðgerðum sem framkvæmdastjórnin ákveður og koma til viðbótar við það sem gert er í hverju landi, en forræði þessara mála er í höndum stjórnvalda. Líklegt er að samstarfið innan EES á þessu sviði taki mið af henni og því þykir rétt að skýra hér frá helstu atriðum hennar:

1. Ýmsar almennar aðgerðir:
   a) Þróun hagskýrslna á sviði ferðamála;
   b) viðræður við aðila í ferðaiðnaði;
   c) samræmd stefnumörkun;
   d) lenging ferðamannatímans;
   e) aukin neytendavernd.
2. Aðgerðir til að auka ferðamannastraum innan bandalagsins:
   a) Ferðir með menningarlegu markmiði;
   b) ferðaiðnaðurinn og umhverfið;
   c) ferðaþjónusta í sveitum;
   d) æskulýðsferðir og ferðir á félagslegum grunni;
   e) náms- og kynnisferðir;
   f) markaðssetning Evrópu utan álfunnar;
   g) samstarfsverkefni sem mörg lönd taka þátt í.

Í Maastricht-samkomulaginu er gert ráð fyrir að EB fái formlega rétt til að stofna til verkefna og efla samstarf bandalagsríkjanna á sviði ferðaiðnaðarins.

Um 9. gr. bókunar 31
Hljóð- og myndmiðlun

Samkvæmt þessari grein fá EFTA-ríkin aðild að MEDIA 95, áætlun EB um þróun hljóð- og myndmiðlunar. Þegar eru hafnar viðræður milli EB og EFTA-ríkjanna á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar um aðild hinna síðarnefndu að þessu samstarfi og er jafnvel gert ráð fyrir að samist hafi um þátttöku EFTA-ríkjanna áður en EES-samningurinn gengur í gildi.

Media-áætluninni er skipt í nokkra ólíka samstarfsþætti:

1. Dreifingu kvikmynda og myndbanda og stuðning við framleiðslu sjónvarpsefnis á fleiri en einu tungumáli. Einnig er sjálfstæðum framleiðendum veittur styrkur.
2. Eflingu þekkingar á framleiðslutækni, t.d. handritsgerð og notkun nýrrar tækni við framleiðslu.
3. Könnun nýrra fjármögnunarleiða.

4. Samstarfsverkefni til að auka menntun og færni þeirra, sem fást við framleiðslu kvikmynda og myndbanda.
5. Stuðning við lönd sem eru fremur stutt á veg komin í þróun hljóð- og myndmiðlunar og gæti þetta komið Íslandi til góða. Einkum eru studd verkefni sem fleiri en eitt land taka þátt í og er sérstaklega gert ráð fyrir að kvikmyndagerðarmenn frá smærri löndum komi þar við sögu.

Um 10. gr. bókunar 31
Almannavarnir

Hér er gert ráð fyrir að samningsaðilar efli samstarf sitt innan ramma starfsemi EB, einkum á grundvelli ályktunar ráðsins frá 1989.

Ályktunin gerir ráð fyrir samstarfi til að bregðast við náttúruhamförum, umhverfisslysum vegna eiturefna og iðnaðarslysum.

EB hefur þegar komið á tenglaneti þeirra opinberu aðila í löndum bandalagsins sem bera ábyrgð á almannavörnum, og lögð er áhersla á aukna upplýsingamiðlun vegna hamfara og umhverfisslysa, bæði milli opinberra aðila og til almennings.

Hættuástand, sem krefst sameiginlegra viðbragða í aðildarlöndum EB, getur oft haft áhrif í EFTA-ríkjunum og þess vegna er það áhugamál EFTA-ríkjanna að gerast aðilar að þessu samstarfi.

EB-ráðið hefur ákveðið að taka upp sameiginlegt neyðarsímanúmer, númerið 112, í síðasta lagi 31. desember 1995 og er samkomulag um að EFTA-ríkin geri það sama.

Um 85. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 86. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 87. gr.

Þessi grein veitir samningsaðilum heimild til að fjölga þeim sviðum sem samstarf þeirra utan marka fjórþætta frelsisins tekur til. Í samningaviðræðunum var t.d. talað um menningarmál í þessu sambandi. Maastricht-samkomulagið gerir ráð fyrir nánara samstarfi EB-ríkja á þessu sviði.

Samningnum um EES fylgir sameiginleg yfirlýsing samningsaðila um að þeir stefni að því að styrkja og auka samstarf sitt á sviði menningarmála.

Um 88. gr.

Hér er lögð áhersla á að einstakir samningsaðilar geti einhliða komið á fót starfsemi á þeim sviðum sem tiltekin eru í 78. gr. án þess að hún verði hluti af samningnum.

Um VII. hluta
Ákvæði um stofnanir

Um 1. kafla
Skipulag samstarfsins

Það var frá upphafi yfirlýst markmið EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins að með stofnun Evrópska efnahagssvæðisins væri ekki ætlunin að setja á stofn nýjar alþjóðastofnanir sem kölluðu á framsal valds frá stofnunum EB og þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Stjórnun svæðisins byggist því á tveimur stoðum, Evrópubandalaginu annars vegar og EFTA-ríkjunum hins vegar. Þess ber að gæta að grundvallarmismunur er á stjórnskipun Evrópubandalagsins og samstarfi EFTA-ríkjanna í tengslum við Evrópska efnahagssvæðið.

Evrópubandalagið byggist á stjórnskipun þar sem aðildarríkin taka ákvarðanir um samskipti sín í sameiginlegum stofnunum. Framkvæmdastjórn bandalagsins, sem hefur sjálfstætt ákvörðunarvald gagnvart aðildarríkjunum, hefur frumkvæði að undirbúningi að þeim reglum sem gilda eiga í samskiptum aðildarríkjanna. Ráðherraráð EB setur reglurnar en ráðfærir sig áður við Evrópuþingið. Framkvæmdastjórnin hefur jafnframt sjálfstætt eftirlit með því að EB-reglum sé framfylgt. Fari aðildarríkin ekki eftir þeim reglum eða ef ágreiningur er um hvernig túlka á reglurnar er málinu vísað til dómstóls Evrópubandalagsins, en aðildarríkjunum er skylt að fylgja niðurstöðum hans.

Evrópubandalagið hefur vald til að gera samninga við ríki utan bandalagsins á þeim sviðum sem Rómarsamningurinn nær til og er það því sjálfstæður aðili að samningnum. Ástæðan fyrir því að EB-ríkin sjálf eru einnig aðilar að EES-samningnum er hins vegar sú að nokkur samstarfssvið sem samningurinn nær til falla utan valdsviðs EB.

EFTA eða Fríverslunarsamtök Evrópu eru ekki sem slík aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, heldur er sérhvert EFTA-ríki sjálfstæður aðili. Samstarf EFTA-ríkjanna samkvæmt EES-samningnum verður ekki í höndum EFTA-ráðsins. Settar verða upp nýjar nefndir og stofnanir EFTA-ríkjanna, fastanefnd EFTA, eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóll sem eingöngu tengjast samstarfi EFTA-ríkjanna vegna Evrópska efnahagssvæðisins. EFTA-ráðið mun hins vegar áfram fjalla um annað samstarf EFTA-ríkjanna, eins og t.d. samstarf við ríki Austur-Evrópu.

Þegar skipulag EES-samstarfsins er skoðað verður að hafa í huga tengsl EB-réttar og EES-samningsins. Þegar Evrópubandalagið gerir samninga við ríki utan bandalagsins verða samningarnir, þegar þeir hafa verið fullgiltir innan EB, hluti af réttarreglum EB. Þannig verður EES-samningurinn hluti af EB-rétti. Það eru því stofnanir EB sem tryggja framkvæmd EES-samningsins innan bandalagsins á sama hátt og annarra EB-reglna. Stofnanir EFTA eiga hins vegar að tryggja framkvæmd samningsins í EFTA-ríkjunum. Sameiginlegar ákvarðanir fyrir Evrópska efnahagssvæðið verða teknar í sameiginlegum stofnunum EES.

Um 1. þátt
EES-ráðið

Um 89. gr.

Stjórnmálaleg yfirstjórn EES-samningsins verður í höndum EES-ráðsins. Þar sitja fulltrúar EB-ráðsins, þ.e. ráðherrar aðildarríkja EB og fulltrúar framkvæmdastjórnar EB, og ráðherrar EFTA-ríkjanna.

Mál sem koma upp á meðal samningsaðila má taka upp millilíðalaust í EES-ráðinu, sbr. almenna reglan um upptökurétt í 5. gr. samningsins. Sérhver samningsaðili getur því tekið upp mál á fundi ráðsins sem aðildarríki EB taka þátt í og jafnvel kallað til sérstaks fundar vegna þessa, sbr. 91. gr. Gert er ráð fyrir að vandamál séu fyrst rædd í sameiginlegu EES-nefndinni.

Um 90. gr.

Ákvarðanir ráðsins eru fyrst og fremst stjórnmálalegar, en ekki bindandi í lagalegri merkingu. Fram að töku ákvarðana getur hvert ríki talað fyrir sig, en þegar ákvörðun er tekin er gert ráð fyrir að EFTA-ríkin mæli einum rómi. Ákvarðanir ráðsins eru teknar samhljóða af EFTA-ríkjunum sem hópi annars vegar og EB hins vegar.

Um 91. gr.

EES-ráðinu ber að koma saman tvisvar á ári. Gert er ráð fyrir að í starfsreglum ráðsins verði settar reglur um möguleika til að halda fleiri fundi þegar aðstæður krefjast þess. Í samþykkt vegna 2. mgr. 91. gr. er gert ráð fyrir að orðalagið „þegar aðstæður krefjast „nái til þeirra aðstæðna þegar samningsaðili nýtir sér rétt til upptöku vegna sérstaks vandamáls í samræmi við 2. mgr. 89. gr.

Um 2. þátt
Sameiginlega EES-nefndin

Um 92. gr.

Sameiginlega EES-nefndin er helsti vettvangur fyrir samráð og samstarf samningsaðilanna. Þar sitja fulltrúar samningsaðila, venjulega embættismenn frá EFTA-ríkjunum annars vegar og fulltrúar framkvæmdastjórnar EB hins vegar. Ef mál sem tekin eru fyrir í nefndinni falla utan valdsviðs EB taka fulltrúar aðildarríkja EB fullan þátt í störfum nefndarinnar.

Hlutverk sameiginlegu EES-nefndarinnar er að tryggja virka framkvæmd samningsins og taka ákvarðanir um nauðsynlegar breytingar á viðaukum og bókunum við samninginn sbr. ákvæði 102. gr.

Sameiginlega EES-nefndin fjallar um hugsanleg deilumál um túlkun á samningnum og reglum sem á honum byggjast, sbr. 105. og 111. gr. samningsins.

Einnig skal í sameiginlegu nefndinni fjalla um öll þau mál er valda vandkvæðum í samskiptum samningsaðila, sbr. 5. gr. samningsins.

Um 93. gr.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar eru teknar samhljóða. Kveðið er á um að EFTA-ríkin eigi að mæla einum rómi við ákvarðanatöku. Það breytir ekki því að sérhvert EFTA-ríki hefur neitunarvald. Ef eitt ríki beitir neitunarvaldi þýðir það að engin ákvörðun verður tekin. Sjá nánar um ákvarðanatöku í athugasemdum við 97.-104. gr.

Um 94. gr.

Gert er ráð fyrir að sameiginlega nefndin komi saman ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði, en oftar ef þörf krefur. Í samþykkt vegna 3. mgr. 94. gr. er gert ráð fyrir að sameiginlega nefndin taki ákvörðun um skipun undirnefnda og starfshópa á einum af sínum fyrstu fundum.

Um 3. þátt
Samvinna þingmanna

Um 95. gr.

Í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni sitja 33 þingmenn frá þingi Evrópubandalagsins og 33 þingmenn samtals frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Þingmenn frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna verða tilnefndir af þjóðþingunum sjálfum.

Hlutverk sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar er að stuðla að auknum skilningi milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna á þeim sviðum sem samningurinn nær til. Þar eð löggjafarvald verður ekki flutt frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna eða stofnunum bandalagsins til stofnana EES hefur sameiginlega þingmannanefndin fyrst og fremst ráðgjafar-, og eftirlitshlutverk.

Stofnsamþykkt sameiginlegu þingmannanefndarinnar er að finna í bókun 36. Nefndin setur sér sjálf starfsreglur.

Sérstakur samningur verður gerður á meðal EFTA-ríkjanna um störf nefndar EFTA-þingmanna sem sitja í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni.

Um bókun 36
Stofnsamþykkt sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar

Sjá athugasemdir við 95. gr.

Um 4. þátt
Samvinna aðila er starfa á sviði efnahags- og félagsmála

Um 96. gr.

Í ráðgjafarnefnd EES sitja jafnmargir fulltrúar frá efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalagsins, þar sem sitja fulltrúar atvinnulífsins í EB-ríkjunum annars vegar, og úr ráðgjafarnefnd EFTA hins vegar. Ráðgjafarnefnd EFTA er sett upp af EFTA-ríkjunum. Þar sitja fulltrúar atvinnulífsins frá ýmsum samtökum, en þátttakendurnir eru tilnefndir persónulega. Ráðgjafarnefnd EFTA tilnefnir þátttakendur í ráðgjafarnefnd EES.

Ráðgjafarnefnd EES á að auka skilning á efnahagslegum og félagslegum þáttum innan EES. Nefndin hefur ráðgefandi hlutverk við framkvæmd og þróun EES-samstarfsins.

Um 2. kafla
Tilhögun ákvarðanatöku

Ein af meginforsendum fyrir sameiginlegum markaði á Evrópska efnahagssvæðinu er að sömu reglur og samkeppnisskilyrði gildi á öllu svæðinu. Þar sem sömu reglur gilda að hluta til innan EB og EES verður að vera samkomulag um breytingar og þróun reglnanna í ljósi framfara á þeim sviðum sem samningurinn nær til.

Eitt grundvallarskilyrði við gerð samningsins var að samningsaðilar EB og sérhvert EFTA-ríki héldu sjálfræði sínu til ákvarðanatöku. Ákvarðanir um nýjar eða breyttar EES-reglur verður því að taka samhljóða og löggjafarvald er alfarið í höndum stofnana samningsaðila, þ.e. hjá EFTA-ríkjunum í höndum þjóðþinganna. Þar eð ekki er framselt löggjafarvald til stofnana EES er hver ný ákvörðun um breytingu á EES-reglum því nýr þjóðréttarsamningur.

Um 97. gr.

Samningsaðilar geta breytt innri löggjöf sinni og á það bæði við um EB-löggjöf og landslög á efnissviði samningsins, ef sameiginlega EES-nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að hin nýja löggjöf skaði ekki framkvæmd EES-samningsins eða ef reglur um ákvarðanatöku nýrra EES-reglna sem byggjast á EB-reglum hafa verið fullreyndar. Samkvæmt þessari grein getur EB því sett nýjar reglur sem EFTA-ríkin samþykkja ekki að taka upp, og sama gildir um réttinn til að setja innlenda löggjöf í EFTA-ríkjunum. Skilyrði er að jafnræðisreglunni sé beitt, þ.e. að allir samningsaðilar sitji við sama borð gagnvart hinum nýju reglum og að öllum samningsaðilunum hafi verið tilkynnt um löggjöfina.

Um 98. gr.

Þær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fjallað er um í þessum kafla varða breytingar á viðaukum og bókunum þeim sem taldar eru upp í greininni. Sameiginlega EES-nefndin getur ekki tekið ákvarðanir um breytingar á meginmáli samningsins eða þeim bókunum sem ekki eru tilgreindar í greininni. Fyrir slíkar breytingar þarf að kalla til ríkjaráðstefnu. Í báðum tilvikum verða skilyrði stjórnskipunarreglna hjá hverjum samningsaðila að vera uppfyllt, sbr. 103. gr.

Um 99. gr.

Meðferð á tillögum um nýjar EB-gerðir (reglugerðir, tilskipanir o.s.frv.) og samsvarandi EES-reglur mótast óhjákvæmilega af þeirri stjórnskipun sem fyrir hendi er innan EB. Tillögur verða teknar fyrir samhliða í stofnunum EB og EES. EFTA-ríkin tala almennt einni röddu í sameiginlegu nefndinni og hafa því samráð sín á milli í fastanefnd EFTA. Samráð og upplýsingaskipti á milli EB og EFTA-ríkjanna fara síðan fram í sameiginlegu EES-nefndinni þar sem endanleg ákvörðun um EES-reglur er tekin.

Hugmyndum EFTA-ríkjanna að nýjum EES-reglum er hægt að koma á framfæri í sameiginlegu EES-nefndinni. Innan EB hefur framkvæmdastjórnin ein rétt til að setja fram tillögur til EB-ráðsins um nýjar EB-reglur. Aðildarríki EB hafa ekki slíkan tillögurétt að nýjum reglum innan EB.

Strax og undirbúningur hefst að nýrri tillögu um breyttar eða nýjar EB-reglur sem einnig varða efnissvið EES-samningsins ber framkvæmdastjórn EB að leita óformlega ráða hjá sérfræðingum EFTA-ríkjanna á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkja EB við mótun tillagnanna. Við undirbúning tillögu er leitað til sérfræðinga sem sjálfstæðra aðila en ekki sem fulltrúa hvers lands. Sérfræðingar frá EFTA-ríkjunum geta því á frumstigi komið að áliti sínu áður en formleg tillaga er lögð fram um nýja löggjöf innan EB og þar með komið í veg fyrir vandamál á síðari stigum.

Þegar tillaga framkvæmdastjórnar EB er formlega lögð fram til EB-ráðsins er afrit af henni jafnframt sent til EFTA-ríkjanna. Umræður um tillöguna á milli EB og EFTA-ríkjanna fara fram í sameiginlegu EES-nefndinni strax og einhver samningsaðili óskar þess. Stöðugt samráð og upplýsingaskipti um tillöguna og breytingartillögur á henni eða með öðrum orðum samningaviðræður fara fram þar til ákvörðun er tekin.

EFTA-ríkin tala almennt einum rómi í sameiginlegu EES-nefndinni. Samráð EFTA ríkjanna um tillögu að nýjum EES-reglum fer fram í fastanefnd-EFTA til undirbúnings fyrir samninga í sameiginlegu EES-nefndinni. Engar formlegar ákvarðanir um EES-reglur eru teknar í fastanefnd EFTA. Formlegar ákvarðanir um EES-reglur eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni.

Um 100. gr.

Í mörgum EB-tilskipunum sem kalla á tíðar og tæknilegar breytingar, er framkvæmdastjórninni heimilað að setja framkvæmdareglur innan afmarkaðs sviðs án þess að bera þær undir EB-ráðið. Á þeim sviðum þar sem framkvæmdastjórninni er falið slíkt vald eru yfirleitt settar á stofn sérfræðinganefndir með fulltrúum aðildarríkjanna sem framkvæmdastjórninni ber skylda til að bera tillögur sínar undir. Sérfræðinganefndirnar eru ýmist ráðgefandi eða ákvarðandi. Í fyrra tilfellinu ber framkvæmdastjórninni að taka tillit til niðurstöðu nefndarinnar að því marki sem við á. Í síðara tilfellinu ber framkvæmdastjórninni að fara eftir áliti nefndarinnar, en að öðrum kosti ber henni að leggja tillögu sína fyrir EB-ráðið til ákvörðunar. Þetta samspil EB-ráðsins, framkvæmdastjórnar og sérfræðinganefnda er innan EB nefnt „comitology".

Á þeim sviðum þar sem framkvæmdastjórn EB hefur verið falið að setja framkvæmdareglur og henni ber að ráðfæra sig við sérfræðinganefndir EB um undirbúning að drögum að nýjum reglum ber henni einnig að ráðfæra sig við sérfræðinga EFTA-ríkjanna. Ef tillögur framkvæmdastjórnarinnar fara fyrir EB-ráðið ber henni einnig að leggja álit sérfræðinga EFTA-ríkjanna fyrir ráðið.

Samkvæmt yfirlýsingu EB við EES-samninginn um framkvæmd á þátttöku sérfræðinga EFTA í EB-nefndum taka sérfræðingar EFTA þátt í óformlegum störfum EB-nefndanna eins lengi og nauðsynlegt er eða þangað til framkvæmdastjórnin telur tímabært að leggja tillögu sína formlega fyrir EB-nefndina til atkvæðagreiðslu. Óformlegt starf nefndanna getur tekið allt frá einni viku til meira en eins árs eða eftir því hve langan tíma tekur að komast að viðunandi niðurstöðu. Sérfræðingar EFTA-ríkjanna geta ekki tekið þátt í formlegum störfum EB-nefndanna, þar með talinni atkvæðagreiðslu um niðurstöðu nefndarinnar.

Ef upp kemur vandamál á sérfræðingastigi um afstöðu til nýrra reglna er hægt samkvæmt 5. gr. EES-samningsins að taka það upp til umræðu í sameiginlegu EES-nefndinni.

Þær ákvarðanir um framkvæmdareglur sem innan EB falla undir valdsvið framkvæmdastjórnar EB, verða innan EES teknar í sameiginlegu EES-nefndinni eins og ákvarðanir um aðrar EES-reglur.

Um 101. gr.

Sérfræðingar EFTA-ríkjanna taka almennt fullan þátt í þeim nefndum sem starfa vegna rammaáætlana EB á ýmsum samstarfssviðum utan fjórfrelsisins. Um þær nefndir er fjallað í 81. gr. samningsins.

Aðrar nefndir, þar sem mikilvægt er vegna framkvæmdar á samningnum að sérfræðingar allra aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna taki þátt í eru taldar upp í bókun 37. Þar er að finna átta nefndir, t.d. vísindanefnd um matvæli og framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega. Sameiginlega EES-nefndin getur tekið ákvörðun um að bæta nefndum á listann ef þörf krefur. Nánar er kveðið á um þátttöku og samstarf EFTA- og EB-sérfræðinganna í þeim viðaukum sem fjalla um viðkomandi svið.

Um bókun 37
Skrá sem kveðið er á um í 101. gr.

Sjá athugasemdir við 101. gr.

Um 102. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga eingöngu við um breytingar eða nýjar reglur í viðaukum við EES-samninginn. Greinin gildir því ekki um breytingar á meginmáli samningsins og bókunum við hann.

Tilgangur með samráði og upplýsingaskiptum samningsaðila um þær reglur sem greinir í viðaukum við samninginn er að þeir geri sitt besta til að greiða fyrir ákvarðanatöku um sameiginlegar reglur. Náist samkomulag er ákvörðun í sameiginlegu EES-nefndinni tekin eins fljótt og hægt er eftir að EB er búið að taka sína ákvörðun um nýja eða breytta reglu.

Ákvarðanir í sameiginlegu EES-nefndinni eru teknar samhljóða. Ef eitt EFTA-ríki styður ekki ákvörðun verður hún ekki tekin. Ef ekki næst samkomulag um nýjar reglur og sérstaklega ef þjóðþing EFTA-ríkjanna samþykkja ekki nýjar reglur ber sameiginlegu EES-nefndinni að leita annarra lausna sem ekki skaða framkvæmd samningsins og komið geta í stað sameiginlegu reglnanna. Hugsanlegt er að sæst yrði á undanþágur eða að hægt væri að una við frávik, t.d. að í gildi séu sambærilegar reglur hjá samningsaðilum þótt þær séu ekki eins. Ákvarðanir um sameiginlegar reglur eða aðrar lausnir verður að taka innan sex mánaða frá því að EB-ráðið hefur sent ákvörðun sína til sameiginlegu EES-nefndarinnar eða ekki síðar en en EB-reglurnar taka gildi.

Samningsaðilar halda rétti sínum til ákvörðunar um nýjar reglur á samningssviðinu ef ekki næst samkomulag, sbr. 97. gr. Vegna þess ójafnvægis sem upp getur komið, t.d. ef í gildi eru nýjar reglur innan EB og gömlu EES-reglurnar gilda á milli EB og EFTA-ríkjanna, er gert ráð fyrir að framkvæmd frestist til bráðabirgða á þeim reglum sem samningsaðilar hafa samþykkt að nýjar reglur hafi bein áhrif á. Umfang frestunarinnar fer því eftir samkomulagi samningsaðila og hún getur aðeins náð til þeirra gerða (reglugerða, tilskipana o.s.frv.) sem eru í viðaukum við EES-samninginn en ekki til meginmáls og bókana samningsins. Frestun á framkvæmd EES-reglna tekur ekki gildi fyrr

en sex mánuðum eftir að þeir sex mánuðir eru liðnir sem gefnir eru til að reyna að ná samkomulagi eftir að EB-ráðið hefur tekið ákvörðun um sínar innri reglur.

Ljóst er að það er hagur allra samningsaðila að ekki komi til slíkrar frestunar á framkvæmd á EES-reglum, einnig þeirra sem setja vilja nýjar reglur sem geta leitt til frestunarinnar. Samningsaðilar hafa staðfest þessa afstöðu til frestunar í samþykkt vegna 111. gr. samningsins sem fjallar um úrlausn deilumála. Þar kemur einnig fram að forðast skuli af fremsta megni að beita frestun.

Sameiginlega EES-nefndin getur tekið ákvörðun um að framkvæmdinni verði ekki frestað þótt ekki hafi náðst samkomulag. Komi hins vegar til hennar tekur hún gildi í fyrsta lagi tólf mánuðum eftir að ákvörðun EB um nýjar reglur kom til sameiginlegu EES-nefndarinnar en aldrei fyrr en nýju reglurnar öðlast gildi innan EB.

Komi til frestunar á framkvæmd EES-reglna munu einstaklingar og fyrirtæki halda þeim réttindum sem þau hafa áunnið sér á grundvelli gömlu EES-reglnanna. Hins vegar er ekki hægt að byggja rétt á eldri reglum sem framkvæmd er frestað á þótt áætlanir hafi byggst á þeim. Þannig getur útlendingur haldið atvinnuleyfi sínu í því landi þar sem hann starfar, en hins vegar getur útlendingur sem gert hefur ráðstafanir til að hefja störf í öðru landi ekki fengið atvinnuleyfi ef ráðningarsamningur liggur ekki fyrir. Nokkur dæmi um áunnin réttindi sem halda sér þrátt fyrir frestun er að finna í samþykkt vegna 6. mgr. 102. gr.

Frestun á framkvæmd á hluta viðauka samkvæmt 5. mgr. 102. gr. samningsins felur ekki í sér að viðkomandi reglur séu felldar úr gildi heldur er framkvæmd ákvæðanna frestað til bráðabirgða. Það þarf því ekki að gera nýjan samning með tilheyrandi samþykki þjóðþinga til að endurvekja ákvæðin ef samkomulag næst í sameiginlegu EES-nefndinni. Leita ber áfram leiða til að hægt sé að falla frá frestun á framkvæmd ákvæðanna. Umfang og gildistöku bráðabirgðafrestunar ber að auglýsa á viðeigandi hátt.

Dæmi um frestun á framkvæmd gildandi þjóðréttarreglna er að finna í samningum EB við þriðju ríki og einnig í 31. gr. Stokkhólmssamningsins (Stofnsamningi EFTA). Þeim ákvæðum hefur þó aldrei verið beitt.

Um 103. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins taka ákvarðanir EES-nefndarinnar ekki gildi fyrir samningsaðila fyrr en að uppfylltum skilyrðum stjórnskipunarréttar hvers lands. Samkvæmt samþykkt með lokagerð samningsins vegna 103. gr. gilda ákvæði 1. mgr. einnig þegar EES-ráðið samþykkir ákvörðun. Samþykktin á eingöngu við þær ákvarðanir EES-ráðsins sem væru bindandi fyrir samningsaðilana, en almennt eru ákvarðanir ráðsins stjórnmálalegar.

Samkvæmt 21. gr. íslensku stjórnarskrárinnar verður að bera alla samninga, sem gerðir eru við önnur ríki, undir Alþingi ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Í framkvæmd hefur með hliðsjón af 21. gr. stjórnarskrárinnar verið metið hverju sinni hvaða samningar hafa verið lagðir fyrir Alþingi.

Ákvarðanir EES-nefndarinnar um nýjar eða breyttar gerðir sem svara til reglugerða eða tilskipana þarf að lögfesta sem slíkar eða að efni til. Þurfi að lögfesta ákvörðunina verður hún að fá þá stjórnskipulegu meðferð sem krafist er til lagasetningar. Allar þær ákvarðanir EES-nefndarinnar sem falla undir valdsvið Alþingis og lögfesta þarf verður því

að taka með fyrirvara um samþykki þingsins. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á EES-reglum sem falla undir valdsvið stjórnvalda eru hins vegar teknar upp í landsrétt með útgáfu stjórnvaldsreglna.

Samþykki Alþingi ekki ákvörðun EES-nefndarinnar tekur hún ekki gildi á Evrópska efnahagssvæðinu. Alþingi fær ákvörðunina til synjunar eða samþykktar sem og aðra þjóðréttarsamninga þar sem breytingar eins samningsaðila geta ekki bundið aðra samningsaðila.

Í 2. mgr. 103. gr. er gert ráð fyrir að ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar geti öðlast gildi til bráðabirgða að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, ef frestur verður á að einhverjir samningsaðilar uppfylli stjórnskipuleg skilyrði heima fyrir. Gildistaka til bráðabirgða myndi gilda fyrir alla samningsaðila. Þetta ákvæði var sett sérstaklega með það í huga að koma í veg fyrir að þjóðaratkvæðagreiðslur í Sviss tefðu framkvæmd samningsins. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar geta hins vegar ekki tekið gildi til bráðabirgða í sumum EFTA-ríkjunum nema til komi samþykki þjóðþinganna. Hafi þjóðþingin í þessum ríkjum ekki þegar samþykkt ákvarðanir EES-nefndarinnar verður aðildarríki að tilkynna sérstaklega að ekki sé unnt að láta ákvörðunina gilda til bráðabirgða. Skilyrði fyrir bráðabirgðagildistöku samkvæmt 2. mgr. 103. gr. er því að þjóðþing EFTA-ríkjanna sem þurfa að lögfesta ákvörðunina til að hún öðlist bein réttaráhrif (þ.á m. Ísland) hafi samþykkt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Sú ráðstöfun að tilkynna verði um að gildistaka til bráðabirgða geti ekki farið fram var sett inn sem málamiðlun þar sem nauðsynlegt var fyrir sum EFTA-ríkin að bráðabirgðagildistökunni yrði beitt sjálfkrafa eftir ákveðinn tímafrest. Tilkynning um að samþykki liggi ekki fyrir eða að bráðabirgðagildistaka geti ekki orðið getur leitt til þess að ákvæðum 5. mgr. 102. gr. um frestun á beitingu gildandi ákvæða verði beitt.

Um 104. gr.

Ákvarðanir sem teknar eru af sameiginlegu EES-nefndinni hafa einungis gildi að þjóðarétti. Það fer eftir réttarkerfi hvers lands hvernig þeim er komið í framkvæmd. Ákvarðanir sem svara til EB-reglugerða þarf að lögfesta í heild sinni, en ákvarðanir sem svara til EB-tilskipana þarf að lögfesta samkvæmt efni þeirra, sbr. 7. gr. samningsins.

Um 3. kafla
Einsleitni, tilhögun eftirlits og lausn deilumála

Dómstóll Evrópubandalagsins hafnaði með áliti nr. 1/91 14. desember 1991 stofnun sérstaks dómstóls fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt áliti EB-dómstólsins braut stofnun sérstaks EES-dómstóls í bága við Rómarsamninginn. Hann átti að dæma í málum sem vörðuðu eftirlit með fullnustu EES-reglna í EFTA-ríkjunum í deilumálum á milli EFTA-ríkjanna og í deilum EFTA-ríkjanna við EB. Taldi EB-dómstóllinn að þar sem EB reglur væru að stórum hluta teknar upp í EES-samninginn myndi valdsvið stofnana EB skerðast þar sem þær yrðu bundnar af túlkun annars dómstóls en EB-dómstólsins sjálfs á sínum eigin reglum. Brottfall EES-dómstólsins kallaði á nýjar lausnir um samræmda túlkun og úrlausn deilumála.

Samræmd túlkun, eftirlit og úrlausn deilumála er nú í höndum sameiginlegu EES-nefndarinnar, dómstóla Evrópubandalagsins og dómstóls EFTA-ríkjanna auk gerðardóms. Eftirlit með framkvæmd samningsins er í höndum framkvæmdastjórnar EB annars vegar og eftirlitsstofnunar EFTA hins vegar.

Um 1. þátt
Einsleitni

Um 105. gr.
(Viðbót við fyrri útgáfu skáletruð)

Sameiginlegu EES-nefndinni ber að fylgjast með dómsúrlausnum EB-dómstólsins og EFTA-dómstólsins með tilliti til þess hvort misræmi er í túlkun þessara tveggja dómstóla á ákvæðum EES-reglna og EB-reglna sem eru eins. Ef upp kemur slíkt misræmi í túlkun ber sameiginlegu nefndinni að gera ráðstafanir til að varðveita einsleita túlkun EES-samningsins. Til greina gæti komið að samið yrði um nýjar eða breyttar EES-reglur. Ef ekki næst samkomulag um lausn innan tveggja mánaða ber að beita málsmeðferð þeirri er 111. gr. kveður á um vegna úrlausnar deilumála.

Í síðara áliti EB-dómstólsins, 1/92, 10. apríl 1992, er tekið fram að ákvæði EES-samningsins um einsleitni og úrlausn deilumála, þ.e. 105. gr. og 111. gr., séu því aðeins samræmanleg Rómarsamningnum að regla *um að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í þessu tilliti megi ekki hafa áhrif á dómsúrlausnir EB-dómstólsins.* Álit dómstólsins varð tilefni bókunar 48 við samninginn varðandi 105. gr. og 111. gr. þar sem sama regla er tekin fram. Reglan í bókun 48 er staðfesting á þeirri túlkun samningsaðila að valdsvið EB-dómstólsins um túlkun á EB-reglum verði ekki skert og að Evrópubandalagið sé bundið af túlkun EB-dómstólsins. Það kemur hins vegar ekki í veg fyrir að settar verði nýjar EB- og EES-reglur sem breyti þeim reglum sem túlkun EB-dómstólsins byggist á ef samningsaðilarnir eru sammála um að setja slíkar reglur.

Um bókun 48

Sjá athugasemdir við 105. gr.

Um 106. gr.

Sameiginlegu EES-nefndinni ber að koma á upplýsingakerfi um dóma á milli dómstóla Evrópubandalagsins, EFTA-dómstólsins og dómstóla á síðasta dómstigi í EFTA-ríkjunum, sem varða EES-samninginn og þær EB-reglur sem eru einnig teknar upp í EES-samninginn. Dómstólar á síðasta dómstigi í aðildarríkjum EB eru ekki með í þessu upplýsingakerfi þar sem þeim ber að leita eftir forúrskurðum um túlkun á EB-reglum til EB-dómstólsins, sbr. 177. gr. Rómarsamningsins. Forúrskurðir EB-dómstólsins um túlkun á EB-reglum eiga því að gefa upplýsingar um dómsúrlausnir dómstóla í aðildarríkjum EB.

Um 107. gr.

Með 107. gr. og bókun 34 við EES-samninginn er opnað fyrir þann möguleika að dómstólar í EFTA-ríkjunum geti leitað eftir forúrskurði til EB-dómstólsins ef vafi rís um túlkun á þeim reglum EES-samningsins sem eru eins og EB-réttur. Forúrskurður felur í sér að EB-dómstóllinn úrskurðar um túlkun á EES-reglu áður en dómstóll í aðildarríki kveður upp endanlegan dóm í máli sem byggist á slíkri EES-reglu. Dómstólar í EFTA-ríkjunum væru bundnir af slíkum úrskurði ef eftir honum væri sótt.

Forsaga þessa ákvæðis er sú, að EFTA-ríkin óskuðu eftir að sameiginlegur EES-dómstóll gæti kveðið upp úrskurði um túlkun. EB gat ekki fallist á það þar sem slík heimild myndi skerða dómslögsögu EB-dómstólsins. Til að stuðla að samræmdri túlkun gerðu þeir hins vegar kröfu um að dómstólar í EFTA-ríkjunum gætu beðið EB-dómstólinn um álit um túlkun á EB-reglum, sem eru eins og EES-reglur, sem yrði ekki bindandi. Með áliti EB-dómstólsins, 1/91 14. desember 1991, var hins vegar kveðið á um að ef EB-dómstóllinn kvæði á um túlkunaratriði yrði sá úrskurður að vera bindandi. EB gerði kröfu um að bókun 34 yrði haldið inni með breytingum um bindandi áhrif forúrskurðanna.

Skilyrði fyrir heimild dómstóla í EFTA-ríkjunum til að leita eftir forúrskurði til EB-dómstólsins er að viðkomandi ríki hafi tilkynnt um að það ætli að nota bókun 34 og heimila dómstólum sínum að sækja forúrskurði til EB-dómstólsins. Bókunin getur ekki tekið gildi fyrir Ísland án slíkrar tilkynningar. Enga nauðsyn ber til þess að gefa slíka tilkynningu. Slík heimild til handa íslenskum dómstólum myndi krefjast lagaheimildar og jafnvel stjórnarskrárbreytingar. Ekkert EFTA-ríki hefur gefið til kynna að það komi til með að heimila dómstólum að nota þessa heimild.

Í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls er gert ráð fyrir að EFTA-dómstóllinn hafi vald til að gefa álit um túlkun á EES-reglum samkvæmt beiðni frá dómstólum í aðildarríkjunum. Slík álit yrðu ekki bindandi fyrir íslenska dómstóla.

Um bókun 34
Dómstólar EFTA-ríkjanna geti farið fram á það að dómstóll Evrópubandalaganna skeri úr um túlkun á EES-reglum sem samsvara EB-reglum

Sjá athugasemdir við 107. gr.

Um bókun 35
Um framkvæmd EES-reglna

EB-reglur ganga framar settum lögum í aðildarríkjum EB. Dómstóll Evrópubandalagsins hefur kveðið skýrlega á um það í máli 106/77 (Amministrazione delle Finanze dello Stato v. Simmenthal SpA.) að ákvæði Rómarsamningsins, og þær ákvarðanir stofnana EB, sem hafa bein réttaráhrif, geri sjálfkrafa óvirkt gagnstæð ákvæði gildandi landslaga, einnig þeirra laga sem sett eru eftir að EB-reglan hefur tekið gildi.

Í EES-samningnum er engin skylda á hendur EFTA-ríkjunum um að taka upp forgangsreglu EB-réttarins. Það var lengi krafa EB í samningaviðræðunum um EES að EFTA-ríkin samþykktu forgang EES-reglna þar sem réttarstaða einstaklinga yrði ekki

tryggð á sama hátt í EFTA-ríkjunum og í EB-ríkjunum ef dómarar í EFTA-ríkjunum dæmdu á grundvelli landsréttar þó hann stangaðist á við EES-reglur.

EFTA-ríkin féllust ekki á þessa kröfu EB þar sem ljóst var að í þeim EFTA-ríkjum þar sem þjóðarétturinn hefur ekki þegar forgang fyrir landslögum, myndi forgangsregla EB-réttarins kalla á framsal löggjafarvalds. Í Austurríki og Sviss hefur þjóðaréttur forgang, þótt skiptar skoðanir séu um hve langt þeirra forgangsreglur ná. Niðurstaða samninganna var sú að í bókun 35 við EES-samninginn staðfesta samningsaðilar að löggjafarvald sé ekki framselt til stofnana EES. Einnig er tekið fram að markmiðum um samræmda túlkun EES-reglna verði að ná með reglum í réttarkerfi hvers ríkis. Samningsaðilar skuldbinda sig því til, ef þörf krefur, að lögfesta túlkunarreglur þess efnis, að ef upp kemur misræmi milli EES-reglna sem hafa verið lögfestar og annarra ákvæða í lögum, þá gildi reglur EES í því tilviki. Sjá nánar 3. gr. frumvarps til laga um Evrópska efnahagssvæðið og athugasemdir við þá grein.

Um 2. þátt
Tilhögun eftirlits

Með EES-samningnum eru settar sameiginlegar reglur á fjórfrelsissviðinu. Reglur þessar, sem einnig gilda sem lög í aðildarríkjunum, skapa réttindi og skyldur fyrir ríki, einstaklinga og fyrirtæki. Eftirlit með framkvæmd EES-reglnanna felst í því að fylgjast með og tryggja að aðildarríkin framfylgi EES-reglunum á samræmdan hátt og að einstaklingar og fyrirtæki fari að samkeppnisreglum þeim sem gilda um viðskipti á milli ríkja á svæðinu svo að þeir geti notið þeirra réttinda sem samningurinn veitir.

Eftirlit með framkvæmd EES-samningsins er annars vegar í höndum framkvæmdastjórnar EB og EB-dómstólanna sem fara með eftirlit í aðildarríkjum EB og hins vegar í höndum sérstakrar eftirlitsstofnunar EFTA og sérstaks EFTA-dómstóls sem fara með eftirlit í EFTA-ríkjunum. Þannig byggist eftirlitskerfið á EES-svæðinu á tveimur stoðum sem hvor um sig mun hafa eftirlit á landsvæðum sinna aðildarríkja.

Innan EB fara framkvæmdastjórn og dómstólar EB með eftirlit með EB-reglum samkvæmt Rómarsamningnum og einnig með EES-samningnum sem verður hluti af EB-rétti. Skuldbindingar EB-ríkjanna sín á milli byggjast á Rómarsamningnum en skuldbindingar þeirra gagnvart EFTA-ríkjunum á EES-samningnum.

Almennt eftirlit beinist að ríkjunum sjálfum sem samningsaðilum. Eftirlitsstofnunum, þ.e. framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA, ber að taka á móti kvörtunum vegna meintra brota á framkvæmd EES-reglna. Eftirlitsstofnunum ber að tilkynna hvor annarri um kvartanir sem berast. Þær geta krafið ríkin um upplýsingar um fullnustu samningsskuldbindinga þeirra samkvæmt EES-samningnum. Telji eftirlitsstofnun EFTA að EFTA-ríki hafi brotið samningsskuldbindingar sínar getur hún höfðað mál á hendur viðkomandi ríki fyrir EFTA-dómstólnum vegna meints brots á þjóðréttarskuldbindingum samkvæmt EES-reglum. Á sama hátt getur framkvæmdastjórn EB höfðað mál á hendur EB-ríki fyrir EB-dómstóli vegna meints brots á EES-samningnum.

Eftirlit á sviði samkeppnisreglna er ólíkt almennu eftirliti um samningsskuldbindingar ríkjanna sjálfra að því leyti að það beinist að einstaklingum og fyrirtækjum sem nýta sér réttindi þau er samningurinn veitir.

Ef deilur koma upp um eftirlit á milli eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB má vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar til úrlausnar. Sérstakar reglur gilda

um úrlausn slíkra deilumála er varða eftirlit með ríkisstyrkjum og ríkiseinokun, sbr. 64. gr. EES-samningsins.

Um 108. gr.

Greinin kveður á um að EFTA-ríkin skuldbindi sig til að setja upp sjálfstæða eftirlitsstofnun og sérstakan EFTA-dómstól með þeim tilgangi að í EFTA-ríkjunum sé komið á sambærilegu eftirliti með framkvæmd EES-reglna og gildir innan EB. Gerður var sérstakur samningur á milli EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól 2. maí 1992 í Óportó (ESE-samningurinn).

Í eftirlitsstofnun EFTA sitja sjö eftirlitsfulltrúar skipaðir af EFTA-ríkjunum. Þeir starfa sjálfstætt og er þeim ekki heimilt að taka við fyrirmælum frá EFTA-ríkjunum vegna starfa sinna. Hlutverk eftirlitsstofnunar EFTA er samkvæmt samningi milli EFTA-ríkjanna að tryggja fullnustu EFTA-ríkjanna á EES-samningnum og ESE-samningnum og að hafa eftirlit með hvernig aðrir samningsaðilar þ.e. EB og aðildarríki þess uppfylla EES-samninginn. Jafnframt ber eftirlitsstofnuninni að tryggja framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins.

Sjö dómarar tilnefndir af EFTA-ríkjunum sitja í EFTA-dómstólnum. Dómurinn starfar fullskipaður en EFTA-ríkin mega heimila honum að starfa í deildum.

Eitt meginhlutverk EFTA-dómstólsins er að dæma í málum er varða eftirlit í EFTA-ríkjunum. Eftirlitsstofnun EFTA getur höfðað mál á hendur EFTA-ríki vegna meintra brota á EES-samningnum og ESE-samningnum. EFTA-ríki getur einnig höfðað mál á hendur eftirlitsstofnun EFTA vegna aðgerðaleysis ef henni var skylt að hefjast handa um aðgerðir. Einstaklingar geta einungis höfðað mál fyrir EFTA-dómstólnum ef ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar beinast að þeim eða þeir geta sýnt fram á að þeir eigi beinna hagsmuna að gæta vegna ákvarðana eftirlitsstofnunarinnar.

Nánar er fjallað um eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn í athugasemdum við ESE-samninginn í kafla F.

Um 109. gr.

Eftirliti á Evrópska efnahagssvæðinu er skipt á milli eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB og ber þeim að hafa samstarf og skipti á upplýsingum með því markmiði að samræma eftirlit á svæðinu. Hægt verður að kæra til hvorrar stofnunarinnar sem er. Stofnanirnar upplýsa hvor aðra um kærur og taka að sér rannsókn á þeim málum sem heyra undir valdsvið þeirra. Sérákvæði um samstarf eftirlitsstofnananna á sviði samkeppnisreglna er að finna í 56.-59. gr. og á sviði ríkisstyrkja í 62. gr. og í bókunum 23, 24 og 27 við EES-samninginn. Ef upp kemur deila um samstarfið ber sameiginlegu EES-nefndinni að leita lausna á þeim.

Í samþykkt með 3. mgr. 109. gr. er kveðið á um að umkvartanir um beitingu á EES-samningnum nái einnig til kvartana um framkvæmd EES-reglna. Hér er átt við að kvarta megi vegna vanrækslu á lögfestingu EES-reglna.

Um 110. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB geta fylgt ákvörðunum sínum á sviði samkeppnisreglna eftir með því að ákveða sektir eða févíti ef fyrirtæki gerist brotlegt við samkeppnisreglur EES.

Ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar má fara með fyrir EFTA-dómstólinn á sama hátt og skjóta má ákvörðunum framkvæmdastjórnar EB fyrir dómstól EB á fyrsta dómstigi, en úrlausnum síðarnefnda dómstólsins má áfrýja til EB-dómstólsins.

Til að gera eftirlit framangreindra stofnanna skilvirkt eru ákvarðanir þeirra, er fela í sér sektir eða févíti, fullnustuhæfar í aðildarríkjunum.

Fullnusta sektar- og févítisákvarðana fer að lögum þess ríkis þar sem fullnustan fer fram. Um aðför framangreindra ákvarðana á Íslandi mun fara samkvæmt lögum um aðför nr. 90/1989, sbr. 11. tl. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga. Dómstólar í aðildarríkjunum geta ekki endurmetið sektarákvörðun eftirlitsstofnana, dómstóla EB eða EFTA-dómstólsins. Þeir geta hins vegar dæmt um hvort fullnustan hafi farið fram samkvæmt settum reglum. Sjá nánar um eftirlitsvald og fullnustu á sviði samkeppnisreglna í athugasemdum við ESE-samninginn í kafla F.

Um 3. þátt
Lausn deilumála

Um 111. gr.

Sjá athugasemdir við bókun 33.

Um bókun 33
Gerðardómsmeðferð

Álit EB-dómstólsins nr. 1/91 frá 14. desember 1991 útilokaði að settur yrði á fót sameiginlegur EES-dómstóll. Deilumál EB og EFTA-ríkjanna fá því ekki dómstólameðferð nema að því er varðar umfang og gildistíma öryggisráðstafana sem bera ná undir gerðardóm. Deilumál á milli EFTA-ríkjanna sjálfra má hins vegar bera undir EFTA-dómstólinn.

Evrópubandalagið og EFTA-ríkin mega fara með deilumál um túlkun og beitingu EES-samningsins fyrir sameiginlegu EES-nefndina sem ber að leita allra leiða til að semja m lausn málsins og að viðhalda góðri framkvæmd samningsins.

Ef upp kemur mismunur á túlkun á EB-reglum og sömu reglum sem teknar eru upp EES-samninginn ber sameiginlegu EES-nefndinni að taka ákvarðanir sem stuðla að amræmdri túlkun. Ef ekki næst samkomulag um lausn innan þriggja mánaða geta aðilar ð deilunni komið sér saman um að fá úrskurð EB-dómstólsins um túlkun reglnanna. Jrskurður EB-dómstólsins í deilu á milli EB og EFTA-ríkis verður því ekki fenginn nema EFTA-ríkið sem er aðili að deilunni samþykki að leitað verði eftir slíkum úrskurði.

Takist sameiginlegu EES-nefndinni ekki að finna lausn innan sex mánaða geta amningsaðilar gripið til öryggisráðstafana samkvæmt 112. gr. til að vega upp það jafnvægi sem hefur skapast með ósamræmdri túlkun. Umfang og gildistíma slíkra íðstafana verður að takmarka við það sem bráðnauðsynlegt er til að bæta ástandið. áðstafanir sem minnst skaða góða framkvæmd samningsins eiga að ganga fyrir. Heimilt r að beita gagnráðstöfunum skv. 114. gr. ef öryggisráðstöfunum skv. 112. gr. er beitt.

Ef ekki dugir að beita öryggisráðstöfunum geta samningsaðilar gripið til þess ráðs að fresta framkvæmd hluta af þeim viðaukum sem ósamræmd túlkun hefur bein áhrif á. Sömu reglur gilda eftir því sem við á um slíka frestun og þegar ekki næst samkomulag um nýjar eða breyttar EES-reglur. Í samþykkt við 111. gr. eru samningsaðilar sammála um að slíkri frestun beri einungis að beita ef öll önnur ráð bregðast, þar sem frestun á framkvæmd skaði góða framkvæmd samningsins.

Deilur sem varða umfang og gildistíma öryggisaðgerða og hvort gagnráðstafanir eru í réttu hlutfalli við umfang öryggisaðgerða má fara með fyrir gerðardóm ef sameiginlegu EES-nefndinni hefur ekki tekist að leysa deiluna innan þriggja mánaða. Þær öryggisaðgerðir sem hér um ræðir eru einungis þær öryggisaðgerðir sem beitt er samkvæmt skilyrðum almenns öryggisákvæðis samningsins í 112. gr. og þegar öryggisaðgerðum er beitt ef ósamræmd túlkun dómstóla leiðir til ójafnvægis, sbr. 111. gr. Gerðardómurinn getur aðeins dæmt um umfang og réttmæti gildistíma aðgerðanna, en ekki hvort þeim er beitt eða ekki. Aðrar öryggisaðgerðir sem samningsaðilar geta gripið til samkvæmt sérstökum ákvæðum, t.d. vegna ríkisstyrkja, sbr. 63. gr., er ekki hægt að fara með fyrir gerðardóm. Niðurstaða gerðardóms er bindandi fyrir deiluaðila.

Starfsreglur um gerðardóminn eru settar fram í bókun 33. Þeir aðilar sem deila tilnefna tvo gerðardómendur sem síðan koma sér saman um oddamann gerðardómsins. Ef þeir geta ekki komið sér saman um oddamann innan tveggja mánaða skulu þeir velja oddamann af sjö manna lista sem sameiginlega EES-nefndin hefur sett upp.

Um 4. kafla
Öryggisráðstafanir

Um 112. gr.

Í stað fjölda fyrirvara EFTA-ríkjanna á ýmsum samningssviðum varð samkomulag um að í samningnum skyldi vera almennt öryggisákvæði sem samningsaðilarnir gætu beitt einhliða ef á þyrfti að halda. Víða á samningssviðinu er einnig að finna sérstakar öryggisráðstafanir sem heimilt er að beita samkvæmt sérstökum reglum.

Öryggisráðstöfunum skv. 112. gr. má beita ef alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar, sem líklegir eru til að vera viðvarandi, koma upp í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum.

Beita má öryggisráðstöfunum bæði vegna erfiðleika sem eru orðnir að veruleika og einnig ef þeir eru yfirvofandi. Þær eiga hins vegar ekki við um skammtíma erfiðleika.

Erfiðleikar þeir er verða tilefni til beitingar öryggisráðstafana geta verið takmarkaðir við ákveðnar atvinnugreinar og sérstök svæði. Ákvæðið nær því til vandamála í einstökum atvinnugreinum sem upp koma í afmörkuðum byggðarlögum. Samkvæmt samþykkt vegna 1. mgr. 112. gr. nær ákvæðið einnig til tiltekinna svæða. Samþykkt þessi gerir ráð fyrir að vandamál geti einnig komið upp í einstöku aðildarríki EB.

Það eru samningsaðilarnir sjálfir sem meta hvort skilyrðin eru fyrir hendi. En gert er ráð fyrir að almennt sé haft samráð við aðra samningsaðila áður en ráðstöfunum er beitt.

Ráðstafanirnar eiga að takmarkast við það sem bráðnauðsynlegt er til að ráða bót á ástandinu. Samningsaðilarnir meta það sjálfir þegar þeir beita ákvæðinu hvaða ráðstafana er þörf. Umfang og gildistíma ráðstafananna verður þó hægt að bera undir gerðardóm,

sbr. 111. gr. Gerðardómurinn getur ekki tekið afstöðu til þess hvort nauðsynlegt var að beita ráðstöfunum, en hann getur metið hvort ráðstafanirnar eru í hlutfallslegu samræmi við það vandamál sem þeim er beitt gegn.

Öryggisráðstafanir sem teknar eru vegna erfiðleika sem skapast vegna eins samningsaðila gilda gagnvart öllum samningsaðilum. Þannig myndi ákvörðun um að taka upp atvinnuleyfi vegna fólksflutninga þýða að allir borgarar annara aðildarríkja EES myndu þurfa atvinnuleyfi.

Ríkisstjórn Íslands lagði fram yfirlýsingu með samningnum um beitingu öryggisráðstafana samkvæmt þessari grein. Þar kemur fram að Ísland geti í samræmi við skyldur sínar samkvæmt samningnum gripið til öryggisráðstafana, einkum ef alvarleg röskun verður á vinnumarkaði vegna meiriháttar flutninga starfsfólks sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum eða ef alvarleg röskun kemur upp á fasteignamarkaði. Hugtakið fasteignamarkaður í þessari yfirlýsingu nær bæði til þéttbýlis og dreifbýlis, húsa í sveitum og jarða í sveit. Yfirlýsing þessi varð ekki tilefni gagnyfirlýsingar af hálfu annarra samningsaðila og verður því að líta svo á að þessi túlkun ákvæðisins sé óumdeild.

Um 113. gr.

Greinin fjallar um framkvæmd öryggisráðstafana.

Þeim samningsaðilum sem fyrirhuga að beita öryggisráðstöfunum skv. 112. gr., ber að tilkynna slíka fyrirætlan til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Evrópubandalagið sem samningsaðili beitir ráðstöfunum en ekki einstök aðildarríki. Framkvæmdastjórn EB grípur til öryggisráðstafananna fyrir bandalagið.

Hafa ber samráð í sameiginlegu EES-nefndinni með það fyrir augum að finna lausn á vandamálinu. Allar ákvarðanir þar að lútandi eru teknar með samhljóða atkvæði allra samningsaðila. Engar lausnir verða því samþykktar í sameiginlegu nefndinni nema með samþykki þess samningsaðila sem fyrirhugar að beita öryggisráðstöfunum.

Ef engin lausn finnst í sameiginlegu EES-nefndinni innan mánaðar frá því að samningsaðili hefur tilkynnt um fyrirhugaða öryggisráðstöfun getur hann gripið til aðgerðanna.

Þegar samningsaðili beitir öryggisráðstöfunum sem þola ekki að bíða samráðs í sameiginlegu nefndinni eða eftir að samráð hefur farið fram en engin lausn fundist ber honum að tilkynna um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Athugun í sameiginlegu EES-nefndinni á þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið felur í sér að sameiginlega EES-nefndin tekur málið á dagskrá með það fyrir augum að athuga hvort hægt er að fella ráðstafanirnar úr gildi eða takmarka þær. Engar slíkar ákvarðanir er hægt að taka nema með samþykki allra samningsaðila, þ.á m. þess sem beitir ráðstöfununum.

Um 114. gr.

Ef öryggisráðstöfunum er beitt er heimilt að beita jöfnunarráðstöfunum gagnvart þeim samningsaðila sem beitir öryggisráðstöfunum skv. 112. gr. Slíkar ráðstafanir má eingöngu gera að því marki sem telst bráðnauðsynlegt til að jafna það misvægi sem upphaflegar öryggisráðstafanir geta valdið.

Sömu reglur gilda um framkvæmd jöfnunarráðstafana og um öryggisráðstafanir.

Umfang jöfnunarráðstafana, þ.e. hvort þær eru jafnumfangsmiklar og upphaflegar ráðstafanir sem valda ójafnvægi á réttindum og skyldum samningsaðila, má bera undir gerðardóm, sbr. 111. gr.

Um VIII. hluta
Fjármagnskerfi

Um 115. gr.

Sjá athugasemdir við bókun 38.

Um 116. gr.

Sjá athugasemdir við bókun 38.

Um 117. gr.

Greinin vísar í bókun 38.

Um bókun 38
Fjármagnskerfið

Í bókun þessari eru nánari ákvæði um fjármagnskerfið, framkvæmd úthlutunar styrkja og lána.

Samkvæmt 115.-117. gr. EES-samningsins munu EFTA-þjóðirnar leggja fé í sérstaka þróunaraðstoð við alfátækustu héruðin innan Evrópubandalagsins. Aðstoðin er takmörkuð við 500 millj. ECU (37 milljarða kr.) í styrkjum og niðurgreiðslum á lánsvöxtum, þar sem heildarupphæð lána er 1500 millj. ECU (111 milljarðar kr.).

Sú niðurstaða að efna til þróunaraðstoðar er reist á þeirri forsendu að í samningum af þessu tagi verði að leita heildarjafnvægis hagsmuna allra sem eru aðilar að samningnum. Fyrir liggur að betur þróuð svæði með góða lífsafkomu hafi mikinn ábata af samningnum en það á ekki við um vanþróuð eða fátæk héruð. Til þess að rétta hlut þeirra þótti ásættanlegt að EFTA-þjóðirnar stæðu að þróunaraðstoð til þeirra.

Þessi aðferð við að ná heildarjafnvægi hagsmuna er ekki ný af nálinni. Henni var t.d. beitt í samningum innan EB um að koma á hinum sameiginlega innri markaði. Þá eins og nú var ljóst að ávinningur vissra svæða af innri markaðnum væri a.m.k. mun minni en annarra svæða, jafnframt því sem vanþróun þessara svæða var talin vandamál í sjálfu sér. Var því efnt til þróunar- og styrktaraðstoðar innan EB til að jafna muninn.

Framlag EFTA-landanna í þróunaraðstoð samkvæmt hinu svonefnda fjármögnunarkerfi verður að teljast lágt miðað við ávinning þeirra af samningnum. Samkvæmt áætlunartölum mun Ísland greiða um 70 millj. kr. á ári í fimm ár til þessa verkefnis, sem er lítil upphæð miðað við niðurfellingu og lækkun tolla af sjávarafurðum einum saman. Minna skal á að EFTA-ríkin halda enn uppi styrktarsjóði fyrir Portúgal frá þeim tíma að Portúgal var í samtökunum.

Greiðslum milli EFTA-ríkja er skipt með tilliti til vergrar landsframleiðslu. Tekið er fram í sameiginlegri yfirlýsingu að ef einstök EFTA-ríki gangi í EB muni það ekki leiða til aukinna fjárskuldbindinga.

Grikkland, Portúgal og Írland (þ.m.t. Norður-Írland) munu eiga aðgang að styrkjum sjóðsins.

Í viðbæti við bókunina er skrá yfir þau svæði á Spáni sem koma til greina varðandi styrkveitingar.

Um IX. hluta
Almenn ákvæði og lokaákvæði

Þessi kafli fjallar um ýmis samningsréttarákvæði sem almennt er að finna í þjóðréttarsamningum, þróunarákvæði, tengsl við aðra þjóðréttarsamninga o.s.frv.

Einnig er að finna í kaflanum almenn ákvæði sem eiga ekki heima í öðrum köflum samningsins, eins og um þagnarskyldu og reglur um eignarrétt í einstökum aðildarríkjum.

Um 118. gr.

Óski samningsaðilar að þróa samstarf sitt þannig að það nái til fleiri sviða en samningurinn nær til við gildistöku getur EES-ráðið fjallað um slíkar tillögur.

Skýra ber þessa grein í samræmi við 89. gr. samningsins sem fjallar um hlutverk EES-ráðsins. Greinin er efnislega samhljóða 33. gr. fríverslunarsamnings Íslands og EB.

Komist ráðið að þeirri niðurstöðu að æskilegt sé að þróa samstarfið, getur það tekið stjórnmálalega ákvörðun um að samningaviðræður skuli hafnar. Ákvarðanir um ný samningssvið, eða breytingar á meginmálinu fara ekki fram í stofnunum EES. Um þær fer eins og við gerð nýrra samninga. Um fullgildingu slíkra samninga er farið að stjórnskipunarlögum hvers samningsaðila.

Um 119. gr.

Viðaukar og bókanir hafa sömu stöðu og meginmál samningsins. Það sama gildir um þær gerðir sem vísað er til í viðaukum samningsins með þeim aðlögunum eða undanþágum sem um þær gilda.

Um bókun 39
Evrópska mynteiningin (ECU)

Með bókuninni er sett altæk aðlögunarregla eins og í bókun 1 við samninginn. Tekið er fram að þar sem í EB-gerðum er kveðið á um „evrópska reiknieiningu" skuli að því er varðar EES notast við ECU (evrópska mynteiningu) eins og hún er skilgreind af þar til bærum yfirvöldum innan EB.

Um bókun 45
Aðlögunartímabil varðandi Spán og Portúgal

Þegar Spánn og Portúgal gerðust aðilar að EB sömdu þessi lönd um aðlögunartíma um gildistöku EB-reglna á ýmsum sviðum. Bókun þessi kveður á um að ef aðlögunartíminn nær fram yfir gildistöku EES-samningsins þá geti Spánn og Portúgal haldið gildandi rétti þar til aðlögunartímabilið er liðið einnig gagnvart EFTA-ríkjunum.

Um 120. gr.

Sú regla sem hér er sett fram um að EES-samningurinn gangi framar gildandi tvíhliða og marghliða samningum á við um samninga sem í gildi eru á milli Efnahagsbandalags Evrópu annar vegar og eins eða fleiri EFTA-ríkja hins vegar.

Undanþágur frá þessari reglu er að finna víða í EES-samningnum, þó sérstaklega í þeim bókunum sem nefndar eru í greininni.

Reglan felur ekki í sér að samningar á milli EB og einstakra EFTA-ríkja falli úr gildi heldur er framkvæmd þeirra frestað, að svo miklu leyti sem efni þeirra skarast við efni EES-samningsins, á meðan sá samningur er í gildi.

Í bókun 9 um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir er þessi regla áréttuð, en í 7 gr. hennar er tekið fram að ákvæði þeirra samninga sem nánar eru tilgreindir í viðauka með bókuninni, þar á meðal 1. gr. bókunar nr. 6 við fríverslunarsamning EB og Íslands, skuli ganga framar ákvæðum bókunarinnar að því leyti sem þau gefa EFTA-ríkjunum betri viðskiptakjör.

Tvíhliða samningar á milli einstakra aðildarríkja EB og eins eða fleiri EFTA-ríkis og á milli EFTA-ríkjanna sjálfra falla ekki undir þessa reglu og gilda þeir því samhliða EES-samningnum. Í sameiginlegri yfirlýsingu samningsaðila er það staðfest að EES-samningurinn hafi ekki áhrif á rétt sem byggist á slíkum samningum á meðan EES-samningurinn tryggir ekki sama rétt.

Núgildandi samstarfssamningar Norðurlanda sem varða samningssvið EES-samningsins gilda samhliða EES-samningnum og má beita þeim jafnvel þótt þeir gefi betri rétt en EES-samningurinn.

Um bókun 41
Gildandi samningar

Þeir samningar sem taldir eru upp í þessari bókun gilda áfram á milli EFTA-ríkjanna og EB eftir að EES-samningurinn gengur í gildi þrátt fyrir meginreglu 120. gr.

Um bókun 43
Samningur milli EBE og Lýðveldisins Austurríkis varðandi umflutning vara á vegum og járnbrautum

Bókunin varðar tengsl tvíhliða samnings Austurríkis og EBE á sviði flutninga við EES-samninginn og hefur engin réttaráhrif á Íslandi.

Um bókun 44
Samningur milli EBE og Ríkjasambandsins Sviss um vöruflutninga á vegum og járnbrautum

Bókunin varðar tengsl tvíhliða samnings á milli Sviss og EBE á sviði flutninga og hefur engin réttaráhrif á Íslandi.

Um 121. gr.

Svæðasamstarf innan ramma norrænnar samvinnu og milli Sviss og Liechtensteins og Austurríkis og Ítalíu er heimilt að því leyti sem það raskar ekki góðri framkvæmd EES-samningsins.

Norðurlandasamstarf er því mögulegt einnig í framtíðinni á þeim grunni sem það er byggt á við gildistöku samningsins.

Um 122. gr.

Ákvæði þetta nær einkum til þagnarskyldu um upplýsingar sem varða eftirlit með samkeppnisreglum.

Um 123. gr.

Samningsaðilar geta gert ráðstafanir vegna öryggishagsmuna samkvæmt skilyrðum þessarar greinar. Sams konar ákvæði er að finna í 21. gr. fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við EB.

Í samþykkt við grein þessa er tekið fram að samningsaðilar muni ekki nota heimildir í þessari grein til að hindra upplýsingagjöf á sviði samkeppnisreglna.

Um 124. gr.

Þessi grein áréttar almenna reglu 4. gr. um bann við mismunun vegna ríkisfangs að því er varðar hlutdeild í fjármagni félaga eða fyrirtækja eins og hún er skilgreind í 34. gr.

Um 125. gr.

Samningurinn hefur engin áhrif á almennar eignarréttarreglur í aðildarríkjunum svo framarlega sem borgurum aðildarríkja EES er ekki mismunað eftir ríkisfangi.

Um 126. gr.

Ákvæði þetta afmarkar þau landsvæði sem samningurinn nær til. Samningurinn nær til sömu landsvæða og Rómarsamningurinn að því er Evrópubandalagið og aðildarríki þess varðar.

Að því er EFTA-ríkin varðar gildir samningurinn um yfirráðasvæði þessara ríkja.

Samningurinn gildir að því er Noreg varðar um Jan Mayen og Svalbarða en í bókun 40 áskilja Norðmenn sér rétt til að undanþiggja Svalbarða frá ákvæðum samningsins. Gilda þá Stokkhólmssamningurinn og fríverslunarsamningurinn á milli EBE og Noregs.

Álandseyjar eru undanþegnar samningnum nema ríkisstjórn Finnlands leggi fram yfirlýsingu um að samningurinn gildi um eyjarnar, en samkvæmt ákvæðum í stjórnarskrá Finnlands þarf sérstakt samþykki Álandseyja þar um. Öðlist samningurinn gildi gagnvart Álandseyjum gilda sömu reglur um eignarrétt að fasteignum og staðfesturétt gagnvart borgurum aðildarríkja EES og gilda gagnvart borgurum Finnlands.

Um bókun 40
Svalbarði

Sjá athugasemdir við 126. gr.

Um 127. gr.

Sérhver samningsaðili getur sagt upp aðild sinni að samningnum með 12 mánaða fyrirvara. Eina skilyrði uppsagnar er að skrifleg tilkynning þar um sé send öðrum samningsaðilum.

Þegar uppsögn hefur verið tilkynnt ber að boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að meta hvaða breytingar er nauðsynlegt að gera á samningnum vegna breytingar á aðild að honum.

Um 128. gr.

Gert er ráð fyrir að önnur ríki en þau sem eru stofnaðilar geti gerst aðilar að samningum. Ríki sem gerist aðili að Evrópubandalaginu er skylt að gerast aðili að EES-samningnum en verður þó að sækja formlega um aðild að honum. Ríki sem gengur í EFTA hefur hins vegar val um það hvort það sækir um aðild að þessum samningi.

Samþykki allra samningsaðila þarf fyrir nýjum aðilum.

Um 129. gr.

Samningstextinn er jafngildur á 13 tungumálum samningsaðilanna. Þetta gildir einnig um gerðir þær sem vísað er til í viðaukum við hann.

Samningurinn öðlast gildi 1. janúar 1993 að því tilskildu að allir samningsaðilar hafi afhent fullgildingarskjöl til aðalskrifstofu EB-ráðsins fyrir þann dag. Hafi einhver samningsaðili ekki afhent fullgildingarskjöl tímanlega frestast gildistakan þangað til fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynninguna. Dragist fullgilding samningsaðila fram yfir 30. júní 1993 verður kölluð saman ráðstefna stjórnarerindreka til að meta stöðuna aftur.

Í samþykkt vegna þessarar greinar er gert ráð fyrir að um leið og ljóst er að einhver samningsaðili er ekki tilbúinn að fullgilda samninginn geti undirritunaraðilar metið aðstæðurnar. Ef einhver aðili fullgildir ekki samninginn innan tímamarka þ.e. ef ekki er komin tilkynning um fullgildingu frá öllum samningsaðilum fyrir 30. júní 1993 skulu hinir samningsaðilarnir boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að skoða möguleika á að samþykkja bókun með nauðsynlegum breytingum til þess að samningurinn geti öðlast gildi á milli þessara samningsaðila. Slíka bókun þarf að fullgilda á sama hátt og samninginn sjálfan.

F. Athugasemdir við ESE-samninginn

Almenn ákvæði

Með samningi þessum uppfylla EFTA-ríkin ákvæði 108. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem EFTA-ríkin skuldbinda sig til að setja upp sjálfstæða eftirlitsstofnun og sérstakan EFTA-dómstól til að fara með eftirlit með EES-samningnum í EFTA-ríkjunum á sambærilegan hátt og gert er innan EB. Samningur þessi á milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls er einnig nefndur ESE-samningurinn.

Eftirlitið með EES-samningnum byggist á tveimur stoðum. Framkvæmdastjórn EB og EB-dómstólarnir fara með eftirlit í aðildarríkjum Evrópubandalagsins en eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóll hafa með höndum eftirlit í EFTA-ríkjunum.

Í EES-samningnum er fjallað um samstarf eftirlitsstofnanna í 109. gr. og bókun 1, á sviði samkeppnisreglna í 56.-58. gr. og bókunum 23 og 24, og á sviði ríkisstyrkja í 62. gr. og bókun 27.

Forsenda samræmdrar framkvæmdar EES-reglna og þeirra EB-reglna sem eru teknar upp í EES-samninginn er að þær séu túlkaðar eins af eftirlitsstofnunum og dómstólum samningsaðila. Í 3. gr. þessa samnings er því tekið upp ákvæði 6. gr. EES- samningsins um að fara beri eftir dómsúrlausnum EB-dómstólsins, sem fallið hafa fyrir undirritun samningsins, um þær EB-reglur sem eru teknar upp í EES-samninginn og hið sama gildir um þennan samning, sbr. athugasemdir við 6. gr. EES-samningsins.

Í 2. mgr. 3. gr. er fjallað um framtíðardómsúrlausnir EB-dómstólsins. Taka ber réttmætt tillit til þeirra. Í báðum tilvikunum eru dómar EB-dómstólsins lögskýringargögn. Sambærilegt ákvæði er að finna í 1. gr. bókunar nr. 2 við Lúganósamninginn frá 1988 um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum.

Eftirlitsstofnun EFTA og valdsvið hennar

Í eftirlitsstofnun EFTA sitja sjö eftirlitsfulltrúar, skipaðir af EFTA-ríkjunum með samhljóða ákvörðun. Þeir starfa sjálfstætt og er þeim ekki heimilt að taka við fyrirmælum frá EFTA-ríkjunum vegna starfa sinna. Hlutverk eftirlitsstofnunar EFTA er að tryggja fullnustu EFTA-ríkjanna á EES-samningnum og ESE-samningnum og að hafa eftirlit með hvernig aðrir samningsaðilar uppfylla EES-samninginn. Jafnframt ber eftirlitsstofnuninni að tryggja framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins.

Ákvæði um almennt eftirlit skv. a-lið 1. mgr. 5. gr. og 22. gr. samningsins beinist að ríkjunum sjálfum. Það felst fyrst og fremst í því að taka á móti kvörtunum og afla upplýsinga um meint brot á EES-reglunum. Telji eftirlitsstofnunin að ríki hafi brotið samningsskuldbindingar getur hún höfðað mál á hendur ríkinu fyrir EFTA-dómstólnum sbr. 36. gr. samningsins.

Á sviði ríkisstyrkja og gerð verksamninga við opinber innkaup beinist eftirlitið einnig að ríkjunum sjálfum en sérstakar reglur gilda um framkvæmd eftirlitsins. Um framkvæmd eftirlits á þessum sviðum er fjallað í bókunum 2 og 3 við samning þennan.

Eftirlit á sviði samkeppnisreglna EES beinist hins vegar að einstaklingum og fyrirtækjum. Um framkvæmd þess eftirlits er fjallað í bókun 4.

Ýmis önnur störf eftirlitsstofnunnar EFTA sem varða eftirlit og sem eru sambærileg við störf framkvæmdastjórnar EB í EB-gerðum, eru tilgreind í bókun 1.

EFTA-dómstóllinn og valdsvið hans

Dómstóll Evrópubandalagsins hafnaði með áliti sínu 1/91 frá 14. desember 1991 stofnun sameiginlegs EES-dómstóls fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Taldi dómstóllinn að þar sem EB-reglur væru að stórum hluta teknar upp í EES-samninginn myndi valdsvið dómstólsins skerðast þar sem hann yrði bundinn af túlkun annars dómstóls á innri reglum bandalagsins.

Til þess að tryggja sambærilegt eftirlit með framkvæmd EES-reglna í EFTA-ríkjunum skuldbundu EFTA-ríkin, sig því til að setja upp dómstól fyrir EFTA-ríkin, sbr. 108. gr. EES-samningsins. Sérstök ákvæði um stofnun og valdsvið EFTA-dómstólsins er að finna í 27.-42 gr. samningsins. Nánari reglur um dómstólinn eru settar fram í stofnsamþykkt dómstólsins í bókun 5.

Sjö dómarar sitja í EFTA-dómstólnum, einn frá hverju EFTA-ríki, og eru þeir skipaðir með samhljóða samþykki allra EFTA-ríkjanna.

Hlutverk EFTA-dómstólsins er í meginatriðum þríþætt. Í fyrsta lagi dæmir EFTA-dómstóllinn í málum er varða ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA vegna framkvæmdar EES-reglna í EFTA-ríkjunum. Í öðru lagi dæmir hann í deilumálum er upp kunna að koma á milli EFTA-ríkjanna innbyrðis vegna framkvæmdar á EES-reglum. Í þriðja lagi, getur EFTA-dómstóllinn, til að stuðla að samræmdri túlkun, gefið dómstólum í aðildarríkjunum ráðgefandi álit um túlkun EES-reglna.

Þeir sem geta höfðað mál fyrir EFTA- dómstólnum eru:

1. Eftirlitsstofnun EFTA gegn EFTA-ríki vegna meintra brota á EES-reglum og þessum samningi.
2. EFTA-ríki gegn eftirlitsstofnuninni ef það telur að hún hafi farið út fyrir valdsvið sitt eða brotið gegn þessum samningi, m.a. með aðgerðarleysi, eða valdið skaðabótaábyrgð.
3. Einstaklingur eða fyrirtæki vegna ákvörðunar eftirlitsstofnunarinnar er beinist að einstaklingnum eða fyrirtækinu eða ef ákvörðunin varðar beina hagsmuni aðila.
4. Dómstólar í EFTA-ríkjunum geta beðið um ráðgefandi álit um túlkun EES-reglna ef þeir telja það nauðsynlegt vegna niðurstöðu máls. Slík túlkun er ekki bindandi fyrir dómstóla í aðildarríkjunum.

   Einstaklingar sem vilja sækja rétt sinn samkvæmt EES-reglum höfða mál fyrir dómstólum í aðildarríkjunum þar sem þær reglur sem þeir geta byggt rétt sinn á gilda sem landslög.

Réttarstaða eftirlitsstofnunarinnar og dómstólsins

Gerhæfi, forréttindi og friðhelgi sem EFTA-ríkin viðurkenna og veita í tengslum við eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn er að finna í bókunum 6 og 7.

Ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna ákveða árlega með samhljóða samþykki fjárhagsáætlun fyrir EFTA-dómstólinn að fenginni tillögu dómstólsins. Fjárhagsáætlun eftirlitsstofnunarinnar er einnig ákveðin samhljóða af EFTA-ríkjunum eftir tillögu frá eftirlitsstofnuninni og að höfðu samráði við nefnd þingmanna þjóðþinga EFTA-ríkjanna sem sitja í sameiginlegu EFTA-þingmannanefndinni.

Um bókun 1
Störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt gerðum í viðaukum við EES-samninginn vegna beitingar bókunar 1 við þann samning

Víða í EB-gerðum sem teknar eru upp í viðauka við EES-samninginn, eru framkvæmdastjórn EB falin ýmis störf, tengd stjórnun og eftirliti á EB-reglum innan EB. Þar sem sömu reglur gilda einnig fyrir EFTA-ríkin samkvæmt EES-samningnum er nauðsynlegt að stofnanir EFTA sjái um þessi sömu störf að því er EFTA-ríkin varðar. Verkefni framkvæmdastjórnarinnar eru hins vegar víðtækari en störf eftirlitsstofnunar EFTA þar sem sú síðarnefnda hefur eingöngu með höndum eftirlitsstörf. Stjórnun á EES-reglunum, sem framkvæmdastjórn EB sinnir innan EB, er því skipt á milli eftirlitsstofnunar EFTA og fastanefndar EFTA þannig að störf, tengd eftirlitinu, falla undir eftirlitsstofnunina en önnur störf undir fastanefndina.

Þannig falla t.d. undir eftirlitsstofnunina ýmis störf er varða málsmeðferð sem heimilar frávik og undanþágur á ýmsum sviðum, staðarathuganir og vottanir.

Eftirlitsstofnun EFTA sér um upplýsingadreifingu til framkvæmdastjórnar EB og til aðildarríkja EFTA þar sem EES-reglurnar kveða á um upplýsingaskyldu. Einnig ber henni að sjá um skýrslugjöf á þeim sérsviðum sem heyra ekki undir fastanefndina.

Þegar framkvæmdastjórn EB ber að leggja mál fyrir sérfræðinganefndir aðildarríkjanna til ráðgjafar eða ákvörðunar ber eftirlitsstofnun EFTA að leggja slík mál fyrir sérfræðinganefndir EFTA sem fastanefnd EFTA kemur á fót.

Um bókun 2
Störf og valdsvið eftirlitsstofnunarinnar á sviði innkaupa

Á sviði útboða og opinberra verksamninga hafa reglur verið samræmdar og eru upplýsingar um framkvæmd þeirra birtar. Eftirlitsstofnunin hefur almennt eftirlit með að reglurnar séu framkvæmdar.

Einnig hafa verið samræmdar reglur um málsmeðferð krafna vegna kæru útboðs og gerðar verksamninga. Slíkar kærur eru því meðhöndlaðar samkvæmt ákveðnum reglum í stjórnsýslu og dómskerfi aðildarríkjanna. Telji eftirlitsstofnun EFTA að reglurnar hafi verið brotnar ber henni að tilkynna aðildarríkinu um meint brot. Aðildarríkið hefur þó 21 dag til að svara um leiðréttingu brotsins, hvers vegna brotið hafi ekki verið leiðrétt eða ef gerð verksamnings eða útboðs hefur verið slegið á frest, þá af hvaða ástæðum. Senda ber eftirlitsstofnuninni upplýsingar um lok málsins.

Eftirlitið á sviði innkaupa beinist einungis að aðildarríkjunum sjálfum.

Um bókun 3
Störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar

Eftirlitsstofnun EFTA á í samvinnu við EFTA-ríkin að hafa stöðugt til skoðunar styrkjakerfi sem eru við lýði í þessum ríkjum. Samkvæmt bókun 26 við EES-samninginn skuldbinda EFTA-ríkin sig til að eftirlitsstofnun EFTA hafi sams konar vald á sviði ríkisaðstoðar og framkvæmdastjórnin hefur innan EB að því er varðar meginreglur EES-samningsins um ríkisstyrki, þ.e. í e-lið 2. mgr. 1. gr. 49. gr. og 61.- 64. gr. Valdsvið

eftirlitsstofnunar EFTA nær einnig til samkeppnisreglna um ríkisaðstoð varðandi framleiðsluvörur sem falla undir stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins sem getið er í bókun 14 við EES-samninginn.

Samræmist styrkjakerfin í EFTA-ríkjunum ekki ákvæðum 61. gr. EES-samningsins getur eftirlitsstofnunin kveðið á um að þau skuli lögð niður eða þeim breytt. Hlíti aðildarríkið ekki ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar getur hún höfðað mál á hendur viðkomandi ríki fyrir EFTA-dómstólnum. Samþykki öll EFTA-ríkin að veita undanþágu vegna ríkisaðstoðar ber að fresta eftirlitsaðgerðum eftirlitsstofnunarinnar.

Eftirlitsaðgerðir á sviði ríkisstyrkja beinast að ríkinu sjálfu en ekki einstaklingnum sem fær styrkinn þó þær komi óhjákvæmilega til með að snerta hann óbeint. Skylda til innheimtu ríkisstyrks fer eftir lögum í því landi sem hann er veittur í og hvílir skyldan um innheimtuna á ríkinu en ekki eftirlitsstofnuninni. Ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar má bera undir EFTA-dómstólinn, sbr. 36. gr. samningsins. Einstaklingar og fyrirtæki geta einnig höfðað mál, sbr. 2. mgr. 36. gr. og 37. gr. samningsins, ef þeir sýna fram á að þeir hafi hagsmuna að gæta vegna ákvörðunar eftirltisstofnunarinnar. Réttur einstaklinga til að höfða mál á þjóðréttarsviðinu er ekki óþekktur, sbr. rétt einstaklinga til að höfða mál samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu sem Íslendingar eru aðilar að. Allar ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar á sviði ríkisstyrkja beinast að ríkinu og eru því þjóðréttarlegs eðlis.

Í bókun 27 við EES-samninginn er kveðið á um samvinnu eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB á sviði ríkisaðstoðar. Til að tryggja samræmda framkvæmd, beitingu og túlkun reglna um ríkisaðstoð á öllu efnahagssvæðinu ber stofnununum að hafa upplýsinga- og skoðanaskipti um almenn stefnumál, hafa samstarf um að útbúa kannanir um ríkisaðstoð og tilkynna hvor annarri um rannsóknir og ákvarðanir í málum um ríkissaðstoð. Allar upplýsingar um áætlanir um ríkisaðstoð og aðstoð í einstökum málum ber að fara með sem trúnaðarmál.

Um bókun 4
Störf og valdsvið eftirlitsstofnunarinnar á sviði samkeppni
(Breytingar frá fyrri útgáfu skáletraðar)

Meginreglur EES-samningsins um samkeppnismál er að finna í 53. og 54. gr. hans. Þeim er ætlað að koma í veg fyrir að stór fyrirtæki hafi með sér ólögmæta samvinnu eða að þau misnoti yfirburðastöðu sína á markaðinum að því leyti sem slíkir samningar eða athafnir hafa áhrif á viðskipti á milli samningsaðilanna. Þannig kveður 53. gr. EES-samningsins á um að allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni eða hún takmörkuð á því svæði sem samningurinn tekur til, séu bönnuð og teljist ósamrýmanleg framkvæmd samningsins. Samkvæmt 54. gr. er misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á svæðinu, sem samningurinn tekur til, eða verulegum hluta þess talin ósamrýmanleg framkvæmd samningsins og því bönnuð að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna. Samkeppnisreglur EES-samningsins varða því aðeins fyrirtæki sem eiga viðskipti á hinum alþjóðlega EES-markaði. Stundum kann að vera erfitt að meta hvort viðskipti hafi áhrif á viðskipti yfir landamæri og geta EES-samkeppnisreglurnar því einnig haft áhrif á viðskipti fyrirtækja innanlands. Þrátt fyrir slík

áhrif geta gilt aðrar reglur um samkeppni fyrirtækja innanlands þegar viðskipti þeirra hafa ekki áhrif á viðskipti á milli aðildarríkja EES.

Mjög mikilvægar undanþágur eru í gildi um bann við samningum sem fela í sér samkeppnishömlur. Nefna má svokallaða minniháttarreglu (rule de minimis - bagatel regla) sem felur í sér þá viðmiðunarreglu að samningar, sem ná yfir minna en 5% markaðshlutdeildar á þeim markaði sem máli skiptir og þar sem heildarvelta fyrirtækjanna sem hlut eiga að máli er innan við 200 millj. ECU (15 milljarðar kr.), eru að jafnaði undanþegnir bannákvæði 53. gr. Skilyrði fyrir undanþágu er að bæði skilyrðin séu uppfyllt. Ákvæði 53. gr. gera einnig ráð fyrir undanþágum fyrir samninga sem fela í sér samkeppnishömlur en geta haft jákvæð áhrif, t.d. stuðlað að bætta framleiðslu eða vörudreifingu. Einnig eru ýmsir flokkar samninga undanþegnir banninu.

Undanþágureglurnar miða við heildarveltu og markaðshlutdeild á sameiginlegum markaði. Ekki er alltaf átt við samanlagða markaði allra EB- og EFTA-ríkjanna heldur er markaðurinn skilgreindur hverju sinni út frá markaði viðkomandi vörutegundar og einnig út frá landfræðilegum sjónarmiðum. Þannig gæti Ísland hugsanlega verið skilgreint sem einn markaður í einhverjum tilvikum, en sennilega verður sjaldgæft að heildarvelta þeirra fyrirtækja sem koma við sögu geti náð 200 millj. ECU *nema þegar gerðir eru samningar við erlend fyrirtæki.*

Valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA verður sambærilegt við valdsvið framkvæmdastjórnar EB að því er eftirlit með samkeppnisreglunum varðar. Þannig getur eftirlitsstofnunin hafnað beiðni einstaklinga eða lögaðila um undanþágu skv. 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins eða lýst því yfir að tiltekin háttsemi þeirra feli í sér brot á samkeppnisreglunum. Einnig getur eftirlitsstofnunin gripið til bráðabirgðaráðstafana gagnvart einstaklingum og lögpersónum ef hún telur að fyrirtæki brjóti gegn ákvæðum 53. gr., t.d. getur hún gefið fyrirmæli um endurnýjuð viðskiptasambönd sem hún telur að hafi verið ólöglega rofin.

Skipting á eftirliti á milli framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA með samkeppnisreglum EES er ekki miðuð við staðsetningu fyrirtækjanna heldur hvar viðskiptin og aðgerðirnar sem bannaðar eru hafa áhrif (sjá 56. gr. EES-samningsins). Meginreglurnar um skiptingu eru þær að eftirlitsstofnun EFTA hefur eftirlit með þeim málum, sem hafa áhrif á viðskipti á milli EFTA-ríkjanna, og þeim málum sem hafa áhrif á öllu efnahagssvæðinu en hafa ekki umtalsverð áhrif á viðskipti á milli EB-ríkjanna. Einnig fær eftirlitsstofnun EFTA til umfjöllunar mál sem hafa áhrif á viðskipti á milli eins EB-ríkis og fleiri EFTA-ríkja. Skilyrði er þó að velta fyrirtækjanna í EFTA-ríkjunum sé minnst 1/3 hluti veltunnar á efnahagssvæðinu. Framkvæmdastjórn EB fer hins vegar með eftirlit með öðrum málum sem hún telur að hafi áhrif á viðskipti á milli EB-ríkjanna.

Framkvæmd eftirlitsins er með þeim hætti að skylda hvílir á fyrirtækjum að tilkynna eftirlitsstofnunum um samninga og athafnir sem varða samkeppnisreglur EES. Innan EB eru langflest mál afgreidd með bréfaskiptum þar sem framkvæmdastjórnin kveður upp úr um eftir að hafa fengið nauðsynlegar upplýsingar hvernig hún lítur á viðkomandi samninga eða athafnir. Þannig hafa að meðaltali árin 1981-1990 verið tekin fyrir í framkvæmdastjórn EB 3500 mál á ári sem ýmist berast til framkvæmdastjórnarinnar vegna tilkynninga frá fyrirtækjunum sjálfum, vegna kvartana eða framkvæmdastjórnin sjálf hefur frumkvæði um að rannsaka. Þar af hefur framkvæmdastjórnin tekið formlega ákvörðun

í um 13-14 málum á ári. Að meðaltali hefur 9 málum verið skotið til EB-dómstólsins á ári.

Ef þörf krefur getur eftirlitsstofnunin krafið stjórnvöld og fyrirtæki um nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits með því að samkeppnisreglum sé fylgt. Þannig hefur eftirlitsstofnunin vald til að fara í fyrirtæki til að rannsaka bókhald og önnur bókhaldsskjöl. Hún getur tekið afrit og beðið um munnlegar útskýringar á staðnum. Slíkar rannsóknir verður að tilkynna fyrirfram til samkeppnisyfirvalda í því ríki þar sem rannsóknin fer fram. Rannsóknin er gerð í samvinnu við samkeppnisyfirvöld í viðkomandi ríki sem mega aðstoða við rannsóknina. Ef fyrirtæki neitar að rannsóknin fari fram ber samkeppnisyfirvöldum í viðkomandi ríki að sjá til þess að rannsóknin geti farið fram.

Reglur um samstarf eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB um eftirlit á sviði samkeppnisreglna er að finna í bókun 23 við EES-samninginn. Eftirlitsstofnanirnar eiga að skiptast á upplýsingum um rannsóknir mála og hafa samráð um stefnumál á sviði eftirlitsins. Eftirlitsstofnanirnar geta sett fram athugasemdir við upplýsingar um málarekstur hvor hjá annarri. Fulltrúar eftirlitsstofnananna eiga rétt á að vera viðstaddir fundi ráðgjafarnefnda hverrar annara. Vanti aðra eftirlitsstofnunina upplýsingar vegna rannsóknar máls sem sækja þarf inn á svæði hinnar eftirlitsstofnunarinnar skal þar til bær eftirlitsstofnun krefja um upplýsingarnar ef þær hafa ekki verið veittar. Á sama hátt annast hvor eftirlitsstofnun um sig rannsókn á sínu svæði. Tilkynningar um samninga á að senda til þeirrar samkeppnisstofnunar sem fer með eftirlit viðkomandi samnings en kvartanir má senda til hvorrar eftirlitsstofnunarinnar sem er. Sambærilegar reglur gilda um samstarf eftirlitsstofnananna um eftirlit með samfylkingum, sbr. bókun 24 við EES-samninginn.

Eftirlitsstofnunin getur fylgt ákvörðunum sínum eftir með því að ákveða sektir eða févíti frá 100-5000 (7,000-370,000 kr.) ECU ef upplýsingar eru af ásetningi rangar eða aðilar neita að láta af hendi upplýsingar. Einnig getur eftirlitsstofnunin ákveðið sektir eða févíti allt að 1 millj. ECU (74 millj. kr.) vegna ásetnings- eða gáleysisbrota á samkeppnisreglum EES-samningsins. Þó má sektarupphæðin ekki fara yfir 10% af veltu hvers þess fyrirtækis, sem þátt á í brotinu, á viðskiptaárinu á undan. Fjársektirnar eru ekki refsiréttarlegs eðlis. Eftirlitsstofnunin getur jafnframt ákvarðað févíti þar til ólögmætu ástandi hefur verið aflétt eða ef neitað er að veita upplýsingar eða veita aðgang að gögnum.

Með ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar um févíti eða sektir má fara fyrir EFTA-dómstólinn. Dómstóllinn getur breytt ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar, fellt hana úr gildi eða hækkað eða lækkað sektirnar. Á sama hátt má skjóta ákvörðunum framkvæmdastjórnar EB til dómstóls EB á fyrsta dómstigi. Úrlausnum fyrsta stigs dómstólsins má síðan áfrýja til EB-dómstólsins.

Samkvæmt 19. gr. ESE-samningsins eru ákvarðanir eftirlitsstofnunar sem varða sektir fullnustuhæfar. Nánari ákvæði um fullnustuna er að finna í 110. gr. EES samningsins sem gert er ráð fyrir að verði lögfest með meginmáli samningsins, en hún kveður einnig á um fullnustuhæfi ákvarðana framkvæmdastjórnar EB, EFTA-dómstólsins og dómstóla EB.

Fullnustan fer að réttarfarsreglum þess ríkis þar sem hún fer fram. Hér á landi mun fullnustan fara að lögum nr. 90/1989 um aðför. Dómstólar í aðildarríkjunum geta ekki

endurmetið sektarákvörðun eftirlitsstofnananna eða dómstóla EB eða EFTA-dómstólsins. Þeir geta hins vegar dæmt um hvort fullnustan hafi farið fram samkvæmt settum reglum.

Afmörkun eftirlitsvaldsins á sviði samkeppnisreglna

Innan EB hafa ákvæði Rómarsamningsins og reglugerðir um samkeppnisreglur er varða fyrirtæki bein réttaráhrif, þ.e. þau gilda sjálfkrafa sem lög í aðildarríkjum EB. Samkeppnisreglur EES-samningsins sem hinar sameiginlegu eftirlitsstofnanir hafa eftirlit með eru hins vegar þjóðréttarsamningar sem samþykktir eru samhljóða og lögfestir af Alþingi og geta því samkvæmt íslenskum lögum varðað réttindi og skyldur íslenskra fyrirtækja og einstaklinga.

Það er hins vegar eftirlit með framkvæmd og fullnustu á alþjóðlegum samkeppnisreglum EES sem Alþingi hefur lögfest sem verður fyrst og fremst í höndum eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins í samvinnu við innlend samkeppnisyfirvöld. Í samskiptum innlendra samkeppnisyfirvalda og *eftirlitsstofnunar EFTA* gildir almennt sú regla að mál eru ekki tekin fyrir hjá innlendum yfirvöldum nema eftirlitsstofnun EFTA taki málið ekki upp. Eftirlit með innlendum samkeppnisreglum er hins vegar alfarið í höndum innlendra yfirvalda.

Alþjóðleg einkenni samkeppnisreglna EES

Í öllum ríkjum sem búa við frjálst markaðskerfi er að finna lög um óréttmæta samkeppni. Almennt getur ríki aðeins framfylgt lögum síns ríkis innan sinna landamæra. Markmið samkeppnisreglna EES-samningsins er fyrst og fremst að koma í veg fyrir að stór fjölþjóðafyrirtæki geti misbeitt aðstöðu sinni. Samkeppnisyfirvöld í hverju landi ná ekki með góðu móti að hafa eftirlit með samningum og markaðsstöðu slíkra fyrirtækja þar sem lögsaga þeirra nær ekki yfir landamæri. Starfsemi fyrirtækjanna er hins vegar óháð landamærum þegar hinn sameiginlegi markaður er kominn á. Þar sem samkeppnisreglur EES-samningsins eru leikreglur fyrirtækja á hinum sameiginlega EES-markaði verður ekki hjá því komist að eftirlit með framkvæmd samkeppnisreglnanna sé í höndum sameiginlegra stofnana samningsaðilanna.

Ákvarðanir sem fela ekki í sér sektir eða févíti

Ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar um beitingu samkeppnisreglnanna, ákvörðun um hvernig beri að túlka undanþáguheimildir og hvenær athafnir eða samningar teljast brjóta í bága við samkeppnisreglur EES, geta vart talist skerða íslenska sérhagsmuni heldur verður það þvert á móti að teljast hagur íslenskra fyrirtækja vegna smæðar þeirra á hinum alþjóðlega markaði að eftirlit með samkeppnisreglunum sé virkt.

Framangreindar ákvarðanir geta heldur ekki talist veruleg íhlutun í íslenska réttarskipan enda hafa samkeppnislög á Íslandi hingað til ekki náð til slíkra samninga og athafna. Framkvæmd eftirlitsins getur heldur ekki talist íþyngjandi fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Það eru fyrst og fremst samkeppnisreglurnar sjálfar en ekki eftirlit með framkvæmd þeirra sem leggja á skyldur um ákveðna hegðan fyrirtækjanna og einstaklinga þegar athafnir þeirra hafa áhrif á milliríkjaviðskipti. Lögsaga framkvæmdastjórnar EB og EB-dómstólsins á sviði eftirlits með samkeppnisreglum nær þegar í dag til þeirra lögskipta fyrirtækja sem hafa áhrif á viðskipti á milli EB-ríkja. Þannig getur framkvæmdastjórnin ákveðið sektir á hendur íslensku fyrirtæki ef það er aðili að samningi sem brýtur í bága

við samkeppnisreglur EB. Eina nýmælið varðandi slíkar ákvarðanir er að ef framkvæmdastjórnin getur ekki gengið að eignum fyrirtækisins innan EB þá er í 110. gr. EES-samningsins komin aðfararheimild gagnvart fyrirtækinu á Íslandi.

Ákvarðanir sem fela í sér sektir eða févíti

Um ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar sem fela í sér sektir eða févíti gilda hins vegar sérsjónarmið þar sem slíkar ákvarðanir eru fullnustuhæfar í öllum aðildarríkjum samningsins. Þannig verða slíkar ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA, EFTA-dómstólsins og framkvæmdastjórnar EB og EB-dómstólanna fullnustuhæfar á sama hátt og íslenskir dómar sem kveða á um fjárskuldbindingar.

Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar dæma íslenskir dómstólar um embættismörk íslenskra yfirvalda. Íslenskir þegnar eiga því stjórnarskrárbundinn rétt til þess að hægt sé að bera ákvarðanir yfirvalda sem beinast að þeim undir sjálfstæðan dómstól. Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA verður hægt að bera undir EFTA-dómstólinn og ákvarðanir framkvæmdastjórnar EB undir dómstóla EB.

Framkvæmd á fullnustu sektanna eða févítanna verður í höndum innlendra dómstóla. Niðurstöður eftirlitsstofnanna og EFTA og EB-dómstólanna verður hins vegar ekki hægt að bera undir íslenska dómstóla, en þeir geta dæmt um hvort farið hafi verið að settum reglum.

Sektarvald eftirlitsstofnunar EFTA er liður í virku eftirliti með fullnustu samkeppnisreglna EES. Sömu rök eiga því við um eðli slíkra ákvarðana og um aðrar ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar og hvers vegna eftirlitið verður með góðu móti ekki framkvæmt af yfirvöldum í hverju aðildarríki fyrir sig.

Nokkur dæmi eru til um hliðstæða samninga sem Ísland er aðili að þar sem ákvarðanir erlendra yfirvalda og dómstóla eru fullnustuhæfar hér á landi.

Erlendar dómsúrlausnir

Norðurlandasamningur um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, sbr. lög 30/1932, og Lúganósamningurinn frá 1988 um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum gera báðir ráð fyrir að erlendar dómsúrlausnir geti hlotið viðurkenningu og aðfararhæfi hér á landi. Forsendan fyrir því að svo geti orðið er að um svokölluð alþjóðleg varnarþing sé að ræða, þ.e. að sakarefnið sé með þeim hætti að það eða aðilar þess geti ekki talist eingöngu „íslenskt". Í þessum tilvikum hefur ekki farið fram framsal á dómsvaldi og hefur löggjafinn það á valdi sínu að viðurkenna slíkar úrlausnir erlendra dómstóla og veita þeim aðfararhæfi hér á landi án þess að þær sæti endurskoðun að efni til.

Einnig má nefna lög 69/1963 um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl. Í 1. gr. laganna er gert ráð fyrir því að fullnægja megi hér á landi sektarrefsingu sem aðila hefur verið gerð á hinum Norðurlöndunum og sama gildir um ákvarðanir sem varða upptöku eigna, sakarkostnað í opinberum refsimálum og einkarefsimálum og hald á eignum grunaðs manns til tryggingar sektargreiðslu, eignaupptöku, skaðabótum, miskabótum eða sakarkostnaði í refsimálum. Lögin eru þó ekki takmörkuð við fyrrgreind tilvik því að skv. 11. kafla laganna má einnig fullnægja norrænum refsivistardómum hér á landi með þeim skilmálum sem þar eru ákveðnir.

Erlendar stjórnsýsluákvarðanir

Dæmi eru um að erlendum stjórnsýsluákvörðunum sé veitt aðfararhæfi hér á landi. Má t.d. nefna lög nr. 46/1990 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum. Í 14. gr. samningsins er m.a. sagt að úrskurð í skattamáli, sem samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis er aðfararhæfur í því ríki, skuli viðurkenna aðfararhæfan í öðru aðildarríki.

Einnig gera lög 93/1962 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga ráð fyrir svipuðu úrræði. Í 1. gr. samningsins segir m.a. að úrskurði stjórnvalds sem lagt hefur einhverjum á herðar í einu samningsríkjanna að greiða meðlag með maka, skilgetnu barni, stjúpbarni, kjörbarni, óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns, og sé fullnusta heimil í því ríki, skuli þegar fullnægt í öðru samningsríki sé þess farið á leit. Í 4. gr. samningsins er gert ráð fyrir því að fullnusta fari fram í hverju ríki samkvæmt gildandi lögum þar.

Í drögum að frumvarpi til nýrra laga um viðurkenningu og fullnustu norrænna dóma í einkamálum er og gert ráð fyrir því að ýmsar erlendar stjórnsýsluákvarðanir geti orðið aðfararhæfar hér á landi. Í drögunum að frumvarpinu er gert ráð fyrir því að framkvæmd fullnustunnar fari eftir íslenskum aðfararlögum.

Niðurstöður um eftirlit á sviði samkeppnisreglna

Stjórnmálalegir og efnahagslegir hagsmunir ekki aðeins aðildarríkja EES-samningsins heldur einnig einstaklinga og fyrirtækja í aðildarríkjunum sem starfa á hinum sameiginlega markaði kalla á skilvirka fullnustu þeirra samkeppnisreglna sem gilda á svæðinu öllu. Þar sem eftirlit með fullnustu EES-reglnanna verður eðli málsins samkvæmt ekki tryggt nema með sameiginlegum stofnunum verður að líta svo á að samkeppnisreglurnar falli óhjákvæmilega undir alþjóðlegt varnarþing. Það vald sem fengið er eftirlitsstofnun EFTA er vandlega afmarkað í samningum sem samþykktir eru samhljóða og lögfestir af Alþingi.

Réttaröryggi einstaklinga og fyrirtækja verður tryggt þar sem hægt verður að bera ákvarðanir eftirlitsstofnanana undir dómstóla. Ákvarðanirnar geta ekki talist verulega íþyngjandi þar sem þær fela ekki í sér þyngri viðurlög en sektir og févíti. Innheimta sektanna fer samkvæmt íslenskum lögum fyrir íslenskum dómstólum.

Nokkuð mörg fordæmi liggja fyrir um samninga sem Ísland er aðili að og fela í sér sams konar skyldu til að fullnægja sektarákvarðana erlendra yfirvalda og dómstóla. Þau fordæmi sem fyrir liggja fela í sér sambærilega viðurkenningu á ákvörðunum erlendra yfirvalda og EES-samningurinn gerir ráð fyrir vegna fullnustu á sviði samkeppnisreglna.

Vegna eðlis þeirra lögskipta sem samkeppnisreglur EES ná til og með hliðsjón af þeim fjölda mála þar sem framkvæmdastjórn EB hefur tekið endanlegar ákvarðanir um sektir á 320 milljóna manna markaði og þeim undanþágureglum, sem gilda á sviði samkeppnisreglna EES verður ekki séð að þær ákvarðanir sem hugsanlega gætu snert íslenska aðila, geti talist íhlutun í íslenskt réttarskipulag.

Um bókun 5
Stofnsamþykkt EFTA - dómstólsins

Bókunin hefur að geyma nánari reglur um starfsemi EFTA-dómstólsins, reglur um dómarana, skipulag dómstólsins og málsmeðferð. Dómstóllinn setur sér nánari starfsreglur sem ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna þurfa að samþykkja samhljóða.

Um bókanir 6 og 7
Gerhæfi, forréttindi og friðhelgi
eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins

Bókanirnar fjalla um rétt stofnananna til að koma fram sem lögpersónur, einkum vegna kaupa á fasteignum og lausafé vegna starfsemi stofnananna.

Ákvæði bókananna um forréttindi og friðhelgi stofnananna og starfsmanna þeirra eru í samræmi við það sem almennt gildir um alþjóðastofnanir. Varðandi skattfríðindi starfsmanna hefur verið tekið mið af sömu reglum og gilda um starfsmenn skrifstofu EFTA. Gert er ráð fyrir að réttarstaða stofnananna og starfsmanna þeirra verði viðurkennd með sérstakri löggjöf sem gildir um alþjóðastofnanir almennt.

G. Athugasemdir við samninginn um fastanefnd EFTA

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gerir ráð fyrir samstarfi EFTA-ríkjanna um ákvarðanatöku, stjórnun, framkvæmd og samráð vegna samningsins. Með þessum samningi er sett á stofn ný nefnd EFTA-ríkjanna sem sinnir samstarfi vegna aðildar að EES. Störf nefndarinnar mega ekki hafa áhrif á störf eftirlitsstofnunar EFTA sem sett er upp samkvæmt samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Fastanefndin er ekki alþjóðastofnun á sama hátt og eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn. Um hana gilda því ekki sérstakar reglur um gerhæfi, forréttindi og friðhelgi.

EFTA-ráðið starfar áfram samkvæmt stofnsamningi um Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA). EFTA-ráðið mun áfram sinna samstarfi EFTA-ríkjanna sem varðar ríki og stofnanir utan Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt ákvæðum Stokkhólmssamningsins.

Með þessu fyrirkomulagi er starf EFTA-ríkjanna vegna EES aðskilið frá öðru samstarfi þeirra og er þriðju ríkjum þar með gefinn kostur á að verða aðilar að EFTA án þess að verða aðilar að EES.

Skrifstofa EFTA sem starfar fyrir EFTA-ráðið mun einnig sinna skrifstofuþjónustu fyrir fastanefnd EFTA. Starfsmenn fastanefndarinnar verða því formlega ráðnir af EFTA-ráðinu.

Um 1.-3. gr.
Hlutverk fastanefndar EFTA

Hlutverk fastanefndarinnar verður í meginatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi hafa EFTA-ríkin samráð í nefndinni varðandi ákvarðanatöku í EES-ráðinu og sameiginlegu EES-nefndinni í þeim tilvikum þegar gert er ráð fyrir að EFTA-ríkin tali með einni röddu, sbr., 2. mgr. 90. gr. og 2. mgr. 93. gr. EES-samningsins. Samráð um tillögur um EES-reglur í fastanefndinni er fyrst og fremst undirbúningur undir ákvarðanatöku í sameiginlegu EES-nefndinni þar sem endanlegar ákvarðanir verða teknar.

Önnur störf fastanefndarinnar varða framkvæmd og stjórnun á EES-reglum í EFTA-ríkjunum sem nánar eru tilgreind í 3. gr. samningsins.

Víða í EB-gerðum þeim sem teknar eru upp í viðauka við EES-samninginn er framkvæmdastjórn EB, í sumum tilvikum í samvinnu við sérfræðinganefndir aðildarríkjanna og EB-ráðið, falið að sinna ýmsum störfum er varða framkvæmd og stjórnun EB-reglna. Þessum störfum er að því er varðar EFTA-ríkin skipt upp á milli eftirlitsstofnunar EFTA og fastanefndar EFTA, sbr. bókun 1 við EES-samninginn. Þau störf sem falla í hlut fastanefndarinnar eru talin upp í bókun 1 við þennan samning. Þau störf sem falla í hlut eftirlitsstofnunarinnar eru talin upp í bókun 1 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnu eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Einnig falla undir fastanefndina störf í tengslum við störf eftirlitsstofnunarinnar. Þegar innan EB er gert ráð fyrir samráði við sérfræðinganefndir aðildarríkja EB og EB-ráðið er á sama hátt gert ráð fyrir að ákvörðunum sé vísað frá eftirlitsstofnun EFTA til sérfræðinganefnda fastanefndarinnar.

Önnur störf fastanefndarinnar varða upplýsingadreifingu, tilkynningar og skýrslugjöf, auk starfa og ákvarðana vegna öryggisráðstafana og frávika á ýmsum sérsviðum og sérstakri meðferð deilumála.

Um 4.-7. gr.
Skipulag fastanefndarinnar

Hvert EFTA-ríki hefur fulltrúa í fastanefndinni og hefur hver fulltrúi eitt atkvæði. Fulltrúar EFTA-ríkjanna geta á sama hátt og í EFTA-ráðinu verið embættismenn eða ráðherrar. Samkvæmt samþykkt vegna 4. gr. getur fastanefndin komið saman hvenær sem þörf krefur.

Fastanefndin getur skipað undirnefndir og aðra hópa. Slíkar nefndir hafa einnig það hlutverk að aðstoða eftirlitsstofnun EFTA við störf hennar.

Fastanefndin getur tekið ákvarðanir og samþykkt tilmæli varðandi þau störf sem talin eru upp í 3. gr. þessa samnings. Slíkar ákvarðanir eru bindandi fyrir EFTA-ríkin að þjóðarétti.

Almennt eru ákvarðanir fastanefndarinnar teknar samhljóða.

Undanþágur frá því eru taldar upp í viðauka við samninginn. Undanþágunum sem eru nákvæmlega tilgreindar, má skipta í þrjár tegundir ákvarðana:

1. Ákvarðanir stjórnunarlegs eðlis sem eftirlitsstofnun EFTA vísar til sérfræðinganefnda aðildarríkjanna á viðkomandi sviði og fastanefnd EFTA tekur síðan ákvörðun um;
2. ákvarðanir er varða sérstakar undanþágur samkvæmt EES-reglunum á nánar tilgreindum sviðum;
3. ákvarðanir er varða sérstaka meðferð deilumála á sviði flutninga.

Framangreindar ákvarðanir og tilmæli varða einungis framkvæmd samningsins á mjög afmörkuðum sviðum og beinast einungis að ríkjunum sem slíkum. Hér er ekki um að ræða ákvarðanir sem verða grundvöllur fyrir lagasetningu.

Sambærilegar ákvarðanir og tilmæli eru tekin með meirihlutaákvörðunum í EFTA-ráðinu, sbr. 5., 13., 9., 20., og 31. gr. Stokkhólmssamningsins.

Um 8.-14. gr.
Almenn ákvæði

Í 12. gr. er fjallað um tengsl aðildar að EES-samningnum og samningnum um fastanefnd EFTA. Aðild að samningi um fastanefndina fellur sjálfkrafa úr gildi ef samningsaðili afturkallar aðild að EES-samningnum. Einnig er kveðið á um að EFTA-ríki sem gerist aðili að Evrópubandalaginu, verði sjálfkrafa ekki lengur aðili að þessum samningi þegar aðild að Evrópubandalaginu gengur í gildi.

Í 13. gr. er kveðið á um að EFTA-ríki sem gerist aðili að EES-samningnum skuli einnig gerast aðili að þessum samningi.

Samningur þessi er gerður á ensku en þýðingar á opinber tungumál EFTA-ríkjanna verða staðfestar fyrir gildistöku hans, sbr. 14. gr. Verður samningurinn því jafngildur á öllum opinberum tungumálum EFTA-ríkjanna við gildistöku.

Samkvæmt 14. gr. fylgir gildistaka samnings þessa gildistöku EES-samningsins.

Um bókun 1
Störf og valdsvið fastanefndarinnar samkvæmt gerðum í viðaukum við EES-samninginn vegna beitingar bókunar 1 við þann samning

Í bókun 1 við EES-samninginn er í d-lið 4. tölul. gert ráð fyrir að þau störf, sem framkvæmdastjórnin innir af hendi er varða stjórnun og framkvæmd á EB-reglum, t.d. sannprófanir, upplýsingar, tilkynningar og upplýsingadreifing verði að því er varðar EFTA-ríkin í höndum fastanefndar EFTA eða eftirlitsstofnunar EFTA.

Í bókun 1 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og í þessari bókun er kveðið á um hvernig framangreindum störfum er skipt á milli fastanefndarinnar og eftirlitsstofnunarinnar.

Samkvæmt bókuninni sér fastanefndin í meginatriðum um upplýsingadreifingu, upplýsingaskrár, tilnefnir rannsóknastofur sem eru viðurkenndar, staðlamál, ráðgjöf, samræmingarstarf vegna viðurkenningar á prófskírteinum og flokkun náms.

Verði framkvæmdastjórn EB falin sambærileg störf og kveðið er á um í 1. gr. bókunar 1 má einnig fela fastanefnd EFTA að hafa með höndum sambærileg störf að því er varðar EFTA-ríkin.

Um bókun 2
Tilhögun EFTA-ríkja við beitingu ráðstafana samkvæmt 43. gr. EES-samningsins

Bókun þessi fjallar um framkvæmd þeirra verndarráðstafana sem heimilt er að gera á sviði fjármagnsflutninga samkvæmt 43. gr. EES-samningsins.

EFTA-ríki sem ætlar að beita verndarráðstöfunum ber að tilkynna það fastanefnd EFTA sem með meirihluta atkvæða getur sett fram tilmæli um breytingu, frestun eða afnám ráðstafananna.

Tilmæli EFTA-ríkja eru ekki bindandi fyrir viðkomandi ríki.

H. Athugasemdir við samninginn um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði

Stefnumið bandalagsins um jöfnun lífskjara milli landsvæða innan þess tengist mjög landbúnaðarmálum. Er þar einkum um að ræða að bandalagið telur að EFTA-ríkjunum beri að greiða fyrir það hagræði sem, þau hafa af óheftum aðgangi fyrir iðnvarning sinn að samræmdum innri markaði EB, með frjálsari aðgangi að EFTA-mörkuðum fyrir landbúnaðarafurðir. Suðurríki bandalagsins hafa mikla hagsmuni af viðskiptum með ávexti, grænmeti og blóm. Íslendingar hafa löngum haft sömu rök fyrir frjálsum aðgangi fyrir íslenskar sjávarafurðir að mörkuðum Evrópubandalagsins.

Strax í byrjun viðræðnanna um EES ákváðu samningsaðilar að landbúnaðarstefnu þeirra skyldi haldið utan samningsins. Þó var ákveðið að EFTA-ríkin gerðu tvíhliða samninga við Evrópubandalagið um jöfnun ávinnings af samningnum fyrir Suðurríki Evrópubandalagsins.

Evrópubandalagið lagði fram skrá yfir afurðir, alls 86 tollskrárnúmer samkvæmt íslensku tollskránni (72 sbr. EB), sem óskað var eftir að EFTA-ríkin flyttu inn óhindrað frá aðildarríkjum Evrópubandalagsins. Samið var við EFTA-ríkin, hvert um sig, um breytingar á skránni. Niðurstaða viðræðna Evrópubandalagsins og Íslands birtist í meðfylgjandi samningi.

Í samningaviðræðunum lögðu samningamenn Íslands áherslu á að taka tillit til óska allra hagsmunaaðila og lögðu til að innflutningur grænmetis, sem framleitt er af garðyrkjubændum á Íslandi, yrði háður leyfum á þeim tíma sem innlend framleiðsla fullnægir eftirspurn, þ.e. 16. mars - 31. október ár hvert. Svipað má segja um afskorin blóm, en innflutningur á flestum tegundum afskorinna blóma verður áfram háður leyfum allt árið. Íslendingar féllust á óheftan innflutning á afurðum sem falla undir 79 af þeim 86 tollskrárnúmerum sem Evrópubandalagið óskaði eftir, en heimiluðu innflutning sex tegunda grænmetis og fimm tegunda afskorinna blóma yfir vetrartímann.

Afurðirnar sem takmarkaðar eru við tiltekið tímabil eru: Nokkrar tegundir afskorinna blóma (nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk og paradísarfuglablóm), tómatar, salathöfuð, gúrkur, reitagúrkur og papríka.

Afurðirnar sem Íslendingar heimila óheftan innflutning á eru: Laukur, hvítlaukur, spergill, eggaldinjurtir, kúrbítur, belgávextir, þurrkaðar matjurtir, möndlur, valhnetur, heslihnetur, blöndur af hnetum og þurrkuðum ávöxtum, hnetukjarnar, bananar, ananas, fíkjur, appelsínur, mandarínur, sítrónur, vínber, melónur, apríkósur, kirsuber, ferskjur, plómur, jarðarber, kívíávöxtur, vanilla, safran, ris, plöntuhlutar sem notaðir eru í ilmvötn, agar, kakaósmjör, tómatar unnir eða varðir skemmdum, ræktaðir sveppir unnir eða varðir skemmdum, jarðartískokka, ólívur, kapar, ávaxtasafar, vín, romm, ouzo, írskir rjómalíkjörar og óunnið tóbak.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild verði veitt til að fullgilda samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) og tvo fylgisamninga milli EFTA-ríkjanna, annars vegar samning um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE-samninginn) og hins vegar samning um fastanefnd.

EES-samningurinn og EFTA-samningarnir tveir eru prentaðir í sérheftum sem fylgja frumvarpinu.

Með frumvarpinu er einnig prentaður samningur milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði, sbr. bókun 42 við EES-samninginn. Gildistaka hans er háð gildistöku EES-samningsins.

Um efni samninganna vísast til athugasemda hér að framan.

Með „samningi um Evrópska efnahagssvæðið" er átt við meginmál samningsins og fylgiskjöl með honum, þ.e. til bókanir og viðauka, svo og gerðir sem vitnað er til í viðaukum, sbr. 2. gr. samningsins.

Meginmál samningsins er 129 greinar ásamt inngangsorðum.

Samningnum fylgja sameiginlegar yfirlýsingar, yfirlýsingar allra samningsaðila og yfirlýsingar eins eða fleiri samningsaðila, en þær geta haft áhrif á túlkun samningsins.

Með samningnum fylgir einnig samkomulag um þrjú atriði, þ.e. um hvernig farið skuli með þær réttarreglur Evrópubandalagsins á því sviði sem samningurinn tekur til og sem settar eru á tímabilinu frá 1. ágúst 1991 fram að gildistöku samningsins, um birtingu upplýsinga sem tengjast EES og um fyrirkomulag sem gildir um birtingu á auglýsingum EFTA um opinber innkaup.

Loks fylgja samþykktir um túlkun einstakra ákvæða samningsins sem eru bindandi fyrir samningsaðila.

Með orðinu „gerðir" er átt við reglugerðir, tilskipanir, ákvarðanir, tilmæli og aðrar heimildir EES-réttar. Gerðirnar eru ýmist bindandi fyrir samningsaðila eða óskuldbindandi. EES-reglugerðir og tilskipanir eru dæmi um þær fyrrnefndu en tilmæli um hinar síðarnefndu. Þótt gerðir séu ekki bindandi ber samt sem áður að taka tillit til þeirra. Í viðaukunum við samninginn er skýrt tekið fram hvaða gerðir eru bindandi fyrir samningsaðila og hverjar ekki.

Um 2. gr.

Með 2. gr. er lagt til að meginmál EES-samningsins hafi lagagildi hér á landi.

Sama er að segja með bókun 1 við samninginn, en hún felur í sér aðlögun á gerðum EB, sem getið er í viðaukunum, að Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi aðlögun er fólgin í nauðsynlegum breytingum sem stafa m.a. af því að 19 þátttökuríki mynda EES, en EB-ríkin eru 12.

Einnig er lagt til að undanþágur Íslands varðandi fiskveiðar og fiskvinnslu verði lögfestar. Hér er um mikilvægustu undanþágur Íslands að ræða og þykir því rétt að lögfesta þær sérstaklega þó að það verði ekki talin beinlínis laganauðsyn. Aðrar undanþágur, tímabundnar og ótímabundnar, sem Ísland fær með samningnum halda því fullu gildi sínu.

Gert er ráð fyrir því að lögð verði fram frumvörp til laga af hálfu einstakra ráðuneyta eða að stjórnvaldsreglur verði settar eftir þörfum áður en ákvæði annarra þátta samningsins, svo sem bókana, viðauka og gerða sem þar er vitnað til, eiga að koma til framkvæmda.

Ekki þykir nauðsynlegt að lögfesta hina þrjá fylgisamninga með EES-samningnum í heild sinni, EFTA-samningana tvo og tvíhliða samninginn um landbúnaðarmál.

Um 3. gr.

Í bókun 35 er fjallað um framkvæmd EES-reglna.

Íslenskum dómstólum ber að túlka íslensk lög í samræmi við þjóðarétt. Í dómum undanfarið hefur Hæstiréttur gengið mjög langt í þessu efni, sbr. t.d. hrd. 1990, bls. 2. Þar vék rétturinn frá nýlegum og skýrum dómafordæmum sínum og túlkaði lög m.a. til samræmis við þjóðréttarreglu, sem gildir ekki sem lög hér á landi, þ.e. túlkun mannréttindanefndar Evrópu á tiltekinni grein mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt þessu verður að telja að verði árekstur milli laga, sem sett hafa verið vegna skuldbindinga í þjóðréttarsamningi, og annarra innlendra réttarreglna veiti dómafordæmi Hæstaréttar vísbendingu um að innlenda reglan verði túlkuð til samræmis við þjóðréttarregluna eftir því sem framast er kostur.

Þar fyrir utan er sterk hefð fyrir þeirri reglu í íslenskum rétti að sérlög gangi framar almennum lögum, þ.e. að lög, sem eru almenns eðlis, eru ekki talin fella brott eldri sérreglur laga um sama efni nema brottfellingarinnar sé getið sérstaklega í yngri lögunum. Oft myndi EES-regla vera sérregla um tiltekið efni.

Í 3. gr. felst m.a. að innlend lög sem eiga stoð í EES-samningnum verði jafnan túlkuð sem sérreglur laga gagnvart ósamræmanlegum yngri lögum, að því leyti að yngri lög víki þeim ekki ef þau stangast á, nema löggjafinn taki það sérstaklega fram. Þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja samræmi í reglunum á Evrópska efnahagssvæðinu. Í bókun 35 er og skýrt tekið fram að þessi skýringarregla skuli ekki hafa í för með sér framsal á löggjafarvaldi og er 3. gr. við það miðuð.

Orðin „lög og reglur" taka bæði til innlendra laga og reglna sem ekki tengjast EES-samningnum og til laga og reglna sem sett hafa verið eða sett verða til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt samningnum. Hin síðarnefndu geta verið eldri en EES-samningurinn, sbr. t.d. lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991, en þau geta einnig verið yngri.

Orðin „að svo miklu leyti sem við á" takmarka skýringarreglu greinarinnar með tvennum hætti. Annars vegar tekur skýringarreglan aðeins til laga sem kunna að fara í bága við EES-samninginn. Hins vegar er hnykkt á að hún takmarkast af stjórnarskrá, þ.e. Alþingi getur ekki bundið sjálft sig varðandi framtíðarlagasetningu.

Með EES-samningnum er átt við meginmál samningsins, bókanir og viðauka, ásamt gerðum sem þar er vísað til, sbr. 1. tl. 1. gr. frumvarpsins.

Orðin „reglur sem á honum byggja" taka til EES-reglna, sem samþykktar verða eftir gildistöku EES-samningsins, þ.e. ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar skv. 92. gr. samningsins um breytingar á honum skv. 98. gr., að stjórnskipulegum skilyrðum uppfylltum skv. 103. gr.

Með 3. gr. er jafnframt tryggt að lögfesting meginmáls EES-samningsins skv. 2. gr. frumvarpsins hróflar ekki við þeim undanþágum fyrir Ísland sem felast í samningnum, t.d. um frestun gildistöku einstakra ákvæða, eða öðrum sérákvæðum hans.

Um 4. gr.

Ákvæðið er hugsað sem varaákvæði. Í því felst heimild fyrir hlutaðeigandi ráðherra til að setja nánari stjórnvaldsreglur um framkvæmd EES-samningsins ef sérstök nauðsyn krefur. Rétt er að taka fram að almenna reglan verður sú að slíkar reglur eigi stoð í lögum er gilda um viðkomandi svið og þegar hafa verið sett eða sett verða, sbr. athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins. Þessu ákvæði yrði því aðeins beitt ef heimild í settum lögum vantar eða hún er ekki talin nægilega skýr.

Um 5. gr.

Samningarnir í heild verða birtir með auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda eins og venja er.

Meginmál EES-samningsins og önnur ákvæði hans, sem getið er í 2. gr. og öðlast eiga lagagildi, verða birt sem fylgiskjöl með lögunum.

Ákvæði 1. gr. um heimild til að fullgilda samningana þrjá öðlast gildi við birtinga laganna, en önnur ákvæði munu öðlast gildi samtímis EES-samningnum, sem einnig verður auglýst í Stjórnartíðindum.

Þótt Ísland fullgildi EES-samninginn öðlast hann ekki gildi fyrr en allir samningsaðilar hafa fullgilt hann eða staðfest, sbr. 129. gr. samningsins.

Viðbætir 1.1

Hr. Horst G. Krenzler
aðalskrifstofustjóri
framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel.

Með vísan til viðræðna okkar í aðalsamninganefnd og í Lúxemborg 21. október 1991 leyfi ég mér að setja fram eftirfarandi tillögur.

Ég legg til að EB- og EFTA-löndin, í viðræðum sínum um sérsamninga við Pólland, Ungverjaland, Tékkóslóvakíu o.s.frv., reyni í sameiningu að koma á marghliða stighækkandi uppsöfnun í viðskiptum með vörur, að textílvörum meðtöldum. Þar að auki ætti að kanna möguleika á útvíkkun til annarra EFTA-ríkja á fyrirliggjandi stjórnvaldsráðstöfunum frá 1984 milli Austurríkis-EB og Sviss-EB um textílvörur.

Ég legg til að fjallað verði um þessi atriði fyrri hluta árs 1992 á vettvangi reglubundinna upplýsingaskipta milli starfsliðs framkvæmdastjórnar EB og fulltrúa EFTA-landa og EFTA-skrifstofunnar hjá EB, með það fyrir augum að hrinda niðurstöðunum í framkvæmd eins skjótt og auðið er.

Virðingarfyllst,

Hannes Hafstein, sendiherra,
forstöðumaður sendiráðs Íslands
hjá Evrópubandalögunum

Hr. H. Hafstein, sendiherra,
formaður sendinefndar EFTA,
EFTA-skrifstofunni,
Rue Arlon 118,
1040-Brussel.

Ég hef í dag móttekið bréf yðar um upprunareglur varðandi unnar vörur.

Ég hef tekið tillögur yðar til athugunar og mun skoða þær nánar með réttum aðilum á vegum framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjunum með könnunarviðræður fyrir augum. Þér munuð heyra frá mér við fyrsta tækifæri varðandi tímasetningu slíkra viðræðna á fyrri hluta árs 1992.

Virðingarfyllst,

Horst G. Krenzler.
formaður sendinefndar
framkvæmdastjórnar
Evrópubandalaganna

Viðbætir 1.2

Hr. H. Hafstein, sendiherra,
formaður sendinefndar EFTA,
EFTA-skrifstofunni,
Rue Arlon 118,
1040-Brussel.

Með tilvísun til samnings milli bandalagsins, aðildarríkja þess og EFTA-ríkjanna um Evrópskt efnahagssvæði, sem áritaður er í dag, veitist mér sá heiður að staðfesta að hvað varðar ráðgjafarnefnd á sviði bankamála eigi 100. gr. EES-samningsins við um þau störf er nefndin aðstoðar framkvæmdastjórnina við meðferð framkvæmdarvalds í umboði ráðsins. Varðandi önnur störf ráðgjafarnefndar á sviði bankamála munu fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar og formaður nefndarinnar skiptast á upplýsingum og hafa samráð við fulltrúa þar til bærra yfirvalda EFTA-ríkja fyrir og eftir nefndarfundi. Sama fyrirkomulag skal gilda um tryggingamálanefnd að breyttu breytanda jafnskjótt og viðeigandi EB-löggjöf hefur verið samþykkt og er orðin hluti af EES-samningnum.

Virðingarfyllst,

Horst G. Krenzler,
formaður sendinefndar
framkvæmdastjórnar
Evrópubandalaganna

Hr. Horst G. Krenzler
aðalskrifstofustjóri
framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel.

Ég hef í dag móttekið svohljóðandi bréf frá yður:

„Með tilvísun til samnings milli bandalagsins, aðildarríkja þess og EFTA-ríkjanna um Evrópskt efnahagssvæði, sem áritaður er í dag, veitist mér sá heiður að staðfesta að hvað varðar ráðgjafarnefnd á sviði bankamála eigi 100. gr. EES-samningsins við um þau störf er nefndin aðstoðar framkvæmdastjórnina við meðferð framkvæmdarvalds í umboði ráðsins. Varðandi önnur störf ráðgjafarnefndar á sviði bankamála munu fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar og formaður nefndarinnar skiptast á upplýsingum og hafa samráð við fulltrúa þar til bærra yfirvalda EFTA-ríkja fyrir og eftir nefndarfundi. Sama fyrirkomulag skal gilda um tryggingamálanefnd að breyttu breytanda jafnskjótt og viðeigandi EB-löggjöf hefur verið samþykkt og er orðin hluti af EES-samningnum."

Virðingarfyllst,

Hannes Hafstein, sendiherra,
forstöðumaður sendiráðs Íslands
hjá Evrópubandalögunum

Viðbætir 1.3

Hr. H. Hafstein, sendiherra,
formaður sendinefndar EFTA,
EFTA-skrifstofunni,
Rue Arlon 118,
1040-Brussel.

Efni: Framkvæmd bókunar 31 við EES-samninginn. CREST-nefndin

Eins og yður er kunnugt setur d-liður 1. mgr. 1. gr. bókunar 31 við drög að EES-samningnum sérákvæði vegna hlutdeildar EFTA-ríkjanna í störfum nefndar um vísinda- og tæknirannsóknir (CREST). Í framhaldi af viðræðum á nýafstöðnum sameiginlegum CREST/EFTA fundi þann 29. nóvember 1991 langar mig til að gera yður grein fyrir því hvernig framkvæmdastjórnin telur að framkvæmd fyrrnefndra ákvæða skuli háttað.

Á grundvelli ályktunar ráðsins frá 1974 um stofnsetningu CREST og með gildistöku EES-samningsins myndi CREST í tengslum við ráðgjafarhlutverk sitt vegna vísinda- og tæknirannsókna í raun gegna þríþættu hlutverki:

1) sem ráðgjafi ráðsins
2) sem ráðgjafi framkvæmdastjórnarinnar í málum innan EBE
3) sem ráðgjafi framkvæmdastjórnarinnar í málum EBE er einnig snerta EES.

Talið er æskilegt að tekið verði tillit til álits sérfræðinga í EFTA-ríkjunum að því er þetta þriðja hlutverk CREST varðar.

Með fyrirvara um yfirstandandi viðræður innan ramma Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984 ætti því að bjóða EFTA-ríkjunum að senda sérfræðinga á fundi CREST-nefndarinnar þegar hún gegnir þessu síðasttalda hlutverki sínu. Álit þeirra yrði skráð í fundargerðir. Afriti af drögum að fundargerð yrði dreift á viðtekinn hátt til allra þátttakenda til að þeir geti gert athugasemdir áður en gengið verður frá lokaútgáfunni. Öll EFTA-ríkin munu, jafnt og aðildarríki EB, fá í hendur frumdrög að starfsáætlun ásamt viðeigandi skjölum, eftir því sem þau liggja fyrir, sex mánuðum fyrir næsta fund um málefni sem tengjast EES.

Virðingarfyllst,

Horst G. Krenzler

Hr. Horst G. Krenzler
aðalskrifstofustjóri
framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel.

Ég hef í dag móttekið svohljóðandi bréf frá yður:

„Efni: Framkvæmd bókunar 31 við EES-samninginn. CREST-nefndin

Eins og yður er kunnugt setur d-liður 1. mgr. 1. gr. bókunar 31 við drög að EES-samningnum sérákvæði vegna hlutdeildar EFTA-ríkjanna í störfum nefndar um vísinda- og tæknirannsóknir (CREST). Í framhaldi af viðræðum á nýafstöðnum sameiginlegum CREST/EFTA fundi þann 29. nóvember 1991 langar mig til að gera yður grein fyrir því hvernig framkvæmdastjórnin telur að framkvæmd fyrrnefndra ákvæða skuli háttað.

Á grundvelli ályktunar ráðsins frá 1974 um stofnsetningu CREST og með gildistöku EES-samningsins myndi CREST í tengslum við ráðgjafarhlutverk sitt vegna vísinda- og tæknirannsókna í raun gegna þríþættu hlutverki:

1) sem ráðgjafi ráðsins
2) sem ráðgjafi framkvæmdastjórnarinnar í málum innan EBE
3) sem ráðgjafi framkvæmdastjórnarinnar í málum EBE er einnig snerta EES.

Talið er æskilegt að tekið verði tillit til álits sérfræðinga í EFTA-ríkjunum að því er þetta þriðja hlutverk CREST varðar.

Með fyrirvara um yfirstandandi viðræður innan ramma Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984 ætti því að bjóða EFTA-ríkjunum að senda sérfræðinga á fundi CREST-nefndarinnar þegar hún gegnir þessu síðasttalda hlutverki sínu. Álit þeirra yrði skráð í fundargerðir. Afriti af drögum að fundargerð yrði dreift á viðtekinn hátt til allra þátttakenda til að þeir geti gert athugasemdir áður en gengið verður frá lokaútgáfunni. Öll EFTA-ríkin munu, jafnt og aðildarríki EB, fá í hendur frumdrög að starfsáætlun ásamt viðeigandi skjölum, eftir því sem þau liggja fyrir, sex mánuðum fyrir næsta fund um málefni sem tengjast EES."

Virðingarfyllst,

Hannes Hafstein, sendiherra,
forstöðumaður sendiráðs Íslands
hjá Evrópubandalögunum

Viðbætir 1.4

Hr. H. Hafstein, sendiherra,
formaður sendinefndar EFTA,
EFTA-skrifstofunni,
Rue Arlon 118,
1040-Brussel.

Efni: Viðbótarupplýsingar um fjárhagshliðina á þátttöku EFTA-ríkjanna í tiltekinni starfsemi bandalagsins.

Í 82. gr. EES-samningsins er gerð grein fyrir skilyrðum vegna fjárhagsþátttöku EFTA-ríkja í tiltekinni starfsemi bandalagsins. Þar að auki er í bókun 32 við samninginn mælt fyrir um nauðsynlegar aðferðir við framkvæmd þessarar þátttöku.

Þegar samið var um bókun 32 töldu báðir aðilar æskilegt að veita EFTA-ríkjunum viðbótarupplýsingar --- hvað varðar málsmeðferð innan EB --- um meðferð fjárlaga vegna þátttöku EFTA-ríkjanna bæði varðandi framsetningu og framkvæmd.

Nú veitist mér sá heiður að senda yður í hjálögðum viðauka viðbótarupplýsingar sem að gagni mega koma á þessu stigi. Óþarft er að taka fram að þessar upplýsingar eiga við ástand sem skapast á grundvelli núgildandi laga.

Ég treysti því að upplýsingarnar séu nógu ítarlegar og muni stuðla að bestu hugsanlegu skilyrðum við framkvæmd þeirrar fjárhagssamvinnu sem samkomulag hefur náðst um í EES-samningnum.

Virðingarfyllst,

Horst G. Krenzler

VIÐAUKI

VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD ÁKVÆÐA BÓKUNAR 32 Í EES-SAMNINGNUM

1. Bókhald yfir framlag EFTA-ríkjanna

Í samræmi við ákvæði þriðja undirliðar í annarri undirgrein 2. mgr. 4. gr. fjárhagsreglugerðar um fjárlög Evrópubandalaganna[1] telst framlag þriðju landa vera „sýndartekjur".

Þetta merkir í framkvæmd að þátttaka EFTA-ríkjanna verður:

annars vegar gjaldfærð í sérstakri línu tekjuhliðar og gæti af þeim sökum ekki talist með öðrum tekjum á fjárlögum.

hins vegar auðkennd, eingöngu vegna bókhaldsins, og væri því eingöngu hægt að nota hana til að greiða kostnað af þeirri starfsemi bandalagsins sem EFTA-ríkin taka þátt í.

Þar af leiðandi, til að ábyrgjast að farið verði eftir meginreglunni um „sýndartekjur", verða gerðar viðeigandi ráðstafanir í bókhaldi til að tryggja varanlega að þessar aðgerðir verði aðgreindar.

Þar að auki ber að hafa hugfast að svohljóðandi 4. mgr. 7. gr. fjárhagsreglugerðarinnar:

„Ónýttar tekjur og fjárveitingar sem eru fyrir hendi 31. desember sökum sérstakra tekjustofna sem um getur í 2. mgr. 4. gr. eru sjálfkrafa fluttar áfram" gildir um þessa starfrækslu.

2. Upplýsingar um fjárlagaskipulag í tengslum við framlög EFTA-ríkjanna

Til að tryggja auðkenningu á framlagi EFTA-ríkjanna er fyrirhugað að viðeigandi „fjárlagaskipulag" sem einkum felur í sér eftirtalda þætti komi fram á fjárlögum Evrópubandalaganna:

---

[1] Fjárhagsreglugerð frá 21. desember 1977 sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna (Stjtíð. EB nr. L 356, 31.12.1977, bls. 1), eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins nr. 610 frá 13. mars 1990 (Stjtíð. EB nr. L 70, 16.3.1990, bls. 1), hér eftir nefnd fjárhagsreglugerðin.

1) á tekjuhlið: lína með málamyndafærslu þar sem fjárframlög EFTA-ríkjanna á viðkomandi fjárhagsári skulu færð þegar að framkvæmdum kemur.
   Í athugasemd við línuna komi fram „til upplýsingar" heildarfjárframlag EFTA-ríkjanna, greint í fjárhagsskuldbindingar og greiðsluskuldbindingar;
2) á útgjaldahlið, III. þætti (framkvæmdastjórn) B-hluta:
   a) í hverri línu sem tengist starfsemi er EFTA-ríkin taka þátt í skal koma fram í athugasemdum vísbending, „til upplýsingar", um fjárframlög EFTA-ríkjanna.
   b) í „yfirlitstöflu"[2] sem fylgir B-hluta skal sýna, á grundvelli viðeigandi, tæmandi nafnaskrár, allar viðkomandi fjárhagslínur og, „til upplýsingar", upphæð fjárframlaga EFTA-ríkja vegna einstakra verkefna.

Þessir þættir línan á tekjuhlið og „yfirlitstaflan" á útgjaldahlið skulu sýna fjárlagaskipulagið varðandi horfur og framkvæmd, þar með talið bókhald, svo og gerð og endurskoðun reikninga.

3. Skilyrði fyrir framkvæmd

Tímasetning samkvæmt ákvæðum 3. gr. hvað varðar aðlögun einkum vegna breytinga á fjárveitingum bandalagsins í kjölfar tilfærslu, leiðréttingar og/eða aukafjárveitinga gæti haft í för með sér að ekki verði tekið tillit til „hlutfallsþáttarins", sem gæti valdið vandkvæðum við framkvæmd fjárlaga og tafið framkvæmd viðkomandi starfsemi.

Framkvæmdastjórnin álítur því nauðsynlegt að fyrirhuga viðeigandi átak beggja aðila eftir gildistöku samningsins til að bæta þetta ástand eins og hægt er.

Framkvæmdastjórnin álítur enn fremur nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á bókun 32 í samræmi við þá endurskoðun sem kveðið er á um í 4. gr. hennar.

Í þessu skyni og að því leyti er framkvæmdastjórnina varðar hyggst hún leggja til viðeigandi breytingu á fjárhagsreglugerðinni, til að skapa nýjan lagagrundvöll sem betur hæfði hinu nýja ástandi og gerði kleift að ráða bót á fyrrnefndum vandkvæðum.

Óþarft er að taka fram að þegar slík tillaga er borin upp verða hlutaðeigandi stofnanir bandalagsins, þ.e. þingið, ráðið og endurskoðunarrétturinn, beðnar að leggja fram krafta sína í samræmi við ákvæði 209. gr. EBE-sáttmálans.

4. Fyrirkomulag er varðar eftirlit

Enn fremur álítur framkvæmdastjórnin að fyrirkomulagi því sem um getur í 2. mgr. 7. gr. bókunar 32 skuli komið á tímanlega eftir því sem þörf krefur.

---

[2] Þessi „yfirlit" gætu í raun verið í formi „viðauka", að því tilskildu að hann verði óaðskiljanlegur hluti fjárlaga, bæði í framsetningu og framkvæmd.

Hr. Horst G. Krenzler
aðalskrifstofustjóri
framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel.

Ég hef í dag móttekið svohljóðandi bréf frá yður:

„Efni: Viðbótarupplýsingar um fjárhagshliðina á þátttöku EFTA-ríkjanna í tiltekinni starfsemi bandalagsins.

Í 82. gr. EES-samningsins er gerð grein fyrir skilyrðum vegna fjárhagsþátttöku EFTA-ríkja í tiltekinni starfsemi bandalagsins. Þar að auki er í bókun 32 við samninginn mælt fyrir um nauðsynlegar aðferðir við framkvæmd þessarar þátttöku.

Þegar samið var um bókun 32 töldu báðir aðilar æskilegt að veita EFTA-ríkjunum viðbótarupplýsingar hvað varðar málsmeðferð innan EB um meðferð fjárlaga vegna þátttöku EFTA-ríkjanna bæði varðandi framsetningu og framkvæmd.

Nú veitist mér sá heiður að senda yður í hjálögðum viðauka viðbótarupplýsingar sem að gagni mega koma á þessu stigi. Óþarft er að taka fram að þessar upplýsingar eiga við ástand sem skapast á grundvelli núgildandi laga.

Ég treysti því að upplýsingarnar séu nógu ítarlegar og muni stuðla að bestu hugsanlegu skilyrðum við framkvæmd þeirrar fjárhagssamvinnu sem samkomulag hefur náðst um í EES-samningnum."

Virðingarfyllst,

Hannes Hafstein, sendiherra,
forstöðumaður sendiráðs Íslands
hjá Evrópubandalögunum

VIÐAUKI

VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD ÁKVÆÐA BÓKUNAR 32 Í EES-SAMNINGNUM

1. Bókhald yfir framlag EFTA-ríkjanna

Í samræmi við ákvæði þriðja undirliðar í annarri undirgrein 2. mgr. 4. gr. fjárhagsreglugerðar um fjárlög Evrópubandalaganna[1] telst framlag þriðju landa vera „sýndartekjur".

Þetta merkir í framkvæmd að þátttaka EFTA-ríkjanna verður:

annars vegar gjaldfærð í sérstakri línu tekjuhliðar og gæti af þeim sökum ekki talist með öðrum tekjum á fjárlögum.

hins vegar auðkennd, eingöngu vegna bókhaldsins, og væri því eingöngu hægt að nota hana til að greiða kostnað af þeirri starfsemi bandalagsins sem EFTA-ríkin taka þátt í.

Þar af leiðandi, til að ábyrgjast að farið verði eftir meginreglunni um „sýndartekjur", verða gerðar viðeigandi ráðstafanir í bókhaldi til að tryggja varanlega að þessar aðgerðir verði aðgreindar.

Þar að auki ber að hafa hugfast að svohljóðandi 4. mgr. 7. gr. fjárhagsreglugerðarinnar:

„Ónýttar tekjur og fjárveitingar sem eru fyrir hendi 31. desember sökum sérstakra tekjustofna sem um getur í 2. mgr. 4. gr. eru sjálfkrafa fluttar áfram"gildir um þessa starfrækslu.

2. Upplýsingar um fjárlagaskipulag í tengslum við framlög EFTA-ríkjanna

Til að tryggja auðkenningu á framlagi EFTA-ríkjanna er fyrirhugað að viðeigandi „fjárlagaskipulag" sem einkum felur í sér eftirtalda þætti komi fram á fjárlögum Evrópubandalaganna:

---

[1] Fjárhagsreglugerð frá 21. desember 1977 sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna (Stjtíð. EB nr. L 356, 31.12.1977, bls. 1), eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins nr. 610 frá 13. mars 1990 (Stjtíð. EB nr. L 70, 16.3.1990, bls. 1), hér eftir nefnd fjárhagsreglugerðin.

1) á tekjuhlið: lína með málamyndafærslu þar sem fjárframlög EFTA-ríkjanna á viðkomandi fjárhagsári skulu færð þegar að framkvæmdum kemur.
   Í athugasemd við línuna komi fram „til upplýsingar" heildarfjárframlag EFTA-ríkjanna, greint í fjárhagsskuldbindingar og greiðsluskuldbindingar;
2) á útgjaldahlið, III. þætti (framkvæmdastjórn) B-hluta:
   a) í hverri línu sem tengist starfsemi er EFTA-ríkin taka þátt í skal koma fram í athugasemdum vísbending, „til upplýsingar", um fjárframlög EFTA-ríkjanna.
   b) í „yfirlitstöflu"[2] sem fylgir B-hluta skal sýna, á grundvelli viðeigandi, tæmandi nafnaskrár, allar viðkomandi fjárhagslínur og, „til upplýsingar", upphæð fjárframlaga EFTA-ríkja vegna einstakra verkefna.

Þessir þættir línan á tekjuhlið og „yfirlitstaflan" á útgjaldahlið skulu sýna fjárlagaskipulagið varðandi horfur og framkvæmd, þar með talið bókhald, svo og gerð og endurskoðun reikninga.

3. Skilyrði fyrir framkvæmd

Tímasetning samkvæmt ákvæðum 3. gr. hvað varðar aðlögun einkum vegna breytinga á fjárveitingum bandalagsins í kjölfar tilfærslu, leiðréttingar og/eða aukafjárveitinga gæti haft í för með sér að ekki verði tekið tillit til „hlutfallsþáttarins", sem gæti valdið vandkvæðum við framkvæmd fjárlaga og tafið framkvæmd viðkomandi starfsemi.

Framkvæmdastjórnin álítur því nauðsynlegt að fyrirhuga viðeigandi átak beggja aðila eftir gildistöku samningsins til að bæta þetta ástand eins og hægt er.

Framkvæmdastjórnin álítur enn fremur nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á bókun 32 í samræmi við þá endurskoðun sem kveðið er á um í 4. gr. hennar.

Í þessu skyni og að því leyti er framkvæmdastjórnina varðar hyggst hún leggja til viðeigandi breytingu á fjárhagsreglugerðinni, til að skapa nýjan lagagrundvöll sem betur hæfði hinu nýja ástandi og gerði kleift að ráða bót á fyrrnefndum vandkvæðum.

Óþarft er að taka fram að þegar slík tillaga er borin upp verða hlutaðeigandi stofnanir bandalagsins, þ.e. þingið, ráðið og endurskoðunarrétturinn, beðnar að leggja fram krafta sína í samræmi við ákvæði 209. gr. EBE-sáttmálans.

4. Fyrirkomulag er varðar eftirlit

Enn fremur álítur framkvæmdastjórnin að fyrirkomulagi því sem um getur í 2. mgr. 7. gr. bókunar 32 skuli komið á tímanlega eftir því sem þörf krefur.

---

[2] Þessi „yfirlit" gætu í raun verið í formi „viðauka", að því tilskildu að hann verði óaðskiljanlegur hluti fjárlaga, bæði í framsetningu og framkvæmd.

Viðbætir 1.5

Hr. Horst G. Krenzler
aðalskrifstofustjóri
framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel.

Ég leyfi mér að tilkynna af hálfu EFTA-ríkjanna að á ráðherrafundinum í Lúxemborg 21. október 1991 samþykktu EFTA-ríkin að reikna framlög sín til fjármagnskerfisins á grundvelli vergrar þjóðarframleiðslu (VÞF) miðað við upplýsingar um markaðsverð þriggja síðastliðinna ára.

Virðingarfyllst

Hannes Hafstein, sendiherra,
forstöðumaður sendiráðs Íslands
hjá Evrópubandalögunum

Hr. H. Hafstein, sendiherra,
formaður sendinefndar EFTA,
EFTA-skrifstofunni,
Rue Arlon 118,
1040-Brussel.

Ég hef í dag móttekið svohljóðandi bréf frá yður:

„Ég leyfi mér að tilkynna af hálfu EFTA-ríkjanna að á ráðherrafundinum í Lúxemborg 21. október 1991 samþykktu EFTA-ríkin að reikna framlög sín til fjármagnskerfisins á grundvelli vergrar þjóðarframleiðslu (VÞF) miðað við upplýsingar um markaðsverð þriggja síðastliðinna ára."

Virðingarfyllst,

Horst G. Krenzler,
formaður sendinefndar
framkvæmdastjórnar
Evrópubandalaganna

Viðbætir 2.1

Vöruútflutningur Íslands

Árin 1987 - 1991

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

Útflutningur Fob

	1987	%	1988	%	1989	%	1990	%	1991	%
EES-ríki	34.797,9	65,6%	42.531,8	69,0%	54.013,1	67,5%	70.752,3	76,4%	68.142,4	74,4%
EFTA-ríki	4.346,1	8,2%	6.194,4	10,0%	8.814,1	11,0%	7.990,2	8,6%	7.015,4	7,7%
EB-ríki	30.451,8	57,4%	36.337,4	58,9%	45.199,0	56,4%	62.762,1	67,8%	61.127,0	66,8%
Önnur Evrópulönd	2.953,6	5,6%	4.008,8	6,5%	5.202,9	6,5%	4.408,5	4,8%	1.589,6	1,7%
Bandaríkin	9.677,9	18,2%	8.372,6	13,6%	11.435,5	14,3%	9.176,8	9,9%	11.504,7	12,6%
Japan	4.139,4	7,8%	4.706,5	7,6%	5.674,7	7,1%	5.545,6	6,0%	7.213,6	7,9%
Önnur lönd	1.484,3	2,8%	2.047,0	3,3%	3.745,5	4,7%	2.741,9	3,0%	3.110,1	3,4%
Vöruútflutningur alls	53.053,1	100%	61.666,7	100%	80.071,7	100%	92.625,1	100%	91.560,4	100%
Vísitala meðalgengis (1983 = 100)	184,9		211,4		265,2		297,9		297,5	



Viðbætir 2.2

Vöruinnflutningur Íslands

Árin 1987 - 1991

Innflutningur CIF

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers tíma

	1987	%	1988	%	1989	%	1990	%	1991	%
EES-ríki	44.541,7	72,7%	50.822,1	73,7%	56.275,7	70,1%	63.952,0	66,2%	70.528,3	69,5%
EFTA-ríki	12.644,0	20,6%	15.300,1	22,2%	15.294,5	19,1%	15.742,7	16,3%	17.330,9	17,1%
EB-ríki	31.897,7	52,1%	35.522,0	51,5%	40.981,2	51,1%	48.209,3	49,9%	53.197,4	52,4%
Önnur Evrópulönd	3.725,8	6,1%	3.935,1	5,7%	5.413,3	6,7%	6.562,1	6,8%	4.678,4	4,6%
Bandaríkin	4.367,0	7,1%	5.186,4	7,5%	8.823,3	11,0%	13.949,4	14,4%	10.509,2	10,3%
Japan	5.015,8	8,2%	4.745,6	6,9%	3.916,9	4,9%	5.419,4	5,6%	7.465,0	7,4%
Önnur lönd	3.586,7	5,9%	4.281,3	6,2%	5.820,9	7,3%	6.738,0	7,0%	8.357,5	8,2%
Vöruinnflutningur alls	61.237,0	100%	68.970,5	100%	80.250,1	100%	96.620,9	100%	101.538,4	100%
Vísitala meðalgengis (1983 = 100)	184,9		211,4		265,2		297,9		297,5	



Viðbætir 3.

Hagvöxtur 1988 - 1992

Hagvöxtur (vöxtur vergrar landsframleiðslu) skv. tölum OECD, desember 1991 (OECD Economic Outlook nr. 50). Prósentubreyting frá árinu á undan.

	1988	1989	1990	1991	1992	Meðaltal
Ísland	-0,8	-1,3	0	0,3	-1,6	-0,68
Noregur	-0,5	0,4	1,8	4,1	2,0	1,56
Svíþjóð	2,3	2,1	0,3	-1,2	0,2	0,74
Finnland	5,4	5,4	0,4	-5,2	-0,4	1,12
Danmörk	0,5	1,2	2,1	2,0	2,5	1,66
EB	4,0	3,5	2,9	1,4	2,1	2,78
Bandaríkin	4,5	2,5	1,0	-0,5	2,2	1,94
OECD	4,5	3,3	2,6	1,1	2,2	2,74

Hagvöxtur skv. tölum Þjóðhagsstofnunar, apríl 1992.

	1988	1989	1990	Bráðab. 1991	Spá 1992	Meðaltal
Ísland	-0,8	0	0,4	1,4	-2,8	-0,36

Viðbætir 4.

Fylgifrumvörp með EES-samningnum

Að neðan er yfirlit yfir ráðgerð lagafrumvörp vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið miðað við 11. ágúst 1992.

Lög nr.:

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (ráðgerir 2 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.
2. Frumvarp til laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Félagsmálaráðuneytið (ráðgerir 4 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um frjálsa för launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Frumvarp til laga um br. á lögum um vinnumarkaðsmál við aðild að EES-samningi.
3. Frumvarp til laga um hópuppsagnir.
4. Frumvarp til laga um réttarstöðu launafólks við eigendaskipti á fyrirtækjum og öðrum atvinnurekstri.

Fjármálaráðuneytið (ráðgerir 6 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um vörugjald á ökutæki og eldsneyti:
   a. 16. gr. l. nr. 4/1960 um efnahagsmál felld úr gildi.
   b. br. á l. nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar.
2. Frumvarp til laga um br. á tollalögum nr. 55/1987 og l. nr. 87/1987 um vörugjald.
3. Frumvarp til laga um br. á ýmsum lögum:

a. l. nr. 55/1980 um starfskjör launþega og skyldutryggingu launþega.
b. l. nr. 49/1974 um lífeyrissjóð sjómanna.
4. Frumvarp til laga um br. á l. nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda og l. nr. 52/1987 um opinber innkaup.
5. Frumvarp til laga um br. á l. nr. 75/1981 um tekjaskatt og eignaskatt.
6. Frumvarp til laga um br. á l. nr. 51/1968 um bókhald.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (ráðgerir 6 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna EES-samningsins.
2. Frumvarp til laga um bátaábyrgðarfélög.
3. Frumvarp til laga um br. á l. um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.
4. Fumvarp til laga um val á vátryggingarsamningalögum.
5. Frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi.
6. Frumvarp til laga um almannatryggingar.

Iðnaðarráðuneytið (ráðgerir 6 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um eignarrétt að auðlindum í jörðu.
2. Frumvarp til laga um virkjunarrétt fallvatna.
3. Frumvarp til laga um hönnunarvernd.
4. Frumvarp til laga um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.[3]
5. Frumvarp til laga um staðla.
   Frumvarp um breytingu á:
6. L. nr.17/1991 um einkaleyfi og l. nr. 47/1968 um vörumerki

Landbúnaðarráðuneytið (ráðgerir 3 frumvörp)

Frumvörp um breytingu á:
1. L. nr. 65/1976, jarðalögum með síðari breytingum
2. L. nr. 43/1971 um Áburðarverksmiðju ríkisins
3. L. nr. 53/1978 um eftirlit með áburði o.fl.

[3] Unnið í samvinnu við menntamálaráðuneytið

Menntamálaráðuneytið (ráðgerir 3 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um gagnkvæma viðurkenning á menntun ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og á Norðurlöndum til starfsréttinda á Íslandi.

   Frumvörp um breytingu á:
2. L. nr. 68/1985, útvarpslögum.
3. L. nr. 73/1972, höfundarlögum.

Samgönguráðuneytið (ráðgerir 5 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um fólks- og vöruflutninga á landi.
2. Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.
3. Frumvarp til laga um loftferðir.
   Frumvörp um breytingu á:
4. L. nr. 73/1984 um fjarskipti.
5. L. nr. 24/1982 um flutningasamninga o.fl.

Sjávarútvegsráðuneytið (ráðgerir 3 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.
2. Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.
   Frumvarp um breytingu á:
3. L. nr. 123/1989 um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

Umhverfisráðuneytið (ráðgerir 3 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um umhverfismat.
2. Frumvarp til laga um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun.
3. Frumvarp til laga um takmarkanir á notkun og losun erfðabreyttra örvera og lífvera.

Utanríkisráðuneytið (ráðgerir 3 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið.
2. Frumvarp til laga um friðhelgi starfsmanna alþjóðastofnana.
3. Frumvarp til laga um heimild til að fullgilda Norðurlandasamning um félagslegt öryggi.

Viðskiptaráðuneytið (ráðgerir 17 frumvörp)

1. Frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði.
2. Frumvarp til laga um aðrar lánastofnanir.
3. Frumvarp til laga um verðbréfasjóði.
4. Frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti.
5. Frumvarp til laga um Verðbréfaþing Íslands.
6. Frumvarp til laga um gjaldeyrismál.
7. Frumvarp til laga um innflutning.
8. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991.
9. Frumvarp til laga um vog, mál og faggildingu.
10. Frumvarp til laga um öryggi framleiðsluvöru.
11. Frumvarp til samkeppnislaga.
12. Frumvarp til laga um neytendalán.
13. Frumvarp til laga um húsgöngusölu.
14. Frumvarp til laga um hlutafélög.
15. Frumvarp til laga um samvinnufélög (innlánsdeildir).
16. Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða íslenskt ríkisfang vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.
17. Frumvarp til laga um umboðssöluviðskipti.

Viðbætir 5.

Samsvarandi reglur

EES-REGLUR SEM ERU SAMA EFNIS OG SAMSVARANDI EB-REGLUR

Meginmál EES-samningsins borið saman við EB-reglur

EES		EB
1.-3. gr.		Nei
4. gr.	bann við mismunun	7. gr.
5.-9. gr.		Nei
10. gr.	bann við tollum	12.-17. gr.
11. gr.	bann við takmörkunum á innflutningi	30. gr.
12. gr.	bann við takmörkunum á útflutningi	34. gr.
13. gr.	takmarkanir er ráðast af öðru en fjárhagslegum ástæðum	36. gr.
14. gr.	bann við misrétti á grundvelli innlendrar skattlagningar	95. gr.
15. gr.	endurgreiðsla á innlendum skatti	96. gr.
16. gr.	ríkisenkasala	37. gr.
17.-20. gr.		Nei
21. gr.		Nei[1]
22. gr.		Nei
23. gr.		Nei[2]
24.-26. gr.		Nei
27. gr.		Nei[3]
28. gr.	frelsi launþega til flutninga	48. gr.

[1] 21. gr. Í stofnsáttmála EB eru engin grundvallarákvæði varðandi einföldun formsatriða við landamæri, gagnkvæma aðstoð í tollamálum og einföldun málsmeðferðar í vöruviðskiptum lík þeim sem eru í 21. gr. Innan bandalagsins er hins vegar kveðið á um þessar reglur í afleiddri löggjöf sem lá að nokkru leyti til grundvallar bókunum 10 og 11. Því má líta svo á að með tilliti til markmiða þessarar greinar geti hún talist að hluta til svara til EB-reglna.

[2] 23. gr. Í stofnsáttmála EB eru engin slík ákvæði, hins vegar eru samsvarandi reglur í II. og III. viðauka. Reglurnar í bókun 12 sem einnig er vísað til í þessu ákvæði svara ekki til EB-reglna.

[3] 27. gr. Það er ekkert slíkt ákvæði í stofnsáttmála EB eða KSE. Þó eru í 27. gr. tilvísanir í bókun 14 og 25 sem hafa að geyma að hluta til samsvarandi reglur.

EES		EB
29. gr.	meginreglur um almannatryggingar	51. gr.[4]
30. gr.	gagnkvæm viðurkenning prófskírteina	1. og 2. mgr. 57. gr.[5]
31. gr.	staðfesturéttur	52. gr.
32. gr.	meðferð opinbers valds	1. mgr. 55. gr.[6]
33. gr.	allsherjarregla, almannaöryggi eða almannaheilbrigði	1. mgr. 56. gr.[7]
34. gr.	jöfn meðferð fyrirtækja	58. gr.
35. gr.	vísan til launþega	66. gr.
36. gr.	frelsi til að veita þjónustu	59. gr.
37. gr.	skilgreining þjónustu	60. gr.
38. gr.	frelsi til að veita þjónustu á sviði flutninga	1. mgr. 61. gr.
39. gr.	vísan til staðfesturéttar	66. gr.
40. gr.	frjálsir fjármagnsflutningar	1. mgr. 67. gr.
41. gr.	gengar greiðslur	2. mgr. 67. gr., 1. mgr. 106. gr.
42. gr.	bann við mismunun og ríkislán	2. og 3. mgr. 68. gr.
43. gr.	skilyrði vegna öryggisráðstafana	2. mgr. 70. gr., 1. mgr. 73. gr. 2. mgr. 107. gr., 1. mgr. 108. gr.
44. gr.		Nei
1. og 2. mgr. 45. gr.		Nei
3. mgr. 45. gr.		2. mgr. 73. gr.
4. mgr. 45. gr.		1. mgr. 109. gr.
5. mgr. 45. gr.		Nei
46. gr.		Nei
1. mgr. 47. gr.	flutningar	1. mgr. 84. gr.
1. mgr. 48. gr.	stöðvun	76. gr.
2. mgr. 48. gr.		Nei
49. gr.	ríkisaðstoð	77. gr.
1. mgr. 50. gr.	bann við mismunun, gjöld og skilmálar á sviði flutninga	1. mgr. 79. gr.
2. mgr. 50. gr.	rannsókn þar til bærra yfirvalda	4. mgr. 79. gr.
51. gr.	aðstoð og vernd	80. gr.
52. gr.	gjöld við landamæri	81. gr.

[4] Ákvæði 51. gr. stofnsáttmála EB eru heimildarákvæði. Ákvæði 29. gr. EES-samningsins er nú vísun í viðeigandi viðauka (almannatryggingar), en efni hennar er enn það sem fram kemur í a- og b-liðum 51. gr. stofnsáttmála EB.

[5] Ákvæði 57. gr. stofnsáttmála EB eru heimildarákvæði. Ákvæði 30. gr. EES-samningsins er nú vísun í viðeigandi viðauka (gagnkvæm viðurkenning á hæfnisskilyrðum), en efni hennar er enn það sem fram kemur í 1. og 2. mgr. 57. gr. stofnsáttmála EB.

[6] Ákvæði 2. mgr. 55. gr. stofnsáttmála EB eru heimildarákvæði.

[7] Ákvæði 2. mgr. 56. gr. stofnsáttmála EB er heimildarákvæði.

EES		EB
53. gr.	samkeppnishömlur	85. gr.
54. gr.	misnotkun á yfirburðastöðu	86. gr.
55. gr.	eftirlit	89. gr.[8]
56. gr.		Nei
1. mgr. 57. gr.		3. mgr. 2. gr. reglugerðar 4064/89
2. mgr. 57. gr.		Nei
58. gr.		Nei
59. gr.	opinber fyrirtæki	90. gr.
60. gr.		Nei
61. gr.	ríkisaðstoð, meginreglur	92. gr.
62. gr.		Nei
63. gr.		Nei[9]
64.-65. gr.		Nei
66. gr.	bætt starfsskilyrði og lífskjör launþega	1. mgr. 117. gr.
67. gr.	lágmarkskröfur	118. gr. a
68. gr.		Nei
69. gr.	jöfn laun karla og kvenna	119. gr.
70.-72. gr.		Nei
73. gr.	aðgerðir varðandi umhverfismál	1. og 2. mgr. 130. gr. r
74. gr.		Nei
75. gr.	strangari verndarráðstafanir	130. gr.
76.-121. gr.		Nei
122. gr.	þagnarskylda	214. gr.
123. gr.	öryggisráðstafanir	223. gr.
124. gr.	fjárfestingar	221. gr.
125. gr.	skipan eignarréttar	222. gr.
126. gr.	yfirráðasvæði	227. gr.
127. gr.		Nei
128. gr.	nýir aðilar	237. gr.
129. gr.	fullgilding, samþykkt og gildistaka	248. gr.

[8] 55. gr. EES-samningsins hefur verið umorðuð lítillega, búið er að endurraða atriðum og vísun til „hinnar eftirlitsstofnunarinnar“ hefur verið bætt við.

[9] 63. gr. Ekkert slíkt ákvæði er að finna í stofnsáttmála EB en í greininni er tilvísun í afleidda löggjöf EB.

Viðbætir 6

Áhrif frumvarpsins á stjórnsýslu og fjárlög

1. Stofnanir EFTA

Búast má við nokkurri fjölgun starfsmanna EFTA vegna framkvæmdar þessa samnings en framkvæmdastjórn EB og starfslið EFTA munu í sameiningu þjóna samningsaðilum. Ekki er þó að svo stöddu búist við að ný stöðugildi innan EFTA verði fleiri en 20 talsins. Við það munu hins vegar bætast þær stöður sem manna verður við aðrar stofnanir. Komið verður upp sérstakri eftirlitsstofnun EFTA og verður starfslið hennar fyrst um sinn 40-50 talsins. EFTA-dómstóllinn mun einnig verða rekinn sem sjálfstæð eining með innan við 30 starfsmenn. Alls má því búast við að um 100 starfsmenn til viðbótar starfi á vegum EFTA eftir að samningurinn er genginn í gildi. Framlag Íslands til EFTA hefur verið 1,74% af heildarkostnaði. Áætlað framlag til EFTA á þessu ári er um 48 milljónir.

2. Íslensk stjórnsýsla

Undirbúningur þessara samninga hefur nú staðið í þrjú ár og hafa þeir embættismenn sem að þeim hafa unnið jafnframt gegnt öðrum skyldum. Þátttaka í alþjóðasamstarfi er vaxandi þáttur í starfi allra fagráðuneyta og hefur aðgangur að reynslu annarra þjóða oft stytt Íslendingum leið við lausn ýmissa vandamála. Eftir að samningurinn er genginn í gildi verður að gera ráð fyrir talsverðri fundasókn og vinnu við að fylgjast með frekari þróun innan EES. Álagið verður þó mun minna en það hefur verið í samningaviðræðunum að undanförnu þegar verið var að skilgreina rammann sem unnið er út frá.

Ekki er því búist við því að þess gerist þörf að endurskipuleggja stjórnarráðið eða auka verulega við starfslið þess vegna EES-samningsins. Tvö ráðuneyti hafa þegar starfsmann á launum við sendiráðið í Brussel og fleiri munu feta í kjölfarið. Önnur ráðuneyti og stofnanir vega og meta hvort fleiri starfsmanna sé þörf. Búast má þó við því að aukinn kostnaður vegna þýðinga verði viðvarandi.

3. Þróunarsjóður EFTA

Starfræktur verður sérstakur þróunarsjóður á vegum EFTA í fimm ár, sem veita mun efnahagslega ver stöddum svæðum innan EB lán á hagstæðum kjörum. Framlag Íslands fyrsta árið verður um 70 milljónir króna.

4. Verkefni á vegum EB

Evrópubandalagið starfrækir samstarfsverkefni um rannsóknir og þróun, menntun, umhverfismál o. fl. Ísland hefur þegar fengið aðgang að einstökum þeirra og haft góða reynslu af. Oftar en ekki hefur meira fé skilað sér til baka en framlagi nemur. Ætlunin er að Ísland taki að fullu þátt í rammaáætlun EB frá 1994 um rannsóknir og þróun og verður þá heildarframlag um 100 milljónir. Ef vel tekst til við undirbúning getur meira fé runnið til íslenskra verkefna. Við þetta bætist kostnaður vegna þátttöku í verkefnum

um menntamál, æskulýðssamstarf, jafnréttismál, ferðamál, tölvuþjónustu og aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki. Unnið er meðal sérfræðinga EB og EFTA að því að gera yfirlit um það hversu umfangsmikið þetta samstarf yrði eftir að samningurinn tekur gildi. Þetta liggur ekki ljóst fyir því samningurinn setur aðeins ramma en gengið verður frá nákvæmri kostnaðaráætlun í sumar.

5. Tryggingagreiðslur

Eftir að samningurinn tekur gildi öðlast Íslendingar erlendis aukinn rétt til að fá sendar til sín greiðslur á borð við tekjutryggingu. Erfitt er að slá tölu á hve mikill kostnaðarauki getur orðið af þessu en á móti koma greiðslur að utan til einstaklinga hér.

Viðbætir 7.1

Yfirlýsing æðstu manna aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), í Osló 14.-15. mars 1989.

1. Við, forsætisráðherrar ríkisstjórna aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hittumst í Osló 14. og 15. mars 1989 til að ræða framlag EFTA til samruna Evrópu, samskipti EFTA-ríkjanna og aðildarríkja Evrópubandalagsins og markmið EFTA í heimsviðskiptum.
2. Við ítrekum skuldbindingar ríkja okkar varðandi samruna Evrópu. Við teljum að stefna og samvinna EFTA-ríkjanna á alþjóðavettvangi stuðli að pólitísku og félagslegu jafnvægi í Evrópu. Við erum þar af leiðandi sannfærð um að meiri samræming efnahagslífs EFTA-landanna og Evrópubandalagsins styrki Evrópu og auki hagsæld hennar.
3. Við lýsum ánægju okkar með framlag Evrópubandalagsins til meiri samræmingar með því að koma á einum innri markaði árið 1992. Grundvöllur að samvinnu okkar við Evrópubandalagið er sameiginlegur menningararfur, sameiginlegar hugmyndir um grundvallargildi lýðræðis og mannréttinda, landfræðileg nálægð og hversu háðar þjóðirnar eru hver annarri á sviði iðnaðar, viðskipta og tæknilegrar þróunar. Við erum sammála um að óhindruð viðskipti og opnir markaðir séu mikilvægir til að stuðla að efnahagsþróun og fullri atvinnu. Við erum reiðubúin til að taka höndum saman við ríki Evrópubandalagsins til að bæta velferð ríkisborgara okkar.
4 Við ítrekum markmið Stokkhólmssáttmálans og fríverslunarsamninganna við EB svo og sameiginleg markmið með Evrópubandalaginu eins og þau birtast í Lúxemborgaryfirlýsingunni árið 1984 um að koma á fót samræmdu virku Evrópsku efnahagssvæði (EES), sem nær til allra aðildarríkja EFTA og EB.
5. Við lýsum ánægju með þann árangur sem náðst hefur í að afnema hindranir í vöruviðskiptum með iðnaðarvörur. Tollar og magntakmarkanir hafa verið felldar niður og uppruna- og tollmeðferð hefur verið einfölduð. Verulegur árangur hefur náðst á sviði tæknilegra reglugerða svo og varðandi öryggis- og heilbrigðiskröfur. Þessi þróun hefur styrkt tengsl EFTA og EB enn frekar og stöðu EFTA og EB sem mikilvægustu viðskiptaaðila hvors annars.
6. Samstarf okkar hefur aukist á sviði rannsókna og þróunar og samningar eru fyrirhugaðir til að auðvelda hvers konar þjónustuviðskipti. Á sviði menntamála og umhverfisverndar miðar starfinu áfram og hefur smám saman náð til fjármagnshreyfinga og nokkurra þátta er snerta óhindraðan flutning fólks á milli landa. Á vissan hátt hefur þessi víði samstarfsvettvangur þó ekki að öllu leyti verið í samræmi við metnað okkar og væntingar.
7. Við þurfum að takast á við sömu hindranir og EB í uppbyggingu Evrópska efnahagssvæðisins. Sú leið sem við ákváðum að fara í hinni sameiginlegu Lúxemborgaryfirlýsingu skilar okkur á rétta leið. Við stefnum hins vegar að því að styrkja okkar sérstæða samband við EB á grundvelli jafnvægis á milli réttinda og skuldbindinga. Með hliðsjón af því viðurkennum við að leggja þarf fram aukið starf og

nýjar hugmyndir og viljum þannig kanna þá möguleika sem við höfum til að ná þessu markmiði.

8. Í þessu sambandi lýsum við ánægju okkar með yfirlýsingu frá fundi æðstu manna Evrópubandalagsins sem haldinn var á Ródos þar sem bandalagið óskaði eftir nánari og auknum samskiptum við ríki EFTA og yfirlýsingu Spánverja, sem nú fara með formennsku í EB-ráðinu þess efnis að þeir líti á samskipti EFTA og EB sem helsta forgangsverkefni sitt. Á sama hátt lýsum við ánægju okkar yfir frumkvæði forseta framkvæmdastjórnar bandalagsins, Jacques Delors, á Evrópuþinginu þann 17. janúar þar sem hann lagði til að teknar yrðu upp ítarlegar viðræður um umfang og stofnanlegan ramma nánari samvinnu við EFTA-ríkin.

9. Við svörum frumkvæði Delors á jákvæðan hátt og lýsum yfir vilja okkar til að kanna með EB aðferðir og leiðir til að ná fram kerfisbundnara samstarfi með sameiginlegri ákvarðanatöku og stjórnarstofnunum til þess að samstarf okkar verði árangursríkara.

10. Við gerum ráð fyrir því að fyrirhugaður ráðherrafundur EFTA og EB sem haldinn verður í Brussel 20. mars leggi grunninn að því að hefja viðræður um framtíðarform og umfang samvinnu milli EFTA-ríkja og bandalagsins í náinni framtíð.

11. Við gerum ráð fyrir því að samningaviðræður myndu leiða til samkomulags, að svo miklu leyti sem það er mögulegt, um óhindraðan flutning á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki, með það að markmiði að koma á einu samræmdu, evrópsku efnahagssvæði. Við erum því reiðubúin til að kanna ýmsa möguleika og leiðir til að styrkja formleg tengsl milli EFTA-ríkjanna og EB. Við myndum ekki útiloka neinn valkost innan ramma framtíðarviðræðna okkar við EB.

12. Við sjáum verulegan gagnkvæman hag í að þróa samstarf okkar á öðrum sviðum en þeim sem tengjast beint áætluninni um innri markaðinn. Við höfum sérstakan áhuga á að stefna að:

- víðtækari þátttöku þeirra aðila innan EFTA sem stunda rannsóknir og iðnþróun í rannsókna- og þróunaráætlunum bandalagsins og leggja þannig fram verulegan skerf til að bæta samkeppnisstöðu evrópsks iðnaðar.
- auknu samstarfi á sviði menntamála til að auðvelda óhindruð skipti á nemendum, kennurum og vísindamönnum og veita gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina.
- finna lausn á svæðisbundnum og alþjóðlegum umhverfisvandamálum með því að leggjast á eitt og samræma starfsemi á þessu sviði um alla Evrópu. Við erum sammála þeirri skoðun að markmiðið með efnahagslegum samruna í Evrópu verði að taka mið af verndun umhverfisins. Við erum reiðubúin til að kanna með Evrópubandalaginu nýjar leiðir sem gætu gert aðgerðir okkar markvissari.
- auka samráð um efnahags- og peningamálastefnu.

13. Við erum sammála um að aukinni efnahagssamvinnu þurfi að fylgja myndun „Evrópu ríkisborgaranna" og þróun á hinum félagslega þætti samrunans með náinni samvinnu við hagsmunasamtök atvinnulífsins.

14. Til að efla frekari samruna og til að fá niðurstöður á sama tíma innan Evrópska efnahagssvæðisins gerum við ráð fyrir að upplýsingaskipti um fyrirhugaða löggjöf, ráðgjafarstarf, gagnkvæma viðurkenningu á sambærilegri löggjöf og ákvarðanatöku fari fram tímanlega. Þessu ætti að vera fylgt eftir með öflugu og öruggu eftirliti með fullnustu dóma og sameiginlegri meðferð á lausn deilumála.

15. Við leggjum áherslu á að athugun á leiðum til fastmótaðri samskipta megi ekki draga úr sameiginlegum ásetningi okkar að ná árangri í núverandi samstarfi.
16. Við viðurkennum sjálfsákvörðunarrétt hverrar einstakrar EFTA-þjóðar hvað varðar tvíhliða frumkvæði og samninga við EB með tilliti til sérhagsmuna þeirra.
17. Við lítum á EFTA sem meginvettvang til fjölhliða samninga við EB og erum sammála um að auka frekar samstarf innan EFTA á öllum sviðum tengdum Evrópska efnahagssvæðinu. Við munum gera nauðsynlegar ráðstafanir til að styrkja ákvarðanatöku innan EFTA og sameiginlega samningamöguleika. Við munum einnig styrkja það kerfi sem við höfum til eftirlits og framkvæmdar á samningsskuldbindingum til þess að tryggja samræmda og samhæfða framkvæmd og túlkun þeirra á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.
18. Það er ennfremur markmið okkar að styrkja innra samstarf EFTA, s.s. með fullri fríverslun með sjávarafurðir.[1]
19. Við lýsum ánægju með yfirlýsingar þingmannanefndar EFTA-landanna og ráðgjafarnefndar EFTA sem eru þýðingarmikið framlag til umræðu okkar.
20. Við ítrekum ákvörðun okkar að styrkja og bæta frekar hið marghliða viðskiptakerfi og berjast gegn hvers konar verndarstefnu. Með hliðsjón af þessu markmiði heitum við öflugum stuðningi við það starf sem unnið er í GATT og leggjum áherslu á það samband sem er á milli sameiningar Evrópu og þess að ná fram óhindruðum viðskiptum um allan heim, eins og stefnt er að í Úrúgvæ-viðræðunum. Við lýsum áhyggjum yfir gangi GATT-samningaviðræðnanna og vonum að þeim hindrunum sem nú standa í vegi fyrir því að ná fram nýjum og ákveðnari reglum í heimsviðskiptum verði fljótlega rutt úr vegi.
21. Við leggjum áfram áherslu á hversu nauðsynlegt það er fyrir þróunarlöndin að sameinast hinu opna fjölþjóðakerfi, en jafnframt viðurkennum við ábyrgð okkar á að leggja okkar skerf til þróunar í þessum ríkjum, þar með talið að finna lausn á skuldavanda þeirra. Við lofum því að gera allt sem í okkar valdi stendur til að viðhalda, og hvenær sem mögulegt er, að bæta aðgang innfluttra vara frá þróunarlöndunum að mörkuðum okkar og sérstaklega frá vanþróuðustu ríkjunum.
22. Við leggjum mikla áherslu á mikilvægi starfs Evrópuráðsins til að efla nánara samstarf innan Evrópu sérstaklega á sviði mannréttinda, menntunar, menningar og félagsmála.
23. Við metum einnig mikils samstarf iðnríkja innan OECD, sem hefur lagt stóran skerf til stefnumótunar, efnahagslegs stöðugleika og hagsældar.
24. Við lýsum yfir fullum stuðningi við endurskipulagningu og opnun hagkerfis Júgóslavíu og bjóðum fulltrúum þess að kanna leiðir til að þróa samstarf okkar.
25. Við lýsum yfir ánægju með árangursríka niðurstöðu Vínarfundar Ráðstefnu um samvinnu og öryggi í Evrópu (RÖSE), og heitum fullum stuðningi við áframhaldandi starf hennar. Við lýsum jafnframt yfir áhuga á pólitískum og efnahagslegum umbótum í Austur-Evrópu og vonum að sú þróun muni skapa grundvöll til nánari viðskipta- og annarra efnahagssamskipta. Við leggjum áherslu á hlutverk Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu þar sem hún er fjölþjóðlegur vettvangur til viðræðna við lönd Austur-Evrópu um þýðingarmikil, sameiginleg hagsmunamál.

---

[1] Fríverslun með fisk og aðrar sjávarafurðir tekur gildi 1. júlí árið 1990.

Finnland má tímabundið halda núverandi innflutningsfyrirkomulagi á Eystrasaltssíld og laxi. Fyrir 1. janúar 1993 skal Finnland leggja fram tímaáætlun um afnám þessara undanþága.

Viðbætir 7.2

Yfirlýsing ráðherrafundar Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) í Brussel 19. desember 1989

Ráðherrar aðildarríkja og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og ráðherrar landa Fríverslunarsamtaka Evrópu hittust í Brussel 19. desember 1989 eins og þeir höfðu komið sér saman um á fundi sínum 20. mars 1989.

Fundinum var stjórnað af Roland Dumas, utanríkisráðherra Frakklands og formanni EB-ráðsins, og Jóni Baldvin Hannibalssyni, utanríkisráðherra Íslands og formanni EFTA-ráðsins. Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins á fundinum var Jacques Delors, forseti, og Frans Andriessen, varaforseti. Skrá yfir ráðherra aðildarríkja Evrópubandalaganna og EFTA-landanna fylgir hér með. Georg Reisch, aðalframkvæmdastjóri EFTA sat einnig fundinn.

1. Ráðherrar áréttuðu einstakt mikilvægi hinna sérlega nánu tengsla milli Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og EFTA-landanna. Þessi tengsl hafa ekki aðeins grundvallarþýðingu fyrir löndin sjálf heldur einnig fyrir alla Evrópu. Þessar þjóðir, sem þegið hafa í arf sömu hugsjónir, aðhyllast sömu grundvallarreglur og eiga sér sameiginlega framtíð, leggja í sameiningu sitt af mörkum til öflugrar framþróunar í Evrópu enda eru þau nú fyrirmynd allra grannþjóða sinna.

   Þeir fögnuðu pólitískum og efnahagslegum breytingum sem orðið hafa að undanförnu í öðrum Evrópulöndum. Þeir ítrekuðu að þeir vildu stuðla að þróun í þessum ríkjum til lýðræðislegra stjórnarhátta og styðja nauðsynlegar efnahagslegar umbætur.
2. Þeir minntust þess hversu mjög Lúxemborgaryfirlýsingin 1984 hefði greitt fyrir samskiptum EB/EFTA og fögnuðu þeim verulega árangri sem náðst hefði á grundvelli hennar í áttina að sameiginlegu Evrópsku efnahagssvæði.
3. Sannfærðir um nauðsyn þess að efla þessi tengsl enn frekar með það að markmiði að koma á Evrópsku efnahagssvæði og lyfta þeim á nýtt stig sem hluta af sameiginlegum evrópskum viðhorfum, urðu þeir ásáttir um að ganga saman til þess verks að skilgreina skipulegra samstarf milli Evrópubandalagsins og allra EFTA-landanna.

   Þeir ákváðu því að hefja formlegar samningaviðræður eins fljótt og auðið er á fyrra helmingi ársins 1990, og setja sér það mark að leiða þær til lykta eins skjótt og verða má.
4. Ráðherrar lýstu ánægju með vönduð vinnubrögð í könnunarviðræðunum hingað til, einkum og sér í lagi með „Niðurstöður fundar stjórnarnefndar könnunarviðræðna framkvæmdastjórnar EB og EFTA (HLSG)" 20. október; þeir fögnuðu því að viðræður framkvæmdastjórnar og EFTA-landanna, þar sem hin síðarnefndu töluðu einum rómi, hefðu leitt í ljós allsamhljóða skilning á umfangi og efnisþáttum endurnýjaðs samskiptaramma milli Evrópubandalagsins og allra EFTA-landanna.
   Þeir urðu ásáttir um að þessu starfi skyldi haldið áfram til þess að skapa sem best skilyrði fyrir væntanlegar samningaviðræður.

5. Í ljósi þess starfs, sem þegar hefur verið unnið töldu þeir að í samskiptarammanum ætti að tryggja í fyllsta máta gagnkvæma hagsmuni hlutaðeigandi aðila, alhliða jafnvægi í samstarfi þeirra og einkum og sér í lagi ætti að fullnægja efnislega eftirfarandi markmiðum:
   - að koma á óhindruðum vöruviðskiptum, þjónustuviðskiptum, fjármagnsviðskiptum og atvinnu- og búseturéttindum, samkvæmt reglum sem aðilar mundu skilgreina sameiginlega á grundvelli viðeigandi og þegar mótaðra reglna Evrópubandalagsins; undanþágur, sem réttlættar eru með hliðsjón af grundvallarhagsmunum einstakra þjóða svo og tilhögun á aðlögunartíma gætu orðið samningsatriði; tryggja bæri jöfn samkeppnisskilyrði;
   - að efla og breikka samstarf á öðrum sviðum, sem falla að starfsvettvangi Evrópubandalagsins, svo sem rannsóknir og þróun, umhverfismál, menntamál, vinnuskilyrði og félagsmál, neytendamál, aðgerðir til stuðnings smáum og miðlungsstórum fyrirtækjum og ferðamál;
   - að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða sinna.
6. Þeir telja að í samskiptarammanum ætti meðal annars að tryggja aðilum hans fullt sjálfsforræði við töku ákvarðana.
   Í samræmi við þessa grundvallarreglu ættu samningaviðræðurnar að leiða til þess að séð verði fyrir:
   - aðferðum, sem tryggja á skilvirkan hátt að sjónarmið beggja aðila séu tekin til greina til þess að auðvelda samhljóða niðurstöður við ákvarðanir sem varða Evrópska efnahagssvæðið.
   - viðeigandi formum sem tryggðu bein réttaráhrif sameiginlegrar löggjafar, umsjón með framkvæmd hennar sem og réttarlegt eftirlit.
7. Með samningaviðræðum milli Evrópubandalagsins annars vegar og EFTA-landanna, sem eins viðræðuaðila, hins vegar mun stefnt að því að ná fram alhliða samningum sem næðu til efnisatriða og lagalegra og stofnanalegra hliða sem getið er hér að framan.
8. Þeir telja ennfremur að pólitískar viðræður kæmu til greina, m.a. beint milli allra hlutaðeigandi ráðherra.

Viðbætir 7.3

Yfirlýsing æðstu manna og ráðherra aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) í Gautaborg 13.-14. júní 1990

Evrópa er að breytast, ný skipan er að mótast og þjóðirnar eru að axla nýjar skyldur. Leiðtogar EFTA-ríkjanna og ráðherraráð EFTA komu saman til funda í Gautaborg, Svíþjóð, dagana 13.-14. júní 1990 á 30 ára afmæli Fríverslunarsamtaka Evrópu og staðfestu að EFTA-ríkin einsettu sér að leggja sitt af mörkum til þess að styðja þessa þróun. Þeir gáfu eftirfarandi yfirlýsingu:

1. Við, leiðtogar ríkisstjórna og ráðherrar EFTA-málefna fögnum þeim djúpstæðu breytingum, sem eiga sér stað í Evrópu og hinum nýju krefjandi tækifærum sem gefast til að hnýta fastari bönd, byggð á sameiginlegu gildismati og gagnkvæmum skilningi, er stuðla munu að Evrópu friðar, lýðræðis, hagsældar og réttlætis. Myndun innri markaðar og frekari framþróun Evrópubandalagsins, myndun náins og víðtæks samstarfs milli EFTA og EB um öflugt Evrópskt efnahagssvæði í fullu samræmi innbyrðis og breytingarnar í Austur-Evrópu í átt til lýðræðis, hagsældar og réttlætis eru söguleg skref í nýskipan Evrópu.
2. Við lítum með stolti yfir 30 ára árangur EFTA-starfsins, sem hefur stuðlað að hagsæld, stöðugleika og hagvexti í aðildarríkjunum, ekki síst með gróskumiklum viðskiptum á grundvelli þess að viðskiptahindrunum hefur verið rutt úr vegi, bæði milli EFTA-ríkjanna sem gagnvart Evrópubandalaginu. Við rifjum upp framþróun EFTA, allt frá því að fríverslun með iðnaðarvörur milli aðildarríkjanna komst á árið 1966, fríverslunarsamningana milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins í byrjun áttunda áratugarins, sem mynduðu stærstu fríverslunarsvæði í heiminum, sem og Lúxemborgaryfirlýsinguna, er ráðherrar EFTA og EB samþykktu 1984, en hún færði samvinnu þessara tveggja aðila út fyrir viðskipti og vísaði veginn til myndunar öflugs Evrópsks efnahagssvæðis.
3. Við erum í þann mund að taka nýtt skref fram á veginn í Evrópusamstarfi með því að móta náið og skipulagt samstarf við EB eins og við gerðum ráð fyrir í Oslóaryfirlýsingunni. Við væntum þess að hefja tafarlaust samningaviðræður í kjölfar þess að EB-ráðið samþykki samningsumboð EB.
   EFTA-ríkin hafa gert skýra grein fyrir markmiðum sínum og afstöðu til þessara samninga bæði að því er varðar efnisinnihald og lagaleg og stofnanaleg atriði.
4. EES-samningurinn á að vera víðtækur og yfirgripsmikill og á, samkvæmt sameiginlegri skilgreiningu EFTA- og EB-ráðherra 19. desember s.l., að koma á óhindruðum vöruviðskiptum, þjónustuviðskiptum, fjármagnsflutningum og atvinnu- og búseturéttindum. Einnig á hann að styrkja og útvíkka samstarf á jafnréttisgrundvelli að jaðarmálefnum, t.d. umhverfismálum, rannsóknum og þróun, menntamálum og félagsmálum. Á vissum sviðum verður annaðhvort að gera ráð fyrir undantekningum sem réttlætast af grundvallarhagsmunum eða sérstakri tilhögun á aðlögunartíma.

5. Við bendum á að viðeigandi löggjöf Evrópubandalagsins hefur verið afmörkuð í grófum dráttum og verður hún felld inn í EES-samninginn sem sameiginlegur lagalegur grundvöllur. Með fyrirvara um endanlegt samþykki í væntanlegum samningaviðræðum virðist í meginatriðum unnt að fallast á þennan lagalega grundvöll. Viðunandi lausn verður að finnast varðandi sameiginlegan rekstur og um þróun EES-reglna áður en EFTA-ríkin geta tekið endanlega afstöðu til þess að fella viðeigandi reglur EB inn sem sameiginlegan lagalegan grundvöll EES.
6. Nauðsyn ber til að koma á viðeigandi lagalegu og stofnanalegu kerfi til að tryggja fullt samræmi innan EES og til þess að hafa fullan gagnkvæman hag af EES. Slíkt kerfi ætti að gera ráð fyrir frumkvæðisrétti beggja aðila, sameiginlegri mótun og ákvörðun EES-reglna, og jafnsterku og áreiðanlegu eftirliti og fullnustu reglna á öllu EES-svæðinu og sameiginlegum úrskurðaraðila sem hefði víðtækt umboð í EES-málum.

   Samningur verður þá og því aðeins pólitískt viðunandi og hefur tilskilin réttaráhrif ef ákvarðanatökuferillinn verður í raun sameiginlegur bæði að því er tekur til efnisatriða og að formi til. Við erum sannfærð um að slíkt fyrirkomulag geti tryggt aðilum hans fullt sjálfsforræði við töku ákvarðana. Stofnanafyrirkomulagið á að tryggja að hvorugur aðili standi frammi fyrir orðnum hlut og viðeigandi þátttöku ríkjanna nítján og framkvæmdastjórnar EB. Við staðfestum áhuga okkar á að koma á skoðanaskiptum við Evrópubandalagið, einnig meðal ráðherra.
7. EFTA-ríkin hafa sett fram sameiginlega afstöðu með einum rómi í embættismannaviðræðunum og mun gera slíkt hið sama í samningaviðræðunum. Varðandi stofnanalegt hlutverk EFTA í væntanlegu EES, þá áréttum við þann ásetning okkar í Oslóaryfirlýsingunni að innviðir EFTA verði styrktir í samræmi við þær lausnir sem fundnar verða sameiginlega á hinum nýja ferli.
8. Við áréttum þá ákvörðun EFTA- og EB-ráðherranna 19. desember 1989 að hefja formlegar samningaviðræður á fyrri helmingi ársins 1990 og að leiða þær til lykta eins skjótt og verða má. Við ítrekum það markmið okkar að samningaviðræðunum ljúki á þessu ári og að gildistaka samningsins verði 1. janúar 1993.
9. Við leggjum áherslu á mikilvægi áframhaldandi samstarfs á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984 til þess að tryggja áþreifanlegan og skjótan árangur á sumu samvinnusviðum og til að tryggja mikilvægt framlag til samningaviðræðnanna um EES-samninginn.
10. Myndun EES er ákaflega mikilvæg fyrir framtíð og framþróun Evrópu. Með því að vinna saman munu EFTA- og EB-ríkin auka hagsæld, félagslega þróun og menningu í Evrópu til hagsbóta fyrir alla íbúa hennar. Sameiginlega eru þau einnig í betri aðstöðu til að kljást við umhverfisvanda og minnka félagslega og efnahagslega mismunun milli svæða.
11. Við fögnum mjög þeim ásetningi hinna nýju lýðræðisríkja í Evrópu að koma á fjölflokkakerfi, réttarríki, almennum mannréttindum og markaðsbúskap. Við lýsum yfir vilja okkar til að leggja okkar af mörkum til að treysta þessa þróun í sessi og stuðla að viðreisn á hagkerfum þeirra ríkja sem í hlut eiga. Það er álit okkar að nánari samvinna EFTA og EB innan Evrópsks efnahagssvæðis hafi mikla pólitíska þýðingu fyrir nýskipan Evrópu og muni frekar gera báðum kleift sameiginlega að örva og styðja hin nýju lýðræðisríki í Evrópu.

12. Við leggjum ríka áherslu á mikilvægi samstarfsyfirlýsinga milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Ungverjalands, Póllands og Tékkóslóvakíu hins vegar sem varða m.a. viðskipti, efnahagsmál, iðnað, tækni- og vísindasamstarf, ferðamál, flutningamál og umhverfisvernd. Þessar samstarfsyfirlýsingar og Bergenyfirlýsingin sem gerð var milli EFTA-ríkjanna og Júgóslavíu árið 1983, hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þróun nánari samskipta EFTA-ríkjanna við hlutaðeigandi ríki. Náið samstarf EFTA-ríkja og EB er mikilvægt í þessu sambandi.
13. Við bendum á að innan tíðar munu könnunarviðræður milli EFTA-ríkjanna og Tyrklands hefjast um hugsanlegan fríverslunarsamning. Við erum reiðubúin til að hugleiða viðeigandi aðgerðir varðandi aðra markaði, þar sem viðskiptum ríkja okkar er verulega mismunað.
14. Úrúgvæ-viðræðurnar, sem á að ljúka í desember, eru að komast á lokastig. Við áréttum eindreginn vilja okkar til að stuðla að góðum árangri viðræðnanna, sem ætti að skapa greiðari aðgang að mörkuðum, styrkja og endurbæta núverandi reglur og framfylgni við þær, fella undir GATT hin nýju svið viðræðnanna og ennfremur leggja grunninn að öruggari alþjóðaviðskiptum sem reist séu á samningsbundnum réttindum og skyldum. Verulegur árangur á öllum þessum sviðum mun birtast í betri og nútímalegri GATT-reglum, sem sporna gegn verndarhyggju, einhliða aðgerðum og tilhneigingu til að grafa undan hinu lögbundna alþjóðlega viðskiptakerfi. Við leggjum áherslu á hin gagnkvæmu tengsl Úrúgvæ-viðræðnanna og stofnsetningar hins Evrópska efnahagssvæðis, með óhindruð samskipti við önnur ríki.

Viðbætir 7.4

Yfirlýsing ráðherrafundar Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) í Brussel 19. desember 1990.

Ráðherrar aðildarríkja og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og ráðherrar landa Fríverslunarsamtaka Evrópu og Liechtensteins hittust í Brussel 19. desember 1990.

Fundinum var stjórnað af Gianni De Michelis, utanríkisráðherra Ítalíu og formanni EB-ráðsins, og Jean-Pascal Delamuraz, efnahags- og viðskiptaráðherra Sviss, formanni EFTA-ráðsins. Fulltrúar framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins á fundinum voru Jacques Delors, forseti, og Frans Andriessen, varaforseti hennar. Skrá yfir ráðherra aðildarríkja Evrópubandalaganna og EFTA-landanna, sem fundinn sátu, fylgir hér með. Georg Reisch, aðalframkvæmdastjóri EFTA, sat einnig fundinn.

Þátttakendur samþykktu sameiginlega yfirlýsingu sem hér fer á eftir:

I.

Á síðasta sameiginlega fundi þeirra hafði verið gert ráð fyrir pólitískum skoðanaskiptum. Með það í huga var rædd og metin þróun mála í Evrópu frá síðasta fundi og þær samningaviðræður sem nú fara fram milli Evrópubandalagsins og EFTA-landanna um samning um að koma á Evrópsku efnahagssvæði (EES).

Þeir tóku sérstaklega fram að frá því að þeir hittust síðast fyrir réttu ári hafa orðið í Evrópu djúpstæðari breytingar en dæmi eru til í manna minnum. Pólitískar og efnahagslegar umbætur í Mið- og Austur-Evrópu og sameining Þýskalands gera það að verkum að nú er í sjónmáli nýtt og varanlegt skeið friðar, lýðræðis, virðingar fyrir mannréttindum, hagsældar og félagslegs réttlætis fyrir alla Evrópubúa innan ramma Helsinkiferilsins.

Með tilliti til þeirra efnahagserfiðleika sem lönd Mið- og Austur-Evrópu, þ.m.t. Ráðstjórnarríkin, eiga við að etja, töldu ráðherrar brýnt að auka stuðning við lönd þessi og þjóðir. Ráðherrar samþykktu að starfa áfram að því innan 24-landa hópsins sem annars staðar að samræma alla viðleitni til að auka viðskipti og styrkja samstarf við þessi lönd.

Þeir staðfestu hversu ofarlega þeim væri í huga þau sérstæðu og nánu tengsl sem ríkja milli Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og EFTA-landanna, nágrannaríkja sem um aldir hafa deilt sama gildismati sem Evrópuríki. Þeir lögðu á það áherslu að með EES mundu þessi nánu og sérstöku tengsl taka á sig fasta mynd og leggja drjúgan skerf af mörkum til framtíðarskipulags Evrópu. Í því samhengi lögðu þeir áherslu á mikilvægi framþróunar Evrópubandalagsins í þágu Evrópu allrar.

II.

Þeir vísuðu til sameiginlegrar yfirlýsingar frá desember 1989 og ítrekuðu staðfastan pólitískan ásetning sinn um að ljúka viðtækum EES-samningi á jafnréttisgrundvelli sem fyrst. Hann ætti að tryggja gagnkvæma hagsmuni samningsaðilanna að svo miklu leyti og sem unnt væri og ná til allra þátta samstarfs þeirra og tryggja jafnvægi í samstarfinu.

Eftir að hafa hlýtt á skýrslu hvors aðila um sig um samningastöðuna lýstu þeir ánægju með þann verulega árangur sem náðst hefur frá því að samningaviðræðum um EES var hleypt af stokkunum 20. júní 1990. Þeir fögnuðu því hversu dregið hefði saman með samningsaðilum um fjölmarga mikilvæga þætti. Þeir viðurkenndu einnig að varðandi önnur mikilvæg atriði hefði samningaviðræðum ekki miðað nægilega áfram og frekari starfs væri þörf. Þeir tóku fram að lokasamþykki hlyti að byggjast á því að viðunandi lausn fengist á öllum atriðum samningsins, jafnt efnisatriðum sem stofnanahliðum. Einnig þyrfti að tryggja heildarjafnvægi réttinda og skyldna innan samningsins.

Þeir lýstu yfir ánægju með að tekist hefur að mestu að afmarka sameiginlega hvaða reglugerðir Evrópubandalagsins eigi að fella inn í EES-samninginn sem sameiginlegan réttargrundvöll fyrir frjáls vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga og atvinnu- og búseturéttindi. Auk viðeigandi innnihalds Rómarsáttmálans eru tilgreindir réttargjörningar alls um 1400 talsins. Enn er starf óunnið við að ljúka afmörkun viðeigandi samþykkta á tilteknum sviðum. Þeir hvöttu samningamenn sína til að leita lausna varðandi þau svið sem enn bíða úrlausnar.

Lögð var áhersla á nauðsyn þess að tryggja jöfn samkeppniskilyrði um allt EES. Til þess að ná þessu markmiði ætti að leggja viðeigandi greinar Rómarsáttmálans til grundvallar samkeppnisreglum innan EES og beiting þeirra ætti að tryggja í reynd sama árangur um allt EES. Ráðherrar tóku fram að samningamenn ynnu nú á þeim grundvelli að sett yrði upp sjálfstæð EFTA-stofnun til að beita samkeppnisreglum. Slík stofnun ætti að hafa samsvarandi umboð og hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Sérstaklega verður að semja um það hvernig beri að skilgreina hlutverk hvorrar stofnunar um sig, hvernig skipuleggja eigi samstarf þeirra sem og hlutverk úrskurðaraðila.

Varðandi þau vandkvæði sem upp hafa komið varðandi framkvæmd samþykkta Evrópubandalagsins lögðu þeir áherslu á það að stefnt yrði að því samræma tryggar og strangar verndarkröfur á sviði heilbrigðis-, öryggis- og umhverfisverndar og frjáls vöruviðskipti. Þeir hvöttu samningamenn til þess að leita viðeigandi og raunhæfra lausna með því að taka hvert mál fyrir sérstaklega.

Ennfremur lögðu þeir áherslu á nauðsyn þess að ná frekari árangri á sviði flutninga, atvinnu- og búseturéttinda og fjármagnsflutninga; þeir tóku þó til þess að afstaða EFTA-landanna hefði þróast varðandi mögulega niðurfellingu beiðna um varanlegar undanþágur og tóku einnig fram að tvíhliða samningaviðræður stæðu nú yfir varðandi gegnumflutninga.

Þeir tóku jafnframt fram að verulegur árnagur hefði náðst um öryggisákvæði og samningamenn ynnu nú á þeim grundvelli að helstu einkenni slíkra öryggisákvæða ættu að vera eftirtalin: þeim yrði beitt samkvæmt einhliða ákvörðun en eftir að aðgerðir hafa verið tilkynntar og ræddar með það fyrir augum að finna sameiginlega viðunandi lausn. Aðgerðir á grundvelli öryggisákvæða ættu að vera í samræmi við tilefni þeirra og raska samningi sem minnst. Þær ættu að vera undir eftirliti og heyra undir dómstóla og mögulegt yrði að grípa til viðeigandi gagnaðgerða til að ná aftur jafnvægi samkvæmt svipuðum leiðum. Þeir hvöttu samningamenn til að vinna rösklega að þessum málum.

Þeir tóku fram að á tilteknum sviðum, sem hefðu úrslitaþýðingu fyrir heildarjafnvægi samningsins sem og til þess að tryggja allsherjarjafnvægi milli þess sem hver aðili bæri úr býtum, ættu samningaviðræður enn langt í land. Einkum átti þetta við um sjávarútveg. Einnig þyrfti að ná frekari árangri í landbúnaði.

Varðandi samstarf utan hins fjórþætta frelsis (jaðarverkefni) lögðu þeir áherslu á það að EES-samningur ætti að leggja traustan réttargrunn fyrir víðtækt og kraftmikið samstarf. Einnig ætti hann að stuðla að þróun starfsemi í beggja þágu. Ráherrar lögðu áherslu á það sameiginlega markmið að halda við, vernda og bæta umhverfið.

Þeir voru ásáttir um það að samningum skyldi haldið áfram af fullum krafti til að kanna aðferðir og leiðir sem gætu dugað til þess að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða innan EES til þess að tryggja allsherjarjafnvægi milli þess sem hver samningsaðili bæri úr býtum.

Atriði á borð við stál, orku og undirboðsreglur, upprunareglur krefjast nánari athugunar.

Þeir tóku fram að umtalsverður árangur hefði nú náðst varðandi laga- og stofnanaatriði en minntu á að virða þyrfti að fullu sjálfræði hlutaðeigandi aðila við ákvarðanatöku og að sjá þyrfti fyrir því að sjónarmið þeirra yrðu tekin til greina til þess að auðvelda samkomulag við ákvarðanir varðandi EES.

Samþykkt var að sérfræðingar frá samningsaðilum ættu að fá sömu tækifæri til að leggja sitt af mörkum við undirbúning tillagna EB um nýja löggjöf um EES-málefni. Samningsaðilarnir munu með því að skiptast stöðugt á upplýsingum og ráða ráðum sínum við mótun ákvarðana gera sitt ítrasta til að komast að sameiginlegri niðurstöðu eftir að málefni hefur verið skilgreint sem EES-málefni. Við mótun ákvarðana verður þeim kleift að taka upp hvað það sem veldur áhyggjum hvenær sem er og á hvaða stigi sem er án þess að valda viðbótartöfum (droit d'évocation - upptökuréttur). Ákvarðanir á EES-stigi yrðu teknar samhljóða, EFTA-löndin mundu tala einum rómi. Þær yrðu í formi þjóðarréttarreglu, ekki er þörf á því að flytja löggjafarvald til EES. Allir samningsaðilar ættu að framkvæma EES-reglur þannig að þær komist í raun til framkvæmda á sama tíma um allt EES, til þess að tryggja fullt samræmi innan svæðisins. Frekar verður samið um það hvernig bregðast eigi við því ef ekki verður hægt að ná samkomulagi um nýjar EES-reglur.

Þeir lögðu ennfremur áherslu á nauðsyn fulls réttarsamræmis EES-reglna til þess að tryggja að einstaklingar og aðilar atvinnulífsins gætu notið um allt EES-reglna sem skiluðu sama réttarárangri, gætu starfað við sömu skilyrði og notið sömu kjara. Þeir lögðu sérstaka áherslu á það að til þess að ná þessu markmiði hefði það úrslitaþýðingu að tryggja jafnsterkt og áreiðanlegt eftirlit og fullnustu reglna um allt EES með skilvirku EES- eftirlitskerfi og EES-úrskurðaraðila.

Stofnanafyrirkomulag um ákvarðanatöku mun ná til:

EES-ráð en í því munu sitja meðlimir EB ráðsins, meðlimir framkvæmdastjórnar EB og ráðherrar EFTA-landa, mun einkum:

- Fara með almenna pólitíska stefnumótun og frumkvæði;
- leggja heildarmat á framkvæmd og þróun samningsins, þ.á.m. ef nauðsynlegt reynist að taka upp sérstaklega mál sem veldur áhyggjum (droit d'évocation - upptökuréttur);
- taka pólitískar ákvarðanir sem gætu leitt af sér breytingar á EES-samningnum.
- Sameiginleg EES-stofnun mun fara með framkvæmd og rekstur samningsins þ.á.m. með ákvarðanir varðandi EES. Þær yrðu teknar samhljóða af EB annars vegar og EFTA-löndunum, með einum rómi, hins vegar.

Þeir töldu brýnt að samningamenn sínir gengju frá útistandandi atriðum varðandi víðtækt samkomulag um fyrirkomulag EES-ákvæðanna. Tekið verður tillit til verkefna sem EB-nefndir sinna.

Ráðherrar létu í ljósi þá ósk að EES-samningurinn gæti gengið í gildi 1. janúar 1993. Í ljósi þess að fullgilda þarf samninginn töldu þeir að allt yrði að reyna til þess að undirrita EES-samninginn fyrir sumarið 1991. Þeir gáfu samningamönnum þau fyrirmæli að herða samningaviðræður til að svo mætti verða.

Viðbætir 7.5

Yfirlýsing ráðherrafundar Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu í Brussel 13. maí 1991.

1. Ráðherrar aðildarríkja og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og ráðherrar ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Liechtensteins komu saman til fundar í Brussel 13. maí 1991.
2. Af hálfu Evrópubandalagsins var fundi stýrt af Jacques Poos, utanríkisráðherra Lúxemborgar og formanni EB-ráðsins, en af hálfu EFTA-landanna af Wolfgang Schüssel, efnahagsmálaráðherra Austurríkis og formanni EFTA-ráðsins. Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins á fundinum var Frans Andriessen, varaforseti hennar. Skrá yfir ráðherrra sem fundinn sátu fylgir. Georg Reisch, aðalframkvæmdastjóri EFTA, sat einnig fundinn.

2.a. Ráðherrar staðfestu þann ásetning sinn að leiða til lykta viðræður um víðtækan EES-samning á jafnréttisgrundvelli fyrir sumar, sem skyldi tryggja gagnkvæma hagsmuni samningsaðilanna til hins ítrasta en ná jafnframt til allra þátta samstarfs þeirra og tryggja jafnvægi þess.

3. Eftir að hvor aðili um sig hafði gefið skýrslu um samningsstöðuna lýstu þeir ánægju með þann verulega árangur sem náðst hefur í samningaviðræðunum frá því að þeir hittust síðast í desember 1990.
4. Þeir tóku fram að samkomulag hefði náðst um fjölmarga mikilvæga þætti EES-samnings og komust að þeirri niðurstöðu að leiðir virtust færar til úrlausnar á þeim atriðum sem enn væru eftir. Þeir minntu á að lokasamningur hlyti að byggjast á því að viðunandi lausn fyrir samningsaðila fengist á öllum þeim sviðum sem viðræðurnar ná til, jafnt varðandi efnisatriði sem stofnanahliðar. Einnig þyrfti að tryggja heildarjafnvægi ábata, réttinda og skyldna. Þeir hvöttu samningamenn sína til að draga ekki af sér í leitinni að leiðum til lausnar þeirra mála sem enn eru ófrágengin.
5. Með vísan til þeirra atriða sem talin eru upp í sameiginlegri yfirlýsingu 19. desember 1990 minntust þeir á eftirfarandi atriði þar sem þróun hefur átt sér stað.
6. Þeir fögnuðu þeim árangri sem náðst hefur við skilgreiningu lausnar á rekstrarvanda kerfis sem tryggt gæti jöfn samkeppnisskilyrði um allt EES, þar með talið að því er varðar ríkisstyrki. Þeir tóku fram að dregið hefði saman með samningsaðilum við að skilgreina í meginatriðum verkaskiptingu og samstarf milli framkvæmdastjórnar EB annars vegar og sjálfstæðrar EFTA-stofnunar sem hefði samsvarandi umboð og svipað hlutverk og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hins vegar. Þeir hvöttu samningamenn sína til að leiða samninga til lykta eins fljótt og auðið yrði þar með talið um nánari útfærslu þess hvernig skipta mætti málum milli stofnananna tveggja sem og um hlutverk dómstóls.
7. Þátttakendur fögnuðu því að samkomulag hefði náðst um raunhæfar lausnir sem tryggðu jafnt örugga vernd á sviði heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismála samhliða fríverslun. Þetta mun tryggja að þorri viðeigandi samþykkta Evrópubandalagsins kemur að fullu til framkvæmda innan EFTA-landa frá 1. janúar 1993. Á tilteknum öðrum sviðum verður hindrunum aflétt innan EES frá 1. janúar 1993 á grundvelli

samþykkta Evrópubandalagsins þótt lögggjöf einstakra EFTA-landa geti gilt á aðlögunartíma. Samkomulag náðist um að aflétta hindrunum í viðskiptum með vélknúin ökutæki frá 1. 1. 1995 á grundvelli samþykkta Evrópubandalagsins. EFTA-lönd geta þó haldið eigin löggjöf þar til lagðar hafa verið fram nýjar bandalagsreglur sem farið verður með samkvæmt því verklagi sem tilgreint verður í samningnum. Fyrir vissar afurðir (þ.e. áburð sem inniheldur kadmíum, CFC, Halons) hefur verið samþykkt ótímabundið aðlögunartímabil sem tekið verður til endurskoðunar 1995.
Þau svið sem enn bíða úrlausnar varða nú aðeins hættuleg efni, tilbúin efni og lausnir og meindýraeitur. Samningamenn eru hvattir til þess að starfa enn að lausn þessara mála.

8. Að því er varðar önnur atriði vöruviðskipta tóku þátttakendur fram að góður árangur hefði náðst um opinber útboð, skaðsemisábyrgð, prófanir, vottorð og EB-merki, svo og hugverkaréttindi. Samningurinn mun fela í sér aukið samstarf í tollamálum og bættar og einfaldaðar upprunareglur. Innan ramma samningsins verður unnið að frekari umbótum.
9. Ennfremur var því gefinn gaumur að sá árangur hefði náðst að báðir aðilar samþykkja að stál skuli falla undir EES-samninginn að svo miklu leyti sem ákvæði tvíhliða fríverslunarsamninganna um vörur Kola- og stálbandalagsins gilda ekki, en þau ákvæði verða áfram í fullu gildi. Frekari árangur hefur náðst á orkusviðinu þar sem samkomulag er um að samningurinn skuli taka til hluta af samþykktum Evrópubandalagsins. Ræða þarf frekar þær samþykktir Evrópubandalagsins sem kveða á um framboðsörðugleika.
10. Þeir fögnuðu ennfremur því samkomulagi sem náðst hefur í tengslum við hindrunarlausa fjármagnsflutninga og þjónustuviðskipti. EFTA-löndin munu taka upp viðeigandi samþykktir Evrópubandalagsins frá 1. janúar 1993, með þeim undantekningum þó að um vissa þætti munu gilda aðlögunartímabil. Þau EFTA-ríki sem í hlut eiga munu beita núgildandi löggjöf sinni um fjármagnsflutninga frjálslega á aðlögunartíma. Athuga verður nánar útvarpstilskipun Evrópubandalagsins. Ennfremur fögnuðu þeir samkomulagi sem náðst hefur um drög að samstarfi á sviði efnahags- og gjaldeyrismála.
11. Þeir tóku fram að frekari árangur hefur náðst á flutningasviðinu, sem skiptir höfuðmáli innan EES vegna tengsla við frjáls vöru- og þjónustuviðskipti. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að finna þyrfti víðtæka lausn um flutninga. Þeir hvöttu samningamenn sína til að ljúka þeim tvíhliða viðræðum sem nú eiga sér stað um gegnumflutninga sem fyrst og hafa í huga sérstök hagsmunamál nokkurra jaðarsvæða EES.
12. Enn er starf óunnið varðandi búsetu- og atvinnuréttindi.
13. Þeir tóku fram að samkomulag hefði náðst um það að á nokkrum sviðum almenns eðlis þar sem samþykktir bandalagsins verða teknar upp af EFTA-löndunum (félagaréttur, félagsmálastefna, umhverfisstefna) munu almennt gilda aðlögunartímabil í allt að tvö ár.
Þeir fögnuðu því samkomulagi sem náðst hefur til að styrkja og breikka samstarf utan hins fjórþætta frelsis (jaðarverkefni) innan ramma starfsemi Evrópubandalagsins, t.d. á sviði rannsókna og þróunar, þar með talin upplýsingaþjónusta, umhverfismála, menntunarmála, þjálfunar og æskulýðsmála, félagsmálastefnu, neytendaverndar, lítilla

og meðalstórra fyrirtækja, ferðamála og sjónvarps, að svo miklu leyti sem þessi málefni falla ekki undir aðra hluta samningsins. Þeir tóku fram að nú hefði verulega dregið úr ágreiningi um þá þætti sem ættu að verða hluti af EES-samningi til þess að tryggja traustan lagagrundvöll fyrir víðtækt og kraftmikið samstarf.
Þeir hvöttu samningamenn sína til að starfa enn að lausn þeirra örfáu mála sem enn bíða úrlausnar.

14. Þátttakendur gáfu gaum þeim árangri sem náðst hefur á landbúnaðarsviðinu. Þeir staðfestu þann ásetning sinn að draga úr hömlum á viðskiptum með landbúnaðarafurðir innan EES í samræmi við landbúnaðarstefnu hvers lands fyrir sig. Sérstakt þróunarákvæði verður hluti af EES-samningnum. Ennfremur munu EFTA-löndin afnema eða draga úr innflutningsgjöldum frá 1. 1. 1993 á afurðum sem skipta miður þróuð svæði innan Evrópubandalagsins sérstöku máli. Sérstaklega verður unnið að því marki að afnema viðskiptahindranir af völdum reglugerða um heilbrigði dýra og jurta. Að því er hið síðastnefnda varðar munu EFTA-löndin taka upp að svo miklu leyti sem unnt er samþykktir Evrópubandalagsins. Ennfremur verða gerðar raunhæfar ráðstafanir frá 1. 1. 1993 í formi gagnkvæmra tvíhliða samninga milli Evrópubandalagsins og EFTA-landanna innan EES-ramma. Loks verður greitt fyrir viðskiptum með unnar landbúnaðarafurðir. Þeir samþykktu að halda yrði áfram samningaviðræðum um þessa þætti og leiða þær til lykta sem fyrst með tilliti til þess hversu þungt landbúnaðargeirinn vegur við að tryggja jafnvægi í samningnum en einnig sem þáttur í því að draga úr sveðisbundnu, félagslegu og efnahagslegu misræmi.
15. Þeir minntu á að sjávarútvegur væri jafnmikilvægur þáttur EES-samnings og lögðu á það áherslu að brýnt væri að herða róðurinn við samningaviðræður til þess að ná fram lausn sem gæti sameinað á viðunandi hátt hagsmuni beggja hliða fyrir lok samningaviðræðnanna.
Að því er sjávarútveg varðar vísa ráðherrar sérstaklega til fjórðu greinar þessarar yfirlýsingar þar sem sagt er að lokasamkomulag fari eftir því hvort lausn fáist um alla þætti samningaviðræðnanna sem sé viðunandi fyrir hvern um sig; að lokum verður að nást heildarjafnvægi ábata, réttinda og skyldna fyrir sérhvern samningsaðila.
16. Brýnt er ennfremur að vinna að því að finna leiðir til að ná því mikilvæga markmiði að draga úr sveðisbundnu efnahagslegu og félagslegu misræmi. Þetta markmið er nauðsynlegt til þess að ná viðunandi jafnvægi í EES-samningi. Þeir tóku til þess að Evrópubandalagið hefur lagt fram beiðni um að sett verði á stofn fjárhagsstofnun sem muni beita sér á viðeigandi hátt til þess að ná þessu markmiði og til þess að EFTA-löndin eru reiðubúin að athuga þetta. Ganga þarf nú frá framkvæmdaratriðum.
17. Laga- og stofnanahliðar ítrekuðu þáttakendur þær meginreglur sem settar voru fram í sameiginlegri yfirlýsingu frá 19. desember 1990. Þeir töldu að starfhæfar stofnanalausnir þyrftu að nást til að ná sem mestu réttarsamræmi innan Evrópsks efnahagssvæðis án þess þó að stefna í voða hvorki sjálfræði samningsaðila við ákvarðanatöku, sameiningarferli Evrópubandalagsins né séreðli EB löggjafar. Hafandi þetta í huga tóku þeir sérstaklega fyrir eftirfarandi atriði:
18. Þeir voru sammála um nauðsyn þess að samningurinn skyldi hafa að geyma almennt öryggisákvæði sem hægt væri að beita í hvert skipti sem alvarleg efnahagsleg, þjóðfélags- og/eða umhverfisvandamál í atvinnugrein eða í héraði væru að koma upp.

Samningsaðilar gætu með einhliða yfirlýsingum sem milliríkja ráðstefna bókaði, komið á framfæri því sem þau vildu um mögulega beitingu þessa almenna öryggisákvæðis. Þeir staðfestu einnig þau atriði varðandi þetta sem tekin voru fram í sameiginlegu yfirlýsingunni frá 19. desember 1990.

19. Þeir lögðu einnig áherslu á mikilvægi þess að tryggja hið fyllsta réttarsamræmi. Til þess að ná því markmiði þyrfti að þróa á þeim sviðum sem snertu evrópskt efnahagssvæði stöðugt ferli upplýsingaskipta og samráðs samhliða löggjafarferli Evrópubandalagsins. Ennfremur þyrfti að gefa sérfræðingum EFTA-landanna kost á því að eiga hlut að máli að svo miklu leyti sem hægt er og eftir því hvaða svið er til umfjöllunar við vinnslu tillagna framkvæmdastjórnar til nefnda EB. Í þessu samhengi tóku þeir fram að þegar framkvæmdastjórn undirbýr tillögur sínar mun hún leita til sérfræðinga EFTA-landanna á sama hátt og til sérfræðinga aðildarríkjanna. Einnig tóku þeir fram að hægt væri að ræða raunhæfar lausnir fyrir tiltekin sérstök vandamál og ennfremur að staða EFTA-landanna í nefndum sem varða jaðarverkefni mundi að fullu mótast af mögulegri fjárhagslegri þátttöku þeirra í viðeigandi verkefnum.[1]
20. Þeir minntu á að ákvarðanir í Evrópsku efnahagssvæði væru teknar samhljóða af Evrópubandalaginu annars vegar og EFTA-löndunum með einum rómi hins vegar og minntu á að kæmu upp alvarleg og umfangsmikil vandkvæði á þeim sviðum sem heyra undir þjóðþing EFTA-landanna þá yrðu þau vandkvæði tekin til athugunar af sameiginlegu nefndinni. Hún mundi fyrst af öllu reyna að finna viðunandi lausn fyrir báða aðila sem gerði það kleift að halda öllum samningnum í gildi án þess þó að útiloka þann möguleika að grípa síðar, gerðist þess þörf, til almenns öryggisákvæðis og gagnaðgerða í réttu hlutfalli.
21. Þátttakendur lögðu áherslu á nauðsyn þess að koma á innan evrópsks efnahagssvæðis skilvirku eftirlitskerfi sem framkvæmdastjórn annaðist annars vegar en af hálfu EFTA-stofnun sem starfaði á svipaðan hátt hins vegar. Þar þyrfti einnig sjálfstæður úrskurðaraðili að koma til.
22. Að því er varðar sjálfstæðan úrskurðaraðila verður að taka tillit til eftirfarandi meginreglna:
    - Tilnefndir verða sjö dómarar frá EFTA-löndunum;
    - settur verður á fót sjálfstæður EES-dómstóll en í honum munu sitja fimm dómarar frá Evrópudómstólnum og þrír af EFTA-dómurunum sjö. Hann mundi starfa innan Evrópubandalagsdómstólsins og hafa umboð til að kveða upp úrskurði:
    - varðandi lausn deilumála, (þ.m.t., þegar við á, túlkun EES-reglna) samkvæmt beiðni sameiginlegu nefndarinnar eða samningsaðilanna
    - varðandi deilur milli eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-lands
    - varðandi mál sem fyrirtæki eða ríki taka upp gegn ákvörðunum EFTA-stofnunar á sviði samkeppni (þ.m.t. varðandi ríkisstyrki),
    - styrkja verður réttarsamræmi innan EES með því að gera EFTA-löndum kleift koma fyað koma fyrir Evrópudómstólinn og með því að koma á verklagi svipuðu því sem starfrækt er á grundvelli Lúganósamningsins.

---

[1] Framkvæmdastjórnin mun senda EFTA bréf til útskýringar á framkvæmd þessarar greinar

23. Þeir tóku fram að aðildarríki EFTA væru reiðubúin til þess að setja ákvæði í landslög sín í þá veru að reglur samningsins um Evrópskt efnahagssvæði skuli hafa forgang í þeim tilfellum sem þær rekast á við önnur ákvæði landslaga þeirra.

Viðbætir 7.6

Yfirlýsing ráðherra Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) í Genf 10.-11. desember 1991

1. Ráðherrar EFTA-ríkjanna komu til fundar í Genf 10.-11. desember 1991. Fundinum stýrði Pertti Salolainen, utanríkisviðskiptaráðherra Finnlands.
2. Ráðherrarnir minntu á að samningaviðræðunum um stofnun Evrópska efnahagssvæðisins (EES) hafi lokið 21./22. október í Lúxemborg. EES markar nýtt og krefjandi tímabil í samskiptum EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins. Vegna þess hvað samningurinn er víðtækur felur hann í sér fjölbreytt tækifæri og ávinninga fyrir öll nítján EFTA- og EB-ríkin og þegna þeirra.
3. EES gerir öllum EFTA-ríkjunum kleift að taka þátt í innri markaðinum frá upphafi. Óhindruð vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutningar og atvinnu- og búseturéttindi, auk styrkara og víðtækara samstarfs að jaðarmálefnum, mun ekki einungis stuðla að jákvæðu framlagi til efnahagslegrar og félagslegrar þróunar, verndunar umhverfisins og hagsældar heldur einnig hlynna að samskiptum Evrópubúa og þannig efla evrópska samkennd.
4. Ráðherrarnir gerðu ráð fyrir að upplýsingaskiptum innan EB varðandi ákveðna lagaþætti EES-samningsins yrði lokið eins fljótt og mögulegt væri þannig að hægt yrði að undirrita samninginn fljótlega, eins og frá honum var gengið með samkomulagi ráðherra í Lúxemborg, og að hann geti öðlast gildi 1. janúar 1993.
5. Ráðherrarnir voru fullvissir um að eftir undirskrift EES-samningsins muni allir aðilar hans gera allt sem í þeirra valdi stendur til að staðfesta hann í tíma þannig að hann taki gildi samtímis innri markaði EB. Þeir lögðu áherslu á mikilvægi þess að fullnægjandi skipulagi yrði komið á fót við gildistöku EES-samnings þannig að hann kæmi strax þá til fullra framkvæmda.
6. Ráðherrarnir fengu skýrslu frá skipulagsnefnd EFTA um stjórnunarlegt fyrirkomulag milli EFTA-ríkjanna vegna undirbúnings framkvæmdar á EES-samningnum og veittu athygli því samkomulagi sem náðst hefði. Ráðherrarnir samþykktu að stofnsetja undirbúningsnefnd með það hlutverk að koma á fót eftirlitsnefnd EFTA og samþykktu einnig að stofnsetja bráðabirgðafastanefnd EFTA.
7. Ráðherrarnir fögnuðu sögulegri ákvörðun EB-ráðsins í Maastricht um efnahags-, gjaldmiðils- og stjórnmálalega samvinnu EB. Ráðherrarnir voru sannfærðir um að þessi ákvörðun væri afar mikilvæg fyrir áframhaldandi nánari Evrópusamvinnu og myndi auðvelda samskipti milli EFTA-ríkjanna og EB á grundvelli EES-samningsins.
8. Ráðherrarnir lögðu áherslu á stjórnmálalega þýðingu EES sem mikilvægs þáttar í nýskipan Evrópu og sem jákvæðs þáttar í aðlögun nýrra lýðræðisríkja Austur- og Mið-Evrópu að evrópsku skipulagi.
9. Ráðherrarnir töldu að EFTA-ríkin hafi miklu hlutverki að gegna í samvinnu Evrópuríkja og í eflingu fríverslunar. Í þessu samhengi veittu þeir athygli áhuga ýmissa þriðju ríkja á að koma á eða auka samvinnu við EFTA-ríkin og við að koma á nýjum tengslum við EFTA.

10. Ráðherrarnir fögnuðu undirritun fríverlsunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Tyrklands 10. desember, sem búist er við að taki gildi 1. apríl 1992. Þessi samningur mun hafa í för með sér að viðskipti EFTA-ríkjanna við Tyrkland munu njóta sömu ívilnana og eru milli Tyrklands og EB.
11. Ráðherrarnir veittu því athygli að verulegur árangur hafði náðst í samningaviðræðum EFTA-ríkjanna og Ungverjalands, Póllands og Tékkóslóvakíu um fríverslunarsamninga og lögðu áherslu á að þeim lyki fljótlega þannig að samningarnir myndu öðlast gildi á fyrri hluta ársins 1992. Ráðherrrarnir töldu að þessir samningar ásamt samstarfssamningunum sem EB hefur gert við sömu ríki væri mikilvægt framlag til frekari umbreytingaferils þessara ríkja til frjáls hagkerfis og myndi auðvelda þátttöku þeirra í víðtækara fríverslunarskipulagi.
12. Ráðherrarnir fögnuðu endurheimtu sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litháens og samstarfsyfirlýsingum milli EFTA-ríkjanna og þessara þriggja ríkja, sem undirritaðar voru 10. desember.
13. Ráðherrarnir fögnuðu einnig samstarfsyfirlýsingum milli EFTA-ríkjanna og Búlgaríu og Rúmeníu, sem undirritaðar voru 10. desember.
14. Samstarf á grundvelli allra þessara yfirlýsinga mun vera til viðbótar við aðstoð einstakra EFTA-ríkja bæði tvíhliða og í 24 ríkja hópnum og mun stuðla að þróun í þessum ríkjum í átt að frjálsu hagkerfi og því hagkerfi, sem ríkjandi er í Evrópu og annars staðar.
15. Ráðherrarnir áréttuðu ákvörðun EFTA-ráðsins um að hætta samvinnu við Júgóslavíu. Þeir töldu átökin í Júgóslavíu mikla ógæfu fyrir íbúa landsins. Virða yrði Genfarsáttmálann og viðauka hans og hernaðarátökum yrði strax að linna. Eyðileggingu sameiginlegrar menningararfleifðar, sérstaklega í Dubrovnik, yrði að stöðva. Ráðherrarnir fólu EFTA-ráði embættismanna að kanna möguleika á að aðstoða þá aðila, sem hafa lagt sig fram við að finna yfirgripsmikla stjórnmálalega og friðsæla lausn mála.
16. Ráðherrarnir lögðu áherslu á nauðsyn þess að koma á hagstæðum viðskiptaskilyrðum milli EFTA-ríkjanna og Ísraels og það að ljúka samningaviðræðunum fljótt þannig að EFTA-ríkin njóti sömu samkeppnisskilyrða og aðalviðskiptaaðilar Ísraela.
17. Ráðherrarnir lýstu yfir áframhaldandi áhuga sínum á að kanna möguleika á fríverslunarviðræðum við aðildarríki Persaflóasamvinnuráðsins.
18. Ráðherrarnir áttu fund með þingmannanefnd EFTA og veittu athygli skýrslum um undirbúningsstarf hennar og hliðstæðrar nefndar Evrópuþingsins um framtíðarsamvinnu þeirra í sameiginlegri þingmannanefnd EES. Þeir fögnuðu hinni auknu samvinnu milli þingmannanefndar EFTA og þingmanna frá Ungverjalandi, Póllandi og Tékkóslóvakíu.
19. Ráðherrarnir fögnuðu undirbúningsstarfi ráðgjafarnefndar EFTA og efnahags- og félagsmálanefndar EB varðandi framtíðarsamvinnu þeirra innan ráðgjafarnefndar EES. Þeir veittu einnig framlagi ráðgjafarnefndarinnar athygli varðandi samvinnu við samstarfsaðila þeirra í Mið- og Austur-Evrópu, þ.m.t. við Eystrasaltsríkin.
20. Ráðherrarnir áréttuðu stuðning sinn við jákvæðar niðurstöður Úrúgvæ-viðræðnanna fyrir lok ársins 1991. Þeir staðfestu stuðning sinn við að koma á fót réttlátum og skýrum reglum fyrir alþjóðaviðskipti. Niðurstaða viðræðnanna, sem er í sjónmáli, er víðtæk og yfirgripsmikil. Það mætti ekki missa af þessu tækifæri til að koma á fót

kerfi til þess að eiga fyrirsjáanleg viðskipti og efnahagslega samvinnu fram á næstu öld.

21. Ráðherrarnir veittu með ánægju athygli á að í framhaldi af frumkvæði EFTA-ríkjanna hafi GATT ákveðið að hefja virka athugun á tengslum viðskipta og umhverfismála.
22. Næsti ráðherrafundur verður haldinn 20.- 21. maí 1992 í Reykjavík.

1021. Skýrsla [544. mál]

utanríkisráðherra um samning í formi bréfaskipta milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands um sjávarútvegsmál.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

Samningaviðræður Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um samstarfssamning um sjávarútvegsmál hófust eftir lausn landhelgisdeilnanna við Bretland og Þýskaland og gildistöku bókunar nr. 6 við fríverslunarsamning Íslands og EB árið 1976. Þær stóðu yfir með hléum fram til 1981. Þá lágu fyrir drög að rammasamningi sem voru viðunandi að dómi beggja en upp úr slitnaði vegna ágreinings um skiptingarhlutföll sameiginlegra fiskistofna í lögsögu Íslands og Grænlands sem þá var innan EB.

Þríhliða viðræður um loðnustofninn milli Íslands, Noregs og EB fóru fram árin 1982-1983 en samningar tókust ekki heldur. Grænland fór út úr bandalaginu 1985 en umræður um gerð sjávarútvegssamnings Íslands og EB héldu áfram öðru hverju allt til ársins 1990.

Þegar samningaviðræður um Evrópska efnahagssvæðið voru komnar vel á veg á árinu 1991 var ákveðið að hefja að nýju viðræður um rammasamning um sjávarútvegsmál og umhverfi hafsins. Vegna annarra fundarhalda í tengslum við EES-samningana vannst samningamönnum bandalagsins ekki tími til að halda formlega fundi um rammasamninginn þar sem fulltrúar allra aðildarríkja EB væru boðaðir, eins og tilskilið er um gerð slíkra samninga í reglum bandalagsins. Sá kostur var því valinn að framkvæmdastjórn EB og fulltrúar Íslands skyldu freista þess að ná samkomulagi sín á milli um helstu atriði sem skyldu vera í rammasamningi og í árlegum framkvæmdasamningi á grundvelli rammasamningsins. Útlínur þess samnings voru lagðar á ráðherrafundum EB og EFTA í október 1991 og um ýmis nánari atriði var síðan samið við bandalagið á næstu mánuðum. Endanleg gerð lá fyrir þegar samningaviðræðum lauk 14. febrúar 1992 og var árituð 14. apríl 1992

Í tengslum við ráðherrafund EFTA og EB í Óportó 2. maí 1992 þar sem EES samningurinn var undirritaður var síðan undirritaður samningur Íslands og EBE í formi erindaskipta um að gerður skyldi á árinu 1992 rammasamningur aðila um sjávarútvegsmál og umhverfi hafsins og eru formlegar samningaviðræður um þau mál þegar hafnar.

Samningurinn frá 2. maí 1992 kveður á um helstu atriði sem verða í rammasamningnum og árlegum framkvæmdasamningi og er hann ákvarðandi um öll þau atriði sem þar eru tilgreind þegar gengið verður formlega frá hinum samningunum.

Í samningnum frá 2. maí eru helstu efnisatriði eftirfarandi:

Gagnkvæm skipti á fiskveiðiheimildum. Bandalagið fær veiðiheimildir á tilgreindum svæðum í efnahagslögsögu Íslands fyrir 3.000 tonna karfaígildum (jafnvirði 1.500 tonna af þorskígildum samkvæmt. reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins nr. 367/1991) gegn veiðiheimildum fyrir Ísland á 30.000 tonnum af loðnu (jafngildi 1.800 tonna af þorski skv. sömu reglugerð) sem bandalagið hefur keypt af Grænlandi með samningi þessara aðila um fiskveiðimál.

Á árinu 1993 skulu aflaheimildir bandalagsins gilda fyrir beinar karfaveiðar en allur aukaafli er innifalinn í tölunni 3.000 tonn af karfaígildum og enginn þorskur verður leyfður í aukaafla. Eftir 1993 geta aðilar komið sér saman um að breyta samsetningu tegunda í þessum 3.000 karfaígildum í ljósi frekari rannsókna á langhalastofnunum við Ísland. Eru úthlutuð svæði m.a. ákvörðuð með þetta í huga.

Í samningnum frá 2. maí 1992 er ennfremur ákveðið að frekari samningaviðræður um rammasamninginn skuli byggðar á framangreindum drögum að slíkum samningi frá 1981 og að kveðið skuli á um skilmála fyrir nýtingu fiskveiðiheimildanna. Meðal skilmálanna eiga að vera að út verði gefin takmarkaður fjöldi veiðileyfa til togara, annarra en verksmiðjutogara, á tímabilinu júlí-desember, koma- og brottför úr fiskveiðilögsögu skuli tilkynnt og að allir sömu skilmálar varðandi fiskverndarmál skuli gilda og um innlend fiskiskip, m.a. að krefjast megi að skip skuli hafa um borð eftirlitsmann á eigin kostnað þegar það er innan fiskveiðilögsögunnar.

Þau atriði sem enn er ósamið um eru einkum veiðitímabil loðnunnar og ýmis framkvæmdaratriði varðandi eftirlitið með veiðum og aflamagni, fjöldi útgefinna leyfa og skilgreining verksmiðjutogara. Fyrsti fundur um rammasamninginn og þessi mál var haldinn í Brussel 27. - 28. apríl og sá næsti fer fram í Reykjavík 25. - 26. maí næstkomandi.

Samningurinn milli Íslands og EBE um sjávarútvegsmál frá 2. maí 1992 fylgir skýrslu þessari sem fylgiskjal.

SAMNINGUR

Í FORMI BRÉFASKIPTA MILLI EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS UM SJÁVARÚTVEGSMÁL

A. Bréf frá Íslandi

Undirritun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur gefið Íslandi og bandalaginu tækifæri til að kanna viðeigandi leiðir til að styrkja samvinnu sín í milli á sviði sjávarútvegs.

Í þessu samhengi hafa aðilar ákveðið að gera með sér samning um sjávarútvegsmál og lífríki hafsins.

Á grundvelli þess samnings mun Ísland úthluta bandalaginu aflaheimildum í efnahagslögsögu Íslands sem nemur 3.000 tonnum af karfaígildum. Þær verða á árinu 1993 kvóti til veiða á karfa, þar með talinn meðafli (enginn þorskur í meðafla) í skiptum fyrir 30.000 tonna kvóta af loðnu frá bandalaginu sem það fær úthlutað á grundvelli samnings við ríkisstjórn Danmerkur og heimastjórn Grænlands um fiskveiðar. Breyta má með samkomulagi samsetningu þessa kvóta á næstu árum á eftir í ljósi frekari vísindarannsókna á langahalastofnunum.

Sá kvóti sem bandalaginu verður úthlutað skal veiddur á svæðum í efnahagslögsögu Íslands sem eru afmörkuð með beinum línum sem eru dregnar milli eftirfarandi hnita:

I. SV

1.	63 ° 12 ' N	23 ° 05 ' V	SV að 62 ° 00 ' N
			26 ° 00 ' V
2.	62 ° 58 ' N	22 ° 25 ' V	
3.	63 ° 06 ' N	21 ° 30 ' V	
4.	63 ° 03 ' N	21 ° 00 ' V	

Þaðan 180 ° SV

II. SA

1.	63 ° 10 ' N	17 ° 00 ' V	Þaðan 180 °
2.	63 ° 36 ' N	14 ° 30 ' V	
3.	63 ° 53 ' N	13 ° 30 ' V	
4.	63 ° 50 ' N	13 ° 10 ' V	
5.	63 ° 40 ' N	13 ° 10 ' V	
6.	62 ° 58 ' N	11 ° 15 ' V	

Reynist svæðin sem afmörkuð eru í I og II ekki fullnægjandi til hagkvæmra veiða samkvæmt framansögðu skulu aðilar koma sér saman um nauðsynlegar lagfæringar á þessum svæðum.

Kvóta Íslands má veiða hvort heldur er innan fiskveiðilögsögu Grænlands eða í efnahagslögsögu Íslands.

Til þess að hvor aðili geti úthlutað hinum aflaheimildir í fiskveiðilögsögu sinni skal ljúka gerð sjávarútvegssamningsins milli Íslands og bandalagsins eins fljótt og auðið er og talsvert fyrir 31. desember 1992. Sá samningur skal einnig hafa að geyma ákvæði um þau skilyrði sem eiga að gilda um nýtingu aflaheimildanna. Meðal þeirra yrðu að út yrði gefinn takmarkaður fjöldi veiðiheimilda til togara, annarra en verksmiðjutogara, fyrir tiltekið tímabil ársins (júlí–desember), tilkynnt yrði um komu í og brottför úr fiskveiðilögsögu hins aðilans, farið yrði eftir öllum fiskverndunarreglum sem gilda um skip hins aðilans, þar með talin yrði skuldbindingin um að hafa eftirlitsmann um borð á kostnað skipsins meðan það er innan fiskveiðilögsögu hins aðilans ef þess er krafist af þeim aðila.

Ég legg til að frekari samningaviðræður fari fram á grundvelli samningsdraga sem aðilar hafa þegar gert.

Ég væri þakklátur ef þér vilduð staðfesta að Efnahagsbandalag Evrópu samþykki þær skuldbindingar sem birtar eru hér að framan.

Virðingarfyllst,

f.h. ríkisstjórnar
Lýðveldisins Íslands

B. Bréf frá bandalaginu

Ég hef í dag móttekið svohljóðandi bréf yðar:

„Undirritun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur gefið Íslandi og bandalaginu tækifæri til að kanna viðeigandi leiðir til að styrkja samvinnu sín í milli á sviði sjávarútvegs.

Í þessu samhengi hafa aðilar ákveðið að gera með sér samning um sjávarútvegsmál og lífríki hafsins.

Á grundvelli þess samnings mun Ísland úthluta bandalaginu aflaheimildum í efnahagslögsögu Íslands sem nemur 3.000 tonnum af karfaígildum. Þær verða á árinu 1993 kvóti til veiða á karfa, þar með talinn meðafli (enginn þorskur í meðafla) í skiptum fyrir 30.000 tonna kvóta af loðnu frá bandalaginu sem það fær úthlutað á grundvelli samnings við ríkisstjórn Danmerkur og heimastjórn Grænlands um fiskveiðar. Breyta má með samkomulagi samsetningu þessa kvóta á næstu árum á eftir í ljósi frekari vísindarannsókna á langahalastofnunum.

Sá kvóti sem bandalaginu verður úthlutað skal veiddur á svæðum í efnahagslögsögu Íslands sem eru afmörkuð með beinum línum sem eru dregnar milli eftirfarandi hnita:

I. SV

1.	63 ° 12 ' N	23 ° 05 ' V	SV að 62 ° 00 ' N
			26 ° 00 ' V
2.	62 ° 58 ' N	22 ° 25 ' V	
3.	63 ° 06 ' N	21 ° 30 ' V	
4.	63 ° 03 ' N	21 ° 00 ' V	
	Þaðan 180 ° SV		

II. SA

1.	63 ° 10 ' N	17 ° 00 ' V	Þaðan 180 °
2.	63 ° 36 ' N	14 ° 30 ' V	
3.	63 ° 53 ' N	13 ° 30 ' V	
4.	63 ° 50 ' N	13 ° 10 ' V	
5.	63 ° 40 ' N	13 ° 10 ' V	
6.	62 ° 58 ' N	11 ° 15 ' V	

Reynist svæðin sem afmörkuð eru í I og II ekki fullnægjandi til hagkvæmra veiða samkvæmt framansögðu skulu aðilar koma sér saman um nauðsynlegar lagfæringar á þessum svæðum.

Kvóta Íslands má veiða hvort heldur er innan fiskveiðilögsögu Grænlands eða í efnahagslögsögu Íslands.

Til þess að hvor aðili geti úthlutað hinum aflaheimildir í fiskveiðilögsögu sinni skal ljúka gerð sjávarútvegssamningsins milli Íslands og bandalagsins eins fljótt og auðið er og talsvert fyrir 31. desember 1992. Sá samningur skal einnig hafa að geyma ákvæði um þau skilyrði sem eiga að gilda um nýtingu aflaheimildanna. Meðal þeirra yrðu að út yrði gefinn takmarkaður fjöldi veiðiheimilda til togara, annarra en verksmiðjutogara, fyrir tiltekið tímabil ársins (júlí–desember), tilkynnt yrði um komu í og brottför úr fiskveiðilögsögu hins aðilans, farið yrði eftir öllum fiskverndunarreglum sem gilda um skip hins aðilans, þar með talin yrði skuldbindingin um að hafa eftirlitsmann um borð á kostnað skipsins meðan það er innan fiskveiðilögsögu hins aðilans ef þess er krafist af þeim aðila.

Ég legg til að frekari samningaviðræður fari fram á grundvelli samningsdraga sem aðilar hafa þegar gert (Viðauki).

Ég væri þakklátur ef þér vilduð staðfesta að Efnahagsbandalag Evrópu samþykki þær skuldbindingar sem birtar eru hér að framan."

Hér með staðfesti ég að Efnahagsbandalag Evrópu hefur samþykkt efni bréfs yðar.

Virðingarfyllst,

f.h. ráðs
Evrópubandalaganna

1022. Frumvarp til laga [545. mál]

um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Lögum þessum er ætlað að tryggja almenningi aðgang að tiltækum upplýsingum um umhverfismál hjá stjórnvöldum og að þau annist miðlun upplýsinga um umhverfismál til almennings.

Með stjórnvaldi er í lögum þessum átt við embætti, stofnun, ráð eða nefnd á vegum ríkisins eða sveitarfélags sem starfar að umhverfismálum og hefur að lögum heimild til þess að kveða á um rétt eða skyldur manna á sviði umhverfismála.

2. gr.

Lög þessi gilda um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál sem eru á verksviði stjórnvalda.

3. gr.

Aðili samkvæmt lögum þessum telst sérhver einstaklingur og lögaðili er hefur hagsmuna að gæta varðandi ákvörðun stjórnvalds samkvæmt lögum þessum.

Aðili, sem óskar upplýsinga um umhverfismál, getur leitað þeirra hjá viðkomandi stjórnvaldi, enda sé óskað upplýsinga sem tiltækar verða eftir að lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 4. gr.

Aðili skal senda skriflega beiðni þar sem greint skal með skýrum hætti hvaða upplýsinga óskað er og annað er máli skiptir.

Stjórnvald, sem í hlut á, skal afgreiða beiðni innan fjögurra vikna frá móttökudegi.

4. gr.

Heimilt er að synja beiðni um upplýsingar, að öllu leyti eða hluta, ef um er að ræða:

a. ónákvæma beiðni eða of almennt orðaða,
b. trúnaðarupplýsingar,
c. einkamál eða persónulegar upplýsingar nema sá samþykki sem í hlut á,
d. mikilvæga viðskiptahagsmuni,
e. mál sem er á undirbúningsstigi,
f. mál er varða öryggi almennings,
g. hættu á að upplýsingar gætu aukið líkur á umhverfisspjöllum ef opinberar yrðu.

Skylt er að rökstyðja synjun ef beiðandi óskar.

5. gr.

Nú telur aðili að synjun skv. 4. gr. sé ekki studd gildum rökum og getur hann þá, ef ráðherra á ekki sjálfur í hlut, skotið máli til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að honum var kunnugt um synjunina.

Kæru um synjun stjórnvalds, sem heyrir undir aðra ráðherra, skal skjóta til viðkomandi ráðherra.

6. gr.

Nú óskar aðili upplýsinga sem ekki eru þegar tiltækar og talið er rétt að láta í té þá ber honum að greiða fyrir slíka þjónustu. Ekki er þó til þess ætlast að umfangsmiklar kannanir eða rannsóknir fari fram af hálfu þeirra sem upplýsingar veita.

7. gr.

Stjórnvöld, sem starfa á vettvangi umhverfismála, skulu halda uppi kynningarstarfi fyrir almenning um hvaðeina sem lýtur að þekkingu á umhverfismálum og áhuga á umhverfisvernd.

8. gr.

Umhverfisráðherra skal reglulega birta opinberlega skýrslu um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi. Jafnframt skal gerð grein fyrir lagasetningu, úrskurðum og ákvörðunum á sviði umhverfismála að því leyti sem þær snerta almannahagsmuni.

9. gr.

Heimilt er umhverfisráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmd á lögum þessum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið m.a. í þeim tilgangi að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði.

Í 74. gr. samningsins er vísað til viðauka XX sem fjallar um umhverfi. Í viðauka XX er að finna tilskipun um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál (90/313/EBE). Í samræmi við efnisreglur þeirrar tilskipunar er frumvarp þetta samið.

Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar kemur m.a. fram um umhverfismál að í mótun umhverfisstefnu felist m.a. „að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfið og ástand þess". Því stefnumiði verður náð með frumvarpi þessu verði það að lögum.

Markmiðið með frumvarpinu, eins og kemur fram í 1. gr. þess, er annars vegar að tryggja aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál og hins vegar að tryggja upplýsingamiðlun stjórnvalda til almennings. Talið er eðlilegt að einstaklingar og lögaðilar geti óskað tiltekinna upplýsinga um umhverfismál án þess að hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Enn fremur er talið að auka megi áhuga og vitund almennings gagnvart umhverfi sínu með aðgangi að upplýsingum og aukinni upplýsingamiðlun um umhverfismál.

Frá stofnun umhverfisráðuneytisins hefur verið stefnt að aukinni upplýsingamiðlun til almennings um umhverfismál. Í apríl 1992 var ráðinn til starfa í ráðuneytinu starfsmaður sem sérstaklega skal annast fræðslu- og kynningarmál. Enn fremur hafa einstakar stofnanir, sem fjalla um umhverfismál, um langt árabil miðlað upplýsingum til almennings, m.a. með útgáfu og kynningarstarfsemi, og svarað margvíslegum fyrirspurnum innlendra og erlendra aðila um umhverfismál á Íslandi. Nokkuð kann að hafa skort á að þessi upplýsingamiðlun væri með samræmdum hætti.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, skapast forsenda til að setja nánari reglur um hvernig upplýsingaskyldu og kynningarstarfsemi umhverfisráðuneytisins og annarra stjórnvalda, sem starfa á vettvangi umhverfismála, skuli háttað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. koma fram markmið frumvarpsins. Aðgangur almennings að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun þeirra stjórnvalda, sem um þau fjalla, eru talin stuðla að bættri vitund almennings um umhverfi sitt, auka umhverfisvöktun almennings og draga úr líkum á umhverfisröskun.

Rétt þykir strax í 2. mgr. að skilgreina hugtakið stjórnvald í merkingu laganna.

Um 2. gr.

Samkvæmt 6. tölul. 13. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, sbr. 3. gr. auglýsingar nr. 77/1990, er umhverfisráðuneytinu ætlað að sinna samræmingu aðgerða ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga við framkvæmd umhverfismála og skv. 5. tölul. sömu greinar er ráðuneytinu ætlað að sinna fræðslu- og upplýsingastarfsemi um umhverfismál. Eðlilegt er því að umhverfisráðherra hafi frumkvæði að setningu löggjafar á þessu sviði.

Samkvæmt 2. gr. er frumvarpinu ætlað að taka til umhverfismála í víðum skilningi, þ.e. bæði til umhverfismála sem heyra beint undir umhverfisráðuneytið, svo og til umhverfismála sem heyra undir sveitarfélög eða önnur ráðuneyti.

Um 3. gr.

Rétt þykir í 1. mgr. að skilgreina með skýrum hætti hver teljist aðili samkvæmt lögunum.

Samkvæmt 2. mgr. er gert ráð fyrir því að einstaklingar og lögaðilar geti óskað eftir tilteknum upplýsingum um umhverfismál án þess að hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Skylt er að veita upplýsingar sem tiltækar verða eftir gildistöku laganna, sbr. þó 4. gr. Heimilt er samt sem áður að veita upplýsingar sem eru eldri en lögin en ekki er það skylt.

Með upplýsingum um umhverfismál er einkum átt við upplýsingar á rituðu máli, á myndum, hljóðupptökum eða á tölvutæku formi og varða ástand vatns, lofts, jarðvegs, dýralífs, gróðurs, lands og náttúruminja, svo og starfsemi eða ráðstafanir sem hafa, eða líklegt er að hafi, neikvæð áhrif á ofantalin atriði.

Í 3. mgr. er kveðið svo á um að aðili skuli senda skriflega beiðni þar sem greina skal með skýrum hætti frá þeim upplýsingum sem óskað er eftir. Þrátt fyrir ákvæði þetta verður munnlegri upplýsingagjöf og -miðlun haldið áfram eins og tíðkast hefur hingað til ef slík upplýsingagjöf á við.

4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni eru taldir upp nokkrir málaflokkar þar sem heimilt er að takmarka aðgang almennings að gögnum vegna ríkra almannahagsmuna. Eðlilegt er að aðila sé gerð grein fyrir ástæðum synjunar fari hann fram á rökstuðning fyrir henni. Því er í 2. mgr. gert að skyldu að rökstyðja synjun komi fram slík ósk.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að aðili geti skotið synjun skv. 4. gr. til ákvörðunar umhverfisráðherra. Rétt þykir að tiltaka ákveðin tímamörk í þessu sambandi. 1. mgr. gerir aðeins ráð fyrir því að umhverfisráðherra úrskurði í málefnum stofnana sem heyra beint undir umhverfisráðuneytið. Því er tekið fram í 2. mgr. að kæru um synjun stjórnvalds, sem heyrir undir annan ráðherra, skuli skotið til viðkomandi ráðherra.

Um 6. gr.

Eðlilegt er að einstök stjórnvöld hafi heimild til að taka sanngjarnt gjald fyrir upplýsingar sem veittar eru.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um kynningarstarf fyrir almenning. Um langt árabil hafa einstakar stofnanir á vettvangi umhverfismála staðið að útgáfu upplýsinga- og fræðslurita, ýmist samkvæmt lagaskyldu eða ekki. Með ákvæði þessu er stefnt að markvissu kynningarstarfi fyrir almenning svo að auka megi þekkingu og áhuga á umhverfismálum og umhverfisvernd.

Um 8. gr.

Til þess að ná markmiðum frumvarps þessa er m.a. lögð sú skylda á umhverfisráðherra að gefa reglulega út skýrslu um ástand umhverfismála á Íslandi. Enn fremur skal gerð grein fyrir lagasetningu, úrskurðum og ákvörðunum ráðuneytisins á sviði umhverfismála að því marki sem þær snerta almannahagsmuni.

Um 9. og 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun.

Með frumvarpi þessu er ætlað að setja lög er tryggi almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Er gert ráð fyrir að stjórnvöldum verði skylt að veita allar almennar upplýsingar, með skýrum undantekningum skv. 4. gr. á sviði umhverfismála.

Kostnaður, sem af þessu frumvarpi hlýst, mun fara eftir því hver eftirspurn almennings verður eftir upplýsingum um umhverfismál. Ekki er gert ráð fyrir að slík upplýsingaskylda valdi sérstökum kostnaði hjá stjórnvöldum. Líklega munu flestar fyrirspurnir í þessa veru lenda hjá umhverfisráðuneyti, en þar er sérstakur starfsmaður fyrir er annast fræðslu- og upplýsingamál. Því er ekki gert ráð fyrir að myndist sérstakur kostnaðarauki af þessum sökum. Þá er og gert ráð fyrir því í 6. gr. að stjórnvöld hafi heimild til að taka sanngjarnt gjald fyrir upplýsingar sem veittar eru.

1023. Skýrsla [546. mál]

umhverfisráðherra um lagasetningu vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði og áhrif hans á umhverfismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. Inngangur.

Í 73. - 75. gr. samnings um Evrópskt efnahagssvæði er fjallað um umhverfismál. Í 73. gr. koma fram þau markmið sem aðgerðir samningsaðila byggja á, en þau eru:

– að varðveita, vernda og bæta umhverfið,
– að stuðla að heilsuvernd manna og
– að tryggja að auðlindir náttúrunnar séu nýttar af varúð og skynsemi.

Í 73. gr. samningsins koma enn fremur þær meginreglur fram sem aðgerðir samningsaðila skulu byggja á. Girða skal fyrir umhverfisspjöll, leggja skal áherslu á að bæta það tjón sem þegar hefur orðið og leggja skal greiðsluskyldu á þann sem mengun veldur.

Samkvæmt 75. gr. samningsins geta einstakir samningsaðilar viðhaldið strangari umhverfislöggjöf, eða gripið til hennar, að því tilskyldu að slíkar reglur samræmist samningnum að öðru leyti.

Í 3. gr. bókunar 31 við samninginn, eru talin upp þau svið þar sem styrkja skal samvinnu samningsaðila í umhverfismálum. Samningsaðilar stefna að aukinni samvinnu á eftirfarandi sviðum:

– við stefnumótun og gerð framkvæmdaáætlunar um umhverfið,
– við samþáttun umhverfissjónarmiða við aðra málaflokka,
– við notkun hagtækja í þágu umhverfisverndar,
– við lausn alþjóðlegra umhverfisvandamála og
– við lausn mikilvægra svæðisbundinna eða alþjóðlegra málefna, sem til umræðu eru innan alþjóðastofnana.

Viðauki XX. er settur á grundvelli 74. gr. sbr. 73. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Í viðaukanum eru þær tilskipanir sem falla undir verksvið Umhverfisráðuneytisins.

Efni tilskipananna má skipta í fimm flokka. Í fyrsta lagi eru 2 tilskipanir sem fjalla almennt um umhverfismál, í öðru lagi eru 11 tilskipanir sem fjalla um varnir gegn vatnsmengun, í þriðja lagi eru 8 tilskipanir sem fjalla um varnir gegn loftmengun, í fjórða lagi eru 4 tilskipanir sem fjalla um mengun af völdum hættulegra efna og í fimmta og síðasta lagi eru 7 tilskipanir sem fjalla um aukið eftirlit með úrgangi og förgun hans.

Undanfarna mánuði hefur í Umhverfisráðuneytinu verið unnið að undirbúningi lagafrumvarpa sem lögð verða fram á Alþingi í tengslum við samninginn og taka til þeirra ákvæða sem binda verður í lög.

Í fyrsta lagi er frumvarp til laga um umhverfismat (tilskipun nr. 85/337/EBE), sem lagt verður fram á haustþingi.

Í öðru lagi er frumvarp til laga um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun (tilskipun nr. 90/313/EBE), sem þegar er tilbúið.

Auk þess verður unnið að lagafrumvarpi, að öllum líkindum í samvinnu Umhverfis-

ráðuneytis, Heilbrigðisráðuneytis, Menntamálaráðuneytis og Félagsmálaráðuneytis, um takmarkanir á notkun og losun erfðabreyttra örvera og lífvera (tilskipanir nr. 90/219/EBE og 90/220/EBE). Óvíst er hvenær þetta frumvarp verður lagt fram, en Ísland hefur aðlögunartíma, vegna ákvæða umræddra tilskipana, til 1. janúar 1995.

Í ráðuneytinu er jafnframt unnið að reglugerðabreytingum þeim sem aðrar tilskipanir leiða af sér. Fyrst og fremst er um að ræða breytingar á mengunarvarnareglugerð nr. 389 frá 1990. Umtalsverðar breytingar verður að gera á mengunarvarnareglugerð auk viðbóta, svo að hægt sé að standa við þær skuldbindingar sem felast í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Er stefnt að því að ljúka þeirri vinnu á næstu þremur mánuðum.

Enn fremur er unnið að breytingum á íslenskri löggjöf í öðrum ráðuneytum vegna tilskipana sem snerta umhverfismál en falla undir reglur um frjálsa vöruflutninga.

2. Áhrif samningsins um Evrópskt efnahagssvæði á umhverfismál.

2.1. Almennt.

Óhætt er að segja að með aðild Íslands að samningi um Evrópskt efnahagssvæði komi til margs konar breytinga á umhverfislöggjöf Íslendinga. Í fyrsta lagi verður lagt fram frumvarp til laga um umhverfismat, eins og áður var nefnt. Slík löggjöf verður nýmæli þó að umhverfismat hafi farið fram hér á landi í einstökum tilvikum án lagaskyldu. Í mengunarvarnareglugerð nr. 389 frá 1990 eru ákvæði þess efnis að fram fari mat á umhverfisröskun vegna tiltekinnar, mengandi starfsemi, en með sérstökum lögum um umhverfismat verður skylda til þess að framkvæma umhverfismat gerð víðtækari og hún nær til fleirri þátta en áður.

Í öðru lagi verður lagt fram frumvarp um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun. Um langt árabil hafa einstakar stofnanir á sviði umhverfismála og Umhverfisráðuneytið veitt upplýsingar um umhverfismál og miðlað upplýsingum um þau. Í frumvarpinu, ef að lögum verður, er lögfest skylda til þess að veita einstaklingum og lögaðilum aðgang að upplýsingum um umhverfismál án tillits til þess hvort þeir hafi sérstakra hagsmuna að gæta eða ekki. Enn fremur er gert ráð fyrir því að upplýsingamiðlun verði aukin og frumkvæðisskylda lögð á þau stjórnvöld er sýsla með umhverfismál.

Í þriðja lagi verður lagt fram frumvarp til laga um takmarkanir á notkun og losun erfðabreyttra örvera og lífvera. Í frumvarpinu verða settar reglur er varða notkun líftækni og þróun hennar, eftirlit með úrgangi, mengunarvarnarbúnað, samhæfða starfshætti o. fl.

Í fjórða og síðasta lagi verða umtalsverðar breytingar gerðar á reglugerðum eins og fyrr var vikið að. Fyrst og fremst verður um að ræða breytingar á mengunarvarnareglugerð nr. 389 frá 1990.

2.2. Vatnsmengun.

Tilskipanir þær sem koma inn í samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og varða vatnsmengun eru mun ýtarlegri en samsvarandi íslensk lög og reglugerðir. Skilgreiningar eru nákvæmari og reglurnar yfirgripsmeiri. Viðmiðunarmörk og gæðaviðmiðanir eru settar fyrir fjölda efna sem geta valdið mengun vatns. Strangari og ýtarlegri kröfur eru um eftirlit, mælingar og mælitíðni. Þetta á bæði við um neysluvatn og verndun lífríkis. Sérstakar reglur gilda um hættuleg efni frá atvinnurekstri og losun þeirra út í umhverfið og um aðgerðir til að draga úr eða hindra losun þeirra í vatn.

Í heild hafa tilskipanirnar í för með sér að setja verður ýtarlegri reglur um varnir gegn mengun í vötnum, ám og grunnvatni, en gilt hafa fram að þessu, og þær munu taka til fleiri atriða en áður. Auka verður eftirlit og rannsóknir með vatnsgæðum sem gæti haft nokkurn kostnað í för með sér fyrir sveitarfélögin. Gera má ráð fyrir því að mörg sveitarfélög verði

að verja talsverðu fé til úrbóta í frárennslismálum. Aukinn kostnaður ríkissjóðs verður einkum vegna upplýsingaskyldu og skýrslugerðar.

Mengun sjávar.

Íslendingar hafa tekið virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði sjávarmengunar. Tilskipanir Evrópubandalagsins eru í anda alþjóðlegra samþykkta sem Íslendingar eru aðilar að eða hyggjast samþykkja. Enn fremur eru reglur Evrópubandalagsins varðandi flutninga á efnum og úrgangi milli landa í anda alþjóðasamninga sem Íslendingar hafa átt virkan þátt í að setja, og því er á þessu sviði ekki um breytingar að ræða.

2.3. Loftmengun.

Tilskipanir, sem varða loftmengun og eru hluti samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, setja viðmiðunar- og leiðsögumörk um loftgæði til verndar heilsu almennings og umhverfinu. Nauðsynlegt verður að setja hertar reglur vegna loftmengunar og tryggja að viðkomandi starfsemi noti fullkomnustu tækni sem völ er á, án þess þó að það hafi í för með sér óhóflegan kostnað. Jafnframt verður nauðsynlegt með sérstökum aðgerðum að draga úr mengun andrúmslofts, m. a. losun köfnunarefnistvíoxíðs, koltvíoxíðs og brennisteinstvíoxíðs.

Gerðar verða auknar kröfur til nýrra og eldri sorpbrennslustöðva. Frá og með árinu 2000 skulu gilda sömu reglur fyrir eldri sem nýrri stöðvar. Strangari reglur um lofthreinsibúnað í mengandi iðnaði gætu haft í för með sér kröfur um aukna hreinsun á útblæstri í framtíðinni. Sama á við um ný iðjuver vegna krafna um auknar mengunarvarnir.

Kostnaður ríkissjóðs verður einkum fólginn í því að setja upp mælistöðvar vegna ákvæða um loftgæðarannsóknir og upplýsingaskyldu þar að lútandi.

2.4. Efni, áhætta í iðnaði og líftækni.

Settar verða reglur um hertar öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar umhverfisslys í tilteknum iðnaði. Gera skal neyðaráætlanir sem gripið verður til ef óhapp ber að höndum. Markmiðið er að draga úr líkum á því að almenningi sé stefnt í hættu. Settar verða reglur um takmarkanir á notkun erfðabreyttra örvera og lífvera svo að vernda megi heilsu manna og umhverfið. Kostnaður ríkissjóðs yrði einkum fólginn í almennum viðbúnaði til að fyrirbyggja óhöpp og kostnað vegna upplýsingaskyldu og skýrslugerðar.

2.5. Úrgangur.

Í tilskipunum Evrópubandalagsins eru ákvæði sem eiga að vernda umhverfið gegn skaðlegum áhrifum vegna förgunar eða meðferðar á olíuúrgangi. Tryggja verður örugga meðhöndlun, söfnun og förgun slíks úrgangs og að fremur sé valin endurnýting en eyðing. Núgildandi löggjöf um mengun sjávar er að mestu leyti sniðin að ofangreindum reglum. Einnig er hvatt til þess að dregið verði úr úrgangsframleiðslu, endurvinnsla og endurnýting aukin og hrein framleiðslutækni þróuð. Bann er lagt við eftirlitslausum flutningi, meðhöndlun og förgun á hættulegum efnaúrgangi. Flutningar á hættulegum úrgangi milli landa munu í framtíðinni fara fram í samræmi við Basel-samninginn sem gerir ráð fyrir ströngu eftirliti með þessum flutningum. Íslenskar reglur ganga skemmra en reglur tilskipananna varðandi meðferð úrgangs og mun samningurinn því þýða hertar kröfur og einhvern kostnaðarauka hjá sveitarfélögum og fyrirtækjum. Verið er að vinna að úrbótum á förgun úrgangs hjá mörgum sveitarfélögum og þessi mál eru þegar komin á þokkalegt framkvæmdastig á höfuðborgarsvæðinu.

2.6. Aukið samstarf á sviði umhverfismála.

Með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði opnast Íslendingum leið að auknu samstarfi og upplýsingastreymi um umhverfismál. Gera má ráð fyrir því að Íslendingar taki þátt í Umhverfisstofnun Evrópu (European Environment Agency). Markmiðið með þeirri stofnun er að sjá aðilum hennar fyrir hlutlægum, áreiðanlegum og sambærilegum upplýsingum um umhverfismál og að upplýsa almenning um umhverfismál. Stofnunin á að veita einstökum aðildarríkjum bæði tæknilega og vísindalega aðstoð. Enn fremur ber stofnuninni á þriggja ára fresti að birta skýrslu um stöðu umhverfismála í aðildarríkjunum.

3. Greinargerð um lagafrumvörp sem lögð verða fram í tengslum við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði.

3.1. Frumvarp til laga um umhverfismat (tilskipun 85/337/EBE).

Á haustþingi mun umhverfisráðherra leggja fram frumvarp til laga um umhverfismat. Markmiðið með því er að koma í veg fyrir óæskilega umhverfisröskun í stað þess að vinna gegn henni eftir á. Með frumvarpinu verður gert að skyldu að framkvæma umhverfismat vegna tiltekinna framkvæmda sem taldar eru hafa í för með sér umhverfisröskun. Með tilskipuninni fylgja þrír viðaukar. Í fyrsta viðauka er listi yfir þær framkvæmdir sem ætíð eru háðar umhverfismati, í öðrum viðauka eru tilteknar þær framkvæmdir sem frjálst er að gera umhverfismatsskyldar og í þriðja viðauka er listi yfir þá þætti sem meta skal.

Í hverju einstöku tilfelli skal mat á umhverfisáhrifum tilgreina, lýsa og meta bein og óbein áhrif framkvæmda á menn, dýr, plöntur, jarðveg, vatn, loft og landslag ásamt samspili þessara þátta. Enn fremur skal matið taka tillit til efnislegra verðmæta og menningararfs.

Frumvarpið verður í stórum dráttum þannig uppbyggt að framkvæmdaraðila verður gert skylt að tilkynna, til Umhverfisráðuneytisins eða annars stjórnvalds, um viðkomandi framkvæmdir en framkvæmdaleyfi má ekki gefa út fyrr en umhverfismat hefur farið fram. Líklega verður umsjón með gerð umhverfismats í höndum ráðuneytisins eða aðila sem ráðuneytið felur gerð þess. Heimilt verður að krefja framkvæmdaraðila um greiðslu vegna þess kostnaðar sem umhverfismatið hefur í för með sér. Áætlað er að efni viðaukanna verði birt í reglugerð sem sett verður á grundvelli laganna.

Nú þegar hefur vísir að umhverfismati farið fram hérlendis án lagaskyldu og um þessar mundir er unnið að tilraunaverkefni hjá Skipulagi ríkisins á þessu sviði.

3.2. Frumvarp til laga um aðgang að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun (tilskipun 90/313/EBE).

Markmið frumvarpsins er að tryggja aðgang almennings að tiltækum upplýsingum um umhverfismál og að tryggja að stjórnvöld og stofnanir, sem starfa að umhverfismálum annist, að eigin frumkvæði upplýsingamiðlun um umhverfismál. Aðgangur almennings að upplýsingum um umhverfismál og aukin upplýsingamiðlun er talin stuðla að bættri vitund almennings um umhverfi sitt, auka umhverfisvöktun almennings og draga úr líkum á umhverfisröskun.

Í frumvarpinu verður gert ráð fyrir því að almenningur geti óskað eftir tilteknum upplýsinum um umhverfismál án þess að hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Heimilt verður að vísa umsókn frá ef krafist er upplýsinga um trúnaðarmál, þar með talin trúnaðarmál er snerta viðskipti og iðnað ásamt hugverkarétti, málefni sem eru á undirbúningsstigi, mál sem varða öryggi almennings, eða ef óskað er upplýsinga sem gætu aukið líkur á umhverfisspjöllum ef gerðar yrðu opinberar. Enn fremur má vísa umsókn frá ef hún varðar

persónulegar upplýsingar, nema samþykki þess er upplýsingarnar varða komi til. Ef óskað er skal rökstyðja frávísun. Sú skylda verður lögð á Umhverfisráðuneytið að það gefi út með reglulegu millibili skýrslu um ástand umhverfismála á Íslandi, hvernig mál hafa þróast og hvert stefni. Einnig yrði ráðuneytinu gert skylt að gera grein fyrir lagasetningu, úrskurðum og ákvörðunum ráðuneytisins á sviði umhverfismála að því leyti sem þær snerta almannahagsmuni. Jafnframt er lögð sú skylda á Umhverfisráðuneytið og stofnanir á verksviði þess, að halda uppi kynningarstarfi fyrir almenning um hvaðeina sem lýtur að vaxandi þekkingu á umhverfismálum og auknum áhuga á umhverfisvernd.

3.3. Frumvarp til laga um takmarkanir á notkun og losun erfðabreyttra örvera og lífvera (tilskipanir 90/219/EBE og 90/220/EBE).

Eins og fyrr hefur verið komið að verður frumvarp þetta að öllum líkindum unnið í samvinnu Umhverfisráðuneytis, Heilbrigðisráðuneytis, Menntamálaráðuneytis og Félagsmálaráðuneytis. Á þessari stundu er ekki ljóst hvenær frumvarpið verður lagt fram, en Ísland hefur aðlögunartíma vegna þessara ákvæða til ársins 1995. Tilskipanirnar, sem frumvarpið verður byggt á, fjalla m. a. um notkun á líftækni og þróun hennar, eftirlit með úrgangi og losun úrgangsefna, mengunarvarnarbúnað, varúðarráðstafanir ef óhapp ber að höndum, samhæfða starfshætti, mat á áhættu sem felst í að erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið, starfsvenjur við örveirufræði o. fl.

Viðauki

Yfirlit yfir tilskipanir á verksviði Umhverfisráðuneytis.

Í viðauka XX. við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði eru 32 tilskipanir ásamt breytingum við þær. Enn fremur eru birtar í viðaukanum 6 gerðir, þ. e. tilmæli og ályktanir, sem samningsaðilar skulu taka mið af við stefnumörkun um umhverfismál.

A. Tilskipanir sem fjalla almennt um umhverfismál.

1. Tilskipun nr. 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið.

Markmiðið með tilskipuninni er að koma í veg fyrir óæskilega umhverfisröskun í stað þess að vinna gegn henni eftir á.

Helstu efnisatriði tilskipunarinnar eru þau að tilteknar framkvæmdir, sem líklegt er talið að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið, eru háðar sérstökum leyfisveitingum og umhverfismati. Í hverju einstöku tilfelli skal mat á umhverfisáhrifum tilgreina, lýsa og meta bein og óbein áhrif framkvæmda á menn, dýr, plöntur, jarðveg, vatn, loft og landslag ásamt samspili þessara þátta. Enn fremur skal matið ná til efnislegra verðmæta og menningararfs.

Tilskipunin er ekki talin valda auknum kostnaði hér á landi þar sem hún er í samræmi við þá stefnu í umhverfismálum sem verið er að vinna að hérlendis.

2. Tilskipun nr. 90/313/EBE frá 7. júní 1990 um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

Markmið tilskipunarinnar er að tryggja það að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um umhverfismál og að tryggja það að stjórnvöld og stofnanir, sem um umhverfismál fjalla, annist að eigin frumkvæði upplýsingamiðlun til almennings.

Frjáls aðgangur almennings að upplýsingum um umhverfismál og upplýsingamiðlun þeirra stjórnvalda sem sýsla með umhverfismál, er talin stuðla að bættri vitund almennings um umhverfi sitt, auka umhverfisvöktun almennings og draga úr líkum á umhverfisröskun.

Aukin upplýsingaskylda stjórnvalda og skýrslugerð mun hafa einhvern kostnað í för með sér.

B. Vatnsmengun.

1. Tilskipun nr. 75/440/EBE frá 16. júní 1975 um kröfur varðandi gæði yfirborðsvatns sem í aðildarríkjunum er nýtt til drykkjar, ásamt síðari breytingum.

Tilgangur tilskipunarinnar er samræming á reglum um aðferðir við sýnatöku og mælingar á breytugildum til að skilgreina eðlisfræðileg, efnafræðileg og örverufræðileg einkenni yfirborðsvatns sem ætlað er til neyslu. Tilskipuninni fylgir viðauki sem í eru töflur með viðmiðunarmörkum (gæðakröfur) fyrir breytur sem uppfylla þarf. Einnig er sýnatökutíðni tilgreind í viðauka.

Þar sem yfirborðsvatn er lítið notað til neyslu hér á landi má gera ráð fyrir að kostnaður vegna mælinga verði lítill. Einhver sveitarfélög gætu þó þurft að bera aukinn greiningarkostnað frá því sem verið hefur vegna yfirtöku þessarar tilskipunar.

2. Tilskipun nr. 76/464/EBE frá 4. maí 1976 um mengun af völdum tiltekinna, hættulegra efna sem losuð eru í vatn.

Tilskipunin fjallar um mengun vatns vegna hættulegra efna sem upp eru talin á tveimur listum í viðauka við tilskipunina. Aðallega er um að ræða hættulega málma, eitruð efni og efni sem safnast fyrir í lífkeðjunni eða þrávirk efni. Koma þarf í veg fyrir mengun af völdum sumra efnanna sem upp eru talin í viðauka en draga úr losun annarra. Setja þarf viðmiðunarmörk fyrir hámarkslosun þeirra í fráveituvatn. Enn fremur er forskrift um

hvernig standa skuli að leyfisveitingum vegna losunar og varðandi eftirlit.

Fyrirtæki gætu þurft að bera einhvern viðbótarkostnað vegna aukinna mengunarvarna. Ekki er víst að tilskipunin geri auknar kröfur um hreinsunarbúnað fyrirtækja, umfram það sem annars hefði orðið með aukinni starfsleyfisgerð heilbrigðisnefnda og Hollustuverndar ríkisins fyrir mengandi starfsemi.

3. Tilskipun nr. 79/869/EBE frá 9. október 1979 um mæliaðferðir og tíðni sýnatöku og greiningar á yfirborðsvatni í aðildarríkjunum, sem nýtt er til drykkjar.

Tilgangur tilskipunarinnar er fyrst og fremst að staðla aðferðir við sýnatöku og greiningaraðferðir ásamt upplýsingaskyldu þar að lútandi.

4. Tilskipun nr. 80/68/EBE frá 17. desember 1979 um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna, hættulegra efna.

Tilskipunin fjallar um framkvæmd viðeigandi ráðstafana til að hindra að tiltekin efni berist í grunnvatn. Um er að ræða efni sem eru mjög eitruð, safnast fyrir í lífkeðjunni eða eru þrávirk.

Kostnaður fellur á fyrirtæki vegna mengunarvarna, en ekki er ljóst hvort reglurnar nái til einhverra íslenskra fyrirtækja eða, ef svo er, þá hverra. Samkvæmt mengunarvarnareglugerð er mengun grunnvatns bönnuð. Um einhvern kostnað verður að ræða vegna upplýsingaskyldu.

5. Tilskipun nr. 80/778/EBE frá 15. júlí 1980 um gæði neysluvatns, ásamt síðari breytingum.

Tilskipunin fjallar um gæði neysluvatns. Henni fylgir viðauki sem í eru töflur með viðmiðunarmörkum. Einnig er tilgreind mælitíðni og mæliaðferðir. Mun fleiri mælibreytur eru tilgreindar en tíðkast að mæla hér á landi.

Um nokkurn viðbótarkostnað verður að ræða vegna aukins, kerfisbundins eftirlits. Heilbrigðiseftirlitssvæðin munu annast þessar mælingar og þar af leiðandi mun kostnaðurinn falla að mestu leyti á sveitarfélögin.

6. Tilskipun nr. 82/176/EBE frá 22. mars 1982 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá klórframleiðslu.

Í tilskipuninni eru sett viðmiðunarmörk fyrir losun á kvikasilfri frá klórverksmiðjum. Þessi tilskipun kemur ekki til með að hafa áhrif hér á landi þar sem iðnaður af þessu tagi er ekki til staðar í landinu.

7. Tilskipun nr. 83/513/EBE frá 26. september 1983 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum.

Í tilskipuninni eru sett viðmiðunarmörk fyrir losun á kadmíum í sjó, ár og vötn. Ísland hefur þegar gengist undir skuldbindingar vegna losunar hættulegra efna í sjó samkvæmt Parísarsamningnum.

Ekki yrði um viðbótarskuldbindingar að ræða fyrir ríkissjóð. 8. Tilskipun nr. 84/156/EBE frá 8. mars 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá annarri starfsemi en rafgreiningu alkalí-klóríða.

Ísland hefur þegar gengist undir skuldbindingar vegna losunar hættulegra efna í sjó samkvæmt Parísarsamningnum. Ekki yrði því um viðbótarskuldbindingar á ríkissjóð að ræða nema vegna aukinnar upplýsingaskyldu.

9. Tilskipun nr. 84/491/EBE frá 9. október 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexaklórsýklóhexani.

Í tilskipuninni eru sett viðmiðunarmörk fyrir losun á þessum efnum. Hexaklórsýklóhexan, sem oft er nefnt HCH, er lífrænt halogensamband. Eiturefnið lindane er afbrigði af þessu efni. Samkvæmt Lundúnarsamningnum, sem Ísland er aðili að ásamt öllum aðildarríkjum Evrópubandalagsins, er óheimilt að farga lífrænum halogenefnasamböndum í sjó.

Ekki er vitað um nokkurn iðnað sem notar eða framleiðir HCH hér á landi, hins vegar hefur efnið verið notað til fjárböðunar. Einhver kostnaður er fyrirsjáanlegur vegna skýrslugerðar.

10. Tilskipun nr. 86/280/EBE frá 12. júní 1986 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun hættulegra efna sem upp eru talin í lista I í viðauka við tilskipun 76/464/EBE, ásamt síðari breytingum.

Tilskipunin vísar til tilskipunar 76/464/EBE sem nefnd var hér framar. Í tilskipuninni, ásamt breytingum, eru sett markgildi fyrir styrk efna í fráveituvatni frá iðnaði.

Viðmiðunarmörk fyrir styrk hættulegra efna í fráveituvatni getur haft í för með sér aukinn kostnað vegna mengunarvarna fyrirtækja sem losa viðkomandi efni í fráveituvatn. Verið er að vinna að leiðbeiningum og móta kröfur til minni, starfsleyfisskyldra fyrirtækja hér á landi. Einhver kostnaður er fyrirsjáanlegur vegna skýrslugerðar.

11. Tilskipun nr. 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýlissvæðum.

Tilskipunin varðar söfnun, meðferð og förgun á skólpi, enn fremur meðferð og förgun á fráveituvatni frá tilteknum iðnaði. Tilgangurinn er að vernda umhverfið gegn neikvæðum áhrifum frá fráveituvatni. Settar verða lágmarkskröfur um hreinsun á skólpi og seyru. Lagt er til að annars stigs hreinsun (líffræðileg) sé sett sem lágmarks hreinsun á viðkvæmum svæðum. Á viðkvæmum svæðum verður krafist ýtarlegri hreinsunar til að draga úr magni næringarsalta, gerla o. s. frv. Viðaukar fylgja tilskipuninni sem innhalda viðmiðunarmörk.

Á svæðum sem skilgreind eru sem minna viðkvæm má setja minni hreinsikröfur, eða eins þreps hreinsun (botnfelling). Nær það yfir fráveituvatn með á milli 10.000 til 150.000 p.e. sem losað er í sjó og fráveituvatn með 2.000 til 10.000 p.e. sem losað er í árósa. (Með p.e. er átt við ígildi þeirrar mengunar sem einn íbúi losar á dag.) Skilyrðið er að svæðin séu skilgreind sem minna viðkvæm og að ýtarlegar rannsóknir sýni að fráveituvatnið hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið.

Nauðsynlegt verður að setja hertar reglur vegna fráveituvatns frá iðnaði sem losað er í sameiginlegar fráveitur.

Íslendingar eru aðilar að Parísarsamþykktinni (samningnum um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum) og hafa samþykkt PARCOM tilmæli nr. 88/2, sem miða að því að draga úr því að næringarsölt berist til svæða aðildarlanda Parísarsamþykktarinnar. Markmið þessara tilmæla eru hin sömu og markmið tilskipunar 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um meðferð skólps frá þéttbýlissvæðum. Með vísan til 8. og 10. liðs EFTA/ENV-skjals nr. 14/91 og með tilliti til markmiða tilskipunarinnar, er litið svo á að notkun síu til forhreinsunar nægi á lítt viðkvæmum svæðum svo markmiðum tilskipunarinnar sé náð. Íslendingar samþykktu tilskipunina með þessum skilningi. Þess ber að geta að Evrópubandalagið hefur ekki gert athugasemd við þennan skilning Íslands á framkvæmd tilskipunarinnar. Það er skilningur Íslands að sú tæknilega lausn, sem Reykjavíkurborg hefur tekið ákvörðun um að nota og önnur sveitarfélög eru að íhuga að, m. a. Akureyri og Hafnarfjörður, fullnægi þeim markmiðum sem tilskipuninni er ætlað að ná.

Sérkröfur gilda fyrir atvinnurekstur, a. m. k. þau fyrirtæki sem losa yfir 4000 p.e. til sjávar.

Afleiðing þessarar tilskipunar fyrir sveitarfélög, auk uppsafnaðs vanda í umhverfismálum, s. s. sorphirðu, er að umhverfismál eiga eftir að verða hlutfallslega stærri þáttur í útgjöldum sveitarfélaga en nú er.

C. Loftmengun.

1. Tilskipun nr. 80/779/EBE frá 15. júlí 1980 um viðmiðunarmörk og leiðbeiningarmörk fyrir loftgæði varðandi brennisteinstvíoxíð og svifryk, ásamt síðari breytingum.

Samkvæmt tilskipuninni skal setja viðmiðunarmörk og leiðbeinandi mörk vegna loftgæða fyrir brennisteinstvíoxíð og svifryk í því skyni að vernda heilsu almennings og bæta umhverfisvernd. Jafnframt skal með sérstökum aðgerðum draga úr mengandi áhrifum þessara efna í andrúmsloftinu ef styrkur þeirra reynist yfir viðmiðunarmörkum. Setja verður upp mælistöðvar til að afla nauðsynlegra upplýsinga. Stöðvarnar skal setja niður á svæðum þar sem mengun er álitin mest. Viðmiðunarmörk fyrir þessi efni yrðu sambærileg eða aðeins rýmri en nú gilda hér á landi.

Kostnaður verður einkum fólginn í mælingum vegna bindandi ákvæða um loftgæðarannsóknir og upplýsingaskyldu þar að lútandi.

2. Tilskipun nr. 82/884/EBE frá 3. desember 1982 um viðmiðunarmörk fyrir blý í andrúmslofti.

Tilskipunin fastsetur viðmiðunarmörk fyrir blý (2 $\mu g/m^3$ sem ársmeðaltal) í andrúmsloftinu, einkum í því skyni að stuðla að heilsuvernd gegn áhrifum blýs í umhverfinu. Samkvæmt tilskipuninni er leyfilegt að setja strangari mörk en þar er kveðið á um. Tilskipunin gerir ráð fyrir því að fylgst sé með blýmagni í andrúmslofti og því er nauðsynlegt að framkvæma reglubundnar mælingar og senda niðurstöður mælinga árlega til viðkomandi yfirvalda. Blýmengun hefur verið mæld hér á landi undanfarin ár og er hún að jafnaði langt innan þeirra marka sem kveðið er á um í tilskipuninni.

3. Tilskipun nr. 84/360/EBE frá 28. júní 1984 um varnir gegn loftmengun frá iðjuverum.

Tilskipunin kveður á um að starfsemi iðjuvera skuli vera háð leyfi stjórnvalda og að starfsleyfi megi aðeins veita þegar tryggt er að viðeigandi forvarnarráðstafanir séu gerðar til að draga úr loftmengun, þ. á m. að beita fullkomnustu tækni sem völ er á án þess þó að það hafi í för með sér óhóflegan kostnað. Markmið tilskipunarinnar er að stemma stigu við og draga úr loftmengun. Í því skyni skal mæla útblástur frá iðjuverum með viðurkenndum mæliaðferðum til að tryggja að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörk sem í gildi eru fyrir útblástur og ástand lofts.

Sé um að ræða starfandi iðjuver skal smám saman beita ákvæðum tilskipunarinnar, að teknu tilliti til tæknilegra aðstæðna og efnahagslegra afleiðinga. Ekki má veita starfsleyfi til nýrra iðjuvera nema uppfyllt sé ákvæði um viðmiðunarmörk. Miðað skal sérstaklega við tæknileg einkenni iðjuversins, hversu mikil nýting iðjuversins er, hversu langt er þangað til það úreldist og gerð og magn mengandi útblásturs frá því. Æskilegt er að forðast óhóflegan kostnað fyrir viðkomandi iðjuver, einkum með hliðsjón af efnahagslegri stöðu iðjuvera í sama flokki. Auknar kröfur eru gerðar til nýrra, loftmengandi fyrirtækja vegna hreinsunar. Til lengri tíma gæti það einnig átt við eldri fyrirtæki.

Ekki er um að ræða neinar viðbótarfjárskuldbindingar á ríkissjóð vegna þessarar tilskipunar svo vitað sé nema vegna skýrslugerðar.

4. Tilskipun nr. 85/203/EBE frá 7. mars 1985 um loftgæðastaðla fyrir köfnunarefnistvíoxíð (breyting á tilskipun nr. 85/580/EBE). Markmið tilskipunarinnar er að auka heilsuvernd og stuðla að umhverfisvernd. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr styrk köfnunarefnistvíoxíðs í andrúmslofti. Styrkur köfnunarefnistvíoxíðs skal vera innan viðmiðunarmarka, sem gefin eru upp í viðauka með tilskipuninni, eins fljótt og unnt er. Tilskipunin gerir einnig ráð fyrir að reglubundnar loftgæðamælingar fari fram. Gera má ráð fyrir kostnaði vegna loftgæðamælinga svo og vegna skýrslugerðar.

5. Tilskipun nr. 87/217/EBE frá 19. mars 1987 um að koma í veg fyrir og draga úr asbestmengun í umhverfinu.

Samkvæmt tilskipuninni skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja eins og framast er unnt að dregið verði úr eða komið í veg fyrir útblástur asbests í andrúmsloftið, asbestslosun í ár og vötn og tilurð asbestsúrgangs í föstu formi og stuðla þannig að verndun umhverfisins og heilsu manna. Við notkun asbests skal farið eftir ákveðnum mörkum um leyfilegt magn þess í útblásturslofti og fráveituvatni.

Asbestsnotkun, eins og hún er skilgreind í tilskipuninni, er ekki þekkt hér á landi.

6. Tilskipun nr. 88/609/EBE frá 24. nóvember 1988 um takmörkun á útblæstri tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum í andrúmsloftið.

Tilskipunin á við um ný og starfandi brennsluver sem nota fast, fljótandi eða loftkennt eldsneyti til að framleiða orku (nafnafköst a. m. k. 50 MW). Fjallað er um starfsleyfi og útblástursmörk fyrir brennsluverin og eftirlit með því að staðið sé við settar kröfur um takmörkun á mengunarefnum, einkum brennisteinstvíoxíði, köfnunarefnisoxíðum og ryki í útblásturslofti. Tekið er mið af þeim heildarmarkmiðum að minnka árlegan heildarútblástur brennisteinstvíoxíðs og köfnunarefnisoxíða stig af stigi með viðeigandi ráðstöfunum, sem byggja á fullkomnustu tækniþekkingu sem völ er á og hafa ekki í för með sér óhóflegan kostnað með hliðsjón af eðli, magni og skaðsemi útblástursins.

Tilskipunin á ekki við um íslenskar aðstæður þar sem raforka mun um fyrirsjáanlega framtíð verða framleidd með vatnsorku eða jarðhita. Vegna þessa yrði ekki um viðbótarkostnað að ræða þar sem slík stór brennsluver eru ekki til staðar hér á landi. Samkvæmt sérstakri yfirlýsingu í samningum mun Ísland hlíta ákvæðum tilskipuninnar ef slík iðju- eða orkuver verða byggð hér á landi.

7. Tilskipun nr. 89/369/EBE frá 8. júní 1989 um varnir gegn loftmengun frá nýjum sorpbrennslustöðvum sveitarfélaga.

Tilskipunin kveður á um að hvers kyns stöðvar eða starfsemi sem meðhöndla úrgang, verði að afla heimildar hjá stjórnvöldum þar sem m. a. er kveðið á um varúðarráðstafanir sem gera skal. Samkvæmt tilskipuninni skulu allar nýjar sorpbrennslustöðvar fullnægja ákveðnum kröfum um ryk, þungmálma, saltsýru, flússsýru og brennisteinstvíoxíð í útblæstri. Jafnframt skulu nýjar sorpbrennslustöðvar vera hannaðar, útbúnar og starfræktar með það í huga að hitastig sé nægilega hátt og jafnt og að styrkur kolsýrlings (CO) og styrkur lífrænna efnasambanda sé innan ákveðinna marka.

8. Tilskipun nr. 89/429/EBE frá 21. júní 1989 um varnir gegn loftmengun frá starfandi sorpbrennslustöðvum sveitarfélaga.

Tilskipunin tekur til sorpbrennslustöðva sem fengið hafa starfsleyfi í fyrsta skipti fyrir 1. desember 1990. Tilskipunin miðar að því að draga smám saman úr losun tiltekinna mengunarefna með því að setja kröfur um útblástursmörk og bættar brennsluaðstæður og mengunarvarnarbúnað. Um sorpbrennslustöðvar sem brenna meira en 6 tonnum/klst. skulu frá 1. desember 1996 gilda svipuð skilyrði og um nýjar stöðvar. Um aðrar sorpbrennslustöðvar skulu 1. desember 1995 taka gildi ákveðin mörk fyrir losun mengunarefna út í andrúmsloftið, mismunandi ströng eftir stærð stöðvarinnar. Jafnframt verða gerðar ákveðnar kröfur um brennsluskilyrði. Um þessar stöðvar skulu frá 1. desember árið 2000 gilda svipuð skilyrði og um nýjar stöðvar. Fjallað er ýtarlega um það á hvern hátt eftirliti með sorpbrennslustöðvum skuli háttað og hvernig útblástursmagn skuli mælt og metið sem og aðrar aðstæður við brennslu sorpsins.

Auknar mengunarvarnir við sorpförgun eru í samræmi við íslenska stefnumótun og því er tæpast um aukinn kostnað að ræða sérstaklega vegna þessarar tilskipunar.

D. Efni, áhætta í iðnaði og líftækni.

1. Tilskipun nr. 76/403/EBE frá 6. apríl 1976 um förgun pólýklór-bífenýls (PCB) og pólýklór-trífenýls (PCT).

Tilskipunin fjallar um bann við hvers konar eftirlitslausri förgun PCB og hluta og tækja sem innihalda slík efni. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að lögbjóða eyðingu á PCB-úrgangi og PCB í hlutum og tækjum sem ekki er lengur unnt að nota. Viðkomandi stjórnvöld skulu gera kröfur til búnaðar, aðstöðu eða aðila, sem hafa leyfi til eyðingar á PCB.

Hér verður ekki um viðbótarkostnað að ræða. Í dag eru þessi efni flutt úr landi til eyðingar.

2. Tilskipun nr. 82/501/EBE frá 24. júní 1982 um hættu á stórslysum í tengslum við tiltekna iðnaðarstarfsemi.

Tilskipunin kveður á um að gera skuli nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir óhöpp við ákveðna framleiðslu og að framleiðendur veiti stjórnvöldum allar upplýsingar um framleiðsluna, aukaefni sem til verða, magn efna sem geymd eru, starfsmannafjölda, staðhætti o.fl. Tilskipunin gildir bæði fyrir nýja og núverandi starfsemi. Ef um nýja starfsemi er að ræða skulu upplýsingar berast tímanlega áður en starfsemi hefst. Eldri starfsemi fær ákveðinn frest til að veita upplýsingarnar. Ákveðnar upplýsingar skal veita strax, ef óhapp hefur orðið. Nauðsynlegar reglugerðabreytingar verða unnar í samvinnu við Félagsmálaráðuneytið. Einhver kostnaður verður fólginn í áætlanagerð til að fyrirbyggja óhöpp.

3. Tilskipun nr. 90/219/EBE frá 23. apríl 1990 um einangraða notkun erfðabreyttra örvera.

Markmiðið með tilskipuninni er að takmarka notkun erfðabreyttra örvera og auka eftirlit með notkun þeirra svo að koma megi í veg fyrir óhöpp.

Í tilskipuninni eru örverur og erfðabreyttar örverur skilgreindar. Fjallað er um skyldur þeirra aðila sem vinna með erfðabreyttar örverur og hvernig bregðast á við ef óhöpp verða við notkun þeirra.

Um einhvern kostnað verður að ræða vegna upplýsingaskyldu og skýrslugerðar.

4. Tilskipun nr. 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er hleypt af ásettu ráði út í umhverfið.

Markmiðið með tilskipuninni er að tryggja nauðsynlegar varúðarráðstafanir og aðgerðir til að vernda heilsu manna og umhverfið vegna skipulegrar losunar lífvera sem sætt hafa erfðabreytingum.

Eftirlit og mælingar gætu haft einhvern kostnað í för með sér.

E. Úrgangur.

1. Tilskipun nr. 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs, ásamt síðari breytingum.

Markmiðið með tilskipuninni er að vernda umhverfið gegn hættulegum áhrifum vegna förgunar eða meðferðar olíuúrgangs. Tilskipunin gerir ráð fyrir að samningsaðilar tryggi örugga söfnun og förgun úrgangsolíu. Stefnt er að því að endurnotkun (endurvinnsla/brennsla) hafi forgang fram yfir eyðingu. Framfylgja skal banni við förgun olíu á alþjóðlegum hafsvæðum, í grunnvatn, strandsvæði og vatnasvið. Bönnuð er förgun eða losun úrgangsolíu sem er hættuleg jarðvegi og hvers konar eftirlitslaus förgun eða úrkast við meðhöndlun úrgangsolíu. Einnig er bönnuð hvers konar meðhöndlun sem veldur loftmengun umfram leyfileg viðmiðunarmörk. Tilskipun nr. 87/101/EBE, sem breytir tilskipun 75/439/EBE, herðir ákvæði um örugga meðhöndlun og förgun. Kveðið er á um starfsleyfi og eftirlit með aðilum sem safna og/eða eyða úrgangsolíu. Úrgangsolía sem

notuð er sem eldsneyti má ekki innihalda eitraðan eða hættulegan úrgang eða PCB/PTC með meiri styrk en 50 ppm.

2. Tilskipun nr. 75/442/EBE frá 15. júlí um úrgang, ásamt síðari breytingum.

Í tilskipuninni er úrgangur og hættulegur úrgangur skilgreindur. Fjallað er um förgun úrgangs, söfnun úrgangs og flutning úrgangs. Undanskilinn er geislavirkur úrgangur, úrgangur vegna námavinnslu, úrgangur vegna húsdýrahalds í landbúnaði, fráveituvatn (en ekki fljótandi úrgangur), úrgangur er myndast þegar gasi er hleypt út í andrúmsloftið og annar úrgangur sem fjallað er um í sérstökum tilskipunum. Í tilskipuninni er hvatt til endurvinnslu og endurnýtingar og að úrgangsefnum verði haldið í lágmarki. Hvatt er til notkunar hreinni framleiðslutækni og framleiðslu vöru sem hægt er að endurvinna og endurnýta. Tryggja skal að förgun úrgangs sé ekki hættuleg almenningi og sé skaðlaus fyrir umhverfið. Tilskipunin ásamt breytingu við hana fjallar einnig um leyfisveitingar og eftirlit með förgun úrgangs. Talin eru upp atriði sem fram þurfa að koma í starfsleyfi, t. d. skráning á magni og gerð úrgangs sem fargað er á viðkomandi förgunarstöð.

Tilskipunin hefur í för með sér að kröfur verða hertar og það gæti haft í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélög og fyrirtæki. Verið er að vinna að úrbótum á förgun úrgangs hér á landi.

3. Tilskipun nr. 78/176/EBE frá 20. febrúar 1978 um úrgang frá títaníumdíoxíðiðnaði, ásamt síðari breytingum.

Tilskipunin fjallar um mengun, úrgang og förgun vegna títaníumdíoxíðiðnaðar, eftirlit og rannsóknir vegna hans. Enginn iðnaður af þessu tagi er hér á landi.

4. Tilskipun nr. 78/319/EBE frá 20. mars 1978 um eitraðan og hættulegan úrgang, ásamt síðari breytingum.

Tilgangurinn er að vernda heilsu almennings og umhverfið gegn skaðlegum áhrifum vegna söfnunar, flutnings, meðhöndlunar, geymslu og förgunar á spilliefnum. Hvatt er til þess að dregið verði úr notkun þessara efna og stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu á þeim. Tilskipunin skilgreinir úrgang, spilliefni og förgun. Meðhöndlun spilliefna krefst strangari reglna vegna eðlis þeirra. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að meðhöndlunin, og sérstaklega flutningar á þessum efnum, sé undir ströngu eftirliti. Tilskipunin bannar alla eftirlitslausa meðhöndlun, förgun og flutning á spilliefnum. Settar verða reglur um frágang spilliefna, söfnun, flutning og skammtíma geymslu. Einhver kostnaður verður vegna aukinna öryggiskrafna og eftirlits með flutningum þessara efna hér innanlands.

5. Tilskipun nr. 82/883/EBE frá 3. desember 1982 um aðferðir við eftirlit og gæslu svæða þar sem úrgangur frá títaníumdíoxíðiðnaði er settur.

Í tilskipuninni er vísað til 7. gr. tilskipunar 78/1976 og hún kveður á um hvernig skuli framkvæma þær umhverfisathuganir sem þar eru tilgreindar. Tilgreindir eru sýnatökustaðir, sýnatökutíðni og aðferðir við greiningar. Einnig eru tilgreindar þær upplýsingar sem krafist er í skýrslum aðildarríkjanna. Þar sem enginn títaníumdíoxíðiðnaður er hér á landi, er ekki gert ráð fyrir aukakostnaði vegna reglna sem setja verður vegna þessarar tilskipunar.

6. Tilskipun nr. 84/631/EBE frá 6. desember 1984 um umsjón og eftirlit með flutningum hættulegs úrgangs milli landa innan bandalagsins, ásamt síðari breytingum.

Tilskipunin, sem fjallar um stjórnun og eftirlit með flutningum hættulegra úrgangsefna á milli landa, er úrelt með tilkomu Basel-samningsins um flutning hættulegs úrgangs milli landa. Svo virðist sem Basel-samningurinn verði almennt staðfestur af ríkjum um allan heim. Fyrir liggur tillaga að reglugerð ráðsins (COM (90) 415 final) um yfirstjórn og eftirlit með flutningum á úrgangi innan, í og út úr Evrópubandalaginu. Í þeirri tillögu skiptir 11. gr. mestu máli því Íslendingar flytja spilliefni til Evrópubandalagsins (m. a. til Danmerkur) til eyðingar. Í lið 1 í 11. gr. segir að bannað sé að flytja úrgang til

Evrópubandalagsins frá landi sem ekki hefur skrifað undir Basel-samninginn.

7. Tilskipun nr. 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsunarstöðvum er notuð í landbúnaði.

Seyra hefur vissa verðmæta eiginleika fyrir landbúnað og því er réttlætanlegt að hvetja til þess að hún sé notuð á réttan hátt. Í tilskipuninni er seyra, meðhöndluð seyra, landbúnaður og notkun seyru skilgreind. Viðmiðunargildi eru sett í viðauka fyrir styrk þungmálma í jarðvegi þar sem bera má seyru á, leyfilegt magn þungmálma í seyru og árlegt hámarksmagn þungmálma sem bera má á jörð. Einnig er kveðið á um efnagreiningu á seyru og skráningu á magni og notkun seyru í aðildarríkjunum.

F. Ályktanir og samþykktir sem samningsaðilar skulu taka mið af:

Samningsaðilar skulu taka mið af efni eftirtalinna gerða:

1. Tilmæli ráðsins frá 3. mars 1975 um hvernig opinber yfirvöld skipta kostnaði vegna umhverfismála (Stjtíð. EB nr. L 194, 25.7.75, bls. 1)

2. Tilmæli ráðsins 79/3 EBE frá 19. desember 1978 til aðildarríkjanna um aðferðir við mat á kostnaði vegna mengunarvarna í iðnaði (Stjtíð. EB nr. 5,9.1.1979, bls. 28).

3. Ályktun ráðsins frá 15. júlí 1980 um viðmiðunarmörk og leiðbeiningarmörk fyrir loftgæði varðandi brennisteinstvíoxíð og svifryk (Stjtíð. EB nr. C 222,30.8.1980, bls. 1).

4. Ályktun ráðsins (89/C273/01) frá 16. október 1989 um ábendingar til að draga úr iðnaðarslysum og náttúruhamförum (Stjtíð. EB nr. C 273, 26.10.1989, bls. 1).

5. Ályktun ráðsins frá 7. maí 1990 um meðhöndlun úrgangs (Stjtíð. EB nr. C 122, 18.5.1990, bls. 2). SEC (89) 934, lokaniðurstaða.

6. Skilaboð frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og þingsins frá 18. september 1989. Áætlun bandalagsins um eftirlit með úrgangsefnum.

G. Listi yfir tilskipanir sem snerta umhverfismál en falla undir reglur um frjálsa vöruflutninga.

1. Tilskipun nr. 70/157/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hávaðamörk og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja, ásamt síðari breytingum.

2. Tilskipun nr. 70/220/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja með rafkveikju, ásamt síðari breytingum.

3. Tilskipun nr. 72/306/EBE frá 2. ágúst 1972 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla sem gerðir eru til að nota í ökutæki, ásamt síðari breytingum.

4. Tilskipun nr. 78/1015/EBE frá 23. nóvember 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi leyfð hávaðamörk og útblásturskerfi á bifhjólum, ásamt síðari breytingum.

5. Tilskipun nr. 88/77/EBE frá 3. desember 1987 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efni í útblæstri dísilhreyfla til nota í ökutækjum.

6. Tilskipun nr. 76/116/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilbúinn áburð, ásamt síðari breytingum.

7. Tilskipun nr. 77/535/EBE frá 22. júní 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um aðferðir við sýnatöku úr og greiningu á tilbúnum áburði, ásamt síðari breytingum.

8. Tilskipun nr. 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna, ásamt síðari breytingum.

9. Tilskipun nr. 73/404/EBE frá 22. nóvember 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þvottaefni, ásamt síðari breytingum.

10. Tilskipun nr. 73/405/EBE frá 22. nóvember 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðferðir við að prófa lífrænt niðurbrot á anjónískum yfirborðsvirkum efnum, ásamt síðari breytingum.

11. Tilskipun nr. 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, ásamt síðari breytingum.

12. Tilskipun nr. 78/631/EBE frá 26. júní 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu varnings sem inniheldur eiturefni eða hættuleg efni ásamt, síðari breytingum.

13. Tilskipun nr. 79/117/EBE frá 21. desember 1978 um bann við sölu og notkun plöntulyfja sem innihalda tiltekin virk innihaldsefni, ásamt síðari breytingum.

14. Tilskipun nr. 88/379/EBE frá 7. júní 1988 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum, ásamt síðari breytingum.

15. Tilskipun nr. 91/594/EBE frá 4. mars 1991 um efni sem eyða ósonlaginu.

16. Tilskipun nr. 75/716/EBE frá 24. nóvember 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um brennisteinsmagn í tilteknu fljótandi eldsneyti, ásamt síðari breytingum.

17. Tilskipun nr. 80/51/EBE frá 20. desember 1979 um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða, ásamt síðari breytingum.

18. Tilskipun nr. 85/210/EBE frá 20. mars 1985 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um blýmagn í bensíni, ásamt síðari breytingum.

19. Tilskipun nr. 85/339/EBE frá 27. júní 1985 um umbúðir fyrir drykkjarvörur.

20. Tilskipun nr. 89/629/EBE frá 4. desember 1989 um takmörkun á hávaða frá almennum þotum sem fljúga undir hljóðhraða.

1024. Breytingartillögur [222. mál]

við frv. til l. um málefni fatlaðra.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 6. gr. Orðin „fimm manna“ í 1. mgr. falli brott.
2. Við 14. gr. bætist: Heimilt er félagsmálaráðherra að gera sérstaka þjónustusamninga við félagasamtök og sjálfseignarstofnanir, sbr. 3. mgr. 13. gr.
3. Við 15. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðsins „svæðisráðs“ í lokamálslið greinarinnar komi: svæðisráðs og stjórnarnefndar.
   b. Í stað orðanna „kröfur þess“ komi: kröfur þeirra.
4. Við 49. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur, sem falla til vegna þeirrar atvinnustarfsemi stofnana sem nýtur framlaga á fjárlögum, skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði þeirra.
5. Ákvæði til bráðabirgða II falli brott.

1025. Svar [515. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um áhrif aðildar að Evrópsku efnahagssvæði á þróun fjarskiptamála og rekstur Pósts og síma.

1. *Hvaða áhrif hefði aðild Íslendinga að samningum um Evrópskt efnahagssvæði á einkarétt ríkisins (Pósts og síma) á sviði fjarskipta og gagnaflutninga?*

Eins og kunnugt er nær hið almenna frelsi EES-samningsins um þjónustuviðskipti einnig til fjarskiptaþjónustu. Stefna EB í fjarskiptum var mörkuð með útgáfu „grænbókar“ árið 1987 um þróun sameiginlegs markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu og fjarskiptabúnað. Markmiðið er að veita evrópskum notendum fjölbreyttari og betri fjarskiptaþjónustu á lægra verði. Í samræmi við þetta markmið stefnu EES í fjarskiptamálum er markaðurinn opnaður fyrir samkeppni á flestum sviðum fjarskiptaþjónustu nema ákveðinni grunnþjónustu. Einkaréttur símastjórna er viðurkenndur á talsímaþjónustu en önnur fjarskiptaþjónusta, þar með talið á sviði gagnaflutninga, verður gefin frjáls.

2. *Hafa líkleg áhrif þessara breytinga á rekstrarafkomu Pósts og síma verið metin og ef svo er, hver eru þau?*

Í tilskipun frá árinu 1990 um opinn aðgang að netum eru settir skilmálar fyrir aðgangi að almennum fjarskiptakerfum til handa þeim sem vilja veita fjarskiptaþjónustu. Slík þjónusta er oft nefnd virðisaukin þjónusta vegna þess að veitt er meiri þjónusta en á almennu fjarskiptanetunum og hún er því seld hærra verði en grunnþjónusta. Samkeppnin, sem af þessu hlýst, getur vissulega haft áhrif á rekstrarafkomu Pósts og síma en erfitt er að meta á þessu stigi hversu mikil þau áhrif verða. Einnig er erfitt að meta í hvaða mæli erlend fyrirtæki munu koma inn á markaðinn. Póstur og sími telur sig vera vel í stakk búinn til að mæta samkeppni á næstu árum en stofnunin hefur lagt á það

áherslu að heimilað verði að setja samkeppnisaðilum skilyrði, t.d. að þjónusta skuli veitt á landsvísu en ekki eingöngu í þéttbýli.

3. *Að hve miklu leyti mundu ákvæði samningsins hindra möguleika á að jafna símakostnað og annan fjarskiptakostnað landsmanna?*

Í samþykkt EB um fjarskipti eru engin ákvæði sem beinlínis koma í veg fyrir jöfnun símkostnaðar. Auk þess er markmið Efnahagsbandalagsins með því að boða samkeppni í fjarskiptaþjónustu og opinn fjarskiptamarkað að vera að gera fjarskipti auðveldari og ódýrari. Almennt er talið að þetta leiði til þess að símgjöld verði grundvölluð á tilkostnaði meira en er í dag. Þessar breytingar munu væntanlega gilda jafnt fyrir alla notendur óháð búsetu.

4. *Hvaða almenn áhrif er talið að ákvæði samningsins hefðu á þróun fjarskiptamála hérlendis?*

Hin almennu áhrif samningsins eru talin fyrst koma fram í breytingum á löggjöf sem leiða til afnáms einkaréttar ríkisins. Upp úr þeirri breytingu munu væntanlega koma fram innlend fjarskiptafyrirtæki sem selja þjónustu sína fyrst með því að leigja aðgang að grunnneti Pósts og síma en síðar ef til vill að einhverju marki með því að byggja upp eigin net. Ekki er ólíklegt að erlend fyrirtæki muni að einhverju leyti eiga hér hlutdeild að, bæði með því að bjóða íslenskum notendum fjarskiptaþjónustu án millilíða og með því að eignast hlutdeild í íslenskum fjarskiptafyrirtækjum. Um þetta er þó mjög erfitt að spá vegna smæðar hins íslenska fjarskiptamarkaðar og vegna þess hversu dýrt það mun reynast nýjum aðilum að leggja fjarskiptakerfi út fyrir mesta þéttbýlið.

1026. Svar [511. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um flugrekstur.

1. *Hversu lengi verður frestað framkvæmd greinar 9.1.2 í reglugerð um flugrekstur nr. 381/1989, sbr. reglugerð nr. 624/1991, er kveður á um að tveir flugmenn skuli vera í flugstjórnarklefa í atvinnuflugi?*

Grein 9.1.2 í reglugerð um flugrekstur nr. 381/1989 um tvo flugmenn í atvinnuflutningum með farþega átti að taka gildi 1. janúar 1992. Gildistöku þessa ákvæðis var frestað um tvö ár til 1. janúar 1994 með hliðsjón af því að í millitíðinni hafði Ísland gengið í JAA, Joint Aviation Authorities eða Evrópusamtök flugmálastjórna, og því talið rétt að bíða sameiginlegra reglna þessara landa í málinu. Vænta má þessara sameiginlegu evrópsku reglna um flugrekstur í tæka tíð fyrir 1. janúar 1994 og mun Ísland þá væntanlega taka upp þær reglur í samræmi við skuldbindingar sínar gagnvart JAA.

2. *Er talin ástæða til að setja strangari reglur en þær sem þegar eru í gildi um lágmarksafkastagetu flugvéla þar sem einn flugmaður er við stjórnvölinn?*

Nei, ekki frekar en þegar hefur verið gert og nú er í gildi.

3. *Hefur Loftferðaeftirlitið veitt undanþágur til notkunar flugvéla í atvinnuflutningum við aðstæður þar sem reglugerð um lágmarksafkastagetu þeirra er ekki fullnægt? Ef*

svo er, hverjir hafa fengið undanþágur, hve lengi og á hvaða forsendum?

Já, í samræmi við 7. gr. reglugerðarinnar sem gerir ráð fyrir því að unnt sé að veita tímabundnar undanþágur. Allmargar undanþágur hafa verið veittar frá því að reglugerðin var sett 1986 en þeim hefur stöðugt farið fækkandi með árunum. Nú eru aðeins í gildi undanþágur til tveggja flugvalla, Bíldudals og Flateyrar. Þær undanþágur þarf þó ekki að nýta að jafnaði heldur aðeins endrum og eins. Undanþágur eru veittar á þeim forsendum að þeirra sé tímabundin þörf og veiting þeirra stofni ekki flugöryggi í hættu að mati Loftferðaeftirlitsins.

4. *Hvernig er háttað eftirliti samgönguráðuneytis og Loftferðaeftirlits með daglegum rekstri flugrekenda og að þeir uppfylli settar öryggiskröfur varðandi þjálfun, þekkingu, vinnutíma og vinnuaðstöðu starfsmanna sinna?*

Í samræmi við lög um loftferðir, nr. 34/1964, og reglugerð um flutningaflug nr. 641/1991, með síðari breytingum, veitir samgönguráðuneytið leyfi til flutningaflugs, svokallað flugrekstrarleyfi.

Flugmálastjórn/Loftferðaeftirlit hefur með höndum tæknilegt og rekstrarlegt eftirlit með flugrekendum og öryggi flugstarfseminnar í landinu. Hjá Loftferðaeftirlitinu eru í fullu starfi eða í hlutastörfum sérfræðingar á þeim helstu sviðum sem til þarf, þar á meðal flugvélaverkfræðingar, flugvirkjar og flugvélstjórar, flugstjórar og flugmenn, læknar og ýmsir aðrir sérfræðingar. Eftirlitið fer fram samkvæmt alþjóðlegum venjum og stöðlum og í samræmi við íslensk lög og reglugerðir.

Á vegum samgönguráðuneytisins starfar flugeftirlitsnefnd. Í reglugerð um flutningaflug segir um þessa nefnd:

„Samgönguráðherra skipar fjóra menn í flugeftirlitsnefnd, einn samkvæmt tilnefningu Flugmálastjórnar, einn samkvæmt tilnefningu Verðlagsstofnunar og tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytisins. Nefndin annast eftirlit með þjónustu leyfishafa, svo sem með far- og farmgjöldum, tímaáætlunum o.fl., tekur til afgreiðslu hvers kyns rökstuddar kvartanir og gerir tillögur til ráðherra um úrbætur, áminningar eða leyfissviptingar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur og getur falið henni ýmis önnur verkefni sem varða starfsemi leyfishafa."

5. *Er ásættanlegt frá öryggissjónarmiði að flugmannsstarfið sé í sumum tilfellum þannig að flugrekandi ræður flugmann til einstakra ferða og greiðir honum mun lægri laun fyrir vinnu sína en stéttarfélag flugmanna hefur samið um fyrir sambærilega vinnu og flugmannsstarfið verði þar af leiðandi illa launað ígripastarf án allra viðurkenndra réttinda launþega?*

Flugmálastjórn/Loftferðaeftirlit gerir þá kröfu að flugmenn fullnægi settum öryggiskröfum, þar með talið þeim er varða þjálfun, reynslu, heilbrigði og réttindi, sem og öðrum laga- og reglugerðarákvæðum. Það er ásættanlegt samkvæmt gildandi lögum og reglum. Æskilegt er að flugmenn njóti atvinnuöryggis en Loftferðaeftirlitið getur ekki sett fram kröfur um kaup og kjör flugmanna. Flugmálastjórn er ekki kunnugt um orsakasamhengi milli flugöryggis og launa flugmanna.

6. *Er löglegt að starfsmenn eða eigendur flugfélaga, sem hagsmuna eiga ða gæta, sitji í flugráði?*

Í lögum um stjórn flugmála, nr. 119/1950, segir svo í 1. gr.:

„Flugráð, skipað fimm mönnum, hefur á hendi stjórn flugmála undir yfirstjórn ráð-

herra. Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar í ráðið tvo menn með sérþekkingu á flugmálum, annan til 8 ára og hinn til 4 ára, og sé hinn fyrrtaldi formaður ráðsins. Með sama hætti skulu kosnir og skipaðir fimm varamenn í flugráð.

Þóknun til flugráðsmanna skal ákveðin af ráðherra og greiðist hún úr ríkissjóði."

Vakin skal athygli á að þeir tveir fulltrúar, sem ráðherra skipar, skulu hafa sérþekkingu á flugmálum. Þeirrar sérþekkingar verður trauðla aflað nema viðkomandi starfi að flugmálum á einn eða annan hátt.

Rétt er einnig að benda á 14. gr. starfsreglna fyrir flugráð nr. 235/1976, en þar segir svo:

„Flugráð skal í starfi sínu hafa sem nánast og best samstarf við íslensk flugfélög um öll mál, er þau varða, og gefa trúnaðarmönnum þeirra kost á að tjá sig um og fylgjast með meðferð þeirra mála, er ætla má að flugfélög telji snerta hagsmuni sína að verulegu leyti eða óska eftir að fylgjast með."

7. *Hvernig hefur sl. þrjú ár verið staðið að uppgjöri þeirra opinberu gjalda sem Flugmálastjórn hefur innheimt af flugrekendum? Má ætla að í slíku uppgjöri hafi falist mismunun flugrekenda?*

Eftirfarandi er greining á tekjum Flugmálastjórnar og hvernig staðið er að innheimtu þeirra.

Sértekjur Flugmálastjórnar: Lendingargjöld, húsaleiga, rafmagn, hiti og ræsting.

Reikningar eru skrifaðir út mánaðarlega og sendir út með gíróseðli með gjalddaga mánuði seinna. Ef ekki er greitt er skrifað innheimtubréf og ef ekki er innt af hendi greiðsla eru reikningarnir sendir til innheimtu hjá lögfræðingi.

Sértekjur Flugmálastjórnar: Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugvéla og flugrekenda.

Reikningar eru skrifaðir út tvisvar á ári (maí og nóvember) og sendir út með gíróseðli og gjalddagi er mánuði seinna. Sé ekki greitt er skrifað innheimtubréf og ef því er ekki sinnt eru reikningar sendir til innheimtu hjá lögfræðingi.

Flugvallagjald og eldsneytisgjald: Er innheimt 15. dag mánaðar eftir skilagrein frá flugrekendum um farþegatölu eða frá olíufélögunum um eldsneytissölu. Ef ekki er greitt á gjalddaga er sent bréf með hótun um lokun á fyrirtæki skv. 13. gr. í II. kafla laga um fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Þrisvar hefur verið gripið til aðgerða af þessu tagi en aldrei hefur komið til lokunar.

Sömu innheimtuaðgerðum er beitt við alla viðskiptaaðila Flugmálastjórnar og ekki mismunað við uppgjör.

1027. Frumvarp til laga [432. mál]

um Fiskistofu.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

I. KAFLI

1. gr.

Fiskistofa skal starfa að stjórnsýsluverkefnum á sviði sjávarútvegsmála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Fiskistofa heyrir undir sjávarútvegsráðherra.

2. gr.

Fiskistofa skal annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Fiskistofa skal annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála sem og önnur verkefni sem stofnunni verða falin með lögum eða ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra ræður fiskistofustjóra er veitir Fiskistofu forstöðu.

Sjávarútvegsráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skipulag og starfsemi Fiskistofu.

4. gr.

Fiskistofa skal að höfðu samráði við Hagstofu Íslands fela Fiskifélagi Íslands söfnun tiltekinna upplýsinga, úrvinnslu þeirra og útgáfu hagskýrslna á sviði sjávarútvegsmála.

II. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

5. gr.

Orðið „ráðherra“ í lok 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna fellur niður.

6. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 2. málsl. 3. mgr. 7. gr. laganna kemur orðið: Fiskistofa.

7. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur orðið: Fiskistofa.

8. gr.

Á 6. mgr. 11. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
2. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 3. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
3. Í stað orðsins „ráðuneytis“ í 4. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.

9. gr.

Á 12. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
2. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytinu“ í 2. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofu og í stað orðsins „ráðuneytið“ í sömu málsgrein kemur orðið: stofan.
3. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 3. mgr. kemur orðið: Fiskistofu.
4. 1. málsl. 4. mgr. greinarinnar orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 25% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður.

10. gr.

Á 15. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðsins „ráðuneytið“ í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofa.
2. Í stað orðsins „ráðuneytis“ í lok 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
3. Í stað orðanna „Fiskifélagi Íslands“ í 2. mgr. greinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.

11. gr.

Á 3. mgr. 16. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðsins „ráðuneytið“ í 1. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofa.
2. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 2. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofu.
3. Í stað orðsins „Ráðuneytið“ í 3. málsl. málsgreinarinnar kemur orðið: Fiskistofa og í stað orðsins „ráðuneytisins“ í sama málslið kemur orðið: stofunnar.

12. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytið“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur orðið: Fiskistofa.

III. KAFLI

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 1992. Frá 1. september 1992 falla úr gildi lög nr. 55/1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

1028. Frumvarp til laga [430. mál]

um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

Um gjaldtöku.

1. gr.

Ólögmætur er sá sjávarafli eða hluti afla:

1. sem ekki nær þeirri lágmarksstærð sem kveðið er á um í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða sérstökum veiðileyfum,
2. sem er umfram þann hámarksafla sem veiðiskipi er settur,
3. sem fenginn er utan leyfilegra sóknardaga,
4. sem fenginn er með óleyfilegum veiðarfærum,
5. sem fenginn er á svæði þar sem hlutaðeigandi veiðar eru bannaðar,
6. sem fenginn er án þess að tilskilin veiðileyfi hafi verið fyrir hendi,
7. sem 2. mgr. 7. gr. tekur til.

Greiða skal sérstakt gjald samkvæmt fyrirmælum laga þessara fyrir veiðar, verkun, vinnslu eða viðskipti með ólögmætan sjávarafla.

Gjald skv. 2. mgr. skal renna í sérstakan sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytisins og skal verja fé úr honum í þágu hafrannsókna og eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðherra.

Nú hefur verið lagt hald á afla og hann gerður upptækur eftir ákvæðum annarra laga og kemur þá ekki til greiðslu gjalds skv. 2. mgr.

Um greiðsluskyldu.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal að jafnaði lagt á þann sem hefur gert út skip eða bát sem veitt hefur gjaldskyldan afla. Ef uppvíst verður um gjaldskyldan afla án þess að unnt reynist að ákvarða hver hafi veitt hann má þó leggja gjaldið á þann sem hefur tekið við aflanum til verkunar eða vinnslu eða hefur haft milligöngu um sölu hans eða afurða úr honum hvort sem er hér á landi eða erlendis, enda hafi þeir vitað eða mátt vita að um ólögmætan sjávarafla var að ræða.

Gjald skv. 1. gr. verður aðeins lagt á einn þeirra sem taldir eru upp í 1. mgr. Aðrir þeir, sem þar eru taldir og sem uppvíst er að hafi átt þátt í veiðum, verkun, vinnslu eða viðskiptum með gjaldskyldan afla, ábyrgjast þó greiðslu gjaldsins sem eigin skuld með þeim sem gjald er lagt á ef ætla má að þeir hafi vitað eða mátt vita að um ólögmætan sjávarafla var að ræða.

3. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal nema andvirði gjaldskylds afla.

Ef ekki verður staðreynt hver sú fjárhæð hefur verið skal gjaldið nema því verði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á þeim stað og því tímabili sem hann barst að landi. Verði gjaldskyldur afli ekki heimfærður til ákveðins tímabils skal verðleggja hann á grundvelli meðalverðs fyrir samsvarandi afla á viðkomandi fiskveiðiári.

Ef ekki verður staðreynt af fyrirliggjandi gögnum hvert hafi verið magn eða andvirði gjaldskylds afla skal það áætlað eftir því sem segir í 5. gr.

Um eftirlit.

4. gr.

Að því leyti sem fyrirmæli laga fela það ekki öðrum stjórnvöldum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu með höndum eftirlit með því hvort sjávarafli er gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er sjávarútvegsráðherra heimilt að kveða nánar á um eftirlit þetta í reglugerð.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að kveða á í reglugerð um skyldu útgerðarmanna, fiskverkenda og fiskseljenda til að láta af hendi sérstakar skilagreinar um þann sjávarafla sem þeir hafa til umráða hverju sinni.

5. gr.

Fiskistofu er heimilt að krefja útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, fiskverkendur, fiskseljendur og þá sem hafa haft milligöngu um viðskipti með sjávarafla eða afurðir um öll nauðsynleg gögn og upplýsingar sem þeir geta látið í té og varða, að mati Fiskistofu, ákvörðun um hvort sjávarafli kunni að vera gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er þeim sem krafðir eru upplýsinga skylt að láta þær af hendi endurgjaldslaust og í því formi sem Fiskistofa mælist til. Fiskistofu er enn fremur heimilt í sama skyni að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum þeirra, sem áður er getið, samningum þeirra, verslunarbréfum og öðrum slíkum gögnum, svo og að skrifstofum þeirra, vinnustöðvum, vinnsluhúsum, vörugeymsluhúsum og öðrum slíkum stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits.

Í sama tilgangi er Fiskistofu heimilt að krefjast upplýsinga af félögum og félagasam-

tökum útgerðarmanna, fiskverkenda, fiskseljenda og af félögum annarra sem hlut geta átt að máli, um viðskipti félagsmanna þeirra og aðra starfsemi sem þau hafa gögn eða upplýsingar um.

Ef Fiskistofa telur fram komin gögn eða upplýsingar ófullnægjandi, óglögg, tortryggileg eða ekki látin í té í umbeðnu formi eða hún telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hún skora skriflega á þann sem kann að verða krafinn um gjald skv. 1. gr. að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýrslur og þau gögn sem þeir telja þörf á. Ef ekki er bætt úr annmörkum, svar berst ekki innan tiltekins tíma, þau gögn eru ekki send sem óskað er eftir eða fram komin gögn eða upplýsingar eru ófullnægjandi eða tortryggileg að mati Fiskistofu skal hún áætla magn og andvirði sjávarafla eftir þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja.

Um úrskurðaraðila.

6. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar þriggja manna nefnd til að úrskurða álagningu gjalds skv. 1. gr. og jafnmarga menn til vara. Aðalmenn og varamenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn og skal einn nefndarmanna skipaður formaður hennar.

Þeir menn, sem eru skipaðir í nefnd skv. 1. mgr., skulu fullnægja almennum skilyrðum laga til að fá skipun í stöðu í þjónustu ríkisins. Formaður nefndarinnar og varamaður hans, sem tekur sæti formanns í forföllum hans, skulu að auki fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála skal farið eftir því sem við á eftir þeim lagareglum sem gilda um hæfi héraðsdómara. Ef nefndarmaður er vanhæfur kveður formaður nefndarinnar til varamann í hans stað.

Afl atkvæða ræður niðurstöðum nefndar skv. 1. mgr.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Ef rökstudd ástæða kemur fram við framkvæmd eftirlits til að ætla að einhver sá, sem fyrirmæli 2. gr. taka til, hafi haft gjaldskyldan sjávarafla til umráða skal Fiskistofa leggja gjald á hlutaðeigandi aðila skv. 1. gr.

Nú sýna starfsmenn Fiskistofu fram á að verkun, vinnsla eða sala tiltekins aðila á sjávarafla eða afurða úr honum sé umfram uppgefin kaup hans eða aðföng og er þá heimilt að leggja á viðkomandi aðila gjald skv. 1. gr. um mismuninn enda þótt sjávaraflinn verði ekki rakinn til ákveðins veiðiskips eða tímabils.

Vilji aðili eigi una ákvörðun Fiskistofu getur hann, innan tveggja vikna frá því að hann fékk vitneskju um álagninguna, kært hana til Fiskistofu sem þá skal, innan tveggja vikna frá lokum gagnaöflunar, leggja rökstuddan skriflegan úrskurð á málið. Nú vill kærandi eigi sætta sig við úrskurð Fiskistofu og getur hann þá skotið honum til nefndar skv. 6. gr., enda geri hann það innan tveggja vikna frá því að hann fékk vitneskju um úrskurðinn.

Er formanni nefndarinnar hefur borist kæra skv. 1. mgr. skal hann þegar tilkynna það Fiskistofu með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Tilkynningunni skulu fylgja samrit af kæru, greinargerð kæranda og önnur gögn er kunna að hafa fylgt kærunni. Skal Fiskistofu gefinn kostur á að koma kröfum sínum, athugasemdum og öðrum gögnum á framfæri við nefndina innan tiltekins frests. Fiskistofu er jafnframt rétt að krefjast þess að kveðið verði á um ábyrgð annarra á greiðslu gjaldsins skv. 2. mgr. 2. gr.

8. gr.

Þegar frestur skv. 2. mgr. 7. gr. er á enda eða fram eru komnar athugasemdir eða gögn málsaðila skal formaður nefndar skv. 1. mgr. 6. gr. kalla hana saman til fundar til að fjalla um kröfuna. Að jafnaði skal reynt að ráða málefninu þegar til lykta á þeim fundi, en telji nefndin þörf frekari upplýsinga eða gagna getur hún gefið málsaðilum kost á öflun þeirra innan tiltekins frests. Heimilt er nefndinni að boða málsaðila eða talsmenn þeirra á sinn fund til að tjá sig nánar um málefnið ef hún telur ástæðu til áður en úrskurður gengur.

9. gr.

Úrskurðir nefndar skv. 1. mgr. 6. gr. um álagningu gjalds skv. 1. gr. skulu vera rökstuddir og færðir í sérstaka gerðabók. Í þeim skal tekin afstaða til þess hvort afli sé gjaldskyldur, hver fjárhæð gjaldsins skuli vera og hverjum beri að greiða það. Hafi þess verið krafist skal jafnframt kveðið á um hvort aðrir ábyrgist greiðslu gjaldsins skv. 2. mgr. 2. gr. Heimild til álagningar gjalds nær til gjalds vegna afla síðustu fjögurra fiskveiðiára sem næst eru á undan því fiskveiðiári sem álagning Fiskistofu fer fram á.

Þegar úrskurður hefur gengið skal formaður án tafar senda sjávarútvegsráðherra, Fiskistofu og þeim sem krafa hefur beinst að eintak úrskurðarins í ábyrgðarpósti eða á annan sannanlegan hátt.

Um innheimtu.

10. gr.

Fiskistofa fer með innheimtu gjalds skv. 1. gr. Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að fela innheimtumönnum ríkissjóðs eða öðrum aðilum innheimtu þess.

Gjald skv. 1. gr. fellur í gjalddaga við álagningu. Ber það dráttarvexti samkvæmt ákvæðum vaxtalaga frá því 30 dagar eru liðnir frá gjalddaga þess.

Álagning gjalds eða úrskurður um gjaldtöku skv. 1. gr. eru aðfararhæfar ákvarðanir, bæði gagnvart þeim sem gjald hefur verið lagt á og þeim sem bera ábyrgð á greiðslu þess samkvæmt úrskurði. Má Fiskistofa krefjast fullnustu með fjárnámi þegar liðnir eru 30 dagar frá dagsetningu álagningar eða uppkvaðningu úrskurðar.

Ágreining um skyldu til greiðslu gjalds skv. 1. gr. eða um ábyrgð á greiðslu þess má bera undir dómstóla sé það gert innan 30 daga frá uppkvaðningu úrskurðar skv. 6. gr. Slíkt málskot frestar ekki fullnustu úrskurðar.

11. gr.

Ef sjávarútvegsráðherra telur veiðar á gjaldskyldum afla samkvæmt lögum þessum brjóta gegn refsiákvæðum annarra laga er honum rétt að tilkynna það ríkissaksóknara. Slík tilkynning eða opinber rannsókn eða höfðun opinbers máls í tilefni hennar raskar því ekki að gjald verði lagt á eftir fyrirmælum þessara laga.

Um dagsektir.

12. gr.

Hver sá, sem tregðast við að láta Fiskistofu í té upplýsingar er varða gjaldskyldu annarra eða tregðast við að veita aðgang að aðstöðu eða gögnum, sbr. 5. gr., skal sæta dagsektum. Sjávarútvegsráðherra kveður á um skyldu til greiðslu dagsekta og mega þær nema allt að 10.000 kr. á dag. Dagsektir má innheimta með fjárnámi.

Um gildistöku o.fl.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1992.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, með áorðnum breytingum, ásamt stjórnvaldsfyrirmælum sem hafa verið sett á grundvelli þeirra.

14. gr.

Heimilt er að leggja á gjald samkvæmt fyrirmælum laga þessara þótt sú háttsemi, sem leiðir til álagningar þess, kunni að hafa átt sér stað fyrir gildistöku þeirra ef heimilt hefði verið að gera viðkomandi afla upptækan samkvæmt fyrirmælum laga nr. 32/1976 og upptaka aflans eða andvirðis hans hefur ekki þegar farið fram.

Sjávarútvegsráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

1029. Frumvarp til laga [489. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, sbr. lög nr. 10/1978, nr. 15/1980, nr. 48/1981 og nr. 78/1985.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins getur ákveðið aðra skipan mála.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun eða af löggiltum endurskoðendum.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans. Því má ráðstafa á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í bönkum og sparisjóðum.
5. Í húsnæði til eigin nota.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum. Stjórn sjóðsins skal setja reglur um veðhæfni fasteigna.
7. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingastofnana eða annarra lánastofnana en þeirra er áður er getið, enda hafi Seðlabanki Íslands veitt þeim viðurkenningu í þessu skyni.

8. Í hlutabréfum í fyrirtækjum sem hafa skráð kaup- og sölugengi á markaði hjá a.m.k. tveimur verðbréfafyrirtækjum sem aðild eiga að Verðbréfaþingi Íslands. Þó er óheimilt að verja meira en 5% af árlegu ráðstöfunarfé til kaupa á hlutabréfum og enn fremur er óheimilt að eiga meira en 5% hlutafjár í hverju fyrirtæki.

4. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim ásamt eigin iðgjaldahluta. Á þeim skipum, þar sem hver mánuður telst sérstakt kauptryggingartímabil, er gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar 15. dagur næsta mánaðar. Á þeim skipum, þar sem hver veiðiferð telst sérstakt kauptryggingartímabil, er gjalddagi iðgjalda 15. dagur eftir að veiðiferð lýkur. Verði vanskil á greiðslu iðgjalda lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga er stjórn sjóðsins heimilt að innheimta vangoldin iðgjöld með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga. Verði breytingar í kjarasamningum á framangreindum viðmiðunartímabilum er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða aðrar reglur varðandi gjalddaga iðgjaldagreiðslna.

5. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem tryggingayfirlæknir metur 35% eða meira. Örorkumatið skal miða við vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal þó miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

6. gr.

5. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða sambýliskona hefur sannanlega annast heimili hans um árabil, þó ekki skemur en fimm ár fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju væri að ræða. Láti sjóðfélagi eftir sig sambýliskonu og barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi sambýliskonu sinni er sjóðstjórn heimilt að greiða makalífeyri þótt sambúðin hafi staðið skemur en fimm ár. Þá er sjóðstjórn heimilt að greiða sambýlismanni lífeyri í samræmi við ákvæði 3. og 4. mgr.

7. gr.

7. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

8. gr.

3. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum vegna 100% örorku. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé 75%. Sé örorka metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.

9. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðast svo:

Frá árinu 1980 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum miðast við grundvallarlaun skv. 2. mgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980, 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember hvert ár 1981–1984, en í byrjun hvers mánaðar frá janúar 1985.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Örorkumat örorkulífeyrisþega, sem nýtur bóta vegna orkutaps fyrir gildistöku laga þessara, skal fyrstu fimm árin eftir gildistöku laganna miða við vanhæfni sjóðfélaga til þess að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd en eftir það skal miða við vanhæfni til almennra starfa. Þá skal breyting á barnalífeyri örorkulífeyrisþega vegna áhrifa ákvæðis 8. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda fyrr en fimm árum eftir gildistöku þeirra.

1030. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. maí.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 1. gr. laganna koma þrjár málsgreinar er orðast svo:

Viðskiptabankar, sparisjóðir, veðdeildir við innlánsstofnanir og opinberir fjárfestingarlánasjóðir, sbr. þó 2. gr., skulu með þeim takmörkunum, er síðar greinir, skyld til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum hvar sem þeirra er aflað og eignarskatt af öllum eignum sínum hvar sem þær eru, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Opinberir fjárfestingarlánasjóðir skv. 1. mgr. skulu undanþegnir aðstöðugjaldi, sbr. V. kafla laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

Lögbundin framlög, sem opinberir fjárfestingarlánasjóðir skv. 1. mgr. fá frá ríkissjóði eða sveitarfélögum, sem og lögbundnar tekjur þeirra aðrar, teljast ekki til tekjuskattsstofns viðkomandi sjóðs.

2. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo:

Til skattskyldra tekna og eigna skv. 1. gr. teljast þó ekki tekjur og eignir Byggðastofnunar, Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna, Framkvæmdasjóðs Íslands, Framkvæmdasjóðs fatlaðra, Framkvæmdasjóðs aldraðra, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs sveitarfélaga og Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda.

3. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Þeir sjóðir, sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skulu undanþegnir stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum sem þeir kunna að taka á sig.

4. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

1. 29. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð.
2. 6. gr. laga nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð.
3. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.
4. 8. gr. laga nr. 62/1979, um Landflutningasjóð.
5. 16. gr. laga nr. 45/1987, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.
6. 33. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála.
7. 36. gr. hafnalaga, nr. 69/1984.
8. 19. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.
9. 6. gr. laga nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð.
10. Í 77. gr. orkulaga, nr. 58/1967, falli niður orðið „Orkusjóður".

Jafnframt falla úr gildi önnur lagaákvæði sem undanþiggja sjóði, sem skattskyldir verða skv. 1. gr., skattskyldu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1993 vegna tekna á árinu 1992 og eigna í lok þess árs, sbr. þó ákvæði 12. gr.

II. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

6. gr.

Með skattframtali á árinu 1993 vegna tekna á árinu 1992 og eigna í lok þess árs skulu aðilar, sem skattskyldir verða samkvæmt ákvæðum þessara laga en voru það ekki samkvæmt eldri lögum, framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs.

Endurmatið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1992.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1991. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning en hún skal þó aldrei

vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem aðili skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1977 til 1991. Stuðullinn reiknast í samræmi við ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 26. gr. sömu laga, með síðari breytingum. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, fyrir ársbyrjun 1977 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tölul. greindrar 32. gr. sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1992 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fasteignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. fyrir liðinn tíma.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá skyldu til endurmats samkvæmt ákvæði þessu að því er varðar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávika.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Aðilar skv. 1. mgr. þessa ákvæðis, sem eiga eignir í ársbyrjun 1992 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1993, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

7. gr.

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili skv. 1. mgr. 6. gr. hefur eignast fyrir árið 1992, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er skv. 6. gr., eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

Þegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem aðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1977, eru seldar skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

Nú hefur ríkisskattstjóri veitt undanþágu frá endurmati eigna, sbr. 7. mgr. 6. gr., og telst þá söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári.

8. gr.

Aðilar, sem skattskyldir verða samkvæmt lögum þessum, skulu reikna verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, í fyrsta sinn vegna ársins 1992 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1991.

9. gr.

Við mat á eignum í ársbyrjun 1992 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum draga 1% frá samanlögðum útlánum og veittum ábyrgðum í árslok 1991.

10. gr.

Ákvæði laga þessara skulu þó ekki koma til framkvæmda um Iðnþróunarsjóð fyrr en við álagningu 1995 vegna tekna ársins 1994 og eigna í lok þess árs.

11. gr.

Skuldaskjöl vegna lánveitinga úr Fiskveiðasjóði Íslands, sem ákveðnar hafa verið með formlegu lánsloforði Fiskveiðasjóðs fyrir gildistöku laga þessara, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

12. gr.

Á árinu 1992 skulu aðilar, sem verða skattskyldir samkvæmt lögum þessum, greiða sérstaka fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar skatta samkvæmt lögum þessum. Kemur hún í stað fyrirframgreiðslu skv. 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Stofn sérstakrar fyrirframgreiðslu skal vera hagnaður viðkomandi aðila á árinu 1991, ákvarðaður í samræmi við góða reikningskilavenju. Skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum skulu skila til skattstjóra fyrir 1. júlí 1992 greinargerð um hagnað ársins 1991. Skattyfirvöld skulu ákveða fyrirframgreiðsluskyldu samkvæmt lögum þessum og skal hún innt af hendi á tímabilinu ágúst til desember 1992 með fimm jöfnum greiðslum. Gjalddagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur hvers mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Fyrirframgreiðsla hvers mánaðar skal nema 4% af stofni og skal hún ganga upp í álagningu á árinu 1993 vegna tekna ársins 1992.

Komi í ljós við álagningu 1993 að skattskyldur aðili hafi greitt meira í fyrirframgreiðslu en nemur álögðum gjöldum samkvæmt lögum þessum skal ríkissjóður þegar endurgreiða það sem umfram er. Reynist álögð gjöld hærri en fyrirframgreiðsla skal það sem vangreitt er innt af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum fyrsta hvers mánaðar það sem eftir lifir álagningarársins.

Ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra, skulu gilda um fyrirframgreiðslu skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem við á.

Frá og með gjaldárinu 1993 skal fara um greiðslur aðila, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Ákvæði þess kafla gilda einnig um innheimtu á mismun álagningar og fyrirframgreiðslu á árinu 1992 eftir því sem við getur átt.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd fyrirframgreiðslu samkvæmt þessu ákvæði.

1031. Frumvarp til laga [547. mál]

um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (RG, GuðjG, EKG, SigG, EH).

I. KAFLI

1. gr.

Setja skal á fót ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota sem ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launþega og kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrot.

2. gr.

Með framkvæmd laga þessara fer félagsmálaráðherra. Ábyrgðasjóðurinn lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er af félagsmálaráðherra til fjögurra ára samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og sá þriðji án tilnefningar.

3. gr.

Ábyrgðasjóðurinn skal fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi hvaða nafni sem nefnist sem skattskylt er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.

Ábyrgðargjaldið skal vera allt að 0,2% af gjaldstofni. Hlutfallið skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur fyrir eitt ár í senn að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu.

Ábyrgðargjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því leyti sem það er ákvarðað af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

Skorti ábyrgðasjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins þegar tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal þá leggja sjóðnum til þá fjármuni sem til þarf og skoðast það sem lántaka. Nemi uppsöfnuð skuld ábyrgðasjóðsins við ríkissjóð í árslok hærri fjárhæð en svarar til helmings áætlaðra ársteknа af ábyrgðargjaldi er félagsmálaráðherra heimilt með reglugerð, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, að hækka gjaldið tímabundið um allt að 0,1% þar til jafnvægi er náð.

Kostnaður af rekstri ábyrgðasjóðsins greiðist af tekjum hans.

4. gr.

Með hugtakinu vinnulaun er átt við endurgjald fyrir starf hjá vinnuveitanda með stoð í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi milli aðila er rýmri rétt veitir launþega.

Með hugtakinu launþegi er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

II. KAFLI

5. gr.

Ábyrgð sjóðsins tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum:

a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, þar með talinn hluti launa sem haldið var eftir af vinnuveitanda skv. VIII. kafla laga nr. 86/1988,
b. kröfu launþega um orlofslaun sem koma áttu til útborgunar á síðustu þremur starfsmánuðum hans hjá vinnuveitanda,
c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir gjaldþrot, að uppfylltum skilyrðum III. kafla laga þessara,
d. bóta vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings, enda skal sá sem krefst bóta samkvæmt þessum lið sýna fram á með vottorði vinnumiðlunar að hann hafi leitað eftir annarri atvinnu þann tíma sem bóta er krafist,
e. bóta til launþega sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss eða til þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launþega, enda fylgi bótakröfunni forgangsréttur í bú vinnuveitandans,
f. vaxta skv. 5. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, af kröfum samkvæmt stafliðum a–e frá gjalddaga þeirra til þess dags er krafan fæst greidd úr ábyrgðasjóði,
g. skiptatryggingar sem launþegar eða lífeyrissjóður hafa greitt að svo miklu leyti sem hún fæst ekki greidd við skipti á búi vinnuveitanda. Sama gildir um óhjákvæmilegan kostnað sem launþegi eða sá sem krefst bóta skv. e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar, þó að hámarki samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

Ábyrgð sjóðsins skv. a- og d-liðum 1. mgr. þessarar greinar skal þó ekki nema hærri fjárhæð miðað við einn mánuð en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum eins og þær eru ákveðnar hæstar á hverjum mánuði án tillits til barnafjölda.

Ábyrgð sjóðsins nær til greiðslna skv. f- og g-liðum 1. mgr. þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í bú vinnuveitanda.

Sjóðstjórn er, þegar sérstaklega stendur á, heimilt að takmarka tjón sjóðsins, að ábyrgjast kröfur skv. a- til f-liðum þessarar greinar, án undangengins gjaldþrots, enda liggi fyrir að viðkomandi fyrirtæki hafi sannanlega hætt rekstri og kostnaður af að koma fram gjaldþroti yrði að mati sjóðstjórnar óeðlilega mikill.

6. gr.

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafið sjóðinn um greiðslu krafna skv. a- til d-liðum 1. mgr. 5. gr.:

a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla. Þetta á þó ekki við um þá sem sæti eiga í varastjórn félags nema þeir hafi gegnt stjórnarstörfum á umræddu tímabili.
b. Þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
c. Forstjóri, framkvæmdastjóri og þeir aðrir, sem vegna starfa sinna hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda, áttu að hafa þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot þess væri yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaununum.

d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í a- til c-liðum, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg. Leiði ákvæði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu að mati sjóðstjórnar getur stjórnin ákveðið að heimila greiðslu til þessara launþega úr ríkissjóði á grundvelli laganna.

Sjóðstjórn úrskurðar um ágreining um greiðsluskyldu.

III. KAFLI

7. gr.

Ábyrgð sjóðsins á iðgjaldakröfum lífeyrissjóðs er háð því skilyrði að eðlilega hafi verið staðið að innheimtutilraunum af hálfu lífeyrissjóðs og lífeyrissjóðurinn hafi tvisvar ár hvert, 1. mars og 1. september, sent sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld sýnast á iðgjaldaskilum. Komi athugasemd ekki fram skv. 8. gr. laga þessara er viðkomandi lífeyrissjóður einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd, enda hafi lífeyrissjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna.

8. gr.

Til þess að iðgjöld launþega njóti ábyrgðar ábyrgðasjóðs skulu launþegar innan 60 daga frá dagsetningu reglulegs yfirlits frá lífeyrissjóði, sbr. 7. gr., ganga úr skugga um skil vinnuveitanda til lífeyrissjóðs sem greind eru á launaseðli hans. Séu vanskil á iðgjöldum skal launþegi innan sömu tímamarka leggja lífeyrissjóði til afrit launaseðla fyrir það tímabil sem er í vanskilum.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa kafla að fengnum tillögum sjóðstjórnar og sambanda lífeyrissjóða.

IV. KAFLI

9. gr.

Ef innköllun hefur verið gefin út í bú vinnuveitanda verður greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði því aðeins tekin til greina að hún berist félagsmálaráðherra innan sex mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búið. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

10. gr.

Greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði skal vera skrifleg. Í henni skal greina eftirfarandi svo glöggt sem við verður komið:

a. nafn, kennitölu og heimilisfang þess sem kröfu gerir,
b. nafn, kennitölu og heimilisfang vinnuveitanda og hvenær bú hans var tekið til skipta,
c. hverjum störfum launþegi gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, hver launakjör hans hafi verið og eftir hverjum samningum þau fóru, sundurliðun kröfu, svo sem í vinnulaun, orlof, bætur, vexti, kostnað og til hvaða tímabils krafan nær,
d. yfirlýsingu þess er kröfuna gerir sem gefin er að viðlögðum drengskap um að atvik þau, er í 5. gr. getur, séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

Kröfubréfi til félagsmálaráðherra skulu fylgja afrit kröfulýsingar í bú vinnuveitandans og gögn sem varða meðferð kröfunnar við búskiptin.

Nú brestur á að fullnægt sé framangreindum atriðum og skal þeim er kröfuna gerir

á sannanlegan hátt vera gefinn kostur á úrbótum innan tiltekins frests að því viðlögðu að krafa hans á hendur ábyrgðasjóði teljist ella afturkölluð.

Sá sem gerir greiðslukröfu á hendur ábyrgðasjóði á grundvelli laga þessara má ekki aðhafast neitt það sem rýrt gæti endurkröfurétt ábyrgðasjóðs á hendur þrotabúi. Er honum óheimilt, án sérstaks leyfis félagsmálaráðherra, að samþykkja að kröfur fái komist að við gjaldþrotaskipti sem ekki hefur verið lýst fyrir lok kröfulýsingarfrests. Brjóti launþegi eða umboðsmaður hans gegn þessu ákvæði hefur það í för með sér að ábyrgð ábyrgðasjóðs á kröfu hans fellur niður.

11. gr.

Sá sem fer með skipti á þrotabúi skal svo fljótt sem auðið er láta félagsmálaráðherra í té skriflega umsögn um hverja þá kröfu í þrotabúið sem til álita kemur að njóti ábyrgðar ábyrgðasjóðs eftir lögum þessum. Í umsögninni skulu eftirfarandi atriði tilgreind:

a. Hvenær bú hafi verið tekið til skipta og hver fari með málefni þess.
b. Hvenær kröfulýsingarfresti í búið hafi lokið.
c. Hvaða kröfum hafi verið lýst í búið sem ríkisábyrgð kunni að fylgja samkvæmt lögum þessum.
d. Hvort eða að hverju marki viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búið.
e. Hvort skilað hafi verið til innheimtuaðila ríkissjóðs þeim hluta launa sem vinnuveitanda bar að halda eftir samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ef það hefur ekki verið gert skal enn fremur eftir föngum gerð grein fyrir þeim fjárhæðum sem vinnuveitanda bar að halda eftir af launum launþega.
f. Hvort ákvæði 6. gr. eigi við um kröfuna eða ekki.

Nú hefur skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitandans til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna en skiptaráðandi í búinu lýsir því yfir í umsögn sinni að í skrá um lýstar kröfur í búið hafi hann tekið eða muni fyrirsjáanlega taka þá afstöðu til viðurkenningar forgangsréttar greiðslukröfunnar í búið að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu og er þá félagsmálaráðherra heimilt að fara með greiðslukröfu á hendur ábyrgðasjóði eins og fullnægt væri skilyrðum a-liðar 1. mgr. Hafi krafa verið greidd úr ábyrgðasjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptaráðanda en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið verður sú fjárhæð, sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafin.

12. gr.

Nú hefur skiptameðferð á búi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess án þess að innköllun hafi verið gefin út í búið og verður greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan sex mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaði. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði er í 1. mgr. 10. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélags, vinnusamningur og vottorð vinnuveitandans, eftir því sem við verður komið. Getur félagsmálaráðherra lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

Leita skal félagsmálaráðherra umsagnar skiptaráðanda, er með bú vinnuveitandans fór, um þau atriði varðandi kröfuna sem hann getur vottað um á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

13. gr.

Ef launþegi hefur framselt launakröfu sína á hendur vinnuveitanda áður en bú vinnuveitandans var tekið til gjaldþrotaskipta nýtur krafan ekki ábyrgðar eftir lögum þessum. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans, né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta framseld Atvinnuleysistryggingasjóði.

14. gr.

Innan fjögurra vikna frá því að fengin hefur verið umsögn skiptaráðanda um kröfuna ber félagsmálaráðherra að taka ákvörðun um hvort hún verði greidd úr ábyrgðasjóði. Þegar félagsmálaráðherra ákveður greiðslu kröfu samkvæmt lögum þessum skal hann jafnframt tilkynna viðkomandi innheimtuaðila ríkissjóðs hvaða fjárhæð hefur verið dregin frá kröfu launþega vegna ákvæða laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Komi fram í umsögn skiptaráðanda að ágreiningur sé um kröfuna í bú vinnuveitandans hefst frestur þessi þann dag sem ráðherra verður kunnugt um lyktir ágreiningsins.

Telji félagsmálaráðherra að skilyrðum laga þessara sé ekki fullnægt til þess að krafa verði greidd úr ábyrgðasjóði skal ákvörðun hans um synjun á greiðsluskyldu vera rökstudd. Er þeim er kröfuna gerir heimilt að leita úrlausnar dómstóla um greiðsluskylduna og má veita honum gjafsóknarleyfi þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess.

15. gr.

Áður en greiðsla á kröfu verður innt af hendi úr ábyrgðasjóði skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr búi vinnuveitandans og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr ábyrgðasjóði.

16. gr.

Félagsmálaráðherra skal tilkynna bréflega þeim er kröfu gerir og skiptaráðanda í búi vinnuveitandans um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu ábyrgðasjóðs. Í tilkynningu ráðherra skal sundurliða þá fjárhæð sem greiða á.

Frá því að skiptaráðanda í búi vinnuveitandans berst tilkynning félagsmálaráðherra um fyrirhugaða greiðslu kröfunnar úr ábyrgðasjóði fer stjórn sjóðsins með fyrirsvar fyrir kröfunni að því leyti sem ríkissjóður leysir hana til sín. Nýtur krafa ríkissjóðs sömu stöðu í skuldaröð í búinu og krafa sú, sem hann hefur leyst til sín, hefði ella notið.

17. gr.

Hafi greiðslu samkvæmt lögum þessum verið aflað úr ábyrgðasjóði með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar um atriði eða leynt hafi verið atriðum sem leitt hefðu til að synjað hefði verið um greiðslu úr ábyrgðasjóði ef ljós hefðu verið ber þeim er greiðslu fékk að endurgreiða ábyrgðasjóði þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

Telji stjórn sjóðsins að sá er greiðslu fékk hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum og þannig fengið greiðslu úr ábyrgðasjóði skal stjórn sjóðsins tilkynna það ríkissaksóknara og skal um slíkt brot fjalla í opinberu máli. Varða slík brot sektum til ríkissjóðs er numið geta allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengist greidd nema þyngri refsing liggi við að lögum.

18. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig framkvæmd laganna skuli háttað.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 88/1990, með síðari breytingum, svo og 6.–8. gr. laga nr. 1/1992.

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfur sem hlotið hafa umsögn skiptaráðanda 1. mars 1992 eða síðar.

Athugasemdir við einstaka kafla og einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að kröfur viðurkennds lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalda njóti einnig ábyrgðar sjóðsins.

Um 2. gr.

Í grein þessari er kveðið á um að félagsmálaráðherra fari með framkvæmd laga þessara og skipi sjóðnum stjórn.

Um 3. gr.

Sams konar ákvæði og í 7. gr. laga nr. 1/1992 að öðru leyti en því að breyting er gerð varðandi aukagjaldið. Við það er miðað að ríkissjóður leggi sjóðnum til fé að láni ef á einhverju tímabili verður skortur á reiðufé. Viðbúið er að nokkrar sveiflur verði í útgjöldum sjóðsins og þykir eðlilegt að ríkissjóður jafni þær út með lánsfé sem endurgreiðist þegar tekjur sjóðsins fara á ný fram úr útgjöldum. Ef skuld við ríkissjóð nemur meira en 50% af árstekjum sjóðsins er félagsmálaráðherra þó heimilt að setja á aukagjald tímabundið allt að 0,1%. Reynist verulega skorta á að jafnvægi verði í rekstri sjóðsins þegar til lengri tíma er litið kann á hinn bóginn að þurfa að endurmeta ákvæði frumvarpsins um samhengi réttinda og iðgjalda. Tekið er fram að rekstur sjóðsins sé greiddur af ábyrgðargjaldinu.

Um 4. gr.

Með 4. gr. er tekin upp að nýju hugtakaskilgreining 3. gr. laga nr. 88/1990. Til að afmarka ábyrgð sjóðsins skv. II. kafla laganna er nauðsynlegt að skilgreina hvað þar er átt við með hugtökunum vinnulaun og launþegi.

Um 5. gr.

Í greininni er skýrt kveðið á um það hvaða kröfur skuli njóta ábyrgðar sjóðsins í stað þess að tiltaka ákveðið lágmark í lögunum og að ábyrgð sjóðsins umfram það verði ákveðin með reglugerð að fengnum tillögum sjóðstjórnar eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum.

A- og b-liðir 1. mgr. eru efnislega samhljóða lögum nr. 1/1992. Í a-lið er þó tekið fram að ábyrgð nái til skyldusparnaðar sem vinnuveitandi hefur haldið eftir við útborgun launa.

Með c-lið 1. mgr. er kveðið á um að kröfur viðurkennds lífeyrissjóðs um vangreidd lífeyrisiðgjöld skuli njóta ábyrgðar sjóðsins að uppfylltum skilyrðum III. kafla laganna. Ábyrgðin tekur bæði til lífeyrisiðgjaldahluta launþega og vinnuveitanda miðað við þau

iðgjöld sem almennt eru greidd til lífeyrissjóða, nú 10%. Sé af hálfu lífeyrissjóðs ekki farið að þeim reglum sem markaðar eru með III. kafla laga þessara fæst ekki greiðsla úr ábyrgðasjóði.

D- og e-liðir eru óbreyttir frá núgildandi lögum að því frátöldu að skilyrði bótagreiðslu skv. d-lið eru hert. Til þess að krafa launþega njóti ábyrgðar þarf hann að sanna með vottorði vinnumiðlunar að hann hafi leitað eftir vinnu allan þann tíma sem bóta er krafist vegna.

Í f-lið er gert ráð fyrir að vextir af kröfum samkvæmt stafliðum a–e njóti ábyrgðar sjóðsins frá gjalddaga þeirra og þar til krafan fæst greidd úr sjóðnum. Miðað er við vexti jafnháa vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum skv. 5. gr. vaxtalaga.

Samkvæmt g-lið tekur ábyrgð sjóðsins til skiptatryggingar fyrir launþega og lífeyrissjóði að því marki sem krafan fæst ekki greidd af eignum búsins.

Sjóðstjórn er heimilað í undantekningartilvikum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að víkja frá skilyrðinu um að bú vinnuveitanda skuli hafa verið tekið til gjaldþrota.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá eldri lögum.

Um III. kafla.

Markmiðið með ákvæðum þessa kafla er að koma í veg fyrir óeðlilega uppsöfnun iðgjalda í vanskilum og jafnframt að skilgreina ábyrgð lífeyrissjóða og sjóðfélaga þeirra. Í því skyni er lagt til að gerðar verði kröfur til markvissrar og skilvirkrar innheimtu af hálfu sjóðanna, jafnframt því sem sjóðfélögum er fengið eftirlitshlutverk og gert að bregðast við vanskilum.

Vegna erfiðleika í atvinnurekstri og vegna andvaraleysis nokkurra lífeyrissjóða hefur ríkissjóður þurft að greiða úr ríkisábyrgð iðgjöld sem safnast hafa upp í allt að 18 mánuði án þess að á þeim tíma hafi kröfur sjóðanna verið tryggðar eða viðkomandi rekstraraðila komið í þrot. Ástæður þess eru margvíslegar.

Stór hluti atvinnurekstrar Íslendinga er árstíðabundinn og tekjur sveiflukenndar. Lífeyrissjóðirnir hafa því þurft að laga sig að þeim sveiflum, sérstaklega á landsbyggðinni, með því að heimila árstíðabundin vanskil.

Aðra ástæðu mikilla vanskila á liðnum árum má rekja til þess að stjórnvöld hafa haldið í rekstri sannanlega gjaldþrota fyrirtækjum. Hefur það verið gert þrátt fyrir viðvarandi vanskil og það leitt til óeðlilegrar uppsöfnunar iðgjalda.

Hæg og óskilvirk lögtaks- og uppboðsmeðferð er önnur ástæða. Með nýjum lögum um aðfarargerðir og nauðungarsölu eru gerðar verulegar úrbætur þannig að það eitt mun leiða til skilvirkari innheimtu án þess að fleira þurfi að koma til.

Stemma þarf stigu við því að greiðsla fáist úr ábyrgðasjóði ef skynsamlegar skýringar finnast ekki á uppsöfnun iðgjalda. Það verði gert án þess að breytt verði núverandi forgangstíma, þ.e. 18 mánuðum, enda er sá frestur í samræmi við 4. gr. tilskipunar EB frá 20. október 1980. Markmið þessi eru jafnframt í samræmi við 7. gr. og 8. gr. sömu tilskipunar.

Ekki eru nú til samræmdar vinnureglur fyrir lífeyrissjóðina eða skilgreindar reglur sem áhrif geta haft á réttindanautn sjóðfélaga. Slíkar reglur þarf því að lögfesta. Jafnframt er eðlilegt að skylda sjóðina til að fylgja ákveðnum vinnureglum við vanskil og skerða

greiðslur til sjóðanna ef ekki er farið að þeim reglum við innheimtu iðgjaldanna.

Að lögum bera forsvarsmenn félaga persónulega ábyrgð á saknæmu misferli í rekstri félaganna.

Um 7. gr.

Með þessari grein er lögfest það skilyrði til greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda úr ábyrgðasjóði að lífeyrissjóðirnir sendi reglulega út yfirlit til launþega. Ákvæði þetta er nær orðrétt tekið upp úr 2. mgr. 19. gr. fumvarps til laga um lífeyrissjóði. Þykir rétt að hnykkja á þessari skyldu með beinu lagaákvæði. Jafnframt er lögfest það skilyrði ábyrgðar lífeyrissjóðsins að launþegar bregðist við áskorun hans með tilkynningu í tíma, sbr. þó elið þeirra vinnureglna sem lagt er til að teknar verði upp varðandi innheimtu sjóðanna.

Um 8. gr.

Hér er á sama hátt lögfest skilyrði sem lúta að skyldu launþega til þess að fylgjast með skilum á iðgjöldum vegna sín.

Í tengslum við þetta skilyrði munu ASÍ, VSÍ og VMS vera sammála um að taka upp í kjarasamningum ákvæði sem lúta að gerð launaseðla. Þetta verði útfært þannig að launþegi og lífeyrissjóður geti á hverjum tíma séð hversu miklu og/eða fyrir hvaða tímabil iðgjöldum hefur verið skilað til lífeyrissjóðs.

Gert er ráð fyrir að settar verði með reglugerð reglur um innheimtu sjóðanna.

Til að ná þessum markmiðum er lagt til að ábyrgð sjóðsins á iðgjaldakröfum lífeyrissjóða verði skilyrt með þeim hætti sem lagt er til í þessum kafla. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjóðnum verði markaðar vinnureglur um innheimtu með reglugerð.

Af hálfu lífeyrissjóðasamtakanna hafa þegar verið unnin fyrstu drög að starfsreglum sem að þessu lúta og er við það miðað að þessar hugmyndir verði til hliðsjónar við samningu reglugerðarákvæða.

a. Iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum, sem verið hafa í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga, verði tekin til formlegrar innheimtu innan 15 daga frá útsendri lokaaðvörun lífeyrissjóðsins sem send hefur verið við lok þriggja mánaða vanskila.
b. Innheimtuaðili sjóðsins skal sýna fram á með sannanlegum hætti að málinu hafi verið fram haldið með eðlilegum hraða.
c. Lífeyrissjóðirnir skulu hafa sent sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld hverra sex mánaða ásamt með aðvörun til sjóðfélaga um tap greiðsluábyrgðar ábyrgðasjóðs ef vanskil eru ekki sannanlega tilkynnt lífeyrissjóði með framlagningu launaseðla innan 60 daga frá útsendingu yfirlitsins.
d. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með skilagrein byggðri á innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagrein vinnuveitanda. Lokaaðvörun til vinnuveitanda skal send innan 90 daga frá dagsetningu reglulegs yfirlits. Um innheimtu fer að öðru leyti eftir stafliðum a og b.
e. Hafi lífeyrissjóður hafið innheimtu á grundvelli áætlunar byggðri á síðustu skilagrein vinnuveitanda og sú áætlun er síðar staðfest að hluta eða að öllu með launaseðlum launþega skal um ábyrgð fara eins og greinir undir stafliðum a og b.

Um IV. kafla.

Um 9.–18. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa, enda óbreyttar frá gildandi lögum. Þær eru einungis teknar með þannig að ekki þurfi að endurútgefa lögin.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Með þessu frumvarpi eru öll ákvæði laga er varða ábyrgðasjóð launa komin í ein lög og því ekki þörf á endurútgáfu þeirra.

1032. Þingsályktun [208. mál]

um flugmálaáætlun árin 1992–1995.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Alþingi ályktar skv. I. kafla laga nr. 31/1987 að árin 1992–1995 skuli framkvæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1992	1993	1994	1995
1.1. Markaðar tekjur:				
*1. Flugvallagjald	331	348	366	385
*2. Eldsneytisgjald	43	45	47	49
3. Lendingargjöld	57	60	63	66
4. Loftferðaeftirlitsgjöld	22	23	24	25
5. Leigugjöld	54	56	59	62
6. Þjónustugjöld	46	48	50	52
7. Aðrar tekjur	17	18	19	20
	570	598	628	659
1.2. Önnur framlög:				
1. ICAO-tekjur	232	244	256	269
2. Framlag úr ríkissjóði	479	504	530	559
Samtals	1281	1346	1414	1487

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1992	1993	1994	1995
2.1. Rekstur:				
1. Yfirstjórn	72	76	80	84
2. Loftferðaeftirlit	33	35	37	39
3. Reykjavíkurflugvöllur	87	91	96	101
4. Flugvalladeild	178	187	196	206
5. Flugleiðsöguþjónusta	118	124	130	137
6. Flugumferðarþjónusta	174	183	192	202
7. Alþjóðaflugþjónusta	245	257	270	284
	907	953	1001	1053
2.2. Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	0	0		
2. Byggingar	10	73		
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	4		
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	23		
5. Snjóhreinsibúnaður	14	44		
6. Aðflugs- og rafbúnaður	6	45		
7. Ljósabúnaður	0	14		
8. Bundið slitlag	200	18		
	230	221		
2.3. Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	11	0		
2. Byggingar	27	0		
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0		
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	8	9		
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0		
6. Aðflugs- og rafbúnaður	0	3		
7. Ljósabúnaður	1	10		
8. Bundið slitlag	0	0		
	47	22		

	1992	1993	1994	1995
2.4. Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	25	24		
2. Byggingar	4	38		
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki	0	0		
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0		
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0		
6. Aðflugs- og rafbúnaður	4	0		
7. Ljósabúnaður	0	0		
8. Bundið slitlag	0	0		
	33	62		
2.5. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:				
1. Óskipt	0	11	21	21
2.6. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta:				
1. Flugstjórnarmiðstöð og annað	56	63	61	21
2.7. Til leiðréttinga og brýnna verkefna:	0	6	112	189
2.8. Stjórnunarkostnaður:	8	8	8	8
2.9. Óráðstafað vegna endurmats á forsendum og aðstæðum:	0	0	211	195
Samtals:	1281	1346	1414	1487

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1. Áætlunarflugvellir I.
Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur, Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók og Húsavíkurflugvöllur.

3.2. Áætlunarflugvellir II.
Ísafjarðarflugvöllur, Vestmannaeyjaflugvöllur, Patreksfjarðarflugvöllur og Hornafjarðarflugvöllur.

3.3. Áætlunarflugvellir III.
Grímseyjarflugvöllur, Siglufjarðarflugvöllur, Vopnafjarðarflugvöllur, Flateyrarflugvöllur, Bíldudalsflugvöllur, Norðfjarðarflugvöllur, Þingeyrarflugvöllur, Þórshafnarflugvöllur, Gjögursflugvöllur, Bakkafjarðarflugvöllur, Borgarfjarðarflugvöllur, Raufarhafnarflugvöllur, Breiðdalsvíkurflugvöllur, Kópaskersflugvöllur, Rifsflugvöllur, Blönduósflugvöllur, Stykkishólmsflugvöllur, Hólmavíkurflugvöllur og Reykjahlíðarflugvöllur.

3.4. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.
Arngerðareyri, Bakki, Búðardalur, Bær, Djúpivogur, Fáskrúðsfjörður, Grundarfjörður, Hella, Ingjaldssandur, Kirkjubæjarklaustur, Melgraseyri, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes, Sandskeið/Kapelluhraun, Selfoss, Suðureyri og Vík. Álftaver, Auðkúluheiði, Berjanesfitjar, Bolungarvík, Borgarnes, Breiðabólstaður, Búrfell, Dagverðará, Einholtsmelar, Fagurhólsmýri, Flúðir, Forsæti, Geysir, Grímsstaðir, Gunnarsholt, Herðubreiðarlindir, Hrafnseyri, Hrísey, Húsafell, Hvammstangi, Hveravellir, Hvolsvöllur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Króksfjarðarnes, Melgerðismelar, Melanes, Múlakot, Narfastaðamelar, Núpur, Nýidalur, Sandármelar, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Steinasandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Tálknafjörður, Þórisós og Þórsmörk.

IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA
(Fjárhæðir í m.kr.)

		1992	1993	1994	1995
4.1.	**Reykjavík**				
	1. Tækjageymsla	6,0			
	2. Aðflugshallasendir		9,5		
	3. Slökkvibúnaður		7,4		
		6,0	16,9		
4.2.	**Akureyri**				
	1. Flugstöð, hönnun	2,0	21,0		
	2. Radíóviti	6,0			
	3. Snjóblásari	14,0			
		22,0	21,0		

		1992	1993	1994	1995
4.3.	**Egilsstaðir**				
	1. Bundið slitlag	200,0	17,9		
	2. Flugstöð		52,5		
	3. Slökkvibúnaður		15,8		
	4. Snjóblásari		15,9		
	5. Brautarsópur		14,6		
	6. Vörubifreið með snjótönn		10,8		
	7. Bremsumælir		2,9		
	8. Aðflugshallasendir		17,9		
	9. Skyggnismælir		1,2		
	10. Skýjahæðarmælir		2,5		
	11. Flugbrautarljós		8,0		
	12. Leiðarljós		5,3		
	13. Flugvallarljósviti		1,1		
		200,0	166,4		
4.4.	**Sauðárkrókur**				
	1. Tækjageymsla	2,0			
	2. Radíóviti, endurbætur		4,2		
		2,0	4,2		
4.5.	**Húsavík**				
	1. Aðflugshallasendir		12,6		
			12,6		
4.6.	**Ísafjörður**				
	1. Akbrautir og hlöð	5,4			
	2. Slökkvibúnaður	8,0			
	3. Vararafmagn		2,6		
		13,4	2,6		
4.7.	**Vestmannaeyjar**				
	1. Hlað, bundið slitlag	5,0			
	2. Tækjageymsla	16,8			
	3. Slökkvibúnaður		9,1		
	4. Leifturljós	1,2			
	5. Hindranalýsing		9,0		
		23,0	18,1		
4.8.	**Patreksfjörður**				
	1. Öryggissvæði	0,5			
		0,5			
4.9.	**Hornafjörður**				
	1. Tækjageymsla/þverbraut	10,0			
	2. Leiðarljós		1,0		
		10,0	1,0		
4.10.	**Grímsey**				
	1. Flugbraut, lenging	3,0			
		3,0			

	1992	1993	1994	1995
4.11. Siglufjörður				
1. Flugbraut, endurbætur		2,0		
		2,0		
4.12. Bíldudalur				
1. Flugstöð		15,7		
		15,7		
4.13. Norðfjörður				
1. Öryggissvæði		6,3		
2. Markviti	0,5			
	0,5	6,3		
4.14. Þingeyri				
1. Flugbraut, samanburðarathugun	2,0			
2. Flugbraut, hönnun		3,1		
	2,0	3,1		
4.15. Þórshöfn				
1. Öryggissvæði	13,0			
2. Flugstöð		16,2		
3. Tækjageymsla	3,5			
	16,5	16,2		
4.16. Gjögur				
1. Öryggissvæði		10,5		
2. Markviti	1,0			
	1,0	10,5		
4.17. Raufarhöfn				
1. Öryggissvæði		3,7		
		3,7		
4.18. Kópasker				
1. Markviti	1,0			
	1,0			
4.19. Rif				
1. Öryggissvæði	4,0			
	4,0			
4.20. Stykkishólmur				
1. Markviti	1,0			
	1,0			
4.21. Hólmavík				
1. Hlað	3,1			
2. Tækjageymsla		6,3		
3. Markviti	1,0			
	4,1	6,3		

	1992	1993	1994	1995
4.22. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
1. Óskipt		10,0		
		10,0		
4.23. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta				
1. Flugstjórnarmiðstöð	55,0	57,7	60,7	
2. Aðflugsathugun á Vestfjörðum	1,0	5,2		
3. Tæki og búnaður				21,0
	56,0	62,9	60,7	21,0
4.24. Stjórnunarkostnaður flugmálaáætlunar	8,0	8,0		
	8,0	8,0		
4.25. Óráðstafað til endurmats á forsendum og aðstæðum				
1. Óskipt		5,5	352,3	413,0
		5,5	352,3	413,0
Samtals	374,0	393,0	413,0	434,0

1033. Lög [436. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972, sbr. lög nr. 78 30. maí 1984.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1013 (sbr. 694).

1034. Lög [434. mál]

um forfallaþjónustu í sveitum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1014.

1035. Breytingartillaga [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Skuldaskjöl vegna lánveitinga úr Fiskveiðasjóði skulu undanþegin stimpilgjaldi þegar andvirði lánsins gengur til greiðslu eldri lána úr sjóðnum. Slík skjöl skulu sérstaklega auðkennd.

1036. Breytingartillögur [222. mál]

við frv. til l. um málefni fatlaðra.

Frá minni hluta félagsmálanefndar (KHG).

1. Við 4. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Sérstök nefnd skal vera félagsmálaráðuneyti til ráðgjafar um málefni fatlaðra. Nefnist hún stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og skal hún skipuð til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti sjö menn. Alþingi kýs þrjá menn, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir tvo menn og Öryrkjabandalagið og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna sinn fulltrúann hvort. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.
   b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi:
      Stjórnarnefnd úrskurðar, að fenginni umsögn viðkomandi svæðisráðs, um

ágreiningsatriði sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laga þessara, en vísa má þeim úrskurði til ráðherra.

2. Við 38. gr. 2. mgr. falli brott.
3. Við 42. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórnarnefnd ákveður árlega framlög úr Framkvæmdasjóði í samræmi við heildaráætlun, sbr. 41. gr.
4. Við 50. gr. Í stað „skv. 21. og 22. gr.“ komi: skv. 21. gr.
5. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, IV, svohljóðandi:
   Frá og með þeim tíma, sem svæðisskrifstofur taka við skrifstofum svæðisstjórna, skulu starfsmenn svæðisstjórna verða starfsmenn svæðisskrifstofa og halda óbreyttum kjörum.

1037. Framhaldsnefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um málefni fatlaðra.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Að kröfu minni hluta félagsmálanefndar var haldinn fundur í félagsmálanefnd í morgun og fengnir til fundar fulltrúar Þroskahjálpar, Öryrkjabandalagsins, Sjálfsbjargar, Tjaldaness og Skálatúns, auk þess sem Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, mætti á fundinn.

Fulltrúar Tjaldaness og Skálatúns lögðu áherslu á að verksvið réttindagæslumanns yrði betur skilgreint, enn fremur að sjálfsagt og eðlilegt væri að ríki greiddi sjálfseignarstofnunum afgjald fyrir afnot af eignum sem ekki hefðu verið fjármagnaðar af ríki. Þá kom fram frá fulltrúum Tjaldaness að heimilið hefði verið afhent 1976 skulda- og kvaðalaust til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og óskað var eindregið eftir því að sú skipan mála yrði áfram. Þetta var áréttað vegna þess sem fram kemur í athugasemd við 11. gr. frumvarpsins að „starfsemi Tjaldaness þykir þó standa nær þeim vistheimilum sem heyra undir félagsmálaráðuneyti heldur en stofnunum á vegum heilbrigðisráðuneytis. Viðræður hafa því átt sér stað milli heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis um framtíð Tjaldaness og eru aðilar sammála um að eðlilegt sé að vistheimilið flytjist undir félagsmálaráðuneyti. Stefnt skal að því að sú breyting eigi sér stað við gildistöku laga þessara.“

Telur minni hlutinn eðlilegt að ekki séu gerðar breytingar á skipan þessara mála sem ganga þvert á vilja fulltrúa Tjaldaness.

Þá vill minni hlutinn taka fram að fram kom hjá Margréti Margeirsdóttur að mikilvægt væri að koma upp starfsprófunardeild og að felldum 6. tölul. 17. gr. frumvarpsins vantaði einhvern aðila til þess að sinna þessu mikilvæga hlutverki sem er nauðsynleg forsenda XII. kafla frumvarpsins um atvinnumál.

Fulltrúi Öryrkjabandalagsins lagði áherslu á að samtökin teldu 2. málsl. 31. gr. frumvarpsins óþarfan og vöruðu við honum og enn fremur að samtökin teldu rétt að stjórnarnefnd yrði falið að úrskurða um ágreiningsatriði sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laganna og heimild til að vísa þeim úrskurði til ráðherra. Er þetta í samræmi við athugasemd við 4. gr. frumvarpsins sem fram kemur í umsögn Þroskahjálpar.

Að öðru leyti lögðu fulltrúar hagsmunasamtakanna ekki áherslu á þær athugasemdir sínar í umsögnum samtakanna sem ekki hefur verið mætt og verður af hálfu minni hlut-

ans ekki frekar haldið fram kröfu um að koma til móts við þær nú.

Minni hlutinn stendur að þeim breytingartillögum sem nefndin flytur á þskj. 1024 og fagnar því að meiri hluti nefndarinnar hefur snúist til fylgis við afstöðu minni hlutans í 1. og 5. breytingartillögu.

Auk tillagna á þskj. 1024 flytur minni hlutinn nokkrar breytingartillögur.

Um 1., 3. og 4. gr. Gerð er tillaga um að stjórnarnefnd úthluti fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og að Alþingi eigi þar beina aðild. Telja verður eðlilegt að Alþingi hlutist til um úthlutun svo hárra fjárhæða sem raun ber vitni í stað þess að láta framkvæmdarvaldinu það eftir.

Um 2. gr. Lagt er til að stjórnarnefnd verði falið að úrskurða um ágreiningsatriði sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laganna.

Um 5. gr. Gerð er tillaga um að ekki verði heimilt að ákvarða gjaldtöku vegna skammtímavistunar skv. 22. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr. Lagt er til sams konar ákvæði og oft hafa verið sett við sömu aðstæður og vísast til nýlegasta dæmisins í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins um yfirskattanefnd sem tekur við af ríkisskattanefnd.

Minni hlutinn ítrekar fyrri skoðun sína að þörf sé á að vinna betur að frumvarpi þessu og stefna beri að því að leggja fram á haustþingi endurskoðað frumvarp og er reiðubúinn að stuðla að því að svo geti orðið.

Fari svo að frumvarpið hljóti afgreiðslu á þessu þingi mun minni hlutinn styðja það þó annmarkar séu á frumvarpinu eins og bent hefur verið á.

Alþingi, 19. maí 1992.

Kristinn H. Gunnarsson.

1038. Frumvarp til laga [548. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.)

1. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1980 komi: Þó má ákveða í reglugerð endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara sem flytja úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sé það gert skal tilgreint til hvaða ríkisborgara bann við endurgreiðslum tekur. Þá er heimilt að ákveða í reglugerð endurgreiðslur á þeim iðgjöldum sem menn greiða til lífeyrissjóða eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og þeim hluta iðgjalda sem kann að fara fram úr því sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 49/1974 komi: Þó má ákveða í reglugerð endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara sem flytja úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sé það gert skal tilgreint til hvaða ríkisborgara bann við endurgreiðslum tekur. Þá er heimilt að ákveða í reglugerð endurgreiðslur á þeim iðgjöldum sem menn greiða til lífeyrissjóðsins eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og þeim hluta iðgjalda sem kann að fara fram úr því sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að íslensk löggjöf, er fjallar um starfsemi lífeyrissjóða, brjóti ekki í bága við almannatryggingareglur þær sem gilda munu á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Samkvæmt VI. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er gert ráð fyrir því að reglugerð EB nr. 1408/71 gildi á hinu Evrópska efnahagssvæði. Samkvæmt 10. gr. reglugerðarinnar ber að líta svo á að þegar endurgreiðsla iðgjalda er háð því skilyrði að sjóðfélagi heyri ekki lengur undir skyldutryggingu samkvæmt löggjöf samningsríkis telst þessu skilyrði ekki fullnægt á meðan hann heyrir undir skyldutryggingu launþega samkvæmt löggjöf annars samningsríkis. Það ber þannig að líta á hið Evrópska efnahagssvæði sem eina heild og þó svo að hlutaðeigandi flytjist milli landa á það ekki að leiða til þess að hann fái iðgjöld þau, sem hann hefur greitt í lífeyrissjóð, endurgreidd enda mundi sjóðfélaginn síðar eignast rétt til lífeyris úr viðkomandi lífeyrissjóði með sömu reglum og íslenskir sjóðfélagar.

Í samræmdri reglugerð Sambands almennra lífeyrissjóða er ekki heimild til að endurgreiða erlendum ríkisborgurum, er flytjast af landi brott, greidd iðgjöld. Hins vegar er slík heimild í reglugerðum nokkurra sjóða innan Landssambands lífeyrissjóða, t.d. í reglugerð Lífeyrissjóða verslunarmanna.

Um 1. og 2. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega óbreytt frá núgildandi lagaákvæðum nema hvað lagt er til að ólögmætt verði að endurgreiða iðgjöld ef það telst bannað samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Ákvæðin munu hafa almennt gildi þannig að þau geta ekki aðeins tekið til ríkisborgara þeirra landa sem tilheyra hinu Evrópska efnahagssvæði heldur einnig ríkisborgara annarra landa sem Ísland hefur eða mun hugsanlega síðar gera milliríkjasamninga við.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

1039. Nefndarálit [421. mál]

um frv. til l. um almenna fullorðinsfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk um það umsagnir frá Kennarasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Iðntæknistofnun, Hinu íslenska kennarafélagi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Þá fékk nefndin á sinn fund til viðræðna um málið Guðnýju Helgadóttur, deildarstjóra fullorðinsfræðslu í menntamálaráðuneytinu, og Karl Kristjánsson, deildarsérfræðing í sama ráðuneyti.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um

á sérstöku þingskjali. Meginbreyting nefndarinnar varðar ákvæði 3. gr. frumvarpsins um fullorðinsfræðsluráðið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skipan ráðsins sé ákveðin í reglugerð. Nefndin telur hins vegar heppilegra að skipan þess sé tilgreind í lögunum og flytur um það tillögu. Þá er gerð breyting á endurskoðunarákvæði frumvarpsins og lagt til að lögin verði endurskoðuð eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þeirra en í frumvarpinu er miðað við fjögur ár. Einnig gerir nefndin breytingu á 9. gr. til að taka af öll tvímæli um efni hennar. Að lokum er lagfærð tilvísun í 6. gr. frumvarpsins og orðalagsbreyting gerð á 14. gr. þess.

Tómas Ingi Olrich og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. maí 1992.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Hjörleifur Guttormsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Árni Johnsen.	Björn Bjarnason.
	Kristín Ástgeirsdóttir.	

1040. Breytingartillögur [421. mál]

við frv. til l. um almenna fullorðinsfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Menntamálaráðherra skipar 13 manna fullorðinsfræðsluráð til tveggja ára. Í ráðið skal skipa á eftirfarandi hátt: Einn fulltrúa menntamálaráðuneytisins, einn tilnefndan af félagsmálaráðherra, tvo tilnefnda af samtökum atvinnurekenda, þrjá tilnefnda af samtökum launafólks, þrjá fulltrúa þeirra aðila sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu, einn tilnefndan af Samtökum sveitarfélaga, einn tilnefndan af Öryrkjabandalaginu. Menntamálaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Kveða skal nánar á um skipan ráðsins í reglugerð.
2. Við 6. gr. Í stað orðanna „sbr. 13. gr.“ í c-lið komi: sbr. 12. gr.
3. Við 9. gr. 2. málsl. orðist svo: Fræðsluaðila ber að semja um slík afnot við stjórnendur skóla og þá aðila sem eru ábyrgir fyrir rekstri skólans.
4. Við 14. gr. Í stað orðanna „sem boðið hefur verið upp á“ í lok fyrri málsliðar komi: sem í boði er.
5. Við 16. gr. Í stað orðanna „fjórum árum“ komi: þremur árum.

1041. Lög [534. mál]

um viðauka við lög nr. 39 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 960.

1042. Lög [222. mál]

um málefni fatlaðra.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1000 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Á hverju starfssvæði, sbr. 5. gr., skal starfa svæðisráð í málefnum fatlaðra.

Svæðisráð skulu hafa eftirtalin verkefni:

1. Að gera tillögur til félagsmálaráðuneytis og svæðisskrifstofu um þjónustu og stuðla að samræmingu hennar á svæðinu.
2. Að hafa eftirlit með að þjónusta, starfsemi og rekstur stofnana samkvæmt lögum þessum séu í samræmi við markmið laganna.
3. Að veita félagsmálaráðuneyti umsögn um svæðisáætlanir, sbr. 4. tölul. 12. gr., um uppbyggingu þjónustu fyrir fatlaða, sbr. 41. gr., og um nýja eða breytta starfsemi, sbr. 45. gr.
4. Að annast réttindagæslu fatlaðra skv. XV. kafla, þar á meðal að fatlaðir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.
5. Að hafa frumkvæði að aukinni ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra, sbr. ákvæði 13. gr. um þjónustusamninga.

Í svæðisráði sitja sjö fulltrúar og skulu þeir skipaðir af ráðherra til fjögurra ára í senn. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið skulu tilnefna sinn fulltrúann hvor og svæðisbundin samtök sveitarfélaga þrjá og skal einn þeirra vera félagsmálastjóri á svæðinu. Jafnframt skulu fræðslustjóri og héraðslæknir eiga sæti í svæðisráði.

Svæðisráð kýs sér sjálft formann.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um störf svæðisráða.

14. gr. hljóðar svo:

Leyfi til handa sveitarfélögum, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum til að setja á fót og reka stofnanir skv. 9. gr. eða heimili fyrir fatlaða skv. 3.–6. tölul. 10. gr. veitir félagsmálaráðherra að fenginni umsögn viðkomandi svæðisráðs. Heimilt er félagsmálaráðherra að gera sérstaka þjónustusamninga við félagasamtök og sjálfseignarstofnanir, sbr. 3. mgr. 13. gr.

15. gr. hljóðar svo:

Svæðisráð annast eftirlit með stofnunum fyrir fatlaða. Skylt er að veita fulltrúum svæðisráða aðgang að stofnunum og heimilum fatlaðra, sem leyfi hafa verið veitt til skv. 14. gr., til eftirlits og upplýsinga um allt er varðar starfsemi þeirra og rekstur. Svæðisráðum ber að leiðbeina um það sem betur má fara. Félagsmálaráðherra getur svipt rekstraraðila starfsleyfi að tillögu svæðisráðs og stjórnarnefndar hafi hann ekki uppfyllt kröfur þeirra eða ráðuneytis um það sem talið er ábótavant í rekstri innan ákveðinna tímamarka.

49. gr. hljóðar svo:

Tekjur, sem falla til vegna þeirrar atvinnustarfsemi stofnana sem nýtur framlaga á fjárlögum, skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

I.

Þrátt fyrir ákvæði 56. gr. skal ráðstöfun fjár úr Framkvæmdasjóði fatlaðra vera samkvæmt núgildandi lögum fram til ársloka 1992.

II.

Lög þessi skal endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra. Endurskoðun laganna skal m.a. miða að því að auka ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra.

1043. Lög [435. mál]

um breyting á lögum nr. 33 22. apríl 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1015.

1044. Lög [432. mál]

um Fiskistofu.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1027.

1045. Lög [430. mál]

um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1028.

1046. Lög [489. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, sbr. lög nr. 10/1978, nr. 15/1980, nr. 48/1981 og nr. 78/1985.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1029.

1047. Lög [198. mál]

um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 1030 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:

Skuldaskjöl vegna lánveitinga úr Fiskveiðasjóði Íslands, sem ákveðnar hafa verið með formlegu lánsloforði Fiskveiðasjóðs fyrir gildistöku laga þessara, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

Skuldaskjöl vegna lánveitinga úr Fiskveiðasjóði skulu undanþegin stimpilgjaldi þegar andvirði lánsins gengur til greiðslu eldri lána úr sjóðnum. Slík skjöl skulu sérstaklega auðkennd.

1048. Lög [426. mál]

um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 684.

1049. Lög [533. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1992 o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 947.

1050. Þingsályktun [193. mál]

um skipun nefndar til að kanna stöðu samkynhneigðs fólks.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Nefndin skal skipuð fulltrúum dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka samkynhneigðs fólks. Skal nefndin kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi.

1051. Lög [529. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1990, um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Alþingi 19. maí.)

Samhljóða þskj. 896.

1052. Tillaga til þingsályktunar [549. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 20. maí 1992 og standi sú frestun til 17. ágúst 1992 nema kveðja þurfi það saman samkvæmt síðari málsgrein 23. gr. stjórnarskrárinnar.

1053. Þingsályktun [395. mál]

um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Tyrklands.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 638.

1054. Þingsályktun [216. mál]

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1991–1994.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Alþingi ályktar að árið 1992 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN.

(Fjárhæðir í m.kr.)

Markaðar tekjur 1992:		
1. Bensíngjald		4.000
2. Þungaskattur km-gjald		1.355
3. Þungaskattur árgjald		475
		5.830
Fært í ríkissjóð		-265
	Samtals	5.565

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1992	
2.1. Stjórn og undirbúningur:		
1. Skrifstofukostnaður	136	
2. Tæknilegur undirbúningur	103	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	37	
4. Eftirlaunagreiðslur	8	284
2.2. Viðhald þjóðvega:		
1. Almenn þjónusta		
1. Sameiginlegt	250	
2. Malarvegir	278	
3. Vegir með bundnu slitlagi	150	
4. Brýr	28	706
2. Vetrarþjónusta		490
3. Viðhald		
1. Endurnýjun bundins slitlags	320	
2. Endurnýjun malarslitlags	152	
3. Styrkingar og endurbætur	198	
4. Viðhald brúa og varnargarða	78	
5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir	78	
6. Vatnaskemmdir	73	899
2.3. Til nýrra þjóðvega:		
1. Stofnbrautir		
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	862	
2. Sérstök verkefni	353	
3. Höfuðborgarsvæðið	417	
4. Stórverkefni	597	
		2229
2. Þjóðbrautir	282	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	0	
4. Girðingar og uppgræðsla	26	2537

	1992	
2.4. Til brúagerða:		
1. Brýr 10 m og lengri	152	
2. Smábrýr	13	165
2.5. Til fjallvega o.fl.:		
1. Aðalfjallvegir	24	
2. Aðrir fjallvegir	11	
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	15	
4. Vegir á Þingvöllum	2	
5. Reiðvegir	6	58
2.6. Til sýsluvega:		163
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:		234
2.8. Til tilrauna:		29
Samtals		5565

SUNDURLIÐUN

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. stofnbrautir.

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
11	Um Mýrdalssand	12
1	Suðurlandsvegur	
05	Göngubrú á Ölfusá	50
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	
04–07	Þjórsárdalsvegur–Einholtsvegur	6
31	Skálholtsvegur	
01	Skeiðavegur–Hvítá	15
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	2
36	Þingvallavegur	
01	Biskupstungnabraut–Grafningsvegur	16
36	Þingvallavegur	
02	Lýsing í Mosfellsdal	4
41	Reykjanesbraut	
05	Lýsing (1 km)	6
06	Lýsing vegamóta	1
12	Flugvallarvegur–Víknavegur	19
46	Víknavegur	
01	Um Fitjar	42
05	Lýsing (1 km)	5
411	Arnarnesvegur	
04	Bæjarbraut–Reykjanesbraut	15
422	Njarðvíkurvegur	
03	Njarðvíkurbraut–vestribyggð	5

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
1	Vesturlandsvegur	
12	Arnarbæli–Hvammshorn	24
50	Borgarfjarðarbraut	
04–05	Deildartunga–Kaðalstaðir	38
54	Ólafsvíkurvegur	
02–03	Brókarlækur–Hestlækur	20
03	Hestlækur–Hítará	36
05–06	Núpá–Stóra Þúfa	10
60	Vestfjarðavegur	
03	Króksfjarðarnes–Kambur	10
27	Vestfjarðagöng	125
61	Djúpvegur	
25	Óshlíð	9
63	Bíldudalsvegur	
03	Hálfdan–Bíldudalur	13
68	Hólmavíkurvegur	
01–04	Fjarðarhorn–Kjörseyri	6
1	Norðurlandsvegur	
01	Sýslumörk–Staðarskáli	8
21	Reiðgil–Grjótá	7
76	Siglufjarðarvegur	
03–04	Kýrholt–Hlíðarendi	36
09–10	Lambanesá–Sauðanes	11
10	Strákagöng	19
1	Norðurlandsvegur	
02	Öxnadalsá–Þverá	52
03	Þverá–Hörgárdalsvegur	34
17	Fosshóll–Aðaldalsvegur	2
22	Múlavegur–Kísiliðja	15
85	Norðausturvegur	
27	Brekknaheiði	2
87	Kísilvegur	
00	Kirkja–Mývatnsvegur	13
829	Eyjafjarðarbraut eystri	
01	Um Þverá	15
1	Austurlandsvegur	
10	Jökulsá–Dimmidalur	15
11	Skóghlíð–Fellabær	14
21–22	Ós–Núpur	25
38	Mánagarður–Myllulækur	28
43	Reynivellir–Jökulsá	2
45	Hrútá–Kvíá	30
85	Norðausturvegur	
03	Skeggjastaðir–Hafnarvegur	17
04	Á Sandvíkurheiði	10
93	Seyðisfjarðarvegur	
02	Langahlíð–Miðhúsaá	6
96	Suðurfjarðavegur	
03	Götuhjalli–Vattarnes	12
	Samtals	862

1.2. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
11	Um Mýrdalssand	35
18	Um Markarfljót	18
1	Vesturlandsvegur	
13	Hellistungur	3
54	Ólafsvíkurvegur	
03	Hestlækur–Hítará	61
60	Vestfjarðavegur	
22	Dýrafjörður	15
61	Djúpvegur	
01	Tenging Inndjúps	57
1	Norðurlandsvegur	
01	Sýslumörk–Staðarskáli	8
21	Reiðgil–Grjótá	28
1	Norðurlandsvegur	
02	Öxnadalsá–Þverá	51
92	Norðfjarðarvegur	
09	Ofan Eskifjarðar–Göng	18
10	Göng–Skuggahlíð	20
917	Hlíðarvegur	
04–06	Vopnafjörður–Hérað	39
	Samtals	353

1.3. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
13	Umferðarljós	2
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogslækur–Vífilsstaðavegur	10
06	Reykjavíkurvegur–Reykjanesbraut	15
06	Engidalur–Flatahraun	70
411	Arnarnesvegur	
04	Bæjarbraut–Reykjanesbraut	30
07	Breiðholtsbraut–Elliðavatnsvegur	26
07	Elliðavatnsvegur–Suðurlandsvegur, lýsing	7
415	Álftanesvegur	
04	Hafnarfjarðarvegur–Bessastaðavegur	1
	Sæbraut/Ánanaust	25
	Geirsgata	30
	Bústaðavegur	21
	Höfðabakki (gatnamót)	15
	Vesturlandsvegur	10
	Greiðsla skulda, Reykjavík	118
	Vífilsstaðavegur	37
	Samtals	417

1.4. Stórverkefni.

Stórbrýr.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
18	Um Markarfljót	107
60	Vestfjarðavegur	
22	Dýrafjörður	18
1	Austurlandsvegur	
21	Breiðdalsá	2
	Samtals	127

Jarðgöng.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
	Vestfjarðagöng	417
76	Siglufjarðarvegur	
10	Strákagöng	28
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Um Ólafsfjarðarmúla	16
	Austurlandsgöng	9
	Samtals	470
	Stórverkefni samtals	597

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
26	Landvegur	
01	Suðurlandsvegur–Hagabraut nyrðri	5
239	Eldfellsvegur	3
253	Gunnarshólmavegur	
01	Landeyjavegur–Landeyjavegur	1
255	Akureyjarvegur	
01	Suðurlandsvegur–Landeyjavegur	2
264	Rangárvallavegur	
03	Þingskálavegur–Suðurlandsvegur	9
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Suðurlandsvegur–Holtsvegur	7
35	Biskupstungnabraut	
05	Skálholtsvegur–Reykjavegur	19
09	Kjalvegur við Gullfoss	10
37	Laugarvatnsvegur	
03	Um Laugardalshóla	12
350	Grafningsvegur neðri	
01	Alviðra–Stóri-Háls	4
417	Bláfjallavegur	
01	Suðurlandsvegur–Bláfjöll	23

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
50	Borgarfjarðarbraut	
04–05	Deildartunga–Kaðalstaðir	18
53	Hvítárvallavegur	
01–02	Vesturlandsvegur–Hvanneyri	19
508	Skorradalsvegur	
02	Hjá Vatnsenda	13
589	Sælingsdalsvegur	2
619	Ketildalavegur	
03	Bíldudalur–Hvesta	15
643	Strandavegur	
05–06	Kaldbaksvík–Kolbeinsvík	16
711	Vatnsnesvegur	
01	Hvammstangi–Skarð	1
726	Auðkúluvegur	12
752	Skagafjarðarvegur	
02	Héraðsdalsvegur–Svartárdalsvegur	7
765	Hegranesvegur eystri	14
83	Grenivíkurvegur	
03	Gljúfurá–Grenivík	15
805	Svarfaðardalsvegur	
01	Holt–Tjörn	20
830	Svalbarðseyrarvegur	
02	Norðurlandsvegur–Svalbarðseyri	4
853	Hvammavegur	2
94	Borgarfjarðarvegur	
08	Skriður–Framnes	14
931	Upphéraðsvegur	
08	Hafursá–Freyshólar	15
	Samtals	282

2.4. Til brúagerða.
1. Til brúa 10 m og lengri

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1992 m.kr.
	Eyjafjarðará (823)	13
	Leirá og Jökulkvísl (Álftaversafréttur)	4
	Reyðarvatnslækur (264)	4
	Kolbeinsdalsá (76)	22
	Gljúfurá (83)	13
	Fjallsá (1)	64
	Fjarðará (þjóðvegur í þéttbýli)	32
	Samtals	152

1055. Frumvarp til laga [422. mál]

um vernd barna og ungmenna.

(Eftir 2. umr., 20. maí.)

I. KAFLI
Markmið og stjórn barnaverndarmála.

1. gr.
Markmið barnaverndar.

Markmið barnaverndar er að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði. Skal það gert með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Í barnaverndarstarfi skal jafnan það ráð upp taka sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir bestu. Skal barnaverndarstarfi hagað þannig að það stuðli að stöðugleika í uppvexti barna og ungmenna.

Með *börnum* er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en *ungmenni* eru einstaklingar 16–18 ára.

Þar sem talað er um foreldra í lögum þessum er einnig átt við aðra þá sem hafa forsjá barna með höndum, sbr. 6. mgr. 29. gr. barnalaga.

2. gr.
Stjórn barnaverndarmála.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum félagsmálaráðuneytið, barnaverndarnefndir og barnaverndarráð og eru í lögum þessum nefnd barnaverndaryfirvöld.

3. gr.
Hlutverk félagsmálaráðuneytis varðandi barnaverndarmál.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn barnaverndarmála og skal sérstök deild innan þess annast samræmingu og heildarskipulag þeirra.

Ráðuneytið skal hafa frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndar. Það skal enn fremur veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi fjölskylduvernd og úrlausn barnaverndarmála. Það skal hafa eftirlit með störfum allra barnaverndarnefnda á landinu, heimta frá þeim ársskýrslur og gefa árlega út skýrslu um starfsemi barnaverndaryfirvalda. Ræki barnaverndarnefnd ekki störf þau sem henni eru falin í lögum þessum skal ráðuneytið krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína. Ef ráðuneytinu þykir ástæða til getur það lagt fyrir barnaverndarnefnd að gera sérstakar ráðstafanir í máli hvort sem hún hefur fjallað um það áður eða ekki. Nú verður ráðuneytið þess áskynja að barnaverndarnefnd hefur kveðið upp úrskurð sem er andstæður lögum og getur ráðuneytið þá skotið málinu til endanlegs úrskurðar barnaverndarráðs.

Ráðuneytið skal hlutast til um að settar verði á fót stofnanir skv. 51. gr. laga þessara. Það hefur einnig eftirlit og umsjón með stofnunum þar sem börn eru vistuð á vegum barnaverndarnefnda. Ráðuneytið hefur yfirumsjón með vistun barna og ungmenna utan foreldrahúsa. Það skal annast fræðslustarfsemi fyrir þá sem starfa að barnaverndarmálum, m.a. með útgáfustarfsemi og námskeiðum.

4. gr.

Meginþættir í starfi barnaverndarnefnda.

Forvarnir. Barnaverndarnefndir skulu setja fram tillögur og ábendingar um atriði sem stuðla að því að búa börnum og ungmennum góð uppeldisskilyrði og benda á félagsleg atriði sem eru andstæð því uppeldismarkmiði.

Eftirlit og leitarstarf. Barnaverndarnefndir skulu hafa eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna og ungmenna í þeim tilgangi að greina sem fyrst vanda þeirra sem búa við ófullnægjandi aðstæður, sæta illri meðferð eða eiga í félagslegum erfiðleikum. Barnaverndarnefndir skulu einnig hafa sérstakt eftirlit með aðbúnaði barna sem dveljast á uppeldisstofnunum í umdæmi nefndarinnar, svo sem á dagvistum barna, sumardvalarheimilum og barnaheimilum hvers konar, að svo miklu leyti sem eftirlit er ekki falið öðrum samkvæmt lögum.

Úrræði. Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt lögum þessum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð barns eða ungmennis. Þær geta úrskurðað um töku barns af heimili og dvöl á fósturheimili eða uppeldisstofnun ef önnur úrræði þykja ekki henta til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í lögum þessum.

Önnur verkefni. Einnig hafa barnaverndarnefndir með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í öðrum lögum.

5. gr.

Sérstakar skyldur barnaverndaryfirvalda.

Barnaverndarnefndarmenn, barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðila og annað starfslið á vegum þeirra hljóta þá vernd sem opinberum starfsmönnum er tryggð og bera skyldur samkvæmt því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

II. KAFLI
Um barnaverndarnefndir.

6. gr.

Kosning og kjörgengi í barnaverndarnefnd.

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir. Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórnir í kaupstöðum kjósa barnaverndarnefndir, sbr. þó 2. mgr. Minni sveitarfélög skulu sameinast um kosningu barnaverndarnefndar. Heimilt er sveitarstjórn að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálaráði (félagsmálanefnd) störf barnaverndarnefndar og í þeim tilvikum skal gæta þeirra sjónarmiða sem nefnd eru í 5. mgr. um kjör barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum.

Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem barnaverndarnefnd fjallar um. Leitast skal við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd þar sem slíks er kostur og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Kosning fer eftir 57. gr. sömu laga eftir því sem við á.

7. gr.

Starfslið barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd skal að fenginni heimild hlutaðeigandi sveitarstjórna ráða sérhæft starfslið. Skal við það miðað að hægt sé að veita foreldrum, forráðamönnum barna og stofnunum, er annast uppeldi, viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal miðað við að nægilegir möguleikar séu til félagslegra og sálfræðilegra rannsókna á börnum er með þurfa vegna könnunar og meðferðar barnaverndarmála.

Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem félagsmálastofnanir, fræðsluskrifstofur, svæðisstjórnir eða heilsugæslustöðvar, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu, svo og leita til sérfræðinga í einstökum málum.

Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka og skal hún setja um það reglur sem héraðsnefnd eða sveitarstjórn staðfestir. Ákvörðun um þvingunaraðgerð getur barnaverndarnefnd þó ein tekið, sbr. þó 47. gr.

8. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd, þar sem barn er dvalfast, á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. mgr.

Nú flyst barn úr umdæmi nefndar eftir að hún hefur tekið mál þess til meðferðar og skal þá barnaverndarnefnd á hinu nýja heimili barnsins taka við meðferð málsins. Ber fyrri barnaverndarnefndinni skylda til að tilkynna hinni síðari um flutninginn og fyrri afskipti sín af málefnum barnsins. Félagsmálaráðuneytið getur þó heimilað að nefnd sú, sem haft hefur málið til meðferðar, fari áfram með það ef það varðar aðgerðir á grundvelli 2. mgr. 22. gr., 24. gr. eða 25. gr. laganna. Skulu barnaverndarnefndir þá veita hver annarri upplýsingar til skýringar málum og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni eða ungmenni til dvalar í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barns beri tilteknar skyldur. Barnaverndarnefndinni í dvalarumdæmi barnsins ber að tilkynna nefndinni sem ráðstafaði barninu ef aðstæður þess breytast þannig að ástæða þyki til sérstakrar íhlutunar.

III. KAFLI
Um barnaverndarráð.

9. gr.

Skipan barnaverndarráðs.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna barnaverndarráð til fjögurra ára í senn og þrjá menn til vara. Formaður ráðsins skal fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaður héraðsdómari, sbr. 5. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, með síðari breytingum. Ráðsmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og hafa sérþekkingu á málefnum barna og ungmenna. Ráðherra tilnefnir formann og varaformann barnaverndarráðs.

Ráðherra ákveður laun barnaverndarráðsmanna og greiðast þau úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið.

10. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs.

Hlutverk barnaverndarráðs er að fara með úrskurðarvald í þeim málum sem skotið er til ráðsins samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 49. gr.

Barnaverndarráð skal hafa sérhæfða starfsmenn í þjónustu sinni og enn fremur annað starfsfólk við hæfi. Barnaverndarráð getur einnig leitað álits sérfræðinga utan ráðsins þegar ástæða þykir til.

11. gr.

Fundir barnaverndarráðs.

Barnaverndarráð er ályktunarfært ef allir ráðsmenn sitja fund og tveir þeirra fylgjast að máli. Varamaður tekur sæti ef ráðsmaður hefur boðað forföll eða er vanhæfur, sbr. 4. mgr. 49. gr., sbr. 42. gr.

Barnaverndarráð heldur fundi eftir þörfum.

Úrskurðir ráðsins skulu skráðir í fundagerðarbók. Í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur, skulu sett ákvæði um starfsháttu barnaverndarráðs.

IV. KAFLI
Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

12. gr.

Tilkynningarskylda almennings.

Hverjum, sem verður þess vís að barni sé misboðið, uppeldi þess sé vanrækt eða aðbúnaði þess svo áfátt að barninu geti stafað hætta af, er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd þar sem barnið dvelst.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

13. gr.

Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum og ungmennum.

Hverjum, sem stöðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna og ungmenna og verður í starfa sínum var við óviðunandi misfellur á uppeldi og aðbúð barna eða ungmenna, er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er fóstrum, dagmæðrum, kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum og öðrum þeim, sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf, skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna og ungmenna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að málefnum barns sé þannig komið að barnaverndarnefnd ætti að hafa afskipti af þeim. Tilkynningarskylda gengur að þessu leyti framar ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

14. gr.

Tilkynningarskylda lögreglu og dómara.

Skylt er löggæslumanni að gera barnaverndarnefnd viðvart þegar hann hefur til meðferðar mál barns eða ungmennis.

Þegar brot eru framin annaðhvort af börnum eða ungmennum eða gegn þeim skal löggæslumaður eða dómari þegar í stað tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls. Sé barn innan 16 ára aldurs skal jafnframt gefa barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn eða starfsmann vera viðstaddan þegar barn-

ið er yfirheyrt. Getur dómari og krafist þess ef honum þykir þörf.

Barnaverndarnefnd er skylt að tilkynna foreldri barns ef mál, er varðar barnið, er til meðferðar hjá lögreglu eða dómstólum, sbr. 1. og 2. mgr., enda mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því. Óski foreldri eftir því að vera viðstatt yfirheyrslu yfir barni sínu yngra en 16 ára skal það að jafnaði heimilt. Dómari úrskurðar um þetta atriði ef ágreiningur verður og sætir úrskurður hans ekki kæru.

15. gr.

Nafnleynd tilkynnanda.

Ef sá sem tilkynnir barnaverndarnefnd óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli því gegn.

16. gr.

Samstarf við barnaverndarnefndir.

Öllum þeim, sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna, svo sem starfsfólk heilbrigðisþjónustu, skóla, dagvistarheimila barna og löggæslu, er skylt að stuðla að því að barnaverndarstarf komi að sem mestum notum og skulu hafa samvinnu við barnaverndaryfirvöld í því skyni.

Barnaverndaryfirvöld skulu með sama hætti hafa samstarf við þá sem stöðu sinnar vegna hafa þekkingu á málefnum barna og ungmenna.

Skylt er skólum og dagvistarheimilum að hafa náið samstarf við barnaverndarnefndir varðandi stuðning við börn og fjölskyldur þeirra sem standa höllum fæti félagslega.

Stofnanir á sviði félags- og heilbrigðismála, svo sem áfengismeðferðarstofnanir og geðdeildir, skulu skipuleggja þjónustu sína við foreldra barna þannig að tillit verði tekið til hagsmuna barnanna.

Skylt er lögreglu, dómstólum og fangelsismálayfirvöldum að hafa samvinnu við barnaverndarnefndir og veita þeim aðstoð við úrlausn barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um samvinnu barnaverndaryfirvalda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir.

V. KAFLI

Skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart einstökum börnum og ungmennum og fjölskyldum þeirra.

17. gr.

Skyldur foreldra.

Foreldrum ber að gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum barna, sbr. 29. gr. barnalaga. Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna foreldraskyldum sínum, en grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt þessum kafla ef nauðsyn ber til. Að jafnaði skal þess gætt að almenn úrræði til stuðnings við fjölskyldu verði reynd áður en gripið er til þvingunarúrræða. Þó skal ávallt það ráð upp taka sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir bestu.

18. gr.

Könnun máls.

Nú fær barnaverndarnefnd rökstuddan grun um að

a. líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða

b. barn eða ungmenni stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni og er nefndinni þá skylt að kanna málið án tafar.

Skal kosta kapps um að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barna eða ungmenna sem í hlut eiga, tengsl þeirra við foreldra eða aðra og aðbúð þeirra á heimili, skólagöngu þeirra og hegðun á heimili og utan þess, svo og um andlegt og líkamlegt ásigkomulag þeirra. Skal leita aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur.

Um heimildir barnaverndarnefndar og starfsmanna hennar við könnun mála gilda að öðru leyti ákvæði 43. gr.

Foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá er skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega fyrir sig, enda skal barnaverndarnefnd sýna þeim er málið snertir alla nærgætni. Könnunin skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur.

19. gr.

Áætlun um meðferð máls.

Nú er í ljós leitt að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða barn stefnir eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni, t.d. afbrotum eða neyslu vímuefna, og skal barnaverndarnefnd þá láta gera skriflega áætlun um meðferð málsins.

Í áætluninni skal tilgreint hvernig hagsmunir barnsins verði best tryggðir, m.a. hvaða aðstoð foreldrum verði veitt til að gera þeim kleift að fara með forsjá barnsins og einnig hvað foreldrum beri að gera fyrir sitt leyti til að mega fara áfram með forsjá þess.

20. gr.

Skráning barna í áhættuhópi.

Barnaverndarnefnd skal halda sérstaka skrá um þau börn og ungmenni í umdæmi sínu sem hún telur að sé hætta búin skv. 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. í þeim tilgangi að tryggja yfirsýn og samfellda málsmeðferð í slíkum málum. Nú breytast aðstæður þannig að mati nefndar að barn telst ekki lengur í áhættuhópi og skal nafn þess þá ekki standa lengur á skránni. Foreldrum skal að jafnaði gerð grein fyrir að barn þeirra sé á skrá, sbr. 3. mgr. 43. gr., nema það komi í bága við hagsmuni barnsins að mati nefndarinnar. Ráðuneytið setur reglugerð um fyrirkomulag skráningar og meðferð upplýsinga í samræmi við lagaákvæði þetta og lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989.

21. gr.

Stuðningsúrræði.

Nú leiðir könnun máls í ljós að þörf er aðgerða barnaverndarnefndar og skal hún þá í samvinnu við foreldra, og eftir atvikum barn eða ungmenni, veita aðstoð eftir því sem við á með því að

a. leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns,
b. útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu,
c. útvega barni eða ungmenni dagvist, skólavist, atvinnu eða möguleika til hollrar tómstundaiðju,
d. beita almennum úrræðum til úrbóta samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðra,
e. aðstoða foreldra við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála,
f. vista barn um skamman tíma utan heimilis á vistheimili eða fósturheimili,

g. taka við forsjá barns með samþykki foreldra, sbr. 44. gr., útvega því varanlegt fóstur-heimili og hlutast til um að barninu verði skipaður lögráðamaður.

Ráðuneytið skal setja reglugerð um úrræði skv. b-lið þessarar greinar.

22. gr.

Skylda barnaverndarnefndar við börn og ungmenni í hættu vegna eigin hegðunar.

Nú stefnir barn eða ungmenni eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni, svo sem með neyslu áfengis eða annarra vímuefna, afbrotum eða annarri jafnskaðlegri hegðun, og skal barnaverndarnefnd þá veita sérstaka aðstoð með viðtölum, ráðgjöf, vistun á unglingaheimili eða öðrum tiltækum stuðningsaðgerðum.

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir er barnaverndarnefnd heimilt í samráði við foreldra að vista barn til skammtímameðferðar og rannsóknar í allt að fjórar vikur í senn á viðeigandi stofnun. Ef vistun er gegn vilja barns sem orðið er 12 ára skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta, sbr. 2. og 3. mgr. 46. gr. Heimilt er að gefa barni undir 12 ára aldri kost á að tjá sig með sama hætti óski barnið þess.

Nú telur barnaverndarnefnd ekki hjá því komist að vista ungmenni gegn vilja þess á stofnun vegna þess að það stefnir eigin heilsu eða þroska í alvarlega hættu með vímuefnaneyslu og getur nefndin þá leitað samþykkis dómsmálaráðuneytis fyrir vistun ungmennis á sjúkrahúsi eða deild Unglingaheimilis ríkisins fyrir vímuefnaneytendur í samræmi við ákvæði lögræðislaga, nr. 68/1984.

23. gr.

Skylda barnaverndarnefndar við barn eða ungmenni sem verður fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum.

Nú hefur barn eða ungmenni orðið fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum og skal þá barnaverndarnefnd aðstoða það með ráðgjöf eða meðferð eftir því sem við á. Barnaverndarnefnd er þá heimilt að fylgjast með rannsókn máls, sbr. 2. mgr. 14. gr. Svo og getur nefndin skipað barninu sérstakan talsmann ef því er að skipta, sbr. 3. mgr. 46. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís að ábótavant er framkomu manns sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn og skal hún þá láta málið til sín taka og koma með ábendingar til úrbóta.

24. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Nú telur barnaverndarnefnd sýnt að heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra og getur barnaverndarnefnd þá með úrskurði

a. kveðið á um eftirlit með heimili,
b. gefið fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barnsins, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, meðferð eða þjálfun,
c. kveðið á um töku barns af heimili, kyrrsetningu þess á fóstur- eða vistheimili, læknisskoðun, innlögn á sjúkrahús eða aðra stofnun til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu,
d. ákveðið að ekki megi fara með barnið úr landi.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skulu ávallt vera tímabundnar og eigi standa

lengur en þörf krefur hverju sinni og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

25. gr.

Forsjársvipting.

Barnaverndarnefnd getur með úrskurði svipt foreldra, annað eða bæði, forsjá barns ef

a. uppeldi, daglegri umönnun eða samskiptum foreldra við barnið er alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska,
b. barn er sjúkt eða fatlað og foreldrar tryggja því ekki viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennslu,
c. barninu er misþyrmt, misboðið kynferðislega ellegar það má þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu,
d. telja má fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, alvarlegrar geðveilu, mikils greindarskorts, eða hegðun foreldra er líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

Úrskurður um forsjársviptingu skal því aðeins kveðinn upp að ekki sé unnt að beita öðrum aðgerðum til úrbóta skv. 21. gr. og 24. gr. eða slíkar aðgerðir hafa verið fullreyndar án nægilegs árangurs. Úrskurð á grundvelli d-liðar fyrri málsgreinar, þegar um er að ræða nýfætt barn sem enn hefur ekki flust í umsjá foreldra, er einungis heimilt að kveða upp hafi viðeigandi aðgerðir skv. 21. gr. verið reyndar til þrautar án árangurs.

26. gr.

Skipan lögráðamanns.

Hafi foreldrar verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til nefndarinnar að svo stöddu en jafnframt ber henni að hlutast til um að yfirlögráðandi skipi barninu lögráðamann, sbr. 2. mgr. 27. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984. Barnaverndarnefnd tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður.

27. gr.

Börnum skal tryggð góð umsjá.

Þegar barnaverndarnefnd ráðstafar barni í samræmi við ákvæði f- og g-liða 21. gr., 2. og 3. mgr. 22. gr., c-lið 1. mgr. 24. gr., 25. gr. og 26. gr. skal hún tafarlaust tryggja því góða umsjá. Skal barnaverndarnefnd gera skriflega áætlun svo sem um hvort og hvernig barnið fer að nýju til foreldra eða hvort því skuli komið í varanlegt fóstur.

Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegar lausnir í samræmi við þarfir þeirra.

Nú verður barn 16 ára á heimili þar sem barnaverndarnefnd hefur komið því fyrir og er nefndinni þá skylt að aðstoða það áfram svo lengi sem þörf krefur.

28. gr.

Brottvikning heimilismanns.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimamanns, svo sem vegna ofbeldis á heimili, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis er um getur í 63.–66. gr., en barninu eða ungmenninu gæti annars liðið vel á heimilinu, er nefndinni skylt, ef umvandanir eða aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að leita um brottvikningu hans af heimilinu með beinni aðfarargerð, sbr.

12. kafla aðfararlaga. Er honum þá skylt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 61. gr.

VI. KAFLI
Um ráðstöfun barna í fóstur.

29. gr.
Fóstur.

Með fóstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum forsjá eða umsjá barns þegar

a. kynforeldrar samþykkja það,
b. barn er forsjárlaust,
c. kynforeldrar hafa verið sviptir forsjá eða barn er í umsjá barnaverndarnefndar um tíma.

Fóstur getur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjá barns skv. 29. gr. barnalaga, nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum reynslutíma sem skal ekki vera lengri en eitt ár.

30. gr.
Fósturforeldrar.

Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra af kostgæfni og með tilliti til aðstæðna þeirra, hæfni og reynslu sem heppilegra uppalenda. Enn fremur skal velja fósturforeldra sérstaklega út frá hagsmunum og þörfum viðkomandi barns.

Barnaverndarnefnd ber að aðstoða og undirbúa fósturforeldra áður en fóstur hefst og enn fremur veita þeim stuðning og leiðbeiningar meðan fóstur varir eftir því sem nauðsyn ber til. Fulltrúi barnaverndarnefndar skal koma á fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári hverju.

31. gr.
Fóstursamningur.

Kveða skal á um fóstur í skriflegum samningi milli fósturforeldra og barnaverndarnefndar. Í fóstursamningi skal kveðið á um:

a. hver fer með forsjá barns og að hvaða leyti, sbr. 29. gr.,
b. áætlaðan fósturtíma, þ.e. tímabundið fóstur eða varanlegt,
c. framfærslu barns og annan kostnað, svo sem fósturlaun, sbr. 32. gr.,
d. umgengni barns við kynforeldra og aðra,
e. stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstrið varir,
f. annað sem máli kann að skipta.

Félagsmálaráðuneytið skal útbúa sérstök eyðublöð fyrir fóstursamninga.

32. gr.
Framfærsla og annar kostnaður vegna barns í fóstri.

Hafi barnaverndarnefnd ráðstafað barni eða ungmenni í fóstur eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum skal Tryggingastofnun ríkisins greiða með því umsaminn lífeyri,

en framfærslusveit barns endurgreiðir Tryggingastofnuninni. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna barnsins úr sveitarsjóði.

Allan kostnað, sem barnaverndarnefnd kann að hafa af hvers konar ráðstöfun barna og ungmenna úr öðrum umdæmum, skulu sveitarsjóðir þeirra umdæma endurgreiða ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum.

Barnaverndarnefnd skal tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um fóstursamning samkvæmt nánari reglum er Tryggingastofnun setur.

33. gr.

Umgengni barns í fóstri við kynforeldra.

Barn, sem er í fóstri, með eða án samþykkis kynforeldra, á rétt á umgengni við þá og aðra sem eru barninu nákomnir. Kynforeldrum er rétt og skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum er að því lúta samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar.

Kveða skal á um umgengni í fóstursamningi, sbr. d-lið 31. gr.

Ef sérstök atvik valda því að mati barnaverndarnefndar að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að umgengnisréttar njóti ekki við eða breytt fyrri ákvörðun um umgengnisrétt með úrskurði. Jafnframt getur nefndin í þeim tilvikum lagt bann við hvers konar samskiptum foreldra og barns.

Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

Barnaverndarnefnd á úrlausnarvald um umgengni barna í fóstri við kynforeldra sína.

34. gr.

Réttur barns í fóstri til þess að vita málsatvik.

Eftir atvikum skal barnaverndarnefnd gera barni ljóst hvers vegna því var komið í fóstur að svo miklu leyti sem heppilegt er vegna aldurs þess og þroska. Með sama hætti skal gera barni grein fyrir þeim áformum sem barnaverndarnefnd hefur og varða barnið.

35. gr.

Nefnd er heimilt að úrskurða að barn sé kyrrt í fóstri.

Nú óska foreldrar, sem samþykkt hafa fóstur, eftir því að fóstursamningi verði rift og skal barnaverndarnefnd þá taka málið til meðferðar. Við úrlausn máls skal fyrst og fremst taka mið af velferð barnsins. Barnaverndarnefnd er þá jafnan heimilt að úrskurða að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum ef þar fer vel um það og hagsmunir barns mæla með því.

36. gr.

Samþykki barnaverndarnefndar.

Enginn má taka barn í fóstur nema með samþykki barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi hans og ekki má ráðstafa barni í fóstur nema til aðila sem fengið hefur meðmæli barnaverndarnefndar.

37. gr.

Vanræksla fósturforeldra.

Nú kemst barnaverndarnefnd að raun um að þeir sem hafa barn í fóstri vanrækja uppeldishlutverk sitt og skal hún þá gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til verndar

barni eða ungmenni. Getur nefndin lagt bann við því að fósturforeldrar þessir taki börn framvegis í fóstur.

38. gr.

Endurskoðun fóstursamnings.

Ef aðstæður fósturforeldra breytast, svo sem vegna skilnaðar, andláts eða búferlaflutninga, ber að tilkynna barnaverndarnefnd um það og skal þá endurskoða fóstursamning ef ástæða þykir til. Fósturforeldrar geta og óskað endurskoðunar á fóstursamningi.

39. gr.

Skráning og framkvæmd.

Félagsmálaráðuneytið heldur skrá um börn í varanlegu fóstri.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laganna varðandi fóstur.

VII. KAFLI

40. gr.

Foreldrar vista sjálfir börn sín utan heimilis.

Foreldrar geta falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barna sinna, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni barnsins. Foreldrum ber þó að tilkynna barnaverndarnefnd þegar barni er komið fyrir hjá öðrum og dvöl er ætlað að standa lengur en sex mánuði. Dveljist barn hjá vandamönnum þarf þó ekki að tilkynna um ráðstöfun nema henni sé ætlað að vara til frambúðar. Skilyrðislaust þarf að tilkynna nefndinni ef dvöl barns hefur varað í þann tíma sem áður greinir.

Tilkynningarskylda skv. 1. mgr. gildir ekki þegar vistun er nauðsynleg vegna skólagöngu barnsins, þegar barn er vistað í opinberri stofnun vegna heilsu sinnar eða þroska eða þegar barn er orðið 15 ára.

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu eins og segir í 1. mgr. eða fær upplýsingar á annan hátt um vistun sem tilkynningarskyldan gildir um skal hún kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra sem gæti gert þeim kleift að hafa barnið hjá sér. Ef svo er ekki skal nefndin kanna hvort hag og þörfum barns sé fullnægt á væntanlegum dvalarstað þess. Könnun má fella niður ef fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir um dvalarheimilið.

Hafi barn verið í umsjá annarra, sbr. 1. mgr., í þrjá mánuði eða lengur samkvæmt þessari grein getur barnaverndarnefnd bannað flutning þess að svo stöddu. Barnaverndarnefnd verður þó, innan þriggja mánaða, að kveða upp úrskurð um dvalarstað barnsins. Barnaverndarnefnd er þá heimilt að úrskurða að ráðstöfun skuli haldast ef vel fer um barnið og flutningur stríðir gegn hag þess og þörfum.

VIII. KAFLI

Málsmeðferð.

41. gr.

Ályktunarhæfi.

Barnaverndarnefnd er ályktunarfær þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Nú hamlar nauðsyn barnaverndarnefndarmanni fundarsókn og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara ef unnt er. Boðar formaður þá varamann í hans stað.

42. gr.

Um vanhæfi nefndarmanna.

Um vanhæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála gilda lagareglur um vanhæfi héraðsdómara til að fara með einkamál eftir því sem við getur átt. Sama á við um starfsfólk barnaverndarnefnda.

43. gr.

Rannsóknarskylda og heimildir.

Áður en barnaverndarnefnd ræður máli til lykta skal afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns eða ungmennis, sbr. 2.–4. mgr. 18. gr.

Við rannsókn á högum barns eða ungmennis er barnaverndarnefnd, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, heimilt að taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum barns eða ungmennis og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar er um kann að bera. Um rétt þeirra til að skorast undan að gefa skýrslu gilda ákvæði laga um meðferð einkamála. Svo getur hún og krafist vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar á máli. Heimilt er að ræða við barn í einrúmi.

Að jafnaði skal foreldri eða forráðamanni barns eða ungmennis greint frá því að haldið sé uppi fyrirspurnum um hagi þess samkvæmt grein þessari.

Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er því aðeins heimilt að fara á einkaheimili, barnaheimili eða annan þann stað þar sem börn dveljast til rannsóknar á högum barns eða ungmennis að fyrir liggi samþykki foreldris eða forráðamanns þess eða á grundvelli dómsúrskurðar, sbr. þó niðurlag 47. gr. Dómari metur á grundvelli 18. gr. hvenær þörf er á að fara á heimili.

44. gr.

Samþykki foreldra.

Samþykki foreldris skv. f- og g-liðum 21. gr. og a-lið 29. gr. skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja manna er votta að foreldri hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum ráðstöfunarinnar.

45. gr.

Úrskurðir barnaverndarnefnda.

Málum, er varða ráðstafanir gagnvart börnum, ungmennum eða forráðamönnum þeirra skv. 24. gr., 25. gr., 3.–5. mgr. 33. gr., 35. gr., 4. mgr. 40. gr. og 4. mgr. 46. gr., skal ráðið til lykta með úrskurði. Ef lögfræðingur á ekki sæti í nefndinni skal sýslumaður eða löglærður fulltrúi hans taka sæti í henni með fullum réttindum og skyldum.

Fjórir nefndarmenn hið fæsta af fimm eða sex skulu standa að úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Þar skal rekja málavexti og greina forsendur og niðurstöður. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á að heimilt sé að skjóta máli til barnaverndarráðs, sbr. 49. gr.

46. gr.

Meðferð úrskurðarmála.

Áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð skv. 45. gr. ber að leiðbeina foreldrum eða öðrum forráðamönnum barns eða ungmennis um réttarstöðu þeirra samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal veita þeim kost á að tjá sig um málið fyrir barnaverndarnefnd, munnlega eða skriflega, þar á meðal með liðsinni lögmanna. Eftir atvikum skal

barnaverndarnefnd veita foreldrum fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð.

Að jafnaði ber að veita barni kost á að tjá sig um mál og er það skylt ef mál varðar barn 12 ára eða eldra.

Þegar sérstaklega stendur á er barnaverndarnefnd heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann.

Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum í té öll skrifleg gögn sem byggt er á við úrlausn málsins. Nefndin getur ákveðið með rökstuddum úrskurði að tiltekin gögn skuli ekki afhent ef það skaðar hagsmuni barnsins eða heitið hefur verið trúnaði. Á sama hátt getur nefndin ákveðið að aðilar geti kynnt sér gögn án þess að þau verði afhent.

47. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem ber undir barnaverndarnefnd getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans framkvæmt hana, en leggja skal hann málið fyrir barnaverndarnefnd til staðfestingar án tafar og eigi síðar en innan viku. Ef ráðstöfun felur í sér aðgerðir á grundvelli c- og d-liða fyrri málsgreinar 24. gr. skal hún staðfest með fullnaðarúrskurði barnaverndarnefndar innan tveggja mánaða. Við þessar aðstæður er heimilt að fara inn á heimili þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

48. gr.

Valdbeiting.

Ef beita verður valdi til að hrinda ákvörðun barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs í framkvæmd samkvæmt lögum þessum heyrir slík valdbeiting undir sýslumann ef brýna nauðsyn ber til. Fulltrúi barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs skal þó ávallt vera viðstaddur ef til slíkra ráðstafana þarf að grípa til að gæta hagsmuna barnsins.

49. gr.

Málskot.

Foreldrar, forráðamenn barns eða aðrir þeir, sem eru barninu nákomnir, geta skotið úrskurði barnaverndarnefndar til fullnaðarúrskurðar til barnaverndarráðs innan fjögurra vikna frá því að viðkomanda var kunnugt um úrskurð barnaverndarnefndar. Er barnaverndarráði skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar.

Málskot til barnaverndarráðs frestar ekki framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á getur barnaverndarráð þó ákveðið að framkvæmd samkvæmt ályktun barnaverndarnefndar skuli frestað uns ráðið hefur fellt úrskurð sinn. Að jafnaði skal barnaverndarráð kveða upp fullnaðarúrskurð innan sex mánaða frá því að málinu var skotið til ráðsins.

Barnaverndarráð getur metið að nýju bæði lagahlið málsins og sönnunargögn þess. Það getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu, þar á meðal mælt fyrir um aðrar ráðstafanir en barnaverndarnefnd hefur ákveðið. Þá getur ráðið einnig vísað málinu til nefndarinnar til meðferðar að nýju, svo og aflað gagna sjálft eða fyrir atbeina barnaverndarnefnda eða með öðrum hætti ef því er að skipta.

Að öðru leyti gilda ákvæði 42.–43. gr. og 45.–46. gr. um málsmeðferð fyrir barnaverndarráði. Barnaverndarráð getur að auki mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu.

50. gr.

Endurupptaka mála.

Nú breytast aðstæður foreldra verulega frá því að samþykki var veitt eða úrskurður var kveðinn upp þannig að ætla megi að foreldrar séu nú hæfir til þess að fara með forsjá barns og geta þeir þá farið fram á að barnaverndarnefnd taki mál þeirra upp á ný. Barnaverndarnefnd metur hvort mál skuli endurupptekið og afgreiðir beiðnina með bókun. Við úrlausn málsins skal velferð barns ávallt ganga fyrir.

IX. KAFLI
Um stofnanir.

51. gr.

Heimili fyrir börn og ungmenni.

Heimili, sem undir kafla þennan falla, eru: hvers konar vistheimili eða meðferðarheimili fyrir börn eða unglinga, hjálparstöðvar eða neyðarathvarf fyrir unglinga, sumardvalarheimili, sumarbúðir eða önnur heimili sem taka börn og ungmenni til uppeldis, umönnunar eða aðhlynningar, um langan tíma eða skamman, enda falli þau ekki undir önnur lög.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um að settar verði á fót stofnanir eða heimili sem nauðsynleg eru til að barnaverndarnefndum sé unnt að rækja störf sín samkvæmt lögum þessum.

Félagsmálaráðuneytinu er skylt að reka unglingaheimili, svo og meðferðarheimili fyrir börn sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða. Ráðherra skipar slíkum heimilum þriggja manna stjórnarnefnd til fjögurra ára í senn og setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þeirra. Kostnaður slíkra heimila greiðist úr ríkissjóði.

Barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði með rekstri vistheimila eða á annan hátt til að veita börnum viðtöku vegna aðstæðna á heimili þeirra, svo sem vegna forfalla foreldra, vanrækslu eða illrar meðferðar á barni eða til könnunar á aðstæðum þeirra, sbr. 18. gr.

Heimilt er félagasamtökum eða öðrum aðilum að setja á stofn heimili eða stofnanir til stuðnings börnum og ungmennum að fengnu leyfi félagsmálaráðherra.

52. gr.

Leyfi til að reka heimili.

Óheimilt er að setja á stofn eða reka heimili skv. 51. gr. nema leyfi félagsmálaráðherra komi til. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar þar sem heimilið er ef nefnd sú á ekki hlut að rekstrinum.

Félagsmálaráðuneytið skal semja og gefa út nánari reglur og leiðbeiningar um stjórn, starfsfólk, m.a. hæfisskilyrði og menntun, og alla aðbúð á þeim heimilum sem um getur í 51. gr.

53. gr.

Eftirlit með heimilum.

Barnaverndarnefnd hefur í umdæmi sínu eftirlit með heimilum sem rekin eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla nema eftirlit sé falið öðrum samkvæmt lögum. Barnaverndarnefnd skal fylgjast með högum og aðbúnaði barna á slíkum heimilum og gæta þess vandlega að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur heimili fyrir börn en þau sem hlotið hafa leyfi samkvæmt lögum þessum.

Líkamlegum eða andlegum refsingum má ekki beita á heimilum eða stofnunum fyrir börn og ungmenni.

Ef meðferð barns á barnaheimili eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks heimilis eða stofnunar á annan hátt ábótavant skal barnaverndarnefnd leitast við með leiðbeiningum og áminningum að bæta úr því sem áfátt er. En komi það ekki að haldi skal hún leggja málið fyrir félagsmálaráðuneytið. Ef ráðuneytið fær eigi úr bætt getur það svipt heimili eða stofnun rétti til áframhaldandi rekstrar.

X. KAFLI
Almenn verndarákvæði.

54. gr.
Eftirlit með vinnu barna og ungmenna.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum. Að öðru leyti fer um eftirlit með vinnu barna og ungmenna eftir lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

55. gr.
Varnir gegn vímuefnaneyslu.

Barnaverndarnefnd skal vinna gegn hvers konar vímuefnaneyslu barna og ungmenna í umdæmi sínu. Nefndin skal einnig stuðla að því að þeir sem selja, útvega eða veita börnum eða ungmennum vímuefni sæti ábyrgð lögum samkvæmt.

56. gr.
Eftirlit með sýningum og skemmtunum.

Barnaverndarnefnd skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum og hvers konar opinberum sýningum eða skemmtunum öðrum en kvikmyndasýningum. Þeim er veitir forstöðu skemmtun eða sýningu sem ætla má að börn muni sækja er skylt að kveðja til barnaverndarnefnd eða fulltrúa hennar og gefa nefndinni kost á að kynna sér efni sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur að skemmtun sé með einhverjum hætti skaðsamleg börnum getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Forstöðumenn skemmtunar skulu geta banns um hana á sinn kostnað í auglýsingum og bera ábyrgð á að bann sé haldið.

57. gr.
Útivistartími barna.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu að sama skapi ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir. Sveitarstjórnir geta þó breytt þessum aldursmörkum og tímasetningum með sérstakri samþykkt.

58. gr.
Aðgangur barna og ungmenna að dansleikjum og öðrum skemmtunum.

Börnum, yngri en 16 ára, er óheimill aðgangur og dvöl á dansleikjum öðrum en sérstökum unglinga- eða fjölskylduskemmtunum sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélög-

um eða öðrum þeim sem til þess hafa leyfi. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með að ákvæði þetta sé haldið að viðlagðri afturköllun almenns skemmtanaleyfis um lengri eða skemmri tíma.

Börnum eða ungmennum, innan 18 ára aldurs, er óheimill aðgangur og dvöl á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga, sbr. og 20. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, nema í fylgd með foreldri, öðrum forsjáraðila eða maka. Þeim sem leyfi hefur til áfengisveitinga er skylt að sjá til þess að ákvæði þetta sé haldið að viðlagðri leyfissviptingu.

Ungmenni, innan 18 ára aldurs, mega ekki starfa á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema það sé liður í viðurkenndu iðnnámi.

Þegar börnum eða ungmennum er bannaður aðgangur að skemmtunum, öðrum en á stöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga, skal miða aldursmörk við fæðingarár en ekki fæðingardag.

XI. KAFLI
Refsiákvæði.

59. gr.

Það varðar sektum eða varðhaldi að koma vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarnefnd um atriði sem lög þessi taka til.

60. gr.

Nú lætur maður hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns eða ungmennis að lífi þess eða heilsu sé hætta búin þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

61. gr.

Ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn eða ungmenni gegn banni barnaverndarnefndar eða brýtur gegn úrskurði fógeta eða sýslumanns um að víkja af heimili, sbr. 28. gr., varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

62. gr.

Hver, sem nemur á brott barn eða ungmenni sem barnaverndarnefnd hefur ráðstafað samkvæmt lögum þessum eða kemur því til leiðar að brotið er gegn slíkri ráðstöfun, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

63. gr.

Ef þeir sem hafa barn eða ungmenni í sinni umsjá

a. misþyrma því andlega eða líkamlega,
b. misbjóða því kynferðislega eða á annan hátt,
c. vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hætta búin,

þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

64. gr.

Hver, sem beitir barn eða ungmenni refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum.

65. gr.

Ef maður hvetur barn eða ungmenni til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiðir það með öðrum hætti á siðferðilega glapstigu þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum.

66. gr.

Hver, sem sýnir barni eða ungmenni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

67. gr.

Um rannsókn og meðferð brota, sem refsing er lögð við í lögum þessum, fer að hætti opinberra mála.

Niðurlagsákvæði.

68. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1993. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, með síðari breytingum.

1056. Þingsályktun [183. mál]

um útboð.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa nefnd er hafi það verkefni að semja frumvarp til útboðslaga.

Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila.

1057. Þingsályktun [152. mál]

um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um frekari uppbyggingu og eflingu Háskólans á Akureyri og annarra rannsókna- og fræðslustofnana á svæðinu svo að þar verði öflug miðstöð rannsókna- og fræðslustarfsemi á sviði sjávarútvegs.

1058. Þingsályktun [446. mál]

um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta endurskoða reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna og framkvæmd hennar.

1059. Lög [203. mál]

um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 874.

1060. Lög [547. mál]

um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1031.

1061. Lög [127. mál]

um Viðlagatryggingu Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 841.

1062. Frumvarp til laga [421. mál]

um almenna fullorðinsfræðslu.

(Eftir 2. umr., 20. maí.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að

a. stuðla að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar,
b. fullorðnir hafi hliðstæð tækifæri til náms og nemendur í grunn- og framhaldsskólum,
c. skapa fullorðnum skilyrði til aukins þroska og alhliða menntunar sem nýtist í starfi, fjölskyldulífi og tómstundum og stuðlar að virkri þátttöku einstaklingsins í samfélaginu,
d. skapa, í samræmi við fjárveitingar á hverjum tíma, fræðsluaðilum skilyrði til að þeir geti boðið þátttakendum viðunandi nám og námsaðstöðu.

2. gr.

Lög þessi taka til eftirfarandi þátta:

a. Náms á grunn-, framhalds- eða háskólastigi sem skipulagt er sérstaklega fyrir fullorðna og ekki er fjallað um í öðrum lögum.
b. Almennrar lýðfræðslu og tómstundanáms sem ekki fellur undir a-lið.
c. Þróunarstarfs innan almennrar fullorðinsfræðslu.

II. KAFLI
Yfirstjórn fullorðinsfræðslu.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar 13 manna fullorðinsfræðsluráð til tveggja ára. Í ráðið skal skipa á eftirfarandi hátt: Einn fulltrúa menntamálaráðuneytisins, einn tilnefndan af félagsmálaráðherra, tvo tilnefnda af samtökum atvinnurekenda, þrjá tilnefnda af samtökum launafólks, þrjá fulltrúa þeirra aðila sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu, einn tilnefndan af Samtökum sveitarfélaga, einn tilnefndan af Öryrkjabandalaginu. Menntamálaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Kveða skal nánar á um skipan ráðsins í reglugerð.

Kostnaður við fullorðinsfræðsluráð greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Verkefni fullorðinsfræðsluráðs eru að

a. vera stjórnvöldum til ráðuneytis um meginstefnu og áhersluþætti í fullorðinsfræðslu, jafnt starfsmenntun samkvæmt sérstökum lögum sem almenna fullorðinsfræðslu,
b. afla gagna og miðla upplýsingum um fullorðinsfræðslu í landinu og erlendis,
c. beita sér fyrir samræmdu faglegu mati á námskeiðum,
d. stuðla að samstarfi milli skóla og annarra sem hafa á hendi fullorðinsfræðslu,
e. beita sér fyrir menntun kennara og leiðbeinenda fyrir fullorðna,
f. sjá um önnur verkefni er ráðherra felur ráðinu eða það sjálft telur nauðsynlegt að vinna að.

III. KAFLI
Skipulag almennrar fullorðinsfræðslu.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í nefnd um almenna fullorðinsfræðslu, þar af skulu að minnsta kosti fjórir eiga sæti í fullorðinsfræðsluráði. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Skipunartími nefndarinnar er hinn sami og fullorðinsfræðsluráðs.

Kostnaður við nefnd um almenna fullorðinsfræðslu greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Verkefni nefndar um almenna fullorðinsfræðslu eru að

a. vera menntamálaráðuneyti og fræðsluaðilum til ráðuneytis um framkvæmd almennrar fullorðinsfræðslu,
b. vera tengiliður menntamálaráðuneytis við fræðsluaðila,
c. fara með stjórn menntunarsjóðs fullorðinna og annast styrkveitingar úr sjóðnum, sbr. 12. gr. laga þessara,
d. stuðla að útgáfu og samnýtingu námsefnis og beita sér fyrir útgáfu upplýsingarita á sviði almennrar fullorðinsfræðslu.

7. gr.

Nemandi, sem lokið hefur námi utan hins almenna skólakerfis, sbr. lög um skólakerfi nr. 55/1974, getur fengið það metið til námseininga í skólakerfinu samkvæmt reglum sem menntamálaráðuneytið setur. Vitnisburður um námsárangur utan skólakerfisins skal metinn jafngildur vitnisburði á hliðstæðu skólastigi hins almenna skólakerfis.

Vísa má ágreiningi um námsmat til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar. Niðurstaða ráðuneytisins er bindandi.

8. gr.

Við skipulagningu og framkvæmd almennrar fullorðinsfræðslu skal tekið tillit til sérþarfa þeirra sem vegna frávika frá eðlilegum þroskaferli og vegna sjúkdóma eða hvers konar fötlunar geta ekki notið venjulegrar fræðsluskipunar.

9. gr.

Skólahúsnæði og aðstaða í skólum í eigu opinberra aðila skal að öðru jöfnu standa fræðsluaðilum til boða á þeim tímum þegar almenn kennsla eða starf í skólanum liggur niðri. Fræðsluaðila ber að semja um slík afnot við stjórnendur skóla og þá aðila sem eru ábyrgir fyrir rekstri skólans. Um skiptingu kostnaðar og aðra notkun skólahúsnæðis til fullorðinsfræðslu skal setja ákvæði í reglugerð.

10. gr.

Sá sem hefur með höndum almenna fullorðinsfræðslu og fær til þess fjárstuðning samkvæmt lögum þessum ber ábyrgð á þeirri fræðslu sem veitt er og að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum. Kveða skal nánar á um þennan þátt í reglugerð.

IV. KAFLI
Fjármál.

11. gr.

Stofna skal menntunarsjóð fullorðinna. Tekjur sjóðsins eru:

a. Framlag ríkissjóðs á fjárlögum ár hvert.
b. Aðrar tekjur er sjóðurinn kann að hafa, t.d. með útgáfu og sölu á námsefni eða annarri þjónustu.

Menntunarsjóður fullorðinna er í umsjón menntamálaráðuneytis. Nefnd um almenna fullorðinsfræðslu er jafnframt stjórn sjóðsins. Nánar skal kveðið á um starfsemi sjóðsins í reglugerð.

12. gr.

Stjórn menntunarsjóðs fullorðinna úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Fræðsluaðili er njóta vill styrks úr menntunarsjóði sækir um það til sjóðstjórnar. Hann skal leggja fram áætlun um þá fræðslu sem hann hyggst bjóða á komandi missiri, fyrir 1. júní vegna haustmissiris og fyrir 1. nóvember vegna vormissiris. Heimilt er að áskilja í reglugerð að fræðsluaðili fullnægi tilteknum skilyrðum til að geta fengið styrk, svo sem um námsaðstöðu, kennslukrafta eða námsefni. Heimilt er að veita tiltekinni menntun forgang að styrkjum.

Styrki til fullorðinsfræðslu má veita

a. fræðsluaðilum,
b. fjölmiðlum eða fræðsluaðila er samvinnu hefur við fjölmiðil um verkefni á sviði almennrar fullorðinsfræðslu,
c. til þróunarverkefna og útgáfu á vegum nefndar um almenna fullorðinsfræðslu eða fræðsluaðila,
d. til annarra verkefna á sviði almennrar fullorðinsfræðslu samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

Nánari ákvæði um úthlutun styrkja skal setja í reglugerð.

13. gr.

Námsefni, sem samið er með tilstyrk menntunarsjóðs fullorðinna, skal vera öðrum fræðsluaðilum til frjálsra afnota, enda beri þeir ábyrgð á að notkun þeirra á efninu brjóti ekki í bága við höfundarétt.

14. gr.

Fræðsluaðilum, sem rétt eiga á styrk samkvæmt lögum þessum, er skylt að veita menntamálaráðuneytinu upplýsingar um það nám sem í boði er. Nánari ákvæði um þetta skal setja í reglugerð.

V. KAFLI
Um gildistöku og reglugerðir.

15. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð, þar á meðal um afmörkun og gildissvið, að fengnum tillögum nefndar um almenna fullorðinsfræðslu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lögin skal endurskoða eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þeirra.

1063. Þingsályktun [549. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1052.

1064. Lög [422. mál]

um vernd barna og ungmenna.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1055.

1065. Lög [421. mál]

um almenna fullorðinsfræðslu.

(Afgreidd frá Alþingi 20. maí.)

Samhljóða þskj. 1062.